Alþingi 1975

Sameinað þing, 1. fundur.

Föstudaginn 10. okt.

Þingsetning.

Árið 1975, föstudaginn 10. okt., var nítugasta og sjöunda löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það sjötugasta og áttunda aðalþing í röðinni, en hundraðasta og tólfta samkoma frá því er Alþingi var endurreist.

Þingmenn söfnuðust saman í Alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í Dómkirkjunni, er hófst kl. 1.30 miðdegis. Séra Jónas Gíslason lektor steig í stólinn.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til Alþingishússins, fundarsalar sameinaðs þings.

Þessir menn skipuðu þingið:

1. Albert Guðmundsson, 12. þm. Reykv.
2. Axel Jónsson, 10. landsk. þm.
3. Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl.
4. Benedikt Gröndal, 2. landsk. þm.
5. Eðvarð Sigurðsson, 7. þm. Reykv.
6. Eggert G. Þorsteinsson, 4. landsk. þm.
7. Einar Ágústsson, 10. þm. Reykv.
8. Ellert B. Schram, 11. þm. Reykv.
9. Eyjólfur K. Jónsson, 4. þm. Norðurl. v.
10. Friðjón Þórðarson, 4. þm. Vesturl.
11. Garðar Sigurðsson, 5. þm. Suðurl.
12. Geir Gunnarsson, 11. landsk. þm.
13. Geir Hallgrímsson, 1. þm. Reykv.
14. Gils Guðmundsson, 3. þm. Reykn.
15. Guðlaugur Gíslason, 3. þm. Suðurl.
16. Guðmundur H. Garðarsson, 6. landsk. þm.
17. Gunnar Thoroddsen, 2. þm. Reykv.
18. Gunnlaugur Finsson, 4. þm. Vestf.
19. Gylfi Þ. Gíslason, 9. þm. Reykv.
20. Halldór Ásgrímsson, 5. þm. Austurl.
21. Halldór E. Sigurðsson, 3. þm. Vesturl.
22. Helgi F. Seljan, 7. landsk. þm.
23. Ingi Tryggvason, 6. þm. Norðurl. e.
24. Ingólfur Jónsson, 1. þm. Suðurl.
25. Ingvar Gíslason, 1. þm. Norðurl. e.
26. Jóhann Hafstein, 6. þm. Reykv.
27. Jón Árnason, 2. þm. Vesturl.
28. Jón Helgason, 4. þm. Suðurl.
29. Jón Árm. Héðinsson, 1. landsk. þm.
30. Jón Skaftason, 4. þm. Reykn.
31. Jón G. Sólnes, 2. þm. Norðurl. e.
32. Jónas Árnason, 5. þm. Vesturl.
33. Karvel Pálmason, 5. þm. Vestf.
34. Lárus Jónsson, 4. þm. Norðurl. e.
35. Lúðvík Jósepsson, 2. þm. Austurl.
36. Magnús Kjartansson, 3. þm. Reykv.
37. Magnús T. Ólafsson, 3. landsk. þm.
38. Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.
39. Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
40. Oddur Ólafsson, 2. þm. Reykn.
41. Ólafur G. Einarsson, 5. þm. Reykn.
42. Ólafur Jóhannesson, 1. þm. Norðurl. v.
43. Páll Pétursson, 3. þm. Norðurl. v.
44. Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.
45. Pétur Sigurðsson, 8. þm. Reykv.
46. Ragnar Arnalds, 5. þm. Norðurl. v.
47. Ragnhildur Helgadóttir, 5. þm. Reykv.
48. Sighvatur Björgvinsson, 8. landsk. þm.
49. Sigurlaug Bjarnadóttir, 9. landsk. þm.
50. Stefán Jónsson, 5. þm. Norðurl. e.
51. Stefán Valgeirsson, 3. þm. Norðurl. e.
52. Steingrímur Hermannsson, 2. þm. Vestf.
53. Steinþór Gestsson, 6. þm. Suðurl.
54. Svava Jakobsdóttir, 5. landsk. þm.
55. Sverrir Hermannsson, 3. þm. Austurl.
56. Tómas Árnason, 4. þm. Austurl.
57. Vilhjálmur Hjálmarsson, 1. þm. Austurl.
58. Þorv. Garðar Kristjánsson, 3. þm. Vestf.
59. Þórarinn Sigurjónsson, 2. þm. Suðurl.
60. Þórarinn Þórarinsson, 4. þm. Reykv.

Okomnir til þings voru:

1. Gunnlaugur Finnsson, 4. þm. Vestf.
2. Jóhann Hafstein, 6. þm. Reykv.
3. Karvel Pálmason, 5. þm. Vestf.
4. Magnús Kjartansson, 3. þm. Reykv.
5. Steingrímur Hermannsson, 2. þm. Vestf.

Eftirtaldir varamenn voru á fundinum:

1. Geirþrúður H. Bernhöft, 6. (vara)þm. Reykv.
2. Ólafur Þ. Þórðarson, 2. (vara)þm. Vestf.
3. Vilborg Harðardóttir, 3. (vara)þm. Reykv.

Forseti Íslands setur þingið.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis, kom forseti Íslands, Kristján Eldjárn, inn í salinn og gekk til ræðustóls.

Forseti Íslands (Kristján Eldjárn): Hinn 16. f. m. var gefið út svofellt bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkv. till. forsrh., að Alþingi skuli koma saman til fundar föstudaginn 10. okt. 1975.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 16. september 1975.

Kristján Eldjárn.

Geir Hallgrímsson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til fundar föstudaginn 10. október 1975.“

Samkv. bréfi því, sem ég nú hef lesið, lýsi ég yfir því, að Alþingi Íslendinga er sett.

Ég býð alla alþm. velkomna til þingstarfa. Landsmönnum öllum er ljóst að þegar þetta þing kemur saman eru fram undan brýn úrlausnarefni í efnahags- og atvinnulífi þjóðarinnar og sú spurning er mönnum rík í huga hvernig vér berumst af í áframhaldandi baráttu vorri fyrir fullum yfirráðum yfir hafsvæðunum kringum land vort. Af þessum sökum hygg ég að ekki sé ofmælt að allur þorri landsmanna gefi því meiri gaum nú en oft endranær að Alþingi kemur saman og tekur til starfa. Ég þykist þess því fullviss að ég mæli fyrir munn mikils fjölda manna um allar landsins byggðir, þegar ég nú læt í ljós þá ósk og von að störf Alþingis og ríkisstj. verði gifturík og leiði til góðs farnaðar fyrir land og þjóð. — Að mæltum þeim orðum bið ég þingheim allan að minnast fósturjarðarinnar með því að rísa úr sætum.

[Þingmenn risu úr sætum og **forsætisráðherra, Geir Hallgrímsson,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi.“ — Tóku þingmenn undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.]

Samkv. 1. gr. þingskapa ber nú aldursforseta að stjórna fundi þar til kosning forseta sameinaðs Alþingis hefur farið fram og bið ég aldursforseta, **Guðlaug Gíslason,** 3. þm. Suðurl., að ganga til forsetastóls.

Forseti Íslands tók sér sæti í þingsalnum, en aldursforseti gekk til forsetastóls og tók við fundarstjórn.

Minning Áka Jakobssonar.

Aldursforseti (Guðlaugur Gíslason): Þá verður fundi fram haldið í Sþ., en áður en þingstörf hefjast vil ég minnast látins fyrrv. alþm.

Áki Jakobsson lögfræðingur, fyrrum alþm. og ráðherra, varð bráðkvaddur hér í Reykjavík 11. sept. s. l., 64 ára að aldri.

Áki Jakobsson var fæddur í Húsavík við Skjálfanda 1. júlí 1911. Foreldrar hans voru Jón Ármann kaupmaður þar, síðar bókhaldari í Reykjavík, Jakobsson kaupstjóra í Húsavík Hálfdánarsonar og kona hans, Valgerður Pétursdóttir útvegsbónda í Ánanaustum í Reykjavík Gíslasonar. Árið 1913 fluttist hann með foreldrum sínum vestur um haf og átti heima í Winnipeg til 9 ára aldurs, en á árinu 1920 fluttist fjölskyldan búferlum til Reykjavíkur. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1931 og lögfræðiprófi frá Háskóla Íslands 1937. Að námi loknu var hann bæjarstjóri á Siglufirði á árunum 1938—1942. Árið 1942 fluttist hann öðru sinni til Reykjavíkur og rak hér síðan lögfræðiskrifstofu til dánardægurs. Héraðsdómslögmaður varð hann árið 1944 og hæstaréttarlögmaður 1957. Hann var landsk. alþm. frá vori til hausts 1942 og síðan alþm. Siglfirðinga 1942—1953 og aftur 1956—1959, sat á 16 þingum alls. Atvmrh. var hann frá 21. okt. 1944 til 4. febr. 1947. Árið 1942 tók hann sæti í mþn. í stjórnarskrármálinu, var kosinn árið 1943 í mþn. í sjávarútvegsmálum og skipaður sama ár í nefnd til að athuga hvernig megi veita kaupstöðum, kauptúnum og sjávarþorpum eignar- og umráðarétt yfir nauðsynlegum löndum og lóðum með sanngjörnum kjörum, og samdi n. frv. til l. um ræktunarlönd og byggingarlóðir í kaupstöðum og kauptúnum. Í síldarútvegsnefnd átti hann sæti 1944—1946 og í stjórn byggingarsjóðs kaupstaða og kauptúna 1950—1953.

Áki Jakobsson hneigðist ungur að aldri að róttækum stjórnmálaskoðunum. Hann tók þegar á skólaárum sínum þátt í íslenskri stjórnmálabaráttu af lífi og sál. Hann var athafnasamur bæjarstjóri í Siglufirði að loknu háskólanámi og naut kjörfylgis bæjarbúa til setu á Alþ. á annan áratug. Flokksbræður hans völdu hann ungan að aldri til setu í ríkisstj. Hann var atvmrh. í nýsköpunarstjórninni á tímum mikilla framkvæmda í atvinnumálum á vegum ríkisins. Eftir að ráðherradómi lauk sinnti hann lögfræðistörfum ásamt þingmennsku og fékkst þá um skeið dálítið við rekstur útgerðar og fiskvinnslu.

Áki Jakobsson var einarður og fylginn sér í baráttu fyrir stefnumálum sínum, snjall og áhrifamikill málafylgjumaður og ötull forvígismaður á því sviði stjórnmála þar sem hann hafði haslað sér völl. Á ráðherraárum hans féll í hans hlut að hafa forstöðu um miklar framkvæmdir til eflingar atvinnuvegum landsmanna og gekk hann að því starfi með miklum dugnaði og stórhug. Ekki fór hann ætíð troðnar slóðir í stjórnmálum og stóðu oft harðar deilur um orð hans og athafnir. Hann var harðskeyttur og rökfastur í málfærslu sinni á sviði stjórnmála og í réttarsölum, víðlesinn og margfróður í ýmsum greinum. Um skeið kvað mikið að honum á vettvangi þjóðmála, en ýmis atvik og aðstæður urðu til þess að hann hvarf af Alþingi á góðum starfsaldri.

Ég vil biðja þingheim að minnast Áka Jakobssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum. — Síðan gekk forseti Íslands út úr þingsalnum.]

Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfs.

Aldursforseti (Guðlaugur Gíslason): Borist hafa eftirfarandi bréf:

„Þar sem ég vegna veikinda mun ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþbl. í Reykjavík, Vilborg Harðardóttir blaðamaður, taki sæti á Alþ. í forföllum mínum.

Magnús Kjartansson, 3. þm. Reykv.“

Bréfið er dags. 6. okt. — Enn fremur:

„Þar sem ég þarf að ráði lækna minna að dveljast erlendis fram yfir næstu mánaðamót, leyfi ég mér að biðja um orlof frá þingstörfum þann tíma. Jafnframt óska ég þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavík, frú Geirþrúður Hildur Bernhöft, taki á meðan sæti mitt á Alþ. samkv. ákvæðum þingskapa og venjum þar um.

Virðingarfyllst,
Jóhann Hafstein.“

Og einnig:

„Dagana 8.—25. okt. n. k. verð ég fjarverandi í opinberum erindum. Þann tíma get ég ekki sótt fundi Alþingis. 1. varamaður Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi, Ólafur Þ. Þórðarson skólastjóri, Suðureyri, mun sitja þingfundi þann tíma sem ég er fjarverandi.

Steingrímur Hermannsson.“

Kjörbréf frú Geirþrúðar H. Bernhöft og Ólafs Þ. Þórðarsonar hafa verið rannsökuð áður og þurfa því ekki rannsóknar við. Býð ég þau ásamt þm. öllum öðrum svo og starfsliði Alþingis velkomin til starfa.

Hins vegar hefur ekki verið rannsakað bréf frú Vilborgar Harðardóttur og vil ég biðja kjörbréfanefnd að taka það til rannsóknar. Verður gert hlé á fundinum á meðan í um það bil 10 mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Tómas Árnason): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur rannsakað kjörbréf frú Vilborgar Harðardóttur blaðamanns, Laugavegi 46B í Reykjavík, en hún er 1. varaþm. Alþbl. í Reykjavík og tekur sæti á Alþ. í forföllum Magnúsar Kjartanssonar sem er sjúkur.

Kjörbréfanefnd hefur ekkert fundið athugavert við kjörbréfið og mælir með því samhljóða að það verði samþ. og kosning Vilborgar Harðardóttur tekin gild.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 57 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Vilborg Harðardóttir undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Aldursforseti (Guðlaugur Gíslason): Vilborg Harðardóttir hefur undirritað drengskaparheit og býð ég hana velkomna til þingstarfa.

Fundi frestað.

Mánudaginn 13. okt., kl. 2 miðdegis, var fundinum fram haldið.

Kosning forseta og skrifara.

Aldursforseti lét fram fara kosningu forseta Sþ. Kosningu hlaut

Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl., með 40 atkv., en auðir seðlar voru 13. — [Fundarhlé.]

Hinn kjörni forseti lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosinn var

Gils Guðmundsson, 3. þm. Reykn., með 47 atkv., en auðir seðlar voru 6.

Þá fór fram kosning annars varaforseta og hlaut kosningu

Friðjón Þórðarson, 4. þm. Vesturl., með 43 atkv., en 10 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar sameinaðs þings, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var JHelg, en á B-lista LárJ. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Jón Helgason, 4. þm. Suðurl., og
Lárus Jónsson, 4. þm. Norðurl. e.

Efri deild, 1. fundur.

Mánudaginn 13. okt., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Aldursforseti, Jón Árnason, 2. þm. Vesturl., setti fundinn.

Deildina skipuðu þessir þm.:

1. Albert Guðmundsson, 12. þm. Reykv.
2. Axel Jónsson, 10. landsk. þm.
3. Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl.
4. Eggert G. Þorsteinsson, 4. landsk. þm.
5. Einar Ágústsson, 10. þm. Reykv.
6. Geir Gunnarsson, 11. landsk. þm.
7. Geir Hallgrímsson, 1. þm. Reykv.
8. Halldór Ásgrímsson, 5. þm. Austurl.
9. Helgi F. Seljan, 7. landsk. þm.
10. Ingi Tryggvason, 6. þm. Norðurl. e.
11. Jón Árnason, 2. þm. Vesturl.
12. Jón Helgason, 4. þm. Suðurl.
13. Jón Árm. Héðinsson, 1. landsk. þm.
14. Jón G. Sólnes, 2. þm. Norðurl. e.
15. Oddur Ólafsson, 2. þm. Reykn.
16. Ragnar Arnalds, 5. þm. Norðurl. v.
17. Stefán Jónsson, 5. þm. Norðurl. e.
18. Steingrímur Hermannsson, 2. þm. Vestf.
19. Steinþór Gestsson, 6. þm. Suðurl.
20. Þorv. Garðar Kristjánsson, 3. þm. Vestf.

Í stað Steingríms Hermannssonar, 2. þm. Vestf., var á fundinum Ólafur Þ. Þórðarson.

Kosning forseta og skrifara.

Gengið var til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Þorv. Garðar Kristjánsson, 3. þm. Vestf., með 18 atkv., en 1 seðill var auður.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varforseta deildarinnar. Kosningu hlaut

Eggert G. Þorsteinsson, 4. landsk. þm., með 18 atkv., en 1 seðill var auður.

Annar varaforseti var kosinn

Steingrímur Hermannsson, 2. þm. Vestf., með 19 atkv.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var StG, á B-lista IT. — Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Steinþór Gestsson, 6. þm. Suðurl., og
Ingi Tryggvason, 6. þm. Norðurl. e.

Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna samkvæmt þingsköpum og fór sætahlutunin á þessa leið:

6. sæti hlaut Steingrímur Hermannsson,
7. — — Eggert G. Þorsteinsson,
8. — — Jón Árnason,
9. — — Ásgeir Bjarnason,
10. — — Stefán Jónsson,
11. — — Jón G. Sólnes,
12. — — Helgi F. Seljan,
13. — — Geir Gunnarsson,
14. — — Albert Guðmundsson,

15. sæti hlaut Jón Árm. Héðinsson,
16. — — Axel Jónsson,
17. — — Jón Helgason,
18. — — Oddur Ólafsson,
19. — — Halldór Ásgrímsson,
20. — — Ragnar Arnalds.

Neðri deild, 1. fundur.

Mánudaginn 13. okt., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Aldursforseti, Guðlaugur Gíslason, 3. þm. Suðurl., setti fundinn.

Deildina skipuðu þessir þm.:
1. Benedikt Gröndal, 2. landsk. þm.
2. Eðvarð Sigurðsson, 7. þm. Reykv.
3. Ellert B. Schram, 11. þm. Reykv.
4. Eyjólfur K. Jónsson, 4. þm. Norðurl. v.
5. Friðjón Þórðarson, 4. þm. Vesturl.
6. Garðar Sigurðsson, 5. þm. Suðurl.
7. Gils Guðmundsson, 3. þm. Reykn.
8. Guðlaugur Gíslason, 3. þm. Suðurl.
9. Guðmundur H. Garðarsson, 6. landsk. þm.
10. Gunnar Thoroddsen, 2. þm. Reykv.
11. Gunnlaugur Finnsson, 4. þm. Vestf.
12. Gylfi Þ. Gíslason, 9. þm. Reykv.
13. Halldór E. Sigurðsson, 3. þm. Vesturl.
14. Ingólfur Jónsson, 1. þm. Suðurl.
15. Ingvar Gíslason, 1. þm. Norðurl. e.
16. Jóhann Hafstein, 6. þm. Reykv.
17. Jón Skaftason, 4. þm. Reykn.
18. Jónas Árnason, 5. þm. Vesturl.
19. Karvel Pálmason, 5. þm. Vestf.
20. Lárus Jónsson, 4. þm. Norðurl. e.
21. Lúðvík Jósepsson, 2. þm. Austurl.
22. Magnús Kjartansson, 3. þm. Reykv.
23. Magnús T. Ólafsson, 3. landsk. þm.
24. Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.
25. Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
26. Ólafur G. Einarsson, 5. þm. Reykn.
27. Ólafur Jóhannesson, 1. þm. Norðurl. v.
28. Páll Pétursson, 3. þm. Norðurl. v.
29. Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.
30. Pétur Sigurðsson, 8. þm. Reykv.
31. Ragnhildur Helgadóttir, 5. þm. Reykv.
32. Sighvatur Björgvinsson, 8. landsk. þm.
33. Sigurlaug Bjarnadóttir, 9. landsk. þm.
34. Stefán Valgeirsson, 3. þm. Norðurl. e.
35. Svava Jakobsdóttir, 5. landsk. þm.
36. Sverrir Hermannsson, 3. þm. Austurl.
37. Tómas Árnason, 4. þm. Austurl.
38. Vilhjálmur Hjálmarsson, 1. þm. Austurl.
39. Þórarinn Sigurjónsson, 2. þm. Suðurl.
40. Þórarinn Þórarinsson, 4. þm. Reykv.

Í stað Jóhanns Hafsteins, 6. þm. Reykv., var á fundinum Geirþrúður H. Bernhöft og í stað Magnúsar Kjartanssonar, 3. þm. Reykv., Vilborg Harðardóttir.

Kosning forseta og skrifara.

Gengið var til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Ragnhildur Helgadóttir, 5. þm. Reykv., með 25 atkv. — Guðmundur H. Garðarsson, 6. landsk. þm., fékk 1 atkv., Magnús T. Ólafsson, 3. landsk. þm., fékk 1 atkv., en auðir seðlar voru 8.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta deildarinnar. Kosningu hlaut

Magnús T. Ólafsson, 3. landsk. þm., með 29 atkv. — Karvel Pálmason, 5. þm. Vestf., fékk 1 atkv., Garðar Sigurðsson, 5. þm. Sunnl., fékk 1 atkv., en 4 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn:

Ingvar Gíslason, 1. þm. Norðurl. e., með 27 atkv. — Guðmundur H. Garðarsson, 6. landsk. þm., fékk 1 atkv., Svava Jakobsdóttir, 5. landsk. þm., fékk 2 atkv., en 5 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var GHG, á B-lista PP. — Samkvæmt því lýsti forseti yfir að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Guðmundur H. Garðarsson, 6. landsk. þm., og **Páll Pétursson,** 3. þm. Norðurl. v.

Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna samkvæmt þingsköpum og fór sætahlutunin á þessa leið:

10. sæti hlaut Gylfi Þ. Gíslason,
11. — — Sigurlaug Bjarnadóttir,
12. — — Ingvar Gíslason,
13. — — Friðjón Þórðarson,
14. — — Ólafur G. Einarsson,
15. — — Pétur Sigurðsson,
16. — — Pálmi Jónsson,
17. — — Magnús Kjartansson,
18. — — Stefán Valgeirsson,
19. — — Benedikt Gröndal,
20. — — Magnús T. Ólafsson,
21. — — Eyjólfur K. Jónsson,
22. — — Gunnlaugur Finnsson,
23. — — Sighvatur Björgvinsson,
24. — — Jóhann Hafstein,
25. — — Þórarinn Þórarinsson,
26. — — Jónas Árnason,
27. — — Tómas Árnason,
28. — — Lárus Jónsson,
29. — — Lúðvík Jósepsson,
30. — — Guðlaugur Gíslason,
31. — — Ellert B. Schram,
32. — — Garðar Sigurðsson,
33. — — Ingólfur Jónsson,
34. — — Gils Guðmundsson,
35. — — Karvel Pálmason,
36. — — Svava Jakobsdóttir,
37. — — Jón Skaftason,
38. — — Sverrir Hermannsson,
39. — — Eðvarð Sigurðsson,
40. — — Þórarinn Sigurjónsson.

Sameinað þing, 2. fundur.

Þriðjudaginn 14. okt., kl. 2 miðdegis.

Kosning í fastanefndir samkv. 15. gr. þingskapa.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 14. okt. 1975.
Herra forseti sameinaðs Alþingis,
Alþingishúsinu,
Reykjavík.

Hér með leyfi ég mér að fara þess á leit við yður, að þér frestið kosningum til starfa í fjvn. Alþingis, sem fram eiga að fara á fundi í Sþ. í dag, 14. okt. 1975.

Með virðingu,
Albert Guðmundsson."

Það hefur einnig komið fram ósk um það frá formanni þingflokks Sjálfstfl. að þessari kosningu verði frestað. En til þess að svo megi verða verður að veita afbrigði fyrir frestuninni og mun ég leita þeirra.

ATKVGR.

Afbrigði um frestun á kosningu fjvn. samþ. með 34 shlj. atkv.

Við kosningu nefnda komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals hverju sinni og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndirnar svo skipaðar:

1. Utanríkismálanefnd.

Aðalmenn:
Jóhann Hafstein (A),
Þórarinn Þórarinsson (A),
Friðjón Þórðarson (A),
Gils Guðmundsson (B),
Tómas Árnason (A),
Guðmundur H. Garðarsson (A),
Gylfi Þ. Gíslason (C).

Varamenn:
Ragnhildur Helgadóttir (A),
Steingrímur Hermannsson (A),
Eyjólfur K. Jónsson (A),
Magnús Kjartansson (B),
Ingvar Gíslason (A),
Pétur Sigurðsson (A),
Benedikt Gröndal (C).

2. Atvinnumálanefnd.

Guðmundur H. Garðarsson (A),
Steingrímur Hermannsson (A),
Jón G. Sólnes (A),
Gils Guðmundsson (B),
Páll Pétursson (A),
Sverrir Hermannsson (A),
Karvel Pálmason (C).

3. Allsherjarnefnd.

Lárus Jónsson (A),
Jón Skaftason (A),
Ólafur G. Einarsson (A),
Jónas Árnason (B),
Jón Helgason (A),
Ellert B. Schram (A),
Magnús T. Ólafsson (C).

Kosning þingfararkaupsnefndar.

Fram komu þrír listar sem á voru samtals nöfn jafnmargra manna og kjósa skyldi. Voru samkv. því kjörnir án atkvgr.:

Sverrir Hermannsson (A),
Ingvar Gíslason (A),
Friðjón Þórðarson (A),
Helgi F. Seljan (B),
Gunnlaugur Finnsson (A),
Sigurlaug Bjarnadóttir (A),
Eggert G. Þorsteinsson (C).

Efri deild, 2. fundur.

Þriðjudaginn 14. okt., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Kosning í fastanefndir samkv. 15. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals hverju sinni og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhags- og viðskiptanefnd.

Albert Guðmundsson (A),
Halldór Ásgrímsson (A),
Jón G. Sólnes (A),
Ragnar Arnalds (B),
Jón Helgason (A),
Axel Jónsson (A),
Jón Árm. Héðinsson (B).

2. Samgöngunefnd.

Jón Árnason (A),
Jón Helgason (A),
Steinþór Gestsson (A),
Stefán Jónsson (B),
Halldór Ásgrímsson (A),
Jón G. Sólnes (A),
Eggert G. Þorsteinsson (C).

3. Landbúnaðarnefnd.

Steinþór Gestsson (A),
Ásgeir Bjarnason (A),
Jón Árnason (A),
Helgi F. Seljan (B),
Ingi Tryggvason (A),
Axel Jónsson (A),
Jón Árm. Héðinsson (C).

4. Sjávarútvegsnefnd.

Jón Árnason (A),
Steingrímur Hermannsson (A),
Oddur Ólafsson (A),
Stefán Jónsson (B),
Halldór Ásgrímsson (A),
Jón G. Sólnes (A),
Jón Árm. Héðinsson (C).

5. Iðnaðarnefnd.

Þorv. Garðar Kristjánsson (A),
Steingrímur Hermannsson (A),
Jón G. Sólnes (A),
Stefán Jónsson (B),
Ingi Tryggvason (A),
Albert Guðmundsson (A),
Eggert G. Þorsteinsson (C).

6. Félagsmálanefnd.

Þorv. Garðar Kristjánsson (A),
Steingrímur Hermannsson (A),

Axel Jónsson (A),
Helgi F. Seljan (B),
Jón Helgason (A),
Steinþór Gestsson (A),
Eggert G. Þorsteinsson (C).

7. Heilbrigðis- og trygginganefnd.
Oddur Ólafsson (A),
Ásgeir Bjarnason (A),
Steinþór Gestsson (A),
Helgi F. Seljan (B),
Halldór Ásgrímsson (A),
Albert Guðmundsson (A),
Eggert G. Þorsteinsson (C).

8. Menntamálanefnd.
Þorv. Garðar Kristjánsson (A),
Steingrímur Hermannsson (A),
Axel Jónsson (A),
Ragnar Arnalds (B),
Ingi Tryggvason (A),
Steinþór Gestsson (A),
Jón Árm. Héðinsson (C).

9. Allsherjarnefnd.
Oddur Ólafsson (A),
Ingi Tryggvason (A),
Jón G. Sólnes (A),
Geir Gunnarsson (B),
Halldór Ásgrímsson (A),
Axel Jónsson (A),
Eggert G. Þorsteinsson (C).

Neðri deild, 2. fundur.

Þriðjudaginn 14. okt., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Kosning í fastanefndir samkv. 15. gr. þingskapa.

Við kosningu allra nefndanna komu fram hverju sinni þrír listar með jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru fram án atkvgr., og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhags- og viðskiptanefnd.
Ólafur G. Einarsson (A),
Þórarinn Þórarinsson (A),
Eyjólfur K. Jónsson (A),
Lúðvík Jósepsson (C),
Tómas Árnason (A),
Lárus Jónsson (A),
Gylfi Þ. Gíslason (B).

2. Samgöngunefnd.
Friðjón Þórðarson (A),
Stefán Valgeirsson (A),
Sverrir Hermannsson (A),
Páll Pétursson (A),
Garðar Sigurðsson (C),
Sigurlaug Bjarnadóttir (A),
Karvel Pálmason (B).

3. Landbúnaðarnefnd.
Pálmi Jónsson (A),
Stefán Valgeirsson (A),
Ingólfur Jónsson (A),
Eðvarð Sigurðsson (C),
Þórarinn Sigurjónsson (A),
Friðjón Þórðarson (A),
Benedikt Gröndal (B).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Pétur Sigurðsson (A),
Jón Skaftason (A),
Guðlaugur Gíslason (A),
Tómas Árnason (A),
Garðar Sigurðsson (C),
Sverrir Hermannsson (A),
Sighvatur Björgvinsson (B).

5. Iðnaðarnefnd.
Ingólfur Jónsson (A),
Þórarinn Þórarinsson (A),
Lárus Jónsson (A),
Magnús Kjartansson (C),
Ingvar Gíslason (A),
Pétur Sigurðsson (A),
Benedikt Gröndal (B).

6. Félagsmálanefnd.
Ólafur G. Einarsson (A),
Stefán Valgeirsson (A),
Ellert B. Schram (A),
Gunnlaugur Finnsson (A),
Eðvarð Sigurðsson (C),
Jóhann Hafstein (A),
Magnús T. Ólafsson (B).

7. Heilbrigðis- og trygginganefnd.
Ragnhildur Helgadóttir (A),
Jón Skaftason (A),
Guðmundur H. Garðarsson (A),
Magnús Kjartansson (C),
Þórarinn Sigurjónsson (A),
Jóhann Hafstein (A),
Karvel Pálmason (B).

8. Menntamálanefnd.
Ellert B. Schram (A),
Ingvar Gíslason (A),
Sigurlaug Bjarnadóttir (A),
Gunnlaugur Finnsson (A),
Svava Jakobsdóttir (C),
Eyjólfur K. Jónsson (A),
Magnús T. Ólafsson (B).

9. Allsherjarnefnd.
Ellert B. Schram (A),
Páll Pétursson (A),
Ingólfur Jónsson (A),
Svava Jakobsdóttir (C),
Gunnlaugur Finnsson (A),
Friðjón Þórðarson (A),
Sighvatur Björgvinsson (B).

Neðri deild, 3. fundur.

Þriðjudaginn 14. okt., að loknum 2. fundi.

Veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, frv. (þskj. 4). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Forseti. Þegar reglugerð um útfærslu landhelginnar í 200 sjómílur er gefin út 15. júlí, þá er henni ætlað að taka gildi á morgun eða frá og með 15. okt. Því ber nauðsyn til að setja lög um breyt. á l. nr. 102 frá 1973 til að fastákveða að ákvæði laganna, þ. á m. um veiðiheimildir, veiðitakmarkanir, veiðileyfi og viðurlög við brotum, taki í heild til allrar hinnar nýju 200 sjómílna fiskveiðilandhelgi.

Það var um tvennt að velja að gefa út brbl. til breyt. á þessum lögum, þannig að ákvæði frá 1972 næðu til hinnar nýju reglugerðar, eða þá að leggja þetta frv. hér fram á Alþ. í trausti þess að það fái afgreiðslu á þessum sama degi, því að reglugerðin á að koma til framkvæmda frá miðnætti í nótt. Ég leitaði til fulltrúa stjórnarandstöðuflokkanna allra og bar undir þá hvorn háttinn þeir teldu vera æskilegri í þessu sambandi. Voru þeir allir sammála um að það væri réttara að leggja frv. fyrir Alþ. og hétu þeir því að stuðla að framgangi málsins á einum degi. En það var ekki hægt að taka frv. til umr. fyrr en nefndir höfðu verið kjörnar hér í d. Ég ætla því ekki að hafa fleiri orð um þetta, en vænti þess, að allir aðrir alþm. geri sitt til þess að flýta fyrir afgreiðslu málsins, og legg til, forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til sjútvn. sem ég vona að geti afgr. frv. á nokkrum mínútum, þannig að Nd. geti haldið áfram afgreiðslu málsins og vísað frv. til Ed. ekki síðar en um kl. 4 í dag.

Lúðvík Jósepsson: Forseti. Farið er fram á, að þetta frv. fái afgreiðslu með nokkuð sérstökum hætti, þannig að hægt verði að afgr. málið sem lög frá Alþ. á þessum degi. Ég tel sjálfsagt að greiða fyrir því að þetta frv. nái fram að ganga í dag. Hér er um formbreytingu að ræða og ég ætla að hér geti ekki verið um neinn ágreining að ræða í sambandi við landhelgismálið.

Af þessum ástæðum mun ég ekki ræða hér um landhelgismálið almennt, þó að vissulega sé ástæða til þess að slíkar umr. geti farið fram á Alþ., eins og það mál stendur nú í dag. Ég áskil mér allan rétt til þess að taka upp slíkar umr. hér í þinginu, væntanlega síðar í þessari viku eða a. m. k. áður en sendimenn á vegum íslenska ríkisins fara utan til þess að þinga um það mál við erlenda aðila.

En sem sagt, ég ítreka það að ég vil greiða fyrir því að þetta frv. nái fram að ganga og verði að lögum í dag og tel það enda nauðsynlegt vegna þeirrar útfærslu sem ákveðið hefur verið með reglugerð að eigi að taka gildi frá og með næsta degi.

Gylfi Þ. Gíslason: Hæstv. forseti. Ég vil aðeins staðfesta að fyrir nokkrum dögum ræddi hæstv. sjútvrh. við mig ásamt öðrum formönnum þingflokka stjórnarandstöðunnar um það, hvort Alþfl., þingflokkur hans, vildi stuðla að því að þetta frv., sem hér er til 1. umr., fengi greiða afgreiðslu í gegnum Alþ. og yrði afgr. á fyrsta raunverulegum starfsdegi þingsins. Þar sem hér er eingöngu um að ræða, eins og kom fram hjá hæstv. ráðh. og hv. síðasta ræðumanni, nauðsynlega og sjálfsagða formbreytingu, þá er þingflokkur Alþfl. reiðubúinn til þess að greiða fyrir því að málið geti orðið að lögum í dag.

Karvel Pálmason: Virðulegi forseti. Eins og fram kom í ræðu hæstv. sjútvrh., þá sneri hann sér til stjórnarandstöðuflokkanna í sambandi við meðferð þessa máls sem hér er nú til umr., hvorn háttinn þeir teldu eðlilegra að hafa á um meðferð málsins. Af okkar hálfu töldum við sjálfsagt að hafa þann hátt á sem hér hefur verið valinn og teljum sjálfsagt að þetta mál fái skjóta afgreiðslu í þinginu. Hér er um formsatriði að ræða sem þarf að fullnægja fyrir miðnætti í kvöld, og við munum því að sjálfsögðu ekki gera neitt það sem kemur til með að tefja fyrir málinu og teljum sjálfsagt að það geti farið með fullum hraða gegnum þingið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og til sjútvn. með 34 shlj. atkv.

Neðri deild, 4. fundur.

Þriðjudaginn 14. okt., kl. 2.50 miðdegis.

Veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, frv. (þskj. 4, n. 12). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Sjútvn. hv. deildar hefur tekið þetta mál til meðferðar, stjfrv. á þskj. 4, frv. til l. um breyt. á l. nr. 102 27. des. 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni.

N. mælir einróma með samþykkt frv. óbreytts. Pétur Sigurðsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Ég vil leyfa mér, virðulegi forseti, að leggja til, að máli þessu verði vísað til 3. umr. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Neðri deild, 5. fundur.

Þriðjudaginn 14. okt., að loknum 4. fundi.

Veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, frv. (þskj. 4). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Efri deild, 3. fundur.

Þriðjudaginn 14. okt., kl. 4 miðdegis.

Veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, frv. (þskj. 4). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þegar reglugerð var gefin út 15. júlí um útfærslu fiskveiðilandhelginnar í 200 mílur átti hún að taka gildi 15. okt. eða á miðnætti í nótt. Þess vegna er nauðsynlegt að setja lög um breyt. á l. nr. 102 frá 1973 til að fastákveða ákvæði laganna, þ. á m. um veiðiheimildir, veiðitakmarkanir, leyfakerfi og viðurlög við brotum, er taki í heild til hinnar nýju 200 sjómílna fiskveiðilandhelgi. Hér er því nánast um formsatriði að ræða og þarfnast frv. ekki frekari skýringa.

Ég leitaði eftir því við formenn stjórnarandstöðuflokkanna hvort þeir teldu réttara að hafa þann hátt á að flytja slíkt frv. sem þetta eða gefa út brbl. Þótti bæði mér og öðrum nokkuð orka tvímælis að gefa út nokkrum dögum áður en þing kæmi saman brbl., sem áttu að taka gildi frá og með 15. okt., og fulltrúar stjórnarandstöðunnar voru allir sammála mér um að það væri réttara að flytja frv. til l. þó að tími væri ekki nema einn dagur til þess að koma því frv. gegnum báðar deildir þingsins því að það verður eðlilega að verða að lögum í kvöld. Hétu þeir að beita sér fyrir því að greiða fyrir framgangi málsins.

Í Nd. gekk málið viðstöðulaust í gegn og er komið hingað til Ed. Ég vænti þess að það fái jafngóða afgreiðslu hér og í Nd. og vil leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til sjútvn.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég vil aðeins lýsa því yfir af hálfu Alþfl., að hann vill greiða götu þessa máls og flýta fyrir því, að það fái sem skjótastan framgang, enda nauðsynlegt vegna þeirra ástæðna sem áður hefur verið frá skýrt. Þess vegna munum við, eins og ég sagði áðan, greiða fyrir framgangi þess.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til sjútvn. með 14 shlj. atkv.

Efri deild, 4. fundur.

Þriðjudaginn 14. okt., kl. 4.20 síðdegis.

Veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, frv. (þskj. 4, n. 13). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Sjútvn. hefur haft til athugunar og rætt á fundi sínum frv. til l. um breyt. á l. nr. 102 27. des. 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frv., en vil vísa til þess sem fram kom í framsöguræðu hæstv. sjútvrh. við 1. umr. málsins. Sjútvn. leggur einróma til að frv. þetta verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Efri deild, 5. fundur.

Þriðjudaginn 14. okt., að loknum 4. fundi.

Veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, frv. (þskj. 4). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 16).

Efri deild, 6. fundur.

Miðvikudaginn 15. okt., kl. 2 miðdegis.

Útfærsla fiskveiðilögsögunnar.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Í dag fögnum við merkisdegi, Íslendingar. Fiskveiðilögsaga Íslands hefur verið færð út í 200 sjómílur. Með þessu hefur verið stigið stærsta skrefið og væntanlega lokasporið í landhelgismálinu. Í nær 30 ár hafa Íslendingar náð hverjum áfanganum öðrum mikilvægari í sókn sinni til fullra yfirráða á Íslandsmiðum til að tryggja tilveru sína og lífsmöguleika í nútíð og framtíð.

Til að ná árangri í landhelgismálinu hefur jafnan reynt á samhug og samstöðu þjóðarinn-

ar. Það hefur reynt á landhelgisgæsluna, stjórn hennar og skipverja. Það hefur reynt á alla sem vandasömum og mikilvægum hlutverkum hafa gegnt. Það hefur reynt á þjóðina í heild.

Ég veit að ég mæli fyrir hönd okkar allra hv. þdm. þegar ég óska þjóðinni til hamingju með þau tíðindi, sem nú hafa gerst, og ber fram óskir um að Landhelgisgæslu Íslands megi auðnast að standa á verði um hina mikilvægu hagsmuni þjóðarinnar nú sem fyrr, þegar mikið hefur legið við, og læt í ljós fyrir hönd okkar allra þá ósk og von að ákvörðun sú, sem nú hefur komið til framkvæmda, nái fullum árangri til gæfu og gengis íslenskri þjóð.

Grunnskóli, frv. (þskj. 10). — 1. umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Við höfum leyft okkur, hv. 5. þm. Norðurl. e., Stefán Jónsson, og ég, að endurflytja frv. til l. um breyt. á l. um grunnskóla, sem flutt var á síðasta þingi af þáv. varaþm. Sigurði Blöndal. Við töldum rétt að gera þetta í upphafi þings, svo að gott ráðrúm gæfist til skoðunar á þessu frv., og það var samkv. sérstakri ósk Sigurðar Blöndals sem við lögðum þetta frv. fram nú strax.

Það má segja að þessa dagana, sem við erum að skoða fjárlögin, séu ekki miklar líkur á því að frv. sem þetta nái fram að ganga. Þarna er um að ræða óneitanlega nokkuð auknar byrðar á ríkissjóð, þar sem um yrði að ræða breytingu á þeim hluta grunnskólalaganna sem lýtur að skólakostnaðinum og skiptingu skólakostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga. Það fer hins vegar ekkert á milli mála að hér er um ótvírætt réttlætis- og jöfnunarmál að ræða, og ég held að flestir geri sér það orðið ljóst að það þarf einhverja lausn að fá á málinu. Ég veit það t. d. að stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga hefur rætt þetta mál mjög náið og talið sjálfsagt að reyna úr að bæta. Ég þykist vita að það sé öruggt að jákvætt álit hennar gæti legið fyrir nú þegar, og það á jafnt við um fulltrúa strjálbýlis og þéttbýlis í stjórninni, fulltrúa heitu svæðanna og köldu svæðanna, eins og segir í grg. með þessu frv.

Það er spurning um það vitanlega, eins og Sigurður Blöndal benti á á síðasta þingi, hvort ástæða sé til að hrófla við svona nýjum lögum eins og grunnskólalögin eru, einnig þegar það er haft í huga að í þeim lögum eru glögg ákvæði um ákveðna endurskoðun. En málið er aðeins orðið svo brýnt að það verður ekki hjá því komist að hreyfa því á einhvern hátt.

Vegna þess hvernig þetta mál er, þá þykir mér rétt að benda á forsöguna áður en ég fer beint út í að rekja efni frv., og þá verður að rifja upp — ekki sögu grunnskólalaganna, heldur rétt aðeins að minna á það hvernig skólakostnaðarlögin 1967 voru til komin. Þau voru til komin til þess að fá hreinni línur á milli ríkis og sveitarfélaga í hinum einstöku útgjöldum varðandi menntamál, þ. e. a. s. að ríkið tæki að sér alveg alfarið ákveðna þætti og sveitarfélögin svo aftur alfarið aðra þætti, en nokkrir þættir voru þó sem voru skiptir. Þá var þetta atriði ekki vandamál, þá kom það sem sagt alfarið í hlut sveitarfélaganna að sjá um kyndingu á skólahúsnæðinu. Þá var mismunurinn að vísu til staðar milli þeirra skóla, sem búa við jarðvarma, og þeirra skóla, sem verða að kynda upp með olíu, en auðvitað ekki nema brot af þeim mismun sem er í dag.

Sú varð svo raunin á í sambandi við grunnskólalögin að þessi hluti þeirra um skólakostnaðinn breyttist sáralítið. Aðalumr. um grunnskólalögin fóru fram um annað sem menn töldu þá mikilvægara og var það í sjálfu sér. Ég bendi aðeins á að síðan þetta var, 1967, hefur á öðru einnig orðið breyting litlum fjárvana sveitarfélögum í óhag. Það er ekki bara þetta atriði. Þar á ég við spurninguna um sérstaklega fámenn sveitarfélög, sveitahreppa ýmsa, sem þurfa að annast akstur skólabarna, — atriði sem ekki kemur við kaupstaði eða stærri þéttbýlisstaði, en er orðið mjög þungbært fyrir þessi fámennustu sveitarfélög þó að þar sé aðeins um að ræða 15% af heildarkostnaði, því að 85% af þeim kostnaði tekur ríkið að sér. Ég minni aðeins á að það dæmi í dag stendur allhrikalega fyrir þessi sömu sveitarfélög sem þetta frv. snertir. Ég veit sönnur þess að það eru sennilega engar líkur á því í dag að sveitarfélögin geti fengið í ár endurgreiddan akstursskostnaðinn sem þau greiða allan í upphafi. Þar er sem sagt um algjöra vonleysu að ræða. Þetta bætist ofan á hinn gífurlega kyndingarkostnað og þá er von að svartsýni og uppgjöf ríki hjá mörgum þessara aðila.

Eðli málsins, sem ég er hér að flytja sérstaklega ásamt Stefáni Jónssyni, kemur skýrt fram í 1. gr., en þar segir:

„Ríkissjóður greiðir upphitun skólahúsnæðis á móti sveitarsjóðum í því hlutfalli sem nú skal greina:

Sveitarsjóðir greiða upphitun sem nemur meðaltalskostnaði á fermetra í skólahúsnæði þar sem nýtur jarðhita.

Ríkissjóður greiðir eftir á samkv. endurskoðuðum reikningum og fylgiskjölum upphitun sem er yfir því marki, sem 4. mgr. tiltekur, upp að meðaltalskostnaði á fermetra í skólahúsnæði þar sem hitað er með olíu eða rafmagni.“

Það er sem sagt miðað við meðaltalskostnað, þar sem jarðhiti er, og þann umframkostnað, sem þar er um að ræða, mundi þá ríkissjóður taka á sig. Auðvitað má deila um það við hvað á að miða og e. t. v. segja margir og með réttu að hér sé of langt gengið. Það má vera og það má lagfæra það, þetta er okkur ekkert heilagt. En ef litið er til baka til skólakostnaðarlaganna og skiptingar kostnaðarliða milli ríkissjóðs og sveitarfélaga og röksemda með og móti, hvor aðili ætti að greiða hvern lið, þá kemur glöggt í ljós að hefði núverandi ástand í olíukostnaði ríkt, þá hefðu skólakostnaðarlögin verið með einhverju slíku jöfnunarákvæði. Það hefur m. a. verið staðfest við mig af þeim sem þar að unnu.

Það er svo annað mál og erfiðara, eins og alltaf er, að breyta gerðum hlut. Í grg. í fyrra benti Sigurður Blöndal glögglega á ástæðurnar fyrir þessum frv.-flutningi og ég leyfi mér að lesa þær höfuðástæður:

„1. Hin gífurlega hækkun á verði olíu leggst af miklum þunga á þau sveitarfélög sem hita

skóla sína með olíu, alveg sér í lagi þá sem hafa heimavist, en það er einmitt í fámennum sveitahreppum.

2. Mismunurinn á kostnaði við hitun skólahúsnæðis annars vegar með jarðhita og hins vegar með olíu er svo mikill að við það skapast aðstöðumunur milli sveitarfélaga af slíkri stærð að eðlilegt og sjálfsagt sýnist að ríkið jafni hann"

Hann fékk svo nákvæmt yfirlit ráðuneytis og samanburð sem hér fylgir í grg. og ég tel óþarft að lesa hér upp, en í framsöguræðu sagði hann orðrétt um þennan mikla mismun, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég hef fengið frá menntmrn. upplýsingar um hitunarkostnað skólahúsnæðis víðs vegar á landinu árið 1974. Þegar þetta yfirlit var tekið saman lágu að vísu ekki fyrir upplýsingar frá alveg öllum skólum landsins, en kostnaðurinn við þá, sem hitaðar voru með olíu eða rafmagni, 112 talsins, var rúmar 50 millj. kr., en með jarðhita utan Reykjavíkur, 24 skólar, tæpar 5 millj., og þá vantaði ekki upplýsingar nema um 5 skóla sem hitaðir voru með jarðhita svo að telja má að sú tala sé nokkuð nærri sanni. Hitakostnaður við skólana hér í Reykjavík á skyldunámsstigi, sem grunnskólalögin ná yfir, nam rétt rúmum 17 millj. kr. Hins vegar vantaði um þá skóla, sem hitaðir eru með olíu eða rafmagni, upplýsingar frá rúmum 30 aðilum. Það verður að geta þess hér til að viðhafa fullan heiðarleika að í sumum þessum skólum er rafmagnskostnaður ekki sundurliðaður frá hitakostnaði því að sveitarfélögin bera þessa tvo liði, hita og ljós, saman, það kemur á sveitarfélögin ein. Það er í einstaka tilfellum sem ljós og hiti eru færð í einni tölu, en það eru svo fá tilfelli sem ég gat fengið staðfest að það breytir ekki heildarmyndinni. Heildarupphæðin hér að ofan verður þá heldur í óhag þeim sem hitaðir eru með jarðhita, þ. e. frekar of há en of lág."

Síðan víkur Sigurður einmitt að dæmum um þennan mikla mismun. Hann segir „að í nokkrum þeirra skóla, sem hitaðir eru með jarðhita, er kostnaðurinn á árinu 1974, sem tölurnar ná til, núll, hann er enginn. En aftur á móti í sumum stórum heimavistarskólum í sveit er hitunarkostnaður þeirra skóla, sem hitaðir eru með olíu, gífurlega hár. Ég vildi aðeins nefna hér örfáar tölur þessum staðhæfingum mínum til stuðnings," segir Sigurður. „Ég hef umreiknað hita annars vegar með jarðhita og hins vegar með olíu á fermetra í skólahúsnæði sem er sú stærðareining sem byggingadeild menntmrn. notar nú um þessar mundir. Þá kemur t. d. í ljós að ef tekið er það skólahúsnæði, sem Reykjavíkurborg eða Fræðsluskrifstofa Reykjavíkur hefur gefið upp, var kostnaðurinn árið 1974 samtals 17 millj. rúmar í 80 þús. fermetra húsnæði, þ. e. a. s. 203 kr. á fermetra fyrir árið 1974. Í Keflavík, sem hitar með olíu, það er heimangönguskóli eins og hér tíðkast í Reykjavík, er þessi sami kostnaður tæpar 293 kr. á fermetra, þar er hann þriðjungi hærri. Svo hef ég einn heimangönguskóla í þorpi utan Reykjavíkur. Þar fer fermetrakostnaðurinn upp á hvorki meira né minna en 1300 kr. Svo hef ég hér einn heimavistarskóla sem hitaður er með jarðhita þar sem kostnaðurinn er núll. Og ég hef annan heimavistarskóla í sveit þar sem kostnaðurinn er 56 kr. á fermetra. Það virðist vera hitaveita á staðnum þannig að það þarf að kaupa þar heitt vatn. Svo hef ég einn heimavistarskóla í sveit þar sem hitað er upp með olíu. Þar kom út 529 kr. á fermetra. Og ég hef annan sem er með 687 kr. á fermetra, sem sagt nærri 700 kr. Sést af þessu að þessi kostnaður er ákaflega breytilegur. Það er auðvitað viss ónákvæmni í þessum tölum, mundu kannske fást nákvæmari tölur ef væri tekið yfirlit yfir lengri tíma en eitt ár. Engu að síður held ég að þetta gefi vissa mynd af því hvað aðstöðumunurinn getur orðið gífurlega misjafn þarna."

Hér lýkur tilvitnun í ræðu Sigurðar Blöndals frá í fyrra um þetta mál. Síðan þetta gerðist hafa komið fram mjög eindregnar óskir víðs vegar að af landinu, frá hinum svokölluðu köldu svæðum, einkum heimavistarskólunum, um að á þessu fengist breyting. Og ég veit, eins og ég sagði áðan, að Samband ísl. sveitarfélaga mun hér að vinna til einhvers jafnaðar og við töldum því rétt að hreyfa þessu máli nú þegar í þingbyrjun og fá kannaðan vilja til a. m. k. einhverjar lagfæringar frá núverandi ástandi. Menn kunna að benda á það að til sé olíustyrkur, að sá olíustyrkur hefði átt að koma hér inn í þegar hann var settur á. En þá var samkomulag milli allra um að miða við íbúðarhúsnæðið eitt og þótti mörgum fullnóg og vel það e. t. v. Og annað atriði kom einnig til, að þá blasti þessi mismunur varðandi skólana ekki eins við og raun er í dag.

Ég treysti á að sú n., sem fær þetta mál til umfjöllunar, skoði þetta mál ítarlega og leiti alveg sérstaklega til Sambands ísl. sveitarfélaga um þetta, og ég treysti á góða fyrirgreiðslu þessa máls, eins góða og völ er á miðað við núverandi ástand. Hitt dylst mér ekki, að vandinn er ærinn, ekki síst eftir að hafa heyrt um tóma sjóði, minnkandi ríkisumsvif og fleira í þeim dúr og hafandi í huga hrikaleg dæmi um lögboðnar endurgreiðslur, svo sem til aksturs skólabarna, sem ekki sér neina lausn á í dag til sveitarfélaganna.

Ég vil enda þessi fáu orð mín með niðurlagsorðum Sigurðar Blöndals, með leyfi hæstv. forseta, en hann sagði í fyrra orðrétt:

„Það er skoðun mín, að þennan gífurlega aðstöðumun sveitarfélaganna að því er þennan útgjaldalið varðar beri að jafna, það sé rétt og skylt af ríkissjóði að jafna hann. Mér er kunnugt um það að meðal forráðamanna sveitarfélaga á því sem mætti kalla köldum svæðum, í þeim landshlutum þar sem ekki nýtur jarðhita, hefur lengi ríkt mikil óánægja yfir að þessi sérstaki útgjaldaliður í skólakostnaði, upphitunin, skuli alfarið færður á sveitarfélögin. Og eftir hina miklu olíuhækkun, sem átt hefur sér stað s. l. tvö ár, hefur þessi munur auðvitað orðið meiri, og það er sú staðreynd að þessi mikla hækkun hefur átt sér stað núna s. l. tvö ár sem gerir það að ég leyfi mér að hrinda þessu máli hér af stað."

Þessi orð vil ég gera að mínum og leyfi mér svo að óska þess, að þessu máli verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 6. fundur.

Miðvikudaginn 15. okt., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 14. okt. 1975.

Samkvæmt beiðni Péturs Sigurðssonar, 8. þm. Reykv., sem nú er á förum til útlanda í opinberum erindagjörðum, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 2. varamaður hans, Gunnar J. Friðriksson iðnrekandi, taki um hríð sæti hans á Alþingi.

Virðingarfyllst,
Þorv. Garðar Kristjánsson
ritari þingflokks sjálfstæðismanna."

Ég býð Gunnar J. Friðriksson velkominn til starfa í þingdeildinni.

Útfærsla fiskveiðilögsögunnar.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Hv. þingdeildarmenn. Í dag fagna allir íslendingar því af heilum hug að einum stærsta áfanganum í sögu lífs og sjálfstæðis íslensku þjóðarinnar hefur nú verið náð. Útfærsla fiskveiðilögsögu Íslands í 200 mílur hefur nú tekið gildi.

Áður en við göngum til dagskrár þessa fundar vil ég leyfa mér fyrir hönd Nd. Alþingis að óska þjóð okkar allri til hamingju með þennan atburð. Sérstakar árnaðaróskir vil ég fyrir hönd þd. færa þeim sem starfa við öflun og vinnslu sjávarfangs sem og þeim sem gegna því mikilvæga hlutverki að gæta og verja landhelgi Íslands.

Megi okkur auðnast að fylgja þessum mikilvæga áfanga fram með einurð og samhug, réttsýni og reisn.

Byggingarlög, frv. (þskj. 5). — 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Forseti. Um byggingarmál gilda nokkur ákvæði, sumpart um byggingar í þéttbýli, sumpart um byggingar í strjálbýli, en engin almenn byggingarlög eru í gildi hér á landi. Um byggingarmál í þéttbýli eru lög nr. 19 frá 1905, um byggingarsamþykktir, þau lög gilda fyrir verslunarstaði og aðra skipulagsskylda staði, og lög nr. 61 frá 1944, um byggingarmálefni Reykjavíkur. Lögin varða fyrst og fremst stjórn og meðferð byggingarmálefna, en hafa auk þess að geyma nokkur ákvæði um tæknileg efni. Að formi eru einnig enn í gildi lög frá 1857 eða réttara sagt opið bréf um að stofna byggingarnefnd á Akureyri, opið bréf frá 1866 um að stofna byggingarnefnd á Ísafirði og lög frá 1897 um að stofna byggingarnefnd í Seyðisfjarðarkaupstað.

Þessi lög, sem ég nefndi í byrjun, heimila sveitarstjórnum að setja byggingarsamþykktir. 1967 gerðist það að félmrn. gaf út fyrirmynd að byggingarsamþykktum fyrir löggilta verslunarstaði og aðra skipulagsskylda staði og hafa mörg sveitarfélög sett sér byggingarsamþykktir eftir þeirri fyrirmynd.

Um byggingarmálefni í strjálbýli gilda lög nr. 108 frá 1945. Þau eru efnislega sniðin eftir l. frá 1905, nema ákvæðin um byggingarfulltrúa. Skv. þessum l. hafa flestar sýslunefndir sett byggingarsamþykkt fyrir hlutaðeigandi sýslu.

Það hefur lengi verið um það rætt að æskilegt væri að setja heildarlög um byggingarmálefni. Árið 1924 var lagt fyrir Alþ. frv. til byggingarlaga, ítarlegt frv., og var aðalhöfundur þess Guðjón Samúelsson þáv. húsameistari ríkisins. Frv. varð ekki útrætt og mun ekki hafa verið lagt fyrir Alþ. að nýju. 1967 var lagt fyrir Alþ. frv. til byggingarlaga fyrir skipulagsskylda staði sem var samið að tilhlutan félmrn., en það frv. dagaði einnig uppi á Alþ. og var ekki endurflutt.

Með hliðsjón af því hvernig byggingarstarfsemi og byggingarmálefni hafa þróast hér á landi, þá mæla rök með því, að sams konar reglur gildi um byggingarmálefni hvarvetna á landinu hvað varðar stjórn og meðferð byggingarmála og ekki síður að því er varðar tæknikröfur sem talið er rétt að gera til bygginga og annarra mannvirkja. Að sjálfsögðu er rétt að hafa það í huga að staðhættir geta verið í ýmsum byggðarlögum nokkuð mismunandi, þannig að sérákvæði í byggingarsamþykktum er sjálfsagt að heimila fyrir hin einstöku sveitarfélög eða samtök þeirra.

Það var í maímánuði 1973 sem þáv. félmrh. skipaði n. manna til að endurskoða lög um byggingarmálefni og semja frv. til byggingarlaga. Í grg. þessa frv. eru þeir taldir sem þá n. skipuðu, en það voru fulltrúar frá Tæknifræðingafélagi Íslands, frá landbrn., frá Reykjavíkurborg, frá Arkitektafélagi Íslands, frá Verkfræðingafélagi Íslands, frá Byggingafræðingafélagi Íslands, frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og frá Skipulagsstjórn ríkisins, en ráðuneytisstjóri í félmrn., Hallgrímur Dalberg, var skipaður form. nefndarinnar. Nokkru síðar var tveimur mönnum bætt við í n., öðrum frá Meistarasambandi byggingarmanna og hinum frá Sambandi byggingarmanna, þannig að alls var n. skipuð 11 mönnum.

Þessi n. starfaði vel að málum, skipaði þriggja manna undirnefnd úr hópi aðalnefndarmanna. Hún kannaði ítarlega gildandi íslensk lög um byggingarmálefni, aflaði sér gagna frá Norðurlöndum um löggjöf þar og kynnti sér að sjálfsögðu hugmyndir og tillögur ýmissa þeirra félaga og samtaka sem nm. voru fulltrúar fyrir og þeir hafa svo aftur rætt ýmsar hugmyndir og tillögur við samtök sín og félög. Niðurstaðan af þessari rækilegu athugun hefur orðið það frv. til byggingarlaga sem hér liggur fyrir þessari hv. deild.

Í 1. gr. frv. er mælt svo fyrir að lög þessi skuli ná til alls landsins og er það að sjálfsögðu mikilvægt nýmæli í löggjöf um þessi málefni.

Frv. fylgir svo ítarleg grg., bæði almenns eðlis

og um einstakar gr., að ég tel óþarft í þessari framsögu að rekja þetta mál ítarlega. Þess má þó geta að í 4. gr. er gert ráð fyrir því að sett verði almenn byggingarreglugerð og auk þess verði settar sérreglugerðir með ákvæðum um staðla á ýmsum sviðum byggingariðnaðarins. Í þessari gr. er mælt fyrir um hvað í byggingarreglugerð skuli vera. M. a. er svo fyrir mælt, að í reglugerðinni, þessari almennu byggingarreglugerð, skuli skýra orð og hugtök sem þar er fjallað um og orkað geta tvímælis, svo sem varðandi stærðir og byggingarstig mannvirkja. M. a. er það nefnt í grg. að ýmis algeng hugtök þurfti að skýra nánar í reglugerð, eins og t. d. hugtökin „fokhelt ástand" og hvenær hús er „tilbúið undir tréverk". Það getur stundum valdið nokkrum vafa og ágreiningi hvernig nánar skuli túlka slík og önnur hugtök og æskilegt að hafa um það greinargerð og skilgreiningu í reglugerðinni.

Í 6. gr. frv. er rætt um byggingarnefndir og eru þar nokkur nýmæli. Í sveitarfélögum með fleiri íbúa en 300 skal kosin byggingarnefnd með 3, 5 eða 7 mönnum eftir ákvörðun sveitarstjórnar. Sveitarstjórn kýs menn í byggingarnefnd, aðalmenn og varamenn, skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga, og nefndin skiptir með sér verkum. — Ég vil í þessu sambandi taka það fram að frv. er að öllu leyti lagt fyrir Alþ. eins og það kom frá undirbúningsnefnd að öðru leyti en þessari 1. málsgr. 6. gr., en svo var ráð fyrir gert í tillögu n. að framkvæmdastjóri sveitarfélags skyldi vera formaður byggingarnefndar eða staðgengill hans, en rn. þótti réttara að hafa þetta frjálst, þannig að n. skipti sjálf með sér verkum, sveitarstjórn eða byggingarnefnd gæti sjálf ákveðið hver vera skyldi formaður n. Þetta er eina breyt. sem gerð hefur verið, og hún miðar að því að sveitarstjórn og n. hafi þarna rýmri hendur.

Varðandi sveitarfélög, þar sem íbúar eru færri en 300, segir í 6. gr. að sveitarfélag skuli hafa samvinnu við nágrannasveitarfélög um kosningu svæðisbyggingarnefndar og ráðningu byggingarfulltrúa, enn fremur sé sveitarfélögum, þar sem íbúar eru fleiri en 300, heimilt að eiga aðild að svæðisbyggingarnefnd. Hér er um að ræða grundvallarbreytingu, og það er skýrt svo í grg. n. að í mörgum fámennum sveitarfélögum, litlum sveitahreppum og þorpum, sé byggingarstarfsemi ekki svo umfangsmikil að ástæða sé til að hafa þar sérstaka byggingarnefnd. Þannig er hér gert ráð fyrir að freistað sé samstarfs milli sveitarfélaganna þar sem íbúar eru þetta fáir.

Frv. skiptist þannig í kafla, að I. kaflinn fjallar um gildissvið laganna, þar sem meginatriðið er þetta, að lögin nái til landsins alls. II. kaflinn fjallar um yfirstjórn byggingarmála, og almenna byggingarreglugerð og byggingarsamþykktir, III. kaflinn um byggingarnefndir, IV. um byggingarleyfi, V. um byggingarstjóra, en þar er nokkuð breytt frá því sem verið hefur. Þar er svo ákveðið að við gerð hvers mannvirkis skal vera einn ábyrgur aðili sem nefnist byggingarstjóri og eru svo nánari reglur um það í þessum kafla. Í VI. kafla er rætt um byggingarfulltrúa, VII. um leyfisgjöld, VIII. um viðurlög og í IX. kafla eru gildistökuákvæði.

Í gildistökuákvæðunum vekur það kannske nokkra athygli að gert er ráð fyrir því að lögin öðlist gildi 1. jan. 1977, en viss ákvæði þeirra skuli þó koma til framkvæmda smám saman, en að fullu skulu lögin koma til framkvæmda í árslok 1980. Þetta er byggt á því að rétt sé að sveitarfélög og byggingaryfirvöld hafi rúman aðlögunartíma til þess að breyta skipulagi sínu í samræmi við lögin. Hins vegar er svo fyrir mælt í ákv. til brb. að almenn byggingarreglugerð skuli sett innan þriggja mánaða frá gildistöku laganna.

Ég vil að öðru leyti vísa til hinnar ítarlegu grg. með frv., tel að hér sé um merkilegt mál að ræða sem æskilegt væri að Alþ. gæti fallist á að lögfesta. Í þeirri fjölmennu n. frá hinum margvíslegu samtökum, sem undirbjó málið, var algjör samstaða og n. stendur öll að frv. eins og hún skilaði því frá sér.

Ég legg svo til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það er aðeins eitt atriði eða réttara sagt einn kafli í þessu umfangsmikla frv. sem ég tel rétt að gera hér að umræðuefni strax við 1. umr. þessa máls. Það er V. kaflinn, þar sem fjallað er um hina svokölluðu byggingarstjóra.

Því miður kemur hvorki fram í grg. frv., í ákvæðum þess né í ræðu hæstv. ráðh. nákvæm skilgreining á því: 1. hver þörf sé fyrir þessi embætti, sem þarna er verið að stofna; 2. hvaða áhrif stofnun þeirra kæmi til með að hafa á hag húsbyggjenda í landinu.

Það er ekki ljóst, hvorki af ákvæðum frv. né grg. þess, hvaða viðbótarþjónustu er verið að veita húsbyggjendum með stofnun þessarar nýju starfsgreinar eða starfsheitis. Það er þvert á móti sagt í ákvæðum frv. að þetta muni verða skilgreint í reglugerð, atriði eins og hver ábyrgð byggingarstjóra eigi að vera. Hvort hún geri það að verkum að ábyrgð þeirra, sem hafa umsjón með verkinu, verður meiri hér eftir en hingað til, um það er ekki vitað. Það er ekki heldur vitað um það hvernig ábyrgðin á að skiptast á milli byggingarstjórans annars vegar og hins vegar þeirra iðnmeistara sem taka að sér einstaka verkþætti, svo að það liggur raunar ekki fyrir frá sjónarmiði almenns húsbyggjanda í landinu hvers vegna nauðsyn sé talin á því að stofna til þessa starfsheitis, til þessa embættis í sambandi við húsbyggingar.

Þá kemur það ekki heldur nægjanlega vel fram hvaða kostnaður yrði í því fólginn fyrir húsbyggjendur í landinu að taka á sig að greiða fyrir þessa þjónustu sem þarna á að veita þeim hvort sem það er ný þjónusta eða þjónusta sem þeir fá nú þegar. Það er að vísu sagt í aths. með frv., á bls. 15 og 16, að þar sem telja megi víst að húsasmíðameistarar og múrarameistarar yrðu í flestum tilvikum byggingarstjórar við almennar húsbyggingar, jafnhliða störfum í sínum sérgreinum, verði ekki séð að slíkt ætti að hafa aukakostnað í för með sér umfram það sem verið hefur í reynd. Nú liggur það auðvitað ljóst fyrir að byggingarstjórar verða ekki allir

valdir úr hópi múrarameistara eða húsasmíðameistara sem þegar hafa tekið að sér ákveðna verkþætti fyrir húsbyggjendur. Það liggur auðvitað ljóst fyrir að a. m. k. við allar meiri háttar framkvæmdir verði ráðnir sérstakir byggingarstjórar. Auðvitað vinna þessir menn ekki frítt. Auðvitað þurfa þeir að fá sín laun fyrir þá vinnu sem þeir vinna. Er líklegt að þeir taki sín laun með því að álagsprósenta iðnmeistara verði lækkuð, að þeir fái laun sín greidd fyrir byggingarstjórastarfið með því móti að iðnaðarmenn, sem vinna við húsbygginguna, beri minna úr býtum? Er það líklegt? Nei, auðvitað ekki. Auðvitað kemur húsbyggjandinn til með að þurfa að greiða þessum mönnum laun. Sé þannig komið málum að sérstakir byggingarstjórar, arkitektar eða verkfræðingar, séu ráðnir við t. d. byggingarframkvæmdir hjá því opinbera eða stærri byggingarframkvæmdir hjá einstaklingum til þess að gegna þar ákveðnum hlutverkum og fái gjald fyrir, finnst mönnum þá líklegt að þróunin verði sú hjá einstaklingunum sem eru að byggja yfir sig hús að þegar iðnmeistari, annaðhvort húsasmíðameistari eða múrarameistari, tekur að sér sama starf, að þá geri hann ekki tilkall til sömu launa og þeir sem þetta starf vinna hjá öðrum aðilum? Finnst mönnum ekki líklegt að byggingarstjóri, sem tekur að sér að hafa yfirumsjón með t. d. húsbyggingu einstaklings, ætlist til þess að fá sérstök laun greidd fyrir það? Og finnst mönnum eðlilegt í sambandi við síðustu upplýsingar, sem fram hafa komið um álagningu í sambandi við húsbyggingar, að iðnmeistarar muni ekki gera tilkall til þess að fá sérstaka þóknun fyrir þessi störf. Ég er ansi hræddur um að fyrir hinn almenna húsbyggjanda í landinu leysi þetta nýja ákvæði ekki nokkurn vanda, heldur auki þeirra vanda að sama skapi sem útgjöldin við húsasmíðina aukast hjá þeim. Það gefur auðvitað auga leið að meginvandi íslenskra húsbyggjenda er ekki sá í dag að samræma ákveðna verkþætti við sína húsbyggingu, heldur að útvega fé til þess að komast áfram. Harla lítil líkindi eru á því að byggingarstjóri taki það verk að sér fyrir húsbyggjendur að útvega þeim fé, og lítið vit er í því að samræma framkvæmdir ef ekki er hægt að fjármagna þær. Við vitum það, íslendingar, að húsnæði hér á Íslandi er óhóflega dýrt. Byggingarkostnaður í landinu er töluvert meiri en æskilegt er að hann sé og heldur en hann þarf að vera, og ég tel mjög varhugavert að bæta við liðum sem fyrirsjáanlega munu auka byggingarkostnað í landinu og útgjöld húsbyggjenda, þegar það liggur ekki hreint fyrir hvaða aukna þjónustu eða aukna fyrirgreiðslu þeir munu fá fyrir þau aukin útgjöld.

Ég vil enn fremur vekja athygli á því í sambandi við þetta mál, að í grg. með frv. segir að um þetta hafi verið höfð samráð við ákveðna aðila sem hafi mælt með því að þessi leið verði valin. En hverjir eru þessir aðilar? Það er Arkitektafélag Íslands. Það er Meistarasamband byggingarmanna og það er Verkfræðingafélag Íslands. Það er sem sagt leitað umsagnar hjá þeim þremur stéttarfélögum sem hafa þarna beinna hagsmuna að gæta, vegna þess einfaldlega að það er úr röðum þessara þriggja starfshópa, sem hinir nýju byggingarstjórar mundu koma. Hins vegar er ekki spurt um það, það er ekki leitað álits á því hvaða áhrif þetta mundi hafa á byggingarkostnað í landinu t. d. með því að spyrjast fyrir um slíka hluti hjá Húsnæðismálastofnun ríkisins, hjá aðilum eins og byggingarsamvinnufélögum, stjórn verkamannabústaða eða öðrum slíkum. Mér er fyllilega ljóst, að ekki er til neitt félag eða nein félagsstofnun húsbyggjenda sem væri hagsmunaaðili í þessu tilviki, sem hægt væri að leita umsagnar hjá. En ég vil mjög vara við því að það sé farið að litt athuguðu máli út á þessa braut, að vera kannske að óþörfu að bæta ofan á reikninginn hjá íslenskum húsbyggjendum kostnaðarliðum sem a. m. k. til þessa hafa reynst þeim næsta óþarfir.

Karvel Pálmason: Herra forseti: Hér er greinilega um allviðamikinn lagabálk að ræða í sambandi við byggingarframkvæmdir í landinu. Mitt erindi hingað upp var og er fyrst og fremst að gera að umræðuefni það sem hv. 8. landsk. var hér að ræða um, og ég get í meginatriðum tekið undir hans mál varðandi það. Það er í sambandi við V. kafla frv. Það hefur verið mikið um það rætt og lengi að brýna nauðsyn bæri til að reyna að ráðstafanir til lækkunar byggingarkostnaðar í landinu. Og vissulega er þess full þörf. Ég óttast a. m. k. að verið sé að leggja aukinn kostnað á húsbyggjendur, og ég vil koma því hér með á framfæri til þeirrar virðulegu n., sem málið fær til skoðunar, að hún gefi því gaum og gangi úr skugga um það með hvaða hætti þetta ákvæði frv. um sérstaka byggingarstjóra verði framkvæmt, hvaða kostnaður fylgir því að setja slíkt embætti á stofn, hvað það er sem væntanlegir húsbyggjendur koma til með að þurfa að greiða meira, því að mér dettur ekki í hug annað en að þeir komi til með að þurfa að greiða meira en er við ríkjandi aðstæður. Og ég tel nauðsynlegt að það liggi þá fyrir hvaða kvöð er hér verið að leggja á húsbyggjendur til viðbótar því sem nú er. Ég óttast sem sagt að hér sé verið að setja einn hattinn enn ofan á kerfið, sem þýði í reynd aukinn tilkostnað húsbyggjenda sem ég held að allir séu þó sammála um að sé ærinn fyrir hendi í dag. Og ég vil sem sagt taka mjög undir það, sem hv. 8. landsk. þm. kom hér inn á, og beina því eindregið til þeirrar n., sem málið fær til skoðunar, að hún gefi þessu ákvæði frv. sérstakan gaum, þannig að það verði vitað, áður en gengið verður frá þessari löggjöf hér í þinginu, hvað er verið að leggja á húsbyggjendur í þessu tilviki umfram það sem nú er gert. Mér kemur vart til hugar að sú þjónusta, sem hér er um að ræða, verði innt af hendi án þess að greiðsla eigi að koma fyrir, og það mundi þá að mínu viti a. m. k. verða umfram það sem nú er gert.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Sá kafli í frv., sem þessir hv. þm. báðir hafa gert að umtalsefni, hv. 8. landsk. þm. og hv. 5. þm. Vestf., þarf að sjálfsögðu sérstakrar skoðunar við þar sem þar er um nýmæli að ræða, og mun n. að sjálfsögðu taka hann sérstaklega til meðferðar. Hins vegar vara ég menn við því

að líta á málið í því ljósi, sem hv. 8. landsk. þm. hóf mál sitt með, að verið væri að stofna ný embætti. Það er ákaflega mikill misskilningur og villandi. Þegar talað er um embætti, þá er fyrst og fremst átt við að sjálfsögðu ákveðin störf í þágu ríkis eða hins opinbera. Hér er ekki um neitt slíkt að ræða. Hér er ekki um neina nýja opinbera starfsmenn að ræða. Það, sem fyrir n. vakir í þessu efni, er fyrst og fremst að tryggja rétt húseigendanna, þ. e. a. s. húsbyggjendanna, að tryggja það að jafnan sé einn ábyrgur aðili sem veiti húsbyggingum forstöðu, þannig að sá, sem byggir hús, hafi alltaf einn ábyrgan mann að snúa sér til. Þetta er hugsunin sem vakir fyrir hjá n., sem hefur orðið til þess að hún mælir einróma með þessari tilhögun.

Það er minnst á kostnaðarhliðina í grg. á bls. 15—16 og virðist eins og hv. þm. tveir, sem hér hreyfðu andmælum, taki ekkert mark á því sem þessi 11 manna n. segir um það mál, því að n. segir hér: „Heyrst hafa raddir um það, að ákvæði um byggingarstjóra kunni að leiða til hækkaðs byggingarkostnaðar. Þar sem telja má víst að húsasmíða- og múrarameistarar yrðu í flestum tilvikum byggingarstjórar við almennar húsbyggingar jafnhliða störfum í sínum sérgreinum, verður ekki séð að slíkt ætti að hafa aukakostnað í för með sér.“ Þetta er álit n., eftir að hún hefur kynnt sér það mál.

Ég vil vara menn við því að tala hér á þeim grundvelli eða gefa fólki í skyn að hér sé verið að stofna í stórum stíl einhver ný embætti eða opinberar stöður. Það er byggt á algerum misskilningi. Það, sem fyrir n. vakir, er þetta, að með því að hafa einn ábyrgan mann, sem standi fyrir byggingum, sé verið að tryggja fyrst og fremst rétt húsbyggjendanna. Það er álit hennar að þetta hafi ekki aukinn kostnað í för með sér við byggingar. En eins og ég tók fram er sjálfsagt að kanna þetta mál allt saman nánar.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það er að sjálfsögðu rétt að við eigum ekki við það að þarna sé verið að stofna til opinberra embætta, heldur er þarna um að ræða nýtt starfsheiti, nýtt starfssvið. Ég vil aðeins vekja athygli þm. í örfáum orðum á tveimur atriðum.

Í fyrsta lagi segir í 18. gr. frv.: „Nánari ákvæði um réttindi og skyldur byggingarstjóra skulu sett í reglugerð.“ Frv. felur sem sé ekki í sér hver ábyrgð þessara byggingarstjóra skuli vera, hverjar séu skyldur þeirra gagnvart húsbyggjendum í landinu. Spurningin er sú: Er hann að axla, byggingarstjórinn, einhverja þá ábyrgð sem iðnmeistarar hafa hingað til borið á sínum störfum í sambandi við húsbyggingar? Því er svarað í 19. gr. Þar segir svo: „Ákvæði 15.—18. gr. hagga í engu réttindum og skyldum byggingariðnaðarmanna, sveina og meistara, samkv. lögum um iðju og iðnað og öðrum lögum. Iðnmeistarar skulu undirrita yfirlýsingu um ábyrgð sína, eftir því sem nánar verður kveðið á um í reglugerð.“

Það er sem sagt reglugerðin, sem á að segja til um það, hvernig ábyrgð byggingarstjóra verði háttað, hvernig ábyrgð iðnmeistara verði háttað, sem undir hann eru settir. Það gefur auðvitað auga leið að ef ætlast er til þess að maður taki á sig einhverja ábyrgð sem gæti orðið fjárhagsleg af því að standa fyrir byggingum, þá gerir hann það að sjálfsögðu ekki án þess að þiggja einhverja þóknun fyrir. Telja menn það eðlilegt ef ábyrgð þeirra, sem húsið byggja, verður aukin frá því sem nú er, — telja menn þá eðlilegt að ekki verði settar fram kröfur um að þóknunin, sem þeir fá m. a. fyrir að taka á sig þessa ábyrgð, verði ekki aukin að einhverju leyti? Ég tel a. m. k. mjög óeðlilegt að slíkar óskir kæmu ekki fram, og ég tel mjög óeðlilegt að slíkum óskum yrði ekki sinnt. Spurningin er því einfaldlega þessi: Er verið að stofna þarna til nýrra starfa sem munu að öllum líkindum verða til þess að auka enn þau útgjöld sem almennir húsbyggjendur í landinu munu greiða? Ég er ansi hræddur um að svo sé, og ég tek það sérstaklega fram að það kemur ekkert í frv. sjálfu í veg fyrir það að þessa niðurstöðu megi draga, vegna þess að það virðist beinlínis gefa því undir fótinn að iðnaðarmennirnir, sem húsið byggja, standi áfram ábyrgir fyrir sínum framkvæmdum, auk þess verði byggingarstjóri svo ábyrgur gagnvart húsbyggjanda. Hvort hann tekur á sig hluta ábyrgðar iðnmeistara er ekki svarað, hvort hann tekur á sig aukna ábyrgð er ekki heldur svarað, en ég hef aldrei heyrt það fyrr að menn geti búist við því að maður, sem tekur að sér eitthvert ákveðið starf fyrir annan mann, inni það starf af höndum án þess að fá þóknun fyrir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til félmn. með 22 shlj. atkv.

Skipulagslög, frv. (þskj. 6). — 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): **Herra forseti. Sú n., sem undirbjó frv. til byggingarlaga, samdi einnig það frv. sem hér liggur fyrir um breyt. á skipulagslögum. Það er bein afleiðing og í nánu samhengi við byggingarlagafrv. og felur í sér þá breytingu aðallega að gildissvið skipulagslaga verði rýmkað og nái til alls landsins, þannig að allar byggingar og önnur mannvirki, hvar sem er á landinu, skuli byggð í samræmi við áður gerðan skipulagsuppdrátt, sem samþykktur hefur verið af sveitarstjórn og skipulagsstjórn, eins og segir í grg. þessa frv.**

Ég vil leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til félmn. með 22 shlj. atkv.

Almenningsbókasöfn, frv. (þskj. 7). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): **Virðulegi forseti. Þetta frv. lá einnig fyrir síðasta Alþ. Það er flutt hér óbreytt.**

Frv. um almenningsbókasöfn á sér alllanga sögu að baki, en ég mun ekki rekja hana hér að þessu sinni. En ég vil rifja upp meginþættina í þessu frv.

Ég vil fyrst segja það, að ég hygg að allir séu sammála um hvort tveggja, almenna þörf fyrir vönduð og vel uppbyggð bókasöfn og svo hitt, að fjárframlög hins opinbera til almenningsbókasafna séu fyrir löngu orðin úrelt og ekki í neinu samræmi við þróun verðlagsmála eins og hún hefur orðið á því tímabili sem liðið er frá því að löggjöf um almenningsbókasöfn var síðast sett, árið 1963.

Samkv. athugun fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar í vor hefur þetta frv. í för með sér 72 millj. kr. útgjaldaauka fyrir ríkissjóð, en framlög til allra almenningsbókasafna á landinu eru í fjárlögum þessa árs aðeins tæplega 10 millj. kr. Hér er því, ef þetta frv. verður að lögum óbreytt, að þessu leyti um gagngera stefnubreytingu að ræða. En að þessu ákvæði frv. kem ég aðeins nánar síðar.

Þetta frv. miðar að því, að sett verði um almenningsbókasöfnin fáorð rammalöggjöf, en um framkvæmdaatriði ýmis verði svo kveðið nánar á í reglugerð. Í 1. gr. þessa frv. segir svo:

„Almenningsbókasöfn skulu starfa í öllum byggðum landsins til sjávar og sveita. Almenningsbókasöfn eru mennta-, upplýsinga- og tómstundastofnanir fyrir almenning. Þau skulu gefa fólki sem bestan kost á að lesa og færa sér í nyt bækur og veita afnot af nýsigögnum, svo sem hljómplötum, segulböndum og öðrum miðlunargögnum til fræðslu og dægradvalar.“

Hér er reynt í örstuttu máli að gera grein fyrir megintilgangi frv. og um leið starfsemi almenningsbókasafna í landinu. Það er mál manna, hygg ég að sé óhætt að segja, að almenningsbókasöfn hafi sífellt þýðingarmeira hlutverki að gegna í þjóðfélaginu þrátt fyrir allt. Góð bókasöfn eru t. d. engu þýðingarminni í þéttbýli heldur en í strjálbýli, nema síður sé. Og þéttbýli á raunar auðveldara með stöðug og sameiginleg not alls almennings af slíkum söfnum. Bókasöfnin hljóta nú ekki síður en áður að koma til hjálpar, þar sem geta almennings til bókakaupa þrýtur, og tryggja, eftir því sem unnt er, að menn geti fullnægt lestrarþörf sinni og fróðleiksþrá, bæði ungir og gamlir. Söfnin hljóta að verða í æ ríkari mæli upplýsingamiðstöðvar fólks í leit að margvíslegum fróðleik og tómstundaverkefni.

Í 1.—6. gr. frv. þessa er í mjög stuttu máli mælt fyrir um það hvernig skipa skuli bókasafnsumdæmum og starfsemi safna almennt. Þessar gr. gera ekki ráð fyrir neinum stórbreytingum á því sviði frá því sem nú er í gildi. Þvert á móti eru almenningsbókasöfnin flokkuð í samræmi við gildandi lög. Ráðandi stefna á undanförnum árum hefur verið sú að efla héraðsbókasöfnin svo að þau verði fær um að annast bókasafnsþjónustu í dreifbýli í vaxandi mæli. Þessi starfsemi hefur reynst heilladrjúg þar sem söfn eru á annað borð einhvers megnug. Og það er talið eðlilegt að flýta fremur þessari þróun. Nokkur héraðsbókasöfn hafa þegar reynst þessu hlutverki vaxin, en það byggist þá á alveg sérstaklega miklum skilningi og fyrirgreiðslu heima í héraði, þar sem þetta hefur tekist. Eins og ég hef þegar tekið fram, hafa fjárframlög ríkisins til safnanna verið mjög lítil á undanförnum árum og í raun og veru sífellt farið minnkandi að verðgildi.

Í grunnskólalögunum eru sérstök ákvæði um skólabókasöfn og ýmsir skólar hafa þegar eignast allmyndarleg bókasöfn. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því að skólabókasöfn og almenningsbókasöfn geti haft sameiginlegan rekstur ef forráðamenn beggja telja slíkt æskilegt og menntmrn. samþykkir það.

Í sem allra stystu máli gerir þetta frv. ráð fyrir því að í öllum byggðum landsins skuli starfa bókasöfn og einnig í öllum sjúkrahúsum, hælum, vistheimilum og fangahúsum. Á öðrum stöðum eru ákvæði um bókasöfn í skólum, eins og ég hef þegar vikið að, en það er einkenni á þessu frv., að ákvæði um rekstur safnanna eru mjög fáorð og rúm og gert ráð fyrir að nánar verði kveðið á um fjölmörg atriði í reglugerð, eins og ég hef raunar áður vikið að. Verður þá að sjálfsögðu höfð hliðsjón af því hvað hagkvæmast telst í hverju einstöku tilviki, á hverjum stað og tíma.

Í frv. er gert ráð fyrir því að almenningsbókasöfnin séu yfirleitt rekin af sveitarfélögunum og sveitarstjórnir kjósi bókasafnsstjórnirnar, svo sem verið hefur yfir höfuð. En þó er heimilt að gömlu lestrarfélögin, sem allvíða starfa sem sjálfstæð félög, starfi áfram á svipuðum grundvelli og verið hefur og þá í samráði við hreppsnefndirnar. Hinum mörgu litlu og sjálfstæðu lestrarfélögum hefur að vísu fækkað smátt og smátt, og það má búast við að sú þróun haldi áfram. En ákvæði þessa frv. um þetta efni eru sett með það fyrir augum að eðlileg þróun geti átt sér stað að þessu leyti þegar tímar líða fram.

Í 8. gr. frv. er svo að finna ákvæði um lágmarksfjárframlög sveitarfélaga til almenningsbókasafna, og í 9. gr. er kveðið á um hluta ríkissjóðs, en hann skal vera þriðjungur af lögboðnum rekstrarfjárframlögum sveitarfélaganna, eins og þau eru tiltekin í 8. gr. og samkv. skýrslum og manntali frá síðasta ári á undan.

Þá er gert ráð fyrir því að lítilli fjárhæð af ríkisframlagi megi árlega verja til verkefna í þágu allra bókasafna landsins í heild samkv. ákvörðun rn. hverju sinni. Þetta ákvæði er sett inn í frv. í samræmi við þá reynslu sem þegar er á komin á undanförnum árum. Stofnkostnaður skráningarmiðstöðvar bókasafna, sem nú er tekin til starfa og er þjónustustofnun fyrir öll bókasöfn í landinu, var þannig fenginn með sérstöku leyfi Alþ. og rn. Og sama máli gegnir um þau námskeið sem haldin hafa verið fyrir bókaverði og að nokkru útgáfustarfsemi í þágu safnanna, þótt þar sé aðeins um lítils háttar viðleitni að ræða. Þetta sameiginlega fé er aðeins lítill spónn úr aski hvers einstaks safns, en það safnaðist nokkuð til heildarátaka fyrir söfnin öll, þegar það kæmi saman.

Ég vek athygli á því að það er reynt að haga útreikningum á framlögum til rekstrar safnanna á sem einfaldastan hátt og hafa þá sem gleggsta og auðveldasta í framkvæmd. Sveitarfélögin skulu greiða framlög miðað við íbúafjölda, eins og segir í frv. og ég skal ekki eyða tíma í að rekja hér. Þetta eru lágmarksfjárframlög sveitarfélaga og um leið ríkissjóðs, og um það eru ákvæði í 8.

gr. að þau skuli endurskoða árlega og færa til samræmis við verðlag í landinu samkv. útreikningum Hagstofu Íslands.

Að sjálfsögðu geta orðið skiptar skoðanir um ákvæði eins og þetta, bæði hversu há framlögin skuli vera og eins um hitt, hvort það skuli setja í lög ákvæði um ákveðinn framreikning eða endurskoðun þessara framlaga. En með vísun til þeirrar bitru reynslu undanfarinna ára af þróun þessara mála, þá eru nú í þessu frv. gerðar till. um slíkan framreikning.

Þar sem í frv. er um mjög miklar breytingar að ræða í hækkunarátt, þá þótti rétt að kveða svo á að ákvæðin um fjárframlög kæmu til framkvæmda á þremur árum frá gildistöku laganna smátt og smátt. Ætti með því móti að verða viðráðanlegra fyrir þá aðila, sem hér eiga hlut að máli, að mæta þessum hækkunum. Það verður að telja að mestu máli skipti upp á stöðu og raunar framtíðargrundvöll íslenskra almenningsbókasafna að um þetta sé hið bráðasta mörkuð ákveðin stefna, þetta sé meginatriðið, en ekki hitt, hversu hratt verður brugðist við um hækkun framlaganna.

Í frv. er gert ráð fyrir því að sveitarfélög reki söfnin, eins og áður segir, og einnig að sveitarfélögin reisi bókhlöður eftir því sem við á og búi þær nauðsynlegum húsbúnaði og tækjum. Það er heimilt að kaupa eða leigja húsnæði fyrir söfnin, og er gert ráð fyrir því í frv. að ríkissjóður greiði helming byggingarkostnaðar bókhlöðu eftir því sem fé er veitt til á fjárl., enda hafi þá áætlanir og teikningar verið samþ. af menntmrn. samkv. nánari ákvæðum í reglugerð. Mér er ákaflega vel ljóst að um þetta ákvæði, eins og raunar fleiri í frv., kunna að verða skiptar skoðanir, en ég lít svo á og ég hef sagt það áður að tilvist og rekstur almenningsbókasafna í nútímaþjóðfélagi sé í raun og veru engu þýðingarminni heldur en rekstur skólanna sjálfra og þess vegna sé eðlilegt og tímabært að taka af skarið með slíku lagaákvæði sem hér er lagt til að sett verði. Síðan verður það að sjálfsögðu fjárveitingavaldið sem afmarkar hraðann við þessa uppbyggingu.

Frv. gerir ráð fyrir að sérstakur bókafulltrúi starfi í menntmrn. og fari með málefni almenningsbókasafna eins og áður, en auk þess er gert ráð fyrir því að til komi ákveðin ráðgjöf um málefni safnanna frá sveitarfélögum og frá Bókavarðafélagi Íslands sem er að hluta til a. m. k. samtök sérfróðra manna um málefni bókasafna. Má geta þess hér að ákvæði um hliðstæðar samstarfsnefndir hafa verið tekin inn í fleiri lög, svo sem grunnskólalögin og lög um menntaskóla.

Frv. gerir ráð fyrir því, að ríkissjóður standi einnig undir greiðslum til rithöfunda vegna afnota af bókum þeirra í almenningsbókasöfnum. Þetta gæti talist eins og viðbótarframlag til safnanna. Eðlilegt þykir, að ákvæði um stjórn Rithöfundasjóðs Íslands og úthlutun úr honum og starfshætti sjóðsstjórnar séu reglugerðaratriði, enda er hér í raun um að ræða samningamál á milli ríkisvalds og rithöfundasamtaka, eins og kunnugt er.

Ég fjölyrði svo ekki um þetta frv. hér við þessa 1. umr., en leyfi mér að leggja til að því verði að umr. lokinni vísað til hv. menntmn.

Gylfi Þ. Gíslason: Hæstv. forseti. Það er áreiðanlega öldungis rétt hjá hæstv. menntmrh. að brýna nauðsyn ber til þess að endurskoða gildandi lög um almenningsbókasöfn. Fyrsta löggjöfin, sem sett var um almenningsbókasöfn, var sett í menntmrh.-tíð Bjarna Benediktssonar, það mun hafa verið árið 1955. Meðan ég gegndi því starfi fór fram gagnger endurskoðun á lögunum, það mun hafa verið 1963 sem ný lög voru sett um þau efni. Síðan er liðinn meira en áratugur og því fyllilega tímabært orðið að endurskoða þessi lög og mátti ekki seinna vera.

Sú meginstefna, sem mörkuð er í þessu frv. er án efa líka skynsamleg, eins og hæstv. ráðh. gerði grein fyrir. Það er rammalöggjöf um almenningsbókasöfn, og síðan er gert ráð fyrir því að með reglugerð verði skipað einstökum atriðum á þessu sviði íslenskra menningarmála, sviði sem fer sífellt vaxandi að þýðingu og mikilvægi í íslensku menntalífi og íslensku þjóðlífi.

Þetta frv. ber töluna 7. mál Alþingis og var lagt fram, að ég held, á fyrsta starfsdegi þingsins. En á sama degi var lagt fram annað frv. sem ber töluna 1, 1. þingmál hæstv. ríkisstj. sem einnig flytur þetta frv., það er frv. til fjárl. fyrir árið 1976. Með frv. um almenningsbókasöfn er fskj. um rekstrarfjárframlög skv. frv. og er það miðað við manntal 1974. Þar er gert ráð fyrir því að fjárframlög alls til safnastarfseminnar eigi að nema 276 millj. kr. samkv. frv., 276 millj. 175 þús. kr., þar af eigi bæjar- og sveitarfélög að leggja fram 202 millj. 373 þús. kr., sýslur 4762 þús. kr. og ríkið 69 millj. 40 þús. kr., auk 12 millj. kr. framlags í Rithöfundasjóð. Er því gert ráð fyrir að framlög ríkisins samkv. frv. á þskj. 5, útbýttu á sama degi og fjárlagafrv., eigi að nema 81 millj. 40 þús. kr. Þess er þó að geta að í 14. gr. frv., og það er síðasta setning þess frv., segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Ákvæðin um fjárframlög koma til framkvæmda á þremur árum frá gildistöku laga þessara.“ M. ö. o.: ákvæði um 81 millj. kr. greiðsluskyldu eiga að koma til framkvæmda á þremur árum frá gildistöku þessa frv. sem gert er ráð fyrir að verði 1. jan. 1976. Ef deilt er með 3 í töluna 81 millj., þá koma út 27 millj. M. ö. o.: 1974 var gert ráð fyrir því að á fjárlagaárunum 1976, 1977 og 1978 skyldu vera 27 millj. kr. á ári í fjárl. til almenningsbókasafna. Þegar höfð er í huga sú gífurlega hækkun sem orðið hefur á tölum fjárl., á launagreiðslum og verðlagi öllu frá því að þessi áætlun var gerð, þ. e. a. s. frá því í árslok 1974, þá gefur auga leið og þarf ekk mörgum orðum um það að fara að talan 27 millj. kr. árleg fjárveiting er aðeins hluti af því sem nú mundi vera nauðsynlegt á árunum 1976, 1977 og 1978 til að standa við ákvæði þessara gildandi laga. En ef við berum saman þskj. hæstv. ríkisstj. nr. 5 og þskj. hæstv. ríkisstj. nr. 1, þ. e. a. s. fjárlagafrv. sjálft, og flettum upp á síðu 31, þá stendur þar undir liðnum 981: Framlög til almenningsbókasafna samtals — sundurliðunina les ég ekki — 10 millj. 135 þús. kr., m. ö. o. rúmlega þriðjungur af meira en tveggja ára gamalli verðupphæð.

Út af fyrir sig get ég vel skilið að hæstv. ríkisstj. hafi átt við ýmsa erfiðleika að stríða við að koma saman þessu fjárlagafrv. sem hún hefur sýnt okkur hv. þm. sem þskj. nr. 1. En hvað eiga

slík vinnubrögð að þýða, að sýna þm. á sama degi með 6 númera mismun á þskj.-tölu frv. sem eru gerólík og ákvæði þessa þskj. nr. 7 og ákvæði þskj. nr. 1? Hvað eiga slík vinnubrögð að þýða? Eru þau fyrirboði þess sem á að koma um vinnubrögð hæstv. ríkisstj. á þessu háa Alþ.? Það er ekki óeðlilegt þótt einhverjum þm. detti í hug: Er verið að spotta þingheim? Eða hvern er verið að spotta með slíkum vinnubrögðum? Er verið að spotta sveitarfélögin með því að veifa framan í þau frv. um svo og svo mikil aukin framlög til jafnmikilvægs sviðs og almenningsbókasöfn eru? Er verið að spotta sjálfan almenning í landinu? Er verið að sýna dómgreind hans slíka fyrirlitningu að því verði tekið þegjandi, að því verði tekið án aths., að á sama degi skuli ríkisstj. sýna mál sem eru jafngerólík og þetta frv. um almenningsbókasöfn annars vegar og fjárlagafrv. hins vegar? Á sama tíma bendir ríkisstj. í tvær áttir varðandi stefnu í fjárveitingum og þá kannske í efnahagsmálum yfir höfuð að tala. Ég vildi óska þess að hvorki þing né þjóð ætti það í vændum að þessi fáránlegu vinnubrögð, þessi hlægilegu vinnubrögð, þessi vinnubrögð sem liggur við að séu móðgun við bæði þing og þjóð, þau séu fyrirboði þess sem koma skal.

Gils Guðmundsson: Virðulegur forseti. Ég skal ekki vera langorður, en vil þó ekki láta hjá líða að segja fáein orð um þetta mál.

Það þarf ekki að fara um það mörgum orðum hversu mikilvægur þáttur menningarlífs almenningsbókasöfn eru í nútíma þjóðfélagi, bæði í nálægum löndum og hér á landi, þó að mikið hafi skort og skorti á að mikilvægi þessa þáttar hafi verið metið og að hann hafi fengið að njóta sín eins og skyldi. Þetta er alveg óumdeilanlegt og þarf ekki að hafa um mörg orð, að mikilvægi bókasafna hefur farið stórvaxandi á undanförnum árum og á enn eftir að vaxa, þegar þörfin fyrir endurmenntun og símenntun er augljósari en nokkru sinni fyrr.

Sú löggjöf, sem á sínum tíma var sett um almenningsbókasöfn, var hin þarfasta. Hún var svo endurskoðuð, eins og hv. síðasti ræðumaður gat um, fyrir að ég hygg 12 árum og hefur komið að verulegu gagni þrátt fyrir það að alltaf hafi verið um fjárskort að ræða til þessarar starfsemi, þó að hann hafi nú farið stöðugt vaxandi síðustu ár og keyri um þverbak nú.

Ég fagna því að þetta frv., sem hefur legið fyrir tveimur eða þremur undanförnum þingum, skuli nú komið fram þegar í upphafi þings og vona að það verði nú engin vandkvæði á því að það verði samþykkt og gert að lögum fyrir áramót. Ég sé ekki að það geti verið nein vandkvæði á því.

Þetta er, eins og hæstv. menntmrh. skýrði frá, rammalöggjöf.Ýmislegt um framkvæmdaatriði á að koma í reglugerð og er það í sjálfu sér eðlilegt og ekkert við því að segja. En kjarni málsins er sá og hefur raunar verið sá, að það skortir fé til safnanna til þess að þau geti gegnt því mikla og mikilvæga hlutverki sem þau eiga að gegna og gætu gegnt, ef fjármagn væri fyrir hendi.

10 milj. kr. til allra almenningsbókasafna á landinu er sú upphæð sem hæstv. ráðh. sagði að hefði verið veitt til safnanna á yfirstandandi ári, að ég hygg, og það er sama upphæðin í fjárlagafrv. sem verið var að sýna okkur nú, eins og hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason benti á. Það er sama upphæðin. Samkv. því frv., sem hér liggur fyrir, eru ákvæði um fjárframlög í 8. og 9. gr. frv., og ég vil segja það, að ég tel að það sé út af fyrir sig í þessum greinum, þegar við lítum á þær einar, allmyndarlega að því staðið og þó á engan hátt ofgert í því að tryggja almenningsbókasöfnum töluvert aukin fjárráð frá því sem verið hefur. Miðað við það eymdarástand, sem nú er í þessum efnum, er þó allmyndarlega að verki verið og ég fagna alveg sérstaklega þeim lokaákvæðum 8. gr., þar sem segir að þessi lágmarksfjárframlög sveitarfélaga skuli endurskoðuð árlega og færð til samræmis við verðlag í landinu samkv. útreikningum Hagstofu Íslands. Þetta tel ég mjög gagnlegt og nauðsynlegt ákvæði. Það ætti þá líka að koma af sjálfu sér að ríkisframlagið hækkaði þar sem það er ákveðið hlutfall af tekjum bókasafnanna. Þessu ber að fagna. En ég verð að segja það, að 14. gr. frv. dregur býsna mikið úr fögnuðinum sem annars væri ástæða til að láta í ljós, þar sem það er ákveðið samkv. 14. gr. að þessi ákvæði um fjárframlög skuli koma til framkvæmda á þremur árum frá gildistöku laga þessara. Sannleikurinn er sá að almenningsbókasöfn hafa orðið að bíða svo lengi að þetta er allt of langur tími til þess að það frv. komi til fullra framkvæmda sem hér er um að ræða. Það hefði ekki veitt af því að það kæmi til fullra framkvæmda þegar á næsta ári. A. m. k. sýnist mér að 3 ár séu allt of langur tími.

Ég vil lýsa fylgi mínu við frv. að meginstefnu til og leggja á það áherslu að það verði nú samþ. og það fyrir jól. Ég tel hins vegar mjög brýnt og alveg óhjákvæmilegt að sú n., sem fær málið til meðferðar, taki 14. gr. frv. til athugunar og breyti henni þannig að þetta frv. komi til framkvæmda, helst að fullu, þegar á næsta ári, en ef það með tilliti til sveitarfélaganna þætti nokkrum erfiðleikum bundið, þá væri þó aðlögunartíminn ekki lengri en tvö ár.

Að síðustu vil ég aðeins beina þeirri fsp. til hæstv. menntmrh. sem ég hef ekki við fljótan yfirlestur getað fengið svar við í frv. sjálfu, hvort það sé þá alveg ljóst að þessi aðlögunartími, þ. e. a. s. þessi þriggja ára tími, verði þannig að ⅓ af hinum auknu fjárframlögum komi til framkvæmda á hverju ári eða hvort það geti farið eftir einhverju öðru, t. a. m. því hvernig hæstv. fjmrh. metur stöðuna hverju sinni, hvort það verður einhver annar háttur þarna á hafður, þetta virðist ekki vera ljóst, eða hvort það gæti jafnvel farið svo að þetta komi lítt til framkvæmda á næsta ári og bíði þá hinna síðari áranna tveggja að koma til verulegra framkvæmda.

Ég skal ekki orðlengja þetta meira. Ég lýsi fylgi við meginstefnu frv., tel að það þurfi að verða sem allra fyrst að lögum, það hafi liðið allt of langur tími sem þessi lög hafa verið mjög lítt virk. En ég tel, að ákvæði 14. gr. þurfi tvímælalaust endurskoðunar við.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Virðulegi forseti. Ég vil þakka vinsamleg ummæli hv. 3. þm. Reykn. um frv. og stuðning hans við málið. Ég get vissulega tekið undir það, að það er í sjálfu sér of langur aðlögunartími, ef við lítum á hag bókasafnanna, að miða við 3 ár. En hér sem oftar verður sjálfsagt byr að ráða. En ekki hefði ég á móti því ef Alþ. og þar með fjárveitingarvaldið sæi sér fært að stytta þennan tíma. Ég vil láta það koma fram út af fsp. hans um hvernig skilja bæri 14. gr., þá er minn skilningur sá, að hækkunin komi til framkvæmda jafnt, þ. e. ½ árlega.

Varðandi aths. hv. 9. þm. Reykv. vil ég aðeins rifja það upp að fjárlagafrv. eru yfirleitt samin með hliðsjón af gildandi lögum, en ekki frv. sem eru í farvatninu.

Magnús T. Ólafsson: Hæstv. forseti. Það fer ekki á milli mála að íslensk bókaútgáfa hefur staðið nokkuð höllum fæti undanfarin ár. Upplög bóka hafa dregist saman og það hefur jafnvel verið viðkvæðið upp á síðkastið hjá bókaútgefendum að svo sé að sjá að að því stefni að ekki þýði að gefa út bækur að ráði nema fyrir bókasöfnin, því að stór hluti almennings virðist hafa lagt af bókakaup og leitist við að sækja lesefni sitt næstum einvörðungu í bókasöfn. Ekki skal ég nú fullyrða hversu mikið þetta á til síns máls. En ótvírætt er hitt, að langtum fleiri tæki og fleiri skemmti- og fræðslutæki keppa nú við bókina en áður var. Jafnframt hefur það gerst að tilkostnaður við bókaútgáfu hefur hækkað mjög ört. En þá er sú þróunin hjá bókasöfnunum í landinu að hinar lögboðnu, föstu tekjur þeirra hafa staðið í stað og kaupgeta þeirra í rauninni rýrnað ár frá ári í verðbólguþróuninni.

Það var því tímabært að endurskoða bókasafnslögin, sérsteklega með tilliti til þess að auka fjárráð safnanna. Ég er viss um að mál bókasafna í landinu væru í afar bágbornu ástandi hefði ekki sú orðið raunin á að fjöldamörg sveitarfélög hafa brugðið við og lagt fram úr sjóðum sínum til bókasafnanna langt umfram það sem lagaskylda segir. En slíkt kemur auðvitað mjög misjafnt niður. Eina úrræðið, sem að haldi kemur, er að hækka hin lögboðnu framlög til samræmis við þarfirnar á hverjum tíma, eins og lagt er til í þessu frv. Ég tel að rétt hafi verið ráðið eftir þá viðleitni sem höfð var á sínum tíma til að leggja fram ýtarlegan lagabálk um bókasöfn, þar sem upp kom um ýmis atriði töluverður ágreiningur milli aðila sem hlut áttu að máli, þá hafi verið rétt ráðið að hverfa að því að leggja fram frv. að rammalögum. Nú kemur það fram í annað sinn og bæði þörfin og vitneskjan hér á hv. Alþ. um málið ættu að stuðla að því að það fengi fljóta afgreiðslu.

Að því var fundið í ræðu hv. 9. þm. Reykv. að ekki skyldi standast á tölur samkv. þessu frv. til bókasafna og till. í nýframlögðu fjárlagafrv. Ég býst við að við hv. 9. þm. Reykv. þekkjum báðir af eigin raun að það þyrfti næstum kraftaverk til að koma inn í fjárlagafrv. tölum um fjárframlög í samræmi við ósamþykkt frv., og ég hlýt að benda á að það væri nokkuð takmörkuð virðing fyrir fjárveitingavaldi Alþ. ef upp væri tekinn sá háttur að setja tölur í fjárlagafrv. í samræmi við frv. sem enga afgreiðslu hafa hlotið á Alþ. Mergurinn málsins er að hér er verið að bæta úr brýnni þörf. Það eru nóg barefli og árásarefni á ríkisstj., að ég held, þó að ekki sé verið að seilast svo langt sem mér virtist hv. 9. þm. Reykv. ætla að gera. Nei, hvað okkur varðar hér í hv. d., þá er úrræðið innan handar. Það er að hraða svo jákvæðri meðferð þessa máls og afgreiðslu að það verði orðið að lögum með stórauknum fjárframlögum til bókasafnanna áður en endanleg fjárlagaafgreiðsla á sér stað. Þá eru allar forsendur og þá er skylt að taka tillit til þessara nýsamþykktu laga við endanlega afgreiðslu fjárlagafrv. Ráðið til þess að sjá um að úr brýnni þörf bókasafnanna sé bætt er að Alþ. geri frv. að lögum áður en fjárlög verða endanlega afgreidd.

Gylfi Þ. Gíslason: Hæstv. forseti. Auðvitað er það rétt sem hæstv. menntmrh. sagði í ræðu sinni áðan og hæstv. fyrrv. menntmrh. undirstrikaði í fáum orðum sínum að venjuleg starfsregla er sú að byggja fjárveitingar í fjárlagafrv. á gildandi lögum. Hins vegar er mér ekki ljóst hvaða nauður rak hv. þm. til þess að verja jafnfurðulega framkomu og hér átti sér stað af hálfu hæstv. ríkisstj. þegar á fyrsta raunverulegum starfsdegi þingsins. Ég segi nú það eitt án þess að vilja lengja þessar umr.: Það gefast nóg tilefni til þess að ræða stefnu ríkisstj. í efnahagsmálum og fjármálum yfirleitt síðar. Þá er málstað ríkisstj. illa komið ef hv. þm. finnur til þess, þó að hann hafi nýlega verið í ríkisstj., að nauðsyn sé að koma henni til hjálpar í máli eins og þessu. Sannleikurinn er sá, að það og það eitt, sem ég var að vekja athygli á, eru í hæsta lagi undarleg vinnubrögð, að hæstv. ríkisstj. skuli samdægurs leggja fram þskj. nr. 1 og þskj. nr. 7 sem er á svo augljós munur sem hér á sér stað. Ef hæstv. ríkisstj. meinar eitthvað í alvöru, sem ég vona að hún geri og vona að hún geri með árangri með flutningi frv. um almenningsbókasöfn, þá hefði hún átt að sýna á því einhvern lit í fjárlagafrv. að hún meinti í alvöru að frv. um almenningsbókasöfn næði fram að ganga. Þegar um jafnstórkostlegan mun, kannske fimmfaldan mun er að ræða á raunverulegum till. um fjárveitingu og því sem gert er ráð fyrir í frv. um ákveðið svið, mikilvægt svið í menningarmálum, þá fannst mér það satt að segja augljós vitnisburður um að ríkisstj. væri ekki öll þar sem hún væri séð, að hún meinti ekki alltaf það sem hún segði, að það væri ekki mark takandi á þeim plöggum sem hún legði fyrir Alþ., ekki á fyrsta degi — og hvað á maður þá að halda um 10. daginn eða 30. daginn eða það sem hún kann að segja sem sitt síðasta orð þegar fjárl. verða afgreidd? Það var þetta augljósa misræmi í mikilvægum þskj. fyrsta þingdagsins sem hlaut að vekja athygli mína og annarra þm. Á þessu hlaut ég að vekja athygli. Eða eigum við von á áframhaldandi tali og gerðum á næstu vikum og mánuðum þingsins eins og þessi tvö þskj. bera vott um?

Ég endurtek aðeins það sem ég sagði í lok

orða minna áðan, ég vona að þetta sé ekki fyrirboði þess, sem við eigum eftir að heyra af vörum hæstv. ríkisstj., hvað þá þess, sem við eigum eftir að reyna af gerðum hennar.

Ellert B. Schram: Hæstv. forseti. Það orkar ekki tvímælis að þetta frv. til l. um almenningsbókasöfn fjallar um gott málefni og þarft, enda hafa nokkrir þm. nú þegar lýst fylgi sínu með þessu máli og hvatt til þess að afgreiðslu þess verði hraðað.

Bókasöfn gegna mikilvægu hlutverki, bókasöfn af þessu tagi. En þetta frv. fjallar og um samskipti ríkis og sveitarfélaga á þessum vettvangi, og ég vil ekki leyna því að margt er í þessu frv. sem fjallar um samskipti ríkis og sveitarfélaga, sem fer í bága við þær hugmyndir sem ég hef gert mér um þau efni. Því hef ég allan fyrirvara á um að lýsa stuðningi við þetta frv., a. m. k. um einstök atriði þess, þó að ég styðji það málefni sem hér er á dagskrá.

Hv. 9. þm. Reykv. hefur gert það að umtalsefni að ósamræmi sé milli kostnaðaráætlunar, sem fylgir þessu frv., og fjárlagafrv., sem lagt hefur verið fram hér á hinu háa Alþ. Honum finnst, að hér sé um fáránleg vinnubrögð að ræða og beina móðgun við hv. Alþ. Ég hefði hins vegar haldið að það væri móðgun við hv. d. ef ríkisstj. hefði gert ráð fyrir í fjárlagafrv. þeirri upphæð sem þetta frv. á að kosta, vegna þess að þá er hún að sýna Alþ. nokkra lítilsvirðingu með því að gera ekki ráð fyrir því að það sjálft taki ákvörðun um það hvort slíkt frv. sé samþ. eða ekki. Og mér finnst það líka stangast mjög á við orð þessa þm. og ýmissa annarra, þegar þeir gagnrýna að ríkisstj. boði ekki og stefni ekki að samdrætti og vissum sparnaði í ríkisútgjöldum, á sama tíma sem það er fordæmt að ekki sé gert ráð fyrir fjárveitingum í fjárlagafrv. sem eigi að renna til mála sem ekki eru nú þegar samþykkt.

Þessar orðræður hafa hins vegar gefið mér tilefni til þess að vekja athygli á því nýmæli sem fylgir þessu frv. og ég tel vera mjög til fyrirmyndar, en það er að birta með slíku frv. kostnaðaráætlun um hvað það hafi í för með sér að frv. sé samþ. Þessi vinnubrögð eru til mikillar fyrirmyndar og gefa okkur þm. betri möguleika á því að átta okkur á hvað málefnið kosti ef það sé samþ. Síðan er það okkar að ákveða hvort við teljum að málefnið sé það þarft og sé það brýnt að rétt sé að samþykkja það, þótt það hafi í för með sér svo og svo miklar kostnaðarhækkanir.

Ég hef ekki geð í mér til þess að taka þátt í þeim kór, sem hér hefur verið að hvetja til þess að samþykkja þetta frv. helst fyrir áramót, vegna þeirrar staðreyndar að það kostar mjög mikið fé. Það kostar tugi millj. kr. að samþykkja þetta frv., og ég get ekki, á sama tíma sem ég hvet til sparnaðar og að halda niðri ríkisútgjöldum og fjárlagafrv., verið á sama tíma, sama degi nánast, að standa hér upp og hvetja til þess að frv. séu samþ., helst strax daginn eftir, sem hafi slíkar kostnaðarhækkanir í för með sér.

Ég tel því rétt að þetta frv. verði skoðað af hv. menntmn. með hliðsjón af samskiptum ríkis og sveitarfélaga og með hliðsjón af þeim kostnaðarhækkunum, sem það hefur í för með sér og að n. geri sér fulla grein fyrir því hvaða afleiðingar samþykkt frv. hefur og að það sé þá í takt við almenna fjármálastefnu stjórnvalda í dag.

Sverrir Hermannsson: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð til þess aðallega að lýsa yfir eindregnum stuðningi mínum við framgang þessa máls. Þessi mál hafa lengi verið vanrækt, en nú verður úr því bætt á þann hátt sem ég vil meina að sé myndarlega gert. En það, sem kom mér til þess að standa hér upp, fyrir utan það að lýsa yfir stuðningi við frv., var þetta, sem ég rek augun í hér í 1. gr. frv. og síðan í aths. við frv., sem sannar að hér er ekki um neinar prentvillur að tefla. Það er þar sem segir: „Almenningsbókasöfn“ o. s. frv. „skulu gefa fólki sem bestan kost á að lesa og færa sér í nyt bækur og veita afnot af nýsigögnum, svo sem hljómplötum, segulböndum og öðrum miðlunargögnum til fræðslu og dægradvalar.“ Ég geri fsp. um hvað þetta þýði, vegna þess að ég er helst á því að maður þurfi að skilja orðalag þeirra frv. sem fram eru lögð. Og hér segir í aths. við 1. gr.: „Bókakostur æ fleiri heimila verður rýrari vegna hækkandi bókaverðs og kaupa á dýrum fjölmiðlunartækjum og gögnum, svo sem útvarpi og sjónvarpi, tónflutningstækjum og plötum og nýsigögnum af ýmsum gerðum.“ Hvaða tæki eru þetta og hvaðan er þetta orð komið inn í málið? (**Menntmrh.:** Úr Þrymskviðu.) Úr Þrymskviðu? Og ég sem var farinn að halda að þetta væri úr dönsku og væri skylt orðinu „nysgerrig“ sem þýðir forvitinn og þetta væri þá sama orðið og hnýsni. En það er alveg nauðsynlegt þegar hæstv. menntmrh. seilist í Þrymskviðu eftir nýyrðum í málið að hann þá í framtíðinni láti fylgja með orðskýringu, svo að menn viti nokkurn veginn hvað um er að tala. Annars er þetta nokkuð sérviskulegt orð og ætti að breyta því. En ég vil fá að vita samt, af því að ég hef ekki við höndina að fletta upp á þessu orði í Þrymskviðu, hvaða gögn þetta eru. Það er talað hér um fjölmiðlunartæki. (**Gripið fram í:** Um segulbönd og hljómplötur.) Nú, þetta eru nýsigögnin, segir hæstv. ráðh. Það er talið hér upp útvarp og sjónvarp, tónflutningstæki og plötur og nýsigögn af ýmsum gerðum þar fyrir utan. Maður þyrfti að kynna sér þetta og þess vegna var ósk mín sú að fá á þessu skýringu. Það hefur hæstv. menntmrh. gert úr sæti sínu, en nokkuð er þetta sérviskulegt og næsta óþarft.

Benedikt Gröndal: Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs út af spurningu hv. síðasta ræðumanns og vil gefa honum þá skýringu að þetta orð hefur á síðustu árum verið tekið upp í vaxandi mæli og er átt við það sem á flestum nágrannamálum okkar er kallað „audiovisual“ tæki. Það hefur ekki verið til sameiginlegt orð og ég hygg að þetta orð hafi fyrst komist í umferð í kennarastofu Kennaraháskólans og hafi síðan breiðst nokkuð út og mörgum þótt að það væri

hreint ekki svo slæmt. Við fylgjum hér íslenskri hefð að leita eftir orði í fornu máli, eins og hæstv. ráðh. skaut hér fram í, og gefa því nýja og tæknilega merkingu. Nýsitæki eru hvers konar tæki sem nota myndtækni eða hljóðtækni. Það geta verið skuggamyndavélar, vissar tegundir af kvikmyndavélum, t. d. 8 mm kvikmyndavélar, og þá sérstaklega þær sem nota hylki eða „kasettur", það geta verið segulbönd, hljóðsegulbönd og myndsegulbönd og oft samsetningar af hvoru tveggja. En það er einkenni á bókasöfnum nútímans að allt þetta er þar komið inn, og sá, sem leitar sér upplýsinga eða rannsakar mál í nútímabókasafni, getur alveg eins fundið þær upplýsingar í prentuðu máli eða varðveittar á myndrænan eða hljóðrænan hátt á einhverju af þessum tækjum.

Þegar grunnskólalögin voru afgreidd var þar sett ákvæði um bókasöfn, þar sem gert var ráð fyrir öllu þessu, og mig minnir að orðið hafi a. m. k. borið á góma hér þá. Þar að auki er þetta orð notað í því frv. sem er 8. mál og ekki er á dagskrá í dag, það er frv. um námsgagnastofnun. Ég vil vænta þess, að hv. síðasti ræðumaður, sem er orðhagur og íslenskumaður góður íhugi þetta og ef hann getur ekki sætt sig við orðið komi þá með annað betra.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Sameinað þing, 3. fundur.

Fimmtudaginn 16. okt., kl. 2 miðdegis.

Kosning í fastanefnd samkv. 15. gr. þingskapa.

Fjárveitinganefnd.

Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Jón Árnason (A),
Gunnlaugur Finnsson (A),
Geir Gunnarsson (B),
Steinþór Gestsson (A),
Þórarinn Sigurjónsson (A),
Jón Árm. Héðinsson (B),
Pálmi Jónsson (A),
Ingi Tryggvason (A),
Lárus Jónsson (A),
Karvel Pálmason (B).

Neðri deild, 7. fundur.

Fimmtudaginn 16. okt., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Framkvæmdastofnun ríkisins, frv. (þskj. 2). — 1. umr.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Hæstv. forseti. Þegar gildandi lög um Framkvæmdastofnun ríkisins voru sett haustið 1971 urðu miklar deilur um þá lagasetningu. Um hana var rætt mikið og lengi í báðum d. hv. Alþ. og í fjh- og viðskn. deildanna. Ákvæði hafði verið um það í stjórnarmyndunarsamningi ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar að koma skyldi slíkri stofnun á fót. Stjórnarflokkarnir þáv. virtust sammála um að koma ætti slíkri stofnun á fót, enda var frv. flutt sem stjórnarfrv. Stjórnarandstöðuflokkarnir, sem þá voru flokkur minn, Alþfl., og Sjálfstfl., reyndust hins vegar líta talsvert ólíkum augum á þetta mál.

Afstaða Alþfl. grundvallaðist í aðalatriðum á eftirfarandi atriðum:

Við töldum meginstefnu frv. um Framkvæmdastofnun ríkisins vera framhald á þeirri áætlanagerð sem upp hafði verið tekin og efld smám saman á undanförnum áratug, á árunum 1960—1970. 1962 hafði verið komið á fót Efnahagsstofnun sem annast skyldi margs konar áætlanagerð og vera ríkisstj. til ráðuneytis í efnahagsmálum. Sú stofnun átti að verða hluti af Framkvæmdastofnun ríkisins, eins og frv. var. Framkvæmdabanka Íslands, sem stofnaður hafði verið 1953, hafði alllöngu síðar verið breytt í Framkvæmdasjóð sem lánaði fé til stórra og mikilvægra framkvæmda. Komið hafði verið á fót Atvinnujöfnunarsjóði sem skyldi hafa það sérstaka hlutverk að lána fé til framkvæmda utan Reykjavíkursvæðisins, þ.e.a.s. gegna byggðastefnuhlutverki. Þessa tvo sjóði átti að sameina í einni deild Framkvæmdastofnunar ríkisins. Enn fremur var ætlast til þess að Framkvæmdastofnunin tæki að sér ýmis verkefni sem einstök rn. höfðu unnið að á áratugnum 1960—1970, margs konar áætlanagerðarverkefni.

Höfuðverkefni Framkvæmdastofnunarinnar átti að vera samning þjóðhags- og framkvæmdaáætlunar fyrir þjóðarbúið í heild, framkvæmdaáætlanir um einstaka þætti í þjóðarbúskapnum, áætlanir um opinberar framkvæmdir, framkvæmdaáætlanirnar svonefndu. Það átti að halda áfram því sem þegar hafði verið gert á undanförnum áratug, að gera áætlun fyrir einstakar iðngreinar. Það hafði verið samin áætlun um þróun iðnaðar, slíku verki átti að halda áfram. Það hafði verið samin samgönguáætlun fyrir Vestfirði og Austurland. Það hafði verið samin atvinnuáætlun fyrir Norðurland. Það hafði verið samin áætlun um framkvæmdir á sviði menntamála. Það hafði átt sér stað víðtæk gagnasöfnun um íslenskan landbúnað. Allri þessari starfsemi átti að halda áfram skv. ákvæðum frv. um Framkvæmdastofnun ríkisins. Efnahagsstofnunin hafði verið ríkisstj. til mikilvægs ráðuneytis varðandi mótun stefnu í efnahagsmálum og ekki aðeins ríkisstj., heldur einnig t.d. Verðlagsráði sjávarútvegsins, sem gegndi mjög mikilvægu hlutverki í íslensku hagkerfi, og ekki hvað síst aðilum vinnumarkaðarins. Efnahagsstofnuninni hafði tekist að ávinna sér traust beggja aðila vinnumarkaðarins, launþega annars vegar og vinnuveitenda hins vegar. Þessu starfi öllu átti að halda áfram í hinum þremur deildum Framkvæmdastofnunarinnar sem vera skyldi áætlanadeild sem annast skyldi áætlunarstarfsemina, lánadeild sem skyldi annast lánveitingar Framkvæmdasjóðs og Atvinnujöfnunarsjóðs og hagrannsóknadeild sem annast skyldi hreina rann-

sóknastarfsemi og vera ríkisstj. til ráðuneytis um almenna stefnumörkun í efnahagsmálum.

Að vissu leyti töldum við í Alþfl., að þetta frv. væri til bóta frá þeirri skipun sem áður hafði verið, einkum að því leyti að gert var ráð fyrir sameiningu Framkvæmdasjóðs og Atvinnujöfnunarsjóðs í lánadeild Framkvæmdastofnunarinnar. Öll þessi starfsemi hafði verið tekin upp á þeim árum þegar um var að ræða stjórnarsamstarf á milli Sjálfstfl. og Alþfl., en það stjórnarsamstarf varði, eins og öllum er kunnugt, í þrjú heil kjörtímabil eða 12 ár. Og vegna þess að það virtist vera aðalefni þessa lagafrv. frá 1971 að halda þessari starfsemi áfram, þá töldum við þm. Alþfl. einsætt að okkur bæri að styðja meginstefnu frv. Og þess vegna kom okkur á óvart að hinn stjórnarandstöðufl., sem áður hafði verið samstarfsfl. okkar í ríkisstj. og viðhaft fulla samstöðu um að byggja áætlanagerðina og rannsóknastarfsemina upp, skyldi reynast mjög neikvæður, jafnvel gagnvart sjálfri meginstefnu frv., enda kom á daginn að hann greiddi atkv. gegn frv. þegar það kom til endanlegrar afgreiðslu.

Við þm. Alþfl. töldum að vísu vera nokkurn galla á því skipulagi sem gert var ráð fyrir í Framkvæmdastofnuninni að rannsóknastarfsemin, þ.e. starfsemi hagrannsóknadeildarinnar, skyldi eiga að lúta venjulegri stjórn Framkvæmdastofnunarinnar, eins og hún var skipuð og ég mun síðar koma að, og beittum okkur því fyrir því og náðum samkomulagi við þáv. ríkisstj. um það að starfsemi hagrannsóknadeildarinnar skyldi fá þá sérstöðu innan Framkvæmdastofnunarinnar að hún heyrði beint undir ríkisstj., en ekki undir hina þingkjörnu stjórn stofnunarinnar og hina pólitísku framkvæmdastjóra. Um þetta var Sjálfstfl. okkur Alþfl.-mönnum sammála og um þetta varð — sem betur fer, vil ég segja — allsherjarsamkomulag. Það að þetta var rétt stefna haustið 1971 kom svo greinilega fram í því að á síðasta þingi var borið fram stjfrv. um að gera hagrannsóknadeildina algerlega sjálfstæða, þ.e.a.s. gera úr henni Þjóðhagsstofnun sem hefur nú í meira en ár heyrt beint undir forsrh. Það var sú skipun sem við hefðum helst kosið veturinn 1971—72, en svo stórt spor var þá ekki stigið. Ég fagna því að það skuli nú hafa verið stigið og Þjóðhagsstofnunin er nú orðin algjörlega sjálfstæð stofnun sem lýtur yfirstjórn hæstv. forsrh.

Okkur þáv. stjórnarandstöðufl. greindi á um frv., um meginatriði frv., að því er virtist. Gagnrýni Sjálfstfl. var fyrst og fremst byggð á því að hér væri efnt til a.m.k. hættu á ótímabærri og varhugaverðri íhlutun hins opinbera um málefni ríkisins. Við töldum hins vegar að ekki væri meiri hætta á óeðlilegri íhlutun ríkisins af hálfu þessarar stofnunar en þeirrar stofnunar sem áður hefði farið með hliðstæð verkefni. En þó að við værum ósammála um þessi atriði, þá vorum við sammála um eitt atriði, sem reyndist verða það atriði sem mest var um rætt þegar lögin um Framkvæmdastofnun voru til umræðu hér á hinu háa Alþ., og það var stjórnarfyrirkomulag stofnunarinnar. Við höfðum ekkert við það að athuga, hvorki Alþfl. né Sjálfstfl., sem þá voru stjórnarandstöðufl., að æðsta stjórn stofnunarinnar skyldi vera þingkjörin, að æðsta stjórn skyldi vera í höndum 7 manna þingkjörinnar n. Það töldum við algjörlega eðlilegt að ætti við slíka stofnun sem þessa, enda hliðstæður fyrir því, enda reglan um slíkar stofnanir að æðsta stjórnin sé í höndum þingkjörinnar stjórnar. En það sem var nýtt í þessu frv., það sem var nýmæli í þessu frv. án nokkurrar hliðstæðu og án nokkurs fordæmis, var að í frv. var ákvæði um að framkvæmdastjórn stofnunarinnar skyldi vera í höndum þriggja manna sem tilnefndir væru af ríkisstj., og á móti því var ekki borið í umr. að tilætlunin væri að þessir þrír framkvæmdastjórar skyldu vera hver úr sínum stjórnarfl., einn fulltrúi Framsfl., annar fulltrúi Alþb. og hinn þriðji fulltrúi SF. Um það vorum við þm. þáv. stjórnarandstöðu allir algjörlega sammála að þetta væri stórvarhugavert, hér væri verið að innleiða pólitíska stjórn í stofnun, sem í eðli sínu ætti að lúta stjórn Alþ. sem heildar, en ekki að þar væru sérfulltrúar ríkisstjórnarflokka sem í raun og veru ættu að vera alls ráðandi um það sem gerðist í stofnuninni. En völd þessara pólitísku fulltrúa ríkisstj. í stofnuninni, sem fljótlega í umr. hlutu nafnið „kommissarar", átti að vera mikið. Það átti að vera úrslitavald. Þessir þremenningar — hinir pólitísku kommissarar — áttu að gera allar áætlanir stofnunarinnar. Þeir áttu að gera tillögur um allar rekstraráætlanir og starfsáætlanir. Þeir áttu að gera tillögur um allar lánveitingar og meira að segja að ráða starfsfólk hinna þriggja deilda stofnunarinnar. Sérfræðilegir forstöðumenn hinna þriggja deilda áttu að vera undirmenn þessara pólitísku fulltrúa og engan tillögurétt hafa um störf deilda sinna og ekki einu sinni að ráða starfsfólki sínu. Þessum ákvæðum var öll þáv. stjórnarandstaða — allir þm. Sjálfstfl. og Alþfl. — algjörlega andvíg. Sameiginleg gagnrýni okkar á frv., það sem 9/10 hlutar af öllum umræðum um frv. í báðum d. og báðum þingnefndum munu hafa staðið um, það voru þessi ákvæði. Þess vegna varð niðurstaðan að þm. Alþfl. annars vegar og Sjálfstfl. hins vegar í fjh.- og viðskn. beggja d. fluttu till., að vísu ekki sameiginlega, en till. sem voru efnislega séð algjörlega eins, um að þessu stjórnarfyrirkomulagi skyldi breytt og ríkisstj. skyldi skipa einn framkvæmdastjóra yfir stofnunina í stað hinna þriggja pólitísku kommissara. (Gripið fram í.) Ég endurtek ekki rök þau sem flutt voru af hálfu Alþfl. fyrir þessum till. og gegn skipun hinna þriggja kommissara. En mig langar til þess að minna á brtt. fulltrúa Sjálfstfl. í hv. fjh.- og viðskn. Nd., því að svo skemmtilega vill til að þeir eru báðir ráðh. í núv. ríkisstj., þeir Matthías Á. Mathiesen og Matthías Bjarnason, en brtt. þeirra hljóðaði þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Að fengnum till. Framkvæmdastofnunar ríkisins skipar ríkisstj. forstjóra stofnunarinnar er hefur yfirumsjón með daglegum rekstri áætlanadeildar og lánadeildar hennar. Forstjórinn og forstöðumenn áætlanadeildar og lánadeildar mynda framkvæmdaráð. Stjórn Framkvæmdastofnunarinnar tekur ákvörðun fyrir hönd stofn-

unarinnar um launakjör forstjóra, forstöðumanna deilda og annarra starfsmanna.“

Þessari till. greiddu að sjálfsögðu allir þm. Sjálfstfl. og allir þm. Alþfl. atkv., enda var þetta sameiginleg stefna þáv. stjórnarandstöðu, en hún var felld með öllum atkv. þáv. stjórnarflokka.

Til þess að minna á röksemdafærslu Sjálfstfl. 1971 í þessu máli — ég endurtek ekki okkar eigin röksemdafærslu, það tel ég ástæðulaust, — þá vil ég leyfa mér að vitna til nál. fulltrúa Sjálfstfl. í fjh.- og viðskn. Ed., en þeir voru núv. hæstv. forsrh. og Halldór Blöndal, en þeir sögðu í nál. sínu, með leyfi hæstv. forseta:

„Í stað Efnahagsstofnunarinnar, sem lýtur stjórn embættismanna undir beinni yfirstjórn forsrh. og í nánum tengslum við aðra ráðh., á að setja á stofn Framkvæmdastofnun ríkisins. Verður hún geysilegt bákn sem lúta skal daglegri stjórn þriggja pólitískra eftirlitsmanna stjórnarflokkanna sem hlotið hafa heitið „kommissarar“ manna á meðal að austrænni fyrirmynd. Til marks um það ofurvald, sem þessum pólitísku „kommissörum“ er veitt í frv., er að verksvið þeirra er ekki skilgreint til neinnar hlítar og ekki verður annað séð en þeim einum sé ætlað að gefa umsagnir um einstakar lánsumsóknir frá einkaaðilum eða sveitarfélögum og fái þannig vald til að „raða“ umsóknum að vild. Geta þeir þannig í framkvæmdinni haft sömu óheillaáhrifin á athafnalífið í landinu og lamandi haftakerfi hefur áður haft. Ef ekki er verið að sækjast eftir slíkum pólitískum afskiptum af atvinnulífinu væru hinir pólitísku „kommissarar“ með öllu óþarfir. Af þeim ástæðum er lagt til á þskj. 156 að í stað þeirra fari forstöðumenn deilda með daglega stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins, enda er það eðlilegast að sérmenntaðir menn og hlutlausir hafi það starf með höndum, þar sem pólitísk afskipti af útlánum til fjárfestingar í atvinnulífinu eru óæskileg. Þar á að leggja hlutlaust hagkvæmnismat til grundvallar.“

Hér er hvert orð bæði myndarlega og rétt mælt. Fulltrúar Alþfl. í Ed., þm. hans, gátu að sjálfsögðu algjörlega tekið undir þessa röksemdafærslu og fluttu raunar hliðstæð rök af sinni hálfu, rétt eins og rök okkar, sérstaklega okkar hv. þm. 1. þm. Suðurl. og mín, hér í hv. Nd. voru að þessu leyti fullkomlega samhljóða og auðvitað algjörlega rétt.

Nú gerist það að mynduð er ný ríkisstj. að afstöðnum kosningum á sumrinu í fyrra, og eins og við var að búast var tekið ákvæði í málefnasamning þeirrar ríkisstj. að þessir stórhættulegu vankantar á skipulagi framkvæmdastjórnarinnar skyldu af því sniðnir. Þetta skildu auðvitað allir þannig að afnema ætti lagaákvæðin frá 1971 um „kommissarana“ og hið mikla og hættulega vald þeirra.

Þetta var eitt af þeim atriðum í málefnasamningnum sem sérstök ástæða var til þess að fagna, enda fögnuðu því, held ég, allir góðir og heiðarlegir menn í landinu og hlökkuðu til þess að sjá frv. frá hæstv. ríkisstj. þegar á sl. hausti um að þetta hættulega lagaákvæði skyldi úr gildi numið og í stað þriggja pólitískra „kommissara“ í framkvæmdastjórninni kæmi vel hæfur og vel menntaður sérfræðingur. En hvað gerðist? Ekkert slíkt frv. sá dagsins ljós á s.l. hausti. Á hinn bóginn gerðist það, — mér er ekki alveg ljóst hvort „kommissararnir“ tveir, sem tilheyrðu flokkum sem nú voru orðnir stjórnarandstöðufl., sögðu af sér eða hvort þeim var sagt upp störfum. Það hefur hvergi verið upplýst opinberlega, að því er ég best veit, enda skiptir það raunverulega ekki máli. Staðreyndin er sú að fulltrúar Alþb. og SF létu af störfum í stofnuninni. Það er mergurinn málsins. En það sem gerðist var að þriðji fulltrúinn, fulltrúi annars núv. stjórnarfl., Framsfl., lét ekki af störfum. Hann sat sem fastast, en í stað hinna tveggja kom nýr „kommissar“, fulltrúi frá Sjálfstfl., þá væntanlega skipaður af forsrh. M.ö.o.: í stað þriggja pólitískra „kommissara“ komu nú tveir pólitískir „kommissarar“. Látum vera þó að sá, sem hafði setið áður, hafi setið kyrr. Hans flokkur taldi sig eiga rétt á að eiga þarna pólitískan „kommissar“, og látum það vera þó að hann hafi setið kyrr á sínum stað. En það undarlega, sem gerðist, var að í stað þeirra tveggja hættulegu pólitísku „kommissara“, sem viku úr stofnuninni, kom nýr kommissar, — nú vil ég ekki segja hættulegur því að með því væri ég að yfirfæra orð hæstv. núv. forsh. yfir á starf hans í stofnuninni. (Gripið fram í.) Ég skal láta duga að rifja upp það sem sagt hefur verið, en geri engin þau orð að mínum um þá einstaklinga sem hér eiga hlut að máli.

Auðvitað hlaut alla að reka í rogastans við þetta, að eingöngu við stjórnarskipti skuli stjórnkerfi, sem áður var talið óverjandi og óþolandi og meira en það: sem áður var talið stórhættulegt, stórvarhugavert sem stjórnkerfi, vera framlengt, eingöngu vegna þess að skipt er um ríkisstj., eingöngu vegna þess að kostur er á því að skipa nýjan mann í stað manns eða manna áður. Hér er um að ræða alvarlegan hlut, ekki hvað síst þegar það fylgdi að ekki var bara skipt um pólitísku „kommissarana“, heldur líka skipt um formann í stjórn stofnunarinnar og sá kross lagður á herðar aðalgagnrýnanda frv. haustið 1971, hv. 1. þm. Suðurl., að taka að sér að verða formaður í stjórninni og standa þannig fyrir því, eiga þannig hlut að eða bera þannig ábyrgð á því að gerspilltu og stórhættulegu kerfi væri viðhaldið. Ég hefði satt að segja eftir 12 ára samstarf unnað honum miklu, miklu betra hlutskiptis en þess að hljóta þá niðurlægingu að taka við formennsku í stofnun og bera þannig ábyrgð á stjórnkerfi sem hann sjálfur í tugum setninga og tugum ummæla hér í þessari hv. d. var búinn að fordæma sem hættulegt og varhugavert og í raun og veru siðspillandi. (**Gripið fram í:** Forsrh. skipaði hann.) Já, það er alveg rétt, svo að hann kemst ekki undan allri ábyrgðinni á þessu öllu saman.

Ég er því búinn að gera grein fyrir efni málsins og þá um leið fyrir ástæðu þess að þegar síðasta þing leið án þess að ríkisstj. sýndi nokkra tilburði til þess að gera breyt. á þessu, þá fluttum við þm. Alþfl. hér í hv. d. frv. um þessa breytingu. Við höfðum að vísu heyrt að ríkisstj. hefði skipað n. til þess að semja frv. um breyt. á l. um Framkvæmdastofnunina, en það frv. hefur ekki séð dagsins ljós. Ástæðan hlýtur að vera annaðhvort sú, að ágreiningur er um breytinguna milli stjórnarflokkanna eða innan stjórnarflokkanna. Ég veit ekki hver er

rétta skýringin, en vonandi verður það upplýst í þeim umr. sem hér fara fram á eftir.

Þetta frv. kom til einnar umr. og var vísað til n., en var ekki afgr. frá n. og hlaut því ekki afgreiðslu á síðasta þingi. Við þá umr. boðaði ég, þar eð fyrirsjáanlegt var að þannig mundi fara, að við þm. Alþfl. mundum í upphafi næsta þings flytja sams konar frv. um breytingu á því spillingarkerfi sem þarna er um að ræða samkv. samdóma áliti Sjálfstfl. og Alþfl. í des. 1971. Þess vegna er þetta frv. nú flutt.

En síðustu orð mín í þessu sambandi skulu vera þau að varpa fram þeirri spurningu, því að það held ég að hafi almenna þýðingu fyrir Alþ. og íslenska stjórnmálabaráttu, íslenskt þjóðlíf yfir höfuð að tala: Hvað er hér á ferðinni? Hvað hefur í raun og veru verið að gerast? Hefur það verið að gerast að kosningaloforð, sem gefin voru, hafi ekki verið efnd? Við þekkjum ótal dæmi um það frá allri öldinni, úr öllum kosningum, að það eru gefin kosningaloforð sem ekki eru efnd. Auðvitað er það ekki til fyrirmyndar, en það er ekkert nýtt sem þar er á ferðinni. Það hefur átt sér stað oft. Oft eru kosningaloforð gefin í hita kosningabaráttu sem allir gera sér ljóst að ekki er hægt að standa við og í því er ekkert nýtt.

Það má spyrja: Er hér um það að ræða að gefin sé yfirlýsing í stjórnarsamningi sem er óframkvæmanleg? Það eru margar yfirlýsingar gefnar í stjórnarsamningum. Þegar ólíkir flokkar semja um myndun samsteypustjórnar, þá semja þeir um hluti sem þeir eru e.t.v. allir af vilja gerðir að hrinda í framkvæmd, en reynist óframkvæmanlegt. Til þess eru fjölmörg dæmi og í sjálfu sér ekki verulega umtalsvert, þó að hægt sé að sýna fram á ákveðin dæmi um þetta efni. Þetta gerist og getur átt sér algjörlega eðlilegar skýringar, rétt eins það að þm. gefur kosningaloforð sem hann síðar reynist ekki fær um að koma fram.

Það er hvorugt af þessu að ræða, heldur miklu, miklu alvarlegri hlut. Hér er um það að ræða í fyrsta lagi að stærsti flokkur þingsins hefur mjög ákveðna skoðun sem hann lætur í ljós í tillögugerð fyrir 4 árum á mjög mikilvægu máli, á máli sem kalla má stórmál. Hann hefur ákveðna skoðun á stjórnskipun eða stjórnarfyrirkomulagi einnar mikilvægustu stofnunar þjóðfélagsins og telur hana vera hættulega, varhugaverða, jafnvel bjóða upp á verulega spillingu. Svo gerist það að flokkurinn vinnur stóran kosningasigur og fær tekið upp í stefnuskrá ákvæði um að þessum ákvæðum í skipun þessarar mikilvægu stofnunar skuli breytt. Engum dettur í hug að það hafi ekki verið mögulegt á síðasta þingi, ekki framkvæmanlegt, eins og á við um ýmsar efnahagsráðstafanir, að gera þá lagabreytingu sem hér er um að ræða og er breyting á stjórnskipulagi eða stjórnarfarslegs eðlis. Samt er það ekki gert. Hvernig ber að túlka þetta? M. ö. o.: stjórnmálaflokkur á Alþ. hefur eina stefnu þegar hann er í stjórnarandstöðu varðandi mjög mikilvægt mál, þegar hann sjálfur fær aðstöðu til að framkvæma þá stefnu sína, þá svíkst hann um það, þá gerir hann það ekki, þá bregst hann því. Það, sem var rangt 1971, það er orðið rétt haustið 1974. Af hverju? Af því að um völd er að tefla. Af því að hér var um það að ræða að taka til sín völd í mikilvægri stofnun, og þá var það gert án tillits til allra orða og yfirlýsinga, án tillits til allra orða og eiða sem áður höfðu verið yfir hafðir. Það er þetta sem er varhugavert. Þegar flokkur myndar stjórn, þá gleymir hann fyrri orðum og yfirlýsingum sínum þótt um sé að ræða atriði sem engum getur blandast hugur um að vandalaust væri að framkvæma, sem enginn efnahagsvandi er í sambandi við framkvæmdina á.

Ég er ekki með þessum orðum mínum að gagnrýna starfshæfni þess manns sem Sjálfstfl. tilnefndi sem pólitískan „kommissar“ í Framkvæmdastofnunina. Það er mér vel kunnugt að fornu og nýju að hann er vel hæfur maður einmitt til slíkra starfa. Ég er auðvitað enn þá síður að draga í efa að 1. þm. Suðurl. sé hæfur til að vera formaður í þingkjörinni stjórn. Hann hefur verið formaður í mörgum þingkjörnum stjórnum áður og hann er út af fyrir sig eflaust fær um að gegna því starfi. Það er hugsunarhátturinn sem ég er að fordæma, sá hugsunarháttur að hægt sé að segja eitt, gefa yfirlýsingar um eitt meðan menn eru í stjórnarandstöðu og gera svo annað í stjórn eingöngu fyrir valdanna sakir.

Ég læt ekki hjá líða að nefna það að auðvitað hafi eitthvað verið til í því að hætta hafi verið á pólitískri spillingu hjá „kommissörunum“ 1971, þeim þremur sem þá voru. Þá mundi margur segja að enn meiri hætta væri á henni þegar báðir eru úr sama kjördæminu, eiga sömu kjördæmishagsmuna að gæta. Með þessu er ég ekki að dróttá neinu að þeim persónulega um að þeir misnoti aðstöðu sína, en vægast sagt er þetta ósmekklegt, að æðstu yfirmenn lánastofnunar, lánadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins, skuli báðir vera þingfulltrúar, sinn úr hvorum stjórnarflokknum, fyrir sama kjördæmi. Hér er enn um að ræða spurningu sem er siðferðilegs eðlis, eins og sú sem ég var að tala um áðan.

Sannleikurinn er sá, — og það skulu vera síðustu orð mín að þessu sinni a. m. k., — sannleikurinn er sá að íslenskir stjórnmálaflokkar mega ekki við því háttalagi sem Sjálfstfl. hefur hér gert sig sekan um. Út af fyrir sig er mér sama um örlög hans, eins og við er að búast. En íslenskir stjórnmálaflokkar yfir höfuð að tala, íslensk stjórnmál mega ekki við því að slíkt gerist eins og það sem gerst hefur í þessu máli Framkvæmdastofnunar ríkisins. Ef íslenskir stjórnmálaflokkar hætta að njóta sæmilegs trausts og sæmilegrar virðingar hjá almenningi, þá færist það smám saman yfir á Alþ., sem æðstu löggjafarstofnun þjóðarinnar. Í þessum efnum hefur Sjálfstfl. með háttalagi sínu stuðlað mjög að því að álit almennings á stjórnmálaflokkum rýrni, þar sem valdbeiting hefur verið tekin fram yfir stefnu og fyrri yfirlýsingar. Þetta rýrir ekki aðeins álit Sjálfstfl., heldur stjórnmálabaráttunnar yfir höfuð að tala, og þetta spillir áliti Alþ., en við því má ekki Alþ., við því má ekki íslenska þjóðin.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Virðulegi forseti. Ég ætla mér ekki að taka efnislega þátt í umr. um þetta frv., en tel þó rétt að fram komi að

á s. l. hausti, eftir að núv. ríkisstj. var mynduð, fólu stjórnarflokkarnir nokkrum þm. sínum að kanna þetta mál og gera till. um breyt. á l. um Framkvæmdastofnunina í anda þeirrar yfirlýsingar stjórnarinnar sem hún birti þegar hún var mynduð. Þessir menn skiluðu áliti og síðan hefur það álit verið til skoðunar. Tíminn hefur verið notaður til þess að afla frekari gagna og umsagna þeirra aðila sem reynslu hafa af þessum málum. Málið hefur ekki verið rekið hratt, er óhætt að segja, og að því leyti má það vera gagnrýnisvert. Ég tek þá gagnrýni á mig, en get upplýst um leið að málið er enn í undirbúningi og ríkisstj. mun leggja fyrir það Alþ., sem nú situr, frv. til l. um Framkvæmdastofnunina, eins og ráð er fyrir gert í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. Hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason getur því sparað sér stóru orðin og gagnrýni hans á ekki við nein rök að styðjast önnur en þau að málið hefur unnist seinna en ætlunin var í upphafi. Því veldur ekki ágreiningur á milli stjórnarflokkanna, a. m. k. ekki enn sem komið er, því að á það hefur ekki reynt.

Ég tel ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þetta efni. En vegna þess hvað þm. taldi mikla þörf á breyt. á umræddum lögum, þá bið ég hann um að leiðrétta mig, ef minni mitt brestur, því að ég veit ekki betur en að þm. Alþfl. hafi að lokum greitt lagafrv. um Framkvæmdastofnun ríkisins atkv. sitt við lokaafgreiðslu málsins á sínum tíma þrátt fyrir athugasemdir þeirra við einstök ákvæði frv. og að felldum þeirra eigin brtt. Ég bið þm. afsökunar ef ég fer ekki með rétt mál, þá er það vegna skorts á minni. En ef svo er og það er rétt sem mig minnir, þá getur það ómögulega verið svo gagnrýnisvert sem þm. vildi vera láta þótt nokkuð hafi dregist — og ég vil gjarnan viðurkenna nokkuð úr hömlu — að endurskoðun þessara laga færi fram.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég skal ekki fara mjög mörgum orðum um þetta mál og ekki heldur gera margar aths. við þá annars skemmtilegu og að mörgu leyti athyglisverðu ræðu sem hv. flm. flutti áðan. Það voru þó viss orð sem fram komu í hans ræðu sem ég vil ekki láta hér ómótmælt og ég kem að síðar. Ég vil þó aðeins líta til baka og athuga aðdraganda þessa máls og þá um leið kannske reyna að gera gleggra um hvað er deilt í raun og veru.

Það var ætlan þeirrar stjórnar, sem vinstri stjórn hefur verið kölluð, að taka upp áætlunarbúskap í ríkara mæli en hér hafði áður átt sér stað. Til þess að standa fyrir slíkum áætlunarbúskap þarf sérstaka stofnun, og ég hygg að þar sem slíkt er viðhaft og unnið að málefnum á þann hátt, þá séu það ein eða fleiri stofnanir sem sérstaklega sinna slíkum málum. Ég held t. d. að þess megi finna ýmis dæmi í löndum þar sem jafnaðarmannastjórnir fara með völd, að þá muni einmitt slík ráð eða n. hafa verið sett á laggirnar. Það voru þessi rök sem lágu til grundvallar því að Framkvæmdastofnun ríkisins var sett á fót. Á þau meginrök féllst hv. 1. flm. þessa frv., eins og hann réttilega gerði grein fyrir áðan, og hans flokkur og taldi heppilegt að koma fastari skipan á þessi mál en verið hafði. En eins og hann líka réttilega sagði, þá hafði vísir að áætlanagerð átt sér stað á ýmsum sviðum og reyndar hjá fleiri en einni stofnun. En ég held að ef á að vinna að áætlunarbúskap og ef það er stefna einnar ríkisstj. að gera það, og það var, eins og ég sagði, stefna fyrrv. ríkisstj., — hvernig svo sem til tókst um það, það fer ég ekki að rökræða hér, — þá held ég að það sé eðlilegt sjónarmið að að framkvæmd þeirrar stefnu vinni pólitískir aðilar. Ég held að ríkisstj., sem hefur slíkt á stefnuskrá sinni, muni tæplega geta fallið frá því sjónarmiði að hafa pólitíska aðila sem eiga að sjá um framkvæmd þeirrar stefnu. Það var það sem vakti fyrir vinstri stjórninni þegar það stjórnarfyrirkomulag var tekið upp sem er í lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Nú er það alveg laukrétt, eins og hv. 1. flm. sagði, að stjórnmálaflokkar skipta oft um skoðun og afstöðu eftir því hvort þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu. Og það var ekkert við því að segja þó stjórnarandstöðuflokkar þá hreyfðu ýmsum athugasemdum. Við þetta frv. voru gerðar ýmsar athugasemdir, og þeir höfðu þá uppi allmiklar hrakspár um það hvernig fara mundi. Ég fylgdi þessu frv. úr hlaði, og ég held að ég hafi látið þess getið bæði í Ed. og Nd. að vitaskuld yrði í þessu efni eins og öðrum að læra af reynslunni og sjá hver reynslan yrði af þessu stjórnarfyrirkomulagi, og því yrði þá að breyta ef það sýndi sig að það ætti ekki við í þessum lögum. Ég er enn alveg sama sinnis, að hvað sem því líður sem einstakir menn hafa sagt þegar ný stofnun hefur göngu sína, þá verður þó alltaf reynslan ólygnust um það hvernig hún hefur gefist og hvernig það stjórnarfyrirkomulag, sem sett var á laggirnar, hefur gefist. Og ég held að það sé ekki hægt að segja með neinum gildum rökum að það stjórnarfyrirkomulag, sem var sett á þessa stofnun, hafi gefist illa. Ég held að það sé ekki hægt að finna stað þeim hrakspám sem voru hafðar uppi áður en hún tók til starfa, að þeir framkvæmdastjórar, sem settir væru, mundu misnota vald sitt í pólitískum tilgangi, — þeir pólitísku „kommissarar“ sem þá voru kallaðir, og „kommissarar“ eru þeir kallaðir enn og það er orðið svo vinsælt heiti að það er orðið gælunafn, en ekki slíkt orð sem því var eiginlega ætlað að vera.

Það er rétt að það hefur verið gerð breyting á þessum lögum frá því sem var í uphafi. Sú breyting var byggð á fenginni reynslu. Það þótti eðlilegt að skilja hagrannsóknadeildina alveg frá og setja sérstaka Þjóðhagsstofnun. Að öðru leyti held ég að þetta kerfi hafi ekki gefist illa.

Ég vil fyrir mitt leyti mótmæla því, — þó að það sé ekki mitt hlutverk sérstaklega að halda uppi vörnum fyrir þá sem gegnt hafa störfum í þessari stofnun, þeir geta sjálfir svarað fyrir sig, — en ég mótmæli því að þeir hafi misnotað vald sitt í pólitískum tilgangi. Og ég skora á menn, sem vilja halda slíku fram, að nefna dæmi máli sínu til stuðnings. Enda er það nú svo að hv. flm. gerði of mikið í sjálfu sér úr valdi þessara „komissara“. Það eru ekki þeir sem fara með endanlega valdið, heldur er það stjórn stofnunarinnar. Þannig veit ég ekki betur en að

stjórn stofnunarinnar leggi t. d. samþykki sitt á allar lánveitingar. Það var a. m. k. svo og ég hygg að það sé svo enn og þannig á það að vera samkv. lögunum.

Það er óhjákvæmilegt, að það séu framkvæmdastjórar fyrir þessari stofnun sem sjá um daglegan rekstur hennar, undirbúa till. sem lagðar eru fyrir stjórn hennar. Það er auðvitað aukaatriði, og um það vonast ég til að hv. flm. þessa frv. sé mér sammála, hvort framkvæmdastjóri fyrir þessari stóru stofnun er einn eða tveir eða kannske þrír. Það eru nægileg verkefni fyrir þá þó að þeir séu tveir eða þrír. Nú er það svo að það er jafnvel ómögulegt að finna mann, þó að sérmenntaður sé á því sviði sem Framkvæmdastofnuninni er ætlað að fjalla um, sem hafi ekki neina pólitíska skoðun. Það getur því ekki verið um það að tefla að hv. 1. flm. meini að það sé skipaður einhver pólitískur geldingur, ef ég má svo segja, til þess að vera forstjóri þessarar stofnunar. En það, sem máli skiptir, og það, sem í raun og veru er deiluefnið, er þetta: Á ný ríkisstj. að hafa aðstöðu til þess að breyta um og skipa nýja forstjóra fyrir svona stofnun eða ekki eða á þarna að vera hið gamla kerfi sem er yfirleitt um ríkisstarfsmenn, að þeir séu æviráðnir og það sé ekki hægt að segja þeim upp, hvernig sem á stendur, nema þeir brjóti eitthvað sérstaklega af sér? Þarna er um tvær stefnur að ræða, og mér skilst þá að það sé stefna hv. 1. flm. þessa frv. að í þessa stofnun eins og annars staðar í ríkiskerfinu skuli vera um skipun að tefla, skipun forstjóra þessarar stofnunar ævilangt, hvort sem er einn eða fleiri. Hins vegar er það að þeir séu skipaðir með þeim hætti að hver ríkisstj. geti sagt þeim upp starfi með tilteknum og hæfilegum fyrirvara og skipað aðra í þeirra stað sem hún treystir til þess að framkvæma þá stefnu sem hún markar og vill marka á þessu sviði, t. d. í byggðamálum.

Ég er að meginstefnu fylgjandi síðari kostinum. Ég tel hann eðlilegri þegar um störf eins og þessi er að ræða, að menn séu ekki skipaðir ævilangt til þess að veita forstöðu stofnun sem þessari. Og það er meira að segja svo að það eru uppi háværar raddir í þjóðfélaginu og ég vil segja réttmætar að mörgu leyti, að það eigi að hverfa frá þeirri skipan sem verið hefur á þessum málum hér á landi, æviráðningu, og taka upp skipun á ýmsum embættismönnum til takmarkaðri tíma. Ég held að það geti verið heilbrigð stefna. En hvað sem því líður, þá er hún að mínum dómi eðlileg í þessu tilfelli.

Mergurinn málsins er sá, að ég tel að menn eigi nú að dæma um þessi mál og fyrirkomulag þessara mála, stjórnarfyrirkomulag, eftir þeirri reynslu sem fengist hefur, en ekki eftir spám sem uppi voru hafðar áður en menn höfðu fengið nokkra reynslu af þessu. Þetta er að mínu viti mergurinn málsins. En það er svo auðvitað, að það er með þessa stofnun eins og aðrar, að það þarf að fylgjast með því og endurskoða löggjöf um hana eftir því sem tímar breytast, þarfir breytast e. t. v. og að fenginni reynslu. En það á sem sagt að styðjast við reynsluna.

Auðvitað verður það gert, eins og hæstv. forsrh. tók hér fram áðan, það verður að sjálfsögðu staðið við það fyrirheit í stjórnarsáttmálanum að lögin um Framkvæmdastofnun verði endurskoðuð. En hvort og að hve miklu leyti sú endurskoðun leiðir til breytinga á sjálfu stjórnarfyrirkomulaginu skal ég ekkert fullyrða um á þessu stigi. En ég hef hér lýst skoðun minni á því að ég álít þá stefnu, sem felst í skipan stofnunarinnar, alls ekki óheilbrigða á þann hátt sem hv. 1. flm. vildi vera láta. Ég tel að það megi færa skynsamleg rök fyrir því, að hafa þennan hátt á, að stjórnartímabil framkvæmdastjóra stofnunarinnar sé í raun og veru bundið við æviskeið hverrar ríkisstj. og ný ríkisstj. fái tækifæri til þess að breyta um stjórn á þvílíkri stofnun.

Ég sagði í upphafi að ég hefði aðallega ætlað að mótmæla hér vissum orðum sem hv. 1. flm. hafði, m. a. því að hann talaði um spillingarkerfi sem þarna væri og hefði átt sér stað. Nú sakna ég vinar í stað. Nú sakna ég þess að hv. formaður Alþfl., Benedikt Gröndal, hv. alþm., skuli ekki staddur hér í þingsalnum. Hann er þó vissulega vitnisbær um það spillingarbæli og spillingarkerfi sem þarna er talið vera. Hann hefur, að ég best veit, átt setu í stjórn þessarar stofnunar frá upphafi. Vill hv. formaður Alþfl. koma hér upp og halda því fram að í þessari stofnun hafi verið um einhverja sérstaka spillingu að tefla? Vill hann halda því fram að stjórn Framkvæmdastofnunarinnar eða framkvæmdastjórar hennar hafi beitt valdi sínu eftir pólitískum sjónarmiðum eða misnotað vald sitt í pólitískum tilgangi? Ég held að það verði erfitt að finna þess dæmi. Hins vegar veit ég að hv. 1. flm. getur farið um landið og kynnt sér hvað gert hefur verið á ýmsum stöðum. Hann mun víða verða var við að fyrirgreiðslu þessarar stofnunar hefur notið við, og hann mun víða verða þess var að ýmis fyrirtæki, þörf atvinnufyrirtæki, smærri eða stærri, sem sett hafa verið á laggirnar á allra síðustu árum, hafa einmitt komist á fót vegna þess að fyrirgreiðslu naut við frá þessari stofnun. Um þetta er að vísu ekki ástæða til að fjölyrða því að ég veit að hann er mér alveg sammála um þetta, enda er hann mér alveg sammála í sjálfu sér um ágæti stofnunarinnar sem slíkrar. En það er bara þetta, sem okkur greinir á um, um reynsluna. Ég held því fram að hún sé ekki neitt viðlíka slæm eins og hv. flm. vill vera láta, að þarna hafi átt sér stað spilling. Okkur greinir enn fremur á um hvort það sé heppilegt í stofnun sem þessari að hafa æviráðningu forstjóra, hvort sem er einn eða fleiri, eða hvort það sé heppilegt að tímabinda ráðningu forstjóra. Ég er á seinni skoðuninni. Hann hefur flutt málið frá því sjónarmiði að það væri betra, að mér skilst, að hafa þarna alveg fastskipaðan embættismann. Ég er satt að segja svolítið hissa á því sjónarmiði hjá hv. flm. En eins og ég sagði áðan, þá tel ég mig ekki eiga að hafa það hlutskipti hér sérstaklega að halda uppi vörnum fyrir þessa stofnun. Jafnvel þótt hv. alþm., formaður Alþfl., Benedikt Gröndal, sé ekki viðstaddur, þá eru hér nægilega margir hv. alþm. sem hafa tekið þátt í störfum þessarar stofnunar og eru færir um að halda uppi skildi fyrir hana ef þess væri nokkur þörf, sem ég tel að ekki sé.

Ingólfur Jónsson: Hæstv. forseti. Hæstv. forsrh. hefur örugglega létt miklum áhyggjum af hv. 1. flm. þessa frv. með því að lýsa því yfir að lög um Framkvæmdastofnunina verði endurskoðuð. Þá kemur í ljós hvort hæstv. forsrh. og væntanlega fleiri hv. þm. Sjálfstfl. hafa svipaða skoðun og þeir höfðu 1971. Þegar ríkisstj. var mynduð haustið 1974 var það sett inn í stjórnarsamninginn að lög um stofnunina skyldu endurskoðuð. Það var búist við því að þeirri endurskoðun yrði hraðað meira en orðið hefur. Fjórir alþm. voru skipaðir haustið 1974 til þess að semja drög að frv. til l. um breyt. á lögunum. Þessir þm. voru allir úr stjórnarflokkunum. Þeir skiluðu frv. til hæstv. ríkisstj. og hæstv. ríkisstj. ætlaði sér haustið 1974 að hraða þessu máli. En ég geri ráð fyrir að hv. 1. flm. þessa frv., sem lengi hefur verið á þingi og lifað mörg stjórnarskipti, þekki reynsluna af því að ný ríkisstj., sem ætlar sér að breyta lögum, gerir það ekki alltaf á fyrsta þingi, á fyrsta árinu sem hún starfar. Mér dettur ekki í hug að efast um að hæstv. ríkisstj. beiti sér fyrir breytingu á lögunum.

Það frv., sem hér um ræðir, er ekki stórt í sniðum út af fyrir sig. Það er aðeins um 4. gr. laganna. Það er um að skipa framkvæmdastjóra og að þeir framkvæmdastjórar, sem yrðu skipaðir, ættu þá ekki að hafa „kommissara"-stimpilinn. Með því að breyta þessu ákvæði í l. ætlar hv. 1. flm. að uppræta alla spillingu í stofnuninni og alla þá spillingu í stjórnkerfinu sem hann var að gefa í skyn að hefði þróast síðan lög um þessa stofnun voru sett og síðan hún tók til starfa.

Hv. þm. nefndi út af fyrir sig ekki í hverju spillingin væri fólgin. Það gerði hann ekki. En hann taldi víst að það væri spilling, og vegna okkar löngu vináttu og samstarfs í ríkisstj. vorkenndi hann mér að hafa tekið að mér það hlutverk að vera formaður í stofnuninni eins og hún væri nú upp byggð. Hv. þm. veit þó að þessi stofnun var og er staðreynd og stjórnlaus mátti hún ekki vera á meðan verið var að breyta lögunum. Einhverjir urðu að taka að sér að vera í stjórn, einhver hlaut að vera formaður. Og eins og hér var minnst á áðan, þá er formaður Alþfl. í stjórninni. Ef þetta væri spillingarbæli, þá hef ég það álit á hv. formanni og landsk. þm. Alþfl. að hann hefði sagt sig úr stjórninni frekar en að starfa í þessu spillingarbæli. Og ef ég hefði búist við því að það væri ekki hægt að reka stofnunina nema með spillingu, þá hefði ég ekki tekið að mér formennsku í þessari stjórn.

Það er ekki langur tími síðan ég tók þátt í störfum í þessari stofnun. Það var í byrjun þessa árs. Ég hef þess vegna ekki kunnugleika af starfsemi stofnunarinnar langan tíma. En ég leyfi mér að fullyrða að á þeim tíma, sem ég þekki til, hefur starfsemin ekki verið rekin með ósiðlegum hætti eða nokkur tilhneiging til spillingar eða hlutdrægni átt sér þar stað.

Það hefur oft verið talað um vald „kommissaranna" og ég get játað það hér, sem er skjalfest í þingtíðindum, að þegar frv. um Framkvæmdastofnun var til umr. 1971, þá var margt sem ég og fleiri sjálfstæðismenn gagnrýndum í því frv., m. a. að skipa 3 „kommissara" með þeim hætti sem frv. gerði ráð fyrir. Ýmis fleiri ákvæði í frv. gagnrýndum við. Og vegna þess að við vildum ekki hafa lögin um Framkvæmdastofnun eins og þau voru sett upphaflega beittu sjálfstæðismenn sér fyrir því að fá inn í stjórnarsamninginn ákvæði um, að lögin yrðu endurskoðuð. Ég efast ekkert um að hæstv. ríkisstj. kemur sér saman um endurskoðunina, eins og við fjórmenningarnir, sem vorum settir til þess að semja drög að frv., komum okkur í aðalatriðum saman um brtt. við lögin.

Ég sé ástæðu til þess að upplýsa hér að þeir tveir framkvæmdastjórar, sem nú eru yfir stofnuninni og hafa verið settir, ekki skipaðir, heldur settir, hafa ekki haft tilhneigingu til þess að sölsa undir sig meira vald en eðlilegt er af mönnum sem hafa það hlutverk að fara með daglega stjórn í virðulegri og umfangsmikilli stofnun. Þessir menn starfa eftir heimildum frá 7 manna þingkjörinni stjórn. Í þessari stjórn eiga fulltrúa allir þingflokkar nema sá minnsti. Framkvæmdastjórarnir starfa eftir heimildum sem þeir fá á fundum stjórnar stofnunarinnar. Og það er nú svo að framkvæmdastjórarnir hafa ekki atkvæðisrétt um lánveitingar, heldur eingöngu stjórnin.

Frv. það, sem hér um ræðir, er eingöngu um hvernig skuli fara með skipun eða ráðningu framkvæmdastjóra í stofnuninni. Ég tel eðlilegast að framkvæmdastjórinn eða framkvæmdastjórarnir, ef þeir yrðu fleiri en einn, væru ráðnir af stjórn stofnunarinnar fremur en hann eða þeir væru skipaðir af ríkisstj. Það væri þá svipað og með bankaráðin, þau ráða bankastjórana. Ráðninguna má hafa með þeim hætti sem henta þykir. Það þarf ekki að vera æviráðning. Það má ákveða í ráðningarsamningnum að hann sé uppsegjanlegur með 6 mánaða eða árs fyrirvara. Ég held að með þessum hætti gætu störf framkvæmdastjóranna og sambandið milli framkvæmdastjóranna og stjórnarinnar verið hið ákjósanlegasta, eins og það einnig getur verið með öðru fyrirkomulagi, jafnvel því fyrirkomulagi sem verið hefur.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja meira um þetta atriði málsins, taldi aðeins ástæðu til að fara nokkrum orðum um það að gefnu tilefni frá hv. 1. flm. Ég vil, eins og hér var gert áðan, mótmæla því að spillingarstarfsemi eigi sér stað í stofnuninni. Það hefur ekki gerst síðan ég þekkti þar til og mér dettur ekki í hug heldur að halda því fram að það hafi áður verið. Ég er hins vegar enn sömu skoðunar og ég var 1971, þegar löggjöfin var sett, að ég tel það fyrirkomulag, sem þá var gert ráð fyrir um skipun framkvæmdastjóra, ekki eins og það ætti að vera og ýmislegt fleira í löggjöfinni ekki hentugt og ástæða sé til að breyta. Þar sem drög að frv. liggja hjá hæstv. ríkisstj. um breytingar, þá ætla ég ekki að ræða breytingarnar frekar og alls ekki það frv. sem fjórmenningarnir sendu frá sér. Það verður gert þegar ríkisstj. flytur frv. um þetta efni til breytinga á gildandi lögum.

Hér hefur verið minnst á að Þjóðhagsstofnunin starfi nú eftir sérstökum lögum, aðskilin frá Framkvæmdastofnuninni. Það þótti heppilegra og eðlilegra en að hafa Þjóðhagsstofnunina inni í Framkvæmdastofnuninni undir þeim lögum sem áður voru sett. Reynslan sýndi að

það var rétt sem við héldum fram um þetta atriði haustið 1971 þegar frv. til l. um Framkvæmdastofnun var til umr. Í Framkvæmdastofnuninni eru því nú aðeins þrjár deildir.

Það er áætlanadeildin sem allir stjórnmálaflokkar eru sammála um að sé nauðsynleg og eru sammála um að vinni gott starf. Hv. 1. flm. þessa frv. minntist í ræðu sinni áðan á Efnahagsstofnunina. Ég veit að hv. þm. minnist þess hvaða hlut Sjálfstfl. hefur átt að Efnahagsstofnuninni og að hv. þm. minnist þess að Sjálfstfl. hefur verið með því að taka upp áætlanir um framkvæmdir fyrir atvinnuvegina og landshlutaáætlanir og byggja þjóðfélagið upp þannig á skipulegan hátt. Það var þess vegna ekki svo að við værum að gagnrýna frv. til l. um Framkvæmdastofnun 1971 vegna þess að þar væri gert ráð fyrir að halda uppi áætlanagerð, síður er svo. Það viljum við gera og teljum nauðsynlegt og sjálfsagt að verði gert.

Framkvæmdasjóður er ein deildin í Framkvæmdastofnuninni. Framkvæmdasjóður er arftaki Framkvæmdabankans. Ég veit, að hv. 1. flm. þessa frv. man að Sjálfstfl. beitti sér fyrir stofnun Framkvæmdabankans og átti stóran hlut í að tryggja Framkvæmdabankanum tekjur. Þess vegna er öruggt að Sjálfstfl. vill efla Framkvæmdasjóð og dettur ekki í hug að leggja hann niður. En Framkvæmdasjóður var áður í Seðlabankanum og það hvarflaði að mér og fleiri sjálfstæðismönnum að stjórn Framkvæmdasjóðsins, á meðan hann var í Seðlabankanum, væri e.t.v. ódýrari þannig heldur en að flytja hann til í aðra stofnun. Nú hefur Framkvæmdasjóðurinn stækkað og verksvið hans aukist. Það er þess vegna mjög hæpið að það væri rétt og eðlilegt að flytja Framkvæmdasjóðinn aftur inn í Seðlabankann. Það er mjög hæpið, svo að ekki sé meira sagt.

Byggðasjóðurinn er arftaki Atvinnujöfnunarsjóðsins, og ég veit að hv. flm., Gylfi Þ. Gíslason, man vel tildrögin að Atvinnujöfnunarsjóðnum. Hann man að sjálfstæðismenn beittu sér fyrir stofnun Atvinnujöfnunarsjóðsins. Og ég er viss um, að hv. þm. minnist þess líka að viðreisnarstjórnin tryggði Atvinnujöfnunarsjóði tekjur, ekki síst frá álverksmiðjunni. Upp úr atvinnujöfnunarsjóði hefur Byggðasjóður komið og hlutverk Byggðasjóðs og Atvinnujöfnunarsjóðs er það sama. En við stjórnarmyndunina á s.l. ári var stigið mjög stórt spor til þess að efla Byggðasjóð, að tryggja Byggðasjóði 2% tekjur árlega af útgjöldum fjárlagafrv. Með þeim hætti er Byggðasjóður efldur. Á þann hátt fær Byggðasjóður eigið fé og rekstrargrundvöllur hans er tryggður, ekki aðeins í bili eða nútíð, heldur einnig í framtíð, vegna þess að Byggðasjóður hefur þá sérstöðu að fá eigið fé og þarf ekki að berjast í bökkum eins og margir aðrir sjóðir með því að taka erlend lán eða vísitölutryggð lán sem geri rekstrarstarfsemina og framtíð sjóðanna ótrygga. Byggðasjóður ætti að hafa árlega til ráðstöfunar um einn milljarð kr. eða meira þegar endurgreiðslur lána og vextir koma inn. Má segja að nú í verðbólgunni sé þetta ekki ýkja mikið fé, en það er þó það mikið að það munar verulega um það. Og það er rétt, sem var sagt áðan, að lánveitingar úr Byggðasjóði hafa í mörgum tilfellum bjargað atvinnumálum á ýmsum stöðum víðs vegar úti um land.

Ég er alveg sannfærður um að allir hv. alþm., hvar í flokki sem þeir standa, geta verið sammála um nauðsyn þess að efla Byggðasjóðinn. Og það er alveg víst að það er nokkur ábyrgð sem því fylgir að útdeila þessu fé á réttlátan hátt til þess að það komi að sem bestum notum. Þess vegna er það dálítið viðkvæmt og ábyrgðarmikið þegar sagt er að spilling þróist innan veggja Framkvæmdastofnunarinnar. Ef það væri, þá yrði að rífa það upp með rótum strax. Ef spillingin er ekki fyrir hendi, þá er ekki leyfilegt að kasta slíkum fullyrðingum fram. Það vekur tortryggni og það skapar það andrúmsloft, sem ekki er hollt eða heillavænlegt.

Sannleikurinn er sá að það er best að það geti orðið friður um þessa stofnun nú strax á meðan verið er að endurskoða lögin og einnig og ekki síður eftir að ný lög hafa tekið gildi. Það þarf að ske. Og ég held að það ætti að vera frekar möguleiki á því að skapa frið um þessa stofnun heldur en margar aðrar vegna þess að stjórnmálaflokkarnir eiga hlutdeild í stjórn stofnunarinnar. Ef þeir taka þátt í stjórninni og starfseminni og stjórnin er sammála um það, sem gert er, bæði um lánveitingar og annað, þá á ekki að vera möguleiki á hlutdrægni eða rangsleitni í stofnuninni og þá á ekki heldur að vera neinn grundvöllur fyrir rifrildi eða fullyrðingum í þá átt sem hv. 1. flm. viðhafði hér áðan.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð öllu fleiri, að svo komnu að minnsta kosti, en vona að það verði samkomulag í hæstv. ríkisstj. um þær breytingar sem eðlilegt er talið að gera á lögum um stofnunina. Eins og hæstv. dómsmrh. sagði áðan, þá er eðlilegt, að lögin séu endurskoðuð. Ég er sannfærður um að fyrrverandi stjórnarflokkar, sem beittu sér fyrir löggjöfinni, geta fallist á að ýmsir agnúar hafi verið á þeirri löggjöf, eins og oftast vill verða þegar ný lög eru sett, agnúar sem heppilegt er að sníða af þar sem reynslan hefur sýnt að getur farið betur. Þess vegna er það að ég efast ekkert um að hæstv. ríkisstj. ber fram frv. á þessu þingi, eins og hæstv. forsrh. lýsti yfir áðan. En ég get sagt það, að ég hefði talið heppilegra ef hæstv. ríkisstj. hefði flýtt sér meira og þá hefði hv. 1. flm. þessa frv., sem við nú erum að ræða um, losnað við að halda þá ræðu sem hann flutti hér áðan. Það getur vel verið að hv. þm. eigi eftir að sjá það þegar hann les ræðuna yfir, annaðhvort áður en hún fer í prentun eða í þingtíðindunum seinna, að það hefði verið betra að hafa minni fullyrðingar um sumt sem hann sagði áðan.

Karvel Pálmason: Hæstv. forseti. Ég skal ekki vera langorður að þessu sinni. Það er margt af því, sem fram hefði þurft að taka í sambandi við það mál sem hér er til umræðu, komið fram, en það er þó einstaka atriði sem ég vil víkja að örfáum orðum.

Ég held að ég geti tekið mér í munn hið forna spakmæli, að svo lengi lærir sem lifir. Ég hafði ekki búist við þessu, eftir það sem hv. 1. þm. Suðurl. og fleiri talsmenn úr þingliði Sjálfstfl. á haustinu 1971 sögðu í ræðustól á Alþingi um

þann lagabálk sem þá var lagður fram og var um Framkvæmdastofnun ríkisins. Þau voru mörg og stór, þau orð sem þá voru látin falla, og þá fyrst og fremst vegna þess ákvæðis sem hér er fyrst og fremst verið að ræða, þ. e. um stjórn stofnunarinnar eða framkvæmdaráð, eins og ég hygg að það hafi þá heitið og heiti enn.

Ég tel ástæðu til þess nú við 1. umr. þessa máls að víkja örfáum orðum að því sem gerðist haustið 1971 þegar þessi löggjöf var til umræðu í þáv. ríkisstj. Það fór ekki dult þá að fulltrúar SF, þeir tveir ráðherrar í þáv. ríkisstj., voru sömu skoðunar og gert er ráð fyrir í því frv., sem nú er til umræðu, að það væri æskilegast og eðlilegast að ráðinn væri einn framkvæmdastjóri við stofnunina. Ef ég man rétt, það verður leiðrétt ef það er rangt með farið, — ef ég man rétt, þá gætti svipaðrar afstöðu hjá fulltrúum Alþb. Og þá er aðeins eftir þriðji aðilinn sem stóð að þessari ríkisstjórn, Framsfl., og ég held að ég fari með rétt mál þegar ég segi að það var einmitt á hans afstöðu sem strandaði í því efni að ekki varð úr að farið væri inn á þá braut sem hér er um talað, að ráðinn yrði einn framkvæmdastjóri við stofnunina. Og ég heyrði ekki betur en að einmitt hæstv. dómsmrh. í hans ræðu hér áðan undirstrikaði einmitt þetta sjónarmið sitt og að ég hygg Framsfl. Það skyldi nú ekki vera, hvað sem góðum vonum hv. 1. þm. Suðurl. og óskum líður um að samkomulag takist væntanlega í ríkisstj eins og hjá „okkur fjórmenningunum", held ég að hann hafi orðað það, tókst í nefndinni, þá skyldi nú ekki vera að einmitt á þessu atriði strandaði innan stjórnarflokkanna? Það er greinilegt að þarna er um ágreining að ræða, að því er þetta varðar, annars vegar milli Framsfl. og hins vegar Sjálfstfl. þ. e. a. s. ef hv. Sjálfstfl.-þingmenn eru enn sömu skoðunar og þeir voru haustið 1971, og það virtist mér hv. 1. þm. Suðurl. vilja undirstrika hér áðan, að hann væri sömu skoðunar og hann var þá.

Þetta sjónarmið þingfl. SF. haustið 1971 fékk ekki hljómgrunn. En þrátt fyrir það stóðum við að setningu þessarar löggjafar á því hausti, og ég hygg að hefði ekki verið gert slíkt, þá hefði ekki verið um að ræða að þessi þjóðþrifastofnun, að ég tel, hefði verið sett á laggir. En eins og ég sagði áðan, þá voru mörg og stór orð látin falla af talsmönnum Sjálfstfl. og að því er virtist að þeir mættu vart vatni halda í fordómum og stóryrðum um einmitt þetta atriði frv. Þá hlýtur að skjóta nokkuð skökku við að á s.l. hausti, eftir að ný ríkisstj. var mynduð, skyldu þeir sömu hv. þm. sem mest gagnrýndu þetta kannske fyrst og fremst vera talsmenn og verjendur þess sem þeir áður fordæmdu. Ég hefði ekki látið mér detta það í hug að ég ætti eftir að heyra hv. 1. þm. Suðurl., þegar hann talaði um Framkvæmdastofnun ríkisins, segja í hvert einasta skipti: „þessi virðulega stofnun". Það var ekki þessi tónn eða þessi ummæli í ræðu þessa hv. þm. meðan fyrrv. ríkisstj. sat að völdum. En ég tók eftir því áðan að í hvert skipti sem hann nefndi þessa stofnun sagði hann: „Þessi virðulega stofnun". — Í hvert einasta skipti. Ég er alveg sammála hv. þm. að þetta er virðuleg stofnun.

Eins og hér hefur verið vikið að, þá var og er í stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. ráð fyrir því gert að endurskoða löggjöfina um Framkvæmdastofnun ríkisins og átti að gerast og leggja fram frv. á síðasta Alþingi. Hæstv. forsrh. sagði áðan að málið ynnist seinna en ætlað hefði verið. Það, sem fyrst og fremst var ágreiningur um og þeir sjálfstæðismenn deildu á, var einmitt þetta atriði, fyrst og fremst þetta eina atriði, og maður skyldi ætla að væri ekki ýkjalangur tími sem þyrfti til að endurskoða þetta ákvæði gildandi laga um Framkvæmdastofnun ríkisins og komast þar að niðurstöðu. En það fór þó svo að ekkert slíkt gerðist á síðasta þingi. Og hvað sem hæstv. forsrh. eða hv. 1. þm. Suðurl. segja nú um að það muni gerast á þessu þingi, þá bendir þó allt til þess að málið sé seinunnið, það þurfi langan tíma til þess að sætta sjónarmið milli flokka, stjórnarflokkanna, og ekki útséð um það að málið komi fyrir þetta þing flutt sem stj.frv. af hálfu hæstv. ríkisstj. Ég skal ekkert um það segja, ég veit ekki um það hvort þeir fjórmenningarnir, 2 úr hvorum stjórnarfl., náðu saman í sambandi við drög að frv. um Framkvæmdastofnun ríkisins, það má vel vera að það hafi gerst, en um það veit ég ekki og skal ekki fara um það fleiri orðum. En ég vildi sem sagt láta það koma hér fram að strax haustið 1971, þegar rætt var um í tíð fyrrv. ríkisstj. að setja á laggir stofnun, þ.e. Framkvæmdastofnun ríkisins, þá var það sjónarmið SF að það væri rétt stefna að einn framkvæmdastjóri yrði ráðinn. Og við höfum ekki breytt um skoðun í þeim efnum.

Hæstv. dómsmrh. vék aðeins að fyrirkomulagi í sambandi við ráðningu á framkvæmdastjóra eða stjórum þessarar stofnunar og talaði þá um æviráðningu. Ég sé ekki að það breyti neinu. Það er engin þörf á að hafa æviráðningu þó að einn framkvæmdastjóri sé, frekar heldur en þrír. Ég sé því ekki að það séu nein rök gegn því að hægt sé að breyta í það form að aðeins einn framkvæmdastjóri sé ráðinn. En að öðru leyti virtist hæstv. dómsmrh. vera á annarri skoðun en t.d. kom fram hjá talsmönnum Sjálfstfl. haustið 1971, og það því er auðvitað ekkert að segja. En einmitt þessi sjónarmið, sem þarna stangast á, koma að öllum líkindum í veg fyrir að þarna náist saman endar hjá stjórnarflokkunum.

Ég heyrði líka að hv. 1. þm. Suðurl. talaði ýmist um einn framkvæmdastjóra eða fleiri framkvæmdastjóra, hvort það væri framkvæmdastjóri eða stjórar. Hann er greinilega farinn að gera ráð fyrir báðum möguleikunum í þessu tilviki nú.

Ég skal ekki hafa öllu fleiri orð um þetta, en ég vil þó sérstaklega víkja að því, sem hv. 1. þm. Suðurl. kom inn á í sambandi við Byggðasjóð. Hann sagði að Byggðasjóður hefði verið stórefldur, 2% af útgjöldum fjárlaga, og Byggðasjóður ætti ekki að þurfa að berjast í bökkum fjárhagslega séð. Þó er það, að ég hygg, staðreynd að ekkert lán hefur verið greitt út úr Byggðasjóði nú í nær 4 mánuði. (Gripið fram í.) Er það rangt? (**Gripið fram í:** Já.) Hvað er langt síðan? (Gripið fram í.) Já, það er þá fyrst í gær. (Gripið fram í.) Ég held að þarna sé ekki um rétt mál að ræða. Nú, eru 4 mán-

uðir síðan? Ég þakka hv. þm. Jóni Skaftasyni fyrir ábendinguna. Er það rétt, hv. þm. Sverrir Hermannsson, að það séu 4 mánuðir síðan tekin var afstaða til lána? Ég sé að þú telur á fingrum. (**Gripið fram í:** Það er rétt.) Það er rétt, já. Þá er það komið. (**Forseti:** Ég bið hv. ræðumann að gjöra svo vel að tala í ræðuformi, en samtöl fari heldur fram utan þingsalarins.) Það er sjálfsagt að verða við því, hæstv. forseti. En ef gripið er fram í, þá áskil ég mér rétt til að svara. En sem sagt, það er rétt að það eru 4 mánuðir síðan ákvarðað var lán úr Byggðasjóði. Vegna hvers er það? Er það vegna þess að fjárhagurinn sé svo traustur að Byggðasjóður þurfi ekki að berjast í bökkum? Það skyldi nú ekki vera að það væri eitthvað annað, sem þar lægi að baki.

Sannleikurinn er auðvitað sá að Byggðasjóður hefur ekki verið stórefldur með þeirri breytingu sem gerð var við afgreiðslu fjárlaga á s. l. hausti. Þó að sú breyting væri gerð að ákveða 2% af útgjöldum fjárlaga, þá voru þar póstar sem teknir voru af. Það voru póstar sem voru á fjárlögum til Byggðasjóðs sem voru teknir út, en voru áður. Og ég a. m. k. get ekki litið svo á, hvað sem hv. 1. þm. Suðurl. segir, að fjárhagur Byggðasjóðs hafi verið svo stórefldur að hann þurfi ekki að berjast í bökkum, þegar það er viðurkennt að það eru liðnir 4 mánuðir síðan síðasta ákvörðun var tekin um síðustu lánveitingu í stofnuninni. Mér þætti a. m. k. vænt um ef formaður stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins, hv. 1. þm. Suðurl., upplýsti hér hvernig á því stendur að það liðu 4 mánuðir á þessu sumri milli þess sem ákvarðanir voru teknar um lánveitingu. Hvað var það sem kom í veg fyrir að ákvarðanir um lánveitingar væru teknar allan þennan tíma. Ekki efast ég um að þörfin var brýn í því stjórnarfari sem yfir okkur íslendinga hefur dunið undanfarið ár. Það er þá eitthvað annað sem komið hefur þar til.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 4. fundur.

Mánudaginn 20. okt., kl. 2 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 15. okt. 1975.

Magnús T. Ólafsson, 3. landsk. þm., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda til að sitja þing Sameinuðu þjóðanna og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþ. að óska þess, að varamaður minn, Ólafur Ragnar Grímsson prófessor, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Ragnhildur Helgadóttir,
forseti Nd."

Ólafur Ragnar Grímsson hefur áður setið á Alþ. og kjörbréf hans verið rannsakað og þarf **því ekki að athuga það og býð ég hann velkominn** til starfa á Alþingi.

Þá er annað bréf:

„Reykjavík, 16. okt. 1975.

Sverrir Hermannsson, 3. þm. Austurl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Austurlandskjördæmi, Pétur Blöndal vélsmíðameistari, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Ragnhildur Helgadóttir,
forseti Nd."

Pétur Blöndal hefur áður setið á Alþ. og rannsókn á kjörbréfi hans hefur því fram farið. Býð ég hann velkominn til starfa á Alþingi.

Þá er þriðja bréfið:

„Reykjavík, 17. okt. 1975.

Þorv. Garðar Kristjánsson, ritari þingflokks sjálfstæðismanna, hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Samkvæmt beiðni Jóns G. Sólnes, 2. þm. Norðurl. e., sem nú er í förum til útlanda í opinberum erindum, leyfi ég mér með skírskotun til **138. gr. laga um kosningar til Alþ. að óska þess,** að 1. varamaður hans, Halldór Blöndal kennari, taki á meðan sæti hans á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Þorv. Garðar Kristjánsson,
forseti Ed."

Halldór Blöndal hefur áður setið á Alþ. og kjörbréf hans verið rannsakað og býð ég hann velkominn til starfa.

Þá er fjórða bréfið:

„Reykjavík, 15. okt. 1975.

Garðar Sigurðsson, 5. þm. Suðurl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda til að sitja þing Sameinuðu þjóðanna og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþ. að óska þess, að vegna forfalla 1. varamanns taki 2. varamaður **Alþb. í Suðurlandskjördæmi, Sigurður Björgvinsson** bóndi, sæti á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ragnhildur Helgadóttir,
forseti Nd."

Bréf er einnig frá Þór Vigfússyni:

„Reykjavík, 15. okt. 1975.

Til Alþingis.

Starfs míns vegna sé ég mér ekki fært að taka sæti Garðars Sigurðssonar, 5. þm. Suðurl., á hæstv. Alþ., en hann er á förum til útlanda í opinberum erindum.

Með virðingu,
Þór Vigfússon."

Kjörbréf Sigurðar Björgvinssonar liggur hér fyrir og vil ég mælast til þess við kjörbréfanefnd, að hún rannsaki kjörbréfið og verður gefið 5 mín. hlé til starfa fyrir kjörbréfanefnd. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Tómas Árnason): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur rannsakað kjörbréf Sigurðar Björgvinssonar bónda á Neistastöðum í Villingaholtshreppi, sem er 2. varþm. Alþb. í Suðurlandskjördæmi. N. hefur ekkert athugavert séð við kjörbréfið og leggur til shlj., að það verði samþ. og kosning Sigurðar Björgvinssonar tekin gild.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 44 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Sigurður Björgvinsson undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Sigurður Björgvinsson hefur undirritað eiðstaf, og býð ég hann velkominn til starfa á Alþingi.

Umræður utan dagskrár.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár í tilefni af því að tilkynnt hefur verið, að n. á vegum ríkisstj. fari í þessari viku til London til samningaviðræðna við breta um landhelgismálið.

Það hefur ekki farið á milli mála í þeim umr. um landhelgismálið sem átt hafa sér stað um allt land síðustu vikur og mánuði að landsmenn eru því yfirleitt mjög mótfallnir að samið verði við útlendinga um nýjar veiðiheimildir í fiskveiðilandhelginni. Sérstaklega virðist þó vera öflug samstaða gegn því að samið verði um slíkar veiðiheimildir innan 50 mílna markanna. Ég vil í þessu sambandi minna á það að ýmis öflugustu og fjölmennustu félagasamtök í landinu hafa gert mjög ákveðnar samþykktir gegn undanþágusamningum. Í þeim hópi eru m. a. Alþýðusamband Íslands, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, **Landssamband ísl. útvegsmanna,** Sjómannasambandið, Félag áhugamanna um sjávarútvegsmál og fjöldamörg sjómanna- og verkalýðsfélög. Margar bæjar- og sveitarstjórnir og *mörg sambönd sveitarfélaganna í landinu hafa* **einnig gert samþykkt um þetta mál á aðalfundum** sínum. Auk þess eru svo samþykktir frá stjórnmálafélögum og flokkum og kjördæmisráðum. Það fer því ekkert á milli mála að þær samþykktir, sem gerðar hafa verið í áskorunarformi til hæstv. ríkisstj. um að semja ekki um undanþágur, eins og nú er komið, eru bæði margar og þær studdar af mjög mörgum mönnum. Ég tel að það sé útilokað með öllu að hunsa eða virða að vettugi þessar samþykktir, auk þess sem landhelgismálið er slíkt mál að allir stjórnmálaflokkar hafa lýst því yfir að það sé mál þjóðarinnar allrar, og þá tel ég að engri átt nái að halda þannig á því máli í framkvæmd að framkvæmdin sé í andstöðu við vilja þjóðarinnar.

Ég tel að vinnubrögð hæstv. ríkisstj. í landhelgismálinu nú um skeið séu á margan hátt ámælisverð og að hún þurfi að breyta til um vinnubrögð frá því sem verið hefur. Á sínum tíma skipaði hæstv. ríkisstj. sérstaka landhelgis**málanefnd og í henni áttu sæti fulltrúar allra stjórnmálaflokka hér á Alþ. Þessi n. var hugsuð sem samstarfsnefnd. Var ætlunin að reyna þar að** samstilla vilja flokkanna í þessu stóra og þýðingarmikla máli og reyna til hins ýtrasta að ná samkomulagi um allan undirbúning og um framkvæmdir í málinu. Nú hafa ekki verið haldnir fundir í þessari landhelgismálanefnd í rúma 3 mánuði, eða síðan reglugerðin um útfærsluna í 200 mílur var samþ. Og mér er ekki kunnugt um að ríkisstjórnin hafi haft af sinni hálfu neitt samkomulag eða neitt samráð við stjórnarandstöðuflokkana hér á Alþ. um það, hvernig á þessu máli skyldi haldið. En það liggur hins vegar fyrir að þegar hafa farið fram samningaviðræður hér í Reykjavík við fulltrúa breta um hugsanlega undanþágu þeim til handa. Frá þeim viðræð**um hefur ekki verið skýrt nema mjög lauslega** í blöðum og það mjög mótsagnakennt og erfitt að átta sig á því, hvað þar hefur raunverulega farið fram. *Engin skýrsla hefur verið gefin um* þær viðræður á hliðstæðan hátt og áður var alltaf gert. Og nú er sem sagt ákveðið að sérstök sendinefnd fari til London og haldi áfram samningaviðræðum við breta um hugsanlegar veiðiheimildir þeirra innan fiskveiðilandhelginnar. Síðan hefur einnig verið tilkynnt að teknar verði upp formlegar viðræður við vestur-þjóðverja um veiðiheimildir þeim til handa.

Ég tel að á þennan hátt eigi ekki að standa að máli eins og landhelgismálinu. Og ég vil vænta þess að ríkisstj. taki nú til endurskoðunar þessi vinnubrögð sín, kalli á nýjan leik saman landhelgismálanefndina til fundar og hafi samráð við stjórnarandstöðuna á Alþ. um það, hvernig á málinu skuli haldið, en hafi ekki þann hátt á sem hún hefur haft nú að undanförnu.

Þá hefur það gerst í landhelgismálinu nýlega, sem vitanlega er full ástæða til þess að tekið sé til sérstakrar athugunar hér á Alþ. og að sjálfsögðu einnig í landhelgismálanefnd, en það er sú skýrsla sem Hafrannsóknastofnunin hefur nýlega sent frá sér um stöðu fiskstofnanna við **landið, og þær alvarlegu aðvaranir, sem þar koma** fram, og þær mjög ákveðnu till., sem þar eru settar fram um það hvernig að málinu skuli staðið. Við þm. höfum fengið þessa skýrslu, og ég geri ráð fyrir að allir hv. þm. hafi kynnt sér hana rækilega. En það er meginniðurstaða þessarar skýrslu, þannig að ekki fer á milli mála, að það er álit okkar fiskifræðinga, allra fiskifræðinganna við Hafrannsóknastofnunina, að ástand fiskstofnanna við landið sé nú orðið þannig, að það megi ekki nú á næstu árum taka meiri afla af aðalfisktegundunum, sem við veiðum hér, en sem nemur því magni sem íslendingar hafa yfirleitt veitt og geta auðveldlega veitt. Í þessari skýrslu segir Hafrannsóknastofnunin t. d. orðrétt varðandi þorskstofninn, — það er niðurstaða sú sem fram kemur eftir að fjallað hefur verið um málið almennt, en þar segir orðrétt á þessa leið: „Með tilliti til þess alvarlega ástands sem nú ríkir í þorskstofninum, eins og rakið er hér að framan, leggur Hafrannsóknastofnunin eindregið til að heildarafli þorsksins á Íslandsmiðum fari ekki fram yfir 230 þús. lestir árið 1976.“ En eins og kunnugt er var þorskafli okkar íslendinga á síðasta ári tæp 239 þús. tonn eða rétt aðeins meiri en Hafrannsóknastofnunin leggur til að mest verði tekið úr stofninum á næsta ári. Það kemur einnig í ljós að þetta er mjög svipað heildarmagn og við íslendingar höfum veitt af þorski á undanförnum árum. Árið 1973 var heildarþorskafli okkar 236 þús. tonn og árið 1972 228 þús. tonn. Er ljóst af þessu að eftir að fiskifræðingar hafa gert rækilega grein fyrir sínu máli, sem þeir byggja á rannsóknum sínum, er tillaga þeirra sú, að ekki verði veitt meira af þorski á næsta ári úr þorskstofninum við landið en sem nemur venjulegri árlegri veiði okkar íslendinga einna. Fiskifræðingarnir bæta því svo einnig við til skýringar þessum till., að það sé þeirra álit að verði tekið meira en sem þessu nemur, þá megi búast við því að mjög illa fari eftir örfá ár.

Í þessari skýrslu er einnig vikið að ýsustofninum, en þar segir í ályktunarorðum fiskifræðinganna: „*Með tilliti til núv. ástands ýsustofns*ins leggur Hafrannsóknastofnunin til að aflahá**mark ýsu árið 1976 verði 38 þús. lestir.“ En á** s. l. ári veiddu íslendingar 33 þús. lestir, árið **1973 rétt um 35 þús. lestir og árið 1972 rétt um** 30 þús. lestir Það er einnig ljóst af þessu, að hér er lagt til, að ekki verði veitt meira úr ýsustofninum en sem nemur árlegri venjulegri veiði okkar íslendinga einna.

Í skýrslunni er einnig minnst á ufsastofninn og þar eru ályktunarorð í skýrslunni þessi: „Samkv. niðurstöðu Alþjóðahafrannsóknaráðsins er þó ekki talið ráðlegt að veiða nema 75 þús. tonn árið 1976.“ En ufsaafli okkar var á s. l. ári 65 þús. tonn og árið 1973 57 þús. tonn og árið **1972 60 þús. tonn. Hér er sem sagt um að ræða lítils háttar meiri afla af ufsa en við höfum** tekið og tökum og allar líkur eru til að okkar eigin veiðifloti mundi auðveldlega veiða á næsta ári.

Fjórða fisktegundin, sem hér skiptir mestu máli, er karfi, en þar segir í þessari skýrslu: „Með tilliti til þessa er mælt með að ekki verði tekin meira en 50—60 þús. tonn af karfa á árinu 1976.“ En afli okkar af karfa hefur verið á s. l. ári rétt um 37 þús. lestir og árið 1973 um 29 þús. lestir, en árið 1972 33 þús. lestir. Það væri sem sagt einna helst í sambandi við karfann þar sem gæti verið um það að ræða að skv. till. Hafrannsóknastofnunarinnar mætti veiða nokkru meira magn en það sem við höfum veitt. En við vitum vel að sá hluti okkar fiskiskipastóls, sem helst veiðir karfa og nær eingöngu veiðir karfann, er einmitt sá hluti sem hefur verið að eflast, og allt hendir því til þess að hann geti tekið það heildarmagn af karfa sem hér er lagt til að taka sem hámark.

Af þessu er alveg ljóst, að okkar fiskifræðingar hafa sent frá sér ákveðnar till. og mjög alvarlegar aðvaranir sem allar hníga að því að við megum ekki taka meira úr fiskstofnunum hér við landið, eins og nú standa sakir, ekki hvað varðar aðalfisktegundirnar, en það sem við getum auðveldlega veitt sjálfir og svipað magni því sem við höfum veitt. Viðræður við útlendinga undir þessum kringumstæðum um að veita þeim heimild til lengri eða skemmri tíma til þess að veiða meira eða minna magn hér við land áfram hlytu því alveg óhjákvæmilega að verða að koma niður á okkur sjálfum. Við yrðum þá að setja reglur sem miða að því að skerða rétt okkar sjálfra **til þess að stunda okkar veiðar áfram. Ég trúi** því ekki að við nánari athugun detti hæstv. ríkisstj. í rauninni í hug að standa þannig að málum, miðað við þá efnahagsstöðu sem við stöndum nú frammi fyrir.

Það er eins og segir í lokaorðum þessarar skýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar, að af þessu leiðir að nýting stofnanna verður ekki hagkvæm **fyrr en erlend veiðiskip hverfa af Íslandsmiðum.** Auk þess vitum við að það er í rauninni ómögulegt að setja reglur til friðunar eða takmörkunar á veiðum sem að nokkru teljandi gagni koma, sem eiga að gilda gagnvart okkar eigin fólki, á meðan stór erlendur veiðifloti er hér á miðunum. Við höfum reynt að setja slíkar reglur. Þær halda illa og koma að litlu gagni á meðan erlendi flotinn er á miðunum. Það er því aðeins hægt að halda uppi ströngum reglum gagnvart okkar fiskimönnum, sem miða að takmörkunum, að við getum losað okkur við erlenda veiðiflotann af okkar miðum.

Ég vil í tilefni af því, sem ég hef hér sagt, skora á hæstv. ríkisstj. að lýsa því yfir við þessar umr. að það verði hennar meginstefna í þeim viðræðum, sem nú eiga að fara fram við útlendinga, að veiðiheimildir innan 50 mílna markanna a. m. k. verði ekki veittar.

Ég tel að bæði við alþm. eigum kröfu á því að fá að vita um þá stefnu, sem á að gilda í þessum efnum í aðalatriðum, og þjóðin öll á kröfu á því. Ég vil vara ríkisstj. við því að ætla að halda þannig á þessu máli að hún sé að dylja fyrir þjóðinni hvað raunverulega er að gerast í málinu.

Í öðru lagi vil ég skora á hæstv. ríkisstj. að gefa við þessar umræður yfirlýsingu um að í þeim viðræðum, sem nú eiga að fara fram við **breta, verði þessi nýja skýrsla Hafrannsókna**stofnunarinnar lögð til grundvallar málflutningi íslendinga og bretum hreinlega bent á það í samræmi við þessa skýrslu að það sé í rauninni **tómt mál um að tala að við getum veitt þeim** hér frekari veiðiheimildir en þeir hafa fengið. Ég ætla að þegar þeir hafa athugað þessar skýrslur, sem hér liggja fyrir, þá sjái þeir að beiðni þeirra um að fá að halda hér áfram sérstökum veiðiheimildum jafngildi því að þeir séu að biðja okkur um að gefa sér ákveðna peningaupphæð. Hér er ekki af neinu öðru að taka en því sem við höfum til okkar eigin framfæris og við yrðum því að láta af því til þeirra.

Í þriðja lagi vil ég skora á ríkisstj. að hún breyti nú um vinnubrögð í sambandi við framkvæmd á landhelgismálinu og taki á nýjan leik upp samráð við stjórnarandstöðuflokkana, fyrst og fremst í landhelgisnefnd og einnig hér almennt á Alþingi. Þær vinnuaðferðir, sem hafa verið nú um skeið, eru óeðlilegar, og það á ríkisstj. að viðurkenna.

Og í fjórða lagi skora ég svo á ríkisstj. að leggja niður hér frá allt pukur með þetta mál og segja bæði Alþ. og þjóðinni allri hreint til um það, hver sé meginstefnan og hvernig sé ætlað að halda á málinu.

Ég held að það verði affarasælast fyrir þjóðina og um leið fyrir hæstv. ríkisstj., sem hefur á hendi framkvæmd þessa máls og þá miklu ábyrgð, sem því fylgir, — það verði einnig affarasælast fyrir hana að taka upp samstarf og samráð við aðra flokka í þessu máli og reyna þannig að skapa eins mikla samstöðu í málinu og mögulegt er.

Ég vænti þess, að hæstv. ríkisstj. sjái sér fært að verða við þessum óskum mínum.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég vil fyrst taka það fram, þar sem hv. þm. Lúðvík Jósepsson, 2. þm. Austurl., taldi vinnubrögð ámælisverð að því er landhelgismálin snerti og tilnefndi þar sérstaklega skort á samráði og samvinnu við stjórnarandstöðuflokka og að ekki hefði verið haldinn fundur í landhelgisnefnd, að síðasti fundur í landhelgisnefnd fjallaði ítarlega um það hvernig vinnubrögð skyldu verða eftir útfærsluna í 200 mílur og sérstaklega hvort taka skyldi upp viðræður við aðrar þjóðir um þau **vandamál sem þær teldu stafa af þeirri útfærslu. Þá kom fram skoðanaágreiningur í landhelgis**nefnd. **Menn gerðu grein fyrir afstöðu sinni og að því er búast mátti við flokka sinna skýrt og skil**merkilega, og þar á meðal lét hv. 2. þm. Austurl.

í ljós að ekki bæri að ræða við aðrar þjóðir um útfærsluna.

Ríkisstj. tók aðra afstöðu og taldi rétt að ræða við þær þjóðir sem þess óskuðu. Ég þarf ekki að rökstyðja þá afstöðu nánar, en vil aðeins minna á að margvíslegir alþjóðasáttmálar og samningar, sem við íslendingar erum aðilar að, gera það að verkum að það er skylda okkar að standa þannig að málum ef deilumál rísa upp á milli okkar og annarra þjóða, og hér er um deilumál að ræða, hvort sem okkur líkar betur eða verr. Því hefur ekki í raun og veru verið um **fundarefni að ræða fyrir landhelgisnefnd síðan** síðasti fundur var haldinn.

Þetta er í fyrsta skipti sem ég heyri nm. hafa orð á því að æskilegt væri að kalla nefndina saman, og þessi fyrstu orð, sem að því lúta, skulu líka verða til þess að nefndin verður kölluð saman, því að það hefur aldrei staðið á ríkisstj. að hafa samráð eða samvinnu við aðra flokka. En við litum þannig á að stjórnarandstaðan væri á þessu stigi búin að slíta samstarfi við ríkisstj. og ríkisstj. hlyti að halda stefnu sinni fram og hefja þær viðræður sem um er að ræða.

Það hefur ekki heldur verið efni til þess að halda sérstakan fund vegna skýrslugerðar um viðræður við breta. Höfuðatriði þeirra viðræðna hafa komið fram á opinberum vettvangi og við það er í raun og veru engu að bæta á þessu stigi málsins. En ég vil gjarnan láta koma hér skýrt í ljós, eins og ég hef raunar þegar tekið fram, að ríkisstj. hefur ákveðið að eiga viðræður við þær þjóðir, sem þess óska, um landhelgismálið. Þær viðræður fara fyrst og fremst fram á þeim grundvelli að 200 mílurnar verði í heild friðaðar sem allra fyrst. Þær undanþágur, sem hugsanlega kynnu að verða veittar, eiga að byggjast á því að stórfelldur samdráttur verði í afla erlendra skipa, erlendum fiskiskipum fækki mjög verulega, veiðisvæðin færist sem lengst frá landi og einkum verði lögð áhersla á að friða 50 mílurnar sem mest. Jafnframt verður ekki gengið til samninga nema til skamms tíma. Ég fjölyrði ekki frekar um það hvernig viðræðum verði háttað í einstökum atriðum, enda er ljóst mál að engir samningar eða samþykktir verða gerðar án þess að komi til umræðu og afgreiðslu hér á Alþ. Það, sem hér hlýtur að skipta mestu máli og úrslitum veldur, er hvort við losnum frekar og fyrr við erlend fiskiskip af Íslandsmiðum með samkomulagi eða án samkomulags.

Þá vil ég í tilefni af þeirri skýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar, sem þingmönnum hefur verið send, taka fram að fyrr á þessu ári lá fyrir umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar, og gerði hæstv. sjútvrh. mjög skilmerkilega grein fyrir áliti stofnunarinnar þegar hann hafði bladamannafund í tilefni af undirritun reglugerðarinnar um útfærslu í 200 mílur 15. júlí s. l.

Í ágústmánuði gerði Hafrannsóknastofnunin skýrslu, sem byggt hefur verið á, en ríkisstj. taldi þá ekki nægilega skýra og óskaði því eftir **að afstaða Hafrannsóknastofnunarinnar kæmi** skilmerkilegar fram, og að frumkvæði ríkisstj. er þessi skýrsla sem dagsett er 13. okt. s. l. og er send hv. alþm. með bréfi 16. okt. s. l.

Það liggur í augum uppi að þessi skýrsla verður notuð sem rök við viðræðuaðila til að sýna þeim og sanna, hvernig ástandi fiskstofnanna við Ísland er komið, og til þess að fá þá til þess að skilja að veiðar þeirra á Íslandsmiðum geta **ekki fram haldið eins og þeir hafa bersýnilega** gert sér einhverja von um. Ég vil líka taka það fram að sjútvrh. hefur í huga að efna til ráðstefnu hér á Íslandi með fiskifræðingum og útvegsmönnum, sjómönnum og hagfræðingum, sem þessi mál láta sig skipta, til þess að fjalla um þessa skýrslu og skýra framkvæmdina svo sem **mögulegt er í einstökum atriðum. Það liggur** í augum uppi, að þessi skýrsla hlýtur að verða tekin til meðferðar hjá fiskveiðilaganefnd sem sjútvrn. hefur skipað og þingflokkar eiga fulltrúa sína í. Fiskveiðilaganefnd, sem hefur það starf með höndum að útbúa frv. til laga um hagnýtingu fiskveiðilögsögunnar, hlýtur að **byggja tillögur sínar til Alþ. í veigamiklum atriðum** á mati því sem fram kemur í þessari skýrslu.

Þá vil ég enn fremur láta það koma hér fram að í ríkisstj. hefur verið rætt um að æskilegt væri að efna til ráðstefnu fiskifræðinga, alþjóðaráðstefnu fiskifræðinga eða a. m. k. frá þeim löndum sem hafa sótt íslensk mið, hér á Íslandi, til þess að fram komi betur en endranær staða okkar og hagsmunir af fiskveiðum og verndun fiskstofnanna og leitt verði í ljós hvort við getum ekki fengið erlenda fiskifræðinga einnig til liðs við okkur í þessu máli.

Ég hygg að á þessu stigi málsins sé ekki ástæða fyrir mig að fjölyrða frekar um málið. Ég vænti þess að ég hafi svarað hv. 2. þm. Austurl. eins og fyrirspurnir hans gáfu tilefni til.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Mér kom það mjög á óvart að heyra hæstv. forsrh. segja hér í Sþ. að stjórnarandstaðan hefði á síðasta fundi landhelgisnefndar snemma sumars slitið samstarfi við ríkisstj. um landhelgismálið. Þetta eru **stór orð — (Gripið fram í.) og alvarleg og ég** vænti þess að þau berist ekki út úr þessu húsi án þess að þau séu vandlega leiðrétt. Allir flokkar á Alþ. og ég vænti öll þjóðin hafa staðið svo sterklega saman um grundvallaratriði þessa máls, að það er fráleitt með öllu að tala um að **stjórn og stjórnarandstaða hafi slitið samstarfi** um málið þó að eitthvert atriði komi upp varðandi framkvæmd þess þar sem samkomulag er ekki. Við tvö atriði í sambandi við framkvæmd hæstv. ríkisstj. á þessu máli í vor og sumar kemst ég ekki hjá að gera nokkrar athugasemdir.

Í fyrsta lagi vil ég minna á að á síðustu tveim fundum landhelgismálanefndar var rætt um að nú þyrfti eins og ávallt áður, þegar landhelgin hefur verið færð út, að gera átak til kynningar á þessari nýju útfærslu. Þegar menn ræða um slíkt átak er ekki síst átt við almenna kynningu í fjölmiðlum sem nái til alls almennings og ekki síst þeirra sem hafa áhuga á fiskveiðum eða hagsmunum af þeim í öðrum löndum. Ég tel að þessi kynning hafi verið vanrækt. Ég hef ekki séð einn einasta prentaðan bækling, hvað þá meira mál, og ég hef á stuttri ferð til nágrannalanda á síðustu 3 vikum heyrt a. m. k. þrjá íslenska ambassadora kvarta undan því að þeir hefðu ekkert efni í höndum til að sýna fram á

hvert ástand fiskstofnanna væri við Ísland, en það er einmitt kjarninn í málinu til að skýra hvers vegna við höfum ekki þolinmæði til þess að bíða eftir ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Hæstv. utanrrh. skýrði frá því í sjónvarpi að það væri búið að senda slíkar upplýsingar út, en hann nefndi, ef ég man rétt, að það hefði gerst 3—4 dögum áður en útfærslan kom til framkvæmda. Ýmsum þótti nóg um dugnaðinn hjá blaðafulltrúa ríkisstj. við 50 mílna útfærsluna, en það er ekki laust við að menn jafnvel sakni hans nú í þeirri ládeyðu sem hefur verið á þessu sviði.

Í öðru lagi finnst mér það vera mál, sem við getum varla talað kinnroðalaust um opinberlega, að sjútvrh. skyldi loksins daginn fyrir útfærsluna fá í hendur skýrslu frá Hafrannsóknastofnuninni, þar sem meginrökin fyrir útfærslunni koma fram, þrem mánuðum eftir að reglugerðin var gefin út. Það er að vísu rétt að stofnunin **hafði gert nokkrar skýrslur fyrr í vor, en þær** voru á ýmsan veg um aðrar hliðar þessa máls, og auðheyrt var á hæstv. forsrh. að í ágústmánuði hafi stjórnin enn rekið á eftir því að fá það sem hann kallaði „nægilega“ skýrslu um þetta mál, þetta meginatriði, ástand stofnanna og hvað þeir þola. Að slík skýrsla skyldi ekki vera tilbúin fyrr en daginn fyrir útfærslu er ekki boðlegt. Og að tala nú um að við ætlum að fara að halda ráðstefnu og ræða þar við ýmsa sérfræðinga hvernig þessi mál standi, eftir að við erum búnir að taka ákvarðanirnar, það er ekki heldur boðlegt.

Ég man ekki betur, þegar 12 mílurnar voru færðar út, en þáv. sjútvrh., hv. núv. 2. þm. Austurl., hafi haldið fleiri en eina ráðstefnu um sumarið áður en fært var út, og minnir mig að þær hafi verið á nokkrum stöðum á landinu.

Alþfl. hefur talið sjálfsagt mál að Íslendingar taki þátt í viðræðum um landhelgismálið á víðtækum grundvelli við aðrar þjóðir. Það mundi vera hin mesta hneisa fyrir okkur, sem mundi spilla fyrir málstað okkar og sóma okkar sem sjálfstæðrar menningarþjóðar, ef við neituðum að ræða deilumál við aðrar þjóðir. Er það rétt hjá hæstv. forsrh. að við höfum skuldbundið okkur til þess í mörgum sáttmálum, t. d. grundvallarsáttmála Sameinuðu þjóðanna, að leitast við að leysa deilumál með umræðum.

Það er margt, sem við höfum við aðrar þjóðir að ræða á þessu sviði, t. d. viðskiptaþvinganir sem við erum nú beittir af fornum vinum og núv. vina- og bandaþjóðum okkar í Vestur-Evrópu. Það væri hægt að ræða ýmsa hluti, eins og löndunarbönn, jafnvel þó að eitt þeirra hafi horfið úr sögunni nú fyrir nokkrum dögum. Það væri hægt að ræða við þessar þjóðir um að þær beiti nú í stórauknum stíl ríkisstyrkjum til útgerðar sinnar, þannig að keppinautar okkar njóta nú vaxandi ríkisstuðnings sem hlýtur að gera samkeppnisaðstöðu okkar og þar með lífsbaráttu stórum erfiðari. Þetta er eðlilegt samræðuefni milli þjóða, sem eru í sömu bandalögum, eins og EFTA og OECD, þar sem efnahagsmál á að ræða. Það er hægt að ræða um ýmis markaðsmál og margt fleira.

En að sjálfsögðu er ekki við því að búast að slíkar viðræður fari fram án þess að einnig sé rætt um kröfur annarra þjóða til að fá undanþágur til fiskveiða innan hinnar nýju landhelgi og raunar innan 50 mílna landhelginnar líka. Í þeim efnum vil ég taka fram að Alþfl. er algerlega andvígur því að slík veiðileyfi verði veitt, a. m. k. innan 50 mílnanna. Ef það er hægt að ná einhverju samkomulagi að gagni utan 50 mílnanna má líta á það þegar það samkomulag sér dagsins ljós.

Í þessu sambandi vil ég minna á að ein meginröksemd okkar fyrir því að færa út í 200 mílur hefur verið sá árangur sem náðist á hafréttarráðstefnunni í Genf, en fundum hennar s. l. vor lauk þannig að lagður var fram svokallaður sameinaður texti sem saminn var af forsetum og nefndarformönnum, en er auðvitað ekki samþykktur. **Það er engin þjóð lagalega bundin af** þessum texta, en það stóð heldur enginn upp og mótmælti, og almennt mun einróma hafa verið fagnað þeim árangri, sem þarna náðist, og talið að þetta *væri veigamikið skref í þá átt* að hafréttarráðstefnan kæmist að jákvæðari niðurstöðu um öll þessi efni.

Tvö atriði eru í þessum sameinaða texta, sem við höfum með réttu vísað til, er við Íslendingar beittum okkur fyrir og tókst með góðu atfylgi ýmissa annarra, ekki síst Evensens hins norska **landhelgisráðherra og formanns nefndar sem við** *hann er kennd, að fá inn í þennan sameiginlega* texta. Þessi tvö atriði eru:

Í fyrsta lagi að hvert strandríki skuli ákveða sjálft hve mikinn afla það telur unnt að taka *í landhelgi þess án þess að skaða fiskstofna.* Það má segja að við höfum nú á síðasta degi fengið **alveg tvímælalausa álitsgerð okkar bestu sér**fræðinga hvað þetta snertir. Það er sú skýrsla sem þm. *hafa fengið og hér hefur verið gerð* að umtalsefni.

Í öðru lagi var það atriði, að hvert strand**ríki skuli sjálft meta hversu mikið af þessum** *leyfilega afla í landhelgi þess það getur sjálft* veitt. Þetta atriði hefur mikla þýðingu víða úti um heim þar sem þjóðir með lítið efnahagslegt bolmagn ætla sér hreinlega að selja eða leigja *landhelgi sína og hafa upp úr því fjármuni.* Hér **á Íslandi er þetta mjög þýðingarmikið og það kemur einnig fram í skýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar, a. m. k. varðandi verðmestu nytjafiska okkar, að við getum tvímælalaust einir veitt allt það magn, sem óhætt er að taka og e. t. v. betur en það.**

Af þessu tvennu, sem liggur í augum uppi eftir að þessi skýrsla er loksins komin fram, er augljóst að það er í fullkomnu samræmi við hinn sameinaða texta, þ. e. a. s. árangur hafréttarráðstefnunnar í Genf, að við getum ekki veitt öðrum þjóðum veiðiheimildir innan 50 mílnanna

Eins og hér er nú komið fram, er hugsanlegt **að það gæti komið til einhver leyfisveiting** samkvæmt tölum sem fram eru lagðar um karfa, en ég hygg að verulegur hluti karfaaflans sé tekinn utan 50 mílna. Þó að farið væri inn á þá braut mundi ekki þurfa að veita heimildir inn fyrir 50 mílurnar.

Þetta tel ég rétt að komi fram af hálfu flokks míns, úr því að umræður hefjast um landhelgismálið, og ég vil enda á því að brýna ríkisstj. mjög á því að fylgja fram þeim skoð-

unum og þeim staðreyndum, sem fram koma í skýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar, í þeim viðræðum sem eiga eftir að fara fram. Í öðru lagi að reyna að hafa þær viðræður á víðtæku sviði, þannig að það sé ekki eingöngu rætt um að aðrir komist inn í landhelgi okkar, heldur að við höfum líka eitthvað til þeirra að sækja, eins og t. d. réttlæti í viðskiptum við Efnahagsbandalagið. Við höfum þarna ýmis atriði, sem fulltrúar okkar geta notað til gagnsóknar og eiga að gera.

Ég held að þeir þurfi ekki að óttast að það muni hafa neikvæð áhrif á framvindu mála hjá Sameinuðu þjóðunum, þó að samkomulag náist ekki um að hleypa útlendingum inn í 50 mílurnar, vegna þess að þróunin sem hefur orðið undanfarnar vikur, þ. e. a. s. útfærsla okkar **íslendinga, samþykkt fulltrúaþingsins í Washington** og yfirlýsingar Mexikóforseta eru allt atriði sem munu fyrst og fremst verða til þess að sannfæra þátttakendur í hafréttarráðstefnunni, um að ráðstefnan verði að ljúka verkefni sínu og það sem fyrst. Takist það ekki mun taka við stjórnleysi á höfunum, stjórnleysi sem mannkynið hefur engin ráð á í dag ofan á öll önnur vandræði, sem að okkur steðja.

Ég vil ítreka það sem ég byrjaði á, að ég vænti þess að ríkisstj. líti ekki svo á að stjórnarandstaðan hafi slitið samstarfi við hana þótt ósamkomulag sé um einstök framkvæmdaatriði landhelgismálsins.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er ekki að ástæðulausu að upp eru teknar hér á hv. Alþ. nú í dag umræður um landhelgismálið.

Áður en að ég held lengra vil ég aðeins strax í byrjun lýsa þeirri skoðun minni í sambandi við ummæli hæstv. forsrh. um að stjórnarandstaðan hafi slitið viðræðum við stjórnarflokkana í landhelgisnefnd, að mér kemur mjög á óvart slík yfirlýsing af hálfu hæstv. forsrh. og við það kannast ég ekki. Ég vænti þess að hæstv. forsrh. leiðrétti þessi ummæli sín hér á eftir, því að ég hygg að enginn af fulltrúum stjórnarandstöðuflokkanna í landhelgisnefnd muni kannast við að slíkt hafi gerst á síðasta fundi landhelgisnefndar fyrir um þrem mánuðum. Ég kannast ekki við það, og ég hygg að svo sé um fulltrúa Alþb. Það er komið fram að formaður Alþfl. kannast ekki við það.

Nú eru röskir þrír mánuðir liðnir síðan allir stjórnmálaflokkar í landinu voru um það sammála að lýsa yfir 200 mílna fiskveiðilögsögu við Ísland. Þessu hafa sjálfsagt og örugglega allir íslendingar fagnað heils hugar. Á því er enginn vafi, enda bera samþykktir, sem borist hafa víðs vegar að af landinu, merki þess að allir fögnuðu þessu og fagna og eru einhuga um þessa ákvörðun. Það er og enginn vafi á því að málstaður okkar íslendinga á erlendum vettvangi er miklum mun sterkari nú en hann hefur líklega **nokkurn tíma áður verið varðandi útfærslu landhelginnar. Ég hygg að allir geti einnig verið sammála** um þetta. En hvers vegna er þá sá kvíði og uggur sem sett hefur að íslensku þjóðinni vegna útfærslunnar í 200 mílur? Hvers vegna hefur hann komið upp? Það ætti ekki að vera. Það eru engin rök sem mæla með því að sá uggur eða kvíði ætti að vera meðal íslensku þjóðarinnar vegna þess sem gerst hefur á erlendum vettvangi, enda er ekki svo.

Þessi kvíði og uggur, sem nú er ríkjandi meðal íslensku þjóðarinnar varðandi landhelgismálið, er fyrst og fremst vegna stefnu eða stefnuleysis núv. hæstv. ríkisstj. um framkvæmd á landhelgismálinu. Það hefur komið fram fyrir löngu að stjórnarandstaðan er sammála um að ekki komi til mála að veita veiðiheimildir innan 50 mílna fiskveiðilögsögunnar til handa erlendum aðilum. Það hefur ekki komið jafnskýrt fram af hálfu hæstv. ríkisstj. að hún væri jafneinhuga um það að veita erlendum aðilum ekki veiði**heimildir innan 50 mílnanna. En hún hefur haldið** þannig á málinu að hv. alþm., almenningur í landinu, þjóðin öll, hefur haft það á tilfinningunni að það væri í raun og veru stefna hæstv. ríkisstj. jafnvel að semja um veiðiheimildir innan 50 mílnanna gömlu. Það er þetta fyrst og fremst sem að mínu viti hefur sett ugg og kvíða að íslendingum í landhelgismálinu nú.

Það hefur ekki farið leynt fyrir einum eða neinum að talsmenn stjórnarflokkanna, fyrst og fremst vil ég þó segja talsmenn Sjálfstfl., hafa í málflutningi túlkað það mál svo, að brýna nauðsyn bæri til að þrautreyna samningsleiðina. Þetta hefur, að því er ég best veit, ekki komið eins skýrt fram a. m. k. af hálfu talsmanna Framsfl. En þó virðist íslenska þjóðin vera í vafa um, hver er í raun og veru stefna Framsfl. varðandi framkvæmd landhelgismálsins nú.

Það er ekkert vafamál, það er það ekki í mínum huga og ég efast um að það sé vafamál í huga nokkurs hv. alþm. að öll íslenska þjóðin stendur einhuga að baki þeirri afstöðu að ekki komi til greina samningar um neinar veiðiheimildir erlendum aðilum til handa innan 50 mílna fiskveiðilögsögunnar. Mér þætti a. m. k. gaman ef einhver hv. alþm. treystir sér til þess að koma hér upp og draga í efa þennan einhug meðal íslendinga. Ef svo er, þá vænti ég þess að fá að heyra af munni þess hv. alþm. slík ummæli hér í dag.

Ég vil taka undir það, sem hér hefur komið fram, að ég tel að þing og þjóð eigi á því skýlausan rétt að fá að vita hver stefna núv. hæstv. ríkisstj. er varðandi framkvæmd landhelgismálsins.

Það hefur verið vikið hér að nýútkominni skýrslu frá fiskifræðingum Hafrannsóknastofnunarinnar, og vissulega er sú skýrsla eða ætti a. m. k. að vera það endanlega sem fram hefur komið til þess að hæstv. ríkisstj. treysti sér til þess í dag, við þessar umr., að lýsa því yfir að ekki komi til greina neinir samningar um veiðiheimildir, a. m. k. ekki innan 50 mílnanna. Þessi skýrsla, sem ég hygg að allir hv. alþm. hafi kynnt sér, er með þeim hætti að það er greinilegt hverjum og einum einasta sem les hana að það er ekki um neitt að semja við aðrar þjóðir varðandi veiðiheimildir á Íslandsmiðum. Ég vil því vona að sú sendinefnd, sem á förum er af hálfu íslensku ríkisstj. til London nú í þessari viku, hafi þessa skýrslu sem það **lokaveganesti, ásamt þeim einhug, sem að baki stendur, með íslensku þjóðinni, um að ekki verði** samið um veiðiheimildir innan 50 mílna markanna.

Ég vil að lokum óska eftir því við hæstv. **forsrh. sem aðaltalsmann Sjálfstfl. í þessu máli** að hann gefi hér og nú, treysti hann sér til, **ótvíræða yfirlýsingu um það, að eins og málum** sé nú komið, þá komi ekki til greina neinir undanþágusamningar um veiðiheimildir erlendum ríkjum til handa innan 50 mílna markanna. Komi slík yfirlýsing ekki fram af hálfu hæstv. forsrh. **hér í dag, þá mun ég og íslenska þjóðin í heild** skoða það sem ályktun um að enn séu uppi, a. m. k. innan Sjálfstfl., hugmyndir að semja innan 50 mílna markanna, og eftir því verður vissulega tekið.

Ég vil á sama hátt óska eindregið eftir því við hæstv. dómsmrh. sem formann Framsfl. að hann gefi hér og nú í dag skýlausa yfirlýsingu um það fyrir hönd Framsfl., treysti hann sér **til, að ekki komi til greina, eins og málum er nú komið, neinir samningar um veiðiheimildir** útlendingum til handa innan 50 mílna markanna. Og ég segi á sama hátt: Komi ekki slík yfirlýsing frá hæstv. dómsmrh. hér í umr. í dag, þá skoða ég þetta mál — og íslenska þjóðin mun öll gera það að mínu viti — sem ályktun á þá leið að Framsfl. sé líka með hugmyndir, þrátt fyrir allt sem fram hefur komið, um samninga um veiðiheimildir innan 50 mílna markanna. Og það verður vissulega ekki síður tekið eftir því.

Ég tel nauðsynlegt nú á þessari stundu, undir **umr. um landhelgismálið og í þeirri stöðu,** sem það mál nú er, að við fáum um það fulla vitneskju hvað hæstv. ríkisstj. ætlar sér að gera. Ætlar hún að semja um veiðiheimildir innan **50 mílna? Ef svo er, hvað ætlar hún að ganga** langt? Það er þetta sem íslenska þjóðin á heimtingu á að fá að vita áður en samningafundurinn í London fer fram á fimmtudaginn kemur.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég þarf að gera nokkrar aths. við það sem hæstv. forsrh. sagði. Hann sagði að á síðasta fundi landhelgisnefndar, sem haldinn var fyrir rúmum 3 mánuðum, hefði verið sérstaklega fjallað um það atriði hvernig ætti að standa að framkvæmdum í málinu og þá m. a. hvort taka ætti upp viðræður við aðrar þjóðir eða ekki. Hæstv. forsrh. **sagði að þá hefði komið fram ágreiningur í** landhelgisnefnd og það er rétt. En hann sagði — og það er ekki rétt — að sá ágreiningur hefði **verið um það hvort taka ætti upp viðræður við** aðrar þjóðir eða ekki. Ég hef veitt því athygli að það hefur talsvert verið gert úr því í blöðum ríkisstj. að við Alþb.-menn og fleiri úr stjórnarandstöðunni vildum ekki ræða við aðrar þjóðir sem óskuðu eftir viðræðum við okkur. Ég tók skýrt fram á þessum landhelgisnefndarfundi og hef lýst því yfir opinberlega nokkrum sinnum síðan að þetta er með öllu rangt. Það hefur enginn ágreiningur verið og er enginn ágreiningur við okkur um það að ræða við aðrar þjóðir. Ágreiningurinn, sem upp kom og stendur því miður enn, er um það, hver eigi að vera afstaða okkar íslendinga í meginatriðum í þessum viðræðum. Á þessum síðasta fundi í landhelgisnefnd gerðum við í stjórnarandstöðunni talsvert ítarlegar tilraunir til þess að reyna að ná samkomulagi um það, hver skyldi verða meginafstaða okkar íslendinga í viðræðum. Á þessum fundi bauð ég það m. a. fram til samkomulags að ég skyldi standa að því að samþykkja einhverjar veiðiheimildir á ytra beltinu, frá 50 mílum út í 200, ef það gæti þýtt samkomulag um að engar veiðiheimildir handa útlendingum yrðu veittar á innra beltinu, en tók þó skýrt fram, eins og komið hafði fram í till. mínum að í rauninni er ég á móti slíkum veiðiheimildum líka á ytra beltinu. Ég tel þær ástæðulausar og ég tel að þær hafi lítið gildi fyrir útlendingana. En til samkomulags bauð ég þetta, ef samstaða gæti þá tekist um þessa meginafstöðu. En slík samstaða fékkst ekki. Og það fékkst ekki fram á þessum fundi hver ætti að vera meginafstaða íslendinga í hugsanlegum viðræðum. Það er þetta sem ágreiningurinn stendur um í rauninni enn í dag.

Hæstv. forsrh. taldi upp í sínu máli nokkur atriði sem áttu að vera skýringar á því hver væri okkar stefna í þessum hugsanlegu viðræðum eða komandi viðræðum. Hann sagði: Okkar megintakmark er að friða 200 mílurnar sem allra fyrst. — Það vita auðvitað allir og ekki síst hæstv. forsrh. að orðalag eins og þetta segir hreinlega ekki neitt. Það veit enginn hvað þetta þýðir. Þetta er hægt að teygja eins og hrátt skinn.

Hið sama er að segja um annað atriði sem hann nefndi hér og ég hef tekið eftir í ræðum hans að undanförnu um málið: Friða ber 50 mílurnar sem mest. — Hvað þýðir þetta? Það veit enginn heldur hvað þetta þýðir. Hér er ekkert skýrt markmið sett. Þetta gæti allt eins þýtt það að slakað yrði á kröfunni um friðun 50 mílna allt niður í það sem gert var í síðustu samningum.

Þá er einnig talað um að samningar verði að byggjast á því, að samdráttur verði í aflamagni útlendinga. Þetta segir harla lítið annað en það, að við vitum að sjálfir hafa útlendingar sagt að þeir gætu fallist á samdrátt í aflamagni, af því að skipastóll þeirra er orðinn minni.

Þá er einnig talað um að af okkar hálfu verði það að vera skilyrði að fækka skipum útlendinganna. Þetta hefur líka komið fram hjá þeim sjálfum. Það er vegna þess að þeir eiga færri skip. Þeir hafa ekki nú í breska veiðiflotanum svo mörg skip sem þeir höfðu á síðustu skrá til þess að stunda þessar veiðar hér við land.

Nei, ummæli eins og þessi eru sett fram aðeins til þess að hylja það að menn vilja ekki segja hver er meginstefnan. Það hefði að sjálfsögðu verið skýr stefna að lýsa yfir: Okkar markmið verður það að ljá ekki máls á því að veita veiðiheimildir innan 50 mílnanna. — En hæstv. ríkisstj. hefur ekki enn fengist til þess að gefa slíka yfirlýsingu, og því miður fór það svo nú í þessum umr. eins og áður, að hæstv. forsrh. fékkst ekki til þess að gefa slíka yfirlýsingu.

Almennar vangaveltur hafa mjög komið fram hjá hæstv. forsrh. um að við verðum að haga okkur eftir því, hvort við losnum fyrr við útlendingana af okkar miðum með því að semja við þá eða með því að leggja út í meiri eða minni baráttu. Auðvitað vitum við að okkur hefur

aldrei orðið neitt ágengt í okkar landhelgismálum á undanförnum árum og áratugum án þess að taka upp baráttu, án þess að sýna alvöru, án þess að láta eitthvað reyna á. Sá, sem byrjar á því að segja: Ja, við getum ekki varið okkar landhelgi, ætli sé ekki best að semja, ætli við náum ekki bestum árangri með því að semja? — hann ofurselur sig alveg þeirri miklu ágengni sem við vitum að við eigum að mæta frá hálfu breta. Viti bretar fyrir fram að við leggjum ekki í neina baráttu, við ætlum að gefast upp, við munum semja við þá, þá munu þeir líka sækja fast á í samningunum. Og þá verða líklega samningarnir ekki merkilegir sem við stöndum frammi fyrir undir lokin.

Það er ekki hægt að ganga fram hjá því að aðstaða okkar íslendinga nú til þess að taka upp baráttu í þessu máli, er miklum mun betri en hún hefur verið í fyrri tilfellunum. Það er auðvitað miklu betra að eiga við breta úr því að aðstaðan er orðin sú að fulltrúar þeirra hafa lýst því yfir í býsna merkilegum ræðum, þar sem þessi mál hafa verið rædd á hafréttarráðstefnunni, að þeir styðja orðið 200 mílna regluna, og þar sem þeir hafa tekið upp býsna harða baráttu innan Efnahagsbandalagsins fyrir sama sjónarmiði og við erum að berjast fyrir. Afstaða breta fram til þessa hefur ekki verið mótuð af slíkum viðurkenningum. Þeir hafa þvert á móti haldið því fram, allt fram að því að þeir skiptu um skoðun, sem fram kom í umr. á hafréttarráðstefnunni síðast, að það kæmi ekki til mála að viðurkenna annað en það að hafið upp að 12 mílum væri hið frjálsa úthaf og þeir yrðu ekki heftir þar í sínum athöfnum.

Eins og einnig hefur komið fram í þessum umr., er aðeins þessi breytta afstaða breta og sívaxandi kröfur innan Bretlands um að færa jafnvel einhliða út, heldur er einnig sú afstaða, sem komin er upp á Bandaríkjaþingi, í Mexíkó og miklu víðar í heiminum, og sú sterka viðurkenning fyrir okkar málstað sem komin er fram í því frv. sem lagt hefur verið fram á hafréttarráðstefnunni. Allt þetta gerir afstöðu okkar nú margfalt sterkari en aðstaða okkar var áður. Það er því alveg furðulegt við þessar kringumstæður og þegar málið hefur dregist eins og það hefur dregist og í sambandi við friðun okkar fiskimiða og við vitum hvað ástandið er orðið alvarlegt, að menn skuli þá hika við að leggja í einhverja hugsanlega baráttu fyrir þessu nauðsynjamáli.

Nei, sá ágreiningur sem fram kom í landhelgisnefnd og vissulega er til staðar, hann er aðeins um það, hver eigi að vera okkar meginafstaða til þeirra viðræðna, sem fram munu fara. Hitt eru aðeins blekkingar, að reyna að halda því fram að við séum svo miklir dónar í Alþb., að við neitum að tala við skikkanlegar þjóðir. Þannig hefur deilan ekki staðið. Hún er ekki um það. En ríkisstj. hefur viljað halda þannig á málinu að hún sendi sína menn til viðræðufundar, og helst er að skilja á mönnum að það eigi að sjá til hvað komi út úr öllu þessu. Það er þokkaleg aðstaða sem þeir menn hafa sem eru sendir til samningaviðræðna og hafa ekki fengið neitt veganesti um það hvað þeir megi segja.

Ég tek undir það, sem hér hefur komið fram, bæði frá hálfu form. Alþfl. og af hálfu SF, að það er auðvitað alveg rangt að við í stjórnarandstöðunni höfum slitið samstarfi við stjórnarflokkana í þessu máli, þó að hafi verið þessi ágreiningur, sem ég hef hér lýst, um hvort ætti að marka skýra afstöðu varðandi þessar viðræður eða ekki. Það er ekki heldur rétt hjá hæstv. forsrh. að halda því fram að það hafi ekkert fundarefni verið í rauninni til fyrir landhelgisnefnd á þeim tíma sem liðinn er síðan síðasti fundur var. Í öllum þeim viðræðum, sem áttu sér stað við breta og vestur-þjóðverja um landhelgismál á þeim tíma, sem ég var í ríkisstj., var það ævinlega föst regla að halda fundi í landhelgisnefnd, bæði áður en gengið var til samninga, og þar var gerð grein fyrir megintill. þeim sem við mundum setja fram og í mjög mörgum tilfellum kort látin fylgja, og í öllum tilfellum voru lagðar fram skýrslur um viðræðurnar, þar sem viðræðurnar voru raktar og greinilega tekið fram hvað hafi helst komið fram í umr. á viðkomandi fundum, og stjórnarandstaðan eins og aðrir fékk skýrslur um allar þessar viðræður. En nú brá svo við eftir viðræðurnar við breta nú síðast að engin skýrsla var gerð eða a. m. k. ekki send flokkunum. Við urðum að láta okkur nægja mjög óljósar og ósamhljóða frásagnir af þessum viðræðufundum, sem komu í blaðaviðtölum. Það var því að sjálfsögðu tilefni til þess að halda fund í n. En það virðist vera að ríkisstj. hafi ekki óskað eftir því að ræða þessi mál við stjórnarandstöðuna eða leita eftir hugsanlegu samkomulagi um það hvað gert yrði í málinu.

Mér þykir ekki heldur gott að það sýnist nokkuð ljóst að sú nýja skýrsla Hafrannsóknastofnunarinnar, sem ég gerði hér að umtalsefni og er jafnskýr og ákveðin eins og hv. þm. þekkja, það er engu líkara en hún hafi komið einhverju fáti á hæstv. ríkisstj. Hún veit varla hvernig hún á við þessari skýrslu að bregðast. Nú talar hún um að það verði að halda fund margra manna um þessa skýrslu, það verði að kalla saman útvegsmenn, fiskifræðinga, hagfræðinga og aðra, áhugamenn og ræða þetta plagg, og jafnvel er farið að tala um það, hvort ekki sé rétt að halda ráðstefnu og reyna að fá erlenda sérfræðinga og þinga um þessi mál. Auðvitað er þessi skýrsla Hafrannsóknastofnunarinnar eins og aðrar sem frá henni hafa komið um þessi mál. Það er hægt að segja að annar meginþáttur þessarar skýrslu snýr raunverulega að útlendingum, að því hversu miklir möguleikar eru á því skv. áliti fræðimannanna að halda hér áfram þeirri sókn á miðunum sem verið hefur. Þetta er annar meginþáttur skýrslunnar, og ég tel að þessi þáttur skýrslunnar styðji mjög ákveðið okkar sjónarmið og þau rök sem við höfum fram til þessa sett fram fyrir okkar málstað. Hinn þátturinn í þessari skýrslu snýr hins vegar meira að okkur íslendingum sjálfum, hvaða reglur við viljum setja gagnvart okkur, hvað við teljum tiltækilegast að gera í sambandi við bæði lokun veiðisvæða um lengri eða skemmri tíma, um breytingar á möskvastærð í vörpum og margt annað þess háttar. Það mál verður að sjálfsögðu tekið

fyrir m. a. í þeirri n. sem skipuð hefur verið og á að koma fram með frv. um nýjar reglur varðandi nýtingu hinnar nýju fiskveiðilandhelgi af hálfu landsmanna sjálfra, því að þau lög, sem við höfum haft um þau efni, hafa í rauninni eingöngu náð til okkar sjálfra. Það geta vissulega komið fram margar hugmyndir, og mér dettur ekki í hug að halda því fram að þær ábendingar, sem koma af hálfu fiskifræðinganna, þurfi í öllum greinum að vera þær bestu varðandi það hvaða reglur við setjum gagnvart okkur sjálfum. En það er alveg óþarfi að blanda því á nokkurn hátt saman við hinn meginþáttinn, sem er þeirra **sterka aðvörun til allra, sem með þessi mál** hafa að gera, eins og málin standa nú, um að það megi ekki halda áfram að taka úr stofnunum jafnmikið og gert hafi verið og sé augljóst að það nemi því, sem þurfi að skera niður, sem útlendingar hafa tekið til þessa, — þetta sé nauðsynlegt.

Mér finnst því að hæstv. ríkisstj. hefði einmitt átt að taka þessa skýrslu og nota hana á þann hátt sem hefði komið okkur að mestu gagni í viðræðum okkar við hina erlendu aðila.

Ég tók eftir því, að hæstv. forsrh. sagði að þessi skýrsla mundi að sjálfsögðu verða notuð sem röksemd af okkar hálfu í viðræðum við útlendinga og það þykir mér ánægjulegt. En ég vil vænta þess að það sé ekkert hik á okkar mönnum að nota þessa skýrslu, eins og hún liggur fyrir, varðandi þennan þátt hennar.

Ég skal svo ekki lengja frekar ræðutíma utan dagskrár en orðið er. En ég vil vænta þess, að hæstv. ríkisstj. taki þetta mál allt til nýrrar athugunar og taki upp aukið samstarf við stjórnarandstöðuna um málið og taki til nýs mats þær nýju upplýsingar sem liggja fyrir. Ég vil trúa því að ríkisstj., sem studd er af tveimur flokkum, eigi eftir að ræða nokkru betur málið í stjórnarfl. og hafi þar verið eitthvert hik á mönnum áður eða einhver hugsun um að láta undan kröfum útlendinganna, þá vil ég mega trúa því að við þessar nýju upplýsingar, sem liggja fyrir, fáist menn til þess að endurskoða afstöðu sína og geri það áður en sendimenn okkar fara til London, svo að þeir viti alveg skýrt og klárt hvað þeir eiga að segja á þessum viðræðufundi.

Efri deild, 7. fundur.

Mánudaginn 20. okt., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Símakallkerfi Alþingis.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Áður en gengið er til dagskrár vil ég vekja athygli hv. þdm. á því, að símatækjum hefur verið komið fyrir í anddyri hússins. Verður útbýtt vélrituðu blaði með leiðbeiningum um notkun þessa tækis. Þetta er til þess að auðvelda símavörslu Alþingis og bæta þjónustuna við hv. þm. Ég vænti þess, að þau not verði af þessu sem til er ætlast.

Heilbrigðisþjónusta á Vestfjörðum, þáltill. (þskj. 19). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Gjaldaviðauki, frv. (þskj. 22). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á Mathiesen): Herra forseti. Á þskj. 22 er flutt frv. til l. um innheimtu **ýmissa gjalda með viðauka, eins og þar segir, 140%. Þetta frv. er áður kunnugt, hefur verið flutt** á nokkrum undanförnum þingum, ekki verið **talin ástæða til að festa umræddan gjaldaviðauka,** hins vegar leitað heimildar á hverju þingi til þess að innheimta þessi ákveðnu gjöld með þessum gjaldaviðauka. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um málið, það er áður kunnugt, og legg til að að lokinni 1. umr. verði því vísað til fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 16 shlj. atkv.

Neðri deild, 8. fundur.

Mánudaginn 20. okt., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Símakallkerfi Alþingis.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Ég vil vekja **sérstaka athygli á þeim tækjum, sem hv. þm. hafa séð hér niðri í anddyri þinghússins, og hvetja menn til að reyna notkun þeirra strax í dag. Það er ætlunin með þessum tækjabúnaði að létta og** einfalda störf þm. og starfsliðs þingsins, en á það þykir mér ástæða til að minnast vegna þess að ég hef orðið þess vör, að það er eins og **þm. stafi nokkur ógn af þessum nýju tækjum.** Það er að sjálfsögðu mannlegt að óttast hið ókunna, en ég vona að við nánari kynni af þessum tæknibúnaði muni hv. þm. sjá að það hefur verið vel ráðið að taka í þjónustu Alþ. nútímatækni sem fólgin er í þessu.

Ástæðan til þess, að forsetar Alþ. ákváðu að reyna þessa leið, er sú, að vegna þröngra húsakynna hér í gamla þinghúsinu eru starfsstöðvar þinghússins nú dreifðar í fjórum húsum. Búnaður sem þessi hefur verið notaður á Íslandi um árabil, aðallega á ýmsum vinnustöðum þar sem mikil viðátta er eða starfað er í mörgum húsum. Er á sjúkrahúsunum talsverð reynsla af slíkum **tækjum. Þetta kerfi hefur þá nýjung fram yfir þau, sem áður hafa verið notuð hér á landi,** að hægt er að koma skilaboðum frá símaborði til þm. um þetta tæki.

Ég vil vekja athygli á því, eins og hv. þdm. hafa tekið eftir, að á hlið tækisins er örlítill svartur takki. Ef stutt er á þennan takka eftir að hljóðmerki hafa heyrst í tækinu, þá geta menn borið tækið upp að eyranu og heyrt þá

skilaboðin. En það er ekki hægt að svara í tækið.

Ég vil einnig vekja athygli á því, að ef mönnum þykja hljóðmerkin í tækjunum of sterk, þá er ekki annað en gera aðvart frammi í símaklefanum, þá er hægt að lækka hljóðmerkin í tækinu að vild hvers og eins. En þess ber að gæta að þá lækkar einnig tónninn í skilaboðinu eða **hljóðið í skilaboðunum. (Gripið fram í.) Ég veit** ekki hvort ég á að upplýsa það, að í minnispunktum sem ég fékk frá tæknimönnum er tekið fram að tækin skuli höfð í brjóstvösum jakka, annaðhvort utan eða innan á. En mér finnst ástæða til að bæta því við vegna þeirra hv. þm. sem ekki klæðast jakkafötum, að það er mjög auðvelt að festa tækið með klemmu á handtösku og hafa það á þann hátt einhvers staðar nálægt sér.

Ég held það séu ekki fleiri atriði sem ástæða er til að taka fram meðan á tilraunanotkun þessara tækja stendur, nema þá að það er mjög áríðandi, þegar þingstörfum dagsins er hætt, að skilja tækin eftir niðri í fatageymslunni hér. Einnig má skilja þau eftir í anddyri annarra húsa þingsins og þá koma sendlar þeim niður í borðið hér í fatageymslunni. Ástæðan er sú, að tækin hlaða sig þá yfir nóttina og verða tilbúin til notkunar næsta dag.

Ef um er að ræða kvartanir og annað sem við kemur þessum tækjum, þá er þess óskað að þær séu skrifaðar á miða og þeim skilað til símastúlkunnar. Svo verða eftir nokkra daga enn þá nánari leiðbeiningar vélritaðar og afhentar öllum þm.

Forseti tók öll dagskrármálin af dagskrá.

Sameinað þing, 5. fundur.

Þriðjudaginn 21. okt., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 21. okt. 1975.

Þorv. Garðar Kristjánsson, ritari þingflokks sjálfstæðismanna, hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Samkv. beiðni Matthíasar Bjarnasonar, 1. þm. Vestf., sem nú er á sjúkrahúsi til lækninga, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður hans, Jóhannes Árnason sýslumaður, taki á meðan sæti hans á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Ragnhildur Helgadóttir,
forseti Nd."

Jóhannes Árnason hefur áður setið á Alþ. og þarf því ekki að rannsaka kjörbréf hans. Býð ég hann velkominn til starfa.

Dagvistunarheimili, fsp. (þskj. 11). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Það eru ekki mörg ár síðan litið var á dagvistunarstofnanir sem eins konar fyrirtæki er hefði það aðalhlutverk að leysa vandræðamál, svo sem að taka við börnum einstæðra foreldra eða annarra þar sem illa stóð á og fólkið varð að koma börnunum fyrir til þess að geta unnið fyrir sér. Í seinni tíð hefur viðhorf varðandi þessi mál tekið stórfelldum stakkaskiptum. Menn hafa gert sér ljóst að ef foreldrar eiga báðir — og **þá kannske fyrst og fremst konan — að njóta** frelsis til þess að taka eigin ákvörðun um hvort **þeir starfa utan heimila, ef þeir geta það og** hafa tækifæri til þess, þá verða foreldrarnir að geta komið börnum sínum fyrir einhvern hluta úr degi. Dagvistunarheimilin eru því ekki lengur til að fullnægja brýnum þörfum t. d. einstæðra foreldra og jafnvel námsfólks í mörgum tilvikum, heldur eru þau í eðli sínu grundvallarmannréttindamál sem sérstök ástæða er til að gefa gaum á því ári sem nú líður, og á Íslandi kannske ekki síst í þeirri viku sem nú líður.

Í tíð vinstri stjórnarinnar svokölluðu var haft frumkvæði um að setja lög um opinberan styrk til byggingar og rekstrar dagvistunarheimila. Þessi lög eru frá því snemma á árinu 1973. Þau voru mjög þörf og merkileg umbót í félagsmálum okkar og var raunar um kjarna hennar víðtækt samkomulag hér á Alþ., þó að nokkrar deilur yrðu um framkvæmdaatriði. Nú eru langt liðin tvö fjárhagsár síðan þessi löggjöf var sett. Samkvæmt fjárlögum hafa verið veittar miklar **upphæðir til þessara mála, en engu að síður finnst** mér að ástæða sé til að fá eins konar úttekt eða upplýsingar sem gætu gefið þm. og öðrum landsmönnum hugmynd um hvernig þessi mál hafa farið af stað í framkvæmdinni og hver staðan er á þessu sviði nú. Þess vegna hef ég spurt um hvaða dagvistunarheimili hafi fengið byggingar- og rekstrarstyrki samkv. þessum lögum og hve miklum upphæðum sú aðstoð hafi numið. Það kann að vera nokkuð frekt að spyrja beinlínis um hvaða heimili hafi fengið þetta, en ein meginhugmyndin er sú, að fram komi hvaða sveitarfélög hafa haft frumkvæði í þessum málum og notið ríkisstyrks.

Í öðru lagi er spurt um hve margar umsóknir um þessa styrki, byggingar- og rekstrarstyrki dagvistunarstofnana, hafi ekki hlotið afgreiðslu. Þetta er e. t. v. kjarni málsins. Hefur það fé, sem veitt hefur verið á fjárlögum, hrokkið til eða skortir mikið á að svo sé?

Þá er einnig spurt um hversu mörg börn þau heimili, sem styrks hafa notið og væntanlega eru þá í byggingu, mundu geta vistað á dag. Barnafjöldi á dag segir að vísu ekki alla söguna, því að algengast mun vera að börnin séu aðeins nokkrar klukkustundir svo að hvert heimili getur veitt fleiri börnum þjónustu en tala á dagsmælikvarða mundi gefa tilefni til.

Þá er spurt um það framkvæmdaatriði, hvort menntmrn. hafi, eins og lögin mæla fyrir um, sérstakan starfsmann og sérmenntaðan til þess að fjalla um þessi mál.

Að lokum er um það spurt, hvort gerð hafi verið áætlun um heildarþörf fyrir dagheimili í landinu miðað við að fullnægja þörfum einstæðra foreldra, námsfólks og tryggja öðrum foreldrum jafnan rétt og aðstöðu til starfa utan heimilis ef þeir þurfa þess eða óska.

Það kom fram í umr. um málið veturinn 1972—1973 að slíkar athuganir höfðu verið gerðar hér í Reykjavík, en að ég hygg ekki utan Reykjavíkur. Er því ástæða til að ætla að t. d. með fastan starfskraft hefði verið mögulegt að rn. gerði sér grein fyrir því, hver er áætluð heildarþörf í þessum efnum. Enn fremur vil ég minna á breytt viðhorf til þessara mála, — þau eru að þróast í það að verða, eins og ég sagði, mannréttindi sem fólk á kröfu á, hvort þau mundu ekki breyta áætlunum um þörf fyrir slíkar stofnanir. Augljóst er að það hljóta þau að gera og áætlanirnar verða mjög mismunandi eftir því hvort eingöngu er litið á einstæða foreldra, námsfólk og þá sem hafa sérstakar aðstæður eða hvort litið er á sviðið í heild.

Ég vona að hæstv. menntmrh. geti veitt upplýsingar um þau mál sem spurt er hér um í fjórum liðum.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Hv. þm. spyr hér um dagvistunarheimilin. **Spurningin er í fjórum liðum og skal ég reyna að** svara henni lið fyrir lið.

Fyrst: Hvaða dagvistunarheimili hafa hlotið byggingar- og rekstrarstyrki samkv. lögunum? **Á landinu öllu eru nú starfandi 76 dagvistarheimili sem njóta rekstrarstyrkja skv. lögum nr. 29 1973 og eru þau í 33 sveitarfélögum. Dagheimilin eru 28, skóladagheimilin 3 og leikskólar 45. *Dagvistarheimili á eftirfarandi stöðum hafa hlotið* rekstrarstyrk, eitt á stað nema annars sé getið: Akureyri 3, Akranes 2, Borgarnes, Egilsstaðir,** Eskifjörður, Flateyri, Garðahreppur, Hafnarfjörður 3, Hellissandur, Húsavík, Höfn í Hornafirði, **Hveragerði, Ísafjörður, Keflavík 2, Kópavogur 3,** Krógasel, Hábæ 28, Reykjavík, Mosfellssveit, Neskaupstaður, Ólafsvík, Ólafsfjörður, Ós við Dugguvog, Reykjavíkurborg 32, Sauðárkróku, Selfoss, Seltjarnarnes, Seyðisfjörður, Siglufjörður, Stykkishólmur, Suðureyri, Vestmannaeyjar 3, Ytri-Njarðvík, Æsufell 2—6, Reykjavík, Blönduós, Dalvík, *Hálsakot, Bergstaðastræti 81, Reykjavík.*

Fyrsta heila árið eftir gildistöku laganna, árið 1974, greiddi ríkissjóður vegna rekstrar heimilanna um 79 millj. kr, en af þeirri fjárhæð voru 23 millj. kr. fyrirframgreiðsla vegna ársins 1975. Ein umsókn um rekstrarstyrk frá Kvenfélaginu Gefn í Garði hefur ekki verið afgreidd.

Stofnkostnaður: 39 dagvistarheimili hafa nú verið tekin á fjárlög. Árið 1974 voru í fjárlögum 40 millj. kr. vegna stofnkostnaðar dagvistar**heimila samkv. 12. gr. laga nr. 29 1973. Greiðsla** heimila samkv. 12. gr. laga nr. 29 1973. reiðsla á árinu nam 30 millj. kr. Á fjárlögum 1975 eru 60 millj kr. veittar til stofnkostnaðar. Þegar hafa 40 millj. kr. verið greiddar 1975.

Þessir aðilar hafa fengið greiddan byggingarstyrk á árunum 1974 og 1975: Akureyri, Borgar**nes, Hafnarfjörður, Húsavík, Kópavogur, Ólafsvík,** Byggingarfélag atvinnuhúsnæðisstjóra, Reykjavík, **Æsufell 4 og 6 í Reykjavík, Reykjavíkurborg, Sauð**árkrókur, Seyðisfjörður, Siglufjörður, Vatnsleysustrandarhreppur, Garðahreppur, Borgarsjúkrahús, Áhugafélag, Hábæ 28, Reykjavík, Skagaströnd, Bíldudalur.

Allar umsóknir, sem hafa uppfyllt skilyrði laga nr. 29 1973 og reglugerðar nr. 128 1974 og menntmrn. hefur mælt með, hafa verið teknar í fjárlög. Vegna fjárlaga 1976 liggja nú fyrir beiðnir um þátttöku ríkisins í byggingu 10 nýrra heimila, sem rn. hefur mælt með fjárveitingu til. Það eru Búðahreppur, Egilsstaðir, Grundarfjörður, Hálsakot, Bergstaðastræti 81, Reykjavík, Ísafjörður, Ólafsfjörður, Reykjavík vegna Krummahóla, Patreksfjörður, Tálknafjörður, KFUM og KFUK í Reykjavík.

Þá er önnur spurning: „Hversu mörg börn geta þessi heimili (dagheimili, skóladagheimili og leikskólar) vistað?“

Svarið er: Heimilin gátu alls vistað við síðustu áramót: dagheimili 1 398 börn, leikskólar 3 144 börn, skóladagheimili 68 börn. Rétt er að geta þess, að mikið vantar víðast hvar á að heimilin geti tekið við öllum þeim börnum sem dagvistar er óskað fyrir.

Þá er *þriðja spurningin: „Hefur menntmrn.* í þjónustu sinni sérmenntaðan starfsmann til að fjalla um dagvistunarmál, eins og fyrir er mælt í umræddum lögum?“

Í 16. gr. laga nr. 29 1973, um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistunarheimila, segir: „Rn. skal hafa í þjónustu sinni starfsmann, sem lokið hefur námi í Fósturskóla Íslands eða í sambærilegum skóla og hlotið framhaldsmenntun. Auk þess skal hann hafa reynslu í uppeldisstarfi. Þessi starfsmaður skal athuga allar umsóknir um húsaskipan og rekstur dagvistunar*heimila, áður en leyfi er veitt. Ber honum að* hlutast til um að fullnægt sé öllum ákvæðum sem lög þessi og reglugerðir mæla fyrir um varðandi byggingu og rekstur dagvistunarheimila. Hann skal vera stjórnendum dagvistunarheimila til ráðuneytis um starfsemi heimilanna og annast eftirlit með þeim.“

Í samræmi við þetta auglýsti rn. stöðuna lausa til umsóknar og réð síðan til starfans Svandísi Skúladóttur fóstru frá ársbyrjun 1974, en hún hefur til viðbótar fóstrumenntun hér stundað framhaldsnám í Danmörku og víðar.

Þá er *fjórða spurningin: „Hefur verið gerð* áætlun um heildarþörf fyrir dagheimili í landinu miðað við að fullnægja þörfum einstæðra foreldra og námsfólks og tryggja öðrum foreldrum jafnan rétt og aðstöðu til að starfa utan heimilis, ef þeir þurfa þess eða óska?“

Svarið er á þessa leið: Könnun á heildarþörf fyrir dagvistarheimili yfir landið allt hefur ekki verið gerð, en tvímælalaust er æskilegt að gera slíka könnun. Frumkvæðið um stofnun sjálfra heimilanna er í höndum sveitarfélaga og áhugahópa. Í nokkrum sveitarfélögum hefur verið gerð slík könnun, t. d. í Reykjavík, Kópavogi og Borgarnesi, sem rn. er kunnugt um. Rn. telur hins vegar æskilegt að gerð verði samræmd könnun á þessu efni um land allt og mun leita eftir samstarfi við Samband ísl. sveitarfélaga um það mál.

Þá hef ég svarað, eftir því sem ég tel nú unnt í fyrirspurnatíma, þeim spurningum sem fram

hafa verið bornar. En ég vil einnig geta þess, vegna þess að þetta mál er þýðingarmikið og eðlilegt að menn vilji fylgjast með framvindu **þess, þm. og aðrir, að í fréttabréfi menntmrn. nr. 6, sem út kom 5. febr. s. l., eru gefnar upplýsingar** um þetta mál á bls. 5—9, að ég ætla nokkru mikið fyllri en þær sem ég hef getað gefið sem svar við þessum fyrirspurnum. Ég vil benda hv. þm. öðrum, sem áhuga hafa á að kynna sér þetta nánar, á þessar upplýsingar í fréttabréfi rn. nr. 6 frá í febr. Ég hef raunar með mér eintak sem ég skal afhenda fyrirspyrjanda.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Það er vissulega þarft að gera úttekt á þessum málum til þess að sjá hvernig þau standa eftir gildistöku laganna, en það var það sem vakti fyrir hv. fyrirspyrjanda, og ekki skal ég draga úr nauðsyn þess að fá yfirlit um hvað gert hefur verið. **Hins vegar get ég ekki látið hjá líða að lýsa yfir** þeirri skoðun minni, að það þarf ekki ítarlega úttekt til þess að gera sér grein fyrir, að þessi mál eru nú á hraðri niðurleið. Í tíð vinstri stjórnarinnar var gert stórátak í málefnum dagvistunarheimila. Með lögum um hlutdeild ríkisins í rekstri og byggingu þeirra var Ísland komið í fremstu röð Norðurlanda varðandi lögbundin framlög til þessara mála, en þau höfðu áður verið hér á landi í algeru lágmarki. Það er auðséð **á fjárlagafrv., sem lagt hefur verið fram, að** stórfelld hætta er á að stórlega muni draga úr áframhaldandi uppbyggingu þessara heimila. Hér varðar mestu að framlög til stofnkostnaðar hafa verið stórlega skert.

Í fyrra voru veittar 60 millj. eða rétt rúmlega það til stofnkostnaðar, en í fjárlagafrv. fyrir árið 1976 er þessi upphæð 68 millj. 400 þús. kr. Þetta er ekki hækkun, eins og gefið er í skyn í fjárlagafrv., heldur bein lækkun. Til þess að ná jafngildi í framkvæmd ætti upphæðin í fjárlög**um nú að vera 87 millj. Hér er því um lækkun** að ræða sem nemur 18.6 millj. kr. ef reiknað er í beinhörðum peningum. Það vantar því talsvert á að haldið verði í horfinu, hvað þá að stefnt sé að aukinni sókn. Það vantaði talsvert á að dagvistunarheimili, sem sóttu um ríkisframlög til bygginga í fyrra, fengju þá upphæð sem þau sóttu um. Til samanburðar má geta þess, að árið 1974 var öllum umsóknum fullnægt, en framlög til þeirra heimila, sem fengu framlög á **s. l. ári, voru svo skert að þau eru enn á undir**búningsstigi. Eins og kom fram í ræðu hæstv. menntmrh., liggja nú fyrir 10 nýjar umsóknir. Afleiðingarnar verða, auk þess að stórlega mun draga úr byggingaframkvæmdum, jafnframt þær að ríkið safnar löngum skuldahala sem erfitt **verður að leysa úr þegar að skuldadögum kemur.** Hvað sá skuldahali verður orðinn langur um áramót, veit ég ekki, þar sem ég hef ekki séð sundurliðaðar umsóknir, en fróðlegt hefði verið að fá það upplýst hjá hæstv. ráðh.

Í lokin vil ég aðeins taka undir orð hv. fyrirspyrjanda og minna á markmiðsgrein laganna um dagvistunarheimili. Þar var mótuð sú framtíðarstefna að öll börn ættu kost á að njóta dvalar á dagvistunarheimilum ef þess væri óskað. Þau hafa mikilvægu uppeldishlutverki að gegna við hlið heimilanna, og það sjónarmið var viðurkennt á Alþ., þegar lögin voru samþykkt, að nægur fjöldi dagvistunarheimila væri eitt stærsta skrefið í átt til jafnréttis kynjanna.

Ég vil því eindregið vara við að afturför verði í þessum efnum.

Fyrirspyrjandi (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir mjög greinargóð og skýr svör við þeim spurningum sem fyrir hann voru lagðar. Það var að sjálfsögðu ástæða fyrir því að þessar spurningar voru lagðar fram, og hún kemur fram í þeim ályktunum sem menn draga af svörunum. Sjálfur lét ráðh. fylgja með eina eða tvær setningar á þá leið, að mikið vantaði á að hægt væri að taka við öllum þeim börnum sem óskað er um rúm fyrir á dagvistunarheimilum. Þessi viðurkenning hans gefur glögga innsýn í það, sem raunar kom frekar fram hjá síðasta ræðumanni, að það vantar töluvert mikið á að þróunin í þessum málum sé með æskilegu móti eða í samræmi við það sem til var ætlast með lögunum. Hér er um að ræða eitt af raunhæfustu réttindamálum kvenna, og það er nú komið í ljós að á sjálfu kvennaárinu fer stöðu okkar íslendinga í þessu máli ört hrakandi. Vænti ég að hæstv. ríkisstj. og stuðningsmenn hennar íhugi þessa hlið málsins.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Ég vil taka undir það, sem hér hefur komið fram, að hér er um mikið nauðsynjamál að ræða og ekki óeðlilegt að það komi upp nú á hinu blessaða kvennaári, þegar allt á að gera konum í vil. En ég hnaut ofurlítið um staðhæfingu hv. 5. landsk., Svövu Jakobsdóttur, þegar hún talaði um það stórátak sem vinstri stjórnin hefði gert í þessum málum. Sannleikurinn var sá, og það á vinstri stjórn þakkir skilið fyrir, að hún kom í gegn þessari löggjöf sem var á allan hátt þörf og eðlileg. En framkvæmd þessara laga var, eins og við munum öll sem fylgdumst með þessum málum, í mjög svo smáum stíl. Ég man ekki betur en fyrsta árið eftir að lögin tóku gildi væru veittar 4 millj. fyrir allt landið, á meðan **Reykjavíkurborg ein varði um 50 millj. kr. til** þessara þarfa.

Ég vil eindregið taka undir ummæli um þörf þessara stofnana. Reykjavíkurborg hefur hér riðið á vaðið eðlilega, því að hér hefur þörfin verið mest. En ég tók eftir því í skýrslu ráðh. að í æ vaxandi mæli sækja staðir úti á landi um þessa aðstoð. Þar er þörfin, að ég hygg, ekki síður brýn og full ástæða til að gera sér grein fyrir þörfum þeirra kvenna úti um land sem vinna að framleiðslustörfum og þurfa að vera daglangt burtu frá heimilum sínum og eru margar hverjar illa settar vegna skorts á barnagæslu.

Ég vil því heils hugar taka undir að aukið framtak á þessu sviði á fullan rétt á sér. Ég sé ekki að þessi fjárveiting í fjárlagafrv. sé í ósamræmi við frv. í heild. Það hafa minnkað fjárveitingar til opinberra framkvæmda, til barnaheimila sem annarra. Við hægjum á okkur í bili. En **ég vil eindregið vona, að síðar, þegar við réttum úr kútnum efnahagslega, getum við gert betra og meira átak fyrir landið allt í þessum efnum.**

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Aðeins örfá orð til þess að leiðrétta misminni hv. síðasta ræðumanns, Sigurlaugar Bjarnadóttur. Árið 1974 voru veittar rúmar 80 millj. til þessara mála, þar af fóru 40 millj. í byggingarkostnað. Árið þar á undan, 1973, áður en lögin komu til framkvæmda, var upphæðin komin upp í 12 millj., sem er afleiðing af tillögu, sem ég flutti þá við afgreiðslu fjárlaga, síðla árs 1972. Þar áður, áður en vinstri stjórnin fór að hafa áhrif á gang þessara mála, er hugsanlegt að hægt sé að tala um 1, 2 eða 3 millj. og ekki meira.

Vilborg Harðardóttir: Hv. þm. Aðeins smáathugasemd. Það er mikið talað um kvennaárið og þetta sé réttindamál kvenna. Mig langar að leiðrétta þann misskilning. Hér er um að ræða jafnréttismál barna. Það er réttindamál allra foreldra að koma börnum sínum á barnaheimili og það er fyrst og fremst jafnréttismál barna að þau eigi öll sama aðgang að barnaheimilum. Þetta vil ég biðja hv. þm. að taka til athugunar.

Verðlagsbrot í útreikningi ákvæðisvinnu í byggingariðnaði, fsp. (þskj. 17). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Fimmtudaginn 9. okt. s. l. greindi eitt dagblaðanna frá því, að nú í sumar hafi verðlagsráð látið fram fara rannsókn á uppmælingatöxtum iðnmeistara í byggingariðnaði og hafi sú rannsókn leitt í ljós að um nokkurra ára skeið hafi verið vitað um gróf verðlagsbrot við útreikninga á uppmælingarverði. Daginn eftir, hinn 10. okt., sendi verðlagsstjóri út fréttatilkynningu þar sem frétt þessi var staðfest og m. a. sagt að verðlagsbrot við útreikning á launatengdum gjöldum varðandi ákvæðisvinnu byggingariðnaðarmanna samsvöruðu rúmlega 1% of hárri álagningu húsasmíðameistara og rúmlega 4% of hárri álagningu iðnmeistara í múrverki, málun, pípulögn og dúklögn.

Ekki var þess getið í fréttatilkynningunni, hvaða atriði það væru sem væru ranglega reiknuð varðandi útreikning uppmælingataxtanna né heldur hve miklar fjárhæðir hér gæti verið um að ræða sem ranglega hefðu verið hafðar af húsbyggjendum. Ég hef hins vegar kannað þetta mál nánar og aflað mér gagna þar um sem ná allt aftur til ársins 1973. Ég tel bæði rétt og eðlilegt að gera nokkra grein fyrir niðurstöðum þeirra athugana í örstuttu máli, þar sem ég hef öruggar heimildir fyrir því að þar er um sömu atriði að ræða og verðlagsnefnd komst að niðurstöðu um að verðlagsbrot hafi verið framin gagnvart. Þar sem hér er um að ræða mál, sem snertir hagsmuni mjög stórs hóps manna í þjóðfélaginu, tel ég rétt að þessi atriði séu rakin opinberlega frekar en gert hefur verið.

Eins og kunnugt er, þá er reiknuð út sérstök **viðmiðunartala, svonefnt einingarverð, sem lagt** er til grundvallar við útreikning á ákvæðisvinnu í byggingariðnaði. Þetta einingarverð, sem er nokkurs konar grunnkaup ákvæðisvinnutaxtans, er síðan vegið með kaupgreiðsluvísitölu á sviþaðan hátt og almennt grunnkaup og niðurstaðan svo notuð sem margfeldistala með útreiknuðum tímaeiningum til þess að finna mælingarverðið, þ. e. a. s. það verð sem húsbyggjandanum er ætlað að greiða sem ákvæðisvinnuverð fyrir verkið, en ofan á það verð, mælinguna sjálfa, bætast svo launatengd gjöld og svonefnt meistaraálag sem á að vera 10% ofan á heildarupphæðina. Samkvæmt upplýsingum Kjararannsóknarnefndar er við útreikninga á einingarverði tekið tillit til grunnkaups og hækkana á því, til fæðis og flutningsgjalds, til verkfæragjalds og til 3% álags vegna helgidaga. Öll þessi gjöld eru því innifalin í hinu svonefnda einingarverði sem liggur til grundvallar útreikningi á mælingarverðinu, þ. e. a. s. ákvæðisvinnunni fyrir utan launatengd gjöld.

Í útreikningi Meistarasambands byggingarmanna á uppmælingartöxtum, sem ég hef undir **höndum, eru helgidagar hins vegar reiknaðir sem sérstakur álagsliður ofan á grunntölumælingar,** sem 3.1% af mælingarverðinu. Hér er sem sé um það að ræða að húsbyggjandi er tvívegis rukkaður um sama álagsliðinn, fyrst í einingarverðinu, sem liggur til grundvallar mælingarkostnaðinum sjálfum, og síðan er þessi sami álagsliður innheimtur aftur með því að gert er ráð fyrir honum sérstaklega í útreikningi á launatengdum gjöldum. Í annan stað er við útreikning á launatengdum gjöldum lagt á og innheimt af húsbyggjanda iðnaðargjald sem talið er vera 0.2% af **mælingu, orlofi, veikindadögum og helgidögum.**

Í fyrsta lagi er þetta gjald því lagt á lið sem þegar hefur verið tvíreiknaður í mælingarverðinu, þ. e. a. s. helgidagaliðinn.

Í öðru lagi er hér um að ræða gjaldheimtu sem ekki á nokkra stoð í lögum, því að reglugerð nr. 90 frá 1966, um iðnaðargjald, er skýrt tekið fram að húsbyggingar og önnur mannvirkjagerð svo og endurbætur og viðhald slíkra mannvirkja séu undanþegin iðnaðargjaldi. Hér er húsbyggjanda sem sé gert að greiða til iðnmeistara í uppmælingarverði gjald sem fært er sem opinbert skattgjald, en er algerlega óheimilt að krefja húsbyggjanda um og iðnmeistari þarf ekki að **standa skil á til þeirra aðila sem gefið er í skyn að gjaldið sé innheimt fyrir.**

Í þriðja lagi er við útreikning á launatengdum gjöldum í ákvæðisvinnu vegna uppmælingar gert ráð fyrir að húsbyggjandi greiði 6% framlag í lífeyrirsjóð af samanlagðri reikningsupphæð fyrir mælingu, orlof, veikindadaga og helgidaga. Hér er um að ræða algerlega óleyfilega gjaldtöku, þ. e. lífeyrisframlag á ekki að greiðast í þessum mæli af samtölu allra þessara útgjaldaliða. Aðeins er heimilt að leggja á þessa samtölu 4.5% í lífeyrissjóðsgjald. Þarna munar því 1.5% stigi, sem er ofreiknað.

Þetta voru þau þrjú atriði sem verðlagsráð gerði aths. við í sambandi við útreikninga á uppmælingarverði og leiddu til þess að verðlagsráð áætlar að á undanförnum árum hafi álagning iðnmeistara farið frá 1.1% upp í 4.3% fram yfir leyfileg mörk. Öll kurl eru samt sem áður ekki til grafar komin. Það, sem hér hefur verið sagt, á við um alla uppmælingarútreikninga þeirra iðnstétta í byggingariðnaði sem að framan hefur verið getið. Ég hef hins vegar í höndunum sannanir fyrir því, sem einnig ná aftur til ársins 1973, að fleiri verðlagsbrot hafa verið framin

en hér hefur komið fram. Mér er kunnugt um, að verðlagsráð veit af þessu, en hefur ekki tekið það með í niðurstöðum sínum, þar sem ekki liggur ljóst fyrir í hve miklum mæli þau verðlagsbrot hafa verið stunduð. Sem dæmi um þau verðlagsbrot, sem ég hér nefni og verðlagsnefnd hefur ekki í niðurstöðum sínum þótt henni sé um þau kunnugt, má nefna að ég hef í höndum afrit reikninga allt aftur til ársins 1973, þar sem svonefnt endurskoðunargjald er innheimt sérstaklega sem 2% álag á samtölu uppmælingarverðs, enda þótt þegar sé búið að taka tillit til þess í launatengdum gjöldum við þann útreikning. Hér er sem sé á ferðinni eitt dæmið enn þar sem húsbyggjanda er gert að greiða tvívegis sama gjaldið.

Þetta og annað þessu líkt hefur verið hægt að framkvæma af tveimur ástæðum:

Í fyrsta lagi vegna þess að útreikningar á uppmælingarverði eru svo flóknir að það er ekki á færi almennra húsbyggjenda að gera sér fyllilega grein fyrir því hvernig þeir eru fengnir.

Í annan stað vegna þess að húsbyggjandinn fær ekki í hendur nákvæma sundurliðun á því hvernig útreikningarnir eru gerðir og er því hægt að innheimta tvívegis af honum sama gjald, eins og gert hefur verið, án þess að vekja grunsemdir hans.

Séu öll þau tilbrigði verðlagsbrota, sem ég hef nú nefnt, ásamt þeim öðrum sem mér er **um kunnugt, notuð til fullnustu lætur nærri að** hin óleyfilega álagning, sem innheimt er í sambandi við uppmælingarnar, geti numið allt að 8% **í stað þeirra rösku 4%, sem verðlagsnefnd getur** um í fréttatilkynningu sinni. Það gefur auga leið að verðlagsbrot, sem hafa verið stunduð um talsvert margra ára skeið með þessu móti, hafa kostað íslenska húsbyggjendur: einstaklinga, stofnanir og fyrirtæki, hundruð milljóna. Það er ekki nokkur lífsins leið fyrir mig eða þá, sem ég hef reynt að hafa samband við út af þessu máli, að gera sér grein fyrir hversu mikið hér getur verið um að ræða. Við skulum aðeins taka lítið dæmi og læt ég það verða mín lokaorð þegar ég mæli fyrir þessari fsp.

Gerum ráð fyrir að iðnsveinn, sem vinnur hjá húsasmíðameistara, hafi 1.5 millj. kr. í tekjur á ári. Ofan á það má meistarinn, múrarameistarinn eða iðnmeistarinn, leggja 40%, og ofan á það, samtölu þess, má hann svo leggja 10%, **þannig að gjöldin, sem húsbyggjandinn þarf** að greiða fyrir þessa vinnu, eru þá komin upp í 2.3 millj., þ. e. a. s. þá er með óleyfilegum hætti fyrir vinnu þessa eina iðnsveins búið að hafa af viðkomandi húsbyggjanda frá 92 þús. kr. og upp í 184 þús. kr. með óleyfilegum hætti.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þær fsp., sem hér er um að tefla, eru þessar:

„1. Eru einhverjar aðgerðir fyrirhugaðar til þess að tryggja og auðvelda húsbyggjendum að fá endurgreiddar þær fjárhæðir sem verðlagsráð hefur nýlega upplýst að óleyfilega hafi verið af þeim hafðar með röngum útreikningum á launatengdum gjöldum vegna ákvæðisvinnu iðnmeistara?“

Svarið er: Að lokinni athugun verðlagsskrifstofunnar á útreikningum seldrar ákvæðisvinnu ýmissa iðnmeistara og að lokinni athugun hjá viðskrn. hefur verðlagsstjóri kært málið til saksóknara ríkisins sem tekur frekari ákvarðanir um framhald málsins. Væntanlega fer fyrst fram rannsókn fyrir dómi og að henni lokinni verður svo tekin ákvörðun um það, hvort mál verður höfðað á hendur þeim sem kærðir verða, en hér getur þurft að greina á milli einstakra aðila og svo aftur stjórnar félaga og stjórnar sambands sem fyrst og fremst fer með útreikninga af þessu tagi. Verði sök sönnuð í máli, þá ætti að skapast grundvöllur til að byggja á endurkröfu vegna oftekinnar greiðslu fyrir ákvæðisvinnu. Það munu nú vera fyrir hendi gögn sem hægt er að reikna slíkar kröfur út eftir, en þó er hér um umfangsmikinn útreikning að tefla. Það verður að gera ráð fyrir því, að hver sem endurgreiðslu krefst hefjist sjálfur handa um innheimtu hennar, en líklegt er, að ef til slíks kæmi, þá mundi verða rekið það sem kallað er prófmál í þessu sambandi og yrði þá væntanlega gjafsókn veitt til þess að reka það mál og á þann veg greitt fyrir því að hlutaðeigandi gæti komið fram þeirri endur**greiðslukröfu sem hann telur sig eiga.**

Í öðru lagi er spurt:

„Verða gerðar einhverjar sérstakar ráðstafanir af hálfu verðlagsyfirvalda til þess að tryggja betur en gert hefur verið að alvarleg verðlagsbrot af þessu tagi eigi sér ekki stað?“

Svar: Verðlagsskrifstofan mun að sjálfsögðu leitast við að koma í veg fyrir hvers konar verðlagsbrot hér eftir sem hingað til og kæra þau brot sem upp komast. En eins og hv. fyrirspyrjandi gerði grein fyrir, þá eru þessi brot — meintu brot, skulum við segja — sem þarna er um að tefla fólgin í þessum þremur liðum sem hann drap á, þ. e. a. s. helgidögum, sem eru tvíreiknaðir, í þessu iðnaðargjaldi og í því að lífeyrissjóðsgjöld hafa verið reiknuð hærra en verðlagsstjóri telur rétt vera. Þessum útreikningum er þannig háttað að það er engan veginn auðvelt fyrir aðila á verðlagsskrifstofu að sjá að þannig hafi verið farið að, a. m. k. í sumum tilfellum, og það er auðvitað lengi hægt, ef vilji er til að fremja brot, að gera það. En við sérstaka athugun, sem fór fram á þessu nú í sumar, taldi verðlagsstjóri sig komast að því að þarna hefðu þessi meintu brot átt sér stað. En það er að sjálfsögðu verðlagsstjóri og verðlagsskrifstofan sem annast verðlagseftirlitið, en aftur á móti ekki verðlagsnefnd. Hún hefur ekkert um það að segja. Þess vegna er aldrei hægt að gefa neina tryggingu fyrir því að ekki komi til þess að brot séu framin. En auðvitað er mikilvægt, eins og sést á þessu dæmi, að reynt sé að fylgjast sem best með í þessum efnum, en eftir því sem næst verður komist virðist mega rekja þessa aðferð allt aftur til ársbyrjunar 1972.

Eins og ég sagði, þá er þetta mál þannig vaxið að þó að það hefði út af fyrir sig mátt kæra það til verðlagsdóms, þá hefur þótt eftir atvikum réttast að kæra það til saksóknara og láta það fara þangð. Verður síðn að sjá hver niðurstaða fæst af meðferð þeirri sem hann tekur ákvörðun um.

Fyrirspyrjandi (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans og lýsa því jafnframt yfir að það er mjög ánægjulegt hvernig verðlagsyfirvöld og viðskrn. hafa brugðist við þessu máli. Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðh., að það er ekki auðvelt um vik þegar kemst upp um það eftir þriggja ára tímabil að verðlagsbrot eins og þessi hafa verið framin allan þann tíma. Spurningin, sem almenningur, sem í þessum málum hefur staðið, veltir fyrir sér, er sú: Hvernig get ég fengið hlut minn réttan? — Spurningin, sem verðlagsyfirvöld hljóta að velta fyrir sér, er þessi: Hvernig getum við komið í veg fyrir að þetta geti gerst aftur?

Auðvitað liggur ljóst fyrir að það er mjög óeðlilegt að þeir, sem verkið vinna, reikni út sjálfir þau laun sem þeir ætla sér fyrir verkið. Þess vegna væri e. t. v. ástæða til þess í sambandi við 2. lið fsp. minnar að beina þeim tilmælum til hæstv. ráðh., hvort hann vildi ekki beita sér fyrir því að athugun yrði gerð á því á vegum viðskrn. eða verðlagsyfirvalda hvort ekki væri rétt að hafa t. d. þann hátt á í sambandi við útreikninga á uppmælingarvinnu að þeir útreikningar yrðu að vera staðfestir af einhverjum opinberum aðila, þannig að húsbyggjandi gæti treyst á að það væri a. m. k. rétt reiknað.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Til þess að ekki valdi misskilningi og ekki verði aðrir bendlaðir við þau verðlagsbrot, sem hér hafa verið rædd, en þeir sem sekir kunna að vera, þá vil ég aðeins undirstrika alveg sérstaklega að þessi brot snerta á engan hátt iðnsveina í byggingariðnaði. Hér er eingöngu og alfarið um að ræða þátt iðnmeistara í byggingarkostnaði. Hér er um að ræða að of hátt hafi verið reiknaður sá hluti byggingarkostnaðar sem er álagning iðnmeistara á vinnu iðnsveina. **Ég hef nokkuð orðið var við misskilning í þessu efni, að iðnsveinar séu nefndir í þessu sambandi, og vildi leggja áherslu á að hið rétta komi fram í málinu, að hér er um að ræða mál iðnmeistara, en ekki iðnsveina.**

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. **Ég held að það hafi ekki komið fram hér neitt um** að iðnsveinar væru bendlaðir við þetta. En út frá því, sem hv. fyrirspyrjandi skaut til mín, vil ég segja það sem mína persónulegu skoðun að ég tel þetta fyrirkomulag á útreikningi, sem tíðkast hefur, mjög óheppilegt. Ég vil sjá hvaða niðurstöður verða af þessari rannsókn, áður en ég tjái mig frekar um það hvort ég treysti mér til að hafa frumkvæði um að breytt verði til í þessu efni. Það er e. t. v. ekki eins einfalt og fljótt á litið gæti virst, vegna þess að hér er um að ræða fyrirkomulag sem hefur staðið lengi.

Sameinað þing, 6. fundur.

Þriðjudaginn 21. okt., að loknum 5. fundi.

Sveitavegir á Austurlandi, þáltill. (þskj. 21). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Viðgerðar- og viðhaldsaðstaða flugvéla á Keflavíkurflugvelli, þáltill. (þskj. 25). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Efri deild, 8. fundur.

Miðvikudaginn 22. okt., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 21. okt. 1975.

Þar sem Eggert G. Þorsteinsson, 4. landsk. þm., dvelst nú í sjúkrahúsi skv. læknisráði og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður landsk. þm. Alþfl., Bragi Sigurjónsson bankastjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans.

Gylfi Þ. Gíslason,
formaður þingflokks Alþfl."

Kjörbréf Braga Sigurjónssonar hefur þegar verið samþ. og býð ég hann velkominn til starfa.

Skólaskipan á framhaldsskólastigi, þáltill. (þskj. 20). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Olíusjóður fiskiskipa, þáltill. (þskj. 24). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Heilbrigðisþjónusta á Vestfjörðum, þáltill. (þskj. 19). — Ein umr.

Flm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Ég flyt hér þáltill. um heilbrigðismál og er það gert m. a. vegna þess að fyrir liggur að endurskoða þessi lög nú í vetur. Ég vil byrja á því að lesa það yfir sem hér stendur, en mun að því búnu **reifa þetta mál nokkuð. Till. hljóðar svo, með** leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að sjá um að við þá endurskoðun, sem nú stendur yfir á heilbrigðislöggjöfinni, skuli ákveðið að læknir hafi búsetu á Suðureyri við Súgandafjörð, á Bíldudal í Arnarfirði, á Reykhólum í Austur-Barðastrandarsýslu og í Árneshreppi í Strandasýslu.

Greinargerð:

Með lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 56/1973, er í 1. gr. l. útskýrt markmið þeirra og verður að telja að það hafi verið óviljaverk að l. ná ekki tilgangi sínum. Þar segir svo:

„Allir landsmenn skulu eiga kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma eru

tök á að veita til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði."

Samgöngur yfir vetrartímann valda því að þeir staðir, sem taldir eru upp í ályktun þessari, eru algjörlega útundan hvað öryggi í heilbrigðisþjónustu snertir þann tíma ársins sem akvegir eru lokaðir.

Á þessum stöðum er um afturför að ræða á sviði heilbrigðismála og blasir sú staðreynd við að fólk flytur burt sem ella hefði unað þar **hag sínum. Hvort hafa beri H-1 heilsugæslu**stöðvar á þessum stöðum eða fjölga læknum á þeim heilsugæslustöðvum sem fyrir eru, en láta **nægja að setja búsetuskilyrði, er svo matsatriði í hverju tilfelli.**

Ekkert er þó því til fyrirstöðu að nýta starfskrafta þessara manna til þjónustu stærra svæðis þann tíma sem samgöngur eru viðunandi, en það er á þeim tíma sem sumarleyfi ganga yfir og gæti því verið hagkvæmt.

Nú hafa þær fréttir borist að meira framboðs sé að vænta af læknum en verið hefur, og vekur það vonir um að auðveldara verði að fá lækna til starfa í dreifbýlinu. Sú breyt., sem hér er lögð til, bætir til muna starfsskilyrði þeirra og leggur þeim hóflegri kröfur á herðar til ferðalaga. Þar sem endurskoðun heilbrigðislaganna hefst núna á næstunni er eðlilegt að Alþ. taki afstöðu til þess hvort 1. gr. þeirra heilbrigðislaga, sem nú eru í gildi, eigi við landið allt.

Nú er það von mín að Alþ. taki ábyrga afstöðu til þessara mála, en varði ekki veg nýrrar heilbrigðislöggjafar með dauðsföllum af hennar völdum."

Ég veit að það verður á mig borið að flytja hér till., sem stuðlar að því að auka ríkisútgjöld og í ljósi þess verður hún e. t. v. skoðuð á þessum erfiðu tímum. En ég get ekki látið hjá líða að rekja það að nokkru að baráttan fyrir því að heilbrigðisþjónusta sé viðunandi þar vestra er ekki ný.

Mín heimabyggð, Súgandafjörður, hafði um langt árabil orðið að lúta því að héraðslæknirinn var staðsettur í Önundarfirði. Ég vil geta þess, svo að menn geri sér grein fyrir þeirri alvöru sem því fylgir fyrir þann mann sem gegnir því starfi, að hann er skyldugur að lögum að vitja sjúklings ef líf liggur við og þá er ekki um annað að gera en að fara.

Ömmubróðir minn gerði það eitt sinn í illviðri miklu að fara yfir þann fjallveg sem þarna er á milli, svokallaða Klofningsheiði. Læknir sagði að hann gæti ekkert gert fyrir þennan sjúkling og hann skyldi bara fara sjálfur til baka. En hinn kvaðst ekki mundu fara heim, heldur þá beint á sýslukontórinn á Ísafirði og kæra hann fyrir að mæta ekki. Þeir fóru saman yfir fjallið og sjúklingurinn dó. Mat læknisins var rétt, en hann þakkaði honum fyrir að hafa beitt hann slíkri hörku.

Seinna höfum við um alllangt árabil átt því láni að fagna að héraðslæknir bjó í Súgandafirði. Það er örasta uppbyggingarskeið fjarðarins, og það er engin tilviljun að það mál að koma þar upp læknisbústað og koma þar upp sjúkraskýli átti meiri forgangi að fagna heima í byggðarlaginu en nokkurt annað. Þessi hús standa nú án þess að þau séu notuð nema stuttan tíma, þann tíma sem við fáum mann frá Ísafirði til að gegna þessum störfum. Mikinn tíma ársins er þar um það að ræða að við verðum að fara með snjóbíl yfir heiðina ef við ætlum að ná í menn úr öðrum byggðarlögum.

Snjóbíll er auðvitað farartæki sem kemst sína leið þó að snjór sé yfir. En það getur verið spauglaust að rata yfir þennan fjallveg þegar veðurhæðin er kannske orðin slík að togaraflotinn allur er kominn að landi út af Vestfjörðum, og því miður hafa gerst alvarlegir atburðir í þessum snjóbíl á leiðinni yfir fjallið með menn sem verið var að flytja, konu í barnsnauð.

Ég held þess vegna að þó að tímar séu erfiðir, þá beri að skoða af fullri alvöru hvort það sé ekki á einhverjum sviðum öðrum sem við verðum að spara.

Hinir staðirnir, sem hér eru upp taldir, höfðu einnig sína lækna áður en breyt. gekk yfir. Og ég vil undirstrika það alveg sérstaklega að samgöngum er þannig háttað á þessum stöðum öllum að það er tómt mál að tala um að fólk, sem við alvarlega vanheilsu á að stríða, geti dvalið á þeim allan ársins hring. Þetta hefur haft þær afleiðingar að fólk flytur burt, ekki bara hinn sjúki, heldur að sjálfsögðu þeir sem honum eru nátengdastir. Einnig er annað sem menn verða að horfa á í þessu sambandi. Þeir staðir, sem þannig eru skildir útundan, verða smátt og smátt í vitund fólksins staðir þar sem stjórnvöld hafa ákveðið að koma sér undan að sinna þeirri þjónustu sem alls staðar annars staðar er talin sjálfsögð. Það er þess vegna alveg fráleitt af ríkisvaldsins hálfu að standa samtímis að fjárveitingu t. d. til að byggja þörungaverksmiðju á **Reykhólum, á sama tíma og verið er að svipta** fólkið þar heilsugæslu. Þetta er ekki rökrétt. Það er líka fráleitt að vera að byggja hafnargarða og slíkt á þessum stöðum ef heilsugæsla á ekki þar að vera. Alþ. verður að vera sjálfu sér samkvæmt. Ef það ætlar að leggja þessa staði í eyði, þá verður það að taka þá ákvörðun um það, þora að segja fullum fetum, að það sé reiðubúið að greiða fólki fyrir þær eignir sem þar séu ef það vill flytja burt.

Ég segi hér nokkuð stóra hluti. En ég vil minna á það að 1965 komu norskir sérfræðingar til Vestfjarða. Þeir höfðu það erindi að gera áætlun, svokallaða Vestfjarðaáætlun. Það plagg komst **aldrei fyrir almenningssjónir. Upplagið var brennt** á sínum tíma þar sem þótti mjög hættulegt pólitískt ef það yrði sýnt. Höfuðorsök þess var að þar voru menn sem þorðu — og ég met þá fyrir hreinskilnina — þorðu að halda því fram fullum fetum að sum svæðin ættu að fara í eyði og það ætti að borga fólki búsetustyrk ef það flytti af þeim. Hitt er ræfildómur, hreinn ræfildómur, að auglýsa að það eigi að vera byggð, en vinna svo að því aftur á móti, að hin sama byggð fari í eyði. Nú er það svo með þessa staði, eins og t. d. Arnarfjörðinn, að þetta er einn af mestu og bestu fjörðum Vestfjarða. Þarna hófst þilskipaútgerð vestra. Þarna var eigin peningamynt einu sinni innan þorpsins. Þarna var blómlegt mannlíf með hátt á annað þús. manns. Hvað hefur gerst? Af hvaða orsök**um er það að búið er að leggja þetta í auðn?** Höfuðorsökin liggur í því innlenda sem stað-

sett var hér. Ég segi þetta því ekki til lasts. En hitt er staðreynd, að það var fátæk þjóð sem reyndi á auðveldasta háttinn að leysa sín vandamál. Hún byggði eina stofnun af hverri tegund fyrst og þær voru byggðar hér. Svo var farið að byggja annars staðar upp, en þá var brostinn flótti í byggðina og fólkið var farið áður en röðin kom að fjörðum eins og Arnarfirði. Þess vegna er spurningin sú í dag. Ætlum við að snúa þessu við og byggja þetta upp? Og spurningin gæti verið sú: Höfum við íslendingar efni á því að láta það ógert? — Svo þakka ég fyrir.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Sem formann heilbr.- og trn. þessarar hv. d. langar mig til að segja hér nokkur orð strax, ekki síst vegna þess að flm. mun nú vera á förum af þingi. Hann tók skýrt fram að hann segði mörg stór orð. Það er að visu alveg rétt, en það er ekki neitt nýmæli í sambandi við heilbrigðisþjónustu. Ég vil þó eindregið halda því fram að — ekki síst fyrir dreifbýlið — hafi samþykkt laga um heilbrigðisþjónustu verið mjög mikilvægt skref fram á við og að það sé svolítið erfitt að halda því fram að hún varði veginn dauðsföllum, sú samþykkt.

Ég vil enn fremur taka fram að það verður vafalaust aldrei sem við komumst það langt að hver einasti landsbúi, hvort sem hann býr í Reykjavík eða úti í hinum dreifðustu byggðum, geti fengið þá læknisþjónustu á hverjum tíma sem mundi verða honum hagstæðust og nauðsynlegust. En við vinnum að þessu og þess vegna stendur þetta í heilbrigðislöggjöfinni, að allir menn skuli eiga kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma eru tök á að veita til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði.

En það er með heilbrigðisþjónustuna eins og annað, menn greinir á hvernig beri að framkvæma hana. Sú stefna var tekin upp með setningu nýju heilbrigðislöggjafarinnar, að færa lækna saman, stækka umdæmin í þeim tilgangi að geta veitt landsfólkinu betri þjónustu. Jafnvel þótt einn læknir sé staðsettur í Kjósinni, þá er ekki þar með sagt að hann sé tilbúinn til að veita hverjum kjósaringi læknisþjónustu á þeim tíma sem hann þarf þess frekast með. Hann þarf að fara langar leiðir í læknisvitjun, á meðan er kannske þörf fyrir hann annars staðar og þá er hann ekki viðlátinn. Þetta var ætlunin að fyrirbyggja að mestu með því að hafa tvo eða fleiri lækna í læknamiðstöðvunum, og ekki aðeins það, heldur hafa þar sérhæft starfsfólk með læknunum, hjúkrunarkonur og fleiri aðila er gætu að hluta gegnt störfum þeirra ef þeir væru ekki sjálfir viðlátnir.

Segir það ekki nokkuð um hvað þetta er erfitt mál viðureignar, að þegar þessi lög um heilbrigðisþjónustu voru til umr. í þessari hv. d. 1973, þá viðhafði varamaður Steingríms Hermannssonar einnig stór orð. Steingrímur var þá erlendis í ákveðnum erindagjörðum eins og nú og varamaður hans sagði þá að það væri að berja höfðinu við steininn að ætla sér að hafa læknissetur á Bíldudal. Það er ekki lengra síðan en þetta og þetta var enginn glaumgosi. Þetta var mikill og merkur bóndi og alþekktur hæfileikamaður. Ástæðan var sú, að Bíldudalur var þá búinn að vera læknislaus í 10 ár, og hann hélt því fram að héraðið væri miklu tryggara, miklu öruggara ef það fengi bættar sínar samgöngur ef það fengi öruggan og tryggan aðgang að læknamiðstöð á Patreksfirði, en það væri ekkert öryggi fyrir því, þótt ákveðið yrði um læknissetur að Bíldudal, að þar yrði læknir að staðaldri. Þetta segi ég aðeins til þess að sýna ykkur hve flókið þetta mál er. Þessi orð voru látin falla í tilefni þess, að hæstv. forseti þessarar d., Þorv. Garðar Kristjánsson, hafði hér í d. flutt brtt. við heilbrigðislöggjöfina um að hafa læknissetur á Bíldudal og í Nd. hafði núv. heilbrrh. einnig flutt þessa sömu till. En hún var felld og hún var felld á þessum grundvelli, að það væri meira öryggi að stækka umdæmin, hafa fleiri lækna og fleiri sérmenntaða starfskrafta, heldur en að einn læknir væri í hverju þorpi, með því öryggisleysi sem því var talið fylgja.

Þetta er aðeins til þess að sýna fram á hvað þessi mál eru erfið. Hins vegar hefur það svo skeð, að nú fyrst er hafin mikil uppbygging heilbrigðisþjónustunnar á Vestfjörðum og það er núna einmitt á þessu ári sem hún er fyrst og fremst stórkostleg. Ég man eftir því að 1. þm. Vestf. þá, Steingrímur Hermannsson, gerði fsp. til heilbrrh. um læknisbústað á Hólmavík. Þetta var 1972 eða 1973 og um þetta urðu allmiklar umr. M. a. kom það fram þar, að bremsunefndin svonefnda hér í Reykjavík hafði haldið 16 fundi um málið, en enn þá, þegar þessi fsp. var lögð fram, var langt frá því að búið væri að samþ. bústaðinn. Þarna átti hann að vera í byggingu.

En núna hefur verið hafist handa eins og fram kemur reyndar í samþykkt frá Klúku, eins og flm. kannast við, þar sem vestfirðingar lýsa þakklæti til hæstv. heilbrrh. og þm. kjördæmisins fyrir þær framkvæmdir sem verið sé að byrja á í Vestfjarðakjördæmi. Þetta er víða og stórkostlegar aðgerðir. Það er, eins og við vitum, verið að byggja heilsugæslustöð og sjúkrahús á Ísafirði, verið að byrja á því. Það er verið að byggja læknisbústað á Hólmavík. Það er verið að byggja heilsugæslustöðvar víðar á Vestfjörðum, og þetta eru allt hlutir sem eru að gerast einmitt núna og hafa gerst í tíð núv. ráðh. Þetta þýðir ekki að vestfirðingar séu búnir að fá sína fullkomnu heilbrigðisþjónustu, sem þeir munu fá, vegna þess að það er nú fyrst sem verið er að hefja þessi störf, og það tekur auðvitað sinn tíma að bæta úr þessu.

Sama er um Reykhóla. Stöðinni í Búðardal var breytt í H2, þ. e. í stöð fleiri lækna en eins, einmitt með það í huga að meira öryggi væri fyrir barðstrendinga að fá sína þjónustu frá stórri læknamiðstöð sem hefði sérhæft fólk að staðaldri og engin hætta væri á að það færi frá, heldur en að hafa lækni á staðnum. Um þetta vil ég í sjálfu sér ekki fella neinn dóm, en þessi varð niðurstaðan. Og ég verð að segja það, að ég held að samþykkt heilbrigðisþjónustulaganna hafi fyrst og fremst verið einmitt flýtt eins og gert var vegna dreifbýlisins, til þess að breyta því gamla — sem þeir kölluðu þá — úrelta kerfi héraðslækna yfir í kerfi

heilsugæslustöðva. Það var vitað mál og var vakin athygli á því hér að þetta mundi hafa annmarka í för með sér, og þessir annmarkar eru nú að koma í ljós. En eins og ég sagði fyrr: Við öðlumst aldrei þá heilbrigðisþjónustu að ekki geti það skeð, einkum þar sem einn læknir er starfandi, að hann sé fjarverandi þegar mest þarf á honum að halda. Annað mál er það, að í sambandi við fækkun læknissetra í landinu stendur einnig til og er þegar farið að gera átök í vegagerð og ýmsum öðrum umferðarmálum sem eru stór þáttur orðinn í læknisþjónustunni. Það er ekki litið atriði fyrir súgfirðinga að eiga flugvöll og ekki heldur að hafa góðan snjóbíl og snjósleða. Þetta kemur ekki í staðinn fyrir það að það sæti þar læknir. Ég er ekki að halda því fram. En það er þó mikil bót. Og á Ísafirði verður í framtíðinni og er líklega nú þegar það mikill fjöldi af heilbrigðisstarfsfólki að þar ættu þeir örugglega að geta náð til læknis. Hinu neita ég ekki, að það er skynsamlegt, ef hægt væri að koma því við á þessum stöðum, ekki bara á Vestfjörðum, heldur einnig á Austfjörðum og sums staðar á Norðurlandi, að þar væru staðsettir læknar á vissum stöðum yfir vetrarmánuðina sem ekki væru þar sumarmánuðina. En ég var aðeins að segja ykkur frá því, að þessi var tilgangur þessarar nýju laga: að gera þjónustuna öruggari og tryggari með því að stækka umdæmin.

Ég vil svo að lokum leggja áherslu á að það mun verða litið á þessa till. og hún verða skoðuð í ljósi þeirrar staðreyndar að nýlega hefur verið gerð breyt. á okkar gamla kerfi, breyting sem við vonum öll að reynist vel. Ég held að það komi ekki til mála annað en að við séum á réttri leið. Hins vegar vil ég skýrt taka fram, að það er tekið fram í lögunum að hægt sé að fjölga heilsugæslustöðvum og læknissetrum án sérstakrar lagasetningar. Það er ákvörðun ráðh. Komi í ljós að vandræðaástand sé á einhverjum stað, þá hef ég trú á að reynt verði að bæta úr því á einhvern hátt.

Flm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Það stóð ekki til að leggja þetta hér inn án þess að eyða í það tíma að verja það. Ég vil byrja á því að fullyrðing mín, að ég mælist undan því að þessi löggjöf verði látin varða veginn dauðsföllum, er ekki sögð út í bláinn. En ég hefði óskað að þurfa ekki að ganga svo langt að gefa upp öll nöfn, stund og stað.

Þá er það ályktunin frá Klúku. Sem formanni Fjórðungssambands vestfirðinga er mér að sjálfsögðu vel ljóst hvað samþ. var á Klúku. Það er ekkert launungarmál að við þar vestra teljum sjálfsagt að þakka það sem vel er gert, og við færðum þakkir fyrir það sem verið væri að gera. En í þeirri ályktun er nánast orðrétt það sem ég var að leggja hér til, og það hefði einnig mátt koma fram.

Einnig kom það fram að varamaður Steingríms Hermannssonar hefði lagt til að það væri enginn læknir á Bíldudal, en núv. forseti þessarar d. aftur á móti verið þeirrar skoðunar að þar ætti að vera læknir. Ég vil segja það alveg skýrt að ég styð þá skoðun núv. forseta þessarar d. Ég styð þá skoðun og ég tel að hann hafi hvað það snertir haft rétt fyrir sér, en hinn rangt. Það er kannske líka rétt að við hugleiðum annan þátt þessara mála sem tilheyrir stéttarfélögunum og er miklu alvarlegri. Það færist því miður í vöxt hér á landi að stéttarfélögin reisi um sína stétt menntamúr til að meina eðlilega fjölgun innan stéttarinnar. Þessi múr er ef til vill hættulegri en nokkur annar sem reistur verður, ef baráttan fyrir kaupi og kjörum er orðin slík að menn telja vænlegast til að ná árangri að koma í veg fyrir að það fjölgi í stéttinni, stuðla þannig að því að eftirspurnin verði nægilega mikil og kaupið nógu hátt. Því miður eru þær þó nokkrar, stéttirnar á Íslandi sem eru ekki saklausar af þessum hugsunarhætti í dag.

En við skulum ræða þessi mál af raunsæi. Það kom fram sú hugmynd að yfir vetrarmánuðina ætti læknirinn að búa á þessum stöðum, en yfir sumarmánuðina ætti hann aftur á móti að vera í heilsugæslustöðinni. Hvaða mann haldið þið, herrar mínir, að þið fáið til að flytja búferlum tvisvar á ári? Hvaða mann haldið þið að þið fáið til þess — ekki nokkurn mann — að flytja alla sína búslóð tvisvar á ári á milli? Þetta eru ekki sniglar. Þetta eru menn sem vilja hafa heimili þar sem þeir eru. En ef er fært á milli, þá er ekkert því til fyrirstöðu að yfir sumartímann stundi hann vinnuna á hinum staðnum. Þarna er í sumum tilfellum stutt á milli. Varðandi mína heimabyggð, þá er það þannig að yfir sumartímann gæti hann á hálftíma skotist til heilsugæslustöðvarinnar til starfa þar. En þegar lokast viljum við hafa hann okkar megin við fjallið. Hann yrði að eyða þar mun meira en helmingi af þeirri starfsskyldu sem honum er ætluð. Hvers vegna á að staðsetja manninn þannig að hann þurfi alltaf fyrst að fara í ferðalag áður en hann þarf að fara að vinna? Er það ekki sóun á hans starfslífi?

Ég held að það þurfi að athuga þessi lög. Ég tek undir það að margt í þeim er til bóta. En það þýðir ekki að ætla að segja okkur, sem töpuðum þeirri aðstöðu sem við höfðum og erum mun verr settir, en við vorum, — það þýðir ekki að ætla að halda því fram að ástandið sé gott og það sé betra en það var. Ég er ekki viss um, að önfirðingar eða dýrfirðingar hefðu verið hrifnir hefðu þeir tapað sínum heilsugæslustöðvum, tapað sínum læknum til Ísafjarðar, eins og ætlað var í upphafi. Ég er ekki viss um að þeir hefðu verið hrifnir, jafnvel þó að læknar hefðu verið hafðir þar þrír eða fjórir, vegna þess að samgöngurnar eru nú einu sinni þannig yfir vetrartímann að hvorki flugvélar né annað kemur til greina þegar veður eru hvað verst. Það er kannske sláandi dæmi um þessar samgöngur, það er kannske meira sláandi en allt annað, að þegar núv. heilbrigðisrh. var að stinga fyrstu skóflustunguna fyrir miklum byggingarframkvæmdum á Ísafirði, þá voru fluttar þakkarræður margar. Honum var ekki aðeins þakkað fyrir þessa byggingu sem þarna átti að fara að rísa, honum var þakkað alveg sérstaklega fyrir að einn af læknum heilsugæslustöðvarinnar byggi úti í Hnífsdal. Hnífsdalur er rétt fyrir utan Ísafjörð. Þeir töldu það stórkostlegt atriði

fyrir sig að hafa fengið manninn. En þetta er sami maðurinn og er að þjóna okkur súgfirðingum. Og ef þeir í Hnífsdal hafa talið rétt að færa þakkir fyrir þetta, þá skyldi engann undra þó að það væri lítil kátína hinum megin við fjallið.

Ég vil skora á menn, áður en þeir taka afstöðu til þessa máls, að gera sér það ómak að kynna sér landafræðina af Vestfjörðum, vegalengdir, hæð fjallvega og þann tíma sem þeir eru lokaðir. Í ljósi þess er hægt að taka skynsamlega ákvörðun. En ef það er látið ógert, þá er það vonlaust. — Svo þakka ég fyrir og óska þess, að þessi tillaga verði lögð inn til heilbr.- og trn. Ed.

ATKVGR.

Till. visað til heilbr.- og trn. með 11 shlj. atkv. og umr. frestað.

Neðri deild, 9. fundur.

Miðvikudaginn 22. okt., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár til að vekja athygli þm. á þeirri gífurlegu og skyndilegu kjaraskerðingu sem hæstv. ríkisstj. hefur beitt sér fyrir gagnvart fjölmennri vinnustétt í landinu, — kjaraskerðingu sem mun gera hundruð ef ekki þúsundir einstaklinga og fjölskyldumanna í hópi íslenskra námsmanna nær bjargþrota þegar á næstu vikum. Ég hef kvatt mér hljóðs til að freista þess að knýja hæstv. menntmrh., hæstv. fjmrh. og ríkisstj. í heild til að snúa við blaðinu og veita íslenskum námsmönnum þann stuðning sem þeir eiga bæði siðferðilegan og lagalegan rétt til. Framkoma hæstv. ríkisstj. gagnvart þúsundum íslenskra námsmanna felur í fyrsta lagi í sér kjaraskerðingu sem nemur um 50%. Engri annarri vinnustétt landsins hefur þrátt fyrir erfitt efnahagsástand verið sýnd slík óbilgirni að kjör hennar séu skert um helming.

Framkoma hæstv. ríkisstj. felur í öðru lagi í sér brot á öllum viðurkenndum venjum og reglum lýðræðislegrar stjórnsýslu. Menntmrn. virti Lánasjóð ísl. námsmanna ekki svars mánuðum saman, lét hundruð námsmanna halda út í lönd, marga með maka og börn, í þeirri trú að yfirlýsingar fyrra árs væru enn í gildi, en tilkynnir svo gífurlega kjaraskerðingu fyrirvaralaust nokkrum vikum eftir að námsár er hafið og sviftir þannig námsmenn þeim lífeyri sem átti að duga þeim til matar og annarra nauðsynja fram að áramótum. Siðuð stjórnvöld í lýðræðisþjóðfélagi geta ekki komið fram á þennan hátt gagnvart þúsundum þegnanna.

Aðgerðir ríkisstj. fela í þriðja lagi í sér hættu á verulegu tjóni fyrir íslenska þjóðarbúið. Þær geta skert verulega hagvaxtarmöguleika okkar í framtíðinni. Menntun er nú almennt viðurkennd sem arðvænlegasta fjárfestingin. Auður framtíðarinnar byggist á þekkingu og þjálfun hinnar upprennandi kynslóðar.

Möguleikar til náms í vísindum og tækni við skóla atvinnuveganna og í helstu greinum nútímamenningar hafa nú verið skertir til muna. Um leið hafa möguleikar íslendinga til að vera í nútíð og framtíð taldir til þróaðra menningarþjóða verið þrengdir. Kjaraskerðing ríkisstj. gagnvart þúsundum námsmanna er því ekki aðeins siðlaus framkoma gagnvart þegnum þjóðfélagsins, hún er atlaga að íslenskri hagþróun og almennri velferð um ókomin ár.

Hæstv. ríkisstj. hefur haft marga mánuði til að leysa vanda námsmanna. Lánasjóður ísl. námsmanna sendir 13. maí 1975 bréf til menntmrn. og tilkynnti áætlaða fjárþörf vegna haustlána. Þetta bréf var síðan margítrekað í allt sumar með viðtölum við hæstv. menntmrh. sjálfan og starfsmenn rn. Í byrjun okt., eftir að útlánatímabil átti að vera hafið, voru þessar óskir og sjónarmið Lánasjóðsins enn einu sinni ítrekaðar og 7. þ. m. voru rn. settir úrslitakostir. Það var þá fyrst sem hæstv. ríkisstj. hófst handa og skilaði eftir nokkra daga þeim árangri að það eina, sem hún gat gert, var að ganga á bak fyrri yfirlýsinga, jafnvel fremja brot á gildandi reglum og lögum um lán til íslenskra námsmanna og skerða kjör þeirra um 50%.

Til haustlána í ár hefði Lánasjóðurinn þurft 290 millj. kr. Eigið fé hans var 60 millj. Ríkisstj. hefur nú veitt lántökuheimild fyrir 100 millj. Þá eru eftir 130 millj. af þessum 290 millj. sem eru hin raunverulega kjaraskerðing gagnvart ísl. námsmönnum. Það jafngildir því að þeir námsmenn, sem hefðu átt að fá 70—100 þús. kr., fá nú aðeins 20—40 þús. kr., þeir námsmenn, sem hefðu átt að fá 200 þús. kr., fá nú aðeins 70—80 þús. kr. Og það er engin huggun og nánast hótfyndni af hálfu ríkisstj. að tilkynna að í jan. verði þetta e. t. v. bætt með 100 millj. Hæstv. ráðh., bæði hæstv. menntmrh. og fjmrh., keyra ekki í haust á því bensíni sem þeir fá í jan., og námsmenn lifa ekki heldur hálfan veturinn á þeim fjármunum sem þeir hugsanlega fá í janúar. Þessi kjaraskerðing, sem nemur 130 millj. af 290 millj., mun því knýja hundruð námsmanna, einkum þá sem komnir eru frá efnaminni heimilum og eiga enga ríka að, knýja þá til að hætta námi. Aðgerðir ríkisstj. eru að gera nám á Íslandi að forréttindum auðmannabarna.

Herra forseti. Ég vil að lokum, um leið og ég skora á hæstv. menntmrh., hæstv. fjmrh. og ríkisstj. í heild að breyta nú þegar um stefnu og gera Lánasjóð ísl. námsmanna kleift að úthluta nauðsynlegum haustlánum og forða þannig hundruðum námsmanna frá bjargþroti á næstu vikum, leggja áherslu á að íslenskir námsmenn eru ekki hópur iðjuleysingja sem lifir einhverju forréttindalífi. Íslenskir námsmenn eru bæði einhver mikilvægasta framtíðarfjárfesting þjóðarinnar og ein af fjölmennari vinnustéttum þessa lands. Hér er á ferðinni kjaraskerðing gagnvart láglaunastétt og hún kann að vera forboði um áframhaldandi kjaraskerðingu gagnvart öðrum láglaunastéttum í landinu.

Samtök alþýðunnar hafa skilið að aðför ríkisstj. að námsmönnum er um leið aðför að öllu láglaunafólki í landinu. Alþýðusamband Íslands,

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Verkamannafélagið Dagsbrún og Alþýðusamband Vestfjarða og fleiri samtök alþýðufólks hafa lýst yfir stuðningi og samstöðu með aðgerðum námsmanna.

Það er nauðsynlegt að hæstv. ríkisstj. og þm. allir geri sér ljóst að helstu launþegasamtök landsins hafa tekið höndum saman við námsmannahreyfinguna í baráttu gegn þessari gífurlegu og skyndilegu kjaraskerðingu og þeim siðlausu vinnubrögðum sem ríkisstj. hefur haft í frammi. Ríkisstj. Íslands verður því í þessu máli að sjá að sér. Hún verður að snúa við blaðinu, ella kallar hún yfir hundruð þegna þessa lands efnahagslegt hættuástand sem þeir ráða ekki við. Ég vona að hæstv. menntmrh. muni þess vegna nota tækifærið hér í dag til að tilkynna slíka stefnubreytingu. Ég veit eða vona a. m. k. að hann vilji ekki bera þá sök á bakinu lengi að hafa orðið til þess að hundruð íslenskra námsmanna verða nú að hætta námi, að einhver arðvænlegasta fjárfesting íslensku þjóðarinnar hefur verið skert til muna vegna skammsýni, vegna rangra vinnubragða og þess efnahagsöngþveitis sem núv. ríkisstj. hefur komið á í landinu.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Svo sem kunnugt er eiga námsmenn tvo fulltrúa í stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna. Þessir tveir fulltrúar námsmanna í stjórninni komu að máli við mig í gær og báðu mig um að skýra frá málstað þeirra, skýra frá þeim rökum sem til þess lægju að námsmenn telja þá stefnu, sem fylgt er af hálfu núv. ríkisstj. í málefnum þeirra, vera algjörlega ófullnægjandi, og leiðrétta gagnvart hv. alþm. upplýsingar sem fram hafa komið í fjölmiðlum af hálfu opinberra aðila og gefa ekki rétta mynd af því vandamáli sem hér er um að ræða. Verð ég með ánægju við þessum tilmælum.

Þeir kváðu ástæðu þess, að þeir sneru sér til mín að koma þessum leiðréttingum eða rökum á framfæri, vera þá að gildandi lög um Lánasjóð ísl. námsmanna voru samþ. hér á Alþ. 1967, meðan ég gegndi starfi menntmrh. Málið hafði verið undirbúið í menntmrn. á 1—2 árum þar á undan. Ég mælti fyrir lögunum á sínum tíma, túlkaði þau og það tókst að ná um samþykkt laganna algerri samstöðu hér á hinu háa Alþingi.

Í 2. gr. þessara laga segir skýrt og skorinort að stefnt skuli að því að umframþörf námsmanna verði fullnægt, m. ö. o.: það skuli stefnt að því á ótilteknu árabili að námsmenn fái lán sem svari 100%, sem svari algjörlega til svonefndrar umframfjárþarfar námsmanna, sem er hugtak sem ég veit ég þarf ekki að skýra fyrir hv. alþm. Það var enginn ágreiningur um það þegar lögin voru samþ. 1967 að það væri nægilegt að ákveða sem markmið að fullnægja umframþörfinni algjörlega án þess að í lögunum sjálfum yrði tekið til á hvaða árabili það skyldi gert. Það yrði að vera á valdi fjárveitingavaldsins hverju sinni hversu ört fjárframlög til Lánasjóðsins yrðu aukin. Þau hafa verið sem hér segir: Á því ári, sem lögin voru samþ., náðu lánveitingar af umframfjárþörf 43%, á árunum 1967—1968, þau jukust 1968—1969 upp í 48.5%, 1969—1970 upp í 52.2%, 1970—1971 upp í 62.9%, 1971—1972 upp í 77.4%, en þá hefst tímabil stöðnunarinnar, því að 1972—1973 er hlutfallið svo að segja óbreytt, þ. e. 77.8%. Það olli hins vegar svo mikilli réttlátri óánægju, það olli gagnrýni um að verið væri að hverfa frá yfirlýstum samróma vilja Alþ. frá 1967, að það tókst að hækka fjárframlög til þess að gera lánveitingar í samræmi við umframfjárþörf mögulegar upp í hlutfallið 82.7%. Á yfirstandandi skólaári hafa lánveitingar til þess að greiða umframfjárþörf numið sömu tölu, 83%. M. ö. o.: á liðnu námsári var í annað sinn um að ræða stöðnun á því að framfylgja skýlausum ákvæðum 2. gr. laganna. Og nú, ef framlögð fjárlög eru tekin og haldið mjög fast við þá yfirlýsingu hæstv. menntmrh. að greiða aðeins 5/7 hluta árlegrar lánsupphæðar sem haustlán, þá jafngildir það því að meðaltali að haustlánin lækki um helming, að þau skerðist um 50%.

Það gerðist á þinginu 1970—1971, 4—5 árum eftir að lögin höfðu verið samþ., að tveir þm., þeir Magnús Kjartansson og Þórarinn Þórarinsson fluttu brtt. við lánasjóðslögin um að ákveðin viðmiðun skyldi tekin upp í aðalgrein laganna, sem samkomulag hafði verið um 1967 að gera ekki. Brtt. þeirra hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„2. gr. laganna orðist svo:

Stefnt skal að því að opinber aðstoð við námsmenn samkv. lögum þessum nægi hverjum námsmanni til að standa straum af árlegum námskostnaði þegar eðlilegt tillit hefur verið tekið til aðstöðu hans til fjáröflunar. Verði tekjur Lánasjóðsins auknar í áföngum að því marki að frá og með námsárinu 1974—1975 verði unnt að fullnægja allri fjárþörf námsmanna umfram eigin tekjur þeirra."

Í grg. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„17. nóv. s. l. spurðist Magnús Kjartansson fyrir um það í fyrirspurnatíma Sþ. hvenær ríkisstj. ráðgerði opinbera aðstoð við námsmenn nái því marki að hún standi straum af árlegum umframkostnaði þeirra. Gylfi Þ. Gíslason menntmrh. komst svo að orði í svari sínu:

„Samkv. áætlun Lánasjóðsins um dreifing lána má ætla að lán sjóðsins hafi numið 53—54% af umframfjárþörf að meðaltali samkv. reglum þeim sem giltu við síðustu úthlutun. En gera má ráð fyrir að þetta hlutfall hækki við næstu úthlutun um 65—66%. Hefur þannig með samþykkt till. Lánasjóðsins verið stigið stórt skref í átt að því markmiði laganna um námslán og námsstyrki sem um getur í fsp. Með sama áframhaldi mundi ekki taka nema um 3 ár til viðbótar að ná þessu markmiði að fullu. En svo sem jafnan hefur verið lögð áhersla á af hálfu ríkisstj. er það að sjálfsögðu undir Alþ. komið með ákvörðun fjárveitinga hversu hratt þeirri sókn miðar, en ég tel að að þessu marki eigi að stefna, þ. e. a. s. að halda þeim vaxtarhraða á fjárveitingum til sjóðsins sem markaður hefur verið í fjárlagafrv. fyrir 1971."

Svo segir flm. áfram í sinni grg.:

„Ástæða er til þess að fagna þeirri yfirlýsingu menntmrh., sem væntanlega er gefin fyrir hönd ríkisstj., að stefna beri að því marki að Lána-

sjóðurinn geti fullnægt þörfum námsmanna skólaárið 1974—1975. Með frv. þessu er lagt til að Alþ. lýsi í verki samþykki við þessa stefnu."

Í umr., sem urðu um þetta frv., sagði ég fyrir hönd þáv. ríkisstj. m. a. eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég sagði í fyrra, og bak við það er fyllsta alvara og fullkomin samstaða í ríkisstj., að það væri skoðun mín og allrar ríkisstj. að verða skyldi við þeim kröfum um tímamark sem stjórn Lánasjóðsins hafði sett fram, sem sagt að fullnægja þeim kröfum á 3—4 árum." — Þetta er sagt 1970. — „Ég hafði heimild ríkisstj. til að gefa þá yfirlýsingu sem ég gaf og það var full alvara að baki henni.

Það sem ég hins vegar sagði, að endanlega valdið væri ekki í höndum ríkisstj., heldur Alþ., þá átti ég auðvitað við endanlega fjárveitingavaldið, það væri í höndum Alþ., þ. e. a. s. við afgreiðslu fjárlaga, því að þar eru framlögin ákveðin, en ekki í einstökum lögum.

Það var sammæli allra þegar lögin um Lánasjóðinn voru sett á sínum tíma að ekki skyldi vera ákveðið áramark í lögunum sjálfum. Í 2. gr. er sett fram almennt takmark að hverju skuli stefnt, en allir, öll menntmn. og allir sem sömdu frv., þ. á m. fulltrúar flokks hv. þm., voru á því að það væri rétt að orða þetta svona, að hafa ekki ákveðið áramark í lögunum sjálfum, það hlyti að fara eftir skoðun fjárveitingavaldsins á hverjum tíma hversu ört því markmiði væri náð og óhyggilegt að binda árabilið í almennum lögum. Það, sem velviljuð ríkisstj. getur gert og núv. ríkisstj. hefur gert, er að lýsa yfir vilja sínum á því að fara að óskum stjórnar Lánasjóðsins í þessum efnum. En sérhver ríkisstj. hefur sitt umboð til ákveðins tíma. Umboð þessarar ríkisstj." — þ. e. a. s. þáv. ríkisstj. — „er til næsta sumars, og það, sem við getum gert og höfum gert, er að lýsa yfir okkar skoðun, meðan við höfum tillögurétt til fjárveitingavaldsins um þetta, þá skuli eftir óskum stjórnar Lánasjóðsins farið og við það tímamark sem hún hefur miðað við í bréfum sínum til menntmrn."

Þessi yfirlýsing er gefin fyrir hönd stjórnar sem Alþfl. fór með menntamálin í og Sjálfstfl. fór með stjórn fjármálanna. Hún er því gefin fyrir hönd ríkisstj. Alþfl. og Sjálfstfl., þ. á m. auðvitað fyrir hönd þess flokks sem skipar nú sæti hæstv. fjmrh. Þessi yfirlýsing er gefin fyrir hönd þáv. ríkisstj. í tilefni af frv. sem flutt er af þm. Alþb. og Framsfl. þar sem farið er fram á að það verði lögbundið sem við töldum rétt að lýsa yfir sem stefnuyfirlýsingu. Nú vill svo vel til að hæstv. menntmrh. er í sama flokki og annar af flm. þessa frv. sem flutt var vegna nauðsynjar á að tryggja að unnt yrði að veita 100% lán upp í umframlánsþörf í síðasta lagi á árinu 1974—1975. Ég tel því óhætt að segja að allir flokkar þingsins hafi áður fyrr staðið að yfirlýsingum um að fjárveitingar til sjóðsins skuli við það miðaðar, þó að það væri ekki lögbundið, — fulltrúar allra flokka þingsins hafi lýst því yfir að markmið 2. gr. laganna skyldi náð í síðasta lagi á námsárinu 1974—1975.

Afstaða flokks míns kom fram í þeim yfirlýsingum mínum, sem ég hef þegar lesið. Ég tel afstöðu Sjálfstfl. hafa komið fram í samþykki þáv. fjmrh., Magnúsar Jónssonar, á því að ég mætti gefa slíka yfirlýsingu. Afstaða Framsfl. kom fram í afstöðu Þórarins Þórarinssonar sem flutti frv. um þetta efni, og ég tel það að vissu leyti vera siðferðilega bindandi fyrir núv. menntmrh. því að hans flokkur stóð einhuga að baki þessu frv. Aðild Magnúsar Kjartanssonar að því hefur að sjálfsögðu verið gefin með fullu samþykki hans þingflokks, enginn vafi er á um afstöðu þingflokks Alþb. Og þingflokkur SF, sem ekki var kominn á þing þegar þessar umr. fóru fram, — það hefur aldrei leikið nokkur minnsti vafi á afstöðu þess flokks til þessa, m. ö. o. að Alþ., að fjárveitingavaldinu sé skylt að stuðla að því að markmið 2. gr. náist og að þær yfirlýsingar eigi að sjálfsögðu að standa sem gefnar voru vorið 1971 um að því marki skyldi náð á árinu 1974—1975.

Ég tel því að það, sem hér er nú um að ræða af hálfu hæstv. ríkisstj., sé í beinni andstöðu við áður gefnar yfirlýsingar af hálfu allra fimm flokka þingsins. Þannig getur ríkisstj. ekki hegðað sér. Hún getur ekki gengið á bak orða sinna eigin manna. Hún hlýtur að taka tillit til þeirra yfirlýsinga sem fyrrv. ríkisstj. hefur gefið. Það hafa verið talin óskráð lög, a. m. k. regla sem talið hefur verið siðferðilega skylt að framfylgja, að ríkisstj. er talin bundin af yfirlýsingum fyrri ríkisstj., ekki hvað síst þegar svo vill til að einn og sami flokkurinn á sterkustu aðildina að þeim tveimur ríkisstj. sem hér er um að ræða. Afturkippur komst í þessi mál tvívegis, þ. e. á árinu 1972—1973 og svo aftur á árinu 1974—1975, þar sem um óbreytt skilyrði til lánveitingar upp í umframfjárþörf var að ræða. Nú virðist eiga að ganga enn þá lengra, vega enn þá dýpra í þennan sama knérunn og beinlínis skerða möguleikana til þess að fullnægja umframþörfinni. Það er að sjálfsögðu í svo hróplegu ósamræmi við þær yfirlýsingar sem áður hafa verið gefnar að það er fullkomlega eðlilegt að námsmenn uni því ekki. Við þm. eigum ekki heldur að una því að ríkisstj., hvort sem við styðjum hana í öðrum málum eða ekki, hegði sér með þessum hætti.

Um efnisatriði málsins vildi ég segja þetta, ef það mætti verða hv. þm. til leiðréttingar á nokkrum upplýsingum sem fram hafa komið opinberlega um þetta mál:

Við fjárlagaafgreiðsluna í fyrra var ekkert beint framlag til haustlána nú í haust. Þess í stað var gert ráð fyrir 100 millj. kr. lántöku. Það reyndust erfiðleikar í haust á að útvega þetta lán, en það fékkst þó á endanum. Fjárþörf til haustlána samkv. venjulegum reglum reyndist vera 290 millj. kr. Í dag eru fyrir hendi til að mæta þessari fjárþörf þessi 100 millj. kr. lántaka, 60 millj. kr. afgangur sjóðsins frá síðasta starfsári, þ. e. 160 millj. kr. Í nýlegu bréfi rn. til stjórnar Lánasjóðsins er sagt að tryggt sé að 100 millj. kr. verði til ráðstöfunar strax í jan. n. k. En ég tek algjörlega undir orð síðasta ræðumanns, að námsmenn lifa ekki í dag á því fé sem þeir kunna að fá til ráðstöfunar í janúar.

Ég veit ekki hvort þm. almennt hafa gert sér ljóst hvernig útreikningi haustlána almennt hefur verið hagað og hvernig nú er ætlunin að haga þeim. Það hefur gilt sú regla, að 7/12 hlutum árlegs námsláns hefur verið úthlutað á haustin, en 5/12 hlutum sem vorláni. En þeirri starfsreglu hefur verið fylgt að allar sumartekjur námsmanna hafa komið til frádráttar við úthlutun haustlánanna einna. Það er þess vegna sem lækkun á hlutfallinu 7/12 ofan í 5/12 er í raun og veru hlutfallslega miklu meiri lækkun en svarar til lækkunar hlutfallsins 7/12:5/12. Því veldur sú staðreynd hvernig framkvæmd er háttað varðandi útreikning haustlánaupphæðarinnar, þá er tekið tillit til sumarteknanna, að þau mundu lækka svo gífurlega að þessu sinni að að meðaltali mun það svara sem næst helmingi. Auðvitað hefði stjórnvöldum átt að vera kunnugt um það, hvernig þessari framkvæmd hefur verið hagað um margra ára bil, og því gera sér grein fyrir því að jafnvel lítil lækkun á hlutfallinu á milli haustlána og vorlána margfaldast í meðförunum gagnvart lánþegunum, gagnvart námsmönnunum.

Í aths. eða grg. fjárl. er á það bent, sem rétt er, að nú starfi n. að endurskoðun námslánalaganna. En hún hefur aðallega fjallað um hvernig auka megi tekjur sjóðsins í framtíðinni. Störf hennar hafa ekki miðast við að námsaðstoðin sjálf hafi verið skert. Það hefur engin rödd heyrst í endurskoðunarnefndinni að fært sé að skerða námsaðstoðina sjálfa, og þess vegna geta störf hennar engin áhrif haft á raunverulega fjárþörf sjóðsins.

Mér er líka til efs að alþm. almennt sé ljóst hvernig fjár hefur yfirleitt verið aflað undanfarið til námskostnaðar. Meðaltalstölur fyrir nokkur undanfarin ár leiða í ljós að tekjur námsmanna hafa nægt til þess að greiða um 40% námskostnaðar. Námsmenn sjálfir greiða um 40% af námskostnaði sínum með vinnu á sumrum og vetrum. Námsaðstoð Lánasjóðsins hefur numið ca. 50%, það er allt og sumt. Hún hefur numið ca. 50% af því sem námskostnaður raunverulega nemur. Aðrar tekjur, tekjur sjóðsins sjálfs, endurgreiðslur og því um líkt, hafa numið 10%. Umframfjárþörfin hefur því verið ca. 60% af kostnaðinum. Þessi umframfjárþörf hefur verið veitt með námslánum, sem hafa numið hlutfallslega eins og ég gat um áðan, og talan fyrir s. l. ár var komin upp í 83%. En ég endurtek það, að ef tölur fjárlagafrv. eru teknar alvarlega, þá þýðir það að þetta hlutfall, 83%, sem í fyrra var yfir allt árið, mundi nú hrapa niður í 48%. Lánsfjárgeta, sem í fyrra svaraði til 83% af umframfjárþörfinni, mundi nú verða 48% af lánsfjárþörfinni eins reiknaðri ef tölur fjárlagafrv. eru teknar alvarlega og hæstv. menntmrh. og hæstv. fjmrh. breyta ekki þeim ákvörðununum sem þeir tóku fyrir nokkrum dögum. Þetta mundi vera minna en átti sér stað 1968—1969, þ. e. a. s. á fyrsta starfsári Lánasjóðsins. M. ö. o. það væri stigið spor næstum heilan áratug aftur á bak. Því, sem áunnist hefur með lánasjóðslögunum, sem voru stórt framfaraspor á sínum tíma, mundi öllu vera kastað á glæ. Það mundi allt saman vera tekið aftur ef þessar fyrirrætlanir, sem nú eru á döfinni, ná fram að ganga.

Síðustu orð mín skulu vera þau — og þau eru mælt af mikilli alvöru í garð hæstv. ríkisstj. og þá sérstaklega hæstv. menntmrh. og hæstv. fjmrh., að ég vara við því að halda fast við þessa stefnu, — vara alvarlega við því. Hún er ranglát. Það felst í henni ranglát kjaraskerðing, og það er ekkert spaug að særa réttlætistilfinningu ungs fólks og það alveg sérstaklega þess unga fólks sem leggur það á sig að eyða mörgum árum ævi sinnar í að afla sér menntunar, auðvitað til þess að þjóna þjóð sinni vel og dyggilega á eftir. Ég segi aftur: Það er ekkert spaug að særa réttlætistilfinningu þessa hóps íslensku þjóðarinnar.

Eins og kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni hófu námsmenn nám sitt í haust í góðri trú á að haldið yrði áfram að framkvæma stefnu 2. gr. gildandi laga. Menn hafa því lagt út í nám, en standa skyndilega frammi fyrir því að ekki er einu sinni staðið við það sem var í fyrra, ekki einu sinni óbreytt fjárframlög, heldur á að skerða þau. Þetta hlýtur að valda ekki aðeins vonbrigðum, heldur valda mörgum alvarlegum erfiðleikum. Enginn ber á móti því að endurskoðun laganna sjálfra sé eðlileg og eigi að sjálfsögðu að fara fram. Þá á ég ekki síst við reglurnar um endurgreiðslu á lánum. Það hefur enginn á móti því. En það snertir ekki vandann sem hvílir á herðum námsmanna nú á þessu hausti. Það verður að fylgja áfram stefnu gildandi laga, þeirri stefnu sem ég hef margvitnað til og felst í 2. gr. laganna. Og það er ekki nóg að bíða afgreiðslu fjárl. Á það legg ég sérstaka áherslu. Það er ekki nóg, eins og hæstv. fjmrh. hefur látið orð liggja að við fulltrúa námsmannanna, að þetta muni verða athugað nánar og athugað með velvild við afgreiðslu fjárl. Það er ekki nóg, því að það leysir ekki vanda fólksins. Það leysir ekki vanda þessa mánaðar sem nú er senn liðinn. Það, sem þarf að gera, er að útvega strax viðbótarlán til þess að hægt sé að veita 7/12 árslánanna sem haustlán og taka síðan tillit til nauðsynjar á endurgreiðslu þessarar viðbótarlánveitingar við afgreiðslu fjárlaganna í desember.

Þetta vil ég undirstrika sérstaklega, að það ber nauðsyn til tafarlausra ráðstafana. Það er enginn tími til þess, það er ekki hægt að bíða. Ég geri mér ljóst að í ríkissjóði er ekki fé til að inna af hendi greiðslur í þessu efni. En þá er ekkert annað að gera en að afla lánsfjár, það hlýtur að vera hægt, og taka síðan tillit til þess við endanlega afgreiðslu fjárlaga.

Allra síðustu orð mín skulu vera þau að endurtaka það, að ég vara ríkisstj. mjög eindregið við því að taka ekki tillit til þeirra óska sem nú eru fram við hana bornar af hálfu námsmanna og staðfestar voru á fjölmennum útifundi hér fyrir utan Alþingishúsið nú áðan. Íslenskir námsmenn eiga allt annað skilið en að hagur þeirra sé skertur og að réttlætistilfinning þeirra sé særð.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Ég skal reyna að verða við þeim tilmælum að stytta mál mitt. — Ég hef, eins og þeir ræðumenn sem talað hafa á undan mér, kvatt mér hljóðs utan

dagskrár vegna þess neyðarástands sem nú ríkir í lánamálum námsmanna. Það fer ekki hjá því að í máli okkar muni koma fram sömu upplýsingarnar, um margt, en ég hygg að þeir hæstv. ráðh., sem hér eru inni, og hv. þm. hafi ekki nema gott af því að heyra þann boðskap, sem við höfum að flytja, oftar en einu sinni.

Framkoma stjórnvalda gagnvart námsmönnum, sú kjaraskerðing sem námsmenn standa nú frammi fyrir, hefur vakið almenna reiði í landinu. Stuðningsyfirlýsingar frá mörgum launþegasamtökum — ég nefni Alþýðusamband Íslands, Verkamannafélagið Dagsbrún, BSRB, Alþýðusamband Vestfjarða — o.fl., o.fl. sem við heyrðum lesnar á útifundi áðan, sýna að hér er ekki um einstæðan eða afmarkaðan atburð að ræða, heldur enn einn þáttinn í þeirri félagslegu og efnahagslegu stefnu sem stjórnin vinnur markvisst að, sem sé þeirri stefnu að byrðarnar skuli lagðar á þá sem síst mega við því: almenna launþega, lífeyrisþega, námsmenn. Ríkisstj. á sér orðið fáa liðsmenn í landinu.

Eins og komið hefur fram hér í máli manna, telur stjórn Lánasjóðs námsmanna að sjóðurinn þurfi rúmlega 1700 millj. kr. á fjárl. 1976 til þess að halda sömu kjörum og í fyrra. Mun sú upphæð rétt tæplega 3% af heildarútgjöldum fjárlagafrv. Þessa upphæð hafa stjórnarsinnar nú skorið niður um helming, niður í 807 millj. 500 þús. kr. Þetta er svo gífurlegur niðurskurður að varla er ofmælt þótt sagt sé, að í raun sé verið að ógilda lögin. Það hefur ekki fyrr gerst, eins og raunar kom fram í máli hv. síðasta ræðumanns, að framlög til sjóðsins hafi verið skorin niður. Að vísu hefur námsmönnum stundum þótt miða seint að hinu endanlega takmarki, sem sé því, að sjóðurinn geti fullnægt 100% umframfjárþörf og að allir námsmenn njóti sömu lánakjara. En hingað til hefur þó tekist að halda í horfinu og oftast meira en það.

Auk 800 millj. kr. fjárveitingar til sjóðsins í fjárlagafrv. er einnig gert ráð fyrir lántökuheimild að upphæð 100 millj. kr. Það má að vísu deila um hvort sú fjáröflun er heppileg. Hitt er annað mál, að hún hefur verið reynd. Þessi lántökuheimild var líka sett í fjárlög í fyrra til notkunar á þessu ári, en svo treglega hefur gengið að útvega það lán í haust að varla er þess að vænta að menn setji traust sitt á sams konar lántökuheimild að ári að óbreyttu ástandi.

Þessi lántökuheimild í ár, 100 millj. kr., var ætluð til haustlána. Strax í vor tilkynnti sjóðsstjórnin að úthlutun haustlána færi fram á tímabilunum 15.—30. sept. og 15.—30. nóv. Í maí á þessu ári taldi sjóðsstjórnin að þörfin til haustlána, ætti sjóðurinn að standa við skuldbindingar sínar, væri 235 millj. kr. Þetta tilkynnti hún réttum yfirvöldum. Hún fékk ekkert svar. Þegar komið var fram á haust var ljóst að þörfin var ekki 25 millj. kr., heldur 290 millj. kr. Það segir sína sögu að ástæðan fyrir því að þörfin varð meiri en áætlað var mun vera minni tekjur námsmanna yfir sumarið en á undangengnum árum. Minnkandi atvinna var farin að segja til sín.

Hið alvarlega og ámælisverða í þessu máli öllu, þessari þróun sem ég hef nú rakið, er að í allt sumar hefur hæstv. menntmrh., hæstv. fjmrh. og ríkisstj. raunar öll vitað að stefndi að skipbroti. En hún hreyfði hvorki hönd né fót, virtist ekkert hafa gert til að leysa úr þeim vanda sem hún vissi að steðjaði að öllum þorra námsmanna, bæði hér heima og erlendis.

Við fréttum af hæstv. fjmrh. á baðströnd á Flórída og hæstv. menntmrh. á reisu um Kanada meðan íslenskir námsmenn voru að tygja sig til brottfarar og leggja frá landi til náms í öðrum löndum í þeirri góðu trú að þeir fengju haustlán á réttum tíma óskert. Ég veit að ég þarf ekki að tíunda fyrir þingheimi þær afleiðingar sem þessi vítaverða framkoma stjórnvalda hefur haft, sérstaklega fyrir námsmenn erlendis. Þeir verða yfirleitt að hefja nám fyrr en námsmenn hér heima, tími þeirra til sumarvinnu er skemmri, og þegar búið er að greiða húsaleigu, skólagjöld, námsbækur og önnur óhjákvæmileg gjöld er sumarhýran langt til farin og treyst á námslánin fyrir nauðsynlegu viðurværi. En í þetta sinn komu engin námslán. Neyðarópin fóru að berast heim. Um slíkt veit ég persónulega dæmi.

13. okt sögðu fulltrúar stúdenta í sjóðstjórn sig úr stjórninni. Þá hafði borist sú frétt frá hæstv. menntmrh. að peningar væru ekki til. Loks tókst þó hæstv. menntmrh. að fá flokksbróður sinn, hæstv. bankamálaráðh., til að opna hið lokaða bankakerfi og fá lánið til sjóðsins, 100 millj., að fullu. 160 millj. voru þá komnar til úthlutunar, en 130 millj. vantar til þess að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar um haustlánin nú. Það vantar því 45% upp á að heildarþörfinni til haustlána sé fullnægt.

Ég hef sérstaklega gert hér að umtalsefni framkvæmd á fjárútvegun til sjóðsins í haust, þar eð ég tel að freklega hafi verið níðst á námsmönnum, menn hafi þegar hafið nám, miðað áætlanir sínar við námslánin, en standa nú frammi fyrir því, fjöldi þeirra, að þurfa að hætta við nám strax í haust sakir efnaleysis.

Gegnum aldirnar hefur skólanám verið forréttindi hinna fáu hér á Íslandi. Hugur fleiri hefur staðið til mennta. En það var draumur sem alþýða þessa lands gat ekki gert sér vonir um að mundi nokkurn tíma rætast. Á síðustu áratugum hefur orðið sú breyting á smám saman að æ fleiri úr röðum alþýðu hafa getað stundað nám. Lengi var þetta þó miklum erfiðleikum bundið. Þessir námsmenn urðu að leggja hart að sér yfir sumarið, vinna lengur en aðrir, stunda námið með hléum til þess að geta unnið fyrir sér eða unnið með náminu öll sín námsár. Þannig stóðu málin, þegar lög um námslánasjóð voru sett. Börn efnaðra foreldra höfðu allt aðra reynslu. Og það var til að jafna þennan mismun, leiðrétta þetta ranglæti, sem við lögðum áherslu á námslán á sínum tíma. Skerðing námslána hefur e. t. v. ekki áhrif á námsmenn frá efnuðum heimilum, en hún verður óhjákvæmilega til þess að allur þorri námsmanna frá efnaminni heimilum, allur þorri fjölskyldufólks í röðum námsmanna verður að hætta námi.

Sú staðreynd að viðtæk samstaða hefur tekist meðal námsmanna að þessu sinni um kröfur þeirra og um mótmæli gegn kjaraskerðingu ríkisstj., sem bitnar fyrst og fremst á lágtekjufólki, sýnir að meginkrafa þeirra, meginkrafa allra námsmanna í landinu er efnahagslegt lýð-

ræði, efnahagslegt jafnrétti. Þeir krefjast ekki munaðar. Þeir krefjast réttlætis. Þetta ætti að vera alvarlegt íhugunarefni fyrir þá ríkisstj. sem sér ekki aðra úrbót við efnahagsvandanum en auka efnahagslegt misrétti í landinu.

Ég tek undir orð fyrri ræðumanna um það, að ég skora á hæstv. ríkisstj. og hæstv. menntmrh. að lýsa því yfir nú þegar við þessar umr. að úr þessu verði bætt strax.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Það er ekki nema sjálfsagt að svara máli þeirra hv. þm., sem nú hafa kvatt sér hljóðs utan dagskrár, og svara því hér og nú eftir því sem við verður komið, enda er hér vissulega um að ræða mál sem miklu varðar að leyst verði á viðunandi hátt. Jafnframt eða um leið og ég leitast við að svara máli hv. ræðumanna vil ég fara örfáum orðum um málið almennt.

Öflun fjár til Lánasjóðs ísl. námsmanna er orðin æðistór þáttur í gerð fjárl. Á fjárl. þessa árs er framlag til sjóðsins 680 millj. kr. og 100 millj. kr. lántökuheimild í fjárlagafrv. nú 807 millj. kr. lántökuheimild, í fjárlagafrv. nú 807 námsmenn telja að tvöfalda þurfi framlagið hið minnsta. Hér er við ærinn vanda að fást, annars vegar þarfir námsmanna, hins vegar fjáröflunarvandann, hvort tveggja örðugra en fyrr vegna vaxandi verðbólgu og minnkunar þjóðartekna. Má því eðlilegt kallast að vakið sé máls á þessum viðfangsefnum einmitt utan dagskrár á hv. Alþingi.

Ég vil fyrst víkja að þeim þættinum sem hér hefur verið gerður að umtalsefni, þ. e. a. s. afgreiðslu fjárl. fyrir næsta ár.

Í frv. er fjárveiting til lánasjóðs röskar 800 millj. kr., eins og ég áðan sagði. Við gerð þessa fjárlagafrv. gætti mjög viðleitni til aðhalds almennt. Varðandi þennan lið var sérstaklega haft í huga að löggjöf og þar með tilhögun lánveitinga hefur verið og er í endurskoðun og stefnt að því að koma á breytingu á fyrri hluta þessa þings. Einn meginþáttur lagabreytinganna yrði væntanlega varðandi endurgreiðslu lánanna. Svo fráleitar eru þessar endurgreiðslureglur nú að lánasjóðnum, sem þegar hefur fengið um 1400 millj. kr. samtals úr ríkissjóði og lánað út ámóta háa upphæð, eru einungis áætlaðar tekjur af vöxtum 3 millj. kr. og innheimtar afborganir 12 millj. kr. á fjárl. ársins 1975. Og í fjárlagafrv. 1976 eru þessar upphæðir samtals áætlaðar um 18 millj. kr.

Það er í rauninni langt síðan mönnum varð ljóst að hér var þörf á endurskoðun. Það kom m. a. í ljós við afgreiðslu fjárl. 1971. N. var skipuð og frv. samið, en það hlaut ekki afgreiðslu. S. l. vetur var svo málið tekið upp að nýju, eins og ég sagði áðan, þá er stefnt að því að afgreiða lagabreytingar á Alþ. nú fyrir jólin. Ég hygg að það sé óhætt að segja að allir séu sammála um að hér sé breytinga þörf, og hafa námsmenn vissulega sýnt fullan skilning á þessu atriði, sbr. nýlega gerðar samþykktir þeirra um þetta efni á fundum nú fyrir skömmu og einnig afstöðu þeirra þegar um þetta mál var rætt á s. l. vetri.

Nú dettur mér auðvitað ekki í hug að gera því skóna að fyrirhugaðar lagabreytingar minnki fjárþörf sjóðsins á næsta ári eða næstu árum. En verðtrygging og breytt tilhögun á endurgreiðslum mundu tvímælalaust treysta stöðu sjóðsins til frambúðar, bæði með auknum tekjum af endurgreiðslum og svo með því að draga úr eftirspurn eftir lánsfé frá því sem nú er, þegar í raun er um að ræða beinan styrk að mjög verulegu leyti vegna þess hvernig endurgreiðsluákvæðunum er fyrir komið. Með þá þróun fram undan, sem við það sæi hilla undir, yrði áreiðanlega auðveldara að brúa bilið, komast yfir erfiðustu árin, þangað til sjóðnum fara að berast tekjur af eigin fé, með þá háum fjárveitingum í fá ár eða e. t. v. með lánsfjáröflun að einhverjum hluta. Þetta verður allt skoðað vandlega við meðferð fjárlagafrv. næstu vikur, svo sem raunar hefur verið venja og þurft að gera á hverju ári að undanförnu, því að það er ekki nýtt að hér hafi þurft að endurskoða þá tölu sem sett er fram í fjárlagafrv.

Þá vil ég víkja að haustlánunum svokölluðu sem eru, eins og kunnugt er, aðeins fyrsta greiðsla af heildarláni á viðkomandi skólaári. Mér finnst rétt til samanburðar að rifja upp með örfáum orðum hvernig afgreiðslu haustlánanna hefur verið háttað að undanförnu. Að því er afgreiðslutímann snertir hef ég fengið upplýst að árið 1971 fór afgreiðsla fram í okt.-nóv.-mánuði, 1972 í nóv., 1973 síðast í sept. og s. l. ár í nóv.-mánuði. Nú hefst afgreiðsla upp úr miðjum okt., eins og kunnugt er, því að hún er þegar hafin og mér er tjáð að sjóðsstjórnin fari langt með að afgreiða frá sér í þessari viku, en síðan kemur til bankanna. Dráttur á afgreiðslu haustlánanna nú er því í sjálfu sér ekki óvenjulegur og alls ekki einstakur, en hann er vissulega jafn óæskilegur fyrir því.

Hér finnst mér rétt að geta þess að stjórn Lánasjóðsins hefur unnið að því, m. a. með samtölum við fjmrh. í sumar, að reyna að koma fastari tímasetningu á umsóknir og afgreiðslur og þar með útgreiðslur úr ríkissjóði til Lánasjóðsins. Það mundi verða til ótvíræðs hagræðis fyrir alla aðila auðvitað, lántakendur, sjóðsstjórn og ríkissjóðs, að koma fastari skipan á að þessu leyti heldur en orðið hefur, og að því verður unnið áfram.

Varðandi fjárhæð haustlánanna núna er þess að geta, að tryggt er, svona nokkurn veginn skulum við segja, nægilegt fjármagn miðað við venju, þó þannig að hluti haustlána kemur til útborgunar strax, en nokkuð ekki fyrr en í byrjun næsta árs. Það, sem veldur þrengri stöðu nú en áður, er auðvitað allt í senn, verðbólguhraðinn, meiri fjölgun umsókna en gert var ráð fyrir, því að umsóknum hefur fjölgað mjög mikið á þessu ári og það er í raun og veru eðlileg afleiðing af fjölgun stúdenta, en það er þó öllu meira en gert var ráð fyrir, og svo í einni setningu sagt þröng staða hjá ríkissjóði og hjá lánastofnunum.

Nánar tilgreint er afgreiðsla haustlána venjulega byggð á því að reiknaður er framfærslukostnaður í 7 mánuði af 12 og tekjur námsmanns eru dregnar frá. Haustlán nú, sem afgreidd verða

fyrir áramót samkv. þeirri vinnu sem nú fer fram hjá sjóðsstjórninni, geta aðeins numið 5.25/12 í stað 7/12 áður, en 1.75/12 yrðu þá greiddir strax eftir áramótin. Meðaltalslánsfjárhæð, sem greidd yrði nú þegar, er mér tjáð að sé liðlega 60 þús. að því er varðar innlenda námsmenn og tæplega 120 þús. til námsmanna erlendis. Greiðsla á 1/4 hluta haustlánanna kæmi þá í ársbyrjun, eins og ég áðan sagði.

Út af ummælum hv. 3. landsk. þm. um þetta atriði vil ég benda á að síðari lánsúthlutun, úthlutun að vori, fer venjulega fram, að mér er tjáð, í febr.-mars, svo að mér sýnist að þær eftirstöðvar haustlána, þ. e. ca. 1/4 af þeim, sem ráðgert er að greiða í ársbyrjun, sá hluti kæmi þó til nota á þeim mánuðum sem þá eru eftir af því tímabili sem haustlánunum er ætlað að brúa, fram til afgreiðslu vorlána. En hér er sem sagt um að ræða seinkun á útborgun á hluta af haustlánum, á það dreg ég enga dul. Hver verður aftur endanlegur fjárhlutur Lánasjóðsins á nýbyrjuðu skólaári, það ræðst ekki að fullu fyrr en við afgreiðslu fjárl. eins og kunnugt er og hér hefur áður komið fram.

Það er vitanlega ekki unnt að skoða, svo að rétt sé, málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna eða nokkra aðra einstaka þætti alveg án tengsla við önnur fjármál ríkisins. Varðandi fjárveitingar til Lánasjóðsins á fjárl. 1975 og meðferð þeirra fjárveitinga vil ég þess vegna rifja upp eftirfarandi til upplýsingar og skal fara fljótt yfir sögu: Veitt fé 680 millj. + 100 millj. kr. lánsheimildin, eins og ég áðan greindi. Allmargar fjárveitingar á fjárl. þess árs, er nú stendur yfir, hafa verið lækkaðar, skornar niður, eins og það er kallað, vegna fyrirsjáanlegs hallarekstrar ríkissjóðs. Fjárveiting til Lánasjóðsins hefur ekki sætt þeirri meðferð, heldur er hún greidd að fullu. Ákveðið var að greiða Lánasjóðnum 40 millj. kr. til viðbótar vegna gengisbreytinga á árinu, og hygg ég að það sé í samræmi við fyrri meðferð undir líkum kringumstæðum. Ríkisstj. tryggði Lánasjóðnum full not af 100 millj. kr. lántökuheimildinni, og ríkisstj. hefur heitið á fyrsta mánuði næsta árs 100 millj. kr. greiðslu af framlagi þess árs til þess að bæta upp haustlánin, en eins og ég sagði áðan hefur svo aftur úthlutun síðari hlutans farið fram á öðrum og þriðja mánuði ársins. Mér finnst rétt og nauðsynlegt að þetta komi fram, því að á sama tíma hafa margir aðrir, er greiðslu fá úr ríkissjóði, orðið að búa við skertar fjárveitingar í samræmi við heimildarákvæði í lögum.

Úthlutun haustlána á þessum grundvelli, sem ég þegar hef lýst, er nú í fullum gangi, eins og áður segir, er raunar að verða lokið, en heildarlánin, hver þau verða, hversu æskilegt sem það er að fá það upplýst strax, þá verður ekki unnt nú fremur en áður að slá því algerlega föstu fyrr en afgreiðslu fjárl. er lokið.

Vegna ummæla hv. 3. landsk. þm. vil ég láta það koma fram, að ég tel, að afskipti menntmrh. af málum Lánasjóðsins nú í haust hafi verið með ósköp venjulegum hætti. Leitað var samþykkis fyrir 100 millj. kr. lántökunni, þegar að því kom að fara að nýta hana og fá samþykki ríkisstj. fyrir því samkv. venju, og ríkisstj. afgreiddi það mál samdægurs á ríkisstjórnarfundi. Síðan skrifaði rn. lánastofnunum bréf, eins og líka hefur verið venja, en stjórn Lánasjóðsins tekur hins vegar lánin sjálf. Það fengust aðeins 50 millj. kr. á þennan hátt, og þá gekk hæstv. fjmrh. í það að tryggja afganginn og hét jafnframt 100 millj. kr. til greiðslu strax eftir áramótin, eins og ég hef raunar margtekið fram. Þetta tók allt sinn tíma, eins og við vill brenna í okkar margumtalaða kerfi, og það því fremur þá sem fé liggur nú enn síður á lausu, bæði hjá ríkissjóði og lánastofnunum, heldur en oft áður, því miður. En samt sem áður, ekki var lengra komið en fram í miðjan okt. þegar hægt var að hefja afgreiðslu lánanna.

Í þessu sambandi er einnig rétt að það komi fram, að fulltrúar námsmanna sögðu sig úr stjórn Lánasjóðsins þegar róðurinn þyngdist. Það er raunar þegar búið að geta um það áður á þessum fundi, en fulltrúar kjarabaráttunefndar hafa einu sinni komið á minn fund í haust að ræða þessi mál. Ég verð að segja það, að mér þykir það lítið í hlutfalli við þau fundahöld námsmanna, sem fram hafa farið á sama tíma, og lítið miðað við allar aðstæður eins og þær eru í dag.

Ég vil svo að lokum aðeins segja þetta, herra forseti: Ég skal manna síðastur verða til að gera lítið úr erfiðleikum íslenskra námsmanna margra. Ég hef nokkuð kynnst högum þeirra í gegnum aðstöðu eigin barna og annarra skyldmenna sem hafa verið í langskólanámi á undanförnum áratugum. En það gagnar ekki heldur að líta fram hjá þeim örðugleikum sem nú eru á öflun fjármagns þegar saman fer hallarekstur hjá ríkissjóði og stórfelld skuldasöfnun erlendis. Framhjá þessu þýðir ekkert að líta. Ég vil því segja að við skulum sameinast um að leita lausnar á vandanum, bæði óhjákvæmilegri fjáröflun til starfsemi Lánasjóðsins á yfirstandandi skólaári og svo um að koma fram þeim lagabreytingum er tryggi stöðu Lánasjóðsins til frambúðar. Það er gífurlega mikið atriði, og það er okkur áreiðanlega öllum jafnljúft og skylt að stuðla að því að starfsemi Lánasjóðsins og allrar annarrar námshjálpar til íslenskra námsmanna geti náð þeim megintilgangi að tryggja efnahagslegt jafnrétti til náms, eins og stóð á sumum kröfuspjöldunum hérna úti á velli, því að þetta er það, sem allir vita að er meginverkefni þessarar námshjálpar, hvort sem hún er veitt á vegum Lánasjóðs íslenskra námsmanna og þá í lánsformi ellegar hún er veitt á annan hátt, eftir annarri löggjöf.

Það er jafnan hollt að ræða vandamálin, og fsp.-tími Alþ. gefur að vísu takmarkaða möguleika til þess að brjóta mál til mergjar, þó að unnt sé að vekja athygli á áríðandi dagskrármálum og veita nokkrar upplýsingar um leið. En hér þarf auðvitað meira til en umr. í einum fsp.-tíma, svo að eðlilegt samstarf haldist með námsmönnum og stjórnvöldum. Mér líst ágætlega á þá hugmynd, sem fulltrúar námsmanna höfðu hreyft í gær við hæstv. fjmrh., hugmynd um að koma á opnum fundi um þessi mál með námsmönnum og þeim ráðh. sem einkum hljóta um þau að fjalla. Mér líst ágætlega á þessa hugmynd. En vitanlega þarf einnig og

ekki síður og jafnframt að ræða málin nánar í þrengri hópum.

En það varðar mestu, segi ég aftur og enn, að þegar tveir eða fleiri, hér skulum við segja fjárveitingavaldið og námsmenn, standa andspænis stóru vandamáli, þá glími þeir við það í sameiningu og skiptist á upplýsingum og skoðunum.

Ljóst er af allra síðustu fréttum, sem við vorum m. a. að heyra í gær í fjölmiðlum og áður í þessari viku, um ríkisbúskap, um gjaldeyrisstöðu, um ástand fiskstofna, að það er ekki bjart fram undan í efnahagsmálum Íslendinga og það eru því miður áreiðanlega litlar líkur til þess, að hver og einn fái óskir sínar uppfylltar til fulls. En því fremur ber okkur að leita allra leiða til þess að finna viðunandi lausn á hverjum vanda, svo í þessu máli sem öðrum vandamálum, sem að höndum ber.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég skal verða við þeirri beiðni að verða mjög stuttorður. Ég vil aðeins í upphafi minna á að upphlaup eins og það, sem átt hefur sér stað í dag, hafa orðið áður. Á fyrsta haustinu eftir að vinstri stjórnin tók við völdum, árið 1971, þá gerðist það, að þegar fjárlagafrv. var lagt fram, þá var ekki í þeirri fjárlagagerð, í því frv. farið eftir þeirri áætlun sem Lánasjóður ísl. námsmanna hafði lagt fram árið 1967 og þáv. stjórnvöld höfðu samþykkt að fylgja. Þetta vakti það mikla athygli á haustinu 1971 að ég leyfði mér að kveðja mér hljóðs hér utan dagskrár og spyrjast fyrir um þetta, hvernig á því stæði að till. var ekki hærri en raun bar vitni um. Þetta vakti nokkra athygli meðal námsmanna þá eins og nú. Ég vil taka fram strax, svo að það fari ekki á milli mála, að ég er enn sömu skoðunar og ég var þá, að ég tel að námsaðstoð eigi ekki að skerða meira en nemur almennri kjaraskerðingu í landinu hverju sinni, ef um skerðingu er að ræða, og meginatriðið í þessu máli fyrr og nú er að námsaðstoð sé fullkomlega í samræmi við óskir námsmannanna sjálfra.

Ég hef ekki litið á till. í fjárlagafrv. núna sem endanlega upphæð, heldur hef ég skilið hana svo, eins og áður hefur komið fyrir, að vegna þeirrar biðstöðu, sem í málinu er, og vegna þeirrar endurskoðunar, sem nú stendur yfir á lögunum um námslán, þá hafi þessi tala verið sett inn, menn hafi viljað bíða eftir þeim niðurstöðum sem endurskoðunarnefndin lætur frá sér fara, **væntanlega innan skamms, eins og hæstv. menntmrh.** gat um. En ég get ekki ímyndað mér að nokkrum manni hafi dottið í hug að þær niðurstöður geti leitt til skerðingar á námsaðstoð. Og ég vil leyfa mér hér og nú við þessa umr., þar sem ég á sæti í þessari endurskoðunarnefnd, að taka mjög skýrt fram að umr. í þessari n. gefa enga ástæðu til þess að halda að námsaðstoð verði skert. Þvert á móti má ætla að námsaðstoð verði aukin, a. m. k. eftir till. nefndarinnar.

Sú tala, sem í fjárlagafrv. er núna, segir auðvitað ekki alla söguna. Í fjárlagafrv. hverju sinni er sett fram sú upphæð sem á úr ríkissjóði að koma, en inn í þetta dæmi koma líka þær tekjur sem Lánasjóðurinn er talinn munu hafa á n. k. ári, og þær tekjur eru einkum af vöxtum og afborgunum. Ég hygg því, án þess að ég **viti það, að þeir, sem hafa gengið frá þessu frv.,** hafi vonað og hafi viljað að endurgreiðslur yrðu drýgri fyrir sjóðinn en verið hefur hingað til og tillögugerðin hafi stafað af þessari óskhyggju. En þær vonir, ef þær hafa verið fyrir hendi, eru því miður óraunhæfar fyrir næsta ár a. m. k., hvað sem framtíðinni líður, því að endurgreiðslukerfið **getur að sjálfsögðu ekki komið til fram**kvæmda strax á næsta ári, þannig að tekjur sjóðsins aukist að miklum mun. Þessi óskhyggja er hins vegar mjög skiljanleg, og ég veit að allir skilja það og námsmenn skilja líka að það verður ekki lengur unað við óbreytt lög og við óbreytt endurgreiðslukerfi.

Hæstv. menntmrh. rakti hér nokkrar tölur í því sambandi. Ég vil endurtaka það að á fjár**lagaárinu, sem nú er að líða, var ráðstafað 780** millj. til Lánasjóðsins og á móti komu 15.5 millj. vegna endurgreiðslna og afborgana. Miðað við þær áætlanir, sem lánasjóðsstjórnin hefur lagt fram núna, er reiknað með því að Lánasjóðurinn þurfi 1700—2600 millj. á næsta ári, og í þeirri sömu áætlun er reiknað með að tekjur sjóðsins séu 18 millj. á móti þessum gríðarlega háu upphæðum.

Ég vil líka vekja athygli á því að eins og fyrirkomulagið er núna samkv. lögum fá námsmenn lán árlega án vaxta meðan þeir eru við nám. Að loknu námi líða síðan 5 ár án þess að þeir þurfi að borga afborganir af sínum námslánum. Þá standa lánin að vísu á lágum vöxtum, en síðan, að þessum 5 árum liðnum, greiða námsmenn lán sín með annuitetsgreiðslum á 15 árum og 5% vöxtum. Er ljóst öllum skynsömum mönnum að hér er ekki um raunveruleg lán að ræða, **hér er um styrki að ræða og rétt að menn viður**kenni það. Ég held að allir sanngjarnir menn viðurkenni að þetta getur ekki gengið lengur. Þegar menn hafa þessi kjör námsmanna í huga, þá finnst sjálfsagt mörgum að það sé óskammfeilni hjá námsmönnum að efna til mikilla mótmæla og krefjast þess að áfram haldi þau kjör sem þeir hafa haft og greiðslur í þeirra sjóð, Lánasjóðinn, séu stórkostlega auknar. Ég vona því að kröfugerð þeirra spilli ekki fyrir eðlilegri endurskoðun og sanngjarnri niðurstöðu í þessari endurskoðun sem nú fer fram.

Það er mitt mat, eins og ég sagði áðan, að það komi ekki til greina að skerða námsaðstoð. Það þarf þvert á móti að hækka námsaðstoðina, þannig að hún nái smám saman því marki að fullnægja 100% umframfjárþörf. Hún á líka, námsaðstoðin, að veitast fleiri nemendum, úr öðrum skólum en nú er. Það þarf að veita miklu fleiri nemendum á framhaldsskólastigi aðgang að þessu kerfi. Þetta er nú verið að kanna með **fullum velvilja, og ég vona að yfirlýsingar** — stundum vanhugsaðar yfirlýsingar eða fordómar á hinn bóginn — valdi því ekki að við getum náð fram eðlilegum og sanngjörnum lausnum á þessu máli.

En á sama tíma sem við verðum að stefna að því að auka námsaðstoðina með þessum hætti sem ég gat um, þá verðum við líka að breyta endurgreiðslukerfinu. Við verðum að

breyta því á þann hátt að menn greiði lánin **aftur sem þeir fá með eðlilegum kjörum, að** lánin verði verðtryggð og greitt sé með hliðsjón af því hvaða laun menn hafa þegar þeir koma út í lífið. Mér finnst því í þessum umr. ekki vera rétt að hér sé staðið upp og einfaldlega lýst yfir vanþóknun sinni á því að fjárl. séu ekki nægilega há eða fjárlagafrv. sé ekki nægilega hátt. Ég trúi því að því verði breytt, eins og áður hefur tíðkast. Ég held að menn verði líka að vekja máls á þessum grundvallar**vandamálum Lánasjóðsins og viðurkenna þá** nauðsyn að það þarf að breyta endurgreiðslukerfinu. Það er alls ekki hægt fyrir þingið, fyrir fjárveitingavaldið að hækka fjárveitingar til Lánasjóðsins nema um leið og það breytir endurgreiðslukerfinu. Fjárveitingavaldið eða þingið hefur ekki bolmagn til þess og ég fullyrði að þjóðin muni ekki sætta sig við það. Því heiti ég á námsmenn og þá þm., sem hafa skilning á málefnum námsmanna, að taka höndum saman um að leysa þetta þannig að allir geti vel við unað.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég mun ekki lengja þessar umr., enda hafa allir málavextir komið skýrt fram.

Ég sé ástæðu til þess að þakka hv. síðasta ræðumanni fyrir aðalefni ræðu hans sem var jákvætt í garð málstaðar námsmanna, og ég met það þeim mun meir sem það er alkunna að hann er áhrifamikill stuðningsmaður núv. hæstv. ríkisstj.

Varðandi ummæli hans um nauðsyn þess að endurskoða gildandi lög og reglur um Lánasjóðinn, þá vil ég aðeins ítreka það, sem áður hefur komið fram í umr., að námsmenn sjálfir hafa lagt áherslu á að sú endurskoðun fari fram og henni verði lokið sem fyrst.

En aðalerindi mitt í ræðustólinn var að láta í ljós mikil vonbrigði yfir ræðu hæstv. menntmrh. Hann varð því miður ekki við óskum okk**ar þriggja þm., sem talað höfðum á undan hon**um, um að gefa jákvæða yfirlýsingu um að gerð yrði úrslitatilraun til að rétta hag námsmanna og bæta úr þeim rangindum sem verið er að fremja gagnvart þeim. Því miður gaf hann ekkert fyrirheit um það í sinni ræðu, að slíkt mundi verða gert. Þótt undarlega kunni að hljóma, er það hið eina jákvæða við þessar umr., að því er varðar hæstv. ríkisstj., að hæstv. fjmrh. skuli hafa þagað, og það vona ég þrátt fyrir allt að þýði að endanlegt nei sé ekki upp kveðið við fullkomlega réttmætum óskum námsmanna.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Í sjálfu sér er gagnlegt að ræða almennt um breytingar á lögum Lánasjóðs ísl. námsmanna, en þær umr. þjóna engum tilgangi til þess að leysa þann vanda sem nú blasir við. Það er eins og að hefja, þegar hús brennur, almennar umr. um skipulag brunavarna í stað þess að snúa sér strax að því að slökkva eldinn.

Ég vil í sjálfu sér taka undir þau jákvæðu ummæli sem komu fram hjá hv. 11. þm. Reykv. En það eru hæg heimatökin hjá honum og hv. 5. þm. Austurl., Halldóri Ásgrímssyni, því að **þeir eiga báðir sæti í þeirri n. sem hefur átt** að endurskoða þessi lög, að hefjast nú handa og koma þeirri endurskoðun til ríkisstj. og hingað inn í þingið, og þá er sjálfsagt að hefja umr. um breytingar á lögunum.

Ég vil einnig lýsa yfir vonbrigðum mínum með svör hæstv. menntmrh. En ég er því miður ekki eins bjartsýnn og hv. 9. þm. Reykv., að þögn fjmrh. boði það að hann hafi ekki tekið endanlega ákvörðun. Ég held að þögn hans einfaldlega sýni að hann þori ekki að taka til máls um þetta atriði hér, að hann finni að framkomu ríkisvaldsins gagnvart námsmönnum er í raun og veru ekki hægt að verja. Þetta er gerræðisfull aðgerð stjórnvalda, sem þau knýja fram í krafti valdsins sjálfs, en geta ekki stutt neinum frambærilegum málefnalegum rökum, enda komu þau rök ekki fram hjá hæstv. menntmrh. Hann varði tíma sínum til þess að ræða vítt og breitt, eins og hv. 11. þm. Reykv., um Lánasjóðinn almennt og lagabreytingar um hann, en hann vék ekki einu orði að því, hvernig leysa ætti þann vanda sem að námsmönnum steðjar nú, og það sem meira er og var þó í sjálfu sér það jákvæða í ræðunni, að hann með þögninni viðurkenndi að þessi vandi væri fyrir hendi. Hann mótmælti ekki einu orði því sem ég og aðrir málshefjendur hér í þinginu í dag lýstu hvert væri eðli þessa vanda. Þess vegna vil ég ítreka við hæstv. menntmrh. spurn**ingu sem nú brennur á vörum a. m. k. hundraða** námsmanna íslenskra, sérstaklega þeirra sem eru erlendis: Hvað eigum við að gera? Hvaðan eigum við að fá fé til þess að geta framfleytt okkur fram yfir áramótin, hæstv. menntmrh.?

Ríkisstj. gekk í bankana og bankarnir fundu aðeins 27 millj., að ég held, þannig að það þýðir lítið fyrir þessa námsmenn að ganga á fund bankastjóra þessa lands og biðja um víxillán til þess að geta framfleytt sér. Námsmenn eiga kröfu á því að þessi ríkisstj., sem ómótmælanlega hefur gengið á bak orða sinna, hefur brotið gildandi lög og yfirlýsingar um þetta efni og sent hundruð námsmanna út í heim, — þeir eiga kröfu á að þessi ríkisstj. bendi á hvernig þeir eiga að leysa sinn fjárhagsvanda. Ef það er ekki gert á raunhæfan hátt, þá blasir það við að ríkisstj. Íslands segir við þessa námsmenn: Gerið þið svo vel og hættið námi, þið sem ekki eigið auðuga að og getið fengið lán hjá skyldmennum ykkar. Fátækari hluti íslenskra námsmanna, komið þið heim, gjörið svo vel. — Það er boðskapur ríkisstj. Íslands ef ekki annað kemur fram hér á þessum fundi.

Og svo er sagt að það sé ekki til fé. Auðvitað er til fé til að mæta þessari þörf ef viljinn er fyrir hendi.

Ég rakti það áðan, að það er almennt álit hagfræðinga um heim allan að menntun er arðbærasta fjárfestingin sem nokkur þjóð getur lagt í. Nú eru Íslendingar að fjárfesta í brú yfir Borgarfjörð. Nú eru Íslendingar að fjárfesta í járnblendiverksmiðju. Ég er alveg viss um það, hæstv. menntmrh. og hæstv. fjmrh., að arðsemisútreikningar munu sýna að fyrirgreiðsla til námsmanna er mun arðbærari fjárfesting, ég tala nú ekki um heldur en brúin yfir Borgar-

fjörð, og mun arðbærari fjárfesting en járnblendiverksmiðjan í Hvalfirði.

Þessir peningar eru til. Það er ekki það sem er að. Það, sem er að, er að ríkisstj. hefur valið frekar fjárfestingu í járnblendiverksmiðju og samvinnu við Union Carbide heldur en fjárfestingu í íslenskum námsmönnum. Það er valið. Og það hefur skýrt komið fram fyrir þennan **fund og það hefur verið látið standa óbreytt á þessum fundi: Við viljum frekar eiga samstarf** við erlend stórfyrirtæki, íslenskir námsmenn, heldur en samstarf við ykkur um það hvernig menntun ykkar getur þjónað íslenskum hagvexti í framtíðinni.

Það er enn fremur dapurlegt að það skuli hafa skinið í gegnum ræðu hæstv. menntmrh. og þögn fjmrh. að ekki eru miklar vonir til þess, að þeirri upphæð, sem nú er í frv. til fjárl, verði breytt. M. ö. o., eins og hv. 9. þm. Reykv. **rakti rækilega hér í upphafi síns máls, það er** í vændum veruleg kjaraskerðing til viðbótar við þá kjaraskerðingu sem þegar hefur orðið á þessu hausti. Og ég vænti þess ekki að í fjárlagafrv. eða í öðrum aðgerðum ríkisstj. komi fram neinar ábendingar um að það verði dregið úr fjárfestingu í brú yfir Borgarfjörð eða hægt á framkvæmdum járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði. Það er valið, það er hið pólitíska val þessarar ríkisstj. sem er kveðja til íslenskra námsmanna. Þeir munu vissulega taka þá kveðju til íhugunar. Þeir munu vissulega sjá, að hún felur í sér ákveðinn pólitískan boðskap um það, hvers konar þjóðfélag þessi ríkisstj. vill beita sér fyrir á Íslandi, hver er sú stefna í sjálfstæðismálum íslendinga, sem þessi ríkisstj. vill aðhyllast, vegna þess að saga íslensku þjóðarinnar allt frá upphafi síðustu aldar og fram á þennan dag sýnir að það eru námsmenn þjóðarinnar fyrst og fremst sem hafa verið hennar besta sjálfstæðisfjárfesting, bæði stjórnarfarslega og í efnahagsmálum.

Ég vona að hæstv. menntmrh. og hæstv. fjmrh. láti ekki þessari umr. ljúka svo hér í dag að þeir hafi ekki uppi a. m. k. vilyrði um að breyta þessari ákvörðun, að þeir sýni þá lágmarkskurteisi gagnvart íslenskum námsmönnum að þeir segi þeim hvernig þeir eigi að leysa þennan vanda.

Hæstv. menntmrh. mun vera á leið austur á firði næstu daga og ég óska honum góðrar ferðar. En það væri vel þess virði, þegar hann keyrir á sinni glæsilegu bifreið, ef hann ætlar að hagnýta hana í þeirri ferð austur á land, og er búinn að dvelja þar þann tíma sem hann ætlar að vera og er lagður af stað til baka, þá fái hann allt í einu skeyti frá olíufélögunum í landinu um það: Þú færð bara bensín til að komast að Vík í Mýrdal og í janúar færðu það bensín sem á vantar. — Þetta er í hnotskurn afstaða ríkisstj. gagnvart íslenskum námsmönnum. Hún er svona í hnotskurn. Og ég vona að þegar hæstv. menntmrh. keyrir fram hjá Vík í Mýrdal, þá hugleiði hann hvernig hann hefði komist til Reykjavíkur ef hann hefði fengið þessa tilkynningu, því að það er þessi tilkynning sem hann hefur sent íslenskum námsmönnum. (**Gripið fram í**: Hann stoppar í Vík.) Ég hef því miður ekki sömu trú og hv. 2. þm. Austurl. á fórnfýsi þessarar ríkisstj., að hún muni fórna ráð**herrabensíninu fyrir hagsmuni íslenskra náms**manna. En dæmið stendur hins vegar.

Ég vil svo ljúka þessu máli með því að ítreka það sem ég sagði í upphafi, að þær aðgerðir, sem hafðar hafa verið í frammi í dag fyrir utan Alþingishúsið, sá málflutningur, sem við höfum reynt að hefja hér á Alþ., er ekki einangruð aðgerð. Að baki kröfum námsmanna standa fjölmennustu launþegasamtök þessa lands, — launþegasamtök, sem ríkisstj. á eftir **að sækja til samkomulag um lausn efnahags**vandans. Ef ríkisstj. vildi í raun og veru efla jákvætt samstarf við launþegasamtökin í landinu, þá sýndi hún í upphafi þeirra viðræðna að hún muni gera sitt til þess að börn láglaunafólksins í landinu geti haldið áfram að mennta sig, því að verkamennirnir, iðnaðarmennirnir, sjómennirnir, kennararnir og aðrir meta ekki bara það kaup sem þeir fá, þeir meta þá kjarastöðu sem fjölskyldur þeirra hafa í heild, hvort þeir verða að taka við börnum sínum á næstu vikum frá útlöndum.

Alþýðusamband Íslands hefur sent námsmönnum þessa stuðningsyfirlýsingu, og ég vil ljúka máli mínu með því að biðja hæstv. ríkisstj. að íhuga vel og í fullri alvöru þessa afstöðu Alþýðusambands Íslands sem er í senn samnefnari fyrir afstöðu annarra launþegasamtaka í landinu gagnvart námsmannahreyfingunni, orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Með tilliti til viðurkenndrar launajöfnunarstefnu verkalýðssamtakanna er það einnig skoðun miðstjórnarinnar að fullnægjandi námslána- og styrkjakerfi eigi að vera liður í baráttu fyrir því langtímamarkmiði að draga mjög úr því stórfellda misræmi sem er við lýði milli stétta erfiðismanna og langskólamanna hvað launakjör snertir.“

Fram undan í þessu þjóðfélagi er greinilega mikil barátta um hvernig eigi að jafna þær byrðar, sem þjóðin þarf að bera vegna þessara efnahagserfiðleika. Ég vona að sú pólitíska kveðja, sem þessi ríkisstj. hefur sent íslenskum námsmönnum, sé ekki upphafið að sams konar kveðjum til annarra láglaunastétta í landinu, því að ef sú verður raunin, þá mun þessari ríkisstj. aldrei takast að leysa efnahagsvandann þjóðarinnar, hún mun þvert á móti magna stéttaátökin í landinu.

Skylduskil til safna, frv. (þskj. 9). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þetta frv. um skylduskil safna var lagt fyrir síðasta Alþ. og er flutt hér óbreytt.

Í I. kafla þessa frv. er greint frá megintilgangi væntanlegra laga, en hann er sá að tryggja að unnt sé að varðveita til frambúðar það efni sem skilaskyldan nær til, að unnt sé að gera og gefa út alveg tæmandi skrár um þetta efni eða tiltekinn hluta þess og efnið geti enn fremur verið tiltækt til nota vegna rannsókna opinberra stjórnsýsluaðila eða til annarra eðlilegra þarfa. Í fyrri löggjöf hefur þótt bresta nokkuð á að þessi tilgangur væri skýrður nægilega vel.

Það er rétt að taka fram að þegar í II. kafla, um skilaskylt efni, segir að íslenskar prentsmiðjur skuli halda eftir 4 eintökum til skylduskila, þá felur það í sér að útgefandinn eða sá, er prenta eða margfalda lét, eins og segir í frv., ber í rauninni allan kostnað af skylduskilunum. Það er svo nýmæli í þessu frv. að afhenda skuli hljómplötur eða annars konar tón- og talupptökur sem gefnar eru út, en nauðsynlegt er að **tryggja einnig að þessu efni sé haldið örugglega til haga, engu síður en því efni, sem prentað er** eða fjölfaldað á annan máta.

Um það efni, sem ætlað er til takmarkaðra nota innan þröngs hóps eða e. t. v. er trúnaðarmál, þegar það er gefið út, þá er rétt að taka fram að því ber að skila engu síður en **öðru efni. Það er svo skylda Landsbókasafnsins, sem er viðtakandi, en ekki prentsmiðjunnar, að** tryggja það síðan, eins og fram kemur í frv., að með það efni verði farið af þeirri leynd sem ætlast er til.

III. kafli frv. fjallar um framkvæmd skylduskilanna. Þar segir m. a. að Landsbókasafn Íslands veiti skyldueintökum viðtöku og hafi eftirlit með skylduskilum.

Í IV. kafla frv. er svo rætt um varðveislu og meðferð skyldueintakanna. Varðveisla alls hins skilaskylda efnis er ekki talin trygg til frambúðar nema í Landsbókasafni séu tvö eintök af hverju einu og sé annað þeirra varðveitt sem hreint geymslueintak, en hitt aftur á móti til nota á lestrarsal. Til enn frekari öryggis á viðsjárverðum tímum þykir einnig nauðsynlegt að eitt eintak sé varðveitt annars staðar, í öðrum landshluta, og þá eðlilegast að Akureyri verði fyrir valinu sem fjölmennasti bær og augljós framtíðarstaður fjarri höfuðborgarsvæðinu. Til þess að varðveisla skyldueintaka verði þar sem allra tryggust verður að binda not þeirra við lestrarsal eingöngu, eins og fram kemur í frv.

Þá er enn rétt að minna á að með ráðstöfun eins eintaks til Háskólabókasafns er í fyrsta lagi litið á brýna þörf Háskóla Íslands til að hafa jafnan sem greiðastan aðgang að hverju einu, bæði stóru og smáu, vegna rannsókna hvers konar, en jafnframt er nauðsynlegt að eitt safn, ef ríka nauðsyn ber til, geti léð öðrum söfnum og stjórnsýslustofnunum innanlands íslenskt efni og einnig léð erlendum söfnum sem hingað kunna að snúa sér með bókalán þegar svo stendur á.

Við 1. umr. þessa máls á síðasta þingi var á það bent að söfn, sem áður hafa notið hlunninda af skyldueintökunum, misstu nokkurs í við samþykkt þessa frv. Þetta var alveg rétt ábending. **Það er því nauðsynlegt eða a. m. k. æskilegt** að frv. um almenningsbókasöfn verði afgreitt um líkt leyti og þetta frv., því að það frv. um almenningsbókasöfnin á að styrkja stöðu þeirra og gæti þá tekið við þar sem þá fyrirgreiðslu þrýtur er einstök söfn hafa notið í sambandi við skylduskil. En hitt er svo, að ég tel a. m. k., að varla sé stætt á því að gera almennum útgefendum prentaðs máls að láta af höndum 12 eintök endurgjaldslaust af **sérhverju riti sem þeir gefa út, eins og nú er mælt fyrir** um í lögum yfir höfuð. Ég tel ekki stætt á því lengur og því síður sem þyngst hefur fyrir fæti hjá íslenskri bókaútgáfu á síðustu árum alveg tvímælalaust.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni umr. vísað til hv. menntmn.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Svo sem fram kom í ræðu hæstv. menntmrh., hefur þetta frv. verið lagt fram á þingi áður. Menntmn. Nd. fékk það til meðferðar á síðasta þingi, en það varð ekki útrætt.

Það eru nýmæli í þessu frv. til l. um skylduskil til safna að tekinn er fram í lögum tilgangur með skylduskilum. Það er í sjálfu sér nauðsynlegt, einmitt til þess að nm. geti tekið afstöðu til þeirrar gagnrýni sem borist hefur og heyrst hefur frá þeim bókasöfnum sem hingað til hafa fengið skilaskylt efni. Ég er fyllilega sammála hæstv. menntmrh. um að nauðsyn sé að afgreiða frv. um almenningsbókasöfnin um leið og þetta, og lýsi ég því yfir að ekki muni standa á liðsinni mínu í þeim efnum.

Mig langar við þessa 1. umr. að gera að umtalsefni atriði sem felst í II. kafla frv. sem ber fyrirsögnina „Skilaskylt efni".

Í núgildandi lögum um skylduskil til safna, lögum frá 1949, stendur að öllum prentsmiðjum og öllum fyrirtækjum, sem margfalda prentað eða ritað mál, sé skylt að afhenda Landsbókasafni efni sem þeir framleiða. Aðrir aðilar, svo sem stofnanir, félög eða einstaklingar, eru ekki skilaskyldir nema þeir njóti styrks af almannafé til útgáfunnar. Í því sambandi er í núgildandi lögum skýrt talað um útgáfu. Í frv., sem hér liggur fyrir, er skilgreining á fjölföldunaraðilum hins vegar ekki jafnskýr, þar sem samkv. 2. gr. frv. eru skilaskyldir aðilar þessir: „prentsmiðjur, fjölritunarstofur og aðrir aðilar sem fjölfalda texta eða myndaefni." Þetta verður ekki skilið, held ég, á annan veg en þann, að allir, sem einhver afnot þurfa að hafa af fjölritara t. d., séu skilaskyldir. En nú eru fjölritarar til ákaflega víða. Þeir eru til í opinberum stofnunum, skólum, hér á Alþ. t. d. Félagasamtök og einstaklingar eiga og nota fjölritara. Efni, sem slíkir aðilar fjölrita, getur verið af ýmsu tagi án þess að það flokkist undir útgáfu. Því er að vísu oft ætlað til dreifingar, en mjög oft ekki nema til innanhússnota. Hér virðist mér þörf nánari skýringar. Ef ætlunin er að allir aðilar séu skyldir til að skila efni af hvaða tagi sem hugsast getur, þá á ég erfitt með að sjá hvernig Landsbókasafnið getur haft eftirlit með því að skyldu um skil sé framfylgt.

Ég beini því þeim tilmælum til hæstv. ráðh. að hann geri strax við 1. umr. grein fyrir því hvaða skilning á að leggja í „skilaskylt efni". Það mundi auðvelda störf nefndarinnar, a. m. k. mundi það auðvelda mér skilning á því hvað þarna er átt við, því að mér virðist að undir þetta ákvæði heyri eitt blað, kannske með einföldu fundarboði frá félagssamtökum, og allt upp í stærstu útgáfur. Ef það er réttur skilningur hjá mér að átt sé við hvern einasta snepil sem hvaða aðili sem er fjölritar eða fjölfaldar, þá hygg ég að þurfi að athuga vel 5. gr., þar sem talað er um hvernig með skuli fara plögg sem merkt eru trúnaðarmál. Þá hygg ég að

kæmi til greina að strangari reglur yrðu settar um það, hvers konar trúnaðarmáli yrði að skila, og hugsanlega einnig að þeir aðilar sem skiluðu slíku efni, fengju öruggari tryggingu fyrir því að þetta yrði innsiglað og geymt. Ég er ekki viss um að skrifleg yfirlýsing frá safni sé nægileg.

Ég hef þessi orð ekki fleiri, herra forseti, en vænti þess að hæstv. menntmrh. geti upplýst mig betur um þetta atriði.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Hér er fjallað um frv. til l. um skylduskil til safna. Um það efni gilda nú lög nr. 11 frá 8. mars 1949. Ástæða þykir til að endurskoða ákvæði þeirra laga. M. a. er hér freistað að skilgreina hver sé raunverulegur tilgangur slíkra laga og er það að sjálfsögðu góðra gjalda vert. Einnig er hér rakið hvaða aðilar hafa knúið á um endurskoðun þessara laga, og segir svo í greinargerð: „Þeir aðilar, sem skilaskyldir hafa verið samkv. lögum um afhending skyldueintaka til bókasafna, samþ. á Alþ. 24. febr. 1949, hafa oft knúið á um það undanfarin ár að lögin yrðu endurskoðuð og þá ekki síst að því er varðaði tilgang þeirra og þar af leiðandi fjölda skyldueintaka.“ Þetta er nú allt saman gott og blessað. En það er rétt að gera sér ögn nánari grein fyrir því, hvað liggur hér að baki og hvaða ákvæðum þetta frv., ef að lögum verður, breytir í framkvæmd. Þá verður að athuga þetta frv. með hliðsjón af öðru frv. sem hér hefur verið lagt fram, frv. til l. um almenningsbókasöfn, sem mun nú þegar hafa verið rætt og vísað til menntmn.

Það virðist vera megintilgangur þessa frv. til l. um skylduskil til safna að fækka skilaskyldum eintökum bóka og annarrar útgáfustarfsemi í stórum dráttum úr 12 eintökum í 4, og er það að sjálfsögðu allmikil fækkun. En á hvaða aðilum bitnar svo þessi fækkun skyldueintakanna? Þá þurfum við aðeins að líta í gildandi lög um almenningsbókasöfn og frv. það sem ég minntist á um það efni. Segir svo í lögum um almenningsbókasöfn, nr. 22 frá 1963, í 4. gr., með leyfi hæstv. forseta: „Bókasöfnin í Stykkishólmi, á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði skulu skyld að varðveita eitt eintak af hverju íslensku riti sem prentað er. Skulu söfnin njóta sakir þessarar skyldu árlegs aukastyrks úr ríkissjóði samkv. nánari ákvörðun í fjárlögum.“ Þau 4 eintök, sem gert er ráð fyrir að skylt verði að skila samkv. því frv. sem nú hefur verið lagt fram, eiga að fara til Landsbókasafnsins tvö eintök, Háskólabókasafnsins eitt og Akureyrarbókasafns eitt eintak.“ M. ö. o.: það á að svipta bókasöfnin í Stykkishólmi, á Ísafirði og Seyðisfirði skilaskyldunni, þ. e. a. s. hætta að láta eitt eintak af bókum og öðru meiri háttar prentmáli ganga til þessara safna. Þetta þýðir að sjálfsögðu að grundvöllur þessara bókasafna, þessara gamalgrónu bókasafna, raskast mjög mikið. Í þeirri grein, sem ég vitnaði í áðan, segir að söfnin eigi að njóta sakir þessarar skyldu árlegs aukastyrks úr ríkissjóði.

Ég hef ekki orðið var við að það safn, sem ég hef aðallega í huga, Amtsbókasafnið í Stykkishólmi, hafi notið mikils aukastyrks úr ríkissjóði til starfsemi sinnar. En á hitt ber að líta, að sýslusjóður, sveitarsjóðir og aðilar heima í héraði hafa lagt stórfé, stór framlög til þessara mála, með því að byggja yfir Amtsbókasafnið stórt og veglegt bókasafnshús, bókhlöðu á besta stað í bænum, án teljandi styrks frá hinu opinbera, vegna þess að styrkur til bókhlöðubygginga, eins og hann er ákveðinn í lögum nr. 22 frá 1963, er svo við nögl skorinn að hann hefur nánast ekki skipt máli í sambandi við uppbyggingu þessara safna að þessu leyti.

Ég sé mig alveg sérstaklega knúinn til að vekja hér athygli á þessu máli og jafnframt fara þess alveg sérstaklega á leit við hv. menntmn., sem fær þetta frv. til meðferðar, að hún skoði þetta atriði gaumgæfilega, því að þarna er, eins og ég sagði áðan, verulega raskað rekstrargrundvelli þessara safna sem hafa byggt starfsemi sína m. a. á skilaskyldunni.

Ég er ekki nákunnugur á Ísafirði og Seyðisfirði og þekki ekki hvernig að þessum málum er staðið þar eða hvort þau söfn eru varðveitt í góðum byggingum og varðveitt með sóma eins og vera ber. En ég fullyrði að vel er búið að Amtsbókasafninu í Stykkishólmi, vel að því hlúð og hefur verið lagt stórfé af mörkum frá heimamönnum í því efni.

Þess vegna verð ég að segja það, að ég tel ákvæði þessara frv. sumpart aftur á bak að því er landsbyggðina snertir og þessi þrjú söfn og þurfi því að athuga nánar. Það má vel vera að ástæða sé til að fækka þessum skyldueintökum, og það getur verið álitamál hvað eigi að fækka þeim mikið. Það eru ýmis sjónarmið sem koma þar til greina. En þetta þarf að athuga vandlega.

Að því er varðar frv. til l. um almenningsbókasöfn, þá er ekki ástæða til að ræða það hér þar sem málinu hefur nú verið vísað til nefndar. En það hefur oft verið vakin athygli á því á undanförnum árum að þau lög eru orðin stórlega á eftir tímanum, sérstaklega að því er fjárframlög varðar, þó að með því frv., sem nú er fjallað um, sé að vísu gerð bragarbót, sem þó er ekki ætlað að koma til framkvæmda, að mér skilst, fyrr en á næstu þrem árum eða svo.

Ég held þess vegna, eins og ég hef áður tekið fram, að við þurfum að athuga þetta nánar, og kemur þar ýmislegt til greina. Við verðum að sjá svo um að grundvelli þessara bókasafna, sem þau hafa staðið á hingað til, sé ekki raskað um of. Við verðum að gera þau fær um að gegna hlutverki sínu áfram. Ég tel að prentskilaaðferðin sé jafnvel einfaldari leið og kostnaðarminni til þess að styrkja þessi bókasöfn heldur en sú leið að auka fjárframlög til þeirra, sem að sjálfsögðu gæti þó komið til athugunar. Það má líka minna á, að geymsluskyldan og dreifing bóka um landið er öðrum þræði gerð í öryggisskyni og til þess að tryggja að bækur glatist ekki alveg þótt t. d. náttúruhamfarir, styrjaldir eða aðrar ófarir gangi yfir og tortími ef til vill bókum á einum stað. Það er að vísu ekki rétt að gera ráð fyrir slíku, en þó er sjálfsagt að viðurkenna að hlutir, sem eru geymdir og dreifðir um landið, eru á fleiri en einum stað, eru þó yfirleitt betur varðveittir en ef þeir eru aðeins á einum að tveimur stöðum. Ég held því — og skal ljúka

máli mínu — að það þurfi að athuga þetta vel áður en prentskilin eru afnumin að því er tekur til þessara þriggja bókasafna.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að fagna þessu frv. og um leið vekja máls á því, hvort ekki væri nauðsynlegt að gera ákvæði um skylduskil efnis í frv. ítarlegri í meðferð þingsins. Sú breyting hefur orðið á síðustu 10—15 árum með tilkomu nýrrar tækni við prentun og dreifingu efnis að stjórnvöld, stofnanir, háskólar, rannsóknaraðilar, hagsmunasamtök og aðrir slíkir aðilar hafa í æ ríkari mæli tekið upp margháttaða fjölritun efnis sem fyrst og fremst er ætlað til afnota fyrir takmarkaðan hóp, annaðhvort innan viðkomandi stofnunar eða samtaka eða fáeina samskiptaaðila þeirra.

Þessi tæknibreyting í prentun og dreifingu ritaðs máls hefur það í för með sér að þær hefðbundnu venjur við varðveislu gagna, sem tíðkast hafa hér á landi og í nágrannalöndum um áratugaraðir, eru að mestu leyti úreltar. Sagnfræðingar samtíðarinnar eru þegar farnir að reka sig á það að einhverjar mikilvægustu heimildir um sögu samtíðarinnar er að finna fyrst og fremst í gögnum af þessu tagi, og í röðum þeirra er þegar kominn fram í mörgum löndum ótti um að saga síðustu áratuga 20. aldar kunni að verða illritanleg ef ekki verði tryggilega gengið frá því að allir þeir fjölmörgu aðilar, sem hér eiga hlut að máli, séu skyldir að skila öllum gögnum sínum til ákveðins aðila. Þau skil geta verið með ýmsum takmörkunum um notkun, bundið við ákveðinn árafjölda eða áratugafjölda.

En aðalatriði málsins er það, að nú þegar eru á Íslandi á allt annan hátt en áður var, þegar útgáfa byggðist fyrst og fremst á útgáfu ríkisins og viðurkenndra bókaútgáfufyrirtækja, framleiddar einhverjar mikilvægustu heimildir sem sagnfræði framtíðarinnar mun grundvallast á. Þetta frv., þótt ekki sé stórt í sniðum, felur þess vegna í sér í raun spurninguna um það, hvort við í samtíð okkar leggjum þann grundvöll að íslenskri sagnfræði við lok þessarar aldar eða næstu aldar, að þeir, sem á eftir okkur kunna að koma og skrifa sögu þessarar aldar, geti unnið sitt verk eða ekki.

Ég vil því sérstaklega við upphaf þessa máls láta það koma fram af minni hálfu og míns flokks að við teljum þetta frv. eitt af mikilvægustu frv. sem þingið hefur fengið til meðferðar, þótt ekki snerti það kannske þau brýnu vandamál sem við þjóðinni blasa nú. En ef íslendingar 21. aldar eiga að geta fengið skilning á sögu 20. aldar á svipaðan hátt og við erum að reyna að fá skilning á sjálfstæðisbaráttu 19. aldar, þá er nauðsynlegt að Alþingi Íslendinga setji hið fyrsta lög af þessu tagi og jafnvel enn ítarlegri og nákvæmari en það frv. til l. sem hér er til umr., felur í sér. Þótt ég eigi í fjarveru Magnúsar T. Ólafssonar sæti í menntmn. þessarar deildar, þá reikna ég ekki með því að geta verið hér viðstaddur þegar þetta mál kemur til endanlegrar afgreiðslu og vildi því nota þetta tækifæri hér til þess að nokkru leyti í nafni fræðimanna, sagnfræðinga og annarra áhugaaðila, sem hér eiga hlut að máli, að undirstrika það við þingheim að hér er á ferðinni mál sem krefst þess að það sé mjög gaugæft. Ef við viljum viðhalda sagnfræðiáhuga og sagnfræðihefð íslensku þjóðarinnar, þá verðum við að gera þetta frv. vel úr garði þegar Alþ. sendir það frá sér.

Ég vil svo að lokum óska þess að sú n., sem fær þetta mál til ítarlegrar umfjöllunar, kynni sér hvernig íslensk stjórnvöld, rannsóknarstofnanir og aðrir aðilar varðveita það fjölþætta og mikilvæga efni sem þeir eru að framleiða í fjölrituðu eða öðru formi um þessar mundir. Ég er viss um að stjórnsýsla landsins yrði mun auðveldari ef komið yrði varanlegri skipan á þau mál. Íslenska ríkiskerfið er orðið svo fjölþætt og þar starfa svo margir aðilar að enginn einn einstaklingur eða hópur manna getur haft yfirsýn yfir alla þá — ég vil kalla málefna- og rannsóknaframleiðslu sem þar fer fram. Ef hins vegar íslenska ríkið í nútíð og framtíð ætlar að geta starfað á skipulagsbundinn hátt og á grundvelli raunhæfra gagna, þá er nauðsynlegt að einhver einn aðili hafi alla þessa framleiðslu við höndina. Svo er ekki í dag, og í hverjum mánuði, hvað þá á hverju ári, þá týnast — og ég undirstrika það — tugir ef ekki hundruð grundvallargagna í íslenska stjórnkerfinu vegna þess að ríkisstofnanir, rannsóknaraðilar og aðrir eru ekki skyldaðir til að varðveita þessi gögn.

Ég vil svo að lokum ítreka það enn einu sinni að ég tel þetta frv. vera mikilvægt, ekki fyrir samtíðina, heldur fyrst og fremst fyrir framtíðina. Og ég vona að það þing, sem nú situr, beri gæfu til þess þrátt fyrir mikinn efnahagsvanda þjóðarinnar að koma þessu frv. í töluvert ítarlegri gerð í heila höfn sem lögum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 7. fundur.

Fimmtudaginn 23. okt., kl. 8 síðdegis.

Stefnuræða forsætisráðherra og umræða um hana. — Útvarpsumræða.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Umræðan skiptist í tvær umferðir, þannig, að í fyrri umferð hefur forsrh. til umráða allt að hálfri klukkustund og fulltrúar annarra þingflokka en forsrh. 20 mín. hver. Í síðari umferð hefur hver þingflokkur 10 mín. til umráða. Röð flokkanna verður þessi: Í fyrri umferð: Sjálfstfl., Alþb., Framsfl., Alþfl. og SF. Í síðari umferð: Framsfl., Alþb., Sjálfstfl., SF og Alþfl. Ræðumenn auk forsrh. verða þessir: Af hálfu Sjálfstfl. talar Lárus Jónsson, 4. þm. Norðurl. e., í síðari umferð. Af hálfu Alþb. talar Ragnar Arnalds, 5. þm. Norðurl. v., í fyrri umferð og Geir Gunnarsson, 11. landsk. þm., í síðari umferð. Af hálfu Alþfl. talar Benedikt Gröndal, 2. landsk. þm., í fyrri umferð og Gylfi Þ. Gíslason, 9. þm. Reykv., í síðari umferð. Fyrir Framsfl. talar Ólafur Jóhannesson dómsmrh. í fyrri umferð og Vilhjálmur Hjálmarsson menntmrh. í síðari umferð. Af hálfu SF talar Karvel Pálmason, 5. þm. Vestf., í

fyrri umferð og Ólafur Ragnar Grímsson, 3. landsk. þm., í síðari umferð. — Hefst þá umræðan og tekur hæstv. forsrh., Geir Hallgrímsson, til máls.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ræða mín mun fjalla um þau tvö megin viðfangsefni sem eru öllum öðrum mikilvægari um þessar mundir, annars vegar landhelgismálið og hins vegar þann mikla efnahagsvanda sem íslenska þjóðin stendur frammi fyrir.

Miðvikudaginn 15. okt. s. l. gekk í gildi reglugerð um fiskveiðilandhelgi Íslands er kvað á um útfærslu hennar í 200 sjómílur. Er það í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstj. frá 28. ágúst 1974 að færa fiskveiðilandhelgi Íslands út í 200 sjómílur á árinu 1975.

Allt frá því að ríkisstjórnin var mynduð hefur ötullega verið unnið að undirbúningi útfærslunnar.

Rétt þótti að ákveða ekki útfærsludaginn fyrr en eftir fund Hafréttarráðstefnunnar sem haldinn var fyrr á þessu ári. Fljótlega að honum loknum var endanleg ákvörðun tekin og sjútvrh. undirritaði reglugerð um 200 mílna fiskveiðilandhelgi 15. júlí s. l., er taka skyldi gildi 15. október.

Reynslan hefur sýnt, að skynsamlegt var að fresta þessari ákvörðun fram yfir síðasta fund Hafréttarráðstefnunnar. Þar var lagt fram frumvarp að hafréttarsáttmála, samræmdur texti sem formenn undirnefnda ráðstefnunnar standa að. Það er styrkur að útfærsla okkar í 200 sjómílur, þótt einhliða sé, er í fullu samræmi við þetta frumvarp. Okkur skiptir nú mestu máli að vernda þau ákvæði frumvarpsins sem mæla fyrir um óskoruð yfirráð strandríkis yfir 200 mílunum, að strandríkið hafi einhliða rétt til að kveða á um hve mikið fiskmagn skuli þar taka upp úr sjó og hvort öðrum þjóðum skuli heimilaðar veiðar. Við verðum að standa vörð um þessi ákvæði frumvarpsins og leitast við að sjá um að þau breytist ekki í meðferð Hafréttarráðstefnunnar.

Samkvæmt heimildum alþjóðlegra aðila, sem hafa gert skrá yfir stærð ríkja eftir að þau öðlast 200 mílna efnahagslögsögu, yrði Ísland 25. víðáttumesta ríki heims.

Við útfærsluna stækkaði yfirráðasvæði Íslands um rúma 500 þús. km² eða þrefaldaðist. Þessar tölur einar gefa til kynna hve gífurlegt verkefni það er að halda uppi lögsögu á íslensku yfirráðasvæði. Á hafinu mæðir auðvitað mest á landhelgisgæslunni og starfsmönnum hennar. Við aukin verkefni fylgja þeim allar góðar óskir, en jafnframt hljótum við að gera okkur grein fyrir að fjárþörf landhelgisgæslunnar er mikil, bæði vegna tækjakaupa og rekstrar. Mat á þeirri fjárþörf veltur m. a. á því, hvort ófriður verður um útfærsluna eða ekki.

Eins og jafnan áður, þegar við færum út fiskveiðilögsögu okkar, gerum við það einhliða og með vitneskju um að ákvörðun okkar veldur deilum við aðrar þjóðir. Um leið gerum við okkur ljóst að með ýmsum alþjóðlegum skuldbindingum, ekki síst með tilvísun til stofnskrár Sameinuðu þjóðanna, höfum við heitið því að leitast við að leysa deilur við aðrar þjóðir með friðsamlegum hætti og samningum.

Í þessu deilumáli höfum við bæði réttinn og rökin með okkur þegar við ræðum við aðrar þjóðir. Ef við viljum annaðhvort ekki eða treystum okkur ekki að halda fast fram málstað okkar í viðræðum og frjálsum samskiptum þjóða, erum við vart verðug þess að heita sjálfstæð þjóð.

Íslenska ríkisstj. hefur tekið þá sjálfsögðu afstöðu að ræða beri við aðrar þjóðir sem þess óska, á þeim grundvelli, að 200 mílurnar verði í heild friðaðar sem allra fyrst. Þær undanþágur, sem hugsanlega kynnu að verða veittar, eiga að byggjast á því, að stórfelldur samdráttur verði í afla erlendra skipa, erlendum fiskiskipum fækki verulega, veiðisvæðin færist sem lengst frá landi, og einkum verði lögð áhersla á að friða 50 mílurnar sem mest. Jafnframt verður ekki gengið til samninga nema til skamms tíma. Ég fjölyrði ekki frekar um það hvernig viðræðum verður háttað í einstökum atriðum, enda verða engir samningar gerðir án þess að þeir komi til umræðu og samþykktar Alþingis. Úrslitum ræður hvort við losnum frekar og fyrr við erlend fiskiskip af Íslandsmiðum með samkomulagi eða án þess.

Við skulum hafa það til hliðsjónar að erlend fiskiskip hafa á undanförnum 10 árum veitt frá 40% og allt að 54% af afla botnlægra fiska á Íslandsmiðum. Það er ekki í raun fyrr en á árinu 1974 að hlutdeild erlendra veiðiskipa minnkar nokkuð, eða niður í 38%, en árið 1974 er einmitt fyrsta heila árið sem bretar veiða hér við land samkvæmt nýju fiskveiðisamkomulagi og landhelgisgæslan hefur getað einbeitt sér að því að stugga þjóðverjum einum út fyrir 50 mílurnar.

Við höfum margvíslegra hagsmuna að gæta í viðræðum við aðra, auk þess meginmarkmiðs að friða allt 200 mílna svæðið fyrir erlendum fiskiskipum.

Við megum ekki spilla góðum málstað okkar á Hafréttarráðstefnunni og leggja vopn í hendur þeirra andstæðinga okkar, sem vilja fá það ákvæði inn í hafréttarsáttmálann, að gerðardómur kveði á um hvernig veiðum útlendinga skuli háttað innan fiskveiðilögsögu strandríkjanna ef samkomulag næst ekki.

Við verðum einnig að hafa hugfast, að við kunnum að hafa hag af því að stunda veiðar innan fyrirhugaðrar 200 mílna lögsögu annarra ríkja.

Þá verður að koma skýrt fram í viðræðum við aðra, að íslendingar geta ekki sætt sig við að erlend skip séu styrkt til veiða á Íslandsmið og aflinn síðan seldur undir kostnaðarverði í samkeppni við fiskafurðir íslendinga sjálfra. Engin þjóð getur sætt sig við slíka samkeppni og allra síst þegar um er að ræða allt að 80% af útflutningi hennar.

Loks megum við ekki missa sjónar af þeim viðskiptalegu hagsmunum, sem við höfum af því að fá samning okkar við Efnahagbandalag Evrópu að fullu í gildi, þótt við látum ekki undan efnahagsþvingunum.

Ríkisstjórnin mun leggja áherslu á, að fiskveiðilaganefnd, er skipuð var að tilhlutan sjútvrh. til að fjalla um hagnýtingu íslensku fiskveiðilögsögunnar, skili áliti sem fyrst, Alþingi fjalli um málið og löggjöf verði samþykkt fyrir

árslok. Við íslendingar **eigum að sameinast um** að móta skynsamlegar reglur um eigin nýtingu 200 mílna fiskveiðilögsögunnar. Við verðum að sýna, bæði sjálfra okkar vegna og til að styrkja stöðu okkar út á við, að útfærslan sé ekki unnin fyrir gýg og fiskstofnar eyðist ekki jafnt eftir að útlendingar eru **horfnir af miðum okkar.** Skýrslur um ástand fiskstofnanna á Íslandsmiðum sýna hve brýnt verkefnið er. Víst er að ágreiningur er mikill milli landshluta, milli útgerðarmanna og sjómanna á mismunandi fiskiskipum um friðunarráðstafanir og eðlilega skiptingu veiða á miðunum við landið. Þennan ágreining verður að leysa, og við verðum að standa sameinaðir að **hagnýtingu miðanna, þannig að** við náum hámarksafrakstri af fiskstofnum á hverjum tíma. Án slíks heildarsamkomulags getum við með eigin aðgerðum eða aðgerðaleysi leitt bjargarskort yfir landsmenn í bráð og lengd.

Framvinda landhelgismálsins, bæði út á við og inn á við, ræður miklu um lífskjör þjóðarinnar. Verið getur að af landsmönnum verði krafist meiri kjaraskerðingar en jafnvel hinn mikli efnahagsvandi okkar hefur hingað til gefið tilefni til. Þá er að taka því. Lokatakmarkinu verður að ná, að íslendingar einir stjórni og hagnýti öll fiskimið innan 200 mílnanna. Í þeirri baráttu stöndum við því aðeins sterkt að vígi, að við kunnum að fara með stjórn eigin mála og treysta efnahag okkar, svo að við séum ekki öðrum háðir.

Flestum fannst efnahagsmyndin, sem var forsenda ráðstafana í ágúst og september í fyrra, dregin dökkum litum. Fáa uggði að efnahagurinn yrði í raun enn erfiðari og afkoma útflutningsveganna reyndist stórum lakari en áætlanir sýndu þá. Þá var við því búist, að viðskiptakjörin á árinu 1975 yrðu varla meira en 5—6% lakari en árið 1974. Þróun síðustu mánaða fyrra árs breytti þessari skoðun í grundvallaratriðum. Útflutningsverðlag hafði haldið áfram að slakna, jafnframt því sem innflutningsverðlag hækkaði meira en búist hafði verið við. Um áramót var ljóst að rýrnun viðskiptakjara hlyti að verða 13—15% á þessu ári, og hefur þetta enn snúist til verri vegar, eftir því sem á árið hefur liðið, þannig að nú virðast viðskiptakjör 1975 verða um 16—17% verri en á síðasta ári.

Samtímis því sem skiptahlutfallið á erlendum markaði hefur snúist okkur æ meira í óhag hefur gætt sölutregðu á helstu útflutningsafurðum okkar. Viðskiptastaða okkar er veikari nú en vera þyrfti fyrir þá sök, að við mætum vaxandi markaðstruflunum á sviði sjávarvöruútflutnings. Þannig hafa sum samkeppnislönd okkar tekið upp styrki til sjávarútvegs í vaxandi mæli. Mikilvæg markaðslönd **hafa hækkað tolla** og tekið upp innborgunarskyldu við fiskinnflutning. Auk þess njótum við ekki þeirra hagkvæmu tollfríðinda sem samningur okkar við Efnahagsbandalagið gerir ráð fyrir, þrátt fyrir tollalækkanir hér á landi. Í þeim löndum, sem gengið hafa úr EFTA og í Efnahagsbandalagið, mætum við nú einnig hækkandi tollum á viðkvæmum sjávarvörum sem eru undirstaða framleiðslu og atvinnu í heilum byggðarlögum.

Það er torvelt að meta þessar truflanir í útflutningsversluninni til peninga í einni tölu, en þegar greiðslustaðan út á við og rekstrarstaða sjávarútvegs er jafn tæp og raun ber vitni í dag, virðist óhjákvæmilegt að taka tillit til þessara atriða í skiptum okkar við þær þjóðir, sem hér eiga **hlut að máli.**

Þrátt fyrir minnkun magns þjóðarútgjalda um 10% frá fyrra ári **og minnkun innflutningsmagns** um 17% veldur andstreymi í útflutningi því, að viðskiptahallinn við útlönd á árinu gæti orðið um 10% af þjóðarframleiðslunni, sem er lakari niðurstaða en að var stefnt og við var búist fyrr á árinu. Það verður þó að teljast mikilsverður árangur að þrátt fyrir þessa miklu minnkun þjóðarútgjalda hefur ekki komið til atvinnuleysis.

Enginn vafi er á því, að auk aðgerða stjórnvalda eigum við í þessu efni mikið að þakka því hve hófsamlega og hyggilega var staðið að launasamningum **á þessu ári. Og þótt útlit sé** fyrir að okkur miði hægar í jafnvægisátt en að var stefnt, eiga versnandi ytri aðstæður þar drýgstan hlut að máli. Það er ekki við því að búast að jafn afdrifarík umskipti í efnahagsmálum og orðið hafa hér á landi á árunum 1974 og 1975 verði með öllu sársaukalaus. Það er vert að hafa í huga að minnkun þjóðartekna á mann er áætluð 9% milli áranna 1974 og 1975, en á árinu 1974 stóðu þjóðartekjur í stað. Milli ára hefur aldrei fyrr orðið slíkur samdráttur í þjóðartekjum, síðan íslendingar tóku að fullu við stjórn eigin mála. Það er í ljósi þessarar staðreyndar, sem skoða verður árangurinn í stjórn efnahagsmálanna.

Sú staðreynd, að þróun þjóðartekna og viðskiptakjara hefur orðið mun óhagstæðari á árinu 1975 en búist var við í upphafi ársins, veldur því, þrátt fyrir mikla aukningu erlendra lána, að nú er búist við að nettógjaldeyrisstaðan muni versna um 2 500 millj. kr. á árinu og gjaldeyrisforðinn verði því aðeins lánsfé í árslok. Staða sjávarútvegsins er tæp. Þrátt fyrir verulegar greiðslur úr Verðjöfnunarsjóði til frystihúsanna blasir við þeim taprekstur við ríkjandi skilyrði og frystideild Verðjöfnunarsjóðs er tæmd. Ef ytri skilyrði, svo sem útflutningsverð, **batna ekki er hér a. m. k. um** 2000 millj. kr. vanda að ræða á árgrundvelli.

Flestar greinar fiskveiða eiga við mikla rekstrarerfiðleika að etja, ekki síst vegna endurtekinnar olíuverðshækkunar.

Herra forseti. Handriti af ræðu minni er skilað í hendur þingmanna fyrir síðustu helgi. Síðan hefur það gerst að fiskiskipum er stefnt í höfn ef fiskverð er ekki hækkað enn um a.m.k. milljarð á árgrundvelli og sjóðakerfi sjávarútvegsendurskoðað.

Sú endurskoðun er í gangi og á að ljúka fyrir 1. des. n.k. Brýna nauðsyn ber til að gera róttækan uppskurð á sjóðakerfinu, en að svo miklu leyti sem breytingar, er í kjölfar fara, leysa ekki tekjuskiptingarvandamál sjávarútvegsins verða menn að viðurkenna þá staðreynd, að aðrir fjármunir eru ekki til en þeir sem útflutningsverð segir til um á hverjum tíma. Kröfur bæði innan og utan sjávarútvegs verða við það að miðast.

Á þessum vettvangi er ekki kostur að fjalla

ítarlega um þann mikla vanda, sem sjávarútvegurinn á nú við að stríða, en ríkisstjórnin telur það grundvallarskilyrði að leysa þennan vanda.

Ekki virðast horfur á því að viðskiptakjör muni fara batnandi á næstunni. Þótt vonir standi til þess að verðlag afurða þeirra útflutningsgreina, sem tæpast standa um þessar mundir, fari hækkandi og rétti hag þeirra á næstu missirum, er jafnframt við því að búast að innflutningsverð hækki svo að þessi vinningur eyðist frá sjónarmiði þjóðarbúsins í heild.

Efnahagsástandið í heiminum vekur ekki hjartsýni. Margvíslegir erfiðleikar hafa tafið endurbata. Íslendingar geta því ekki búist við búhnykk á næsta ári vegna bættra ytri skilyrða.

Þegar vandi næsta árs er metinn virðist í besta falli hægt að búast við óbreyttum þjóðartekjum á mann. Í þeirri þröngu stöðu, sem þjóðarbúið er í um þessar mundir, hljótum við að taka mið af þessum horfum í öllum okkar ákvörðunum. Ef treysta á stöðuna út á við verður það að gerast með því að draga úr þjóðarútgjöldunum.

Helstu markmið ríkisstj. í efnahagsmálum á næstu missirum eru:

Að draga verulega úr viðskiptahallanum strax á næsta ári.

Að hægja mikið á verðbólguhraðanum frá því sem verið hefur á þessu ári.

Að tryggja fulla atvinnu í landinu.

Hinn mikli halli þjóðarbúsins út á við hefur ekki aðeins stóraukið greiðslubyrði þess og dregið úr efnahagslegu öryggi, heldur líður brátt að því að frekari geiðsluhalli verði ekki fjármagnaður með skynsamlegum kjörum.

Stefna verður að því marki að viðskiptahallanum verði eytt á næstu 3—4 árum. Að öðrum kosti verður hvorki unnt að halda áfram eðlilegri fjármögnun né standa við greiðsluskuldbindingar út á við. Jafnvel þótt þessu marki verði náð, yrðu erlendar skuldir íslendinga engu að síður komnar upp í 50% þjóðarframleiðslunnar í lok áratugsins og greiðslubyrðin yrði þá um 20% af heildargjaldeyristekjum.

Á næsta ári virðist í samræmi við þetta varla unnt að stefna lægra en svo að viðskiptahallinn fari niður í 6% af þjóðarframleiðslu, en það er um 6 000—7 000 millj. kr. lægri halli en horfur eru á taldar á þessu ári.

Traust greiðslustaða landsins er forsenda fjárhagslegs sjálfstæðis þjóðarinnar og valfrelsis í utanríkisviðskiptum, auk þess sem hún er undirstaða þess að okkur takist að afla lánsfjár til framfara í framtíðinni.

Hin mikla verðbólguþróun undanfarinna ára hefur ruglað skynsamlegt arðsemismat og hvers konar áætlanagerð fram í tímann. Hún hefur skapað mikið misræmi á lánamarkaði og valdið stórfelldri tilfærslu eigna milli þeirra, sem skulda, og hinna, sem spara.

Verðbólgan hvetur til óyfirvegaðrar eyðslu og hún veldur endurteknum rekstrarerfiðleikum útflutningsatvinnuveganna. Áhætta og óvissa um atvinnu og hagi fólks og fyrirtækja eykst þegar verðbólga færist í aukana. Öldur spákaupmennsku hafa gengið yfir þjóðarbúið vegna verðbólguþróunar síðustu ára.

Við verðum að gera okkur ljóst að eins og nú er háttað getum við með skynsamlegum ákvörðunum í launa- og verðlagsmálum ráðið því að miklu leyti hver verðþróun næsta árs verður hér á landi. Þessar ákvarðanir hafa afdrifaríkar afleiðingar að því leyti sem ör verðbólga innanlands eykur á efnahagsvandann sem ærinn er fyrir og gerir farsæla aðlögun að breyttum skilyrðum erfiðari en vera þyrfti, ekki síst fyrir ýmsa þjóðfélagshópa, sem höllum fæti standa.

Síðustu tvo ársfjórðungana hafa verðhækkanir verið 6—7% á ársfjórðungi eða minni en nokkru sinni á tveim undanförnum árum. Nú er því brýnna en nokkru sinni að nota það hlé, sem orðið hefur á verðhækkunum — en horfur eru á að það hlé vari, sé rétt á málum haldið — til þess að ná viðtækri samstöðu um sameiginlegt viðnám gegn verðbólgunni.

Fram til þessa höfum við búið við fulla atvinnu þrátt fyrir alvarlegt atvinnuleysi í flestum öðrum ríkjum heims. Að nokkru leyti stafar þetta af því, að brugðist hefur verið við versnandi viðskiptakjörum með því að ganga á gjaldeyrisforðann og með skuldasöfnun erlendis sem haldið hefur uppi innlendri eftirspurn þrátt fyrir minnkandi tekjur. Svigrúmið til þess að halda slíkri stefnu áfram er hins vegar á þrotum.

Samdráttur innlendrar neyslu og fjárfestingar í því skyni að leiðrétta viðskiptahallann við útlönd getur hér á landi eins og annars staðar haft í för með sér minnkandi eftirspurn eftir vinnuafli. Afleiðingarnar fyrir atvinnustigið í landinu ráðast hins vegar fyrst og fremst af stefnunni í launamálum og viðleitninni til þess að varðveita samkeppnishæfni atvinnuveganna. Gagnkvæmur skilningur í þessum efnum milli ríkisvalds, launþegasamtaka og vinnuveitenda getur ráðið úrslitum um það, hvort hægt verði að draga verulega úr greiðsluhallanum út á við án þess að stofna atvinnuöryggi í hættu. Við verðum að finna þá leið sem í senn tryggir fulla atvinnu og óumflýjanlega aðlögun að gjörbreyttri efnahagsstöðu.

Kjarasamningarnir, sem tókust hinn 13. júní s.l., báru því vitni að verkalýðshreyfingin skilur nauðsyn þess að draga samtímis úr þjóðarútgjöldunum og hraða verðbólgunnar.

Þjóðin öll stendur nú andspænis því vandasama verkefni að ráða kjaramálum sínum fyrir næsta ár farsællega til lykta. Nú ríður á að tapa því ekki sem áunnist hefur. En vissulega eru aðstæður erfiðar.

Líkur benda til, að kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna lækki í ár um 16—17% frá fyrra ári. Fyrir þessari lækkun eru tvær meginástæður. Annars vegar munu þjóðartekjur lækka í ár um 8—9%. Hins vegar jókst kaupmáttur tekna og útgjöld heimilanna um 9% á árinu 1974 þótt þjóðartekjur stæðu í stað. Í ár hafa því metin jafnast.

Horfur um hag þjóðarbúskaparins eru nú þannig, að kjaraákvarðanir fyrir næsta ár geta aðeins miðast við það að tryggja núverandi rauntekjur heimilanna og fulla atvinnu. Þetta verður best gert með því að ákveða nú hóflegar kjarabreytingar, sem virða þau takmörk,

sem þjóðarbúinu eru sett, og miða að því að draga úr verðbólgunni.

Vitað er að enn eru ekki komnar fram verðhækkanir af eldra innlendu tilefni og erlendar verðbreytingar munu óhjákvæmilega hafa áhrif á verðlagið hér á landi á næstu mánuðum. Það er skoðun ríkisstj. að kaupbreytingar á næstu missirum megi alls ekki fara fram úr þessum fyrirsjáanlegu verðbreytingum. Launabreytingum verður að stilla svo í hóf að við komum verðbreytingum hér á landi frá upphafi til loka næsta árs niður í það bil sem hér hefur verið að jafnaði síðustu áratugi, 10—15%. Síðar hljótum við að stefna að því að draga enn meira úr verðbólgunni.

Þetta tekst ekki nema með liðsinni aðila vinnumarkaðarins. Þessa liðsinnis er nú leitað.

Það er allra hagur, ekki síst launþega og fjölskyldna þeirra, að verðbólgan verði hamin og úr henni dregið til mikilla muna. Til þess að þetta markmið náist telur ríkisstj. ekki ráðlegt að vísitölubinding launa verði upp tekin að nýju með sínu eldra lagi, heldur verði farnar aðrar leiðir til þess að tryggja kaupmátt launa. Vegna þeirrar miklu óvissu, sem ríkir um framvindu efnahagsmála í heiminum á næstunni, er án efa hyggilegast að setja kaupmáttarmarkið fremur lægra en hærra í upphafi hins nýja samningatímabils, sérstaklega ef ráðast á til alvarlegrar atlögu við verðbólguna, sem við verðum að gera.

Ríkisstj. mun beita sér fyrir viðræðum allra aðila um samræmda launastefnu og leiðir til að komast fyrir rætur verðbólgunnar. Jafnframt þarf að vinna að því að móta nýjar reglur um meðferð vinnudeilna og lausn kjaramála í ljósi reynslu undanfarinna ára.

Takist ekki samkomulag um hóflega hækkun launa á næsta ári er atvinnulífinu og efnahagslegu stjálfstæði þjóðarinnar beinlínis stefnt í voða. Nýtt launakapphlaup við ríkjandi aðstæður yrði einungis geigvænleg barátta um tekjuskiptinguna. Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt okkur að áhrif þessa kapphlaups á kjör hinna tekjulægstu eru oft allt önnur en að er stefnt í orði kveðnu. Hinir tekjulægstu troðast ávallt undir í slíku kaupgjaldskapphlaupi.

Ríkisstj. er reiðubúin til að láta fara fram athugun á tekjuskiptingunni í samræmi við aðila vinnumarkaðarins. Leita verður nýrra leiða til að breyta tekjuskiptingunni í réttlætisátt. Hér koma til greina breytingar á sviði lífeyristryggginga og lífeyrissjóða, skattamála og húsnæðismála. Jafnhliða yrði stefnan í verðlagsmálum tekin til endurskoðunar. Ríkisstj. hefur m.a. í þessu skyni tekið til endurskoðunar ýmis ákvæði skattalaga, svo sem ákvæði um afskriftarreglur, skattlagningu tekna einstaklinga vegna rekstrar einkafyrirtækja og skattlagingu söluhagnaðar.

Öll þjóðfélagsöfl, innan Alþingis og utan, verða að leggjast á eitt til að finna sanngjarna lausn kjaramála í þeirri vandasömu aðstöðu sem við okkur blasir.

Skynsamlegir samningar í launamálum munu þó ekki ná tilgangi sínum nema stefnan í fjármálum opinberra aðila og peninga- og lánamálum stefni að sama marki og virði sömu takmörk. Sú lækkun þjóðarútgjalda, sem nauðsynleg er á næsta ári til þess að draga úr viðskiptahalla, hlýtur að byggjast á því að dregið verði úr fjárfestingu og opinberum útgjöldum sem stuðla ekki að aukinni framleiðslu.

Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1976 sýnir þennan ásetning ríkisstj. Við gerð frv. hefur verið að því keppt að sporna við útþenslu ríkisútgjalda miðað við önnur svið efnahagsstarfseminnar í landinu, og eins því, að frumvarpið feli ekki í sér ráðstafanir sem valda verðhækkunum, fremur hið gagnstæða. Þetta hefur tekist, en auðvitað ekki sársaukalaust fremur en á öðrum sviðum þjóðlífsins þegar kreppir að. Á miklu veltur að það takist að afgreiða og framkvæma þetta fjárlagafrv. án útgjaldaauka, þótt auðvitað megi deila um leiðir til þess að draga úr útgjöldum. Þjóðin lítur til Alþingis um fordæmi fyrir útgjaldaáform sín á næsta ári. Þetta fordæmi verður að vera eftirbreytnisvert. Ríkisstj. veit að í þessu efni getur hún treyst á stuðning Alþingis.

Fjmrh. mun gera nánari grein fyrir fjárlagafrv. Hér skal því aðeins drepið á fjögur atriði:

1) Ríkisstj. telur að endurskoða verði ýmsa þætti þeirrar löggjafar, sem bindur ríkissjóði útgjöld, ef árangur á að nást í ríkisfjármálum. Enginn vafi er á að ná má jafngóðum eða jafnvel betri árangri, t. d. á vissum sviðum almannatrygginga og menntamála, með lægri fjárhæðum en núgildandi lög og reglur mæla fyrir, ef rétt er á haldið og tillit tekið til mismunandi aðstæðna þegnanna.

2) Ríkisstj. hyggst breyta niðurgreiðslum og útflutningsuppbótum til landbúnaðarins á þann veg að betri samsvörun verði milli söluverðs og kostnaðar og tilhögun útflutningsbóta verði jafnan þannig að útflytjendur hafi ætíð hag af því að ná sem hæstu verði.

3) Ríkisstj. kunngerir það áform sitt að færa verkefni frá ríkinu til sveitarfélaga og auka jafnframt hlutdeild sveitarfélaga í tekjum af söluskatti.

4) Ríkisstj. leggur á það áherslu að ríkisútgjöldum á hverjum tíma sé hagað með fyllsta tilliti til þjóðarhags og þau ráðist ekki af sjálfvirkum lagaákvæðum.

Verulegt aðhald hefur náðst í peningamálum á árinu 1975, og er mikilvægt að staðfesta þann árangur. Nýtt samkomulag hefur verið gert milli viðskiptabankanna og Seðlabankans um það að stöðvun útlánaaukningar verði fram haldið til næstu áramóta. Hins vegar hefur ekki tekist að framkvæma það aðhald í útlánum fjárfestingarlánasjóða sem að var stefnt enda þótt útlánakjör þeirra hafi verið þyngd. Ýmsir lánþegar sjóðanna hafa andmælt hinum nýju kjörum. Þessi andmæli eru þó marklítil á meðan þeim er haldið fram án rökstuðnings um skynsamlega fjáröflun til fjárfestingarlánasjóða.

Á næstunni verður lögð meginhersla á að ná betri tökum á áætlanagerð um útlán fjárfestingarlánasjóðanna, svo að þau verði innan þeirra marka sem ráðstöfunarfé þjóðarbúsins leyfir. Draga þarf verulega úr erlendum lántökum til sjóðanna, en gefa þeim þess í stað meiri aðgang að innlendu fjármagni, fyrst og

fremst með því að tryggja frekari þátttöku lífeyrissjóðakerfisins í fjármögnun þeirra.

Félagar í lífeyrissjóðunum geta tryggt atvinnuöryggi sitt með því að beina fjármagni sjóðanna til uppbyggingar atvinnuveganna. Í þessu efni mun ríkisstj. leitast við að tryggja sem besta ávöxtun fjármagns lífeyrissjóðanna svo að þeir geti, þegar fram líða stundir, verðtryggt lífeyrisgreiðslur.

Til þess að skipulegt yfirlit fáist yfir alla lánastarfsemina í landinu og lántökur erlendis til hvers konar framkvæmda á sama tíma og fjárlagaákvarðanir eru teknar, er nú unnið að heildaráætlun um lánsfjármarkaðinn á næsta ári þar sem starfsemi allra lánastofnana verður samræmd innbyrðis og jafnframt öðrum þáttum þjóðarbúskaparins.

En vandinn er ekki aðeins sá að halda útgjöldum þjóðarinnar innan þeirra marka sem tekjurnar setja. Við núverandi aðstæður ríður á að nýta sem best þann öfluga tækjakost sem þjóðin hefur eignast á undanförnum árum. Ástand fiskstofna við landið, stærð fiskiskipastóls og árangur sóknar er nú þannig að vafasamt virðist að stuðla eigi t. d. að innflutningi fiskiskipa um sinn.

Ákvarðanir um stórframkvæmdir eða fjárfestingu verða að sjálfsögðu jafnan að vera vel undirbúnar, en hafi fyrr verið þörf er nú nauðsyn. Forgangsröð framkvæmda verður að ráðast af hagkvæmnisjónarmiðum fyrir þjóðarheildina. Á sviði vegaframkvæmda og brúargerðar hefur á síðustu árum verið skilað stórum áföngum og því getum við sætt okkur við að hægja á þessum framkvæmdum. Orkuframkvæmdir hafa forgang samkvæmt stefnuyfirlýsingu ríkisstj., en verða einnig að skoðast í því ljósi að arðsemi þeirra standi fyllilega undir afborgunum og vöxtum lána. Ríkisstj. mun beita sér fyrir því að orkuframkvæmdum verði hagað þannig á næsta ári að þær skili sem bestum heildarárangri og ekki sé ráðist í of margt í senn.

Herra forseti. Niðurstaðan af vandlegri skoðun á efnahagsmálunum, eins og þau horfa nú við þjóðinni, verður sú að stefna verði að lækkun þjóðarútgjalda á árinu 1976 til þess að treysta stöðuna út á við og draga úr verðbólgu. Til þess þarf samstillt átak á sviði launa- og verðlagsmála, fjármála og lánamála. Í þeirri stefnu, sem hér hefur verið lýst, felst að útgjöld heimilanna héldust sem næst óbreytt og einnig samneysluútgjöld hins opinbera. Sú lækkun þjóðarútgjalda, sem nauðsynleg er, hlýtur því að verða á sviði fjárfestingar. Í þessu skyni þarf að halda aftur af framkvæmdum og útlánum af opinberri hálfu, þó jafnan með vakandi auga á atvinnuástandi í landinu. Ríkisstj. mun leggja á það áherslu að þær framkvæmdir sitji fyrir sem stuðla með skjótum og öruggum hætti að aukinni framleiðslu og útflutningi eða innflutningssparnaði, en aðrar víki.

Við íslendingar eigum þess ekki kost öllu lengur að þola verðbólguvöxt og viðskiptahalla til þess að tryggja fulla atvinnu.

Við hvorki megum né getum treyst á erlendar lántökur til að jafna svo mikinn viðskiptahalla sem undanfarin tvö ár. Úr því sem komið er leiðir áframhaldandi verðbólga til stöðvunar atvinnufyrirtækja og atvinnuleysis.

Við eigum því ekki annars úrkostar en að ráðast að rótum verðbólgunnar, draga úr þjóðarútgjöldum og stefna að því á næstu 3—4 árum að eyða ekki meira en við öflum.

Þótt verðbólgan víðast hvar annars staðar hafi verið mun minni en á Íslandi er baráttan gegn verðbólgu engu síður nú hvarvetna með öðrum þjóðum eitt meginmarkmið í stjórn efnahagsmála.

Eftir miklar sviptingar í ytri skilyrðum þjóðarbúsins undanfarin ár og hærri verðbólguöldur en dæmi eru um fyrr er nú kyrrara fram undan hér á landi ef við sjálf gefum ekki tilefni til annars. Ástæða er til þess að ætla að verðlagsþróunin á næstunni sé fyrst og fremst á okkar eigin valdi. Þetta tækifæri verðum við að nota til að leggja traustan grunn að sókn til nýrra framfara.

Íslendingar, við eigum nú tækifæri til að kunna fótum okkar forráð í þessum efnum. Því tækifæri megum við ekki glata, því að efnahagslegt sjálfstæði okkar, bæði sem einstaklingar og þjóðarheildar, er í veði. — Góðir áheyrendur. Ég þakka þeim sem hlýddu.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Hinn 5. nóv. fyrir einu ári flutti Geir Hallgrímsson forsrh. stefnuræðu sína hér á Alþingi í fyrsta sinn. Forsrh. varð tíðrætt um þau vandamál efnahagslífsins sem glíma þyrfti við, og hann var ekkert að skera utan af því að stjórn hans mundi kippa málum í lag á komandi mánuðum. Hann lofaði auknu efnahagsjafnvægi, minnkandi verðbólgu og styrkari fjárhagsstöðu ríkissjóðs. Spá hans var sú að á árinu 1975 yrði verulega hægt á verðbólgunni og hann nefndi 15% verðbólgu á ársgrundvelli sem raunhæft markmið. Hann hafði fullan vara á því að árangur efnahagsaðgerðanna yrði takmarkaður á árinu 1974, enda langt á árið liðið, og mætti því ætla að nettó-gjaldeyriseign landsmanna yrði aðeins um 2 þús. millj. kr. í árslok 1974, en hann bætti við að jöfnuður í greiðslum við útlönd gæti orðið á árinu 1975.

Nú er liðið eitt ár síðan ríkisstj. hans kom til valda og hóf aðgerðir sínar gegn verðbólgu og vondu efnahagsástandi, og enn höfum við hlýtt á forsrh. ræða ástand og horfur í efnahagsmálum. Hvað hefur nú gerst á þessu eina ári? Sýnist mönnum eftir að hafa hlustað á hæstv. ráðh. að ástandið hafi í raun og veru batnað?

Margir munu með sanni segja að lýsing forsrh. á ástandi efnahagsmála sé harla lík þeirri lýsingu sem hann gaf í fyrra. Sumir eru jafnvel vísir til að segja að ráðherrann hafi haldið sömu ræðuna aftur. Vandamálin, sem hann lýsti hér áðan, eru öll hin sömu og áður og þá ekki síður hin frómu áform.

En sé nánar að gáð verður ljóst að munurinn er fyrst og fremst sá að vandamálin, sem núv. ríkisstj. tók við, hafa verulega vaxið og þrútnað á rúmu einu ári. Efnahagsaðgerðir ríkisstj. hafa verkað eins og olía á eld og efnahagsástandið er því stórum lakara en það var fyrir rúmum 12 mánuðum.

Í fyrsta lagi hefur verðbólgan aldrei verið meiri. Í októberhefti tímarits Seðlabankans um hagtölur mánaðarins má lesa að verðlagsvísitala vöru og þjónustu hafi hækkað um 60% á s. l. 12 mánuðum. En jafnframt er flett upp í októberhefti sama rits frá árinu 1974 kemur í ljós að verð á vöru og þjónustu hafði þá hækkað á undangengnum 12 mánuðum um 37.3%. Ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar, sem lofaði að hægja á verðbólgunni og koma henni niður í 15%, hefur sem sagt staðið fyrir meiri verðbólguhraða en nokkur önnur stjórn á Íslandi í meira en hálfa öld.

Í öðru lagi: Hvað um gjaldeyrissjóðinn, sem forsrh. taldi hættulega þunnan í fyrra og áætlaði um síðustu áramót 2 þús. millj kr.? Hann er nú algerlega horfinn og meira en það, eins og forsrh. var rétt að enda við að viðurkenna.

Í þriðja lagi er það ríkissjóður. Eða sýnist mönnum ekki að fjárhagsstaða ríkissjóðs sé nú styrkari, eins og Geir Hallgrímsson hét þjóðinni fyrir einu ári? Svarið er, að ríkissjóður hefur sjaldan staðið eins illa að vígi og einmitt nú. Samkvæmt septemberhefti Hagtíðinda var staða ríkissjóðs og ríkisstofnana gagnvart Seðlabankanum neikvæð í ágúst um 8 675 millj. kr., en það er meira en tvöfalt lakari staða en á sama tíma í fyrra. Þetta þýðir að sjálfsögðu á mæltu máli að Seðlabankinn heldur ríkissjóði á floti með því að prenta nýja og nýja seðla. Þannig er stjórnin á ríkissjóði.

Í fjórða lagi eru það fjárfestingarsjóðirnir. Það var einmitt eftirlætisslagorð Morgunblaðsins á tímum vinstri stjórnarinnar, að nú væru allir sjóðir orðnir tómir, og þessi glósa glumdi ár eftir ár. En hvaða orð í tungunni eigum við að nota um ástand sjóðakerfisins, eins og það er nú undir forustu hægri stjórnar? Nú er útlit fyrir að húsnæðismálastjórn geti ekki veitt lán á þessu ári til þeirra sem gerðu hús sín fokheld í haust, og er þetta í fyrsta skipti, síðan Byggingarsjóður ríkisins var settur á stofn, að sjóðurinn kemst í þvílík þrot.

Í tíð vinstri stjórnarinnar voru veitt lán úr Byggðasjóði jafnt og þétt allan ársins hring, eftir því sem þarfir kölluðu. Nú hefur ekki verið samþykkt eitt einasta lán úr sjóðnum í 4 mánuði, enda er ráðstöfunarfé sjóðsins hlutfallslega talsvert minna á þessu ári, miðað við hækkað verðlag, en það var á s. l. ári, þrátt fyrir stóryrtar yfirlýsingar núv. stjórnar um eflingu Byggðasjóðs. Þetta eru aðeins tvö dæmi um fjárskort sjóðakerfisins.

Þannig er fjármálastjórnin á öllum sviðum. Mennirnir, sem komust til valda fyrir einu ári með því að úthrópa vinstri menn sem lélega stjórnendur fjármála, hafa sýnt það og sannað á ótrúlega skömmum tíma að þeir eru einhverjir verstu stjórnendur efnahagsmála sem landsmenn hafa fengið yfir sig um margra áratuga skeið, og eru þeir þó ýmsu vanir.

Ekki er nóg með að ástandið sé eins og það er í verðlags- og gjaldeyrismálum eða ríkisfjármálum. Á sama tíma hafa lífskjör almennings versnað svo ört og svo stórlega að þess eru fá eða engin dæmi í Evrópulandi síðan í stríðslok. Forsrh. hélt því fram hér áðan að kaupmáttur launa hefði aldrei verið meiri en nú. Ég skal ekkert segja um þennan útreikning, hann segir okkur ekki mikið, því þegar á s. l. ári var hin mikla kjaraskerðing hafin. Hitt er víst, að lífskjör fólks hafa almennt versnað um 30—40% síðan í tíð vinstri stjórnar, og verst er meðferðin á öryrkjum og öldruðum, því að þeir máttu síst við því að kjör þeirra væru skert.

Sá, sem ekki hefur aðrar tekjur að lifa af en greiðslur almannatrygginga, fékk 18 900 kr. í apríl 1974. Ef greiðslan fylgdi breytingum á vísitölu vöru og þjónustu ætti hann nú að fá rúmar 37 700 kr. í mánaðarlegan lífeyri, en hann fær aðeins rúmar 29 200 kr. Hann ætti sem sagt að fá tæplega 30% hærri lífeyri en hann fær ef hann byggi við sömu kjör undir hægri stjórn og hann bjó við undir vinstri stjórn.

Ráðamenn þjóðarinnar reyna óspart að telja fólki trú um að ástand mála hér á landi sé aðallega af erlendum uppruna og stafi af minnkandi þjóðartekjum. Þessu trúa áreiðanlega margir. En þetta er ekki rétt. Þetta er vísvitandi blekking.

Samkvæmt skýrslum Þjóðhagsstofnunar er áætlað að þjóðartekjur hafi staðið í stað árið 1974 miðað við árið á undan sem var einstakt metár hvað þjóðartekjur snertir. Og rétt áðan vitnaði forsrh. í seinustu spár sem hann sagði gera ráð fyrir að þjóðartekjur á mann rýrnuðu um 9% á þessu ári. Berum svo þessar tölur saman við hina gífurlegu kjaraskerðingu sem fólk hefur almennt mátt þola á rúmu einu ári og nemur 30—40%. Hljóta ekki allir, sem skoða þessar tölur, að gera sér ljóst að kjaraskerðingin er aðeins að óverulegu leyti af erlendum uppruna? Það eru innlendir aðilar sem mismuninn gleypa.

Þessi sannindi verða enn ljósari þegar haft er í huga að skv. opinberum skýrslum eru heildartekjur norðmanna, dana og íslendinga mjög svipaðar ef miðað er við íbúafjölda, en samt sem áður eru almenn laun orðin helmingi lægri hér á landi eftir gengisfellingar núv. stjórnar. Þessari grundvallarstaðreynd vilja talsmenn ríkisstj. helst gleyma. En hún verður ekki umflúin hversu mjög sem menn loka augunum, eins og best sést á því að daginn sem Alþingi var sett birti einn af þingmönnum ríkisstj., Jón Skaftason, grein í Tímanum undir fyrirsögninni: „Hvers vegna?“ Og í greininni spyr Jón, eins og margir aðrir hafa spurt: „Hvernig stendur á því, að laun eru almennt lægri hér en t. d. á Norðurlöndum þótt þjóðartekjur séu svipaðar á mann?“ Jón lætur sér að vísu nægja að spyrja. Hann veit að svarið er ekki beinlínis meðmæli með íhaldsstefnu núv. stjórnar. En hann spyr og það er þó fyrsta skrefið.

Eins mættu menn spyrja: Hvað er stór hluti af verðbólgunni, alvarlegasta meini íslenskra efnahagsmála, af innlendum toga sprottinn og hvað er aðflutt? Þeir, sem hafa sundurgreint orsakir 60% verðbólgu á einu ári, eru vafalaust sammála um þá niðurstöðu að innan við 1/10 hluti þessarar verðbólgu er af erlendum toga sprottinn.

Það er sem sagt alrangt að unnt sé að afsaka 60% verðbólgu og 30—40% kjaraskerðingu

með því að vísa til erlendra verðhækkana eða minnkandi þjóðartekna. Það er ekki skýring sem dugar.

En hver er þá skýringin á því að í heilt ár hefur ríkisstj. glímt við vandamál verðbólgunnar og afleiðingin hefur orðið 60% verðbólga?

Orsakirnar eru margvíslegar eins og oft áður, en þyngst á metunum er vafalaust það að fyrir einu ári komu þeir menn til valda í íslenskum stjórnmálum sem ætluðu sér að gjörbreyta tekjuskiptingunni innan þjóðfélagsins og nota til þess gengisfellingarvopnið. Oftrú þessara manna á *töframátt gengisfellinganna* er með ólíkindum og þeir hafa því vafalaust trúað því í einlægni að með nógu kröftugum gengisfellingum og með því að leggja byrðarnar á hinn almenna mann af algeru miskunnarleysi, þá væru þeir um leið að leysa vandann. Þess vegna hefur dollarinn hækkað í verði um 68% á aðeins 13 mánuðum. Þessi aðgerð ríkisstj. ásamt hækkun söluskatts, tollvörugjaldi, stórhækkun á verði hvers konar opinberrar þjónustu, að meðtalinni hávaxtastefnu Seðlabankans, á sannarlega sök á tveimur þriðju hlutum þeirrar verðbólgu sem gengið hefur yfir.

Þetta einstæða verðbólguflóð hefur magnað þá efnahagslegu ringulreið sem fyrir var. Rekstrarfjárskortur atvinnuveganna hefur aukist gífurlega, og hjá fjölmörgum fyrirtækjum slagar vaxtakostnaður hátt upp í samanlagðar launagreiðslur. Sjóðir eyðast og gegna ekki lengur hlutverki sínu, en talsverður hluti þjóðartekna yfirfærist í duldinn verðbólgugróða. Þannig hefur ríkisstj. skapað miklu stærri vandamál en þau sem hún tók að sér að leysa fyrir einu ári er á hana rann þetta sannkallaða gengislækkunaræði.

Hún tók eina heljarmikla kollsteypu, einhverja þá glannalegustu sem tekin hefur verið, og er nú komin hringinn. Flest er komið í sama farið aftur, nema þá helst það að langlundargeð verkalýðshreyfingarinnar er þrotið. Almennt hljóta menn að viðurkenna — og það gerði jafnvel forsrh. hér rétt áðan — að verkalýðshreyfingin hefur sýnt mikla hófsemi þrátt fyrir síversnandi kjör.

En svo má brýna deigt járn að bíti. Þegar samningar renna út um næstu áramót mun verkalýðshreyfingin fylgja kröfum sínum eftir af fyllsta þunga. Opinberir starfsmenn, sem þó hafa ekki verkfallsrétt að lögum, hafa ákveðið að una ekki lengur þessu ástandi. Fjölmennt kjararáð þeirra, skipað mönnum úr öllum stjórnmálaflokkum, hefur einróma samþykkt að undangenginni viðtækri skoðanakönnun að samtök opinberra starfsmanna segi sig úr kjararáði og kjaradómi og stofni verkfallsnefnd. Þetta hefur aldrei áður gerst, en hlaut að gerast.

Og nú seinast hafa sjómenn siglt fiskveiðiflotanum í land og krefjast leiðréttingar á fiskverði og aflahlut. Þetta hlaut einnig að gerast fyrr eða síðar. Ríkisstj. hefur skert aflahlut sjómanna aftur og aftur með því að taka stórar fúlgur af óskiptum afla og setja í ýmiss konar sjóði. Við Alþb.-menn höfum barist gegn þessum aðgerðum og varað við þeim, enda augljóst að þetta er fyrst og fremst gert til að snúða sjómenn. Það eru þessar aðgerðir ríkisstj. sem nú hafa komið öllu í hnút.

Það getur því engum dulist að nú eru illar blikur á lofti hvert sem litið er og harðvítug átök í vændum ef ekkert er að gert. Hvað er til ráða? hljóta menn að spyrja. Hvað er það sem gera þarf í þeim vanda sem við blasir ef þjóðin á ekki að ganga í gegnum enn eina efnahagslega kollsteypu á komandi vetri?

Ég nefni ekki grundvallarbreytingar á efnahagskerfi landsmanna, sem þó væru nauðsynlegar, vegna þess að þær taka sinn tíma.

Það, sem þörf er á hér og nú, eru skjót úrræði. Það verður að framkvæma samræmdar aðgerðir í efnahagsmálum með endurnýjuðu samstarfi ríkisvalds og verkalýðshreyfingar.

Það þarf að minnka gjaldeyriseyðslu, ekki með verðbólguhvetjandi aðgerðum eins og gengislækkunum, heldur með tímabundinni innflutningsstöðvun nokkurra vörutegunda sem íslendingar geta framleitt sjálfir jafngóðar og með öðrum þeim ráðstöfunum sem beina eftirspurninni inn á við.

Það verður að hætta að *beita gengislækkunarvopninu* í innlendum kjaraátökum til að knýja fram tekjuskiptingu sem ekki verður við unað.

Það þarf að leiðrétta kjör fólksins svo að þau verði í viðunandi samræmi við sannanlegar tekjur þjóðarinnar og um leið að lækka vexti á rekstrarlánum til að auðvelda atvinnurekstrinum að greiða hærra kaup.

Það verður að hækka verulega lífeyrisgreiðslur til öryrkja og aldraðra, en vegna fjárhagsstöðu ríkissjóðs þarf til þess nýjan tekjustofn. Með því að greiða það fé jafnóðum út sem inn kemur er unnt að veita öllum lífeyrisþegum stórlega bætt kjör nú þegar, í stað þess að safna í sjóði sem brenna upp í eldi verðbólgunnar á fáum árum. Með þessu væri fyrsta skrefið stigið til að koma á fullkomnu lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn.

Það þarf að lækka verðlag á ýmsum sviðum með beinum ákvörðunum stjórnvalda til að stöðva dýrtíðarskriðuna. Það þarf að lækka söluskatt og afnema tollvörugjald.

En jafnframt þarf ríkissjóður miklar tekjur á móti til að standa undir þessum aðgerðum. Þeirra verður að afla með því að skattleggja að nokkru þann mikla hagnað sem nú er ekki skattlagður.

Ég nefni verðbólgugróðann. Við eigum að leggja nokkurn skatt á allar stóreignir sem bundnar eru lánum úr opinberum lánastofnunum. Það yrði réttlátur skattur á þessum síðustu og verstu tímum.

Ég nefni afskriftarreglurnar. Hve margar eru ekki þær milljónir sem ríkið missir af á þessu ári vegna þess að eignir fyrirtækja eru ekki afskrifaðar með venjulegum hætti í samræmi við endingartíma sinn, heldur yfir 30% á hverju ári, þannig að samanlagðar afskriftir geta orðið mörg hundruð prósent á lengri tíma ef eigendaskipti verða. Upphæðin nemur vafalaust nokkrum þúsundum millj. kr., og skal ég nú rökstyðja það nánar.

Á s.l. vetri fluttum við Alþb.-menn tillögu hér á Alþingi um breytingu á núgildandi fyrningar-

reglum. Tillagan var byggð á rannsókn sem gerð var á tekjuskattgreiðslum fyrirtækja í Reykjavík á s. l. ári. Gerð var skrá yfir félög sem ekki borguðu neinn tekjuskatt. Í þessu úrtaki voru aðeins fyrirtæki sem rekin voru í félagsformi, en ekki rekstur í nafni einstaklinga, og meðtalin voru aðeins félög sem höfðu nokkur umsvif og áttu aðsetur í Reykjavík.

Samkvæmt þessari könnun kom í ljós að hvorki meira né minna en 240 fyrirtæki sluppu algjörlega við að greiða tekjuskatt, þ. á m. mörg stærstu fyrirtæki landsins. Samanlögð velta þessara félaga var áætluð rúmlega 10 þús. millj. kr. Í umræðum, sem fram fóru um þessa tillögu, bentum við á að á þessu ári mundu enn fleiri fyrirtæki sleppa algjörlega við að greiða tekjuskatt vegna lagaákvæða um svonefndan fyrningarstuðul. Samt sem áður fengust stjórnarflokkarnir ekki til að sinna þessum ábendingum nema að óverulegu leyti, og því gat hámarksfyrning orðið hæst 28.5% við álagningu tekjuskatts á þessu ári.

Nú í sumar, eftir að skattskrár voru lagðar fram, hafa borist hávær mótmæli víða að, frá ýmsum, sem lýsa undrun sinni og hneykslun á því hvernig háttað er álagningu tekjuskatts á fyrirtæki og einstaklinga sem einhvern rekstur hafa með höndum.

Svo kröftug hafa þessi mótmæli verið að talsmenn stjórnarflokkanna hafa ekki komist hjá því að svara þeim, m. a. í ritstjórnargreinum stjórnarblaðanna. Og þá er ekki að sökum að spyrja: Talsmenn stjórnarflokkanna þykjast koma af fjöllum. Þetta þarf að athuga nánar, segja þeir við þjóðina með sakleysissvip, líkt og þeir hafi aldrei áður heyrt á þetta minnst. Það er bæði sanngirnismál og og réttlætiskrafa, segir Morgunblaðið í ritstjórnargrein 8. þ. m.

En til þess að menn skilji, að þetta mikla skattahneykslí er ekki aðeins spurning um réttlæti og ranglæti, heldur einnig stórfellt áfall fyrir fjárhagsafkomu ríkissjóðs á þessu ári, vil ég benda mönnum á að ef þeir fletta upp í skattskrá Reykjavíkur fyrir þetta ár munu þeir sjá að fjöldi þeirra fyrirtækja, sem ekki greiða neinn tekjuskatt, hefur vaxið verulega á þessu ári. Í fyrra voru tekjuskattslaus félög í Reykjavík með ákveðna lágmarksveltu 240, í ár eru þau 416. Með hliðsjón af álögðum aðstöðugjöldum má áætla að samanlögð velta þessara 416 félaga sé yfir 20 þús. millj. kr.

Ég minni á að þetta er aðeins úrtak. Ótalin eru þau fyrirtæki sem rekin eru á ábyrgð einstaklinga, þau sem eru utan Reykjavíkur, fyrir utan þau mörgu fyrirtæki sem borga aðeins litinn tekjuskatt, en þó einhvern.

Með þetta í huga og með hliðsjón af öðrum opinberum upplýsingum hef ég leyft mér að fullyrða að tap ríkissjóðs vegna þessara fáránlegu skattaákvæða nemi nokkrum þús. millj. kr., líklega ekki langt frá 4 þús. millj. kr., en til samanburðar má nefna að allir einstaklingar í landinu greiða samtals um 4 400 millj. kr. í tekjuskatt á þessu ári.

Fjmrh., Matthías Á. Mathiesen, boðar nú stórfelldan niðurskurð á framlögum ríkisins til ýmissa brýnna mála. Algerum nauðsynjamálum, sem ekki þola bið, eins og víða gildir um byggingu sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva, á nú að slá á frest, og fjmrh. telur sig ekki einu sinni hafa efni á að veita námsmönnum lán frá ríkinu til greiðslu námskostnaðar, a. m. k. ekki í sama mæli og verið hefur. Svo langt er gengið, að fyrirhugað er að skerða greiðslur til aldraðra og öryrkja og ráðast þar með enn einu sinni á garðinn þar sem hann er lægstur. En á sama tíma og þetta gerist neita stjórnarflokkarnir að skattleggja tekjur sem fram eru taldar og fyrir liggja og nema þúsundum milljóna króna. Þá er ekki verið að horfa í það þótt nokkrar milljónir eða milljónatugir verði eftir svona hér og þar í þjóðfélaginu, enda hefur víst gengið að sama skapi vel, eins og öllum er kunnugt, að safna fjárframlögum í flokkshús Sjálfstfl.

Ég ítreka það, sem við Alþb.-menn höfum oft áður sagt, að fyrningarreglunum verður að breyta aftur í fyrra horf, þannig að afskriftir miðist við eðlilegan endingartíma eigna, eins og var fyrir aðeins fáum árum.

Það þarf að endurskoða ýmsa frádráttarliði skattalaga, t. d. að koma í veg fyrir að menn geti gert sig skattlausa með gífurlegum frádrætti vegna vaxtakostnaðar. Og jafnframt verður að tryggja að þeir einstaklingar, sem reka fyrirtæki á eigin ábyrgð, komist ekki upp með að fela tekjur sínar á bak við einkarekstur sem bókhaldslega stendur á sléttu. Það verður að áætla laun slíkra manna og ganga út frá því sem gefnu að menn lifi ekki á loftinu einu saman.

Herra forseti. Í dag eru tveir íslenskir ráðherrar staddir í Lundúnum í þeim tilgangi að reyna að semja við breta um landhelgismálið. Áður en þeir fóru vissu þó fæstir um hvað þeir ætluðu að semja, og á því leikur einnig nokkur vafi hvort þeir vissu það sjálfir. Hitt vissu landsmenn almennt þegar ráðherrarnir yfirgáfu landið að mikið er í húfi að ekki verði gerður nýr samningur við breta um áframhaldandi undanþágur til veiða innan íslenskrar landhelgi. Fyrir fáum dögum sendi Hafrannsóknastofnunin frá sér skýrslu þar sem færð eru rök að því að þorskstofninn á Íslandsmiðum geti hrunið niður á fáum árum ef ekki verður stórlega dregið úr sókn veiðiskipa í stofninn. Stofnunin leggur því til að hámark þorskaflans á Íslandsmiðum verði 230 þús. lestir á næsta ári, en það jafngildir því að veiði íslenskra skipa vaxi ekki frá því sem var á þessu ári, heldur haldist óbreytt, en veiði erlendra skipa sé algjörlega stöðvuð. Sérhverjar undanþágur til erlendra skipa munu því kosta íslendinga samsvarandi aflaminnkun, nema menn vilji taka þá áhættu að líkt fari með þorskinn eins og með síldina — hann hverfi af miðunum á næstu árum.

Fólkið í landinu hefur skilið það rétt, eins og fram hefur komið í fjölmörgum samþykktum á undanförnum mánuðum, að okkur er það lífsnauðsyn að beita öllu afli okkar til að stöðva veiðar útlendinga á miðunum umhverfis landið og þá sérstaklega innan 50 mílna markanna þar sem um það bil 98% af þorskafla innlendra og erlendra skipa er fenginn.

Flest bendir til þess að við getum stöðvað þessar veiðar eða því sem næst ef við einbeitum okkur að því af alefli, og þjóðin hefur ekki heyrt nein þau rök sem knýja okkur til að

gera nýja undanþágusamninga. Bretar og vesturþjóðverjar hafa fengið nægan umþóttunartíma til að laga sig að nýjum aðstæðum því að meira en 4 ár eru nú liðin síðan þessum ríkjum og öðrum var tilkynnt um útfærsluna í 50 mílur.

Góðir hlustendur. Tími minn er á þrotum. Ég hef leitt að því rök að þau vandamál sem við er að glíma: þröng fjárhagsstaða ríkissjóðs, gjaldeyrisskortur, einstæð verðbólga, allsherjarverkfall sjómanna og yfirvofandi aðgerðir opinberra starfsmanna og flestallra verkalýðsfélaga í landinu — allt er þetta eðlileg og rökrétt afleiðing af rangri stjórnarstefnu. Ríkisstj. er að sigla öllu í strand. Ráðleysi hennar er með eindæmum og afleiðingarnar blasa hvarvetna við.

Svo ætlar þessi ríkisstj. að leyfa sér ofan á allt annað að fara að semja við breta um áframhaldandi fiskveiðiréttindi í íslenskri landhelgi þrátt fyrir hina ískyggilegu skýrslu Hafrannsóknastofnunar og þveröfugt við augljósan vilja þjóðarinnar sem komið hefur fram í fjöldamörgum samþykktum manna úr öllum stjórnmálaflokkum.

Þessi ríkisstj. er búin að ofbjóða þjóðinni. Hún hefur þegar sýnt að hún er óhæf til að leysa úr aðsteðjandi vanda. Hún á að víkja, því fyrr, því betra.

Þjóðin þarf vinnufrið. Hún þarf aðra stefnu í efnahagsmálum, — vinstri stefnu. Hún þarf nýja og djarfa forustu í landhelgismálum. Hún þarf nýja vinstri stjórn.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti, góðir áheyrendur. Forsrh. hefur í stefnuræðu sinni gert grein fyrir því hver verða muni aðalstefnumið stjórnarinnar á næstunni. Eru þau þessi:

Að draga úr viðskiptahallanum.
Að hefta verðbólguhraðann.
Að tryggja fulla atvinnu.

Ég er þessu að sjálfsögðu sammála og tel ekki ástæðu til að endurtaka röksemdir fyrir þessari stefnumörkun né heldur að rekja tölur um efnahagsástandið, þær hafa verið birtar. Hér er ekki í sjálfu sér um neina nýja stefnu hjá stjórninni að ræða. Þetta eru stefnumið sem höfð voru í huga og fest voru á blað við myndun núv. stjórnar, en þá varð að snúast við vandamálum sem enga bið þoldu og þá fyrst og fremst við vanda útflutningsatvinnuveganna, en styrkt staða þeirra miðaði að því að tryggja atvinnuástandið. Má og segja að því marki hafi verið náð að tryggja fulla atvinnu þegar undan eru skilin staðbundin áhrif af völdum togaraverkfalls. Hins vegar hefur ekki tekist að ná því marki sem stefnt var að varðandi hemlun á verðbólgu og viðskiptajöfnuð við útlönd. Verðlagsþróunin hefur orðið önnur og óhagstæðari en búist var við, og viðskiptahallinn hefur orðið meiri en áætlað var.

Hin óhagstæða framvinda í þessum efnum á sér ýmsar orsakir og skýringar. Þar er að sumu leyti um óviðráðanlegar ástæður að ræða, svo sem versnandi viðskiptakjör, sem hafa orðið stórum óhagstæðari en reiknað var með. Verðlagsþróunin á einnig rætur að rekja til aðgerða sem óhjákvæmilegt þótti að gera til styrktar útflutningsatvinnuvegunum og þar með til að tryggja fulla atvinnu, og á ég þar fyrst og fremst við gengisfellingar. Þjónustufyrirtæki hafa fengið miklar hækkanir til þess að afstýra hallarekstri, greiða upp skuldahala og halda í horfi um framkvæmdir. Hið opinbera, bæði ríki og sveitarfélög, hefur haldið uppi miklum framkvæmdum, að of miklu leyti fyrir lánsfé. Hefur það auðvitað stuðlað að atvinnuöryggi, en haft í för með sér versnandi stöðu út á við og ýtt undir þenslu fram yfir það sem heppilegt var. Síðast en ekki síst má svo nefna það, sem e. t. v. er mergurinn málsins, að við höfum eytt meiru en aflað var. Hér er um að ræða keðju og keðjuverkanir. Um það skal ég ekki orðlengja frekar. Það er kannske, úr því sem komið er, fyrst og fremst viðfangsefni fræðimanna.

Það stoðar oftast lítið að sakast um orðinn hlut. En auðvitað eiga menn að læra af reynslunni. Og það verður enginn minni maður af því að viðurkenna mistök. Ég viðurkenni hreinskilnislega að okkur hefur ekki tekist að ná þeim tökum á efnahagsmálum sem æskilegt hefði verið og að var stefnt. Ég hef enga löngun til að skjóta mér undan ábyrgð í því efni. En ætli það verði ekki æðimargir að játa á sig skilningsskort í þessum efnum. Það hefði margt getað farið betur ef menn hefðu viljað snúast við fyrirsjáanlegum vanda og afkomubreytingum í tæka tíð. Vandinn hefði verið minni nú ef menn vorið 1974 hefðu viljað fallast á að athuga þau úrræði, sem ég benti á og beitti mér fyrir, og látið þjóðarhagsmuni ráða í stað flokkadrátta. En sleppum því. Hér er hvorki tími né ástæða til að rifja upp þá sögu.

Nú er aðalatriðið að menn horfist í augu við staðreyndir — að menn viðurkenni veruleikann. Staðreyndin er sú, að við getum ekki haldið áfram að lifa um efni fram, að við getum ekki keyrt áfram á sama hraða og að undanförnu. Við verðum að hægja á ferðinni og skipta í lægri gír. Án þess verður þeim markmiðum, sem sett eru um minni verðbólguhraða og bætta stöðu út á við, ekki náð. En í þeim efnum verður líka að fara með gát og forðast stökkbreytingar svo að atvinnuöryggi sé ekki stefnt í augljósa hættu. Hér verður áreiðanlega vandþrætt meðalhófið. Það verður að játa að það er ekki auðgert að stefna að og ná öllum þessum þrem markmiðum í senn. En hér er ekki lengur um neitt val að ræða því að óbreyttur verðbólguhraði og vaxandi viðskiptahalli mundu leiða til stöðvunar í atvinnurekstri og atvinnuleysis innan tíðar. Stefnumið nr. 3 næst því ekki nema lagfæringar fáist á verðbólguhraða og viðskiptahalla.

Það er því óhjákvæmilegt að beita aðhaldssamari stefnu í fjármálum og á efnahagssviðinu en að undanförnu. Það er ekkert fagnaðarerindi en það er betra að líta raunsætt á hlutina en að blekkja sjálfan sig. Og vissulega eru talsverðar aðhaldsaðgerðir þolandi takist jafnframt að tryggja atvinnuöryggi.

Þau meginverkefni, sem nefnd hafa verið, verða að ganga fyrir öllu öðru. Stefna stjórnarinnar og Alþingis á öðrum sviðum hlýtur að mótast af þeim. Það þarf mönnum að vera ljóst, því

að menn verða að vera við því búnir að leggja sitt hvað í sölurnar í svipinn til þess að áðurnefndum markmiðum verði náð. En það er þess virði þegar horft er fram á veginn.

Það er mikilvægt að þessi stefna mæti skilningi þjóðarinnar og þá ekki hvað síst aðila vinnumarkaðarins og annarra þeirra aðila sem sérstaklega móta verðlagsþróun í landinu. Það ríður á miklu að þessi sjónarmið séu höfð í huga við gerð þeirra kjarasamninga sem yfir standa og fram undan eru. Þar er um viðkvæm mál að ræða, eins og á stendur, og verður þar til að koma gagnkvæmur skilningur og góður vilji. Það þarf að grandskoða tekjuskiptinguna í þjóðfélaginu með opnum augum og af fullri sanngirni. Það þarf að líta á rauntekjur manna hvort sem þær liggja í augum uppi eða eru kannske í skugga.

Hið opinbera — í víðtækustu merkingu — verður líka að leggja sitt af mörkum. Það þarf að draga úr sínum kröfum, en þá verður einnig að stilla þeim kröfum í hóf sem til þess eru gerðar. Á hagsældartímum hafa menn e. t. v. stundum verið of rausnarlegir í útgjöldum og fjárveitingum — í eyðslu af almannafé. Það kann að mega finna einhverja pósta í fjárlögum sem draga má úr eða fella niður án þess að stór skaði hljótist af. Það verður hlutverk fjvn. að fara þar í rækilega eftirleit.

Ég held að við þurfum að hverfa frá því að reyna að leysa sívanda atvinnuveganna með því alltaf að skrúfa upp á við. Ég held að við ættum að reyna að athuga að vinda ofan af — að reyna að draga úr eða létta af ýmsum kostnaðarliðum atvinnuveganna. Þá vandförnu leið þurfa kunnáttumenn að þrautkanna á næstunni.

Kjaramálin eru í deiglunni. Við eigum öll mikið undir því að á þeim finnist farsæl og raunsæ lausn. Að því mun ríkisstj. vinna eftir því sem í hennar valdi stendur. En í þessu sambandi vil ég sterklega vara við því, að menn freistist til að grípa til ólögmætra aðgerða í sambandi við kjaramál eða verðákvarðanir. Slík vinnubrögð munu ekki vekja samúð og kunna aldrei góðri lukku að stýra.

Landhelgismálið verður áreiðanlega í brennidepli á næstunni. Um það efni get ég á þessu stigi að mestu vísað til greinargerðar forsrh.

Fiskveiðilandhelgin hefur verið færð út í 200 sjómílur. Sú ákvörðun var að okkar mati tekin af óhjákvæmilegri nauðsyn. En þessi útfærsla hefur ekki verið viðurkennd af öðrum þjóðum. Í lengstu lög verður að vona að langflest ríki viðurkenni hana í verki og að innan skamms feti ýmsar aðrar þjóðir í fótspor okkar verði dráttur á því að samkomulag náist á Hafréttarráðstefnunni um alþjóðalög á þessu sviði. En eins og er ríkir óvissa um viðbrögð nokkurra þjóða *gagnvart 50 mílunum þegar bráðabirgða*samkomulag um þær fellur úr gildi. Um þessi málefni hefur ríkisstj. talið sjálfsagt að eiga viðræður við aðrar þjóðir sem eftir hafa óskað. Það hefði naumast verið stætt á því fyrir Ísland að neita því að ræða þessi mál við aðrar þjóðir. Hitt er annað mál og óséð nú hvort slíkar viðræður leiða til nokkurs samkomulags. Vanhugsaðar yfirlýsingar breskra stjórnmálamanna eru ólíklegar til að greiða fyrir því. En ég fyrir mitt leyti tel rétt að sjá hvað fram kemur í þessum viðræðum.

Ég dreg ekki í efa að í raun og veru vilja allir Íslendingar hið sama í þessu máli, þ. e. að fiskimið á landgrunni Íslands lúti óskoruðum yfirráðum Íslendinga. Ég held að við ættum að spara allar getsakir í garð hver annars um þetta, auk þess sem slíkt getur gefið viðmælendum okkar villandi hugmyndir um viðhorf manna. Hitt er annað mál, að menn geta haft mismunandi trú á því hvaða aðferð sé vænlegust til að ná settu marki. Ég tel að nokkuð sé gefandi fyrir friðsamlega og vinsamlega lausn þessarar deilu. Ég álít það farsælla fyrir þjóðina heldur en að búa við fjandskap grannríkja sem við höfum öldum saman átt samskipti við. Það er mikils virði fyrir Ísland að eiga sem víðast vinum að mæta. Þess vegna er ég samþykkur þeim sjónarmiðum sem sett eru fram af forsrh. Hitt er ljóst, að eins og ástandið er, sbr. skýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar, höfum við lítið að láta af hendi. Og samkomulag er útilokað nema litið sé með fyllstu sanngirni á okkar aðstæður. Ógnanir erlendra orðháka hagga þar engu um. Ég hef verið þeirrar skoðunar að hér ættum við að flýta okkur hægt og gefa okkur nægan tíma til að skoða málið vandlega.

Ég tek undir þau orð forsrh. að í viðræðum við aðrar þjóðir höfum við réttinn og rökin okkar megin. Ég undirstrika sérstaklega þau orð hans að í hugsanlegu bráðabirgðasamkomulagi verði einkum lögð áhersla á að friða 50 mílurnar sem mest fyrir veiðum útlendinga og auðvitað helst algerlega. En það er ekki alltaf nóg að hafa réttinn sín megin þegar um samskipti á milli þjóða er að ræða. Réttur og vald eiga þar ekki alltaf samleið. Valdið þjónar ekki alltaf réttinum, og stundum verður rétturinn að víkja fyrir valdinu.

Það er ljóst að ef ekkert samkomulag tekst verður stirð sambúð við tilteknar þjóðir og verðum við þá að taka því með þeim afleiðingum sem þar af kunna að fljóta.

Hins vegar vil ég ekki á þessu stigi þrátt fyrir hótanir gera því skóna sem sjálfsögðum hlut að við verðum beittir ofbeldi þó að samkomulag takist ekki. Það á eftir að skýrast ef til kemur. En ef svo fer að til átaka komi, þá verða það ekki yfirlýsingar okkar og svardagar nú sem úrslitum ráða, heldur þrautseigja, sterkar taugar og vaskleiki okkar landvarnarmanna og öll þeirra aðstaða. Hverju sem fram vindur skulum við því kappkosta að búa þá sem best í stakk og við skulum ekki tala af léttúð um þær hættur sem þeirra gætu beðið.

Þó að *málefni þau, sem ég hef hér drepið á*, verði efst á blaði á næstunni, verður auðvitað jafnframt unnið að margháttaðri lagasetningu og endurbótum á löggjöf og þá auðvitað helst þeim sem ekki hafa aukin útgjöld í för með sér. Má þar t. d. nefna löggjöf um hagnýtingu fiskimiðanna sem er mjög aðkallandi eins og á stendur og við megum með engu móti heykjast á að setja. Skýrsla Hafrannsóknastofnunarinnar er okkur alvarleg áminning. Þá áminningu megum við ekki láta sem vind um eyru þjóta. Rányrkja á miðunum má ekki eiga sér stað. Hún er ekki lengur afsakanleg, því að nú

eigum við kunnáttumenn til að leiðbeina okkur í þessu efni. Hagnýtingu þessara náttúruauðlinda okkar, fiskimiðanna, þarf að byggja á þekkingu. Við þurfum líka alvarlega að fara að hugsa um fiskrækt. Með aukinni þekkingu og tækni kunna að opnast þær leiðir sem menn hingað til hafa aðeins séð í draumi.

Af væntanlegum lagafrv., er fjalla um málefni sem eru í mínum verkahring, skal ég aðeins nefna þessi:

Frv. til l. um breyt. á umferðarlögum. Fjallar það fyrst og fremst um skráningu ökutækja og eiga hinar nýju reglur að gera hana einfaldari í framkvæmd og þar með ódýrari.

Frv. um breyt. á hegningarlögum, sérstaklega um reynslulausn fanga, og eru reglur um það efni nokkuð rýmkaðar.

Frv. um breyt. á réttarfarslögum og dómstólakerfi. Eru þau frv. samin af n. sem skipuð var 6. okt. 1972 til að endurskoða dómstólakerfi landsins á héraðsdómsstiginu og gera till. um hvernig breyta megi reglum um málsmeðferð í héraði til að afgreiðsla yrði hraðari. Í frv. þessum verður um að ræða allumfangsmiklar breytingar. Geri ég ráð fyrir að Alþ. vilji gefa sér góðan tíma til að athuga þær, enda kunna sumar þeirra að hafa nokkurn kostnaðarauka í för með sér.

Frv. til l. um skotvopn og skotfæri. Nýjar og fyllri reglur um það efni eru nauðsynlegar. Það er orðið óeðlilega mikið af skotvopnum í umferð. Getur stafað hætta og umgengnisspjöll af óvarlegri meðferð þeirra. Þar um þarf því að setja strangari reglur.

Af frv., er lúta að viðskiptamálefnum, vil ég sérstaklega nefna hlutafélagalög, sparisjóðalög, verðgæslulög og lög um afborgunarkaup.

Venju samkvæmt munu störf Alþ. á næstunni og allt fram til jóla snúast að miklu leyti um fjárlagasetningu. Þar sem sérstakar fjárlagaumr. fara fram innan skamms skal ég ekki ræða það efni hér, vil aðeins segja að fjármál ríkisins eru nú að mínum dómi eitt veigamesta vandamálið. Verður því að þessu sinni að vanda vel til fjárlagagerðar. Þar þarf að sýna mikla gætni og aðhald. Það er nauðsynlegt að halda þannig á málum að staða ríkissjóðs sé styrk. Það er í raun og veru fjórða ófrávíkjanlega stefnumiðið. Fjölyrði ég annars eigi frekar um það nú.

Þó að nauðsynlegt sé að fylgja aðhaldssamri stefnu á næstunni og þó að við sé að etja erfiðleika á vissum sviðum efnahagslífsins er engin vá fyrir dyrum. Þessi orð eru sögð í trausti þess að stöðvun fiskiskipaflotans verði aðeins stundarfyrirbæri. Íslendingar hafa í rauninni sjaldan eða aldrei verið færari um það að mæta nokkrum mótbyr en einmitt nú. Á undanförnum árum hafa orðið hér stórstígari framfarir en áður eru dæmi til. Þá stórfelldu atvinnuuppbyggingu, sem átt hefur sér stað víðs vegar um landið, má nánast kalla atvinnubyltingu. Þeirri uppbyggingu er áfram haldið. Þá vorum við og svo gæfusamir að færa fiskveiðilandhelgina út í 50 mílur á réttum tíma. Sjálfsagt má segja, að við höfum farið fullhratt á sumum sviðum. Þess vegna hafa farið um okkur nokkrir vaxtarverkir. En án framvindu og framfara undangenginna ára hefði ástand allt verið hér erfiðara. Vegna þess, hversu við erum í stakk búnir, er engin þörf að kvarta þó að við siglum í svolitlu mannrauna ishrafli um skeið. Og þess vegna er engin ástæða til að mögla þó að við verðum um sinn að draga úr ökuhraðanum og örlítil töf verði á framsóknarleið okkar. — Ég þakka þeim er hlýddu og býð góða nótt.

Benedikt Gröndal: Herra forseti, góðir tilheyrendur. Dagurinn á morgun mun verða einstakur í sögu íslensku þjóðarinnar. Þá munu konur taka sér fri frá störfum til þess að sýna fram á hve þýðingarmiklu hlutverki þær gegna í íslensku efnahags- og þjóðlífi. Það mun án efa koma á daginn, sem margir gera sér raunar ljóst, að hlutskipti konunnar er mun meira og viðtækara en flesta hefur rennt grun í. Það mun koma í ljós að utan heimilanna halda þær heilum atvinnugreinum uppi, og mörg verður sú starfsemi sem stöðvast þegar þeirra nýtur ekki við. Það mun einnig koma skýrt á daginn, ef athugað er, að mörg þau störf, sem konur vinna einna helst, eru meðal þeirra lægst launuðu, og við skulum þá muna eftir því að við getum varla haldið því fram að íslenskt þjóðfélag sé réttlátt fyrr en það ástand hefur breyst. Fullt jafnrétti kynjanna á því miður langt í land og þarf að gera margvíslegar ráðstafanir til þess að það verði raunverulegt.

Nú fyrir nokkrum dögum urðu umr. hér á Alþ. um byggingu dagvistunarheimila. Þar kom fram að slík heimili eru ekki lengur til þess eins ætluð að líta á þau sem nauðsynlegan lið í jafnréttismálinu og þau hafa mjög mikið með það að gera hvernig konum gengur að öðlast jafnrétti í reynd. Ef konur eiga þess ekki kost að koma börnum sínum fyrir einhvern hluta úr degi, þá hafa þær ekki frjálst val um það hvort þær taka að sér störf utan heimilisins, jafnvel þótt þær vilji. Skortur á dagvistunarheimilum getur haft þær afleiðingar að þúsundir kvenna eru dæmdar til þess að sitja heima og eiga ekkert val. Ég nefni þetta aðeins sem dæmi af því að það eru langir biðlistar á öllum slíkum stofnunum í landinu, og það kom fram í þessum umr. að einmitt nú á kvennaárinu hefur ástandið á þessu sviði farið ört versnandi.

Herra forseti. Fyrir ári flutti hæstv. forsrh. stefnuræðu hér á Alþ., en hann hafði þá nokkrum mánuðum fyrr myndað núv. ríkisstj. Í þessari ræðu fjallaði hann um marga málaflokka fullur bjartsýni og vonar þótt ekki drægi hann dul á nokkra erfiðleika í efnahagsmálum. Taldi hann þó að þeir mundu fara ört minnkandi og verðbólgan hjaðna um a. m. k. helming á nokkrum mánuðum.

Nú í kvöld hefur hæstv. forsrh. flutt aðra stefnuræðu sína, og hún var allt annars eðlis en hin fyrri. Draumarnir virðast vera horfnir. Vonirnar hafa hjaðnað. Ráðh. talar nú nær eingöngu um tvö mál, nálega öllu öðru er sleppt. Þessi mál eru landhelgismálið annars vegar og efnahagsvandinn hins vegar. Það er að sjálfsögðu rétt að þessi mál ber langt yfir önnur þjóðmál um þessar mundir.

Ráðh. hefði raunar ekki þurft að eyða mjög

löngum tíma í að ræða um landhelgismálið sökum þess að þjóðin er öll efnislega sammála um kjarna þess. Þó deilum við um ýmis framkvæmdaratriði sem mörg skipta þó nokkuð miklu máli, og þær umr. hafa farið fram hér á Alþ. Ég teldi hins vegar skynsamlegra að við hættum að skemmta andstæðingum okkar með því að deila of harkalega um þessi atriði á opinberum vettvangi og tel að skynsamlegra væri að flytja þær umr. inn í landhelgisnefndina, en halda sem bestri samstöðu út á við.

Í þessum efnum hefur þó eitt atriði algera sérstöðu, en það er spurningin um það, hvort veita eigi veiðiheimildir til útlendinga í landhelginni og þá alveg sérstaklega innan 50 mílnanna. Ljóst er, að þessi hugmynd sætir mikilli andstöðu um allt land, og komið hefur fram að Alþfl. er henni algerlega andvígur. En viðræður máttu til með að fara fram og héðan af getum við ekki annað gert en beðið. Ef fulltrúar ríkisstj. telja sig hafa náð samningum, þá verða þeir að leggja þá fram hér á Alþ. og þá mun gefast tóm til þess að ræða þá.

Það er ógerlegt að segja fyrir um hvaða stefnu landhelgismálið kann að taka, t. d. hvort til alvarlegra átaka dregur á miðunum eða ekki.

Það skref, sem við höfum stigið í landhelgismálinu, verður án efa lokaaðgerð okkar í því máli, enda er það hafsvæði, sem við ráðum yfir, orðiðærið stórt. Nú verðum við að leggja megináherslu á lagasetningu um skynsamlega nýtingu landhelginnar, og í raun og veru eru það alvarleg mistök af okkar hálfu að láta það koma enn einu sinni fyrir að við höfum ekki lokið undirbúningi og afgreiðslu slíkrar löggjafar þegar meginútfærsla á sér stað. Það væri mun sterkara út á við ef við hefðum haft slík lög til og þar með getað sýnt það og sannað umheiminum að við höfum í hyggju að vernda fiskstofnana, að okkur er treystandi fyrir því.

Við ætlum okkur að fara vel með það mikla matarbúr sem nú er í okkar höndum. Á þetta verður aldrei lögð nægilega sterk áhersla, og landhelgisbrot mega íslenskir skipstjórar alls ekki gera sig seka um.

Fiskveiðilandhelgi okkar á að vísu eftir að breytast. í 200 mílna efnahagslögsögu, en það skref er hluti af stórfelldum breytingum á málefnum hafsins sem Hafréttarráðstefnan vinnur að og mun vonandi ljúka á næsta ári eða í allra síðasta lagi árið 1977. Sem betur fer eru margar hliðar þessara mála svo stórar í sniðum og ráðstefnan komin það langt áleiðis, að ég tel alveg algerlega útilokað að starf hennar geti misheppnast héðan af.

Ástand efnahagsmálanna er að vonum aðalinntak í ræðu hæstv. forsrh., enda er hæpið að útlitið fram undan í þeim efnum hafi nokkru sinni verið eins skuggalegt og það er nú. Verðbólgan hefur ekki hjaðnað eins og ráðh. spáði fyrir einu ári. Þvert á móti hefur hún haldið áfram með fullum hraða, 50—60% á ársgrundvelli, og upplýst hefur verið að ekki verður hækkunum erlendis kennt um nema hluta af verðbólgu okkar. Þar er að miklu leyti um heimatilbúinn vanda að ræða, vanda sem þjóðin verður að sigrast á eins fljótt og framast er unnt. Það veldur undrun hvernig þjóðin hefur þolað hina miklu verðbólgu og þá stöðugu kjararýrnun er henni hefur fylgt. Sem betur fer hefur verið næg atvinna, en hitt er augljós staðreynd, að hagur fólks hefur þrengst til mikilla muna, sérstaklega hinna láglaunuðu og gamla fólksins. Þá er ljóst að verðbólgan hefur valdið hvers kyns fyrirtækjum og þjónustustofnunum gífurlegum erfiðleikum og í sumum atvikum varanlegum skaða. Þrátt fyrir tíðar hækkanir, t. d. á opinberri þjónustu, mun það taka hinar ýmsu stofnanir mörg ár að rétta við fjárhag sinn. Eitt af því, sem hefur magnað verðbólguna á þessu ári, er hallarekstur ríkissjóðs, en hann hefur haft margra milljarða yfirdrátt hjá Seðlabankanum. Þarna er hreinlega um peningaprentun að ræða, og er það eitt frumskilyrði í slíku efnahagsárferði að ríkissjóður sé a. m. k. rekinn hallalaus.

Nú hefur verið lagt fram frv. til fjárlaga þar sem gert er ráð fyrir hallalausum rekstri á næsta ári og er heildarvöxtur fjárl. allmiklu minni að prósentutölu en vöxtur verðbólgunnar. Það er í sjálfu sér ekkert sérstakt afrek, þar sem engin ástæða er til að bera saman ríkisútgjöld og hækkun almennrar framfærsluvísitölu. Það liggur t. d. ljóst fyrir, að laun hafa alls ekki hækkað í samræmi við verðbólguna, heldur aðeins lítinn hluta hennar, og þetta eitt hefur stórfelld áhrif til lækkunar á fjárlagafrv., ef miðað væri við hinn möguleikann, að launin hefðu fylgt verðbólgunni algerlega. Þá er engin ástæða til að ætla, að rekstrarkostnaður á skrifstofum eða annarri starfsemi hafi hækkað eins mikið og framfærsluvísitalan, en þessir liðir hækka samt um 20—30% í frv.

Ein veigamesta aðgerð, sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir, en niðurfelling á 12% gjaldinu, sem sett var í júlímánuði, og jafnframt niðurfelling á 1 250 millj. kr. niðurgreiðslum á landbúnaðarvörum. Alþfl. var að sjálfsögðu andvígur 12% gjaldinu á sínum tíma, enda var því skellt á skömmu eftir að stjórnvöld höfðu fullvissað verkalýðshreyfinguna um að skattar yrðu ekki hækkaðir. Meira að segja Morgunblaðið sagði að þetta gjald væri hvimleitt. Nú þegar á að afnema gjaldið er hins vegar óhjákvæmilegt að skoða vandlega hvaða verði þjóðin á að kaupa þetta afnám.

Í fyrsta lagi er þess að gæta, að það hefur í sjálfu sér engin áhrif á verðbólguna þegar afnumdar eru tekjur um leið og felld eru niður gjöld hjá ríkissjóði ef þar er nokkurn veginn um svipaðar upphæðir að ræða. Þessi aðgerð er því ekki nauðsynleg af þeim sökum, en heildarsumma fjárl. mun verða eitthvað lægri, og það er vafalaust keppikefli hjá hæstv. fjmrh. að geta sýnt fram á að hann taki minna af þjóðartekjunum en áður til ríkissjóðs.

Hitt er meginatriði, að 12% gjaldið, sem raunar var allmiklu hærra, þegar öll kurl voru komin til grafar, var lagt á miður nauðsynlegar vörur, eins og ég held að fjmrh. hafi sjálfur orðað það í blaðaviðtali í júlímánuði. Nú á að fella það niður, en í staðinn á að hækka verðið á lífsnauðsynlegum vörum, þ. e. landbúnaðarafurðum, kjöti, mjólk, smjöri o. s. frv. Þetta hlýtur að verða öllum almenningi mjög óhagstætt og alveg sérstaklega barnafjölskyldum

eða tekjulágu fólki. Það á t. d. að lækka verðið á innfluttum lakkrís og súkkulaðikexi og hnetum og kryddi, en það á að hækka mjólkina. Það á að lækka alls konar skranvörur og pappír og serviettur og tilbúin blóm, en það á að hækka smjörið. Það á að lækka ýmis heimilistæki, kæliskápa og afgreiðsluborðin þar sem varan er sem okkur er seld, en það á að hækka kjötið í afgreiðsluborðunum. Finnst ykkur, góðir hlustendur, að þetta sé heilbrigð stefna? Er ekki óhætt að ganga feti lengra og spyrja: Er nokkur vitglóra í slíkum aðgerðum, eins og nú er ástatt í efnahagsmálum?

Gjaldeyrisvandræðin eru önnur hlið efnahagsvandans og að sumu leyti hin alvarlegasta því að þar er um sjálft efnahagssjálfstæði þjóðarinnar að tefla. Við erum þegar komnir svo langt að við lifum á lánuðum gjaldeyri og lántökur til lengri tíma erlendis eru orðnar geigvænlega miklar. Forsrh. segir að það verði að minnka hallann á viðskiptum við útlönd og það er auðvitað hverju orði sannara. En hann segir lítið sem ekkert um það, hvernig eigi að fara að því. Hefur hann ekki komið auga á þá staðreynd að verðlækkun á mörg hundruð miður nauðsynlegum vörutegundum, sem fluttar eru til landsins, sem mun gerast með afnámi 12% gjaldsins, hlýtur að auka eftirspurn eftir þeim og þar með eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri? Hefur ekki þessi ráðstöfun alveg þveröfug áhrif við það sem forsrh. telur svo nauðsynlegt í gjaldeyrismálum?

Önnur veigamikil aðgerð er boðuð í fjárlfrv., en það er niðurskurður á útgjöldum almannatrygginga um 2 milljarða kr. Er ekki tiltekið hvernig þessi niðurskurður skuli vera, nema hvað annar milljarðurinn á að takast af lífeyristryggingum, en hinn af sjúkratryggingum. Alþfl. mun ekki setja sig á móti því að það verði athugað, hvort einhverri hagræðingu verður komið við eða einhverjir einstaklingar fá tryggingabætur sem alls ekki þurfa þeirra með. Þess vegna mun hann taka þátt í störfum þeirrar n. sem ætlunin er að setja í þá athugun. En verði tryggingabætur þess fólks, sem hefur litlar eða engar aðrar tekjur, lækkaðar mun Alþ. beita sér af fullri hörku gegn slíkum niðurskurði. Þá væri ráðist á þá sem síst skyldi. Frekar en að rýra kjör gamla fólksins, öryrkja og hinna sjúku verðum við að leita annarra ráða, jafnvel þótt þau verði ekki þægileg. Ég vil því vara alvarlega við þessum niðurskurði og krefjast þess, að á sviði almannatrygginganna verði farið með gát og ekki aukið það misræmi sem fyrir er í þjóðfélaginu. Við megum ekki ráðast á þá sem hafa minnsta efnahagsgetu á sama tíma og þúsundir manna komast upp með það að greiða litla eða jafnvel enga tekjuskatta.

Núv. ríkisstj. hefur reynst ótrúlega veik og reikul í ráði þetta liðlega ár sem hún hefur farið með stjórnartaumana, enda þótt hún hafi mikinn og að því er virðist sterkan meiri hl. á Alþ. Þetta hefur vissulega verið erfitt ár og vafalaust ekki hægt að komast hjá ýmsum óþægilegum aðgerðum. Þegar þannig árar er nauðsynlegt að haga álögum með þeim hætti að þjóðin sannfærist um að byrðum sé jafnt skipt og að engir geti skotið sér undan þeim. Þetta hefur gersamlega mistekist og hafa t. d. skattsvik verið svo almenn og augljós að borgarar heilla byggðarlaga hafa risið upp og mótmælt. Slíkt mun vera einsdæmi og væri betur að stjórnarherrarnir tækju mark á þessum röddum skattborgaranna og gerðu þær endurbætur sem krafist er á skattakerfinu og óhjákvæmilegar eru til þess bæði að gera kerfið réttlátara og að tryggja ríkissjóði mun meiri tekjur en hann hefur nú að óbreyttum aðstæðum að öðru leyti.

Ríkisstj. virðist ekki hafa gengið betur að ráða við einstaka málaflokka. Nægir þar að nefna orkumálin sem eru mjög í brennipunkti vegna hækkananna á olíu. Aðgerðir í raforkumálum hafa verið handahófskenndar. Margar rándýrar framkvæmdir eru unnar samtímis til að leysa sama vandann, og þannig mætti lengi telja. Þó keyrir um þverbak hvernig staðið hefur verið að Kröflumálinu og mun verða leit að svo furðulegu framferði við opinbera framkvæmd.

Efnahagsmálin eru þó undirstaða alls annars. Þar verður að jafna gjaldeyrisstöðuna, hætta erlendum lántökum, draga úr verðbólgunni, en tryggja samt fulla atvinnu. Hæstv. forsrh. viðurkenndi þessi nauðsynlegu markmið, en hann sagði lítið um leiðir til þess að ná þeim. Það fer ekki mikið fyrir stefnu stjórnarinnar sem virðist ætla að verða áframhaldandi fálm og ráðleysi í óljósri von um að verðbólgan hjaðni af sjálfu sér.

Ólafur Jóhannesson, hæstv. viðskrh., hefur í ræðum sínum fjallað örlítið um einstakar leiðir í þessum efnum. Hann sagði t. d. nýlega að frekari gengislækkanir dygðu ekki og mætti því ekki til þeirra grípa. Ég tók ekki eftir því að hæstv. forsrh. segði neitt í þessa átt í ræðu sinni, og vaknar þá sú spurning hvort hann telji enn nýjar gengislækkanir nauðsynlegar og koma til greina.

Ólafur Jóhannesson sagði í þessari sömu ræðu sinni og endurtók það raunar allítarlega í ræðu sinni hér í kvöld að athuga þyrfti vandlega niðurfærsluleiðina. Forsrh. sagði ekkert um slíkt, og vekur það spurningu um hvort hann sé slíkum ráðum andsnúinn ef þau reynast vera raunhæf (**Forsrh.**: Alls ekki.) Það er gott að heyra það.

Ríkisstj. hefur sannarlega fengið tækifæri til þess að taka fast á efnahagsmálum, og launþegasamtökin hafa sýnt henni óvenjulega mikla þolinmæði. Vafasamt er að launþegar treystu sér til að taka enn á sig frekari kjararýrnun. Þó hafa forustumenn þeirra sagt að ráðast verði að rótum verðbólguvandans, og ég hygg að það muni vafalaust ekki á þeim standa ef til slíkra tilrauna kemur. Það er undir ríkisstj. komið hvernig framvinda þessara mála verður. Stjórnin hefur setið nokkuð á annað ár, og enn á þjóðin við nokkurn veginn sömu erfiðleika að etja, nema hvað þeir virðast vera alvarlegri en áður Forsrh. segir nú efnislega nokkurn veginn það sama og fyrir ári. En skyldu efndirnar verða meiri og betri annað árið en það fyrsta?

Þjóðinni er knýjandi nauðsyn á fastri og markvissri stjórn efnahagsmála ef ekki á illa

að fara. Það er ekki rétt að segja við þjóðina, eins og hæstv. viðskrh. gerði hér áðan, að engin vá sé fyrir dyrum, vegna þess að verðbólgumálin og þróun gjaldeyrismálanna geta haft alvarlegar afleiðingar fyrir þjóðina, geta haft varanlegar afleiðingar sem tæki langan tíma fyrir íslendinga að komast yfir. Við getum því aðeins vonað það besta, ef ríkisstj. verður ekki komið frá, en því miður er traustið ekki mikið sem hún hefur áunnið sér á einu ári, og menn hafa því litlar vonir um að kraftaverk gerist. En engu að síður vil ég ítreka það, að ástandið fram undan er alvarlegt og við verðum að snúa því við. — Svo þakka ég þeim sem hlýddu.

Karvel Pálmason: Herra forseti, góðir hlustendur. Rösklega eitt ár er nú liðið frá því að núv. ríkisstj. tók við völdum. Þó ekki sé um lengri tíma að ræða má vissulega af honum ráða hvernig til hefur tekist.

Ein af meginröksemdum aðstandenda ríkisstj. var að hér væri um að ræða sterka og heilsteypta stjórn sem ein væri til þess líkleg að ráða við þann vanda sem við blasti í efnahags- og fjármálum þjóðarinnar. Sem sagt: sterk, heilsteypt og úrræðagóð ríkisstjórn.

Og fyrir ári heyrðuð þið, góðir tilheyrendur, af vörum hæstv. forsrh. þau markmið sem ríkisstj. hafði þá sett sér til lausnar vandanum, og æ síðan hafið þið fundið á hvern hátt þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið, hafa lagst með ofurþunga á almenning í landinu og þá fyrst og fremst þá aðila í þjóðfélaginu sem höllustum fæti stóðu.

Eitt meginmarkmiðið í boðskap hæstv. forsrh. fyrir ári var að ríkisstj. mundi beita samræmdum aðgerðum til lausnar vanda efnahagslífsins og með þeim hætti koma verðbólgunni niður í 25% á árinu 1975. Þetta var fyrsta markmiðið, hvernig hefur það tekist?

Hefur ekki verðbólgan á árinu 1975 minnkað hröðum skrefum undir handarjaðri núverandi landsfeðra? Ó, nei, ekki aldeilis. Verðbólga hefur aldrei verið meiri á Íslandi en árið 1975, eða yfir 50%, þ. e. helmingi meiri en markmið hæstv. ríkisstj. gaf til kynna. Og nú hefur hæstv. viðskrh. lýst því yfir, á Esju-fundinum fræga, að frestað yrði enn upprunalegum markmiðum varðandi samdrátt verðbólgu um eitt ár. Og hæstv. forsrh. segir í sínum boðskap nú að hægja verði mikið á verðbólguhraðanum frá því sem verið hefur á þessu ári.

Annað markmið í boðskap hæstv. ríkisstj. fyrir ári var að ná föstum tökum á stjórn fjármála ríkisins og bæta fjárhagsstöðu ríkissjóðs. Og þennan árangur hljóta menn þó að hafa orðið varir við — eða hvað? Svarið er stutt en ákveðið: nei. Á fyrstu átta mánuðum ársins 1974 var nettóskuld ríkisins við Seðlabankann að meðaltali tæplega 4 milljarðar króna. Það var auðvitað allt of hátt að mati fjármálaspekinga núv. ríkisstj. og fordæmt mjög af þeim og það eðlilega. En hvernig var ástandið fyrstu átta mánuði ársins í ár? Jú, hæstv. fjmrh. hefur ekki gómað þetta betur en svo að þessi skuld var ekki að meðaltali tæpir 4 milljarðar, heldur rúmir 8, eða meira en helmingi hærri en hún var á árinu 1974. Er furða þó menn væni hæstv. ríkisstj. um stjórnkænsku í fjármálum þegar þetta getur gerst, og undir handarjaðri hæstv. núv. fjmrh. spyrja menn: Var nú þetta líka hægt, Matthías?

Þriðja og að öllum líkindum gullvægasta markmiðið í boðskap hæstv. ríkisstj. fyrir ári var að draga úr skuldasöfnun erlendis sem að dómi ráðherranna átta væri orðin óhóflega mikil.

Það er því eðlilegt að spurt sé hvort þetta þriðja gullvæga markmið ríkisstj. hafi ekki tekist? Hæstv. fjmrh. svarar því sjálfur í nýframlögðu fjárlagafrv. fyrir árið 1976, en þar segir m. a., með leyfi forseta, að vaxtagreiðslur á árinu 1976 muni hækka um hvorki meira né minna en 64,1%, fyrst og fremst — og taki menn nú eftir: fyrst og fremst vegna stórhækkaðra lántaka á yfirstandandi ári. Og enn er því spurt: Var nú einnig þetta hægt, Matthías? Og svar hæstv. fjmrh. er: Já, allt er hægt með góðum vilja.

Fjárlagafrv. það, sem nú liggur fyrir Alþingi fyrir árið 1976, er fyrir margar sakir athyglisvert og þó að hér gefist ekki tími til að ræða það ítarlega skal vikið að því örfáum orðum.

Fjárlagafrv. segir miklu meira um fyrirhugaða stefnu ríkisstj. en sú stefnuræða, sem hæstv. forsrh. flutti hér áðan.

Þetta fjárlagafrv., sem er annað í röðinni í stjórnartíð núv. ríkisstj., er greinilegt samdráttar- og niðurskurðarfrv., mjög óraunhæft og hlýtur því að taka miklum breytingum í meðför þingsins. Frv. gerir ráð fyrir 21,5% hækkun á rekstrarreikningi ríkissjóðs frá fjárlögum yfirstandandi árs þrátt fyrir þá staðreynd að verðlagshækkanir á árinu 1975 hafa verið um eða yfir 50%. Þessi samdráttur kemur fyrst og fremst niður á framkvæmdaframlögum.

Í frv. er gert ráð fyrir að framkvæmdaframlög til framkvæmda, sem ríkið stendur eitt að, hækki um 11% á sama tíma og framkvæmdakostnaður hefur hækkað um 50%. Hér er því um að ræða nær 40% niðurskurð á framkvæmdamagni.

Til framkvæmda, sem kostaðar eru af fleiri aðilum ásamt ríkinu, er hækkunin tæplega 16% eða niðurskurður um 34% í raungildi.

Fjárfestingarstyrkir til sveitarfélaga eiga samkv. frv. að hækka um 9.6%, þ. e. skerðing um 40% miðað við raungildi. Fjárfestingarstyrkir til einstaklinga og félagasamtaka eiga að lækka — og taki menn nú eftir: lækka samkv. frv. um 4.8% eða skerðast í raungildi um 55%.

Ljóst virðist, að fjárveitingar til iðnskóla eiga samkv. frv. að skerðast um 33% miðað við raungildi, fjárveitingar til grunnskóla um 29%, fjárveitingar til sjúkrahúsa og elliheimila um 8%, fjárveitingar til íþróttamannvirkja um 12% og fjárveitingar til hafnarframkvæmda um 17%. Þetta er sú þröttmikla og stórbrotna byggðastefna sem stjórnarsáttmáli hæstv. ríkisstj. lofaði.

Og á hverjum haldið þið, góðir tilheyrendur, að þessi niðurskurður bitni fyrst og fremst? Halda menn að hann bitni fyrst og fremst hér á suðvesturhorni landsins þar sem þenslan hefur verið og er mest? Ó, nei. Honum er fyrst og fremst ætlað að bitna á landsbyggðinni, dreifbýlisfólkinu, sem hvað höllustum fæti stendur

í varnarbaráttunni gegn Stór-Reykjavíkursvæðinu. Hér er því boðuð í reynd sú andbyggðastefna sem núv. ríkisstj. virðist hafa tileinkað sér. Öllum ætti að vera ljóst, einnig hæstv. ríkisstj. og stuðningsliði hennar, að öll samdráttar- og niðurskurðarstefna hefur alla tíð **bitnað harðast á þeim sem síst skyldi, þ. e. á** landsbyggðinni. Og ætli það detti nokkrum í hug í raun og veru að á því verði breyting undir handleiðslu núv. ríkisstj? Ég held ekki.

Þetta fjárlagafrv. og sú stefna, sem það boðar, hlýtur því að vekja ugg og kvíða í brjóstum þess fólks sem byggir hinar dreifðu byggðir — þess fólks til sjávar og sveita sem háð hefur hvað harðasta lífsbaráttu við hin örðugustu lífsskilyrði til að skapa þann auð sem allt byggist á að dreginn sé í þjóðarbúið. Og það ættu núv. stjórnvöld að gera sér ljóst, að verði áfram haldið þeirri stefnu í byggðamálum sem ráðið hefur í tíð núv. ríkisstj., þá er vissulega vá fyrir dyrum.

En það er fleira athyglisvert í fjárlagafrv. en þetta. Frv. boðar greinilega stóraukna skattbyrði, því að aðeins er gert ráð fyrir 25 stiga hækkun skattvísitölu á sama tíma og verðbólga er um eða yfir 50%. Launafólki er því ætlað að bera helming verðbólgunnar í aukinni skattbyrði.

Þá gerir frv. ráð fyrir hækkun á söluskatti greiddum ríkissjóði um 2% og hefur ríkisstj. hækkað söluskatt til ríkissjóðs á einu ári um 5 stig, sem þýðir a. m. k. 6 milljarða króna í aukinni skattheimtu til ríkissjóðs í gegnum söluskatt á einu ári.

Síðast skal vikið að því atriði frv. sem hlýtur að vekja óskipta athygli manna, en það er lækkun framlaga til almannatrygginga um 2 000 millj. eða 12%. Og það sem furðu hlýtur að vekja, er að ekki er orði að því vikið á hvern hátt breyta eigi löggjöfinni varðandi bótagreiðslur. Á t. d. að lækka elli- eða örorkulífeyri? Á að fella niður tekjutryggingu? Á að láta sjúklinga sjálfa borga sjúkrahúsvist? Hver er eiginlega meiningin með þessu í frv?

Hér að framan hefur verið vikið nokkuð að fjárlagafrv. því sem nú liggur fyrir þinginu, því að það segir ykkur, góðir tilheyrendur, í raun miklu meira um stefnu hæstv. ríkisstj. heldur **en stefnuræðu hæstv. forsrh. Hér hefur því verið** lýst í hnotskurn stefnuræðu hæstv. forsrh. sem hann flutti hér áðan, og hæstv. dómsmrh. sagði ekki nein ný stefnumið í ræðu hæstv. forsrh.

Eins og áður hefur verið að vikið var eitt af þeim fyrirheitum sem finna mátti í stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. að stórefld skyldi byggðastefna, sem svo er kölluð. Ég hef lagt þann skilning í byggðastefnutalið að með því væri átt við að stuðlað skyldi að því fyrst og fremst að byggja upp þá staði eða landshluta sem verst hafa orðið úti vegna þeirrar öfugþróunar sem átt hefur sér stað með hinum öru fólksflutningum frá dreifbýlinu til þéttbýlisstaðanna á suðvesturhorni landsins. Það virðist greinilegt að núv. hæstv. ríkisstj. og stuðningslið hennar hér á Alþingi er allt annarrar skoðunar, svo sem sást glöggt við endanlega afgreiðslu fyrstu fjárlaga núv. ríkisstj. fyrir árið 1975 og afgreiðslu vegáætlunar á s. l. vori svo og á framkvæmdum, sem ákvarðaðar hafa verið á öðrum sviðum. Bæði við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1975 og vegáætlunar var beitt harkalegum niðurskurðaraðgerðum, ekki hvað síst gagnvart þeim landshlutum sem hvað mest eiga í vök að verjast.

Fjárveitingar til mikilvægra málaflokka voru það lágar að í sumum tilvikum var um 50% niðurskurð að ræða miðað við raungildi fjárlaga ársins 1974. Og þessar hungurlúsafjárveitingar til framkvæmda á landsbyggðinni voru rökstuddar af stjórnarliðum með því að það yrði að sporna við frekari þenslu í þjóðfélaginu. En á sama tíma og stjórnarliðar beittu þessari röksemdafærslu til réttlætingar aðförinni að dreifbýlinu samþykktu þeir framkvæmdir upp á hátt á annan tug milljarða króna hér á suðvesturhorni landsins. Nægir þar að nefna Grundartanga-milljarðana, Borgarfjarðarveisluna sem sumir nefna svo og sumir stjórnarliðar hafa lýst yfir opinberlega að þeir hafi ekki kjark til að nefna, og að lokum Miðnesheiðarkompaníið á Keflavíkurflugvelli. Það hlýtur að vera íhugunarefni fyrir ykkur, góðir hlustendur, sem byggið hinar dreifðu byggðir og eigið undir högg að sækja til fjárveitingavaldsins með hversu lítið sem er, hvernig átt getur sér stað að svo frekleg mismunum þegnanna eftir því hvar þeir **búa á landinu fær svo sterkan hljómgrunn hér á** hv. Alþingi sem raun ber vitni.

En þessi mismunun hefur sýnt sig oft í fleiru. Á s. l. vori samþ. ríkisstj. og hennar stuðningslið **hér á Alþingi heimild til niðurskurðar á fjár**lögum ársins 1975 um allt að 3 500 millj. Niðurskurð í anda þessarar heimildar samþ. svo meiri hl. fjvn. á s. l. sumri, að vísu ekki 3 500 millj., heldur 2 000 millj. kr. Þessi niðurskurður fjárveitinga á fjárlögum ársins 1975 endurspeglar aðförina að dreifbýlinu. Þar má sjá m. a. niðurskurð fjárveitinga til fiskihafna víðs vegar á landinu um 60 millj. kr. á sama tíma og tekin er upp sérstök fyrirgreiðsla til byggingar ferjubryggju í Reykjavíkurhöfn að upphæð 15 millj. kr. í ár, og hefur slíkt aldrei gerst fyrr. Þar má einnig sjá niðurskurð fjárveitinga til heilbrigðismála þar sem fjárveitingar til landshluta eins og Vestfjarða, sem verst er settur hvað heilsugæslu snertir, eru skornir niður um nær 25% og á Norðurlandi vestra um 37%, á sama tíma og fjárveitingar til Reykjavíkur eru skornar niður um aðeins 15%.

Það, sem hér hefur verið sagt um byggðamál, **ætti að nægja til að sýna fram á hver stefna** núv. ríkisstj. og stuðningsliðs hennar er gagnvart dreifbýlinu.

Þá voru og undir handarjaðri núv. ríkisstj. gerðar breytingar á skattalögum sem reynst hafa magna svo misréttið í skattbyrði þegnanna, sem **var þó ærið fyrir, að nærri stappar uppreisn** skattgreiðenda í landinu, og vart verður lengur undan því vikist að gera þær breytingar á skattalögum, sem jafna skattbyrði þegnanna.

Um þessar mundir býr verkalýðshreyfingin í landinu sig undir aðgerðir til varnar sínum umbjóðendum. Í þessu sambandi vil ég minna á að í stjórnmálaályktun nýafstaðins flokksstjórnarfundar Samtaka frjálslyndra og vinstri manna segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Flokksstjórnarfundur SFV ályktar að taka

beri upp nýja og breytta stefnu í efnahags- og kjaramálum og fjármálum ríkisins til að auka kaupmátt launa og treysta fjárhag ríkisins.

Í stað krónutölukapphlaups launa, sem aðeins gerir þá ríku ríkari, verði nú að ráðast á verðbólguna af alefli og gera þá kröfu til hátekjuhópanna í þjóðfélaginu að þeir sýni sanngirni í að minnka það misrétti sem enn á sér stað í þjóðfélagi okkar.

Samhliða þessu bendir fundurinn á, að í framkvæmd ættu verðlagsbætur á laun að miðast við krónutölureglu, og ætti það að vera eitt af meginverkefnum í næstu samningsgerð að tryggja verðlagsbætur samkvæmt þeirri reglu.

Flokksstjórnarfundurinn bendir enn fremur á að ef áfram verði haldið á sömu braut og verið hefur í kjaramálunum verði ótryggðir lífeyrissjóðir að engu í verðbólgunni. Því verði að trygja það með raunhæfum hætti að þeir geti þjónað því hlutverki sem þeim var ætlað í fyrstu.

Frá því að ríkisstj. tók við völdum hefur átt sér stað stórfelld fjármagnstilfærsla í þjóðfélaginu frá launþegum til atvinnurekenda. Þessi tilfærsla hefur framar öðru og ásamt verðbólgunni stuðlað að því mikla misrétti sem ríkir."

Undir þetta skal tekið nú í byrjun undirbúnings kjarabaráttu þeirrar sem fram undan er.

En nú hefur einnig það gerst að stór hluti fiskveiðiflota landsmanna hefur siglt í höfn í mótmælaskyni við þá kjaraskerðingu sem þeir telja að átt hafi sér stað hjá sjómönnum. Hér er um svo alvarlegt mál að ræða að þess verður að krefjast af hæstv. ríkisstj. að hún finni skjóta lausn þessa vandamáls.

Að lokum, herra forseti, skal vikið að *því máli*, sem ætti eðlilega að bera hæst meðal okkar íslendinga í dag, en það er landhelgismálið. Fyrir einni viku tók gildi 200 *sjómílna* fiskveiðilögsaga við Ísland. Það er atburður sem ætti að vera öllum íslendingum fagnaðarefni ef allt væri með felldu. Viss *drungi* eða öllu heldur kvíði hefur hvílt yfir þessum mikilsverða áfanga í landhelgismálinu.

Enginn vafi er á því að *málstaður* okkar íslendinga í landhelgismálinu er miklu sterkari nú en nokkurn tíma áður. Þessi uggur og kvíði ætti því ekki að vera vegna stöðu okkar málstaðar á alþjóðavettvangi, enda er ekki svo.

Sá kvíði, sem nú hrjáir íslensku þjóðina í **landhelgismálinu, er vegna óttans um að íslensk** stjórnvöld láti undan þeim utanaðkomandi þrýstingi sem er um samninga erlendum aðilum til handa um veiðar jafnvel innan 50 mílnanna. Öll framkoma íslensku ríkisstj. varðandi framkvæmd útfærslunnar hefur verið með þeim hætti að þjóðin öll hefur haft það á tilfinningunni að það væri í raun og veru stefna ríkisstj. að semja um veiðiheimildir jafnvel innan 50 mílna markanna. Og það er þessi stefna ríkisstj. sem veldur nú kvíða og ugg meðal íslendinga.

Enginn vafi er á því að öll íslenska þjóðin stendur einhuga um þá stefnu að ekki komi til greina samningar um veiðiheimildir, a. m. k. ekki innan 50 mílnanna. Og því fyrr sem ríkisstj. gerir þessa stefnu þjóðarinnar að sinni, því betra. Hafi hæstv. ríkisstj. verið með hugmyndir um samninga innan hinnar nýju fiskveiðilögsögu, þá ættu slíkar hugmyndir að hafa fallið um sjálfar sig eftir að birt var síðasta skýrsla fiskifræðinga við Hafrannsóknastofnunina, en þar kemur fram að verði ekki strax á næsta ári takmarkaður þorskaflinn við 230 þús. tonn eða álíka *magn og íslendingar einir hafa aflað*, þá sé yfirvofandi hrun þorskstofnsins á Íslandsmiðum.

Þessi skýrsla er svo alvarlegs eðlis að stjórnvöld komast ekki hjá því að taka fullt tillit til þeirra sterku aðvarana sem þar koma fram.

Við umræður hér á hv. Alþingi s. l. mánudag um landhelgismálið óskaði ég eftir því að sá þingmaður, sem drægi í efa þá fullyrðingu að þjóðin stæði einhuga að baki þeirri afstöðu að ekki komi til greina samningar um veiðiheimildir erlendum aðilum til handa innan 50 *mílna* fiskveiðilögsögunnar, — að sá þingmaður, ef til væri, léti í sér heyra við þær umræður. Engin slík rödd kom hér fram og mun engan undra það.

Einnig var við umræðurnar s. l. mánudag skorað á hæstv. forsrh. sem aðaltalsmann Sjálfstfl. að gefa um það yfirlýsingu, treysti hann sér til, að eins og málum væri nú komið kæmu ekki til greina neinir undanþágusamningar um veiðiheimildir innan 50 mílnanna. Sams konar áskorun var beint til hæstv. dómsmrh. sem formanns Framsfl. Því miður tóku báðir þessir hæstv. ráðherrar þann kostinn að svara ekki og þögðu því þunnu hljóði. Og enn er þagað. Þjóðin er engu nær í þessu máli eftir að hafa hlýtt hér í kvöld á ræður hæstv. forsrh. og **hæstv. dómsmrh. Hæstv. forsrh. lofaði við umr. hér s. l. mánudag að landhelgisnefnd skyldi kölluð saman til að fjalla um málið. Það hefur ekki verið gert, hvað sem því veldur.**

Íslenska þjóðin er því enn í vafa um hver stefna hæstv. ríkisstj. er í málinu. En það hlýtur að vera skýlaus krafa þings og þjóðar að fá um það fulla vitneskju hvað hæstv. ríkisstj. hyggst fyrir í þessu lífshagsmunamáli þjóðarinnar. Það er óþolandi að þing og þjóð fái ekki vitneskju um hvað er að gerast í málinu.

Í dag hafa staðið yfir viðræður í London milli íslendinga og breta um landhelgismálið. **Engin vitneskja liggur fyrir um það, hvernig** á málinu hafi verið haldið í þeim viðræðum af hálfu fulltrúa ríkisstj. Þjóðinni er haldið í óvissu. Ég vil vona í lengstu lög að þótt hæstv. ríkisstj. hafi ekki enn sem komið er fengist til *opinberlega* að *gefa yfirlýsingu* um hvert hún stefnir í landhelgismálinu, þá hafi hún með sjálfri sér eftir síðustu vitneskju um ástand fiskstofna við landið uppálagt fulltrúum Íslands í London að standa fast á þeirri sameiginlegu kröfu íslendinga allra um hreinar 50 mílur.

Herra forseti. Landhelgismálið á að vera sameiningartákn allra íslendinga. Í dag stöndum við líklega á viðkvæmustu tímamótum varðandi landhelgismálið. Ég vil því að lokum ítreka þá áskorun mína til hæstv. ríkisstj. að hún geri nú, þótt *seint sé hreint fyrir sínum dyrum og* gefi út yfirlýsingu um að ekki komi til greina neinir samningar við breta né vestur-þjóðverja um veiðiheimildir, a. m. k. ekki innan 50 mílnanna. Slík yfirlýsing væri vissulega í anda íslensku þjóðarinnar allrar og mundi létta þeim

ugg og hvíða af þjóðinni, sem þrúgað hefur hana um skeið.

En fari svo enn að hæstv. ríkisstj. kjósi þögnina, þá verður það ekki skilið á annan veg en þann að hæstv. ríkisstj. sé enn að velta fyrir sér hugmyndum um undanslátt.

Þjóðin bíður í ofvæni eftir vitneskju um stefnu hæstv. ríkisstj. í landhelgismálinu. Því fyrr, sem hæstv. ríkisstj. sameinast almenningsálitinu, því betra.

Herra forseti. Að lokum þetta. Íslenskar konur, til hamingju með morgundaginn.

Ég þakka þeim sem hlýddu. — Góða nótt.

Forseti (Friðjón Þórðarson): Hv. 5. þm. Vestf., Karvel Pálmason, hefur lokið máli sínu og er fyrri umferð þar með lokið. Hefst þá síðari umferð. Hefur hver þingflokkur 10 mínútur til umráða. Röð flokkanna verður þessi: Framsfl. Alþb., Sjálfstfl., SF og Alþfl. Hæstv. menntmrh., Vilhjálmur Hjálmarsson, talar næstur af hálfu Framsfl.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti, góðir hlustendur. Forsrh. hefur í stefnuræðu reifað stærstu viðfangsefni ríkisstj. á fyrsta starfsári. Fleira er títt. Í menntamrn. er t. d. margt sýslað. Á síðasta Alþ. voru sett lög um tónlistarfræðslu, um launasjóð rithöfunda, húsfriðunarsjóð, leiklistarskóla og hússtjórnarfræðslu. Frv. um bókasöfn, leiklistarstarfsemi, þjóðleikhús, breytingu á háskólalögunum og lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna verða meðal þeirra sem fram koma á fyrra fallinu í vetur. Endurskoðun laga um iðnfræðslu, viðskiptamenntun, Myndlista- og handíðaskóla og fleiri þætti skólalöggjafarinnar er nú í gangi, og vinnuhópur innan rn. hefur fyrir nokkru hafið undirbúning að heildarendurskoðun framhaldsskólastigsins. Á grunnskólastiginu er stöðugt unnið að endurskoðun og endurnýjun námsefnis og sett hefur verið af stað námsskrárgerð iðnfræðslunnar. Jafnframt er unnið að samræmingu og þar með eflingu verkkennslu á ýmsum stöðum á landinu. Skipulagning sérkennslunnar er undirbúin, Höfðaskólinn hefur fengið nýtt húsnæði í Fossvogi, og hafist hefur verið handa um aðgerðir á þessu sviði utan Reykjavíkur. Tilfinnanlegur skortur er á sérhæfðu fólki, en það stendur til bóta því að allmargir kennarar eru í framhaldsnámi á þessu sviði. Þrátt fyrir aukið aðhald og beinan niðurskurð í fjárl. hefur í ár verið byrjað á nokkrum skólamannvirkjum og auðvitað haldið áfram byggingu annarra. En hér er of langt upp að telja, því að fjölmörg verkefni eru ætíð í vinnslu, sum seinunnin langtímaviðfangsefni. En mér ber að þakka umburðarlyndi og atbeina fjölda fólks, sem starfar að skólamálum, listum, íþróttamálum og skyldum verkefnum.

Menntamálin eru umfangsmikil og þykja enda rúmfrek í fjárl. Í hagtölum ágústmánaðar segir þó að íslendingar verji til menntamála 4.30% af þjóðarframleiðslu á sama tíma og norðmenn nota 5.90%. Þegar að þrengir er gjarnan horft eftir möguleikum til sparnaðar á stærstu fjárlagaliðunum. Á sumum sviðum þessa málaflokks er erfitt að spara án tjóns. Svo er t. d. um aðstoð vegna barna með sérþarfir og ýmsa þætti verkmenntunar sem þurfa örvunar. En menntmrn. mun á skipulegan hátt leita leiða til aðhalds og aukinnar hagkvæmni í menntakerfinu og væntir góðs samstarfs við alla þá sem þar eiga hlut að máli.

Hv. þm. Ragnar Arnalds reyndi áðan að nýta sér til framdráttar versnandi viðskiptakjör íslendinga og margháttaða aðsteðjandi erfiðleika. Það er í samræmi við skrif flokksblaðsins, sem í gær sagði frá mótmælum hagsmunahópa undir 15 stórfyrirsögnum! Já, skáldin klökkna af innvortis ánægju yfir öllum þessum hörmum sem er svo gott að yrkja um, sagði Tómas Guðmundsson fyrrum.

Hv. þm. minntist á Byggðasjóð. Framlag ríkissjóðs til Byggðasjóðs árin 1975 og 1976 munu nema rétt um tveim milljörðum samkv. stjórnarsáttmálanum og er þar mikil hækkun á ferðinni.

Hv. þm. fordæmdi gengislækkun þessarar stjórnar, en hafði sjálfur samþ. sams konar aðgerð skömmu áður. Hann fordæmdi og hækkun á opinberri þjónustu án þess að sýna minnsta lit á að benda á aðrar tekjur fyrir þjónustustofnanirnar.

Úrræði hv. þm. voru, að slepptum öllum umbúðum, breyting þeirra skattalaga, sem hann sjálfur hafði sett fyrir skemmstu. Fyrir það á svo að auka kaupmáttinn, styrkja atvinnurekstrinn og halda uppi dampi í framkvæmdum og framlögum til félagsmála. Þetta er ekki traustvekjandi.

Hv. þm. Benedikt Gröndal sýndi að vísu meiri viðleitni til málefnalegs flutnings, en skýst þótt skýrir séu. Þm. var ekki fyrr búinn að hnykkja á nauðsyn greiðsluhallalauss ríkisbúskapar heldur en hann gat þess að flokkur hans hefði að sjálfsögðu verið andvígur 12% vörugjaldinu. Og rétt á eftir greindi hv. þm. svo frá ýmsum kostum slíkrar skattheimtu. Þetta er nú ekki heldur bjögulegt!

Nei, sannleikurinn er sá, að málflutningur stjórnarandstæðinga í efnahagsmálum og alveg sérstaklega varðandi ríkisfjármálin einkennast af því að það er mælt með hverri útgjaldahækkun og gegn sérhverri hækkun gjalda og tekjuöflun fást þeir aldrei til að ræða í alvöru. Því miður eru hv. stjórnarandstæðingar ekki sérlega líklegir til afreka í baráttu við aðsteðjandi vanda í efnahagsmálum. Er illt til þess að vita, því að nú er vissulega full þörf samstöðu og og við skulum vona að „Eyjólfur hressist".

Rúmt ár er nú liðið frá stjórnarskiptum. Ríkisstj. tók við góðu búi að því leyti að landsmenn höfðu eignast afkastamikil atvinnutæki og allir höfðu nóg að gera. Hins vegar höfðu viðskiptakjör þjóðarinnar versnað stórkostlega á síðustu missirum fráfarandi stjórnar, og þjóðhátíðarárið skilaði hallarekstri hjá ríkissjóði og ríkisstofnunum og mörgum sveitarfélögum. Gjaldeyrisstaðan hafði versnað um 15 milljarða á árinu og engin batamerki voru sjáanleg í utanríkisversluninni. Verðbólguvöxturinn sló þá öll met. Þannig var staðan um og upp úr stjórnarskiptunum, þegar leið að árslokum 1974.

Ríkisstj. hefur unnið að landhelgismálinu í samræmi við ákvæði stjórnarsáttmálans. Jafnframt hefur meginverkefnið verið efnahags-

vandinn, eins og fram hefur komið í máli þeirra ráðh. sem talað hafa á undan mér. Og ég hef þegar drepið á örfáa þætti menntamála. Hér er þó vissulega á fleira að líta ef myndin á ekki að skekkjast. Á þessu ári hefur verið unnið markvisst að merkum og víða stórum framkvæmdum á sviði atvinnumála, orkumála og margvíslegrar þjónustu. Nýbyggingum og endurbótum á vinnslustöðvum landbúnaðar og sjávarútvegs er haldið áfram víðs vegar um land og þáttur iðnaðar í þjóðarbúskapnum fer vaxandi. Orkumálin hafa notið forgangs, eins og kunnugt er, vegna gjaldeyrissparandi áhrifa nýrra vatns- og varmaorkuveitna. Hefur reynst unnt að halda þar uppi framkvæmdum eins og mannafli hefur hrokkið til.

Íbúðabyggingar hafa þrátt fyrir allt verið miklar á árinu. Landhelgisgæslan hefur fengið nýtt skip, og unnið hefur verið að skólabyggingum, vegagerð, heilbrigðismannvirkjum og öðrum bráðnauðsynlegum opinberum framkvæmdum, eftir því sem laust vinnuafl hefur hrokkið til og að sumra dómi vel það, því að auðvitað eru það framleiðslustörfin og þar með **sjálf verðmætaöflunin sem alltaf verður að koma í fremstu röð, hafa forgang.**

Nauðsynlegt er að hafa þetta í huga jafnframt öðru þegar meta skal stöðuna eins og hún er nú og svo störf ríkisstj. Og þegar erfiðleikar steðja að, þá má ekki missa sjónar á björtu hliðunum, vinningunum, því að á slíkum tímum snýst taflið kannske einmitt um það að halda þeim. Á því sviði eigum við að verja afkomu einstaklings og samfélags, framhald þeirrar umbótastarfsemi, sem fram hefur farið í þessu landi í heila öld og efnahagslegt sjálfstæði. Þetta á okkur að vera kleift þrátt fyrir allt, því að um margt eru Íslendingar vel í stakk búnir **til þess að bjarga sér. En það tekst ekki nema** þjóðin í senn beiti harðfylgi við alla aðdrætti í þjóðarbúið og gæti hófs um meðferð aflafjárins.

Umfram þessi töluðu orð ætla ég ekki að ræða um sparnað og aðhald í íslensku verðbólguþjóðfélagi, enda kvað það ekki vera smekklegt að nefna snöru í hengds manns húsi.

Ég vil þó að lokum, góðir hlustendur, bera fram örfá aðvörunarorð. Stórfelldur hallarekstur ríkissjóðs, 30—40 milljarða viðskiptahalli á tveimur árum, samróma spár vísindamanna um **hrun þorskstofnsins með sömu sókn og nú eru** sem aðvörunarmerki á erfiðri leið. Harðar kröfur velflestra hagsmunahópa um stórbætt kjör þeim til handa breyta þessum aðvörunarmerkjum í uggvænleg tákn um aðsteðjandi hættu.

Efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar er einn af hyrningarsteinum stjórnarfarslegs sjálfstæðis.

„Ef fjörið glatast við Festarklett
er fjötranna skammt að bíða."

Og hér er að fleiru að hyggja. Íslendingar setja sér lög samkvæmt stjórnarskrá sinni, með þingbundnum hætti, breyta þeim og setja ný þegar löglega kjörnu Alþingi býður svo við að horfa. Til Alþingis er kosið á fjögurra ára fresti og veltur á ýmsu um valdahlutföllin þar. Framkvæmdavaldið er og skipað samkv. stjórnarskrá. Ég sé ástæðu til þess að rifja þetta upp hér og nú — og vísa þá jafnframt til þúsund ára gamallar umsagnar:

„Svo líst mér sem málum vorum sé komið í ónýtt efni ef vér eigi skulum hafa ein lög allir. En ef sundurskipt er lögunum, þá mun sundurskipt friðinum og mun eigi mega við það búa."

Herra forseti, góðir hlustendur. Enn eiga Íslendingar leikinn. Enn höfum við haft nóg að starfa og raunar staðið í stórræðum við aðdrætti og uppbyggingu í okkar stóra og góða landi á meðan margar nálægar þjóðir hafa strítt við bölvald allrar alþýðu, atvinnuleysið. Við skulum leggja metnað okkar í það að halda þessu forskoti. — Góða nótt.

Geir Gunnarsson: Herra forseti, góðir hlustendur. Þrátt fyrir um það bil 15 þús. millj. kr. aukna skattheimtu ríkissjóðs á þessu ári, þ. e. um 75 þús. kr. meiri skattheimtu á hvert einasta mannsbarn í landinu en á árinu 1974, bendir allt til þess að halli verði á rekstri ríkissjóðs í ár. Afleiðingunum af því dæmalausa stjórnleysi í **ríkisfjármálum, sem almenningur hefur hneykslast svo mjög á undanfarið, hefur verið mætt** með síauknum yfirdrætti ríkissjóðs og ríkisstofnana við Seðlabankann. Þessi yfirdráttur hefur hækkað um nær 5 þús. millj. kr. frá því í lok ágúst í fyrra. Eingöngu nýprentaðir lánsseðlar hafa komið í veg fyrir fjárþrot ríkissjóðs þrátt fyrir hina gífulega auknu skattheimtu. Á hliðstæðan hátt hefur svo stjórnlausri gjaldeyrisnotkun verið haldið uppi heildsölum til dýrðar með óhemjulegum erlendum lántökum, svo gegndarlausum, að hæstv. forsrh. var að enda við að tilkynna hér áðan að samkv. hans stefnumarki yrðu erlendar skuldir Íslendinga komnar upp í 50% þjóðarframleiðslunnar innan 5 ára og greiðslubyrði vaxta og afborgana um 1/5 hluti árlegra gjaldeyristekna, enda hefur fjármálastjórnin verið slík að á þessu ári svara erlendar lántökur til nærri 40% af þeirri upphæð sem þjóðin fær fyrir allan útflutning sinn. Þessi stórfellda skuldasöfnun ríkisins og ríkisstofnana innanlands og utan veldur því að einungis vaxtakostnaður þessara aðila mun á næsta ári nema yfir 4000 millj. kr. og hækkar um 67% á einu ári. Þetta eru staðreyndirnar um úrræði hægri stjórnarinnar í efnahagsmálum sem rétt er að minnast þegar hugleitt er upphaf leiðara Morgunblaðsins 1. þm. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Nægilega langt er nú liðið á þetta ár til þess að menn geta gert sér í hugarlund hvaða árangri núv. ríkisstj. hefur náð í viðureign sinni við efnahagsvandann".

Það, sem ég rakti áðan í fáum orðum, er helsti árangur og afrek þeirra manna sem öll vandamál þóttust geta leyst fyrir síðustu kosningar, en afleiðingin er stórrýrður kaupmáttur launa og stóraukin verðbólga.

Allan fyrri hluta ársins 1974, þegar aðalhol-skeflur erlendra verðhækkana riðu yfir, var enginn þingmeirihl. fyrir hendi á Alþ. og þáv. stjórnarandstöðuflokkar neituðu að svo mikið sem ræða um úrræði í efnahagsmálum, þrátt fyrir að þá væri ríkisstj. án valds, án þingmeirihl., en s. l. 14 mánuði hafi farið með völd ríkisstj. sem styðst við meirihlutaafl 42 þm. af 60, hefur verðbólgan verið 1/4 meiri fyrsta

ár hægri stjórnarinnar en á þeim tíma þegar enginn þingmeirihl. var fyrir hendi í landinu og þáv. ríkisstj. af þeim sökum vanmegnug að taka á málum.

Íslenskt launafólk hefur s. l. ár upplifað stórfelldasta verðbólguskeið sem þekkst hefur hér á landi, verðbólgu sem að hluta á rætur í hækkun verðlags erlendis, í þeim kreppuflogum sem almennt hrjá hinn kapitalíska heim, þar sem gróðakapphlaup auðhyggjunnar markar efnahagslífið og ógnar ætíð afkomu og atvinnuöryggi þeirra sem standa undir öllum gróðanum með vinnu sinni. Við þennan hluta verðbólgunnar bætast síðan áhrifin af efnahagsráðstöfunum hægri stjórnarinnar sem hafa verkað sem olía á eld, þ. e. a. s. áhrif tveggja gengislækkana, vaxtahækkana og stórhækkunar skatta á selda vöru og þjónustu. Afleiðingarnar eru þær að fólk með almennar launatekjur eyðir nú sívaxandi hluta og barnafólk langstærstum hluta launa sinna í matvörubúðunum. En samtímis á sér stað stórkostleg eignaröskun meðal þjóðarinnar, því að nú eru gósentímar fyrir þá sem eiga aðgang að lánafé og keppast við að fjárfesta í von og vissu um verðbólgugróða þegar lánin verða að engu, en byggingar og atvinnutæki margfaldast í verði. Og nú, þegar ráðstafanir hægri stjórnarinnar stórauka þann vanda sem við er að etja vegna versnandi viðskiptakjara og gjaldeyrisskorts af þeim sökum, koma ráðh. einn af öðrum og hefja áminningarnar um að hér búi ein þjóð og allir séu í sama báti, þess vegna verði launþegar umyrðalaust að sætta sig við síversnandi lífskjör.

Þjóðin hefur lifað um efni fram, um 12% í fyrra og 10% í ár, sagði Ólafur Jóhannesson í ræðu 1. okt. s. l. Og það fer ekki milli mála hverjir það eru, sem formaður Framsfl. telur að hafi lifað um efni fram og beri sökina á því að þjóðin eyðir meiri gjaldeyri en hún aflar, því að í sömu ræðu hans kom fram að til að draga úr gjaldeyriseyðslunni hefðu lífskjör launþega verið rýrð verulega. Hins vegar gat formaður Framsfl. þess einnig í sömu ræðu að hagur verslunarinnar hefði batnað á þessu ári.

Það liggur þannig ljóst fyrir, að ráðh. Sjálfstfl. og Framsfl. telja að launafólk hafi lifað um efni fram, en kaupmenn verið vanhaldnir, og úr hvoru tveggja er ríkisstj. að bæta á markvissan og árangursríkan hátt.

Nei, það býr ekki ein þjóð í þessu landi, og það hefur blasað skýrt við almenningi að reyni þeir, sem afla verðmætanna í þjóðarbúið, að komast hjá tekjuskerðingu, þá leggur slík hægri stjórn sem nú situr áhyggjur af gjaldeyrisvandræðum til hliðar til að geta komið kjaraskerðingunni fram og tryggt að það séu launastéttirnar sem greiði reikninginn fyrir óðaverðbólguna og óstjórnina í efnahagsmálum. Í tvo og hálfan mánuð voru stóru skuttogararnir, afkastamestu framleiðslutæki þjóðarinnar, bundnir við bryggju í von um að sjómenn gæfust upp.

Of lengi hefur íslenskt alþýðufólk umborið þá þjóðfélagsskipan að nokkur útvalinn hluti þeirrar þjóðar, sem sagt er að sé í einum báti, eigi meginhluta atvinnutækjanna sem hafa orðið til fyrir vinnu launafólks. Þessi hópur fjármálavaldsins, sem lánveitingar úr opinberum sjóðum og bönkum hafa gert að stóreignamönnum, eykur sífellt eignir sínar og þá hvað mest þegar harðast er kreppt að lífskjörum almennings, og þeir lifa gósentíma núna. Eignatilfærsla til þessara brjóstmylkinga lánakerfisins er örust einmitt þegar talsmenn þeirra setja sig í hvað hátíðlegastar stellingar á Alþ. og áminna það fólk, sem fær 300 kr. í tímakaup, að við séum ein þjóð og öll í sama báti. Nú verði hógværðin að ríkja hjá því fólki sem notar mestan hluta launa sinna í matvörubúðunum. Nú verði almenningur að skilja að með því að fallast á að dregið sé úr kaupmætti launa hans, þá sólundi hann þeim mun minni gjaldeyri. Gjaldeyririnn verður nefnilega að vera til handa þeim sem eiga peninga og hafa aðgang að bönkum og sparisjóðum til fjárfestingar, og það er að dómi íhalds og Framsóknar óþolandi að setja nokkrar hömlur á hvernig þeir nota hann, t. d. til að byggja jafn bráðnauðsynlega byggingu og hið nýja skrauthýsi ESSO við Suðurlandsbraut. Það er því ekki að undra að t. d. ýmsir framsóknarmenn í Hafnarfirði spyrja jafnvel í dag: Hvers vegna finnst framsóknarforustunni meiri þörf á að skerða lífskjör almennings til að draga úr gjaldeyrisnotkun en að stjórna notkuninni þegar harðnar á dalnum, t. d. með því að fresta því að byggja eitt bankastórhýsið enn í Hafnarfirði, nú yfir Samvinnubankann?

Það mun reynast erfitt að telja launafólki, þjóðinni í bátnum, trú um að það sé nokkuð á sig leggjandi til að viðhalda og tryggja þá stefnu íhalds og Framsóknar um notkun gjaldeyris þjóðarinnar að þar skuli einungis ráða frumstæðustu gróðaspekúlasjónir innflytjenda, einberir hagsmunir gróðaspekúlanta sem í ofanálag búa við svo hagkvæma skattalöggjöf að sjálfur gróðinn, eignamyndunin, er rök fyrir því að þeir skuli vera skattfrjálsir. Og nú er svo komið að sjómenn um allt land hafa fengið nóg af því að afla gjaldeyris í þessa vitleysishít við sírýrnandi lífskjör. Þeir hafa siglt fiskiskipunum til hafnar, eins og þeir hafa áður þurft að gera í stjórnartíð hægri ríkisstj. þegar kjör þeirra, sem afla gjaldeyrisins, eru einskis metin, en hinum hampað, sem gína yfir gjaldeyrinum í gróðaskyni.

Nei, það býr ekki ein þjóð í þessu landi. Og þessa dagana verður ýmsum námsmönnum það ljósara en áður, þegar ríkisstj. er nú með stórminnkun raungildis framlags til lánasjóðs þeirra að gera tilraun til að stíga til baka þau skref sem áður hafa verið stigin fram á við í þá átt að tryggja að fjárhagur nemenda ráði ekki úrslitum um tækifæri þeirra til framhaldsnáms.

Nei, það býr ekki ein þjóð í þessu landi, þar sem nokkrir útvaldir eiga ekki aðeins meginhluta atvinnutækjanna, heldur sjálf náttúruöflin og geta selt samborgurum sínum í heilum byggðarlögum afnot af varma í iðrum jarðar eftir að honum hefur verið náð upp á yfirborðið eingöngu fyrir opinber framlög. Og væri það ekki fyrir skort á tæknibúnaði, þá seldu þessir einkagróðadýrkendur og náttúruauðlindaeigendur al-

menningi andrúmsloftið. Þjóðfélagsskipunin með forréttindi einkagróðans fram yfir hagsmuni almennings býður a. m. k. upp á það. Valdi náttúruöflin hins vegar eignaskaða, þá er skaðinn þjóðarinnar allrar eins og vera ber. Það er einkenni þeirrar þjóðfélagsskipunar, sem alþýða landsins hefur of lengi umborið, að áföllin eru almennings, en arðurinn er útvalinna.

Samskipti hægri ríkisstj. við verkalýðssamtökin hafa verið slík, að jafnvel þegar svo er látið líta út að verið sé að semja um hagsbætur verða þær í framkvæmd ríkisstj. ein kjaraskerðingin til viðbótar. Samið var um 2000 millj. kr. lækkun beinna skatta. Þessa samninga sveik ríkisstj. með nýju 12% vörugjaldi, en því var harðneitað að um endurheimt skattalækkunarinnar væri að ræða þar sem þessi skattheimta stæði aðeins til n. k. áramóta og þess getið í leiðinni að brýnustu nauðsynjavöru væri hlíft.

Þau svik og prettir, sem Alþýðusamband Íslands var beitt með nýrri skattheimtu í kjölfar samninga um lækkun beinna skatta, eru nú staðfest með fjárlagafrv., þar sem gert er ráð fyrir að launþegar verði nú að kaupa sig undan vörugjaldinu á næsta ári með því að Viðlagasjóðsgjald, tvö söluskattsstig falli í ríkissjóð og niðurgreiðslur á verði brýnustu lífsnauðsynja lækki um 1/4. Viðlagasjóðsgjald, sem átti að falla niður eftir áramót samkv. lögum og notað var til að greiða skakkaföll af náttúruhamförum, heimtar ríkisstj. nú til að greiða skakkaföllin af óstjórninni í ríkisfjármálum. Fjáröflununni með vörugjaldinu, sem átti aðeins að mæta halla á ríkissjóði í ár, var þó á þann veg háttað að sneitt var hjá brýnustu neysluvörum almennings. Nú eru hins vegar valdar sérstaklega þær vörur sem hvað mestu skipta í heimilisrekstrinum. Þessi lækkun niðurgreiðslna þýðir að í einu stökki mun mjólk hækka um 10 kr. hver lítri, dilkakjöt hækka um 50—60 kr. kg og smjör mun hækka um 120 kr. kg. Á máli forsrh. hér áðan heitir þetta betri samsvörun milli vöruverðs og kostnaðar.

Barnafjölskyldur og lífeyrisþegar munu betur en allir aðrir skilja, hvað þessar aðgerðir ríkisstj. ihalds og Framsóknar þýða í raun, í daglegri baráttu fyrir því að láta endana ná saman í heimilisrekstrinum. Orðalag hæstv. forsrh. sýnir að þjóðin eina og óskipta talar ekki einu sinni sama tungumál.

Ríkisstj., sem þannig stendur að efndum á samningum við verkalýðshreyfinguna um kjarabætur og snýst í sérstaka árás á kjör barnafjölskyldna og lífeyrisþega, mun vissulega ekki geta vænst þess að samtök launafólks semji sérstaklega við hana um viðvarandi kjaraskerðingu og jafnframt áframhaldandi stjórnleysi í innflutningi og gjaldeyrismálum í þágu braskaranna eins og nú er farið fram á. — Góða nótt.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Gott kvöld, góðir hlustendur. Hv. þm. Geir Gunnarsson, sem hér var að ljúka máli sínu, virðist vera mjög ólukkulegur yfir því fjárlagafrv. sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt fyrir Alþ. Þessi hv. þm. var formaður fjvn. Alþ. þegar flokksbræður hans voru í ríkisstj., og hann ætti að vita betur, hvað í raun felst í þessu frv., en fram kom í hans ræðu. En fjárlög þeföldúðust í hans tíð sem formanns fjvn.

Í fyrsta sinn um langan aldur hefur ríkisstj. tekið þá ákvörðun að leita samþykkis Alþ. um að afnema sjálfvirka löggjöf og reglur í því skyni að færa niður ríkisútgjöld um tæplega 5 þús. millj. kr. frá því sem verið hefði með óbreyttum lögum og lækka þannig heildarskattálögur á almenning um sömu upphæð, tæplega 5 þús. millj. Þá felst í frv. ákvörðun ríkisstj. um niðurfellingu 12% vörugjalds og lækkun tolla sem létta mun að auki 4000 millj. kr. álögum af almenningi á næsta ári, þótt skylt sé að geta þess að á móti þeirri upphæð kemur nokkur lækkun á niðurgreiðslu landbúnaðarafurða sem mun muna heimilin um 1400—1450 millj kr. á næsta ári.

Við þær geigvænlegu aðstæður, sem nú ríkja í efnahagsmálum þjóðarinnar, er með þessu frv. stefnt að því að koma í veg fyrir óviðráðanlega sjálfvirka útþenslu ríkiskerfisins. Stefnt er að stórfelldri niðurfærslu álaga á almenning, auknu viðnámi gegn verðbólgu og meira jafnvægi í ríkisbúskapnum. Þetta er óumflýjanleg nauðsyn, eins og nú er ástatt í þjóðarbúskapnum.

Það gefur auga leið, að slík stórfelld niðurfærsla ríkisútgjalda mun kosta ýmsar fórnir. Dylgjum, m. a. frá hv. þm. Ragnari Arnalds, um að með þessum till. sé ráðist sérstaklega að öldruðum og öryrkjum, vísa ég til föðurhúsanna. Þetta mál kemur auðvitað síðar til kasta Alþ. og væri smekklegra af hv. þm. að sjá fyrst till. í þeim efnum, áður en hann fer að dylgja með slíkt.

Á hinn bóginn efast ég ekki um að mikið fjármagn rennur úr tryggingum til ýmissa sem ekki þurfa á því að halda og hægt er að nýta fjármagnið mun betur fyrir þá sem þess þurfa þrátt fyrir þá niðurfærslu sem stefnt er að í fjárlagafrv. Annars er það mikið hól fyrir hæstv. fjmrh. og ríkisstj. hvernig fjárlagafrv. fer í taugarnar á hv. stjórnarandstæðingum.

Hv. þm. Karvel Pálmason fór mikinn þegar hann talaði hér um byggðamál. Þessi hv. þm. gleymdi að geta þess að sú ríkisstj., sem hann og hans flokkur báru ábyrgð á, varði úr ríkissjóði til Byggðasjóðs 153 millj. kr. á fjárl. 1974 þrátt fyrir það góðæri sem þá ríkti þegar þau fjárlög voru afgreidd. Nú er ætlunin að verja til Byggðasjóðs 1123 millj. kr. þrátt fyrir núverandi þrengingar.

Honum láðist að rifja upp hvernig viðskilnaður þessarar ríkisstj. hans var í raforkumálum landsbyggðarinnar og að sú ríkisstj. tók úr höndum sveitarfélaga margvísleg verkefni og þrengdi kost þeirra til tekjuöflunar undir forustu Hannibals Valdimarssonar, guðföður þessa hv. þm. hér á Alþ. Nú er stefnt að því að fá sveitarfélögunum meiri tekjustofna og verkefni. Hitt er svo annað mál, að í þessari þröngu stöðu, sem þjóðarbúið er nú í í efnahagsmálum, þá verða margar nauðsynlegar framkvæmdir úti um land að bíða betri tíma. Það skal játað í fullri hreinskilni að slíkt er óumflýjanlegt við núverandi aðstæður, og í því held ég að fólk muni hafa fullan skilning, miklu fremur en nú sé unnt að gera allt fyrir alla, eins og hv. þm. virtust vilja vera láta.

Margir stjórnarandstæðingar hafa rætt hér um kjaramálin og hv. þm. Ragnar Arnalds sérstaklega með talnablekkingum í því efni. Við málflutning hans og fleiri er einkum tvennt að athuga. Í fyrsta lagi fóru febrúarkjarasamningarnir 1974, sem flestir miða kaupmáttarýrnunina við, langt fram úr getu atvinnuveganna og þjóðarbúsins, jafnvel við þau ótrúlega hagstæðu viðskiptakjör sem menn miðuðu þá við. Launþegar öðluðust því aldrei þennan kaupmátt í raun sem þó er miðað við. Hann var alla tíð falskur. Þetta viðurkenndi fyrrv. ríkisstj., sem formaður Alþb. studdi, með því að taka kaupgreiðsluvísitöluna úr sambandi með lögum og leggja fram frv. um víðtækar efnahagsráðstafanir í maí, aðeins tveimur mánuðum eftir kjarasamningana.

Í öðru lagi hafa viðskiptakjör þjóðarinnar versnað svo mjög síðan þessir kjarasamningar voru gerðir að slíkt hefur ekki gerst á jafnskömmum tíma frá því að þjóðin hlaut sjálfstæði. Þessi viðskiptakjararýrnun hefur svo gífurleg áhrif á kjör allrar þjóðarinnar og hvers og eins þjóðfélagsþegns að varlega áætlað hefði þjóðin haft 10 þús. millj. kr. meira til skipta á þessu ári eða tæplega 50 þús. kr. á hvert mannsbarn ef við bygðum við hliðstætt hlutfall á innflutningsverðlagi og verði útflutnings okkar og við gerðum í ársbyrjun 1974.

Slíkur talnaleikur hv. þm. Ragnars Arnalds og fleiri, sem byggir bæði á óraunhæfum og fölskum kaupmætti frá því í febr. 1974 og ekki tekur með í reikninginn að neinu marki þá óviðráðanlegu kjaraskerðingu sem þjóðin öll hefur orðið fyrir vegna þessarar stórfelldu viðskiptakjararýrnunar, er auðvitað út í hött og að engu hafandi.

Á þeim fáu mínútum, sem mér gefast í þessum umr., læt ég hjá líða að fara fleiri orðum um málflutning hv. stjórnarandstæðinga þótt ærin tilefni hafi gefist til.

Íslendingar. Mikið alvöruástand er nú í efnahagsmálum þjóðarinnar sem ógnar sjálfu fjárhagslegu sjálfstæði hennar. Yfir okkur hafa skollið á fyrra ári og yfirstandandi ári mestu og sneggstu utanaðkomandi efnahagserfiðleikar frá því að þjóðin öðlaðist sjálfstæði. Þessi viðskiptakjaraáföll, þ. e. a. s. stórhækkað verð á innfluttum nauðsynjum okkar í erlendri mynt, en lækkun á útflutningsafurðum okkar, komu í kjölfar mikillar eyðslu umfram getu á mestu góðærum í sögu þjóðarinnar. Við lifðum um efni fram í góðærinu og höfum fram til þessa neitað að laga okkur nægilega að hinum snöggu umskiptum til hins verra nú á örðugleikaárunum. Viðskiptahalli okkar við útlönd var gífurlegur og er enn þá of mikill. Við eigum engan gjaldeyrisvarasjóð upp á að hlaupa, eins og við áttum 1971, og óhóflegar lántökur erlendis til þess að leysa vandann í utanríkisviðskiptum okkar eru útilokaðar, enda augljóslega gálgafrestur þótt fáanlegar væru.

Þrátt fyrir þessa geigvænlegu utanaðkomandi erfiðleika, sem við er að etja, hefur margt áunnist í stjórn efnahagsmála og annarra framfaramála á því rúma ári sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur setið að völdum. Þar má til nefna nokkur mikilvæg atriði. Íslensk fiskveiðilögsaga hefur verið færð út í 200 mílur. Tekist hefur að tryggja afkomu atvinnuveganna, afstýra allsherjarátökum á vinnumarkaði og halda uppi fullri atvinnu og þróttmiklum framkvæmdum hvaðanæva um landið, sérstaklega í orkumálum, sem ekki var vanþörf á, eins og ástand þeirra mála var orðið við stjórnarskiptin. Og verð ég að segja í því sambandi að orð hv. þm. Benedikts Gröndals, sem hann viðhafði hér áðan um Kröfluvirkjun, voru hálfnöturleg í garð norðlendinga, miðað við ástand sem þar er í raforkumálum.

En þótt ýmislegt hafi áunnist sigur enn, í hreinskilni sagt, ýmislegt á ógæfuhlið, sumt sem ekki verður við ráðið, en annað sem unnt væri við að ráða hér heima fyrir, ef allir legðust á eitt. Útflutningsatvinnuvegirnir berjast í bökkum vegna markaðsörðugleika og innlendra kostnaðarhækkana. Verðbólgan er enn þá geigvænleg þótt hægt hafi á henni síðustu mánuði. Gjaldeyrisstaðan er í hættu, ekki síst vegna mikillar tvísýnu í alþjóðlegum efnahagsmálum og þar með markaðsmálum okkar. Það er því ekki einungis alvarlegt ástand nú í efnahagsmálum okkar. Horfurnar eru því miður ekki slíkar að óvænt höpp muni væntanlega falla okkur í skaut á næstunni, þvert á móti.

En sé þessi mynd sönn sem ég hef dregið upp hér af ástandi og horfum efnahagsmálanna og hv. stjórnarandstæðingar dregið enn þá dekkri og skrumskældari litum, — sé hún sönn, sem ég hygg raunar að allir hugsandi íslendingar viti, þá er spurningin þessi: Gefur þetta alvarlega ástand efnahagsmálanna tilefni til þess að einstakir launþegahópar, alþm., sveitarstjórnarmenn, raunar allir íslenskir þjóðfélagsþegnar, geri ýtrustu auknar fjárhagskröfur til þjóðfélagsins? Eigum við þm. að krefjast meiri framkvæmda hver í sínu kjördæmi en nokkru sinni fyrr? Eiga launþegahópar að krefjast, jafnvel með ólögmætum hætti, hækkaðra launa í krónutölu? Eigum við enn einu sinni að krefjast meira í hlut hvers og eins en fyrir er til að skipta? Í sannleika sagt bjóst ég við að fáum blandaðist hugur um svarið við þessari spurningu að fenginni biturri reynslu. Þau alvarlegu tíðindi hafa hins vegar gerst að nokkrir starfshópar hafa einmitt nú sett fram auknar kröfur sínar með þeim hætti að hóta ýmist eða beinlínis brjóta í því skyni íslensk lög. Hér er auðvitað um afskaplega alvarlegt mál að ræða, ekki síður alvarlegt en sjálft efnahagsástandið. Ég ræði það ekki frekar að sinni, en varpa fram þeirri spurningu: Hvað vilja menn láta koma í staðinn fyrir lög og rétt á Íslandi, ef ekki er unnt að virða lög og rétt, með hvers konar valdi á að stjórna þessu landi?

Þegar svo alvarlega árar í efnahagsmálum sem nú er, er einungis um eina leið að ræða í stjórn þjóðarbúskaparins. Spyrna verður við fótum í eyðslu, leggja aukna kröfugerð á hilluna, stilla framkvæmdum, ríkisútgjöldum og skattheimtu á almenning í hóf, treysta gjaldeyrisstöðuna og draga úr verðbólgu, þannig að afkoma atvinnuveganna verði tryggð og þar með full atvinna í landinu. Að þessu stefnir hæstv. núv. ríkisstj., m. a. með því fjárlagafrv. sem lagt var fram í upphafi þessa þings, og að þessu verður einnig stefnt með margvíslegri annarri löggjöf. Þessi

stefna er sjálfsagt ekki að öllu leyti vinsæl, en hún er þjóðarnauðsyn eins og nú er ástatt, og ég er þess fullviss að þm. stjórnarfokkanna á Alþ. muni standa fast að baki ríkisstj. í því að koma fram þeirri lífsnauðsynlegu stefnu sem beinist að úrlausn vandans og leggur grunn að áframhandandi framförum í landinu. — Góða nótt.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti, góðir íslendingar. Síðustu áratugi hefur framfarasókn þjóðarinnar verði mótuð af þremur meginhugsjónum: hugsjóninni um stjórnarfarslegt og efnahagslegt sjálfstæði, hugsjóninni um alhliða eflingu byggðar í öllum landshlutum, hugsjóninni um jöfn kjör og afkomuöryggi. Þessar hugsjónir hafa verið drifkraftur alls hins besta sem við höfum áorkað, leiðarljós við uppbyggingu nútíma Íslands. Þúsundir manna hafa lagt stjórnmálastarfsemi lið í trausti þess að í samtíð og framtíð yrðu þessar hugsjónir að veruleika, þær fælu í sér fjöregg þjóðarinnar.

Þegar ríkisstj. Íslands gengur nú í annað sinn fram og kynnir boðskap sinn er eðlilegt að hver og einn hér í þingsölum og utan þeirra spyrji í alvöru og hreinnskilni: Hvert er förinni heitið? Hvert stefnið þið, herrar þessa lands? Er ykkar starf í anda helgustu hugsjóna þjóðarinnar? Er fjöreggið öruggt í ykkar höndum?

Slíkar spurningar eru einkum brennandi á þessari stundu. Fyrsta ár ríkisstj. hefur jafnt og þétt *alið ugg í brjósi allra landsmanna*. Þjóðin er slegin ótta. Hún sér að stjórn, sem átti að vera sterk, stendur á brauðfótum. Hún horfir á menn, sem sögðust hafa stefnu, standa uppi með hendur tómar. Hún finnur að vandinn magnast dag frá degi. Námsmenn efna til fjöldaaðgerða. Sjómenn sigla flotanum í höfn. Þjóðin veit að verið er að fórna þeim hugsjónum sem áttu að móta sögu hennar. Hið unga íslenska lýðveldi hefur aldrei fyrr lifað slíka örlagatíma. Í stað stjórnarfarslegs og efnahagslegs sjálfstæðis blasir nú við þjóðargjaldþrot. Erlendar skuldir hlaðast upp. Íslenska ríkið getur ekki staðið við skuldbindingar sínar.

Forsrh. lauk boðskap sínum í kvöld með því að tilkynna orðrétt, að „efnahagslegt sjálfstæði okkar, bæði sem einstaklinga og þjóðarheildar, er í veði". Slík voru hans lokaorð. Fyrr í ræðunni birti hann napran dóm staðreyndanna yfir eigin verkum: Verði viðskiptahallanum við útlönd ekki eytt á næstu þremur árum, þá getum við hvorki haldið áfram eðlilegri fjármögnun né staðið við greiðsluskuldbindingar út á við. Orðréttur hljóðaði sjálfsdómur ríkisstj.: „Jafnvel þótt þessu marki verði náð, yrðu erlendar skuldir íslendinga engu að síður komnar upp í 50% þjóðarframleiðslunnar í lok áratugsins og greiðslubyrðin yrði þá um 20% af heildargjaldeyristekjunum." Þetta eru þeirra eigin orð, ekki áróður stjórnarandstæðinga.

Þjóð, sem skuldar útlendingum helming þjóðarframleiðslunnar, hún hefur veðsett sjálfstæði sitt. Tilvera hennar og lífsafkoma er háð vilja erlendra bankastjóra. Sjálfstfl. og Framsfl. eru að bæta Íslandi í hóp þeirra ömurlegu lýðvelda sem hafa að vísu formlega stjálfsstjórn, en í reynd lifa á erlendum lánardrottnum eða mútum frá stórveldum.

Gjaldeyrisforði íslendinga er á þessu ári aðeins lánsfé, eins og forsrh. viðurkenndi í kvöld. Tryggging okkar fyrir skakkaföllum eru útlendir víxlar. Svo illa er nú komið fyrir hinu unga lýðveldi.

Staða þjóðarinnar gagnvart útlöndum endurspeglar greiðsluþrot ríkisins. Allir sjóðir eru að tæmast, við erum komnir í botn, sagði aðalmálgagn stjórnarinnar sl. sunnudag. Sjóðir atvinnuveganna, sjávarútvegs, iðnaðar og landbúnaðar, eru tómir. Ríkissjóður skuldar Seðlabankanum 8 milljarða. Hundruð opinberra starfsmanna fá ekki laun sín greidd á réttum tíma vegna greiðsluþrots ríkisstofnana. Jafnvel sjúkrahúsin í landinu urðu að taka lán til að geta haldið sér gangandi einn mánuðinn enn. Íslenska ríkið er ekki aðeins gjaldþrota út á við, það er einnig gjaldþrota gagnvart eigin þegnum.

Þannig hafa þessir herrar á skömmum tíma leikið grundvallarhugsjónina um sjálfstjórn og efnahagslegt sjálfstæði. En þeir hafa einnig kastað hinum meginhugsjónunum fyrir róða, bæði hugsjóninni um eflingu hinna dreifðu byggða og hugsjóninni um bætt kjör alþýðunnar. Og meðan fjármagn til hafna, skóla, heilsugæslustöðva, vega og annarra framkvæmda í öllum héruðum Austurlands, Norðurlands, Vestfjarða og fleiri landshluta er ýmist skorið niður eða að engu gert, er byrjað að framkvæma fyrir a. m. k. 20 þús. millj. á suðvesturhorni landsins: herframkvæmdir, járnblendiverksmiðja og stórvirkjanir. *Hin svokallaða byggðastefna* ríkisstj. er einhver ósvífnasta blekking síðari ára, enda er svo komið að hinir hreinskilnari þm. ríkisstj. neita að taka þátt í þessum skollaleik.

Sverrir Hermannsson, hv. þm. Sjálfstfl. og annar stjórnandi Framkvæmdastofnunarinnar, lýsti því yfir í Morgunblaðinu s. l. sunnudag að fé Byggðasjóðs, þessir silfurpeningar, sem forkólfar Framsfl. buðu kjósendum í stað hinna sviknu kosningayfirlýsinga, væru — og þetta eru óbreytt orð þm., með leyfi hæstv. forseta: „eins og krækiber í helvíti ef miðað er við einokun Suðvesturlandsins á stórvirkjunum og stóriðju." Og hv. þm. bætir við að þessi framkvæmdastefna ríkisstj. sé — og aftur orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „mesta byggðaröskun af mannavöldum sem þekkst hefur hér á landi, bæði fyrr og síðar." Já, bragð er að þegar kempan, hv. 3. þm. Austurl., Sverrir Hermannsson, getur ekki orða bundist: „mesta byggðaröskun af mannavöldum." Og þessi þm. sviptir einnig silkihjúpnum af hinum áferðarfallegu yfirlýsingum hæstv. orkumrh. Gunnars Thoroddsens. Sverrir Hermannsson tilkynnir austfirðingum og norðlendingum í Morgunblaðinu s. l. sunnudag að hvorki Bessastaðaá né Blanda verði *virkjaðar á næstu árum, allar rannsóknir og* yfirlýsingar um þessar virkjanir séu bara sýndarmennska sem höfð sé í frammi, eins og hann segir, til að — og aftur orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „geta haldið áfram í friði að byggja stórt á suðvesturhorninu."

Þegar helsti sérfræðingur og byggðamálastarfsmaður stjórnarinnar hefur kveðið upp slíkan afdráttarlausan dauðadóm yfir byggðastefnublekkingum þessara herra þarf ekki frekari vitna við. Hugsjónin um eflingu hinna dreifðu byggða er í molum.

Um kjör alþýðu manna þarf ekki að fjölyrða.

Þessi ríkisstj. hefur gert þúsundir heimila nær bjargþrota. Hún hefur fært marga milljarða frá hinum almenna launamanni til verslunarforkólfanna. Heildsala og kaupmennska er eini atvinnuvegurinn sem hefur blómstrað í tíð þessarar ríkisstj. Ríkisstj. hefur vissulega séð um sína, á meðan sjómenn, verkamenn, kennarar og hundruð annarra láglaunahópa hafa verið krafðir um æ stærri fórnir. Og í kvöld boðaði hæstv. forsrh. að kaupmáttur heimilanna mundi á þessu ári enn halda áfram að lækka um a. m. k. 16%. En verslunin, heildsalar og kaupmenn munu hins vegar halda áfram að græða. Það var ekki orð í stefnuræðunni um þeirra fórnir.

Góðir íslendingar. Núv. ríkisstj. hefur ekki aðeins magnað verðbólgubálið til muna. Hún hefur einnig kastað fyrir róða þeim hugsjónum sem móta áttu Ísland samtímans og framtíðarinnar. Sjálfstæði Íslands, byggðin í landinu, velferð þegnanna grundvallast hins vegar á því að þessar hugsjónir verði á ný leiðarljós. Hér bíður flokka verkalýðs og jafnaðarstefnu því mikið verk. Það er söguleg nauðsyn að íslenskir jafnaðarmenn taki höndum saman og efli til valda samhenta sveit sem nýtur stuðnings verkalýðshreyfingar og annarra launþegasamtaka, félagssinnaðri bænda, róttækra samvinnumanna og allra þjóðhollra afla. Sundrung fortíðarinnar og syndir feðranna mega ekki standa í vegi fyrir slíkri samfylkingu. Heill íslensku þjóðarinnar, hugsjónir sósíalisma og þjóðfrelsis knýja forustumenn og fylgjendur allra þessara flokka, bæði Alþbl., Alþfl., SF og annarra róttækra baráttuafla, til að taka nú höndum saman. Það er ekki nóg, íslenskir vinstri menn, að gagnrýna þessa ríkisstj., við verðum líka að sýna þjóðinni varanlega samstöðu í okkar röðum. Við höfum nógu lengi skemmt íhaldi þessa lands með því að ganga sundraðir til baráttu.

Þessi vetur kann að verða örlagaríkur fyrir íslenska vinstri hreyfingu. Við verðum að sannfæra þjóðina með okkar eigin samstöðu að við getum leitt hana á nýja braut. Takist slíkt mun hinn þjóðhollari hluti íslenskrar borgarastéttar, útgerðarmenn og iðnrekendur, sem nú þegar sjá hvernig íslenskum atvinnuvegum er fórnað fyrir hagsmuni heildsala og erlendra stórfyrirtækja, skilja það, að til lengdar er þjóðfrelsisstefna vinstri hreyfingarinnar forsenda fyrir efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar. Á síðari hluta 20. aldar, þegar Swiss Aluminium, Union Carbide, Johns Manville og Bandaríkjaher eru orðnir helstu atvinnurekendur Íslands og fleiri slíkir eiga að dómi ríkisstj. að sigla í kjölfarið, þá verður sjálfstæðishreyfing íslendinga að grundvallast á baráttukrafti flokka jafnaðarstefnu og þjóðfrelsishugsjóna. Því heiti ég á alla íslenska vinstri menn og þjóðholla borgara, hvar í flokki sem þið standið, að taka höndum saman og verja efnahagslegt sjálfstæði íslensku þjóðarinnar, byggðina í landinu og kjör alþýðunnar. Við höfum verk að vinna. — Góða nótt.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti, góðir íslendingar. Hjá því getur varla farið að sérhverjum hugsandi manni á Íslandi sé ljóst að nú er illa komið högum íslendinga á sviði efnahagsmála. Ástæðan er einfaldlega sú, að í raun og veru hefur landið verið stjórnlaust að því er efnahagsmál sertir s. l. 3—4 ár. Afleiðing þessa stjórnleysis er fyrst og fremst meiri verðbólga en áður eru dæmi til um frá því að farið var að mæla þetta efnahagsfyrirbæri og a. m. k. Evrópumet í þessum efnum. Jafnhliða er ógnvekjandi halli í viðskiptum þjóðarinnar við önnur lönd. Hann nemur nú hvorki meira né minna en tíunda hluta þjóðarframleiðslunnar. Þjóðin er beinlínis farin að lifa á erlendum lántökum.

1. apríl s. l. námu skuldir íslendinga erlendis til langs tíma tæpum 55 milljörðum kr. Þær hafa þrefaldast á um það bil 4 árum, miðað við sama gengi á dollar, og hinn gildi gjaldeyrisvarasjóður þjóðarinnar er ekki aðeins horfinn, bankarnir hafa safnað miklum lausaskuldum erlendis. Sérfræðingar hafa spáð því að eftir 3—4 ár muni þjóðin þurfa að nota um það bil fimmtung gjaldeyristekna sinna til að standa straum af vöxtum og afborgunum af þessum gífurlegu skuldum sem safnað hefur verið á örfáum undanförnum árum.

Nú kynni einhver að segja að almenningur og atvinnuvegir hljóti að búa við góðæri í skjóli þessarar skuldasöfnunar, eins og fjölmörg dæmi eru um að skuldakóngar lifa í vellystingum praktuglega. En ekki er því að heilsa. Í fyrsta skipti um langt skeið þarf íslenskur almenningur að sætta sig við lægri ráðstöfunartekjur í ár en í fyrra, allt að ⅙ hluta og margar greinar útflutningsatvinnuveganna sem og ýmis framleiðsla fyrir innlendan markað á við mikla rekstrarerfiðleika að etja.

Eðlilegt er að menn spyrji: Hvernig í ósköpunum hefur annað eins og þetta getað gerst? Var hér ekki gífurlegt góðæri á árunum eftir 1970, bæði meiri verðhækkanir erlendis en áður höfðu átt sér stað og góður afli? Jú, það er rétt. En stundum hefur verið sagt að meiri vandi sé að stjórna í góðæri en á erfiðum árum. Þeim vanda reyndust íslensk stjórnvöld ekki vaxin. Þegar lukkuhjólið snerist og erfiðleikarnir tóku að steðja að reyndust valdhafar óviðbúnir. Niðurstaðan varð ringulreið og upplausn. Þetta á ekki aðeins við um fyrrverandi valdhafa, heldur einnig þá sem við stjórnartaumunum tóku eftir síðustu kosningar. Sama ráðleysið hefur einkennt núv. ríkisstj. og hina fyrrverandi.

Það er athyglisvert að á þessu stjórnleysistímabili undanfarinna ára hafa allir flokkar átt aðild að ríkisstj. nema Alþfl. Ábyrgð SF á ósjórninni er þó tvímælalaust minnst þar eð hluti þeirra sagði skilið við ráðleysisstefnuna. Samt er það ekki ætlun mín að hafa það að efni þessara orða minna að ræða liðinn tíma og deila á fyrrv. og núv. valdhafa fyrir mistök þeirra. Eins og nú er komið málum tel ég mestu máli skipta að vekja athygli á að takist ekki að snúa við á þeirri óheillabraut í efnahagsmálum, sem þjóðin hefur lent í, er sjálft efnahagssjálfstæði þjóðarinnar í hættu. Og glati þjóð efnahagssjálfstæði sínu að meira eða minna leyti, hversu lengi tekst henni þá að halda stjórnmálasjálfstæði sínu?

Til slíks má ekki koma. Nauðsyn ber til þess að snúast gegn vandanum. Eins og málum er nú komið er hins vegar ljóst að enginn einn aðili er þess megnugur að vinna bug á þeim erfiðleikum sem við er að etja. Það er ekki á valdi

stjórnvalda einna að leysa vandann. Það er ekki á valdi launþegasamtaka einna né vinnveitenda. Þessir valdamestu aðilar í landinu verða í samstarfi við stjórnmálaflokkana að takast sameiginlega á við vandann.

Í þessu sambandi er það mjög athyglisvert að forustumenn Alþýðusambands Íslands hafa undanfarið gefið yfirlýsingar um að þeir séu vegna þess óvenjulega erfiða ástands sem ríkir reiðubúnir til þess að fylgja ábyrgri stefnu í launamálum og stuðla að vinnufriði. Þeir hafa lýst nauðsyn þess að ráðast gegn orsökum verðbólgunnar í stað þess að berjast við afleiðingar hennar. Þeim er ljóst að slíkt verður ekki gert nema í samstarfi við ríkisvaldið. Jafnljóst er að grundvallarforsenda þess að slíkt samstarf geti tekist hlýtur að vera að ríkisstj. njóti almenns trausts. Slíks trausts launþega hefur ríkisstj. ekki notið.

Í júní s. l. voru niðurgreiðslur á kjöti og mjólk auknar, og við gerð kjarasamninganna gaf ríkisstj. fyrirheit um að kaupmáttur yrði ekki skertur með því að þessar niðurgreiðslur yrðu lækkaðar. Stuttu síðar var hins vegar lagt á 12% vörugjald sem jók útgjöld almennings um tvöfalda þá upphæð sem aukning niðurgreiðslnanna kostaði. Slík vinnubrögð hæfa ekki í samskiptum við samtök launþega. Þau skapa ekki það traust sem er nauðsynlegt til þess að hægt sé að takast sameiginlega á við vandann. Ef unnt á að reynast að draga verulega úr vexti verðbólgunnar, — engum dettur í hug að hægt sé að stöðva hana með einu átaki, — þá verður sameiginlegt átak ríkisvalds og aðila vinnumarkaðarins að koma til. Kjarni þess þarf annars vegar að vera ábyrgar ráðstafanir ríkisstj. og Alþ. og hins vegar skynsamleg launastefna af hálfu launþegasamtaka sem fyrst og fremst verður að taka mið af hagsmunum hinna lágt launuðu og tryggja þá gegn ranglátri kjaraskerðingu. En hér verður ríkisvaldið að ganga á undan með fordæmi sem vekur traust.

Í þessu sambandi hlýtur það að valda vonbirgðum að hæstv. forsrh. sagði orðrétt í ræðu sinni að án efa væri hyggilegt að setja kaupmáttarmarkmið fremur lægra en hærra í upphafi hins nýja samningstímabils. Ef þetta þýðir að kaupmáttur eigi enn að minnka er þetta köld kveðja til launþega einmitt þegar nauðsyn var boðskapar um jákvæðar aðgerðir af hálfu þings og stjórnar, og slíkar ráðstafanir eru tvímælalaust mögulegar.

Þótt tími minn sé stuttur skal ég nefna nokkur mál þar sem það er á valdi Alþ. og ríkisstj. að gera breytingar sem verða mundu launþegum til hagsbóta og jafnframt auka þjóðartekjur þegar yfir lengri tíma er litið.

Í fyrsta lagi nefni ég nauðsyn þess að gera gagngerar breytingar á skattakerfinu. Núverandi tekjuskattsheimta er orðin að ranglátri skattgreiðslu launafólks. Ég er þeirrar skoðunar að stefna eigi að algjöru afnámi tekjuskatts til ríkisins og að sveitarfélög eigi að hluta að taka upp aðra tekjustofna í stað útsvara. Fyrsta skrefið í þessa átt ætti að stíga þegar ákvæðin um söluskattsstigið vegna náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum og Norðfirði falla niður. Þá ætti að nota tekjurnar af þeim til lækkunnar tekjuskatts á almennum launatekjum.

Í öðru lagi nefni ég þann vanda, sem mikill fjöldi fólks, einkum ungt fólk, á við að etja vegna þeirra lausaskulda sem hefur verið efnt til í sambandi við húsbyggingar. Þeim þarf að vera hægt að breyta í föst lán.

Í þriðja lagi nefni ég vandamál lífeyrissjóðanna og það gífurlega misrétti sem þar er á ferðinni vegna mismunandi reglna um verðtryggingu.

Í fjórða lagi er nauðsynlegt að vekja athygli á þeirri stefnu sem enn er fylgt í fjárfestingarmálum þjóðarinnar. Þar er enn þá ætt áfram í blindni án nokkurrar heildarstefnu, án athugana á hagkvæmni þeirra verkefna sem lagt er út í. Samtímis því sem í ár er gert ráð fyrir yfir 30% minnkun fjármunamyndunar í fiskveiðum og vinnslu sjávarafla, miðað við sama verðlag, er gert ráð fyrir næstum 80% aukningu á sviði rafvirkjana og rafveitna, og mun þó ekki öll sagan um Kröfluvirkjunarævintýrið sögð í því sambandi vegna furðulegs feluleiks sem þar er leikinn. En það er spá mín og margra annarra að þar muni verða um að ræða mikið fjármálahneyksli. Stefnan í fjárfestingarmálum má ekki miðast við það að þjóna stjórnmálahagsmunum manna sem vilja verða smákóngar í kjördæmi sínu, heldur verða heildarhagsmunir og heildarsjónarmið að ráða.

Í fimmta og síðasta lagi nefni ég nauðsyn þess að gera breytingar á stefnunni í landbúnaðarmálum til þess að gera landbúnaðarframleiðsluna ódýrari og fjölbreyttari. Það yrði neytendum til hagsbóta strax og bændum þegar til lengdar léti. Við verðum smám saman að hætta að framleiða t. d. kjöt og osta fyrir útlendinga og greiða þeim einn milljarð á ári fyrir að borða afurðirnar. Og við eigum að stefna að því að sú hagsbót, sem ríkissjóður veitir neytendum í formi niðurgreiðslna, verði smám saman að frjálsu ráðstöfunarfé neytendanna. Þá vex verðgildi þeirra fyrir þá.

Ég hef hér nefnt fimm svið þar sem ég tel ríkisstj. verða að sýna jákvæðan vilja til þess að bæta hag launþega ef von á að vera til þess að launþegasamtökin taki fyrir sitt leyti þátt í lausn vandans. Eins og nú standa sakir geta launþegasamtökin ekki treyst ríkisstj. Það er ekki von. Enn sem komið er hafa ráðstafanir hennar ekki verið með þeim hætti að hún eigi traust skilið.

Það eru ekki aðeins launþegarnir í Alþýðusambandi Íslands sem treysta ekki ríkisstj. Ekki á það síður við um opinbera starfsmenn sem eiga nú þegar í beinni styrjöld við ríkisstj. Það er í raun og veru ekki einleikið hversu illa ríkisstj. gengur að afla sér trausts. Nær allur fiskiskipafloti landsmanna er hættur veiðum vegna deilna við ríkisstj. Og hún á ekki aðeins í útistöðum við launþega, heldur einnig við atvinnurekendur. Útgerðarmenn hafa gagnrýnt hana harðlega. Iðnrekendur hafa kvartað undan sinnuleysi um sín mál. En nú yfir tók þó þegar Verslunarráð Íslands sendi öllum alþm. í þingbyrjun bréf með neyðarlegu skensi um ríkisstj. og þá þm. sem styðja hana. Þm. fengu sendan rauðan blýant með áskorun um að nota hann til þess að strika út ónauðsynleg ríkisútgjöld. Þótt hér hafi eflaust að hluta verið um gaman-

semi að ræða, duldist þó engum, að broddur var í gamninu, þegar höfð var hliðsjón af því hvaðan skeytið kom.

En þess vegna nefni ég þetta, að hér er einmitt dæmi um það sem nú er einna alvarlegasta tákn tímanna hér á Íslandi. Traust almennings á ríkisvaldinu hefur beðið alvarlegan hnekki — ekki aðeins almennings, heldur einnig forustumanna atvinnulífsins. Pólitískir spákaupmenn fara allra sinna ferða. Hróplegt ranglæti í skattgreiðslum viðgengst. Fámennir hópar manna taka sér þau laun sem þeim sýnist. Menn virðast meira að segja ekki lengur vera jafnir fyrir lögum. Hvernig á slíkt þjóðfélag að standast til frambúðar? Hvernig á þjóðin að varðveita sjálfstæði sitt á sviði efnahagsmála og stjórnmála, nema hér verði á gagnger breyting? Hér þarf að verða hugarfarsbreyting, fyrst og fremst hjá ráðandi mönnum. Þarf að hætta að láta reka á reiðanum. Það þarf að fara að stjórna landinu. Þá fyrst er von til þess að aftur komist á eðlilegt ástand í landinu. Þá fyrst getur vaknað réttmæt von um að íslenskt þjóðfélag verði heilbrigt og réttlátt. — Góða nótt.

Efri deild, 9. fundur.

Mánudaginn 27. okt., kl. 2 miðdegis.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 29). — 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það var fyrir 15 árum að fyrst var ákveðið að sveitarfélögin skyldu fá hluta af söluskatti og skyldi sá hluti renna í Jöfnunarsjóð sveitarfélaganna, en þaðan skyldi honum úthlutað til sveitarfélaganna í samræmi við fólksfjölda. Þessi ráðstöfun varð mikil lyftistöng fyrir sveitarfélögin og lagfærði mjög fjárhag þeirra og jók olnbogarúm þeirra. Síðan hafa nokkrar breytingar orðið í þessu efni, þannig að nú fá sveitarfélögin eða Jöfnunarsjóður þeirra bæði hluta af söluskatti og af tolltekjum ríkissjóðs. Þessar greiðslur úr Jöfnunarsjóði til sveitarfélaganna fara fram þrisvar á ári, 30. apríl, 30. sept. og 31. des.

Nú hefur Samband ísl. sveitarfélaga óskað þess, að þessar greiðslur úr Jöfnunarsjóði til sveitarfélaganna dreifðust jafnar yfir árið en nú er, og miðað við greiðslustöðu og greiðsluerfiðleika margra sveitarfélaga mundi það greiða mjög úr málum þeirra og létta fjárhagsörðugleika þeirra ef greiðslur úr Jöfnunarsjóði til þeirra færu fram mánaðarlega.

Efni þessa frv. er að lögunum verði breytt á þá lund að í staðinn fyrir að sveitarfélögin fá þessar greiðslur nú þrisvar á ári skuli þau fá þær mánaðarlega. Er þannig orðið við óskum sveitarfélaganna í þessu efni.

Skv. gildandi lögum skal ríkissjóður, sem innheimtir þetta fé, endurgreiða það til Jöfnunarsjóðs mánaðarlega, og að þessu leyti mundu þær greiðslur vel geta fallið saman.

Í 2. gr. þessa frv. er svo staðfesting á þeirri lagabreytingu sem gerð var á síðasta þingi um auknar tekjur til Lánasjóðs sveitarfélaga, en þá var ákveðið að hann skyldi efldur verulega með auknum framlögum, bæði frá ríkissjóði og Jöfnunarsjóði.

Ég vænti þess, að þetta frv. fái góðar undirtektir í hv. d., og legg til að því verði vísað til félmn.

Axel Jónsson: Herra forseti. Ég vil fagna þessu fram komna frv. Það hefur verið, eins og hæstv. ráðh. drap á, áhugamál sveitarstjórnarmanna að fá fram þessa breytingu. Það var stórt skref stigið þegar Jöfnunarsjóður var myndaður. Á yfirstandandi ári munu tekjur sveitarfélaganna af framlagi Jöfnunarsjóðs vera á bilinu frá 12—18% af hinum almennu tekjum sveitarfélaganna. Af því sést að þetta er þýðingarmikill tekjustofn fyrir sveitarfélögin og þar af leiðandi til mikilla hagsbóta fyrir þau að það sé greitt mánaðarlega, en ekki eins og verið hefur, á 4 mánaða fresti.

Ég endurtek, herra forseti, ég fagna fram komnu frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til félmn. með 13 shlj. atkv.

Olíusjóður fiskiskipa, þáltill. (þskj. 24). — Ein umr.

Flm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Þessi þáltill., sem hér er fram borin, hefur nú verið hér í sölum þingsins nokkurn tíma og á þeim tíma hafa gerst allmiklir hlutir í þessu máli, þ. e. a. s. að fiskiskipafloti Íslands á stórum svæðum við landið sigldi að landi, m. a. til að mótmæla sjóðakerfi sjávarútvegsins. Sem betur fer hefur sú deila leyst í bili. En það, sem hér er fram borið, á samt jafnbrýnt erindi og áður. Menn hafa fengið það mikið innlegg í málið, að ég ætla að þeir séu betur undir það búnir að taka á móti till. Ég vil þó leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa það sem hér stendur.

„Till. til þál. um afnám Olíusjóðs fiskiskipa.

Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að leggja niður Olíusjóð fiskiskipa og afnema þau útflutningsgjöld er honum við koma. Endurskoðaðar verði allar greiðslur sjávarútvegsins í formi útflutningsgjalda með lækkun þeirra fyrir augum. Fiskverð verði hækkað sem þessum leiðréttingum nemur.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hafa vaxið mjög afskipti Alþ. af deilum sjómanna og útgerðarmanna um kaup og kjör. Hafa afskipti þessi löngum orðið á þann veg að stærri og stærri hluti fiskverðsins hefur verið greiddur utan skipta. Þetta hefur verið gert með myndun sameiginlegra sjóða af útflutningsgjöldum á sjávarafurðum. Með þessu móti nýtur hvert skip ekki lengur að fullu þess afla sem það færir að landi. Þetta kerfi brýtur öll hagfræðilögmál, skapar rangar hugmyndir um það, hvað sé arðbært í sjávarútvegi á hverjum tíma, og stuðlar að rangri ákvarðanatöku. Skal ég nú leitast við að skýra þetta nánar.

Í sumar fór af verði bræðslufisks meira en helmingur af fiskverðinu í sjóðina, tekið sem útflutningsgjöld.

Ég læt hér fylgja sem sýnishorn hvernig greiðslur útflutningsgjalda geta orðið. Hér fylgja einnig útreikningar Þjóðhagsstofnunar á útflutningsgjöldum sjávarafurða. Þeir ættu að opna augu manna fyrir því um hvaða upphæðir er að ræða."

Sem dæmi um hvernig þetta kemur út gagnvart einstökum skipum er tekið gamalt skip, gert út frá Patreksfirði, Garðar BA 64. Aflamagnið er 936 tonn. Þetta er þorskur á vetrarvertíð. Aflaverðmæti er um 30 millj. kr. Það er það sem greitt er fyrir aflann sem fiskverð. Útflutningsverðmæti — aflinn er verkaður í saltfisk og þá er um tvöföldun að ræða — er 60 millj. kr. Útflutningsgjöld af saltfiski eru 18.3% og það gerir samtals 10 millj. og 980 þús.

Svo kemur að ráðstöfun gjaldsins. Ég tel að sumir þeirra sjóða, sem hér eru upp taldir og fá lítið í sinn hlut, eigi mun meiri rétt á sér en aðrir. Ég vil nefna sem dæmi í því sambandi bæði samtök sjómanna og Landssamband ísl. útvegsmanna, sjávarrannsóknirnar, hafrannsóknaskipið. Ég veit ekki hvort Fiskimálasjóður sem slíkur styrkir útgerðina beint, en hann styrkir þó t. d. tilraunastarfsemi varðandi útflutning á sjávarafurðir. En svo eru tveir sjóðir sem taka bróð-

urpartinn af þessu fé, og það eru Olíusjóður og Tryggingasjóður.

Ég vil biðja menn alveg sérstaklega að athuga þessa tvo sjóði. Tryggingasjóðurinn tekur 1 millj. 527 þús. kr. af þessum eina bát, sem er orðinn gamall eins og ég sagði áður, og þetta er miklu meira gjald en tilheyrir honum til greiðslu á sinni tryggingu. Olíusjóðurinn aftur á móti tekur 6 millj. 900 þús. — og fyrr má nú rota en dauðrota. Útreikningar koma á næstu bls. varðandi Olíusjóðinn sem ég vil biðja menn alveg sérstaklega að athuga. Notkunin hjá bátnum er 51 þús. lítrar. Verðið á þessari olíu, eins og honum er seld olían, er 5.80 á lítra. Það gerir 295 800 kr. Þetta er hann látinn borga beint yfir borðið fyrri olíuna, en framlagið, sem hann er látinn greiða í Olíusjóð, er 6 millj. 900 þús. Samtals er hann látinn greiða fyrir olíu 7 195 800 kr. Rétt kostnaðarverð á olíu er 20.20 kr. Eigin greiðsla, sem ætti þá að dragast þarna frá, er 5.80 kr. Mismunurinn, það sem hann hefur fengið greitt úr sjóðnum, er 14.40 kr. Samtals hefur báturinn greitt fyrir olíu, eins og við sjáum þarna neðst, 7 195 800 kr., sú tala var komin áður, og ef deilt er með lítrafjöldanum í þetta, þá kemur í ljós að hann hefur þurft að borga fyrir hvern lítra af olíu 141 kr.

Ég ber þá virðingu fyrir Alþ., að ég vil halda því fram að þm. hafi alls ekki gert sér grein fyrir því, hvað þeir voru að samþ., þegar Olíusjóðurinn var samþ. í því formi sem hann er núna, eins og þetta er framkvæmt. Ég tel að þegar sum skip eru skattlögð til að borga upp í 141 kr. fyrir lítra af olíunni, þá sé um mistök í framkvæmd að ræða, þetta hafi ekki getað verið ætlun eins eða neins. Að mínu viti er á hreinu að þessu verður að breyta.

Svo vil ég taka fyrir seinni hluta þessa og þar fæst hugmynd um hvaða upphæð er hér um að tefla, og það er mat Þjóðhagsstofnunar. Þessar tölur eru byggðar á afla fram til 15. sept., en áætlaðar það sem eftir er af árinu. Það er Tryggingasjóður fiskiskipa — þetta eru milljónir — 1 247. Olíusjóður fiskiskipa 1 550. Viðbót við Olíusjóð skv. frv. 1 440. Aflatryggingasjóður, almenn deild, 440. Aflatryggingasjóður, áhafnadeild, 530. Fiskveiðasjóður 457. Ferskfiskmat ríkisins 50. Fiskimálasjóður 28. Aðrir viðtakendur, þ. e. sjávarrannsóknir, samtök sjómanna og útvegsmanna, 38. Þetta eru allt millj. kr. Þetta gerir samtals 5 milljarða 790 millj. kr.

Ég held að allir, sem leitt hafa hugann að þessu kerfi, geri sér grein fyrir því að tilvist þess er sjávarútveginum til lítillar blessunar. Halda menn að hið alranga olíuverð hvetji menn til sparnaðar í meðferð olíunnar? Deilur um skiptakjör á fiskiskipum verður að leysa á annan veg, og hvert skip verður að fá réttar greiðslur fyrir þann afla sem það kemur með að landi.

Menn hafa e. t. v. veitt því athygli, ef þeir bera saman útreikninga Þjóðhagsstofnunar annars vegar á olíugjaldinu, hvað það er stór hluti af útflutningsgjaldinu í heild, og hins vegar hvað það er stór hluti þegar þeir skoða þetta hjá bátnum, sem tekinn er hér sem dæmi, þá kemur í ljós að þetta er til muna stærri hluti hjá þessu eina fiskiskipi sem þarna er um að ræða, og það stafar af því að útflutningsgjöldum af saltfiski er þannig skipt að af þessum 18.3% fara um 11.5% í Olíusjóðinn sé um saltfisk að ræða, en venjulega er þetta nálægt 8%. Eins og Þjóðhagsstofnun reiknar fær Olíusjóðurinn rúman helming af því sem hér er um að ræða. Hann fær sem sagt 3 milljarða af 5 milljörðum 790 millj.

Ég ætla ekki að hafa um þetta mjög langt mál fram yfir það sem ég hef sagt, en vil þó aðeins geta þess, að Olíusjóður er stofnaður og sú ákvörðun er tekin hér á Alþ. þegar verðhækkun verður á olíu og það veruleg. Hvort olía aftur á móti er í dag miklu dýrari, miðað við verð á fiski, heldur en t. d. á árunum 1930—1940 hef ég ekki kynnt mér, en ég er mjög í vafa um að það sé.

Aðalatriðið í málinu virðist mér vera það, að hvert skip verði að fá andvirði þess afla sem það kemur með að landi, en ekki setja þetta þannig upp að heil byggðarlög séu e. t. v. látin greiða ógrynni fjármagns í olíu fyrir einhverja aðra. Það tel ég að sé alveg forkastanleg ráðstöfun, svo að ekki sé meira sagt. Mér er til efs að slíkt geti nokkurn tíma leitt til annars en að liggi við uppreisnarástandi á flotanum, eins og verið hefur undanfarið.

Ég vil leyfa mér að óska þess, að þessari till. verði vísað til sjútvn. Ed., með leyfi hæstv. forseta. Svo þakka ég fyrir.

Jón Árnason: Herra forseti. Ég vil aðeins segja nokkur orð um þetta mál og byrja á því að leiðrétta það, sem fram kom í framsöguræðu flm., að flotinn hafi nú siglt til lands út af sjóðakerfinu. Það var skýrt tekið fram af þeim, sem voru í viðræðunefndinni, að ágreiningurinn og orsökin fyrir því, að þeir komu í land, eru af öðrum toga spunnin. Það er út af ágreiningi um fiskverðið. En þeir undirstrika að það verði unnið að endurskoðun á sjóðakerfinu, eins og ákveðið hafði verið og stefnt var að með þeirri nefndarskipun sem komið var á, eins og öllum þm. er kunnugt um.

Ég vil líka mótmæla því að þm. hafi ekki vitað hvað þeir voru að gera þegar ákvörðun var tekin um þessa ráðstöfun í sambandi við olíuverðhækkunina. Það var vissulega um mikinn vanda að ræða þegar svo skyndileg hækkun átti sér stað sem vitað var að greip verulega inn í rekstrarkostnað útgerðarinnar. Ef ekkert hefði verið gert á þeim tíma, þá hlaut það að leiða af sér að það var ekki hægt að halda fiskiskipaflotanum úti. Hvort þetta var það réttasta, sem gert var, það skal ég ekki um segja, en það var álit þm. á þeim tíma. Þetta hefur verið gert oftar en einu sinni vegna þess að verðhækkanir hafa oft orðið. Þetta var það sem horft var að, og ég held að það hafi verið gert á sínum tíma að yfirveguðu ráði, vegna þess m. a. að menn bjuggust ekki í upphafi við því að það yrði um slíkt langvarandi hækkað verð að ræða á olíunni eins og raunin hefur á orðið og allt bendir til að verði í framtíðinni. Það er ekki sjáanlegt í dag að um verðlækkun verði að ræða á olíunni. Þess vegna er sjálfsagt — og það var Alþ. búið að sjá — að endurskoða þessi mál í ljósi þess að hér væri um verulega verðhækkun að ræða

á þessum þýðingarmikla kostnaðarlið útgerðarinnar.

Annars má segja að sú till., sem hér liggur fyrir, till. til þál. um afnám Olíusjóðs fiskiskipa, sé angi af því deilumáli sem staðið hefur undanfarna daga varðandi kjör sjómanna og kostnaðarhlutdeild útgerðarinnar og hvernig hún verði upp borin. Hins vgear er, eins og ég hef vikið að, ekki um nýtt mál að ræða varðandi endurskoðun á sjóðakerfinu í heild. Hv. þm. er kunnugt um þær umr. sem áttu sér stað í sambandi við lausn fiskverðsins og erfiðleika útgerðarinnar á síðustu vertíð, þar sem upp kom mikill ágreiningur um þessi mál. Það varð að samkomulagi, sem kunnugt er, að endurskoða þessi mál öll í heild, þ. e. sjóðakerfið, með það fyrir augum að draga stórlega úr kerfinu eða fella það niður, eftir því sem talið yrði rétt að athuguðu máli. Það voru tilmæli beggja samningsaðila að þannig yrði að málinu staðið, og í samræmi við það var af hendi sjútvrn. skipuð n. eftir tilnefningu aðila til þess að vinna að lausn þessa máls í heild. Í þessari n. eiga sæti Jón Sigurðsson forstjóri Hagrannsóknastofnunarinnar, en hann er form. n., en aðrir nm. eru Óskar Vigfússon frá Sjómannafélagi Hafnarfjarðar, en hann var jafnframt form. þeirrar viðræðunefndar sem staðið hefur í viðræðum við ríkisstj. undanfarna daga, Hilmar Jónsson frá Sjómannafélagi Reykjavíkur, Pétur Sigurðsson frá Alþýðusambandi Vestfjarða, Sigfinnur Karlsson frá Alþýðusambandi Austurlands, Ingólfur Stefánsson og Ingólfur Karlsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Kristján Ragnarsson og Agúst Flygenring frá Landssambandi ísl. útvegsmanna og Ingimar Einarsson frá Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda.

Eins og sjá má af þessari nefndarskipan er ljóst að allir þeir aðilar, sem mestra hagsmuna eiga að gæta, eiga fulltrúa í n. sem hefur með höndum þessa endurskoðun sem búið var að ákveða. Það var þegar í upphafi lögð á það meginálersla af hendi hæstv. sjútvrh. að n. tæki strax til starfa og miðaði störf sín við það að niðurstöður og till. lægju fyrir eigi síðar en 1. des. n. k.

Það er með tilliti til þess, sem ég hef nú sagt, að ég tel fram komna þáltill. á þskj. 24 óþarfa. Að ætla sér að taka þannig sérstaklega einn þátt í sjóðakerfinu út úr, eins og hér er lagt til, er ekki heldur æskilegt. Mál þessi eru og hafa verið í athugun hjá þeim mönnum sem ættu að þekkja best til, og er vonandi að þeim takist að komast að sameiginlegri niðurstöðu, eins og að er stefnt, fyrir 1. des. n. k.

Í 8. lið þess samkomulags, sem nú hefur verið undirritað af hendi fulltrúa viðræðunefndarinnar og fulltrúa ríkisstj., er undirstrikað það sem ég hef hér sagt, en þar segir, með leyfi forseta:

„Ríkisstj. mun beita sér fyrir því að störfum tillögunefndar um breytingar á sjóðakerfi og hlutaskiptum í sjávarútvegi verði hraðað og að því stefnt að till. komi fram fyrir mánaðamótin nóv.—des. n. k. Ríkisstj. metur þær ábendingar, sem fram hafa komið frá sjómönnum um ágalla sjóðakerfisins, og mun beita sér fyrir sem nánastri samvinnu við samtök sjómanna og útvegsmanna í þessu máli. Hreinni hlutaskipti og launakerfi, sem stuðlar að því að þeir, sem vel afla og fara vel með afla og útgerðarvörur og eldsneyti, njóti þess í sínum hlut, er tvímælalaust brýnasta framfaramál sjávarútvegsins um þessar mundir. Á hitt verður þó að benda, að vegna þess hve þetta mál er margslungið og snertir ekki aðeins löggjöf, heldur ekki síður kjarasamninga, er naumast við því að búast að það verði leyst í skyndi í heilu lagi. Að þessu verður kappsamlega unnið næstu vikur."

Það kom líka fram — og ég veit að þm. hafa veitt því eftirtekt — í þeim viðræðum sem fjölmiðlar hafa haft við þá viðræðunefnd sem hefur verið í forsvari fyrir sjómenn að undanförnu, að þeir teldu að hér væri um svo mikið vandamál að ræða að það væri ekki hægt að leggja þetta niður í einni svipan, heldur yrði að vinna þetta upp þannig að það yrði tekið í áföngum.

Nú skal ég ekkert um það segja, hvað sú n., sem hefur þessi mál til meðferðar, kemst að niðurstöðu um. Það mun koma í ljós þegar n. skilar störfum. En eins og ég hef vakið hér athygli á, er m. a. þessi þáttur sjóðakerfisins, sem hér er lagt til að taka út úr einan sér og afgreiða, til meðferðar hjá n. sem skipuð var eftir tilnefningu og ábendingu frá sjómönnum, útgerðarmönnum og oddaaðilinn er frá ríkisstj. Ég vil vænta þess að þessi n. ljúki störfum á tilsettum tíma.

Okkur er öllum ljóst að hér er um mikið vandamál að ræða. Í upphafi, þegar þetta var sett á, var ábyggilega gert ráð fyrir að þetta fyrirkomulag þyrfti ekki að verða svona langvarandi. Menn gerðu sér vonir um að olíuverðið lækkaði aftur. En sú hefur raunin orðið á, að það hefur heldur farið hækkandi en lækkandi, og þess vegna er þörfin enn brýnni en áður að þessi mál verði tekin til endurskoðunar, eins og nú er að unnið.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Í sjálfu sér er hér hreyft miklu máli, eins og síðasti ræðumaður drap á og varla þess að vænta að það verði tekið eitt sér. Eftir þær umr., sem átt hafa sér stað um sjóðamyndun sjávarútvegsins, og afleiðingar af því fyrirkomulagi er nú öllum landslýð málið mætavel ljóst og þess vegna þarf ekki að fara mjög nákvæmlega í þessi mál að sinni. Þau munu örugglega fyrr eða síðar koma inn í þingsalina að nýju og þá gefst betra tækifæri til að ræða þessi mál.

Flm. sagði, held ég nokkurn veginn orðrétt, að þm. hefðu ekki gert sér grein fyrir því hvað þeir samþykktu. Ég vil ekki taka þetta til mín, heldur mótmæla, því að ég kom hér oft upp, og í hvert skipti sem aukning átti sér stað varaði ég við þessu, hvað við værum að fara út í. Og ég held að þó að aðrir hafi staðið að samþykkt um þetta til að fylgja fram stefnu tveggja ríkisstj. í þessu efni, þá hafi þeir vitað hvað þeir voru að gera. En það má, held ég, segja eins og síðasti ræðumaður sagði, að þetta hafi þróast í verri átt en menn ætluðust til.

Ég mótmælti þessu margoft á sínum tíma og hef hér nál. um það, sagði að það væri verið að tjalda hér til nokkurra mánaða, eins og segir orðrétt í nál. mínu: „í 5—6 mánuði, heldur en

að reyna að takast á við vandann og leysa hann betur til frambúðar.“ En menn eru jafnan bjartsýnir og vona að þó að syrti í álinn einstöku sinnum, þá birti skjótt upp aftur. Nú hafa menn komist að raun um að útlitið er ekki þannig á næstu mánuðum og e. t. v. ekki á næstu árum og þess vegna verði menn að horfast í augu við þá staðreynd að stokka kerfið upp. Á þeirri forsendu er ekkert óeðlilegt að hv. þm. flytji till. um að taka þetta til meðferðar og það fyrr en síðar. Hins vegar hefur komið rækilega fram í öllum þessum umr. og kom skýrt fram áðan að í sérstaka, stóra n. hafi verið skipaðir valinkunnir menn til að fjalla um þetta mál og taka það fyrir í heild.

Myndun sumra þessara sjóða, — ég vil taka það fram: sumra þessara sjóða, eins og Olíusjóðsins og Tryggingasjóðsins, — var neikvæð ráðstöfun og ég var sannfærður um það allt frá upphafi að það væri neikvæð ráðstöfun. Vegna hvers? Vegna þess að það skapaði ekki aðhald, heldur hið gagnstæða. Það hvatti heldur til óeðlilegrar eyðslu í úthaldinu og ekki til vöruvöndunar og ekki til þeirrar árvekni sem nauðsynlegt er að eigi sér stað, ekki aðeins í sjávarútvegi, heldur alls staðar. Og ef það er rétt, sem frsm. segir, að svo ofsaleg skekkja geti ríkt að það komi fyrir að menn borgi yfir 100 kr. raunverulega vegna álagsins í olíu pr. lítra, þá sjá allir hvers lags fjarstæða þetta er. Það er enn verra en mér datt nokkurn tíma í hug að það gæti orðið. Ég hef ekki tök á því að draga þessar upplýsingar í efa, sem hv. þm. leggur hér fram, en manni hrýs hugur við að sjá slíkar tölur, að slíkt hafi getað átt sér stað. Mér datt aldrei í hug að það væri kannske um fjórföldun, fimmföldun að ræða, eins og þetta var skýrt á sínum tíma, en að um tugföldun sé að ræða, fyrr má nú rota en dauðrota. Hljóta allir að sjá að við erum komnir út í algert fen og nær ekki nokkurri átt annað en að gera úr því raunveruleika að þetta komist í lag og málin séu öll stokkuð upp.

Tryggingasjóðurinn líka er stórhættulegur og býður upp á mikla misnotkun, þó mjög mismunandi mikla eins og gengur. En ekkert vafamál er að menn hafa trassað umgengni um skip og pössun vegna þess að mörg tjón eru bætt almennt séð og menn bera litla ábyrgð sjálfir. Því miður er þetta svo. Það er kannske erfitt tölulega að sanna slíkt. En þeir, sem fylgjast vel með, hafa séð hvað er að ske.

Þó að samhjálp sé eðlileg og sjálfsögð, eins og á sér stað við vissa sjóði, eins og Aflatryggingasjóðinn og sumt fleira í þessu kerfi, þá má hún ekki vera með þeim hætti að hún sé neikvæð og stuðli að trassaskap í meðferð á bátum og í meðferð á afla. Þá hefur hún alveg þveröfug áhrif. Og það kemur nú í ljós og hefur verið rökstutt, bæði af frsm. og í umr. af sjómönnum, að þetta nýja sjóðakerfi, þessir síðustu tveir stærstu sjóðir hafa haft þessi leiðinlegu áhrif.

Sjómenn hafa nú kröftuglega mótmælt sjóðakerfinu, og ég held að ekki hafi verið síður ástæða eða átylla hjá þeim að stofna til þessara óyndisúrræða sem þeir gerðu, að sigla í land skipum sínum, sú aukning, sem varð á sjóðakerfinu undanfarna mánuði, en bara fiskverðið, þó að það væri kannske sú kveikja sem setti þessa hreyfingu af stað. En sú geysilega mismunun, sem mönnum er gert að taka á sig í gegnum þessa sjóðamyndun, er búin að grafa um sig í marga mánuði. Og þegar samningum manna var komið þannig á bátaflotanum að yfir helmingur var tekinn af óskiptum afla áður en gildandi kjarasamningar gátu fengið að njóta sín, þá ofbauð mönnum bókstaflega.

Við fulltrúar Alþfl. á Alþ. höfum margmótmælt þessari þróun undanfarin ár. Við töldum þetta stefna út í öfgar og hafa öfug áhrif. Við vorum alltaf til umr. um að stokka þessi mál upp og reyna að finna æskilega lausn. En ákveðinn þingmeirihl., bæði hjá núv. ríkisstj. og þeirri síðustu áður en þessi tók við, fylgdi þessu fram til tímabilsbundinnar lausnar, sem átti að gilda vertíð fyrir vertíð, en ekki hefur verið fundin endanleg lausn, nema hún sé þá í augsýn núna, eftir því sem lofað hefur verið.

En það er rétt hjá síðasta ræðumanni, að ekki er hægt að taka einn sjóðinn skyndilega úr kerfinu og skipta honum upp eða líta svo á sem hann sé afnuminn. Það er orðið of flókið til þess að það sé hægt. Þess vegna er það eins og samkomulag liggur fyrir um hjá báðum aðilum og raunar þremur aðilum, því að hér er um mál að ræða er snertir ríkisvaldið, útgerðaraðilann og svo skipshafnir, þá verða þessir aðilar að koma sér saman um heilbrigt og nýtt kerfi og raunverulega taka þessi mál öll frá grunni og koma með nýja skipan. Önnur lausn fæst ekki að mínu mati í þessu máli, svo að til frambúðar verði. Það er nú að sýna sig að þetta hefur svo neikvæð áhrif og gerir mönnum svo mishátt undir höfði í sínum rekstri að það getur ekki talist frjáls atvinnuvegur lengur á Íslandi sem býr við slíkt skipulag.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég tel fullkomna ástæðu til þess að fagna þáltill. sem hér um ræðir. Ég tel hana ekki síður tímabæra vegna þess að sjómenn gripu til þeirra ráða, sem þeim vafalaust voru þó ekki kær, að hætta vinnu og sigla í land til þess að undirstrika kröfur sínar um úrbætur á ófremdarástandi sem nú ríkir í kjaramálum sjómanna.

Það er e. t. v. þarflaust að deila hér um meginatriðin sem því ollu nú að sjómenn urðu að grípa til þessara ráða. Eftir því sem ég kemst næst og hef best fylgst með, þá voru það ekki síst vandkvæðin sem af sjóðakerfinu stafa sem þessu olli, þ. e. a. s. hið óheyrilega, óréttláta skiptaverð sjómanna.

Ég get tekið undir með 2. þm. Vestf. um þann grun hans, að þm. hafi ekki vitað til hlítar hvert horfa mundi með samþykktinni á myndun Olíusjóðsins á sínum tíma. Þeir voru sér mjög vel meðvitandi um nauðsyn þess að gera sérstakar ráðstafanir á þessum tíma til þess að bægja frá aðkallandi vanda vegna hækkunar á olíuverði. En ég hef staðfastan grun um að í heild hafi þeir ekki gert sér grein fyrir því með hvaða hætti stofnun þessa sjóðs mundi koma af stað algerlega óviðunandi ranglæti í útveginum hjá okkur, með hvaða hætti gjöldin til Olíusjóðsins

mundu mismuna einstökum útgerðarmönnum og einstökum greinum útgerðarinnar og með hvaða hætti stofnun þessa sjóðs og gjöldin til hans mundu leggjast af ofurþunga á smábátaútveginn á Íslandi. Hefðu þeir gert sér grein fyrir því, þá hefði verið öðruvísi að unnið, ætla ég, við ákvarðanir varðandi Olíusjóðinn.

Það má vera að erfitt reynist að taka nú Olíusjóðinn einn út úr sjóðakerfi útvegsins á svipstundu. Þar af leiðandi má rétt vera að fjallað verði um alla sjóðina og tilvist þeirra í heild. En ég tel ekki fráleitt af hv. Alþ., sem samþykkti Olíusjóðinn, fjalli einnig um þessa þáltill. sem varðar nauðsyn þess að afnema hann eða koma á breyttri skipan frá því sem þar er ráð fyrir gert. Ég tel ekki óeðlilegt að hv. Alþ. geri það, og ég tel ýmislegt benda til þess að þessi þáltill. geti veitt hæstv. ríkisstj. eðlilegt aðhald og orðið nokkurt keyri á hana að láta nú vinna vasklega að þessum málum, áður en óréttlæti sjóðakerfis sjávarútvegsins stefnir fiskiskipaflotanum í land öðru sinni.

ATKVGR.

Till. vísað til sjútvn. með 11 shlj. atkv. og umr. frestað.

Skólaskipan á framhaldsskólastigi, þáltill. (þskj. 20). — Ein umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Á þskj. 20 höfum við hv. 5. þm. Norðurl. v. og ég leyft okkur að flytja till. til þál. um skólaskipan á framhaldsskólastigi, svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta semja og leggja fyrir næsta reglulegt Alþ. frv. að löggjöf um skólaskipan á framhaldsskólastigi. Megintilgangur frv. verði að leggja grundvöll að samræmdum framhaldsskóla, þar sem kveðið sé skýrt á um verkaskiptingu og tengsl hinna ýmsu skóla og námsbrauta. Jafnframt þarf frv. að vera stefnumótandi um hlutdeild ríkis og hugsanlegra mótaðila í stofnkostnaði, rekstri og stjórnun framhaldsskólanna.“

Ég flutti fyrir þessu máli á síðasta þingi, síðla þá, ítarlega framsögu. Það er óþarft að gera nú jafn nána grein hér fyrir þessu máli. Ég bendi aðeins á það, að ef þessi till. yrði nú samþ., þá gefst betri tími en þá hefði gefist til þess að íhuga þetta mál og n., sem fær þetta mál til meðferðar, gefst enn betri kostur á að leita umsagnar, þar sem málið kemur svo snemma fram nú á þessu þingi. Ég vil treysta því, að n. sjái sér fært að afgreiða þessa till. Ég hygg að um markmiðið sjálft, sem hér er að stefnt, séu ekki miklar deilur.

Ég vil drepa á nokkur þau helstu atriði sem liggja til grundvallar þessum tillöguflutningi.

Hér er í raun og veru um beint og rökrétt framhald grunnskólalaganna að ræða, því að í lögum um skólakerfi, sem samþ. voru um leið, segir einmitt að frumfræðslunni skuli skipt í þrjú skólastig: skyldunámsstig, framhaldsskólastig og háskólastig. Það er um miðstig þessa skólakerfis, sem alla heildarlöggjöf hliðstæða grunnskólalögunum vantar, og það er verkefni sem knýr fastar á með ári hverju.

Um grunnskólalögin urðu miklar deilur. Það var oftlega deilt um aukaatriði, en þó var einnig um grundvallarágreining að ræða. Það eru litlar líkur á því að full eining takist þegar í upphafi um þetta stig námsins, einkanlega þegar að því er gætt að hér er um miklu yfirgripsmeira svið að ræða og óskipulagðara en var um barna- og unglingafræðslu fyrir setningu grunnskólalaganna. Það er því full ástæða til þess að hraða undirbúningi nýrrar löggjafar um þetta stig námsins, ekki hvað síst þegar þess er gætt að vandkvæðin aukast ár frá ári fyrir það unga fólk sem þarf að velja sér námsbraut utan beirrar hefðbundnu menntaskóla- og háskólabrautar sem í dag er svo afgerandi sem raun ber vitni um.

Ekki má skilja orð mín svo að ekkert hafi á umliðnum árum verið gert varðandi annað nám en undirbúning fyrir háskólastigið. Ýmsar tilraunir hafa verið gerðar, sumar reynst hið besta, en aðrar tekist miður til. Um það skulu ekki rakin dæmi hér, þótt um hvort tveggja mætti hafa langt mál. En aðalatriði þessa máls er þó í fyrsta lagi að alla heildarskipulagningu hefur skort. Um samræmda stefnu hinna ýmsu námsbrauta hefur ekki verið að ræða. Í öðru lagi hefur allt, sem lotið hefur að verklegum þáttum menntunarinnar, verið vanrækt og því markaður bás sem óæðra nám. Að því hníga t. d. fjárveitingar allar glögglega, bæði til stofnkostnaðar og rekstrar. Samanburður í fjárl. þeim, sem nú liggja fyrir þinginu í frv.-formi, er hrikalegri en svo að ég treysti mér að þylja hann yfir hv. þm. Það er samanburður t. d. á fjárveitingum til menntaskóla annars vegar, iðnskóla hins vegar, en hinn ógurlegi mismunur endurspeglar ljóslega hið ólíka mat sem hér hefur verið og er enn á lagt. Í þriðja lagi þarf að fjölga námsbrautum í beinum tengslum við atvinnulíf okkar, auka starfsþjálfun almennt og hefja hana um leið á annað og æðra stig.

Vanmat ungs fólks á frumframleiðslu okkar og þýðingu hennar er algengara í dag en nokkurn grunar og er bein afleiðing skólastefnu okkar að verulegu leyti. Sem betur fer ætti sá hugsunarháttur að vera horfinn, að engin þörf væri á aukinni undirstöðumenntun við t. d. þau störf sem lúta að sjávarútvegi og landbúnaði, eins og ég man frá bernsku minni að var algengt. Ágætur vinur minn sem lengi sat hér á hinu háa Alþ., en var þá að berja í mig sögu þjóðar okkar, sagði meira að segja: „Það getur hver sem er búið, til þess þarf enga menntun.“ En svo bætti hann við: „En tímarnir eru að breytast og hver veit nema allir þurfi eitthvað að læra áður en þeir fara að hokra við búskap.“ Vanmat á landbúnaði sem slíkum var þó þessum ágæta fyrrv. þm. víðs fjarri, enda hvort tveggja greindur og raunsær og hafði sjálfur stundað þennan atvinnurekstur. Tímarnir hafa breyst, þróunin orðið örari en hann eða nokkurn grunaði, og við stöndum ótvírætt andspænis því viðamikla verkefni að þjálfa og mennta fólk til starfa við hinar ýmsu greinar í frumframleiðslu okkar og um leið að hefja hana til nýs vegs, opna nýjar leiðir til að auka hana og bæta.

Ég varð þess greinilega var í fyrra að ýmsir litu svo á að þessi till. okkar væri fyrst og fremst andstæð menntaskólanáminu, væri jafn-

vel yfirlýst stefna okkar að klekkja á þeim námsbrautum sem að háskólastigi stefndu. Hið rétta í þessu er að nýjar brautir á sviði verknáms og atvinnulífs og sem fyllst jafnræði með þeim og menntaskólabrautinni sigildu eiga ekki að verða á kostnað menntaskólanna, nema þá að því leyti sem ásókn í þá einhæfu braut minnkaði, svo sem full þörf er á.

Ég vitnaði í fyrra í orð einhvers hæfasta menntaskólafrömuðar okkar nú, Guðmundar Arnlaugssonar rektors við Hamrahlíð, er hann lýsti áhyggjum sínum af sífellt vaxandi ásókn nemenda á menntaskólastigið. Því yrði að breyta og finna nýjar leiðir sem hefðu svipað menntunargildi og réttinda, en mundu um leið verða þjóðarheildinni farsælli og þjóðarbúinu notadrýgri.

Á því hefur verið vakin athygli hve meðaleinkunnir í menntaskólunum fari lækkandi. Engan þarf á því að undra þegar fjöldinn eykst án tilsvarandi áhuga, þegar ýmsir telja sig verða að fara þessa braut til þess eins að gera eitthvað í námi, sem að gagni mætti koma á lífsleiðinni, og öll þjóðfélagsgerð okkar beinist að þessu námsstigi umfram önnur sem æðri og virðulegri brautar. Ekki er svo að skilja að meðan þetta nám taldist til hreinna forréttinda hinna efnameiri, þá væri þar um eintómt hæfileikafólk að ræða, síður en svo. Það fór margur óverðugur upp allan stigann af þeirri ástæðu einni að auður réð ferðinni. En það breytir ekki þeirri staðreynd sem í dag blasir við og er afleiðing þeirrar ofdýrkunar og ofmats, sem ríkt hefur í framhaldsnámi okkar um menntaskólabrautina sem forréttindabraut í flestu eða öllu.

Mér er enn ofarlega í huga það slys sem gerðist varðandi kennaramenntunina í landinu þegar hún var hafin á háskólastig, einvörðungu með þeim afleiðingum t. d. að góð námsbraut, tiltölulega alhliða þroskandi og stutt, lokaðist mörgu því fólki sem nú fetar einstigi menntaskólabrautarinnar til að ná sama marki. Þar með er ekki sagt að ég hefði ekki gjarnan viljað viðbót við kennaramenntunina í landinu, og vel þekki ég það af eigin raun hve gremjulegt það var eftir þriggja ára nám í Kennaraskólanum gamla að eiga þá einskis framhalds völ nema fara til þess erfiðar krókaleiðir. Nú þarf 7—8 ára nám til þessa sama starfs sem ég þurfti 3. En maður þarf ekki endilega að vera til þess rúmlega helmingi færari þó að gráðan sé virðulegri. Enginn má misskilja það, eins og gert var í fyrra, að ég vanmeti kennaramenntunina í dag. Það var aðeins of langt gengið, ofgert, fyrir utan þann óhjákvæmilega kennaraskort, sem af þessu leiðir í ríkari mæli á næstu árum en nokkru sinni, einkum úti á landsbyggðinni, og er þegar farinn að koma í ljós á nýjan leik.

Kennaramenntunin áður var dæmi um blindgötu í skólakerfinu. Þær blindgötur viljum við flm. að verði sem fæstar með nýrri allsherjarskipun framhaldsnáms. Í dag er hún hins vegar hreinræktuð menntaskólabraut með háskólastigi sem hinu eina raunhæfa lokamarki. Hún er því dæmigerð bæði fyrr og nú fyrir það sem varast ber. Ég benti á þetta í fyrra og geri það enn, um leið og ég undirstrika hve rangt það er að vera að tína eina og eina námsbraut út úr og auka gildi hennar án tengsla við neina heildarstefnu, — þá heildarstefnu sem við erum hér einmitt að leggja til að upp verði tekin í beinu framhaldi af endurbættri löggjöf framhaldsskólastigsins. Ég vakti þá enn athygli á því, sem ég taldi sveigjanleika grunnskólalaganna, og hinum rúmu endurskoðunarmöguleikum á lögum sem, ef rétt verður með farið, gefa þeim aukið gildi, þannig að laga megi þau á hverjum tíma að breyttum aðstæðum, þótt ávallt beri að gæta varfærni að því að hlaupa ekki í blindni eftir hverri nýjung, eins og dæmin sanna að gert hefur verið.

Valfrelsi um nám í efsta hluta grunnskólans þarf að vera sem mest og virkast. Þar óttast ég ætíð vandkvæðin úti á landsbyggðinni. En ef ráðuneyti menntamála og hinar nýju fræðsluskrifstofur koma nógu jákvætt til eða koma þar til liðs við heimaaðilana á að vera kleift að auka til muna valfrelsið frá því sem nú er. En ég bendi einnig á að þetta valfrelsi nýtist ekki til fulls ef framhaldið vantar, ef það liggur ekki þá þegar ljóst fyrir nemendum hverra kosta þeir eiga völ að loknum grunnskóla og þá verði möguleikarnir sem flestir og um leið jafnastir, að ein og sama leiðin verði ekki hlutskipti of margra, eins og er í dag. Góð og skjót framkvæmd grunnskólalaganna hvað valfrelsi snertir kemur ekki að tilætluðum notum ef framhaldsnámið hefur ekki á sama hátt verið skipulagt, þannig að hvort tveggja verði tryggt: námsleiðir verði sem greiðastar og jafnastar og að blindgötueinkennin í dag verði afmáð sem mest með nýju heildarskipulagi allrar framhaldsmenntunar.

Um þetta skal ég ekki fjölyrða frekar nú. Vangaveltur sem slíkar eru endalaus möguleiki, þótt um þessi mál þurfi að verða vakandi umr., jafnt meðal skólamanna, námsmanna og auðvitað þm. sem og úti í þjóðfélaginu sjálfu almennt. Breytt þjóðfélagsgerð, ör þróun á öllum sviðum krefst þess að skólamálin almennt séu stöðugt í brennidepli, að ekki liggi eftir hlutur skólakerfisins í þá átt að auka möguleika á fjölbreyttari þróun atvinnuhátta og betri og virkari þátttöku vel menntaðs ungs fólks í meginatvinnugreinum okkar.

Við samningu till. þessarar í fyrra höfðum við flm. fengið til liðs við okkur Hjörleif Guttormsson líffræðing í Neskaupstað sem hyggst einmitt gera tilraun til þess að marka nýja stefnu í skólamálum Austurlands með tilkomu nýs menntaskóla þar, gera þar djarfhuga og róttæka tilraun til nýrrar umsköpunar þess náms, þar sem samtengist bæði hið verklega og bóklega nám, auk þess sem fáir eru Hjörleifi fróðari um fjölbrautaform þau sem mjög eru nú í sviðsljósinu. Einnig kom þar við sögu Gunnar Guttormsson fulltrúi í iðnrn., sem hefur sérstaklega í starfi sínu þar haft með iðnfræðslu og verklega mennt og þjálfun að gera. Báðir miðluðu þeir okkur ótæpilega af þekkingu sinni og m. a. benti Gunnar Guttormsson okkur þá á nýlega umsögn til Alþ. frá iðnfræðslunefnd svokallaðri, þar sem þessar setningar er að finna, með leyfi hæstv. forseta:

„Aftur á móti er það álit n. að hraða beri undirbúningi nýrra laga um allt framhaldsskóla-

kerfið, og við þá lagasmíð er nauðsynlegt að þess sé gætt að samræma starfsemi framhaldsskólanna, gera verkefnaskiptinguna ljósari og fyrirbyggja eftir megni að láta ýmsar námsbrautir lenda í blindgötum eins og nú er tilfellið. Á það skal bent að mikið er ógert fyrir utan beina lagasmíð til þess að unnt sé að samræma alla framhaldsskóla landsins. Má þar nefna m. a. *stjórnun og undirbúning námsefnis*, því að samræming skólanna útheimtir að námsframboð, kennslustaða og prófkröfur þurfa að vera hinar sömu, að svo miklu leyti sem hinir ýmsu skólar hafa sömu námsbrautir eða hluta af braut."

Þetta segir í áliti iðnfræðslulaganefndar þar sem tekið er í raun sterklega undir þessa till. okkar til þál. um skólaskipan á framhaldsskólastigi.

Í grg. með þessari till. ræðum við frekar um þessar blindgötur og þær hindranir sem geta verið í vegi fyrir því að fólk geti síðar lagt inn á nýjar námsbrautir, annaðhvort í reglulegu skólanámi eða með stuðningi af fullorðinsfræðslu í öðru formi. Við bendum á það að víða í grannlöndum okkar er unnið að slíkum sveigjanleika skólakerfisins og það megi margt læra af reynslu þeirra. Við bendum á það í grg., að þær áætlanir, sem þegar hafa verið gerðar um *samræmt fjölbrautanám á nokkrum svæðum* á landinu, séu vísir að mótun þess heildarskipulags náms á framhaldsskólastigi sem hér um ræðir. Það er m. a. gert ráð fyrir að námsskrá skólastigsins verði samræmd af fræðsluyfirvöldum og námið byggt upp í formi eininga þar sem ein taki við af annarri og unnt er að raða námseiningum saman á skilgreindum námsbrautum sem nemandi getur valið sér í samræmi við áhugasvið og getu. Veigamikill kostur slíks námsskipulags er sveigjanleiki, sem m. a. gerir nemendum kleift að ljúka námi með nokkrum réttindum eftir stutta skólagöngu, t. d. 1—2 ár, og auka síðan við án þess að byrja frá grunni. Slík skipan á í senn að geta lyft verkmenntun í landinu til meiri vegs en nú er, til hagsbóta fyrir atvinnuþróun, og einstaklingarnir fá um leið tækifæri til að reyna sig í starfi áður en þeir lokast inni í mjög sérhæfðu eða löngu námi. Þeirri endurskipan, sem hér um ræðir, er þó ekki stefnt gegn þeim sérskólum sem fyrir eru í landinu því að allir munu þeir geta gegnt mikilvægu hlutverki í tengslum við samræmt fjölbrautanám hver á sínu sviði og betur en nú er, þar sem þeir þurfa auk sérkennslunnar að sinna margháttaðri almennri undirstöðufræðslu.

Í fyrra staldraði ég við og nefndi ýmsar þær námsbrautir sem samræma þyrfti í nýskipan framhaldsmenntunar. Ég benti þar á t. d. hjúkrunarfræðsluna, verslunar- og viðskiptanám ýmiss konar og húsmæðrafræðsluna, auk iðnfræðslunnar sjálfrar sem nú er í megnasta ólestri. Námið í þessum einstöku greinum er mjög mislangt. En einangruð fræðsla í tilteknum greinum einum á ekki að vera ríkjandi fyrr en á lokastigi. Við flm. *leggjum einmitt á það sérstaka áherslu* að skólaskipanin nýja á að vera í þágu nemandans, en ekki kerfisins, reyna að gera hann ánægðari, fjölfróðari og viðsýnni í námi sínu svo sem nokkur kostur er. Um framkvæmdina hlýtur altaf að mega deila og hún getur vitanlega orðið misjöfn, en sveigjanleiki og viðfeðmi í skólaformi eiga að tryggja möguleika á betri framkvæmd og bættri alhliða menntun á framhaldsskólastiginu. Því er síst að leyna að hér er hægara um að tala en úr að bæta. Það gerum við okkur fyllilega ljóst. Hér er mjög mikið starf óunnið og mörg ljón vissulega á veginum. Ég bendi á það að sérskólasjónarmiðin eru býsna sterk og samræming að því er virðist ólíkra námsbrauta ekki leikur einn, enda reiknum við ekki með neinni alhæfingu eða neinni stökkbreytingu í þessum efnum, en heildarskipulag verður þó alla vega að hafa. Fálmkenndar tilraunir, sem er verið að gera á einstökum sviðum, geta gert illt verra og því þarf heilsteypta rammalöggjöf, svo sem hér er að stefnt. Sú er aðalástæðan fyrir flutningi þessarar till. okkar, að við óttumst að allur dráttur á þessu kunni að reynast alvarlegur, fyrst og fremst í þeim greinum sem nú þurfa og eiga að fá uppreisn í okkar skólakerfi, — öllum þeim *greinum sem lúta* að atvinnulífi okkar og verkmenntun í landinu.

Í grg. okkar segir einnig að brýnt sé vegna *byggðarsjónarmiða* að *framhaldsnám* eflist í landshlutunum svo að jafnað verði það bil sem óðum fer breikkandi milli þeirra og höfuðborgarsvæðisins varðandi námskosti og fjölbreytni í námsvali. Það er sjónarmið flm. að endurskoðun sú, sem till. gerir ráð fyrir, sé ekki síst mikilvæg fyrir þróun framhaldsskólanáms úti um land og um leið atvinnuþróun landsbyggðarinnar. Einnig þar á samræmt fjölbrautanám undir forustu kjarnaskóla að geta orðið vegvísir, sem tryggir landsbyggðinni betri stöðu til að halda til jafns við höfuðborgarsvæðið um menntunarkosti, enda njóti slík uppbygging jafnræðis og helst forgangs um fjármögnun.

Við bendum á að allt nám á framhaldsskólastigi eigi að sitja við sama borð hvað fjárveitingar snertir. Hér var sérstaklega vikið að því sem við höfum fengið lánað frá Hjörleifi Guttormssyni og nefnt er kjarnaskóli, þ. e. a. s. að hér yrði *um að ræða kjarnaskóla* sem yrðu forustuaðilar í mótun framhaldsnáms á tilteknum svæðum, svipað og fyrirhugað er með skólann á Egilsstöðum. Það er að vísu flókið mál að fara náið út í það, en ég bendi á helstu þættina í því sem í dag eru fyrirsjáanlegir og eru fyrirhugaðir varðandi menntaskólann á Egilsstöðum eða fjölbrautaskólann þar.

Það er í fyrsta lagi fyrirhuguð tenging við verkmenntun í Neskaupstað og víðar í fjórðungnum. Síðar kæmi Höfn í Hornafirði sem eins konar útibú frá þessum skóla inn í dæmið. Þar kæmi Hallormsstaður inn með sína húsmæðrafræðslu eða hvað hún nú mun heita, búnaðarfræðsla væntanleg og sjálfsögð í tengslum við tilraunastöðina á Skriðuklaustri, útibú frá Fiskvinnsluskóla, *eins og rætt hefur verið um*, og þannig mætti áfram telja og nefna til viðbótar t. d. hjúkrunarbraut í tengslum við sjúkrahúsið í Neskaupstað. En þó að möguleikarnir séu miklir og margvíslegir, þá þykir okkur rétt að taka undir hugmynd Hjörleifs um að ákveðinn kjarnaskóli hafi forustu. Framhaldsbrautir hinna einstöku greina yrðu þar og um leið stefnumót-

un almennt um samtengingu námsbrautanna þegar lengra verður komið og þá yrði auðvitað fræðsluráð hvers skóla með þetta að miklu leyti í höndum sér. Við vitum að forgangur í fjármögnun hefur verið nokkuð mikill miðað við aðalþéttbýlissvæðið, og ég held að það mæli fátt gegn því af sanngirni að um tíma hafi landsbyggðin forgang varðandi framhaldsmenntunina. Um fjármögnun til hinna einstöku greina menntunarinnar, að hún sé sem jöfnust, þá ætti það ekki að þurfa rökstuðnings við. Atvinnuvegir okkar kalla allir á aukna menntun, a. m. k. lágmarksmenntun, og verkmenntunin þarf og á að vera jafnrétthá hinni bóklegu án þess að þar myndist nein menntastigsgjá á milli eins og nú er.

Að lokum segjum við í grg. að óhjákvæmilegt sé að frv. kveði skýrt á um hver eigi að vera hlutur ríkisins og aðila í fræðsluumdæminu í stofnkostnaði, rekstri og stjórn framhaldsskólanna. Flm. telja að sú kostnaðarskipting, sem bundin er í heimildarlöggjöfinni um fjölbrautaskóla, sé óraunhæf og þarfnist endurskoðunar. Við vitum hvernig þetta hlutfall er til komið í löggjöf í dag, þ. e. a. s. 60% af hálfu ríkisins, 40% af hálfu heimaaðila. Það er óraunhæft og ósanngjarnt. Þar er aðeins um tilraun að ræða við alveg sérstakar aðstæður, og endurskoðun þess er sjálfsögð og ég held meira að segja að hún sé í fullum gangi í aukna réttlætisátt fyrir þá aðila er á móti ríkinu eiga að leggja sitt framlag.

Það má segja að grg. ein hafi ekki sagt hér alla sögu. Hún er aðeins vegvísir til þeirrar nýskipunar sem hér þarf að komast á sem fyrst. En nokkur almenn orð hljóta alltaf að fljóta með og í sumu kann eins og venjulega að vera ofsagt, því að vissulega er ég ekki að vanmeta þá námsbraut sem menntaskólanámið er í dag út af fyrir sig, aðeins alhæfingu hennar og hve afgerandi hún er og ríkjandi í okkar skólakerfi. En fyrir okkur landsbyggðarmenn er þetta verkefni í hvívetna mjög brýnt. Við þurfum að tryggja hvort tveggja, að vinna upp sem best grunnskólanámið, sem þegar er tiltölulega fullkomin löggjöf um þó að henni megi vissulega alltaf breyta, og ekki síður jafnhliða framhaldsnám í nýjum búningi, laust við fjötra sérhæfingar og forgangs menntaskólanámsins, svo sem er í dag. Til að ýta á eftir þessari brýnu lagasetningu er till. þessi flutt. Hún er engan veginn tæmandi. Til þess er ekki ætlast og við leggjum einmitt sérstaka áherslu á að löggjöf, sem sett yrði um framhaldsnám í landinu, yrði sveigjanleg, hún hefði næga endurskoðunarmöguleika og hún eigi á hverjum tíma að geta breyst í samræmi við breytta þróun og við skulum vona betri og fullkomnari atvinnuhætti. Ég held að það sé mál allra í dag að það sé fátt meiri þjóðhagsleg nauðsyn, eins og svo oft er haft á orði, en að beina ungu fólki inn á nýjar menntabrautir sem nýtast þjóðarheildinni og einstökum landshlutum svo vel sem kostur má vera.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að óska eftir því að þessari till. verði vísað til hv. menntmn.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Hér er hreyft mjög aðkallandi vandamáli, þar sem þessi till. fjallar um skólaskipan á framhaldsskólastigi. Ég tek undir það með flm. að nauðsynlegt sé að yfirvöld fræðslumála geri upp við sig hvernig þeir hugsi sér að framhaldsmenntuninni verði hagað hér á landi. Eins og sakir standa núna er þetta allt mjög laust í reipunum og kannske tilviljunarkennt hvort nemendum með sambærilega menntun frá ári til árs gefst kostur á að feta sömu menntabrautina. Það getur verið komið undir eftirspurn eða umsóknum að vissum framhaldsskólum og ýmsu öðru.

Ég held að þessi mál og einnig grunnskólanámið sjálft þurfi að taka til algjörlega nýrrar endurskoðunar. Ég sagði við afgreiðslu grunnskólalaganna hér á þingi 1974 að ég teldi að sú löggjöf væri gölluð í mjög veigamiklum atriðum, og ég fullyrði að við erum ekki á réttri braut núna í sambandi við framkvæmd efstu bekkja grunnskóla og vil í því sambandi m. a. benda á þær villigötur sem t. d. íslenskunámið er að fara út í.

Vegna ummæla hv. flm. um grunnskólann vil ég enn ítreka andstöðu mína við lengingu skólaskyldunnar. Það er algjör misskilningur að það sé nokkrum til góðs — nokkrum unglingi, hæði í strjálbýli og þéttbýli — að pína hann til þess að vera áfram í skólanum eftir að öll löngun hans til frekara skólanáms er þorrin og öll hans þrá beinist að því að fara út í atvinnulífið. Ég veit að hv. flm. er eins og ég kennari, og ég býst við því að hann hafi orðið fyrir þeirri sömu reynslu og ég að hafa kynnst unglingum sem hafa verið vandræði með í skólum og hafa ekki fengist til þess að sækja sitt skólanám. Þeir hafa farið út í atvinnulífið og þeir hafa komið aftur eftir 1, 2, 3 eða 4 ár sem góðir skólaþegnar í hinum margvíslegu framhaldsskólum.

Ég held að við megum ekki gleyma því að unglingarnir eru misjafnir. Við megum ekki gleyma því að menn eru mismunandi hneigðir til náms, bóknáms og verklegs náms, og á vissum skeiðum unglingaaldursins þurfa unglingarnir beinlínis á því að halda að komast í nýtt andrúmsloft, komast út fyrir veggi skólanna. Þetta er geysilega mikið atriði sem ekki má gleymast. Ég get haldið um þetta lengri tölu ef ástæða verður til. En ég held að við ættum að gera okkur grein fyrir því að unglingarnir eru ekki gripir sem hægt er að reka í einhverja kró. Við verðum líka að hugsa um að einstaklingarnir eru mismunandi og þeir verða að fá að ráða því sjálfir hvernig þeir vilja búa sig undir lífsstarfið. Ég er ekki með þessum orðum mínum að draga úr þýðingu náms, síður en svo. Ég er aðeins að segja það sem við vitum sem nálægt skólamálum höfum komið, að skólarnir eru á margan hátt misheppnaðir og þar eru margir nemendur sem sækja ekki þá hamingju í bráð og lengd í skólana sem ætlast er til með lagasetningu á Alþ. Ég vil benda á í þessu sambandi að grunnskólanámið sjálft, eins og það er hugsað, að allir unglingar á Íslandi eiga að þreyta sömu námsbraut, eigi að taka sama próf og eigi að tileinka sér sama lestrarefni á jafn-

mörgum árum, er að sjálfsögðu ábyrgðarlaust og meiðandi fyrir þá unglinga sem undir þessu verða að sitja. Reynslan hefur líka orðið sú, að það, sem einn unglingurinn getur gert á þremur árum léttilega, á annar erfitt með að gera á fjórum. Við verðum að viðurkenna að mannskepnan er ekki eins löguð, guði sé lof.

Í þessari tillgr. hér er talað um samræmdan framhaldsskóla. Mér er ekki alveg ljóst hvað flm. eiga við með þessum orðum. Þaðan af síður skil ég hvað flm. eiga við með orðinu „kjarnaskóli". Þótt hv. flm. hafi komið lítillega inn á það orð hér áðan, þá fór því alveg víðs fjarri að mér væri ljóst hvað hann ætti við með því. Það leysir að sjálfsögðu ekki neinn vanda í íslenskum fræðslumálum að koma með ný orð. Ég vil vara mjög við því, sem mér virðist hafa verið þróunin á s. l. árum, að fara eftir einhverjum tískusveiflum í skólamálum.

Ég vil einnig vara mjög við því að Alþ. — án þess að athuga sinn gang mjög vel — heimili lengingu á hinum ýmsu námsbrautum eftir grunnskóla, því að ég held að sá þrýstingur, sem er á lengra framhaldsnámi að loknu grunnskólanámi, sé af hinu illa. Ég held að það skipti ekki mestu máli kannske um margvíslegar námsgreinar hversu langt námið er í byrjun, hversu gott það er í byrjun, — ég held það skipti ekki síður miklu máli að mönnum gefist kostur á því að fylgjast með í sínum greinum eftir að námi lýkur og við reynum með þeim hætti að halda við þeirri upplýsingu og þeirri starfsmenntun sem einstaklingarnir í þjóðfélaginu fá Þess vegna sakna ég þess að inn í þessa tillgr. skuli ekki koma ákvæði í þá átt. Ég held einnig að það sé nauðsynlegt í þessu sambandi að taka fullorðinsfræðsluna til algjörrar endurskoðunar, hvernig rétt sé að standa að henni. Ég hef áður lýst þeirri skoðun minni hér á hinu háa Alþ., að ég held að það sé öllum fyrir bestu að þeim, sem einhverra hluta vegna hafa oltið út úr námi á tiltölulega ungum aldri, gefist aftur kostur á að komast í framhaldsskólana síðar meir. En við eigum ekki heldur að standa allt of fast á móti því að nemendur á viðkvæmasta aldursstigi fari út í atvinnulífið. Skólarnir eru oft á tíðum þessum nemendum kvöl og við eigum að viðurkenna það. Við eigum ekki að níðast á þessum einstaklingum sem eiga enga málsvara í þjóðfélaginu.

Ég tek undir með hv. þm. að það eru margvíslegar blindgötur í okkar skólakerfi sem þarf að opna, og sumir skólar eru satt að segja búnir að missa af lestinni og þar á ég einkum við húsmæðraskólana. Það var lagt fram frv. í tíð hæstv. þáv. menntmrh., Magnúsar T. Ólafssonar um þá skóla, að reyna að gera þá virkari. Ég held að við þurfum að taka það mál aftur upp til enn nýrrar athugunar. Það er verið að reyna að finna þessum skólum markmið, þannig að hægt verði að reka þá af fullum krafti. Eins og sakir standa er ástandið næsta bágborið í þeim efnum eins og við vitum.

Ég hef nú sagt hér nokkur orð um þessa till. til þál. Ég tel brýnt að þessi mál komi til athugunar, en ég er ekki viss um að ég og hv. flm. séum sammála um það, hvernig við hugsum okkur skólaskipan á framhaldsskólastigi. Það kemur hins vegar ekki í veg fyrir það að ég er að sjálfsögðu hlynntur því að athugun á þeim málum fari fram og tel það raunar mjög brýnt. Og ég ítreka að grunnskólinn hefur ekki leyst neinn vanda. Við, sem erum við kennslu, vitum ofurvel að þeir nemendur, sem eiga erfiðast með nám og eru mest seinþroska, finna það og kveina undan því að framhaldsskólafræðslan er stöðugt meira að fara inn á þá braut að einungis þeir nemendur, sem ljúka stúdentsprófi eða hafa burði til að ljúka sambærilegri menntun, komist í æ fleiri greinar framhaldsskólanna, en hins vegar er verið að loka mörgum menntabrautum fyrir þessum nemendum. Þetta er mjög hættuleg þróun. Ég veit ekki hvort þessi kjarnaskóli á að leysa eitthvað í því efni. Þetta er bara orð fyrir mér sem ég veit ekki hvaða inntak hefur og var ekkert inn á það komið.

En sem sagt, það eru þeir nemendur, sem eiga erfiðast uppdráttar, sem ýmist hrökklast úr skóla eða eru áfram út grunnskólann, sem við þurfum núna að veita athygli og við þurfum nú að fara að sinna. Grunnskólalögin leysa ekkert fyrir þennan hluta nemendanna, og það er okkur þjóðfélagslega brýn nauðsyn að þessum hluta nemendanna gefist kostur á framhaldsmenntun sem þeir sætta sig við.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Nú ég vil þakka hv. 2. þm. Norðurl. e. fyrir vinsamlegar undirtektir undir till. í heild og leggja einmitt á það áherslu að vegna skiptra skoðana okkar um framhaldsnámið, bæði okkar og fjölmargra annarra um þessi mál almennt, þá er einmitt nauðsynlegt að taka þessi mál upp sem allra fyrst og einmitt í tengslum við þau lög sem við getum auðvitað deilt endalaust um hvort hafi verið góð eða slæm, en þó a. m. k. gilda nú.

Ég lagði á það áherslu þegar grunnskólalög voru hér samþ. og get tekið undir það, að auðvitað er það framkvæmdin á þeim sem skiptir öllu máli. Lögin sjálf leysa út af fyrir sig engan vanda, ef t. d. efsti hluti grunnskólans er skilinn eftir á þann hátt sem hv. þm. var að lýsa áðan og kannske farið út á ranga braut þar, sem getur vel verið að sé rétt, ég hef ekki fylgst svo vel með þessu þau tvö síðustu ár sem þetta hefur komið sérstaklega til. Ef t. d. það valfrelsi, sem ég áleit að væri aðalkostur við efsta hluta grunnskólans, ef þetta valfrelsi er ekki framkvæmt, ef það er ekki virkt, þá vitanlega ná lögin ekki þeim tilgangi sem ég taldi einn aðalkost þeirra. Mér fannst einmitt að þarna opnuðust leiðir fyrir ýmsa nemendur á 13—14 ára aldursskeiði til þess að fara í nokkru aðrar leiðir en hina hefðbundnu bóknámsleið og ef lögin eru rétt lesin og rétt framkvæmd, þá eiga þau að vera með þann möguleika í fullum gangi. Verði það ekki framkvæmt, þá vitanlega er þessi, að ég tel, aðalkostur laganna fyrir hý, og það er miður ef framkvæmdin verður slík.

Almennt um grunnskólalögin og námsleiða eða áhugaleysi nemendanna og allt það, um það ætla ég ekki að fara út í nýjar deilur hér. Um það deildum við hv. þm. t. d. og fleiri á sínum tíma, um hinar ýmsu ástæður. Ég benti þá á ýmsar aðrar ástæður áhugaleysisins hjá nem-

endum en þær sem hv. þm. kom hér réttilega inn á áðan.

Hann minntist einnig á að við þyrftum að skapa nemendum aðstöðu til þess að kynnast andrúmslofti atvinnulífsins. Þrátt fyrir það að skólatiminn hafi lengst, þá er það nú svo úti á landi að þar kynnast nemendur býsna vel andrúmslofti atvinnulífsins og eru í góðum tengslum við það. Ég reikna með að það sé hér í þéttbýlinu, mesta þéttbýlinu, sem séu hvað mest vandræði hvað snertir það atriði. Þá á ég auðvitað ekki við að blessuð börnin hér kynnist ekki nógu vel ýmsum þáttum atvinnulífsins, svo sem verslun, því að þau hafa mjög góða og mikla reynslu allt frá því að þau eru næstum að segja hvítvoðungar í því að umgangast þann hluta atvinnugreina okkar sem lýtur að verslun og viðskiptum, og eru sjoppurnar auðvitað besti staðurinn sem þau eiga völ á hvað það snertir. En kannske er það ekkert meira en sjoppurnar sem þau hafa fyrir augunum og kynnast hér í þéttbýlinu. En hjá okkur úti á landi er þessu öðruvísi farið, sem betur fer. Ég tek alveg undir það að nemendurnir þurfa bæði hér sem annars staðar að kynnast andrúmslofti atvinnulífsins almennt séð og sem best og mest.

Það var ekki von að mér tækist að gera hv. þm. fullkomlega skiljanlegt orðin „samræmdur framhaldsskóli“ eða „kjarnaskóli“. Þessu reyndi Hjörleifur Guttormsson að gera mér grein fyrir í fyrra á heilu kvöldi og tókst að mestu leyti, en auðvitað alls ekki svo að ég gæti miðlað öðrum af þeirri þekkingu. Ég vék rétt að því áðan hvernig þessi kjarnaskóli væri t. d. hugsaður eystra hjá okkur og vitnaði þar í eins konar forustuskóla, sem sæi um samtengingu hinna ýmsu námsbrauta, sæi um að hinir ýmsu námsbrautir, sem farnar væru í fjórðungnum, eins og t. d. varðandi búnaðarfræðslu, húsmæðrafræðslu og ýmislegt annað, þær lokuðust ekki, heldur væru möguleikar nemenda í þeim til þess að halda áfram námi annars staðar, á öðrum námsbrautum. Hitt er annað, að ég hef ekki trú á því að með þessu kjarnaskólakerfi sé Hjörleifur Guttormsson að elta einhverja tískustefnu í þessum efnum. Ég held einmitt að hann sé að fara þarna inn á nýja og mjög athyglisverða braut. En ég verð sem sagt hreinlega, ef ég á ekki að fara að verða hér allt of langorður, að vísa hv. þm. í nám til Hjörleifs hvað þetta snertir. Ég veit að hann er fús til þess að miðla öllum af mikilli þekkingu sinni og viti um þetta mál. En sem sagt, samræmdur framhaldsskóli er í okkar vitund það, að framhaldsskólamenntunin sé sem mest samræmd, brautirnar gangi ekki á misvíxl án tengsla hver við aðra. Það er okkar meining með þessum samræmda framhaldsskóla. Það mætti kannske orða það öðruvísi og segja: „með samræmdu framhaldsnámi þar sem kveðið sé skýrt á um verkaskiptingu og tengsl hinna ýmsu skóla og námsbrauta“. Það kynni vel að vera að það væri rétt, en um samræmingu þessara þátta ætti ekki að þurfa að deila.

Ég bendi aðeins á það að í fyrra minntist ég á fullorðinsfræðsluna. Hún var á sama tíma hér til umr. á Alþ., og ég benti þá á að það væri samhliða nauðsyn að hyggja að henni, jafnframt því sem við athuguðum betur og betur en gert hefur verið um framhaldsskólastigið. Þetta ætti einmitt að fylgjast að, framhaldsskólastigið og fullorðinsfræðslan. En ég skal sem sagt fara í það, ef hv. þm. vill, að miðla honum af þekkingu minni varðandi þennan kjarnaskóla, en ég þykist geta vísað til svo góðs læriföður varðandi útskýringar á því að þess sé ekki þörf hér.

ATKVGR.

Till. vísað til menntmn. með 11 shlj. atkv. og umr. frestað.

Söknargjöld, frv. (þskj. 27). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. um þetta efni, frv. til l. um söknargjöld, var lagt fyrir síðasta Alþ., en svo seint á því þingi að það náði þá ekki afgreiðslu. Þau lög, sem nú eru í gildi um söknargjöld frá árinu 1948, eru að ýmsu leyti orðin úrelt ef miðað er við aðstæður nú og nokkuð orðin einstæð í gjaldakerfi því sem við búum við.

Þessu frv. er ætlað að breyta þeirri skipan og leysa þessi lög frá 1948 af hólmi. Samkv. þeim lögum, sem nú gilda, lögunum frá 1948, eru söknargjöld persónugjöld eða nefskattur sem allir menn á aldrinum 16—67 ára eiga að greiða. Þau geta verið mismunandi eftir einstökum söknum, því að söfnuðirnir hafa innan vissra marka ákvörðunarvald um álagningu gjaldsins. Eftir þá lagabreytingu, sem gerð var árið 1972, þegar almannatryggingagjaldið var fellt niður, mun söknargjaldið vera eini nefskatturinn sem enn er lagður á. Þetta veldur m. a. óhagræði og auknum kostnaði við framkvæmd álagningar og innheimtu opinberra gjalda og þá ekki hvað síst hér í Reykjavík, þar sem allmargir tekjulitlir gjaldendur greiða nú engan annan skatt en söknargjald.

Breytingin, sem felst í þessu frv., er sú að horfið er frá því að leggja söknargjöld á sem nefskatt, en í stað þess á það að leggjast á sem ákveðinn hundraðshluti af útsvari gjaldanda. Kosturinn við þessa tilhögun er sá að hún tryggir sjálfkrafa hækkun á söknargjöldum í samræmi við hækkun á verðlagi og í samræmi við útgjöld safnaðanna og nemur auk þess af það óhagræði sem fylgt hefur innheimtu þessa nefskatts.

Í frv. er sem sagt gert ráð fyrir því að söknargjöld verði framvegis greidd aðeins af útsvarsgjaldendum og að gjaldið nemi ákveðnum hundraðshluta af útsvari, 1%, en getur þó undir vissum kringumstæðum verið heimilað að hækka það í 1½%. En jafnframt er tekið fram að jafnan skuli þó gjaldandi söknargjalds greiða tiltekna lágmarksfjárhæð, 500 kr. fyrir einstakling og 1000 kr. fyrir hjón.

Kirkjuþing hefur fjallað um þessi mál og þar var samþ. frv. um þetta efni. Það frv., sem hér er nú lagt fram, er í meginatriðum sniðið eftir því frv. sem Kirkjuþing gekk frá á sínum tíma, a. m. k., eins og ég sagði, í öllum aðalatriðum. En það eru þó gerðar á því nokkrar breyt. og þær breyt. miða helst í þá átt að það er gengið nokkru skemmra í gjaldheimtunni en

gert var ráð fyrir í frv. því sem afgr. var á Kirkjuþingi.

Þetta frv., er auk þess að vera sniðið í meginatriðum, eins og sagt var, eftir frv. því sem Kirkjuþingið samþ. á sínum tíma, samið af dóms- eða kirkjumrn. og fjmrn., þ. e. a. s. að menn frá báðum þeim rn. hafa um það fjallað og gert þær breyt. á því, eins og það kom frá Kirkjuþingi, sem eðlilegra þótti og þóttu horfa til nokkurs hagræðis. Í aths. þeim, sem fylgja frv., er gerð grein fyrir þessum breyt., í athugasemdum við einstakar gr., og sé ég ekki ástæðu til að endurtaka það.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 10. fundur.

Mánudaginn 27. okt., kl. 2 miðdegis.

Skylduskil til safna, frv. (þskj. 9). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Námsgagnastofnun, frv. (þskj. 8). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þetta frv. var undirbúið af n. fyrir alllöngu. Fyrrv. menntmrh., hv. 3. landsk. þm., Magnús T. Ólafsson, skipaði n. í júní 1972 til þess að endurskoða lög um Ríkisútgáfu námsbóka og lög um Fræðslumyndasafn ríkisins með það fyrir augum að sameina þessar stofnanir og tryggja þannig sem hagkvæmast starf þeirra í milli og þá einnig samstarf við skólarannsóknadeild menntmrn. Í ráði var um hríð og um það er raunar til lagaheimild að sameina Fræðslumyndasafnið og menntmrn., þ. e. a. s. fella Fræðslumyndasafnið alveg inn í starfsemi rn. En við nánari athugun var talið réttara að sameina Fræðslumyndasafnið og Ríkisútgáfu námsbóka.

Samhljóða frv. þessu var lagt fyrir strax á 94. löggjafarþingi til kynningar þá og ekki afgreiðslu. Það var einnig lagt fyrir á síðasta Alþ. í sömu mynd og það nú er lagt fram.

Meginefni þessa frv. er sem sagt að sameina Ríkisútgáfu námsbóka og Fræðslumyndasafn ríkisins í eina stofnun undir heitinu Námsgagnastofnun, en jafnframt er svo með frv. leitast við að efla þá væntanlegu nýju stofnun til þess að gegna því þýðingarmikla hlutverki að sjá íslenskum skólum fyrir sem bestum og fullkomnustum náms- og kennslugögnum og annast framleiðslu, útgáfu og miðlun hvers konar námsefnis og kennslutækja og fylgjast með margvíslegum nýjungum á þessu sviði í nánu samráði við Skólarannsóknirnar, jafnframt því sem henni er þá ætlað að halda uppi fræðslu- og upplýsingastarfsemi meðal kennara að því er þessa þætti varðar og við verður komið á hverjum tíma.

Þessu frv. fylgir mjög itarleg grg. og það er nokkuð langt mál að fara að rekja þetta í einstökum þáttum. Ég sé ekki ástæðu til að gera það hér við 1. umr., en vil í þess stað vísa til þeirra aths. sem frv. fylgja.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til að frv. verði að lokinni umr. vísað til hv. menntmn.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég dreg ekki í efa að það frv., sem hér liggur fyrir, ef það verður að lögum, á eftir að verða til gagns fyrir skólanemendur og kennara þeirra. Ég hef ekki kvatt mér hljóðs til að ræða frv. sem slíkt. Mig langar þó að gera eina almenna athugasemd sem gamall kennari. Núna þegar fyrirkomulag kennslumála hefur verið ofarlega á baugi árum saman og nýir og nýir fræðimenn hafa sett fram nýjar og nýjar kenningar um, hvaða aðferðir séu heppilegastar til þess að koma íslenskum skólanemendum til vits og þroska og stjórnvöld hafa að sjálfsögðu reynt að fylgja ráðum þessara sérfræðinga allra eftir megni, og svo hafa aðrir lærdómsmenn lagt sig í líma við að reikna út hvers konar húsnæði henti best í skólum, allt niður í það hve margir fersentimetrar af gólffleti í kennslustofum séu heppilegastir til þess að lærdómurinn eigi sem greiðasta leið inn í nemendur og að andlegir hæfileikar kennara njóti sín sem best, þegar þetta hefur nú staðið árum saman, fer þá ekki að verða kominn tími til að bæta við enn einni könnun ofan á allar hinar, þ. e. a. s. könnun á því hvort allar hinar kannanirnar hafi borið tilætlaðan árangur. Ég efast ekkert um að eftir tilkomu allra þessara nýju kenninga og allra þessara nýju aðferða, þá er árangurinn við kennslu að sjálfsögðu orðinn glæsilegur samanborið við það sem t. d. gerðist þegar við þessir eldri vorum að bauka við kennslu, t. d. þegar hæstv. menntmrh. var að kenna börnum austur á Brekku í Mjóafirði og ég í næsta byggðarlagi. Ég efast ekki um að árangurinn er orðinn stórglæsilegur samanborið við það sem þá tíðkaðist. En það, sem ég á við þegar ég tala um þessa könnun, er hvort það væri hægt að fá að vita hversu miklu, miklu, miklu glæsilegri árangurinn er orðinn núna eftir að allar þessar nýju kenningar og nýju aðferðir komu til sögunnar.

Þetta var sem sé aðeins almenn athugasemd. Það væri reyndar freistandi að gera athugasemdir við fáein atriði í frv. Það er t. d. kafli um Fræðslumyndasafn ríkisins. Forstjóri þess á sæti hér á hv. Alþ., en hann er nú ekki í salnum. Mig hefði langað að spyrja, hversu mikið gagn þessi stofnun geri, og ef hún geri ekki nógu mikið gagn, þá hvers vegna hún geri ekki nógu mikið gagn. Væri t. d. ekki hægt að láta hana gera töluvert meira gagn með því að gera nú alvöru úr því, sem oft hefur verið talað um, að taka sjónvarpið í þjónustu skólakerfisins? Sjónvarpið er að sjálfsögðu áhrifamesta námsgagn — svo að

ég noti nú það orð — sem við eigum á að skipa, og hvers vegna er það ekki notað? Hvers vegna er það ekki gert að skóla þann tíma dagsins sem það er ekki önnum kafið við að flytja okkur annað efni, sem vægast sagt er ekki allt saman hliðhollt menningunni eða líklegt til að efla þroska æskunnar? Þessu beini ég til hæstv. menntmrh. til athugunar og í fullri vinsemd.

Annað, sem ég vildi beina til hans í fullri vinsemd — og það er nú eiginlega aðalástæðan til þess að ég kvaddi mér hljóðs — er eitt hneyksli í skólamálum sem hefur viðgengist alltof lengi óátalið. Framhaldsskólanemendum er á hverju einasta hausti gert að kaupa einhver kynstur af kennslubókum og auðvitað ekkert við því að segja. Nauðsynlegust allra námsgagna eru að sjálfsögðu kennslubækur, þó að manni virðist nú reyndar að sumar þessar bækur mættu vera svolítið ódýrari en þær eru. En það furðulega er það hve margar hinar dýrustu bækur endast skammt. Og þá á ég ekki við pappírinn og ekki heldur við bandið, heldur við efni þeirra. Mörg bókin, sem keypt var í fyrrahaust, er orðin efnislega úrelt í haust og nemendum er gert að kaupa nýja útgáfu. Þetta þekkja foreldrar sem hafa staðið í því að koma börnum sínum mörgum í gegnum framhaldsskóla. Svona hefur þetta gengið núna undanfarin ár. Það er ekki hægt að láta kennslubókina, eins og tíðkaðist í þá góðu og gömlu daga, ganga frá einu systkinanna til annars — ekki nándar nærri alltaf. Bækurnar eru strax orðnar úteltar, eins og ég segi, efnislega. Og **ég vil spyrja: Er ekki einhver leið til þess að hafa hemil á þessu? Það eru engir smáfjármunir sem þetta kostar heimilin á hverju hausti, jafnvel tugi þús., ég fullyrði það, sum barnmörg heimili. Og breytingarnar, sem verið er að gera, eru oft hverfandi litlar og að því er virðist helber hégómi. Ég hef sjálfur athugað og borið stundum saman þessar bækur og athugað breytingarnar, og ég fullyrði að ástæðan er oft fyrst og fremst og kannske ekkert annað en sérviska viðkomandi höfunda eða þá vítaverð gróðafikn, og er hvorugt gott.**

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Það er með mig eins og hv. síðasta ræðumann, að ég kveð mér hljóðs til þess fyrst og fremst að ræða það frv. sem hér er til 1. umr. Ég vil þó eins og hann lýsa yfir fullum stuðningi mínum við frv. og láta þá skoðun koma fram að ég er þess fullviss að ef það nær að verða að lögum, eins og ég vona, þá muni að því verða mikil endurbót í skólakerfinu.

En ég kveð mér hljóðs til þess að taka mjög sterklega undir meginefni ræðu hv. síðasta ræðumanns sem var það að skólabókakostnaður, sérstaklega í menntaskólum, hefur farið gífurlega vaxandi á undanförnum árum og er orðinn að mjög alvarlegri byrði fyrir þau heimili sem eiga börn í menntaskóla. Það er tvímælalaust rétt, sem kom fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns, að þessi kostnaður er óþarflega hár. Það má áreiðanlega með vissum aðgerðum draga mjög verulega úr honum.

Þetta er ekki nýtt vandamál. Ég minnist þess, þegar ég veitti menntmrn. forstöðu, að þá átti ég einu sinni — það er líklega um það bil áratugur síðan — umr. um þetta vandamál við þáv. rektor Menntaskólans í Reykjavík, Einar Magnússon, sem gerði sér algjörlega ljóst að jafnvel þá þegar var hér orðið um mikið vandamál að ræða. Hann mun hafa rætt við samkennara sína í þessum elsta skóla landsins, hvort sem það hefur borið nægilegan árangur eða ekki.

En síðan, á undanförnum áratug, hefur þetta vandamál enn farið vaxandi. Sumpart eru á því eðlilegar skýringar. Menntaskólum hefur fjölgað, sumir hafa fengið sérstök viðfangsefni og hinni gömlu, hefðbundnu deildaskiptingu í menntaskólunum hefur verið gerbreytt á undanförnum árum. Auðvitað hefur þetta kallað á nýjar kennslubækur í greinum þar sem námsefni hefur breyst mjög verulega. Þetta eru eðlilegar skýringar. Viðbótarskýring er sú, að ekki aðeins hefur námsefni menntaskólanna breyst mjög, t. d. á undanförnum áratug, heldur einnig námsefni lægri skólanna, námsefni þeirra skóla sem búa menn undir menntaskólanám, þannig, að nemendur koma nú með annan undirbúning á ýmsum sviðum inn í menntaskólana en þeir gerðu fyrir einum til tveimur áratugum. Það hefur auðvitað valdið því að námsefni í menntaskólunum hefur hlotið að taka breytingum sem þá hafa kallað á nýjar kennslubækur. En það er án efa rétt, sem síðasti ræðumaður lagði megináherslu á, að hér hefur verið um skipulagsleysi að ræða, og þess vegna hefur námsbókabreytingin orðið miklu örari og miklu róttækari en ástæða hefur verið til.

Ég geri mér ljóst að það er ekki við því að búast að menntmrn. geti gefið út neinar fyrirskipanir eða reglur, neinar almennar reglur sem tryggi að slíkt eigi sér ekki stað. Það er mjög eðlilegt að kennarar vilji varðveita heilbrigt sjálfstæði sitt varðandi mat á því hvað sé eðlilegt og hæfilegt námsefni. En engu að síður vil ég taka undir þá ósk hv. síðasta ræðumanns til hæstv. menntmrh. að hann taki þetta mál upp innan rn. og efni til viðræðna við rektora eða skólameistara menntaskólanna um þetta vandamál sem er brýnt og vex frá ári til árs og verður að meira vandamáli með hverju árinu sem líður. En mér er kunnugt um það að milli menntaskólanna er bókstaflega ekkert samstarf um þetta, hvernig vali kennslubóka skuli hagað og hvaða kennslubækur notaðar í hverri grein. Í sömu greinum, þar sem ætlast er til nákvæmlega sama, þar sem gerðar eru nákvæmlega sömu námskröfur, eru notaðar ólíkar kennslubækur, þannig að eigi heimili börn í sitt hvorum menntaskólanum sem læra nákvæmlega sama námsefni í einni grein, þá getum við búist við því að þau þurfi að nota gerólíkar kennslubækur. Þetta er auðvitað ekki gott, ekki heldur vegna heilbrigðs skólastarfs. Sem sagt, ég tek undir þá ósk til hæstv. menntmrh. að hann láti þetta mál til sín taka, þó að ég ætlist ekki til þess af honum að hann geti leyst vandann, en hann gæti stuðlað að því að þeir, sem raunverulega geta leyst hann, skólastjórar þeirra skóla sem hér er um að ræða, séu a. m. k. leiddir saman og bent á það að hér sé um að ræða vandamál sem taka þurfi á.

En til viðbótar því, sem ég hef nú þegar sagt, langar mig til að vekja athygli á öðru vandamáli á þessu sviði, þó að það sé ekki fyrst og fremst fjárhagslegs eðlis eins og þetta, en engu að síður mikilvægt.

Við þær breytingar, sem orðið hafa á menntaskólakerfinu á undanförnum 1—2 áratugum, að valfrelsi hefur stóraukist, þ. e. a. s. kenndar eru ýmsar greinar sem eru frjálsar kjörgreinar, menn ráða hvort menn stunda nám í þessum greinum eða ekki og eiga kost á að velja á milli margra greina, — við þetta hefur að sjálfsögðu fjölbreytni námsins aukist mjög verulega, en jafnframt er afleiðingin sú að um er að ræða fjölmargar smágreinar sem ráða þarf stundakennara til að annast kennslu í. Það er oft og einatt erfitt að fá sérfróða menn til að annast kennslu í slíkum greinum, enda hefur reynslan orðið sú að mjög verulegur hluti kennslunnar í þessum nýju frjálsu greinum er í höndum manna sem eru ekki sérfróðir á því sviði sem um er að ræða. Mér er kunnugt um það að kennararnir eru látnir algjörlega sjálfráðir um það hvað þeir kenna í þeirri grein, sem þeim hefur verið falið að kenna og námskrá hlutaðeigandi menntaskóla hefur gert ráð fyrir. Af eðlilegum ástæðum, vegna kennslustarfa minna við háskólann, hef ég kynnst námsefni í greinum sem þar eru kenndar, svo sem hagfræði og félagsfræði. Ég vil ekki nefna nein ákveðin dæmi um þetta efni, en vil þó segja og hygg að það sé tími til kominn að það sé sagt opinberlega, að ég þekki dæmi þess að námsefnið í menntaskólum, sem kennt er við hagfræði og kennt er við félagsfræði, er langt fyrir neðan það mark sem boðlegt er sem námsefni sem kennt er við hagfræði og félagsfræði. Skýringin er án efa sú að hlutaðeigandi skólastjórar eru ekki, sem er ekki hægt að búast við, sérfróðir á öllum þeim sviðum kjörgreina sem um er að ræða og eiga því ekki annars kost en að leggja það algjörlega á vald kennarans hvað hann kennir undir nafni kjörgreinarinnar. En við svo búið má ekki lengur standa. Það þarf að koma á einhverju kerfi um það hvað kennt er í hverri ákveðinni grein. Þess eru jafnvel dæmi að námsefni í kjörgrein, sem heitir það sama í tveimur skólum, er gerólíkt og á satt að segja í sumum tilfellum tiltölulega mjög lítið sammerkt. Þetta getur auðvitað ekki gengið. Þegar síðan stúdentar koma í háskóla og í ljós kemur í prófvottorðum þeirra, að þeir hafa stundað nám í þessari og þessari kjörgreininni, þá kemur í ljós að námsefnið er gerólíkt og í sumum tilfellum svo lítið og svo lélegt að greinin kafnar algjörlega undir nafni. Í þessum efnum þarf að gera breytingu, það þarf að tryggja aukið samræmi og tryggja visst lágmarksgildi námsefnis í greininni.

Það mun hafa verið svo, að í fyrstu reglugerð um Lærða skólann hér í Reykjavík — ég segi frá því til gamans þó að því fylgi í raun og veru líka nokkur alvara — voru ákvæði um það að ekki mátti breyta um námsbækur í Lærða skólanum nema með leyfi stiftsyfirvalda. Þetta mun hafa verið numið úr gildi þegar Lærða skólanum var breytt í Hinn almenna menntaskóla skömmu eftir aldamótin. Skýringin hefur eflaust ekki verið sú, að með þessu móti væri verið að hugsa um fjárhag nemendanna, þ. e. a. s. að ekki yrði skipt um kennslubók að óþörfu til þess að baka ekki nemandanum óþarfa kostnað. Ég hygg, og það er líka skoðun Einars Magnússonar rektors sem á sínum tíma vakti athygli mína á þessu, að tilgangur stiftsyfirvaldanna með þessari tilskipun hafi verið að tryggja gæði kennslubókanna, kennara væri ekki frjálst að taka upp hvaða bók sem væri, m. ö. o. ekki frjálst að minnka gæði þess námsefnis sem honum væri falið að kenna. Það er þessi hugsunarháttur sem ég held að nú sé orðið fullkomlega tímabært að endurvekja.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það fer fyrir mér eins og þeim tveimur hv. þm. sem hér hafa stigið í pontuna út af þessu máli, að mér verður tíðræddara um annað efni þess frv. sem hér liggur fyrir, þó að það sé í beinum tengslum við það. Ég vil aðeins taka það fram af eigin raun, að það er ekki aðeins í hinum æðri skólum, sem virðist ríkja — manni liggur við að segja hálfgert stjórnleysi í vali á kennslubókum, heldur ekki síður í sjálfum grunnskólunum, þ. e. a. s. í barnaskólum. Mér er t. d. nær að halda að í ákveðnum greinum — og þá á ég fyrst og fremst við erlend tungumál — séu fleiri skólar í Reykjavík sem kenna ekki þær bækur, sem Ríkisútgáfan gefur út, heldur en hinir sem kenna bækur Ríkisútgáfunnar. Það er kunnara en frá þurfi að segja að hér í Reykjavík eiga sér stað miklir flutningar á milli hverfa, sérstaklega hjá ungu fólki. Og ég hef reynt það sjálfur og fjölmargir mínir jafnaldrar, sem hafa flust á milli skólahverfa, að þurfa að vera með börn sem hafa numið þýðingarmiklar námsgreinar, eins og t. d. stærðfræði, eftir tveimur eða þremur kerfum á jafnmörgum skólaárum, eftir því í hvaða skóla þessi börn hafa numið. Og að sjálfsögðu hafa þau numið ekki aðeins eftir tveimur eða þremur kerfum, heldur eftir tveimur eða þremur kennslubókum.

Mér er einnig kunnugt um að það er orðið allalgengt að skólar — og þá á ég við grunnskóla — fari þess á leit við foreldra barna að foreldrarnir kaupi og borgi úr eigin vasa þær kennslubækur sem grunnskólarnir ætla að láta börn þeirra nema í ákveðnum námsgreinum. Það virðist vera orðið þannig að kennararnir sjálfir ráði því algjörlega, hvaða bækur eru notaðar, og þurfi ekki að leita til eins eða neins með umsögn um valið. Mér er t. d. kunnugt um það af eigin raun að skóli einn hér í borginni eða kennarar við þann skóla töldu að þær tvær bækur í erlendu tungumáli sem Ríkisútgáfa námsbóka kostar útgáfu við — önnur þeirra er íslensk, hin erlend — væru óhæfar til notkunar. Þá var óskað eftir því við Ríkisútgáfuna að þessi skóli fengi að festa kaup á þriðju bókinni og fengi kostnað að hluta greiddan af Ríkisútgáfunni. Svör voru þau að þessi bók væri nú við tilraunakennslu í ákveðnum skólum, það þyrfti sérstakt leyfi hjá Ríkisútgáfunni til að fá þessa bók keypta með sömu kjörum eins og aðrar bækur hennar, þetta leyfi væri aðeins veitt tilteknum skólum þar sem þessi bók væri í tilrauna-

kennslu. Niðurstaðan varð sú að foreldrum skólabarna var sent bréf, þar sem þess var farið á leit við þau, að þar eð bækur þær, er Ríkisútgáfan kostaði, væru óhæfar til brúks, væri vinsamlegast óskað eftir því við foreldrana að þeir heimiluðu börnunum að kaupa fjórðu bókina og greiddu fyrir hana úr eigin vasa. Þetta virðist stangast talsvert á við þann hátt sem maður heldur að hafi verið hafður uppi í skólakerfinu, þ. e. a. s. þar sem skipaðar hafa verið fjölmargar nefndir til þess að semja nýjar og ítarlegar námsskrár í einstökum greinum fyrir grunnskólastigið. Maður skyldi halda að þessar n. sem leggja ótvírætt mikla vinnu í þessi námsskrárstörf sín, létu frá sér fara einhverjar ábendingar um hvaða kennslubækur ætti að nota til þess að fylla út í þennan námsskrárramma og eftir þeim leiðbeiningum færi svo að sjálfsögðu Ríkisútgáfa námsbóka við bókaval og skólastjórar og kennarar sömuleiðis.

Svo virðist því miður ekki vera, þar sem ég vil enn endurtaka þá fullyrðingu mína að í ákveðnum greinum a. m. k. kenni grunnskólarnir í Reykjavík aðrar bækur en þær sem Ríkisútgáfa námsbóka sér um útgáfu á eða greiðir kostnaðarhlut af. Og ég vil eindregið vara við því að þetta mál sé gefið svona algerlega frjálst, að kennarar geti leikið sér að því án þess að þurfa undir einn eða neinn að sækja að velja sér sjálfir eftir eigin geðþótta, eftir sinni eigin kunnáttu og eftir sínu eigin mati, þessi kennarinn velji þessa bók, hinn kennarinn velji hina bókina og síðan verði nemendurnir að gjalda fyrir það eða njóta þess, eftir því hvernig á er litið, hvernig valið tekst, og foreldrarnir að greiða fyrir, jafnvel þótt mönnum sé sagt að námsbækur á grunnskólastigi eigi að vera nemendum og foreldrum að kostnaðarlausu.

Ég vil sérstaklega vekja athygli hv. þm. og hæstv. menntmrh. á þessu, að eins og farið er að framkvæma þessa hluti núna, þá getur það hreinlega ekki gengið.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af ábendingum hv. þm. sem hér hafa tekið til máls.

Hv. 8. landsk. þm. talaði nú seinast og vék að því að kennarar í ýmsum skólum höfuðborgarinnar á grunnskólastigi virtust vera nokkuð sjálfráðir um það hvaða bækur þeir notuðu og þeir gætu eða a. m. k. gerðu foreldrunum að kaupa aðrar bækur en þær sem Ríkisútgáfan hefur með höndum. Han drap á það að æskilegt væri og nauðsynlegt að ábendingar kæmu frá skólarannsóknadeildinni eða þeim hópum, sem undirbúa námsskrár, um það hvaða bækur séu notaðar.

Nú hef ég ekki texta þeirra orðsendinga eða ábendinga sem þessir aðilar senda út frá sér, en hins vegar gefur auga leið að fyrst hér er starfandi Ríkisútgáfa námsbóka og „skólarannsóknir", sem eru deild í menntmrn., vinna á vegum ríkisins, þá er að sjálfsögðu til þess ætlast þegar framkvæma skal þá starfsáætlun, sem skólarannsóknirnar leggja skólastjórum og kennurum í hendur, að þar séu notaðar á grunnskólastigi bækur þær sem Ríkisútgáfan gefur út og afhendir ýmist ókeypis ellegar þá með sérstökum kostakjörum. En það er að sjálfsögðu ástæða til að gefa þessum þætti alveg sérstaklega gaum og athuga hversu mikil brögð eru að vinnubrögðum af þessu tagi.

Nú er það auðvitað ekki gallalaust að ein útgáfa segi alveg fyrir um það hvaða bækur skuli notaðar, og mönnum finnst það kannske nokkuð bundið. En án þess næst þó varla sá tilgangur ágætur sem lá til grundvallar því að lögin um Ríkisútgáfu námsbóka voru sett, svo að í meginatriðum verða menn sjálfsagt að reyna að halda sig að því að nota bækur útgáfunnar á skyldunámsstiginu eða á þeim skólastigum sem hún nær til.

Hv. 5. þm. Vesturl. gerði hér nokkrar athugasemdir og kom með nokkrar ábendingar. Hann minntist á allar kannanirnar sem stöðugt eru í gangi og fersentimetrareikninginn varðandi rúm það sem börn þyrftu í skólum. Mér dettur nú líka í hug mínútureikningurinn, því að til eru um það töflur í íslenskri löggjöf hvað vikustarfstíminn hjá viðkomandi starfsstétt skuli vera margar mínútur. Og það er vorkunnarmál þó að okkur, sem kenndu þarna fyrir austan, þetta langt frá miðstöðvarvaldinu hérna syðra, gangi dálítið illa að átta okkur á nauðsyn alls þessa. En eftir þessu kerfi er nú unnið og kannanir hafa verið margar, þó að eftir sé að setja upp þessa allsherjarkönnun á því til hvers þessar síðustu kannanir hafi leitt enda held ég að það sé varla tímabært enn þá.

Hann minntist á það, hv. þm., að það væri nánast hneyksli hversu tíð umskipti væru á kennslubókum, t. d. á framhaldsskólastiginu, nýjar útgáfur væru komnar áður en menn vissu. Þetta er náttúrlega ekki alveg nýtt kannske. Mig minnir ég hafa þrjár útgáfur af landafræði, þegar ég var í barnaskóla: Morten Hansen, Karl Finnbogason og Steingrím Arason. En þetta er ekki betra fyrir það þó að það hafi áður tíðkast. Þetta er þvert á móti mjög óæskilegt, að umskiptin séu svo tíð að þau hafi mikinn kostnað í för með sér og einnig mikil óþægindi fyrir nemandann. Ég er því alveg sammála að að þessu þurfi mjög að gæta.

Hv. 9. þm. Reykv. minntist alveg sérstaklega á það ósamræmi sem væri í kennslubókanotkun á milli skóla á sama stigi, t. d. innan menntaskólanna, og það er vitanlega einnig mjög óheppilegt, veldur miklum óþægindum og kostnaði, og er auðvitað fullkomin ástæða til þess að reyna, eftir því sem mögulegt er, að koma þar á sem mestu samræmi.

Ríkisútgáfa námsbóka, sem mun hafa verið stofnuð eða lögin sett 1936, var náttúrlega gífurlegt spor í jöfnunarátt, stuðlaði að því að þeir efnaminni hefðu sömu aðstöðu og þeir efnameiri til öflunar kennslubóka. Ég vil meina að þetta frv. feli fyrst og fremst í sér kerfisbreytingu fremur en gagngera breytingu á einstökum þáttum þeirra ákvæða sem nú gilda, t. d. um Ríkisútgáfu námsbóka og Fræðslumyndasafnið. En enda þótt svo sé, þá gefur flutningur þessa frv. og meðferð þess hér á hv. Alþ. tækifæri til þess að koma að athugasemdum og ábendingum um efnisatriði lík og þau, sem hér hefur verið drepið á, og vafalaust ýmis fleiri. Mun þá sjálf-

sagt koma í ljós að betur sjá augu en auga og ber að fagna því að menn leggi hér af mörkum, hv. þm. hver eftir því sem hann hefur þekkingu til á hinum ýmsu sviðum.

Hv. þm. Jónas Árnason minntist aðeins á Fræðslumyndasafnið og hvaða gagn muni af því hlotist hafa. Ég hygg að Fræðslumyndasafnið hafi gert mjög mikið gagn. Starfsemi þess er kannske fyrst og fremst tvíþætt. Annars vegar hefur það gefið út myndaflokk, skuggamyndaflokk, tók fyrst fyrir héraðsmyndir, en svo margar aðrar greinar. Og hins vegar hefur það aflað ýmiss efnis á kvikmyndasviðinu til útlána til skólana. Myndaflokkarnir eru hins vegar seldir skólunum á kostnaðarverði. Ég held að starfsemi Fræðslumyndasafnsins hafi þegar gefið ágæta raun og verið mjög til bóta. Hitt er svo annað mál, að það hefur aldrei haft svo mikil fjárráð sem æskilegt hefði verið að það hefði, t. d. til þess að sinna dýrari þættinum, kvikmyndahliðinni.

Hv. þm. minntist einnig á nauðsyn þess að taka sjónvarpið til kennslu. Þar er ég honum alveg sammála og það erum við sjálfsagt öll hér í hv. deild. Þetta hefur dregist til þessa, en hins vegar get ég fullvissað hv. þm. um að það mál er í könnun. Það var sett í það n. á sínum tíma, en ég hef ekki á þessari stundu upplýsingar um hvað þeirri könnun líður. En ég er fyllilega samþykkur þeirri ábendingu hans að á því riður að taka þetta stórkostlega tæki til meiri nota fyrir skólana og fyrir beina kennslu heldur en átt hefur sér stað til þessa og það er okkur raunar til vansa hversu dregist hefur að koma því í kring.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður mikið. Það fer líklega fyrir mér eins og hinum hv. óbreyttum þm., eins og menn segja nú, sem hér hafa komið upp, að ég verð kannske ekki eingöngu á því sviði þess frv. sem hér er nú til umr. En ég vil taka undir það, sem hér hefur komið fram, og þó að það sé heldur hvimleitt að óska eftir því að ein n. enn taki til starfa, eins og hv. þm. Jónas Árnason var að víkja að, þá held ég nú samt að það gæti verið fróðlegt að fá eina n. til viðbótar til þess að ganga úr skugga um það hversu miklu betri árangur næst nú með hinni fjölbreyttu kennslutækni heldur en áður var.

En það, sem ég vildi aðeins koma hér á framfæri, var í sambandi við verknámið. Mér hefur fundist að það vantaði iskyggilega inn í námskerfið kennslugögn í sambandi við verknám. Ég taldi mig verða áþreifanlega varan við þetta þau 9 ár sem ég fékkst við verklega kennslu á barna- og gagnfræðaskólastigi, að það var naumast um neitt að ræða í námsefni sem hægt var að leggja fyrir og kom frá ríkiskerfinu. Menn hafa verið og eru, að ég hygg, enn þannig settir að þeir verða hver um sig að vinna upp þessi verkefni fyrir nemendur. Ég hygg því að árum saman hafi hið verklega nám verið stórkostlega sett hjá í sambandi við þetta. Og ég vil beina því til þeirrar hv. n., sem málið fær til umfjöllunar, að athuga vel hvort ekki sé ástæða til þess að setja inn í frv. sérstaklega ákvæði varðandi verknámið. Allir eru orðnir um það sammála nú að það beri að leggja aukna áherslu á verknámskennslu, meiri en verið hefur, og er því sérstök ástæða til að gefa þessu frekari gaum en gert hefur verið. Það eru ábyggilega fleiri en ég, sem hafa fengist við þessi mál í verklegri kennslu, sem hafa orðið þess áskynja að hún hefur orðið stórkostlega út undan varðandi þessi efni. Það er því full ástæða til að vekja á því athygli að það verði nú breytt um og a. m. k. verknámskennslan sitji við svipað borð og bóknámskennslan hefur gert á undanförnum árum eða áratugum. Hún hefur orðið afskipt og það er tími til kominn að breyta því, þannig að hún sitji við sama borð. Og ég vil vekja sérstaka athygli á því, að sú hv. n., sem málið fær til skoðunar, gefi þessu atriði sérstaklega gaum.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Út af þessum ábendingum hv. 5. þm. Vestf. vil ég taka fram að Ríkisútgáfu námsbóka ber að sjálfsögðu að afla námsbóka, gefa út námsbækur jafnt á verklegu og bóklegu sviði fyrir það skólastig sem hún nær til. Hitt er dagsanna hjá hv. þm., að í iðnskólunum hefur kennslubókamálið verið töluvert vandamál. Rekin hefur verið útgáfa, svokölluð iðnskólaútgáfa, sem hefur verið haldið uppi af lauslegum samtökum nokkurra áhugasamra kennara og hefur hjálpað mjög til á þessu sviði. Hins vegar eru þeir og ráðuneytið á einu máli um að sú hjálp, sem þannig hefur verið í té látin, sé allsendis ófullnægjandi. Og ég vil láta það koma fram að þessi þáttur hefur verið ræddur m. a. á milli iðnskólakennara og menntmrn., og þá hefur m. a. komið til tals að ef til vill hentaði það að Ríkisútgáfa námsbóka tæki einnig þennan þátt að sér til þess að nýta ýmsa stjórnunaraðstöðu og aðra aðstöðu sem það fyrirtæki kemur til með að hafa yfir að ráða. Ekkert endanlegt hefur verið gert í þessu og það mun ekki hafa verið enn þá a. m. k. skipuð n. í það, en væri kannske ekki minni ástæða til heldur en um ýmsar aðrar af þessum frægu nefndarskipunum ríkisins og þá sérstaklega okkar í menntmrn., sem eigum þar met.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

Skákleiðsögn í skólum, frv. (þskj. 3). — 1. umr.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Undir lok síðasta Alþ. flutti ég frv. sem var að efni til samhljóða þessu frv., en í því er kveðið svo á að ráðh. sé heimilt að ráða, eftir því sem fé sé veitt til á fjárlögum, íslenska skákmenn í starf til ákveðins tíma til þess að annast leiðsögn um skákstarf í skólum landsins, en skilyrðið fyrir því að hægt sé að ráða mann í slíka stöðu sé að hann hafi hlotið alþjóðlegan titil í skák. Gert var ráð fyrir því að launin væru miðuð við launakjör menntaskólakennara, en ráðh. skuli ákveða starfsskyldu og starfstilhögun með reglugerð.

Þessu frv. var vísað til hv. menntmn. þessarar deildar sem sendi það til umsagnar Skólastjórafélags Íslands og Skáksambands Íslands. Báðir aðilar mæltu með samþykkt frv. N. gerði orðalagsbreytingar á 1. gr. frv. og varð sammála um að mæla með því við hv. deild einróma að frv. næði fram að ganga í því formi. Þetta var hins vegar á síðustu starfsdögum þingsins og miklar annir og í ljós kom að hæpið virtist, jafnvel þó að Nd. afgr. frv., að hægt væri að koma því með eðlilegum hætti í gegnum þrjár umr. í Ed.

Hæstv. menntmrh. lýsti því yfir við 2. umr. málsins, að höfðu samráði við hæstv. fjmrh., að ríkisstj. vildi fyrir sitt leyti stuðla að því að þetta frv. eða sams konar frv. gæti orðið að lögum nú á haustþinginu og þá væntanlega fyrir jól, þ. e. a. s. áður en fjárlög verða afgr., til þess að hægt sé að taka tillit til þess í fjárlögum næsta árs. Af þessum sökum er þetta frv. nú flutt aftur í nákvæmlega þeirri mynd sem hv. menntmn. þessarar deildar mælti einróma með í vor að deildin samþykkti frv.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að óska þess að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til menntmn. með 26 shlj. atkv.

Framkvæmdastofnun ríkisins, frv. (þskj. 2). — Frh. 1. umr.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Mér þykir nú miður að fjarstaddir eru ýmsir þeir sem koma við sögu í þessu máli, sennilega á kostnað þess að ég kemst ekki í nægilega mikinn ham þegar ég flyt mitt mál. Engu að síður, þá hafði ég kvatt mér hljóðs hér þegar þessi umr. hófst til þess að ræða nokkuð þetta mál sem er á dagskrá.

Forsrh. gaf yfirlýsingu í umr. í síðustu viku þess efnis að lögin um Framkvæmdastofnun ríkisins yrðu endurskoðuð á þessu þingi. Þessi yfirlýsing er ágæt, svo langt sem hún nær. En hún nær ákaflega skammt því að þessi yfirlýsing segir ekkert til um hvernig á að enduskoða þessi lög og auðvitað er það mergurinn málsins og það sem umr. snýst um. Satt að segja hefur maður heyrt yfirlýsingar um þetta mál áður, m. a. í sjónvarpi í jan. s. l. þegar þá nýsettur framkvæmdastjóri þessarar stofnunar, hv. þm. Sverrir Hermannsson, lýsti því yfir að hann væri settur algerlega til bráðabirgða og þess mætti vænta að fram yrði lagt frv. um endurskoðun á þessari stofnun og lögum um hana sem leiddi til þess að hann mundi leggja niður störf sem framkvæmdastjóri eða kommissar. Síðan eru liðnir 10 mánuðir og ekki bólar á neinni endurskoðun enn.

Ég er líka mjög vantrúaður á, að endurskoðunin, sem boðuð hefur verið, verði í samræmi við m. a. mínar skoðanir og yfirlýstar skoðanir Sjálfstfl., vegna þeirra ummæla sem þessi hv. þm. hefur viðhaft í ræðu og riti, en hann virðist ráða nokkuð um gang þessa máls. M. a. birtist viðtal við hv. þm. Sverri Hermannsson í Morgunblaðinu 19. okt. s. l. undir fyrirsögninni: „Það vantar meiri pólitíska stjórn á þetta þjóðfélag“ — og er nú satt að segja ekki alveg í samræmi við það sem menn höfðu gert sér vonir um að endurskoðunin stefndi að. Eins voru athugasemdir hæstv. dómsmrh. á þá leið í umræðunum um daginn að þær gáfu ekki tilefni til þess að vera bjartsýnn um niðurstöðu þessarar endurskoðunar.

Allar þessar umræður og drátturinn, sem orðið hefur á því að endusskoðunin sæi dagsins ljós, veldur því að mér þykir nauðsynlegt að rifja upp nokkrar staðreyndir og virða nokkrar skoðanir í þessu máli við þessar umræður.

Eins og menn muna og óþarfi er að fara mörgum orðum um, þá réðst Sjálfstfl. og reyndar Alþfl. líka mjög harkalega að þessu frv. hér haustið 1971, og hv. þm. Sverrir Hermannsson segir réttilega frá því, hvers vegna sú gagnrýni kom fram, í því viðtali sem birtist við hann í Morgunblaðinu sunnudaginn 19. okt. Þar segir hann, með leyfi hæstv. forseta: „Í inngangi laganna um Framkvæmdastofnun ríkisins er henni ætlað að annast hagrannsóknir, áætlunargerð og heildarstjórn fjárfestingarmála. Hér var ekki lítið lagt undir. Sjálfstfl. hafði brotið niður að verulegu leyti ofboðsleg ríkisafskipti sem hér höfðu þróast og vildi ekki hverfa aftur til kerfis hafta og skömmtunar og náðar og miskunnar hins opinbera.“

Ég hygg að þetta sé í mjög stuttu máli góð lýsing á þeim ástæðum og þeim forsendum fyrir gagnrýninni sem kom fram hjá þáv. stjórnarandstöðu gagnvart þessum lögum.

Matthías Bjarnason, núv. hæstv. ráðh., taldi í umr. um þetta mál haustið 1971 að hér væri verið að hverfa 40 ár aftur í tímann, það væri nú hvorki meira né minna.

Og hæstv. fjmrh. núv. Matthías Á. Mathiesen, kom fram í sjónvarpi fyrir síðustu kosningar og var þar að skýra ýmsar framkvæmdir og stefnu af hálfu síns flokks og hann var spurður um niðurskurð á opinberum stofnunum og þá nefndi hann eingöngu þessa einu stofnun sem væri sjálfsagt mál að leggja niður ef Sjálfstfl. kæmist til valda.

Ingólfur Jónsson, sem var hvað skeleggastur hér í umr. haustið 1971, viðhafði mörg orð um þessa stofnun, og honum til upprifjunar og öðrum, sem hlýddu á mál hans hér í síðustu viku, vildi ég fá að lesa hér nokkrar setningar úr ræðu hans frá þessum tíma, með leyfi forseta, en þar segir hv. þm. Ingólfur Jónsson m. a. þegar hann ræðir um Framkvæmdastofnunina:

„Það, sem verst er í sambandi við þetta — og það er sama hvað sagt er af hæstv. ríkisstj. eða stjórnarstuðningsmönnum um þessa stofnun — er að það er stórhætta á því að Framkvæmdastofnunin verði í raun og veru almenn skömmtunarskrifstofa með alræðisvaldi yfir mestum hluta þess fjármagns sem til framkvæmda er ætlað á hverjum tíma, þegar á að ræða framkvæmdum og ákveða í hvaða framkvæmdir skuli ráðist. Það á að ákveða hverjir skuli lifa og fá fjármagn til framkvæmda og hverjir ekki skuli fá það, og er þá að tala um annað en skömmtun í þessu sambandi.“

Þetta telur hv. þm. Ingólfur Jónsson vera slíkt ranglæti og slíka ósanngirni „að það verði ekki þolað til lengdar, sem betur fer," segir hv. þm. haustið 1971. Það var þess vegna mjög dapurlegt að hlusta á þennan sama þm. flytja hér ræðu um þetta mál í síðustu viku og fara mjög vægum orðum um þessa „óskaplegu" stofnun. Hann komst að þeirri niðurstöðu í þessari ræðu sinni að það þyrfti kannske að sníða einhverja agnúa af gildandi lögum! Það var nú komið niður í það. En ég kem kannske betur að því síðar.

Sjálfstfl. valdi í stjórn þessarar stofnunar á s. l. hausti mjög skelegga málsvara, þá hv. þm. Ingólf Jónsson og Matthías Bjarnason og hinn eðalborna vestfirðing Sverri Hermannsson, og var því við því að búast að þeir létu nú hendur standa fram úr ermum að breyta því sem breyta þyrfti í þessari stofnun. Það kom þess vegna mjög flatt upp á menn þegar hv. þm. Sverrir Hermannsson var settur kommissar snemma á s. l. vetri. Það var ekki aðeins vegna þess að Sjálfstfl. hafði léð máls á þessu, að gera hann að kommissar, heldur líka vegna þess að þarna var um þm. að ræða. Þetta hvort tveggja stangaðist náttúrlega mjög á við það sem þessi sami flokkur hafði talað um og þessir sömu menn höfðu barist fyrir nokkrum mánuðum áður, svo að ekki sé meira sagt.

En hann hefur gefið þá skýringu að það sé ekki honum að kenna hversu það dragist að breyta lögunum, og verða þeir að taka þá gagnrýni, sem eiga hana. En ég minni á þá staðreynd að stjórnmálaflokkar og ríkisstjórnir hafa auðvitað skyldum að gegna gagnvart umbjóðendum sínum, og ég er ekki að flytja hér inn í hv. deild innanflokksvandamál í mínum flokki hans vegna sérstaklega, heldur líka vegna þess að ég tel þetta erindi eiga til allra þeirra, sem hafa afskipti af stjórnmálum, og til þingsins sem slíks, vegna þess að álit Alþingis hefur að margra mati mjög rýrnað á undanförnum árum. Við skulum einmitt líta í eigin barm og átta okkur á því að ástæðurnar fyrir hinu rýrnandi áliti eru kannske fyrst og fremst það að menn hafa ekki borið gæfu til eða haft þrek til að standa nægilega oft við yfirlýsingar og gefin loforð. Almenningur tortryggir yfirlýsingar og dregur í efa sannleiksgildi stefnuyfirlýsinga flokkanna þegar eitt er sagt fyrir kosningar og annað gert eftir kosningar. Það er siðferðileg skylda allra flokka að reyna að breyta eftir því sem þeir boða, og ég held að það sé líka siðferðileg skylda þeirra flokka, sem ganga til samstarfs við aðra flokka, að taka tillit til slíks. Ef menn vilja með eðlilegum hætti reyna að auka veg þingsins og auka veg stjórnmálaflokkanna og þeirra manna sem þar starfa, þá er þetta mál sem við verðum að taka á með réttum hætti. Það ræður ekki úrslitum að sjálfsögðu, en slíkum málum er tekið eftir og ég höfða þess vegna í þessu máli til siðferðisvitundar allra þeirra sem hlut eiga að máli.

Það er, held ég, öllum ljóst að almenningsálit hefur breyst á þann veg, sem betur fer, að það eigi ekki að draga menn í pólitíska dilka þegar um opinbera þjónustu eða fyrirgreiðslu er að ræða, og fólk hefur ímugust á skömmtun eða mismunun á hlutunum, á ívilnunum, á pólitískri fyrirgreiðslu. Og slík pólitísk fyrirgreiðsla er andstæð hugsunarhætti og hugmyndum fólks um það hvernig eitt þjóðfélag skal rekið. Bitlingapólitík flokka fór á sínum tíma út fyrir öll velsæmismörk og það hefur dregið úr henni sem betur fer, vegna þess að fólk snerist gegn slíku og hafði andstyggð á því. Fólk vill gera greinarmun á stjórnsýslu og stjórnmálum, á fjármálaaðstöðu og þingmennsku. Og ég minni á að það hefur dregið úr því að valdsmenn, eins og t. d. sýslumenn, veljist til framboðs, nema þá að þeir láti af slíkum störfum. Það hefur dregið úr því að bankastjórar séu valdir til framboðs, embættismenn, ráðuneytisstjórar og dómarar — dómarar eru reyndar sumir hverjir ekki kjörgengir — en það er almenn viðurkenning á því að slíkir menn fari ekki í framboð vegna þess að fólk gerir greinarmun á stjórnsýslu og stjórnmálum.

Ég hef líka vakið athygli á því að almenningur er almennt mjög á varðbergi um að þm. hagnist ekki á þingsetu sinni. Að vísu er það misskilningur að eigi að launa þm. illa eða yfirleitt að þeir séu vel launaðir, því að auðvitað eiga þeir að vera á góðum launum meðan þeir sitja á þingi til þess að þeir séu fjárhagslega sjálfstæðir og þurfi ekki að vera upp á aðra komnir. En þessi almennt útbreidda skoðun, tortryggni gagnvart þm. og stjórnmálamönnum, þegar um valdaðstöðu þeirra er að ræða annars vegar og fjármál hins vegar, á rætur að rekja til þess að fólk er hrætt við samspil valds og fjár. Þarna ræður siðferðið úrslitum.

Pólitísk yfirstjórn er auðvitað nauðsynleg og ekki það sem ég er að gagnrýna. En pólitísk yfirstjórn á ekkert skylt við embættisvörslu. Við höfum ríkisstjórnir til þess að stjórna og leggja almennar pólitískar línur í þessu landi, en síðan höfum við embættismenn og opinbera þjónustu til þess að framkvæma þá meginstefnu. Þetta þjóðfélag er þannig byggt upp, okkar stjórnskipun er þannig byggð upp að það er gerður mjög skýr greinarmunur á þessu tvennu.

Hæstv. dómsmrh. sagði hér um daginn að hrakspárnar um þessa stofnun hefðu ekki reynst á rökum reistar. Hv. þm. Sverrir Hermannsson hefur svarað þessu í blaðaviðtali með því að segja að sjálfstæðismenn hafi kæft niður það sem fyrir þáv. stjórn vakti, gagnrýni þeirra hafi haft áhrif. Ég veit nú ekki hvor þeirra er ánægður með það hlutskipti, því að það er viðurkennt af mikilli hreinskilni af hæstv. dómsmrh. að það hafi beinlínis vakað fyrir vinstri stjórninni, þegar hún setti þetta kerfi á, að framkvæmdastjórar Framkvæmdastofnunar ríkisins ættu að vera til eftirlits fyrir ríkisstj. um að hennar stefna næði fram að ganga. Þeir áttu að stýra pólitískt þessari stofnun í samræmi við stefnu ríkisstj. Þess vegna hljóta að hafa verið vonbrigði fyrir þáv. stjórn og þ. á m. fyrir hæstv. dómsmrh. að slíkt hafi ekki tekist.

Nú hefur því verið haldið fram af hv. þm. Sverri Hermannssyni og hv. þm. Ingólfi Jónssyni og reyndar fleirum, að framkvæmdastjórarnir hefðu engin völd í dag, vegna þess að það væri stjórn þessarar stofnunar sem réði

öllu, þar væri engin ákvörðun tekin nema af henni, með hennar fulla samkomulagi og vitund. En hvers vegna eru þá mennirnir að halda í þessar framkvæmdastjórastöður, og hvernig skyldi standa á því að maður, sem situr í stjórninni, er kosinn í stjórnina, eins og hv. þm. Sverrir Hermannsson, skuli segja af sér, segja sig úr stjórninni til þess að geta tekið að sér framkvæmdastjórastöðuna, á sama tíma sem hann gefur yfirlýsingar um að það sé stjórnin sem ráði öllu? Þetta er mikil fórnfýsi, þetta er ákaflega sérstakt tilvik sem hver getur auðvitað tekið trúanlegt sem vill.

Því var haldið fram á sínum tíma að það mundi þrífast hugsanleg spilling innan þessarar stofnunar að því leyti til, að þar mundi hugsanlega koma til misbeiting valds og pólitísk mismunun. Nú var auðvitað ekkert hægt að fullyrða um það haustið 1971 hvort þessi gagnrýni mundi standast, enda er ég ekki að fullyrða heldur að þetta hafi átt sér stað, að það hafi þrifist nein spilling í þessari stofnun. Það var ekki heldur verið að gagnrýna einhver einstök dæmi eða einstakar ákvarðanir um haustið 1971, þegar frv. var til umr. Þá var verið að gagnrýna frv., væntanleg lög, vegna þess að lögin sjálf fela í sér spillinguna. Það eru lögin sjálf sem gera ráð fyrir slíkri pólitískri handleiðslu og ég hef komið inn á, sem fela í sér þessa spillingu. A. m. k. nota ég þetta orð, spilling, með hliðsjón af þeim stjórnmálaskoðunum sem ég hef og ég get ímyndað mér að meginþorri þm. hafi.

Menn sönnuðu ekki heldur neina spillingu áður fyrr þegar skömmtunarskrifstofur voru við lýði, þegar húsnæðismálalánum var gegndarlaust úthlutað eftir pólitískum litum. Það var ekki hægt að sanna neitt lagalegt brot. Það er afar sjaldgæft að hægt sé að sanna slíkt þegar um pólitík er að ræða. Þetta er spurning um siðferði. Og það er líka það sem við verðum að hafa í huga að vald er vandmeðfarið og það er skammt í freistingar þegar sverfur að og þegar kosningar nálgast.

Það þýðir ekki að flytja fagrar ræður um það hversu mikið þessi stofnun hafi gert, vegna þess að einmitt vegna umsvifa hennar, vegna stærðar hennar er því meiri ástæða til þess að vara við að þarna fari allt fram með heiðarlegum hætti og að lagaramminn sé slíkur að menn tortryggi ekki þessa stofnun. Það er einmitt vegna þess að þarna var safnað saman sjóðum, sem skipta hundruðum og þúsundum millj. kr., safnað saman undir einn hatt og undir pólitíska stjórn, að þetta er gagnrýnt, og ég tel að það sé um að ræða spillingu þegar um lögin er að ræða. Ég heiti því á alla þá, sem vilja skoða þetta mál með raunsæjum hætti og af fullri sanngirni, að taka höndum saman og reyna að breyta lögunum á þann hátt að það sé ástæðulaust að tortryggja þá framkvæmd og starfsemi, sem þarna fer fram.

Ég hef ekkert á móti því, að stjórn sú, sem situr í slíkri stofnun, hafi mikil völd og taki ákvarðanir, og mér skilst að það sé gert. En þá er það auðvitað auðveldasti hlutur í heimi núna að fella niður það fyrirkomulag, sem er á ráðningu framkvæmdastjóranna, og ganga í þá átt sem þetta frv. gerir ráð fyrir sem hér er á dagskrá. Reyndar vil ég ganga miklu lengra í þeim efnum, leggja niður þessa stofnun sem slíka og setja starfsemi hennar yfir á ýmsar aðrar stofnanir sem nú þegar eru fyrir hendi. Það mundi spara margt og vera að mínu áliti miklu heppilegra þegar til lengdar lætur.

Svo eru það nokkur orð út af hv. þm. Sverri Hermannssyni sem ég tel ástæðu til þess að gera skil með örfáum orðum, vegna þess að honum hefur verið lið gott rúm í málgagni sínu, Morgunblaðinu, og þar undir fyrirsögninni: „Það vantar meiri pólitíska stjórn á þetta þjóðfélag.“ Ég veit ekki hvort það hefur ruglast eitthvað í kollinum á honum, en það, sem menn hafa verið að gagnrýna allan tímann, er að það sé um að ræða pólitíska stjórn, það sé pólitísk stjórn á þessari stofnun. Og hann viðurkennir að þetta hafi verið ástæðan fyrir því að Sjálfstfl. og hann sjálfur gagnrýndi frv. og lögin á sínum tíma. Hann segir líka: „Við kæfum þetta niður með gagnrýninni. Við kæfum niður þessa pólitísku stjórn.“ En svo segir hann í næstu setningu: „Við þurfum meiri pólitíska stjórn.“ Þetta er röksemdafærsla sem ég átta mig ekki alls kostar á.

Hann sest síðan í kommissaraembættið, á sama tíma sem það gerist að öll völd eru tekin af kommisörunum og sett í hendurnar á stjórninni. Og nú rís þessi maður upp og segir: Nú hef ég valdið, nú get ég sagt já eða nei, og ég læt ekki þetta vald af hendi. — Segir í þessu viðtali að það komi ekki til greina að Framkvæmdastofnunin víki neinu frá sér, orðrétt, með leyfi forseta:

„Við verðum að hætta þessum feluleik (þ. e. a. s. að þora ekki að segja já eða nei) og taka óhræddir ákvarðanir sjálfir fyrir opnum tjöldum. Hér hjá okkur í Framkvæmdastofnuninni verður að segja já eða nei í sambandi við afgreiðslu mála. Við viljum ekki vísa þeim málum frá okkur til eins eða neins.“

Það sem sagt vakir fyrir þessum hv. þm. og skoðanabræðrum hans að halda öllum völdum í þessari stofnun undir þeim kringumstæðum sem nú eru, eftir því sem ég get best skilið. Hann segir að ráðh. hafi engan tíma til nýsköpunar, séu alltaf að sinna daglegum vandamálum, en hann sjálfur virðist nú vera heldur betur út og suður. Hann sem eðalborinn vestfirðingur er búinn að þræða alla firðina þar fyrir vestan og tala við allar hreppsnefndir og lætur sig nú ekki muna um það, heldur mun vera á ferðalagi í Helsinki þessa stundina. Það er auðvitað ljóst að það er alls ekki skynsamlegt eða heppilegt, hvorki fyrir hann né aðra þm., að vera í slíkum ferðaleik út og suður þegar þeir eiga auðvitað að vera hér niðri í þingi og sinna almennri nýsköpun með sínum eigin ráðherrum. Þó að það sé auðvitað gagnlegt fyrir þm. að ferðast um landið, þá á það ekki að taka svo mikinn tíma frá þessum sömu mönnum að þeir hafi ekki tíma til þess að sinna þeirri nýsköpun sem við erum væntanlega sammála um að þurfi að fara fram.

Ég tek fram, eins og ég hef tekið fram áður, að ég er ekki að gagnrýna persónulega þá menn sem skipaðir eru framkvæmdastjórar í þessari

stofnun. Ég er að tala um þetta almennt, vegna þessa máls í heild. Ég tel að þeir hafi orðið leiksoppar í valdatafli og það sé skaðlegt fyrir þá og þeirra flokka. Og mér þykir að sjálfsögðu vænt um að heyra að það komi fram till., sem þeir tveir og ýmsir aðrir hafa undirritað, um að leggja niður kommissarakerfið. En ég heiti þá á þá að knýja á um það og vera þá menn til þess að standa við það og ef endurskoðunin kemur ekki fram innan skamms, þá að fylgja þessum till. sínum eftir með því hreinlega að segja af sér.

Ég vonast til þess, að þessar umr. komi hreyfingu á þetta mál og að Alþ. hafi til að bera þann þroska að koma til móts við kröfur almennings um stjórnmálaafskipti sem eru á þá leið, að við höfum hina almennu pólitísku stjórn í okkar höndum með því að setja meginlínur, móta meginstefnur, en fela síðan embættismönnum að framkvæma það, eftir því sem þeir hafa aðstöðu til, en setja þá af ella. Það er alla vega algerlega útilokað fyrir okkur að halda að við getum leyst þessa pólitísku yfirstjórn okkar og henni sé best borgið með því að við sjálfir tökum að okkur embættismennskuna.

Herra forseti. Ég lýk þá máli mínu. Þetta frv. gengur í rétta átt, en gengur of skammt. Ég tel að það hafi gert sitt gagn með því að setja af stað þessar umr. En það þarf auðvitað að endurskoða þessi lög í heild sinni, ekki aðeins ákvæðið um skipun framkvæmdastjóranna, heldur líka lögin öll, þannig að það sé meira í samræmi við það, sem núv. stjórnarflokkar eða alla vega minn flokkur hefur hugmyndir um.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Fyrr í þessum umr. komst hæstv. dómsmrh. svo að orði að Framkvæmdastofnun ríkisins hefði með starfsemi sinni styrkt mjög hina dreifðu byggð. Það er að sjálfsögðu mjög ánægjulegt út af fyrir sig ef viðleitni manna hefur einhver jákvæð áhrif í för með sér.

En því miður hefur þróun þessara mála ekki verið jafnánægjuleg í Reykjavík og á Reykjanessvæðinu hvað viðkemur atvinnugreinum sem fengið hafa forgangsafgreiðslu hjá Framkvæmdastofnun ríkisins, og á ég hér einkum við sjávarútveg og fiskiðnað. Sú raunalega staðreynd blasir við þróun þessara atvinnugreina síðustu árin, að á sama tíma sem sjávarútvegur og fiskiðnaður almennt stóreflist víðs vegar um landið hnignar þessum atvinnugreinum verulega á Suðvesturlandi og þá alveg sérstaklega í Reykjavík og á Reykjanesi. Á þessu svæði á sér ekki stað sambærileg endurnýjun fiskiskipa, véla eða tækja í fiskiðnaði eða endurnýjun og uppbygging hraðfrystihúsa og vinnslustöðva eins og annars staðar á sér stað á landinu. Ástæðuna til þessa er m. a. og alveg sérstaklega að mínu mati að leita í þeim lögum og reglum sem gilda um Framkvæmdastofnun ríkisins, um Byggðasjóð, og enn fremur vegna hinnar almennu útlánastefnu opinberra sjóða gagnvart Reykjavík og Suðvesturlandssvæðinu í heild. Staðreynd er að vegna fjárvöntunar er mikil hnignun í sjávarútvegi og fiskiðnaði í Reykjavík. Er ástandið að verða svo alvarlegt gagnvart fiskiðnaðinum í höfuðborginni að óumflýjanlegt er að stefnu opinberra aðila, sjóða og stofnana verði gjörbreytt, þannig að Reykjavík verði ekki afskipt svo sem átt hefur sér stað síðustu árin.

Meðan ríkjandi fyrirkomulag helst varðandi hlutverk og starfrækslu Framkvæmdastofnunar ríkisins og þeirra sjóða, er heyra undir hana, er nauðsynlegt að þessir aðilar komi strax til skjalanna og stuðli að eflingu sjávarútvegs og fiskiðnaðar í Reykjavík sem og annarra atvinnugreina á sambærilegan hátt og átt hefur sér stað annars staðar á landinu. Þess vegna er að mínu mati brýnt að rætt sé í nýju ljósi um endurskipulagningu Framkvæmdastofnunar ríkisins og þeirra sjóða sem heyra undir hana. Einnig ber að hafa í huga þegar rætt er um þessa endurskipulagningu að Byggðasjóður hefur fengið aukið fjárhagslegt svigrúm við það að 2% af útgjaldaaukningu fjárl. eru ætluð til hans. Við það styrkist fjárhagsstaða sjóðsins verulega og þar af leiðandi eykst svigrúmið til útlána til atvinnuvega á Suðvesturlandi, og er ég þá sérstaklega með Reykjavík í huga.

Með vísan til þess, sem ég hef þegar sagt, vil ég rekja nokkuð hvert hlutverk Framkvæmdastofnunar ríkisins er samkv. núgildandi lögum, þ. e. a. s. þá hlið sem snýr að fjármagninu og einnig framkvæmd þeirra mála gagnvart Reykjavík frá 1972 til dagsins í dag.

Í 3. gr. laga um Framkvæmdastofnunina segir m. a. að hún fari með stjórn Framkvæmdasjóðs Íslands og einnig að hún fari með stjórn Byggðasjóðs. Í 12. gr. sömu laga segir:

„Lánadeild vinnur að því að samræma útlán allra opinberra stofnlánasjóða og að skipuleggja fjármagnsöflun til framkvæmda með sérstöku tilliti til þeirra framkvæmda sem forgang þurfa að hafa samkv. áætlun stofnunarinnar.“ Síðan segir í sömu gr.: „Stjórn stofnunarinnar getur að fengnu samþykki ríkisstj. og í samráði við banka og stærstu fjárfestingarsjóði sett almennar reglur um, hvers konar framkvæmdir skulu hafa forgang umfram aðrar. Skulu þá lánastofnanir og opinberir sjóðir haga lánveitingum í samræmi við það.“

Hv. 1. þm. Suðurl. sagði eitthvað á þá leið fyrr við þessa umr. að Byggðasjóður hefði víða bjargað atvinnumálum úti á landi. Þessi ummæli munu örugglega vera hárrétt hvað landsbyggðina áhrærir. Reikningar Byggðasjóðs, reikningar Fiskveiðasjóðs Íslands og fleiri opinberra sjóða tímabilið 1972—1974 bera þess glöggt vitni. Enn fremur fer ekkert á milli mála að sjávarútvegur og fiskiðnaður voru forgangsverkefni hjá Framkvæmdastofnun ríkisins umrætt tímabil og eru enn. Hefur uppbyggingin úti á landi verið í fullu samræmi við það. Það skal viðurkennt.

En því miður er óhjákvæmilegt að vekja athygli á þeirri staðreynd að hinum ýmsu byggðarlögum hefur verið mjög mismunað innan ramma forgangsverkefna. Eru hér sérstaklega höfð í huga útlán opinberra sjóða til sjávarútvegs og fiskiðnaðar umrætt tímabil, þ. e. a. s. á árunum 1972—1974. Reykjavík var um árabil aðalútgerðarbær landsmanna. Þar var vagga íslenskrar togaraútgerðar og í áraraðir var blómleg útgerð og mikil fiskvinnsla í Reykjavík, án þess að hallað væri á aðra útgerðarbæi í land-

inu af hálfu opinberra aðila. Nú bregður svo við að útgerð og fiskiðnaði hnignar mjög í Reykjavík, borgarbúum sérstaklega og svo landinu í heild til mikils tjóns. Hefur þessi þróun verið sérstaklega áberandi síðustu árin. Skýringanna er m. a. að leita í því að fyrirtæki í sjávarútvegi og fiskiðnaði í Reykjavík hafa verið í algeru fjárhagslegu svelti af hálfu opniberra sjóða, sem stafar m. a. af ranglátri löggjöf er gerir ráð fyrir mismunun í úthlutun eftir byggðarlögum þótt um sambærilega atvinnustarfsemi sé að ræða. Hefur þessi stefna dregið úr athafnahvöt og möguleikum manna á sviði sjávarútvegs og fiskiðnaðar á Reykjavíkursvæðinu, og kemur þetta fram í miklum samdrætti í frystingu sjávarafurða svo að dæmi sé nefnt. Góð og vel útbúin hraðfrystihús standa verkefnalaus eða verkefnalítil mánuðum saman og enduruppbygging eldri vinnslustöðva gengur mjög hægt, öllum til tjóns. Opinberir sjóðir eru reykvískum fyrirtækjum svo til lokaðir og fyrirgreiðslan af þeirra hálfu til fyrirtækja í sjávarútvegi og fiskiðnaði í Reykjavík eru í engu samræmi við framlag þessara atvinnugreina í Reykjavík á liðnum áratugum. Skal ég nefna nokkur dæmi.

Fyrst ef litið er á útlán Fiskveiðasjóðs Íslands tímabilið 1972—1974 kemur í ljós að árið 1972 voru heildarútlán Fiskveiðasjóðs Íslands 1 263 millj. kr. Þar af fóru til Reykjavíkur 108 millj. eða 8.6%. Árið 1973 eru heildarútlán Fiskveiðasjóðs 2 249 millj. kr., þar af fóru til Reykjavíkur 297 millj. eða 13.2%. Árið 1974 eru heildarútlán Fiskveiðasjóðs Íslands 2 661 millj., þar af fóru aðeins 43 millj. til Reykjavíkur eða 1.6%.

Ef litið er til útlána Atvinnuleysistryggingasjóðs árin 1972—1974, framkvæmdalána, kemur eftirfarandi í ljós: Árið 1972 voru heildarútlán Atvinnuleysistryggingasjóðs, framkvæmdalán — þá eru hafnalánin ekki tekin með — 118 millj. kr. Þar af fóru til Reykjavíkur 32 millj. eða 27.1%. Árið 1973 eru heildarútlán 157 millj., þar af fóru til Reykjavíkur 46 millj. eða 29.3%. Árið 1974 voru heildarútlán til framkvæmda 84 millj., þar af fóru 36 millj. til Reykjavíkur eða 42.8%. Lánveitingar Atvinnuleysistryggingasjóðs til Reykjavíkur eru þó raunverulega hlutfallslega lægri hvað framkvæmdalán varðar, því að stærsti hluti hafnalána fer til hafna úti á landi, og vísa ég til þeirra umr. sem hafa orðið um þau mál í borgarstjórn Reykjavíkur nýlega.

Þá skulum við líta á Byggðasjóð. Á síðasta þingi var upplýst að af heildarútlánum Byggðasjóðs árin 1972, 1973 og 1974 hafa farið til Reykjavíkur sem hér segir: Árið 1972 19 lán að upphæð 16 millj. Þá var heildarfjöldi lána 432 talsins að upphæð 480 millj. Það þýðir að lán til Reykjavíkur á því ári voru 3.33%. Árið 1973 voru veitt 4 lán úr Byggðasjóði til Reykjavíkur að upphæð 5.5 millj. kr. Þá voru heildarútlán 339 að fjárhæð 357 millj. eða lán til Reykjavíkur voru 1.5%. Árið 1974 veitti Byggðasjóður 1 lán af 441 láni til Reykjavíkur að upphæð 1 millj. kr., en þá voru heildarútlán Byggðasjóðs 661.8 millj. Það tekur því ekki að reikna út prósentuna, því að þetta er langt innan við 1%. Það er rétt að árétta það hér, að íbúatala Reykjavíkur á umræddu tímabili var 40% af allri íbúatölu landsins.

Á þessum árum, 1972—1974, fara aðeins 7.2% af heildarútlánum Fiskveiðasjóðs til Reykjavíkur, 31.2% af framkvæmdalánum Atvinnuleysistryggingasjóðs og 1.1% af heildarútlánum Byggðasjóðs. Þessi þróun er gjörsamlega óviðunandi fyrir reykvískt atvinnulíf og íbúa Reykjavíkur.

Þótt eitt stóriðjuver hafi risið upp í nánd við Reykjavík er víðs fjarri að Reykjavík sem slík hafi notið mikilis góðs af því fyrirtæki, þótt ekki beri að lasta stofnun þess. En stofnun stórfyrirtækis á einu svæði á ekki að vera réttlætanleg fyrir löggjafarvaldið til að setja lög sem beinlínis fela í sér gífurlega takmörkun á fjármagnsstreymi til smærri fyrirtækja á viðkomandi athafnasvæði. Það hefur því miður gerst. Þess vegna búa mörg minni fyrirtæki við fjármagnsskort á Reykjavíkur- og Reykjanessvæðinu. Þessari stefnu verður að breyta atvinnulífi þessara svæða í hag.

Það á ekki og má ekki vera feimnismál á hinu háa Alþingi, þegar verið er að ræða um endurskoðun á löggjöf um Framkvæmdastofnun Íslands, að halda því fram að Reykjavík eða Stór-Reykjavíkursvæðið skuli sitja við sama borð og aðrir landshlutar hvað varðar fjármagnsmöguleika til atvinnuuppbyggingar. Réttur allra landsmanna á að vera jafn í þeim efnum. Ég hef þá trú að uppbygging atvinnulífsins víðs vegar um landið sé svo sterk að þetta ætti ekki að raska högum annarra íbúa landsins til hins verra, nema síður sé, þótt Reykjavík njóti fulls og sama réttar til uppbyggingar á traustu og heilbrigðu atvinnulífi á jafnréttisgrundvelli. Allir sanngjarnir menn sjá hina neikvæðu stefnu gagnvart sjávarútvegi og fiskiðnaði í Reykjavík sérstaklega og sjá að hún getur ekki gengið lengur, nema stefnan sé sú að leggja þessa atvinnustarfsemi niður í Reykjavík eða færa hana niður á lægra og lakara stig en annars staðar þekkist á landinu.

Við reykvíkingar biðjum ekki um meiri rétt okkur til handa en aðrir landsmenn hafa. Við biðjum um jafnan rétt, þ. e. a. s. sama rétt. Þess vegna óskum við eftir breyttri stefnu opinberra sjóða gagnvart atvinnulífi höfuðborgarinnar, — stefnu sem felur í sér aukna möguleika á atvinnusviðinu fyrir þúsundir ungra reykvíkinga sem munu leita út í atvinnulíf borgarinnar á næstu árum og áratugum. Við þörfnumst mikilis fjármagns í öfluga atvinnustarfsemi á öllum sviðum.

Við teljum að nú sé tími til kominn að breyta lögum þeirra opinberu sjóða sem fela í sér lagaákvæði er mismuna byggðarlögum stórlega. Er ég þá m. a. með í huga það ákvæði í lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins sem lýtur að Byggðasjóði, þar sem segir í 8. gr.: „Deildin gerir áætlanir um þróun byggða og atvinnulífs víðs vegar um land með það fyrir augum að skapa landsmönnum öllum fulla atvinnu og eðlileg lífsskilyrði og stuðla að heilbrigðri byggðaþróun.“ Enn fremur segir í sömu lögum 29. gr.: „Hlutverk Byggðasjóðs er að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með því að veita fjárhagslegan

stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífs með hliðsjón af landshlutaáætlunum, sbr. 8. gr., og til að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir að lífvænlegar byggðir fari í eyði."

Það er lítil hætta á því að sjálfsögðu að byggð fari í eyði í Reykjavík, en mikil hætta er á því að sjávarútvegi og fiskiðnaði hnigni enn meir í Reykjavík ef þessar atvinnugreinar fá ekki sömu eða hliðstæða fyrirgreiðslu úr Byggðasjóði, Fiskveiðasjóði Íslands, Atvinnuleysistryggingasjóði, Framkvæmdasjóði Íslands o. s. frv. og önnur byggðarlög vegna hliðstæðrar atvinnustarfsemi.

Sem einn af þm. Reykv. tel ég að verði ekki hið fyrsta stefnubreyting Reykjavík í hag mun af því hljótast óbætanlegt tjón. Það er því krafa Reykjavíkur að við endurskoðun og umsköpun Framkvæmdastofnunar ríkisins, sem ég treysti að verði fljótlega framkvæmd á þessu þingi, verði m. a. sú breyting gerð að útlánasjóðum hins opinbera verði gert skylt að láta sambærilegar atvinnugreinar og fyrirtæki njóta sama réttar í forgangsverkefnum, óháð því hvar atvinnustarfsemin fer fram. Tel ég þessa breytingu mikilvægari fyrir heill landsmanna og þingsins meira til sóma heldur en karp um skoðanir einstakra stjórnarmanna eða starfsmanna þessarar stofnunar. Þó vil ég ekki gera lítið úr því, að það þurfi að breyta stjórnskipulagi Framkvæmdastofnunar ríkisins á þann veg sem sá ræðumaður kom inn á sem hér talaði á undan mér við þessa umr.

Þó vil ég leggja áherslu á að í því efni, við endurskoðun þeirra ákvæða um Framkvæmdastofnunina verði höfð í huga sjónarmið ákvæðinnar valddreifingar. Í því efni kemur upp í mínum huga að til greina kæmi t. d. að Framkvæmdasjóður Íslands væri sjálfstæð stofnun utan Framkvæmdastofnunar ríkisins með sjálfstæða stjórn. Ég tel það æskilegt og ég tel núv. tilhögun, að hafa Framkvæmdasjóð undir Framkvæmdastofnuninni, eins og nú er, orka mjög tvímælis frá stjórnmálalegu sjónarmiði séð og vera í engu samræmi við hultverk sjóðsins í peningakerfi þjóðarinnar.

Ég vænti þess að málefnalegt framlag við þessa umr. fái notið sín einhvers, þannig að öll umr. hér snúist ekki um völd og persónur, þ. e. a. s. kommissara og einstaka þm., og vænti þess að þingheimur taki þessar aths. mínar og tillögur til gaumgæfilegrar íhugunar.

Tómas Árnason: Herra forseti. Það frv., sem hér er til umr., fjallar fyrst og fremst um þátt í stjórnkerfi Framkvæmdastofnunar ríkisins, þ. e. a. s. framkvæmdaráðið svonefnda. Frv. gerir ráð fyrir að það starfi áfram eins og verið hefur að öðru leyti en því að það verði skipað á annan veg, verði þannig skipað að í stað þriggja framkvæmdastjóra, eins og nú er, sem skipaðir eru af ríkisstj. með sérstökum hætti, verði skipaður einn framkvæmdastjóri sem ásamt forstöðumönnum þeirra tveggja deilda, sem Framkvæmdastofnunin skiptist í, myndi framkvæmdaráðið.

Við þessa umr. hefur hæstv. forsrh. lýst því yfir að ríkisstj. hyggist leggja fyrir þetta Alþ. frv. til l. um breyt. á lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins. Eins og komið hefur fram, þá var í fyrrasumar seinni partinn sett n. 4 þm. Ríkisstj. skipaði þá n. til þess að gera athuganir á löggjöfinni um Framkvæmdastofnun ríkisins og gera till. um æskilegar breyt. á löggjöfinni. Ég var einn af þeim þm. sem áttu sæti í þessari n., en n. skilaði áliti seint í okt. 1974 og það álit hefur síðan verið til meðferðar hjá hæstv. ríkisstj. Þar koma að sjálfsögðu fram skoðanir mínar á þessu máli almennt séð. Þegar frv. þetta, sem ríkisstj. hefur boðað, verður lagt fyrir hæstv. Alþ., þá mun ég gera grein fyrir skoðunum mínum á þessu máli, en að þessu sinni ekki ræða sérstaklega um þá tilhögun sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Að mínum dómi eru fleiri ákvæði í lögunum um Framkvæmdastofnunina, sem þarfnast endurskoðunar, heldur en þetta. Þess vegna sé ég ekki ástæðu til að ræða langt mál nú um þetta frv. efnislega, en víkja að ýmsu því sem fram hefur komið.

Í grg. fyrir frv. að lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins var skýrum orðum tekið fram að vafalaust þarfnaðist löggjöfin endurbóta og fullkomnunar síðar, en þetta frv. var samþ. á Alþ. seinni partinn í des. 1971 og lögin öðluðust gildi 1. jan. 1972. Upphaflega starfaði Framkvæmdastofnunin í 3 deildum, hagrannsóknadeild, áætlanadeild og lánadeild, en hagrannsóknadeildin hafði þá sérstöðu frá upphafi að heyra beint undir ríkisstj., en ekki undir stjórn stofnunarinnar sem slíkrar. Framkvæmdaráðið tók þegar í upphafi þá afstöðu að hafa nánast engin afskipti af vinnubrögðum hagrannsóknadeildar. Allar tillögur forstöðumanns um vinnutilhögun, mannaráðningar og skipulag deildarinnar voru samþ. og deildin var efld og hafði nánast forgang um uppbyggingu í öndverðu. Ég er þeirrar skoðunar að hagrannsóknadeildin hafi starfað í reynd sem sjálfstæð stofnun meðan hún var og hét. Það þarf ekki að eyða að því orðum að stjórnmálaskoðanir eða pólitísk afstaða hafi nokkru sinni komið við sögu hagrannsóknadeildarinnar.

Á Alþ. 1974, um vorið, voru samþ. lög um Þjóðhagsstofnun og tóku gildi 1. ágúst á síðasta ári. Ég held að það rétta sé — og þekki ég vel til mála — að Þjóðhagsstofnunin starfi nákvæmlega eins og hagrannsóknadeildin gerði á sínum tíma. Eigi að síður tel ég að það hafi verið rétt ráðstöfun að gera hana að sjálfstæðri stofnun. Ég álít að hún njóti sín betur þannig heldur en í tengslum við Framkvæmdastofnunina, sem hefur með höndum ýmis sérverkefni sem eru allt annars eðlis heldur en þau verkefni sem heyra undir Þjóðhagsstofnunina.

Þessu næst langar mig til að víkja nokkrum orðum að stjórn framkvæmdaráðsins á Framkvæmdastofnun ríkisins, en ég hef verið framkvæmdaráðsmaður frá upphafi eða tæp 4 ár. Ég er að sjálfsögðu ekki hlutlaus aðili og vil því ekki dæma um störf þessa framkvæmdaráðs. Ég get hins vegar greint frá því hvernig störfum þess hefur verið háttað, og verða menn síðan að draga ályktanir af því hvort t. d. pólitískt siðleysi hafi komið fram í störfum ráðsins.

Hv. frsm. þessa máls, hv. 9. þm. Reykv., tók sér í munn ýmis orð þegar hann mælti fyrir

frv. Hann talaði um spillingarbæli, hann talaði um pólitískt siðleysi, hann talaði um að núv. kommissarar væru bræður úr sama kjördæmi og bætti því við: sem væri eitt af minnstu kjördæmum landsins. Þeir sem hlýddu á framsöguræðuna — (Gripið fram í.) hljóta að álíta að frsm. telji spillingu á ferðinni í Framkvæmdastofnuninni og hana megi uppræta með einu pennastriki, þ. e. a. s. með því að skipa fastan framkvæmdastjóra, en halda þó framkvæmdaráðinu áfram. Þó að hv. þm. vitni til ummæla, sem höfð voru áður en Framkvæmdastofnunin varð til, vil ég leyfa mér að skora á hv. þm. að gera grein fyrir því, hvort hann vilji nú gera þau ummæli að sínum, eftir að Framkvæmdastofnunin hefur starfað í 4 ár. Að sjálfsögðu má gagnrýna störf framkvæmdaráðsins eins og öll mannanna verk, en hvort þau störf hafa einkennst — (Gripið fram í.) Já, þess vegna bið ég um að hv. þm. geri grein fyrir því hvort hann vilji gera þessi orð að sínum ef hann talar aftur í málinu. En hvort störf framkvæmdaráðsins hafi einkennst af pólitískri hlutrægni, það er auðvitað allt annað mál. Haldi menn slíku fram verður að gera þá kröfu að slíkt sé rökstutt með ákveðnum dæmum, en ekki hálfkveðnum vísum.

Það hefur oft verið um það deilt, bæði í ræðu og riti, réttilega að menn séu ráðnir eða skipaðir til starfa af pólitískum ástæðum eða eftir stjórnmálaskoðunum. Það er því þess virði að athuga hvernig mannaráðningum hefur verið hagað í Framkvæmdastofnuninni, því að það er eitt af þeim atriðum sem koma til greina þegar menn ræða um það hvort þarna kunni að vera um pólitískt siðleysi að ræða.

Eitt af fyrstu verkum framkvæmdaráðsins var að ráða 35 starfsmenn til stofnunarinnar. Og hvernig var þetta gert? Í aðalatriðum var það gert þannig að öllu fastráðnu starfsfólki þeirra þriggja stofnana, sem voru sameinaðar í eina í Framkvæmdastofnun ríkisins, var gefinn kostur á að halda áfram störfum, og ég hygg að hver einasti fastráðinn starfsmaður hafi gert það. Þetta starfsfólk var flest ráðið til starfa í 15 ára ráðherratíð hv. 9. þm. Reykv., svo að ég þykist viss um að hann telji ekki að þarna hafi verið á ferðinni pólitísk misnotkun í sambandi við ráðningu langflestra starfsmanna Framkvæmdastofnunarinnar. Varðandi aðrar ráðningar til starfa í Framkvæmdastofnuninni vil ég upplýsa það að í öllum tilfellum, hverju og einu einasta tilfelli, hefur framkvæmdaráðið samþ. till. forstöðumanna deilda um ráðningar, og það hefur aldrei komið til ágreinings um ráðningar á starfsfólki til Framkvæmdastofnunarinnar þau 4 ár sem ég hef starfað þar.

Þessu næst vildi ég koma að þeim þætti mála, þar sem mest hætta er á að koma við misnotkun og þá pólitískri misnotkun, þ. e. a. s. lánamála. Það eru tveir stórir lánasjóðir sem Framkvæmdastofnunin hefur með að gera, eins og kunnugt er: annars vegar Framkvæmdasjóður Íslands sem lánar út á þessu ári um 3.5 milljarða til fjárfestingarlánasjóða nær eingöngu og hins vegar Byggðasjóður sem sennilega mun lána út á þessu ári einhvers staðar á bilinu 900 millj. —1 milljarður. Það er fróðlegt að athuga hvernig unnið hefur verið að þessum málum, hvort það hefur verið gert með þeim aðferðum sem hæfa ef menn vilja koma við pólitískri misnotkun eða hvort menn hafa hagað málum á annan veg. Ef ég vík fyrst að því hvernig hagað hefur verið vinnubrögðum og undirbúningi að útlánum og ákvörðunum um lán Framkvæmdasjóðs Íslands, þá hefur það verið gert þannig að lánadeildin hefur fyrst samband við alla þá fjárfestingarsjóði, sem Framkvæmdasjóður lánar, til þess að ganga úr skugga um hve mikið ráðstöfunarfé hver sjóður hefur úr að spila til lánveitinga á næsta ári og hver þörf lánasjóðanna er að því er menn telja. Síðan ræðir framkvæmdaráðið ásamt forstöðumönnum í Framkvæmdastofnuninni við formann og framkvæmdastjóra hvers fjárfestingarlánasjóðs um sig sérstaklega um málefni þess sjóðs. Það eru náttúrlega langmest umsvif hjá tveimur sjóðum, þ. e. Fiskveiðasjóði og Stofnlánadeild landbúnaðarins. Hinir sjóðirnir hafa notið miklu minni lánafyrirgreiðslu frá Framkvæmdasjóði á undanförnum árum, en næstir í röðinni koma Iðnlánasjóður og Lánasjóður sveitarfélaga. Byggðasjóði var lánað úr Framkvæmdasjóði fyrstu árin, en á þessu ári, 1975, hefur Byggðasjóður ekki fengið nein vilyrði fyrir lánveitingum úr Framkvæmdasjóði og ekki er gert ráð fyrir því í fjáröflunar- og útlánaáætlun Framkvæmdasjóðs.

Þegar fyrir liggur ljós mynd af þörfum sjóðanna ræða þessir sömu aðilar frá Framkvæmdastofnuninni við bankastjóra Seðlabankans og aðstoðarmenn þeirra, ekki síst með hliðsjón af krónískri og sífellt vaxandi fjárvöntun Framkvæmdasjóðs, og þarf ekki að taka fram að formaður stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar fylgist náið með öllu sem fram fer í þessum efnum. Þegar fullmótuð mynd er fengin af stöðunni er málið nánar rætt við hæstv. forsrh. og stundum við alla hæstv. ríkissti. Þegar svo kemur í ljós hver möguleg fjáröflun er gerir framkvæmdaráðið till. til stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar, en það er hún sem að lokum samþ. öll útlán Framkvæmdasjóðs. Þessar till. eru lengi að mótast og þróast og það eru margir aðilar, sem þarna koma við sögu, eins og ég hef gert grein fyrir. Þó að framkvæmdaráðið beri ábyrgð á þeim till. að lokum, þá er það þó í raun og veru þannig að með þessum vinnubrögðum, sem ég hygg að séu ákaflega lík þeim vinnubrögðum sem höfð voru þegar Seðlabankinn hafði Framkvæmdasjóð á sínum tíma, nema það eru kannske enn þá meiri samráð núna við fjárfestingarlánasjóðina en þá var, — þá held ég að augljóst sé af þessum vinnubrögðum að það er ekki auðhlaupið að því að koma við pólitískri misnotkun í sambandi við útlán Framkvæmdasjóðs.

Í sambandi við þetta atriði vil ég aðeins minnast á það að einn af bankastjórum þjóðbankans, Jónas Haralz, ritaði í eitt af dagblöðum bæjarnis grein fyrir nokkrum dögum sem hann nefnir: „Þekking eða mannþekking.“ Í þessari grein ræðir bankastjórinn um að Framkvæmdasjóður Íslands og Byggðasjóður hafi verið færðir frá Seðlabankanum og Landsbankanum til Framkvæmdastofnunarinnar og síðan segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Það þarf engum blöðum um það að fletta, hvaða afleiðingar þessi breyting hefur haft í för með sér og lítill vafi á því, hvaða þátt hún hefur átt í þróun lánamála og efnahagsmála að undanförnu. Með þessu er ég ekki að segja að rétt sé að hverfa aftur til fyrra skipulags.“

Þetta voru orð bankastjórans. En hann segir einnig að slík breyting sem gerð hafi verið dragi úr yfirsýn og aðhaldi. Ég sá ástæðu til þess af þessu gefna tilefni, með tilliti til þess að bankastjórinn segir að það dragi úr aðhaldi að breyta þessu á þann veg, að gera sérstaka athugun á því hvernig lánamálum innlánsstofnana annarars vegar og Framkvæmdasjóðs hefur verið háttað á síðustu árum. Ég lét athuga hvernig þessi mál hefðu staðið á árunum 1973 og 1974. Það kemur í ljós að á árunum 1973—1974 hefur nettóaukning útlána innlánsstofnana verið 7 milljarðar 526 millj. kr., þar af hjá Landsbankanum 4 milljarðar 440 millj. Það er hækkunin milli áranna 1973 og 1974. Hjá Framkvæmdasjóði hefur þetta aftur á móti verið þannig að nettó-útlánaaukning fjárfestingarlánasjóðanna — og á ég þá bæði við íbúðarlánasjóðina og Framkvæmdasjóð eða fjárfestingarlánasjóðina — að útlánaaukningin á milli áranna 1973 og 1974 hefur numið 1 183 millj. og þar af 427 millj. hjá fjárfestingarlánasjóðunum. Á sama tíma sem útlánaaukningin hjá Landsbankanum hefur numið 4 milljörðum 440 millj., þá hefur aukningin numið 427 millj. hjá fjárfestingarlánasjóðunum eða 10 sinnum minni. Ég vildi aðeins minnast á þetta að gefnu tilefni, en þetta er raunar utan við þá umr. sem hér fer fram um Framkvæmdastofnunina. (**Forseti:** Mig langar að spyrja hv. þm. hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni.) Ég á nokkuð mikið eftir, já. (**Forseti:** Það er ætlunin að ljúka þessum fundi núna kl. 4, svo að ég verð að biðja hv. þm. að bíða með ræðu sína þangað til á næsta fundi deildarinnar.) [Frh.]

Sameinað þing, 8. fundur.

Þriðjudaginn 28. okt., kl. 2 miðdegis.

Forseti tók öll dagskrármálin af dagskrá.

Sameinað þing, 9. fundur.

Þriðjudaginn 28. okt., að loknum 8. fundi.

Kosning yfirskoðunarmanns ríkisreikninga 1974 í stað Péturs Sigurðssonar alþm., sem hefur sagt af sér vegna aukins vinnuálags og langtíma fjarveru erlendis.

Aðeins einn maður var tilnefndur. Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörinn væri án atkvgr.:
Halldór Blöndal kennari.

Sveitavegir á Austurlandi, þáltill. (þskj. 21). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Viðgerðar- og viðhaldsaðstaða flugvéla á Keflavíkurflugvelli, þáltill. (þskj. 25). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fjárlög 1976, frv. (þskj. 1). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Í upphafi athugasemdanna, sem fjárlagafrv. fylgja, kemur fram að brýnustu viðfangsefnin á sviði íslenskra efnahagsmála eru um þessar mundir að hamla gegn verðbólgu og draga úr hallanum í greiðsluviðskiptum við aðrar þjóðir. Nægilega rík áhersla verður vart lögð á mikilvægi þess að árangur náist í þessum efnum ef tryggja á til frambúðar atvinnu og framfarir í landinu.

Ríkisstj. mun beita samræmdum aðgerðum í ríkisfjármálum og lánamálum í þessu skyni: Í fyrsta lagi á þann hátt, að fjárlög ársins 1976 verði hallalaus og feli alls ekki í sér magnaukningu útgjalda frá árinu 1975. Í öðru lagi með gerð lánsfjáráætlunar fyrir árið 1976 er nái til allra innlendra lánastofnana svo og til lántöku erlends fjár og ráðstöfunar þess. Í þriðja lagi með virku og ströngu eftirliti með ríkisútgjöldum innan fjárlagaársins hjá stofnunum og fyrirtækjum ríkisins er byggist á samræmdri skýrslugerð um framgang allra ríkisframkvæmda innan fjárlagaársins og betri samræmingu á framsetningu fjárlagafrv., endanlegum fjárlögum og reikningstölum ríkisbókhalds. Í fjórða lagi með undirbúningi að gerð áætlana um þróun tekna og útgjalda ríkissjóðs á næstu árum og þar með með endurskoðun sjálfvirkni núgildandi útgjaldalöggjafar. Jafnframt verði tekinn upp sá háttur að stjfrv. fylgi jafnan útreikningar og mat á þeim útgjöldum sem frv. hafa í för með sér, bæði í bráð og lengd.

S. l. fjögur ár hefur verðbólga farið ört vaxandi hér á landi og á árunum 1974 og 1975 numið 40—50%. Þetta er miklu meiri verðbólga en verið hefur í flestum nágranna- og viðskiptalöndum okkar. Það er fyrst nú síðustu mánuði að dregið hefur úr hraða verðbólgunnar hér á landi. Þannig hafa verðbreytingar frá maíbyrjun í ár fram til þessa verið nálægt 25—30% á ársgrundvelli, og horfur eru á að enn muni úr draga á næstunni ef við berum gæfu til að nota skynsamlega það tækifæri, sem nú gefst til þess að ná árangri í viðureigninni við verðbólguna þegar í senn dregur úr verðbólgu hér heima og erlendis.

Afleiðingar hinnar öru verðbólguþróunar hér á landi koma víða fram. Þær koma fram í minnkandi sparnaði og í skerðingu eigna lífeyrissjóða og annarra sjóða, í lítt yfirveguðum og óhagstæðum framkvæmdum jafnt hjá opinberum aðilum sem einkaaðilum, í röskun á skiptingu eigna og tekna þjóðfélagsþegnanna. Engri þjóð hefur tekist að ná varanlegri aukningu velmegunar og félagslegum umbótum samfara örri verðbólgu. Víðast hvar hefur verðbólga fyrr eða síðar leitt til efnahagslegrar stöðnunar eða hnignunar og félagslegs misréttis.

Á þessu ári mun hallinn í viðskiptum okkar við aðrar þjóðir nema um 10% af þjóðarframleiðsl-

unni þrátt fyrir verulega minnkun innflutnings. Þetta felur það í sér að um tíunda hver króna, sem við ráðstöfum til neyslu og framkvæmda, sé fengin með því að ganga á gjaldeyrissjóðinn eða að láni frá öðrum þjóðum. Nú er svo komið að gjaldeyrisforðinn er eingöngu lánsfé. Við getum ekki haldið þessum hallabúskap áfram. Þetta hefur tekist enn sem komið er vegna þess að þjóðin hefur notið mikils lánstrausts sem grundvöllur var lagður að á s. l. áratug og auk þess getað hagnýtt sér fyrirgreiðslu alþjóðalánastofnana, einkum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Það er mikilvægt að gera sér grein fyrir að þetta traust er nú nýtt til hins ýtrasta og að frekari erlendar lántökur í verulegum mæli eru útilokaðar, nema ljóst sé að þróunin í greiðslujöfnuði landsins stefni til betri vegar. Ein meginástæða hinnar erfiðu greiðslustöðu út á við á árinu í ár er útflutningserfiðleikar, sölutregða og óhagstæð verðþróun samfara innflutningsverðhækkun. Versnandi ytri skilyrði hafa hrakið okkur af leið, og við verðum að snúast við þeim vanda af fyllsta manndómi.

Sú barátta gegn verðbólgu og halla í greiðsluviðskiptum, sem nú skiptir öllu, fer þannig fram við erfiðar ytri aðstæður sem þó er ekki unnt að gera ráð fyrir að fari batnandi á næstunni. Á árinu 1974 varð engin aukning á þjóðartekjum og á þessu ári er gert ráð fyrir að þær á mann lækki um 9%. Engar horfur eru taldar á því að um teljandi aukningu útflutningsframleiðslu eða batnandi viðskiptakjör verði að ræða á næsta ári. Að vísu má búast við að efnahagsástand fari verulega batnandi í viðskiptalöndum okkar, þegar kemur fram á næsta ár. Þetta mun þó naumast hafa teljandi áhrif á þær vörur, sem við flytjum út, fyrst um sinn. Á sumum útflutningsmörkuðum okkar, ekki síst mörkuðum fyrir saltfisk og rækju, eru horfurnar mjög alvarlegar. Jafnframt heldur verð á innflutningi enn áfram að hækka nokkuð. Við því þarf að búast að raunverulegar þjóðartekjur verði litlu meiri eða svipaðar á næsta ári og í ár.

Rétt stjórn fjármála og peningamála er ein af meginforsendum þess að árangur náist í baráttu gegn verðbólgu og greiðsluhalla. Geysileg aukning útgjalda ríkisins, sveitarfélaga og opinberra sjóða og útlána banka og fjárfestingarsjóða hefur verið ein af orsökum verðbólguvaxtarins á undanförnum árum. Eigi að snúa taflinu við og draga stórlega úr verðbólgu og greiðsluhalla verður það að byggjast á því að útgjöld og útlán hætti að aukast með þeim hætti sem verið hefur. Þetta er mörgum annmörkum háð, vegna þess að margvísleg löggjöf hefur verið sett um stóraukna opinbera þjónustu án þess að fjárhagslegar afleiðingar þeirrar löggjafar hafi verið metnar til fulls eða teknar til greina. Stórframkvæmdum hefur verið hrundið af stað án þess að séð hafi verið fyrir fjármögnun þeirra með heilbrigðum hætti. Á hliðstæðan hátt hafa framkvæmdir verið hafnar í atvinnulífinu langt umfram getu fyrirtækjanna sjálfra og fjárfestingarlánasjóða og banka til þess að sjá þeim fyrir fjármagni. Það er því óhjákvæmilegt að draga verður úr þjónustu og framkvæmdir verða að tefjast frá því sem ráðgert hafði verið, ef tilætlaður árangur í viðnámi gegn verðbólgunni á að nást. Enn fremur má framvegis ekki auka opinbera þjónustu né taka upp nýja án þess að þær fjárhagslegu byrðar, sem þetta hefur í för með sér í nútíð og framtíð, liggi ljósar fyrir og ekki hefja framkvæmdir án þess að séð hafi verið fyrir fjármögnun þeirra. Vandinn er að sjálfsögðu ekki einungis sá að halda útgjöldum og framkvæmdum innan þeirra takmarka, sem eðlileg fjáröflun setur, heldur einnig sá, að nú er brýnna en nokkru sinni að þau útgjöld og framkvæmdir sitji í fyrirrúmi sem stuðla að aukinni hagkvæmni og framleiðslu.

Eins og jafnan hefur verið reynslan á síðari árum hafa verið gerðar ýmsar efnahagsráðstafanir á fjárlagaárinu, eða eftir að fjárlög ársins 1975 voru samþykkt, vegna aðsteðjandi efnahagsvanda. Margar þessara aðgerða hafa beinlínis verið fólgnar í breytingum á tekjum og gjöldum ríkissjóðs. Aðrar aðgerðir hafa fyrst og fremst beinst að eða komið fram á öðrum sviðum efnahagsstarfseminnar, en engu að síður haft mikil áhrif á þróun ríkisútgjalda og ríkistekna.

Af hinum síðartöldu má nefna almennar launahækkanir og gengisbreytingar sem orðið hafa á árinu. Þannig er áætlað að áhrif gengislækkunarinnar í febr. s. l. hafi haft í för með sér beint og óbeint um 1 870 millj. kr. gjaldaauka fyrir ríkissjóð, ef þessi hækkunaráhrif fengju að koma fram óheft, en ríkisstj. tók þá ákvörðun að bæta ekki kostnaðarauka á almennum rekstrarliðum vegna gengisbreytingarinnar, heldur skyldi þeim mætt með endurskoðun útgjaldaforma í hinum ýmsu stofnunum og fyrirtækjum ríkisins. Hér var um 820 millj. kr. lækkun að ræða, og nettóáhrif gengisfellingarinnar því metin 1 050 millj. kr. útgjaldaauki. Af þeirri fjárhæð koma 435 millj. kr. fram í greiðslum sem á einhvern hátt eru bundnar erlendum gjaldeyri, svo sem kostnaður við sendiráðin, og endurgreiðslu erlendra lána, en 615 millj. kr. komi fram í framlögum til almannatrygginga og almennum launakostnaði sem nú mun að vikið, og verða áhrifin sem rekja mætti til gengisbreytingarinnar ekki talin þar sérstaklega.

Í marsmánuði hækkuðu almenn laun um 10—11% að meðaltali og í júní gekk kjaradómur varðandi opinbera starfsmenn sem fól í sér hliðstæða hækkun launa. Um miðjan júní varð svo enn almenn launahækkun sem metin hefur verið nálægt 10%. Þessar hækkanir hafa leitt til nálægt 11½% útgjaldaauka á launalið ríkissjóðs á árinu 1975, eða sem næst 1 000 millj. kr.

Ýmsar beinar aðgerðir í ríkisfjármálum, aðrar en launahækkanir opinberra starfsmanna, hafa haft áhrif á útgjaldahliðina, og skulu hinar veigameiri nú raktar. Í marsmánuði var ákveðið að hækka niðurgreiðslur sem nam um 200 millj. kr. á ársgrundvelli, og aftur voru niðurgreiðslur auknar í júnímánuði sem nam um 1 200 millj. kr. á heilu ári. Í bæði skiptin var ákvörðunin tekin með tilliti til þróunar verðlagsmála almennt, og í síðara skiptið var tilgangurinn ekki síst að auðvelda samningagerð í launamálum sem þá stóð yfir. Útgjaldaauki af þessum sökum er áætlaður 910 millj. kr. á árinu 1975. Sem kunnugt er hafa bótafjárhæðir lífeyristrygginga

verið tengdar kauptöxtum, og í samræmi við það hafa bætur verið hækkaðar tvisvar á árinu, eða um 9% í apríl og 11% frá 1. júlí. Samfara hækkuninni í apríl var lögfest sú kerfisbreyting að frá miðju ári skyldu fjölskyldubætur falla inn í tekjuskattskerfið. Þá hafa daggjöld á sjúkrahúsum og þar með framlög til sjúkratrygginga verið hækkuð þrisvar á árinu, eða um 7.4% að meðaltali frá 1. maí, 6.5% frá 1. júlí og 15% frá 1. okt., auk þess sem halladaggjöld hafa verið í gildi á einstökum sjúkrastofnunum. Er þetta afleiðing launahækkana starfsfólks og annarra verðlagshækkana. Nettóhækkun framlaga til almannatrygginganna er af þessum sökum metin um 2 300 millj. kr. á árinu. Þá var ákveðið á árinu að ríkissjóður stæði undir þeirri auknu greiðslubyrði vegna togarakaupa er leiddi af lengingu lána togaraeigenda umfram lánstíma erlendu lánanna er fengust í sambandi við kaupin. Eru greiðslur af þessum sökum áætlaðar 560 millj. kr. á árinu. Enn fremur ákvað ríkisstj. að greiða niður áburðarverð er hafði hækkað mjög verulega erlendis, og verður til þess varið 600 millj. kr. á þessu ári. Í ljós hefur komið að uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir eru vanáætlaðar í fjárlögum 1975, og er gert ráð fyrir að þessar uppbætur fari 250 millj. kr. fram úr fjárlagatölu ársins. Loks hafa breytingar á sköttum og almennt endurmat tekjuáætlunar leitt til hækkunar markaðra tekjustofna sem fram koma í gjaldahlið, og auk þess hefur ekki verið komist hjá að samþykkja nokkrar umframgreiðslur á einstökum fjárlagaliðum sem ekki eru innifaldar í framangreindum tölum. Er áætlað að útgjaldaauki af þessum tveimur ástæðum nemi um 240 millj. kr. Þá var í efnahagsmálalögunum frá apríl s. l. heimild til lækkunar útgjalda um 3 500 millj. kr., en eftir að málið hafði verið til meðferðar í fjvn. var það álit nefndarinnar að ekki væri fært að lækka gjöld um meira en 2 000 millj. kr., og gerði nefndin tillögur um það efni. Þegar tekið hefur verið tillit til alls þessa verður niðurstaðan sú að heildarútgjöld á árinu 1975 sýnast verða nálægt 51 500 millj. kr., en það er 4 300 millj. kr. hærra en fjárlagatala ársins.

Allmiklar breytingar hafa verið gerðar á skattamálum síðan fjárlög voru afgreidd og skal þeirra veigamestu nú getið. Með efnahagsmálalögunum í apríl var tekjuskattur einstaklinga lækkaður verulega, og er nú áætlað að hann verði um 920 millj.. kr. lægri en fjárlagatala ársins, en þá er ekki dreginn frá nema helmingur fjölskyldubóta ársins, enda gert ráð fyrir þeirri fjárhæð sem útgjöldum í þeim tölum sem þegar hefur verið greint frá. Hins vegar er tekjuskattur félaga áætlaður um 170 millj. kr. hærri en í fjárlögum ársins. Almenn aðflutningsgjöld eru áætluð einungis 390 millj. kr. hærri en í fjárlögum þrátt fyrir gengisfellinguna í febr., og er skýringin annars vegar fólgin í afnámi tolla á ýmsum matvörum með efnahagslögunum og hins vegar í lækkun meðaltollhlutfalls vegna minni hátollainnflutnings í ár en í fyrra. Í sömu lögum var ákveði um niðurfellingu söluskatts af tilteknum matvörum, og þrátt fyrir meiri veltu en reiknað var með er nú áætlað, að tekjur af söluskatti verði 460 millj. kr. lægri en í fjárlagaáætlun. Þá var með efnahagsmálalögunum tekið upp flugvallagjald sem talið er að muni gefa af sér 225 millj. kr. á árinu. Þegar ljóst var að niðurfærsla ríkisútgjalda næmi eigi hærri upphæð en 2 000 millj. kr. var ákveðið að innheimta með brbl. sérstakt tímabundið 12% vörugjald, sem standa skyldi til loka þessa árs. Áætlað var að tekjur af vörugjaldinu næmu 1 850 millj. kr. á árinu, en eftir 2 000 millj. kr. lækkun útgjalda var það sá fjárhagsvandi sem ríkissjóður var talinn standa frammi fyrir og leysa þyrfti til þess að jöfnuður næðist í ríkisfjármálum. Endurskoðun þessa tekjustofns hefur nú leitt í ljós að ekki sé að vænta meira en 1 600—1 700 millj. kr. af gjaldinu. Verð áfengis og tóbaks hefur verið hækkað á árinu. Af þessum sökum er áætlað að tekjur ríkissjóðs af ÁTVR verði 1 050 millj. umfram fjárlagaáætlun. Að lokum skal þess getið að í febrúar var innflutningsgjald af farþegabifreiðum hækkað og eru tekjur af gjaldinu nú áætlaðar 70 millj. kr. umfram fjárlagatölu. Endurmat tekjuáætlunar að öðru leyti hefur leitt í ljós að nettóhækkun annarra tekjuliða er talin 379 millj. kr. og heildartekjur á árinu þannig 50 230 millj. kr. þegar fjölskyldubætur hafa verið dregnar frá tekjuskatti að hálfu. Er þetta 2 604 millj. kr. umfram fjárlagaáætlun ársins 1975.

Í fjárlögum er gert ráð fyrir að á lánahreyfingum verði 270 millj. kr. nettóhalli, og á þessu stigi hefur ekki þótt ástæða til að breyta þeirri áætlun, enda um mörg óviss atriði að ræða.

Áður en ég vík að fjárlagafrv. vil ég gera stutta grein fyrir afkomu ríkissjóðs 1974.

Í maímánuði s. l. gerði ég stutta grein fyrir afkomu ríkissjóðs skv. A-hluta ríkisreiknings fyrir árið 1974. Reikningurinn var þá jafnframt afhentur alþm. fullbúinn af hálfu ríkisbókhaldsins, en án athugasemda yfirskoðunarmanna. Var það í fyrsta skipti sem A-hlutinn í heild hefur verið lagður fram að vori. Vænti ég að svo geti orðið framvegis.

Ríkisbókhaldið hefur nú einnig lokið við gerð B-hluta ríkisreiknings og er hann nú afhentur í sérstöku hefti. Þegar yfirskoðunarmenn ríkisreiknings hafa gert sínar athugasemdir við A- og B-hluta hans og þeir fengið svör við þeim og gert sínar tillögur mun reikningurinn í heild að venju verða lagður fram, væntanlega síðar á þessu þingi.

Jafnframt því að leggja fram B-hluta ríkisreiknings hefur greinargerð ríkisbókhaldsins um afkomu ríkissjóðs á árinu 1974 verið dreift meðal þingmanna. Leyfi ég mér að vísa til hennar, en vil þó draga fram helstu atriði í afkomu ríkissjóðs á næstliðnu ári.

Afkoma ríkissjóðs skv. rekstrarreikningi A-hluta ríkisreiknings fyrir árið 1974 var óhagstæð um 3 287 millj. kr. Gjöld að meðtöldum fjárfestingarútgjöldum reyndust 41 008 millj. kr. og tekjur 37 721 millj. kr. Endurmatsjöfnuður varð óhagstæður um 576 millj. kr., einkum vegna hækkunar skulda í erlendri mynt vegna gengismunar. Rekstrar- og endurmatsjöfnuður sýndu því óhagstæða þróun að fjárhæð 3 863 millj. kr. eða skuldaaukningu ríkissjóðs, nettó, um þá fjárhæð á árinu. Sú breyting kom annars vegar fram í óhagstæðum greiðslujöfnuði í heild um 2 294

millj. kr. og hins vegar í lánajöfnuði að fjárhæð 1 569 millj. kr. Greiðslujöfnuður í þrengri merkingu, þ. e. a. s. jöfnuður sjóðs- og bankareikninga var hins vegar óhagstæður um 3 171 millj. kr. Ef skuldaaukning ríkissjóðs við Seðlabankann í umsömdum lánum að fjárhæð 220 millj. kr. er talin með er jöfnuðurinn óhagstæður um 3 391 millj. kr., en um 2 514 millj. kr. ef breyting ýmissa lausaskulda og inneigna er talin með.

Lánajöfnuður sýndi aukningu skulda ríkissjóðs um 1 569 millj. kr. og þar af, eins og áður segir, 220 millj. kr. við Seðlabankann. Skuldir við aðra í formi tekinna lána hækkuðu um 1 444 millj. kr. Veitt lán lækkuðu um 25 millj. kr. og eign í hlutabréfum og stofnfjárframlögum hækkaði um 120 millj. kr. Innifalið í þessum fjárhæðum er endurmat vegna gengismunar til hækkunar tekinna lána um 613 millj. kr. og stofnfjárframlag til alþjóðastofnana um 48 millj. kr.

Gjöldin árið 1974 námu, eins og áður sagði, 41 milljarði og 8 millj. kr. eða 11 milljörðum 606 millj. kr. umfram fjárlög. Þegar tekið hefur verið tillit til áhrifa markaðra tekna og sérstakra laga, sem leitt hafa til gjalda umfram áætlun fjárlaga, samtals að fjárhæð 2 664 millj. kr., sbr. bls. 63 og 183 í ríkisreikningi, A-hluta, námu umframgjöldin 8 942 millj. kr. eða 28% af fjárlögum og fjárveitingarheimildum.

Stærstu gjaldaliðir voru eins og áður framlög til tryggingamála, þ. e. til Tryggingastofnunar ríkisins og Atvinnuleysistryggingasjóðs, 12 milljarðar og 10 millj. kr. Sú fjárhæð er 1 646 millj. kr. eða 16% hærri en fjárlög ásamt sérstökum gjaldaheimildum. Niðurgreiðslur og uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir námu 4 676 millj. kr. eða 2 778 millj. kr. umfram fjárlög sem svarar til 146% hækkunar. Gjöld Vegagerðar námu 3 005 millj. kr. eða 960 millj. kr. umfram fjárlög. Sérstakar gjaldaheimildir námu 899 millj. kr. Raunveruleg umframgjöld Vegagerðar námu því 61 millj. kr. eða 2%. Þessir þrír gjaldaliðir nema samtals 19 milljörðum 691 millj. kr. eða nær helmingi af gjöldum reikningsins í heild og umframgjöldum. Aðrir stórir gjaldaliðir umfram fjárlög voru sérstakt framlag til Rafmagnsveitna ríkisins 931 millj. kr., til Áburðarverksmiðju ríkisins 244 millj. kr., 677 millj. kr. í gjöldum umfram fjárlög til dómgæslu og lögreglumála, 677 millj. kr. til héraðs-, barna- og gagnfræðaskóla og 365 millj. kr. í vaxtagjöld. Framangreind upptalning umframgjalda að fjárhæð 7 379 millj. kr. skýrir liðlega 4/5 hluta umframgjalda í heild.

Heildartekjur ríkissjóðs námu skv. rekstrarreikningi 37 721 millj. kr. og eru þá tekjurnar gerðar upp á grundvelli álagningar. Innheimtar tekjur námu hins vegar 35 784 millj. kr. eða 6 604 millj. kr. umfram fjárlög að fjárhæð 29 180 millj. kr. Svarar það til 22.6% hækkunar. Tekjufærslan nam aftur á móti 8 541 millj. kr. umfram fjárlög eða 29.3%. Ef tekið er tillit til lækkunar tekjuskatts skv. lögunum um skattkerfisbreytingu frá því í mars 1974, er áætlað var að yrði um 1 411 millj. kr., eru umframtekjur 9 952 millj. kr. eða 35.8%.

Söluskattur nam tæpum þriðjungi af tekjum ríkissjóðs á árinu eða um 31.5% teknanna. Söluskattur var hækkaður tvívegis á árinu.

Tekjufærður söluskattur í hluta ríkissjóðs nam 11 863 millj. kr. og varð því 5 161 millj. kr. umfram fjárlög eða 77%. Innheimta hans varð hins vegar 10 965 millj. kr. eða 4 263 millj. kr. eða 63.6% umfram fjárlög. Meginhluti óinnheimts söluskatts í árslok fellur í gjalddaga 15. jan. árið eftir og er því ógjaldfallinn í árslok.

Annar stærsti liðurinn í tekjum ríkissjóðs voru almenn aðflutningsgjöld. Námu þau ásamt innflutningsgjaldi af bensíni og innflutningsgjaldi af bifreiðum 11 080 millj. kr. eða 29.4% heildartekna ríkissjóðs.

Þriðji stærsti tekjuliður ríkissjóðs var tekju- og eignarskattur sem ásamt erfðafjárskatti námu í tekjufærslu 5 937 millj. kr. eða 15.7% teknanna. Tekjuskattur var í fjárlögum áætlaður 6 795 millj. kr. Með lögum frá því í mars 1974 um skattkerfisbreytingu var tekinn upp sérstakur skattafsláttur. Gert var ráð fyrir því að sú breyting leiddi, eins og áður sagði, til lækkunar tekjuskatts um 1 411 millj. kr. Tekjufærslan reyndist hins vegar 1 253 millj. kr. lægri og innheimtan 1 700 millj. kr. lægri en áætlun fjárlaga.

Fjórði stærsti tekjuliður ríkisins var hagnaður Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Nam hann 3 276 millj. kr. eða 8.7% af heildartekjum ríkissjóðs. Tekjurnar urðu 298 millj. kr. eða aðeins 10% umfram áætlun fjárlaga þrátt fyrir hækkun útsöluverðs á árinu.

Framangreindir teknaliðir námu í tekjufærslu 32 milljörðum og 156 millj. kr. eða 85% heildartekna ríkissjóðs. Innheimta þeirra nam 30 milljörðum 811 millj. kr. eða 86% heildarinnheimtu.

Við gerð fjárlagafrv. fyrir árið 1976, sem lagt var fram í byrjun þings, er beitt itrustu varkárni og aðhaldssemi í útgjaldaáætlun vegna þess alvarlega efnahagsástands sem þjóðin stendur nú frammi fyrir, einkum í verðlagsmálum og viðskiptastöðu gagnvart útlöndum. Þrátt fyrir þessi vinnubrögð var ljóst, að ríkisútgjöld hlytu að hækka óhóflega mikið ef gengið væri út frá óbreyttum lögum og reglum, er ákvarða ýmsa veigamikla útgjaldaliði að mestu eða öllu leyti. Til þess að koma í veg fyrir slíkar hækkanir er beinlínis hefðu getað orðið í mótsögn við þá stefnu að stuðla að efnahagslegu jafnvægi ákvað ríkisstj. að beita sér fyrir aðgerðum sem leiða munu nálægt 4 700 millj. kr. lækkunar útgjalda frá því sem ella hefði orðið. Mun síðar vikið að þessu nánar. Það er mat ríkisstj. að þessar fyrirhuguðu aðgerðir séu til þess fallnar að draga úr því þensluástandi sem ríkt hefur í landinu að undanförnu. Það er jafnframt mat ríkisstj. að þessar ráðstafanir í ríkisútgjöldum muni alls ekki leiða til svo mikils samdráttar að atvinnuöryggi sé stefnt í hættu. Full atvinna og varanlegt atvinnuöryggi er eitt af meginstefnumiðum ríkisstj. Ríkisstj. telur að þessum tilgangi sé nú best þjónað með ríkisfjármálastefnu sem stuðli að efnahagsjafnvægi.

Helstu þjóðhagslegu forsendur, sem fjárlagafrv. byggist á, eru, eins og áður segir, að þjóðarútgjöld verði sem mest óbreytt að magni á árinu 1976 miðað við yfirstandandi ár. Kaup- og verðlagsforsendur eru þær að í gjaldahlið er byggt á því kauplagi sem gilti eftir samningsbundnar hækkanir í byrjun þessa mánaðar og tekið er

tillit til við gjaldaáætlanir að verðlag hefur hækkað um 45—50% frá síðustu fjárlagagerð. Miðað við boðaðar aðgerðir til lækkunar útgjalda er gert ráð fyrir að heildarútgjöld ríkisins verði óbreytt að raunverulegu verðgildi frá áætluðum útgjöldum 1975 svo og hlutfall ríkisútgjalda af þjóðarframleiðslu. Tekjuáætlun frv. er byggð á hliðstæðum launa- og verðlagsforsendum og hér hafa verið raktar. Gert er ráð fyrir 25% hækkun skattvísitölu frá 1975, sem er í samræmi við áætlaða hækkun tekna árið 1975. Miðað er við að 12% vörugjaldið verði afnumið um næstu áramót og þá komi einnig til tollalækkanir samkvæmt samningum við EFTA og EBE. Loks er ráðgerð hækkun fasteignamats til eignarskatts til verðlags á þessu ári og yfirfærslu til ríkissjóðs á 2% stigum sölugjalds sem skv. lögum rennur til Viðlagasjóðs til næstu áramóta.

Í heild nema útgjöld fjárlagafrv. 57 386 millj. kr. á móti 47 225 millj. kr. í fjárlögum 1975, og er hækkunin því 10 161 millj. kr., eða 21.5%. Af þessari hækkun eru 1 548 millj. kr. í formi markaðra tekjustofna, en þeir hækka um 24.0%. Útgjöld án markaðra tekjustofna hækka því um 8 613 millj. kr. eða 21.1%. Sé hins vegar miðað við áætlaða útkomu ársins 1975 eftir síðustu hækkun daggjalda á sjúkrahúsum, þ. e. 51 500 millj. kr., er hækkun útgjalda 11.4%.

Mun nú vikið að helstu breytingum einstakra tegunda útgjalda frá fjárlögum 1975, en að því er varðar breytingar á fjárveitingum til einstakra ráðuneyta og málefnaflokka vísast til aths. er fylgja fjárlagafrv.

Gert er ráð fyrir því að launaliður verði í heild 11 431 millj. kr., sem er 28.5% hækkun frá fjárlögum 1975. Vegna gerðar sérstakrar starfsmannaskrár, sem gerð var skv. lögum frá s. l. ári og fylgir nú með fjárlagafrv. í fyrsta sinn, hefur reynst unnt að fá fram ítarlegri sundurliðun launanna en við fjárlagagerð undanfarin ár, og er í frv. sýnd sundurliðun á helstu tegundum launa. Enda þótt ekki séu fyrir hendi tæmandi upplýsingar um alla þætti launamálanna má þó með nokkurri vissu áætla að af þeirri 28.5% hækkun, sem verður á heildarlaunum, stafi mestur hluti, eða 27.7%, af taxtahækkunum og 0.8% af flokkahækkunum eða launaskriði. Magnaukning er áætluð engin, því að sú magnaukning á föstum launum, sem áætluð er 1%, jafnast út af magnminnkun stundakennslu o. fl. vegna sérstakra aðgerða til styttingar kennslustundafjölda sem vikið verður að síðar.

Önnur rekstrargjöld eru áætluð 3 450 millj. kr. og hækka um 27.9% frá fjárlögum 1975. Margir kostnaðarþættir í þessum útgjaldalið eru þess eðlis að óhægt er um vik við að halda þeim niðri, og má þar nefna húsaleigu, ljós, hita, tryggingagjöld, þar sem taxtar ráða að miklu leyti hæð útgjalda. Einnig koma til sérstök tilvik sem leiða af sér óviðráðanlegan kostnaðarauka og má þar nefna Landhelgisgæslu vegna aukinna umsvifa, rekstur sendiráða vegna gengisfellinga o. fl. af því tagi. Má fullyrða að við áætlun þessa liðar var gengið eins langt í aðhaldi og frekast var talið fært að gera á raunhæfan hátt án þess að það leiddi beinlínis til skerðingar á mögulegum viðkomandi stofnana til að annast þá þjónustu sem af þeim er krafist.

Viðhaldsliður er í heild áætlaður 1 570 millj. kr. sem er 29.5% hækkun frá fjárlögum 1975. Meginhluti viðhaldsfjár er í formi vegaviðhalds eða 969 millj. kr. Er hér miðað við vegáætlunina að frádreginni 5% lækkun. Á sama hátt og á við um rekstrargjöldin koma hér auk þess til sérstök tilvik, svo sem viðhald varðskipa og meiri háttar reglubundið viðhald rannsóknaskipa sem erfitt er að komast hjá, en að frátöldum þessum atriðum hækka viðhaldsliðir um einungis 23.1%, sem er vel undir verðlagshækkunum.

Vaxtagreiðslur ríkissjóðs eru áætlaðar samtals 1 173 millj. kr., og er það 64.1% hækkun frá fjárlögum ársins í ár. Hér er að sjálfsögðu um gjaldaliði að ræða, sem ekki verður hjá komist, en þessi hlutfallslega mikla hækkun stafar verulega af lántöku ríkissjóðs í Seðlabankanum á árinu vegna yfirdráttarskuldar um síðustu áramót svo og verðtryggingu framkvæmdalána sem ríkissjóður stendur undir, svo sem til vegagerðar o. fl.

Framlög til almannatrygginga nema 17 191 millj. kr. og hafa þau hækkað um 22.9%. Hér hefur verið tekið tillit til þess við áætlunargerð að sérstakar aðgerðir verði framkvæmdar er leiði til 2 000 millj. kr. lækkunar frá því sem leiða mundi af óbreyttum lögum og reglum, eins og vikið verður að hér á eftir.

Niðurgreiðslur nema skv. frv. 4 268 millj. kr. að meðtöldum framlögum í Lífeyrissjóð bænda sem eru 180 millj. kr. og niðurgreiðslu á áburði sem er 150 millj. kr. Eiginlegar niðurgreiðslur neysluvöruverðs nema því 3 938 millj. kr., en það er heldur lægri fjárhæð, eða 0.9% lægri en ætlað var til niðurgreiðslna í fjárlögum 1975. Þessi áætlun byggist á rösklega fjórðungslækkun frá núverandi niðurgreiðslustigi, en verðlagsáhrifum þessarar aðgerðar verður meira en mætt með skattalækkunum, eins og síðar mun að vikið.

Útflutningsuppbætur eru áætlaðar 890 millj. kr., eða 24.3% hærri en í fjárlögum yfirstandandi árs. Þetta er svipuð fjárhæð og gert er ráð fyrir að uppbæturnar muni nema í reynd árið 1975, og verður stefnt að því að halda þessum gjaldalið innan þessara marka.

Aðrir rekstrarliðir og rekstrartilfærslur nema samtals 4 103 millj. kr., og er um óverulega hækkun að ræða frá fjárlögum 1975 eða um 5.9%. Skýring á þessari hlutfallslega litlu hækkun er fólgin í því að nú fellur niður sérstök fjárveiting frá fjárlögum yfirstandandi árs að fjárhæð 500 millj. kr. vegna ráðstafana í verðlags- og kjaramálum. Að þessum lið frátöldum nemur hækkun þessa útgjaldaflokks 21.6%.

Framkvæmdaframlög í A-hluta nema samtals 14 011 millj. kr., og er þar um að ræða 18.5% hækkun frá fjárlögum 1975. Innan þessa flokks nema hreinar ríkisframkvæmdir og hluti ríkisins í sameiginlegum framkvæmdum 8 291 millj. kr. Sé tekið tillit til hækkunar framkvæmdakostnaðar (45%) er hér um að ræða 22.5% magnminnkun frá árinu í ár. Þessu til viðbótar er ætlað að afla 5 000 millj. kr. lánsfjár vegna framkvæmda B-hluta, aðallega orkuframkvæmda, eða samtals 13 291 millj. kr., og er þá um að ræða 15.7% magnminnkun frá sambærilegri tölu 1975. Að öðru leyti nema framkvæmdaframlög 5 720 millj. kr., sem er

27.7% hækkun í krónutölu frá fjárlögum 1975, og er þar um að ræða fjárfestingarstyrki, framlög til fjárfestingarsjóða og til lánagreiðslna, þar af 528.6 millj. kr. til lánagreiðslna vegna togara.

Að því hefur verið vikið að sjálfvirkni í útgjöldum ríkisins torveldar mjög alla fjármálastjórn. Þessi sjálfvirkni kemur annars vegar fram í því að veigamiklir útgjaldaflokkar eru tengdir kaup- eða verðlagsvísitölum, svo sem laun, lífeyristryggingabætur og húsaleiga. Hins vegar kemur sjálfvirknin fram í því að margvísleg lög hafa að geyma ákvæði þar sem sagt er til um hversu háa fjárhæð skuli veita árlega í fjárlögum til tiltekinna verkefna eða aðila. Það hefur farið í vöxt hin síðari ár að koma á reglum af þessu tagi. Á sumum sviðum er þetta sá háttur sem stjórnvöld og helstu hagsmunahópar þjóðfélagsins hafa komið sér saman um, t. d. hvað viðvíkur kjaramálum, og á öðrum sviðum má líta á þetta sem hluta af félagsmálastefnu stjórnvalda, svo sem varðandi bætur lífeyristrygginga. Á hinn bóginn hefur þessi tilhneiging náð til annarra sviða, þar sem telja má eðlilegra að þarfir séu stöðugt háðar endurmati á þann hátt að fjárveitingar séu ákvarðaðar árlega að undangengnu mati á forgangsröð verkefna án þess að til þurfi að koma seinvirk og oft viðamikil lagabreyting. Er nú svo komið að nálægt 70% allra útgjalda ríkisins eru háð sérstökum lögum, reglugerðum eða skuldbindandi samningum. Í fjárlagafrv. er nú stefnt að því að draga úr þessari sjálfvirkni og því verði sérstaklega gaumur gefinn, hvort ávallt sé um nauðsynlega þjónustu að ræða í gildandi fyrirkomulagi, einkum með tilliti til þeirrar þjóðhagslegu nauðsynjar sem nú er á því að varkárni og aðhaldssemi sé viðhöfð í útgjöldum ríkisins.

Þá skal vikið að þeim breytingum á löggjöf og reglum sem fjárlagaáætlunin fyrir árið 1976 byggist á og leiða mun til nálægt 4 700 millj. kr. útgjaldalækkunar frá því sem annars ætti að vera.

Almannatryggingar eru það svið ríkisfjármálanna sem hvað mest hefur þanist út á undanförnum árum, og er því eðlilegt að það komi sérstaklega til athugunar þegar efnahagsástand þjóðarinnar krefst sérstaks aðhalds í ríkisfjármálum. Er sett fram sem markmið í fjárlagafrv. að lækka framlög til almannatrygginganna um 2 000 millj. kr. Daggjaldahækkanir þær, sem nýlega voru ákveðnar, hafa enn aukið á fjárhagsvanda tryggingakerfisins. Ýmsar aðgerðir koma til greina við að ná þessu markmiði, og bendir margt til þess að skipan þessa viðamikla útgjaldaflokks sé með þeim hætti að verulegum sparnaði megi ná án þess að skerða aðstöðu þeirra sem raunverulega þurfa á þjónustu almannatrygginga að halda. Má í því sambandi benda á að ýmsir aðilar þjóðfélagsins njóta nú framlaga frá tryggingunum enda þótt þörf þeirra fyrir greiðslu af almannafé sé lítil, og auk þess má vekja athygli á þeim aðstöðumun sem fólginn er í núverandi fyrirkomulagi læknisþjónustu og lyfjakaupa. Ekki verður fjallað nánar um þessi mál hér, en nú er að því unnið að fullmóta tillögur í þessum efnum sem kynntar verða nefnd þingflokkanna áður en stjfrv. þar að lútandi verður lagt fram.

Niðurgreiðslur eru annar gjaldaflokkur sem mikið hefur vaxið á síðustu árum. Er fjárlagaáætlunin við það miðuð að niðurgreiðslur á neysluvöruverði verði lækkaðar um rúmlega fjórðung, eða 1 425 millj. kr., miðað við það stig sem nú gildir. Er þá m. a. að því stefnt að betri samsvörun verði milli söluverðs og framleiðslukostnaðar. Þessi aðgerð mundi að sjálfsögðu ein út af fyrir sig hafa áhrif til hækkunar á verðlag, og hafa þau áhrif verið áætluð 10 stig framfærsluvísitölu. Á móti kemur ráðgert afnám 12% vörugjalds og tollalækkanir í samræmi við samninga við EFTA og EBE sem hafa svipuð áhrif ef ekki meiri til lækkunar framfærsluvísitölunnar. Hins vegar eru verðlagsáhrif þessarar ráðstöfunar mun meiri en mælist í framfærsluvísitölu, eins og ráða má af því að tekjutap ríkissjóðs og þar með lækkaðar skattaálögur á þjóðfélagsþegnana nema um 4 000 millj. kr. á ári á meðan sparnaður ríkissjóðs með lækkun niðurgreiðslna og þar með verðhækkun viðkomandi afurða til almennings er 1 425 millj. kr.

Útflutningsuppbætur eru áætlaðar um 870 millj. kr. lægri en leiða mundi af fullri nýtingu verðábyrgðar ríkissjóðs skv. gildandi lagaákvæðum. Til að ná þessu marki í reynd er ætlunin að breyta reglum um greiðslufyrirkomulag á þann hátt að binda uppbætur í heild við fast hlutfall framleiðslukostnaðar og koma á þeirri tilhögun að útflytjendur hafi jafnan ótvíræðan hag af sem hagkvæmastri sölu frá þjóðhagslegu sjónarmiði. Fyrir þessum breytingum verður gerð nánari grein síðar.

Þá mun ríkisstj. leggja fram frv. þar sem leitað verður heimildar til að lækka um 5% þá aðra liði sem bundnir eru í sérstökum lögum, og þýðir þetta um 300 millj. kr. lækkun. Ekki er þó gert ráð fyrir að þessi lækkunarheimild taki til hreinna markaðra tekjustofna í útgjaldahlið, þ. e. a. s. þeirra stofna sem koma fram sem sama fjárhæð tekju- og gjaldamegin, en ekki fylgja mótframlög af neinu tagi. Veigamestu stofnarnir af þessu tagi, sem yrðu undanskildir, eru þær tekjur sem markaðar eru Byggingarsjóði ríkisins.

Á sviði skólamála er ráðgerð stytting vikulegs kennslutíma og þar með lækkun kostnaðar á árinu 1976. Hefur verið sett á fót nefnd til að gera tillögur um framkvæmd þessarar styttingar kennslutíma.

Auk þessa skal bent á, að framlög vegna rekstrarkostnaðar landhelgisgæslu og löggæslu innanlands miðast við að þar verði komið á breytingu er leiði til aukinnar hagkvæmni og sparnaðar. Er nú unnið að tillögum um þessi mál.

Tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir árið 1976 er að venju reist annars vegar á endurskoðaðri áætlun um tekjur ríkissjóðs 1975 og hins vegar á ákveðnum þjóðhagsforsendum fyrir næsta ár, einkum þeirri að heildarútgjöld þjóðarinnar verði ekki meiri að raunverulegu verðgildi á næsta ári en nú í ár. Raunar bendir margt til þess að fremur ætti að miða við lægra útgjaldastig en hærra á næsta ári og verður það nú tekið upp við endanlega afgreiðslu frv. frá Alþingi,

enda munu þá liggja skýrar fyrir ýmsar forsendur tekjuáætlunar fyrir næsta ár en nú er.

Áætlað er að 1976 verði heildartekjur á rekstrarreikningi 57 401 millj. kr. samanborið við 59 721 millj. kr. í endurskoðaðri tekjuáætlun ársins 1975 og 47 626 millj. í fjárlögum ársins 1975. Er hér þá reiknað með að fjölskyldubætur dragist frá tekjuskatti einstaklinga að fullu. Hækkun tekna frá 1975 til 1976 er því áætluð nema 15.4%.

Í tekjuáætlun er gert ráð fyrir afnámi 12% vörugjalds og að staðið verði við umsamdar tollalækkanir.

Tekjuskattur skv. frv. er við það miðaður að skattvísitala hækki um 25% eða í samræmi við áætlaða meðalhækkun tekna einstaklinga til skatts milli áranna 1974 og 1975.

Gert er ráð fyrir að á næsta ári verði eigi þörf á sérstakri fjáröflun til Viðlagasjóðs, en sem kunnugt er tekur Viðlagatrygging Íslands senn til starfa. Í tekjuáætlun frv. er gert ráð fyrir að þau 2% söluskattsstig, sem til þessa hafa runnið í Viðlagasjóð, verði framvegis tekjustofn ríkissjóðs.

Rétt er að vekja á því athygli að lögin um 1% sölugjald, sem varið hefur verið til að greiða niður olíukostnað vegna hitunar íbúðarhúsnæðis, falla úr gildi í febrúarlok 1976. Síðan gjald þetta kom til hafa miklar hitaveituframkvæmdir átt sér stað, þannig að heil byggðarlög, er áður notuðu olíu til kyndingar, hafa nú fengið hitaveitu. Nauðsynlegt er því að endurskoða núgildandi reglur um ráðstöfun tekna af gjaldi þessu svo og að ákveða um framhald þess áður en fjárlög eru afgreidd.

Verður nú vikið að helstu tekjuliðum.

Iðgjöld atvinnurekenda til almannatrygginga nema í heild 2 079 millj. kr. og hækka um 626 millj. kr. frá fjárlögum 1975 eða um 43.1%.

Tekjur af eignarsköttum eru áætlaðar 1 622 millj. kr. eða um 524 millj. kr. hærri en í fjárlögum 1975. Meginástæða þessarar breytingar er sú að gert er ráð fyrir að við álagningu eignarskatta verði tekið mið af þeirri breytingu er orðið hefur að undanförnu á verðgildi fasteigna, en fasteignamat til eignarskatts hefur verið óbreytt síðan 1972.

Á vegum yfirfasteignamatsnefndar er nú í undirbúningi framreikningur fasteignamats skv. ákvæðum gildandi laga um fasteignamat og fasteignaskráningu, og er reiknað með að það taki gildi um áramótin 1976—1977. Þá er og í undirbúningi í fjmrn. gerð nýs frv. um skráningu og mat fasteigna, að mestu samhljóða eldra stjfrv. sem lagt var fyrir Alþingi vorið 1974, en fékkst þá ekki afgreitt sökum tímaskorts, en með því frv. er gert ráð fyrir sífelldri matsstarfsemi og því, að matsfjárhæðir endurspegli raunverulegt gagnverð eigna á hverjum tíma. Verður gerð nánari grein fyrir þessu máli þegar það kemur til kasta Alþingis nú á næstunni.

Á árinu 1976 er tekjuskattur einstaklinga áætlaður 5 600 millj. kr. að frádregnum barnabótum og persónuafslætti til greiðslu útsvars, en þá er meðtalin innheimta eftirstöðva frá fyrri árum. Talið er að innheimtur tekjuskattur einstaklinga í ár verði 4 350 millj. kr. Þetta er 570 millj. kr. lægri upphæð en áætlað var í síðustu fjárlögum og veldur þar mestu um sú breyting á skattalögunum sem gerð var á s. l. vori.

Tekjuáætlun þessi er m. a. á því byggð að tekjur til skatts hækki um 27% á milli áranna 1974 og 1975 og er þá meðtalin 1—2% fjölgun framteljenda.

Áætlaður tekjuskattur félaga reyndist nokkru hærri í ár en áætlað var eða um 1 200 millj. kr. Búist er við að álagður tekjuskattur félaga verði minni á næsta ári en í ár og er gert ráð fyrir að hann muni nema 950 millj. kr. við álagningu, en 990 millj. kr. muni innheimtast og er þá miðað við áætlaðar eftirstöðvar um næstu áramót.

Gjöld af innflutningi hækka um 142 millj. kr. frá endurskoðaðri tekjuáætlun árið 1975, en um 698 millj. kr. frá fjárlögum 1975. Almennar tolltekjur eru áætlaðar 10 070 millj. kr. í ár sem er aðeins 4% aukning frá fjárlagaáætlun.

Gjöld af innflutningi árið 1976 eru áætluð 10 013 millj. kr. Er þá gert ráð fyrir óbreyttu magni og svipaðri samsetningu innflutnings og var á árinu 1975. Rýrnun tolltekna vegna samnings við EFTA og EBE er áætluð um 800 millj. kr. Verðhækkun á innflutningi er aftur á móti áætluð 9% í krónum miðað við núverandi gengi.

Áætlað er að innflutningur bifreiða verði með svipuðum hætti á árinu 1976 og var nú í ár. Innflutningsgjöld af bifreiðum eru talin nema 800 millj. kr. á næsta ári og hækka um 100 millj. kr. frá endurskoðaðri tekjuáætlun þessa árs. Rétt er að minna á að innflutningsgjöldin voru hækkuð í febr. s. l. og er gert ráð fyrir óbreyttri gjaldskrá á næsta ári.

Innflutningsgjald af bensíni og gúmmígjald er áætlað 2 033 millj. kr. á næsta ári. Í fjárlögum fyrir árið 1975 var gjald þetta áætlað 1 830 millj. kr. Horfur eru á að innheimtar tekjur af gjaldi þessu verði svipaðar og áætlað var í fjárlögum. Við endurskoðun vegáætlunar á s. l. sumri var gert ráð fyrir að bensíngjaldið gæfi um 100 millj. kr. meira í tekjur en fjárlög gerðu ráð fyrir, en ljóst er nú að sú áætlun mun ekki standast.

Skattar af framleiðslu eru taldir nema 299 millj. kr. á næsta ári, þar af nemur álgjald 141 millj. kr. Við gerð síðustu fjárlaga var gert ráð fyrir að álgjald næmi 320 millj. kr. Forsendur þeirrar áætlunar hafa breyst að hluta vegna ástands á álmarkaði, og nú er útlit fyrir að einungis verði greitt lágmarksgjald skv. álsamningnum bæði á þessu ári og því næsta. Ljóst er að tekjur af álgjaldinu eru mun minni en vonir hafa staðið til. Að undanförnu hafa staðið yfir viðræður við álfélagið um endurskoðun á framleiðslugjaldinu.

Skattar af seldum vörum og þjónustu: Innheimtur söluskattur í ríkissjóð í ár er nú áætlaður 16 300 millj. kr., sem er 460 millj. kr. lægra en áætlað var í fjárlögum 1975, en því veldur niðurfelling söluskatts af ýmsum matvælum og að flugfargjöldum innanlands, en lög um þessa skattalækkun voru samþykkt í apríl s. l. Eins og áður hefur verið skýrt frá er nú gert ráð fyrir að 2% sölugjald til Viðlagasjóðs renni óskert í ríkissjóð frá og með næstu áramótum.

Miðað við þær forsendur og aðrar forsendur frv. um neyslu er innheimtur söluskattur í ríkissjóð á næsta ári áætlaður 21 560 millj. kr.

Launaskattur er áætlaður nema 3 050 millj. kr. á næsta ári og þá miðað við óbreytt kauplag frá okt. 1975 og óbreyttar álagningarreglur. Í ár er launaskatturinn áætlaður 2 520 millj. kr. Hlutur Byggingarsjóðs af þessari upphæð verður 1 740 millj. kr. á næsta ári, en er í ár talinn verða 1 416 millj. kr. Rétt er að vekja athygli á því að til þess að þessar tölur standis þarf að framlengja gildistíma laga um launaskatt.

Rekstrarhagnaður ÁTVR nemur í ár að líkindum 5 150 millj. kr. sem er 1 050 millj. kr. hækkun frá fjárlögum. Miðað við núverandi útsöluverð óbreytt eru tekjur af þessum stofni áætlaðar 5 900 millj. kr. á næsta ári.

Flugvallargjald skv. lögum nr. 11/1975 er áætlað í ár 225 millj. kr. Ákvæði laga þessara um fulgvallargjald komu til framkvæmda 1. maí s. l. og gilda til loka febr. 1976. Gert er ráð fyrir breyttri innheimtu á þessu gjaldi þannig að innheimt verði með svipuðu fyrirkomulagi og tíðkast í nágrannalöndum okkar. Eru tekjur af gjaldi þessu þannig áætlaðar munu nema 235 millj. kr. á næsta ári.

Aðrir óbeinir skattar nema um 2 736 millj. kr. skv. frv., en eru áætlaðir 2 313 millj. kr. nú í ár. Bifreiðaskattur er í ár áætlaður 487 millj. kr., en 537 millj. kr. á næsta ári skv. vegáætlun. Lagt verður fram frv. á þessu þingi um breytingu á þungaskatti bifreiða og verður gerð nánari grein fyrir því þegar þar að kemur.

Unnið er að endurskoðun laga um aukatekjur ríkissjóðs, en gjöld fyrir ýmsa þjónustu, er ríkisstofnanir láta í té, hafa verið óbreyttar frá 1965 og gjaldaupphæðir, sem í þeim eru tilgreindar, því löngu úreltar.

Verðjöfnunargjald raforku er áætlað 715 millj. kr. á næsta ári miðað við núverandi orkuverð.

Hér hefur að framan verið getið helstu skatttekna ríkissjóðs, en skatttekjur eru samtals um 99% af heildartekjunum. Afgangurinn er m. a. arðgreiðslur frá ríkisfyrirtækjum sem áætlað er að hækki nokkuð á næsta ári, aðallega vegna aukinna tekna frá Fríhöfninni.

Í næsta mánuði mun ríkisstj. ganga frá og leggja fram lánsfjáráætlun fyrir árið 1976.

Áætlunargerð þessi á sér nokkurn aðdraganda. Allt frá árinu 1963 hafa að frumkvæði fjmrn. verið samdar árlegar framkvæmda- og fjáröflunaráætlanir vegna þeirra ríkisframkvæmda sem fjármagnaðar eru með lánsfé. Áætlanirnar náðu þó eingöngu til lánsfjáröflunar til helstu opinberra framkvæmda, en ekki til annarrar lánastarfsemi, og voru þær lagðar fram sérstaklega og yfirleitt ekki fyrr en nokkrir mánuðir voru liðnir af árinu sem um var fjallað hverju sinni. Á þessu varð breyting haustið 1973 er framkvæmda- og fjáröflunaráætlun fyrir árið 1974 var sameinuð fjárlögum. Nú hefur verið ákveðið að auka þessa áætlunargerð og semja lánsfjáráætlun fyrir árið 1976 sem lögð verði fram meðan fjárlagafrv. þetta er til meðferðar, þannig að yfirsýn fáist með skipulegum hætti yfir lánastarfsemina í landinu á sama tíma og fjárlagaákvarðanir eru teknar.

Snemma á árinu 1975 gerðu Seðlabankinn og viðskiptabankarnir með sér samkomulag um stöðvun útlánaaukningar frá lokum febrúarmánaðar til loka maímánaðar. Framkvæmd þessa samkomulags tókst vel og hefur það síðan verið framlengt tvisvar og gildir nú til áramóta. Sá árangur, sem með þessu móti hefur náðst í stjórn peninga- og lánamála, er hinn mikilvægasti. Hann mun þó ekki koma að haldi nema hemill sé jafnframt hafður á útlánum fjárfestingarlánasjóða og erlendum lántökum svo og fjármálum hins opinbera. Af þeim sökum hefur fjmrn. á grundvelli samþykktar ríkisstj. haft frumkvæði að samráði milli opinberra stofnana á sviði fjármála, peninga- og lánamála og efnahagsmála til þess að gera árlegar lánsfjáráætlanir, þ. e. a. s. heildaryfirlit yfir þróun lánamarkaðarins innanlands og um heildarlántökur erlendis.

Hin nýja heildaráætlun um lánamarkaðinn er umtalsverð framför í íslenskri efnahagsmálastjórn. Henni er ætlað að samræma starfsemi allra lánastofnana í landinu og ákveða heildarframboð innlends og erlends lánsfjár með hliðsjón af þeim útgjöldum þjóðarheildarinnar sem stefnt er að og samræmast jafnvægi í stöðunni út á við. Enn fremur felur áætlunin í sér skiptingu lána eftir forgangsröð þarfa ríkissjóðs, ríkisstofnana, opinberra fyrirtækja, bæjar- og sveitarfélaga, atvinnufyrirtækja og einkaaðila. Með lánsfjáráætluninni verður stefnan í lánamálum mótuð hverju sinni fyrir árið sem fer í hönd, og frá henni verður ekki hvikað nema ný viðhorf kalli á formlega endurskoðun.

Seðlabanki Íslands hefur að ósk fjmrn. unnið að þessu verki í samráði við þá aðila, sem með lánamálin fara, og þá, sem gera áætlanir um framkvæmdir og framleiðslu.

Á hinum miklu verðbólgu- og þenslutímum, sem undanfarið hafa gengið yfir þjóðina, hefur umframeftirspurn eftir vörum og þjónustu leitt af sér vaxandi lánsfjárskort innanlands sem í sífellt ríkara mæli hefur verið mætt með lántökum erlendis. Afleiðingarnar hafa m. a. komið fram í aukinni verðbólgu og gífurlegum viðskiptahalla við útlönd. Jafnframt hefur greiðslubyrðin stórlega þyngst, þ. e. a. s. afborganir og vextir af lánum í hlutfalli við útflutningstekjur. Horfur eru á að greiðslubyrðin muni halda áfram að vaxa á næstu árum og aukast úr 15% í 20% að fjórum árum liðnum og er þá miðað við aukið aðhald í erlendum lántökum.

Augljóst er að farsæl framvinda efnahagsmála er undir því komin að öruggum tökum verði komið á lánamálin. Þar skiptir meginmáli, a. m. k. þegar til lengri tíma er litið, að útgjöldum þjóðarinnar sé haldið innan þeirra marka, sem tekjurnar setja og verulega sé dregið úr erlendum lántökum. Að þessu verður stefnt með lánsfjáráætluninni.

Skattamál: Við 3. umr. fjárlaga í fyrra var gerð grein fyrir því hver væru helstu verkefni við endurskoðun tekjuöflunarkerfis ríkisins. Í samræmi við það, sem þá var sagt, var verkefnunum skipt í fimm meginþætti er embættismenn og sérfræðingar skyldu vinna að, en sérstakri þingmannanefnd var ætlað að fylgjast með þeim störfum, eins og áður hafði tíðkast.

Mun stuttlega gerð grein fyrir störfum þess-

um, breytingum, sem orðið hafa, svo og áformum og væntanlegri tillögugerð á þessu þingi.

1. Á s. l. vori skilaði ríkisskattstjóri greinargerð og tillögum um með hvaða hætti og á hvaða grundvelli staðgreiðslu opinberra gjalda yrði komið á.

Ríkisskattstjóri leggur til í greinargerð sinni, að tekin verði upp staðgreiðsla opinberra gjalda, bæði launþega og atvinnurekenda, einstaklinga og félaga. Tillögur um staðgreiðslu skatta launþega byggjast á svipuðum reglum og gilda í Vestur-Þýskalandi og Bandaríkjunum. Staðgreiðslan tæki til tekjuskatts, útsvars, kirkjugarðs- og sóknargjalda, auk skyldusparnaðar og orlofsfjárgreiðslu, að frádregnum barnabótum og ef til vill öðrum tryggingabótum. Útsvör tekjulágra launþega, sem nýtt geta persónuafslátt til greiðslu útsvars, yrðu jöfnuð án milligreiðslu, og þeir, sem ættu rétt til endurgreiðslu barnabóta, fengju þær endurgreiddar með launum sínum frá vinnuveitanda. Staðgreiðsla atvinnurekenda á öllum tegundum tekjuskatta byggðist hins vegar á fyrirframgerðri áætlun um tekjur þeirra, en staðgreiðsla atvinnurekendagjalda byggðist á stofnum gjaldanna, eftir því sem þeir myndast á rekstrarárinu. Staðgreiðslan yrði bráðabirgðagreiðsla á skattárinu. Að loknu skattári færi álagning fram skv. framtölum. Stefnt verði í upphafi að einföldun skattalaganna á þann veg að skattframtal launþega verði mjög einfalt í sniði og framtíðarstefnan verði sú að unnt verði að afnema með öllu framtalsskyldu launþega.

Tillögur ríkisskattstjóra voru afhentar þingmönnum í lok síðasta þings. Einnig sendi rn. tillögur þessar til helstu samtaka launþega og atvinnurekenda svo og nokkurra annarra aðila með ósk um ábendingar og álit á málinu. Nokkrar umsagnir hafa þegar borist rn. og sést af þeim að menn eru ekki á eitt sáttir um ágæti staðgreiðslufyrirkomulags. Umsagnir fleiri aðila eru væntanlegar á næstunni. Stefnt er að því að taka ákvörðun um það fyrir árslok hvort staðgreiðsla opinberra gjalda skuli upp tekin hér á landi að sinni. Verði ákvörðun þessa efnis tekin yrði stefnt að framlagningu frv. á Alþingi vorið 1976 til kynningar, en til afgreiðslu fyrir árslok 1976. Gildistaka yrði þó ekki ráðgerð fyrr en frá 1. jan. 1978. Árinu 1977 yrði varið til nauðsynlegs undirbúnings á framkvæmd og kynningu málsins meðal landsmanna allra.

2. Það hefur verið unnið að könnun á því, hvaða leiðir séu heppilegastar til að breyta núverandi formi almennra óbeinna skatta, einkum söluskatts, þannig að í senn sé stuðlað að öryggi í innheimtu, einfaldari framkvæmd og sneitt verði hjá óæskilegri mismunun milli atvinnugreina og skattaleg staða innlendra atvinnuvega tryggð. Skilaði starfshópur ítarlegri greinargerð um þetta efni, en störf hans höfðu fyrst og fremst beinst að könnun virðisaukaskatts er komið gæti í stað núverandi söluskatts.

Í grg. þessari eru megineinkenni virðisaukaskatts skýrð og helstu kostum og göllum hans lýst í samanburði við önnur söluskattskerfi. Þá er í skýrslunni fjallað um ýmsa þætti er lúta að framkvæmd virðisaukaskatts hér á landi. Ekki eru í grg. gerðar ákveðnar tillögur um upptöku virðisaukaskatts, enda var grg. ætlað að vera grundvöllur að skoðanamyndun og ákvarðanatöku. Skýrslu þessari var dreift til þingmanna fyrir þingslit í vor. Jafnframt sendi fjmrn. grg. þessa til fjögurra tuga samtaka og stofnana, þ. á m. helstu samtaka launþega og atvinnurekenda, banka og ýmissa ríkisstofnana. Voru aðilar þessir beðnir að láta rn. í té athugasemdir og álit á málinu. Hafa margir þessara aðila sýnt málinu mikinn áhuga, og hafa fulltrúar fjmrn. setið fjölda funda með þeim þar sem virðisaukaskatturinn hefur verið skýrður og rætt um ýmsa þætti hans og framkvæmd þeirra við íslenskar aðstæður. Síðustu vikurnar hafa fyrstu umsagnir um virðisaukaskattinn borist rn., og má búast við að á næstunni láti flest þeirra samtaka og stofnana, er til var leitað, í ljós álit sitt á málinu. Að því búnu mun verða tekin afstaða til þess hvort tímabært sé að taka upp virðisaukaskatt hér á landi. En jafnvel þótt ákvörðun um upptöku virðisaukaskatts verði tekin á næstu mánuðum er ekki við því að búast að virðisaukaskatturinn komi til framkvæmda fyrr en a. m. k. að tveim til þrem árum liðnum þar eð kerfið krefst mikils undirbúnings.

Virðisaukaskatturinn hefur verið tekinn upp í flestum ríkjum Vestur-Evrópu. Efnahagsbandalagsríkin hafa öll tekið upp virðisaukaskatt, en aðildarríkin hafa skuldbundið sig til að samræma neysluskattakerfi sín í þeim tilgangi að jafna samkeppnisaðstöðuna á hinum stóra markaði. Ýmis önnur ríki hafa einnig tekið upp þetta kerfi, svo sem Svíþjóð og Noregur. Virðisaukaskatturinn er innheimtur á öllum viðskiptastigum. Hins vegar veldur hann ekki margsköttun vegna þeirrar grundvallarreglu kerfisins að allur skattur, sem fyrirtæki greiða við kaup á aðföngum, er dreginn frá innheimtum skatti þeirra af sölu. Í þessu felst aðaleinkenni virðisaukaskattsins, þ. e. a. s. að skatturinn leggst aðeins einu sinni á sama verðmæti, hversu oft sem það gengur milli viðskiptastiga. Hann verður því hlutlaus gagnvart hinu endanlega söluverði vöru og þjónustu og er það aðalkostur hans. Virðisaukaskattur er ekki innheimtur af útflutningi og útflutningsfyrirtæki bera ekki virðisaukaskatt af aðföngum sínum eins og nú er um söluskatt. Þetta ætti því að bæta samkeppnisaðstöðu útflutningsgreinanna.

Ef virðisaukaskattur yrði tekinn upp í stað söluskatts yrði skatturinn innheimtur hjá mun fleiri aðilum en söluskatturinn er nú. Þetta hefur bæði kosti og galla í för með sér. Kostirnir eru þeir að áhætta ríkissjóðs af skattheimtunni dreifist á fleiri aðila en nú er, en hins vegar er það meginókostur virðisaukaskattkerfisins að fjölmörg fyrirtæki, sem ekki innheimta söluskatt, yrðu að innheimta og gera skil á virðisaukaskatti.

Virðisaukaskatturinn hefur verið með ýmsu sniði í þeim löndum er tekið hafa hann upp. Hefur reynslan af honum verið nokkuð misjöfn. Þannig virðist vel hafa til tekist með skattinn í Danmörku og mun framkvæmd hans þar í góðu lagi að flestra dómi. Í Noregi á hinn bóginn heyrast fleiri óánægjuraddir, einkum vegna þess að margir telja auðveldara að svíkja undan virðisaukaskattinum en söluskatti á síðasta stigi

vegna aukins fjölda gjaldenda. Í Noregi vinnur nú stjórnskipuð nefnd að greinargerð um reynslu af skattinum þar í landi og mun hún skila áliti sínu fyrir jól. Verður náið fylgst með niðurstöðum hennar af hálfu fjmrn.

Ég vil leggja á það áherslu að virðisaukaskattur hefur bæði kosti og galla. Því þarf vandlegrar íhugunar við hvort í stað þess að taka upp virðisaukaskatt sé mögulegt að ná einhverjum kostum hans með því að sníða verstu agnúana af núverandi söluskattskerfi. Hitt verður einnig að vera ljóst, að þær undanþágur frá skattskyldunni, sem nú eru í söluskattskerfinu, eru nánast óhugsandi í virðisaukaskatti. Þegar afstaða hefur verið tekin til þess hvort taka eigi upp virðisaukaskatt í stað söluskatts þarf því m. a. að svara þeirri grundvallarspurningu hvort vilji sé til þess að hverfa að mestu frá þeim undanþágum sem nú gilda í söluskattinum.

3. Öflun tekna í ríkissjóð með aðflutningsgjöldum hefur verið til sérstakrar athugunar. Reiknað er með að frv. að nýjum lögum um tollskrá verði fullbúið næsta haust.

Frá og með næstu áramótum kemur til framkvæmda síðari hluti tollalækkunar á hráefnum til iðnaðar, en tollur á þeim mun í þeim áfanga falla alveg niður. Jafnframt koma til framkvæmda samningsbundnar tollalækkanir vegna aðildar Íslands að EFTA og fríverslunarsamningi Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu. Eru þá 4 ár eftir af 10 ára aðlögunartíma íslensks samkeppnisiðnaðar áður en tollar af erlendum samkeppnisvörum verða að fullu afnumdir.

Í þeirri tollskrárendurskoðun, sem hafist hefur verið handa um, munu sérstaklega koma til athugunar ýmis sérstök vandamál sem ekki var tekin endanleg afstaða til við síðustu tollskrárendurskoðun. Þessi mál geta bæði haft mikla þýðingu fyrir tekjur ríkissjóðs svo og fyrir iðnaðarfyrirtæki í vissum greinum. Er hér einkum um að ræða tolla af ýmsum vélum og vélahlutum almenns eðlis svo og tolla af hráefnum, einkum timbri, sem bæði er notað í byggingarstarfsemi og í húsgagna- og innréttingarsmíði sem á við vaxandi samkeppni að etja.

Þá verður að taka afstöðu til tolla á vörum frá löndum EFTA og EBE og ákveða til frambúðar sanngjarnan og eðlilegan tollmun á innflutningi frá þessum löndum miðað við fríverslunartolla. Á vegum GATT (General Agreement on Tariffs and Trade) fara nú fram alþjóðlegar viðræður, m. a. um lækkun tolla, og mú búast við að við íslendingar þurfum að laga tollalöggjöf okkar að væntanlegu samkomulagi. Mun fjmrn. í samvinnu við viðskrn. leitast við að fylgjast með þessum viðræðum eftir því sem efni standa til. Við endurskoðun tollskrárinnar verður einnig unnið að mótun ákveðinnar stefnu um fjáröflunartolla almennt. Er því við búist, að tolltekjur ríkissjóðs fari verulega þverrandi á næstu árum, en þær munu nema um 18.5% af tekjum ríkissjóðs samkvæmt fjárlagafrv. ársins 1976.

4. Tillögur um hagkvæmar leiðir til að sameina tekjuskatt helstu bótum almannatrygginga voru forgangsverkefni við breytingar á tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs. Í þessu sambandi var í fjárlögum ársins 1975 gert ráð fyrir um 700 millj. kr. lækkun tekjuskatts. Endanlegar tillögur til breytinga á tekjuskatti einstaklinga og tekjuútsvari voru síðar samþykktar í apríl s. l. og var þá gert ráð fyrir mun meiri lækkun beinna skatta en í fjárlögum, eða um 1 400 millj. kr. Í þessu sambandi er rétt að nefna nokkur mikilvæg atriði frá skattabreytingum s. l. vor.

Samhliða hinni almennu tekjuskattslækkun var þess gætt að mikilvægar frádráttarheimildir nýttust betur tekjulágum framteljendum en áður. Var þetta gert með því að breyta persónufrádrætti o. fl. að fullu í persónuafslátt sem nýta mátti til greiðslu útsvars ef eftirstöðvar eru umfram tekjuskatt. Þess var þó gætt að takmarka heimild einstaklinga í atvinnurekstri og með sjálfstæða starfsemi til nýtingar persónuafsláttar til greiðslu útsvars og horfið frá greiðslu skattafsláttar til gjaldenda ef afslátturinn nýttist ekki til greiðslu útsvars. Hætt er við að víðar hefði gætt óánægjuradda um skattmeðferð einstaklinga í atvinnurekstri hefðu umræddar breytingar ekki verið gerðar s. l. vor.

Sú ákvörðun að breyta hinum ýmsu skattívilnunum ríkisins vegna barna og fjölskyldubótum í barnabætur varð tekjulágum barnafjölskyldum til hagsbóta. Þá minnkaði fjárstreymið um ríkissjóð um nær einn milljarð og vinnusparnaður varð hjá ríki og framteljendum. Hins vegar hefur komið í ljós að lagfæra þarf nokkur framkvæmdaatriði varðandi barnabætur og er nú unnið að því.

Til þess að bæta lífeyrisþegum upp þá breytingu, að hætt var við að greiða skattafslátt út, voru tekjutryggingarmörk almannatrygginga hækkuð verulega.

Ég tel tvímælalaust að með framangreindum skattbreytingum hafi verið lagt út á rétta braut, enda þótt fram hafi komið að nokkur atriði þarfnist leiðréttingar. Ljóst er að með lögum nr. 11/1975 var aðeins stigið eitt skref að því marki að samræma og sameina skattkerfi og bótakerfi almannatrygginga og er mikið verk óunnið á því sviði. Er unnið að áframhaldandi athugun á þessum málum og tillögugerð um næsta skref í átt til frekari sameiningar þessara tveggja tekjuöflunarkerfa ríkisins.

5. Auk þess, sem nú hefur verið greint frá, hefur á vegum rn. verið unnið að undirbúningi frv. um breyt. á lögum um tekju- og eignarskatt sem lagt verður fram fyrir lok þessa árs. Veigamesta atriðið og það, sem flesta mun snerta, er tillaga um að hrinda í framkvæmd stefnuyfirlýsingu ríkisstj. um að tekin verði upp sérsköttun hjóna. Er ráð fyrir því gert að tekjum hjóna og eignum verði skipt milli hjóna til skattlagningar eftir föstum reglum þótt séreign sé eða sératvinna og síðan farið með hvort hjóna um sig sem sjálfstæðan gjaldþegn. Þetta mun hafa í för með sér að gildandi reglur um frádrátt frá launatekjum eða atvinnutekjum giftra kvenna breytast. Stefnt verður að því að auka samræmi í skattlagningu mismunandi fjölskyldueininga. Þar sem hér er um róttæka breytingu að ræða á skattmeðferð á tekjum hjóna er óvíst að unnt verði að láta þessa breytingu taka gildi þegar við álagningu skatta á næsta ári. Við þessa breytingu yrði að sjálfsögðu einnig að endurskoða skattstiga bæði tekju- og eignarskatta til þess að tryggja sem mesta sanngirni í skattlagningu

fjölskyldna, án tillits til þess hvort vinnan fer fram innan eða utan heimilis.

Þá hefur verið unnið að breytingu á lagaákvæðum um fyrningar eigna í atvinnurekstri og um skattmeðferð söluhagnaðar af eignum. Gildandi lagaákvæði um þessi tvö atriði hafa sætt mikilli gagnrýni að undanförnu. Vandasamt er og tímafrekt að leysa þetta mál svo að viðunandi sé. Tillögur til úrbóta eru enn ekki fullmótaðar. Unnið er af kappi að undirbúningi þeirra, þannig að nýjar reglur varðandi fyrningar og söluhagnað eigna gætu komið til framkvæmda frá og með ársbyrjun 1976, þ. e. a. s. við álagningu skatta 1977.

Enn fremur eru til athugunar hugmyndir um að breyta reglum um varasjóði í þá átt að í stað þeirra komi fjárfestingarsjóðir í atvinnurekstri, hvort sem um er að ræða rekstur á vegum félaga eða einstaklinga.

Að undanförnu hefur álagning tekjuskatts á einstaklinga, sem reka atvinnufyrirtæki fyrir eigin reikning, sætt vaxandi gagnrýni og hefur mörgum verið óljóst hvaða áhrif afkoma atvinnurekstrarins getur haft á tekjuskattsgreiðslur einstaklingsins.

Eins og áður er að vikið var á s. l. vori sett sérstakt lagaákvæði sem takmarkaði eða afnam að fullu nýtingu persónuafsláttar til greiðslu útsvars einstaklinga í atvinnurekstri og með sjálfstæða starfsemi. Þá hefur og verið á það bent að nauðsynlegt sé einnig að endurskoða reglur um skattlagningu þessara aðila til ríkissjóðs.

Verkaskipting milli ríkis, sveitarfélaga og einkaaðila: Ætíð kemur til álita við gerð fjárlaga og annarrar ákvarðanatöku í ríkisfjármálum hvernig heppilegt þyki að efnahagsstarfsemi þjóðfélagsins sé skipt milli ríkis, sveitarfélaga og einkaaðila og samtaka þeirra. Hér koma vissulega mörg atriði til íhugunar og svarið liggur ekki alltaf skýrt fyrir þar sem það er að nokkru komið undir pólitísku viðhorfi manna, og að nokkru undir almennum efnahagsskilyrðum þjóðfélagsins.

Í fjárlagaræðu minni í fyrra gerði ég nokkuð að umtalsefni hlut ríkis og sveitarfélaga í ráðstöfun þjóðartekna og hvaða almenn sjónarmið lægju að baki opinberri starfsemi, hver væru markmið hennar og hvernig mætti best ná settum markmiðum.

Ég mun ekki endurtaka það sem ég þá sagði, en allt á það enn við. Aðeins vil ég þó ítreka þá skoðun mína að hlutur hins opinbera í ráðstöfun þjóðartekna hefur vaxið um of undanfarin ár, enda er hann nú um þriðjungur þjóðartekna.

Án þess að ég ræði það ítarlega hér við þetta tækifæri, þá tel ég að ýmis starfsemi, sem hið opinbera sinnir nú, mætti gjarnan vera í höndum einstaklinga eða samtaka þeirra.

Hið opinbera hefur að minni hyggju tekið að sér ýmis verkefni að óþörfu. Það hefur að sjálfsögðu átt sér stað að nokkru leyti vegna áhrifa þeirra pólitísku afla í þjóðfélaginu sem vilja aukin afskipti hins opinbera á sem flestum sviðum. En þessi þróun hefur einnig að nokkru átt sér stað fyrir tilviljun og án fyrir fram markaðrar stefnu.

Um þátttöku hins opinbera í atvinnurekstri almennt hefur til þessa ekki verið mótuð nein stefna til frambúðar, enda varla von, þar sem sjónarmið einstakra stjórnmálaflokka eru eða virðast ærið ólík í þessum efnum. Slík stefnumörkun er þó að mínu mati nauðsynleg hverri ríkisstjórn, eigi hún að vera sjálfri sér samkvæm í slíkum málum. Sú skoðun á rétt á sér að hið opinbera eigi ekki að stunda atvinnurekstur — framleiðslu eða þjónustu — í samkeppni við einstaklinga eða félög þeirra, nema fullgild rök séu fyrir.

Opinber rekstur nýtur ekki sama aðhalds og rekstur einstaklinga og félaga sem er háður samkeppni innan lands og utan. Þótt ekki væri nema af þeirri ástæðu getur hagkvæmnin orðið minni og framfarir hægari í opinberum rekstri. Um þetta eru til mörg dæmi bæði í okkar reynslu og annarra þjóða.

Til að ríkið gripi inn í atvinnustarfsemi með beinni þátttöku þurfa því að vera fyrir hendi mjög þungvægir almenningshagsmunir. Um þátttöku ríkisins í stóriðnaðarrekstri geta þó gilt sérstök sjónarmið. Uppbygging og rekstur stóriðnaðar er oft ekki á færi annarra aðila í landinu en þess opinbera, og í slíkum atvinnurekstri er þátttaka þess nánast spurningin um það hvort slík atvinnustarfsemi skuli vera í landinu. Í öðrum tilvikum á sú meginregla, sem ég lýsti áðan, tvímælalaust að gilda. Í samræmi við það tel ég að athuga þurfi gaumgæfilega á hverjum tíma hvort grundvöllur sé fyrir ýmissi atvinnu- og þjónustustarfsemi sem hið opinbera hefur með höndum og hvort það þjóni betur almannahagsmunum að sú starfsemi skuli vera í höndum einstaklinga eða félaga þeirra. Ég hef ákveðið að fá til liðs við mig menn, sem hafa reynslu og góða þekkingu á rekstri og fjármálum þjónustu- og atvinnufyrirtækja í einkaeign eða í eigu samvinnufélaga, til þess að meta og leggja á ráðin um hvaða aðgerðir teljist skynsamlegar í þessu efni.

Þátttaka hins opinbera, þ. e. ríkis og sveitarfélaga, í þjóðarbúskapnum hefur aukist mikið á undanförnum árum. S. l. aldarfjórðung hefur hlutdeild ríkisins í þjóðarbúskapnum án efa aukist meira en sveitarfélaganna. Ástæður þessa mismunar eru margar og skýringar ekki einhlítar, auk þess sem sameiginlegar framkvæmdir og starfsemi ríkisins og sveitarfélaga gera það að verkum að markalína er næsta óljós. Af hálfu löggjafans virðist ekki hafa verið fylgt mótaðri heildarstefnu um skiptingu verkefna milli ríkis og sveitarfélaga, heldur hefur þar tilviljun oft á tíðum ráðið.

Það er stefna ríkisstj. að breyta verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga, sveitarfélögunum verði falin aukin verkefni og fjárhagslegur grundvöllur þeirra endurskoðaður til þess að tryggja sjálfstæði þeirra og framkvæmdagetu.

Með þessum fjárlögum verður að minni hyggju að stíga fyrsta meiri háttar skrefið til þess að auka hlut sveitarfélaganna. Eins og fram kemur í aths. frv. hyggst ríkisstj. beita sér fyrir því að hlutur sveitarfélaganna í söluskattstekjum verði aukinn þannig að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fái endanlega 8% af hverju söluskattsstigi, en nú hefur sjóðurinn ekkert af þeim 4

stigum, sem nefnd eru söluskattsauki, né hinum 3 stigum, sem renna í Viðlagasjóð og til greiðslu olíustyrkja.

Þessi ráðstöfun eykur tekjur Jöfnunarsjóðs. Á móti þessari tekjuaukningu sveitarfélaganna yrðu þeim fengin aukin verkefni sem því svarað. Þau verkefni eru ekki enn ákveðin, en að sjálfsögðu mun sú ákvörðun tekin fyrir afgreiðslu fjárlaga og í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga.

Ég tel að taka þurfi til gagngerrar endurskoðunar allar þær mýmörgu reglur, sem fjalla um samaðild og kostnaðarskiptingu ríkisins og sveitarfélaga í ýmsum greinum þjónustu og framkvæmda með það í huga að ná skýrari verkaskiptingu og betra fjárhagsaðhaldi. Samstarfs verður að sjálfsögðu leitað við sveitarfélög og samband þeirra í þessu máli.

Aðhald og eftirlit með opinberum rekstri og fjármálum. Um það er ekki deilt, að ríki og sveitarfélög verða að hafa með höndum margháttaða starfsemi í nútímaþjóðfélagi. Hér er um að ræða þjóðhagslega mikilvægar framkvæmdir og þjónustu sem ekki er á færi einstaklinga að annast eða væri miður borgið í þeirra höndum.

Ekki má missa sjónar á því að allur kostnaður, sem af starfsemi opinberra aðila leiðir, er borinn sameiginlega af þegnunum og því er það skylda þeirra, sem með stjórn fara á hverjum tíma, að sjá til þess að jafnan séu fyrir hendi haldgóðar upplýsingar um afkomu opinberra stofnana og jafnframt upplýsingar um útgjaldaáform þeirra í náinni framtíð.

Slíkar upplýsingar eru forsenda þess að unnt sé að gæta þeirrar hagsýni og aðhalds í opinberum rekstri sem sjálfsögð er og þegnarnir eiga heimtingu á. Til þess að ná þessu markmiði er nauðsynlegt að koma á samræmdri skýrslugerð um inn- og útstreymi úr ríkissjóði og þróun fjármála ríkisstofnana innan fjárhagsársins, þannig að unnt sé að gera raunhæfan samanburð við gildandi fjárlög hvenær sem þess er óskað.

Ljóst er að á það skortir að því markmiði sé náð að hafa á hverjum tíma nægar upplýsingar um útgjöld og útgjaldaþróun hjá hinum ýmsu stofnunum og fyrirtækjum ríkisins. Fjármálastjórn ríkisins hefur því miður allt of oft beinst að því að leysa úr fjárhagsvandamálum stofnana og ríkisfyrirtækja eftir að í ógöngur er komið. Með bættri upplýsingamiðlun í ríkiskerfinu mætti koma í veg fyrir ýmis fjárhagsvandamál í tíma.

Ég hef áður lýst þeirri skoðun minni að rétt sé að stefna að því að allt bókhald ríkisins verði unnið í tölvu eftir sameiginlegu vinnslukerfi sem gefi glögga mynd ríkisfjármálanna, ekki aðeins eftir árið, heldur einnig innan ársins og þá eigi sjaldnar en mánaðarlega. Kostir tölvunotkunar eru fyrst og fremst fólgnir í því að unnt á að vera að vinna yfirgripsmikið verkefni á styttri tíma og fá mun ítarlegri samdráttaryfirlit jafnskjótt og bókhaldsúrvinnslu er lokið. Á þessu ári hefur ríkisbókhaldið einmitt látið í té í fyrsta skipti tölvuunnin séryfirlit. Hafa þau verið unnin mánaðarlega frá því s.l. vor. Verður ekki annað séð en að þau gefi glögga mynd af því sem bókað hefur verið á hverjum tíma. Þau ná hins vegar ekki til fyrirtækja og sjóða ríkisins, sem fá engin eða óverulega fjárframlög úr ríkissjóði, og gefa ekki nákvæma mynd af þeim ríkisstofnunum sem eru utan við tölvuvinnslu ríkisbókhaldsins. Á þessu sviði tel ég nauðsynlegt að hraða þróuninni í þá átt að bókhald allra ríkisaðila verði unnið eftir sama úrvinnslukerfi, með frávikum eftir aðstæðum. Að þessu verður unnið og stefnt að því að ná þessu marki á næstu tveimur árum.

Ég hef óskað eftir auknu starfi ríkisreikningsnefndar er miði að því að beina allri bókhaldsúrvinnslu ríkisins inn á tölvuvinnslukerfi ríkisbókhaldsins og fjárlagaundirbúningur og fjárlög fari eftir sama kerfi, enn fremur að önnur tölvuvinnsla ríkisins verði samræmd. Ríkisreikningsnefnd ásamt fulltrúum fjmrn. í stjórn Skýrsluvéla ríkisins og Reykjavíkurborgar vinni að þessu verkefni með ríkisbókhaldi, fjárlaga- og hagsýslustofnun og ríkisendurskoðun. Mun fjvn. Alþingis svo og kjörnum endurskoðendum ríkissjóðs gerð grein fyrir störfum ríkisreikningsnefndar, þannig að við undirbúning verks þessa verði unnt að taka tillit til óska áðurnefndra aðila.

Eins og áður segir hefur ríkisbókhaldið á þessu ári í fyrsta skipti skilað mánaðarlega séryfirlitum úr tölvuvinnslu sinni. Í þeim koma fram m.a. gjöld hvers mánaðar og samtala þeirra frá ársbyrjun ásamt samanburði við fjárlög. Sá samanburður er byggður á heildartölum. Sundurgreina þarf reiknings- og fjárlagatölur með sama hætti og byggja samanburðinn á áætlun hverrar stofnunar um gjaldaskiptingu fjárveitingar á einstaka mánuði ársins. Þessar upplýsingar hafa ekki verið fyrir hendi nema að mjög takmörkuðu leyti. Nú verður leitað eftir slíkum áætlunum frá öllum ríkisaðilum frá og með næstu áramótum og þær áætlanir felldar inn í mánaðarleg séryfirlit ríkisbókhaldsins, þannig að raunhæfur samanburður fáist á reiknings- og fjárlagatölum hvers mánaðar.

Það er trúa mín að með þessum hætti verði stigið stórt skref til aukins aðhalds með gjöldum ríkisins, bæði af hálfu fjmrn. og ekki síður af hálfu forstöðumanna einstakra ríkisstofnana.

Laun ríkisstarfsmanna hafa í vaxandi mæli verið unnin í tölvu á vegum launadeildar fjmrn. Á vegum ríkisins eru tvö önnur tölvuvinnslukerfi launa notuð, annað á vegum ríkisspítala og hitt á vegum Skipaútgerðar ríkisins. Nú er unnið að því að vinna öll laun ríkisins eftir einu og sama vinnslukerfinu. Í byrjun árs 1974 hóf launadeild rn. sérstaka vikulega vinnslu launa fyrir ýmsar stofnanir og fyrirtæki ríkisins er áður höfðu sitt eigið launabókhald. Með yfirtöku ríkisbókhalds á bókhaldsúrvinnslu stofnana og aukinni greiðsluþjónustu ríkisféhirðis við stofnanir hafa launagreiðslur jafnframt verið fluttar til launadeildar til úrvinnslu. Slíkt felur vitaskuld í sér aukið álag á launadeildina, en er til hagræðis þegar á heildina er litið. Þeirri stefnu mun því verða fylgt áfram.

Til þess að æskileg yfirsýn yfir fjármál ríkisins náist hefur ríkisstj. samþykkt að á vegum fjárlaga- og hagsýslustofnunar verði hafinn undirbúningur að gerð áætlana um þróun útgjalda og tekna ríkissjóðs á næstu árum. Skal þá miðað við gildandi lagaskuldbindingar og

tekjuheimildir og aukningu ólögbundinna útgjaldaliða með hliðsjón af fenginni reynslu. Vegna þessa verkefnis er fjárlaga- og hagsýslustofnun falið að annast samræmingu allra áætlana um framkvæmdir og opinbera starfsemi sem gerðar eru á vegum einstakra ráðuneyta eða ríkisstofnana. Ljóst er hins vegar að hér er um mjög viðamikið verkefni að ræða sem þarfnast rækilegs undirbúnings og aukins mannafla við fjárlagagerð frá því sem nú er. Er því líklegt að það taki nokkurn tíma að koma á fót langtíma áætlunargerð sem tekur til allra þátta ríkisfjármálanna. Að sinni er því miðað að því að bæta einungis við einni stöðu í fjárlaga- og hagsýslustofnun vegna þessa verkefnis, og á næstuni verður því megináhersla lögð á almennan undirbúning fjárlagagerðar af þessu tagi. Þá gæti allt eins komið til að nálgast markmiðið með því að taka fyrir einstök svið ríkisfjármálanna í einu, svo sem einstaka framkvæmdaflokka, og bæta árlega við eftir því sem efni stæðu til. Raunar er þegar hafin vinna af þessu tagi í fjárlaga- og hagsýslustofnun, og munu sundurliðaðar áætlanir koma frá stofnuninni við tækifæri. Lík vinnubrögð verða höfð fyrir aðrar greinar opinberra framkvæmda og þjónustu.

Þá skal þess getið hér að ríkisstj. hefur gert samþykkt um að frv. skuli jafnan fylgja kostnaðaráætlun og að umsögn fjárlaga- og hagsýslustofnunar skuli jafnan liggja fyrir áður en ríkisstj. tekur endanlega ákvörðun um frumvörpin. Slík verklagsregla, svo sjálfsögð sem hún er í sjálfri sér, fellur vel inn í þau vinnubrögð sem viðhafa verður við gerð langtíma fjárlaga.

Við þinglega meðferð og afgreiðslu fjárlagafrv. verður að líta til nokkurra atriða sem lítt voru kunn eða eigi lágu ljós fyrir þegar frv. var samið.

Nauðsynlegt hefur reynst að taka nokkru meira fé að láni á þessu hausti vegna ríkisaðila en ráð var fyrir gert.

Þá standa nú yfir kjarasamningar við Bandalag háskólamanna, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Læknafélag Íslands. Í fjárlagafrv., eins og það liggur fyrir, er ekki gert ráð fyrir neinum launahækkunum, hvorki hjá starfsmönnum ríkisins né öðrum launþegum.

Horfur eru nú á því — eins og að var vikið hér áðan — að fjárhagsstaða ríkissjóðs verði mun veikari í árslok en að var stefnt. Halla verður að mæta með lántöku, og verður að sjálfsögðu að gera ráð fyrir endurgreiðslu slíks láns, a.m.k. að hluta til, á næsta ári. Nýverið hefur ríkissjóður tekið tvö lán til að létta kröfu Lífeyrissjóða sjómanna af togaraeigendum. Lán þessi nema samtals 112 millj. kr., þar af 72 millj. kr. lán með vísitölutryggingu. Lán þessi hafa verið endurlánuð togaraeigendum til þess að efna fyrirheit sem gefið var til lausnar togaradeilunni s.l. vor. Togaraeigendur munu endurgreiða lán þessi, en ljóst er að ríkissjóður verður að bera nokkurn kostnað af verðtryggingunni.

Með lögum frá síðasta Alþingi var lagt á ríkissjóð að gengistryggja Verðjöfunarsjóð fiskiðnaðarins við ákveðnar aðstæður. Fyrirsjáanlegt er að skuld ríkissjóðs við Seðlabankann vegna þessarar tryggingar gæti numið 800 millj. kr. á þessu ári. Í tengslum við ákvörðun fiskverðs fyrr í þessum mánuði lýsti ríkisstj. því yfir að hún mundi ábyrgjast greiðslugetu Verðjöfnunarsjóðs síðustu þrjá mánuði þessa árs. Fjár gæti þurft að afla til bráðabirgða vegna þessarar skuldbindingar á næsta ári.

Loks má minna á, að fyrirsjáanlega verður að taka á þessu ári nokkuð aukið fé að láni til framkvæmda í orkumálum og stóriðjuframkvæmda.

Þessar lántökur hafa í för með sér greiðslur vaxta og afborgana á næsta ári og þarf að ætla fyrir þeim á fjárlögum og fjáröflunaráætlun 1976.

Nokkur óvissa ríkir um fjárþörf Viðlagasjóðs á næsta ári og mun það mál kannað nánar á næstunni. Niðurstöður þessarar könnunar verða teknar til greina við endanlega afgreiðslu fjárlaga, þannig að fyrir eðlilegri þörf Viðlagasjóðs verði séð.

Viðsemjendur ríkissjóðs um aðalkjarasamninga hafa allir sagt upp núgildandi samningum. Fyrir lok ágústmánaðar s.l. lögðu félögin fram kröfugerð sína og fékk samninganefnd ríkisins hana til athugunar. Kröfurnar fólu í sér umtalsverða hækkun á launaútgjöldum ríkisins og eru þær að dómi ríkisstj. með öllu óraunhæfar.

Samkvæmt þeim spám um þjóðarhag, sem lagðar eru til grundvallar fjárlagafrv., munu þjóðartekjur á mann minnka um 9% nú í ár, og ekki eru taldar horfur á aukningu á næsta ári. Jafnframt er viðskiptastaða og greiðslustaða landsins út á við tæp. Ríkisstj. telur því ekki efni til raunverulegra kjarabóta að svo stöddu, en vill reyna að ná víðtæku samstarfi um kjara- og verðlagsmálin í landinu til að freista þess að tryggja áframhald núverandi kaupmáttar launa, þrátt fyrir fyrirsjáanlega erfiðleika á næsta ári.

Ríkisstj. telur það brýnt verkefni að draga mjög úr þeirri miklu verðbólgu, sem geisað hefur hér á landi á undanförnum árum. Það er allra hagur, ekki síst launþega, að verðbreytingar frá upphafi ársins 1976 til loka þess komist niður á viðráðanlegt stig. Launasamningar ríkisins hljóta að miðast við samræmda kjaramálastefnu fyrir árið 1976, sem hæstv. forsrh. setti fram í stefnuræðu sinni 23. okt. s. l.

Raunsæir samningar í launamálum, sem vonandi nást á næstunni, ná þó ekki tilgangi sínum nema stefnan í fjármálum ríkisins, sveitarfélaga og í peninga- og lánamálum virði einnig þau takmörk sem þjóðarútgjöldum eru sett á næsta ári. Fjárlög ársins 1976 verða að taka mið af þessu sem og lánsfjáráætlun sem ég ræddi hér að framan.

Í stefnuræðu hæstv. forsrh. komu fram fjögur atriði sem varða fjármál ríkisins á næsta ári. Ég tel sérstaka ástæðu til að endurtaka þessi áhersluatriði í fjármálastefnu ríkisstj. hér, með leyfi hæstvirts forseta:

„1) Ríkisstj. telur að endurskoða verði ýmsa þætti þeirrar löggjafar sem bindur ríkissjóði útgjöld ef árangur á að nást í ríkisfjármálum. Enginn vafi er á að ná má jafngóðum eða jafnvel betri árangri, t. d. á vissum sviðum almannatrygginga og menntamála, með lægri fjárhæðum

en núgildandi lög og reglur mæla fyrir, ef rétt er á haldið og tillit tekið til mismunandi aðstæðna þegnanna.

2) Ríkisstj. hyggst breyta niðurgreiðslum og útflutningsuppbótum til landbúnaðarins á þann veg að betri samsvörun verði milli söluverðs og kostnaðar og tilhögun útflutningsuppbóta verði jafnan þannig að útflytjendur hafi ætíð hag af því að ná sem hæstu verði.

3) Ríkisstj. kunngerir það áform sitt að færa verkefni frá ríkinu til sveitarfélaga og auka jafnframt hlutdeild sveitarfélaga í tekjum af söluskatti.

4) Ríkisstj. leggur á það áherslu að ríkisútgjöldum á hverjum tíma sé hagað með fyllsta tilliti til þjóðarhags og þau ráðist ekki af sjálfvirkum lagaákvæðum."

Síðasta atriðið af þessum fjórum dregur athyglina að nauðsynlegum umbótum á þeirri flóknu löggjöf sem bindur ríkissjóði útgjöld. Á sama hátt hefur hér að framan verið fjallað um æskilegar breytingar á skattkerfinu. Reynsla síðustu ára með stórkostlegum sveiflum í ytri skilyrðum þjóðarbúsins og þar með í þjóðartekjum hefur fært okkur heim sanninn um það, að við þurfum að efla og bæta fjármálastjórnina í landinu til þess að geta beitt ríkisfjármálum af fyllsta tilliti til þjóðarhagsmuna á hverjum tíma. Við 1. umr. fjárlagafrv. fyrir árið 1975, fyrir tæpu ári, lét ég svo um mælt, að færi svo, að um magnminnkun þjóðarútgjalda yrði að ræða á árinu 1975, sem þó var ekki reiknað með á þeim tíma, hlyti fjárhagsstaða ríkissjóðs að veikjast, enda virðist þá eðlilegt að beita ríkisfjármálum með þeim hætti, að svo miklu leyti sem greiðslustaðan gagnvart útlöndum gerði það kleift. Eins og vel er kunnugt fór einmitt svo vegna meira andstreymis í ytri skilyrðum en við hafði verið búist að magn þjóðarútgjalda hlaut að dragast verulega saman á þessu ári og fjárhagsstaða ríkissjóðs hefur orðið veikari en að var stefnt og lakari en við vildum hafa hana, því að staðan út á við var tæp. Þegar nú er horft fram á við er því alls ekki um að ræða lengur að við getum þolað halla í ríkisbúskapnum áfram undir nokkrum kringumstæðum. Nú setur viðskipta- og greiðslustaðan út á við alveg ákveðin mörk. Við verðum að einbeita okkur að því að ná öruggu jafnvægi í ríkisfjármálum og draga úr útgjöldum eftir því sem frekast er kostur. Þetta krefst stundarfórnar — og lengi má deila um leiðir — en það er líka til mikils að vinna að treysta fjárhagslegt sjálfstæði og öryggi þjóðarinnar og undirstöðu framfara í landinu. Með þetta að leiðarljósi veit ég að Alþingi mun leysa þetta vandasama verk vel af hendi.

Herra forseti. Ég legg svo til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjvn.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Aðalfyrirheit núv. stjórnarfl., þegar þeir tóku við völdum, voru að ráðstafanir hennar stuðluðu að jafnvægi í efnahagsmálum. Þróunin á stjórnartíma hennar er algerlega gagnstæð. Á sama tíma og dregið hefur mjög verulega úr verðhækkunum innfluttrar vöru og verðbólgu erlendis hefur verðbólgan hér á landi aukist um a. m. k. ¼ fyrsta valdaár ríkisstj. Ástæðan er að sjálfsögðu sú að helstu efnahagsráðstafanir ríkisstj. hafa gengið þvert gegn fyrirheitum hennar. Þær hafa beinlínis verkað sem olía á verðbólgubálið, tvær gengislækkanir, söluskattshækkanir og aðrar ráðstafanir til að stórauka skattheimtu í ríkissjóð. Nú er svo komið, þegar árangur þessarar stefnu hefur birst í stóraukinni verðbólgu á sama tíma og hún er að hjaðna erlendis, að jafnvel úr röðum hæstv. ráðh. koma fram raddir um að kúvenda frá verðhækkunarstefnunni og grípa til niðurfærsluleiðar. Það er hins vegar ekki nóg að einstakir hæstv. ráðh. virðast nú loks vera farnir að gera sér ljóst að stjórnarstefnan er að leiða til skipbrots í efnahagsmálum. Þeim ber einnig að haga stefnu sinni í stjórnmálum skv. því sem þeir virðast nú loks vera farnir að skynja og skilja í öðru ljósi en áður. Það var heldur ámátlegt og mótsagnakennt að heyra í ríkisútvarpinu sagt frá því sama kvöldið nú í haust að hæstv. viðskrh. hefði sagt að líklega væri niðurfærsluleiðin best og um leið að landbúnaðarvörur hefðu hækkað um allt að 33% í einu stökki.

Það var ljóst við fjárlagaafgreiðsluna í fyrra, þegar rekstrarútgjöld hækkuðu miklu meir frá áður gildandi fjárl. en verðlagsþróun nam og byggt var í stórauknum mæli á lántökum, að afgreiðsla fjárl. gekk þvert gegn yfirlýstu markmiði ríkisstj. um að stefna gegn útþenslu ríkisútgjalda, en stuðla að styrkari fjárhagsstöðu ríkissjóðs. Með afgreiðslu fjárl. var hæstv. ríkisstj. enn að vega að yfirlýstri stefnu sinni um jafnvægi í efnahagsmálum.

Ég lýsti því við 2. og 3. umr. fjárl. í fyrra á hve hæpnum forsendum ég teldi að byggðar væru þær áætlanir sem lágu til grundvallar því fjárlagafrv. sem þá var verið að samþ. Í grg. þess fjárlagafrv. kom fram að gert væri ráð fyrir að yfirdráttarskuld ríkissjóðs við Seðlabankann yrði 1 milljarður kr. um áramótin og að miðað við áætluð útgjöld og tekjur væri gert ráð fyrir verulegri lækkun skuldarinnar. Það kom í ljós þegar um áramótin hve þessar forsendur voru algjörlega út í loftið, eins og svo margt annað í fjárlagafrv., því að skuldin reyndist um síðustu áramót nema riflega 4000 millj. kr., og svo hroðvirknislega var staðið að öðru leyti að þessu máli að gengið var út frá mismunandi forsendum við áætlun tekna annars vegar og útgjalda hins vegar. Hér var um að ræða 1200 millj. kr. skekkju þar sem tekjur voru oftaldar miðað við forsendur útgjaldahliðar.

Fjárl. sem áætlun um tekjur og gjöld ríkissjóðs á árinu 1975 áttu því ekki langa lífdaga í þeirri mynd sem þau voru samþ. Var það naumast undravert eins og að undirbúningi þeirra og afgreiðslu hafði verið staðið. Dómur hæstv. ríkisstj. sjálfrar um markleysi fyrri áætlana, sem voru forsendur fjárlagagerðarinnar, var felldur með gengislækkuninni 1. febr. s. l. Síðar var svo innflutningsgjald af bifreiðum hækkað svo og verð á áfengi og tóbaki. Með frv. til laga um ráðstafanir í efnahagsmálum, sem flutt var seinni hluta marsmánaðar, var fjárl. kollvarpað og kastað á ruslahauginn, þremur mánuðum eftir að þau höfðu verið samþ. Þannig fór um þennan frumburð hæstv. fjmrh.

Með efnahagsmálafrv. var m. a. gert ráð fyrir heimild til að lækka áætluð útgjöld ríkissjóðs um 3 500 millj. kr. Jafnframt átti að auka lántökur enn um 3 300 millj. kr., þar af erlend lán um 2 000 millj. Í framsöguræðu hæstv. forsrh. fyrir þessu frv. var gert ráð fyrir að hlutur ríkisútgjalda af þjóðarframleiðslunni í ár mundi með þeim ráðstöfunum, sem í frv. fælust, lækka úr 29% í 27%. Það kemur þó í ljós í grg. fjárlagafrv. nú, að þrátt fyrir allt er þar gert ráð fyrir að þetta hlutfall verði í reynd á árinu 1975 29% eftir sem áður.

Sá tilgangur efnahagsaðgerðanna að lækka hlutfall ríkisútgjalda í þjóðarbúskapnum bar því engan árangur, hefur mistekist með öllu. Við afgreiðslu þessara laga áminntu forsvarsmenn ríkisstj. sjálfa sig um ábyrga fjármálastjórn, enda ekki vanþörf á eftir það sem á undan var gengið á hinum stutta stjórnarferli þeirra. Og hæstv. forsrh. sagði þá, með leyfi hæstv. forseta:

„Í fyrsta lagi er ekki verjandi að stefna ríkissjóði í hallarekstur á árinu 1975 vegna hinnar tæpu stöðu þjóðarbúsins út á við. Gjaldeyrisstaðan leyfir um þessar mundir ekki slíka beitingu ríkisfjármála."

Þrátt fyrir þessa áminningu hæstv. forsrh. í mars s. l. og þrátt fyrir að 2000 millj. kr. skattalækkunin væri tekin til baka síðar á árinu við enn nýja röskun fyrri áætlana með 12% vörugjaldi er ljóst nú að beiting ríkisfjármála á þessu ári er slík að hún leiðir til umtalsverðs halla á ríkissjóði.

Hæstv. forsrh. sagði í framhaldi af fyrrgreindum áminningum sínum að brýna nauðsyn bæri til að lækka skuld ríkissjóðs við Seðlabankann. Ljóst er að sú beiting ríkisfjármála, sem veldur hallarekstri á ríkissjóði þrátt fyrir enn nýja skattheimtu eftir setningu efnahagsmálalaganna, leiðir til enn aukinnar skuldasöfnunar. Á fyrstu 12 mánuðum stjórnartímabils hæstv. ríkisstj. hækkaði skuld ríkissjóðs og ríkisstofnana við Seðlabankann um 4 700 millj. kr. Einungis þrotlaus og vaxandi yfirdráttarlán úr Seðlabankanum hafa komið í veg fyrir fjárþrot ríkissjóðs, þrátt fyrir að skattheimta í ríkissjóð mun á þessu ári verða um 15 þús. millj. kr. hærri en hún varð í reynd á s. l. ári.

Eins og ég gat um áðan fólst í frv. um ráðstafanir í efnahagsmálum heimild til lækkunar á útgjöldum ríkissjóðs um 3 500 millj. kr. Við afgreiðslu málsins fengust engar upplýsingar um hvernig að þessum niðurskurði ætti að standa, en tekið var fram í frv. að heimilt væri að láta hann taka til útgjaldaliða sem ákveðnir voru með öðrum lögum en fjárl. Með því var samþ. að gefa fjvn. og ríkisstj. frjálsar hendur um að ákveða hver lög skyldu gilda í landinu og hver ekki. Að sjálfsögðu var út frá því gengið að ríkisstj. hefði látið ganga úr skugga um að slík krónutölulækkun útgjalda væri framkvæmanleg, þó að Alþ. fengi engar upplýsingar um einstök atriði, enda bar hæstv. fjmrh. sig mannalega og í leiðara í Morgunblaðinu 6. febr. s. l. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Það hlýtur að verða einn meginþátturinn í væntanlegum efnahagsaðgerðum ríkisstj. að taka fjárl. ársins 1975 til meðferðar og skera útgjöld skv. þeim verulega niður.

Matthías Á. Mathiesen fjmrh. lýsti því yfir í sjónvarpsumr. fyrir nokkrum dögum að hann hefði þegar látið undirbúa í fjmrn. till. að slíkum niðurskurði, þannig að sá valkostur verði fyrir hendi þegar ríkisstj. fjallar um efnahagsvandamálin."

Þrátt fyrir kröfur mínar við umr. um efnahagsmálafrv. um að þessar till. yrðu sýndar þingheimi, svo að þingmenn vissu hvað verið væri að samþ. með heimild til 3 500 millj. kr. niðurskurðar ríkisútgjalda, fengust engar upplýsingar. Það átti hins vegar eftir að koma í ljós að í framkvæmd náðist ekki fram þessi lækkun ríkisútgjalda og nánast engar till. komu fram um að lækkunin tæki til eiginlegra rekstrarútgjalda.

Í umr. um efnahagsmálafrv. létu talsmenn hætsv. ríkisstj. það þó koma skýrt fram að í heimildinni um 3 500 millj. kr. lækkun útgjaldatalna fælist engan veginn sú ákvörðun að aðallega eða einungis yrði um að ræða niðurskurð á framlögum til verklegra framkvæmda. Hæstv. landbrh. sagði við 1. umr. frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Af þessum ástæðum taldi ríkisstj. sér rétt og skylt að fá heimild til þess að meðhöndla fjárl. á nýjan leik út frá því sem sýndi sig að reynslan yrði á árinu og þá yrði tekið jafnt tillit til rekstrarliða sem framkvæmdaliða. Í því sambandi mun ríkisstj. leggja á það áherslu, eins og hún hefur sérstaklega tekið fram áður, að hún mun hafa það stefnumið að halda áfram byggðastefnunni fullkomlega í huga."

Hæstv. forsrh. sagði um þetta atriði m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Í frv. er, eins og kunnugt er, gert ráð fyrir því að opinber útgjaldaáform verði lækkuð um 3 500 millj. kr. Hv. þm. Magnús Kjartansson vildi svo vera láta að öll þessi lækkun ætti að koma fram á verklegum framkvæmdum. Þetta er engan veginn tilgangurinn. Þvert á móti er áhersla á það lögð að þessi sparnaður eigi sér stað ekki síður á rekstrarútgjöldum en öðrum útgjöldum hins opinbera."

Og síðar sagði hæstv. forsrh., með leyfi hæstv. forseta:

„Ég vil líka enn á ný ítreka að sparnaður eða niðurskurður á ekki að eiga sér stað fyrst og fremst eða eingöngu á framkvæmdaliðum."

Þrátt fyrir öll þessi loforð um að rekstrarútgjöld yrðu ekki síður skorin niður að krónutölu en framkvæmdaliðir varð raunin sú að sú 2 000 millj. kr. lækkun, sem meiri hl. fjvn. gerði að lokum till. um til ríkisstj., varðaði nær alfarið framkvæmdaliði og framlög til fjárfestingarsjóða. Um niðurskurð almenns rekstrarkostnaðar ríkissjóðs var alls ekki að ræða. Það er því ekki að undra að þegar einn fulltrúi Framsfl. í fjvn. hafði í viðtali við Tímann 12. júlí s. l. greint frá niðurskurði fjárveitinga til nauðsynlegustu framkvæmda víðs vegar um land segði hann, orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„En hins vegar hygg ég að mörgum fjvn.-mönnum þyki á skorta að till. liggi fyrir frá fjmrh. um lækkun rekstrarkostnaðar ríkissjóðs."

Hér held ég að viðkomandi fjvn.-maður hafi ekki tekið of djúpt í árinni, einkum þegar hafðir eru í huga svardagar ráðh. Sjálfstfl. og Fram-

sfl. um að rekstrarliðir yrðu ekki síður skornir niður en framkvæmdaliðir.

Þrátt fyrir að fulltrúum í fjvn. hafi þótt skorta á till. frá hæstv. fjmrh. um niðurskurð rekstrarútgjalda og að um einberan niðurskurð framkvæmda væri að ræða, þá stóð ekki á fulltrúum Framsfl. að samþ. slíkan niðurskurð sem fyrst og fremst bitnaði á nauðsynlegustu framkvæmdum, einkum úti á landsbyggðinni.

Þannig mistókst sú fyrirætlun að skera niður ríkisútgjöld um 3 500 millj. kr. og niðurskurðurinn takmarkaðist við 2 000 millj. kr. vegna þess að af hálfu fjmrh. komu engar till. um niðurskurð almennra rekstrarútgjalda og fulltrúar stjórnarfl., þm. landsbyggðarinnar, samþ. einum rómi að svo til hið eina, sem mætti lækka í útgjöldum ríkisins, væru framkvæmdaframlög sem mestu varða fyrir íbúa hinna ýmsu byggðarlaga úti á landi.

Þegar svo var komið að ríkisstj. hafði heykst á öllum fyrirætlunum um lækkun rekstrarútgjalda ríkissjóðs, en fyrirsjáanlegur var stórhalli á rekstri ríkissjóðs, greip ríkisstj. til þess ráðs að taka til baka þá skattalækkun sem hún hafði samið um við Alþýðusamband Íslands til að greiða fyrir samningum um kaup og kjör milli verkalýðssamtakanna og atvinnurekenda. Þetta var gert með sérstakri fjáröflun til áramóta, með álagningu 12% vörugjalds á tiltekna vöruflokka, og þar með enn kvikað frá tekjuöflunaráætlunum ríkissjóðs í fjárl. og í efnahagsmálafrv. frá því í mars.

Það hefur þannig margfaldlega verið sýnt í verki, að fjárlagagerðin í fyrra var byggð á sandi. Þrátt fyrir aðgerðir til tekjuöflunar með gengislækkun 1. febr., þrátt fyrir stórröskun fjárl. með efnahagsmálafrv. í mars og þrátt fyrir enn nýja skattahækkun með vörugjaldi í júlí verður niðurstaðan hallarekstur ríkissjóðs í ár. Hefur fjármálastjórninni þá vissulega ekki verið hagað í samræmi við áminningar hæstv. forsrh. í vor, þegar hann lagði áherslu á, eins og hann sagði orðrétt, að ekki væri „verjandi að stefna ríkissjóði í hallarekstur á árinu 1975 vegna hinnar hæpnu stöðu þjóðarbúskaparins út á við". Gjaldeyrisstaðan leyfði ekki slíka beitingu ríkisfjármála. Þrátt fyrir að horfur í gjaldeyrismálum hafi ekki vænkast síðan þessi áminningarorð voru flutt á Alþ. er ekki annað að sjá en að hæstv. fjmrh. hafi einmitt leyft sér þá beitingu ríkisfjármála sem veldur hallarekstri ríkissjóðs á árinu.

Þótt lögum hafi margsinnis verið breytt og aðrar ráðstafanir verið gerðar til að tryggja hæstv. fjmrh. hækkun skattheimtu um 15 þús. millj. kr. á árinu eða 50 milljarða heildartekjur hefur honum samt tekist að eyða enn meiru, og þó hafa jákvæðustu þættir ríkisútgjaldanna, nauðsynlegustu samfélagslegar framkvæmdir, verið skornar niður á sama tíma.

Með tilliti til þess, hvernig tekist hefur til um ríkisfjármálin í tíð hæstv. núv. ríkisstj., er það sannarlega ekki að ástæðulausu að nú er í grg. fjárlagafrv. sérstaklega tekið fram, að ríkisstj. leggi á það megináherslu að Alþ. og ríkisstj. hafi fulla stjórn á þróun ríkisútgjalda, eins og það er orðað. Er vissulega tímabært fyrir hæstv. ríkisstj. að gera sér þessa þörf ljósa þegar hún hefur setið að völdum í 14 mánuði.

Við afgreiðslu fjárl. í fyrra, við afgreiðslu fyrstu fjárl. hæstv. núv. ríkisstj. hækkaði teknahlið ríkissjóðs eða skattheimta ríkissjóðs um 63.2% frá þágildandi fjárl. Á árinu 1974 var verðbólgan talin nema um 40%, svo að rækilega var í lagt um hækkanir, enda varð sú raunin að við þá fjárlagaafgreiðslu var gert ráð fyrir að látið yrði vaða á súðum í almennum rekstrarkostnaði. Liðurinn Önnur rekstrargjöld hækkaði um 86.2% og viðhaldskostnaður um 89%.

Þrátt fyrir að fyrstu fjárl. hæstv. núv. ríkisstj. hækkuðu meira en fjárl. höfðu nokkru sinni áður gert og meira en svaraði undangenginni verðlagsþróun minnkaði raungildi fjárveitinga til verklegra framkvæmda og áttu þó eftir að minnka enn meir en ljóst var þegar við afgreiðslu fjárl., bæði vegna óðaverðbólgu á framkvæmdatímanum og vegna sérstakrar lækkunar framlaga í framhaldi um samþykkt laga um aðgerðir í efnahagsmálum sem ég hef hér áður getið.

Fjárl. hækkuðu þannig í fyrra um ríflega 60% og út frá þeim útgjaldatölum er að sjálfsögðu gengið í fjárlagafrv. nú, og þar til viðbótar er gert ráð fyrir 21.5% hækkun heildarútgjalda. Enn á sér stað sama þróunin og í fyrra, rekstrarútgjöld hækka hlutfallslega meira en hækkun heildargjalda nemur, en framkvæmdaframlög rýrna enn að raungildi. Liðirnir Önnur rekstrargjöld hækka í heild í A- og B-hluta um 37%. Hjá einstökum stofnunum er þessi hækkun orðin mjög veruleg, t. d. hækka önnur rekstrargjöld hjá bæjarfógetum og sýslumönnum um 40% í fjárlagafrv. til viðbótar 57% hækkun í fyrra. Vaxtagreiðslur í A- og B-hluta hækka um 66%.

Fjárlagafrv. fyrir árið 1976 er u. þ. b. tvöfalt hærra en fjárl. ársins 1974, og á hæstv. fjmrh. heiðurinn af því að hafa fyrstur allra fjmrh. tekist að tvöfalda fjárlög á tveimur árum. Hæstv. ráðh. setur þannig met í hvert sinn sem hann ber fram fjárlagafrv. Í fyrra hækkuðu fjárl. um rúmlega 60%, sem var miklum mun meira en nokkru sinni hafði áður þekkst. Nú verður hæstv. fjmrh. hinn fyrsti sem tvöfaldar fjárl. á tveimur árum. Þetta nýja met hefði þó verið enn myndarlegra ef hann hefði fengið að ráða um samsetningu þessa frv., þ. e. a. s. ef hæstv. ríkisstj. hefði tekið meira mark á till. hans. Þeir, sem eitthvað hafa fylgst með því sem gerist hjá ríkisstj., vita mætavel að þegar hæstv. ráðh. hafði gengið frá fjárlagafrv. var það 5000 millj. kr. hærra en það er í dag.

Í stað þess að fylgja till. sínum eftir til endanlegrar afgreiðslu í ríkisstj., eins og fyrirrennarar hans hafa jafnan gert, þá brá hæstv. ráðh. sér til Flórida. Hann hafði einu sinni sagt í þingræðu þegar efnahagsvandræði þjökuðu þjóðina að vonandi mundi úr þeim rætast með hækkandi sól. Með þetta úrræði í huga hefur hæstv. ráðh. líklega þótt vænlegra að taka sólarhæðina á suðlægri breiddargráðum en hér norður við heimsskautsbaug. En á meðan fjallaði hæstv. ríkisstj. um till. hans og hefur líklega þótt með tilliti til fjárlagafrv. í fyrra ráðlegra að taka þeim till. ekki jafngagnrýnislaust.

Niðurstaðan varð sú, að till. hæstv. ráðh. voru í heild skornar niður um 5000 millj. kr. og þegar hæstv. ráðh. kom að vestan þekkti hann ekki frv. *Mér hefur stundum virst að hann sé ekki búinn að kynna sér það til hlítar enn.*

Þrátt fyrir að till. hæstv. fjmrh. um fjárlagafrv. hafi þannig verið skornar allverulega niður tekst honum þó að setja það met að tvöfalda fjárlögin á tveimur árum. Allt tal um að fjárlagafrv. hækki minna en verðlag gefur tilefni til er að því leyti út í hött, að við afgreiðslu fjárlaga í fyrra hækkuðu niðurstöðutölur langt umfram verðlagshækkanir og þær útgjaldatölur eru að sjálfsögðu innifaldar í útgjaldatölum fjárlagafrv. nú.

Það ber einnig að hafa í huga, þegar fjallað er um útgjaldatölur fjárlagafrv. nú, að hinar veigamestu þeirra eru alls óraunhæfar. Einkum er um að ræða að í fjárlagafrv. er miðað við kaupgjald í sept. s. l. og óbreyttan launakostnað allt næsta ár, og að sjálfsögðu er ekki við því að búast að unnt sé að hafa aðrar tölur um launakostnað í frv. á þessu stigi málsins, en jafnaugljóst er að þar er í raun byggt á marklausum tölum, þar sem gengið er út frá því að þrátt fyrir gífurlega kjaraskerðingu og þá staðreynd að kjarasamningar verkalýðsfélaganna falla úr gildi um áramót, þá muni ekkert gerast í launa- og kjaramálum á næsta ári eða fiskverð hækka. Gengið er út frá því, að laun muni ekki hækka um eina krónu á næsta ári frá því í sept. s. l. Þar sem hér er um svo veigamikinn þátt í fjárlagafrv. að ræða er ljóst að í rauninni er tilgangslaust að tala um tiltekna hækkun fjárlagafrv. í % miðað við núgildandi fjárlög. Sama er að segja um fjárveitingar til ýmissa annarra þátta í fjárlagafrv., þær eru óraunhæfar. Þrátt fyrir að hinir veigamestu þættir útgjalda í fjárlagafrv. eru óraunhæfir og munu í reynd nema miklu hærri upphæðum er staðreyndin sú, að þótt miðað sé við heildarútgjöld eins og þau eru áætluð á þessu stigi, þá eru heildarútgjöld ríkissjóðs á næsta ári áætluð að umfangi heldur hærri en þau verða á þessu ári.

Á bls. 164 í grg. fjárlagafrv. segir að heildarútgjaldahækkun frv. feli í sér „svipað magn ríkisútgjalda eða óbreytt ríkisútgjöld á föstu verðlagi milli áranna 1975 og 1976". Áætlað er að þjóðarframleiðsla á næsta ári nemi 196 milljörðum kr., en samkv. fjárlagafrv. er gert ráð fyrir heildarútgjöld ríkisins nemi 57.4 milljörðum og er þó ýmislegt þar vantalið. Samkv. þessari áætlun um heildarútgjöld ríkissjóðs, 57.4 milljarða, nema ríkisútgjöldin því 29.2% af þjóðarframleiðslunni. Þetta er heldur hærra hlutfall en gert var ráð fyrir í fjárlagafrv. í fyrra, en þar voru ríkisútgjöld áætluð 28.7% þjóðarframleiðslunnar, en munu í reynd nema 29%. Það er því gert ráð fyrir nokkru meiri ríkisútgjöldum sem hlutfalli af þjóðarframleiðslu en stefnt var að í fjárlagafrv. í fyrra og meiri en reyndin verður í ár. Það er því ljóst að fjárlagafrv. fyrir árið 1976 markast ekki af hlutfallslega minnkuðum heildarútgjöldum ríkissjóðs miðað við verðlag eða þjóðarframleiðslu, heldur af breytingum á umfangi einstakra þátta innbyrðis í ríkisrekstrinum.

Ég hef áður minnst á sívaxandi hlut almennra rekstrarútgjalda. Liðurinn Önnur rekstrargjöld hækkaði í fyrra um 36.2% og nú í A- og B-hluta um 37%. Vextir hækka um 1 600 millj. kr. eða um 66% og munu á næsta ári nema 4 000 millj. kr. í A- og B-hluta og hafa hækkað um 2 400 millj. kr. frá fjárlögum ársins 1974. Erlendar lántökur ríkisins eru komnar á það stig að gert er ráð fyrir að þær nemi 12 sinnum hærri upphæð en í fjárlagafrv. 1974. Þegar hugað er að því, hvaða þættir eru dregnir saman til þess að jafna upp útþensluna á rekstrarliðunum, kemur í ljós að sama þróun á sér stað nú og í fyrra varðandi fjárveitingar til verklegra framkvæmda. Sá þáttur ríkisútgjalda heldur áfram að minnka. Framkvæmdir í vegamálum þyrftu til dæmis að hækka um 40% frá áætlun fjárlagafrv. til þess að halda raungildi fjárveitinga í fjárlögum 1975. Jafnframt er gert ráð fyrir að um 44% framkvæmdanna verði unnar fyrir lánsfé. Framkvæmdafé til almennra hafnargerða þyrfti að hækka um 45% til að halda raungildi frá fjárlagatölu 1975, fjárveiting til framkvæmda við landshafnir um 48% og fjárveiting til framkvæmda við skólabyggingar um 47%.

Til að mæta útgjaldaauka, sem hlotist hefur af verðbólgustefnu ríkisstj., tveim gengislækkunum, vaxtahækkunum og söluskattshækkunum o. fl., er nú að þessu sinni gripið til þess að skerða lögboðin framlög ríkissjóðs almennt um 5% og framlag til almannatrygginga um 2 000 millj. kr. Ekkert hefur verið látið uppi um framkvæmd þessarar ákvörðunar og ekki ástæða til að gera því skóna hvernig að muni verða staðið. Víst er þó að hér þurfa þeir, sem láta sér annt um viðgang almannatrygginga, að vera vel á verði. Áður en til greina kemur að skerða í nokkru hlut þeirra, sem þarfnast framlags úr almannatryggingum, væri ástæða til að bera saman hlut atvinnurekenda til tryggingannna annars staðar á Norðurlöndum. Hér greiða atvinnurekendur 14% af útgjöldum lífeyristrygginga, en ekkert til sjúkratrygginga. Af 19 þús. millj. kr. útgjöldum lífeyristrygginga og sjúkratrygginga samanlagt greiða atvinnurekendur aðeins 1 300 millj. kr. Þannig greiða atvinnurekendur á Íslandi um 7% af samanlögðum útgjöldum lífeyristrygginga og sjúkratrygginga. Af þeim gögnum, sem ég hef undir höndum, má ráða að árið 1972 hafi sambærilegar greiðslur atvinnurekenda í Noregi numið 47% útgjaldanna, í Danmörku 3%, í Svíþjóð 34% og í Finnlandi 53%, en á Íslandi, eins og ég áður sagði, 7%. Eigi að draga úr útgjöldum ríkissjóðs til þessara mála kæmi að sjálfsögðu mjög til álita að auka greiðslur atvinnurekenda þar sem þær virðast lágar miðað við það sem gerist annars staðar á Norðurlöndum. Jafnframt þessari ákvörðun um lækkun framlaga til almannatrygginga er sótt að kjörum þeirra, sem minnst mega sín, úr annarri átt með fjárlagafrv., þar sem ætlunin er að skerða niðurgreiðslur landbúnaðarvara um ¼ eða um 1425 millj. kr.

Nú er svo látið líta út að á móti þessari lækkun komi niðurfelling vörugjalds, þrátt fyrir að við lögfestingu vörugjaldsins í júlí s. l. væri

því algjörlega slegið föstu af hálfu ríkisstj. að hér væri aðeins um tímabundna fjáröflun að ræða til að jafna fyrirsjáanlegan halla á rekstri ríkissjóðs á þessu ári. Miðstjórn Alþýðusambands Íslands mótmælti þessu gjaldi og taldi að með því væri ríkisvaldið að kippa til baka þeirri lækkun beinna skatta sem samið var um til að greiða fyrir kjarasamningum. Í samþykkt miðstjórnar Alþýðusambands Íslands var því haldið fram að með álagningu vörugjaldsins væri um að ræða skattheimtu sem næmi 4 000 millj. kr. á ári. Þessu var sérstaklega svarað í leiðara Morgunblaðsins. Því var haldið fram að mótmæli miðstjórnarinnar væru á misskilningi byggð og ekki talin ástæða til að kvarta yfir gjaldinu þar sem sneitt væri hjá mikilvægustu neysluvörum almennings. Í lok leiðara Morgunblaðsins, sem birtist 19. júlí s. l., sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Í þriðja lagi er gildistími vörugjaldsins aðeins rúmir 5 mánuðir, en það fellur niður um áramót, svo að rangt er að reikna áhrif þess á ársgrundvelli, eins og gert er í samþykkt miðstjórnar."

Í fjárlagafrv. er hins vegar reynt að réttlæta með afnámi vörugjaldsins þá stórfelldu hækkun landbúnaðarvara sem lækkun niðurgreiðslna um ¼ hefur í för með sér. Hér er staðið að málum af fullum óheilindum og skattalækkunin endanlega hirt til baka á þann veg að í stað þess að beinu skattarnir lækka að einhverju leyti hjá þeim, sem tekjurnar hafa, hækka brýnustu neysluvörur um allt að ¼, og bitnar það að sjálfsögðu harðast á þeim sem hafa úr minnstu að spila.

Nú er ætlast til þess að auk þess að almenningur greiði tvö viðbótarsöluskattsstig í ríkissjóð, en þau runnu áður í Viðlagasjóð og áttu að falla niður, þá kaupir hann sig undan vörugjaldinu með sérstakri hækkun söluverðs á landbúnaðarvörum. Er þó á þessari skattheimtu sá reginmunur, að hinum brýnni neysluvörum var hlíft við vörugjaldi, en lækkun niðurgreiðslna bitnar á brýnustu nauðsynjavörum eingöngu og bitnar með sérstökum þunga á lífeyrisþegum og barnafjölskyldum. Mér telst svo til, að boðuð lækkun niðurgreiðslna muni hjá 5 manna fjölskyldu valda um 35 þús. kr. útgjaldaauka á ári miðað við þá neyslu sem nú er um að ræða. Má það heita býsna athyglisverð og hröð þróun hjá Framsfl. í íhaldsþjónustunni þegar hann eftir 14 mánaða vist stendur að því að níðast sérstaklega á þessu fólki og stuðlar samtímis að samdrætti á sölu helstu framleiðsluvara bænda. Þess má geta um leið, að samtímis þessum ráðstöfunum er gert ráð fyrir að niðurgreiðslur til útlendinga, útflutningsbætur á landbúnaðarafurðir hækki um 174 millj. á næsta ári og nemi tæpum 900 millj. kr.

Ég minntist á það áðan á hve veikum grunni útgjaldatölur fjárlagafrv. væru byggðar að því er varðar launaliði og áhrif þeirra á aðra liði í frv. Ýmsir aðrir útgjaldaliðir í frv. eru ákvarðaðir á þann veg einnig að ekki er unnt að taka niðurstöðutölur frv. alvarlega. T. d. er sýnt að stórlega vantar á að fjárveiting til Lánasjóðs námsmanna dugi til þess svo mikið sem að halda hlutfallslega sama gildi og á núgildandi fjárlögum. Þessi tala hlýtur að breytast verulega. Að þessu sinni er ekki til neins að bera því við að beðið sé eftir endurskoðun laga um Lánasjóðinn. Þar virðist standa mest á ríkisstjórnarflokkunum sjálfum. En hvað sem endurskoðun þeirra laga líður getur það naumast verið ætlun hæstv. ríkisstj. að skerða framlög til sjóðsins miðað við það sem verið hefur til þessa og gera ráð fyrir lægri hlutfallstölu lánveitinga miðað við umframfjárþörf en verið hefur. Þá er ljóst, að liður, sem nemur 6 000 millj. kr., daggjöld sjúkrahúsa, er algjörlega á sandi byggður þar sem miðað er við daggjöld frá því í júlí í ár. Þau daggjöld svara ekki til raunverulegs kostnaðar að undanförnu og Tryggingastofnun ríkisins hefur orðið að greiða sjúkrastofnunum fyrir fram til þess að þær lendi ekki í algjörum þrotum. Fráleitt er með öllu að unnt sé að reikna með þessari upphæð daggjalda allt næsta ár. Hér er því enn ein ástæðan fyrir því að ekki er unnt að taka heildarupphæð fjárlagafrv. alvarlega, enda munu daggjöld nú fyrir skömmu hafa verið hækkuð um 15% og vantar þá a. m. k. 1000 millj. kr. inn í útgjaldahlið fjárlagafrv. einungis vegna þessa útgjaldaliðs. Hækkun daggjalda, sem gildir frá 1. okt. s. l. og er þó með sérstöku álagi til næstu áramóta vegna hallarekstrar sjúkrahúsa undanfarna mánuði, mun enn auka hallann á rekstri ríkissjóðs á þessu ári, líklega um 400—500 millj. kr.

Eitt af fyrirheitum hæstv. ríkisstj. var að efla verkmenntun í landinu. Við fjárlagaafgreiðsluna í fyrra var síður en svo að þess sæi nokkur merki, að við það fyrirheit yrði staðið, framlög til iðnskóla lækkuðu að raungildi, og sama sagan er nú að gerast. Framlög til byggingar iðnskóla lækkar beinlínis að krónutölu úr 34 millj. kr. í 32.3 millj., á sama tíma og byggingarkostnaður hefur hækkað um 45%. Framlagið nú þyrfti að vera ríflega tvöfalt hærra en það er til þess að halda sama raungildi og í fjárlögum árið 1974. Á sama tíma og á að verja 32.3 millj. kr. til byggingar iðnskóla alls staðar á landinu er ákveðið í fjárlagafrv. að hefja byggingu á nýju skrifstofuhúsnæði í Reykjavík og verja til þess 40 millj. kr., í byggingu sem á að kosta að lokum 160 millj. Iðnaðinum er sá sómi sýndur, þegar verið er að lækka tolla af erlendum samkeppnisvörum, að framlag til Iðnlánasjóðs og Iðnrekstrarsjóðs, sem voru látin standa óbreytt að krónutölu við afgreiðslu núgildandi fjárlaga, lækka nú úr 50 millj. í 47.5 millj. kr. til hvors sjóðs um sig. Þannig hefur framlag til þessa sjóðs lækkað að krónutölu um 5% frá árinu 1974, en á sama tíma hækka framlög til Stofnlánadeildar landbúnaðarins um 142%.

Sé fjárlagafrv. fyrir árið 1976 borið saman við gildandi fjárlög, er heildarmyndin sú að breyting frá núgildandi fjárlögum felst ekki í minnkuðum heildarútgjöldum ríkissjóðs miðað við verðlag og þjóðarframleiðslu, heldur í breytingum á vægi einstakra þátta innbyrðis. Aðaleinkenni fjárlagafrv. er að ríkisútgjöld í heild verða fyllilega sama hlutfall af þjóðarframleiðslu og áður, en verulegar breytingar verða milli einstakra þátta, þar sem jákvæðustu þættirnir, samfélagslegar framkvæmdir, eru skornar

niður til að mæta útþenslunni á rekstrarliðunum, — útþenslu sem stafar ekki síst af stefnu hæstv. ríkisstj., gengislækkunum, söluskattshækkunum og vaxtahækkunum, en allar þessar ráðstafanir hafa fyrst og fremst eflt þá verðbólgu sem nú er aðalmeinsemdin í íslensku efnahagslífi.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Nokkur eftirvænting og jafnvel áhugi mun jafnan ríkja meðal almennings þegar stjórnarskipti eiga sér stað. Fólkið bíður spennt eftir stefnuyfirlýsingu frá forsrh. og einnig munu margir bíða spenntir eftir fjárlagafrv. frá nýrri ríkisstj. er sýnir með því hvernig hún hyggst leysa aðsteðjandi vanda, einkum í efnahagsmálum.

Vissulega átti þetta við á s. l. ári um fyrsta fjárlagafrv. hæstv. fjmrh., sér í lagi þar sem hann ásamt öðrum flokksbróður, sem nú er sjávarútvegs-, heilbr.- og trmrh., lögðu fram till. um verulega breytingu á gildandi skattalögum snemma á árinu 1974. Hefði það frv. náð fram að ganga mátti vænta þess að áhrif þess hefðu verið um 4.6 milljarðar í lækkunum skatta og þá auðvitað um hliðstæða lækkun ríkisútgjalda. Þetta var í tíð vinstri stjórnar. Ætla má að jafngildi till. þeirra flokksbræðra í dag mundi ekki vera fjarri 10 milljörðum til lækkunar. Þetta voru því einkar athyglisverðar till. á sínum tíma og var ekki svo lítið handbærar í fylgjandi kosningabaráttu með tilheyrandi árangri. Sett var fram ný kenning um hvernig ríkisútgjöld skyldu mótuð. Þeir sögðu að óhjákvæmilegt væri að setja þak á fjárlögin hverju sinni og raða síðan útgjöldum, sennilega þá í forgangsröð, upp undir þakskeggið og halda sér fast í það. Mörg hvöss orðin voru látin falla í garð fyrrv. fjmrh., Halldórs E. Sigurðssonar, í umr. og túlkun um þessa till.

Nú liðu fram tímar og tillögumaður og aðalmótandi í skattkerfisfræðum íhaldsins gafst kostur á að sýna till. sínar og hugmyndafræði í raun. Hann varð hæstráðandi um fjármál ríkisins. En hvað skeður? Fyrsta frv. frá hans hendi sýnir meiri þenslu en dæmi eru til um nokkru sinni áður, og áður en til samþ. kom hafði hækkun orðið veruleg í meðferð Alþ. Skyndilega er þakkenningin rokin út í veður og vind með tilheyrandi afleiðingum fyrir allan almenning og verðbólguvöxturinn í mettölu frá því er hæstv. ráðh. settist í stólinn.

Í aths. á bls. 149 í fjárlagafrv. fyrir yfirstandandi ár segir orðrétt: „Fjármál ríkisins eru samofin efnahagsmálum þjóðarinnar og hin almenna hagþróun endurspeglast einatt í þeim áætlunum um ríkisbúskapinn sem settar eru fram í fjárlagafrv. Það frv., sem hér liggur fyrir, er engin undantekning þeirrar reglu.“

Síðar segir í sömu athugasemdum: „Fjárlagafrv. ber það með sér engu að síður að komið er í veg fyrir frekari útþenslu ríkisbúskaparins og dregið er úr ríkisframkvæmdum.“

Einnig er kvartað yfir því að vart hafi gefist tóm til þess að móta heilsteypta stefnu á svo skömmum tíma er núv. ríkisstj. hafði þá setið.

Nú sjáum við aftur nýtt frv. og ekki er kvartað í þetta sinn um tímaskort. Því eru rök fyrir þeirri kröfu almennings í landinu að ákveðin og glögg stefna kæmi fram með þessu frv. En er það svo? Að mati okkar í Alþfl. er það alls ekki. Hvað veldur? Jú, frv. er byggt á þeirri forsendu að fjöldi lagafrv. komi fram í tæka tíð og þau nái lagagildi fyrir n. k. áramót. Meðan engu af þessum frv. hefur verið einu sinni útbýtt er ekki með nokkrum rökum unnt að halda því fram að frv. sýni fastmótaða stefnu — og þó. Hvað má lesa út úr því? Óskýra mynd af stjórnarstefnu. Útlínur að viðleitni íhaldsstjórnar til þess að þjarma að þeim, sem minna mega sín, og draga saman seglin á sameiginlegri fjárhagslegri þjónustu sem þeir þurfa mest á að halda er verst eru settir í þjóðfélaginu. Eftir þessu tekur allur almenningur í landinu. Frv. er m. ö. o. dæmigert um það ráðaleysi er ríkt hefur í stjórn efnahagsmála okkar um langan tíma. Það er bókstaflega byggt á því er enginn veit á þessari stundu hvernig verður mótað í margvíslegum frv. er snerta að meira eða minna leyti alla þegna þjóðarinnar og þó mest, eins og ég sagði áðan, þá er minnst hafa til hnífs og skeiðar. Þetta er íhaldsstefna í raun. Þetta er ekki, að ég ætla, boðlegt neinum þeim hv. þm. er vill telja sig hafa einhvern áhuga á að jákvæð þróun í samfélagi okkar haldi áfram, eins og verið hefur sem betur fer um langan tíma undanfarið. Nú á með einu pennastriki að færa margt aftur um mörg ár. Ætla félagshyggjumenn hér á hv. Alþ. að sætta sig við slík vinnubrögð?

Margoft hefur nefndafarganið verið gagnrýnt hér og utan dyra. Svo er að sjá sem það hafi verið einkar geðfellt hjá núv. ráðh. að láta n. starfa. Hjá hæstv. fjmrh. hafa n. kviknað sem rósir á sumardegi, en sem rétt er um rósir er lítið um ávextina. Með pomp og pragt var sagt frá skipun n. á sínum tíma og skyldi þar taka til bæna allt skattakerfið í landinu, og menn áttu von á gagngerðum till., því að öllum ber saman um að gildandi skattalög eru ekki viðhlítandi En ekkert kemur enn fram, ekki a. m. k. hér á Alþ. Ég margmótmælti ýmsum breytingum á s. l. vetri í skattalöggjöfinni og sagði að það væri lítt til sóma fyrir Alþ. að samþ. þær. Þetta hefur nú í reynd sannast og verið mótmælt um allt land af óbreyttum borgurum landsins. Það er meira en lítið bogið við þá ríkisstj., er ekki tekur mark á slíkum aðvörunum og kemur með raunhæfa leiðréttingu á röngum og mjög ósanngjörnum skattalögum.

Í aths. við fjárlagafrv. fyrir árið 1976 segir á bls. 157, í upphafi máls, og hæstv. ráðh. vitnaði í þessi orð áðan: „Brýnustu viðfangsefnin á sviði efnahagsmála um þessar mundir eru að hamla gegn verðbólgu og draga úr hallanum í greiðsluviðskiptum við erlendar þjóðir. Forsenda árangurs í þessu efni er að ríkisbúskapurinn stuðli að almennu jafnvægi í þjóðarbúskapnum.“

Þetta munu vera sannmæli út af fyrir sig. En hvernig er í reynd farið eftir þessu af hálfu hæstv. fjmrh. og ríkisstj.? Rétt er að líta nokkuð á það.

Samkv. eigin umsögn með frv. í fyrra var áætlað að skuld ríkissjóðs mundi verða um einn

milljarður um s. l. áramót, þ. e. 1974—1975. En hver varð raunin á? Skuldin varð um 4 milljarðar. Sýndi það aðhald? Nei. Hvar var forsendan um jafnvægi þá? Höfðu menn ekki komið auga á hvað væri nauðsynlegt til jafnvægis og hömlunar gegn óðaverðbólgunni, eða tók hæstv. fjmrh. ekki eftir hverju hæstv. forsrh. lofaði í stefnuræðu sinni í fyrra varðandi verðbólguna og þróun mála hér heima, eða voru ráðh. svo fjarri hver öðrum í margvíslegum erindum erlendis sem innanlands að ekki gæfist svigrúm til yfirvegunar á vandanum og ráð við? Hvað sem því líður virðist það út af fyrir sig jákvætt að þeir skuli nú hafa komið auga á forsendu fyrir að jafnvægi verði komið á.

En hver er þá þróunin á yfirstandandi ári? Er jafnvægisforsendunni fyrir að fara í þróun ríkisbúskaparins nú. Eftir því sem ég best veit um stöðu ríkissjóðs og ríkisstofnana gagnvart Seðlabankanum um þessar mundir er staðan u. þ. b. 8—9 milljarðar í skuld, — ég verð þá leiðréttur ef þetta hefur breyst nýlega, — og gjaldeyrisstaðan nærri 4 milljarðar í mínus. Hvað segir þetta okkur? Bendir þetta til þess að í raun sé nokkur minnsta viðleitni til þess að hamla gegn mestu verðbólgu, er hér hefur nokkru sinni ríkt. Ég tel að svo sé ekki. Stjórnun á efnahagsmálum er í raun harla lítil eða engin. Það liggur í augum uppi, að þrátt fyrir að nú séu sett fram góð áform um breytta stefnu hefur ekkert enn komið hér fram á Alþ., er mark takandi sé á, að skipulega og markvisst verði ráðist að verðþenslunni hér innanlands. Miklu fremur hefur Seðlabankinn tekið fram fyrir hendur hæstv. ríkisstj. til hömlunar á verðþenslunni, eins og hæstv. ráðh. drap á nokkuð áðan, með ákveðnum reglum um aukningu útlána. **Á meðan svo er starfað, að ríkissjóður** yfirdregur miskunnarlaust hjá Seðlabankanum og eykur með því peningaveltuna í þjóðfélaginu verður varla um árangur að ræða í baráttunni við verðbólguna.

Þótt talsverður hluti verðþenslunnar hér á landi sé erlendis frá er samt sem áður miklu meiri sá þátturinn er við sköpum sjálf og þar skipar heiðurssætið sjálfur fjmrh. Hæstv. fjmrh. hefur þó eina afsökun sér til málsbóta í árangursleysinu við verðbólgudrauginn. Hún er sú að hann hefur ekki yfirráð á stórum fjárfestingarsjóðum. Til er stofnun í landinu og þeim ihaldsmönnum hjartfólgnari en orð fá lýst og þeir vilja vera láta. Frá þessari stofnun rennur drjúgur skildingur sem að uppruna kemur frá ríkissjóði og gerir stöðu sjóðsins erfiðari. Einnig er skipulagsleysi ríkjandi með heildarlánakerfið, **og margar stórvirkjanir eru í gangi í senn.** Áhrifin frá þessu öllu verkar til örvunar í verðbólguátt og árangurinn er glæsilegt Evrópumet í verðbólgu tvö s. l. ár eða samtals um 204%. Þessi þróun mála knýr svo almenning í landinu til þess að eyða sem mestu og eftirspurn eftir erlendum varningi er um of. Og þrátt fyrir minni tekjur af útflutningi landsmanna má ekki hamla á móti innflutningi með skipulegum ráðum. Því er nú svo komið, þrátt fyrir miklar erlendar lántökur, að gjaldeyrissjóðurinn er enginn og vel það, eins og ég sagði áður. Þetta kalla ég hreint stjórnleysi. Krafa annars stjórnarflokksins er skýlaus og svo hörð sem verða má, sem sagt 100% frelsi til þess að kaupa hvað sem hugurinn girnist erlendis frá, þótt ekki sé til króna í kassanum, og allt verður að fást með lánskjörum. Svona getur enginn ábyrgur einstaklingur hegðað sér að mínu mati. En getur þá ríkisstj., er vill láta taka stefnu sína alvarlega, kallast **ábyrg og stjórnsöm? Nei. Hverjum manni, háum** sem lágum, mun hollast að horfast í augu við staðreyndir og hegða sér samkv. því.

Núv. hæstv. forsrh. gagnrýndi á sínum tíma harðlega þá þróun hjá vinstri stjórninni að 13% greiðslubyrði væri um of fyrir þjóðina að þola vegna afborgana og vaxta af erlendum lánum. En hvernig er þetta nú í dag? Það er einkar athyglisvert að þessi byrði nálgast nú 19% og **stefnir innan skamms, eftir 1 eða 2 ár, að 20%** byrði. Sem sagt, fimmta hver króna rennur í afborganir erlendra lána og vaxta. Mér er næst skapi að spyrja: Er þetta hægt, Matthías?

Tekjuáætlun fyrir ríkissjóð er að venju byggð á áætlun sem gerð er í Þjóðhagsstofnuninni. Þetta á auðvitað við um almenna efnahagsþróun og hvað hún gildir fyrir þjóðarbúskapinn. En eins og allt útlit er nú er vart við öðru að búast en lítið svigrúm sé til áætlana um mikla tekjuaukningu. Gerir frv. ráð fyrir 20.5% hækkun frá gildandi fjárlögum, en nokkru minni hækkun frá **rauntekjum ríkissjóðs fyrir yfirstandandi ár.** Alls eru tekjur áætlaðar 57.4 milljarðar.

Gert er ráð fyrir að tekjur til skatts muni hækka á milli áranna um 27% að meðtalinni 1½—2% fjölgun framteljenda. Með hliðsjón af þessu er frv. byggt á því að skattvísitalan hækki aðeins um 25 stig. Þetta tel ég mjög varlega áætlað. Þegar haft er í huga það ástand er nú ríkir hér bæði varðandi verðbólguna og deilur um kjaramál, og verði haldið fast við að skattvísitalan hækki ekki meir mun það óhjákvæmilega koma fram sem veruleg aukning almennrar skattheimtu á alla launþega í landinu. Frv. gerir hins vegar ráð fyrir því að skattur á fyrirtækjum muni lækka talsvert, en þó er tekið fram að afar erfitt sé nú að áætla þennan skatt. Knýjandi nauðsyn er á því að koma við breytingu á skattlagningu fyrirtækja og breyta afskriftareglum. Verðbólgan gerir slíkt strik í þessu máli að ekki má lengur við svo búið standa. Verðmætaaukning hjá einstaklingum og einstaka fyrirtækjum vegna opinberra framkvæmda er oft geysimikil, en skatttekjur til ríkisins eru sáralitlar eða engar vegna þessarar starfsemi. Þetta gildir þó einkum um land og fasteignir.

Frv. gerir ráð fyrir að 2% sölugjaldið, er runnið hefur í Viðlagasjóð, verði nú fastur tekjustofn hjá ríkissjóði. Þessu spáðum við í Alþfl. á sínum tíma og gagnrýndum þess vegna aukningu á þessu álagi, en einkum vegna þess að ekki lá neitt fyrir um hvernig framvinda skattamála í landinu yrði. Söluskattsstigin eru þá með lögfestingu á þessu orðin 20. Til þess að sefa einhverja aðila er því lofað að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga muni framvegis fá sín 8% reiknuð af 20 stigum gjaldstofns, en ekki af 13

stigum eins og lengi hefur verið. Þetta mun gefa sjóðnum nokkur hundruð millj. kr. Samt sem áður er tekið fram að enn liggi ekki fyrir niðurstöður endurskoðunar um þessi mál og því sé frv. sjálft eðlilega byggt á óbreyttum hluta til sveitarfélaganna. Sem sagt „meningen er god nok.“

Frv. boðar einnig að sveitarfélögunum skuli tryggðar auknar tekjur, en á móti taka þau á sig verulega aukin umsvif frá ríkinu. Umræddur tekjuauki kann að reynast um 800 millj. kr. Hins vegar liggur ekki skipuleg athugun fyrir með hvaða hætti sveitarfélögin geta eða vilja taka þetta á sig né því síður nokkuð um kostnaðarskiptingu á verkefnum. Hér er þó um mjög viðkvæmt og þýðingarmikið mál að ræða. Einnig eru aðstæður víðast hvar á landinu afar ólíkar bæði innan kjördæma og landshluta. Hverjir eru t. d. sameiginlegir hagsmunir Kópavogs og Sandgerðis eða í Höfnunum og Hafnarfirði? Þetta er allt innan kjördæmis hæstv. fjmrh. Gæti það ekki tekið nokkurn tíma að samræma sjónarmiðin og gæta réttlætis í deilingu tekna og kvaða á milli ríkis og sveitarfélaga? Það er ekki nóg að formæla Reykjavíkurvaldinu, það er ekki nóg að boða mörg frv. og þau eigi að taka gildi um n. k. áramót, eða telur hæstv. ríkisstj. meiri hl. sinn svo sauðtryggan að fleygja megi fjölda frv. um afar viðkvæm mál inn á Alþ. rétt fyrir jólafrí og þau renni í gegn, eins og oft hefur tíðkast undanfarin ár? Slík vinnubrögð eru óþolandi og ekki sæmandi neinum.

Ég undirstrika það, að réttmætt getur verið að sveitarstjórnir taki við meiri umsvifum og þeim sé um leið tryggt meira fjármagn, en þá þarf áður að vera til vel undirbúin athugun á málinu.

Já, svo er það blessaður dropinn sem hæstv. ráðh. minntist á hér áðan. Gildi hans vex með hverju ári og nú skal Áfengisverslunin gefa um 6 milljarða í hreinar tekjur eða sem næst jafngildi 15 mjög vel útbúinna stórra skuttogara. Ekki má minna gagn gera. Svo er nú komið högum ríkissjóðs að um 10% tekna hans koma frá víneinkasölunni. Þetta harma ég persónulega. Hér er sýnd veiði en ekki gefin í öllum tilfellum. Það er ekki stund til þess nú að fjalla meir um vandamál tengd vínnautn í landinu, en sannarlega stefnir þar í enn meiri ógöngur en nokkru sinni áður. Fjárlagafrv. bendir ekki á neina lausn, því miður.

Í frv. eru taldir upp ýmsir aðrir tekjuliðir, en það getur hver lesið sér til um og þarf ég ekki að fjalla meira um tekjuhliðina.

Í kaflanum um lánahreyfingar út kemur fram að hækkun til vegaframkvæmda fer úr 900 millj. kr. í 1 050 millj. kr. eða nettó um 150 millj. kr. Hins vegar er nokkur samdráttur hjá landshöfnum eða mínus 40 millj. kr. Þetta kemur fram gagnvart Þorlákshöfn. Til Njarðvíkurhafnar er gert ráð fyrir 50 millj. kr. lántöku. Þetta er ekki nægilegt, eins og hæstv. fjmrh. veit manna best um, og verður að tryggja hærra lán ella stöðvast framkvæmdir þar við mjög óheppilegar aðstæður. Ég vil vænta þess að þetta verði sérstaklega vel athugað. Gert er ráð fyrir að taka lán fyrir framlagi ríkisins í járnblendiverksmiðjuna, allt að 285 millj. kr. Skýrt er tekið fram í frv. að hér sé þó einungis um hluta af nauðsynlegu fjármagni að ræða og þurfi síðar að gera nána grein fyrir fjármögnun ríkissjóðs til verksmiðjunnar: enn eitt dæmið um að á niðurstöðum frv. er vart mark takandi.

Í kaflanum um orkumál segir orðrétt, „að í áætlunum sínum stefni aðilar að miklu meiri framkvæmdum en hugsanlegt er að afla fjár til, og með tilliti til þess og ónógs rökstuðnings fyrir fjárbeiðnum hefur verið horfið að því ráði að sundurliða ekki í frv. það 5 000 millj. kr. lánsfjármagn sem á þessu stigi er áætlað að gengið geti til orkumála á árinu 1976.“ Já, 5 000 millj., takk. Sæmilegur ostbiti það! Skyldi nokkur kommissar hafa áhuga á bita eða vökull þm. með byggðastefnu í bak og fyrir? Við skulum doka við og sjá hvað setur.

Í kaflanum um lánahreyfingar inn kemur í ljós að útgáfa spariskírteina er orðin lífsnauðsynlegt haldreipi fyrir ríkissjóð. Gert er ráð fyrir sölu slíkra bréfa fyrir 1 400 millj. kr. Erlend lántaka er áætluð á 3 580 millj. kr. Nettóaukning á lántökum er áætluð 1 725 millj. kr. Samkvæmt þessum lið verður meginhækkun lánsfjár í formi aukinna lántaka erlendis frá. Samt sem áður vantar mikið hér til viðbótar til þess að gefa skýra mynd af fyrirhuguðum erlendum lántökum vegna stórframkvæmda á árinu 1976.

Á bls. 179 segir að stefnan sé að koma með fullbúna áætlun fyrir lok októbermánaðar. Það er nú skammt til mánaðamóta og því stutt að bíða — eða kann svo að fara að þessi stefna eins og fleiri renni beint út í sandinn?

Eins og ég hef þegar getið um er ekki unnt að taka þetta fjárlagafrv. mjög alvarlega þar sem það byggist á mjög mörgum frv. er enn hafa ekki verið lögð fram og munu jafnvel ekki sum a.m.k. vera mótuð enn og því síður rædd hjá stjórnarandstöðuflokkunum. Ég dreg persónulega í efa að öll frv. gangi fram eins og fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. Þess vegna mun ég ekki lengi fjalla um útgjaldahliðina þar sem forsendur fyrir henni eru afar óljósar. Þó vil ég drepa á fáein atriði sem miklu varða um niðurstöðu frv.

Fyrst vil ég mótmæla ákveðið fyrirhugaðri skerðingu á slysa- og lífeyristryggingum um allt að 2 000 millj. kr. Við í Alþfl. erum síður en svo mótfallnir viðtækri endurskoðun á almannatryggingakerfinu. En það nálgast hótfyndni að mínu mati að koma fram með lækkun um 2 000 millj. á þessum liðum löngu áður en tillögur um breytt fyrirkomulag sjá dagsins ljós. Ég læt segja mér það oftar en tvisvar að meiri hluti sé fyrir þessari kjaraskerðingu hér á Alþ. nú. Það fólk, er nýtur þessara bóta, er svo illa sett, að með engu móti er verjandi að rýra kjör þess, þótt þröngt sé í búi nú hjá ríkissjóði, og það löngu áður en lagfæring á skattkerfinu í heild nær fram að ganga. Ég treysti því að svo margir félagshyggjumenn séu hér innan veggja enn þá að þetta áhlaup á lífskjör þessa fólks verði stöðvað í fæðingu.

Á bls. 192 neðst segir orðrétt, með leyfi forseta: „Framlag til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva miðast við það að ekki verði teknar á

fjárlög fjárveitingar til nýrra framkvæmda á árinu 1976.“ Já, svo mörg eru þau orð. Skyldi hæstv. heilbr.- og trmrh. vera ánægður? Mikið hefur hann þá róast, síðan hann tók við þessum málum, á þeim tíma sem liðinn er frá því hann átti sæti í fjvn. og var í stjórnarandstöðu við vinstri stjórn í landinu. Ég ætla að bíða og sjá hvað kemur í ljós varðandi sjúkrahús, heilsugæslustöðvar og læknabústaði.

Í ræðu sinni fyrir fjárlagafrv. í fyrra sagði hæstv. fjmrh. að frv. um lánasjóð námsmanna mundi verða lagt fram og afgr. sem lög í tæka tíð. En hann gleymdi því sennilega óvart áðan að minnast á það. Enn er ekki komið neitt fram er veiti mönnum úrlausn í þessu efni og ekki veit ég til þess að frv. sé tilbúið. Hér er þó um afar mikið mál að ræða, og með fullri sanngirni má segja að nær 1 000 millj. vanti á til þess að standa við marggefin loforð til Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Ef íhaldið hefði ekki heykst á því að standa að raunhæfum breytingum á lánakjörum sjóðsins væri málefnum hans nú miklum mun betur komið.

Undir formennsku Ragnars Arnalds, hv. þm. menntmn. Ed. vorum við, sem þar áttum sæti, búnir að vinna að mótun á tillögum sem þeir stjórnmálaflokkar vildu koma í gegn og voru jákvæðar, og höfðum við haft samráð við fulltrúa stúdenta og fulltrúa úr Lánasjóði. En þegar til átti að taka hafnaði Þorv. Garðar Kristjánsson hugmyndunum og stjórnmálaástand í landinu var með þeim hætti þá að ekki var talið unnt að koma þessum hugmyndum áleiðis.

Enn hefur ekkert skeð og allt er nú fyrr en ella komið í hnút með þessi mál. Hin öra verðbólga tvö s.l. ár hefur sannarlega hnýtt rembihnút á mál Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Nú verður ekki með nokkru móti lengur undan því ekist að koma með raunhæfa löggjöf um sjóðinn og hvernig námsmenn endurgreiði fengin lán. Fjárlög verða að tryggja lausn við ríkjandi aðstæður, ella mun fjöldi námsmanna neyðast til þess að hverfa frá námi síðla vetrar með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Ef þetta tekst ekki eru stigin mörg spor aftur á bak.

Í fyrirspurn um dagvistunarheimili frá Benedikt Gröndal í s.l. viku kom fram hjá hæstv. menntmrh. að þar er mikið vandamál óleyst. Ég fæ ekki séð hvernig áætlað fjármagn til þessara mála fær staðist. Hækkun verður blátt áfram að eiga sér stað.

Augljóst er að mikil vanáætlun er hjá dóms- og kirkjumrn. hvað varðar útgjöld vegna aukinna umsvifa hjá landhelgisgæslunni. Ekki er gott að segja enn til um hvað sá liður þarf að hækka mikið, en þar getur komið til verulegra upphæða. Sama má segja um málefni hjá Hafrannsóknastofnuninni.

Ég ætla ekki að fjalla meira um einstaka liði. Það hefur verið rakið hér að framan af fyrri ræðumanni úr stjórnarandstöðunni. Ég vil enn taka það fram að augljóst er að frv. hlýtur að taka miklum breytingum í meðförum Alþ., annað er óhjákvæmilegt. Útgjaldaliðir eru óraunhæft metnir niður á við, og svo er forsenda fyrir launaútreikningi á öllum launaliðum brostin og kann að skakka verulegum upphæðum. Allt þetta gerir það að verkum að umr. nú við 1. umr. geta verið með styttra lagi. Ég læt því máli mínu lokið, herra forseti. Það er ekki annað að gera en að sjá hverju fram vindur með boðuð frv. og afstöðu manna til kjaraskerðingar á hendur þeim veikburða. Síðla á því herrans ári 1975, á ári aukinna kvenréttinda um allan heim, á ári vaxandi jafnréttis víða um heim, er boðuð skerðing almennra mannréttinda hér á landi af úrræðalausri íhaldsstjórn.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er nú nærri því að þm. utan Reykjaneskjördæmis fari hjá sér við að koma hér upp eftir þann þróttmikla kór sem hér hefur látið gamminn geysa úr því kjördæmi í dag. Það er engu líkara en á vissu tímabili eða árabili hafi vaxið þar úr grasi svo til eingöngu fjármálasení, og mega þá sannarlega aðrir landshlutar fara að gá að sér ef gerð verður alvara úr því, sem raddir eru uppi um nú, að fjölga mjög þm. úr því annars ágæta kjördæmi.

Það fer ekki hjá því að við 1. umr. þess fjárlagafrv. sem nú er verið að ræða komi upp í hugann hversu mikið mark sé á því takandi sem hér er lagt fyrir hv. þm. í formi fjárlagafrv., og þá kannske frekar hversu mikið mark sé takandi á fjárlögum sem slíkum að lokinni afgreiðslu hér á hv. Alþ. Ég hygg að allir hv. þm. minnist þess að við lokaafgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1975 hér á Alþ. á s. l. hausti gagnrýndi stjórnarandstaðan harðlega þau vinnubrögð, sem þá var beitt í sambandi við fjárlagaafgreiðslu, og lýsti því yfir þá að það plagg væri í raun og veru marklaust plagg, pappírsgagn. Ég hygg líka að það hafi komið á daginn að þessar fullyrðingar og þessi gagnrýni stjórnarandstöðunnar hafi haft við æðimikil rök að styðjast. Það var ekki liðið langt á árið 1975 þegar búið var að spretta þeim fjárlögum, sem afgr. voru í des, upp tvívegis á fyrstu 4 mánuðum ársins 1975. Menn minnast þess líklega að nokkru eftir fjárlagaafgreiðsluna var flutt hér á Alþ. stjfrv. um ráðstafanir í efnahagsmálum sem inni hafði að halda m. a. heimild til niðurskurðar á útgjaldahlið fjárlaga um allt að 3.5 milljörðum kr. Að vísu var hinn formlegi niðurskurður, ef svo má segja, ekki slíkur. Hæstv. ríkisstj. með fjmrh. í broddi fylkingar heyktist greinilega á því að framkvæma slíkan niðurskurð að upphæð 3.5 milljarðar kr., en lét nægja formlegan niðurskurð um 2 milljarða kr.

Þetta er athyglisvert, að slíkt skuli gerast undir forsæti hæstv. núv. fjmrh., með hliðsjón af því að um ári áður, í tíð páv. ríkisstj., þ. e. a. s. vinstri stjórnarinnar, var hann aðaltalsmaður Sjálfstfl. í fjármálum og stóð að flutningi till. hér á hv. Alþ. um niðurskurð á fjárlögum páv. upp á 4.3 milljarða og taldi létt verk og löðurmannlegt að framkvæma slíkt. En það er til annars konar niðurskurður en formlegur niðurskurður og þeim niðurskurði hefur hæstv. ríkisstj. í gegnum embættismannakerfið í landinu og ríkiskerfið beitt dyggilega umfram þá 2 milljarða sem meiri hl. fjvn. skar niður á sumrinu 1975. Sá niðurskurður er framkvæmdur í því formi að þó að fjárveitingar séu til

ýmissa framkvæmda á fjárlögum og standi þar óbreyttar, þá er niðurskurðurinn framkvæmdur með þeim hætti að kerfið er látið halda svo á málum að ekki sé farið í neinar framkvæmdir fyrr en svo síðla árs að útilokað sé að framkvæma þær víðs vegar á landinu, að undanskildum hluta landsins, og líklega vita allir hver sá hluti er.

Sá niðurskurður, sem meiri hl. fjvn. í umboði hæstv. ríkisstj. framkvæmdi á fjárlögum ársins 1975, hann bitnaði fyrst og fremst á framkvæmdaframlögum til lífsnauðsynlegra framkvæmda víðs vegar á landinu og félagslegri þjónustu. Í frv. um efnahagsráðstafanir sem hér var getið áðan og samþ. var á s. l. vetri var gert ráð fyrir því að allar till. um niðurskurð færu í gegnum fjvn. Ekki nema litinn hluta af því, sem skorið hefur verið niður, hefur fjvn. fengið til umfjöllunar. Mér er ekki kunnugt um að framkvæmdir, sem skornar hafa verið niður t. d. hjá Pósti og síma, en markaðar eru í fjárlögum, hafi verið bornar undir fjvn. til umfjöllunar. Mér er ekki heldur kunnugt um að framkvæmdir hjá Rafmagnsveitum ríkisins, sem sömuleiðis eru markaðar í fjárlögum, hafi verið bornar undir fjvn. Hér hefur kerfið, hið margumtalaða embættismannakerfi, verið látið eitt um að segja til um hvaða framkvæmdir eigi að fara í, þó að búið sé að ákveða af fjárveitingavaldinu til hverra framkvæmda fjárveitingar eru ætlaðar. Þetta eru vinnubrögð sem ég a. m. k. vil ekki sætta mig við. Ég tel, að það sé nauðsynlegt að benda á þetta einmitt við umr. um fjárlög og fjárlagafrv., því að það á að vera í höndum Alþ. að ákvarða fjárveitingar til hinna ýmsu framkvæmda.

Það má því segja að með þessum ráðstöfunum eða vinnubrögðum sé gengið fram hjá eða a. m. k. á svig við fjárveitingavaldið og hinar ýmsu stofnanir, sem hlut eiga að máli, látnar um að ráðsmennskast með fjárveitingar til hinna ýmsu framkvæmda. En hvað er þá með það fjárlagafrv., sem hér er til umr.? Skyldi nú ekki mega undir forustu hæstv. fjmrh. núv. taka æðimikið mark á því plaggi sem þm. eru nú búnir að hafa undir höndum nokkurn tíma til lestrar?

Hæstv. menntmrh. sagði hér fyrir nokkrum dögum að sér vitanlega hefðu fjárlagafrv. alltaf **byggst á gildandi lagaákvæðum. Er ekki hægt að segja hið sama um fjárlagafrv. núv. hæstv. ríkisstj. Ó nei, ekki aldeilis.** Þetta fjárlagafrv. er að verulegu leyti byggt á óséðum lögum, lagafrv. sem ekki er enn farið að leggja fyrir Alþ. Menn segja, bæði hæstv. fjmrh. svo og sumir aðrir, í fjölmiðlum að hér sé um að ræða stjfrv. sem hafi að baki sér 42 þm. af 60 og það sé því öruggt um að þetta mál fái góðan og skjótan byr í gegnum þingið, þó að menn hafi ekki séð það enn. Og vel má vera að það sé búið **að aga svo þá hv. stjórnarliða úr dreifbýliskjördæmum** að þeir fáist til þess að kyngja hverju sem er í þessum efnum. En það á eftir að koma í ljós. Það er því mjög erfitt að fara mörgum orðum um þetta fjárlagafrv., þar sem menn vita í raun og veru ósköp lítið á hverju það byggist eða hvað er um að ræða. Og þó að sumir hverjir hafi þessa skoðun og trú, að þingstyrkur hæstv. ríkisstj. sé svo mikill að öllum málum sé borgið sem hæstv. ríkisstj. vill koma í gegn, þá virðast sumir hæstv. ráðh. núv., eins og hæstv. samgrh. var a. m. k. fyrir ári, vantrúaðir á slíkt. Hann sagði við 1. umr. fjárlaga fyrir árið 1975 á s. l. hausti orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Mér er það alveg ljóst að fjárlög íslenska ríkisins eru flóknari en svo að það verði hægt að breyta þeim á einhverjum vikum eða mánuðum. Þess vegna lagði ég saman hlustirnar í fyrravetur og hlustaði ekki á það þegar menn voru að tala um að hægt væri að lækka fjárlög með einu handtaki um 1, 2 eða 3 milljarða. Slíkt er tal út í loftið," segir hæstv. samgrh., „og verður hvorki á færi mínu né núv. hæstv. fjmrh. Hvort sem menn treysta sér til þess eða ekki, þá mun lífsreynsla sanna þeim að þetta er ekki hægt, að þeir verða að byrja á því að fá hv. alþm. til þess að breyta mörgum lögum áður en slíkt er framkvæmanlegt." Og hann endar á **því að segja, hæstv. samgrh.: „Og mér er sem** ég sjái það gert hér á hv. Alþ. að breyta þessum lögum."

Þetta er nú trú þeirra hæstv. sumra hverja a. m. k. á að breytingar á þeim lagabálkum, sem **í gildi eru, en fjárlagafrv.** byggist ekki á, nái **í gegn hér á hv. Alþ.** En ég segi aftur: Vel má vera að **búið** sé að aga svo hv. stjórnarliða **að þeir kyngi þessu öllu saman, og það á þá eftir að koma í ljós.**

Þá hefur verið sagt hér, og þarf raunar ekki að ítreka, að mikið af því, sem fram kemur í þessu fjárlagafrv., mikið af grundvelli þess er óraunhæft. Eða láta menn sér detta í hug, meira að segja stjórnarliðar, — láta þeir sér detta í hug að það sé raunhæft að byggja á óbreyttum launum allt næsta ár, eins og fjárlagafrv. gerir? Dettur nokkrum manni í hug að slíkt eigi sér stað eftir allt það sem á undan er gengið í launaskerðingu á þessu ári? Og dettur mönnum í hug að það sé raunhæft að gera ráð fyrir óbreyttum daggjöldum á sjúkrahúsum? Frv. gerir **ráð fyrir því. Auðvitað er þetta ekki raunhæft.** Hér er enn á ferðinni marklaust plagg, pappírsgagn sem ekki verður séð að mark verði á takandi eins og það nú lítur út. Hæstv. fjmrh. sagði sjálfur í sjónvarpsviðtali, ég held sama daginn og fjárlagafrv. var lagt fram hér á Alþ., að talan, sem sett væri inn fyrir Lánasjóð ísl. námsmanna, væri bara bráðabirgðatala, ekkert **að marka hana. Ég spyr. Hvað er þá að marka í** þessu frv. sem hér er verið að ræða, þegar grundvöllur þess, sem það byggist á, er að mestu leyti óraunhæfur. Það mætti auðvitað halda lengi áfram að telja svona upp í sambandi við þetta fjárlagafrv.

Þetta fjárlagafrv., sem hér er verið að ræða, er mjög óraunhæft og hlýtur að taka miklum breytingum í meðförum þingsins. Þetta fjárlagafrv. er því sannkallað niðurskurðar- og samdráttarfrv. sem boðar einhverja mestu aðför að dreifbýlinu sem um getur, og hefur það þó æðioft verið slæmt. (**Gripið fram í:** Þú sagðir sjálfur að það væri ekkert að marka það.) Jú, en ég verð að tala um það eigi að síður. Ég kemst ekki hjá því. Það er verið að ræða það mál, og ég get ómögulega farið að brjóta þing-

sköp með því að ræða ekki það mál sem á dagskrá er. Það er til þess ætlast. Þetta ok er lagt manni á herðar, hv. stjórnarþm.

Það er ástæða eigi að síður til þess að vekja athygli á nokkrum atriðum í þessu frv., þó að ég verði enn að ítreka það, hafi menn ekki skilið það, að það er að verulegu leyti marklaust. En eigi að síður er ástæða til þess að vekja athygli á nokkrum atriðum þess. Það er t. d. ástæða til þess að vekja athygli á því að þetta fjárlagafrv. boðar stórkostlega skerðingu á almannatryggingunum. Það er ástæða til þess að vekja stjórnarliða hér á Alþ. til umhugsunar um það, hvað hér er á ferðinni. Hér er boðaður stórkostlegur niðurskurður á almannatryggingakerfinu eða um 2 000 millj. kr., og það sem verra er, að einnig í þessu vaða menn í blindni um það hvernig á að framkvæma þetta. Um það hafa menn ekki séð einn stafkrók enn frá hæstv. ríkisstj. Það er því full ástæða til þess að spyrja — ekki bara hæstv. fjmrh., hann hefur sjálfsagt svörin á reiðum höndum eins og fyrri daginn, en það er einnig ástæða til þess að spyrja fleiri hæstv. ráðh. hvað hér sé verið að gera. Því miður er hæstv. heilbr.- og trmrh. ekki viðstaddur og spurningar verða því að beinast að öðrum, enda margundirstrikað að þetta er stjfrv., allir bera jafna ábyrgð. En hvað á að gera í sambandi við niðurskurð á almannatryggingakerfinu? Á að lækka elli- eða örorkulífeyri, og ef svo er, hvar á þá að skerða hann og hversu mikið? Á að afnema tekjutrygginguna eða á að minnka hana eitthvað — hversu mikið? Eiga sjúklingar sjálfir að fara að borga fyrir sína sjúkrahúsvist að einhverju eða öllu leyti, eða hvað á að gera? Við þessu fást engin svör. Er furða þó að menn segi að þetta sé marklaust plagg.

Þá er að því látið liggja í þessu fjárlagafrv. að lagt verði niður hið svokallaða vörugjald, — ég vil segja hið illræmda vörugjald, því að margt slæmt hefur verið lagt á herðar dreifbýlisfólks um dagana, en ég efast um að nokkurt jafnranglátt gjald hafi hvílt á herðum þess eins og þetta vörugjald. Það er talað um 12% vörugjald, en það er í mörgum tilvikum orðið 21% sem dreifbýlisfólk þarf að borga fyrir það. Það hefði hæstv. fjmrh. átt að hugsa út í áður en það var sett á. (**Gripið fram í:** Þá er sjálfsagt að leggja það niður.) Já, það var sjálfsagt að leggja það niður. En þar með er ekki öll sagan sögð. Það gjald var grundvallað á því að það ætti að leggjast á ónauðsynlegar vörur, — vörur sem fólk hefði ekkert að gera með, var sagt þá, gæti mjög vel verið án. En í skiptum fyrir þetta á að stórlækka niðurgreiðslur á brýnustu lífsnauðsynjum heimilanna. Það á að leggja stórkostlega byrði á barnmargar fjölskyldur og elli- og örorkulífeyrisþega með því að stórlækka niðurgreiðslur á lífsnauðsynjavörum, sem hefur auðvitað þær afleiðingar að þær stórhækka í verði fyrir þann sem er að kaupa þær. Þarna birtist enn réttlætiskennd hæstv. ríkisstj. til láglaunafólks, til gamalmenna og öryrkja. Þetta er sú kveðja, ásamt — ég segi: ásamt þeirri lækkun sem á að framkvæma á almannatryggingakerfinu, sem hæstv. ríkisstj. sendir þessum aðilum þjóðfélagsins sem verst eru á vegi staddir.

Þá gerir fjárlagafrv. ráð fyrir því að útgjöld ríkissjóðs, miðað við árið í ár, hækki um 21.5%, á sama tíma og það er staðreynd að verðbólga hefur verið um eða yfir 50% á árinu. Telja menn samræmi í þessu, eða á hverjum skyldi bitna þessi niðurskurður? Á sama tíma og gert er ráð fyrir þessari útgjaldaaukningu á þessum liðum, þá gerir hæstv. fjmrh. ráð fyrir að vaxtagreiðslur ríkissjóðs hækki — ekki um 21.5%, heldur 64.1%.

Hæstv. fjmrh. og ríkisstj. í heild hefur verið iðin við kolann á þeim miðum sem lántökur nefnast. Þetta var eitt af þeim atriðum, sem bæði hæstv. núv. fjmrh. og aðrir talsmenn Sjálfstfl. gagnrýndu hvað mest í tíð fyrrv. ríkisstj., stórauknar lántökur erlendis. En „verkin sýna meistarann“ á við í þessu sem og mörgu öðru.

Það gengur eins og rauður þráður í gegnum allt fjárlagafrv. niðurskurður á framlögum til lífsnauðsynlegra framkvæmda úti á landi og félags- og menningarmál. Og verði sú stefna, sem frv. boðar, staðfest hér á hv. Alþ., þá er vissulega vá fyrir dyrum víða. Í frv. er gert ráð fyrir t. d. að framlög til framkvæmda, sem ríkið stendur eitt að, hækki aðeins um 11%, á sama tíma og framkvæmdakostnaður hefur hækkað yfir 50%. Það er niðurskurður um 40% að framkvæmdamagni. Til framkvæmda, sem kostaðar eru af fleiri aðilum en ríkinu, á að hækka um 16%, þ. e. skerða að raungildi um 34%. Og til sveitarfélaga og einstaklinga eiga framlög að hækka um 9.6% eða skerðast um 40%. Fjárfestingarstyrkir til einstaklinga og félagasamtaka eiga skv. frv. að lækka um 4.8% eða skerðast um 55%. Svona má finna svo að segja í öllum þeim liðum sem að þessum málum lúta í því fjárlagafrv. sem hér er til umr.

Það er athyglisvert að sjá það, á sama tíma og allir virðast sammála um að auka beri verkmenntun í landinu, að þá skuli framlög til iðnskóla eiga að skerðast um 33% miðað við raungildi framkvæmda. Það er líka athyglisvert að sjá það að framlög til grunnskóla eigi að skerðast um 29% og framlög til sjúkrahúsa og elliheimila um 8%. Íþróttahreyfingin á líka að verða fyrir þessu. Framlög til hennar eiga að skerðast um 12%. Og í lokin má nefna að framkvæmdir við hafnarmannvirki eiga að skerðast, þau eiga að hækka í fjárlagafrv. um 17% frá því sem er í gildandi fjárl. og skerðast þá um eða yfir 40%.

Þetta er sá boðskapur sem finna má í því fjárlagafrv. sem er annað í röðinni hjá núv. hæstv. ríkisstj. Það mátti sjá álíka í fjárlagafrv. fyrir árið 1975, en þá, sem betur fer, segi ég, brast flótti á stjórnarliðið undan þeim þrýstingi sem kom frá hinum ýmsu aðilum sem eiga þarna hagsmuna að gæta.

Þá er og ljóst að hæstv. fjmrh. ætlar að hækka tekjur til ríkissjóðs af söluskatti um sem svarar 2 stigum eða líklega um 2.6 milljarða kr. Fjárlagafrv. boðar það, og fjárlagafrv. boðar einnig stórkostlega aukna skattbyrði þar sem launafólki er ætlað að bera helming af verðbólgunni bótalaust.

Samdráttarstefna ríkisstj. úti á landsbyggðinni á að koma fram í fjárlagafrv. Það er það fyrst

og fremst sem þetta fjárlagafrv. boðar. Það á að lækka stórkostlega fjárveitingar til framkvæmda í dreifbýlinu á sama tíma og búið er að setja af stað framkvæmdir upp á milljarðatugi hér á suðvesturhorni landsins og að verulegu leyti utan fjárlaga. Það er þetta sem er að gerast. Þetta er sú stefna, sem þetta fjárlagafrv. hæstv. ríkisstj. boðar. Það er ekki ófróðlegt að sjá t. d., þó að lítið dæmi sé, hvernig hæstv. menntmrh. ætlar að framfylgja því óskabarni sumra þm. Framsfl., — að vísu frá fyrri tíð, það skal fram tekið, — sem heitir „Styrkir til jöfnunar á námsaðstöðu". Það er í gildandi fjárl. 110 millj. kr. Það er skv. fjárlagafrv. 104.5 millj. kr. Það lækkar sem sagt í krónutölu, þetta óskabarn sumra þm. Framsfl.

Það er líka fróðlegt að sjá það, þótt í litlu sé, hvern hug hæstv. ríkisstj. ber til verkalýðshreyfingarinnar í landinu og launafólks. Það má sjá það í fjárlagafrv. að á sama tíma og hækkuð eru framlög til Verslunarskólans t. d. um 5 millj. og Samvinnuskólans um 2.4 millj., þá er Bréfaskóli SÍS og ASÍ látinn standa með sömu krónutölu og er í gildandi fjárl., 1200 þús. Þetta er sá hugur sem hæstv. ríkisstj. ber til þessara fjölmennu launþegasamtaka í landinu.

Þetta fjárlagafrv. og sú stefna, sem það boðar, er því hnefahögg í andlit þess fólks sem byggir hinar dreifðu byggðir, svo sem hér hefur verið gert að umræðuefni. Það er hnefahögg í andlit þess fólks til sjávar og sveita sem hefur háð hvað harðasta lífsbaráttu undir erfiðustu kringumstæðum.

Ég skal ljúka þessum orðum mínum með því að vona innilega að hv. stjórnarliðar, a. m. k. úr dreifbýliskjördæmunum, sjái að sér og afstýri þeirri vá sem þetta fjárlagafrv. boðar landsbyggðinni.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Það má nú ekki minna vera en að maður þakki fyrir sig þegar það er nú farið að gerast hér á hv. Alþ. að andstæðingarnir eru farnir að hæla mér. Þá fer mér nú að líða hálfilla. Hér var skýrt frá raunveruleikanum, sem alltaf mun segja til sín og verður að hafa að leiðarljósi við þessa fjárlagagerð eins og fjárlagagerð almennt. Það er alveg ljóst, eins og ég tók fram við fjárlagaafgreiðslu síðast, að fjárl. verður ekki breytt svo að milljörðum skipti nema hafa áhrif á lagasetningu sem áður hefur verið gerð. Fjárl. eru að mestu leyti byggð upp á lagasetningu sem Alþ. hefur gengið frá og eru um framkvæmd á þeim lögum.

Ég sé að hv. fulltrúi Alþfl., sem talaði hér áðan, hv. 1. landsk., er kominn í þingsalinn og það gleður mig stórum. Ég var einmitt að hugsa um það undir ræðu hans áðan og ræðu hv. 5. þm. Vestf., þegar þeir töluðu um að þessi fjárl., sem nú væru í gildi, væru markleysa ein, að þá var það nú svo þegar þau voru afgr. hér fyrir jól árið 1974 að þá sýndi Alþfl. því fjárlagafrv. það traust sem það sýndi aldrei þeim fjárlagfrv. sem ég flutti hér á hv. Alþ., að þeir sátu hjá við atkvgr. málsins, en áður höfðu þeir alltaf greitt atkv. á móti. Það ber mér að þakka. Ég gat ekki gert það við fjárlagaafgreiðsluna, en geri það hér með og mun að sjálfsögðu meta það. En hvort þeirra mat var miklu réttara þá en það hafði áður verið skal ég nú ekki um segja.

Ég vil svo út af því, sem fram kom í ræðu hv. 5. þm. Vestf. og hv. 11. landsk. þm. um framkvæmdir á yfirstandandi ári, sem báðir kvörtuðu allmikið undan og jafnvel einnig hv. 1. landsk., þá vil ég segja það, að á þessu ári hafa verið verulegar framkvæmdir í landinu. Ég held t. d. að þeir hv. þm. í Reykn. hafi ekki lifað annan tíma meiri framkvæmdir í undirstöðu í atvinnu þeirra, þ. e. í höfnunum, heldur en á árinu 1975. Þar hafa verið stórkostlegar framkvæmdir, eins og í Grindavík, sem var framhald á þeirri framkvæmd sem þar hófst 1973 eða 1974, og í Sandgerði, Hafnarfirði og Njarðvíkum. Á öllum þessum stöðum hefur verið unnið mjög myndarlega að hafnarframkvæmdum. Og þó að hv. 1. landsk. þm., Jón Árm. Héðinsson, teldi að ekki væri nóg að gert í Njarðvíkum, þá er það munur eða það sem áður var, þegar ekkert var gert. Hitt er svo að það mun reynast þar sem annars staðar, að þegar verðbólgan vex svo hratt sem raun ber vitni um nú, þá reynast þær kr. sem áttu að vera til framkvæmdarinnar ekki nægjanlegar, og það skiptir auðvitað meginmáli fyrir okkur í okkar efnahagsmálum að hafa nokkuð vald á því.

Ég held líka t. d. að það hafi verið unnið að mörgum framkvæmdum á Vestfjörðum. Ég las það í einhverju blaði um daginn að hv. 5. þm. Vestf., Karvel Pálmason, hefði byggt flugvöll á Súgandafirði. Þetta er nú framkvæmd sem er ómaksins vert að tala um, þegar einn hv. þm. byggir eitt stykki flugvöll og er fljótur að því. (Gripið fram í.) Ég held hins vegar að núv. flugmálastjóri telji það með ríkisframkvæmdum á árinu núna sem þar hefur verið gert. Sama held ég sé um flugvellina í Tálknafirði, Gjögri og á Hólmavík. Allt tilheyrir þetta Vestfjarðakjördæmi, ef ég kann rétt, og tel ég góðra gjalda vert. Ég tel líka að það hafi verið merkur áfangi í samgöngusögu Vestfjarða þegar við hv. 5. þm. Vestf. ásamt fleirum vorum við að opna hringveginn í Ísafjarðardjúpi um daginn. Ég álít að það hafi verið stórmerkur áfangi sem sannarlega var gleðilegt að ná. (Gripið fram í.) O, við gerðum það nú í félagi, en ég held að engum einum hafi verið ætlað það verk. (Gripið fram í.) En það er nú svo með flestar meiri háttar framkvæmdir að þar stendur þjóðfélagið að og svo mun verða áfram. Ég vil líka minna á að á þessu ári hefur verið gert stórátak í að leggja varanlega vegi í kringum og í þéttbýlisstöðunum á Vestfjörðum, meira en hefur verið gert áður. Mér finnst að það megi líka muna eftir því sem gert er. Þó að mönnum láti hitt betur, þá má ekki alveg gleyma þessu. Og sannarlega er það ánægjulegt, og það fólk, sem byggir þessar byggðir, átti það sannarlega skilið, og svo er um fleiri af þeim framkvæmdum sem okkur langar til að láta verða að raunveruleika, en verðum að sætta okkur við þó að þær verði það ekki í skyndi.

Út af því, sem hér hefur komið fram, þá var það eitt atriði sem mig langaði til að leiðrétta í ræðu hv. 11. landsk., Geirs Gunnarssonar, þeg-

ar hann talaði um að það væri hjáróma, sem hefði komið fram í ræðu hæstv. viðskrh. á fundi í Framsóknarfélagi Reykjavíkur, að okkur bæri að athuga stöðvunarleið og á sama tíma hefði verð á landbúnaðarvörum hækkað. Verðið, sem hækkaði á landbúnaðarvörum 1. sept., var ekki nema afleiðing af því sem orðið var. Þar voru bændur að fá þær kauphækkanir sem þær stéttir, sem þeirra kaupgjald hefur verið miðað við, höfðu fengið áður, og það var verið að taka inn í verðlagið þær hækkanir sem höfðu orðið á rekstrarvörum þeirra. Þetta var því ekkert í samhengi við þessa stefnuyfirlýsingu, heldur var hér um að ræða framkvæmd á því sem þegar var orðið og tilheyrði þessari stétt og hún hafði orðið eftir á með.

Ég vil í sambandi við framkvæmdirnar á þessu ári segja það, að þeim hefur yfirleitt verið haldið og kannske raunverulega meira en við höfum haft efni á.

Um það, sem hv. 5. þm. Vestf. sagði um símaframkvæmdirnar, vil ég segja honum að síminn og pósturinn hafa ákveðnar tekjur úr að spila sem þeir afla sjálfir, og þeir hafa enga möguleika til þess að framkvæma fyrir fé sem þeir hafa ekki ráð á. Til þess að síminn og pósturinn geti framkvæmt meira verður að hækka þjónustugjöld þeirra meira en orðið hefur. Að öðrum kosti er sú stofnun rekin með halla. Það hefur verið gert, það er óforsvaranlegt og því verður að breyta.

Út af fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, vil ég segja það, að það er eins og ég sagði í fyrra um lækkun á fjárl., að það verður að halda sér að staðreyndum og þetta fjárlagafrv. fær ekki staðist nema með því móti að breyta lögum sem snerta þær lækkanir á útgjöldum sem boðaðar eru. Það er alveg ljóst að eins og áföll þau eru mikil, sem þjóðin hefur orðið fyrir á s. l. ári og þessu ári, versnandi viðskiptakjör í ríkum mæli, þá getur hún ekki haldið uppi þeim framkvæmdahraða, sem hún áður gerði, þegar viðskiptakjörin voru hagstæð og góð. Þá naut almenningur og þjóðfélagið allt þessara hagstæðu viðskiptakjara, og það hlýtur að fara svo að þau koma við alla þegar á móti blæs eins og nú hefur gerst. Þessi tvö ár, 1974 og 1975, hefur orðið stökkbreyting í þessum efnum, viðskiptakjör þjóðarinnar hafa versnað gífurlega. Það hefur leitt til þess að þjóðin hefur í staðinn fyrir að eiga innstæður erlendis safnað skuldum og á ekki gjaldeyri, nema þann gjaldeyri sem hún hefur tekið að láni. Það liggur í augum uppi að það er ekki hægt að halda áfram slíkum búskap. Það er líka ljóst að við höfum verið of bjartsýnir um ýmsa hluti í sambandi við útgjöld ríkissjóðs á yfirstandandi ári. Það er alveg ljóst að ríkissjóður verður rekinn með halla á yfirstandandi ári, og það er ekki hægt að reka ríkissjóð með stórfelldum halla ár eftir ár. Þess vegna er það svo, að hvort sem okkur líkar betur eða verr, þá verðum við að beygja okkur fyrir staðreyndum um verri stöðu þjóðarinnar í efnahagsmálum og haga seglum eftir vindi í þeim efnum. Þetta er það sem er verið að boða með fjárlagafrv. og ég dreg í efa að muni nægja til að ná því takmarki sem við raunverulega þurfum að ná. Ég álít að engum sé greiði gerður, hvorki hv. alþm. né þjóðinni í heild, að gefa von um að geta gert betur en raunveruleikinn segir til um. Þess vegna er það svo, að við verðum að takast verulega á við vandamálin, í sambandi við þessa fjárlagaafgreiðslu, og sú breyting verður að verða á, hv. 5. þm. Vestf., að það sé hægt að aga svo þingið að það sé hægt að koma slíkum breyt. í gegn, enda held ég að ljóst sé að þegar hv. alþm. horfa á hlutina raunhæft, þá geri þeir sér grein fyrir því að það er þjóðinni og þá um leið þeirra kjördæmum fyrir bestu að taka raunhæft á málunum hverju sinni. Hitt er alveg ljóst núna, eins og hefur alltaf verið og eins og allt tal um lægri fjárlög hefur verið yfirleitt bundið við, að menn hafa náttúrlega ekki haldið að hægt væri að gera þetta án þess að það kæmi við einhvern, og það verður auðvitað ekki hægt nú frekar en fyrri daginn.

Eitt af því, sem boðað er í þessu fjárlagafrv., eru breyt. á útgjöldum til almannatrygginga. Mér er það fullkomlega ljóst að hér er um mjög viðkvæmt mál að ræða. Ég vil þó taka skýrt fram að það er ákveðin stefna hæstv. ríkisstj. að það á ekki að ganga á rétt þeirra sem hafa tekjutryggingu og verst eru settir. Það er ríkisstj. alveg ljóst að inn á það svið ætlar hún sér ekki að fara. En það er ekki þar með sagt að það megi ekki breyta neinu í tryggingalöggjöfinni. Eru það nú örugg sannindi að brýna nauðsyn beri til þess að allir, sem eru orðnir 67 ára gamlir og eru í fullu starfi, þurfi að fá ellilaun til viðbótar þó að þeir séu í háum stöðum? Ég lét á sínum tíma, 1972, þegar blöðin töluðu mest um níðslu mína á gamla fólkinu í sambandi við skatta, þá lét ég skattstjórann í Reykjavík gefa mér sýnishorn af ákveðinni tölu manna sem ég vissi ekki hvað hétu, sem voru á aldrinum frá 67—70 ára, Þeir voru sumir hverjir með einna hæstu skatttekjurnar í þjóðfélaginu. Er ástæða til að bæta við þessa þegna þjóðfélagsins tekjum frá ellitryggingarlögum? Er ekki hægt að íhuga það, þegar þjóðin þarf að leggja að sér og komast út úr erfiðleikum, hvort þarna megi ekki annaðhvort breyta lögum eða fresta framkvæmd laga, sem mér finnst að geti alveg eins komið til í sambandi við tímabundnar aðgerðir, því að allir vonumst við til þess að betri tímar séu fram undan.

Sama finnst mér að þurfi að athuga í sambandi við þá sem búa við verðtryggða lífeyrissjóði. Ef við berum saman þá möguleika sem þeir hafa og hinir sem ekki hafa verðtryggða lífeyrissjóði, er þá ósanngjarnt að skoða þessi mál og vita hvort þarna er ekki hægt að draga úr útgjöldum í tryggingakerfinu? Mér finnst það ekki ósennilegt. Mér finnst svo mikill munur á þeim þegn í þjóðfélaginu, sem hefur verðtryggðan lífeyrissjóð, og hinum, sem hefur það ekki, að þetta eigi að koma til athugunar.

Ég hef líka alltaf litið svo á að það orkaði mjög tvímælis að greiða fjölskyldubætur með einu barni eða jafnvel tveimur. Hins vegar hefur mér fundist að þetta ætti að hækka eftir að börnunum fjölgaði. Ég hef talið að fullheilbrigt fólk, sem hefði fyrir einu eða tveimur börnum að sjá og hefði góðar tekjur, þyrfti ekki aðstoð ríkisins og þetta skipti það í sjálfu

sér afskaplega litlu máli. Hins vegar getur þetta atriði nú verið farið að grípa inn í önnur mál, eins og tryggingakerfið og eins og skattakerfið, að það sé nú e. t. v. erfiðara í framkvæmd en það var á þeim tíma, sem þetta var athugað, og þess vegna þurfi að skoða það betur. En mér finnst að þetta sé eitt af þeim atriðum sem megi skoða. Ég er ekki að slá því föstu að niðurstaðan af þeirri athugun leiði til þess arna, þótt mér finnist að það þurfi að skoða þetta.

Eins og kunnugt er ná sjúkratryggingar til allra alveg án efnahags, og ég er ekki alveg viss um nema mætti fresta slíku að einhverju takmörkuðu leyti þegar við höfum við erfiðleika að stríða í okkar fjárhagsmálum.

Ég vil í framhaldi af þessu koma að öðrum lið, útflutningsbótum á landbúnaðarvörum. Þessar útflutningsbætur hafa átt sér stað um 15 ára skeið. Af þessu tímabili hefur um 8 ár eða helming af þessu verið þannig að það hefur verið notað til fulls, þessar bætur, en 7 árin hefur það ekki verið gert. Í fjárl. hafa þetta alltaf verið áætlaðar tölur og reynslan hefur svo sýnt hvort sú áætlun hefur staðist eins og fleiri útgjaldaliðir fjárl. Á árunum 1972 og 1973 þurfti ekki á 10% áætluninni að halda, en aftur á árinu 1974 var hún notuð að fullu. Þetta er áætlað nú í þessu fjárlagafrv. eins og gert er ráð fyrir að reynslan muni verða á þessu ári. Mér finnst að það komi mjög til athugunar að endurskoða þetta atriði. Þá er ég ekki með það í huga að 10% ákvæðið standi ekki, heldur verði sett takmörkun á það að hve háu marki megi verðbæta hvern vöruflokk. Mér finnst að það megi aldrei ganga lengra í þessu efni en það að það hvetji til hagkvæmustu sölu sem hægt er að hugsa sér. Ef lengra er gengið, alveg sama hvort er um að ræða landbúnaðarvörur eða aðra vöruflokka, þá tel ég að stefnan sé röng. Að þessari athugun vil ég því vinna og hef framkvæmt hana að nokkru leyti á yfirstandandi ári með því að gefa ekki leyfi til að selja úr landi nautakjöt sem ekkert verð var í raun og veru hægt að fá fyrir. Það var samkomulag á milli mín og bændasamtakanna að þetta yrði ekki greitt hærra en útflutningsbætur á dilkakjöti ef út yrði flutt, og þá tekið það dilkakjötið sem minnstar útflutningsbætur þyrfti. Ég álít að þennan þátt eigi að endurskoða og megi gera tímabundna ákvörðun um framkvæmd á eins og hvað annað.

Út af niðurgreiðslunum vil ég svo segja það, að ég veit og það hefur sannast, sem ég og fleiri hafa haldið fram, að niðurgreiðslurnar hafa alltaf verið gerðar sem efnahagsráðstöfun. Veit ég að þeir, sem sátu með mér í fyrrv. ríkisstj., minnast þess að ég var því andstæður að ganga eins langt og gert var í niðurgreiðslunum sumarið 1974. Það var af okkur metið sem tímabundin framkvæmd. Sama er að segja um ákvörðun núv. ríkisstj. sem gerð var um hækkun þá sem átti að koma til framkvæmda 1. júlí í sumar. Það var tekin sú ákvörðun þá að það ætti ekki gilda nema júlímánuð. Hins vegar varð samkomulag í sambandi við kjarasamningana að láta þetta gilda áfram út árið. Nú er gert ráð fyrir þeirri einni breytingu á niðurgreiðslunum að fella þetta niður, hækkunina sem varð í júlí. Mér er fullkomlega ljóst að þetta hefur sína vankanta, og auðvitað hækkar vöruverð við þetta, því að það er ekki þarna frekar en annars staðar hægt að taka hálfan annan milljarð án þess að það komi einhvers staðar við. Hins vegar er það svo, að niðurgreiðslur þurfa eins og annað að eiga sín takmörk. T. d. núna 1. sept., þegar þá varð breyting á landbúnaðarvörum, þá hækkaði mjólkin hlutfallslega mest af þeirri einföldu ástæðu að hún er sú vörutegund sem langsamlega mest er niðurgreidd. Þess vegna varð hlutfallshækkunin á mjólkinni meiri en á öðrum landbúnaðarvörum. Þess vegna þarf að gæta sín í því að gera ekki of róttækar ákvarðanir í þessum efnum sem öðrum þegar komið er langt frá raunveruleikanum getur það reynst öllum hættulegt, eins og t. d. núna hefur komið fram í sambandi við það sem skeði með sjómennina. Eitt af því, sem þar var verið að deila um, er olíuverðið sem hefur verið greitt niður og er svo langt frá raunveruleikanum að fáir vita hvað litrinn raunverulega kostar, vegna þess að skipin hafa fengið olíuna á sama verði og var áður en olíuverðshækkunin átti sér stað. Nú eru menn að komast á þá skoðun að þetta sé svo óraunhæft að það geti ekki gengið lengur. Þannig er um marga slíka hluti að það verður að gæta sín þótt þetta geti verið handhæg leið í efnahagsmálum og verði oft að grípa til hennar. Og fjarri er mér að halda því fram að það megi taka stórt stökk í þessum efnum, og þessi ákvörðun frá í júlí er því miður orðin of dýr núna þegar snúið er til baka. En einhvers staðar verður að byrja, því að annars leiðir þetta út í ógöngur.

Ég tel að eins og horfir núna um fjármál ríkisins verði ekki komist hjá því að þessi og fleiri málaflokkar, sem ég ætla nú ekki að fara út í hér, því að ég ætla ekki að fara að tala eins og ég væri fjmrh., og jafnvel þeir málaflokkar, sem ég mundi síst af öllu vilja skerða, verði að vera í þeirri skoðun sem við nú verðum að gera í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna. Ég get t. d. lýst því sem minni skoðun að ég tel að samgöngumál, eins og vegamál, séu sá málaflokkur í okkar landi sem verst sé að búið. Ef við berum vegamálin hér saman við það sem gerist hjá öðrum þjóðum, þá held ég að við séum þar mest á eftir öðrum þjóðum. Mér sýnist að t. d. í skólamálum og öðrum slíkum séum við miklu nær því að vera samkeppnisfærir, þó að þar sé ýmislegt að, heldur en við erum í þessum málum. Hitt geri ég mér samt fulla grein fyrir, að það verða ekki þær óskir, sem ég vildi hafa uppi um vegaframkvæmdir á næsta ári, sem verða niðurstaðan, enda lít ég svo á að við verðum að gera í sambandi við fjárlagaafgreiðslu 1976 ráðstafanir, sem við ætlum að tengja því ári, í þeirri bjargföstu trú og von að okkur takist að rétta af okkar fjárhag. Ef við ætlum að fylgja fram þeirri stefnu að fylgja eftir verðbólgunni í öllum framkvæmdum og öðru slíku, þá erum við komnir út í hreint kviksyndi, enda er þá ekki hægt að mata hana betur en með því yrði gert. Ég tel því að við verðum að sætta okkur við að ákveða fjárlög með mjög mikilli aðhaldssemi og umfram allt að reyna að ná árangri í að stilla okkar verðbólgugang, því að það er hann

sem er að reyta af okkur það góða sem við viljum í framkvæmdum og uppbyggingu þjóðfélagsins gera. Með slíku framhaldi verður það svo, að fjármunir þeir, sem þjóðin hefur sameiginlega, verða aðeins til brýnustu rekstrarþarfa, en ekki til uppbyggingar og slíkt er illa farið. Og ég vil heldur leggja verulega á mig í slíkum átökum fyrir eitt ár í von um betra heldur en draga slíkar dræsur og efla þær, eins og stefnir ef ekkert verður að gert.

Ég get því tekið undir það með hv. stjórnarandstæðingum, sem hér hafa talað, að margt er hér enn þá óljóst og við eigum eftir að leggja fram frv. til breytinga í samræmi við fjárlagafrv. og kannske meira en það. Það verða að sjálfsögðu umr. um þau málefni þegar þar að kemur, en ég hef í þessum orðum nefnt nokkra þætti, sem mér finnst að taka verði til athugunar, og einnig þá, sem ég tel að verði að forðast, eins og bæði í sambandi við tryggingarnar, niðurgreiðslur og útflutningsbætur, — vissa þætti sem ég bæði tel að eigi að gera og hina sem ég tel að eigi ekki að gera. Og svo er það, að við verðum, þrátt fyrir það að okkur þyki það miður, að draga úr framkvæmdahraðanum á næsta ári og í þeirri von að okkur takist að rétta okkur af til þeirra verka sem við viljum vel vinna.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Ég er alveg hissa á því hvernig hæstv. samgrh. er farinn að tala allt í einu. Ég heyrði ekki betur en hann léti að því liggja að ég hefði verið að byggja flugvelli vestur á fjörðum og það hefði komið fram hjá mér, en eigi að síður væri þetta talið ríkisframkvæmd. Hann hefur líklega ætlast til þess að við vestfirðingar fjármögnuðum þetta sjálfir, borguðum það úr eigin vasa beint. Þetta er alveg augljóst mál og það skal ég þakka hæstv. núv. samgrh., þetta komst í gegn í hans tíð og með hans aðstoð sem fjmrh. og það má hann eiga. En að vera að tala um það hér að ég eða einhver annar einstakur þm. sé að byggja þetta eða hitt út um hvippinn og hvappinn, það er alls ekki samboðið hæstv. ráðh. að tala svona.

Hann sagði að það væri verið að gera ýmislegt á Vestfjörðum, það væri verið að vinna að varanlegri gatnagerð. Það er alveg rétt. Ég veit ekki betur en það sé líka verið að vinna að því í Vesturlandskjördæmi, eða heyrst hefur að þar væri verið að vinna við varanlegar gatnagerðarframkvæmdir. (**Gripið fram í:** Og brúarspotta.) Og brúarspotta, bætir einhver við. Það er ekki verið að tala um þessa hluti hér. (**Gripið fram í:** Þetta eru ríkisframkvæmdir.) Þetta eru ríkisframkvæmdir já.

En það, sem ég ætlaði nú aðallega hér að tala um, var í sambandi við það sem hæstv. samgrh. sagði um Póst og síma. Hann hefur tekið skakkt eftir ef hann hefur heyrt mig halda því fram að það þyrfti að hækka gjöld hjá Pósti og síma til þess að standa undir þeim framkvæmdum sem áætlaðar voru í fjárlögum. Ég hélt því ekki fram. Það, sem ég var að gagnrýna, var að eftir að búið er að ákvarða í fjárl. fjárveitingar til hinna ýmsu framkvæmda sem á að framkvæma á viðkomandi ári, þá skuli hringlað með það í embættismannakerfinu án þess að fjárveitingavaldið fái að sjá það. En það gerist í þessu tilfelli hjá Pósti og síma. Og það var það sem ég var að gagnrýna, og á sama hátt hjá Rafmagnsveitum ríkisins. Það var búið að marka í fjárlögum ársins 1975 fjárveitingar til hinna ýmsu framkvæmda, og það átti fjvn. að fá að fjalla um, ef því var breytt, en ekki einstakir embættismenn eða rn. Það var þetta sem ég gagnrýndi. Og það var fyrst og fremst það sem ég vildi ítreka hér, að ég lít svo á að eftir að búið er að afgreiða fjárlög frá Alþ., þá verði þeim ekki breytt nema því aðeins að fjárveitingavaldið fjalli um þau. Það á enginn annar að geta breytt því. Það er ástæða til þess að rifja það upp hér með tilliti til þess sem á undan hefur gerst, og það var þetta sem ég talaði um.

Sigurður Björgvinsson: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka til máls við þessa umr., ekki nema ég yrði fyrir alveg einhverri sérstakri uppljómun, hvað ég taldi mjög ólíklegt um jafnórómantískt málefni og fjárl. eru. En í gamni og alvöru — ég segi nú í gamni, ég ætla að leyfa mér að segja stutta sögu um atvik í gamansömum dúr. Það var fyrir mörgum árum þegar ég var við verk mitt heima og hlýddi á tal dætra minna tveggja, þá ungra, fjögurra og sex ára, þar sem þær voru að rísla sér álengdar og ræða um óráðna framtíð sína og ráðgátur lífsins. Eitt með mörgu skemmtilegu, sem ég heyrði þau segja, blessuð börnin, var að önnur stúlkan segir við hina: „Maður verður sterkur af því að drekka brennivín.“ Ég gerði enga aths. við mál þeirra, en segi svo við konu mína þegar ég kem inn, svona til að stríða henni, en hún er bindindismanneskja mikil, spyr hana: „Segir þú börnunum að maður verði sterkur af því að drekka brennivín?“ Henni hálfbrá, en þegar ég segi henni tilefnið, þá hlógum við bæði að. En okkur kom saman um að börnin hefðu fengið þessa hugmynd ljóslega vegna þess að um þessar mundir kom oft á heimili okkar kunningi okkar, heimilisvinur, ágætismaður, en hafði þann leiða ávana að hann var ávallt mjög drukkinn, þegar hann kom, gerði engum mein, en sló mikið um sig og barði í borðið, og þetta blekkti blessuð börnin eðlilega því að börn eru nú einu sinni börn, en taka þó vel eftir því sem þau sjá og heyra.

Mér hefði ekki dottið í hug þá að það ætti fyrir mér að liggja löngu seinna að koma inn í þingsali hins háa Alþ. og sjá þar og heyra með eigin augum og eyrum að svo væri ráð fyrir gert af hinum háu og vísu landsfeðrum, þegar þeir eru búnir með aðstoð sinna sérfræðinga að semja og leggja drög að ríkisreikningum okkar þjóðar, að þar stæði að því er séð verður best í tölum að maður yrði sterkur af því að drekka brennivín, kannske má segja í óbeinni merkingu, alla vega fjárhagslega sterkur. Reyndar skiptir fjárhagurinn kannske mestu máli, því að ég held að þessi stofnun eyði meiri tíma í að ræða um fjárhagspyngjuna heldur en hjartalagið eða heilsuna. Þótt vitanlega sé tekið alvarlega á

málum, eins og heilbrigðismálum og tryggingamálum, þá virðist sem mikill blekkingarleikur sé í ýmsum tölum gjarnan og þar með í fjárlagafrv.

Ég er ákaflega mæddur yfir því að rekstrarreikningar fjárlaga skuli ávallt vera útfærðir með þeim hætti, eins og hér er nú, að það sé tíundað í áætlun sem hreinn ágóði af Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, sem er áætlað að muni nema allt að 6000 millj. kr. Þetta er vitanlega geysileg blekking því að gjaldamegin er um háar upphæðir á þessum sama reikningi að ræða, ef væru útreiknaðar, vegna þessa tekjuliðar, bæði á sviði heilbrigðismála og tryggingamála, dóms og löggæslu. Og það sem verra er, okkar þjóð mun einnig þurfa að gjalda fyrir þetta háar upphæðir sem ekki koma fram á þessum reikningi, því að þetta er aðeins reikningur yfir fjármál ríkisins, en ekki heimilanna og einstaklinganna í þjóðfélaginu, — háar upphæðir sem ekki verða metnar til fjár, bæði í heilsu og mannslífum, vinnutapi og tjóni á verðmætum. Mér finnst hryggilegt að reikningar skuli vera útfærðir svona og teldi mjög nauðsynlegt að það væri hægt, ef ekki verður öðru breytt, — og ég veit að í þessum efnum verður litlu breytt til hins betra í skjótri svipan, því miður, — að hægt væri að draga fram með nokkrum rökum á þessum reikningum hversu mikið má áætla að ýmsir gjaldaliðir hækki gjaldamegin á þessum rekstrarreikningi vegna þessa tekjuliðar.

Þá ætla ég aðeins að víkja að því sem hæstv. landbrh. vék áðan, að útflutningsuppbótum á landbúnaðarafurðir. Það er áætlað að það verði svipuð upphæð og á s. l. ári, eins og segir hér, með leyfi hæstv. forseta:

„Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir hafa aukist að mun á undanförnum árum. Í frv. er reiknað með svipaðri fjárhæð og verður í raun á yfirstandandi ári. Stefnt verður að því að halda útflutningsuppbótum innan þeirra marka, en ef miða ætti við hámark verðtryggingar, þyrfti að auka fjárveitinguna um 870 millj. kr.“

Mér er nú ekki alveg ljóst hvað er hér átt við, þ. e. a. s. ef miða ætti við hámark verðtryggingar, en það kom fram í máli landbrh. að notaður hefði verið til fulls 10% kvótinn. Nú er vitað mál að það horfir svo að það muni verða flutt út um 1000 tonnum meira af dilkakjöti á komandi ári eða af þessa árs framleiðslu heldur en af framleiðslu ársins áður. Þá voru flutt út líklega rúmlega 3000 tonn og þá líklega rúmlega 4000 tonn nú. Þá væri þörf á síst minni útflutningsuppbótum. Nú er gert ráð fyrir að það standi í stað krónulega, en ég skil þessa tölu svo að þær yrðu að aukast um 870 millj. kr. miðað við sama útflutningsmagn. Nú verður útflutningsmagnið meira. Og ég vil benda á að þetta, að útflutningsuppbætur megi miðast við 10% af verðmæti landbúnaðarafurða, það er í lögum, að svo skuli gert ef þess þurfi. Þess þurfti s. l. ár og mun enn frekar fyllilega þurfa að nota það nú. Þetta er í lögum og ber því að gera það, nema lögum sé breytt. Ef þessu marki verður ekki náð, að útflutningsuppbæturnar miðist við 10%, þá mun það koma fram sem bein tekjuskerðing á nettótekjum bænda, mörg hundruð millj. — 800 millj. kr. kannske — bein tekjuskerðing á tekjum bænda. Það munar um minna fyrir þá láglaunuðu og fámennu stétt, og ég vona eindregið að ekki verði farið inn á þá braut að fara ekki í það minnsta eftir núgildandi lögum.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Það er fyrst sem svar til hv. 5. þm. Suðurl., að það er rétt skilið hjá honum að miðað við þá áætlun, sem gerð hefur verið af Hagstofunni um landbúnaðarframleiðslu, þá þyrfti 870 millj. kr. til viðbótar til hámarksverðtryggingar á verðlagstímabilinu frá 1. sept. 1975 til 1. sept. 1976. En eins og hæstv. landbrh. vék að áðan hyggst hann beita sér fyrir innbyrðis breytingum á þeim reglum sem gilda í þessum málum. Er talið að á þessu ári muni vera innan við einn milljarð sem fari til útflutningsuppbóta og gert ráð fyrir því í þessu fjárlagafrv. að reynt verði að stefna að því að sama tala verði til útflutningsuppbóta á næsta ári. En ef sú regla, sem er í gildi, væri að fullu nýtt, miðað við framleiðsluna, þá þyrfti 870 millj. kr. til viðbótar við þá tölur sem í fjárlagafrv. er. Þetta er því rétt skilið hjá hv. þm.

Í sambandi við fyrri aths. hv. þm. og þær hugleiðingar með hvaða hætti hann óskaði eftir að fram kæmi í fjárl. og ríkisreikningi það sem raunverulega rynni í ríkissjóð í sambandi við áfengissölu og þar á móti áfengisneyslu, — ég held, að það yrði mjög erfitt að koma reikningum þannig fyrir. Ég geri ráð fyrir að það sé enginn aðili sem mæli með hagnaði af áfengissölu til ríkissjóðs. Þetta eru hins vegar staðreyndir lífsins, að hér er um að ræða sölu á áfengum drykkjum, og menn geta svo deilt um hvort það eigi að vera á vegum ríkisins eða á vegum einstaklinga með þá sérstakri skattlagningu frá ríkinu. Þetta er auðvitað allt saman mikið matsatriði, og ég get sagt fyrir mitt leyti að það er vissulega engin sérstaklega mikil ánægja að því að leggja fram einhverjar tölur um tekjur í ríkissjóð sem byggjast á slíkri neyslu. En þetta eru staðreyndir og fram hjá því verður ekki komist, og þær tölur verða að sjálfsögðu að vera í ríkisbókhaldi með sama hætti og önnur uppsetning sem þar er.

En út af því, sem þeir hv. fjvn.-menn, sem hér töluðu áðan, sögðu, þá er eitt sameiginlegt með því, sem frá þeim kom, að annað veifið ræddu þeir um að það skorti aðhald hjá ríkissjóði, það væri um óhemjumikla eyðslu að ræða. Í hinu orðinu var rætt um að það vantaði mikið fjármagn, sérstaklega ræddi hv. 5. þm. Vestf. um hinar dreifðu byggðir og þangað þyrfti mjög mikið fjármagn. Það er ekki hægt að gera allt í einu, bæði að draga saman og eyða. Það verður ekki möguleiki á því, en auðvelt að setja slíkt fram.

Hv. 5. þm. Vestf. ræddi um fjármálaseniin úr Reykjaneskjördæmi. Það er auðvitað alveg rétt, þar eru þau mörg, bæði innan þings og utan. En þar finnast nú vart allsherjarséni eins og á Vestfjörðum.

Hv. 11. landsk. þm. gerði samanburð á hækkun fjárl. frá 1975 og fjárlagafrv. nú fyrir árið 1976 og sagði að hér væri um met að ræða. Það er alveg hárrétt hjá honum. Hækkun fjárlaga frá 1974 til fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, er 95.2%. Hækkun fjárl. frá 1971 til 1973 var hins vegar 94.7% þannig að hér er aðeins um vinning að ræða. Ég frábið mig þó þeim ástæðum sem voru fyrir hækkun fjárlagafrv. fyrir árið 1975, því að vissulega hafði þessi hv. þm. haft mikil áhrif á gang fjármála frá því á haustþingi 1971 og allt fram til ársins 1974. Þeir, sem muna, muna mjög vel afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1974 upp á 29 milljarða 402 millj. kr. Menn vissu mjög vel að þar skorti þó nokkuð mikið á. Þegar fjárlagafrv. var svo lagt fram haustið 1975, þá sló það að sjálfsögðu öll met, enda afleiðing af stjórnarstefnu sem hv. 11. landsk. þm. hafði stutt og verið einn af forustumönnum í sambandi við fjármálin hér á Alþ. sem formaður fjvn. Hækkunin var hvorki meira né minna en 60.6%, og það datt ekki nokkrum manni í hug að reyna að draga dul yfir það. En það verður að leita orsakanna þegar menn gera sér grein fyrir þeirri hækkun sem þá varð. Hækkunin frá því í fyrra og þar til nú er hins vegar 21.5%, og það verður að fara aftur til ársins 1970 til að finna minni hækkun fjárl. á milli ára. Ef við hins vegar bærum saman, sem er kannske það raunhæfa, fjárlög og ríkisreikning, þá komumst við líka að þeirri niðurstöðu að hækkun fjárlagafrv. fyrir árið 1976, miðað við áætlaðan ríkisreikning 1975, þá er hækkunin 12.5% Og það verður að fara aftur til ársins 1970 til þess að fá lægri samanburðartölu þar á móti. En það er ekki öll sagan sögð með þessu. Lítum á tölurnar frá 1971—1973, þ. e. 11 milljarða 23 millj. sem hækka upp í 21 milljarð 457, þetta er 94.7% hækkun. Hver verður hækkunin á verðlaginu á þessu tímabili? Hver verður hækkun framfærslukostnaðar á sama tímabili í prósentum? (KP: Hvar er hæstv. samgrh.?) Hann er nú horfinn úr salnum, en vinur hans situr hér og meðtekur að sjálfsögðu fyrir hann það sem hann mun gjarnan láta hann vita. Hækkunin á framfærslukostnaðinum á þessu tímabili er 14.3%, þ. e. hækkun framfærslukostnaðar á árunum 1971—1973, 14.3%, en hækkun fjárlaga á sama tíma um 94.7.% Hver er svo framfærslukostnaðarhækkunin frá 1974—1976? Hún er 111.1%, en á sama tíma hækka þó fjárl. ekki nema 95.2%. Það liggur í augum uppi að á fyrra tímabilinu er hækkun fjárl. margfölduð miðað við þá verðlagsþróun sem þá var í landinu.

Ég sé ekki ástæðu til að svara fleiri aths. úr ræðum hv. þm. Eins og ég gat um áðan voru þar ýmist um að hér væri ekki um nægjanlegt aðhald eða að menn væru ekki reiðubúnir til þess að veita nægjanlegt fjármagn í ákveðnar framkvæmdir. Ég held að það verði ákaflega erfitt að ná þessum tveimur sjónarmiðum saman og það yrðu skemmtileg fjárlög sem þeir aðilar sem hér töluðu áðan, mundu koma saman ef þeim væri falið að gera það.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 11. fundur.

Miðvikudaginn 29. okt., kl. 2 miðdegis.

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 18). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. það til breyt. á almennum hegningarlögum, sem hér er lagt fyrir hv. Nd., fjallar um tvo þætti almennra hegningarlaga, annars vegar ákvæði 40.—42. gr. um reynslulausn fanga og hins vegar ákvæði 232. gr. sem fjallar um röskun á friði einstaklinga.

Ákvæði hegningarlaganna um reynslulausn fanga hafa staðið að mestu óbreytt frá því að hegningarlögin voru sett 1940. Þær till., sem hér eru settar fram, eru að meginstefnu til byggðar á till. norrænu refsilaganefndarinnar sem skilaði álitsgerð um reynslulausn árið 1970. Helstu breytingarnar, sem lagt er til í frv. að gerðar verði á ákvæðunum um reynslulausn, eru þær að lagt er til að lágmarkstími, sem fangi hafi afplánað áður en hann fær reynslulausn, skuli vera 4 mánuðir í stað 8 mánaða eins og nú er, sem þýðir að fangi, sem dæmdur er í 6 mánaða fangelsi, getur átt kost á að fá reynslulausn þegar hann hefur afplánað ⅔ hluta refsitímans eða 4 mánuði, en núgildandi ákvæði gera ráð fyrir því að fangi hafi afplánað 8 mánuði af eins árs refsivist áður en hann á kost á reynslulausn. Ef sérstaklega stendur á er einnig heimilt samkv. 2. mgr. 1. gr. frv. að veita fanga reynslulausn þegar liðinn er helmingur reynslutímans. Ekki er reynslulausn samkv. þessu ákvæði bundin við að ákveðinn lágmarkstími hafi verið afplánaður.

Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir að reynslulausn og reynslutími skuli vera allt að þremur árum, þó í vissum tilvikum allt að 5 árum. Samkv. núgildandi ákvæði 42. gr. er heimilt að ákveða reynslutíma allt að tveimur árum, en þó ekki lengri en til loka refsitíma. Þetta ákvæði var sett með lögum nr. 31 1961, en samkv. eldra ákvæði telst reynslutími þar til refsitíminn væri liðinn, þó aldrei skemur en tvö ár. Er því í frv. horfið að nokkru aftur til eldri ákvæða hegningarlaganna. Reynslan hefur sýnt að æskilegt er að geta beitt eftirliti lengur en á þeim tíma sem eftir stendur óafplánaður af refsingunni þegar reynslulausn er veitt. Hafa núgildandi ákvæði um reynslutímann m. a. haft þau áhrif að reynslulausn hefur mun minna verið beitt en ella hefði verið. Hefur í þess stað verið beitt náðunum í mun meira mæli en verið hefði ef ákveðin reynslulausn hefði kveðið á um möguleika á lengri reynslutíma.

Í 3. gr. frv. er ákvæði um hvernig skuli brugðist við ef aðili rýfur þau skilorð sem honum voru sett við reynslulausnina. Er þar lagt til að sett verði fyllri ákvæði en nú eru um meðferð slíkra mála. Er þar í fyrsta lagi set fram sú meginregla að fremji aðili eitt brot eftir að hann hlaut reynslulausn, þá ákveði dómstóll, sem fjallar um nýja brotið, refsingu í einu lagi fyrir nýja brotið og eftirstöðvar af eldri refsivist og skal þá beitt sömu meginreglum og skilorðsrof samkv. skilorðsbundnum dómi.

Í öðru lagi er lagt til í 2. mgr. 3. gr. að það sé háð ákvörðun dómsmrh. hvort eftirstöðvar refsingar séu teknar út, ef önnur skilyrði eru rofin, eða hvort einungis sé breytt skilyrðum, svo sem reynslu- eða tilsjónartími lengdur.

Þá er í þriðja lagi lagt til að heimilt sé að láta hefja þegar í stað afplánun eftirstöðva ef um er að ræða skilorðsrof, sem fólgin eru í ótvíræðu broti á almennum hegningarlögum, enda þótt dómstóll hafi ekki enn fjallað um nýja brotið. Á það við þegar aðili hefur játað brot sitt eða óyggjandi gögn benda til að hann hafi framið það, svo sem þegar hann er staðinn að verki. Samkv. núgildandi ákvæði í 41. gr. skal sá, sem brýtur gegn skilyrðum þeim sem honum voru sett, taka út refsingu þá, sem eftir stendur, sem nýja refsingu.

Samkv. 3. mgr. 3. gr. er lagt til að refsing teljist fullnægt á því tímamarki sem aðili fékk reynslulausn ef ekki er tekin ákvörðun um að hann taki út refsivist við lok reynslutímabils, en samkv. núgildandi ákvæði telst refsingu ekki fullnægt fyrr en við lok reynslutímabilsins. Getur þetta haft þýðingu þegar meta skal þau réttaráhrif sem tengd eru við lok refsifullnustu, svo sem um mat á ítrekunaráhrifum og við ákvörðun æruuppreisnar. Regla sú, sem hér er lagt til að tekin verði upp, er mun hagstæðari fyrir aðila en núgildandi regla.

Í niðurlagi 3. gr. er tekið upp ákvæði þess efnis að beita megi reglum um reynslulausn þegar veitt er skilorðsbundin náðun á hluta refsivistar, en slíkt ákvæði hefur ekki verið í lögum fyrr.

Í 4. gr. frv., sem fjallar um breyt. á 1. mgr. 238. gr. almennra hegningarlaga, er lagt til að refsimörk við röskun á friði annars manns á þann hátt sem í greininni er lýst, verði hækkuð og geti verknaður varðað allt að 6 mánaða fangelsi. Samkv. núgildandi ákvæði er hámarksrefsing varðhald allt að 6 mánuðum. Þau refsimörk, sem hér er lagt til að tekin verði upp, eru í samræmi við ákvæði í hegningarlögum Norðurlandaþjóða sem fjalla um þessi brot.

Þá er lagt til að gildistími lögregluáminningar verði markaður og áminningin gildi í 5 ár. Í núgildandi ákvæðum er ekki tiltekinn gildistími slíkrar lögregluáminningar. Samkv. núgildandi ákvæði er ekki unnt að beita mann gæsluvarðhaldi meðan á rannsókn stendur vegna brots á þessu ákvæði, en oft getur verið þörf á því. Hin hækkuðu refsiviðurlög, sem hér er lagt til að tekin verði upp, veita hins vegar möguleika til beitingar gæsluvarðhalds.

Ég hef orðið mjög mikið var við það í mínu starfi að til mín hefur leitað fólk sem hefur æðioft orðið fyrir þess konar áreitni sem gert er ráð fyrir að falli undir þessa gr., annaðhvort beint eða með öðrum hætti. Ég fyrir mitt leyti teldi því mikla þörf á að þetta ákvæði komist í lög, svo sem gert er ráð fyrir í þessu frv., því að annars hefur manni virst að það væri lítið hægt að gera í þessum tilfellum til úrlausnar á þeim kvörtunum sem fram hafa verið bornar um það.

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að leggja til að frv. þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Kafarastörf, frv. (þskj. 31). — 1. umr.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 31 er frv. til l. um kafarastörf. Hér er um nýmæli að ræða. Engin lög eru til hér á landi sem kveða á um hæfni manna til hinna ýmsu starfa er nauðsyn ber til að unnin séu undir yfirborði vatns, svo sem við gerð hafnarmannvirkja, orkuvera og þess háttar. Verður hér ekki fjölyrt nánar um nauðsyn þess að greind störf séu sem best af hendi leyst, en þá jafnframt að öryggi viðkomandi manna sé best tryggt, þannig að allur búnaður til starfans sé af öruggastri og bestri gerð.

Félag ísl. kafara, sem stofnað var í des. 1957, hefur um árabil reynt að auka þekkingu félagsmanna sinna á þeim sviðum, sem varða starf kafara, og ekki síst að minnka áhættu við reglubundið eftirlit. En vöntun lögskipaðra reglna um þessi mál hefur verið félaginu fjötur um fót. Hvað snýr að ríkisvaldinu, þá hélt Vita- og hafnamálastofnunin námskeið fyrir starfandi kafara og byrjendur í apríl 1964, og auk þess hefur Landhelgisgæslan þjálfað menn í froskköfun vegna einstakra verkefna. Einstakir kafarar hafa haldið námskeið fyrir byrjendur í froskköfun.

Í bréfi Hafnamálastofnunarinnar 28. mars 1974 segir svo um þessi mál m. a.:

„Með tilliti til breyttra aðstæðna og þess, hversu takmörkuð ending manna er við köfunarstörf, er nauðsynlegt að slík námskeið séu haldin á fárra ára fresti. Er nú svo komið að í kafarastétt eru tiltölulega mjög fáir menn er færir eru um að vinna að hafnarmannvirkjum. Vegna þess að engin mörkuð stefna hefur verið í þessum málum og ekki er um að ræða nein fyrirmæli stjórnvalda þar um, hefur það ástand skapast að menn hafa oftar en góðu hófi gegnir sinnt þessum störfum án nokkurrar þekkingar og jafnvel notað til þess útbúnað sem er langt undir lágmarkskröfum þeirra landa sem lögfest hafa fyrirmæli um kafarastörf. Af ofangreindum ástæðum er nú svo komið að oft á ári liggur við slysum og jafnvel dauða við þessi störf.“

Með það fyrir augum að reyna að bæta úr þessu ófremdarástandi hefur vinnuhópur á vegum samgrn. unnið að samningu þessa frv. og þá einkum stuðst við ákvæði danskra laga og frv. þess sem sent var iðnn. Ed. Alþ. 3. des. 1960. Að öðru leyti vísast til grg.

Með þessu frv. er að því stefnt að tryggja þeim, sem köfun stunda í atvinnuskyni, ákveðinn starfsgrundvöll og setja þeim jafnframt reglur um réttindi og skyldur í starfinu. Með þessu er einnig verið að tryggja verkkaupanda hæfan og ábyrgan kafara og tryggja eftir föngum að kafari sakir vanhæfni eða kunnáttuleysis stofni ekki sjálfum sér eða öðrum í hættu. En til þess að ná þessu marki þarf hið opinbera að hafa hönd í bagga með þessari starfsemi eins og

annarri og ákveða með lögum og reglugerð helstu atriði viðkomandi köfun.

Í 2. mgr. 4. gr. er gert ráð fyrir því að ráðh. sé heimilt að efna á hæfilegum fresti til námskeiða fyrir þá sem þreyta vilja kafarapróf og fullnægja þannig skilyrðum a- og b-liðar 3. gr. Það er auðvitað mögulegt og jafnvel sennilegt að slíkum námskeiðum geti fylgt einhver kostnaður, en hann mun verða hverfandi lítill.

Um skírteinisútgáfu, sem fylgir 5. gr., er ekki gert ráð fyrir öðru en slík skírteini verði viðkomandi að kaupa.

Ég held að þetta frv. sé ekki margbrotnara en svo að fleiri skýringar en ég hef hér látið fylgja sé ekki ástæða til að koma með, enda eru þær í grg., en aðalatriði málsins hef ég nú þegar skýrt.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Umferðarlög, frv. (þskj. 26). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér er til umr., um breyt. á umferðarlögum er samið af umferðarlaganefnd að tilhlutan dómsmrn. Það var lagt fyrir þessa hv. d. á þingi í fyrra, en svo seint að það hlaut þá ekki afgreiðslu. Þá fylgdi ég því úr hlaði með allítarlegri framsögu. Ég veit að ég má ekki spara mér framsöguna hér með því að vísa til þeirrar framsögu þá, en ég vona að mér fyrirgefist þótt ég fari eitthvað örlítið fljótar yfir sögu með tilliti til þess að framsaga um þetta efni liggur fyrir frá síðasta Alþingi.

Meginefni þessa frv. felur í sér þær breytingar á ákvæðum umferðarlaganna, að gert er ráð fyrir því að hætt verði að umskrá ökutæki vegna flutninga á milli lögsagnarumdæma svo og að Bifreiðaeftirlit ríkisins annist skráningu ökutækja í stað lögreglustjóra. Þetta eru þær tvær aðalbreytingar sem í þessu frv. felast.

Samkv. gildandi ákvæðum umferðarlaga skal skrá öll skráningarskyld ökutæki hjá lögreglustjóra þar sem eigandi ökutækisins er búsettur. Þá er eigendaskipti verða að skráðu ökutæki og hinn nýi eigandi er búsettur í öðru lögsagnarumdæmi skal tilkynna lögreglustjórum beggja umdæma eigendaskiptin. Skal ökutækið þá skráð að nýju, en afskráð í umdæminu sem það fluttist frá. Þegar eigandi ökutækis flyst búferlum eða ökutæki selt í annað lögsagnarumdæmi skal eigandi senda tilkynningu um flutninginn til lögreglustjóra beggja umdæmanna. Skal ökutækið þá afskráð í því umdæmi sem það fluttist frá, en skráð að nýju í umdæminu sem flutt er í. Gildir þetta þó ekki þegar um skamma dvöl er að ræða. Auk þess sem þannig hefur verið lögskylt að umskrá ökutæki vegna flutnings ökutækja milli umdæma hefur tíðkast að umskrá ökutæki að ósk eigenda þótt eigi hafi það verið skylt að lögum.

Þetta er talsvert umsvifamikið, að þurfa þannig í öllum þessum tilfellum að láta fara fram umskráningu ökutækis, og með auknum bifreiðafjölda hefur umskráningum farið geysilega mikið fjölgandi. Þau umsvif, sem því eru tengd hjá hinum ýmsu lögreglustjóraembættum, hafa aukist ár frá ári, eins og eðlilegt er, og einnig við Bifreiðaeftirlit ríkisins. Þannig voru umskráningar á árinu 1973 um 19 800, en á árinu 1974 voru þær 27 340. En bifreiðafjöldi um síðustu áramót var talinn vera á öllu landinu 71 364 bifreiðar. Þessi auknu umsvif hafa kallað á fjölgun starfsliðs og aukinn rekstrarkostnað. Á undanförnum árum hefur því verið til athugunar á hvern hátt mætti draga úr kostnaði á þessu sviði og gera skráningarkerfið einfaldara, bæði fyrir hið opinbera og fyrir einstaklinga. Fór upphaflega fram rækileg athugun á þessu máli á vegum norsks hagræðingarfyrirtækis, Industri konsulent, og var þá lagt til að tekið yrði upp fast númerakerfi þar sem ökutæki haldi óbreyttum skráningarmerkjum frá því að það er fyrst skráð og þar til það er tekið af skrá sem ónýtt. Till. þessar hafa síðan verið til meðferðar hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins og einnig reyndar í undirnefnd fjvn. á sínum tíma, sem lagði til að tilhögun ökutækjaskráningar yrði breytt á þann veg sem hér er lagt til.

Með þessu frv. er lagður grundvöllur að því að skráningu ökutækja verði breytt í það horf að tekið verði upp fast númerakerfi fyrir allt landið. Kostur við þessa breytingu er fyrst og fremst sparnaður í vinnu og aðstöðu þar sem hætt yrði að umskrá ökutæki vegna flutnings á milli umdæma eða annarra ástæðna. Jafnframt mundu falla niður þær skoðanir sem nú er skylt að framkvæma við umskráningu. Sparnaður þessi mundi ekki einungis koma fram hjá þeim opinberu stofnunum, sem hlut eiga að máli, lögreglustjórum, Bifreiðaeftirliti og þinglýsingardómurum, heldur einnig hjá eigendum ökutækjanna og einnig reyndar öðrum, t.d. vátryggingarfélögum. Breytt skráningarkerfi mundi og auðvelda viðhald ökutækjaskrár og skýrsluvélavinnu og draga úr hættu á misskráningu.

Langsamlega flest ökutæki eru nú í dag skráð í Reykjavík þar sem þau eru flutt inn, annað hvort af lögreglustjóranum í Reykjavík eða Bifreiðaeftirlitinu í umboði viðkomandi lögreglustjóra. Með breyttu skráningarkerfi mun þeim ökutækjum fjölga að mun sem þar verða skráð, án tillits til þess hvar eigandi er búsettur. Þegar þessa er gætt svo og þess að hægt verður að umskrá ökutæki vegna flutnings milli umdæma þykir eðlilegt að Bifreiðaeftirlitið, sem ekki er bundið við einstakt lögsagnarumdæmi, taki við skráningarhlutverki lögreglustjóranna. Hefur verulegur hluti skráningarstarfa hvort eð er farið um hendur bifreiðaeftirlitsmanna í umboði lögreglustjóranna.

Með þessari breytingu mundu falla niður þau auðkenni á ökutækjum sem leiðir af umdæmaskiptingu landsins. Eftir sem áður er gert ráð fyrir því að hver lögreglustjóri haldi skrá yfir ökutæki í umdæmi sínu samkv. reglum frá Bifreiðaeftirlitinu þar sem halda verður allsherjarspjaldskrá sem embættin að öðru leyti hafa aðgang að. Ég tel, að þetta verkefni sé af ýmsum ástæðum best komið hjá Bifreiðaeftirlitinu.

Hitt er rétt, að það hefur ekki verið búið að Bifreiðaeftirlitinu sem skyldi, og menn þekkja margir að aðstaða þess hér í Reykjavík, t.d. til skoðunar og skráningarstarfa, hefur ekki verið eins og skyldi. Það hefur lengi staðið til að ráða bót á þessu með byggingu skoðunarstöðvar í líkingu við það sem annars staðar tíðkast. Af ýmsum ástæðum er nú sýnt að það mun dragast nokkuð að hægt verði að byrja á byggingu slíkrar skoðunarstöðvar. En mér þykir rétt að upplýsa það í sambandi við þetta mál, að það hefur verið horfið að því ráði að taka á leigu húsnæði hér í Reykjavík sem með nokkrum breytingum og að ég held ekki ýkjamiklum tilkostnaði má breyta á þann veg að þar geti farið fram skoðun innanhúss, jafnframt því sem þar væru skrifstofur Bifreiðaeftirlitsins til húsa. Ég vona að með þessari bráðabirgðaúrlausn verði nokkuð bætt úr aðstöðu Bifreiðaeftirlitsins. En fullnaðarlausn á þessum vandamálum er það engan veginn.

Viðvíkjandi því nýja skráningarkerfi, sem gert er ráð fyrir samkv. frv. að upp verði tekið, er það að segja að það hefur þegar verið hafinn nokkur undirbúningur að því, m.a. með kaupum á skráningarvél sem skráir upplýsingar um ökutæki vegna spjaldskrár og á skráningarskírteini, auk þess sem hún gatar á strimil upplýsingar til úrvinnslu í skýrsluvélum. Þar er gert ráð fyrir því að hvert ökutæki verði auðkennt með tveimur bókstöfum og þremur tölustöfum. Það er rétt að taka fram að þessi undirbúningur er í sjálfu sér óháður því hvort skráningarmerkjum verði breytt eða ekki, en kemur að notum ef horfið verður að því ráði að breyta þeim, en ekki nauðsynlegt að skipta um merki á öllum ökutækjum samtímis.

Það eru sjálfsagt skiptar skoðanir um þetta nýja skipulag sem hér er gert ráð fyrir að upp verði tekið, og það hefur komið fram að svo sé. Sjálfsagt hafa þeir, sem á móti því mæla, eitthvað til síns máls. En ég fyrir mitt leyti tel þó, samkv. því sem ég hef getað kynnt mér það, kostina vera yfirgnæfandi.

Með tilliti til breytts hlutverks Bifreiðaeftirlitsins, er það tekur við ökutækjaskráningunni, eru lagðar til nokkrar breytingar á ákvæðum umferðarlaganna að því er Bifreiðaeftirlitið varðar.

Frv. þetta hefur auk breytingar á skráningarkerfi ökutækja að geyma nokkur önnur ákvæði. Þar ber fyrst að nefna ákvæði um skráningu og notkun beltabifhjóla sem svo eru nefnd í frv., en þar er einkum átt við vélsleða eða snjósleða. Á undanförnum árum hafa verið flutt til landsins allmörg þess háttar ökutæki. Er talið, að fluttir hafi verið til landsins a.m.k. 1 200 vélsleðar, og má þó vel vera að þeir séu orðnir eitthvað fleiri. Þessir vélsleðar eru margir hverjir mjög hraðskreiðir. Vélsleðarnir hafa ekki verið skráðir og er þess vegna nokkur óvissa ríkjandi um, hvaða reglur skuli um þá gilda. En hér er lagt til að tekin verði upp sérstök skilgreining fyrir ökutæki þessi og önnur skyld og þau nefnd beltabifhjól. Jafnframt er gert ráð fyrir sérstökum reglum um þessi svokölluðu beltabifhjól, svo sem skráningu, vátryggingu og ökuréttindi. Skilgreining frv. er í samræmi við hliðstæða skilgreiningu í norskri og sænskri umferðarlöggjöf.

Vélsleðarnir eru að sjálfsögðu til margra hluta nytsamleg samgöngutæki þar sem snjóalög eru mikil og umferð annarra ökutækja teppist af þeim sökum. Hafa þeir án efa breytt til muna aðstöðu margs bónda. Vélsleðarnir eru einnig hentugir til ýmiss konar þjónustu, svo sem vegna viðgerða og ýmiss konar hjálparstarfs. Hinu er ekki að leyna, að það hefur þótt bera á því að af notkun þeirra viðs vegar um landið leiddi ýmis vandkvæði, bæði í þéttbýli og eins t. d. í skíðalöndum vegna hávaða og vegna slysahættu. Hafa um þetta borist nokkrar kvartanir. Að nokkru hefur verið reynt að takmarka notkun vélsleða með ákvörðun lögreglustjóra skv. heimild í umferðarlögum, en þær ráðstafanir hafa ekki reynst fullnægjandi. Ég geri ekki ráð fyrir að lögfesting þeirra ákvæða, sem í þessu frv. felast, muni leysa öll vandamál í því sambandi, en ég held að þær reglur, ef lögfestar verða, séu til bóta.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara nánar út í önnur ákvæði frv. þó að þar sé um að ræða nokkur fleiri sérstök ákvæði, eins og um lengd ökutækja og eins og um fjárhæðir í sambandi við tryggingar. Ég held að ákvæði frv. þar um og aths., sem fylgja þeim gr., skýri það nægilega sem þar er um að tefla.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og til hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Framkvæmdastofnun ríkisins, frv. (þskj. 2). — Frh. 1. umr.

Tómas Árnason [frh.]: Hæstv. forseti. Þegar fundi var seinast slitið var ég, eins og hæstv. forseti gat um, í miðri ræðu að ræða um Framkvæmdastofnun ríkisins eða frv. sem liggur hér fyrir til umr. um tiltekna breytingu á Framkvæmdastofnuninni.

Með hliðsjón af því hvernig þetta frv. hefur verið lagt fyrir og hvernig hefur verið talað fyrir því hef ég talið nauðsynlegt að upplýsa hv. þm. um hvernig starfað hefur verið í Framkvæmdastofnuninni undir stjórn framkvæmdaráðsins. Það er fjarri mér að halda því fram að stjórnkerfi Framkvæmdastofnunarinnar sé alfullkomið og sjálfsagt að það sé gagnrýnt eins og ástæða þykir til. Ég hafði áður fjallað um hagrannsóknadeildina, meðan hún var hluti Framkvæmdastofnunarinnar, og gert grein fyrir því hver afskipti framkvæmdaráðsins voru á sínum tíma af henni, og þá hafði ég gert grein fyrir mannaráðningum, hvernig þær hafa farið fram á vegum Framkvæmdastofnunarinnar, og síðan hvernig unnið væri að fjáröflunar- og útlánaáætlun Framkvæmdasjóðs. Það er vert að undirstrika það sérstaklega að sú útlánaáætlun

og sú lánsfjáröflunaráætlun tekur ekki gildi fyrr en hæstv. ríkisstj. hefur samþ. hana.

Þegar ég lauk máli mínu á seinasta fundi hafði ég gert grein fyrir því að tiltekin bankastjóri hefði skýrt frá því að hann teldi að aðhaldsleysi hefði verið mikið í Framkvæmdastofnuninni varðandi lánamál. Við athugun, sem ég hef látið fara fram, hefur komið í ljós að á sama tíma sem nettóaukning útlána þess banka, sem þessi bankastjóri stjórnar, Landsbankans, var 4 440 millj. var nettóaukning þeirra sjóða, sem Framkvæmdasjóður lánar til, 427 millj. Þetta er samanburður útlánaaukningar á árunum 1973 og 1974, en ekki liggur fyrir enn útkoman á árinu 1975, þannig að það er ekki hægt að bera það saman við 1974 enn sem komið er.

Í gær birtist svo þessi sami bankastjóri í sjónvarpinu og hafði uppi að tilefnislausu að mínum dómi dylgjur um Framkvæmdastofnunina. Ég verð að segja að það er slæmt til þess að vita að annars ágætur maður skuli koma fram í sjónvarpinu í gervi Gróu á Leiti með dylgjur án þess að gera minnstu tilraun til þess að rökstyðja þær, með allt á hælunum í þokkabót, eins og ég hef gert grein fyrir í sambandi við þann samanburð sem gerður hefur verið á útlánum Landsbankans annars vegar og Framkvæmdastofnunarinnar hins vegar.

Það er ástæða til þess í sambandi við þær miklu umr., sem fram fara og fram hafa farið um Framkvæmdastofnunina og aðgerðir hennar, að gera stuttlega grein fyrir því hvernig útlánum Framkvæmdasjóðs Íslands er háttað, án þess að ég fari að nefna neinar tölur í því sambandi við þetta tækifæri.

Framkvæmdasjóður lánar langsamlega mest af sínu ráðstöfunarfé til uppbyggingar í atvinnulífi landsmanna: til sjávarútvegsins, til landbúnaðarins og til iðnaðarins — þó miklu minna. Og það er ástæða til þess að spyrja hvort það felist í því spilling að stuðla að uppbyggingu undirstöðuatvinnuvega þjóðarinnar, stuðla að því að byggja upp nýtískulegan fiskiskipastól í landinu, stuðla að því að hagnýta eða gera sjávarútveginum í landinu fært að hagnýta nýjustu tækni, nýjustu vísindi, nýjustu skipagerð til fiskveiða, en þetta kostar mikið fjármagn og hefur verið gert í kjölfar útfærslu fiskveiðilögsögunnar, fyrst í 50 mílur og síðan áfram í 200 sjómílur, enn fremur hvort það felist í því spilling að lána verulegt fjármagn til uppbyggingar í vinnslustöðvum sjávarútvegsins, í hraðfrystihúsunum, fiskiðjuverunum, til annarrar fiskverkunar af ýmsu tagi.

Ég er þeirrar skoðunar — og það eru margir fleiri — að verulega mikil verðmæti hafi einmitt farið í súginn hjá okkur íslendingum á undanförnum árum og áratugum vegna þess að við höfum ekki verið nægilega vel í stakk búnir til þess að vinna verðmæta vöru úr því ágæta hráefni sem fiskiskipafloti okkar færði að landi. Sama má segja um landbúnaðinn og aðrar atvinnugreinar. Og það er nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir því, þegar verið er að ræða þessi málefni, hvað verður af þessu fjármagni, hvert það fer, til hvers það er notað. Ég er ekki og vil ekki halda því fram að það geti ekki orðið einstök mistök í sambandi við mikla uppbyggingu eins og í sjávarútvegi. Auðvitað verður allt af eitthvað um það. En í aðalatriðum álít ég að það sé rétt stefna að leggja áherslu á uppbyggingu fiskiskipaflotans, leggja áherslu á uppbyggingu fiskvinnslunnar og einnig að leggja áherslu á uppbyggingu annarra undirstöðuatvinnuvega þjóðarinnar.

Þegar ég lauk máli mínu á hinum fyrra fundi sem umræður fóru fram um þetta mál var ég kominn að því að ræða sérstaklega um Byggðasjóðinn. Það er vandasamt að standa fyrir lánveitingum úr Byggðasjóði þar sem lánastarfsemin byggist fyrst og fremst á því ákvæði laga að lána skuli til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Byggðasjóður er ekki almennur lánasjóður, heldur sjóður sem lánar til viðbótar við lán hinna almennu lánasjóða.

Hv. 6. landsk. þm., Guðmundur H. Garðarsson, ræddi almennt um lánakerfið og sérstaklega um Byggðasjóð og kvartaði yfir því að sjóðurinn hefur yfirleitt ekki lánað til Reykjavíkursvæðisins. Í þessu sambandi er nauðsynlegt að staldra við og reyna að gera sér grein fyrir því hvers vegna Byggðasjóðurinn var í öndverðu stofnaður, hvaða ástæður lágu til grundvallar stofnunar sjóðsins. Ef þessu ætti að svara í einni setningu mundi svarið áreiðanlega verða það að aðalástæðan fyrir stofnun Byggðasjóðs væri sú gífurlega byggðaröskun sem átt hefur sér stað í landinu á undanförnum áratugum, en hún er í stórum dráttum á þá leið að fólk hefur flust búferlum í stórum stíl svo til alls staðar úr strjálbýlinu til Stór-Reykjavíkursvæðisins. Á seinustu tveimur heilu áratugunum, frá 1950—1970, varð 78% fólksfjölgun á Reykjavíkur- og Reykjanessvæðinu eða það fjölgaði þar um 54.6 þús. manns af 66 þús. af heildarfjölgun.

Auðvitað hefur slík þróun margháttuð áhrif í för með sér. Margar byggðir, kaupstaðir, kauptún og sveitir, eiga í vök að verjast í ýmsum efnum. Atvinnutækifærum unga fólksins fer fækkandi og það finnur ekki nálægt því allt störf við sitt hæfi í sinni heimabyggð. Atvinnulífið hefur orðið einhæft og á í mörgum tilfellum mjög í vök að verjast. Sumar atvinnugreinar, eins og t. d. innflutningsverslun, svo að dæmi sé tekið, hafa að nær öllu leyti lagst niður úti á landsbyggðinni. Þetta hefur leitt til þess að mestöll vörukaup ganga gegnum innflutningsverslun í Reykjavík sem hefur blómgast og blásið út á undanförnum árum. Landsmenn utan Reykjavíkursvæðisins verða því að greiða aukakostnað vegna flutninga á vörum frá Reykjavík og út á land og eru vörur því dýrari úti á landsbyggðinni en þær eru hér í Reykjavík.

Byggðaröskunin hefur mikil áhrif á ýmiss konar verðmæti. Fasteignir lækka mjög í verði á þeim svæðum sem verða fyrir barðinu á þessari þróun, á sama tíma sem eignir vaxa í verði á svæðum þar sem fólksfjölgun verður. Það mætti nefna miklu fleira þegar þessi mál eru rædd, en við þetta tækifæri þá læt ég þetta nægja og ætla ekki að gera neina úttekt eða samanburð á lífi og starfi fólks hér á Reykjavíkursvæðinu og úti á landsbyggðinni. En það eitt vil ég segja, að mjög hefur hallað á strjálbýlisfólkið í flestum

greinum. Hins vegar er svo ýmislegt sem Reykjavíkurbúar fara á mis við samanborið við umhverfi þeirra sem búa út á landsbyggðinni, en það er allt annað mál.

Ég er ekki svo fróður að ég geti gert samanburð á því hversu mikið af fjármagni landsmanna, sem notað er til útlána, fer til Reykjavíkursvæðisins annars vegar og hins vegar til landsbyggðarinnar. Ég held að það liggi ekki fyrir úttekt á þessu atriði. Þess vegna held ég að ræður manna um þessi efni þurfi að byggja upp með tilliti til þess að slík athugun fari fram áður en menn slá því föstu að það halli t. d. á Reykjavík í þessum efnum. Það eru fjölmargar lánastofnanir, eins og kunnugt er, sem eru hér í Reykjavík. Allir bankar þjóðarinnar hafa sínar aðalbækistöðvar hér í borginni. Stórir og öflugir sjóðir eru starfandi, eins og t. d. Lífeyrissjóðir, og það hefur engin úttekt farið fram til samanburðar í þessum efnum. Ég skal ekkert fullyrða í þessu sambandi, en ekki treysti ég mér til að halda því fram að hlutfallslega meira af lánsfé, sem er til ráðstöfunar hjá þjóðinni, fari til útlána úti á landsbyggðinni heldur en til Reykjavíkursvæðisins, enda er sannast sagna erfitt að gera á þessu samanburð sem er réttlátur, því að það kemur þarna margt til greina.

Tilgangurinn með stofnun Byggðasjóðsins er auðvitað að spyrna gegn byggðaröskun í landinu, stuðla að enduruppbyggingu og eðlilegri þróun atvinnulífsins á landsbyggðinni. Hér er í raun og veru ekki um að ræða samkeppni við atvinnulíf Stór-Reykjavíkur, heldur hreina varnarstyrjöld gegn byggðaröskuninni, sem er eitt alvarlegasta þjóðfélagsvandamál sem þjóðin á við að stríða. Verið er að reyna að nálgast vandamálið á jákvæðan hátt með því m. a. að bæta við fjármögnun hinna almennu lánasjóða með viðbótarlánum úr Byggðasjóði til þess að efla og breikka atvinnulífið úti á landi og styrkja byggðina til sjálfsbjargar. Síðustu tvö árin, 1973 og 1974, hefur náðst mjög veigamikill árangur í baráttunni við byggðaröskunina, hvort sem metið er á mælikvarða mannfjöldaþróunar eða meðaltekna.

Árið 1974 mun vera fyrsta árið sem fólksfjölgun hefur orðið meiri út á landsbyggðinni en í höfuðstaðnum og á Reykjavíkursvæðinu. Aðeins á Vestfjörðum hefur orðið stöðnun. Ég er í engum vafa um að starfssemi Framkvæmdastofnunarinnar, ekki síst Byggðasjóðs, á ríkan þátt í þeirri breytingu til batnaðar sem orðið hefur víða um landið og hefur stórum aukið á bjartsýni fólks um framtíð byggðar sinnar. Kem *ég ef til vill nokkru nánar að því síðar.*

Við íslendingar erum ekki eina þjóðin sem hefur barist við byggðaröskun. Flestar þjóðir hafa á undanförnum árum og áratugum átt við þessi sömu vandamál að stríða og margar þeirra hafa gert svipaðar ráðstafanir og við höfum gert. Sumar hafa stofnað sína byggðasjóði, eins og t. d. norðmenn sem hafa stofnað mjög öflugan byggðasjóð í sínu landi sem heitir, að því er mig minnir, Distrikternes utbygningsfond og er sterkur sjóður. Þeir haga sínum vinnubrögðum dálítið á annan hátt en við að því leyti til að þeir gera meira að því að styrkja hreinlega atvinnufyrirtæki úti á landsbyggðinni, með beinum framlögum, heldur en við gerum, t. d. með því að leggja fram styrkt til byggingar á verksmiðjum eða annarrar uppbyggingar sem á sér stað úti á landsbyggðinni.

Varðandi það *umræðuefni* sem hv. 6. þm. landsk., Guðmundur H. Garðarsson, ræddi um hér við umræðuna á seinasta fundi, þá kom hann inn á það að Byggðasjóður lánaði ekki til Reykjavíkur eða Reykjavíkursvæðisins. Ástæðurnar eru fyrst og fremst þær, sem ég hef verið að greina, þ. e. viðleitni þjóðarinnar — ég vil segja þjóðarinnar og þ. á m. reykvíkinga og reyknesinga — til þess að sporna gegn þeirri alvarlegu byggðaröskun sem átt hefur sér stað á undanförnum áratugum. Varðandi aftur á móti Framkvæmdasjóð Íslands, þá hefur málum verið hagað á allt annan veg þannig að hann lánar til fjárfestingarlánasjóða sem síðan endurlána til allra byggðarlaga í landinu og einnig Reykjavíkur. Það er einvörðungu Byggðasjóðurinn sem lánar til uppbyggingar þeirra landssvæða sem hafa orðið aftur úr og þar sem byggðin hefur strjálast og raskast til verulegra muna.

Við þessa umræðu vil ég upplýsa hvernig unnið hefur verið að undirbúningi lánveitinga úr Byggðasjóði í Framkvæmdastofnuninni. Ég held að það sé gagnlegt að það liggi fyrir.

Byggðasjóðurinn starfar þannig að lánsumsóknir berast til hans á þar til gerðum eyðublöðum, og hann veitir ekki lán nema liggi fyrir umsókn. Þessar umsóknir ganga til þeirra starfsmanna lánadeildar Framkvæmdastofnunarinnar sem hafa með að gera þessi mál, og það vill nú svo til að sá starfsmaður sem þarna kemur mest við sögu, var einnig starfsmaður Atvinnujöfnunarsjóðsins gamla sem var til húsa hjá Landsbankanum á sínum tíma. Lánadeildin aflar svo allra nauðsynlegra gagna og upplýsinga varðandi hverja umsókn og aðgætir m. a., hvernig lánað hefur verið áður til hliðstæðrar starfsemi, til þess að það sé samræmi í útlánum. Framkvæmdaráðið heldur svo fundi og tekur ákvörðun um tillögur til stjórnar um lánveitingar. En þessir fundir eru ekki þannig að framkvæmdaráðsmenn, hvort sem þeir eru þrír, eins og þeir voru á tímabili, eða tveir, eins og þeir eru nú, eða einn, sem ég var stuttan tíma, eru alls ekki þannig að framkvæmdaráðið loki sig inni og ákveði tillögur, heldur er þetta gert af mörgum fleiri mönnum. Starfsmenn stofnunarinnar eru viðstaddir þessa fundi. Formaður stjórnarinnar og varaformaður, ef hann óskar eftir því eru einnig viðstaddir þessa fundi til þess að fylgjast með því og taka þátt í að gera tillögur í þessum efnum. Það er því alls ekki þannig að framkvæmdaráðið loki sig inni og geri tillögur — órökstuddar tillögur — til stjórnarinnar.

Að lokum eru svo tillögurnar lagðar fyrir stjórnina, allar umsóknir, gerður listi yfir allar umsóknirnar, þannig að það liggi fyrir í hvaða röð þær berast og hvers eðlis þær eru, og síðan tillögur til lánveitinga. Aðalreglan er sú að það er farið eftir aldri í þessum efnum þó að það sé að vísu oft frá því vikið ef nauðsyn ber til. En ég vildi með þessu aðeins upplýsa hv. þdm. um hvernig þetta fer fram. Ég er ekki að segja með þessu að framkvæmdaráðið beri ekki ábyrgð á tillögunum. Auðvitað ber framkvæmdaráðið

ábyrgð á tillögugerðinni en hefur hagað vinnubrögðum frá byrjun með þeim hætti sem ég hef verið að lýsa hér, og það er ekki auðvelt að koma við stórkostlegri pólitiskri misnotkun þegar svona er unnið að málum.

Síðan er hver tillaga að sjálfsögðu rædd í 7 manna stjórn Framkvæmdastofnunarinnar og þar eru teknar lokaákvarðanir um hvort og hvernig lána skuli. Það er vert að geta þess einnig að allar lánveitinagr, hver og ein og einasta, eru birtar í skýrslu Framkvæmdastofnunarinnar sem kemur út árlega og er m.a. send hv. alþm. og mjög mörgum aðilum í landinu, þannig að þar geta menn séð svart á hvítu, ekki aðeins hve mikið hefur verið lánað til hverrar greinar, heldur hvað hverjum og einum einstökum hefur verið lánað mikið. Þetta er auðvitað gert til þess m.a. að skapa visst aðhald, ég skal játa það. Ég átti þátt í því að þetta var gert svona, að gera skrá yfir hverja einstaka lánveitingu, og ég játa það kinnroðalaust að tilgangurinn var m.a. að skapa visst aðhald í þessum efnum. Það er visst aðhald fólgið í því fyrir þá, sem lána fjármagn, að þurfa að birta hverja einustu lánveitingu. Þetta gera bankar ekki, og ég er ekki að leggja til að þeir eigi að gera það, en það gæti verið ástæða til þess að fjárfestingarsjóðir, aðrir en Byggðasjóður, gerðu það hreinlega, því að það er ósköp eðlilegt að miklar umræður fari fram um, hvernig fjármagni þjóðarinnar er varið, og sjálfsagt að ræða þau mál og gagnrýna þegar ástæða er til.

Ég hef nú rakið þrjá mjög veigamikla þætti af störfum Framkvæmdastofnunarinnar og þ.á m. hvernig unnið er að útlánastarfseminni.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa mjög langt mál hér um hvernig unnið er að áætlanagerð, þar koma ákaflega margir aðilar við sögu. En þó langar mig til að minnast á tvær gerðir áætlana sem eru mismunandi, annars vegar atvinnulífsáætlun, hraðfrystihúsaáætlunina svonefndu, og hins vegar landshlutaáætlanir, og með örfáum orðum víkja að því hvernig unnið er að þeim málum. Það er sammerkt með þessu starfi öllu að allar áætlanir verða að samþykkjast af stjórn Framkvæmdastofnunarinnar og síðan af hæstv. ríkisstj.

Það má með nokkrum rétti segja að á undanförnum árum hafi farið fram aðgerðir í sjávarútvegsmálum sem munu marka tímamót á þessum vettvangi, og þessar aðgerðir eða áform hafa verið aðallega í þrem áföngum eða þrem þrepum. Fyrsti áfanginn var útfærsla fiskveiðilögsögunnar, fyrst í 50 sjómílur og síðan í 200 sjómílur, sem er forsenda fyrir uppbyggingu á sviði sjávarútvegsins. Annar áfanginn var svo uppbygging fiskiskipaflotans sem ég gerði að umræðuefni hér áður. Íslendingar hafa nú eignast mjög myndarlegan togaraflota, öflugra skipa með öllum nýjustu tækjum og tilfæringum ásamt fullkomnustu veiðarfærum. Þegar allir þeir togarar, sem samið hefur verið um byggingu og kaup á, bæði innanlands og utan, eru komnir til nota, þá mun togaraflotinn verða 80 togarar, eins og málin standa nú, og skiptast þannig niður að gerðum til að það eru 8 gamlir síðutogarar sem eru gerðir út, það eru 17 stórir skuttogarar og það eru 55 skuttogarar af hinni smærri gerð eða svona 330—500 smálesta skip. Ég er þeirrar skoðunar að við höfum ef til vill ekki gert nægilega mikið að því að byggja smærri skuttogara, og þá á ég við minni gerð skipa en þá minnstu sem nú eru gerðir út, og eru um 330 smálestir. Það eru t.d. gerðir út 3 litlir skuttogarar, sem svo eru kallaðir, af þessari stærð frá Austfjörðum með mjög góðum árangri, og afli þeirra hefur síst verið minni en hinna togaranna sem eru 100—150 og upp undir 200 smálestum stærri. Ég hef áhuga á því og hef haft lengi að það yrði byggður togari, minni togari, 250 tonna skuttogari með öflugri vél, 1000—1100 hestafla vél, sem er náttúrlega mörg hundruð hestöflum minni en í hinum stærri skipum, og með öllum nýjustu tækjum og auðvitað veiðarfærum í samræmi við stærð slíks skips og hreinlega gerð tilraun með útgerð á slíku skipi.

Auk uppbyggingar togaraflotans hefur verið byggður upp á undanförnum árum í íslenskum skipa- og bátasmíðastöðvum mjög myndarlegur bátafloti af ýmsum stærðum og gerðum. Ég held að eins og málum er komið í þessum efnum og eftir þá miklu uppbyggingu, sem átt hefur sér stað í þessum greinum á undanförnum árum, þurfi menn nú að staldra við og athuga hvort okkar fiskiskipastóll er ekki þegar orðinn nægilega stór og öflugur til þess að geta hagnýtt þau fiskimið sem við sækjum á kringum okkar land.

Framkvæmdastofnunin hefur komið mjög mikið við sögu í sambandi við uppbyggingu fiskiskipastólsins, og eins og kunnugt er hefur sérstaklega skuttogurunum og svo auðvitað bátunum verið dreift víðs vegar um landið og þeir hafa í raun og veru valdið atvinnubyltingu víðs vegar á landsbyggðinni, hreinni atvinnubyltingu.

Í framhaldi af þessu var svo hraðfrystihúsaáætlunin gerð, sem er fólgin í því að gera áætlun um uppbyggingu, nýbyggingar í mörgum tilfellum, endurbætur á frystihúsum, stækkun, vélvæðingu og vinnutilhögun og hagræðingu á um 96 frystihúsum í landinu. Þessi hraðfrystihúsaáætlun var unnin af áætlanadeild Framkvæmdastofnunarinnar og voru höfð samráð við mjög marga aðila um gerð hennar. Fyrst vildi ég nefna yfirleitt flestar stofnanir og samtök sem um sjávarútveginn fjalla og þá hraðfrystiiðnaðinn sérstaklega. Meðal þeirra sem þarna komu við sögu, voru Fiskveiðasjóður Íslands, viðskiptabankarnir, umsagna- og tillögunefnd um hollustuhætti, Fiskifélag Íslands, sölusamtök fiskiðnaðarins ásamt þeim sem fengist hafa við hönnun fiskiðjuveranna, þar sem byggð hafa verið ný og hin eldri endurbætt, Landssamband ísl. útvegsmanna og ýmsir fleiri aðilar. En ég vil ekki gleyma þýðingarmesta aðilanum, þ.e.a.s. frystihúsunum sjálfum og eigendum þeirra. Í raun og veru er frystihúsaáætlunin fyrst og fremst stuðningur við frystihúsin eða fiskiðjuverin eða eigendur þeirra sem í ákaflega mörgum tilfellum, sérstaklega úti á landsbyggðinni, eru raunverulega forsenda fyrir eðlilegu atvinnuöryggi á viðkomandi stöðum. Heildarstærð hraðfrystihúsaáætlunarinnar nemur um 5 000 millj. kr. á verðlagi hvers árs fyrir sig og á verðlagi fyrri hluta

árs 1974 rúmlega 6 milljörðum. Ég hef ekki tiltækt hvað þessar tölur þýða í verðgildi krónunnar eins og það er nú í dag, en hér er um mjög umfangsmikið verkefni að ræða.

Frystihúsaáætlunin hefur verið fjármögnuð á þann hátt að Framkvæmdasjóður Íslands lánar sem svarar 60% af nýbyggingum í frystihúsunum og Byggðasjóður og Atvinnuleysistryggingasjóður hafa síðan lánað allt að 25% til viðbótar á ýmsum stöðum kringum landið. En Byggðasjóður hefur ekki lánað til þessarar uppbyggingar í Reykjavík og á Reykjavíkursvæðinu — hann hefur ekki gert það. Að sjálfsögðu verður afkastageta fiskiðjuveranna mjög mikil þegar þau eru komin í það horf sem ráð er fyrir gert í áætluninni, og heildargeymslurými fyrir frystan fisk verður um 67 þús. tonn.

Ég hefði nú viljað varpa fram þeirri spurningu í sambandi við þessar umr. og það frv. sem hér liggur fyrir: Er spilling fólgin í því að byggja upp 96 fiskiðjuver í landinu? Hvernig er sú spilling? Er illa varið því fé, sem beint er inn á þessar brautir. Og margar fleiri spurningar vakna í sambandi við þessi málefni.

Auk uppbyggingar hraðfrystihúsanna hefur verið veruleg uppbygging annarrar fiskvinnslu, svo sem saltfisksverkunar, rækjuvinnslu, skelfisks o. fl., og hefur Framkvæmdastofnunin víða komið við sögu í sambandi við þá uppbyggingu.

Á árinu 1975 er áætlað að útflutningsverðmæti frystra sjávarafurða, ef miðað er við núgildandi verðlag, muni nema á milli 17 og 18 milljörðum kr.

Um landshlutaáætlanir, hvernig að þeim er unnið, mætti auðvitað margt segja. Ein slík áætlun er að koma út, er nú hjá ríkisstj. til afgreiðslu. Það er svokölluð byggðaþróunaráætlun Norður-Þingeyjarsýslu. Þar er gerð grein fyrir því í formála hvernig unnið er að gerð slíkrar áætlunar, en í formálanum segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Tildrög áætlunargerðarinnar voru þau að hinn 25. apríl 1972 samþ. Alþ. þál. þess efnis að skora á ríkisstj. að fela Framkvæmdastofnun ríkisins að gera sérstaka landshlutaáætlun fyrir Norður-Þingeyjarsýslu. Áður, þ. e. árið 1969, hafði verið samin áætlun um mannfjöldaþróun og atvinnumál á Norðurlandi og þá jafnframt fjallað nokkuð um einstök héruð eða byggðir þess landshluta. Með umræddri þáltill. var svo að því stefnt að taka til sérstakrar meðferðar landshluta Norðurlands sem hvað verst er á vegi staddur með tilliti til byggðaþróunar.

Með bréfi forsrn. hinn 19. júlí 1972 var þáltill. vísað til Framkvæmdastofnunarinnar til meðferðar, og tók stjórn stofnunarinnar ákvörðun um áætlunargerðina hinn 12. sept. 1972. Var samið við Verkfræðiþjónustu Guðmundar Óskarssonar í apríl 1973 um samningu áætlunarinnar. Hefur starfið að áætluninni staðið síðan með hléum, en mest að unnið árið 1974 og að heita má í samfelldri lotu síðari hluta ársins. Hefur áætlunarverkið verið unnið undir umsjón áætlanadeildar Framkvæmdastofnunarinnar og að talsverðu leyti upp úr gögnum sem deildin hefur lagt til, auk vélritunar hinnar endanlegu skýrslu, kortateikningar og þess háttar. Hefur verið haldinn fjöldi umræðufunda með áætlanadeild og framkvæmdaráði stofnunarinnar og í samræmi við niðurstöður þeirra gerðar þær lagfæringar sem við hefur þótt þurfa.

Af hálfu heimaaðila hafa verið til samvinnu og samráðs einkum Fjórðungssamband norðlendinga, sveitarstjórnarmenn á svæðinu, búnaðarsamband sýslunnar svo og einstakir embættismenn, atvinnurekendur og hvers konar forustumenn samtaka og stofnana."

Er í inngangi skýrslunnar gerð nánari grein fyrir öllum verkgangi áætlunarstarfsins fram til þessa, að gefin var út skýrsla og tillögudrög í mars s. l. til umr. meðal lögmætra samráðs- og umsagnaraðila. Af hálfu Fjórðungssambands Norðlendinga var boðað til almenns fundar á Þórshöfn hinn 1. júní s. l. með sveitarstjórnarmönnum og öðrum umsagnaraðilum á áætlunarsvæðinu. Voru síðan haldnir sérstakir fundir með aðilum einstakra byggðarlaga, fyrst 2. júní og síðan 2.—4. júlí. Loks var áætlunin tekin til umr. á þingi Fjórðungssambandsins á Raufarhöfn 1.—3. sept. s. l. Hnigu ályktanir fundarmanna svo til samhljóða í þá átt að taka þyrfti landbúnað svæðisins til áætlunarmeðferðar og ætla þéttbýlisstöðunum jafnari hlut en í áætlunardrögunum. Að öðru leyti kom fram eindreginn stuðningur við byggðaþróunaráætlunina, sbr. ályktun Fjórðungsþings norðlendinga sem er svo hljóðandi:

„Fjórðungsþing norðlendinga, haldið á Raufarhöfn 1.—3. sept. 1975, mælir með því við stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins að leitað verði staðfestingar ríkisstj. á endurskoðaðri byggðaþróunaráætlun fyrir Norður-Þingeyjarsýslu með þeim breytingum sem heimamenn hafa gert á henni. Einnig ályktar þingið að hraða beri gerð landbúnaðaráætlunar fyrir sýsluna."

Síðan segir síðar: „Byggðaþróunaráætlun Norður-Þingeyjarsýslu er ætlað að vera stefnumótandi um framkvæmdir og þróun þeirra byggðarlaga er hún nær til."

Hér hefur verið gerð grein fyrir því hvernig raunverulega hefur verið unnið að þessari áætlunargerð á vegum Framkvæmdastofnunarinnar.

Það hefur komið fram í þessum umr., að Byggðasjóður hafi raunverulega lítið verið efldur í tíð núv. ríkisstj. Hefur m. a. hv. 5. þm. Vestf., Karvel Pálmason, vikið að þessu í ræðu. En hvað er það rétta í málinu? Lítum á árið 1975 og berum saman framlög til Byggðasjóðs samkv. lögum um Framkvæmdastofnunina og síðan samkv. ákvæðum stjórnarsamnings núv. stjórnarflokka. Í fyrra tilfellinu hefðu framlögin orðið þessi: Framlag úr ríkissjóði 100 millj. kr. og skattgjald af álbræðslu í Straumsvík 70.9% eða 95 millj. Samtals 196 millj. kr. Samkv. stjórnarsamningi núv. ríkisstjórnarflokka, sem var fólginn í því að 2% af útgjöldum á fjárlagafrv. skyldi renna til Byggðasjóðs, eru framlög ríkisins til sjóðsins á þessu ári samkv. fjárlagafrv. 860 millj. kr. En lítum svo á árið 1976 og gerum sambærilegan samanburð. Nú er fjárlagafrv. komið fram og þess vegna auðvelt að sjá hver framlög muni verða á árinu 1976 og hver þau hefðu orðið ef fyrri tilhögun hefði gilt áfram. Í fyrra tilfellinu hefði framlagið úr ríkissjóði verið áfram 100 millj., eins og ákveðið var í lögunum um Framkvæmdastofnun ríkisins á sín-

um tíma, og álgjaldið, 70.9% af skattgjaldi álbræðslunnar, sem áætlað er að verði á árinu 1976 141 millj. kr., — þá hefði framlagið til Byggðasjóðs orðið réttar 100 millj. eða samtals 200 millj. 1976. Samkv. ákvæðum stjórnarsamningsins, sem koma fram í fjárlagafrv., er framlagið hins vegar ákveðið 1123 millj. kr. Það liggur því fyrir að árið 1975 og 1976 hefðu framlög til Byggðasjóðs numið samkv. hinni eldri skipan 395 millj. kr., en samkv. hinni nýju skipan í samræmi við stjórnarsamninginn 1993 millj. Þessar tölur eru algjörlega sambærilegar, hvort tveggja í krónum og sýna fullkomlega samanburð á því hvernig framlögum var háttað til Byggðasjóðsins samkv. lögunum um Framkvæmdastofnunina og hvernig þeim er nú háttað: Annars vegar 400 millj. á 2 árum, hins vegar 2 þús. millj. á sama tímabili.

Hv. 5. þm. Vestf. sagði að Byggðasjóður hefði ekkert lánað í sumar. Það er alveg rétt. Hann hefur ekkert lánað síðan í júnímánuði. En það er ekki nýtt, vegna þess að Byggðasjóður hefur yfirleitt hagað störfum sínum á þann hátt að hann ákveður lánveitingar, sem eru til fjárfestingar og uppbyggingar, yfirleitt fyrri hluta árs til þess að þeir aðilar, sem hyggja á uppbyggingu og fjárfestingu, geti notað sumarið til þeirrar uppbyggingar. En ef bera á saman stöðu sjóðsins eru það auðvitað framlögin sem fyrst og fremst gefa til kynna hvað þarna hefur gerst.

Það er engin ástæða til að dylja það að innheimtur til sjóðsins hafa verið lakari á þessu ári en við gerðum ráð fyrir. Þær hafa verið seinni og tregari en við gerðum ráð fyrir, vegna þess að atvinnulífið hefur átt í vök að verjast og það hefur sín áhrif á greiðslustöðu sjóðsins. Einnig er rétt að geta þess að það hefur verið gengið hraðar eftir því á þessu ári en áður að fá greidd lánsloforð sem hafa verið samþ. af sjóðnum, og það stafar áreiðanlega af því að það hefur verið meira aðhald í bankakerfinu að lána út á lánsloforð heldur en áður hefur verið.

Frá því að Byggðasjóður var stofnaður hefur hann tekið að láni til starfsemi sinnar fjármagn sem hér greinir: Árið 1972 145 millj. kr., árið 1973 325 millj. og árið 1974 129 millj., eða samtals 599 millj. Byggðasjóður hefur hins vegar samþ. lánsloforð svo sem hér segir: Árið 1972 480.4 millj., árið 1973 357.3 millj. og árið 1974 661.7 millj., eða samtals 1499.4 millj. En þess verður að gæta í þessu sambandi að hér er um samþ. lánveitingar að ræða og við áramótin 1974 og 1975 var halli hjá Byggðasjóði sem nam um 220 millj. kr., þ. e. a. s. samþ. lánsloforð sem ekki höfðu verið greidd út. Og það skýrir nokkuð hinar miklu lánveitingar eða samþykktir sem gerðar voru á árinu 1974. En þó er rétt að geta þess að við, sem störfuðum við sjóðinn, stóðum í þeirri trú alveg fram í árslok 1974 að skattgjaldið af álbræðslunni yrði verulega meira en það að lokum reyndist, og það átti sinn þátt í því að það var samþ. meira af lánsloforðum á árinu 1974 en ella hefði verið gert.

Ég hef talið nauðsynlegt að rekja það hér í þessum umr., að vísu að takmörkuðu leyti, hvernig staðið hefur verið að málum í Framkvæmdastofnuninni frá því að hún var sett á stofn. Framkvæmdaráðið hefur lagt áherslu á að reyna að starfa hlutlaust að málum og hefur hagað starfsaðferðum í samræmi við það. En eigi að síður getur vel komið til greina að breyta til um tilhögun mála. Um það atriði mun ég ræða síðar, þegar hæstv. ríkisstj. leggur málið fyrir Alþ. Ég held að á þeim tíma, sem deilurnar um Framkvæmdastofnunina stóðu sem hæst hér á hv. Alþ., hafi verið gerð óþörf gryla úr þessari stofnun. Það hefur komið á daginn að þeir, sem óttuðust hana í byrjun, hafa verið óþarflega hræddir við tilkomu hennar. Í raun og veru var Framkvæmdastofnunin að verulegu leyti framhald á starfi sem þegar var hafið og hafði viðgengist um alllanga hríð. Það, sem kom einkum til viðbótar, var fyrst og fremst stofnun Byggðasjóðsins upp úr Atvinnujöfnunarsjóðnum eða að Byggðasjóðurinn var stórkostlega efldur frá því sem áður hafði verið. Það var aðalviðbótin. Auk þess var áætlanastarfið eflt, en þó byggt á sama grunni, vil ég segja og áður var gert. Ég held, að þegar frv. ríkisstj. um breyt. á lögum um Framkvæmdastofnunina kemur til umr. hér á hv. Alþ. væri ástæða til að íhuga gaumgæfilega hvort ekki væri nauðsynlegt að koma upp skipulögðu starfi, miklu skipulegar starfi en verið hefur fram til þessa, til að gera sérstaka fjárfestingaráætlun fyrir hvert ár um sig, — áætlun sem miðaðist fyrst og fremst við framkvæmdagetu þjóðarinnar og menn færðust ekki meira í fang varðandi uppbyggingu og framkvæmdir en þjóðin getur staðið undir og efnahagslíf hennar. Jafnframt þurfa svo til að koma skipulagðari vinnubrögð en verið hafa um fjármögnun slíkrar fjárfestingaráætlunar.

Sú stefna, sem mörkuð hefur verið af hálfu Framkvæmdastofnunarinnar í áætlunarmálum, er svonefnd frjáls áætlanagerð, sem leggur áherslu á rammaáætlanir sem marka meginlínur um uppbyggingu og þróun byggðar í landinu. Hvernig svo sem stjórnkerfi Framkvæmdastofnunarinnar er fyrir komið og hvernig sem framkvæmdaráðið er skipað komast menn aldrei fram hjá því, að verkefni Framkvæmdastofnunarinnar eru bæði fjölhæf og þýðingarmikil. Það ríður á miklu að stofnunin sem slík sé í lifrænum tengslum við atvinnulífið í landinu, ekki aðeins hvað snertir bókhald, reikningsskil og sérfræðilega þjónustu við áætlanagerð, heldur varðandi framfarir, þróun og uppbyggingu í nánum tengslum við atvinnulífið sjálft. Þess vegna hef ég sem framkvæmdaráðsmaður lagt mikla áherslu á að ferðast um landið og hitta að máli sem flesta sem um þessi málefni fjalla.

Eitt merkasta verkefni Framkvæmdastofnunarinnar tel ég vera að takast á við afleiðingarnar af hinni stórkostlegu byggðaröskun sem átt hefur sér stað á undanförnum áratugum og stuðlað að því að treysta byggðina í landinu á þann hátt sem hæfir framtíðinni. Ég trúi því, að því aðeins geti þjóðin hagnýtt auðlindir landsins að byggð eflist og blómgist, ekki aðeins á Stór-Reykjavíkursvæðinu, heldur einnig sem víðast um landið.

Jón Skaftason: Virðulegi forseti. Það frv. til l. um breyt. á lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins, sem hér er til 1. umr., er ekki í sjálfu sér efnismikið út af fyrir sig skoðað. En það er að mínu viti borið fram á þeim tíma í þjóðarsögunni sem gerir efni þess athyglisvert og umræðuvert hér á hv. Alþ. Ég lít svo til að við, sem lifum í dag í þessu landi, stöndum nú frammi fyrir og séum raunar komnir fyrir nokkru inn í einhverja þá mestu efnahagskreppu sem íslendingar hafa lifað síðan þeir stofnuðu til lýðveldis í landi hér og tóku stjórn eigin *mála í sínar hendur.*

Ég ætla ekki að fara að rekja ástæðurnar fyrir því að svo er komið högum okkar í þessu landi. Þær eru margar og flóknar og samslungnar. Ég vil aðeins segja í þessu sambandi að verulega ástæðu fyrir því, hvað erfiðlega gengur hjá okkur í dag, má finna í því að okkur hefur ekki tekist að stjórna málum, m.a. héðan úr þessu húsi, eins og nauðsynlegt hefði verið til þess að komast hjá efnahagskreppu eins og þeirri sem við nú stöndum í.

Ég lít því á þetta frv. sem frv. um stefnumál sem okkur ber skylda til hér á hv. Alþ. að ræða af fyllstu hreinskilni og málefnalega.

Eitt af því, sem ég tel að sé mjög erfitt og þurfi að bæta úr í sambandi við stjórn efnahagsmála á Íslandi, er að reyna að koma á, eftir því sem föng eru á, meira trúnaðartrausti á milli stjórnvalda og þá ekki síst Alþ. og ríkisstj. annars vegar og almennings í landinu. Ég hygg að það geti fleiri en ég tekið undir það, að það trúnaðartraust, sem nú ríkir á milli þessara aðila, sé í lágmarki og það þurfi að bæta — og að þetta sé svo mikilvægt að raunar sé nokkuð borin von um að við getum lagað ýmislegt það í okkar þjóðfélagi, sem laga þarf, ef við getum ekki bætt úr þessum grundvallarveikleika í þjóðlífinu. Til þess að svo geti orðið er m.a. nauðsynlegt að hér sé til í landinu einhver sú stofnun sem gefur upplýsingar um efnahagsástand eða gefur út leiðbeiningar um þær línur er fylgja beri í efnahagsmálum landsins og almenningur treystir og vill leggja eyrun við og taka nokkurt tillit til. En ég hygg að ég fari nokkuð nærri sannleikanum þegar ég segi að nú sé ástandið þannig í okkar landi að það er næstum því sama hvaða stofnun gefur út einhverjar tölur um staðreyndir í efnahagsmálum landsmanna, að þá eru þær af stórum hluta landsfólksins tortryggðar og að litlu hafðar. Þar af leiðir að við fáum iðulega ekki þann stuðning í heilbrigðu almenningsáliti sem frjálsu löggjafarþingi eins og okkar er nauðsynlegt að hafa.

Þegar vinstri stjórnin var hér mynduð á árinu 1971 var það yfirlýst stefna þeirrar stjórnar að hún ætlaði að taka upp skipulegan áætlunarbúskap á Íslandi í auknum mæli frá því sem verið hafði. Út af fyrir sig var ég því algjörlega samþykkur og algjörlega því að rekinn sé heilbrigður og grundvallaður áætlunarbúskapur í okkar þjóðfélagi. Um það þarf ekki að deila hér. Flest þjóðfélög reka í meiri eða minni mæli áætlunarbúskap, og ýmis stórfyrirtæki víða um heim reka strangan áætlunarbúskap í sambandi við starfsemi sína. Var því ekki neitt vandamál fyrir mig sem stuðningsmann vinstri stjórnarinnar að samþ. aukinn áætlunarbúskap.

En svo kom að því, að til þess að aðstoða hæstv. þáv. ríkisstj. um framkvæmd slíks búskapar var þessi stofnun, Framkvæmdastofnun ríkisins, sett á laggirnar. Henni var með lögum fengið meira vald en ég hygg að nokkur stofnun — nema kannske fjárhagsráð, ég þori ekki að segja um það, hafði á sínum tíma um efnahagsmál — um það hvernig að stjórnun efnahagsmála skyldi staðið. Þessi stofnun átti m.a. að vinna að því að horfið yrði frá því, — ég hygg að það hafi verið nefnt í ræðum sem fluttar voru hér á hv. Alþ. í nóv. og des. 1971, — að horfið skyldi frá því handahófi sem uppbygging íselnsks atvinnulífs hefði allt of mikið einkennst af á undanförnum árum. Lögin um Framkvæmdastofnun ríkisins bera það með sér að hér var gífurlega mikið vald fengið einni stofnun í hendur, og það fór ekki milli mála að það skipti að sjálfsögðu höfuðmáli að þeir, sem slíkri stofnun stjórnuðu, tækju hlutverk sitt alvarlega, störfuðu á grundvelli almennra reglna og létu þá persónulegu fyrirgreiðslupólitík, sem því miður hefur einkennt okkar þjóðfélag um marga áratugi, koma helst ekki fyrr en í þriðju röð.

Það var mér því afar mikill þyrnir í augum, — ég hygg að ég muni það rétt, — þegar ég sá í frv. ákvæðin um framkvæmdaráðið svokallaða, að það skyldi vera í stofnuninni, þá fannst mér að þar væri um hluti að tala sem þyrfti að athuga betur. Mér fannst þetta bera keim af þeirri áráttu íslenskra stjórnmálamanna um margra áratuga skeið að hugsa fyrst og fremst — eða kannske ekki fyrst og fremst, en í of miklum mæli um það hvernig þeir gætu tryggt fylgi við sína flokka eða við sig sjálfa með alls konar fyrirgreiðslupólitík sem þegar allt er skoðað ofan í kjölinn hlýtur að koma niður á almennum hagsmunum allra landsmanna. Ég varaði því við því í þingflokki okkar 1971 að þetta framkvæmdaráð yrði sett á laggirnar, vildi að það yrði tekið út úr frv. því að þótt til kynnu að veljast ágætir menn til þess að sitja í stólum þessara framkvæmdaráðsmanna, þá þóttist ég sjá í hendi mér, og miðað við reynslu undangenginna ára, að freistingarnar og tækifærin til þess að reka hreppapólitík kynnu að verða svo sterk, að við það yrði ekki ráðið.

Ég ætla að reyna að finna þessum orðum stað í ræðu minni síðar, og ég bið hv. þm. og sérstaklega þá frsm., — það er víst ekki nema einn sem hefur skipað þetta á undanförnum árum, — að skoða þessi orð mín á engan hátt sem persónulega árás á sig eða neina þá einstaklinga sem framkvæmdaráðið hafa skipað. Ég býst við því að þeir hafi hvorki verið betri né verri en hverjir aðrir sem settir hefðu verið í þá stöðu sem þeir hafa verið settir í og miðað við þær kröfur, sem þeir flokkar sem stóðu og standa að ríkisstj. á hverjum tíma og vilja nota sér þetta kerfi, gera til slíkra manna.

Áætlanagerð er nokkuð stórt orð, og eins og ég sagði áðan er ekki um það deilt, held ég, í neinu þjóðfélagi út af fyrir sig að áætlanagerð sé nauðsynleg. En það er eðli áætlanagerðar, ekki síst í þjóðfélögum sem eru ný-

búin að fá sitt frelsi og eru að rísa á legg og byggja upp hjá sér, að áætlanagerð — hagkvæm áætlanagerð, jákvæð áætlanagerð um þróun þjóðarbúskaparins — verður ekki hrist fram úr erminni eins og kanína úr hatti töframanns á einni stundu. Hún þarf að þróast á löngum tíma. Hún þarf að læra af reynslunni og hún þarf umfram allt að vera hlutlaus og miða við almennar reglur. Það kom því dálítið á óvart, að mér fannst, ákvæðið um framkvæmdaráðið sem gerir ráð fyrir, að framkvæmdastjórarnir séu æðstu menn þessarar valdamiklu stofnunar. Þeir áttu að ráðast til stutts tíma eða jafnlangs tíma og viðkomandi ríkisstj. situr. Í 4. gr. laga um Framkvæmdastofnun ríkisins segir: „Ríkistj. skipar þriggja manna framkvæmdaráð er annast daglega stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins. Framkvæmdaráð má leysa frá störfum með mánaðar fyrirvara, og eiga þá framkvæmdaráðsmenn rétt til óskertra launa í þrjá mánuði. Stjórn Framkvæmdastofnunarinnar tekur ákvörðun fyrir hönd stofnunarinnar um launakjör framkvæmdaráðs, forstöðumanna deilda og annarra starfsmanna.“ Í lögunum er sem sagt ákveðið að æðstu menn þessarar valdamiklu stofnunar skuli ráðnir lausri ráðningu og þeir skuli fara jafnskjótt og stjórnarskipti verða, ef ekki tekur við ný stjórn sem hefur einhver svipuð sjónarmið eða treystir svipuðum mönnum til þess að skipa þessa stjórn og sú ríkisstj. sem á undan var. Mér fannst þetta stangast á við tilgang áætlanagerða, sem er langtímaáætlun og þarf að vera í viss stöðugleiki ef vel á að vera.

Framkvæmdaráðið hafði, eins og ég sagði, geysimikil völd. Verkefni þess eru skilgreind í 5. gr. laganna. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Verkefni framkvæmdaráðs eru m.a.

1. að láta gera áætlanir á vegum stofnunarinnar og leggja þær fyrir stjórn hennar;
2. að gera till. til stjórnarinnar um rekstraráætlanir og starfsáætlanir fyrir stofnunina;
3. að gera till. um árlega heildaráætlun fyrir Framkvæmdasjóð og Byggðasjóð svo og um einstakar lánveitingar úr þeim;
4. að ráða stofnuninni starfsfólk innan ramma fjárhagsáætlunarinnar, að fengnum till. forstöðumanna deilda, sbr. þó 3. gr. 1. tl.“

Ljóst er af þessu að það eru engin smávöld, sem þessum framkvæmdaráðsmönnum hafa verið fengin með lögunum. Og nú langar mig til þess næst að víkja að því hvernig mér sýnist að reynslan hafi verið, eftir því sem hún blasir við mér, af störfum þessarar stofnunar og framkvæmdaráðsmeðlimanna þá ekki síst. Það kann að vera að eitthvað í því sé ekki byggt á albestu heimildum, en það verður þá væntanlega leiðrétt. En um sumt hef ég glöggar upplýsingar sem ég hygg að verði ekki hraktar.

Það er þá í fyrsta lagi, að fljótlega komust menn að því að þetta mikla vald hjá einni stofnun var ekki á allan máta hagkvæmt. Því gerðist það að nokkuð snemma var ákveðið að taka eina af þremur deildum Framkvæmdastofnunarinnar, þ.e.a.s. hagrannsóknadeild, undan henni og gera hana alveg sjálfstæða, losa hana algjörlega frá þessari miklu valdastofnun. Ég leit á það á vissan hátt sem jákvæðan þátt af því það hafði sýnt sig að hagrannsóknadeildin naut ekki þess sjálfstæðis sem nauðsynlegt var að starfsmenn hennar hefðu, þó að hún væri ekki í fullkomnu sambýli við Framkvæmdastofnunina og stjórn hennar sem slík, því að hún heyrði aldrei undir framkvæmdaráðið, heldur heyrði hún undir ríkisstj. í heild. Var því horfið að því 1. ágúst 1974 að stofnuð var Þjóðhagsstofnun sem ég tel að sinni afar þýðingarmiklu verkefni í okkar þjóðarbúskap. Og ég vil sérstaklega að það komi fram hér frá mér, af því að ég veit að þar mæli ég rétt og mæli fyrir munn margra annarra, að sá maður, sem valist hefur til forstöðu í hagrannsóknadeildinni og síðar Þjóðhagsstofnuninni, Jón Sigurðsson, er að flestra ef ekki allra dómi hinn ágætasti í alla staði.

Annað eða kannske jafnvel veigamesta verkefni Framkvæmdastofnunarinnar var gerð áætlana um þróun þjóðarbúskaparins og þar fram eftir götunum. Það getur verið að mönnum sýnist sitt hvað um hvernig starf þeirrar deildar hefur gengið, en til þess að ég sé ekki sjálfur að leggja neinn sérstakan dóm á hvernig því starfi hefur miðað, þá langar mig til þess að lesa upp — með leyfi hæstv. forseta — úr skýrslu stjórnar stofnunarinnar fyrir árið 1974 um hvernig sjálft starfsfólkið, sem stjórnað hefur þessari deild, eða þeir, sem ábyrgð bera á þessari skýrslu, og það eru væntanlega starfsmenn áætlanadeildar, — hvernig þeir telja að starfsskilyrði þeirra hafi verið til að sinna þessu veigamikla verkefni í okkar þjóðarbúi, en í inngangsorðum að skýrslu um starfsemi áætlunardeildar 1974 segir m. a. þetta:

„Áætlunargerðinni hefur helst staðið fyrir þrifum vöntun á heildstæðum ramma um samanburð og mat á gildi framkvæmda og atvinnurekstrar, og ekki hefur síður skort á beint og lifandi samband við töku ákvarðana í þessum efnum. Á þetta ekki síður við um opinberar framkvæmdir og starfsgreinar en þær sem eru á vegum einkaaðila. Er mjög tilviliunum háð hvaða framkvæmdir koma til skipulegs mats eftir árangri eða arðsemi. Á það takmarkaða mat, sem lagt er á framkvæmdir, skortir alla samræmingu og samanburð, ekki aðeins milli framkvæmdagreina, heldur einnig innan sömu greina, sem þó lúta sameiginlegri yfirstjórn rn. eða annarrar hliðstæðrar stofnunar.

Við þessi skilyrði stefnumótunar og ákvarðanatöku er í reynd mjög treyst á atfylgi og þrýsting atvinnugreina, landshluta og annarra hagsmunaaðila til að fá málum sínum framgengt, einkum fyrir atbeina þm. og annarra áhrifaaðila. Með því móti er að sjálfsögðu engin trygging fyrir að hagstæðustu framkvæmdirnar gangi fyrir. Kraftar stjórnkerfisins fara í langdregin fundahöld til að vega og meta styrk þess atfylgis, sem hvert mál nýtur, og vandséð hvenær og hvernig niðurstaða er fengin. Margt í þessum starfsaðferðum er beinlínis andstæða allrar áætlanagerðar, svo sem þegar margar framkvæmdir til sömu nota eru í undirbúningi til framkvæmdar samtímis eða þegar stórfelldar framkvæmdir eða tækjakaup einkaaðila koma til afgreiðslu pólitískra yfirvalda án skipulegs mats

á væntanlegum árangri fjárfestingarinnar af hálfu stofnlánasjóðs eða annarra faglegra aðila.

Afleiðingar þessara starfsaðferða eru á margan hátt óæskilegar. Algengast er að árlegar framkvæmdaáætlanir séu rifnar upp til endurskoðunar og niðurskurðar jafnharðan og þær hafa verið afgreiddar. Er þá niðurskurðurinn handahófskennt flýtisverk og niðurstaða flókinnar togstreitu áhrifaaðila. Bið eftir síðbúnum áætlunum og síðan niðurskurði þeirra spillir undirbúningi framkvæmda stórlega, svo að í reynd verða skuldbindandi aðgerðir að hefjast áður en endanleg niðurstaða er fengin. Það hefur aftur á móti í för með sér að ekki reynist unnt að fresta framkvæmdum eða skera niður nema valda með því verulegu tjóni eða kostnaðarauka, enda verður reyndin gjarnan sú að tilætlaður niðurskurður sé óframkvæmanlegur, svo að reynt er að liðka til fyrir einstökum framkvæmda- og lánaflokkum þegar á árið líður. Hliðstæðir örðugleikar reynast vera á því að halda sér við árlega áfanga áætlana til langs tíma, t. d. til 4 eða 5 ára áætlana. Fjárhagsörðugleikar og rýrnun framkvæmdafjár af völdum verðbólgu eru þá látin bitna á fyrri framkvæmdaáætlunum, enda þótt aðrar nýjar séu samtímis að ryðja sér til rúms og látnar hafa forgang."

Þetta er ekki fallegur lestur sem ég var að lesa upp um reynsluna hjá þeim sem vinna beint að þessu verki í sjálfri Framkvæmdastofnun ríkisins. Ég hygg að hv. þm. mættu gjarnan leiða orðið meira hugann að því hvort það sé ekki virkilega á okkar eigin færi að koma í veg fyrir fleiri efnahagsleg óhöpp í okkar þjóðfélagi sem verða vegna svona starfsaðferða.

Ég skal ekki fara fleiri orðum um áætlanagerð ina. Ég sé, að framkvæmdaráðsmaðurinn hefur horfið úr salnum meðan ég er að tala, og mér þykir það leitt, en væntanlega getur hann fengið skýrsluna í stofnuninni og lesið þennan kafla sjálfur og þannig staðreynt að ég hef lesið rétt upp það sem þeir segja sjálfir sem að þessari skýrslu standa.

Þá kem ég að öðrum þætti í starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins sem hér hefur mikið verið lofaður og prísaður af mörgum. Ég skil þá mörgu hv. þm. sem hér hafa verið að tala og lofa hvað einstaklega mikið þarfaþing starfsemi Byggðasjóðs hafi verið fyrir þetta land, hvað hann hafi staðið að miklum og góðum framförum, — víðast um landið, að mér skilst, og hv. síðasti ræðumaður, Tómas Árnason, spurði held ég a. m. k. 10 sinnum áðan: Er það spilling að lána til þess að byggja skip? Er það spilling að lána til þess að byggja fiskiðjuver? — og svo fram eftir götunum, rétt eins og þessir peningar hefðu ekki verið til í þjóðfélaginu og gengið til útlána þótt þeir færu ekki í þennan sérstaka sjóð. Framkvæmdastofnunin sem slík hefur enga nýja peninga skapað fyrir þjóðfélagsþegnana. Þeir voru og eru annars staðar fengnir og ekki skapaðir af þeim, þannig að út af fyrir sig er það ekkert til að hrósa sér sérstaklega af þó að lánaðir hafi verið peningar úr þeim sjóðum sem við m. a. hér á Alþ. höfum reynt að styrkja með ríflegum fjárframlögum.

En það eru ekki allir þm. í þessu landi sem hafa svipaða sögu að segja af starfsemi Byggðasjóðsins. Ég er einn í hópi þeirra sem geta ekki farið í þennan stól og lofað og prísað örlæti stjórnar Byggðasjóðsins til lánveitinga í minu kjördæmi. Ég hef áður vikið að þessu atriði á hv. Alþ. nokkur undanfarin ár og skal ekki endurtaka það mikið. Ég verð þó að segja að það er meira en vafasöm skynsemi í því að neita að lána, eins og gert var um tíma, fé til skipakaupa eða viðgerðar á skipum á svæði eins og Suðurnesjum, gömlu útvegssvæði sem ár eftir ár var eitt aðalútgerðarsvæði landsins, með þeim afleiðingum að skipaflotinn þar var orðinn sá elsti og ófullkomnasti á landinu.

Ég er ekki að segja að það sé þessu einu að kenna, en eitt með öðru á það sök á þessu. En ég ætla að gefa yfirlit um lánveitingar Byggðasjóðs miðað við kjördæmi í aðeins örfáum orðum með því að lesa niðurstöður skýrslu sem Framkvæmdastofnunin hefur sjálf gefið út, þ. e. a. s. ársskýrslu 1974, þar sem er að finna yfirlit yfir skiptingu samþykktra lánveitinga og styrkja Byggðasjóðs árið 1974 eftir atvinnugreinum o. fl. og þeim er skipt eftir landshlutum eða öllu heldur eftir kjördæmum. Þetta eru ekki neina smáræðisfjárhæðir. Það eru samtals 661 millj. 799 þús. kr. sem hafa verið veittar til þessara lána og styrkja, og það hefur verið lánað til fiskiskipa, til viðgerðar á fiskiskipum, til fiskvinnslu, til niðursuðu, til fiskmjölsverksmiðja, til framleiðsluiðnaðar, til þjónustuiðnaðar, til landbúnaðar, til sveitarfélaga, vélgrafna og annarra vinnuvéla, vaxta, styrkja vegna raflínulána sveitarbýla og til annars. Og niðurstaðan af þessu eftir kjördæmum er þessi:

Vesturland hefur fengið 79 lán upp á 139 millj. 242 þús.

Vestfirðir hafa fengið 82 lán samtals að fjárhæð 115 millj. 92 þús.

Norðurland vestra hefur fengið 48 lán upp á 76 millj. 57 þús.

Norðurland eystra hefur fengið 89 lán upp á 123 millj. 858 þús.

Austurland hefur fengið 97 lán upp á 125 millj. 223 þús.

Suðurland hefur fengið 42 lán upp á 58 millj. 417 þús.

Og svo komum við að vonda fólkinu. Reykjanes hefur fengið 3 lán upp á 22 millj. 910 þús. og Reykjavík hefur fengið 1 lán upp á slétta eina millj.

Þetta er niðurstaðan af lánveitingum og styrkjum Byggðasjóðs á árinu 1974, og ég reikna með því, að sumir hv. þm., sem eru í þessum sal, geti skilið það að þeim, sem eru fulltrúar fyrir þau hin afskiptu svæði hjá þessum sjóði, verði nokkuð heitt í hamsi þegar svona staðreyndir eru lagðar á borðið.

Það kom fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns, Tómasar Árnasonar, að fólksfjölgun úti á landinu á árinu 1974 hafi orðið meiri en hér á höfuðborgarsvæðinu. Hann sagði líka að verkefni Byggðasjóðs væri fyrst og fremst að koma í veg fyrir fækkun íbúa eða flótta fólks af vissum svæðum hingað til suðvesturhornsins. En einmitt á þessu ári sem ég var að lesa tölurnar upp, 1974, er það staðreynd að fólksfjölgun hefur orðið meiri utan höfuðborgarsvæðisins en á því.

Ég skal ekki lesa upp meira úr skýrslum sjálfr-

ar Framkvæmdastofnunarinnar. Ég tel að það, sem ég hef lesið, renni stoðum undir það sem ég hef hér verið að segja, — styrkum stoðum, að það sé rétt sem ég hef hér verið að segja. En almennt talað tel ég að því miður hafi reynslan af starfi Framkvæmdastofnunar ríkisins ekki orðið sú sem ýmsir væntu af starfsemi hennar í byrjun. Það er staðreynd að þótt hverfa hafi átt frá handahófskenndri uppbyggingu atvinnulífs í landinu eftir að hún komst á fót og hverfa til skipulegra starfsháttа, þá hefur hér í landinu verið grasserandi verðbólga allan tímann, m. a. fyrir það að lítil sem engin stjórn hefur verið á framkvæmdum í landinu undanfarin ár. Við höfum ráðist á undanförnum árum í miklu meira en við höfum getað ráðið við, með þeim afleiðingum að hér hefur orðið grasserandi verðbólga, Evrópumet í verðbólgu. Og skoðun mín er sú að fyrsta og aðalástæðan fyrir því að vinstri stjórnin gafst upp eftir 2½ ár, síðasta vinstri stjórn, hafi verið fyrst og fremst sú, að það tókst ekki að reka efnahagspólitík hér í landinu sem tryggði að hún gæti lifað lengur og það m. a. vegna þess að sú skipuleggjandi stofnun, sem átti að sjá um skipulega uppbyggingu atvinnuveganna, brást að verulegu leyti.

Hæstv. forseti hefur tilkynnt mér að hann vilji fresta fundi þangað til í kvöld og ég hef ekki alveg lokið ræðu minni. (**Forseti:** Ætlunin var að fresta nú eftir korter, þannig að ef hv. þm. á smástund eftir af ræðu sinni, þá er óhætt að halda áfram lengur nú. Hafi hann hins vegar ekki lokið ræðunni kl. korter yfir fjögur, þá mun fundinum verða frestað til 9 í kvöld.)

Við stöndum e. t. v. á þröskuldi nýs þorskastríðs við breta. Við stöndum frammi fyrir þeirri óþægilegu staðreynd að fiskimiðin við Ísland hafa verið rányrkt í mörg ár. Það hefur komið fram, m. a. í sjónvarpi hjá einum kunnasta fiskifræðingi okkar, að jafnvel þó að okkur tækist að reka allan útlendan veiðiflota héðan af miðunum út fyrir 50 mílurnar, þá væri viturlegt af okkur að draga verulega úr okkar eigin sókn í fiskimiðin. Fiskifræðingarnir hafa varað sterklega við því að ef ekkert verði gert í þessum efnum, þá standi Íslendingar frammi fyrir því eftir 2—3 ár að hrygningarstofn helstu nytjafiska hér við landið verði orðinn það lítill, að veiði mun hrapa á Íslandsmiðum með afleiðingum fyrir þjóðina sem ekki þarf að rökstyðja eða fara nánar út í hér.

Hv. þm. Tómas Árnason sagði áðan að þegar þeir togarar væru komnir til landsins, sem væru í pöntun, ætti eftir að skila, þá væri togarafloti okkar orðinn 80 skip. Það má renna, þó að ég ætli ekki að gera það núna, fyllilega handbærum stoðum undir það að hagkvæmni fiskveiðiflota okkar sé miklu lakari en þyrfti að vera fyrir það að skipin eru of mörg. Ég er sammála þeim sem segja að við eigum að stunda fiskveiðar, raunar eins og alla aðra starfsemi í landinu, á afkastamestu skipunum. En ef hætta er á því að þau verði of mörg, þá á að kaupa þau eldri út, svo að við höfum mannskap á skipin, svo að við getum nýtt fiskimiðin á sem hagkvæmastan hátt. En þetta höfum við ekki gert. Og þá komum við m. a. óbeint inn á athafnasemi og starfssvið Framkvæmdastofnunarinnar.

Hvernig stendur á því að þróunin í þessu sambandi hefur orðið þessi, að við höfum e. t. v. í dag of stóran flota? Ég veit ekki hvað menn gera sér háar hugmyndir um að við getum rekið næstu tvö árin öll útlend skip úr okkar fiskveiðilandhelgi. En það er alveg augljóst að ef við getum það ekki, sem því miður verður að teljast sennilegt, þá erum við í hreinum vanda með okkar eigin flota og verðum að leggja einhverjum hluta hans.

Þá er síðasta atriðið sem mig langar til að koma að í sambandi við reynsluna af starfsemi Framkvæmdastofnunarinnar. Það er að mínu viti afar mikið atriði að stofnun sem Framkvæmdastofnunin njóti trausts landsmanna. Ekki síst er nauðsynlegt að hún njóti trausts svokallaðra aðila vinnumarkaðarins, ef vel á að fara. Það þarf að koma þar á góðu samstarfi. Ég dreg afskaplega mikið í efa að Framkvæmdastofnunin hafi gott samstarf við aðila vinnumarkaðarins. Ég dreg það afar mikið í efa að þeir sjái í henni þá stofnun sem þeir telja að sinni sínu verkefni eins og þyrfti að gera og því sé nokkur brotalöm á þessu svo lífsnauðsynlega samstarfi við aðila vinnumarkaðarins. Þetta er stærra atriði en menn e. t. v. halda þegar þeir líta á þetta fyrst.

Við íslendingar, eins og ég sagði áðan, stöndum nú frammi fyrir einni mestu kreppu sem yfir okkur hefur gengið um marga áratugi. Við höfum verið einstaklega fundvísir á það að mínu viti að stjórna efnahagsmálum okkar eftir leiðum sem — ef ég mætti segja það — e. t. v. þekkjast ekki annars staðar í löndum hér fyrir vestan okkur og austan sem við vildum kalla að stjórnuðu á menningarlegan hátt. Það er talað um að það sé hægt að stýra efnahagsmálum þjóða eftir tveimur meginleiðum: Það er svokölluð frjálshyggjuleið eða þá að kalla það frelsisleið, þar sem athafnir manna, fjárfesting manna og þar fram eftir götunum stjórnast af því að m. a. gildi peninganna er stöðugt. Menn hugsa sig tvisvar um áður en þeir ráðstafa fjármunum í einhverja fjárfestingu, af því að þeir vita að þeir þurfa að borga lánaðar krónur með jafnverðmiklum krónum þegar að skuldadögum kemur. Hér á Íslandi hefur þessi leið verið gjörsamlega óvirk um mörg ár vegna verðbólgu. Hér hefur aðalatriðið í efnahagsstarfsemi mikils hluta þjóðarinnar verið í því fólgið að reyna að ná í eins stór lán og til eins langs tíma og mögulegt er til þess að fjárfesta í næstum hverju sem væri. Hin leiðin er leið skipulagshyggjunnar, sem menn hafa kallað svo og margir hafa skrifað um fallegar greinar og sagt mörg fögur orð um. Hún er á Íslandi eyðilögð eins og hin með því sem ég hef hér verið að lýsa, með svokölluðu kommissarakerfi sem hefur stjórnast meira af hreppapólitík og einstökum flokkahagsmunum þeirra, sem ráða í ríkisstj. á hverjum tíma, heldur en almennum hagsmunum íslensku þjóðarinnar. Það er hart að þurfa að segja þetta, en þetta er að verulegu leyti satt. Ef sá tími, sem við lifum núna, sú efnahagskreppa, sem við erum að sigla inn

í og erum ekki komin út úr enn, kemur engum manni til þess að hugsa um hvort við höfum gengið götuna til góðs fram eftir veg í stjórnun efnahagsmála, þá blasir ekki nema eitt við hér og það er þjóðargjaldþrot. Það er hreint þjóðargjaldþrot, sem ekki verður aftur tekið þegar það er orðið.

Ég viðurkenni að það er erfitt að ráða við hlutina í þessu þjóðfélagi eins og nú er komið. Það er ekki auðvelt að draga úr skriði dýrtíðarskrúfunnar eftir að hún er einu sinni komin á það skrið sem hún er í dag, og það verður ekki hægt ef þjóðin ætlar lengur og við hér á hv. Alþ. ætlum að leyfa okkur þann munað að feta troðnar slóðir í sambandi við stjórn efnahagsmálanna. Þá lendum við á skeri. — [Fundarhlé.]

Ólafur Ragnar Grímsson: **Virðulegi forseti.** Það mun vera nokkuð einstakt í þingsögunni að svo snemma þings skuli vera efnt til kvöldfundar til að halda áfram umr. um mál sem engin sérstök nauðsyn ber til að afgr. með miklum hraða gegnum deild. Enn undarlegra er það þegar það liggur fyrir að ýmsir hv. þm., sem ætluðu að tala í umr. um þetta mál, óskuðu þess við hæstv. forseta að málið yrði ekki tekið svo skyndilega til umr. hér í kvöld, þar eð þeir höfðu gert ráð fyrir því, að samkv. venju yrði ekki efnt til kvöld- eða næturfunda svo árla þings og höfðu bundið sig við annað. En þrátt fyrir óskir ýmissa hv. þm., jafnt stjórnarstuðningsmanna sem stjórnarandstæðinga, að málinu skyldi frestað, þá hefur hæstv. forseti greinilega talið það svo brýnt að ljúka 1. umr. um þetta mál hér í hæstv. d., að ákveðið er í skyndingu að efna til þessa einstæða fundar sem nú hefur verið settur í þessari hæstv. deild. Slíkar aðgerðir gefa vissulega tilefni til þess að velta fyrir sér hvers vegna. Hvað er það varðandi þetta mál eða í tengslum við það sem gerir það og eðli þess svo sérstakt að nauðsynlegt sé að knýja það áfram í gegnum hæstv. deild.

Það hefur ekki farið fram hjá neinum, sem á þessar umr. hefur hlýtt, að þær eru á ýmsan hátt æði sérstakar, þó kannske fyrst og fremst sérstakar vegna þess að aðalpersóna þessara umr. er fjarverandi. Aðalpersóna þessara umr., hv. 3. þm. Austurl., Sverrir Hermannsson hefur leyfi frá störfum í þessari hæstv. d., en mun væntanlegur til starfa hér á mánudaginn kemur. Nú er það svo að bæði hafa samflokksmenn hv. þm. Sverris Hermannssonar beint mjög að honum spjótum í þessum umr. og í öðru lagi hefur, á meðan málið hefur verið til umr. hér í hv. d., birst við hv. þm. Sverri Hermannsson í aðalmálgagni ríkisstj. mjög einstakt og sérstakt viðtal, — viðtal sem að mínum dómi er meðal merkari innleggs í umr. um störf þessarar hæstv. ríkisstj., stjórnarfarið í landinu, stjórn og störf þeirrar stofnunar sem hér er til umr. og byggðamál almennt. Það skyldi þó ekki vera að hæstv. forseti vildi með þessari sérstöku aðgerð, þessu kvöld- og næturfundahaldi hér, leggja sitt af mörkum til að hjálpa hæstv. ríkisstj. með — ég vildi nú kannske ekki segja vandræðabarn sitt, hv. 3. þm. Austurl., en þó leggja sitt af mörkum til þess að koma í veg fyrir að hann hafi tækifæri til þess í fyrsta lagi að bera af sér sakir hér í hæstv. d. og í öðru lagi að ræða við okkur aðra deildarþm. um þær einstöku yfirlýsingar sem hann hefur gefið í aðalmálgagni ríkisstj., Morgunblaðinu, — yfirlýsingar sem eru gefnar af þeim manni sem gjörkunnugastur á að vera störfum samkvæmt byggðamálastefnu og efnahagsstjórn þessarar ríkisstj. Það skyldi þó ekki vera að hæstv. ríkisstj. vilji koma sér hjá því að aðrir hæstv. deildarþm. geti rætt við 3. þm. Austurl. um þessar yfirlýsingar, vilji koma í veg fyrir að hann geti hér á fundum Alþ. flutt og rökstutt þær afdráttarlausu og skýru yfirlýsingar sem hann hefur gefið um stefnu ríkisstj. í aðalmálgagni hennar, Morgunblaðinu, 19. okt. s. l.

Það er ekki í samræmi við lýðræðisleg vinnubrögð og nauðsynlega opna umr. í þessu þjóðfélagi að hæstv. forseti skuli beita starfsaðferðum af þessu tagi, að knýja fram lok þessarar umr. áður en hv. 3. þm. Austurl. kemur aftur til þings, bæði vegna þeirra saka og gagnrýni, sem á hann hefur verið borin hér í umr. Og fyrst enginn flokksmanna hv. 3. þm. Austurl. vill ljá honum lið og bera fram að hans ósk kröfu um að fá að bera af sér sakir hér í þessari d., þá vil ég verða til að óska þess að hann fái í þessari d. að bera af sér þær mjög svo alvarlegu sakir sem hann hefur verið borinn fjarstaddur í þessari d. Það er í senn lágmarkskurteisi og þingræðisskylda gagnvart honum að hann fái að gera það. Enn fremur tel ég vera nauðsynlegt, einkum og sér í lagi með tilliti til þess mikla efnahagsvanda sem tekinn hefur verið til umr. fyrr á þessu þingi og hv. þm. Jón Skaftason tók sérstaklega til umr. fyrr í dag, að tækifæri gefist til að ræða við hv. 3. þm. Austurl., Sverri Hermannsson um þær sérstöðuríku yfirlýsingar hans í aðalmálgagni ríkisstj., sem ég vitnaði til áðan og mun gera að sérstöku umræðuefni hér á eftir.

Því mælist ég til þess við hæstv. forseta að umr. um þetta mál verði ekki lokið hér í kvöld eða nótt, ef það hefur verið vilji hæstv. forseta og ætlun, heldur verði þeim fram haldið í d. þegar hv. 3. þm. Austurl. er kominn til þings eða a. m. k. umr. haldið opnum, þannig að honum og öðrum þm. gefist tækifæri til að ræða málið þegar hann er kominn hingað til þings með fullum réttindum á nýjan leik. (Sigurl. B: Þetta er nú bara 1. umr.) Það er að vísu rétt, hv. 9. landsk. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir, að þetta er aðeins 1. umr. En stjórnarmeirihl. hér á Alþ. hefur sýnt sérstaka hæfni til að svæfa mál í n., og ég reikna ekki með því, miðað við fyrri vinnubrögð hv. stjórnarmeirihl., að þetta frv. verði talið slíkt óskabarn að það verði leitt aftur hingað inn í salinn. Ég reikna með að hæstv. stjórnarmeirihl. í þeirri n., sem þetta frv. fær til meðferðar, muni frekar líta á þetta frv. sem eins konar Trójuhest eins og það hefur reyndar reynst nú þegar í þessari hæstv. d., og muni þannig sjá til þess að það komi ekki aftur hér til umr., a. m. k. muni það þá verða tekið til umr. þegar hv. 3. þm. Austurl. er fjarverandi.

Að vísu kann þetta frv. að koma aftur til tals

þegar hæstv. ríkisstj. loksins ber fram óskabarn sitt, frv. til l. um breyt. á Framkvæmdastofnun ríkisins. En þau loforð urðu ekki að veruleika s. l. vetur og hæstv. Alþ. á nú eftir að sjá hvort gæfan verður með þeim loforðum aftur í vetur.

Það hefur að mörgu leyti verið athyglisvert að fylgjast með orðaskiptum stuðningsmanna ríkisstj. í þessum umr., bæði fyrir gagnrýni sem komið hefur fram hjá hv. þm. Ellert B. Schram og hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni á störf samflokksmanna þeirra Sverris Hermannssonar, Ingólfs Jónssonar o. fl. í Framkvæmdastofnun ríkisins og gagnrýni hv. þm. Jóns Skaftasonar á störf og starfsemi samflokksmanna hans í sömu stofnun. Og það væri eilítið fróðlegt að velta því fyrir sér hver er tilgangur þessara deilna. Hvernig stendur á því, að stuðningsmenn ríkisstj. skuli leggja sig svo fram eins og raun ber vitni um að setja hér fram duldar meiningar um þetta mál? Á þessu kunna að vera tvenns konar skýringar og það mjög ólíkar. Fyrri skýringin er sú, að hv. þm. telji í raun og veru að Framkvæmdastofnun ríkisins, Byggðasjóður, hið svokallaða kommisarakerfi sé svo mikill grundvallarþáttur í okkar stjórnkerfi að það beri að taka til jafnrækilegrar umr. og gagnrýni og þeir hafa sett hér fram, vegna þess að það sé e. t. v. ein af þeim aðferðum sem beita þurfi til lausnar efnahagsvandanum, eða þá að það sé verið að setja hér á svið ákveðinn leik, meðvitað eða ómeðvitað, leik sem fyrst og fremst hefur það að markmiði að fela hinar raunverulegulegu byggðaaðgerðir þessarar hæstv. ríkisstj., að hefja hér upp deilur um form, stjórnarform á sviði sem greinilega skiptir ekki sköpum fyrir stjórnarstefnuna og þá sérstaklega byggðaaðgerðir hæstv. ríkisstj. Það hefur nefnilega komið fram, bæði í þessum umr. og eins í viðtali við hv. 3. þm. Austurl., Sverri Hermannsson, sem ég mun vitna til á eftir, að Framkvæmdastofnun ríkisins hefur alls ekki orðið sá ógnvaldur eða valdastofnun, sem henni var ætlað að vera, né heldur hefur hún fengið til ráðstöfunar fjármagn sem skiptir sköpum í byggðaþróun í landinu. Það kynni þó ekki að vera að meðvitaður eða ómeðvitaður tilgangur þessara umr., þar sem fyrst og fremst er deilt um embættisstjórn, stjórnarform á þessari tilteknu stofnun, sé að fela það að meðan hér á Alþ. eru slíkar deilur er ríkisstj. að halda áfram að búa sig undir enn stærri áfanga í byggðaröskun í landinu, — ekki byggðastefnu, heldur byggðaröskun?

Að vísu er mögulegt að fyrri skýringin sé að nokkru leyti rétt hvað einstaka þm. stjórnarfl. snertir. Það er mögulegt, að hv. þm. Ellert B. Schram og Guðmundur H. Garðarsson, sem tiltölulega nýkomnir eru hingað til þings til þess að halda uppi klassískum stefnumálum íhaldsins á Íslandi, séu ekki orðnir eins „verseraðir“ í lífsins ólgusjó og hv. þm. Ingólfur Jónsson og Sverrir Hermannsson, að þeir sjái ekki að þessi svokölluðu grundvallarstefnumál Sjálfstfl. um efnahagsstjórn á Íslandi samrýmast einfaldlega ekki veruleikanum. Ég hef ekki trú á því að hv. þm. Ingólfur Jónsson og hv. þm. Sverrir Hermannsson hafi ekki framfylgt stefnuyfirlýsingu Sjálfstfl. um að afnema þessa stofnun vegna þess að þeir séu einhver illmenni, vgena þess að þeir séu einhverjir svikarar, vegna þess að þeir séu, eins og hér hefur verið látið að liggja, jafnvel siðlausir. Ég held þvert á móti að ástæðan fyrir því, að þeir hafa ekki framfylgt þessari yfirlýstu stefnu Sjálfstfl., sé sú að það er ekki hægt að framfylgja henni. Hún er ekki í samræmi við veruleikann. Hún er óskhyggja frá liðinni tíð. Hún er 19. aldar hugmyndafræði. Hún samrýmist ekki þörfum íslensks þjóðfélags á síðustu áratugum 20. aldar. Hún samrýmist ekki því háþróaða og flókna þjóðfélagi sem við búum við, sem krefst skipulagshyggju og áætlanagerðar ef á að vera hægt að stjórna því á markvissan hátt og til að ná raunhæfum aðgerðum. Sú frjálshyggja, sem mótaði þessa stefnu Sjálfstfl. og hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson og Ellert B. Schram hafa vitnað til hér í sínum ummælum fyrr og síðar um þetta mál, er í besta falli draumsýn, í versta falli hrapalegur misskilningur og tímaskekkja sem þeir menn, sem Sjálfstfl. felur hin raunverulegu völd, sem því miður eru ekki hv. þm. Ellert B. Schram og Guðmundur H. Garðarsson, geta ekki framfylgt þegar þeir standa frammi fyrir veruleikanum. Þetta er skýringin.

Saga Framkvæmdastofnunar ríkisins á s. l. ári er enn eitt dæmið um það að stefna Sjálfstfl. í efnahagsmálum er ekki framkvæmanleg. Hún er ekki framkvæmanleg ef menn vilja ná þeim markmiðum sem felast í almennri efnahagsþróun íslenska þjóðfélagsins, bættum kjörum þegnanna og eflingu byggðarinnar um allt land. Til þess að ná þeim markmiðum þurfum við að taka upp skipulagsbundin vinnubrögð, áætlanagerð, rannsóknastarfsemi, samræmdar aðgerðir opinberra aðila og einkaaðila eða m. ö. o. þá stjórnarstefnu sem kennd hefur verið, eins og hv. þm. Jón Skaftason vitnaði til áðan, við skipulagshyggju.

Ég sagði áðan að það kynni að vera að einhverjir, sem þátt hafa tekið í þessum umr., og ég hef þar einkum í huga hv. þm. Tómas Árnason, sem eyddi löngu máli hér í mjög fróðlega lýsingu og nákvæma á starfsháttum, fundaaðferðum og öðrum vinnubrögðum í þessari stofnun, Framkvæmdastofnun ríkisins, að tilgangur þeirra með slíkum ítarlegum formumr. væri að fela það að varðandi byggðaþróun á Íslandi skipta aðgerðir Framkvæmdastofnunar ríkisins, hvort sem fundir þar eru haldnir með tveimur mönnum, einum eða fleirum, eins og við fengum ítarlegar lýsingar á hér í dag, skipta einfaldlega ekki máli, enda hefur hv. þm. og samstarfsmaður Tómasar Árnasonar, Sverrir Hermannsson, tekið endanlega af skarið hvað þetta snertir. Þegar hann var beðinn af ritstjóra Morgunblaðsins að ganga fyrir lesendur þess og stuðningsmenn Sjálfstfl., sunnud. 19. okt. s. l., og tjá sig um störf þessarar stofnunar, efnahagsstjórnina í landinu og byggðastefnu þessarar ríkisstj., þá var dómur Sverris Hermannssonar á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Byggðasjóður hefur á þessu ári til ráðstöfunar um 1 020 millj. kr., en það er eins og krækiber í helvíti ef miðað er við einokun Suðvesturlandsins á stórvirkjunum og stóriðju. Það“ — þ. e. a. s. þessar aðgerðir á Suðvesturlandi — „er mesta byggðaröskun af mannvöldum sem

þekkst hefur hér á landi bæði fyrr og síðar. Nú er landsbyggðinni haldið í teygju með góðu tali og breiðum yfirlýsingum um virkjanir á ýmsum stöðum úti á landi, svo að Suður- og Suðvesturlandið geti enn haldið fram einokun sinni á stórvirkjunum í Þjórsá og stóriðju við Faxaflóa, og þessar breiðu yfirlýsingar halda áfram, hvort sem vit er í eða ekki.“

Nú er ekki nema tvennt til. Annaðhvort fer hv. þm. Sverrir Hermannsson, sem gerst á að þekkja til þessara mála, með óráðsíuhjal, óábyrgar yfirlýsingar eða þá að þessi dómur hans er réttur. Ef þessi dómur þessa manns, sem ríkisstj. hefur falið að starfa á þessum vettvangi, sem hann er þarna að lýsa með eigin orðum, — ef hann er réttur, þá felur hann í sér einhver dapurlegustu og óhugnanlegustu stjórnmálatíðindi sem hér hafa komið fram nokkuð lengi, a. m. k. fyrir þá aðila og þá stjórnmálaflokka sem í raun og veru vilja eflingu byggðar út um allt land. Og það er skiljanlegt að hv. þm. Tómas Árnason skuli eyða nánast öllum ræðutíma sínum hér í nákvæmar lýsingar á fundahöldum og annarri tæknilegri starfsemi í Framkvæmdastofnun ríkisins án þess að víkja einu orði að þessum dómi og þessari yfirlýsingu samstarfsmanns síns, hv. þm. Sverris Hermannssonar. Og það er skiljanlegt, þegar maður hefur þessar yfirlýsingar í huga, að hæstv. forseti og ríkisstjórnarmeirihluti skuli vilja ljúka þessum umr. áður en hv. þm. Sverrir Hermannsson kemur hingað í d. á nýjan leik, því að þegar þm. Íslendinga lætur í aðalmálgagni sínu frá sér fara yfirlýsingar af þessu tagi og fleiri sem ég mun koma að hér á eftir, þá er skylda okkar að taka það til umr. hér á Alþingi Íslendinga því að við eigum að taka mark á þessum orðum. Við eigum að óska þess að fá á þeim ítarlegri rökstuðning, vegna þess að ef þau eru rétt, þá er hv. þingheimur eins og Lísa í Undralandi hvað þessar umr. eða almenn störf þingsins snertir. Og þá er engin furða þó að alþjóð fyllist stundum undrun yfir því að menn skuli yfir höfuð vera að eyða tíma sínum í að tala hér .

Ég hef ekki heyrt í langan tíma aðrar eða merkilegri yfirlýsingar frá þm. á Íslandi, hvað þá heldur stuðningsmanni þessarar ríkisstj. Ef þessar yfirlýsingar eru ekki teknar til ítarlegrar umr. á Alþingi Íslendinga, þá er Alþ. Íslendinga ekki alvörustofnun, á engan hátt, og þá taka þm. ekki a. m. k. hv. þm. Sverrir Hermannsson alvarlega.

Ég ítreka þess vegna enn frekar þá kröfu mína að þessum umr. verði fram haldið þar til hv. þm. Sverrir Hermannsson kemur á ný til þessarar d. En yfirlýsingar hans, afgreiðsla hans á stjórnarstefnunni í Morgunbl. 19. okt. var lengri, hún var enn merkilegri.

Það er búið að leggja hér fram á Alþ. nokkrar fsp. um virkjunarmál til hæstv. orkumrh. Nú veit ég ekki hvenær hann ætlar sér að svara þessum fsp. og ef hann svarar þeim, hvort svörin verða þá ekki hjúpuð þeim silkimjúku setningum og mér liggur við að segja — með fullri virðingu — orðhengilshætti sem á síðasta þingi einkenndu sum svör hans varðandi fsp. um orkumál. Þessar fsp. hafa verið settar fram og þeim verður væntanlega svarað. En hv. þm. Sverrir Hermannsson hefur þegar svarað þessum fsp. í Morgunbl. 19. okt. Hann hefur þegar gefið Norðlendingum og austfirðingum afdráttarlausar yfirlýsingar um það hvers þeir mega vænta í orkumálum á næstu árum. Og þessum yfirlýsingum þm. Austurl., aðalstjórnanda Framkvæmdastofnunarinnar, eins af helstu trúnaðarmönnum ríkisstj., þeim hefur ekki verið svarað, hvað þá heldur að þær hafi verið bornar til baka í málgögnum ríkisstj. Þær hafa verið látnar standa, þeim hefur ekki verið mótmælt vegna þess að þær eru sannar. Orkumrh. þarf ekki að standa upp og svara þessum fsp. því að þeim hefur þegar verið svarað með þeirri þögn sem málgögn stjórnarinnar og allir stjórnarliðar aðrir hafa sveipað um sig eftir að Sverrir Hermannsson gekk fram og sagði Norðlendingum og Austfirðingum umbúðalausan sannleikann um þeirra orkumál.

Af því að hv. þm. Páll Pétursson situr hér fyrir aftan mig langar mig til að lesa fyrir hann lýsingu hv. þm. Sverris Hermannssonar á virkjunarmálum í hans eigin kjördæmi, Norðurl. v., og ég skora á hv. þm. Pál Pétursson að bera á móti þessum yfirlýsingum ef þær eru ekki réttar. Ég skora á hann að koma hér upp og segja kjósendum sínum, Norðlendingum í vestari hluta þess landshluta, að það, sem Sverrir Hermannsson hafi sagt um fyrirætlanir ríkisstj. og plön orkumrh. sé ekki rétt. Þetta er búið að standa í 10 daga ómótmælt og það hefur vissulega vakið athygli í kjördæmi Páls Péturssonar. Það get ég fullvissað hann um. Norðlendingar láta ekki plata sig lengi, eins og hv. þm. ætti að þekkja af eigin raun.

Hv. þm. Sverrir Hermannsson segir orðrétt í Morgunblaðinu 19. okt.:

„Það er farið til Sauðárkróks og lýst yfir 150 mw. virkjun í Blöndu og Eykon, — það mun vera hv. þm. Eyjólfur K. Jónsson, 4. þm. Norðurl. v., samflokksmaður Sverris Hermannssonar, — „segir að þar myndist uppistöðuvatn til að að veiða í og koma upp áveitum til að rækta upp heiðalöndin. Það hlýtur að gerast með því að veita vatninu upp í móti annars væru þau gróin nú þegar. En nú fljúgast bændur á“ — og svo kemur perlan, með leyfi hæstv. forseta — „og Sjálfstfl. er laus allra mála og getur haldið áfram í friði að byggja stórt á suðvesturhorninu.“

„Sjálfstfl. er laus allra mála og getur haldið áfram að byggja stórt á suðvesturhorninu.“ Þá hafa menn það. (Gripið fram í.) Kannske er það Alberti Hall segir hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson. Kannske er það Sjálfstæðishúsið. Ég er ókunnugur þeim tónverkum, sem þeir Sjálfstæðismenn leika í kringum sitt hús, hvort það eru óratoríur eins og fluttar eru í Alberti Hall, eða hvort það eru hnefaleikar sem stundum eru einnig settir þar á svið. (Gripið fram í). Það er hvort tveggja, segir hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson. Hann ætti að þekkja það manna best. Kannske verður farið að selja inn í Alberti Hall Sjálfstfl. Kannske bændum í Norðurl. v. verði boðið suður til að fljúgast á, eins og hv. þm. Sverrir Hermannsson segir að hafi verið markmið Sjálfstfl. með virkjunarmálum í Norðurl. v. Þar hafa menn byggðastefnu Sjálfstfl. í orku-

málum, og ég skora á hæstv. orkumrh. þegar **hann kemur hér upp síðar í vetur til að svara þessum fsp., að mótmæla gagngert þessari yfirlýsingu ef hún er ekki rétt.**

Svo fer hv. þm. Sverrir Hermannsson nokkrum orðum um Kröfluvirkjun. **Ég veit nú ekki hvort má minnast á hana hér í þessum sal, en það kemur að því að það verður minnst á hana. Það er kannske líka sniðug pólitík að hafa falið Jóni G. Sólnes, hv. þm. Norðurl. e., yfirstjórn á Kröfluvirkjun. Það hefur kannske verið sams konar sniðugheitataktík eins og að láta bændur fara að fljúgast á í Norðurl. v. að láta Jón G. Sólnes fá framkvæmdafé í Norðurl. e. og bíða svo eftir því að það springi í loft upp líkt og Blönduvirkjun í áflogum bænda. Það kemur væntanlega í ljós hvort hv. þm. Jón G. Sólnes hefur látið hafa sig til þeirra verka. Hann er því miður fjarverandi hér, erlendis í London,** Honolulu eða Japan í erindum Kröfluvirkjunar, **a. m. k. er ekki að fljúgast á fyrir norðan. Það verður kannske einhvern tíma flogist á út af Kröfluvirkjun, og við skulum láta þau áflog bíða til síðari tíma. Það kann að verða dýrt hvert hnefahöggið í þeim slagsmálum.**

Hv. þm. Sverrir Hermannsson segir svo í lok þessara yfirlýsinga um orkumálin, Byggðasjóðinn, kækiberin í helvíti og það allt saman að hann hafi ekki þrek til að minnast á Borgarfjarðarbrúna, og það held ég að séu orð að sönnu. Ég held að hv. þm. ættu að tileinka sér þessi orð, allir þm., þar með talinn hæstv. samgrh., lýsi því yfir fyrir alþjóð að frá og með þessum degi hafi þeir ekki lengur þrek til að minnast á Borgarfjarðarbrúna. Ég er viss um að þjóðin mundi fagna þeirri yfirlýsingu. Menn verða að geyma minnismerki þangað til síðar. **Í þessu efnahagsástandi þjóðarinnar höfum við ekki efni á því að reisa minnismerki fyrir mörg hundruð millj. kr.**

Ég vék að því í upphafi þessarar umfjöllunar að það kynni að vera tilgangurinn með þeim löngu formumr., sem hér hafa verið hafnar, að draga hjúp yfir þessar raunverulegu aðgerðir í byggðamálum, að fela þá staðreynd, að fjárveitingar Byggðasjóðs, þótt miklar séu, eru sem krækiber samanborið við þær aðgerðir sem þegar hafa verið hafnar og er verið að hefja á suðvesturhorninu og ég skora á hv. þm. Tómas Árnason að koma hér upp og lýsa afstöðu sinni til þessara ummæla samstarfsmanns síns Sverris Hermannssonar. **Ef hann gerir það ekki, ef hann lætur þögnina tala, líkt og málgögn ríkisstj. hafa gert í þessu máli, þá stendur það eftir að Sverrir Hermannsson hafi talað fyrir hönd Framkvæmdastofnunarinnar í þessu máli,** því að þetta viðtal er haft við hann sem þm. og sem stjórnanda Framkvæmdastofnunarinnar, og ef ekki er borið á móti því af hálfu Tómasar Árnasonar, þá verða öll þessi ummæli og allt þetta viðtal túlkað sem stefna Framkvæmdastofnunar ríkisins, sjálfslýsing Framkvæmdastofnunarinnar, að hennar starfsemi líkist helst krækiberjum í helvíti. Og þá held ég að sé tími til kominn að við aukum við þann almenna titil, sem þessir ágætu starfsmenn hafa gengið undir, kommissarnir, og köllum þá héðan í frá krækiberjakommissarara. Það kynni að gefa okkur dálitla viðmiðun um það hve mikilvæg þeirra störf eru. Kommissar er stór titill. Hann er frægur úr rússnesku byltingunni. Þeir, sem hann báru, unnu stórvirki, og ef við förum að festa þann titil við stjórnendur þessarar stofnunar erum við að hjálpa fólki til að fela það að þeir eru ekki vinna nein stórvirki, þeir eru að leita að krækiberjum. Þeir eru á eins konar efnahagslegum berjamó á meðan skurðgröfurnar halda áfram að vinna sín verk fyrir stórvirkjanir og stóriðju á suðvesturhorni landsins.

Framkvæmdastofnun ríkisins var vissulega ætlað mikið verk. Það vill nú svo til að ég var á sínum tíma dálítið kunnugur því hvaða hugsun lá að baki þeim lögum sem sett voru um Framkvæmdastofnun ríkisins. Að baki þeim lögum lá virkilega sú hugsun að taka upp, eins og hv. þm. Jón Skaftason lýsti hér í dag, skipulagsbundin vinnubrögð, áætlanagerð í efnahagslífi íslendinga, forgangsröðun framkvæmda, eins og einn af forustumönnum þáv. stjórnarforustufl., Framsfl., orðaði það á sínum tíma. Það var lögð mikil vinna í að undirbúa þessa löggjöf, og það er alveg rétt að vinstri menn í landinu bundu við þessa löggjöf miklar vonir, á alveg sama hátt og íhaldsmenn í þessu landi óttuðust þessa löggjöf. Framkvæmdastofnun ríkisins var eins konar kristall sem sýndi mönnum hér í þingsölum haustið og veturinn 1971 hvar leiðir skildu milli raunverulegra fylgjenda skipulagshyggju og þeirra sem aðhylltust enn hinar úreltu kenningar efnahagslegrar frjálshyggju.

En staðreyndin varð því miður sú, eins og Sverrir Hermannsson réttilega lýsir í þessu viðtali í Morgunblaðinu, að Framkvæmdastofnunin varð í reynd allt annað en Framkvæmdastofnuninni var ætlað að vera í lögum. Hún varð ekkert sérstaklega stór eða öflug stofnun, og veikasti blekkur hennar var áætlanagerðin. Og hin ömurlegu mistök varðandi Framkvæmdastofnun ríkisins eru einmitt að það fjármagn, sem til hennar fór og til hennar fer og var ætlað að verða efnahagslegur bakhjarl raunverulegrar áætlanagerðar og skipulagshyggju í efnahagslífi íslendinga, varð, eins og hv. þm. Jón Skaftason hefur lýst, að klassískri útdeilingarpólitík íslenskra stjórnmálamanna, þannig að þessi tilraun til að koma á skipulagshyggju í íslensku efnahagslífi með Framkvæmdastofnun ríkisins, eins og hún hefur verið starfrækt til þessa, hefur mistekist. Og það er nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir því.

Framkvæmdastofnun ríkisins hefur, sérstaklega á s. l. ári, gengið enn frekar inn í hið klassíska lausungarkerfi íslenskrar efnahagsstjórnar, eins og Framkvæmdastofnunin sjálf hefur viðurkennt með kaflanum í ársskýrslu 1974 sem heitir Starfsemi áætlanadeildar og hv. þm. Jón Skaftason las hér upp fyrir þingheimi fyrr í dag. Ég þykist viss um að þessi kafli sé skrifaður af forstöðumanni áætlanadeildarinnar, þeim íslendingi sem einna mest hefur starfað að áætlanagerð á undanförnum árum og hefur haft forgöngu um að byggja upp skipulagsbundin vinnubrögð á því sviði. Og það vill svo til að ég er nokkuð kunnugur því brautryðjendastarfi sem þar hefur verið unnið, ég er nokkuð kunnugur þeim vonum sem þessir starfsmenn hafa bundið

við verk sín, bæði í nútíð og framtíð, og hvernig þeir hafa þurft að heyja baráttu við skilningsleysi og pólitísk sjónarmið yfirstjórnenda stofnunarinnar sem hafa fyrst og fremst litið á áætlanagerðina ekki sem efnahagslegt stjórntæki, heldur sem afsökun fyrir aðgerðaleysi eða hrossakaupum, því að það er staðreynd, sem nauðsynlegt er að líka komi hér fram, að áætlanadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins hefur verið notuð sem afsökun fyrir aðgerðaleysi á ýmsum sviðum, — aðgerðaleysi sem er ekki áætlanadeildinni að kenna, heldur pólitískum yfirstjórnendum hennar og öðrum pólitískum forustumönnum þjóðarinnar, að nauðsynleg framfaramál hinna dreifðu byggða hafa verið söltuð með því að vísa þeim í hina svokölluðu áætlanagerð hjá Framkvæmdastofnuninni. Það væri fróðlegt ef hv. þm. Tómas Árnason gæti upplýst okkur um það hér, vegna þess að ég tók ekki eftir því að það kæmi fram í þeirri yfirgripsmiklu og ítarlegu ræðu sem hann flutti hér fyrir nokkrum dögum og hélt áfram í dag, hvað eru margar áætlanir sem samþykkt hefur verið að láta áætlanadeild Framkvæmdastofnunarinnar gera. Þm. vill kannske upplýsa það strax. (TÁ: Þær eru margar.) Hvað margar? (TÁ: Ég hef ekki töluna alveg tiltæka, en þær eru mjög margar.) Þær eru svo margar að þeir hafa ekki einu sinni tölu á þeim lengur. (TÁ: Af ýmsu tagi.) Það er alveg rétt, þær eru af ýmsu tagi.

En kjarni málsins er sá að miðað við núverandi starfskrafta áætlanadeildarinnar mundu þeim ekki endast árin til aldamóta til að ljúka við allar þær áætlanir sem samþykkt hefur verið að gera. Hún hefur ekki nokkra minnstu möguleika til að vinna þótt ekki væri nema brot af öllum þeim áætlunum sem henni hefur verið falið. Og það er einn liðurinn enn í þessari stórkostlegu blekkingariðju, sem farið er að nota Framkvæmdastofnunina til að reka gagnvart landsbyggðinni í heild og fólkinu sem berst í bökkum í sjávarþorpum og sveitum þessa lands, að telja þeim trú um að það sé verið að sinna brýnustu hagsmunamálum þeirra á skipulagsbundinn hátt í áætlanadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins. Það er ekki verið að því. Allar yfirlýsingar hæstv. stjórnenda þessarar stofnunar og annarra í þessum efnum eru blekkingar, notaðar til þess að friða þetta fólk, til að þurfa ekki að gera neitt í málinu, til að geta komið sökinni yfir á einhvern annan, og það er alvarlegt mál. Það er alvarlegt mál, þegar íbúum Bakkafjarðar, íbúum Borgarfjarðar eystri, þegar íbúum í öðrum byggðarlögum á Austurlandi, þegar íbúum í Norður-Þingeyjarsýslu, þegar íbúum á Vestfjörðum er sagt að það sé verið að vinna að áætlun um þróun þeirra byggðarlaga. Þetta hljómar ósköp vel, þetta er málað fögrum litum, en staðreyndin er sú að það er ekki verið að gera neitt í þessum efnum, — ekki neitt. Það eru engir menn hjá Framkvæmdastofnun ríkisins sem eru að vinna að yfir 90% af þessum áætlunum. Og það hefur ekki verið gert ráð fyrir að nokkrir menn mundu vinna að þeim á næstu árum.

Það væri manndómslegra af stjórnendum þessarar stofnunar, og ég vona að Sverrir Hermannsson, hv. 3. þm. Austurl., fylgi hreinskilni sinni eftir og gangi næst fram og tilkynni þessu fólki að allar þessar yfirlýsingar um að það sé verið að vinna áætlanir um þeirra byggðarlög og framtíð þeirra séu blekkingar, vegna þess að það er hvorki til mannafli né gögn né nægileg sérþekking hjá áætlanadeildinni til að gera þetta. Það stafar ekki af viljaleysi þeirra manna sem vinna hjá stofnuninni, ég vil taka það skýrt fram. Þeir hafa gert sitt besta við ömurlega erfiðar aðstæður. En það er pólitískur viljaskortur stjórnvalda, sem m.a. á kannske að fylgja eftir með því að draga enn frekar úr starfsemi þessarar áætlanadeildar ef vilji hv. þm. Ellerts B. Schram og Guðmundar H. Garðarssonar nær fram að ganga. En það skulu þeir vita að í kringum Ísland eru þúsundir manna í dreifðum byggðum, sjávarþorpum og sveitum, sem hafa trúað þessum yfirlýsingum, sem hafa lagt allt sitt traust, sína framtíðarvon, sem halda áfram að búa í sinni byggð vegna þess að þeir trúa því að einhverjir sérfræðingar fyrir sunnan muni einn góðan veðurdag birtast með hina miklu áætlun um þeirra framtíð. (GHG: Þeir hafa nóg að gera úti á landi, hv. þm.) Það er rétt, hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson, að þetta fólk hefur nóg að gera. En þetta fólk á sér líka vonir og drauma um sín byggðarlög. (GHG: Og stendur við það.) Það vill ekki standa í stað. Nei, því miður, þá stendur það ekki við það. Spurðu hæstv. menntmrh. hvað hafi orðið af þessum 300 mönnum, sem bjuggu í hans heimasveit þegar hann kom fyrst á þing, og þeim 30 sem nú eru eftir. Farðu í Bakkafjörð, hv. þm., og ræddu við fólkið, — það er ekki nóg að ræða við vesturþjóðverja og breta, — ræddu við sjómenn í Borgarfirði eystra og Bakkafirði og annarsstaðar í kringum landið. Þá muntu komast að raun um að þetta fólk á sér drauma. Það á sér miklar framtíðarvonir um sín byggðarlög og það hefur sett allt sitt traust á, að yfirlýsingar um áætlanagerð í þágu þessara byggðarlaga séu annað en orðin tóm og það verði kerfisbundið unnið að því að byggja upp höfnina, byggja upp fiskiskipaflotann, byggja upp vegakerfið, byggja upp samgöngurnar við þeirra byggðarlög.

Það er ábyrgðarhluti fyrir hæstv. stjórnvöld í þessu landi að halda áfram að blekkja stóran hluta þjóðarinnar á þennan hátt. Það er miklu nær að koma þá hreinskilnislega fram og segja: Við höfum ekki mannafla í áætlanadeildinni til að vinna þetta, Framkvæmdastofnun ríkisins hefur ekki nokkra möguleika til þess að ljúka nema kannske 5% af öllum þeim áætlunum sem henni hefur verið falið að ljúka á næstu 10 árum og velja þá þær áætlanir sem mikilvægastar eru taldar.

Vestfirðingum hefur t.d. verið sagt að það sé verið að vinna að áætlun fyrir þá. Það vill svo til, að ég er dálitið kunnugur því efni. Sú áætlun verður ekki tilbúin fyrr en einhvern tíma á næsta áratug, ef hún verður tilbúin þá, ef ekkert verður að gert. Það var einn maður, námsmaður í sumarleyfi, að vinna að þeirri áætlun í sumar. Hann gat lítið gert. Svo hélt hann áfram sínu námi. Þá kom að vísu annar maður, en hann gat ekki haldið áfram því sem hinn var að gera, því að hann hafði ekki til þess sérþekkingu, og fór að gera allt annað.

Ég held að það væri gagnlegt fyrir hv. þm. Vestf. að ganga upp í Framkvæmdastofnun og í raun og veru ganga úr skugga um hvað er verið að gera varðandi Vestfjarðaáætlun. Það var á árum viðreisnarstjórnarinnar mjög frægt plagg sem hét Vestfjarðaáætlun og var eins konar draugur hér í þingsölum og leyniplagg um árarаðir. Ég vona fyrir vestfirðinga hönd að það fari ekki eins um þessa áætlanagerð.

Nei, staðreyndin er því miður sú að Framkvæmdastofnun ríkisins hefur algerlega brugðist því meginhlutverki, sem henni var ætlað að gegna, að vera kjarninn í skipulagsbundinni efnahagsstjórn á Íslandi, og í staðinn hefur hún tekið upp smáskammtalánapólitík klassiskra íslenskra stjórnmálastofnana, sem fjölmargar aðrar stofnanir í landinu stunda: bankar, fjárfestingalánasjóðir, og er í raun og veru engin breyting frá því ástandi sem áður var. Og af því að hv. þm. Tómas Árnason eyddi löngu máli hér í dag í að flytja okkur útþynntan fræðilegan fyrirlestur um mismunandi tegundir áætlanagerða, sem út af fyrir sig var gagnlegt fyrir hæstv. þingheim að fá að heyra, þá óska ég eftir því að hann komi hér aftur upp og hafi þá meðferðis itarlega lýsingu á öllum þeim áætlunum, sem Framkvæmdastofnun ríkisins hefur verið falið að gera, og segi okkur hreinskilnislega mat forstöðumanna deildarinnar á því hvenær hægt verði að ljúka þessum áætlunum, svo að fólkið í landinu fái að vita hvar það í raun og veru stendur.

Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson hélt hér fyrir nokkrum dögum í umr. um þetta mál athyglisverða ræðu um sjávarútveg á Reykjavíkursvæðinu. Það var út af fyrir sig margt satt í þeirri ræðu. Ég er sammála hv. ræðumanni um að það er nauðsynlegt að halda áfram að byggja upp sjávarútveg á höfuðborgarsvæðinu. En mér fyndist, að hann hefði mátt geta þess í sinni ræðu að það er verið að byggja hér upp — og langt á veg komið — stærsta og glæsilegasta frystihús í landinu, og þegar því verður lokið eftir 1—2 ár, þá verður hér í Reykjavík stærsta og glæsilegasta frystihús sem íslendingar hafa byggt. Og Reykjavík er vel sæmd af slíku frystihúsi. En þegar menn eru að gera úttekt á ástandi sjávarútvegs á höfuðborgarsvæðinu, þá má ekki gleyma því stórvirki sem er hér nokkur hundruð metra frá þinghúsinu, sérstaklega ekki vegna þess að hv. þm. hefði getað notað þetta frystihús sem ágætt dæmi um einkaframtakið á Íslandi. Þegar er nú orðið svo lítið um dæmi um ágæti einkaframtaksins á Íslandi, þá finnst mér að hv. þm. hefði ekki átt að gleyma þessu.

Það frv., sem hefur orðið tilefni þeirra víðtæku umr. um Framkvæmdastofnun ríkisins, byggðastefnu, byggðaþróun, áætlanagerð og annað slíkt, felur það í sér að breyting verði gerð á yfirstjórn stofnunarinnar og einum embættismanni verði falið verk þeirra tveggja eða briggja fulltrúa ríkisstjórnarflokka sem gegnt hafa þessu starfi frá upphafi stofnunarinnar. Ég get út af fyrir sig stutt það að sú breyting verði gerð. En ég er andvígur því að sú staða verði sett í sama sess og aðrar embættisstöður hjá hinu opinbera, líkt og ráðuneytisstjórastöður eða bankastjórastöður. Ég held að í þessa stöðu eigi að ráða menn til skamms tíma og þeir eigi að vera eins konar stjórnmálalegir fulltrúar valdhafanna í landinu, ekki stjórnmálamenn að atvinnu, ekki þm., en sérstakir stjórnmálalegir trúnaðarmenn valdhafanna í landinu.

Ég er þeirrar skoðunar að það sé nauðsynlegt fyrir lýðræðislega þróun á Íslandi að það verði haldið áfram á þeirri braut sem hafin var með breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, að ráðh. var gert kleift að hafa samferða sér í rn. sérstakan stjórnmálalegan trúnaðarmann. Það hefur verið talað mikið um embættismannakerfið á Íslandi. Við heyrðum í sjónvarpi í gærkvöld einn af aðalkóngum þess kerfis um árarаðir lýsa ágæti þessa kerfis og harma gagnrýni á það. Málið er ekki alveg svona einfalt. Þessi þróun á Íslandi hefur í sér fólgna mikla galla. Hún hefur í sér fólginn þann megingalla að stór hluti af valdinu í þjóðfélaginu er ekki bundinn neinni raunverulegri lýðræðislegri ábyrgð. Það eru valdaaðilar í þessu landi, í rn., í stjórnstofnunum og annars staðar, sem í krafti venju, sérþekkingar og annarrar stjórnkerfisaðstöðu hafa komið sér upp — ég segi ekki persónulega, heldur fyrir sínar stofnanir — valdaaðstöðu sem að litlu leyti er háð lýðræðislegu eftirliti eða jafnvel opinberri umr. í landinu. Og ég held að það væri vel þess virði fyrir Alþingi íslendinga að beita sér fyrir breytingum í þessu efni, — breytingum sem fælu það í sér að í ýmsum veigamestu stöðum embættiskerfisins yrðu ekki lífstíðarembættismenn, — ég segi ekki stjórnmálamenn og ég undirstrika það, — heldur sérstakir stjórnmálalegir trúnaðarmenn ríkisstj. hverju sinni, og Alþ. skapi sér þannig aðstöðu til þess að hafa meira eftirlit með aðgerðum embættiskerfisins með því að fela þm. að taka málefni þessara stjórnstofnana til eftirlits og umr. reglubundið og mjög itarlega.

Ég er þess vegna ekki fylgjandi því frv., sem hér hefur verið lagt fram af hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasyni o. fl., í óbreyttri mynd. Ég væri hins vegar reiðubúinn til samstarfs við hv. þm. um að gera breytingar á frv. sem fælu það í sér að staða þessa embættismanns yrði að nokkru leyti sérstök og líkari þeim pólitísku trúnaðarstöðum sem settar voru í stjórnarráðin, miðað við breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands fyrir nokkrum árum.

Ég hef eytt e.t.v. of löngum tíma hv. d. til þess að ræða um þetta litla frv. sem hér liggur fyrir. En það vill nú stundum verða þannig, eins og hv. þm. Jón Skaftason vék að hér fyrr í dag, að á miklum örlagatímum í lífi þjóða geta lítil mál kristallað það sem einna helst er í hnotskurn hvað örlög þjóðarinnar snertir á hverjum tíma. Og það væri ekki Alþingi íslendinga til sóma að eyða löngum tíma í að ræða um form þessarar stofnunar þegar það liggur ljóst fyrir að einn af aðalstjórnendum þessarar stofnunar, ábyrgur þm., einn af aðalvaldamönnum í stjórnkerfi landsins, hv. þm. Sverrir Hermannsson, hefur í viðtali við Morgunblaðið 19. okt. kveðið upp slíka dóma yfir stjórnarstefnunni í landinu að ef þeir eru réttir, þá hlýtur Alþingi íslendinga í vetur að haga

vinnubrögðum sínum á allt annan hátt en hæstv. ríkisstj. hefur lagt málin upp nú þegar. Því vil ég að lokum þessa máls ítreka þá beiðni við hæstv. forseta að þessu máli verði ekki lokið hér í kvöld, heldur gefist okkur tími til þess, þegar hv. þm. Sverrir Hermannsson kemur aftur í þessa d., ekki til að ræða við hann um hvort hann eigi að vera kommissar eða ekki kommissar, hvort kommissarastjórn hans sé siðspillt eða ekki siðspillt, hvort hann hafi svikið stefnu Sjálfstfl. eða ekki svikið stefnu Sjálfstfl., heldur ræða við hann um þær merkilegu, en efnislega ömurlegu yfirlýsingar sem hann hefur birt þjóðinni allri og íbúum landsbyggðarinnar sérstaklega, einkum norðlendingum og austfirðingum, í aðalmálgagni ríkisstj. Það eru þau mál sem við ættum fyrst og fremst að ræða í tengslum við byggðaþróun í landinu og umr. um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Hæstv. forseti. Ég vildi nú í upphafi máls míns að mjög greinilega gefnu tilefni gera aths. við málflutning síðasta ræðumanns, hv. varaþm. prófessors Ólafs Ragnars Grímssonar. Málflutningur hans snerist raunar alls ekki um frv. það sem hér liggur fyrir til umr., heldur var hann, að mér þótti, með heldur frauðkenndar málalengingar sem ekki komu málinu við. Og ég vil segja það að ég bið fyrir væntanlegum kvöldfundum hv. d. ef slíkum málflutningi verður haldið hér áfram.

Það hefur borið nokkuð á því hjá þessum hv. þm. og hans flokksbræðrum að þeir hafa tamið sér það, sem ég hef ekki orðið vör við hjá öðrum þm., að skora á samþm. sína, allt að því mana þá til að gefa þessar og hinar yfirlýsingar. Stundum hafa þær yfirlýsingar átt að fela í sér skuldbindingar ríkissjóðs upp á milljarða fjárútlát. Við sluppum nú vel frá því að því leyti í kvöld, að því fylgdu ekki slíkar áskoranir.

Ég á ekki langa þingmennsku að baki, en nokkurn samanburð hef ég þó, og ég get ekki hjá því komist að tjá mig á þá leið að mér finnst málflutningur af þessu tagi í senn óþinglegur, ábyrgðarlaus, heldur heimskulegur og fram úr máta leiðigjarn. Það var, eins og ég sagði áðan, lítið rætt um það mál sem hér lá raunverulega fyrir. Það bar mikið á sanngirni og tillitssemi og umhyggjusemi fyrir hv. 3. þm. Austurl., Sverri Hermannssyni, sem hér er ekki viðstaddur. En hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson lét sig þó hafa það að honum fjarstöddum að vitna í viðtal við hann í Morgunblaðinu sem gaf sannarlega tilefni til andsvara hins fjarstadda þm. sem hann hafði þá auðvitað engin tök á að hafa hér í kvöld.

Ég ætla ekki að orðlengja um þetta mál sem er þó í sjálfu sér stórmál þegar á allar hliðar þess er litið. Ég get sagt það strax að ég tel Framkvæmdastofnunina, eins og hún er rekin í dag, í því formi sem hún er rekin, ekki þá stofnun sem ætti að fara með þau mikilvægu mál sem henni eru falin. Ég vil hins vegar láta í ljós þá skoðun mína um staðhæfingar fullum hálsi um að í þessari stofnun eigi sér stað pólitísk spilling og valdníðsla, sem heyrst hafa í umr. um þessi mál, að vegna þess að engin dæmi né rök hafa verið færð fyrir þessum alvarlegu ásökunum, þá hlýt ég að álita að sú gagnrýni, meðan hún er ekki rökstudd, hljóti að verða léttvæg fundin.

Ég vil líka segja það, að í máli hv. 4. þm. Austurl., Tómasar Árnasonar, fannst mér koma fram mjög gagnlegar upplýsingar, tölulegar upplýsingar og staðreyndir, þó að hv. síðasti ræðumaður gæfi hans ræðu þá einkunn að hún væri útþynntur fræðilegur fyrirlestur. Ég veit að hv. 4. þm. Austurl. er ekki prófessor í einu né neinu, en mér fannst ég ekki verða á neinn hátt vör við það yfirlæti og rembing sem fram kom í málflutningi prófessorsins, og sé fjarri mér að meta ræðu Tómasar Árnasonar minna fyrir það.

Það eina, sem mér þótti í rauninni málefnalegt í ræðu hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, var það sem hann sagði um áætlanagerð Framkvæmdastofnunarinnar. Ég veit vel að henni er enn sem komið er mjög ábótavant, og það hefur verið lesið upp úr ársskýrslu Framkvæmdastofnunarinnar lýsing á þeim vinnubrögðum sem þar væru viðhöfð og ég hugsa, því miður, að sé rétt. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson rakti nokkrar ástæður fyrir því. Hann hugði þær mundu vera m. a. mannfæð, skortur á sérmenntuðum mönnum, og þar hygg ég að sé stærsta ástæðan fyrir því hvað okkar áætlanagerð miðar sorglega hægt. Stofnunin hefur verið í mannahraki og hefur alls ekki annað þeim verkefnum sem fyrir henni liggja.

Prófessorinn minntist á Vestfjarðaáætlun, og mér verður nú á að vitna í umrædda skýrslu Framkvæmdastofnunarinnar þar sem sagt er að Vestfjarðaáætlunin sé nú í fullum gangi, og það hýrnaði yfir mér er ég sá þessa staðhæfingu í svo trúverðugu plaggi sem ég vildi álíta þessa ársskýrslu. Ég er hrædd um að þarna sé nokkuð stórt upp í sig tekið, og ég viðurkenni það fúslega að ég er áhyggjufull yfir framgangi þeirrar áætlunar sem annarra landshlutaáætlana sem bíða úrvinnslu og meðferðar hjá þessari stofnun. Ég vil hins vegar ekki láta ógert að minna prófessor Ólaf Ragnar Grímsson á að Vestfjarðaáætlun er þegar komin í framkvæmd að nokkru leyti, og á ég þá við vegáætlun Vestfjarða sem honum eins og mér er vel kunnugt um að er nú framkvæmd að miklu leyti og henni eigum við að þakka okkar góðu vestfirsku fjallvegi, eins og þeir eru í dag, þannig að óþarfi er að gera lítið úr þeim þætti hennar. En vissulega eru enn margir þættir atvinnu,- félags- og menningarmála Vestfjarða sem bíða óleystir hvað áætlanagerð snertir.

Mig langar til að víkja aðeins að ræðu hv. 6. landsk., Guðmundar H. Garðarssonar, sem gerði Framkvæmdastofnunina að umtalsefni og þá aðallega Byggðasjóðinn. Hann vitnaði í og var **sár og gramur yfir þeirri staðreynd að á s. l. ári** hefði lán til Reykjavíkur verið eitt og það hefði numið 1.1% af lánveitingum Byggðasjóðs. Þetta er staðreynd og þetta er eðlileg staðreynd. Ég skil satt að segja ekkert í hv. þm. sem gera sig seka um að opinbera jafnmikinn misskilning á

eðli þessa máls eins og kom fram í málflutningi hans og raunar líka 4. þm. Reykn., hv. þm. Jóns Skaftasonar. Við vitum öll jafnvel til hvers Byggðasjóður var stofnaður. Hann var stofnaður til mótvægis við þann geigvænlega fólksflótta sem átti sér stað úr öllum byggðarlögum landsins til Reykjavíkur og Reykjavíkursvæðisins. Þetta benti Tómas Árnason mjög rækilega á í ræðu sinni í dag og þarf ég ekki að endurtaka það í löngu máli hér. En þetta er mergurinn málsins, enda vitnaði hv. 6. landsk., Guðmundur H. Garðarsson, í lög um Byggðasjóð þar sem stendur skýrum stöfum að til hans hafi verið stofnað til þess að koma í veg fyrir að lífvænleg byggðarlög leggðust í eyði.

Þarna erum við komin að kjarna málsins. Það var aldrei meiningin að Reykjavík og Reykjavíkursvæðið nytu nokkurrar fyrirgreiðslu úr Byggðasjóði. Það var leitt að 6. landsk. var ekki hér og heyrði það sem ég sagði um hans ræðu. En ég ætlaði að halda áfram aðeins að gera aths. við ræðu Guðmundar H. Garðarssonar. Hann benti á þetta 1.1% sem honum fannst heldur lítill hlutur Reykjavíkur í lánveitingum Byggðasjóðs. Ég ætla ekki að endurtaka það sem ég sagði um það nú á síðustu mínútu. Mér verður hins vegar á að benda hv. þm., sem tala í sama tón um hlutverk Byggðasjóðs, að fletta upp t. d. í skrá yfir lánveitingar frá Byggingarsjóði ríkisins. Þar verður nokkuð annað uppi á teningnum. Ég hef hér skrá yfir lánveitingar úr Byggðasjóði ríkisins á árunum 1972—1974. Ég held, að ég þurfi ekki að taka nema síðustu tvö árin, það gefur nægilega gott sýnishorn af þeim tölum sem þar koma fram.

Árið 1973 er heildarlánaupphæð 1 milljarður 262 millj. 395 þús., þ. e. a. s. 1 262 millj. Af þessum 1 262 millj. fær Reykjavík í sinn hlut 642 millj. 615 þús. sem gerir 45.40%. Reykjaneskjördæmi fær á þessu ári af sömu upphæð 343 millj., þ. e. a. s. 24%. Þessi tvö kjördæmi, Reykjavík og Reykjaneskjördæmi, fá á árinu 1973 78% af lánum Byggingarsjóðs. Árið áður nam prósentutala þessara tveggja kjördæma 81.5%. Þetta er allstór hlutur úr þessum mikilvæga sjóði. Á þessum árum var ekki einu sinni komin til löggjöf um leiguíbúðir útí á landi, sem varð til er landsbyggðin vaknaði við vondan draum um hvað var að gerast í húsbyggingarmálum þjóðarinnar. Húsnæðisvandi landsbyggðarinnar er eitt af hennar mestu vandamálum í byggðalegu tilliti. Það er staðreynd að margt ungt fólk hefur nú upp á síðkastið fullan hug á því að koma sér burt héðan úr þéttbýlinu á suðvesturhorni landsins og út í hin strjálbýlli héruð, jafnvel hin allra strjálbýlustu. Það hefur oft á tíðum strandað á þeirri gallhörðu staðreynd að það er ekki húsnæði til að taka við þessu fólki sem gjarnan vildi flytjast héðan frá Suðvesturlandi og út á landsbyggðina. — Þetta var fyrir árið 1973, en ég skal ekki fara út í tölurnar 1974, en samsvarandi prósenta, þ. e. a. s. hlutur þessara tveggja kjördæma, Reykjaness og Reykjavíkur, er í lánveitingum þessa sjóðs, Byggingarsjóðs ríkisins, 70%. Það hefði verið eðlilegt að fá þessar tölur og e. t. v. dálítið uppörvandi fyrir reykvíkinga að heyra þessar tölur við hliðina á 1.1% úr Byggðasjóði.

Sama verður uppi á teningnum ef ég tek Byggingarsjóð verkamanna, útlán til verkamannabústaða. Þar var á árinu 1974 veitt heildarupphæðin 326 millj. 104 þús. kr. Af þessum 326 millj. koma 210 millj. eða 64.40% í hlut Reykjavíkur. Reykjaneskjördæmi er þar með allmiklu minna eða 8.6%

Ég hirði ekki um að fara út í fleiri sjóði til þess að sýna svart á hvítu að Reykjavík og Reykjanessvæðið þurfa ekki að kvarta yfir því að verða afskipt í opinberum fjárveitingum miðað við landsbyggðina. Sannleikurinn er sá, eins og við vitum öll, að það lá um tíma við landeyðingu í fjölda byggðarlaga, — það lá við landeyðingu. Og enn í dag er ástandið þannig að byggðin er það grisjuð orðin, að ef eitt eða tvö býli hverfa úr byggð í sumum þessara byggðarlaga, þá er brostinn á enn meiri flótti heldur en hefur orðið hingað til. Þess vegna er það ekkert hégómamál þegar talað er um jafnvægi í byggð landsins og nauðsyn á því að stöðva þá stórkostlegu byggðarröskun sem átti sér stað á árunum 1950—1970. Það er **þjóð**arnauðsyn ef við ætlum á annað borð að hafa landið allt í byggð. Það er raunar mark sem ég veit að allir eru einhuga um að keppa að.

Hv. þm. Jón Skaftason þótti það mjög miður eða ekki fékk ég skilið málflutning hans öðruvísi en honum þætti miður að nú hefði þróunin allt að því snúist við, nú væri fjölgunin yfir landið orðin meiri en á Reykjavíkursvæðinu. Þetta er staðreynd. Í ársskýrslu Framkvæmdastofnunarinnar er skrá yfir fólksfjölgun á landinu á árunum 1973 og 1974. Höfuðstaðarsvæðið er þar með fjölgun 2.02%, Reykjanessvæði 4.45%, Suðurland án Vestmannaeyja 6.16%, en ef litið er á allt landið í þessu tilliti, þá er fólksfjölgun 2.53%, þ. e. a. s. heildartalan er fyrir ofan Reykjavík, töluvert miklu fyrir neðan Reykjanessvæðið, svo að hv. þm. má hugsægjast þegar hann hugleiðir þá staðreynd, og mjög miklu fyrir neðan Suðurland sem er með 6.16% fjölgun á móti 2.55% sem heildarfjölgun yfir allt landið. Mér finnst þetta gleðileg þróun, ég held ekki bara fyrir landsbyggðina, heldur ekkert síður fyrir Reykjavík. Ég veit að reykvíkingar hafa áhyggjur út af ýmsum hlutum fremur en þeim að þessi stanslausi, yfirþyrmandi fólksstraumur sé stöðvaður til borgarinnar. Ég þarf ekki að orðlengja það, að það skapaði Reykjavíkurborg risavaxinn vandamál, sem hún átti fullerfitt með að axla, meðan fólksflutningurinn var hvað mestur frá landsbyggðinni.

Um Fiskveiðasjóðinn gerðist hv. 6. landsk. Guðmundur H. Garðarsson nokkuð fjölyrtur og honum þótti hlutur Reykjavíkur harla lítill þar líka. Ég vil biðja minn ágæta samherja að gera sér grein fyrir þeirri augljósu staðreynd að atvinnulíf hér í Reykjavík er gróflega ólíkt þeim stöðum úti á landi sem byggja alla sína afkomu á fiskveiðum. Hér í Reykjavík er miðstöð iðnaðar, verslunar og hvers konar þjónustu. Sjávarþorpin okkar mörg úti á landi hafa svo sem ekkert annað að byggja sitt lífsviðurværi og lífsafkomu á heldur en fiskinn, fiskvinnslu, fiskiskip, þannig að það er engin goðgá þó að Fiskveiðisjóður styðji þessa staði fremur til sjálfs-

þjargar heldur en Reykjavík með hennar fjölbreytta atvinnulíf sem mörgum stoðum er skotið undir umfram landsbyggðina. Þó er hlutur Reykjavíkur í útlánum Fiskveiðasjóðs ekki hverfandi lítill. Svo að ég taki beint upp úr ræðu hv. 6. landsk., þá eru þó á árinu 1972 8.6% af útlánum Fiskveiðasjóðs sem koma í hlut Reykjavíkur, eða 108 millj. Árið 1973 er prósentan 13.2%, þá fékk Reykjavíkurborg 296.5 millj. úr Fiskveiðisjóðnum. 1974 fellur að vísu þessi tala mjög langt niður og ég skil vel áhyggjur Reykjavíkurþm. út af því að þarna verður, að mér sýnist, miðað hin árin, óeðlilega mikið fall niður á við í þessum lánum frá Fiskveiðasjóði.

Í Atvinnuleysistryggingasjóðnum, ef við hverfum til hans, er hlutur Reykjavíkur ekki heldur hverfandi lítill. Hann er árið 1972 27.1%, árið 1973 29.3% og árið 1974 42.8%, sem er þó 2% hærra en íbúaprósenta Reykjavíkur miðað við alla þjóðina, en hann mun vera um 40% í dag.

Ég skal ekki orðlengja þetta miklu frekar. Ég hef fátt uppbyggjandi til málanna að leggja um form Framkvæmdastofnunarinnar. Mér sýnist að það hafi farið með hana eins og svo víða hjá okkur að það hefur vaxið upp þarna bákn, óþarflega flókið, og hefði e. t. v. mátt leysa verkefni hennar í öðrum stofnunum sem þegar voru fyrir, enda er það staðreynd að sumar stofnanir, sem fóru með þessi mál áður, hafa hreinlega verið lagðar niður. Hvort ástæða var til þess að hverfa að stofnun Framkvæmdastofnunar, það læt ég ósagt um, þó að mér sé nær að ætla að þessi stofnun eigi ekki skilið allt það moldviðri og og fjaðrafok sem búið er að gera út af henni. Hinir þrír pólitísku kommissarar, það var að vísu mjög ógeðfelld vinnuaðferð, það þótti mér í einlægni sagt. Hitt skulum við þó hafa í hyggju, að vitanlega er efnahagsmálum þjóðarinnar stjórnað samkv. stefnu þeirri sem ríkisstj. hverju sinni markar, þannig að það þarf ekki að koma neinum á óvart þó að í slíkri stofnun sé pólitísk stjórn í þeim skilningi að þessi stofnun hlýtur að framfylgja stefnu þeirrar ríkisstj. sem situr hverju sinni.

Ég sé ekki betur en að frv. sem hér liggur fyrir, geri enn ráð fyrir að ríkisstj. skipi aðalframkvæmdastjóra þessarar stofnunar, en formið er öðruvísi, og ég þarf ekki að fara að skýra það út fyrir hv. þm. d., þeim er jafnvel kunnugt um það og mér. Án þess að ég ímyndi mér að það væri nokkurt lausnarorð í þessu efni, þá finnst mér þó sá háttur geðfelldari og eðlilegri en að hafa þm. í þessum framkvæmdastjórastöðum. Og óheppilega og óeðlilega vill það til að það séu tveir þm. úr sama kjördæmi. Það er óheppileg staðreynd. Ég vil jafnframt taka fram að ég lýsi yfir fullu trausti á þá tvo menn sem gegna þessum framkvæmdastjórastöðum í dag sem sennilega ættu ekki að vera þó til. En ég tel að í árásum þeim, sem orðið hafa á þessa stofnun, hafi þeir orðið fyrir ómaklegum árásum. A. m. k. vil ég ekki taka þær gildar, þá gagnrýni og það ámæli sem þeir hafa hlotið, fyrr en ég heyri það betur rökstutt.

Það hefur verið talað um hreppapólitík, ríg og togstreitu í þessum umr. hér á þingi. Oft var þörf, en nú er held ég brýn nauðsyn á að alþm. hefji sig upp yfir slíkt, ríg, togstreitu og hreppapólitík. Við höfum nú nýverið fengið til meðferðar og afgreiðslu frv. til fjárlaga sem ekki má hækka í meðförum þingsins, þ. e. a. s. eigi okkur að takast að bægja frá þeim efnahagslega voða sem vofir yfir íslensku þjóðinni. Ég þarf ekki að útlista þann vanda hér, það hefur verið gert á undan mér áður og betur en ég fengi orðum að komið. Það er því gefið mál að fjárlagaafgreiðslan í ár er ekkert tilhlökkunarefni. Það mun reyna meir, að ég hygg, en nokkru sinni áður á skilning, sanngirni og yfirsýn þm. gagnvart þeim vanda sem við stöndum frammi fyrir í dag. En sem þm. strjálbýliskjördæmis sem á í byggðalegu tilliti í vök að verjast og er eina kjördæmi landsins sem enn stendur frammi fyrir fólksfækkun, — sem slíkur strjálbýlisþm. vil ég að lokum lýsa því yfir að ég hlýt að trúa því og treysta að sanngjörn og rökstudd byggðastefnusjónarmið muni fá byr hér á Alþ. við fjárlagaafgreiðsluna sem og áfram í þingstörfum, það muni fá þann byr sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur heitið þessu máli.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Nú stendur svo á að hv. 1. flm. þessa máls, hv. 9. þm. Reykv., hafði kvatt sér hljóðs, en hann er nú ekki lengur í húsinu, og allir flm. málsins hafa raunar óskað þess að umr. verði nú frestað, og ég sé mér ekki fært annað en verða við því. En vegna athugasemda, sem fram hafa komið um að til þessa fundar hafi yfirleitt verið stofnað svona snemma á þessu þingi, vil ég taka það fram nú strax að ég hef í hyggju að haga vinnubrögðum svo sem forseti þessarar d. að ef umr. um einhver dagskrármál dragast úr hömlu, þá verði strax snemma á þingi gripið til þess að halda kvöldfundi og ljúka málum svo að þau komist til nefnda. Það hefur mikil gagnrýni verið uppi höfð á störf Alþ. á undanförnum árum að mál séu geymd þar til örskömmu fyrir þinghlé eða þinglok og vilji þá allt fara í húnt um vinnubrögð. Með þessum hætti mun ég reyna að stuðla að því að bæta vinnubrögð Alþ., að við reynum að ljúka málunum og vera við því búin að öðru hvoru verði haldnir kvöldfundir til að ljúka umr. sem dregst úr hömlu. Ég leyfi mér að vænta þess að hv. þdm. sýni þeirri viðleitni skilning og býst við góðu samstarfi af þeirra hálfu.

Sameinað þing, 10. fundur.

Fimmtudaginn 30. okt., kl. 2 miðdegis.

Endurskoðun fyrningarákvæða, þáltill. (þskj. 34). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Sveitavegir á Austurlandi, þáltill. (þskj. 21). — Ein umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 21 að flytja till. til þál. um

úttekt á kostnaði við sveitavegi á Austurlandi, svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta framkvæma úttekt á því verkefni að gera greiðfæra sem vetrarvegi þá vegi í sveitum á Austurlandi sem afgerandi þýðingu hafa fyrir atvinnurekstur bænda (mjólkurflutninga). Í úttektinni skal einnig miðað við aukna þörf á flutningum skólabarna.

Úttektin verði falin Vegagerð ríkisins og um hana haft fullt samráð við Búnaðarsamband Austurlands.

Í framhaldi af niðurstöðum úttektarinnar verði ítarlega kannað hvort ástandið í þessum málum með tilliti til mjólkurframleiðslu í fjórðungnum gefi tilefni til séráætlunar um uppbyggingu þessara vega.“

Menn munu eflaust segja að það sé nú að bera í bakkafullan lækinn að fara fram á enn eina áætlanagerðina, og í raun nýja séráætlun í vegamálum fyrir tiltölulega lítið svæði, tiltölulega ómerkilegt mál. Við vitum að áætlanagerðir af ýmiss konar tagi og langar og miklar skýrslur þar að lútandi eru að verða eitt af einkennum okkar stjórnskipulags og athafna allra, og síst vil ég mæla í mót skipulögðum vinnubrögðum sem aðeins eiga, ef rétt er á haldið, að auðvelda alla framkvæmd mála, auka hagkvæmni þeirra og leiða til réttari vinnubragða. Því er hins vegar ekki að leyna að hér fjalla oft um þeir er kunna að vísu til verks menntunarlega séð, en skortir tilfinnanlega reynslu og þá kannske fyrst og fremst hæfileika eða vilja til að hafa samband við eða nema af þeim sem af eigin raun kunna skil á þeim vanda sem leysa á. Áætlanagerð án fulls samráðs við þá, sem áætlunin á að þjóna, á í raun að vera óhugsandi.

Þessu mun á annan veg varið með Vegagerð ríkisins. Hún hefur, að því er ég best veit, unnið að verkefnum sínum í góðu samráði við þá aðila er þau verkefni eiga að þjóna. Vegagerðin hefur einmitt tekið upp þá skynsamlegu stefnu að dreifa út í fjórðungana verkfræðingum sínum, og þó að valdsvið og verkefni þeirra mætti vera meira afgerandi en í dag, þá stendur það væntanlega til bóta. Ég ræði um Vegagerð ríkisins sérstaklega vegna þess að að sjálfsögðu yrði henni falið það verkefni, sem hér um ræðir, og jafnframt fylgir kvöð um fullt samráð við þann aðila heima í héraði sem gleggst til þekkir, þ. e. a. s. Búnaðarsamband Austurlands.

Um þróun vegamála okkar og framkvæmda í þeim mætti margt ræða. En þó mun það óumdeilanlegt að verkefni af því tagi, sem hér um ræðir, verða aftarlega í röðinni á þessum tímum hraðbrauta og hringvegarframkvæmda, einkum þó þegar svo er komið að helmingur vegafjár fer beint til þess að leggja bundið slitlag á vegi. Því minna kemur til skiptanna í hina almennu vegi, einkum úti í hinum afskekktari landshlutum, og þar verða svo verkefni eins og sveitavegirnir oftlega út undan vegna mikillar þarfar á ýmsum öðrum sviðum, m. a. þar sem samtenging þéttbýlisstaðanna hefur verið jafnslæm og raun ber vitni og sumir fjölmennir staðir hafa búið og búa enn við ótrúlega einangrun mikinn hluta ársins. Allt hnígur þetta að því að of lítið fjármagn verður til þess að sinna aðkallandi verkefnum af því tagi sem ég er hér að fjalla um.

Úttekt sem þessi kann að virðast allvandasöm sakir þess að viðmiðun er ekki nógu ljós, spurningin um greiðfæra vetrarvegi sé erfið til andsvara afdráttarlaust. En ég veit að þeir vegagerðarmenn kunna það vel til verks að þeir vita svona nokkurn veginn hvað verið er að fara fram á. Þeir hafa þurft að berjast við þennan vanda og vita áreiðanlega hvar skórinn kreppir helst.

Ég ræddi við umdæmisverkstjórann okkar eystra á dögunum um þetta mál. Hann kvaðst sammála því að verkefni eins og þetta yrði tekið til rækilegrar athugunar. Hér væri um einn erfiðasta þáttinn að ræða í þeirra störfum yfir veturinn og úrbætur þyldu að sínum dómi enga bið. Hann kvaðst vita fullvel að þessi verkefni hefðu setið á hakanum, en jafnviss væri hann um að gott átak í þessum málum mundi spara í framtíðinni mikið fé og fyrirhöfn, bæði fyrir þá hjá Vegagerðinni og bændur almennt. Þarna hefðu sveitarfélögin oft reynt að koma inn í af veikum mætti, en allt væri það ónóg og nánast óraunhæft þegar almennt ástand veganna væri slíkt sem það er.

Þetta voru orð Egils Jónssonar, sem gerþekkir þessi vandamál í um það bil 20 ára starfi sínu eystra sem umdæmisverkstjóri. Ég vildi gjarnan koma þeim hér að í formálsorðum fyrir þessari till.

Þó að hér kunni í fljótu bragði að virðast um víðtækt og illa sundurgreint verkefni að ræða er svo ekki ef betur er að gáð, einkum fyrir þá sem til þessara mála þekkja. Hér yrði, ef vel væri að staðið, um tiltölulega afmörkuð verkefni að ræða, allviðamikil að vísu, en þá ber þess að gæta, að úttektaraðilinn, Vegagerð ríkisins, hefur í dag tiltölulega góðar upplýsingar um ástand þessara vega og grófar kostnaðaráætlanir liggja fyrir um mikilvæga þætti nú í dag. Að tveim höfuðástæðum er vikið í till., en þó er fyrri ástæðan sú sem í dag þarf að taka aðalmið af.

Hin ástæðan og sú, sem á eftir að koma enn skýrar inn í þessa mynd, er varðandi flutning skólabarna sem eykst stöðugt, ekki hvað síst með breyttri námstilhögun og auknu námi samkv. nýjum lögum. Við skulum gera okkur þess ljósa grein að fólk sættir sig ekki við að búa í einangrun og öryggisleysi í dag. Við skulum einnig minnug þess að með grunnskólalögunum var stefnt að auknu jafnrétti til náms, þannig að búseta hefði sem minnst áhrif á möguleika til að afla sér nauðsynlegustu grunnmenntunar. Ef framkvæmdin á að vera í samræmi við fyrirheitin verður að leysa mjög víða bein samgöngumál, sem í dag standa algerlega í vegi — í þess orðs fyllstu merkingu — fyrir jákvæðri þróun skyldunámsins, að ekki sé nú talað um nauðsynleg tengsl heimila og skóla og foreldra og nemenda kannske fyrst og fremst. Þessi þáttur ætti að vera mönnum ljósari en svo að um hann þurfi langt mál, enda vissa mín sú að einmitt þau vandamál sem að er vikið í till., muni verða hvað fyrst í röðinni ef standa á við fyrirheit laganna. Ég mun því aðallega víkja

að samgönguvandamálinu út frá atvinnulegu sjónarmiði, búskaparsjónarmiðinu, því að hitt hlýtur að knýja þannig á innan fárra ára að engan veginn verði undan vikist.

Fyrir um það bil tveimur áratugum var sauðfjárrækt afgerandi aðalþáttur í búskap á Austurlandi, mjólkurframleiðsla til sölu var sáralítil í flestum sveitum. Á þessu hefur orðið mikil breyting á þessum tveim áratugum, en á síðustu árum hefur þar orðið nokkur stöðnun, hefur sums staðar dregist saman, svo að hætta er nú á að um skort á mjólkurafurðum verði að ræða innan skamms tíma og er þegar orðið nokkurt vandamál. Tillöguflutningur minn er í nánum tengslum við þessa staðreynd. Sannleikurinn er vitanlega sá að sveitir Austurlands eru misjafnlega settar hvað snertir skilyrði til annars vegar sauðfjárræktar og hins vegar kúabúskapar. Víða hefur þessi þróun í átt til aukinnar mjólkurframleiðslu, sem gerðist á 6. og 7. áratugnum, gerbreytt búskaparaðstæðum og efnahagsástandi fjölmargra bænda á hinn jákvæðasta hátt. Öll þróun til baka í þessa átt er bændastéttinni eystra mjög óhagstæð og sérstaklega ýmsum bændum í þeim sveitum sem hættast standa.

Samdráttur í mörgum sveitum í mjólkurframleiðslu nú á síðustu árum stafar einfaldlega af því að tilraunir í þá átt að auka þessa búgrein á undanförnum árum hafa að allt of miklu leyti strandað á samgönguþættinum og orðið til þess að aftur hefur verið horfið að sauðfjárrækt í þeim sveitum sem þó ættu að hafa öll skilyrði betri til mjólkurframleiðslu. Rétt er að mikla ekki fyrir sér þá óskaplegu erfiðleika sem síðasti vetur hafði í för með sér. Við hljótum að vona að hann hafi verið einstakur hvað snjóalög og snjókyngi snertir. Þó er fyllilega rétt að taka tillit til þess engu að síður sem staðreyndar er vissulega þarf ekki að vera neitt einsdæmi.

Ég skal hér vitna í nokkrar ótvíræðar heimildir sem ég hef fyrir nauðsyn átaks í þessum efnum. Í þeirri merku bók, Sveitir og jarðir í Múlaþingi, er svo ritað af heimamönnum um tvær þær sveitir er ég tilgreini sérstaklega í grg. Um Jökulsárhlíð segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Síðustu 10—15 ár hefur kúm fjölgað nokkuð og mjólkursala í Mjólkurbú Kaupfélags héraðsbúa að Egilsstöðum orðið umtalsverður liður í búrekstri margra bænda. Ótryggar vetrarsamgöngur eru þó verulegar hömlur á aukna mjólkurframleiðslu hér."

Þessari tilvitnun hefur verið fylgt sérstaklega eftir með bréfi til okkar þm. Austurlands frá öllum íbúum þessarar sveitar, þar sem farið er fram á nýjar úrbætur í samgöngumálum, og leyfi ég mér að vitna hér í bréf þetta orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Við undirritaðir íbúar Hlíðarhrepps viljum vekja athygli á því hve vegurinn frá Jökulsárbrú um Heiðarenda er oft ófær vetrarmánuðina vegna snjóa og skafrennings hinnar illræmdu dalgolu sem eingöngu er á Norður-Héraði og hvergi er verri viðfangs en á þessum stað. Þar sem sjáanlegt er, að mjög erfitt yrði að gera þarna vetrarfæran veg sem treysta mætti til öruggra samgangna um Hérað, viljum við benda á eftirfarandi:

1. Að brú verði byggð á Jökulsá nálægt Breiðumörk II eða Surtsstöðum.

2. Frá umræddri brú verði lagður vegur á Hróarstunguveg, sem er aðeins snertispölur, lauslega áætlað 1.5 km.

3. Auk þess má benda á að Lagarfossbrú og Hróarstunguvegur um Kirkjubæ eru þegar fyrir hendi í umræddri framkvæmd og vegur frá Lagarfossbrú á Út-Héraðsveg er á fjárlögum fyrir næsta ár. Það er að vísu aðeins sá kafli. Einnig er fullvist að auðvelt er að halda þessum vegi ökufærum vetrarmánuðina."

Þannig lýkur þessu bréfi, og það er rétt, sem hér segir í niðurlaginu, að það er tiltölulega auðvelt að halda þessum vegi ökufærum miðað við þann veg sem þeir þurfa nú að búa við. En það er auðvitað rétt að taka síðustu fullyrðinguna með þeim fyrirvara og með þeim fyrirvara einnig að það þarf að gera verulegt átak einmitt á þeim vegi sem þeir benda á til þess að það verði, eins og þeir segja, auðvelt að halda honum ökufærum vetrarmánuðina. Að sjálfsögðu væri rétt að taka þennan möguleika með í þá úttekt sem hér er farið fram á, en allt bendir til þess að hér sé um raunhæfustu úrbæturnar að ræða, þótt dýrar kunni að reynast í stofnkostnaði. Til viðbótar þessu kæmi þá um leið sá möguleiki, ef út í hann yrði farið, að nýr vegur yrði lagður frá Vopnafirði til Héraðs. Þá kæmi þessi framkvæmd þar beint til góða fyrir þær samgöngur allar.

Ég leyfi mér enn að vitna í orð heimamanna um ástandið, með leyfi hæstv. forseta, — um Hróarstungu segir svo í ritinu Sveitir og jarðir í Múlaþingi:

„Mjólkursala er nokkur, en þó fremur lítil. Stafar það m.a. af samgönguerfiðleikum á vetrum."

Áður hefur verið á það bent í sama riti að því aðeins sé um góða sumarhaga fyrir sauðfé að ræða að allmargt bæja, eins og þar stendur, séu í eyði í sveitinni, og segir það sína sögu.

Á aðalfundi Sambands sveitarfélaga í Austfirðingafjórðungi í sept. s.l. kom fram till. sem lýtur að sama verkefni, þ.e. nauðsyn bættra vega vegna mjólkurframleiðslu, þótt fleira komi þar inn í. Sú till., sem var lítið breytt samþykkt á fundinum, var þannig upphaflega, með leyfi hæstv. forseta:

„Hreppsnefndin telur núverandi ástand Út-Héraðsvegar algerlega óviðunandi, bendir á stöðugt vaxandi bungaflutninga á þessum vegi í sambandi við byggingarefni til ýmissa staða á Austurlandi og auk þess þegar breyttra hátta á mjólkurflutningum sem kalla á betri veg. Væntir hreppsnefnd þess að hér verði ráðin bót á sem fyrst þar sem alger stöðnun er á uppbyggingu og viðhaldi þessa vegar, og skorar á alþm. Austurl. og vegamálastjóra að beita sér fyrir því."

Þetta er útskrift úr fundargerð hreppsnefndar Eiðahrepps og fundur Sambands sveitarfélaga í Austfirðingafjórðungi tók þessa till. nokkurn veginn orðrétt upp sem sína ályktun. Ókunnugum skal á það bent að hér eiga í hlut sveitirnar Eiðaþinghá og Hjaltastaðaþinghá, sem ég tilnefni einnig í grg.

Allt ber hér að sama brunni, enda vita heimamenn gleggst skil þeirra erfiðleika sem hér er vitnað til. Rétt er að taka fram að hér er síður en svo um tæmandi upptalningu að ræða hvað þetta verkefni snertir. Má til viðbótar benda á Skriðdal í þessu sambandi, en þar um liggur þó hinn svokallaði Austurlandsvegur sem sumir vilja meira að segja telja til hluta hringvegarins og gefa aukið vægi í vegaframkvæmdum, og auk þess eru þar umtalsverðar framkvæmdir fram undan á verstu vegarköflum.

Sá aðili, sem gleggstar upplýsingar getur veitt varðandi þennan þátt, eðlilega hlutdeild mjólkurframleiðslu í búskapnum á Austurlandi, er Búnaðarsamband Austurlands og ráðunautar þess, og vitað er að þeir hafa uppi ákveðnar till. og hugmyndir til úrbóta sem taka verður mið af við úttektina. Þar hafa menn miklar áhyggjur af því að þessi þáttur, þ. e. a. s. mjólkurframleiðslan fer minnkandi samfara aukinni þörf fyrir mjólkurafurðir í vaxandi þéttbýlisstöðum svæðisins og ekki síður með tilliti til þess að Kaupfélag Héraðsbúa er nú að reisa nýtískubyggingu við mjólkurbú sitt sem kallar a. m. k. á verulega aukningu ef sú framkvæmd á að nýtast sem best. Hér fara því fyllilega saman hagsmunir bænda, þéttbýlisbúa og þess fyrirtækis sem er aðalmiðstöð verslunar og umsvifa á þessu svæði. Menn hafa af því vaxandi áhyggjur ef mjólkurframleiðslan fer að dragast enn frekar saman á þessu svæði, eins og þó allar horfur eru á.

Vissulega eru margar ástæður, sem hér liggja að baki en þó munu samgöngurnar og óvissan gagnvart vetrarerfiðleikunum vera mjög áberandi þáttur. Nú dettur mér ekki í hug, að með framkvæmd þessa verkefnis, þótt vel væri að því staðið í hvívetna, muni mál þessi leysast að neinu algildu marki. En verulegar úrbætur mundu þó sannarlega skila okkur vel á veg. Því er það að úttektin sem slík þarf að hafa aðgerðir að höfuðmarkmiði og að því lítur síðari hluti till. Ég þykist þess fullviss, að niðurstöður hennar leiði til þess að ótvírætt verði að aðhafast eitthvað, svo samdóma er álit allra þeirra sem hér eiga að einhvern hlut.

Og þá kemur auðvitað að hinu sígilda vandamáli, hvar á að taka fjármagnið. Ég tek það fram að ég bendi ekki á Byggðasjóð í þessu efni sem neitt lausnarorð, þótt vissulega væri það ekki síðra verkefni en ýmis önnur sem hann fæst við. Sannleikurinn mun líka sá að ekki er að vænta mikils liðsinnis úr þeirri átt á næstunni ef marka má aðstæður og hag þess sjóðs í dag. Einnig má líka gera of mikið af því að binda honum bagga. En nær er mér að halda að varðandi þetta tiltekna úrlausnarefni ætti sjóður eins og Byggðasjóður var og vonandi er hugsaður að grípa inn í á einhvern hátt.

Ég skal ekki hér og nú fara enn einu sinni að tala um hraðbrautirnar og síaukna vigt þeirra í fjármagni Vegasjóðs, en aðeins í fullri alvöru benda á, að ekki þyrfti nú að fresta mörgum km af hraðbrautarframkvæmdum til að gera stórvirki gagnvart þessum vegum eystra miðað við ástandið í dag. Og ég er meira að segja á því að ef arðsemissjónarmiðið kæmi inn út frá réttum forsendum, þá gæti það sýnt sig að arðsemi úrbóta á lélegum sveitavegum eystra slagaði töluvert upp í þá útbásúnuðu arðsemi sem hraðbrautirnar okkar eiga að skila okkur, og má vera einnig að sú fjárfesting kæmi til góða fyrir verðugri aðila en margar aðrar sem sjálfsagðar þykja.

Ég skal ekki hafa um till. þessa öllu fleiri orð, en ítreka þó að ég vil ýmislegt á okkur leggja til þess að þoka þessu máli áleiðis. Þarna hafa menn of lengi beðið úrbóta. Nú vilja menn framkvæmdir sem skipta einhverju máli. Um magn þeirra má ræða og deila, og ekki er heimtufrekja þeirra aðila, sem eldurinn brennur heitast á, slík að að þeir vilji fá allt í einu eða stökkbreytingu. En þeir vilja a. m. k. frá jafnari rétt og meiri til þess að geta stundað betur þá atvinnugrein sem er öllum þar eystra nauðsynlegt að mega reka á sem bestan og heilbrigðastan hátt til heilla fyrir fjórðunginn og í raun og veru til heilla fyrir þjóðarheildina.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 38 shlj. atkv. og umr. frestað.

Fjárlög 1976, frv. (þskj. 1). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv. og til fjvn. með 42 shlj. atkv.

Efri deild, 10. fundur.

Mánudaginn 3. nóv., kl. 2 miðdegis.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 29, n. 43). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Félmn. hefur tekið til meðferðar þetta frv. Það er ekki mikið af vöxtum og er einfalt að efni og formi. Hins vegar er það þýðingarmikið mál sem það varðar, þ. e. varðar fyrirkomulag á greiðslu framlags Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaga. Nú fer þessi greiðsla fram þrisvar á ári. En það þykir ástæða til að breyta þessu þannig að greiðslan fari fram mánaðarlega. Og það er gert að ósk Sambands íslenskra sveitarfélaga. 1. gr. þessa frv. fjallar um þetta atriði.

2. gr. frv. er hins vegar í samræmi við lög frá síðasta þingi þar sem breytt var ákvæðum um framlag til Lánasjóðs sveitarfélaga. Áður var ákveðið samkvæmt lögum að greiða skyldi 15 millj. árlega úr ríkissjóði til Lánasjóðs sveitarfélaga. En á síðasta þingi var þessu breytt á þann veg að greiða skuli árlega 5% af vergum tekjum ríkissjóðs til Lánasjóðs sveitarfélaga. 2. gr. þessa frv. er til staðfestingar á þessu atriði.

Hv. félmn. athugaði þetta frv. og leggur til að það verði samþ., en fjarverandi afgreiðslu málsins var Steingrímur Hermannsson.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. n. og frsm. hennar fyrir skjóta og góða afgreiðslu á þessu máli og vænti þess að það fái greiða för í gegnum þingið.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. aktv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 12. fundur.

Mánudaginn 3. nóv., kl. 2 miðdegis.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 37). — 1. umr.

Flm. (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Fjárreiður stjórnmálaflokkanna hafa talsvert verið til umr. á undangengnum árum og stundum hafa gosið upp deilur og ásakanir um óeðlilega fjáröflun stjórnmálaflokkanna og meðferð fjármuna. Ég skal ekki verða fyrstur til hér á Alþ. að hefja upp deilur um þetta efni, en mun einungis gera málefnalega grein fyrir því frv. sem ég hér flyt.

Meginefni þess er það, að stjórnmálaflokkar verði framtalsskyldir, en jafnframt flyt ég annað frv. þar sem kveðið er á um bókhaldsskyldu stjórnmálaflokka, en nú orkar tvímælis hvort þeir séu yfirleitt bókhaldsskyldir. Þá er í öðru lagi ákvæði um að heimilt sé að draga nokkra fjárhæð frá skattskyldum tekjum þegar fénu er varið til styrktar stjórnmálaflokkum. Er þetta til samræmis við gildandi lagaákvæði um skattfrelsi fjár sem varið er til menningarmála, líknarstarfsemi og kirkjulegrar starfsemi. En þó er í frv. gert ráð fyrir að einungis 5% tekna megi vera skattfrjáls til stjórnmálaflokka, en ekki 10% eins og er um þá málaflokka sem áður greindi. Loks er svo ákvæði um að undanþiggja megi happdrættisvinninga stjórnmálaflokka skattskyldu eins og er um önnur happdrætti.

Að sjálfsögðu er það álitamál hve háa hundraðstölu skattskyldra tekna eigi að draga frá þegar fénu er varið til styrktar stjórnmálaflokkum og er ég til viðræðu um að breyta tölunni til lækkunar eða hækkunar eftir því sem hv. þm. kynnu að telja eðlilegt.

Varla getur verið ágreiningur um það, að stjórnmálaflokkar þurfi í nútímaþjóðfélagi á talsverðum fjármunum að halda. Um það ætti raunar ekki heldur að vera ágreiningur að æskilegast er að stjórnmálaflokkar afli fjár síns með frjálsum framlögum þess fólks sem þá styður. Þess vegna er eðlilegt að örva menn til beinnar stjórnmálaþátttöku á þann veg að þeir leggi nokkuð á sig til að vinna að framgangi þeirra stjónarmiða eða hugsjóna sem þeir aðhyllast. Stundum er því að vísu hreyft að eðlilegt væri að ríkið styrkti stjórnmálaflokkana. Þeim sjónarmiðum er ég eindregið andvígur. Mér finnst ekki koma til greina að skylda mig til að leggja fram fjármuni til eflingar Alþb. t. d., alveg á sama hátt og mér fyndist fráleitt að Alþb.-menn væru skyldaðir til að styrkja okkur sjálfstæðismenn. Stjórnmálaflokkana á að mínu mati alls ekki að þjóðnýta með þeim hætti að ríkið kosti starfsemi þeirra eða geri þá út. Hitt er vissulega heppilegra og líklegra til að stuðla að heilbrigðri lýðræðislegri þróun, að fólkið sjálft beri ábyrgð á samtökum sínum og baráttutækjum eins og stjórnmálaflokkar eiga að vera.

Gott er líka að menn hugleiði að ríkisframlög til stjórnmálaflokka eru líkleg til að leiða til stöðnunar. Þá gætu stjórnmálamennirnir, einmitt þeir sem með völdin fara, þeir sem tekist hefur að búa um sig í ríkiskerfinu, ákveðið að viðhalda stöðnuðum flokkum með ótakmörkuðum fjármunum, sem frá alþýðu væru teknir, án þess að spyrja kóng eða prest. Og meiri hl. á Alþ. gæti með þeim hætti mismunað flokkum og kæft nýgræðing. Ríkisframlög til stjórnmálaflokka stuðla að því að auka það miðstjórnarvald sem menn með réttu hafa ímugust á, en frjáls framlög almennings til stjórnmálaflokka stuðla að valddreifingu. Þess vegna er það von mín að hv. alþm. taki frv. þessu vel og séu fúsir til að fjalla um það málefnalega. Auðvitað geri ég mér fullljóst að þetta frv., þótt að lögum yrði óbreytt eða með einhverjum breyt., leysir ekki allan vanda, en sannfærður er ég um að lögfesting þess yrði til mikilla bóta og kannske sú aðgerðin sem nú á þessari stundu væri líklegust til að efla virðingu landslýðs fyrir stjórnmálaflokkum og stjórnmálastarfsemi sem mér skilst að ekki sé vanþörf á.

Í frv. er hvergi skilgreint hvað stjórnmálaflokkur sé og skilgreining á því hugtaki er raunar hvergi í íslenskri löggjöf. Vissulega væri æskilegt að lög yrðu sett um réttindi og skyldur stjórnmálaflokka og kannske verða þær umr., sem nú fara fram um stjórnmálaflokkana, til þess að menn snúi saman bökum til að lögfesta reglur um störf stjórnmálaflokka. En þegar um frv. verður fjallað í þn. mun þau mál vafalaust bera á góma og vel má svo fara að unnt verði að sameina menn um úrbætur til styrkingar stjórnmálaflokkum og þar með lýðræðislegri stjórnskipan.

Stjórnmálaflokkar eiga að vera styrkar stofnanir. Þar með er þó ekki sagt að þeir eigi að sitja yfir hlut manna, heldur þvert á móti. Þeir eiga að vera vettvangur sem fólkið hefur til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og láta til sín taka. Þar eiga menn að hafa áhrif, en ekki að vera áhrifalausir þátttakendur í einhverju fjarstýrðu bákni.

Sumir kunna nú að benda á að hér á landi hafi þegar þekkst styrkir til stjórnmálaflokka, hinir svokölluðu blaðastyrkir. En ég vil taka það skýrt fram að Sjálfstfl. hefur aldrei fallist á neina styrki til dagblaða. Það var sett að algjöru skilyrði af hans hálfu, þegar mál þetta upphaflega bar á góma, að um kaup á dagblöðum yrði að ræða, en ekki styrki til dagblaðanna. Að sjálfsögðu var eðlilegt að Alþ. og aðrar stofnanir greiddu fyrir þau dgablöð sem talið var nauðsynlegt að þessar stofnanir fengju. Um áratuga skeið hafði það verið tíðkað að útgefendur dagblaða gæfu blöð til margvíslegra opinberra stofnana. Þetta var óeðlilegt fyrirkomulag og þess vegna var horfið að því ráði að ríkisstofnarnir greiddu fyrir þau blöð sem þær fengju. Þetta á ekkert skylt við styrk til stjórnmálaflokka eða blaðaútgáfu, heldur er hér um að ræða alveg eðlilegan viðskiptahátt.

Von mín er sú að þorri hv. alþm. sé mér sammála um meginefni þessa frv. Ég legg til, herra forseti, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjh.- og viðskn. Þar vona ég að það fái ítarlega meðferð, en þó fyrst og fremst skjóta meðferð, því að helst þyrfti að lögfesta frv. nú fyrir áramótin, þar sem vart er unnt að krefjast framtala af stjórnmálaflokkum fyrr en þeir hafa óumdeilanlega verið bókhaldsskyldir um eins árs skeið. Eins og ég sagði áðan er ég reiðubúinn til viðræðna um einhverjar breyt. á þessu frv., en legg á það megináherslu að málið fái afgreiðslu. Það hygg ég að væri þinginu til sóma og þjóðinni allri til gæfu.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Eins og hv. flm., 4. þm. Norðurl. v. hefur tekið fram í grg. með því frv., sem hér er til umr., er hér raunar um að ræða mál sem hann flytur á tveimur þskj. En eins og kemur fram í grg. hv. flm. með því frv., sem hér er til umr., kýs hann þó heldur að ræða þau í samhengi, eins og hann raunar þar gerir. Annars vegar er hér um að ræða frv. hans á þskj. 37, þar sem hann leggur til að gjafir til stjórnmálaflokka verði undanþegnar skatti með svipuðum hætti og gjafir til líknarfélaga, hins vegar frv. er hann flytur á þskj. 38, þar sem hann leggur til að stjórnmálaflokkar verði gerðir bókhaldsskyldir. Hv. flm., 4. þm. Norðurl. v., hefur kosið að hafa þann hátt á að tengja þetta tvennt saman í eitt mál og leggja það þannig fyrir, að manni skilst, að samþykkt annars frv. sé háð samþykkt hins eða m. ö. o. að samþykkt frv. á þskj. 38 um að gera stjórnmálaflokka bókhaldsskylda sé háð samþykkt frv. á þskj. 37 um að gjafir til stjórnmálaflokka verði undanþegnar skatti.

Það má vera og er raunar að hv. flm. vilji tengja þessi tvö mál saman. En það er ekki þar með sagt að slíkt eigi eða þurfi að gerast. Það skýrist að sjálfsögðu best með því að benda á, að það eru fjölmargir aðilar í þjóðfélaginu, raunar flestir í þeim hópi, sem eru bæði framtals- og bókhaldsskyldir án þess þó að framlög þeirra til stjórnmálaflokka njóti skattfrelsis. Því er mætavel hægt að samþ. frv. á þskj. 38 án þess að því fylgi samþykkt á frv. á þskj. 37 og að sjálfsögðu jafnauðvelt að ræða sem tvö aðskilin mál. En vegna þess að í grg. með frv. því, sem hér er til umr., þskj. 37, hefur flm. kosið að ræða frv. bæði sem nokkurs konar sama mál eða tvær hliðar á sama máli, þá tel ég nokkra ástæðu og vona að hv. forseti umlíði mér það að ræða þessi mál í samhengi, án þess þó að þar með sé ég að viðurkenna þá skoðun hv. flm. að málin séu og hljóti að vera samofin.

Ég er flm. algjörlega sammála um að það er eðlilegt og raunar nauðsynlegt að gera stjórnmálaflokka og stofnanir á þeirra vegum bókhaldsskylda og get þar af leiðandi stutt frv. hans á þskj. 38 þar um. Ég vil raunar ganga skrefi lengra en hv. flm. gerir till. um, þ. e. a. s. ég vil ekki aðeins að stjórnmálaflokkar verði skyldaðir til þess að færa bókhald og telja fram, heldur einnig að þessir aðilar verði skyldaðir til að birta reikninga sína opinberlega, bæði reikninga flokkanna sjálfra, flokksstofnana, kjördæmissambanda og kosningasjóða. Í því er í fyrsta lagi fólgin nokkur trygging að flokkar geri opinberlega hreint fyrir sínum dyrum og í öðru lagi fróðlegt fyrir almenning að sjá hvaða fjármuni flokkar hafa á milli handanna, hvort og þá hvaða samsvörun er á milli þeirra fjármuna, sem flokkur hefur úr að spila, og þess árangurs sem hann nær t. d. í kosningum. Einnig teljum við rétt að almenningur eigi að fá að vita hvaðan flokkar fá fé til starfsemi sinnar og á ég þá ekki aðeins við almenna flokks- og kosningasjóði, heldur einnig þau fyrirtæki, hlutafélög eða sameignarfélög sem stofnuð eru í þágu og á vegum flokka til þess að veita þeim þjónustu eða skapa þeim aðstöðu þótt þessi félög séu sjálfstæð að nafninu til. Það gefur auðvitað auga leið að það er lítill vandi fyrir stjórnmálaflokka og raunar tíðkað af þeim mörgum hverjum að segjast ekkert eiga sjálfir og vísa svo til þess þegar spurt er t. a. m. um fasteignir þær, sem flokkur eða stofnanir hans hafa til ráðstöfunar, að þær séu í eigu sjálfstæðra hluta- og sameignarfélaga sem ekki séu flokknum viðkomandi. Með þeim hætti getur stjórnmálaflokkur að sjálfsögðu verið stórauðugur öreigi, lagt undir sig heil borgarhverfi án þess að telja sig eiga bót fyrir rassinn á sér. Sú upplýsingaskylda, sem ég tel að flokkur eigi að undirgangast varðandi fjárreiður sínar, þjón-

ar auðvitað engum tilgangi nema hún nái bæði til flokksins sjálfs svo og þeirra stofnana eða félaga sem starfa á hans vegum og veita honum þjónustu, fjárhagsstuðning, húsnæðisaðstöðu eða aðra beina fyrirgreiðslu.

Það eru ekki aðeins almennar siðgæðiskröfur sem valda því að ég tel rétt og sjálfsagt að flokkar og flokksstofnanir séu ekki aðeins bókhalds- og framtalsskyld, heldur jafnframt skyld til þess að birta reikninga sína opinberlega. Ástæðan fyrir þessari skoðun minni er einnig sú að ég tel að sú almenna regla eigi að gilda um flesta eða alla þá aðila, sem þiggja af opinberu fé, að þeir geri a. m. k. hinu opinbera og helst almenningi í landinu, sem stendur straum af hinni opinberu fyrirgreiðslu, grein fyrir fjármunaráðstöfunum sínum með því að birta reikninga sína. Þetta á að vera grundvallarkrafa til allra þeirra fyrirtækja og stofnana sem njóta styrks af almannafé. Almenningur á að fá að vita hvernig þessir aðilar ráðstafa þessu fé, hver sé þörf þeirra fyrir það og hvort því er varið eins og til er ætlast. Hér er vissulega um talsverða kvöð að ræða gagnvart þeim sem þiggja framlög af almannafé, en kvöð sem ég tel bæði rétt og eðlilegt að þeir gangist undir um leið og þeir þiggja opinbera styrki. Hér á ég að sjálfsögðu fyrst og fremst við atvinnufyrirtæki og félög, svo sem eins og líknarfélög, stjórnmálafélög og aðra slíka, en ekki við einstaklinga sem t. a. m. þiggja fé frá því opinbera í formi tryggingarbóta eða því um líkt.

Nú þiggja stjórnmálaflokkar og blöð þeirra opinbera styrki í ýmissi mynd, þótt miklum ofsögum sé sagt af því hverjir þeir eru og hve miklir. Styrkir, sem svo eru kallaðir, t. d. til blaðanna eru í raun og veru aðeins greiðsla frá ríkisvaldinu fyrir kaup á þjónustu eða vöru. En nokkra styrki þiggja flokkar og blöðin nú samt og því tel ég eðlilegt að þessir aðilar geri árlega opinberlega grein fyrir fjárreiðum sínum og ekki aðeins sínum eigin fjárreiðum, heldur jafnframt fjárreiðum þeirra fyrirtækja og stofnana sem stofnuð eru í þágu flokksins til þess að veita honum ákveðna þjónustu, ákveðna fyrirgreiðslu, eins og húsnæðisaðstöðu eða annað slíkt. *Niðurstaða mín er sem sé þessi:*

Ég er reiðubúinn til að styðja að samþykkt frv. á þskj. 38 um að stjórnmálaflokkar verði gerðir bókhaldsskyldir og vil raunar ganga mun lengra, þ. e. a. s. að skylda þá til þess að leggja opinberlega fram ársreikninga sína, endurskoðaða af löggiltum endurskoðanda.

Og þá vil ég víkja að hinu málinu, sem hér er til umr., frv. á þskj. 37. Ég get sagt það strax að mér lýst ekki jafnvel á það eins og hitt. Hér er um það að ræða að setja stjórnmálaflokkana á stall með viðurkenndum líknarfélögum sem eru eins ópólitísk og nokkur félög geta verið. Stjórnmálaflokkar eru engin líknarfélög, ekki einu sinni þeir sem taka allt sitt mið af fyrirgreiðslupólitíkinni svonefndu og líta á sig sem nokkurs konar heilsuhæli fyrir sérhvern þrýstihóp með uppbúin rúm fyrir alla. Stjórnmálaflokkar eru þvert á móti aðilar sem sækjast eftir völdum og nota alla þá fjármuni, sem þeir komast höndum yfir, til þess ýmist að festa sig í valdasessi eða til þess að reyna að hefja sig hærra á slíkan sess. Og hvað sem líður öllu tali einstakra stjórnmálaflokka um að þeir hafi í húsi sínu álíka margar vistarverur og guð faðir á himnum, þá er staðreyndin engu að síður sú, að flokkar þessir eru hver um sig fulltrúi ákveðinna skoðana um hvernig völdum skuli beitt og þar með fulltrúar ákveðinna hópa eða stétta í þjóðfélaginu, þrýstihópa eins og ritstjóra eins dagblaðsins hugkvæmdist að kalla stéttirnar í þjóðfélaginu þegar honum datt í hug að fara nú að *enduruppgötva Marxismann á íslensku.* Það er þetta sem við verðum að hafa í huga þegar við ræðum leiðir til að gera eftirsóknarvert að gefa fé til stjórnmálaflokka, eins og frv. á þskj. 37 gerir ráð fyrir að gert sé með því að heimila örlátum að draga undan skatti framlög sín til flokka eða öllu heldur framlög til sinna flokka, — því að hvaða aðilar og hvaða flokkar koma til með að njóta öðrum fremur slíkra lagaákvæða? Hverjir hafa efni á að gefa fé í þeim mæli að þá muni eitthvað um það í skatti og hverjir eru líklegir til þess að fá slíkt fé af stjórnmálaflokkunum? Svarið við því er næsta einfalt. Þeir, sem helst hafa efni á að gefa, eru auðvitað þeir hinir sömu sem mest fé hafa á milli handa, og þeir aðilar, sem líklegastir eru til að þiggja þetta fé í einhverjum mæli, eru auðvitað þeir stjórnmálaflokkar sem gefendurnir telja að líklegastir séu til þess að gæta þeirra málstaðar í valdabaráttunni í samfélaginu. M. ö. o. frv. á þskj. 37 er í raun réttri tilraun til þess að færa þeim stjórnmálaöflum í landinu, sem bera hagsmuni auðstéttanna fyrir brjósti, sterkari fjárhagslega aðstöðu en þeir hafa nú til þess að heyja þá baráttu með því að gera þeim, sem fjármagninu ráða, í senn auðveldara og útgjaldaminna að gefa flokkum sínum fé. Eða hversu mikið fé telur hv. flm. að óbreyttur launþegi, verkamaður, sjómaður, bóndi eða iðnaðarmaður, geti vikið að þeim flokki sem hann vill styrkja, samanborið við hvað athafnamaðurinn eða stórfyrirtækið getur látið af hendi rakna til síns flokks þegar í boði eru skattahlunnindi á móti gjöfinni.

Það er einkar athyglisvert að þann hinn sama dag sem hv. flm. þessa frv., hv. 4. þm. Norðurl. v., lagði fram frv. *sitt um skattfrelsi gjafa til* stjórnmálaflokka, þá lagði annar hv. þm., Ragnar Arnalds, fram annað frv., á þskj. 34, þar sem m. a. kemur fram að á árinu 1975 voru hátt á fimmta hundrað atvinnufyrirtæki í Reykjavík, meðal þeirra ýmis öflugustu atvinnufyrirtæki þjóðarinnar, sem samtals veltu 20 þús. millj. kr. á skattárinu, en greiddu ekki svo mikið sem eina krónu í tekjuskatt. Hvað heldur hv. flm. að þessi listi yfir skattfrjáls fyrirtæki gæti orðið langur, ef frv. hans um skattfrelsi gjafa til stjórnmálaflokka næði fram að ganga? Og hvaða stjórnmálaflokka teldi hann líklegasta til þess að njóta góðs þar af? Hv. flm. þarf ekki einu sinni að svara þessum spurningum. Honum er svarið að sjálfsögðu fullkomlega ljóst eins og öllum okkur öðrum þm. Og þá vaknar einnig í beinu framhaldi af þessu sú spurning, hver það í raun réttri sé sem gefur, hversu hátt hlutfall gjafarinnar er í rauninni tekið beint úr ríkissjóði. Með því að gjöfin sé undanþegin skatti missir ríkissjóður að sjálfsögðu skatttekjur sem

hann ella mundi hafa. Ætli það láti ekki nærri að allt að 40% slíkrar gjafar kæmu óbeint úr ríkissjóði, þ. e. a. s. sá hluti hennar sem ríkissjóður fengi ella í skatttekjur frá gjafaranum?

Ég fæ því ekki annað séð en að frv. þetta geri ráð fyrir ríkisframfærslu stjórnmálaflokka og þykir mér merkilegt að slík till. komi frá hv. þm. Eyjólfi K. Jónssyni, fyrrv. ritstjóra Morgunblaðsins, þess blaðs sem ekkert hefur vitað óskaplegra en það að ríkisvaldið styrki stjórnmálastarfsemi í landinu. Munurinn á beinni styrkveitingu, sem yrði þá afgr. á fjárl., og þeirri óbeinu ríkisframfærsluleið, sem í þessu frv. er lagt til að farin verði, er því aðeins hvar ákvörðunarvaldið um ráðstöfun fjármunanna liggur. Væri um beina styrkveitingu að ræða lægi það að sjálfsögðu hjá Alþ. þar sem leitast yrði við að hafa uppi jafnréttissjónarmið um hvernig fé yrði úthlutað til stjórnmálaflokkanna. Verði leiðin í frv. valin liggur ákvörðunarvaldið hins vegar hjá fámennum hópi þjóðfélagsþegna og þá fyrst og fremst hjá þeim aðilum sem hafa mest fé úr að spila, en oft minnst fé til þess að greiða með skatta. Fyrst og fremst þau stjórnmálaöfl í landinu, sem hafa valið sér þá stöðu í stjórnmálabaráttunni að þeir sem fjármálunum ráða telja sér það í hag að styrkja þá með fjárútlátum, muni njóta góðs af þessu og nú á að fara að gera slíkt enn eftirsóknarverðara og beinlínis ábatasamara en það hefur verið til þessa.

Ég tel þetta ekki hina réttu leið. Ég tel að það sé hægt að komast að sama markmiði eftir öðrum leiðum.

Við þurfum einnig að athuga annað mál í þessu sambandi og það er við hvaða aðstæður þetta frv. er lagt fram. Ég vil rifja það upp fyrir hv. þm. að í fyrravetur lagði ég ásamt fleiri þm. fram hér í Nd. Alþ. frv. til l. um breyt. á l. um tekju- og eignarskatt. Frv. þetta fjallaði um að verkafólki í fiskiðnaði yrði heimilað að draga frá tekjum sínum þær tekjur sem þetta verkafólk fengi fyrir nætur- og helgidagavinnu. Ég taldi að þetta frv. gæti átt greiða leið hér í gegnum þingið vegna þess að tveir af ráðh. í núv. hæstv. ríkisstj. höfðu einmitt flutt mál um svipað efni í sinni stjórnarandstöðutíð. Raunin varð þó önnur. Báðir þessir hæstv. ráðh. tóku þessum hugmyndum mjög miður, töldu þær óframkvæmanlegar, illframkvæmanlegar, yfirboð og lágkúruskap. Frv. náði ekki fram að ganga. Nú, einu ári síðar, leggur einn hv. stjórnarþm. fram frv. til l. um að ef einstaklingar eða fyrirtæki gefi stjórnmálaflokkum gjafir, þá skuli þær tekjur, sem til gjafarinnar ganga, vera undanþegnar skatti. Þetta frv. er borið fram á sama tíma og það er stefna hæstv. ríkisstj. að íþyngja almenningi enn með skattaáþján. Þá er borið fram frv. af stjórnarsinna um að fella niður skattlagningu af tekjum manna sem verja sínum tekjum til gjafa til stjórnmálaflokkanna í landinu. Hvernig heldur þingheimur nú að almenningur taki slíkum boðskap ofan á allt það sem á undan er gengið? Telja menn það virkilega rétt og eðlilegt, eins og kringumstæður eru í þjóðfélaginu nú, að eina boðorðið, eina tilkynningin, sem Alþ. láti frá sér fara í skattamálum við þessar aðstæður, sé sú að fólk geti fengið skattafslátt ef það víkur gjöfum að stjórnmálaflokki. Menn muna það sjálfsagt enn, þm. og aðrir, hvaða hvellur varð hjá almenningi í landinu þegar launakjör þm. voru hækkuð á sínum tíma á sama tíma og fólkið, verkafólk og aðrir launþegar í landinu, átti um sárt að binda. Hvaða hvellur halda menn að yrði meðal almennings ef frv. af þessu tagi yrði samþ. þar sem stjórnmálaflokkarnir í landinu, flokkavaldið er að berja það í gegn í lögum, að gjafir til stjórnmálaflokka verði undanþegnar skatti, á sama tíma og verið er að hækka skatta á öllum almenningi í landinu og neitað er að taka tillit til tillagna um að það fólk, sem verst er sett, verkafólkið í fiskiðnaði, fái náðarsamlegast að draga frá skatttekjum sínum þær tekjur sem þetta fólk hefur af því að vinna nætur- og helgidagavinnu?

Þrátt fyrir þá annmarka, sem ég hef séð á frv. á þskj. 37, vil ég þó fagna því og lýsa mikilli ánægju með að hv. 4. þm. Norðurl. v. skuli hafa flutt þetta frv., ekki vegna þess að ég sé endilega samþykkur því sem í frv. kemur fram, en með þessu framlagi hans hefur hann þó alla vega vakið hér á Alþ. umr. um mál sem mjög eru umrædd meðal almennings í landinu og nauðsynlegt er að finna einhvern botn í, þ. e. a. s. hvaða reglum fjármunaráðstöfun stjórnmálaflokka á að lúta, hvaða skyldum stjórnmálaflokkar eigi að gegna í því sambandi að upplýsa um fjárreiður sínar og ef til vill hvernig fjáröflun til þeirra sé best komið.

Ég tel að þetta sé hið merkasta sem um frv. á þskj. 37 má segja og þakka hv. þm. fyrir frumkvæði hans um að hefja umr. um þessi mál hér.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Aðalefni þess frv., sem hér er til umr., er að undanþiggja gjafir til stjórnmálaflokka skattskyldu. Ég vil taka það fram strax að við Alþb.-menn erum algerlega andvígir þessu aðalefni frv. Það er enginn vafi á því að ef þetta atriði yrði lögleitt, þá jafngildir það því að þeir, sem gefa til stjórnmálaflokka og síðan nytu skattfrelsis af þeim gjöfum, séu að gefa líklega að hálfu leyti tekjur ríkisins. Það mun láta mjög nærri að flestir verði að greiða, þegar allt kemur saman, um það bil helming af skattskyldu fé til ríkissjóðs og á þennan hátt er því í rauninni verið að finna leið til þess að gefa á kostnað ríkissjóðs. Ég tel einnig að það sé ljóst að þessi sérstöku ákvæði, sem hér er fjallað um, mundu yfirleitt ekki ná til lágtekjufólks því að annaðhvort er þar um að ræða að skattskyldar tekjur eru litlar eða engar. Þetta ákvæði næði því aðallega til þeirra sem hafa háar eða miklar tekjur.

Ég tók eftir því að hv. flm. orðaði það svo, þegar hann talaði fyrir þessu frv., að hann væri á móti því að ríkissjóður styrkti stjórnmálaflokka og sagði að hann vildi ekki láta skylda sig á þann óbeina hátt til þess að styrkja Alþb. og nefndi það sem dæmi. En ég get ekki séð annað en að þessi aðferð, sem hann stingur upp á, þræði einmitt þessa götu. Hann ætlar að láta

mig og aðra, sem telja sig eiga eins tilkall til ríkissjóðs og hann, standa undir greiðslum t. d. til Sjálfstfl. með því að gefa eftir stórar upphæðir af tekjum ríkissjóðs sem yrðu gefnar á þennan sérstaka hátt t. d. til Sjálfstfl.

Í þessu frv. kemur einnig fram að flm. leggur til að stjórnmálaflokkarnir verði gerðir bókhaldsskyldir. Ég tel ekkert nema gott um það atriði að segja. Mér finnst eðlilegt að þeir séu gerðir framtalsskyldir og bókhaldsskyldir þannig að fullt eftirlit geti verið með fjárreiðum þeirra. En það felst ekki í þessu frv., heldur fylgifrv. og verður auðvitað rætt hér sérstaklega.

Það frv., sem hér er á ferðinni, er flutt að einhverju leyti í sambandi við miklar umr. sem átt hafa sér stað um fjárreiður stjórnmálaflokkanna. Ég álít að það verði ekki tekið á því máli á viðunandi hátt eftir öðrum leiðum en þeim sem við í Alþb. höfum lagt til, en á þskj. 32 flytja 3 þm. Alþb. þáltill. um, að Alþ. skipi 5 manna n. til að rannsaka fjárreiður stjórnmálaflokka svo og fjármál fyrirtækja, fasteigna og blaða sem þeim eru tengd.

Í sambandi við þær umr., sem hér hafa farið fram um fjármál stjórnmálaflokka og ég vil ekki taka undir nema litinn hluta af því sem þar hefur fram komið, en vegna þeirra umr. tel ég að það verði ekki komist til botns í þeim málum nema fara þessa leið: skipa rannsóknanefnd, gera úttekt á málinu, birta það opinberlega hvað út úr slíkri rannsókn kemur. Það er kjarni málsins. Hitt, að svara þessari gagnrýni með því að leggja til að þeir, sem hafa miklar tekjur og eiga að greiða skatta til ríkisins, megi gefa svo og svo mikið af sínu skattskylda fé til stjórnmálaflokkanna og gera þær gjafir skattfrjálsar um leið, það vitanlega svarar ekki á neinn hátt þeirri gagnrýni sem fram hefur komið að undanförnu í sambandi við fjárreiður stjórnmálaflokka.

Ég skal ekki fara út í umr. á breiðum grundvelli um þetta mál. Þetta frv. kemur til þeirrar n. sem ég á sæti í, og þegar það kemur úr n. gefst kostur á því að ræða málið nánar. En ég nota sem sagt tækifærið til þess að lýsa því yfir að við Alþb.-menn erum algerlega andvígir meginstefnu þessa frv. eins og hún kemur fram í 2. gr. frv.

Flm. (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Ég átti auðvitað von á því, að ekki væru allir sammála um allt sem í þessu frv. er falið, og verð að segja að mér þóttu ræður beggja ræðumanna, sem hér töluðu, vera mestmegnis málefnalegar og eðlilegar. En ég verð þó að leiðrétta smámisskilningi. Um framtalsskylduna er fjallað í því máli sem hér er til umr. nú, en eingöngu bókhaldsskylduna í því máli sem væntanlega kemur hér á dagskrá á eftir. Hitt verð ég líka að segja, að mér finnst vera býsna langsótt að tala um að í frv. mínu felist það í raun og veru að ég vilji að stjórnmálaflokkarnir fari á ríkisframfærslu, eins og annar ræðumaðurinn komst að orði. Það getur ekki verið aukin ríkisframfærsla af neinu tagi þegar verið er að minnka skatta. Það er verið að draga úr skattheimtu.

Raunar sagði sá hv. þm. einnig að hann hefði flutt hér tillögu um að verkafólk í fiskiðnaði fengi frádregnar tekjur af yfirvinnu. Ekki ætlast hann til þess að það fólk verði talið á ríkisframfæri vegna þeirrar ráðstöfunar. Auðvitað er hér verið að tala um að minnka ríkisbákn, að draga úr skattheimtu. Það getur engan veginn verið túlkað þannig að það sé verið að auka ríkisframfærslu. Það vona ég að allir sjái þegar þeir skoða það niður í kjölinn.

Að því er varðar aftur spurninguna um það hverjir mundu gefa fé til stjórnmálaflokka, þá er mín skoðun sú og ég hugsa að flestir komist að þeirri niðurstöðu þegar þeir hugleiða málið öfgalaust, að það sé einmitt tiltölulega tekjulágt fólk sem munar svolitið um að gefa til sinnar hugsjónastarfsemi án þess að þurfa að borga skatta af því fé. Menn, sem gjarnan vildu styrkja sinn flokk um 5 eða 10 þús. kr. á ári og leggja að sér, en eru kannske með tiltölulega litlar tekjur, munar um nokkur þús. sem þeir þurfa að greiða í skatta af þessu fé. Ég held að auðmann muni ekki svo mikið um það hvort hann borgar skatt af fénu sem rennur til stjórnmálastarfsemi. Ég held að hann hugsi ekki eins mikið um það og sá tekjulægri.

Að því er varðar skattfrjáls fyrirtæki, að listinn yfir þau yrði enn þá lengri, þá er talað hér um 5% af skattskyldum tekjum. Þau fyrirtæki, sem ekki greiða neinn tekjuskatt, njóta auðvitað einskis góðs af þessari reglu þótt lögfest yrði, eingöngu þeir einstaklingar, sem hafa tekjur, og fyrirtæki, sem hafa tekjur. Og það má vel vera að þessi prósenta sé ekki endilega sú rétta. Kannske vilja menn lækka hana eða setja einhvers konar þak á þetta, að peningaupphæðin frá hverjum einstaklingi mætti ekki vera hærri en svo og svo mikið, ég er til viðræðu um allt slíkt. En hitt er útúrsnúningur, að það sé verið að setja flokkana á ríkisframfæri með þessum hætti, þvert á móti.

Hér var mikið rætt um að skattfrádrátturinn væri einungis til líknarstarfsemi. Það er nú ekki rétt. Það er til menningarmála og vísindastarfsemi líka. En ég held að það sé engin ástæða til þess að vera gera grín að því að menn megi leggja fé til líknarstarfsemi án þess að borga af því skatt. Mér finnst þessi regla í lögum vera heppileg og eðlileg. Og ég hugsa að allir hér inni a. m. k. séu sammála um nauðsyn þess að stjórnmálaflokkar séu til og eitthvert fé þurfa þeir að hafa til starfsemi sinnar. Er nokkuð óeðlilegt við það að fólkið fái að leggja þetta fé fram án þess að borga sérstaklega skatt af því til ríkisins? Ég held að skattheimta til ríkisins sé það mikil að það mætti gjarnan einhvers staðar lina á, og því þá ekki hér eins og á öðrum sviðum?

En ég skal sem sagt ekki tefja hér tímann með að orðlengja um þetta. Ég fagna ræðum beggja þeirra manna, sem hér hafa tekið til máls. Ég held að það sé mjög heppilegt að umr. um þetta mál fari fram. Og að því er varðar hv. þm. Lúðvík Jósepsson, þá eigum við saman sæti í fjh.- og viðskn. og ég efast ekki um að við munum reyna að ræða þetta mál þar niður í kjölinn og ég vona svo sannarlega að við getum orðið sammála um einhverja heppilega lausn.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég vil gjarnan taka það fram að ég er efnislega séð því sammála sem fram kom í ræðu hv. 8. landsk. þm. og kveð mér ekki hljóðs til að bæta neinu við það. En mér þótti samt rétt að vekja athygli á því að ég lít þannig á að stjórnmálaflokkar séu bókhaldsskyldir samkv. tiltölulega nýsettum bókhaldslögum, lögum frá 1968. Þeir voru það ekki samkvæmt lögunum frá 1911 sem voru orðin mjög gömul og raunar mjög stuttorð, mjög fáorð og ófullkomin. Það hafði dregist allt of lengi að setja ný bókhaldslög sem var þó gert 1968, en í 2. gr. er nákvæm upptalning á því hverjir séu bókhaldsskyldir, 5. tölul. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Félög, sjóðir og stofnanir sem hafa á hendi fjáröflun," — það gera stjórnmálaflokkarnir auðvitað — „fjárvörslu" — það gera þeir líka — „eða rekstur" — og það gera þeir líka að nokkrum hluta, — „svo sem lífeyrissjóðir, stéttarfélög, íþróttafélög, líknarstofnanir, minningar- og styrktarsjóðir". Það er rétt hjá hv. flm. þessa frv. að hér eru stjórnmálaflokkar ekki nefndir og ég tel það síður en svo til skaða að kveða skýrt á um það, því að ég er honum algerlega sammála um að auðvitað eiga þeir að vera bókhaldsskyldir. Ég tel þá vera það og þeir hafi átt samkvæmt þessum lögum að hafa fullkomið bókhald, tvöfalt bókhald eða tvíhliða bókhald a. m. k. síðan 1968. En sem sagt, þeim mun skýrari sem ákvæðin eru, þeim mun betra, og þess vegna hef ég síður en svo nokkuð á móti því að þetta frv. nái fram að ganga. Framtalsskyldir eiga flokkarnir að sjálfsögðu einnig að vera.

Flm. (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Það er auðvitað rétt sem síðasti ræðumaður sagði, að það má deila um skilning á þessari ákveðnu grein í bókhaldslögunum, þ. e. a. s. 5. tölul. 2. gr. Ég lít svo á að löggjafinn hafi vísvitandi sleppt orðinu stjórnmálaflokkur í upptalningunni og þess vegna meira en orki það tvímælis, það a. m. k. orkar ekki tvímælis hver vilji löggjafans var. Hann hefði örugglega nefnt stjórnmálaflokka þegar hann telur upp öll möguleg félög önnur ef hann hefði ætlast til þess að þeir væru bókhaldsskyldir. En eins og í grg. með því frv., sem rætt verður hér á eftir, segir, þá er það flutt til að taka af öll tvímæli og skal ég ekki orðlengja það frekar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Bókhald, frv. (þskj. 38). — 1. umr.

Flm. (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Eins og hv. þdm. er ljóst hefur það mál, sem hér er til umr., verið rætt hér á undan á þessum fundi og skal ég ekki fara frekar út í það efnislega. Ég legg einungis til að málinu verði vísað til fjh.- og viðskn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Ráðstafanir í efnahagsmálum, frv. (þskj. 40). — 1. umr.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Með lögum um ráðstafanir í efnahagsmálum, sem samþ. voru á Alþ. 26. apríl s. l., var m. a. ákveðið að lagt skyldi á sérstakt flugvallargjald. Gjald þetta er skattur til ríkissjóðs sem lagður er á farþega sem ferðast með loftförum ýmist frá Íslandi til annarra landa eða milli flugvalla innanlands. Voru á sínum tíma talsverðar deilur um álagningu þessa gjalds og var ég í hópi þeirra þm. sem greiddu atkv. gegn því. Er afstaða mín til umræddrar gjaldtöku í heild óbreytt.

Eftir eðli málsins má skipta þessu flugvallargjaldi í tvo flokka. Annars vegar er gjald það, sem lagt er á farþega, innlenda og erlenda, sem ferðast loftleiðis frá Íslandi til annarra landa. Sú gjaldtaka þjónar tvennum tilgangi: Annars vegar að afla tekna í ríkissjóð, hins vegar væntanlega að gera utanlandsferðir íslendinga dýrari og þá í því skyni að hafa einhver áhrif til þess að hamla gegn utanferðum íslendinga og gjaldeyriseyðslu í því sambandi. Má vissulega færa rök bæði með og móti nauðsyn þess arna og var það gert á sínum tíma, þegar gjald þetta var til umr. hér í hv. d., og mun ég ekki orðlengja það. Hins vegar kemur svo gjaldtaka flugvallargjalds af farþegum í innanlandsflugi. Þar er annað upp á teningnum heldur en þegar gjald þetta er tekið af farþegum í millilandaflugi. Slík gjaldtaka, þ. e. a. s. gjaldtaka flugvallargjalds í innanlandsflugi, getur aðeins og einvörðungu þjónað þeim tilgangi að afla ríkissjóði tekna og ber þá að líta á að hverjum sú skattheimta beinist og hvort ástæða sé til þess að ætla að hún komi réttilega niður.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að höfuðborg landsins, Reykjavík, er sameiginleg þjónustumiðstöð fyrir landið allt. Aðeins þar er hægt að fá ýmsa sérhæfða þjónustu, t. d. í sambandi við heilsugæslu og heilbrigðismál. Þar eru auk þess allar meiri háttar stjórnsýslu-, lána- og fyrirgreiðslustofnanir sem fólk kann að eiga erindi við svo og ýmis önnur fyrirtæki og stofnanir sem landsmenn allir þurfa að leita til. Af þeim sökum þarf fólk, sem býr úti á landsbyggðinni, oft að koma til Reykjavíkur til þess að sinna erindum sem hvergi annars staðar er hægt að reka.

Þá er það einnig alkunna að því fjær Reykjavík sem fólk býr, þeim mun meira verður það að notfæra sér þjónustu flugfélaga í flutningum til og frá Reykjavík. Íbúar nágrannabyggðarlaga Reykjavíkur geta með auðveldum hætti farið landleiðis til þess að sækja sér þjónustu eða aðra fyrirgreiðslu til Reykjavíkur, en hins vegar þurfa þeir, sem lengri leið eiga, að fara flugleiðis. Innheimta flugvallargjalds af farþegum í innanlandsflugi verður því í raun sannnefndur dreifbýlisskattur, því að gjaldið er aukakostnaður fyrir þá sem fjarri Reykjavík búa, en eiga þangað erindi, sem íbúar nágrannabyggðarlaga Reykjavíkur þurfa ekki að inna af höndum í sama skyni.

Verkar flugvallargjaldið því, sem einn aukakostnaðarliðurinn enn ofan á aðra þá kostnaðarliði, svo sem hærra vöruverð, hærra flutnings-

gjald og annað eftir því, sem íbúar dreifbýlisins þurfa að gjalda vegna búsetu sinnar umfram reykvíkinga og nágranna. Samrýmist þetta heldur illa hinni margumtöluðu byggðastefnu og er auk þess því óréttlætanlegra þar sem felld hefur verið niður innheimta veggjalds af þeim íbúum nágrannabyggðarlaga Reykjavíkur sem ferðast geta eftir fullkomnum hraðbrautum til og frá höfuðborginni. Skýtur það raunar heldur skökku við að skömmu eftir að samgöngugjald þetta, veggjaldið, var fellt niður af þeim sem stysta og greiðasta leið eiga til höfuðborgarinnar, þá skuli annað samgöngugjald, flugvallarskatturinn, hafa verið tekið upp gagnvart þeim landsmönnum sem um lengstan veg eiga að fara til hinnar sameiginlegu þjónustumiðstöðvar sem Reykjavík er. Ég vil í því sambandi sérstaklega minna á það að þegar fjárlög voru til afgreiðslu á s. l. vetri fluttum við nokkrir þm. tillögu um að veggjaldið yrði tekið upp að nýju á hraðbrautarvegum í nágrenni Reykjavíkur. Sú tillaga var felld. Alþ. komst sem sagt að þeirri niðurstöðu að þetta samgöngugjald bæri ekki að leggja á íbúa nágrannasveitarfélaga Reykjavíkur, og þá getur Alþ. alls ekki komist að þeirri niðurstöðu að flugvallargjald, sem er annað samgöngugjald af svipuðu tagi, beri að leggja á þá íbúa landsins sem eiga um ógreiðari veg að fara til Reykjavíkur heldur en næstu nágrannar hennar.

Upphaflega var ráðgert að flugvallargjaldið yrði aðeins innheimt til loka febrúarmánaðar 1976. Í fjárlagafrv. ríkisstj. er hins vegar boðað að gjaldtaka þessi verði framlengd allt næsta ár og hefur ekkert verið um það sagt hvort einhverjar breytingar séu fyrirhugaðar á þeirri gjaldtöku, t. d. með því að fella niður flugvallargjaldið í innanlandsflugi, eins og mér finnst eðlilegt að gert sé. Kemur raunar fram í fjárlagafrv. að það virðist eins og þessa gjaldtöku eigi að framlengja óbreytta þar sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. tekjum sem samsvara því.

Frv. þetta er flutt í þeim tilgangi að sú breyting verði gerð á ákvæðum laga um innheimtu flugvallargjalds að gjaldið verði eftirleiðis aðeins innheimt af þeim farþegum sem fara frá Íslandi til annarra landa, en gjaldtakan verði felld niður í innanlandsflugi. Eins og á hefur verið bent hér að framan er um réttlætismál að ræða í þessu skyni sem er allsendis óskylt því hvort stjórnvöld vilja leggja einhvern hemil á utanlandsferðir íslendinga. Hvort innheimta flugvallargjalds af farþegum í millilandaflugi er rétt og æskileg leið til þess arna er allsendis óskylt því máli sem hér er flutt. Það mál, sem hér er flutt, er eingöngu í því skyni að breyta því að samgönguskattur sé tekinn af íbúum dreifbýlisins á sama tíma og samgönguskattur hefur verið felldur niður af íbúum í næsta nágrenni við Reykjavík sem greiðasta og auðveldasta leið eiga til þeirrar sameiginlegu þjónustumiðstöðvar landsins alls sem Reykjavík er.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. leyfi ég mér að leggja til að málið verði sent til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 21 shlj. atkv.

Sameinað þing, 11. fundur.

Þriðjudaginn 4. nóv., kl. 2 miðdegis.

Raforkumál á Snæfellsnesi, fsp. (þskj. 17). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Til skamms tíma var Snæfellsnes sjálfstæð og einangruð eining í orkukerfi landsmanna og hafði raforku frá lítilli vatnsaflsstöð og nokkrum olíukyntum stöðvum. Þjónusta á þessu sviði var mjög stopul og léleg og var því von að íbúar á Snæfellsnesi gerðu sér góðar vonir um það þegar fram komu hugmyndir um að tengja nesið við rafmagnskerfi Suðvesturlands. Virtist þetta vera í alla staði mjög skynsamleg og arðvænleg framkvæmd, ekki síst af því að línan mundi liggja um allvíðáttumiklar sveitir um mitt Vesturland, sérstaklega á Mýrum, þar sem rafmagn var ekki fyrir hendi.

Nú fór svo að það dróst nokkuð að koma þessari framkvæmd á, þó að góður vilji væri alls staðar fyrir hendi, en hins vegar hefur það tekist og er nú þegar fengin dálítil reynsla af hinu nýja kerfi. En svo hefur brugðið við að eftir samtenginguna telja rafmagnsnotendur, sérstaklega í þorpunum á norðanverðu Snæfellsnesi, að raforka sé þar ótryggari, spennufall algengara og tjón af því á ýmiss konar tækjum meira en áður var á nesinu. Hefur þetta komið mönnum mjög á óvart því að búist var við að allt yrði þetta öruggara og tryggara eftir að tengsl fengjust við hið góða raforkukerfi á Suðvesturlandi. Ég hef því talið ástæðu til þess að leggja þá fsp. fyrir hæstv. raforkumrh. hvað geti valdið því að ástandið hafi á þennan hátt versnað, því að ég tel nauðsynlegt að rafmagnsnotendur á Snæfellsnesi fái á því skýringu opinberlega. Enn fremur hef ég leyft mér að leggja þá fsp. fyrir hæstv. ráðh. hvort hægt sé að bæta úr þessu fljótlega og forðast vandræði á komandi vetri. Tel ég það sérstaklega mikilvægt af því að ég veit að það ástand, sem verið hefur, veldur því að rafmagnsnotendur á Snæfellsnesi hafa nokkrar áhyggjur af því hvernig ástandið verður á komandi vetri.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Raforkukerfið á Snæfellsnesi hefur lengi verið nokkrum truflunum háð. Eftir að raforkukerfi Snæfellsness var tengt við kerfi Landsvirkjunar hefur ekki náðst enn það rekstraröryggi sem íbúar þar höfðu vænst með tengingu þess við það kerfi. Lögð hefur verið háspennulína frá Andakíl að Vegamótum á Snæfellsnesi og það áfram til Stykkishólms. 15. mars 1975 var þessi lína tekin í notkun og orkuflutningur hafinn. Með tilkomu hennar á að aukast öryggi við afhendingu raforku á Snæfellsnesi. Auk þess má vænta töluverðs sparnaðar, því að á árinu 1974 var meira en helmingur raforku á Snæfellsnesi framleiddur með dísilolíu. Með tilkomu þessarar tengingar mun einungis verða framleitt varaafl með dísilvélum á svæðinu.

En breytingum, sem þarf að gera á kerfinu, er ekki lokið enn þá. Hefur ekki verið gengið

frá aðveitustöðvum á Vegamótum og í Stykkishólmi, en vonir standa til eftir upplýsingum Rafmagnsveitna ríkisins að þeim verði lokið fyrir árslok. Í sumar hefur línan á sunnanverðu Snæfellsnesi verið styrkt og spennan á henni hækkuð úr 11 í 19 kílóvolt. Við þetta mun tenging til Ólafsvíkur og Grundarfjarðar styrkjast verulega. Þó ber þess að gæta að hér er enn um dreifilínu eða sveitalínu að ræða og má jafnan búast við nokkrum rekstrartruflunum á henni. Á meðan ekki er lokið vinnu við framangreindar aðveitustöðvar verður raforkukerfi Snæfellsness nokkuð óstöðugt, svo að verði bilun í þessu kerfi getur orðið nauðsynlegt að setja í gang varastöðvar.

Eins og fyrr var sagt er búist við því að tenging aðveitustöðvanna á Vegamótum og í Stykkishólmi muni auka verulega rekstraröryggi kerfisins og munu einstakir hlutar þess verða miklu óháðari truflunum en verið hefur að undanförnu. Meiri hluti efnis í þessar stöðvar er kominn til landsins, annað væntanlegt fljótlega og verður þá hægt að ljúka tengingu aðveitustöðvanna. Þá mun styrking háspennulínunnar á sunnanverðu Snæfellsnesi einnig styrkja kerfið frá því sem verið hefur að undanförnu. Þegar þessum framkvæmdum er lokið er þess vænst að rekstraröryggi kerfisins verði viðunandi.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Það er rétt að á undanförnum árum hefur oltið á ýmsu í rafmagnsmálum Snæfellinga. Orkuþörfin hefur farið ört vaxandi. Línukerfið hefur ekki verið nægjanlega traust. Oft hafa menn orðið fyrir tilfinnanlegu tjóni vegna spennufalls og rafmagnstruflana. En að undanförnu hefur mikið verið unnið til að ráða bót á þessu. Línukerfið hefur víða verið styrkt til muna og fleiri umbætur gerðar, eins og fram hefur komið og heimamenn hafa fylgst með. Það er verið að vinna að þessum málum m. a. við aðveitustöðvar á Vegamótum og Vogaskeiði við Stykkishólm. Unnið er jafnframt að því að öll býli á Snæfellsnesi fái rafmagn. Síðasti meginákanginn í þeim efnum er Skógarstrandarlína og tenging milli Snæfellsness og Dala. Unnið var við Skógarstrandarlínu í sumar. Einhverjar tafir hafa þó orðið og nú spyrja skógstrendingar hvenær þeir megi vænta þess að fá rafmagnið, hvort það verði ekki örugglega á þessu hausti. Þetta skiptir þá að sjálfsögðu mjög miklu máli af mörgum ástæðum. Ég leyfi mér að beina þessari fsp. til hæstv. iðnrh. ef hann gæti svarað henni nú.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég tek undir það sem hér hefur verið sagt um nauðsyn þess að endurbæta rafmagnskerfið á Snæfellsnesi. En það er nú þannig að tjón af völdum spennufalls mun hafa orðið miklu meira í Borgarfirðinum, uppsveitum Borgarfjarðar, heldur en á Snæfellsnesinu, mjög alvarlegt stundum, eins og t. d. um páskana síðustu. Eftir það efndi Búnaðarsamband Borgarfjarðar- og Mýrasýslu til könnunar á þessu og upplýsingar liggja nú fyrir. Það er eftir að vinna úr þeim, en það eru komnar skýrslur frá 40 bæjum þar sem er um að ræða alvarlegt tjón af þessum sökum, aðallega á mjaltavélum, mjaltavélamótorum og dælumótorum og öðru slíku, sjálfsagt milljónatjón, kannske tugmilljónatjón. Menn spyrja þar efra hvort ekki væri rétt að gera rafveitur skaðabótaskyldar þegar um óhæfilegt spennufall er að ræða. Þessu vildi ég koma á framfæri. Ég vil bæta því við að ástæðan til þess, að þetta gerðist um páskana, var sú að þá var rafmagnið ekki skammtað eins og venjulega þegar spennan verður takmörkuð, og menn spurðu: Af hverju er rafmagnið ekki skammtað um páskana? „Það var ekki skammtað um páskana," sögðu viðkomandi yfirvöld hér syðra „vegna þess að það voru svo margir gestir í sumarbústöðunum þar efra í Borgarfirði". Það mátti sem sé ekki hætta á að þéttbýlisfólkið fengi kvef vegna kulda og kannske færi sér að voða i myrkrinu.

Fyrirspyrjandi (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir greinargóð svör sem hann hefur veitt við fyrirspurn minni. Ég verð þó að láta í ljós vonbrigði yfir því að framkvæmdir í sambandi við línuna, sem sjálf er fyrir alllöngu tilbúin, skuli hafa dregist þetta mikið, og ég vil fara fram á við hann að lögð verði á það rík áhersla að hraða þessum framkvæmdum eins og hægt er. Hér er um að ræða rafveitukerfi sem er mjög víðtækt og þjónar fjölmennum byggðum bæði til sveita og sjávar. Eins og hv. síðasti ræðumaður benti á hefur fólk á þessum stöðum treyst raforkunni og verður oft fyrir því að ýmiss konar tæki, sem eru ærið dýr nú á dögum, hafa bilað og jafnvel skemmst alvarlega vegna skyndilegs spennufalls sem verður án þess að fólk fái nokkuð um það að vita eða nokkrar viðvaranir um það. Ég tel að það hljóti að vera mjög hagkvæmt að reyna að ljúka þeim endurbótum sem búið er e. t. v. að meginstofni að vinna á því svæði sem um er að ræða.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Hv. 4. þm. Vesturl. spurðist fyrir um Skógarstrandarlínu. Samkvæmt upplýsingum Rafmagnsveitnanna verður sú lína tengd þegar lokið er byggingu þeirrar aðveitustöðvar í Stykkishólmi sem ég gat hér um áðan. Rafmagnsveiturnar telja að býli á Skógarströnd geti því orðið tengd fyrir hátíðar. Ég tók fram að þessum tveim aðveitustöðvum, sem mjög er aðkallandi að byggja, og tengingu við þær ætti að verða lokið í lok þessa árs. Efni er að meiri hluta komið, en annað væntanlegt fljótlega. Standa því vonir til að þessar aðveitustöðvar verði báðar tilbúnar fyrir áramót og einnig verði lokið á sama tíma Skógarstrandarlínu og býlin þar tengd.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svarið. Það er að sjálfsögðu mikið fagnaðarefni að þessi lína, sem ég spurði um, verði tengd á þessu hausti. Þá er aðeins eftir að leggja rafmagn á nokkra bæi á Vesturlandi og þarf að gera skipulagt átak í þeim efnum og svo að sjálfsögðu að styrkja línur víða og gera þessa orku sem öruggasta því að á hana þurfa margir að treysta.

Húsnæðismál, fsp. (þskj. 28). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fyrirspurnir á þskj. 28 til hæstv. félmrh., svo hljóðandi:

„1. Hverjar eru horfur á afgreiðslu nýrra lána (fyrsta hluta) fram til áramóta? Við hvaða dagsetningu fokheldnivottorða verður lánveiting fyrir áramót miðuð?
2. Hvenær má vænta afgreiðslu lána til eldri íbúða, sem sótt var um fyrir 1. okt. s. l.?
3. Til hve margra leiguíbúða á vegum sveitarfélaga hefur leyfi verið veitt til þessa dags? Hve margar þeirra hafa fengið fulla fjármagnsfyrirgreiðslu?"

Mikil óvissa ríkir nú um möguleika Byggingarsjóðs ríkisins á að standa að lánveitingum á svipaðan hátt og undanfarin ár. Húsbyggjendur víðs vegar um land bíða þess nú í miklum kvíða hvernig um lánamál þeirra fer nú fyrir áramót. Viðkvæmastir eru þeir af eðlilegum ástæðum sem nú eru að gera fokheldar íbúðir sínar og því hef ég sérstaklega um þá spurt.

Sá háttur að miða lánveitingar í desember eða fyrir áramót við fokheldni íbúða fyrir 15. nóv. hefur sérstaklega komið sér vel fyrir íbúa landsbyggðarinnar á þeim svæðum þar sem byggingartími er skammur. Nú hefur að vísu verið gerð sú breyting á að lánum er þrískipt og aðeins er um að ræða ⅓ lána út á fokheldni í stað helmings áður. Ef við bætist svo að þessi þriðjungur kemur ekki til greiðslu fyrr en einhvern tíma ná næsta ári, eins og nú munu algeng svör uppi í Húsnæðismálastofnun, og fyrirgreiðsla bankanna er í algeru lágmarki og mjög þrýst á um skjótar greiðslur þar, þá er kvíði húsbyggjenda auðskilinn.

Annað stjórnarblaðið, Tíminn, hefur hér hjálpað vel til og ýtt duglega undir með feitletraðri forsíðufrétt um stórkostlega fjárvöntun Byggingarsjóðs, eða eins og þar segir: „760 millj. kr. vantar í Byggingarsjóð ríkisins."

Ég taldi því af öllum þessum ástæðum rétt að fá sem skýrust svör og sem fyrst frá þeim aðila sem hér hefur alla þræði í höndum sér og ég þykist vita að hafi fullan hug á að reyna að leysa til hins ítrasta þessi mál á sem farsælastan hátt.

Mér þykir einsýnt að hæstv. ráðherra geti gefið betri og skýrari svör en húsbyggjendur fá nú almennt um þessi mál í viðkomandi stofnun. Því skal ekki að óreyndu trúað að ekki verði reynt að hafa fyrirgreiðslu sem næst því er verið hefur undanfarin ár, ekki síst með tilliti til þess að fyrsti hlutinn er nú skertur svo mjög og fokheldni íbúða hefur þar af leiðandi minni útgjöld í för með sér en áður hefur verið.

Í annan stað er einnig rétt að fá upplýst um þá sem eldri íbúðir hafa verið að kaupa í sumar. Ég taldi og tel enn rétt að auka lánsmöguleika þessara aðila og flutti um það sérstaka tillögu á síðasta þingi, sem því miður var felld, en ég taldi rétt að láta þetta fylgja með, einkum vegna fjölmargra fyrirspurna úr minu kjördæmi þetta varðnadi án þess að um nein viðhlítandi svör væri að ræða hjá viðkomandi stofnun.

Í þriðja lagi lýtur fyrirspurnin að því mjög umtalaða máli, leiguíbúðunum á vegum sveitarfélaga. Rétt þykir að fá upplýst, hvernig þau mál nú standa, með tilliti til þeirra fyrirheita sem gefin voru.

Þó að hæstv. ráðh. muni e. t. v. ekki geta á þessu stigi gefið tæmandi upplýsingar um öll þessi atriði, þá vona ég — og mæli þar fyrir munn margra — að svör hans geti sem jákvæðust orðið og a. m. k. verði þeim kvíða frá þeim vikið sem tóku forsíðugrein Tímans trúanlega og hafa síðan beðið í þeim mun meiri kvíða og óró út af sínum málum.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég vil fyrst taka fram út af ummælum hv. fyrirspyrjanda, sem virðist hafa í þetta sinn trúað mjög ákveðið því sem birtist í fregn á forsíðu Tímans fyrir nokkru, að sú fregn var á algerum misskilningi byggð. Það er því engin ástæða til að byggja einhvern ótta á þeirri fregn.

Fsp. hv. þm. er í fyrsta lagi um hverjar séu horfur á afgreiðslu nýrra lána (fyrsta hluta) fram til áramóta og við hvaða dagsetningu fokheldnivottorða lánveiting fyrir áramót verði miðuð.

Húsnæðismálastjórn hefur tekið ákvörðun um afgreiðslu lána til þeirra sem höfðu lagt inn umsóknir um lán fyrir 1. febr. s. l., þannig að þeir, sem lögðu fram fokheldnivottorð á tímabilinu 1. jan. til 31. mars, fengu frumlán eftir 1. sept. s. l. Þeir, sem skiluðu fokheldnivottorðum á tímabilinu 1. apríl til 31. maí, fá frumlán afgreidd eftir 10. nóv. Nú á næstunni verður tekin ákvörðun af húsnæðismálastjórn um lánveitingar til þeirra, sem lögðu inn umsóknir eftir 1. febr. s. l., og þá endanlega ákveðið við hvaða dagsetningar fokheldnivottorða verði miðað í sambandi við lánveitingar fyrir áramót.

Annar liður fsp. snertir afgreiðslu lána til eldri íbúða.

Á þessu ári hefur þegar farið fram ein úthlutun lána til þeirra er sóttu um lán til kaupa á eldri íbúðum fyrir 1. apríl s. l. Sú lánveiting nam 110 millj. kr. Um þessar mundir er að hefjast undirbúningur að lánveitingu þeim til handa sem sóttu um lán til kaupa á eldri íbúðum fram til 1. júlí. Er þar um að ræða talsverðan fjölda umsókna. Á síðasta Alþ. var samþ. stjfrv. um að húsnæðismálastjórn væri heimilt að verja allt að 160 millj. kr. í lánveitingar á ári hverju vegna kaupa á eldri íbúðum. Þangað til hafði hámarksupphæðin, sem mátti veita lán til, verið 80 millj. Þessi upphæð var því tvöfölduð á síðasta þingi. Húsnæðismálastjórn mun vilja láta þá umsækjendur sitja fyrir um greiðslur á þessu hausti sem lögðu fram lánsumsóknir fram til 1. júlí. Það er að áliti húsnæðismálastjórnar ekki líklegt að þessi upphæð nægi til þess að veita öllum úrlausn, vegna þess hve umsóknir eru margar, þrátt fyrir það að upphæðin hafi verið tvöfölduð á þessu ári. Það er því viðbúið, að því er húsnæðismálastjórn telur, að ýmsir umsækjenda, sem lögðu inn lánsumsóknir á tímabilinu frá 1. júlí til 1. okt., þurfi að bíða fram á næsta ár.

Þriðja fsp. er varðandi leiguíbúðir á vegum sveitarfélaga.

57 sveitarfélögum hefur verið veitt heimild til að hefja tæknilegan undirbúning vegna bygging-

ar samtals 355 íbúða. Þegar húsnæðismálastjórn hefur heimilað sveitarstjórn að hefja tæknilegan undirbúning vegna leiguíbúða, þá siglir að öllum jafnaði síðar í kjölfarið, sé allt með felldu um hann, að húsnæðismálastjórn samþ. veitingu framkvæmdalána til bygginga. Kemur það síðar til greiðslu í samræmi við samning þar um. Hafa verið gerðir framkvæmdalánssamningar og framkvæmdir hafnar á vegum 25 sveitarfélaga vegna byggingar 179 íbúða. Þessi lán eru samtals 695 millj. kr. Lánin koma til greiðslu sem hér segir:

Á árinu 1974 46 millj. 200 þús. Á árinu 1975 442 millj. 850 þús. Á árinu 1976 205 millj. 950 þús. Samtals 695 millj. kr. Hér er um að ræða framkvæmdir, sem hófust á árunum 1974 og 1975, og upphæðin, sem kemur til útborgunar 1976, er aðeins eftirstöðvar af þessum framkvæmdum, en á að sjálfsögðu eftir að hækka til muna þegar framkvæmdir, sem hefjast á árinu 1976, bætast við. Þetta er til skýringar á því að upphæðin fyrir árið 1976 er meira en helmingi lægri en 1975.

Af þeim 179 íbúðum, sem framkvæmdalánsheimild hefur verið veitt til, hafa 4 sveitarfélög lokið smíði 7 íbúða. Nema lán til þeirra 33 millj. 460 þús. kr. Önnur sveitarfélög hafa öll hafið framkvæmdir, en eru misjafnlega langt á veg komin með þær. Auk þessara 179 íbúða hefur 22 sveitarfélögum verið heimilað að hefja framkvæmdir fyrir eigið fé vegna samtals 81 íbúðar, en framkvæmdalánssamningur hefur ekki verið gerður enn við þau, en verður væntanlega gerður síðar.

Þegar talað er um framkvæmdalánssamninga við sveitarstjórnir er um það að ræða að húsnæðismálastjórn gerir samþykkt um lánveitingu til fjármögnunar leiguíbúða er nemur 80% af heildarbyggingarkostnaði. Lánveitingin er borguð út í mánaðarlegum fjárhæðum, venjulega jafnháum á byggingartímanum yfirleitt allt frá fyrsta mánuði til hins síðasta. Á fundi húsnæðismálastjórnar nú í dag, 4. nóv., verður lögð fram leiguíbúðaáætlun fyrir árið 1976, en í henni er m. a. greint frá óskum sveitarstjórna um slíkar framkvæmdir á því ári.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. ráðherra svörin, einkum við 3. fsp., sem voru mjög ítarleg svör og að mörgu leyti ágæt.

Ég ítreka það að leiguíbúðirnar eru nú og hafa verið helsta von landsbyggðarinnar til aukins jafnréttis við Reykjavíkursvæðið varðandi húsnæðismál. Það er að vísu rétt að sveitarfélögin hafa að mörgu leyti verið vanbúin til þessara verkefna og m. a. einnig til rekstrar þessara íbúða, en heildarstefnan er þó tvímælalaust rétt og ég hygg að þetta kerfi út af fyrir sig eigi ekki að setja húsnæðislánakerfið sjálft úr skorðum svo mjög, því að hvort tveggja hefur gerst, að Breiðholtsframkvæmdunum víðfrægu er sem óðast að ljúka og í annan stað var til þessara leiguíbúða á sínum tíma tryggður ákveðinn tekjustofn. Ég verð hins vegar að segja það, að ég trúði Tímanum svona rétt bærilega þegar þessi forsíðufrétt birtist í októbermánuði, en eftir svör hæstv. ráðh. um lánveitingar fram til áramóta hallast ég að því að Tíminn hafi haft töluvert til síns máls, því að sannleikurinn er sá að hæstv. ráðh. gaf hér engin svör um það hverjir fengju úthlutun fyrir áramót aðrir en þeir sem þegar hafa fengið um það formlega tilkynningu, verið formlega tilkynnt um það af húsnæðismálastjórn.

Ég var einmitt að leita eftir því hvort ekki væri hægt á þessu stigi að gefa þeim svör sem gera fokhelt — við skulum segja eins og verið hefur undanfarin ár, fyrir 15. nóv. — einhver svör, einhverja von um að þeir gætu átt von á sömu fyrirgreiðslu og undanfarin ár, en hæstv. ráðherra treysti sér ekki til þess að gefa þessum mönnum neina slíka von, sagði að það ætti eftir að taka ákvörðun um þetta, og ég lýsi vonbrigðum mínum með það. Ég treysti hins vegar enn á að hann sjái til þess, hæstv. ráðherra, að þarna verði myndarlega að staðið, og bendi á að mér sýnist ekki betur en að þetta muni kosta Byggingarsjóð ríkisins allmiklu minni fjárhæð en undanfarið af þeirri ástæðu að lánið út á fokheldni íbúðanna nemur nú ⅓ á móti helmingi áður af heildarlánsupphæðinni. En við skulum sem sagt vona að Tíminn hafi þarna eins og kannske oft áður farið með rangt mál og það verði nógir peningar til til þess að standa a. m. k. við það mark sem hefur verið sett undanfarin ár, því að eftir þessu bíða menn með mikilli óþreyju.

Varðandi það sem hæstv. ráðh. sagði um kaup á eldri íbúðum, þá er alveg rétt og ég fagnaði því þegar hann lagði fram stjfrv. í fyrra um að hækka verulega upphæðina sem til eldri íbúða átti að fara. En ég held að við eigum að ganga lengra enn í þessu. Það gæti dregið að mun úr þeirri spennu sem ríkir í þessum málum. Ég held að það sé t. d. flestra mál í dag að það sé auðveldara að byggja hús heldur en að kaupa sér eldri íbúð ef sú íbúð er á annað borð nokkuð sæmileg. Ég skora sem sagt á hæstv. ráðh., ef hann sæi sér fært, að rýmka enn heimild til kaupa á eldri íbúðum einmitt til þess þá ef til vill að spennan minnkaði varðandi nýbyggingu húsa.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju minni yfir því, að þetta mál skuli hafa borið hér á góma, og þakka bæði fyrirspyrjanda og hæstv. ráðh. fyrir það. En ég vil ekki láta hjá líða að lýsa óánægju minni yfir því hvað óskaplega hefur gengið hægt og erfiðlega með leiguíbúðirnar. Það voru bundnar afar miklar vonir við þessa lagasetningu úti á landsbyggðinni, og það hefur eðlilega þróast í þá átt að við erum alltaf að jafna okkur til Breiðholtsins. Þar var uppbygging með afar miklum hraða og myndarskap og vel að því máli staðið frá ríkisvaldsins hendi og sjálfsagt Reykjavíkurborgar líka. Þær íbúðabyggingar höfðu mikinn forgang á sínum tíma og þess vegna er það ákaflega mikið réttlætismál að eins sé unnið að leiguíbúðunum úti um landið.

Það hafa komið í ljós agnúar á þessum lögum, eins og menn vita sem hafa kynnt sér þessi mál, bæði á lögunum og eins á reglugerðinni. T. d. í lögunum er þetta einungis heimildarákvæði. Þau

eru öll vægara orðuð heldur en Breiðholtsreglugerðin var á sínum tíma. Þar var skylda að leggja fram 80%. Það er bara heimild í þessum leiguíbúðalögum. Að vísu hefur verið praktíserað að leggja fram 80%. En allt hefur þetta orðið til þess að leiguíbúðirnar hafa orðið að nokkrum hætti hornrekur í kerfinu og mikill seinagangur á þessu öllu saman og leiðindi á báða bóga og þetta þyrfti endilega að breytast. Einnig hafa komið í ljós í reglugerðinni atriði t. d. um söluákvæðin sem nauðsynlega þurfa að breytast. Það þarf að rýmka heimildir fyrir sveitarfélögin til þess að afsetja þessar íbúðir með öðrum hætti en nú er í reglugerðinni, og ég vil leggja áherslu á að þetta er mjög nauðsynlegur þáttur í uppbyggingu dreifbýlisins.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Hv. síðasti ræðumaður, 3. þm. Norðurl. v., gerði leiguíbúðirnar að umtalsefni og taldi að þær hefðu orðið hornreka í kerfinu. Ég er honum sammála um það, að í því sambandi þarf mjög margt að endurskoða, bæði varðandi lagasetninguna og þá reglugerð sem um það gildir.

Því er ekki að neita að lagaákvæðin um leiguíbúðir, sem sett voru fyrir þremur árum, voru því miður ekki nægilega vel undirbúin. Þar var ákveðið að reisa skyldi á 5 árum 1000 leiguíbúðir og að húsnæðismálastjórn — Byggingarsjóður — skyldi lána 80% af byggingarkostnaði. Fyrsti annmarkinn á þessu var sá að það var ekki hugsað fyrir neinum nýjum tekjustofni. Það er mikill misskilningur eða misminni hjá hv. fyrirspyrjanda, 7. landsk. þm., Helga F. Seljan, að tryggður hafi verið sérstakur tekjustofn í þetta. Það var ekki gert, þannig að leiguíbúðunum var aðeins bætt ofan á Byggingarsjóð án þess að honum væri aflað viðbótartekna. Þetta hefur að sjálfsögðu valdið Byggingarsjóði ákaflega miklum erfiðleikum, en eins og kom fram í upplýsingum mínum hefur þó bæði 1974 og 1975 verið gerð veruleg úrlausn í þessum efnum. Hinu er ekki að neita, að fjárþörf vegna leiguíbúða sveitarfélaganna gengur á fjármagn Byggingarsjóðs til annarra hluta, og þarf í rauninni ekki fleiri orðum um það að fara. Hér er um mjög alvarlegt mál að ræða.

Annað atriði, sem valdið hefur nokkrum erfiðleikum, er að þegar lögin um leiguíbúðir sveitarfélaga voru sett var ekki hugsað nægilega um hvernig þetta félli að húsnæðismálakerfinu að öðru leyti. Nú hefur komið í ljós að margir hafa verulegan áhuga á verkamannabústöðum í landinu og þarna hefur orðið nokkur árekstur í milli. Þess hefur orðið vart að þar sem menn höfðu fyrirætlanir um verkamannabústaði hafa sumir hætt við þær fyrirætlanir til að snúa sér að þessum leiguíbúðum, og þeir, sem mestan áhuga hafa í sambandi við verkamannabústaðina, hafa haft — og hafa tjáð mér það ýmsir — miklar áhyggjur af þessu atriði.

Allt þetta þarf auðvitað að endurskoða. En það er rétt, fyrst leiguíbúðirnar eru sérstaklega gerðar hér að umtalsefni, að vekja athygli á þessu tvennu, að málið var ekki nægilega undirbúið, hvorki séð fyrir tekjustofni né hugað að því hvernig þetta félli að kerfinu.

Nú var á s. l. sumri skipuð sérstök n. manna í samráði við bæði Alþýðusamband Íslands og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og fleiri aðila til allsherjarendurskoðunar á húsnæðismála lögunum, þar sem m. a. ákvæðin bæði í lögum og reglugerð um leiguíbúðir koma til athugunar.

Ég vil taka það fram að ég er hv. fyrirspyrjanda, Helga F. Seljan, alveg sammála um að æskilegt sé að hækka hámarksupphæðina til kaupa á eldri íbúðum. Hún var hækkuð á síðasta þingi úr 80 millj. á ári í 160 millj., en ég tel að það væri mikil þörf á að hækka hana enn.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er auðvitað enginn tími til þess að gera nein skil að ráði umr. um leiguíbúðir á vegum sveitarfélaga á þeim stutta tíma sem hér er til umráða. En ég vil eigi að síður nota þann tíma til þess að undirstrika sérstaklega það sem hér er raunar komið fram, kom fram hjá hv. þm. Páli Péturssyni, að einmitt þetta mál, leiguíbúðir á vegum sveitarfélaga, er að mínu viti mjög stórt mál fyrir landsbyggðina og er full ástæða til að haga svo vinnubrögðum í sambandi við framkvæmd þess máls að það nái þeim tilgangi sem raunverulega var til ætlast á sínum tíma. Nú er það að vísu rétt, sem kom fram hjá hæstv. félmrh., að það var ekki, að því er ég best veit, séð fyrir sérstökum tekjustofni vegna þessara framkvæmda. Það var ekki heldur gert í reynd í sambandi við framkvæmdir í Breiðholti, en þær nutu eigi að síður nokkurs forgangs meðan þær framkvæmdir stóðu yfir og standa að vísu yfir að hluta enn, þannig að að því leyti er þetta nokkuð sambærilegt. En staðreyndin er eigi að síður sú að leiguíbúðirnar hafa orðið hornreka í kerfinu og er nauðsyn á að breyta því.

Þetta er sem sagt brennandi mál hjá hinum ýmsu sveitar- og bæjarfélögum úti á landsbyggðinni, — mál sem þau sveitarfélög hafa bundið miklar vonir við að yrði til þess að leysa það mikla húsnæðisvandamál sem uppi hefur verið og er raunar enn á landsbyggðinni, en hefur því miður ekki sem skyldi komið að þeim notum sem reiknað var með. Mér er um það kunnugt að fyrrv. hæstv. félmrh. hafði uppi um það hugmyndir og var búinn að láta vinna að því nokkuð að flýta byggingu þessara leiguíbúða, að stytta byggingartímann a. m. k. um eitt ár, þannig að það kæmi á fjórum árum sem upphaflega var ætlað að kæmi til framkvæmda á fimm árum. Það er greinilegt að í þetta hefur komið afturkippur, þannig að það er ekki séð enn hvort þetta mál kemst raunverulega fram á þeim tíma sem því var upphaflega ætlað, hvað þá heldur að tíminn styttist, eins og uppi voru hugmyndir um á sínum tíma. En það er vissulega mjög nauðsynlegt að breyta hér um. Það væri nauðsynlegt að breyta því ákvæði í lögum, sem hér um ræðir, í skyldu að þessu leyti, ekki heimild, og í öðru lagi að breyta þeirri reglugerð, sem nú er í gildi, varðandi þá möguleika sem sveitarfélögin hafa til þess að losa sig úr þessum framkvæmdum eða réttara sagt að selja viðkomandi íbúðir. Þetta þarf hvort tveggja að athuga og er brýn nauðsyn á að það verði gert fyrr en síðar.

Kjaradómur og launamál opinberra starfsmanna, fsp. (þskj. 33). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja að uppi hefur verið og er enn alvarleg deila milli ríkisins annars vegar og opinberra starfsmanna hins vegar, þ. e. a. s. BSRB, Bandalags háskólamanna og lækna. Hér er um að ræða eitt alvarlegasta vandamál sem nú er við að etja í íslenskum efnahagsmálum, í íslensku þjóðlífi, þar eð ljóst er af opinberum fregnum að mikið ber á milli samningsaðila, ríkisvaldsins annars vegar og starfsmanna þess hins vegar.

Skv. gildandi lögum átti málið að ganga til Kjaradóms 1. nóv. s. l. Úrskurður hans átti síðan að falla fyrir árslok og ný laun skv. honum að taka gildi 1. júlí n. k. Nú hefur það hins vegar gerst, sem aldrei hefur gerst áður og hlýtur að teljast til stórtíðinda í íslenskum kjaramálum, að fulltrúar opinberra starfsmanna hafa sagt sig úr Kjaradómi.

Af þessum sökum hef ég leyft mér að bera fram þá fsp. til hæstv. fjmrh. hvort hann telji að Kjaradómur sé starfhæfur og fær um að kveða á um laun opinberra starfsmanna eftir að fulltrúar þeirra hafa sagt sig úr dómnum, og jafnframt vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh., til þess að undirstrika hversu alvarlegt mál hér er á ferðinni, hvernig ríkisstj. hyggist bregðast við því ástandi sem nú hefur skapast varðandi launamál opinberra starfsmanna. Ég tel ekki aðeins opinbera starfsmenn sjálfa eiga eðlilegan og sjálfsagðan rétt á því að vita hvern gagn ríkisstj. hugsar sér að hafa á þessu máli öllu eftir að það algjörlega óvenjulega ástand hefur skapast að fulltrúar opinberra starfsmanna hafa sagt sig úr dómnum, og það er ekki aðeins eðlileg ósk, að opinberir starfsmenn vilji vita hvar þeir standa, heldur allir sem hafa hagsmuna að gæta í sambandi við þá kjarasamninga sem vitað er að munu hefjast um næstu áramót eða fyrir næstu áramót, því að frá þeim tíma eru samningar launþegasamtaka yfirleitt lausir. Það varðar alla þessa aðila, aðila vinnumarkaðarins yfirleitt, við hverju má búast í samskiptum ríkisvaldsins annars vegar og opinberra starfsmanna hins vegar. Þess vegna hef ég leyft mér að bera fram þessa fsp. til hæstv. fjmrh.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Sem svar við fyrri lið fsp. hv. 9. þm. Reykv., Gylfa Þ. Gíslasonar, vil ég segja eftirfarandi:

Þann 17. okt. s. l. barst fjmrn. bréf frá fulltrúum og varafulltrúum BSRB í Kjaradómi og Kjaranefnd þar sem einstaklingar þessir sögðu af sér störfum í Kjaradómi og í Kjaranefnd. Í framhaldi af bréfi þessu skrifaði rn. BSRB svofellt bréf:

„Fjmrh. hefur borist bréf, dags. 17. þ. m., undirritað af fulltrúa og varafulltrúa BSRB í Kjaradómi, þeim Inga Kristinssyni og Þórhalli Halldórssyni, og fulltrúa og varafulltrúa BSRB í Kjarnefnd, þeim Kristjáni Thorlacius og Sólveigu Ólafsdóttur, þar sem þessir einstaklingar segja af sér störfum í Kjaradómi og Kjaranefnd.

BSRB er viðurkennd heildarsamtök skv. 1. málsgr. 3. gr. l. nr. 46/1973 og hvílir því á bandalaginu sú skylda að nefna dómanda og varadómanda í Kjaradóm, sbr. 15. gr. l. nr. 46/1973, og nefndarmann og varamann í Kjaranefnd, sbr. 24. gr. sömu laga. Í báðum tilvikum skal skipun gilda til 4 ára í senn. Skipunartími þeirra fulltrúa BSRB, sem áður voru nefndir, bæði í Kjaradóm og Kjaranefnd, er frá 1. okt. 1973 til 30. sept. 1977 og er því einungis liðlega hálfnaður.

Með vísan til þess svo og þess, að ljóst er, að BSRB er lögskylt að nefna og eiga fulltrúa í Kjaradómi og Kjaranefnd, er bandalaginu hér með tilkynnt að fjmrh. telur að afsagnir ofangreindra fulltrúa BSRB í Kjaradómi og Kjaranefnd geti þá fyrst verið teknar til greina er BSRB hefur nefnt aðra fulltrúa í þeirra stað.

Þeim einstaklingum, sem hér eiga hlut að máli hefur í dag verið sent afrit þessa bréfs."

Þessu bréfi svaraði BSRB með eftirfarandi bréfi, dags. 31. okt.

„Bandalaginu hefur borist bréf rn., dags. 30. þ. m., varðandi úrsögn fulltrúa BSRB úr Kjaradómi og Kjaranefnd.

Í tilefni af þessu vill bandalagið staðfesta að úrsögn fulltrúa þess úr hinum lögskipuðu gerðardómum var skv. einróma ályktun á sameiginlegum fundi stjórnar BSRB, samninganefndar og verkfallsréttarnefndar bandalagsins 16. þ. m."

Eins og fram kemur í bréfi rn. lýtur rn. svo á að BSRB eigi enn fulltrúa í Kjaranefnd og Kjaradómi.

Þar sem dómurinn hefur enn ekki verið kvaddur saman síðan bréfaskipti þessi áttu sér stað hefur ekki á það reynt hvort bandalagið ætli að virða gildandi lög um kjarasamninga eða ekki. Því verður ekki trúað að óreyndu að BSRB fari ekki að gildandi lögum í þessum efnum.

Sem svar við 2. lið fsp. hv. þm. vil ég segja þetta:

Mál Bandalags háskólamanna og BSRB eru nú til meðferðar hjá Kjaradómi. Engu að síður verður áfram reynt að ná samkomulagi, og ekkert er því andstætt að sátt verði gerð á meðan úrlausn fyrir dómi hefur ekki fengist. Frestun til dómsuppkvaðningar er til n. k. áramóta.

Fyrirspyrjandi (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. að sjálfsögðu fyrir svör hans. Ég hlýt hins vegar að vekja athygli á því að það virðist vera stefna hans — og í jafnmikilvægu máli hlýtur afstaða hans að túlka afstöðu ríkisstj. í heild — að vera sú að bíða átekta þangað til Kjaradómur kemur saman og sjá þá hvort fulltrúar opinberra starfsmanna í Kjaradómi komi til þess fundar. Það er að sjálfsögðu ekki mitt hér á þessum stað og þessari stundu að spá nokkru um hvað muni gerast. En mér sýnist af þeim tveim bréfum sem BSRB hefur ritað fjmrh. að augljóst sé að þeir hyggist ekki koma til fundar þegar þeir verða boðaðir, eins og hæstv. fjmrh. nú hefur greint frá að hann ætli að láta reyna á. Ég hef þannig ástæðu til að halda að fulltrúar opinberra starfsmanna muni ekki mæta í dómnum, og það er sú staðreynd sem gerir málið allt jafnalvarlegt og það er í raun og veru, því að þá vaknar sú spurning

hvort Kjaradómur skipaður án fulltrúa opinberra starfsmanna sé bær að fella úrskurð um kaup þeirra og kjör. Það má vel vera að virta lögfræðinga greini á um hvernig túlka beri gildandi lög í því sambandi, þ. e. a. s. hvort Kjaradómur án fulltrúa opinberra starfsmanna sé bær um að kveða upp dóm um kjör þeirra eða ekki. Mér er hins vegar kunnugt um að margir mjög hæfir lögfræðingar draga í efa að skv. gildandi lögum geti slíkur úrskurður Kjaradóms talist gildur gagnvart launþegum. Ef svo er, þá er augljóst að í algjört öngþveiti stefnir í þessum máli. Það er nauðsynlegt að sem fyrst fáist hér hreinar línur. Eins og ég sagði áðan, hefur það ekki einungis þýðingu fyrir opinbera starfsmenn, heldur fyrir alla aðila vinnumarkaðarins. Þær línur skortir nú, en ég vona að þær skýrist sem fyrst.

Virkjunarrannsóknir á Fljótsdalshéraði, fsp. (þskj. 28). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram tvíliða fsp. til hæstv. iðnrh.

„1. Hvenær er niðurstaðna að vænta af rannsókn þeirri á virkjun Bessastaðaár, sem fram hefur farið, þannig að fullnaðarákvörðun um virkjun megi taka?

2. Er það rétt að Suisse Aluminium eða aðrir erlendir aðilar hafi átt einhverja aðild að rannsókninni eða eru uppi áform um slíka aðild hvað snertir frekari rannsókn eða framkvæmdir varðandi hugsanlega stórvirkjun þar eystra?“

Skv. upplýsingum frá í sumar, sem við þm. Austurl. fengum þá á sérstökum fundi, var okkur tjáð að niðurstaðna um Bessastaðaárvirkjun væri að vænta í sept. og jafnframt var okkur sagt þá að þá benti ekkert til þess að fyrri vonir um þessa virkjun gætu ekki staðist. Því tel ég rétt að fá um þetta sem gleggstar upplýsingar nú og um leið fá hæstv. ráðh. til að gefa þau svör sem nú er mögulegt að gefa um þessar rannsóknir og þá alveg sérstaklega um það hvenær megi vænta fullnaðarákvörðunar um þessa virkjun.

Það er víða þrýst á í orkumálum nú, en við, sem ekki getum á neitt annað treyst en rafmagn til t. d. upphitunar húsa okkar, hljótum að vera þar óþreyjufyllstir allra að vita sem gleggst hvers þar megi vænta. Enn er spáð vaxandi kyndikostnaði íbúðarhúsnæðis okkar og því fastara verður knúið á um rafhitun húsa, fyrir utan þá þjóðhagslegu nauðsyn margumtöluðu vegna gjaldeyriseyðslu sem hér er um að ræða.

Enda þótt um rannsóknir þessar og framkvæmdir þar hafi orðið mikil skrif og um margt mikil óánægja eystra, þá snertir það ekki áhugann á því að sem best megi til takast um hæfilega virkjun þar eystra til hagsbóta fyrir landshlutann í heild. Þess er vænst að sem fyrst megi taka hér um fullnaðarákvörðun. Og í ljósi þess hve hæstv. ráðh. brá fljótt og vel við á s. l. þingi varðandi heildarlög, þá treysta menn nú enn frekar á skjót viðbrögð hans nú þegar fullnaðarrannsókn liggur fyrir sem byggja megi á.

Síðari liðurinn er fram borinn að gefnu tilefni. Hæstv. ráðh. og raunar þm. allir vita hug minn til stórvirkjunaráforma eystra í þágu útlendinga eða erlendra stórfyrirtækja. Á s. l. vori var samþ. till. frá hv. þm. Sverri Hermannssyni um rannsókn á Fljótsdalsvirkjun og hafði þá sá annmarki, sem ég taldi á upphaflegri till. hans, verið sniðinn af, þ. e. að rannsóknirnar skyldu miðaðar við væntanlega stóriðju á Reyðarfirði. En í skýrslu iðnþróunarnefndar er þessi hugmynd enn við góða heilsu og beinlínis ráð fyrir henni gert. En aðaltilefnið þó til þess að ég taldi rétt að fá skýr og afdráttarlaus svör hæstv. ráðh. hér um er fréttir s. l. sumars, óvefengdar enn, um ferðir sendimanna Suisse Auminium upp á Fljótsdalsheiði og jafnvel um þegar tilbúna nefndarskipan, þar sem fulltrúar innlenda rannsóknaaðilans og hinir erlendu fulltrúa auðhringsins ættu að kanna öll þessi mál frekar, hvað svo sem í því kann að vera hæft. Ég játa það að ég kann að vera hér með óþarfa tortryggni vegna hinnar eindregnu andstöðu minnar við öll þessi áform. En víst er um það að margir eru þeir sem vilja fá hér um þau svör ein sem ég kýs, þ. e. að allt sé þetta tilhæfulaust, — auðvitað ekki ferðalag þessara sendimanna, það ferðalag var staðreynd, það gat verið skemmtiferð ein og það er e. t. v. ekkert á döfinni varðandi væntanlega aðild Suisse Aluminium eða annarra erlendra aðila að þessum rannsóknum eða þeim sem í framhaldi af áður samþ. þál. frá s. l. vori kynnu að fara fram. Alger neitun hæstv. ráðh. væri kærkomin fleirum en mér, því að um þetta ganga miklar sögur sem rétt er þá að kveða niður að fullu.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það er spurt um hvenær niðurstaðna sé að vænta af rannsókn þeirri á virkjun Bessastaðaár sem fram hefur farið, þannig að fullnaðarákvörðun um virkjun megi taka.

Á síðasta þingi var flutt og samþ. stjfrv. um virkjun Bessastaðaár í Fljótsdal. Skv. þeim lögum var ríkisstj. heimilað að fela Rafmagnsveitum ríkisins að reisa og reka vatnsaflstöð við Bessastaðaá í Fljótsdal með allt að 32 mw. afli. Rafmagnsveitur ríkisins gerðu síðan samning við verkfræðifyrirtækið Hönnun hf. um áætlunargerð þessarar virkjunar. Á fyrstu mánuðum þessa árs var unnið á vegum Rafmagnsveitna ríkisins og Hönnunar að frumáætlun um virkjunina og tillögugerð um það hvernig staðið skyldi að virkjunarrannsóknum á svæðinu. Fljótlega var valin hönnunarstjórn virkjunarinnar. Í henni eiga sæti Sverrir Ólafsson yfirverkfræðingur hjá Rafmagnsveitum ríkisins, Finnur Jónsson verkfræðingur hjá Hönnun og dr. Gunnar Sigurðsson verkfræðingur.

Virkjunarrannsóknirnar sjálfar hófust síðan á svæðinu á s. l. vori. Það voru margs konar rannsóknir til undirbúnings virkjunar. Rannsóknirnar hófust í byrjun júnímánaðar og stóðu fram í byrjun október. Á þeim tíma var mælt fyrir stíflum við þau miðlunarlón, sem þarna þarf að gera, auk þess sem undirstöður undir stíflur voru kannaðar. Gerð var könnun á efnisnámum vegna töku fyllliefna í stíflur og tekin

sýni úr þessum námum. Boraðar voru tvær 200 m djúpar rannsóknarborholur til könnunar á gerð og þykkt berglaga í Valþjófsstaðahlíð. Byrjað var á þriðju holunni uppi á heiðarbrúninni, en þeirri holu varð ekki lokið. Niðri í Fljótsdal var mælt og borað á þeim stöðum sem heppilegast er talið að grafa frárennslisskurði frá virkjuninni. Haldið var áfram mælingum á rennsli fallvatna á þessu svæði. Í sumar var einnig unnið að könnun á lífríki virkjunarsvæðisins. Gerð var yfirlitskönnun á svæðinu sem heild og auk þess sérstök könnun á lífríki vatna á heiðinni og gróðurfari þeirra svæða sem fyrirhugað er að fari undir vatn við gerð miðlunarlóna. Þessar rannsóknir á lífríkinu voru unnar af Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Orkustofnun og Náttúrugripasafninu á Neskaupstað sem einnig hafði umsjón með þessum hluta rannsóknanna.

Nú stendur yfir úrvinnsla þeirra gagna sem aflað hefur verið í sumar. Má gera ráð fyrir að meginniðurstöður liggi fyrir í áfangaskýrslu í janúarmánuði n. k. Í þeirri skýrslu verður kostnaðaráætlun fyrir virkjunina og mat á hagkvæmni hennar almennt. Fullnaðarúrvinnslu þeirra gagna, sem fyrir liggja, mun væntanlega verða lokið síðari hluta vetrar og með tilliti til þess er fullnaðarákvörðunar um virkjunina að vænta síðari hluta þessa vetrar.

Í öðru lagi er spurt um hvort rétt sé að Suisse Aluminium eða aðrir erlendir aðilar hafi átt einhverja aðild að rannsókninni eða hvort uppi séu ákvarðanir um slíka aðild hvað snertir frekari rannsóknir eða framkvæmdir varðandi hugsanlega stórvirkjun þar eystra.

Engir erlendir aðilar hafa starfað að undirbúningsrannsóknum að Bessastaðaárvirkjun. Hins vegar fóru fulltrúar Suisse Aluminium þess á leit við viðræðunefnd um orkufrekan iðnað að fyrirtækið mætti senda verkfræðinga til landsins til að kynna sér virkjunaraðstæður á Austurlandi. Varð viðræðunefndin við þeim tilmælum og komu tveir verkfræðingar hingað til lands í ágústmánuði s. l. Þeir fóru um hugsanlegt virkjunarsvæði í fylgd með íslenskum verkfræðingum sem kynntu þeim helstu niðurstöður þeirra rannsókna sem Orkustofnun hafði framkvæmt á svæðinu.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svörin, ítarleg svör um rannsóknirnar á Fljótsdalsheiði varðandi Bessastaðaárvirkjun. Það kom í ljós í svari hans að niðurstaðna væri að vænta í jan. n. k. Það er að vísu nokkuð seinna en okkur voru gefnar upplýsnigar um, en gott og vel, við skulum vona að þær liggi þá fyrir og hraðað verði fullnaðarúrvinnslu þeirra niðurstaðna, þannig að við það verði hægt að standa að síðari hluta þessa vetrar, eins og hæstv. ráðh. gaf fyrirheit um, verði tekin fullnaðarákvörðun um þessa virkjun. Það er beðið eftir því að þessi ákvörðun verði tekin, og ég vona að hæstv. ráðh. geri allt sem hann geti til þess að fullnaðarúrvinnslunni verði flýtt svo að þessa fullnaðarákvörðun megi taka.

Varðandi 2. liðinn, þá svaraði hæstv. ráðh. því til að engir erlendir aðilar eða frá erlendum fyrirtækjum hefðu starfað að þessum rannsóknum. Þarna hefðu menn komið í saklausa kynningarferð, verið aðeins að forvitnast og sjá aðstæður. Ég vona að þessi ferð sé eins saklaus og hæstv. ráðh. vildi vera láta og þar búi ekkert undir. En af eðlilegum ástæðum kannske, þá skaut hæstv. ráðh. sér hjá því að svara þeim síðari lið, hvort nokkur áform væru uppi um hugsanlega aðild erlendra fyrirtækja að framhaldsrannsóknum þar eystra. Það er kannske ekki hægt að gefa um það yfirlýsingu á þessu stigi, en mikið hefði mér þótt vænt um að hæstv. ráðh. hefði hreinlega svarað þessu neitandi, að það væru engin áform uppi um að hleypa útlendingum í þessar rannsóknir.

Í Ed. Alþ. í fyrra, þegar þessi mál voru þá til umr., urðu nokkur orðaskipti milli okkar hæstv. ráðh. um þetta mál og þá undraðist hæstv. ráðh. þá fávisku mína að ímynda mér að erlendir aðilar mundu nokkurn tíma koma þarna inn í og ég hefði verið afskaplega þakklátur, þó að jafnvel kannske slepptri fáviskunni, að hann hefði gefið um það yfirlýsingu nú að við þetta stæði áfram, erlendir aðilar kæmu ekkert inn í þessa mynd.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir að flytja þetta mál hér inn í þingsalina. Það er greinilega ljóst af svörum hæstv. ráðh. að málinu er á engan hátt lokið þar með. Því er ekki að leyna að heimsóknir fulltrúa erlendra stóriðjufyrirtækja hingað til lands og þá sérstaklega til Austurlands á undanförnum mánuðum hafa vakið í hugum margra spurningar um hver sé tilgangur þessara heimsókna og hvers eðlis séu samskipti íslenskra stofnana við þessi stórfyrirtæki. Það þarf ekki að fylgjast lengi með eða lesa sér mikið til um starfshætti erlendra stórfyrirtækja til að komast að því að fulltrúar þeirra gera sér ekki slíkar ferðir, hvað þá heldur leggja í töluverðan kostnað þeirra vegna, án þess að hafa fengið um það einhver vilyrði eða von — rökstudda von — um góðar viðtökur af hálfu stjórnvalda í viðkomandi landi. Það eru ekki vinnubrögð erlendra stórfyrirtækja í heiminum í dag að hefja í upphafi formlegar viðræður. Það eru vinnubrögð erlendra stórfyrirtækja að smátt og smátt skáskjóta sér inn í stjórnkerfi viðkomandi lands og festa sig þar smátt og smátt í sessi uns þau hafa nokkurn veginn tryggt sér niðurstöðurnar áður en hinar formlegu viðræður hefjast.

Ég átti von á því að hæstv. iðnrh. mundi ekki veita tæmandi svör við þeirri fyrirspurn hér í dag sem hv. þm. Helgi Seljan bar fram. Ég vona að mér verði forlátið það. Þess vegna bar ég fram fyrir fram viðbótarfyrirspurn til hæstv. iðnrh. til þess að sýna þá fulla hreinskilni í þessari afstöðu minni, að hún kæmi ekki fram eftir á, heldur fyrir fram. Og henni var útbýtt hér í Sþ. í dag Ég vil þannig gefa hæstv. ráðh. tækifæri til þess að athuga þetta mál formlega aftur og koma aftur hér fram fyrir hæstv. þingheim og gefa ítarlegri skýrslu

um öll samskipti íslenskra stjórnstofnana við erlenda aðila varðandi virkjunarmál og stóriðju á Austurlandi, hvort sem það er Suisse Aluminium eða aðrir, og gefa ítarleg svör við því hvort einhvers konar tengslum formlegum eða óformlegum, samstarfsnefndum óformlegum eða formlegum, hafi verið komið á með fulltrúum íslenskra aðila og þessara fyrirtækja.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég vil fyrst leiðrétta tvennt í ræðu fyrirspyrjanda, hv. 7. landsk. þm., Helga F. Seljans.

Ég gat þess í svari mínu að eins og málin liggja nú fyrir, þá telur hönnunarstjórn og þeir, sem að Bessastaðaárvirkjun vinna, að fullnaðarúrvinnsla gagna, sem fyrir liggja, muni væntanlega liggja fyrir síðari hluta vetrar, þannig að þá væru möguleikar að taka fullnaðarákvörðun um virkjunina. Hv. þm. hefur ekki heimild til að túlka þessi ummæli þannig að ég hafi gefið fyrirheit um að síðari hluta vetrar yrði tekin fullnaðarákvörðun. Ég vil taka fram að þegar menn gefa upplýsingar, eftir því sem fyrir liggur, frá stofnunum eða starfsmönnum sem að málum vinna, þá eru þær um það sem er gert ráð fyrir og kann að vera spáð sem líklegu, en ekki að það sé tekið sem loforð eða fyrirheit ráðh. Það er alveg heimildarlaust.

Í öðru lagi er það ekki rétt hjá hv. þm. að ég hafi á s. l. vori í umr. í Ed. sakað hann um fávisku í sambandi við umr. um þessi mál. Því fer fjarri, því að mín skoðun hefur verið og er sú að hv. þm. sé greindur, góður og gegn maður. Það hefði aldrei hvarflað að mér að bregða honum um fávisku.

Varðandi fyrirspurnina um Alusuisse, þá gat ég þess hér að það fyrirtæki, sem mun vera aðaleigandi að verkfræðilegu ráðgjafarfyrirtæki svissnesku, hafi sent erindi til viðræðunefndar um orkufrekan iðnað, — það hittist nú svo á að hvorugur þeirra alþm., sem eiga sæti í þeirri n., er hér staddur nú, — og að viðræðunefnd um orkufrekan iðnað hafi samþ. tilmæli Suisse Aluminium. Ég sé að þessi beiðni Alusuisse hefur verið samþ. á fundi viðræðunefndarinnar eða stóriðjunefndar 14. maí s. l. En mér finnst bæði hjá hv. 7. landsk. þm. og enn fremur hjá hv. 3. landsk., Ólafi Ragnari Grímssyni, gæta ákaflega mikils misskilnings varðandi þátt erlendra aðila eða sérfræðinga í áætlanagerð um fallvötn og virkjunarmál hér. Þeir þykjast þurfa að vara alvarlega við því og mótmæla því að nokkrir útlendingar komi þar á nokkurn hátt nærri. Það er því ástæða til að rifja það upp til þess að komi í veg fyrir svona misskilning að erlendir verkfræðingar, erlendir sérfræðingar og erlend ráðgjafarfyrirtæki og félög hafa á undanförnum árum og áratugum marg sinnis starfað að virkjunaráætlunum og virkjunarrannsóknum hér á landi. Það má nefna fyrst — það voru stórvirkjanir þeirra tíma — þegar Sogið var virkjað. Þá var jafnan erlendur sérfræðingur eða erlendir sérfræðingar raunar hafðir með í ráðum um rannsóknir og áætlanagerð. Það má nefna það að á árunum 1958—1959 gerðist það að ríkisstj. eða raforkumálastjórnin íslenska samdi við bandarískt stórfyrirtæki, sem heitir Harza Engineering í Chicago, um að gera mynsturáætlun eða aðaláætlun við virkjun Hvítár og Þjórsár. Það er rétt að geta þess að þessi ákvörðun mun líklega hafa verið tekin á tíma fyrri vinstri stjórnarinnar. Þessi athugun var kostuð af sérstökum sjóði á vegum Marshallhjálparinnar. Þegar svo þessar frumáætlanir og mynsturáætlanir um Þjórsá og Hvítá lágu fyrir, þá var fengið annað erlent fyrirtæki, norskt ráðgjafarverkfræðifyrirtæki, til þess að endurskoða þessa áætlun. Síðar gerist árið 1962 að Harza, þessu bandaríska fyrirtæki, er falið að gera fullnaðaráætlun og útboðslýsingu á 210 mw. virkjun við Búrfell með tilheyrandi háspennulínum. Nokkrum árum síðar var svissnesku fyrirtæki, Electrowatt, falið í samvinnu við íslenskt fyrirtæki, Virki hf., að gera áætlanir og útboðslýsingar um 150 mw. virkjun í Tungnaá við Sigöldu, og þannig mætti áfram telja.

Nú vil ég skýrt taka það fram, að skoðun mín er sú að við eigum við allar rannsóknir og áætlanagerð okkar auðlinda að nota og nýta fyrst og fremst íslenska starfskrafta, og sem betur fer er það í mjög vaxandi mæli að við eigum góðum sérfræðingum og sumum þeirra á heimsmælikvarða á að skipa. Það verður að vera meginsjónarmið okkar að íslenskir sérfræðingar vinni að slíkum rannsóknum og áætlanagerðum. Hins vegar skulum við einnig hafa í huga að það er vafalaust gagnlegt fyrir okkur sjálfa og ég býst við beinlínis eftir óskum íslenskra sérfræðinga að stundum sé einnig leitað til og haft samráð við erlenda sérfræðinga. Undirbúningur þessara stórvirkjana, sem ég nefndi, Sogsvirkjunar á sínum tíma, Búrfellsvirkjunar, Sigölduvirkjunar og einnig almennar athuganir á nokkrum stórfljótum, benda til þess að íslendingar hafi *sjálfir á undanförnum áratugum* talið eðlilegt að reyna að nýta erlenda starfskrafta eða erlenda sérfræði að einhverju leyti. Þess vegna er harla undarlegt þegar tveir alþm. rísa hér upp og eru haldnir heilagri vandlætingu og hneykslun út af því að einhverjir útlendingar hafi áhuga á að fylgjast með undirbúningi að virkjun íslenskra fallvatna eða annarra auðlinda, m. a. vegna þess að þegar að því kemur að virkja, þá hefur yfirleitt tíðkast hjá okkur að við höfum haft samráð við erlend fyrirtæki um endanlegan undirbúning, og auk þess eru þessi stórverk jafnan boðin út, ekki aðeins innanlands, heldur ekki síður erlendis. Ég sé ekki að hér sé á nokkurn hátt staðið óeðlilega að eða á annan veg en tíðkast hefur og þótt eðlilegt hér um langan aldur. En ég vil undirstrika það og endurtaka, að ég tel að meginstefnan og aðalsjónarmið okkar eigi að vera að nýta fyrst og fremst íslenska starfskrafta.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Mér þykir miður að verða að taka aftur lofsyrði um hæstv. ráðh. varðandi fyrirheit um fullnaðarákvörðun um Bessastaðaárvirkjun. Varðandi hitt atriðið, þá er aftur komið ágreiningsefni okkar hæstv. ráðh. í fyrra. Öll upptalning hæstv. ráðh. var óþörf hér áðan. Ég hef ekkert við tæknilega ráðgjöf erlendra aðila að athuga. Ég á við beina aðild að virkjunarrannsóknum

og virkjunum, aðild ýmissa fyrirtækja með nýtingu þessara fyrirtækja á auðlindum okkar í huga. Það er sú aðild og sú þátttaka sem ég varaði við og ég held að þetta sé sitt hvað.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Hæstv. orkumrh. þarf ekki að fræða þingheim um þau erlendu verktakafyrirtæki sem íslendingar hafa leitað til. Það er alkunna. Það var ekki verið að spyrja um það hér. Það var spurt um þau erlendu stóriðjufyrirtæki sem hér eiga hlut að máli. Og það segir kannske þá sögu sem við höfum verið að hlusta eftir hvort yrði sögð hér í þingsölum í dag að hæstv. ráðh. kýs einmitt að svara á þann veg að veita okkur þessa upptalningu um erlendu verktakafyrirtækin, e. t. v. vegna þess að það er búið að láta ýmis erlend stóriðjufyrirtæki skáskjóta sér, eins og ég orðaði það áðan, inn í stjórnkerfi landsins með ýmiss konar formi og samskiptum við íslenska aðila varðandi stórvirkjanir og stóriðju á Austurlandi. En eins og ég sagði áðan: Ég átti von á að svörin yrðu á þennan hátt, það yrði ekki komið hreint til dyra við hæstv. þingheim hvað þetta snertir, og þess vegna bar ég fram fyrir fram þá fsp. sem útbýtt var hér í dag. Hæstv. ráðh. gefst þá tækifæri til þess að endurskoða hug sinn og ganga aftur fram fyrir þingheim og annaðhvort endurtaka þá þennan stutta fyrirlestur um erlendu verktakafyrirtækin eða gefa þingheimi hreinskilnislega og ítarlega skýrslu um öll þau fyrirtæki og allt það form samskipta, sem átt hefur sér stað, og svara því hreint og skorinort hvort það er rétt sem heyrst hefur, að íslenskir embættismenn séu orðnir aðilar að óformlegum samstarfsnefndum með fulltrúum frá erlendum stóriðjufyrirtækjum varðandi virkjanir og stóriðju á Austurlandi. Þingheimur og landsmenn allir eiga kröfu á því að fá hrein og skýr svör um það hvort þetta er rétt eða ekki, hvort einhverjir íslenskir embættismenn eiga nú eða hafi átt á undanförnum mánuðum eða vikum aðild að slíkum óformlegum samstarfsnefndum.

Varðandi ákvarðanatöku um virkjanir á Austurlandi, þá munu austfirðingar og aðrir landsmenn sjálfsagt taka eftir því að ráðh. tók skýrt fram áðan að það má ekki túlka lýsingu á því að fullnaðarrannsóknum verði lokið seint á þessum vetri sem loforð um að ákvörðun verði tekin. Það kann þó ekki að vera að þetta sé enn ein ábending um það, að hv. þm. Sverir Hermannsson, 3. þm. Austurl., hafi haft rétt fyrir sér í þessum efnum eins og mörgum öðrum í viðtali við Morgunblaðið 19. okt. þegar hann lýsti því yfir „að það væri stefna Sjálfstfl. í orkumálum", orðrétt, að halda austfirðingum og norðlendingum uppi á nánast snakki með ýmsum rannsóknum og plataðgerðum í virkjunarmálum, meðan ráðh. Sjálfstfl. gætu haldið áfram að heita sér fyrir stórvirkjunum og stóriðju á Suðvesturlandi. Ég tel að þessi sérstaka setning ráðh. í svari hans hér áðan sé ábending um það að í Morgunblaðsviðtalinu hafi hv. þm. Sverrir Hermannsson haft rétt fyrir sér og það sé betra fyrir hæstv. þingheim að taka meira mark á orðum hans heldur en orðum hæstv. orkumrh. í þessum efnum.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Það var aðeins varðandi það atriði í svari hæstv. ráðh. þar sem hann lagði áherslu á að þó að fullnaðarupplýsingar varðandi þær athuganir, sem fram hafa farið í sumar á virkjun Bessastaðaár, lægju fyrir síðar í vetur, þá væri ekki þar með sagt, að því hefði verið lofað að þá yrði ákvörðun tekin um virkjunina. Ég tel að það skipti austfirðinga svo miklu máli að fá vitneskju um hvort á að ráðast í þessa virkjun eða ekki og við séum búnir að bíða það lengi í þessum efnum að það sé í rauninni lágmarkskrafa okkar að þegar fullnaðarathugun hefur farið fram og hægt er að taka ákvörðun í málinu, þá verði ákvörðun tekin.

Eins og fram hefur komið í þessum umr. vorum við þm. Austurl. upplýstir um það í sumar af þeim aðilum, sem fóru með þessar rannsóknir, að það ætti að vera hægt að taka ákvarðanir í þessu máli í septembermánuði. (**Iðnrh.:** Hver segir það?) Það var verkfræðingur, forstöðumaður þessara rannsókna. Hann sagði þetta á fundi með öllum þm. Austurl. En við því er ekkert að segja. Þetta getur dregist eitthvað. En nú vil ég fara þess á leit við hæstv. ráðh. að hann lýsi því hér yfir að þegar unnið hefur verið úr þeim gögnum, sem fyrir liggja varðandi þessar rannsóknir, sem sagt síðar í vetur, verði tekin ákvörðun um hvort á að ráðast í þessa virkjun eða ekki, austfirðingar verða ekki dregnir lengur í einhverri óvissu um hvað gert verði í þessum efnum. Mér sýnist þetta sanngjörn krafa og aðeins eðlilegt að þegar allt liggur fyrir, þá taki ráðh. ákvörðun um hvort hann vill ráðast í þessa virkjun eða ekki. Sem sagt, ég vænti þess að hæstv. ráðh. treysti sér til að lýsa þessu yfir, að þegar öll gögn liggja fyrir og úrvinnslu er lokið, þá taki hann ákvörðun um virkjunina.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það er auðvitað ákaflega fróðlegt fyrir þingheim að heyra hvað þeir Lúðvík Jósepsson og Helgi Seljan hafa mikinn brennandi áhuga á orkumálum Austurlands. Einhvern veginn hefur það nú verið einkennileg tilviljun að meðan þeir réðu í fyrrv. ríkisstj. var lítil hreyfing á orkumálum Austurlands og hreyfing kemst ekki á þessi mál fyrr en eftir stjórnarskiptin. Ég vona samt sem áður að við séum samherjar í að ýta þessu máli sem best áfram.

Þegar ég leiðrétti þau ummæli hv. fyrirspyrjanda, Helga Seljans, áðan að ég hefði gefið fyrirheit um að fullnaðarákvörðun yrði tekin síðari hluta vetrar, þá er það engan veginn í mínum huga að á nokkurn hátt verði dregið að taka ákvarðanir. En ég vil ekki, þegar skýrt er frá áætlunum og ummælum sérfræðinga og stofnana, að það sé lagt í munn ráðh. sem loforð af hans hendi. Í rauninni skýrði hv. síðasti ræðumaður, Lúðvík Jósepsson, 2. þm. Austurl., þetta ákaflega vel, óafvitandi þó kannske. Hann sagði að einhverjir verkfræðingar hefðu skýrt frá því á s. l. vori eða sumri á fundi með þm. Austurl., að þessum rannsóknum öllum yrði lok-

ið í sept. s. l. Þetta hefur ekki staðist betur en það að rannsóknum sérfræðinganna er ekki lokið enn og þeir segja nú að þeim verði ekki lokið fyrr en síðla vetrar. Ég held þess vegna að það sé betra að hafa nokkurn fyrirvara á. Ég vil ekki gefa fyrirheit um að á einhverjum ákveðnum tíma eða dagsetningu sé öllum rannsóknum og athugunum sérfræðinga lokið og þá verði tekin fullnaðarákvörðun. Hitt vil ég að sjálfsögðu segja hér, sem ég meina og er ánægja að taka það fram hér, að strax og fullnaðarrannsóknir liggja fyrir og áætlanir, þá verður auðvitað tekin fullnaðarákvörðun um virkjunina. Ég vonast til þess að það geti orðið sem fyrst. Hins vegar þegar rannsóknaraðilar telja nú að þetta verði síðla vetrar, þá er hugsanlegt, eins og með fyrri áætlunina, tímaáætlunina, að þetta taki lengri tíma, og enn fremur er hugsanlegt að þegar þessar ég vil segja lokaathuganir þeirra liggja fyrir, þá finnist Alþ. og ríkisstj. að þurfi einhverjar viðbótarupplýsingar. En hinu vil ég slá föstu, að strax þegar fullnaðarrannsóknir og áætlanir liggja fyrir tel ég að þurfi að taka fullnaðarákvörðun um málið.

Ég vil svo aðeins bæta því við út af Austfjarðafór tveggja verkfræðinga frá Sviss að í stóriðjunefndinni eða viðræðunefnd um orkufrekan iðnað, eins og hún heitir, eru fulltrúar allra stjórnmálaflokkanna, og ég veit ekki betur en viðræðunefndin hafi samþykkt einróma að verða við þessari beiðni svissneska álfélagsins. Mér hefur ekki verið tjáð að neinn ágreiningur hafi þar verið.

Það, sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson talar hér um einhverja íslenska embættismenn sem eru komnir beint eða óbeint í slagtog með erlendum auðhringum, það er mér alveg ókunnugt um og væri þá rétt á sínum tíma að hv. þm. leggi fram einhverjar upplýsingar um það ef svo er. Mér er ekki kunnugt um að það sé rétt, sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson segir hér hvað eftir annað, að erlend fyrirtæki séu að skáskjóta sér hér inn í virkjanir og rannsóknir. Mér er ekki kunnugt um það. Hitt er svo öllum kunnugt, að sumum mönnum hefur tekist að skáskjóta sér inn á Alþingi.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. iðnrh. fyrir það, að ég tel að hann hafi gefið hér yfirlýsingu um að hann muni taka ákvörðun um þessa virkjun þegar rannsóknir hafa farið fram og þegar úrvinnslu úr gögnum er lokið. Ég gerði ekki kröfu eða setti ekki fram ósk um meira en fá slíkt loforð og fékk það og ég þakka sem sagt fyrir.

En hitt þykir mér afar einkennilegt, þegar forstöðumaður þeirra rannsókna, sem unnar eru í þessum efnum fyrir austan, upplýsir okkur þm. um að öllum rannsóknum verði lokið og málið tilbúið til ákvörðunartöku, því að það voru einmitt hans orð, tilbúið til ákvörðunartöku í sept., þá skuli maður heyra það nú að rannsóknunum sé ekki enn lokið og þar af leiðandi auðvitað ekki úrvinnslunni og málið alls ekki tilbúið til ákvörðunartöku. Síðan er talað um að e. t. v. geti þetta allt dregist og hugsanlegt sé að meira að segja Alþ. vilji fá meiri upplýsingar. Ég veit ekki hver ósköpin eru hugsanleg í þessum efnum. Þetta er ekkert huggulegt eftir allan þann drátt sem hefur orðið varðandi þessi mál.

En svo vildi ég aðeins segja nokkur orð í tilefni af því sem hæstv. ráðh. sagði, það er afskaplega algengt að ráðh. nú til dags hlaupi í það að segja þegar þeir eru að komast í mát: Voruð þið ekki í ríkisstj.? Leystuð þið ekki allt? — Þetta kveður alltaf við. Þessi hæstv. ráðh. er nú nýkominn frá því að vígja á Austurlandi stórvirkjun í Lagarfossi sem unnið var að í stjórnartíð minni og staði þá fyrir algerlega. Það var varla von að við færum fram á aðra virkjun rétt á meðan verið var að vinna að þessari. Það gerðist býsna mikið í okkar orkumálum þarna þó að okkur væri ljóst að það þyrfti að gera miklu meira. Og við vitum að það tekur talsverðan tíma að koma upp nýju orkuveri.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hvort telja skal Lagarfossvirkjun til stórvirkjunar eða ekki skal ég ósagt láta. En hins er að geta, að sú virkjun var ákveðin áður en vinstri stjórnin komst til valda. Jónas Pétursson, þáv. alþm., hafði barist fyrir henni árum saman og var ákvarðað á árinu 1970 að í hana skyldi ráðist og framkvæmdir hafnar. Hitt er annað mál og það vil ég viðurkenna hv. þm. Lúðvík Jósepssyni til lofs, að hann gerði ekkert til að stöðva eða tefja framkvæmdirnar.

Húsaleigumál bandarískra hermanna, fsp. (þskj. 39). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Þær fsp., sem ég hef borið fram til hæstv. utanrrh., eru á þskj. 39 og snerta með ýmsum hætti samskipti íslendinga og bandarískra hersins á Keflavíkurflugvelli.

Eins og hv. þm. muna var fyrir rúmu ári gerður sérstakur samningur, viðbótarsamningur, milli Íslands og Bandaríkjanna um ýmsar framkvæmdir og tilhögun ýmissa mála á Keflavíkurflugvelli, og þær fsp., sem ég flyt, eru á vissan hátt í tengslum við þann samning og tilætlunin er að fá fram hvað sé að gerast þarna syðra eða hvað sé fram undan í þeim efnum sem um er spurt.

Fyrri fsp., sú sem er efst á þskj. 39, fjallar um hversu margar íbúðir bandarískir hermenn og flugvallarstarfsmenn höfðu á leigu utan flugvallar haustið 1974 og hverjar eru sambærilegar tölur nú. Vænti ég þess að hæstv. ráðh. gefi svör við þessari fsp.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég mun að sjálfsögðu svara þeirri fsp. sem hv. 3. þm. Reykn. hefur borið hér fram um það hversu margar íbúðir bandarískir hermenn og flugvallarstarfsmenn hefðu á leigu utan flug-

vallar haustið 1974 og svo hverjar væru sambærilegar tölur nú.

Eins og áður hefur verið skýrt frá opinberlega hefur varnarliðið heimild til þess að hafa 270 fjölskyldur búsettar utan varnarsvæðanna. Búseta þessi er háð leyfisveitingu hverju sinni og annast varnarmáladeild framkvæmd þessara mála. Leyfisveitingar hafa því verið 270 hvort haustið um sig, en smávægileg breyting hefur orðið milli kaupstaða og kauptúna í Gullbringusýslu og Reykjavík sem ég mun nú lesa.

Það er fyrst Keflavík 1974 166, 1975 166. Njarðvík 1974 74, 1975 74. Sandgerði 1974 6, 1975 10. Hafnarfjörður 1974 5, 1975 9. Reykjavík 1974 9, 1975 5. Vogar 1974 2, 1975 3. Hafnir 1974 4, 1975 2. Kópavogur 1974 2, 1975 1 og Garðahreppur 1974 2, 1975 engin. Þetta gerir, eins og ég áðan sagði, 270 íbúðir hvort haustið um sig.

Svo er hér bætt við frá varnarmáladeild: Í þessum tölum eru ekki taldar rúmlega 30 fjölskyldur þar sem annar hvor makinn er íslenskur ríkisborgari og á því lögum samkv. rétt til búsetu hér á landi, hvort sem um karl eða konu er að ræða.

Rétt er að geta þess að varnarliðsmenn, sem hafa fjölskyldur sínar hjá sér, dveljast hér nær undantekningarlaust í tvö ár. Leigjendaskipti eru því alltíð þó að heildartalan sé sú sama á hverjum tíma. Einnig er nokkur mismunur á því frá ári til árs hve margir varnarliðsmenn óska að taka fjölskyldur sínar með sér hingað til lands. Fer það eftir ýmsu, svo sem skólagöngu barna eða unglinga svo og því að sé fjölskyldumaður hér án fjölskyldu sinnar er hámarksþjónustutíminn eitt ár.

Vegna skorts á íbúðarhúsnæði á Keflavíkurflugvelli og hámarkstölu þeirra, sem mega hafa búsetu utan varnarsvæðanna, hefur komið fyrir að biðtími sumra fjölskyldna hefur komist upp í allt að 5 mánuði. Hafa þá sumar fjölskyldumæður gripið til þess ráðs að koma hingað sem venjulegir ferðamenn á eigin kostnað að öllu leyti, þ. e. að þeir fá hvorki ferðakostnað né húsaleigustyrk greiddan eins og mundi vera ef þær hefðu húsnæðisleyfi.

Í því skyni að ráða bót á þessu ástandi svo og til þess að koma í framkvæmd ákvæðum í samkomulagi Íslands og Bandaríkjanna um búsetu varnarliðsmanna á varnarsvæðunum, sem hv. 3. þm. Reykn. gerði að umtalsefni, hefur verið hafist handa um byggingu íbúðarhúsnæðis á Keflavíkurflugvelli. Þar eru nú í byggingu 132 fjölskylduíbúðir og á byggingu þeirra að vera lokið næsta haust. Jafnframt er ráðgert að hefja byggingu 250 fjölskylduíbúða snemma á næsta ári. Byggingartími er áætlaður 18 mánuðir þannig að þessar íbúðir ættu að vera tilbúnar til notkunar haustið 1977.

Ég vona að ég hafi svarað fsp. hv. 3. þm. Reykn. með þessum talnaupplestri og þeim fáu orðum sem ég leyfði mér að bæta við.

Fyrirspyrjandi (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans og mun ekki gera þau að frekari umræðuefni hér.

Framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli, fsp. (þskj. 39, tölul. 2). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Sú fsp., sem ég flyt til hæstv. utanrrh. um fólk og framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli, er í 4 liðum. Hún er, að ég hygg, það skýr, að ekki þarf að fylgja henni úr hlaði með mörgum orðum. Ég vænti þess að hæstv. ráðh. sé tilbúinn að svara henni.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég hef hér, held ég og vona, þær upplýsingar sem hv. 3. þm. Reykn. bað um og setti fram í fsp.-formi á þskj. 39.

Fyrsta spurningin er svona: „Hve margir íslendingar störfuðu í þjónustu Bandaríkjahers og við aðrar framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli: a) í okt. 1974, b) í okt. 1975?“

Svar: Miðað við 1. okt. 1974 störfuðu alls 1094 íslendingar ýmist í þjónustu varnarliðsins sjálfs eða aðila sem unnu fyrir varnarliðið samkv. verksamningum. Sambærileg tala 1. okt. 1975 var 1422. Aukning á einu ári er því 328 manns. Þessi aukning stafar af þeim umsvifum sem ég minnti á þegar ég svaraði fsp. hv. þm. nú fyrir skemmstu, þ. e. a. s. byggingu íbúða. Hér eru ekki taldir með þeir sem að hluta vinna fyrir varnarliðið með ýmsum hætti, svo sem t. d. starfsmenn flugfélaga, skipafélaga, opinberir starfsmenn og þess háttar.

2. liður fsp. hljóðar svo: „Hve margir bandaríkjamenn (hermenn og aðrir starfsmenn) voru við störf á Keflavíkurflugvelli: a) í okt. 1974, b) í okt. 1975?“

Svar: Hermenn voru 1. okt. 1974 alls 3317. Þeir voru 3007 1. okt. s. l. Hefur þeim því fækkað á því ári, sem þarna um ræðir, um 310. Á launaskrá hjá varnarliðinu voru 218 óbreyttir borgarar 1. okt. 1974. Þeir voru 205 ári síðar og hefur þá fækkað um 13 samkv. þessu. Langstærsti hópur þessa fólks eru konur og aðrir aðstandendur varnarliðsmanna. Hinn 1. okt. 1974 voru samtals 113 bandaríkjamenn á sérstökum verksamningum við varnarliðið. Þeir voru 121 nú við 1. okt. s. l. og hefur þá fjölgað á umræddu ári um 8. Hér er um að ræða tæknimenn eða sérfræðinga í hvers konar tækjabúnaði, kennara, Rauðakrossstarfsfólk og annað sérhæft fólk.

3. liður fsp. hljóðar svo: „Hvað er áætlað að allar framkvæmdir á vegum Bandaríkjahers á Keflavíkurflugvelli nemi hárri upphæð: a) á árinu 1975? b) á árinu 1976?“ Í 4. lið er svo einnig spurt um það, hvað áætlað er „að íslensk verktakafyrirtæki vinni fyrir háa fjárupphæð á vegum Bandaríkjahers á Keflavíkurflugvelli: a) á árinu 1975, b) á árinu 1976?“

Ég bað starfsmenn varnarmáladeildar að hafa samband við hv. 3. þm. Reykn. um hvort ekki mætti svara þessum liðum tveim í einu lagi. Féllst hann góðfúslega á það og mun ég því svara þessum tveim liðum fsp. í einu lagi vegna þess að þetta fer nokkuð mikið saman.

Íslenskir aðalverktakar annast allar nýbyggingar fyrir varnarliðið og Keflavíkurverktakar

annast viðhaldsvinnuna. Varnarliðið sjálft annast aðeins daglegt viðhald og viðgerðir, sem unnar eru af föstum starfsmönnum þess, auk alls konar annarra þjónustustarfa. Gert er ráð fyrir því og má það teljast nokkuð ábyggileg tala að fyrirtækin muni á þessu ári vinna fyrir um það bil 1 535 millj. kr. Af þessari upphæð má telja efniskostnað nema um þriðjungi þannig að rúmlega einn milljarður kr. af þessari upphæð verði greiðsla vinnulauna á einn eða annan hátt. Að því er árið 1976 varðar er erfiðara að koma með nákvæmar tölur af ýmsum ástæðum. T. d. er þjóðþing Bandaríkjanna ekki enn búið að samþykkja allar fjárveitingar fyrir þetta tímabil. Einnig geta erfiðleikar við efnisútvegun tafið framkvæmdir. Því er gert ráð fyrir að framkvæmdir á árinu 1976 verði einhvers staðar á bilinu milli 2 530 og 2 890 millj. kr. Er þá miðað við núv. gengi á Bandaríkjadollar. Gert er ráð fyrir að efniskostnaður verði svipaður hundraðshluti og áður eða ⅓. Ættu þá vinnulaun á einn eða annan hátt af starfsemi þessara tveggja verktakafyrirtækja að nema frá 1 690—1 930 millj. kr. Þess ber enn fremur að geta, að eins og áður hefur verið sagt mun atvinnuástandið í þessum landshluta einnig geta haft nokkur áhrif á það hve mikill hraði verður á þeim byggingarframkvæmdum sem hér um ræðir.

Vona ég að þessi svör fullnægi fsp. hv. 3. þm. Reykn.

Fyrirspyrjandi (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans og eftir atvikum tel ég að þau séu fullnægjandi.

Sameinað þing, 12. fundur.

Þriðjudaginn 4. nóv., að loknum 11. fundi.

Fjárreiður stjórnmálaflokka, þáltill. (þskj. 32). — Fyrri umr.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Á þskj. 32 flytjum við þrír þm. Alþb., hv. þm. Jónas Árnason og Helgi F. Seljan ásamt mér, till. til þál. um rannsókn á fjárreiðum stjórnmálaflokka og löggjöf um það efni. Fyrir tveimur árum fluttum við hinir sömu till. hér á Alþ. um svipað efni. Sú till. fékkst þá ekki afgr. þótt hún væri flutt snemma á þingi, að sjálfsögðu vegna þess að hún hlaut ekki nægan stuðning annarra flokka.

Þeir þm. annarra flokka, sem helst höfðu orð á því á sínum tíma, bæði í umr. og í blaðaskrifum, að þeir væru fúsir til að samþykkja till. af þessu tagi, voru þm. úr Sjálfstfl. Það var sem sagt á þm. þess flokks að skilja að Sjálfstfl. væri fús að samþ. nefndarskipan til þess að athuga þetta mál og yrði n. falið að semja drög að löggjöf um fjármál flokkanna. En þegar á reyndi kusu þm. Sjálfstfl. að leggjast á málið og ræða það í stað þess að standa við stóru orðin og tryggja framgang þess. Sjálfstfl. og Alþb. hafa lengi ráðið yfir meiri hl. atkvæða hér á Alþ. og hefðu því átt auðvelt með að koma þessu máli í höfn, hvað sem leið afstöðu annarra flokka, ef vilji hefði verið fyrir hendi. Það varð ekki og þess vegna hafa þessi mál legið í þagnargildi þar til nú í sumar.

En á þessu sumri fóru að gerast hin merkustu tíðindi. Fyrirtæki eitt hér í borginni fékk úthlutað lóð á svæði sem áður hafði verið samþ. í borgarstjórn að vera skyldi óbyggt svæði, svonefnt grænt svæði, einn af gróðurreitum borgarinnar. Þetta vakti mjög mikla athygli almennings, því að hér var um mjög dýrmæta lóð að ræða sem mátti og má nota undir stórhýsi með fjölmörgum íbúðum, en öðrum var ekki gefinn kostur á að sækja um þessa lóð. Jafnframt var það upplýst, sem ekki var víst ætlunin að upplýstist, að sama fyrirtæki hefði greitt 1 millj. kr. í húsbyggingarsjóð Sjálfstfl. Þetta var viðurkennt opinberlega af borgarstjóra og borgarstjórnarflokki Sjálfstfl. og málið sent saksóknara ríkisins og Sakadómi Reykjavíkur til frekari rannsóknar. Kjarni þessa máls er afar einfaldur og eftir stendur það eitt að fá úr því skorið hvort og þá hvaða samband var á milli þessara tveggja atburða, úthlutunar lóðar, sem ekki átti að úthluta, og greiðslu 1 millj. kr.

Ég ætla ekki að bæta hér neinu við þær staðreyndir sem fram hafa verið lagðar í þessu máli. Þetta var framhaldssaga í fjölmiðlum landsins um langt skeið og þm. þekkja þessa sögu. Í margar vikur biðu menn spenntir eftir því á hverjum morgni að sjá dagblöðin, því að alltaf var eitthvað nýtt að koma í ljós og jafnframt fléttuðust innanflokksátök Sjálfstfl. inn í myndina á nokkuð sérstæðan hátt. Skrif tveggja stuðningsblaða Sjálfstfl., Morgunblaðsins og Vísis, sýndu ótvírætt að reynt var að einangra málið við ákveðinn hv. þm., einn af forustumönnum Sjálfstfl. í borgarstjórn, og hagnýta það til að gera hann pólitískt óvirkan. Þetta fór á annan veg og endaði svo, eins og ég áðan sagði, að allur borgarstjórnarflokkur Sjálfstfl. neyddist til að taka á sig ábyrgðina.

Síðan hefur fátt verið af þessu máli að frétta þar til nú á allra seinustu dögum, að upp rís einn af hv. þm. Sjálfstfl. hér á Alþ., hv. þm. Eyjólfur K. Jónsson, og leggur fram frv. sem felur það í sér að þetta margnefnda fyrirtæki, sem fékk lóðina frægu og greiddi 1 millj. til Sjálfstfl., fái endurgreitt úr ríkissjóði 530 þús. af þessari einu millj. sem það greiddi Sjálfstfl. Eins og kunnugt er gengur frv. hv. þm. Eyjólfs K. Jónssonar út á það að tekjur jafnháar og nemur gjöfum til stjórnmálaflokka skuli vera skattfrjálsar, tekjuskattur félaga er nú 53% og þannig er þessi upphæð fengin. Þetta er óneitanlega mjög sérkennilegt innlegg í svonefnt Ármannsfellsmál.

Nú munu margir áreiðanlega velta því fyrir sér hvers vegna þessi ágæti hv. þm. er svo smekkvís að leggja til einmitt núna fyrir hönd Sjálfstfl., í beinu framhaldi af svonefndu Ármannsfellsmáli, að ríkissjóður hlaupi undir bagga með þessu fyrirtæki, sem fékk lóðina, og borgi meiri hlutann af gjaldinu til Sjálfstfl. Ég hef velt þessu nokkuð fyrir mér, ekki síst eftir umr. hér á Alþ. í gær, og ég er ekki frá því að ég hafi

fundið eina skýringu. Ef flett er upp í skattskrá Reykjavíkur fyrir 1975 kemur nefnilega í ljós að sama árið og hlutafélagið Ármannsfell snarar út 1 millj. kr. í flokkssjóð Sjálfstfl. fær það í tekjuskatt upphæð sem nemur aðeins 145 976 kr. Það táknar sem sagt, að félagið hefur ekki haft nema 275 426 kr. í hreinar álagðar tekjur, enda þótt veltan hafi verið dálítið meiri, þ. e. a. s. næstum þúsund sinnum meiri, um 236 millj. kr. Hlutafélagið Ármannsfell er sem sagt eitt af þessu mörgu fyrirtækjum sem er nánast á köldum klaka ef dæma má af skattskránni og hefur haft í skattlagðar tekjur minna en einn öryrki eða ellilífeyrisþegi, sem ekki hefur annað að lifa af en tekjutrygginguna eina. Þessi vesalings aumingi, sem er svo illa staddur fjárhagslega, lendir sem sagt í því óláni að vera látinn borga 1 millj. til Sjálfstfl. Það er næstum fjórum sinnum hærri upphæð en nam nettótekjum félagsins á s. l. ári. Það virðist því liggja afar beint við að álykta, a. m. k. meðan ekki koma fram aðrar og skynsamlegri skýringar, að eftir útkomu skattskrárinnar hafi þeir sjálfstæðismenn fengið svolitið samviskubit, og hv. þm. Eyjólfur K. Jónsson, sem ekkert má aumt sjá, eins og allir vita, virðist hafa tekið að sér það hlutverk að beita sér fyrir því hér á Alþ. að Ármannsfell hf. fái 530 þús. kr. endurgreiddar úr ríkissjóði.

Frv. hv. þm. fjallar að vísu ekki eingöngu um viðskipti Ármannsfells hf. við Sjálfstfl. Það fjallar um þess háttar viðskipti almennt, um framlög fyrirtækja og einstaklinga til stjórnmálaflokka og annarra líknarstofnana. Það er tilgangur flm. frv., Eyjólfs K. Jónssonar, að koma viðskiptum af þessu tagi í kerfi með 53% eða 40% aðild ríkisssjóðs eftir því hvort um er að ræða félag eða einstakling. Þannig virðist a. m. k. beinast liggja við að álykta eftir það sem á undan er gengið í viðskiptum þeirrar líknarstofnunar við styrktarmenn sína sem hv. þm. er hér fulltrúi fyrir.

Snúum okkur að efni þeirrar till. sem hér liggur fyrir.

Áður en frv. hv. þm. Eyjólfs K. Jónssonar var lagt fram hér í þingi, nánar til tekið tveimur dögum áður, kom fram till. okkar þremenninga úr Alþb. um rannsókn á fjárreiðum stjórnmálaflokkanna. Í till. er á það bent að líklega sé Ármannsfellsmálið ekkert einsdæmi. Það eru sams konar rök og hv. þm. Eyjólfur K. Jónsson gengur út frá einnig í till. sinni, en við teljum nauðsynlegt að mál af þessu tagi séu rannsökuð almennt. Um það held ég að allir hv. þm. ættu að geta orðið sammála. Við höfum líka áhuga á því eins og fyrrnefndur hv. þm. að ríkissjóður styrki starfsemi stjórnmálaflokkanna. Við bendum á að starfsemi stjórnmálaflokkanna er grundvallaratriði í stjórnskipun íslendinga og til þess að gegna því hlutverki sínu, að vera tengiliður kjósenda og Alþ. verða flokkarnir að hafa talsverð umsvif. Það er að sjálfsögðu mjög mikilvægt — og þarf ekki að orðlengja það frekar — að reynt sé að hamla gegn því eins og frekast er unnt að fjársterkir einstaklingar eða fyrirtæki beiti fjármagni sínu til að afla sér fríðinda eða hafa áhrif á pólitískar ákvarðanir í eiginhagsmunaskyni. Þess vegna virðist eðlilegast að stjórnmálaflokkum séu áætlaðar ákveðnar lágmarkstekjur eftir fastákveðnum lýðræðislegum reglum.

Í flestum nálægum löndum hafa verið tekin upp ríkisframlög til styrktar starfsemi stjórnmálaflokka. Víða eru þessi framlög miðuð við kjósendafylgi flokkanna. Þannig mun þetta vera á Norðurlöndum, en í nokkrum löndum, þ. á m. í Vestur-Þýskalandi, er fyrst og fremst miðað við þingmannafjölda hvers flokks, a. m. k. er það eftir upplýsingum sem ég hafði um þessi mál, en eru að vísu nokkurra ára gamlar, því að þessi skipan mála hefur verið upp tekin í nær öllum nálægum löndum, fyrir allmörgum árum víðast hvar. Vafalaust er það í bestu samræmi við almennar lýðræðisreglur að kjósendur hafi jafnan rétt til þess að ákveða hvernig framlögum skuli skipt milli stjórnmálaflokka og ég hef ekki orðið var við að bræðraflokkar Sjálfstfl. í nálægum löndum, hægri sinnaðir flokkar, hafi talið eðlilegt að fjársterkir aðilar utan þjóðþinganna tækju ákvarðanir um framlög ríkisins til stjórnmálaflokkanna.

Ég vil í þessu sambandi benda hv. alþm. á litla fréttaklausu sem birtist í októberhefti Nordisk Kontakt sem fyrir fáum dögum hefur verið dreift hér á borð til þm., en þar er einmitt fjallað um skipan þessara mála í Noregi. Að vísu er ekki gerð þar grein fyrir þeim lagareglum sem þar er farið eftir, en þar er fyrst og fremst upplýst að ríkisstyrkur til stjórnmálaflokka verði aukinn um 3 millj. frá s. l. ári, ef till. ríkisstj. nái fram að ganga, og hann verði þá á næsta ári 17 millj. norskar kr., en það eru rúmar 500 millj. ísl. kr. Ef við tökum fólksfjölda þessara tveggja landa, Íslands og Noregs, til samanburðar, þá væri samsvarandi tala einhvers staðar nærri 25 millj. ísl. kr. Til viðbótar þessu greiðir ríkið 13 millj. norskra kr. til starfsemi stjórnmálaflokka að sveitarstjórnarmálum og er ætlast til þess að upphæðin renni sérstaklega til flokksfélaganna, en ekki til flokkanna sjálfra. Samanlagður fjárstyrkur norska ríkisins til flokkanna er því um 30 millj. norskra kr., þ. e. í kringum 900 millj ísl. kr. Í þessari frásögn í Nordisk Kontakt kemur skýrt fram að í Noregi eru framlög ríkisins fyrst og fremst miðuð við atkvæðafylgi flokkanna.

Till. sú, sem hér liggur fyrir, er um skipan 5 manna n. til að fjalla um fjármál stjórnmálaflokkanna og undirbúa löggjöf um það efni. Við flm. þessarar till. erum svo sannarlega reiðubúnir að breyta orðalagi tillgr. og efni hennar og víkja til þeim verkefnum, sem n. eru ætluð, ef það gæti orðið til að stuðla að því að hreyfing kæmist á þetta mál. En það er, sem sagt till. okkar að verkefni n. verði að rannsaka fjárreiður stjórnmálaflokkanna svo og fjármál fyrirtækja, fasteigna og blaða, sem þeim eru tengd. Ég vek athygli á þessu orðalagi tillgr., vegna þess að í ágætri ræðu, sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hélt um þetta mál í gær í Nd. og ég vil lýsa mig samþykkan í öllum atriðum, var minnst einmitt á það að ekki væri nægilegt að taka til athugunar fjármál stjórnmálaflokkanna, heldur yrði einnig að taka með inn í dæmið fjármál þeirra hlutafélaga sem flokkarnir hefðu stofnað til styrktar blaðaútgáfu sinni eða annarri starfsemi, og þetta er að sjálfsögðu lauk-

rétt. Einmitt þess vegna er orðalag till. nokkuð víðtækt og þar ekki aðeins minnst á fjárreiður flokkanna, heldur fjármál fyrirtækja, fasteigna og blaða sem þeim eru tengd.

Í tillgr. er gert ráð fyrir að n. leiti sem gleggstra upplýsinga um fjármálasvið flokkanna, hvernig þeir afla sér tekna, hvaðan þær koma, hvernig þeim sé varið. Að lokinni þessari rannsókn skal n. gefa þinginu skriflega skýrslu um niðurstöður sínar og jafnframt leggja fyrir Alþ. frv. til l. um fjármál stjórnmálaflokkanna sem m. a. fjalli um opinberan stuðning við starfsemi flokkanna og eftirlit með fjárreiðum þeirra.

Ég vil taka undir það, sem m. a. kom fram í umr. hér í Nd. Alþ. í gær og oft hefur áður komið fram, að um leið og fjármál flokkanna eru tekin til athugunar er að sjálfsögðu óhjákvæmilegt að skilgreina stöðu flokkanna og fjalla um réttindi þeirra og skyldur. Það er hreinlega tími til kominn að sett sé ítarleg löggjöf um flokkana, enda er stórfurðulegt hve íslensk löggjöf er fátæk af ákvæðum um stjórnmálaflokka, jafnveigamiklu hlutverki og þeir gegna í þjóðfélagi okkar. Ég hef áður bent á — og vil gera það hér enn — að í stjórnarskrá lýðveldisins er hvergi minnst á stjórnmálaflokka, en hins vegar vegar eru þingflokkar einu sinni nefndir á nafn í tengslum við úthlutun uppbótarþingsæta. Í kosningalögunum eru aftur á móti nokkur ákvæði sem snerta stjórnmálaflokka, og í lögum um sérfræðilega aðstoð við þingflokkana eru einnig ákvæði sem hér skipta máli. En þetta eru einu ákvæðin sem til eru í lögum um flokkana, og ég held að allir sjái, sem þetta mál skoða, að hér er um harla fátækleg ákvæði og brotakennd að ræða.

Ég hef einnig minnt á það áður og vil endurtaka það hér að hugtakið „þingflokkur“ hefur tvenns konar merkingu í lögum. Skv. kosningalögunum getur einn þm. kjörinn í kjördæmi talist þingflokkur, en skv. lögum um sérfræðilega aðstoð við þingflokkana er þingflokkur skv. 3. gr. laganna samtök a. m. k. tveggja eða fleiri þm., sem eru „fulltrúar stjórnmálaflokks sem hefur komið á fót landssamtökum“, eins og segir í lögunum. En einn þm. telst aftur á móti utanflokka þó að hann hafi myndað um sig stjórnmálaflokk. Að sjálfsögðu er þetta augljóst ósamræmi í íslenskri lagasetningu. Eins má nefna opinbera styrki til blaðaútgáfu. Aðeins þau blöð hafa fengið fram að þessu framlög sem tengd eru stjórnmálastarfsemi með fulltrúa á Alþ., en vegna þess að ekki er við nein lagaákvæði að styðjast í þessu efni hefur orðið að ráða fram úr þessum málum með öðrum hætti og hafa þá að sjálfsögðu komið upp ýmiss konar álitamál og ágreiningsefni einmitt við skiptingu blaðafjárins.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta mál. Í umr. hér á Alþ. og í blaðaskrifum um þetta mál hafa margir lýst skoðunum sínum á þessu máli. Mér virðist ljóst að menn úr öllum stjórnmálaflokkum hafi verið sammála um að rétt væri að stjórnmálaflokkar væru bókhaldsskyldir og ekki hvíldi nein leynd yfir fjármálum þeirra. Ég hef einnig orðið var við að menn úr öllum stjórnmálaflokkum telja nauðsyn á að skilgreina betur en nú er gert í lögum stöðu stjórnmálaflokkanna, réttindi þeirra og skyldur. Eins hefur komið skýrt fram í þessum umr. að menn úr öllum stjórnmálaflokkum telja óhjákvæmilegt að framlög verði reidd af hendi af almannafé til stjórnmálaflokkanna, þ. e. a. s. að þessi framlög verði á kostnað ríkissjóðs að meira eða minna leyti. Og ég hef í fjórða og síðasta lagi orðið var við að menn úr öllum stjórnmálaflokkum, þm. úr öllum stjórnmálaflokkum, með að vísu einni undantekningu, hafa lagt til að fjármagninu verði skipt með lýðræðislegum hætti. Ég tel því sýnt að um þetta mál sé að skapast víðtæk samstaða hér á Alþ. Ég hef satt að segja alls ekki ástæðu til að ætla að hv. þm. Sjálfstfl. almennt aðhyllist hinar ólýðræðislegu hugmyndir sem einn hv. þm. þess flokks hefur lagt hér fram á Alþ., og ég hef því fyllstu ástæðu til að vona að sú till., sem við höfum lagt hér fram, hljóti jákvæða afgreiðslu.

Ég vil að lokum leyfa mér að leggja til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði þessari till. vísað til hv. allshn.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Það var býsna skemmtileg ræða sem hér var flutt áðan, og talsvert er hún kómísk þegar hún er skoðuð niður í kjölinn, a.m.k. sá hluti hennar sem fjallaði beinlínis um fjármál, þ.e.a.s. peningaviðskipti flokka og fyrirtækja. Þessi hv. þm., Ragnar Arnalds, sem er hvorki meira né minna en form. í stórum stjórnmálaflokki, af hvaða ástæðum sem það er nú, gerir sér lítið fyrir og heldur því hér fram, að í frv. því, sem var til umr. hér í gær og ég flutti, felist það að af millj. kr. gjöf til Sjálfstfl. eða Sjálfstæðishússins ætti að endurgreiða 530 þús. ef það frv. yrði samþ. Nú ætla ég hv. þm. Ragnari Arnalds það ekki að hann hafi ekki lesið frv. eða hlustað á umr. og að honum sé ekki fullljóst að það stendur skýrum stöfum og margendurtekið að gert er ráð fyrir að 5% af skattskyldum tekjum fyrirtækis megi gefa skattfrjálst. Hann segir hér sjálfur að heildartekjur þessa fyrirtækis muni hafa verið 260 þús. kr. Eftir því ætti þá að mega gefa 13 þús. eða u.þ.b. skattfrjálst. Við vorum hér sessunautarnir að reyna að reikna út hvað mikil ósannindi þessa hv. þm. væru. Við komumst að þeirri niðurstöðu að það væri nálægt 5000%.

Þessi málflutningur þessa manns er með þeim hætti að til algjörrar svívirðu er, að þetta skuli vera borið á borð á Alþingi íslendinga. Það er í málflutningi svona manna sem það er fólgið að fólkið ber ekki lengur virðingu fyrir þessari stofnun með sama hætti og áður var, þegar menn sjá vaða uppi slík ósannindi vísvitandi. Ég ætla honum ekki það að hann viti ekki að hann hafi farið með rangt mál, þá væri hann ekki hæfur til að vera þm.

Svona var málflutningurinn raunar allur. Hann var að dylgja um innanflokksátök í Sjálfstfl. og að Morgunblaðið hefði ætlað að gera einn þm. flokksins óvirkan. Ég ber ekki ábyrgð á skrifum Morgunblaðsins lengur, en ég las hvert orð um þessi mál í sumar og ég gat ekki séð

annað en það væri fullkomlega heiðarleg frétta-mennska að öllu leyti. Hann þekkir þessar bar-áttuaðferðir í sínum eigin flokki, það er mér kunnugt um, þess vegna ætlar hann öðrum þær.

Hann talaði um það, hv. þm., að till., sem hann og þeir fleiri flokksbræður hans fluttu hér fyrir tveimur árum, hefði ekki fengist afgr. Ég veit ekki til að þeir reyndu að fylgja mjög mikið eftir þeirri till. En það er kannske ekki tilviljun að till. sú, sem núna er flutt, er með þeim hætti, að hún gæti aldrei haft neina þýð-ingu. Hún er líklega vitlausasta till. sem hér hefur verið flutt. Upphaf hennar er svo hljóð-andi: „Alþingi ályktar að skipa 5 manna nefnd.“ Hvernig á Alþ. að skipa 5 manna n.? Á forseti Alþ. að gera það, á skrifstofustjórinn að gera það eða á sendillinn að gera það? Hver á að skipa þessa n.? Till. er að formi til vitlaus, hvað þá efnislega, og síðan að það sé hægt af einhverri n. að rannsaka allar fjárreiður flokka og fyrirtækja þeirra sem ekki eru einu sinni bókhaldsskyldir. Ætli Alþb. gæti ekki hent ein-hverjum plöggum í slíka n. og sagt: Svona stendur þetta hjá okkur góðu herrar? — Í gær var málefnalega um þetta vandamál rætt hér af báðum þeim þm. sem þó voru ekki sammála mér í öllu efni, en þeim datt auðvitað ekki í hug að taka á málum eins og þessi hv. þm. gerir. Sannleikurinn er sá að mér blöskrar svo að ég get ekki um þetta haft fleiri orð.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég býst nú við að hv. þm. geri sér grein fyrir að ég hef ekki hér miklu að svara. Það var hlaupin svo mikil reiði í hv. þm. að hann virðist ekki hafa náð að koma frá sér nema helmingnum af því, sem hann ætlaði að segja, og er það illt því að hér er um merkilegt mál að ræða, sem þörf er á að ræða af fullkominni stillingu.

Ég sé ekki ástæðu til að svara þeim útúr-snúningi sem fram kom hjá hv. þm., að till. væri rangt orðuð vegna þess að þar væri talað um að skipa n. Þetta er að sjálfsögðu orðalag sem mjög hefur tíðkast, og áreiðanlega má finna þess fjöldamörg dæmi að till. hafa verið orðaðar á þennan veg hér á Alþ. (**EKJ**: Hver á að skipa n.?) Nóg um það. Það er að sjálfsögðu átt við að Alþ. fari þá leið, sem venja er, að kjósa hér n. En ef eitthvert orð í þessari tillgr. er ekki með þeim hætti að menn geti fyllilega við unað, þá er hægðarleikur að framkvæma mál-farslegar leiðréttingar á till. í þeirri n. sem fær málið til meðferðar. Ekki mun standa á mér að hnika til orðum eða bæta við kommum eða öðru því sem farið er fram á að gert sé.

Ég get hins vegar auðvitað ekki látið hjá líða að svara því, sem fram kom hjá hv. þm., að sá málflutningur minn væri rangur þegar ég benti á að till. hv. þm. gengur út á að ríkis-sjóður endurgreiði 530 þús. kr. af þessari einu millj. Hann reyndi að stilla málum upp á þann veg að þetta væri ekki framkvæmanlegt vegna þess að ég hefði einmitt í þessari sömu ræðu upplýst að tekjur fyrirtækisins hefðu ekki num-ið nema 240 þús. kr. En sér ekki hv. þm. í hverju misskilningur hans sjálfs er fólginn? Við erum ekki að tala um skattana á þessu ári eða tekjurnar á árinu 1974. Við erum að tala um það, að ef frv. hv. þm. verður að lögum, þá gildir það um tekjuárið 1975 og kemur til fram-kvæmda varðandi skattana 1976, og ég tel að það sé afskaplega líklegt að fyrirtæki, sem veltir 230 millj. á s.l. ári, geti kannske slysast til að græða eitthvað á árinu 1975, þegar það hefur ofan á sína fyrri veltu fengið lóð þar sem það hyggst byggja 20—30 íbúðir. Ég get vel ímynd-að mér að fyrirtækið sé þegar farið að gera samninga um sölu á þeim íbúðum sem eiga að vera í þessu húsi, þó að ég viti það ekki ná-kvæmlega. A. m. k. er ekkert sem mælir gegn því að álykta sem svo að fyrirtækið kunni að hafa talsvert meiri tekjur á árinu 1975 heldur en það hafði á árinu 1974, og þar af leiðir að ekkert er því til fyrirstöðu að gera ráð fyrir að fyrirtækið mundi á árinu 1976 geta hagnýtt sér þá heimild sem felst í frv. hv. þm., Eyjólfs K. Jónssonar, að fullu varðandi þessar 530 þús. kr. Það er ekkert því til fyrirstöðu að gera ráð fyrir því að svo sé. Ég verð þar að auki að leyfa mér að vona að hv. þm. Eyjólfur K. Jóns-son sé mér smamála um að það, að 430 fyrir-tæki í Reykjavík skuli vera skattfrjáls á þessu ári, er hreint hneyksli, og að fyrirtæki, sem veltir 230 millj., skuli borga minna í tekjuskatt en einn ellilífeyrisþegi, það er líka hneyksli. Og ég vil leyfa mér að vænta þess að hann geti verið mér sammála um að þetta hneyksli verður að stöðva. Ég hef þó þrátt fyrir allt þá trú á hv. þm. að hann muni hjálpa mér og öðrum sem vilja breyta þessu, til að koma því til leið-ar að þetta hneyksli endurtaki sig ekki á næsta ári. Það segir sig sjálft að fyrirtæki, sem veltir mörgum hundruðum millj., kannske 500 millj. á næsta ári, ætti í öllu falli að geta haft tekjur sem nema meira en einni millj. kr. á árinu 1975.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Þessi þáltill., sem hér liggur fyrir, hefur áður sést hér í sölum Alþ. og verið rædd hér, og áður hafa komið fram raddir um stuðning við þetta málefni af hálfu þm. Sjálfstfl., en þess verið jafnframt getið að sá stuðningur væri því háður að málið væri nokkru víðtækara en það liggur hér fyrir nú. Ég minnist þess að hv. þáv. þm. og áður ráðherra Magnús Jónsson lýsti yfir stuðningi við þetta mál svo langt sem það næði, en öllu fremur þó stuðningi við hugsanlega lög-gjöf eða undirbúning löggjafar um starfsemi stjórnmálaflokkanna í landinu. Þetta hefur svo komið fram aftur þegar þetta mál hefur verið rætt hér á Alþ., og það kom einnig fram nú í máli hv. 1. flm. þessa máls að vissulega bæri nauðsyn til að undirbúa slíka löggjöf. Þess vegna hefði e. t. v. mátt ætla, að tillaga þessi hefði nú fjallað einmitt um það að undirbúa slíka löggjöf, en hún fjallar einungis um rannsókn á fjárreiðum stjórn-málaflokka og löggjöf um það efni.

Um þetta atriði fjalla líka, með áþreifanlegri hætti þó, frv. sem hv. 4. þm. Norðurl. v. hefur lagt fram í Nd. Alþ., og ég vil lýsa stuðningi við þau frv. Það kom fram í máli þess hv. þm. og raunar grg. með frv. hans öðru, að uppi hefðu verið hugmyndir, eins og ég gat um áðan, um að undirbúa þyrfti löggjöf um réttindi og skyldur flokkanna. Ég vil kannast við það að ég hef

einmitt vakið máls á slíku í okkar flokki nú á þessu þingi, að ég vildi gjarnan flytja slíkt mál. En ástæðan til þess, að ég hef ekki látið þá tillögu koma fram enn þá, er sú að ég bíð eftir nýjum upplýsingum frá Þýskalandi þar sem lög um þetta efni hafa verið í gildi um alllangt árabil og fengin er nokkur reynsla af þeirri löggjöf, og einnig á ég von á upplýsingum, nokkru nánari en ég hef áður fengið, um undirbúning þeirrar löggjafar.

Ég vil einnig nefna, að þetta mál og það atriði að undirbúa löggjöf um stöðu stjórnmálaflokkanna almennt í ríkinu snerti mjög till., sem nú er til meðferðar í Norðurlandaráði, þess efnis að kanna með sem bestum hætti stöðu lýðræðis og þingræðis á Norðurlöndum. Þetta er málefni sem vakið hefur mikinn áhuga stjórnmálamanna á Norðurlöndum yfirleitt, og í undirbúningi er sérstakt ráðstefnuhald um þetta efni, en umr. um það hafa m. a. vakið til enn frekari umhugsunar um að það sé nauðsyn í lýðræðisríki að marka í löggjöfinni stöðu jafnvoldugra stofnana og stjórnmálaflokka.

Ég er því sammála, sem fram kom í máli hv. 5. þm. Norðurl. v., að það skýtur nokkuð skökku við að hvergi skuli minnst á stjórnmálaflokka í stjórnarskrá okkar. Ég hef spurst fyrir um það hjá framkvæmdastjóra eða öllu heldur ráðgjafa stjórnarskrárnefndar, sem nú starfar, hvort ákvæða um stjórnmálaflokka sé að vænta í drögum að nýrri stjórnarskrá sem nú er unnið að. Mér er sagt að það efni sé enn til athugunar, ekkert sé ákveðið um það enn, en erindi munu n. hafa borist um það efni.

Það er ljóst, ef út í það er farið að í löggjöf verði stjórnmálaflokkum veittur fjárhagsstuðningur með einhverjum hætti, hvort sem það er í því formi að viss skattfríðindi séu veitt vegna gjafa til stjórnmálaflokka eða þá með beinum framlögum til stjórnmálaflokka, þá er þar um viss bein fríðindi að ræða, sem stjórnmálaflokkum eru veitt, og því ekki óeðlilegt að löggjafinn geri um leið þá kröfu að stjórnmálaflokkar takist skyldur á hendur. M. ö. o.: það, sem fyrir mér vakir, er að það sé eðlilegt að það séu viss lágmarkslýðræðisskilyrði sem stjórnmálaflokkur þarf að fullnægja til þess að geta notið þeirrar lágmarksfyrirgreiðslu sem talið kann að vera nauðsynlegt að stjórnmálaflokkur njóti til að geta gegnt hlutverki sínu í lýðræðisþjóðfélagi.

Mig langar í þessu sambandi að nefna það, sem hér hefur stundum verið deilt um á hv. Alþ., styrkurinn til dagblaðanna. Ég veit að flokksbróðir minn, hv. 4. þm. Norðurl. v., vill lítið heyra á það minnst, að það teljist styrkur til dagblaðanna þó að ríkið kaupi nokkur eintök af dagblöðunum. Í mínum huga er skuldbinding ríkisins um að kaupa vissan eintakafjölda af dagblöðunum í raun styrkur til dagblaðanna. Og mér fannst á sínum tíma, þegar umr. voru um þessa hugmynd, að ríkið styrkti dagblöðin, að það kæmi jafnvel fremur til greina að sá styrkur gengi til stjórnmálaflokkanna og svo væri það flokkanna að ákveða hvort honum væri varið til þess að halda úti flokksmálgögnum eða til þess að halda uppi stjórnmálastarfsemi með öðrum hætti. Þetta er aðeins sjónarmið mitt. En ég sé ekki annað en að það standi eftir sem áður að í hvaða formi sem sá stuðningur við stjórnmálaflokka yrði sem farið væri út í að veita, þá væri alveg nauðsynlegt að á svipuðum tíma kæmi almenn löggjöf um réttindi flokkanna og skyldur, stjórnskipulega stöðu þeirra og hvaða skilyrðum flokkur þyrfti að fullnægja til þess að hann gegndi því hlutverki að vera það sem stjórnmálaflokkur á að vera í lýðræðisþjóðfélagi, sem sagt tæki almennings til þess að hafa áhrif á stjórn ríkisins. Það er verkefni stjórnmálaflokkanna í löndum með okkar stjórnarfari. Þess vegna tel ég, að það geti verið mikil leiðbeining fólgin í því að afla sér sem gleggstra upplýsinga frá löndum þar sem slík löggjöf er í gildi, ekki síst frá Vestur-Þýzkalandi sem hefur einna bitrasta reynslu af löndum Vestur-Evrópu af því hvað það er að stjórnmálaflokkar, sem ekki hlíta neinum lýðræðisreglum festi rætur og nái afgerandi völdum í ríkinu. Það var eftir reynslu Þjóðverja á Hitlerstímabilinu sem þeir voru ákveðnir í að marka starfsemi stjórnmálaflokka nokkur takmörk með sérstakri löggjöf.

Ég vil geta þess að mér finnst það ekki vera nein allsherjarlausn á þessu máli að segja að það þurfi að setja reglur og setja löggjöf um starfsemi stjórnmálaflokka, vegna þess að það þurfi að setja tiltekin takmörk. Sannleikurinn er sá, að þetta er ákaflega flókið og vandasamt mál og þarf að gæta þess mjög vandlega að hvergi sé sorfið að frelsi manna til þess að mynda samtök og starfa að áhugaefnum sínum í samtökum með heiðarlegum og lýðræðislegum hætti.

Ég vil loks benda á eitt atriði í þessu sambandi sem óneitanlega hlýtur að vakna í huga manna sem velta því fyrir sér með hverjum hætti löggjöf um stjórnmálaflokka gæti verið og yfirleitt hvort setja ætti löggjöf um stjórnmálaflokka til þess að tryggja virkni lýðræðisins í landinu. Það er nefnilega svo að það eru ýmis önnur samtök í landinu sem hafa veruleg áhrif á löggjöfina almennt að meira eða minna leyti og á stjórn landsins án þess að þar sé beinlínis um stjórnmálaflokka að ræða. Ég á þar við stór og voldug hagsmunasamtök. Það er gert ráð fyrir að ýmis voldug hagsmunasamtök tilnefni fulltrúa í ýmsar stjórnir sem hafa mikla þýðingu í okkar stjórnkerfi og víða í löggjöfinni í sambandi við efnahagsmál okkar o. fl. En það eru engin ákvæði í löggjöf okkar, sem tryggja að í þessum voldugu hagsmunasamtökum sé farið að almennum lýðræðisreglum.

Þessar hugleiðingar verða til þess, að það hlýtur að koma að því að mínum dómi að menn hugleiði undirbúning löggjafar um það, eftir hvaða reglum slíkum samtökum beri að starfa til þess að þau geti með réttum hætti og viðunandi fyrir fólkið haft með höndum það vald sem þeim raunverulega er fengið víða í okkar löggjöf. Eitt lítið dæmi í þessu sambandi dettur mér í hug núna. Það var nú á dögunum, þegar haldnir voru fundir víða um land til þess að kanna hvort menn hefðu hug á því innan samtaka starfsmanna ríkis og bæja að afla sér verkfallsréttar eða vinna að því að fá verkfallsrétt, að í fjölmiðlum kom frétt þess efnis að meiri hluti þessara starfsmanna vildi verkfallsrétt. En

þegar betur var að gáð kom í ljós að þeir fundir, sem haldnir voru, voru mjög illa sóttir — því miður man ég ekki hvort það voru 25 eða 30% félagsmanna sem mættu á ýmsum svæðum. Þeir, sem höfðu engan sérstakan hug á að fá verkfallsrétt, létu flestir eiga sig að mæta á fundum, en þeir, sem höfðu hug á því, mættu og greiddu atkv. Ályktunin var svo sú að meiri hl. félagsmanna væri þessarar skoðunar. Þetta er að mínum dómi óleyfileg ályktun. Ef á að fullyrða að meiri hl. félagsmanna væri þeirrar skoðunar, eins og á stóð í þessu tilviki, að stefna eigi að því að fá verkfallsrétt, þá verður það að vera eftir almenna skoðanakönnun sem nái til allra.

Með þessu er ég ekki að gagnrýna þessi samtök sérstaklega almennt. Þetta er eitt dæmi af ákaflega mörgum. Eins og hv. þm. vita er því miður pottur brotinn víða í voldugum samtökum um að fyllstu lýðræðisreglna sé gætt í starfseminni og þeirra sé gætt í sambandi við töku ákvarðana sem verulegu máli skipta í okkar þjóðfélagi.

Herra forseti. Þetta hefur nú e.t.v. orðið nokkru lengra en ég hafði hugsað mér í byrjun. Tilgangur minn var aðeins að vekja athygli á því að í undirbúningi væru till. um að á vegum Alþ. yrði hafinn undirbúningur að löggjöf um stjórnmálaflokkana og jafnframt yrði þá haft í huga að athuga hvort ekki væri nauðsynlegt að setja löggjöf, sem dálítið væri svipuð, um ýmis önnur voldug hagsmunasamtök í þjóðfélaginu. Tilgangur minn með þessu er að vekja athygli á því að það er fullkomlega tímabært í okkar þjóðfélagi að setja löggjöf til verndar lýðræði og það er líka tímabært að setja löggjöf til verndar þingræði.

Það er mín skoðun að í undirbúningi slíkrar löggjafar þurfi að koma fram sjónarmið allra stjórnmálaflokka, svo að ég mun ekki fara jafnmyndarlega að og hv. 4. þm. Norðurl. v., að koma með alskapað frv. Ég held að í svo viðkvæmu og viðamiklu máli eins og þessu væri nauðsynlegt að hafa samráð milli stjórnmálaflokka og fara eftir þeim línum sem menn gætu sameinast um, því að ég ætla að allir flokkar séu sama sinnis að því leyti til að þeir telji nauðsyn til bera að standa vörð um okkar lýðræði og þingræði sem best.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Þar sem ég ræddi efnislega sama mál á fundi hv. Nd. í gær ætla ég ekki að fara mörgum orðum um þessa þáltill., heldur kveð mér hljóðs fyrst og fremst vegna atriða sem fram hafa komið í umr.

Það hefur m. a. verið vikið að því að það væri nauðsynlegt að setja heildarlöggjöf um starfsemi íslenskra stjórnmálaflokka og verið boðað af hv. síðasta ræðumanni, að mér skildist, að þáltill. um þetta efni kynni að vera á næstu grösum. Til upplýsingar vil ég taka það fram að till. um þetta mál hefur verið flutt hér á hinu háa Alþ. Það var gert að mig minnir veturinn 1971—1972, og sá sem flutti þá þáltill. var Sigurður E. Guðmundsson sem þá sat á þingi fyrir Alþfl. sem varaþm., þannig að till. um að skipa n. til þess að semja frv. til l. um stjórnmálaflokka, störf þeirra og skyldur hefur þegar verið flutt á Alþ. Þessi till var að vísu ekki afgr., því miður. E. t. v. er meiri von til þess nú eftir þær umr., sem orðið hafa um málefni stjórnmálaflokkanna, að till. í þessum dúr fengi afgreiðslu, og ég mun að sjálfsögðu fagna því.

En hitt skulum við gera okkur fyllilega ljóst, að það er talsvert vandaverk að semja slíka löggjöf. Ég hef ekki mjög víða reynt að fregna af slíkum hlutum, en ég held að ég fari rétt með að það er t. d. ekki til heildarlöggjöf um störf og skyldur stjórnmálaflokka á neinu Norðurlandanna. Ég held að ég fari rétt með að slík lagasetning sé þar ekki til. Þó eru að vísu mörg ákvæði í ýmsum lögum í þessum löndum þar sem fjallað er um stjórnmálaflokkana, en heildarlöggjöf um starfsemi og skyldur stjórnmálaflokka er ekki til þar, þannig að hér er um tölurvert vandaverk að ræða.

Till. sú, sem hér er til meðferðar, er fyrst og fremst um rannsókn á fjárreiðum stjórnmálaflokka. Sjálfsagt er rétt og eðlilegt að slík rannsókn fari fram. En ég vil aðeins leyfa mér að vekja athygli á því í fyrsta lagi hvort æskilegt sé að sama n. annist slíka rannsókn og samningu till. eða frv. til l. um opinberan stuðning við starfsemi flokka og eftirlit með fjárreiðum þeirra. Er það æskilegt að sama n. annist hvort tveggja þetta hlutverk? Þetta er aðeins ábending. Í annan stað langar mig einnig til þess að benda mönnum á að jafnvel þó að Alþ. kysi slíka 5 manna n. — 5, 6, 7 manna, það skiptir ekki máli — þá er með þá n. eins og raunar þingnefndir að mönnum er ekki skylt að segja henni frá, og það sem er e. t. v. enn þá meira miður, mönnum er ekki skylt að skýra fyrir n. rétt og satt frá. Það eru engar skyldur eða kvaðir um sannsögli í því sambandi, þannig að þetta er annað atriði sem ég tel rétt að sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, kanni rækilega. Hitt er hins vegar algjörlega ljóst, eins og kom fram í ræðu minni í gær, að brýna nauðsyn ber til þess, ekki síst fyrir flokkana og okkur, sem valist höfum til trúnaðarstarfa í þeirra þágu, að fjármál flokkanna verði gerð opinber, það verði skýrt frá þeim, gerð grein fyrir þeim fyrir opnum tjöldum. Ég lét í gær þá skoðun í ljós að flokkarnir og flokksstofnanirnar, félög og fyrirtæki þeim tengd ættu að birta reikninga sína opinberlega á hverju ári, endurskoðaða af löggiltum endurskoðendum. Það má vel vera að það séu til fjölmargar aðrar leiðir til þess að upplýsa um fjármál stjórnmálaflokkanna, m. a. sú leið sem lögð er til í þessari þáltill.

Við höfum rætt þetta mál nokkuð í þingflokki Alþfl. Við eigum ekki fulltrúa í þeirri n. sem fær þessa till. til meðferðar, en ég held að mér sé óhætt að fullyrða að verði sú niðurstaða af athugun á máli þessu í þingnefnd að það sé rétt að fara þessa leið, að Alþ. skipi eða kjósi n. til þess að rannsaka fjárreiður stjórnmálaflokkanna, þá muni af Alþfl. hálfu ekkert vera því til fyrirstöðu að leggja fram fullkomna reikninga bæði fyrir Alþfl. og Alþýðublaðið, þannig að ef það verður niðurstaða hv. Alþ. að svona skuli að farið til þess að upplýsa um fjárreiður stjórnmálaflokka, þá muni ekki standa á Alþfl. að leggja

reikninga sina, bæði fyrir flokkinn og blaðið, fyrir þá n. sem um þetta mál mun fjalla. Þetta vil ég að komi hér fram við 1. umr. þessa máls þar sem Alþfl. á ekki fulltrúa í þeirri n. sem fær þetta mál til athugunar. En það ber orðið brýna nauðsyn til þess að flokkarnir komi fjármálum sinum á hreint. Þeir verða að fara að gera það, það er orðið brýn nauðsyn fyrir þá, vegna þess að það er meira virði fyrir stjórnmálalifið í landinu að stjórnmálamenn og stjórnmálaflokkar geti eytt þeirri tortryggni, m. a. í sambandi við fjármál, sem almenningur er farinn að bera til stjórnmálaflokkanna, heldur en hitt, að geta haldið e. t. v. einhverri leynihulu yfir þessum málum.

Að lokum langar mig til þess að minnast á eitt atriði sem komið hefur fram í umr. um þetta mál, og það er það sem nefnt hefur verið styrkur til dagblaðanna. Ég er kollega minum, hv. 4. þm. Norðurl. v., algjörlega sammála um að hér er ekki um styrk að ræða, heldur greiðslu, ýmist fyrir veitta þjónustu eða vöru sem blöðin láta ríkinu og ríkisstofnunum í té og ríkið og ríkisstofnanir verða að sjálfsögðu að greiða fyrir. Mér er kunnugt um að þegar ákveðið var að taka inn á fjárlög sérstakt framlag til þess að greiða kostnað við blaðakaup, og ég tek það sérstaklega fram að hér er ekki rætt um styrk til dagblaða, þeir eru ekki til, heldur um fjárframlög til kaupa á dagblöðum, þá var ástandið orðið þannig að íslensku dagblöðin höfðu neyðst til þess að gefa, hvert blaðið um sig, hundruð eintaka til opinberra fyrirtækja og stofnana. Það var sífellt verið að kvabba á bæði ritstjórum og afgreiðslustjórum blaðanna um gjafir í hina og þessa ríkisstofnunina, þannig að þetta náði orðið ekki nokkurri einustu átt. Þá var gerð athugun á því hversu mörg eintök af þessum blöðum ríkið og ríkisstofnanir óskuðu eftir að fá. Ég held að ég muni það rétt að það hafi verið rúm 900 eintök af hverju blaði. Hins vegar fékkst ríkisvaldið ekki til þess að veita fé til að kaupa þessi eintök sem ríkisstofnanir þó óskuðu eftir að fá keypt. Nú er aðeins veitt fé til kaupa á 450 eintökum af hverju blaði. En ég held ég geti fullyrt, a. m. k. eftir því sem ég veit hjá öllum blöðunum, að þetta er um það bil helmingurinn af þeim blöðum sem ríkið og ríkisstofnanir fá. Og það er stöðug ásókn til blaðanna, sérstaklega þó af skólum og enn fremur öðrum ríkisstofnunum, um að senda þangað blöð án endurgjalds og það ekki aðeins án endurgjalds, heldur verða blöðin að borga sendingarkostnaðinn allan, þannig að þarna er um að ræða mun meiri óskir frá stofnunum hins opinbera heldur en greitt er fyrir. Það má spyrja hvort það sé eðlilegt að dagblöðin, sem eru fyrirtæki eins og önnur fyrirtæki í þessu landi, eigi að hafa þá sérstöðu að neyðast til þess að gefa ríkisvaldinu ýmist þjónustu eða vöru án endurgjalds. Skyldu nokkur önnur fyrirtæki í landinu þurfa að sæta því.

Ég get nefnt, til þess að gera ykkur grein fyrir því hver þessi svonefndi ríkisstyrkur er, tölur sem að vísu eru fengnar frá minu eigin blaði, ég þekki ekki þessar tölur fyrir önnur blöð. Þegar búið er að greiða þau 450 eintök, sem ríkisvaldið kaupir af Alþýðublaðinu, þá standa eftir af samtölu þeirra fjármuna, sem kallaðir eru ríkisstyrkur, 388 þús. kr. Þetta er það, sem við fáum af hinum svokallaða ríkisstyrk sem manna á milli er sagður vera 32 millj. kr. á ári — 388 þús. Nú er búið að skera, eftir því sem mér er best kunnugt, þessa fjárveitingu niður, þannig að þegar við gerum upp reikningana fyrir kaup ríkissjóðs eða fyrir viðskipti ríkissjóðs við okkur, þá kemur í ljós, að við þurfum að borga með þeim 450 blöðum sem ríkisstofnanir ætla að kaupa. Féð, sem ríkisvaldið veitir í fyrsta lagi til kaupa á 450 eintökum af þessu blaði, í öðru lagi til þingflokks Alþfl. eða réttara sagt veitir í hlutfalli við fjölda þm., — samtala þessa nægir ekki fyrir mitt blað til þess að standa undir áskriftargjöldum af þeim 450 eintökum af minu blaði sem ríkið býðst til að kaupa, svo að maður tali þá ekki um heildartölu þeirra blaða sem ríkisstofnanir fá, sem er miklu, miklu hærri. Það er miklu óhagstæðara mál heldur en þetta, ef við gerum upp viðskipti blaðanna við ríkissjóð og ríkisstofnanir.

Hversu miklir fjármunir skyldu t. d. liggja í þeirri þjónustu sem blöðin veita ríkisstofnunum, svo sem eins og útvarpi og sjónvarpi, með birtingu dagskrár þeirra daglega? Ef þetta yrði reiknað út á auglýsingaverði með eðlilegum afslætti, þá næmi þetta mörgum millj. kr. á ári á hvert blað. Þessa þjónustu er dagblöðunum ætlað að veita þessum ríkisstofnunum án þess að ríkisstofnanirnar greiði krónu fyrir. Þessar ríkisstofnanir telja sig meira að segja geta gengið svo langt, að ef þær setja upp einhverja sérstaka gestaþraut fyrir hlustendur, eins og krossgátur eða eitthvað slíkt, þá geti þær sent þessar gestaþrautir til blaðanna og skipað þeim að birta þetta fyrir sig endurgjaldslaust þegar þeim þóknast. Við fáum engar greiðslur fyrir slíka þjónustu, þannig að þegar reikningar eru gerðir upp, þá er ég hræddur um að það halli allverulega á ríkissjóð. Og ég held að ég geti mælt fyrir munn allra blaðanna þegar ég segi að við sem að útgáfu blaða stöndum, mundum heldur kjósa að þessi svonefndi ríkisstyrkur félli niður, þessi ríkisstyrkur sem menn eru alltaf með á milli tannanna, ef á móti kæmi það að ríkið greiddi í beinhörðum peningum, nákvæmlega rétt og nákvæmlega það gjald sem það ætti að inna af höndum, fyrir þau blöð, sem það kaupir, og þá þjónustu, sem blöðin veita ríkisvaldinu og ríkisstofnunum. Þá er ég ansi hræddur um að framlagið til blaðakaupa og til kaupa á blaðaþjónustu yrði allmiklu meira en þær 32 millj. kr. á ári sem gert er ráð fyrir í núgildandi fjárlögum.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Mig langar að fara fyrst nokkrum orðum um ummæli síðasta ræðumanns, 8. landsk. þm. Ég held að það sé mikill misskilningur af hans hálfu ef hann heldur að það sé einskis virði fyrir íslensk dagblöð að fá að birta það sem hann kallar með fyrirlitningu dagskrá útvarps og sjónvarps sem þar birtist án endurgjalds frá þessum stofnunum. Ég held að útvarpsdagskráin og sjónvarpsdagskráin séu meira virði blöðunum en það að blöðin ættu að tala um þær dagskrár eða fréttaefni með niðurlægingu eða fyrirlitningu. Þetta

er það efni sem selur Alþýðublaðið, hugsa ég, hvað best. Það er afskaplega lítið annað í Alþýðublaðinu sem hægt er að sækjast eftir, það er ekkert annað, sem getur orðið heimilunum að gagni, í blaðinu. (Gripið fram í.) Og að tala um að það sé einskis virði að ríkið kaupi 450 eintök á dag, af hvað? — 4—6 þús. eintaka útgáfu, það eru kannske 8—10% af því sem gefið er út daglega sem ríkið kaupir í einum pakka, — að tala um að það sé einskis virði fyrir Alþýðublaðið, ég held að þetta sé mesti misskilningur. Ég get ekki ímyndað mér hvar þeir ætla að finna þessa 450 kaupendur frá ríkisstofnunum ef stofnanirnar ættu að panta frjálst í staðinn fyrir að verða neyddar að taka þann pakka sem þaðan kemur á hverjum degi. Nei, ég held að Alþýðublaðið geti verið mjög ánægt með sitt hlutskipti **úr þessum blaðapakka sem** sendur er til ríkisstofnana á hverjum degi.

Ég skal ekki heldur fara neitt með þær upplýsingar sem ég hef sjálfur fengið án þess þó að hafa þær nægilega staðfestar til þess að geta komið með þær hér fram án þess að ég mundi sjálfur kalla þær hálfgert fleipur, eins og t. d. Ármannsfellsmálið í Alþýðublaðinu hefur verið allan tímann, en það er hvernig Alþýðublaðið bókstaflega komst út aftur. Ég verð að segja að ég er þó einn af þeim mönnum sem leitað hefur verið til með peningaframlög til Alþfl. og ég skammast mín ekkert fyrir að segja það, ég hef látið peninga í hann. Ég hef ekki farið fram á neina sérstaka fyrirgreiðslu í staðinn. En ég efast um að aðrir, sem hafa látið peninga í Alþfl., í Alþýðublaðið, ætlist til þess að nöfn þeirra verði birt sérstaklega sem einhverra stuðningsmanna flokksins eða blaðsins. Ég hugsa að það sé trúnaðarmál hvers og eins hvernig hann hagar sínum ábyrgðum og hvernig hann hagar sínum fjármálum og hvað hann gerir við sína peninga, án þess að það sé opinbert hverju sinni. A. m. k. kæri ég mig ekkert um að listi sé birtur með mínu nafni sem stuðningsmanns Alþfl. í fjárhagsvandræðum hans, þó að ég upplýsi sjálfur hér að ég hef lagt peninga í hann til þess þá að létta undir með viðkomandi.

Ég sé nú ekki frekar en félagi minn, hv. 4. þm. Norðurl. v., ástæðu til að fjölyrða mikið um þá ræðu sem hv. 5. þm. Norðurl. v. flutti hér áðan. Ég hélt satt að segja að hann væri að gera grín, eins og kom fram hjá 4. þm. Norðurl. v., þegar hann hóf mál sitt og ég byrjaði að harma það að hann skyldi draga Alþ. niður á það stig sem fram kom hjá kollega mínum í svarræðu til hans. Það er alveg rétt, ég held að við þm. ættum að fara að passa okkur á því sem við látum frá okkur heyra úr þessum ræðustól. Fólk er farið að tala um að Alþ. sé alls ekki starfi sínu vaxið hvað málflutning snertir.

En ég sé mig knúinn til að taka þátt í þessum umr. að nokkru leyti, óverulegu leyti, vona ég, bara til þess að benda á það sem rangt er farið með í málflutningi 5. þm. Norðurl. v.

Ég vil fyrst leiðrétta það, sem ég veit að hv. þm. hlýtur að verða mér sammála um, því að hann vitnar í skrif og ummæli borgarstjóra, að þegar fyrirtækinu Ármannsfelli var úthlutað þeirri lóð sem hann gerði að umræðuefni, þá var ekki verið að úthluta neinni lóð af grænu belti. Með breytingu, sem átt hefur sér stað á aðalskipulagi, var þetta ekki lengur grænt belti. Það var heldur ekki verið að úthluta neinni lóð án auglýsingar. Það er auglýst á ákveðnum tíma á árinu, í des. ár hvert, eftir umsóknum frá byggingaraðilum, og það var gert s.l. ár eins og mun verða gert nú í ár. Fyrir lá listi umsækjenda. Ármannsfell varð fyrir valinu vegna þess að hugmyndir þess að skipulagi á þessu svæði voru samþykktar. Það var ekkert óheiðarlegt við þá úthlutun né heldur tengsl við framlag einnar millj. kr. í byggingarsjóð Sjálfstfl. sem ég tók við. En það var ekki borgarstjóri sem upplýsti það að Ármannsfell hefði lagt þessa peninga í byggingarsjóð Sjálfstfl. Hann var erlendis í sumarfríi þegar þetta upplýstist. Það var ég sem gerði það sjálfur.

Nú get ég upplýst meira ef hv. þm. óskar eftir að vita sannleikann. Ármannsfell sem fyrirtæki er kannske ekki að hans mati þrátt fyrir hundruð millj. kr. veltu fært um það samkv. skattaskýrslu að gefa 1 millj. kr. í eitt eða annað. En ég hef aldrei nokkurn tíma látið hafa eftir mér að Ármannsfell sem slíkt hafi lagt þetta fram eða hvort það eru eigendur Ármannsfells sem hafa lagt það fram, ég veit það ekki sjálfur. Ég var að hugsa um það núna undir ræðu hv. þm. hvort það hefði verið Ármannsfell sem fyrirtæki eða hvort það voru bræðurnir Ármannssynir sem lögðu það fram. Ég bara hreinlega veit það ekki. En hitt er annað mál, að þegar ég tók við þesum peningum, þá var það með þeim orðum frá þeim bræðrum að faðir þeirra hefði ávallt styrkt Sjálfstfl., rekstur hans, og nú þegar átak, stórt átak væri í gangi fyrir flokkinn, þá vildu þeir gera það myndarlega í minningu um föður sinn, og þeir lögðu fram þessa eina millj. kr. Það getur vel verið að það sé stór glæpur.

Það stendur hér í till. þeirra flm., Ragnars Arnalds, Jónasar Árnasonar og Helga F. Seljans, að það eigi að rannsaka fjármál fyrirtækja, fasteigna og blaða sem eru tengd flokkunum. Nú vill svo til að það er ekki neitt af þessu, nema þá helst fasteignir, sem er tengt Sjálfstfl. Hitt er annað mál, að það upplýsist. Ég veit að sumir af þeim, sem hér eru viðstaddir í dag, hafa hlustað í sjónvarpinu á þann þátt sem fjallaði um Ármannsfellsmálið, viðtöl við forustumenn og framkvæmdastjóra flokkanna. Þeir gáfu allir upplýsingar, hver um sinn flokk og starfsemi sinna flokka, og þ. á m. framkvstj. Alþb. sem upplýsti að Alþb. ætti bókstaflega ekki neitt, það ætti bókstaflega ekki neitt, það hefði verið rekið af stuðningsmönnum sem mynduðu félög sérstaklega til þess að styrkja það á þeim sviðum sem það þurfti stuðnings á hverjum stað. Hvort það var blaðið úti í einu horni, flokkurinn eða flokksstarfsemin í öðru eða þá hvort það eru hlutafélög, sem eru ferðafélög eða byggingarfélög, ég skal ekki segja hvort það er. En einn sjóður kom fram. Það er Minningarsjóður Sigfúsar Sigurhjartarsonar, sem rak húseignina að Tjarnargötu 20 áður en Reykjavíkurborg keypti hana og fékk svo í makaskiptum lóðir og fleira á Grettisgötu og kannske víðar, ég skal ekki segja um það hvert hann hefur breitt út vængi sína. Sjá sjóður styrkir til minn-

ingar um Sigfús Sigurhjartarson sem var góður flokksmaður, tryggur stuðningsmaður og flokksfélagar vilja halda uppi nafni hans áfram á sama hátt og drengir Ármanns heitins vildu halda á lofti minningu föður síns. Það skyldi þó ekki vera eitthvert samhengi í hugsunum annars vegar Alþb.-manna, sem vilja halda merki þessa merka stuðningsmanns síns, og hins vegar drengjanna, sem styrkja Sjálfstfl. í minningu föður síns? Ég held að það séu þarna vissar hliðstæður.

Ég vil þá líka að það komi fram að Sjálfstfl. samþykkti till. frá mér um að vísa þessu máli *til sakadómara, og ég hef óskað eftir því* við sakadómara, sem mig yfirheyrði á sínum tíma, *að þessu máli yrði haldið gangandi þangað* til sakborningur fyndist og málið væri upplýst og *rannsakað í allar þær áttir* sem Alþb.-menn, sem reyna að gera mig persónulega og Sjálfstfl. tortryggilega, óskuðu eftir, því verði haldið áfram svo lengi sem þeir óski eftir, en að þeirri rannsókn lokinni verði ég annaðhvort dæmdur eða þeir sem ég kalla slefbera og mannorðsþjófa og ég hef orðað öðruvísi á öðrum stöðum. Það er líka í lögum ákvæði um það hvernig með slúðureða slefbera er farið.

Ég skal ekki segja um hvort það er rétt að halda áfram á þeirri braut sem íslendingum er svo tamt að reyna að stytta þann langa og teygja þann stutta. Það er talað um með fyrirlitningu ef fjársterkir aðilar gefa til flokka sinna. Hverjum kemur það við, ef maður hefur aflað sér fjár, ef hann á eitthvað eftir? Hann hefur fullkomna heimild til þess að ráðstafa sínum tekjum eins og hann vill. Og ég get upplýst það *hérna* að á tveimur landsfundum Sjálfstfl. skipta þeir orðið *hundruðum, ég hugsa að ég færi réttara með ef* ég segði þúsundum, sem hafa lagt fé í Sjálfstæðishúsið, og þeir skipta orðið þúsundum, þegar teknir eru saman einstaklingar og fyrirtæki um land allt, sem hafa lagt í Sjálfstæðishúsið, og ég sé ekki nokkurn skapaðan hlut athugavert við það. Ég sé heldur ekkert athugavert við það að flokksmenn annarra félaga styðji sína flokka. Það er kannske meira athugavert við það þegar flokkar leita út fyrir sínar raðir, eins og ég gat um áðan að Alþfl. hefði leitað til mín með stuðning og ég stutt hann. Það er kannske óeðlilegra. En ég sé ekkert að því. Ég er frekar á móti ríkisframlögum í slíkt, ég tel þau óeðlileg. En það getur vel verið að það sé hægt að finna í því kerfi eitthvað sem er enn þá betra en það sem við búum við. Ég skal ekkert um það segja og bíða með að dæma það þangað til ég sé þær till. sem boðaðar hafa verið að fram muni koma hér.

En það er nokkuð langt gengið ef það á að fara að elta uppi fólk og dæma kannske sem *afbrotafólk fyrir það eitt að styrkja sínar hugsjónir* og sína flokka. Sem betur fer og að sjálfsögðu kemur engum til hugar að furða sig á því að Sjálfstfl. er stór og sterkur. Það er eðlilegt. Þetta er eini flokkurinn á Íslandi sem hefur alíslenska stefnu. Hitt eru allt boðberar einhvers isma, hvort það er sósíalisma eða kommúnisma eða samvinnuhreyfingarinnar líka. Það er ekki íslensk stefna, þó að hún sé orðin meira íslensk sem betur fer en hinar stefnurnar. Sjálfstfl. er sá eini flokkur sem virkilega hefur alíslenska stefnu á sinni skrá og er alíslenskur flokkur, og því er ekki hægt að líkja honum við erlenda flokka, eins og kom fram hér áðan. Það er afskaplega lítið til um samlíkingar þar. (Gripið fram í.) Kapítalismi, hann er allt annað mál. Ég held að Sjálfstfl. sé ekki síður flokkur verkafólks en kapítalisma. Ég veit ekki hvaða kapítalismi er til á Íslandi. Hvað er kapítalismi? Við tölum um atvinnurekendur sem kapítalista. En nú skulum við taka, hvað er kapítalismi? Ég hef stundum skilgreint í borgarstjórnarumr. hvað er verkalýðsrekandi: maður sem er búinn að safna saman í samtök fólki sem borgar honum öll gjöld, öll laun og allan kostnað. Hann rekur fólkið sjálft á sama hátt og þessi voldugi atvinnurekandi rekur sitt fyrirtæki. Við skulum segja að það séu kapítalistar. Það eru hinir virkilegu kapítalistar sem þurfa ekki að hafa einu sinni fyrir því að byggja upp fyrirtæki, heldur bara láta fólkið sjálft borga sig inn í sjóði og lifa af því. Það eru kapítalistar. Þeir ráða yfir sjóðunum, stóru sjóðunum fólksins.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð lengri að sinni, en ég vil bara leiðrétta eitt til viðbótar, að ég álít að Morgunblaðið hafi aldrei á einn eða annan hátt reynt að skella skuldinni á einn þm., — ég reikna með að það hafi verið ég sem átt var við — í sambandi við þetta Ármannsfellsmál og gera hann einan ábyrgan. Ég er formaður byggingarnefndar, ég gegni ýmsum trúnaðarstörfum fyrir minn flokk og ég hef tekið það að mér með mestu ánægju og mun halda áfram að vinna *minum flokki eins vel og ég get á þann hátt sem* ég tel heiðarlegt hverju sinni, eins og ég hef *alltaf gert. Og ég veit* að þm., hvar í flokki sem þeir eru, munu taka að sér verkefni ef þeirra flokkar fela þeim það. En ég tel frekar að Morgunblaðið hafi stutt mig en skellt á mig skuld í þessum málum.

Ég veit ekki hvort þetta á að verða samtalsþáttur, herra forseti, en ég verð að óska eftir því við flm. að fá að svara honum privat frekar en að gera Alþ. að því sem hann hefur reynt að gera það, enn þá lægra en það er í hugum fólksins.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki draga þessar umr. á langinn, en kemst ekki hjá því að segja örfá orð.

Mig langar fyrst til að taka undir meginefni í ræðu hv. 5. þm. Reykv. *um réttindi og skyldur* stjórnmálaflokka og löggjöf í því efni. Raunar *gat ég um* það *strax í grg. með* því frv., sem rætt var hér í gær, að min skoðun væri sú að þetta þyrfti að gera, og það er vissulega ánægjulegt ef nú hafa einhverjir þm. frumkvæði að því að flytja slíkar till. og að þessu máli verði unnið. Hins vegar kemst ég ekki hjá að andmæla skoðun þm. á blaðakaupunum eða blaðastyrkjunum sem hv. þm. vildi nefna útgjöld ríkisins til blaðakaupanna. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson gerði grein fyrir því áðan að blöðin láta þjónustu í té í staðinn fyrir þetta fé, og ég held að það sé áreiðanlega alveg rétt hjá honum að blöðin mundu ekki tapa neinu á því að það form yrði á haft að ríkið keypti þau blöð sem það þarf á að halda. Það er orðin venja að blöð séu t. d. á

sjúkrahúsum og ýmsum stofnunum, hér í Alþ. og víðar. Ég held að ríkið þurfi það mörg blöð að það ætti hver stofnun fyrir sig að greiða fyrir blöðin. Það væri langsamlega eðlilegast að það kæmi ekkert í gegnum ríkiskassann af neinu tagi, það væru bara stofnanirnar sem greiddu fyrir þau blöð sem þær þyrftu hver um sig á að halda, svo þyrfti ekkert að vera að þjarka meira um þetta mál. Þetta er a. m. k. mín skoðun og hefur alltaf verið. Ég hef alltaf verið á móti því að þetta yrði gert með þessum hætti.

Ég skal ekki þjarka mikið við kunningja minn úr Norðurl. v., hv. 5. þm. Norðurl. v. Auðvitað er honum það jafnljóst og öllum öðrum, t. d. flokksbróður hans, hv. þm. Lúðvík Jósepssyni, sem vakti á því athygli hér í gær að frv. bæði, sem ég hef flutt, eru samtengd. Það er ekki hugmyndin að neinar till. í þessum frv. færu að verka aftur fyrir sig og Ármannsfell ætti að fara að græða eitthvað á þessu eða eitthvað slíkt. En þar að auki virtist mér hann enn ekki skilja að það er sett þarna ákveðin prósenta. Hann nefndi í lok síðari ræðu sinnar að Ármannsfell gæti greitt 1 millj. Ef það græddi nú eina millj. og þetta væri allt í gildi og vildi gefa Sjálfstfl. eða einhverjum öðrum flokki skattfrjálst fé, þá væru það 50 þús. kr. (**RA**: Það þarf að græða 10 millj., það er rétt.) Jæja, þá er kominn skilningur á það. En ég vil undirstrika að ég tók það mjög rækilega fram í gær að þessi prósenta væri ekkert sáluhjálparatriði hjá mér og að ég væri til umr. um að setja þak á þetta, eins og ég orðaði það. Það varð að setja þarna einhverja tölu til umr., til þess að ræða við aðra menn í n. Það er meira að segja tekið fram í grg. að ég ætlist til þess að þessu sé breytt fram og til baka. En sem sagt, það er kominn skilningur hjá þm. á þetta núna, virðist mér, og það er út af fyrir sig mjög ánægjulegt.

En mín skoðun er sú að það muni ekki verða fyrirtæki sem hagnist verulega á því að geta greitt peninga skattfrjálsa. Eins og þm. gat um, þá eru þau ekki með tekjuskatt mörg hver. Það er vissulega ömurleg staðreynd að því skuli vera þannig háttað. Öll þau fyrirtæki sem engan tekjuskatt greiða, þetta lagaákvæði væri þeim óviðkomandi, þau nytu einskis góðs af því. Ég held, að það sé fólkið með miðlungstekjur og heldur lægri tekjur, sem langar til að styrkja sína flokka, sem mundi muna meira um þetta og taka meira eftir því, ef þæð gæfi 5 þús. kr. eða 10 þús. kr., að það fengi það skattfrjálst. Þetta er að sumu leyti ekki ósvipað og er með félagagjöld í verkalýðsfélögunum t. d. Þau eru frádráttarbær. Ef almenningur í stjórnmálaflokkunum mætti hafa frádráttarbær ársgjöld, þá má eins kalla það eins og einstakar gjafir, þetta er allt til umr. En ég held að það ætti mjög að hugleiða að það er fjöldinn allur af fólkinu, miðlungstekjufólkið og það sem þaðan af lægri tekjur hefur, sem mundi muna um þetta. Hinir mundu ekki hugsa svo mikið út í það til eða frá. Auðmanni er nokkuð sama hvort hann gefur hundrað þúsund kallinn skattfrjálsan eða borgar skattinn.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það er nú orðið liðið á þennan fund. Ég skal ekki lengja þessar umr. mjög. Ég held að þær hafi sýnt hve brýn nauðsyn er á því að stjórnmálamenn hér á Alþ. og annars staðar ræði hreinskilnislega um þessi efni, því að sú umr., sem hér hefur átt sér stað í dag, hefur sýnt það að jafnvel þótt dagblöðin í landinu, hinir opinberu umfjöllunaraðilar um íslensk þjóðmál, hafi fjallað um hið svokallaða Ármannsfellsmál vikum saman, þá hafa hvergi í þeim umr. komið fram þau merku atriði, sem hv. þm. Albert Guðmundsson, 12. þm. Reykv., lét koma fram hér áðan, þ. e. a. s. í fyrsta lagi að hann viti persónulega ekki hvort það var Ármannsfell sem lagði fram þessa frægu millj. sem kennd hefur verið við Ármannsfell af borgarstjóra Reykjavíkur, af Morgunblaðinu, af Vísi, af öðrum borgarstjórnarfulltrúum Sjálfstfl. og allir staðið í þeirri trú að hafi verið lögð fram af Ármannsfelli, hvort hún hafi verið það eða lögð fram persónulega af hálfu þeirra manna sem við þetta fyrirtæki starfa og í því eiga hlut. Hér er náttúrlega um gerólík atriði að ræða og algert grundvallaratriði þessa máls. Það sýnir okkur hve óhugnaleg brotalöm er í íslenskri þjóðmálaumr. að slíkt grundvallaratriði skuli núna fyrst koma fram. Og þótt þeir hv. þm., sem lögðu fram þessa till. sem hér er til umr., hafi ekki áorkað annað en þetta, þá er það allmikið að sýna okkur í hnotskurn hvers eðlis stjórnmálaumr. er á Íslandi.

En það var fleira sem hv. þm. Albert Guðmundsson upplýsti. Ég vil segja honum það til hróss, því að margt hefur verið sagt um hann neikvætt á undanförnum vikum og mánuðum, — ég vil segja honum það til hróss að mér fannst ræða hans hér að mörgu leyti vera til fyrirmyndar um þá tegund hreinskilni sem þar kom fram. Mér fannst það virðingarvert að koma hér fram og karlmannlegt og lýsa því yfir að hann hefði haft til að bera það sem sumir mundu kalla víðsýni, hv. 12. þm. Reykvk., þm. Sjálfstfl. Albert Guðmundsson, að hafa styrkt Alþfl. fjárhagslega og Alþýðublaðið. Það sýnir okkur að víða liggja þræðirnir í þessu kerfi, að það blað, sem einna harðast hefur sótt að hv. þm. Albert Guðmundssyni í þessu svokallaða Ármannsfellsmáli, skuli hafa í gegnum forustu síns flokks leitað til þessa sama manns — Það var ekki upplýst hvenær — um fjárstyrk og tekið við honum. Ég held að alþýðu þessa lands þætti það fróðlegt ef menn hefðu til að bera sams konar karlmennsku og hv. þm. Albert Guðmundsson, þeir sem kunnugir eru völundarhúsi íslenskra stjórnmála, héldu áfram að gera sams konar játningar og hann hefur gert hér í dag.

Það hefur ekki farið fram hjá almenningi í þessu landi, að tveir stjórnmálaflokkar hafa á undanförnu ári staðið í veigamiklum húsnæðisframkvæmdum, bæði keypt fasteignir eins og Framsfl. hér við Austurstræti, reist stórhýsi eins og hann hefur reist við Rauðarárstíg, þar sem hann lætur nú reka hótel, og byggingu Sjálfstæðishússins. Fólkið í landinu hefur velt því fyrir sér hverng þetta er hægt, hvaðan þessir fjármunir hafa komið. Enn fremur er vitað að nokkur af blöðunum á Íslandi hafa verið rekin með halla og það miklum halla. Ég

vil ekki fara með sögusagnir hér, en það hefur heyrst frá ábyrgum aðilum að eitt af dagblöðunum *hér í borginni skuldi tugi millj.* Við lifum í litlu landi, við lifum í fámennu landi þar sem sögusögnin er einn af þeim upplýsingamiðlum sem tíðkast hafa og þessar sögur ganga víða. Ég held að það sé alveg rétt, sem hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir sagði í þessum umr., að það er orðin brýn nauðsyn fyrir lýðræðið í landinu, fyrir það traust sem þarf að ríkja milli almennings í þessu landi og fulltrúa hans á Alþ. og annars staðar, ef lýðræðið á Íslandi á að vera meira og annað en form, að stjórnmálaflokkarnir allir komi og geri hreint fyrir sínum dyrum í þessum efnum.

Því hefur verið lýst hér í dag að einstakir þm. hafi hug á að láta undirbúa löggjöf um stjórnmálaflokka og hagsmunasamtök, og ég fyrir mitt leyti vil styðja það að það sé gert. Ég held að það sé mikilvægt að Alþ. undirbúi þetta vel og kynni sér löggjöf í þessum efnum. En löggjöfin ein sér er ekki nóg. Mörg samtök á Íslandi og víðar í heiminum hafa sett sér siðareglur sem eru skráðar eða óskráðar. Og í þeim löndum, sem hafa skyld stjórnkerfi og við, vilja telja sig lýðræðisþjóðfélög og jafnvel þingræðisþjóðfélög, þar gilda mjög strangar siðareglur um stjórnmálamenn. Ef sumir þeirra manna, sem komið hafa við sögu á Íslandi í fjármálum flokkanna og fyrirtækjum, væru starfandi í þessum löndum, þá hefðu þeir orðið að haga sér á allt annan hátt. Í Bandaríkjunum t. d. tíðkast það að maður, sem tekur við ráðherrastöðu, verður að afsala öllum þeim hlutabréfum, sem hann á, í hendur annarra aðila. Hann getur ekki gegnt ráðherrastöðu og haldið áfram að eiga hlut í fyrirtækjum sem eiga kannske margvísleg viðskipti við ríkið. Í Bretlandi tíðkast það að stjórnmálamaður, sem á sæti í stjórn fyrirtækis sem verður uppvíst að misferli, verður að segja af sér þótt það sé sannað mál að persónulega hafi hann hvergi nærri þeirri ákvörðun komið. En það eitt, að hann er viðriðinn viðkomandi fyrirtæki á þann hátt, er talið nægilegt brot á siðareglum í Bretlandi til þess að viðkomandi maður sé knúinn til þess að segja af sér. Einn af fremstu leiðtogum breska íhaldsflokksins var fyrir nokkrum árum knúinn til að segja af sér einmitt af þessari ástæðu. Og svona mætti lengi telja.

Ég vildi þess vegna, þótt margt mætti fleira um þetta mál segja og þessar umr. hér séu á góðri leið með að verða hinar athyglisverðustu, aðeins láta það koma skýrt fram, um leið og ég lýsi yfir stuðningi við það að Alþ. sýni nú af sér þann manndóm og viðsýni að allir þingflokkar geti náð saman um raunhæfa, ítarlega og nákvæma löggjöf í þessum efnum, þá íhugi menn einnig hvort ekki sé nauðsynlegt að setja fram siðareglur, eins konar Codex eticus fyrir íslenska stjórnmálamenn. Þessar reglur eru í gildi annars staðar og þær eru taldar víða í þessum löndum vera ein helsta vörnin fyrir lýðræði og þingræði í þessum löndum. Og það er alveg rétt, sem hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir vék að hér í athyglisverðri ræðu, að það stafar veruleg hætta um þessar mundir að íslensku lýðræðiskerfi og íslensku þingræðiskerfi. Ég held að það væri gagnlegt fyrir hv. þingheim að afla sér ítarlegra gagna um það hvers konar löggjöf og hvers konar siðareglur lönd eins og Bandaríkin og Bretland til viðbótar við þau lönd, sem hér hafa verið nefnd í dag, hafa komið sér upp í þessum efnum. Það væri mikil gæfa fyrir Alþingi Íslendinga, fyrir tiltrúna sem þarf að vera milli fólksins í landinu og löggjafarstofnunarinnar, ef íslenskir þm. hefðu manndóm til þess að taka upp sams konar skipulag og ríkir í þessum löndum. En það er því miður ekki á Íslandi í dag.

Hv. þm. Albert Guðmundsson *lýsti því yfir* að hann sæi ekkert athugavert við það þó að fyrirtæki og einstaklingar ráðstöfuðu fé sínu eins og þeim sýndist, það væri eitt af grundvallarlögmálunum að fólk ætti að geta gert þetta. Þetta er, hv. þm., ein af grundvallarreglum kapítalismans, að sá, sem á peningana, á að fá að ráðstafa þeim eins og honum sýnist. Og í ýmsum löndum, sem hafa búið við kapítaliskt hagkerfi, eins og t. d. Bandaríkin, hefur það verið viðurkennt að þessi regla býður heim hættu á slíku siðleysi, jafnvel lagabrotum og brotum á grundvallarreglum í stjórnkerfi landsins, að í Bandaríkjunum hefur verið sett löggjöf gagngert til að stemma stigu við því að menn geti neytt þessa réttar sem hv. þm. Albert Guðmundsson taldi vera grundvallaratriði. Ég held að það væri fróðlegt fyrir aðdáendur frjáls hagkerfis og þess vestræna lýðræðis, sem tíðkast í Bandaríkjunum, að hv. þm. kynntu sér einmitt þessa löggjöf, þessar reglur sem Bandaríkin hafa sett. Þar eru þm. og flokkar skyldugir til þess að birta opinberlega skrá yfir öll framlög, stór eða smá, frá hvaða aðila sem er, sem þeir hafa fengið. Eitt af þeim mörgu málefnum, sem urðu Nixon Bandaríkjaforseta að falli, voru samskipti hans og ráðh. hans við fjársterk hagsmunasamtök, við framleiðendur og aðra atvinnurekendur sem höfðu látið fé í kosningastarfsemi Repúblikanaflokksins og Nixons sérstaklega gegn því að fá sér vilhallar ákvarðanir frá bandarískum stjórnvöldum. Þetta var upplýst, þetta var gagnrýnt og þetta var ein af þeim ásökunum sem bandaríska þingið setti formlega fram gegn Nixon forseta þegar það tilkynnti að það væri reiðubúið til að setja hann af. Þar var ekki beint samhengi á milli, frekar en í Ármannsfellsmálinu, á milli tímasetningar fjárframlags og vilhallrar ákvörðunar. En það var talið nægilegt af hálfu bandarískra þingsins að sýna fram á, að þessi samtök höfðu um svipað leyti og ákvörðunin var tekin látið Repúblikönum og Nixon í té stórfé til stjórnmálastarfsemi, til þess að skjöldur forsetans væri ekki eins hreinn og bandarísku lýðræði var talin nauðsyn á að hann væri ávallt.

Þannig er hægt að telja upp fjölmörg dæmi um ákvarðanir, löggjöf, siðareglur og einstök tilfelli í þeim löndum sem t. d. hv. þm. Sjálfstfl. vilja helst sækja fordæmi til um stjórnarfar og stjórnarhætti. Ég vænti þess í einlægni að þeir geti orðið okkur öðrum þm. samferða í því, helst á þessu þingi, að setja lög og reglur sem ekki standa löggjöf í þessum löndum að baki.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég átti ekki upptökin að því að Ármannsfellsmálið kæmi hér á dagskrá, og ég ætla ekki að ræða það hér. Hins vegar vil ég í örfáum orðum gera að umtalsefni það sem kom fram í ræðu hv. 12. þm. Reykv. áðan, þar sem hann lýsti því yfir að hann hefði styrkt Alþfl., jafnvel Alþýðublaðið, að því er mér skyldist — ég var nú ekki alveg viss um hvort það var meiningin hjá honum líka.

Það getur vel verið að hv. þm. hafi gert þetta, ég hef ekki minnstu hugmynd um það. Ég tel þó enga ástæðu til þess að efa orð hans þar um, þó að hann hafi að vísu ekki tekið fram í hverju þessi styrkur hafi verið fólginn né hvenær hann var inntur af hendi. Það er að sjálfsögðu ekkert við því að segja að maður, þótt úr öðrum stjórnmálaflokki sé, a. m. k. núna, heldur en þeim stjórnmálaflokki sem hann styrkti eða styrkir, — það er að sjálfsögðu ekkert við því að segja þótt hann láti eitthvert framlag af hendi rakna. Ég held að flestir okkar, hv. þm., sem hér erum inni, höfum einhvern tíma t. d. keypt happdrættismiða af öðrum flokki. Ég hef gert þetta, keypt slíka miða af kunningjum mínum úr öðrum flokkum. Ég hef keypt happdrættismiða í happdrætti Þjóðviljans og þar með styrkt Þjóðviljann gegn því að kunningjar mínir keyptu happdrættismiða af happdrætti Alþýðublaðsins. Ég hef keypt happdrættismiða af Sjálfstfl. Það hefur oft komið til að menn úr flokkum hafi styrkt aðra flokka en þeir tilheyra sjálfir með slíkum hætti, og ég tel ekkert athugavert við það. Það er ekkert athugavert við slíkt fyrr en það er hægt að segja að það sé samhengi á milli ákveðins fjárframlags frá einstaklingi, stofnun eða fyrirtæki og ákveðinnar fyrirgreiðslu sem þessum gjafara er veitt af opinberum aðila eða mönnum í opinberri trúnaðarstöðu, þannig að ástæða sé til þess að ætla að tengsl séu á milli gjafarinnar annars vegar og fyrirgreiðslunnar hins vegar. Það er þá sem hægt er að fara að líta á slíka hluti alvarlegum augum — þá og þá fyrst.

Ég vil alveg sérstaklega taka það fram í sambandi við það sem fram kom hjá Albert Guðmundssyni, að ég get lýst því yfir að hann hefur a. m. k. enga tilraun gert til þess sjálfur né neinn á hans vegum að hafa nokkur áhrif á skrif Alþýðublaðsins, hvorki um Ármannsfellsmálið né Albert Guðmundsson persónulega. Hafi Albert Guðmundsson veitt Alþýðublaðinu einhvern styrk, sem ég ekki veit um, getur vel verið, þá hefur hann a. m. k. ekki gert tilraun til þess að notfæra sér þá gjafmildi sína til þess að þagga niður í Alþýðublaðinu þegar það hefur skrifað eitthvað sem Albert Guðmundssyni hefur ekki líkað. Hafi hann veitt Alþfl. sjálfum einhvern styrk, þá er mér ekki heldur kunnugt um að hv. þm. hafi nokkurn tíma fengið lóð í verkalaun.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Þessum umr. er nú að ljúka og þær eru nú orðnar marglitar, margt sem inn í þær hefur fléttast. Menn eru nú unnvörpum farnir að vitna um framlög sín til annarra stjórnmálaflokka en þeirra sem þeir eiga sjálfir aðild að, og þykja mér það harla merkilegar umr.

Inn í þessi mál hefur svo spunnist Ármannsfellsmálið og það að sjálfsögðu ekki að ástæðulausu. Ég tel það að vísu ekki vera aðalefni þessarar umr., en óneitanlega hlaut það að fléttast inn í þessar umr. Vegna þess að hv. þm. Eyjólfur K. Jónsson hefur mikið reynt að vefengja málflutning minn varðandi Ármannsfell og skattgreiðslur þess og hefur reynt að halda því fram að frv. hans geti alls ekki átt við þessa margnefndu gjöf Ármannsfells, og hefur þá m. a. reynt að smeygja sér fram hjá þessari staðreynd að með því að segja sem svo að það hafi aldrei verið ætlun hans að þessi brtt. verkaði aftur fyrir sig, þá get ég ekki látið hjá líða að benda honum á að hún gerir það samt sem áður. Hann kemst ekki undan því, eins og hann leggur sjálfur fram málið. Tekjuskattslög eru alltaf afturvirk. Þau verka aftur til þess árs sem seinast leið. Ég verð að játa það, að ég hef lesið frv. allrækilega í gegn til þess að komast að raun um hvort einhver misskilningur geti verið hér á ferð, en ég sé ekki annað en þetta sé alveg ljóst. Hann flytur hér brtt. við lög um tekjuskatt og eignarskatt, og verði þessi breyting samþykkt núna á næstu mánuðum, þá gildir hún að sjálfsögðu við álagningu tekjuskatts á árinu 1976, enda segir hér alveg skýrt og skorinort í 4. gr. frv. Eyjólfs K. Jónssonar hv. þm.: „Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1976.“ Ég hef ekki fundið neitt í grg. sem getur komið í veg fyrir þetta, en ef einhver setning er þar, sem er öndverð þessu, þá breytir það að vísu ekki miklu því að lögin sjálf segja til um framkvæmdina og það eru auðvitað þau sem miðað er við.

Ég sé að öðru leyti ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta. Ég vildi bara að það kæmi alveg skýrt fram að hér er enginn misskilningur á ferðinni. Málið er ósköp einfaldlega svona, að þessi breyting mun beinlínis snerta skattgreiðslur Ármannsfells í sambandi við þessa gjöf. Undan því geta menn ekki vikist þótt þeir reyni að stinga höfðinu í sandinn.

Ég vil svo að lokum segja það, að rauði þráðurinn í þessum umr. hefur, þrátt fyrir nokkurn skoðanamun um einstök smærri atriði, að minni hyggju verið jákvæður. Það hefur ótvírætt komið fram vilji til þess hjá öllum ræðumönnum að undirbúin verði löggjöf um réttindi og skyldur stjórnmálaflokka og þ. á m. um fjárreiður þeirra, væntanlega eins og þáltill. okkar gerir ráð fyrir. Í ræðum flestra hv. þm. hefur einnig komið fram stuðningur við það atriði að ríkið greiði styrki til stjórnmálaflokkanna, þótt ágreiningur sé að vísu um það í hvaða mynd það skuli vera. Ég tel því að þessar umr. hafi orðið að nokkru gagni.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil minna hv. síðasta ræðumann á að það var hann sem kom með Ármannsfellsmálið inn í þessar umr. strax í upphafi máls síns eftir framsögu. En ég sný mér að 8. landsk. þm. (Gripið fram í). Það er alltaf gleðiefni þegar þú ert ekki í burtu. Ég vil taka undir og staðfesta það að þrátt fyrir stuðning minn við Alþfl., — ég vil bæta því við að það er ekki við Alþýðublaðið — (**StJ:** Var

það í síðustu kosningum?) nei það var það nú ekki, — þá hef ég hvorki fengið lóð né haft áhrif á skrif Alþýðublaðsins. Ég undirstrika að þau orð hans eru rétt, enda eins og ég hef áður látið koma fram,les ég svo sjaldan Alþýðublaðið, ég veit svo sjaldan hvað í því stendur, þannig að ég hef aldrei séð neina ástæðu til þess að reyna að hafa áhrif á hvað þar er skrifað og hvað ekki. En það kom fram hjá honum þó að hann keypti stundum happdrættismiða og styrkti þar með að mér skildist helst Alþb. (Gripið fram í.) gegn því að flokksmenn þess keyptu þá happdrættismiða af honum seinna meir. Hvað er þetta? Hvað kallar hv. þm. þetta? Ég skal ekki fara að túlka þetta, en ég held að hann hafi talað þarna af sér.

Ég vil leiðrétta það, sem kom fram hjá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni, að ég gaf ekki neinar upplýsingar um það hvort Ármannsfell sem fyrirtæki eða eigendur, synir Ármanns sáluga, persónulega afhentu peninga í byggingu Sjálfstfl. Ég sagði að ég myndi ekki hvort var, vegna þess að það er gengið út frá því sem vísu hér í umr. (Gripið fram í.) Ég sagði að ég myndi ekki hvort var, ég er með það skrifað hér, vegna þess að það er gengið út frá því í umr. að fyrirtækið sem slíkt hafi ekki haft efni á að gefa þessa peninga í byggingu Sjálfstæðishússins. Ég skal ekkert um það segja hvort það hefur efni á því eða ekki, miðað við það skattaframtal sem hér var lesið upp, sem ég veit ekki heldur hvort var rétt eða ekki rétt. Ég hef ekki gert mér far um að kynna mér það. En ég vil bara að það komi fram sem er rétt, að ég persónulega man ekki hvort það var gert í nafni fyrirtækisins eða afhent persónulega, en það var gert í minningu um Ármann heitinn.

Ég skal ekki segja hvort það er rétt hjá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni að stjórnmálamenn í öðrum löndum hagi sér öðruvísi en hér. Það getur vel verið. En hvort það þýðir að þeir séu okkur til einhverrar fyrirmyndar, það held ég ekki. Ég held að þm. almennt hérna hagi sér bara ágætlega, með mjög fáum undantekningum. T. d. að við brot í fyrirtæki, sem stjórnmálamaður á í, eins og hv. þm. gat um, jafnvel þótt saklaus sé af broti í viðkomandi fyrirtæki, skuli hann þurfa að láta af þeim opinberu störfum sem hann gegnir, án þess, eins og kom fram, að hann hefði tekið þátt í glæp, algerlega saklaus, ég held að það sé til engrar fyrirmyndar. Ég mundi ekki samþykkja að hér yrði sett í lög að ef einhver af félögum mínum á Alþ. ætti fyrirtæki eða góður bóndi, — við höfum nú ekki annað en góða bændur hér á þingi, — það kæmi eitthvað fyrir heima fyrir meðan hann er að gegna skyldustörfum hér, eitthvað sem talið væri brotlegt við lög, hann yrði þá bara tekinn og settur út úr Alþ., — ég mundi ekki vilja standa að því að samþykkja slík lög.

Það var ekki við öðru að búast úr þessari áttinni en grundvallarreglur kapítalismans yrðu fyrir einhverju hnjaski og það að fólk fái sjálft að ráðstafa eigin fé. Þarna stangast bara á stjórnmálaskoðanir. Varðandi stjórnmálaskoðanir þeirra sem vilja að ríkið hafi forsjá fyrir öllu og engir eigi kannske að fá að ráðstafa neinu fé, ríkið eigi að sjá fyrir þeim, það getur verið að þeir séu sinni trú trúir. En það er bara ekki mín trú, það er bara ekki mín lífsskoðun. Þarna stangast á lífsskoðanir. Ég er þeirrar trúar að fólk eigi að vera sem sjálfstæðast. Ég vil hafa sjálfstætt fólk. Ég vil hafa fólk sem ræður sér sjálft að svo miklu leyti sem það treður ekki á því sem sameiginlegt er í þjóðfélaginu. Og þar er ég alveg sammála, það þarf að setja reglur og til þess erum við að setja lög, en að fólk almennt sé þó frjálst og sér í lagi þegar það hefur staðið skil á sínum opinberu gjöldum og á eitthvert fé eftir, þá á það að fá að ráðstafa því sjálft, hvort það er til líknarstarfsemi, stjórnmálafélaga eða til þess að kaupa sér brennivín á margföldu verði ríkinu til hagsbóta, sjálfum sér til skammar og heilsuspillandi.

Ég get ekki séð neitt samhengi í og það er hreint til að rugla að tala um Nixon og framlög gegn fyrirgreiðslu sem varð Nixon að falli. Ég er alveg sammála um að ef stjórnmálamaður brýtur á þann hátt, — þá kalla ég það mútur, og það er það sem verið er að reyna að sanna á mig með berum orðum eftir umr. í borgarstjórn, — þá á að reka slíkan mann í burtu, þá á að setja hann í fangelsi, hann á að vera ábyrgur gerða sinna. En þeir, sem bera slíkt á borð, ef *ekkert sannast, eiga líka að vera ábyrgir orða* sinna. Það er líka í lögum hvað á að gera við þá engu síður en mútuþega. En það er bara engin hliðstæða við það sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson talaði um. „Framlag gegn fyrirgreiðslu," *ég skrifaði það orðrétt eftir honum*, sem varð Nixon að falli, það er engin hliðstæða hér sem ég þekki til. Og ég tek undir það með honum að lokum að ég vona að það verði sú gæfa sem fylgir Alþ. ávallt, að sett verði hér lög í þessum *efnum sem öðrum sem verði lögum annarra* landa til fyrirmyndar, ef við erum þá með sömu lífsskoðun í huga.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð til þess að forða hv. þm. Albert Guðmundssyni frá áframhaldandi misskilningi á orðum mínum. Svo að ég taki síðasta atriðið fyrst, ég tók það skýrt fram að í umfjöllun þessa máls, fjárframlaga ýmissa fjársterkra hagsmuna- og atvinnurekendafyrirtækja til Repúblikanaflokksins og Richards Nixons sem Bandaríkjaforseta hefði aldrei verið sannað að bein tengsl hefðu verið á milli þessara framlaga og ákvarðana sem forsetaembættið tók þeim í vil. Ég benti hins vegar á að siðareglur bandarískra stjórnmála væru samt sem áður það strangar, a. m. k. að dómi bandarísku þingsins, að það var talið að það þyrfti ekki að sanna að þetta hefðu verið kaup kaups, heldur eingöngu að þetta hefði farið saman í tíma hefði verið nægilegt til þess að skjöldurinn var ekki talinn nægilega hreinn. Ég vil að það sé haft rétt eftir. (AG: Það kemur fram í bókinni sem blaðamenn þeir, sem rannsökuðu þetta, skrifuðu, að það var allt sannað sem dæmt var fyrir. Það var ekki dæmt á neinum líkum, svo að ég ætla að biðja þig um að fara með rétt mál.) Já, það var hvergi sannað. Það, sem var sannað í málinu, var að þessir aðilar hefðu látið Repúblikanaflokkinn og Richard Nixon í té þetta fé. En það var ekki sannað að

það hefði verið gert eða Richard Nixon hefði tekið ákvörðunina um hagsmunamál þessara fyrirtækja vegna fjárframlaga. Það var aldrei sannað. (AG: Það er rangt.) Ja, ég ætla ekki að deila við hv. þm. um það, en að því leyti er hliðstæðan við hið svokallaða Ármannsfellsmál, að það verður aldrei sannað af eða á, það er tekniskt ekki hægt, hvort það hafi verið kaup kaups sem þarna áttu sér stað, líkt og happdrættismál hv. 8. landsk. þm.

Í öðru lagi vildi ég láta það koma fram að í þessum reglum er mönnum að vísu heimilað að ráðstafa fé, það var ekki um það sem ágreiningurinn stóð, heldur ber þeim skylda til þess að gera grein opinberlega fyrir öllum fjárframlögum, af hvaða tagi sem er. Það er það sem er kjarni málsins. Það er upplýsingaskyldan um meðferð fjármagnsins. En hv. þm. Albert Guðmundsson lýsti því yfir áðan að það væri hans skoðun að það kæmi engum við hvernig fólk ráðstafaði þessum fjármunum. Það er þar sem okkur greinir á milli, það er þar sem hann greinir á við þær reglur og þau lög reyndar sem sett hafa verið í Bandaríkjunum um fjárstyrki til alþm. og stjórnmálaflokka. Ef hv. þm. Albert Guðmundsson væri þm. í Bandaríkjunum, þá hefði hann orðið að leggja fram opinberlega, og ef Sjálfstfl. hefði starfað í Bandaríkjunum, þá hefði Sjálfstfl. orðið að leggja fram opinberlega skrá yfir alla þá aðila sem á einhvern hátt hefðu lagt fé til flokksins eða frambjóðenda hans, hvort sem í stóru eða smáu væri. (AG: Bara Sjálfstfl.?) Nei, nei, allir flokkar. En af því að hv. þm. er þm. fyrir Sjálfstfl., þá tók ég þetta sérstaklega fram, til þess að hann gæti sett sig í spor stjórnmálamanna í Bandaríkjunum. Þá gætu allir landsmenn, háir sem lágir, flett því upp opinberlega hvað margir hefðu styrkt Sjálfstfl. á einn eða annan hátt. og með hve miklum fjárframlögum. Það lægi alveg hreint fyrir. (AG: Bara Sjálfstfl.?) Nei, alla flokka, hv. þm., alla flokka. Ef það er eitthvert atriði fyrir hv. þm., hvort þetta er Sjálfstfl. eða allir, þá get ég lýst því yfir, að auðvitað munu lögin ganga jafnt yfir alla hér sem annars staðar. Ég vildi bara að það kæmi skýrt fram hér, vegna þess misskilnings sem kom fram hjá hv. þm., að það er ekki verið að deila um það hvort viðkomandi geti ráðstafað þessu fé eða ekki, það er verið að deila um upplýsingaskylduna. Það er vegna þess að Bandaríkin hafa hlotið svo bitra reynslu um það sióleysi sem hefur þróast í meðferð opinberra fjármuna og í stjórnkerfi landsins að framsýnni og heiðarlegri stjórnmálamenn í Bandaríkjunum hafa haft frumkvæði um þessa löggjöf. Og ég vona satt að segja að hv. þm. Albert Guðmundsson vilji frekar telja sig til lags við heiðarlega og framsýna stjórnmálamenn í Bandaríkjunum heldur en þá þm. þar sem reyndu, að vísu vonlaust, að mæla gegn því að þessi breyting yrði gerð.

Að lokum vildi ég ítreka ósk mína að þingflokkar allir sýni nú af sér þá víðsýni og dug að koma því einhvern veginn fyrir, hvort heldur með samstarfsnefnd sín á milli eða formlegum nefndum þingsins, að á þessu þingi verði lögð fram annaðhvort skýrsla eða drög að lögum um þessi efni, svo að við getum af okkar hálfu lagt skerf af mörkum til þess að eyða þeirri réttlætanlegu tortryggni sem ríkir á milli stórs hluta almennings og stjórnmálaflokkanna í landinu hvað meðferð fjármála snertir. Það verður ekki á móti því mælt og um það eru fjölmörg dæmi að fjármál og stjórnmál, þegar þau fara saman, bjóða heim a. m. k. hættu á margs konar siðspillingu. Það þarf sterk bein til að þola góða daga. Það þarf sterk bein til þess að fara um langan tíma með í senn stjórnmálavald og fjármálavald. Þetta hafa aðrar þjóðir rekið sig á. Þetta erum við að reka okkur á núna, og við verðum að bregðast við réttilega í þessu efni. Persónulegir hagsmunir einstakra þm., hagsmunir einstakra stjórnmálaflokka mega ekki standa í vegi fyrir því, að þetta mál verði leyst.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Í tilefni af ummælum hv. 5. þm. Norðurl. v. áðan sé ég mig knúinn til að gera örstutta aths., bæði um lagaskýringar hans og eins raunar um prósentureikning sem hann fór með áðan. Í grg. með frv., sem hann var að ræða um, stendur svo, með leyfi forseta:

„Ljóst er að ýmislegt gæti orkað tvímælis við framkvæmd till. þeirra sem hér eru fluttar ef að lögum yrðu. En svo er raunar um ýmis fleiri atriði skattalaga, svo sem kunnugt er. Þannig er t. d. hvergi í íslenskri löggjöf skilgreint hvað stjórnmálaflokkur sé, og kann því að orka tvímælis hve langt beri að ganga í að heimta framtöl frá stjórnmálafélögum. Væntanlega yrðu lög þessi skilin þröngt, ef slíka skilgreiningu skortir, þegar þau kæmu til framkvæmda, en tækju í öllu falli til aðalskrifstofu flokkanna, rekstrar fasteigna og útgágustarfsemi. Hugmyndir hafa þó verið uppi um að nauðsyn bæri til að setja löggjöf um réttindi og skyldur stjórnmálaflokka og mundi þá margt skýrast. En flm. telur eðlilegt að á þessu stigi málsins verði um þetta fjallað í þn. þar sem fulltrúar mismunandi stjórnmálaflokka hafa aðstöðu til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. N. sú, sem fær frv. þetta til meðferðar, metur hvort ástæða sé til að kveða nánar á um til hverra framtalsskyldan skuli ná eða um fyrirkomulag framtala flokkanna.“ Og nokkru síðar: „Ráð er fyrir því gert að lögin öðlist gildi 1. jan. n. k. og mundu þá fyrstu framtöl flokkanna send skattayfirvöldum árið 1977, en naumast er unnt að gera flokkana framtalsskylda fyrr en þeir hafa ótvírætt verið bókhaldsskyldir um eins árs skeið.“

Það er alveg ljóst hvað fyrir mér vakir í þessu og allt annað er útúrsnúningur. (Gripið fram í.) Það er sagt að um allt þetta verði að fjalla í þn. Mér er það algerlega ljóst að ég kem þessu máli ekki einn í gegn, það þarf að ræða þetta í þn., og er einmitt þetta allt saman haft opið þannig að engu sérstöku atriði er lokað, og að skattalög verði að gilda aftur fyrir sig, hvar stendur það? En nóg um þetta.

En um prósentureikninginn aftur, þá varð þm. á svolítil skekkja í honum líka áðan og ég tók víst undir það, þegar hann hélt því fram að það þyrfti að vera 10 millj. kr. hagnaður hjá Ármannsfelli til þess ða 5% gerðu millj., ég er hræddur um að þær séu 20. (Gripið fram í.)

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 11. fundur.

Miðvikudaginn 5. nóv., kl. 2 miðdegis.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 29). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 44). — 1. umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Við höfum leyft okkur, hv. 5. þm. Norðurl. e. og ég, að flytja hér frv., endurflytja frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar. Þetta frv. fluttum við einnig á s. l. þingi og aðalmál þess er, eins og segir í 1. gr., að við 43. gr. þessara laga bætist nýr liður: „Ef sjúklingur þarf að leita til sérfræðings að læknisráði um lengri vegu, skal greiða honum hluta af ferðakostnaði skv. nánari ákvæðum í reglugerð. Þurfi sjúklingur að leita sérfræðiþjónustu á regulbundinn hátt árlega eða oftar, skal greiða honum ferðakostnaðinn að fullu. Greiðsla ferðakostnaðar miðist við vottorð viðkomandi læknis og sérfræðings.“

Ég rakti í fyrra nokkuð forsögu þessa máls. Ég dró þá enga dul á vonbrigði mín hvað snertir þetta tiltekna atriði og framkvæmdina á því, sem var engin á meðan vinstri stjórn var við völd sem framkvæmdi margar afgerandi breyt. til bóta á almannatryggingakerfinu. Ég benti þá einnig á hver ástæða hefði verið uppi höfð til andófs gegn þessu ákvæði sem við erum þarna að leggja til að upp verði tekið, þ. e. a. s. misnotkunarhættan. Meðan vinstri stjórnin sat hreyfði ég þessu máli nokkrum sinnum og treysti því reyndar alla tíð þá að eitthvað miðaði. Ég treysti því enn á s. l. þingi að okkur tækist að koma þessu eitthvað í áttina, þrátt fyrr allt og þrátt fyrir það að við flm. séum kannske ekki allt of bjartsýnir á þá stjórnarstefnu sem þá og nú ríkir.

Hér er um að ræða miklu stærra mál en menn gera sér í fljótu bragði grein fyrir, og þó alveg sérstaklega á þetta við um síðara atriðið, þar sem um tilfelli getur verið að ræða sem getur varað ár eftir ár með gífurlegum kostnaði fyrir viðkomandi. Þetta mun ég rekja nánar síðar.

Það er skylt að geta um málsmeðferðina í fyrra. Form. heilbr.- og trn., hv. 2. þm. Reykn., var mjög jákvæður í þessu máli. Hann vildi ljúka þessu á einhvern hátt, og þá með tilliti til þeirrar endurskoðunar, sem þá fór fram á tryggingakerfinu frá hendi Guðjóns Hansens, féllst ég á það, — þó að ég væri ekki ýkjahrifinn af því að öllu leyti, þá féllst ég á það, með tilliti til hins góða samkomulags og samráðs sem alltaf var haft í þessari n., að þessu máli yrði vísað til ríkisstj. í ljósi þessarar endurskoðunar. Ég tilkynnti þá jafnframt að við flm. mundum endurflytja þetta frv. nú ef við sæjum ástæðu til.

Það fer auðvitað ekkert á milli mála hvernig á því stendur að við endurflytjum þetta frv. nú og komum því þannig aftur í sviðsljósið. Það er ekki vegna þess að neitt hafi breyst varðandi þá endurskoðun sem um var talað í vor og staðið hefur yfir án efa af hálfu þessa embættismanns. Það er auðvitað aðalástæðan fyrir því, að við flytjum þetta frv. nú, að nú er boðuð mikil skerðing framlaga til almannatrygginga. Við vitum ekki enn hvaða þætti tryggingamálanna þarna er um að ræða, hverjir verða teknir út úr og hvernig málsmeðferð verður í heild. Og auðvitað er rétt að minna á það, að til þess verks hafa verið fengnir til samráðs fulltrúar frá hinum einstöku þingflokkum, og ber að meta það. Við óttumst það hins vegar óneitanlega að þessi endurskoðun feli það eitt í sér að um skert ákvæði á einhverjum sviðum verði að ræða og að bein afleiðing af því verði sú að nauðsynjaatriði, því að þetta teljum við flm. hreint nauðsynjaatriði umfram mörg önnur sem í tryggingalöggjöfinni eru í dag, — að þessi atriði hreinlega týnist, ekki síst með tilliti til forsögu málsins þegar einmitt hin mikla varkárni réð, að þetta atriði var ekki tekið upp. Þá var sem sagt bent á það æ ofan í æ og er sjálfsagt bent enn á það að hér sé um svo mikla misnotkunarhættu að ræða að það þurfi bæði vandlega að gæta að þessu áður en farið er út í ákveðna lagasetningu og jafnvel erfitt að synda fyrir allar hættur þarna. Við flm. teljum hins vegar alveg ótvírætt að misnotkunarhættan sé ekki meiri þarna en annars staðar í tryggingakerfinu. Hún er vitanlega alls staðar fyrir hendi, og okkur dettur ekki í hug að ímynda okkur að sú ágæta löggjöf sé ekki misnotuð af einstökum aðilum. Okkur kemur það ekki til hugar. Vitanlega er alltaf sú hætta fyrir hendi. Og það gildir auðvitað um miklu fleiri lög en hér um ræðir. Við skulum þá vona að þessi endurskoðun, sem nú á að fara fram einmitt í skerðingarátt, — við skulum vona að hún sníði af annmarkana, þá annmarka sem gætu beinlínis leitt af sér misnotkun á öðrum sviðum tryggingalaganna.

Það er erfitt að ræða um almenna skerðingu nú meðan ekkert er vitað um það í hverju hún á að vera fólgin. Auðvitað er óhugur í okkur flm. varðandi þetta tal um skerðingu tryggingabóta, og það er óhugur í mörgu öldruðu fólki í dag. Við verður auðvitað að vona að það bitni ekki á þeim sem síst skyldi, þó að mér sýnist erfitt að hugsa sér mikinn samdrátt án þess að hann komi þar einhvers staðar niður. En ég skal ekki fara í almennar umr. um þessi mál. Til þess gefst síðar tækifæri. Við verðum einnig að vona það og treysta því að hér sé ekki um neitt almennt afturhvarf frá þeirri stefnu að ræða sem einkennt hefur þessa löggjöf okkar, þá samhjálparstefnu sem ríkjandi hefur verið. En ég verð engu að síður, þó að hér sé verið að ræða um skerðingu framlaga til almannatrygginganna almennt, þá verð ég engu að síður að treysta því að ýmis réttlætismál, sem enn eru óleyst, hverfi ekki algerlega í skuggann eða hverfi ekki til fulls í þessari endurskoðun. Sé um ofgreiðslur að ræða í einhverjum þáttum trygginga, eins og beinast liggur við að álykta vegna þessarar endurskoðunar sem nú stendur fyrir dyrum, þá held ég að megi eins huga að hinum vangreiddu

þáttum, og fyrir landsbyggðarfólk leikur enginn vafi á því að þessi atriði eru mikilvæg og mikilvægari en jafnvel sum önnur sem í dag eru þó sjálfsögð.

Við rekjum ástæðurnar fyrir þessu í grg. þar sem segir svo með leyfi hæstv. forseta:

„Nær öll sérfræðiþjónusta á sviði lækninga er á höfuðborgarsvæðinu og þangað verður fólk að leita úr fjarlægum landshlutum ef sérstakra meiri háttar rannsókna og aðgerða er þörf. Sérstaklega er þetta tilfinnanlegt hvað kostnað snertir þegar um sjúkdóma er að ræða, sem krefjast reglubundinna ferða á fund sérfræðinga, jafnvel oft á ári. Við allan ferðakostnaðinn bætist svo oft mikill dvalarkostnaður í Reykjavík. Engin sanngirni er í því að sjúklingar beri þennan kostnað bótalaust, því meðan svo er, þá er hér um að ræða stórkostlega mismunun fólks eftir búsetu.“

Hins vegar, eins og við segjum seinna í grg., bendum við á heilbrigðislögin nýju. Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar geta vissulega breytt miklu ef sérfræðingarnir fást til starfa í þeim. Við gerum okkur þó ljóst að þær leysa ekki allan vanda, en jákvæðasta ráðið til þess er þó að hraða framkvæmd þeirra laga. Í ljósi þess ástands sem ríkir í dag, erum við flm. ekki ýkjabjartsýnir á að þessi lausn, sem óneitanlega getur verið fólgin í skjótri framkvæmd heilbrigðislaganna, muni sjá dagsins ljós alveg á næstunni. Ég vitna aðeins í það að skv. fjárlfrv., sem liggur fyrir Alþ., á ekki á næsta ári að ráðast í neina nýja framkvæmd, hversu knýjandi sem hún kann að vera. Nú er ég ekki að hafa á móti því að það kunni að vera rétt að fullgera það sem fyrir er og sjá til þess að þær heilsugæslustöðvar, sem þegar eru komnar í gang, komist í gagnið og verði virkar og raunhæfar. Engu að síður er það staðreynd að mjög margir þrýsta nú á um að geta byrjað eitthvað á þessum framkvæmdum, þessum nauðsynlegu framkvæmdum. Auðvitað veit ég ekki hvort það verður endanleg stefna Alþ. að ganga út frá þessu sem vissu, svo sem gert er í fjárlagafrv., að þarna skuli í engan nýjar framkvæmdir ráðist. Hins vegar getum við kannske verið svolitið bjartsýnir í þessu máli gagnvart því sem kom fram í umræðum í haust um verkefnaskort lækna í framtíðinni, — bjartsýnir á það að sérfræðingarnir haldi nú út á land, hrekist þangað eins og þeir mundu sennilega orða það. En þó að þessi þjónusta komi í heilsugæslustöðvarnar og í sjúkrahúsin okkar úti á landi, þá leysir þetta ekki allan vanda. Það verða alltaf tilfelli út undan, en breytingin getur orðið mikil eftir því sem þessi ákvæði verða rúm. Ég skal ekki segja um hvað menn geta fallist á að hafa þau rúm. Við höfum verið með þetta í tvennu lagi, viljandi, bæði þar sem við teljum þarna töluverðan eðlismun á og við höfum ekkert heldur við það að athuga þótt þarna yrði gengið á einhvern hátt skemur en við erum þarna að fara fram á. Þetta er ekkert endanlegt frá okkar hálfu, en við viljum aðeins að það sé tekið tillit til þessara aðstæðna landsbyggðarfólksins sem þarf að leita til sérfræðings að læknisráði um langan veg.

Vil flm. höfum ekki heldur dregið neina dul á það hve mikil aukning gæti hér orðið á útgjöldum sjúkratrygginga. Ég benti á það áðan, að byrjunin þarf ekki að verða sú sem hér er ráð fyrir gert. Það yrði sannarlega stigið stórt spor þótt ekki væri í öllu fallist á till. okkar. En einmitt þetta, að við bendum á að hér verði mikil aukning á útgjöldum sjúkratrygginga, það sannar okkur hve mikill kostnaður lendir hér á fólki sem fjarri býr sérfræðilegri þjónustu, alveg sérstaklega því fólki sem reglubundið þarf að leita til sérfræðinga. Vaxi mönnum í augum háar upphæðir sjúkratrygginganna sem af þessu frv. leiddi, þá ættu menn um leið að hafa þennan kostnað landsbyggðarbúa vel í huga og kanna um leið og íhuga vel hvort ekki sé réttlátt að koma til móts við þessar þarfir á einhvern hátt. Ég þekki sjálfur ótalin dæmi þess að ung börn hafa þurft að fara tvisvar, þrisvar á ári hingað suður og þá hefur foreldri þurft að fylgja með af eðlilegum ástæðum, búa jafnvel á gistihúsum, rannsóknareða aðgerðartímann, og ég hef dæmi frá Fáskrúðsfirði á yfirstandandi ári um kostnað sem nú í dag nemur orðið um 47 þús. kr. og í jan.—febr. á næsta ári þarf að fara í eina ferðina enn. Hér er að visu um erfitt tilfelli að ræða, en ég bendi á það að barnaörorkan svokallaða kemur þarna ekki til greina og ekkert er um að gera annað en að halda áfram ef fullri heilsu á að vera hægt að ná til handa þessari litlu stúlku. Þetta geri ég hér aðeins til að sýna hve tilfinnanlegt þetta getur verið fyrir einstaka aðila, en alls ekki að rekja þetta sem eitt algilt dæmi. Þetta er mjög erfitt tilfelli. Og af því að ég minntist á heilsugæslustöðvarnar, þá er langt í land að þær geti sinnt tilfellum eins og einmitt ég var að taka hér dæmi af nú. Eins og frv. ber með sér er aðeins um greiðslu að hluta að ræða varðandi fyrri þáttinn og ráðh. setur þar um reglugerð. Er sagt í frv. að það skuli greiða honum hluta af ferðakostnaði skv. nánari ákvæðum í reglugerð. Hér mætti byrja smátt og hafa fullkomna varfærni á vegna misnotkunarhættu. Okkur flm. hefur t.d. ekki komið til hugar að ganga lengra í upphafi en t.d. 25—30% og hvað eina munar hér um fyrir fólkið.

Ef ekki reynist unnt að sinna svona sjálfsögðum réttlætiskröfum í einhverju, þá verður allt hjal um byggðastefnuna og aukið jafnrétti landsbyggðarbúum til handa harla léttvægt.

Síðari hlutinn, um það að greiða skuli ferðakostnaðinn að fullu þegar um reglubundnar ferðir er að ræða árlega eða oftar, þar er hins vegar um mál þess eðlis að ræða að við treystum okkur vart til að gera tillögur um minna en greiðslu ferðakostnaðarins. Auðvitað mætti hugsa sér smærri áfanga einnig þar. Við flm. yrðum því t.d. fegnir, þó að gengið yrði skemur, t.d. helming ferðakostnaðar, en við leggjum áherslu á það einnig að síður en svo er um ferðakostnað einan að ræða, eins og ég minnti á hér áðan og rakti ítarlega í framsögu fyrir þessu máli í fyrra.

Ég sem sagt legg áherslu á það, nú eins og ég hef áður gert, hver nauðsyn er að taka þessi mál rækilega inn í athugun tryggingamála. Ég harma það mjög og dreg enga dul á, eins og ég sagði áðan, vonbrigði okkar flm. að slíkt réttlætismál skyldi ekki ná fram að ganga á

dögum þeirrar stjórnar sem við studdum. Við vitum fullvel að í dag er þungt undir fæti einnig að ná þessu máli fram. En við teljum samt sem áður að þrátt fyrir endurskoðun í skerðingarátt á einhverjum sviðum þurfi að þessu að huga duglega og finna leiðir til leiðréttingar, alveg sérstaklega hvað síðara atriðið snertir, jafnvel þótt því fyrra yrði þá sleppt, þó að hart sé við að búa. Síðara atriðið er nefnilega of sjálfsagt til þess að láta það liggja óbreytt lengur án allra úrbóta.

Tilgangurinn með endurflutningi þessa frv. var rakinn í upphafi og ég treysti á hvort tveggja og veit reyndar um velvilja þn., sérstaklega form. þeirrar n. sem fjallar um þetta hér í hv. Ed., til þessa máls. Hann hefur marglýst yfir fylgi sínu við að hér verði eitthvað að gert. En ég hlýt einnig og við flm. að treysta á endurskoðunarnefnd tryggingarlaganna sem nú er að störfum, að þrátt fyrir alla skerðingu hjá þeim og niðurskurðarstefnu, þá týnist þetta mál ekki að fullu og öllu, heldur verði á einhvern hátt reynt að koma til móts við það sem við erum hér að fara fram á.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að óska þess að þessu máli verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. heilbr.- og trn.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Það er rétt, sem fram kom hjá hv. fyrra flm., að þetta er gamalt mál sem mikið hefur verið rætt. Endurskoðunarnefnd tryggingalaganna, sem um það fjallaði, gerði sér alveg ljósa þá nauðsyn sem er á því að fá einhver ákvæði um greiðslu í þessu skyni. Þó var það svo að þetta hefur ekki enn náð fram að ganga. En ég á von á því að Tryggingastofnun ríkisins hafi nú undanfarið kynnt sér nokkuð líklegan kostnað við framkvæmd þessa máls, og vona að eitthvað hafi áunnist í því að gera sér frekari grein fyrir hver sá kostnaður mundi verða.

Ég kom nú hér upp fyrst og fremst til þess að upplýsa það að nú í ár veit ég ekki betur en það hafi að hluta til verið komið á móti þessu, þó ekki á þann hátt að greitt væri fyrir ferðakostnaðinn, en á þann hátt að ferðum sérfræðinga út um landið mun hafa verið stórfjölgað og á þann hátt ættu færri að þurfa að leita til Reykjavíkur til sérfræðings. Landlæknir hefur mikinn hug á því að auka þessa þjónustu í ríkum mæli, og þegar ég átti tal við hann nýlega um þessi mál taldi hann að þetta kæmi að allmiklu haldi og að hann hefði mikinn hug á því að auka ferðalög sérfræðinga út um landið til stórra muna.

Eins og getið var um áðan, þá að vísu breytist þetta aftur þegar fjórðungssjúkrahúsin koma í gagnið og nýtiskulegar heilsugæslustöðvar. Eftir því er alllangt að bíða. Ég hef trú á því að þrátt fyrir þá örðugleika, sem nú steðja að, muni sú n., sem fjallar um endurskoðun á tryggingalöggjöfinni, taka þetta mál til yfirvegunar á ný og finna einhverja viðunandi lausn á því.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 15 shlj. atkv.

Söluskattur, frv. (þskj. 46). — 1. umr.

Flm. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Við hv. þm. Helgi F. Seljan flytjum hér frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 frá 1960, um söluskatt. Frv. hljóðar svo:

„Á eftir 1. málsgr. 9. gr. l. komi eftirfarandi:

Óheimilt er þó að leggja söluskatt á vöruflutningagjöld, afgreiðslugjöld og tryggingagjöld af varningi sem fluttur er út fyrir lögsagnarumdæmi innflutningshafnar eða framleiðslufyrirtækja, og reiknast þau gjöld því ekki með í söluskattstofni.“

Síðan er 2. gr. um gildistöku laganna.

Ég ætla að lesa hérna grg.: „Oft hefur því verið hreyft á hv. Alþ. að rétt sé að jafna sem allra mest má verða flutningskostnað á landi hér, á þann veg að þegnarnir sitji við sama borð án tillits til heimilisfangs. Mörg lagafrv. hafa verið borin fram um ráðstafanir til þess að samfélagið í heild greiddi flutningskostnað af vörum til hinna ýmsu byggðarlaga. Er ljóst af Alþt. að þorri alþm. hefur löngum talið að þetta væri réttlætismál og þjóðþrifamál í senn. Reynslan sýnir hér enn sem fyrr að ekki er ýkjamikil stoð í góðri meiningu einni saman, og þótt ekki teljist til eindæma tregða löggjafans gegn því að gera rétt (sbr. Rómverjabréf, 17. kafla, 19. vers“ — sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Hið góða, sem ég vil gjöra, það gjöri ég ekki, en hið illa, sem ég vil gjöra, það gjöri ég.“) „þá er það skoðun flm. að til fádæma hljóti að teljast sá andhælisháttur er ráðin skal bót á með frv. þessu um breyt. á l. um söluskatt, sem birtist í því að hv. Alþ. skuli leggja fimmtungs byrðar ofan á þess háttar ok sem dreifbýlisfólkinu er gert að rísa undir þar sem flutningsgjöldin eru.

Til skýringar skulu nefnd hér nokkur dæmi um söluskatt af flutningsgjöldum út á land:

Flutningsgjald á dráttarvél, sem vegur 1600 kg, með bíl frá Reykjavík til Þórshafnar nemur 18 080 kr. og virðist sú upphæð vissulega ærin viðbót við kaupverðið. Síðan leggur ríkið lögum samkv. söluskatt á flutningsgjaldið og nemur hann þá 3 616 kr.

Fyrir nokkrum dögum fékk Kaupfélag langnesinga á Þórshöfn sendar 13 lestir af hveiti með bíl. Flutningskostnaður frá innflutningshöfn nam 146 900 kr. Söluskatturinn, sem ríkið heimtir af því gjaldi og neytendur fyrir norðan borga, nemur 29 380 kr.

Svo tekið sé dæmi um söluskatt af flutningsgjaldi fyrir byggingarvöru skal þetta nefnt:

Til einangrunar á 130 fermetra húsi þarf 254 fermetra af þriggja þumlunga þykku einangrunarplasti. Flutningsgjaldið með bíl frá Reykjavík nemur 54 864 kr. Ofan á það leggst söluskattur að upphæð 10 964 kr.

Hér eru tilgreind flutningsgjöld með bifreiðum. Verslanirnar úti um land notfæra sér skipaferðir eftir því sem hægt er til þungavöruflutninga, en verður æ óhægara um vik með hverju árinu sem líður. Eins og starfshættir Skipaútgerðar ríkisins eru nú, þar sem ekki er tekið á móti vörum til flutnings frá Reykjavík nema takmarkaðan tíma í viku hverri og eins og nú er kreppt að kaupfélögunum með rekstrarfé

neyðast verslanir fólksins úti um land í síauknum mæli til að nota bifreiðar og jafnvel flugvélar til vöruflutninga og eru flutningsgjöldin enn hærri með flugvélunum og munar þá enn meir um 20% söluskatt á þau.

Loks er að víkja að afgreiðslugjöldunum og tryggingagjöldunum sem við leggjum til að undanþegin verði söluskatti. Nú er söluskattur lagður á þessi gjöld við afgreiðslu vörunnar. Afgreiðslugjöldin eru því reiknuð með í söluskattsstofni og síðan enn lögð á þau skattur, þannig að hér er um tvísköttun að ræða og lögleysu."

Í grg. víkjum við flm., herra forseti, að óréttlætinu sem í því felst að ríkið, sem þó ber að gæta réttlætis milli þegnanna, skuli enn auka ójöfnuðinn með því að þyngja þann bagga sem dreifbýlisfólkinu er gert að bera í mynd flutningskostnaðar af nauðsynjavörum og rekstrarvörum frá innflutningshöfnum þéttbýlissvæðanna. Við athugun laganna frá 22. mars 1960, um söluskatt, og við lestur á ræðum þm., er fjölluðu um setningu þessara laga, kemur ekki neitt í ljós sem bendir til þess að ætlunin hafi verið að söluskattur stuðli að því að mismunur ykist á vöruverði milli innflutningshafna eða framleiðslubæja og dreifbýlisstaðanna. Flest bendir til þess að hið gagnstæða hafi verið ætlunin, þ. e. a. s. að svo yrði um hnútana búið að landsmenn sætu hér við sama borð. Í 7. gr., II. kafla 1., 3. tölul. er kveðið skýrt á um það að vöruflutningar skuli undanþegnir söluskatti. Þetta undanþáguákvæði stangast þó á við 1. mgr. 9. gr. l. þar sem kveðið er á um að söluskattur miðist við heildarendurgjald eða heildarandvirði vöru, starfsemi og þjónustu án frádráttar nokkurs kostnaðar eða þjónustugjalds, án tillits til þess í hverju greiðsla er fólgin. Í framkvæmd hefur undanþáguákvæðið í 7. gr. verið túlkað þannig að fyrirtækin, sem vöruflutninganna annast, skuli ekki innheimta söluskattinn, heldur sé það verslunin sem innheimtir söluskattinn, þannig að vöruflutningagjöldin leggjast við annan kostnað skv. 9. gr. og teljast til söluskattsstofns.

Hér er um að ræða missmíði á löggjöf sem leitt hefur til ranglætis er allt of lengi hefur dregist að leiðrétta, og hlýtur það að koma til Alþingis sjálfs að lagfæra þessa missmíð sína. Það virðist fullreynt fyrir löngu að sú aðferð hv. Alþ. að játa mistök sín með því að samþykkja ályktanir um það með hvaða hætti óljós löggjöf skuli framkvæmd og beina þeim til ríkisstj. kemur sjaldan í stað beinnar lagabreytingar. Það mun vera nær óbrigðult pólitískt lögmál að embættismenn aðhyllast þá meðferð við framkvæmd laga sem auðveldust er. Og þegar um skattheimtu er að ræða sem tvímælis orkar, þá er tómahljóðið í ríkiskassanum látið gilda sem lögskýring og virðist þá litlu skipta, hvaða Matthías það er sem ræður kassanum.

Í frv. okkar er kveðið á um það að afgreiðslugjöld og tryggingagjöld skuli einnig undanþegin söluskatti þegar vara er afgreidd og tryggð til flutnings burt úr lögsagnarumdæmi innflutningshafnar eða framleiðslufyrirtækis, og skulu þessi gjöld ekki heldur reiknast með í söluskattsstofni. Í lögum um söluskatt, nr. 10 frá 1960, finnst að vísu engin bending um það að ætlunin hafi verið að undanþiggja þessi gjöld skattlagningu. En eigi að síður brýtur sú skattheimta í bága við þann sjálfsagða siðgæðisgrundvöll hverrar lagasmíðar að jafnt skuli koma niður á öllum. Þar á ofan bætist svo hitt, að í framkvæmdinni hafa þessi gjöld verið tvísköttuð, fyrst við álagningu lögum samkv. af hálfu þeirra sem afgreiða vöruna og af hálfu tryggingafyrirtækjanna, og síðan við smásöluverðlagningu, ef þessi gjöld eru reiknuð inn í söluskattsstofninn. Ríkið tekur þannig 20 kr. ólöglega af hverjum 100 kr., sem dreifbýlisfólkið greiðir fyrir afgreiðslu og tryggingu á verslunarvöru sinni, til viðbótar þeim 20 kr., sem teknar eru af hverjum 100 samkv. ranglátri löggjöf. Þessi tvísköttun hefur verið lengi á almannavitorði og er alls ekki fyrir hana þrætt af hálfu hins opinbera, því borið við að ógerlegt sé af tæknilegum ástæðum að komast hjá henni í framkvæmd. Skattheimta, sem nemur 40% af afgreiðslugjöldum og tryggingagjöldum, nemur, þegar til kastanna kemur, verulegri upphæð og þó misjafnri, því að nokkuð munu gjöldin fara eftir magni vöru sem afgreidd er og tryggð hverju sinni. Þannig verða þessi gjöld yfirleitt hærri af litlum vörusendingum og koma því harðast niður á fámennum byggðarlögum og fátækum verslunarfyrirtækjum, sem ekki hafa bolmagn til þess að eiga vörulager, heldur neyðast til þess að panta eftir hendinni.

Að dómi flm. þessa frv. er það óhæfilegt að Alþ. láti við það sitja að hafa sett þess háttar lög sem embættismenn telja óhjákvæmilegt að brjóta, og sýnu verra þó er missmíð laganna veldur ranglátri skattheimtu er bitnar á þeim sem minnst mega sín fjárhagslega. Úr þessu verður ekki bætt með öðru móti en því að breyta lögunum í það horf að þau fái staðist í reynd.

Í grg. með þessu frv. okkar Helga F. Seljans eru tekin dæmi af flutningskostnaði til Þórshafnar, þess byggðarlags sem einna lengst liggur frá aðalinnflutningshöfn landsins, Reykjavík. En öll byggðarlög landsins utan svonefnds Stór-Reykjavíkursvæðis eru hér að meira eða minna leyti undir sömu sökina seld, og því fer víðs fjarri að kostnaður við vöruflutninga minnki í réttu hlutfalli við lækkaðan km-fjölda frá Reykjavík. Þannig mun flutningskostnaðarhlutfallið í Höfn í Hornafirði vera mun hærra en því svarar að þangað er 230 km styttri leið frá Reykjavík heldur en til Þórshafnar á Langanesi, og einnig þar munar verulega um söluskattinn sem lagður er ofan á flutningsgjöldin. Hið sama er að segja um Borgarnes, Stykkishólm og Ísafjörð, og um Strandir og síðan austur allt Norðurland og Austfirði munar verulega um þessa skattheimtu.

Við flm. erum þess fullvissir að enginn dreifbýlisþm. hefur hjá því komist að hugleiða efni þessa frv. og að flestir munu þeir hafa heitið atfylgi við einhvers konar ráðstafanir til að kippa þessu ófremdarástandi í lag. Við þykjumst þess einnig vissir að ýmsir af þm. þéttbýlisstaðanna og þ. á m. ónefndur þm. Reykv., sem lætur verslunarmál og viðskiptamál mjög til sín taka, muni sjá, hvílíkt óréttlæti felst í títtnefndri vansmíð söluskattslaganna, og séu fúsir til þess

að leggja sitt af mörkum til þess að úr því ranglæti verði bætt. Hér er um að ræða mál sem varðar byggðastefnu í raun réttri, því að það er vafalaust að gjöld á borð við skatt þennan, sem lagður er ofan á þann kostnaðarlið sem dreifbýlisfólkið má bera vegna fjarlægðar frá verslunar- og iðnaðarmiðstöðvum, eru til þess fallin að gera búsetu fólksins erfiðari og ýta undir það ásamt ýmsu fleiru sams konar að fólkið flytjist úr dreifbýlinu og í þéttbýlið þar sem hægara er að sitja.

Það er svo efni í annað lagafrv. að koma því til leiðra að flutningskostnaður verði jafnaður, að söluverð geti orðið hið sama um allt land, og það er efni í aðrar umr. að fjalla um það með hvaða hætti stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. hvessa nú sönginn um ágæti byggðastefnunnar, samtímis því sem þeir búast til þess að samþykkja fjárlagafrv. þar sem stefnt er að byggðaauðn. Þetta verður að bíða síns tíma og mun þó skammt undan.

Þetta frv. um leiðréttingu missmíðar á lögum um söluskatt flytjum við hv. þm. Helgi F. Seljan í þeirri von að hv. alþm. sjái sér kleift, þrátt fyrir annars konar stjórnarstefnu, að gera rétt í þessu máli. Ég legg svo til að frv. verði vísað til fjh.- og viðskn.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil fagna málflutningi hv. síðasta ræðumanns og frsm. þess frv. sem hér er til umr. við að fylgja því úr hlaði. Ég hlustaði með athygli þegar einn af flokksbræðrum hans og sessunautur minn hér í salnum sagði að það væri engum alls varnað, og ég vil taka undir það. Það er ekki oft sem úr þessari átt kemur sá skilningur að hagsmunir fólksins og hagsmunir verslunarinnar fari saman. Og ég fagna því að þessu frv. skuli vera vísað í n. þar sem ég á sæti. Ég mun sannarlega gera mitt besta til þess að söluskattsmálið í heild verði athugað á þann hátt sem hann gat um hér úr ræðustól, og ítreka það að ég fagna því að Alþb.-menn skuli loksins vera farnir að skilja það að hagsmunir fólksins og hagsmunir verslunarinnar fara saman.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Þótt ég eigi sæti í þeirri n., sem mun fá frv. þetta til athugunar, vildi ég fara um það nokkrum orðum.

Það er alveg ljóst að söluskattur í núverandi mynd kemur á margan hátt mjög ranglátlega niður í þjóðfélaginu. Og það er staðreynd að eftir því sem skattur þessi hefur hækkað, þeim mun betur hafa gallar söluskatts komið í ljós. Það er alveg ljóst að hér er hreyft máli þar sem óréttlæti ríkir. En spurningin er aðeins sú: Á hvern hátt verður það best lagfært?

Nú eru menn farnir að tala um virðisaukaskatt. Virðisaukaskattur er þannig upp byggður — og hafa margir hv. alþm. tjáð sig fylgjandi slíkum skatti — að þar mega helst engar undanþágur vera. Það er einnig ljóst að það söluskattskerfi, sem við búum nú við, hefur gengið sér til húðar. En ef við ætlum að lagfæra þetta söluskattskerfi, þá er mjög líklegt að við verðum að fella út úr því ýmsar undanþágur, þótt undanþágur þessar séu í sjálfu sér mjög réttlátar og megi rökstyðja þær, og það er einfaldlega vegna þess að okkar menn, sem vinna að skatteftirliti í þessu landi, ráða einfaldlega ekki við með litlum mannafla, að fylgjast nægilega vel með innheimtu og skilum á þessum skatti. Og eftir því sem undanþágurnar verða fleiri, þeim mun erfiðara reynist þetta þeim.

Þetta er sú reynsla sem við höfum fengið af söluskattinum. Það er ekki lagður söluskattur á vöruflutningagjöld, heldur eru vöruflutningagjöld liður í útsöluverði vörunnar og síðan er lagður söluskattur á útsöluverð vörunnar. Ef vöruflutningagjöld væru undanþegin, þá kæmi það þannig fram að útsöluverð vörunnar væri að hluta söluskattsskylt og mundi í mörgum tilfellum reynast mjög erfitt að fylgjast með skilum í slíku kerfi. Þetta er sú staðreynd sem við verðum að hafa í huga.

Ég held, eins og ég sagði áðan, að núv. söluskattskerfi sé orðið úrelt og við þurfum að endurbæta það og við þurfum að taka það allt saman til alvarlegrar endurskoðunar. Ef ekki er hægt að koma þessu við á þann hátt að undanþiggja vöruflutningagjöld og aðra liði út úr útsöluverðinu, á hvern hátt er þá hægt að koma á jöfnuði? Þetta er að sjálfsögðu liður í stærra máli, sem er jöfnun vöruverðs í landinu. Ef við ætlum að gera alvarlegar tilraunir til þess að jafna vöruverð í landinu er ljóst að það þarf að skipuleggja alla vöruflutninga mun betur og gera þá hagkvæmari, og það er í sjálfu sér mjög sorglegt, að það skuli í raun og veru vera eins mikið um flutninga á landi og raun ber vitni í dag. Skip Skipaútgerðarinnar eru ekki fullnýtt, það er ódýrara að flytja með þessum skipum og okkur ber að efla vöruflutninga á sjó.

En ég er þeirrar skoðunar að það megi koma á jöfnuði á ýmsan annan hátt, t.d. í tekjuskattskerfinu. Sú breyting, sem varð á lögum um tekjuskatt á s.l. vetri, gerir okkur kleift að koma á jöfnuði í hinum ýmsu landshlutum á þann hátt t.d. að hafa mismunandi persónuafslátt í hinum ýmsu byggðarlögum á landinu.

Ég held að ég geti verið sammála flm. um þann tilgang og þau markmið, sem þeir vilja ná með þessu frv. En ég er ekki fullviss um að þetta sé sú leið, sem best hentar. Við verðum að taka tillit til þess að við þurfum að koma okkar söluskattskerfi þannig fyrir, að það sé unnt fyrir skatteftirlitsmenn í landinu að vinna við eftirlitið. Við megum ekki hér á hv. Alþ. evðileggja þetta kerfi, það litla sem er eftir af því. Ég er ekki að segja að það gerist með samþykkt á þessu frv., en eftir því sem við bætum meiru og meiru við undanþágurnar, þá munum við smátt og smátt leggja það endanlega í rúst. Það er þetta, sem okkur ber að hafa í huga, okkur ber skylda til þess. Við getum verið sammála um markmiðið, en við þurfum að velja réttu leiðirnar.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég er annar flm. þessa frv., og ég hygg að hér sé komið að máli sem brennur allheitt á þeim sem lengst eru frá höfuðborgarsvæðinu, og undir það hefur verið tekið. Ég vil aðeins benda á það að þegar söluskattslögin

munu upphaflega hafa verið sett, þá var hér aðeins um smávægilega prósentu að ræða. Síðan hefur þetta margfaldast og óréttlætið eða ranglætið gagnvart landsbyggðarbúum hefur auðvitað margfaldast með þeim hætti.

Hér er auðvitað komið að spurningunni um það hversu réttlátir séu hinir beinu skattar og hversu réttlátir hinir óbeinu. Ég dreg enga dul á það, að mín skoðun er sú að við eigum að halda okkur í enn ríkara mæli en nú er við beina skatta. Ef þar er vel að verki staðið, þá eiga þeir að vera auðveldari í framkvæmd og betra að fylgjast með þeim, ef menn hafa vilja til þess að leggja byrðar á þá sem í dag hafa möguleika á að skjóta sér undan þeim. En söluskatturinn og aðrir slíkir óbeinir skattar leggjast auðvitað þyngst á þá aðila nú sem um leið eiga erfiðast með að skjóta sér undan hinum beinu sköttum. Hér er því um tvöfalt ranglæti að ræða, svo að ekki sé meira sagt, gagnvart því fólki.

Hv. 5. þm. Austurl. minntist á það að nú væri mikið talað um virðisaukaskatt í stað söluskattsins. Ég er ekki nógu kunnugur því máli til að geta farið út í það, en ég held að það skipti litlu máli fyrir okkur hvaða nafni þessi óbeini skattur nefnist sem á verður lagður. Hann kemur alltaf þyngst niður á því fólki sem býr lengst frá höfuðborgarsvæðinu nema við gerbreytum öllum vöruflutningum hingað til lands og förum að taka upp í ríkara mæli þá skynsamlegu stefnu að flytja vöruna ekki endilega beint hingað til Reykjavíkur, hvert sem hún á svo að fara út um landið, heldur förum við að flytja hana á einstakar innflutningshafnir í hinum einstöku fjórðungum og dreifa henni þaðan eða á eins margar hafnir þar og mögulegt er.

En mig langaði til þess, og það var nú aðaltilefni þess að ég stóð hér upp, að inna hv. þm., sem talaði hér áðan, eftir því, vegna þess að um það hefur verið mikið spurt, hvað líði starfi þeirrar n. sem ég veit að hann hefur tekið röggsamlega forustu fyrir og á einmitt að fjalla um þessi mál, flutningsgjöldin. Hvenær megum við vænta þess að sjá till. þeirrar n. um við skulum segja breytingar og án efa, ef góður vilji ræður ferðinni sem ég ekki er að draga í neinn efa, — breytingar til úrbóta kannske einmitt á því sviði sem við erum hér að fara fram á? Mig langar aðeins til þess að spyrjast fyrir um þetta í leiðinni, af því að við erum komnir að eiginlega einu atriði þessa máls sem ég veit að þessi n. hefur verið að fjalla um. Því væri býsna fróðlegt fyrir okkur í dag, ef hv. þm. gæti gefið okkur einhverjar upplýsingar um það. Það gæfi okkur flm. líka nokkra vísbendingu um það hvers við mættum vænta e.t.v. um framgang þessa frv. okkar í reynd.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Það var aðeins vegna þess að það var beint til mín fsp. og ég vildi reyna að svara henni. Sú n., sem ég er starfandi í og kom inn í á s.l. vetri, hefur starfað allmikið, sérstaklega í sumar, og ég vænti þess að niðurstaða okkar liggi fyrir, vonandi fyrir áramót, en alla vega á þessu þingi.

Það er unnið að skýrslugerð frá n. Ég ætla ekki hér að rekja innihald hennar. Það mun koma í ljós þegar hún verður lögð fram. En það, sem n. var falið, var að athuga jöfnun vöruverðs í landinu og hvað það mundi kosta að koma á verðjöfnunarsjóði, einum allsherjar verðjöfnunarsjóði yfir allt landið, og einnig að bættum flutningsleiðum. Þetta hefur n. tekið til athugunar, eftir því sem hún hefur getað, og ég vænti þess, það er a.m.k. ætlun okkar að skila áliti á þessu þingi og vonandi fyrir áramót.

Flm. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm., ræðumönnum kærlega vinsamlegar undirtektir undir þetta frv. Sérstaklega þakka ég fréttirnar sem hv. síðasti ræðumaður flutti okkur. Það hafði lengi verið beðið eftir því að þessi n. skilaði störfum. Hún hefur tekið fjörkipp við tilkomu hans, og ég er honum sammála um að meginvandamálið er einmitt jöfnun á flutningskostnaðinum. Það er meginvandamálið. Aftur á móti minnist ég þess að þessi hv. þm. sjálfur flutti till. um það á síðasta þingi að flutningsgjöldin yrðu undanþegin söluskatti, og ég fæ ekki skilið til hlítar, sjálfsagt fyrir ókunnugleika sakir, með hvaða hætti erfiðleikarnir á því að undanþiggja flutningsgjöldin söluskatti hafa aukist svo stórlega tæknilega síðan.

Í framsöguræðu minni áðan vakti ég athygli á þeim meingalla á löggjöf sem felst í því að embættismenn séu látnir fyrir hægðarauka sakir kveða á um það með hvaða hætti löggjöfin skuli framkvæmd, að löggjöfinni sé breytt í framkvæmd frá því sem tilskilið er í lagaákvæðum, vegna þess að embættismenn telji erfitt fyrir sig að framkvæma löggjöfina.

Ég ætlaði aðeins — því miður er hv. þm. Albert Guðmundsson nú frá okkur horfinn í bili — ég ætlaði aðeins að leiðrétta þann misskilning að verslunarstéttin eða verslunin eigi óvinum að mæta í hópi Alþb.-manna. Það viðurkenni ég ekki. Báðir gengum við hv. þm. Albert Guðmundsson í Samvinnuskólann og lærðum það þar hvílíkur hyrningarsteinn góð verslun er landsbyggðinni — ekki öll verslun, heldur góð verslun. Mér er það minnisstætt enn í dag hvílíkan reginmun Jónas heitinn Jónsson skólastjóri Samvinnuskólans gerði á góðri verslun og vondri verslun. Nú kynni einhver að túlka tóninn í ræðu minni á þá lund að ég teldi einkaverslun undantekningalaust vonda verslun og samvinnuverslun undantekningalaust góða verslun. Svo er ekki. Sjálfur minnist ég vel þeirra tíma þegar kaupmenn úti á landi burgu heilum byggðarlögum og lögðu við aleigu sína til þess að geta gert það, þegar haldið var lífinu í heilum byggðarlögum með þeim hætti að menn tóku út í reikning hjá kaupmanninum án þess að geta veitt nokkra tryggingu aðra en loforð um að borga þegar þeir gætu.

Því fer víðs fjarri að ég vilji reka hornin í góða einkaverslun. En einmitt í fyrri ræðu hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar kom fram atriði sem í beinum tengslum við frv. það, sem hér um ræðir, skilur nokkuð á milli góðrar verslunar og slæmrar verslunar. Það er ekkert leyndar-

mál að einn meginannmarkinn á framkvæmd söluskattslaganna og einmitt sá annmarki sem hv. þm. Halldór Ásgrímsson vék að og lýtur að innheimtunni og möguleikanum til þess að svikja undan söluskatti eða stela söluskatti öllu heldur, einmitt þessi annmarki lýtur fyrst og fremst að einkaversluninni sem liggur undir þungum ákærum einmitt af hálfu þeirra manna, sem starfa að innheimtu söluskatts, um að standa ekki skil á söluskatti.

En máli mínu vil ég ljúka með því að ítreka þetta atriði, að allt of lengi hefur dregist að leiðrétta misfellur í lögum um söluskatt sem valda því að þegnarnir sitja þar ekki við sama borð. Enda þótt við eigum nú von á merkilegu frv., studdu heldum rökum um nauðsyn þess að jafna vöruverð á öllu landinu, þrátt fyrir þetta frv. sem kann að sjá dagsins ljós í vetur, þó að enn þá sé það svo fjarri í vitund minni, það ljós, að ég efist um að það muni koma í tíð þessarar ríkisstj., — þrátt fyrir þetta, að **við eigum von í þessu frv., þá legg ég til, að** Alþ. taki sig til og bæti úr þeim misfellum á löggjöfinni um söluskatt sem ég hef gert grein fyrir og þetta frv. okkar Helga F. Seljans fjallar um.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins leiðrétta misskilning hv. þm., 5. þm. Norðurl. e., Stefáns Jónssonar. **Það frv., sem ég flutti hér í fyrravetur, var um söluskatt á fargjöldum með flugvélum. Það er hins vegar ljóst, að það er allmikill munur á því, hv.** þm. Stefán Jónsson, ef **ég mætti útskýra það, að það eru mjög fáir aðilar í landinu sem selja slíka þjónustu. Og þegar sú þjónusta er ekki lengur söluskattsskyld, þá er engin þjónusta söluskattsskyld hjá þessum fyrirtækjum. En aftur á móti er um það að ræða í sambandi við undanþágur í versluninni að hluti er söluskattsskyldur og hluti er söluskattsfrjáls, og þar er vandamál að skilja á milli.**

Ég ætla ekki að fara lengra út í að útskýra hvers vegna þetta er vandamál. Þetta er vandamál og það er staðreynd. Ég vil aðeins benda hv. þm. á, ef hann er í vafa um það, að ræða um þessi vandamál og kynna sér þau hjá rannsóknadeild ríkisskattstjóra eða skattalögreglunni, því að þar starfa þeir menn sem best kynni hafa af þessum málum og geta væntanlega leitt hann í allan sannleika um þau vandamál sem þarna eru fyrir hendi. Við hljótum að hafa það einnig í huga þegar við fjöllum um þessi mál, jafnvel þótt við séum sammála um þau markmið sem við stefnum að.

Flm. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Ég mun ekki tala nema örstutt. Að vísu hef ég ekki hér frv. hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar, frá því í fyrravetur hérna við höndina, en ég staðhæfi að það hefst á — ja, nú hef ég fengið þetta frv. hér í hendur og 4. gr. þess hljóðar svo:

„3. tölul. 7. gr. l. nr. 10 frá 1960, um söluskatt, orðist svo:

Vöruflutningar, enn fremur fólksflutningar með flugvélum og almennum leigubifreiðum á bifreiðastöðvum, eftir því sem ráðh. ákveður nánar síðar.“ Þarna er um að ræða hvað undanþegið skuli.

Undanþegnir skulu sem sagt vöruflutningar, enn fremur fólksflutningar með flugvélum og almennum leigubifreiðum á bifreiðastöðvum, eftir því sem ráðh. ákveður nánar síðar. Mér virðist því, ef þetta er rétt prentað, að þá hafi þetta verið það sem fyrir ræðumanni vakti.

Ég vil aðeins ítreka þetta: Ef við gætum náð fyrr eða jafnskjótt sama árangri með annarri lagasetningu eða jafnvel betri árangri í viðleitni okkar til þess að jafna búsetuskilyrðin í landinu og jafna vöruverð í landinu með annars konar lagasetningu en þeirri sem hér er gert ráð fyrir, þá mun ég að sjálfsögðu greiða atkv. með því. En ég tel, að það sé borin von að við munum á þessu þingi fá samþykkt lög um ráðstafanir til þess að jafna flutningskostnað og jafna vöruverð á öllu landinu, myndaðan þess háttar sjóð sem til þess þarf, eins og hv. þm. Halldór Ásgrímsson nefndi. Ég hef heyrt það út undan mér að nógu illa gangi að ná peningum í aðra sjóði sem til áttu að vera undir þeirri ríkisstj. sem nú situr. Og ég tel, að ef vandræði embættismanna ríkisins í sambandi við framkvæmd söluskattslaganna eru jafnmikil og hv. síðasti ræðumaður taldi, þá beri Alþ. að leiðrétta lögin á þá lund að bætt verði úr þeim vandræðum þeirra. Ég tel að óréttlát löggjöf og klaufalega samin, með þeim hætti að embættismenn geti ekki framfylgt henni, sé þess háttar að Alþ. beri skylda til að bæta hana.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 13. fundur.

Miðvikudaginn 5. nóv., kl. 2 miðdegis.

Framkvæmdastofnun ríkisins, frv. (þskj. 2). — Frh. 1. umr.

Ingvar Gíslason: Virðulegi forseti. Það er ekki óeðlilegt þó að talsverðar umr. verði af og til um Framkvæmdastofnun ríkisins. Ég tel að það sé í rauninni mjög heppilegt að umr. fari fram hér á hv. Alþ. við og við um málefni stofnunarinnar, enda er það gert og skylt raunar samkv. lögum þar um að svo sé. Hins vegar verð ég að segja það, að það væri æskilegra að umr. væru málefnalegri og sanngjarnari en verið hefur nú í þeirri hrinu sem gengið hefur yfir okkur undanfarna daga, þar sem til umr. hefur verið það frv. sem hér er nú á dagskrá og til umr. flutt af hv. 9. þm. Reykv. o. fl. Mér satt að segja finnst að það hafi gengið á ýmsu um það hversu málefnalega menn hafa talað í þessu máli.

Ég hygg að tilgangur flm. sé nokkuð augljós. Hann virðist fyrst og fremst vera sá að etja saman sjálfstæðismönnum sem sumir hverjir a. m. k. hafa sýnt Framkvæmdastofnuninni vissa andstöðu frá fyrstu tíð, þó að ég telji að það hafi mjög dregið úr andstöðu úr þeirri átt nú að undanförnu, þannig að sjálfstæðismenn hafa tekið fullan þátt í störfum stofnunarinnar, eins

og sést á því að nú er hv. 1. þm. Suðurl., Ingólfur Jónsson, formaður sjórnar Framkvæmdastofnunarinnar og annar af framkvæmdastjórum hennar er hv. þm. Sverrir Hermannsson. Ég held því að hv. flm. hafi ekki tekist að etja sjálfstæðismönnum svo mjög saman í þessu, og ég vona yfirleitt að ekki komi annað til greina en að meiri hl. Alþ. haldi áfram að styðja Framkvæmdastofnunina og stuðla að því að hún eflist á næstu árum, þannig að hún fái gegnt því hlutverki sem henni er ætlað, m. a. á sviði áætlanagerðar og landsbyggðarmála sem ég held að flestir verði sammála um að séu meðal mikilvægustu verkefna stofnunarinnar.

Um það frv. sem hér liggur fyrir, þá sýnist mér það vera næsta rýrt í roðinu, hvernig sem á það er litið. Sýnist mér alveg augljóst að þó að það yrði að lögum, þá skipti það engum sköpum fyrir starfsemi stofnunarinnar. Ég sé ekki betur en að það, sem í þessu frv. er, sé alger formalismi. A. m. k. snertir það sáralítið sjálft inntak Framkvæmdastofnunarinnar eða efnislega hlið þeirrar stofnunar. Ég býst ekki við því raunar að það yrði starfi Framkvæmdastofnunarinnar til neins sérstaks hnekkis þó að framkvæmdastjóri hennar yrði einn í stað tveggja eða þriggja eins og verið hefur, en ég sé ekki heldur að það bæti neitt starf hennar. Þannig lít ég á þessa brtt., að mér þykir hún vera fremur lítilfjörleg efnislega, og ég sé ekki mikla ástæðu til þess að fara um hana öllu fleiri orðum. Hins vegar kemst ég ekki hjá því að víkja hér nokkuð að þeim umr., sem orðið hafa í sambandi við þetta frv., og það verð ég að segja, eins og ég hef áður sagt hér, að þar hefur gengið á ýmsu.

Ég ætla ekki að fara að gera neina úttekt á ræðuhöldunum, en ég vil segja það, að það eru fyrst og fremst tvær ræður sem eru mér sérstaklega í minni af þeim sem hér hafa verið haldnar. Því miður hef ég ekki haft aðstöðu til að fylgjast með alveg öllum þessum umr. Og báðar þessar ræður voru fluttar af samflokksmönnum mínum, hv. 4. þm. Austurl., Tómasi Árnasyni, og hv. 4. þm. Reykn., Jóni Skaftasyni.

Mér er kunnugt um það að ræða hv. 4. þm. Austurl. vakti óskipta athygli þdm. og þeirra sem hafa aðstöðu til að fylgjast með efni hennar, vegna þess að sú ræða var bæði efnismikil og mjög hófsöm að allri framsetningu. Hv. þm. sagði þar kost og löst á Framkvæmdastofnuninni og sýndi fram á það m. a. að Framkvæmdastofnunin hefur unnið mjög merkilegt starf þau rúm 3 ár sem hún hefur verið að störfum. En hitt er líka jafnljóst, að stofnuninni hafa ekki verið búin fullnægjandi starfsskilyrði, sem er annað mál. Það kom líka mjög greinilega fram í ræðu hv. 4. þm. Austurl. að Framkvæmdastofnunin er engin alræðisstofnun í þjóðfélaginu og allt tal um ofurvald pólitískra framkvæmdaráðsmanna er einber þjóðsaga eða réttara sagt, það er heilafóstur örfárra manna sem sjálfir eru þannig innréttaðir að þeir ætla öðrum að vera eins og þeir sjálfir, enda segir gamalt máltæki að margur haldi mann af sér.

Ég held að það sé rétt að hv. þm. Tómas Árnason hafi sýnt fram á það í ræðu sinni að framkvæmdaráðið hefur hvorki samkv. lögum né samkv. starfsvenju nein alræðisvöld. Í því sambandi ættu menn að líta í 4. og 5. gr. laganna um Framkvæmdastofnunina. Ég held að 4. og 5. gr. sýni, svo að ekki verði um villst, að framkvæmdaráðið hefur ekki, hvorki að lögum né á annan hátt, það alræðisvald sem oft er talað um. Í 4. gr. segir með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. skipar 3 manna framkvæmdaráð er annast daglega stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins. Framkvæmdaráð má leysa frá störfum með mánaðar fyrirvara og eiga þá framkvæmdaráðsmenn rétt til óskertra launa í 3 mánuði. Stjórn Framkvæmdastofnunarinnar tekur ákvörðun fyrir hönd stofnunarinnar um launakjör framkvæmdaráðs, forstöðumanna deilda og annarra starfsmanna."

Þetta er það sem segir í 4. gr. um framkvæmdaráðið. Og í 5. gr. segir um verkefni framkvæmdaráðs:

„1) að láta gera áætlanir á vegum stofnunarinnar og leggja þær fyrir stjórn hennar;

2) að gera till. til stjórnarinnar um rekstraráætlanir og starfsáætlanir fyrir stofnunina;

3) að gera till. um árlega heildaráætlun fyrir Framkvæmdasjóð og Byggðasjóð svo og um einstakar lánveitingar úr þeim;

4) að ráða stofnuninni starfsfólk innan ramma fjárhagsáætlunarinnar, að fengnum till. forstöðumanna deilda, sbr. þó 3. gr. 1. tölul."

Ég held nú að hverjum manni, sem les þetta með eðlilegu hugarfari, hljóti að vera ljóst að hér er ekki verið að búa til neitt ofurvald framkvæmdaráðs. Vald framkvæmdaráðs er ýmsum takmörkunum háð. Það er háð í fyrsta lagi stjórn stofnunarinnar um yfirleitt allar sínar veigamestu ákvarðanir. Auk þess hefur það komið fram mjög greinilega í máli hv. 4. þm. Austurl. að ráðið hefur skapað sér þá starfsvenju að vinna öll mál í fullu samráði við starfsmenn stofnunarinnar, deildarstjórana, og raunar stjórn stofnunarinnar í heild að meira eða minna leyti.

Það sem sagt kemur hér í ljós að framkvæmdaráðið er háð stjórn stofnunarinnar, eins og eðlilegt er, og algjör óþarfi að vera að breiða það út að þarna sé um eitthvert ofurvald og óeðlilegt vald innan stofnunarinnar að ræða. Hitt er svo allt annað mál, að framkvæmdaráðið er í nánum tengslum við pólitíska valdið í landinu á hverjum tíma og á það vil ég benda að sjálfsögðu. Að mínum dómi er þetta enginn ágalli á skipulaginu, heldur held ég að þetta sé nauðsynjamál, eins og málum er háttað og eins og Framkvæmdastofnunin er gerð. Ég álít að Framkvæmdastofnunin eigi að vera lifandi stofnun, hún eigi að vera lifræn og lifandi stofnun. Og ég sé sé enga ástæðu til þess að gelda hana með æviráðningum eða penfulegri hræsni um hlutleysi og grandvaraleik embættismannavaldsins. Það er ekkert nema hræsni og það er lýðskrum þegar fulltrúar í þessari hv. þd. ætla að gera sig stóra með því að upphefja embættisvaldið á kostnað stjórnmálamanna. Ég held að það væri nær að gefa gaum að því hvernig valdskiptingin er að verða í þessu landi, m. a. hvort Alþ. og alþm. séu ekki smám saman að missa völdin úr höndunum á sér og eitthvað út í buskann.

Ég hef hér minnst á ræðu hv. þm. Tómasar Árnasonar og ég hef einnig minnst á ræðu hv. þm. Jóns Skaftasonar. Ég geri þann reginmun á þessum tveimur ræðum, að ræða hv. 4. þm. Austurl. var hófsöm og efnismikil, en því miður verð ég að segja það, að ég get ekki gefið ræðu míns kæra vinar Jóns Skaftasonar sömu einkunn. Það er ekki það, að ég álíti að það sé ekki eðlilegt að gagnrýna störf Framkvæmdastofnunarinnar. Það er mjög eðlilegt og getur átt fullan rétt á sér. Framkvæmdastofnunin er mjög fjarri því að vera hafin yfir gagnrýni, og það er ekkert eðlilegra en að menn geti sett út á störf hennar. Hins vegar verð ég að segja það, að ég furðaði mig á því að þessi hv. þm., sem yfirleitt venur sig ekki á stóryrði, nema síður sé, hann var ótrúlega stórorður og ósanngjarn í dómum sínum um Framkvæmdastofnunina, að ekki sé meira sagt. Ég held að hann hafi rætt aðallega tvö atriði. Hann talaði mjög um almenna reynslu af Framkvæmdastofnuninni og hann talaði einnig alllangt mál um starfsemi Byggðasjóðs. Hv. þm. Jón Skaftason féll í þá gröf að gera mikið úr ofurvaldi framkvæmdaráðsins og hann talaði, held ég, um geysilegt vald þess. Ég hef dálítið svarað þessu hér áður og ég ætla ekki að endurtaka það, því að þessi þjóðsaga um alræðisvöld framkvæmdaráðsins stenst ekki ef lögin eru skoðuð og ef framkvæmd laganna er skoðuð. Eins og ég hef sagt frá, þá vinnur framkvæmdaráðið eða framkvæmdastjórarnir störf sín í samráði við starfslið og stjórn stofnunarinnar og eru yfirleitt í öllum meginatriðum háðir samþykki stjórnarinnar fyrir sínum gerðum.

En það, sem mér blöskraði mest og féll verst í málflutningi hv. þm. Jóns Skaftasonar, var sú ásökun að kenna Framkvæmdastofnun ríkisins um óðaverðbólguna innanlands. Mál hans varð eiginlega ekki skilið öðruvísi en að það væri Framkvæmdastofnun ríkisins að kenna hvernig komið væri í efnahagsmálunum og einkum hvað snerti þá miklu verðbólgu sem nú er í landinu. Nú veit hv. þm. að þetta getur ekki staðist. Hann er, að ég held, með þessu að gefa í skyn að Framkvæmdastofnunin sé og eigi að vera einhvers konar yfirríkisstj. í landinu, hún eigi að vera yfirbjóðandi Alþ. og ríkisstj. og annarra áhrifaafla í þjóðfélaginu. Það er þetta sem hv. þm. er að gefa í skyn með þessu. Að vísu kann að vera rétt, að Framkvæmdastofnuninni hafi verið ætlað og sé ætlað mikið hlutverk samkv. lögum, einkum í sambandi við fjárfestingarmál, lánveitingar og stefnumótun í efnahags- og atvinnumálum. Þessi atriði eru mjög skýrt afmörkuð í 1. gr. laganna, þannig að það er ljóst að Framkvæmdastofnunin getur haft mikið vald. Það er hægt að ætla henni mikið vald. En hins vegar var henni aldrei ætlað að taka fram fyrir hendur ríkisvaldsins. Henni var aldrei ætlað að að taka fram fyrir hendur ríkisvaldsins, heldur að vera ríkisvaldinu til aðstoðar. Samkv. lögunum um stofnunina á hún að vera til aðstoðar ríkisstj., en hún á ekki að vera neinn yfirboðari hennar eða yfirbjóðandi hennar. Framkvæmdastofnunin getur aldrei sagt ríkisstj. fyrir verkum, hún hefur enga möguleika til þess. Hins vegar held ég að það sé ljóst að Framkvæmdastofnunin er fús til þess að aðstoða ríkisstj. og leggja henni ráð ef eftir því er leitað.

Og nú langar mig til að koma hér að býsna mikilvægu atriði í sambandi við störf Framkvæmdastofnunarinnar og ég bið menn um að taka eftir þessum orðum mínum. Það kann að vera að það, sem ég segi nú, megi skoða sem gagnrýni á ráðh. og á ríkisstj., raunar tvær ríkisstj., bæði vinstri stjórnina og núv. ríkisstj. Báðar þessar ríkisstj. eiga það sammerkt að hafa gengið um of fram hjá Framkvæmdastofnuninni í mikilvægum málum, eða réttara sagt, þær hafa ekki kunnað að notfæra sér til hlítar þá möguleika sem fyrir hendi eru hjá stofnun eins og Framkvæmdastofnun ríkisins. M. a. hefur Framkvæmdastofnuninni aldrei verið sköpuð aðstaða til þess að hafa nein úrslitaáhrif á heildarstefnu í fjárfestingar og lánamálum, hvað þá efnahagsmálum almennt, og þetta veit ég að hv. 4. þm. Reykn. veit. En þó að ég segi þetta, þá tek ég ekki undir þá ásökun að reynslan af störfum Framkvæmdastofnunarinnar sé slök. Verk hennar eru þrátt fyrir allt mikil að vöxtum og hún hefur víða markað spor í þjóðlífinu. Menn ættu t. d. að vita að Framkvæmdastofnunin heldur uppi mjög lifrænu sambandi við forustumenn atvinnulífs og félagsmála úti um byggðir landsins og stofnunin lokar sig ekki inni í neinum fílabeinsturni. Framkvæmdastofnunin starfar, að ég hygg, meira fyrir opnum tjöldum, ef svo má segja, heldur en algengt er um valda- og fjármálastofnanir í þessu landi. Það kom því úr hörðustu átt þegar hv. 4. þm. Reykn. efaðist um, að Framkvæmdastofnunin nyti trausts landsmanna. Raunar veit hv. þm. ekkert um þetta — eða hvernig getur hann vitað um það? Það hefur ekki verið gerð nein úttekt á því hvernig varið er vinsældum Framkvæmdastofnunarinnar eða hvaða traust menn bera til Framkvæmdastofnunarinnar. Engin skoðanakönnun hefur verið gerð á því máli. En hitt veit ég, að Framkvæmdastofnunin stendur í lifrænu sambandi við atvinnulífið í landinu. Ég hef ekki orðið var við það að menn bæru almennt minna traust til Framkvæmdastofnunarinnar en margra annarra opinberra aðila, nema síður sé, því að ég hygg að það séu ótrúlega margir aðilar úti um landið, sem eru að berjast með vandasaman atvinnurekstur og annað sem má verða byggðunum til þrifa, sem einmitt setja traust sitt á Framkvæmdastofnunina og meira en á ýmsar aðrar stofnanir í þessu landi.

Hv. 4. þm. Reykn. gerði líka Byggðasjóð og störf hans að sérstöku umræðuefni, og það er ekki í fyrsta skipti sem hann talar um Byggðasjóð. Hann hefur látið í sér heyra, hv. þm., áður og lýst afstöðu sinni til Byggðasjóðs. Og ég verð að segja það, að afstaða hans nú sem fyrr er dálítið einkennileg. Satt að segja finnst mér að hv. þm. — sem er raunar ekki líkt honum, ég þekki hv. þm. það vel — það er eins og hann gangi þarna með einhverja þráhyggju. A. m. k. á yfirborðinu virðist þetta vera þráhyggja, þessi afstaða hans til Byggðasjóðs og starfa hans. En ég segi það, að þetta er ákaflega ólíkt vini mínum Jóni Skaftasyni, að ganga með einhverja þráhyggju, en í þessu máli held ég að hann geri það. Og þá kemur að því, að það

er ákaflega erfitt að sannfæra þráhyggjumenn, og það er eitt af því sem ég hef aldrei lagt mig niður við á minni löngu ævi, býsna löngu, að reyna að sannfæra þráhyggjumenn, heldur sniðgeng ég þá og vil helst ekkert við þá tala. En hvað vin minn hv. 4. þm. Reykn. snertir, þá trúi ég því raunar ekki í hjarta mínu að hann sé nú svo mikill þráhyggjumaður að ekki sé hægt að tala um fyrir honum. (**Gripið fram í:** Er ekki rétt að reyna það núna?) En það, sem ég held að hafi gerst í þessu máli með hv. 4. þm. Reykn., er kannske ekki beint að hann sé haldinn mjög erfiðri þráhyggju. Ég held, að það, sem hefur gerst, sé það að hann hefur gerst svo ákafur málsvari kjördæmis síns að hann telur það forsvaranlegt að beita næstum því hvaða málflutningi sem er þegar hann ræðir um Byggðasjóð. Og ég vil segja að það er ekki forsvaranlegur málflutningur þegar hv. þm. er að berjast fyrir því að höfuðborgarsvæðið og Reykjaneskjördæmi eigi tilkall til byggðasjóðslána almennt. Þetta er ekki forsvaranlegur málflutningur.

Hv. 4. þm. Reykn. og aðrir hv. þm., þ. á m. þm. Reykv. og þm. Reykn., vita að Byggðasjóði er ætlað að vinna að jafnvægi í byggð landsins. Þeir vita það líka að það væri hlægileg pólitík ef sjóðurinn væri almennt opnaður fyrir reykvíkinga og reyknesinga, og ég vil helst ekki þurfa að eyða orðum í slíka fásinnu. Hitt er annað mál, að það hefur verið látið undan þrýstingi um að lána til skipakaupa í Reykjaneskjördæmi. Að mínum dómi var það hæpin samþykkt sem ég stóð ekki að, en við það verður nú að una.

Hæstv. forseti. Ég hef nú e. t. v. gerst fullangorður um málflutning hv. 4. þm. Reykn., en það er fyrst og fremst vegna þess að hann stendur mér miklu nær persónulega en aðrir gagnrýnendur Framkvæmdastofnunarinnar og mig tekur miklu sárar til hans en annarra manna hér. En hins vegar vil ég ekki láta þessi orð hans standa ómótmælt, því að þau munu berast út um landið. Ég tel gagnrýni hv. þm. mjög ósanngjarna og þess vegna hef ég eytt nokkuð löngum tíma í að andmæla því sem hann hefur sagt hér. (Gripið fram í.) Ég skal nú aðeins koma inn á þetta atriði úr því að hv. þm. pantar það sérstaklega.

Það er alveg rétt, að það hefur komið fram veruleg gagnrýni hér nú í þessum umr. á starfsemi áætlanadeildarinnar, og ég verð að segja að þessi gagnrýni er að mörgu leyti mjög eðlileg. Það er engum ljósara en okkur, sem sitjum í stjórn Framkvæmdastofnunarinnar, og starfsfólki Framkvæmdastofnunarinnar að áætlanadeildin er um margt vanbúin, og það stendur ákaflega margt til bóta í starfi þeirrar deildar. Það er alveg rétt að áætlanadeildin er yfirhlaðin verkefnum og hún hefur ekki getað sinnt öllum þeim verkefnum sem henni hefur verið falið að inna af hendi.

En það, sem ég vil nú segja og er kannske endurtekning á því sem ég hef verið að segja í ræðu minni í dag, það er um hinn neikvæða tón í gagnrýninni, sem mér finnst vera. Ég vil segja við hv. 4. þm. Reykn. að þessi neikvæði tónn gefur ranga hugmynd um störf áætlanadeildar og annað áætlunarstarf sem í gangi er í landinu. Ég held að það sé rétt af okkur að skoða öll áætlunarmálin í heild. Það er hægt, og það veit ég að hv. 4. þm. Reykn. sér strax þegar hann áttar sig á því að það er hægt að fá þessa heildarmynd einmitt í ársskýrslu Framkvæmdastofnunar ríkisins árið 1974. Ef hann flettir upp í þessari bók þar sem rætt er um starfsemi áætlanadeildar 1974, á bls. 11 og þó einkum á bls. 12 og áfram, þá getur hann fengið heildarmynd af því hvað verið er að gera í áætlunarmálum. Þetta eru margar bls. í bókinni, sennilega yfir 10, kannske 15 bls. í bókinni, sem fjalla um þetta efni, og ég ráðlegg hv. þm. að lesa þetta gaumgæfilega. Með því fær hann heildarmynd af því hvað er verið að gera í þessum málum í landinu almennt. Ég er alveg viss um að ef hann gerir þetta með réttu hugarfari, en ekki eins og þegar skrattinn er að lesa Biblíuna, fær hann allt aðra skoðun um þessi mál.

Ég ætla ekki að þrátta við hv. þm. um stílbragðið á þessari skýrslu á bls. 11 sem hann las upp. Þar er kveðið býsna sterkt að orði um ástandið í áætlanadeildinni, og það er kannske vona að hv. þm. grípi þetta á lofti. Ég held samt sem áður að ef þetta er lesið rétt, þá sé það ekki annað en sönnun fyrir því, eins og ég hef greint hér frá og eins og hv. 4. þm. Austf. hefur sagt áður og kannske fleiri, að áætlanadeildin er um margt vanbúin og það stendur margt til bóta í hennar starfi.

Herra forseti. Það væri auðvitað freistandi, úr því að ég er kominn með þessa skýrslu í hendur og með þetta mikla yfirlit um áætlunarmálin — hef það hérna í höndunum, að vitna í það, en ég ætla ekki að eyða tíma í það. Hv. þm. geta sjálfir lesið þetta og verður kannske miklu þægilegra fyrir þá að gera það á þann máta. Ég held að ég hafi gert þær athugasemdir við málið nú, sem ég mun gera á þessu stigi, og læt máli mínu lokið.

Páll Pétursson: Virðulegi forseti. Frv. það, sem hér er til umr. fund eftir fund, er í sjálfu sér kannske ekki mjög stórt mál — og þó. Það getur orðið afdrifaríkt fyrir atvinnurekstur í landinu hvernig því reiðir af.

Einn hv. ræðumaður, sem hefur talað í þessum umr., líkti þessu frv. við Trójuhest, sem hv. flm., Gylfi Þ. Gíslason, hefði laumað hér inn í deildina. Mér finnst þessi samlíking ekki að öllu leyti hitta í mark. Þetta minnir mig miklu fremur á söguna af Agli heitnum Skallagrímssyni þegar hann gamall og lúinn lét sig dreyma um að fara til Þingvalla með gullið sitt, dreifa því þar út um vellina og þá mundi þingheimur allur fara að berjast. Þetta hefur nú gengið nokkuð eftir. Hér hafa menn tuskast dálítið til og kann að vera að þeir hugsi með nokkrum hætti svipað hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason og þessi framliðna söguhetja. Báðir eru þeir listamenn miklir, garpar og kjarkmenn, margreyndir í orustum. Báðir hafa þeir lagt höfuð sín að veði. Egill orti sína Höfuðlausn og Gylfi á sjálfsagt eftir að skrifa sína.

En sú skipulagsbreyting á stjórn Framkvæmdastofnunarinnar, sem er farið fram á með þessu frv., ég fæ ekki séð að hún sé nauðsynleg eða eigi rétt á sér. Það er alveg rétt að þessi stofnun

nýtur pólitískrar leiðsagnar, pólitískrar stjórnar. Hún er í vissum tengslum við stjórnarvöld í landinu og í nánari tengslum en aðrar peningastofnanir í landinu. En ég tel að það sé rétt aðferð. Ég tel að ríkisstj. í lýðræðislandi þurfi nauðsynlega að hafa mjög ákveðin áhrif á þróun peningamála og lánastarfsemi í þjóðfélaginu á meðan hún er við völd. Fjármálavaldið á að vera lýðræðislega kjörnum fulltrúum þjóðarinnar undirgefið á hverjum tíma, því að annars getur þetta farið allt sitt í hverja áttina, vinstri hendin ekki vitað hvað sú hægri er að gera og ríkisstjórn, sem nyti meirihlutastuðnings í landinu, gæti orðið meira og minna óstarfhæf.

Ég get ekki annað en sagt frá því að þegar ég var að koma hér fyrst til starfa á Alþ., á sumarþinginu eftir síðustu kosningar, var undrun min mjög mikil þegar Seðlabankinn hækkaði vextina og þáv. viðskrh., hv. 2. þm. Austf., Lúðvík Jósepsson, sór og sárt við lagði að hann réði ekkert við þetta, hann hefði ekki staðið fyrir þessu. Og við höfum séð dæmi þess að einstakir bankastjórar hafa meira að segja brotið á bak aftur fyrirmæli Seðlabankans og samráð við ríkisstj. um yfirdráttarlánveitingar til einstakra sveitarfélaga.

Ég held að það sé sem sagt algert grundvallaratriði að lýðræðislega kjörnir fulltrúar fólksins í landinu geti haft tækifæri til þess að hafa yfirstjórn á peningakerfinu, a. m. k. að talsverðu leyti. Nú mega menn ekki taka orð mín sem sérstakt vantraust á embættismenn. Embættismenn eru auðvitað góðir og nauðsynlegir, og sem betur fer eigum við fjölda marga mjög hæfa embættismenn sem hafa gott vit á þessum hlutum og geta tekið þátt í stefnumótun ásamt með stjórnmálamönnum um þessa hluti. En þeir eru með nokkrum hætti og vegna eðlis starfa sinna fjarlægari fólkinu í landinu. Pólitískir fulltrúar þurfa að standa fyrir máli sínu a. m. k. fjórða hvert ár og standa eða falla með verkum sínum. Sumir væna þá um hugleysi. Þeir kannske þora ekki að taka nauðsynlegar ákvarðanir, eins og embættismaður, sem er inniluktur í sínum æviráðningarkastala, kynni að hafa tækifæri til þess að taka. En stjórnmálamenn dæmast líka fyrir hugleysi, ekki kannske eingöngu í næstu kosningum. Það má segja að þær séu nokkurs konar héraðsdómur eða undirréttur. En þeir dæmast fyrst og fremst af sögunni, og það er sá hæstiréttur sem allir verða að hlíta.

Það hefur komið fram ákveðin og mjög snörp gagnrýni á vissa þætti í starfsháttum Framkvæmdastofnunarinnar, t. d. um áætlanir sem hv. síðasti ræðumaður gerði hér að umtalsefni. Ég held að áætlanir séu góðar og nytsamlegar, sérstaklega ef þær eru líka skynsamlegar. En þær eru engan veginn einhlítar. Þær eru viss þáttur, en þær eru ekki meginþátturinn. Meginþátturinn er náttúrlega framtak og dugnaður þeirra sem verkin framkvæma, ásamt með eðlilegum stuðningi hins opinbera, m. a. með áætlunargerð, með fjármagnsútvegun og fleiri þvílíkum þáttum.

Það hefur verið býsnast hér yfir því að Byggðasjóður lánaði út um hvippinn og hvappinn, ekki kannske endilega til Reykjavíkur eða Reykjaneskjördæmis. Mér finnst nú bara nafnið á þessari stofnun, Byggðasjóði, benda nokkuð í áttina hvað honum hafi verið ætlað að gera þegar hann var myndaður. Mig minnir að það hafi verið svokallaður Atvinnujöfnunarsjóður sem var fyrirrennari Byggðasjóðs. Atvinnujöfnunarsjóður var, ef ég man rétt, myndaður á svipðum tíma og tekin var ákvörðun um álverið í Straumsvík, og ég man ekki betur en hann hafi átt að vera til mótvægis gegn byggðaröskun sem af því stafaði. Þess vegna finnst mér að þeir vilji ganga nokkuð langt sem vilja gleyma því núna að þetta hafi verið ætlunin í upphafi.

Það er býsnast yfir því að þessi sjóður hafi lánað stórfé meðan samdráttur væri einhversstaðar annars staðar í lánveitingum hlutfallslega. Ég vil minna á að efling sjóðsins var eitt af ákvæðum í sáttmála núv. stjórnar, og hann var einmitt eitt af þeim atriðum sem gerði mér unnt að styðja þetta stjórnarsamstarf. Lánveitingar þessa sjóðs eiga að fara að mínum dómi út um land.

Það er verið að býsnast hér yfir sulti á Reykjavík og að hún fái enga fyrirgreiðslu. Það er talað um þessa einu milljón sem eitt árið var veitt. En það eru ýmis önnur tækifæri, sem Reykjavík hefur, heldur en beinlínis að fá lán úr Byggðasjóði. Það eru fleiri sjóðir og býsna sterkir eða a. m. k. með mikla veltu sem þjóna íbúum þessa lands og þá kannske ekki síður íbúum Reykjavíkur heldur en annarra svæða. Það vill svo til að ég hélt til haga í fyrravetur skriflegu svari við fsp. sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarson gerði um Atvinnuleysistryggingasjóð. Þetta var skrá um samanlagðar fjárhæðir lána sem veitt voru úr Atvinnuleysistryggingasjóði í hvert kjördæmi landsins á árunum 1972, 1973 og 1974 og til stofnana sem ná til landsins alls. Það kemur í ljós, að á þessu þriggja ára tímabili hefur Reykjavíkurkjördæmi fengið úr þessum sjóði 114 millj., Vesturlandskjördæmi 19.9 millj., Vestfjarðakjördæmi 30 millj., Norðurlandskjördæmi v. 24.7 millj., Norðurlandskjördæmi e. 72.55 millj., Austurlandskjördæmi 46 millj., Suðurlandskjördæmi 5.3 millj., Reykjaneskjördæmi 46 millj. Þarna dregur nú Reykjavík nokkuð og þó er þetta Atvinnuleysistryggingasjóður og ég vil benda á að út um landið var atvinnuástand talsvert miklu erfiðara en hér í Reykjavík.

Ein af rótum þess, hvað atvinnuástand hélst alltaf gott hér í Reykjavík á örðugleikaárum undanfarið, var einmitt starfsemi annars fjárfestingaraðila, Byggingarsjóðs ríkisins. Og það vill svo til að ég hélt líka til haga skriflegu svari félmrh. við fsp. er hv. þm. Pétur Sigurðsson bar fram um Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna. Þetta er nokkuð langt mál og ég mun ekki lesa það allt, en með leyfi hæstv. forseta langar mig til að nefna örfáar tölur.

Af E- og F-lánum fékk Reykjavík árið 1974 45.40%, Reykjanes fékk sama ár af þeim lánum 24.57%. Af útborguðum lánum til kaupa á eldri íbúðum voru sama ár 1974 46.68% í Reykjavík, en á Reykjanesi 29.7%. Útborguð lán til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis voru svokölluð C-lán. Af þeim fékk Reykjavík hvorki meira né minna 84.44%. Úr Byggingarsjóði verkamanna þá fékk Reykjavík 64.40%.

Svona er hægt að halda áfram að þylja lengi.

Það er hægt að fara sjóð úr sjóð og sýna fram á að Reykjavík hefur sinn skerf. Það er undantekning þetta með Byggðasjóðinn, en mér finnst þið ættuð að lofa okkur að hafa hann í friði því við höfum verulega þörf fyrir hann úti á landsbyggðinni. Bankakerfið hefur sína miðstöðvar hér. Stjórnsýslan er hér staðsett og af henni drýpur náttúrlega mikið hér í þetta umhverfi.

Ég vil svo láta máli mínu lokið. Ég óska hv. 9. þm. Reykv., Gylfa Þ. Gíslasyni, til hamingju með þær róstur sem hér hafa orðið hjá þingheimi. Ég get nú ekki eins og stöku aðrir hv. þm. talað í nafni þjóðarinnar, en ég vil í nafni a.m.k. allmargra íbúa í dreifbýlinu mótmæla þessari árás á Framkvæmdastofnunina, og ég vil láta það koma skýrt í ljós að ég er á móti þessu frv.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég tek með mikilli ánægju og þakklæti við hamingjuóskum hv. síðasta ræðumanns í tilefni af því hversu mikla athygli flutningur þessa frv. hefur vakið og tel ummæli hans um það vera síst orðum aukin. (**Gripið fram í:** Það er ekki allt búið enn). Það er víst sem betur fer og á vonandi margt eftir að koma í ljós enn, m. a. í því sem ég segi hér á eftir.

Sannleikurinn er sá, að þær umr. sem hér hafa farið fram, staðið marga þingfundi, hafa verið mjög athyglisverðar. Sannleikurinn er sá að þetta frv. okkar Alþfl.-manna hefur orðið aðalmál þingsins á þeim 4 vikum sem þingið hefur starfað nú í haust. Mér kemur þetta ekki á óvart og tel að engu leyti óeðlilegt að þetta frv. þótt ekki sé orðmargt, hafi orðið aðalmál þingsins nú á þessu hausti vegna þess að það snertir tvo mjög mikilvæga þætti í íslensku þjóðlífi og íslenskum stjórnmálum yfir höfuð að tala.

Aðalefni frv. og þar með aðalefni umr. er hvernig haga eigi stjórn á einni valdamestu og mikilvægustu stofnun íslenska efnahagskerfisins. Ég hef fyrir mitt leyti og við þm. Alþfl. höfum aldrei dregið í efa að hér á að vera til hliðstæð stofnun og Framkvæmdastofnunin, að hún hefur mjög mikilvægu og mjög vandasömu hlutverki að gegna. En við teljum að hún hafi í upphafi, þegar lög um hana voru sett, lent á villigötum hvað stjórnsýslu snertir, hvað stöðu hennar í stjórnkerfinu snertir. Við teljum hana hafa lent undir rangri stjórn efnislega séð. Við teljum að teknir hafi verið upp stjórnarhættir í þessari mikilvægu stofnun sem hafi boðið heim hættu og leitt til vandræða, eins og ég mun koma síðar að.

Ástæðan til þess, að stjórnarhættir þessarar stofnunar hafa verið jafnumdeildir og raun ber vitni allar götur frá því að lög um hana voru sett, er annars vegar það að um leið og því er lýst yfir af hálfu þáv. ríkisstj. að í kjölfar stofnunar Framkvæmdastofnunar ríkisins eigi að sigla aukinn áætlunarbúskapur, aukin stjórn á efnahagsmálum, bætt stjórn á efnahagsmálum, þá er nú hverju mannsbarni á Íslandi ljóst að það hefur aldrei verið önnur eins ringulreið í íslenskum efnahagsmálum og einmitt á þeim árum síðan Framkvæmdastofnunin tók til starfa. Það er einmitt fyrir um það bil 3—4 árum sem bókstaflega allt fer að fara úr böndunum í stjórn íslenskra efnahagsmála, og sú þróun hefur haldið áfram fram til þessarar stundar að við nú stönöndum hér, þrátt fyrir Framkvæmdastofnunina. Hér hlýtur að vera eitthvað meira en lítið við bogið. Hér hlýtur eitthvað meira en lítið að hafa farið úrskeiðis, þegar komið er á fót stofnun til þess að auka skilyrði til bættrar hagstjórnar, þá skuli einmitt hefjast tímabil aumustu hagstjórnar, minnstu hagstjórnar í Íslandssögunni. Þetta hefur verið sett í samband við þau mistök sem voru gerð varðandi skipulag stofnunarinnar **þegar í upphafi, og að því** mun ég víkja nánar síðar.

Hin ástæðan til þes, hversu mikla athygli þetta mál hefur vakið nú á þessu þingi, er sú, að í sambandi við það hefur komið í ljós alvarlegt átumein í íslensku stjórnmálalífi. Umr. um málið hafa orðið til þess að stinga á stórkýli í þróun íslenskra stjórnmála og í ástandi íslenskra stjórnmála í dag. Það, sem hér hefur gerst, er að stærsti flokkur landsins, sá flokkur sem fer með forustu í þessari ríkisstj., hefur í reynd, eftir að hann komst til valda, hegðað sér þveröfugt við það sem hann sagðist vilja gera á meðan hann var í stjórnarandstöðu. Hann gagnrýndi ekki síður kommissarakerfið heldur en við þm. Alþfl. sem þá vorum einnig í stjórnarandstöðu. Hann gagnrýndi það jafnvel enn þá harðari orðum en við, því að það er til ummæla hans sem má rekja spádóma um spillingu sem ég mun einnig koma síðar að. En hvað gerist? Sjálfstfl., stærsti flokkur landsins, forustufl. núv. ríkisstj. er ekki fyrr kominn í valdaaðstöðu en hann lætur undir höfuð leggjast að breyta þessu kerfi sem hann taldi bjóða upp á spillingu, heldur sest til æðstu valda í þessu kerfi, þ. e. með því að láta hjá líða að leggja niður kommissarakerfið, heldur skipa sjálfur sinn eigin kommissar og taka að sér forustu í stjórn stofnunarinnar, þannig að raunverulega á Sjálfstfl. tvo kommissara í stjórn stofnunarinnar, þó að stjórnarformönnum hafi hingað til ekki verið veitt slíkt tignarheiti, heldur sé það núna bara bundið við tvo fulltrúa núv. stjórnarflokka.

Þetta tvennt, að saman skuli fara mesta upplausnarástand í íslenskum efnahagsmálum annars vegar og fyrirhuguð efling áætlanastofnunar hins vegar, — annars vegar þetta og svo hins vegar hitt, að stærsti flokkur landsins hegðar sér í reynd öðruvísi en hann taldi áður rétt að hegða sér, þetta tvennt hefur auðvitað valdið því að þetta mál hefur vakið geysimikla athygli meðal þjóðarinnar og verið bent á nauðsyn þess að hér sé tekið til höndunum og starfsemi stofnunarinnar og stjórnarháttum hennar verði breytt til hins betra.

Það hefur einnig gert þessar umr. sérstaklega athyglisverðar að komið hefur í ljós, sem ekki oft gerist og raunar mjög sjaldan gerist í umr. hér á Alþ., að valdamestu ráðherrar ríkisstj. eru ekki sammála og reyna ekki að draga dul á það í ræðum sínum að þeir eru ekki sammála. M. ö. o.: tveir valdamestu ráðherrar ríkisstj., formenn þeirra flokka sem að henni standa, talar annar í austur og hinn í vestur. Sjálfur

forsrh. lýsir því yfir, og þeirri yfirlýsingu hef ég þegar fagnað og skal gjarnan endurtaka ánægju mína yfir henni, — hann gefur fyrirheit um að þessum lögum muni breytt og þá í þá átt, sem hann sjálfur og hans samflokksmenn höfðu lýst yfir að þeir teldu rétt í umr. um málið á haustþinginu 1971. En hæstv. dómsmrh. talar í allt öðrum tón. Hann segir raunverulega allt annað. Hann sagði — ég held ég hafi náð því nokkurn veginn orðrétt: „Enginn veit til hvers endurskoðun laganna mun leiða.“ M. ö. o.: formaður hins stjórnarflokksins vill ekkert fyrirheit gefa um að þau rangindi, að sú hætta, sem felst í kommissarakerfinu, verði afnumin.

Slíkt og annað eins og þetta gerist tiltölulega mjög sjaldan hér á hinu háa Alþ. Og dómsmrh. talaði skýrar, eins og hans var von og vísa, og lét þm. ekki vera í neinum vafa um að hans skoðun væri sú að það ætti ekki að breyta lögunum. Hann tók ekki alveg eins skýrt til orða og hv. samflokksmaður hans sem var að ljúka máli sínu hér síðast, Páll Pétursson, sem sagðist vera á móti frv. Hann lét við það sitja að segja að enginn vissi til hvers sú endurskoðun mundi leiða. En hann sagði annað í framhaldi af þessu, sem mér þótti athyglisvert og enginn annar ræðumaður hefur vakið athygli á, en ég vil vekja alveg sérstaka athygli á, hann sagði að ætlunin með setningu laganna hefði verið að auka áætlunarbúskap. Ég hef sagt og hv. þm. Jón Skaftason hefur staðfest að það hafi ekki tekist, það hafi þvert á móti mistekist. En látum það vera á þessu stigi málsins. En hæstv. dómsmrh. bætti við að pólitískir aðilar væru nauðsynlegir við alla áætlunargerð og þá auðvitað um leið við ákvörðunartöku í framhaldi af áætlunargerðinni. M. ö. o. að pólitískir aðilar væru nauðsynlegir í sambandi við samningu framkvæmdaáætlana og þá auðvitað líka við lánveitingar í sambandi við framkvæmd slíkra áætlana. Hér er m. ö. o. alveg umbúðalaust, eins og við var að búast af jafnskýrum manni og hæstv. dómsmrh., boðuð sú stefna að ekki aðeins samning áætlana, heldur framkvæmd þeirra og lánveitingar í því sambandi, skuli vera í höndum pólitískra aðila.

Hér er um að ræða stefnu og hugmyndaheim sem ég er gersamlega andvígur og vil nota þetta tækifæri til að lýsa alveg sérstakri andstöðu minni gegn. Það eitt er rétt hjá hæstv. dómsmrh., að auðvitað hlýtur stefnan í áætlunargerðinni að vera pólitísk ákvörðun. Mér vitanlega hefur enginn, hvorki hagfræðingur, embættis- né stjórnmálamaður, dregið í efa eða andmælt því að stefnumótunin í sambandi við áætlunargerðina hljóti að vera pólitísk ákvörðun sem eigi að taka um stærstu ákvarðanirnar af ríkisstj. í heild, aðrar stórar ákvarðanir af einstökum ráðuneytum á ábyrgð sinna ráðherra, en aðrar ákvarðanir af hendi þingkjörinna stjórna mikilvægra stofnana, eins og t.d. Framkvæmdastofnunar ríkisins, enn aðrar ákvarðanir af Seðlabankanum sem hefur þingkjörið bankaráð, enn aðrar ákvarðanir af bankaráðum ríkisbankanna o. s. frv. En ég undirstrika að hér á ég við stefnumótunina eina — heildarstefnumótunina eina. Framkvæmd áætlana á ekki og enn síður veiting á lánum í þessu sambandi að vera í höndum stjórnmálamanna. Það býður heim stórkostlegri pólitískri hættu. Það var sá mergur málsins sem lögð var mest áhersla á einmitt af hálfu sjálfstæðismanna haustið 1971, að mínu viti algerlega réttilega. Á þeirri skoðun er ég enn, tel allt annað vera rangt. Þegar búið er að marka stefnuna, þegar búið er að semja áætlunina og þegar farið að framkvæma hana, sem að verulegu leyti hlýtur að jafnaði að vera tæknilegt, á sviði verkfræði- og tæknimenntaðra manna, þá á ekki að leggja pólitískt mat á það hverjir skuli fá fé, hvaða einstaklingar eða félög eða sveitarfélög skuli fá fé til þess að framkvæma þá stefnu sem í áætluninni felst.

Þetta, sem ég segi núna, er í samræmi við þá stefnu sem varð ofan á í bankamálum fyrir um það bil 10 árum og ég tek með mikilli ánægju á mig meginábyrgð á að hafa haft forustu um, hafa stungið upp á og var tekið upp, að það færi ekki saman að bankastjórar ríkisbankanna — bankastjórabáknið yfir höfuð að tala — sætu á Alþ. Það var ég sem átti hugmyndina að því í þáv. ríkisstj. að þessi starfsregla skyldi tekin upp. Það sætti þá mikilli andstöðu, bæði innan stjórnarflokkanna og meðal stjórnarandstöðunnar, en engu að síður varð þessi stefna ofan á. Síðan hefur henni verið fylgt, og ég heyri ekki betur og veit ekki betur en nú telji allir slíkt vera sjálfsagt.

Það samrýmist ekki að vera bankastjóri í Seðlabankanum, Landsbankanum, Útvegsbankanum eða Búnaðarbankanum annars vegar og að vera alþm. hins vegar.

Þessi stefna er auðvitað í algerri andstöðu við þá stefnuyfirlýsingu sem hæstv. dómsmrh. og formaður Framsfl. gefur þegar hann segir að það vanti einmitt pólitíska stjórn á áætlunarbúskapinn. Bankarnir lúta auðvitað vissum heildarreglum, fylgja vissri heildarstefnu í útlánum, —stefnu sem mörkuð er auðvitað af ríkisstj. og Seðlabanka í sameiningu. Pólitísk stjórn á lánveitingum er óheppileg, vegna þess að pólitík í þessum skilningi er hagsmunir og það eru einmitt ekki hagsmunir einstaklinga eða félaga og jafnvel ekki sveitarfélaga sem mega ráða því til hvers fjármagnið er notað og hvernig það dreifist um landið. Þegar á að framfylgja ákveðinni heildarstefnu sem pólitíska valdið hefur mótað, þá á að fylgja hlutlaust mat á hagkvæmni. Það er hlutlaust mat á hagkvæmni sem á að ráða því hvernig fjármununum er varið í samræmi við heildaráætlunina eða hinar einstöku áætlanir. Með þessu á ég ekki endilega við að í bókstaflega öllum tilfellum eigi hagnaðarsjónarmið að ráða, en velja þá framkvæmd eða þann stað til framkvæmda þar sem hagnaður, þar sem ávöxtun fjárins yrði sem mest. Önnur sjónarmið geta auðvitað komið til greina, atvinnusjónarmið t. d. Þar geta heilbrigð byggðastefnusjónarmið auðvitað komið til greina. En grundvöllurinn á samt að vera hlutlaust mat á hagkvæmni, en ekki pólitískir hagsmunir.

Þetta er grundvallaratriði, sem ég tel nauðsynlegt að vekja athygli á þegar í stað. En ég vil síðar í tilefni af ummælum hv. þm. Tómasar Árnasonar koma að því að hæstv. dómsmrh. taldi reynsluna af Framkvæmdastofnuninni hafa verið góða, en eins og hv. þm. Jón Skaftason hefur

vakið athygli á, þá er dómur starfsmanna stofnunarinnar sjálfrar sá að reynslan sé ekki góð og að einmitt pólitískir hagsmunir hafi fengið að ráða of miklu um hvernig áætlunum hefur verið framfylgt og hvernig fé Framkvæmdastofnunarinnar hefur verið varið. Þar hafa pólitískir hagsmunir ráðið meiru en hlutlaust mat á hagkvæmni í viðustu merkingu þess orðs.

Hv. þm. Ingólfur Jónsson, formaður stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar, nánast hældist um yfir því að það væri þingkjörin stjórn sem veitti öll lán stofnunarinnar, hún greiddi atkv. um hverja einustu lánveitingu. Ég minni á þetta í framhaldi af orðum hæstv. dómsmrh. Þeir eru sammála um þetta, virðast vera algjörlega á sömu línu, hæstv. dómsmrh. og hv. 1. þm. Suðurl., að það eigi að vera og geti verið með heilbrigðum hætti í verkahring þm. að veita lán, að greiða atkv. um lánveitingar. Slíkt gengur þvert á skoðun mína í efnahagsmálum og þjóðmálum, á lífsskoðun mína yfir höfuð að tala. Þm. eiga þvert á móti ekki að koma nálægt því að gera upp á milli hagsmuna einstaklinga, félaga, jafnvel sveitarfélaga, að því er ráðstöfun fjár snertir, eins og viðurkennt er með því sjónarmiði að bankastjórar skuli ekki eiga sæti á Alþingi.

Þá langar mig til þess að víkja nokkrum orðum að ræðu hv. þm. Tómasar Árnasonar, sem er annar af tveimur framkvæmdastjórum Framkvæmdastofnunarinnar. Ræða hans var mjög efnisleg og ég held að hann hafi tínt til öll þau atriði, sem yfirleitt mátti tína til varnar Framkvæmdastofnuninni, og gerði það samviskusamlega og myndarlega eins og hans var von og vísa. Ekki tókst honum samt sem áður að gera Framkvæmdastofnunina að þeirri stofnun í huga mínum, sem ég vildi að hún væri. Það tókst honum ekki, enda raunar ekki við að búast þrátt fyrir góða hæfileika til málafylgju. Hann nefndi nokkrum sinnum spillingarbæli í ræðu sinni með þeim hætti að það mátti skiljast þannig að hann væri að andmæla því að stofnunin væri spillingarbæli, en ég hefði haldið því fram. Þeir, sem hlustuðu á ræðu mína og lesa hana yfir í þskj. sjá að ég nefndi aldrei orðið spillingarbæli í ræðu minni um Framkvæmdastofnunina. Slíkt er orðbragð sem ég yfirleitt nota ekki og gerði það ekki heldur þarna. Það, sem hann mun hins vegar hafa átt við, er að ég vék að þeim höfuðrökum sjálfstæðismanna á sínum tíma gegn því að slíkri stofnun yrði komið á fót, gegn kommissarakerfinu, að það byði upp á hættu á spillingu. Hann bað mig — og tvítók það sérstaklega — um að svara hvort ég teldi stofnunina vera spillingarbæli núna. Ég vil ekki nota slík orð eins og þetta. Ég vil ekki heldur ræða einstök lán sem stofnunin hefur veitt, þó að raunar hafi með lofsverðum hætti verið birtar um það opinberar skýrslur. En ég vil ekki láta hjá líða að ganga í kjölfar hv. þm. Jóns Skaftasonar og minna á það hvað áætlanadeild stofnunarinnar sjálfrar hefur sagt um starfsemi hennar. Hún snertir einmitt þetta. Ef ég má — með leyfi hæstv. forseta — lesa aftur örlitinn hluta af því sem hv. þm. Jón Skaftason las í sinni mjög athyglisverðu ræðu á sínum tíma, þá skulum við sjá hvort ástæða er til þess að draga af því einhverjar ályktanir, en ummælin eru svona:

„Er mjög tilviljunum háð hvaða framkvæmdir komi til skipulegs mats eftir árangri eða arðsemi.“ Þetta er það fyrsta. Hér er bent á að það skorti á sem ég var að segja að ætti að ráða í hlutlausri og skynsamlegri hagstjórn stofnunar eins og Framkvæmdastofnunarinnar. Það heldur áfram: „Á það takmarkaða mat, sem lagt er á framkvæmdir, skortir alla samræmingu og samanburð, ekki aðeins milli framkvæmdagreina, heldur einnig innan sömu greina sem þó lúta sameiginlegri yfirstjórn rn. eða annarrar hliðstæðrar stofnunar.“ Og svo segir: „Við þessi skilyrði stefnumótunar og ákvörðunartöku er í reynd mjög treyst á atfylgi og þrýsting atvinnugreina, landshluta“ — taki menn nú vel eftir — það er „mjög treyst á atfylgi og þrýsting atvinnugreina, landshluta og annarra hagsmunaaðila til að fá málum sínum framgengt, einkum fyrir atbeina þm. og annarra áhrifaaðila. Með því móti er að sjálfsögðu engin trygging fyrir að hagstæðustu framkvæmdirnar gangi fyrir.“

Hér segir í sjálfri skýrslu Framkvæmdastofnunarinnar, orðað af embættismönnum hennar, að það, sem ráði úrslitum, sé hvað eftir annað atfylgi og þrýstingur, einkum fyrir atbeina þm. og annarra áhrifaaðila. Ef þessi dómur er réttur, ef það eru slík sjónarmið sem hafa ráðið þótt ekki væri nema einni lánveitingu hjá stofnuninni, hvað þá að þetta hafi verið ráðandi stefna, þá er hér um spillingu að ræða, það hika ég ekki við að segja — þá er hér um spillingu að ræða, og þá á dómurinn ekki við spádóma sjálfstæðismanna frá 1971, heldur er það dómur embættismanna stofnunarinnar eftir að hún hefur starfað í fjögur ár. Slíkt á ekki að eiga sér stað.

Ég held ég láti þess líka getið í þessu sambandi sem einn af þm. stjónarflokkanna sagði við mig í fyrradag varðandi kommissarakerfið og launagreiðslur í Framkvæmdastofnuninni, ég hef ekki haft aðstöðu til að kanna hvort þetta er rétt, en tel upplýsingarnar hins vegar vera þess eðlis að þær eigi erindi hingað inn á Alþ., þannig að úr því fáist skorið, hvort rétt er eða ekki rétt, annaðhvort af hæstv. forsrh. eða af framkvæmdastjórum stofnunarinnar sjálfum. Það var staðhæft við mig og ég vil að það sé staðfest sem rétt eða sem rangt, — ég tek því auðvitað ef það reynist rangt, — að framkvæmdastjórarnir hafi bankastjóralaun, sömu laun og bankastjórar, en um þá gildi ekki sú regla sem gildir almennt um þm. sem gegna störfum í þágu hins opinbera, en sú regla er að þm. fái ekki greitt fyrir annað starf en þingmannsstarfið nema hluta af launum og hafa þá að sjálfsögðu ekki fulla starfsskyldu í því starfi heldur. (Gripið fram í: Hvaða hv. þm. skrökvaði þessu að ræðumanni?) Ég þarf ekki að svara því. Ég spurði, ég flyt spurninguna áfram. En svo sem kunnugt er gilda þær reglur að þm., sem gegna öðru starfi en þingmannsstarfi, fá allt frá 10—60% af launum fyrir starf sitt. Þetta er nauðsynlegt að sé upplýst og fáist alveg á hreint hvort á sér stað eða á sér ekki stað. (Gripið fram í: Á sér ekki stað.) Það var gott. Þá er rétt að það komi í þingtíðindum að það eigi sér ekki stað.

Sá þm., sem sagði mér, sagði þetta áreiðanlega í góðri trú. Ég met hann það mikils að ég efa ekki að hann hafi sagt það algjörlega í góðri trú, og hann sagði það raunar fleirum en mér. Ég sagði: Ég veit ekki um málið og ég óska einmitt eftir því að það sé þá staðfest hér hvað rétt er í þessu og hvað ekki er rétt í þessu, hvaða launareglur gilda og hafa gilt frá byrjun — kannske hefur þessu verið breytt nýlega, — hvernig launareglurnar hafa verið frá því að stofnunin tók til starfa. Ég er að sjálfsögðu eins og allir aðrir reiðubúinn til þess að hafa það sem sannara reynist í þessum efnum. En ég tel ekki rétt að svona ummæli gangi á milli manna í þingsölunum í báðum d. án þess að hv. þm., framkvæmdastjórarnir, sem báðir eiga sæti í Nd., eigi kost á því að leiðrétta þetta. Ég mundi verða manna fegnastur vegna persónulegs kunningsskapar við báða að ummælin væru ekki rétt, en nú skulum við bíða og sjá hvað setur. Nákvæmar verða upplýsingarnar að vera. Það má ekki minna vera.

Þá skal ég víkja nokkrum orðum að ræðu Jóns Skaftasonar sem ég taldi vera mjög athyglisverða. Það var í raun og veru hann sem kom því inn í umr., Tíminn setur þessa fyrirsögn á ræðu hans, með leyfi hæstv. forseta: „Framkvæmdastofnunin hefur hvorki stuðlað að efnahagslegu jafnvægi né áætlunarbúskap. (Gripið fram í). Það hlaut að vera. Þetta er í raun og veru kjarni þess sem við flm. frv. höfum sagt um málið. Þetta hefur verið kjarninn í minni framsöguræðu með málinu, að þetta væri svona, og Jón Skaftason hefur í myndalegri ræðu sinni tekið undir þessi sjónarmið, og það er auðvitað mjög mikilsvert. Ég vil einnig undirstrika það, að hann sagði að á það skorti að stofnunin nyti trausts og að skipulagshyggjan hefði verið eyðilögð með kommissarakerfinu sem stjórnist af hreppapólitík í stað þjóðarhagsmuna. Þetta er enn þá harðari dómur en ég kvað upp í frumræðu minni um málið, en ég tel þetta ekki vera ofmælt hjá hv. þm. Jóni Skaftasyni.

Ég benti á það í upphafi máls míns að það, sem væri sérstaklega athyglisvert við þessar umr., væri það að tveir aðalráðh. ríkisstj., formenn þeirra flokka sem að henni standa, hafi augljóslega ekki verið sammála. En það á líka við um einstaka þm. stjórnarflokkanna beggja. Þess er mér bæði ljúft og skylt að geta að tveir af þm. Sjálfstfl. úr yngri kynslóðinni, þeir Ellert B. Schram og Guðmundur H. Garðarsson, hafa báðir lýst fullkominni andúð við kommissarakerfið. Hins vegar hefur Ingólfur Jónsson hv. þm., eins og er kannske ekki undarlegt sem form. stjórnarinnar, lýst stuðningi sínum við þetta fyrirkomulag, þrátt fyrir allt sem hann áður hefur sagt um málið, og taldi að langbest væri — sagði það nokkurn veginn orðrétt, að sem mestur friður sé um þessa stofnun, og allt hans mál gekk út á það að ekki væri ástæða til neinna breytinga. Áhrifamiklir þm. Framsfl. hafa einnig reynst ósammála í þessu máli. Einn þeirra hefur gagnrýnt stofnunina mjög myndarlega, hv. þm. Jón Skaftason, en þrír hafa risið upp henni til varnar, Tómas Árnason, sem af eðlilegum ástæðum gerir það sem einn af stjórnendum hennar, og Ingvar Gíslason og Páll Pétursson. Ég vek athygli á því að þm. Framsóknar eru ekki heldur sammála um málið og þetta gerir það auðvitað enn athyglisverðara.

Það er eitt atriði í ræðu hv. þm. Ingvars Gíslasonar sem mig langar til að vekja athygli á. Hann sagði að í stefnu okkar, sem erum andvígir kommissarakerfinu, fælist að það væri verið að upphefja embættisvaldið á kostnað stjórnmálavaldsins. Hér er um algeran misskilning að ræða. Okkur, sem fylgjum þeirri skoðun sem ég meðal annarra hef gerst talsmaður fyrir, hefur aldrei dottið annað í hug en að það ætti að vera svo, eins og ég sagði áðan, að æðsta ákvörðunarvald um stefnumótun í efnahagsmálum, um stefnumótun í áætlunargerð ætti að vera í höndum stjórnmálamanna, hins vegar ættu síðan embættismenn að framkvæma ákvarðanir stjórnmálamannanna. Það verður að greina á milli ákvörðunartöku annars vegar og framkvæmda hins vegar. Af þessum sökum hafa í öllum lýðræðisþjóðfélögum alltaf verið til tvenns konar aðilar: stjórnmálamenn annars vegar, sem taka ákvarðanir, og embættismenn hins vegar, sem framkvæma ákvarðanir stjórnmálamanna á hlutlausan og hagkvæman hátt. Það hefur enginn ætlast til þess og getur enginn ætlast til þess að stjórnmálamenn geri hvort tveggja: að taka ákvarðanir og framkvæma þær. Það er þeim ofætlun. Og það hefur aldrei verið í verkahring embættismanna að taka ákvarðanir, heldur að framkvæma ákvarðanir valdhafa eða ákvarðanir stjórnmálamanna.

Við viljum hafa nákvæmlega sama hátt á varðandi Framkvæmdastofnunina og alviðurkenndur er í stjórnarkerfinu að öðru leyti, t. d. við stjórn bankanna, að heildarstefnan í lánamálum sé ákvörðuð af ríkisstj. og Seðlabanka og yfirstjórum ríkisbankanna, en síðan séu það hlutlausir embættismenn og sérfræðingar sem framkvæmi þessar ákvarðanir í einstökum atriðum. Hér byggðust því ummæli hv. þm. Ingvars Gíslasonar á algjörum misskilningi á grundvallaratriðum í stjórnsýslu.

Eitt atriði vil ég, áður en ég lýk máli mínu, nefna í ræðu hv. þm. Páls Pétursonar. Hann sagði — og virtist taka það sem dæmi um ofsavald embættismanna — að það hafi komið fyrir fyrir nokkrum árum að Seðlabankinn hafi ákveðið vaxtahækkun, en viðskrh. sjálfur, Lúðvík Jósepsson, hv. þm., hafi svarið af sér alla ábyrgð, hafi svarið og sárt við lagt að hann hafi ekkert um hana vitað, hann væri á móti henni og réði ekkert við hana. Það er rétt að einhver slík ummæli féllu af hálfu hæstv. þáv. viðskrh. hér á hinu háa Alþ., en mig minnir að ég hafi blandað mér lítillega inn í þær umr. og sagt að þetta gæti ekki verið rétt, þetta gæti með engu móti verið rétt. Ég átti sjálfur þátt í því að semja seðlabankalögin á sínum tíma sem veita Seðlabankanum það vald sem hann hefur. Ég flutti lögin um Seðlabankann á sínum tíma, sem samþ. voru shlj. hér á hinu háa Alþ., svo að mér ætti að vera vel kunnugt um hvað í þeim stendur og hvernig valdaskiptingin er á milli seðlabankastjórnar annars vegar og ríkisstj. hins vegar. Ég fullyrði, eins og mig minnir að ég hafi gert þegar í þeim umr., — ég endurtek hér að gefnu til-

efni, — að það er óhugsandi að Seðlabanki, sem starfar eftir gildandi lögum, og raunar ekki heldur seðlabankar í nágrannalöndunum sem þó búa ekki við eins ný og fullkomin lög og íslenski seðlabankinn gerir, að þeir mundu hækka vextina með þeim hætti sem gert var án samþykkis yfirboðara síns, þ. e. a. s. án samþykkis viðskrh. sem væntanlega mundi þá auðvitað hafa samband við ríkisstj. alla. Það er útilokað að Seðlabankinn taki ákvörðun án samráðs við ríkisstj. um jafnmikilvægt mál og almenn vaxtahækkun í landinu er, og ég fullyrði að það hefur ekki gerst. Ef seðlabankastjórn gengur algerlega í berhögg við þá stefnu, sem ríkisstj. fylgir í efnahagsmálum, veitir seðlabankalöggjöfin ráðh. leyfi til að víkja bankastjórunum frá störfum. Það er tryggingin sem ríkisstj. hefur fyrir því að það er hún sem ráði stefnunni, meginstefnunni, en stjórn Seðlabankans ekki. Hins vegar tekur stjórn Seðlabankans ákvörðun um einstök framkvæmdaratriði, vaxtahlutföll og því um líkt innnan þessara marka, en ákvörðun um breytingu á lánastefnunni tekur Seðlabankinn eða stjórn hans ekki á eigin ábyrgð. Þar fylgir hún auðvitað þeirri reglu sem er grundvöllur í lögunum, að það sé ríkisstj. sem sé stefnumarkandi og Seðlabankinn eigi að framkvæma meginstefnu hennar.

Ég skal svo ljúka máli mínu með því að draga saman í örfáar setningar það sem ég tel vera aðalatriði þessa máls og aðalatriði þeirra umr. sem hér hafa farið fram og meginsjónarmið mitt og þeirra mörgu skoðanabræðra sem reynst hafa hér á Alþ. í þessu mjög svo mikilvæga máli.

Það fyrsta er að Framkvæmdastofnunin var rangt skipulögð frá byrjun. Kommissarakerfið var hættulegt, kommissarakerfið var í eðli sínu rangt, eins og bent var á af hálfu Alþfl. og Sjálfstfl. Þetta er grundvallaratriðið í málinu.

Í öðru lagi tel ég að reynslan af kommissarakerfinu hafi verið slæm og það átt sinn þátt í því að lítið samband var á milli Framkvæmdastofnunarinnar annars vegar og einstakra rn. og ríkisstj. í heild hins vegar. Skýrasta dæmið um það er að aukning togaraflotans, þ. e. a. s. skuttogarakaupin, skuli hafa átt sér stað án þess að Framkvæmdastofnunin hafi komið þar nokkurs staðar nærri. Það er engin áætlun til um endurnýjun togaraflotans af hálfu Framkvæmdastofnunarinnar. Henni var aldrei falið verkið. Hún hafði aldrei frumkvæði í sér til þess að gera þetta verk. Og nú er komið í ljós að hér hafa stjórnvöldum orðið á mjög örlagarík mistök sem eiga eftir að verða þjóðinni dýr á næstu árum og áratugum. Varðandi reynsluna vil ég einnig vitna í þau ummæli áætlanadeildarinnar, sem hv. þm. Jón Skaftason las ítarlega upp úr í ræðu sinni áður og ég vék aðeins að hér á undan. Og í þriðja lagi vil ég nefna, að það hafi engin samræming verið í útlánastefnu bankakerfisins og útlánastefnu Framkvæmdastofnunarinnar, eins og komið hefur fram í opinberum skýrslum, sem t. d. Morgunblaðið birti að minni beiðni í morgun, skýrslum hagfræðideildar Seðlabankans, þar sem kemur í ljós að á fyrstu 9 mánuðum þessa árs hefur bankakerfið dregið saman útlán sín, en Framkvæmdastofnunin hins vegar aukið mjög verulega útlán sín, sérstaklega úr Byggðasjóði, þar sem atkvgr. fer fram í stjórn stofnunarinnar um hvert einstakt lán, að því er Ingólfur Jónsson, hv. þm. form. hennar, segir.

Það þriðja, sem ég tel að þessar umr. hafi með nauðsynlegum hætti leitt í ljós, er að Sjálfstfl., stærsti flokkur landsins, hefur orðið ber að algjörri stefnubreytingu í grundvallarmáli og hefur hegðað sér öðruvísi í valdaaðstöðu valdanna vegna heldur en hann taldi áður rétt að gera, meðan hann var valdalaus, meðan hann var í stjórnarandstöðu. Þegar slíkt gerist, þá er ekki að undra þó að umr. um mál veki mikla athygli.

Það fjórða, sem ég vil nefna, er að þessar umr. hafa tvímælalaust leitt í ljós að það er óeining innan sjálfrar ríkisstj. um hvaða grundvallarstefnu skuli fylgja í því máli sem hér er um að ræða. Sjálfir formenn stjórnarflokkanna tveggja, stærstu flokka landsins, tala þannig að augljóst er að þeir eru ekki sammála um grundvallarstefnuna í málinu. Það hefur líka komið í ljós að stuðningsmenn núv. ríkisstj. hér á hinu háa Alþ. eru ekki á einu máli heldur, þvert á móti deila hart, jafnvel skjóta menn nú skotum hver að öðrum, svo að það er auðséð, að ágreiningurinn er býsna djúpstæður.

Í síðasta lagi vil ég mega vona og tel margt benda til þess að ef þm. greiddu atkv. eftir samvisku sinni um þetta mál, þ.e. með eða móti kommissarakerfinu, þá yrði meiri hl. þm. á móti kommissarakerfinu, eins og er alveg augljóst að yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar er á móti kommissarakerfinu og þeirri hugmyndafræði sem þar liggur til grundvallar, og þeim hugsunarhætti sem það er grundvallað á.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Mér er tjáð að að undanförnu hafi farið fram allmikil umr. um þetta mál sem hér er á dagskrá, Framkvæmdastofnun ríkisins, þar hafi margur þanið skeiðið og ýmsir allvíxlgengir á þeim spretti. Ég kann af skiljanlegum ástæðum lítil skil á umr. þar sem ég hef verið fjarverandi. Ég hugðist kynna mér nokkuð af þeim umr. í gær, en varð þá á að fletta fyrst upp ræðu hv. þm. Sigurlaugar Bjarnadóttur og þar gefur á að líta, að umr. hafi verið „óþinglegar, ábyrgðarlausar, heldur heimskulegar og fram úr máta leiðinlegar“. Ég hef ekki þorað til við þessar bókmenntir síðan ég las þetta. En ég sé að hér hafa langar ræður verið fluttar, bæði af hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasyni, hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni og hv. þm. Ellert B. Schram og ég er að velta því fyrir mér að leggja — (Gripið fram í.) Hvað sagði hann? (Gripið fram í.) Ja, hún gæti átt við fleiri. Ég er að velta því fyrir mér að lesa og glugga í þessi fræði einhvern tíma þegar mér leiðist hvort sem er. En þótt ég sjái ekki ástæðu til þess að hneigja mörgum orðum að málinu, þá fæ ég á því gott færi innan tíðar þegar hæstv. ríkisstj. rís úr sínu bosi og flytur till. um ný lög fyrir Framkvæmdastofnun ríkisins, eins og hún lýsti yfir í stjórnarsamningi við stjórnarmyndun og hæstv. forsrh. hefur endurtekið síðan.

Ég hef enda átt hlut að því að endurskoða núv. lög um Framkvæmdastofnun ríkisins, skila ríkis-

stj. till. um breyt. sem trúnaðarmáli og á því óhægara um vik en ella að ræða málið efnislega í smáatriðum, þar sem ég hlyti þá að teljast vera að brjóta trúnað í því máli sem mér var falið að vinna ásamt þeim hv. þm. Tómasi Árnasyni, *Ingólfi Jónssyni og Steingrími Hermannssyni*. En ég held ég ljóstri ekki upp neinu leyndarmáli þótt ég skýri frá því hér að meðal annarra brtt. sem við gerðum, og það er liðið meira en heilt ár síðan við afhentum hæstv. forsrh. brtt., — meðal annarra brtt. er till. um, að brott úr lögunum séu numin þau ákvæði sem veita hinum svonefndu kommissörum hið sérstæða mikla vald sem að vísu hefur ekki verið notað eftir hljóðan laganna. Við höfum farið í framkvæmdinni eftir því sem við álitum að þetta ætti að vera og sanngjarnt að væri, en ekki eftir orðanna hljóðan, m. a. því, sem segir í lögunum að engir geti borið fram till., hvað þá meira, á stjórnarfundum stofnunarinnar nema hinir svonefndu kommissarar.

Þess vegna er það að ég mun geyma mér að ræða ítarlega um þetta mál sem mönnum er svo tungutamt nú. En það, sem gefur mér einna helst ástæðu til þess að taka til máls nú, eru upplýsingar sem hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason fór fyrst með í útvarpið s. l. föstudagskvöld þar sem hann upplýsti um lánveitingar Byggðasjóðs og Framkvæmdasjóðs. Hv. þm. minntist á það áðan að ekkert samræmi væri í útlánastefnu ríkisbankanna og Framkvæmdastofnunarinnar. Hv. þm. lætur svo sem hann viti ekki hverjir það eru sem taka ákvörðun um það lánsfé sem til reiðu er í þessum tveimur sjóðum. Hv. þm. veit fullvel að það er hið háa Alþ. sem ákvað hvaða fé skyldi vera til ráðstöfunar í Byggðasjóði, og svo láta menn sem þeim sé það allsendis ókunnugt og beina gagnrýni á Framkvæmdastofnunina fyrir að ráðstafa því fé og með þeim hætti að með ódæmum er. Ekki nóg með það að hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason mistúlki þær tölur sem hann er troðinn út með af Seðlabankanum, heldur misles hann greinilega líka. Hann lýsti því yfir í útvarpinu og þykist vera að gera grein fyrir því í Morgunblaðinu í morgun að útlánaaukning Framkvæmdasjóðs hefði numið 104%. Stendur í þessari svokölluðu leiðréttingu hans þetta, með leyfi hæstv. forseta: „Atvinnuvegasjóðir, þ. e. sjóðir sem fá lán hjá Framkvæmdasjóði.“ Og þar er hækkunin 104%. Hverjir eru þeir sjóðir. Það er að sjálfsögðu ekki Framkvæmdasjóður. Þetta eru atvinnuvegasjóðir sem fá lán úr Framkvæmdasjóði, eins og Fiskveiðasjóður, Stofnlánadeild landbúnaðarins, Iðnlánasjóður, Lánasjóður sveitarfélaga og ýmsir smærri sjóðir. Þetta er útlánaaukning þeirra.

Það er í þesssu eins og svo mörgu öðru sem mig hefur undrað á því hvernig á því stendur að aðalgagnrýnendur þessarar stofnunar hafa aldrei lagt lykkju á leið sína til þess að kynna sér málin hjá stofnuninni sjálfri, þar sem við erum vel menntir af embættismönnum sem þeir sjálfsagt mundu trúa, því að ekki mundi ég sérstaklega panta það að sitja fyrir svörum hjá þessum háu herrum. Aldrei verður þeim það úr vegi að leita upplýsinganna, og ef nú hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason væri of finn til þess að leggja leið sína þangað, þótt ekki væri nema slá á þráðinn. Til þess að fá staðfest að gróusögum hefði verið laumað í eyra hans í gær um launakjör þarna, þá gæti hann þó a. m. k. snúið sér til hv. þm. Benedikts Gröndals, form. Alþfl. og stjórnarmanns í Framkvæmdastofnun ríkisins frá upphafi. Hann gæti upplýst hann um allt þetta. Hann gæti upplýst hann um að í fyrra voru lánaðar úr Framkvæmdasjóði 2 160 millj. Hann gæti upplýst hann um að upphaflega var áformað — af ríkisstj. að sjálfsögðu — að útlán hans nú yrðu 3 650 millj. kr., en fyrirsjáanlega verða þau ekki nema 3 250 millj kr. Hækkun úr 2 160 millj. kr. í 3 250 millj eru rétt 50%, enda stendur ekkert í þessu seðlabankaplaggi um að hækkun útlána Framkvæmdasjóðs nemi 104%, heldur að meðaltali útlánaaukning atvinnuvegasjóðanna sem Framkvæmdasjóður lánar til.

Ég sá þetta blað það seint, þessar upplýsingar sem birtast í Morgunblaðinu, að mér vannst ekki tími til þess nákvæmlega að kljúfa niður með hvaða tölur þarna er farið hvað varðar Byggðasjóð. Þó býður mér í grun að þar sé um að ræða að lagðar séu saman allmargar fjárhæðir sem ekki teljast til ráðstöfunarfjár Byggðasjóðs. Öðruvísi getur þetta ekki verið fundið út. (Gripið fram í.) Þessi tala sem segir um hækkun á útlánum Byggðasjóðsins, um 160%. Ég skal reyna að gefa nú strax einhverjar skýringar á því. Túlkun þeirra talna, sem hv. þm. hefur verið troðinn út með af Seðlabankanum, mun verða troðin öfugt ofan í hann og að því er nú unnið inni í hinni frægu stofnun. Hv. þm. Benedikt Gröndal hefði getað fullvissað þennan hv. þm. um að í fyrra voru heildarútlán Byggðasjóðs 661 millj. kr. Nú, 10 mánuði af árinu, hefur verið tekin ákvörðun um réttar 800 millj. kr. í lánveitingum. Þessi hækkun er 21%, sem hagfræðiprófessorinn hlýtur að geta reiknað út sjálfur. Það er ekki von á góðu efnahagsástandi í þjóðfélaginu ef menn koma brautskráðir úr skólum frá mönnum sem fara þann veg með tölur eins og hér ber raun vitni um. (Gripið fram í.) M. a. gæti ég trúað því.

Þetta eru staðreyndir sem hann gat fengið upplýsingar um, hv. þm. rétt eins og hann hefði getað gengið úr skugga um þetta bæði hjá Framkvæmdastofnuninni sjálfri og hv. þm. Benedikt Gröndal, form. Alþfl. Hann hefði getað gengið úr skugga um það þegar í stað og slúðrinu var dælt í hann hér í báðum d. í gær um launakjörin í þessari stofnun að þar var farið með alrangt mál. Hann kaus bara miklu heldur að viðra þetta hér. Það var í stíl þessarar kerlingar sem hv. þm. Tómas Árnason nefndi hér á dögunum, að vísu veit ég ekkert um hvernig klæði fara á henni nú. Þetta er staðreynd sem hann getur fengið staðfesta, teknar hafa verið ákvarðanir um 800 millj. kr. lánveitingar, 661 millj. í fyrra. Það, sem hér er lagt saman, er sjálfsagt um greiðslustöðu sjóðanna. Sjálfsagt eru lagðar við 300 millj. kr., sem voru ekki veittar af Byggðasjóði, heldur hafði Byggðasjóður að nafninu til fyrirgreiðslu með, og 10% lánasjóður vegna nýsmíði fiskiskipa. Hvernig eru þessar 300 millj. tilkomnar? Alþ. ákvað sjálft vegna ráðstöfunar gengishagnaðar að verja 800 millj. kr. til að lána

fyrirtækjum í sjávarútvegi til hinna svonefndu skuldabreytinga. Bankakerfið setti sér þær reglur að því tókst aðeins að skuldbreyta sem svaraði 305 millj. kr. Nokkru var varið við lausn togaraverkfallsins af þessari fjárhæð. Ríkisstj. þótti nauðsyn bera til að standa við hin gefnu loforð um fjárveitingar til skuldbreytinganna og ákvað þess vegna að fara fram á það við Byggðasjóð að hann hefði afgreiðslu á þeim lánum með höndum, 300 millj. kr. Allar þær lánveitingar voru ákveðnar af viðskiptabönkunum. Þær niðurstöður og till., sem niðurstöður voru byggðar á um útlán, voru unnar af viðskiptabönkunum, Útvegsbankanum og Landsbankanum, nær alfarið. Ég held ég muni það rétt, að aðeins eitt útgerðarfyrirtæki, Útgerðarfélag Skagfirðinga, hafi verið á vegum Búnaðarbankans. Tölur höfðu verið þrautkannaðar, en náðu ekki undir skuldbreytingu vegna þeirra ströngu reglna sem skuldbreytinganefnd hafði sett sér og Seðlabankinn hafði yfirstjórn á. Þetta var ekki ráðstöfunarfé Byggðasjóðs, þó að það kunni svo að vera að það sé lagt saman í þessum upplýsingum. Hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason veit betur en ég hversu tölur eru varasamar og þarf að kryfja til mergjar hvað þær í raun og veru þýða.

Þá er til viðbótar þessu 10% nýbyggingar sjóður vegna fiskiskipa. Byggðasjóður hvorki útvegar fé til þess né tekur ákvarðanir um þau lán. Það gerði hæstv. fyrrv. ríkisstj. sem lofaði til viðbótar fyrirgreiðslu Fiskveiðasjóðs og Byggðasjóðs sérstökum lánum í þessu skyni. Þótt hæstv. fyrrv. ríkisstj. tækist ekki að útvega fjármagn til þessara hluta, þá hefur hæstv. núv. ríkisstj. gert það, og ef svo mætti segja er sveitfesti þessa sjóðs í Byggðasjóði. En þetta á ekkert skylt við ráðstöfunarfé hans fremur en þær 300 millj. sem hæstv. ríkisstj. bað Byggðasjóð um formlega að hafa með höndum afgreiðslu á, en engin afstaða tekin til málsins að kalla önnur en sú að veita þessa fyrirgreiðslu.

Spurningin er auðvitað sú, hvort Byggðasjóður er alfarið ábyrgur fyrir þessu láni varðandi skuldbreytinguna. Framkvæmdastofnunin gerði fyrirvara á um það við ríkisstj., að ef til kæmi að hallaðist á vegna þessara lánveitinga, þá hlyti að verða litið svo á að hæstv. ríkisstj. útvegaði fjármagn til þess að standa undir því. En úr þessu fæst skorið þótt síðar verði, enda vil ég nú aðeins rifja upp og það mundi kannske gleðja gömul eyru hv. þm. Jóns Skaftasonar og hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar að upplýsa hér hvernig þessum 300 millj. kr. var varið. Þær runnu allar til viðskiptabankanna eins og þær lögðu sig til þess að bæta stöðu viðkomandi fyrirtækja við bankana, bæta stöðuna vegna þess sjálfsagt að viðskiptabankar þessir hafa verið búnir að lána fyrirtækjunum of mikið, kannske á árinu 1974, enda æddi þá útlánastarfsemi þessara banka upp með ótrúlegum hraða, svo að slík dæmi eiga aldrei eftir að finnast hjá Framkvæmdastofnuninni, um slíka óráðsíu. Af þessum 300 millj. kr. runnu 25.3% til Suðurnesja, langhæst, — og þar með sjá menn sönnun fyrir því að hér var ekki um að tefla útlánastarfsemi á vegum Byggðasjóðs, enda hefði það ekki staðist þar sem útlánastarfsemi hans eftir lögum er með allt öðrum hætti, þótt undantekning hafi verið gerð vegna færanlegra framleiðslutækja eins og fiskiskipa og einnig vegna þess að fiskiskip eru byggð annars staðar á landinu en á þessu svæði fyrir Reykjavík og Reykjanes, — 25.3%, og Reykjavík 15.7% eða þessi kjördæmi 41% af þessum 300 millj. kr. Ég vona að það verði ekki lastað að Byggðasjóður hljóp undir bagga með að afgreiða formlega þessi lán sem koma þá væntanlega þessum sveltu kjördæmum til góða að þessu leyti.

21% aukning er hjá Byggðasjóði. Allt þetta gat hv. þm. gengið úr skugga um ef honum hefði sýnst svo, ef hann hefði ekki viljað halla réttu máli til þess að auka ófræginguna um þessa stofnun. Þetta er alveg augljóst mál.

Það var ótrúlega margt fleira í ræðu hv. þm. sem hefði verið svaravert, en ég fæ til þess, eins og ég segi, miklu betra og eðlilegra tækifæri síðar, þegar hæstv. ríkisstj. flytur frv. sitt til nýrra laga fyrir stofnunina, og ætla þess vegna ekki á þessu stigi að eyða að þessu fleiri orðum. En ég endurtek það og skora á þá hv. þm., sem æða á veggina í gagnrýni sinni á þessari stofnun, að leggja nú lykkju á leið sína í stofnunina og kynna sér af eigin raun starfsemi hennar. Það er öllum opið í stóru og smáu. Þeim verða veittar allar upplýsingar. Framkvæmdastofnunin er ein af örfáum stofnunum sem birtir hvert einasta lán sem á vegum hennar er veitt í ársskýrslum sínum, nafn á öllum lántakendum og allar fjárhæðir. Þetta geta menn allt saman lesið. Það er ekkert það atriði í starfsemi Framkvæmdastofnunarinnar, hvorki varðandi lánveitingar né áætlanagerð eða annað, sem nokkru máli skiptir, sem ekki er meira en sjálfsagt að allir hv. þm. verði upplýstir um.

Tómas Árnason: Hæstv. forseti. Ég ætla fyrst að svara spurningu, sem hv. 9. þm. Reykv. beindi sérstaklega að okkur framkvæmdastjórunum í Framkvæmdastofnuninni varðandi okkar launakjör. Þegar ég var kjörinn alþm. á s.l. sumri var ég framkvæmdastjóri í Framkvæmdastofnuninni og var það raunar ásamt tveimur öðrum mönnum. Þegar það hafði skeð gaf ég þau fyrirmæli í stofnuninni að launakjör mín ættu að hlíta sömu reglum og annarra opinberra starfsmanna, og það hefur verið gert frá þeim degi. Hins vegar að sjálfsögðu voru hinir framkvæmdastjórarnir, sem störfuðu með mér nokkra mánuði, á fullum launum eins og vera ber. Síðan hv. 3. þm. Austurl., Sverrir Hermannsson, tók sæti í framkvæmdaráðinu, hafa að sjálfsögðu sömu reglur gilt um hans launakjör. Þessu vildi ég svara þegar í upphafi ræðu minnar.

Það hefur komið margt fram í þessum umr., sem væri ástæða til að minnast á, en ég mun ekki tína það til, heldur snúa mér að einu alveg ákveðnu atriði sem hefur verið verulega til umr., og það er sá þáttur í ræðu hv. 4. þm. Reykn., sem hv. 9. þm. Reykv. minntist á í ræðu sinni. Ég vil víkja nokkuð að þeim þætti í ræðu hans sem snertir ársskýrslu Framkvæmdastofnunar ríkisins. Þessi ræða hefur verið birt með fyrirsögnum í Tímanum s.l. þriðjudag og

þessi kafli ber fyrirsögnina: „Þeirra eigin dómur.“ Þessi kafli í ræðu hv. 4. þm. Reykn. hefst á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Annað og sennilega veigamesta verkefni Framkvæmdastofnunarinnar er gerð áætlana um þróun þjóðarbúskaparins.“ Hvar stendur það í lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins að Framkvæmdastofnunin eigi að gera áætlun um þróun þjóðarbúskaparins? Við skulum líta á lögin og við skulum líta á þau ákvæði sem um þetta gilda.

Í 7. gr., um áætlanadeildina sérstaklega, segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Áætlanadeild gerir áætlanir um uppbyggingu og þróun mikilvægustu atvinnugreina og um heildarþróun atvinnulífsins.“

Í 9. gr. segir svo: „Deildin gerir áætlanir fyrir rn. og opinberar stofnanir um framkvæmdir ríkisins og aðrar opinberar framkvæmdir eftir því sem um semst“ — m. ö. o. eftir því, hvort ríkisstj. felur Framkvæmdastofnuninni að gera slíkar áætlanir um opinberar framkvæmdir.

Það er því ekki rétt, sem hér kemur fram, að það sé verkefni Framkvæmdastofnunarinnar, nema henni sé falið það, að gera áætlun um þróun þjóðarbúskaparins. Það er miklu viðtækara verkefni en varðandi skyldu áætlanadeildar Framkvæmdastofnunarinnar. En á þessu upphafi er í raun og veru þessi kafli ræðu hv. þm. byggður. Og það vill svo einkennilega til að hann vitnar til ársskýrslu Framkvæmdastofnunarinnar sem var gefin út af stofnuninni sjálfri og ég að sjálfsögðu ber ábyrgð á og framkvæmdaráðið fullkomlega og ég er ekki að skorast undan því, alls ekki. Það vill svo til að túlkun hans á þessum skrifum í skýrslunni er í raun og veru það sem hann er að gangrýna sjálfur. Þessi kafli er tekinn innan úr skýrslunni og hann lýkur ekki að gera grein fyrir því hvernig niðurlag kaflans er í skýrslunni, og það er mikill galli, vegna þess að það skýrir í raun og veru þann misskilning sem um er að ræða í hans ræðu. Skýrsla Framkvæmdastofnunarinnar að þessu leyti til fjallar einmitt um að það er kvartað yfir því að það skuli ekki vera tök á að gera heildstæða áætlun, og þar er átt við einmitt áætlun um þróun þjóðarbúsins, ekki aðeins atvinnulífið í landinu, heldur einnig opinberar framkvæmdir. Þetta er nákvæmlega sama atriðið og ég hef verið að lýsa hér í ræðum mínum og greinum sem ég hef skrifað um Framkvæmdastofnunina, að það sé þörf á því við endurskoðun laganna einmitt að setja ákvæði um gerð sérstakrar fjárfestingaráætlunar, sem sumir hafa kallað þak, setja þak yfir framkvæmdir, gera áætlun til eins árs og jafnvel e. t. v. áætlanir til lengri tíma um heildarframkvæmdir í landinu. Án þess að ég ætli við þetta tækifæri að fara að ræða nánar um þá endurskoðun, sem stendur yfir á löggjöfinni um Framkvæmdastofnunina, og þær till., sem við fjórir þm., sem vorum tilnefndir af hálfu ríkisstj. til þess að gera till. — án þess að ég ætli að ræða sérstaklega um það mál vil ég þó geta þess að það eru einmitt till. af okkar hálfu í þessa átt, í okkar till. sem eru til meðferðar hjá ríkisstj.

Ég tel mjög þýðingarmikið að það verði komið á þeirri skipan að gera sérstaka fjárfestingaráætlun fyrir hvert ár í senn, sem sé byggð á því að ekki sé ráðist í meiri fjárfestingar í heild en framkvæmdageta þjóðarinnar stendur undir og fjármagn. Og ég tel eðlilegt að það séu nokkrar stofnanir sem hafi það verkefni með höndum að vinna þetta verk, þ. á m. Framkvæmdastofnunin, Þjóðhagsstofnunin sem gerir þjóðhagsspá fyrir næsta ár, eins og kunnugt er, eða þjóðhagsáætlun, fjmrn. sem hefur að sjálfsögðu með að gera opinberar framkvæmdir og Seðlabankinn sem kemur við sögu varðandi fjármögnun, lánsfjármögnun til slíkrar fjárfestingaráætlunar. En hún gengur út á það einmitt, greinin eða sá kaflinn sem er í skýrslu Framkvæmdastofnunarinnar og hér hefur verið vitnað til, að það sé þörf á heildstæðri áætlunargerð sem nái einnig yfir opinberar framkvæmdir. Sá hluti skýrslu Framkvæmdastofnunarinnar, sem hv. 4. þm. Reykn. sleppti úr sinni ræðu, er svona, þ. e. framhaldið á eftir punktinum sem hann setti í sína tilvitnun:

„Játa ber að kerfi heildstæðrar áætlunargerðar verður aðeins byggt upp á alllöngum tíma og í samvinnu við fjölmarga hlutaðeigandi aðila og haga verður útfærslu þess af verulegum sveigjanleika og tilliti til lýðræðislegrar málsmeðferðar og sérstakra stjórnvalda hvers málaflokks. En einmitt þess vegna er brýnt að setja starfinu sem fyrst raunhæf markmið og taka það frá upphafi heildstæðum tökum, þótt síðar verði fyllt nánar upp í myndina.“ Og síðan segir: „Þrátt fyrir þá annmarka á aðstöðu áætlunargerðar, sem hér hefur verið að vikið, hefur verulegur árangur náðst í áætlunarstarfinu og verður nú gerð grein fyrir því í nánari atriðum.“

Ég tel miður að túlkun á þessum kafla í skýrslu Framkvæmdastofnunarinnar, sem er gerð á ábyrgð framkvæmdaráðsins, skuli verða á þessa leið og vek athygli á því að þessi kafli skýrslunnar fjallar einmitt um nauðsynina á að gerð verði heildstæð áætlun um þær framkvæmdir sem þjóðarbúið ræðst í í viðtækri merkingu á hverjum tíma. Það þarf svo ekki að eyða að því orðum að það, sem menn meina með gerð fjárfestingaráætlunar, er auðvitað að það sé undirbúningsverk sem síðan verði lagt fyrir ríkisstj., undirbúningsverk unnið til þess að auðvelda ríkisstj. að taka ákvörðun um hvað verði ráðist í miklar framkvæmdir á tilteknu tímabili, og þá jafnframt að leggja mat á það, úrslitamat, hvaða framkvæmdir skuli hafa forgang, því að ef menn hugsa sér að gera slíka áætlun eða setja þak á framkvæmdir, eins og það er orðað af ýmsum, þá fer ekki hjá því að jafnhliða verður að sjálfsögðu að taka ákvarðanir um það, hvað eigi að vera undir þakinu, hvað eigi að vera inni á áætluninni á tilteknum tíma.

Síðan segir hv. 4. þm. Reykn. í sinni ræðu og lýkur sinni ræðu á því, með leyfi hæstv. forseta:

„Almennt talað vil ég segja að því miður hefði reynslan af starfi Framkvæmdastofnunar ríkisins ekki orðið sú sem ýmsir vonuðu í byrj-

un. Það er staðreynd að þótt hverfa hafi átt frá handahófskenndri uppbyggingu atvinnulífs í landinu, eftir að hún komst á fót, og hverfa til skipulegri vinnubragða, þá hefur geisað óðaverðbólga nær allan tímann, m.a. vegna þess að lítil sem engin stjórn hefur verið á heildarframkvæmdum í landinu undanfarin ár."

Ég hef sagt það áður og vil gjarnan endurtaka það hér, að ég held að það sé rétt að íslendingar hafi færst of mikið í fang í einu. Ég er þeirrar skoðunar. Þess vegna einmitt álít ég þörf á að það verði horfið að því skipulagi að gera fjárfestingaráætlun sem miðist við framkvæmdagetu og fjáröflunarmöguleika.

En þegar rætt er um verðbólguna í landinu og einstakar stofnanir, þá fer náttúrlega ekki hjá því og er skylt að geta mjög örlagaríkra atriða sem hafa haft feiknaleg áhrif á verðbólguþróunina hér í landinu, þó að ein af þeim ástæðum sé sú að við höfum færst of mikið í fang í einu. Það verður að minnast á mál eins og t.d. Vestmannaeyjagosið, en Þjóðhagsstofnunin sagði í sínum Þjóðarbúskap árið eftir að Vestmannaeyjagosið hófst að það hefði haft mikil áhrif á þensluna í íslenskum efnahagsmálum. Það verður að minnast á mál eins og olíukreppuna. Ég hef látið rannsaka hvað ársnotkun af olíuvörum, ef undan er skilið flugvélabensín, kostar á árinu 1975 eða um þessar mundir, og gert samanburð á því hvað sama magn hefði kostað árið 1973, og niðurstöðutölurnar eru þessar: Árið 1973 hefði þetta tiltekna magn af olíuvörum kostað 19 millj. 201 þús. Bandaríkjadollara. Sama magn kostar nú á árinu 1975 53 millj. 499 þús dollara, og í íslenskum krónum er mismunurinn nærri því 6 milljarðar. Það kostar nærri því 6 milljörðum meira á þessu ári að kaupa sama magn of olíuvörum og á árinu 1973. Auðvitað fer ekki hjá því að þessi staðreynd hefur haft mjög mikil áhrif á verðbólguþróunina í landinu. Það er vert að geta þess einnig að afleiðingarnar af olíukreppunni, ekki aðeins hækkun á erlendum vörum til landsins, heldur einnig það sem gert hefur verið hér innanlands, hefur haft áhrif í þessum efnum. Menn hafa t.d. hraðað sér meira en áður var í því efni að byggja upp hitaveitur, hagnýta heita vatnið, til þess að minnka innkaup til landsins af olíuvörum. Og menn hafa einnig af þessum ástæðum hraðað meira en áður byggingu stórra raforkuvera í landinu, einnig til þess að tryggja það að við íslendingar verðum ekki eins háðir innflutningi á olíuvörum og áður hefur verið. Það er ekki hægt að ræða þessi málefni án þess að minnast á þessa stóru þætti sem hafa haft mjög mikil áhrif á þróun efnahagsmála í landinu á undanförnum missirum. Það er einnig ástæða til þess að minnast á kjarasamningana í febr. 1974, sem báðir aðilar hafa viðurkennt hreinskilnislega frammi fyrir allri þjóðinni í sjónvarpi að hefðu verið verðbólgusamningar og voru náttúrlega miklu, miklu hærri en efnahagslíf þjóðarinnar fékk risið undir.

Ég er sammála því, sem komið hefur hér fram, að það sé ástæða til að standa að enn meiri heildstæðri áætlunargerð en verið hefur, og það er einmitt það sem átt er við í skýrslu Framkvæmdastofnunarinnar þegar hún ræðir þessi málefni. En það má ekki taka einstaka kafla, eins og hv. 4. þm. Reykn. gerði, og slíta þá úr eðlilegu samhengi og túlka þá síðan á sína vísu.

Það væri ástæða til þess að minnast nokkuð sérstaklega á ræðu hv. 9. þm. Reykv., Gyfa Þ. Gíslasonar. Það kom margt fram í henni sem ég hefði ástæðu til þess að ræða. En með tilliti til þess að vonandi gefst tækifæri til að ræða þessi mál nánar þegar frv. ríkisstj. liggur fyrir hv. Alþ., mun ég aðeins minnast hér á eitt eða tvö atriði.

Ég hlustaði með athygli á það, þegar hv. 9. þm. Reykv. var að ræða um að það hefði verið „prinsip" hjá honum alla tíð að koma í veg fyrir að stjórnmálamenn tækju ákvarðanir um útlán. Ég man ekki betur en að við sætum saman í stjórn Framkvæmdasjóðs Íslands á sínum tíma, og þá var hann í ríkisstj. og mikill valdamaður. Og ég man ekki betur en þar væru samþykktar lánveitingar til einstakra aðila af eintómum stjórnmálamönnum, nema þá kannske helst mér, sem þá var ekki þm. Þar var hv. 9. þm. Reykv. í stjórn, þar var hæstv. fyrrv. forsrh. Jóhann Hafstein, þar var Eysteinn Jónsson, þar var Lúðvík Jósepsson og þarna var samþykkt — (Gripið fram í.) Ekki 20 ár síðan, þetta mun hafa verið 1968. Við skulum minnast á fleira, við skulum minnast á Atvinnujöfnunarsjóðinn. Stjórn Atvinnujöfnunarsjóðs var skipuð stjórnmálamönnum, ég held eintómum stjórnmálamönnum, og ég man ekki til þess að hv. 9. þm. Reykv. hafi gert sérstaka aths. við það á þeim tíma sem hann var valdamaður í landinu að það væri eitthvað sérstakt athugavert við að stjórn Atvinnujöfnunarsjóðs tæki ákvarðanir um útlán sjóðsins. (GÞG: Það gerði ég.) Það kann vel að vera. Ég man ekki til þess, en það kann vel að vera.

Varðandi framkvæmdaráðið sérstaklega og bankastjóra, þá er sá mikli munur á störfum bankastjóra og framkvæmdaráðsmanna að bankastjórarnir ákveða sjálfir útlán. Bankaráð þjóðbankanna koma þar hvergi nærri og hafa ekkert með útlán að gera. Aftur á móti í Framkvæmdastofnun ríkisins eru öll útlán samþykkt og ákveðin af stjórninni, en framkvæmdaráðið hefur tillögurétt. Ég skal viðurkenna það fúslega að það er mikill réttur fólginn í því að hafa tillögurétt, það er alveg rétt. En eigi að síður er þetta staðreynd, að þegar framkvæmdaráðsmenn gera till. eða undirbúa till., þá verða þeir að ganga fyrir stjórnina og leggja þar fram sín mál og gera grein fyrir sínum till. Stjórnarandstöðuflokkar eiga setu í stjórninni og hafa auðvitað tækifæri til þess að koma að gagnrýni og rökum í sambandi við hverja einustu till. um lánveitingu sem þar er borin fram. Á þessu er þess vegna reginmunur varðandi starf framkvæmdaráðsmanna og bankastjóra.

Hv. 3. þm. Austurl. gerði nokkra grein fyrir samanburði á útlánum Byggðasjóðs fyrr og nú. Sá samanburður stafar ákaflega mikið af þessu, að framlög til Byggðasjóðs á þessu ári nema frá ríkinu 860 millj., en hefðu numið að óbreyttu fyrirkomulagi 295 millj., þannig að það er ósköp eðlilegt að útlán Byggðasjóðs séu meiri á þessu

ári en þau voru áður, eftir að hann hefur svo mjög verið styrktur, þannig að það er hæpið að gera samanburð á þessu tvennu án þess að gera því skil.

Varðandi samskipti lánadeildar Framkvæmdastofnunarinnar og viðskiptabankanna vil ég upplýsa að það eru mikil samskipti þar á milli, og í sambandi við lán úr Byggðasjóði fer fram veruleg samræming á þeim útlánum og útlánum annarra fjárfestingarlánasjóða, eins og t. d. Iðnlánasjóðs, Iðnþróunarsjóðs í sumum tilfellum, náttúrlega Fiskveiðasjóðs og Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Það fer fram veruleg samræming á þessari starfsemi í mörgum tilfellum. Sama er að segja um þjóðbankana sjálfa, mikil samvinna, eins og vera ber, á milli þessara stofnana.

Hæstv. forseti. Ég held að ég láti máli mínu lokið, þó að það séu ýmis atriði sem ég hefði vissulega áhuga á að gera frekar að umræðuefni, en fæ e.t.v. færi á að gera það síðar.

Umr. frestað.

Efri deild, 12. fundur.

Fimmtudaginn 6. nóv., kl. 2 miðdegis.

Réttindi og skyldur hjóna, frv. (þskj. 49). — 1. umr.

Flm. **(Halldór Blöndal)**: Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 49 að flytja frv. til l. um breyt. á l. um réttindi og skyldur hjóna. Í frv. er gert ráð fyrir að 2. tölul. 23. gr. laga um réttindi og skyldur hjóna umorðist á þann veg að því sé slegið föstu að arfur, hvort sem hann er skylduarfur eða ekki, skuli vera séreign. En fram að þessu hefur verið ákveðið að arfur hvort heldur er skylduarfur eða ekki, sé hjúskapareign þess hjóna er erfir. Ástæðan fyrir því, að þessu frv. er hreyft, er sú að skilnaðir hafa farið mjög í vöxt og það hefur valdið því að minni hyggju að löggjafinn verður að taka til endurskoðunar þau ákvæði sem gilda um eignaframlag hjóna.

Ég hafði upphaflega hugsað mér að hafa frv. á þann veg að einnig skyldi vera séreign þær eignir sem hvort hjóna kæmi með inn í hjónaband, en féll frá því að athuguðu máli þar sem ég taldi að sú lagabreyting, sem ég hér legg til, sé meira virði.

Ég vil taka fram að samkv. núgildandi lögum er heimilt hvort heldur er í erfðaskrá eða í kaupmála að gera ráð fyrir því að arfur sé séreign, en ekki sameign hjóna. Reynslan hefur hins vegar sýnt að slík ákvæði, hvort sem eru í kaupmála eða erfðaskrá, eru mjög viðkvæm í augum fjölda fólks og því þykir sem með slíkum ákvæðum sé verið að varpa rýrð á alvöru sem sé á bak við stofnun hjúskapar. Þetta getur því valdið tortryggni eða sársauka í hjónaböndum, og ég veit dæmi þess að af slíkum ástæðum hefur niðurstaðan orðið sú að ekki hefur verið stofnað til séreignar af þessu tagi þótt fullur vilji hafi verið til þess af hálfu annars aðilans.

Ég legg áherslu á það, eins og hv. þdm. er kunnugt, að í venjulegu hjónabandi og undir venjulegum kringumstæðum skiptir að sjálfsögðu ekki máli hvort um séreign eða sameign er að ræða. Það hefur í flestum tilfellum eða yfirgnæfandi tilfellum engin áhrif á hjónabönd, hvorki til góðs né ills, heldur eru ákvarðanir um miklar eignatilfærslur teknar af hjónum báðum og um það ríkir samkomulag þeirra í milli. Þetta ákvæði er því í raun og veru því aðeins raunhæft að til hjónaskilnaðar komi, og ég held að það sé góð regla að hvor hafi sitt þegar menn slíta samvistir.

Eins og hv. þdm. er kunnugt er þessi löggjöf nú í endurskoðun á vegum Norðurlanda og íslensku fulltrúarnir í þeirri samræmingarnefnd hafa lagt fram till. sínar um hjúskaparlöggjöfina. Það hefur hins vegar dregist úr hömlu að þessi n. í heild skili áliti og af þeim sökum tel ég að ekki megi dragast lengur að þetta ákvæði sé tekið inn í lög. Ég tel a.m.k. nauðsynlegt að þetta mál fái skoðun og hið háa Alþ. geri sér grein fyrir hver sé stefna þess í þessum *málum*.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa um þetta fleiri orð. Sú breyting sem hér er lögð til, er afskaplega einföld. Hún er að vísu mjög mikilsverð og ég vil því leyfa mér að leggja til að frv. verði vísað til hv. allshn. og til skoðunar þeim aðilum sem þetta mál snertir, og þá fyrst og fremst þeirri samræmingarnefnd, sem fjallar um samræmingu á þessu sviði réttar meðal Norðurlandanna.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Fasteignasala, frv. (þskj. 50). — 1. umr.

Flm. **(Halldór Blöndal)**: Herra forseti. Í Tímanum hinn 1. sept. 1974 segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Svindl og brask í fasteignaviðskiptum fer ört vaxandi. Lögfræðingar oft við slíkt riðnir, segir Gísli Guðmundsson rannsóknarlögreglumaður.“ Þetta er fyrirsögn þessa. Síðan er haft eftir þessum rannsóknarlögreglumanni í dagblaðinu, með leyfi hæstv. forseta: „Það er greinilegt að brask í sambandi við fasteignamál fer mjög vaxandi. Fólk á í mörgum tilfellum erfitt með að ná rétti sínum vegna þess að samningarnir, sem það hefur gert, standast ekki þegar á reynir. Sagði Gísli að fjöldi fólks stæði í miklum vandræðum vegna þess arna og bæði tími og fé færi í að ná sjálfsögðum rétti sínum. Menn eru oft búnir að festa sér t. d. íbúð og jafnvel oft á tíðum búnir að greiða svo og svo mörg hundruð þús. króna inn á eignina þegar allt í einu kemur upp úr kafinu að gerðir samningar eru ógildir, oftast vegna þess að seljandinn hefur ekki staðið í skilum við fyrri eigendur, og þá standa menn oftast uppi varnarlausir. Sagði Gísli að í flestum tilfellum væri því um að kenna að menn

telfdu á tæpasta vað við húsakaup og gætu síðan ekki staðið við gerða samninga.“ Síðan segir með leyfi hæstv. forseta: „Það alvarlegasta við þessi mál er samt það að lögfræðingar virðast oft með í ráðum, og ég vil halda því fram að lögfræðingar beri mikla ábyrgð í sambandi við þessi mál. Það er ansi hart að menn sem hafa menntað sig til þess að gæta laga og réttar, skuli leyfa sér slíkt og jafnvel standa vörð um þessa hluti. Það er enn fremur ansi hart þegar hinn almenni borgari getur ekki lengur reitt sig á þessa þjónustu sem lögfræðiskrifstofa veitir. Það er furðulegt að fullkomlega eðlilegir samningar gerðir á lögfræðiskrifstofu og í viðurvist löglærðra manna skuli ekki standast þegar á reynir. Hvert á fólk að leita þegar menn úr stétt, sem á að vera á varðbergi um réttindi einstaklingsins, gera sig seka um atferli sem þetta?“ spurði Gísli að lokum.

Þessi ummæli rannsóknarlögreglumannsins Gísla Guðmundssonar ollu að sjálfsögðu miklum fjaðrafyt á sínum tíma, því að þessi mál voru tekin til athugunar bæði innan Lögmannafélagsins og eins innan dómsmrn.

Eftir að þessi frétt birtist í Tímanum birtist greinargerð frá Lögmannafélagi Íslands þar sem svo segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Lögmannafélag Íslands hefur lagt á það áherslu að þeim firmum og einstaklingum, er auglýsa fasteignir til sölu, væri veitt aðhald í starfi þeirra. Sama á við um þá er selja skip og bifreiðar. Rituð hafa verið af félagsins hálfu á liðnum árum erindi til réttra stjórnvalda um þessi efni án sýnilegs árangurs að því er eftirlit varðar. Þó er rétt að fram komi að gefnu tilefni að kæra stjórnar Lögmannafélags Íslands á hendur ólöglegum fasteignasölum á árinu 1971 bar þann árangur að ríkissaksóknari fól dómsmrn. athugun málsins og rn. síðan einstökum lögreglustjórum og er þeim athugunum víðast hvar lokið. Má vænta þess að rn. hefði aðhald og gefi fyrirmæli um að raunverulegir ábyrgir rétthafar til fasteignasölu gangi frá samningum um sölu fasteigna, en ekki réttindalausir menn eða tilkvaddir ihlaupamenn þótt þeir réttindi hafi.“

Enn fremur segir í þessari skýrslu, með leyfi hæstv. forseta:

„Slæleg framkvæmd laga og eftirlitsleysi hafa valdið því að til lögmanna leita oft á tíðum aðilar með illa gerða samninga er þeir hafa að mestu sjálfir gert eða réttindalausir fasteignasalar, eftir að allt var komið í óefni, og biðja ásjár. Þannig er í raun og veru málinu algerlega snúið við í margnefndu blaðaviðtali.

Mjög hefur verið rætt um það í stjórn Lögmannafélags Íslands af ofannefndu tilefni að gefa út almenna aðvörun til einstaklinga, er standa í veigamiklum viðskiptum, svo sem fasteignakaupum eða sölu, að láta sig ekki muna um það að láta lögmann, sem hlutaðeigandi hefur ástæðu til að treysta og fella sig við af kunnugleik eða orðspori, líta yfir samninginn áður en undirritað er, enda tíðka margir það hérlendis þó að fleiri láti það ógert. Slíkt getur sparað mikið fé og fyrirhöfn.“

Eins og þessi ummæli bera með sér hefur það mjög farið í vöxt að mjög illa og slælega sé frá fasteignaviðskiptum gengið. Og þess finnast dæmi og það fleiri en eitt, að þegar menn hafa síðan leitað til dómstóla til þess að fá rétt sinn og koma ábyrgð á hendur þeim mönnum sem fasteignaviðskiptin hafa annast, þá hefur verið allt á huldu með það hver raunverulega beri ábyrgðina og hvort í raun og veru viðkomandi fasteignasalar hafi fullnægt ákvæðum laga um fasteignasölu.

Ég skal ekki fara út í þann þátt málsins, en það frv., sem ég hef lagt hér fram, lýtur að því að gera fasteignaviðskipti öruggari með því eins og segir í frvgr., að skylt sé „að geta þess í öllum skjölum varðandi fasteignakaup, svo sem kauptilboðum, kaupsamningum, skuldabréfum og afsölum, hver hafi samið skjöl þessi. Enn fremur skulu þeir, sem fasteignaviðskipti annast, geta nafns síns í auglýsingum, eins þótt viðskiptin séu rekin í nafni skrásetts firma.“ Það eru þessi firmu sem hafa valdið miklu óöryggi í þessum viðskiptum. Við sjáum daglega í blöðum auglýsingar um fasteignaviðskipti, og að sjálfsögðu telur maður sér trú um eða heldur að óreyndu að öll þessi firmu séu lögleg og hafi raunverulega forstöðumann sem hafi fengið leyfi til slíkra viðskipta samkv. l. nr. 45 1938. Ef hins vegar skyggnst er á bak við þetta, þá kemur í ljós að þeir menn, sem leppa þessi firmu, koma oft á tíðum mjög lítið nærri rekstrinum og það jafnvel svo að í mörgum tilfellum er þarna um opinbera embættismenn að ræða og jafnvel dómara í háum embættum sem eru leppar fyrir slíkt firma og gera því í raun og veru mögulegt að reka þessi viðskipti.

Ég álít að viðskiptahættir af þessu tagi séu óheilbrigðir og það sé skylda hins háa Alþ. að stemma stigu við þessu og stuðla að því að lög um fasteignasölu nái tilgangi sínum. Og ég held að einfaldasta leiðin í því sambandi sé að skylda þá, sem slík viðskipti annast, til að merkja sér þau skjöl sem fara um hendur viðkomandi fasteignasala eða fasteignafirma. Með þeim hætti er auðvelt að koma lögum yfir viðkomandi aðila.

Ég vil enn fremur í þessu sambandi rökstyðja þessa frvgr. með því að vitna til þess að á aðalfundi Lögmannafélags Íslands hinn 11. apríl s. l. var samþ. svo hljóðandi breyting á Codex eticus lögmanna, — með leyfi hæstv. forseta: „Við 15. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi: „Lögmanni, sem ber ábyrgð á samningsgerð og öðrum skyldum samkv. lögum um fasteignasölu, er rétt og skylt að láta nafns sín getið á skjölum og í auglýsingum þeirrar fasteignasölu sem rekin er á ábyrgð hans, enda er honum óheimilt að reka fasteignasölu utan þess staðar þar sem hann hefur starfsstofu.“ Þetta er Codex eticus Lögmannafélagsins, og ég álít að það eigi að skylda einnig aðra menn, sem þessi viðskipti annast, til þess að taka þessa reglu upp.

Hér er ekki um það að ræða að vera að tryggja eða veita neinum einstaklingum í þjóðfélaginu forgangsaðstöðu til þessara viðskipta. Hér er verið að reyna að tryggja almenningi, hinum venjulega borgara, grunlausa borgara, að hann geti átt fasteignaviðskipti og að þeir menn sem með sérstöku leyfi ríkisvaldsins reka slíka fasteignasölu, verði látnir sæta fullri ábyrgð ef þeir ganga ekki tryggilega frá þessum plöggum.

Síðari hluti þessa frv. lýtur að því, að ákvæði laga um fasteignasölu skuli einnig ná til kaupa og sölu skráningarskyldra skipa, sbr. 1. gr. laga um skráningu skipa, nr. 53 1970. Tilefni þess, að lagt er til að þessi frvgr. verði tekin inn í lögin, er að fram undir þetta hefur það almennt verið talið að skipaviðskipti skuli hlíta lögum um fasteignasölu. Ég get í því efni m.a. vísað til bréfs Lögmannafélags Íslands til dómsmrn., þar sem segir svo m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn Lögmannafélags Íslands leyfir sér að gefnu tilefni að leita álits hins háa rn. á eftirfarandi: 1) Hvort eigi, megi eða beri að skilja 1. gr. l. nr. 47 frá 11. júní 1938, um fasteignasölu, þannig að skip falli undir hugtakið fasteignir. Tilefni fyrirspurnarinnar er þetta: Á síðari árum hafa allmargir menn stofnað fyrirtæki hér í bæ í því skyni að hafa að atvinnu skipasölu og fjölgar þeim stöðugt. Margir þessara manna uppfylla eigi þau skilyrði sem greind lög setja fyrir því að þeir megi stunda fasteignasölu. Að vísu er í lögum um fasteignasölu aðeins talað um fasteignir og skip þar hvergi nefnd. Stjórn Lögmannafélags Íslands lítur þó svo á að eðlilegast sé að fasteignasölulögin nái einnig til skipasölu, enda gilda á ýmsum sviðum íslensks réttar sömu reglur um fasteignir og skip. Verð skipa er oftið geysihátt og í mörgum tilfellum margfallt verð jafnvel stærstu fasteigna. Þegar af þessum ástæðum er nauðsynlegt að sölu skipa annist eigi aðrir en hinir færustu menn eða þeir sem löggjafinn hefur talið hæfa til að annast sölu fasteigna.“

Það var samkv. ábendingum formanns Lögmannafélags Íslands Páls S. Pálssonar hrl. sem ég bætti þessari gr. við, og ég vil vekja athygli hv. þdm. á því að það hefur fallið dómur fyrir því í Hafnarfirði að skipasala falli ekki undir þessi lög, þvert ofan í það sem hingað hefur verið talið. Þannig segir þar í dómsorðum: „Dómurinn ályktar, að þar sem ákvæði 1. gr. l. nr. 47 1938, um fasteignasölu, sé undantekning frá grundvallarreglu, sem fram komi í 69. gr. stjórnarskrár, nr. 33 frá 1944, sé ekki fært að ályktа frá fyrrnefnda ákvæðinu með lögjöfnun um skipasölu.“ En í þessu máli hafði stefnandi sagst hafa stundað skipasölu í 14 ár og ekki telja að skipasala sé háð leyfi.

Það er að sjálfsögðu augljóst að verð skipa er orðið það hátt að það er með öllu óhugsandi að slík viðskipti geti farið fram eftirlitslaust af opinberri hálfu og án sérstakrar löggjafar. Hvort tveggja er, að þarna er oft um verðmæti að tefla sem skipta hundruðum millj. kr., og einnig hitt, að gerð slíkra samninga er mjög vandasöm og reynir á mörg atriði við slíka samningsgerð.

Ég hef orðið var við það að sumir þeir, sem slík viðskipti annast, hafa blygðunarlaust og heimildarlaust hvatt báða aðila til eignatilfærslu sem skiptir hundruðum þús. kr. án þess að fyrir því sé nokkur stoð í lögum og án þess að fyrir því sé nokkur réttarvenja sem réttlæti slíkt.

Ég held þess vegna að það sé nauðsynlegt að hið háa Alþ. slái því nú föstu að slík viðskipti megi ekki aðrir annast en þeir sem hafi heimild til fasteignasölu, fasteignaviðskipta, til þess að draga úr öllum vafa um þessi efni og til þess að hnekkja þeim dómi sem ég hef hér vitnað til, en að vísu hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar. Þetta er málið nr. 54 1971, Halldór Halldórsson gegn Magnúsi Magnússyni og Hafnabergi hf., 10. sept. 1974. Endurrit úr dómabók Hafnarfjarðar þar sem þessi dómur er rakinn.

Ég vil svo að síðustu aðeins segja það, að ég hafði haft hug á því að flytja einnig frv. um löggjöf um bílasölu. Það er nú komið svo að verð á bílum hefur farið mjög vaxandi og ég hygg að það fari yfir 10 millj. kr. þegar um stærstu bifreiðar er að ræða. Eins og ástandið er nú í þessum efnum, þá er ekki einu sinni krafist venjulegs verslunarleyfis til þess að menn geti annast slíka verslun. Ég álít að það þurfi einnig að taka til athugunar hvort ekki sé rétt að setja lög um bifreiðasölu. Það er hins vegar þar í svo margt að líta að ég treysti mér ekki til þess að ganga frá frv. að þeim lögum nú þegar ég hef setið á þingi sem varamaður þessa daga. Ég mun hins vegar hreyfa því máli síðar ef engin hreyfing kemst á það mál á næstu mánuðum.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að óska þess að þessu frv. verði vísað til hv. allshn. og tel eðlilegt jafnframt að leitað sé frekari gagna hjá Lögmannafélagi Íslands um þessi mál.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 14. fundur.

Fimmtudaginn 6. nóv., kl. 2 miðdegis.

Ríkisreikningurinn 1973, frv. (þskj. 36). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1973 liggur hér fyrir á þskj. 36. Einnig hefur verið lagt fram frv. til fjáraukalaga vegna sama árs og verður gerð sérstök grein fyrir því í Sþ.

Aðalyfirlit A-hluta ríkisreiknings fyrir árið 1973 var afhent þm. vorið 1974 og ríkisreikningurinn í heild með sundurliðuðum yfirlitum A-hlutans og öllum yfirlitum B-hlutans frágenginn af hálfu ríkisbókhaldsins til meðferðar hjá yfirskoðunarmönnum Alþ. afhentur þm. í okt. 1974. Yfirskoðunarmenn gerðu fyrirspurnir í 7 liðum og birtu auk þeirra yfirlit um viðskipti embætta við ríkissjóð samkv. bókhaldi ríkisbókhaldsins fyrir árið 1973 með hliðstæðum hætti og áður hefur verið gert. Svör við þeim fyrirspurnum telja yfirskoðunarmenn ýmist fullnægjandi eða rétt að viðkomandi atriði verði til athugunar. Till. sínum skiluðu yfirskoðunarmenn í maímánuði s.l. og vannst því ekki tími til þá að taka reikninginn til meðferðar hér á Alþ., en honum var hins vegar

dreift meðal þm. Ég leyfi mér að vísa í aths. og till. yfirskoðunarmanna í ríkisreikningi og tel ekki ástæðu að svo stöddu til að gera sérstaka grein fyrir þeim.

Við 1. umr. fjárlagafrv. fyrir árið 1975 gerði ég grein fyrir afkomu ríkisjsóðs á árinu 1973 samkv. ríkisreikningi og lagði jafnframt fram grg. ríkisbókhaldsins þar um. Með fyrrnefndu frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1973 verður gerð grein fyrir helstu frávikum reikningsins og fjárlagaársins 1973 og því ekki ástæða til þess að rekja efni þess frv. að öðru leyti en því, að geta stærstu liða A-hluta ríkisreikningsins.

Ég vil vekja athygli á tveimur meginreglum við uppgjör A-hluta ríkisreikningsins samkv. núgildandi lögum, nr. 52 frá 1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, eins og ég reyndar gerði einnig við afgreiðslu ríkisreiknings fyrir árið 1972 fyrr á þessu ári. Önnur er sú, að álagðar tekjur og áfallin gjöld eru lögð til grundvallar við uppgjör rekstrarreikningsins, en ekki greiðsluhreyfing þessara liða, þ. e. innheimta tekna og útgreiðsla gjalda. Af því leiðir að í efnisyfirliti eru óinnheimtar tekjur meðal eignarliða og ógreiddar gjaldskuldbindingar meðal skuldaliða. Hin meginreglan er sú, að fjárfestingarútgjöld A-hlutans eru talin með gjöldum þess árs þegar til þeirra er stofnað, en þeim ekki dreift með afskriftum á þann árafjölda sem gert er ráð fyrir að fjárfestingin endist, eins og gildir um uppgjör fyrirtækja og sjóða ríkisins í B-hluta reikningsins.

Heildarniðurstaða rekstrarreiknings A-hluta ríkisreiknings fyrir árið 1973 var sú að gjöld námu 252 millj. 987 þús. kr. umfram tekjur. Gjöld rekstrarreiknings námu 25 milljörðum 129 millj. 413 þús. kr. Tekjur námu 24 milljörðum 876 millj. 426 þús. kr. Endurmatsjöfnuður var hagstæður um 28 millj. og 900 þús. kr. Samtala jafnaðarrekstrar og endurmatsreikninga var því óhagstæð um 224 millj. 87 þús. kr. og samsvarar aukningu skuldaliða umfram aukningu eignaliða í efnahagsreikningi án efnislegra fjármuna. Sú breyting kom fram í vergri stöðu sjóðs og óbundinna bankareikninga í ársbyrjun um 615 millj. 794 þús. kr., en um 301 millj. 96 þús. kr. að meðtöldum lánahreyfingum við Seðlabankann. Bætt staða annarra greiðslujafnaðarliða nam nettó 756 millj. 17 þús. kr. Í þeirri fjárhæð kemur fram aukning óinnheimts tekju- og eignarskatts um 471 millj. og 6 þús. kr. og söluskatts um 216 millj. 452 þús. kr. Á móti þessum greiðslujafnaðarliðum kemur lánajöfnuður. Hann fól í sér hækkun hlutabréfaeignar og stofnfjárframlaga um 52 millj. og 291 þús. kr. og skuldaaukningu vegna nýrra lántaka umfram afborganir og hreyfingu veittra lána um 731 millj. 299 þús. kr., ef áðurgreindur lánajöfnuður við Seðlabankann er talinn með greiðslujöfnuði.

Um það bil helming gjalda ríkisreiknings má rekja til þriggja þátta: Í fyrsta lagi framlög til Tryggingastofnunar ríkisins og Atvinnuleysistryggingasjóðs að fjárhæð 8 milljarðar 95 millj. 315 þús. kr. og eru þá markaðar tekjur meðtaldar, að fjárhæð 729 millj. 379 þús. kr. Í öðru lagi niðurgreiðslur á vöruverði 2 milljarðar 142 millj. 48 þús. kr. auk uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir 518 millj. 340 þús. kr. eða samtals 2 milljarðar 660 millj. 388 þús. kr. Í þriðja lagi gjöld til vegamála 2 milljarðar 112 millj. kr. Þessir þrír þættir námu samtals 12 milljörðum 867 millj. 703 þús. kr. eða 51.2% af gjöldum A-hlutans. Gjöld skóla- og fræðslumála, er falla undir menntmrn., auk bændaskólanna námu 3 milljörðum 826 millj. 460 þús. kr. eða um 15% heildargjalda. Þessir 4 þættir námu því 2/3 hlutum gjalda A-hluta ríkisreiknings fyrir árið 1973.

Þrír stærstu liðir tekna á árinu 1973 voru almenn aðflutningsgjöld 6 milljarðar 328 millj. 139 þús. kr., söluskattur 5 milljarðar 715 millj. 793 þús. kr. og tekjuskattur 5 milljarðar 333 millj. 316 þús. kr., eða samtals 17 milljarðar 377 millj. 248 þús. kr., sem svarar til um 70% heildartekna A-hluta ríkisreikningsins árið 1973.

Ég mun ekki gera nánari grein fyrir niðurstöðutölum ríkisreiknings fyrir árið 1973. Fráviki reiknings og fjárlaga mun gerð grein fyrir við umr. um fjáraukalög í Sþ., eins og ég gat um áðan.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Orkulög, frv. (þskj. 14). — 1. umr.

Flm. (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Frv. þetta um breyt. á orkulögum er samið að frumkvæði Magnúsar Kjartanssonar fyrrv. orkumálaráðh. Það var upphaflega flutt sem stjfrv. í marsmánuði 1973. Haustið 1973 var það einnig flutt sem stjórnarfrv., en náði í hvorugt skiptið að hljóta afgreiðslu hér á hv. Alþ. Það var síðan flutt sem þingmannafrv. í fyrra, en dagaði þá einnig uppi. Nú er þetta frv. enn lagt fram. Að þessu sinni var það lagt fram í upphafi þings og mæla öll rök og öll sanngirni með því að það hljóti nú afgreiðslu á þann hátt að vilji Alþ. í þessu veigamikla máli komi berlega í ljós.

Frv. þetta hefur að geyma nokkrar grundvallarbreyt. á ákvæðum gildandi orkulaga um jarðhita. Fjalla þær um skilgreiningu hans um yfirráða- og hagnýtingarrétt. Jarðhitasvæðum er í frv. þessu skipt í tvo flokka, í lághitasvæði og háhitasvæði. Með hliðsjón af þeirri skiptingu hefur frv. manna á meðal verið kallað háhitafrv. Lághitasvæðin samkv. skilgreiningu þessa frv. einkennast yfirleitt af vatnsmiklum laugum og sjóðandi hverum og eru einkum á láglendi. Hins vegar eru háhitasvæði, sem einkennast af gufuaugum og leirhverum. Við boranir í öll þau háhitasvæði, sem hingað til hafa verið könnuð, hefur fundist yfir 200 stiga hiti á minna en 1000 m dýpi, og efnarannsóknir á öðrum háhitasvæðum benda eindregið til að þar megi vænta sömu niðurstöðu. Með hliðsjón af þessu er skilgreining háhitasvæðanna ákveðin. Það telst háhitasvæði samkv. frv. ef innan þess

finnst 200 stiga hiti ofan 1000 m dýpis. Samkv. þeirri vitneskju, sem nú liggur fyrir, er talið að nýtanlegt varmaafl á Íslandi skiptist þannig milli lághita- og háhitasvæða að orka lághitasvæðanna sé um 10%, en háhitasvæðanna um 90% af nýtanlegri varmaorku á Íslandi.

Kort það, sem fylgir þessu frv., gefur góða hugmynd um legu háhitasvæðanna. Þau er eingöngu að finna í gosbeltum sem liggja yfir landið frá suðvestri til norðausturs og eru hluti af jarðsprungubelti Norður-Atlantshafshryggjarins. Lághitasvæðin eru hins vegar í eldri bergmyndunum utan gosbeltanna. Á kortinu, sem er á bls. 6—7 í grg. frv., eru merkt inn þau háhitasvæði sem kunnugt er um nú í dag svo og aðrir þeir staðir sem líklegt er talið að háhiti leynist undir. Þekkt háhitasvæði eru Reykjanes, Svartsengi, Krýsuvík, Brennisteinsfjöll, Hengill, Geysir, Kerlingarfjöll, Hveravellir, Torfajökull, Vonarskarð, Grímsvötn, Kverkfjöll, Askja, Fremri-námur, Námafjall, Krafla og Þeistareykir. Líkleg háhitasvæði eru að mati sérfræðinga Prestahnúkur, Mýrdalsjökull, Tindfjallajökull, Blautakvísl, Nauthagi, Kaldakvísl og Hrúthálsar. Auk þess er talið mjög líklegt að finnast muni fleiri háhitasvæði innan þeirra gosbelta sem mörkuð eru á kortinu.

Eins og upptalning þessi ber með sér eru flest háhitasvæðin eða öll hátt yfir sjó og heitt djúpvatn þeirra nær óvíða til yfirborðs, a.m.k. að neinu ráði. Á tveimur þekktum háhitasvæðum einungis, Reykjanesi og Svartsengi, er djúpvatnið sjór, en annars staðar ósalt grunnvatn. Nauðsynlegt er að hafa það í huga að hvert háhitasvæði er sjálfstætt rennsliskerfi og getur vinnsla á einum stað raskað rennslinu á öðrum stöðum innan sama háhitasvæðis. Þegar af þessari ástæðu er mjög mikilvægt að vinnsla jarðhita á hverju svæði sé í höndum eins aðila, en ekki margra.

Telja má fullvíst að á næstu árum og áratugum verði háhitasvæðin fyrst og fremst nýtt til hitaveitu og raforkuvinnslu í þéttbýli svo og til raforkuvinnslu handa orkufrekum iðnaði. Slík nýting yrði ekki með neinum eðlilegum eða æskilegum hætti í höndum einstaklinga, heldur yrði hún fyrst og fremst í höndum ríkis og sveitarfélaga. Varmavinnsla á háhitasvæðum er stórum erfiðari en vinnsla lághita. Vegna gufuþrýstings og mikils magns uppleystra efna í háhitavatni krefst virkjun þess vandaðs og viðamikils borholuútbúnaðar, flókins tækjabúnaðar og mikillar tækniþekkingar. Af þessum sökum er nýting varma frá háhitasvæðum svo vandasöm og svo mikið fyrirtæki að einstaklingar hafa ekki sóst eftir henni. Til þess að hægt sé að nýta þessar miklu orkulindir þarf undir öllum kringumstæðum að framkvæma umfangsmiklar og oft mjög dýrar rannsóknarboranir og tilraunir, og þetta eru tilraunir og rannsóknir sem eru þess eðlis að þær hafa lent og hljóta að lenda á opinberum aðilum. Það er ríkið eða sveitarfélögin e.t.v. í samvinnu við ríkið sem framkvæma slíkar rannsóknir og boranir, það eru þessir aðilar sem standa straum af þeim fjárhagslega. En þá kemur upp vandamál sem verður æ brýnna að leysa með friðsamlegri löggjöf þar sem grundvöllurinn hlýtur að vera almannaheill. Þar er um að ræða eignar- eða öllu heldur umráðarétt jarðhitans á háhitasvæðunum. Á þessi orka háhitasvæðanna, sem unnin er að loknum rannsóknum og með borunum djúpt í jörðu, kostuðum einvörðungu af almannafé, að vera eign þjóðarheildarinnar eða á hún að vera eign einhverra einstaklinga, landeigenda, sem engu kosta til og engin tök hafa yfirleitt á að hagnýta auðæfin sem þarna eru fólgin langt undir yfirborði?

Megintilgangur þessa frv. er sá að kveða nánar á en gert er í gildandi lögum um eignar- og hagnýtingarrétt jarðhita. Hér er tekið mjög mikið tillit til þeirra sem eiga eignarrétt á landi, þar sem svo er ákveðið að allur jarðhiti á lághitasvæðum svo og hverir og annar yfirborðsjarðhiti á háhitasvæðum sé háður einstaklingseignarrétti landeigenda. Það er einungis annar jarðhiti á háhitasvæðum, sá jarðhiti sem bora þarf til með ærnum kostnaði og fyrirhöfn, sem ætlast er til samkv. frv. að verði almannaeign. Hér er að mínu viti og að ég hygg fleiri flm. þessa frv. gengið svo langt í átt til sjónarmiða þeirra sem vernda vilja eignarrétt einstaklingsins sem nokkur sanngirni leyfir. Við flm. teljum hins vegar þjóðhagslega nauðsynlegt að binda það í löggjöf að öðrum aðilum en ríkinu eða þeim, sem ríkið heimilar, verði óheimilt að bora eftir jarðhita á háhitasvæðum eða hagnýta hann.

Í núv. mynd frv. er sveitarfélögum, sem keypt hafa lönd til vinnslu jarðhita á háhitasvæðum, tryggður réttur til slíkrar hagnýtingar áfram um langt árabil ef þau óska þess. Einnig er sveitarfélögum og samtökum þeirra tryggður endurgjaldslaus hagnýtingarréttur háhitasvæða í eigu ríkisins í nágrenni sveitarfélaganna eftir því sem best samræmist grundvallarsjónarmiði frv., því grundvallarsjónarmiði að tryggja hagnýtingu jarðhitans í almannaþágu.

Þegar fyrrv. iðnrh. Magnús Kjartansson mælti fyrir þessu frv. fyrst er það var lagt hér fram árið 1973 komst hann m.a. svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er ljóst að það er þjóðarheill fyrir bestu að hin mikla orka, sem bundin er í háhitasvæðum, verði nýtt á skipulegan hátt, en ekki látin ónotuð eins og verið hefur að mestu fram til þessa. Nýting háhitaorkunnar telst ekki til þeirra nota af landi sem heyra til venjulegrar hagnýtingar á einkarétti yfir fasteignum. Verðmæti hennar í jörðu hafa ekki orðið til fyrir mannlega starfsemi. Landeigendur almennt hafa hvorki yfir að ráða þeirri tæknilegu þekkingu né tækjabúnaði sem þarf til víðtækra rannsókna á háhitasvæðunum til borunar og til vinnslu jarðhitans. Þar sem niðurstöður slíkra rannsókna hljóta ávallt að vera óvissar er þess ekki að vænta að einstakir landeigendur hætti fé sínu til slíkra rannsókna. Nýting jarðhita á hverju einstöku háhitasvæði þarf að lúta stjórn eins aðila, þar sem skipulagslausar boranir í sama svæði af hálfu fleiri aðila mundu leiða til óþarfrar sóunar verðmæta og árekstra, þar sem síðari boranir gætu raskað vinnslu jarðhita úr borholum sem áður hafa verið boraðar vegna þess að þarna er um að ræða samfellt kerfi. Af þessum ástæðum er frv. þetta flutt.

Að svo miklu leyti sem landeigandi verður fyrir takmörkunum á eignarrétti sínum á landi vegna borana og vinnslu jarðhita á háhitasvæði ber honum að sjálfsögðu fullar bætur fyrir.“

Á þeim tæpum 3 árum sem liðin eru síðan fyrrv. iðnrh. mælti þessi orð og fleiri fyrir frv. hygg ég að reynslan hafi alveg nógsamlega sannað að frv. var ekki að ófyrirsynju samið og flutt. Hið stórhækkaða olíuverð gerir það nú víða alveg sjálfsagðan hlut og raunar knýjandi nauðsyn að jarðvarmi verði fljótt og svo víða sem við verður komið hagnýttur til upphitunar og annarra nota í almannaþágu. Því má tvímælalaust gera ráð fyrir að spurningin um eignar- og yfirráðarétt jarðvarmans á háhitasvæðum djúpt í iðrum jarðar brenni á vörum æ fleiri manna og við þeirri spurningu verði að fást óyggjandi svar hver eigi þarna að ráða og ákveða um virkjanir.

Eitt mál af þessu tagi er þegar orðið stórmál, svo stórt mál að ég sé ekki betur en að það hafi þegar valdið íbúum þeirra sveitarfélaga, sem hlut eiga að máli, gífurlegu tjóni, ekki aðeins tjóni sem skiptir tugum millj. kr., heldur að öllum líkindum hundruðum millj. Það leiðir af þeim drætti sem orðið hefur á því að hefja framkvæmdir. Þar sem kjördæmi mitt á hér í hlut og ég þekki nokkuð til þessa máls tel ég rétt að rekja það, fremur stuttlega þó. Hér er einnig um að ræða mjög ljóst dæmi þess hverju við má búast og það í auknum mæli á næstu árum ef skorður verða ekki við reistar og það heldur fyrr en seinna.

Alllangt er síðan Suðurnesjabúar tóku að ræða um þann möguleika að hagnýta eitthvað af hinum miklu jarðvarma á Reykjanesskaga til hitaveitu fyrir kaupstaði og þorp þar syðra. Síðla árs árið 1971 hófst Orkustofnun handa um tilraunaboranir í Svartsengi í námunda Grindavíkur og var þá einkum haft í huga að virkja þar fyrir Grindavík eina. Vatnsmagn og hitastig reyndist hvort tveggja hið ákjósanlegasta á þessum stað, en vatnið, sem úr borholunni kom, var salt, u. þ. b. ⅔ af seltu sjávar. Var þá þegar sýnt, að varmaskiptastöðvar væru óhjákvæmilegar. Hins vegar benti margt til þess að á þessu háhitasvæði væri um svo mikinn jarðvarma að ræða að nægja mundi fyrir alla þéttbýlisstaði á Suðurnesjum. Rannsóknum var síðan haldið áfram og í janúarmánuði 1973 birti Orkustofnun mjög fróðlega skýrslu sem bar nafnið „Varmaveita frá Svartsengi, frumáætlun um varmaveitu til þéttbýlis á Suðurnesjum.“ Sumarið 1973 var rannsóknum fram haldið og tvær holur boraðar þarna til viðbótar við þær tilraunaholur sem áður höfðu verið boraðar. Voru þessar miklu dýpri en hinar fyrri, eða 1500 og 1700 m djúpar. Þessi borun var gerð með mjög góðum árangri og leit nú vissulega vel út með hitaveitumál suðurnesjamanna. Haustið 1973 stofnuðu sveitarfélög á Suðurnesjum með sér samstarfsnefnd og vann hún síðan ötullega að framgangi þessa máls eða undirbúningi þess í samvinnu við fulltrúa iðn.- og fjmrn. Haustið 1974 eða fyrir rúmu ári lágu síðan fyrir áætlanir og till. um hitaveitu á Suðurnesjum og virtist jafnt tæknilegur sem formlegur og jafnvel fjárhagslegur undirbúningur hafa haldist það vel í hendur að útlitið var satt að segja mjög glæsilegt í fyrrahaust. Hitaveita á Suðurnesjum virtist alveg á næsta leiti.

Snemma í desembermánuði s. l. eða fyrir tæpu ári lagði svo hæstv. núv. iðnrh. Gunnar Thoroddsen fram hér á Alþ. frv. til l. um Hitaveitu Suðurnesja. Efni frv. var í megindráttum það að ríkissjóður og 7 sveitarfélög á Suðurnesjum, þ. e. a. s. öll sveitarfélögin þar, stofna hitaveitufyrirtæki sem nefnist Hitaveita Suðurnesja. Eignarhluti ríkisins er 40%, en eignarhlutdeild sveitarfélaga 60%, skiptist innbyrðis í hlutfalli við íbúatölu. Þetta frv. hlaut alveg sérlega góðar undirtektir hér á hv. Alþ. Allir þm. Reykn., þ. e. a. s. Reyknesingakórinn sem sumir hv. alþm. hafa stundum verið að nefna, fögnuðu þessu frv. alveg sérstaklega og þeir lögðu á það áherslu að hér væri um að ræða brýnasta hagsmunamál þessara bygðarlaga sem þarna ættu hlut að máli, — byggðarlaga þar sem búa fleiri menn en í hverju um sig af 4 kjördæmum landsins. Og við þm. Reykn. lögðum á það áherslu að þetta frv. þyrfti að verða að lögum sem allra fyrst svo að hægt yrði að hefjast handa um framkvæmdir. Það stóð heldur ekkert á því, að Alþ. samþ. þetta frv. Allir hv. alþm. voru boðnir og búnir til þess að greiða götu þess og það varð að lögum með mjög skjótum hætti þegar fyrir síðustu jól.

Nú var umsvifalaust skipað í stjórn hins nýja fyrirtækis. Þangað völdust 5 mætir menn, 2 fulltrúar ríkisins og 3 fulltrúar þeirra bæjar- og sveitarfélaga sem hlut eiga að máli, þ. e. a. s. bæjar- og sveitarstjórnarmenn, ágætir menn þarna sunnan að. Menn voru einhuga um að nú yrði að hafa hraðar hendur og láta þetta verk ganga rösklega því að það skipti miklu máli að það kæmist fljótlega í gagnið. Olíuverð er, eins og allir vita, enn geysihátt og engar líkur til að það lækki með skjótum hætti. Kostnaður allur við mannvirkjagerð hækkar óðfluga. Það var þess vegna vilji bæði stjórnar þessa nýja fyrirtækis og þá ekki síður allra suðurnesjabúa að nú kæmist fullur skriður á framkvæmdir og ég held, að menn hafi verið mjög vongóðir um það um síðustu áramót.

Samkvæmt þeirri grg., sem lögð var fram á Alþ. í desembermánuði, þegar frv. um Hitaveitu Suðurnesja var flutt, var áætlað að allt þetta verk, þ. e. a. s. lagning hitaveitu um öll Suðurnes, tæki 3 eða í hæsta lagi 4 ár, þ. e. a. s. að framkvæmdum yrði lokið að mestu á þremur árum og að öllu leyti á 4 árum. Auðvelt var, að því er menn töldu, að skipta þessu verki í áfanga. Á fyrsta ári, þ. e. því ári sem nú er senn liðið í aldanna skaut, skyldi jarðhitasvæðið sjálft virkjað, lagðar aðveituæðar til Grindavíkur og Njarðvíkur og hluti dreifikerfa í Grindavík, Njarðvík og Keflavík. Á öðru ári, þ. e. a. s. árinu 1976, skyldi lokið við dreifikerfi á þessum stöðum og lagðar aðveituæðar að Sandgerði og Gerðum og hluti af dreifikerfum þar. Á þriðja ári átti síðan að leggja aðveituæð að Vogum, koma upp dreifikerfi þar að hluta og ljúka við dreifikerfi í Sandgerði og Garði. Á fjórða ári átti síðan að ljúka verkinu að fullu.

En þegar hér er komið sögu fer því miður

heldur að þyngjast róðurinn í þessu mikla hagsmunamáli suðurnesjabúa. Menn vissu að vísu áður en hér var komið sögu að Svartsengi, þar sem tilraunaboranirnar höfðu farið fram, þar sem ætlunin var að virkja, var ekki í eigu hins opinbera, hvorki ríkis né sveitarfélaga, heldur var það í eigu nokkurra einstaklinga. En það var eins og fáir tryðu því að þetta yrði teljandi vandamál þrátt fyrir þessa staðreynd, þar sem um svo augljósan almannahag væri að ræða að hægt yrði að nota orkuna sem þarna leyndist í iðrum jarðar. Grindavíkurhraun, illt yfirferðar, úfið og grátt, hafði fram að þeim tíma þótt heldur lítt verðmæt eign og vart seljanlegt, nema þá í þeim tilvikum þegar sérkenni þess voru komin á málverk eftir Kjarval. Engum hafði raunar dottið annað í hug en að eigendur fengju greitt hóflegt verð fyrir landssvæðið sem þarna var um að ræða og þyrfti að nota í sambandi við virkjunina, t. d. í samræmi við það sem almennt er greitt á Suðurnesjum fyrir land undir byggingar, en það hefur gjarnan verið 50—100 kr. fyrir fermetrann síðustu 1—3 árin. Með tilliti til þess, að landeigendur áttu flestir að njóta hitaveitu eins og aðrir suðurnesjamenn og sumir þeirra voru raunar og eru fulltrúar í sveitarstjórnum og þar með trúnaðarmenn almennings, þótti mörgum enn þá ólíklegra en ella að eignaraðildin á hraunspildunni þarna gæti orðið tiltakanlegt vandamál í sambandi við þetta stóra hagsmunamál. Aðrir höfðu að vísu bent á þann möguleika að þarna gæti komið upp vandamál og höfðu lagt á það áherslu, ekki síst í sambandi við flutning þessa máls og flutning brtt. við frv. um Hitaveitu Suðurnesja, að rétt væri með lögum að ganga þannig frá þessum málum að til árekstra eða erfiðleika þyrfti ekki að koma. En það fannst ráðamönnum ekki nauðsynlegt. Þeir hafa vafalaust talið að þessi mál hlytu að leysast með góðu samkomulagi við landeigendur. En þetta hefur farið nokkuð á aðra lund. Skyndilega virtist svo sem hraunspildan í Svartsengi væri orðin ákaflega verðmætt land, geysilega verðmætt, trúlega einn verðmætasti skikinn á öllu Íslandi. Það var um það bil sem frv. þetta var orðið að lögum sem svona var breytt orðið. Landeigendur réðu til sín lögspekinga, fleiri en einn, og eftir það var ekki að sökum að spyrja. Nú var ekki aðeins um það að ræða að landeigendur fengju eðlilegar bætur fyrir landið þar sem virkjað yrði. Þeirra eign skyldi nú teljast orkan djúpt í iðrum jarðar. Hún skyldi nú jafnvel metin með hliðsjón af olíuverði, að því er sumir sögðu. Landeigendur Svartsengis voru sem sagt skv. þessum kokkabókum orðnir eins konar olíufurstar. Menn, sem ekkert höfðu lagt að mörkum til að ná orkunni og ætluðu ekkert að leggja fram til að virkja hana, töldu nú sjálfsagt að þeir græddu ótaldar fjárfúlgur á því að leyfa náðarsamlegast að hún yrði nýtt í almennings þágu.

Ég skal nú gera nokkuð langa og heldur leiðinlega sögu stutta. Eftir árangurslaust þóf og langdregna samningafundi við landeigendur og eftir umr. um að rétt væri að hefja tilraunaboranir í landi ríkisins, sem er skammt frá Svartsengi, í Eldvörpum, þá mun það hafa gerst einhvern tíma núna s. l. sumar að stjórn Hitaveitu Suðurnesja og eigendur Svartsengis gerðu með sér samkomulag þess efnis, sem nú skal greina:

Skipaðir skyldu matsmenn til að meta til verðs land- og hitaréttindi þau sem þarna var um að ræða. Þetta mat yrði síðan lagt fyrir aðila, sem hvorugur er bundinn af matinu, og hefðu þeir síðan einn mánuð til að ákveða hvort þeir vildu hlíta þessu mati. Grindavík mun hafa sérstöðu að því leyti, að varðandi orku, sem hún þarf, er matsgerðin bindandi.

Ég veit ekki betur en að þessir matsmenn sitji nú á rökstólum og velti fyrir sér því vandamáli hvernig eigi að meta orkuna djúpt í jörðu niðri til verðs þeim einstaklingum til handa sem eiga landið þarna yfir. Þeir geta varla talist öfundsverðir af þessu verkefni sínu, jafnvel þótt sú hæpna regla kunni að gilda í þessu tilviki, sem ég veit nú ekkert um, að þóknun til matsmannanna komi til með að standa í réttu hlutfalli við matsupphæðina.

Þegar samningatilraunir stjórnar Hitaveitu Suðurnesja og landeigenda strönduðu síðla vors eða snemma sumars, — ég nota það orð að þær hafi strandað, — þá var fullyrt að mikið bæri á milli. Því hefur verið fleygt, og það hefur heldur slælega verið borið til baka, að hitaveitustjórnin hafi gefið í skyn að 70—80 millj. kr. kynnu að verða boðnar fyrir réttindin, en á hinn bóginn hafi lögmenn jarðhitafurstanna helst ekki nefnt lægri tölur en svo sem 800 millj. þegar öll kurl kæmu til grafar, en það væri svo sem 75 þús. kr. skattur á hvert mannsbarn á Suðurnesjum. Ég skal taka það fram að þetta eru þær sögur sem hafa gengið um Suðurnes og verið birtar jafnvel á prenti þar í blaði sem gefið er út á Suðurnesjum. Þær hafa gengið fjöllunum hærra og þeim hefur ekki verið mótmælt í rauninni á þann hátt, sem fullt mark er á takandi. Og nú sitja menn og bíða, að því er ég best veit, þeir bíða eftir umsögn eða dómsorði gerðardóms sem þó er í rauninni ekkert dómsorð þar sem hvorugur aðili er skuldbundinn til að hlíta úrskurði dómsins.

Framvinda þessa máls er því í fullkominni óvissu. Heilt ár er senn liðið í þjark og þóf sem enginn veit hvenær lýkur, og enginn veit í rauninni hver endalokin verða. Hitt er ljóst, að með hverju missiri og raunar má segja með hverjum mánuði sem þannig líður í aðgerðaleysi tapa suðurnesjabúar miklum verðmætum og það á tvennan hátt. Þeir tapa verðmætum í þeim mikla olíukostnaði, sem þeir verða að greiða, og þeir tapa einnig verðmætum í stórhækkuðum kostnaði við virkjun og við lagningu hitaveitukerfis. Þetta er augljóst. Mér er um það kunnugt að þolinmæði Suðurnesjabúa er nú mjög á þrotum í sambandi við þetta mál. Ég hygg að allur þorri þeirra sé kominn á þá skoðun að eðlilegasta og hreinlegasta lausn þessa deilumáls, sem tafið hefur Hitaveitu Suðurnesja nú þegar í nærri heilt ár, sé samþykkt þess frv. til breyt. á orkulögum sem hér er nú til umr.

Ég hef dvalið nokkuð við ákveðið dæmi í sambandi við háhitamálin, þ. e. a. s. við hita-

veitumál Suðurnesja. Ég hef gert það vegna þess að þetta mál er alveg nýtt af nálinni og það er mjög í sviðsljósinu um þessar mundir. Ég hef einnig gert það vegna þess að þetta er býsna stórt mál og það sýnir ákaflega ljóst í hvert öngþveiti virkjunarmál hitaorkunnar geta komist, í hvert öngþveiti þau munu komast, ef ekki verða reistar við rammar skorður. Deilan um hitaréttindi á Suðurnesjum verður ekki eða tæplega eina deilan við landeigendur sem upp kemur á næstunni ef löggjafarvaldið lætur undir höfuð leggjast að tryggja almannahag á þessu sviði. Þetta er að sjálfsögðu, eins og ég hef margsagt, ekkert smámál fyrir suðurnesjamenn, hversu lengi það dregst að hefja framkvæmdir í þessu hagsmunamáli þeirra. Hér eiga í hlut á tólfta þús. manns sem búsettir eru í þessum sveitarfélögum, þ.e.a.s. íbúarnir þarna, sem bíða hitaveitu, eru fleiri en í hverju einu af eftirtöldum fjórum kjördæmum landsins: Vesturlandskjördæmi, Vestfjarðakjördæmi, Norðurlandskjördæmi vestra eða Austfjarðakjördæmi, en mig minnir að íbúar í þessum kjördæmum séu yfirleitt um 10 þús. og kannske 11 þús. í Vesturlandskjördæmi. Hér er því ekki um neina litla hluti að ræða.

Herra forseti. Það frv., sem ég hef nú mælt hér fyrir, fjallar um afar mikilvægt mál. Það er um það að ræða, hvort auðæfi hitaorkunnar, sem fólgin eru djúpt í iðrum jarðar og ekki verða nýtt nema með frumkvæði hins opinbera komi til, hvort þessi auðæfi skuli teljast eign og þar með gróðalind tiltekinna einstaklinga eða hvort þessi eign sé þjóðareign og verði hagnýtt í almannaþágu. Hið fyrra, að hér sé um að ræða eign einstaklinga, striðir að mínu viti gegn réttlætiskennd flestra manna og það viðurkennir löggjafinn með því og e.t.v. með því einu að lögfesta slíkt frv. sem þetta.

Ég óska þess svo, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. iðnn.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég mun ekki fara mjög mörgum orðum um þetta frv. nú við 1. umr., enda hefur svo margt verið sagt á undanförnum þingum um málið þar sem það hefur verið flutt þrisvar eða fjórum sinnum áður. Aldrei hefur þó í raun reynt á það hvort meiri hl. er hér á hv. Alþ. fyrir þessu frv., þótt það hafi bæði verið flutt sem stjfrv. á vinstristjórnarárunum og síðar sem þmfrv. Í umr. á síðasta þingi fullyrti hins vegar hv. þm. Magnús Kjartansson að meiri hluti væri í þinginu. Ég held að þar hafi verið um vafasama fullyrðingu að ræða, þó ekki sé meira sagt. Það kann vel að vera að um tíma hafi meiri hl. hv. þm. hneigst til fylgis við frv., en það er ástæða til að ætla að eftir því sem menn kynna sér málið betur og sjái í gegnum hinn mikla áróður og rangfærslur sem hafðar hafa verið frammi af einstökum fylgjendum þessa máls, þá sjái þeir í fyrsta lagi að engin nauðsyn er á að samþ. frv., og það sem meira máli skiptir, ef svo yrði gert, þá færi Alþ. út á mjög varhugaverða braut. Ég skal koma að því nánar síðar.

Eins og allir vita er meginefni þessa frv. það sem segir í 2. málsgr. 1. gr.:

„Ríkið á allan rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita á háhitasvæðum og uppleystra efna og gastegunda sem háhitavatni og gufu fylgja, þó með takmörkunum sem í lögum þessum greinir."

Háhitasvæði telst skv. frv. ef innan tiltekins svæðis finnst 200 gráðu hiti ofan 100 m dýpis. Ríkið eigi þar sem sagt allan rétt til umráða og hagnýtingar, og í grg. segir um þetta atriði:

„Með lögum þessum eru eignarrétti einstaklinga sett tiltekin almenn takmörk, án þess að bætur komi fyrir o. s. frv.

Rökstuðningur fyrir þessu ákvæði er nokkuð þokukenndur, svo að ekki sé meira sagt. Í grg. er löngu máli varið til að telja upp og rekja afstöðu löggjafans til eignarréttar yfir jarðhita, bæði hér á landi og í Danmörku. Einnig er minnst á frv. Bjarna Benediktssonar frá 1945 þar sem lagt var til að fá skyldi leyfi ráðh. ef bora ætti lengra niður en 10 m eftir heitu vatni. Svo er sagt í grg., að með frv. þessu sé ekki gengið „svo langt í almennri takmörkun á eignarrétti á jarðhita sem í frv. dr. Bjarna Benediktssonar."

Svona röksemdafærsla er vægast sagt furðuleg. Frv. dr. Bjarna er flutt þegar tæknin við jarðboranir er á algjöru frumstigi hér á landi, og það sem meira er, frv. dr. Bjarna gerði ekki ráð fyrir að menn væru sviptir eignum sínum bótalaust, eins og þetta frv. ætlast til. Svo leyfa flm. sér að segja að frv. þetta gangi skemmra í almennum takmörkunum á eignarétti.

hitaorkunnar teljist ekki til þeirra nota af landi sem heyri til venjulegrar hagnýtingar á eignar-

Þá eru þau rök einnig notuð að nýting hárétti yfir fasteignum og einstökum landeigendum muni verða fjárhagslega ofviða að rannsaka eða virkja slíkan jarðhita. Það er að sjálfsögðu rétt að hér er ekki um venjulega hagnýtingu á eignarréttindum að ræða í þess orðs fyllstu merkingu, einfaldlega vegna þess að slík eignarréttindi eru ekki í höndum margra einstaklinga, en einkum vegna þess að af tæknilegum ástæðum hefur það ekki verið venjulegt til þessa eða daglegt brauð að jarðhiti háhitasvæðanna hafi verið nýttur, hvorki af einstaklingum né hinu opinbera. Svo má gjarnan spyrja: Hvenær er svo komið að um venjulega hagnýtingu á eignarrétti yfir tilteknum fasteignum er að ræða? Menn hafa getað átt fasteignir svo að áratugum skiptir án þess að hafa nýtt þær, einfaldlega vegna þess að það var þeim ekki tæknilega mögulegt eða ekki hagkvæmt eða þá að ekki var markaður fyrir þau gæði sem um var að ræða. Þrátt fyrir það hafa slík réttindi lotið reglum eignarréttarins og yfirfærst frá manni til manns gegnum aldirnar. Hvað er langt síðan farið var að sá í sandana og hafa þannig af þeim mikinn arð í stað þess að áður höfðu menn aðeins af þeim skaða? Hvað er langt síðan bændur fóru að ræsa fram votlendið og fá þannig aukinn arð af því landi sínu? Hvað með nýtingu sand- og malarnáma um allt land? Hvað skyldu margar námur vera ónýttar enn í dag, en koma til með að verða nýttar síðar? Svona mætti sjálfsagt lengi spyrja.

Það, sem kalla má venjulega hagnýtingu tiltekinna eignarréttinda, er því nokkuð teygjanlegt, og það að einstaklingar hafa ekki getað nýtt rétt sinn til þessa skapar ríkinu engan

rétt til að leysa slík eignarréttindi til sín án bóta. Þá er það ósannað mál að einstaklingum væri fjárhagslega um megn að rannsaka og virkja jarðhita á háhitasvæðum. Hvað kostar rannsókn og virkjun á slíkum svæðum? Hafa hv. flm. einhverja ákveðna gjaldskrá yfir þennan kostnað? Ég fullyrði að ef menn fengju að vera í friði fyrir ríkinu með sín réttindi, þá gætu þeir fjárhagslega séð ráðist í slíkar virkjanir. Það er hins vegar eðlilegt og sjálfsagt að ríkið hafi á sínum vegum vísindamennina sem kanni aðstæður á hverju líklegu svæði, en þeir, sem ætla að virkja, greiði fyrir þá þjónustu sem þannig er veitt. Hvers vegna ætti þetta ekki að vera hægt? Einstaklingar eða samtök þeirra, félög, ráðast í fjárfestingar, sem nema hundruðum millj. kr., eins og t. d. í útgerð, svo að ég nefni dæmi. Ég veit hins vegar vel að það eru uppi raddir, a. m. k. meðal félaga sumra hv. flm., að þjóðnýta útgerðina sem og fleira í þessu þjóðfélagi. En vegna þessa alls, telja hv. flm. að nauðsynlegt sé að tryggja með lögum að jarðhiti á háhitasvæðum verði nýttur á þjóðhagslega hagkvæman hátt, eins og þeir nefna það. Það hafa engin rök verið færð fram í máli þessu sem gera þessa lagasetningu nauðsynlega til þess að virkjað verði á þjóðhagslega hagkvæman hátt. Það er í grundvallaratriðum rangt að ekki geti verið um þjóðhagslega hagkvæma framkvæmd verks að ræða nema ríkið sé með nefið niðri í hvers manns kirnu. Þess vegna er þetta ákvæði frv. óþarft.

Ég er andvígur því að ríkið slái með löggjöf sem þessari eign sinni á tiltekin réttindi manna. Hér skiptir ekki máli hvort um er að ræða tiltekin náttúrugæði. Það gengur ekki að Alþ. rjúki til og svipti menn eignum sínum bótalaust, aðeins ef lyktar af því að einstaklingar kunni að fá einhvern arð af landi sínu, arð sem þeir gátu ekki áður notið. Gósentímar eignarréttarins eru að vísu löngu liðnir, virðing fyrir einstaklingsbundnum réttindum fer þverrandi og auðvelt er að tala til hins fjölmenna hóps í þjóðfélaginu, sem ekki ræður yfir öðru landi en því, sem hús hans stendur á, og smáskika umhverfis það. Það er til þessa hóps sem hv. flm. þessa frv. tala í von um kjörfylgi. Þeir hafa ekki sannað að samþykkt frv. sé þjóðfélagsleg eða lagaleg nauðsyn, enda er ekki um slíkt að ræða.

Það hefur verið látið að því liggja að tafir hafi orðið á virkjunarframkvæmdum í Svartsengi vegna þess að réttindi þar eru í eigu einstaklinga. Hv. 1. flm. talaði um þetta áðan og sagði að eitt mál væri þegar orðið stórmál og það ylli íbúa viðkomandi svæðis tjóni sem næmi tugum ef ekki hundruðum millj. kr., þeir hefðu sem sagt orðið fyrir þessu tjóni vegna þess að Svartsengi er í eigu einstaklinga. Ég kemst ekki hjá því að leiðrétta nokkuð af því sem hv. flm. sagði. Þó að ég telji ekki aðalatriði þessa frv. snúast um Svartsengi, þá er það vissulega mál sem er í gangi og varðar þetta.

Flm. rakti sögu Hitaveitu Suðurnesja réttilega og ég hef engu þar raunverulega við að bæta. Haustið 1974 lágu fyrir niðurstöður áætlana, eins og fram kom, og frv. um Hitaveitu Suðurnesja var samþ. hér á síðasta haustþingi og lögin gengu í gildi um síðustu áramót. En hv. 1. flm. eyddi löngu máli í að skýra út að þegar kom fram á árið 1975 fór róðurinn að þyngjast fyrir Hitaveitunni, eins og hann orðaði það, og hann sagði einnig að tafir hefðu nú orðið á framkvæmd verksins í nærri heilt ár. Hér er mjög hallað réttu máli og ég bið hv. flm. að taka eftir því, ég fullyrði að það hafi alls engar tafir orðið á framkvæmdum við Hitaveitu Suðurnesja, alls engar tafir til þessa, vegna þess að Svartsengi sé í eigu einstaklinga. Ég er hér með í höndunum ljósrit af bréfi frá Orkustofnun til Hitaveitu Suðurnesja. Þetta bréf er dags. 31. okt. s. l. og það hefst á þessum orðum:

„Hér er mynd af örvalínuriti sem sýnir till. Orkustofnunar um hvernig staðið skuli að framkvæmdum við byggingu varmaskiptistöðvar í Svartsengi fyrir hitaveitu í Grindavík."

Þetta bréf er sagt dags. 31. okt. Það er enn verið að fást við ýmis tæknileg atriði sem varða Hitaveitu Suðurnesja, og það er fyrst og fremst af tæknilegum ástæðum sem þetta verk er ekki komið lengra en raun ber vitni. Ég vil þó að það komi skýrt fram að framkvæmdir eru þegar hafnar á vegum Hitaveitu Suðurnesja. Þær hófust raunverulega með útboði dreifikerfisins fyrir Grindavík, en dreifikerfið var boðið út 3. sept. s. l.

Þá var rætt hér nokkuð um þau verðmæti sem eigendur Svartsengis teldu sig eiga þarna og hv. 1. flm. sagði, hann fullyrti að vísu ekkert, en sagði að það hefði heyrst og meira segja komið á prenti í merku blaði á Suðurnesjum að þeir hefðu talið sig geta gert kröfur þarna upp á 800 millj. kr. Þegar hv. þm. Gils Guðmundsson var að segja þetta, þá minnti það mig dálítið á málflutning hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar fyrir skömmu þegar hann var að tala um launakjör kommissaranna hjá Framkvæmdastofnuninni. Það er alveg nákvæmlega sama sem liggur þarna til grundvallar. Það er látið að því liggja, að landeigendur hafi krafist 800 millj, ég hef reyndar heyrt allt upp í milljarð nefndan, og svo er sagt að þessu hafi ekki verið mótmælt svo að mark sé takandi á. Þannig komst hv. þm. að orði.

Það má rétt vera að stjórn Hitaveitu Suðurnesja hafi ekki staðið í því að leiðrétta allan þann misskilning, sem hefur verið borinn á borð, og rangfærslur, sem hafa verið bornar á borð fyrir fólk í sambandi við samningana við eigendur Svartsengis. En ég held þó að ég megi fullyrða að fréttatilkynning var gefin út í sumar þegar samkomulag varð milli eigenda Svartsengis og stjórnar Hitaveitu Suðurnesja. Það samkomulag var gert 22. júlí, þá var gefin út fréttatilkynning skömmu seinna þar sem kom alveg skýrt fram hverjar kröfurnar hefðu verið. Ég er því miður ekki með þær tölur hér með mér, en ég man að það mátti reikna út kröfur landeigenda þannig að þær komu út með ca. 240 millj. kr. Á það tilboð landeigenda féllst stjórn Hitaveitunnar ekki. Hins vegar var fullkomið samkomulag um öll atriði og þ. á m. að leggja málið í gerð. Það var samið um allt nema verðið. Það var samið um að fá þrjá tiltekna menn til þess að kveða á um verðið, og

þessi gerðardómur er nú að störfum, hefur verið að safna gögnum og það er gert ráð fyrir því að hann ljúki sínu starfi nú í þessum mánuði. Meira hef ég ekki um þetta atriði að segja, en ég vona að þetta sé þó tekið sem leiðréttíng sem mark sé takandi á.

Þá hafa menn haldið því fram að lagasetning sé nauðsynleg til þess að ekki þurfi að greiða landeigendum fyrir hitaréttindin. Ef það stæðist að hægt væri að svipta menn eignum sínum án bóta, þá væri þetta vissulega gott og blessað fyrir sveitarfélögin og ríkið sem nú eru að virkja jarðhitann eða eiga eftir að gera það. En þetta bara stenst ekki. Eignaupptaka sem þessi stríðir gegn ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar. Það liggur fyrir álit lagadeildar Háskóla Íslands þar sem segir að frv. feli að vísu ekki í sér stjórnarskrárbrot, en sá varnagli er í áliti deildarinnar sem gerir þá fullyrðingu að engu að ekki þurfi að greiða bætur fyrir þau réttindi sem af mönnum yrðu tekin ef þetta frv. verður að lögum. Ég vitna í álit lagadeildar með leyfi hæstv. forseta:

„Þarna“ — þ.e. í frv. — „er byggt á því að fyrrgreindar skerðingar á jarðhitaréttindum hafi ekki í för með sér skyldu til greiðslu eignanámsbóta. Þrátt fyrir það, er ástæða til að ætla að frv. verði skýrt þannig, ef að lögum verður, að eignarskerðingar þessar skuli koma til framkvæmda við gildistöku laganna, en hins vegar beri að greiða aðilum bætur sem sviptir hafa verið réttindum sínum til að hagnýta jarðhita með borunum ef um verðmæt réttindi er að ræða.“

Og enn segir í áliti lagadeildar:

„Skv. núgildandi lögum á landeigandi að jafnaði rétt til hagnýtingar jarðhita og jarðefna sem eru undir yfirborði lands hans, sbr. 9. gr. orkulaga, nr. 58/1967, og 1. og 4. gr. námulaga, nr. 24/1973. Vafi leikur hins vegar á hve langt hagnýtingar- og umráðaréttur landeigenda nái í jörðu niður. Þar sem ákvæði frv. áskilja hins vegar ríkinu jarðhita undir yfirborði jarðar á háhitasvæðum, án tillits til þess hve djúpt hann liggur í jörðu, verður að ætla að frv. hafi í för með sér, ef að lögum verður, að eigendur jarðhita á þessum svæðum verði sviptir heimild sinni skv. núgildandi lögum til að hagnýta jarðhita undir yfirborði jarðar með borunum. Eins og eignarskerðingum þessum er háttað verður að líta svo á að skylt sé skv. 67. gr. stjórnarskrárinnar að láta eignarnámsbætur koma fyrir þær ef á annað borð er um jarðhitaréttindi að ræða sem hafa fjárhagslegt verðmæti við gildistöku laganna.“

Skv. þessu, sem ég hef nú lesið úr áliti lagadeildar, held ég að menn ættu að fara varlega í fullyrðingum sínum um að ákvæði þessa frv. stæðust. Bætur þarf áreiðanlega að greiða til landeigenda fyrir réttindi sem af þeim yrðu tekin ef þetta frv. verður að lögum. Og þá er einni spurningu ósvarað. Hún er sú, hvort hagkvæmara sé fyrir sveitarfélög, sem hyggjast virkja jarðhitann á háhitasvæði, að semja beint við einstaklinga, sem réttindi kunna að eiga, eða fá leyfi ríkisins til vinnslu og greiða ríkinu það gjald fyrir sem það setur upp. Í mínum huga er enginn efi hvort hagkvæmara er. Hagkvæmara er fyrir sveitarfélögin að kaupa réttindin í eitt skipti fyrir öll heldur en að þurfa að greiða ríkinu um aldur og ævi gjald fyrir orkuna, — gjald sem ríkið eitt ákveður. Skv. frv., 2. gr. þess, skulu sveitarfélögin þó vera undanþegin leyfisgjaldi fyrir vinnsluna á eigin landi. Ja, hvílík rausn! segi ég. En í aths. við 2. gr. frv. kemur ótvírætt í ljós hver er hugsun hv. flm. Afskipti ríkisins og aftur afskipti ríkisins af öllum hugsanlegum þáttum eru þeirra ær og kýr. Með leyfi hæstv. forseta, ætla ég að lesa hér smákafla úr aths. um 2. gr.:

„Meginstefna þessa ákvæðis er að Alþ. ákveði með löggjöf hvernig skipa skal hagnýtingu einstakra háhitasvæða. Í slíkri löggjöf yrðu væntanlega ákvæði um mörk vinnslusvæðis, hvaða aðili hafi leyfi til að bora eftir háhita og vinna hann, tímalengd sérleyfis til vinnslu, að frumdrætti að fyrirhuguðum mannvirkjum skuli leggja fyrir ráðherra til samþykktar, hvenær vinnslu skuli hefja í síðasta lagi, að leyfi falli niður ef vinnsla er stöðvuð um tiltekið tímabil, að bannað sé að framselja vinnsluleyfi án samþykkis ráðherra, um greiðslur fyrir vinnsluna, að leyfishafi greiði landeiganda bætur samkv. 15. og 16. gr. laganna, hvernig ráðstafa skuli vinnslumannvirkjum að vinnslutíma loknum, um ráðstafanir gegn hættu sem af vinnslunni kann að stafa og gegn spjöllum á umhverfi svo og önnur skilyrði sem ástæða er til að setja hverju sinni. Enn fremur ákvæði um gjald það sem leyfishafi skal greiða“ o. s. frv., o. s. frv.

Þarna kemur skýrt í ljós hvað um er að ræða. Hvað sýnist mönnum um þetta? Það er ekkert nema boð og bönn. Það er það sem að er stefnt. Vinnsluaðili, sem í flestum tilfellum hlýtur að vera sveitarfélag eða sveitarfélög saman, má ekkert gera nema hafa hina alvitru hönd ríkisins sífellt yfir sér.

Ég þarf ekki að hafa þessi orð mín miklu fleiri. Mér er alveg ljóst að nánari reglur vantar í okkar löggjöf um nýtingu jarðhitans. En ég fullyrði að þetta frv. leysir ekki þann vanda sem kann að vera fyrir hendi. Það, sem gera þarf, er að setja reglur um á hvern hátt það land verði metið, þar sem jarðhiti er, og tekið verði tillit til í slíku mati hverjar rannsóknir hafi þar farið fram, — rannsóknir sem kostaðar hafa þá verið af öðrum en landeiganda. Það er engin ástæða fyrir ríkið að kaupa upp öll jarðhitaréttindi á landinu. Einstaklingar geta átt þau áfram og sveitarfélög eiga að geta keypt slík réttindi þegar þau þurfa á að halda vegna virkjunar. Ef hv. þm., sem fær þetta frv. til athugunar, tekur þessi sjónarmið til greina og breytir frv. í samræmi við það, þá má vera að ástæða sé til að samþykkja frv. með þeim breytingum.

Ingvar Gíslason: Virðulegi forseti. Það stendur nú þannig á um mig að ég á sæti í iðnn. sem fær þetta frv. án efa til meðferðar, og þá geri ég ráð fyrir að við fjöllum um það eins og við höfum raunar gert áður. Þar að auki hef ég áður gert nokkuð rækilega grein fyrir afstöðu minni til þessa frv. Ég gerði það á síðasta þingi eða í vor þegar þetta mál var þá til umr., og ég sé

ekki ástæðu til að lengja þessar umr. mjög mikið með því að fara inn á öll þau atriði sem ástæða væri þó til að víkja að, því að vissulega er það sitt hvað sem kemur upp í hugann þegar þetta frv. kemur hér til umr. í fjórða sinn.

En það, sem ég vil alveg sérstaklega benda á, eins og ég hef áður gert, er að það er sýnilegt að þetta frv. er að því leyti gallað að í því felast þjóðnýtingaráform sem kunna að stríða gegn 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Ég fellst á það með hv. flm. að það er mikil nauðsyn á því að tryggja að jarðhiti verði nýttur í almannaþágu og að ekki verði braskað með jarðhitarétt. Hins vegar vil ég benda á að við þurfum hér á hv. Alþ. að reyna að velja okkur einhverja skárri leið en gert er ráð fyrir í þessu frv. Og við höfum aðrar leiðir í því sambandi.

Ég held að það sé útilokað að skilja þetta frv. öðruvísi en svo að það sé verið að svipta einstaklinga eða einkaaðila eignaryfirráðum án þess að fébætur komi til. Og það þarf enginn að segja mér að það geri a.m.k. ekki að höggva nærri 67. gr. stjórnarskrárinnar, ef það gengur ekki þvert á hana, en 67. gr. stjórnarskrárinnar fjallar um friðhelgi eignarréttarins.

Ég er ekki viss um að hv. þdm. hafi veitt þessu máli sérstaka athygli þó að þetta mál hafi lengi verið á döfinni. Ég er ekki viss um það. Ég held að þetta mál hafi í rauninni aldrei verið rætt eins og vert er og reynt að leita að öðrum lausnum á því vandamáli, sem við er að etja, heldur en með þeim hætti sem hér er gert. Og ef ég á eitthvert erindi upp í ræðustól nú hér á hv. Alþ., þá er það e. t. v. fyrst og fremst að benda hv. þdm. á að kynna sér betur þetta mál, kynna sér betur hvað á bak við það liggur og hvort er sú þörf fyrir þetta sem virðist eftir þeim málflutningi sem fram kemur hjá hv. flm. frv.

En eins og ég segi, þá er ég flm. frv. sammála um að það verður að tryggja að jarðhitinn, sem er einhver mesta orkulind landsins, verði nýttur í þágu almannahagsmuna. Um það geta engar deilur orðið. Það er líka nauðsynlegt að koma í veg fyrir sýnilegt brask með jarðhitarétt. En ég tel hins vegar nauðsynlegt að menn hyggi betur að leiðum í þessu efni, velji ekki þá leið sem síst er fær fyrir okkur hér á Alþingi íslendinga, að taka upp fébótalausa þjóðnýtingu eignarréttar.

Við höfum ýmsar leiðir að *minum dómi* og einkum tvær til þess að koma í veg fyrir að slík réttindi sem þessi lendi í braski eða annarri óeðlilegri kaupsýslu. Það er möguleiki á því að beita venjulegum eignarnámsheimildum. Það er viðurkennd aðferð í málum sem þessum. Ég held líka að það sé vel hugsanlegt að Alþ. setji sérstakar reglur, sérstakar matsreglur um verð á jarðhitaréttindum og með því móti sé möguleiki á því að hafa hemil á söluverði jarðhitaréttindanna. Hvað mig snertir finnst mér vera ólíkt æskilegra að leita lausnar á þennan hátt heldur en á þann hátt sem gert er ráð fyrir í 1. gr. þessa frv. sem hér er til umr. En sem sagt ég skal ekki eyða tímanum of lengi í að ræða þetta mál.

Ég held að ég hafi nokkurn veginn komið inn á það sem mér er efst í huga hér við 1. umr. *málsins, ég mun síðan taka þátt í afgreiðslu* málsins í iðnn., og ég vil einnig enn á ný endurtaka áskorun mína til hv. þdm. að skoða þetta mál betur en ég veit að margir hafa gert til þessa. Ég hygg að þeir muni þá komast að raun um að á þessu frv. eru ýmsir lagalegir og pólitískir agnúar sem nauðsynlegt er að sníða af því.

Benedikt Gröndal: Hv. forseti. Það er augljóst af þeim umr. sem nú hafa hafist um það frv. sem hér liggur fyrir, eins og af fyrri umr. um sama mál, að það ætlar að skilja þm. nokkuð greinilega í tvo meginhópa: Annars vegar þá, sem eru fylgismenn íhalds og gróðahyggju, og hins vegar þá, sem eru félagshyggjumenn.

Við höfum lifað það nú í nokkra áratugi, íslendingar, að eyða stórfelldum fjárfúlgum til kaupa á eldsneyti órafjarri landi okkar og láta flytja það hingað, þó að við búum hér ofan á stórum kötlum fullum af þeim varmagjafa sem við ættum að geta notað. Það eru peningalegar ástæður fyrir því að við höfum ekki farið hraðar en raun ber vitni í að hagnýta jarðvarmann. Olían hefur verið það ódýr. En við höfum vaknað við vondan draum eins og fleiri og nú hefur færst mikið fjör í það að hagnýta heita vatnið til upphitunar, iðnaðar, ræktunar og fleiri nota. En þá höfum við skyndilega rekið okkur á vandamál sem sjálfsagt koma ekki öllum á óvart, en ég geri ráð fyrir að þjóðinni eða landsmönnum almennt komi nokkuð spánskt fyrir sjónir. Það er að jarðhiti er tíðum á landi sem er í einkaeign, og við það að þjóðin lendir/í efnahagskreppu, sem kostar milljarða á ári hverju, eiga fáir jarðeigendur á Íslandi skv. hugsjónum gróðahyggjumanna, sem virðast vera fjölmennir hér á Alþingi, að hirða af landsmönnum ótaldar upphæðir fyrir það eitt, að hafa átt þetta land sem þeir gátu ekkert gert við, og fyrir það eitt, að aðstæður úti í heimi hafa skyndilega gert þetta land verðmætt fyrir þjóðina. Sá hugsunarháttur að þeir fáu einstaklingar, sem eiga þá skika þar sem jarðhiti er hagkvæmastur undir niðri, sá hugsunarháttur, að þeir eigi einhvern helgan rétt er örugglega gersamlega annarlegur réttlætistilfinningu íslensku þjóðarinnar.

Ég hygg að íslendingar vilji að menn njóti starfa sinna og hæfileika sinna og getu sinnar og fái afrakstur af því sem þeir vinna. T.d. *var tekið áðan dæmi um sandana sem einu* sinni blésu og gerðu tjón, en nú er búið að rækta. Mér finnst alveg fráleitt að bera þetta saman við hina nýju olíufursta. Mér finnst að bóndinn, sem þarna ræðst á foksandinn og festir hann með gróðri og gerir úr honum land sem hann fær af afrakstur, hafi unnið fyrir því og hann eigi að fá þann afrakstur. En að menn sem eiga hraunskika sem þeir hafa ekkert getað gert við og eins og hér var nefnt sennilega varla getað selt þangað til

fyrir 2—3 árum, að þeir eigi kröfur á hendur þjóðfélaginu upp á mörg hundruð millj. kr. bara vegna þess að það reynist vera hiti þarna undir, — hiti sem þeir sjálfir geta ekki gert neitt við, en fjöldi manns í næsta nágrenni þarf á að halda og þjóðin þarf á að halda, — þessi hugsunarháttur er úreltur. Þetta er forneskjulegt og furðulegt hugarfar, að ungir, gáfaðir og efnilegir stjórnmálamenn skuli standa hér upp og lesa þennan boðskap.

Það eru margar hliðar á þessu máli og það er ósköp einfalt að veifa þjóðnýtingardulunni sem búið er að rægja niður á nokkrum áratugum þó að þjóðnýting eigi sér nú sífellt stað í þjóðfélaginu og jafnvel á vegum hinna ótrúlegustu flokka. En enginn hefur neitað því að stjórnarskráin hefur sína 67. gr., og enginn hefur hingað til haldið því fram að það eigi að ganga fram hjá þeirri gr., jafnvel þó að það sé hægt að ganga svo langt í því að túlka hana að mönnum blöskri, sbr. þær kröfur, þegar eigendur hitasvæðanna gera nú skyndilega kröfur um olíuverð fyrir heita vatnið.

Ég vil lýsa þeirri afstöðu minni, að ég hef aldrei mælt með því að eignir manna væru gerðar upptækar án bóta, og ég geri það ekki enn í dag. Mér er ljóst að það eru sterk rök fyrir því að íslenska ríkið geti lýst eignarrétti á djúphitasvæðum án þess að brjóta þessa gr. stjórnarskrárinnar. Ég vil vona að þetta sé rétt. Ég geri ráð fyrir því, að ef þetta frv. yrði samþ. mundi fyrr eða síðar verða prófað fyrir dómstólum hvort þetta ákvæði er brot á stjórnarskránni eða ekki. En þó að svo færi að við ættum nokkurn veginn víst að það yrði talið vera brot á stjórnarskránni, þá finnst mér að því fyrr sem samfélagið tekur þessa landsskika í sína eign, hvort sem að það verður neytt til þess að borga fyrir þá meira eða minna eða jafnvel ekki neitt, því fyrr sem það gerist því betra, það er svo mikið í húfi. Við skulum ekki líta þetta mál svo þröngum augum að telja það snúast að mestu leyti um Hitaveitu Suðurnesja, þó að hún sé stór í sniðum, e.t.v. sú stærsta sinnar tegundar fyrir utan Hitaveitu Reykjavíkur. Það verða mörg slík mál á næstu árum sem geta snert margvíslega notkun á öðrum háhitasvæðum.

Enda þótt þetta frv. hafi nú verið flutt hér á þrem, fjórum þingum er þetta mál miklu eldra. Þótt við færum hægt af stað í hagnýtingu jarðvarmans tóku glöggir menn í landsstjórn eftir því að það mundi vera hyggilegt að fara að hugsa til löggjafar um þessi mál fyrir alllöngu. Það er m.a. vitnað í tvo merka lögfræðinga og lögfræðiprófessora í grg. þessa frv. Árið 1974 var sett n. til að undirbúa löggjöf um jarðhita og jarðhitarannsóknir og sú n. fékk grg. frá sjálfum núv. hæstv. dómsmrh., Ólafi Jóhannessyni, og niðurstaða hans varð sú að heimilt væri að setja eignarrétti landeigenda á jarðhita slík almenn takmörk án þess að það bryti í bága við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Að öðru leyti er vitnað til frv. dr. Bjarna heitins Beneditkssonar frá 1945 og tekin þar orðrétt upp þessi setning, með leyfi hæstv. forseta: „Hér er aðeins um almenna takmörkun á eignarréttinum að ræða sem löggjafarvaldinu er heimilt að setja þrátt fyrir ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins.“ Ég sé ekki að það breyti neinu um þessa lagalegu skoðun dr. Bjarna þó að tæknin hafi ekki verið eins fullkomin þá og hún er nú. Og það liggur við að það felist í því aðdróttun að það hefði haft áhrif á þann merka mann ef hann hefði vitað 1945 hvílíkar upphæðir hér gæti verið um að tefla. Ég þekkti hann aldrei að neinu slíku og trúi því ekki að hans lagalega skoðun hefði breyst um svo mikið sem millimetra þó að breytt tækni eða breytt verðmæti hefðu komið til.

Það er í raun og veru ástæðulaust að vera að karpa mikið við gróðahyggjumenn um þetta mál. Ræða hv. 5. þm. Reykn. var að mörgu leyti athyglisverð ef hún er vel skoðuð. Hann talar um að menn eigi að vera í friði fyrir ríkinu með sín réttindi. Þegar hann er þar að tala um réttindi, þá eru það réttindi til þess að hirða stórgróða án þess að hafa gert nokkurn skapaðan hlut til að skapa þann gróða, bara af því að þeir, e.t.v. af tilviljun, eru skráðir eigendur að jarðarskika sem reynist vera verðmætur. Ég lít svo á að verðmætisaukning á landi og jafnvel öðrum eignum, sem verður vegna utanaðkomandi aðstæðna, eins og skipulags í bæjum og opinberra framkvæmda og annars slíks, sé ágóði sem samfélaginu ber en ekki þeim sem telst vera eigandi lands í viðkomandi tilviki, hann eigi ekki nokkurn rétt á því að hirða gróða bara fyrir það að samfélagið þarf af öðrum ástæðum að gera aðgerðir sem breyta verðgildi eignarlands. Þetta er sem sagt spurning um það hvort menn fái að vera í friði fyrir ríkinu með réttindi sín, þar sem orðið réttindi ætti í raun og veru að tákna óeðlilegan gróða. Svo fylgdi það á eftir að ríkið á auðvitað að leggja fram vísindamenn, ríkið á að rannsaka hvort jarðarskikinn er einhvers virði. Það má ríkið hafa, þá er ríkið ekki með nefið niðri í hvers manns koppi, þegar það leitar að verðmætum sem braskararnir geta síðan notað til þess að gera freklegar kröfur á hendur samfélaginu, — kröfur sem verða ekkert annað en skattar á þá einstaklinga sem þurfa að nota þá þjónustu sem um er að ræða, í þessu tilfelli heitt vatn, — skattar sem geta oltið á tugum þúsunda á hvert mannsbarn á Suðurnesjum, hvaða tilgáta sem rétt er um kröfugerðina og hvaða niðurstaða sem kann að verða úr þeim samningum sem standa yfir.

Hv. þm. talaði um að virðingin fyrir einstaklingsbundnum réttindum færi stórkostlega þverrandi. Það getur verið að það sé rétt hjá honum að hinn fornfálegi hugsunarháttur, sem margir menn byggja á túlkun sína á eignarréttinum, njóti þverrandi fylgis. Ég tel það vera rétt að nú á dögum líti frjálslyndir menn svo á að það verði að athuga aðstæður í því tilviki og að menn eigi ekki rétt á því að hirða takmarkalausan gróða bara af því að eiga jarðarskika þegar verðmæti hans breytist af ástæðum sem þeir hafa ekki komið nærri.

Í sambandi við þetta vil ég geta þess að virðingin fyrir réttindum einstaklingins hefur undanfarna mannsaldra farið stöðugt vaxandi og hún hefur gert það með margvíslegri löggjöf um mannréttindi og félagsmál sem samþ.

hefur verið hér og á öðrum löggjafarþingum og hefur gert það að stór hluti okkar þjóðar, eins margra annarra þjóða, er nú sjálfstæðir menn sem ekki búa undir neins konar oki og geta að verulegu leyti mótað líf sitt eftir eigin óskum. Að þessu leyti hefur virðingin fyrir einstaklingnum farið vaxandi, en ekki þverrandi. Og ég tel þetta miklu, miklu meira virði en réttur hinna örfáu til að hirða stórgróða af fjöldanum.

Til þess að undirstrika skoðun sína talaði hv. þm. heldur háðslega um að það væri fólk sem ætti ekkert nema eigið hús og kannske ekki einu sinni lóðina undir því nema til einhvers árafjölda og að flm. væru að reyna að koma sér í mjúkinn hjá þessu fólki til þess að fá atkv. þess. Ég þakka fyrir þennan skilning. (Gripið fram í.) Það getur verið að móttakarinn hafi verið þannig að hafa séð háð í því. Við skulum þá sleppa því og segja að hv. þm. réðist á eða gagnrýndi flm. fyrir að hugsa um þann stóra fjölda íslendinga sem eiga ekkert nema íbúðina og kannske hafa leigulóð undir henni, að leyfa sér að hugsa um þetta fólk á kostnað þeirra fáu sálna sem einhvern veginn hafa komist yfir eða erft eða keypt fyrir sama og ekki neitt jarðarskika sem síðan reynast vera mikilvægir fyrir þjóðarheildina og hægt væri að meta til stórra fjárhæða.

Það var rætt um það hér hvort meiri hl. sé á þingi fyrir þessu frv. eða ekki. Það er mjög eðlilegt að menn velti vöngum yfir því af því að frv. var flutt af síðustu ríkisstj. sem stjórnarfrv. Ég man ekki eftir því að það hafi þá komið fram, að neinir stuðningsmenn þeirrar stjórnar ætluðu að bregðast henni í því sambandi. Nú liggur það einnig fyrir að minn flokkur styður þetta frv. Spurningin er þá: Ætlar Framsfl. að standa við það stjfrv., sem hann stóð að fyrir þrem árum, eða ætlar hann, eins og Sjálfstfl. í Framkvæmdastofnunarmálinu, að hringsnúast eins og skopparakringla, hlaupa frá þessu og láta braskarana vaða áfram? Hvar er félagshyggja framsóknarmanna? Ef hún er til staðar óskert, ómenguð af núv. stjórnarsamstarfi, þá hygg ég að það sé meiri hl. fyrir þessu frv. hér á Alþ. Og ég vænti að það verði unnið þannig að frv. í n. að það fái að reyna á það, því að það getur munað þjóðina og alveg sérstaklega suðurnesjabúa í fyrstu hundruð millj. hvort þetta frv. verður afgr. á þessu þingi eða hvort verður þvælst fyrir því og málið látið taka þann farveg sem gróðahyggjumenn vilja.

Flm. (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Ég gerði mér það til gamans hér á árum áður að að lesa gömul þingtíðindi. Ég hef nú að miklu leyti lagt það niður og er þess vegna farinn að ryðga svolítið í þeim hlutum. En þó er mér til efs að síðustu 70 árin hafi verið haldin eins mikil afturhaldsræða um eignarréttarmál eins og sú ungi og efnilegi 5. þm. Reykn. flutti hér áðan. Ég held að eftir 1914 yrði ákaflega mikil leit að annarri eins afturhaldsræðu í þingtíðindunum. Þetta væri náttúrlega rannsóknarefni. Ég sé að prófessorinn í félagsfræðum er nú hér meðal vor og ég gæti nú beint því til hans, ef einhver nemenda hans hefði áhuga á þessum hlutum, að kanna þetta. Það eru að vísu eitthvað um 30 þús. dálkar eða kannske meira sem þyrfti að athuga. Þó held ég að það væri þess virði, því að þetta væri sannarlega dálítið skemmmtilegt rannsóknarefni. En það er ábyggilegt að það verða ekki mörg dæmi síðustu 70 árin um slíka svartnættisræðu eins og hv. 5. þm. Reykn. flutti. Ég vænti nú þess að það þurfi ekki að gera neinar sérstakar ráðstafanir til þess að þessi ræða hans berist til suðurnesjamanna. Ég býst við að þeir fái fréttir af henni eftir eðlilegum leiðum og geti þá vegið hana og metið að verðleikum.

Það var ýmislegt, sem ástæða væri til að fara sérstaklega út í, í sambandi við ræðu hv. þm., sem var, eins og ég hef þegar vikið að, lofgerð um þá sem eiga til að mynda jarðhitann djúpt í iðrum jarðar, kannske alveg niður að jarðarmiðju, og þá sem eiga þá sennilega, ef svo mætti að orði komast, eldinn í iðrum jarðar, gott ef þeir eiga ekki náttúruöflin eða fara að gera tilkall til þeirra. Ég hélt að þessar kenningar og þvílíkar væru liðin tíð, en þær eru nú komnar upp á yfirborðið og þess vegna er kannske ástæða til, að fara um þær nokkrum orðum.

Það eru 60 ár síðan eða þar um bil, að hér urðu á Alþingi mikil átök um íslensk fallvötn og íslenska fossa. Ætli þau hafi ekki hafist á fyrri stríðsárunum og staðið nokkuð fram yfir 1920, ef ég man rétt? Ég býst við að það sé þá ekki fjarri því að það megi segja að það séu 60 ár síðan þessar umr. voru. Þá stendur í sjálfu sér nokkuð svipað á í sambandi við fallvötnin okkar eins og stendur á núna í sambandi við háhitann eða hitann sem er djúpt í iðrum jarðar. Þá voru menn að vakna til meðvitundar um að þarna væri um verðmæti að ræða, þarna væru ein af þeim verðmætum sem íslenska þjóðin ætti. Þá kom upp spurningin, hverjir hefðu eignarrétt á þessum hlutum, hverjir skyldu eiga árnar og fossana og þá sérstaklega þá orku sem í þessum fallvötnum var falin og hægt var að beisla. Þegar þessar umr. hefjast er svo komið í sambandi við þessi mál, orkumál fallvatnanna, að það er verið að selja óðfluga úr landi ýmsar helstu ár og helstu fallvötn. Þjórsá er seld og það eru ýmsir fossar seldir. Það eru erlendir aðilar sem hafa þá sérstakan áhuga á því að komast yfir þessar orkulindir og hagnýta þær e.t.v., og það var nóg af íslenskum agentum þá til þess að sjá um að koma þessum auðlindum okkar í eigu útlendinga. En þá er það sem Alþ. fer að fjalla af alvöru um þetta mál og sér, að við svo búið má ekki standa. Alþ. kemst að þeirri niðurstöðu að það sé óeðlilegt að einstaklingar geti braskað með þessa orku. Til glöggvunar fyrir hv. 5. þm. Reykn. skal ég nefna að það voru engir kommúnistar eða sósíaldemókratar eða aðrir þjóðnýtingarmenn sem voru á ferðinni og sáu að þarna var mikil hætta á ferðum. Það voru menn eins og Jón Þorláksson, — ég veit ekki hvort hann var þá orðinn, en var þó a.m.k. síðar formaður Íhaldsflokksins og einn helsti stofnandi Sjálfstfl. (**Gripið fram í: Góður maður, Jón.**) Það hygg ég að hann hafi verið, og kemur það m.a. fram í afstöðu hans í fossamálinu. Það var ein-

staklingshyggjumaðurinn Bjarni frá Vogi og það var einstaklingshyggjumaðurinn Guðmundur Björnson landlæknir. Það voru þessir menn sem mynduðu meiri hl. í fossamálinu og kváðu í kútinn þau afturhaldssjónarmið sem þá gætti mjög og voru ákaflega áþekk þeim sjónarmiðum sem hv. 5. þm. Reykn. var að viðra hér áðan.

Það, sem hér er um að ræða, er að sjálfsögðu það, hvort þessi auðlind djúpt í iðrum jarðar, kannske hundruð metra niðri í jörðinni, á að vera handa þeim einstaklingum, sem af einhverri tilviljun eiga landið yfir þessum jarðhita, — hvort hún á að vera þessum aðilum gróðalind, hvort þeir eigi að fá að braska með hana eða ekki. Þetta er náttúrlega stóra spurningin og við þeirri spurningu þarf að fást svar og það heldur fyrr en síðar. Eins og síðasti ræðumaður, hv. þm. Benedikt Gröndal, sagði réttilega, er hitaveitumál Suðurnesja ekki nema lítill angi af þessu stóra máli, þ. e. a. s. hver eigi að hafa yfirráð yfir háhitaorkunni, orkunni sem verður að bora til langt niður í jörðina. En af því að hv. 5. þm. Reykn., Ólafur G. Einarsson, gerði nokkuð að umtalsefni það sem ég sagði um það mál, þá get ég ekki látið hjá líða að svara honum um það nokkrum orðum.

Hv. þm. var að spyrja hvort við teldum eðlilegt að menn yrðu sviptir eignum sínum bótalaust. Þrátt fyrir það sem ég sagði í sambandi við það sem gert er ráð fyrir í þessu frv., að eðlilegar bætur fyrir það land, sem tekið yrði þarna til hagnýtingar, kæmu að sjálfsögðu til, þá talar hann um að það eigi að svipta menn eignum sínum bótalaust. Það er þá hitinn djúpt niðri í jörðinni sem hann er þarna að tala um. Hann orðaði það meira að segja eitthvað í þessa átt — ég held að ég hafi náð því orðrétt, að hann sagði, að þennan hita í iðrum jarðar mundu einstaklingarnir hagnýta sér ef þeir fengju að vera í friði fyrir ríkinu með sín réttindi, — ég held að þetta sé nokkurn veginn orðrétt eftir honum haft, — þá væri enginn vandi fyrir einstaklingana að hagnýta sér þessi miklu auðæfi sem þeir ættu í vissum tilvikum þarna fólgin niðri í jarðdjúpunum.

Ég get ekki haft önnur orð um þetta og fleiri ummæli og viðhorf hv. þm. heldur en það að hann — mér nokkuð að óvörum — talaði hér eins og fulltrúi brasksins, fulltrúi einkahagsmunanna gegn almannahag, og það var ekki öðru líkara en hann væri að tala eins og talsmaður jarðhitafurstanna í Svartsengi fremur en stjórnarmaður í stjórn Hitaveitu Suðurnesja, en það hygg ég að hann hafi verið frá upphafi og sé í dag.

Mér finnst furðulegt hjá honum að bera það á borð að enn þá hafi engar tafir orðið í sambandi við fyrirhugaðar framkvæmdir vegna þeirrar deilu sem upp hefur komið í sambandi við landið. Það er að vísu lengi hægt að halda áfram að dútla við undirbúning og menn hafa trúlega hægt á þeim undirbúningi sem þarna var á ferðinni þegar það lá ekki fyrir hvort hægt yrði að ráðast í teljandi framkvæmdir vegna þessa óleysta vandamáls, þá hefur verið hægt á ferðinni. En ég vil aðeins spyrja: Var það algerlega út í bláinn, sem undirbúningsnefndin setti inn í grg. með frv. sem við vorum að samþykkja hér um 20. des. í fyrra, þar sem segir að það væri gert ráð fyrir því að hægt yrði að framkvæma fyrsta áfanga, mjög verulegan áfanga, þ. e. a. s. veituna til Grindavíkur, að verulegu leyti á þessu ári? Var það fleipur eitt? Hvað veldur því, ef það er ekki þetta mál, að ekki hefur verið sýndur litur á því að framkvæma þessa hluti enn í dag? Þær framkvæmdir sem hv. þm. talaði um, ég held að það varla sé hægt að nefna þær miðað við það sem ógert er. Og ég vil spyrja hann: Getur hann neitað því að hver mánuður sem líður án þess að hægt sé að standa sómasamlega að framkvæmdum þarna suður frá, hver mánuður sem líður er kjósendum hans og kjósendum okkar allra þarna suður frá býsna dýr miðað við það olíuverð, sem nú er, og miðað við þær verðhækkanir, sem óhjákvæmilega verða á þessari framkvæmd? Ég held að þessi hv. þm. hefði átt að hugsa sig svolítið betur um áður en hann tók upp í sig sum stóru orðin í sambandi við það sem hann sagði um þetta frv., áður en hann fór að gerast slíkur talsmaður afturhaldsins og braskhugsunarháttarins sem hann gerði í ræðu sinni áðan.

Hv. þm. sagði að það væri fleipur hjá mér, að landeigendur hefðu krafist um 800 millj. kr. fyrir þessi svokölluðu réttindi sín þarna niðri í jarðdjúpinu. Ég sagði það, held ég, alveg skýrt að ég hefði þessa tölu úr blaðinu Suðurnesjatíðindum og ég hefði ekki orðið þess var að því hefði verið sérstaklega mótmælt, en ég tæki hinsvegar enga ábyrgð á því að þessi tala væri rétt. Hv. þm. taldi, að hér munaði miklu, og nefndi í sambandi við kröfur landeigenda töluna 240 millj., sem hann telur að hafi falist í þeirra tilboði. Þetta skakkar að vísu mjög miklu, ég skal játa það. Hins vegar hygg ég að það kunni að vera dálítið til í því að erfitt hafi verið og stjórn Hitaveitunnar hafi reynst dálítið erfitt að reikna út nákvæmlega í millj. kr. hvað fælist í þessu tilboði landeigenda, það hafi verið þess eðlis, og m. a. hafi ekki verið um það að ræða að selja þessi ímynduðu eða svokölluðu réttindi í eitt skipti fyrir öll, heldur hafi verið um það að ræða að selja til þessarar hitaveitu, eins og hún er hugsuð í dag, en öll viðbót við hana og öll frekari nýting á þessari orku þarna niðri í jarðdjúpunum ætti síðan að koma til sölu síðar, þegar einhver vildi hagnýta þá orku. Mér þætti gott, ef hv. þm. talaði aftur, að hann vildi upplýsa hvort þetta er ekki rétt og hvort það sé ekki dálítið erfitt að segja til um það hvort það eru nákvæmlega 240 millj. eða eitthvað meira, sem falist hefur í þessu tilboði landeigenda. En 240 millj. eru náttúrlega peningur út af fyrir sig. Mér sýnist í fljótu bragði að það séu þá milli 20 og 25 þús. á hvern íbúa sem þarna er um að ræða.

Hv. 1. þm. Norðurl. e., Ingvar Gíslason, lýsti viðhorfum sínum til þessa frv. með mjög svipuðum hætti og hann gerði í allítarlegri ræðu hér í fyrra. Mér þykir mjög miður hversu hann er gagnrýninn á þetta frv. og meginstefnu þess. Hann talaði hins vegar mjög hófsamlega um málið og lýsti fullum skilningi sínum á því að það þyrfti með einum eða öðrum hætti að koma í veg fyrir að óeðlilega væri braskað með slík auðæfi eins og þessi sem um er að ræða á há-

hitasvæðunum. Vænti ég þess að hann sýni það í verki með því þá að vinna að því að þetta frv., ef ekki í óbreyttri mynd, þá í einhverri breyttri mynd nái fram að ganga og nái þeim megintilgangi sem vitanlega felst í því að það er flutt, þ. e. a. s. að koma í veg fyrir óeðlilegt einkabrask með auðæfi sem ég held að öllum nokkurn veginn sannsýnum mönnum sýnist að eigi að vera þjóðinni í heild eða sem flestum einstaklingum hennar til nytja, en ekki einhverjum fáeinum mönnum.

Það hefur áður verið að því vikið, bæði fyrr í umr. um þetta mál og einnig nú að nokkru af hv. þm. Benedikt Gröndal, að þetta er í sjálfu sér eldra mál, breytingar á orkulögum í þessa átt. Það er miklu eldra mál en þetta þriggja ára gamla frv. sem er nú flutt hér einu sinni enn. Ég skal ekki fara langt út í það, en vil aðeins minna hv. 1. þm. Norðurl. e. á það að ekki ómerkari menn en Hermann Jónasson, fyrrv. forsrh. og um mjög langt skeið þm. Framsfl., og Ólafur Jóhannesson, hæstv. dómsmrh. og núv. formaður Framsfl., stóðu á sínum tíma að eða beittu sér í rauninni fyrir flutningi frv. um þessi efni, þ. e. a. s. Hermann Jónasson beitti sér fyrir því að slíkt frv. væri samið og hann fékk Ólaf Jóhannesson sem sérstaklega lærðan lögfræðing í þessum efnum til þess að undirbúa málið. Ólafur Jóhannesson, hæstv. núv. dómsmrh., samdi þá mjög greinargott rit um þessi mál sem ég vil nú beina til hv. 1. þm. Norðurl. e. að kynna sér, en þar tekur hæstv. viðskrh. það fram, í þessu riti eða þessari ítarlegu ritgerð sem fylgdi frv. sem ég áður nefndi, að hann teldi að sú takmörkun á eignarrétti, sem fælist í því frv., bryti ekki í bága við ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar. Niðurstaða hans var sem sagt sú, að það væri heimilt að setja eignarrétti landeigenda að jarðhita slík almenn takmörk án þess að það bryti í bága við eignarréttarvernd stjórnarskrárinnar. Hygg ég að við samanburð megi með fullum rétti segja að þetta frv., sem undirbúið var af Hermanni Jónassyni og lagt var fyrir þing árið 1956, hafi gengið lengra en frv. sem hér er til umr., það hafi ekki verið með þó þeim takmörkunum sem eru í þessu frv. landeigendunum eða eigendum til að mynda lághitasvæðanna í vil.

Ég trúi því ekki fyrr en ég má til að hv. framsóknarmenn hafi skipt um skoðun í þessu máli síðan þetta frv., nákvæmlega þetta frv. sem hér er til umr., var lagt fram sem stjfrv. fyrir þremur árum. Ég tel að það sé ekkert, sem fram hefur komið síðan það var flutt þá, sem styðji það að þeir skipti um skoðun í málinu, en eitt og annað hafi komið fram sem hefði átt að opna augu manna fyrir því að ákvæði í lögum af því tagi, sem frv. gerir ráð fyrir, eru ekki aðeins eðlileg, heldur eru þau orðin blátt áfram nauðsynleg.

Ég skal svo ekki, hæstv. forseti, hafa um þetta öllu fleiri orð nema alveg sérstakt tilefni gefist til, en vil aðeins að síðustu beina þeim orðum til samþm. míns, hv. 5. þm. Reykn., að næsta ræða hans í þessu máli verði eitthvað nær nútímanum en þessi ræða sem var frá því eitthvað fyrir 1914.

Jón Skaftason: Herra forseti. Ég vil með örfáum orðum gera grein fyrir því hvers vegna ég er flm. að því frv. sem hér er verið að ræða. Fyrir því liggja tvær ástæður fyrst og fremst, og vegna þess hve áliðið er orðið fundartímans skal ég reyna að stytta mál mitt þegar ég skýri afstöðu mína.

Ég er enginn sérstakur aðdáandi opinbers eignarhalds á Íslandi, en þó geta þau tilfelli komið upp að það sé eðlilegt að hið opinbera verði talið eigandi að vissum eignum og eignarréttindum, og ég tel að í fyrstu röð slíkra eigna og slíkra eignarréttinda megi telja jarðhitann hér í landi. Jarðhiti á háhitasvæðum er, eins og hefur komið fram í umr., mjög sérstaks eðlis, ef svo mætti segja. Það er vitað að jarðhiti getur legið undir löndum margra samliggjandi jarða, og ef hann kemur hvergi upp á yfirborðið, þá ræður það því hvar ríkið borar hver þessara jarða eignast kannske óhemjuauð. Ríkið getur borað í landi einnar jarðarinnar og dælt þar upp jarðhita sem liggur undir landi margra jarða, en bara vegna þess að borað er á þessari sérstöku jörð verður eigandi hennar fyrir litið eigið framlag allt í einu stórauðugur maður.

Auk þessa sérstaka eðlis þessara eignarréttinda að jarðhita á háhitasvæðum er það almennt talið öndvert mínum grundvallarskoðunum að eignarréttindi sem þessi, sem vitað er að liggja undir jörðu á tiltölulega litlu svæði þessa lands, skuli teljast verðmæti, sem aðeins nokkrir jarðeigendur eru taldir eiga, — verðmæti sem geta hækkað stórlega eða gert viðkomandi jarðeigendur stórefnaða fyrir atvik sem þeir hafa ekki haft frumkvæði að, engu ráðið um, eins og t. d. þá olíuverðhækkun sem varð í heiminum fyrir tveim árum. Ég tel óeðlilegt að viðurkenna slíkt og ég tel óeðlilegt að þessir fáu geti skattlagt hina mörgu landsmenn, sem t. d. vilja fá sér hitaveitur, með því að viðurkenna að eignarréttindi sem þessi geti verið einstaklingsbundin.

Ég vil á vissan hátt telja þessi réttindi nokkuð hliðstæð þeim sem eiga að gilda um fiskinn í sjónum umhverfis strendur landsins. Ég held að fáum detti raunverulega í hug að einstakir landeigendur, sem eiga lönd að sjó, skuli teljast einkaeigendur að veiðiréttindum og þeim fiski sem finnst í sjónum víða fyrir löndum þeirra. Þetta er nú ekki meiri sósíalismi en svo að ég veit ekki betur en þetta sé viðurkennt um eignarrétt að jarðhita á háhitasvæðum í löndum eins og Nýja-Sjálandi og Ítalíu, þar sem ég veit þó ekki til að sósíalískar eða kommúnískar ríkisstj. hafi ráðið að undanförnu.

Þetta er fyrri ástæðan fyrir því að ég hef gerst meðflm. að þessu frv. Það er hið sérstaka eðli þessarar eignar sem jarðhiti á háhitasvæðum er. Hin ástæðan er sú, að ég held að ef á að viðurkenna að hitaréttindi á háhitasvæðum skuli vera eign eigenda þeirra jarða sem hitinn liggur undir, þá sé í því að finna þröskuld, ef svo mætti segja, gegn eðlilegri framþróun við nýtingu þessara réttinda, þessara verðmæta fyrir hag alþjóðar. Ég lít svo til að það sé mjög mikilvægt að um nýtingu jarð-

hita sé rekinn vel grundvallaður áætlunarbúskapur, og það er að mínu viti ekki á færi annarra en opinberra aðila og þá fyrst og fremst ríkisins og hinna stærri sveitarfélaga að framkvæma leit að jarðhita og rannsóknir á jarðhita og nýtingu jarðhita, það er ekki á færi annarra en þessara aðila að mínu viti svo að vel sé og þessi réttindi geti notast þjóðinni allri til hagsbóta. Þetta eru þær tvær meginástæður fyrir því að ég tel eðlilegt að standa að flutningi þessa frv.

Í umr. hér hafa ekki að mínu viti komið fram mjög veigamikil rök gegn efni þessa frv. Hv. 5. þm. Reykn. hefur þó talið að með samþykkt frv. væri hv. Alþ. að leggja inn á vafasama braut. Mér fannst út af fyrir sig að það vantaði allan rökstuðning í ræðu hans fyrir þeirri fullyrðingu. Ég hygg að hann viti, eins og raunar fleiri, að fyrir því eru mörg fordæmi í íslenskri löggjöf, sem hefur verið staðfest af dómstólum í landinu æ ofan í æ, að almennar takmarkanir á óheftan eignarrétt manna í landinu hafa verið taldar heimilar og eru fjölmörg dæmi um. Hitt er svo annað mál með bótaréttinn, og ég hélt að hv. þm. vissi að það væri ekki hægt með samþykkt einfalds frv. hér á Alþ. að svipta landeiganda bótarétti, jafnvel þótt það stæði í frv., því að stjórnarskráin verndar einstaklinginn gegn slíkri óheimilli eignaupptöku. Hvað svo sem í frv. kann að standa eða stendur um þetta atriði, þá væri ekki með samþykkt þess hægt að hindra þá, sem telja að eignarréttur hafi verið á sér brotinn, í að leita til dómstólanna og fá dóm um það hvort þeir eigi bótarétt eða ekki. Þetta er alveg ljóst og þarf þess vegna ekki um það að deila. Að ríkið sé með nefið niðri í hvers manns koppi, þó að svona frv. yrði samþ., er að mínu viti hrein fjarstæða. Ég gat um það í upphafi hversu sérstaks eðlis þessi eignarréttindi eru og eins og ég sagði gera þau eðlilegt að ríkið eða hið opinbera verði talið eigandi þeirra.

Hér hefur orðið smádeila um það á milli hv. 3. þm. Reykn. og hv. 5. þm. Reykn. hvort eignarréttur einstaklinga að hitaréttindum við Svartsengi hafi valdið töfum á hitaveitufamkvæmdunum á Suðurnesjum eða ekki. Ég hygg að það muni satt vera að til þessa tíma hafi tafirnar ekki verið umtalsverðar eða miklar, en ég er ekki alveg viss um það, ef t. d. niðurstaða þess gerðardóms, sem nú er að vinna og á að ákveða bætur fyrir hin umtöldu eignarréttindi, verður slík að annar hvor aðilinn, að ég tala nú ekki um báðir segja sig frá úrskurði gerðardómsins, hvaða ástand þá er komið upp. Ég tel að þá geti hugsanlega komið upp ástand sem til þess sé fallið að seinka hitaveitufamkvæmdum á Suðurnesjum um talsverðan tíma, því að ég hygg að það hljóti að verða eitt af forsendum þess að lán fáist til þessara framkvæmda að búið sé að kveða upp úrskurð um þetta deilumál, eignarréttinn að hitaréttindum þarna syðra.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. talaði um þjóðnýtingaráform með frv. þessu sem stríddu á móti stjórnarskránni. Um þetta atriði þarf ekki að deila. Það liggur fyrir, eins og var lesið upp áðan af hv. 1. flm. þessa frv., m. a. álit lagadeildar Háskóla Íslands sem kveður skýrt á um að frv. eins og þetta fái staðist vegna eignarréttarákvæða stjórnarskrárinnar, spurningin sé einasta sú, hvort þeir, sem telja sig búa við skertan eignarrétt eftir samþykkt frv., eigi bótarétt eða ekki. Þeim er sú leið opin að prófa það fyrir dómstólunum, þannig að ég tel ekki neina spurningu um að við séum að samþykkja eitthvert frv. hér sem brýtur í bága við stjórnarskrá.

Það er ekki heldur rétt hjá hv. 1. þm. Norðurl. e., að það eigi engar bætur að koma fyrir þessi réttindi. Eins og hv. 1. flm. frv. gat um er gert ráð fyrir að greiða landverðið að fullu.

Fleiri orð skal ég ekki hafa um þetta. En ég taldi rétt, af því að ég var ekki flm. þessa frv. í fyrra, heldur varamaður minn sem þá sat á þingi, að gera grein fyrir þeim meginástæðum sem til þess liggja að ég hef gerst flm. þess nú.

Umr. frestað.

Efri deild, 13. fundur.

Mánudaginn 10. nóv., kl. 2 miðdegis.

Meðferð einkamála í héraði, frv. (þskj. 47). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er um breyt. á l. um meðferð einkamála í héraði, nr. 85 23. júní 1936. Það var samið af réttarfarsnefnd, en dóms- og kirkjumrn. óskaði þess haustið 1973 að hún tæki til athugunar tillögur er fram höfðu komið frá borgardómaraembættinu í Reykjavík um að lögfest yrði heimild til þess að beita hljóðritun á dómþingum í einkamálum. Slík heimild hefur verið um árabil í lögum um meðferð opinberra mála og reyndar allt frá því að þau lög voru fyrst sett 1951. Sú heimild mun þó fremur lítið hafa verið notuð. Hins vegar er það svo að nokkur síðustu ár mun slíkum hljóðritunum hafa verið beitt við borgardómaraembættið í Reykjavík í tilraunaskyni án þess að bein heimild hafi verið til þess í lagaákvæðum.

Við umr. á síðustu árum um leyfi til þess að flýta meðferð mála fyrir dómstólum og þá ekki hvað síst meðferð einkamála hefur komið fram að ýmsir dómarar í einkamálum hafa talið verulegan flýtisauka að því að beita hljóðritunartækni við meðferð þeirra mála. Það er augljóst að nauðsynlegt er að um það efni séu þá skýrar heimildir og ákvæði um að setja megi hæfilegar reglur um skipulagða framkvæmd hljóðritunar og vörslu á hljóðritunargögnum. Ákvæði þau, sem réttarfarsnefnd leggur til að lögfest verði, fela í sér heimild fyrir dómsmrh. til að ákveða að upp verði tekin slík hljóðritun við héraðsdómaraembætti.

Þess má geta að í lögum um meðferð opinberra mála er almennt ákvæði um að sá kafli laganna um meðferð einkamála í héraði, sem lagt er til í þessu frv. að breytt verði, gildi einnig um meðferð opinberra mála. Geta því reglur, sem settar eru samkvæmt þessu lagafrv., einnig komið að notum við meðferð opinberra mála eftir því sem við á um framkvæmd og vörslu hljóðritana.

Nánari grein er gerð fyrir efni frv. í athugasemdum og leyfi ég mér að vísa til þess.

Þetta frv. er ekki óþekkt í þessari hv. deild. Það var lagt fyrir hana í fyrra og hún afgreidd það þá með jákvæðum hætti, en það mun hafa orðið það seint á ferðinni að ekki náðist afgreiðsla á því frá hv. Alþ. Ég hygg að það hafi ekki verið í þessari hv. deild í fyrra um neinar umtalsverðar breytingar á frv. að tefla frá því sem það var þá lagt fram. Ég hygg að hv. allshn. þessarar deildar hafi þá kynnt sér málið, m. a. með viðræðum við þá aðila, sem hafa reynt þessi atriði hér við borgardómaraembættið, eða fengið umsagnir um það. Ég leyfi mér þess vegna að vænta þess, herra forseti, að þetta litla frv. geti nú siglt hraðbyr gegnum þessa hv. deild og að það þurfi ekki að koma til þess að það dagi aftur uppi á hv. Alþ. Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. allshn., en það var sú þn. sem um málið fjallaði á síðasta þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 15. shlj. atkv.

Skipan opinberra framkvæmda, frv. (þskj. 53). — 1. umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Á þskj. 53 höfum við hv. 5. þm. Austurl., Halldór Ásgrímsson, og hv. 2. þm. Reykn., Oddur Ólafsson, leyft okkur að flytja lítið frv. um breyt. á lögum um skipan opinberra framkvæmda. Þetta er lítið frv. sem mér kom reyndar á óvart að þyrfti að flytja. Ég hélt satt að segja að ákvæði hér að lútandi væru þegar í lögum. Sjálfur var ég svo ekkert sérstaklega hrifinn af því að flytja frv. til l. um breyt. á þessum lögum, því að í fyrra samþykkti Alþ. tillögu einmitt frá okkur hv. þm. Stefáni Jónssyni um að endurskoða öll þessi lög. Það var nú ekki varðandi þetta, heldur ýmsa framkvæmd mála, sem við höfðum aðaláhugann á, og þar af leiðandi breytir það litlu um þennan frv.-flutning nú sem lýtur að allt öðru en því sem við vorum að gagnrýna þá varðandi endurskoðunina. En frvgr. er þannig að við 3. gr. laganna, þar sem talað er um áætlanir um hinar opinberu byggingar, bætist: „Í áætlun um stofnkostnað mannvirkja, sem kostuð er af ríkissjóði að nokkru eða öllu leyti, er heimilt að setja kostnað vegna listskreytingar og má verja í því skyni fjárhæð er nemi allt að 1% af áætluðum stofnkostnaði mannvirkja."

Hér er ekki fram á mikið farið, aðeins heimild til þess, eins og segir í greinargerð, að opinberar byggingar gætu fengið á sig fegurra og listrænna svipmót. Ekki er því að neita að að þessu hefur verið nokkuð gert án þess að fyrir því væru sérstök lagaákvæði eða lagaheimild. En eðlilegast hlýtur að teljast að hér sé um að ræða sjálfsagðan þátt í stofnkostnaði bygginga. Við vitnum eðlilega í hin áður settu ákvæði, þau ákvæði, sem minnt er á í grg varðandi skólana þar sem heimilt er að verja 2% af kostnaði til listskreytinga. Við förum ekki fram á nema 1% þarna, helmingi minna, en um prósentuna má auðvitað deila og meta hana. Við getum auðvitað bent á það að ýmsar opinberar byggingar hafa verið listskreyttar. Ég nefni byggingar eins og hér í Reykjavík Tollhúsið, Lögreglustöðina o. fl. En með tilliti til þess, að við lifum á erfiðum tímum eins og löngum áður, þótti okkur ekki rétt að ganga lengra í þessu en að fara í 1% af áætluðum stofnkostnaði mannvirkja, þó að við gerum okkur grein fyrir því að varðandi smærri byggingar yrði það náttúrlega ósköp lítið og vesælt sem kæmi út úr þessu. Sú sérstaka ósk, sem lá að baki þessum frv.-flutningi, var einmitt bundin við, að þarna yrði varið 1%, að markið yrði ekki sett hærra.

Það má því segja að einkenni þessa litla frv. okkar sé hógværð og hjartans lítillæti. Eins og að er vikið í grg. er það viss tegund bygginga sem við flm. höfum í huga öðrum fremur, og

það má segja að eðlilegra hefði verið að finna ákvæði sem þessu stað í lögum um heilbrigðisþjónustu. En að athuguðu máli fundum við flm. að það var erfitt að koma þessu ákvæði þar inn, það var erfitt að finna því stað í nýju lögunum um heilbrigðisþjónustu. Við nánari athugun þótti okkur líka rétt að fella þetta ákvæði inn í víðari ramma svo að það næði sem lengst þar sem ástæða þætti til að skreyta opinberar byggingar.

Eins og í grg. segir er hvergi brýnna en í sjúkrastofnunum að gæða þær lífi og lit með listskreytingum sem drægju um leið úr þeim sterku einkennum þessara stofnana sem minna á veikindi og allt sem þeim fylgir. Frekari rökstuðnings er í raun og veru ekki þörf. Það liggur við að okkur flm. þyki sem sjúkrahúsin og aðrar slíkar hliðstæðar stofnanir hefðu jafnvel átt að koma hér inn í á undan skólunum, þó að hvort tveggja eigi í raun að vera jafnsjálfsagt.

Mig langar aðeins að vitna í bréfaskriftir þær sem urðu hvati þessa frv.-flutnings, með leyfi hæstv. forseta. Framkvæmdastjóri Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað skrifar svo hljóðandi bréf til viðkomandi rn., heilbr.- og trmrn.:

„Þar sem ekki mun gert ráð fyrir listskreytingum af neinu tagi í þeim framkvæmdaáætlunum sem gerðar hafa verið yfir sjúkrahúsbyggingu í Neskaupstað, þá leyfi ég mér hér með að fara þess á leit við hið háa rn. að það heimili að sömu prósentu af heildarbyggingarkostnaði verði varið til listskreytingar sjúkrahúsbyggingarinnar og gert er ráð fyrir í lögum um ýmsar opinberar byggingar, t. d. skólabyggingar.“ — Það er rétt að taka það fram varðandi þessa fullyrðingu að þetta er eingöngu varðandi skólabyggingar. Það er ekki um neinar aðrar opinberar stofnanir sem þarna liggur lagaheimild að baki. Í bréfinu segir svo áfram: „Ég held að heppilegast væri að taka sem fyrst ákvörðun um þetta, þar sem slíkt verk þarf að mínu mati lengri undirbúningstíma en venjuleg byggingarvinna. Einnig er hugsanlegt að í einhverjum hluta byggingarinnar, utanhúss eða innan, gæti listskreyting fallið inn í frágangsvinnu, t. d. í sambandi við litaða múrhúðun, málningu eða flísalögn. Ég er viss um að ýmislegt er hægt að gera í þessa veru sem gæti orðið til fegurðarauka án þess að hleypa kostnaði mikið fram. Það er einlæg von mín að rn. taki mál þetta til vinsamlegrar athugunar og sjái sér fært að veita þessa heimild.“

Og undir þetta ritar fyrir hönd byggingarnefndar Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað Stefán Þorleifsson.

Ég vil einnig vitna hér í svar rn., með leyfi hæstv. forseta. Þar vísar rn. til bréfs byggingarnefndar frá 10. sept. 1975, þar sem rætt er um listskreytingu í sjúkrahúsbyggingunni í Neskaupstað, og segir svo orðrétt:

„Það hefur enn ekki verið gert ráð fyrir því við hönnun sjúkrahúsa að heimilt sé að eyða af byggingarfé til listskreytinga sérstaklega, og getur því rn. á þessu stigi ekki tekið jákvæða afstöðu til erindisins er í bréfinu greinir.“ Undir þetta ritar ráðuneytisstjórinn, Páll Sigurðsson.

Ég tek það fram í sambandi við prósentuna að í bréfi, sem mér barst frá forstöðumanni Fjórðungssjúkrahússins, Stefáni Þorleifssyni, formanni byggingarnefndar þar, óskar hann eftir því einmitt að ekki verði gengið lengra en það að heimildin verði bundin við 1% af áætluðum stofnkostnaði, þó að það sé auðvitað matsatriði. Aðeins telur hann eðlilegast og sjálfsagt að framkvæmd listskreytingarinnar sé tryggð sem hluti stofnkostnaðar. En hvað bréf rn. snertir þá kemur glögglega í ljós að heimildina eina þykir skorta. Ekkert bendir til þess að rn. sem slíkt sé ekki fullkomlega sammála um þörf þessa atriðis, enda hef ég fengið staðfest að fyrir því er fullur vilji ef heimildin væri ótvíræð.

Það má að vísu deila um eitt atriði í þessu efni, þ. e. a. s. hvort hús eða bygging eins og sú, sem nú er á döfinni í Neskaupstað og er komin nokkuð á veg, njóti góðs af breytingu sem þessari, þar sem hér er um að ræða áætlun í raun og veru um fyrirhugað mannvirki samkv. 1. gr. laganna, sem nú stendur þarna. En ég hef gengið úr skugga um það, að ég hygg fullkomlega, að viðkomandi rn. mun telja þetta algerlega nægilegt til að heimila þeim í Neskaupstað og öðrum aðilum, sem þannig stendur á hjá, listskreytingu í ljósi þessa ákvæðis, nái þetta frv. fram að ganga.

Ég vona að frv. þetta eigi sem greiðasta leið í gegnum þessa deild og hef um það von einnig að það týnist ekki í málafjölda þeirra hv. Nd.-manna og þeirra sérstæða annríki undanfarnar þingvikur. Hér þarf engra frekari skýringa við. Málið er ljóst og einfalt og einhugur ætti um það að vera. Vil ég því í trausti á skjóta afgreiðslu leggja til að þessu frv. verði vísað til hv. fjh.- og viðskn. að lokinni þessari umr.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég tel, að með flutningi þessa litla frv. sé hreyft máli sem sé allra athygli vert, og mig langar aðeins að segja um það fáein orð nú við 1. umr. í hv. deild.

Það er rétt að til þessa tíma hafa ekki legið fyrir neinar heimildir til þess að listskreyta aðrar opinberar byggingar en skóla. Ákvæðin eru í lögum um skólakostnað, að mig minnir, en í því efni hefur verið gert nokkuð síðan það komst í lög. Hins vegar hafa menn rekið sig á það að þeir aðilar sem hafa verið þess umkomnir að mega ráða sínni fjárfestingu að meira eða minna leyti, hafa gengið inn á þessa braut. Má í því sambandi bæta við það sem hv. flm. gat hér um áðan, Tollhús og Lögreglustöð, að Landsvirkjun hefur gert nokkuð að því að skreyta sínar byggingar á þennan hátt.

Ég er því mjög hlynntur að ýmsar byggingar séu listskreyttar. En ég vil láta það koma fram hér að ég lít svo á að það eigi í raun og veru alls ekki eitt að vera sem endanleg lausn á þessu máli að það megi setja einhvers konar listskreytingar á ytra borð bygginganna, heldur væri mikið í það varið, eins og flm. kom að vísu lauslega inn á raunar í sinni framsöguræðu, að það mætti gera innri hliðar bygginganna vistlegri með þessum hætti heldur en annars er. Ég hefði haldið að sjúkrahús væru þær stofnanir sem einna erfiðast væri að gera aðlaðandi. Fyrirmæli, sem verða að vera þar fyrir hendi um hollustuhætti og hreinlæti og því um líkt, gera þetta mjög vandmeðfarið mál í þeim til-

vikum. En ef það væri álitið að það mætti með einhverjum hætti nota t. d. listaverk, málverk, jafnvel standmyndir til þess að gera sjúkrahúsin heimilislegri og meira aðlaðandi fyrir sjúklingana, þá væri það mjög mikilvægt. Ég er þeirrar skoðunar og vil láta það koma fram hér, eins og ég impraði á einnig á ráðstefnu um menningarmál sem haldin var í fyrravetur, að vel kemur til greina að mínu áliti að Listasafn Íslands láni eða láti listaverk sín hanga uppi í opinberum byggingum til þess að fólkið fái að njóta þeirra, heldur en í þeim geymslum sem Listasafnið hefur fyrir sín listaverk. Ég hefði nú viljað mæla með því að þannig yrði frá málum gengið að þessi ákvæði fjölluðu ekki aðeins um þau listaverk sem hægt væri að fella föst inn í heildarmynd byggingarinnar, að þarna undir mætti einnig setja það að hægt væri að setja upp laus listaverk í þessum mannvirkjum.

Ég tel, eins og ráða má af þessum orðum mínum mjög eðlilegt að þetta mál verði skoðað og tekið á því með jákvæðum hætti, því að ég álít það vera mikils virði að þarna fengist jákvæð lausn.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Þetta litla frv. lætur ekki mikið yfir sér, það er rétt, en ég tel að á ýmsum sviðum geti það gert byggingar notalegri. Það er vitað mál að okkur er ekki sama hvernig húsin, sem við búum í líta út, og sannarlega getur það verið mikils virði jafnvel fyrir líðan þeirra, sem í húsum búa, hvort þau eru listskreytt, hvort tekið er tillit til augans og hugans þegar þau eru byggð.

Okkar heilbrigðisstofnanir hafa farið varhluta af þeirri nýju stefnu sem er í þessum málum hér á landi. Það er rétt sem getið hefur verið, það hafa margir aðilar listskreytt hús sín að utan nú. En það eru ekki aðeins opinberar stofnanir, það eru einnig einkaaðilar sem í vaxandi mæli listskreyta byggingar sínar. Ég held að einmitt núna, þegar bæði stendur yfir og fyrir liggur að byggja marghátttaðar og margs konar heilbrigðisstofnanir í þessu landi, að þá sé einmitt tíminn til þess að tryggja að eitthvað verði hugsað um þessi efni við frágang þeirra húsa. Það er rétt, sem kom fram hjá síðasta ræðumanni, að það kemur mjög til álita að þetta geti líka gilt um listmuni sem yrðu settir á sinn stað í þessum byggingum. Um það er sjálfsagt að ræða og athuga það mál. En ég held að það mundi verða öllum til góðs ef þetta frv. næði nú fram að ganga.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Neðri deild, 15. fundur.

Mánudaginn 10. nóv., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 9. okt. 1975.

Með skírskotun til 138. gr., sbr. 111. gr. laga um kosningar til Alþ., leyfi ég mér hér með að óska þess að Geirþrúður Hildur Bernhöft félagsmálafulltrúi, 1. varamaður Péturs Sigurðssonar, 8. þm. Reykv., taki sæti hans á Alþ. í stað Gunnars J. Friðrikssonar, 2. varamanns, sem setið hefur á Alþingi um hríð.

Virðingarfyllst,
Þorv. Garðar Kristjánsson,
ritari þingflokks Sjálfstfl."

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 29). — 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Forseti. Frv. þetta fer fram á að breytt sé tilhögun á greiðslu framlaga úr Jöfnunarsjóði til sveitarfélaganna. Eins og kunnugt er hefur Jöfnunarsjóður sveitarfélaga nú um 15 ára skeið fengið hluta af söluskatti og aðflutningsgjöldum, og er málum svo hagað nú að ríkissjóður, sem innheimtir þessi gjöld, greiðir hluta Jöfnunarsjóðs mánaðarlega. Hins vegar er ákveðið í lögum að Jöfnunarsjóður skuli greiða til sveitarfélaganna þrisvar á ári, þ. e. a. s. fyrir 30. apríl, 30. sept. og 31. des. Samband ísl. sveitarfélaga hefur óskað eftir breytingu í þessu efni á þann veg að greiðslur úr Jöfnunarsjóði til sveitarfélaganna verði mánaðarlega, og er það efni þessa frv. að verða við þessum óskum sveitarfélaganna.

Í öðru lagi er svo í 2. gr. staðfest sú ákvörðun síðasta Alþ. að auka framlög til Lánasjóðs sveitarfélaga.

Þetta frv. var lagt fyrir hv. Ed. og var þar samþ. einróma. Ég vænti þess að það fái einnig góðar undirtektir í þessari hv. d. Ég legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og til félmn.

Jóhannes Árnason: Virðulegi forseti. Það er fyrst og fremst um 1. gr. þessa frv. á þskj. 29 sem mig langaði til að segja nokkur orð.

Það er alkunna að þegar sú kerfisbreyting var gerð varðandi tekjustofna sveitarfélaga 1960 að sveitarfélögunum var tryggður hluti söluskatts og Jöfnunarsjóður sveitarfélaga var stofnaður, þá var stigið stórt skref í framfaraátt fyrir sveitarfélögin. Fram að þeim tíma hafði þau löngum verið svo að útsvörin voru aðaltekjustofn og nánast eini tekjustofn þeirra. Sá háttur hefur verið á hafður að sveitarfélögin fái framlag sitt úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga greitt á 3 mánaða fresti. Með 1. gr. þessa frv. um breyt. á l. nr. 8 frá 1972 er lagt til að frá 1. jan. n. k. verði framlögin samkv. 13. gr. laganna greidd mánaðarlega.

Ég tel að hér sé um að ræða breytingu til bóta. Ég veit ekki hvort það eru mistök í prentun eða athugunarleysi, en það verður að líta svo á að hér sé um að ræða breyt. á 14. gr. l. nr. 8 frá 1972, en það stendur ekki við 1. gr. í þessu frv. við hvaða gr. í l. nr. 8 frá 1972 hún eigi, en þar ætti væntanlega að standa: 1. málsgr. 14. gr. orðist svo" — skilst mér.

Þá vil ég víkja aðeins að og gera að umtalsefni framkvæmd þessa kerfis, þ. e. skil Jöfnunarsjóðs, sem félmrn. sér um, á framlögum til sveitarfélaganna. Nú er það svo að öll sveitarfélögin fá ekki framlögin beint í hendur til frjálsrar ráðstöfunar. Þar er um að ræða nokkrar undantekningar, þar sem skuldajöfnuður á sér stað samkv. lögum þegar ekki hefur verið staðið í skilum og einstakir aðilar fá greiðslu, sem sveitarfélögin eiga að inna af hendi, beint frá Jöfnunarsjóði fyrir milligöngu rn. Ég leyfi mér í þessu sambandi að nefna aðeins tvö tilvik, þ. e. Ríkisábyrgðarsjóð og Lánasjóð sveitarfélaga. Enn fremur mætti nefna Bjargráðasjóð o. fl.

Í 3. málsgr. 14. gr. laga nr. 8 frá 1972 segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú kemst sveitarfélag eftir setningu laga þessara í vanskil með greiðslur vegna veittra ríkisábyrgða, og er rn. þá heimilt að inna slíkar greiðslur af hendi af framlagi til sveitarfélagsins eftir því sem til vinnst.“

Og í 13. gr. laganna um Lánasjóð sveitarfélaga, nr. 35 frá 1966, segir svo, með leyfi forseta:

„Nú vanrækir sveitarfélag greiðslu afborgana og vaxta úr sjóðnum á réttum gjalddaga, og getur ráðh. þá greitt vanskilin af framlagi hlutaðeigandi sveitarfélags úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eftir því sem til vinnst. Sama gildir um greiðslur sem Lánasjóður sveitarfélaga kann að hafa innt af hendi vegna ábyrgða sem hann hefur tekist á hendur samkv. 10. gr.“ — en þar er um að ræða sjálfskuldarábyrgð vegna rekstrarlána.

Það er alkunna að fjölmörg sveitarfélög fá lán með ríkisábyrgð til ýmissa framkvæmda. Varðandi kaupstaði og sjávarþorp vil ég sérstaklega nefna lán til hafnarframkvæmda sem eru ákaflega þýðingarmiklar en dýrar framkvæmdir, og greiðslubyrðin vegna þessara lána er þungur baggi fyrir mörg slík sveitarfélög. Í reyndinni verður það því þannig að í fjölmörgum tilvikum fer allt framlag Jöfnunarsjóðs í slíkar bundnar greiðslur þar sem ekki hefur reynst unnt að standa í skilum. Ég er ekki að mæla á móti þessu fyrirkomulagi, heldur þvert á móti verð ég að segja að þetta er sjálfsagt óhjákvæmilegt til þess fallið að koma á meiri festu og stuðla að því að þessir sjóðir, sem viðskipti eiga við sveitarfélögin, geti starfað á öruggari hátt og gegnt sínu hlutverki betur.

En þá kem ég að því sem ég vildi gera sérstaklega að umtalsefni og varpa fram til skoðunar. Það er í sambandi við þau gleðilegu tíðindi sem hæstv. fjmrh. boðaði í fjárlagaræðu sinni og fram kemur í aths. við fjárlagafrv., að framvegis skuli Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fá 8% af öllum söluskattinum, þ. e. af 7 söluskattsstigum til viðbótar því sem nú er. Er talið að þarna geti verið um að ræða milli 700 og 800 millj. kr. auknar tekjur fyrir sveitarfélögin gegnum Jöfnunarsjóð á ársgrundvelli. Er þess að vænta, að frv. til l. þar að lútandi verði lagt fram á næstunni.

En það er á fleiri sviðum en þeim, sem ég nefndi áðan, að ástæða er til að binda framlög af hálfu sveitarfélaganna í opinberri starfsemi. Ég vil í þessu sambandi nefna sjúkratryggingarnar, en sveitarfélöögin greiða nú 10% af öllum kostnaði við sjúkratryggingar, þ. á m. daggjöld til sjúkrahúsanna sem ég hygg að vegi þar þyngst á metunum. Hér er um allverulegar fjárhæðir að ræða og mörgum sveitarfélögum hefur reynst erfitt að standa að fullu í skilum. Greiðslur vilja verða á eftir og vandræði af hljótast, sem hefur aftur leitt til þess að þessi útgjaldaliður hefur orðið þyngri á ríkissjóði. Ég vil því leyfa mér að beina því til hæstv. félmrh. að tekið verði til athugunar við boðaðar breyt. á lögum um Jöfnunarsjóð vegna aukinna tekna af söluskatti hvort ekki væri rétt að bæta jafnframt inn í lögin ákvæði um að framlög sveitarfélaganna til sjúkrasamlaga skuli greiðast til þeirra beint frá Jöfnunarsjóði eða a. m. k. framlag Jöfnunarsjóðs gæti verið til tryggingar ef um vanskil yrði að ræða, líkt og nú gerist með Ríkisábyrgðasjóð og lánasjóð sveitarfélaga, og fleiri aðila. Ég er ekki viss um, að þetta mundi sæta andstöðu sveitarstjórnarmanna. Þessi framlög verður að greiða hvort sem er, og það er nú einu sinni svo að slík framlög vilja stundum verða útundan eða á eftir hjá sveitarfélögunum og dæmi eru til um óeðlilega skuldasöfnun. Sjálfsagt væri að kanna afstöðu þeirra, sem hér eiga hlut að máli, þ. e. Samband ísl. sveitarfélaga, Tryggingastofnunar ríkisins og ríkisendurskoðunarinnar.

Öllum má vera fullljóst mikilvægi sjúkratrygginganna fyrir allan almenning í landinu. Það er brýn nauðsyn að greiðslur til sjúkrasamlaganna geti komið inn jöfnum höndum frá þeim, sem greiða eiga, þ. e. ríki og sveitarfélögum, eða mánaðarlega eins og þetta frv. gerir ráð fyrir. En það er ljóst að hér er um verulegar fjárhæðir að ræða. Niðurstöðutölur á rekstrarreikningi sjúkratrygginganna á s. l. ári, 1974, voru samkv. ríkisreikningi rúmlega 6 milljarðar og 435 millj. Þar af voru framlög sveitarfélaga innborguð á árinu rúmlega 464 millj., sem sýnir að nokkuð hefur á skort að sveitarfélögin hafi þarna getað staðið í skilum með lögboðin framlög og ríkissjóður þar af leiðandi orðið að hlaupa undir bagga. Samkv. fjárlagafrv. er gert ráð fyrir framlagi ríkissjóðs 8 milljörðum 192 millj. kr. árið 1976 til sjúkratrygginga. Sveitarfélögin ættu því að greiða rúmlega 800 millj. þar á móti. Þykir mér því fremur nauðsyn til bera að koma á fastri skipan í þessu sambandi, því að það er það sem fyrir mér vakir með því að vekja máls á þessu hér. Ég tel að það væri rétt að kanna þetta í sambandi við þann möguleika sem skapast við aukin framlög Jöfnunarsjóðs samkv. boðaðri lagabreytingu.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þær ábendingar, sem hv. 1. þm. Vestf. hefur hér gert, verða að sjálfsögðu teknar til athugunar og haft um þær samráð við Samband ísl. sveitarfélaga.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til félmn. með 23 shlj. atkv.

Vísitala byggingarkostnaðar, frv. (þskj. 52.) — 1. umr.

Frsm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Að beiðni hagstofustjóra hefur allshn. Nd. tekið að sér að flytja þetta mál hér í hv. deild. Núgildandi vísitala byggingarkostnaðar, sem er með grunntíma 1. okt. 1955, var sett á laggir með lögum nr. 25 frá 1957. Grundvöllur hennar er nú orðin úreltur og því brýn þörf á að endurnýja hana. Þess skal getið að á Alþ. 1970 var samþ. þáltill. þar að lútandi.

Samkv. þessu frv. er hinn nýi grundvöllur byggður þannig upp að hann á að geta orðið að miklu meiri notum en gamli grundvöllurinn við gerð verksamninga og við margvíslega áætlunargerð í sambandi við verklegar framkvæmdir. Þannig er séð fyrir því að reiknaðar verði og birtar vísitölur fyrir ákveðna verkþætti byggingarútgjalda og fyrir mismunandi byggingarstig, svo sem fokhelt, tilbúið undir tréverk og lok byggingar, og ýmsar frekari sundurgreiningar verður hægt að hagnýta úr hinni nýju vísitölu byggingarkostnaðar.

Gildandi vísitala hefur verið reiknuð þrisvar á ári, en samkv. frv. er lagt til að hin nýja vísitala verði reiknuð út ársfjórðungslega og gildistímar hennar falli inn í almanaksárið en það hefur ekki verið svo fram að þessu. Þetta eykur verulega notagildi vísitölunnar í sambandi við gerð verksamninga og hvers konar áætlunargerð. Þá er gert ráð fyrir að nýi vísitölugrundvöllurinn komi þegar til framkvæmda ef frv. þetta verður að lögum, þ. e. að grunntími hans miðist við verðlag í okt. á þessu ári. Næsti útreikningur færi svo fram í júní á árinu 1976 og síðan í sept., des., mars o. s. frv.

Þetta eru þær breyt. sem frv. felur einkum í sér og skipta máli, þ. e. a. s. að það er breytt skipan á útreikningi og birtingu, vísitalan verður reiknuð út eða birt fjórum sinnum á ári, en sú gamla sem sagt þrisvar. Frv. þetta mun hafa verið borið undir allmarga aðila sem þekkingu hafa á byggingarmálum og nota mikið vísitölu byggingarkostnaðar. Það leiddi til margvíslegra breyt. og lagfæringa á grundvellinum og hefur verið tekið tillit til þeirra við gerð þessa frv.

Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar um einstaka þætti frv. Allshn. hefur, eins og fyrr er sagt, flutt þetta frv. að beiðni hagstofustjóra og hefur áskilið sér rétt til þess að skoða það og breyta eftir atvikum. Það gildir og um einstaka nm. Ég legg því til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til n. aftur og til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Orkulög, frv. (þskj. 14). — Frh. 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þau lagaákvæði, sem nú gilda um réttinn yfir jarðhita, þurfa endurskoðunar við. Í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir að greina milli háhitasvæða og lághitasvæða. Varðandi háhitasvæðin, þá skulu þau verða eign ríkisins, en varðandi lághitasvæðin skuli hver landeigandi hafa rétt til umráða og hagnýtingar á þeim svæðum.

Í frv. eru dregin mörk milli háhita- og lághitasvæða. Háhitasvæði teljast jarðhitasvæði ef innan þeirra finnst 200 stiga hiti ofan 1000 m dýpis. Því hefur verið hreyft af ýmsum hvort mörk séu jafnan svo skýr og glögg milli háhita- og lághitasvæða samkv. þessari skilgreiningu að á því sé hægt að byggja svo mikilvæg lagaákvæði eins og í þessu frv. felast.

Aðrar till. hafa áður verið uppi um rétt ríkisins til hagnýtingar og umráða jarðhita. Þær voru í frv. sem lagt var fyrir Alþ. árið 1956. Þá var svo ákveðið að ríkið skyldi eiga allan rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita sem sóttur er dýpra en 100 m undir yfirborð jarðar.

Þegar greina skal milli þess hvað landeigendur skuli eiga og hvað ríkið skuli taka til sinna umráða, þá held ég að sé nauðsynlegt að athuga nokkru nánar hvar mörkin skuli draga, og þurfi það nýrrar athugunar við.

Í öðru lagi er rétt að taka það fram að við umr. um þetta mál hefur komið fram nokkur gagnrýni af hálfu sveitarfélaga. Þess eru dæmi að sveitarfélög eiga jarðhitaréttindi, en frv. gerir ráð fyrir því að þau réttindi séu af sveitarfélögunum tekin án bóta. Hins vegar er svo ákveðið að sveitarfélög, sem eiga land á háhitasvæði við gildistöku laganna, skuli þó hafa forgangsrétt til vinnsluleyfis á landinu og vera undanþegin leyfisgjaldi. En einnig í sambandi við sveitarfélögin kemur þetta vandamál upp, hvort mörkin séu þarna eðlilega dregin í milli. Þess eru nefnilega dæmi að sveitarfélög eiga lághhitasvæði og sveitarfélög eiga háhitasvæði, og hef ég orðið þess var að sum þeirra telja að frv. mundi leiða af sér nokkurt misrétti milli þeirra ef að lögum yrði.

Varðandi það atriði, sem töluvert hefur verið rætt, hvort þetta frv. stríði gegn stjórnarskránni eða ekki, þá liggur nú fyrir álit lagadeildar Háskólans um það efni, þar sem það kemur fram, að það sé auðvitað fyrst og fremst á valdi dómstólanna að skýra 67. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins og meta hvort bætur skuli fyrir koma ef frv. verður að lögum. Náttúrlega mundi frv. ekki hagga þeim rétti sem menn hafa samkv. túlkun dómstólanna á þessu ákvæði stjórnarskrárinnar. Ég tel nauðsynlegt að þessi mál, eins og raunar ýmis fleiri atriði í orkulögum, en frv. þetta er um breyt. á þeim, þurfi skoðunar við og orkulögin í heild hafa verið og eru til athugunar í iðnrn. Hins vegar er ljóst að meðan ekki hafa verið sett ný lagaákvæði og skýr, eftir því sem unnt er, um þessi mál, er nauðsynlegt að reynt sé að leita samninga við landeigendur og tryggja rétt til hita og lands áður en hið opinbera ræðst í jarðboranir. Því miður hefur nokkur misbrestur orðið þar á og eru þess nokkur dæmi að afkastamiklir jarðborar hafi verið látnir hefja framkvæmdir og borað með

árangri eftir heitu vatni og gufu án þess að hugsað hafi verið fyrir því að gera samkomulag áður við landeigendur. Þetta hefur skapað, eins og kunnugt er, ýmis vandamál. Ég hef því falið Orkustofnun og lagt fyrir hana að gæta þess, að áður en hafnar eru boranir eftir jarðvarma hafi verið gengið frá samningum um land- og hitaréttindi. Þessi fyrirmæli eiga auðvitað fyrst og fremst við um það þegar Orkustofnun er falið af ríkinu að rannsaka og hefja boranir á vissu landssvæði og á við hver sem í hlut á. Það er einnig átt við með þessu að þegar borað er eftir beiðni sveitarfélaga eða einstaklinga, þá á Orkustofnun einnig, áður en hún hefur boranir, að gæta að því hvort samkomulag hefur verið gert um landsréttindi og nýtingu jarðhita ef árangur fæst of borun. Miðað við reynslu undangenginna ára taldi ég nauðsynlegt að gefa Orkustofnun slík fyrirmæli á meðan mál þessi öll eru í nánari athugun.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég var á mælendaskrá þegar umr. um þetta mál var frestað s.l. fimmtudag. Það voru nokkur atriði í ræðum þriggja hv. þm. sem ég held ég komist ekki hjá að gera nokkrar aths. við. Annars kom mér á óvart hvað tveir þeirra voru önugir í sínum málflutningi, þeir hv. þm. Gils Guðmundsson og Benedikt Gröndal, og mest þótti mér þeir æsa sig upp þegar þeir mistúlkuðu það sem ég hafði sagt í minni ræðu. Annars vil ég þakka fyrir einkunnina sem ég fékk hjá hv. þm. Gils Guðmundssyni, að önnur eins íhaldsræða um eignarréttindi hefði ekki verið haldin á Alþ. síðan 1914. Minna mátti það nú ekki vera. Það var þá kominn tími til að talsmaður eignarréttarins kæmist á þing. En því miður held ég að ég eigi ekki þessa einkunn. Raunverulega er það svo að á Alþ. hafa, sem betur fer, ætíð átt sæti menn sem hafa verið talsmenn þess að eignarréttur einstaklinga væri virtur. Þ.á m. mætti nefna þá sem flm. þessa frv. eru sífellt að nugga sér utan í, svo sem þá Jón Þorláksson og Bjarna Benediktsson. Já, og eftir að hv. 3. þm. Reykn. hafði gefið ræðu minni þessa einkunn, þá bauðst hann til að koma fréttum af ræðunni til suðurnesjamanna eftir eðlilegum leiðum, eins og hann kallaði það. Það stóð ekki heldur á því. Ég held að það sé gagnlegt að frásögnin, sem birtist í Þjóðviljanum daginn eftir, komist líka í Alþt. til þess að menn geti borið saman það sem sagt var í ræðunni og svo frásögn Þjóðviljans. Með leyfi hæstv. forseta, les ég þennan kafla. Fyrirsögnin er svona og er innan tilvitnunarmerkja í Þjóðviljanum og feitletrað líka:

„Það er óleyfilegt að skerða í nokkru eignarrétt mannanna sem eiga háhitasvæðið Svartsengi við Grindavík. Þeir gætu auðveldlega sjálfir hagnýtt jarðhitann þar ef þeir fengju að vera í friði fyrir ríkinu. Það er skylda þeirra og okkar gagnvart eignarréttinum að skattleggja almenning duglega við virkjun háhitans úr Svartsengi, og það skal koma fram í hitakostnaði hjá suðurnesjabúum um ókomin ár."

En síðan kemur svo aftur með smærra letri fyrir neðan, að þetta sé nú að vísu ekki rétt tilvitnun í ræðu mína, en innihaldið hafi verið þetta.

Kannast menn e.t.v. við þessa tegund blaðamennsku, eða er þetta kannske skrifað af hv. 3. þm. Reykn. svona í framhaldi af því boði hans að koma fréttunum til Suðurnesja?

Röksemdir hv. flm. fyrir þessu frv. eru hinar fjölbreytilegustu, ekki vantar það. Sumar þeirra sýnist mér að komi málinu ekkert við, aðrar byggjast á tilfinningalífi hv. flm. og enn aðrar eru út í bláinn og í beinu ósamræmi við það sem þessir sömu menn láta frá sér fara í öðrum en hliðstæðum málum. Það, sem helst er lögð áhersla á í röksemdafærslunni, er að hér sé um mikil náttúruauðæfi að ræða og koma verði í veg fyrir að með þau verði braskað.

Það, sem er aðalatriðið í þessu sambandi, er að jarðhitaréttindi hafa fylgt landareignum frá fyrstu tíð og meira að segja verið óheimilt að skilja þau frá þeim. Ríkið getur því ekki kastað eign sinni á þau án bóta. Um þetta er fyrst og fremst deilt. Það er ekki deilt um það hvort ríkið hafi heimild til að takmarka eignarréttindi manna. Slíkt er löngu viðurkennt. Og það er heldur ekki deilt um, að bætur verði að greiða fyrir land sem tekið yrði af einstaklingum. Og ég get ekki séð að ríkið þurfi yfirleitt að óttast neitt brask með þessi réttindi. Þau eru ekki þess eðlis að menn standi í röðum og vilji kaupa. Notendur réttinda þessara yrðu að sjálfsögðu fyrst og fremst ríki og sveitarfélög. Það er því þarflaust og út í bláinn að vera að tala um að þessi réttindi lendi í braski.

Þá er af flm. lögð áhersla á að það sé ríkið sem kosti rannsóknir og tilraunaboranir. Rétt er það. En ég get ekki séð að það út af fyrir sig skapi ríkinu rétt til að sölsa hitaréttindin undir sig. Það ætti að vera regla að ríkið léti engar tilraunaboranir fara fram á landi í einkaeign nema áður hafi verið samið við eigandann eða þá að viðkomandi eigandi kostaði rannsóknir og boranir að fullu. Ég fagna þessu vegna þeirrar yfirlýsingu sem hæstv. orkumrh. gaf áðan um að hann hafi þegar lagt fyrir Orkustofnun að framkvæma ekki boranir fyrr en gengið hafi verið tryggilega frá slíkum samningum.

Þá er ein röksemdin fyrir þessari þjóðnýtingu að hvert háhitasvæði sé sjálfstætt rennsliskerfi og því geti vinnsla á einum stað raskað rennsli á öðrum stöðum í kerfinu, af þessum sökum sé mikilvægt að vinnsla jarðhita á hverju svæði sé í höndum eins aðila. Þetta er alveg rétt. En halda menn virkilega að enginn aðili ráði við þetta nema ríkið. Það er gagnlegt og þá sérstaklega fyrir þm. Reykn. að vita að um þetta atriði hefur t.d. þegar verið samið við eigendur Svartsengis, þ.e. að Hitaveita Suðurnesja kaupi öll jarðhitaréttindi við Svartsengi. Hættan að þessu leyti er því liðin hjá og ég vona að a.m.k. sumir geti andað léttar þess vegna, þeir sem hafa haft þyngstar áhyggjurnar til þessa.

Að lokum komum við svo að tilfinningalífinu hjá hv. flm., en þá fer að vísu að verða miklu erfiðara að rökræða við þá. Það stríðir gegn réttlætiskennd að einstaklingar geti kastað eign sinni á slík réttindi, segja þeir, þau eigi að vera

almenningseign, ekkert síður en fallvötnin. Það, sem ég hef við þessa röksemd að athuga, er í fyrsta lagi að einstaklingar eru ekkert að kasta eign sinni á eitt eða neitt núna. Þeir hafa átt þessi réttindi. Þau hafa fylgt landinu um aldir og þar með yfirfærst frá manni til manns. Þetta er meginmálið, og af því að þjóðnýtingarmenn sjá nú að þessi réttindi kunni að gefa eigendum þeirra einhvern arð, þá á að lýsa því yfir að þau séu eign ríkisins og hafi víst alltaf verið það.

Ég hef spurt hvar þessir menn ætli sér að draga mörkin í þessum þjóðnýtingaráformum, en ég hef ekki fengið svar. Það hefur verið spurt að visu á móti hvort þeir menn, sem eigi landið, eigi líka að eiga hitann og vatnið. Ég svara því hiklaust játandi að svo skuli vera áfram sem hingað til. En afstaða Alþb. til eignarréttinda virðist fara nokkuð eftir vindáttinni í það og það skiptið. Mér sýnist t. d. að þeir leggi ekki sama mat á það, hvort um sé að ræða virkjun jarðhita eða virkjun fallvatns, þótt þeir segi í ræðum sínum nú að jarðhitinn eigi að vera almenningseign eins og fallvötnin. Mér sýnist það nánast fara eftir því hvort tiltekin náttúrugæði séu á Reykjanesi eða hvort þau eru í Þingeyjarsýslu. (Gripið fram í.) Í Þingeyjarsýslu, já. Kannski gætu hv. flm., sem jafnframt eru þm. Reykn., skýrt þetta út fyrir þingheimi. Mér sýnist vera brýn nauðsyn á því, annars getur verið að það verði svo talið að sumir menn séu ósamkvæmir sjálfum sér.

Afstaða Alþfl. í þessu máli er hins vegar miklu ljósari. Alþfl. vill lýsa yfir eignaréðum ríkisins á landinu öllu, gögnum þess og gæðum. Minna mátti það nú ekki vera. En þetta er þó stefna. En fyrst ég minntist á Alþfl. langar mig að biðja form. hans, þó að hann sé því miður ekki hér í þd., hv. þm. Benedikt Gröndal, að skýra út fyrir mér og öðrum hvað það eru mörg hundruð millj. kr. sem það munar suðurnesjamenn hvort þetta frv. nær fram að ganga. Hann viðhafði þau orð hér í ræðu á fimmtudaginn var að þetta munaði suðurnesjamenn mörg hundruð millj. kr. Mig langar til þess að fá svar við þessu og jafnframt vildi ég vita hvernig þetta dæmi er sett upp, svo að ég geti þá betur áttað mig á útkomunni. (**Gripið fram í:** Hvað með Framsókn?) Ég kem að því síðar. Annars gladdi það mig að heyra hjá hv. form. Alþfl. að hann hefði ekki mælt með því að eignir manna væru teknar án bóta. Ég hélt það bara af því að það stendur í grg. frv. og hv. ræðumaður var einn af flm. þess.

Svo var það þetta, að ég hefði háðslega gagnrýnt flm. fyrir að hugsa um fólkið sem ekki á land. Ég held ég verði að endurtaka það sem ég sagði um þetta, með leyfi hæstv. forseta. Það var svona:

„Auðvelt er að tala til hins fjölmenna hóps í þjóðfélaginu sem ekki ræður yfir öðru landi en því sem húsið hans stendur á, og smáskika umhverfis það. Það er til þessa hóps sem flm. þessa frv. tala í von um kjörfylgi.“

Þetta sagði ég og ég ítreka það hér og nú, en í þessu er bara ekkert háð. Menn mega vita það að mér þykir svona frv.-flutningur heldur ómerkilegur og einkum þegar slíkt kjördæmisbragð er af honum eins og í þessu tilviki.

Um ræðu hv. þm. Jóns Skaftasonar þarf ég ekki að fara mörgum orðum. Mér fannst hann vera hálfpartinn að afsaka veru sína á þessu frv. með því að hann sagði að það væri öndvert hugsun hans að þau réttindi sem væru svona sérstaks eðlis, væru í eigu einstaklinga. Þetta var önnur ástæðan, en hin var sú að það væri ekki á færi nema opinberra aðila að virkja jarðhitann. Það atriði kemur því að sjálfsögðu ekkert við hvort menn viðurkenna slíka aðild eignarréttarins. Jafnframt kvaðst hann ekki vera sérstakur aðdáandi ríkisafskipta og ekki væri hægt að svipta menn rétti án bóta með einfaldri lagasetningu hvað sem stæði í frv. Þá fer ég nú að hætta að skilja hvers vegna hann er flm. Þá þótti honum vanta rökstuðning fyrir þeirri fullyrðingu minni að Alþ. færi inn á varhugaverða braut með því að samþ. þetta frv. Ég veit að hann hlýtur að skilja það nú, af því að við erum sammála, að það, sem ég var að segja, var einmitt þetta: Alþ. getur ekki með einfaldri samþykkt svipt menn eignum sínum án bóta. Ef það gerir það, þá fer það inn á varhugaverða braut.

Að lokum vil ég segja þetta og vil þá gjarnan að hv. 3. þm. Reykn. leggi sér það á minnið. Ég hef ekki talað í þessu máli fyrir hönd jarðhitafurstanna, eins og hann komst svo smekklega að orði í ræðu sinni á fimmtudaginn. Það fólk, sem fær þessa nafngift, er ósköp venjulegt fólk, að ég held. Að því er varðar eigendur Svartsengis, þá eru þetta liðlega 40 manns, fólk sem er búandi víða á Suðurnesjum og kannske víðar um land. Ég veit ekki um stjórnmálaskoðanir þess. Ég er þó viss um að ekki hefur það allt kosið Sjálfstfl., en ég ætla hins vegar engum þeirra að hafa kosið Alþb., því að gegn þessu fólki hefur verið haldið uppi alveg dæmalausum rógi. Það er látið að því liggja að það sé að notfæra sér hækkun oliuverðs úti í heimi með kröfugerð sinni á hendur Hitaveitu Suðurnesja, og því er, held ég, enn haldið fram að kröfur þess fyrir hitaréttindin hafi numið 800 millj. kr. Þessi málflutningur og annar hliðstæður er hafður uppi í blekkingarskyni, og mér sýnist að það séu ákveðnir menn sem nota þennan málflutning í von um pólitískan ávinning í kjördæmi sínu.

Það er enn talað um að framkvæmdir við Hitaveitu Suðurnesja hafi stórlega tafist vegna þess að landið og hitaréttindin séu í einkaeign. Þetta er rangt og ég skora á þá, sem þessu halda fram, að sanna mál sitt.

Flm. (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Ég sé nú ekki ástæðu til að lengja þessar umr. mjög mikið. Þetta er 1. umr. málsins og ég tel mjög æskilegt að frv. fari nú fljótlega til n. og verði rækilega athugað í n. Ég mun því í því, sem ég segi nú, leitast við að gefa ekki sérstakt tilefni til öllu lengri umr. Þó get ég ekki látið hjá liða að mæla nokkur orð til viðbótar við það, sem ég sagði á dögunum við samþm. minn, hv. 5. þm. Reykn. En áður en

ég kem að honum vil ég einungis segja það um ræðu hæstv. iðnrh., að ég fagna því að hann ræddi mál þetta á allt öðrum grundvelli og með allt öðru orðbragði en hv. 5. þm. Reykn., Ólafur G. Einarsson, og mér virtist að hæstv. iðnrh. vildi með þeim orðum, sem hann sagði hér, e. t. v. ekki síst sýna að það eru ekki allir sjálfstæðismenn fyrir aftan árið 1914 í sambandi við eignarréttarhugmyndir að því er varðar auðlindir í iðrum jarðar.

Hæstv. ráðh. taldi að það væru viss atriði í þessu frv. sem þyrftu nánari athugunar við, og það er vafalaust sjálfsagt að athhuga það í n. Það hefur raunar fengið verulega athugun í n. á undanförnum árum, að ég hygg, en það verður nú enn athugað í nefnd.

Hæstv. ráðh. taldi að ekki væri nægilega vel um það búið í ákvæðum frv. að sveitarfélög, sem eigi jarðhitaréttindi, gætu hagnýtt sér þau. Ég hygg að með ákvæðum 2. gr. sé það gert í sambandi við hagnýtingu jarðhita. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þau sveitarfélög, sem land eiga á háhitasvæði við gildistöku laga þessara, skulu hafa forgangsrétt til vinnsluleyfis á því landi og vera undanþegin leyfisgjaldi fyrir vinnslu á því landi, enda hafi þau sótt um vinnsluleyfi innan 15 ára frá gildistöku laganna.“

Hér er að vísu fyrst og fremst talað um vinnsluleyfi, en ekki eignarrétt, en mér virðist þetta vera nægjanlegt fyrir sveitarfélög. En sjálfsagt er að athuga þetta atriði nánar.

Hæstv. iðnrh. viðurkenndi í þeim orðum, sem hann sagði hér áðan, að í núgildandi orkulögum séu alls ekki glögg og skýr lagaákvæði um þau mál sem eru kjarni þess frv. sem hér er flutt. Þess vegna hygg ég að hann sé sammála flm. að því leyti, að það sé ekki vanþörf á að um þetta verði í lögum skýrari ákvæði en verið hafa og enn eru.

Hv. 5. þm. Reykn. var nú ekki alveg eins ákafur í málflutningi sínum og hann var í síðustu viku þegar hann hélt ræðuna sína miklu, er ég taldi að a. m. k. önnur slík afthurhaldsræða hefði ekki verið haldin síðustu 60 árin. Það er náttúrlega alltaf erfitt að sanna þetta. Og ég skal koma til móts við hann að því leyti til, að þegar ég fór að glugga í eitt og annað, sem sagt var í hinum hörðu deilum sem hér urðu um vatnalögin, sérstaklega á þingunum 1921 og 1922, þá dreg ég mjög í efa að þetta hafi verið rétt fullyrðing hjá mér og vil þessa vegna setja markið við árið 1923. Leiðréttist það hér með.

Það eru furðulegar röksemdir sem hv. 5. þm. Reykn. ber á borð fyrir suðurnesjamenn og aðra þegar hann fullyrðir hvað eftir annað að þetta vandræðamál, sem ég vil kalla svo, sem þarna hefur komið upp í sambandi við Svartsengi, hafi ekki tafið, og hann fullyrti raunar í útvarpi fyrir fáum kvöldum að það mundi ekki heldur með nokkru móti geta tafið hitaveitufram kvæmdir á Reykjanesi. Eins og ég hef áður bent á var ráð fyrir því gert, þegar lög um Hitaveitu Suðurnesja voru samþ. fyrir 11 mánuðum, að verulegar framkvæmdir gætu hafist þegar snemma á þessu ári og að hitaveita gæti verið komin til Grindavíkur áður en þessu ári lyki. Þetta er staðreynd. Og þó að talað sé um að það hafi dregist að ljúka við að ganga frá einhverjum tæknilegum atriðum, þá hygg ég að skýringin á því geti verið sú að þegar málið var fast vegna deilunnar um eignar- og umráðaréttinn, þá töldu menn e. t. v. ekki ástæðu til að flýta sér svo mjög með að ljúka einhverjum þeim tæknilegum atriðum sem kunna að hafa verið eftir.

Ég vil svo aðeins, bæði í gamni og alvöru, minnast á það sem virðist hafa farið töluvert fyrir brjóstið á hv. 5. þm. Reykn., að ég sagði hér á dögunum að ég gerði ráð fyrir því og mundi, ef þörf væri á, koma þessari ræðu hans, sem mér þótti satt að segja og þykir nokkuð furðuleg, rétta boðleið til Suðurnesja ef á þyrfti að halda. Hann telur að trúlega hafi ég gert það með þeim útdrætti sem birtist úr ræðu hans í Þjóðviljanum fyrir nokkrum dögum. Svo er nú ekki. Það er blaðamaður, þingfréttaritari Þjóðviljans, sem það hefur gert, og mér sýnist af því, sem hv. þm. las, að þarna væri um að ræða kannske ekki alveg hárnákvæman, en stuttan og nokkuð réttan útdrátt úr því, sem hv. þm. sagði og þar komi í rauninni fram kjarni málsins. Hins vegar vakti það fyrir mér að þessi ræða hv. þm. birtist væntanlega í Alþt. nú í þessari viku og þá hafði ég hug á því að koma henni eitthvað áleiðis, ekki á neinn hátt afbakaðri því að ég held að sé ekki nein ástæða til þess.

Að svo mæltu vil ég aðeins segja það, að ég vænti þess að þó að mál þetta hafi nú vafist fyrir hv. Alþ. alllengi, þá megi nú á þessu þingi og það helst fyrir jól fást úr því skorið hver er vilji hv. Alþ. í þessu máli. Hér er um stórmál að ræða, eins og ég hef áður vakið athygli á og ég held að allir skilji. Það er ekki þar um að ræða fyrst og fremst Hitaveitu Suðurnesja. Hún kom aðeins inn í þetta mál þar sem þar er nokkuð glöggt dæmi um hvernig getur farið og hvernig hætt er við að fari ef ekki eru alveg glögg og skýr ákvæði um þessi eignarréttarmál í lögum. En sem sagt, ég vona að nú megi takast svo til með störf hv. iðnn., sem fær þetta frv., þar sem hún er búin að hafa það oft til meðferðar áður, að hún geti lokið athugunum sínum á ekki allt of löngum tíma og það fáist nú loksins úr því skorið hver er vilji Alþ. í þessu máli.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til iðnn. með 26 shlj. atkv.

Söluskattur, frv. (þskj. 45). — 1. umr.

Flm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Það er alkunnugt að stór hluti landsmanna býr við mun kostnaðarmeira lífsframfæri en hinn hlutinn. Í umr. um byggðamál á Íslandi á undanförnum árum hefur það hvað eftir annað komið fram hjá bæði stjórnmálaflokkum, sveitarstjórnum og hagsmunasamtökum landsbyggðarinnar að þessi mismunur á framfærslukostnaði er eitt helsta vandamál hvað

snertir byggðina í landinu. Þeir, sem búa utan höfuðborgarsvæðisins, þurfa að verja mun meiri fjármunum til þess að hljóta sams konar lífsviðurværi heldur en þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu. Sú staðreynd að innflutningsverslun landsins, þorri annarra verslunarfyrirtækja og viðskiptafyrirtækja í fjölmörgum greinum, stjórnkerfi landsins og aðrar meginstofnanir eru í mörgum tilfellum nær eingöngu, í öllum tilfellum aðallega hér á höfuðborgarsvæðinu, felur það í sér að til þess að geta öðlast sams konar viðskipta- og þjónustuaðstöðu og íbúar þessa svæðis þurfa íbúar annarra landshluta að leggja fram mun meira fé. Ég veit að ég þarf ekki fyrir þorra þm. að færa fjölmörg dæmi þessari lýsingu til staðfestingar.

Þetta einkenni okkar samfélags er alkunnugt þótt því miður hafi ekki verið gerðar á því mjög nákvæmar rannsóknir. Að vísu mun vera starfandi n., sem falið var fyrir 2—3 árum að athuga þetta efni, en ekki hefur heyrst um eðli þeirra athugana eða væntanlega niðurstöðu n. Við, sem að þessu frv. stöndum, teljum hins vegar að ekki sé hægt að draga ár eftir ár aðgerðir í þessum efnum. Við teljum að það hljóti að vera eitt af höfuðviðfangsefnum þings og stjórnvalda, sem vilja á raunhæfan hátt takast á við byggðavandann í landinu, að benda á leiðir þessu til úrlausnar. Það liggur ljóst fyrir, að framkvæmd á jöfnuði framfærslukostnaðar getur orðið mjög flókin og það er viss hætta að hún geti haft í för með sér töluvert mikinn kostnað. Við teljum óheppilegt að það sé fundin leið í þessum efnum sem beinlínis feli í sér að settar séu á laggirnar nýjar stjórnstofnanir með nýju embættismannakerfi, miklum kostnaði o. s. frv. Við teljum nauðsynlegt að fara í þessum efnum leið sem sé í senn einföld, ódýr, en mikilvirk á skjótan hátt. Þess vegna höfum við lagt til í þessu frv. að söluskatti verði beitt sem stjórntæki í þessum efnum.

Þróunin síðustu ár hefur verið á þann veg, að söluskattur hefur orðið æ hærri og umfangsmeiri hluti í tekjum hins opinbera, þannig að aðgerðir á þessu sviði, þ. e. a. s. beiting söluskattsins sem stjórntæki, geta nú náð miklu meiri árangri en hægt hefði verið fyrir t. d. 10 árum. Söluskattur er orðinn það hár, orðinn það mikill þáttur í tekjuöflun ríkisins, að hann býður upp á möguleika í þessum efnum. Við höfum þess vegna lagt til að landinu verði skipt í þrjú innheimtuumdæmi: Í fyrsta umdæminu verði Reykjavík og Reykjaneskjördæmi, þar sem allur hinn gildandi söluskattur verði innheimtur. Annað umdæmi verði nágrannasvæðin, Vesturlandskjördæmi og Suðurlandskjördæmi, þar sem innheimtir skuli 9/10 hlutar söluskatts. Þriðja innheimtuumdæmið verði aðrir landshlutar, Vestfjarðakjördæmi, Norðurlandskjördæmi vestra, Norðurlandskjördæmi eystra og Austurlandskjördæmi, þar sem innheimtir verði 8/10 hlutar söluskatts.

Nú má auðvitað um það deila hvort kjördæmi séu heppilegar einingar í þessu efni. Við teljum þó að þróunin hafi verið sú síðan þetta kjördæmakerfi var innleitt að æ fleiri þættir í stjórnsýslunni eru miðaðir við þessar einingar. Einnig fer það saman, að ætla má að framfærslukostnaðurinn sé vegna fjarlægðar, flutningskostnaðar og annarra þátta mun hærri á þriðja innheimtusvæðinu, sem hér er talið upp, heldur en á hinum tveimur, og ætla má að annað innheimtusvæðið komi þar á milli. Það skal þó skýrt tekið fram að að baki þessarar tillögugerðar um 9/10 hluta og 8/10 hluta liggja ekki ítarlegir eða miklir útreikningar og við flm. þessa frv. erum reiðubúnir til að endurskoða þetta hlutfall ef aðrir hv. þm. geta fallist á þá grundvallarhugsun sem í frv. er, sem í fyrsta lagi er fólgin í því að beita söluskatti sem stjórntæki í þessum efnum og í öðru lagi að fara þá leið að skipta landinu í innheimtuumdæmi af þessu tagi. Við vonum sérstaklega að þeir þm., sem fulltrúar eru fyrir hinar dreifðu byggðir hér á Alþ. og hafa á undanförnum árum þurft að glíma við það á margvíslegan hátt að rétta hag þessara byggðarlaga og stuðla að því að íbúar þeirra beinlínis hafi efni á því að búa þar áfram þrátt fyrir síaukinn tilkostnað á fjölmörgum sviðum, geti orðið okkur samferða í því að finna einhverja lausn á þessum vanda, ef menn á annað borð eru sammála um það, sem við höfum ríka ástæðu til að ætla ef taka má mark á stefnuyfirlýsingum þingflokka og annarra aðila sem að sumum þingflokkunum standa, — ef taka má mark á þeim stefnuyfirlýsingum að menn vilji takast á við þann vanda að jafna framfærslukostnaðinn í landinu. Þrátt fyrir þessa miklu umr. um þennan mismunandi framfærslukostnað hefur því miður lítið verið um raunhæfa tillögugerð í þessum efnum. Við fluttum hér á síðasta þingi frv. um að fella niður söluskatt á tilteknum tegundum þjónustu, síma og flugleiðum, sem íbúar landsbyggðarinnar þurfa sérstaklega á að halda, en við teljum að athuguðu máli að það beri að ganga enn lengra í þessum efnum, reyna að ná raunhæfum árangri með því að beita söluskattinum á þann hátt sem hér er lagt til.

Um þetta væri í sjálfu sér hægt að hafa fleiri orð. Ég held þó að þetta litla frv. og grg. með því útskýri nægilega þá grundvallarhugsun, sem hér er sett fram. Ef menn ekki vilja fallast á þá grundvallarhugsun, þá stoðar lítt að vera með tæknilegar útskýringar á því hvernig þetta yrði framkvæmt. Ef hins vegar hv. þm. vilja fallast á þessa grundvallarhugsun, þá erum við flm. reiðubúnir að skoða hvort menn vilja þá fara einhverja aðra leið, annaðhvort með umdæmaskiptingu eða öðrum hlutfallatölum en lagt er til í þessu frv. Aðalatriðið er, að þeir þm. og þeir stjórnmálaflokkar, sem hafa lýst því yfir hvað eftir annað að þeir vilji reyna að jafna framfærslukostnaðinn í landinu og eyða þessum veigamikla þætti í byggðaröskuninni, — að það er mun dýrara að framfleyta sér og sínum á stórum hluta landsins heldur en hér á höfuðborgarsvæðinu, — að þeir gangi til liðs við okkur og finni sem fyrst raunhæfar leiðir til þess að leysa þennan vanda.

Ég vil svo leggja til að þessu frv. verði vísað til fjh.- og viðskn., og það er von mín að það fái þar raunhæfa skoðun.

Lárus Jónsson: Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja umr. um þetta frv. um of, en aðeins gera við það örfáar aths. Ég á sæti í þeirri n. sem kemur til með að fjalla um þetta mál, þannig að ég þarf ekki að vera langorður í þessari hv. d. um þetta frv.

Ég vildi aðeins benda á það í upphafi máls míns að í þessu frv. er gert ráð fyrir allverulegri minnkun tekna ríkisjóðs, en í frv. er ekki stafkrókur um það hvernig afla eigi tekna í staðinn eða hvaða þjónustu ríkissjóður eigi þá að leggja niður af því sem hann veitir þegnunum í dag. Það er gert ráð fyrir því að draga verulega úr skattekjum ríkissjóðs, en ekki sem sagt minnsta tilraun gerð til þess að sýna fram á hvernig þetta eigi að vera mögulegt. Slíkan tillöguflutning er því miður ekki unnt að taka alvarlega, jafnvel þótt málefni, sem hann eigi að leysa, sé í mínum huga þess eðlis að það þarf að leysa. En ég fæ ekki séð að tillöguflutningur á borð við þetta geri annað en að sýna mönnum fram á það að menn grípa til ýmissa bragða í pólitíkinni til þess að koma sér í mjúkinn hjá fólki á mjög „billegan" hátt.

Ég vil svo í framhaldi af því, sem ég hef sagt hér, benda á að ég veit ekki til þess að þessari aðferð hafi verið beitt í neinu nágrannalanda okkar, sem öll eiga við byggðavanda að etja, að fara þá leið sem lagt er til í þessu frv. Hv. 1. flm. Ólafur Ragnar Grímsson, taldi ekki ástæðu til þess að skýra fyrir hv. þm. hvernig þetta yrði framkvæmt í einstökum atriðum, að leggja á mismunandi söluskatt í mismunandi landshlutum. Ég held þó að það hefði verið ástæða til þess fyrir hv. þm. að skýra það nánar, vegna þess að ég fæ ekki betur séð en það geti orðið dálítið erfitt í framkvæmd. Við skulum taka sem dæmi byggðarlög sem liggja kannske við hliðina hvort á öðru, en annað býr við hærri söluskatt en hitt. Þess vegna vil ég mælast til þess við hv. þm. að hann reyni að einhverju leyti að skýra það fyrir hv. d. hvernig hann mundi leysa slík mál eða hvort hann teldi að hægt væri með einfaldri kjördæmaskiptingu að gera þannig upp á milli nágrannabyggðarlaga.

Ég held, virðulegi forseti, að þetta frv. sé því miður yfirborðsfrv., yfirborðstill., það sé því miður þannig undirbyggt að ekki sé verulegt mark á því takandi. Ef hins vegar hv. flm. geta fært því nánari stað, sýnt fram á hvernig á að afla fjár til að framkvæma það, þá er ég reiðubúinn til að taka það til fyllstu athugunar í þeirri n. sem ég á sæti í.

Flm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Lárusi Jónssyni fyrir að fjalla um þetta frv. hér og leggja a. m. k. sitt af mörkum til þess að það geti orðið um það einhverjar umr.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. að frv. felur í sér skerðingu á núverandi tekjum ríkissjóðs, og það er einnig rétt að við höfum ekki bent á hvernig ætti beinlínis að mæta þeim tekjumissi. Ástæðurnar eru einkum tvær. Í fyrsta lagi fáum við ekki séð, ef sú grundvallarhugsun er samþykkt að hið opinbera eigi að vera jöfnunaraðilinn í þessum efnum á einn eða annan hátt, sem mér skilst að flestir, sem um þetta mál hafa fjallað, séu í sjálfu sér sammála um, að ríkið komist hjá að beita á einhvern hátt sínum stjórntækjum, annaðhvort með því að leggja á sérstök gjöld, sem gangi svo í ákveðinn sjóð og deila þeim sjóði síðan út, — og þá er ekki til nema að leggja á sérstakt gjald, sem síðan fari í sjóð, og síðan deila því út, — eða verja núgildandi tekjustofnum í þessu efni.

Við höfum hins vegar, eins og ég sagði í framsöguræðu talið óheppilegt að fara að setja á laggirnar sérstakan sjóð, sérstakt gjald, sérstakt stjórnkerfi, sérstakt stjórnsýsluapparat til þess að leysa þetta vandamál, sem er fyrst og fremst jöfnun framfærslukostnaðarins, þegar að okkar dómi blasir við stjórntæki eins og söluskattur, sem hægt væri að beita í þessum efnum. Ég vona að hv. þm. séu mér sammála um a. m. k. þá grundvallarhugsun að það sé ekki æskilegt að fara að setja upp nýtt apparat, einn sjóðinn enn, eitt embættismannakerfið enn til þess að jafna framfærslukostnað. Ég vona a. m. k. að við séum sammála um þá grundvallarhugsun.

Ef við viljum fara þá leið af einhverju tagi sem hér er lögð til, þá er það ekki kleift á neinn hátt nema það feli í sér á einhvern hátt tekjuskerðingu fyrir ríkissjóð. Það er alveg rétt. Ef menn segja: Við viljum jafna framfærslukostnaðinn í landinu, geta menn ekki sagt það á neinn hátt nema segja um leið: Það verður annaðhvort að afla ríkissjóði nýrra tekna eða skera þar á. Við höfum verið að gagnrýna og ég gagnrýndi hér í framsöguræðu minni, að þrátt fyrir alla þessa umr. hefur enginn aðili bent á ákveðna aðferð sem hægt væri að hafa í þessu efni. Ég vil þess vegna algerlega vísa til föðurhúsanna ásökunum um óábyrgt tal, einhverjar yfirborðsumr., eitthvert yfirboð gagnvart kjósendum. Ég held að það sé einmitt yfirboð gagnvart kjósendum, ég skal að vísu ekki segja hvort hv. þm. Lárus Jónsson hefur stundað það, vegna þess að ég hef ekki heyrt hann segja það persónulega, en ýmsir aðrir hafa stundað að ræða árum saman um að það beri að jafna þennan framfærslukostnað, án þess að gera neina tilraun til þess að benda á leiðir í þeim efnum. Það er óábyrg stjórnmálaumr.

Ég vona þá að hv. þm. Lárus Jónsson upplýsi það hér á eftir eða síðar hvort hann er okkur sammála um að það beri að jafna þennan framfærslukostnað, ef hann er það hvernig hann vill þá gera það, að hann svari því skýrt og skorinort. Við höfum þá a. m. k. bent á leið. Það má deila um þá leið. Það er alveg hárrétt. Og það er hárrétt, sem hv. þm. bendir á, hún felur í sér nú ákveðið tekjutap fyrir ríkissjóð. Við teljum okkur hins vegar ekki geta fullyrt hvað það tekjutap er mikið, því að til þess þarf töluvert umfangsmikla úttekt sem við teljum okkur ekki hafa gögn eða starfsaðstöðu til þess að framkvæma hjálparlaust, en sem þn. með aðstoð embættismannakerfis gæti framkvæmt. En ég er þeirrar skoðunar að það opinbera stundi það mikla fjárfestingarstarfsemi hér á höfuðborgarsvæðinu nú þegar og á næstu árum að það eitt að draga úr þeirri fjárfestingarstarfsemi gæti meira en komið á móti því tekjutapi sem þarna er. Það er þess vegna ekki um að ræða að þessir fjármunir séu ekki til og það þurfi að skerða

tekjur ríkisins án þess að eitthvað annað komi á móti. Það er spurningin um stjórnmálalegt val, það er spurningin um hvers konar byggðastefnu menn vilja reka, hvort menn vilja verja fjármunum ríkisins til þess að jafna framfærslukostnaðinn með því t. d. að minnka söluskattstekjurnar eða hvort menn vilja verja fjármunum ríkisins, svo að maður noti nú þetta fræga dæmi enn einu sinni, í brú yfir Borgarfjörð eða setja milljarða í járnblendiverksmiðju á Grundartanga. (Gripið fram í.) Ég bið nú hv. þm. Jónas Árnason afsökunar á að nefna þetta tvennt í sömu setningunni. En það er hins vegar hvað þessa umr. snertir réttlætanlegt, þarna hefur ríkið fé sem það er að verja til framkvæmda af þessu tagi. Það er svo spurningin um val.

Ég vil þess vegna vísa því algerlega til föðurhúsanna að það sé ekki hægt að fjármagna byggðaaðgerð af þessu tagi. Það er vissulega hægt. En það krefst að vísu að dregið sé úr öðrum framkvæmdum eða þá viðbótartekna sé aflað. Og okkar afstaða mundi vera sú að leggja til að það væri dregið úr framkvæmdum. (**LárJ**: Af hverju þá að leggja það ekki til í frv.?) Vegna þess, hv. þm., að við töldum óábyrgt, þegar við vissum ekki nákvæmlega hvað upphæðin væri mikil, að tiltaka nákvæmlega í frv. af hvaða framkvæmdum skyldi tekið hve mikið fé. En ég skal með glöðu geði ganga til samstarfs við hv. þm. um það, ef það er það eina sem stendur í vegi fyrir því að hann geti stutt þetta frv. — komi raunhæfar ábendingar um það úr hvaða framkvæmdum eigi að draga, þá skal ég með glöðu geði ganga til samstarfs við hv. þm. um að við getum þá sameiginlega staðið að tillögugerð um það. En ég vona þess vegna að hann útskýri það fyrir mér og öðrum hér á eftir hvort þetta er það eina sem stendur í vegi fyrir því að við getum orðið samferða í þessu efni. Ég ítreka það þess vegna að okkur er fyllilega ljóst að þarna verður val að koma til greina. Við erum reiðubúnir að taka þátt í samstarfi um það val og benda á ákveðnar framkvæmdir. Það hefur þegar verið flutt hér frv., ég held að það sé í þessari deild eða hvort það er þáltill., ég skal ekki alveg fullyrða það, en það mál hefur verið flutt hér inn að fresta t. d. framkvæmdum við Grundartanga. Það er ein leið. Ég er alveg viss um að íbúar landsbyggðarinnar mundu telja það miklu meira hagsmunamál fyrir sig að fá framfærslukostnaðinn jafnaðan heldur en verja millj. í járnblendiverksmiðju við Grundartanga. Þess vegna tel ég að það séu ekki gild rök gegn þessu frv. að koma einfaldlega upp og segja: Peningar eru ekki til. — Þetta er óábyrgt hjal o. s. frv. Það er hægt að finna leiðir ef menn hafa vilja á annað borð til þess að jafna þennan flutningskostnað.

Hv. ræðumaður Lárus Jónsson, síðasti ræðumaður, vitnaði mikið í nágrannalönd. Það er að vísu rétt, mér er ekki kunnugt um það hvort söluskatti hefur beinlínis verið beitt í nágrannalöndum í þessu efni. En hitt er alkunnugt, að bæði í Noregi og Bretlandi hefur verið beitt lánastarfsemi og skattlagningu þar sem ákveðin svæðaskipting hefur verið lögð til grundvallar, þar sem tilkynnt hefur verið að ákveðin svæði séu þróunarsvæði þar sem ber að stuðla sérstaklega að því að fyrirtæki, atvinnurekstur og almenningur fái betri skilyrði til að efla hag sinnar byggðar heldur en í aðalsvæðunum sem ekki eru talin þurfa á slíkri hjálp að halda. — Þar hefur opinberri skatta- og útlánastarfsemi verið beitt í því skyni. Að því leyti felst engin nýjung í þessu frv., að beita tekjutækjum af þessu tagi í þágu byggðaaðgerða eða að skipta landinu í ákveðin svæði. Það er alþekkt bæði frá Noregi og Bretlandi að beita slíkum aðferðum. Og þótt við færum fyrstir til þess að beita söluskatti í þeim efnum, þá sé ég ekki að það sé nein goðgá og þurfi að vera efnislega röksemd á móti þessu frv. Við gætum í einhverju haft forustu í byggðamálum. Grunnhugsunin, þ. e. a. s. svæðaskiptingin, mismunur eftir byggðavanda á einstökum svæðum í lánastarfsemi og tekjustarfsemi ríkisins er hins vegar alþekkt bæði frá Noregi og Bretlandi.

Innheimtuumdæmin, sem var þriðja meginröksemd hv. ræðumanns Lárusar Jónssonar á *móti* þessu frv., sé ég ekki að sé heldur gild. Það er mjög einfalt stjórnsýslulegt atriði, þar sem innheimtuumdæmin eru mismunandi í landinu, að innheimta mismunandi söluskatt úr mismunandi umdæmum af söluaðilum í þessum tilteknu umdæmum. Ég sé ekki að það sé gild röksemd á móti þessu frv. Hitt kynni að vera röksemd hjá hv. þm., að byggðarlag öðrum megin við mörkin borgi meiri eða minni söluskatt heldur en byggðarlag hinum megin við mörkin. Það er vissulega alveg rétt. Fram hjá því verður ekki gengið, ef menn á annað borð vilja draga slík mörk. Ég vil benda hv. þm. á það að slík mörk eru dregin á margvíslegan hátt í íslenskri stjórnsýslu. Það er borgað sama gjald fyrir símaþjónustu milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, en hins vegar annars staðar á landinu eru dregin mörk á milli símaumdæma og menn greiða annað verð fyrir. Og það má nefna fjölmörg önnur dæmi um að slík mörk eru dregin. Það er eðli umdæmaskiptingar, af hverju tagi sem er, að slík mörk eru fyrir hendi. Það verður ekki fram hjá því gengið að menn öðrum megin við mörkin búi við önnur skilyrði heldur en menn hinum megin við mörkin. Ég sé ekki að það sé gild röksemd á móti þessu frv., nema hv. þm. vilji halda því fram að það eigi yfir höfuð engin mörk að draga í stjórnsýslu eða skiptingu landsins á annan hátt af þessu tagi.

Hér er bent á leið sem þegar hefur verið farin á mörgum öðrum sviðum í þessu þjóðfélagi. Ég tel þess vegna að þessar þrjár meginröksemdir, sem hv. þm. bar fram, þ. e. a. s. í fyrsta lagi varðandi tekjuöflunina, í öðru lagi varðandi það að leiðir þessum svipaðar hafi ekki verið farnar annars staðar, í þriðja lagi að það feli í sér ákveðin skil, þar sem umdæmismörkin séu dregin, séu ekki gildar tæknilegar röksemdir á móti efni þessa frv., ef hv. þm. Lárus Jónsson er mér sammála um grunnhugsunina. Ég skal að lokum rekja höfuðatriði hennar og væri fróðlegt að fá svör við því eða upplýsingar frá hv. þm. hvort hann er sammála grunnhugsun frv., sem er í fyrsta lagi að það beri að jafna framfærslukostnaðinn milli höfuðborgarsvæðisins og annarra landshluta og í öðru lagi að hið opinbera hljóti að verða milligönguaðili í þeirri jöfnun.

Ef hv. þm. er okkur flm. sammála um þessa grundvallarhugsun, þá þætti mér mjög fróðlegt ef hann vildi benda á einhverjar aðrar leiðir til þess að fara í þessum efnum. Út af fyrir sig er það okkur ekki höfuðatriði að þessi sérstaka leið sé farin, þótt við teljum hana hafa marga kosti og þá fyrst og fremst það hvað hún sé einföld, fljótvirk og stórvirk. Það teljum við hennar höfuðkosti. Bendi hv. þm. eða aðrir á aðra leið sem þjóni sömu markmiðum, þá erum við reiðubúnir til samstarfs við hann í þessum efnum. Hitt vona ég svo, af því að þessi hv. þm. ræddi töluvert mikið um það sem hann taldi efnislega ábyrgan málflutning í þessum efnum, að hann og aðrir, sem telja sig bera hagsmuni landsbyggðarinnar fyrir brjósti, sem vilja láta íbúa landsbyggðarinnar halda að þeir vilji á raunhæfan hátt jafna aðstöðu þeirra í þessu þjóðfélagi, — þeir beri þá fram, ef þeir eru mótsnúnir þessu frv., aðrar till., sem þjóni sama markmiði og séu jafnraunhæfar, fljótvirkar og stórvirkar eins og þessi leið er.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Forseti. Ég skal nú ekki hafa mörg orð um þetta litla frv., sem hér liggur fyrir. Ég vil segja það sem mína skoðun að ég tel hugmyndina, sem þarna kemur fram, vissulega góðra gjalda verða. Hitt er svo annað mál, að ég get tekið undir það með hv. þm. Lárusi Jónssyni, að svo stóru máli sem hér er hreyft, þá er till. allt of tóm af upplýsingum um hvað þetta raunverulega þýðir, og þá á ég fyrst og fremst við í tekjutapi fyrir ríkissjóð sem ekki er bent á neinar leiðir til þess að koma á móti.

Eitt söluskattsstig er, að ég held, áætlað nokkuð á annan milljarð. Og ég gæti ímyndað mér fljótt á litið, án þess að ég hafi gert tilraun til þess að reikna þetta út, að þetta mundi þýða hátt í milljarð af tekjum sem ríkissjóður mundi missa með þessu móti. Mér finnst engu síður ómaksins vert fyrir þá hv. n., fjh.- og viðskn. væntanlega, sem fær þetta til meðferðar, að íhuga gaumgæfilega hvort með öðru móti væri hægt að jafna þótt ekki væri nema að nokkru leyti þann mikla mun sem er óneitanlega á framfærslukostnaði úti á landi og hér í þéttbýlinu suðvestanlands. Að vísu mun það vera nokkuð mismunandi, það er rétt. Ég hygg þó að þessi kjördæmi eða þessir landshlutar, sem þarna eru til teknir, séu nokkuð mikið í sama báti hvað þetta snertir. Og það er engum blöðum um það að fletta að þessi aukni framfærslukostnaður, miðað við stóran hluta landsins, á sinn þátt í því að það er óbyggilegra fyrir fólk úti á landsbyggðinni.

Ég vil segja það og taka undir orð hv. flm., að mér sýnist að þessi leið, þó að ég sé ekki að segja að ég gæti gengið inn í hana að lítt athuguðu máli, sé að mörgu leyti einfaldari heldur en stofnun nýs sjóðs, vöruflutningajöfnunarsjóðs, sem margoft hefur verið talað um og ekki komist í framkvæmd nema þá einna helst hvað varðar flutning á sementi. Ég veit ekki annað en þar gildi viss vöruflutningajöfnun. Og ég held líka að fólk, sem aldrei hefur búið á landsbyggðinni, geri sér hreinlega ekki grein fyrir því að þarna er um mikla mismunun að ræða sem kemur beinlínis fram í hærra vöruverði. Það var reiknað út í sambandi við fsp. hér á Alþ. í fyrra að í vissum landshlutum leggjast á hvert kg af sekkjavöru um það bil 9 kr. þar sem hæst er. Þetta er náttúrlega enginn smáræðis aukaskattur sem leggst á fólk sem lengst þarf að sækja sínar lífsnauðsynjar, og því er það að mér finnst knýjandi að veita þessu máli athygli og reyna eftir einhverjum leiðum að koma þarna til jöfnunar. Ég veit að núna, jafnóbyrlega og blæs í okkar efnahagsmálum, er kannske ekki nákvæmlega rétti tíminn. En að þessum málum þurfum við að hyggja, það er enginn vafi á því. Og ef okkur er alvara í okkar tali um byggðajöfnun og búsetujöfnun, þá er mál eins og þetta fyllilega þess vert að gefa því gaum.

Við skulum t. d. taka einnig símaþjónustuna, sem hv. flm. nefndi líka. Það munar engu smáræði á símagjöldum úti um landið og hér á suðvesturshorninu. Og það ber allt að sama brunni. Ég vil þess vegna mælast til að þessu frv. verði tekið með velvilja og því sýnd nauðsynleg athugun, ef ske kynni að hægt væri á þeirri grundvallarforsendu, sem þarna liggur á bak við, að koma á einhvern hátt til móts við þann hluta landsmanna sem býr vissulega og óneitanlega við þennan aðstöðumun.

Karvel Pálmason: Hæstv. forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið. Það hefur komið fram í máli hv. fyrra flm. þessa frv. sem skiptir í raun og veru meginmáli varðandi þetta frv. En það eru aðeins örfá atriði sem komu hér fram og þó sérstaklega eitt í máli hv. þm. Lárusar Jónssonar, hv. 4. þm. Norðurl. e.

Alltaf er það góðra gjalda vert þegar mikil ábyrgðartilfinning grípur menn og menn fara að verða landsföðurlegir og vilja taka allt landið í einni heild og deila þannig og drottna. En það var sérstaklega eitt sem ég tók eftir í hans orðum, sem mér kom nokkuð á óvart, og það var einmitt þriðja atriðið, sem hv. 3. landsk. þm., Ólafur Ragnar Grímsson, vék hér að áðan, sem sagt að það væri ekki hægt að draga línur sem þessar með þeim hætti að íbúar annars vegar við línuna borguðu minna heldur en hinir hins vegar við línuna. Mér kemur þetta nokkuð á óvart frá þessum hv. þm, vegna þess að ég man ekki betur en hann hafi í mþn. í byggðamálum verið einmitt á nákvæmlega sömu skoðun og hér kemur fram, að draga línur t. d. í sambandi við ákvörðun lánsupphæðar á íbúðarhúsnæði frá Byggingarsjóði ríkisins, að veita hærri lán til tiltekinna, afmarkaðra svæða úti á landi, sem eiga í vissum erfiðleikum, heldur en hinna. Ég sé ekki annað en hér sé um nákvæmlega sambærilegan hlut að ræða. (**Gripið fram í:** Ekki í framkvæmd.) Ekki í framkvæmd. Hverju breytir hún? Ég sé það ekki. Það er nákvæmlega það sama.

Mér kemur þess vegna mjög á óvart þessi rökstuðningur gegn þessu máli. Við búum við ótalmörg dæmi þess eins og kom fram áðan, að það er mismunað eftir landssvæðum, og það er mergurinn málsins. Það má vel vera og það er góðra gjalda vert kannske ef menn eru þeirrar skoðunar að það megi ekki mismuna á þann hátt sem þetta frv. gerir ráð fyrir að gert sé, þ. e. a. s. megi ekki breyta til hagsbóta fyrir þá sem hafa verið órétti beittir að einhverju leyti. En þetta

er einmitt um það, mismunun, ef menn vilja ekki nota órétt.

Hitt er alveg rétt, sem hv. þm. Lárus Jónsson vék að, að hér er ekki gert ráð fyrir sérstakri tekjuöflun til handa ríkissjóði á móti hugsanlegu tekjutapi sem þetta hefði í för með sér. Hv. 3. landsk. þm. gerði hér grein fyrir því á hverju það byggist. Það er ótalmargt, sem kæmi til greina að vega upp á móti þeim tekjumissi sem ríkissjóður verður vissulega fyrir vegna þessa.

En ég verð að segja, það, að mér finnst það koma úr hörðustu átt þegar menn eins og hv. þm. Lárus Jónsson, 4. þm. Norðurl. e., koma hér upp nú á Alþ. og tala um að menn séu að grípa til ýmissa bragða til þess að koma sér í mjúkinn hjá fólki, þetta sé yfirborðstill., yfirborðsfrv. Ætli kjósendum þessa hv. þm. á Norðurl. e. þyki þetta *mikill yfirborðsskapur*, að gerð sé tilraun til þess í verki, — ekki bara í orði, eins og þessi hv. þm. hefur sannarlega gert í orði, — að reyna að leiðrétta þann mismun sem beitt hefur verið og beitt er enn gagnvart því fólki sem hér er fyrst og fremst um að ræða? En þessi hv. þm. og stjórnarliðar í heild hefðu átt að minnast þessa, þegar þeir léðu máls á því að setja hið svokallaða 12% vörugjald á á s. l. sumri, því að það er líklega einhver sú mesta mismunun eða það tæki til mestrar mismununar sem sett hefur verið á laggir í nokkuð mörg undanfarin ár. Þá hefðu menn eins og hv. 4. þm. Norðurl. e. átt að hafa það ofarlega í huga hvort hér væri verið að mismuna eða ekki. Það er staðreynd, sem ekki verður í móti mælt, að í mörgum tilvikum þýðir þetta 12% vörugjald, sem þessi hv. þm. hefur að ég hygg örugglega staðið að að yrði sett á, það hefur í för með sér ekki 12% hækkun hjá hans kjósendum í Norðurl. e. velflestum, heldur allt upp í 21%. Það er sú mismunandi lína sem hann hefur dregið annars vegar milli Reykjavíkursvæðisins hér og hins vegar milli Norðurl. e., 12% hækkun hér, 21% þar. Ég held því að þessi hv. þm. hafi ekki efni á því að vera að tala um, eins og hann gerði hér áðan, ýmis brögð til að *koma sér í mjúkinn hjá fólki eða yfirboðstill.* eða málflutning. Ég held sem sagt að þessi mótbára sé ekki frambærileg, vegna þess að við búum við þetta á ótalmörgum sviðum, mismunun af þessu tagi. Menn verða þá að segja hreint út: Það má ekki mismuna á þennan veg, þannig að dreifbýlisfólk fái leiðréttingu sinna mála, þegar það hefur verið misrétti beitt um áraraðir.

Lárus Jónsson: Virðulegi forseti. Aðeins nokkur orð út af þeim umr. sem hér hafa orðið um þetta frv. *Ég átti við, þegar ég var að tala um* að þetta frv. fæli í sér till. sem ég vissi ekki til að hefði verið neins staðar framkvæmd í nágrannalöndum, að á því væru augljósir ágallar að framkvæma þessa till. Ég vil segja það, að það væri afskaplega gott ef væri hægt að leysa byggðamál í eitt skipti fyrir öll með einu slíku pennastriki eins og þarna er, nokkrum línum á blaði, án nokkurrar athugunar og án þess að gera nokkra grein fyrir því hvernig eigi að afla fjár til þess að gera þetta. Það væri afskaplega þægilegt. Það er því miður ekki hægt. Ég benti á að þetta hefði ekki verið framkvæmt í neinu nágrannalanda, og þá átti ég við að það eru *augljósir gallar á framkvæmd slíkra reglna.*

Við skulum taka tvö byggðarlög sem eru sitt hvorum megin við línuna. Í öðru byggðarlaginu er lægri söluskattur, en í hinu er hærri söluskattur. Hvernig kemur þetta fram í framkvæmd? Þetta er allt annað en ef t. d. yrðu dregnar einhverjar línur og maður, sem er að byggja öðrum megin við línuna, fengi hærra lán. Það sjá allir menn að þetta er allt annað í framkvæmd. Söluskattar hafa ekki verið notaðir sem slíkt jöfnunartæki í nágrannalöndum, einfaldlega af því að það eru framkvæmdagallar á þessu. Á þetta vildi ég benda.

Ég vísa á bug öllum dylgjum um að ég sé minni byggðastefnumaður, minni vinur fólksins sem býr úti um land, þó að ég bendi á slíka **augljósa galla á jafnflausturslegu frv. eins og** þessu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Sameinað þing, 13. fundur.

Þriðjudaginn 11. nóv., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Tilefni þess að ég hef leyft mér að kveðja mér hljóðs utan dagskrár hér á hinu háa Alþ., er að ég vildi gjarnan koma fram leiðréttingu í sambandi við bók **fjmrn., fjárlaga- og hagsýslustofnunar um stjórnir**, nefndir og ráð ríkisins árið 1974, þar sem fjallað er um Kröflunefnd, á bls. 155, en þar stendur orðrétt, með leyfi forseta: „Þóknun. Engar upplýsingar fengist.“

Frá því að Kröfluvirkjun fékk fjármuni til **umráða, til ráðstöfunar hefur sá háttur verið** hafður á samkv. fyrirmælum fjmrn. að mánaðarlega er ríkisbókara sent yfirlit yfir greiðslur vegna n. ásamt fylgiskjölum. Hinn 27. des. s. l. var yfirlit sent ríkisbókara ásamt fylgiskjölum vegna greiðslu þóknunar til meðlima Kröflunefndar, en umræddar greiðslur voru eins og nú skal greina: Jón G. Sólnes, formaður n., fékk greiddar 182 160 kr. Páll Lúðvíksson verkfræðingur, sem hafði verið formaður n. að hluta, fékk greiddar 155 602 kr. Bragi Þorsteinsson verkfræðingur 136 632 kr. Ingvar Gíslason alþm. 136 632 kr. Ragnar Arnalds alþm., en nafn hans hefur fallið niður í upptalningu nm. í fyrr**greindri bók rn. fékk greiddar** 136 632 kr. Samtals námu þessar greiðslur 747 658 kr.

Framangreindar greiðslur voru ákveðnar með hliðsjón af launum stjórnarmanna í Laxárvirkjunarstjórn.

Fyrir utan ofangreindar greiðslur fékk formaður n., Jón G. Sólnes, greitt upp í skrifstofukostnað 200 000 kr.

Engin fyrirspurn hefur borist Kröflunefnd eða skrifstofu hennar þar sem óskað hefur verið eftir upplýsingum um framangreindar greiðslur, sem að *sjálfsögðu hefðu verið tafarlaust veittar.*

Vegna fjarveru minnar á þingi hef ég því miður ekki getað verið fyrr á ferðinni með framangreindar upplýsingar. Við heimkomu mína hef ég orðið þess var að málefni Kröflunefndar og starfsemi mín sem formanns og framkvæmdastjóra hennar hafa verið allmikið í sviðsljósinu undanfarið og það á mjög ógeðfelldan hátt. Hafa í blöðum og jafnvel hér á hinu háa Alþ. verið viðhöfð svæsin og rætnisleg orð og bornar fram dylgjur og ásakanir sem ekki hafa átt við hin minnstu rök að styðjast. Þessa þróun mála harma ég mjög því að ég tel að ég og allir meðnm. mínir í Kröflunefnd höfum reynt að vinna að framgangi Kröfluvirkjunar af árvekni og ítrustu samviskusemi.

Ég mun ekki gera fyrrgreind skrif eða ummæli að frekara umtalsefni nú. Til þess kann kannske að gefast kostur síðar. Aðeins vil ég ljúka þesu máli mínu með því, að gefnu tilefni, að skýra hinu háa Alþ. frá því að heimsókn mín til Japans nú nýlega var Kröflunefnd algjörlega að kostnaðarlausu.

Fasteignamatslög og lög um sambýli í fjölbýlishúsum, fsp. (þskj. 15). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. A nokkrum undanförnum þingum hef ég minnt hér á hinu háa Alþ. á nauðsyn þess að endurskoða lögin um fasteignamat, sem að sjálfsögðu er sú hliðin sem e. t. v. snýr frekast að fjmrn., og í öðru lagi lögin um fjölbýlishús, sem ég var einnig nokkuð viðriðinn hér á Alþ. á sínum tíma.

Forsendurnar fyrir þessum tillöguflutningi og fsp. nú eru þær, að yfirleitt hefur mál þetta fengið mjög góðar undirtektir hér á hinu háa Alþ. og það komið svo langt að 1973 samþ. allshn. Sþ. eindregið að mæla með samþykkt till., en ekki vannst hins vegar tími til að taka hana á dagskrá þar sem skammt var eftir af þingi. Næsta ár á eftir flutti ég einnig fsp. um hvað þessu liði og þá á þeim forsendum að till. hafði í það skiptið verið vísað til ríkisstj. á mjög jákvæðan hátt og n. sem heild tók undir efni hennar.

Það liggur í augum uppi sú gjörbylting sem orðið hefur í byggingarháttum landsmanna frá því um og eftir aldamótin síðustu þegar meginhluti íbúðarhúsa var byggður úr torfi og grjóti, síðan byltingin yfir til timburhúsanna, en sameiginlegt áttu þessar byggingaraðferðir það þó, að nær eingöngu voru byggðar einnar fjölskyldu íbúðir á einni og sömu lóð. Um og eftir 1930 er svo vegna fjárhags bæjarfélaganna og hinna margnefndu vandræða að fullnægja eftirspurn um lóðir undir einbýlishús, þá er byrjað að byggja hin margnefndu fjölbýlishús og eru þá oft upp í 10—12 íbúðir á einni og sömu lóð. Innheimtu opinberra gjalda af þessum eignum er þannig háttað í dag að þar eru allir ábyrgir fyrir einn og einn fyrir alla, þ. e. a. s. af 12 íbúða eða 10 íbúða húsi, sem er á einu og sama götunúmeri, er ekki nægjanlegt að 9 hafi staðið í skilum ef einn af þessum 10 eigendum gerir það ekki, þá er húsið aðfararhæft samkv. núgildandi lögum.

Það sjá allir að sú þróun, er fram undan að áfram verður haldið að byggja slík hús. Er því nauðsynlegt að horfast í augu við staðreyndir um það efni. Og enn þá stækka þessi fjölbýlishús og enn þá fleiri íbúðir og fleiri fjölskyldur eru á einu og sama götunúmeri með byggingum allra síðustu ára. Hér er bæði um réttlætis- og sanngirnismál að ræða að mínu viti og þetta er einnig viðkvæmt tilfinningamál þeirra sem í skilum geta staðið og gera, og megintilgangur till. var að gera menn einungis ábyrga fyrir þeim hundraðshluta sem þeir eru samkv. þinglesnum skjölum taldir eigendur að í viðkomandi húsi. Það er ástæðan fyrir því að þessi fsp. er hér flutt, sem ég vænti að hæstv. félmrh. svari.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Fsp. eru svo hljóðandi:

„1) Hvað líður framkvæmd ályktunar Alþ. um athugun og breyt. á fasteignamatslögum og lögum um sambýli í fjölbýlishúsum?

2) Hvenær má búast við að lagafrv. til breyt. á umræddum lögum samkv. ályktun Alþ. verði lagt fram?“

Sú ályktun, sem þarna er vitnað til, var svo hljóðandi:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að láta athuga um breyt. á fasteignamatslögum og lögum um sambýli í fjölbýlishúsum er feli í sér eftirfarandi breyt. frá gildandi lögum.

1) Að unnt verði að meta hverja íbúð sem sérstaka einingu, en nafn hússins eða númer ásamt lóðareiningu ekki eitt látið ráða án tillits til þess hve margar íbúðir eru byggðar á sömu lóð.

2) Að tryggja að í sambýlishúsum verði ekki aðrar íbúðir auglýstar til uppboðs eða aðfarar vegna vangoldinna gjalda en þær sem í skuld eru hverju sinni.“

Ég vil taka undir þau ummæli hv. fyrirspyrjanda að hér er brýn nauðsyn og hún í vaxandi mæli að gera breyt. á núgildandi lagaákvæðum í þessu efni.

9. nóv. 1973 var skipuð n. til að endurskoða lögin um sameign fjölbýlishúsa. Í n. eiga sæti Jón S. Ólafsson skrifstofustjóri í félmrn., sem er formaður, Hrafn Bragason borgardómari, Páll S. Pálsson hrl. N., sem hefur unnið að samningu nýrra laga um fjölbýlishús, hefur fengið framangreinda þál. til athugunar og n. er nú að leggja síðustu hönd að uppkasti að frv. til l. um fjölbýlishús. Í frv. verður við það miðað að hver íbúð í fjölbýlishúsi verði metin sem sérstök fasteign.

Eftir að þetta frv. liggur fyrir í félmrn. er gert ráð fyrir því að það verði fljótlega flutt á Alþ.

Þetta var um lögin um fjölbýlishús, en lög um fasteignamat heyra undir fjmrn. og samkv. upplýsingum frá því rn. var lagt fram á Alþ. 1973 frv. til l. um skráningu og mat fasteigna. Það frv. náði ekki afgreiðslu. Í frv. voru ákvæði sem tryggja mundu það að hver íbúð í fjölbýlishúsi yrði metin og skráð sem sérstök fasteign svo að ekki gæti til þess komið að auglýstar væru til uppboðs eða aðfarar aðrar íbúðir en þær sem skuld hvíldi á hverju sinni. Nú mun fjmrn. hafa til athugunar að leggja þetta frv. fram á ný með einhverjum breytingum.

Fyrirspyrjandi (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. skýr og greinargóð svör. Þau ættu að sannfæra þingheim um að málið er til rækilegrar meðferðar hjá ríkisstj., og væntanlega verður okkur öllum að ósk okkar um að frv. um þessi efni bæði, sem við höfum hér báðir á minnst, verði flutt svo fljótt sem kostur er.

Hæli fyrir drykkjusjúka, fsp. (þskj. 28, tölul. 3). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég hefi leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. heilbrrh., hvað valdi þeim óeðlilega drætti sem orðið hefur á því að hæli fyrir drykkjusjúka á Vífilsstöðum væri tekið í notkun.

Tilefni þessarar fyrirspurnar er í raun hið alvarlega ástand þeirra mála sem fsp. lýtur að, þ. e. ofdrykkjuvandamálanna. Það dylst engum að þótt æskilegra væri og heilladrýgra að taka fyrir meinsemdina og koma í veg fyrir að menn yrðu ofdrykkjunni að bráð, þá er þar nánast um óskhyggju eina eða draumóra að ræða. Hins vegar er svo staðreyndin og hin ríka þörf sem á því er að gera það sem unnt er til að liðsinna og e. t. v. bjarga þeim fjölda manna sem í dag má telja drykkjusjúka.

Hælið á Vífilsstöðum er þar veigamikið spor í áttina og er mér það ekki hvað síst ljóst eftir að ég fór að vinna í þeirri áfengismálanefnd sem Alþ. kaus s. l. vor. Við þetta hæli eru miklar vonir bundnar, bæði af hálfu sérfræðinga þeirra, sem gerst þekkja, og eins þeirra, sem í dag eiga sér hvergi athvarf, en eygja þó e. t. v. enn von í að verða á ný hlutgengar manneskjur í þjóðfélaginu. Að þessari hælisstofnun hefur, að ég hygg, verið unnið allmyndarlega. Það var unnið að henni í tíð fyrrv. ríkisstj. og að ég held fram til s. l. vors, er heita mátti að hælið væri tilbúið til rekstrar. Ég hef a. m. k. sannfrétt það frá þeirri stjórnarnefnd, sem um þetta mál hefur aðallega fjallað, að herslumunurinn sé ekki meiri en svo, að hann sé ekki réttlætanlegur ef litið er til hrikalegs ástands þessara mála. Nú mun forstöðumaður hafa verið ráðinn, hinn hæfasti maður í hvívetna, en ég hygg, að við það eitt muni hafa verið látið sitja.

Nú veit ég ekki gjörla hvað þessum drætti veldur. Það á eflaust eftir að koma fram hér á eftir í svari ráðh. En einkum fýsir mig að vita hvort hér er um að kenna frekar einhverjum þröskuldum í kerfinu, svo sem mörg eru um dæmin, þó að vel sé rekið á eftir af hálfu stjórnvalda, eða hvort hér er um að ræða beinan fjárskurð, hvort þetta hæli sé ekki tekið í notkun vegna þess að það skortir hreinlega fé til þess að reka það og fyrir því hafi ekki verið séð. Vissulega er hæli sem þetta töluvert fyrirtæki. Hvort tveggja hefur heyrst, og þessi dráttur er að mínu viti orðinn svo óeðlilegur að fyllilega er tímabært að fá þar á þær skýringar sem hæstv. ráðh. hefur sannastar og réttastar.

Ég ætla aðeins að leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að vitna í það að 13 jan. 1975 var skrifað bréf til stjórnarnefndar ríkisspítalanna frá þeirri n. sem hefur séð um byggingu þessa hælis, þar sem talið er að húsið verði fullbúið til rekstrar eftir u. þ. b. 3 mánuði þar frá og því æskilegt að undirbúningur að rekstri hefjist bráðlega. Nú ég hygg að það sé rétt að hælið hafi verið fullbúið í maí, en afhendingu og úttekt á því hafi verið frestað, — heyrst hefur að það hafi verið vegna hreinna smámuna, um það væri gott að fá upplýsingar. Það er rétt að upplýsa það einnig að bygging þessa hælis hófst 14. apríl 1973 og hún átti að vera tilbúin haustið 1974. Þarna hefur að vísu nokkru skakkað, en n úer líka komið meira en ár fram yfir og því rétt að fá á því skýringar hvernig á þessum, að ég segi óhæfilega drætti stendur, að þetta nauðsynlega hæli sé tekið í fulla notkun.

Umr. frestað.

Greiðsla til löggæslumanna, fsp. (þskj. 28). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Á árinu 1972 var gerð sú breyt. að því er varðar kostnað vegna lögreglumanna að ríkisstj. yfirtók þann kostnað, en áður var þetta skipting milli ríkissjóðs og sveitarfélaga. Enginn vafi er á því að þessi breyt. létti miklum útgjaldaböggum af hinum ýmsu sveitarfélögum og var því almennt, að ég held, fagnað og skilningur manna varðandi þessa breyt. var og er, að ég held, að með henni hafi ríkissjóður yfirtekið allan kostnað við störf löggæslu í landinu. Ýmislegt bendir þó til þess varðandi framkvæmd málsins að svo sé ekki, og ég hef því leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. dómsmrh., svo hljóðandi:

„Hvaða reglur gilda um þátttöku ríkissjóðs í greiðslu kostnaðar vegna starfa löggæslumanna á stöðum þar sem ekki eru fastráðnir lögreglumenn?“

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Löggæslu er aðallega haldið uppi með föstu lögregluliði og er um þá löggæslu eins og aðra þætti ríkisrekstrarins að starfsemin er komin undir fjárveitingum. Er m. a. kveðið svo á um það í lögreglumannalögum að ekki megi skipa í lögreglumannsstarf nema fé hafi verið veitt til þess á fjárl., bæði að því er varðar tölu lögreglumanna og starfsstig.

Fast lögregulið hefur aðsetur í öllum kaupstöðum og mörgum kauptúnum, en auk þess gera lögreglumannalögin ráð fyrir því að ráðh. sé heimilt, að fengnum till. sýslunefndar að ákveða að í lögsagnarumdæmi skuli vera starfandi 2—8 héraðslögreglumenn. Hlutverk þeirra er að gegna almennum löggæslustörfum þegar á þarf að halda, þ. á m. að halda uppi reglu á mannfundum og skemmtunum. Er gert ráð fyrir því að ráðh. setji reglur um störf héraðslögreglumanna og um greiðslu kostnaðar vegna þeirra. Lögreglustjóri getur og heimilað héraðslögreglumönnum að taka sér aðstoðarmenn til að halda uppi reglu á skemmtistöðum. Héraðslögreglumenn eru starfandi í nær öllum umdæmum þar sem fast lögreglulið er ekki, og á nokkrum stöðum hefur

héraðslögreglumönnum verið ákveðin föst þóknun fyrir að sinna almennum lögreglustörfum, en ella eru þeim greidd laun fyrir þau verkefni, sem þeir inna af hendi, auk ferðakostnaðar. Greiðsla fyrir löggæslu á dansleikjum er sums staðar ákveðin föst greiðsla, en annars staðar er greitt tímakaup. Þá er héraðslögreglumönnum séð fyrir einkennisfatnaði og þjálfun í lögreglustörfum.

Í lögreglumannalögunum eru ákvæði er heimila lögreglustjóra að binda skemmtanaleyfi því skilyrði, að lögreglumenn verði á skemmtistað. Skal leyfishafi þá greiða kostnað af þeirri löggæslu eftir reglum sem ráðh. setur. Einnig er heimilt að setja reglur um greiðslu kostnaðar af gæslustörfum vegna framkvæmda á almannafæri, þar sem lögreglustjóri telur nauðsynlegt að fyrirskipa slíka löggæslu. Lagaákvæði þetta er í aðalatriðum óbreytt frá eldri lögum og reglur um skipan þessara mála að meginefni frá árunum kringum 1960. Voru þá settar reglur um löggæslu á skemmtisamkomum í flestum sýslum landsins og ákvæði um þátttöku ríkissjóðs í þeim kostnaði. Þessar reglur eru að meginefni enn í gildi. Skv. þeim ákveður viðkomandi lögreglustjóri hvort löggæslu sé þörf á skemmtun og jafnframt fjölda lögreglumanna. Reglurnar miðast síðan víðast við það að ríkissjóður greiði 3/4 launa eins lögreglumanns og helming launa aðstoðarmanna og er þar miðað við fasta fjárhæð og ferðakostnað að fullu. Í nokkrum umdæmum ber skemmtanahaldari þó allan löggæslukostnað. Þegar um hefur verið að ræða meiri háttar útiskemmtanir hefur ríkissjóður þó að jafnaði greitt helming kostnaðar við löggæsluna. Eins og áður greinir, er það komið undir mati lögreglustjóra hversu mikla löggæslu þarf hverju sinni. Hlutverk lögreglumanna er að hafa eftirlit með samkomunni, en um það, hversu mikla löggæslu þarf, fer m. a. eftir fjölda samkomugesta og reynslu af fyrri skemmtunum, þ. á m. því hversu góðri reglu aðstandendum skemmtunar tekst að halda uppi með eigin eftirliti. Auk þess mótast það að nokkru af því hvernig háttað er almennri löggæslu á staðnum. Eru aðstæður því mismunandi á ýmsum stöðum. Þá skiptir líka máli, að víða má segja að skemmtun fari fram bæði innan dyra og utan, þ. e. að gestum er leyft að fara út úr samkomuhúsi og inn aftur meðan á skemmtun stendur, en húsi er ekki lokað á tilteknum tíma. Leiðir þetta til mismunandi löggæsluþarfar. Rétt er að undirstrika að í raun og veru ber sá, sem skemmtun heldur, ábyrgð á því að samkoman fari vel fram, og því væri æskilegast og raunar til þess ætlast að samkomuhaldari haldi uppi traustu eftirliti með eigin sarfsliði. Reynslan mun hins vegar sú að slíkt eftirlit gefur ekki alltaf nógu góða raun. Er því oft nauðsyn að áskilja löggæslu á skemmtununum sjálfum, auk þess sem nauðsynlegt er að áskilja löggæslu vegna umhverfis skemmtistaðarins.

Eins og fram kemur af því, sem ég hef hér sagt, eru reglur um löggæslu á samkomum að meginefni til komnar til ára sinna. Hafa þær að nokkru þróast með mismunadi hætti í einstökum umdæmum, þannig að greiðsluhluti ríkisins er í reyndinni misstór. Þess vegna er þörf á endurskoðun á þessum reglum og samræmingu og verður unnið að því á næstunni. Ég vil geta þess í þessu sambandi að fyrir nokkru hefur einmitt dómsmrn. skrifað bréf til allra lögreglustjóra varðandi þetta efni og til undirbúnings setningu reglna um þetta efni, sem ég má e. t. v. lesa hér upp, með leyfi hæstv. forseta, ef ég er ekki búinn að fara yfir tímann. Það er svo hljóðandi:

„Skv. 8. gr. l. um lögreglumenn, nr. 56/1972, er lögreglustjóra heimilt að binda skemmtanaleyfi því skilyrði að lögreglumenn verði á skemmtistað og skal þá leyfishafi greiða kostnað af þeirri löggæslu skv. reglum sem ráðh. setur. Skipulag þessara mála er nú með nokkuð mismunandi hætti í hinum ýmsu lögsagnarumdæmum. Vegna fyrirhugaðrar endurskoðunar og samræmingar á reglum um þetta efni er þess óskað að verði send grg. um það hvernig þessum málum er nú háttað í umdæmi yðar. Þyrfti þar m. a. að koma fram hvernig áskilnaður um löggæslu er í reynd, hvort löggæslunni er beint að fastráðnum lögreglumönnum eða héraðslögreglumönnum, hvert hlutverk lögreglumannanna er, svo sem hvort þeir annist eftirlit innan húss eða utan, hvernig öðru eftirliti er háttað, svo sem dyravörslu, hvernig háttað er greiðslum til lögreglumanna, svo og að hvaða marki áskilnaður er gerður um þátttöku skemmtanahaldara í kostnaði við löggæsluna. Óskað er eftir því að grg. um þetta efni berist rn. sem fyrst."

Ég hef í þessu svari mínu ekki lesið upp tölur um það hvað er greitt á hverjum stað, en að sjálfsögðu getur hv. fyrirspyrjandi fengið upplýsingar um það, ef hann kemur í rn., og séð hvernig greiðslum í einstökum lögsagnarumdæmum hefur verið háttað, en eins og fram hefur komið er það með nokkuð mismunandi móti og lögreglustjórar hafa fylgt nokkuð mismunandi reglum. Sumir lögreglustjórar hafa haldið uppi þeirri góðu reglu, vil ég segja, að láta skemmtanahaldara greiða löggæslukostnað að fullu.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þau svör sem hann gaf við þessari fsp. Mér sýnist þau undirstrika það, sem grunur var uppi um, að hér væri með nokkuð mismunandi hætti staðið að kostnaðargreiðslu af hálfu ríkissjóðs vegna þessara starfa, — mismunandi hætti og misrétti, sem í enn einu tilvikinu sannar það að hinar strjálu byggðir verða afskiptar vegna þessara reglna sem gilt hafa. Ég fagna því að sjálfsögðu að í undirbúningi er eða hafin endurskoðun þessara reglna og ég vona að niðurstöður þeirrar endurskoðunar sjái dagsins ljós hið fyrsta.

Ég er ekki alveg sammála hæstv. dómsmrh., hans síðustu orðum áðan, um þá góðu reglu lögreglustjóra í sumum lögsagnarumdæmum að láta viðkomandi aðila, sem skemmtun heldur, greiða stærstan hluta af þessum kostnaði, vegna þess að með þeim reglum, sem hafa verið, hefur þetta að verulegu leyti bitnað á félags- og íþróttamálastarfsemi í hinum strjálu byggðum. Þeir aðilar, sem staðið hafa fyrir slíku skemmtanahaldi hafa orðið að borga svo og svo mikið vegna einmitt þessa kostnaðar sem á hinum þéttbýlli

stöðum þeir losna við sem halda slíkar skemmtanir. Þetta er sá mismunur sem hið allra fyrsta þyrfti að hverfa. En ég sem sagt fagna því, að málið er í endurskoðun, og vænti þess að breyttar reglur í réttlætisátt sjái dagsins ljós hið fyrsta.

Félagsheimilasjóður, fsp. (þskj. 41). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jóhannes Árnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. menntmrh. á þskj. 41 um stöðu Félagsheimilasjóðs. Fsp þessi er í fjórum liðum og hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„1. Hversu mörg félagsheimili, sem eru í smíðum eða fullbúin, njóta nú styrks úr Félagsheimilasjóði skv. l. nr. 107 frá 1970?
2. Hver er skuld Félagsheimilasjóðs á lögboðnum 40% hluta stofnkostnaðar þessara félagsheimila, skipt eftir kjördæmum?
3. Hvað er áætlað að það muni taka Félagsheimilasjóð langan tíma að greiða upp umrædda skuld miðað við núverandi tekjustofna sjóðsins?
4. Hefur Félagsheimilasjóður notfært sér heimild í 5. mgr. 3. gr. l. nr. 107 frá 1970 til útgáfu skuldabréfa og þá í hve ríkum mæli?“

Það ætti að vera óþarft að fylgja þessari fsp. úr hlaði með mörgum orðum. Tilefnið er einfaldlega það að fá upplýst um stöðu sjóðsins nú og framtíðarhorfur til að hægt sé að gera sér grein fyrir því hvað sé fram undan við byggingu þeirra félagsheimila, sem nú eru í smíðum, því að enda þótt búið sé að gera verulegt átak við byggingu félagsheimila í mörgum héruðum landsins á liðnum árum, þá er það svo að annars staðar á langt í land að lokið hafi verið við fyrirhugaðar byggingar sem ráðist hefur verið í til að leysa brýnan vanda í félagslegri aðstöðu þessara byggðarlaga. Það hlýtur öllum að vera ljóst hvaða þýðingu það hefur fyrir hvert byggðarlag að hafa gott samkomuhús til að hægt sé að halda uppi eðlilegu félagslífi. Það hefur því löngum verið sérstakt áhugamál þm. utan af landsbyggðinni að efla beri Félagsheimilasjóð, því að reyndin hefur orðið sú að flest samkomuhús úti á landi hafa verið byggð skv. l. um Félagsheimilasjóð, nú lögum 107 frá 1970, og notið styrks úr þeim sjóði, en hámark styrks skv. þessum lögum getur orðið 40% af byggingarkostnaðinum. Tekjustofn Félagsheimilasjóðs er hluti af skemmtanaskattinum, skv. l. nr. 58 frá 1970, og er heimilt að verja allt að 90% af tekjum Félagsheimilasjóðs til að styrkja byggingar skv. lögunum, en 10% skulu renna í Menningarsjóð félagsheimila. Þá er í 5. málsgr. 3. gr. l. heimild fyrir Félagsheimilasjóð til að gefa út skuldabréf til allt að 15 ára með venjulegum vöxtum til að greiða styrki, bæði til félagsheimila, sem eru í smíðum, og eins húsa, sem lokið er við. Og 4. liðurinn í þessari fsp. lýtur einmitt að þessu atriði.

Ég vænti þess svo að fá glögg svör frá hæstv. menntmrh. við þessum fsp.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég vil leitast við að svara fsp. hv. fyrirspyrjanda. Þetta verður dálítill talnalestur, þó ekki mjög langur því að þetta er í samanþjöppuðu máli frá rn. Ef hann þreytir menn verður það að skrifast á reikning hv. fyrirspyrjanda.

Fyrsta spurningin er: „Hversu mörg félagsheimili, sem eru í smíðum eða fullbúin, njóta nú styrks úr Félagsheimilasjóði skv. l. nr. 107 frá 1970?“

Síðustu uppgjör Félagsheimilasjóðs og úthlutanir til eigendafélaga félagsheimila miðast við 31.12. 1974. Skv. bókum sjóðsins frá þeim tímamótum verður svarið við þessari spurningu:

A. Í smíðum	19
Fullbúin, en styrkjagreiðslu ekki lokið	24
Alls	43
B. 1) Voru gerð upp, en má búast við einhverri viðbót er endanlegt uppgjör berst	8
2) Nýjar framkvæmdir frá 1975	8
Alls	59

Önnur spurning: „Hver er skuld Félagsheimilasjóðs á lögboðnum 40% hluta stofnkostnaðar þeirra félagsheimila, skipt eftir kjördæmum?“

1. Reykjaneskjördæmi:		
Inneign 7 félagsheimila	kr.	9 511 814
2. Reykjavíkurkjördæmi:		
Inneign 3 félagsheimila	—	3 080 986
3. Vesturlandskjördæmi:		
Inneign 8 félagsheimila	—	14 332 926
4. Vestfjarðakjördæmi:		
Inneign 3 félagsheimila	—	6 551 409
5. Norðurlandskjörd.-vestra:		
Inneign 7 félagsheimila	—	11 190 962
6. Norðurlandskjörd.-eystra:		
Inneign 6 félagsheimila	—	9 971 621
7. Austurlandskjördæmi:		
Inneign 2 félagsheimila	—	1 430 613
8. Suðurlandskjördæmi:		
Inneign 7 félagsheimila	—	16 538 390
Inneign 43 félagsheimila alls	kr.	66 608 721

Þriðja spurning: „Hvað er ætlað að það muni taka Félagsheimilasjóð langan tíma að greiða upp umrædda skuld miðað við núv. tekjustofna sjóðsins?“

Í des. 1974 var lokið við að greiða með fjórum beinum árlegum greiðslum þá inneign, 46.9 millj. kr., sem 60 félagsheimili áttu inni hjá sjóðnum 1. 1. 1971 og hafði þá sjóðurinn greitt 31 þeirra 1. des. 1970 14.1 millj kr. í skuldabréfum af inneign miðað við 1. 1. 1970. Kostnaður við smíði félagsheimila á árinu 1974 nam um 90 millj. kr., þátttaka sjóðsins því í þeim kostnaði 36 millj. kr. Innstæður 1. 1. 1974 námu 64.2 millj. kr. Í des. 1974 námu því innstæður alls 100.2 millj. kr. Af þeim innstæðum voru af tekjum sjóðsins af skemmtanaskatti 1974 34.6 millj. kr. greiddar, og námu því innstæður að lokinni úthlutun 65.6 millj. kr.

Hve kostnaður við smíði félagsheimila í ár verður hár er eigi kunnugt, en áætla má hann um 80 millj. kr. og þáttöku sjóðsins því 32 millj. kr.

Í árslok 1975 má því áætla að innstæður nemi 87.6 millj. kr. Tekjur sjóðsins af skemmtanaskatti yfirstandandi árs eru áætlaðar 39.6 millj. kr., en af þeirri upphæð fara 10% til Menningarsjóðs félagsheimila, svo að til greiðslu innstæðu yrðu 35.7 millj. kr. og innstæður næmu að lokinni úthlutun 51.9 millj. kr.

Verði næstu 2—3 ár ekki leyfð smíði nýrra félagsheimila, þá ætlar stjórn sjóðsins að sjóðurinn komist úr skuldum 1978. — Rétt er að geta þess, að búast má við hærri tekjum af innheimtu skemmtanaskatts en gert er ráð fyrir í fjárl. 1975. — Í öðru lagi námu kröfur af óinnheimtum skemmtanaskatti 1974 8 millj. kr. skv. uppgjöri ríkisbókhaldsins frá 9. júní 1975. Verði um hækkun á innheimtu á skemmtanaskatti að ræða fyrir árið 1975 og takist að innheimta það, sem óinnheimt var af skatti 1974, þá væri hugsanlegt að innstæður eigendafélaga yrðu litlar við lok úthlutana á tekjum sjóðsins 1977.

Fjórða spurningin er svo: „Hefur Félagsheimilasjóður notfært sér heimild í 5. málsgr. 3. gr. l. nr. 107 frá 1970 til útgáfu skuldabréfa og þá í hve ríkum mæli?“

1. des. 1970 voru gefin út til 31 félagsheimilis skuldabréf að upphæð 14.1 millj. kr.

Þá hef ég reynt í sem allra stystu máli að svara þessum fjórum spurningum hv. fyrirspyrjanda.

Fyrirspyrjandi (Jóhannes Árnason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir glögg og greinargóð svör við þessum fsp.

Svo sem fram kom í svörum hans er ljóst að þessi sjóður, Félagsheimilasjóður, er allverulega á eftir með greiðslur til stofnkostnaðar þeirra félagsheimila, sem ýmist er fulllokið eða í smíðum, þ. e. a. s. 40% af stofnkostnaðinum. Virðist því þurfa að skoða þetta mál nokkuð á næstunni, ef ekki á til vandamála að koma við a. m. k. ákveðnar framkvæmdir úti um land, því að raunin er sú að það hefur verið reynt af þeim aðilum, sem standa fyrir þessum byggingum, eigendafélögunum — og sveitarfélögin eru auðvitað þar aðilar líka, að koma þeim undir þak og taka þau sem fyrst í notkun, því að það er dýrt að láta slíkar framkvæmdir standa ónotaðar árum saman. Þá hefur verið gripið til þess að byggingaraðilarnir hafa tekið lán til þess að standa undir þeim hluta sem ella hefði komið frá Félagsheimilasjóði. Þetta getur í mörgum tilvikum verið þung greiðslubyrði fyrir lítil sveitarfélög.

Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir greinargóð svör.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég hafði á þinginu í fyrra spurt um nær hið sama en þó ekki svona ítarlega. Þá kom auðvitað nákvæmlega sama í ljós og nú, að skuldahalinn er ærið langur. Afkoma sjóðsins er slík að sveitarfélög og aðrir eigendur hafa mátt bera ómældar byrðar vegna vanskila og dráttar á greiðslum frá sjóðnum.

Ég spurði að þessu þá vegna ákveðins tilefnis. Ég minnti þá á eldri húsin, elstu félagsheimilin. Nú stendur fyrir dyrum mikið viðhald og endurbætur á mörgum þeirra og vitanlega er engin heimild til þátttöku Félagsheimilasjóðs í því verkefni. Vegna þess að sumir standa nú andspænis þessu, annars vegar að leggja út í dýran viðhalds- og endurbótakostnað án þátttöku Félagsheimilasjóðs eða hreinlega reyna að komast í sjóðinn þrátt fyrir hans stöðu og byggja nýtt hús, þá held ég að það væri rétt, þrátt fyrir þessa slæmu stöðu, þrátt fyrir þennan langa skuldahala sem þarna er, að fara að koma inn heimild til einhverrar þátttöku Félagsheimilasjóðs í meiri háttar endurbótum á hinum elstu félagsheimilum. Ég hygg að ég muni flytja um þetta frv. nú í vetur, því að ég held það að til lengdar verði það hagstæðara Félagsheimilasjóði að taka þátt í verulegum endurbótum á félagsheimilunum, þeim elstu, sem þurfa þeirra með, heldur en ef eigendur þeirra ákvæða hreinlega að byggja ný og dýr hús, því að þessi hús hafa orðið með ári hverju stærri og íburðarmeiri eins og kannske vera ber í samræmi við íbúðarhúsin okkar, sem hafa auðvitað ráðið þeirri þróun einnig.

Ég minni aðeins á þessi elstu hús. Þau eru mörg hver illa farin, þurfa mikilla endurbóta við. Sveitarfélögin og aðrir eigendur ráða ekki við þetta einir og fara þá kannske þá leið að fara í nýja byggingu á dýru húsi. Þar af leiðandi held ég að það sé nauðsynlegt að sjóðurinn fái heimild til að taka þátt í þótt ekki væri nema hluta af endurbótakostnaði félagsheimilanna.

Samstarf við erlenda aðila um stóriðju á Austurlandi, fsp. (þskj. 51). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Á undanförnum árum hefur sú þróun orðið í efnahagskerfi Íslendinga að æ stærri hluti gjaldeyristekna þjóðarinnar er sprottinn af efnahagslegri starfsemi erlendra aðila á Íslandi. Á fyrri hluta áratugsins 1950—1960, fyrstu árin eftir að bandarískur her kom til landsins, skipuðust mál þannig að mjög stór hluti gjaldeyristekna þjóðarinnar varð beinlínis vegna framkvæmda bandarískra hersins á Íslandi. Fljótlega kom í ljós að þorri þjóðarinnar var andsnúinn þeirri stefnu að svo hátt hlutfall gjaldeyristekna stafaði af starfsemi erlendra aðila í landinu, og á síðari hluta þessa áratugs og fram eftir áratugnum 1960—1970 lækkaði þetta hlutfall. Með tilkomu atvinnurekstrar Swiss Aluminium á Íslandi og Johns Manville og með auknum framkvæmdum bandarískra hersins á Íslandi, sem nú þegar eru hafnar og utanrrh. upplýsti hér fyrir nokkru, hafa bæst í hóp þeirra manna, íslendinga, sem stunda störf á vegum hersins, nokkur hundruð manna, og það hlutfall mun halda áfram að aukast á næstunni, og hafnar eru framkvæmdir við járnblendiverksmiðju sem að verulegu leyti er grundvölluð á samböndum og aðild erlends stórfyrirtækis, Union Carbide, og þá er ljóst að nú þegar blasir það við að enn á ný sé hátt hlutfall gjaldeyristekna íslendinga, eða m. ö. o. grundvöllurinn undir

efnahagslegu sjálfstæði landsins, okkar gjaldeyristekjur, að verða háður atvinnurekstri útlendinga á Íslandi.

Ég er þeirrar skoðunar, að það sé eitt af grundvallarverkum í sjálfstæðisstarfsemi þjóðarinnar á þessum árum og í framtíðinni að sporna hér við fótum, að vara við því þegar í upphafi að þetta hlutfall verði aukið og þjóðin fái að fylgjast mjög náið og nákvæmlega með öllum þeim áformum sem uppi eru um að auka enn frekar hlutdeild útlendinga í atvinnurekstri á Íslandi. Ef svo heldur fram sem nú hefur verið um nokkurra ára skeið, þá blasir það við að jafnvel innan áratugs verði yfir fjórðungur af gjaldeyristekjum íslendinga vegna atvinnurekstrar útlendinga í landinu. Ef skýrslur fiskifræðinga eru réttar og aflamagn okkar hér við strendur landsins mun minnnka, þá getur þetta hlutfall jafnvel orðið enn hærra.

Ég tel það þess vegna nauðsynlegan þátt í viðnámi gegn ásælni erlendra stórfyrirtækja í íslensku atvinnulífi að þjóðin fái að fylgjast mjög nákvæmlega með öllum áformum í þessum efnum og tilraunum þessara fyrirtækja til samskipta við íslenskar stjórnstofnanir á þessu sviði.

Eins og þm. muna frá umr. hér fyrir skömmu, þegar rætt var um orkumál á Austurlandi, átti ég von á því að hæstv. iðnrh. mundi ekki skýra eins nákvæmlega og ég óskaði og taldi nauðsynlegt frá samskiptum íslenskra aðila við þessi stórfyrirtæki — eða réttara sagt frá ásælni erlendra stórfyrirtækja og fyrirspurnum þeirra og athugunuum á möguleikum á nánari atvinnurekstri á Íslandi. Eg bar því fram fyrir fram þá fsp. sem hér er til umr. til þess að gefa hæstv. ráðh. aftur tækifæri til þess að gefa Alþ. nákvæma, ítarlega og tæmandi skrá yfir allar tilraunir, formlegar eða óformlegar, í formi kynnisferða, viðræðna eða samstarfsnefnda eða á annan hátt, sem átt hefðu sér stað milli íslenskra aðila og þessara fyrirtækja. Ég ber því fram, herra forseti, þá fsp. sem hér er í tveim liðum:

„Við hvaða erlenda aðila hafa íslenskar stofnanir haft sambandi vegna nýrra virkjana og/eða hugsanlegrar stóriðju á Austurlandi og hverjir hafa haft frumkvæði að slíkum samböndum?“

Og í öðru lagi: „Hvers eðlis hafa þessi samskipti verið, t. d. kynnisferðir, viðræður, stofnun formlegra eða óformlegra samstarfsnefnda eða annað?“

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Fsp. hv. þm. fjallar um það við hvaða erlenda aðila íslenskar stofnanir hafa haft samband vegna nýrra virkjana eða hugsanlegrar stóriðju á Austurlandi og hvers eðlis þessi samskipti hafi verið.

Samkvæmt ákvörðun fyrri ríkisstjórnar, vinstri stjórnarinnar, er það viðræðunefnd um orkufrekan iðnað sem hefur það verkefni með höndum að eiga viðræður við erlenda aðila í þessu sambandi. Þau svör, sem ég hér gef, eru því fyrst og fremst að sjálfsögðu byggð á upplýsingum frá n.

Á undanförnum árum hafa ýmsir erlendir aðilar haft samband við íslensk stjórnvöld og spurst fyrir um möguleika á orkuöflun til stóriðju. Eðlilega hefur staðsetning slíkrar iðju á Austurlandi einnig komið til tals, ekki síst þar sem talið er að þar geti orðið stærsta virkjun landsins og jafnframt að mjög góð hafnarskilyrði eru víða á Austfjörðum. Meðal þeirra fyrirtækja, er samband hafa haft við íslenskar stofnanir, má nefna Norsk Hydro í Noregi, Alusuisse í Svisslandi og Amax Aluminium í Bandaríkjunum. Viðræðunefnd um orkufrekan iðnað er sá íslenski aðili sem þessi fyrirtæki hafa haft samband við. Frumkvæðið hefur komið frá hinum erlendu aðilum.

Þessi samskipti hafa verið með ýmsu móti. Í sumum tilvikum hefur verið um bréfaskriftir að ræða eingöngu, í öðru hafa fyrirtækin látið í ljós óskir um viðræður og kynnisferðir. Einnig hefur í nokkrum tilvikum komið fram ósk frá fyrirtækjunum um að þau fengju leyfi til að senda sérfræðinga sína á vettvang til að kynna sér aðstæður. Viðræðunefnd hefur orðið við þessum óskum og hefur jafnan séð þá til þess að íslenskir sérfræðingar hafi starfað með hinum erlendu til þess að fylgjast með og kynna sér sjónarmið þeirra.

Má að öðru leyti vísa til þess svars sem ég gaf fyrir viku við fsp. hv. 7. landsk. þm., Helga F. Seljans, en fsp. hans, önnur sú sem hann bar hér fram, fjallaði um það hvort Swiss Aluminium eða aðrir erlendir aðilar hefðu átt einhverja aðild að rannsóknum á Austfjörðum og hvort uppi væru áform um slíka aðild varðandi frekari rannsókn o. s. frv. Ég tel því ekki ástæðu til að hafa þetta svar lengra.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Ég vil þakka iðnrh. fyrir hans svör, sem voru nú allítarlegri en við sams konar fsp. sem hv. þm. Helgi F. Seljan bar fram, eins og hæstv. ráðh. sagði, fyrir viku. Bendir það til að ítrekaðar fsp. af þessu tagi kunni að afla áfram nákvæmari upplýsinga um þessi samskipti heldur en hin fyrsta tilraun bar árangur um.

Hæstv. ráðh. upplýsti að tvö fyrirtæki til viðbótar við Swiss Aluminium hefðu leitað eftir og sýnt áhuga á stóriðjurekstri á Austurlandi. Fyrir viku taldi hann enga ástæðu til að nefna þessi fyrirtæki, þótt hv. þm. Helgi F. Seljan spyrði þá um Swiss Aluminium eða aðra aðila. Nú hefur verið upplýst að a. m. k. tveir aðrir aðilar, Amax Aluminium og Norsk Hydro, hafa með bréfaskriftum eða kynnisferðum eða heimsóknum eða viðræðum við íslenska sérfræðinga sýnt áhuga á stóriðju á Austurlandi. Ég tel það vissulega ómaksins vert að fá slíkar upplýsingar hér fram, þótt þær hefðu gjarnan mátt vera ítarlegri en fram kom hjá hæstv. ráðh., um hver framþróun þessa máls hefði verið eða hvort samskiptum við þessa aðila hefði verið algerlega slitið. Ég vil þess vegna ítreka það aftur við hæstv. ráðh. hvort hann vilji lýsa því hér yfir að þessum samskiptum sé slitið, þau hafi átt sér stað, frumkvæðið hafi komið frá hinum erlendu aðilum, en þau séu nú úr sögunni, eða hvort þau séu enn með einhverjum hætti á dagskrá og þá með hvaða hætti. Ég tel að þetta sé einföld spurning, ekki flókin, hún

krefjist ekki mjög flókins svars. Hún felur það einfaldlega í sér: Er þessum samskiptum lokið eða ekki? — að það komi skýrt fram hjá hæstv. ráðherra hvort svo sé. Ef þeim er ekki lokið eða hæstv. ráðh. vill ekki lýsa því hér yfir að þeim sé lokið, þá lýsi hann því yfir í hvaða formi þau séu nú.

Ég vil ítreka það, að ég tel að þessi ásókn erlendra stóriðjufyrirtækja í íslensk orkuver sé eitt það mesta hættumerki, sem að íslenskri þjóð stafar í framtíðinni. Þegar járnblendiverksmiðjan verður tekin til starfa, þó að hún sé að vísu að hluta til í eign íslendinga, þá verður það hlutfall af gjaldeyristekjum okkar og útflutningi, sem beinlínis er grundvallað á eða sprottið af samstarfi við erlenda aðila, orðið svo hátt að ég tel að það verði þegar komið að hættumerkinu, hvað þá heldur ef einhverjum öðrum fyrirtækjum verður bætt í þann hóp. Ég held að það sé hollt að rifja upp yfirlýsingar íslenskra stjórnmálaflokka á fyrri hluta áratugsins 1950—1960, þegar hlutfall gjaldeyristekna af bandarískа hernum var orðið svo hátt að öllum þjóðhollum mönnum þótti nóg komið og íslendingar gengu í það að snúa þeirri þróun við.

Ég tel þess vegna að það sé fyllilega tímabært að tekið sé til athugunar hér á Íslandi og þá á Alþ. sérstaklega með tilliti til þessarar ásóknar fyrirtækja eins og Swiss Aluminium, Norsk Hydro og Amax Aluminium og jafnvel annara slíkra aðila og með tilliti til þeirra skýrslna, sem komið hafa fram um stórverksmiðjur víða um land, að Alþ. taki til athugunar hvort það vilji ekki lýsa því yfir að þessi fjárfesting, þessi atvinnurekstur erlendra aðila á Íslandi sé þegar að komast á það hátt stig, að a. m. k. á næsta áratug verði ekki fleirum bætt í þann hóp.

Eg er þess fullviss að haldi gjaldeyristekjur okkar áfram að vera í svo ríkum mæli og jafnvel enn frekar sprottnar af starfsemi þessara aðila og íslenskir fiskistofnar verða jafnvel skertir og okkar eigin veiðar takmarkaðar á næstu árum, þá verður það fyllilega spurning innan fárra ára hvort hægt sé að tala um raunverulegt efnahagslegt sjálfstæði þjóðar sem á kannske fjórðung gjaldeyristekna sinna eða meir frá starfsemi erlendra stóriðjufyrirtækja í landinu.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Hér var áðan minnst á fyrirtækið Norsk Hydro í svari hæstv. ráðh. Mér er afar kunnugt um þær viðræður sem Norsk Hydro átti við heimaaðila, þ. e. a. s. við hreppsnefnd og aðra framámenn í minni heimabyggð, Reyðarfirði. Þeir sýndu á því mikinn áhuga að koma þar upp álverksmiðju á tímabili, munu síðan hafa horfið frá því, a. m. k. höfum við, sem betur fer, ekki heyrt neitt frá þeim nýlega. Það fer þá fram bak við tjöldin ef svo er að þeir hafi enn þennan áhuga. Meiri hl. hreppsnefndar þá ákvað að taka upp viðræður og kanna þetta mál við Norsk Hydro. Ég var hins vegar andvígur því og hef ekki dregið neina dul á andstöðu mína við öll slík áform.

Hæstv. ráðh. vitnaði bæði hér og eins í svari við fsp. minni um daginn í viðræðunefnd um orkufrekan iðnað. Þá spurði ég alveg sérstaklega um sannleiksgildi ákveðinnar hviksögu sem hefur gengið eystra mjög ákveðið varðandi n. sem þegar væri komin á laggirnar af hálfu annaðhvort rn. eða þessarar viðræðunefndar annars vegar og erlendra aðila hins vegar. Mig langar til þess, af því að ég veit að hér er einn hv. þm. staddur, sem er þessu máli mjög kunnugur, er í þessari viðræðunefnd, að inna hann nánar eftir því, vegna þess að mér þótti ég ekki fá nógu ljós svör þá frá hæstv. ráðh. varðandi það hvort eitthvað væri í þessu hæft, hvort þessi viðræðunefnd um orkufrekan iðnað hefur tekið einhverja ákvörðun þar að lútandi, um einhverja samstarfsn. með þessum útlendingum. Það væri mjög kærkomið að fá algera neitun á þessari hviksögu. Hún hefur gengið mjög ákveðið og gott að fá svar um hana frá bæði hæstv. ráðh. og hv. þm. Steingrími Hermannssyni, sem ég veit að er fús til að gefa einnig um þetta upplýsingar.

Jónas Árnason: Herra forseti. Það er ekki ófyrirsynju að menn standa hér upp og láta í ljós ugg út af þeim áformum sem bersýnilega eru á ferðinni bak við tjöldin um að koma upp stóriðju á Austurlandi.

Ég held að fulltrúar austfirðinga, sem hér hafa talað, ættu að láta reynslu okkar vestlendinga sér að kenningu verða. Það, sem getur komið í veg fyrir, að austfirðingar fái yfir sig þennan ófögnuð, er ekkert annað en viðbrögð fólksins heima fyrir. Ef austfirðingar rísa upp og frábiðja sér þennan ófögnuð, þá er hægt að koma í veg fyrir hann. Ég er sannfærður um að við vestlendingar hefðum losnað undan því að fá yfir okkur þá verksmiðju, sem verið er að reisa við Grundartanga núna, ef menn hefðu áttað sig fyrr, ef menn hefðu skilið eðli þessara mála eins og þeir skilja það í dag.

Ég ætla ekki við þessar umr. að rekja hvernig þeim málum er komið hjá okkur. Ég er búinn að flytja um það þáltill. að framkvæmdum verði frestað þar efra. Þar er nú að ljúka fyrsta stigi. Það er að ljúka fyrsta stigi þess þjösnaskapar, sem tengdur er framkvæmdunum þar efra. Það er búið að riðlast þar um og spilla náttúru. Það er búið að sýna það, að þetta fyrirtæki og þeir aðilar, sem við erum hér komnir í bland við, virða ekki íslenskan verkalýð hið allra minnsta. Óvirðing þeirra gagnvart íslenskum verkalýð er slík sem engin dæmi eru um áratugum saman. Vandræði margs konar önnur hafa af þessu sprottið. Þetta hefur opnað augu fólks, og ef fleiri flokkar en Alþb. hefðu risið upp gegn þessu, meðan málið var enn í undirbúningi, og sameinast um að sporna gegn þessu, þá held ég að við hefðum komið í veg fyrir þennan ófögnuð, við hefðum losnað við þennan ófögnuð. Og ég vil beina því til austfirðinga að þeir reyni að átta sig í tæka tíð og rísi upp gegn þessu, og þá er ég að tala um almenning þar eystra.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Vegna fsp., sem hv. 7. landsk. beindi til mín, vil ég taka það fram í upphafi að viðræðunefnd um orkufrekan iðnað er að sjálfsögðu ekkert annað en ráðgefandi nefnd. Hún er skipuð af iðnrh. Hún tekur engar ákvarðanir nema ríkisstj. fjalli þar um. Ég hlustaði ekki á svar hæstv. iðnrh. um daginn, en ég efast ekki um að slíkt hefur þar komið fram.

Þar sem þarna er sérstaklega rætt um Swiss Aluminium og áhuga þess fyrirtækis á virkjunarmöguleika á Austfjörðum, — það má vel vera að ég sé að endurtaka það sem kom fram áður, — en það fyrirtæki sýndi, ef ég man rétt, fyrir um það bil tveim árum áhuga á því jafnvel að taka þátt í virkjunarrannsóknum þar, en því var vísað frá af stjórnvöldum og mér er ekki kunnugt um að slíkt tilboð hafi verið endurnýjað.

Hins vegar fór fyrirtækið fram á það síðar, hvort það mætti kynna sér þær hugmyndir sem þarna eru uppi. Því var játað, enda hafa ýmsir gert það, og komu, að því er ég best veit, 2 eða 3 sérfræðingar frá þessu fyrirtæki til landsins og ferðuðust þarna um með mönnum frá Orkustofnun. En um skipun samstarfsnefndar er mér ekki kunnugt. Það hefur a. m. k. ekki verið á vegum viðræðunefndar um orkufrekan iðnað og ekki á vegum iðnrn. að því sem ég best veit. Þeir komu og kynntu sér þessi mál, og ég get bætt því við, að þeir sögðu okkur nýlega að þeir ætluðu að skrifa einhverja álitsgerð um þetta og það er þeim að sjálfsögðu frjálst að gera.

Annars verð ég að segja um það, sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, að mikil ásókn væri í þetta, að ég held að það sé miklu minna en hv. fyrirspyrjandi telur. Það eru ákaflega margar fsp. sem koma bréflega og jafnvel stoppa hér menn á ferð á milli heimsálfa. Langflestir sýna ekki áhuga framar. Þeir koma hér, fá einhverja bæklinga sem eru til og fara svo. Staðreyndin er sú að það hafa verið sett ákaflega þröng skilyrði fyrir slíku samstarfi, sem ég get ekki rakið nú, en hef oft minnst á, og það hefur ekki verið horfið frá þeim. Margir vilja ekki sætta sig við það. Margt fleira mætti að sjálfsögðu um þetta segja, en það hefur eflaust komið hér fram. Tíminn leyfir ekki frekari ræðu.

Undanþága afnotagjalda af hljóðvarpi og sjónvarpi, fsp. (þskj. 51). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Vilborg Harðardóttir): Herra forseti. Sú fsp., sem ég hef beint til hæstv. menntmrh. varðandi undanþágu afnotagjalda af hljóðvarpi og sjónvarpi, er til komin vegna þess að margir hafa haft á orði að framkvæmd þessara laga mundi ekki vera sem skyldi, þ. e. a. s. að mun færri njóti í raun en þeir, sem á þyrftu að halda. Fsp. mín til hæstv. menntmrh. er svo hljóðandi:

„Hve margir elli- og örorkulífeyrisþegar njóta undanþágu afnotagjalda af hljóðvarpi og sjónvarpi samkv. 31. gr. reglugerðar um ríkisútvarp frá 1. nóv. 1972?“ Í öðru lagi: „Hve mörgum væri heimil undanþága samkv. túlkun yfirmanna ríkisútvarpsins?“

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég hef þessi svör að gefa við fsp.:

Í 15. gr. útvarpslaga, nr. 19 1971, segir svo: „Í reglugerð má ákveða að þeir, sem hljóta uppbót á elli- eða örorkulífeyri samkv. 21. gr. laga um almannatryggingar frá 1963 verði undanþegnir afnotagjöldum. Í reglugerð má einnig ákveða undanþágu blindra manna frá greiðslu afnotagjalda af hljóðvarpi.“

Í reglugerð nr. 260 1974 um ríkisútvarp segir svo í 31. gr.: „Veita skal þeim elli- og örorkulífeyrisþega, sem fær uppbót á lífeyri sinn samkv. 7. gr. reglugerðar nr. 32 frá 25. jan. 1972, um lágmarkslífeyri og hækkun tryggingabóta samkv. lögum um almannatryggingar, undanþágu frá greiðslu afnotagjalds af viðtæki í hans eigu, enda sé viðtækið hagnýtt til einkanota. Útvarpsstjóri ákveður undanþágu blindra manna frá greiðslu afnotagjalda af hljóðvarpi að fengnum till. samtaka blindra.“

Samkv. upplýsingum innheimtudeildar ríkisútvarpsins eru nú skráðir aðilar, sem njóta undanþáguákvæðis, samtals 883 með sjónvarps- og útvarpsviðtæki, 248 með útvarpsviðtæki eingöngu, enn fremur eru einstaklingar í stofnunum með 392 sjónvarps- og útvarpstæki samkv. öðrum ákvæðum en 31. gr. reglugerðarinnar. Tryggingastofnun ríkisins sendir innheimtudeild ríkisútvarpsins tilkynningar um þá sem njóta þeirrar sérstöku uppbótar sem þennan rétt veitir til afnotagjaldslausra sjónvarps- og útvarpsnota, en ákvæði um einkanot þessara tækja er síðan reynt að sannprófa, því að þetta fyrirkomulag býður heim þeirri freistingu að húsráðendur telji viðtæki eign þess aðila á heimilinu sem undanþáguákvæði kunna að ná til og munu vera einhver brögð að þessu.

Annar liður fsp., þ. e. hve mörgum væri heimil undanþága samkv. túlkun yfirmanna ríkisútvarpsins, þá er í rauninni ekkert um það að segja umfram það sem ég hef nú tekið fram. Túlkun yfirmanna ríkisútvarpsins getur ekki orðið mikið álitamál því að ákvæði reglugerðarinnar eru nokkuð afdráttarlaus. Í rauninni virðist eðlilegra — eða það er mín skoðun a. m. k. — að Tryggingastofnun ríkisins greiddi afnotagjöldin fyrir styrkþega heldur en að ríkisútvarpið veiti þennan afslátt. Mér sýnist að það væri eðlilegri leið. Ríkisútvarpið á erfitt með að koma þarna við sjálfstæðu mati. Og Tryggingastofnuninni er nú ætlað að styðja þá sem eru stuðningsþurfi. En hvað um það, þetta er ákvæði í lögum, heimildarákvæði, og það hefur verið ákveðið að nota það. Reglugerðin segir „skal“ og skal ég ekkert fara frekar út í þá sálma. En þó að ég hafi ekki sem nákvæmastar tölur í höndum um, hverju þessar fjárhæðir nema, þá er mér tjáð að gera megi ráð fyrir að þær skipti eitthvað um 20—30 millj. kr. fyrir ríkisútvarpið á einu ári.

Ég held að ég hafi þá svarað spurningum hv. fyrirspyrjanda eins og efni standa til.

Fyrirspyrjandi (Vilborg Harðardóttir). Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans, greinargóð svo langt sem þau náðu. En ég held að þau sýni einmitt það, sem okkur grunaði áður, að þessi undanþága nær ekki til allra sem á þurfa að halda. Það kom fram að undanþágan nær til innan við 900 hvað snertir sjónvarp og hljóðvarp saman og um 250 sem eru aðeins með hljóðvarp. Tala þeirra, sem njóta uppbótar af tekjutryggingu, mun vera um 1700 manns, svo að þetta er ekki óskapa upphæð sem þarna þyrfti að sjá af ef allir fengju að njóta. Þar að auki yrðu þetta alls ekki allir, því að þetta tekur aðeins til einkaafnota, en ekki til þeirra sem búa á heimilum þar sem aðrir búa sem hafa fullar tekjur eða eðlilegar tekjur.

En það er annað, sem ég vildi vekja máls á í þessu sambandi, og það er að benda hæstv. ráðh. og þingheimi á að e.t.v. væri eðlilegra að þetta næði ekki aðeins til þeirra, sem hafa uppbót á tekjutryggingu, heldur kannske til þeirra sem hafa svo litlar tekjur að þeir þurfa að fá tekjutryggingu. Tekjutrygging er nú, 1975, 29 þús. kr. á mánuði til einstaklinga og 51 169 kr. til hjóna. Geta allir sagt sér það sjálfir hvernig fólki gengur að lifa á þessu, hvað þá að borga að auki afnotagjöld fyrir útvarp, síma og aðrar þarfir. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið hjá Tryggingastofnuninni, mun undanþága frá afnotagjöldum að miklum meiri hluta ná til fólks í Reykjavík og nágrenni, en síður til fólks úti á landi, af hverju sem stafar, kannske af upplýsingaleysi. En úti á landi er kostnaðurinn enn þá meiri fyrir fólk við að lifa og þar koma til liðir eins og t.d. olía sem er mjög mörgu eldra fólki mjög erfiður liður.

Þessar upphæðir, sem hæstv. ráðh. nefndi, — hann talaði um milli 20 og 30 millj., — leyfi ég mér að efast um að sé réttar. Ég fékk þessa tölu reyndar líka hjá menntmrn. Mér var sagt að útvarpsmenn teldu tekjurýrnun vegna sjónvarps yfir 20 millj. kr. og vegna útvarps um 6—7 millj. kr. Þetta passar ekki við tölurnar sem Tryggingastofnunin og innheimta útvarpsins gefur upp yfir þá sem njóta undanþágu af afnotagjaldi, vegna þess að ef maður margfaldar 900 með árgjaldinu 12 200 kr., þá koma reyndar út tæpar 11 millj., en ekki neinar 20, og um 950 þús. hjá þeim sem njóta undanþágu af afnotagjaldi af hljóðvarpi, en ekki það sem þarna vantar á þessar 30.

Kynlífsfræðsla í skólum, fsp. (þskj. 51). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Vilborg Harðardóttir): Herra forseti. Þegar samþykkt voru lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir voru flestir því sammála að eitt hið þýðingarmesta við þessi lög væri kafli sem fjallaði um ráðgjöf og fræðslu, bæði til almennings og í skólum. Í 7. gr. í þessum kafla er kveðið á um fræðslu um kynlíf og siðfræði kynlífsins á skyldunámsstigi í skólum landsins. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Fræðsluyfirvöld skulu í samráði við skólayfirlækni veita fræðslu um kynlíf og siðfræði kynlífsins á skyldunámsstigi í skólum landsins. Einnig skal veita þessa fræðslu á öðrum námsstigum."

Þessi lög voru samþykkt 9. maí s.l. Ég hef ekki orðið vör við að neinar ráðstafanir hafi verið gerðar til þess að veita þessa fræðslu í skólum né reyndar heldur í heilbrigðisstofnunum nema að mjög litlu leyti. Spurning mín til hæstv. ráðh. er því á þessa leið:

„Hafa fræðsluyfirvöld gert ráðstafanir til að veita fræðslu um kynlíf og siðfræði kynlífsins á skyldunámsstigi í skólum landsins og á öðrum námsstigum? Hvenær má vænta þess að slík fræðsla komi á námsskrá?"

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þessari fsp. hv. þm. vil ég svara á þessa leið:

Framkvæmd þessa ákvæðis laga frá í vor leið þarf af skiljanlegum ástæðum nokkurn undirbúning. Sá undirbúningur fer að venjulegum hætti fram í skólarannsóknadeild menntmrn. og hefur þegar hafist þar.

Gert er ráð fyrir að kynlífsfræðsla tengist tveimur námsgreinum, þ.e. samfélagsfræði og líffræði. Námsefni er nú í undirbúningi og raunar er tilraunakennsla hafin eða um það bil að hefjast að því er varðar einstaka þætti fræðslunnar. En þannig er háttað framkvæmd nýjunga í námsefni á mörgum öðrum sviðum, að fyrst eru gerðar nokkrar prófanir í tilteknum skólum, áður en farið er með það út í allt skólakerfið.

Í samfélagsfræði, svo að ég greini aðeins nánar frá áformum, — í samfélagsfræði er áætlað að vikið verði að þessu efni á 1., 3., 4., 7. og 8. eða 9. námsári, og í líffræði er áætlað að þetta efni verði tekið fyrir á 4., 5. eða 6. og 8. eða 9. námsári. Og þá skal ég að lokum geta þess, að miðað er við að þessi fræðsla verði í höndum hlutaðeigandi kennara.

Fyrirspyrjandi (Vilborg Harðardóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans og það gleður mig að tilraunakennsla skuli nú eiga að fara að hefjast, því að satt að segja hefur þessum málum lengi verið mjög ábótavant í skólum landsins. Í grg., sem var með frv. til fóstureyðingarlaganna á síðasta ári, kom fram í sambandi við námsefni og kennslu í skólum að af því námsefni, sem nú er til staðar í skólunum, má varla ráða hvernig á að búa til barn, hvað þá hvernig eigi að koma í veg fyrir getnað. Og fáviskan er ótrúleg á þessum sviðum. Hún er ótrúlegri en nokkur getur ímyndað sér. Ég get nefnt mjög nýlegt dæmi frá ráðgjafarþjónustunni sem er hér í Reykjavík, reyndar ekki í skólum, heldur í Heilsuverndarstöðinni, opin aðeins einu sinni í viku. Þangað kom stúlka nýlega 16 ára og var að biðja um ráð. Hún hafði ekki fengið blæðingar í langan tíma. Það kom í ljós að stúlkan var komin 6½ mánuð á leið. Hún hafði ekki hugmynd um þetta. Ég bendi bara á þetta sem dæmi um það, hve fáviskan er ótrúleg og hve nauðsynlegt er að hefja þessa fræðslu snemma, þ.e.a.s. áður eða um leið og börn verða kynþroska.

Sameinað þing, 14. fundur.

Þriðjudaginn 11. nóv., að loknum 13. fundi.

Eignarráð á landinu, þáltill. (þskj. 42). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Frestun framkvæmda við Grundartangaverksmiðju, þáltill. (þskj. 48). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Auglýsingar erlendra fyrirtækja í sjónvarpinu, þáltill. (þskj. 55). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fjárreiður stjórnmálaflokka, þáltill. (þskj. 32). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til allshn. með 32 shlj. atkv.

Efri deild, 14. fundur.

Miðvikudaginn 12. nóv., kl. 2 miðdegis.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 57). — 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins frá 1970 eru ákvæði um skyldusparnað. Þar eru heimildir til þess að fá það sparifé, sem þannig er lagt inn, endurgreitt ef vissum skilyrðum er fullnægt. Þau skilyrði eru að maður sé 26 ára gamall, hann stofni til hjúskapar eða hann áætli að kaupa sér íbúð. Hins vegar er engin undanþáguheimild frá þessum ströngu ákvæðum.

Nú hefur komið í ljós, að atvik geta legið þannig fyrir að fullkomin sanngirni mæli með því að heimila undanþágu í fleiri tilvikum. Nokkrar slíkar beiðnir hafa borist félmrn. og virðist því rn. nauðsynlegt að fá hér nokkra undanþáguheimild. Þess eru dæmi að fólk vegna örorku, í sambandi við nám og af öðrum ástæðum hafi fært fram þau rök sem rn. telur fullgild. Eitt af nýjustu dæmunum má nefna: Kona, sem er öryrki, ekki orðin 26 ára, ætlar ekki að kaupa sér íbúð eða stofna heimili, hefur fengið vinnu, en kemst ekki til vinnu án þess að eignast bifreið sem hún getur ekki eignast nema með því að fá sparifé sitt endurgreitt. Þess vegna er farið fram á með þessu frv. að félmrn. sé heimilað að veita leyfi til endurgreiðslu sparifjár ef högum umsækjanda er þannig háttað að brýna nauðsyn ber til að leyfa endurgreiðslu.

Ég vil taka fram að í því felst auðvitað mikill vandi — og það er félmrn. ljóst — að fá slíka undanþáguheimild í hendur. Hins vegar virðast okkur sum þau dæmin, þar sem beðið er um endurgreiðslu, vera þess eðlis að heilsufarsleg eða félagsleg nauðsyn knýi á svo að ekki sé stætt á því að neita. Þó að þessi heimild yrði veitt þarf auðvitað að setja um hana strangar reglur. En ég vænti þess að hv. deild fallist á að samþykkja þetta frv., og legg til að því sé vísað til 2. umr. og félmn.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég vil lýsa yfir stuðningi við þetta frv. og alveg sérstaklega með tilliti til þess sem vitnað er til í grg. um ástæður sem séu að baki því að rn. sé heimilt að veita undanþágu. En ég hefði ef til vill talið að kæmi fullt eins vel til álita að hafa í sjálfu frv. ákvæði, eins og þar segir, um örorku og einstæða foreldra og aðrar félagslegar ástæður.

Ég vil benda á annað frv., sem mun vera á dagskrá Nd. einmitt í dag og er flutt af hv. þm. Svövu Jakobsdóttur. Það gengur mjög í sömu átt, og til skýringar og án alls metings mun það hafa farið í prentun áður en þetta stjfrv. sá hér dagsins ljós og ekki ástæða til að draga það til baka af þeirri ástæðu að ákvæði eru þar um sumt skýrari. Það er sérstaklega eitt ákvæði, sem þar er vikið að, þ. e. a. s. varðandi nám þeirra sem hefja það eða byrja á nýjan leik eftir starf, eða eins og segir í grg. þess frv. með leyfi hæstv. forseta:

„Námsmaður, sem er að hefja nám eftir nokkurra ára þátttöku í atvinnulífinu, getur ekki fullnægt skilyrðinu um 6 mánaða skólanám á undangengnu ári og á því ekki rétt til endurgreiðslu sparifjár síns. Gæti sú upphæð þó ráðið úrslitum um hvort honum tekst að kljúfa byrjunarörðugleika við upphaf skólagöngu. Virðist flm. sanngjarnt, að réttur þessa fólks sé ekki rýrari en þeirra sem eiga samfellda skólagöngu að baki og beri því að veita heimild til undanþágu á endurgreiðslu í slíkum tilvikum.“

Allt þetta mun ég athuga nánar í n. og freista þess að fá fram þær lagfæringar sem ég tel að athuguðu máli til bóta. Ég held t. d. að námsatriðið eigi þarna tvímælalaust heima, samkvæmt fenginni reynslu, af ótvíræðum sanngirnisdæmum hér um sem orðið hefur að synja vegna þess, eins og hæstv. ráðh. sagði, að um þetta hafa verið ströng ákvæði sem erfitt hefur verið að ganga fram hjá.

Ég vil svo aðeins í sambandi við þetta leggja þunga áherslu á mikilvægi skyldusparnaðarins í heild, ekki bara sem tekjustofns, heldur sérstaklega fyrir unga fólkið sjálft. Mér hefur oft dottið það í hug að gjarnan mætti hækka þessa prósentu þegar komið væri yfir visst tekjumark. Það vill nú oft verða svo að þetta er eina féð sem þetta fólk á til við heimilisstofnun þrátt fyrir góðar tekjur.

Ég er því á því, þrátt fyrir það að ég styðji viss undantekningartilfelli og telji þau réttlát, að allar undanþágur séu vandlega athugaðar og fullri varkárni beitt. Ég þekki mörg dæmi um hvort tveggja: Undanþágur sem áttu ekki rétt á sér, en voru veittar eftir ranglega gefnum vottorðum. Það er sem sagt nauðsyn að hafa

gott eftirlit með þeim, sem um þetta sækir, og þá er eðlilegt að leita til heimaaðila sem gerst á til að þekkja. T. d. gætu trúnaðarmenn Húsnæðismálastofnunarinnar hæglega annast þetta eftirlit.

Ég þekki því miður fleiri dæmi, — dæmi sem einmitt er að vikið í þessu stjfrv., þar sem að mínu viti hefur verið neitað um undanþágur þó að þær ættu fyllsta rétt á sér og alveg sérstaklega þá af félagslegum ástæðum. Ég veit vel um vanda stjórnar Húsnæðismálastofnunarinnar um úrskurð ýmissa vafatilfella og álasa henni ekki. Nógu skýrar heimildir hafa tæpast verið fyrir hendi, eins og hæstv. ráðh. benti á. Þeim hefur verið býsna þröngur stakkur skorinn.

Ég vona, að við í félmn. getum komist að samkomulagi um jafnvel enn skýrari ákvæði en í frv. greinir. Ég mun t. d. freista þess að námsþættinum, sem er í frv. hv. þm. Svövu Jakobsdóttur, verði þarna bætt inn í, — reyna að fá fram þá breytingu. Að öðru leyti mun ég heils hugar stuðla að framgangi þessa frv. þó að ég hafi gert þessar athugasemdir. Efni þess er svo mjög til bóta að það ber að meta og sjálfsagt að það nái fram að ganga, einkanlega ef túlkun í grg. eins og hæstv. ráðh. lagði aðaláherslu á áðan, verður ráðandi. Að öðru leyti fæ ég tækifæri til þess að fjalla um málið í n., en ítreka ánægju mína með þá hreyfingu í rétta átt, sem frv. felur í sér.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég vil þakka hv. 7. landsk. þm. fyrir góðar undirtektir og stuðning við málið. Eins og hv. þm. hafa vafalaust veitt athygli hefur annað frv. sama efnis verið flutt hér á þingi, á þskj. 58, var útbýtt í þinginu í gær, stjfrv. var útbýtt á mánudaginn, og eru þau efnislega um það sama. Það er aðeins eitt, sem ég vil vekja máls á í tilefni af ummælum hv. 7. landsk. þm., að hann taldi að þyrfti að breyta stjfrv. þannig að námsmenn gætu örugglega notið þessa réttar.

Stjfrv. var af ásettu ráði haft þannig að nefna ekki í lagagreininni hinar sérstöku ástæður. Hins vegar nefndi ég þær í framsöguræðu minni. Það getur verið örorka, heilsufarsástæður, námsmenn o. fl. Ákvæðið í stjfrv. er haft það rúmt að það nær yfir þetta allt saman. Það er heimilt að veita leyfi til endurgreiðslu ef brýna nauðsyn ber til.

Að sjálfsögðu verður rætt í n. hvort æskilegt þyki að telja upp einstök atriði eins og þessi sem við báðir höfum nefnt. Það er sjálfsagt að athuga það. En þegar málið var undirbúið í rn. þótti réttara að hafa þennan háttinn á, að nefna ekki þessar einstöku ástæður, að alltaf geta komið upp einhver ný atvik sem menn hafa ekki reiknað með. Þess vegna var farin sú leið að hafa heimildina þetta almenna. En ég vil endurtaka það, að ég vænti þess að um þetta mál verði full samstaða.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til félmn. með 16 shlj. atkv.

Neðri deild, 16. fundur.

Miðvikudaginn 12. nóv., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Lúðvík Jósepsson: Hæstv. forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár til þess að ræða hér um landhelgismálið.

Ég hygg að flestir landsmenn hafi búist við því að á miðnætti í nótt, þ. e. í lok 12. nóv. og í byrjun 13. nóv., gengi úr gildi samningur breta og annarra útlendinga um fiskveiðar í fiskveiðilögsögu okkar. Nú sé ég í blöðum í dag að einhver vafi leikur á því hvenær samningar þessir falla úr gildi, þ. e. a. s. hvort þeir falla úr gildi í nótt eða einum sólarhring síðar. Í mínum augum skiptir það ekki öllu máli, hvort heldur er, en rétt er og nauðsynlegt að fá um þetta atriði skýrar yfirlýsingar hæstv. ríkisstj. Í samkomulaginu við breta segir að það taki gildi 13. nóv. og sé til 2 ára. Hitt mun vera rétt, að samkomulagið hafi ekki verið staðfest og undirritað fyrr en síðdegis hinn 13. nóv. 1973. En vegna óvissunnar í þessum efnum óska ég eftir því, að hæstv. ríkisstj., hæstv. dómsmrh. eða hæstv. forsrh., gefi hér um yfirlýsingu þannig að það þurfi ekki að vera neinn vafi á því hvenær þessir samningar eru taldir falla úr gildi og hvenær er óheimilt fyrir öll erlend skip að stunda veiðar í okkar fiskveiðilandhelgi.

En það atriði landhelgismálsins, sem mestu máli skiptir þegar veiðiheimildir útlendinga falla úr gildi, er hvernig þá verður staðið að gæslu hinnar nýju fiskveiðilandhelgi. Ég tel að það sé réttlát krafa allra landsmanna að ríkisstj. gefi um það atriði skýra og ótvíræða yfirlýsingu nú þegar eða áður en sú stund rennur upp, að allar veiðar útlendinga í fiskveiðilandhelginni séu óheimilar.

Það er enginn vafi á því að fyrstu viðbrögð okkar íslendinga við ólöglegum veiðum útlendra skipa geta haft mjög mikil áhrif á framhald málsins. Einörð framkoma okkar og hiklaus framkvæmd á því að koma í veg fyrir ólöglegar veiðar í fiskveiðilandhelginni með öllum tiltækum ráðum okkar mun strax sannfæra jafnt erlenda sjómenn og erlenda stjórnmálamenn um alvöru okkar í þessu máli. Minnsti undanslátt-ur af okkar hálfu er stórhættulegur og ýtir aðeins undir ágengni þeirra sem vilja brjóta niður okkar landhelgislög. Ég tel að allir landsmenn eigi ótvíræðan rétt á því að fá að vita um fyrirætlanir ríkisstj. í þessum efnum. Af þeim ástæðum óska ég eftir því að hæstv. forsrh. lýsi því hér yfir fyrir hönd ríkisstj. að strax og undanþágusamningar útlendinga falla úr gildi verði fiskveiðilandhelgin varin með öllum tiltækum ráðum og gæsluskipum okkar falið að taka þau útlend skip, sem tilraunir gera til að brjóta lögin, og að undantekningarlaust verði klippt á veiðarfæri landhelgisbrjóta þar sem hægt er að koma því við séu ekki möguleikar á beinni töku á þeim landhelgisbrjótum. Yfirlýsingu þessa efnis þarf ríkisstj. að gefa, þannig að þjóðin öll heyri hana og þar með talið gæslulið okkar á varðskipunum,

svo að ekkert fari á milli mála um undanbragðalausa framkvæmd í málinu.

Ég veit að það er ákveðin skoðun þeirra sem best eru kunnugir landhelgisgæslu okkar, að við getum fullkomlega varið landhelgina fyrir erlendum skipum ef aðeins öllu afli okkar er beitt, þ. e. a. s. öllum varðskipum okkar og e. t. v. nokkrum viðbótarskipum sem við eigum og getum auðveldlega bætt við í gæsluna. Að sjálfsögðu er það háð því grundvallarskilyrði að gæslumenn okkar megi beita þeim tækjum, sem þeir ráða yfir, samkv. eigin mati og eigin dómgreind.

Þegar veiðiheimildir útlendinga eru um það bil að renna úr gildi og 200 mílna fiskveiðilandhelgin raunverulega að koma til framkvæmda er enn verið að ræða um nýja undanþágusamninga útlendinga. Við vitum að tvisvar hafa formlegar viðræður átt sér stað við breta um hugsanlegar veiðiheimildir þeirra og einu sinni formlegar viðræður við vestur-þjóðverja og einu sinni við belga. Þó að þessar formlegu viðræður hafi átt sér stað hafa enn ekki verið gefnar út neinar almennar upplýsingar, ekki sem hægt er að telja fullnægjandi, fyrir almenning í landinu um þessar viðræður, um hvað þær hafi snúist, hvað þar hafi komið fram, hver sé ágreiningurinn. Það eina, sem menn hafa við að styðjast hvað raunverulega sé að gerast í þessum efnum, eru skrif í stjórnarblöðunum þar sem mjög er skrifað um þessi mál undir rós. Og enn er allt á huldu um stefnu ríkisstj. í þessum viðræðum. Hitt liggur ljóst fyrir, að í landinu er gífurlega sterk andstaða gegn nýjum undanþágusamningum, og má segja að það hafi í rauninni dunið á ríkisstj. áskoranir og mótmæli — áskoranir um að semja ekki og mótmæli gegn nýjum samningum. Í hópi þeirra, sem gert hafa slíkar samþykktir eru ýmis sterkustu og fjölmennustu félagasamtök í landinu. Ég tel því alveg ljóst að ríkisstj. hefur ekki umboð þjóðarinnar til þess að gera nýja undanþágusamninga. Ef slíkir samningar eru gerðir við þessar aðstæður, þá eru þeir gegn vilja þjóðarinnar augljóslega og eiga þar með engan rétt á sér.

Það er þó ljóst af skrifum stjórnarblaðanna að enn er samningamakk af þessu tagi í fullum gangi. Í aðalstuðningsblaði ríkisstj., Morgunblaðinu, er t. d. sagt í leiðara í dag orðrétt á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta, — eftir að búið er í leiðaranum að ræða nokkuð um möguleika á nýjum undanþágusamningum og m. a. möguleikum á að semja við vestur-þjóðverja, þá segir orðrétt: „Þess vegna virðast nú nokkrar líkur á því að hægt væri að ná hagkvæmu samkomulagi við vestur-þjóðverja.“

Já, það er beinlínis talað um það í leiðara þessa blaðs að það líti út fyrir, að hægt sé að ná hagkvæmu samkomulagi við vestur-þjóðverja um veiðiheimildir þeim til handa. Það er tiltölulega létt að skrifa þannig um málið á meðan haldið er fyrir landsmönnum réttum upplýsingum um, hvað fram hefur komið í þessum samningaviðræðum. En þó að ég sé enn sem komið er — ég vona að það verði ekki lengi eftir þennan dag — bundinn af trúnaði í sambandi við upplýsingar varðandi þessi mál, þá tel ég mig ekki brjóta þar neinn trúnað þó að það komi fram — hliðstætt því sem kemur fram í Morgunblaðinu — að það hefur ekkert komið fram enn þá í viðræðum við vestur-þjóðverja sem bendir til þess að þeir vilji hnika til um þau veiðisvæði sem þeir hafa jafnan krafist áður og samningaviðræður við þá voru byggðar á áður af þeirra hálfu. En þar er einmitt um að ræða einn viðkvæmasta þátt málsins.

Þó að vestur-þjóðverjar lýsi því nú yfir að þeir geti fallist á að draga frystitogara sína með öllu út fyrir mörkin, þá er það ekki meginmál. Það var vissulega stórt mál af okkar hálfu en það, hvar þeir ættu að fá að veiða, m. a. upp að 12 mílum eða á ýmsum viðkvæmustu fiskimiðum við landið, það var enn þá meira stórmál.

Ég tel að öllum feluleik í þessu máli af hálfu ríkisstj. verði að ljúka og ríkisstj. beri nú skylda til að gefa út opinbera skýrslu fyrir alla landsmenn um þær viðræður sem fram hafa farið við útlendinga um hugsanlega nýja undanþágusamninga, þar sem undanbragðalaust sé skýrt frá því hverjar eru kröfur útlendinga í þessum efnum, hvað það er sem íslensk stjórnvöld geta hugsað sér í sambandi við nýja samningagerð, svo að afstaða þjóðarinnar geti komið skýrt fram til málsins.

Það er vissulega alvarlegt, þegar komið er nú að þessum tímamótum í okkar landhelgismáli, að þá skuli vera stanslaus undansláttaráróður í stjórnarblöðunum í þá átt að það sé betra að semja en að vera samningslausir vegna þess að annars taki útlendingar bara meiri afla á okkar miðum. M. ö. o. þarna er á ferðinni hreinn og algjör uppgjafartónn, og hann er auðvitað í fullkominni andstöðu við það sem kemur fram hjá þeim sem gerst ættu um að vita, — þeim sem hafa einmitt staðið í því að verja okkar landhelgi á undanförnum árum, eins og skipherrarnir á gæsluskipum okkar, þegar þeir halda því fram að þeir geti fullkomlega komið í veg fyrir veiðar útlendinga ef beitt sé öllu því afli sem við ráðum yfir, — að vísu háð því einu að ekki komi erlendur herskipafloti. Þá vitum við að við eigum ekki sakarafl við hann. En það er annað mál.

Ég er ekki trúaður á að slíkur herskipafloti verði hingað sendur nema til að láta þá gefast upp sem sýna hræðslumerki á sér.

Ég álít líka að það sé með öllu óverjandi að heyra það af hálfu stjórnvalda að minni háttar vandamál varðandi viðskiptamál eigi að ráða um afstöðu okkar í þessu stóra máli. Hins vegar tel ég að á meðan raunverulega eru sviknir á okkur samningar, viðskiptasamningar við Efnahagsbandalagið, eins og verið hefur nú um alllangan tíma, þá eigum við að svara slíkum svikum með því að leggja sérstakan aukatoll á vörur frá Efnahagsbandalagslöndunum og nota þann toll, sem þannig fæst, m. a. til þess að leysa þann minni háttar vanda sem kemur upp hjá einstökum útflytjendum okkar hér heima.

Í sambandi við þær viðræður, sem fram hafa farið og enn eru boðaðar, því að enn er verið að boða það að breskur ráðh. sé hér á næsta

leiti og það eigi að taka upp framhaldsviðræður við hann um hugsanlegar undanþáguveiðar, hlýtur að koma í hug skýrsla Hagrannsóknastofnunarinnar um stöðu fiskstofnanna við Ísland sem hefur verið rætt allmikið að undanförnu. Nú mun liggja fyrir að það er í öllum meginatriðum samkomulag fiskifræðinga okkar og breta um stöðu fiskstofnanna hér við landið, m. ö. o. að breskir fiskifræðingar hafa fallist á sjónarmið okkar manna, á þá háalvarlegu aðvörun sem Hagrannsóknastofnunin hefur sent frá sér varðandi þessi mál. Þegar þetta er haft í huga og við vitum að við íslendingar höfum á undanförnum árum veitt álíka mikið magn á miðunum hér við land af þeim fisktegundum, sem helst eru í hættu, og fiskifræðingarnir telja að megi raunverulega við núv. aðstæður taka úr þessum fiskstofnum, — þegar það liggur fyrir, að við höfum veitt svona mikið magn eins og má taka úr stofnunum, þá gefur auga leið að það er ekkert svigrúm til samninga við núv. aðstæður — ekki um aukaveiðar handa útlendingum. Auðvitað ætti hæstv. ríkisstj. við þessar aðstæður að hætta með öllu að hugleiða meir að til slíkra samninga geti yfirleitt komið. Ég spyr: Hvað á að gera í málefnum okkar sjálfra ef samið yrði nú um veiðiheimildir handa bretum, vestur-þjóðverjum, færeyingum, norðmönnum, belgum og Austur-Evrópuþjóðum, — þær hafa verið nefndar líka, — þó að maður hugsaði sér að farið yrði í algjört lágmark í þessum samningum? Ég hef reyndar enga trú á, ef menn fara að ljá máls á samningum á annað borð, að það verði samið um neitt slíkt lágmark. Þó að aðeins yrði samið um 100 þús. tonn af þorski fyrir alla þessa aðila, en heildaraflamagnið, sem innlendir og erlendir fiskifræðingar telja að megi taka úr stofninum, er ekki nema 230 þús. tonn, hvað á þá að gera við okkur íslendinga sjálfa? Á að setja kvóta á íslensk veiðiskip, heimila þeim aðeins að veiða rúmlega helming af því, sem þau geta veitt og hafa veitt? Á að stöðva veiðarnar þegar líður á árið, þegar komið er upp að vissu hámarki? Eða á að taka hina alvarlegu skýrslu fiskifræðinganna og kasta henni beint í körfuna, rétt eins og menn hafi aldrei séð hana? Hver er meiningin? Ég tel fyrir mitt leyti að við þessar aðstæður eigi að svara slíkri ósvífni sem kemur fram af hálfu samningamanna breta, þegar þeir láta það frá sér fara að í rauninni skipti þá engu máli hvort íslenskir og breskir fiskifræðingar séu sammála um þetta ástand þorskstofnanna — það skipti þá í rauninni engu máli, þeirra afstaða sé eftir sem áður óbreytt um kröfu á veiðum hér, — það er mín skoðun, að slíkri framkomu eigi að svara á þann hátt að segja alveg umbúðalaust við slíka menn að við teljum þá ekki viðtalshæfa, við getum ekki rætt þessi mál við þá, eins og eðlilegt er að segja við þann aðila, sem hótar manni herskipaárás, að við hann sé ekki hægt að tala. Ég tel, eins og nú er komið, að það sé orðið aðkallandi að hæstv. ríkisstj. taki allan vafa af í þessum efnum og segi þjóðinni og Alþ. alveg hreinlega til um það hvað hún hyggist fyrir í þessum málum.

Ég vil vara hæstv. ríkisstj. við því að stefna þessum málum í öngþveiti. Það er enginn vafi á því að mikill meiri hl. landsmanna lítur svo alvarlegum augum á þetta mál, eins og það liggur fyrir nú, að það er ekki á valdi neinnar ríkisstj. á Íslandi að halda fram slíkri stefnu að ætla að semja við útlendinga undir þessum kringumstæðum. Hún ræður ekki við málið í framkvæmd. Það er rétt að menn hafi í huga hvaða dilk það getur dregið á eftir sér að ætla að gera samning í máli eins og þessu gegn vilja mikils meiri hl. þjóðarinnar og þar með alveg augljóslega í fullri andstöðu við alla sjómenn landsins og þá sem ráða ferðum okkar fiskiskipa. Ég vil vara hæstv. ríkisstj. við því að hætta sér út í einhverja vitleysu í þessum efnum.

Að lokum vil ég óska eftir því að hæstv. forsrh. gefi hér yfirlýsingu um að það verði hið snarasta skýrt opinberlega og það ítarlega frá þeim viðræðum sem átt hafa sér stað um hugsanlegar fiskveiðiheimildir útlendinga í fiskveiðilandhelginni, hvað þar hefur komið fram, um hvað er þar deilt, og létta hulunni af. Í öðru lagi skýri hann hér frá því hver stefna ríkisstj. er um framhald málsins, og helst af öllu að hann skýri frá því í þessum umr. að það verði engir undanþágusamningar við útlendinga gerðir. Auk þess ítreka ég svo fyrirspurn mína um hvernig verði haldið á landhelgismálunum nú þegar undanþáguheimildirnar falla úr gildi, hvort það sé ekki algjörlega ljóst að okkar gæslumönnum verði gefin þau fyrirmæli að þeir taki alla þá landhelgisbrjóta, sem þeir geta tekið, þeiti til þess allri þeirri hörku, sem þeir ráða yfir, og klippi miskunnarlaust aftan úr hinum veiðarfæri ef stjórnendur gæsluskipanna telja sér það fært og telja það rétt. Það ríður á miklu að það liggi ljóst fyrir af hálfu ríkisstj. hvernig á þessum málum verður haldið, að það verði ekki liðið að það verði sýnd linkind og undanþágur verði veittar í framkvæmd nú á fyrstu dögum gæslunnar og að slíkt undanhald verði síðan notað sem röksemd fyrir því að við séum neyddir til samninga og það sé betra að gera vonda samninga heldur en að láta ofbeldið vaða yfir sig. Það á að reyna á það strax, hvort það er ekki rétt að við getum varið okkar landhelgi, eins og okkar landhelgisgæslumenn halda fram. Því þarf þessi yfirlýsing hæstv. ríkisstj. að liggja hér fyrir, að á þennan hátt verði staðið að framkvæmd gæslunnar nú þegar, um leið og undanþágusamningarnir falla úr gildi.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég skal reyna að svara þeim tveimur spurningum sem hv. bm. bar hér fram. Þær eru annars vegar um gildistíma samkomulagsins og hins vegar hvernig haldið muni verða á landhelgisgæslunni þegar samkomulagið fellur niður.

Samkvæmt ákvæðum samkomulagsins við breta í fskj. 1, 7. tölul., átti samkomulagið að gilda „í tvö ár frá undirritun þess“, en samkomulagið var staðfest með orðsendingaskiptum sem fram fóru seint um eftirmiðdaginn hinn 13. nóv. 1973. Þál., sem heimilaði samkomulagið, var samþ. kl. 14.40 um eftirmiðdaginn. Miðað við þetta er eðlilegast að telja gildistíma samkomulagsins útrunninn á miðnætti

við lok þess dags sem samkomulagið hlaut gildi, þ. e. kl. 24 fimmtudaginn 13. nóv. 1975. Er réttmæt og eðlileg ósk frá hv. þm. að tekið sé skýrt fram um þetta atriði, vegna þess að nokkurs misskilnings virðist hafa gætt um það.

Þá var hin spurningin, hvernig staðið mundi verða að gæslunni þegar gildistíma samkomulagsins við breta væri lokið. Um það vil ég segja það að þá er allt svæðið innan 200 sjómílna orðið íslensk lögsaga og þar verður haldið uppi löggæslu á venjulegan hátt, jafnt innan sem utan þeirra svæða sem nú eru samningsbundin. Enn er að sjálfsögðu ekki vitað hver muni verða viðbrögð þeirra, í þessu tilfelli breta, svo að maður tali beint um það, sem notið hafa góðs af þessu samkomulagi. Það er ekki hægt og ekki ástæða til þess að ganga út frá því sem gefnu að þeir fari að fremja brot, heldur vil ég miklu frekar ganga út frá því að þeir virði ákvörðun íslendinga um þetta og muni halda sig utan markanna eftir að gildistími samkomulagsins er á enda runninn. Það er sjálfsagt að bíða og sjá hver viðbrögð þeirra verða. En það er ljóst að viðbrögð landhelgisgæslunnar fara að sjálfsögðu eftir því hvernig viðbrögð og framkoma hinna breksu skipa verður.

Það er rétt sem hv. þm. sagði, að það er ekki enn bundinn endir á þær samkomulagsviðræður sem fram hafa farið. Það verður að ætla, að ef þær þjóðir, sem hér eiga hlut að máli, hafa verulegan áhuga á því að ná bráðabirgðasamkomulagi, þá muni þær skilja að fátt greiðir betur fyrir því, að slíkt samkomulag náist, heldur en að þær haldi sig utan markanna á meðan ekki er séð hver endir verður á þessum samkomulasgumleitunum. Það hefur sýnt sig að þýskir togarar hafa algerlega horfið út fyrir 200 mílurnar nú. Ég efast ekki um, að það er mikið að þakka árvekni landhelgisgæslunnar. En hitt er ég líka jafnsannfærður um, að vilji þeirra til þess að komast að samkomulagi í þessu máli á sinn þátt í því að þeir hafa hagað veiðunum nú undanfarna daga á þennan veg. Það væri að mínu mati ákaflega skynsamlegt af bretum að fara að á sama hátt.

Frekari yfirlýsingar um það hver verða muni viðbrögð landhelgisgæslunnar í einstökum atriðum fer ég ekki að gefa hér. Það er sem áður undir mati hlutaðeigandi skipherra komið fyrst og fremst. Og ég ætla ekki að fara hér út í þau almennu atriði varðandi hugsanlegt samkomulag sem hv. þm. ræddi um. Ég geri ráð fyrir að það verði þá frekar hæstv. forsrh. sem víkur að því. Annars held ég að það sé ekki heppilegt, almennt talað, að fara að ræða slíkt hér í einstökum atriðum, heldur sé, eins og ég vona að hafi verið gert, gerð grein fyrir því í landhelgisnefnd eða eftir atvikum utanrmn.

Það er auðvitað skylt að meta og þakka umhyggju hv. þm. fyrir núv. ríkisstj., en mér virtist svo sem hann hefði af því þungar áhyggjur, ef hún misstigi sig nú eitthvað í þessu máli, og teldi sig vita að það væri mikill meiri hl. þjóðarinnar á móti samkomulagi. Ég fyrir mitt leyti held að það sé alltaf vissara að sjá um hvað samkomulag er gert og um hvers konar samkomulag er að ræða, áður en verið er með fullyrðingar af þessu tagi. Ég fyrir mitt leyti mun a. m. k. þegar þar að kemur, ef á það reynir, fara eftir sannfæringu minni um það hvort ég tel rétt að gera samkomulag eða ekki, en ekki láta neina kjósendahópa hafa þar áhrif á. Ég hef mitt umboð til loka þessa kjörtímabils og þá ætla ég að standa reikningsskap, en mér er skylt eins og hverjum öðrum þm. þangað til að fara eftir sannfæringunni og sannfæringunni einni, en ekki láta stjórnast af neinni atkvæðavon, hversu girnileg sem hún er.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Virðulegi forseti. Hæstv. dómsmrh. hefur svarað þeim beinu spurningum sem hv. 2. þm. Austurl. beindi hér til hans og ríkisstj., svo að ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þær spurningar, enda vil ég undirstrika þau svör sem hæstv. dómsmrh. gaf, að þessu leyti. Hv. 2. þm. Austurl. beindi reyndar í þriðja lagi þeirri spurningu almennt til mín og áskorun þar með hvenær upplýst yrði um viðræðurnar sem fram hafa farið um landhelgismálið við breta og vestur-þjóðverja og áskorun um að það yrði gert hið fyrsta.

Skýrsla um þessar viðræður hefur verið lögð fram í landhelgisnefnd, og fundur er boðaður í landhelgisnefnd á morgun til þess að ræða þær skýrslur frekar. Opinbert hefur verið gert að skv. samkomulagi samningamanna í viðræðunum við breta hefði verið ákveðinn fundur íslenskra og breskra fiskifræðinga. Sá fundur var síðla seinustu viku, og opinbert hefur gert í höfuðatriðum um niðurstöður þess fundar, en skýrsla um þau fundarhöld verður lögð fram á fundi landhelgisnefndar kl. 9 í fyrramálið.

Auðvitað hefði verið æskilegt að þessar viðræður, sem fram hafa farið, hefðu leitt til niðurstöðu og þá að mínu viti helst til samkomulags sem fullnægjandi væri fyrir okkur íslendinga og raunar báða aðila, áður en núgildandi samningar féllu úr gildi á miðnætti annað kvöld. En ein ástæðan og meginástæðan til þess að þessar viðræður hafa dregist á langinn er að íslenska ríkisstj. taldi nauðsynlegt að Hafrannsóknastofnunin gerði nákvæmari skýrslu um nýtingu fiskstofnanna við landið en fyrir lá skv. fyrri skýrslum Hafrannsóknastofnunarinnar fyrr á þessu ári. Sú skýrsla var ekki tilbúin nægilega snemma og við gátum ekki neitað því að fiskifræðingar annarra þjóða og viðræðuaðilar okkar hefðu tækifæri og tök á því að kynna sér innihald skýrslunnar. Ég tel að það sé eðlileg ósk af þeirra hálfu og eðlilegt af okkar hálfu að hafa orðið við því. Þessi skýrsla á að vera nýtt af okkar hálfu sem vopn í okkar viðræðum, sem rök fyrir okkar málstað, og þannig hefur verið á málunum haldið.

Ég vil ekki á þessu stigi gefa neina yfirlýsingu um það hvenær skýrslur þær, sem fyrir liggja um viðræður við aðrar þjóðir, verða gerðar opinberar. Ég tel að það verði að fara í fyrsta lagi eftir mati á því hvað er í samræmi við hagsmuni okkar íslendinga, og enn fremur þurfum við að taka tillit til þess, að þegar við erum í viðræðum við aðrar þjóðir, þá er það venja í samskiptum þjóða á milli að þjóðirnar geri samkomulag sín á milli um hvað opinbert

er gert á hverju stigi málsins um slíkar viðræður.

Ég held að það fari ekki á milli mála og hefur reyndar verið upplýst áður þegar þetta mál hefur verið á dagskrá að Alþ. fjallar auðvitað um samninga um fiskveiðiréttindi. Ef þessar viðræður leiða til samkomulags er vitaskuld vettvangur hér á Alþ. til að ræða innihald þeirra samninga, og þá er auðvitað þm. að gera upp við sig hvort slíkt samkomulag er í samræmi við þjóðarhagsmuni, hagsmuni íslendinga, eða ekki. Þá reynir á það að alþm. fari eftir sannfæringu sinni og greiði eingöngu atkv. í samræmi við hana.

Ég er sammála hv. 2. þm. Austurl. um að það hafi verið gefnar ósmekklegar yfirlýsingar af hálfu sumra viðræðuaðila okkar í sambandi við landhelgismálið, og sumar þeirra fela í sér ögranir ef ekki hótanir. Þetta ber að harma og sýnir því miður litinn samkomulagsvilja. En við íslendingar stöndum sterkar að vígi ef við látum reyna á samkomulagsvilja viðræðuaðila okkar, og þá felst í þeim orðum mínum að um samkomulag verði að ræða sem sé í samræmi við hagsmuni okkar í bráð og lengd. Og eins og hv. 2. þm. Austurl. þótti lítt sæmandi að vera með hótanir eða ögranir af hálfu annarra þjóða, þá verð ég líka að segja að það sé ósæmilegt af hv. 2. þm. Austurl. að vera með hótanir og ögranir gagnvart ekki eingöngu ríkisstj., heldur og öllum þm. Ég dreg ekki í efa að þm. munu haga atkv. sínu í þessu máli sem öðrum skv. sannfæringu sinni, skv. því sem þeir telja hagsmunum þjóðarinnar best borgið.

Jónas Árnason: Virðulegi forseti. Mér þótti heldur en ekki vera skammdegisdumbungur í svörum hæstv. ráðh. áðan. Það grillti ekki í ákveðin svör við neinu af því mikilvægasta sem hv. þm. Lúðvík Jósepsson hafði beint til þeirra. En ég vil leyfa mér að segja fáein orð í sambandi við þetta stórmál sem hér er nú komið til umr.

Landhelgisbarátta okkar íslendinga er barátta fyrir brýnustu hagsmunum okkar, lífshagsmunum okkar. Undirstaða efnahagslegs sjálfstæðis okkar er í veði, hvorki meira né minna. Um þetta virðist ekki vera neinn ágreiningur hjá þjóðinni, og þess vegna ætti ekki heldur að vera neinn ágreiningur um það, að í þessari baráttu hljótum við að sýna alla þá hörku sem við frekast megnum, en látum ekki undan neinum hótunum andstæðinga okkar. Skyldi vera hætta á slíku? Já, því miður. Það virðist óneitanlega vera hætta á slíku. Um það vitnar t.a.m. sú ritstjórnargrein sem hv. þm. Lúðvík Jósepsson vitnaði í hér áðan, ritstjórnargrein sem birtist í einu málgagni hæstv. forsrh. í morgun. Þar kveður við gamalkunnan tón. Þar er reynt að læða því inn hjá þjóðinni að staða okkar sé of veik til þess að við getum náð rétti okkar og greininni lýkur á þessum orðum, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef við eigum kost á að ná meiri friðun með samningum við aðrar þjóðir en án samninga eigum við hiklaust að gera slíka samninga."

Mér virðist að málgagn hæstv. forsrh. sé þarna að gera andstæðingum okkar tilboð eða víkja til þeirra — skulum við segja — ráðleggingu sem t.d. bretar gætu skilið á þessa leið: „Ef við bretar hótum því að stórauka, e.t.v. tvöfalda sókn okkar á íslandsmið, að sjálfsögðu undir herskipavernd, — stórauka hana frá því sem verið hefur skv. núgildandi samkomulagi, — ef við bretar hótum þessu, svo fremi íslendingar fást ekki til þess að endurnýja samninginn við okkur, þá mun málgagni íslenska forsrh. ekki verða skotaskuld úr því að sjálfsögðu að sýna fram á að það muni verða heldur en ekki vinningur fyrir íslensku þjóðina að sætta sig við óbreytt ástand, áframhaldandi sömu ásókn af hálfu okkar breta og verið hefur að undanförnu."

Það, sem ég á við, er þetta: að með ritstjórnargrein eins og þeirri, sem birtist í Morgunblaðinu í morgun, er þetta málgagn hæstv. forsrh. ekkert að gera annað en að veikja siðferðisþrek okkar íslendinga og magna upp ósvífnina í andstæðingum okkar.

En hver ætli sé þá staðan í dag? Að mínum dómi er staðan í dag svipuð og hún var fyrir tveimur árum, þ.e.a.s. haustið 1973. Þá voru bretar bersýnilega að gefast upp. Ég var þá á ferð í Englandi og í sept. heimsótti ég ásamt hv. þm. Benedikt Gröndal togarabæinn Grimsby. Við héldum þarna blaðamannafund og kynntumst ástandinu náið. Við fengum að finna rækilega að það var mikill kvíði, það var mikill vetrarkvíði í togaramönnum í Grimsby. Það fór ekkert á milli mála að við óbreyttar aðstæður á íslandsmiðum mundu þeir neita að sækja þangað yfir vetrarmánuðina a.m.k., m.ö.o.: það voru allar horfur á því að við íslendingar mundum með öllu losna við breska togara af miðum okkar á þeim vetrarmánuðum a.m.k. sem voru að ganga í garð. Breskir togarasjómenn höfðu þá fengið að kynnast því nokkuð hvers landhelgisgæsla okkar er megnug, og þeir treystu sér alls ekki til áframhaldandi átaka við hana að viðbættum þeim veðraham sem þeir vissu af reynslu að veturinn hér á Íslandsmiðum mundi láta á þeim ganga. Eftir þetta hefðum við íslendingar að sjálfsögðu átt alls kostar við breta. En áður en til endanlegrar uppgjafar kæmi af hálfu breta gerðist það, eins og kunnugt er, að íslenski forsrh. fór að hitta kollega sinn í London og átti við hann viðræður sem síðan leiddu til samkomulags sem svo hefur leitt til þess ískyggilega ástands fiskstofnanna sem öllum er nú kunnugt um, sérstaklega þorskstofnsins.

Þetta tækifæri til stórsigurs okkar íslendinga í landhelgismálinu var sem sé ekki notað. Verður tækifærið notað núna? Framkvæmdastjóri samtaka togarayfirmanna í Hull, Tom Nilssen, lét svo ummælt nú fyrir nokkrum dögum að breskir sjómenn, hann talar fyrir hönd þeirra, en ekki fyrir hönd togaraeigenda, hann sagði að breskir sjómenn vildu halda sig utan við 200 mílurnar fyrst eftir að veiðiheimildir breta ganga úr gildi, væntanlega til að sýna samkomulagsvilja sinn, enda — og taki menn nú vel eftir: enda væru breskir sjómenn búnir að fá sig fullsadda af átökunum á miðunum við Íslandsstrendur undanfarin ár. Þarna kemur sem sé fram sami vetrarkvíði og við urðum varir við

svo rækilega fyrir tveimur árum í Grimsby, ég og hv. þm. Benedikt Gröndal.

Hver verða svo viðbrögð okkar íslendinga? Ég tek undir það, sem hv. þm. Lúðvík Jósepsson sagði áðan, að í landhelgisátökunum við breta og vestur-þjóðverja hefur íslenska landhelgisgæslan sjaldan eða aldrei fengið að sýna til fulls hvers hún er megnug. Ættu yfirvöld hennar hafa alltaf haldið aftur af henni, meira eða minna. Ef af henni væri nú létt þeim hömlum, þá leikur ekki neinn vafi á því að hún gæti á þeim vetrarmánuðum, sem nú ganga í garð, truflað stórlega ránskap andstæðinga okkar á Íslandsmiðum og jafnvel bægt með öllu frá fiskstofnunum þeirri hættu sem að þeim stafar nú af þessum ránskap, a. m. k. frá þorskstofninum, þeim stofni sem harðast hefur orðið úti af þessum sökum. Það vantar sem sé ekkert nema meiri röggsemi af hálfu íslenskra stjórnvalda, en því miður virðist ærin ástæða til að efast um að slíkrar röggsemi sé að vænta, sbr. t. d. ritstjórnargreinina í Morgunblaðinu í morgun.

Guðmundur Kjærnested skipherra, sá mæti maður, fjallaði um landhelgismálið í ræðu sem hann flutti sem fráfarandi forseti Farmanna- og fiskimannasambandsins á nýafstöðnu þingi þess og hafa ummæli hans vakið alþjóðarathygli, enda talaði hann þarna fyrir munn alls þorra íslendinga. Hins vegar hefur Guðmundur Kjærnested fengið fyrir þetta næsta kaldar kveðjur í málgagni hæstv. forsrh. Ég leyfi mér enn að vitna í ritstjórnargrein frá í morgun með leyfi hæstv. forseta:

„Það sjónarmið hefur komið fram að íslendingar eigi að slíta stjórnmálasambandi við breta og loka Íslandi fyrir allri umferð frá bandamönnum okkar í Atlantshafsbandalaginu, ef bretar senda herskip á Íslandsmið. Hagsmunum hverra mundu slíkar aðgerðir þjóna," spyr Morgunblaðið. „Engin rök er hægt að færa fram fyrir því að slíkar aðgerðir mundu þjóna hagsmunum okkar íslendinga. Þvert á móti sýnist augljóst að slíkar aðgerðir mundu ganga gegn bæði viðskiptalegum hagsmunum okkar og öryggishagsmunum. Það skiptir miklu máli fyrir okkur að tryggja frið á fiskimiðunum."

Ég spyr: Er hægt að hugsa sér öllu kurteislegri, öllu elskulegri eða ástúðlegri viðbrögð við þeim ofbeldishótunum sem við íslendingar höfum fengið að heyra af hálfu andstæðinga okkar í landhelgismálinu? Er hægt að hugsa sér öllu átakanlegri vísbendingu um réttmæti þess, sem eitt sinn var sagt, að það virðist vera í eðli sumra íslendinga að standa jafnan þeim mun meira í keng gagnvart útlendu valdi sem meiri ástæða virðist fyrir þá að ganga uppréttir.

Lúðvík Jósepsson: Hæstv. forseti. Ég sé ekki ástæðu til að kvarta undan þessum umr., því að mér finnst þær ekki hafa dregist úr hófi og hér er ekki um neitt smámál að ræða, svo að það er fullkomlega eðlilegt að hér fari fram nokkrar umr. um þetta mál. Ég vil vænta þess, að hæstv. forseti sjái ekkert við það að athuga. Hitt tel ég nokkurn veginn gefið, að það þurfi ekki að óttast að umr. leggi undir sig allan fundartímann.

Hæstv. dómsmrh. svaraði tveimur af þeim fsp. sem ég lagði áherslu á í framsögu minni. Hinni fyrri, varðandi skilninginn á því hvenær undanþáguheimildir breta og annarra útlendinga féllu úr gildi, svaraði hann skýrt og greinilega, og ég hef hef ekkert við það að athuga og þakka honum fyrir það svar, það var skýrt. Mér er alveg ljóst, eins og ég kom strax að í upphafi míns máls, að það gat vel komið til mála að það væri rétt að túlka þetta á þennan veg. Þó hygg ég að flestir hafi allt fram að þessum degi skilið þetta á annan veg, enda þegar svo er orðað að ákveðið samkomulag taki gildi tiltekinn dag, þá meina menn venjulega að sá dagur sé einnig þar með. Hafi sá dagur áður verið með í framkvæmd, þá á hann ekki að koma aftur nú. En það skiptir engu höfuðmáli og ég tel þetta vera skýrt. Þá verður staðið þannig að framkvæmdinni að þessar veiðiheimildir falli að fullu og öllu úr gildi eftir rúman sólarhring hér frá.

En ég var ekki jafnánægður með svör hæstv. dómsmrh. varðandi þá aðalspurningu mína sem snerti það hvernig staðið yrði að framkvæmd gæslunnar eftir að undanþágusamningarnir falla úr gildi. Ég tel satt að segja yfirlýsingu um að það verði staðið að gæslunni með venjulegum hætti, eins og hæstv. ráðh. orðaði það, ákaflega lítils virði.

Ég hlýt að spyrja í sambandi við þetta orðalag, þegar sagt er að það eigi að standa með venjulegum hætti að framkvæmdinni, hvort það þýði að landhelgisgæsluskipstjórum beri að taka þau brotleg skip sem á vegi þeirra verða ef þeir geta tekið þau. Mega þeir beita öllum sínum tækjum til þess að stöðva lögbrjótana og taka þá, eða þurfa þeir að bíða eftir fyrirmælum úr landi? Og getur þá komið fyrir, eins og ábyggilega hefur komið fyrir, að fyrirmæli um að þau megi halda strikinu áfram úti á sjónum komi ekki? Ég endurtek spurningu mína, ég spyr hæstv. dómsmrh.: Þessi venjulega framkvæmd, sem hann orðar, þýðir hún það að skipstjóri á gæsluskipi hafi fullt vald til þess samkv. eigin mati að stöðva landhelgisbrjót með þeim tækjum, sem hann hefur yfir að ráða, og taka hann fastan, án þess að hann þurfi sérstaklega að sækja um leyfi í land til þess að standa þannig að málum? Þetta er ákveðin spurning.

Ég spyr einnig: Þýðir þetta, að það eigi að standa að gæslunni á venjulegan hátt, að það sé á valdi skipherrans á gæsluskipinu að taka ákvörðun um að klippa veiðarfæri aftan úr landhelgisbrjót, eða þarf hann einnig að sveima lengi á hafinu, biðandi eftir samþykki úr landi, hvort hann megi grípa til þessara ráða eða ekki?

Vegna alls þess, sem á undan er gengið og fram hefur komið opinberlega um þessi mál, einnig frá gæslunnar mönnum, er alveg nauðsynlegt að hæstv. ríkisstj. tali hreint út í þessu máli. Verði það ekki gert nú, áður en að hin nýja skipan kemst á, þá verður það ekki tekið alvarlegalega af neinum íslendingi þó að því verði haldið fram á eftir að við höfum ekki reynst færir um að koma í veg fyrir að hin erlendu skip stunduðu veiðar hér í landhelginni. Við höfum aðeins verið að elta þá og reka og stugga við þeim, eins og orðað hefur verið. Þá hefur ekki

fengið að reyna á það hvort að við værum þess megnugir að stöðva landhelgisbrjót. Ég legg áherslu á að þetta vald verði í höndum skipherranna á gæsluskipunum, það verði þeirra eigin dómgreind sem ræður til hvaða ráða þeir grípa hverju sinni, en það sé ekki margfaldar gæslustöðvar hér í landi sem geti raunverulega dregið þá dag eftir dag eða tíma eftir tíma á því hvað skuli gera.

Ég vil vænta þess að hæstv. dómsmrh. svari þessu hér, hvort orðalag hans um venjulegan hátt á gæslustörfum þýðir það í framkvæmd og þá vil ég einnig vona að fréttamiðlarnir, m. a. útvarp og sjónvarp, segi hreinlega frá því, þannig að mennirnir á gæsluskipunum fái líka að heyra það, að því hafi verið lýst yfir á Alþ. að það sé á þeirra valdi skipherranna að meta það hvenær eigi að klippa og hvenær eigi að stöðva skip og hvenær eigi að taka það. Fáist ekki skýr svör um þetta, þá vitanlega er ekki hægt að segja neitt um að það hafi fengið að reyna á getu okkar í þessum efnum.

Hæstv. dómsmrh. sagði að hann vildi vænta þess að bretar héldu sig utan 200 mílna markanna eftir að undanþágusamningur þeirra fellur úr gildi, og sagði að hann teldi að fátt mundi greiða betur fyrir samningum en slík ráðstöfun af þeirra hálfu. Eg styðst í þessum efnum aðeins við það sem fram hefur komið í blöðum og útvarpi í yfirlýsingum af hálfu breskra aðila, jafnt breskra ráðh. sem forustumanna í samtökum togaraeigenda, þar sem þeir hafa lýst því yfir og það ekki aðeins einu sinni, heldur oftar, að þeir muni halda áfram veiðum þrátt fyrir brottfall þessa samnings eins og ekkert hafi í skorist og veiða eftir gömlu reglunum, alveg óbreytt frá því sem áður var.

Þetta er tilkynning frá þeim. Þetta er það sem liggur fyrir okkur, og við þetta verðum við vitanlega að miða ákvarðanir okkar um það hvernig við ætlum að standa að málunum. Ef þeir verða svo hyggnir að draga sín skip út fyrir og sjást ekki fyrir innan, þá þarf ekki að gera sér rellu út af því að okkar menn klippi og klippi og klippi of mikið, né heldur að gera sér rellu út af því, að þeir verði þá of frekir að taka þá, ef þeir koma ekki inn fyrir. Spurningin er auðvitað um það, hvernig við ætlum að standa að málum ef þeir gera það sem þeir segjast munu gera.

Ég tók eftir því að hæstv. dómsmrh. minntist hér á að hann gæti ekki farið að skýra hér frá viðbrögðum gæslunnar í einstökum atriðum, það yrði fyrst og fremst undir mati skipstjóranna sjálfra. Hér er ekki um það að ræða, hvorki um nein afbrigðileg tilfelli né nein einstök tilfelli, heldur um meginstefnu. Á það að vera meginreglan að skipherrarnir hagi sér í þessum efnum gagnvart erlendu skipunum eins og gagnvart þeim íslensku, þeir stöðvi landhelgisbrjót þegar þeir geta, taki hann og dragi hann til hafnar þegar þeir geta og klippi veiðarfærin aftan úr landhelgisbrjótum þar sem ekki er hægt að koma við annarri refsingu og þetta verði allt saman gert samkvæmt ákvörðun skipstjóranna sjálfra, það sé sem sagt meginstefnan?

Hæstv. dómsmrh. talaði um að hann vildi sjá fyrst það samkomulag sem hægt væri að gera áður en hann svaraði því til hvort hann yrði þar á móti eða ekki. Mér sýnist að þessi ummæli hans séu greinileg um það að hann vill gera samninga um meira eða minna af kröfum útlendinganna. Ég er hins vegar á því að það eigi að marka þá stefnu að það eigi að hafna kröfum þeirra alveg, eins og ástatt er. Hann dregur líka eins og hæstv. forsrh. greinilega í efa vilja þjóðarinnar, og mér fannst helst á máli þeirra beggja að þeir tækju ekki mjög alvarlega allar þær samþykktir eða áskoranir sem fjöldasamtök, og samtök fólksins í landinu, hafa verið að senda frá sér. Og hæstv. dómsmrh. lyfti sér hér í stólnum og sagði að hann hefði umboð út kjörtímabilið og gerði nánast, fannst mér, það sem honum sýndist.

Ég tel þetta heldur kuldalega mælt. Því hefur verið haldið fram, og ég man ekki betur en hann hafi gert það sjálfur, hæstv. dómsmrh., að það væri ekki viturlegt að ætla að framkvæma það í stórmálum, sem mikill meiri hluti þjóðarinnar væri á móti. Það er auðvitað hægt að halda uppi ágreiningi um hvað meirihluti þjóðarinnar vilji. En það er hægt líka að fá úr því skorið hver er meirihlutavilji þjóðarinnar. Vill hæstv. ríkisstj. fallast á það til samkomulags að engir undanþágusamningar um veiðar í fiskveiðilandhelginni taki gildi, jafnvel þó að hægt sé að knýja fram meirihlutasamþykkt hér á Alþ., nema slíkt samkomulag hafi fengið staðfestingu í þjóðaratkvgr.? Þá er hægt að fá úr því skorið hver er vilji þjóðarinnar. Það er hægt að binda samkomulagið þeim skilyrðum. Þá þarf ekki lengur að þræta um það hvorum megin meirihlutavilji þjóðarinnar liggur. En ég held að ríkisstj. eigi eftir að reka sig á að það leikur enginn vafi á því hver er vilji meiri hluta þjóðarinnar í þessu máli.

Það er auðvitað alveg rangt hjá hæstv. forsrh. að skilja orð mín þannig, að ég sé að hóta ríkisstj. og að ég sé að hóta Alþ. Auðvitað liggur ljóst fyrir að ég ræð ekki yfir fiskiskipaflota landsmanna. Ég sagðist aðeins aðvara ríkisstj., af því að ég veit vel um þann þunga sem er á bak við þær samþykktir sem gerðar hafa verið. Ég aðvara hana að fara ekki fram með samninga þvert gegn vilja þjóðarinnar. Ég er þeirrar skoðunar að það sé í rauninni engin ríkisstj. fær um að standa að samningum, eins og nú standa sakir, um undanþágur fyrir útlendinga til veiða í fiskveiðilandhelginni gegn vilja mikils meiri hluta þjóðarinnar. Slíkum samningum yrði hrundið í reiði.

Hæstv. forsrh. vildi hér litlu svara af því, sem ég óskaði eftir svörum um. Hann vildi ekki gefa nein fyrirheit um það hvenær skýrt yrði opinberlega frá þeim viðræðum sem átt hafa sér stað um hugsanlegar veiðiheimildir útlendinga, og hann vildi ekki gefa fremur en áður neina yfirlýsingu um að það yrði ekki samið um undanþágur, eins og nú væri komið. Það er auðvitað ekkert við því að segja. Ríkisstj. getur ráðið því að ætla að halda þessum málum leyndum fyrir þjóðinni, ef hún kemst þá upp með það

í reynd. En ég tel að landhelgismálið sé þess eðlis að það sé með öllu ósæmilegt að segja þjóðinni ekki í aðalatriðum frá því hvernig málið stendur, um hvað er deilt, hverjar eru meginkröfurnar. Og það er sérstaklega óviðurkvæmilegt að það sé verið að segja í stjórnarblöðunum utan og ofan af því, hvað fram hefur komið, og leggja út af því á þann hátt sem gert hefur verið. Það er vægast sagt óviðurkvæmilegt. En eins og ég sagði fyrr í minni ræðu hefur m. a. aðalstuðningsblað ríkisstj., Morgunblaðið, skýrt frá því að allar líkur bendi til þess að hægt sé að ná hagkvæmum samningi við vestur-þjóðverja. Hvers vegna þá ekki að skýra mönnum frá því hver eru aðalatriði þessa hagkvæma samkomulags?

Ég skal svo ljúka þessu, hæstv. forseti, til þess að lengja þetta ekki frekar. Ég vona samt að þó að hæstv. ráðh. hafi reynst furðulega neikvæðir til þeirra atriða sem fyrst og fremst skipta máli og þumbist enn við og vilji ekki skýra þjóðinni frá því hvað er að gerast í þessu þýðingarmikla máli, þá smáþokist þeir í áttina til annarra landsmanna og létti hulunni fljótlega af og sannfærist um að þeim verður ekki stætt á því að taka frá íslendingum sjálfum þann fisk, sem þeir verða óhjákvæmilega að geta fengið sjálfir og fara að færa hann til breta eða annarra, af því að það er þarflaust eins og komið er.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég tel óþarft af hv. 2. þm. Austurl. að látast ekki skilja þau orð sem ég viðhafði um landhelgisgæsluna. Ég skal þá svara honum beinna, alveg í samræmi við þá spurningu sem hann bar fram, og segja að það verður í einu og öllu fylgt sömu starfsaðferðum innan landhelgisgæslunnar hvort sem í hlut eiga útlend skip eða innlend.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Þetta er í annað skiptið nú á tæplega mánaðar tímabili sem umr. eru teknar upp utan dagskrár á Alþ. um landhelgismálið — og vegna hvers skyldi það vera? Jú, það er vegna þess og þess eins að hæstv. ríkisstj. hefur ekki fengist til þess enn í dag á neinu stigi máls að gera grein fyrir því hvað hefur gerst í því samningamakki sem átt hefur sér stað af hennar hálfu, annars vegar við breta og hins vegar við vestur-þjóðverja. Og hvað skyldi það geta gengið lengi að ríkisstj. leyni þing og þjóð því hvað er að gerast í þessu lífshagsmunamáli íslensku þjóðarinnar?

Mér hraus nánast hugur við því að heyra tal hæstv. forsrh. áðan og þá að ég hygg allrar ríkisstj., — hraus hugur við því að heyra í hversu miklum samningahug hæsvt. ríkisstj. virðist vera í landhelgismálinu, þrátt fyrir allt það sem nú hefur gerst í þessu máli.

Við umr. utan dagskrár fyrr var gengið á hæstv. ráðh. hvern á fætur öðrum um að gefa við því skýr svör hver væri stefna hæstv. ríkisstj. varðandi hugsanlegar veiðiheimildir útlendingum til handa. Við þessu fengust engin svör þá og enn fást engin svör. Nú höfðar hæstv. forsrh. til sannfæringar stjórnarliða hér á Alþ. við þeim hugsanlegu samningum sem hæstv. ríkisstj. ætlar sér greinilega að gera. Nú er höfðað til tilfinninga manna á sama hátt og áður hefur verið gert í þessu máli.

Ég kvaddi mér hljóðs í raun og veru fyrst og fremst til þess að spyrja hæstv. dómsmrh. frekar um það með hvaða hætti ætti að framfylgja *löggæslu innan hinnar nýju fiskveiðilögsögu* eftir annað kvöld. Hv. 2. þm. Austurl. vék að þessu áðan og ítrekaði spurningu sína til hæstv. dómsmrh. um nánari skilgreiningu á því með hvaða hætti löggæsla yrði framkvæmd. Og hæstv. dómsmrh. var að enda við að segja hér aftur að sömu reglum yrði fylgt og áður. En hverjar eru þær reglur? Ég vil leyfa mér að taka upp spurningu hv. 2. þm. Austurl. til hæstv. dómsmrh. um það hvrot skipherrar á landhelgisgæsluskipunum fái til þess heimild að framfylgja gæslunni á þann hátt og þann eina hátt sem þeir telja réttast. Það eru engin svör hjá hæstv. dómsmrh. að segja hér á Alþ. að löggæslu verði framfylgt á sama hátt og áður. Það er opinbert leyndarmál að í mörgum tilvikum hefur einmitt verið slakað á löggæslu undir tilvikum sem þessum sem nú standa yfir, samningaumleitanir eru í gangi við þær þjóðir, og ég er ekki í neinum vafa um að það verður fylgt sama fordæmi og áður í þessu tilviki, að það verður slakað á klónni meðan á þessu stendur. Það er þetta, sem ég ásamt mörgum öðrum vil fá greinargóð svör við: Á að fylgja fram til hins ýtrasta, eins og hægt er, löggæslu innan 200 mílna markanna eftir annað kvöld? Þessu beini ég til hæstv. dómsmrh. og ég vænti þess að hann komi hér ekki upp í þriðja skiptið án þess að svara hreint því sem spurt er um.

Þau orð hæstv. dómsmrh. sem hann lét hér falla áðan um að hann og þá væntanlega við hinir 59 líka, sem eftir erum, hefðum umboð kjósenda til loka kjörtímabils til þess að gera svo að segja hvað sem menn vildu, — þessi ummæli minna mig á þau ummæli hæstv. dómsmrh. sem sagt er að hann hafi viðhaft á hinum fræga Esjufundi þegar verið var að ræða um kaup á landhelgisgæsluflugvél og menn höfðu leyft sér að gera aths. við slíkt. Þá hafði hæstv. dómsmrh. átt að segja: „Þá er mér að mæta.“ Þetta er að mínu áliti of mikil kokhreysti þó að hæstv. ráðh. eigi í hlut.

Það er enginn vafi á því í mínum huga að mikill meiri hl. íslendinga er andvígur hvers konar samningum um veiðiheimildir útlendingum til handa, eins og málum er nú komið varðandi fiskstofnana við landið. Og ég segi: Þó að núv. hæstv. ríkisstj. telji sig standa föstum fótum og styrkum með mikinn þingmeirihl. að baki, þá verður henni ekki stætt á því að framfylgja hugsanlegum samningum sem hún nú undirbýr við aðrar þjóðir.

Hæstv. forsrh. vék að því áðan að skýrsla af þeim viðræðufundum, sem átt hafa sér stað, væri nú hjá landhelgisnefndarmönnum, og það er rétt. Þessa skýrslu eru þeir búnir að hafa á aðra viku. Og með sama áframhaldi fá þeir að hans boðun skýrslu í fyrramálið og munu þá að líkum eiga að hafa hana í a. m. k. aðra viku til viðbótar, þannig að þetta er greinilega leik-

ur af hálfu hæstv. ríkisstj. til þess að draga á langinn að birta eitt eða neitt þjóðinni af því sem fram hefur komið á þessum viðræðufundum. Þarna er um að ræða algera leynd, nema að því leyti sem ýjað er að í skrifum stjórnarblaðanna, eins og hér hefur verið að vikið. Þetta er að mínu viti óþolandi ástand. Það er ekki hægt með neinum rökum að halda slíku máli í algerri leynd svo að mánuðum skiptir, án þess að þing og þjóð fái um það vitneskju hvað er að gerast.

Það var vikið áðan af hv. þm. Jónasi Árnasyni að ummælum sem skipherra í landhelgisgæslunni, Guðmundur Kjærnested, hafði viðhaft, sem sé þeim, að það væri enginn vafi á því að það væri hægt að verja íslensku landhelgina meðan við yrðum ekki beittir vopnavaldi. Ég er ekki í neinum vafa um að þessi skoðun skipherrans gengur eins og rauður þráður í gegnum skipherra landhelgisgæslunnar og landhelgisgæslustarfsmanna almennt, að þetta mun vera þeirra skoðun. Spurningin er því sú: Verður löggæsla stöðvuð eða úr henni dregið á einhvern hátt vegna fyrirskipana frá hæstv. ríkisstj.? Það er ástæða til þess með hliðsjón af fyrri reynslu að ætla að slíkt verði gert.

Hæstv. forsrh. sagði áðan, þegar hann talaði um hugsanlegt samkomulag, að aðeins yrði um samkomulag að ræða sem yrði okkur í hag. Það er ekkert samkomulag hægt að gera við þessa aðila sem verður okkur í hag, eins og ástandið nú er. Hvert einasta tonn, sem samið verður um útlendingum til handa til veiða innan íslenskrar fiskveiðilögsögu, er tekið beinlínis frá íslendingum sjálfum. Það er upplýst að meira að segja sérfræðingar breta hafa viðurkennt þá hina svörtu skýrslu, sem nú er kölluð, sem birtist frá Hafrannsóknastofnuninni. Það er viðurkennt í meginatriðum af hálfu breta að hún sé rétt. Sú skýrsla er um það fyrst og fremst að á árinu 1976 megi alls ekki taka meira en 230 þús. tonn af þorski ef ekki eigi að hrynja stofninn. Í heild er talið að megi taka 370—380 þús. tonn við landið. Allan þennan afla geta íslendingar einir hagnýtt sér. Það er því tekið frá þessum aðilum beint hvert einasta tonn sem um verður samið við útlendinga í þessu skyni. Verði það svo sem ég óttast, en vona í lengstu lög að sé ástæðulaus ótti, að hæstv. ríkisstj. haldi fast við að stefna eindregið að samningum, þá er hún með því að innleiða kreppuástand á Íslandi á næstu árum. Og það verða þá sannarlega móðuharðindi af mannavöldum.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Þar sem hafnar eru utan dagskrár umr. um landhelgismálið tel ég rétt að ítreka þá afstöðu Alþfl. að hann er fyrir fram algerlega andvígur því að gerðir verði nokkrir samningar um undanþágur frá hinni nýju landhelgi, alveg sérstaklega þó innan 50 mílnanna. Við teljum, eins og margoft hefur komið fram, að aldrei hafi verið jafnsterk rök gegn því að gera neitt slíkt undanþágusamkomulag eins og nú er. Þetta hefur sérstaklega komið í ljós á síðustu vikum við þær skýrslur, sem birtar hafa verið, og styrkist enn síðustu dagana, þegar fréttist að breskir fiskifræðingar hafi í grundvallaratriðum verið sammála hinum íslensku enda þótt nokkur túlkunarmunur sé um það við hverju megi búast eftir 3—4 ár. Þá vil ég minna á að við höfum beitt þeim árangri, sem náðst hefur á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, á hafréttarráðstefnunni, mjög fyrir okkur, þar sem 200 mílurnar virðast njóta þar almenns fylgis. Ef við lítum nánar á þann texta sem þar liggur nú fyrir þótt hann sé ekki endanlega samþykktur, þá gerir hann ráð fyrir að hver þjóð ákveði fyrir sig hve mikið fiskmagn hún telur að taka megi af hinum ýmsu tegundum. Slíkt álit liggur nú fyrir. Samkv. þessum texta á viðkomandi strandríki einnig sjálft að ákveða hvað það telur sig geta tekið mikið af þessu aflamagni. Ég held að það hafi enginn haldið því fram að við íslendingar getum ekki tekið það sem fiskifræðingarnir telja rétt að veiða af meginstofnunum. Allt eru þetta röksemdir sem ekki hafa legið fyrir fyrr á árum, en eru nú talandi vitnisburður um það að við eigum að sitja einir að miðunum og við eigum ekki að gera samninga við önnur ríki.

Hér hafa orðið allmiklar umr. um hvernig landhelgisgæslan muni starfa og hvaða fyrirmæli hún muni fá. Í grundvallaratriðum vil ég láta í ljós að ég harma að slíkt skuli gert að umræðuefni á opinberum vettvangi, sérstaklega Alþ., af því að auðvitað á ekki að gefa neinar yfirlýsingar um hvaða fyrirskipanir okkar varðskip hafa. Ég býst ekki við að nokkurt ríki í veröldinni mundi gera það. Varðskipin okkar hafa sýnt getu sína. Þau hafa tekið togara, þau hafa stöðvað togara, bæði með dauðum skotum og lifandi skotum, þegar þurft hefur á að halda. Ég vænti þess að ríkisstj. gefi þá yfirlýsingu eina að landhelgisgæslunni muni verða beitt til hins ýtrasta til að framkvæma íslensk lög og verja íslenska landhelgi. Efasemdir, sem látnar eru í ljós hér á Alþ. um að þetta verði gert, eru nánast til þess að skemmta andstæðingum okkar. Ég vil því lýsa yfir að ég tel það sjálfsagt og vænti þess af ríkisstj. að við hvert einasta tækifæri verði þær einar yfirlýsingar gefnar að landhelgisgæslan muni verða látin vinna störf sín eins og hún best getur. Það er sjálfsagt hlustað á loftskeytasambandið úr landi til skipanna og enginn vafi á því að bretarnir vita nokkrum mínútum seinna hvað þar fer á milli, en það er ekki ástæða til að segja þeim það löngu fyrir fram hér á Alþ.

Hér hefur verið rætt aðallega um hugsanlega samninga við breta og vestur-þjóðverja sem auðvitað skipta langmestu máli. Landhelgisnefnd hefur fengið upplýsingar um hvernig þau mál standa, og ég hygg að þingflokkarnir muni hafa fengið þær upplýsingar líka. Því fyrr sem þessi mál skýrast og almenningur fær um einhverjar niðurstöður að vita, því betra.

Ég vil að lokum bera fram þá fsp. til hæstv. ríkisstj., hver af ráðh. sem nú vill svara henni: Hvernig standa viðræður sem hafnar eru við belgíumenn — og einnig: hver er staðan gagnvart norðmönnum og færeyingum? Það hefur vakið undrun manna að ríkisstj. hefur verið næsta aðgerðalítil í landhelgismálinu í allt vor

og sumar. Er sama hvaða svið þess er tekið, bæði kynning þess og undirbúningur allur, og viðræður við þær þjóðir, sem stjórnin hefur ákveðið að ræða við, hafa ekki hafist fyrr en tiltölulega seint. En mér er ekki kunnugt um að farið hafi fram neinar viðræður við norðmenn og færeyinga og ég vil gjarnan fá á hreint hvort það sé ekki alveg öruggt að þeir fari þá a. m. k. út fyrir mörkin. Þeir hafa örugglega fyrst um sinn a. m. k. engin leyfi til veiða. Í öðru lagi: Er ætlun ríkisstj. að taka upp viðræður við þessar þjóðir og hver eru viðhorf hennar til þeirra?

Nú er svo komið að við höfum upplýsingar um stöðu fiskstofnanna og tölum um þessi mál í ákveðnu magni fisks, tölum um svo og svo mörg þúsund tonn, og hver 10 þús. tonnin geta skipt miklu máli.

Ég vil gjarnan fá upplýsingar um hver staðan er gagnvart þessum þremur þjóðum sem við höfum víst enn í dag, a. m. k. til morgundagsins, samninga við.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessar umr., en vil aðeins taka það fram vegna fsp. síðasta ræðumanns að á landhelgisnefndarfundi á morgun verður auðvitað rætt um samninga eða mögulegar viðræður við þær þjóðir er hann spurði sérstaklega um, norðmenn, færeyinga og belga. Þessar þjóðir hafa allar óskað eftir viðræðum. Viðræður hafa farið fram við belga einu sinni og þeim verður lokið í tengslum við aðrar viðræður sem fram hafa farið, við breta og vestur-þjóðverja. Við norðmenn og færeyinga hafa ekki farið fram beinar samningaviðræður, en auðvitað hefur verið samband haft við þessar þjóðir og þær við okkur. Ég skal ekki efnislega tjá mig um niðurstöðu í þeim efnum sem ekki er endanlega fengin, en það verður auðvitað lagt kapp á að þessum viðræðum öllum verði lokið sem allra fyrst, þannig að úrslit fáist í þessum málum og við vitum að þessu leyti betur hvar við stöndum.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég hef engu við það að bæta sem hv. þm. Benedikt Gröndal sagði áðan. Ég tek það fram að ég get tekið undir hvert einasta orð sem hann sagði, enda er allur málflutningur hans í fyllsta samræmi við stefnu Alþfl. um hvernig standa beri að landhelgismálinu og framkvæmd þess. Ég kveð mér hljóðs aðeins vegna eins atriðis í ræðu hæstv. dómsmrh. áðan, en þá sagði hann eitthvað í þá veru að það yrði undir mati skipherra komið hvort og þá hvernig að framkvæmd gæslunnar yrði staðið, þ. e. a. s. hvort skip yrðu tekin eða ekki.

Ég verð að segja eins og er, að hafi ég skilið þetta rétt, þá hreinlega trúi ég þessu ekki og vona að þetta sé ekki satt. Ég trúi því hreinlega ekki að ríkisstj. láti starfsmenn sína, skipherrana á skipum Landhelgisgæslunnar, móta stefnuna í svo afdrifaríku máli sem hér um ræðir. Það er auðvitað ljóst mál að eins og nú standa sakir er það mjög afdrifarík ákvörðun þegar og ef erlent fiskiskip verður tekið innan 200 mílnanna. Það er mjög afdrifarikt hvernig að gæslu landhelginnar verður staðið. Það er einhver afdrifarikasta ákvörðun sem tekin verður, eins og nú standa sakir. Og ég trúi því hreinlega ekki að hæstv. ríkisstj. skirrist við sjálf að ákveða stefnuna í þessu máli og segi, eins og hæstv. dómsmrh. sagði hér áðan: Þessi ákvörðun á að vera í höndum starfsmanna Landhelgisgæslunnar, en ekki hinnar pólitísku forustu þjóðarinnar sem á að móta stefnuna í málum eins og þessu. Ég hreinlega vona, að þetta sé ekki satt, vegna þess að ef þetta er satt, þá er hæstv. ríkissj. í raun og veru hætt að stjórna einhverjum afdrifaríkasta þætti landhelgismálsins, þar sem er ákvörðun um hvernig á að gæta landhelginnar. Það er ríkisstj. sem á að taka þessar ákvarðanir, móta þessa stefnu, og það eru starfsmenn hennar, í þessu tilviki skipherrar Landhelgisgæslunnar, sem eiga að framkvæma þá stefnu sem ríkisstj. mótar. Þótt hún vilji ekki upplýsa hver þessi stefna er, þá á hæstv. ríkisstj. ekki að skjóta sér undan að skýra frá henni með því að segja: Við ætlum að fela okkar starfsmönnum, í þessu tilviki skipherrum Landhelgisgæslunnar, sjálfdæmi í málinu. Það er auðvitað verkefni ríkisstj. fyrst og fremst að móta þarna stefnuna. Verkefni starfsmanna Landhelgisgæslunnar er að fylgja henni eftir.

Ég vil einnig láta annað atriði koma hér fram sem mér finnst ástæða til þess að vekja athygli á, og það er þetta: Það er vissulega hægt að deila og ber að deila um það, ef menn eru ekki sammála, hvernig á að standa að jafnafdrifaríkum ákvörðunum og fólgnar eru í framkvæmd landhelgisgæslu. Hér er um að ræða afdrifaríkar pólitískar ákvarðanir sem menn geta deilt um, m. a. hér á Alþ. og í blöðum. En ég verð að segja eins og er, að mér finnst það bæði óeðlilegt og óæskilegt að þeir aðilar, sem hafa þau trúnaðarstörf með höndum að framkvæma þá stefnu sem mótuð hefur verið af þeirra pólitísku yfirmönnum, taki þátt í þessari deilu eins og stundum hefur við borið. Ég held að ég þurfi ekki að nefna dæmi um hvað ég er hér að ræða. En ég vil láta það koma fram að mér finnst óeðlilegt að þeir menn, sem valdir eru til trúnaðarstarfa til þess að framkvæma stefnu stjórnvalda í svo afdrifaríku máli sem hér um ræðir, þeir beinlínis taki þátt í opinberri deilu um hvort þessi stefna sé rétt eða röng. Ég veit ekki til þess að slíkt framferði mundi verða liðið í nokkurri srandgæslu nokkurs lands. Það skiptir ekki máli í þessu sambandi hvort ákvörðun stjórnvalda er umdeild eða ekki, hvaða skoðanir þm. eða þjóðin hefur á þeim embættismönnum sem falið er að framkvæma þessa stefnu. Þeim ber skylda til þess að gera það af fyllstu trúmennsku við sína yfirboðara, við þá menn sem þjóðin hefur þrátt fyrir allt valið til að fara með forsjá þessara mála.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 58). — 1. umr.

Flm. (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram frv. það til l. um breyt. á l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins,

sem hér liggur fyrir á þskj. 58. Frv. fjallar um undanþáguheimild vegna endurgreiðslna á sparifjárinnstæðum vegna skyldusparnaðar, og hljóðar 1. gr. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Rn. er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum um endurgreiðslu sparifjár sé aðili að hefja nám eða færir fullnægjandi sönnur á að endurgreiðslu sé þörf af félagslegum ástæðum.“

Nú vildi svo til að nokkru eftir að ég hafði látið frv. mitt til prentunar birtist á borðum þm. ríkisstjórnarfrv. sem fjallar einnig um heimild til undanþágu og endurgreiðslu sparifjár. Þessi frv. urðu svo til samferða inn í þingsali. Frv. ríkisstj. er 53. mál, en það frv., sem hér er til umr. 54. mál. Ég tel hins vegar ekki rétt að afturkalla mitt frv., þar sem í því eru atriði sem ekki er vikið að í frv. ríkisstj., en ég tel mikilvægt, að tekið sé tillit til. Þessi frv. eru raunar lögð fram sitt í hvorri d., en ég held að ekki verði hjá því komist — með leyfi hæstv. forseta — að víkja að frv. ríkisstj. í þessari framsöguræðu, enda þættu mér eðlileg vinnubrögð hjá þeim nefndum, sem fá þessi frv. til meðferðar, að hafa hliðsjón af báðum.

Það er vissulega fagnaðarefni ef samkomulag og samstaða næst á Alþ. um að veita undanþáguheimild varðandi endurgreiðslur, en núgildandi skilyrði í lögum eru óþarflega ströng í þessum efnum og engin smuga til undanþágu, hversu brýn og réttlát sem hún annars virðist. Ákvæði um undanþágu frá sparnaðarskyldunni sjálfri eru fyrir hendi, en ekki um endurgreiðslu. Hygg ég þó, að bæði þm. og rn. viti um dæmi þar sem slíkt væri bæði réttlátt og þarft, án þess að það bryti á nokkurn hátt í bága við anda og tilgang laganna. Svo virðist sem rökin fyrir því, að undanþágur verði veittar, fari að nokkru leyti saman hjá mér og hæstv. félmrh., — að nokkru leyti, þó ekki öllu. Að mínu viti er það galli á frv. ríkisstj. að þess er hvergi getið í frvgr. sjálfri hvaða ástæður skuli teljast réttlætanlegar til þess að undanþága sé veitt. Það er aðeins talað um að undanþága sé heimil ef að mati ráðh. beri brýna ástæðu til að leyfa endurgreiðsluna. Ég tel hins vegar rétt og eðlilegt, að í lögunum sjálfum sé vísbending um hvað hafi vakað fyrir löggjafarvaldinu með því að samþykkja slíka undanþáguheimild. Það eru ekki nema sjálfsögð þingleg vinnubrögð og réttlæti gagnvart því fólki sem sækir til rn. um undanþágur, að það geti vitnað í lögin sjálf til stuðnings máli sínu.

Eins og frvgr. hæstv. ríkisstj. er orðuð, þá er það algert einkamat ráðh. hvaða ástæður væru teknar til greina og hvað viðkomandi ráðh. teldi brýnt. Með þessum ummælum er ég ekki að lýsa vantrausti á núv. ráðh. eða ráðuneytisstjóra. Í grg. með frv. eru vissulega tilgreindar ástæður sem ég er fyllilega sammála, en þær eru hvergi nema í grg. Ég held að við verðum að forðast að gera ráðh. og rn. að nokkurs konar dómstólum þar sem fólk verður að hlíta úrskurði einkamats viðkomandi ráðh., en vilji löggjafarþings komi hvergi fram. Hafi það vakað fyrir hæstv. félmrh. með þessu orðalagi að reyna að koma í veg fyrir hugsanlega misnotkun, þá er ég fyllilega sammála því sjónarmiði að það á ekki að mínu mati að opna allar dyr upp á gátt, og ég held að það skiljist fullkomlega af minni frvgr. að rn. hlýtur að þurfa að hafa visst aðhald og meta ástæður, og gert er ráð fyrir að aðili færi fullnægjandi sönnur á að honum sé endurgreiðsla þörf af þeim ástæðum sem tilgreindar eru í frvgr.

Ég geri ráð fyrir því að endurgreiðsla sé heimil ef aðili er að hefja nám. Að þessu er ekki vikið í frv. ríkisstj., en á þetta atriði vil ég legja sérstaka áherslu. Samkv. núgildandi lögum er skólafólk, sem stundar nám í skóla 6 mánuði eða meira á ári, undanþegið skyldusparnaði. Hafi námsmaður hins vegar notfært sér rétt til skyldusparnaðar, t. d. af sumarkaupi sínu, hefur hann getað fengið þá upphæð endurgreidda hafi hann fært sönnur á að hann hafi stundað nám minnst 6 mánuði af árinu og hyggist stunda nám áfram. Námsmaður, sem er að hefja nám eftir nokkurra ára þátttöku í atvinnulífinu, getur ekki fullnægt skilyrðinu um 6 mánaða skólanám á undangengnu ári og á því ekki rétt til endurgreiðslu sparifjár síns. Gæti sú upphæð þó ráðið úrslitum um hvort tekst að kljúfa byrjunarörðugleika við upphaf skólagöngu. Virðist mér sanngjarnt að réttur þessa fólks sé ekki rýrari en þeirra, sem eiga samfellda skólagöngu að baki, og beri því að veita heimild til undanþágu á endurgreiðslu í slíkum tilvikum. Undanþága af þessu tagi er að mínu viti fyllilega í anda laganna.

Með ákvæðum um undanþágu skólafólks til skyldusparnaðar er ljóst að það hefur ekki vakað fyrir löggjafanum að skyldusparnaður yrði baggi á námsfólki eða hemill á kostnaðarsama skólagöngu. Finnst mér það engan veginn réttlætanlegt að refsa ungu fólki, sem hefur tekið þátt í atvinnulífi að loknu skyldunámi og vill síðar taka upp nám að nýju, með því að neita því um endurgreiðslu síns sparifjár. Ég hlýt að gera mér vonir um að um þetta atriði geti orðið samkomulag við endanlega afgreiðslu frv.

Þá geri ég ráð fyrir því, eins og í frv. hæstv. ríkisstj., að undanþágur megi veita af félagslegum ástæðum. Hér getur verið um ýmsar ástæður að ræða, svo sem heimilisstofnun vegna barna á framfæri eða foreldra og óvenjuþungar fjárhagsbyrgðar af ýmsum orsökum, svo sem örorku. Um þessar ástæður virðumst við fyllilega sammála, ég og hæstv. félmrh., og ættu þær ekki að þurfa að vera ágreiningsefni.

Í lögum eru hjónabönd alger forsenda þess að fólk fái sparifé sitt endurgreitt, sé um heimilisstofnun að ræða, og virðist manni það skilyrði bæði ósveigjanlegt og raunar úrelt. Ég veit ekki hvort hv. þm. er ljóst að til er fyrirbrigði í þjóðfélaginu sem kallast sparimerkjahjónabönd. Í því felst að ungt fólk kemur sér saman um að giftast eingöngu til þess að ná út sínu sparifé, og fullt samkomulag um að skilja þegar að þeirri endurgreiðslu lokinni. Mér er ekki alveg ljóst hversu mikil brögð eru að þessu, en ungt fólk, sem ég þekki, tjáir mér að það sé þó svo algengt að flest viti það þó um a. m. k. eitt dæmi af þessu tagi. Undanþágur frá endurgreiðslum geta að sjálfsögðu aldrei komið í veg fyrir slíkt. En þær gætu kannske bjargað einhverjum frá því

að þurfa að leita slíkra úrræða, því að ég er þeirrar skoðunar að slíkt sé algert neyðarúrræði.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og til félmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 17. fundur.

Fimmtudaginn 13. nóv., kl. 2 miðdegis.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 58). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til félmn. með 21 shlj. atkv.

Búfjárræktarlög, frv. (þskj. 56). — 1. umr.

Flm. (Sigurður Björgvinsson): Herra forseti. Ég leyfi mér á þskj. 56 að flytja frv. til l. um breyt. á búfjárræktarlögum. Frv. gerir ráð fyrir því að inn í III. kafla laganna, sem fjallar um sauðfjárrækt, sé bætt nýrri gr. um ræktun forystufjár.

Í stuttri grg., sem fylgir frv., lýsi ég því í fáum orðum hvað fyrir mér vakir með flutningi þessa frv. Skal ég nú reyna að gera grein fyrir því nokkru nánar.

Það má eiginlega segja að allt frá upphafi Íslandsbyggðar hafi landbúnaður verið aðalbjargræðisvegur okkar Íslendinga. Forfeður vorir komust brátt að raun um það að landið væri ekki vel fallið til akuryrkju, en hins vegar voru hér bithagar góðir og því var kvikfjárræktin aðalgrein landbúnaðarins. Landnámsmennirnir fluttu sjálfir með sér búsmala sinn, hesta, nautgripi, sauðfé, svín, hunda og ketti, og þannig myndaðist fljótt það sambýli manna og dýra sem síðan hefur haldist hér lítið breytt fram á þennan dag, þannig að búsmali okkar er enn að mestu af hinum upprunalega stofni. Að vísu voru á fyrri hluta þessarar aldar gerðar nokkrar tilraunir með innflutning sauðfjár, en vegna óforsjálni og mistaka olli sá innflutningur landbúnaðinum stórfelldu tjóni og skal sú raunasaga ekki rakin hér nánar.

Áður en vélarnar komu til sögunnar meðan túnin voru lítil og óslétt og heyja varð ekki aflað nema með frumstæðum handverkfærum, grundvallaðist þessi kvikfjárrækt fyrst og fremst á útbeitinni, bæði sumar og vetur. Jafnvel nautgripirnir voru reknir á fjall og látnir ganga úti, enda féllu þeir stundum í hörðum vetrum. Þess er t.d. getið að veturinn 1226—1227 hafi fallið hundrað nautgripa í Svignaskarði í Borgarfirði fyrir Snorra Sturlusyni. Aftur á móti hefur sauðkindin þolað mun betur harðýðgi íslenskrar náttúru, enda var sauðfé látið bjarga sér sjálft árið um kring eftir föngum. Slíkt lánaðist sæmilega í góðæri, en í hörðum árum gátu hey þrotið og þá var vá fyrir dyrum, enda hrundi búfé þá stundum niður, og þá var þess skammt að bíða að hungurvofan knýði dyra og boðaði mannfelli. Slík hefur löngum verið lífsbarátta fólksins í þessu landi, barátta fátækrar, frumstæðrar þjóðar.

Okkur Íslendingum nú á dögum, þessari auðugu allsnægtaþjóð, okkur væri hollt, þegar við erum að berja barlóminn yfir ímynduðu efnahagshruni og þjóðargjaldþroti, að leiða hugann til liðins tíma, til lífsbaráttu forfeðra vorra, vér „lítilþæg afkvæmi móðuharðindanna", svo ég taki mér í munn orð góðskáldsins okkar Jóhannesar úr Kötlum, með leyfi hæstv. forseta: „Vér skáldmenni Íslands, lítilþæg afkvæmi móðuharðindanna sem hirðum molana af veisluborðunum góðu, sem átvögl vor og vínsvelgir sitja að innan viggirðinga bófafrelsisins."

En þegar við bregðum ljósi á sögu okkar þjóðar, þá er það eitt sem við stundum gleymum, nokkuð sem ég hygg að sagnariturum okkar sjáist jafnvel stundum yfir, og það er að við Íslendingar — og þá á ég við fólkið í landinu — við stóðum aldrei einir í lífsbaráttunni. Við áttum okkur bandamenn eða samherja, — samherja sem jafnvel háði eigin lífsbaráttu. Ég á hér við dýrin, húsdýrin okkar og þá alveg sérstaklega sauðkindina, þessa duglegu og harðgerðu, vitru og trygglyndu skepnu, sem aldrei gafst upp fyrr en allt um þraut. Það er vandséð hvernig fólk hefði getað lifað í þessu landi ef sauðkindarinnar hefði ekki notið við. Þessu má auðvitað einnig snúa við og segja að sauðkindin hefði ekki getað lifað án sambýlis við fólkið. Þær fjölbreyttu afurðir, sem sauðfé gaf af sér, voru þjóðinni auðvitað lífsnauðsynlegar. En sauðkindin var okkur annað og meira. Hún var, ég vil segja sálufélagi fólksins. Hún var lifandi tengiliður milli fólksins og náttúrunnar, í gegnum samskipti sín við sauðfé lærði fólkið að þekkja land sitt, komast í nána snertingu við það, ekki aðeins í byggð, heldur einnig upp um fjöll og heiðar, bæði í vetrarhörkum og sumarblíðu. Sauðkindin hjálpaði jafnvel manninum við að skynja og skilja náttúruöflin, forðast hættur þeirra eða sigrast á þeim.

Ég gat þess áðan að við ættum enn að stofni til hið sama sauðfé og það sem fluttist til landsins með landnámsmönnunum fyrir meira en 1000 árum. En svo virðist sem frá upphafi hafi verið um a.m.k. tvær ættkvíslir sauðfjár að ræða, sem auðvitað hafa blandast meira og minna, en þó alltaf verið haldið nokkuð aðgreindum. Það fjárkynið, sem ég ætla að gera hér sérstaklega að umræðuefni, er forystufé, en það hefur löngum verið í hávegum haft sökum sinna frábæru hæfileika og dugnaðar og þó einkum fyrir þá sérgáfu að gæta hjarðarinnar og veita henni forystu.

Ég skal nú viðurkenna það, að mér hefur ekki tekist að afla mér mikilla heimilda um forystufé frá fyrri tímum. Á einum stað í Ferðabók þeirra Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar, því gagnmerka riti sem skráð er fyrir 220 árum, er getið um forystufé, og langar mig til að vitna í þann kafla, með leyfi hæstv. forseta:

„Margir bændur hafa forystusauði í fé sínu. Nafnið er af því dregið, að hann fer ætíð á undan hjörðinni sem fylgir honum eftir, enda má segja að forystusauðirnir stjórni allri hjörðinni. Forystusauðirnir eru í hærra verði en

aðrar kindur, enda gera þeir ómetanlegt gagn, einkum á vetrum þegar illvirði skella snögglega á. Sauðurinn leiðir hjörð sína heim að húsum í náttmyrkri og móti stormi og hríð. Væru forystusauðirnir ekki ættu bændur á hættu að missa allt sitt fé þegar svona stendur á, eins og mörg dæmi sýna þar sem engir sauðir voru. Sauðum þessum er aldrei slátrað fyrr en þeir eru orðnir farlama af elli."

Mig langar að bæta hér við annarri tilvitnun úr annarri bók, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar Kol óx aldur og þroski var hann tvennt í senn: góður forystusauður og svo fallegur að hann vakti allra aðdáun sem sáu hann. Kolur var mikill vexti, höfuðið stórt, snoppan löng og gild og nasarými mikið og fallegt, andlitið snögghært og gljáhært og silfurgrátt að lit, augun í stærra lagi, athugul og stillileg. Hann var grannhyrndur, hringhyrndur, hornskertur með klukku í hægra horni. Fæturnir báru sama lit og andlitið, en hvítir leystar á afturfótunum rétt upp við lágklaufir, en belgurinn hvítur,"

Þessi tilvitnun er úr bókinni „Forystufé", sem sá merkimaður Ásgeir Jónsson frá Gottorp skráði. En á hvað minnir hún ykkur þessi lýsing: „Þegar Kol óx aldur og þroski"? Hér er verið að tala um vitsmunaveru. Kolur er mikill vexti, höfuðið stórt, nasarými mikið og fallegt, augum í stærra lagi, athugul og stillileg. Augun eru jú spegill sálarinnar. Eða hin nákvæma lýsing á höfuðbúnaðinum, höfuðskrautinu, og svo fótabúnaðurinn og klæðin öll. Þau voru ekkert slor. Þetta minnir óneitanlega á sumar mannlýsingar í fornsögunum og þó er þetta bara lýsing á sauðkind, að vísu ekki á neinni venjulegri sauðkind. Hér er verið að lýsa foringjanum, andlegum leiðtoga hjarðarinnar.

Í þessari bók Ásgeirs er urmull af skemmtilegum og fróðlegum sögum af forystufé víða að af landinu. Þessar sögur bera það allar með sér að hvarvetna kostuðu bændur kapps um að eiga sem best forystufé sökum þess mikla hagræðis sem að því var, einkum við fjárgæslu og fjárrekstra. Kom þar bæði til hvað þessar skepnur eru með afbrigðum veðurglöggar og ratvísar og svo áræðni þeirra og frábær dugnaður að brjótast áfram á undan hjörðinni í ófærð og vondum veðrum eða yfir óbrúuð vatnsföll og annað torleiði. Oft er yfir því kvartað og það með nokkrum rétti að forystufé sé óþægt. En þegar ekki er lögð stund á ræktun fjárins, enda óhægt um vik ef ekki eru til neinir forystuhrútar, heldur látið blandast öðru fé, þá er alltaf nokkur hætta á að útkoman verði úr þeirri blöndu bara óþægar kindur og styggar. Aftur á móti eru góðar forystukindur alls ekki endilega styggar, heldur geta þær verið mjög gæfar og leiðitamar. Gott dæmi um það var Kúlu-Glúmur, annáladur forystusauður í eigu séra Stefáns Jónssonar prests á Auðkúlu í Svínavatnshreppi.

Kúlu-Glúmur var gæddur frábærum forystuhæfileikum, sleppti aldrei kind á undan sér í rekstri, en gætti þess þó jafnan að safnið slitnaði ekki í sundur. Hann var sérlega veðurglöggur og ratvís og snillingur að þræða bestu leiðina í ófærð og hálku, og það var orðið venja að fela honum ráðin við rekstur og fjárbeit. Og svo var hann spakur og leiðitamur að auðvelt var að reka hann einan frá bæ og hvert sem var um sveitina og stjórna honum með bendingum, jafnvel þvert í gegnum fjárbreiður. Á ferðalögum mátti skilja hann eftir hvar sem var, t.d. ef fylgdarmaður skrapp heim á næsta bæ til að fá sér hressingu, þá beið Glúmur rólegur í varpanum á meðan. Kannske var verið að reka rekstur á milli bæja, þá gætti hann kindanna einn þar sem áður var, þar til húsbóndinn kom á vettvang. Þessir hæfileikar hans komu m.a. best í ljós þegar hann var notaður á haustin við að reka prestslömbin um söknina. Glúmur gekk jafnan á Kúluheiði á sumrum. Hann lauk ævi sinni í hárri elli í hlaðvarpanum heima á Auðkúlu einn góðviðrisdag vorið 1892, 16 vetra gamall. Hann var heygður þar í túninu skammt frá bæ og prestur talaði nokkur vel valin orð yfir moldum hans.

Eins og ég get um í grg. með þessu frv. hefur forystufjáreign landsmanna mjög hrakað hin síðustu ár. Valda þar mestu um breyttir búskaparhættir. Nú orðið er fé hvergi haldið til beitar að vetrinum af slíku kappi sem áður tíðkaðist og þá varla nema í skaplegu veðri og oftast stutt frá bæjum, og víða hefur það lagst með öllu niður að fé sé beitt eftir að það er komið á hús. Annað er það, að nú má heita að fjárrekstrar hafi lagst að mestu niður. Það mun t.d. vera orðið mjög fátítt að fé sé rekið til slátrunar, og reyndar má heita að nú orðið sé það varla flutt um lengri eða skemmri veg öðruvísi en á bílum eða vögnum. Þessi þróun hefur orðið þess valdandi að forystufé hefur tapað því mikilvægi sem það áður hafði. Þá ber einnig á það að líta að vaxtarlag og holdarfar forystufjárins hefur ekki þótt heppilegt til framdráttar fyrir hámarksafurðastefnu sem fylgt hefur verið í fjárræktarmálum að undanförnu. Þegar svo forystufénu fækkar, sem reyndar var ekki margt af fyrir, þá hætta menn að kosta til þess að eiga góða forystuhrúta og þá er glötun kynstofnsins á næsta leiti. Ef slíkt gerðist mundi með því hverfa að fullu einn af merkustu þáttum í atvinnusögu okkar þjóðar. Það væri óafsakanlegur og óbætanlegur skaði. Einn megintilgangur með flutningi þessa frv. er að brugðið sé við áður en það er um seinan og komið í veg fyrir þau mistök.

Ég á ekki von á því að þetta frv. valdi slíku hugarróti meðal fólks að jafnvel bæjarstjórnir eða sýslunefndir og jafnvel ungmennafélög fari að senda frá sér yfirlýsingar í fjölmiðla þar sem einstakir ráðh. séu beðnir að láta ekki skoðanamismun heima í héraði eða yfirlýsingar minnihluta hópa eða kjósendahópa jafnvel seinka ákvarðanatöku og umfram allt að sjá til þess að staðarval verði á faglegum hagkvæmnisgrundvelli. Slík hástemmd neyðaróp á uppskrúfuðu fjölmiðlamáli heyrast ekki heldur nema þegar meiri háttar þjóðþrifamál eru á döfinni, svo sem ef finna skal stað undir eina álverksmiðju eða sökkva afréttarlandi heillar sýslu undir vatn. En ef þeim sjóndöpru mönnum, sem berjast fyrir slíkum hugsjónum, verður einhvern tíma að ósk sinni, þá er ég þess fullviss að Kúlu-Glúmur mun rísa upp úr gröf sinni

og taka stefnu til heiða og létta eigi göngunni fyrr en kemur að Kúluheiði. Og mér finnst sem ég sjái á eftir þessum aldna sveitarhöfðingja þar sem hann skokkar fram götur, léttstígur og fjaðurmagnaður, ber höfuðið hátt, skimar kringum sig með sínum rannsakandi og gáfulegu augum. Ég get lesið hugsanir hans. Var ekki annars einhver að segja Ísland fyrir íslendinga? Er hann ekki íslendingur? Námu ekki forfeður hans þetta land fyrir meira en þúsund árum? Var það ekki einmitt á þessum heiðum sem þeir háðu baráttu sína fyrir lífi sínu kynslóð eftir kynslóð? Jú, víst var það hér. Þarna þekkir hann göturnar þar sem hann gekk sín fyrstu spor við hlið móður sinnar. Einmitt hér var hans heimur sumar eftir sumar. Þetta var hans ríki. Hafði hann ekki þjónað mönnum dyggilega alla sína löngu ævi? Höfðu þeir ekki staðið við hlið hans í lífsbaráttunni? Höfðu þeir ekki treyst hvor öðrum og skilið hvor annan. Víst höfðu þeir gert það og þó. Það er ekki von annars að gamall sauður skilji mennina, ekki lengur, enda ber hann ekki minnsta skynbragð á nútíma tækni. Hann hefur ekki heldur svo mikið sem hugleitt það hvað væri menning. Spurði ekki annars einu sinni lítill drengur fyrir vestan ömmu sína hvað væri menning. „Æ, það er víst eitthvað sem þeir hafa fundið upp þarna fyrir sunnan, rímorð á móti þrenning.“

Kannske skiptir það líka engu máli hvort svör finnast við svona spurningum? Kannske skiptir það eitt máli að ákvarðanataka og staðarval sé á faglegum hagkvæmnisgrundvelli? Og sjálfsagt munu gömlu göturnar hans Kúlu-Glúms reynast lítils virði metnar á slíkan kvarða. Ég geri mér grein fyrir því að frv. það, sem ég hef hér verið að mæla fyrir, verði einnig léttvægt fundið sé það metið á faglegum hagkvæmnisgrundvelli. En allt um það þá gleður það huga minn að geta verið þess fullviss að ef til úrslita drægi, þá muni Kúlu-Glúmur standa kyrr í sinni götu og hreyfa sig hvergi þótt um hann flæði. Það gott að vita af þó ekki nema einum íslendingi sem sé þess albúinn að fórna lífi sínu fyrir það helgasta sem honum hefur verið trúað fyrir.

Herra forseti. Ég vil svo mælast til þess, að þessu frv. verði vísað til hv. landbn. að lokinni þessari umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 15. fundur.

Fimmtudaginn 13. nóv., að loknum fundi í neðri deild.

Varamaður tekur þingsæti:

Forseti (Friðjón Þórðarson): Forseta hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 12. nóv. 1975.

Gylfi Þ. Gíslason, 9. þm. Reykv., form. þingflokks Alþfl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem Eggert G. Þorsteinsson, 4. landsk. þm., er á förum til útlanda til að sitja þing Sameinuðu þjóðanna og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varam. landsk. þm. Alþfl., Bragi Sigurjónsson bankastjóri, taki sæti á Alþ. í fjarveru hans.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Þorv. Garðar Kristjánsson,
forseti Ed.“

Bragi Sigurjónsson bankastjóri hefur áður setið á Alþ. og kjörbréf hans verið athugað. Ég býð hann velkominn til starfa.

Umræður utan dagskrár.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Tilefni þess, að ég kveð mér nú hljóðs utan dagskrár, er frásögn Tímans, málgagns dómsmrh. og utanrrh., af umr. utan dagskrár í Nd. í gær um landhelgismálið. Þar segir þingfréttaritari Tímans, Alfreð Þorsteinsson, orðrétt, með leyfi forseta:

„Það vakti athygli í þessu sambandi að Lúðvík Jósepsson nefndi sjálfur töluna 100 þús. tonn sem hugsanlegan aflakvóta fyrir útlendinga. Ekki verður önnur ályktun dregin af því en sú, að Lúðvík Jósepsson telji óhjákvæmilegt að leyfa veiðar erlendra skipa innan landhelginnar að einhverju marki.“

Nú hefur þingfréttaritari Tímans, Alfreð Þorsteinsson, ekki aðstöðu til þess að svara fyrir sig hér í þingsalnum og af þeim sökum veigra ég mér við því sem gamall fréttamaður — ég vann við fréttir í 25 ár — að gefa honum einkunn við hæfi fyrir þetta starf. En ég skírskota til hv. alþm. um það, hvort þeir hafi dregið þá ályktun af ræðu Lúðvíks Jósepssonar í gær að hann teldi að leyfa ætti útlendingum veiðar í fiskveiðilögsögunni og nefnt 100 þús. tonn til stuðnings þeirri skoðun sinni.

Við göngum út frá því sem vísu, að fréttaritarar blaðanna ljái frásögnum af umr. hér á Alþ. nokkurn lit af pólitískum skoðunum húsbænda sinna. Undan því kvörtum við ekki. En það verður tæpast þolað mótmælalaust að málgagn utanrrh. og dómsmrh. fari með rakalaus ósannindi í frásögnum af umr. á hv. Alþ. þegar rætt er um landhelgismálið á þessum tíma.

Nú vil ég hvorki kalla þann blaðamann, sem hér um ræðir, neinum ónefnum vegna hugsanlegs skorts á almennu siðgæði né heldur draga greind hans í efa. Ég ítreka það að ég kalla hann hvorki siðlausan ósannindamann né fífl. En ég vil beina þeirri hugmynd til hæstv. forseta hvort ekki komi til greina að æskja þess við þá, sem ráða menn til að segja fréttir af umr. á hv. Alþ., að þeir setji til þess fólk með góða meðalgreind, svo að þm. þurfi ekki að haga orðum sínum með sérstöku tilliti til bjána.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki blanda mér í þær umr. sem virðast vera að hefjast hér um þau ummæli sem Lúðvík Jósepsson kvað hafa haft eða ekki haft hér á Alþ. í gær. En þar sem vegið hefur verið að pólitískum

andstæðingi mínum bæði í borgarstjórn og annars staðar, þá vil ég að það komi fram að ég hef hvorki reynt Alfreð Þorsteinsson fréttamann að sióleysi né skorti á almennum umgengnisvenjum í hans pólitíska starfi. Hafi eitthvað það staðið í Tímanum, sem ekki var sagt hér í gær, þá er það áreiðanlega vegna mistaka. Ég vil enn fremur segja að það er ástæðulaust að ráðast á þann hátt, sem hér hefur verið gert, á þá blaðamenn sem hér hafa verið þingfréttaritarar. Ég hef lesið þingfréttir eins og aðrir þm. og ekki fundið þá fyrr en nú ástæðu til að gera aths. við það.

Kjördæmaskipan, þáltill. (þskj. 59). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Endurskoðun fyrningarákvæða, þáltill. (þskj. 34). — Ein umr.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Eins og flestum hv. þm. mun kunnugt er stjórn á fjármálum ríkisins heldur bágborin um þessar mundir. Útlit er fyrir að ríkissjóður komi út með miklum halla á þessu ári, og skuld ríkissjóðs við Seðlabankann hefur vaxið gríðarlega. Láta mun nærri að ríkissjóður og ríkisstofnanir séu nú búin að herja út úr Seðlabankanum um 8 100 millj. kr., en þessi óvenjulega og ábyrgðarlausa seðlaprentun á að sjálfsögðu sinn þátt í hinni miklu verðbólgu sem gengið hefur yfir. Nú eru uppi áform um að bæta stöðu ríkissjóðs, en eina úrræðið, sem núv. ríkisstj. virðist láta sér til hugar koma, er að skera niður útgjöld ríkisins til ýmissa nauðsynjamála sem alls ekki þola niðurskurð. Þannig er nú áformað að minnka lífeyrisgreiðslur til aldraðra, þó að staðreyndin sé að engin þjóðfélagshópur hefur farið jafnilla út úr viðskiptum sínum við núv. ríkisstj. og einmitt gamla fólkið og aðrir þeir sem rétt eiga á greiðslum almannatrygginga. Byggingu skólamannvirkja og sjúkrahúsa, sem víða er þegar orðin langt á eftir áætlun, á nú að seinka eða fresta til að bæta fjárhagsstöðu ríkissjóðs. En á sama tíma og þessi ósköp dynja yfir ætlar ríkisstj. að fleygja 800 millj. kr. í tollalækkanir nú um áramótin til að greiða fyrir innflutningi erlendra vara frá EFTA og Efnahagsbandalagslöndunum, þrátt fyrir mikil neyðaróp Seðlabankans um gjaldeyrisskort og þrátt fyrir það að efnahagsbandalagslöndin hafa neitað að lækka sína tolla. En það sem verra er er þó það, að stjórnendur ríkisfjármála virðast algerlega lokaðir fyrir því að unnt sé að auka tekjurnar til að mæta aðsteðjandi fjárþörf.

Það er staðreynd að tekjur, sem á þessu ári nema tugum þús. millj. kr., eru alls ekki skattlagðar vegna þess að meirihl. Alþ. fékkst ekki til þess á s.l. vetri að breyta skattalögunum eins og með þurfti. Ég hef fullyrt og fullyrði enn að vegna hinna fáránlegu ákvæða um skattlagningu fyrirtækja nemi tap ríkissjóðs á þessu ári milli 3 og 4 þús. millj. kr. Til viðbótar kemur tap ríkissjóðs af litlum skattgreiðslum einstaklinga sem hafa tekjur sínar af eigin rekstri. Þar er einnig um stórfellt tekjutap að ræða sem sjálfsagt nemur á annað þús. millj. kr. Til samanburðar er rétt að geta þess að allir einstaklingar í landinu greiða samtals um 4 400 millj. kr. í tekjuskatt á þessu ári.

Við alþb.-menn vöruðum við því á s.l. vetri að yrði tekjuskattslögunum ekki breytt yrði óréttlætið í þessum efnum meira en nokkru sinni fyrr. En aðvörunum okkar var ekki sinnt. Nú hef ég lagt hér fram þáltill. þar sem enn er reynt að knýja fram breyt. á tekjuskattslögunum. Till. þessi fjallar um endurskoðun fyrningarákvæða, hámark vaxtafrádráttar og áætluð lágmarkslaun þeirra sem hafa tekjur sínar af eigin rekstri.

Í fskj. með þessari þáltill. er birtur listi, sem ég hef tekið saman til skýringar og unninn er upp úr skattskrá Reykjavíkur fyrir 1975. Þetta er listi yfir öll stærri fyrirtæki í Reykjavík sem ekki þurfa að borga tekjuskatt á þessu ári. Eins og hv. þm. sjá, ef þeir fletta þessum lista, er hann býsna langur. Hér eru á blaði flest stærstu og voldugustu fyrirtæki landsins, samtals 432 félög. Hér eru þó aðeins meðtalin fyrirtæki, sem rekin eru í nafni einstaklinga, og ekki félög utan Reykjavíkur eða þau sem hafa litla veltu. En samanlögð er áætluð velta þessara skattlausu fyrirtækja yfir 20 þús. millj. kr. Það er tvöfalt hærri upphæð en í fyrra þegar sams konar könnun var gerð, enda eru skattlaus félög í Reykjavík nærri því tvöfalt fleiri nú en í fyrra, en þá voru þau 240.

Þar sem listinn yfir þessi skattlausu fyrirtæki er það langur að hætt er við að hv. þm. gefist fljótlega upp við lesturinn þykir mér rétt að telja upp nokkur þau fyrirtæki sem bersýnilega hafa mesta veltu og stærst umsvif.

Efst á þessum lista verða tvö fyrirtæki með yfir 900 millj. kr. veltu, en það eru Eimskipafélag Íslands og Hekla hf. Þá koma Samvinnutryggingar með yfir 800 millj. kr. veltu og Kristján Ó. Skagfjörð hf. með um 700 millj. kr. veltu. Með yfir 600 millj. kr. veltu eru fyrirtækin Hafskip hf., Íslenskt Verktak hf., Silli og Valdi sf., Sláturfélag Suðurlands og Veltir hf. Önnur skattlaus fyrirtæki með veltu sem nemur 100—500 millj. kr. eru: Almenna bókafélagið, Bræðurnir Ormsson, Bifreiðar og landbúnaðarvélar, Endurtryggingarfélag Samvinnutrygginga, Brunabótafélag Íslands, H. Benediktsson hf., Hagtrygging hf., Hampiðjan hf, Eggert Kristjánsson & Co., Egill Vilhjálmsson hf., Fóðurblandan hf., Hótel Esja, Hótel Saga, Íslensk endurtrygging, J. Þorláksson og Norðmann hf., Mjólkurfélag Reykjavíkur sf., Mjólkursamsalan, Penninn, Samábyrgð ísl. fiskiskipa, Samband ísl. samvinnufélaga, Síldar- og fiskimjölsverksmiðjan, Sindrastál, Smjörlíki, Stefán Thorarensen, Steypustöðin, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Togaraafgreiðslan, Útgarður, Vífilfell og Völundur, timburverslun. Alls eru þetta sem sagt 39 fyrirtæki, sem ég hef hér nefnt sem mæla veltu sína í hundruðum milljóna, en borga ekki eina krónu í tekjuskatt.

Listi yfir félög, sem velta tugum og hundruðum milljóna og borga mjög lítinn tekjuskatt, en þó einhvern, þannig að þau komast ekki á þenn-

an lista, sá listi hefur enn ekki verið gerður, en hann væri áreiðanlega ekki ófróðlegri yfirlestrar.

Ég hef nýlega nefnt hér á Alþ. eitt slíkt fyrirtæki sem dæmi. Það er Ármannsfell hf., margfrægt fyrirtæki sem hafði 275 þús. kr. í álagðar hreinar tekjur á s. l. ári, en hafði þó veltu upp á 236 millj. kr.

Ég mun nú snúa mér næst að því að gera grein fyrir því hvernig í ósköpunum á því stendur að fyrirtækin geta gert sig svo tekjulítil eða tekjulaus, sem raun ber vitni áður en að skattálagningu kemur. Aðferðirnar til að ná þessu marki eru að sjálfsögðu fjölmargar, bæði löglegar aðferðir og ólöglegar, en hér mun þó einungis fjallað um löglegar leiðir.

Áður en vikið er að aðalaðferðunum sem þáltill., sem hér er til umr., fjallar um er rétt að gera grein fyrir örfáum aðferðum sem hafa sérstöðu. Nefna má sem dæmi að mörg fyrirtæki hafa í hendi sér að meta vörubirgðir á lágu verði og með þessum hætti geta þau velt á undan sér mjög miklum tekjum. En það er að sjálfsögðu mjög hagkvæmt gagnvart skattayfirvöldum á slíkum verðbólgutímum eins og við lifum nú. Skyld aðferð þessari er sú aðferð sem tryggingafélögin nota meira eða minna eftirlitslaust, en það er heimild þeirra samkv. 17. gr. skattalaganna til þess að leggja til hliðar vegna ógreiddra tjóna eða bótagreiðslna. Þannig er vitað að tryggingarfélög geta skotið undan miklum tekjum sem oft eru ekki skattlagðar fyrr en löngu síðar. Þær eru að sjálfsögðu skattlagðar fyrr eða síðar, en verði um langan tíma að ræða, sem líður frá því að tekjurnar verða til og þar til skatturinn er álagður, þá er að sjálfsögðu um mikinn hagnað að ræða vegna þess að krónurnar hafa orðið verðminni í millitíðinni. En við skulum sleppa þessum sérstöku aðferðum sem að vísu eiga við býsna mörg fyrirtæki og þá sérstaklega sú aðferð að meta vörubirgðir lágt.

Aðalaðferðirnar til að sleppa undan að greiða tekjuskatt byggjast á heimildum skattalaganna sjálfra og þar ber einkum að nefna fjórar leiðir.

Í fyrsta lagi má nefna heimild í 17. gr. skattalaganna, sem fyrirtæki hafa, til að leggja í varasjóð 25% af hreinum tekjum félaganna áður en tekjuskattur frá árinu áður hefur verið frá dreginn. Þessi fjórðungur tekna er sem sagt skattfrjáls með öllu. Þess má geta hér að í svari fjmrh. við fyrirspurn hv. þm. Geirs Gunnarssonar á s. l. vetri kom fram að árið 1974 hefðu félög, — þá er átt bæði við hlutafélög og aðrar félagseiningar sem með rekstur hafa að gera, þessi fyrirtæki höfðu dregið frá hreinum tekjum sínum, áður en skattur var á lagður, 511 millj. kr. á þessu eina ári. Nú er skattgjaldstofn félaga 53% og má því ætla að ríkissjóður hafi með þessu heimildarákvæði einu látið af hendi 271 millj. kr. til félaga á árinu 1974 og 781 millj. á 4 árum á tímabilinu 1971—1974. Því miður liggja ekki fyrir upplýsingar um notkun þessarar heimildar á árinu 1975, en vafalaust er þar ekki um lægri fjárhæðir að ræða en á árinu á undan.

Í öðru lagi ber að nefna almennar fyrningarreglur. Hámark fyrningar, er eins og kunnugt er, 15% á ýmsum tegundum lausafjár, þ. á m. vinnuvélum og flutningatækjum, svo sem skipum og vöruflutningabifreiðum, 12,5% á öðru lausafé, en af fasteignum frá 2 og upp í 8% eftir gerð byggingarefnis fasteignanna og tegundum þeirra. Þannig eru lægstar fyrningar á steinsteyptum verslunar- og skrifstofuhúsum, hæstar á verksmiðjum og verkstæðum eða vörugeymslum sem byggðar eru úr litt varanlegu efni, eins og tré eða málmum. Ef við á annað borð viðurkennum þá hugsun sem liggur að baki almennum afskriftarreglum að eigendur eigi að geta lagt til hliðar á hverju ári nokkra fjárhæð sem ekki sé skattlögð og þannig safnist í sjóð jafnvirði eignarinnar á sama tíma og hún gengur úr sér eða verður ónýt, þá verð ég að játa að mér sýnist að þessar almennu fyrningarreglur séu í grófum dráttum ekki óhæfilegar, þ. e. a. s. 12—15% fyrir eignir, sem ekki hafa áætlaðan endingartíma nema 6—8 ár, en miklu lægri fyrir varanlegri eignir. Þó virðist mér augljóst að hæpnastar séu þessar almennu fyrningarreglur varðandi skip. Skip endast, eins og kunnugt er, að öllu jöfnu í 15—20 ár og eru yfirleitt í miklu hærra verði þegar þau eru seld eftir 4 ár, a. m. k. heldur en þegar þau voru keypt, og kemur þar fyrst og fremst til verðbólguauki.

Atvinnurekendur hafa löngum kvartað yfir því að vegna verðbólgunnar væri endurnýjunarverðmæti eignanna langtum hærra, þegar framleiðslutæki væri endurnýjað, en numið hefði upphaflegu kaupverði og fyrningarverðinu á notkunartímanum og þar af leiddi að þeir bæru skarðan hlut frá borði. Ég vil hins vegar leyfa mér að halda því fram að þessi umkvörtun atvinnurekenda sé ekki að öllu leyti rökrétt. Flest atvinnufyrirtæki eru, eins og kunnugt er, keypt fyrir lánsfé a. m. k. að hálfu leyti og oft að 70—90%. Það er að sjálfsögðu ekki rökrétt að fyrirtæki fái aðstoð úr ríkissjóði til þess að fyrna þann hluta af eignum sínum sem er keyptur fyrir lánsfé, enda má að sjálfsögðu ætla að þegar atvinnurekandi kaupir næst atvinnutæki fái hann hlutfallslega ekki minna lánsfé en hann fékk í hið fyrra sinn og hann þurfti því raunverulega aðeins að fyrna eignarhluta sinn í atvinnutækinu. Þannig fyndist manni a. m. k. að löggjafinn ætti að líta á málið, en svo er ekki eins og kunnugt er.

Þá er ég kominn að þriðju stóru skattaívilnunarreglunni sem einmitt snertir þetta atriði, en það er reglan í 15. gr. skattalaganna, 6. mgr., um svonefndan verðhækkunarstuðul sem svari til hinna almennu verðbreytinga er átt hafa sér stað á skattárinu. Í 15. gr., 6. mgr., segir að verði almennar verðbreytingar til hækkunar á eignum sé skattþegni heimilt að fyrna slíkar eignir sérstakri óbeinni fyrningu sem skuli reiknuð af krónutölu þeirra fyrninga sem hann notaði á árinu og skuli hún ákveðin eftir verðhækkunarstuðli sem svari til hinna almennu verðbreytinga sem átt hafa sér stað á skattárinu. Samkv. þessu ákvæði ákvað hæstv. fjmrh. með auglýsingu nr. 381 1974 að verðhækkunarstuðull fasteigna á árinu 1974 skyldi teljast 60% af fasteignum og 70% af lausafé. Þetta eru langsamlega hæstu tölur sem hafa verið ákveðnar í sambandi við verðhækkunarstuðulinn, og til samanburðar má nefna að á árinu 1973 var verðhækk-

unarstuðullinn 10%. Eftir allharða gagnrýni sem fyrningarreglur sættu á Alþ. í fyrravetur gerði hæstv. fjmrh. ofurlitla bragarbót á þessu ákvæði með því að í lögum um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara, eins og frv. hét á sínum tíma og lögin eftir að þau tóku gildi, þau tóku gildi í aprílmánuði s. l., þá var ákveðið m. a. að við álagningu tekjuskatts fyrir skattárið 1974 skyldi þessi heimild, sem ég hef nú hér gert að umtalsefni, takmörkuð við 70% af þeirri hækkun sem ákveðin var með verðhækkunarstuðlum þeim sem fjmrn. auglýsti 23. des. 1974, eins og komist var að orði í ákv. til brb., c-lið, þessara laga. Þessi breyting á verðhækkunarstuðlinum þýddi það að verðhækkunarstuðullinn fyrir lausafé varð 49% í stað 70% áður, og þessi breyting hefur þær afleiðingar að fyrning á lánsfé, sem ella hefði að hámarki náð 15%, gat orðið 22.35% að þessu viðbættu.

Fjórða verulega skattaívilnunarreglan í þágu atvinnurekstrarins er í skattalögunum í d-lið 15. gr., og hún kveður svo á að til viðbótar fyrrnefndum fyrningarreglum sé heimilt að fyrna eignir um 30% af heildarfyrningarverði þeirra á 5 árum eða um 6% á ári. Þetta er hin margumrædda flýtifyrning og hún er komin inn í löggjöfina árið 1971. Þetta var eitt af seinustu verkum viðreisnarstjórnarinnar sálugu og þá var heimildin ótakmörkuð, hún gat orðið allt að 30% á einu ári, en í tíð vinstri stjórnarinnar, þegar kröfur voru uppi m. a. af hálfu Alþb. að þessi heimild yrði með öllu afnumin, varð niðurstaðan að flýtifyrningin var bundin að hámarki við 6% á ári hverju.

Eins og ég hef þegar tekið fram bætist þessi fyrningarheimild við allar fyrri afskriftaheimildirnar, sem ég hef nú rætt um, og því má sjá af þessum tölum að fyrning mjög margra eigna, þ. á m. vinnuvéla, bifreiða, krana, skipa, bæði fiskiskipa og flutningaskipa, og sem sagt annars lausafjár, getur orðið hæst 28.35% á einu einasta ári. Afleiðingin verður sú að vel er hugsanlegt og beinlínis líklegt að lausafé sé í mjög mörgum tilvikum að fullu fyrnt á 4 eða 5 árum.

Nú kynnu menn að segja að þetta kunni allt að vera gott og blessað og ekki sé kannske hægt að neita þessum tölulegu staðreyndum sem teknar eru beint upp úr löggjöf okkar. En þá skjóta menn því fram á móti að þegar 5 ár séu liðin og atvinnurekandinn sé búinn að hagnýta sér til fulls allar þessar fyrningarheimildir, þá sé hann búinn að taka út allan þann forða, sem hann hafði af að taka, og nú verði hann loksins að sæta því að fá engar afskriftir á eignir sínar á árunum sem fylgja í kjölfarið og hann fari því loksins eftir nokkurra ára skeið að borga mikla skatta og standi sem sagt algerlega berskjaldaður gagnvart tekjuskattsálagningunni, svo fremi hann hafi ekki verið búinn að hlaða einhverri nýrri fjárfestingu utan á þær eignir sem fyrir voru. En þá skal hér fram tekið að þetta er hinn mesti misskilningur. Ef eignin, sem búið er að afskrifa, er þess eðlis að auðvelt er að selja hana, þá á atvinnurekandinn enn einn leik á borði. Hann þarf ekki annað en að selja eignina og kaupa sér aðra eign jafnverðmæta eða dýrari, og þá gildir það að hvort sem þessi eign, sem hann kaupir í staðinn, er notuð eða ný, þá heimilast honum að byrja afskriftirnar á nýjan leik af fullum krafti eins og ekkert hafi í skorist.

Ég spurðist fyrir um það fyrir einu ári hjá skattayfirvöldum hvort það væri virkilega hugsanlegt að tveir útgerðarmenn, ef tekið væri dæmi, sem báðir hefðu eignast fiskiskip fyrir t. d. 150 millj. kr. hvor um sig fyrir fáeinum árum og báðir hefðu afskrifað skip sín á 4—5 árum allt að 90% og þannig sloppið hugsanlega við að greiða tekjuskatt sem nemur 135 millj. kr. hvor fyrir sig, — hvort það gæti virkilega verið að þessir menn kæmust upp með að hafa bara einfaldlega skipti á skipum í þeim tilgangi að geta byrjað að afskrifa hvor um sig sitt skip á nýjan leik. Ég spurði ríkisskattstjóra um þetta og ég fékk það svar að ekkert væri því til fyrirstöðu að þetta gæti gerst, ekki væru lögin því til fyrirstöðu a. m. k. því að samkv. e-lið 7. gr. skattalaganna um skattskyldan ágóða af sölu fyrnanlegs lausafjár er skattskyldan aðeins bundin við 4 ár. Sá, sem ætlar að leika þennan leik, þarf því ekki annað en að bíða í 4 ár með að selja skipið og skipta á því við einhvern annan. Eftir 4 ár er hann búinn að fyrna fyrra skipið um 90% og þá getur hann skipt og byrjað svo af fullum krafti að fyrna næsta skip sem væntanlega er þá allmiklu dýrara en það fyrra.

Kjarni málsins er sá að seljandi skips þarf ekkert að greiða í skatt af söluhagnaði eftir 4 ára eignarhald. Nú mun einhver skjóta því fram að ekki sé þetta alls kostar rétt hjá mér því að lögum samkv. eigi hann að greiða skatt af flýtifyrningunni, sem er 30% af þessum 90% sem maðurinn er hugsanlega búinn að fyrna, og hann eigi að skila til baka þeim skattaívilnunum sem liggi í því að hann hafi notað flýtifyrninguna til þess að sleppa við skattgreiðslu. Þannig er þetta einmitt hugsað í ákvæðinu sem snertir flýtifyrninguna. En ég verð enn að hryggja menn með því að þetta er samt sem áður ekki svona. Það er nefnilega séð fyrir því í enn einni smugu skattalaganna að viðkomandi maður þurfi ekki að standa nokkurn tíma skil á þessum skatti sem snertir flýtifyrninguna. Hann þarf ekki annað en að kaupa nýja eign, í þessu tilviki annað skip sem væntanlega er í verðbólguþjóðfélagi miklu, miklu dýrara en skipið sem hann var að fyrna, og þá heimilast honum að láta þær afskriftir, sem hann átti að greiða skattinn af, ganga upp í nýjar fyrningar sem geta numið, eins og ég hef áður sagt, allt að 28,35% á árinu 1975. Þegar verðbólgan er eins mikil og hún er þessi árin er því harla ólíklegt að viðkomandi maður borgi nokkurn tíma nokkurn skatt, ekki heldur af flýtifyrningunni.

Þessi fáránlegu fyrningarákvæði verða að sjálfsögðu enn fáránlegri í ljósi þess, sem ég hef áður nefnt, að lánafyrirgreiðsla til skipakaupa er 85—90% og lánin eru veitt til allt að 18 ára, meiri hlutinn af lánunum til 18 ára. Eftir 4 ár, þegar skipið er að fullu fyrnt,

hefur eigandinn sjálfur greitt um það bil 30—34% af andvirði skipsins. Þá selur hann skipið, og það er engin tilviljun að það er mjög algengt, næstum því að segja regla, að menn selji skip sín eftir 4—5 ár. Skýringuna þarf ég ekki að nefna, ég hef þegar nefnt hana. En þegar hann selur skipið hefur hann sem sagt þegar greitt 30—34%. Afgangurinn af andvirði skipsins er í raun og veru eign opinberra sjóða, en samt sem áður hefur útgerðarmaðurinn, áður en hann selur skipið, fengið tækifæri til þess að fyrna einnig þann hluta skipsins sem hann raunverulega á ekkert í.

Ég orðlengi ekki frekar um þennan fáránleika allan. Reglur um álagningu tekjuskatts á fyrirtækin eru mikið hneyksli og afleiðingin er sú að tekjur ríkissjóðs af atvinnurekstri eru mjög óverulegar, eru aðeins tæpar 1 000 millj. kr. af samanlögðum skatttekjum sem nema um 57 þús. millj. kr. á fjárlagafrv. fyrir 1976. Það er því augljóst að hlutfall gjalda atvinnurekstrarins af tekjum ríkissjóðs fer stöðugt minnkandi.

Í þeirri þáltill., sem hér er til umr. er ekki aðeins fjallað um skattgreiðslur félaga heldur einnig um tekjuskatt einstaklinga. Að undanförnu hafa heyrst miklar kvartanir um óréttláta álagningu tekjuskatts. Það, sem fyrst og fremst hefur stungið í augu, er hvað þeir aðilar, sem einhvern rekstur hafa með höndum, sleppa vel frá greiðslu tekjuskatts. Skýringarinnar hef ég þegar getið að nokkru leyti og þar á ég við fyrningarreglurnar. Það er sem sagt staðreynd að aldrei fyrr hafa verið leyfilegar jafnmiklar fyrningar og einmitt á þessu ári sem nú er að líða. En í öðru lagi hafa meðalvextir í þjóðfélaginu verið hærri á þessu ári en sennilega nokkru sinni fyrr. Rekstraraðilar hafa því haft óvenjulega háa frádráttarliði við álagningu tekjuskatts að þessu sinni og þeir eru því mjög skattlitlir ef ekki skattlausir. Víða úti um land hefur athygli manna sérstaklega beinst að einstaklingum sem reka fyrirtæki á eigin ábyrgð. Þegar reksturinn skilar litlum hagnaði, m. a. vegna fyrningarákvæða skattalaga, eru einstaklingum reiknaðar að sama skapi litlar tekjur. Í því tilviki er því um hvort tveggja að ræða, að hvorki rekstur inn né einstaklingurinn borgar skatt. Þetta er afar ranglátt og óheilbrigt, enda þarf auðvitað enginn að efast um að í flestum slíkum tilvikum hafa laun verið greidd þrátt fyrir allt, hvað sem bókhaldinu líður. Ekki lifa menn á loftinu einu saman. Þegar þannig stendur á er því óhjákvæmilegt að fela skattstjóra að áætla mönnum laun. Og það er einmitt það sem gert er ráð fyrir í c-lið þeirrar þáltill. sem hér er til umr.

Annað nauðsynlegt úrræði til þess að tryggja eðlilegar skattgreiðslur til ríkissjóðs er að settar verði nýjar reglur um leyfilegan frádrátt frá tekjum vegna vaxtagreiðslna. Um þennan frádráttarlið á skattframtali má margt segja, og vafalaust kemur til álita, þegar skattalögin verða einhvern tíma síðar meir gerð einfaldari og komið verður á staðgreiðslukerfi skatta, að þá verði þessir mörgu frádráttarliðir felldir niður og skattprósentan lækkuð að sama skapi. Eins er ljóst að á miklum verðbreytingatímum, verðbólgutímum, er réttmæti skattfrádráttarins vegna vaxta mjög hæpið og umdeilanlegt.

Í þessari þáltill., sem ég er að mæla fyrir, er ekki gert ráð fyrir því að vaxtafrádrátturinn verði með öllu felldur niður. Í till. er ríkisstj. falið að undirbúa lagafrv. um breyt. á tekjuskattslögum sem m. a. feli það í sér að því verði takmörk sett hve mikla vexti megi draga frá tekjum, þannig að hámark vaxtafrádráttar sé ákveðið árlega með hliðsjón af meðalvöxtum í þjóðfélaginu, almennu íbúðaverði og fjölskyldustærð viðkomandi skattþegns. Hér er sem sagt gert ráð fyrir því að þeir, sem hafa stofnað til skuldar vegna venjulegra íbúðakaupa, fái áfram að draga frá eðlilega, venjulega vexti sem þeir hafa stofnað til vegna slíkra kaupa. Hugsunin er sú, að settar yrðu eitthvað svipaðar reglur og eru í gildi varðandi lán húsnæðismálastjórnar í þessu sambandi.

Herra forseti. Í framsöguræðu fyrir fjárlögum 1976 vék hæstv. fjmrh. að þeim málum sem þessi till. fjallar um, þ. e. a. s. að ákvæðum um fyrningu eigna í atvinnurekstri, að skattmeðferð söluhagnaðar af eignum og álagningu tekjuskatts á einstaklinga sem reka atvinnufyrirtæki fyrir eigin reikning, eins og hæstv. fjmrh. sjálfur orðaði þessi atriði. Hann viðurkenndi í þessari ræðu að núverandi lagaákvæði hefðu sætt mikilli og vaxandi gagnrýni, en hann vildi þó engum úrbótum lofa fyrr en við álagningu skatta 1977. Hæstv. fjmrh. ætlar sem sagt að láta hneykslið endurtaka sig einnig á næsta ári, og hann eða flokkur hans þarf því ekki að óttast reiði þess hluta stuðningsmanna sinna sem myndar kjarna þess flokks. Þeir, sem njóta þeirra einstöku hlunninda að hafa miklar tekjur, en greiða af þeim lítinn eða engan skatt, eiga sem sagt að fá að gera það áfram a. m. k. eitt ár í viðbót. Hver verður svo fjmrh. á skattárinu 1977 og stjórnar álagningu skatta það er að sjálfsögðu spurning sem enginn getur svarað í dag.

Herra forseti. Þótt svo virðist að hæstv. fjmrh. og flokkur hans ætli að halda dauðahaldi í hin fáránlegu fyrningarákvæði og aðra verstu vankanta skattalaganna þykir mér satt að segja ótrúlegt að meiri hl. Alþ. sé sama sinnis. Þess vegna er þessi till. borin hér fram, og ég vil leyfa mér, herra forseti, að leggja til að þessari till. verði að lokinni umr. vísað til hv. fjvn.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég vil fyrst og fremst lýsa yfir eindregnum stuðningi Samtaka frjálslyndra og vinstri manna við þá till. sem hér hefur verið lögð fram af hv. þm. Ragnari Arnalds. Flm. hefur í ítarlegri framsöguræðu gert grein fyrir efnisatriðum þessarar till. og þeim rökstuðningi sem að baki hennar liggur. Ég held að það sé engin þörf á því að bæta þar sérstaklega við. Hitt held ég að sé vert að hugleiða, hve áhugalítill þingheimur virðist vera um þetta mál. Þegar þessi till. var tekin hér til meðferðar og meginþorra þess tíma,

sem hv. flm. gerði grein fyrir máli sínu, voru aðeins fáeinir þm. hér viðstaddir, og af þeim 42 þm., sem standa að baki þessarar ríkisstj., voru meginþorra tímabilsins aðeins 5—6 þm. sem léðu eyra þessum málflutningi. Hér er á ferðinni að mínum dómi einn alvarlegasti gallinn í fjármála- og siðgæðiskerfi íslenska þjóðfélagsins.

Flm. fór um þáltill. nægilega skýrum orðum, og ég þarf ekki að bæta við í þeim efnum. En það kann að vera talið bæði nú og síðar talandi tákn fyrir í senn pólitíska vilja og framtíðarstefnu og siðgæði þeirra flokka, sem að þessari ríkisstj. standa, að þegar hér er gerð grein á þennan hátt fyrir skattleysi hundraða fyrirtækja í Reykjavík sem velta milljörðum kr., þá skuli aðstandendur þessarar ríkisstj. ekki sjá neina sérstaka ástæðu til þess að ljá því eyra og enginn hæstv. ráðherra vera viðstaddur. Það er yfirlýsing sem ég tel tala nægilega skýru máli um það, að hæstv. ríkisstjórnarmeirihluti hér á Alþ. ætlar sér að láta þessa till. sem vind um eyru þjóta, og það sem meira er, hann ætlar sér ekki á yfirstandandi þingi að gera neinar úrbætur í þessum efnum. Hann ætlar að halda áfram að láta það líðast að hundruð fyrirtækja í þessu landi geti velt fjármunum upp á tugi milljarða án þess að gjalda af því nokkurt gjald til samfélagslegra þarfa. Þurfum við frekari vitna við um hvers konar þjóðfélag það er sem þessi ríkisstj. vill festa í sessi á Íslandi? Hundruð fyrirtækja geta komist hjá því að leggja til samfélagslegra þarfa þjóðfélagsins, á sama tíma og ríkisstj. hefur boðað að hún ætli að halda áfram að skerða lífskjör alþýðuheimilanna í landinu. Hæstv. forsrh. hefur boðað í stefnuskrárræðu sinni að það sé engra kjarabóta von, og hæstv. fjmrh. hefur boðað að hann ætli að skerða almannatryggingarnar í landinu og ýmsar af þeim réttindabótum sem alþýða þessa lands hefur haft.

Flm. till. benti rækilega á það að ríkissjóður er nú rekinn með meiri halla en dæmi eru til áður. Þessi ríkisstj. íhaldsins í landinu, sem hefur til skamms tíma talið sér til ágætis að vera einn helsti postuli stöðugrar fjármálastjórnar á Íslandi, hefur eftir eitt ár á valdaferli sínum afrekað það að skila ríkissjóði með meiri halla en nokkurn hefur dreymt um að yrði þolað áður. Það mætti því ætla að það væri einhver vilji af hálfu þeirra manna, sem eru í forsvari fyrir þessa ríkisstj. og telja sig a. m. k. á stundum vera boðbera heilbrigðrar fjármálastefnu, að reyna að nálgast það fjármagn, sem til er í landinu, til að rétta við þennan halla, þótt ekki væri nema til þess að reyna að hamla gegn verðbólgunni með því að reka ríkissjóð hallalaust. Einu tilburðirnir, sem þeir sýna í þá átt, er að ganga enn frekar að alþýðuheimilunum í landinu. En þessi hundruð fyrirtækja eingöngu á Reykjavíkursvæðinu, — ætli það yrði ekki yfir þúsund ef allt landið væri tekið, — það væri fróðlegt verkefni fyrir n., sem fær þessa till. til meðferðar, að kanna hvað þessi fyrirtæki eru mörg á öllu landinu. Ég hugsa að þau mundu nálgast þúsundið, ef ekki fara þar yfir. Og ætli það væru ekki orðnir 30—40 milljarðar sem þessi fyrirtæki hefðu velt án þess að greiða af því krónu til samfélagslegra þarfa? En við þessu ætlar ríkisstj. peningaaflsins á Íslandi sér greinilega ekki að hreyfa.

Ég er þess fullviss að verkalýðshreyfingin á Íslandi mun taka eftir því hver viðbrögðin hafa verið í dag gagnvart þessari þáltill. og það er athyglisvert að þeir menn úr liði stjórnarstuðningsmanna hér á Alþ., sem teljast til forustumanna fyrir verkalýðsfélögum, jafnvel fyrir verkalýðsfélögum sem vilja telja sig til láglaunaverkalýðsfélaga, hafa a. m. k. ekki enn séð ástæðu til þess að tjá sig um það hróplega ranglæti í íslensku þjóðfélagi sem þessi þáltill. gerir glögga grein fyrir og flm. ítrekaði enn frekar í sinni framsöguræðu. Verða þeir menn teknir alvarlega sem fulltrúar láglaunafólksins á Íslandi, eins og t. d. hv. 6. landsk. þm., Guðmundur H. Garðarsson, og aðrir þeir í stuðningsliði þessarar ríkisstj. sem telja sig fulltrúa láglaunafólksins á Íslandi, ef þeir ætla að láta þetta hneyksli viðgangast nánast stundinni lengur, ef þeir ætla að láta þetta Alþ. líða til enda án þess að það geri gagngerar breytingar í þessum efnum? Það verður prófsteinn, sem láglaunafólkið á Íslandi mun taka eftir, hvernig fulltrúar þess, eins og þessi hv. þm. og aðrir, bregðast við þessari till. Og ég er viss um að verkalýðshreyfingin á Íslandi, sem mun ganga til kjarasamninga innan tíðar, mun hafa það í huga hver viðbrögð ríkisstjórnarmeirihlutans hafa hér verið við þessari þáltill.

Það er alltaf erfitt að fullyrða hver sé vilji þjóðarinnar, og það ber að vara við því að menn taki sér það oft í munn að þjóðin sé þessarar skoðunar eða hinnar. En ég held þó að megi fullyrða það af viðbrögðum fjölda fólks síðustu vikur í heilum byggðarlögum að þau skattalög og sú staðreynd, sem þáltill. þessi greinir frá í fylgiskjali og er grundvölluð á, þverbrýtur gegn siðgæðisvitund þjóðarinnar. Almenningur í þessu landi er örugglega sammála um að þessi skattalög, þessi skattfríðindi hundraða fyrirtækja, séu hneyksli. Og það þarf meira en litla óskammfeilni af hálfu ríkisstj. að ætla sér að koma á næstu mánuðum til alþýðunnar í landinu og krefjast enn meiri fórna af hennar hálfu ef hún ætlar að láta þessi hundruð fyrirtækja halda áfram að moka til sín tekjum af þessum milljörðum án þess að leggja nokkuð til samfélagslegra þarfa.

Ég átti satt að segja von á því — það hefur ef til vill verið dálítið ungæðislegt — að þegar þessi till. kæmi hér til umr., þá mundu af hálfu ríkisstj. hæstv. fjmrh. og ýmsir aðrir fulltrúar og forsvarsmenn ríkisstj. taka alvarlega þátt í þessum umr. Mig óraði ekki fyrir því að öll, — ég undirstrika: öll hæstv. ríkisstj. yrði fjarverandi þegar þessi till. kæmi hér til umr., hún virti ekki einu sinni þetta mál viðlits, það væri slíkt aukaatriði að hæstv. ráðh. gwtu verið fjarverandi. Það væri fróðlegt fyrir þingheim og almenning í landinu að fá að vita hver væru þau skyldustörf, sem að þeirra dómi væru það mikilvæg að þeir þyrftu ekki að vera hér til þess að hlýða á eða taka þátt í þessum umr.

Það hefur verið gagnrýnt, eins og þingheimi

er kunnugt, að þm. sinntu ekki nægilega vel sínum störfum, ríkisstj. væri jafnvel ekki vandanum vaxin, menn tækjust ekki af nægilegri alvöru á við störf sín hér á Alþ. Mér þykir þetta dæmi, sem við höfum horft hér upp á í dag, þegar þetta mál hefur verið tekið til umr., fyllilega sýna að þessar gagnrýnisraddir almennings í landinu eru á rökum reistar. Þær eru á rökum reistar. Löggjafarstofnun, sem fæst ekki til þess að ræða í alvöru um það að hundruð fyrirtækja, sem velta tugum milljarða, greiði ekkert til samfélagslegra þarfa, löggjafarstofnun, sem fæst ekki til þess að ræða það í alvöru, rís ekki undir nafni. Það er engin furða þó að almenningur í landinu segi í viðtölum við fjölmiðla að þetta sé leikhús, þetta sé ekki alvörustofnun, það skipti engu máli hvað hér sé sagt, meðan fólkið í landinu horfir upp á eigendur þessara fyrirtækja taka til sín stórgróða á ári hverju í krafti þessarar löggjafar.

Herra forseti. Ég kvaddi mér hér hljóðs fyrst og fremst vegna þess að herra forseti var á leiðinni að slíta umr. í krafti þess að það hefði enginn kvatt sér hljóðs fyrir utan framsögumann um þetta mál. Mér fannst það slík hróplég ábending um hvar Alþ. íslendinga væri komið í umfjöllun um málefni þjóðarinnar að það væri ekki hægt að leiða það hjá sér. Ég vona satt að segja að þetta upphaf á umr. um þessa staðreynd, skattfrelsi þessara fyrirækja, verði ekki varanleg ábending um að Alþ. það, sem nú situr, muni ekki vilja í alvöru takast á við að breyta þessum skattalögum.

Ég vil svo að lokum ítreka það að minn flokkur lýsir yfir eindregnum stuðningi við þá till., sem hér hefur verið lögð fram, fagnar því sérstaklega að þetta mál skuli hafa komið hér til umr. á Alþ. og vonar fastlega að þeir fulltrúar í stjórnarandstöðu og í stjórnarflokkum einnig, sem sérstaklega vilja telja sig tengda láglaunafólkinu í landinu, sýni nú af sér manndóm og taki höndum saman við stjórnarandstöðuna um að breyta skattalögunum í þessu efni og samþykki þá till. sem hér hefur verið lögð fram.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil mótmæla því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að Alþ. vilji ekki ræða þetta mál. Ég held að það hafi einmitt reynt á það, þetta mál er á dagskrá og er til umr. Það á að vísa því í þn. Það á að fá þá meðferð sem mál hér almennt fá. Hitt er annað mál, og ég vil undirstrika það, að meðan málefnalausir menn, sem hafa ekki hundsvit á því, sem þeir eru að tala um, standa hér upp á Alþ. og halda slíkar ræður, þá held ég að það sé fyllilega undirstrikun á því, sem fólk segir stundum, að Alþ. sé hálfgert leikhús. Ef hv. síðasti ræðumaður heldur að hann hafi eitthvað gert í þá átt að hreinsa Alþ. af þessari fullyrðingu fólks, þá er það þveröfugt. Og það, að ríkisstj. er öll fjarverandi, bendir í mínum huga bara til þess að ráðh. hafa öðrum hnöppum að hneppa, og það kemur mér ekkert á óvart, vitandi hvaða dagur er í dag t. d. og vitandi líka að þetta mál kemur hér aftur til umræðna á öðru stigi eftir að hafa hlotið þá meðferð sem eðlileg er og þingmál almennt fá.

En það er undarlegt að það eru yfirleitt þeir menn, sem eru dæmigerð manntegund um þá sem hafa búið sig undir það lífsstarf að tala, en ekki vinna á þeim almenna vinnumarkaði, sem tala í þessum tóni um þá sem almennt eru kallaðir máttarstólpar þjóðfélagsins. Það fer ekkert á milli mála að atvinnurekstúrinn almennt á Íslandi telst til máttarstólpa þjóðfélagsins. Það fer heldur ekkert á milli mála að síðasti ræðumaður hefur búið sig undir að tala um ævina, en ekki vinna á þann hátt sem hann þykist vera talsmaður fyrir. Hann þarf ekkert að vera að draga hér forustumenn verkalýðshreyfingarinnar upp í stólinn, hvort sem þeir eru úr Sjálfstfl. eða öðrum, til að svara slíkum fullyrðingum sem hér komu fram áðan, að þeir hugsi ekki um hag sinna umbjóðenda. Það væri fróðlegt hvað út úr því kæmi ef síðasti ræðumaður kynnti sér af eigin raun, hvað er að standa í atvinnurekstri, og talaði svo á eftir.

Það er nefnilega staðreynd að þeir, sem hafa atvinnurekstur og reka fyrirtæki í landinu, og fólkið, sem vinnur þar, þeir standa undir þeim sem hafa búið sig undir lífið á opinberum launum eingöngu. Það fer ekkert á milli mála. Annars fengju þessir opinberu aðilar ekki sín laun greidd reglulega. Og það er ekki neinum blöðum um það að fletta að það hráefni, sem síðasti ræðumaður hefur til að móta úr sínar manntegundir, þeir nemendur njóta og hafa notið og koma til með að njóta styrkja, sem nú er gerð krafa um að verði 2000 millj. kr., vegna þess að atvinnurekstúrinn er rekinn í landinu af frjálsum aðilum ekki síður en opinberum aðilum.

Um till. sjálfa vil ég segja það, að ég tel ágætt að hún skuli hafa komið fram. Mér finnst það vera ábyrg till., og ég lít svo á að engin lög séu sett þannig að þau séu endanlegur árangur í einhverju. Ég álít að það sé rétt að endurskoða öll lög og allar reglur reglulega og það er fyllilega tímabært að athuga það þegar einhver tekur það upp. Nú hefur hv. þm. Ragnar Arnalds, 5. þm. Norðurl. v., gert það, og ég álít að það sé mjög gott. En það eru ýmsar fullyrðingar sem hann lét fylgja þessari annars ágætu till. úr hlaði sem ég vil gera athugasemdir við.

Það er alls ekki rétt hjá flm. að flest atvinnufyrirtæki séu keypt fyrir lánsfé. Það eru mörg atvinnufyrirtæki keypt fyrir lánsfé, það er ekkert óeðlilegt við það, en ég held að flest séu þau byggð upp af miklum dugnaði og þrautseigju. En miðað við afkomu margra þeirra er engu líkara en eigendurnir hafi bókstaflega verið þjóðnýttir. Fyrirtækin standa ekki lengur undir þeim byrðum sem á þau eru lögð. Það er staðreynd. Það verður ekki hrakið. Afrakstur þeirra er afskaplega lítill og það eru engin merki um mikinn tekjuafgang eða háar tekjur eða gróða þótt veltan geti verið mikil, það getur verið taprekstur á fyrirtækjunum. En þessi fyrirtæki eru yfirleitt þannig stödd að þau geta ekki einu sinni hætt þó að þau vildu, vegna þess að veltufé plús það lánsfé sem hægt er að spýta inn í fyrirtækin af og til, heldur þeim gangandi. Þetta er staðreynd og það vita allir sem koma nálægt rekstri. Ég held að flm. hafi þarna talað af ó-

kunnugleika á rekstri, en ekki af neinni vonsku hvað þá mannvonsku út í þá sem eru sjálfstæðir atvinnurekendur. Ég held að við séum ekki komnir það langt í kommúnisma enn þá að það sé af hreinni mannvonsku sagt þó að leiðin sé kannske í þá átt.

Ég ætla ekki að gera neinar athugasemdir við sjálfa till., sem hér liggur fyrir. En það er e-liðurinn. Hann er náttúrlega hættulegur, að einstaklingum, sem hafa tekjur sínar af eigin rekstri, verði framvegis áætlaðar ákveðnar lágmarkstekjur hvort sem reksturinn skilar bókhaldslegum hagnaði eða ekki. Það verður að vera, ef reksturinn og einstaklingurinn eru skattlagðir saman, eftir útkomunni á hverjum stað, og við verðum að treysta að þær opinberu stofnanir, sem hafa eftirlit með bókhaldi fyrirtækja við uppgjör árlega, gegni skyldu sinni. Það er ekki hægt að segja við mann, við skulum segja verkamann: Þú hafðir þessar tekjur í fyrra og þú átt að borga það sama næsta ár — hvort sem maðurinn hefur unnið eða unnið ekki, hefur legið veikur eða af öðrum ástæðum ekki haft atvinnu. Það eru bara áætlaðar lágmarkstekjur. Ég er á móti því að áætla tekjur á nokkurn mann. Það verður að vera raunhæft, það sem við gerum.

Ég vil ljúka máli mínu með því að segja að ég hef ekkert á móti þessari till. í sjálfu sér. Það er ágætt, að hún verði grandskoðuð. Ég vil aftur á móti draga í efa að það hafi átt sér stað, eins og flm. benti á, að eigendur skipa hafi haft skipaskipti bara til þess að braska með eignir, ég skal ekki fullyrða um það. Ef svo er, þá er það dæmi sem ég þekki ekki. En hitt er annað mál, að það er í mínum augum og huga furðulegt að á Alþ. skuli vera bent á leiðir til að fara fram hjá lögunum og í kringum þau. Það er alveg furðulegt. Ég hef ekki orðið var við að þetta hafi verið gert, en nú er alþm. og það forustumaður stjórnmálaflokks á Alþ. búinn að benda mönnum á leið til að fara löglega í kringum lögin. Það er út af fyrir sig merkilegt. Ég sem sagt ætla ekki að lýsa neinum sérstökum stuðningi við þessa þáltill. á þessu stigi, en hún fer í n. og kemur aftur og verður frekar til umr. Hvort það kemur út úr því að fyrningarreglum eða afskriftarreglum fyrirtækja verði breytt á þann hátt sem hér segir eða ekki, ég skal ekki segja um það. Ég held að þessi till. fái fullkomlega þá meðferð sem önnur mál fá hér á Alþ. og ástæðulaust að gefa í skyn að hún fái það ekki.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Út af þessari þáltill. vil ég segja örfá orð.

Ég vil taka undir orð hv. 12. þm. Reykv., Alberts Guðmundssonar, um að menn verða helst að vita um hvað þeir eru að tala ef hér eiga að vera alvöruumr. um atvinnufyrirtækin í landinu og skattamál þeirra. Því miður fyrir hv. 3. landsk. þm., Ólaf Ragnar Grímsson, hefur hann afar takmarkað vit á atvinnurekstri og þá alveg sérstaklega að mínu áliti fjármálahlið atvinnurekstrar í landinu. Það er ágætt að hafa góða menntun og gegna sínu starfi í Háskóla Íslands, en menn þurfa helst að hafa unnið úti í atvinnulífinu og fjallað um þann þátt mála, sem hér er til umr., svo að hægt sé að rökræða við þá um fyrningarreglur og skattamál almennt.

Varðandi þáltill. Ragnars Arnalds vil ég segja það, að mér finnst þessi þáltill. ekki nægilega vel ígrunduð. Það eru stórgallaðar forsendur sem hv. alþm. gefur sér þegar hann undirbýr þessa þáltill. Eins og fram kemur í grg. hjá honum, eru niðurstöður mjög ýktar og verð ég að segja að það er hörmulegt að einn af forustumönnum á Alþ. skuli koma með þáltill. og hamra á því hér í ræðum fund eftir fund, auk þess sem hann hefur túlkað mál sitt í sínu málgagni með þeim hætti sem hann gerir í grg., þegar hann er að leiða rök að því hvað skattsvik hljóti að vera mikil í landinu. Þetta er alvarlegur áburður gagnvart þeim, sem eru í atvinnulífinu, og mjög alvarlegt að leiða almenning, alþýðu landsins, út á rangar brautir í þeim efnum og gefa í skyn að stórfyrirtæki, sem raunverulega greiða sína skatta og skyldur samkv. lögum, séu hugsanlega skattsvikarar og hjálpi til við það að þrengja kjör almennings með þeim hætti sem hv. þm. hefur gefið í skyn.

Ég vil víkja að því sem kemur fram í grg. og fskj. þar sem er rætt um félög í Reykjavík sem ekki greiða tekjuskatt. Ég vænti þess að hv. þm. Ragnar Arnalds viti að t. d. fyrirtæki eins og Samband ísl. samvinnufélaga og Samábyrgð ísl. fiskiskipa, svo að einhver séu nefnd, að ég nefni nú ekki sölusamtök fiskiðnaðarins, þetta eru yfirleitt fyrirtæki sem eru þannig uppbyggð að í lok hvers árs er öllu skipt upp til aðildarfélaga þessara stóru samtaka eða fyrirtækja, þannig að sú skattgreiðsla, sem um er að ræða vegna þeirrar atvinnustarfsemi sem er á vegum þessara fyrirtækja og undirfyrirtækja þeirra, fer fram í þeim fyrirtækjum sem mynda þessar stofnanir. Það er því mjög villandi, þegar verið er að tala um heildarveltu, að draga svona fyrirtæki þar inn í. Þess vegna verð ég að segja það að mér finnst að hv. þm. hafi þarna dregið upp stórýkta og skakka mynd af þessum málum. Hins vegar tek ég undir það sjónarmið og tel það sjálfsagt, auk þess sem það hlýtur að vera skylda Alþ., að sjá til þess að skattalög séu með þeim hætti á hverjum tíma að tryggt sé að sérhvert fyrirtæki og einstaklingar greiði þá skatta og þær skyldur sem viðkomandi ber. Um það þarf að sjálfsögðu ekki að hafa langar umr. Það er þess vegna sjálfsagt að ræða um fyrningarákvæði, ræða um vaxtafrádrátt o. s. frv. og ræða yfirleitt um skattamál þannig að unnið sé að því að tryggja framgang skattalaga og innheimta skatta með eðlilegum hætti. En þá verða menn líka að gera það á réttum forsendum. Ég lýsi þess vegna stuðningi við sérhverjar hugmyndir sem miða í rétta átt í þessum efnum, en áskil mér allan rétt til þess að fara nánar ofan í það en gert hefur verið með þeirri þáltill. sem hv. þm. hefur lagt hér fram, því að það þarf að vinna betur að þeim efnisatriðum og þeim röksemdum sem eru á bak við till.

Ég tel mig einnig hafa svarað nokkuð því sem hv. 3. landsk., Ólafur Ragnar Grímsson, kom með áðan í ræðu sinni þegar hann talaði

um pólitískt siðgæði, þegar hann talaði um skattleysi hundraða fyrirtækja, að hundruð fyrirtækja veltu fjármunum án þess að gjalda nokkuð til samfélagslegra þarfa. Ég hef þegar svarað því nokkuð að sú mynd, sem dregin er upp í grg. þessarar þáltill., er ekki rétt. Ég kannast ekki við það og vil ekki viðurkenna það að meginþorri þeirra, sem bera ábyrgð á atvinnurekstri á Íslandi, sé skattsvikarar og gegni ekki sinni borgaralegu skyldu sem þeim ber. Þetta eru mjög ómaklegar árásir á þá menn sem leggja það á sig og standa í því erfiði að hafa forustu fyrir atvinnurekstri á Íslandi, hvort sem um er að ræða menn í einkafyrirtækjum eða í fyrirtækjum sem rekin eru með félagsrekstri. Þetta er ómaklegt og óviðeigandi, að þannig skuli vera fjallað um þessa menn hér á hv. Alþ.

Um afstöðu verkalýðsforinga til þessara mála er þetta að segja: Það er ekkert keppikefli verkalýðsforingja að alþm. eða embættismenn ríkisins séu með gífuryrði eða till. sem ganga í þá átt að þrengja — ég segi: þrengja enn meira hag þeirra fyrirtækja sem eru í atvinnulífinu og ekki eru þjóðnýtt. Það er hagur verkalýðsins, það er hagur þeirra sem eru í forustu fyrir verkalýð, að þessi fyrirtæki hafi betri rekstraraðstöðu en þau yfirleitt hafa haft. Samningsaðstaða og möguleikar fólksins, sem vinnur í þessum fyrirtækjum, er þeim mun betri eftir því sem afkoma fyrirtækjanna er betri.

Varðandi það atriði, sem snýr að fyrningarákvæðum, er rétt að vekja athygli hv. 3. landsk. þm. á því að eftir því sem þrengt er meira að fyrningarákvæðum getur verið erfiðara að endurnýja þau atvinnufyrirtæki sem fólkið byggir líf sitt og afkomu á. Og það er rétt að hafa í huga að fyrningarákvæði eru ekki aðeins fyrir einkafyrirtæki, þau eru fyrir fyrirtæki í heild, í hvaða rekstrarformi sem þau eru. Þess vegna er það auðvitað skylda okkar, sem erum í forustu verkalýðshreyfingarinnar, að gæta þess sérstaklega að ríkið gangi ekki það langt í skattheimtu að að fyrirtækjum verði þrengt með þeim hætti að lífskjör og möguleikar fólksins, sem þar starfar, versni að sama skapi.

Ég mun ekki hafa fleiri orð um þessa þáltill. að svo stöddu. En ég vil taka það skýrt fram að auðvitað ber að hafa þessi mál jafnan í endurskoðun og athugun og auðvitað ber og það er sjálfsögð skylda okkar að gera þær ráðstafanir að allir greiði sína skatta og skyldur svo sem lög mæla fyrir og á eðlilegan hátt.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það voru ekki sérlega þungvægar aths., sem fram voru fluttar af hv. þm. talsmönnum Sjálfstfl., þm. Guðmundi H. Garðarssyni og Albert Guðmundssyni. Hv. þm. Albert Guðmundsson ræddi einkum um atvinnufyrirtækin sem máttarstólpa þjóðfélagsins, og sá ég ekki að það væri í sjálfu sér neitt gilt svar við þeirri till., sem ég hef hér lagt fram. Hann hafði reyndar ekki miklar aths. við hana að gera að svo stöddu, vefengdi fátt sem þar stendur, en hélt því þó fram að það væri rangt að flest atvinnufyrirtæki væru byggð upp fyrir lánsfé. Hér er að sjálfsögðu erfitt að leggja sönnunargögn á borðið. En ég vil leyfa mér að benda hv. þm. á, að ekkert fyrirtæki í sjávarútvegi er í dag byggt upp án þess að meiri hl. fjárfestingarinnar og það mikill meiri hl. sé fenginn fyrir lánsfé. Ekkert fyrirtæki í fiskiðnaði er í dag byggt upp án þess að meiri hl. og það mikill meiri hl. sé fenginn fyrir lánsfé. Ég þori að fullyrða að mikill meiri hl. iðnfyrirtækja, sem reist eru hér á landi, er byggður að meiri hl. fyrir lánsfé. Þá eru að vísu eftir allmörg önnur fyrirtæki, en þetta eru samt sem áður þrír stærstu flokkar fyrirtækja hér á landi og því mjög líklegt að þessi orð mín nægi til þess að færa rök fyrir þeirri staðhæfingu minni að flest fyrirtæki séu byggð upp fyrir lánsfé. Það má að sjálfsögðu nefna fyrirtæki, sem ekki eru byggð upp fyrir lánsfé, og það eru þá einkum ýmis verslunarfyrirtæki, vegna þess að verslunin býr ekki yfir miklum stofnfjársjóðum. En sú fullyrðing mín að þetta gildi um meiri hl. fyrirtækja er áreiðanlega rétt.

Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson hélt því fram, að forsendur þessarar till. væru gallaðar og niðurstöður hennar ýktar. En hann gerði ekki hina minnstu tilraun til þess að vefengja eitt einasta atriði sem í till. stendur. Hann hélt því reyndar fram að í till. væri aðallega fjallað um skattsvik. Þótti mér koma úr hörðustu átt að þessi hv. þm. skyldi halda hér fram að annar þeirra, sem í ræðustólinn komu á undan honum, talaði um þetta mál af einhverri vanþekkingu, því að það var bersýnilegt að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson hafði ekki hugmynd um hvað till. fjallar um. Hún fjallar ekki fyrst og fremst um skattsvik. Það er hinn mesti misskilningur. Það er einmitt skýrt fram tekið, bæði í grg. og í framsöguræðu með till., að hún fjallar um breytingar á lögleyfðum leiðum til undandráttar frá skatti. Þetta er því stórkostlegur misskilningur frá upphafi til enda hjá hv. þm. — Ef hann hefur ekki heyrt það sem ég var að segja, þá var ég einfaldlega að segja að till., sem hér um ræðir, fjallar alls ekki um skattsvik fyrirtækja, — alls ekki, það er mesti misskilningur. (Gripið fram í.) Já, það hlýtur hins vegar að byggjast á því að hv. þm. hefur alls ekki lesið till. eða hlustað á þá ræðu, sem hér var flutt áðan, og er því kannske ekki heppilegasti maðurinn til að áfellast aðra fyrir að vera ókunnugir þessum málum.

Það eina, sem fram kom hjá hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni, var að hann nefndi dæmi þess, að um væri að ræða fyrirtæki sem ekki væru rekin með það í huga að þau skiluðu miklum hagnaði, og átti þá við að um væri að ræða þess háttar móðurfyrirtæki sem fyrst og fremst væru rekin í þágu fyrirtækja sem að þeim stæðu. Þetta er út af fyrir sig rétt. En ég vona, að allir hv. þm. skilji að þegar gerður er listi þar sem tekin eru öll félög, sem ekki greiða tekjuskatt á árinu 1975 og hafa yfir ákveðna lágmarksveltu, þá er ekki hægt að fara að fella úr eitt og eitt fyrirtæki sem menn gætu hugsanlega haldið fram að ekki væri alveg nákvæmlega eins ástatt um og önnur fyrirtæki á listanum. Það verður að sjálfsögðu að taka öll fyrirtækin með. En varðandi það atriði,

að það sé óeðlilegt að reikna með því að þessi ákvæðnu fyrirtæki, sem hann nefndi, borgi tekjuskatt, þá vil ég nefna það hér að ég þori að fullyrða það, þótt ég hafi að vísu ekki skattskrá 1974 fyrir framan mig, en ég þori að fullyrða það að þau fyrirtæki, sem hann nefndi, borguðu tekjuskatt á árinu 1974, þó að þau geri það ekki nú. Það er því ljóst að þau hafa tekjur og geta haft miklar tekjur og hafa greinilega a. m. k. á s. l. ári greitt skatt af þeim.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þessar aths. Þær voru nánast eins fátæklegar og hugsast gat. Ég verð bara að lýsa vonbrigðum mínum með að einn af forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar hér á landi, einn af þeim sem á að heita að sé í fyrirsvari fyrir láglaunastéttirnar, hann skuli telja það skyldu sína að koma hér upp í ræðustól til að grípa til varnar fyrir það hneyksli að yfir 400 fyrirtæki í Reykjavík greiða engan tekjuskatt á þessu ári. Hann veit það að sjálfsögðu jafnvel og aðrir að ef þessi fyrirtæki hefðu ekki haft allar þessar lagaheimildir til þess að komast hjá skattgreiðslum, þá væri fjárhagur ríkissjóðs með allt öðrum hætti og ekki hægt að færa nein rök fyrir þeim síauknu skattaálögum sem ríkisstj. stendur nú fyrir, t. d. stórfelldri söluskattshækkun á undanförnum 12 mánuðum eða síðan hún kom til valda. Ég verð sem sagt að segja það, að mér finnst hörmulegt til þess að vita að hv. þm., einmitt hann, sem átti að heita í fyrirsvari fyrir láglaunafólk, skyldi telja það skyldu sína að grípa hér til varnar fyrir atvinnurekstur sem kemst undan því að borga tekjuskatt.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að rökræða við hv. þm. Albert Guðmundsson, 12. þm. Reykv., eða hv. 6. landsk. þm., Guðmund H. Garðarsson, um það hvort ég hafi nægilegt vit á atvinnulífi til þess að mega standa hér upp og tjá mig um skattagreiðslur íslenskra fyrirtækja. Mér hefur reynst það oft á undanförnum árum að þegar fulltrúar íslenskra atvinnurekenda eru komnir í rökþrot, málefnaleg rökþrot, þá er þeirra síðasta vörn að berja sér á brjóst og segja við mig og ýmsa aðra, sem ekki hafa rekið fyrirtæki: Þið þekkið þetta ekki. Þið hafið ekki tekið þátt í að reka fyrirtæki. Þið vitið ekkert um hvað þið eruð að tala — Og svo fær maður lítið meir. Það er barið sér á brjóst og sagt: Þú hefur ekki vigst til þeirra helgu véa sem íslenskur atvinnurekstur er, haf þú hægt um þig, ungi maður. — Þetta er boðskapurinn nánast. En efnisleg rök við gagnrýni eru lítil sem engin, eins og hv. þm. Ragnar Arnalds hefur undirskrifað og kom fram hjá þeim báðum að efnisleg rök gagnvart þeirri þáltill., sem hér er til umr., komu engin fram.

Ég get alveg fallist á það með hv. þm. að það eru ýmsir þættir í íslenskum atvinnurekstri sem ég og ýmsir af minni kynslóð erum ekki kunnugir. Við erum t. d. ekki kunnugir því hvernig atvinnurekendur komast í almenna sjóði, hvernig þeir koma sér upp samböndum við bankastjóra til þess að geta hagnýtt sér lánsfé almennings og rekið sín fyrirtæki. Við erum ekki kunnugir því hvernig menn afla sér umboða sem skila þeim miklum tekjum án þess að þeir þurfi að leggja nokkuð af mörkum, láta jafnvel ríkið selja og flytja inn vörurnar fyrir sig og fá svo sjálfir kommissjón af öllu saman. Það er alveg rétt, að við höfum ekki kynnst slíkum heimi. Það væri fróðlegt ef þeir hv. þm., sem telja sig þess bæra að upplýsa okkur aðra um vinnubrögðin í íslenskum atvinnurekendaheimi, segðu okkur undan og ofan af því hvernig ýmsum helstu stórfyrirtækjum landsins hefur verið komið á laggirnar og í krafti hvaða fjármálasambanda við lánastofnanir almennings og erlenda og innlenda aðila þau hafa auðgast. Það má vel vera að við, sem ekki höfðum vígst til þessara helgu véa, vinnubragða íslenskra atvinnurekenda, séum ekki færir að fjalla um það helga hof, íslenskan atvinnurekstur. Það má vel vera. En þá eru ýmsir fleiri, hv. þm. Albert Guðmundsson, sem ekki eru til þess hæfir, m. a. öll núv. ríkisstj. Það væri fróðlegt að fá það fram, vegna þess að hv. þm. Albert Guðmundsson og Guðmundur H. Garðarsson eru farnir að gefa mér og nánast Ragnari Arnalds einnig einkunn fyrir það hvort við séum hæfir til þess að fjalla um atvinnureksturinn í landinu eða ekki. (**GHG:** Þú verður að þola að þú sért gagnrýndur, hv. þm.) Jú, jú, ég vona þó að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson þoli það, að honum sé svarað. (**GHG:** Mér finnst það.) Gott, ég mælist þá til þess að þið fræðið þingheim um það hvaða ráðh. í núv. ríkisstj. eru færir að fjalla um atvinnurekstur og hvar þeir hafa vígst til þessara véa. Ég veit ekki til þess að margir þeirra, ef ekki allir, hafi nokkurn tíma komið nálægt atvinnurekstri, þó að sumir þeirra kunni að hafa átt í stöku fyrirtæki hér og þar. Og ég er viss um að það er þorri þm. samkv. þessum mælikvarða Alberts Guðmundssonar og Guðmundar H. Garðarssonar sem er alls ekki fær að fjalla um íslenskan atvinnurekstur. Og það var þá tími til kominn að Sjálfstæðisfl. skilaði inn í þingsalina slíkum kempum úr íslenskri atvinnurekendasveit eins og Albert Guðmundssyni og Guðmundi H. Garðarssyni, svo að það væri þá hægt að fjalla um þessi mál hér á þinginu. Við hinir, sem höfum ekki kynnst þessum helgu véum, gætum þá sest við fótskör meistaranna og fengið að hlýða á hvernig íslenskir atvinnuvegir eru reknir, hvernig menn geta safnað auði, en verið sífellt að tapa. Ég er reiðubúinn að hlýða á þann fyrirlestur, hvort sem menn vilja veita hann hér úr ræðustól eða annars staðar.

Hitt er svo annað mál, hvort íslenskur atvinnurekstur er rekinn fyrir eigið fé eða lánsfé, og það hafa komið fram um það hér skiptar skoðanir. Það er mjög einföld lausn í þessari deilu, og ég vona að hv. þm. Albert Guðmundsson sé nú reiðubúinn til þess að ganga til liðs við mig og jafnvel hv. þm. Ragnar Arnalds og flytja hér till. um að það verði gerð opinber úttekt á því hve mikill hluti fjárfestingar og fjármunamyndunar í íslenskum atvinnurekstri er fyrir lánsfé úr bönkum ríkisins og almannasjóðum, hvað mikið af þeirri eignamyndun, sem átt hefur sér stað í íslenskum atvinnurekstri, t. d. á s. l. 5 árum, er fyrir fé almennings í landinu og hvað mikið er fyrir eigið fé. Og af því að ég veit að hv. þm. Albert Guðmundsson er karl-

menni mikið og drengskaparmaður að margra sögn, þá mun hann vera reiðubúinn til að flytja þessa till. með okkur, þannig að það komi fram svart á hvítu hvað íslenskir atvinnurekendur hafa eignast mikið í krafti eigin fjár og hvað mikið í krafti almannafjár. Þá þarf ekki að vera að deila um þetta atriði hér. Þá getum við einfaldlega fengið niðurstöður þess máls.

Ég er vissulega maður til þess að bera það að vera borinn þeim sökum að hafa ekki vit á atvinnulífi. Það er ekki í fyrsta skipti nú sem maður heyrir það og við þessir svokallaðir skólamenn eigum helst ekki að tala um neitt sem snertir raunverulegt atvinnulíf í landinu. En hitt þótti mér verra, að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson skyldi koma hér upp, fjalla um þessa þáltill., telja henni vítt og breitt flest til foráttu án þess að sjá ástæðu til þess að nefna sjálfur einn einasta galla á núverandi skattalögum hvað þau atriði snertir sem fjallað er um í þessari till. Og ég vil leiðrétta hann eins og hv. þm. Ragnar Arnalds gerði. Ég fjallaði ekki um skattsvik. Sú skattsvikaumr., sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson taldi sig vera að taka þátt í, var eintal og gefur kannske til kynna að það örli á því að honum finnist núv. skattal. óeðlileg, því að við voru eingöngu að ræða um það sem liðst í krafti núverandi laga. Skattsvik eru allt annað og um þau fjallar ekki þessi till., eins og hv. flm. hefur bent á, svo að ég vona að Guðmundur H. Garðarsson, hv. þm., kynni sér þetta efni betur og átti sig á því að hér er verið að fjalla um lög í landinu, ekki hvernig komist sé í kringum þau, heldur hvernig lögin sjálf eiga að vera.

Ég vil taka undir það, að það var nánast sorglegt, og ég vona, að það hafi verið aðeins persónuleg mistök, en ekki ábending um raunverulega afstöðu hv. þm., að þegar hann kom hér í stólinn til þess að fjalla um þetta efni, þó sló hjarta hans ótt og títt með atvinnurekendum í landinu, en ekki með láglaunafólkinu. Það kom engin ábending fram hjá hv. þm. um að það væri þörf á einhverri lagfæringu í þágu láglaunafólksins í landinu. Þvert á móti tíundaði hann erfiðleika íslenskra atvinnurekenda og mælti þessari till. flest til foráttu. Það var nánast að skilja á honum að núverandi löggjöf fæli í sér mikið óréttlæti gagnvart atvinnurekendum í landinu og væri ekki þörf á neinum úrbótum í þessu efni.

Herra forseti. Ég lofaði að hafa þetta mál ekki langt. Ég vona satt að segja, þó að það skipti mig engu persónulega, að umr. hér um atvinnurekstur og efnahagsvanda þjóðarinnar fari ekki að komast niður á það stig að sumir hv. þm. lýsi því yfir að þeir telji aðra þm. beinlínis ekki hafa neitt vit á þessum málum. Við skulum svara hvor öðrum efnislegum röksemdum, en láta það liggja á milli hluta að fella dóm um það hver okkar hefur mest vit til að bera í þessum efnum. Það eru málefnin sjálf, röksemdirnar og gagnröksemdirnar, sem eiga að tala sínu máli. Af því geta menn dregið ályktanir um vitið. En að koma hér í pontuna og berja sér á brjóst, eins og Albert Guðmundsson og Guðmundur H. Garðarsson gerðu, og segja: Við einir vitum — hefur um aldaraðir verið háttur hræsnara einna.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að varpa fram þeirri spurningu fyrir þingheim hvort það sé fjandskapur við íslenska verkalýðshreyfingu að óska þess að afkoma atvinnuveganna sé góð. Þá skil ég ekki íslensku ef það telst vera fjandskapur við íslenskan verkalýð. Það, sem ég sagði í minni fyrri ræðu að ég teldi að það væri íslenskum verkalýð fyrir bestu að afkoma fyrirtækjanna væri góð vegna þess að við það væri svigrúmið meira til þess að verkalýður gæti tryggt sín kjör betur. En það er náttúrlega hægt að snúa út úr orðum manna hér og finna það út sem maður óskar eftir, og þannig hafa báðir hv. þm., 3. landsk. og 5. þm. Norðurl. v., hagað sínum orðum hér. Ég frábið mér að það sé verið að bera mér það á brýn, þótt ég segi það — og endurtek það, að það er verkalýðnum fyrir bestu að hv. Alþ. hagi störfum sínum þannig að verkalýðshreyfingin og aðilar vinnumarkaðarins hafi meira og betra svigrúm til samningsgerðar heldur en raun ber vitni og verið hefur á undangengnum árum. Því miður hefur Alþ. of oft gripið inn í tekjuskiptinguna með þeim hætti að það hefur verið verkalýðshreyfingunni mjög óhagkvæmt. Get ég vitnað í mörg dæmi þess. Þannig hefur samningsfrelsið verið óbeint takmarkað. Á það við um allar stjórnir, hvort sem þær eru hægri eða vinstri stjórnir.

Ég vil vekja athygli hv. þm. á því að þau fyrningarákvæði, sem verið er að ræða um, voru samþykkt í tíð vinstri stjórnarinnar. Sá þáttur í fyrningarreglunum, sem hér er sérstaklega til umr., er verðhækkunarstuðull fyrninganna, en hann var einmitt samþykktur í tíð vinstri stjórnar, eins og fram kemur í þáltill. hv. 5. þm. Norðurl. v. (Gripið fram í.) Það er alveg rétt, en þá hlýtur sökin að vera þeirra sem settu þessar reglur eða ákváðu lögin þannig.

Það er einnig alrangt og hrein ósannandi og útúrsnúningur að ég sé hér einhver talsmaður þess að fyrirtæki í landinu eigi ekki að borga skatta. Ég tók skýrt fram í minni ræðu að ef lögin eru þannig úr garði gerð frá tíð vinstri stjórnar, þá er það skylda okkar að breyta lögunum þannig að allir, fyrirtæki og einstaklingar, greiði þann skatt og skyldur sem þeim ber. Þetta tvítók ég í minni fyrri ræðu. Og ég vara við því alvarlega að formaður Alþb. fari með ósannindi úr ræðum manna hér á hv. Alþ. Það er nóg að hans „ágæta blað" beri á menn ósannindi sem blaðið verður síðan að éta ofan í sig nokkrum dögum seinna, þó að það sé ekki einnig gert hér á þingi, að maður þurfi að óska eftir því að hv. þm. éti það ofan í sig sem þeir segja hér og hafa rangt eftir.

Það er svo mál til frekari umr. síðar að ræða hvernig íslensk stórfyrirtæki hafi komist á laggirnar. Ég vil svara því með einni setningu hér í dag, en mun væntanlega geta svarað því betur síðar ef umr. verða um það hér. Ef hv. þm. gefa sér tíma til að ræða ítarlega um íslenska atvinnuvegi, íslensk fyrirtæki, láta ekki allt snúast um það hvernig á að leggja aukna skatta og byrðar á þegnana og þar með verkalýðinn, þá skal ég reyna að leggja mitt af mörkum til þeirrar umr. En í einni setningu skal ég svara hv. þm. um það hvert er mitt mat á því hvern-

ig íslensk stórfyrirtæki eru orðin til. Þau hafa orðið til fyrir vinnu og ég vil segja: fyrir vinnu heiðarlegra manna.

Ég leyfi mér hér að vera í vörn og verja íslensk fyrirtæki, þau eiga ekki svo marga málsvara á þingi að þeim sé það of gott að einn af verkalýðsforingjunum taki afstöðu með þeim, því að þar vinnur meginþorri þess fólks sem við erum í forustu fyrir, þeirra verkalýðsfélaga sem eru úti á hinum almenna vinnumarkaði. En varðandi það að fyrirtækin greiði ekki til samfélagsþarfa vil ég segja þetta: Aðstöðugjaldið fer allt til samfélagsþarfa. Ég vil benda á það. En ég ítreka það að ég skal vera þátttakandi í því með hv. 5. þm. Norðurl. v. að sé þörf á breytingum á skattalögum og fyrningarreglum, þannig að það verði tryggt að sérhver greiði sitt og þær röngu og vitlausu reglur, sem vinstri stjórnin samþykkti á sínum tíma, verði ekki áfram við lýði, þá skal ég taka þátt í því að breyta þeim.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 16. fundur.

Mánudaginn 17. nóv., kl. 2 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 17. nóv. 1975.

Þorv. Garðar Kristjánsson, ritari þingflokks sjálfstæðismanna, hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Samkv. beiðni Gunnars Thoroddsens, 2. þm. Reykv., sem nú er erlendis í opinberum erindum, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþ. að óska þess að vegna forfalla annars varamanns taki þriðji varamaður hans, Kristján J. Gunnarsson fræðslustjóri, á meðan sæti hans á Alþ."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ingvar Gíslason,
forseti Nd."

Enn fremur hefur borist annað bréf:

„Reykjavík, 17. nóv. 1975.

Hér með tilkynnist yður, að ég get ekki komið því við vegna anna að taka nú sæti á Alþ. í forföllum Gunnars Thoroddsens iðnrh.

Virðingarfyllst,
Gunnar J. Friðriksson."

Fyrir liggur kjörbréf Kristjáns J. Gunnarssonar og bið ég kjörbréfanefnd að taka kjörbréfið til rannsóknar. Áður en ég fresta fundi les ég þriðja bréfið sem mér hefur borist:

„Reykjavík, 17. nóv. 1975.

Jón Helgason, 4. þm. Sunnl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég undirritaður verð í sendinefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum um nokkurn tíma get ég ekki tekið þátt í störfum Alþ. á næstunni. Með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþ. óska ég þess að 1. varamaður Framsfl. í Suðurlandskjördæmi, Guðmundur G. Þórarinsson verkfræðingur, taki sæti á Alþ. meðan á fjarveru minni stendur."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Þorv. Garðar Kristjánsson,
forseti Ed."

Guðmundur G. Þórarinsson hefur áður setið á þingi og þarf ekki að rannsaka kjörbréf hans og býð ég hann velkominn til starfa.

En þá leyfi ég mér að biðja kjörbréfanefnd að rannsaka kjörbréf Kristjáns J. Gunnarssonar fræðslustjóra og gef n. 5 mínútna hlé til starfa. — [Fundarhlé.]

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf Kristjáns J. Gunnarssonar fræðslustjóra sem nú kemur til Alþ. í fjarveru Gunnars Thoroddsens, 2. þm. Reykv. Þannig hagar til nú að 1. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjavík, frú Geirþrúður Hildur Bernhöft, situr á Alþ., en bréf hefur borist frá Gunnari J. Friðrikssyni, 2. varaþm. D-listans í Reykjavík, þar sem hann lýsir því yfir að hann geti ekki komið til þings nú.

Kjörbréfanefnd hefur skoðað þetta kjörbréf Kristjáns J. Gunnarssonar og leggur einróma til að kosningin verði tekin gild og kjörbréfið samþ.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 38 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Kristján J. Gunnarsson undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Kristján J. Gunnarsson hefur undirritað eiðstaf og býð ég hann velkominn til starfa á Alþ.

Umræður utan dagskrár.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég hef nú fylgst talsvert lengi með þingstörfum, þó lengst af sem blaðamaður. Á þeim tíma hef ég ekki orðið var við að þingfréttaskrif séu sérstaklega tekin til umr. á hv. Alþ., en svo má þó vera. Hvað sem því líður hefur slíkt þó gerst nú á þessu þingi. Á ég þar við þegar hv. þm. Stefán Jónsson kvaddi sér hljóðs utan dagskrár á fundi Sþ. í fyrri viku til þess að gera athugasemdir við, að hann ætlaði, mjög grófar falsanir þingfréttaritara Tímans um ummæli hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar um landhelgismálið.

Athugasemdir hv. þm. Stefáns Jónssonar hafa því gefið ákveðið fordæmi í þessu sambandi. Við skulum láta það liggja á milli hluta, hvort rétt sé að gera slíkt að algildri reglu, að þm. leiðrétti ranghermi þingfréttaritara úr ræðustól í sölum Alþ., en mér er þó ekki úr vegi að feta nokkuð í slóð hv. þm. Stefáns Jónssonar vegna ákveðins tilefnis.

Í Þjóðviljanum laugardaginn 15. nóv. s. l. er vikið að ræðu sem ég flutti í umr. utan dagskrár um landhelgismálið sem urðu í Sþ. s. l. miðvikudag. Ummæli Þjóðviljans í þessari fréttagrein eru svo grófar fréttafalsanir að slíks munu fá dæmi. Í fyrsta lagi er eftir mér haft að rangt væri að skipherrar Landhelgisgæslunnar tækju þátt í umr. um landhelgismálið. Þetta er rangt eftir mér haft, eins og kemur glögglega í ljós ef ræða mín er lesin, en henni mun væntanlega verða dreift til þm. innan skamms í prentuðum þingtíðindum. Ég sagði að það væri mjög óæskilegt að yfirmenn Landhelgisgæslunnar og þar með skipherrar gæslunnar tækju þátt í deilum, sem oft geta orðið mjög harðar, um pólitíska stefnumörkun í landhelgismálinu eða tækju þátt í því á opinberum vettvangi að gagnrýna þá stefnu sem rétt stjórnvöld hafi mótað og þeim er ætlað að framkvæma, jafnvel þótt sú stefna sé umdeild. Það var þetta, sem ég sagði. Þetta er

mín skoðun og ég tel sama gilda um þetta atriði eins og ég vænti að hv. alþm. séu sammála um að óviðurkvæmilegt sé að æðstu yfirmenn t. d. fjmrn. taki virkan þátt í opinberum deilum um réttmæti pólitískrar stefnumörkunar ríkisstj. í ríkisfjármálum. Ég tel að sama eigi að gilda um æðstu embættismenn Landhelgisgæslunnar í þessu tilviki og um æðstu embættismenn t. d. fjmrn.

En þetta er þó ekki svo alvarlegt mishermi hjá Þjóðviljanum að ástæða sé til að gera athugasemdir við hér. Hitt er öllu alvarlegra að Þjóðviljinn fullyrðir að ljóst hafi verið að ég hafi hér úr ræðustól á Alþ. verið að bera fram kröfu um það að víkja opinberum starfsmanni úr starfi, nánar til tekið einhverjum hæfasta og best metna skipherra Landhelgisgæslunnar, Guðmundi Kjærnested. Slík fölsun ummæla er með algjörum fádæmum. Hér er um rakalaus ósannindi að ræða, óhróður af grófasta tagi og að mínu viti brot á siðareglum Blaðamannafélags Íslands.

Það er ljóst að sá maður, sem stendur að baki þessara skrifa, er ritstjóri Þjóðviljans sem jafnframt er þingfréttaritari þess blaðs, Kjartan Ólafsson. Mér fer eins og hv. þm. Stefáni Jónssyni, ég ætla ekki að bera hann sökum vegna þess að hann getur ekki borið af sér sakir í þessum ræðustól. En ég tek undir þau orð hv. þm. Stefáns Jónssonar, að það verður tæpast þolað mótmælalaust að dagblöðin fari með rakalaus ósannindi í frásögnum af umr. hér á Alþ. þegar rætt er um landhelgismálið á þessum tíma.

Með leyfi forseta vil ég ljúka ræðu minni með því að vitna beint í lokaorð hv. þm. Stefáns Jónssonar og taka þar undir hvert og eitt einasta orð, sem hann lét falla. Hv. þm. sagði: „Nú vil ég hvorki kalla þann blaðamann, sem hér um ræðir, neinum ónefnum vegna hugsanlegs skorts á almennu siðgæði né heldur draga greind hans í efa. Ég ítreka það, að ég kalla hann hvorki siðlausan ósannindamann né fífl. En ég vil beina þeirri hugmynd til hæstv. forseta hvort ekki komi til greina að æskja þess við þá, sem ráða menn til að segja fréttir af umr. á hv. Alþ., að þeir setji til þess fólk með góða meðalgreind, svo að þm. þurfi ekki að haga orðum sínum með sérstöku tilliti til bjána.“ Hafi það farið á milli mála við hvað hv. þm. Stefán Jónsson átti með þessum orðum sínum, þá fer það ekki á milli mála lengur.

Efri deild, 15. fundur.

Mánudaginn 17. nóv., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 62). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég þarf ekki að fylgja þessu frv. úr hlaði með mörgum orðum. Framlagning frv. um ríkisborgararétt og afgreiðsla þess er orðin fastur liður á hverju Alþ.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er um það að veita 18 mönnum íslenskan ríkisborgararétt. Ég geri ráð fyrir því að á meðan Alþ. fjallar um frv. geti bæst í hópinn einhverjir nýir umsækjendur sem fullnægja settum skilyrðum og að þeim verði þá samkv. venju bætt inn í frv. Ég geri sömuleiðis ráð fyrir því að sami háttur verði hafður á um meðferð á þessu frv. og tíðkast hefur, þannig að hv. allshn. beggja d. fjalli um það saman og athugi það. Þeir 18 menn, sem hafa verið teknir upp í frv., fullnægja allir þeim skilyrðum, sem Alþ. hefur sett eða samþ. að skyldu vera skilyrði fyrir því að maður fengi íslenskan ríkisborgararétt.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að leggja til að þessu frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 66). — 1. umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Við hv. þm. Stefán Jónsson og hv. þm. Ragnar Arnalds leyfum okkur að endurflytja lítið frv. frá síðasta þingi um breyt. á l. um tekju- og eignarskatt, að við 1. gr. bætist ný mgr., svo hljóðandi:

„Þó skal framangreindur frádráttur vegna vinnu eiginkonu bónda við búrekstur aldrei nema lægri fjárhæð en helmingi persónufrádráttar hjóna, enda gegni hún ekki öðrum launuðum störfum.“

Áður en ég vík að frv. sjálfu verður vart komist hjá því að víkja nokkuð að þeirri löggjöf sem frv. yrði angi af ef samþ. yrði. Ég skal þó ekki ræða það ítarlega, aðeins benda á fáeina punkta á við og dreif. Nýlega hafa orðið miklar umr. um einhver umdeildustu atriði núgildandi skattalaga. Út í það skal ekki farið hér, enda er þetta frv. okkar um tiltölulega mjög afmarkað verkefni sem þó er fullrar athygli vert.

Það er ekki of fast að orði kveðið þegar sagt er að fá mál veki meiri umr. meðal almennings, a. m. k. í kringum útkomu skattseðlanna, og hvergi nýtur samanburðurinn við náungann sér betur og verður bitrari og beinskeyttari. Í haust hefur mjög á því borið að almenningur veki máls á eindregnari kröfum en oft áður um lagfæringar og einnig að bent hefur verið á staðreyndir, óvefengdar, um fáránleikann í útgjöldum einstaklinga og fyrirtækja sem hagnýtt geta sér veilur skattkerfisins til hins ýtrasta og vel það á stundum. Þessar aths. hafa átt við sterk rök að styðjast og flestar hafa þær verið léttvægar miðað við staðreyndirnar sem fylgdu með till. hv. þm. Ragnars Arnalds í Sþ., sem rædd var hér á dögunum, og sanna betur en annað hve mikilla úrbóta og breytinga er í raun þörf. Aðeins vil ég að því víkja vegna fjölmargra fullyrðinga, að því fór fjarri að á tímum vinstri stjórnarinnar væri gengið nógu langt í lagfæringum á þessu kerfi. En sé miðað við þá löggjöf sem hún tók við af viðreisnarstjórninni,

þá er samanburðurinn vissulega vinstri stjórninni stórlega í hag. Verstu agnúana var þó hægt að knýja samstarfsflokkana til að sníða af, en þó fór víðs fjarri að þar væri nógu langt gengið og um margt voru vonbrigði mín mikil með þau löglegu skattsvik sem möguleg voru og eru í skjóli ranglátrar löggjafar sem ég hlýt að nokkru að bera ábyrgð á.

Einhver gleggstu dæmin um þessi löglegu skattsvik er að finna í till. og grg. hv. þm. Ragnars Arnalds, og til viðbótar eru svo þær ómældu fjárhæðir sem hvergi koma fram hjá þeim sem að miklu eða öllu leyti ráða launum sínum sjálfir. Afleiðingin er óhjákvæmilega sú að launafólkið almennt ber byrðarnar af miklu meiri þunga en sanngjarnt er, á meðan þeir, sem mesta eignamyndun sýna í þjóðfélaginu, sleppa vel, stundum alveg. Um þverbak keyrði þó nú á þessu ári þegar ríkið fór að greiða með þessum aðilum sumum hverjum, eins og um væri að ræða aldraða eða öryrkja eða námsmenn eða aðra þá sem sannarlega töpuðu á skattkerfisbreytingunni á s. l. þingi. Dæmi þekki ég litið af slíkri endurgreiðslu til ágæts kunningja míns sem byggði við verslun sína s. l. sumar, fékk sér nýjan bíl af dýrustu tegund og fór ekki nema tvisvar til sólarlanda auk ýmislegs smáræðis, eins og endurnýjunar flestra húsgagna í íbúð sinni.

Þetta þykir e. t. v. kynlegur inngangur að þessu litla frv., en nokkur almenn orð hljóta að fljóta með hverju sinni sem á einhvern hátt er beinlínis inn á skattalöggjöfina komið. Ekki svo að skilja, enn á að fara að breyta og því fer mjög fjarri að ég vonist til þess að það verði á nokkurn sérstaklega betri veg við ríkjandi stjórnarfar, a. m. k. ekki fyrir það launafólk, sem borið hefur aðalbyrðarnar varðandi okkar samfélagslegu þarfir, hvort heldur er í formi beinna eða óbeinna skatta. Ef svo yrði, að þar yrði um breytingar að ræða til batnaðar, þá þyrfti Eyjólfur að hressast ansi mikið, svo að ekki sé meira sagt.

Það er meira að segja sérstaklega talað nú um endurskoðun þess atriðis sem þetta frv. felur í sér breytingu á og nefnt er sérsköttun hjóna, en mér skilst reyndar að sé lítið annað en nafnið tómt eftir að hafa lesið greinar um þessi mál eftir t. d. Má Pétursson héraðsdómara og þó alveg sérstaklega að loknum lestri greinar eftir Svövu Jakobsdóttur á dögunum. Má þó vera að hrakspár séu hér heldur miklar og eitthvað þokist í réttlætisátt. En sú er skýring þeirra gæsalappa, sem í grg. frv. er að finna og umkringja orðið sérsköttun, að ég óttast að þær hæfi best þeim hugmyndum um þetta atriði sem þar eru efst á baugi. Ekki skal nánar farið út í það hér, til þess gefst væntanlega ærið tækifæri síðar.

Svo að ég víki að frv. sjálfu, þá hygg ég að það sé rétt að minna fyrst á þá útbreiddu skoðun, einkum meðal bæjarbúa, að bændur eigi auðvelt með að komast hjá opinberum gjöldum, göt skattalaganna séu þeim hin hagstæðustu og auk þess geti þeir ýmsum öðrum fremur hagrætt útgjöldum sínum að vild. Þetta held ég að sé að meginhluta til alrangt. Vissulega er fjárfesting bænda mikil og afskriftir af þessari fjárfestingu oft háar. En arðsemin af þessari sömu fjárfestingu er oft lengi að skila sér til baka og enn er óöryggi atvinnurekstrarins slíkt að ekki þarf mikið út af að bera til að hagnaðurinn hverfi út í veður og vind í þeirra orða fyllstu merkingu. Á síðari árum hefur verið gengið ákaflega hart eftir fskj. með framtölum bænda og ekki staðið á að leiðrétta þar smáatriði, a. m. k. veit ég slíks mörg dæmi. Ég hef að vísu mitt kjördæmi eitt til viðmiðunar, en þar held ég að eftirlit sé betra með bændum og atvinnurekstri þeirra en flestum ef ekki öllum atvinnurekstri í fjórðungnum. Það ber auðvitað að meta þá samviskusemi, þó að gjarnan mætti sjá hennar stað víðar og gagnvart fleirum. Ég held einnig að bændur á Austurlandi hafi verið með allra tekjulægstu bændum á landinu. Uppbygging þar hófst síðar en víða annars staðar, erfiðleikar voru meiri, fjölbreytni minni og svo mætti lengi telja.

Oft er um það deilt, hvort bændastéttin íslenska sé atvinnurekendur eða launþegar. Ekki vil ég eða við flm. kveða þar upp neinn algildan dóm. En víst er um hitt, að einyrkjarnir okkar, sem eru nú meginþorri stéttarinnar, eru víðs fjarri því að vera atvinnurekendur í þess orðs merkingu almennt í dag. Þeir vinna sem og aðrir bændur hörðum höndum allan ársins hring, ekki er spurt um vinnutíma eða lengd hans og allir, sem til þekkja, vita að á sumum tímum þarf að leggja nótt við dag í brauðstritinu. Og bóndakonan íslenska tekur að yfirgnæfandi hluta ríkan þátt í þessu striti. Umbun hennar í skattalöggjöfinni er því fáránleg, hvað sem öllum búreikningatölum líður, svo sem ég vík að hér á eftir. Eða hvað um enga stund í eftirvinnu, enga stund í næturvinnu? Miklar sparidúkkur hljóta þær að vera að meiri hluta, konur þeirra bænda sem búreikningana annast, eða er það bara þeirra skoðun, byggð á aldagamalli hefð, sbr. „bóndi er bústólpi, bú er landstólpi, því skal hann virður vel.“ Ekki dreg ég heldur úr því, þó að hitt mætti fljóta með um sveitakonuna á okkar tímum. Því er það, að við flm. teljum ótvírætt að aðrar reglur eigi að gilda um eiginkonur bænda gagnvart skattalögum en eiginkonur atvinnurekenda almennt, svo mikla launþega teljum við bændur og bændakonur og vinnu þeirra svo mikla og sérstaka, oft svo að nálgast þrælkun á vissum árstímum, þó að vélamenningin hafi miklu um breytt.

Þetta vildi ég segja sem almennan inngang að þeim þætti sem frv. okkar snýst um og er endurflutt nú óbreytt til þess alveg sérstaklega að minna á þennan hóp kvenna sem tekur virkan þátt í atvinnulífinu, þ. e. a. s. einmitt í annarri — óhætt að segja, annarri mikilvægustu framleiðslugrein okkar, — þátt sem okkur flm. virðist vanmetinn mjög alvarlega miðað við þá reglu sem gildir almennt úti í atvinnulífinu, að þar skuli helmingur launatekna konu vera skattfrjáls.

Eins og ég benti á í fyrra fer því víðs fjarri að jafnrétti gildi. Ég vitnaði þá í grein og bréf frá glöggri og greinargóðri bóndakonu austan frá Vopnafirði sem reifaði mál þetta af hvoru tveggja hógværð og þekkingu. Ég leyfi mér enn að vitna lítillega í orð hennar, með leyfi hæstv. forseta:

„Í verðlagsgrundvelli landbúnaðarins, sem eftir er miðuð afkoma bænda hverju sinni, er konan

sett utangarðs. Fyrir utan fyrrnefnt launamisrétti," sem hún hefur áður minnst á, „eru konunni einnig reiknaðar mun færri vinnustundir en hún í reynd vinnur. Bóndanum eru reiknaðar 2080 klst. í dagvinnu, 412 klst. í eftirvinnu og 408 klst. í næturvinnu. Eiginkonu hans eru reiknaðar 600 klst. í dagvinnu, engin eftirvinna eða næturvinna. Ég viðurkenni fúslega að vinna kvenna við störf, sem eingöngu snerta atvinnurekstur hjónanna, er mjög mismikil frá einu búi til annars en 600 vinnustundir á ári eru fáránlega lág viðmiðunartala. Því til sönnunar vil ég taka tvö dæmi." Síðan rekur hún lágmarksdæmi, sem hún kallar svo, sem er algert lágmarksdæmi og hún telur varla raunhæft á nokkurn hátt og út úr því dæmi koma 632 stundir. En síðan heldur þessi bóndakona áfram og segir, með leyfi hæstv. forseta: „En tökum nú algengara dæmi og teljum líka alla vinnu þar í lágmarki" — og þá fær hún út úr því dæmi 1547 klst. „Þykir sjálfsagt mörgum sveitakonum þetta mjög svo vantalið hjá mér, en þá sjáum við bara, hvað 600 klukkustundirnar er fáránleg tala."

Svo kemur hún beint að því máli, sem hér er í raun á dagskrá, og segir svo enn, með leyfi hæstv. forseta:

„Einn aðili enn hefur talið rétt að ganga á hlut sveitakvenna, en það eru skattayfirvöld landsins. Því miður hafa mér ekki borist reglugerðir um þau mál, þegar þetta er skrifað, og segi því aðeins frá fenginni reynslu. Nái bóndi ekki tiltekinni upphæð í nettóhagnaði af búskaparbaslinu reiknast vinna konu einskis virði. Á sameiginlegri skattskýrslu hjóna kemur ekki fram frádráttur vegna tekna hennar og vinni bóndi t. d. utan búsins fyrir fullum tekjum, en búið gefi ekki af sér tiltekinn hagnað, kemur vinna hennar hvergi fram á skattskýrslu. En mér er spurn: Hver sér um þennan smábúskap ef bóndinn vinnur alla sína vinnu utan bús? Skattayfirvöld virðast líta svo á að slíkur smábúskapur passi sig sjálfur."

Við flm. verðum vart sakaðir um að ganga of langt í þessum efnum. Við leggjum einfaldlega til að í stað ¼ persónufrádráttar hjóna komi helmingur sem frádráttur vegna vinnu eiginkonu bónda við búrekstur, að frádrátturinn megi nema helmingi. Við bentum og bendum enn á í grg. að við álítum hiklaust að um erfiða og annasama vinnu eiginkvenna bænda eigi að gilda rýmri og réttlátari reglur um skattafrádrátt en um eiginkonur atvinnurekenda yfirleitt. Ýmislegt veldur þessu ranglæti, þótt vitað sé að í mörgum tilfellum er vinnuframlag hjónanna við búreksturinn æðisvipað. M. a. veldur þessu furðulegur útreikningur á vinnustundafjölda eiginkvenna bænda í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara, sem aðeins er 600 vinnustundir á ári og þær vinnustundir eru auk þess reiknaðar á mjög lágum kauptaxta. Hins vegar segjum við einnig í grg. að það hefur þótt erfitt að fastákveða vinnuframlag bændakonunnar, enda misjafnt að visu. Og eins hafa menn óttast að frelsi til framtals í þessum efnum gæti leitt til misnotkunar á þann veg að óeðlilegur hluti af tekjum búsins yrði talinn fram til tekna konunnar. Hér erum við sem sagt alls ekki að leggja þetta til, því að við förum aðeins fram á að hér verði þannig rýmkað að þessi tala verði þá í raun færð úr 600 í 1200, ef þannig má að orði komast, eða frádrátturinn úr ¼ í helming. Það er auðvitað sérstakur kapituli út af fyrir sig á hinu margumrædda kvennaári hver kauptaxti bóndakonunnar er og hver mismunur þar er á launakjörum hennar og bóndans miðað við sambærileg störf. Í dag eru þessar tölur 323 kr. í dagvinnu á móti 293 kr., að ég hygg. Var einhver að tala um jafnlaunaár?

Vinnustundafjöldann, rúmlega 1.5 stundir á dag við búrekstur, hlýt ég einnig að telja fráleitan. Hins vegar hef ég það fyrir satt, eins og ég vitnaði hér í áðan, frá þeim mæta manni hv. þm. Inga Tryggvasyni, sem er hér um hinn fróðasti, að hér sé um að ræða sem næst meðaltalsútkomu úr búreikningum bænda, þeim sem ég gat um hér áðan, og ég veit að þar muni hann fara með algerlega rétt mál. En ég leyfi mér þá jafnframt og við flm. að draga í efa réttmæti þessara búreikninga og vinnustundafjölda bændakvennanna í þeim búreikningum. Hann stangast t. d. illilega á við hógværa upptalningu Ágústu Þorkelsdóttur á Refsstað, sem ég vitnaði í í þingræðu í fyrra og gerði áðan einnig, en þar var hún með lágmarkstölu. Þessi vinnustundafjöldi stangast líka óþyrmilega á það vinnuframlag eiginkvenna bænda sem ég þekki til. Þar hef ég beðið þrjár glöggar konur um álit þeirra og þeirra tölur eru misjafnar. Þær eru allt frá rúmum 1200 stundum og upp í yfir 2000 stundir. En varðandi síðasta dæmið, þá ber að geta þess, að bóndinn var um 6 vikna skeið í vinnu utan heimilis. Ég held, að engin þessara kvenna hafi ofreiknað sitt vinnuframlag, miklu frekar hitt, að þær hafi vantalið það miðað við raunveruleikann, því að þegar ég ræddi við þær hverja um sig á eftir, þá voru þær með miklar afsakanir varðandi þetta mál og sögðust aðeins hafa talið það allra, allra brýnasta sem þær hefðu getað flokkað undir vinnu við búreksturinn.

Aðalreglan í dag er ¼ af persónufrádrætti hjóna þó að undantekningar séu leyfðar ef sannað er að eiginkonan annist búið að verulegu leyti vegna fjarveru bónda síns í t. d. vinnu annars staðar utan heimilis. Og þá langar mig til að benda á hvernig þessar undantekningar eru í raunveruleikanum. Varðandi dæmið um bóndakonuna sem taldi sér yfir 2000 stundirnar og ég benti á hér áðan, þá var það alveg rétt að frádráttur var hækkaður vegna þessarar 6 vikna vinnu bóndans. En hvað ætli þetta hafi verið mikil upphæð, ekki í skatti, heldur bara í frádrætti, sem skatturinn tók þarna til greina? Það voru 10 þús. kr., ekki í skattupphæð auðvitað, heldur dróst það frá tekjuupphæðinni.

Við leggjum sem sagt áherslu á að hér er ekki gengið til fulls út á jafnréttisbrautina, enda segir í grg. að hér sé um lágmark að ræða. En gagnvart búrekstrinum álítum við að bæði hjónin skuli jafnrétthá, þannig að frádráttur konu bóndans vegna sannanlega framtalinna vinnustunda verði hærri ef tekjur hennar af búrekstrinum eru meiri en nemur hálfum persónufrádrætti hjónanna. Sú upphæð skal þá vitanlega gilda.

Starf sveitakonunnar er mikið og erilsamt hvað

snertir atvinnureksturinn sjálfan og í flestum tilfellum er um erfitt starf að ræða. Við flm. álítum að lágmarkið sé í raun að meta þetta þann veg að þær séu ekki settar mjög miklu neðar en aðrar útivinnandi konur. Þetta frv. er flutt í ljósi núgildandi skattalaga eingöngu. Annað er svo hvað við munum gera þegar þær breytingar sjá dagsins ljós sem nú eru boðaðar. Kannske hlutur sveitakonunnar verði þar það vel metinn að við sjáum ekki ástæðu til breytinga, heldur getum fagnað nýju skrefi í jafnréttisbaráttu kynjanna. Við erum að vísu ekkert sérstaklega trúaðir á slíkt í dag en það kann vel að vera að þar sé vantrú okkar fullmikil. En hvað sem því líður, þá töldum við sjálfsagt að Alþingi fengi einmitt í ljósi enn nýrra breytinga á skattalögum þetta mál aftur til meðferðar. Því var aldrei andmælt á þinginu í fyrra, við heyrðum jákvæðar raddir gagnvart hugmyndinni sem slíkri og okkur þótti því rétt að láta hér á reyna eða halda málinu vakandi einmitt í þeim hræringum sem á næstunni eiga sér stað í skattamálum.

Sveitakonan hefur reyndar gleymst furðanlega í öllu tali kvennaársins, og þótt um megi deila á hvern hátt hún megi ná sem mestu jafnrétti sem og aðrar kynsystur hennar, þá verður vart talið að of langt sé gengið þótt reynt sé að setja það í lög að hún nálgist kynsystur sínar úti í atvinnulífinu hvað snertir þau ótviræðu og mikilsverðu hlunnindi sem þær hafa þar haft. Eftir er svo vandamálið mikla varðandi heimavinnu húsmóðurinnar almennt, en hvað þetta mál snertir sem og sérsköttunina almennt, þá væntum við þess að hæstv. fjmrh. og hans sérfræðingar finni þar á einhverja réttarbót, og þá skal ekki standa á okkur flm. að styðja þær hugmyndir og till. sem þar kæmu fram. En við erum bara skelfing hræddir um að það muni torvelt að finna þær á kassabotninum, þær leynist þar ærið djúpt, þótt það ætti reyndar að grynnast á þeim eftir því sem lækkar í þessum sama kassa, að því er okkur skilst.

En gamanlaust, frv. þetta er flutt til þess að rétta hlut sveitakonunnar í skattkerfinu, meta hann réttilega. Um aðferðir má deila. Við flm. erum tilbúnir til að taka nýjum rökum og ábendingum, fara nýjar leiðir til að ná því marki sem ég hygg að allir séu sammála um, að í þessu sem öðru ríki sem fyllst og mest jafnrétti, það jafnrétti sem nú í dag á ekki það heiti skilið, þar sem misréttið er of augljóst til að fram hjá því verði gengið, hvaða leið svo sem menn finna að því marki að jafna metin. Um það erum við flm. fúsir að ræða og sameinast öðrum í því sem gæti þokað þessu á leið, þótt í öðru formi væri en hér er lagt til.

Ég vil svo, herra forseti, óska þess að að lokinni þessari umr. verði þessu máli vísað til 2. umr. og hv. fjh. - og viðskn.

Ingi Tryggvason: Herra forseti. Ég vildi gjarnan leggja aðeins orð í belg um frv. það sem hv. 7. landsk. þm. talaði hér fyrir.

Ég vil hefja mál mitt með því að lýsa því yfir að hér er hreyft máli, sem er réttlætismál. Mér hefur lengi verið ljóst að reglur um skattfrádrátt bændakvenna hafa verið í ósamræmi við þær reglur, sem gilda um skattfrádrátt kvenna á almennum vinnumarkaði. Og sumt af því, sem þar kemur fram, er mjög fráleitt, eins og kom fram hjá hv. flm., eins og t. d. það, að ef svo hagar til að bóndinn vinnur meginhluta ársins utan heimilis og vinnan við búreksturinn kemur að mestu leyti á eiginkonuna, en tekjur af búrekstrinum verða litlar, þá minnkar lögleyfður frádráttur vegna eiginkonunnar.

En það, sem mig langaði einkum að minnast hér á, eru 600 vinnustundirnar sem eru í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara. Það er alveg rétt að þessi tala er lág, og það er sömuleiðis rétt að kaupgjald það, sem þar er við miðað, er lægra en það kaup sem bóndanum er reiknað. Þetta er arfur frá gömlum tíma og eitt af því sem auðvelt er að sjá annmarkana á, en erfiðara að fá í reynd lagfæringar á á þeim vettvangi þar sem þessir hlutir eru ákveðnir. Kaup kvenna við búskaparstörf í verðlagsgrundvelli hefur verið miðað við tímakaup verkakvenna í Verkakvennafélaginu Framsókn hér í Reykjavík og upplýsingar um þessar kaupgreiðslur hafa verið að jafnaði fengnar frá Kjararannsóknarnefnd. Eins og ég sagði er þetta arfur frá gömlum tíma. Kaup bændanna er aftur á móti miðað við samanvegið kaup verkamanna og iðnaðarmanna og raunar sjómanna líka að hluta til eftir ákveðnum reglum. Þó er ekki þar miðað við tekjur þeirra sjómanna, sem taka laun samkv. hlutaskiptareglum, og ekki heldur þeirra iðnaðarmanna, sem vinna samkv. uppmælingu. Ég ætla ekki að fara að verja þetta á nokkurn hátt. Ég er sammála flm. um að mér fyndist eðlilegt að þarna væri reiknað sama kaup til handa körlum og konum við þessi verk og engin frambærileg ástæða til þess að gera þar greinarmun á.

Annað, sem ég vildi nefna í þessu sambandi, er vinnustundafjöldinn sem reiknað er með í landbúnaði. Einu beinar upplýsingar, sem við höfum við að styðjast um raunverulegt vinnuafl í landbúnaði, eru svokallaðir búreikningar sem eru því miður aðeins haldnir af milli 150—200 bændum í landinu svo að auðvitað má draga í efa að þeir búreikningar séu rétt meðaltal af vinnumagni í landbúnaði. Þessir búreikningar hafa verið haldnir um margra ára skeið og þeir hafa raunar sýnt ákveðna þróun í þessum efnum. Vinnumagnið á bak við hverja framleiðslueiningu hefur farið nokkuð minnkandi og styst það bil sem hefur verið milli vinnumagns, sem reiknað er með í verðlagsgrundvelli annars vegar, og þes vinnumagns, sem fram kemur í búreikningum, þannig að nú loksins er þarna orðið nokkurt samræmi á milli. Verðlagsgrundvöllurinn, eins og hann er nú, gerir sem sagt ráð fyrir mjög svipuðu vinnuafli á bak við framleiðslueiningu og búreikningar sýna, og við verðum að gera ráð fyrir að þessi þróun haldi e. t. v. áfram, þannig að að því komi að minna vinnumagn megi vera á reikningi sem þeim, sem kallaður er verðlagsgrundvöllur landbúnaðarvara, án þess að gengið sé á hlut bænda.

Annað, sem er dálítið merkilegt og mörgum finnst stangast mjög á við eigin athugun og þekkingu á þessu, er vinnumagn húsmæðranna. En það kemur í ljós og hefur raunar verið svo nú um nokkur ár, að það er mjög nálægt þessum 600 stundum sem vissulega voru settar fyrir

mörgum árum án þess að miklar athuganir lægju þar á bak við. Þetta hefur m. a. orðið til þess að við höfum ekki talið okkur fært að gera háværar kröfur um að þetta vinnumagn væri aukið. Eins og hv. frsm. sagði, er þetta vinnumagn ákaflega misjafnt frá einu búi til annars og erfitt þess vegna að draga réttar ályktanir út frá því sem menn þekkja þar af eigin reynd.

Í sambandi við vinnumagnið í landbúnaðinum langar mig að nefna það, að fyrir allmörgum árum, ég hygg það hafi verið á árunum 1967—1968, þá fóru fram allvíðtækar vinnumælingar á vegum 6 manna nefndar. Þessar vinnumælingar fóru fram með þeim hætti að tveir menn, annar starfsmaður Alþýðusambands Íslands, hinn starfsmaður Stéttarsambands bænda, fóru um landið og mældu vinnu hjá allmörgum bændum sem valdir voru með útdrætti sem kallað er. Þar kom auðvitað í ljós, eins og gera mátti ráð fyrir, að vinnumagnið var misjafnt, menn eru misjafnir við landbúnaðarstörf eins og önnur störf, en þegar þessar athuganir voru skoðaðar í heild, þá voru þær ákaflega svipaðar niðurstöðunum í búreikningunum — ákaflega svipaðar og þóttu styrkja búreikningana sem upplýsingaöflun um þennan þátt í kostnaði við framleiðslu á landbúnaðarvörum.

Það atriði, sem þetta frv. snýst einkum um, er þó það að flm. þykir sem allt of lítið tillit sé tekið til vinnuframlags eiginkvenna í sambandi við skattamál, og ég er þeim sammála um þetta. Ég vil gjarnan nefna það, að ég hygg að aðalástæðan til þess, að bændur hafa ekki gert háværari kröfur um að þetta væri leiðrétt heldur en raun ber vitni, hefur einfaldlega verið sú, að því miður hefur það sýnt sig að þrátt fyrir löggjöf, sem segir að bændur skuli hafa sambærilegar tekjur á við ákveðnar viðmiðunarstéttir, og þrátt fyrir tiltölulega gott samstarf í þeirri n. sem ákveður verð á landbúnaðarvörum, þá vantar mikið á að bændur hafi haft þær tekjur sem gert er ráð fyrir í verðlagsgrundvelli. Þeir hafa verið tekjulægsta vinnustétt þjóðfélagsins og vegna lágra tekna hafa þeir líka verið lágir skattgreiðendur, og það óréttlæti, sem fylgt hefur verið í sambandi við skattaálögur og vinnuframlag eiginkvenna, hefur þess vegna ekki verið eins brýnt mál fyrir bændur eins og ella hefði verið hagsmunalega séð. Þess vegna hafa þeir verið hljóðari um þessa hluti en vænta mátti.

Ég ætla ekki að fara að halda hér langa ræðu um kjör bænda. Þeir eru ein sú stétt í landinu, sem hefur unnið mjög hörðum höndum á undanförnum árum. Þeir hafa haft lágar tekjur, en samt sem áður hafa þeir eignast mjög verulegar eignir, og menn vita vel að það hefur ekki endilega þurft að hafa háar tekjur í þessu þjóðfélagi til þess að eignast eignir. Eignir bændanna eru jarðir þær, hús, vélar og búfénaður sem þeir búa við. Þetta eru vissulega miklar eignir. En um þessar eignir er því miður það að segja, að þrátt fyrir það þótt bændur hafi eignast þær, þá hefur það ekki verkað á þá lund að tekjur bændanna hækkuðu verulega. Þær verða að vísu nokkuð misjafnar eftir því hvar þeir eru á vegi staddir með sinar framkvæmdir, en þegar á heildina er litið gefa eignir í landbúnaði ekki af sér miklar tekjur.

Þetta frumvarp felur í sér að efni til fyrst og fremst framkvæmdaatriði í sambandi við skattamál. Ég vil ekki um það segja hér hvaða afgreiðslu þessi till. kann að fá, en ég endurtek það, að ég tel að hún sé byggð á réttri athugun á þeim aðstæðum sem fyrir hendi eru í þessum málum.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Þótt ég eigi sæti í þeirri n., sem fær frv. þetta til athugunar, sé ég ástæðu til þess að fara um það nokkrum orðum.

Ég ætla ekki að fara við þessa umr. út í almennar umr. um skattamál og till. hv. þm. Ragnars Arnalds og mun fremur gera það á öðrum vettvangi, en ég vil leyfa mér að fara nokkrum orðum um þetta frv.

Í fyrsta lagi vil ég benda á það, þótt það skipti ekki verulegu máli, að þessi breyt. á l. er miðuð við skattalögin eins og þau voru áður en breyt. átti sér stað á s. l. vetri. Hér er gert ráð fyrir því að framangreindur frádráttur vegna vinnu eiginkonu bónda við búrekstur nemi aldrei lægri fjárhæð en helmingi persónufrádráttar hjóna, en þess ber að geta að persónufrádráttur var með lagabreytingunni á s. l. vetri lagður niður og þess vegna getur persónufrádráttur ekki verið rétt viðmiðun. Þar verður að koma til önnur viðmiðun.

Hér er gert ráð fyrir því að eiginkonur bænda fái meiri rétt en eiginkonur atvinnurekenda. Ég er því alveg sammála að hér ríkir ekki jafnrétti. Og jafnvel þótt þetta frv. nái fram að ganga mun ekki heldur ríkja jafnrétti, eins og hv. frsm. gat um. En spurningin er sú alla tíð: Hvernig skal jafnrétti komið á? Ég er þeirrar skoðunar og hef lengi verið að sú regla, sem hér er verið að prjóna við, skapi mikinn ójöfnuð. 50% af launatekjum eiginkonu, sem vinnur utan heimilis, eru frádráttarbær til skatts, og það er svo að þetta skapar oft mikinn ójöfnuð. Fólk ber sig saman: hvað greiði ég í skatt miðað við manninn við hliðina? Maðurinn við hliðina hefur oft á tíðum álíka miklar tekjur, en þær eru ef til vill öðruvísi samsettar. Það verður ekki skapað jafnrétti í þessum efnum nema gera leiðréttingar á þessu atriði, og ég vænti þess að hugmyndir eða till. þær, sem komu fram um sérsköttun, verði þess valdandi að það verði komið hér á jafnrétti.

Ég vil aðeins að lokum benda á að það er mjög varasamt að ætla sér að koma á jafnrétti með því að auka frádrætti hjá tekjulágu fólki. Það var fyrir nokkrum árum að það var ákveðinn sérstakur frádráttur fyrir gamalmenni. Það var gott og blessað að gera það. En sá frádráttur kom þannig fram að hann notaðist aðeins hjá eldra fólki sem hafði allverulegar tekjur. En slíkur frádráttur notaðist alls ekki hjá eldra fólki sem hafði litlar tekjur. Og það er eins með frekari frádrætti hjá hinum ýmsu þjóðfélagsstéttum, að frádrátturinn nýtist aðeins séu tekjur allmiklar, þannig að um skatt sé að ræða. Það hlýtur því að vera mun brýnna, eins og hv. þm. Ingi Tryggvason gat um, að tryggja bændum þær tekjur sem þeim ber. Bændur hafa alla tíð verið tekjulág stétt og það er höfuðmálið.

Hitt er svo annað mál, að það ríkir ekki jafnrétti á því sviði sem hér er getið um, þ. e. a. s.

varðandi frádrátt útivinnandi eiginkonu. En ég er þeirrar skoðunar að þar verði að verða mun meiri og alger grundvallarbreyting, en það eigi ekki að prjóna við lögin úrelta reglu sem skapar ójöfnuð í þjóðfélaginu.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Þetta skulu vera fá orð. Ég þakka hv. þm., sem hér hafa talað, undirtektir varðandi meginefni þess frv. sem við höfum lagt hér fram. Ég athugaði það eða mér varð það ljóst næstum þegar er ég hafði lagt þetta frv. fram að þessi viðmiðun var röng, eins og hv. þm. Halldór Ásgrímsson benti á. Ég kunni hins vegar ekki við að benda á það sjálfur hér í ræðustól eftir að þetta var komið þannig, enda skiptir það, eins og hann sagði, ekki meginmáli, heldur spurningin um regluna og það hvernig þessu er þeitt í sjálfu sér. Ég er alveg sammála hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni í því, að það má sannarlega deila lengi um réttmæti þeirrar reglu að draga frá skatti 50% af launatekjum konu, og auðvitað er það líka rétt að þetta nýtist fyrst og fremst, þar sem um háar tekjur er að ræða, og eykur þess vegna ekki neitt jafnrétti í reynd. En meðan þessi regla gildir almennt úti í atvinnulífinu, þá auðvitað verðum við að taka mið af henni einni í sambandi við breyt. á skattalögunum hvað snertir eiginkonur bænda sem taka þátt í búrekstrinum. Við það verður þess vegna að miða.

Ég tek líka undir það, það er vissulega rétt að það þarf að tryggja bændum betri tekjur, þannig að þeir nái fullkomlega þeim hlut sem þeir eiga rétt á lögum samkvæmt varðandi viðmiðunarstéttirnar. Ég er algerlega sammála því, og ég hygg að á síðustu árum hafi þó nokkuð miðað þar í rétta átt. Ég sá tölur yfir þetta a. m. k. fyrir árin 1972 og 1973 og ég held 1974, og þar kom í ljós að prósentutalan hækkaði allverulega, þannig að bændur nálguðust í tekjum viðmiðunarstéttirnar á þessum árum reglulega vel. Ég veit ekki hver þróunin hefur svo orðið núna. Það kann að vera að þar hafi aftur sigið á ógæfuhliðina, en þetta var sem sagt á nokkuð réttri leið. En það, sem er nú kannske aðalatriðið varðandi þetta, er þetta meðaltal sem verið er að setja varðandi vinnustundirnar og allt er nú byggt upp á.

Ég er ekki að rengja þessa búreikninga út af fyrir sig, þó að ég telji að þarna sé um að ræða vanmat þeirra sem gerðu þessa reikninga, — vanmat að ræða á starfi bóndakonunnar. En það, sem mér finnst eiginlega aðalatriðið í þessu, er þetta meðaltal sem þarna er verið að taka, 600 vinnustunda meðaltal hjá bóndakonunni, og svo skattfrádrátturinn miðaður við það. Hv. þm. Geir Gunnarsson benti mér á hvernig mundi fara ef væri tekið meðaltalið af öllum konum hér í Reykjavík og allri tekjuöflun þeirra úti í atvinnulífinu og síðan yrði skattfrádrátturinn miðaður við það meðaltal á eftir. Sem sagt, það er þetta sem náttúrlega er númer eitt. Þetta er auðvitað það sem er það ranga, að gera þetta þannig, og það er það sem við vildum gera svolitla tilraun til þess að leiðrétta með þessum hætti.

Ég lýsti því yfir áðan, að við værum reiðubúnir að fara hverja þá leið til leiðréttingar í þessum efnum sem okkur þætti í jafnréttisátt. Út af orðum hv. þm. Inga Tryggvasonar hér áðan, þá minntist hann á það hvaða viðmiðun gilti bæði í sambandi við launataxta bænda annars vegar og launataxtann hjá eiginkonum bænda hins vegar, og það kom auðvitað í ljós að í þessum verðlagsgrundvelli er kaup hjá eiginkonum bænda miðað við lægsta kaupið á vinnumarkaðinum, en kaup bændanna er miðað við miklu viðtækara svið og miklu hærri laun. Og ég segi það, af því að það lá nokkurn veginn í orðum hv. þm. og ég veit að það er töluvert til í því áreiðanlega: ég harma það ef fulltrúar launþega t. d. í þessari n. hafa átt sinn þátt í því í raun og veru að halda niðri kaupi bændakvenna í þessu efni. Ég hygg að það sé svolítið til í því, af því að þeir telja sig þar vera að verja sinn rétt aftur gagnvart almennu búvöruverði. Ég teldi mjög miður ef það væri rétt. Ég hef hér um vissan rökstuddan grun.

Það er alveg rétt, sem kom hér fram, að vinnumagnið hjá bændum almennt hefur minnkað. Þó eru nokkur atriði sem hafa staðið nokkurn veginn óbreytt, t. d. í umhirðu gripa. Ég tek t. d. sauðburðinn sem alveg sérstakt dæmi þar um og einmitt ýmis þau atriði sem eiginkona bóndans tekur hvað virkastan þátt í, þeir þættir hafa lítið breyst, minna breyst en ýmsir aðrir.

Ég endurtek svo aðeins það, að ég þakka þær undirtektir sem þetta frv. hefur fengið. Fyrir okkur er ekki aðalatriðið hvernig þetta verður framkvæmt, heldur aðeins að í sambandi við þær breyt., sem gerðar verða núna væntanlega á skattalögum og skattakerfinu í heild, þá verði bóndakonan sett við sama borð og aðrar útivinnandi konur. Það er okkar meginmarkmið með þessum frv.-flutningi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 18. fundur.

Mánudaginn 17. nóv., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Búfjárræktarlög, frv. (þskj. 56). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbn. með 21 shlj. atkv.

Eignarnámsheimild á hluta Ness í Norðfirði, frv. (þskj. 61). — 1. umr.

Flm. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er um að ræða, er flutt að tilhlutun þm. Austurlandskjördæmis, og við þeir þrír þm.

Austurlandskjördæmis, sem eigum sæti í þessari d., stöndum að flutningi frv.

Efni þessa frv. er það, að sótt er um heimild til handa bæjarstjórn Neskaupstaðar til að taka eignarnámi, ef á þarf að halda, þann hluta af bæjarlandinu sem nú er ekki í eigu kaupstaðarins. Þannig er ástatt í Neskaupstað, að Neskaupstaður á næstum að segja allt bæjarlandið. Þó er þarna lítill hluti í eigu annarra og hefur ekki tekist að ná samkomulagi við þá eigendur um kaup á þessum tiltölulega litla hluta. Nú óskar bæjarstjórn Neskaupstaðar eftir því að fá eignarnámsheimild til þess að geta á þann hátt eignast þennan hluta af bæjarlandinu. Bæjarlandið er að öðru leyti óskipt land. Hér er ekki um séreign að ræða, það er sameign og er raunverulega undir stjórn bæjarins, en getur þó af skiljanlegum ástæðum verið þýðingarmikið fyrir bæinn að eiga óumdeilanlega allt það land sem bærinn spannar yfir.

Hér er um mjög venjulegt frv. að ræða sem fjallar um mál af þessari tegund. Ég sé ekki ástæðu til að eyða um það fleiri orðum. Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til félmn. með 22 shlj. atkv.

Kaupstaðarréttindi til handa Garðahreppi, frv. (þskj. 65). — 1. umr.

Flm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til 1. umr., flyt ég ásamt hv. þm. Jóni Skaftasyni, Gils Guðmundssyni, Gylfa Þ. Gíslasyni og Matthíasi Á. Mathiesen.

Á fundi sínum 6. nóv. s. l. samþ. hreppsnefnd Garðahrepps með atkv. allra hreppsnefndarmanna að óska eftir kaupstaðarréttindum til handa sveitarfélaginu. Var þm. Reykn. ritað bréf og þess óskað að þeir gengjust fyrir flutningi frv. þessa efnis. Bréf sveitarstjórans er birt sem grg. með þessu frv. á þskj. 65.

Það er ekki ástæða til að fara mörgum orðum um þetta mál. Frv. er samhljóða lögunum um kaupstaðarréttindi Seltjarnarness, en þau lög voru samþ. vorið 1974 ásamt fjórum öðrum hliðstæðum. Á því þingi urðu nokkrar umr. um réttarstöðu sveitarfélaganna í tilefni þess að 5 hreppar sóttu þá um kaupstaðarréttindi, af nokkuð mismunandi ástæðum þó. Um það leyti fóru fram nokkrar óformlegar umr. í hreppsnefnd Garðahrepps um það hvort Garðahreppur ætti þá að æskja sömu réttarstöðu. Hreppsnefndarfulltrúum þótt þá sem ekki væri ástæða til að flýta málinu aðeins vegna þess að ýmis önnur sveitarfélög óskuðu þessara breytinga. Engu að síður var mönnum þó ljóst að að því hlyti að koma að slíks yrði óskað að öðru óbreyttu. Það er því nú eindregin ósk sveitarstjórnarinnar að Garðahreppur fái kaupstaðarréttindi.

Rökstuðningur þeirra fimm sveitarfélaga, sem hlutu þessi réttindi 1974, gildir að flestu leyti fyrir Garðahrepp og ég skal ekki tíunda hann hér. En rétt er að nefna sérstaklega að fyrir sveitarfélag sem Garðahrepp er það orðið nokkuð dýrt að heita hreppur, þar sem segja má að með framlögum úr sveitarsjóði til sýslusjóðs og sýsluvegasjóðs Kjósarsýslu sé að verulegu leyti staðið undir rekstri sýslunnar án þess að Garðahreppur njóti þess að nokkru, svo að heitið geti. Þess er kannske ekki heldur að vænta, þar sem um svo ólík sveitarfélög er að ræða sem eru í Kjósarsýslu, bæði að því er tekur til fólksfjölda, atvinnulífs og þó sérstaklega skipulags.

Einhvern tíma hefði það sjálfsagt verið talið til fordildar að hreppur vildi fá kaupstaðarréttindi, — réttindi sem menn væru jafnvel reiðubúnir til þess að borga eitthvað fyrir. Nú er hins vegar svo komið að það kostar orðið nokkrar fjárhæðir fyrir þéttbýlissveitarfélag sem Garðahrepp að njóta ekki kaupstaðarréttinda. Má ætla að á næsta ári greiði hreppurinn í sýslusjóð og sýsluvegasjóð vart undir 4 millj. kr. án þess að njóta að nokkru marki þeirra viðfangsefna sem sýslunefnd tekur sér fyrir hendur. Í hreppnum eru engir sýsluvegir, en úr sveitarsjóði er þó greitt um 50% í sýsluvegasjóð Kjósarsýslu, og viðfangsefni sýslunnar að öðru leyti snerta vart sveitarfélagið, en þó greiðir Garðahreppur um 64% af tekjum sýslusjóðsins.

Ég skal ekki rekja þetta frekar. En það verður að teljast eðlilegt að sveitarfélag sem Garðahreppur hafi allt það sjálfstæði sem stærð þess gefur tilefni og tækifæri til. Eins og segir í grg. með frv., má í því sambandi nefna sjálfstætt sjúkrasamlag, en einnig vonast sveitarstjórnin eftir aukinni löggæslu í kjölfar breytingarinnar, en á aukinni löggæslu er mikil þörf í Garðahreppi.

Ég ræði þetta mál ekki frekar nema sérstakt tilefni gefist, en legg til, herra forseti, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. félmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 17. fundur.

Þriðjudaginn 18. nóv., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hér hljóðs utan dagskrár til þess að gera að umræðuefni þá atburði sem hafa verið að gerast nú hina síðustu daga í landhelgismálinu. Vel má vera að hv. þm. þyki það orðið alltítt að umr. utan dagskrár eigi sér stað varðandi landhelgismálið, en þær aðferðir og vinnubrögð, sem hæstv. ríkisstj. hefur valið að beita við meðferð þessa máls, gera slíkt knýjandi, þ. e. a. s. öll sú leynd sem yfir þessu hvílir, hvað er að gerast, hún er ástæðan til þess að menn nauðugir viljugir eru til þess hvattir beinlínis að fara inn á þá braut sem verið hefur að undanförnu.

Það er öllum ljóst, að alls konar samningaviðræður, óformlegar, formlegar, og að því er virðist alls konar samningamakk hefur átt sér stað hér í Reykjavík undanfarna viku, og á það

við bæði varðandi breta og vestur-þjóðverja. Í dag mun hafa farið til Vestur-Þýskalands sendinefnd af hálfu íslendinga til samningaviðræðna við þjóðverja um landhelgismálið. En aðalástæðan fyrir því að ég hef kvatt mér hljóðs er sú, að í viðtali við sjónvarpið í gærkvöld viðhafði aðalforsvarsmaður breta í þeim málum, Hattersley, ummæli sem ég að engu leyti get látið hjá líða að gera að umræðuefni hér á Alþ., en í þessu viðtali staðhæfði hann að boð hæstv. ríkisstj. um 65 þús. tonna kvóta til handa bretum innan landhelginnar hefði komið fram fyrir þremur vikum, þ. e. a. s. það lætur nærri að slíkt tilboð, sé rétt með farið hér af hálfu breska fulltrúans, hafi komið fram um þær mundir sem samningafundurinn í London var haldinn. Ef þetta er rétt, þessi fullyrðing Hattersleys, þá hefur okkur, sem eigum sæti í landhelgisnefnd, ekki verið skýrt rétt frá gangi mála að þessu leyti, vegna þess að þessar upplýsingar eru aðrar en okkur hafa verið látnar í té varðandi viðræður við breta í London fyrir um þremur vikum. Aðalástæðan fyrir því, að ég stend hér upp og geri þetta að umræðuefni, er þessi fullyrðing bretans um 65 þús. tonna tilboð af hálfu hæstv. ríkisstj. til handa bretum fyrir þremur vikum. Ég vil því beina þeirri spurningu til hæstv. forsrh. hvort hinn breski ofjarl hæstv. ríkisstj., að því er virðist vera, fari hér með rétt mál, því að ef svo er, þá höfum við verið leyndir þessum upplýsingum, og ég tel nauðsynlegt að fá úr því skorið í eitt skipti fyrir öll hvort þessi viðkomandi einstaklingur fer hér með rétt mál.

Í áframhaldi af þessu, þá er það öllum ljóst að nú er það staðreynd að íslenska ríkisstj. hefur gert bretum tilboð um 65 þús. tonna veiðiheimildarkvóta hér á næsta ári, sem bretar að vísu afneituðu að sinni a. m. k. Þetta þýðir í reynd þann alvarlega hlut, að búið er í raun og veru, ef af þessu verður, þótt síðar verði, að bretar taki þessu tilboði, þá er búið að festa raunverulega í samningum við erlenda aðila um 25—30% af því aflamagni sem talið er að megi taka hér við land á næsta ári að dómi sérfræðinga Hafrannsóknastofnunarinnar. Mér a. m. k. dettur ekki í hug, verði samið við vestur-þjóðverja sem ráðamenn hæstv. ríkisstj. telja allar líkur benda til, a. m. k. sé jákvætt hugarfar hjá þeim að þeirra mati, annað en að þá sé það undanfari samninga við breta, það sé undanfari að öllum líkindum að samningum við belga, norðmenn, færeyinga, pólverja, austur-þjóðverja, rússa. Það er því ljóst að ef sú verður á raunin, sem allar líkur benda til, að samningar séu í burðarliðnum að því er varðar vestur-þjóðverja, tilboð hæstv. ríkisstj. stendur væntanlega til breta um 65 þús. tonn og síðan koma hinar þjóðirnar koll af kolli, að þá verður búið að binda innan stutts tíma svo stóran hluta af því aflamagni, sem taka má af miðunum, að hér er að mínu viti um stórhættulega stefnu að ræða.

Þetta tilboð hæstv. ríkisstj. til breta, sem hún hefur nú gert og er orðið staðreynd, felur það í raun og veru í sér að hæstv. ríkisstj. er þegar búin að festa sig í samninganetinu að því er varðar landhelgismálið. Það er vandséð með hvaða hætti hún gæti, ef sinnaskipti yrðu á því heimili, losað sig úr því neti.

Það er því ljóst að atburðir síðustu viku og nú síðustu helgar hafa leitt það í ljós að hæstv. ríkisstj. hefur stefnt og stefnir umfram allt að samningum í landhelgismálinu. Þetta er að mínu viti stefna sem býður upp á þjóðarvoða. Þetta er stefna sem beita verður öllum ráðum, tiltækum og löglegum, til að koma í veg fyrir að nái fram að ganga.

En eins og ég sagði áðan, aðalerindi mitt að þessu sinni var fyrst og fremst að óska eftir því við hæstv. forsrh. að hann gerði grein fyrir því hvort Hattersley í sinni fullyrðingu, — því að ég hygg að fleiri hv. þm. en ég hafi tekið eftir í sjónvarpsviðtali í gærkvöld að það var fullyrðing, bláköld, um að hæstv. ríkisstj. hefði gefið 65 þús. tonna tilboð til handa bretum fyrir þremur vikum, — ég óska eftir því að hæstv. forsrh. geri grein fyrir því hvort hér er um rétt mál að ræða, því að sé svo, þá höfum við í landhelgisnefnd verið leyndir því, og það er nauðsynlegt að það komi hér fram hvort svo er.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég skal með ánægju svara fsp. hv. 5. þm. Vestf., og svar mitt er að upplýsingar forsvarsmanns breta, Hattersleys aðstoðarutanrrh., eru rangar. Það hafa engin boð frá íslensku ríkisstjórnin í verið flutt bretum fyrir þremur vikum sem hljóða upp á 65 þúsund tonna hámarksafla þeim til handa hér við land. Sú hugmynd, sem fólst í 65 þús. tonnunum og hæstv. utanrrh., Einar Ágústsson, hefur gert grein fyrir í opinberum fjölmiðlum, var fram borin á sunnudaginn í óformlegum viðræðum þeirra á milli, Einars Ágústssonar og Hattersleys, og tel ég því fsp. fullsvarað.

Ég tel samt nauðsynlegt til viðbótar, að gefnu tilefni, að það komi fram að við töldum rétt, þegar útlit var fyrir að slitnaði upp úr samningaviðræðum við breta, að íslendingar gerðu lýðum ljóst, bæði samherjum sínum meðal annarra þjóða, á vettvangi hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna svo og hér innanlands, hvað þeir gætu hæst hugsað sér að fara í þeim efnum að veita bretum veiðiheimildir hér við land. Ef ófriður átti að ríkja á íslenskum miðum, þá þurfti þessi afstaða að vera kunn og gerð opinber. Það hefur þýðingu fyrir málstað okkar og fylgi við málstað okkar á alþjóðavettvangi. Hér var um hugmynd um hámarksafla að ræða, — hugmynd sem bundin var mörgum skilyrðum. Það var skilyrði um viðurkenningu á 200 mílunum og tollaívilnunum okkur til handa skv. bókun 6 í samningi okkar við Efnahagsbandalagið. Þessi hugmynd er einnig bundin þeim skilmálum að samkomulag náist um veiðisvæði, um tölu fiskiskipa og um veiðitíma, um samningstíma og um friðunarsvæði og aðrar friðunaraðgerðir.

Ég held að það fari ekki á milli mála að nú sé öllum ljóst, sem um þessi mál fjalla, bæði hérlendis og erlendis, að íslendingar hafa sýnt fullkomna sanngirni, en viðræðuaðilar okkar, bretar, fullkomna óbilgirni.

Það má vissulega meta það og vega að hve miklu leyti íslendingar eiga að leggja áherslu á að komast að samkomulagi í þessu deilumáli sínu við aðrar þjóðir. Viðmiðunin í því mati

hlýtur að *minu áliti* að vera með hvaða hætti íslendingar ná sem fyrst og sem frekast stjórn á íslenskum fiskimiðum. Skýrsla íslenskra fiskifræðinga sýnir að við höfum lítið sem ekkert af hendi að láta. En raunveruleikinn getur orðið sá, að það sé tekið af okkur hvort sem við semjum eða semjum ekki. Ef það er gert með valdi af öðrum, þá getur það verið gert með þeim hætti að fiskistofnunum sé meiri skaði gerður heldur en ef við með samningum náum fullkominni stjórn á okkar eigin fiskimiðum. Það er þessi viðmiðun sem er okkur til leiðbeiningar og leiðsagnar í samningum og viðræðum við aðrar þjóðir.

Vissulega ætti okkur íslendingum að vera þannig innanbrjósts og við ættum frekar en aðrar þjóðir að vera þeirrar skoðunar að leysa bæri deilumál við önnur ríki með samkomulagi. Við erum friðelskandi þjóð, viljum hafa góða sambúð við allar aðrar þjóðir, og það er markmiðið með viðræðum okkar við aðrar þjóðir vegna þessa máls.

Ég held að það verði ekki sagt, eins og nú er málum komið, að það stefni að samningum í landhelgismálinu. Ég á von á því að það verði langt tímabil sem ósamkomulag ríkir við breta, því að við höfum sagt það sem við lengst getum gengið í þessu máli gagnvart þeim. Þeir hafa nánast ekki hreyft sig frá upprunalegri stöðu sinni, og þeir um það, ef þeir telja það sæma sínum málstað. Fyrir okkur liggur ekki annað verkefni en að gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að verja okkar 200 mílna fiskveiðilögsögu, og það munum við gera, á meðan við reynum samhliða að komast að sanngjörnu samkomulagi við aðrar þjóðir sem hér um ræðir. Kemur þá í ljós hvort við eigum frekari sanngirni að mæta af þeirra hálfu en af hálfu breta. Ég vænti þess og vona, þótt ekkert verði um það fullyrt á þessu stigi málsins.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Í tilefni af því, sem hér hefur komið fram varðandi viðræður íslendinga og breta um hugsanlegar veiðiheimildir breta í íslenskri fiskveiðilandhelgi, þar sem því er nú neitað af hæstv. forsrh. að tilboð hafi komið fram af hálfu íslendinga um 65 þús. tonna aflamagn bretum til handa fyrir 3 vikum, eins og breski ráðh. í samninganefndinni hefur haldið fram, þá vil ég segja það, að ég tel nauðsynlegt að hæstv. ríkisstj. komi á framfæri, einnig í Bretlandi, mótmælum gegn þessum ósannindum breska ráðh. Það á ekki að líðast að breskur ráðh., sem kemur hingað sem formaður í samninganefnd, geti haldið því fram að þeim hafi verið gert ákveðið tilboð, þar sem hann nefnir tölur, ef það er með öllu rangt.

Hitt verð ég aftur að segja, að ég hef orðið fyrir vonbrigðum áður af hálfu íslenskra stjórnvalda í sambandi við þessar samningaviðræður við breta og frásagnir af þeim. Ég vil minna á í þessum efnum að fyrst kom það fram í fréttum frá Lundúnum eftir samningaviðræðurnar sem þar fóru fram að íslendingar hefðu gert bretum ákveðið tilboð um ákveðið aflamagn. Íslensku ráðh. báru þetta til baka og sögðu að þeir hefðu ekki gefið neitt tilboð um aflamagn, og eftir að hingað kom heim var þetta enn endurtekið, að það hefði ekki verið gert tilboð um aflamagn. Síðan, þegar nánar er skýrt frá þessu máli, m. a. í gögnum sem lögð hafa verið fyrir landhelgisnefnd, kemur að mínum dómi allt annað í ljós. Það er að vísu hægt að vera með orðaleik í þessu eins og ýmsum fleiri málum og segja að þó að menn hafi nefnt ákveðnar tölur með sérstöku orðalagi, þá beri ekki að skilja það sem tilboð, og ræða síðan um það áfram í öllum samningaviðræðum eins og um tilboð hafi verið að ræða. Það fer nú ekkert á milli mála að í þessum samningaviðræðum í London nefndu íslensku samningamennirnir fasta tölu sem tilboð, að vísu í spurnarformi, hvort bretar mundu vilja fallast á samninga ef þetta yrði boðið. Síðan var sem sagt staðið að öllum viðræðum eins og hér væri um tilboð að ræða, bæði í viðræðum íslendinga og breta. Ég tel því að afneitanir íslensku ráðh. um að þeir hafi gert tilboð hafi verið rangar og það sé nú skjalfest. Síðan kemur enski ráðh. nú í annað sinn og segir að fyrir 3 vikum hafi verið gert tilboð um 65 þús. tonna afla, og hann endurtekur þetta án þess að okkar ráðh., sem áttu kost á að mótmæla því, gerðu það opinberlega í fjölmiðlum. Nú hefur hæstv. forsrh. afneitað þessu mjög greinilega hér, en ég álít að hann eigi að koma mótmælum gegn þessum fullyrðingum breska ráðh. á framfæri í breskum blöðum, og ég vil vænta þess að ríkisstj. geri það og sýni þá með því að hún hefur hér ekkert undan að draga.

En það er kannske ekki aðalatriði þessa máls hvenær tilboðið um 65 þús. tonna heildarafla hefur verið gefið. Nú liggur það ljóst fyrir að íslensk stjórnvöld hafa boðið þetta aflamagn, og ég tel fyrir mitt leyti að þetta tilboð ríkisstj. beri ekki vott um neina sanngirni, eins og hæstv. forsrh. orðaði það hér, heldur beri þetta tilboð vott um mikinn glannaskap og óraunsæi af hálfu ríkisstj., að leyfa sér við þær aðstæður, sem við búum við, að bjóða slíkt aflamagn. Í þessu sambandi vil ég rifja það upp, að ég hef mjög ákveðið farið fram á það við hæstv. ríkisstj. í umr. um málið hér á Alþ. og einnig í landhelgisnefnd, að ríkisstj. verði við því að skýra þjóðinni opinberlega frá því hvað hefur komið fram í viðræðunum við útlendinga um hugsanlegar veiðiheimildir þeim til handa, að hún birti skýrslu um þessar viðræður og það sé ekki verið að toga út eitt og eitt atriði af því sem fram hefur komið, venjulega eftir að upplýsingar hafa borist um málið erlendis frá.

Á síðasta landhelgisnefndarfundi tók hæstv. ríkisstj. sér frest til þess að athuga um það hvort hún gæti orðið við þessari kröfu minni, en út úr þeim fresti hefur ekkert komið enn, engin skýrsla hefur verið birt af hálfu ríkisstj. og þjóðin er enn þá dulin þess hvað raunverulega er að gerast í þessu máli. Enn endurtek ég áskorun mína til hæstv. ríkisstj., að hún birti skýrslu um málið og láti þar koma fram aðalatriði þess sem fram hefur komið í þessum viðræðum. Það er augljóst að það þarf ekki að skjóta sér neitt á bak við álit breta í þeim efnum, því að þeir segja frá þessum viðræðum eins og þeim þykir henta fyrir sig. Það hefur þegar komið fram.

Þetta á ekki aðeins við viðræðurnar við breta, sem vitanlega skipta hér þó aðalmáli, en þetta á einnig við þær viðræður sem átt hafa sér stað við vestur-þjóðverja. Þar liggur líka fyrir að hæstv. ríkisstj. hefur gert þjóðverjum tiltekið tilboð um aflamagn. Það liggur líka fyrir að það muni ekki bera mikið á milli um það aflamagn, sem vestur-þjóðverjar gera kröfu um, og það aflamagn, sem íslenska ríkisstj. hefur þegar boðið. Þessu hafa m. a. þjóðverjar sjálfir skýrt frá. Nú skora ég á hæstv. forsrh. að skýra þingheimi frá þessu og alþjóð. Hvað hefur hún boðið þjóðverjum? Það verður ekki legið á því lengur að þjóðin fái að vita þetta. Ég hef sagt það áður og segi það enn: Ég læt ekki binda mig í þessum efnum lengur með einhverjum kröfum um trúnað í landhelgisnefnd sem þannig starfar að það er dulið fyrir henni allt sem hægt er að dylja fyrir henni. Ég hef sagt það, að ég muni segja mig úr landhelgisnefnd ef þannig verður staðið að málum eins og gert hefur verið til þessa. Það hlýt ég að gera og gefa þá þær upplýsingar sem mér eru kunnar um þetta mál, því að ég tel að þjóðin eigi kröfu á því að fá að vita það.

Það leikur sem sagt enginn vafi á því að það er þegar búið að bjóða útlendingum allverulegt aflamagn, svo verulegt að það hlýtur að hafa afgerandi áhrif á það hvað íslendingar fá að veiða sjálfir á næsta ári ef ekki á að taka að neinu leyti tillit til þeirra alvarlegu aðvarana sem fyrir liggja frá fiskifræðingum. Það hefur verið réttilega sagt og það af hálfu einstakra ráðh., að það aflamagn, sem samið verður um við útlendinga, eins og nú er komið málum, verði allt að vera á kostnað íslenskra fiskiskipa. Þetta hefur verið sagt af íslenskum ráðh. Og þegar farið er að bjóða umtalsvert fiskimagn og ekki er hægt að skilja það á annan veg en þann að þá verði að setja hömlur á hvað íslendingar fái að veiða sjálfir, þá er ekki hægt að dylja slíkt mál lengi fyrir landsmönnum. Ríkisstj. verður að segja frá því. Og henni ber auðvitað skylda til að segja frá því hvernig hún ætlar að standa að málinu áfram, eftir að hún hefur samið við erlendar þjóðir um verulegar heimildir til veiða. Á að setja kvóta á íslensk veiðiskip, ákveða, hvað hvert skip má veiða, til þess að hafa stjórn á heildarveiðinni, eða á að stöðva veiðarnar þegar líður nokkuð fram á árið og íslendingar eru komnir í hámark þess sem veiða má?

Það er margt í sambandi við þessar viðræður við útlendinga um hugsanlegar veiðiheimildir þeirra sem þörf væri í rauninni á að ræða hér, en það er ekki síst framkoma íslenskra stjórnvalda í þessum viðræðum öllum. Ég vil í sambandi við þá framkomu spyrja hæstv. forsrh. hvort hann geti ekki fallist á að taka undir með leiðarahöfundi Morgunblaðsins frá í dag um að það sé orðin full ástæða til þess að íslendingar neiti að ræða við breta um þessi mál á meðan þeir halda skipum sínum að lögbrotum í íslenskri fiskveiðilandhelgi. Orðrétt sagði blaðið á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta, eftir að það hafði fjallað nokkuð um það hvað gerst hafði: „Í raun og veru hefði íslenska ríkisstj. átt að neita að tala við bresku samninganefndina nema með því skilyrði að allir breskir togarar hyrfu úr íslenskri fiskveiðilögsögu.“ Vill nú ekki hæstv. forsrh. lýsa því hér yfir að hann vilji beita sér fyrir því í ríkisstj. að það verði tekin upp þessi afstaða gagnvart bretum og þeim sagt umbúðalaust nú að við tölum ekki frekar við þá varðandi þetta mál en orðið er fyrr en a. m. k. þeir hafi dregið allan sinn fiskiskipaflota út úr okkar fiskveiðilandhelgi? Það skiptir miklu máli, þegar mál eins og þetta liggja fyrir, að við sýnum fulla reisn og fulla alvöru, en séum ekki alltaf með framkomu líkast því að við séum að biðjast afsökunar á því yfirleitt að vera til.

Ég vil svo að lokum endurtaka það, að ég vil óska eftir því að hæstv. forsrh. skýri hér frá þeim tilboðum sem ríkisstj. hefur þegar gert þjóðverjum, hver þau eru um aflamagn. Það liggur nú fyrir í aðalatriðum hvað bretum hefur verið boðið og þá bið ég hann til viðbótar við annað, sem ég hef farið fram á, að lýsa því einnig yfir að það tilboð, sem illu heilli hefur reyndar verið gert bretum, sé lokatilboð, frá því verði aldrei vikið af íslendinga hálfu, þannig að það leiki ekki vafi á því að þetta sé bara boð í fyrri hl. samningaviðræðna sem síðan eigi að halda áfram að slaka til á. Það væri fróðlegt að það kæmi líka fram, einmitt frá hæstv. forsrh., að hér hafi verið um lokatilboð að ræða sem ekki verði breytt af Íslands hálfu og þar settur verulega stór punktur á eftir.

Ég vil svo vænta þess, að hæstv. forsrh. verði við þessum óskum mínum.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Hér hefur verið tekið til umr. utan dagskrár alvarlegt mál, spurningin um það hvort íslensku þjóðinni hefur verið sagt satt frá um framgöngu íslensku ríkisstj. í samningaviðræðum við breta, spurningin um það hvort forsrh. Íslands hafi fyrir nokkrum mínútum sagt Alþ. íslendinga satt eða ósatt um afstöðu íslensku ríkisstj. í samningaviðræðum við breta.

Það er eitt af grundvallarlögmálum þingræðisstjórnarfars að þingið geti á hverjum tíma treyst því algjörlega að stjórnvöld, þegar þau ganga fram í löggjafarsamkomunni, segi þm. sannleikann. Þetta lögmál er talið slíkt grundvallarlögmál í þeim löndum þar sem þingræði er í mestum hávegum, að ráðherrar, sem verða berir að ósannindum fyrir þingheimi, segja skilyrðislaust og án tafar af sér. Hér hefur komið fram að aðaltalsmaður breta, Roy Hattersley, hefur lýst því mjög nákvæmlega að íslendingar hafi gert tilboð um 65 þús. tonn. Hann hefur kvartað undan því, að þrátt fyrir þriggja vikna tíma síðan þetta tilboð var gert hafi íslendingar ekki breytt þessu tilboði, þeir hafi að vísu á þessum þremur vikum hækkað sig úr fyrra tilboði, sem var 50 þús., upp í tilboðið fyrir þremur vikum, sem var 65 þús.

Þessi lýsing var, eins og þjóðinni er kunnugt af blaðamannafundi þessa breska ráðherra, meginröksemd hans fyrir gagnrýni á viðræðurnar. Íslenska ríkisstj. sá ekki ástæðu til þess fyrr en í dag þegar hún var til þess knúin hér — eða hæstv. forsrh. — að gera við þetta nokkra athugasemd. Og þá gengur hæstv. forsrh. fram fyrir þingheim og segir: Þessi lýsing breska ráðherrans er röng, hún er ósönn.

En það vill svo til að það eru fleiri vitni í þessu máli en hæstv. forsrh. og talsmaður bresku sendinefndarinnar, Roy Hattersley. Ég vil — með leyfi hæstv. forseta — leiða þetta vitni hér fram. Þetta vitni er formaður utanrmn. Alþ., Þórarinn Þórarinsson, sá maður sem setið hefur á öllum samningafundum, sá maður sem ég ætla að viti eins gjörla og hæstv. forsrh. hvað hefur verið sagt af Íslands hálfu í þessum viðræðum. Og það vill svo til, hæstv. forsrh., að vitnisburður formanns utanrmn. Alþ. styður frekar sögu breska ráðherrans, Roys Hattersleys, heldur en þá yfirlýsingu sem forsrh. Íslands gaf hér áðan.

Í viðtali við málgagn sitt Tímann í dag segir formaður utanrmn. Alþ., með leyfi hæstv. forseta, að „i undirbúningsviðræðum sérfræðinga um sjávarútveg, sem fram fóru fyrir nokkru, hefðu sérfræðingar íslensku ríkisstj. haldið fast við það sjónarmið að veiðiheimild til handa bretum skyldi miðast við 65 þús. tonn og samkomulag um það aðeins ná til eins árs, og jafnframt var það skilyrði sett fram af íslenskum stjórnvöldum að viðurkenning fylgdi á útfærslu landhelginnar auk tollalækkana hjá Efnahagsbandalagsríkjunum."

Hæstv. forsrh. sagði áðan að það hefði fyrst í einkaviðræðum utanrrh. Íslands og Roys Hattersleys s. l. sunnudag verið minnst á töluna 65 þús. tonn. Formaður utanrmn. lýsir því yfir í málgagni sínu í dag að þessi tala hafi þegar verið eitt af meginatriðum í viðræðum sérfræðinga um sjávarútveg fyrir nokkru. Það munu líklegast vera þær viðræður sem fóru fram fyrir rúmri viku. Og ég hef ekki trú á því að íslenskir sérfræðingar hafi búið þessa tölu til sjálfir. Það væri algerlega andstætt þeirra vinnubrögðum og þeirra starfsemi ef þeir hefðu ekki fengið þessa tölu frá hæstv. ríkisstj., enda kemur fram í viðtali við formann utanrmn. að þeir hafi haldið fast við þessa tölu. Það orðalag gefur til kynna að það sé möguleiki á því að hún hafi komið fram áður.

Því miður er það þannig að þetta viðtal við formann utanrmn. Alþ. styður frásögn breska ráðherrans Roys Hattersleys. Því miður er þetta viðtal viðbótarröksemd fyrir því að hæstv. forsrh. Íslands hafi hér fyrir nokkrum mínútum sagt Alþ. ósatt varðandi þetta mikilvæga mál, eitt mesta grundvallarhagsmunamál þjóðarinnar. Það er nauðsynlegt að þetta mál verði upplýst. Því miður er formaður utanrmn. ekki hér í salnum nú. Það er krafa Alþ. að hann sem formaður þeirrar n., sem þingið felur meðferð þessara mála að öllu jöfnu, útskýri nánar þessi ummæli sín og málið allt sé upplýst, því að annar hvor þeirra, hæstv. forsrh. eða hv. þm. Þórarinn Þórarinsson, formaður utanrmn. Alþ., segir ósatt. Málið snýst ekki bara um það hvor segi satt, breski ráðherrann eða forsrh. Íslands. Það hefur einn af forustumönnum Alþ. íslendinga líka borið vitni í þessu máli.

Ég vék að því í upphafi að það er talin grundvallarregla í þingsölum að þing geti ávallt treyst því að því sé skýrt rétt frá gangi mála.

Þeir þm., sem áður hafa talað hér í dag, hafa látið skýrt koma fram að það skortir því miður mjög á að hæstv. ríkisstj. hafi í samskiptum við landhelgisnefnd, sem er sú trúnaðarnefnd, sem allir þingflokkar hafa skipað til samskipta við ríkisstj. um þetta mál, sýnt nægilegan áhuga á starfsemi þeirrar n. né verið nægilega hreinskilin í samskiptum við meðlimi þeirrar n. Það hefur verið meginforsendan fyrir því, að íslendingar hafa hingað til unnið sigra í landhelgisdeilum, að þjóðin hefur borið gæfu til þess að standa saman, að stjórnvöld hafa á hverjum tíma virt það sem eina af helgustu skyldum sínum í þessu máli að hafa náið samband við stjórnarandstöðu og sýna þjóðinni allri fullan trúnað í þessu máli. Nú hafa þegar komið fram rökstuddar grunsemdir um að núv. ríkisstj. hafi ekki hagað sér á sama hátt og fyrri ríkisstjórnir í þessu máli, að núv. ríkisstj. hafi vanrækt landhelgisnefnd, hafi leynt hana mikilvægum grundvallarupplýsingum í þessu máli, hafi meinað þjóðinni að fá aðgang að réttum upplýsingum og nú jafnvel gengið fram fyrir Alþ. íslendinga og ekki skýrt rétt frá varðandi grundvallaratriði í þessu máli.

Það er von mín að hæstv. ríkisstj. sjái að sér í þessu máli. Hún er á góðri leið með þessum vinnubrögðum að gera landhelgismál íslendinga að bitbeini meðal þjóðarinnar. Hún hefur haldið þannig á þessu máli að hún er að vekja upp deilur, ótta, tortryggni og ugg í röðum landsmanna sjálfra. Þjóðin þarf á þessum tíma á allri sinni samstöðu að halda, og sú ríkisstj. sem ekki stuðlar með aðgerðum sínum að þeirri samstöðu, er ekki fær um að halda á brýnasta lífshagsmunamáli íslendinga.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, ítreka það, að með yfirlýsingu hæstv. forsrh. lýkur því miður ekki þessu máli. Á móti stendur yfirlýsing formanns utanrmn. Alþ. og þetta mál verður að upplýsa enn frekar. Ég vil taka undir þær kröfur, sem hér hafa komið fram í dag, að ríkisstj. upplýsi nú hvað hún hyggst bjóða vesturþjóðverjum, hvað er það aflamagn sem hún hefur hugsað sér að bjóða öllum öðrum þjóðum í samningaviðræðum og hvað mikið verður þá eftir fyrir íslendinga sjálfa. Það blasir við, að ef útlendingar hefðu samþykkt þau tilboð, sem ríkisstj. virðist þegar hafa gert eða ætlar sér að gera á næstu dögum, þá hafa aðgerðir hennar í landhelgismálinu ekki aðeins rekið fleyg í samstöðu íslensku þjóðarinnar í þessum efnum, þá samstöðu sem hefur verið grundvallarforsendan fyrir sigrum okkar á fyrri tíð í þessu máli, heldur hefur hún einnig innleitt mikilvirkustu kjaraskerðingu sem nokkur ríkisstj. hefur á undanförnum árum boðið íslensku þjóðinni, ef á að virða það sjónarmið fiskifræðinga að ekki sé gengið um of á fiskstofnana við landið.

Ég vil óska þess, að ríkisstjórn Íslands beri gæfu til að koma nú heiðarlega fram við þjóðina, við þingið og allan almenning í landinu, birta tafarlaust skýrslur um allt það, sem fram hefur farið í þessum viðræðum, og þær mótsagnir, sem koma fram hjá talsmönnum ríkisstj., hæstv. forsrh. í dag og hv. formanni utanrmn. í viðtali við Tímann í morgun, verði skýrðar til fullnustu.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég vil fyrst svara því til varðandi skýrslugjörð um þær viðræður, sem fram hafa farið við aðrar þjóðir, að ég tel sjálfsagt að gerð verði skýrsla

um viðræðurnar við breta og hún birt opinberlega, þótt meginatriði í gangi þeirra viðræðna hafi þegar komið fram, og að loknum fundum viðræðunefndar okkar við vestur-þjóðverja verði slíkt hið sama gert að því er þær samningaviðræður varðar.

Ég vil taka fram að það var ekkert leyndarmál, enda upplýst í þeim gögnum sem landhelgisnefndarmenn hafa fengið í hendur, að á samningafundi við breta í London var sett fram í spurnarformi hugmynd af hálfu íslendinga um 50 þús. tonna ársafla bretum til handa að fullnægðum ákveðnum skilyrðum. Spurningin, sem beint var til mín í upphafi þessa fundar, var hvort íslenska ríkisstj. hefði staðið að tilboði eða hugmynd til handa bretum um hærri hámarksafla fyrir þrem vikum eða um líkt leyti. Þeirri spurningu svaraði ég afdráttarlaust neitandi og geri enn og vil taka skýrt fram að af hálfu íslensku ríkisstj. hefur slíkt tilboð ekki komið fram fyrr en í óformlegum viðræðum utanrrh. Íslands og aðstoðarutanrrh. Bretlands á sunnudaginn var.

Ég skal svo segja það, að það er allt annað sem dagblaðið Tíminn fjallar um. Dagblaðið Tíminn fjallar í dag um viðræður milli sérfræðinga og embættismanna, og mér er kunnugt um að í þeim viðræðum var ekki eingöngu verið að tala um eina tölu. Það var verið að tala um margar tölur eða aflatakmarkanir og hvað það mundi leiða af sér ef á einhverri ákveðinni tölu yrði byggt, allt frá þeirri hugmynd, sem sett var fram í London um 50 þús. tonna hámarksafla bretum til handa, og upp í 130 þús. tonna hámarksafla, sem bretar kröfðust sjálfum sér til handa. Slíkar viðræður eru ekki samningaviðræður, þar eru skýr mörk á milli. Slíkar umr., sem nauðsynlegar eru til að upplýsa staðreyndir málsins og draga fram viðhorfin ef yrði einhver tilgreind niðurstaða, er vissulega rétt að aðskilja frá samningaviðræðum og aðskilja frá ákveðnu tilboði, sem gert er af hálfu ríkisstjórnar. Landhelgisnefnd voru því veittar réttar upplýsingar á fundinum á fimmtudaginn og raunar fyrr með framlagningu skjala um viðræðurnar.

Hér hefur verið rætt um að það væri glannaskapur og óraunsæi af íslensku ríkisstj. að nefna þetta aflamagn, 65 þús. tonn. Við skulum horfa á það að árið 1973, þegar við vorum mestan hluta ársins án samninga bæði við breta og þjóðverja, tóku þessar þjóðir upp af Íslandsmiðum nær 250 þús. tonn, bretar einir um 155 þús. tonn. Að vísu má segja að þeir hafi tekið meira en skyldi vegna þess að Landhelgisgæslan hafi verið á tímabilinu bundin við aðstoðarstörf vegna eldsumbrotanna í Vestmannaeyjum. En ef við tökum allt árið frá 1. sept. 1972 til 1. sept. 1973, þá munu bretar hafa tekið enn meira magn upp af Íslandsmiðum.

Ég vænti þess að við getum varið landhelgina betur en svo að bretar taki þetta með valdbeitingu sem þeir nú hóta og sýnast tilbúnir að beita. En við verðum hins vegar að hafa í huga, hvað er raunsætt í þessum efnum, og miða afstöðu okkar við það. Lengi má deila um hvað er glannaskapur og hvað er óraunsæi. Það er svo, að íslendingar standa frammi fyrir mjög miklum vanda hvort sem samið verður við erlendar þjóðir eða ekki. Við þurfum að kveða á um það *sjálfir hvernig við hagnýtum okkar fiskimið* og hvaða takmörkunum við bindum veiðisókn á okkar mið, einnig af hálfu okkar manna. Frammi fyrir þessum vanda stöndum við, hvort sem við semjum við útlendinga eða ekki, miðað við þær skýrslur Hafrannsóknastofnunarinnar sem nú liggja fyrir. Úr því að okkur tekst ekki með góðu að fá alla útlenda fiskimenn til að hverfa af okkar miðum og verðum að horfast í augu við að þeir sæki á okkar mið, hvort sem við viljum eða viljum ekki, þá er þetta vandamál vissulega stærra og þá er spurningin með hvaða hætti við getum tryggt okkur mest aflamagn og þar að auki mesta stjórn á hagnýtingu fiskstofnanna, tryggt að nauðsynlegar friðunarráðstafanir séu virtar.

Þetta er réttlæting og röksemd fyrir samningum og samningsumleitunum sem íslenska ríkisstj. hefur staðið að. Ég hef sagt það áður að vilji ríkisstj. sé að greina í landhelgisnefnd frá öllum gangi málsins og þ. á m. viðræðum við aðrar þjóðir. Þegar við ræddum um það hvenær skyldi gera opinber einstök atriði í þeim viðræðum, þá kom mjög greinilega fram hjá sumum stjórnarandstæðingum í n. að það væri ekki víst að það væri rétt af hálfu fulltrúa þeirra flokka, sem hefðu algerlega mælt á móti viðræðum við aðrar þjóðir er hefðu í för með sér veiðiréttindi þeim til handa innan 200 mílnanna, að taka þátt í störfum n. eða umr. um þær samningaviðræður. Það er sjónarmið út af fyrir sig. En þá um leið vil ég undirstrika að þeir, sem halda á viðræðum við aðrar þjóðir, verða að hafa forræði á því *hvenær íslenskum hagsmunum kemur* það vel að opinbera einstök atriði í samningaviðræðum eða einstök atriði varðandi fyrirætlanir íslendinga um málatilhögun í samningaviðræðunum sjálfum.

Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja frekar um það mál, sem hér hefur verið vakið máls á utan dagskrár, en ítreka það að eftir að samninganefndarmenn eru komnir heim úr för sinni til Vestur-Þýskalands verður boðaður fundur í landhelgisnefnd og strax verður undirbúin skýrsla um gang viðræðnanna við breta.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. svar hans við fsp. minni, og ég vil þangað til annað reynist trúa því að það sé rétt. Vel má vera að annað komi í ljós, en ég vil ekki fyrirfram ætla honum annað en að hann skýri hér satt og rétt frá. Hitt er rétt, að menn minnast þess þegar samningaviðræður fóru fram í London fyrir ca. 3 vikum, að þá fullyrtu talsmenn bresku ríkisstj., sem þátt tóku í þeim samningum, að fram hafi verið lagt tilboð í þeim umr. Því var afneitað, eins og hér kom fram, af hálfu talsmanna íslensku ríkisstj.

Enginn þarf að fara í grafgötur um það að eftir að sú hugmynd — skulum við segja hæstv. utanrrh. í London — kom fram að spyrja: Hvað munduð þið gera ef við gerðum þetta eða hitt? — þá var rætt um þessa hugmynd á grundvelli tilboðs, allt frá því að hún kom fram. Af hálfu breta var þetta gert og því var ekki mótmælt af hálfu íslendinga. En hvað sem um þetta má

segja, þá vil ég sem sagt treysta því að hæstv. forsrh. fari hér með rétt mál.

Mér þykir hins vegar á skorta, eftir að slík fullyrðing er fram sett af hálfu breska ráðherrans í gærkvöldi í sjónvarpsviðtali, að mér vitanlega hefur ekki heyrst hósti eða stuna frá hæstv. ríkisstj. í mótmælaskyni við þessa fullyrðingu fyrr en það er knúið hér fram utan dagskrár á Alþ.

Ég vænti þess og tek undir það að hæstv. forsrh. komi greinilega og skilmerkilega á framfæri, bæði í íslenskum fjölmiðlum og breskum, að Roy Hattersley sé með þessum fullyrðingum sínum gerður ber að ósannindum í þessu máli. Ég tel að það sé nauðsynlegt að íslenska þjóðin og kannske ekki síður sú breska sé upplýst um hvers konar meðulum fulltrúar hennar í viðskiptum og viðræðum við íslendinga beita í þessu máli.

Ef þetta væri upplýst, þá er ekki útilokað að almenningur á Íslandi og almenningur í Bretlandi ætlaði sem svo, fyrst þetta getur gerst, svona ósannindi, fullyrðingar að ástæðulausu, þá megi jafnframt búast við því að margt annað í afstöðu Breta í þessu máli sé mjög óhreint, vægast sagt. Ég ítreka það því að ég vænti þess að hæstv. forsrh. komi leiðréttingu og mótmælum á framfæri í íslenskum og breskum fjölmiðlum vegna þessarar fullyrðingar breska ráðherrans, og ég furða mig á því að sú leiðrétting skuli ekki hafa komið fram strax.

Ég fagna því að sjálfsögðu að við þessar umr. hafa komið fram frekari og gleggri upplýsingar um stöðu málsins og þær hugmyndir eða till., sem hæstv. ríkisstj. hefur boðið bretum, heldur en við umr. utan dagskrár fyrr í þinginu. Það hefur verið svo allt til þessa a. m. k. að það er engu líkara en þurft hafi að toga með töngum út úr hæstv. ráðherrum hvað verið væri að gera í viðræðum við aðrar þjóðir í þessu máli.

Ég fagna því að hæstv. forsrh. skýrði þó hér frá opinberlega hvað hefði gerst í þeim viðræðum sem áttu sér stað við Breta nú um helgina. Þetta hefði átt að taka fyrr upp af hálfu hæstv. ríkisstj. í stað þess að halda málinu í leynd viku eftir viku og mánuð eftir mánuð án þess að þing og þjóð fengi neitt um það að vita. Hæstv. forsrh. sagði að ríkisstj. hefði sýnt sanngirni. Ætli það sé litið sömu augum af hálfu almennings í landinu, að það sé sanngirni, eins og málum er nú komið varðandi fiskstofna á miðunum við Ísland, að bjóða 25—30% af veiðandi aflamagni á árinu 1976 erlendum aðilum, eingöngu á kostnað íslensku þjóðarinnar? Ég held að það sé engin sanngirni. Það er í raun og veru miklu meira en glæfraskapur. Það er varla nógu sterkt til orða tekið að kalla það glæfraskap.

Hæstv. forsrh. sagði líka: það stefnir ekki að samningum. — Ég vil spyrja hæstv. forsrh.: Er það álit hans að það stefni ekki að samningum við vestur-þjóðverja? Hæstv. utanrrh. hefur látið aðra skoðun í ljós. Ef það er svo, sem ég er sammála utanrrh. um, að það séu meiri líkur á samningum við vestur-þjóðverja en ekki, þá er búið að búa til grundvöllinn að samningum við breta. Ég óttast að sá grundvöllur verði búinn til í þeim viðræðum, sem nú fara fram við vestur-þjóðverja. Ég vil því ganga lengra en hv. þm. Lúðvík Jósepsson þegar hann sagðist vonast til þess að 65 þús. tonna tilboðið til breta væri lokatilboð. Ég vil vona að fyrst bretar neituðu því tilboði, þá verði það ekki tekið upp aftur, því að það tilboð, 65 þús. tonn til handa bretum, 45—50 þús tonn handa vestur-þjóðverjum ásamt öllum hinum skaranum, sem á eftir kemur og ekki verður stætt á að neita ef samið verður við þessar þjóðir, það þýðir 140—150 þús. tonn útlendingum til handa af þeim 370 þús., sem talið er að megi taka á árinu 1976. Með slíku háttalagi er hæstv. ríkisstj. að leiða Ísland inn í svo alvarlega kreppu af mannavöldum að vart finnst nokkur samlíking. Vil ég ekki fallast á að þetta sé sanngirni af hálfu hæstv. ríkisstj. Ég tel því að það sé í raun og veru ljóst í dag, a. m. k. óttast ég það, að grundvöllurinn að samningum við breta og aðrar þjóðir verði lagður í Þýskalandi á morgun.

Ég vil a. m. k. í framhaldi af þessu spyrja hæstv. forsrh., hvort hann líti svo á að samningar við vestur-þjóðverja, takist þeir, sem ég er nærri fullviss um að gerist, hvort hann sé þeirrar skoðunar að það leiði ekki meiri líkur að því að samkomulag takist við breta. Ég vil í áframhaldi af því spyrja hæstv. forsrh.: Ætlar íslenska ríkisstj. þrátt fyrir allt að standa við þetta tilboð sitt til breta eftir að þeir hafa neitað því formlega? Ef hún ætlar að gera það, þá er slíkt glapræði hér á ferðinni af hálfu hæstv. ríkisstj., sem hefur í för með sér ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir íslendinga sjálfa.

Ég ætlaði ekki að verða fyrstur til þess hér að ræða um þær skýrslur, sem landhelgisnefndin hefur fengið frá hæstv. ríkisstj. vegna samningaviðræðna. En nú hefur það gerst að meira að segja hæstv. forsrh. hefur rætt hér um innihald og efni í þessum skýrslum, þannig að ég tel mig þá óbundinn af þeim trúnaði sem um var talað að skyldi vera varðandi þessar skýrslur. En ég ætla ekki að þessu sinni að gera það sérstaklega að umræðuefni, en því miður finnst mér að hæstv. ríkisstj. hafi haldið svo á þessu máli að jafnvel landhelgisnefnd, sem átti að vera samnefnarinn í málinu, hefur verið allt of óvirk og tiltölulega lítið tekin með inn í það spil sem átt hefur sér stað varðandi landhelgina. Það kveður svo rammt að því hvernig íslenska ríkisstj. hefur haldið á þessu máli að aðalmálgagn hennar, Morgunblaðið, er nú farið að taka upp ásakanir í hennar garð vegna þess hvernig hún hefur haldið á þessu máli. Hver skyldi hafa trúað því fyrir nokkrum vikum eða mánuðum að Morgunblaðið brýndi hæstv. ríkisstj. með því að hún ætti að setja það skilyrði fyrir viðræðum við breta að þeir tækju alla sína togara út fyrir íslensk fiskveiðimörk ef á annað borð ætti að ræða við þá? Það gengur svo langt í þessu máli, vinnubrögð hæstv. ríkisstj., að hennar dyggustu stuðningsmenn geta ekki unað því lengur.

Herra forseti. Ég skal ekki tala lengur að þessu sinni. Ég taldi til þess fullkomna ástæðu að vekja máls á þessu hér vegna þess sem gerst hefur, og það hefur sýnt sig að til þess hefur verið fullkomin ástæða. Ég vænti þess að hæstv.

ríkisstj., þó að seint sé, sjái að sér í málinu og láti ekki leiðast öllu lengra en nú er orðið út á samningsbrautina. Hún hefur nú til þess tækifæri vegna neitunar breta að taka ekki upp tilboð þeim til handa varðandi veiðiheimildir. Ég vona að það takist ekki samkomulag við vestur-þjóðverja, og þá er stundin til þess fyrir hæstv. ríkisstj. að taka á sig rögg og afneita því að gera neina samninga við erlenda aðila um veiðiheimildir í íslenskri fiskveiðilögsögu sem allir yrðu á kostnað íslendinga sjálfra.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. hefur endurtekið það sama sem hann sagði hér fyrr, að það væri ekki rétt, sem breski ráðh. fullyrti um tilboð íslendinga í viðræðunum, íslendingar hefðu ekki fyrir um 3 vikum gert bretum tilboð um 65 þús. tonna aflamagn eða slíkt tilboð hefði ekki verið gefið af hálfu ríkisstj. En ég tók eftir því að hæstv. ráðh. sagði að það yrði hins vegar að gera verulegan mun á tilboði frá hálfu ríkisstj. og samningamanna hennar og því sem fram kynni að hafa komið hjá sérfræðingum og embættismönnum sem fjallað hefðu um málið. Og hann sagði í þeim efnum að hjá þeim hefðu komið fram margar tölur. Ég gat ekki skilið mál hæstv. forsrh. á annan veg um þetta atriði en að honum hafi verið kunnugt um það að sérfræðingar og embættismenn okkar hafi rætt við breta fyrir um það bil 3 vikum um þessi mál og þar hefðu komið fram þessar og aðrar tölur. En eftir sem áður vildi hæstv. forsrh. halda sér fast við að hér hefði ekki verið um neitt formlegt tilboð að ræða af hálfu ríkisstj. og það eigi að gera hér verulegan mun á.

Ég verð að segja það, að ef þetta er rétt skilið hjá mér, það sem hæstv. forsrh. hér sagði, þá er hér um að ræða nýjar upplýsingar í þessu máli sem hafa ekki komið fram í landhelgisnefnd, því að landhelgisnefnd hefur komið saman á þessu 3 vikna tímabili og það hefði þá verið full ástæða til þess að láta landhelgisnefnd fá að vita um það, hafi íslenskir embættismenn og sérfræðingar verið að fjalla um þessi mál með bretum og haft leyfi til þess að ræða um magntölur og ræða þá um þær á þann hátt að bretar hafi skilið þær tölur sem tilboð og fullyrði síðan um það á þann hátt sem þeir hafa gert. Ég verð að segja það, að mér finnst öll þessi frásögn færast nær og nær því sem gerðist varðandi fyrstu fullyrðinguna um að íslendingar hefðu gert tilboð um ákveðið magn í London, sem þá var borin til baka af íslensku ráðh., en sú fullyrðing hefur nú reynst vera rétt. Mér finnst að þessar skýringar, sem nú koma fram, færist mjög í áttina til þess sama, að það er ekki með öllu rangt sem breski ráðh. segir, að þeim hafi verið boðin 65 þús. tonn, hafi það verið svo að slík tala hafi komið fram á þann hátt að mátti skilja hana sem tilboð af hálfu embættismanna og sérfræðinga sem fjölluðu um málið. Þetta tel ég mjög gallað, hafi þetta verið. En sem sagt, það hefur ekki opinberlega komið neins staðar fram að slíkar viðræður sérfræðinga og embættismanna hafi farið fram, engar nema samanburðarviðræður fiskifræðinga okkar og breta á þessu tímabili.

En ekki meira um þetta sérstaka atriði. Hæstv. forsrh. sagði að ríkisstj. mundi gangast fyrir því að skýrsla um viðræðurnar við breta yrði birt almenningi þegar slík skýrsla væri fullunnin og einnig yrði birt skýrsla um viðræðurnar við þjóðverja þegar þeim væri endanlega lokið. Þetta er út af fyrir sig gott, að fá yfirlýsingu um þetta. En það er þó ekki þetta sem er verið að fara fram á fyrst og fremst. Fyrst og fremst er verið að fara fram á það, að á meðan þessar alvarlegu umr. standa yfir, á meðan allt er óráðið og ósamið í málinu, þá skýri ríkisstj. frá meginkjarna málsins, frá aðalatriði málsins, þannig að þjóðin fái að fylgjast með. Það á ekki að vera nein leynd yfir því gagnvart íslensku þjóðinni nú í dag hafi íslenska ríkisstj. nú þegar boðið þjóðverjum tiltekið aflamagn. Þjóðverjar vita það, og hvaða nauðsyn ber til þess að liggja á því gagnvart íslensku þjóðinni? Af hverju má hún ekki vita það, eins og hún t. d. fær að vita það nú að ríkisstj. bauð bretum 65 þús. tonn? Af hverju má ekki segja þjóðinni hvað búið er að bjóða vestur-þjóðverjum í aflamagni? Ég fór fram á að hæstv. forsrh. gæfi þessar upplýsingar hér. Mér er vel kunnugt um, að ríkisstj. hefur gert hér ákveðið tilboð um ákveðið aflamagn. En hæstv. ráðh. varð ekki við þessari ósk minni, vildi ekki gefa þessar upplýsingar enn.

Hæstv. forsrh. skaut sér líka alveg undan því að ræða það mál, hvort hann vildi á svipaðan hátt og leiðarahöfundur Morgunblaðsins draga hér strik undir og lýsa því yfir að frekari viðræður við breta færu ekki fram um þetta mál fyrr en þeir hefðu dregið allan fiskiskipaflota sinn út úr landhelginni. Hann vék sér alveg undan og vildi ekkert um þetta segja. Það getur þá alveg eins legið fyrir að það séu hafnar viðræður við breta á nýjan leik og farið að spinna við töluna 65 þús. tonn hvenær sem er, þrátt fyrir allt það sem á undan er gengið.

Ég vil einnig fara fram á það við hæstv. forsrh. að hann lýsi því yfir sem mátti skilja, það lá nærri því að maður mætti skilja það þannig, að 65 þús. tonna tilboð hefði verið lokatilboð af hálfu íslendinga. En því þá ekki að láta það koma fram? Ég bjóst ekki við því að fá hæstv. forsrh. til þess að lýsa því yfir að hann tæki þetta tilboð til baka, en sagði hins vegar, að því miður hefði þetta tilboð verið sett fram. Ég tel að það hafi verið alveg rangt, og það væri vitanlega mjög æskilegt að fallið yrði frá því. En það hefði þó verið gagnlegt, að forsrh. hefði sagt að frá þessu tilboði yrði aldrei vikið upp á við. En það fæst ekki heldur. Við höfum það auðvitað í huga að breski samninganefndarmaðurinn lét skýrt koma fram að hann hefði enn verið í þessum talnaleik. Hann fór úr 130 þús. tonnum í 120, íslendingar hefðu hækkað sig úr 50 upp í 65, hann hefði ekki viljað hreyfa sig meira í bili nema íslendingar vildu hreyfa sig. Hann gaf í skyn að hann gæti þó hugsað sér að hreyfa sínar tölur eitthvað, en vildi þá fá íslendinga líka til þess að hreyfa sína tölu. Sem sagt, er þessi talnaleikur enn í gangi?

Hæstv. forsrh. minnist heldur ekkert á það að hann mundi gera ráðstafanir til þess að koma því á framfæri í erlendum blöðum, m. a.

í Bretlandi, að formaður bresku sendinefndarinnar hefði hér farið með staðlausa stafi, þ. e. a. s. skýrt algjörlega rangt frá. En auðvitað á að mæta fulyrðingum hins breska ráðh. á þann veg ef allt er hreint af hálfu íslenskra stjórnvalda í þessu máli.

Þá vil ég víkja örfáum orðum að því mikilvæga atriði í málflutningi hæstv. forsrh. sem alltaf kemur fram þegar hann ræðir hér um hugsanlega samninga við útlendinga, en það er sú trú hans að við íslendingar getum ekki varið okkar landhelgi og verðum því í rauninni að lúta að því í samningum við útlendinga sem þeir svo að segja bjóða okkur vegna þess að annars bara taki þeir þetta eða taki meira. Það er þetta sem hæstv. forsrh. er alltaf að segja. Og svo er hann að reyna að nefna tölur um það, hvað þeir hafi með ofbeldisaðgerðum sínum getað tekið hér í fyrri deilum við okkur og hallar þar stórkostlega réttu máli. En ég ætla ekki að fara út í neinar þrætur um það núna. Við vitum að við höfum fengið tiltölulega stuttan tíma til þess að glíma við breta á þann hátt að við höfum lagt okkur alla fram um að verja landhelgina gegn þeim. Það fór svo að við útfærsluna í sept. 1972 kom ekkert heilt ár sem hægt er að mæla á þann hátt að við hefðum átt að halda bretunum úti allt árið. Það fór svo, það var búið að semja áður. En hitt fer auðvitað ekkert á milli mála og það veit hæstv. forsrh. mætavel, að við höfum síður en svo lagt okkur alla fram í þessum átökum við breta að gæta okkar landhelgi. Einna næst komumst við því þegar við litum á veiðar þjóðverja, en nú hefur komið fram opinberlega af þeirra hálfu að þeir hafi á eiginlegum Íslandsmiðum ekki veitt nema í kringum 40 þús. tonn á ári, þar sem þeir veiddu árlega áður um langan tíma um 120 þús. tonn, og þetta hefur gerst þegar við vitum mætavel að við hefðum getað gert miklu betur með því að beita því afli, sem við áttum yfir að ráða, gagnvart þjóðverjum. Það liggur nú líka fyrir alveg óumdeilanlega að þekktustu skipherrar okkar í landhelgisgæslunni lýsa því yfir að þeir telji fullkomlega hægt að verja landhelgina fyrir breskum veiðiskipum og útlendum veiðiskipum ef lítillega væri bætt við gæsluna, skipum sem við eigum yfir að ráða hér í landinu nú, og þeim yrði beitt af fullu afli, og hafa þann fyrirvara einan á að komi breskur herskipafloti, þá auðvitað ráði þeir ekki við slíkt, en að öðru leyti sé það hægt. Ég held að það sé enginn vafi á því að við getum varið landhelgina, og okkur ber að gera tilraun til þess, en fara ekki þá leið sem hæstv. forsrh. virðist vilja fara alltaf, en það að byrja á að slá því föstu að við getum í raun og veru ekkert annað en lotið að samningum af því að hinir séu sterkari. Slíkt leiðir okkur auðvitað út í algjörar ógöngur.

Það er nú auðvitað eins og áður, að hæstv. forsrh. fæst ekki til að ræða um það, þannig að hægt sé að átta sig á því, hvað hann meinar hvernig hann hugsar sér að bregðast við þeim vanda sem upp kemur í fiskveiðum okkar íslendinga sjálfra ef samið er við útlendinga t. d. um það aflamagn sem ríkisstj. hefur þegar boðið og mundi leiða af boðum hennar, því að aðrir eru eftir sem á eftir mundu koma. Það dettur engum manni í hug þegar búið er að semja við bæði breta og vestur-þjóðverja, að það verði ekki einnig samið við færeyinga, norðmenn og belga, og allar líkur benda til þess, að það verði einnig samið við Austur-Evrópuþjóðir, eins og hér hefur komið fram í umr. áður. En þá kemur upp þessi mikli vandi: hvernig á þá að halda á málunum verði samið á einhverjum slíkum grundvelli? Það er í rauninni alveg gagnslaust og ekkert viðhlítandi svar að tala þá aðeins um að auðvitað verðum við að gera ráðstafanir til þess að draga eitthvað úr veiðum okkar sjálfra og reyna að hlífa fiskstofnunum o. s. frv. Þetta svarar engu nema þá að það sé meiningin að beita þessu á þann veg að skerða heildaraflamagn íslendinga um svipað magn og samið er um við útlendinga. Þá er auðvitað hægt að ná markmiðinu, sem fiskifræðingarnir hafa bent á að þurfi að gera í sambandi við minnkun á sókn í stofninn. En það þýðir að það þyrfti hreinlega að draga úr aflamagni íslendinga um um það bil 40%.

Ég vil svo aðeins að lokum segja það, að það eru eindregin tilmæli mín nú eins og áður til hæstv. ríkisstj. að hún fari ekki að flana út í neina samninga, eins og nú er komið, enga samninga við vestur-þjóðverja heldur. Það er rétt, að það er veruleg hætta á því að verði farið að semja við þá á þeim grundvelli, sem ég veit að ríkisstj. hefur rætt um, þá leiði af því tiltölulega fljótlega samninga við breta og einnig samninga við aðrar þjóðir og þá komi upp sá hrikalegi vandi sem menn hljóta að átta sig á varðandi okkar efnahagsmál. Ég vil því enn einu sinni vara ríkisstj. við því að láta draga sig út í samningaviðræður nú við þjóðverja eða aðra útlendinga sem hér hafa stundað veiðar.

Hæli fyrir drykkjusjúka, fsp. (þskj. 28). — Frh. einnar umr.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég vil fyrir hönd heilbr.- og trmrh. svara fram kominni fsp. og byggi ég þar á grg. sem rn. hefur útbúið í mínar hendur, en fsp. er svo hljóðandi:

„Hvenær má vænta þess, að hæli fyrir drykkjusjúka á Vífilsstöðum, sem staðið hefur að heita má fullbúið frá því í maí s. l. vor, taki til starfa, og hvað veldur þeim óhæfilega drætti, sem orðið hefur á því að koma þessari nauðsynlegu stofnun í fullan rekstur?“

Stofnun sú fyrir drykkjusjúka, sem verið hefur í byggingu á Vífilsstöðum undanfarin ár, átti að vera tilbúin samkv. fyrstu áætlun haustið 1974. Ýmsir erfiðleikar ollu því hins vegar að byggingarframkvæmdir drógust á langinn og var húsið að heita má tilbúið 6. júní s. l., en þá tók framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins við húsinu, en verktakar voru að vinnu í og við húsið til 23. júní s. l. Stjórnarnefnd ríkisspítalanna, sem sjá á um rekstur hússins, hefur hins vegar ekki tekið við því enn. Stjórnarnefnd hefur hinsvegar gert ráðstafanir til þess að þessi stofnun komi inn í rekstrarkerfi sjúkrahúsanna og gerði

þegar á s. l. vori áætlun um hvernig það mætti verða.

Gerð hefur verið áætlun um breytingar á því fyrirkomulagi sem nú er um meðferð drykkjusjúklinga, þannig að allar meðferðarstofnanir fyrir drykkjusjúklinga koma undir eina heildarstjórn. Var í því skyni auglýst staða yfirlæknis stofnana ríkisins fyrir drykkjusjúklinga og hefur Jóhannes Bergsveinsson læknir verið ráðinn í þá stöðu. Fyrirhugað er að gerðar verði breytingar á fyrirkomulagi, þannig að stofnuð verði sérstök inntökudeild fyrir drykkjusjúklinga á Kleppsspítala, en hingað til hafa þeir verið á inntökudeild með öðrum sjúklingum spítalans, göngudeild fyrir sjúklingana og meðferðardeild verði í núv. Flókadeild og hælið á Vífilsstöðum verði notað sem meðferðarheimili til nokkurra vikna eða mánaða meðferðar. Gæsluvistarhælið í Gunnarsholti kemur síðan inn í þennan meðferðarhlekk með svipuðu fyrirkomulagi og nú er.

Það hefur verið unnið að því, að þessar breytingar gætu gengið fram, en nokkrar fyrirkomulagsbreytingar þarf að gera í Kleppsspítala svo að það geti orðið.

Það er ekki farið að ráða starfsfólk, annað en fyrrgreindan yfirlækni að deildinni að Vífilsstöðum, og eru raunar ekki til starfsmannaheimildir til þess að það fyrirkomulag, sem hér hefur verið lýst, geti gengið fram að fullu. Hins vegar hefur verið gert ráð fyrir því að reynt yrði að koma deildinni í not á þessu hausti, en vafalaust verður erfitt að fá sérhæft starfslið að deildinni.

Ráðuneytið og stjórnarnefnd spítalanna hafa lagt á það meiri áherslu að koma í not Hátúnsdeild Landsspítalans er verður fyrir hjúkrunarsjúklinga og taldi erfitt að koma í gang tveim stofnunum samtímis, enda hefur reynslan sýnt að fullerfitt reynist að koma í not einni hæð Hátúnsdeildar í senn, en þar er um að ræða 22—23 sjúklinga á hverri hæð. Þó er fyrsta hæðin komin í not og síðan væntanlega hver hæðin af annarri þar til deildin verður fullhönnuð og fullskipuð.

Svar við spurningunni er því það, að enn getur dregist nokkrar vikur að meðferðardeildin á Vífilsstöðum komist í not og er ekki hægt að segja fyrir um það endanlega enn hvenær hún kemst í full not.

Önnur atriði má einnig nefna sem hafa valdið því að deildin hefur ekki verið tekin í not, svo sem að símasamband er ekki frá deildinni enn. Það hefur dregist miklu lengur en gert var ráð fyrir að fá símatengingu í húsið og enn munu líða nokkrar vikur þar til svo verður.

Rn. og stjórnarnefnd ríkisspítalanna er ljóst að mikil nauðsyn er á því að Vífilsstaðadeildin komist í not hið fyrsta. Hins vegar taldi stjórnarnefndin jafnbrýnt að áður en deildin tæki til starfa væri búið að skipuleggja hvernig hún kæmi inn í meðferðarkerfið fyrir drykkjusjúka og tilgangslítið væri að opna deildina fyrr en fullákveðið væri um það mál.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. svörin. Það mætti vissulega margt um þau ræða. Ég fann ekki í þessum svörum rn. neina þá ástæðu sem viðhlítandi mætti teljast til þess að þessi dráttur hefur orðið á. Það var bent á önnur verkefni samhliða þessu. Það má auðvitað alltaf deila um hvað eigi að hafa forgang og spurning um það. En ég harma það sem sagt að það er ekki sjáanlegt á þessum svörum að neinu verulegu hafi um ráðið nema hrein smáatriði, svo sem varðandi það að tafist hafi að leggja símakerfi í stofnunina. Það er óneitanlega svo að það fer svolítill óhugur um mann þegar upplýst er í svari rn., sem segir kannske mest af sögunni eða alla söguna, að framkvæmdadeild Innkaupastofnunarinnar hafi tekið við byggingunni í að ég held mánuði. Og þá læðist sá grunur að manni að sú sama framkvæmdadeild, sem hefur verið býsna drjúg við það stundum að tefja fyrir ýmsum framkvæmdum, hún hafi einmitt þarna gripið inn í, þó að það sé kannske rangt að ætla mönnum svo ljótt varðandi eins brýna stofnun og hér er um að ræða og þarf vissulega að koma sem allra fyrst í gagnið.

Það er sagt að þarna blandist margt fleira inn í. Það kann vel að vera. Ekki skal ég neita því að þarna þurfi um margt á endurbótum að halda. Við vitum auðvitað að málefni drykkjusjúkra í landinu í heild eru í dag í ólestri að miklu leyti. Þetta átti að vera einn liðurinn í því að lagfæra það ástand. Sá liður mun enn dragast, eins og hæstv. forsrh. sagði, um nokkrar vikur eða jafnvel, eins og mátti skilja af svari rn., um ófyrirsjáanlegan tíma enn þá. Og við t. d., sem höfum verið að vinna í áfengismálanefnd Alþ. og höfum einmitt litið alveg sérstaklega á þennan þátt mála, við sjáum ekki miklar vonir til þess að þær till., sem við erum með ýmsar í þessu efni, nái fram að ganga þegar svo fer um starfsemi og stofnun sem var eins vel undirbúin og ég tel að þessi stofnun hafi verið í tíð fyrrv. hæstv. heilbrrh.

Það kann að vera að þarna hafi eitthvað á vantað, en ég bendi á það enn og itreka það, að ég vænti þess að smáatriði, ýmis framkvæmdaatriði, spurning um síma og annað því um líkt, verði ekki látið draga þetta mál úr hömlu enn um sinn, þessu verði komið sem fyrst í gagnið. Og ég treysti því að þau boð verði flutt rækilega upp í viðkomandi rn. og þá til framkvæmdadeildar Innkaupastofnunarinnar, ef hún er þar einnig í vegi, að þetta komist sem fyrst í gagnið því að á því er vissulega rík þörf.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég tel ástæðulaust að saka framkvæmdadeild Innkaupastofnunarinnar um eitt eða neitt í sambandi við þetta mál. Ég held að skýringin á þeim drætti, sem orðið hefur á því að taka þessa sjúkradeild í notkun, sé einfaldlega sú að það skortir starfsfólk og þurfi meiri tíma til þess að koma þessari deild af stað samhliða öðrum sjúkradeildum sem nú eru tilbúnar til notkunar.

Þetta leiðir hugann að því, að það er ekki nægilegt að hefjast handa og standa fyrir og ljúka framkvæmdum, heldur þarf samhliða að gera samræmdar áætlanir um starfsmannalið sem reiðubúið sé til þess að nýta þær stofnanir svo að þær komi að þeim notum sem ætlast er til.

Áætlunargerð Framkvæmdastofnunar ríkisins, fsp. (þskj. 51). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Eins og þingheimi er kunnugt hafa í haust farið hér fram langar umr. um Framkvæmdastofnun ríkisins. Þeim er ekki enn lokið, þótt forsetar Nd. hafi séð ástæðu til þess að fresta umr. um það mál að sinni. Þær umr. hafa hins vegar fyrst og fremst snúist um stjórnunarþátt þessarar stofnunar, en inn í þær umr. hafa einnig blandast aths. og skoðanaskipti um áætlunargerð á vegum þessarar stofnunar. Ég og aðrir, sem í þessum umr. hafa tekið þátt, hafa lýst þeirri skoðun að þessi þáttur starfseminnar, áætlunargerðin, sé e. t. v. einhver veigamesti og jákvæðasti þátturinn í starfsemi þessarar stofnunar til þessa. Hins vegar hefur mjög skort á að ítarlegar upplýsingar hafi komið fram um það, hvar hinar ýmsu áætlanir eru á vegi staddar, og ég hef talið nauðsynlegt til þess að fá grundvöll fyrir ítarlegri umr. um þetta áætlunarhlutverk Framkvæmdastofnunar ríkisins að upplýst yrði til viðbótar þeim upplýsingum, sem fyrir hendi eru um þær áætlanir sem lokið er, hvar á vegi hinar ýmsu áætlanir, sem stofnuninni hefur verið falið að gera, væru staddar, vegna þess að það hafa heyrst um það ýmiss konar frásagnir, að jafnvel allverulegur hluti þeirra áætlana, sem stofnuninni hefur verið falið að sinna, væri enn á frumvinnslustigi og allsendis óvíst væri hvenær þeim yrði lokið. Hins vegar eru hundruð, ef ekki þúsundir landsmanna, sem þessar áætlanir snerta, fullir áhuga á því að þessari áætlunargerð verði lokið sem fyrst, enda eru þau fjölmörg, byggðarlögin í landinu sem telja að þessi áætlunargerð sé grundvöllur að framtíðarþróun sinna byggðarlaga.

Til þess að fá þessar upplýsingar skýrt og skorinort fram og hafa þannig grundvöll fyrir áframhaldandi umr. um þann þátt í starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins sem ég tel einna veigamestan, þ. e. a. s. áætlunargerðina, hef ég borið fram eftirfarandi fsp. til hæstv. forsrh.: Hve margar og hvaða áætlanir hefur Framkvæmdastofnun ríkisins verði falið að gera frá upphafi starfsemi stofnunarinnar? Hvaða áætlunum hefur Framkvæmdastofnun ríkisins lokið? Hvaða áætlanir eru nú á vinnslustigi og hvenær er áformað að ljúka þeim? Hvenær er áformað að ljúka þeim áætlunum, sem ekki eru komnar á vinnslustig? Hve marga viðbótarstarfsmenn þarf Framkvæmdastofnun ríkisins til þess að geta lokið fyrir 1980 þeim áætlunum sem henni hefur þegar verið falið að gera? — Það hefur stundum heyrst í umr. um þessa stofnun að það skorti bæði starfsmenn og nægilega menntaða starfskrafta til þess að geta sinnt sem skyldi þeirri áætlunargerð sem stofnuninni hefur verið falið að sinna, bæði almennt og tilteknum áætlunum sem til hennar hefur verið vísað. Ég tel að mjög mikilvægt sé að það komi skýrt fram hvort stofnunin hefur nú yfir að ráða þeim mannafla sem þarf til þess að geta lokið þessum áætlunum á næstu árum eða fyrir lok þessa áratugs.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég vil hér svara fram komnum fsp. frá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni og þar sem hann hefur nýlokið við að lesa þær upp, þá held ég að ég þurfi ekki að endurtaka þær, en byggi svör mín á grg. frá áætlanadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins.

Fyrst þykir rétt að benda á að í 11. gr. l. um Framkvæmdastofnun, nr. 93 frá 24. des. 1971, segir: „Ríkisstj. skal gefa Alþ. árlega skýrslu um starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins.“ Hefur svo verið gert í apríl- og maímánuði ár hvert og hefur prentuðum ársskýrslum síðan verið dreift til alþm. og standa þær öllum til boða sem óska eftir þeim. Með vísun til þessara skýrslna verður því stiklað hér á stóru.

Varðandi fyrstu fsp.: Áætlanaverkefni stofnunarinnar eiga ýmist upphaf sitt í þál., ákvörðun ríkisstj. eða samþykkt stjórnar stofnunarinnar, en samkv. lögum skal hún ákveða verkefni í samráði við ríkisstj. Í málefnasamningi fyrri ríkisstj. var gert ráð fyrir samningu skuttogaraáætlunar, hraðfrystihúsaáætlunar og iðnþróunaráætlunar, en hin síðast greinda var þó ekki falin stofnuninni, heldur aðeins viss aðild að henni. Undirbúningur landbúnaðaráætlunar var þegar hafinn hjá Efnahagsstofnun og sömuleiðis samgönguáætlunar Norðurlands. Framkvæmda- og fjáröflunaráætlanir ríkisstj. ásamt skýrslu fjmrh. sama efnis fyrir 1972—1973 voru samdar í stofnuninni skv. fyrri verktilhögun og í samvinnu við hagsýslustjóra. Landshlutaáætlanir hafa verið teknar upp í samræmi við þál. fyrir Norður-Þingeyjarsýslu, Norðurland v. og Strandir, Austurland, Vestfirði og Vesturland. Áætlunarstarf um uppbyggingu í Vestmannaeyjum hefur verið unnið fyrir stjórn Viðlagasjóðs, skv. ákvæði í þar að lútandi lögum, en sérstök Skagastrandaráætlun var fyrst unnin sem hluti Norðurlands-vestra-áætlunar. Húsnæðismálaáætlun hefur verið unnin að frumkvæði stofnunarinnar, og á þessu ári hefur verið samið við iðnrn. um hagræna úttekt orkubúskaparins. Loks er unnið að mannfjölda- og mannaflaáætlunum, auk ýmissa verkefna sem tæpast verða talin hluti heildstæðra áætlana. Alls er hér vikið að 17 skilgreindum áætlunarverkefnum.

Varðandi 2. fsp. er sagt: Auk endanlegra verkskila er áföngum náð í áætlunarstarfinu sem vert er að geta. Hraðfrystihúsaáætlun 1971—1976 var gefin út í júní 1974, en áfangaskýrsla kom út áður. Bráðabirgðaskýrsla skuttogaraáætlunar kom út í júní 1972. Landbúnaðaráætlun, fyrsta skýrsla, innlend eftirspurn landbúnaðarvara, spá um reynslu 1973—1977, kom út í sept. 1973, en skv. ákvörðun landbrh. fluttist það starf til rn., en með aðild Framkvæmdastofnunar að starfinu. Sömuleiðis var gerð iðnþróunaráætlunar falin sérstakri iðnþróunarnefnd, en með aðild Framkvæmdastofnunarinnar að starfinu. Kom skýrsla n: Efling iðnaðar á Íslandi 1975—1985, út í júní 1975. Auk þess hefur verið unnið mikið starf í stofnuninni að úttekt á horfum einstakra iðnaðargreina og er til ákvörðunar innan skamms hvernig það efni verði nýtt. Framkvæmda- og fjáröflunaráætlanir 1972 og 1973 voru gefnar út með skýrslum fjmrh. sem þegar er vikið að. Af landshlutaáætlunum kom út byggðaþróunar-

áætlun Norður-Þingeyjarsýslu, skýrsla og tillögudrög, í mars 1975, en endanleg áætlun er nú til staðfestingar hjá ríkisstj. Austurlandsáætlun, fyrri hluti, kom út í júní 1975. Samsvarandi fyrri hluta skýrsla um Norðurland-vestra og Strandir er tilbúin til fjölritunar. Samgönguáætlun Norðurlands var lögð til meðferðar stjórnvalda í janúar 1974, en fékkst ekki afgr. þá og var síðan tekin til endurskoðunar og fyllri meðferðar með hliðsjón af nýrri framvindu þeirra mála. Þeirri endurskoðun er nú lokið og er verið að ganga frá skýrslu þar að lútandi til stjórnvalda. Enn fremur mega áætlanir um mannfjölda og mannafla eftir atvinnugreinum og landshlutum og um þróun húsnæðisþarfar teljast fullgerðar og er unnið að frágangi þeirra til birtingar.

Varðandi 3. fsp. er sagt: Á vinnslustigi eru þannig þær landshlutaáætlanir, sem áður greinir, aðrar en Norður-Þingeyjarsýsluáætlun, og auk þeirra fiskiskipaáætlun, úttekt orkubúskapar og framhaldsverkefni á sviði iðnþróunar- og landbúnaðaráætlana, svo og um byggingarstarfsemi í framhaldi húsnæðisáætlunar. Raunar kalla fullgerðar áætlanir einnig á framhaldsverkefni. Hefur verið svo um hraðfrystihúsaáætlun og er áformað að verði um Norður-Þingeyjarsýsluáætlun svo að dæmi séu tekin. Áformað er að ljúka öllum þessum áætlunum á árinu 1976 eða fyrri hluta árs 1977, þ. e. þeim er síðast var hafið starf við.

Að öðru leyti segir svo Bjarni Bragi Jónsson, forstöðumaður áætlunardeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins: Um ákveðin áætlunarverkefni, ókomin á vinnslustig, er tæpast að ræða þar sem stjórn stofnunarinnar hefur ekki tekið endanlegar ákvarðanir þar að lútandi. Af sömu ástæðu fellur niður svar við 5. lið fsp., þ. e. um viðbótarstarfsmenn til að ljúka þessum áætlunum fyrir árið 1980.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Ég vil þakka forsrh. fyrir svör við þessari fsp. Þau sýna í stórum dráttum að þótt miklum hluta þeirra áætlana, sem stofnuninni hafa verið falin, hafi á einhvern hátt verið lokið, þá er samt sem áður stór hluti þessa starfs enn þá aðeins til í áfangabúningi, bráðabirgðaskýrslum eða fyrri hluta grg., og það er ljóst að mjög stórum hluta þeirrar áætlunarstarfsemi, sem Framkvæmdastofnun ríkisins hefur verið falið að sinna, er enn ólokið, þ. á m. meginþorra landbúnaðaráætlana, sem ég tel einna veigamestar vegna þess vanda sem landsbyggðin á í og öllum þm. er kunnugt um. Ég vil þó fagna því að það skuli formlega koma hér fram af hálfu forsrh. og forstöðumanns áætlanadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins að öllum þessum áætlunum verði lokið á árinu 1976 eða 1977. Það er veigamikil yfirlýsing af hálfu Framkvæmdastofnunar ríkisins og forsrh. að þessu áætlunarstarfi skuli verða lokið á næsta ári og í síðasta lagi 1977. Ber í sjálfu sér að fagna því að það hefur verið skv. þessu ástæðulaus ótti að Framkvæmdastofnun ríkisins hefði ekki mannafla hvað fjölda og hæfni snertir til þess að geta lokið þessu áætlunarstarfi á allra næstu árum. Sú yfirlýsing hefur ekki legið fyrir, og fyrir alla þá fjölmörgu aðila, sem áætlanir Framkvæmdastofnunarinnar snerta, og þá einkum og sér í lagi hinar dreifðu byggðir landsins, austfirðinga, vestfirðinga, norðlendinga og fleiri aðila, er mjög mikilvægt að þetta loforð skuli hér hafa verið gefið formlega og að stofnunin skuli ekki sjá ástæðu til þess að telja að hún þyrfti á fleiri starfskröftum að halda til þess að geta lokið þesum verkefnum.

Ég vil að lokum þakka fyrir þau svör og veit, að það er fagnaðarefni öllum þessum aðilum að svo bjart horfir að það verði hægt að ljúka þessum áætlunum á næsta ári eða í síðasta lagi 1977, og vona að Framkvæmdastofnun ríkisins og forsrh. geti við árslok 1977 staðið fyllilega við þá yfirlýsingu. Ef svo er, þá er áætlunarbúskapur íslendinga, áætlunargerð á Íslandi komin lengra á veg, orðin fljótvirkari stjórnsýsla en ég og aðrir hafa ætlað. Ber vissulega að fagna því, að Framkvæmdastofnun ríkisins skuli á fáeinum árum hafa eflst svo mjög, og jafnframt vara ég við því að stofnunin verði lögð niður eða starfsgeta hennar skert í þá veru að ekki verði hægt að standa við þessar yfirlýsingar um lok áætlunargerðarinnar 1976 eða 1977.

Tómas Árnason: Herra forseti. Í sambandi við áætlunargerðarstarf Framkvæmdastofnunarinnar vil ég aðeins geta þess, að ég hef frá upphafi verið fylgjandi þeirri stefnu að taka fyrir færri áætlanir heldur en fleiri og reyna þá heldur að vinna meira í þeim og hraða þeim. En sannleikurinn er sá, að þrýstingur í þessum efnum hefur verið geysilega mikill, bæði hér frá hv. Alþ., sem hefur afgr. allmargar þál. í þessum efnum, og einnig annars staðar frá, sem komið hefur gegnum stjórn stofnunarinnar. Það hefur verið sá háttur á hafður að það er gerð sérstök starfsáætlun fyrir hvert ár um sig og samþ. í stjórninni og reynt að vinna eftir henni. En það verður að segja það eins og það er, þó að það sé búið að vinna mikið starf á þessum árum að áætlunarverkefnum, þá vantar í raun og veru mannafla til þess að hraða þeim verkefnum sem óskir hafa verið um að framkvæma á tiltölulega stuttum tíma, og til þess að þetta verk geti gengið í þá veru að áætlanir séu fullkomlega tilbúnar og hægt að vinna eftir þeim, þarf geysilega mikinn mannafla og áreiðanlega meiri mannafla en tök eru á að afla með litlum fyrirvara. Þess ber að geta í þessu sambandi, og það hefur raunar komið fram hér í sambandi við umr. um Framkvæmdastofnunina, að Framkvæmdastofnunin gerir ekki áætlanir um þróun þjóðarbúskaparins í heild. Hún gerir ekki áætlanir fyrir opinberar stofnanir nema hún sé beinlínis um það beðin. Ég er þeirrar skoðunar, að þegar að því kemur að lög um Framkvæmdastofnunina verða til umr. hér á Alþ., þegar hæstv. ríkisstj. leggur fram frv. í því efni, þurfi einmitt að ræða nauðsynina á því að koma upp vinnuaðstöðu til þess að gera heildaráætlanir sem nái raunverulega yfir þjóðarbúskapinn, þannig að menn fái heildaryfirsýn eða heildstæða mynd af því hvers þjóðin er raunverulega megnug á hverjum tíma eða hverju ári í sambandi við fjárfestingu og fjáröflun til framkvæmda.

Sameinað þing, 18. fundur.

Þriðjudaginn 18. nóv., að loknum 17. fundi.

Fjáraukalög 1973, frv. (þskj. 35). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Frv. það til fjárauka fyrir árið 1973, sem hér liggur fyrir á þskj. 35, er samið af fjmrn. skv. tillögum yfirskoðunarmanna Alþ., eins og fram kemur í aths. þeirra í ríkisreikningi fyrir árið 1973. Er hér sami háttur hafður á og áður. Leitað er heimilda fyrir öllum umframgjöldum, eins og frv. ber með sér. Nemur fjárhæðin samtals 3 milljörðum 634 millj. 464 þús. kr.

Við 1. umr. fjárlfrv. fyrir árið 1975 gerði ég grein fyrir afkomu ríkissjóðs á árinu 1973 og jafnframt var lögð fram grg. ríkisbókhaldsins um afkomuna. Þar var nokkur grein gerð fyrir frávikum fjárlaga og reikninga og má vísa til þeirra skýringa.

Fjárl. fyrir árið 1973 gerðu ráð fyrir gjöldum að fjárhæð 21 milljarði 318 millj. 178 þús. kr. ef gjöld Alþ. eru ekki meðtalin, enda er ekki leitað heimilda fjárlaga fyrir þeim umframgjöldum. Sambærileg fjárhæð reiknings nam 24 milljörðum 950 millj. 793 þús. eða 3 milljörðum 632 millj. 615 þús. umfram fjárlög. Sundurliðun fjáraukalaganna miðast við hvert rn. og þar sem gjöld Hagstofu Íslands reyndust 1 millj. 849 þús. kr. undir áætlun fjárlaga er samtala fjáraukalaga 3 milljarðar 634 millj. 464 þús. kr.

Ef litið er á stærstu einstöku frávikin kemur í ljós að 4/5 hlutar umframgjalda má rekja til eftirtalinna liða: Gjöld vegna Tryggingastofnunar ríkisins námu 738 millj. 567 þús. kr. umfram fjárl. og þar af 11 millj. 356 þús. vegna hækkunar markaðra tekna hennar umfram fjárlagaáætlun. Gjöld Vegagerðar námu 682 millj. 895 þús. kr. umfram fjárl. Gjöld vegna niðurgreiðslna á vöruverði námu 456 millj. 48 þús. kr. umfram fjárl. Vaxtagjöld námu 105 millj. 222 þús. umfram fjárl. Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir námu 190 millj. 340 þús. kr. umfram fjárl. Gjöld vegna útvegsmála námu 196 millj. 671 þús. kr. umfram fjárl. Dómgæsla og lögreglumál 312 millj. 596 þús. kr. umfram og þar af vegna landhelgisgæslu 92 millj. 172 þús. kr. Vegna héraðs-, barna- og gagnfræðaskólastigs 183 millj. 40 þús. kr. Vegna aðstoðar við vestmanneyinga í sambandi við jarðeldana þar í ársbyrjun 1973 110 millj. 21 þús. kr. auk lánafyrirgreiðslu vegna innflutnings sem ekki kemur með gjöldum.

Framangreindir liðir nema samtals 2 milljörðum 975 millj. 400 þús. kr. Aðrir liðir fjáraukalagafrv. nema 659 millj. 64 þús. og dreifast á ýmsa liði. Til nánari skýringar á framangreindum umframgjöldum að fjárhæð 3 milljarðar 634 millj. kr. skal þess getið að verulegur hluti þeirra byggist á ýmsum lagaákvæðum, þ. á m. ákvæðum laga um ráðstöfun tiltekinna tekjustofna ríkisins í ákveðin verkefni, lántökuheimildum til umframgjalda á vissum sviðum og notkun heimildarákvæða fjárlaga. Í grg. ríkisbókhaldsins kemur fram að þegar tekið hefur verið tillit til þessara sérstöku gjaldaheimilda námu umframgjöld 2 milljörðum 346.5 millj. kr. á árinu 1973. Hins vegar er þörf á staðfestingu þessara aukafjárveitinga með fjáraukalögum.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 19. fundur.

Miðvikudaginn 19. nóv., kl. 2 miðdegis.

Kaupstaðarréttindi til handa Garðahreppi, frv. (þskj. 65). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til félmn. með 27 shlj. atkv.

Framkvæmdastofnun ríkisins, frv. (þskj. 2). — Frh. 1. umr.

Er forseti tók málið af dagskrá mælti:

Gylfi Þ. Gíslason: Hæstv. forseti. Þetta mun vera í fjórða eða fimmta skipti sem frv. um Framkvæmdastofnun ríkisins er á dagskrá, en tekið út af dagskrá án nokkurrar skýringar. Ég æski eftir skýringu á því af hálfu hæstv. forseta hvers vegna þetta á sér stað, hver hefur óskað eftir þessu. Það eru ekki við flm. Hafi einhver annar gert það, þá vil ég gjarnan fá að vita hver það er og hvaða rök eru fyrir því.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Vegna fyrirspurnar hv. þm. um, af hverju málið sé tekið út af dagskrá, vil ég taka fram að það er altítt að mál séu tekin út af dagskrá vegna óskar þm. Nú stendur svo á að forseti d. hefur verið fjarverandi, haft fjarvistarleyfi nú í nokkra daga, og það er einföld ákvörðun forseta og ósk forseta að þetta mál sé tekið út af dagskránni.

Verðtrygging fjárskuldbindinga, frv. (þskj. 69). — 1. umr.

Flm. (Ellert B. Schram): Hæstv. forseti. Á þskj. 69 hef ég leyft mér að bera fram frv. til l. um breyt. á l. frá 1966, um verðtryggingu fjárskuldbindinga. Þetta mun vera í þriðja skipti sem ég ber fram þetta frv., og vonast ég nú fastlega til þess að það nái fram að ganga og fái afgreiðslu í hv. deild.

Frv. felur í sér breyt. á 2. gr. laganna á þann veg að við gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi: „Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er heimilt að kveða svo á í kaup- og verksamningum um hús, húshluta eða önnur skyld mannvirki, sem eigi eru fullgerð á samningsdegi, en seljandi eða verksali skuldbindur sig til að afhenda fullgerð eftir minnst 12 mánuði, að sá hluti söluverðs, sem svarar til þess byggingarhluta sem ófullgerður er, skuli breytast í samræmi við breyt. á verðlagsvísitölu til afhendingardags.“

Af efni og forsendum laga nr. 71 frá 1966, um verðtryggingu fjárskuldbindinga, má ráða að höfuðtilgangur þeirra var að skapa nauðsynlegan grundvöll að verðtryggingu lánsfjársamninga. Stefnt var að því að taka upp verðtryggingu að einhverju leyti við innlánsstofnanir, fjárfestingarlánasjóði og jafnvel lífeyrissjóði. Jafnframt mun hafa verið reynt að taka af öll tvímæli um lagagrundvöll verðtryggingar. Þó að tilgangur verðtryggingarlaga þessara hafi fyrst og fremst verið sá sem að framan greinir, var þó að því er virðist gengið lengra í lagasetningunni og er orðalag 1. gr. það víðtæk að túlka má það svo að það nái yfir allt fjármunasviðið nema löggerninga á sviði kaupgjaldsmála. Reyndin hefur orðið sú að löggjöfin hefur haft verulega þýðingu á sviði lánsfjársamninga og má telja hana fyrst og fremst eðlilega og gagnlega að því marki. Á hinn bóginn hafa lögin skapað nokkra óvissu um gildi löggerninga, sem mjög algengir og mikilvægir eru í viðskiptum manna, einkum húsaleigusamninga, sölusamninga um húsnæði og verksamninga. Í þessum efnum hefur skapast áratuga hefð um vísitölumiðviðun í samningum þessum. Vil ég í því sambandi sérstaklega benda á að í lögum um Byggingarsjóð ríkisins er beinlínis gert ráð fyrir því að tekið sé mið af vísitölubreytingum.

Nú hefur hins vegar það gerst, að dreginn hefur verið í efa réttur aðila til að setja slík vísitöluákvæði inn í samninga og dómar hafa fallið m. a. í Borgardómi Reykjavíkur á þá leið að verðtryggingarákvæði í samningum eins og hér um ræðir séu ólögmæt. Ég vitna sérstaklega til dóms, sem kveðinn var upp í Borgardómi Reykjavíkur í sept. s. l., þar sem byggingaraðili höfðaði mál gegn kaupanda íbúðar þar sem gerð var krafa um greiðslu á verðtryggingu sem samningurinn gerði ráð fyrir. Er skemmst frá því að segja að dómur féll á þá leið að þetta verðtryggingarákvæði í kaupsamningnum var dæmt ólögmætt og talið að það bryti í bága við fortakslaus ákvæði laganna frá 1966 um verðtryggingu fjárskuldbindinga. Þessi dómur og fleiri slíkir hafa af skiljanlegum ástæðum mjög alvarlegar afleiðingar og raska mjög þeirri venju og þeirri viðskiptahefð sem ríkt hefur á þessu sviði um langan tíma. Í þeim efnum hefur hið opinbera jafnvel gengið á undan með því að viðurkenna og setja beinlínis inn í samninga ákvæði um verðtryggingu þegar t. d. samið er um verk eða byggingar á opinberum vegum.

Nú skal ég ekki leggja neinn dóm á þann úrskurð sem kveðinn er upp af dómstólum landsins. Þó mætti viðurkenna að strangt til tekið, ef miðað er við lögin ein, standist slíkir dómar. Á hinn bóginn er auðvitað á það að líta að mjög löng hefð hefur skapast um verðtryggingarákvæði og ætti að vera eðlilegt undir þessum kringumstæðum, að nokkurt tillit væri tekið til þeirrar hefðar. Alla vega er niðurstaðan sú að ef slíkir dómar yrðu staðfestir af Hæstarétti, þá mundu þeir hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar í samningum manna á meðal og leiða til þess að mikill fjöldi einstaklinga og aðila gæti gert kröfu um endurgreiðslu á þeim verðtryggingarupphæðum sem inntar hafa verið af hendi svo og neitað að greiða þær eða standa við þá samninga sem gera ráð fyrir verðtryggingaruppbótum. Það er mitt álit að það sé heppilegast fyrir þjóðfélagið og fyrir slíka samninga og slík viðskipti að heimilt sé að verðtryggja samninga sem eru til langs tíma. Það er mjög óraunhæft að fara fram á að aðilar, sem taka að sér verk, áætli eða geti ákveðið verð á framkvæmdum sínum fram í tímann með hliðsjón af þeim öru verðbreytingum, þeirri miklu verðbólgu sem ríkt hefur og mun því miður sjálfsagt ríkja einhvern tíma enn. Þess vegna er óraunhæft að banna verðtryggingarákvæði, og ef þau verða bönnuð og dæmd ólögmæt, þá munu aðilar leita einhverra annarra ráða og hafa ýmsa möguleika á því að setja inn ákvæði í samninga sem tryggja þá gegn slíkum verðhækkunum án þess þó að það sé beinlínis orðað svo að það sé um verðtryggingu að ræða.

Ég hef tekið fram áður, þegar ég hef gert grein fyrir þessu frv., að ég lít ekki endilega svo á að túlka megi lögin frá 1966 þannig að verðtrygging sé ólögmæt. En ég hefði talið æskilegt að taka af allan vafa í þessum efnum og heimila slíka verðtryggingu. Því hefur verið haldið fram í umr. um þetta mál áður að það gæti verið andstætt hagsmunum neytenda eða þess fólks sem t. d. festi kaup á íbúðum. En þá er því til að svara að það er meiri trygging fyrir slíka einstaklinga, sem festa kaup á íbúðum, að vita nokkurn veginn að hverju þeir ganga, þannig að þeir geta reiknað með verðtryggingunni í stað þess að vera í fullri óvissu um kaupverð, endanlegt kaupverð, og þeir geta þá búist við því, ef þeir fara út í slíka óvissu, að hvort tveggja eigi sér stað, að sá, sem byggir, verði gjaldþrota, geti ekki staðið við samninga, sem hann gerir, og að sá, sem hafi fest kaup á íbúðinni, standi uppi íbúðarlaus, hafi jafnvel innt af hendi greiðslur til hins aðilans sem hann geti ekki fengið aftur vegna vanskila og gjaldþrots þess aðila.

Ég tel svo, herra forseti, óþarfa að útskýra efni þessa frv. nánar. Það hafa verið sett hæfileg mörk um lágmarkstímalengd þeirra samninga, sem hér um ræðir, og er gert ráð fyrir því að við ákvörðun verðlagsvísitölu sé hægt að styðjast við byggingarvísitölu eða kaupgjaldsvísitölu eftir atvikum og eftir efnisþáttum samningsins.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. sé málinu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 73). — 1. umr.

Flm. (Vilborg Harðardóttir): Herra forseti. Ástæðan til að ég hef lagt fram þetta frv. til l. er það misrétti sem börn búa við hvað snertir meðlagsgreiðslur. Samkv. núgildandi lögum er greiðslum þannig háttað að Tryggingastofnun ríkisins greiðir ekki meðlag fyrr en að fengnum meðlagsúrskurði hjá sakadómi. Neiti faðir að

gangast við barni dregst úrskurður og þar með meðlagsgreiðslur í a. m. k. 6 mánuði eða þar til blóðrannsókn getur farið fram í fyrsta lagi. En síðan getur málið enn dregist lengi fyrir dómstólum, og dæmi eru til að barnsfaðernismál hafi dregist allt yfir 4 ár, og reyndar hef ég nýlega fengið dæmi um það í Tryggingastofnun ríkisins að þetta geti dregist upp í 7 ár. Það er nýbúið að úrskurða meðlag með barni sem er orðið 7 ára. Það var millilandamál, móðirin fær aðeins greitt 18 mánuði aftur í tímann.

Stundum næst alls ekki til barnsföður fyrr en mörgum mánuðum og jafnvel árum eftir fæðingu barns og er þá ekki hægt að sækja um meðlag á meðan. Þá kemur fyrir að ekki tekst að feðra barn þrátt fyrir tilraunir til þess, og fellur þá í hlut ríkissjóðs að greiða meðlagið. Í öllum tilfellum fær móðirin meðlagið greitt eftir á aftur í tímann, en ekki þó lengra aftur en 6 mánuði nema til komi vottorð frá sakadómi að meðlagsúrskurðar hafi verið leitað áður en barnið náði 6 mánaða aldri. Þó má aldrei greiða meðlag lengra aftur í tímann en 18 mánuði.

Samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef fengið hjá Tryggingastofnun ríkisins, greiðir ríkissjóður nú um 18% meðlaga eða barnalífeyris sjálfur, þ. e. a. s. það er ekki endurkræft hjá barnsföður. Þar er um að ræða um það bil 1400 börn, en mikill meiri hl. þessara barna er börn ekkna, ekkla og öryrkja og aðeins örfá sem þannig er ásatt um að ekki hefur tekist að feðra þau. Samkv. sömu heimildum hef ég fengið þær upplýsingar að slík mál muni árlega vera um það bil 10 og lágmarkstími faðernismála sé yfirleitt 2½ ár, sem þýðir það sem sagt að fyrsta hluta ævinnar er ekkert greitt með þessum börnum. En satt að segja er lítið gagn að meðlagsgreiðslum og fæðingarstyrk sem ekki kemur fyrr en mörgum mánuðum og jafnvel árum eftir að barnið fæðist. Það er einmitt á meðan barnið er nýfætt og ungt sem móðirin þarf mest á aðstoð að halda, þann tíma sem hún á erfiðast með að vinna fyrir því sjálf og erfiðast með að fá barnagæslu, a. m. k. á opinberum stofnunum, ef þær þá yfirleitt fyrirfinnast í hennar lögsagnarumdæmi.

Ég fékk nýlega bréf frá ungri konu úti á landi sem eignaðist barn fyrir nokkrum mánuðum, en þar sem ekki hefur náðst til barnsföður, sem nú er við vinnu utanlands, — þetta er sjómaður, — hefur hún ekki getað fengið meðlagið greitt frá tryggingunum. Sjálf segist hún ekki efast um að hann gangist við barninu og greiði með því þegar samband næst við hann, en þangað til skal hún sem sé basla hjálparlaust. Og saga þessarar ungu konu er því miður ekkert einsdæmi. Þegar ég sagði frá henni í hóp fyrir nokkru komu strax fram tvö önnur dæmi sem fólkið í hópnum þekkti persónulega. Í öðru dæminu var um að ræða mann sem hafði verið erlendis í 3 ár og vissi enginn hvar. En af því að um var að ræða íslendinga, sem stúlkurnar gátu nafngreint, mátti ekki borga meðlagið fyrr en þeir hefðu gengist við börnunum. Það liggur við að stúlkunum hefði verið betra að eignast börnin með einhverjum óþekktum útlendingum eða að barnsfeðurnir hefðu verið frá kaþólskum löndum, þá hefði þegar í stað verið samþ. að aldrei mundi nást til þeirra og ríkið hefði strax greitt meðlagið. Hér er um að ræða mikið jafnréttismál, — ekki fyrir konur, þótt allir virðist taka sem sjálfsagt mál að þegar rætt sé um jafnréttismál, þá sé verið að tala um jafnréttismál kvenna, — en hér er um að ræða mismunun á börnum. Það eru fyrst og fremst börnin sem líða við það að hafa ekki nóga peninga til þess að lifa af.

Nú kann einhver að segja að ef leyft yrði að greiða meðlag með börnunum áður en úrskurður fengist, þá mætti kannske misnota lögin. Það er hugsanlegt að hægt væri að koma í veg fyrir slíka misnotkun með því að setja nánari reglur, t. d. um að meðlagsgreiðslur fyrir úrskurð séu háðar því skilyrði að innan hálfs árs frá fæðingu barnsins sé lagt fram vottorð frá sakadómi um að unnið sé að faðernismálinu.

Nýlega var ég á fundi hjá Félagi einstæðra foreldra og þar var samþ. áskorun á alþm. um að veita brautargengi ýmsum af þeim óskum sem þetta félag hefur verið að fara fram á undanfarið, og m. a. kemur þar fram, með leyfi forseta: „Að fyrirkomulagi meðlagsgreiðslna verði breytt þannig að meðlag verði greitt þegar frá fæðingu barns gegn vottorði frá sakadómi innan 6 mánaða að unnið sé að faðernismáli.“ Á þessum fundi voru staddir fulltrúar frá öllum þingflokkum. Þeir voru ekki fulltrúar þingflokksins sem slíkir, en þeir sögðu sína persónulegu skoðun á málinu og lýstu allir fylgi við þessa ósk Félags einstæðra foreldra, og ég vænti þess að aðrir þm. muni einnig veita þessu brautargengi.

Að síðustu vil ég leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og til heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 23 shlj. atkv.

Sameinað þing, 19. fundur.

Fimmtudaginn 20. nóv., kl. 2 miðdegis.

Fjáraukalög 1973, frv. (þskj. 35). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv. og til fjvn. með 31 shlj. atkv.

Tekjustofnar sýslufélaga, þáltill. (þskj. 63). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Jafnrétti kynjanna, þáltill. (þskj. 64). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Umferðarmál, þáltill. (þskj. 67). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Aðgerðir til að draga úr tóbaksreykingum, þáltill. (þskj. 74). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Viðgerðar- og viðhaldsaðstaða flugvéla á Keflavíkurflugvelli, þáltill. (þskj. 25). — Ein umr.

Flm. (Jón Skaftason): Virðulegi forseti. Á þskj. 25 hef ég leyft mér að flytja till. til þál. um viðgerðar- og viðhaldsaðstöðu flugvéla á Keflavíkurflugvelli. Sjálf tillgr. orðast þannig:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að láta athuga í samráði við Flugleiðir hf. og önnur flugfélög, er hagsmuna hafa að gæta, á hvern hátt hagkvæmast sé að koma upp aðstöðu til viðgerða og viðhalds flugvélum á Keflavíkurflugvelli."

Ég flutti þessa till. seint á síðasta þingi, en hún fékkst þá ekki útrædd, fór til n., en kom þaðan ekki. Ég gerði þá grein fyrir efni till. og rökstuðningi fyrir henni og get því í þetta skipti leyft mér að hafa framsöguna nokkru styttri, þó að ég sjái ástæðu til þess að bæta nokkrum atriðum við það sem ég sagði um till. á síðasta þingi.

Eins og allir hv. þm. vita hefur flugið verið vaxandi atvinnugrein á Íslandi, eins og raunar um allan heim. Hin síðari ár hefur gætt vissra erfiðleika í flugstarfsemi, bæði hér á landi og í næstu nágrannalöndum okkar, sem hefur valdið því m. a. að lendingar á Keflavíkurflugvelli hafa orðið nokkru færri nú tvö síðustu árin en þau voru árið á undan og þess vegna eru vissir erfiðleikar í þessari starfsemi. Ég hef fengið upplýsingar á skrifstofu flugmálastjóra á Keflavíkurflugvelli fjölda lendinga og tekjur af lendingargjöldum á árunum 1970—1974 og vil — með leyfi hæstv. forseta — lesa þetta upp:

Árið 1970 lentu 3 294 flugvélar á Keflavíkurflugvelli og þá eru ekki taldar með þær flugvélar sem þar eru staðsettar og eru á vegum varnarliðsins. Lendingargjöld af þessum 3 294 flugvélum námu þá 64.5 millj. kr. 1971 urðu þessar lendingar 3 838 og tekjur af lendingargjöldum 88.3 millj. 1972 urðu þessar lendingar 4 043 og tekjur af lendingargjöldum 95.2 millj. 1973 voru þessar lendingar 3 823 og tekjur af lendingargjöldum 104.8 millj. 1974 urðu lendingarnar 3 664 og tekjur af lendingargjöldum 121.7 millj. kr.

Ljóst er af þessum upplestri að mikið er um lendingar á Keflavíkurflugvelli, og kunnugir menn þessum málum gera ráð fyrir því að í framtíðinni muni lendingum fjölga mjög verulega sem eðlileg afleiðing af því að flugið er sú grein samgagna sem er í örustum vexti í heiminum. Keflavíkurflugvöllur er, eins og menn vita, eini alþjóðlegi flugvöllurinn í eigu okkar Íslendinga og hann er að ýmsu leyti mjög vanbúinn tækjum og þá sérstaklega á því sviði sem tillgr. þessi fjallar sérstaklega um, þ. e. a. s. hvað snertir viðgerðar- og viðhaldsaðstöðu flugvéla þar.

Í sambandi við aukna starfsemi við flug hefur risið upp hér í landinu nokkuð fjölmenn og vel menntuð stétt flugvirkja sem hefur annast viðhalds- og viðgerðarstörf hér á landi, og nú eftir að erfiðleika fór að gæta í þessari fluggrein hafa sumir af þessum lærðu flugvirkjum orðið að leita sér atvinnu erlendis. Eftir upplýsingum sem ég hef fengið hjá Flugvirkjafélagi Íslands, munu nú vera um 240 útskrifaðir flugvirkjar á Íslandi, þar af munu um 200 vera í starfi við sitt fag, 145 hér innanlands, en 45 erlendis, og 10 eru starfandi í öðrum greinum. Ég þarf ekki að taka það fram að land, sem er eins staðsett og Ísland og hefur eða á að geta haft jafngóða möguleika til þess að vera lendingarstaður fyrir flugsamgöngur yfir Norður-Atlantshafið, það land þarf að eiga vel menntaða stétt flugvirkja til þess að af þessu geti orðið.

Nú er vitað að þeir 45 flugvirkjar, sem starfa nú á erlendri grund, hafa sett fram bæði við sitt stéttarfélag hér heima og við yfirvöld hér á landi ákveðnar óskir um að þannig verði að þessari starfsemi búið að þeir geti horfið hingað til lands til að sinna vinnu sinni hér. Og það er okkur mikið metnaðarmál að geta orðið við óskum þessara vel menntuðu íslensku flugvirkja, auk þess sem það er beint hagsmunamál alþjóðar.

Ég vil þá í fáum orðum vikja að því að þörfin fyrir að gera eitthvað róttækt í þessum málum hefur m. a. vaxið mjög við það að viðgerðarskýli Flugfélagsins á Reykjavíkurflugvelli brann í janúarmánuði s. l. og þeir 100 flugvirkjar, sem þar störfuðu, eru nú á talsverðum hrakhólum með aðstöðu til að annast þessa starfsemi. Þó að þeir hafi ekki misst starfið vegna þessa, nema þá fáir, þá er sú vinnuaðstaða, sem þeir hafa fengið, t. d. í flugskýlum varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, algjörlega ófullnægjandi, og ef ekki verður brugðið fljótt á það ráð að gera eitthvað í þessum efnum, þá er fullkomin hætta á því að enn stærri hluti þessarar þjónustu, sem gæti verið unnin hér innanlands, flytjist til útlanda.

Ég birti í grg. með till. þessari viðgerðar- og viðhaldskostnað íslenskra flugvéla hjá Loftleiðum og hjá Flugfélagi Íslands á árunum 1971—1974, og ég hef skipt honum í kostnað sem fellur til erlendis og fellur til innanlands. Ég skal ekki tefja tíma hv. Sþ. með því að lesa upp þetta, enda er það hv. þm. aðgengilegt, en ég vil aðeins lesa samtölur þessara kostnaðarliða þessi 4 ár: 1971 nam þessi viðgerðar- og viðhaldskostnaður Loftleiða og Flugfélags Íslands 536 millj. kr. erlendis og 113 millj. kr. innanlands. 1972 nam þessi kostnaður 511 millj. kr. erlendis og 111 millj. kr. innanlands. 1973 nam þessi kostnaður 511 millj. kr. erlendis og 140 millj. kr. innanlands. 1974 nam þessi kostnaður 608 millj. kr. erlendis og 212 millj. kr. innanlands. Það er athyglisvert í sambandi við þessar tölur að erlendur kostnaður Loftleiða er að langstærstum hluta erlendis, en Flugfélagsins að langmestum hluta innanlands, og stafar einfaldlega af því

að endastöð í flugleiðum Flugfélags Íslands hefur verið Ísland, en hjá Loftleiðum hefur endastöð verið ýmist í Luxemburg eða í Bandaríkjunum. En með þeirri sameiningu, sem orðið hefur á þessum tveim flugfélögum, á að gefast betri aðstaða til þess að færa stærri hluta af þessum viðhalds- og viðgerðarkostnaði hingað inn í landið.

Auk þessa erlenda kostnaðar, sem ég hef verið að lesa upp hver verið hefur, þá hefur fyrirtækið Hagvangur hf. í okt. s. l. framkvæmt þjóðhagslegt mat á skoðunar- og viðhaldsrekstri flugvéla að beiðni Flugvirkjafélags Íslands. Þar kemur m. a. í ljós að tekjuauki íslenska þjóðarbúsins, ef við gætum flutt meira af þessari starfsemi til landsins, er þó nokkur. Niðurstaðan er í stuttu máli sú að ef við gætum skapað atvinnuaðstöðu fyrir 30 nýja flugvirkja í landinu með því að færa aukin verkefni inn í það, þá mundi það þýða 60.8 millj. kr. auknar tekjur fyrir þjóðarbúið. Ef tækist að flytja um 40 flugvirkja til starfa hingað, þá mundi það þýða 81.4 millj. kr. auknar tekjur í þjóðarbúið. Og ef okkur tækist að flytja 50 flugvirkja hingað til starfa, þá mundi það þýða 101.3 millj. kr. auknar tekjur í þjóðarbúið. Og sjálfur ríkissjóður mundi hafa þó nokkrar tekjur af þessu. Hann mundi hafa í tekjuauka af 30 nýjum flugvirkjastörfum 26.5 millj. kr. á ári, af 40 nýjum flugvirkjastörfum 35.7 millj. kr. og af 50 nýjum flugvirkjastörfum 44.2 millj. kr.

Ég sé svo ekki ástæðu, virðulegi forseti, til þess að fara fleiri orðum um þessa þáltill. Ég vona að með þeim fáu orðum, sem ég hef sagt hér um hana og tilganginn með flutningi hennar, hafi mér tekist að sýna að nokkru leyti a. m. k. að hér er um nokkuð stórt mál að ræða fyrir íslensku þjóðina og nokkuð á sig leggjandi að setja í gang vinnu í þessu efni. Það, sem fyrir mér vakir með tillöguflutningnum, er ekki síst að í þessum atriðum verði mörkuð einhver ákveðin stefna, þannig að allir þeir aðilar, opinberir og einkaaðilar, sem hagsmuna hafa að gæta í þessu sambandi, viti að hvaða marki á að stefna, hvaða mark hefur verið ákveðið, þannig að þeir geti tekið höndum saman um hvað vinna ætti í samræmi við það takmark sem sett hefur verið.

Ég legg svo til, herra forseti, að að þessari umr. lokinni verði till. vísað til hv. allshn.

Guðmundur G. Þórarinsson: Virðulegi forseti. Mig langar til að leggja örfá orð í belg í framhaldi af þeirri till. sem Jón Skaftason alþm. hefur flutt hér.

Hér er hreyft ákaflega þörfu og mikilvægu máli. Þetta mál er mjög mikilvægt fjárhagslega fyrir íslendinga, og það mætti líða sundur sjálfsagt í marga þætti hversu æskilegt væri að færa þessa aðstöðu, viðhaldsaðstöðu og viðgerðaraðstöðu, inn í landið. Það er ekki bara það að við færum með þessu mikla atvinnu inn í landið og höldum hér sérþekkingu á sviði flugvirkjunar, heldur er um að ræða, eins og þm. gat um, gífurlega mikinn gjaldeyrissparnað. Jafnframt hlýtur það að vera öllum ljóst að íslendingar, sem búa á eyju norður í Atlantshafi, eiga ákaflega mikið undir flugsamgöngum, og má nær því segja að hér mundi reynast erfitt að halda uppi menningarlífi ef við hefðum ekki flugsamgöngur við aðrar þjóðir. Það hlýtur því að liggja í augum uppi hversu mikilvægt það er að íslendingar geti sjálfir að sem allra mestu leyti farið með viðhald flugflotans, en þurfi ekki að leita með það til erlendra þjóða.

Ástandið er raunar þannig í dag að aðstaða flugvirkja við vinnu og aðstaðan til viðgerðar- og viðhalds á flugvélum íslenska flugflotans er lakari en mér liggur við að segja nokkur aðstaða sem fyrirfinnst á bílaverkstæði hér í borginni. Aðstaðan var tiltölulega góð á Reykjavíkurflugvelli fyrir brunann á skýli 5. En eftir þann bruna hefur skapast algjört neyðarástand í viðgerðarmálum flugvéla hér. Raunar er staðan þannig, að skýlin á Reykjavíkurflugvelli eru gömul, þau eru öll úpphituð og óeinangruð og þeim er illa við haldið. Þessi mál hafa verið í því horfi að ríkið hefur átt skýlin og á skýlin, en leigir þau til flugfélaga.

Eftir þeim upplýsingum, sem ég kemst næst, er leiga skýlanna frámunalega lág. Leigugjald dugir tæpast fyrir fasteignagjöldum, hvað þá heldur eðlilegu viðhaldi á skýlunum. Í framhaldi brunans, sem á Reykjavíkurflugvelli varð, hefur mikið verið rætt um byggingu nýs skýlis, og allir eru sammála um nauðsyn þess að því máli sé flýtt eins mikið og unnt er. Hins vegar hafa skipulagsmál á Reykjavíkurflugvelli tafið það nokkuð. Í 15 ár hafa menn rætt það, hvernig skipulag Reykjavíkurflugvallar skuli verða, og raunar velta menn fyrir sér mjög framtíð flugvallarins. Nú liggur þó fyrir að í framhaldi af endurskoðun aðalskipulags Reykjavíkur, sem nú stendur yfir, muni takast að festa skipulag fyrir Reykjavíkurflugvöll á skipulagstímabilinu fram til 1990 og í framhaldi af því verði síðan unnt að staðsetja nýja skýlisbyggingu og koma a. m. k. viðhaldsaðstöðu flugvéla á Reykjavíkurflugvelli í viðunandi horf.

Ég hygg að þm. sé öllum kunnugt um það hvernig viðhaldsaðstaða og viðgerðaraðstaða íslenska flugflotans er í Keflavík. Þar hafa íslendingar á leigu hluta af einu skýli, sennilega lélegasta skýlinu á vellinum, og aðstaða þeirra er afmörkuð með máluðum línum, þar sem öryggisflugvélar og þyrlur varnarliðsins eru hinum megin við línurnar. Það er nánast þannig að íslendingar séu þarna gestir við þessa aðstöðu og aðstaðan er algjörlega ófullnægjandi. Þegar vinna þarf við flugvélar nákvæmnisvinnu við mótora og annað slíkt, þá er þarna að heita má sama hitastig inni í skýlinu og utan þess.

Ég held að það sé öllum ljóst, þegar rætt er um framtíðaraðstöðu fyrir viðhald og viðgerðir flugflotans hér, að viðgerðaraðstaða verður að vera einhver á Reykjavíkurflugvelli. Reykjavíkurflugvöllur er aðalinnanlandsflugvöllurinn, og við sjáum ekki fram á það um fyrirsjáanlega framtíð að því verði breytt, þó að uppi séu raddir um að sambýli borgarinnar og flugvallarins gerist æ erfiðara. Það er því alveg ljóst að fyrir innanlandsflug íslendinga verður að koma upp viðunandi viðgerðaraðstöðu á Reykjavíkurflugvelli. Hjá því verður ekki komist. En síðan snýr málið að viðgerðaraðstöðu fyrir

millilandaflug íslendinga, og allir eru sammála um það, hygg ég, að slík aðstaða ætti eðli sínu samkvæmt að vera í Keflavík.

Menn ræða mikið um hagkvæmni þess að færa þessa þjónustu inn í landið. Ég vil sérstaklega geta þess, og ég hygg að það muni það allir hér, að þegar Flugleiðum var veitt ríkisábyrgð á sínum tíma fyrir lánum, þá var mikið rætt um það og raunar ákveðið að sérstaklega skyldi könnuð hagkvæmni þess að færa viðhald flugflotans í sem mestum mæli inn í landið. Það var raunar, að ég hygg, að mestu fyrir frumkvæði hv. þm. Jóns Skaftasonar að það mál komst í sviðsljósið. En menn verða að hafa það í huga þegar menn ræða það hvort slíkt sé hagkvæmt. Þar kemur geysilega margt til greina. Þær forsendur, sem lagðar eru til grundvallar, skipta höfuðmáli um niðurstöðuna. Hvaða flugflota eru menn að ræða um? Eru menn að ræða eingöngu um Flugleiðaflotann, eru menn að ræða um allan íslenska flugflotann, eru menn jafnvel að ræða um viðhald á vélum hersins með— eða hvaða forsendur eru það sem menn ganga út frá, og hver á að eiga slíka viðhaldsaðstöðu? Það skiptir meginmáli. Slíkt þarf könnunar við, og það er enginn vafi að það er glettilega flókið. Ég hygg að athugun á þessu sé hafin eftir að Jón Skaftason alþm. flutti þetta mál inn í Alþ. á síðasta ári, og ég hygg samt að það sé mjög þarft að hann endurflytur það hér og hreyfir þessu aftur til að ýta við málinu. Ég vil sem sagt sérstaklega vekja athygli þm. á því að viðhaldsaðstaðan er í algjöru ófremdarástandi, eins og hún er núna, og hér er um að ræða viðamikið mál, þjóðhagslega mikivægt mál og nauðsynlegt að hraða þeirri athugun sem hv. þm. fer fram á.

ATKVGR.

Till. visað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Endurskoðun fyrningarákvæða, þáltill. (þskj. 34). — Frh. einnar umr.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess að fara nokkrum orðum um þá þáltill. sem hv. þm. Ragnar Arnalds hefur flutt. Þáltill. þessi er nokkuð svipuð og þáltill. sem hann flutti á síðasta þingi, en hann hefur endurbætt hana nokkuð og fellt niður atriði úr fyrri þáltill., svo sem um skatt á verðbólgugróða.

Ég vil segja það strax í upphafi að ég tel vart hægt að afgreiða þessa till. óbreytta, enda er að mínum dómi ekki gerð nægilega mikil tilraun til að gera úttekt á þessum málum. Það er ekki ráðist nægilega að atriðum sem skipta grundvallarmáli, og mun ég víkja að því síðar.

Það kemur fram í grg. með þáltill. að ein aðalástæða lágra gjalda félaga séu flýtifyrningar og verðhækkunarstuðull fyrninga. Það er alveg rétt hjá hv. flm. Mörg fyrirtæki njóta óeðlilegra fyrninga. En hins vegar geta verið margar aðrar ástæður fyrir taprekstri. Það er t.d. alveg ljóst að í hópi þeirra fyrirtækja, sem hér er listi yfir, eru mörg fyrirtæki sem mér þykir óliklegt að hafi mikla möguleika til þess að fyrna eignir sínar. Svo er t.d. með mörg fyrirtæki sem stunda verslunarrekstur án þess að vera í eigin húsnæði, þar sem fjárfesting og fjárfestingarkostnaður í eignum er mjög lítill hluti af rekstrarkostnaði. En hvað um það, svo má vera og er mjög líklega í mörgum tilfellum að háar fyrningar eru ástæða taprekstrar eða lítils hagnaðar.

Þróunin í fyrningarmálum síðustu ára hefur verið sú að fyrir 1971 var ákveðin prósenta sem var leyfilegt að fyrna eignir með. Það var föst prósenta sem mátti ekki hreyfa. Þessi prósenta var í allflestum tilfellum nokkuð há, en það mátti ekki breyta henni milli ára. Síðan gerðist það á árinu 1971 að fyrningarreglum er breytt. Almennum fyrningum var breytt. Það var ákveðin svonefnd hámarksfyrning og lágmarksfyrning og voru almennar afskriftir nokkuð lækkaðar í flestum tilfellum. Hins vegar kom til viðbótar flýtifyrning sem skattþegn hafði frjálst val um að nota og gat notað allt að 5% á ári hverju. Það má deila um þessa flýtifyrningu, en hitt er svo annað mál, að slík flýtifyrning getur hjálpað mjög til þegar í fjárfestingu er ráðist, létt undir með að komast yfir erfiðleika fyrstu áranna, þótt megi deila um hversu há slík fyrning skuli vera. En í þessum sömu lögum var ákveðin svokölluð verðstuðulsfyrning. Sú fyrning er að mínum dómi mjög röng og það virðist ekki liggja rétt hugsun á bak við verðstuðulsfyrningarnar. Þessi verðstuðulsfyrning er ákveðin prósenta af fyrningum ársins sem hefur það í för með sér að fyrirtæki, sem á tiltölulega nýjar eignir, fær mestu verðstuðulsfyrninguna. Hins vegar ef fyrirtæki á mjög gamlar eignir, sem eru löngu fyrndar, þá fær viðkomandi fyrirtæki engar fyrningar. Þessi fyrning er að mínum dómi — ja, mér liggur við að segja hrein hugsunarvilla og vitleysa, og ég held að ég geti verið algjörlega sammála hv. flm. um að þessa fyrningu beri að afnema. En hins vegar þarf að leiðrétta ýmsa aðra vankanta.

Þegar breytingin varð 1971 var ekki ráðist að grundvallaratriðunum. Grundvallaratriðin eru í dag og hafa alltaf verið þau, að söluhagnaður af fyrnanlegu lausafé og fyrnanlegum fasteignum er skattfrjáls í mörgum tilfellum. Ef fyrirtæki hefur átt lausafé í eigu sinni í fjögur ár, þá er söluhagnaður af slíkum eignum skattfrjáls, þannig að fyrirtæki hefur möguleika á að mynda ávallt nýjan og nýjan fyrningarstofn. Hins vegar ef þessi söluhagnaður væri skattskyldur eða kæmi til lækkunar á öðrum fyrningarstofnum, þá kæmu þessi mál allt öðruvísi út. Og sama er að segja um skattfrelsi fyrnanlegra fasteigna. Það er í þessum tveimur atriðum sem grundvallaratriðin liggja, ekki í fyrningunum sjálfum, þar eru ýmsar veilur og villur sem mætti laga, en söluhagnaðurinn og meðferð hans er það grundvallaratriði sem menn ættu fyrst og fremst að staðnæmast við.

Ég sé ástæðu til þess að fara nokkrum orðum um fyrningar almennt. Það hefur verið rætt mikið um fyrningar á undanförnum árum, og ég held að það sé nokkuð ljóst að í mörgum

tilfellum komi fram rangt mat á því hvað fyrningar eru. T.d. segir hv. þm. Ragnar Arnalds í grein í Þjóðviljanum í fyrra, með leyfi hæstv. forseta, að hugsunin á bak við fyrningarreglur sé sú að „eigandinn geti lagt til hliðar á hverju ári nokkra upphæð, sem ekki sé skattlögð, og þannig safnist í sjóð andvirði eignarinnar á sama tíma og hún gengur úr sér og verður ónýt". Þarna kemur fram nokkur misskilningur, vegna þess að fyrningar skapa aldrei fjármagn, og þessum orðum má kannske svara best með orðum kennimanns um þessi mál sem ég hef tekið hér upp úr tímariti um reikningshald og endurskoðun, en þessi ágæti kennimaður segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Sú sögusögn er á kreiki að afskriftir afli fjármagns til þess að endurnýja eignir. Ef afskriftir eru taldar afla fjármagns til þess ætti að lögsækja þær fyrir slæma fjáröflun því að það eru ekki til neinar sannanir fyrir því að þær afli fjármagns til nokkurs. Eina fjáröflunarleiðin er að selja viðskiptavinum vörur. Afskriftir veita aðeins skattskjöld, svo að minna af því fé, sem fékkst frá viðskiptavinum, þarf að greiða til hins opinbera. Til allrar óhamingju er ekki hægt að afla fjármagns með nokkrum færslum í bókhaldi, og þetta er grundvallaratriði: að menn skapa aldrei fjármagn með því að færa bókhald. Það væri ekki ónýtt ef hægt væri að afla fyrirtækjum fjármagns eingöngu með því að gera nokkrar færslur í bókhaldi, en því miður er eina leiðin til þess að afla fjármagns fyrir fyrirtæki sú að finna viðskiptavini, sem vilja kaupa vörur þess".

Þetta er grundvallaratriði, og þótt við getum haft ýmislegt að athuga við fyrningarreglur, þá skulum við gera okkur grein fyrir því að þær skapa ekki fjármagn.

Í b-lið þáltill. er rætt um að setja hámark á vaxtafrádrátt. Um þetta hefur oft verið rætt áður, og um það vil ég segja að það er í sjálfu sér mjög gott að mínum dómi að reyna að fækka frádráttarreglum í íslenskum skattalögum. Við verðum hins vegar að gera okkur grein fyrir því að ef vextir verða afnumdir sem frádráttarliður að einhverju leyti eða öllu, þá skapast sú hætta að einmitt þeir, sem stunda atvinnurekstur, hafi tilhneigingu til að færa sem mest af skuldum sínum og vöxtum á atvinnureksturinn sjálfan. Þetta er það atriði sem hefur stöðvað t.d. nágrannaþjóðir okkar í því að afnema vaxtafrádráttinn. Á þetta vildi ég aðeins benda, án þess að draga á nokkurn hátt úr því að unnið verði að því að fækka frádráttarliðum í íslenskum skattalögum.

Í þriðja lagi er lagt til að einstaklingum, sem hafa tekjur sínar af eigin rekstri, verði framvegis áætlaðar ákveðnar lágmarkstekjur, hvort sem reksturinn skilar bókhaldslegum hagnaði eða ekki. Ég verð að segja það strax í upphafi að þetta er regla sem ég held að sé óframkvæmanleg og geti ekki endað nema með ósköpum, ef á að fara að áætla tekjur á ýmsan máta á ýmsa aðila í þjóðfélaginu án þess að hafa raunverulega viðmiðun um það fjármagn sem þeir hafa milli handa. Í hlutafélögum er það þannig að eigendur, sem hafa meiri hl. í hlutafélögum, geta að sjálfsögðu ákveðið eigin laun, en af þeim launum verða þeir að greiða skatt skv. eigin skattskýrslu, þ.e.a.s. því fjármagni sem þeir hafa tekið út úr hlutafélaginu. Í einkarekstrinum er það hins vegar svo að hagnaður fyrirtækisins er lagður til grundvallar þegar skattur er á lagður, en ekki það fjármagn sem einstaklingurinn hefur tekið út úr fyrirtækinu. Það væri að mínum dómi mun skynsamlegra að setja ákvæði í lög þar sem væri ákvarðað að ef einkaúttekt einstaklings í ákveðnum einkarekstri er hærri en hagnaðurinn, þá sé þessi liður skattstofn, en ekki hagnaðurinn. Hins vegar hefði slík regla það í för með sér að ef einkaúttekt væri mun lægri en skattskyldur hagnaður, þá yrði að sjálfsögðu að heimila að draga frá fyrri mismun þessara tveggja stofna þegar sá hagnaður kæmi fram til þess að um tvísköttun yrði ekki að ræða. Slíkt ákvæði gæti einnig hjálpað til að ákvæði sem hefði í för með sér að vextir væru ekki frádráttarbærir væri framkvæmanlegt. Ef einkaúttekt er skattstofn, þá er hætt við að einstaklingur hefði tilhneigingu til að skrá sem mest af skuldum sínum á eigið nafn og lækka þannig einkaúttekt sína. Ef vextir væru hins vegar ekki frádráttarbærir mundu slík ákvæði verka sem mótvægi til þess að draga úr misnotkun á því ákvæði.

Ég vil að lokum segja það, að ég tel rétt að þessi mál verði tekin til athugunar, og það er nú svo að það var ákveðið strax á s.l. vetri að vinna að endurskoðun laga um tekjuskatt og eignarskatt, og n. hefur unnið að því nú að undanförnu. Ég vænti þess að sú n. komi með till. sem gætu verið grundvöllur til lagfæringar á því kerfi sem við búum við í dag, en hins vegar tel ég ekki vera ráðist nægilega að grundvallaratriðum í þessari þáltill., þannig að þar þurfi meira að koma til.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. 5. þm. Austurl., Halldóri Ásgrímssyni, fyrir að hann skyldi koma hér í ræðustól og ræða efni þessarar till., en það er meira en sagt verður um stjórnarsinna, hv. stjórnarþm. almennt, því að staðreyndin er sú að ráðh. hafa forðast að vera nærstaddir umr. um þetta mál, hafa þar ekkert lagt fram um skoðanir sínar og fáir stjórnarþm. tekið beina afstöðu til málsins.

Ég gat ekki annað heyrt en að hv. þm. væri í meginatriðum jákvæður gagnvart því að þessum ákvæðum þyrfti að breyta. En þó verð ég að játa að mér fannst að afstaða hans væri ekki nægilega skýr í einstökum atriðum, og því miður liggur alls ekki fyrir neitt um það, sem væri þó nauðsynlegt að þjóðin fengi að vita eitthvað um, hvort Framsfl. er reiðubúinn til að koma í veg fyrir að það hneyksli sem tekjuskattsálagningin er á þessu ári endurtaki sig á næsta ári.

Hæstv. fjmrh. mun hafa lýst því yfir í ræðu fyrr á þessu þingi að tekjuskattslögin yrðu tekin til endurskoðunar, en jafnframt að þær nýju reglur, sem settar yrðu, kæmu ekki til framkvæmda fyrr en á árinu 1977. Er því ljóst að það er áform hæstv. fjmrh. að láta allt standa óhreyft á næsta ári. Það væri þess vegna mjög

æskilegt að fá svör við því hvort Framsfl. er sama sinnis, hvort hann ætlar raunverulega að fella sig við það, sætta sig við það að ekkert sé hreyft við þessum málum á þessu þingi, þannig að breyt. verði gerð sem gildi við næstu álagningu.

Hv. þm. kom hér með nokkrar heimspekilegar hugleiðingar um eðli fyrninga. Þar sem hann er fróður á þessu sviði og má segja að þetta svið sé að nokkru leyti hans sérgrein, þá vil ég nú kannske ekki hætta mér allt of langt út í að rökræða við hann um innsta eðli fyrninga. En ég verð hins vegar að játa það hreinskilnislega að ég skildi ekki þau orð hans að fyrningaákvæðin og notkun þeirra sköpuðu ekki fjármagn og það væri sem sagt ekki hægt að skapa fjármagn með færslum í bókhaldi o. s. frv. Ég verð að játa það, að mér heyrðist að þetta væri í raun og veru fyrst og fremst orðaleikur. Ég fæ ekki séð að það þurfi að vera svo flókið mál að ef eigandi fyrirtækis beitir fyrningarreglum og kemst með þeim hætti hjá því að greiða útgjöld sem hann annars hefði þurft að greiða, í þessu tilviki skatt til ríkisins, þá hlýtur að *sitja eftir í fyrirtæki hans meira fjármagn en* ella hefði verið og hann hefur með þessum hætti skapað sér fjármagn. Ef þetta mál er miklu flóknara en þetta, þá þætti mér vænt um að fá nánari fræðilega útlistun á þessu, en svona lítur þetta út í mínum augum og vafalaust flestra annarra þm.

Hv. þm. nefndi að á þeim langa lista, sem ég lét fylgja till. minni, á listanum eru 432 fyrirtæki, væru þar ýmis fyrirtæki sem væru skattlaus af öðrum ástæðum en vegna fyrningarreglna, og þetta er vafalaust rétt. *Því hefur enginn haldið* fram að fyrningarreglur væru orsök skattleysis þessara fyrirtækja í öllum tilvikum. Það hefur einungis verið fullyrt að í mjög mörgum tilvikum væri þessu þannig hátta. Ég vil hins vegar benda á það, að að sjálfsögðu var óhjákvæmilegt að taka öll fyrirtæki með sem hyrðu hér undir. Þetta eru 432 fyrirtæki, og það hefði verið óheiðarlegt ef ég hefði sleppt einhverju þeirra úr vegna þess að það féll ekki inn í röksemdafærslu sem ég hef haldið hér uppi. Það varð að sjálfsögðu að *nefna þau öll, draga þau öll fram.*

Morgunblaðið hefur reynt að gera till. þessa tortryggilega, m. a. í frásögn af umr. hér á Alþ. fyrir einni viku með því að benda á að fyrirtæki að nafni Brunabótafélag Íslands sé á þessum lista. Það gilda að sjálfsögðu alveg sömu rök um Brunabótafélagið og þau fyrirtæki sem hv. þm. Halldór Ásgrímsson nefndi hér áðan, að það hefði verið óheiðarlegt að sleppa því af listanum vegna þess að það fellur undir þá skilgreiningu að hafa aðstöðugjald — allnokkurt aðstöðugjald — án þess að borga tekjuskatt. Hitt er annað mál, að ég fæ ekki séð varðandi fyrirtæki, sem borga allmikið aðstöðugjald, eins og t. d. Brunabótafélag Íslands og fleiri fyrirtæki, en eru þó undanþegin tekjuskatti, *af hverju þau ættu ekki* að borga tekjuskatt. Ef á annað borð er talið eðlilegt að þau borgi aðstöðugjald til Reykjavíkurborgar, hví skyldu þau ekki borga einhvern skatt til ríkisins? Ella væri eðlilegast að þau væru algjörlega skattfrjáls. En það er annað mál, sem ekki er ástæða til að rökræða hér, þessi óvenjulegu undantekningatilvik sem varð samt að taka hér með til þess að listinn væri heiðarlega samsettur. Ég vil hins vegar segja að ég tel að það sé mjög til marks um málefnafátækt sjálfstæðismanna í þessu sambandi og rökþrot þeirra að Morgunblaðið skuli gera þetta algera aukaatriði að sérstöku umtalsefni í því skyni að gera þennan lista tortryggilegan. Það bendir sem sagt til þess að þeir, sem slíkum aðferðum beita, að ná þarna út úr einu eða tveimur fyrirtækjum sem eru nokkuð sérstaks eðlis, en verða að vera með á þessum lista formsins vegna, og gera þau að aðalatriði málsins, — það bendir til þess að menn *hafi ekki sérlega sterk mótrök á hendi.*

Hv. þm. gat þess að aðalatriði þessa máls væri skattfrelsi söluhagnaðar að fjórum árum liðnum, og ekki skal ég bera á móti því að sú regla er einnig mjög hæpin og þarfnast endurskoðunar. Ég nefndi hana í framsöguræðu minni, og ég nefndi líka þau ákvæði sem valda því, að þegar menn eru búnir að fyrna á kannske 4—5 árum eign um allt að 90% og selja hana síðan og þurfa þá ekki að greiða neinn skatt vegna einmitt þessa ákvæðis, sem hv. þm. nefndi, þá getur næsti *eigandi byrjað að fyrna á nýjan leik af fullum* krafti. Þessi regla er ekki sérstaklega tekin fyrir í þessari till., enda fjallar hún almennt um endurskoðun fyrningarákvæða. En það fer auðvitað ekkert á milli mála að einmitt þessi regla að nýr og nýr eigandi skuli geta fyrnt sama hlutinn, hún er auðvitað ein sú fráleitasta af öllum þessum fyrningarreglum. Ég vil hins vegar segja það sem skoðun mína að ég er ekki samþykkur hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni að það væri nægilegt að lagfæra regluna um skattfrelsi söluhagnaðar að *fjórum árum liðnum.* Ég viðurkenni að vísu að með því að breyta þeirri reglu verulega væri talsvert mikið fengið, en það er samt sem áður ekki skoðun mín að það eigi að ráðast að þessu vandamáli eftir þeirri leið.

Sá, sem hagnýtir sér þessar gríðarlega miklu fyrningarreglur, kemst yfir mikinn óskattlagðan hagnað á þeim árum sem hann beitir þessum fyrningarreglum. Ég tel að það væri óeðlilegt og alls ekki nægilegt að ætla síðan að reyna að ná þessum fjármunum í ríkissjóð mörgum árum seinna þegar hugsanleg eigendaskipti verða að eigninni. Ég tel að við þá miklu verðbólguþróun sem við búum við hér, stöðuga verðrýrnun peninganna, fari að sjálfsögðu ekkert milli mála að ríkissjóður mundi bera mjög skarðan hlut frá borði ef hann ætlaði sér að ná þessu til baka, sem frestað hefði verið að leggja skatt á, einhvern tíma löngu seinna þegar eignin væri seld.

Um málflutning stjórnarsinna að öðru leyti get ég verið fáorður, en þó get ég ekki látið hjá líða að nefna eina mótbáru sem fyrst og fremst mátti greina í frásögn Morgunblaðsins af umr. sem urðu hér á fimmtudaginn var. Þar lagði blaðið megináherslu á að reyna að koma því inn hjá lesendunum, um leið og þeir fræddust um *þessi mál*, að það hefði verið vinstri stjórnin sem hefði sett þessar reglur, en þá væri að sjálfsögðu öllu borgið í sambandi við vitlaus lög hér í landi okkar ef hægt væri að koma því inn hjá almenningi að það sé ekki þessi stjórn eða stjórn, sem sjálfstæðismenn hafa átt sæti í, sem beri þar ábyrgðina, heldur einhverjir aðrir.

Þetta er hins vegar rangt, og ég vil nota tækifærið, sem hér gefst, til að leiðrétta þetta atriði. Lögin, sem báru með sér flýtifyrninguna inn í íslenska skattalöggjöf, voru sett á árinu 1971, nánar tiltekið fyrir kosningar 1971, að frumkvæði þáv. fjmrh., Magnúsar Jónssonar, og í tíð svonefndrar viðreisnarstjórnar. Þessi ákvæði eiga því uppruna sinn að rekja til þessa tíma. Hitt er rétt, að vinstri stjórnin og sá meiri hl., sem hún studdist við á Alþ., gerði nokkrar lagfæringar á þessum skattalögum. Það var krafa okkar Alþb.-manna að flýtifyrningarákvæðin og fleiri ákvæði af því tagi yrðu afnumin með öllu, en sú krafa náði ekki fram að ganga. Niðurstaðan varð sú að í staðinn fyrir þá 30% flýtifyrningu, sem áður hafði verið gert ráð fyrir að mætti nota á einu ári skv. þeim lögum, sem viðreisnarstjórnin beitti sér fyrir, þá var þessu breytt á þann veg að það mátti aðeins nota 6% á hverju ári í 5 ár. Þetta vil ég að komi skýrt fram, þannig að menn lifi ekki í þeirri röngu trú að þessi ákvæði séu upprunnin í tíð vinstri stjórnarinnar.

Um verðhækkunarstuðulinn er hins vegar það að segja að þar er um að ræða heimildarákvæði. Ráðh. getur ákveðið um mjög lágan verðhækkunarstuðul, og þar af leiðir að hann kemur ekki til með að vega sérlega þungt, ef svo er. En ráðh. getur einnig ákveðið mjög háan verðhækkunarstuðul og þá getur farið að muna um hann. Á árinu 1973 ákvað þáv. fjmrh., Halldór E. Sigurðsson, verðhækkunarstuðul 10%, sem þýddi það að til viðbótar hinni almennu flýtifyrningu gat verðhækkunarstuðullinn valdið 1½% afskrifta til viðbótar þeim sem fyrir voru. En á seinasta ári ákvað hins vegar hæstv. núv. fjmrh. upphaflega 70% verðhækkunarstuðul, sem seinna var lækkaður niður í 49%. Það er af þeirri ástæðu að til viðbótar hámarkinu, hinni 15% almennu fyrningu, gátu bæst við á s. l. ári 6.35% vegna verðhækkunarstuðulsins.

Þetta vil ég að komi hér einnig skýrt fram, svo að allir geri sér grein fyrir því að verðhækkunarstuðullinn er ekki fastákveðinn í lögum, heldur er hann ákveðinn af ráðherra. Það fer því allt eftir því, hvernig á er haldið, hversu háar fyrningarreglurnar verða.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Hér hafa orðið nokkrar umr. um það hvort og þá hvernig bókhaldsaðferðir eða bókhaldsbrellur, eftir því hvaða orðalag menn vilja nota, geta skapað fjármagn.

Að sjálfsögðu er það alveg rétt að bókhald getur aldrei skapað neitt fjármagn hvaða aðferðir sem viðhafðar eru. Bókhald er fyrst og fremst skýrsla um það sem gerst hefur og getur einnig verið ákvörðun um það hvernig á að ráðstafa fjármagni sem þegar hefur verið skapað. Fyrningarreglur geta því ekki átt þátt í að skapa fjármagn, heldur kveða þær á um hvernig fjármagni, sem þegar hefur skapast, sé ráðstafað. Þetta er hins vegar alls ekkert aðalatriði og það langt í frá í sambandi við það mál sem hér er flutt.

Það hefur líka verið á það bent að sum fyrirtæki í upptalningu hv. fim. í fylgiskjali með þessari þáltill. muni ekki sýna tap eingöngu vegna flýtifyrningarreglna, og einnig hefur verið á það bent að það sé ef til vill ekki eðlilegt að nefna sum fyrirtækin í þessum upptalningarhópi. En ég tek það fram og legg á það mjög þunga áherslu að þetta er einnig algert aukaatriði í sambandi við það mál sem hér er flutt. Aðalatriði málsins er það, að hér er um að ræða nokkuð á fimmta hundrað stærstu fyrirtækja á Íslandi sem velta samtals 20 þús. millj. kr. og borga ekki grænan eyri í tekjuskatt til ríkisins. Þetta er aðalatriðið í málinu. Hitt er aukaatriði, algert aukaatriði, hvort eitthvert eitt eða tvö fyrirtæki eigi ekki heima í þessari upptalningu eða hvort eitthvað annað en flýtifyrningarreglurnar geti valdið því að þau geti gert reikninga sína upp með tapi.

Aðalatriðið er að sjálfsögðu hvernig það geti gerst að fyrirtæki, sem velta 20 þús. millj. kr. á ársgrundvelli, skuli algerlega sleppa við að greiða skatt til ríkissjóðs. Hvaða afleiðingar hefur þetta? Þetta hefur að sjálfsögðu þær afleiðingar að ríkissjóður verður að sækja það fé, sem hann þarf, til einstaklinganna í þjóðfélaginu. Og þá spyr ég: Telja menn það eðlilegra og sjálfsagðara að hinn venjulegi launamaður í þjóðfélaginu eigi að bera aukinn hluta byrðarinnar út á það að fyrirtæki, eins og hér hefur verið tekið fram, sem velta 20 þús. millj. kr. á einu ári, geta ekki lagt til sameiginlegra þarfa landsmanna í formi tekjuskattsgreiðslu svo mikið sem grænan eyri?

Það er þetta sem er mergurinn málsins, en ekki hitt hvort bókhaldsaðferðir skapi fjármagn eða ekki. Um það þarf ekki að deila og ekki heldur hitt, hvort það sé óeðlilegt að sum fyrirtæki séu höfð með í þessari upptalningu eða ekki.

Hins vegar held ég að umr. um þetta mál hljóti að hafa sýnt mönnum fram á að tekjuskattskerfi eins og við höfum búið við nú um langt skeið sé löngu gengið sér til húðar. Það hafa verið gerðar margar tilraunir, ítrekaðar tilraunir, af öllum stjórnmálaflokkum og öllum ríkisstjórnum um langt árabil til þess að leiðrétta reglur um álagningu tekjuskatts til þess að fylla upp í holur sem orðið hafa á kerfinu. Og það hefur ekki gengið betur til en svo að það er vart að upp í eina holuna hafi verið fyllt fyrr en önnur dettur á, og spurningin er þá orðin sú: Erum við ekki hérna raunverulega að vinna vonlaust verk, — verk sem aldrei verður lokið? Er ekki þetta skattlagningarkerfi raunverulega orðið svo óréttlátt að tími sé kominn til að íhuga algerar grundvallarbreytingar á skattlagningu bæði einstaklinga í landinu og fyrirtækja?

Á Alþ. í fyrra flutti þingflokkur Alþfl. till. til þál. um einmitt þetta mál þar sem farið var út á nýjar brautir í sambandi við skattlagningarmál. Ég ætla ekki að ræða efni þeirrar þáltill. vegna þess að ég tel enga ástæðu til þess að gera það nú. En niðurstaða af minu máli verður sem sé sú, að ég held að það sé löngu orðið tímabært hreinlega að gera það upp við sig, komast að þeirri niðurstöðu, að hversu vel sem reynt er að vanda þá löggjöf um tekjuskatt, sem við höfum búið við um nokkuð langt skeið, þá sé orðið

augljóst að þetta skattakerfi sé gengið sér til húðar, við munum aldrei ná eðlilegu réttlæti, eðlilegu jafnrétti milli þegnanna í þjóðfélaginu á meðan við búum við kerfi af þessu tagi og þess vegna sé fyllilega tímabært að endurskoða og breyta kerfinu í heild í stað þess að vera sífellt og stöðugt að reyna að lappa upp á það, bæta götin og það í svo miklum mæli að það má segja sem svo að það standi ekki lengur steinn yfir steini af þeim tekjuskattslögum sem sett voru í upphafi. Ég held að það fari ekki á milli mála að menn séu orðnir sammála um að annar mikilvægasti þáttur tekjuskattslaga, þ. e. a. s. sá þátturinn sem snýr að því að það eigi að vera hlutverk tekjuskatts að jafna aðstöðu þjóðfélagsþegnanna, því markmiði sé alls ekki náð og hafi raunar ekki verið náð með tekjuskattslögum um alllanga hríð.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég mun reyna að svara því, sem til mín hefur verið beint í þessum umr.

Í fyrsta lagi vil ég segja það, að ég held ég geti svarað með einni setningu þeim hugleiðingum hv. þm. Ragnars Arnalds sem hann kom hér fram með varðandi afskriftir, en í þeim ummælum, sem ég vitnaði í, var því einmitt svarað: Afskriftir veita aðeins skattaskjöld svo að minna af því fé, sem fékkst frá viðskiptavinum, þarf að greiða til hins opinbera. — Það er alveg ljóst. En grundvallaratriðið hlýtur að vera það, að afskriftir sem slíkar skapa ekki fjármagn, og því rangt að segja það þótt sumir líti á það sem orðaleik.

Ég ætla mér ekki að svara hér fyrir hæstv. fjmrh., en ég get ímyndað mér að ummæli hans varðandi það að slíkar reglur, sem sagt breytingar t. d. á meðferð söluhagnaðar, taki ekki gildi fyrr en í ársbyrjun 1977, þau stafi einmitt af því vandamáli að skattlagning gerist eftir á og þegar skatturinn verður lagður á á árinu 1976, þá erum við að leggja skatta á fyrir árið 1975. Það er af mörgum talið mjög vafasamt og ekki víst að það fái staðist að afturvirkni laga sé með slíkum hætti að þau gildi eitt ár aftur fyrir sig, þannig að það muni reynast mjög erfitt að koma með mjög róttækar breyt. á næsta ári vegna ársins 1975. Þetta er vandamál sem menn verða vissulega að hugleiða í allri lagasetningu.

Ég vil ítreka það, að þrátt fyrir allt tal um of háar fyrningar breytist sú skoðun mín ekki að meðferð söluhagnaðar er grundvallaratriði. Ákvæðin um meðferð söluhagnaðar eru ekki ákvæði um fyrningar. Söluhagnaður af lausafé er skattfrjáls að hálfu að 2 árum liðnum, hann er skattfrjáls að fullu að 4 árum liðnum. Söluhagnaður af fyrnanlegum fasteignum er skattfrjáls að 6 árum liðnum. Breytingar á þessum reglum mundu valda algerum umskiptum í skattamálum hér á landi, það leyfi ég mér að fullyrða, og breyting á fyrningarreglum er í raun og veru lítið mál miðað við breytingar á þeim reglum, þótt ég geti ekki séð að það hafi verið hægt að skilja orð mín svo að ég telji ekki ástæðu til þess að breyta neinu í sambandi við fyrningarreglur. Ég lagði einmitt áherslu á það að ákvæðin um verðhækkunarstuðul væru ákvæði sem bæri að breyta tafarlaust.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson ræddi um það að okkar skattkerfi hefði gengið sér til húðar og við ættum að umbylta því. Það er rétt að gera sér ljóst að þrátt fyrir það að við höfum réttlát skattalög sem allir geta sætt sig við, þá hefur framkvæmd skattalaganna í raun og veru mun meiri þýðingu. Þrátt fyrir góð skattalög, þá skiptir framkvæmd þeirra öllu máli og það er vissulega áhyggjuefni hversu illa hefur tekist til við framkvæmd skattalaganna, og ég reikna með að þar megi kenna um mjög litlum mannafla við eftirlit og starf að skattamálum.

Ég vil að lokum leiðrétta þann skilning hv. þm. Ragnars Arnalds að fjmrh. geti ákveðið, eftir því sem honum sýnist, hver verðhækkunarstuðull er. Það segir svo í lögum, með leyfi hæstv. forseta: „Verði almennar verðbreytingar til hækkunar á eignum þeim, sem taldar eru í 1. og 2. tölul. A-liðs 1. málsgr. hér að framan, er skattþegni heimilt að fyrna slíkar eignir sérstakri óbeinni fyrningu sem reiknuð skal af krónutölu þeirra fyrninga sem hann notar á árinu með heimild í 1.—3. tölul. C-liðs þessarar greinar. Skulu þær ákveðnar eftir verðhækkunarstuðli sem svari til hinna almennu verðbreytinga er átt hafa sér stað á skattárinu. Við ákvörðun verðhækkunarstuðuls fyrir húseignir skal hafa til hliðsjónar breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar. Verðhækkunarstuðul fyrir fyrnanlegar eignir í atvinnurekstri samkv. 1. tölul. A-liðs greinarinnar skal einkum miða við verðbreytingar á þeim eignum, sem fluttar eru til landsins. Heimilt er að ákveða mismunandi verðhækkunarstuðla fyrir mismunandi tegundir eigna. Verðhækkunarstuðlar skulu ákveðnir af fjmrn. í samráði við Hagstofu Íslands.“ Þótt fjmrn. ákveði þessa verðhækkunarstuðla hljóta þeir að vera bundnir af ákvæðum laganna, og einmitt á árinu 1973 var verðhækkunarstuðullinn tiltölulega lágur á vélum vegna þess að það átti sér stað gengishækkun á árinu 1972, en aðalástæðan fyrir lágum verðhækkunarstuðli þá var að vélar og tæki hækkuðu tiltölulega lítið í verði, en hár verðhækkunarstuðull á s. l. ári á rætur sínar að rekja í miklar verðhækkanir.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Hv. flm. þessarar þáltill. kvartaði mjög undan því að hm. Sjálfstfl. sérstaklega og raunar stjórnarflokkaþm. tækju ekki nægilegan þátt í þessum umr. og sagði jafnvel að hann teldi ástæðu til að ráðherrar hefðu hér tekið til máls um þetta efni.

Víst er hér um mikilvægt efni að ræða þar sem eru fyrningarákvæðin. Þau eru mjög flókið mál, eins og greinilega kom fram í ágætum ræðum hv. 5. þm. Austurl. nú á þessum fundi, og ekki skal ég gera lítið úr því. Ég er líka sammála um að það þurfi breytingar á þessum reglum. Þetta eru reglur þær sem lögfestar voru á tímum vinstri stjórnarinnar með lögum nr.

7/1972, eins og raunar kemur fram í sjálfri þáltill. Þessar reglur, sem hv. flm. kallar hneyksli og annað í þeim dúrnum og eru það kannske að einhverju leyti, það eru reglur hans eigin stjórnar. Það eru þær reglur sem vinstri stjórnin lögfesti. Það er rétt að menn hafi það í huga. (Gripið fram í.) Það, sem núv. stjórn gerir og yfirvöld, er auðvitað ekki annað en að framfylgja lögum, þeim lögum sem í gildi eru, lögunum sem sett voru í tíð vinstri stjórnar.

En að það sé um að ræða málefnafátækt og rökþrot af hálfu sjálfstæðismanna sérstaklega í þessu efni, það er mikill misskilningur. Það liggur fyrir að það er n. að vinna að endurskoðun þessara laga, eins og kom fram í ræðu áðan. Þessi till. er þess vegna tilefnislaus með öllu. Hún er um það að fela ríkisstj. að gera það sem hún er að gera, að skoða þessi lög. Hví skyldum við þá vera að ræða þetta mál hér fram og til baka? Að því er mig sérstaklega varðar, þá á ég sæti í fjh.- og viðskn., þangað koma væntanleg frv. ríkisstj., þar verður efnislega um þau fjallað, og skal ég þess vegna ekki fara langt út í þá sálma.

En hv. flm. gerir enga tilraun til þess sjálfur að færa að því rök hvað hann vilji gera. Hann flytur þáltill. sem byrjar á þessum orðum með leyfi hæstv. forseta: „Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að undirbúa lagafrv. um breyt. á tekjuskattslögum“ o. s. frv. Hann segir ekkert hvað hann vill sjálfur. Hann reynir ekki að flytja frv. til breyt. sjálfur. Hann vill fela ríkisstj. að gera það sem hún er að gera. Hann treystir ríkisstj. miklu betur til þess að gera það en sjálfum sér og sínum flokksmönnum, og þar loksins kom að því að við erum sammála.

Flm. (Ragnar Arnalds): Ég skal, herra forseti, heita því að vera ekki með langa aths. að þessu sinni, en seinasta ræða, sem hér var flutt, var þess efnis að ekki er hægt að láta henni ósvarað.

Það vill nú svo til að ég var að enda við það áðan að upplýsa þá fáu þm., sem hugsanlega kynnu að hafa verið ófróðir um það, að það eru rakin ósannindi sem haldið var fram í Morgunblaðinu í seinustu viku að vinstri stjórnin hafi átt upptök að þessum skattaívilnunarreglum. Mér þykir því harla merkilegt að hv. þm. Eyjólfur K. Jónsson skuli ofbjóða mönnum með því koma hér strax á eftir og ætla að endurtaka þessi ósannindi upp í opið geðið á mönnum sem vita þó allir hvað er hið sanna í málinu. Mér finnst að það sé býsna djarft og að slíkum þm. sem þannig hagar málflutningi sínum sé ekki ýkjaumhugað um heiður sinn. En þessu var sem sagt þegar svarað. Þessar ívilnunarreglur voru settar af stjórnarmeirihluta viðreisnarstjórnarinnar á sínum tíma og þær voru settar í andstöðu við Alþb. á sínum tíma.

Hv. þm. bætir því við að þetta séu lögin sem vinstri stjórnin hafi sett og það sé ekkert í því annað að gera heldur en að framfylgja þeim lögum sem fyrir liggja. Hann ætlar sem sagt að loka augunum fyrir því, sem allir hv. þm. vita þó, að við Alþb.-menn fluttum ekki einu sinni, ekki tvisvar, heldur þrívegis till. hér á hv. Alþ. á s. l. vetri um að fyrningarákvæði og fyrningarreglur skattalaga yrðu afnumdar, a. m. k. þessar stærstu ívilnunarreglur. En þessar till. voru felldar bæði í hv. Nd. og Ed., m. a. af hv. þm. Eyjólfi K. Jónssyni. Auk þess að flytja málið beint sem brtt. við skattalög í báðum deildum, þá flutti ég till. svipaðs efnis og hér er, en sú till. var svæfð af núv. stjórnarmeirihluta. Það er svo að sjálfsögðu eins og hver önnur hótfyndni þegar hv. þm., sem hefur tekið að sér það hlutverk að kenna mér og fleiri þm. hvernig eigi að semja þáltill. og er alltaf að setja sig á háan hest hvað það snertir að menn kunni ekki að haga orðalagi og kommusetningum eins vel og hann geri, þegar hann heldur því fram að í till. minni komi ekki skýrt fram hvað gera skuli. Hann reynir að telja mönnum trú um, að svo sé, með því lesa hér aðeins upp fyrstu setninguna þar sem segir að ríkisstj. sé falið að undirbúa lagafrv. En að sjálfsögðu stendur það skýrt og skorinort í a-lið og b-lið og c-lið, sem hann að sjálfsögðu las ekki, hvað gera skal. Og það er að afnema fyrningarstuðulinn, flýtifyrninguna, að setja mörk fyrir vaxtafrádrætti og áætla einstaklingum, sem hafa tekjur af eigin rekstri, ákveðnar lágmarkstekjur.

Ég veit, herra forseti, að það er nú kannske heldur óvinsælt að menn séu að standa í pexi um sjálfsagða hluti hér á hv. Alþ. En það er nú svona, að þegar menn koma og halda uppi hreinum ósannindum, eins og hv. þm. gerði hér áðan, þá neyðast menn til þess að koma og leiðrétta og færa til betri vegar.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Eignarráð á landinu, þáltill. (þskj. 42). — Ein umr.

Flm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Till. sú, sem hér er til umr., fjallar um eignarrétt á landinu og gögnum þess og gæðum og hljóðar svo, með leyfi herra forseta:

„Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstj., að hún láti sérfróða menn semja frv. eða frumvörp að l. um eignarráð og eignarréttindi yfir byggðu landi sem óbyggðu, stöðuvötnum í byggð og óbyggðum, fallvötnum, jarðhita og hvers konar námum og vinnslu verðmæta úr jörðu.

Við samningu frv. eða frumvarpa að lagagerð þessari sé m. a. þessa gætt:

1) Allt hálendi landsins og óbyggðir, að svo miklu leyti sem skýlausar eignarheimildir annarra aðila en ríkisins liggja ekki fyrir, sé lýst alþjóðaeign og skýrt sé kveðið á um mörk þessarar eignar.

2) Sú grundvallarregla verði mörkuð, að landið allt, eins og miðin umhverfis það, sé sameign þjóðarinnar allrar. Umráðaréttur á byggðu landi, fallvötnum, jarðhita undir 100 m dýpi, námuvinnslu, veiðiám og veiðivötnum, óbyggðum og afréttum, sé í höndum Alþingis, sem geti með sérstökum lögum og reglum veitt einstaklingum, fyrirtækjum og sveitarfélögum tiltekinn rétt til þessara gæða. Bændum sé þó tryggður kaup- og söluréttur (eignarréttur) á bújörðum

til búrekstrar, ef þeir svo kjósa, fremur en erfðafestu eða lífsábúð.

3) Glöggt sé kveðið á, hvernig landareign og landnytjar færist úr einkaeign í eign ríkis eða sveitarfélaga og hvernig bætur skuli reiknast fyrir.

4) Kveðið skal á um umgengnisskyldur við landið og viðurlög við spjöllum."

Þetta er í fimmta sinn sem þáltill. þessa efnis er flutt hér á Alþ. af Alþfl., og kann einhverjum að finnast um mikinn þráflutning að ræða. Þó er slíkt fjarri okkur flm. Hitt var og er okkur ljóst, að hugmyndir þær, sem liggja til grundvallar þáltill. þessari, þurftu tíma til að gerjast með þjóðinni og samlagast réttarkennd hennar, því að lagasetning, sem ekki er reist á réttarkennd almennings, er ólýðræðisleg og vinnur skaða, en ekki gagn.

Ég vil í fyrsta lagi undirstrika enn einu sinni að hér er um þáltill. að ræða, en ekki frv. Þessi undirstrikun er óþörf gagnvart þm., en er nauðsynleg gagnvart fjölda annarra. Þáltill. er einmitt ætlað að gefa svigrúm til athugunar á málinu frá ýmsum hliðum áður en sjálf lagasetningin fer fram sem vafalaust er vandasamin og þarf sérþekkingu til, af því að hugmyndir þær ýmsar, sem í till. felast, ganga þvert á ýmsar rótgrónar skoðanir og eignarhefðir sem hér hafa ríkt, enda hafa andmælendur þáltill. á þingi og utan þings borið sinn róðukross fyrir sér, 67. gr. stjórnarskrárinnar, sem fjallar um eignarrétt, og vík ég ögn að því síðar.

Átökin um þessa þáltill. eru í mínum huga fyrst og fremst átök milli félagshyggju og sérhyggju eða sérhagsmunahyggju, átök milli sameignarhyggju og séreignarhyggju. Mér finnst að grundvallasetning íslenskrar stjórnarskrár eigi að vera þessi:

Íslenska þjóðin öll, einn fyrir alla og allir fyrir einn, á Ísland allt, gögn þess og gæði og miðin umhverfis það. Æðsta stofnun þjóðarinnar, Alþingi, fer með umráðarétt á þessari helgu eign okkar, en getur með sérstökum lögum og reglum veitt einstaklingum, fyrirtækjum og félagsheildum, eins og t.d. sveitarfélögum, tiltekinn rétt til þessara gæða.

Þetta er kjarni þeirrar skoðunar sem þessari till. er ætlað að gerja í réttarkennd þjóðarinnar, og afstaðan til þessarar grunnskoðunar sker úr um það að mínu mati hvort maður er félagshyggjumaður eða sérhyggjumaður.

Félagshyggjan lítur svo á að fráleitt sé að fjölmennar byggðir nái ekki að virkja nærtæk fallvötn sér til ljóss, hita og iðnaðar vegna eignarhalds landeigenda sem eru þess ekki umkomnir að koma þessum auði í almannagagn. Sérhagsmunahyggjan telur það sjálfsagt að skara eld að slíkri köku, banna notin ef ekki vill betur til. Félagshyggjan lítur svo á að þann jarðvarma, sem ríkis- eða samfélagslegt fjármagn og framtak þarf til að koma til almannanota, eigi að vera þjóðareign og eigi að taka til almannaþarfa án stórgjalds til hugsanlegs landeiganda. Sérhagsmunahyggjan lítur svo á að hér sé sjálfsagt að mata krók eftir getu. Félagshyggjunni finnst það fráleitt að t.d. einhver jarðeigandi í Borgarfirði krefðist af því stórfjár ef biksteinsnámur yrðu unnar í Prestahnjúk. Sérhagsmunahyggjan telur slíkt sjálfsagt. Félagshyggjan telur það stríða gegn eðlilegri réttarkennd að land- eða lóðareigandi grípi af því of fjár að þétt byggð hafi án hans tilverknaðar myndast í eða við landeign hans og þurfi aukið vaxtarrúm, sbr. t.d. Reykjavík og Blikastaði. Sérhagsmunahyggjunni finnst slíkt sjálfsagður hlutur. Þannig má lengur telja, en verður ekki gert hér.

En því tek ég þau gögn og gæði landsins, virkjun fallvatna, jarðhita, námur og lóðir og lendur í þéttbýli hér í sérflokk, að þetta eru eignir sem tæpast voru til í huga manna þegar 67. gr. stjórnarskrárinnar var sett, og að teygja hana umhugsunar- og skilyrðislaust yfir þessi gögn og gæði landsins tel ég a. m. k. umdeilanlegt og vel megi íhuga sem og alltaf að breyta því sem gamalt er og úrelt.

Hér vil ég líka benda á að það hefur verið og er umdeilt hver lagalegur réttur landeigenda er á rennandi vatni fyrir landi þeirra og jarðhita í iðrum jarðar þeirra. Vil ég varðandi fyrra atriði vísa til fróðlegra umr. um vatnalögin árin 1919—1921, prentaðra í Alþingistíðindum, þar sem ekki ómerkari menn en Jón Þorláksson, Gísli Sveinsson og Jakob Möller litu líkum augum á þessi mál og flm. þessarar till. Þá vil ég benda á greinar eftir dr. Bjarna Benediktsson og Ólaf Jóhanneson dómsmrh. um eignarhald á jarðhita í djúpi lands, þar sem þeir hafa komist að þeirri niðurstöðu að a. m. k. sé mjög vafasamt að hægt sé að álíta að jarðareigandi eigi hita dýpra í jörðu en 100 m. Hitt er mér ljóst, að breyting á eignarhaldi á bújörðum til búnytja og veiðirétti í ám og vötnum mun brenna sárt á allmörgum, enda þar um gamlar hefðir að ræða. Þó hlýtur félagshyggjan að líta svo á að hér eigi almenningseign að koma í stað einkaeignar, þó að hægt skuli fara í sakir og eignarbætur hljóti að koma fyrir. Þetta knýr á um það að setja þarf glögg lög um sanngjarnar bætur fyrir eignir sem flytjast úr einkaeign í almenningseign. Verður vonandi hægt að setja fram grundvallartillögur um slíkar eignarbætur innan tíðar.

En lítum ofurlítið nánar á bújörðina og veiðiréttinn. Að minni hyggju léttir það stórlega kynslóðaskipti á jörð ef nýr búandi þyrfti ekki að kaupa jörð, nógu erfitt væri að kaupa hús og bústofn. Ég veit mörg dæmi þess að jarðir hafa farið í eyði vegna þess að erfingjar hafa verið margir, en enginn einn haft bolmagn til kaupanna. Afvegaleidd eignarást á ættmold hefur og spaugað þar að baki, sem erfðafesta eða lífsábúð á jörð mundi varla fæða af sér svo að byggðardrepi ylli. En varðandi veiðiréttinn bendir félagshyggjan á þessi rök: Veiði í ám og vötnum er þegar orðið svo stórfellt sport, ræktunar- og hagnaðarmál, að miklu skynsamlegra er að hér haldi sameign heldur en séreign á málum, félagssamtök um ræktun eða sveitarfélagsheild fremur en einstakir jarðeigendur. Þannig yrði t. d. efnajöfnuður mun betur tryggður milli ábúenda í sömu sveit en ella. Hugsanlegt væri líka að Alþingi veitti afburða veiðiræktunarmanni á eða ár, vatn eða vötn til umsýslu, og því er einstaklingurinn hafður með í þessari mynd þáltill.

Loks vil ég drepa með örfáum orðum á af-

réttirnar. Það virðist vaxandi tilhneiging hjá sveitar- og upprekstrarfélögum að reyna að helga sér alger eignaryfirráð á tilteknum afréttum. Sögð eru allt að 15 slík mál á einhverju málarekstrarstigi fyrir dómstólum landsins. Þetta þarf að minni hyggju að stöðva tafarlaust. Hér hefur nær alls staðar um aldir verið um umráðarétt, að ræða. Og fyrir þessari ásókn einkaeignar á almenningseign þarf að stemma stigu. Hitt er allt annað mál, að engin hindrun á að þurfa að vera á því að upprekstrarfélög haldi afnotarétti, enda sé ekki um ofnotkun að ræða. Þetta þykir mér rétt að komi skýrt fram.

Reynt hefur verið að telja bændum trú um, að þáltill. þessi væri stórfelld árás á bændastéttina í heild. En er það svo? Í fyrsta lagi gerir þáltill. ráð fyrir að bændum sé í sjálfsvald sett hvort þeir eigi jörð til búrekstrar eða taki á erfðafestu. Afnotarétti bænda til afrétta gerum við ekki ráð fyrir að raskað verði, hins vegar að eignarráð alþjóðar yfir öllum óbyggðum og afréttum séu óskoruð.

Í öðru lagi er það tiltölulega þröngur hópur landeigenda sem getur auðgast af jarðvarmaeign, lóðaeign við þéttbýli og landeign að virkjunarstöðum. Hér er því ekki verið að vinna gegn hagsmunum heillar stéttar, heldur vinna að því að fámennur hópur landeigenda grípi ekki stór gull af hagsmunum alþjóðar. Veiðiréttinn viljum við ekki láta leiða til jarðabrasks, búrekstri til óþurftar, eins og horfir nú. Þannig vil ég staðhæfa að sé þáltill. okkar skoðuð í réttu ljósi fari hún síst í bága við hagsmuni mikils þorra bænda, en auðvitað kemur hún í bága við sérhagsmuni sumra, en tiltölulega fámenns hóps.

Íslenskt þjóðfélag er á öru breytingastigi. Ný og ný gögn og gæði landsins eflast stórlega að verðmætum. Nú ber hæst virkjanleg fallvötn, jarðhita og lóðir og lendur í þéttbýli. Kannske uppgötvast námur eða olía á landgrunni innan tíðar. Um þetta allt þarf að setja glögga löggjöf hið fyrsta, annars lendir allt í öngþveiti í þessum málum innan mjög skamms tíma og er raunar komið, t. d. í jarðhitamálum okkar og sölu lóða og lenda. Við skulum ekki vera svo skammsýn að sofa á verðinum uns allt er um seinan og óbotnandi ringulreið orðin. Þetta er líka nú orðið skoðun meginþorra þjóðarinnar. Réttarkennd in hefur aðlagast breyttum staðreyndum. Það hefur skapast traustur grunnur til að reisa nýja lagasetningu á um eignarráð yfir landinu og gögnum þess og gæðum. Þennan grunn skulum við nota.

Ég legg svo til, herra forseti, að umr. um þessa þáltill. verði frestað að lokinni þessari umr. og málinu vísað til umfjöllunar allshn.

Páll Pétursson: Herra forseti. Umr. um þessa till., sem hér er til afgreiðslu, eru að verða nokkuð fastur liður í störfum Alþ., svipað eins og umr. um stefnuræðuna, fjárlagaræðuna eða eitthvað því um líkt. Það rís hér upp á hverjum vetri einhver Alþfl.-maður og mælir fyrir þessu máli. Þetta ber að sjálfsögðu vott um mikla stefnufestu, þessi þráflutningur, eins og hv. flm. orðaði það, en fremur er það nú tilbreytingalítið, finnst mér. Þó er það líkn með þraut að þeir eiga enn þá, Alþfl.-menn, frummælendur til skiptanna, og það vill svo vel til, að frummælandinn í ár mun vera upphafsmaður að þessari hugmynd og hafa fyrstur borið þetta mál fram hér á hv. Alþ. Það fer því að ýmsu leyti vel á því að hann beri sjálfur fjanda sinn, eins og sagt var að fornu.

Þessi hv. þm. var einu sinni fyrir margt löngu frambjóðandi í Austur-Húnavatnssýlu. Þá var „Hræðslubandalagið“ sæla við lýði. Mér þótti ákaflega leitt að hafa ekki aldur til þess að taka þátt í þeim kosningum og kjósa hann, en það er nú orðið langt síðan og ég er nú kominn yfir þau leiðindi. Mig hálfminnir þá að ég heyrði að hann væri þingeyingur, og a. m. k. tel ég fullvíst að hann sé sveitamaður í framætt eins og við erum allir, en einhvern veginn er hann nú og þeir Alþfl.-menn orðnir nokkuð lausir á þeirri rót. Og mér finnst kenna í málflutningi hv. þm. hálfgerðrar nepju í garð þeirra sem sitja eftir í Þingeyjarþingi, og það er annar svipur á þessari hugsun hjá honum heldur en hjá þeim mönnum sem við erum vanastir að hugsa til þegar á þingeyinga er minnst, þar sem annað hvert kot er orðið með nokkrum hætti höfuðból í vitund okkar sem álengdar stöndum, m. a. vegna þeirrar reisnar, sem það gefur þingeyingum að eiga svo dýrðlegt hérað, og þess gildis, sem það gefur þeim, að þetta hérað skuli eiga þá.

Ég ætla ekki að endurtaka röksemdir mínar frá í fyrra sem ég viðhafði þá í umr. um þessa till. Ég vil leyfa mér svona til hægri verka að vísa til Alþt. frá í fyrravetur, nr. 12 og nr. 14, þar sem þetta er allt saman prentað. En ég vil bara taka það fram að ég er enn þá sama sinnis og ég var þá. Skoðanir mínar á eignarréttindum eru gersamlega óbreyttar, og þessi till. hefur ekki samlagast með nokkrum hætti réttarkennd minni, eins og hv. flm. orðaði það að væri tilgangurinn með þessum þráflutningi. Skoðanir mínar á nauðsyn þess, að jarðalagafrv. nái fram að ganga, eru líka enn þá óbreyttar, og ég tel að sú lagasetning mundi bæta úr þeim ágöllum sem augljóslega eru á viðskiptum með jarðir. Ég tek fyllilega undir það með hv. flm. að það er ólag á þeim málum, en ég tel að það sé best lagfært með því að samþykkja það frv. Að sjálfsögðu eru eignarnámslög og fordæmi fyrir eignarnámi þar sem það er svo brýnt að ekki er hægt að fara aðra leið vegna almenningsheilla. Þetta hvort tveggja tel ég að eigi að nægja til að tryggja hagsmuni almennings.

Það er með þessu frv. löng og mikil grg., en ég vil þó, með leyfi hæstv. forseta, leyfa mér að lesa upp stutta mgr. Hún er svona:

„Á síðustu árum hafa augu fjölmargra opnast fyrir því, að mannkynið hefur þegar spillt umhverfi sínu stórlega á margan hátt og mengað loft og vatn, svo að jörðin kann að verða óbyggileg eftir nokkrar kynslóðir, verði ekki að gert hið bráðasta. Óspillt land, ómengað loft og vatn eru talin til hinna verðmætustu eigna hverrar þjóðar. Í þessum efnum erum við íslendingar enn auðug þjóð, en ber þó að gæta fyllstu varúðar að spilla þeim gæðum ekki, jafnframt því sem við nýtum auðlindir okkar sem best.“

Undir þetta vil ég sérstaklega taka. Og það er kannske kjarni málsins með hverjum hætti verð-

ur framtíð landsins, varðveisla landsins best tryggð. Ég tel að hún sé best komin í höndum bænda. Þeir nytja þetta land og hafa nytjað. Þeir þekkja hver sinn skika, ef svo mætti segja, og hafa tækifæri betur en allir aðrir til þess að fylgjast með ástandi landsins eða umhverfis sins. Og ég held að þeim sé öðrum ljósari nauðsyn þess að eyðileggja ekki landið. Ofbeit er staðbundið vandamál sums staðar á Íslandi, en ég hygg að bændum sé þó ljósastur af því háskinn, ljósari en t. d. þeim kaupstaðarbúum sem eiga skepnur. Lönd við þorp og bæi eru þéttar setin og meir ofbeitt, að því er mér virðist, heldur en almennt gengur með jarðir í bændaábúð.

Ég vil sem sagt nota þetta tækifæri til þess að lýsa fullri andstöðu minni við fram komna þáltill. Ég tel rétt að afgreiða þessa till., þ. e. a. s. fella hana. Ég tel ekki líkur til þess að þessi till. verði réttlætanleg í náinni framtíð eða samlagist minni réttarkennd, eins og hv. flm. orðaði það, — a. m. k. ekki í náinni framtíð. Það væri þá ekki nema bændur hættu að meta land sitt fram yfir önnur gæði, gefa það t. d. falt til eyðileggingar fyrir einhverja silfurpeninga eða annað og væru búnir að missa trúna á landið, trúna á atvinnuveg sinn og e. t. v. kannske virðinguna fyrir sjálfum sér, þannig að ljóst væri að landinu væri ekki óhætt fyrir þeim sjálfum. Þá gæti verið rétt að fara að huga að skipulagi í þá átt sem þessi till. gerir ráð fyrir, en fyrr ekki. Og ég hef það traust á íslenskri bændastétt að ég er þess fullviss að til þess kemur ekki í náinni framtíð.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég flutti alllanga ræðu í fyrra um þetta mál, ég hef þar ekki skipt um meginskoðun. Ég tók þá undir þýðingarmestu þætti þessarar till. sem ég kem að síðar, en ég gerði einnig ýmsar aths.

Þau undur gerðust þá að tveir hv. þm., sem ekki heyrðu mína ræðu, lögðu út af ýmsu sem þar var aldrei sagt. Því miður eru þeir báðir fjarstaddir nú, enda báðir ómissandi hérlendis sem erlendis.

Hv. þm. Pétur Sigurðsson kvað mig hafa talað um það sem goðgá að launþegasamtök t. d. gætu eignast orlofsheimili og eðlilega griðastaði úti í guðsgrænni náttúrunni. Ég benti hógværlega á það að sjálfur hefði ég verið í framkvæmdanefnd slíkra heimila á Austurlandi og sýnt því máli álíka áhuga og hv. þm. sjálfur. Ég varaði hins vegar við sumarbústaðaásókn auðmanna héðan úr Reykjavík, sennilega margra eða flestra úr flokki hv. þm., sem keyptu upp heilar jarðir til þess arna. Slíkt fordæmi ég enn harðlega, en það hefur ekki þessi hv. þm. og mjög fáir samflokksmenn hans gert.

Enn lakar þótti mér þó þegar hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason flutti ræðu af alkunnri mælsku og rökfræði um fullyrðingar og skoðanir sem ég átti að hafa látið í ljós, m. a. það að engin réttindi mætti skerða, allt skyldi landeigendanna og ég væri í heild andvígur till. Þetta var auðvitað afar eðlilegur málflutningur þegar haft var í huga að hv. þm. hafði aldrei heyrt orð úr minni ræðu, en haft um hana fréttir frá samflokksmanni sínum, sem sagði þó í svarræðu við minni tölu að ég hefði eiginlega bara rætt um rjúpnadráp. En þetta leiðréttist furðanlega í umr. Hins vegar brá svo við að í útvarpsumr. þá stuttu á eftir og í Alþýðublaðinu var lagt út af þessari ræðu á furðulegasta hátt. Afturhaldssjónarmið tröllriðu húsum í huga mér, landeigendaauðvaldið átti þarna verðugan fulltrúa, engin réttindi mætti af landeigendum taka, þjóðnýting hvers konar náttúruauðlinda eitur í mínum beinum og fleira í þeim dúr.

Nú vildi svo vel til reyndar að enginn tók á þessu mark nema ég sjálfur. Ég var nefnilega svo sammála ýmsum meginatriðum þessarar till. að mig tók nokkuð sárt hvernig öllum staðreyndum var þarna við snúið. Ég hlýt því að minna nú á meginatriði míns máls í fyrra og skal þar reyna að sleppa rjúpnadrápinu að mestu sem var tilefni hjartnæmra hugleiðinga í fyrra, að öðru leyti en því að ég þekki af eigin reynslu hve hve hvimleið þessi drápsnáttúra getur verið og gengið út í hreinar öfgar. Ég t. d. minnti á ágætan samanburð: hugsa sér byssuglaðan náunga í t. d. Arnarnesi fátæktarinnar hér í nágrenninu, hvernig mönnum litist þar á slíkan náunga skjótandi af handahófi á hvað eina kvikt, eins og ég hef horft á í næsta nágrenni bóndabæja. Ég lái bændum sem sagt ekki þótt þeir vilji ekki eiga á hættu að búfé þeirra ferfætt sé tekið í misgripum fyrir fljúgandi rjúpur eða jafnvel að þeir sjálfir verði aðnjótandi nokkurra hagla í skrokk sinn, fyrir utan erfiða leit í hríðum og þoku að þessum fjallvilltu sauðum stórborgarsvæðisins. En nóg um það.

Ég skal minna á helstu atriðin og byrja þá á því, sem ég gerði í fyrra, að skilja algerlega á milli þeirra gæða, sem beint snúa að atvinnugrein bænda, búskapnum, og því sem óhjákvæmilega kemur þar inn í, og hinna gæðanna, sem mér skilst að séu meginatriði þessarar till., þ. e. ýmissa þeirra náttúrugæða sem eðli sínu samkv. eiga ekki heima í landbúnaði sem slíkum, auðæfi sem þjóðarheildin sem slík á að njóta, en á ekki að vera féþúfa einstakra aðila. Þetta kom skýrt fram, að þarna greindi ég á milli, þessi atriði till. studdi ég alfarið.

Ég benti líka á tvö mikilvæg atriði sem fóru fram hjá hv. flm. Ég benti á það að bændur ættu að íhuga án allrar þröngsýni og sérgæðingsháttar, sem vissulega ber á hjá þeim eins og öðrum stéttum, annars vegar örlög þeirra fjölmörgu bænda sem neyðst hafa til að flytja af bújörðum sínum eftir erfitt starf og þrotlaust strit og oft verulega uppbyggingu og dýra í húsakosti og öðrum framkvæmdum, skilja við þessar eignir sínar verðlausar með öllu, ganga bótalaust frá búum sínum, af því að þeir áttu þau sjálfir, — bera það saman við þá, sem þó á ríkisjörðum sitja, og þau kjör, sem þeir þó njóta, svo að sannarlega er þetta sterkur rökstuðningur fyrir kostum þess að jarðirnar séu í ríkiseign, því verður ekki neitað.

Hitt atriðið var það, sem sífellt ber meira á, ásókn auðmanna í jarðir bænda og gífurleg boð sem sumir hafa hreinlega ekki staðist og fórnað þar með mörgum ágætum bújörðum á altari gróðahyggjunnar. Þessar jarðir hafa svo orðið einskis virði í þágu landbúnaðar í þessu

landi, verið hreinlega teknar út úr búskap til þess eins að vera eins konar stöðutákn broddborgaranna. Þróunin í þessum efnum er uggvekjandi og bændastéttinni og landbúnaðinum í heild svo óhagstæð sem frekast er. Þótt bændur séu nú almennt að vakna til meðvitundar um þessa hættu, þá er ekki um að ræða nógu öfluga andstöðu stéttarinnar sem slíkrar. Þetta ætti sömuleiðis vissulega að vera ærið umhugsunarefni fyrir bændur, hvort ríkiseign jarða væri ekki gagnvart þessu nokkur vörn, þótt því miður sé hún ekki eins algild og vera ætti og hv. flm. vilja stundum vera láta.

En fyrir tveimur árum var hér í þingi til umr. frv. til jarðalaga þar sem gerð var virðingarverð tilraun til að stemma stigu við þessari háskalegu þróun, þótt skemmra væri gengið en t. d. við Alþb.-menn hefðum talið þörf á. Mikið er minni mínu tekið að förlast ef sú var þá ekki raunin á að fullltrúar hins víðsýna þjóðnýtingarflokks í Ed. skipuðu sér við hlið sjálfstæðismanna í afstöðunni til þess frv. og skiluðu ásamt þeim neikvæðu nál. Ekki kann ég nú við að nota jafnsterk orð um þessa afstöðu þeirra Alþfl.-manna og þeir viðhöfðu um orð mín og hv. þm. Stefáns Jónssonar í fyrra, en eitthvað mætti nú samt út af þessu leggja sem gæti hljómað nokkuð hjáróma í ljósi þessa annars göfuga tillöguflutnings.

Ég benti á það í fyrra einnig og ítreka það sterklega einnig nú að þetta frelsishjal þéttbýlisbúanna hljómar ekki nógu sannfærandi í mínum eyrum. Ég vara við of miklu frelsi í þessum efnum. Umgengni við landið og náttúruna er atriði sem þarf að sitja í fyrirrúmi, ekki síst þegar menn eru að vakna til aukinnar meðvitundar um gildi óspilltrar náttúru, einkum á ýmsum þeim stöðum sem nú eru í hættu af örtröð ferðafólks sem haldið er misskilinni frelsisþrá til þess að haga sér að vild sinni, oftlega í skjóli annarlegra áhrifa sem hvarvetna þykja sjálfsögð. Ég gagnrýndi þá harðlega umgegni ferðafólks á ýmsum fegurstu stöðum lands okkar. Varúð og varkárni þarf hér að viðhafa. Um þverbak keyrir þó þegar maður heyrir að flokkar útlendinga valda hreinni örtröð á ferðamannastöðum án þess að greiða fyrir einn eyri, þegar innfæddir greiða sín sjálfsögðu gjöld fyrir tjaldstæði sín á sömu stöðum.

Gagnvart hlunnindum ýmsum skal ég lítt út í fara. Það gerði ég í fyrra einnig. En ég minni enn á varðandi árnar okkar að ég er algerlega andvígur þeirri stefnu margra bænda, allt of margra bænda, að græða of fjár á ám sínum með því að leigja þær forríkum útlendingum. En hinu skyldi þá ekki gleymt, að þar eiga bændur ekki verri hlut en ýmsir aðrir, m. a. ráðamenn þjóðarinnar ýmsir sem vilja að íslensk þjóð lifi að verulegu leyti með tilstyrk „aðkomufés", svo sem segir í frægu leikriti. Og smár verður hlutur bænda við braskara höfuðborgarsvæðisins í þessu efni sem öðrum. En ég spyr hv. flm. þá um leið: Væri kannske ekki nær að byrja á þeim. Og ég vona að þeir séu mér sammála í því.

Það er ekki lítil spurning í dag sem bæði þeir Alþfl.-menn og við aðrir sem styðjum almennt þjóðnýtingu, ekki bara á þessu sviði, heldur almennt, því að það vona ég að þeir Alþfl.-menn geri, — spurning sem við eigum að íhuga vel áður en við svörum. Það er sóst eftir landsgæðum og náttúruauðæfum okkar í dag erlendis frá. Fjölmargir erlendir aðilar hafa áhuga á því að klófesta þessi landsgæði að meira eða minna leyti. Við ríkjandi stjórnarhætti er viss hætta á ferðum og verður svo lengi enn. Það eru margir þeirra, sem við stjórnvöl standa, veikir fyrir erlendum gylliboðum. Væri nú allt land á þeirra valdi, þá er um það mikil spurning hvort sá varnaraðili væri ekki úr sögunni sem í dag er þó fyrir hendi í íslenskri bændastétt.

Nú veit ég að till. gerir ekki ráð fyrir því í núverandi búningi að land bænda eða bújarðir skuli skilyrðislaust vera ríkiseign. En þó hygg ég að upphaflegur tilgangur till. hafi verið sá, og ég hygg að enn sé sú meining sem að baki liggur. Þá vaknar sú spurning hjá mér, hversu rétt þjóðnýtingarstefna sé varðandi þetta atriði við það hagkerfi kapitalisma sem við búum við í dag. Ég trúi ekki öðru en að við og flm. þessarar till. getum verið fyllilega sammála um það að ýmislegt annað þurfi á undan að ganga. Ég hef a. m. k. meiri áhuga á því að þjóðnýta stóreignir og stórfyrirtæki braskara hvers konar sem í krafti almannafjár og arðráns hafa komist yfir margfaldar upphæðir miðað við bújarðir bænda. Þetta var eitt megininntakið í minni afturhaldsræðu í fyrra. En ég spyr hv. flm. um þeirra álit hér á, varðandi þessar stóreignir. Væri kannske ekki nær, finnst þeim það ekki í raun, að þar væri nær að byrja þjóðnýtinguna?

Um landsgæði í þágu þjóðarheildar, svo sem háhitasvæði, þurfum við ekki að ræða. Þar er um algera samstöðu að ræða hjá mér og hv. flm. Það eru bújarðirnar sjálfar og landsgæði tengd atvinnugrein bænda sem ég staldra við og vil horfa af víðara sjónarhóli út yfir þjóðfélagið í heild og fá heildarmynd af óæskilegri einkaeign og óæskilegum gróða og ráðast svo þar á skipulega þar sem mest er þörf, og þar vona ég að ekki standi á liðsstyrk Alþfl.-manna. Það kæmi mér hins vegar mjög á óvart ef bújarðir bænda og bein gæði tengd landbúnaði kæmu þar í fremstu röð. Á því byggðust fyrirvarar mínir í fyrra og þeir gera það enn. Þessa afturhaldsræðu mína og andsósíalísku stefnumótun endaði ég í fyrra á þessum orðum, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er mín skoðun að allur óeðlilegur gróði þurfi að hverfa úr þjóðfélaginu, allur óeðlilegur gróði, sem safnast á einstakar hendur. Þann gróða er ekki að finna hjá meginþorra bænda. En hann á ekki heldur að koma í hendur þeim sem við þá sérstöðu búa að í landi þeirra er að finna verðmæti sem ættu að vera þjóðareign. Ég ítreka aðeins það, að hér þarf að fara að með fullri gát og alveg sérstaklega án allrar skerðingar á búskaparmöguleikum bænda yfirleitt. Hins vegar þarf gróðamyndunin í þjóðfélaginu rannsóknar við í heild, og inn í þá mynd koma bændur að sjálfsögðu eins og aðrar stéttir. Það væri kannske brýnasta verkefni okkar í dag þegar þeir kvarta oft hæst sem mesta möguleika hafa á því að safna illa fengn-

um aaði, en í þeim hópi eru bændur það fáséðir að á öðrum ber þá hiklaust að byrja.“

Ég held að hér um geti hver dæmt auðveldlega og mun því ekki elta ólar við þetta frekar. Meginatriði till. um þau landsgæði, sem ber hæst í dag, styð ég. En um þau atriði, sem ég hef sérstaklega rætt, þarf einnig að gæta fullkominnar varfærni og áður en í það er gengið þarf rækilega athugun og m. a. fullt samráð við bændastéttina sem í heild er viðsýnni en svo að hún styðji ekki sjálfsagðar umbætur í þessum efnum.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég verð að líta svo á að till. sú, sem hér er til umr., sé einhver lífseigasta afturganga sem riðið hefur húsum hér á hv. Alþ. nú á síðari árum. Fjórum sinnum hefur hana dagað uppi og í fimmta sinn er hún sprottin upp hér í þingsölum, og það sýnir að hún er lífseigari en náttröllin forðum og annarra ráða verður að leita við afgreiðslu þessa máls heldur en gert hefur verið til þessa. A. m. k. tvisvar sinnum hef ég skorað á hv. allshn. hv. Alþ. að taka þessa till. til afgreiðslu og fella hana. Ég ætla að leyfa mér í þriðja sinn og vonandi í síðasta sinn að beina þessari áskorun til hv. allshn., að taka nú till. til afgreiðslu, og ég efast ekkert um að þá yrði hún felld.

Till. hefur breytt um svip með árunum. Hún er orðin loðin að orðalagi og teygjanleg miðað við það sem áður var. Inn í hana hefur verið skotið orðalagi sem er tvírætt og stangast jafnvel á við höfuðtilgang till. sjálfrar. Till. ber þó hinn sama höfuðtilgang, sem hún æ hefur haft, þann tilgang að þjóðnýta allt land, að færa allt land úr höndum einkaaðila og sveitarfélaga í hendur ríkisins, að gera landið allt að þjóðareign, eins og það er kallað, og er það megintilgangur till., enda þótt undanskot séu að bændur megi eiga bújarðir sínar meðan þeir þess óska.

Ég þarf ekki að itreka skoðanir mínar á þessum tillöguflutningi. Ég hef rætt þessi efni á undanförnum þingum og mér nægir að vitna til þess, eins og aðrir hv. þm. sem hér hafa tekið til máls sumir hverjir. Ég ætla þó ekki að hverfa að því ráði, eins og síðasti hv. ræðumaður, hv. þm. Helgi Seljan, að fara að elta ólar við það sem sagt var í umr. í fyrra eða hitteðfyrra. Ég held að það sé nægilegt að fjalla um það efni sem á dagskrá þessa fundar er.

Ég vil aðeins segja það, að ef að því væri stefnt að færa land, þótt ekki væri nema afréttir, fallvötn, stöðuvötn og hvers konar landsréttindi, úr höndum þeirra aðila sem það eiga nú, þ. e. bænda og sveitarfélaga í langflestum tilvikum, þá væri mjög stefnt til hins verra fyrir íslenskt þjóðfélag. Með því væri brott numin kjölfesta bændastéttarinnar, sem er landið sjálft í þeirra eign og yfirráðum, og við mundi blasa að landi og landsréttindum réðu stjórnarráðsskrifstofur í Reykjavík með auknum mannafla, síauknu ríkisvaldi, nýju leyfakerfi og nýjum starfsmönnum, auknu ríkisbákni. Með þessu held ég að væri mjög stefnt til hins verra, og um það skal ég ekki fara mörgum orðum. Hitt er rétt, að við nokkurn vanda er að fást í ýmsum þeim greinum sem till. fjallar um. Þann vanda er hægt að ráða við á annan hátt heldur en að þjóðnýta landið og þau landsréttindi sem um er talað hér.

Ég skal í sambandi við það, sem hér hefur verið drepið á um jarðalög, aðeins segja það, að þar eru reifaðar hugmyndir til þess að fjalla um nokkurn hluta af þeim efnum sem hér er að vikið. Þessar hugmyndir eru nú skoðaðar enn að nýju af fulltrúum stjórnarflokkanna, og ég á von á að stjórnarflokkunum takist að samræma sín sjónarmið um þessi efni og komast þar að niðurstöðu sem verði í raun til mikilla bóta um þessi mál. Þar eru þó ýmis fleiri ráð, sem til greina koma, heldur en þau er voru í jarðalagafrv. sem lagt var fram fyrir tveimur árum. Ég skal ekki fara lengra út í þá sálma. En ég lít svo á að leiðir að því marki, sem jarðalagafrv. fjallar um í sinni upphafsgr., séu a. m. k. fleiri tiltækar heldur en sú sem þar er mörkuð.

Um það að eigendur náttúrugæða lands, fallvatna, jarðhita og annarra verðmæta stundi brask og njóti óhófsgróða af þessum eignum sínum, þá vil ég geta þess að um það getur verið a. m. k. þörf á því að kveða nánar á en gert er í sambandi við framkvæmd eignarnáms og eignarnámsmat nú í lagasetningu. Það getur verið þörf á því að setja eitthvert þak á það hvað slík verðmæti eru metin við eignarnámsmat þegar eignarnám er framkvæmt. Og eins og íslenska stjórnarskráin gerir ráð fyrir, þá er eignarnám og heimild til eignarnáms úrræði, ef almannaheill krefur, til þess að ná réttindum sem einkaaðilar eða sveitarfélög vilja halda fyrir almenningi sem hefur brýna þörf fyrir að njóta slíkra réttinda. Þessi mál hafa verið mjög til umr. hér að undanförnu í sambandi við háhitasvæðin. Ég tel ekki þörf á því að flytja þessi verðmæti í hendur ríkisins alfarið, en ég tel enga ástæðu til annars, ef í odda skerst og vandkvæði eru á að ná samningum við þá aðila sem eiga þessi réttindi, en að þá sé eignarnámsheimild fengin og henni beitt.

Í sambandi við það að íslenska ríkið slægi eign sinni á t. d. afréttarlöndin, á veiðiárnar, á stöðuvötn í byggð og óbyggð með einfaldari lagasetningu eins og hér er lagt til, þá er það vitað að þessi landsgæði eru yfir höfuð í eigu bænda landsins, sumpart í einkaeign, en að mjög miklu leyti í félagseign, í eigu sveitarfélaga og jafnvel samtaka þeirra. Ef þetta væri skilið frá bújörðum og tekjur af þessum eignum hyrfu frá bændastéttinni, þá má vænta þess að eitthvað þyrfti að koma í staðinn, og ég lít svo til að ýmsum þyki að búvörur séu nægilega háar í verði, en nærtækast væri líklega að hækka verð á landbúnaðarvörum til þess að vega á móti þeirri skerðingu sem bændastéttin yrði fyrir við slíka lagasetningu.

Allt eru þetta rök gegn því máli sem hér er flutt. Málið er enda, eins og hv. flm. sjálfur sagði, með þeim hætti að það gengur þvert á viðurkenndar hefðir um eignarrétt og má segja að það nálgist það að stríða gegn eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar.

Hér hefur borið nokkuð á góma umgengni við landið, nauðsyn þess að vernda íslenska náttúru og hverja varúð þarf að hafa í sambandi við

hvers konar meðferð lands og landsgæða. Undir þetta er sjálfsagt að taka. Ég vil samt segja, að eftir því sem ég þekki til, þá mun umgengni við landið vera a. m. k. í sumum tilvikum og í vissum greinum best komið í eigu bændanna og samtaka þeirra. Held ég að væri ekki nein bót til hins betra að aðrir færu þar með eignarráð yfir.

Í sambandi við það t. d., sem hér hefur verið nefnt um sumarbústaðalönd, einstaka sumarbústaði sem reistir séu skipulagslaust og að einkaaðilar brytji sundur lönd sín og hafi af ofsagróða að selja stórgróðamönnum og eignamönnum, stórkapítalistum þéttbýlisins, eins og hér hefur verið komið að, þá er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því að sveitarstjórn í hverju sveitarfélagi hefur slíkt mál algerlega á sínu valdi, því að lög kveða svo á að enginn megi reisa sumarbústað — og gildir það alfarið — án leyfis sveitarstjórnar. Ég tel að það sé út af fyrir sig að þetta lagaákvæði sé í skökkum lögum, — það er í náttúruverndarlögum, en ætti heima í jarðalögum verði þau samþykkt. Það hefði verið þörf á því að ýmsar sveitarstjórnir færu eftir þessu lagaákvæði betur en gert hefur verið og gættu sín fyrir þeirri hættu sem þarna er vissulega yfirvofandi. Ráðin eru þó í höndum sveitarstjórnanna, og ég hef ekki trú á því að það yrði betur með það vald farið ef það væri í höndum einhverrar stjórnarráðsskrifstofu hér í Reykjavík. Ég tel að útivistarsvæði, þar sem fólk úr strjálbýli og þéttbýli geti notið hollra návista við íslenska náttúru og haft frjálsan umgang og frjálst val um hvernig það hagar sér eftir vissum reglum, slík útivistarsvæði þurfi að vera til í hverju héraði. Slík útivistarsvæði ættu í raun og veru að vera í eigu og forsjá héraðsstjórna sjálfra í hverju héraði og óþarft að þjóðnýta slík landssvæði til þess að vel megi fara. Ég held að það eigi að vera metnaðarmál hvers héraðs að skipuleggja slík svæði, gefa fólki kost á því að sækja þau heim, dvelja þar skemmri eða lengri tíma og njóta, eins og ég sagði áðan, hollra návista við íslenska náttúru til þess að dreifa huganum frá daglegu striti hversdagslífsins hér á höfuðborgarsvæðinu og annars staðar á landinu þar sem, eins og kallað er, streita sækir á fólkið.

Ég skal ekki fara mörgum fleiri orðum um þetta mál. Það er margþætt. Það er leiðigjarnt að fjalla um sama efni þing eftir þing, hlusta á sömu framsöguræðurnar og sömu röksemdirnar og í rauninni algerlega óþarft að fara að flytja sömu röksemdirnar gegn slíkum málum. Ég vil vitna til þess, sem ég hef áður sagt á undanförnum þingum, en ég vil þó sérstaklega enn beina þeirri áskorun til hv. allshn. að taka nú höndum til og afgreiða þessa till. Verði hv. allshn. sammála um eða meiri hl. hennar að leggja til að hún verði samþykkt, þá er sjálfsagt að það álit n. birtist hér á hv. Alþ. og láta sjá hvernig um fer. En ég tel miklu trúlegra að mikill meiri hl. bæði í þeirri hv. n. og eins af þingheimi í heild sé þeirrar skoðunar að það sé landhreinsun að kveða þessa afturgöngu niður fyrir fullt og allt, að ganga af henni dauðri, og þá held ég að tími sé til kominn að hv. Alþ. skeri úr um það hvort svo skuli ekki að verki staðið.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Það er sagt um tímann að hann græði flest sár, og furðulengi heldur hann áfram að göfga yfirbragð Alþfl. þó að tönn hans virðist einnig halda áfram að vinna á innrætinu. Ég stend hér upp til þess að segja frá því í tiltölulega stuttu máli hvers vegna ég er staðráðinn í því að greiða atkv. gegn þáltill. sem að orðanna hljóðan er þó ekki óskynsamleg að mínu áliti. Það er orðið nokkuð langt síðan vísir þessarar þáltill. var fyrst settur í mold innan veggja þessa virðulega hóps. Orðalagsbreytingar hafa orðið ýmsar á henni á tímabilinu. Hér hefur farið fram talsverð göfgun eins og oft er þegar lengi er unnið að máli. En orsökin að þessum þráflutningi, eins og frsm. orðaði þetta sjálfur, orsökin blasir enn þá við okkur. Uppruni þessarar þáltill. blasir enn við okkur.

Hin rætna árátta til þess að hefna þess á Alþ. sem hallaðist á í héraði hjá frumflm. þessarar till. blasir við okkur enn. Í lok 3. mgr. grg. sem segir: „Fráleitt er að landeiganda eða landeigendum, sem engin tök hafa á að nýta vatnsorku af eigin rammleik, skuli geta haldist uppi að varna íbúum heilla byggðarlaga, jafnvel landshluta, notkun fallvatna til orkuframleiðslu.“ Það eina, sem sleppt er í grg., er að játa þó það, sem satt er og blasir við, að þráflutningurinn á rætur í Laxárdeilunni illræmdu fyrir norðan.

Það situr ekki á mér að mæla gegn því að staðfest verði með löggjöf sameign íslendinga á öllu landinu frá ystu landgrunnsbrúnum með öllum gögnum og gæðum. Við skoðun á gildandi lögum og fornum lögum kemur í ljós að í vissum lagalegum skilningi er Ísland allt með gögnum og gæðum sameign allra landsmanna. Og eignarrétti einstaklinga á landi eru raunar þau takmörk sett, að heita má að einstakir eigendur lands, hvort heldur þar er um að ræða bújarðir eða smærri spildur, hafi þessi svæði nánast að láni. Svo mörg eru þau ákvæði sem í lögum eru og í lög hafa komið sem skerða yfirráðarétt þeirra yfir þessum spildum og yfir þessum jörðum. Hitt er svo annað mál, að sá andi hefur ríkt á þessu landi og þá einkum á velgengnisárunum eftir síðustu heimstyrjöld að völd einstaklinga yfir einkaeign hafa verið aukin umfram það sem lög raunverulega leyfa, eða a. m. k. umfram það sem andi laga virðist leyfa. Og afleiðingin hefur komið fram í ýmiss konar braski þar sem gengið hefur verið á rétt samfélagsins í heild til gæða þessa lands.

Ég get með engu móti tekið undir lofsöng hv. þm. Pálma Jónssonar um helgi eignarréttarins. Ég hef heyrt of marga menn syngja þennan lofsöng um helgi eignarréttarins skömmu eftir að auðgunarverki lauk. Ég er þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að endursmíða í mörgum greinum þá löggjöf, sem lýtur að eignarhaldi á landi, og tryggja rétt fólksins til þessa lands. Ég er þeirrar skoðunar að kveða beri á um það í lögum að hver einasti ferþumlungur Íslands skuli vera sameign þjóðarinnar og að rétt-

indi einstakra þegna til lands skuli miðuð við nytjar þess. En það er býsna vandasamt verk og útheimtir mikla félagslega yfirsýn að semja þá löggjöf og tryggja framkvæmd hennar þann veg að til heilla horfi, og ég verð að segja eins og er, að ég tel æskilegt að það verði annars konar ríkisstj. en sú, sem nú situr á landi hér, sem forgöngu hafi um slíkt verk.

Það var fyrir löngu, eða skömmu fyrir seinni heimsstyrjöldina, að einn af helstu forustumönnum íslenskra bænda, Páll Zóphóníasson, hafði í aðalatriðum samið frv. um ríkiseign á öllu landi, þ. á m. á byggingarlóðum, í því skyni að hindra jarðabrask. Þar var svo ráð fyrir gert að réttur bænda yrði tryggður með erfðafestuákvæðum, þannig að þeir misstu einskis í við þessa lagasetningu nema réttarins til að selja land. Aðeins sá réttur var skertur. Þetta frv. var ekki lagt fram og því ollu ýmsar ástæður, m. a. heimsstyrjöldin. Ég er þeirrar skoðunar að þarna hafi verið stefnt í rétta átt og að æskilegt væri að þráðurinn yrði tekinn upp aftur þar sem frá var horfið þegar tóm gefst til og þeir menn eru til valda komnir sem við treystum til þess að fjalla um slíkt. En ég ítreka það, að ég er efins um að þeim aðilum, sem nú fara með völd, sé til þess trúandi að leiða þetta vandamál til lykta. Meðferð þeirra, sem nú sitja að völdum hér á sameign þjóðarinnar, og viðhorf þeirra til gæða þessa lands og auðlinda þess er ekki með þeim hætti að ég megi til þess hugsa að umboð til þess að ráðskast með eignarrétt á öllu Íslandi komist nú þegar á eina hendi. Ég má ekki til þess hugsa. Og þegar ég hugleiði nú hver afstaða flm. þessarar þáltill. hefur verið til þeirrar ráðsmennsku sem hefur átt sér stað á gögnum og gæðum þessa lands í tíð núv. ríkisstj., þegar ég hugsa til þess hver afstaða Alþfl. hefur verið í heild til þessarar ráðsmennsku, þá hrýs mér hugur við áhyggjum sem gerð er grein fyrir í grg. út af mengun lofts og lagar og spillingu lands, og mér hrýs hugur við þeim brjóstheilindum, að þessir sömu menn skuli leyfa sér að taka slíkt sér í munn hér á Alþ.

Ég er og uggandi um það, að umboð, sem núv. valdhafar mundu fá til þess að ráðskast með landið, yrði notað til þess að braska með Ísland allt í einu lagi, til þess að halda áfram að selja útlendum auðhringum orku fallvatnanna okkar, til þess að semja við erlenda kapitalista, ekki aðeins um nýtingu á landgrunninu okkar núna, heldur öllum gögnum og gæðum landsins, og uggandi um það, að jafnvel erlendum ferðaskrifstofum yrði í stundarörvinglan blankrar ríkisstj. heimilaður afnotaréttur af unaðsblettum þessa lands. M. ö. o.: ég má ekki til þess hugsa að ríkisstj. íhalds eða samstjórnar íhalds og krata, sem við þekktum fyrir skemmstu í 12 ár, fjalli um þjóðnýtt Ísland og hafi á hendi eignarrétt alls Íslands. Ég vil þá miklu heldur að við búum um sinn við það viðnám sem eignarhald einstakra bænda á þó allt að því 5000 bújörðum getur orðið gegn viðleitni braskara í háum embættum til þess að koma auðlindum þessa lands í verð fyrir peninga.

Ég tel sem sagt að lagasetning á borð við þá, sem hér um ræðir, sé ekki pólitískt tímabær. Ég tel að hyggilegt væri að undirbúa þessa lagasetningu með aðgerðum sem miðuðu að því að rýra völd þeirra aðila sem líklegir væru til þess að misnota eignarhald ríkisins á landinu. Það er meira aðkallandi að byrja þjóðnýtinguna annars staðar, sagði hv. þm. Helgi Seljan áðan, en á bújörðunum, og undir það tek ég. Það er sem sé á valdi Alþingis að tryggja þjóðina gegn annmörkum eignarréttarins á landi með öðrum aðgerðum í svipinn. Fyrir hv. Alþ. liggur lagafrv., sem á að tryggja þjóðina gegn braski með hálitaréttindi. Við getum fært það í lög að hlunnindi eyðijarða, hvort heldur í veiðiskap eða öðrum hlunnindum, falli til sveitarfélaganna. Raunar hef ég nú þegar undirbúið þess háttar frv. Við getum reist skorður við því með einfaldri lagasetningu að bújarðir í grennd við þéttbýli endi í lóðabraski. Og síðast en ekki síst höfum við býsna merkilega löggjöf, eins og hér hefur áður verið tekið fram, um eignarnám, sem á að geta tryggt það um sinn að okkur verði ekki bönnuð afnot af séreignarlandi ef þjóðarnauðsyn krefur, geta tryggt okkur það um sinn, án þess að við setjum allt landið með gögnum þess og gæðum og hlunnindum í hendur ríkisstj. á borð við þá, sem nú situr, til ráðstöfunar.

Ég ítreka það, að það er skoðun mín að Ísland allt, frá ystu mörkum efnahagslögsögunnar nýju um hálendið þvert, eigi að vera eign þjóðarinnar með gögnum og gæðum. En ég er þeirrar skoðunar að þingmál það, sem hér er borið fram, sé ekki tímabært og leyfi mér að draga dálítið í efa heilindin sem að baki búa hjá flm.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Mér skildist á orðum hv. þm. Stefáns Jónssonar, sem var að ganga hér úr pontu, að hann væri, hv. þm., í sjálfu sér ekki andvígur meginatriðum þeirrar þáltill., sem hér er til umr., og gæti stutt ýmis meginatriði hennar, hins vegar teldi hann ekki tímabært að samþykkja hana vegna þess að við völd í landinu væri ríkisstj. sem ekki nyti hans stuðnings og hann óttaðist að hún héldi ekki rétt á málum, þ. e. a. s. á ráðstöfun landsins. Hér orðar Stefán Jónsson upp á nýtt mjög gamla kenningu þess flokks og forvera þess flokks sem hann er aðili að. Sú kenning, sem ég býst við að menn almennt minnist, var sú, að það væri tilgangslaust að vinna að umbótum á einn eða neinn veg fyrr en rétt ríkisstj. væri komin til valda. Ég gat ekki skilið orð hv. þm. öðruvísi en svo, að hann teldi að ekki ætti að koma þessum þörfu málum í lög fyrr en væntanlega þannig yrði komið að Alþb. væri orðið einrátt um stjórn landsmálanna. Ég verð nú að segja eins og er, að ég hélt að þessar kenningar væru ekki öllu lengur til í Alþb. og a. m. k. þorri Alþb.-manna væri löngu frá þeim falllinn. Ég ætla ekki að fara lengra út í þessa sálma, en ég ætla aðeins að benda á eitt atriði í þessu sambandi, og það er það, að ég hygg að við Alþfl.-menn og þeir Alþb.-menn séum miklu meira sammála um þau atriði, sem fram koma í þessari þáltill., heldur en virðist vera. Ég tel að sannleikurinn sé sá, að Alþfl.-menn og Alþb.-menn séu sammála um öll meginatriði í þessu máli. Og ég held að okkur væri nær, þar sem hér er um talsvert stórt mál að ræða, að

láta nú liggja á milli hluta gamlar væringar og jafnvel persónulegan illvilja sem kann að leynast í brjóstum okkar hvors til annars — og á ég þar þó ekkert sérstaklega við mig og hv. þm. Stefán Jónsson, síður en svo, en við ættum að leggja þessar væringar til hliðar og leggja meiri áherslu á þau atriði sem við erum sammála um, þar sem er meginkjarni þeirrar till. sem hér liggur fyrir. Vissulega erum við Alþfl.-menn reiðubúnir til þess að endurskoða ýmislegt orðalag, en hins vegar held ég að það sé staðreynd að við séum meira sammála um þetta mál heldur en látið hefur verið í veðri vaka. Og ég vil eindregið fara þess á leit við þá ágætu Alþb.-menn, þó að ég skorist ekki undan skemmtilegum kappræðum í framboðsfundarstíl, að við höfum þetta mál þar utan við og leiðum hjá okkur að ræða þetta mál með slíkum hætti.

Hv. 2. þm. Norðurl. v. sagði að það væri leiðigjarnt að fjallla um sama efni þing eftir þing. Það eru nú mörg þingmál sem við verðum að fjalla um þing eftir þing og þykir ekki sérlega leiðigjarnt. En ég vil aðeins vekja athygli á því hvaða áhrif það hefur þó haft hér í þingsölum að umr. skuli hafa orðið um þetta mál þing eftir þing. Fyrst þegar þetta mál kom fram var það talið í öllum atriðum bæði óalandi og óferjandi. En nú er svo komið að jafnvel þótt hv. þm. Pálmi Jónsson sé andvígur ýmsum meginatriðum þáltill., þá hefur hann þó viðurkennt hér úr þessari pontu að það sé ýmislegt í till. sem til þarfa horfi og hann geti stutt, þannig að einhver áhrif hafa þó þessar umr. haft á hjarta hv. þm., eitthvað er það nú farið ofurlítið að mýkjast.

Þá hefur einnig verið mjög kvartað undan því að við værum hér að þráflytja sama mál. En í umr. áðan kom fram að væri það svo að við þráflyttum mál, þá eru líka ákveðnir þm. sem haldnir eru mjög alvarlegri þráhyggju um þetta mál, sem sagt þeirri að meginatriði þessarar þáltill. standi til þess að taka bújarðir af bændum. Það er búið að taka það fram af flm. ár eftir ár að svo sé ekki. Það kemur fram með skýrum hætti í þáltill. sjálfri að þetta sé ekki tilgangurinn. Samt koma menn upp hér ár eftir ár til þess að halda því fram að einmitt svona sé málunum varið. Það virðist vera ómögulegt að útrýma fyrri þráhyggju hjá ákveðnum hv. þm., að með þessari þáltill. sé ekki verið að stefna að því að taka af bændum bújarðir þeirra sem þeir nota til búskapar. Þvert á móti er skýrt og skorinort sagt að bændum verði tryggður einkaréttur á bújörðum sínum til búrekstrar ef þeir kjósa það fremur en að hafa þær á erfðafestu eða lífsábúð. E. t. v. geta þeir hv. þm., sem ekki hafa séð út fyrir sína þráhyggju, orðað þetta á eitthvað ótvíræðari hátt. En sé þetta eina atriðið sem fyrir þeim vefst um stuðning við þessa till., þá er að sjálfsögðu hægt að orða þetta atriði till. svo afdráttarlaust að það fari ekki á milli mála við hvað er átt.

Það er líka rétt, að það má segja að fjallað hafi verið um þessa þáltill. með nokkuð svipuðum reglubundnum hætti og hv. þm. Páll Pétursson sagði að fjallað hefði verið um stefnuræðu forsrh. Það má vel vera. En við skulum gera okkur grein fyrir því að það er ósköp eðlilegt að svo sé, vegna þess að hér er um tímamótamarkandi stefnumál að ræða sem mjög skiptar skoðanir eru um, bæði hér í þingsölum og meðal þjóðarinnar. Einkenni vorra tíma eru átökin um yfirráðarétt náttúruauðlinda, það eru einkenni vorra tíma. Landhelgisbarátta íslendinga er einn þáttur af þessum átökum. Þar erum við ekki aðeins að berjast við breta, vestur-þjóðverja og aðra slíka, heldur erum við að berjast við gömul og úrelt viðhorf, nákvæmlega sömu gömlu og úreltu viðhorf eins og ýmsar nýfrjálsar þjóðir, sem eru að berjast fyrir að ná yfirráðum sinna náttúruauðlinda, eru að berjast gegn. Og sams konar barátta eins og þarna á sér stað milli íslendinga og helstu andstöðuaðila okkar í landhelgismálinu, sams konar barátta fer nú fram á Íslandi sjálfu, inn á við, um náttúruauðlindir sem ekki liggja utanlands á Íslandi, þ. e. a. s. í sjónum, heldur innanlands.

Við höfum um margra alda bil, íslendingar, búið ofan á kötlum, ef svo má segja, fullum af heitu vatni og ómælanlegri orku. Þessar auðlindir höfum við ekki getað nýtt kynslóð fram af kynslóð. Nú hins vegar höfum við uppgötvað að það er hægt að virkja þessar náttúruauðlindir, það er hægt að virkja þær til hagsbóta fyrir þjóðina alla. Sú uppgötvun er svo stór og svo mikilvæg fyrir okkur íslendinga að það má líkja því við að skyndilega hafi uppgötvast að Ísland væri sjálft Eldorado hinna fornu munnmæla, sjálft gulllandið. Ég læt mér ekki detta annað í hug en þegar þjóðinni varð ljóst að nú væri hægt að nýta orku eldsins í iðrum jarðar til hagsbóta fyrir þjóðina, þá hafi hún talið að sér hefði áskotnast talsvert ríkidæmi. En menn lifðu ekki lengi í þeirri trú. Það var fljótt að koma babb í bátinn. Og hvert var það babb? Það var það, að upp reis hópur manna sem hélt því fram að þessar náttúruauðlindir, sem þjóðin hafði talið sér trú um mann fram af manni og öld fram af öld að hún ætti sjálf, þessar auðlindir væru í eigu örfárra einstaklinga sem gætu gert kröfur til samborgara sinna um að gjalda stórfé, milljónatugi og milljónahundruð, fyrir afnotaréttinn af þessum náttúruauðlindum. Við urðum sem sé ekki ríkari eftir þessa uppgötvun, íslendingar. Íslenskur almenningur stóð ekki uppi ríkari eftir þá uppgötvun að hægt væri að nýta jarðhitann í iðrum jarðar til hagsbóta fyrir þjóðarheildina. Nei, almenningur á Íslandi stóð fátækari eftir vegna þess að lögum landsins var beitt til þess að hafa frumburðarrétt af þjóðinni sjálfri. Lögum landsins var beitt til þess að gera þjóðina fátækari eftir en áður. Lögum landsins var beitt til þess að reyna að gera íslenskan almúga að réttlausum leiguliðum í eigin landi. Það er það sem verið er að gera nú. Það er það sem baráttan stendur um. Hún stendur um það: eru íslendingar réttlausir leiguliðar örfárra landeigenda eða eiga íslendingar landið sem þeir byggja?

Við skulum gera okkur grein fyrir því að það hefur venjulega verið regla þar sem eignarréttur nær til að eignarréttur og ábyrgð fylgdust að ef eign manns ylli skaða, þá bæri honum að borga skaðabætur til þeirra sem fyrir skaðanum yrðu. Telja formælendur þess, að örfáir einstaklingar í landinu eigi jarðhitann, telja formælendur

þessarar skoðunar þá ekki sjálfsagt að þessir eigendur jarðhitans gjaldi þjóðinni fullu verði þau spjöll sem kunna að hljótast af því að eldgos verði eða eitthvað slíkt? Þeir sem eiga eldfjöllin, þeir sem eiga eldinn í iðrum jarðar, heita vatnið, hverina, eru þeir þá ekki skaðabótaskyldir líka? Hvernig geta menn heimfært þá skoðun að ef eldsumbrot verða og þjóðin öll tekur þátt í því að bæta mönnum spjöll sem af hljótast, þá skuli örfáir landeigendur geta talið sig eiga umráðarétt yfir vikrinum, sem upp úr eldfjallinu kemur, og geta selt hann sjálfum sér til hagsbóta? Sem sé, nú á að fara að skilgreina eignarréttinn þannig að eignin þýði réttindi til þess að selja og græða, en þeim eignarrétti fylgi ekki skyldur til þess að greiða skaðabætur fyrir skaða sem eignin veldur. Það er þetta, sem er verið að berja fram núna, og þetta tel ég að sé í andstöðu bæði við stjórnarskrá íslenska lýðveldisins og almenna siðfræði í landi voru.

Sú krafa hefur komið fram og verið höfð uppi af svonefndum jarðeigendum á Íslandi að ef almenningur fer þess á leit að fá að nytja íslenskar náttúruauðlindir, svo sem jarðhita, til þess að ylja sér við, þá verði almenningur að borga þessum jarðeigendum stórfé sem miðað sé við heimsmarkaðsverð á olíu. Það er sem sé verið að setja fram þá kröfu að örfáir íslendingar, sem ekkert hafa að unnið sérstaklega í því máli að virkja jarðhita, hafa engin tækifæri til þess að virkja hann sjálfir, að sú eign þeirra verði metin þeim til fjár til jafns við olíuverð. Í dagblöðunum í dag er skýrt frá því að hæstv. ríkisstj. hafi tekið að láni 2 300 millj. kr. af arabagulli. Hversu mikið skyldum við íslendingar þurfa að taka til láns af arabagulli ef við ættum að kaupa af íslenskum olíuaröbum allan nýtingarrétt á þeim jarðhita sem þeir telja sig eiga á Íslandi? Hversu mikið arabagull þyrftum við til þess? Hversu mikið arabagull ætlast þessir fáu menn til að þjóðin gjaldi þeim fyrir þennan sinn eignarrétt, að því er þeir ætla?

Það, sem hér er um að ræða, er að það er skoðun flm. þessarar till. og ég vænti miklu fleiri þm., þ. á m. þm. Alþb., að það sé tími til kominn að þjóðin fari að nema land sitt að nýju, að íslenska þjóðin fari að nema Ísland og eignast það aftur. Hv. þm. Pálmi Jónsson lauk sinni ræðu áðan með því að segja að það væri landhreinsun að því að kveða þetta mál niður. Hann er sem sé þeirrar skoðunar, hv. þm., að það sé landhreinsun að koma í veg fyrir að íslendingar allir geti talið sig eiga sitt land. Það er landhreinsun að áliti hv. þm. Hv. þm. telur það landhreinsun að koma í veg fyrir það að frá því verði gengið í lögum lýðveldisins að auðæfi Íslands, eins og orka fallvatna og jarðhita, verði talin eign íslensku þjóðarinnar. Hv. þm. telur landhreinsun að kveða slíkt mál niður.

Það má vel vera að þeir séu til, nokkrir menn á Íslandi, sem eru þeirrar skoðunar að það sé landhreinsun að svipta almenning á Íslandi, þorra þjóðarinnar, eignartilkalli til eigin lands. En ég er sannfærður um að væri þetta mál borið undir þjóðaratkv., hver á að eiga Ísland, þá mundi niðurstaða þeirrar þjóðaratkvgr. verða fólgin í því að það væri landhreinsun — það væri landhreinsun að kveða niður þau úreltu íhalds- og afturhaldssjónarmið sem komu fram í ræðu hv. þm. Pálma Jónssonar.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Eins og ég tók fram í fyrri ræðu minni, þá er ég samþykkur ýmissi orðanna hljóðan í þáltill. sem hér um ræðir, þó að hún eigi sér þá sögu, tilorðning hennar, og sé af þess háttar anda sprottin að ég hljóti að greiða atkv. gegn henni. Ágæt ræða hv. þm. síðasta ræðumanns um afstöðuna til eignarhalds á háhitasvæðunum og ýmsu öðru þess háttar er sannarlega til þess fallin að vekja vonir um það að sá tími renni upp að við Alþb.-menn getum einhverju réttlæti til leiðar komið með atfylgi svo ágætra manna. Tíminn mun leiða í ljós hvenær það verður.

Í þessari þáltill. er víða drepið niður. Sjálfsögðum réttlætismálum er þar raðað upp við hliðina á rætnum aths. í því skyni, að því er virðist, að þessar rætnu ályktanir geti tekið einhvers konar gyllingu af réttlætinu. Í 2. málsgr. grg. á bls. 2 er fjallað nokkuð um sérstakt áhugamál mitt, þar sem er veiðiskapur á stöng og okurútleiga veiðibænda á veiðidögum í ám, svo að þorra landsmanna gerist það fristundagaman ofviða að skreppa í lax eða silung, en erlendir veiðimenn sitji að þeim gæðum. Ekki hef ég farið dult með það, að mér þykir það harla vont að íslenskir stangveiðimenn, aldnir sem ungir, þurfi að keppa við erlenda auðmenn um rétt til þess að kasta flugu í á. Þrátt fyrir það fer því víðs fjarri að ég vilji kalla þá menn bændur sem hafa sett þessi gæði á uppboð úti í löndum handa þessum erlendu auðmönnum til að bjóða í og kaupa þetta frá okkur. Það eru ekki bændur. Það eru allt aðrir aðilar heldur en bændur. Þetta hefur verið gert að braski. Veiðirétturinn hefur verið gerður að braskvöru eins og ýmislegt annað í þessu landi á hinum síðari tímum, og það eru ekki þau efnahagslögmál sem bændum koma að mestri stoð sem þar hafa ráðið. Það er allt annað uppi á teningnum þar.

Ég hef verið formælandi þess að bændur ættu að því frumkvæði að koma þannig fyrir reglum og þannig yrðu sett lög að landar þeirra yrðu tryggðir gegn því að þessi unaðssemd yrði seld úr landi á þennan hátt, að þeir beittu sér sjálfir fyrir þessu. Ég hef ýmsa kollega mína í veiðimannastétt grunaða um það, þegar þeir ræða þessi mál og kveða sem harðast að orði um bændur, að þeir vilji kannske fá þetta fyrir fulllítið, þessi réttindi. Og ég á ekki algera samstöðu með þeim, því miður. Sjálfur þekki ég þó nokkra unglinga sem stunda nú skólanám vegna þess að feður þeirra búa við veiðiá og hafa af henni svolitlar tekjur. Ég er þeirrar skoðunar að veiðiáin með lífi sínu öllu verði betur vernduð undir handarjaðri bóndans, sem býr á bakkanum, ekki bara að sumrinu, heldur líka á veturna og sinnir henni dálítið, heldur en undir handarjaðri ráðuneytisstjóra í Reykjavík.

Ég vék að því í fyrri ræðu minni að eignarréttur, réttur bóndans til þess að ráðskast með bújörð sína, þessi réttur væri þegar býsna mikið

takmarkaður af löggjöf, gamalli og nýrri. Ef við miðum við þau 1100 ár sem þetta land hefur verið byggt og einstaklingar hafa skipt því í reiti í samræmi við lög sem þeir settu sér ýmist sjálfir eða höfðu með sér austan um haf, þá er það býsna skammur tími sem eignarrétturinn er bundinn við annað en nytjar landsins til búskapar og svo til hlunninda veiðivatna og reka. Og alla þessa löngu stund hefur eignarrétturinn á landinu verið takmarkaður við almannaþarfir og alþýðu ætluð hlutdeild í hlunnindum er nauðsyn krafði: reka, veiði, varpi, fugli og berjanytjum. Það er ekki fyrr en þriðjungur er af þessari öld að þess er farið að gæta að ráði að aðrar nytjar en þær, sem að búskap lúta, fara að hafa áhrif á jarðarverð. Samtímis er svo stoðunum kippt að meira eða minna leyti undan lögum og hefð varðandi alþýðurétt til landsins. Þá eflast til valda í þessu landi þeir aðilar sem lifa af öðru en landsins gæðum, og þá hefst jarðabrask sem síðar hefur vaxið svo að til landauðnar horfir nú í sumum héruðum. Ég er ekki lögfróður, en hvernig sem ég hef rýnt í sögu þessarar þjóðar og skráðar heimildir, þá hef ég hvergi fundið vísbendingu um það að neinum einstaklingi væru talin til eigna nein þau gæði sem felast undir klöppinni sjálfri: varminn, vatnið, heitt eða kalt, sem okkar ágæta fóstra lætur í té af sjálfsdáðum á hverjum tilteknum stað — ég hef ekki fundið staf fyrir slíku — eða aflið í fossunum. Allt þetta er undanskilið eignarréttinum.

Við eigum, eins og ég sagði áður, ágæta löggjöf sem tryggir þjóðinni í heild bæði aðgang og afnotarétt að þessum gæðum þegar nauðsyn krefur. Hitt virðist hafa ráðið mestu, að þeir menn hafa verið við völd í landinu og ráðið framkvæmd laga sem hag hafa af því að braska með önnur gæði landsins en þau sem lúta að búskaparnytjum þess. Á árunum eftir lok seinni heimsstyrjaldarinnar hafa ríkt sjónarmið þeirra manna sem miklu fremur tilbiðja rétt einstaklingsins til gróða, rétt einstaklingsins til þess að braska, heldur en rétt einstaklingsins eða samfélagsins til eignar. Svo hefur líka farið í umfjöllun hins opinbera með sameign þjóðarinnar á gæðum landsins að þeim hefur verið stefnt í brask. Vatnsafli Þjósár hefur verið ráðstafað í makki við erlenda auðhringa með þeim afleiðingum sem við okkur blasa, ekki til ágóða fyrir fólkið í landinu, heldur til fjárdráttar fyrir einstaka gróðahyggjumenn. Og þar vann að hið háa Alþ. og ríkisstj. sem hafði fengið þessi réttindi, þessi yfirráð á hendi. Fyrirhuguð er sams konar verslun með sameign okkar í vatnsafli Blöndu, að því er mér skilst. Við skulum vona að þar verði grafnar jafnmargar holur til þess að standa auðar áður en hætt er við byggingu stóra álversins á Gáseyri við Eyjafjörð. Þar stendur nú aðeins fyrir sá þröskuldur sem myndast af eignarhaldi um það bil 150 bænda á grónu landi á afrétti. Enn eru á döfinni sams konar áætlanir um ráðstöfun landsgæða á Norðaustur- og Austurlandi, og eigi heldur þar mun annað standa miklu fremur í vegi en lögbundin ítök og áhrif takmarkaðs fjölda bænda um það er lýkur. Og allt ber þetta að sama brunni, að þjóðnýting á pappírnum þjóðnýtingarinnar vegna við óbreytt stjórnarfar er ekki aðeins gagnslaus með öllu, heldur í sumum tilfellum, eins og því sem hér um ræðir, beinlínis stórhættuleg.

Ég vil aðeins leiðrétta ugg hv. síðasta ræðumanns um það að Alþb. sé komið á þá skoðun að ekki megi fjalla um slík mál fyrr en það eitt er orðið allsráðandi um stjórn þessa lands. Það kemur mér ekki til hugar. En ég er þeirrar skoðunar að því meira vald sem vondri ríkisstj. er fengið yfir landinu, því verra sé hag þess komið. Ríkisstj. taumlausrar gróðahyggju og braskaralýðs, eins og sú sem nú ræður ríkjum á þessu landi, er illa trúandi til þess að halda í hendi sér og fjalla um sameign okkar á Íslandi. Af þessu leiðir að ég tel að um sinn sé þeim hluta landsins, sem ekki er þegar í eigu hins opinbera, sem mun vera um það bil til fjórðungur allra jarðeigna, — að um sinn sé þeim hluta landsins, sem ekki er þegar í eigu hins opinbera, betur varið í höndum rúmlega 4000 bænda en í höndum nokkurra íhalds- og jafnvel krataráðherra. Núverandi skipan með einkaeign nokkurra þúsund bænda er sem sagt að minni hyggju nær því sem kalla mætti þjóðareign en eignarupptaka af hálfu siðlítils íhaldsríkisvalds.

Svo að ég rökstyðji nokkru nánar en ég gerði í upphafi staðhæfingu mína um ástæðuna til tortryggni í garð flm., sem ég vona innilega að tíminn haldi áfram að göfga að því markmiði að betur megi treysta þeim en ég geri nú, þá má minna á afstöðu flm. og flokksbræðra þeirra í Alþfl. til samningsins við Union Carbide um ráðstöfun á raforku Sigöldu og landgæðum við Hvalfjörð. Það má minna á afstöðu Alþfl. til erlendrar hersetu á Íslandi, þar sem íslensku landi og vinnuafli er ráðstafað undir herstöðvar heimsauðvaldsins. Það má minna á afstöðu þessara manna til álversins í Straumsvík og afsals landsréttinda og landsgæða þar með þeim eindæma samningi. Og það má síðast en ekki síst minna á afstöðu flm. þessa frv. til Laxárdeilunnar, þess máls sem þáltill. þessi er beinlínis sprottin upp af, löngum rótum, en svo gildum, að þær blasa enn í dag við augliti hvers manns. Sem sagt, af því að hv. síðasti ræðumaður tók sér bessaleyfi fyrir nokkrum dögum til þess að lesa upp orðrétta þingræðu eftir mig til stuðnings í máli sínu, þá leyfi ég mér vegna óbreytts hugarfars sjálfs mín, frá því að um þetta mál var fjallað í fyrra, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp niðurlag ræðu sem ég þá flutti, eins og það er prentað í þingtíðindum. Þar sagði ég og segi enn með óbreyttu hugarfari:

„Af þáltill., sem hér liggur fyrir, er lykt, þó að hún hafi verið sápuþvegin nokkuð á þeim þingum sem liðið hafa frá því að hún sá dagsins ljós í ófrýnilegri mynd. Þrátt fyrir þennan þvott er af henni fyrst og fremst lykt þess stjórnmálaflokks sem vegið hefur að hagsmunum bænda, sem þjónað hefur undir íhaldið, strandað úr þessum ræðustól, sitjandi í þingsætum sínum, flötum beinum, út af liggjandi og á grúfu.“

Ég mun kjósa mér um sinn aðra fylgisveina, aðra frumkvöðla og annars konar heiðarleika,

þegar fjallað verður um eignarhald á jörðum bænda.

Flm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Sú skrýtla er höfð eftir Jónasi Jónssyni frá Hriflu að hann þekkti engan heimskan mann í Húnavatnssýslu, þeir séu allir öllum öðrum gáfaðri. En í haust kom upp vísa sem hljóðaði svo:

Ég í Húnaþingi þekki
þrjátíu eða hér um bil
sem Hriflu-Jónas hafði ekki
hugmynd um að væru til.

Nú segi ég ekki þessi orð vegna þess að ég skoði þm. Pál Pétursson og vin minn Pálma Jónsson heimska menn. En ég segi þetta að gamni mínu, af því að Páll var að víkja að ætterni mínu og uppruna, að það má lengi toga það á víxl hvor er skynsamari í afstöðu sinni til mála, þingeyingurinn eða húnvetningurinn. En rétt þykir mér að það komi fram, vegna þess að Páll sagðist vera löngu kominn yfir það að vera ekki nógu gamall til að kjósa mig í gamla daga, að hann má gjarnan koma því til foreldra sinna að ég er þeim þakklátur enn í dag og vonast til að ég komist aldrei yfir þakklæti fyrir þau kynni sem ég hafði af þeim þegar ég var þar í framboði. Annars sé ég ekki að ég þurfi mjög mikið að svara ræðum þm. Pálma og Páls því að það gerði Sighvatur Björgvinsson skörulega áðan. Hitt þykir mér öllu leiðinlegra, að heyra menn, sem virðast vera mér sammála í höfuðatriðum, aðallega vera að nudda gegn þessu máli af afbrýðisemi yfir því að Alþfl. hafi orðið á undan Alþb. að flytja svo ágætt mál. Ég vil þakka hv. þm. Helga F. Seljan fyrir þau ummæli hans að í höfuðdráttum sé hann meðfylgandi því sem í þessari þáltill. felst, — sem ég líka tel höfuðmarkmiðið og ástæðuna fyrir að till. er flutt, að þjóðin öll eigi að eiga virkjunarrétt fallvatnanna og jarðhitann og að engum eigi að líðast að taka stórfé af því að selja fólki eða við skulum segja kaupstöðum fyrir of fjár land sem kaupstaðirnir þurfa vegna síns vaxtarrýmis. Ég fagna því að ég þykist heyra að þessir ágætu þm., Helgi Seljan og Stefán Jónsson, eru inni á þessu máli sem ég tel vera höfuðmarkmið í þáltill.

En svo að ég víki að orðum síðasta ræðumanns, þá vil ég minna hann á að hann fór ofurlítið skakkt með hvernig málsháttuhinn hljóðar. Hann hljóðar svona: „Að hefna þess í héraði sem hallaðist á Alþingi", þ. e. a. s. hugsunarháttur málsháttarins er þessi: Það er reynt að hefna með ofbeldi þess sem ekki var hægt að koma fram með réttlæti á Alþ., þar sem lög og reglur eiga að gilda. Ég vil segja líka í þessu sambandi að mér finnst það einkennilegur hugsunarháttur hjá hvaða manni sem er að hann sé á móti till. vegna þess að hann gruni að á bak við flutninginn sé eitthvað sem hann felli sig ekki við. Er hann ekki með till. vegna þess hvað í till. felst? Ef hann hugsar rétt á það ekki að þvælast fyrir honum hvað hann gruni hvað kannske felist á bak við till. Ef ég væri aldrei með neinu sem Stefán Jónsson flytti hér á Alþ., vegna þess að mig grunaði að hann væri með einhverja bakþanka sem ég felldi mig ekki við, hvert lentum við þá, alþm., með fylgi okkar við mál ef við hugsuðum svona? Þetta finnst mér — ja, mér liggur við að segja svo barnalegur, einfeldningslegur hugsunarháttur að ég gat ómögulega setið mig úr færi að koma hér upp og finna að slíkum hugsunarhætti.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Hv. 8. landsk. þm., Sighvatur Björgvinsson, flutti hér ræður af miklum tilfinningahita áðan, ræðu sem ég sé mig knúinn til að gera örfáar aths. við.

Hv. þm. hóf mál sitt á því að segja að tillöguflutningur þeirra hv. Alþfl.-manna hefði vissulega haft veruleg áhrif nú þegar og það hér á hinu háa Alþ., fyrst hefði till. þessi verið talin óalandi og óferjandi í öllum greinum, en nú væru jafnvel hinir sömu menn ýmsu sammála sem þar stæði. Ég verð að benda hv. þm. á að eins og ég gat um í minni fyrri ræðu hefur þessi till. tekið ýmsum breytingum. Hún var í byrjun miklu afdráttarlausari og skýrar orðuð, á þá lund að taka öll landsréttindi og allt land úr einkaeign og flytja í ríkiseign. Nú er, eins og ég sagði, orðalag till. orðið loðið. Þar eru nokkur undantekningartilfelli og hún er teygjanleg í ýmsum greinum, svo að það má segja að hún standist ekki algerlega samjöfnuð við þá fyrri hvað orðalag snertir. Þetta tók ég allt saman fram í minni fyrri ræðu, þó að tilgangur till. sé auðvitað allur hinn sami.

En þá kom að því fyrir hv. þm. sem honum virðist vera óþarflega tamt, það er að gera mönnum upp orð og skoðanir, því að hann sagði afdráttarlaust að ég hefði látið þau orð falla að í till. þessari væri ýmislegt sem ég gæti stutt. Ég verð að taka það skýrt og skorinort fram við þennan hv. þm. að ég hef aldrei sagt það að ég styddi eitt einasta atriði í þessari till. Ég held að það sé rétt að það sé algerlega ljóst. Hins vegar lét ég þess getið að í till. þessari væri gripið á nokkrum vandamálum sem þörf væri á að huga að. En ég lét þess einnig getið að þar væru aðrar leiðir færari og réttlátari heldur en þær sem till. þessi bendir á. Þetta held ég að sé alveg nauðsynlegt að sé ljóst, svo að þessi hv. þm, — ég gruna auðvitað engan annan hv. þm. um það að hann fari að gera mér upp slíkar skoðanir, — svo að þessi hv. þm. láti sér ekki í annað skipti detta í hug að halda því fram að ég sé samþykkur einu eða öðru í þessari tillgr.

Það kom auðvitað skýrt fram í ræðu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar að grundvallarsjónarmið okkar í sambandi við eignarrétt rekast gersamlega á — og þótti engum mikið. Hins vegar fór hann um þetta slíkum orðum að mjög var úr lagi fært, mín sjónarmið og annarra þeirra sem vilja virða eignarrétt í landinu. Hann hélt á lofti þeirri skröksögu að ýmsir þeir, sem eiga verðmæt réttindi, jarðhitaréttindi, vilji virða þau til jafns við olíuverð erlendis og að þetta sé talin sjálfsögð krafa. Þetta hef ég ekki heyrt um og aldrei tekið mér í munn. Nú er það svo, að ég gat um það, að ég taldi allskýrt, í minni fyrri ræðu að stjórnarskráin íslenska færði þjóðfélaginu ráð til þess að nýta réttindi, bæði landsréttindi, land og hlunnindi, sem ekki tækist að ná samningum um verð á, en væru óumdeilanlega nauðsynleg

til almannaheilla. Stjórnarskráin færir þjóðfélaginu rétt til þess að fá eignarnámsheimild og taka slík verðmæti eignarnámi. Ég tel að það sé sjálfsagt, eins og í því tilviki, sem rætt hefur verið mest um á hv. Alþ., en það er hið svokallaða Svartsengismál, að það yrði látið reyna á það hvernig slíkt eignarnámsmat yrði. Og ég hef í rauninni aldrei skilið hverju það sætir að þegar um slíkt mál er búið að fjalla ár eftir ár og samkomulag hefur ekki náðst um verð, þá skuli ekki eignarnámslögum beitt. Ég hef ekki skilið það. Færi svo að þeir, sem meta slík réttindi til eignarnáms, miðuðu við óhæfilega háar fjárhæðir í samræmi við þetta tal um olíuverð og nýtingu jarðhitans á Íslandi í samræmi við olíugróða araba, þá væri komið að því sem ég taldi að kæmi til greina, en það væri að færa í íslensk lög ákvæði um þak á eignarnámsmati.

Ég þarf í rauninni ekki að fara um þetta efni fleiri orðum. En hitt vil ég láta koma algerlega skýrt fram, að þó að við getum sagt að það sé í rauninni orðaleikur hvort íslenska þjóðin á Ísland eða á ekki Ísland, — auðvitað á íslenska þjóðin Ísland, en kannske ekki allir jafnmikið af Íslandi, — þá vil ég láta það koma algerlega skýrt fram að þeir sérstöku hlutar af Íslandi sem einstaklingar eiga og sveitarfélög eiga, samtök sveitarfélaga, t. d. upprekstrarfélögin sem eiga mikinn hluta af hálendi Íslands samkv. skjalfestum samningum og þinglesnum, að þessi eignarréttindi verða ekki tekin af þessum aðilum nema því aðeins að almannaheill krefjist og eignarnámsheimildir fáist, þau verði ekki tekin af þeim aðilum, sem eiga þessi réttindi, með einfaldri lagasetningu á Alþ. á borð við það sem hér er verið að leggja grunninn að. Ég held að það sé í rauninni ekki þörf á því að fjalla um þetta frekar okkar á milli því að um þetta efni virðast skoðanir okkar rekast gersamlega á.

Hv. þm. spurði hvað eftir annað: Eru íslendingar sjálfir réttlausir leiguliðar örfárra manna? Ég tel þessa spurningu í rauninni algerlega út í hött, vegna þess að ef sannanlegt er að almannaheill krefjist þess að einhver landsréttindi, bæði lönd og hlunnindi, vatnsföll, jarðhiti og önnur landsréttindi, séu tekin til nota fyrir almenning, þá eru leiðir í íslenskri stjórnarskrá sem heimila það.

Ég held, að ég láti þessi orð nægja um hina fjálgu ræðu hv. 8. landsk. þm., og það þarf raunar ekki að taka það fram, að ég lít á það sem borna von að við náum nokkurn tíma sameiginlegri niðurstöðu um þessi efni.

Það væru kannske örfá orð í sambandi við ræðu hv. 5. þm. Norðurl. e., Stefáns Jónssonar. Sá hv. þm. sagði margt skemmtilega, enda er honum það lagið, hann er orðhagur og hagur að flytja mál sitt. Hins vegar var ræðan í heild, að mér virtist, einber rökleysa og rökleysa af því tagi að hann taldi sig samþykkan till. samkv. orðanna hljóðan, en taldi þó að Íslandi og íslensku þjóðinni væri best borgið með því að bændastéttin héldi áfram eignarráðum sínum á landinu, bæði einstökum bújörðum, vatnsréttindum, afréttarlöndum og öðru því sem nú er í umsjá íslenskra bænda. Ég ætla aðeins að vona að þessi síðari túlkun hv. 5. þm. Norðurl. e. vegi meira í brjósti hans og huga heldur en sú túlkun hans að hann sé í rauninni alveg samþykkur þessari till., sem hér liggur fyrir samkv. orðanna hljóðan. Þetta var nú ekki meginmál, enda kemur þetta mál lítið við mig, þessi afstöðugrautur hv. þm. Ég vil aðeins víkja að einu atriði sem hann sá ástæðu til að fjalla hér um. Það var að íslenskir bændur stunduðu okurleigu á veiðiám og ef þeir stunduðu þessa okurleigu með þeim hætti að leigja útlendingum, þá væru þeir auðvitað ekki bændur, þá væru þeir eitthvað annað, einhver fyrirbrigði sem hann hirti ekki um að skilgreina nánar. Ég vil aðeins segja það, að ég tel eðlilegt að bændur leigi þessi réttindi á frjálsum markaði. Og ég hef ekki þá reynslu af skiptum bænda — og ég tel mig í þeirra hópi — sem hafa skipt við útlendinga, að það hafi orðið bændastéttinni, Íslandi né íslensku þjóðinni í heild til tjóns. Eitt atriði í þessu t. d. má nefna, að leiga á veiðiám til útlendinga færir auðvitað íslensku þjóðinni gjaldeyristekjur og gjaldeyristekjur eru íslenskri þjóð harla mikils virði. Það má e. t. v. leiða að því hugann hvort það sé þá ekki í samræmi við þessa skoðun hv. þm. að við eigum að hætta sem mest samskiptum okkar við erlendar þjóðir, hætta viðskiptum við útlönd, hætta að semja um sölu á afurðum okkar og kaupa annað í staðinn. Það væri samræmi í slíkum málflutningi og sjálfsagt kemur hann hér á eftir.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að gera aths. við ræðu hv. þm. en ég vil þó láta koma fram að ég tel að bændur, eins og aðrir þeir sem eiga fasteignir og eiga réttindi, eigi að vera frjálsir, — innan vissra marka vita skuld, og íslensk lög setja skorður við leigu til útlendinga, — en innan þeirra marka, sem nú gilda, tel ég eðlilegt að þeir nýti sér þessar heimildir og geti selt hæstbjóðanda ef þeim býður svo við að horfa. Hitt vil ég einnig fullyrða, að nú er svo ástatt um íslensk veiðivötn, bæði straumvötn og stöðuvötn, að það muni í a. m. k. flestum tilfellum vera pláss fyrir þá íslenska laxveiðimenn, sem þess óska, að sækja í þennan unaðsreit, eins og hv. þm. nefndi.

Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja þetta. Ég ítreka það að till. í heild fer algerlega í bága við mínar grundvallarskoðanir um eignarrétt og í bága við það sem ég tel skynsamlegt. Og ég tel að þegar slík till. er flutt á Alþ. þing eftir þing, nú í fimmta sinn, þá sé kominn tími til þess að hv. Alþ. segi álit sitt á henni og afgreiði hana. Ég efast ekki um hvernig sú afgreiðsla verður.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég vil að gefnu tilefni ítreka þá sérstöðu sem ég hef í þessu máli öllu varðandi bændur og búgreinar þeirra, og þegar nánar er að gáð virðist vera um hana full samstaða. Flm. eru sem sagt sammála um þetta atriði þó að um það væri deilt hér í fyrra. (**Gripið fram í:** Þú ert okkur sammála.) Já, en í fyrra kom þetta alveg öfugt út hjá hv. fyrrv. formanni Alþfl., en það stafaði, eins og ég sagði í fyrri ræðu minni, af því að hann hafði aldrei hlustað á það sem ég sagði.

En út af afbrýðiseminni hjá okkur Alþb.-mönn-

um í garð Alþfl. út af þessum ágæta tillöguflutningi langar mig til að segja örfá orð.

Ég vonast svo sannarlega til þess að við Alþb.-menn megum eiga samstöðu með þeim Alþfl.-mönnum í ýmsum góðum málum, og ég vona að hún aukist, — ekki að hún aukist í þá átt að við hverfum í átt til þeirra sjónarmiða, þ. e. a. s. til hægri, heldur að þeir þokist nú loksins, eins og mér sýnast nú ýmis sólarmerki benda til, þeir þokist nú svolítið til vinstri og nálgist okkur örlítið í ýmsum greinum og á þann hátt getum við átt samstöðu um ýmis merkileg mál. En vegna afbrýðiseminnar út af þessu máli og þá alveg sérstaklega meginatriði þessa máls, þ. e. a. s. þeim náttúruauðæfum, sem hér er verið að tala um fyrst og fremst, þá vil ég minna hv. þm. á það, að á árunum 1964, 1965 eða eitthvað um það bil fluttu þm. Alþb. þá, þeir Einar Olgeirsson, Hannibal Valdimarsson, frv. þing eftir þing til stjórnarskrárbreytinga þar sem um var að ræða mjög verulegar breytingar á stjórnarskránni þeim sama almenningi í hag sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson bar svo réttilega fyrir brjósti áðan. Í þessu frv. þeirra til stjórnarskrárbreytinga var m. a. að finna ákvæði um þau náttúruauðæfi sem þessi till. fjallar um og við erum sammála um að eigi að vera þjóðareign. En sú ríkisstj., sem þá sat að völdum, sá um svæfingu þessa máls, m. a. þessa þáttar. Annar stjórnaraðilinn þá var Alþfl. Ég held því að við getum alveg kinnroðalaust fjallað um þetta mál og þurfum síst af öllu að vera með neina afbrýðisemi í þeirra garð varðandi þau náttúruauðæfi sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson talaði réttilega um hér áðan að ættu að vera þjóðareign.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Það hvarflaði að mér sú spurning áðan, meðan hv. þm. Pálmi Jónsson var að tala, í lokin á ræðu hans, svo að ég noti bara hans orð, hvort svo væri nú bara orðið ástatt um íslensk veiðivötn eða hvort ég væri orðinn svo orðhagur að hv. þm. skildi bara ekki orð af því sem ég sagði. En af því að hann innti sérstaklega eftir muninum, þeim mun sem ég sæi á íslenskum bændum og þeim aðilum sem bröskuðu með veiðirétt erlendis í laxveiðiánum okkar, þá get ég vísað honum á heimildir, ef hann kærir sig um, sem hljóða upp á það að þeir peningar, sem koma til skila til veiðibænda fyrir leigu á þessum ám okkar til útlendinga, munu ekki nema um það bil 15% af því sem útlendingarnir borga fyrir þær. Ég vil ekki kveða neitt á um það í hvaða stjórnmálaflokki flestir þeirra manna muni sitja sem annast þessa umboðsverslun fyrir íslenska bændur þarna vestra, hann getur getið sér til um það.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það er nú harla illt til þess að vita að hv. þm. Pálmi Jónsson skuli vera horfinn úr salnum, svo að ég verð víst að ræða við þann hv. þm. þá frekar einslega um málið. Ég vil þó aðeins láta eitt koma fram. Það er það, að hann sagði það vera skröksögu, sem ég upplýsti, að ákveðnir landeigendur, sem teldu sig eiga jarðhitaréttindi, vildu virða þau réttindi eftir olíuverði. Hér er ekki um skröksögu að ræða. Mér er kunnugt um það að sú krafa hefur verið gerð til borgnesinga í sambandi við hitaveituframkvæmdir þeirra úr Deildartunguhver að heita vatnið yrði metið sem ákveðin hundraðshluti af olíuverði sem sérstaklega yrði samið um og færi svo hækkandi eftir hækkunum á heimsmarkaðsverði olíu. Ég held að ég fari líka rétt með það að í ákvæði samnings milli húsvíkinga annars vegar og landeigenda, sem eiga lendur þar sem heitt vatn er numið til hitaveituframkvæmda á Húsavík, þá sé svipuð klásúla í samningi. Mér er ekki kunnugt um á hve háa prósentu af olíuverði heita vatnið er metið, en mér er kunnugt um að það á að hækka heita vatnið með hækkun olíuverðs, þannig að þarna er raunar komið á milli algert samræmi í orkuverði frá jarðhita til hitaveituþarfa á Íslandi annars vegar og þeirrar stefnu sem alþjóðlegir auðhringar og olíufurstar móta um heimsmarkaðsverð á olíu á alþjóðlegum vettvangi. Hér er því ekki um skröksögu að ræða, heldur þekkingarskort hv. þm. Pálma Jónssonar.

Og að lokum örfá orð í tilefni af ræðu hv. þm. Stefáns Jónssonar. Ég vil skora á hv. þm. að endurskoða þá afstöðu sína að greiða þessari þáltill. mótatkv. Hann viðhafði þau orð, hv. þm., að hann vildi velja sér aðra fylgisveina í málinu heldur en okkur þm. Alþfl. Með því að greiða þessari þáltill. mótatkv. er hann að sjálfsögðu að velja sér slíka meðreiðarsveina. Og hverjir eru þeir? Það er m. a. hv. þm. Pálmi Jónsson, sem hv. þm. Stefán Jónsson komst að þeirri niðurstöðu um í pontu áðan að gæti hvorki skilið sinn hugsunarhátt né sinn orðahagleik. Ég vil því eindregið beina þeirri ósk til Stefáns Jónssonar að hann endurskoði afstöðu sína um að greiða þessari till. til þál. mótatkv. og benda honum um leið á það, hv. þm., ef hann heldur fast við þá afstöðu sína, hverja hann er þá að velja sér að fylgisveinum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 20. fundur.

Þriðjudaginn 25. nóv., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 21. nóv. 1975.

Gylfi Þ. Gíslason, 9. þm. Reykv., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta setið þingfundi á næstunni, leyfi ég mér að biðja um fjarvistaleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður Alþfl. í Reykjavík, Björn Jónsson forseti Alþýðusambands Íslands, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ragnhildur Helgadóttir,
forseti Nd."

Ég leyfi mér að biðja kjörbréfanefnd að rannsaka kjörbréf Björns Jónssonar og verður gefið fundarhlé í 5 mín. á meðan rannsókn á kjörbréfi fer fram. Fundi er frestað í 5 mín. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Tómas Árnason): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur rannsakað kjörbréf Björns Jónssonar, Stórageröi 26, Reykjavík, sem er 1. varaþm. Alþfl. í Reykjavíkurkjördæmi, en hann tekur sæti á Alþ. fyrir hv. 9. þm. Reykv., Gylfa Þ. Gíslason. Kjörbréfanefnd hefur ekkert athugavert fundið við kjörbréfið og hefur samþ. shlj. **að leggja til, að kosning Björns Jónssonar verði tekin gild og kjörbréf hans samþ.**

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 44 shlj. atkv.

Kvikmyndasjóður, fsp. (þskj. 28). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Axel Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér, að bera fram eftirfarandi fsp. á þskj. 28 til menntmrh.:

„Hvað líður meðferð á frv. til l. um kvikmyndasjóð, sem Ed. Alþ. samþ. 15. maí 1975 að vísa til ríkisstj.?"

Það mun vera svo komið og raunar vera búið að vera svo um nokkurt skeið að Ísland er einasta Evrópulandið sem ekki hefur neina löggjöf um stuðning við kvikmyndagerð. Kvikmyndagerð er hins vegar mjög kostnaðarsöm, en nútímatækni hefur leitt það af sér, að einmitt kvikmyndir eru öðru fremur til þess fallnar að ná til fólksins, hvort heldur er í kvikmyndahúsum eða þó miklu fremur, vil ég segja í sjónvarpi. M. a. þess vegna hafa hér verið framkvæmdar nokkrar athuganir til undirbúnings þessa máls, því að árið 1972 safnaði menntmrn. upplýsingum fyrir milligöngu sendiráða Íslands í Vestur-Evrópu um opinbera fyrirgreiðslu við innlenda kvikmyndagerð í Evrópulöndum. En eins og ég gat um fyrr hefur enn ekki verið samþ. um þetta nein löggjöf hérlendis. Þó hefur málinu verið hreyft á tveimur síðustu aðalþingum án þess að það næði fram að ganga, en á s. l. þingi varð afgreiðsla málsins sú, að því var vísað til ríkisstj., eins og fram kemur í fsp.

Ég legg áherslu á að kvikmyndagerð er sú listgrein sem er hvað yngst í okkar landi, en skapar mikla möguleika. Íslensk náttúra er stórbrotin og það er mikils virði að festa á kvikmyndir sérkenni Íslands og íslensku þjóðarinnar í lífi hennar og starfi. Slíkt verður aldrei til fjármagns metið.

Eins og ég gat um, herra forseti, var afgreiðsla þessa frv. á s. l. þingi sú, að því var vísað til ríkisstj. með eftirfarandi ályktun, með leyfi forseta:

„N. hefur rætt frv. og kynnt sér þær umsagnir, sem borist hafa. N. telur tilgang frv. þess verðan að Alþ. setji um þetta lög. N. er hins vegar ekki sammála um fjáröflunarleið til að standa undir þeim kostnaði, sem þessu er samfara, og leggur því til að málinu verði vísað til ríkisstj. í trausti þess að hún semji löggjöf um aðstoð við kvikmyndagerð og leggi fram í upphafi næsta reglulegs Alþingis."

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Fsp. hv. þm. vil ég svara á þessa leið:

Mál þetta er í athugun í rn. Áður en þeirri athugun lýkur mun haft samráð við Félag kvikmyndagerðarmanna, Sjónvarp, Fræðslumyndasafn og aðra þá aðila er málið helst varðar. Það hefur tafið athugun þessa máls að það er mjög samofið endurskoðun þeirri á skemmtanaskatti sem fram fer á vegum rn., og er raunar ókleift annað en fjalla um bæði málin samhliða, ef hafa á til hliðsjónar þann tekjugrundvöll, sem frv. til l. um kvikmyndasjóð byggir á, en það er fyrst og fremst hlutdeild í skemmtanaskatti.

Þeir aðilar, sem nú njóta góðs af skemmtanaskatti, eru Félagsheimilasjóður, Menningarsjóður og Sinfóníuhljómsveit Íslands, en allir þessir aðilar berjast í bökkum fjárhagslega. Það má einnig geta þess að ýmsir greiðendur skattsins kvarta undan því að hann sé of hár og þó fyrst og fremst ekki réttlátlega á lagður. Má geta þess að í frv., sem lagt var fyrir hið háa Alþ. á síðasta þingtímabili, var gert ráð fyrir að verulegur hluti skemmtanaskatts rynni í Ferðamálasjóð. Þáttur skemmtanaskattsins í máli þessu er því allflókinn og þarf nákvæmrar og vandlegrar athugunar við ef finna á viðunandi lausn á málinu.

Kvikmyndagerð, sem er með nokkrum hætti ný listgrein, hefur vart hlotið opinberan stuðning til jafns við aðrar listgreinar. Það er fullur vilji á því að stuðla að eflingu þessarar greinar og er þá bæði haft í huga mikilvægi hennar fyrir sjónvarp og mikilvægi fræðslu- og heimildarkvikmynda. Mun verða unnið að málinu í samræmi við það viðhorf rn.

Fyrirspyrjandi (Axel Jónsson): Forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. hans svör og láta í ljós þá von að það takist, að finna lausn á þessu máli, — lausn sem allir aðilar geta við unað og hv. Alþ. getur samþ.

Til viðbótar við það, sem ég áður gat um, herra forseti, vil ég vitna til þess að saga íslendinga sannar að íslendingum eru í blóð bornir alveg frábærir tjáningarhæfileikar. Efast ég ekki um að þegar kvikmyndalistgreinin þróast muni það og koma fram þar.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Mál þetta hefur verið æðilengi á döfinni hér á Alþ. og nú eru senn liðin 6 ár síðan fram kom í nál. menntmn. Nd. að nauðsyn bæri til að löggjöf yrði sett um þetta efni hér á Alþ. Það er álit allra þeirra sem til þekkja að löggjöf af því tagi, sem hér um ræðir, sé algert frumskilyrði þess að kvikmyndagerðarlist nái að festa rætur hér á Íslandi og dafna, og með þetta í huga fluttum við fyrst á þinginu 1973—1974 frumvarp um kvikmyndasjóð. Ég vil láta það koma hér fram að þetta frv. var sent hæstv. menntmrn. til umsagnar vorið 1974 og þá barst umsögn sem fól það í sér að rn. óskaði eftir að fá meira ráðrúm til þess að kanna frv. þetta í samráði við önnur stjórnvöld, eins og sagði í bréfi frá rn., og þá aðila aðra sem helst hafa um þessi mál fjallað, þessari athugun yrði væntanlega lokið næsta haust, um það bil er Alþ. kemur aftur saman. — Það er sem sagt eitt og hálft ár síðan þetta bréf var sent rn. og enn er málið á döfinni. Enn hefur ekki mikið gerst í málinu af hálfu rn.

Eins og fram kom í svari hæstv. menntmrh. á að heita svo að málið sé enn í athugun, og verð ég að viðurkenna að mér finnast það ekki nægilega góð svör, því að ég tel að þetta mál sé búið að vera allt of lengi í athugun. Ég vil sem sagt aðeins nota þetta tækifæri til þess að skora mjög eindregið á menntmrh. að sjá til þess að þetta mál dragist nú ekki öllu lengur en orðið er. Því var á s. l. vori vísað til ríkisstj., eins og sagði í þeirri till. sem um það var samþ. í trausti þess að rn. legði fyrir þetta þing í upphafi þess nýtt frv. um kvikmyndasjóð. Af þessu hefur enn ekki orðið, því miður, en ég vil sem sagt eindregið mælast til þess við hæstv. ráðh að hann sjái til þess, þó að þetta hafi enn ekki orðið, að það dragist ekki miklu lengur en orðið er.

Sameinað þing, 21. fundur.

Þriðjudaginn 25. nóv., að loknum 20. fundi.

Eignarráð á landinu, þáltill. (þskj. 42). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Aðgerðir til að draga úr tóbaksreykingum, þáltill. (þskj. 74). — Ein umr.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Við höfum leyft okkur nokkrir þm. að flytja á þskj. 74 svo hljóðandi till. til þál.

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að skipa n. til þess að gera till. um samhæfðar aðgerðir af hálfu opinberra aðila til þess að draga úr tóbaksreykingum Íslendinga. N. skal sérstaklega taka til umfjöllunar annars vegar tillögugerð um fyrirbyggjandi ráðstafanir, svo sem með hvaða hætti árangursríkast verði hagað uplýsingastarfsemi um skaðsemi tóbaksreykinga, og hins vegar gera till. um skipulagt námskeiðahald á vegum hins opinbera eða með þátttöku þess fyrir tóbaksneytendur, er vilja hætta eða draga úr tóbaksneyslu sinni. Í þessu sambandi verði sérstök áhersla lögð á baráttu gegn tóbaksneyslu skólafólks.

Í störfum sínum hafi n. samráð við þá aðila er um slík mál sem hér um ræðir hafa fjallað til þessa. Niðurstöður n. verði síðan grundvöllur aðgerða hins opinbera til aukinnar baráttu gegn tóbaksreykingum."

Þannig hljóðar tillaga þessi.

Ég held það þurfi ekki að fara mörgum orðum um hversu alvarleg heilsufarsleg hætta er samfara tóbaksreykingum. Fyrir því liggja nú þegar óhrekjandi sannanir vísindamanna hve illvænleg áhrif tóbaksreykingar hafa á heilsufar manna. Þannig hefur verið sannað að tóbaksreykingar eru mjög oft bein orsök lífshættulegra sjúkdóma í öndunarfærum og hjarta- og æðakerfi, og það er athyglisvert og áhyggjuefni að það hefur komið í ljós við samanburðarrannsóknir að þessir hættulegu sjúkdómar hafa farið í vöxt í réttu hlutfalli við auknar tóbaksreykingar. Þessar niðurstöður hafa gildi fyrir sérhverja þjóð og við íslendingar erum þar ekki undantekning. Það má því líta á tóbaksreykingar sem slíkan skaðvald fyrir heilsufar þjóðarinnar að því má jafna við hættulegar farsóttir. Slíkar hafa afleiðingar tóbaksreykinganna orðið fyrir heilsufar manna.

Að sjálfsögðu verða bæði þjóðfélagið og einstaklingar þess að draga réttar niðurstöður af þessum staðreyndum, því að hér er aðeins farið með staðreyndir, en ekki ósannar fullyrðingar. Það má ekki lengur líta á tóbaksneyslu sem óæskilegan ávana, heldur sem stórhættulega sjúkdómaorsök, sem ber að berjast gegn. Með nákvæmlega sama hætti og baráttu var á sínum tíma háð fyrir því að útrýma aðstæðum, sem ollu hárri tíðni ýmissa sjúkdóma sem þjóðin átti einkum við að stríða, svo sem berkla, holdsveiki, sullaveiki o. s. frv., en útrýming þeirra var fyrst og fremst að þakka baráttu gegn aðstæðum sem orsökuðu þessa sjúkdóma, eins ber nú að heyja baráttu gegn þeim aðstæðum sem orsaka öðrum fremur háa tíðni hjarta-, æða- og lungnasjúkdóma, þ. e. a. s. gegn tóbaksreykingum.

Samfélaginu ber að sjálfsögðu skylda til þess, hafa forustu um slíka baráttu, eins og samfélagið hefur forustu um hvers konar baráttu til heilsuverndar sem háð er, og jafnframt ber

samfélaginu skylda til þess að aðstoða þá einstaklinga sem orðið hafa háðir tóbaksnautn, en skilja nú hættuna henni samfara og vilja hætta reykingum. Þeim mun ríkari er skylda ríkisins í þessu sambandi þegar á það er litið að einmitt ríkisvaldið hefur um margra ára og áratugaskeið verið stórtækasti dreifingaraðili tóbaks um landið og notfært reykingarnautnina sér til fjárhagslegs ávinnings.

Eins og nú standa sakir hefur nokkuð verið gert til þess að draga úr tóbaksreykingum landsmanna, en þó einkum og sér í lagi hin síðari ár eftir að uppgötvaðist og í ljós kom hversu mikill skaðvaldur tóbaksreykingar væru fyrir heilsufar manna. Bindindishreyfingin í landinu hefur ávallt varað við neyslu tóbaks. Krabbameinsfélag Íslands hefur haft með höndum mjög árangursríka upplýsingarstarfsemi og félagið Hjartavernd sömuleiðis. Þá hefur Íslenska bindindisfélagið, sem er angi af Aðventistasamtökunum skipulagt námskeið fyrir reykingarmenn sem vilja hætta að reykja, og hafa þau námskeið borið ótrúlega góðan árangur, þannig að mér er sagt að um 60% af þeim, sem hætt hafa að reykja á þessum námskeiðum, hafi ekki hafið reykingar að nýju.

Ríkisvald og Alþ. hafa einnig lagt nokkuð af mörkum í þessu sambandi. Hinn 7. apríl 1971 voru þannig samþ. á Alþ. lög sem banna auglýsingar á tóbaki á opinberum vettvangi eða öllu heldur í blöðum og öðrum fjölmiðlum, en hins vegar banna þessi lög ekki auglýsingar á tóbaki á öðrum vettvangi og með öðrum aðferðum, eins og hv. þm. er sennilega um kunnugt. Jafnframt var ákveðið með lagabreyt. frá 1971 að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skyldi verja 2‰ tekna af brúttósölu tóbaks til þess að auglýsa skaðsemi þess. Þetta verk hefur haft með höndum svonefnd samstarfsnefnd um reykingavarnir, en í þeirri n. eru fulltrúar Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, forstjórar hennar, fulltrúar frá Krabbameinsfélagi Íslands og sá þriðji frá Hjartavernd. Eins og menn hafa væntanlega veitt athygli hefur n. á stuttum tíma náð talsverðum árangri með andróðursstarfi sínu gegn reykingum, einkum og sér í lagi síðan á s. l. vori, þegar í stað þess að dreifa auglýsingum gegn reykingum var ákveðið að fara sérstakar herferðir þar sem auglýsingar yrðu skipulagðar í útvarpi, sjónvarpi og blöðum yfir skamman tíma. Þessar auglýsingar hafa orðið ákaflega árangursríkar. En við skulum gera okkur grein fyrir því að það fé, sem n. hefur handa á milli í þessu skyni, er ekki gríðarlega mikið. Það mun vera á þessu ári rétt um 4 millj. kr. sem samstarfsn. um reykingavarnir hefur milli handa til þess að auglýsa skaðsemi tóbaks eða aðeins 2‰ af brúttótekjum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins af sölu tóbaks. En ljóst er þó að hér er hvergi nærri nóg að gert, þrátt fyrir það góða starf sem unnið hefur verið á þessum vettvangi, bæði af áhugamönnum og með þátttöku ríkisvaldsins. Samstarfsnefnd um reykingavarnir er t. d. skorinn mjög þröngur stakkur þar sem henni ber samkv. lögum aðeins að hafa með höndum auglýsingar um skaðsemi tóbaks í sjónvarpi, hljóðvarpi og blöðum, en hins vegar getur n. ekki eftir þeim starfsramma, sem lögin marka henni, leitað annarra úrræða sem ef til vill gætu borið betri árangur samfara auglýsingastarfinu. N. getur t. d. ekki fylgt hinum svokölluðu auglýsingaherferðum sínum eftir með fræðslu- eða námskeiðsstarfi, t. d. í skólum eða á öðrum opinberum vettvangi, og er mér þó kunnugt af viðræðum við nefndarmenn að þeir eru mjög umfram um að geta tekið til við slíka starfsemi að loknum hinum sérstöku herferðum.

Fræðslan, upplýsingastarfið og áróðurinn gegn tóbaksreykingum, þ. e. a. s. hinar fyrirbyggjandi aðgerðir, gætu því verið mun öflugri en nú á sér stað og er í því sambandi lögð sérstök áhersla á að benda á þá uggvænlegu þróun sem rannsóknir hafa leitt í ljós, en hún er að sífellt yngra fólk, jafnvel börn sem ekki hafa náð unglingsaldri, hefur orðið háð tóbaksnautninni. Hefur komið m. a. í ljós í sambandi við rannsóknir eða kannanir öllu heldur sem gerðar voru meðal skólabarna í barna- og framhaldsskólum Reykjavíkur, að það var ekki óalgengt að börn allt niður í 9 eða 10 ára aldur væru háð tóbaksnautn. Hér hefur mjög þokað í öfuga átt á fáum árum.

En sé margt óunnið í hinu fyrirbyggjandi starfi í baráttunni gegn tóbaksnautn, þá er þó enn meira verk óunnið hvað varðar þann þátt málsins að auðvelda þeim, sem orðið hafa tóbaksreykingum að bráð, að hljóta lækningu, því að vissulega má flokka það undir lækningu að hjálpa mönnum til þess að hætta að reykja. Hér má segja, að einvörðungu hafi komið til lofsvert framtak Íslenska bindindisfélagsins, eins og áður er sagt, en sá félagsskapur hefur haldið námskeið fyrir reykingafólk, bæði hér í Reykjavík og víðs vegar úti um land, með mjög góðum árangri. Hefur reynslan af þessum námskeiðum leitt í ljós hversu miklum árangri má ná með þessum hætti ef fé og aukið skipulag væri fyrir hendi. Væri nauðsynlegt að slík námskeið færu fram mjög reglulega sem víðast um landið, m. a. í tengslum við skólana, og meira en athugandi að gerðir yrðu sérstakir þættir um reykingavarnir til sýnis í sjónvarpi, þannig að mikill fjöldi reykingamanna gæti orðið þátttakandi í námskeiði á vegum sjónvarpsins um að hætta reykingum og notið þess styrks sem slík námskeið gætu veitt. Að sjálfsögðu hlýtur það að koma í hlut hins opinbera í þessu heilsugæslumáli sem öðrum að hafa forustuna, að reyna að samhæfa þessa starfsemi og fjármagna hana, en æskilegast væri að sjálfsögðu að fela framkvæmdina áhugamannasamtökum eftir því sem unnt væri, og ef slíkt væri ekki unnt að öllu leyti, þá yrði ríkisvaldið að reyna að annast þessa starfsemi sjálft eftir því sem æskilegast þætti hverju sinni.

Markmið þessarar þáltill. er að undirbúa slíka skipulagða baráttu gegn tóbaksreykingum og teljum við flm. að orðið sé tímabært að slíkt sé gert.

Menn ættu að gera sér grein fyrir því að viðhorfin til tóbaksreykinga hafa talsvert breyst nú á síðustu fáum árum. Fyrir aðeins örfáum árum var baráttan gegn tóbaksneyslu svo til eingöngu bundin við þá sem voru sjálfir bindindismenn, sem voru sjálfir þátttakendur í bindindishreyfingu, sem neyttu sjálfir ekki tóbaks. Nú hafa

þessi viðhorf mjög breyst. Hér er ekki lengur um að ræða einskorðað baráttumál við bindindis hreyfinguna í landinu eina. Einnig þeir, sem reykja sjálfir gera sér fyllilega grein fyrir því hversu varasamt athæfi hér er um að ræða og að það sé mjög nauðsynlegt að hefja baráttu gegn reykingum. Þess vegna kemur mönnum væntanlega ekkert spánskt fyrir sjónir að meðal þeirra hv. þm., sem flytja þetta mál hér á Alþ. eru menn, sem sjálfir reykja. Þetta tel ég bera vott um talsvert breytt hugarfar og breytta afstöðu til máls eins og þessa.

Það má vel vera að mönnum finnist það harla torgætt, að það sé unnt á tiltölulega skömmum tíma að breyta afstöðu manna til tóbaksreykinga. En menn skyldu minnast þess að það er ekki lengra en 30—40 ár síðan t. d. notkun munntóbaks var álíka algeng í landinu og tóbaksreykingar eru nú. Þá var á hverri einustu opinberri skrifstofu í Reykjavík hafður spýtubakki til afnota fyrir þá, sem munntóbaks neyttu, og þótti sjálfsagt og engum óeðlilegt. Nú sést þetta ekki lengur, og ég er hræddur um að það yrði skrýtið upplitið á sumum ef farið yrði að innleiða þennan gamla hátt aftur. En í staðinn fyrir spýtubakkann er öskubakkinn kominn. Hann er á sérhverri opinberri skrifstofu, hann er það húsgagn sem fylgir þeim öllum. Ég held að það gæti vel verið, ef íslendingar tækju sig saman í andlitinu og hæfu baráttu gegn tóbaksreykingum, að þeim, sem á eftir okkur koma og verða við lýði í landinu eftir 40, 50, 60 ár, þyki jafnóeðlilegt að sjá öskubakka á opinberum skrifstofum og stofnunum eins og okkar kynslóð þykir óeðlilegt að sjá þar spýtubakka, sem voru þó næsta algengir á þeim stofnunum fyrir aðeins tæpum einum mannsaldri.

Herra forseti. Ég legg svo til að till. þessari verði vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Kjördæmaskipan, þáltill. (þskj. 59). — Ein umr.

Flm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Á þskj. 59 höfum við þrír hv. þm. leyft okkur að bera fram till. til þál., svo hljóðandi: „Alþ. ályktar að fela stjórnarskrárnefnd að leggja fram till. um breyt. á kjördæmaskipan eða kosningalögum sem miði að því jafna atkvæðisrétt kjósenda frá því sem nú er."

Hér er hreyft mjög viðkvæmu, en brýnu máli. Deilur um kosningalög og kjördæmaskipan hafa risið oft mjög hátt á Íslandi, í íslenskum stjórnmálum, og er það ekki óeðlilegt með hliðsjón af því hversu mikilvægt þetta mál er og hversu það skiptir miklu máli þegar valið er til þings.

Þessar deilur hafa risið hæst vegna þess misræmis og þess ranglætis sem oft hefur skapast í kosningum til Alþ., — misræmis sem hefur átt rætur að rekja til þess að fólksflutningar hafa orðið miklir frá einu kjördæmi til annars, frá einum staðnum til annars, þannig að miklu færri kjósendur eru í einu kjördæmi heldur en þegar kosningalögin voru sett. Það hefur raskað mjög öllum hlutföllum og skapað slíkt ástand að við það varð ekki unað.

Það hlýtur að vera meginforsenda kosningalaga og kjördæmaskipunar að þm. séu valdir þannig til Alþ. að það gefi nokkra mynd af þjóðarvilja og sé í eðlilegum hlutföllum við skoðanir og stefnur sem uppi eru hverju sinni.

Kjördæmaskipan sú, sem við lýði er nú og lögfest var árið 1959, var studd þeim röksemdum fyrst og fremst að hún ætti að skapa aukið réttlæti og koma til móts við þessar hugmyndir um lýðræði og þjóðarvilja. Það fyrirkomulag um einmennings- og tvímenningskjördæmi, sem ríkt hafði þá um mjög langan tíma, hafði skapað slík hlutföll á þingi að það stangaðist á við réttlætis- og lýðræðisvitund flestra þegna þessa þjóðfélags.

Það skal tekið fram að við breyt., sem gerðar hafa verið á kjördæmaskipan síðustu áratugi, hefur ávallt verið tekið tillit til og viðurkennt að mismunandi vægi skyldi vera á atkv. eftir því hvaða kjördæmi ætti í hlut. Þannig hefur það ávallt verið viðurkennt að svokölluð strjálbýliskjördæmi þyrftu færri atkv. til að koma sínum þingmönnum að en hin þéttbýlli. Þetta kom líka fram í kjördæmaskipan þeirri sem lögfest var árið 1959, en þá var gengið út frá því að miklu færri atkv. væru á bak við hvern þm. úr velflestum strjálbýliskjördæmunum heldur en þá sem kjörnir væru héðan úr Reykjavík og Reykjanesi.

Þessi till. er ekki borin fram til þess að breyta þessari meginhugsun eða víkja frá henni, heldur til þess að laga nokkuð þá skipan, sem nú er, á þann veg að það dragi úr þeim mismun sem orðið hefur í auknum mæli frá því að kjördæmaskipanin var ákveðin 1959. Með till. fylgir tafla um breyt. á kjósendafjölda og atkvæði á bak við hvern þm., og þar kemur fram að á árinu 1960 voru 6034 íbúar að baki hverjum þm. í Reykjavík og 5205 íbúar að baki hverjum þm. í Reykjaneskjördæmi, en nú hafa þessar tölur aukist, í Reykjavík upp í 7064 og á Reykjanesi í 8789. Fjölgunin hefur orðið rúmlega 1000 íbúar í Reykjavík og um 3 500 í Reykjanesi. Á sama tíma hefur orðið nokkur fækkun í a. m. k. tveim kjördæmum öðrum.

Á síðari tímum hefur verið lögð aukin áhersla á svokallaða byggðastefnu sem hefur haft það að grundvallarmarkmiði að jafna hlut íbúanna þannig að þeir byggju við sama hlut án tillits til búsetu, og þessi stefna hefur verið studd í meginatriðum af öllum stjórnmálaflokkum og öllum stjórnmálamönnum, hvort sem þeir koma úr þéttbýli eða strjálbýli. Jafnrétti er það, sem við stefnum velflest að, bæði á sviði byggðamála, í efnahagsmálum, menningarmálum, félagsmálum o. s. frv. Það hlýtur líka að vera eðlileg krafa að við stefnum að jafnrétti í stjórnskipun með sama hætti.

Það er vissulega ekki um að ræða jafnrétti í kosningum þegar kjósendur þurfa að vera fjórfalt fleiri á bak við hvern þm. í ákveðnum kjördæmum heldur en í öðrum til þess að ná fram sínum skoðunum og sínum fulltrúum inn á þing, og þessu þarf að breyta. Það er engin sanngirni í því að kjósendur á t. d. Reykjanesi þurfi að sitja við þann hlut að vera allt að fimmfalt

fleiri á bak við þm. heldur en t. d. kjósendur í Vestfjarðakjördæmi. Þær tölur, sem ég nefndi áðan, og þessar staðreyndir, sem blasa við, lýsa svo miklu ranglæti á þessu sviði að við það verður alls ekki unað, og það er skylda Alþ. að skoða þetta mál og gera till. um breyt. á stjórnarskrá eða kosningalögum sem færa þetta til betri og réttari áttar.

Í þessari till. er ekki hreyft neinum einstökum hugmyndum um breytingar. Það er sett fram sú almenna skoðun að það skuli jafna atkvæðisrétt kjósenda án þess í sjálfu sér að benda á ákveðna leið. Hins vegar kemur margt til greina. Í umr. um kjördæmamál hefur verið hreyft hugmyndum um að breyta aftur til einmenningskjördæma, það hefur verið hreyft hugmyndum um að gera landið allt að einu kjördæmi og allt þarna á milli svo og þeirri hugmynd, sem mér finnst vera einna athyglisverðust, að breyta útreikningum við úthlutun uppbótarsæta á þann veg að fella niður þá aðferð að reikna út hlutfall á bak við frambjóðendur, en taka einvörðungu til greina atkvæðamagnið. Þannig mundi allur obbinn af uppbótarsætunum koma í hlut þéttbýlisins. Með þessu móti yrði ekki raskað þeim þm.-fjölda sem einstök kjördæmi hafa nú hvað snertir kjördæmakosna þm., en að sjálfsögðu mundi þá breytast úthlutun á uppbótarsætum þannig að það kæmi frekar þéttbýlinu til góða.

Aðalatriðið í þessu máli er að mismunun sé eytt og að fyrirbyggt sé að ranglæti þrífist í skjóli stjórnarskrár og kosningalaga. Löggjöf um þessi efni má ekki stangast á við lýðræðisvitund þjóðarinnar né heldur skerða svo eða storka svo réttlætishugmyndum fólks að það fái rangar hugmyndir um þingið og um kosningar almennt.

Lagt er til að þessari till. verði vísað til stjórnarskrárnefndar sem nú situr að störfum og endurskoðar stjórnarskrána í heild sinni. Hlutverk þeirrar n. er að leggja fram till. sem allra fyrst um breyt. á stjórnarskránni og m. a. þá um kjördæmaskipan. Með samþykkt á þessari till. fengi n. nokkurt veganesti um skoðanir þær sem ríkjandi væru hér á Alþ. Það mætti líta svo á að samþykkt till. væri viljayfirlýsing Alþ. um að atkvæðisréttur skyldi jafnaður. Með því móti væri þessari meginskoðun komið á framfæri og n. gæti sniðið sínar till. í samræmi við þær hugmyndir og þær skoðanir.

Ég sé, herra forseti, ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um till. Mér og flm. till. fannst vera eðlilegt að þessu máli yrði hreyft hér á þingi, það væri orðið tímabært að Alþ. léti í ljós álit sitt á þessum málum og að um það yrði fjallað hér á þingi. Og það er mín von að flutningur þessarar till. geti leitt af sér nokkrar umr. í þjóðfélaginu, þannig að fram komi vilji og sjónarmið fleiri en okkar flm. Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði till. vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Umferðarmál, þáltill. (þskj. 67). — Ein umr.

Flm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Á þskj. 67 höfum við hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir og ég leyft okkur að flytja till. um umferðarmál. Hún hljóðar svo:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir allsherjar endurskoðun og breyt. á lögum og reglugerðum um umferðarmál svo og öðrum þeim lögum, sem umferðarmál snerta og stuðlað geta að auknu umferðaröryggi og virkari meðferð umferðarlagabrota.“

Þegar þessi till. var samin höfðu á undanförnum dögum 14 íslendingar látið lífið í umferðarslysum. Þá lágu 4 manneskjur meðvitundarlausar á gjörgæsludeild Borgarspítalans af afleiðingum umferðarslysa. Og á árinu öllu hafa 27 manns beðið bana í umferðarslysum og munu það vera öllu fleiri en áður hafa látist á einu ári af þessum sökum.

Frá áramótum og til októberloka s. l. hafa 595 manns slasast í umferðarslysum. Þar af hefur 221 hlotið meiri háttar meiðsli og 324 hafa verið lagðir inn á sjúkrahús til læknismeðferðar vegna meiðsla er þeir hlutu í umferðarslysum. Ég held að öllum sé ljóst að þetta ástand verður ekki þolað öllu lengur. Þessa alvarlegu þróun verður að stöðva og til þess að hún verði stöðvuð þarf að grípa til einhverra róttækra og fljótvirkra aðgerða í umferðarmálum.

Umferðarlöggjöfin er að meginstofni til frá 1958. Á henni hafa verið gerðar nokkrar breyt. síðan, en engar umtalsverðar. Að vísu eru umferðarlög og reglugerðir í stöðugri endurskoðun og mörg nýmæli eru nú til athugunar hjá umferðarlaganefnd sem tekin hafa verið upp í umferðarlöggjöf á Norðurlöndum og víðar í Evrópu. Í grg. með þessari till. höfum við flm. leyft okkur að benda á nokkur atriði, sem við teljum að þurfi endurskoðunar við og geti leitt til bættrar umferðarmenningar. Ég vil leyfa mér að telja þessi atriði upp, því að þau eru raunverulega inntak þessarar tillögu.

Í fyrsta lagi þarf að breyta gildistíma bráðabirgðaskírteina fyrir byrjendur og athuga hvort ekki sé rétt að lengja hann í þrjú ár úr einu ári eins og nú er. Í öðru lagi þarf að setja í reglugerð ákvæði um lágmarksmerkingu gangbrauta og strangari ákvæði umferðarlaga er verndi gangandi vegfarendur á gangbrautum. Í þriðja lagi þarf að stuðla að stóraukinni notkun ökuljósa og kemur til greina að skylda ökumenn til að aka með fullum ökuljósum allan sólarhringinn frá 1. nóv. til 1. apríl. Í fjórða lagi þyrfti að endurskoða reglur um hámarkshraða í þéttbýli. Í fimmta lagi þyrfti að taka upp svonefnt punktakerfi eða mistakakerfi, eins og nefnt er á fagmáli, sem er talið mikilvæg slysavarnarráðstöfun og notað hefur verið með góðum árangri erlendis. Í sjötta lagi þyrfti að breyta í verulegum atriðum reglugerð um gerð og búnað ökutækja svo og umferðarmerkja. Í sjöunda lagi þarf að endursemja reglugerð um ökukennslu og mál þar að lútandi. Í áttunda lagi verði settar ítarlegar reglur um framkvæmd ökuprófa og jafnframt veitt heimild til að færa vissan hluta námsins inn í skólakerfið. Setja þarf reglur um ökuskóla og löggildingu þeirra sem veita þeim forstöðu.

Hér er aðeins drepið á örfá atriði. Má til viðbótar þessu nefna að til athugunar er að lögbinda notkun bílbelta. Herða mætti sviptingu

ökuleyfa þegar menn brjóta af sér gegn umferðarlögunum. Það mætti taka harðar á því þegar menn aka ölvaðir o. s. frv., o. s. frv.

Síðast, en ekki síst er rétt að minna á að umferðarráð, sem hefur haft það hlutverk að efla umferðarfræðslu og fylgjast með umferðarmálum almennt, þyrfti að fá auknar fjárveitingar og aukið svigrúm til þess að geta sinnt sínu hlutverki sem skyldi. Okkur flm. er ljóst, að lög og reglugerðir eru ekki einhlít í þessum efnum. Það, sem skiptir líka máli, er umferðarmenningin sjálf, skoðanir borgaranna og skilningur þeirra á því að menn þurfa að sýna tillitssemi og gæta öryggis í umferðinni. Við teljum að með því að hreyfa þessu máli hér á Alþ. og með því að knýja á um einhverjar breytingar öðlist fólk meiri skilning á þessum meginatriðum, þ. e. a. s. að sýna tillitssemi og gæta öryggis. Þannig mætti smám saman bæta umferðarmenninguna og auka umferðaröryggið almennt.

Það verður ekki unað við það ástand sem nú ríkir, að við fréttum af því í hverri viku að einhver hafi látist í umferðarslysi, og það eru allt of háar tölur sem birtar eru um slasað fólk í umferðinni. Hvort sem okkur líkar betur eða verr, þá er umferðin, bílarnir og göturnar, orðin snar þáttur í okkar daglega lífi. Við komumst ekki á milli húsa öðruvísi en að gæta að umferðinni. Börnin okkar eru í stöðugri hættu gagnvart vaxandi umferð. Og það er skylda okkar að sinna þessum málum og búa þannig um að við getum ekki kennt okkur sjálfum um aðgerðarleysi.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði þessu máli vísað til hv. allshn.

Jóhannes Árnason: Herra forseti. Sú till., til þál., sem hér liggur fyrir á þskj. 67, um umferðarmál, er vissulega tímabær. Það er alkunna hvernig ástandið hefur verið í þessum efnum nú að undanförnu. Það er alkunna að það hefur gengið yfir slysaalda í ríkari mæli og meiri en verið hafa dæmi um um langt árabil, vil ég leyfa mér að segja.

Ég held að ég geti tekið undir flest af því sem fram kemur í grg. fyrir þessari þáltill. Það er eins og hæstv. frsm. gat um, hún er flutt til þess að vekja máls á þessum hlutum og stuðla að því að úrbætur verði gerðar, og vissulega er þörf á því. Nú er það auðvitað svo, að löggæslan í landinu og dómstólar eru sífellt að vinna að þessum málum, umferðarráð er stöðugt að vinna að bættri umferðarmenningu í landinu og fleiri aðila mætti nefna. Störf þessara aðila má alls ekki vanmeta. En ég held að virkasta tækið til þess að stuðla að betra ástandi í umferðarmálum og bættri umferðarmenningu í landinu sé að skapa sterkt almenningsálit í umferðarmálum. Það þarf breyttan hugsunarhátt hjá fólki. Ökutæki í landinu eru orðin mörg, og það verður að leggja á það áherslu að sá, sem fær rétt til að stjórna vélknúnu ökutæki, fær mikinn rétt, og það verður að gera miklar kröfur til þess aðila þegar í upphafi. Í sambandi við umferðarfræðsluna þarf að byrja á byrjuninni, og það þarf að halda uppi öflugri umferðarfræðslu, fyrst og fremst í skólunum, og til að ná sem best til almennings með umferðarfræðslu þarf að nota fjölmiðlana í miklu ríkari mæli en nú er gert og þá ekki hvað síst sjónvarpið.

Þá vil ég aðeins víkja að viðurlögum við umferðarbrotum. Mín reynsla er sú að algengustu slysavaldarnir í umferðinni séu ölvun við akstur og of harður akstur. Ég veit ekki hvort allir hv. þm. hafa gert sér grein fyrir því hvað brot á áfengis- og umferðarlögum vegna ölvunar við akstur eru orðin mörg á ári. Það eru iskyggilegar tölur og þær fara hækkandi. Það er því augljóst mál að hér þarf að huga að breytingu á löggjöf með stórlega hertum viðurlögum, bæði að því er varðar refsingu og ökuleyfissviptingar. Þetta á einnig við um hraðan akstur. Of hraður akstur er mikill slysavaldur. Í nútímaþjóðfélagi virðast menn alltaf þurfa að vera að hraða sér, hvort sem þeir eru að aka innanbæjar eða að fara á milli landshluta. Menn eru alltaf í kapphlaupi við tímann, og þá fer það út í það að bensínið er stigið í botn og hraðinn aukinn. Og svo gerast slysin.

Þá vil ég einnig benda á að það er nauðsynlegt, a. m. k. í sumum hlutum landsins, ekki hvað síst þeim afskekktari, að gera verulegt átak í vegamerkingum. Þeim er því miður allvíða ábótavant. Úti á landi leynast víða hættur á vegunum, þar eru hæðir, hólar, og blindbeygjur. Það er einmitt á þessum stöðum sem hætturnar leynast, ég tala nú ekki um þegar aksturinn er í hraðara lagi. Vegagerðin þarf að taka þetta mál upp. Hún er veghaldari þjóðvega í landinu og á að sjá um vegmerkingarnar. Þessir hættulegu staðir, sem ég var að nefna, það er oft og tíðum þannig að ekki þarf nema sáralitið, að því er manni virðist, að aðhafast með jarðýtu eða hefli eða slíku tæki til að þarna verði ráðin bót á. Ég þekki það úr mínu umdæmi að í einum firði þar, í Austur-Barðastrandasýslu, hefur ástand lengi verið á þennan veg, enda þótt nokkuð hafi verið bætt úr nú nýverið. Það komst upp í, ef ég man rétt, milli 5 og 10 árekstra á einu sumri, — það er ekki opið þarna nema yfir sumartímann.

Ég vildi aðeins árétta þessi atriði, sem ég hef minnst hér á, og tek að öðru leyti undir það sem fram kemur í þessari till.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Umræður utan dagskrár.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Hér hefur nú orðið nokkur dráttur á því að halda fund í Sþ., og öllum hv. þm. er kunnugt að ástæður til þess eru þær að till. ríkisstj. í landhelgismálinu hefur ekki verið fulltilbúin af hennar hálfu til að leggja fram, en nú mun komið að því að henni muni verða útbýtt hér. En ástæðan til þess, að ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár, er sú að í dag hafa borist fréttir um það að bresk herskip hafi verið send hingað á Íslandsmið til þess

að vernda breska landhelgisbrjóta. Það hefur komið fram í sambandi við þessar fréttir að íslenski sendiherrann í London hafi mótmælt þessu, en aðrar upplýsingar hafa ekki komið um málið, sem mér sé kunnugt um, af hálfu íslenskra stjórnvalda. Það hefur líka verið upplýst að bretar sendi hingað njósnaþotur sem sveimi hér lágt yfir okkar löggæsluskipum á fiskimiðunum, njósni um ferðir skipanna og aðstoði við bresk skip að brjóta okkar lög.

Þetta eru auðvitað mjög alvarlegir hlutir, að bretar skuli senda hingað herskip í þessum tilgangi og halda hér uppi njósnaflugi, og það er augljóst að við getum ekki látið okkur nægja að láta aðeins sendiherrann í London mótmæla því á formlegan eða einfaldan hátt. Ég vil því spyrjast fyrir um það hvað hæstv. ríkisstj. hugsi sér að gera í sambandi við þessa atburði? Ætlar hún að láta nægja aðeins einföld mótmæli eða ætlar hún að grípa til einhverra sérstakra ráðstafanna?

Ég vil benda á að í fyrsta lagi tel ég sjálfsagt að við köllum heim sendiherra okkar frá London og lokum sendiráðinu þar. Í öðru lagi er ástæða til þess að tilkynna bretum að við slítum stjórnmálasambandi við þá ef herskipin fari ekki þegar út úr okkar fiskveiðilandhelgi og hætti að halda hér uppi lögbrotum eða brotum á okkar lögum á þennan hátt. Þá kemur að sjálfsögðu einnig til greina það, sem bent hefur verið á af öðrum, að íslendingar svari aðgerðum af þessu tagi með því að loka fullkomlega NATO-herstöðinni hér og gera NATO ljóst að íslendingar geta ekki verið í þeim samtökum þar sem einn af aðilum þess sendi her á hendur okkar.

Ég vil sem sagt óska eftir því að hæstv. ríkisstj. upplýsi hér á Alþingi hvað hún hugsar sér að gera í þessum efnum. Hér er um svo alvarlegan atburð að ræða að það er óhugsandi annað en að ríkisstj. hafi þegar fjallað um þetta mál. Það hefur sýnt sig þessa daga, síðan átökin byrjuðu á fiskimiðunum að landhelgisgæsla okkar getur komið í veg fyrir veiðiþjófnað útlendinga. Það er alveg gefið mál um þær litlu veiðar, sem átt hafa sér stað að undanförnu af breta hálfu, að þeir mundu ekki halda slíkum leikaraskap áfram og þeir mundu gefast hér upp og við geta haldið uppi okkar lögum ef allar aðstæður væru eðlilegar. Mér er að vísu ljóst að þó að bretar sendi hingað herskip geti þeir ekki haldið hér uppi neinum eðlilegum veiðum. Þá verða þeir að hópa togurunum saman í þrönga hópa, og veiðarnar eru tiltölulega máttlausar á þann hátt og þeir hljóta tiltölulega fljótlega að gefast upp. En við eigum auðvitað að bregðast við á réttan hátt, þegar þannig er að okkur sótt eins og í þessum tilfellum, og sýna að við meinum eitthvað með því sem við erum að gera. Tilkynnum bretum að við köllum okkar sendiherra heim, lokum sendiráðinu þar og tilkynnum um slit stjórnmálasambands ef þeir haldi þessum aðgerðum áfram.

Ég sem sagt ítreka það, að ég óska eftir því að hæstv. ríkisstj. gefi hér yfirlýsingar um það hvað hún hugsar sér að gera frekar en að senda þessi formlegu mótmæli sem skýrt hefur verið frá.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég vil láta í ljós að ríkisstj. lítur mjög alvarlegum augum á þá ólögmætu valdbeitingu sem bretar hafa sýnt af sér á íslenskum fiskimiðum. Strax og tilkynning var um það gefin hér í Reykjavík af hálfu breska sendiherrans og í London með orðsendingu til íslenska sendiherrans, þá voru mótmæli uppi höfð, og til áréttingar þeim mótmælum hefur ríkisstj. mótmælt þessu skriflega á þessa lund:

„Ríkisstjórn Íslands mótmælir harðlega þeirri ráðstöfun bresku ríkisstj. að beita herskipum til að vernda ólöglegar veiðar breskra togara innan íslenskrar fiskveiðilögsögu. Hér er um ólögmæta valdbeitingu að ræða sem ekki einungis brýtur í bága við ákvæði samþykkta Öryggisráðstefnu Evrópu í Helsinki, heldur samræmist hún ekki aðild beggja þjóðanna að Atlantshafsbandalaginu. Slík valdbeiting útilokar allar frekari viðræður við ríkisstjórn Bretlands a. m. k uns hin bresku herskip hverfa af Íslandsmiðum.

Að sjálfsögðu munu íslensk varðskip halda áfram að vernda hin íslensku fiskimið eftir því sem unnt er, enda er varðveisla fiskstofnanna við Ísland lífshagsmunir íslensku þjóðarinnar."

Ég tel ekki rétt á þessu stigi málsins að greina nánar frá þeim ráðstöfunum sem til mála koma og til athugunar eru af hálfu ríkisstj. sem gagnviðbrögð við þessari ólögmætu valdbeitingu og ofbeldisaðgerð. Ríkisstj. mun láta Alþ. í té nánari vitneskju þar að lútandi jafnóðum og málið er kannað og undirbúið, og því vil ég á þessu stigi ekki hafa fleiri orð til svara þeirri fyrirspurn er hv. þm. flutti hér áðan.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Eins og fram kom í svari hæstv. forsrh. lítur ríkisstj. það, sem gerst hefur í þessum efnum, alvarlegum augum og hefur nú ítrekað mótmæli sín skriflega. En slík mótmæli eru fyrst og fremst þau formlegu mótmæli sem ekki eru tekin allt of alvarlega, hvort heldur það er gert á vegum sendiherra í London eða orðsending er hér lögð fram við sendiherra breta í Reykjavík. Ég tel að það sé alveg óhjákvæmilegt að ríkisstj. geri meira, hún grípi til ákveðinna gagnráðstafana, eins og ég minntist á, og láta sem sagt ekki þessi formlegu, algengu mótmæli duga.

Ég tók eftir því að það kom fram í þessari mótmælaorðsendingu að íslenska ríkisstj. mundi ekki taka þátt í samningaviðræðum við breta um landhelgismálið a. m. k. á meðan bresku herskipin væru á Íslandsmiðum. Þetta þykir mér heldur lint orðalag, því að hér er beinlínis verið að gefa undir fótinn með að það verði haldið áfram viðræðum við þá, og við þekkjum hvernig að slíkum málum er þá staðið. Það er raunverulega haldið áfram samningaviðræðum og svo þegar þeim er nokkurn veginn lokið, þá eru herskipin látin skreppa út fyrir línuna og plaggið undirskrifað og þá er vitanlega nánast um leikaraskap að ræða. Ég álít að framkoma íslenskra stjórnvalda þurfi að vera miklu harðari í þessum efnum og hér þurfi að koma til ákveðnar aðgerðir. En hæstv. forsrh. sagði að slíkt væri til athugunar hjá ríkisstj.

Ég vil ítreka það að ég tel að réttu viðbrögðin væru þessi: að kalla okkar sendiherra heim

og tilkynna síðan stjórnmálaslit ef herskipin færu inn fyrir mörkin. Síðan væri hægt að grípa til enn frekari ráðstafana sem þeir skildu kannske enn betur. Sem sagt, það sem gera þarf er það sem hefur áhrif í málinu, en ekki aðeins þessi einföldu formlegu mótmæli. Ég vil vænta þess að það, sem kom fram hjá hæstv. forsrh., að þetta væri til frekari athugunar í ríkisstj., þýði það að hún taki afstöðu m. a. til þeirra atriða sem ég hef hér minnst á, aðgerða sem gætu dugað af okkar hálfu.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að lengja þessar umræður, en vil þó nota þetta tækifæri til þess að skora bæði á þingheim og alla íslendinga að standa saman í órofa fylkingu í öllum viðbrögðum og aðgerðum gagnvart þeirri ólögmætu valdbeitingu sem okkur hefur verið sýnd. Við skulum íhuga vel hvert það skref sem við tökum. Slík íhugun er ekki veikleikamerki. Hún er styrkleikamerki. Allar aðgerðir okkar skulu vera gerðar að vel yfirlögðu ráði, þannig að þær nái tilgangi sínum og færi okkur sigurinn: yfirráð yfir íslenskum fiskimiðum.

Sameinað þing, 22. fundur.

Miðvikudaginn 26. nóv., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Ég hef beðið um orðið utan dagskrár á þessum mikla annadegi þingsins vegna þess að upp er komið mjög alvarlegt mál sem þolir enga bið að Alþ. taki föstum tökum.

Svo sem öllum hv. þm. er kunnugt hefur samstarfsnefnd um verndun landhelginnar skorað á allt launafólk í landinu að taka sér frí frá vinnu á morgun til þess að mótmæla öllum samningum við útlendinga um fiskveiðar í landhelginni og til þess að mótmæla herskipainnrás breta. Í þessu skyni höfðu verkalýðsfélög, fjórðungssambönd og landssamtök komið auglýsingum til Ríkisútvarpsins með áskorun til sinna félagsmanna um að þeir legðu niður vinnu á morgun. Við þessum auglýsingum tók auglýsingaskrifstofa Ríkisútvarpsins athugasemdalaust. Síðan gerðist það milli 11 og 12 í morgun, eða nánar til tekið laust fyrir hádegi, að sá úrskurður kom frá útvarpsstjóra að ekki mætti birta auglýsingar sem fælu í sér mótmæli gegn samningum við útlendinga í fiskveiðilandhelginni, ekki mætti birta auglýsingar, sem fælu í sér mótmæli gegn herskipainnrás breta og ekki mætti birta auglýsingar þar sem skorað væri á fólk að leggja niður vinnu. Útvarpsstjóri tjáði samstarfsnefndinni að þessi ákvörðun hefði verið tekin af lögfræðingi Ríkisútvarpsins, Þór Vilhjálmssyni, og hefði hann borið við að slíkar auglýsingar væru brot á hlutleysi útvarpsins.

Í gær birtust auglýsingar frá samstarfsnefndinni sem fólu í sér áskorun um að fólk legði niður vinnu þannig að það, sem var leyft í gær, er ekki leyft í dag.

Nú er mjög skammt síðan rigndi yfir landsmenn óteljandi áskorunum um að konur legðu niður vinnu. Þetta birti Ríkisútvarpið án nokkurra aths. og ekki var þá borið við að hér væri um hlutleysisbrot að ræða. Því er spurning mín til hæstv. menntmrh.: Hvað hefur valdið því að áskorun um að leggja niður vinnu í mótmælaskyni við landhelgissamninga við útlendinga og herskipainnrás breta er allt í einu talin hlutleysisbrot af hálfu Ríkisútvarpsins? Þetta hefur haft það í för með sér að mörg verkalýðsfélög, þ. á m. Alþýðusamband Austurlands og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, hafa ekki getað komið frá sér neinum auglýsingum, þar eð þeir úrslitakostir voru settir að annað hvort væru auglýsingarnar bundnar við að auglýsa fundahöld eða þá að þeim yrði kastað í ruslakörfuna. Nú er það svo að það eru alls ekki öll verkalýðsfélög eða verkalýðssambönd á landinu sem ætla sér að halda fundi, en skora einungis á fólk að leggja niður vinnu og þau fá því engum boðum komið til sinna félagsmanna gegnum ríkisfjölmiðla. Ég vil eindregið skora á hæstv. menntmrh. að aflétta þessu banni þegar í dag til þess að verkalýðsfélögum og verkalýðssamböndum nýtist auglýsingatími Ríkisútvarps og sjónvarps í kvöld og leyfi mér að krefja hann hér skýringa á þessum úrskurði Ríkisútvarpsins.

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja þingstörf og ekki endurtaka neitt af því sem hv. þm. Svava Jakobsdóttir sagði hér. Ég þakka henni fyrir að vekja máls á þessu og hafði reyndar hugsað mér að gera það líka.

Það, sem ég vildi segja hér, er að það er auðsætt að það hefur verið kippt í spottann í stjórn auglýsingadeildarinnar, því að það sem var, eins og hér kom fram, leyft í gær og talið þá löglegt, þ. e. a. s. áskorun til þjóðarinnar um að taka sér frí frá vinnu á morgun og mæta til útifundar, það er orðið ólöglegt í dag. Það er sem sagt staðreynd að útvarpið hefur tekið sér vald til þess að semja sjálft auglýsingarnar fyrir stærstu fjöldasamtök í landinu og því vil ég mótmæla. Ég held að slíkt hafi ekki áður skeð, að Alþýðusambandi Íslands hafi verið neitað um auglýsingar um fullkomlega löglegar athafnir, því að ég ætla að enn séu það lög í landinu að menn geti tekið sér frí frá vinnu ef þeir óska og þurfa og það sé algjörlega innan ramma allra íslenskra laga. Ég skoða þetta auglýsingabann útvarpsins eða öllu heldur sjálftöku um að semja auglýsingar fyrir stærstu fjöldasamtök í landinu sem hreina og ósvifna árás á Alþýðusamband Íslands, á verkalýðshreyfinguna í landinu og það verður áreiðanlega ekki þolað af alþýðusamtökunum.

Ég kveð mér líka hljóðs til þess að vekja athygli fréttamanna á þessum furðulegu athöfnum Ríkisútvarpsins, því að enn trúi ég því að til sé fréttafrelsi í landinu og að fréttir af þessum mótmælum okkar hv. þm. Svövu Jakobsdóttur verði ekki látnar ósagðar, hvorki í fréttum útvarps og sjónvarps né dagblaðanna. En kannske fer það svo. Það á eftir að reyna á það hvort einnig fréttin um þessi mótmæli okkar verður bönnuð eða ekki. Það er kannske næsta skref.

Ég vil sérstaklega beina orðum mínum til hæstv. menntmrh. sem ég þekki að því að vera dreng góðan og vilja ekki vamn sinn vita, að hann kippi hér í taumana áður en í frekara óefni er komið. Ég treysti honum til þess og vona að hann gefi yfirlýsingar í þá átt hér á hv. Alþ. nú þegar.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Hér er vissulega komið upp mál sem hlýtur að vekja athygli almennings í landinu þegar svo er staðið að eins og hér virðist hafa verið gert af hálfu opinberrar stofnunar, Ríkisútvarpsins. Ég vil ekki trúa því fyrr en ég tek á því að hæstv. menntmrh. hafi gefið fyrirskipun um slíkt eins og hér hefur gerst, og ég treysti því að hann komi hér upp á eftir og gefi um það yfirlýsingu að hér sé ekki um að ræða hans forskrift eða fyrirskrift og að hann muni sem ráðh. þessarar stofnunar aflétta þeim ósköpum sem hér hafa átt sér stað, þvingunum gegn löglegum aðgerðum stærstu launþegasamtaka í landinu.

Ég vil því eindregið taka undir það, sem fram hefur komið hjá þeim hv. tveimur ræðumönnum sem hér hafa talað á undan, en ég vil jafnframt spyrja hv. þm. Þórarin Þórarinsson, form. útvarpsráðs, um það, hver skoðun hans sé á þessu máli. Er það hans skoðun, að hér hafi verið löglega og réttilega að farið með bann við auglýsingum um að mótmæla samningum eða um útifund vegna landhelgismálsins? Ég skora á hv. þm. Þórarin Þórarinsson að koma hér upp og lýsa yfir skoðun sinni á því sem hér hefur gerst. Er hann samþykkur þessum aðgerðum eða ekki?

Ég vil einnig beina þessu til hv. þm. Ellerts B. Schram, varaform. útvarpsráðs. Vill hann styðja þessar aðgerðir sem útvarpsráðsmaður. Er það að einhverju leyti vegna þrýstings eða ákvörðunar meiri hl. útvarpsráðs sem þetta hefur gerst, eða er þetta eingöngu tekið upp í viðkomandi stofnun?

Ég vænti þess að bæði hæstv. ráðh. og a. m. k. hv. þm. Þórarinn Þórarinsson upplýsi afstöðu sína til þessa máls, því að það verður vissulega tekið eftir því ef þessi ákvörðun hefur verið tekin í einhverjum tengslum við hugarfar hv. þm. Þórarins Þórarinssonar, sem er form. útvarpsráðs. Ég treysti því, að hann hafi ekki átt hér hlut að máli, eins og ég treysti því að hæstv. menntmrh. hafi ekki lagt á ráðin við slíka meðferð á auglýsingum sem eru að öllu leyti löglegar.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Út af fsp. hv. þm. utan dagskrár vil ég fyrst geta þess að í 5. og 6. gr. reglugerðar um útvarpsauglýsingar eru ákvæði sem eru ætluð til þess að koma í veg fyrir að auglýsingatímar útvarpsins séu notaðir til áróðurs með óeðlilegum hætti og eins til þess að koma í veg fyrir að texti auglýsinga sé óviðunandi að öðru leyti. Ég tel rétt, út af því að þetta mál er vakið hér upp, að rifja upp þessar tvær gr. reglnanna, með leyfi hæstv. forseta.

5. gr. er þannig:

„Auglýsingum skal um efni og lengd haga skv. óskum auglýsenda eftir því sem unnt reynist. Þó skal hafna auglýsingum ef á þeim eru eftirfarandi annmarkar:

1. Ef auglýsing brýtur í bága við íslensk lög.
2. Ef auglýsing eða heiti auglýsanda er mengað ádeilu eða hlutdrægri umsögn um stjórnmálaflokka, stefnur í almennum málum, félagsheildir, stofnanir eða einstaka menn.
3. Ef auglýsing brýtur í bága við almennan smekk eða velsæmi.
4. Ef auglýsing er ekki á réttu íslensku máli.
5. Ef auglýsa á áfengi eða tóbak.
6. Ef auglýsa á peningalán, hjónabandsmiðlun, hvers konar spádóma eða dulrænar lækningar.
7. Ef flytja á afmæliskveðjur til einstakra manna.

Auglýsingaskrifstofu er heimilt að gera breytingar á texta auglýsingar ef nauðsynlegar eru til þess að hún samrýmist þessum reglum, enda skulu breytingarnar gerðar í samráði við auglýsanda. Ef ekki næst til auglýsanda skal auglýsingu skotið á frest eða hún felld niður, fremur en að efni hennar sé verulega raskað eða gildi hennar rýrt án samþykkis hans."

Í 6. gr. segir svo:

„Gæta skal þess stranglega að auglýsingar frá stjórnmálaflokkum eða stjórnmálafélögum eða auglýsingar í þágu slíkra samtaka séu með öllu lausar við áróður eða árásir.

Slíkar auglýsingar mega vera:

1. um fundi eða aðrar samkomur og má þá nefna fundarstað og tíma, ræðumenn, fundarefni, (sbr. þó 1. málsgr.),
2. um skrifstofur, heiti skrifstofu, stað og símanúmer og
3. leiðbeiningar til kjósenda um kosningu, t. d. utan kjörstaðar.

Auglýsingar um efni blaða, tímarita, bæklinga eða bóka skulu vera með öllu lausar við áróður eða árásir."

Þannig er sem sagt 5. og 6. gr. sem ég áðan nefndi og fela í sér ákvæði um þetta efni.

Framkvæmd þessara reglna er, eins og ég ætla að öllum hv. alþm. sé kunnugt, í höndum yfirmanna útvarpsins. Og sannleikurinn er sá, að það hefur áður þurft að beita ákvæðum þessara greina í sambandi við auglýsingar.

Ég frétti um þetta atvik fyrst núna, ég held kl. 20 mín. gengin í tvö. Ég hafði ekki séð eða heyrt auglýsingar og sem sagt ekkert heyrt um aðdraganda málsins fyrr en þá, að einn fyrirspyrjandi sagði mér frá því að hann hefði hug á að spyrjast fyrir um þetta atriði hér. Ég er þess vegna ekki kunnugur málinu í einstökum atriðum, veit ekki hvernig auglýsing hefur litið út þegar hún kom til auglýsingastofunnar né heldur hverjar breytingar voru á henni gerðar.

Ég mun ekki eiga hlut að því að rifta ákvörðunum stjórnenda útvarpsins um þetta atriði eða önnur nú eða í annan tíma með skyndiaðgerðum. Komi upp ágreiningur, eins og t. d. hér hefur upp komið, verður auðvitað um hann fjallað

skv. lögum og starfsvenjum, og má þá m. a. vísa til 7. gr. í þessum reglum, en þar segir einmitt:

„Sé hljóðvarpsdeild í vafa um hvernig með auglýsingu skuli fara skv. reglum þessum skal bera auglýsinguna undir útvarpsstjóra. Heimilt er útvarpsstjóra að skjóta vafaatriðum undir úrskurð útvarpsráðs. Snerti vafaatriði óhlutdrægni ber að leggja það fyrir útvarpsráð ef þess er kostur.“

Þá hef ég, herra forseti, lokið svari mínu til hv. fyrirspyrjenda.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Það vantar nú ekki nema nokkrar vikur upp á að 30 ár séu liðin síðan ég byrjaði að vinna hjá Ríkisútvarpinu. Ég hef fylgst allnáið með starfsemi þess á þessu tímabili. Ég staðhæfi að ekkert fordæmi sé um það að auglýsingu frá stéttarsamtökum, sem ná til hér um bil 3/4 hluta landsmanna, hafi verið synjað á þeim forsendum sem hér um ræðir.

Við skulum gá að því, að hér voru ekki stjórnmálaflokkar að koma á framfæri pólitískum áróðri. Það var ekki verið að auglýsa tilraunalækningar eða áfengi eða tóbak. Það var verið að hvetja landsmenn til þess að sýna samstöðu, þá samstöðu sem gjarnan hefur verið rætt um nú síðustu dagana af hálfu íslenskra ráðherra, samstöðu í landhelgismálinu gegn erlendu ofbeldi, samstöðu um málstað Íslands í landhelgismálinu. Við vitum ósköp vel að hér var tekið í spotta, eins og hv. þm. Björn Jónsson orðaði það. Við vitum ósköp vel að yfirstjórn útvarpsins var falið með pólitískri pressu að koma í veg fyrir þessar auglýsingar. Það virðist sem sagt samrýmast málstað ríkisstj. í landhelgismálinu að koma í veg fyrir það að landsmenn geti látið í ljós vilja sinn.

Samkv. upplýsingum hæstv. menntmrh. mun verða fjallað um það a. m. k. fram yfir helgi hvort leyfa eigi að auglýsa í Ríkisútvarpinu fundi og löglegar félagslegar aðgerðir sem samrýmast lýðræðisvitund hvers einasta ærlegs manns — aðgerðir sem fram eiga að fara á morgun.

Afstaða hæstv. menntmrh. til þessa máls, sem hann kvaðst ekki hafa vitað um fyrr en klukkan að verða hálftvö, benda til þess að upphaf á afgreiðslu þess þingmáls, sem fjalla á um í dag, eigi að vera í grunsamlega miklu samhengi við eðli þess.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður talaði hér í miklum undrunar- og hneykslunartón um það að yfirvöld Ríkisútvarpsins hygðust koma í veg fyrir auglýsingar um aðgerðir sem samræmdust lýðræðisvitund þjóðarinnar. Hann gat þess að aldrei áður hefði verið neitað um leyfi til auglýsingar eða neitað að taka auglýsingu frá samtökum sem í væru u. þ. b. 3/4 hlutar þjóðarinnar. Þetta hljómar í fljótu bragði vel, ef mönnum væri ekki fyllilega ljóst að þessir ¾ hlutar þjóðarinnar hafa ekki gefið neitt umboð til handa stjórnendum launþegasamtaka til þess að beita samtökunum í stórpólitískum tilgangi. Þetta samræmist að mínu viti ekki lýðræðisvitund þjóðarinnar. Þetta er misnotkun á launþegasamtökum þjóðarinnar. Og það sýnir sig best hvað þarna liggur að baki þegar upp standa tveir þm. Alþb. og því miður með formann Alþýðusambandsins í slagtogi með sér. Ég harma — (Gripið fram í). Ég veit ekki textann sem bannaður var, en honum var lýst í máli hv. fyrsta ræðumanns. Og ég hlýddi á texta þeirra auglýsinga sem birtar voru í hádeginu. Aðeins það, að boðað var til á vegum launþegasamtakanna og á vegum einstakra félaga hvers af öðru til útifundar um jafnstórt pólitískt deilumál, það vakti mig til umhugsunar um það, hvar á vegi lýðræði í þessu landi væri statt.

Það er bara svo, að samtök með þúsundir manna innan sinna vébanda eru dálítið annað en fámennt lið manna sem hefur verið kosið til forustu í þessum samtökum. Ég hef litið svo á, og svo mun og gera fjöldi manns í þessu landi, að launþegasamtökin séu fyrst og fremst til þess að berjast fyrir stéttarhagsmunum og fyrir almennum hagsmunum þess fólks sem í samtökunum er, en ekki til þess að beita sér fyrir annan aðilann aðeins í stórpólitískum og mjög viðkvæmum átökum með þjóðinni sjálfri.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. nefndi að allt, sem málið hefði snúist um í þessum auglýsingum, hefði verið það að hvetja þjóðina til samstöðu. Samtökin eða samstarfsnefndin, sem á bak við auglýsingar hinna ýmsu félaga stendur, og ályktanir, sem frá þeirri nefnd hafa komið, eru sannarlega ekki þess eðlis að það sé hægt að segja að það hvetji þjóðina til samstöðu. Með þessum auglýsingum er verið að misbeita verkalýðssamtökum landsins til þess að efla sundrung með þjóðinni.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Hv. 5. þm. Vestf. beindi til mín fyrirspurn í tilefni af því máli sem hér er til umræðu. Ég verð því miður að svara honum því, að ég er ekki viðbúinn á þessu stigi að svara spurningu hans, í fyrsta lagi vegna þess að ég hef ekki séð þær auglýsingar, sem hér er um að ræða, og ég hef ekki heldur haft tækifæri til að kynna mér hvernig reglugerð útvarpsins um þetta er háttað eða hvernig framkvæmd í þessum efnum hefur verið háttað. Að sjálfsögðu verður það að liggja fyrir áður en hægt er að fella endanlegan dóm um þetta. Það er ekki heldur mitt sem formanns útvarpsráðs að kveða upp neinn úrskurð um þetta, heldur væri það þannig ef málið færi til útvarpsráðs, að þá yrði það að fella þann úrskurð í heild, og áður en það hefur tekið afstöðu eða málið kynni að koma þangað, þá vil ég ekkert um það segja hver niðurstaðan yrði þar. Ég held að það hafi aldrei komið fyrir í útvarpsráði, ekki svo að ég muni, að svipað mál og þetta hafi komið fyrir þar. Og það er ein ástæðan til þess að ég er óviðbúinn að svara þessari fyrirspurn.

Ég vil hins vegar láta það koma fram alveg skýrt, að ég trúi því ekki að hér sé um neina pólitíska misbeitingu að ræða eða það sé verið að beita hér valdi af pólitískum ástæðum. Ég þekki útvarpsstjórann Andrés Björnsson það vel að ég tel hann manna ólíklegastan til þess að fella úrskurð af pólitískum ástæðum og síst í máli eins og þessu. Ég veit að það eitt mun ráða

hans aðgerðum í þessum málum sem að hann álítur að sé rétt og samkv. reglum sem hann á að fara eftir. Og ég hygg að hv. 2. landsk. þm., Benedikt Gröndal, sé alveg reiðubúinn til þess að vitna með mér um þessa afstöðu útvarpsstjóra. Þess vegna mótmæli ég því að hann sé borinn slíkum sökum eins og hafa komið fram í þessum umr. Ef hann hefur komist að þessari niðurstöðu, þá er það vegna þess að hann álítur að það sé rétt samkv. þeim reglum sem hann á að fara eftir, en ekki af pólitískum ástæðum.

Það var minnst hér á fréttastofur hljóðvarps og sjónvarps í þessu sambandi og hvort slík áskorun eins og sú, sem hér um ræðir, ætti að birtast þar. Mín skoðun er sú að hér sé um frétt að ræða sem sjálfsagt sé að segja frá. Í þeim efnum skiptir það ekki máli hvort menn álíta að viðkomandi félagsskapur fari löglega að eða ekki. Þetta er frétt út af fyrir sig sem eðlilegt er að sagt sé frá. Og ég man ekki betur en að í sjónvarpsfréttum í gær væri sagt frá áskorun þeirrar n., samstarfsnefndar sem hefur verið stofnuð um þessi mál. Ég þori ekki að segja hvort það hefur verið í fréttum hljóðvarpsins einnig, en í sjónvarpsfréttum var það, og að sjálfsögðu verður sagt frá því í fréttum því að þetta er frétt, hvaða álit sem menn hafa á þessum verknaði að öðru leyti.

Hins vegar finnst mér rétt að láta það koma fram að reglur um auglýsingar eru miklu strangari en um fréttir. Fréttir eiga að vera opnar, að svo miklu leyti sem hægt er. Öðru máli gegnir um auglýsingar. Það er alls konar þrýstingur frá bæði þrýstihópum og fyrirtækjum um að koma inn atriðum í auglýsingar sem ekki samrýmast því að þær eigi að vera hlutlausar. Þess vegna þurfa þeir starfsmenn útvarpsins, sem um þessi mál fjalla, að vera vel á verði.

Því miður þá get ég ekki á þessu stigi svarað fyrirspurn hv. 5. þm. Vestf. á annan veg en ég hef þegar gert, vegna þess að ég hef ekki haft aðstöðu síðan hann bar þessa spurningu fram til þess að gera mér nægilega ljóst hvað ég mundi segja eða hvað ég mundi úrskurða í þessu máli ef það kæmi til mín.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það er alveg ljóst hvað hefur gerst í þessu máli. Það er alveg ljóst að stjórnendur Ríkisútvarpsins, sem hafa breytt um skoðun frá deginum í gær, hafa ekki gert það nema vegna þess að einhver aðili, sem þeir hafa talið sér skylt að taka mark á, hefur komið því á framfæri við þá, af hvaða orsökum svo sem það er, að þeim beri að breyta þeirri niðurstöðu sem þeir komust að í gær. Þetta liggur að sjálfsögðu alveg ljóst fyrir vegna þess að frá deginum í gær hefur Ríkisútvarpið breytt þeirri niðurstöðu sem það tók í þessu máli. Hins vegar kemur mér það ekkert á óvart þó að hvorki hv. þm. Þórarinn Þórarinsson né hæstv. menntmrh. vilji við það kannast fyrir þjóðinni að þeir eigi nokkurn hlut að þessu máli. Það kemur mér ekki á óvart. Það kemur mér hins vegar meira á óvart, að það skuli eiga að sakfella okkur, sem höfum athugasemdir við þetta að gera, fyrir það að með þessu séum við að veitast persónulega að útvarpsstjóra.

En það hefur glögglega komið fram í umr. hér úr pontu hvers vegna menn telja að þessi niðurstaða, sem fengist hefur í dag, eigi að gilda. Það kom glögglega fram í máli hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur hvers vegna menn hafa komist að þessari niðurstöðu. Það er vegna þess að það er skoðun þeirra sem ráða, hverjir svo sem það eru, að launþegasamtökin í landinu eigi ekki að beita sér í máli eins og landhelgismálinu, slíkt mál sé launþegasamtökunum í landinu óviðkomandi, landhelgismálið komi Alþýðusambandi Íslands ekki við, það sé ekki kjaramál, það sé Alþýðusambandinu, það sé stéttarhreyfingu hins vinnandi fólks óviðkomandi. Þetta er ástæðan fyrir þeirri ákvörðun sem Ríkisútvarpið hefur tekið, og það er lærdómsríkt og íhugunarvert fyrir þjóðina að veita þessum orðum athygli.

Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir dró það í efa að forustumenn verkalýðshreyfingarinnar í landinu — rétt kjörnir forustumenn verkalýðshreyfingarinnar í landinu — hefðu umboð frá félagsmönnum sínum til þess að hafa skoðun í landhelgismálinu. En ég leyfi mér að fullyrða að þeir forustumenn verkalýðshreyfingarinnar hafa meira umboð frá sínum félögum til þess að hafa þá skoðun, sem þeir hafa í landhelgismálinu, heldur en hv. þm. Sjálfstfl. hafa frá sínum kjósendum til þess að gera það sem þeir eru að gera hér í dag.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Þar sem ég hef verið beðinn um að vitna í þessu máli, þá kveð ég mér hljóðs til þess að upplýsa að ég hef ekki kippt í neina spotta í þessu máli og það er nú fyrst, þegar þetta mál er tekið fyrir hér utan dagskrár í hv. Sþ., að mér er kunnugt hvers eðlis það er.

Það er upplýst að útvarpsstjóri hefur ákveðið að leyfa ekki einhverjar tilteknar auglýsingar sem frá ákveðnum aðilum hafa borist, og í því sambandi hefur hann vitnað, að mér skilst, í reglugerð útvarpsins.

Það hlýtur að vera skylda stjórnenda útvarpsins að fara eftir þeim reglugerðum sem um þá stofnun gilda, og ef menn eru óánægðir með ákvarðanir sem teknar eru af þeim sökum, þá er eðlilegast að beina spjótum sínum að reglugerðunum, en ekki að þeim embættismönnum sem gera sitt besta til að fara eftir þeim. Ég tel að samstarfsnefnd sú, sem hér um ræðir, hafi fengið gott rúm í Ríkisútvarpinu, bæði í útvarpi og sjónvarpi, bæði í fréttum og auglýsingum, að undanförnu og þurfi í sjálfu sér ekki undan því að kvarta að lagst hafi verið á hennar tilkynningar eða hennar málefni. Ég tel að bæði hún og verkalýðshreyfingin sem slík verði að skilja það að þessir aðilar eru ekki hafnir yfir reglugerðir hjá þessari ríkisstofnun frekar en aðrir aðilar í þessu þjóðfélagi (Gripið fram í.) Ég vil segja það sem mína skoðun að það er fullkomlega ástæðulaust að vera að banna auglýsingar hjá kvennasamtökum, Vörðu landi, verkalýðshreyfingu eða þeirri samstarfsnefnd sem hér um ræðir. Ef þessi samtök hafa áhuga á því að auglýsa sín fundahöld og sín hugðarefni, þá finnst mér fullkomlega eðlilegt að slíkar auglýsingar séu leyfðar. Ef hins vegar orðalag orkar tvímælis í aug-

lýsingum sem frá slíkum aðilum koma, þá er eðlilegast að gera tilraun til að lagfæra það, þannig að það falli að þeim reglum sem um auglýsingar gilda, og þannig ætti undir venjulegum kringumstæðum samkomulag að nást.

Ef útvarpsráð fær málið til meðferðar t. d. núna, þá mundi útvarpsráð væntanlega skoða þessar auglýsingar, sem ég hef t. d. ekki séð enn þá eða heyrt, og reyna að meta þær út frá þeim reglugerðum sem í gildi eru, algerlega án tillits þess hver eigi í hlut eða hvaða málefni er um að ræða.

Ég hef ekki á móti því að fundahöld séu auglýst. Það meiðir hvorki mig né minn flokk að einhverjir aðilar hafa áhuga á fundahöldum eða koma sínum málum á framfæri, og ég mótmæli því hér að Sjálfstfl. hafi minnsta áhuga á því að beita pólitísku valdi í afskiptum sínum af Ríkisútvarpinu. Sjálfstfl. sem slíkur hefur ekki kippt í spottana og hvorki ég sem meðlimur í útvarpsráði né þingflokkur Sjálfstfl. hefur haft minnstu afskipti af þessu máli.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég held það liggi alveg ljóst fyrir hvers vegna breyting hefur orðið á frá því í gær og þar til í dag. Þá fyrst er ljóst varð hve samstaðan var mikil innan launþegasamtakanna um þessar aðgerðir, þá fyrst þegar það varð ljóst hve þessi samstaða, hve þessi eindregni vilji kom víða frá, þegar það var ljóst þá orsakaði það vissa hræðslu sem orsakaði aftur visst valdboð, hvaðan svo sem það er komið. Þetta held ég að sé alveg ljóst. Og það er auðvitað ekki að ástæðulausu þegar samstaðan er svo ljós og greinileg sem raun ber vitni að þá verði menn hræddir.

En ég stend hér upp að alveg gefnu tilefni og ekki að ástæðulausu. Ég veit að í verkalýðsfélögunum á Austurlandi hafa nú verið haldnir fundir í stjórnum og trúnaðarráðum þessara félaga og sums staðar jafnvel lengra farið og víðar, og þar hafa menn einróma, án tillits til allra stjórnmálaflokka, samþykkt að senda slíkar áskoranir og standa að þessum málum á þann hátt sem samstarfsnefndin lagði til. Þeir hafa alveg sérstaklega nú með tilliti til þess hver er æðstur yfirmaður þessara mála, hæstv. menntmrh., m. a. góðir vinir okkar beggja, þeir hafa alveg sérstaklega viljað vita það og ekki að ástæðulausu hver afstaða hæstv. menntmrh. væri til þessa máls, hvort hann legði hér blessun sína yfir. Ég tel það því miður — og menn hafa það þá — að með orðum sínum áðan hafi hann lagt blessun sína hér yfir.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Athugasemdin verður stutt. Við fengum að heyra það áðan hjá formanni útvarpsráðs, formanni þingflokks Framsfl., að honum væri ókunnugt um að útvarpsráð hefði nokkurn tíma þurft að fjalla um ágreiningsatriði varðandi útvarpsauglýsingar af þessari tegund. Þetta veit ég að er rétt. Þegar gengu í útvarpi og sjónvarpi veturinn 1973—1974 látlausar auglýsingar frá samtökum sem kölluðu sig Varið land og sýsluðu um mál sem var vissulega pólitísks eðlis: „Íslendingar, munið undirskriftasöfnunina. Varið land“ — þá var ekki fundið til forráttu þeirri auglýsingu að þar var ekki verið að boða fund. Afstaða útvarpsstjóra, sem er hinn mesti sómamaður, það get ég tekið undir, — afstaða hans í þessu máli er eðli þess óviðkomandi. Þið skuluð bara þurrka af ykkur hræsnissvipinn þess vegna, hv. þm. Þið vitið það jafnvel og ég að ástæðan fyrir breyttri afstöðu útvarpsstjóra frá því í gær til dagsins í dag var sú, að ríkisstj., aðilar, sem hún hefur í hendi sér, beittu áhrifum sínum til þess að koma í veg fyrir að auglýsingin yrði birt. (Gripið fram í.) Hér er um að ræða valdníðslu af tegund sem við könnumst við, þó að henni hafi ekki verið beitt á þessum vettvangi fyrr, — valdníðslu sem ber nokkurn vott um það með hvers konar samvisku stjórnarþm. hér, stjórnarliðið ætlar að ganga til afgreiðslu veiðiheimildar handa vesturþjóðverjum í fiskveiðilögsögunni okkar.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég vil lýsa vonbrigðum mínum með ummæli hæstv. menntmrh. Ég tók þau á sama veg og hv. þm. Helgi Seljan, og mér sýnist að æðsti maður þessarar stofnunar sé hér með búinn að innsigla að þessi ákvörðun stendur óbreytt og það þykir mér miður af jafngóðum dreng og hæstv. menntmrh. er þó. En aðaltilefni þess, að ég kom hér upp aftur, voru ummæli hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur. Ég get ekki látið ummælum, sem hún viðhafði, ómótmælt. Mér finnst það furðulegt af hv. þm. að hann skuli lýsa því hér yfir að forustumenn Alþýðusambands Íslands, forustumenn sjómannasamtakanna, forustumenn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands séu að beita þessum samtökum í stórpólitískum tilgangi varðandi mál sem þeim kemur ekki við.

Það kemur líklega ekki við umbjóðendum þessara manna hvað verður gert hér í dag, á morgun eða föstudag varðandi samþykkt á veiðiheimildum til handa útlendingum, sem allar líkur benda til að innleiði einhverja mestu kjaraskerðingu til handa launafólki sem um getur um áratugi í landinu. Það er líklega óviðkomandi meðlimum Alþýðusambands Íslands hvernig farið er með slíkt mál. Ég trúi því ekki að þetta sé í raun og veru skoðun þessa hv. þm. En sé svo, þá hefur vissulega risið upp hér á Alþ. í dag fulltrúi þeirra skoðana sem mest bar á á fyrstu árum íslenskrar verkalýðshreyfingar í baráttu gegn henni. Þá er hér að koma upp á yfirborðið sú skoðun sem þá var ríkjandi, á þeim tíma sem íslensk verkalýðshreyfing var að heyja það stríð sem hún þurfti að heyja til þess að fá viðurkenningu sem samningsaðili gagnvart vinnuveitendum. Mér óar við því ef fleiri slíkir fulltrúar rísa hér upp á Alþ. til þess að hamra á þessu hættulega sjónarmiði, — hættulega sjónarmiði, segi ég, gagnvart verkalýðshreyfingunni í landinu. Hér er þá komið upp hið sannkallaða og ómengaða íhalds- og auðvaldssjónarmið, og það virðist vera að þessi hv. þm. verði fyrstur til þess nú að hampa því sjónarmiði.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal ekki misnota tímann hér með langri ræðu, hæstv. forseti, en þegar orð hafa fallið hér um verkalýðshreyfinguna á þann veg sem hv. þm. Ragn-

hildur Helgadóttir leyfði sér að gera, þá er erfitt fyrir mann í minni stöðu að sitja lengi í sæti sínu.

Hv. þm. Ellert B. Schram sagði að Sjálfstfl. hefði ekki áhuga á því að banna auglýsingar sem þær sem hér um ræðir, eða frá aðilum sem hér um ræðir. Ég vona að þetta sé hreinskilnislega mælt og hef enga ástæðu til þess að draga það í efa hjá þessum hv. þm. En það var annar þm. flokksins búinn að taka til máls áður og þar kvað við annan tón og hvort þeirra túlkar stefnu Sjálfstæðisfl. í þessum efnum, það kemur síðar í ljós.

Það fer ekkert á milli mála að með þeirri ráðstöfun, sem nú hefur verið gerð með því að banna tilteknar auglýsingar í Ríkisútvarpinu, er beitt ofbeldi gagnvart verkalýðshreyfingunni í landinu. Það er ekkert vægara orðalag sem þar á við. Hér er ekki spurningin um að lagfæra orðalag á auglýsingum. Auðvitað hefði það verið hægt ef orðalagið hefði brotið í bága við reglur Ríkisútvarpsins. Það er ekki um það að ræða, heldur um innihald og efni auglýsingarinnar. Það er það sem er bannað. Það er það veigamikla í málinu.

Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir sagði að hér væri um að ræða misnotkun á launþegasamtökum og það væru umboðslausir menn sem hefðu verið að taka ákvarðanir og þessar ákvarðanir samræmdust ekki lýðræðisvitund þjóðarinnar. Og hún sagði enn fremur að það væri fyrst og fremst verkefni launþegasamtakanna að berjast fyrir stéttarhagsmunum launþeganna, en ekki að blanda sér í pólitísk mál eins og þau sem hér um ræðir.

Ég veit að ef þessi hv. þm. hugsaði sig betur um, þá sæi hún áreiðanlega að það er erfitt að greina í milli hvað eru stéttarhagsmunir launþeganna og hvað eru hin stórpólitísku mál í landinu. Þetta fer nefnilega yfirleitt alltaf saman. Stórpólitíkin er fyrst og fremst það að takast á um skiptingu auðæfanna í landinu. Það er stórpólitíkin, og það eru fyrst og fremst hagsmunir launþeganna. Það eru líka nú hagsmunir launþeganna í landinu ef svo á að fara fram sem horfir að samningurinn við vestur-þjóðverja verði samþykktur sem mynstur að öðrum samningum sem koma í kjölfarið. Þá er búið að ráðstafa upp undir helmingi af þeim fiskafla sem sérfræðingar okkar og ekki aðeins okkar, heldur einnig breskir — telja að megi veiða hér við land á næstu tímum. Hvað segir þetta okkur? Það segir okkur það að við verðum að skera niður okkar afla í sama mæli ef við ætlum að taka mark á aðvörunum sérfræðinganna.

Ég ætla ekki að hafa hér mörg orð um. En það er alveg ljóst að það fólk, sem sat á þingi Verkamannasambandsins um síðustu helgi og er fulltrúar einmitt þessa fólks sem á að hafa atvinnu sína af því að vinna við fiskiðnaðinn í landinu, þetta fólk sá ákaflega vel hvert stefndi og það var með algerlega opin augu fyrir því sem það samþykkti algerlega einróma, alveg án tillits til flokkaskiptingar manna á þessu þingi, en þar voru auðvitað menn af öllum flokkum, — samþykkti einróma hina harðorðu ályktun sem þar var gerð. Það var vegna þess að fólk vissi það, það fann það og vissi að það var að berjast fyrir sínum hagsmunum jafnframt því sem það var að berjast fyrir alþjóðarheill.

Ég vil meina það, að þegar slíkt þing samþykkir ályktun eins og ég trúi að hv. alþm. hafi þegar lesið, þá séu það ekki umboðslausir menn sem nú eru að tala fyrir verkalýðshreyfinguna í landinu. Þeir hafa áreiðanlega sterkt umboð til þess að hvetja til þess að allt verði gert nú til þess að snúa við á þessari óheillabraut og m. a. að taka sér frí á morgun. Það er ekkert ólöglegt við það. Og hér vill enginn við það kannast að hafa vitað um eða staðið að þessum gjörðum Ríkisútvarpsins í dag. Ég ætlaði að minnast hér á kvennafríið og allt auglýsingaflóðið þá, en á nákvæmlega sama hátt er fólk nú hvatt til að taka sér frí frá störfum til þess að mótmæla því, að gerðar verði ráðstafanir sem bókstaflega blasir við að hljóti að rýra kjör fólksins, og ekki síður og alveg sérstaklega að mótmæla ofbeldi bretanna þegar þeir koma nú með sín vopnuðu skip inn í okkar landhelgi.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Mér er ljóst að mest af því, sem hér er sagt, getur eins vel átt heima í umr. um dagskrármálið, en ég vil þó ekki sitja þegjandi undir því að hér komi hver þm. af öðrum og undrist það að einn þm. skuli standa upp á Alþ. og hafa eitthvað við það að athuga að þeir, sem kjörnir eru til forustu í launþegasamtökum, beiti sér fyrir hönd þeirra samtaka í algerlega pólitísku máli þar sem vitað er að meðlimir launþegasamtakanna hafa skiptar skoðanir. Vitanlega hafa forustumenn þessara samtaka rétt til að hafa sínar skoðanir eins og við öll, en að mínu viti — og ég hygg að svo hugsi fleiri — hafa þeir ekki rétt til þess að binda hendur fjölda manna sem hefur allt aðrar skoðanir þegar um annað mál er að ræða en beinlínis kjarabaráttumál.

Nú er það rétt, sem hér er haldið fram, að vitanlega snertir þetta mál kjör manna í launþegasamtökunum — og það mjög — það snertir kjör hvers einasta íslendings. Munurinn er aðeins sá, að það eru skiptar skoðanir um það hvora leiðina — samningaleiðina eða hina — á að fara til þess að bæta kjör íslendinga með þeim hætti að sem mestum árangri verði náð í landhelgismálinu. Og ég mótmæli því, að það, sem ég hef hér sagt, eigi eitthvað skylt við baráttu milli kapítalisma og verkalýðs. Það er eins og oft gerist í málflutningi ýmissa þeirra hv. þm., sem hér hafa talað, að þar er ruglað saman hugtökum og reynt að finna einhverja yfirbreiðslu yfir hlutina til þess að rugla staðreyndum. Rétt eins og þegar stórpólitískar aðgerðir á að framkvæma undir flaggi verkalýðssamtaka, þá er það allt annar hlutur heldur en þegar samtök, sem vinna að pólitískum verkefnum í sínu nafni, pólitískir flokkar eða annað því um líkt, auglýsa og framkvæma sína starfsemi eða sínar aðgerðir. Því stend ég við það, sem ég hef áður sagt, að það er tilefni til þess hér að vekja athygli á því að í aðgerðum eins og forustumenn launþegasamtaka ætla sér að standa fyrir, þá er um að ræða pólitíska misnotkun á hinum fjölmennu alþýðusamtökum.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Það var aðeins örstutt athugasemd eða raunar tvær.

Mér virtist hv. 5. þm. Vestf. og hv. 7. landsk. ekki almennilega hafa náð minni afstöðu áðan. Ég sagði sem var, ég frétti um þetta fyrst rétt fyrir kl. hálftvö, og það er best ég endurtaki orðrétt þeirra vegna það sem ég áðan sagði: „Ég mun ekki eiga hlut að því að rifta ákvörðunum stjórnenda útvarpsins nú eða í annan tíma með skyndiaðgerðum.“ Í þessu tilfelli byggist það m. a. á því, að mér eru ekki kunnug málsatvik á þessari stundu. Svo er mér nú ekki alveg ljóst hvort ég hefði vald til þess þó að ég kynni að vilja gera slíkt. En þetta vil ég að liggi alveg ljóst fyrir og minni einnig á hitt, sem ég sagði og vitnaði m. a. til 7. gr. í reglugerðinni, að um þetta mál fer á sama hátt og önnur hliðstæð mál þegar ágreiningur kemur upp, að þá gengur það sína boðleið.

En svo var það annað atriði sem ég vildi aðeins víkja að. Þrír hv. alþm., 5. þm. Vestf. 7. landsk. og 8. landsk., reyndu allir að gera það tortryggilegt að ekki hefði farið út í dag auglýsingar með sams konar textum og voru teknar í gær.

Ég held nú að flestum hljóti að vera ljóst að það þarf ekkert að vera óeðlilegt við þetta. Ég geri varla ráð fyrir því að það sé mikið legið yfir orðalagi auglýsinga dagsdaglega þó að menn líti á það. Ég geri ráð fyrir því. En í þessu tilfelli við nánari athugun og við endurtekningu á orðalagi sem ekki sýnist að dómi útvarpsstjórnenda í samræmi við ákvæðin í reglugerðinni sem ég vék að áðan, þá er auðvitað ekkert óeðlilegt við það þó að í fyrstu hafi menn ekki veitt þessu athygli, en við endurtekningu sé þetta tekið til athugunar. Og ég vil láta það koma fram hér að mér finnst ákaflega óviðfelldið, svo að ekki sé meira sagt, að hver hv. þm. af öðrum skuli koma og bera það hér á borð að útvarpsstjóri hafi verið kúgaður til rangsleitni og valdníðslu. Mér finnst það mjög óviðfelldið, og það því fremur sem ég hygg að fáir menn séu honum ólíklegri til þess að níðast á nokkru því sem honum er til trúað.

Samkomulag við Sambandslýðveldið Þýskaland um veiðar þýskra togara, þáltill. (þskj. 85). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Sameinað þing, 23. fundur.

Miðvikudaginn 26. nóv., að loknum 22. fundi.

Samkomulag við Sambandslýðveldið Þýskaland um veiðar þýskra togara, þáltill. (þskj. 85). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá ákvörðun umr. — Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Áður en ég kem að efni þeirrar þáltill., sem hér er til umr., langar mig að segja nokkrar setningar út af því máli sem hér var til umr. áðan. Mér dettur í hug hvort það sé virkilega nokkur maður í landinu til sem viti ekki um fyrirætlanir samstarfsnefndar um fundahöld eftir allar þær auglýsingar, sem lesnar hafa verið og birtar í fjölmiðlum. Hafi sá maður verið til fyrir daginn í dag, þá fær hann áreiðanlega þessa vitneskju eftir umr. hér því að betri auglýsingu hygg ég tæplega hægt að fá heldur en þá sem hér hefur farið fram. Persónulega tel ég að slíkar auglýsingar eigi að birtast, og ég afneita því algerlega, sem hér hefur verið gefið í skyn, að ég eigi einhvern þátt í því að umrædd ákvörðun var tekin.

Að þessum fáu orðum sögðum vil ég leyfa mér að gera með nokkrum orðum grein fyrir þeirri þáltill. um heimild fyrir ríkisstj. til að ganga frá samkomulagi við ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýskalands um veiðar þýskra togara, eins og till. á þskj. 85 heitir.

Till. sú, sem hér er til umr., fjallar um það að Alþ. veiti ríkisstj. heimild til að ganga frá samkomulagi við ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýskalands í samræmi við orðsendingu sem prentuð er með ályktun á þskj. 85.

Í ályktun Alþ. frá 15. febr. 1972 segir, að haldið skuli áfram samkomulagstilraunum við ríkisstjórnir Bretlands og Sambandslýðveldisins Þýskalands um þau vandamál sem skapast vegna útfærslu fiskveiðilandhelginnar.

Viðræður við Sambandslýðveldið Þýskaland hafa farið fram af og til undanfarin 3 ár og fjölmargir viðræðufundir verið haldnir, bæði hér í Reykjavík og í Bonn. Strandaði lengi vel á því að þjóðverjar reyndust ófáanlegir til að falla frá því að nota frystitogara á Íslandsmiðum. Miðuðu þjóðverjar þá við að ef þeir ættu að fá hlutfallslega sama aflamagn á Íslandsmiðum á grundvelli fyrri veiða og bretar fengu með samkomulaginu frá 1973 gætu ísfisktogarar þeirra, 40 að tölu, ekki náð því magni og yrði því að nota tiltekinn fjölda frystitogara til að brúa bilið. Á þetta var ekki fallist af Íslands hálfu. Jafnframt var ágreiningur um hversu langt frá ströndum landsins þýskir togarar skyldu halda sig svo og um aflamagn.

Síðustu viðræður við Þjóðverja fóru fram í Reykjavík 28. og 29. okt. 1975 og í Bonn 19. og 20. nóv. 1975. Í þeim viðræðum og í framhaldi af þeim var þrautreynt hversu langt málum yrði þokað til samkomulags. Liggur nú fyrir að samkomulag geti tekist, svo sem í hjálögðu fylgiskjali segir.

Þetta samkomulag, sem hér er lagt fyrir Alþ. í formi heimildar til ríkisstj., er í 10 liðum.

Í fyrsta lagi er miðað við 200 mílna svæðið samkv. reglugerðinni frá 15. júlí 1975 um fiskveiðilandhelgi Íslands, þ. e. a. s. núgildandi fiskveiðimörk íslendinga.

Í öðru lagi segir að heildarársafli skipa skrásettra í Sambandslýðveldinu Þýskalandi skuli ekki fara fram úr 60 þús. tonnum og að af því magni verði þorskafli ekki meiri en 5 þús. tonn. Það hefur að sjálfsögðu verið eitt af skilyrðum fyrir samningsgerð af Íslands hálfu að lækka aflamagnið sem mest. Þjóðverjar fóru lengi fram á 95 þús. tonn og síðar 85 þús. tonn, — áður fyrr veiddu þeir um 120 þús. tonn og sá marg-

nefndi og illræmdi Haagdómstóll dæmdi þeim 119 þús. tonn, — en niðurstaðan nú er sem sagt 60 þús. tonn, eins og ég áðan sagði, og þar af ekki meira en 5 þús. tonn af þorski. Við mat á þessu atriði hefur af Íslands hálfu verið miðað við það að fá magnið eins langt niður og frekast voru tök á og þá haft í huga hvað líklegt væri að þýsk skip gætu aflað án samkomulags. Reynslan sýnir að þjóðverjar náðu á árinu 1973 91 700 tonnum og á árinu 1974 68 100 tonnum, en þess ber þá að gæta að landhelgisgæslan kom í veg fyrir veiðar með klippingum — það voru 14 klippingar 1973 og 6 árið 1974 — svo og með því að togarar hífðu upp vörpur þegar þeir urðu varir við varðskip og í mörgum tilvikum sigldu þeir þá burt af veiðisvæðinu. Á síðara árinu, þ. e. 1974, stunduðu bretar veiðar samkv. samkomulaginu frá 1973 og gat því landhelgisgæslan einbeitt sér að því að hefta veiðar þýskra togara. Nú er fyrirsjáanlegt að málið horfir allt öðruvísi við þar sem bretar ætla sér nú að stunda ólöglegar veiðar í skjóli herskipaverndar, og verður það ærið verkefni fyrir landhelgisgæsluna að snúa sér að því máli. Þess ber og að gæta í þessu sambandi að þjóðverjar stunda hér aðallega karfa- og ufsaveiðar og þorskstofninn er því ekki í hættu þeirra vegna samkv. þessu samkomulagi.

Í þriðja lagi er aðeins um að ræða 40 ísfisktogara samkv. sérstakri skrá. Þýsk verksmiðjuskip og frystitogarar eru því útilokuð frá öllu 200 mílna svæðinu. Verður það að teljast mjög veigamikið atriði sem þjóðverjar voru alls ófáanlegir til að fallast á áður, jafnvel utan 50 mílna markanna.

Í fjórða lagi eru svo svæði þau sem þýskum skipum yrði leyft að stunda veiðar á. Þau eru afmörkuð, eins og sést á meðfylgjandi korti, og ég vil vísa til þess gagnvart hv. alþm., þar sem það yrði of flókið, held ég, að fara að lesa það upp nokkuð að ráði. Er þar einnig um að ræða verulegar tilslakanir af hálfu þjóðverja frá því sem áður var. Fyrir suðausturlandi er miðað við hólf sem er fyrst 25 og síðan 23 sjómílur frá grunnlínum sunnan 65° norðlægrar breiddar. Suðurströndin er síðan lokuð frá 15° vestlægrar lengdar til 22° vestlægrar lengdar. Síðan kemur opið svæði sem miðað er við 25 mílur frá grunnlínum undan Reykjanesi, en síðan 50 mílur frá grunnlínum Faxaflóa og 40 mílur frá grunnlínum Breiðafjarðar, síðan aftur 50 mílur frá grunnlínum fyrir Vestfjörðum, þó þannig að gert er ráð fyrir opnu hólfi fyrir hluta af Vestfjarðasvæðinu inn að 37—34 mílna frá grunnlínum á tímabilinu frá 1. júní til 30. nóv. Síðan er lokað svæði fyrir öllu Norðurlandi og Austurlandi að þeim mörkum sem ég nefndi í upphafi, þ. e. 65. breiddargráðu. Enda þótt þjóðverjar hafi aðallega stundað veiðar á þeim svæðum, sem veiðiheimildirnar miðast við, er þess að gæta annars vegar, að þeim er þar þokað miklu lengra frá ströndum en þeir hafa áður verið, og hins, að án samkomulags væri engin trygging fyrir því að þeir leituðu ekki bæði nær ströndum en samkomulagið segir til um né heldur að þeir mundu ekki leita á önnur svæði og með miklu fleiri skipum, þ. á m. frystitogurum.

Í fimmta lagi eru ákvæði um að þýskir togarar stundi ekki þær veiðar á hrygningarsvæðum og uppeldissvæðum sem íslenskum skipum eru bannaðar veiðar á, og er þar um mjög veigamikið atriði að ræða.

Í sjötta lagi eru ákvæði um að þýsk skip virði íslenskar reglur um möskvastærð og lágmarkslengd og þyngd á fiski sem leyfilegt er að veiða. Gildir það einnig um þær reglur sem settar kunna að verða síðar um aðra möskvastærð en nú gildir.

Í sjöunda lagi ber þýskum togurum að tilkynna landhelgisgæslunni daglega um staðsetningu sína og mun það auðvelda störf landhelgisgæslunnar, bæði að því er varðar eftirlit og björgunarstarfsemi almennt.

Í áttunda lagi eru ákvæði um að ef ástæða er til að ætla að brot hafi verið framið á ákvæðum samkomulagsins geti íslensk varðskip stöðvað hlutaðeigandi togara hvar sem er innan 200 mílna markanna og kvatt til þýskt eftirlitsskip til að sannreyna málsatvik. Þetta er sams konar ákvæði og notað var í samkomulaginu við breta frá árinu 1973. Þegar það ákvæði var rætt á sínum tíma var það gagnrýnt á þeim grundvelli að framkvæmd íslenskra laga færi ekki fram nema breskt eftirlitsskip kæmi þar við sögu. Var því þá haldið fram að í raun væri verið að afsala slíku valdi til annarra þjóða. Framkvæmdin á þessu ákvæði hefur verið þannig að hér er aðeins um það að ræða að gefa hinum aðilanum kost á að fylgjast með því sem skeður, en dómsmrh. tekur ákvörðun um það hvort skip sé strikað út af listanum. Þannig hefur það verið í framkvæmd og hefur þetta ákvæði ekki valdið neinum erfiðleikum. Hitt er jafnljóst, að meðan ekki liggur fyrir viðurkenning á útfærslunni sem slíkri er þetta eðlileg málsmeðferð. Þetta ákvæði verður því að meta í ljósi þeirrar reynslu sem nú liggur fyrir.

Í níunda lagi er miðað við að samkomulagið sé gert til tveggja ára frá dagsetningu orðsendingarinnar.

Loks segir í tíunda lagi að samkomulagið taki einnig til Berlínar, en þar er um að ræða ákvæði sem Sambandslýðveldið Þýskaland hefur í öllum sínum samningum af ástæðum sem ekki þarf að rekja hér.

Þetta eru aðalatriði orðsendingarinnar. Síðan er gert ráð fyrir tveimur bréfum og er texti þeirra einnig prentaður sem fskj. við þáltill. Annað er þess efnis að erindaskiptin hafi engin áhrif á afstöðu aðila til hafréttarmála, og er þá miðað við að hafréttaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sé enn eigi lokið. Hitt bréfið er um að framkvæmd samkomulagsins megi fresta ef bókun nr. 6 við samning Íslands við Efnahagsbandalagið hefur ekki tekið gildi innan 5 mánaða, og mundi það m. a. hafa í för með sér að hólf það undan Vestfjörðum, sem ég nefndi áðan, mundi ekki opnast ef slík frestun á sér stað, og það er fullur ásetningur ríkisstj. að nota þá heimild til frestunar sem hér um fjallar. Hins vegar mundi slík frestun að sjálfsögðu ekki breyta neinu um gildistíma sjálfs samkomulagsins.

Að sjálfsögðu hefði verið æskilegast, að bókun nr. 6 hefði komið til framkvæmda við undirskrift þessa samkomulags, en það mál er ekki á valdi vestur-þjóðverja einna, eins og við öll

vitum. En mitt mat er það, að ákvæðið um frestun á framkvæmd samkomulagsins, ef tollaívilnanirnar verða ekki komnar til framkvæmda eftir 5 mánuði, verði þjóðverjum mikill hvati til að gera allt sem þeir geta innan Efnahagsbandalagsins til að tollamál okkar verði leyst. Jafnframt vil ég geta þess, að af hálfu þýskra stjórnvalda er mikill áhugi fyrir því að greiða fyrir sölu á íslenskum sjávarafurðum í Vestur-Þýskalandi. Standa vonir til að slík viðskipti geti orðið báðum aðilum hagstæð.

Ég vil þessu næst lesa hér upp bréf frá forstjóra Hafrannsóknastofnunarinnar til sjútvrn., dags. 25. nóv. 1975, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég vísa til bréfs rn., dags. 25. nóv. 1975, varðandi umsögn stofnunarinnar um drög að samningi við Sambandslýðveldið Þýskaland varðandi veiðar vestur-þýskra skipa innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi.

Eins og fram kemur í skýrslu stofnunarinnar, dags. 13. okt. s. l., er ástand helstu fiskstofna á Íslandsmiðum með þeim hætti að ekki verður mikið til skiptanna ef gerðar verða þær friðunarráðstafanir sem stofnunin telur nauðsynlegar til viðhalds þessara stofna. Af þeim sökum ber að draga úr veiði útlendinga svo sem frekast er kostur.

Þessi fiskveiðasamningur er að því leyti sérstæður að hér er svo til einungis um að ræða veiði tveggja tegunda, ufsa og karfa, en það eru hvort tveggja stofnar sem ekki eru í jafnyfirvofandi hættu og þorskstofninn. Stofnunin telur mjög mikils virði að þorskveiðar vestur-þjóðverja skuli takmarkaðar við 5 þús. tonna hámark á ári og er það vart meira en ætla verður eðlilegt við veiðar á hinum tegundunum. Æskilegast hefði verið að heildarkvótinn væri lægri, sérstaklega þar sem ekki er ósennilegt að íslendingar muni sækja í ufsa- og karfastofnana í auknum mæli vegna takmarkana á þorkveiðinni.

Það er skoðun Hafrannsóknastofnunarinnar að vandlega athuguðu máli að vart muni án samninga verða unnt að takmarka heildarafla vestur-þjóðverja á Íslandsmiðum meira en hér er lagt til, eins og m. a. reynsla fyrri ára sýnir.

Af þeim sökum er hér um að ræða skásta kost, sem við eigum völ á í dag frá fiskifræðilegu sjónarmiði.

Stofnunin telur mjög mikilvægt, að vestur-þjóðverjar muni virða lokun hrygningarsvæða eða svæða þar sem mikið er af ungfiski. Lágmarksstærð fisks, sem landa má á Íslandi, er mun hærri en í gildi er annars staðar, og þjóðast vestur-þjóðverjar til að samþ. hana að því er varðar veiðar þeirra á Íslandsmiðum. Einnig munu þeir taka upp 135 mm möskvastærð eða jafnvel stærri verði slíkt ákveðið.

Þá er mjög þýðingarmikið að hvorki verksmiðju- né frystiskip skuli fá að stunda veiðar innan nýju fiskveiðilögsögunnar.

Stofnuninni er ljóst að mjög skiptar skoðanir eru um veiðisvæðin innan 50 sjómílna og er einkum ekki ánægð með svæðið út af Norðvesturlandi, sérstaklega með sóknarþunga íslenskra fiskiskipa í huga.

Með tilliti til núverandi ástands fiskstofna á Íslandsmiðum er stjórnun veiðanna skilyrði þess, að unnt verði að nýta stofnana skynsamlega í framtíðinni.

Í þeim samningsdrögum, sem hér um ræðir, fallast vestur-þjóðverjar á að hlýta þeim reglum sem við hyggjumst gera á næstunni varðandi nýtingu stofnanna. Að áliti Hafrannsóknastofnunarinnar er þetta þungt á metunum, þrátt fyrir þá annmarka á samkomulagi þessu, sem nefnt hefur verið hér að framan."

Ég vil að lokum segja það, að vitanlega væri það öllum íslendingum kærkomnast að allar þjóðir og þ. á m. og ekki síst vestur-þjóðverjar virtu okkar nýju fiskveiðimörk og féllu frá kröfum sínum um áframhaldandi veiðar innan þeirra, en þar sem því miður er nú ekki því að heilsa, þá verður að meta vandlega hvort meiri árangur fáist í bili með samkomulagi eða án þess. Eftir öllum aðstæðum leiðir slíkt mat nú til þess, að telja verður það samkomulag, sem hér er um að ræða, viðunandi eftir atvikum. Vonast ég því til að það fái góðar undirtektir hjá hv. alþm.

Nú er það mikils virði að íslensk þjóð sé samhuga og standi saman um hagkvæma lausn á okkar vanda. Lokasigurinn er skammt undan og við væntum mikils af hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. En við megum að mínu mati ekki spilla þeim góða árangri sem þar hefur náðst, og það má heldur ekki gleyma því að ráðstefnunnni er ekki lokið. M. a. vegna þess verðum við að líta á það mál, sem hér er nú lagt fyrir Alþ., sem áfanga í baráttunni.

Ég hef kosið að gera grein fyrir efni þáltill. í eins skömmu máli og mér var frekast unnt til þess að gefa öðrum hv. alþm. kost á því að ræða þessi mál. Ég mun e. t. v. síðar bæta við nokkrum orðum, ef umr. gefa tilefni til þess, sem ég satt að segja gæti búist við, en ætla ekki að hafa þessa framsöguræðu lengri, heldur leggja til, herra forseti, að þáltill. verði þegar að frestun kemur vísað til hv. utanrmn.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég vil, áður en ég tek að ræða þá till. sem hér liggur fyrir, víkja nokkrum orðum að þeim umr. sem hér áttu sér stað utan dagskrár, að því leyti til sem ég álít að þær séu í nánum tengslum við það mál sem hér er nú á dagskrá.

Ég vil lýsa undrun minni yfir þeirri ráðstöfun útvarpsins að stöðva mjög eðlilega orðaðar auglýsingar, eins og hér hefur verið skýrt frá, — auglýsingar sem eru fyllilega í samræmi við það sem viðgengist hefur áður. Það er í rauninni alveg furðulegt ef félagasamtökum í landinu er ekki lengur leyfilegt að skora á félagsmenn sína að taka sér frí frá vinnu. Ef það er orðið ólögmætt, þá held ég að þurfi að fara að skoða þá reglugerð vel sem hægt er að beita á þann hátt og banna félagasamtökum það. Auðvitað er ekkert ólöglegt við það að menn taki sér frí frá vinnu. Á sama hátt er furðulegt að heyra að ekki megi auglýsa það að menn séu hvattir til þess að koma saman á fund til þess að mótmæla herskipaíhlutun breta hér við land. Það er eins og ég sagði, það er enginn vafi á því að auglýsingar af þessu tagi hafa oft birst áður og stundum beint frá stjórnvöldum þegar þau hafa

hvatt menn til þess að mæta á tilteknum stöðum í ákveðnu skyni, og þá hefur ekki staðið á því að birta slíkar auglýsingar. Ég tel að það sé alveg augljóst, hver sem hér á sökina, að hér hefur verið gripið inn í. Vegna ákveðinna skoðana er reynt að stöðva þær aðgerðir, sem í aðsigi voru, með því að koma í veg fyrir að hægt sé að tilkynna mönnum um þær.

En þetta er að mínum dómi mjög svipað því sem átt hefur sér stað varðandi öll vinnubrögð í sambandi við það mál sem hér liggur nú fyrir til umr., — vinnubrögð hæstv. ríkisstj. í því máli. Ég veit að allur þingheimur kannast við það að hér hafi komið fram á Alþ. hvað eftir annað áskoranir um það á hæstv. ríkisstj. að hún heimilaði frásögn af því hvað væri að gerast í landhelgismálinu, og hún hefur ekki orðið við því. Það hefur verið haldið leynd yfir því hvað þar var að gerast. Það hefur ekki mátt segja þjóðinni frá því um hvað var verið að ræða og hve langt málinu var komið. Skjöl, sem landhelgisnefnd hafa borist um málið, hafa öll verið stimpluð „trúnaðarmál“ og „sérstakt trúnaðarmál“, þannig að það hefur átt að loka fyrir það að þjóðin fengi að fylgjast með málinu á eðlilegan hátt. Ég álít að þessi ihlutun í sambandi við mjög eðlilegar auglýsingar, sem allar eru um löglegar og leyfilegar aðgerðir, sé af sama toga spunnin. Það er verið að koma í veg fyrir að þjóðin fái að fylgjast með málinu á meðan enn er hægt að hafa áhrif á úrslitin, en hins vegar er svo auðvitað talað um það að á eftir verði kannske gefin út hvít bók um málið og mönnum sagt frá öllu saman þegar allt er um garð gengið. Það eru þessi vinnubrögð sem ber vitanlega að víta, og þau bera vott um það að menn eru ekki með hreint í pokahorninu. Það er svo mál út af fyrir sig að á sama tíma skuli þeir geta komið hér upp á Alþ. og talað mest um frelsi og frjálsræði á öllum sviðum, sem standa fyrir því að reyna að halda nauðsynlegum upplýsingum fyrir þjóðinni í máli eins og landhelgismálinu.

Ég vil þá víkja að því máli sem fyrir liggur á dagskránni.

Þegar skýrsla Hafrannsóknastofnunarinnar frá 13. okt. s. l. kom fram um stöðu helstu fiskstofnanna við landið, þá héldu ábyggilega flestir, að ríkisstj. hlyti að hætta við ráðagerðir sínar um að semja við útlendinga um fiskveiðiheimildir í fiskveiðilandhelginni. Skýrsla fiskifræðinganna sagði í stuttu og skýru máli að ástand fiskstofnanna við landið væri orðið þannig að það mætti ekki taka úr þeim meira aflamagn nú á næsta ári en það sem íslendingar gætu auðveldlega tekið sjálfir. Og í þessari skýrslu lögðu fiskifræðingarnir síðan til að ákveðinn yrði hámarksafli á nokkrum þýðingarmestu fiskitegundunum. Þannig lögðu þeir til að á næsta ári yrði ekki veitt meira af þorski á Íslandsmiðum en 230 þús. tonn, en fyrir lá að á s. l. ári veiddu íslendingar einir 239 þús tonn, árið 1973 veiddu þeir 236 þús. tonn og árið 1972 229 þús. tonn Það er því augljóst af þessum tölum að það, sem fiskifræðingarnir voru að leggja til, var að íslendingar tækju ekki meira úr þorskstofninum á næst ári en þeir hefðu gert og veiðar annarra yrðu stöðvaðar.

Í till. fiskifræðinganna var lagt til að ekki yrði veitt meira úr ýsustofninum en 38 þús. tonn á næsta ári. Skýrslur sýndu hins vegar að afli íslendinga á ýsu var árið 1974 33 þús. tonn, árið 1973 35 þús. tonn og árið 1972 30 þús. tonn. Það var því af þessari tölu einnig alveg ljóst að þeir voru að leggja til að ekki yrði leyfð frekari veiði úr ýsustofninum hér við land en það sem íslendingar hafa yfirleitt veitt og geta auðveldlega veitt.

Þetta var svipað varðandi heildarveiði á ufsa og karfa sem fiskifræðingarnir lögðu til. Varðandi ufsa lögðu þeir til að heildaraflamagnið yrði takmarkað á næsta ári við 75 þús. tonn, en árið 1974 veiddu íslendingar 65 þús. tonn, árið 1973 57 þús. tonn og árið 1972 60 þús. tonn. Hér lágu mörkin því rétt yfir því sem íslendingar hafa veitt. Varðandi karfa lögðu fiskifræðingarnir til að hámarksaflinn yrði 50—60 þús. tonn á næsta ári, en heildarafli íslendinga var árið 1974 37 þús. tonn, árið 1973 29 þús. tonn og árið 1972 33 þús. tonn. Þarna var því um nokkru meiri afla að ræða, en tiltölulega lítinn, sérstaklega þegar það er haft í huga að það voru einmitt að koma inn í okkar skipastól skip sem sérstaklega leggja sig eftir karfaafla.

Í skýrslu fiskifræðinganna komu fram mjög alvarlegar aðvaranir um það hvað gerast mundi á fiskimiðunum við landið ef haldið yrði áfram óbreyttri sókn í fiskstofnana eða ef veitt yrði meira en þeir höfðu gert till. um. Þar benda þeir á að búast megi þá við aflahruni eftir 2 ár. Það var því fyllilega eðlilegt að menn byggjust við því, eftir að þessi skýrsla kom fram, að hæstv. ríkisstj. hætti við þær ráðagerðir sem hún hafði uppi um samninga við útlendinga um afla þeim til handa af þessum takmarkaða fiskstofni hér við land. En þetta fór á annan veg. Hæstv. ríkisstj. hélt áfram samningaviðræðum sínum við margar þjóðir og nú liggja fyrir upplýsingar um að þessum viðræðum er komið býsna langt.

Í fyrsta lagi liggur fyrir hæstv. Alþ. till. um að staðfesta gerðan samning við Vestur-Þýskaland þar sem gert er ráð fyrir að heimila vestur-þjóðverjum að veiða hér 60 þús. tonn á ári í tvö ár. Vert er að athuga það að þetta aflamagn, 60 þús. tonn, er miðað við vegið aflamagn úti í Þýskalandi, en það samsvarar því að þetta væru 70 þús. tonn mæld hér heima hjá okkur vegna þeirrar rýrnunar sem verður af aflanum á þessum tíma. Það liggur einnig fyrir að ríkisstj. er búin að undirbúa samninga við belgíumenn um undanþáguveiðar innan 50 mílnanna. Upplýst er nú að komið er að því að undirskrifa þann samning, og þar er gert ráð fyrir 7 þús. tonna aflamagni. Það liggur einnig fyrir að komið er að samningslokum við norðmenn og þar er gert ráð fyrir að heildaraflamagn þeirra verði 3 þús. tonn. Og við vitum að í beinu framhaldi af þessum samningum verður samið við færeyinga, eflaust um svipað aflamagn og áður hafði verið samið við þá um, en það voru 20 þús. tonn á ári. Þessir samningar eru því upp á 90 þús. tonn, og það verður að skoða þann samning, sem hér liggur fyrir, í beinu samhengi við aðra samninga sem raunverulega liggja nú á borðinu. Allir vita svo, að ríkisstj. hefur þegar boðið

bretum samning um 65 þús tonna ársafla. Sé það aflamagn lagt við hin, þá er þegar farið að ræða um 155 þús. tonna afla af Íslandsmiðum handa útlendingum, og þá er — ég undirstrika — miðað við það að samið verði við breta á þeim grundvelli sem þegar hefur verið boðinn.

Það er ekki hægt að leggja dóm á þann samning, sem hér liggur fyrir og óskað er eftir staðfestingu á, án þess að hafa í huga þessa samningagerð um leið sem ég hef minnst á og er komin langt áleiðis og ríkisstj. stefnir örugglega að að gera. Við stöndum því frammi fyrir því að samið verði við útlendinga um aflamagn sem örugglega nemur á ári 150—160 þús. tonna. Og þá vaknar eðlilega sú spurning: Hvað verður þá gert varðandi fiskveiðar íslendinga sjálfra? Ljóst er að við eigum þá aðeins tveggja kosta völ. Annars vegar er að halda áfram okkar fiskveiðum eins og áður og veiða þá væntanlega á næsta ári í kringum 400 þús. tonn af þessum fisktegundum og þá líklega með þeim afleiðingum sem fiskifræðingarnir segja, að við getum búist við ördeyðu á íslenskum fiskimiðum eftir tvö ár. Hinn kosturinn er að við grípum til þess að skera niður okkar eigin fiskafla sem nemur samningunum við útlendinga, og það er þegar byrjað opinberlega að ræða um þá leið. Það eru komnar fram till. um að selja fiskiskipin úr landi, jafnvel með sérstökum vildarkjörum, til fátækra þjóða. Þannig væri hægt að losa sig við bátana. Það eru einnig komnar upp till. um að reynt verði að losna við þá samninga sem gerðir hafa verið um smíði nýrra skipa. Og síðast en ekki síst hafa svo komið fram till. um að settur verði beinlínis aflakvóti á einstök sjávarútvegsbyggðarlög í landinu, þannig að ekki fari nú svo í sambandi við niðurskurðinn að sum byggðarlögin geti tekið jafnmikinn afla eða meiri en áður og önnur fái þá lítið sem ekkert, þau sem eðli málsins samkv. koma þá kannske seinna til með sínar veiðar á árinu. Það verður ekki vandalaust þegar á að fara að setja reglur af þessu tagi, fyrir utan það hvað í kjölfar slíkra reglna mundi fylgja. Augljóst er að þá mundi framleiðsla þjóðarinnar stórminnka, atvinnuleysi mundi hljótast af í mörgum greinum og hér yrði um almenna stórfellda kjaraskerðingu að ræða.

Það er eðlilegt, þegar mál ber að á þennan hátt, að þá reyni menn að leita skýringa á því, hvernig á því geti staðið að stjórnvöld landsins skuli gera till. um samninga af því tagi sem hér er nú verið að ræða um, og það er því rétt að víkja að nokkrum helstu röksemdum sem fram hafa komið hjá hæstv. ríkisstj. fyrir því að vilja fara þessa samningaleið.

Í fyrsta lagi er því haldið fram af ríkisstj. að við þurfum að semja við erlendar þjóðir um veiðiheimildir í okkar fiskveiðilandhelgi til þess að svonefnd bókun nr. 6 nái fram að ganga, til þess að ákveðinn tollasamningur, sem við höfum áður gert við Efnahagsbandalagið á allt öðrum grundvelli, til þess að sá hluti þess samnings, sem átti að vera okkur til hagsbóta, fái að ná fram að ganga.

Nú er það í fyrsta lagi að athuga að þau tollafríðindi, sem þessi bókun fjallar um, eru okkur tiltölulega mjög lítils virði. Hæsta fjárhæðin, sem við gætum fengið, miðað við rekstraraðstöðu okkar nú, út úr þessum tollasamningi er lækkun á tollum af ísvörðum fiski sem við mundum landa í þessum löndum. En löndun á ísfiski í Þýskalandi eða Bretlandi getur ekki talist af neinum þeim, sem hugleiða þau mál, neitt nauðsynjamál af okkar hálfu. Við höfum aðstöðu í okkar landi til að vinna allan okkar fiskafla til miklu meira verðmætis heldur en að senda hann út til sölu sem ísfisk. Við höfum þegar komið okkur upp þeim fiskvinnslustöðvum sem við þurfum í þessu skyni, og við höfum þegar það vinnuafl fyrir sem getur unnið úr afla þessum. Við ættum því ekki að kaupa það dýru verði með því að fórna hluta af okkar fiskimiðum að fá einhverja tollalækkun fyrir það að selja öðrum þjóðum ísfisk, óunninn fisk. Aðrar tollalækkanir, sem við gætum fengið ef bókun nr. 6 næði fram að ganga, eru tiltölulega lítils virði og í rauninni hégóminn einn borið saman við þær fjárhæðir sem um er að tefla þegar varðar stóran hluta af okkar fiskafla. Það hefur réttilega verið á það bent, að ef um væri að ræða 150 þús. tonna fiskafla, sem við þyrftum að fórna, þá jafngilti það í erlendum gjaldeyri, miðað við fulla vinnslu á þeim afla, á milli 15 og 20 milljörðum króna í útflutningsverðmæti.

Allir sjá því að allt umtalið um það að koma bókun nr. 6 í framkvæmd er hreinasti fyrirsláttur í sambandi við það mál sem hér er um að ræða. En auk þess liggur það svo fyrir, að þegar nú á að semja við vestur-þjóðverja samkv. þeim samningi, sem hér liggur fyrir og óskað er eftir staðfestingu á, þá kemur í ljós að hæstv. ríkisstj. hafði ekki einu sinni haft dug eða kjark í sér til þess að setja það sem skilyrði fyrir gildistöku samningsins að bókun nr. 6 yrði að taka gildi. Hún féll líka frá þessu skilyrði, sem hefur mest verið talað um, og skýtur því á frest a. m. k. næstu 5 mánuði, gerir samning við vestur-þjóðverja um veiðar hér við land án þess að bókun nr. 6 komi til framkvæmda, en hefur að vísu það ákvæði í samningunum að ef bókunin komi ekki til framkvæmda innan 5 mánaða, þá megi fresta framkvæmd þessa samnings. Það vita auðvitað allir að þetta orðalag í samningnum er á þessa lund vegna þess að það er ætlunin að á næstu 5 mánuðum verði samið við breta og allar aðrar Efnahagsbandalagsþjóðir um þetta mál. Samningarnir, sem hér liggja fyrir við vestur-þjóðverja, eru beinlínis út í bláinn og í sjálfu sér hlægilegir nema hinu markinu verði náð, að það takist að semja við breta á þessu tímabili.

Þessi fyrsta og aðalröksemd fyrir samningagerðinni er því vægast sagt léttvæg.

Í öðru lagi er því haldið fram af þeim, sem mæla með samningum um veiðiheimildir útlendinga, að við verðum að semja vegna þess að við getum ekki varið okkar eigin landhelgi eða því er haldið fram að það sé jafnvel skárra að semja af því að samkv. samningaleiðinni muni útlendingarnir þó veiða aðeins minna en þeir hefðu annars gert. Og í þessum efnum er reynt að vitna til talna varðandi þá reynslu sem við höfum þegar fengið. En þessi afsökun er líka léttvæg ef betur er að gáð, og þær tölur, sem nefndar eru í þessu sambandi, eru mjög villandi. Á það er bent, að þjóðverjar hafi veitt hér á Íslands-

miðum árið 1973, þegar þeir höfðu ekki leyfi til þess, 91 þús. tonn, og árið 1974 hafi þeir veitt hér 68 þús. tonn, þegar þeir höfðu ekki heldur leyfi til þess, og þessar tölur eru færðar fram sem sönnunargagn fyrir því að við höfum ekki getað varið okkar landhelgi fyrir veiðum þjóðverja. En ég efast ekkert um að allir hv. alþm. vita betur en þetta. Þeir vita að við höfum ekki beitt því afli sem við höfum haft yfir að ráða til þess að verja okkar landhelgi á þessum tíma, og til þess hafa legið margar ástæður, m. a. þær, að við höfum verið í sífelldum samningaviðræðum við þjóðverja á þessu tímabili og þá má heita að öll eðlileg gæsla hafi fallið niður á meðan. Og alltaf hefur það legið í loftinu að það yrði að ná samkomulagi við þjóðverja, m. a. út af bókun nr. 6 sem búið er að gera að dularfullum hlut í málinu, og því er það að hér hefur ekki verið haldið uppi landhelgisgæslu á þann hátt sem við hefðum getað. Við höfum nokkra reynslu af því nú síðustu vikurnar hvað við getum ef við beitum okkar gæsluskipum. Nú hafa menn fengið að heyra að gæsluskip okkar hafa getað komið í veg fyrir svo að segja allar veiðar breta og annarra þjóða hér við land. Breski veiðiflotinn hefur lítið sem ekkert getað veitt og sjómenn og skipstjórnarmenn á þeim flota segjast vera í þann mund að sigla heim ef þeir fái ekki sérstaka aðstoð.

Nú ber líka að athuga þessar tölur nánar. 68 þús. tonn veiddu þjóðverjar á Íslandsmiðum árið 1974, en það liggur líka fyrir að meira en þriðji partur af þessum afla, eða um 28 þús. tonn, var tekinn á svæði sem við reyndum vitanlega aldrei að verja vegna þess að þau svæði lágu öll fyrir utan 50 mílna mörkin. Stórt veiðisvæði liggur langt suðaustur af landinu sem þjóðverjar kalla Rósengarten. Árið 1972 veiddu þeir á þessu svæði samkv. töflum, sem þeir hafa afhent okkur, rúmlega 16 þús. tonn af karfa. Við vitum að þeir veiða annað eins og líklega heldur meira hér út af Reykjanessvæðinu fyrir utan 50 mílna mörkin. Það leikur enginn vafi á því að einmitt núna, eftir að við fórum að ýta þeim eitthvað út fyrir landhelgismörkin, hafa þeir veitt í vaxandi mæli utan 50 mílnanna, þar sem þeir höfðu leyfi til. Það er mjög hæpið að þeir hafi veitt yfir 40 þús. tonn árið 1974 á þeim svæðum þar sem þeim voru bannaðar veiðar, og er þá miðað við þeirra eigin skýrslur. En vestur-þýskir útgerðarmenn hafa sent frá sér frétt nú ekki fyrir löngu í gegnum sínar fréttastofur um að þeir áætli að heildarveiði þeirra á öllum íslandsmiðum á þessu ári, árinu 1975, verði ekki yfir 40 þús. tonn og þá sennilega innan 50 mílna markanna, sem við áttum að verja, ekki nema á milli 20 og 30 þús. tonn. En nú liggur hins vegar fyrir till. um það að semja við vestur-þjóðverja um að heimila þeim að veiða bæði innan 50 mílnanna og á öllu hafsvæðinu hér í kringum landið 60 þús. tonn, ekki aðeins á næsta ári, heldur einnig 60 þús. tonn þar næsta ár. Hér er alveg tvímælalaust um það að ræða að veita þeim með samningi aðstöðu til þess að veiða mun meira aflamagn á miðunum hér við landið en þeir hafa gert.

Þessu er alveg eins farið með bretana. Menn hafa reynt að halda því fram að samningarnir, sem gerðir voru við breta 13. nóv. 1973, hafi orðið til þess að draga sérstaklega úr veiðinni. Það er rangt. Þvert á móti bendir allt til þess að þeir hafi haft fyllilega eins mikla veiði eftir að samningarnir voru gerðir eins og áður, á meðan við vorum í stríði við þá. Árið 1973 veiddu bretar hér við land samkv. sínum eigin skýrslum 152 þús. tonn og höfðu þá samning við okkur síðustu mánuði ársins og mjög fritt spil hér á miðunum á meðan hörmungarnar í sambandi við Vestmannaeyjagosið dundu yfir hjá okkur, af því að þá höfðum við ekki gæsluskip til að gæta að þeim. En árið eftir að þeir höfðu fengið samninga, árið 1974, þá gefa þeir sjálfir upp að þeir hafi veitt hér 140 þús. tonn. Það er því alveg augljóst mál að þeir hafa ekki veitt neitt minna, því að aflamagn hjá þeim hefur verið að ganga niður eins og hjá öðrum. Nú er upplýst að bretar muni á þessu ári ekki ná meiri afla hér á miðunum við Ísland en á milli 90 og 100 þús. tonn — það kemur frá bretum sjálfum — þó að þeir hafi heimild til þess að veiða 130 þús. tonn.

Það er því síður en svo að reynsla okkar sé þannig að samningar hafi orðið til þess að færa aflann sérstaklega niður. Það er hins vegar allt sem bendir til þess, að ef við beitum því afli, sem við eigum yfir að ráða, og höldum út í vissum átökum, en gefumst ekki upp strax á fyrsta mánuði, þá gætum við losað okkur við veiðar útlendinga fullkomlega, enda er þetta skoðun okkar fremstu skipstjóra á landhelgisgæsluskipunum, sem hefur komið opinberlega fram, og einnig skoðun ýmissa þekktustu fiskiskipstjóra landsins, að það væri auðvelt verk að verja okkar landhelgi fyrir erlendum veiðiþjófum með því t. d. að bæta við núverandi gæsluskipakost okkar 4—5 stórum skuttogurum sem við eigum og okkur munar lítið um að bæta við í gæsluna. Það er því ekki hægt að afsaka samningagerð við núv. aðstæður við útlendinga með þeirri falsröksemd að við séum knúðir til þess af því að við getum ekki varið okkar landhelgi. Það er rangt.

Þá er nú farið að halda fram því til réttlætingar samningagerð að það sé hagkvæmt fyrir okkur íslendinga að semja við vestur-þjóðverja nú til þess að landhelgisgæsla okkar geti betur snúið sér að því að verja landhelgina fyrir Bretum. Þetta eru auðvitað augljóslega falsrök, vegna þess að 5 mánaða ákvæðið varðandi samninginn við vestur-þjóðverja lýsir því eins skýrt og verða má að ætlunin er á þessu tímabili að semja við breta. Það stendur því ekki til að í kjölfar þessa samnings verði um eitthvað harðari átök við breta að ræða. Það verður aðeins í orði, því að meiningin er að snúa sér að samningum við breta, og jafnvel þó að hæstv. ríkisstj. lýsi því yfir að hún muni ekki taka upp formlegar samningaviðræður við breta á meðan herskipin eru í fiskveiðilandhelginni, þá verður séð um það og það þekkjum við af fyrri reynslu, að ákveðnir menn, sem unnið hafa að öllum þessum samningum fyrir hönd ríkisstj., semja ósköp rólega við sendiherra breta hérna á meðan herskipin eru inni, og svo þegar sá samningur liggur fyrir, þá verður tilkynnt, að herskipin fari út úr landhelginni, og skrifað undir og öllu lokið. Spurningin er um það, að ef röksemd er um að það væri rétt að semja nú við þjóðverja til þess að

við stæðum betur að vígi í baráttunni við breta, þá yrði þeirri röksemd að fylgja yfirlýsing um að við breta verði alls ekki samið.

Þá er fjórða röksemdin fyrir því að rétt sé að semja við útlendinga um veiðiheimildir að með samningum náum við sterkari tökum á stjórn veiðanna við landið, þá hlýði hinir erlendu aðilar okkar veiðireglum og m. a. okkar friðunarráðstöfunum. En þetta er líka algjörlega rangt. Það vita allir að ef á að heimila útlendingum jafnmiklar veiðar og hér er gert ráð fyrir, þá er nær ómögulegt að halda uppi reglum gagnvart okkar eigin mönnum. Reynslan hefur þegar sýnt okkur það, þá missum við allar slíkar reglur úr höndunum. Í þeim samningi, sem hér liggur fyrir, er beinlínis tekið fram að varðandi friðunarráðstafanir af hálfu íslendinga skuli að vísu þjóðverjar fylgja þeim, en með því skilyrði að íslendingar verði að tilkynna um allar friðunarráðstafanir út til Þýskalands og þeir síðan að sjá um framkvæmdina af sinni hálfu. Þetta þýðir um þær ráðstafanir, sem við höfum mest talað um að undanförnu að beita í friðunarmálum okkar á miðunum, þ. e. a. s. skyndifriðun sem gripið yrði til með dags fyrirvara eða jafnvel skemmri tíma vegna mikilla smáfiskveiða, — við getum gripið til slíkra ráðstafana gagnvart okkar eigin landsmönnum, en það væri útilokað að beita þessum aðferðum gagnvart þjóðverjum miðað við orðalag þessa samnings. Það kemur mér heldur ekkert á óvart, því að reynslan er sú að það er mjög erfitt að ná fullum tökum á því að beita friðunaraðgerðum án þess að þær séu tilkynntar með talsvert verulegum fyrirvara, þegar útlendingar eiga í hlut. Öll þau atriði, sem fram hafa verið færð af hálfu ríkisstj. til afsökunar samningagerð, fá því ekki staðist, eru haldlaus.

Það eru mörg ákvæði í þessu samkomulagi við vestur-þjóðverja sem eru vissulega varhugaverð, auk þeirra sem ég hef hér drepið á. Það vekur t. d. athygli mína í sambandi við þetta samkomulag að í samkomulaginu sjálfu er aldrei minnst á að þær veiðar, sem á að heimila vestur-þýskum skipum, séu veiðar ísfiskskipa, — skipa sem framleiða sinn fisk í ís. En það var eitt grundvallaratriði allan tímann frá okkar hálfu í samningaviðræðunum við þjóðverja að hér væri eingöngu um leyfi fyrir slík skip að ræða sem að jafnaði eru 12—14 daga að veiða á miðunum, ísverja sinn fisk og sigla síðan með aflann á erlendan markað, en hefðu enga aðstöðu til þess að vinna aflann að meira eða minna leyti á fiskimiðunum og dvelja þannig miklu lengur þar. Nú kom þvert á móti í ljós við fyrstu upplýsingar sem við fengum um þessa samningagerð, að það var eitt ákvæði í samningunum, sem að vísu er búið að strika út á pappírnum, en ekki í reynd, um það að þjóðverjar tækju það fram að þeir skyldu ekki vinna meiri fiskúrgang um borð í þessum skipum úr afla sínum en sem samsvaraði eðlilegum úrgangi úr þeim fiski sem skipin að öðru leyti ynnu og öfluðu. M. ö. o. það á að vera opið að þessi skip séu með fiskmjölsverksmiðju í gangi um borð og geti þannig verið í reynd eins og verksmiðjuskip og hakkað niður smáfiskinn jafnt sem annað. Það þýðir lítið vegna óánægju einhverra þm. að strika þetta út og minnast ekki á það. Þessi skip, sem hér er um að ræða, eru með svona verksmiðjur, og ef þau eru ekki skuldbundin til þess að starfa sem skip sem veiða í ís eingöngu án þess að hafa heimild til þess að fullvinna aflann eða úrgang úr honum, án þess að hafa þá heimild, ef þetta er ekki tekið fram, þá vitanlega verður þetta framkvæmt af hálfu þjóðverja. Það er því í rauninni tekið til baka í öðru orðinu sem lofað er aftur í hinu, þar sem annars vegar stendur að verksmiðjuskip hafi ekki leyfi til veiða samkv. þessum samningi, því að eins og við höfum margsinnis lýst yfir við þjóðverja og aðra fyrr í okkar viðræðum, þá höfum við alltaf sagt: Það, sem við eigum við með verksmiðjuskipum, það eru skip sem hafa fiskmjölsverksmiðjur um borð og geta þar unnið úrgang úr fiskinum eða haft aðstöðu til þess að framleiða einhverja frekari vöru úr aflanum. — En þetta er eitt af mörgum hæpnum atriðum sem er að finna í þessari samningagerð, þó að það séu að sjálfsögðu allt minni háttar mál miðað við samningsgerðina sem heild.

Þá vil ég vekja athygli á því að samkv. þessum samningi við vestur-þjóðverja er gert ráð fyrir því að þeir fái að veiða á ytra beltinu svonefnda, frá 50 mílna mörkunum út í 200 mílur, — þeir megi veiða á þessu ytra belti alls staðar undantekningarlaust þar sem þeir hafa óskað eftir að fá leyfi til þess að veiða og alls staðar þar sem þeir hafa veitt hingað til. Það lá eitthvað á hjá hæstv. ríkisstj. að færa mörkin úr 50 mílum út í 200 til þess svo að semja strax um það við aðrar þjóðir að þær mættu veiða þar eins og þær vildu í næstu 2 ár. Þau svæði, sem þarna eru undanskilin, svæðið úti fyrir Norðurlandi og á hinu mikla hafdýpi beint suður af landinu, eru svæði sem þjóðverjar hafa aldrei veitt á og aldrei óskað eftir að fá neinar veiðiheimildir á. En á öllu hinu svæðinu, fyrir vestan landið og á Vestfjarðamiðunum, þar mega þeir veiða á öllu svæðinu frá 50 mílum út í 200 eða út að ytri mörkum okkar landhelgi. En auk þess mega þeir svo veiða innan 50 mílnanna á fjórum tilgreindum svæðum: við Suðausturland, á einhverjum viðkvæmustu veiðislóðum okkar fiskiflota, upp að 23 mílum, á mjög viðkvæmu veiðisvæði fyrir okkar veiðiflota út af Reykjanesi upp að 25 mílum, á Vestfjarðamiðum, þar sem jafnan er mjög stór íslenskur fiskiskipafloti, mega þeir veiða upp að 34 mílum nyrst á svæðinu og að 37 mílum á syðri hluta svæðisins, en út af Breiðafirði upp að 40 mílum. Hér er því um það að ræða að veita eins rúmar heimildir til veiða á ytra beltinu og frekast var hægt í þessu tilfelli og auk þess mjög verulegar heimildir til veiða innan 50 mílnanna.

Það er svo rétt að vekja einnig athygli á því, þegar rædd eru einstök smærri atriði þessa samnings, að það er ekki í þessum samningi gert ráð fyrir því að við íslendingar höfum neitt eftirlit með heildaraflatöku vestur-þjóðverja. Þeir eiga að vera einir til frásagnar um það hvenær þeir eru búnir að taka 60 þús. tonn eða hvort þeir taka þar eitthvað meira. Þar um eigum við aðeins að fá tilkynningu frá þýskri stofnun sem á að tilkynna okkar fiskifélagi um veiðar togaranna. Það eru ekki sett inn í samninginn

nein ákvæði um það að við getum haft eftirlit með því að þarna sé ekki tekinn miklu meiri afli.

Þá er það samningsatriði í þessum samningi sem ég tel sérstaklega varhugavert og mér hafði í rauninni aldrei komið til hugar að ríkisstj. mundi fallast á, þó að hún væri búin að sannfæra mig um það áður að hún stefndi að því að gera samninga, en það er það atriði að semja til tveggja ára. Auðvitað leiðir af þessu að það verður síðan samið við aðrar þjóðir einnig um tvö ár, við breta líka um tvö ár. Og þrátt fyrir það þó að samið sé til tveggja ára taka aðilar það fram, að þeir veita enga viðurkenningu á okkar 200 mílna landhelgi. Þeir taka það fram í sérstöku bréfi og geta eðlilega í framhaldi af því tekið málið aftur upp eftir tvö ár og byrjað á þessum sama leik aftur.

Ég hef einnig veitt því athygli að það hefur nokkuð verið reynt að afsaka þennan samning við þjóðverja á þeim grundvelli að hér sé fyrst og fremst um að ræða karfaafla og ufsaafla. En það er mesti misskilningur að okkar vandamál í dag í sambandi við fiskstofna okkar snúist eingöngu um þorskstofninn. Hann er auðvitað þýðingarmesti stofninn fyrir okkur, og mest veltur á, það er rétt, að við töpum honum ekki alvarlega niður, en ufsastofninn og karfastofninn eru líka mjög þýðingarmiklir í okkar búskap, og það, sem hér er verið að semja um varðandi ufsa og karfa, fer þegar yfir þau mörk sem okkar fiskifræðingar hafa viljað láta setja. Svo að við miðum við veiðar þjóðverja hér árið 1974, síðasta árið sem skýrslur liggja fyrir um, þá veiddu þeir hér á Íslandsmiðum 36 þús. tonn af karfa, en eins og ég gat um fyrr í minni ræðu veiddum við á s. l. ári 37 þús. tonn af karfa. Þetta aflamagn er þegar farið allmikið yfir þau heildarmörk sem fiskifræðingarnir vildu setja á karfaaflann. Við erum þarna að ráðstafa til þjóðverja meiri karfaafla en við höfum efni á nema að skera niður okkar eigin veiði á karfa. Og það sama er að segja um ufsaaflann. Árið 1974 veiddu þjóðverjr 18 þús. tonn af ufsa, en við veiddum á s. l. ári 65 þús. tonn. Þegar þessar tölur eru lagðar saman erum við líka komnir alllangt upp yfir mörk fiskifræðinga. Það er líka búið að ráðstafa strax með þessum samningi meiri afla en við höfum efni á. Við lendum því í þeim vanda, um leið og á að fara að setja takmörk á okkar eigin veiðar, að við verðum einnig að takmarka veiðar okkar sjálfra á karfa og ufsa og öðrum tegundum.

Sannleikurinn er sá að í þessum efnum er það heildaraflamagnið sem segir allt. Fiskifræðingarnir lögðu til að af þessum fjórum fisktegundum yrði ekki veitt meira en sem næmi í kringum 390 þús. tonnum, og það er einmitt í kringum það sem við höfum veitt sjálfir.

Ég tók eftir því að hæstv. utanrrh. las hér upp í sambandi við þessa þáltill. nýlegt bréf frá Hafrannsóknastofnuninni eða öllu heldur frá forstöðumanni stofnunarinnar, Jóni Jónssyni, hann skrifar undir bréfið. Ekki vil ég trúa því að þetta bréf hafi komið frá forstöðumanni stofnunarinnar af eigin hvötum, eftir að hann var búinn að senda þjóðinni allri þá skýrslu sem ég minntist á áður og mest hefur verið um talað. Að vísu er bréfið skrifað með þeim undarlega hætti að þar er rórillað ýmist með eða á móti, þ. e. eftir atvikum verður þetta að þolast, best væri þó að þetta væri minna og best hefði það verið ef það hefði ekki verið gert, en þó eftir atvikum er þetta þó kannske skást. En hvað um það, bréfið er sýniiega búið til í miklum flýti, því að það er vitnað í bréf frá rn. 25. nóv. og bréf þetta, sem er svar við því, er líka skrifað 25. nóv. En mér var að berast hér í hendur annað bréf sem væri ekki ófróðlegt að lesa og fengi ég þá að heyra það jafnhliða eins og aðrir þeir sem hér eru inni. Bréfið er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Í tilefni af bréfi Hafrannsóknastofnunarinnar til sjútvrn., sem Morgunblaðið birti 26. nóv., viljum við undirritaðir sérfræðingar taka fram eftirfarandi:

1. Við höfum ekki átt neinn þátt í að semja nefnt bréf, enda endurspeglar almennt efnisinnihald þess ekki sjónarmið okkar.

2. Við teljum að í bréfi þessu séu fiskifræðileg rök mjög svo undir áhrifum persónulegra skoðana semjenda á því hvernig standa skuli að stjórnmálalegri lausn landhelgismálsins.

3. Við teljum að sú skoðun, sem fram kemur í umræddu bréfi að samkomulagsdrögin við vestur-þjóðverja séu skásti kosturinn sem við eigum völ á í dag frá fiskifræðilegu sjónarmiði, sé rökleysa.

Hafrannsóknastofnunin hefur í skýrslu sinni um ástand fiskistofna gert grein fyrir hvaða valkostir séu skástir fyrir fiskistofnana frá fræðilegu sjónarmiði.

Af þessum sökum er engan veginn hægt að fullyrða að samningsdrögin við vestur-þjóðverja séu skásti fiskifræðilegi valkosturinn, þar sem það kemur fyrst í ljós þegar allar stjórnmálalegar ákvarðanir hafa verið teknar í þessu máli.

Reykjavík, 26. nóvember 1975.

Jakob Jakobsson,
Eyjólfur Friðgeirsson,
Hjálmar Vilhjálmsson,
Sólmundur Einarsson,
Ingvar Hallgrímsson,
Guðni Þorsteinsson,
Ólafur K. Pálsson,
Þórunn Þórðardóttir,
Gunnar Jónsson,
Sveinn Sveinbjörnsson,
Kjartan Thors,
Unnur Skúladóttir,
Jón Ólafsson,
Unnsteinn Stefánsson."

Ætli séu til fleiri fiskifræðingar í þessari stofnun?

Ég held að hvað sem um þessi bréf verður sagt, þá liggi það orðið svo ljóst fyrir öllum landsmönnum hver staða okkar er í landhelgismálinu, eins og nú er komið, að hér eigi allir að vita um aðalatriði málsins, sem sagt þau að við stöndum frammi fyrir því að mega ekki taka meiri fiskafla af miðum okkar á næsta ári en við höfum gert. Við vitum öll að við þurfum á þessum afla að halda og þótt meiri væri. Við höfum tekið ákvarðanir um að stækka okkar fiskveiðilandhelgi til þess að reyna að vernda

fiskstofnana og höfum meira að segja ásett okkur að gera ýmsar breytingar á okkar eigin fiskisókn í því skyni. Hins vegar er líka ljóst að ef samið verður við útlendinga um hluta af þessu takmarkaða aflamagni, þá verðum við að taka afleiðingunum, annaðhvort með því að draga úr okkar eigin afla með öllum þeim afleiðingum sem því mundu fylgja, eða að taka jafnvel á okkur enn þá harðari afleiðingar eftir tvö ár. Þannig liggja málin fyrir, og þegar þau liggja fyrir á þennan hátt ættum við auðvitað að segja útlendingum hreint og beint til um það, að við gætum ekki samið um neitt aflamagn þeim til handa, og við ættum að sjálfsögðu að gera það, sem í okkar valdi stendur, til þess að reyna að verja okkar landhelgi og halda fram okkar hlut. Við getum ábyggilega varið hana ef við leggjum okkur fram, og herskipavaldbeitingu breta getum við líka mætt á viðeigandi hátt, á þann sem hægt er að láta bretana skilja. Það er enginn vafi á því. Það þarf aðeins að kippa í strenginn. En í þessu máli er um svo mikið að tefla fyrir okkur að við megum þar ekki láta neitt ógert til að koma í veg fyrir ofveiði á okkar fiskstofnum.

Það er þýsna oft um það rætt, þegar landhelgismálið er á dagskrá, að á því sé brýn nauðsyn að þjóðin standi saman í því máli. Landhelgismálið hefur réttilega verið talið mál þjóðarinnar allrar, og oft hefur verið sagt að það væri ofar daglegum deilum stjórnmálaflokka eða ætti að vera það. Það verður þó að viðurkennast að reynslan hefur orðið sú að það hefur gengið erfiðlega að halda á málinu þannig að það væri alveg fyrir utan hinar daglegu deilur stjórnmálaflokka, þrátt fyrir mjög sterkan og ákveðinn vilja þjóðarinnar til þess að halda þannig á málinu. En ég vil segja, að aldrei hefur nein ríkisstj. gengið jafnfreklega gegn augljósum meirihlutavilja þjóðarinnar í landhelgismálinu og núv. ríkisstj. hefur gert síðustu vikur og er enn að gera þessa daga. Þrátt fyrir eindregnar áskoranir úr öllum áttum og mjög ákveðnar samþykktir stærstu og fjölmennustu félagasamtaka í landinu og þ. á m. frá ýmsum, — ja, ég vil segja stjórnmálafélögum úr öllum pólitísku flokkunum, — áskoranir um að ríkisstj. semji ekki við útlendinga um fiskveiðar í fiskveiðilandhelginni eða a. m. k. ekki innan 50 mílnanna, þá sinnir ríkisstj. slíkum tilmælum í engu, en heldur áfram samningamakki sínu, eins og menn hafa nú fyrir augunum í sambandi við þessa samninga við vestur-þjóðverja. Með þessari framkomu er ríkisstj. að tvístra þjóðinni á örlagastundu, því að ríkisstj. getur auðvitað ekki vænst þess að hún fái þjóðarsamstöðu með þeirri stefnu sinni að ætla að gefa eftir í landhelgismálinu, eins og hún er nú að gera.

Þau hörðu átök sem eru fram undan við breta, ef rétt verður á málum haldið, kalla á þjóðarsamstöðu, og það eru öll skilyrði til þess að þjóðin standi á bak við hvaða ríkisstj. sem er sem heldur þar rétt á málum. En með því að ætla að knýja í gegn þá till., sem hér liggur fyrir, er verið að tvístra þjóðinni. Ég vil því skora sérstaklega á ríkisstj. að breyta nú um vinnubrögð í þessu máli, og ég skora sérstaklega á hana að draga til baka þessar till., leggja þær til hliðar, hætta við samninga við vestur-þjóðverja og hætta reyndar við alla hina samningana og sameina þá um leið alla þjóðina til baráttu við höfuðfjandmann okkar í landhelgismálinu nú eins og áður, við breta. Það er auðvitað eina leiðin í þessu máli, eins og nú er komið, sem er okkur sæmandi.

Ég vil vænta þess að lokum að hæstv. ríkisstj., þrátt fyrir það sem þegar hefur gerst í þessu máli, taki þessa áskorun mína til athugunar, því að ég veit að þeir eru margir hér á Alþ. í stuðningsliði stjórnarinnar sem mundu fagna því eins og hátíðisdegi ef ríkisstj. fengist til þess að draga þessa till. til baka. Ég held að hún eigi ekki að þvinga sína stuðningsmenn til að gera það sem þeim er á móti skapi.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hæstv. utanrrh. Einar Ágústsson, sem gegnt hefur formennsku samninganefndar og leitt málið af lipurð og myndarskap, hefur í framsöguræðu sinni gert grein fyrir efni þessarar till. Ég get þess vegna stytt mjög mál mitt og sleppt að minnast á ýmis atriði sem hann gerði skil.

Eftir þeirri lýsingu, sem við fengum á þessu máli hjá hv. síðasta ræðumanni, Lúðvík Jósepssyni, og ýmsum samherjum hans í málinu, utanþings, þá er hér um vont mál að ræða, og þó að hann notaði ekki svo sterk orð, þá höfum við heyrt og lesið um „smánarsamninga“, „svik“ og „landráð“ og fleiri ámóta faguryrði.

Sú spurning kemur að sjálfsögðu upp í huga fjölda manna sem hlusta á þetta: Hvernig stendur á því að ríkisstj. með stuðningi a. m. k. ⅔ hluta Alþingis leggur slíka till. fyrir þing og þjóð?

Svar mitt er í fyrsta lagi þetta: Þessi samningsdrög miða að því að vestur-þjóðverjar veiði minna á Íslandsmiðum en þeir mundu gera án samninga. Og í öðru lagi miðar samningurinn að því að íslendingum megi takast betur en án samninga að vernda og friða fiskimiðin og hafa stjórn á veiðunum.

Hvers vegna dreg ég þessar ályktanir? kunna menn að spyrja. Ég vil benda á nokkrar staðreyndir.

Um allmörg undanfarin ár áður en deilur hófust mun meðalársafli þjóðverja á Íslandsmiðum hafa verið um 120 þús. lestir. Á árinu 1973 var hann nær 92 þús. lestir og á s. l. ári, 1974, 68 þús. lestir. Landhelgisgæsla okkar hefur, eins og við vitum öll, unnið frábært starf á undanförnum árum. Til hennar berum við fullt traust, og ég tel ástæðu til að votta henni þakkir fyrir dugnað samviskusemi og snarræði. En möguleikum landhelgisgæslunnar eru auðvitað takmörk sett vegna skipakosts og flugvéla. Á s. l. ári, 1974, gat landhelgisgæslan vegna samninganna sem þá voru í gildi við breta, einbeitt sér að því að stugga þjóðverjum af Íslandsmiðum. Samt sem áður veiddu þjóðverjar rösk 68 þús. tonn. Nú eru það ekki 50, heldur 200 sjómílur sem á að verja, og ef ekki er samið þarf að verja þetta stóraukna svæði bæði gegn bretum og þjóðverjum og þá væntanlega einnig öðrum þjóðum. Er það nú líklegt, þegar litið er á þessar staðreyndir að afli þjóðverja mundi minnka við það að hafsvæðið stækkar svo mjög og að land-

helgisgæslan þyrfti að fást við skip allra þeirra þjóða sem vildu veiða á Íslandsmiðum, ef hvergi má semja?

Síðasti ræðumaður hélt því fram nú, eins og hann raunar hefur gert oft áður, að það væri óþarft að semja við nokkrar aðrar þjóðir í landhelgismálinu, við gætum hæglega varið okkar landhelgi. Og þrátt fyrir þessar staðreyndir sem liggja fyrir, þá komst hv. þm. svo að orði, að það væri auðvelt að verja landhelgina, ef við beittum okkur eindregið, það væri ekkert að marka það sem gerst hefði á þeim tveimur árum, 1973 og 1974, sem þjóðverjar hefðu veitt, 91 þús. og 68 þús., vegna þess að landhelgisgæslan hefði af sérstökum ástæðum ekki tekið nægilega á. Ég veit, að hv. þm. beinir þessu ekki til landhelgisgæslunnar sjálfrar, heldur yfirstjórnar hennar. Hins vegar sagði hann að landhelgisgæslan hefði nú sýnt hvað hún gæti. M. ö. o.: af einhverjum annarlegum ástæðum frá hinum æðri stöðum hefði landhelgisgæslan ekki haft frjálsar hendur, heldur verði lömuð í tíð þeirrar stjórnar sem þessi hv. þm. var sjútvrh. í. En nú eftir stjórnarskiptin hefur hún sýnt hvað hún getur, þá getur hún tekið á.

Æðsti yfirmaður landhelgisgæslunnar, hæstv. dómsmrh., er sá sami nú og í fyrri stjórn, svo að ef eitthvað er til í þessu sem hv. þm. segir, þá virðast það hafa verið einhver áhrif frá öðrum innan fyrrv. ríkisstj. sem hafi valdið því að landhelgisgæslan tók ekki á, eins og hann nú talar um. Þetta er þung ásökun í garð einhverra í fyrrv. stjórn.

Ég minntist á það, að önnur meginástæða til þess að þessi samningsdrög væru lögð fram og mælt með þeim væri sú, að þau mundu einnig gera okkur auðveldara að skipuleggja og stjórna veiðum á Íslandsmiðum. Vernd og friðun fiskimiðanna er eitt mikilvægasta verkefnið sem við íslendingar eigum við að glíma, og við höfum því miður á undanförnum árum ekki gengið nægilega vel fram í þeim efnum. Þar þurfum við mjög að gæta okkar sjálfra, setja strangari reglur og fylgja þeim betur eftir varðandi landsmenn sjálfa. Með því að semja við vestur-þjóðverja skapast miklu betri tækifæri og möguleikar heldur en án samninga til þess að vernda og friða fiskimiðin. Í samningnum er sérstakt ákvæði um það, að þjóðverjar skuldbinda sig til þess að virða verndar- og friðunarsvæði, og það bæði við þau, sem nú eru í gildi, og þau, sem síðar verða ákveðin. Ef ekki er samið mundu vestur-þjóðverjar væntanlega fara sínu fram. Það er viðbúið að þeir mundu þá senda frystitogara á Íslandsmið, en samkv. þessum samningsdrögum skuldbinda þeir sig til að gera það ekki. Þeir mundu væntanlega veiða meira af þorski og þeir mundu ekki telja sig skuldbundna til þess að virða þau verndar- og friðunarsvæði, sem við ákveðum.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar, sem hæstv. utanrrh. rakti hér, er m. a. sagt að stofnunin telji mjög mikilvægt að vestur-þjóðverjar muni virða lokun hrygningarsvæða eða svæða þar sem mikið er af ungfiski.

Það er rétt, áður en lengra er haldið að rekja með örfáum orðum aðdraganda að útfærslunni í 200 mílur.

Nú eru rúm tvö ár liðin síðan þingflokkur sjálfstæðismanna varð fyrstur stjórnmálaflokkanna til þess að taka ákveðna afstöðu í þessu máli. Hann gerði um það samþykkt síðari hluta ágústmánaðar 1973 — og síðan sameiginlegur fundur þingflokks og miðstjórnar Sjálfstfl. 30. ágúst 1973 — að lýsa eindregnum stuðningi við 200 mílna fiskveiðilögsögu, en miðað verði við miðlínu milli landa, þar sem vegalengd er minni en 400 mílur, og þingflokkur og miðstjórn telja rétt, að fiskveiðilögsagan verði færð út í 200 mílur eigi síðar en fyrir árslok 1974.

Þega Alþ. kom saman í okt. sama ár lögðu sjálfstæðismenn fram till. til þál. um útfærslu fiskveiðilandhelgi Íslands í 200 sjómílur miðað við 31. des. 1974. Fyrir þessari till. var gerð ítarleg grein á Alþ. Því miður fann hún ekki þá náð fyrir augum þáv. stjórnarflokka og náði ekki afgreiðslu. Þegar ríkisstj. var mynduð haustið 1974 var þetta mál að sjálfsögðu tekið upp. Vegna tregðu ýmissa manna á þinginu 1973—74 var ekki hægt lengur að miða við þetta tímamark, árslok 1974. En það var tekið upp í stjórnarsáttmálann að landhelgin skyldi færð út í 200 mílur á árinu 1975 eins og gert hefur verið.

Það er athyglisvert í þessu sambandi að sumir, sem nú telja sig sérstaka boðbera og postula þess að ekki megi semja við neinn aðila um neinar veiðiheimildir innan 200 mílna, ekki einu sinni við frændur okkar og vini, færeyinga, þeir voru sumir harla tregir í taumi þegar 200 mílurnar komu á dagskrá. Um svipað leyti og Sjálfstfl. tók þannig upp 200 mílna málið, þá átti hv. þm., sem síðast talaði, Lúðvík Jósepsson, viðtal við blaðið Þjóðviljann um 200 mílurnar og komst svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Í dag stöndum við í baráttu um 50 mílna landhelgi. Þessi barátta skiptir nú öllu máli. Hitt er allt annað mál, hvort við íslendingar tökum okkur 200 mílna landhelgi einhvern tíma í framtíðinni, þegar slíkt er heimilt samkv. breyttum alþjóðalögum eða að lokinni hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna."

Ekki var nú áhuginn meiri en þessi þá, 1. sept. 1973. Jú, við gætum fært út í 200 mílur einhvern tíma í framtíðinni, réttast væri nú að bíða eftir því að hafréttarráðstefnunni væri lokið.

Í rauninni kemur það enn fram hjá málsvörum og talsmönnum Alþb. að hrifningin yfir 200 mílunum og áhuginn á þeim er nú ekki sérstaklega mikill. Í forustugrein í Þjóðviljanum frá 26. okt. s. l. er skrifað um för okkar hæstv. utanrrh. til London. Þar er aftur og aftur talað um 50 mílurnar, aldrei minnst á 200 mílur. Sá sem les þennan leiðara, gæti haldið að 50 mílurnar væru enn þá í gildi og alls ekki væri búið að lögleiða 200 mílur. Þannig lifa þessir menn, hv. síðasti ræðumaður og hans nánustu, í þeim heimi að 50 mílurnar eru það eina sem máli skiptir.

Í sambandi við útfærsluna í 50 mílur á sínum tíma var ákveðið af Alþ. einróma að leitað skyldi samninga við aðrar þjóðir um umþóttunar- eða aðlögunartíma. Að sjálfsögðu var það einnig ætlunin þegar fært yrði út í 200 mílur. Afleiðingin af þessari ákvörðun Alþingis 1972 var m. a. samningurinn við breta í nóv. 1973. Vegna þess að hv. síðasti ræðumaður vill nú yfirleitt skoða

alla samninga um veiðiheimildir í samhengi, þá er rétt að staldra við andartak. Þessi hv. þm. heldur því fram, að tillögurnar, sem nú liggja fyrir, séu fjandsamlegar þjóðinni, þýði alvarlega kjaraskerðingu fyrir þjóðina, hann skorar á stjórnina að taka þessar till. til baka. Það, sem hér er um að ræða, eru veiðiheimildir í tvö ár allt að 60 þús. lestum á ári. Það á að veiða aðallega ufsa og karfa, en þjóðverjar ætla að hætta að stunda þorskveiðar. Hins vegar vita allir, að viðbúið er að eitthvað af þorski komi í netin þegar verið er á öðrum veiðum, en hámark er þó sett 5 þús. tonn á ári.

Með þessum samningi við breta frá því í nóv. 1973 var það hins vegar forsenda samninganna að bretar veiða á ári í tvö ár 130 þús. tonn. Það er öllum vitanlegt að það er aðallega þorskur sem englendingar afla yfir 80%, þannig að með þessum samningi var verið að semja um að láta bretum í té á ári a. m. k. 110 þús. tonn. Þó að skýrsla Hafrannsóknastofnunar Íslands frá síðasta mánuði lægi ekki fyrir í nóv. 1973, þá vissu það allir menn, sem eitthvað fylgdust með að of nærri var gengið fiskstofnunum þá þegar og ekki síst þorskstofninum. Fjölmargir reyndir fiskimenn, skipstjórar, höfðu bent á þetta mjög greinilega. Þetta fór ekki fram hjá neinum. Þess vegna voru ekki út af fyrir sig nein tíðindi, er kæmu öllum að óvörum, það sem birtist í skýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar. En sú skýrsla var hins vegar vísindaleg staðfesting á því sem marga hafði grunað og raunar margir talið víst. Og þegar maður heyrir nú þennan boðskap leiðtoga Alþb., Lúðvíks Jósepssonar, að það stappi nærri landráðum að semja um allt að 5 þús. tonn af þorski á ári og heildarafla 60 þús. tonn, þá verður mönnum á að spyrja: Hvar stóð þessi sami hv. þm. þegar samningarnir voru gerðir við breta um 130 þús. tonn á ári, að meginhluta þorsk? Það er skemmst frá að segja að allir þm. Alþb. studdu þennan samning. Ég held að ég hafi hérna nafnakallið hjá mér. Þeir, sem samþykktu þennan samning, voru m. a., með leyfi hæstv. forseta: Eðvarð Sigurðsson, Garðar Sigurðsson, Geir Gunnarsson, Gils Guðmundsson, Helgi F. Seljan, Jónas Árnason, Magnús Kjartansson, Ragnar Arnalds, Svava Jakobsdóttir, og enn fremur sagði Lúðvík Jósepsson já.

Það er eðlilegt, að menn spyrji hvernig á þessu stóð. Það hét þá á fínu máli frá Alþb.-mönnum að þeir vildu ekki fórna stjórnarsamstarfinu. Þetta heitir á hreinni íslensku að Lúðvík vildi ekki missa ráðherrastólinn. Shakespeare skrifaði einu sinni leikrit um Ríkharð III konung breta. Þegar hann í sinni síðustu orrustu var orðinn aðþrengdur og hafði misst hestinn sinn, þá kallaði hann: Konungsríki fyrir hest. Lúðvík Jósepsson bauð bretum væna sneið af þorskríki Íslands fyrir einn stól.

Þetta var það sem gerðist í nóv 1973. En nú er það gagnrýnt af þessum hv. þm., fyrrv. sjútvrh., að 60 þús. tonna afli til handa vesturþjóðverjum sé fásinna.

Eftir að Alþb.-menn höfðu staðið að samningunum við breta, þá var haldið áfram að reyna að semja og þá við þjóðverja. Og í marsmánuði 1974 skrifaði sjútvrh. Lúðvík Jósepsson bréf til utanrrh. Bréfið er dags. 19. mars 1974. Þar leggur hann fram nýjar till. um veiðisvæði til handa þýskum togurum á Íslandsmiðum. Hann segir að þessar nýju till. séu gerðar á grundvelli þess að samkomulag takist um útilokun þýskra frysti- og verksmiðjuskipa, — sem nú hefur tekist, — og síðan segir: „Gert er ráð fyrir að 48 þýskir togarar aðrir fái veiðiheimildir og að árlegur hámarksafli þeirra fari ekki fram úr 80 þús. tonnum.“ 19. mars 1974 lagði sjútvrh. því til að samið yrði við þjóðverja um 80 þús. tonna afla á ári. Nú á hann ekki nægilega sterk orð til að hneykslast á því að lagt sé til að semja um 60 þús. tonn. Í hans till. var ekki minnst á þorskveiðar, enginn hámarksafli varðandi þorsk. Nú eru þó mjög þröngar skorður við því settar.

Varðandi veiðisvæðin, sem hér hefur borið töluvert á góma og verið gagnrýnd, er rétt að vikja að þeim. Hins vegar get ég haft þau orð færri vegna hinnar ítarlegu grg. hæstv. utanrrh. þar um. En ég vil gjarnan að þingheimur viti um það, hvað boðið hefur verið á ýmsum tímum af veiðisvæðum. Í þessu boði, sem sjútvrh. fyrrv. stóð að í marsmánuði 1974, var gert ráð fyrir að veiðisvæði innan 50 mílna væru 54 þús. ferkm. Í þeim till., sem samninganefnd íslendinga stóð að í okt. 1974, voru veiðisvæði innan 50 mílna 42 þús. ferkm. Þær till. náðu ekki fram að ganga. Samkv. þeim till., sem hér liggja fyrir, mundu veiðisvæði þjóðverja innan 50 mílna vera 25 þús. ferkm, m. ö. o. ríflega helmingi minni en í till. fyrrv. sjútvrh. frá 19. mars 1974. Til fróðleiks má svo upplýsa að það svæði, sem bretar fengu með samningunum 1973 að veiða á innan 50 mílna, nam 132 þús. ferkm.

Í morgun kemst málgagn Alþb. svo að orði: „Þjóðverjum ætluð öll veiðisvæði sem þeir fóru fram á.“ Þetta er með feitu letri sett á forsíðu blaðsins. Ekkert getur verið fjær sannleikanum en slíkar fullyrðingar. Kröfur þjóðverja voru í upphafi þessara samningaviðræðna í rauninni þær sömu og í fyrra. Síðan hefur það gerst, að samninganefndin hefur fengið því áorkað að veiðisvæðin hafa minnkað svo stórlega sem þessar tölur bera vott um. Það eru því gersamlega staðlausir stafir sem málgagn Alþb. heldur þarna fram.

Það kom fram í máli hv. 2. þm. Austf., Lúðvíks Jósepssonar, og einnig utan þings, að þessi samningur, sem hér liggur fyrir, mundi þýða almenna, stórfellda kjaraskerðingu. Og annar hv. þm. Alþb. sagði hér í dag utan dagskrár að með þessum samningi og afleiðingum hans væri búið að ráðstafa helmingnum af öllum fiskafla Íslands á næstu árum. Það er auðvitað hægt að viðhafa svona ummæli ef menn hafa þann háttinn á að búa sér sjálfir til falskar forsendur, en allt er þetta byggt á röngum tilbúnum forsendum. Það er byggt m. a. á þeirri röngu forsendu, að ef ekki yrði samið, þá mundi ekkert útlent fiskiskip veiða einn einasta ugga hér við land. Þegar menn renna augum yfir það, sem gerst hefur á undanförnum árum, þá vita menn náttúrlega að slíkt er fásinna. Og þrátt fyrir það að hv. síðasti ræðumaður endurtaki fyrri fullyrðingar frá ráðherradómi sínum um að það þurfi ekki að semja við neinn, vegna þess að við getum varið landhelgina og stuggað öllum útlendingum burt, þá hefur reynslan sýnt að ekk-

ert af þessu hefur staðist. Hann hefur sjálfur viðurkennt það í verki. Á sama tíma sem hann hélt því fram að bretar hefðu tapað þorskastríðinu og væru að hverfa af Íslandsmiðum, þá greiddi hann við nafnakall atkv. með því að veita þeim heimild til þess að veiða 130 þús. tonn á ári í tvö ár.

Það er rétt í þessu sambandi að bera fram eina spurningu. Svo er mál með vexti, að í viðræðum við vestur-þjóðverja voru viðstaddir fulltrúar frá Alþýðusambandi vestur-þjóðverja sem haft hefur samband við Alþýðusamband Íslands um þessi mál. Þar hafa gengið bréfaskipti á milli. Ekki síst vegna þess að forseti Alþýðusambands Íslands hefur gerst þátttakandi í samstarfsnefnd svokallaðri, sem berst gegn því að veita nokkrum erlendum þjóðum veiðiheimildir innan 200 mílna, — og hann hefur nú tekið hér sæti á Alþ., — þá held ég að það væri fróðlegt fyrir þingheim að fá að heyra um efni þeirra bréfaskipta, sem gengið hafa á milli Alþýðusambands Íslands og Alþýðusambands vestur-þjóðverja í sambandi við þetta mál.

Herra forseti. Ég mun nú ljúka máli mínu. Ég vil aðeins taka það fram að lokum, að þegar dregin eru saman meginatriði þessa máls og litið á hverjir eru kostir þessara samningsdraga þá má í fyrsta lagi nefna það, að frysti- og verksmiðjutogarar þjóðverja fá engar veiðiheimildir, fara út fyrir 200 mílur, en það var kannske fyrst og fremst á þessu atriði sem samningar áður fyrr strönduðu. Í öðru lagi má benda á það, að vestur-þjóðverjar hætta þorskveiðum, en það er eins og kunnugt er viðkvæmasti fiskstofninn og um leið sá langsamlega mikilvægasti fyrir íslendinga sjálfa. Í þriðja lagi er nú lagt til að semja um 60 þús. tonna hámarksafla og er það töluvert lægra en áður hefur verið talað um og jafnvel boðið fram af Íslands hálfu. Í fjórða lagi eru togarar færri nú en áður. Í fimmta lagi eru veiðisvæðin, sem þjóðverjar fá, miklu þrengri en áður. Í sjötta lagi, þótt tollalækkunin samkv. hinni margumtöluðu bókun 6 komi mót von okkar ekki til framkvæmda nú, — náttúrlega höfðum við vonast til þess að það tækist að ná því fram, en það tókst ekki, — þá hafa vestur-þjóðverjar heitið að beita sér fyrir því af alefli, að þessi tollalækkun komi til framkvæmda. Í sjöunda lagi: Þegar bretar hafa sýnt okkur slíkt ofríki að senda hingað herskip, þá munu samningar við vestur-þjóðverja styrkja okkur í því stríði. Og loks er rétt á það að minnast, að hafréttarráðstefnunni er ekki lokið, og þó að líkur séu til þess að hún gangi að óskum okkar íslendinga, þá eru þar vissar hættur í vegi. Ef íslendingar semja ekki við neina þjóð, þá telja hinir fróðustu menn á þeirri ráðstefnu hættu á að þeirri till., sem nú liggur fyrir um rétt strandríkis, verði spillt, t. d. með einhvers konar gerðardómsákvæðum, í stað þess að samkv. þeirri till., sem nú liggur fyrir ráðstefnunni, er gert ráð fyrir því að strandríkið ákveði sjálft hvernig ráðstafa skuli veiðum innan 200 mílna. Þeir sem fróðastir eru í þessum efnum, telja að við mundum með því að samþykkja þessi drög að samningum styrkja stöðu íslendinga á hafréttarráðstefnunni.

Ég vil undirstrika það að lokum, að vitanlega er stefna okkar sú, að sem allra fyrst ráði íslendingar einir yfir fiskimiðunum umhverfis landið. Hins vegar hefur okkur íslendingum verið það ljóst, þegar við höfum stigið skref og náð áföngum í þessum málum á undanförnum árum, að það er ekki hægt með einu pennastriki að vísa öllum útlendingum af miðunum. Reynslan hefur sýnt að vissa samninga, vissan aðlögunar- og umþóttunartíma hefur þurft. Það er skoðun ríkisstj., að fyrir hagsmuni Íslands sé hyggilegt að gera þennan samning við vestur-þjóðverja og að slík samþykkt muni færa okkur nær því marki, sem við stefnum að hið allra fyrsta, að íslendingar ráði einir yfir öllum fiskimiðum umhverfis landið.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Enn eitt þorskastríð er hafið, af því að við íslendingar höfum stigið lokaskref í þeirri baráttu, sem eru óskoruð örlög okkar kynslóðar, að frelsa hafið umhverfis okkur, landgrunnið, sem er samvaxinn hluti af landinu. Bretar hafa í þriðja sinn á 20 árum sent herskip sín okkur til höfuðs, til þess að vernda ólöglegar veiðar breskra togara og ögra íslenskri löggæslu. Við höfum áður þurft að þola ofbeldi um sinn, en ekki gefist upp fyrir því, heldur staðið á rétti okkar og svo munum við nú enn gera. Fyrri innrásir breta af þessu tagi reyndust óviturlegar frá þeirra sjónarhóli, — herhlaup sem ekki náðu árangri.

Slíkar deilur sem landhelgismaálið verða nú á tímum ekki leystar með valdi. Bretar hafa reynt vopnað ofríki gegn okkur tvisvar sinnum og tapað í bæði skiptin. Nú reyna þeir enn og þeir munu enn tapa þessu stríði.

Alþfl. stendur heils hugar með hörðustu mótmælum gegn framferði breskra herskipa og njósnaflugvéla í íslenskri landhelgi og mun styðja hvers konar einarðlegar gagnaðgerðir sem að bestu manna yfirsýn virðast líklegar til þess að koma málstað okkar að gagni. Við Alþfl.-menn höfum þegar á flokksþingi fyrir fáum dögum sent starfsliði Landhelgisgæslunnar kveðjur og óskir um að því farnist vel í hættulegum skyldustörfum sínum. Við erum sannfærðir um að þjóðin stendur sem einn maður að baki slíkra óska.

Alþfl. hefur ávallt verið flokkur friðar og samkomulags í alþjóðaskiptum lýðveldisins, sé þess kostur með fullri sæmd, og það er flokkurinn í eðli sínu enn. Í samræmi við þetta hefur Alþfl., bæði þegar hann hefur setið í stjórn og verið í stjórnarandstöðu, samþykkt landhelgissamninga til skamms tíma, þegar það hefur virst vera hagkvæmt fyrir þjóðina, og má raunar minna á að allir flokkar þingsins hafa á einhverjum tíma samþykkt slíka samninga. En við núverandi aðstæður hefur Alþfl. þó markað sér þá stefnu að snúast gegn fyrirhuguðum samningum við erlend ríki um veiðihlunnindi í landhelginni, og er sú ákvörðun byggð á veigamiklum málefnalegum ástæðum. Skal ég nú nefna nokkrar þeirra, sem ég tel vera þyngstar á vogaskálum.

Enda þótt rætt hafi verið um verndun fisk-

stofna allt frá upphafi landhelgismálsins, hefur það aldrei verið útbreidd og visindalega rökstudd skoðun fyrr en á þessu ári að mikilvægustu botnlægu fiskstofnarnir væru þegar ofveiddir og í alvarlegri hættu. Nú er í fyrsta sinn talað opinberlega og í fullri alvöru um að skammta hverri verstöð innanlands ákveðinn kvóta af þorski, ýsu, ufsa, karfa og e. t. v. fleiri tegundum. Þegar svona er komið, teljum við glæfralegt óráð að veita öðrum þjóðum verulegt aflamagn með samningum, jafnvel innan 50 mílna. Þess vegna er Alþfl. á móti samningunum við vestur-þjóðverja. Ef ríkisstj. fær nú vilja sínum framgengt um samninga þessa teljum við mjög líklegt að það muni reynast undanfari annarra samninga við 4—7 þjóðir, og gæti þá leyft aflamagn komist upp í eða yfir 150 þús. lestir. Íslendingar geta veitt allt þetta magn sjálfir og þurfa þess, það mundi frá okkur sjálfum tekið. Megum við við slíkri fórn, eins og efnahag okkar er komið í dag? Ég held ekki. Þess vegna er Alþfl. á móti samningunum við vestur-þjóðverja.

Meginnauðsyn okkar, sem gæti hugsanlega réttlætt einhverjar fórnir, er að fá aflétt þeim refsitollum á íslenskar afurðir sem Efnahagsbandalag Evrópu hefur beitt okkur og nú kosta okkur árið mikið fé. Þetta takmark næst ekki með samningunum sem hér liggja fyrir. Um það er allt í óvissu. Þess vegna er Alþfl. á móti samningunum við vestur-þjóðverja, eins og þeir liggja nú fyrir.

Áður fyrr hefur óbein eða bein viðurkenning á útfærslu okkar verið talin meginkostur við svo til hvern landhelgissamning sem gerður hefur verið. Nú veita þjóðverjar hvorki óbeina né beina viðurkenningu á 200 mílunum, heldur er beinlínis tekið fram í samningunum að svo sé ekki gert. Lágmark hefði verið að láta þetta atriði liggja ónefnt milli hluta.

Að lokum tel ég að þessir samningar geti haft slæm áhrif á málstað okkar á hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna með því að ýta undir hugmyndir þjóðverja um að þeir og aðrar þjóðir, sem hafa svipaða landfræðilega aðstöðu og þeir, fái til frambúðar veiðiheimildir í íslenskri landhelgi og hjá öðrum strandríkjum. En það er einmitt liður í stefnunni sem þeir berjast fyrir á þeim vettvangi. Af þessum ástæðum er Alþfl. á móti samningum við vestur þjóðverja, og mætti raunar telja ýmsar fleiri sem ég kann að koma að síðar.

Ég mun nú fara nokkrum orðum um sjálf samningsdrögin sem hér liggja fyrir. Ég er sammála því, sem forsrh. hefur nokkrum sinnum sagt, að það muni hafa yfirleitt góð áhrif meðal annarra þjóða ef íslendingar reynast vera fúsir til þess að ræða um þessi mál við aðra sem hafa á þeim áhuga og telja sig eiga hér hagsmuni. En það er um margt að tala, og það er allt annað að ræða við aðra heldur en að ganga að samningum eins og þeim sem Alþ. hefur nú fengið til úrskurðar.

Ein meginspurningin í sambandi við samninginn sem heild er sú, hvort þjóðverjar mundu veiða meira án samningsins. Ég vil leyfa mér að draga mjög í efa að svo sé, þó að því sé haldið fram fullum fetum. Við megum ekki gleyma því að ýmis ákvæði, alþjóðlegir samningar eða samningar milli tveggja þjóða eða jafnvel ákvarðanir stjórnvalda hjá einni og sömu þjóð um ákveðið aflamagn, sem veiða megi, standast yfirleitt ákaflega illa. Á síðustu 2—3 dögum höfum við heyrt fréttir t. d. frá Danmörku þar sem viðurkennt er að danir hafi farið yfir þann alþjóðlega kvóta sem þeir gengust undir í Norðursjónum. Vitum við það ekki vel, sem höfum viðurkennt opinberlega að okkar eigin sjómenn fóru yfir síldarkvótann þegar þeir fengu slíkan kvóta í fyrsta skipti eftir mörg ár? Stendur það ekki með feitu letri í Morgunblaðinu í dag að s. l. ár hafi bretar veitt 147 þús. lestir hér við Ísland eða 17 þús. umfram þær 130 þús. sem um er talað? Ég vil því ekki fallast á þá röksemd að við þurfum að fórna svo miklu til þess að draga úr veiðum þjóðverja.

Ef litið er á þau atriði, sem eru í samningnum eða réttara sagt í þeirri orðsendingu sem utanrrh. okkar mun senda þjóðverjum og Alþ. er ætlað að staðfesta, reka menn strax augun í það, að í fyrsta lið er gert ráð fyrir að markalínur hinnar nýju landhelgi geti breyst, og mun þar vera átt við yfir markalínur 200 mílnanna ef ég hef skilið það rétt, hugsanlegar breytingar á þeim gagnvart Grænlandi og Jan Mayen. Hér er í raun og veru um að ræða viðurkenningu á því að þessi mál hafi verið illa unnin, ef þegar er farið að festa það í milliríkjasamkomulag að við reiknum með að þurfa að breyta línunum. Það er raunar vitað mál að bæði danir og norðmenn hafa mótmælt því hvernig þessar línur voru ákveðnar og dregnar, þó að þeir sýni okkur þá vinsemd og kurteisi að tala opinberlega vel um stöðu okkar og ráðast ekki á gerðir okkar.

Aflamagnið, 60 þús. tonn, hef ég þegar nefnt. Það er talað um að það sé allt annað að semja við þjóðverja um þessi mál, af því að þeir veiði karfa og ufsa. En þær skýrslur, sem fyrir liggja og hér hafa verið gerðar að umtalsefni og ég þarf ekki að eyða löngum tíma í að rekja, af því að hv. þm. þekkja þær allir, segja okkur að karfi og ufsi séu ofveiddir stofnar líka. Ofan á það bætist að ef við verðum, eins og allar líkur eru á, að draga úr sókn t. d. í þorskstofninn, þá er ekkert líklegra en við verðum, ef við mögulega getum, að sækja harðar í karfa og ufsa sem e. t. v. eru ekki eins illa komnir og þorskstofninn er. En ég vil ítreka það sem ég sagði áðan, að reynslan sýnir að slíkar samningatölur um fiskmagn standast ekki, og það er algengt að fiskimenn annarra þjóða og raunar okkar eigin líka taka meira ef þeir mögulega geta.

Eftir því sem ég hef komist næst munu veiðisvæðin hafa verið það sem síðst var rætt um í þessum umr., þó að einhverjar hugmyndir um þau hafi verið komnar á blað áður, eftir því sem fram kom hjá síðasta ræðumanni. Ég vil benda á að einmitt á þremur stöðum, þar sem ég tel allra viðkvæmast, er þjóðverjum hleypt inn fyrir og það allverulega inn fyrir 50 mílurnar. Er alveg sérstök ástæða til að mótmæla þeim hluta, því að svo til öll andmæli gegn veiðihlunnindum útlendinga í hinni nýju 200 mílna fiskveiðilögsögu okkar hafa verið sett fram með því skilyrði að það væri allt annað mál að ræða um eitthvað

utan 50 mílnanna. Ég hef sagt það oft og tíðum og það gefur ástæðu til þess að mótmæla alveg sérstaklega þeim svæðum, þar sem þjóðverjum er hleypt inn fyrir 50 mílur, og verður raunar fróðlegt að sjá hvernig þau kort líta út þegar samningar við breta birtast.

Talað er um verndarsvæði og að þjóðverjar ætli sér að hlíta öllum verndarsvæðum sem við íslendingar setjum okkur sjálfir. Þetta hljómar ákaflega vel og er auðvitað virðingarvert að þeir skuli lofa okkur að þeir skuli virða það, ef við ákveðum verndarsvæði til þess að hlífa ungviði og uppeldisstöðvum fiskstofnanna. En á síðustu missirum hefur mikið verið talað um að hegðun fiskstofnanna sé þannig að það geti verið nauðsynlegt að setja með stuttum fyrirvara verndarsvæði á tilteknum stöðum til tiltölulega stutts tíma. Við höfum nú miklu betri aðstöðu en áður til þess að fylgjast með hegðun stofnanna, þannig að það er talað um þetta sem skynsamlega stefnubreytingu. En þjóðverjar hafa skilyrði fyrir því að gangast inn á að viðurkenna þessi svæði okkar. Það verður að láta þá vita, og ef við ætlum að setja slík svæði með stuttum fyrirvara, þá getur verið að það verði ærið erfitt í framkvæmd, þegar boðin eiga að fara úr sjútvrn. hér í utanrrn., þaðan til Bonn og til þýska utanrrn., þaðan yfir til þýska landbúnaðar- og fiskveiðaráðuneytisins og þaðan í einhverjar stofnanir sem væntanlega koma boðunum til skipanna sem eru að veiða við Ísland. (Gripið fram í.) Þetta er ærið þungt í vöfum, og sakar ekki þó að það komi fram að þetta er ekki slík dýrð eins og hv. talsmenn samningadraganna hafa viljað vera láta. Þeir tala um þetta sem hreint ákvæði, sem það þó ekki er, og ummæli mín eru fyrst á þá lund að þetta ákvæði er erfitt í framkvæmd og er því ekki eins jákvætt og hér hefur verið látið í ljós.

Minnst hefur verið á að í skýringunum á till. og í ræðum hæstv. ráðh. er talað um þýska ísfisktogara, en þeir eru ekki nefndir því nafni í samkomulaginu, þó að þeir séu að vísu nafngreindir í fskj. Hitt er mjög alvarlegt mál, að á vissu tímabili var talað um að hafa eitthvert ákvæði um fiskmjöls- og lýsisvinnslu um borð í þessum togurum, og ég veit ekki betur en að tæki til þess séu í þeim mörgum. Úr því að þetta fellur niður og ekkert ákvæði er um það, þá er ómögulegt annað en að benda á þá hættu að togararnir geti unnið fiskmjöl og lýsi skv. þessum samningum og þá e. t. v. ekki aðeins úr úrgangi eðlilegs afla heldur geta þeir malað smáfisk eins og þeim sýnist. Og ekki er ljóst hvort heildarmagnið, sem þannig yrði unnið, verður vegið og talið með í 60 þús. tonnunum.

Ef litið er á bréfin, sem þjóðverjar ætla að skrifa hæstv. utanrrh. á móti hans bréfi, þá eru þar tvö efnisatriði. Hið fyrra byrjar á mörgum fallegum orðum um okkur íslendinga, þessa vesalinga sem allt eiga undir sjónum og fiskinum, en síðan kemur augljós yfirlýsing um að þessi erindaskipti hafi engin áhrif á afstöðu viðkomandi ríkisstj. til hafréttarmála. Þetta hef ég þegar nefnt og tel mjög neikvætt atriði. Með þessu eru þjóðverjar að tryggja sig fyrir því að við getum á nokkurn hátt gagnrýnt þá eða veitt þeim aðhald skv. þessum samningi í barátttu þeirra á hafréttarráðstefnunni, en þar eru þeir tvímælalaust í hópi fremstu andstæðinga okkar. Ég hef setið margar þessar ráðstefnur, en sjaldan liðið eins illa og þegar ég horfði á fulltrúa vestur-þjóðverja og austur-þjóðverja, sem sátu hlið við hlið, og hlustaði á þá flytja svo að segja sömu ræðuna báða, ræður sem voru 100% neikvæðar fyrir baráttu okkar, og það er ákaflega ánægjulegt fyrir hæstv. utanrrh. að fá bréf frá þjóðverjum um að þeir ætli sér ekki að breyta neinu í þessu efni.

Í hinu þýska bréfinu mun væntanlega verða klásúla um 5 mánaða frestinn sem hér hefur verið ræddur, þ. e. a. s. ef bókun 6 varðandi viðskiptasamninga okkar við Efnahagsbandalag Evrópu tekur ekki gildi innan 5 mánaða, verði hægt að fresta þessu samkomulagi öllu. Í raun og veru þýðir þetta ákvæði að ríkisstj. gefur sjálfri sér og bretum 5 mánaða frest til þess að ná samkomulagi, því að ef samkomulag næst ekki við breta og þar af leiðandi fæst engin leiðrétting á viðskiptum okkar við Efnahagsbandalagið og bandalagsríkin, þá tel ég alveg fráleitt að ríkisstj. noti ekki þetta ákvæði og fresti þessum samningum um óákveðinn tíma eftir 5 mánuði. Báðir aðilar, sem að þessu samkomulagi standa, hljóta að vera nokkuð vissir um að það verði búið að ganga frá samningum okkar við breta og auðvitað við belgíumenn, sem munu vera mjög nærri, svo að ekki þurfi að hafa áhyggjur af því. Ég tel rétt að við gerum okkur ljóst að þetta samningsákvæði er okkur mjög þungt í skauti. Það er ekki rétt að nefna eingöngu ísfisk sem við ættum auðvitað að vinna sem allra mest heima í okkar fiskvinnslustöðvum. Ég get nefnt t. d. rækju og rækjuveiði sem er mjög þýðingarmikil um stóran hluta landsins, en hinir hækkandi refsitollar Efnahagsbandalagsins hafa einmitt komið mjög þungt niður á rækjuveiðum eða réttara sagt á sölu rækjuafurðanna.

Þá kem ég að því að það er ógerningur að líta á þetta samkomulag nema sem hluta af heild. Ég hef þegar nefnt 5 mánaða ákvæðið sem mun vera að ósk íslendinga og er mjög óvenjulegt, en má sjálfsagt finna á því ýmsa kosti frá sjónarmiði hæstv. ríkisstj. Ef litið er á þessi mál í heild, bæði 5 mánaða ákvæðið varðandi Efnahagsbandalagið og það sem vitað er um stöðu okkar gagnvart öðrum ríkjum, er augljóst að við getum átt von á að samið verði við mörg önnur ríki í kjölfarið, eftir að þessum samningum er lokið.

Belgíumenn hafa komið vel fram við okkur áður og okkur var mikils virði að þeir voru reiðubúnir til að gera fyrri samning og ganga fram fyrir skjöldu Efnahagsbandalagsríkjanna og annarra Evrópuríkja og ganga lengra í viðurkenningu en nokkurt annað ríki sem við höfum samið við, hefur gert. Þeir vilja fá að halda áfram veiðum, að vísu helst með óbreyttu magni, þó að skipum hafi fækkað, en þar mun vera tæplega 10 þús. tonn, en tala þó um 8 þús. og fá vafalaust eitthvað örlítið þar fyrir neðan.

Norðmenn hafa á þessum tíma lagt fram óskir um að fá undanþágur fyrir stærri skip en þeir hafa fengið hingað til, þó að mér sé

ekki kunnugt um hvaða aflamagn hefur verið talað um í því sambandi.

Færeyingar skipa sérstakan sess í huga okkar, og er að sjálfsögðu erfitt að gera upp við sig hvernig framtíð samskipta okkar við þá varðandi landhelgismálið á að verða. Margir hafa gagnrýnt það að færeysku togararnir, sem veiða og salta, jafnvel við það að geta talist verksmiðjutogarar, þó að vinnsluaðferðirnar séu frumstæðari en í þýsku verksmiðjutogurunum. Og ekki er hægt að ganga fram hjá því að aflamagnið, 20 þús. tonn, er töluvert mikið og þar af munu um 12 þús. tonn vera þorskur.

Þá eru eftir spurningar varðandi austurþjóðverja, pólverja og sovétmenn. Staðan mun vera sú, að bæði pólverjar og sovétmenn hafa hreinlega mótmælt 200 mílna landhelginni og eru einu þjóðirnar sem lagt hafa fram formleg mótmæli. Ég hef heyrt einhvers staðar að Sovétríkin óski ekki einu sinni eftir að tala við okkur, vegna þess að sovétmenn líti svo á að með því einu að ræða við okkur um 200 mílurnar hafi þeir rétt okkur einhvern part af litla fingrinum, þ. e. a. s. veitt okkur einhvers konar tegund af viðurkenningu. Austurþjóðverjar hafa hins vegar ekki mótmælt. Nú hafa veiðar þessara þjóða verið æðimisjafnar frá ári til árs, hafa hoppað upp úr því að vera kannske 1—2 þús. tonn og upp í 15—20 þús. tonn. Ekki kann ég skýringar á þessu, nema manni kemur til hugar að veiðum þeirra á Norður-Atlantshafi er yfirleitt lýst þannig að þeir sigli í stórum flotum með móðurskip og nánast þurrki upp heil svæði, en geta svo kannske komið til þeirra aftur ef fiskstofnarnir rétta sig við. Gæti þá verið að þau árin, sem slíkir flotar hafa verið á okkar svæði, hafi aflamagnið hlaupið upp, en þá munar líka um það. Eitt er víst, að tvær þessara þjóða, austurþjóðverjar og pólverjar, munu eiga von á því að við þá verði rætt um samninga, skal ég ekkert um það fullyrða hvort gengið verður fram hjá þeim algjörlega nú, eins og gert hefur verið áður, eða hvort verður samið við alla þá sem sannanlega hafa veitt á Íslandssvæðinu.

Ég get ekki skilist við þessi mál án þess að láta í ljós enn einu sinni og á þessum stað undrun og andstyggð á því hversu afstaða breta í öllum þessum samningum hefur verið harkaleg og furðuleg. Þeir byrja á því að heimta óbreytt fiskmagn og tala um 10 ár. Þetta er eins og steinaldarmenn sem koma til samninga og bjóða slík skilyrði til þess að ræða um. Hattersley þykist vera sveigjanlegur, en ekki er það mikil sveigja sem á honum hefur sést enn þá. Hún þarf væntanlega að verða töluverð til þess að hann nái því sem sýnilega er þó markmiðið, bæði hjá honum og ríkisstj. okkar, að samið verði.

Rætt hefur verið um það hvaða áhrif þessi samningagerð við vestur-þjóðverja kunni að hafa á hafréttarráðstefnuna og störf hennar. Ég skal játa að þau mál eru öll svo flókin og viðhorf manna víðs vegar um heim svo ólík að erfitt er að segja fyrir eða spá um hver þessi áhrif kunna að verða. Ég held að varla verði hægt að gera ráð fyrir að áhrifin af þessum málum okkar verði hin sömu á nema tiltölulega litla hópa þátttökuþjóða. En í fyrsta lagi tel ég, að svo alvarleg deila sem nú er risin með þátttöku herskipa og herflugvéla, — deila sem vekur athygli um allan heim, hljóti fyrst og fremst að ýta undir alla hugsandi menn, sem taka þátt í þessari ráðstefnu, og þær ríkisstj., sem þar eiga aðild að, hvað snertir það að hraða vinnu ráðstefnunnar.

Nú er það svo, að fiskveiðimál eru ekki deilumál og valda ekki erfiðleikum aðeins hér við Ísland. Það er á svo mörgum stöðum öðrum í heiminum, suður í Norðursjó og víðs vegar annars staðar, og allt þetta hlýtur að hafa þau áhrif að þátttökuþjóðirnar skilji það og sjái, að knýjandi nauðsyn er á því að að finna botn í þessi mál sem allra fyrst, að ljúka því verki sem nú þegar er langt komið. Ég hygg að það megi telja þær þjóðir á fingrum sér sem beinlínis hafa það að stefnumarki og telja hagsmuni sína að hindra að ráðstefnan yfirleitt nái nokkrum árangri, en þær eru líka til. Ég geri því ráð fyrir að því meiri ýfingar sem eru út af fiskveiðum og öðrum hafréttarmálum, því meiri pressa verði lögð á að hraða störfum hafréttarráðstefnunnar og ljúka þeim sem fyrst.

Komið hafa fram hótanir um að það muni leiða til gerðardóms ef við viljum ekki semja við nágranna okkar. Ég skal ekkert um það segja. En sem betur fer hefur ekki verið um það talað enn sem komið er, og ég er ekki viss um að okkar mál muni ráða úrslitum hvað það snertir, vegna þess að það eru svo margir aðrir hagsmunir sem líka koma við hafréttarmálum. Hitt er augljóst, að þær hættur, sem við munum fylgjast best með og hafa áhyggjur af, eru varðandi það, hvort 200 mílna efnahagslögsögunni muni fylgja einhver skilyrði, sem við eigum erfitt með að sætta okkur við. Fyrst í stað héldum við, að þessi skilyrði mundu verða svokallaður sögulegur réttur. Slíkur réttur hefur verið viðurkenndur á sumum stöðum í heiminum. T. d. hafa kanadamenn gert það, bæði Atlantshafs- og Kyrrahafsmegin. En sem betur fer fór ekki svo, og er það saga sem kemur vonandi í ljós síðar, — hverjir unnu að því, því að embættismenn okkar íslendinga áttu þar verulegan hlut að máli.

Í staðinn fyrir að taka sögulegan rétt komu hugmyndir um að setja hámarksveiðiákvörðun fyrir hvert strandríki og láta síðan strandríkið ákveða hvað mikið það getur veitt, en það munu vera sárafá strandríki í veröldinni sem geta ein sér veitt allan þann fisk sem er á þeirra svæði. Ætlunin er að sá fiskur, sem viðkomandi strandríki treystir sér ekki til að taka eða vill ekki taka, skuli ganga til annarra.

Eitt hættulegasta atriðið, sem er óleyst, eru innilokuð ríki, þau sem eiga ekki land að sjó, og ríki sem hafa mjög stutta strandlengju og fá þar af leiðandi miklu minna út úr útfærslunni eða nálega ekki neitt. Þessi ríki eru allsterk, tæplega þriðjungur af þingaðilum, svo að þau eru raunar hættulega mörg. Þau hafa gengið með hugmyndir um að strandríkin, sem mest fá, eigi að bæta þeim upp að þau fá ekki neitt.

Það er þetta sem ég á við þegar ég nefni hugmyndir sem ég hef heyrt af munni þjóðverja, áhrifamanna sem eru okkur vinsamlegir að mörgu leyti, að þjóðverjar muni fá hjá íslendingum og norðmönnum og kannske grænlendingum og kanadamönnum einhver hlunnindi til frambúðar sem uppbót fyrir að þeir fá nálega ekkert út úr útfærslu landhelginnar. Þarna liggur veruleg hætta, og ég óttast að áframhaldandi samningagerð við önnur ríki um veiðar í íslenskri landhelgi muni styðja þessar hugmyndir og verða notað sem röksemd til að færa sönnur á að við höfum sjálfir í reynd viðurkennt að þessi ríki hafi ekki aðeins hagsmuna að gæta þarna, heldur eigi einhvern rétt og sé því ekkert eðlilegra en að þau fái hann eitthvað áfram, þannig að jafnrétti sé og þau geti unað við og samþ. 200 mílur. Þetta er töluvert veigamikið en flókið atriði, en ætti að nægja til þess að sanna að það eru fullt svo miklar, ef ekki meiri líkur á því, að slíkt samkomulag sem þetta muni ekki greiða fyrir málstað okkar á hafréttarsviði, heldur en hinu, að fullyrða að það muni verða okkur til hjálpar.

Herra forseti. Ég hef vísvitandi ekki eytt löngum *ræðutíma í að fjalla um þær upplýsingar* sem við höfum fengið nú síðustu missiri varðandi stöðu stofnana og hafa haft gífurleg áhrif á þjóðina, vegna þess að mönnum er þetta kunnugt og aðrir, sem þekkja það betur en ég, *hafa mikið um það rætt. En ég vil vekja* athygli manna á því, að það er ekki fyrr en nú á síðustu 1—2 árum sem íslendingar gera sér ljóst að staða fiskstofnanna sé orðin svo alvarleg að við séum komnir að hættumarki. Það er ekki fyrr en á alveg síðustu missirum. Auðvitað er búið að tala um verndun fiskstofna frá upphafi landhelgismálsins. Ég get nefnt það sem dæmi að fyrir réttum tveimur árum fóru fram tveggja daga umr. hér á Alþ. um samninga sem þá var verið að gera við breta um veiðar þeirra innan 50 mílna landhelginnar Ég er nýlega búinn að lesa þessar umr. allar yfir aftur og komst að þeirri niðurstöðu, að sumir þm. sögðu beinlínis að þeir teldu verndunarákvæði þeirra samninga fullnægjandi. Það var sagt í þessum stól. Aðrir vildu fá dálítið meiri verndun. En ekki einn einasti ræðumaður í tveggja daga umr. nefndi það á nafn að verðmætustu fiskstofnar okkar væru komnir alveg að barmi hinnar alvarlegu eyðingarhættu. Ekki einn einasti maður notaði nein slík orð.

Þetta sýnir að málið hefur tekið snöggum breytingum í meðvitund okkar. Hefur það raunar gerst bæði á þann hátt, að með hinni hraðvaxandi sókn hafa sjómenn um allt land og raunar landsmenn allir tekið eftir því að aukin sókn hefur ekki veitt aukinn afla, nema síður væri, svo og hitt, að við höfum fengið hverja vísindaskýrsluna á fætur annarri á þessu ári, en ég man ekki eftir neinni sem beinlínis bendir á ofveiðihættu og stórhættu fyrr en snemma á þessu ári. Síðan kom svarta skýrslan svokallaða, sem breskir fiskifræðingar viðurkenna í grundvallaratriðum, og svo skýrslan frá Rannsóknaráði. Allt eru þetta atriði sem hafa breytt viðhorfum margra manna, og það er enginn vafi á því að það er þetta sem veldur því að almenn andstaða í landinu gegn því að semja er augljóslega miklu meiri nú en hún hefur verið áður. Ég skal ekki vera með neinar getgátur um tölur eða mælingar, en það er ómögulegt að deila um þá niðurstöðu að hún sé miklu meiri nú en hún hefur verið áður. Ég vil því halda því fram, að hafi verið grundvöllur fyrir samningum um veiðiréttindi annarra þjóða í landhelginni fyrir nokkrum árum, þá er hann ekki í dag. Hann er ekki fyrir hendi í dag.

Ég vil benda á það, að með því að veita allvíðtækar veiðiheimildir til útlendra þjóða í landhelginni eru við í raun og veru að gera alla bestu vísindamenn okkar á þessu sviði ómerka. Ég vil biðja hv. alþm. um að hugsa um það, að ef illa fer, sem ég vona að verði ekki, um einhvern, einn eða fleiri, af þeim fiskstofnum sem um er að ræða, þá verður ekki hægt að segja að Alþ. hafi ekki fengið aðvaranir frá þeim mönnum sem best eiga að vita, og gildir það jafnt um leikmennina og hina lærðu. Ég tel því, að við eigum ekki að semja.

Hæstv. iðnrh. notaði kafla í ræðu sinni áðan til að hæla Sjálfstfl. fyrir að hann hefði haft frumkvæði um núv. baráttu til útfærslu í 200 mílur, og ég skal ekki andmæla því á nokkurn hátt. Þeir tóku mikinn fjörkipp í þessum málum og hafa barist mjög duglega og drengilega fyrir 200 mílunum. En fyrstir til að færa út, það *virðist þeim ekki nóg, þeir þurfa að vera fyrstir* til að færa landhelgina inn aftur.

Ef útfærslan verður að kosta þorskastríð, eins og nú virðist líklegt, þá það. Við höfum lifað það af áður. Ég tel að við höfum aldrei verið eins vel búnir til þess og nú að hindra veiðiþjófnað, og ég tel enn fremur að andstæðingar okkar hafi aldrei haft eins erfiða stöðu og skilningur þjóðanna á málstað íslendinga aldrei verið líkt því eins mikill og hann er nú, ekki síst vegna þróunarinnar á hafréttarráðstefnunni. Erlendar þjóðir hafa fengið í raun og veru 28 ára umþóttunartíma, ef við reiknum tímann frá því að landgrunnslögin voru samþ. Ef þær hafa ekki tekið eftir þeirri lagasetningu, eru engu að síður um eða yfir 20 ár síðan við byrjuðum að færa út í 12 mílur. Og ef sérfræðingar þjóða eins og breta og þjóðverja í fiskiðnaði gátu ekki lesið út úr þeim aðgerðum hvað fram undan var og ekki byrjað að búa sig undir þá breyt., þá er það þeim að kenna, en ekki okkur. Er því alls ekki réttmætt af minni hálfu að tala nú um að enn þurfi að veita umþóttunartíma. Ég tel að það sé búið að veita rúmlega tveggja áratuga umþóttunartíma þeim sem mest hafa veitt hér við land. Þar að auki eru fiskveiðar, sem þjóðir stunda á landgrunni og upp undir ströndum annarra ríkja, ekkert annað en angi af heimsveldisstefnu. Þessi heimsveldisstefna hefur verið að hrynja í rústir á landi frá því í lok síðustu heimsstyrjaldar, og það er alveg furðulegt að þjóð, sem hefur gefið nýlendum frelsi í kringum alla jörðina, eins og bretar hafa gert, skuli hanga svona í nokkrum sjómílum við Ísland og jafnvel beita flota sínum hvað eftir annað til þess að reyna að missa þar ekki fótfestuna of hratt. Hafa

þeir þó ærna möguleika til að vinna sér þetta upp, hafa t. d. reist nú á síðustu tveim —þrem áratugum algjörlega nýja borg, stórkostlega hafnar- og iðnaðarborg, sem stendur mitt á milli Grimsby og Hull.

Herra forseti. Ég hef gert grein fyrir því hvernig við í Alþfl. teljum að þróun málanna hafi verið og hvað það er sem hefur leitt til þeirrar niðurstöðu, að við erum andvígir þessum samningi og skorum á hæstv. ríkisstj. að draga hann til baka og breyta um stefnu í þessum málum.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Sú þáltill. hæstv. ríkisstj. um heimild til samningsgerðar við vestur-þjóðverja um veiðiheimildir innan íslenskrar fiskveiðilögsögu, sem hér er til umr. í dag, undirstrikar að mínu áliti alla þá gagnrýni sem við stjórnarandstæðingar höfum uppi haft á stefnu eða réttara sagt stefnuleysi og vinnubrögð hæstv. ríkisstj. varðandi útfærslu og framkvæmd landhelgismálsins. Þessi þáltill. sýnist mér bera vott um að hæstv. ríkisstj. hefur verið og er veikasti hlekkurinn í þeirri keðju sem myndast hefur meðal okkar íslendinga varðandi landhelgismálið. Þessu hefur vissulega átt að vera öfugt farið.

Eins og hefur komið fram í þessum umr., hefur allt frá upphafi þess að ákvörðun um útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 200 mílur var tekin, allt frá upphafi þess hefur svo til öllu því, sem gerst hefur í þessu máli, verið haldið leyndu fyrir þjóðinni. Vikur hafa liðið frá því að samningafundum við hinar ýmsu þjóðir hefur lokið og þar til landhelgisnefnd hefur fengið vitneskju um gang málsins. Heimtaður hefur verið trúnaður af fulltrúum í landhelgisnefnd, sem að vissu marki er eðlilegt, en að því er mér finnst hefur það gengið allt of langt. Kannske er sú skýringin á þessum vinnubrögðum hæstv. ríkisstj. að hún hafi talið sig þurfa að fá meira svigrúm til að hún geti með eðlilegri hætti smeygt inn á tiltölulega auðveldan hátt samningsdrögum eða samkomulagshugmyndum eins og hér er verið að ræða í dag.

Það hefur líklega ekki farið fram hjá neinum að margar tilraunir hafa verið gerðar af hálfu stjórnarandstæðniga til þess að fá umr. um landhelgismálið hér á Alþ. á undanförnum vikum, fyrst og fremst til að fá upplýsingar, þannig að þjóðin sem heild gæti fylgst með því sem væri að gerast í þessu stóra máli. En allar slíkar tilraunir hafa að mestu leyti borið tiltölulega litinn árangur. Slík meðferð máls sem landhelgismálsins er vissulega ekki til þess fallin að efla samstöðu og skapa einhug meðal þjóðarinnar, heldur miklu fremur til þess líkleg að upp komi tortryggni og getsakir um að ekki sé allt með felldu hjá þeim sem ráða ferð í slíku máli.

Nú fyrst, þegar tíu vikur eru liðnar frá því að formlegar samningaviðræður við erlendar þjóðir voru hafnar, þá er fyrst í dag opin umr. um þessi mál. Það er fyrst í dag sem almenningur í landinu getur fylgst með því, hvað hefur gerst, og fengið vitneskju um það, hvað á að gerast, a. m. k. að því er varðar annan höfuðandstæðing okkar íslendinga í landhelgismálinu, vestur-þjóðverja.

Það hefur ábyggilega ekki farið fram hjá neinum, að þegar ákvörðun um útfærslu í 200 sjómílur var tekin, þá fögnuðu allir íslendingar slíkri ákvörðun. Hvaðanæva að streymdu yfirlýsingar um samstöðu og stuðning og að ekki skyldi hvikað frá settu marki um 200 mílna fiskveiðilögsögu fyrir íslendinga eina. Einnig hafa fylgt þessum samþykktum sterkar viðvaranir gegn öllum samningum um veiðiheimildir öðrum þjóðum til handa innan fiskveiðilögsögunnar og þá fyrst og fremst innan 50 mílna markanna. Þetta er saga, sem er öllum kunn, og einnig að líklega hefur málstaður Íslands á alþjóðavettvangi aldrei verið sterkari en einmitt við útfærsluna í 200 sjómílur.

Það hefur, að ég hygg, ekki farið neitt milli mála, hvorki hjá hv. alþm. né öðrum, að ég hef borið tiltölulega lítið traust til núv. hæstv. ríkisstj. og kannske hvað minnst í þessu máli. En að ég ætti eftir að lifa það að sjá hæstv. ríkisstj., hæstv. ráðh. og stjórnarliða fórna málstað íslensku þjóðarinnar með þeim hætti sem þetta samkomulag gerir ráð fyrir, það hefði ég svarið fyrir að ég ætti eftir.

Því hefur verði haldið fram af okkur stjórnarandstæðum að hæstv. ríkisstj. hafi svo sannarlega verið á samningsbuxunum í þessu máli allt frá upphafi. Stanslaust samningamakk, formlegt og óformlegt, hefur verið í gangi. Hugmyndir, óskir og tilboð hafa streymt af vörum hæstv. ráðh. til okkar höfuðandstæðinga og mestu fjandmanna í þessu máli, breta og vestur-þjóðverja. Eins og hér hefur komið fram, er nú þegar búið að bjóða erlendum aðilum a. m. k. 140—150 þús. tonna afla af þeim tæplega 400 þús. tonna afla sem fiskifræðingar telja að taka megi án þess að hrun eigi sér stað í fiskstofnum við landið. Hér er um að ræða tilboð til breta, samning við vestur-þjóðverja, og í burðarliðnum mun vera samningur við belga, norðmenn og að öllum líkindum færinga. Hæstv. ríkistsj. er með þessu nú þegar búin að skerða veiðigetu íslenskra fiskiskipa frá 400 þús. tonnum niður í 240—250 þús. tonn, þ. e. skerða afkomu íslendinga í fiskveiðum um nær því 40% frá því sem hefði getað orðið. Þetta hlýtur að teljast furðuleg framkoma þegar höfð er í huga sú skýrsla Hafrannsóknastofnunarinnar sem í daglegu tali er nefnd hin svarta skýrsla, því að svö dökk mynd er dregin upp af ástandi helstu fiskstofna við landið í þeirri skýrslu að sumir hverjir ráðh. meira að segja hafa að eigin sögn hrokkið í kút þegar slík skýrsla birtist í síðasta mánuði. Er í þessari skýrslu sterklega fram sett að verði meira aflamagn tekið af miðunum við landið en það sem íslendingar einir geta sannanlega aflað, þá vofi yfir hrun helstu fiskstofnanna við landið, og meira að segja er talið að við íslendingar eigum nú þegar meiri skipastól en til þess þarf að taka það aflamagn sem réttlætanlegt er að taka.

Maður skyldi ætla að þegar slík vopn af hálfu viðurkenndra íslenskra fiskifræðinga, og ekki bara íslenskra fiskifræðinga, heldur og líka breskra, er lagt upp í hendur hæstv. ríkisstj.

sem eitthvert skæðasta vopn í þessu máli, þá hefði mátt beita því með betri árangri en það samkomulag, sem hér er nú til umr., virðist bera vitni. Það hefði mátt ætla að hæstv. ríkisstj. væri vopnfimari með slíkt vopn í hendi en það samkomulag, sem hún nú leggur fyrir Alþingi, ber með sér. En eigi að síður, það er engu líkara en hæstv. ríkisstj. hafi forherst við að fá slíka skýrslu í hendur, sem átti þó að vera henni mikill stuðningur við málstað íslendinga varðandi þetta mál.

Það samkomulag, sem hér er nú til umr. og að því er best verður heyrt og vitað meiningin að hljóti hér lokaafgreiðslu n. k. föstudag, komi ekki eitthvað sérstakt til, það hefur vissulega mörg ákvæði sem ástæða er til að gefa sérstakan gaum og vekja athygli á. Þar er í fyrsta lagi um að ræða aflamagnið, sem er, eins og margoft hefur komið fram, 60 þús. tonn næstu tvö árin og þar af um 5 þús. tonn af þorski. Það er gert ráð fyrir því að heildarafli þjóðverja á Íslandsmiðum í ár verði um 40 þús. tonn. Með boði til vestur-þjóðverja um 60 þús. tonna ársafla er verið að bjóða þeim 50% meira en þeir fiska á Íslandsmiðum í ár. Þetta segja hæstv. ráðh., síðast hæstv. iðnrh. hér áðan, að sé gott boð, góður samningur fyrir íslendinga. En ekki nóg með það, þau 60 þús. tonn sem hér er talað um að þjóðverjar eigi að fá að veiða á miðunum við landið næstu tvö árin, verða í reynd a. m. k. 70 þús. tonn, því að þessi 60 eru miðuð við vog þeirra þýskara úti í Þýskalandi sem er orðin vissulega talsvert minni en það aflamagn sem þeir taka hér og eru með þegar þeir fara af stað til Þýskalands. Skyldu nú ekki þessar tölur um aflamagn geta gefið vísbendingu um það, að bretar teldu þær hagstæðar sér til viðmiðunar um afla sinn á Íslandsmiðum þegar hæstv. ríkisstj. fer í áframhaldandi samningaviðræður við breta, sem enginn vafi er á að hún gerir á því 5 mánaða aðlögunartímabili sem hún hefur nú gengið að að fallast á vegna bókunar 6 um tollafríðindin? Ætli breska ljónið, sjálfur Hattersley, ofjarl hæstv. utanrrh. og iðnrh. í samningum, — ætli hann grípi ekki fegins hendi þessa viðmiðun þegar til lokaslagsins kemur í samningsgerð við breta, sem ég a. m. k. er ekki í neinum vafa um að er ekki langt undan? (**Utanrrh.**: Hvað er átt við með því, ofjarl okkar?) Hann hefur sýnt það af sér, hæstv. ráðh. (**Utanrrh.**: Er það af því að hann hefur herskip?) Nei, kannske komum við að því atriði síðar. Það þarf ekki alltaf herskip til að sigra andstæðing. Það hefur sýnt sig.

Ég vil í öðru lagi víkja hér að skipalistanum. Samkv. þessu samkomulagi eiga þjóðverjar að fá heimild til þess að veiða á 40 skipum við Ísland, og sagt er í samkomulagsdrögunum að útilokuð séu verksmiðjuskip og frystitogarar. Nú er, að því er ég best veit, sá galli á þessu, að þau skip, sem eru t. d. með fiskimjölskvarnir innanborðs, það er ekkert í þessu samkomulagi sem kemur í veg fyrir að þau geti unnið úrgang úr þeim afla sem þau fiska hér á Íslandsmiðum. Þau flokkast í venjulegu tali, að því er ég best veit, ekki undir verksmiðjuskip eða frystitogara, og það var einmitt þetta atriði, sem lengst af standaði á í viðræðum við vestur-þjóðverja, í þeim viðræðum sem fyrrv. ríkisstj. átti við þá. Þetta er því opið enn. Þarna er smuga fyrir þjóðverja, eins og samkomulagsdrögin liggja nú fyrir, til þess að hagnýta sér þetta og þar með fallið frá því prinsipatriði sem íslendingar allt til þessa hafa þó staðið á.

Og þá er komið að svæðunum. Ég verð að segja fyrir mig, að ég trúi því varla enn, þó að búið sé að leggja þetta plagg fram á Alþ., að hér sé ekki um misskilning að ræða á þeirri svæðaskiptingu sem er á korti sem fskj. með þáltill. Ég trúi því sem sagt ekki enn, en kannske það komi að því að ég verði að gera það, að það sé meining hæstv. ríkisstj. og stjórnarliða að í stað þess að færa út landhelgina fyrir Vestfjörðum allt frá Kögri suður fyrir Reykjanes, í stað þess að færa hana úr 50 í 200 mílur er hún færð inn úr 50 og allt upp í 25 eða 23 mílur. Allt svæðið frá Kögri og suður fyrir Reykjanes, á bilinu frá 50 og út í 200 mílur, er frjálst fyrir þjóðverja plús það að á þremur stöðum fá þeir að fara inn fyrir gömlu 50 mílna línuna allt upp að 23 mílum. Kannske hef ég misskilið að það ætti að færa fiskveiðilögsöguna út í 200 mílur eins fyrir Vestfjörðum og annars staðar við landið. Ég stóð í þeirri meiningu að það ætti að gerast á þessu svæði einnig að færa út frá 50 mílum út í 200. Annaðhvort hef ég misskilið þetta eða, sem mér þykir líklegra, að hæstv. ráðh. og stjórnarliðar hafi með einhverjum hætti tekið þetta öfugt inn í höfuðið, hver meiningin í raun og veru var með ákvörðun um útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 200 sjómílur.

Ég get ómögulega skilið það, ekki hvað síst eftir ræðu hæstv. iðnrh. áðan, þegar hann var að hælast um yfir því að Sjálfstfl. hefði verið fyrstur til þess að hafa orð á og gera samþykktir um útfærslu í 200 sjómílur, en eins og hv. þm. Benedikt Gröndal kom inn á áðan, er hann þá líka fyrstur til þess að færa landhelgina úr 50 mílum og inn fyrir. Þetta er eitthvert mesta öfugmæli sem ég hef heyrt. Að vísu skal viðurkennt að ég hef ekki lifað lengi, en eigi að síður er þetta eitthvert mesta öfugmæli sem ég hef heyrt þegar svona er talað. (**Gripið fram í**: Þekkir þú ekki fordæmin?) Nei, því miður, hv. þm. En þekki þessi hv. þm., sem greip fram í, fordæmi slíks, þá vænti ég að hann komi því til skila hér á eftir og þá verður það rætt við hann.

Það er sem sagt gert ráð fyrir því, eins og þessi þáltill. liggur fyrir, að á þremur svæðum, tveimur svæðum úti fyrir Vestfjörðum og Breiðafirði, fái þjóðverjar, auk þess að geta hagnýtt sér allt svæðið milli 50 og 200 mílna, að fara inn fyrir, á svæðinu frá Kögri og að Barða, inn að 34—37 mílum, út af Breiðafirði inn að 40 mílum og á svæðinu út af Reykjanesi inn að 23 mílum. Auk þessa er þeim svo heimilað að fara inn fyrir gömlu 50 mílna mörkin á stóru svæði fyrir Austfjörðum og þar inn að 25 mílum. Á öllu þessu svæði frá Kögri og suður fyrir Reykjanes mega þjóðverjar vera frjálsir allt árið að undanskildu svæðinu út af norðanverðum Vestfjörðum sem þeir fá ekki að vera á nema hálft árið. Þetta er útfærslan á þessu svæði.

Svo kemur hæstv. iðnrh. og fer að reikna hér stækkun landhelginnar í ferkm, eins og það skipti meginmáli. Það skiptir auðvitað meginmáli hvaða veiðisvæði það eru sem útlendingar

fá til veiða, en ekki hver ferkm-tala landhelginnar sem slíkrar er. A. m. k. held ég að sjómenn skilji það betur, hvaða veiðisvæði það eru sem útlendingum eru afhent til afnota, heldur en hvað stærð í ferkm segir til í sambandi við landhelgismálið.

Hvað er hér að gerast? Það er engu líkara en þeir, sem hér ráða ferðinni, ætli sér í eitt skipti fyrir öll — og ég endurtek það: Það er engu líkara en þeir, sem hér ráða ferðinni, ætli sér í eitt skipti fyrir öll að ganga að Vestfjörðum dauðum. Það getur ekki verið annað sem vakir fyrir þeim mönnum sem standa þannig að málum eins og sú þáltill., sem hér er til umr., gerir ráð fyrir, að heimila þjóðverjum veiðar á þessu svæði. Það er því ástæða til að spyrja hv. 1., 2., 3. og 4. þm. Vestf., að ógleymdum hv. 9. landsk. þm.: Hvað ætla þessir hv. þm. þessa landshluta að láta lemja sig lengi til hlýðni til þess að samþykkja slíkt plagg sem hér liggur fyrir? Er það virkilega meining þessara hv. þm. að fallast á, kannske með semningi, að slíkt eigi sér stað úti fyrir þessum landshluta? Ætla þeir virkilega að taka þátt í þessari aðför sem ég fullyrði að er verið að gera að Vestfjörðum? Kannske er þetta einn liðurinn í hinni þróttmiklu byggðastefnu sem er á stefnuskrá núv. hæstv. ríkisstj. Vel má svo vera. En ef þetta á að gerast, þá fer ekki hjá því að menn verði að spyrja um það, hvað hafi orðið af öllum stóru orðunum sem sumir þessara hv. þm. viðhöfðu hér á Alþ. fyrir tveimur árum, þegar til umr. var samningurinn við Breta. Kannske kafna slík stóryrði eins og hv. 3. þm. Vestf. viðhafði hér þá í koki hans nú. En það verður eigi að síður fróðlegt að heyra og sjá viðbrögð þessara hv. þm. við því sem hér er lagt til gagnvart þeirra umbjóðendum fyrst og fremst. Mér virðist að hér hafi það gerst sem líklega enginn íslendingur hefði látið sér til hugar koma að gæti gerst, þ. e. að landhelgin sé færð inn í staðinn fyrir út, og það er meginmálið.

Það hefur einnig verið vikið að því hér, að samkv. þessu samkomulagi liggur engin viðurkenning fyrir af hálfu þjóðverja á útfærslunni í 200 mílur. Það er einnig ljóst varðandi friðunarsvæðin að samkomulagið gerir einungis ráð fyrir því að þjóðverjar virði þau friðunarsvæði sem eru fastbundin, ekki skyndilokunarsvæði. En eins og öllum hv. þm. er kunnugt, að ég hygg, hefur þróunin orðið sú, að menn hafa talið nauðsynlegt að beita fremur skyndilokun til verndunar ungfisks en verið hefur, en engin slík viðurkenning er til í þessu plaggi af hálfu þjóðverja í þeim efnum. Ég skil satt að segja ekkert í forstjóra Hafrannsóknastofnunarinnar sem skrifar undir plagg sem hæstv. utanrrh. vitnaði til, sem ég veit þó ekkert hvort er í nafni stofnunarinnar sem slíkrar, því að það kemur hvergi fram, — ég skil ekkert í honum að láta það í þetta plagg, eins og hann segir: „Stofnunin telur mjög mikilvægt að vestur-þjóðverjar munu virða lokun hrygningarsvæða eða svæða þar sem mikið er af ungfiski.“ Þetta fær á engan hátt staðist samkv. þessu samkomulagi. Það er ekki stafkrókur um að þjóðverjar viðurkenni skyndilokanir sem íslendingar hafa þó orðið og verða að sætta sig við. Enda hygg ég að það fari ekki neitt á milli mála hjá einum eða neinum hv. þm. að stefnan er sú að auka mjög slíkar aðgerðir, en fækka bundnu friðunarsvæðunum. Þetta var eitt þeirra atriða sem sumir hv. þm. Sjálfstfl. gagnrýndu þegar hér var til umr. samkomulagið við Breta fyrir tveimur árum. En hafi það verið gagnrýnanlegt þá, eins og hv. 3. þm. Vestf. gerði þá og hann að ég hygg hefur talið réttilega, þá er það ekki síður gagnrýnanlegt nú, að ekkert slíkt ákvæði skuli vera í þessum samkomulagsdrögum, því að öll þróun hefur orðið í þá átt að beita miklu frekar slíkum aðgerðum en fastbundnum svæðum.

Það, sem kennske vekur þó — ja, ég vil segja næstmesta furðu varðandi þetta samkomulag, er að þrátt fyrir marggefnar yfirlýsingar sumra ráðh. núv. hæstv. ríkisstj. um að samningar komi ekki til greina nema bókun 6, þ. e. a. s. tollfríðindin, komi til framkvæmda strax, — mátti lesa slíkar yfirlýsingar á síðum Morgunblaðsins í viðtölum við suma hæstv. ráðh. lengi fram eftir hausti, en slíkt er þagnað nú fyrir nokkru, enda gerir þetta samkomulag ekki ráð fyrir því að bókun 6 komi til framkvæmda fyrr en í fyrsta lagi eftir 5 mánuði. Þjóðverjar eiga að fá að veiða hér á þeim svæðum sem þeim sýnist svo til í 5 mánuði, án þess að nokkuð sé tryggt að bókunin komi til framkvæmda, og auðvitað er ekki tryggt að hún komi til framkvæmda þá, nema, sem er auðvitað grundvöllurinn að þessu samkomulagi, — nema samningar takist við Breta, og það er það sem er stílað upp á.

Þessi atriði, sem ég hef hér nefnt, eins og allflest þau ákvæði sem þetta samkomulag hefur inni að fela, koma, að ég hygg, mörgum íslendingum í opna skjöldu. Þetta samkomulag er því eitt sér og út af fyrir sig stórhættulegt íslensku efnahagslífi og sjálfstæði íslensku þjóðarinnar, því að í kjölfar þessa samkomulags er ekki nokkur vafi á því að samkomulag við Breta verður gert. Það er verið að gera samkomulag við belga, norðmenn og færeyinga í næstu nálægð. Vel má vera að fleiri komi á eftir. Ég vil því í áframhaldi af þessu spyrja hæstv. forsrh., af því að mér heyrist að kannske einu röksemdirnar, sem hæstv. ríkisstj. hefur hampað hvað mest til stuðnings þessu samkomulagi, séu þær að samkomulag við vestur-þjóðverja þýði að það sé hægt að einbeita sér að þeirri baráttu sem hafin er gagnvart Bretum. Ef þessi skilningur er réttur, þá vil ég spyrja hæstv. forsrh. að því, hvort hann vill hér og nú lýsa því yfir við þessar umr. að ekki komi til greina samningar við Breta úr því sem komið er. Ef það á að taka mark á þeim málflutningi hæstv. ráðh. að þetta samkomulag sé gert til þess að einbeita sér að Bretum, þá verður slík yfirlýsing að koma fram, ella er þetta marklaust tal.

Það er fyrir nokkru upplýst að hæstv. ríkisstj. hefur boðið Bretum samkomulag upp á 65 þús. tonna afla á ári. Ég vil því í áframhaldi af þessu, fáist ekki yfirlýsing frá hæstv. forsrh. um lokun á breta að því er varðar samninga, þá vil ég enn fremur spyrja hann að því: Stendur enn 65 þús. tonna tilboðið til Breta ef þeir vilja að því ganga? Er það opið enn

að bretar geti fengið veiðiheimildir upp á 65 þús. tonna kvóta á ári hér við land.

Eins og ég hef áður sagt, þá er ég persónulega ekki í neinum vafa um það og lýsti því yfir fyrir rúmri viku í umr. hér á Alþ. að ég liti svo á að samkomulag við vestur-þjóðverja væri grundvöllurinn eða fyrsta skref að samningum við breta, og ég er sömu skoðunar enn. Ég er ekki í neinum vafa um það. Þegar íslensk stjórnvöld fórna hagsmunum þjóðarinnar á þann veg sem þetta samkomulag við þjóðverja gerir ráð fyrir, við hverju má þá ekki búast af hálfu hæstv. ríkisstj. undir gínandi fallbyssukjöftum hinnar bresku vinarþjóðar? Skyldi verða meiri harka þá? Ég held ekki. En ef þetta á að verða niðurstaðan varðandi vestur-þjóðverja og í kjölfar þess fylgja samningar við aðrar þjóðir, þá er ekki nema tvennt til fyrir okkur íslendinga, þ. e. a. s. annað hvort verður að taka upp kvótaskiptingu á íslendinga varðandi fiskveiðar eða *í hinu tilfellinu að kasta skýrslu fiskifræðinganna* í ruslakörfuna og meta hana sem einskisnýtt plagg eða kannske sambland af þessu hvoru tveggja. Ég fyrir mitt leyti tel að báðar þessar leiðir séu slíkir afarkostir að það sé ekkert saman leggjandi að afneita þeim eða afneita því samkomulagi sem hér er lagt til að gert verði við vestur-þjóðverja. Það er tvennt ólíkt. En hvort þessara tilfella sem fallist yrði á að framkvæma mundi leiða efnahagslega kreppu, atvinnuleysi, eymd og volæði yfir íslensku þjóðina. Þeir, sem að slíku samkomulagi standa, bera vissulega mikla ábyrgð, og ég trúi því vart að hæstv. ríkisstj., stefni visvitandi að þess konar ástandi í landinu.

Í viðtali við dagblaðið Þjóðviljann s.l. laugardag sagði hæstv. utanrrh., með leyfi hæstv. forseta: „Persónulega mun ég mæla með því að þessi drög verði samþ. á Alþ.“ Og hann bætir við: „Ég held að það sé best að láta hengja sig strax.“

Nú vil ég, ef þarna er rétt með farið, — ég skal ekkert um það fullyrða, — en ef þarna er rétt með farið, þá verður mér a. m. k. að spyrja — (**Utanrrh.**: Hver eigi að taka við?) Nei, það hefur sýnt sig í núverandi stjórnarliði að nógir eru til að taka við þeim embættum sem öðrum. En mér verður á að spyrja hvað hæstv. utanrrh. eigi við með hengingartalinu. Það skyldi þó ekki vera að meining hæstv. ráðh. sé sú að með því að samþykkja þetta samkomulag hér á Alþ. og því, sem í kjölfar þess fylgir, sé verið að leiða efnahagslega hengingu yfir íslensku þjóðina í heild? Sé sú ekki meiningin hjá hæstv. ráðh., þá væri vissulega fróðlegt að fá um það vitneskju, fá að heyra hver meining hæstv. ráðh. var með slíku tali, — ef hér er rétt sagt frá, ég tek það enn fram.

Hæstv. utanrrh. vitnaði í framsögu fyrir þessu máli í bréf frá Hafrannsóknastofnuninni, þar sem hann las upp m. a. að sá kostur, sem þetta samkomulag gerði ráð fyrir, væri hinn skásti frá fiskifræðilegu sjónarmiði séð. Nú er það orðið upplýst að fyrir liggur yfirlýsing frá fjölda fiskifræðinga við þessa sömu stofnun sem ber þetta allt saman til baka. Þeir eru hér a. m. k. 14 fiskifræðingar sem vitna á móti forstjóranum. Ég vil því spyrja hæstv. utanrrh. hvort honum sé um það kunnugt hvar sú ákvörðun var tekin um að svara sjútvrn. frá Hafrannsóknastofnun á þann veg sem yfirlýsing sú, sem hann las hér upp, gerir. Var það stjórn stofnunarinnar eða er það bara viðkomandi einstaklingur sem hér á hlut að máli. Ég tel að það sé mikið alvörumál þegar slíkt á sér stað, að stór hópur sérfræðinga í stofnun eins og Hafrannsóknastofnuninni ber til baka fullyrðingar sem settar eru fram af forstjóra viðkomandi stofnunar. Og ég tel ástæðu til þess að fá á því fulla skýringu, hvaða aðili þar er eða hverjir það eru sem tóku afstöðu til þessa bréfs frá Hafrannsóknastofnuninni sem forstjóri hennar, Jón Jónsson, undirritar.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa öllu fleiri orð hér um. Ég vil ítreka spurningar mínar til hæstv. forsrh. um það, hvort hann vilji hér og nú lýsa því yfir að ekki komi til greina samningar við breta um veiðiheimildir í fiskveiðilögsögunni, og ef hæstv. ráðh. treystir sér ekki til þess að gefa slíka yfirlýsingu, hvort enn standi boð hæstv. ríkisstj. til breta um 65 þús. tonna veiðiheimildir hér við land á ársgrundvelli.

Ég hef gert hér að umræðuefni nokkur mikilvægustu atriði, að mínu mati, þess samkomulags sem hér er til umr. Ég vil í lokin ítreka það, að SF eru andvíg þessu samkomulagi, þau telja að verði slíkt samkomulag gert sem þetta, þá sé það aðeins forsmekkurinn að því sem koma skal og að staðar verði ekki numið fyrr en búið er að afsala svo miklum landsréttindum og aflamagni að innleidd verði kreppa yfir íslensku þjóðina. Ég heiti því á alla alþm. að virða nú í verki vilja yfirgnæfandi meiri hl. íslensku þjóðarinnar með því að hafna því samkomulagi sem hér er nú til umr.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Á s. l. ári rifjuðu ræðumenn mjög upp sögu vora og arfleifð og kynstofn og komust sumir að því, þ. á m. fyrrv. hv. alþm., að við mættum rekja ættir okkar mjög til höfðingja og konunga og hefðum fengið nokkuð í arfleifð frelsi í huga og áræði og baráttu til að standast erfið lífskjör um áraraðir. Margir ræðumenn komust að raun um að enn væri þetta fyrir hendi hjá íslendingum. Nú skal ég ekki leggja neinn dóm á það, hvaða mat menn höfðu í huga, rétt eða rangt. En það mun nú senn á það reyna hvort við höfum þann sóknarhug og þá einurð til að bera á þessu herrans ári, að við þorum að takast á við þann vanda sem fram undan er til þess að tryggja sjálfstæði þessarar þjóðar, því að það fer saman að sækja út á hafið og tryggja okkar yfirráðarétt og halda sjálfstæði sínu óskertu.

Það hefur komið fram, að hér er við erfiðleika að etja. Þess vegna hefur Alþ. nú í fyrsta sinn skipst í tvær fylkingar varðandi sókn og afstöðu til þeirrar baráttu sem hefur farið saman við að sækja út á hafið, eins og landhelgismálið allt hefur sýnt. Sú samstaða hefur verið ófrofa hingað til, þó að smáagnúar hafi komið fram um framgang málsins, en þegar til Alþ. hefur komið hér og lokaatkvgr., lokaafstöðu, hafa

menn séð sóma sinn í því að standa saman vegna eðlis málsins. En hvað er að ske nú? Nú er það augljóst mál, að bæði hér inni á Alþ. og utan dyra er miklu meiri andstaða gegn því, sem hér hefur verið lagt fram, en nokkru sinni áður. Hvað hefur skeð á þessu tímabili?

Jú, það hefur skeð að hin miskunnarlausa tækni í veiðum, sem eirir engu, hefur fært okkur sanninn heim um það, að ef við gáum ekki að okkur í dag og förum varlega, þá er voðinn vís. Og þær þjóðir, sem enn vilja halda í gamla nýlendustefnu og vilja sækja á okkar mið og sem næst fjöruborði, verða að sætta sig við það að vegna aukinnar tækni er ekki lengur neitt orðið til skipta. Ég býst við því að allir hefðu verið glaðir, ef stofninn hefði verið það stór að það væri mikið til skipta. En það er staðreynd, að það er aðeins árgangurinn frá 1973, aðeins einn árgangur í stofni okkar sem við byggjum tilveru okkar á næstu árin, — aðeins einn árgangur, ég bið hv. þm. að veita því athygli. Við fengum seinast þar áður sterkan árgang, 1964. Það eru 9 ár á milli, og það er margþekkt staðreynd, að ef við berum ekki gæfu til að tryggja að viðkoma þessa stofns verði eðlileg og hann tímgist og þroskist frá 1973 og áfram, þá er voðinn vís fram undan. Og það er á þessari staðreynd, sem ég byggi afstöðu mína, á því, að við verðum að heyja þá baráttu sem fram undan er. Hún er upp á líf og dauða bókstaflega talað. Það er ekkert lengur til skiptanna, og þær þjóðir, sem við eigum í deilu við núna, hafa haft svo langan tíma til að aðlagast þessum staðreyndum að það er engin afsökun að láta undan. Það hefur sýnt sig og hefur verið tíundað hér áður og mun verða gert aftur og margsinnis, að við getum varið landhelgina betur nú en nokkru sinni áður, og kem ég að því síðar, — miklu betur, og tryggt það að minnkandi sókn útlendinga verði staðreynd.

Við gerðum skyssu í síldveiðunum. Við höfum ekki efni á því að gera það sama í þorskveiðunum, vegna þess að það tekur þorskinn 10—20 ár a.m.k. að ná sér aftur ef við gerum skyssuna. Og það er ekki hægt að bæta fyrir það samkv. eðli málsins, ef við förum of langt, — það er ekki hægt. Ef stofninn verður ofveiddur, verður aðeins að bíða um óákveðinn tíma. Fiskifræðingar hafa margsýnt okkur fram á það, ásamt skipstjórum, sjómönnum, öllum sem til þekkja, að við erum komnir á ystu nöf, því miður. Við erum komnir miklu lengra en nokkurn mann óraði fyrir fyrir 2 eða 4 árum. Og það er ekki réttlætanlegt undir neinum kringumstæðum að taka þessa áhættu, því að hún er þannig í eðli sínu að það er ekki hægt að snúa við ef ólánið hefur skeð. Það er ekki hægt að bæta það. Og það er grundvallaratriði að við getum ekki tekið áhættuna, við erum neyddir til að fara varlega. Það getur sem sagt ekkert skeð, þó að við förum varlega næstu 2—3 árin, annað en það að við tryggjum sterkari og betri efnahagsafkomu í framtíðinni, það er allt og sumt. En förum við ógætilega og tryggjum við ekki viðkomu þessa stofns, þessa eina árgangs af stofninum sem við höfum möguleika á að sjá afrakstur af, hvað er þá fram undan? Hvað ætla hv. alþm. að gera þá? Hvernig á að bregðast við? Fá olíupeninga frá Noregi, þessum stóra bróður? Ég ætla að fjalla um hann sérstaklega, og ég get komið að því strax, af því að það liggur í láginni að það á að semja við Noreg. En það er kominn tími til að ræða um það opinberlega hvernig hann kemur aftan að okkur á erlendum markaði.

Hvað er hann að gera í Nígeríu? Þar undirbýður hann okkur svo að nemur stórfé, — stórfé á þeim markaði. Hvað er hann að gera í Portúgal? Þar gáfu þeir nú nýlegt rannsóknarskip. Síðan lækkuðu þeir verðið stórlega fyrir okkur á saltfiskinum, þannig að allar sölur stöðvuðust frá Íslandi og hafa verið lengi stöðvaðar undanfarið. Hvað eru þeir að gera í Brasilíu? Þar lækkuðu þeir verðið um fjórðung, sem nemur mörg hundruð millj. kr., á þeirri einu athöfn sem þeir frömdu þar. Samt á að semja — semja um þorsk sem er ekki til skiptanna — við þennan ágæta nágranna. Þegar olíugróðinn er orðinn svo mikill að þeir vita ekki, hvað þeir eiga að gera við hann, þá er honum beitt á móti okkur á mörkuðum núna, fiskmarkaðnum á skreið og saltfiski sem nemur mörg hundruð milljóna tjóni fyrir íslendinga. Og það er kominn tími til að segja við þessa vini okkar: hingað og ekki lengra, því að hæstv. ríkisstj. verður að fjalla um þessi mál fyrr eða síðar. Það fer enginn saltfiskur frá landinu núna vikum saman og mun ekki fara á næstu vikum ef ekki verður breytt um, nema með einhverju smánarverði, — fyrst og fremst áhrif frá Noregi. Þeir voru svo djarfir í Brasilíu að brasilíumenn fóru fram á 180 daga greiðslufrest, en norðmenn buðu árið, þeir höfðu nóga peninga. Þar var sendinefnd á annan tug manna með toppembættismenn og ég held ráðh., 8 manna sendinefnd frá Noregi hefur verið í Portúgal og boðið gull og græna skóga til að semja við þá, semja um það sem ekki er til skiptanna.

Við höfum þegar aukið flota okkar svo mikið á tveimur s.l. árum, og enn eiga eftir að koma 13 eða 15 skuttogarar, að sókn okkar flota er meiri en nóg. Það er að mati allra manna að nú þurfi að fara varlega af okkur sjálfum, og það er komið fram álit hjá mönnum í forustusveit sjávarútvegsins að það verði að leggja hluta okkar flota, sem við eigum og skuldum ekkert í erlendis og skapar þannig þjóðarbúinu hrein verðmæti, — það á að leggja honum til þess að þóknast samningavilja ákveðinna aðila, til þess að tryggja að sóknin verði ekki of mikil í stofninn. Hvað er að ske? Síðan kemur hugmyndin líka að úthluta ákveðnum landssvæðum visst aflamagn, segjum frá Hornafirði til Vestfjarða fyrri hluta ársins og svo Norðurlandinu síðari hluta ársins. Það er furðulegt að heyra slíkar hugmyndir. Og það er alveg furðulegt að á sama tíma og við erum komnir á ystu nöf eru menn líka að fjalla um að gefa næstum annan hvern fisk í heildaraflamagni landsins, því að með þessu skrefi er opnaður möguleiki á að semja við aðrar þjóðir. Ég get staðfest það hér, að ég var hlynntur því að ná samkomulagi við þjóðverja fyrir rúmlega tveimur árum til þess að gefa þeim ákveðið svigrúm

þá utan við 50 mílur, fyrst og fremst til þess að aðlaga sig breyttum aðstæðum gagnvart Íslandi, því að þeir hafa ekkert gert og ekkert aðhafst til þess að aðlaga sig þessum breyttu aðstæðum, ekki nokkurn skapaðan hlut. Þó að hér sé fjallað um lítils háttar minna aflamagn, þá hefur þróunin verið sú í okkar fiskstofnum, að það er ekki hægt að ræða um samninga, það er liðinn tími — einfaldlega liðinn tími.

Það hefur verið talað um sögulegan rétt í þessu sambandi, við vissar þjóðir sérstaklega. Sá sögulegi réttur hefur byggst á því að 1903, ef ég man rétt, fengu bretar veiði að þremur mílum hér. Þá vorum við ekki sjálfstæð þjóð og það var samið við aðra þjóð o. s. frv. og þarf ekki að rekja þá sögu meira. Síðan koma tvær heimsstyrjaldir og þeirra sögulega hefð rofnar. Þessi rök um sögulegan rétt og sögulega hefð eru alveg út í hött, því að bretar veiddu yfirleitt innan við 12 mílur. Þeirra skip sóttu ekki frá landi, þau sóttu að landi. Síðan hrekjum við þá út fyrir 12 mílur, og við verðum að halda áfram og hrekja þá alveg burtu. Það er ekkert val um annað, eins og ástandið er orðið.

Varðandi þjóðverja, að það sé svo mikið spursmál fyrir þá að fá að veiða þessi 60 þús. tonn, hvort það verða 40, 60 eða 70 þús. tonn, er alger fjarstæða. Í fyrsta lagi er það svo ríkt þjóð að þeir hafa verið í vandræðum hingað til að eyða sínu mikla fjármagni. Í öðru lagi: Á togurum þeirra eru ekki einhliða þjóðverjar, það er blönduð skipshöfn eða hefur verið hingað til, svo að það þarf ekki að óttast að við séum að skapa þeim sjálfum svo mikla möguleika til að bjarga sér frá atvinnuleysi. En við erum að gera annað með því að semja við þá. Við erum að skapa okkar fólki hugsanlegt atvinnuleysi og er ekki á það bætandi, eins og óvissan er í dag hjá okkur í efnahagsmálum. Svo er það alvarlegt mál, sem snertir alla okkar rannsóknarstarfsemi, að ef við eigum að taka okkar vísindamenn alvarlega, þá er ekki hægt að semja, því að við getum ekki haft trú á þeim mönnum, sem hafa í mörg undanfarin ár leitast við að finna hvað við mættum gera varðandi sókn í fiskstofnana, ef við samþykkjum það uppkast sem fyrir liggur nú. Þá er þeirra starfsemi og þeirra áliti og þeirra niðurstöðum raunverulega kastað í ruslakörfuna, því að þeir leggjast ákveðið gegn þessu.

Ég ætla ekki að fara að rekja bréfaskriftir nákvæmar, það hefur þegar verið gert. En það er sýnilegt, að það er aðeins einn maður sem ber ábyrgð á því óskaplaggi sem kom núna og á að vera haldreipi hæstv. ríkisstj. til stuðnings því að semja. Það er bara einn maður sem ber ábyrgð á því. Orðalagið meira að segja er svo klaufalegt að furðu sætir að senda það frá sér. Það er furðulegt, svo að ég segi ekki meira. Síðan kemur svo viðleitni hæstv. sjútvrh., sem því miður er nú ekki viðstaddur hér, hefði þó verið gaman að rifja upp ýmislegt úr fyrri umr. varðandi þátt hans í þessu máli og vilja til samninga, en hann hefur skipað n., fyrst fagmanna og síðan alþm., til þess að reyna að komast að niðurstöðu um hvernig heppilegast væri að hagnýta okkar fiskveiðilögsögu. Þar leggur hann mikla áherslu á að nýtt ákvæði komi inn sem sé fljótvirkara en núv. ákvæði í 5. gr. laganna, en þar er fjallað um — með leyfi forseta — það er örstutt:

„Nú á sér stað á tilteknu veiðisvæði seiða- og smáfiskadráp í þeim mæli að varhugavert eða hættulegt getur talist, og skal þá sjútvrn. að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar gera nauðsynlega ráðstöfun til að sporna við því.“

Ég þarf ekki að lesa meira. Þetta ákvæði, sem vinstri stjórnin setti, hefur reynst allt of þungt í vöfum. Samningsdrögin, sem hér er fjallað um, bæta ekki úr þessu. Það hefði verið ákjósanlegt í þessum samningsdrögum, að nóg hefði verið að tilkynna þetta til íslensks eftirlitsskips og stöðva veiði þjóðverjanna strax, þegar í stað, alveg eins og þarf að gera fyrir íslendinga, en ekki vera með alls konar skeytasendingar fram og aftur og gefa þeim tækifæri, þegar búið er að reka íslendinga af veiðisvæðinu, til að fiska í 2—4 daga í viðbót. Þeir með sína flotvörpu, eins og mér virðist að þeir muni hafa heimild til að gera, verða búnir að hreinsa allt svæðið, á sama tíma og íslendingar eru reknir burt. Það er stóralvarlegt mál, að þjóðverjum skuli vera gefið tækifæri til að nota flotvörpuna. Það var þó skömminni til skárra að binda þetta eingöngu við botnvörpuna. Það væri mikil bót í því.

Það er ýmislegt fleira í þessum samningadrögum sem gerir það að verkum að þau eru ekki aðgengileg, jafnvel geta ekki verið aðgengileg fyrir þá sem neyðast til að standa að þeim. T. d. í 8. lið segir svo: „Ef ástæða er til að ætla að brot hafi verið framið“ — hugsið ykkur svona orðalag. Því ekki að segja: „Íslensku landhelgisgæslunni er frjálst og heimilt, hvenær sem hún vill eða telur sig þurfa, að fara um borð og skoða hvernig samsetning aflans er og hvað verður af honum? Því ekki að hafa þetta á hreinu, ef við ætlum að semja og ef við ætlum að hafa góðan anda, þann sem boðaður hefur verið af þeim talsmönnum sem túlka þessi mál? Því ekki að hafa þetta á hreinu? Það er alveg furðulegt að svona orðalag skuli koma inn í plagg sem við erum beðnir um að mæla með, — það er alveg furðulegt. Og eins er með botnvörpuna, því að við eigum að gera þeim allt eins erfitt og hægt er. Það er ekki hægt annað.

Svo er ákvæðið um möskva, um það er alveg undarleg afstaða forstöðumanns Hafrannsóknastofnunarinnar. Hann lýsir ánægju sinni. Þeir lýsa yfir að þeir ætli að stækka möskva eins og við, en í fyrsta lagi eftir ár, svo að ef við stækkum aftur möskvann, þá ætla þjóðverjar að gera það aftur eftir ár. Þá hafa þeir haft samninginn í tvö ár og þurfa ekkert að fara eftir því sem við gerum. Hér stöndum við ekki jafnfætis, það hlýtur hver einasti maður að sjá. Það er verið að mismuna íslendingum, það er verið að hrekja þá lengra, ef við getum talað svo, minnka veiðimöguleika þeirra, en leyfa þjóðverjum að halda sínu. Þetta er ekki boðlegt. Það er ekki boðlegt fyrir þá aðila, sem stóðu að samningnum, að sýna mönnum slíkt.

Síðan eru auðvitað veiðisvæðin, hversu þau eru viðkvæm. Veiðisvæðið fyrir Suðausturlandi

er forkastanlegt, því að það er öllum mönnum kunnugt hvað þar er viðkvæmur fiskur, og jafnvel væri lífsnauðsynlegt fyrir íslendinga sjálfa að færa þar mun lengra út og takmarka þar togveiðar. Það er mál allra manna er til þekkja, og deila íslendingar ekki um það. Samt sem áður eiga þeir að hafa möguleika og það frjálst allt árið að fara inn að 23 mílum. Það er eitt alviðkvæmasta svæðið á Íslandi. Þjóðverjar með flotvörpu geta hirt þar ufsagöngur og fleira að eigin vild með þessu ákvæði, — geta hirt þær. Og þá mundu nú þrengjast aflamöguleikar vestur með ströndinni hjá einhverjum hérna, þegar kæmi að Vestmannaeyjum og vestar og eins undan Reykjanesi. Flotvarpan í þeirra höndum getur ráðið úrslitum fyrir sum pláss og suma gerð skipa, — hreinlega ráðið úrslitum. Það væri allt annað ef hér væri um botnvörpu að ræða.

Síðan man ég eftir því, að Jakob Magnússon fiskifræðingur varaði mjög við of mikilli ásókn í karfann og taldi smákarfa þegar orðinn of mikinn í afla okkar fyrir tveimur árum. Þetta hefur verið enn ítrekað. Og það hefur komið fyrir að það hefur orðið að henda afla íslenskra togara eða banna að vinna hann, hann hefur verið of smár og verið settur beint í gúanó. Og það eru allir fiskifræðingar sammála um að það verði að gefa karfanum sérstakt griðland, ef maður getur orðað það svo, til þess að hagnýta hann að fullu að nýju, bókstaflega friða stór svæði, því að þannig er nú ástatt með karfann að það er vont að hafa of stóran möskva, því að karfinn vill annars ánetjast svo í vörpunni að vart eru möguleikar fyrir sjómenn að ná honum úr og mjög erfið vinna, ef ekki er réttur möskvi, varðandi það að losa poka og fleira sem ég vil ekki fara nánar út í. En hér er þjóðverjum beint inn á ákveðin mið, aðalkarfamiðin, og hvergi nærri nóg aðgæsla viðhöfð í því efni að mínu mati. Þetta er enn eitt atriði sem gerir það að verkum að ómögulegt er að fylgja þessum samningi. Þó að heildaraflamagnið sé réttlætt af talsmönnum þeirra er vilja að þessi samningsdrög nái fram, þá er framkvæmd málsins þannig að það er ekki hægt fyrir menn sem vilja sýna eðlilega varúð og taka ekki þá áhættu sem ég vil undirstrika hér að er svo mikil að það er ekki réttlætanlegt að leggja þetta fram til samþykktar, — það er ekki réttlætanlegt.

Það hefur verið vitnað í það, að þjóðverjar höfðu mun meiri afla hér áður fyrr og þetta sé eina leiðin til að tryggja að afli þeirra minnki eða fari í ákveðið hámark með því að komast að samkomulagi við þá. Það hefur nú sýnt sig og er óumdeilanlegt að mati þeirra manna, er starfa í landhelgisgæslunni, og margra annarra, að með meiri einbeitni og með meiri hörku, — en því fylgir áhætta og það er plús við samningana að það dregur úr áhættu, ég skal ekki vefengja það, það dregur virkilega úr áhættu fyrir sjómenn okkar, — þá er hægt að verja landhelgina meira en gert hefur verið, án þess að ég sé að hallmæla einum eða neinum. Það er hægt, það hafa starfsmenn landhelgisgæslunnar sagt og fara ekkert dult með það. Það hafa sagt mér menn, sem hafa verið um borð í skipunum, að þeir gætu gert betur ef það væri til þess ætlast að þeir færu af meiri hörku í málin. En það hefur verið metið svo að við ættum að sýna vissa aðgæslu, og ég skal ekki deila á það atriði sérstaklega fyrir liðinn tíma. En það er óhjákvæmilegt gagnvart framtíðinni að sýna meiri einbeitni, það er ekki hægt annað. Og það hefur einnig verið staðhæft, að ef við tökum 4—6 togara í gæsluna í viðbót, — og það er vafalaust ekkert vandamál að manna þá togara, — þá getum við varið landhelgina að mestu eða öllu leyti. Því er engin nauðsyn að tryggja visst aflamagn hjá útlendingum í gegnum samninga. Við heftum aflamagn útlendinga með því að verja landhelgina með meiri einbeitni en áður hefur verið. Þetta segja sjómenn sjálfir, þetta segja forsvarsmenn í starfi hjá landhelgisgæslunni og fara ekkert dult með þessa skoðun sína. Það er því alveg óþarfi að vera að hugsa um veiðisamninga við aðrar þjóðir.

Hæstv. iðnrh. kom inn á það áðan, að það væri allt annað mál að verja 200 mílurnar en 50 mílurnar. Hér gætir alvarlegs misskilnings og er nauðsynlegt að leiðrétta það, ekki aðeins fyrir hv. þm., heldur að það komist víðar og hefur þegar verið leiðrétt af sumum mönnum, en þessi misskilningur nær þó hér inn í Alþ., að útlendingar veiða yst á þessu svæði, sem við höfum helgað okkur, yfirleitt sáralítið og ekki neitt. Það gefst því gott tóm til að fylgja togurunum eftir og vera vel tilbúinn þegar þeir koma að þeim veiðisvæðum er þeir ætla sér að hagnýta. Það er því alveg út í hött að segja að við ráðum ekkert við þetta veiðisvæði, það sé svo stórt nú, — það er alveg út í hött. Við höfum þegar tekið ákvörðun um að auka flugvélakost okkar til þess að spara yfirferð og það var rétt skref. Þó að menn deili um hvaða gerð flugvéla hafi átt að kaupa, þá var nauðsynlegt að auka flugflota okkar. Það er því ákveðið svigrúm fyrir skipin að standa vel að verki og vera við því búin, þegar útlendingar, sem vilja stelast inn í landhelgi okkar, ætla að koma til veiða. Það er ekkert samhengi þar á milli að færa út í 50 mílur og í 200 mílur varðandi erfiðleika á að verja svæðið, — það er ekkert samhengi þar á milli.

Það, sem skiptir mestu máli fyrir okkur, eins og ástandið er núna, er að geta stjórnað veiðunum sjálfir, sýnt einurð í því að setja nýjar reglur um veiðiflota okkar, hagnýtingu fiskveiðilandhelginnar. Það hefur dregist úr hömlu og allar líkur eru á því að það takist ekki fyrir áramót, og harma ég mjög að svo skuli vera. Það hefði verið mikill sómi að því fyrir okkur að hafa löggjöfina tilbúna nú og vera búnir að afgreiða hana. Í gildandi lögum stendur að endurskoðun skuli hafa farið fram fyrir komandi áramót, en það mun vart takast, þannig hefur verið staðið að þeim málum. Það er mjög slæmt. Ekki saka ég hæstv. sjútvrh. í því efni, heldur má segja að togstreita okkar íslendinga sjálfra sé það mikil um hagsmunasvæði að seint gangi fyrir þá sök. Það er grundvallaratriði hvernig við skipuleggjum okkar veiðar, skipuleggjum hagnýtinguna á þeim mikla flota sem við eigum. Mér skilst á hæstv. forsrh. að hann hafi þegar látið í ljós að nú sé nóg komið af skipum og það verði að doka við og gæta að því að endurnýja mjög gætilega okkar flota. Þegar hæstv. forsrh.

segir þetta á opinberum vettvangi, þá undrar mann á því að menn skuli telja nauðsynlegt að taka upp samninga um aflamagn í heild sem nemur sennilega mikið á annað hundrað þús. tonn. Persónulega tel ég, ef samið verður við 5—6 þjóðir, að það nálgist 200 þús. tonn. Með því móti höfum við afhent annan hvorn fisk sem fiskifræðingar okkar telja réttmætt að taka næstu 3—5 árin af hafsvæði okkar. Það er hvorki meira né minna. Og ef við trúum ekki á þessa menn, a. m. k. förum varlega næstu 2—4 árin, þá stefnum við okkar efnahagslífi og fiskstofnunum í slíka áhættu eins og ég sagði áðan. Það er ekki réttlætanlegt að taka þessa áhættu, ekki með nokkru móti, því að ef skaðinn skeður, þá verður hann ekki bættur aftur.

Ég vil biðja hv. þm. að athuga það afar vel, áður en þeir taka ákvörðun um að fylgja þessum samningsdrögum sem eru meingölluð að ýmsu leyti, hvaða áhættu þeir leiða yfir þjóðina með því að fallast á þessa samninga. Ástandið s. l. 2—4 ár hefur gjörbreyst svo ótrúlega í þá átt að fiskstofnar okkar þola ekki meiri sókn, við verðum að fara varlega. Enn ein skýrslan hefur staðfest þetta, það sem hlutlausir vísindamenn hafa rannsakað undanfarna mánuði, en það var vegna forgöngu Rannsóknaráðs ríkisins að sérstakir menn voru fengnir til að rannsaka þróun í okkar sjávarútvegi. Leggja þeir þar eindregið til að næstu 3—5 árin sé farið eins varlega og nokkur minnsti möguleiki er til og halda þó uppi sæmilegu atvinnulífi og sæmilegri sókn á flota okkar til öryggis vegna framtíðarinnar, því að eins og þeir undirstrika, ef við tökum ekki þessa afstöðu nú í dag fer fyrir þorskstofninum eins og síldinni. En sá er munur á, að ef við göngum of nálægt þorskstofninum, þá getur það tekið 10—20 ár að fá upp nægilegan stofn, svo að hann gefi okkur 250—300 þús. tonn af þorski, það er svo langt í land. Á hverju á íslenska þjóðin að lifa á meðan? Hún slær ekki endalaust olíulán, það er ekki hægt, jafnvel ekki frá norðmönnum.

Þess vegna er ekki hægt að fallast á neina samninga við útlendinga. Þeir verða að skilja það að tilvera okkar efnahagslega og sjálfstæði þessarar litlu þjóðar byggist á því að við getum haft full og óskoruð yfirráð yfir því hafsvæði sem við sækjum undirstöðu að efnahagslífi okkar í. Það er ekkert val um annað en að gefa okkur þetta tækifæri. Það er ekkert val um það úr því sem komið er. Svo gjörsamlega er ástandið allt annað en var fyrir 2—4 árum, og þrátt fyrir útfærslu landhelginnar og þrátt fyrir viðleitni okkar að tryggja heilbrigða endurnýjun á fiskstofninum hefur þetta ekki tekist betur en raun ber vitni um. Það er því miður ótrúlegt, ég segi: það er ótrúlegt ef stór meiri hl. er til hér á Alþ. fyrir að taka þessa áhættu, því að eðli hennar samkv., eins og ég hef margundirstrikað, er áhættan þannig að það er ekki hægt að bæta úr ef skaðinn skeður. Með því móti að taka þessa afstöðu, að samþykkja veiðar til handa útlendingum, ekki aðeins þjóðverjum, það fylgir auðvitað fleira með, þá stofnum við okkar efnahagslífi, atvinnulífi og öllu í slíka hættu að það er óverjandi með öllu.

Einn þáttur í þessum samningum eða samningsuppkasti fjallar um svonefnda bókun 6. Ef ég man rétt hefur hæstv. núv. sjútvrh. sagt að það væri forsenda fyrir samkomulagi að þessi bókun tæki gildi. En það á að gefa 5 mánaða svigrúm í samningunum, sennilega svo að áhrif frá þjóðverjum eða einhverjum öðrum verki þannig að þessi bókun komist í gagnið og við höfum hag af því tollalega séð að selja vissar afurðir okkar til Þýskalands. Fari svo, að þetta takist ekki, höfum við rétt á því að samningarnir nái ekki fram að ganga. Nú vil ég biðja hæstv. utanrrh. að lýsa því afdráttarlaust yfir, að takist þetta ekki á þessum 5 mánuðum, — og er þá gengið út frá því að þetta verði lamið í gegn, eins og mér heyrist að sé mál manna hér á göngum að hafi tekist, þó vildi ég vona að svo væri ekki, — að lýsa því yfir að samningurinn verði ekki lengri, hann verði 5 mánaða tímabil að hámarki. Þá væri hugsanlegt að það væri hægt að fá breiðari undirstöðu og reyna ekkert meira, semja ekki við neina aðra þjóð en þjóðverja, taka það skref og breyta andrúmsloftinu hér á Alþ. og meðal þjóðarinnar í þá átt að semja ekki við neina aðra þjóð en þjóðverja og gera það til næsta vors og síðan verjum við okkar landhelgi eins og við höfum mátt til, og við beitum öllum rökum okkar vísindamanna og einbeittri og ákveðinni þjóð að því, að það er ekki hægt að skipta neinu lengur, það er ekki til, ef við eigum að halda okkar sjálfstæði, ef við eigum að geta lifað í þessu landi sem sjálfstæð þjóð um óákveðinn tíma. Fari svo, að þetta takist ekki, er lítið annað að gera en segja — ja, biðja fyrir þeim næstum því og segja: Þeir vita ekki hvað þeir gjöra, er mæla með þessu.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég hafði ætlað mér að leggja nokkrar spurningar fyrir hæstv. utanrrh., — spurningar sem ég vona að muni upplýsa þetta mál dálítið betur en mér hefur þótt það upplýst til þessa ef við þeim fást sæmileg svör. Hann er nú ekki mættur og ég ætla að leyfa mér áður að fara nokkuð almennum orðum um aðdraganda þessa máls.

Okkur framsóknarmönnum hefur verið legið nokkuð á hálsi fyrir það að gefa ekki út skýlausar yfirlýsingar um andstöðu við allar veiðar erlendra aðila innan hinnar nýju íslensku fiskveiðilögsögu. Við framsóknarmenn höfum gert okkur grein fyrir því að mál þetta er æðiflókið og það er auðveldast að gefa út slíkar yfirlýsingar. Okkur hefur verið ljóst að það þarf að skoða þetta mál frá öllum hliðum, og við höfum ekki viljað dragast í hóp þeirra sem kannske í nokkurri fljótfærni hafa gefið slíkar yfirlýsingar og að því er virðist því miður oft að nokkuð vanhugsuðu máli.

Ég var að vísu þeirrar skoðunar þegar í vor, og ég hygg að flestir framsóknarmenn hafi verið svipaðrar skoðunar, að markmiðið hlyti að vera að tryggja okkur íslendingum sem allra fyrst einum yfirráð yfir íslenskri fiskveiðilögsögu og við vildum í því skyni bjóða erlendum aðilum samninga um veiðar á milli 50 og 200 mílna.

Ég segi fyrir mitt leyti að ég gerði mér vonir um að með slíkum boðum gætum við friðað a. m. k. vestur-þjóðverja og e. t. v. fleiri. Nú hafa komið fram skýrslur sem virðast hafa komið eins og reiðarslag yfir æðimarga. Ég vil vekja athygli á því að íslenskir fiskifræðingar hafa reyndar lengi bent á að fiskstofnar við Ísland eru a. m. k. svo mikið veiddir að ekki má miklu þar við bæta. En í þessum nýju skýrslum eru þessar upplýsingar betur dregnar fram og munu því hafa orðið fleirum ljósar en þessar staðreyndir voru áður. Og ég segi fyrir mitt leyti, að þegar þessar upplýsingar komu fram — og raunar hafði ég aðstöðu til þess að fylgjast með þessu starfi nokkru betur en e. t. v. sumir aðrir vegna athugunar á þróun sjávarútvegsins sem fram fór á vegum Rannsóknaráðs ríkisins, starfs sem unnið var í allt öðrum tilgangi en vegna útfærslu fiskveiðilögsögunnar, — en mér var ljóst að þeir útreikningar, sem að var unnið og lágu fyrir reyndar í frumdrögum þegar í vor, mundu sýna þetta ástand töluvert dekkra en áður hafði verið um talað. En einmitt með tilliti til þessa sýndist mér að markmiðið hlyti að vera að losna sem allra fyrst og sem hraðast við veiðar erlendra aðila á Íslandsmiðum, jafnvel með samningum ef ekki væri unnt með öðrum leiðum.

Mér sýnist að eftir þessar upplýsingar hljóti það að vera skylda hvers einasta manns að svara þeirri spurningu, hvort hann telji tryggt að við fáum að losna við veiðar erlendra aðila á Íslandsmiðum hraðar án samninga eða með samningum. Mér sýnist að hver einasti maður, sem hér stendur upp og mælir eins digurbarkalega gegn samningum og gert hefur verið, hljóti að svara þessari spurningu, og mér sýnist að þessar upplýsingar sanni að fljótfærnislegar yfirlýsingar, sem því miður hafa allt of margar verið gefnar, eiga engan rétt á sér í svo alvarlegu máli. Þetta mál verður að skoðast í grunninn, skoðast málefnalega og allar hliðar þess.

*Ég geri mér grein fyrir því, að það er æði*erfitt að áætla hvað erlendir aðilar veiða á Íslandsmiðum án samninga. Í fyrsta lagi fer það eftir því hvort bretar njóta hér herskipaverndar eða ekki. Í fljótu bragði sýnist mér að án herskipaverndar geti íslenska landhelgisgæslan, sem staðið hefur sig með ágætum, haldið erlendum aðilum allverulega frá íslenskum miðum, a. m. k bretum, sem eflaust yrði að beina athyglinni fyrst og fremst að. Hins vegar óttast ég að þjóðverjar mundu þá veiða nokkuð í friði. Þeir eru á fjarlægari miðum og einkum við veiðar á fiskstofnum sem eru ekki í eins yfirvofandi hættu og þorskstofninn sem bretar sækja fyrst og fremst í. Ég held að það mætti áætla að veiðar þessara þjóða yrðu þá hér á okkar miðum svona 100—130 þús. tonn á ári. Ég tel satt að segja gott ef er unnt að halda þeim neðar en það. Ef hins vegar bretar veiða á Íslandsmiðum undir herskipavernd, sýnist mér alveg ljóst að þeir geta tekið hér sín 100—130 þús. tonn, sem þeir hafa veitt hér undanfarin ár, og þá mundu þjóðverjar einnig veiða hér í skjóli þessarar herskipaverndar. Okkar landhelgisgæsla yrði önnum kafin við að eiga við breta og þeirra herskip og gæti lítt sinnt þjóðverjum. Þetta er reynsla sem við höfum fengið, og ég vísa því algjörlega á bug, sem kom fram hjá hv. 2. þm. Austf., að íslensku landhelgisgæslunni hafi ekki verið beitt eins og frekast var unnt.

Mér þykja það furðulegar yfirlýsingar, að það sé unnt að manna íslenska togara til þess að eiga við breskar freigátur. Ég trúi því ekki að nokkur maður mæli svo í fullri alvöru. Og ég veit að þeir, sem svo mæla, ætlast ekki til þess að á íslenskum miðum verði stórmanntjón, en það þarf lítið þar að gerast ef etja á íslenskum togara gegn breskri freigátu. Ég get því alls ekki með nokkru móti stutt þær fullyrðingar, sem hér hafa komið fram í dag, að jafnvel gegn heldur slökum flota hennar hátignar getum við íslendingar haldið erlendum veiðiþjófum af okkar miðum. Ég hef ekki sannfærst um það, og raunar er ég sannfærður um að þetta er rangt og mælt meira af óskhyggju en skynsemi.

Þeir sem eru á móti samningum, eins og vitanlega við erum allir í hjarta okkar, verða einnig að svara þeirri spurningu, hvort ekki séu einhverjir almennir kostir við samninga, t. d. á alþjóðlegum vettvangi. Það er rétt, sem hér hefur komið fram, að úrslit hafréttarráðstefnunnar eru alls ekki enn ljós og geta farið á ýmsa vegu. Þótt þar liggi nú fyrir till. sem við erum sæmilega ánægðir með, eru þar einnig uppi háværar raddir um breytingar sem við getum alls ekki sætt okkur við, og það er vafalaust að við íslendingar þurfum þann meðbyr á þessari ráðstefnu og alþjóðlegum vettvangi sem við getum fengið til að fá þar fram þá kosti sem bestir eru. Þetta þarf einnig að skoða áður en öllum samningum er vísað á bug, og þetta segi ég þrátt fyrir þá staðreynd að langsamlega helst vildi ég sjá að engir samningar þyrftu að verða, og ég geri mér grein fyrir því að allir samningar eru raunar nauðung.

Samkv. þeim nýjustu upplýsingum, sem nú eru fram komnar, er ástand fiskstofnanna á Íslandsmiðum mjög alvarlegt. Ég verð að segja fyrir mitt leyti að mér þótti nokkuð undarlegt bréf Hafrannsóknastofnunarinnar sem hér var lesið upp. Ég er því sammála að mér finnst þar vera komið inn á sálma sem vísindastofnun er lítt fær um að dæma, og ég get skilið það bréf sem fylgdi frá öðrum fiskifræðingum. Í raun og veru hefur Hafrannsóknastofnunin þegar veitt þær upplýsingar sem ættu að nægja, í mesta lagi er unnt að spyrja Hafrannsóknastofnunina að því, hvort þær veiðar, sem nú er gert ráð fyrir, íþyngi um of þeim fiskstofnum sem um er að ræða. En þessar upplýsingar liggja þegar fyrir.

Það er t. d. svo sagt, bæði í svörtu skýrslunni og þeirri skýrslu, sem út hefur komið á vegum Rannsóknaráðs ríkisins, að æskilegt magn af karfa, sem veiða megi á árinu 1976, sé 60 þús. tonn, og það er einnig talið að æskileg veiði af ufsa sé 75 þús. tonn á ári. Íslendingar veiða af karfa 25—30 þús. lestir. Með þeim samningum, sem nú er lagt til að gerðir verði við vesturþjóðverja, og með tilliti til þeirrar skiptingar, sem var á þeirra afla árið 1974, þegar þeir veiddu 18 þús. lestir rúmlega af ufsa og 36 þús. lestir rúmlega af karfa, sýnist mér rétt að áætla þjóð-

verjum 37 þús. lestir af karfa og 18 þús. lestir af ufsa. Með þessu móti er sóknin í karfastofninn 68 þús. tonn, en í ufsastofninn 78 þús. tonn. Þarna er því farið rétt yfir mörkin, þ. e. a. s. það er farið 8 þús. tonnum hærra í karfastofninn en fiskifræðingar telja æskilegt og 3 þús. tonnum hærra í ufsastofninn en fiskifræðingar telja rétt. Hins vegar kemur greinilega fram í báðum þessum skýrslum að vitneskja sérfræðinganna um þessa stofna er ekki eins trygg og um þorskstofninn. Þar segir um karfastofninn að úthafskarfinn blandist mjög landgrunnskarfanum og af úthafskarfanum segja þeir þar að ekkert sé veitt í dag. Þar segir einnig að ufsinn sé mikill flökkufiskur og því erfitt að gera sér grein fyrir þeim göngum sem upp að Íslandsströndum koma. Jafnframt segir í þessum skýrslum að þeir telji eðlilegt aflamagn af þessum stofnum báðum 100 þús. lestir á ári. Mér sýnist því rétt vera að með þessum veiðum sé farið rétt rúmlega yfir þau æskilegustu mörk, en ekki mjög svo. Allt annað gildir um þorskstofninn sem er mjög svo ofveiddur, og verður þar sóknin að lækka sem nemur úr 370 þús. tonnum á ári niður í 230 þús. eða jafnvel neðar. Ég hygg einnig að það hafi komið fram hjá fiskifræðingum að hættan í sambandi við karfann og ufsann með þessu veiðimagni sé stórum minni en áframhaldandi mikil sókn í þorskstofninn. Það er því raunar alveg ljóst, að það er alls ekki hægt að líkja saman þeim samningi, sem nú er lagt til að gerður verði við vestur-þjóðverja, að þessu leyti við verulegan kvóta til handa erlendum þjóðum af þorskstofni okkar íslendinga. Ég held að það sé ljóst, að við getum með sæmilegu móti þolað þessa sókn í karfann og ufsann í tvö ár. *Að vísu skal það undirstrikað og viðurkennt* að við íslendingar þurfum sjálfir að auka okkar sókn í þessa stofna og gæti því aflamagnið orðið eitthvað meira en ég hef nú rakið.

Sumir virðast efast um sannleiksgildi þessara upplýsinga sérfræðinganna og telja e. t. v. að þar gæti of mikillar svartsýni, og aðrir tala um að upplýsingarnar séu of seint fram komnar. Ég skal engu um þetta spá. Að vísu er það rétt að upplýsingar eru byggðar á mörgum forsendum sem ákveða verður og sumar hverjar eru e. t. v. ákveðnar á grundvelli of lítilla upplýsinga. Engu að síður er það staðreynd að þessir útreikningar eru byggðir á stærðfræðilegum aðferðum sem fiskifræðingar í Norður-Atlantshafsnefndinni hafa komið sér saman um eftir margra ára athugun og reynslu og telja þær bestu sem völ er á í dag. Og ég segi fyrir mitt leyti, að ég vil mjög haga öllum veiðum í samræmi við þessa spá. Mér sýnist að líkja megi þessu við ástand þar sem maður kemur í þoku og telur sig e. t. v. kominn fram á klettabrún. Hann fer varlega í það að taka eitt skref til viðbótar.

Um þá fullyrðingu, að upplýsingarnar séu seint fram komnar, vil ég segja það, að grundvöllur að *þessum útreikningum lá að vísu fyrir s. l. vor, en* þá voru ýmsar upplýsingar mjög ófullkomnar. M. a. lágu ekki fyrir nægilegar upplýsingar um veiðar íslenskra og erlendra aðila á árinu 1974 og sumar þessar upplýsingar lágu raunar ekki fyrir fyrr en í septembermánuði, þannig að fiskifræðingum þótti ekki fært að birta þessar tölur fyrr en þeir höfðu staðreynt þær upplýsingar fyrir 1974 sem nauðsynlegar voru.

Ég vil hins vegar leggja áherslu á það, að ég harma að ekki var þegar á s. l. sumri hafist handa og safnað vopnum okkar íslendinga í þessu máli. Ég hygg að það hefði mátt flýta þessu starfi, og ég hygg að það verði að taka upp breytt vinnubrögð að þessu leyti, safna þessum upplýsingum sem best saman og setja í hendur erlendra aðila. Ég er sannfærður um að þær eru besta vopn okkar á alþjóðlegum vettvangi í deilunni um fiskimið okkar íslendinga. En e. t. v. er mikilvægast í þessu sambandi öllu að nauðsynleg er— og það kemur mjög greinilega fram í þessum skýrslum — virk stjórn á fiskveiðum okkar íslendinga, hvort sem erlendir aðilar verða hér áfram eða ekki. Það er raunar stærsta málið. Og mér þykir undarlegt að heyra þm. nota niðurstöður af þessum skýrslum í málflutningi sínum, svo sem gert hefur verið, á einn veg til andmæla við veiðar útlendinga hér, en lýsa síðan nálega hneykslun sinni á því sem fram kemur einnig í þessum sömu skýrslum, að það þurfi mjög að draga saman fiskiskipaflota okkar íslendinga. Slíkur málflutningur getur ekki að mínu mati samræmst. Það er alveg ljóst að skipafloti okkar íslendinga er allt of stór, og það er kannske við engan að sakast um það. Við höfum endurnýjað hann, og við höfum ekki gætt þess að leggja ýmsum gömlum skipum sem eru ekki arðbær í rekstri í dag, m. a. vegna þess að stofninn, sem á er sótt, er allt of lítill. Virk stjórn að ýmsu leyti er því grundvallaratriði í íslenskum sjávarútvegi ef ekki á illa að fara, og að því þyrfti Alþ. íslendinga að snúa sér fljótlega.

Ég sé að hæstv. utanrrh. er kominn, svo að *ég ætla nú að snúa mér að samningunum* við vestur-þjóðverja og ýmsu sem ég vildi þar um spyrja.

Ég vil í fyrsta lagi segja að við þessa samninga eru ýmsir kostir. Ég tel stærsta kostinn þann að frysti- og verksmiðjutogarar fara út fyrir 200 sjómílna fiskveiðilögsöguna, og ég vil vekja athygli á því, að þjóðverjar eru raunar með þessu að viðurkenna þetta yfirráðasvæði okkar. Ekki færu þessir togarar út annars. Og með því að þessir togarar fara út og þannig er viðurkennt það grundvallarsjónarmið okkar íslendinga, að slík skip eigi ekki að veiða í íslenskri fiskveiðilögsögu, er okkur auðvelt að neita þeim þjóðum, sem fyrst og fremst veiða með slíkum skipum, um veiðar á íslenskum fiskimiðum, eins og t. d. pólverjum og Sovétríkjunum. Þetta er ákaflega mikilvægt atriði í þessu sambandi öllu. Einnig er að sjálfsögðu mjög mikilvægt að þeir leita fyrst og fremst í karfa- og ufsastofninn, en draga úr veiði á þorskinum, sem er fyrst og fremst í stórkostlegri hættu, eins og ég hef áður rakið. Þeir veiddu að vísu árið 1974 5 510 lestir af þorski, en árið 1972 11 737 lestir og árið 1971 27 347 lestir, þannig að þótt veiðin hafi ekki orðið *mikil á árinu* 1974, *var hún* töluverð áður og ekkert sem tryggir að hún geti ekki aftur orðið mikil ef þeir veiða í skjóli breskrar herskipaverndar.

En þessir samningar hafa einnig ýmsa ókosti. Ég tek undir það, sem hér hefur verið sagt, að magnið er að mínu mati of mikið. Það er m. a.

svo mikið með tilliti til þess magns, sem þjóðverjar hafa veitt hér upp á síðkastið, og einnig með tilliti til þess sem ég rakti áðan, að þar er farið út á ystu nöf í álagi á þessa tvo stofna, karfastofninn og ufsastofninn. Mér þykir satt að segja einnig dálítið undarlegt hvað þjóðverjar hlupu fljótt inn á 60 þús tonn. Nú er erfitt að dæma um slíkt fyrir þá sem ekki sitja að slíkum samningum, en ég hefði gjarnan viljað láta sverfa til stáls í sambandi við nokkru minna magn, t. d. 50—55 þús. tonn. Ég tel einnig svæðin óþarflega stór. Mér sýnist ljóst að þjóðverjar geti náð þessu karfa- og ufsamagni á töluvert takmarkaðri svæðum. Á þessu er að vísu orðin mjög mikil breyting til batnaðar frá því sem þýsku till. eða óskirnar voru í upphafi, ég tala nú ekki um það sem sumir vildu jafnvel ganga að haustið 1974. Einkum tel ég að þjóðverjar fari allt of nálægt fyrir Suðausturlandi, upp að 23 mílum þar, og jafnframt á Vestfjörðum, þar sem þeir koma allt upp að 34 mílum á Halamiðum, en að vísu — og það er ákaflega mikilvægt — aðeins hálft árið. Þeir eru þar frá 1. júní til 30. nóv., og það er rétt að línubátarnir sækja lítið sem ekkert á þessi mið þann tíma. Hins vegar eru þetta megintogslóðir vestfirsku togaranna og raunar togara af Suðvesturlandi og Norðurlandi einnig. Þetta er að sjálfsögðu neikvætt og e. t. v. eitt af því neikvæðasta við þessi samningsdrög.

Mér þykir einnig ótrúlegt ef þjóðverjum tekst að skilja svo að ufsann og þorskinn á þessum miklu þorskaslóðum sem þeir virðast ætla að gera, og ég er sannfærður um að þarna þarf að hafa mjög strangt eftirlit. En með ströngu eftirliti sýnist mér að e. t. v. megi tryggja að þarna verði ekki samningurinn brotinn.

Ég harma það einnig að þjóðverjar skuli ekki viðurkenna útfærsluna. Þeir gera það óbeint, má segja, með því að taka sína stóru togara út fyrir 200 sjómílur. En hins vegar sýnist mér orðsendingin, sem birt er í þskj. með samningsdrögunum, ekki sérstaklega sannfærandi. Þjóðverjar segja raunar að þeir viðurkenni sérstöðu okkar Íslendinga, en hún gefur þeim tækifæri til að undirstrika að afstaða þeirra í þessum málum sé óbreytt. Ég held að ég vildi heldur að engin orðsending sem þessi verði send. Ég sakna þess einnig að í samningsdrögunum eru engin ákvæði um endanleika þeirra. Það eru engin ákvæði sem kveða á um að þjóðverjar hafi með þessum samningi fengið þann aðlögunartíma sem við teljum að þeim sé nægilegur og raunar kannske meira en það. Það er ekkert sem segir að samningarnir verði ekki endurnýjaðir, og mun ég koma nánar að því síðar.

Þá er það einnig rétt, sem komið hefur fram, að þessi samningur tryggir okkur engan aðgang betri en við höfum nú að Efnahagsbandalaginu. Hann tryggir ekki að svokölluð bókun 6 komi til framkvæmda og tollarnir lækki þar með. En ég tek raunar undir það, sem hefur komið fram hér hjá öðrum hv. ræðumönnum, að tollalækkunin út af fyrir sig er lítill ávinningur borið saman við þau stórkostlegu verðmæti sem hér er verið að ræða um. Hins vegar eru þau mikilvæg fyrir einstakar byggðir og ekki má líta algjörlega fram hjá því.

Aftur á móti hafa þessir samningar nokkra óbeina kosti. Ég tel það óbeinan kost að við sýnum með þessum samningum að við erum ekki eins konar tréhestur sem alls ekki verður talað við. Ég tel að þessi samningur styrki okkur á alþjóðavettvangi, m. a. á vettvangi hafréttarráðstefnunnar, og það tel ég e. t. v. einn af stærstu kostum við þennan samning. Ég tel það einnig kost við samninginn að bretar verða einangraðir. Við eigum þá í stríði við þá eina, og eins og ég sagði áðan, þá óttast ég að vestur-þjóðverjar mundu veiða hér nokkurn veginn í friði, ef ekki er gerður við þá samningur, og taka töluvert meira aflamagn en gert er ráð fyrir með þessum samningi. Í þriðja lagi er það nokkur kostur að fiskmarkaðurinn opnast. Og þótt með þessum samningi sé raunar boginn spenntur eins og nokkurn veginn æskilegt er mest í sambandi við karfann og ufsann, tel ég þó að það megi beina einhverjum íslenskum togurum inn á þessa stofna, sérstaklega karfastofninn, án þess að honum sé stefnt í beinan voða. A. m. k. er það áreiðanlega betra en að ofveiða þorskstofninn. En vitanlega er slík veiði til einskis ef markaður er ekki fyrir hendi, og hann er fyrst og fremst í Þýskalandi, þannig að þetta er einnig nokkur kostur.

Aftur á móti, eins og ég sagði í upphafi míns máls, eru ýmis atriði þessa samnings sem mér virðast ekki hafa verið nægilega upplýst hér, og það er fyrst og fremst með það í huga sem ég stóð upp. Vil ég nú koma að þessum spurningum.

Ég spyr í fyrsta lagi um það eftirlit sem ráðgert er með veiðum þjóðverjanna. Mér sýnast samningsdrögin ekki nægilega skýr að þessu leyti. Að vísu segir að rannsóknastofnun sjávarútvegsins þýska muni veita upplýsingar um aflamagn. En er það ekki of seinvirkt? Er ekki unnt að tryggja það að við fáum skýrslur jafnóðum og landað er? Við gætum t. d. falið okkar ræðismönnum í Þýskalandi að afla slíkra upplýsinga. Þetta tel ég að eigi tvímælalaust að gera. Ég tel einnig að íslenskir eftirlitsmenn eigi að hafa rétt til þess að fara um borð í þýska togara hvenær sem þeim sýnist og hvar sem þeim sýnist, og ég er óánægður með það ákvæði samningsins sem segir í 8. lið: „Ef ástæða er til að ætla að brot hafi verið framið“ o. s. frv., þ. e. a. s. þetta eftirlit virðist vera bundið við það að ástæða sé til að ætla að brot hafi verið framið. Ég tel að það að fara um borð í þýska togara til þess að fylgjast með þeirra veiðum eigi að vera eðlilegur þáttur í nauðsynlegu eftirliti, og ég vil spyrja að því, hvort ráðh. okkar hæstv. telji ekki að þannig megi raunar framkvæma þennan samning.

Ég vil einnig vekja athygli á því, að skýrslur þjóðverjanna munu vera í samræmi við hólfaskiptingu eða skýrslusvæði Alþjóðahafrannsóknastofnunarinnar og munu þeir skrá veiðar á Íslandsmiðum undir kaflann 5a, en þetta hólf samræmist alls ekki fiskveiðilögsögu okkar þegar hún er færð út í 200 sjómílur. Ég hef dregið þetta hólf inn á þá teikningu sem hér fylgir með, og þá kemur í ljós að önnur hólf ná þar einnig inn, eins og t. d. við Grænland hólf sem merkt er nr. 14 og við Suðausturland hólf sem merkt er 5b1, svokallaður „Rosengarten“. Hann er að

nokkru leyti í hólfi sem nefnist 2a, þannig að hólfin eru nokkuð mörg. Það verður því að tryggja að þýsku skýrslurnar séu þannig fram settar að unnt sé að lesa úr þeim hvað er veitt innan íslensku fiskveiðilögsögunnar. Þetta held ég að sé sömuleiðis framkvæmdaratriði. Ég trúi ekki öðru en að þetta sé framkvæmdaratriði sem þjóðverjar hljóta að vera fúsir til að fallast á ef það er sett fram, og ég spyr, hvort ráðh. séu ekki sömu skoðunar og hvort það muni þá ekki verða gert.

Ég vil einnig minna á að það má ekki alltaf treysta þessum stóru þjóðum og skýrslum þeirra, t. d. vil ég minna á fréttir sem bárust frá Barentshafi ekki alls fyrir löngu þar sem settir voru kvótar, m. a. kvóti fyrir þorskstofninn. Sá kvóti fylltist mjög fljótt, en þá voru breskir togarar staðnir að því að halda áfram veiðum og *moka þorskinum fyrir borð*. Þetta má að sjálfsögðu alls ekki gerast á Íslandsmiðum, og það er einmitt strangt eftirlit á þorskaslóðum okkar sem verður að koma í veg fyrir það. Við getum kannske sagt að þegar farið er að nálgast að fylla kvótann, þá liggi þjóðverjar ávallt undir grun og því hljóti okkar eftirlitsmenn að hafa fullan rétt til að fara um borð hvenær sem þeim sýnist.

Þá vil ég í öðru lagi spyrja hvað skeður er hámarkinu er náð, t. d. 5 þús. tonnum af þorski. Í samningsdrögum segir að þýska ríkisstj. ábyrgist að meira verði ekki veitt. Þetta er gott, svo langt sem það nær. En hvað gerist? Halda þeir áfram að veiða karfann og ufsann og moka kannske þorskinum fyrir borð? Ég tel, að þegar einhverju hámarki er náð, eins og 5 þús. tonnum af þorski, verði samningnum alls ekki fullnægt nema þjóðverjar hætti þá samstundis öllum veiðum á Íslandsmiðum. Ég spyr hæstv. ráðh. hvort þeir hafi sama skilning á þessu.

Þá vil ég í þriðja lagi nefna það sem ég ræddi nokkuð um áðan og nefndi endanleika þessa samnings eða ákvæði um að hann verði ekki framlengdur, og ég sakna þess í samningnum. E. t. v. má bæta úr því að nokkru leyti með því að hæstv. ráðh. gefi hér þá yfirlýsingu að *þeir líti svo á að þessi samningur verði ekki* framlengdur og vestur-þjóðverjar hafi með þessum samningi fengið þann aðlögunartíma sem þeir geti frekast búist við. Ég teldi fyrir mitt leyti mikilvægt að fá slíka yfirlýsingu, og ég treysti því að henni verði þá komið á framfæri við vestur-þjóðverja.

Í orðsendingu, sem á að fylgja þessum samningi, er rætt um frestun á framkvæmd hans ef bókun 6 kemur ekki til framkvæmda. Hvernig á að framkvæma þessa frestun? Frestast þá endamörk samningsins, þ. e. a. s. sá dagur þegar samningurinn gengur úr gildi, eða verður hann óbreyttur? Og hvað gerist á meðan samningnum er frestað? Fara vestur-þjóðverjar þá út fyrir 200 sjómílur, eða hefst þá stríð við vestur-þjóðverja á meðan? Þetta sýnist mér ekki heldur nægilega ljóst, og ég vil gjarnan spyrja á hvern máta hæstv. ráðh. líta á þetta atriði.

Það er illt að hæstv. sjútvrh. getur ekki verið hér í okkar hópi vegna sinna veikinda á svo örlagaríkum tímum fyrir íslenskan sjávarútveg, en ég veit að þjóðin vill að sjálfsögðu vita hver er afstaða hæstv. sjútvrh. til þessara samninga. Ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. forsrh. hvort hann geti ekki upplýst það.

Þá vil ég einnig að lokum spyrja í sjötta lagi um samningstilboð það, sem bretum var gert um 65 þús. tonn, hvort hæstv. ráðh. líti á sig sem bundna af þessu samningstilboði, sem þeir gerðu til breta um 65 þús. tonn, eða fellur það niður nú? Er það niður fallið nú? Þetta er einnig ákaflega mikilvægt atriði, og ég vil í því sambandi fara nokkrum orðum um möguleika til samninga við breta, eins og ég sé þá.

Mér sýnist að með þessum samningi sé samningur við breta stórum erfiðari. Þetta er mikið magn, sem þjóðverjum er ætlað, og til viðbótar því þorskmagni, sem hér er um að ræða, gera flestir ráð fyrir einhverjum samningum við færeyinga, þótt að sjálfsögðu hljóti það að verða skorið niður frá því, sem nú er, með tilliti til ástands þorskstofnsins, en við skulum segja að það geti orðið 10 þús. lestir á ári. Belgar taka gjarnan hér 4—5—6 þús. lestir og norðmenn eitthvað töluvert minna magn. En þá er veiði erlendra aðila af þorskstofninum orðin í kringum 20 þús. lestir, og miðað við það ástand, sem nú er, þá er ákaflega lítið sem við getum boðið bretum í samkomulagsskyni. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að skoða þessi mál sem best og reyna að setja okkur eitthvert þak. Við verðum að ákveða hvað við getum frekast talið skynsamlegt að bjóða erlendum aðilum til samkomulags og meta þá jafnframt hvað við teljum að við getum dregið úr þeirra veiði í þorskastríði eins og því sem nú er hafið. Ég treysti mér illa til að áætla það, en ég vil þó slá fram tölu eins og 100—110 þús. lestir samtals af botnlægum fiskum. Ég held að það sé ákaflega erfitt fyrir okkur að ganga lengra. Og þá er öllum ljóst af því, sem ég hef nú rakið, að það er ákaflega lítið eftir til þess að bjóða bretum. Því tel ég mjög mikilvægt að það komi hér fram, sem ég vona að verði, að ríkisstj. telji sig að öllu leyti óbundna af því tilboði sem bretum var gert, og ég tel raunar að þar hafi verið farið of hátt.

Þetta eru þær spurningar, sem ég vildi fyrst og fremst leggja hér fram. Ég vil segja það að lokum, að ég var mjög óákveðinn í fylgi mínu við þennan samning. Ég gat alveg hugsað mér að leggjast gegn honum, raunar allt þar til í gær. En hins vegar, eftir því sem ég hef skoðað málið betur og breiðar og frá fleiri sjónarhornum, hef ég ákveðið að styðja þessa samningsgerð. Samningurinn er ekki góður og flest mundum við eflaust engan samning vilja. En ástandið er svo alvarlegt að við getum ekki látið stjórnast af óskhyggjunni einni saman. Það er líka rétt, að þessi samningur er stórum betri en samningsdrög sem um var rætt t. d. í okt. 1974, ég tala nú ekki um það sem áður var til umr. í þessu sambandi. En hins vegar liggja nú fyrir langtum gleggri upplýsingar um alvarlegt ástand fiskstofnanna, og við sjáum að við höfum um minna að semja.

Það má raunar segja að það sé einkum tvennt sem hefur ráðið því að ég hef breytt um skoðun. Það er í fyrsta lagi að ég er mjög óánægður með þau vinnubrögð sem mér virðist ríkja hjá hv. stjórnarandstæðingum og ýmsum fleiri. Mér virðast þeir ekki skoða þessi mál á málefnalegum grundvelli, heldur af fyrir fram ákveðinni andstöðu, og það er ákaflega erfitt að skipa sér í slíkan hóp. Þá vil ég segja það, að innrás breta í íslenska fiskveiðilögsögu hefur þó riðið fyrst og fremst baggamuninn gagnvart mér. Mér sýnist mjög nauðsynlegt að við stöndum nú saman, íslendingar, sem mest við megum, og mér sýnist nauðsynlegt, að um leið og við sýnum alheimi að við erum viðmælanlegir, þá sýnum við bretum að við munum alls ekki þola yfirgang af þeirra hálfu. Og raunar sýnist mér eftir þessa innrás breta að bretar megi gjarnan vita, að íslenska þjóðin verður heldur með herveldi kúguð en að hún semji af sér fjöregg sitt í nauðungarsamningum.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég verð nú líklega að kannast við það og það er raunar nokkuð ljóst að mér hefur tekist fremur illa að útskýra samninginn fyrir flokksbræðrum mínum í Framsfl. þar sem svo margar spurningar koma frá flokksbróður mínum. Ég vil þá leyfa mér að reyna að bæta úr því, ef það kynnu að vera hér fleiri, sem væru með svipaðar vangaveltur, til þess að spara þeim að setja þær fram.

Ég ætla að hafa þetta stutt og ganga beint að efninu. Það er í fyrsta lagi spurning um það, hvernig eftirlitinu verði háttað. Hv. 2. þm. Vestf. segir að nauðsynlegt sé að íslenskir ræðismenn í Þýskalandi fái tafarlaust afrit af öllum löndunarskýrslum. Þetta verður auðvelt að framkvæma, og við skulum sjá um að það verði gert. Hins vegar segir hv. 2. þm. Vestf. að þetta sé ekki nóg, við verðum að hafa tækifæri til þess að fara um borð í þýska togara hvenær sem er, og það meina ég að sé algjörlega skýrt í þáltill. Í gr. segir:

„Eftirlitsmenn mega fara um borð í þýsk skip til að kynna sér leiðarbók og aflaskýrslur, svo og rannsaka veiðarfæri og afla um borð."

Ég hygg að það, sem veldur því að mönnum er þetta e. t. v. ekki öllum alveg ljóst, sé að 1. málsgr. fjallar um að ef ástæða sé til að brot hafi verið framið, þá geti íslensk varðskip stöðvað fiskiskip frá Sambandslýðveldinu hvar sem er á hafsvæðinu umhverfis Ísland. En ég lít á þetta sem tvær algjörlega sjálfstæðar málsgreinar og að það sé hvenær sem er óhætt — og ekki bara óhætt, heldur leyfilegt og skylt í mörgum tilfellum að fara um borð í þýsku skipin og ganga úr skugga um allt það sem þar segir: veiðarfæri, afla og aðra slíka meðferð.

Um hólfaskiptinguna þá held ég að það sé rétt ábending hjá hv. 2. þm. Vestf. að hólf 5a og 200 mílna lögsagan, það af henni sem þjóðverjum er ætlað að veiða á, fari ekki alveg saman, og eru þá að sjálfsögðu þau 60 þús. tonn, þar af 5 þús. tonn þorskur, sem hér er um að tefla, miðað við það sem fellur undir lögsögu, og við munum gera kröfur til þess að skýrslurnar verði þannig úr garði gerðar.

E. t. v. má einnig minna á það, að í Barentshafi var fyrir nokkru ákveðinn hámarkskvóti sem veiða mátti af ýmsum fisktegundum. Þorskkvótinn var fljótlega fylltur. Þá voru bretar staðnir að því að halda áfram veiðum, en moka þorskinum fyrir borð. Slíkt má ekki gerast á Íslandsmiðum. Ég ætla að sameina þetta, ef ég má, með leyfi hv. 2. þm. Vestf., við spurningu nr. 2, sem er svona:

„Í öðru lagi spyr ég að því, hvað gerist þegar hámarkinu er náð, t. d. 5 þús. lestum af þorski."

Þá gerist það að fiskiflotinn hættir. Um það er alveg örugglega rætt. **(Gripið fram í:** Má það ekki standa í ályktuninni?) Það getur náttúrlega verið álitamál hvað eigi að standa í slíkum ályktunum, en þetta er alveg umsamið atriði. (Gripið fram í.) Það má athuga það. (Gripið fram í.) **(Forseti:** Ekki samtal.) Það var talað berum orðum um það í Bonn að þetta yrði framkvæmt svona. Ég sagði ekki að það stæði í samningnum. Ég tók það fram að það stæði þar ekki. Ég sagði að það væri álitamál hvað ætti að standa í slíkum samningum, en þetta væri undirskilið og ég vona satt að segja, að þm. hafi ekkert við það að athuga. (Gripið fram í.) Vilja menn að þeir haldi áfram að veiða þegar kvótinn er fylltur? **(Gripið fram í:** Nei.) Nei. (Gripið fram í.) Já.

Um þriðja atriðið vil ég segja það sem mína skoðun alveg ákveðið, að ég tel að þetta séu endalok samningsgerðar við vestur-þjóðverja, enda treysti ég því fyrir mitt leyti að hafréttarráðstefnan verði þá búin að komast að ákveðinni niðurstöðu um alþjóðalög sem gildi um fiskveiðilögsögu. En hvort heldur sem það yrði eða ekki, þá er það mín skoðun að hér eigi að setja punkt og hætta.

Í fjórða lagi er spurt um frestinn á framkvæmd samkomulagsins sem verður ef bókun 6 í samningi Íslands við Efnahagsbandalagið kemur ekki til framkvæmda innan 5 mánaða. „Hvað merkir þessi frestur? Merkir hann að lokatími samningsins framlengist sem því nemur?", Svarið við því er nei. Samningurinn gildir í tvö ár frá undirskrift, hvort sem hann verður í framkvæmd lengur eða skemur af þeim tíma. — „Eða merkir hann að þjóðverjar fari út fyrir 200 sjómílur á meðan fresturinn gildir?" Svarið við því er já.

Um afstöðu hæstv. sjútvrh. get ég ekki sagt.

Svo er það sjötta spurningin, hvort ég telji, að íslenska ríkisstj. sé skuldbundin af 65 þús. lesta boði á þorski. Því svara ég hiklaust neitandi. Ég tel að við séum algjörlega óbundnir af tölu sem ekki hefur verið samþ.

Ég vona þá að ég hafi svarað þessum skriflegu spurningum frá hv. 2. þm. Vestf., og til þess að tefja ekki tímann meira en þarf ætla ég að láta þessari ræðu lokið að sinni, en svara þá heldur síðar, ef ástæða verður til.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Hv. þm. Steingrímur Hermannsson óskaði eftir því í upphafi máls síns að alþm. gerðu sér grein fyrir því og gerðu grein fyrir því í upphafi máls síns hvort þeir teldu að við ynnum meira með því að gera samning þann, sem hér um ræðir, næð-

um meiri árangri í fiskvernd, að vernda stofnana okkar með því að gera ekki samning og að reyna þá að verja landhelgina. Ég skal verða við þessari beiðni.

Ég er persónulega viss um að við gætum og hefðum getað hindrað vestur-þjóðverja gjörsamlega í veiðum á miðum okkar. Við gætum það nú og hefðum getað það ef það hefði verið ærlega reynt. Við getum tafið svo veiðar breta, þrátt fyrir herskipavernd, ef við beitum okkur — ef við fáum að beita okkur, að þeim sé ekki vært við veiðarnar þannig að þeir geti stundað þær af neinu gagni. Ég er sannfærður um það að samningsuppkastið, sem hér liggur fyrir, er vesti kosturinn.

Nú, heyrðist mér það rétt, að hv. þm. Steingrímur Hermannsson sem finnur þó þrátt fyrir allt þessum samningi ýmislegt til foráttu, setur gagnrýni sína fram með blæ sem hæfir ritara Framsfl., en finnur honum samt ýmislegt alvarlegt til foráttu, — heyrðist mér það rétt að hv. þm. teldi okkur vera aflögufæra með 60 þús. tonn af fiski, þótt við neyðumst til þess með skírskotun til nýlega útkominnar skýrslu Rannsóknaráðs vegna aflabrests, vegna ofveiði á miðum okkar, að leggja okkar eigin fiskiskipum, og samt erum við e. t. v. aflögufærir um 60 þús. tonn af fiski?

Ég vil aðeins víkja að fögnuði hv. þm. þrátt fyrir allt yfir því að þjóðverjar skuli nú fara með alla stóru togarana, skuttogarana sína, út fyrir. Á skránni yfir 40 skip sem þjóðverjar mega hafa skv. fyrirhuguðum samningi á miðum okkar, 40 togara, eru þó 8 þeirra miklu stærri en stærstu skuttogarar okkar og meðalstærð þessara skipa lætur nærri að sé tvöfalt meiri en meðalstærð einstakra togara í togaraflotanum okkar. Og svo er fögnuðurinn yfir því að verksmiðjuskip skuli nú ekki fá að veiða á miðunum hjá okkur. Flestir þessara togara, sem nafngreindir eru á listanum, sem fylgir þáltill., eru verksmiðjutogarar. Þeir eru búnir fiskmjölsverksmiðjum. Það eru verksmiðjutogarar. Þetta eru togararnir sem hafa verið kallaðir ryksugur, togararnir sem ljúka veiðiferðum á Íslandi með því að veiða smáfisk í gúanó. Og það er ekki víst að hv. þm. þurfi að hafa mjög miklar áhyggjur af því að þorskinum verði mokað fyrir borð. Það er hægt að koma honum í vöru.

Undir lok ræðu sinnar sagði hv. þm. að það hefði ekki verið fyrr en í gær sem hann hefði ákveðið að styðja þennan samning, allt fram að þeim tíma hefði honum verið efst í huga að ganga gegn honum, og tilgreinir sem fyrstu ástæðu óánægju sína með vinnubrögð stjórnarandstæðinga, stjórnarandstæðingar hafi ekki þannig að unnið í gagnrýni sinni á þessum samningi að hann teldi sig geta gengið í þeirra sveit. Persónuleg skoðun mín er nú sú, að hv. þm. hefði nú getað snúist gegn þessum samningi án þess að ganga í Alþb., Alþfl. eða SF. Og mikil má hans óánægja vera með vinnubrögð þessara flokka, sem hann er nú ekki í, fyrst hann vill heldur greiða atkv. með því að þjóðverjar fái að taka hérna 60 þús. tonn á ári í tvö ár af ofveiddri fiskislóðinni okkar — eða öllu heldur, vel má hann una sér í flokki sínum og kompaníinu með íhaldinu í þessu máli ef hann vill borga 60 þús. tonn af miðunum okkar fyrir að fá að vera þar.

Það er þungbær reynsla fyrir þessa blessuðu þjóð að hafa nú við æðstu völd eiðsvarna vini óvina sinna, og ég skal taka það fram — vil taka það fram sérstaklega, að þar á ég ekki við Steingrím Hermannsson, en við æðstu völd í þessu landi eru nú eiðsvarnir vinir óvina okkar, einmitt þegar þeir ráðast á okkur, þ. e. a. s. NATO-forsprakkar íhalds og Framsóknar. Við berum það okkur stundum í munn, íslendingar, að við kjósum hverju sinni yfir okkur þá stjórn sem við eigum skilið, að íslendingar eigi yfirleitt skilið þær stjórnir sem þeir kjósa yfir sig. Í dag finnst mér þó a. m. k. að þeir hafi afsökun. Þeir kusu ekki yfir sig þessa stjórn. Í síðustu kosningum var a. m. k. annar ríkisstjórnarfl. kosinn undir öðru merki en því sem hann ber í dag. Í þetta skipti og umfram allt í þessu máli hafa íslendingar því verri stjórn loksins en þeir eiga skilið.

Ef til er eitthvað sem mætti nefna þjóðareiningu á þessu landi nú, þá er það sú skoðun að núv. ríkisstj. sé ekki treystandi í landhelgismálinu. Sú þjóðareining sem ráðh. okkar hafa borið sér í munn undanfarna daga og bera sér í munn í dag og þáltill., sem hér liggur nú frammi, ber ljósastan vott um, — sú þjóðareining er ekki til. Í þessari þáltill. er hvatt til þjóðareiningar um undanslátt í landhelgismálinu, þjóðareiningar um uppgjöf og algjöran ósigur í landhelgismálinu. Á síðum þessa þskj. blasa við okkur einhverjar hryggilegustu mótsagnir sem um getur í íslenskri stjórnmálabaráttu. Hér lesum við svart á hvítu alvöruna sem bjó í fyrirheiti íhaldsstjórnar um útfærslu fiskveiðilögsögu okkar í 200 sjómílur. Sú alvara er hér kortlögð, hvað þá heldur annað, og hefur fyrirsögnina: „Till. til þál. um heimild fyrir ríkisstj. til að ganga frá samkomulagi við ríkisstj. Sambandslýðveldisins Þýskalands um veiðar þýskra togara.“ Hv. alþm. þurfa ekki annað en að líta á meðfylgjandi kort til þess að sjá að fyrsta þingmál ríkisstj. eftir hina nafntoguðu útfærslu í 200 sjómílur er að heimila vestur-þjóðverjum að veiða innan gömlu 50 mílna markanna.

Ég mun ekki eyða tíma í það að ræða um þá vitneskju sem fyrir liggur um ástand íslensku fiskstofnanna eða um efnahagslegar afleiðingar af veiðum útlendinga hér við land, það hefur verið gert svo rækilega áður við þessar umr. En hæstv. iðnrh., Gunnar Thoroddsen, rétt aðeins byrjaði í ræðu sinni nú að lesa nýtt plagg frá Hafrannsóknastofnuninni, hann rétt aðeins byrjaði að lesa það, en tók sig svo á og áttaði sig á því að bréfið var ekki frá Hafrannsóknastofnuninni, heldur frá Jóni Jónssyni, og hætti að lesa það strax í upphafi og fór að tala um það hvenær sjálfstæðismenn fengu hugmyndina að 200 sjómílunum. Þetta þótti mér dálítið leitt, að hann skyldi hætta svo snemma, því ég var farinn að hlakka til þess að heyra dr. Gunnar Thoroddsen lýsa fiskifræðilegu áliti sínu á Jóni Jónssyni. Ég vík

seinna að þeirri staðreynd að ríkisstj. hafi, áður en þessi samningur eða samningsuppkast var lagt fram, boðið bretum að veiða 65 þús. tonn af þorski, ekki bara innan 200 mílna fiskveiðilögsögunnar, heldur innan 50 sjómílna lögsögunnar. Ég staðhæfi að sú þjóðareining, sem ríkisstj. íhalds og Framsóknar biður nú um í landhelgismálinu, birtist í þessari þáltill. svart á hvítu sem pólitískt bellibragð og er beiðni um þjóðareiningu um þá ákvörðun ríkisstj. að svíkja í landhelgismálinu.

Í þessu skjali blasir sem sagt við okkur sú staðreynd, að ríkisstj. ætlar að framkvæma útfærsluna margauglýstu í 200 sjómílna fiskveiðilögsögu með því að heimila útlendingum fiskveiðar innan gömlu 50 sjómílna markanna. Það vissu flestir sem vildu, að ræður sjálfstæðismanna og samþykktir um útfærslu í 200 sjómílur voru á sínum tíma til þess ætlaðar að breiða yfir óþjóðholla baráttu forustumanna flokksins gegn útfærslunni í 50 sjómílur á sínum tíma. Það var núv. forsrh., form. Sjálfstfl., Geir Hallgrímsson, sem reri beinlínis gegn útfærslunni í 50 sjómílur og andmælti tilburðum okkar til að verja þá fiskveiðilögsögu þegar við tókum rögg á okkur og tókum fastast á til þess að gera það, og hæstv. ráðh. Gunnar Thoroddsen, fyrrv. viðreisnarrh., einn þeirra sem gerðu samninginn við breta og vestur-þjóðverja 1961, lagaprófessorinn sem þuldi yfir þjóðinni 18. ágúst 1972 þá predikun að henni bæri að hlíta úrskurði Alþjóðadómstólsins um að færa ekki út í 50 sjómílur, — það voru þessir ráðh. sem fundu upp á því snjallræði, þegar þeir kenndu til undan fordæmingu flestra góðra manna, að krefjast útfærslu í 200 sjómílur, og meining þeirra blasir nú við okkur með striki utan um kortið af Íslandi og svo öðrum strikum þar sem erlendum togurum er markaður réttur til að veiða innan 50 sjómílna markanna.

Við vissum það áður, það var ekkert leyndarmál, að það var ekki sérstakra dáða að vænta af Framsfl. í landhelgismálinu. Eitt af meginviðfangsefnum Alþb. í fyrrv. ríkisstj. var að halda aftur af áráttu Framsfl. til að semja við breta og vestur-þjóðverja um veiðiheimildir innan fiskveiðilögsögunnar nýju, innan 50 mílna markanna, að halda aftur af áráttu ráðh. Framsfl. til þess að semja um undanslátt — og tókst þó ekki alveg um það er lauk, og af því súpum við seyðið nú, og má beinlínis til sanns vegar færa að Alþb. hafi í nærri því bókstaflegri merkingu dregið Framsókn með sér út í 50 sjómílurnar aftur á bak og á halanum og orðið að halda henni þar með handafli þangað til Ólafur smaug úr takinu í nóv. 1973 og skrapp til Lundúna, sem frægt var, til að semja við breta. Og nú heldur enginn aftur af hæstv. dómsmrh. Nú þarf ekki einu sinni að teyma hann á hinum endanum.

Hér liggur sem sagt fyrir okkur uppkast að samningi sem ríkisstj. vill gera við vestur-þjóðverja um heimild til að veiða allt að 60 þús. tonn af fiski innan nýju efnahagslögsögunnar okkar, að verulegu leyti innan gömlu 50 sjómílna markanna. Með samningsuppkastinu fylgja nöfn 40 vestur-þýskra togara, sem er ætlað að stunda þessar veiðar. Sum þessara nafna eru þegar fræg í landhelgissögu Íslendinga, og í samningsuppkastinu er tekið fram það, sem hæstv. ráðh. hafa tekið hér fram í ræðum sínum í dag, að engin verksmiðjuskip fái að veiða á Íslandsmiðum. Þetta sagði hæstv. utanrrh. ekki alveg eins satt eins og æskilegt hefði verið, þetta sagði hæstv. ráðh. Gunnar Thoroddsen e.t.v. eins satt og hann gat, en flestir hinna nafngreindu togara eru þó verksmiðjuskip. Þeir eru með fiskimjölsverksmiðjur um borð. Í samningsuppkastinu, eins og það var kynnt fyrir þingflokkunum í fyrradag, var ákvæði um það að vestur-þjóðverjarnir mættu ekki nota verksmiðjurnar til annarrar mjölvinnslu en þeirrar sem slógið úr aflanum næði til. Þetta ákvæði hefur verið numið burt úr uppkastinu eins og það liggur nú fyrir, ekki vegna þess að hætt hafi verið við að heimila verksmiðjutogurunum veiðar við Ísland, heldur vegna þess að það þurfti að vera hægt að halda áfram að staðhæfa í ræðum að þetta væru ekki verksmiðjutogarar. Það var numið burt til þess að reyna að fela þá staðreynd að verksmiðjutogurum er ætlað að veiða hérna, enda þótt kveðið sé á um það að hér skuli ekki veiða erlend verksmiðjuskip. Þetta eru togararnir sem hafa verið kallaðir ryksugur hafsins. Þetta eru togararnir sem hafa veitt með klæddum pokum hérna og lokið túrunum við Ísland með því að fiska smáfisk. Þetta eru togararnir, hv. þm. Steingrímur Hermannsson, sem hafa tæknilegan búnað til þess að koma í veg fyrir að það sé nauðsynlegt að henda þorskinum fyrir borð þegar búið er að fiska 5 þús. tonn, til að hann sjáist ekki.

Það var vikið hérna áðan að því lauslega af hæstv. utanrrh., að það hefði komið fram í samtölum úti í Bonn að íslendingar ættu að hafa óskoraðan rétt til eftirlits með veiðunum í togurunum hérna. Ég vil trúa því að slíkt hafi verið tekið fram. Það væri raunverulega ástæða til þess að — og ég mun ef til vill reyna að koma því í orð — að veita hæstv. utanrrh. sérstaka viðurkenningu fyrir eðlilega áráttu til þess að segja satt við hin verstu skilyrði, þó honum takist það ekki alltaf. Og svo er, sem sagt í samningnum a.m.k., eigendum þessara skipa og þeim Jóni Jónssyni, sem Bonn-ríkisstjórnin hefur á launum úti hjá sér, ætlað að veita okkur fullnægjandi upplýsingar um það hvernig samningurinn sé haldinn. Þetta atriði um það, með hvaða hætti málsgreinin um fiskimjölsverksmiðjurnar um borð í skipunum er numin burt úr samningnum, þó engin ráðstöfun sé gerð til þess að nema verksmiðjurnar burt úr skipunum, er enn ein vísbendingin um það með hvers konar heilindum er staðið að þessum samningi. Hæstv. ráðh. mun nú standa upp og fara skyndilega að bera á móti því að ætlunin sé að afsala íslendingum 60 þúsund tonnum af því sem þeir geta ekki í té látið með þessum samningi.

Það hefur verið minnst á það fyrr í kvöld af öðrum aðilum, en má ítreka það atriði, að við vitum það gjörla — raunar er kveðið á um það í þessu plaggi með ákvæðinu um 5 mánaða frestinn vegna bókunar 6 — að það er ætlunin að semja einnig við breta um veiðiheimildir innan

50 mílna markanna á allra næstu vikum. Ég man það ekki svo gjörla, ég vona að þar hafi ekki verið ljóstrað upp leyndarmáli, — leyndarmál hafa nú verið ýmis opinber í sambandi við þessa samningsgjörð, — ég vona að þar hafi ekki verið ljóstrað upp leyndarmáli, en ég heyrði það haft eftir hæstv. utanrrh. að hann hefði sagt á landhelgisnefndarfundi að þessa 5 mánuði ætti einmitt að nota til þess að semja við breta. (Gripið fram í.) Enn mun ég taka orð hæstv. utanrrh. trúanleg, að hann hafi ekki sagt þetta. Kannske á hann það ósagt. Ríkisstj. hefur boðið bretum þegar 65 þús. tonn af þorski og ýsu innan 50 mílna markanna. Ég hygg að hver einasti maður, sem sjáandi sér og heyrandi heyrir, geri sér ljóst að með þessu tilboði íslensku ríkisstj. til breta var samkv. venjum í slíkum samningum stefnt að því að heimila bretum veiðar á 80 þús. tonnum innan 50 sjómílna markanna — í samningum sem þessum hefur það tíðkast að mætast á miðri leið. Það hefur harla litla þýðingu að flytja um það yfirlýsingar núna, ekki þó að rómurinn sé brýndur, þetta hafi verið endanleg tala. Þó þeir setji rómmildan klökkva sem nægir til þess að túlka hugsunina: við hefðum betur aldrei nefnt þessa tölu — eða eins og hv. þm. Steingrímur Hermannsson greinilega sagði áðan: þeir hefðu betur aldrei nefnt þessa tölu, það breytir ekki þeirri staðreynd að bretar líta á þetta sem tilboð og krefjast nú framhalds.

Ofan á allt annað er vitað að samningsdrög liggja þegar fyrir um heimild handa færeyingum til að taka 15—20 þús. tonn af þorski á miðunum okkar, og handa belgíumönnum til þess að taka 6—7 þús. tonn og handa norðmönnum til þess að taka 3 þús. tonn. Og þá er hitt ótalið, með hvaða hætti þessi samningur mun knýja okkur af siðferðilegum og pólitískum ástæðum til þess að heimila austur-þjóðverjum, pólverjum og rússum veiðar innan fiskveiðimarkanna. Þessar þjóðir virtu þó í verki útfærsluna í 50 sjómílur. Og það er rangt, það veit ég, að þessar þjóðir eigi ekki sams konar ísfisktogara með fiskimjölsverksmiðjum og þá sem vestur-þjóðverjar eiga að fá að nota á miðunum okkar. Þeir eiga þess háttar togara. Er sennilegt að ríkisstj. ætli þessum þrem þjóðum minna hlutskipti en vestur-þjóðverjum sem níddust þó á okkur við útfærsluna í 50 mílur? Ég verð að segja eins og er, ég vildi að ríkisstj. hefði brjóstheilindi til þess. En hún hefur það ekki. Eða eigum við núna að nota það sem rök að vestur-þjóðverjar eigi sögulegan rétt til miðanna okkar, en hinir ekki? Varla getum við gert greinarmun á vestur-þjóðverjum og austur-þjóðverjum í því sambandi. Fái þessir þrír aðilar sama rétt og vestur-þjóðverjar munu bætast þarna við 180 þús. lestir. Ef tekið verður tillit til þess, sem kannske væri ekki óeðlilegt, — ef tekið væri tillit til þess að þessar þrjár þjóðir eru ekki í Atlantshafsbandalaginu og aflaheimild þeirra yrði þar af leiðandi skorin niður í t. a. m. 10 þús. lestir handa hverri, þá verður heildarmagnið ekki nema 30 þús. lestir til viðbótar af því sem við höfum engin efni á að láta í té.

Hér er um það að tefla, að verði þessi samningur við vestur-þjóðverja staðfestur á Alþ., þá semjum við ekki aðeins af okkur þessi 60 þús. tonn á ári, aðallega af ufsa og karfa sem við þyrftum sjálfir að nota til þess að vega upp á móti þorskinum sem við verðum að afsala okkur vegna afleiðinga af rányrkju þessara þjóða hér á undanförnum árum, — þá semjum við ekki aðeins af okkur þessi 60 þús. tonn árlega í tvö ár, semjum af okkur 200—350 þús. tonn af fiski í tvö ár, þar af um 120 þús. tonn af þorski. Og má svo hver sem vill trúa því, að ef þeir menn, sem vélað hafa um þennan vestur-þýska samning, verða þá enn við völd, — það má hver sem vill trúa því, að mikil fyrirstaða verði að tveim árum liðnum, gegn því að endurnýja þessa samninga.

Og svo með tilliti til staðreyndanna sem við blasa varðandi ástand fiskstofnanna og aflavonirnar, hver verður fiskafli okkar íslendinga þessi tvö ár? Hvert verður hlutskipti þjóðar okkar þessi tvö ár og þaðan í frá? Hæstv. utanrrh. hefur áhyggjur af þeim málum, það efa ég ekki. Hann var kennske og raunar efalaust að gera að gamni sínu, utanrrh. Einar Ágústsson, í eins konar samningakæti, þegar hann kom heim frá Bonn og svaraði hreinskilnislega þessari spurningu um hvert hlutskipti okkar yrði, þegar hann sté út úr flugvélinni og sagði við blaðamenn að best væri að hengja sig strax. Ég minntist áðan í alvöru á hana, þessa eðlislægu áráttu Einars Ágústssonar til að segja satt, þó að hann neyðist stundum til að harka af sér. Og hvað pólitíska framtíð hans sjálfs og Framsfl. í heild áhrærir, þá hygg ég nú líka að honum hafi ratast þarna satt á munn, það sé best fyrir þá, hann og Framsfl., pólitískt séð að hengja sig bara strax.

En líf þessarar þjóðar er undir því komið að henni heppnist að skera af sér þá snöru sem nú er verið að smeygja um háls henni í mynd þessa samningsuppkasts. Ég er ekki að krefjast hengingar. Ég er að mælast til þess að hv. Alþ. hjálpi hæstv. ráðherrum nú strax til að skammast sín og segja af sér, svo að hægt verði að mynda nýja ríkisstj. sem sé trúandi til þess að veita þjóðinni forustu í baráttunni sem nú er fram undan. Hv. þm. Sverrir Hermannsson kynni enn að varpa fram spurningunni, eins til hv. þm. Karvels Pálmasonar fyrr í dag, og spyrja: hvers konar ríkisstj.? Ég hygg að ekki þurfi að nafngreina þann aðila sem mikill meiri hluti þjóðarinnar treystir til forustu í þeirri baráttu sem hér er háð. Ég hef meira að segja grun um að meiri hluti þm. hv. þm. hæstv. ríkisstj. gæti nafngreint þennan aðila sem ég á við, þótt hitt kunni að koma í ljós við atkvgr. um þetta samningsuppkast, sem mig uggir, að meiri hl. hv. stuðningsmanna þessarar ríkisstj. sé þess háttar fólk sem ekki er nógu vel að sér til þess að kenna sínum eigin ráðherrum að skammast sín.

Ríkisstj. hefur liggjandi fyrir sér á borðinu vantraustsyfirlýsingu þjóðarinnar á þá stefnu sem hún ætlar nú að knýja þm. sína til að samþykkja í landhelgismálinu. Öll stærstu og öflugustu stéttasamböndin, landsmanna, auk stjórnarandstöðuflokkanna, hafa gert afdráttarlausar samþykktir gegn hvers konar samningum um veiðiheimild handa útlendingum í fiskveiðilögsögu okkar. Það má bæta því við, að á liðnum vikum hafa verið birtar fréttir frá þó nokkrum samtökum annars stjórnarflokksins líka

þar sem mælt er eindregið gegn hvers konar samningum við útlendinga um veiðiheimildir í landhelginni. Þessi samtök hafa innan sinna vébanda ¾ hluta atkvæðisbærra manna á Íslandi og hafa andmælt því eindregið og ljósum orðum að útlendingum verði heimilað að taka eitt einasta tonn af Íslandsmiðum.

Og röksemdirnar virðast með andmælum liggja einnig á borðum ráðherranna, þar sem er skýrsla Hafrannsóknastofnunarinnar, og þeir hafa samþykkt þau rök í einu og öllu. Fiskstofnarnir á Íslandsmiðum þola ekki þá sókn sem nægir íslendingum einum til framfæris. Og samt á að semja. Samt á að veita útlendingum heimild til þess að taka í tvö ár hundruð þúsunda lesta af fiski af miðunum okkar.

Það fer ekki á milli mála að mikill hluti þjóðarinnar hefur með atkvæðagreiðslum og samþykktum síðustu vikurnar svipt ríkisstj. lýðræðislegu umboði til þess að gera neins konar undanlátssamning við útlendinga í íslenskri auðlindalögsögu — og samt á að semja. Hvað er það þá sem veldur því, að Geir Hallgrímsson, hæstv. forsrh., Gunnar Thoroddsen, hæstv. iðnrh., hæstv. dómsmrh. Ólafur Jóhannesson og hæstv. utanrrh. Einar Ágústsson og Co. eru svo áfjáðir í það að gera samning sem þeir vita að þeir hafa enga heimild til að gera? Eru þeir svona vondir menn, að þeir vilji beinlínis fórna lífi þjóðar sinnar baráttulaust í þágu erlendra kapítalista? Ég held, að þeir séu ekki vondir menn. Um þá má margt gott segja sem einstaklinga, það má margt gott segja um þá sem einstaklinga, prívat og persónulega, hvern fyrir sig, þó að enginn geri það að vísu þessa dagana.

Við skulum þá reyna að gera okkur grein fyrir því hvað hugsanlega geti valdið eða búið á bak við þessa undarlegu lýðhvöt, að íslendingum sé best að hengja sig strax. Við skulum gera örlitla könnun á þessum hóp manna sem ég hygg að séu ekki vondir menn prívat og persónulega.

Geir Hallgrímsson, hæstv. forsrh., er uppalinn í Heimdalli, nærður við brjóst sjálfrar rússagrýlunnar, er fyrst og fremst fulltrúi íslenskrar heildsalastéttar og á sjálfur gróðavon sína í verslunarsamböndum með umboðslaunum í Bretlandi og Vestur-Þýskalandi.

Hæstv. iðnrh. Gunnar Thoroddsen, fágaður maður, leiðtogi embættismanna í Sjálfstfl., lagaprófessorinn sem stóð að því að gera landhelgissamninginn við breta og þjóðverja 1961 og sérstakur málsvari Alþjóðadómstólsins í Haag í landhelgismálinu.

Matthías Á. Mathiesen, uppalinn uppalningur kaupsýslustéttar Suðurnesja undir túngarði herstöðvarinnar, eins konar lifandi Búdda í tilbeiðslustellingum við herstöð Atlantshafsbandalagsins.

Ólafur Jóhannesson, hæstv. dómsmrh., einn af vöskustu erindrekum NATO innan Framsfl. allar götur síðan 1948, yfirmaður Landhelgisgæslunnar sem gætti þess af sérstakri umhyggju við útfærsluna í 50 sjómílur að varðskipunum væri beitt af sem allra yfirveguðustu ráði og sem dásamlegustu hófi gegn bresku og þýsku landhelgisbrjótunum, þáverandi forsrh. sem lék á meðráðherra sína og þjóðina alla að loknu viðtali við Luns framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins og fór til Lundúna og samdi við breta.

Einar Ágústsson, sérstakur trúnaðarmaður herstuklikunnar hjá SÍS, drengilegur maður, eins og ég hef æ borið honum, sem hann á skilið, en gæddur furðulegum soðkjarna hinna teygjanlegustu skoðana.

Vilhjálmur Hjálmarsson, austfirðingur sem okkur að austan þykir vænt um fyrir ýmsar persónulegar dyggðir, en með alls enga skoðun nema þá að Ólafur Jóhannesson hafi rétt fyrir sér.

Og Halldór E. Sigurðsson, sem er gæddur ýmsum þeim eiginleikum sem hæfa þessum félagsskap slíkur sem hann er.

Ég held ekki að þeir séu vondir menn að innræti, en til síns brúks í íslenskri pólitík eru þeir ekki nógu góðir. Það mætti kannske orða það svo, að þá bresti sumt það sem geri þá hæfa til þess að veita þjóðinni forustu í þessari baráttu, og hafi svo vissulega líka til að bera ýmislegt annað sem geri þá gjörsamlega óhæfa til þess. Við getum orðað það þannig, að þeir menn, sem fara nú með ráðherradóm á Íslandi, hafi vafist fyrir ýmiss konar óheppni — vafist einhvern veginn svo í málstað andstæðinga okkar að þeir sjái í rauninni hag þeirra hið næsta sér og stundum hag Íslands í gegnum þann vef og fyrir utan. Af því að hér var rætt um umboð í dag, umboð forustumanna verkalýðshreyfingarinnar til þess að ræða um samningsuppkast þetta, til þess að ræða um þau kjör sem íslenskri alþýðu eru búin í fiskaflanum við þetta land, — af því að réttur þeirra, forustumanna verkalýðshreyfingarinnar, til þess að ræða þetta mál var dreginn í efa, *þá vil ég enn kveða að orði um rétt ráðherranna*, það umboð, sem þeir hafa frá þjóðinni til að afsala 60 þús. tonnum af fiski árlega í tvö ár í hendur vestur-þjóðverjum, fiski sem þessir hæstv. ráðherrar eiga ekki, fiski sem íslendingar eiga og þá fyrst og fremst mennirnir sem hafa fyrir því að sækja hann á miðin og vinna hann og gera úr honum vöru, en ráðherrarnir hafi svipt því umboði eins ljóslega og íslenska þjóðin framast getur svipt ráðherra umboði til þess að framkvæma ranga og hættulega stefnu í lífshagsmunum þjóðarinnar, og ætla samt að þvinga þá stefnu fram.

Af því að ég er farinn að tala um umboð á annað borð, þá má til sanns vegar færa, að hinum ráðherrunum annars ólöstuðum, að það sé alveg sérstök ástæða til þess að fjalla sérstaklega um umboð tveggja þeirra.

Hæstv. iðnrh. Gunnar Thoroddsen, sem fjallaði áður um samning um landhelgina okkar árið 1961, hann sagði í ræðu sinni fyrr í dag að til mála gæti komið að við þyrftum að verja 200 mílna landhelgina gegn fleiri aðilum en bretum og vestur-þjóðverjum. Þó er nú sannleikurinn sá, að sá ágætissamningur, sem hæstv. ráðh. gerði 1961 ásamt félögum sínum, var með þeim hætti að í skjóli hans — einmitt í skjóli þess samnings — níðast bretar og vestur-þjóðverjar á okkur núna með blessun Alþjóðadómstólsins í Haag. Aðrar þjóðir, sem hæstv. ráðh. Gunnari Thoroddsen láðist að gera svona góðan

samning við treysta sér ekki til að brjóta á okkur rétt.

Hinn ráðherrann, sem ég tel alveg sérstaka ástæðu til þess að helga fáeinar mínútur privat og persónulega, er dómsmrh. hæstv., Ólafur Jóhannesson, um hann og aðferðir hans við að fjalla um landhelgismálið og frammistöðu hans í því máli fyrr og síðar. Hann gat sér alveg sérstakt orð, ekki bara sem forsrh., heldur e. t. v. fyrst og fremst sem dómsmrh., í vitund allra þeirra sem fylgdust með gangi mála við útfærsluna í 50 sjómílur, sérstaklega þó í vitund þeirra sem fylgdust af alvöru og einlægni með framkvæmd gæslunnar. Það er gjörsamlega ástæðulaust að vera nokkuð að draga dul á það hér í þennan hóp, að því trúa allir, sem reynt hafa að kynna sér gang málsins, að hæstv. þáv. og núv. dómsmrh. Ólafur Jóhannesson hafi beitt sínu æðsta valdi yfir landhelgisgæslunni til þess að henni yrði hagað með sérstöku tilliti til hagsmuna Atlantshafsbandalagsins sem hann tók hvað mestan þátt í á sínum tíma að blekkja íslendinga til þátttöku í, með sérstöku tilliti til hagsmuna Atlantshafsbandalagsins sem ber æðstu ábyrgð á herskipastólnum sem beitt er gegn okkur nú og var beitt gegn okkur þá. Það er vissulega sérstök ástæða til þess að taka nú til íhugunar frammistöðu þáv. og fyrrv. dómsmrh. og fyrrv. forsrh. Ólafs Jóhannessonar sem raunverulega krýndi feril sinn í vinstri stjórninni með því að loknu makki við Luns framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins í Reykjavík haustið 1973, að skreppa til Lundúna „seint á ýlissóttu," eins og í því kvæði stendur, með þau orð á vör að ekki mundi hann gera neins konar samning við breta, og kom svo til baka á þriðja degi með samningsuppkast sem hann gerði að kabinettspursmáli og hótaði stjórnarslitum ef það yrði ekki samþ. Ég hef ekki farið dult með það persónulega, að þá vildi ég, á þeim degi þegar ég heyrði fréttirnar um Lundúnaför Ólafs Jóhannessonar, að Alþb. segði sig þá úr vinstri stjórninni. Það hygg ég að hafi líka þá verið öllum alþb-mönnum skapi næst. En ég hlýt líka að viðurkenna að ég féll frá því sjónarmiði er ljóst varð að þá þegar hafði hæstv. ráðh. Ólafur Jóhannesson undirbúið það með milligöngu fyrrnefnds Luns að mynda bara ríkisstjórn með Sjálfstfl. án undangenginna kosninga og leysa þá tvö vandamál Atlantshafsbandalagsins í einu, herstöðvavandamálið og landhelgismálið. Þar með hefði sem sagt vinstra samstarfi á Íslandi verið lokið, það hefði sungið sitt síðasta. Ég sat ekki á þingi þá. Hefði ég setið á þingi þá má vel vera að ég hefði greitt eins og aðrir alþb.-menn atkv. með samningnum á þingi þrátt fyrir allt í þeirri von, sem í ljós kom síðar að borin var, að með því væri hægt að bjarga vinstra samstarfi á Íslandi, að með því væri hægt að koma í veg fyrir að íhaldið og Framsókn véluðu um landhelgismálið og önnur þýðingarmestu mál þessarar þjóðar á eigin spýtur.

Það er sérstök ástæða til þess að rifja upp þennan feril hæstv. dómsmrh. nú þegar hv. þm. Framsfl. eigra milli kjósenda sinna vítt um landið og vitna, þegar kjósendurnir spyrja þá: hvers vegna í ósköpunum ætla þeir að gera svona samning, hvers vegna í ósköpunum ætla þeir að svíkja öll fyrirheit um það að hleypa ekki útlendingum inn fyrir 50 sjómílur? — þm. Framsfl. svara þá með því að vitna af ákefð í alkunnan drengskap Ólafs Jóhannessonar, formanns flokksins, og reyna með þeim hætti að telja fylgismönnum sínum trú um að samningurinn eða þetta uppkast, sem hér liggur fyrir, sé gott og hættulaust ef það sé í höndunum á öðrum eins drengskaparmanni.

Nú sannast sagna er náttúrlega það, að drengskaparmennirnir, sem standa að þessari samningsgerð, hafa svo sem gert annað og meira fyrir Atlantshafsbandalagið en það að stofna matbjörg þessarar vesalings þjóðar í hættu. En það er önnur saga og eldri saga — og þó kannske í dag ný saga á meðan drunurnar í njósnaþotum Atlantshafsbandalagsins hrista varðskipin okkar þar sem þær njósna um ferðir þeirra fyrir flota Atlantshafsbandalagsins sem sinnir nú þeim störfum á Íslandsmiðum að hjálpa erlendum landhelgisbrjótum að ná síðustu tittunum á grunnunum okkar. Ef ekki væri hinn alkunni drengskapur Ólafs Jóhannessonar í spilinu mætti meira að segja vel segja mér það, að jafnvel þm. Framsfl. blöskraði, þá hefðu þeir kannske beinlínis efast um það að nokkrum Ólafi væri trúandi til þess að hafa forustu um gerð nýs undanþágusamnings um veiðar útlendinga í fiskveiðilögsögunni okkar.

Til enn þá nánari staðfestingar á því, að þrátt fyrir allt sé finnanleg ástæða fyrir því, einhvern veginn skynsamleg, útskýranleg ástæða fyrir því að íslenska ríkisstj. ætlar nú að svipta þjóð sína hálfri lífsbjörginni í a. m. k. tvö ár eða sjálfum *lífsgrundvelli hennar um ókomin ár ella, þá skal* ég geta þess nú í lokin að bresk blöð hafa sagt frá ástæðum sem kemur býsna vel heim við drengskaparkenninguna, — þau hafa það eftir sjálfum utanrrh. Einari Ágústssyni að hann hafi sagt í ræðu í Lundúnum á dögunum að enda þótt íslendingar væru ekki aflögufærir um neitt, þá ætluðu þeir sér samt að leyfa bretum að veiða lítils háttar á miðunum hérna, m. a. vegna þess að þjóðirnar eru báðar í Atlantshafsbandalaginu. Og það var raunar eina haldbæra ástæðan sem tilgreind var af hálfu ráðh. til þess að útskýra þessa furðulegu staðreynd fyrir bretum, að íslendingar, sem halda því fram að þeir séu komnir á heljarþrömina sjálfir vegna þess að fiskstofnar þeirra hafi verið ofveiddir, þeir ætluðu samt að leyfa bretum að veiða hérna vegna þess að báðar þjóðirnar væru í Atlantshafsbandalaginu.

Ég hef íslenskar heimildir fyrir því að frásögn bresku blaðanna sé efnislega sönn. Ef svo er ekki, þá gefst hæstv. utanrrh. enn færi til að koma í þennan ræðustól og leiðrétta ummælin, honum gefst sem sagt kostur á því að segja enn einu sinni satt um landhelgismálið.

Og nú eru bresku herskipin sem sagt komin á miðin okkar, og ómurinn um söng íhalds- og framsóknarráðh. um það, að við getum ekki varið landhelgina, klingir enn í eyrum okkar, rennur raunverulega saman við nýjan söng um hið sama. Það má náttúrlega til sanns vegar

færa. Ég trúi því a. m. k. að landhelgin verði ekki varin að neinu gagni með hinum alkunna drengskap Ólafs Jóhannessonar einum saman. En hún kynni að verða varin með annars konar drengskap. Ég geri ráð fyrir því að flestum okkar sé ljóst að fyrsta aðgerðin hlýtur að verða sú, að við hættum að styrkja óvinina í stríðinu gegn okkur. Á meðan við styðjum NATO, sem níðist á okkur í landhelgismálinu, munum við ekki berjast af neinum dug gegn ræningjum breta og þjóðverja á fiskislóðum okkar. Á meðan við höldum áfram að versla við breta og vestur-þjóðverja, samtímis því sem þeir beita okkur yfirgangi, munum við tæplega ganga fram í vörn landhelginnar af nauðsynlegri einurð. Og umfram allt, ef við ætlum að heimila vestur-þjóðverjum nú og þar af leiðandi síðar bretum að taka frá okkur fiskinn, sem þeir veiða nú við Ísland í banni, þá er okkur náttúrlega best að berjast bara ekki neitt og hengja okkur strax, eins og ráðh. komst að orði. Það er þá fyrst ef við hættum að kyssa á vöndinn, að við getum tekið upp vörnina af alvöru með því litla afli sem við þó eigum. Ef okkur skyldi auðnast að fá að beita því viðbótarafli sem við eigum umfram fyrrnefndan drengskap einstaks ráðh., þá getum við gert landhelgisbrjótunum ólíft á fiskislóðum okkar. Það hefur ekki verið reynt enn. Það hefur verið bent á leiðirnar til þess, það hefur verið haldið aftur af umboðslausum mönnum sem vildu gera tilraunir til þess.

Norðfirðingar hafa enn einu sinni — við skulum aðeins minnast á það — gefið okkur vísbendingu um til hvaða baráttuaðferða eigi að grípa við þessar aðstæður. Þeir gerðu það áður í þorskastríðinu 1958, þegar bresku herskipin tóku 10 manns af Maríu Júlíu og hertóku þá. Þá var auglýst eftir sjálfboðaliðum á Norðfirði. Það gáfu sig fram 120 á einum klukkutíma. Norðfirðingar skynjuðu sinn vitjunartíma í gær, þegar Othello var sendur inn til þess að ganga úr skugga um slappleika stjórnvalda á Íslandi þeirra erinda að setja í land sjóveikan mann og sækja póst. Hattersley orðaði það svo, að þorskurinn virtist koma við hjartataugarnar á þeim Norðfirðingum. Ég er ekki viss um að íslenskir kollegar Hattersleys geri sér grein fyrir því að þetta er nú eiginlega enn þá grófara í raun og veru, að líf fiskstofnanna kringum landið og líf þjóðarinnar fara beinlínis saman. Þessi þáltill. þykir mér benda til þess, að þeir geri sér ekki grein fyrir því, þrátt fyrir öll orð þar að lútandi. Og fari nú svo að stjórnarflokkarnir hengi sig strax í þessari þáltill., þá verður alþýða þessa lands, sem þorskurinn virðist standa í nánara tilfinningasambandi við og vitsmunasambandi heldur en ráðh. þessarar ríkisstj., — þá verður alþýða þessa lands að grípa til sinna ráða og þá hef ég grun um það, að það verði auglýst, hvort sem hæstv. ráðh., hv. leiðtogum Sjálfstfl. og Framsfl. er það ljúft eða leitt.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Málstaður hv. síðasta ræðumanns er ekki góður. Hann er slæmur. En hann er samt ekki svo slæmur að hann eigi skilið þann málflutning sem þessi hv. þm. hefur hér viðhaft.

Margt hefur nú borið á góma í ræðum hv. þm. stjórnarandstöðunnar um þáltill. þá sem hér er til umr. Ég ætla ekki að fara að elta ólar við allt, sem þar hefur verið sagt, og allar þeirrar fullyrðingar. Þess gerist ekki heldur þörf. Margt af því fellur marklaust um sjálft sig.

Það er eins og menn tali hér þannig að við íslendingar eigum alls kostar við alla. Stundum eru fullyrðingar, ályktanir og málatilbúnaður þessara herra eins og staða okkar íslendinga sé utan við tíma og rúm. Sú var tíðin, að sjálfstæðishugtakið að þjóðarétti var skilgreint þannig, að sjálfstætt væri það ríki talið sem gæti framfylgt vilja sínum með valdi. Þessi tími er löngu liðinn eða a. m. k. eru nú öllum ríkjum sett meiri takmörk í þessu efni en áður var. Jafnvel risaveldunum eru nú sett viss takmörk í valdbeitingu sem felst í möguleikunum á gagnkvæmri beitingu nútíma tortímingarvopna.

Sjálfstæðishugtak Íslands hefur aldrei að þjóðarétti byggst á valdi. Það eru augljósar ástæður fyrir því sem ekki þarf að ræða. Smáþjóðir hafa nú á dögum takmarkað vald, og jafnvel þær þjóðir sem við höfum kallað stórveldi, en þær hafa nægilegt vald samt til að beita okkur hervaldi og viðskiptalegu ofbeldi, svo sem dæmin sýna í landhelgismáli okkar íslendinga. Þetta eru staðreyndir sem ekki tjóar að láta sem vind um eyru þjóta. En þessar staðreyndir draga ekki úr gildi þess réttar sem við höfum til fiskimiðanna umhverfis landið. Þvert á móti er þessi réttur meira virði vegna þess að við höfum ekki annað en réttinn til að tefla fram gegn óréttinum. Þess vegna veltur á mestu hvernig við förum með þennan dýrmæta rétt okkar.

Við íslendingar megum ekki gleyma því, að í raun og veru eigum við allt undir því að lög og réttur ráði í samskiptum ríkja og þjóða. Við búum ekki yfir öðru valdi en því sem lög og réttur, mannvild og þroski þjóðarinnar veita. Þess vegna hljótum við íslendingar öðrum þjóðum fremur að halda í heiðri þá grundvallarreglu réttarskipulagsins að jafna ágreiningsmál okkar við aðrar þjóðir með samningum. En við gerum samt ekki samninga við aðrar þjóðir nema þeir þjóni hagsmunum okkar, betur gerðir en ógerðir. Það er betra að þola órétt án samþykkis en að lúta óréttri samkv. samningi. Þetta á við um landhelgismálið ekki síður en í öðrum efnum.

Drög þau að samningi til lausnar landhelgisdeilu okkar við vestur-þjóðverja, sem hér eru til umr., hafa bæði kosti og galla. Ekki var við öðru að búast. Raunar er það útilokað að við hefðum getað fengið allar okkar óskir uppfylltar. Samkv. eðli málsins er samningum ekki komið á nema báðir aðilar sjái sér nokkurn hag í því. Við verðum því að vega og meta hvað megi sín meir fyrir okkur, kostirnir eða gallarnir. Frá mínu sjónarmiði vega kostirnir meir en ókostirnir, og þess vegna mun ég greiða atkv. með þáltill. þeirri sem hér er til umr.

Það, sem einkum ræður minni ákvörðun, er að þorskstofninum er hlíft með ákvæðinu um 5 þús. tonna hámarksafla, frystitogurunum er stuggað út fyrir 200 mílna fiskveiðilögsöguna og gert er ráð fyrir að tollalækkanir samkv. bókun 6 komi til framkvæmda. Ég hefði kosið að há-

mark heildaraflans, 60 þús. tonn, hefði verið lægra, veiðisvæðin minni og fjær landi og samningurinn tæki ekki gildi fyrr en bókun 6 kæmi til framkvæmda. En það vegur ákaflega þungt í mínum huga að geta klofið þá fjandafylkingu, sem að okkur sækir, með því að ná samkomulagi við þær þjóðir sem viðmælanlegar eru, til þess að við getum einbeitt okkur þeim mun betur að erkióvininum, bretum, sem nú er að mæta í sínum versta ham.

Hv. 5. þm. Vestf. kvað eitthvað á þá leið að ég hefði verið kokhraustur árið 1973 þegar landhelgissamningurinn var gerður við breta. Hér mun vera átt við að ég greiddi þá atkv. gegn þeim samningi. Það er látið liggja að því að það samrýmist ekki að greiða atkv. gegn breska samningnum, en með þeim samningi sem nú er til umr. Hér er að sjálfsögðu um misskilning að ræða, svo að ekki sé meira sagt. Auðvitað ber þm. að taka afstöðu til þess samnings, sem nú liggur fyrir, eftir efni og skilmálum samningsins sjálfs, en ekki eftir afstöðu sem þeir kunna að hafa tekið til allt annars samnings, hvort sem þeir hafa verið með þeim samningi eða á móti.

Ég hef ekki ætlað mér að fara að gera samanburð á þeim samningsdrögum, sem hér liggja fyrir, og samningnum við Breta árið 1973. Í sjálfu sér sé ég ekki að slíkur samanburður hafi ýkja mikið gildi. En þar sem ég var einn þeirra sem greiddu atkv. gegn landhelgissamningnum við breta árið 1973 og það er látið að því liggja að sú afstaða samrýmist ekki því að vera með landhelgissamningum nú, kemst ég ekki hjá því að víkja lítillega að þessu efni.

Við atkvgr. í Sþ. 13. nóv. 1973 um þáltill. um bráðabirgðasamkomulag við breta um veiðar breskra togara voru sjálfstæðismenn skiptir í afstöðu sinni. En þótt þessi ágreiningur væri fyrir hendi um afstöðu til þessa landhelgissamnings voru þm. Sjálfstfl. sammála í veigamiklum grundvallaratriðum. Þeir voru sammála um það í fyrsta lagi, að leita skyldi samkomulags við breta og koma á friði á miðunum til að bægja frá hættum. Þeir voru í öðru lagi sammála um að magnaðir gallar væru á þessum samningi. Og þeir voru í þriðja lagi sammála um það, að unnt hefði verið að ná betri samningum en raun bar vitni um ef betur hefði verið staðið að málum. Þm. Sjálfstfl. lögðu hins vegar mismunandi áherslu á kosti og galla samningsins. Sumir töldu kostina vega svo mikið að þeir greiddu atkv. með samningnum, svo sem kunnugt er. Aðrir þm. Sjálfstfl. töldu galla samningsins svo magnaða að þeir greiddu atkv. gegn samningnum.

Ég var einn þeirra sem greiddu atkv. gegn þessum samningi við breta árið 1973. Við, sem greiddum atkv. gegn samkomulaginu, töldum að íslendingar gæfu of mikið eftir með því að ákveða, að 5/6 hlutar 50 mílna landhelginnar, að frádregnum báta- og friðunarsvæðum, væru stöðugt opnir bretum. Við töldum og að lokunartími hinna einstöku hólfa væri annar og óhentugri en íslenskir útvegsmenn og sjómenn hefðu óskað eftir og vonað og það kæmi afar illa við suma landshluta og verstöðvar. Við bárum fyrir okkur að samningurinn fæli ekki í sér viðurkenningu breta á 50 mílum og enga yfirlýsingu væri í honum að finna um að við stefndum að landgrunninu öllu og að við mundum taka okkur 200 mílur áður en langt um liði. Í þessu sambandi töldum við að ekki væri farið að með nægilegri gát og vöruðum við að að samningstímanum loknum mundu bretar geta tekið til hernaðaraðgerða á nýjan leik gegn okkur. Hve sannspáir höfum við ekki orðið, því miður.

Nú hefur hæstv. iðnrh. tekið af mér ómakið að bera saman breska samninginn frá 1973 og þennan samning sem nú er á dagskrá. Hann lagði hv. þm. Austurl. svo kirfilega til í þessu sambandi að ekki þarf frekar vitnanna við. En ég verð þó að segja hv. 2. þm. Austf. til lofs, að í umr. hér á hv. Alþ. um breska samninginn kom fram að hann sá og skildi galla samningsins mætavel. Ég fann þá engan teljandi mun á gagnrýni minni á samningnum og gagnrýni hv. 2. þm. Austf., og utan þings hafði þessi hv. þm. uppi miklu meiri fordæmingu á þessum breska samningi en ég hafði nokkru sinni. Ég átti því ekki á öðru von en að atkv. okkar hv. 2. þm. Austurl. féllu á sama veg um samning þennan. En það fór samt á aðra leið. Hann greiddi atkv. með samningnum, en ég á móti. Það var hér sem kom til stóllinn góði, sem var svo dýrt keyptur eins og hæstv. iðnrh. hefur þegar lýst.

Þegar við hlýðum nú á hv. 2. þm. Austurl. bölsótast svo gegn samningi við þjóðverja eins og átt hefur sér stað í þessum umr. hér í dag, þá getum við ekki annað en undrast það, ef við höfum í huga atkv. hans með breska samningnum árið 1973. En kannske er þetta ekki að undra frekar en framferði þessa hv. þm. árið 1973, ef stólinn góði er enn í dæminu.

Ég sagði hér áður, að ég mundi ekki hirða um að elta ólar við hv. stjórnarandstæðinga um allar þeirra fullyrðingar. Ég ætla ekki einu sinni að gera það hvað varðar hv. 5. þm. Vestf. Hann ræddi hér um þetta mál og sagði margt sem var með mestu ólíkindum. Hann var stórorður og hávær eins og honum er lagið. Hann talaði um að fórnað væri málstað íslensku þjóðarinnar, að í staðinn fyrir að færa út landhelgina væri verið að færa hana inn. (Gripið fram í.) Hann sagðist hafa staðið í þeirri meiningu að það ætti að færa landhelgina út. Hann spurði hvort nú ætti að ganga af vestfirðingum dauðum. Það væri hægt að ræða mikið um þessar upphrópanir sem hér voru settar fram, en ég ætla ekki að gera það. Ég held að það fari vel á því að láta þetta standa óhaggað í þingtíðindum, sem hv. 5. þm. Vestf. hefur til þessara mála að leggja. En ég mætti kannske þó leyfa mér að spyrja hann hvers vegna hann greiddi atkvæði með því árið 1973 að hleypa bretum inn í landhelgina fyrir utan Vestfirði í 10 mánuði og taldi það harla gott, en telur nú að það jafngildi því að leggja Vestfirði í auðn að gera samning sem felur í sér að þjóðverjar geti veitt aðeins á takmörkuðu svæði fyrir utan 34—37 sjómílur í 6 mánuði. Hvers vegna er verið að leggja Vestfirði í auðn með slíkum ráðstöfunum sem nú á að gera? Og hvers vegna er Vestfjörðum gert gott til með því að hleypa bretum inn á allt svæðið, öll miðin á Vestfjörðum fyrir

utan bátamiðin, eins og gert var 1973? Þegar hv. þm. hefur svarað þessu, þá kann að vera að hann sé viðræðuhæfur um þetta atriði.

Ég vil, herra forseti, ekki vera að lengja þetta mál mitt. Ég sé ekki ástæðu til þess. Þetta mál hefur verið ítarlega rætt í þingflokki Sjálfstfl., og mér var því þegar kunnugt um þær upplýsingar sem mér virðist að hv. 2. þm. Vestf., Steingrímur Hermannsson, hafi ekki fengið í sínum flokki. Við höfum rætt þessi mál ákaflega ítarlega í Sjálfstfl. (Gripið fram í.) Það er ágætt að fá þetta fram opinberlega og ég skal ekkert hafa á móti því, enda engin ástæða til. En það gæti kannske einhverjum dottið í hug, þar sem nú er svo náið á milli okkar hv. 2. þm. Vestf., að þá væri ég ekki betur settur í þessum efnum en hann og hefði ekki fengið frekari upplýsingar. Ég vildi aðeins láta þess getið að þær hefði ég fengið.

Ég er sannfærður um það, að það er rétt stefna að samþykkja þennan samning, og ég vænti þess að það geti verið sem mest samstaða um þá afstöðu.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Það bar til tíðinda á einum og sama deginum að herskip breta réðust inn í íslenska landhelgi og ríkisstjórn Íslands lagði fram þáltill. um fiskveiðiheimildir til handa vestur-þjóðverjum. Daginn áður skrifaði formaður utanrmn. Alþ., hv. þm. Þórarinn Þórarinsson, undarlega forustugrein sem birtist á þriðjudagsmorgun í blaði hans. Hann skrifaði eins og herskipin bresku væru þegar komin á Íslandsmið og fullyrðir í þessari forustugrein að nauðsynlegt sé að semja við vestur-þjóðverja vegna þorskastríðs við breta. „Nýtt þorskastríð er þegar hafið," sagði hv. þm. og sitthvað fleira í þeim dúr, t. d.: „Öll okkar orka verður að beinast gegn þessum aðalandstæðingi."

Þegar þessi forustugrein var skrifuð voru öllu meiri líkur á að bretar sendu ekki herskip en hitt. Landhelgisgæslan var raunar búin að hrekja bresku togarana af miðunum. Þeir voru svo til hættir veiðum, en látnir bíða í allt að tvo sólarhringa af því að breska ríkisstj. var tvístígandi í málinu. Þrátt fyrir digurbarkalegar hótanir Hattersleys og fleiri var auðfundið hik á að láta til skarar skríða. Við þessar aðstæður skrifaði hv. þm. Þórarinn Þórarinsson stríðsleiðara sem hann endar á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Þess vegna getur samkomulag við vestur-þjóðverja ekki aðeins verið réttlætanlegt, heldur nauðsynlegt, ef í alvöru á að reyna að sigra breta."

Nú skal látið liggja milli hluta hvernig á því stóð að hv. þm., formaður utanrmn. Alþ., virtist vera alveg viss um komu bresku herskipanna áður en breska ríkisstj. var búin að taka formlega ákvörðun. Ef til vill er hann gæddur ófreskigáfum umfram aðra menn. En nú er þessi málflutningur og þessar röksemdir bornar á borð fyrir okkur af hálfu hæstv. ríkisstj. og Morgunblaðsins, með þeirri breytingu þó að úr því að herskipin bresku séu komin sé nauðsynlegt fyrir okkur að semja við vestur-þjóðverja. Þetta kemur fram í blaðaviðtali við hæstv. ráðh. Ólaf Jóhannesson í dag, og þetta höfum við heyrt í málflutningi manna hér á Alþ.

Kjarni þessa málflutnings er sá, að það er verið að nota bresku innrásina sem þungvæg og mér liggur við að segja allt að því kærkomin rök fyrir því að vestur-þjóðverjum verði afhent 120 þús. tonn næstu tvö árin.

Röksemdir af þessu tagi þjóna eingöngu hagsmunum vestur-þjóðverja. Það hlýtur þá að vera þeirra hagur að breska innrásin var gerð, ef hún á að ýta undir samninga við þá og vera raunar ein meginforsendan fyrir því að þeir samningar séu gerðir, ef með þeim á að slá öll vopn úr höndum okkar íslendinga. Samkv. þessum málflutningi hlýtur það að vera ákaflega farsæl lausn fyrir vestur-þjóðverja, þessi einkennilega tilviljun að breska innrásin skyldi gerð einmitt um þær mundir er ríkisstj. leggur fram þáltill. um fiskveiðisamning við vestur-þjóðverja. Það er þá ekki lengur hægt að neita því að breski flotinn er að vernda hagsmuni beggja, ekki bara sína eigin, heldur vestur-þjóðverja líka.

Þannig hefur ríkisstj. haldið á málum. Hún hefur undirstrikað það, kannske óviljandi þó, að samningarnir við vestur-þjóðverja eru ekki einangrað mál. Vestur-þjóðverjar og bretar, þessir bandamenn í NATO, eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta. Þetta vissum við raunar í síðasta þorskastríði þegar það atvik kom upp á miðunum fyrir Austurlandi, að bresku herskipin komu vestur-þýsku togurunum til hjálpar á miðunum gegn íslensku varðskipunum. En þessir sameiginlegu hagsmunir þessara tveggja NATO-þjóða eru sannarlega ekki hagsmunir íslensku þjóðarinnar. Það er því forkastanlegra en orð ná yfir að íslenska ríkisstj. skuli taka þátt í þeim ljóta leik sem þarna er á ferðinni, að hræða íslensku þjóðina til fylgis við samninga við vestur-þjóðverja með bresku herskipunum.

Það gengur ekki hnífurinn milli NATO-sinna í þessu máli. Ríkisstj. notar bresku herskipainnrásina sér til framdráttar til þess að réttlæta og knýja fram þá samninga sem hér eru til umr.

Hún telur sig vera að kljúfa fjandafylkingu, reka fleyg milli þessara þjóða. En hér er sannarlega annað á ferðinni. Hér er verið að láta vestur-þjóðverja ryðja brautina til samninga í skjóli breskra herskipa.

Það er sannarlega ekki vanþörf á að vekja athygli á því, að íslenska ríkisstj. skuli nota sér innrás breta, komu bresku herskipanna, með þessum hætti. Einstakir ráðherrar hafa hert sig upp og haft uppi alvarleg ummæli um þetta atferli breta, en ráðstafanir hafa ekki verið gerðar svo nokkru nemi. Það hefur verið látið duga að koma á framfæri venjulegum formlegum mótmælum fyrir milligöngu sendiherra landanna, og sú sjálfsagða ráðstöfun hefur verið gerð að meina njósnaflugvélum um fyrirgreiðslu hér á landi. En ríkisstj. hefur ekki viljað taka ákvörðun um að kalla heim sendiherra Íslands í London. Ráðh. hafa ekki viljað taka afstöðu til stjórnmálaslita við Bretland. En hvort tveggja hefði auðvitað átt að gera strax og láta allar samningagerðir og samningaviðræður við útlendinga yfir höfuð bíða.

Nú sjáum við munstrið. Þróunin er þegar byrjuð. Framkvæmdastjóri NATO er kominn af stað eins og fyrri daginn, og það verður því, spái ég, ekki langt að bíða þess að ríkisstj. muni nota þau rök við þjóðina að vegna bresku herskipanna sé nauðsynlegt að semja við breta líka.

Það hefur verið rætt í þessum umr. um þá leynd sem íslenska ríkisstj. hefur notað í sambandi við þessa samningagerð alla, og sannarlega er þessi leynd uggvænleg. Hliðstæðu er varla unnt að finna, nema þá þegar þau leyniráð voru brugguð að innlima Ísland í NATO. Þá var öllu haldið leyndu, öllum haldið utan við, sem þáv. ríkisstj. vissi að voru ósammála henni um málið. Sams konar leynd hefur ríkt í meðferð þessa máls. Fréttir af gangi samningaviðræðna hafa komið utan frá. Og nú á líka að sjá til þess að andstæðingar samninga í landhelgismálinu fái ekki að láta til sín heyra á eðlilegan hátt. Ríkisútvarpið hefur bannað að verkalýðshreyfingin í landinu fái að skora á félaga sína að leggja niður vinnu til þess að mótmæla öllum landhelgissamningum og herskipainnrás breta. Þessi afgreiðsla mála er vitaskuld gerræði eins og ástundað er í einræðisríkjum. Tilgangurinn er að hindra frjálsa skoðanamyndun í landinu. Það fengum við staðfest í ræðu í dag, þegar hv. 5. þm. Reykv., Ragnhildur Helgadóttir, lýsti því yfir að landhelgismálið væri verkalýðshreyfingunni óviðkomandi, hún ætti ekki að hafa skoðun á því. En þegar þau ósköp gerast nú samt að verkalýðshreyfingin hefur skoðun á þessu máli, þá er gripið til gerræðisráðstafana og henni meinaður aðgangur að ríkisfjölmiðlum.

Ég hef undir höndum auglýsingu eða tilkynningu sem samstarfsnefnd um verndun landhelginnar kom á framfæri við auglýsingaskrifstofu Ríkisútvarpsins, en var hafnað á síðustu stundu eftir að lögfræðingur Ríkisútvarpsins hafði komist í málið. Ég ætla að lesa hérna klausu sem bönnuð var: „Samstarfsnefnd um verndun landhelginnar, en aðilar að henni eru Alþýðusamband Íslands, Sjómannasamband Íslands, Verkamannasamband Íslands, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og Félag áhugamanna um sjávarútvegsmál ásamt fulltrúum frá þingflokkum Alþb., Alþfl. og Samtakanna, beinir þeim eindregnu tilmælum og áskorun til landsmanna allra á sjó og landi að þeir taki sér frí frá störfum næstkomandi fimmtudag og leggi með því áherslu á andstöðu sína gegn hvers konar samningum við erlendar þjóðir um stórfelldar veiðiheimildir innan fiskveiðilandhelginnar.“

Þessi klausa var bannfærð. Ekkert mátti standa eftir nema fundarboðendur, sem máttu raunar boða til útifundar á Lækjartorgi í Reykjavík. En tilgang fundarins mátti ekki nefna. Sú ákvörðun var raunar tekin rétt fyrir kl. 12, þegar sýnt var að samstaða ætlaði að nást hjá öllum samtökum launafólks um þessar aðgerðir. Þegar sú samstaða var orðin ljós, þá var sú ákvörðun tekin að engar auglýsingar eða tilkynningar mættu birtast sem fælu í sér mótmæli gegn herskipainnrás breta, mótmæli gegn samningum við útlendinga í fiskveiðilandhelgi eða áskorun til félagsmanna um að taka sér frí frá störfum. Hver trúir því að útvarpið hefði verið lokað fyrir þessum aðilum ef ætlunin hefði verið að styðja ríkisstj., en ekki mótmæla aðgerðum hennar? Trúi því hver sem vill.

Ríkisstj. veit að þjóðin í heild er andvíg samningum við útlendinga. Þetta veit hún og þess vegna þarf að grípa til gerræðislegra aðferða, þess vegna leggja ráðherrar blessun sína yfir slíkar aðgerðir, eins og hæstv. menntmrh. gerði hér í dag.

Þá hafa þau rök verið höfð uppi að með samningum við útlendinga næðist stjórnun fiskveiða. Í máli hæstv. ríkisstj. og stjórnarsinna hafa þessi rök þó dottið dauð niður vegna þess að þar vantar inn í mikilvægasta inntakið. Það er imprað á því, en réttar ályktanir aldrei dregnar, því að enn er alvarlegustu spurningunni ósvarað: Hvernig á að stjórna þeim fiskveiðum, þeim 250 þús. tonnum sem eftir eru handa íslendingum sjálfum, ef farið er að ráðum fiskifræðinga, þegar útlendingar eru búnir að fá sitt? Hvernig á að stjórna þeim fiskveiðum? Ég tel það vitavert að ríkisstj. skuli þegja um þetta mikilvæga atriði. Hefur hún ekki myndað sér skoðun á því? Og ég tel það ábyrgðarhluta og óverjandi fyrir hvern einasta þm. að greiða þessum samningi atkv. meðan þessu er ósvarað.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Hér hafa verið viðhöfð mörg stór orð í stóru máli, svo stóru og afdrifaríku að það ætti að vera hafið upp yfir flokkspólitísk sjónarmið. Við höfum jafnan áður við aðgerðir okkar í landhelgismálum lagt áherslu á nauðsyn þjóðarsamstöðu í viðureign við voldugar milljónaþjóðir sem að okkur sækja. Þessi samstaða virðist ekki vera fyrir hendi nú og það ber að harma.

Ég vildi helst ekki þurfa að væna neinn íslending, hvorki innan Alþ. né utan, um vísvitandi óheilindi í afstöðu sinni til þessa máls, svo viðurhlutamikið sem það er. Hins vegar verð ég að viðurkenna, að svo virðist því miður að allt of margir hafi látið freistast til að taka undir háværar og æsingakenndar upphrópanir um enga samninga við neina þjóð um neins konar veiðiheimildir innan 200 mílna markanna án þess að reynt hafi verið að vega og meta svo sem nauðsynlegt væri þau rök og mótrök er málið felur í sér.

Ég hlýt líka að segja að stráksleg og lítilsigldur málflutningur sumra stjórnarandstæðinga í þessum umr., persónulegt hnútukast og sparðatíningur í langlokustíl er í engu samræmi við alvöru og mikilvægi þessa máls.

Þau rök og mótrök, sem ég minntist á, hafa þegar verið skýrð og skilgreind það rækilega í framsögu málsins í þessum umr. af hæstv. utanrrh. og hæstv. iðnrh. að ég mun litlu þurfa þar við að bæta. Hitt hlýt ég að segja í upphafi og af heilum hug, að það er langt í frá að ég sé ánægð með þessa samninga, og hygg ég að ég tali þar fyrir munn flestra alþm. og um leið flestra íslendinga.

Að sjálfsögðu erum við ekki ánægð með það að veita nokkurri erlendri þjóð verulega hlutdeild í því aflamagni á Íslandsmiðum sem vitað er að við getum fullnýtt sjálfir og meira en

það. Þar á móti kemur hins vegar sú meginröksemd, sem við hljótum að byggja okkar endanlegu afstöðu á, að það er tvímælalaust okkur hagkvæmara að hafa í gegnum samninga ákveðna stjórn og eftirlit með veiðum erlendra þjóða innan landhelgi okkar fremur en að bjóða heim stjórnlausri rányrkju.

Önnur meginrök, sem réttlætt geta samninga við vestur-þjóðverja eru að sjálfsögðu sú staðreynd að þeir sækja ekki nema að mjög takmörkuðu leyti í þorskstofninn sem mest ríður á að vernda fyrir áframhaldandi ofveiði erlendra fiskveiðiþjóða og raunar íslendinga sjálfra. Það er því augljóst mál, að 55 þús. tonn af ufsa og karfa til vestur-þjóðverja og 5 þús. tonn af þorski, á móti þeim 65 þús. tonnum af þorski sem nefnd hafa verið í viðræðum við breta — það er ekki sambærilegt og því óþarft að gera of mikið úr hættulegu fordæmi með slíkum samningum við vestur-þjóðverja.

Það er talið samkv. skýrslum að vestur-þjóðverjar hafi veitt á árinu 1974 68 þús. tonn. Því hefur hins vegar verið haldið fram hér í umr. í dag og raunar oft að undanförnu í dagblaðinu Þjóðviljanum að á þessu ári muni þjóðverjar veiða aðeins 40 þús. tonn. Mig langar til að beina þeirri fsp. til hv. 5. þm. Vestf. sem ég hygg að hafi haft þessa tölu hér um hönd í kvöld, hvaðan hann hafi fengið þessa tölu, á hvaða heimildum hann byggir hana. Sjálf hef ég reynt að afla mér upplýsinga um þessa staðhæfingu bæði hjá Hafrannsóknastofnuninni og hjá Fiskifélagi Íslands og hvorugur hefur getað veitt mér nokkra úrlausn, segist hvorugir aðilinn hafa hugmynd um hvaðan þessi tala muni fengin. Læðist þá að manni grunur um að hér sé farið með tölur út í loftið, án nokkurra haldbærra heimilda, og væri það sannarlega í samræmi við mikið af þeim málflutningi sem stjórnarandstæðingar hafa haft hér í frammi.

Ég vænti þess að þeir, sem hafa hampað þessari tölu, sem er okkur að sjálfsögðu mjög neikvæð, upplýsi hvaðan þeir hafi fengið hana.

Þegar við komum svo að blessuðum þorskinum okkar, þá hljótum við að beita af fullum þunga okkar fiskverndunarsjónarmiðum, sem eru raunar upphaf og endir að öllum okkar málflutningi í þessu lífshagsmunamáli íslensku þjóðarinnar. Ég fæ satt að segja ekki betur séð en að bretar, sem þar eiga stærstan hlut að máli, hafi með framkomu sinni að undanförnu fyrirgert öllum möguleikum á samningum við okkur um veiðiheimildir á íslenskum fiskimiðum, hvað þá heldur um 65 þús. tonn af þorski.

Ég fagna þeim upplýsingum, sem komu fram í ummælum hæstv. utanrrh., að við værum að sjálfsögðu á engan hátt bundin við það tilboð, ef tilboð skyldi kalla, um 65 þús. tonn, sem bretar ganga út frá að þeim hafi staðið til boða.

Ég vil segja það, að það eru ýmis rök sem mæla með þessu máli, þ. e. a. s. staðfestingu þess samkomulags við vestur-þjóðverja sem hér liggur fyrir.

Ég nefni fyrst þá staðreynd að það er ekki þorskurinn sem þeir sækjast fyrst og fremst í, heldur karfi og ufsi sem við þó sannarlega þurfum að gæta okkur með líka að ofveiða ekki til jafns við þorskinn.

Ég vil einnig leggja áherslu á mikilvægi 7. og 8. gr. samningsuppkastsins sem fjallar um staðsetningarskyldu og eftirlit með veiðum þjóðverja. Ég skildi það svo, sem fram kom í ummælum hæstv. utanrrh., að við hefðum frjálsar hendur um framkvæmd þess eftirlits og að upphaf greinarinnar: „ef ástæða þykir til“ o. s. frv. — byndi á engan hátt hendur okkar um að hafa það eftirlit og aðhald sem við teljum okkur þurfa að hafa með veiðum vestur-þjóðverja ef til koma. Við verðum að nýta þessi ákvæði til hins ítrasta, þannig að við fáum skýrt og áreiðanlegt yfirlit yfir aflagerð og aflamagn vestur-þýskra skipa á hverjum tíma. Það varðar miklu að þetta eftirlit og aðhald fari okkur vel og skipulega úr hendi og gæti raunar jafnframt orðið grundvöllur og upphaf að virku eftirliti og stjórnun á veiðum okkar íslendinga sjálfra, sem ljóst er að við munum þurfa að taka upp gagnvart okkar eigin fiskimönnum, hvað sem líður veiðum útlendinga.

Þá ber að hafa í huga einnig í sambandi við þetta ákvæði annað þess efnis, að verði þýskur togari uppvís að broti á settum reglum, verði hann strikaður út af lista yfir þau fiskiskip sem heimild hafa til veiða hér við land. Til þess að slíkt eftirlit verði stöðugt og fullnægjandi, og þá á ég fyrst og fremst við vestur-þjóðverja, þyrfti að mínu mati að vera að staðaldri eitt eftirlitsskip á hverju hinna þriggja meginveiðisvæða: fyrir Suðausturlandi, út af Reykjanesi og úti fyrir Vestfjörðum. Að sjálfsögðu er þetta þó framkvæmdaratriði sem til athugunar kemur síðar. Til þess þurfum við að sjálfsögðu sérstakan skipakost, og virtist eðlilegt að við tækjum til þessa starfa eitthvað af okkar stærri skuttogurum á meðan landhelgisgæslan þarf að beita sér af alefli að breskum veiðiþjófum og herskipaflota hennar hátignar Elísabetar Englandsdrottningar.

Enn ein röksemd fyrir gildi samninga, sem mér heyrist ýmsir gera hættulega lítið úr, er það álit þeirra manna, sem lengst og best hafa unnið að landhelgismálum okkar á alþjóðavettvangi, að afneitun okkar á öllum samningum nú mundi stórlega veikja stöðu okkar þegar til lokaatrennunnar kemur á hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna og spilla þeirri samúð og skilningi sem við höfum áunnið okkur í fyrri átökum um landhelgina með ábyrgri afstöðu okkar og ágætu starfi okkar fulltrúa fyrir íslenskum málstað.

Þá ber og að hafa það í huga, að enda þótt þróun síðustu ára í hafréttarmálum gefi ástæðu til bjartsýni og æ fleiri þjóðir hneigist að 200 mílna fiskveiðilandhelgi, þá eru samt, eins og hér hefur réttilega verið bent á, ýmsir þröskuldar í veginum fyrir því að endanleg alþjóðleg viðurkenning liggi fyrir. Þeim lokaáfanga verðum við að ná, og ég trúi því að við náum honum með skjótari og farsælli hætti eftir samningaleiðum, enda þótt það kosti okkur nokkrar tímabundnar fórnir, heldur en með stríði við hlutaðeigandi þjóðir, séu þær á annað borð viðmælandi.

Sannleikurinn er auðvitað sá — og það vita allir íslendingar sem skoða málin af raunsæi og skynsemi — að í samningum sem þessum, hversu þýðingarmiklir sem þeir eru fyrir okkur, þá er ekki spurningin aðeins um það, hvað við viljum og hvað við þurfum að fá, heldur um það, hvað við getum fengið.

Það má raunar undarlegt heita, að ekki sé fastar að orði kveðið, hve illa gengur að koma þessum deiluaðilum okkar, þjóðum sem eiga að heita okkur vinveittar bandalagsþjóðir, í skilning um að fiskurinn í sjónum kringum landið er sú lífsbjörg sem við íslendingar eigum líf okkar og tilveru undir sem efnahagslega og pólitískt sjálfstæð þjóð. Eða hvernig eigum við öllu lengur að taka alvarlega hjal um vestræna samvinnu, vinarþel og virka samstöðu um öryggi og sjálfstæði vestrænna þjóða, á sama tíma og það er látið líðast að hin minnsta og hin eina vopnlausa á meðal þeirra sé af vinaþjóðunum sjálfum beitt hernaðarlegu ofbeldi, samningssvikum og viðskiptalegum þvingunum svo að efnahagslegu sjálfstæði hennar er stefnt í voða? Þýðir þetta í raun að við stöndum einfaldlega frammi fyrir þeirri napurlegu staðreynd að bandalagsþjóðir okkar telji okkur nógu góða til að nota okkur til að þjóna vestrænum hagsmunum í varnar- og öryggismálum og um leið nógu litla til að traðka á okkur? Ég held að það sé kominn tími til að við tökum þessa bandamenn okkar alvarlega tali og því fyrr því betra.

Nú vitum við samt að við eigum, sem betur fer, ýmsa einlæga og trausta talsmenn í herbúðum andstæðinga okkar sem skilja og styðja okkar málstað í ræðu og riti. Við eigum menn eins og William Dulforce, breskan fréttaritara fyrir Financial Times á Norðurlöndum með aðsetur í Stokkhólmi. Hann hefur þrásinnis komið hingað, gerþekkir íslensk málefni og hefur á undanförnum vikum og mánuðum skrifað okkur mjög hagstætt í þessu viðlesna tímariti sem hann er fréttaritari fyrir. Slíkum mönnum eigum við mikið að þakka og starf þeirra er metið. En raddir sem þessar eru of fáar, og það mun því miður sanni nær, sem heyrst hefur m. a. frá íslendingum búsettum í Bretlandi, að þar vaði uppi í fjölmiðlum hvers kyns rangfærslur og rangtúlkanir á málstað okkar.

Hér þurfa íslensk stjórnvöld að bregðast skjótt við til úrbóta. Það liggur í augum uppi að okkur er það höfuðnauðsyn nú, er við berjumst til úrslita um 200 mílna landhelgina, að höfð sé uppi af okkar hálfu öflug og vel skipulögð upplýsinga- og kynningarstarfsemi á alþjóðavettvangi, ekki aðeins við samningaborð með deiluaðilum okkar eða á stjórnarráðsskrifstofum hlutaðeigandi ríkja, heldur á miklu víðari vettvangi úti á meðal almennings. Við þurfum að fræða hinn almenna borgara um hið rétta eðli málsins og eyða fjarstæðukenndum misskilningi og rangtúlkunum sem hafðar eru í frammi gegn okkur. Í stuttu máli: við verðum að reyna með öllum tiltækum ráðum að magna upp almenningsálitið, eins og komist var að orði í leiðara Morgunblaðsins nú á dögunum, utan Íslands og þá fyrst og fremst í þeim löndum sem nú seilast eftir íslenskum fiskimiðum sem við höfum í raun og veru ekki efni á að veita einum eða neinum rétt til þess að veiða á, og við gerum það heldur ekki ótilneyddir.

Mér virtist þannig eðlilegt og sjálfsagt að við notuðum skýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar, svörtu skýrsluna, eins og hún hefur verið kölluð, sem við byggjum nú okkar málflutning á og er viðurkennd af breskum fiskifræðingum, — að við notuðum hana og tilreiddum þannig í læsilegum og aðgengilegum búningi að hún höfðaði til hins almenna lesanda fremur en skýrslan í heild. Það má telja það of mikla bjartsýni að almenningur utan Íslands nenni hreinlega að lesa hana. Að sjálfsögðu er þó nauðsynlegt að hafa skýrsluna á takteinum birta í heild í erlendum þýðingum fyrir þá lesendur sem kafa vilja dýpra í málið. En hæfilega stuttur myndskreyttur og snotur upplýsingabæklingur, sem hefði að geyma meginniðurstöður skýrslunnar, hæfilega kryddaðar almennum fróðleik um Ísland, gæti að mínu mati gert málstað okkar ómetanlegt gagn ef rétt væri á haldið um gerð hans, útgáfu og dreifingu. Jafnhliða slíkri útgáfu þyrftum við að gera okkar ítrasta nú til að koma að sjónarmiðum okkar í erlendum fjölmiðlum. Ég veit að það kann að reynast erfitt, t. d. í Bretlandi, þar sem við þyrftum hvað helst á slíkum upplýsingum að halda. En væri samt ekki reynandi að fá okkar góða sjónvarpsmann Magnús Magnússon, sem enn starfar hjá BBC í lið með okkur nú? Og höfum við ekki ástæðu til að ætla að frændur okkar á Norðurlöndum væru fúsir til að leyfa okkar rödd að heyrast í þeirra fjölmiðlum og þá ekki hvað síst á sjónvarpsskerminum ef eftir væri leitað af okkar hálfu?

Ég minnist þess, að ég hitti fyrir nokkrum dögum tvo merka íslendinga sem höfðu verið staddir í Svíþjóð í síðasta þorskastríði, þegar sýnd var sjónvarpskvikmynd, sænsk, er sænskir sjónvarpsmenn höfðu tekið um borð í einu af varðskipum okkar og horft upp á aðfarirnar í þorskastríðinu eins og það gekk til þá. Þeir höfðu orð á því hve undursamlega almenningsálitið í Svíþjóð hefði snúist við eftir þessa einu kvikmynd sem sýndi ljóslega hvað var að gerast á Íslandsmiðum. En við verðum hér sjálfir að bera okkur eftir björginni, treysta fyrst og fremst á okkur sjálfa fremur, en ekki eiga það undir áhuga og velvilja erlendra manna hvort eða hvernig haldið er á málstað okkar á erlendum vettvangi. Það kann að ráða meiru um framvindu og úrslit í þessu mikilvæga máli heldur en margur gerir sér grein fyrir.

Ég tel því tímabært og aðkallandi að íslenska ríkisstj. geri þegar í stað ráðstafanir til að byggja upp skipulega og víðtæka upplýsingaherferð til styrktar okkar málstað á alþjóðavettvangi. Ég hygg að nauðsynin hafi aldrei verið brýnni en einmitt nú, er við vopnlaus smáþjóð stöndum um ófyrirsjáanlegan tíma í ójafnri og háskalegri viðureign við eitt af vopnuðum stórveldum heims og jafnframt líður að lokafundum hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, þar sem á ríður enn sem fyrr að málstaður okkar njóti skilnings og samúðar aðildarþjóða. Ég tel því eðlilegt að í þessu skyni væri á vegum forsætis- og utanrrn. komið upp sérstakri n. manna sem falið væri um ákveðinn tíma að byggja upp,

skipuleggja og framkvæma þær upplýsingaaðgerðir sem ég hef í huga. Sú n. þyrfti ekki að vera fjölmenn, 2—3 menn, en í hana yrðu að veljast hæfir menn með haldgóða málefnalega þekkingu og reynslu í starfi fjölmiðla. Blaðafulltrúi utanrrn. mun þegar hafa ærnum verkefnum að sinna við móttöku og fundi með erlendum blaðamönnum sem nú streyma hingað hvaðanæva að sem og önnur almenn afgreiðslustörf, svo að greinilega er þarna þörf á liðsauka.

Er við staðnæmumst við ljósu punktana í þessum samningsdrögum, og þeir eru sem betur fer nokkuð margir, þá verður þáttur íslensku landhelgisgæslunnar ekki undanskilinn. Hversu djörfu og traustu liði sem við eigum þar á að skipa, þá má telja það víst að barátta við tvo volduga andstæðinga í einu yrði henni ofurefli. Samningar við vestur-þjóðverja nú koma í veg fyrir að slík aðstaða skapist. Hugir allra íslendinga leita þessa dagana til hinna hugprúðu landvarnarmanna okkar á hafinu kringum Ísland í þakklæti, ósk og bæn um að hollar vættir hlífi þeim við grandi í þeirri erfiðu og hættulegu baráttu er þeir heyja fyrir landsréttindum þjóðar sinnar. Þess er og að vænta að ekkert verði látið ógert af hálfu íslenskra stjórnvalda til að auðvelda þeim varnarstörfin sem mest og tryggja öryggi þeirra svo sem framast er kostur.

Ég hef hér að framan staldrað við nokkra af ljósu punktunum í samkomulagi því við vestur-þjóðverja sem hér liggur fyrir til afgreiðslu og staðfestingar. En þar er einnig að finna dekkri punkta sem við lokum ekki augunum fyrir. Ég fer í stuttu máli yfir þau atriði og nefni þá fyrst of hátt aflamagn, í öðru lagi óljós ákvæði um gildistöku tollfríðindaákvæðis í samningi okkar við Efnahagsbandalag Evrópu, í þriðja lagi, að ekki eru í samkomulaginu nein fyrirheit um viðurkenningu á 200 mílna landhelginni né um endanleik veiðiheimilda að loknum tveggja ára samningstíma. Í fjórða lagi nefni ég svæðin sem tiltekin eru til veiða fyrir vestur-þjóðverja meðan á samningstímabilinu stendur. Ég veit að þetta atriði einmitt var eitt af því erfiðasta sem okkar samningamenn úti í Bonn höfðu við að glíma, og ég veit einnig að þeir fengu ýmsu þokað til betri vegar, m. a. að því er varðar veiðisvæðin fyrir norðanverðum Vestfjörðum sem ég tel einn veikasta hlekkinn í þessari svæðaskiptingu, vegna þess að þar er um að ræða óvenjulega fengsæl og dýrmæt fiskimið. Víkurállinn út af sunnanverðum Vestfjörðum er lokaður þjóðverjum vegna tilrauna sem tókust í þá átt af hálfu samningamanna, að þessi mið væru ekki nýtt af þjóðverjum. Hins vegar eru Halamiðin, ein frægustu fiskimið íslendinga, opin hálft árið fyrir vestur-þýsk veiðiskip, og það er staðreynd sem ég veit að vestfirðingar og raunar allir landsmenn eru óglaðir yfir — og sömuleiðis þeir sem horfa upp á viðkvæm fiskimið hér við suðausturströndina látin að nokkru leyti í hendur útlendingum allt inn að 23 mílum.

Hv. 5. þm. Vestf. hafði hátt — (**Gripið fram í:** Ekki veitir af.) — hér í umr. í dag. Við erum vön því og ég ætla ekki að fara út í að svara þeim málflutningi sem hann hafði þarna í frammi og var ekki þannig vaxinn allur að mark væri á honum takandi, því miður. Ég vil aðeins ítreka það, sem ég hef þegar oftar en einu sinni gefið þessum ágæta samþm. mínum í skyn, að ögranir hans og allmikill belgingur í ræðustóli munu ekki nú fremur en áður hafa minnstu áhrif á afstöðu mína í þessu máli og það mun gilda um önnur mál sem ég og aðrir þm. þurfum að taka afstöðu til hér á hinu háa Alþ. Ég leiði hjá mér allan kjördæmakryt í þessu stórmáli allrar íslensku þjóðarinnar.

Þetta samkomulag, eins og það liggur fyrir, felur þannig óneitanlega í sér bæði kosti og ókosti sem ég ætla mér ekki að rekja frekar hér. Þannig er það jafnan þegar tveir aðilar semja um eitt eða annað, að hvorugur fær allt sem hann vill. Þannig mun staðfesting þessa samkomulags við vestur-þjóðverja að sjálfsögðu ekki þýða það að þeir alþm., þ. á m. ég sjálf, sem ljá því samþykki séu í sjálfu sér ánægðir með innihald þess, heldur þýðir það hitt, að þeir telja sig ekki eiga betri kosta völ og að það muni fremur en engir samningar nú stuðla að heillavænlegri framtíðarlausn í landhelgismálum okkar.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Þeir þm., sem um nokkurt árabil hafa átt sæti hér á Alþ., hlusta nú í þriðja sinn á umr. um það, hvort veita skuli erlendum aðilum heimildir til fiskveiða innan íslensku fiskveiðimarkanna. Fyrst var þetta 1961 í sambandi við þá samninga sem þá lá fyrir að gera við breta eftir útfærsluna í 12 mílur, síðan árið 1973 eftir útfærsluna í 50 mílur, þá einnig um samninga við breta, og nú eftir útfærsluna í 200 mílur um hugsanlega samninga við vestur-þjóðverja.

Ég hlýt að minnast þess í samningagerðinni við breta 1961 hversu þær umr., sem þá urðu, voru harðar, miklu harðari en þær umr. sem urðu um samningana við breta 1973 og miklu harðari en þær umr. sem hér hafa enn þá átt sér stað. Alþb. var þá í stjórnarandstöðu og hafði tekið að sér að efna til mótmælafunda um land allt. Og ég hlýt að minnast þess einnig að þá rigndi yfir Alþ. mótmælum alls staðar frá á landinu, bæði frá heildarsamtökum, alls konar félagasamtökum, allt ofan í fámenna saumaklúbba. Þegar málið var hér á lokastigi í Sþ., þá minnast þeir þm., sem þá áttu sæti á þingi, að grjótið dundi á þinghúsinu og rúður brotnar og gler flaug inn á gólf í þessum sal. Það var þá búið að skapa þá mótmælasingu og mótmælasefjun gegn samningunum við breta að það virtist vera búið að rugla dómgreind meiri hl. þjóðarinnar

Skömmu eftir að samningarnir voru gerðir var gengið til kosninga hér á landi. Þá sýndi það sig að þjóðin hafði vissulega viðurkennt og virt þá niðurstöðu sem meiri hl. Alþ. komst þá að, því að í þeim kosningum vann Sjálfstfl., sem þá var forustuflokkur í ríkisstj., stórkostlega á í kosningunum, og ég man ekki betur en að samstarfsflokkur hans hafi einnig bætt við sig nokkru fylgi. Þetta sýnir að Alþ. og þm. verða að vera mjög vel á verði fyrir því að láta ekki utanaðkomandi þrýstihópa hafa áhrif á afstöðu sína, þegar um stórmál er að ræða og um stórhagsmunamál þjóðarinnar er að tefla.

Þetta gekk allt miklu rólegar fyrir sig í sambandi við samningana við Breta 1973. Þá voru alþb.-menn komnir í stjórn, formaður þingflokks þeirra var þá orðinn sjútvrh., og þá var að sjálfsögðu ekki haldið uppi frá þeirra hendi neinum áróðri gegn þeim samningum, þó að þeir hefðu áður í málgögnum sínum og ræðu og riti fordæmt alla samninga og talið alla samninga svik við málstað íslendinga.

Það vill svo til að núv. stjórnarandstæðingar, alþb.-menn og þm. Samtaka frjálslyndra og vinstri manna, sem studdu samningana 1973, berjast nú hatrammlega gegn þeim samningum sem nú liggur fyrir að gera. Þó að þeir séu búnir að skipta um skoðun síðan 1973 væri það í sjálfu sér ekkert ámælisvert, því að þm. verða auðvitað að hafa leyfi til þess, ef þeim sýnist svo, að skipta um skoðun í málum. En það, sem ég tel að sé mjög alvarlegt í þessu sambandi, er að þeir túlka þessi skoðanaskipti þannig, að það hafi verið eingöngu til þess að halda saman vinstri stjórninni að þeir samþ. samningana við Breta. Ég tel þetta mjög alvarlegt fyrir Alþ. í heild, þegar þm. heils flokks á Alþ. tilkynna opinberlega hér í þingsal að þeir láti afstöðu sína til stjórnar og afstöðu sína um það, hvort hún sitji áfram eða ekki, ráða frekar en þann málstað sem um er að ræða, sérstaklega þegar um er að ræða jafnviðamikið mál og landhelgismálið er fyrir okkur á hverjum tíma. Ég tel varla sæmandi fyrir þm. að lýsa þessu yfir, að það hafi verið eingöngu vegna þess að þeir vildu halda til tekinni stjórn við völd, en það hafi ekki verið málstaður sem réð gerðum þeirra.

Einn þm., hv. 2. landsk. þm., Benedikt Gröndal, gat þess í dag í ræðu sinni að honum hefði ekki verið kunnugt um það að nein hætta steðjaði að fiskstofnunum. Ég held að þarna hljóti að fara eitthvað á milli mála hjá þessum hv. þm., því að ég held að hann hljóti hafa fylgst með þeim yfirlýsingum sem komu þá frá fiskifræðingum og lágu fyrir þegar þetta mál var afgr. hér í Alþ. Hafi hann greitt atkv. með samningnum við Breta 1973 vegna þess að hann hafi ekki talið sig hafa upplýsingar um annað en það væri óhætt þá að hleypa bretum inn á miðin, þá ber að harma það því að svo sannarlega hafði Alþ. og þjóðin verið vöruð við.

Ég vil í því sambandi benda á viðtal sem fréttamaður átti við Ingvar Hallgrímsson fiskifræðing í sjónvarpinu 22. nóv. 1971, og lesa kafla úr því orðrétt, með leyfi forseta: Fréttamaður spyr þennan fiskifræðing hve alvarlegt er smáfiskadráp í raun og veru og hve mikið er í húfi. Fiskifræðingurinn svarar: „Ég held að mjög mikið sé í húfi. Við getum t. d. tekið þorskárganginn frá 1964 sem var mjög stór. Hann var byrjað að veiða hér við land 1968 og í svo miklum mæli að af því, sem veitt var við landið af smáþorski, var helmingurinn árgangur frá 1964, og þessu hefur verið haldið áfram. Við bjuggumst við því að þessi fiskur kæmi fyrst til hrygningar á síðustu vetrarvertíð hér sunnan- og vestanlands“ — þ. e. a. s. vertíðina 1971 — „en hann kom ekki. Og það lægist náttúrlega að sá grunur að það hafi einmitt verið vegna þess hve mikið var gengið á hann meðan hann var ókynþroska.“

Þetta lá fyrir þegar í nóv. 1971, að fiskifræðingar höfðu gert sér það ljóst að heill árgangur og að þeir töldu annar stærsti árgangurinn, sem þá var vitað um, var hreinlega týndur vegna ofveiði við Norður- og Norðausturland þar sem hann var drepinn sem smáfiskur.

En það var einnig annar fiskifræðingur sem tjáði sig um ástand fiskstofnanna. Það var í maí 1972 í útvarpserindi sem fiskifræðingurinn Sigfús Schopka hélt þá í útvarpinu. Hann sagði þar m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Það er samdóma álit fiskifræðinga að íslenski þorskstofninn sé nú fullnýttur og aukin sókn muni ekki skila sér í auknum afla. Þvert á móti mun afli á sóknareiningu minnka við aukna sókn, þ. e. að minni afli kemur í hlut hvers og eins, og er því full ástæða til að koma í veg fyrir að sóknin aukist.“

Einnig þetta lá fyrir þegar samningurinn við Breta var gerður 13. nóv. 1973. Er ákaflega erfitt fyrir nokkurn þm. að halda því fram að þjóðin hafi ekki þá þegar verið aðvöruð um ástand fiskstofnanna. Ég tel að það hljóti svo að vera, a. m. k. að hæstv. sjútvrh., hv. 2. þm. Austurl., hafi hlotið að vera kunnugt um þetta álit og þessa afstöðu sem þá þegar lá fyrir. En þrátt fyrir þetta létu flestir alþb.-menn sig hafa það að greiða atkvæði með samningunum við Breta þar sem þeim var leyft að veiða 130—140 þús. tonn 2 ár í röð. Það hlýtur því að hljóma nokkuð undarlega í eyrum okkar, sem höfum fylgst með þessum málum, að þessir aðilar, sem að samningnum við Breta 1973 stóðu, skuli nú fordæma þann samning sem hér liggur fyrir og er til umræðu.

Einn hv. þm., Stefán Jónsson, var hér áðan allstórorður og taldi að þeir menn, sem nú stæðu að væntanlegum samningum við vestur-þjóðverja, væru eiðsvarnir vinir óvina okkar. Hann taldi einnig að ráðamenn með þjóðinni í dag, hæstv. ráðh., væru erindrekar kapítalista og umboðsmenn NATO að sjálfsögðu, eins og honum er mjög tamt að halda fram. En þá hlýtur einnig að vakna sú spurning: Hvað þá um þá menn sem sömdu 1973? Voru þeir einnig eiðsvarnir vinir óvina okkar þegar þeir voru að semja við Breta og eru þeir einnig umboðsmenn NATO og umboðsmenn erlendra kapítalista. Ég held að þar verði ekki skilið á milli. Ef á að dæma menn eftir því hvort þeir eru með eða á móti samningum, ef þeim, sem eru með samningum, er hægt að lýsa á þann veg sem þessi hv. þm. gerði, þá er hann einnig að lýsa sínum eigin ráðh. sem áttu sæti í vinstri stjórninni, því að ef þeir samningar, sem nú er verið að gera, eru hættulegir fyrir íslensku þjóðina og eru svik við íslensku þjóðina, þá voru bresku samningarnir svo sannarlega svik við íslensku þjóðina og í miklu stærri og ríkari mæli en þeir samningar sem nú eru til umræðu og fyrir liggur að Alþ. greiði atkvæði um. Hv. 2. þm. Austurl. reiknaði það út í ræðu sinni í dag að það verðmæti, sem nú væri um að ræða að tekið yrði hér á Íslandsmiðum, væri 15—20 milljarðar. Ef sami reikningur er viðhafður um bresku samningana, þá er þar ekki um 15—20 milljarða að ræða, heldur miklu stærri upphæð eða 28—35 milljarða.

Ég sagði að þm., sem hér hefðu átt sæti um nokkurt árabil, stæðu enn frammi fyrir því að hlusta á umræður og taka þátt í umræðum um hugsanlega veiðiheimild til erlendra aðila innan fiskveiðimarkanna. Ég tók afstöðu í sambandi við samninginn við breta 1961 eftir því sem ég taldi þá hentugast fyrir íslensku þjóðina og affarsælast fyrir afkomu hennar. Ég greiddi atkvæði gegn samningunum 1973 vegna þess að ég taldi að þar væri allt of miklu afsalað og ekkert fengið í staðinn, því að ef á þá samninga er litið, þá var ekki verið að semja við breta, það var verið að fresta útfærslu 50 mílna útfærslunni í tvö ár. Það var það sem raunverulega lá fyrir og var verið að gera. Af þeim sökum tók ég afstöðu gegn þeim samningum og taldi þá mjög hæpna og skaðlega fyrir þjóðarheildina. Þm. standa enn frammi fyrir þeim vanda að meta það nú í sambandi við samninganna við vestur-þjóðverja hvað sé affærasælast og heppilegast fyrir þjóðina í heild að gert verði. Ég skal viðurkenna og alveg taka undir það, sem hér hefur komið fram hjá öðrum hv. þm., að auðvitað vildum við öll helst vera laus við að þurfa að semja við nokkurn aðila um nokkrar veiðiheimildir innan 200 mílna markanna. Þetta held ég hljóti að liggja alveg ljóst fyrir. Það er því um það að tefla að meta það — og það tel ég að hver einasti þm. verði að gera — meta það með sjálfum sér, láta ekki neina utanaðkomandi þrýstihópa hafa áhrif á sig í því sambandi, heldur aðeins meta það kalt með sjálfum sér hvað hann telur að eðlilegast og best sé að gert verði.

Það hefur komið hér greinilega fram að samningarnir við þjóðverja hafa bæði kosti og galla og hægt að tala um að það séu samningar, miklu frekar en þegar rætt er um samningana 1973. Vissulega er það mikils virði fyrir íslendinga að samið skuli um þær fisktegundir sem fiskifræðingar telja að íslendingar hafi þó ekki fram að þessu þurft að fullnýta. Á ég þar við ufsa og karfa. Það hlýtur einnig að vera mikils virði að með samningum er hægt að fækka veiðiskipum þjóðverja hér úr tæpum 60 niður í 40 og fá í burt af miðunum öll stærstu skipin frá þessari þjóð sem áður hafa stundað hér veiðar. Á ég þar við frysti- og verksmiðjutogara. Þetta hlýtur að vera geysilega mikið atriði og hljóta menn nokkuð að vega þetta á móti þeim ókostum sem samningunum fylgja. Þá kemur það auðvitað til greina, sem þm. einnig verða að meta, hvort þjóðverjar muni veiða hér meira ef við gerum við þá samninga eða ef við gerum ekki við þá samninga. Mitt mat er það að þjóðverjar muni fara með minna aflamagn af Íslandsmiðum, ef samið verður við þá á þeim grundvelli sem fyrir liggur, heldur en ef engir samningar verða gerðir. Eins og ég sagði áðan, þá mundu þeir koma með allan sinn flota hingað, bæði stóran og smáan, og veiða á þeim stöðum sem þeim nokkurn veginn sýnist. Það hlýtur að vera nokkuð þungt á metunum að samningur við þessa þjóð þýðir það að þeim er hvorki hleypt inn á hrygningarsvæði né uppeldistöðvar ungfisksins. Ég tel þetta vera geysilega mikið atriði, því að það eru einmitt þessir staðir sem íslendingar hljóta í framtíðinni að gera sér grein fyrir að þeir verða að vernda, ekki einasta fyrir veiðum erlendra aðila, heldur einnig fyrir veiðum íslenskra skipa. Og í þeirri aðstöðu sem við erum nú komnir í, þar sem bretar eru komnir með herskip sín hér á miðin til verndar þeim togurum sem þeir hafa hér til veiða, þá hlýtur það að vega einnig nokkuð þungt að ef við semjum við þjóðverja, þá getum við snúið okkur af fullum krafti gegn bretum og gert þeim veiðarnar eins erfiðar og við eigum frekast tök á.

Ég vil enda þessi fáu orð mín með því að lýsa ánægju minni yfir þeirri yfirlýsingu, sem kom fram hjá hæstv. utanrrh. í dag, að ríkisstj. sé óbundin af þeim 65 þús. tonna afla sem hún hafði nefnt í viðræðum við breta. Þegar þessir samningar, sem nú eru hér til umræðu, hafa fengið afgreiðslu hér á Alþ. og aftur mun komast ró á út af þessu máli, þá vona ég og held að þjóðin í heild beri gæfu til að snúa bökum saman í baráttunni gegn bretum. Ég hef trú á því að íslendingar geti varist og að það endi með því að bretar hljóti að verða láta þar undan.

Ég tel mig þekkja fiskimenn það vel að þeir muni aldrei til lengdar vilja eða geta unað því að fiska á stöðum og eftir fyrirmælum sem þeir fá frá einhverjum aðilum í landi. Ég þekki það að íslenskir útgerðarmenn hafa ætlað að stjórna skipstjórum sínum hvernig þeir ættu að veiða, en ég held að það hafi aldrei borið annað en mjög neikvæðan árangur.

Það er mitt mat í sambandi við þá samninga sem liggja fyrir að eins og aðstæður allar hafa þróast, þá sé affarasælast fyir íslensku þjóðina að þessir samningar verði gerðir. Ég endurtek: Ég vona að við berum öll gæfu til þess að snúa bökum saman í þeirri hörðu baráttu sem fram undan er í sambandi við ofbeldi breta sem þeir nú beita okkur á okkar fiskimiðum.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Orð mín hér skulu ekki mörg, en orða get ég þó ekki bundist þótt staðreyndir og rök hafi verið til tínd svo vel og rækilega að betur verður vart gert og síst af mér.

Það hafa löngum verið notuð sterk lýsingarorð og stór orð um þetta mál. Það er um margsagða hluti að ræða: samstöðu þjóðar, sameiningartákn landsmanna, mesta lífshagsmunamálið. Hversu vel þekkjum við þetta ekki? Bak við öll þessi orð er þó nú sem fyrr baráttusaga íslenskrar þjóðar við erlent vald, barátta fyrir efnahagslegu sjálfstæði og nú fremur en nokkru sinni fyrr — spurning um framtíðarheill þessarar þjóðar.

Í ljósi þessarar baráttusögu urðu það mér mikil vonbrigði að heyra hér áðan í hv. þm. Steingrími Hermannssyni og vantrú hans á getu okkar. Ég spyr: Hvers vegna öll þessi barátta, sem hefur þó borið þennan árangur, ef menn hafa meiri trú á afarkostum í samningum en öflugri gæslu og baráttu gegn erlendum veiðiþjófum? Án trúar á hið síðar nefnda hélt ég að baráttan væri í raun vonlaus. Ég get því svarað hv. þm. Steingrími Hermannssyni því: Ég trúi því að án samninga, með réttum aðferðum og fullri ein-

beitni sé unnt að ná betri og skjótvirkari árangri en með samningum. Fyrir því hafa þegar verið færð fullgild rök.

Undrun er ef til vill hið besta orð sem lýsir tilfinningum mínum gagnvart þessari till., auk þess hve andstætt það er allri þeirri skynsemi og þeirri litlu sérþekkingu sem ég hef hér á. Undrun mín er einfaldlega vakin af þrennu: Til hvers var útfærslan í 200 mílur ef ekki átti að ná fullnaðarsigri í fyrri áfanga, 50 mílunum? Hvaða takmark hafði hún í raun án þess árangurs? Undrunarefni er það einnig að ákafinn til samninga skuli okkar sem ekkert hljótum í staðinn — svo mikill ákafi, svo mikið ofurkapp að hvort tveggja gerist: samið er fram yfir þann tíma sem líklegt má telja að alþjóðaviðurkenning fáist á okkar málstað, samið er um meira en sjálfir þjóðverjar telja sig veiða nú á þessu ári. Ekkert af þessu skilur hinn venjulegi maður í þessu landi, en hvorugu verður í móti mælt sem staðreyndum.

Undrunarefni eru blekkingarnar, blákaldar falsanir til að fá fram þessa niðurstöðu, og þá um leið hve ljúft mörgum líkar það að láta blekkjast og blekkja síðan aðra svo úr verður ein keðja falsana og orðaleikja. Blekkingin stærsta er sú að hér skuli punkturinn settur, nú sé fyrir öllu séð í raun, m. a. því að ekki skuli samið við breta, hér sé jafnvel verið að finna tryggingu fyrir því að svo verði ekki, þegar fyrsti áfangi þeirrar og annarrar samningsgerðar liggur á borðum manna, þegar er búið að beygja sig dýpra en búist hafði verið við af svartsýnustu andstæðingum allra samninga.

Ég talaði um undrun og algera furðu þrátt fyrir allt, þrátt fyrir að ég viti veikleikann fyrir vinaþjóðunum, þrátt fyrir að ég viti þungan þrýsting frá því almáttuga NATO sem yfir oss vakir, þrátt fyrir að ég viti um vantrú margra á möguleikum okkar sjálfra til að standa upprétt ir gagnvart útlendu valdi, einmitt þegar bretarnir eru að sanna vald okkar ef vilji er til að beita því valdi. Hvað eru NATO-herskipin bresku annað en sönnun þess að aðgerðir okkar á miðunum síðustu daga höfðu heppnast? Máttvana í málstað og rökum, í aðstöðu allri grípur breska vinaþjóðin til þeirrar einu gamalkunnu röksemdar sem hún kann og beitir svo óspart valdi byssunnar. En viðbrögðin eru þeim mun athyglisverðari. Hæstv. dómsmrh. segir, með leyfi hæstv. forseta, í Tímanum í dag í fyrirsögn: „Spillir fyrir sambúð og hefur áhrif á viðhorf manna til NATO.“ Það var lóðið. Þar er hans helsta áhyggjuefni nú eins og reyndar líka 1973. Herskipin verða að fara út fyrir áður en hægt verður að semja, fannst mér sem undirtónn í máli hæstv. forsrh. í gær.

Trúir svo einhver því að þetta sé lokasamningur eða 5 mánuðirnir verði ekki notaðir dyggilega í samninga við þá sem nú ógna og hóta, og þarf víst enga 5 mánuði til? Já, þrátt fyrir allt er ég nú undrandi hve langt hefur legið niður á við leiðin þeirra Bonnfaranna, hve ljúfir þeir hafa reynst vinum sínum, þeim hinum sömu sem ránskap hafa stundað hér stöðugt frá 50 mílna útfærslunni. Fyrr má nú vera bróðurkærleikurinn í hinu almáttuga NATO, ekki síst þegar þess er gætt að þar erum við í fjandflokki miðjum þegar brýnasta lífshagsmunamálið er í veði, ekki síst þegar litið er til þeirrar ómetanlegu verndar suður á Miðnesheiði þegar breskir fjallbyssukjaftar hafa ógnað okkur íslendingum eins og dæmin sanna í dag.

Verslunarvara skyldi landhelgin vera, það hafa menn oft heyrt, gagnvart ákveðnum fríðindum. Tollafríðindi skyldu koma í stað undanþáganna. Ekki einu sinni þessari ógeðfelldu tegund meðalmennskunnar tókst að ná fram.

Og dettur nokkrum í hug út frá þessari ljúfmennsku að ljúfmennskan og lipurðin í London verði minni þegar þar að kemur? Við þekkjum þar um dæmin þrátt fyrir herskip og fallbyssukjafta, njósnaþotur og vígvélar. Vinarkveðjur skulu það verða þegar tíminn er fullnaður, þegar samningar takast svo að allt megi falla í ljúfa löð.

Já, undrunin skal enn undirstrikuð, þó að ég viti um þann skollaleik sem að baki býr. Stundum verður maður nefnilega svo bjartsýnn að trúa á íslensku NATO-vinina, jafnvel svo að maður heldur að þegar þeir segja 200, berjandi sér á brjóst, meini þeir a. m. k. 50. Og þó, skyldi ekki enn í minni umboðslaus ráðherra íslenskur, tillögulaus að heiman, tillöguglaður í London, komandi heim veifandi úrslitakostum með tilheyrandi yfirlýsingum um lausn? Lausn sem ég átti þátt í að samþykkja, m. a. með tilliti til þess að hún átti að ganga í gildi 13. nóv. s. l. eftir yfirlýsingum þessa hæstv. ráðherra. Sú lausn sem nú er leitað að með logandi ljósi án árangurs. Þá var NATO í hættu og herstöðin góða. Vininum varð því að gera vel til svo að ástríki héldist. Liðin saga, en leið upprifjun nú í órofa samhengi við atburði síðustu daga. Samningar munu staðreynd innan tíðar. Blekkingavélin mylur sitt verk vel. Mótmæli öll skulu að engu höfð, alls staðar frá. Jafnvel ætla sumir, sem harðast mótmæltu, að ganga glaðir til leiks að því er best verður séð.

Eins og áður hefur verið bent á, var þó að flækjast fyrir einhverjum a. m. k. einhver skýrsla frá einhverjum fiskifræðingum sem átti að byggja á jafnvel. Því fylgdu á tímabili stórar fyrirsagnir og feitt letur. Eða eru það bara íslensku sjómennirnir og verkafólkið í íslensku sjávarplássunum sem á að taka mark á þessari skýrslu? Eru það eingöngu þeir sem hér eiga að gjalda glópsku stjórnvalda og samningalipurðar? Það er ekki óhugguleg tilhugsun fyrir okkur austfirðinga t. d. að þessi fyrsti samningsáfangi skuli alveg sérstaklega koma hart niður á okkur, að við skulum augsýnilega eiga að fórna mestu til að hægt sé að halda uppi þessum sama vinskap sem hér hefur verið margræddur. Það er ekki amalegt að fá slíkar kveðjur. Ef framhaldið verður í takt við upphafið, þá mun svo sannarlega þrengjast fyrir dyrum manna eystra á sjó og í landi. Og mætti þá ekki koma með álið og aðra stóriðju sem frelsandi vítamíngjafa þegar ekki dygði lengur að draga fisk úr sjó? Kannske eru refirnir til þess skornir? Kannske hér sé fundin greiðasta og besta leiðin að því marki að draumur stóriðjupostulanna megi rætast? Hér sýnist mér a. m. k. lagður allgóður grunnur að þessu markmiði með þessum samningi, — með

þessum samningi vitanlega sem fyrsta áfanga, svo sem auðvitað er ætlunin. En kaldar þykja mér þær kveðjurnar til íslenskra sjómannanna og íslensk verkafólks almennt ef svo fer fram sem horfir. Og þykir þá nokkrum furða þó mótmælin dynji yfir og þó hræddir aðilar vilji stöðva þá mótmælaöldu með valdboði hjá opinberri stofnun? Já, alveg sérstaklega megum við austfirðingar fagna því dýrmæta framlagi okkar til viðhalds vinskaparins í NATO, þó það færi sjómönnum þessa landshluta og verkafólki í landi um leið framtíðarvanda, — framtíðarvanda sem er viðurkenndur af öllum, — og þó að þar eigum við á hættu að upp verði urin sú auðlind sem enn er á byggt af bjartsýni eystra þar.

Sannfærður er ég um það, að samþm. mínir austan að ganga ekki til þessa leiks með gleði. Sé svo, þá hef ég svo sannarlega ofmetið þá. Þá eru þeir ekki einu sinni á sömu skoðun og hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir sem vill þó fara að tala við bandamenn okkar í NATO í alvöru. Alvara þessa máls er ærin. Upphaf að undanhaldi í landhelgismálinu einmitt nú þegar allt var á okkar sveif að snúast á alþjóðavettvangi í hafréttarmálum, meir en nokkru sinni. Einmitt þegar við færðum út við nýjar aðstæður, breyttar og betri aðstæður, vitandi sterkari stuðning en nokkru sinni fyrr við okkar málstað. Þá skal ekki aðeins innan hinnar nýju auknu landhelgi samið. Innan 50 mílnanna skal það vera og um sumt á þeim svæðum ýmsum sem viðkvæmust og mikilvægust eru, enda þar í flestu farið eftir óskum viðsemjenda sem heimta meira en þeir jafnvel eiga möguleika á að torga, en láta ekkert — einfaldlega ekkert í staðinn.

Ég lýsi undrun minni — en hryggð fylgir því einnig — að sjá hve aumlega er við stjórnvöl staðið. Sagan mun dæma slíka afleiki þó síðar verði. En hitt er verra, ef framtíðargiftu sjálfstæðrar þjóðar er í hættu stefnt með því að kippa markvisst undan þeim stoðum er styrkastar hafa verið í íslensku atvinnulífi, þegar framtíðarvelferð sjómanna, verkafólks, alls almennings er í voða stefnt með skammsýnum aðgerðum í þá einu sjáanlegu veru að þóknast vinum í herbandalagi auðvaldsins í heiminum.

Vilborg Harðardóttir: Herra forseti. Fyrir viðvaninga á þingi eins og mig hefur óneitanlega verið fróðlegt að fylgjast með umræðum hér í dag, einkum málflutningi þeirra hv. þm., sem eru í liði ríkisstj., og þá ekki síst Vestfjarða-þm. sem ég af góðum kynnum mínum af vestfirðingum þykist vita að eiga muni erfitt með að skýra afstöðu sína í þessu máli fyrir kjósendum sínum. Við gerum það ekki ótilneyddir, sagði hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir. Og víst vitum við það, þeir eru neyddir, þessir hv. þm., eins og líka kom fram í frásögn hv. þm. Steingríms Hermannssonar af því hvernig beislið varð ekki sett á hann fyrr en í gær. En kannske birtust viðhorfin allra best við umræður utan dagskrár fyrr í dag um auglýsingabann Ríkisútvarpsins á alþýðusamtök landsins. Þá var ýmist lögð niður rófan og svarin af sér öll hlutdeild í því banni eða afturhaldsandlitið kom fram grímulaust, eins og hjá hv. þm. Sjálfstfl. sem lýsti þeirri skoðun sinni að auglýsingar um andófsaðgerðir gegn valdbeitingu breskra herskipa og gegn hraksmánarlegum samningum við vestur-þjóðverja stríddu gegn lýðræðishefð landsmanna og að forustumenn verkalýðsfélaganna hefðu ekki til þess umboð félaga sinna, sem kusu þá til forustu, að fjalla um jafnstórpólitískt mál og landhelgismálið væri, heldur bæri þeim að halda sig við kjara- og hagsmunamál félaga í verkalýðshreyfingunni. Kjara- og hagsmunamál eru þá líklega ekki stórpólitísk að mati sjálfstæðisflokksmanna né landhelgismálið hagsmunamál alþýðu, þetta mál sem snertir lífsafkomuna sjálfa og grundvöll hennar.

Eftir aðvaranir allra helstu fiski- og hagfræðinga landsins, byggðar á niðurstöðum rannsókna sem allri þjóðinni hafa verið kynntar undanfarnar vikur, virðist slíkt plagg sem samningsdrög ríkisstj. við vestur-þjóðverja eins og hver önnur martröð. En okkur er reyndar ekki að dreyma. Í stað varðstöðu um okkar eigin hagsmuni í nútíð og framtíð og í stað fiskverndarsjónarmiða er hér verið að afhenda útlendingum veiðiheimild í þeirri sömu landhelgi sem sett er til að tryggja viðhald fiskstofnanna og til að tryggja hagsmuni þjóðarinnar og óskoruð yfirráð hennar yfir auðlindum sínum í hafinu. Þetta eru kallaðir samningar, en í reynd er þjóðverjum hér afhent heimild til að veiða á öllu því svæði nýju landhelginnar, milli 50 og 200 mílna línanna, sem þeir kæra sig um. Og ekki nóg með það, að auki fá þeir heimild til að veiða innan 50 mílna markanna, allt að 23 sjómílum, að því er virðist einnig alls staðar sem þeir bentu á, nema ef vera skyldi að þeir hafi líka viljað Víkurálinn, en verið neitað um hann af tillitssemi við hæstv. sjútvrh., enda er það svæði í hávestur af sumarbústað hans þar vestra.

Þetta er ekki eini samningur ríkisstj. við útlenda veiðimenn, en hann er sá fyrsti og markar trúlega stefnuna. Hún er greinileg. Vestur-þjóðverjar fá það sem þeir vilja, bæði svæðin og 60 þús. tonna aflaheimild, 50% aukningu þess aflamagns sem áætlað er að þeir veiði á Íslandsmiðum þetta árið, sem er 40 þús. tonn. Miðað við, hvað aðrar þjóðir hafa veitt hér á miðunum, má ætla að norðmenn vilji fá og fái 3 þús. tonn, færeyingar 20 þús. tonn og belgíumenn 7 þús. tonn. Og upplýst er að bretum hafi verið boðin 65 þús. tonn. Samanlagt 155 þús. tonn afhent útlendingum af þeim tæplega 400 þús. tonnum sem sérfræðingar okkar hafa lagt til að veiðar fjögurra helstu fisktegundanna verði takmarkaðar við. Það er um það bil það magn sem aflað er árlega af þjóðinni sjálfri. Við íslendingar eigum þá um tvo kosti að velja: Annars vegar að veiða fyrst um sinn áfram sama magn, með þeim afleiðingum sem fiskifræðingar okkar hafa útmálað og óþarfi er að endurtaka hér. Og hins vegar að skera niður eigin afla sem nemur því magni sem við slettum í aska útlendinganna, setja aflakvóta á byggðarlög, selja hluta flotans og loka einhverju af frystihúsunum. Þá blasir ekki annað við en samdráttur og kjaraskerðing með því hæfilega atvinnuleysi sem núv. ríkisstj. hefur oft sýnt að hún stefnir að og fetar þar í fótspor viðreisnar-

stjórnarinnar alræmdu. Þar með er líka kominn jarðvegurinn fyrir málmblendiverksmiðjur og álframleiðslu erlendra auðhringa, þeirra sömu aðila og málum ráða í NATO og Efnahagsbandalaginu. Það verður dægilegt fyrir karla landsins að lenda á kafi í álinu, en konunum verður náttúrlega beint til baka úr atvinnulífinu og inn á heimilin, eins og ævinlega á samdráttartímum. Þeirrar stefnu sér þegar víðar merki en í þessu máli. Þar má benda á boðaða niðurskurðarstefnu í félagslegri þjónustu. Allt helst þetta í hendur.

Sárast alls í sambandi við aðdraganda þess máls, er hér liggur til afgreiðslu, og málflutning þeirra, sem fyrir því mæla, er sá botnlausi aumingjaskapur sem þar lýsir sér, sú undirlægja að leggjast sjálfur undir vöndinn. Helsta röksemdin fyrir því að við verðum að ganga að þessum smánarsamningum er að við munum ekki geta varið landhelgina, það sé sem sagt hugsanlegt að þjóðverjar gætu stolið meiru en þeir fá með samningunum og þess vegna sé skárra að beygja sig sjálfur undir okið í stað þess að láta reyna á valdbeitinguna. En þeir, sem þannig hugsa, meta lítils þau orð að barður þræll sé mikill maður því í hans brjósti eigi frelsið heima, enda er frelsið víst löngu hætt að eiga heima í brjósti þeirra sem nú sem fyrr skríða fyrir félögunum í NATO.

Undirlægjuhátturinn skín hvarvetna í gegn þegar litið er yfir ákvæði þeirra samningsdraga sem hér liggja fyrir. Ekki er nóg með að þjóðverjum séu afhent þau svæði sem þeir óska sér, heldur gráu bætt á svart með að fela þeim sjálfum eftirlit með þeim takmörkunum sem gerðar eru á aflamagni. Og þegar grunur er um brot eiga þeir sjálfir að koma á staðinn og sannreyna staðarákvörðun landhelgisgæslunnar.

Fyrir tveim árum var það gagnrýnt að engin viðurkenning á 50 mílna mörkunum væri tekin fram í samkomulagi við breta, þótt á hitt væri bent á móti, að samningurinn jafngilti viðurkenningu í framkvæmd. En nú aftur á móti þykir ástæða til að taka fram í sérstökum bréfum með samningnum að ekki sé þar með viðurkennd 200 mílna fiskveiðilandhelgin, þ. e. a. s. tekið fram að hann hafi engin áhrif á afstöðu þjóðverja til neinna atriða hafréttarmála.

Það er okkar ógæfa að það hefur verið óskráð mottó í utanríkisstefnu Íslands allt frá því að við eignuðumst okkar fyrsta utanrrh. að við séum fátækir, fáir og smáir. Enn í dag höfum við ekki eignast slyngan og hnarreistan utanrrh. sem hugsar öðruvísi og þorir að standa uppi í hárinu á erlendum viðsemjendum. Við erum kannske fáir, íslendingar, en hvorki fátækir né smáir, a. m. k. ekki að meðaltali. Enn erum við rík að eiga óbeislaða orku í landi og gjöful fiskimið, þótt augðlegðin geti vissulega skjótt breyst í örbirgð ef við berum ekki gæfu til að varðveita hana með tilhlýðilegum hætti eða ef við afhendum útlendingum yfirráð yfir þessum auðlindum okkar. Og smærri en svo erum við ekki að við getum, ef við viljum, varið fiskveiðilögsöguna alla að mati gæslumannanna sjálfra, ef þeir bara fá að gera það fyrir hugdeigum ráðherrum og ef þeir fá aukinn skipakost, t. d. skuttogarana sem þeir hafa bent á.

Þegar Guðmundur Kjærnested skipherra var að því spurður í blaðaviðtali nýlega hvort unnt væri að verja þessa nýju, stóru landhelgi efaðist hann ekki. „Það er allt hægt," sagði hann, en það virtist undirskilið eitt stórt „en". Honum var bent á að hæstv. sjútvrh. Matthías Bjarnason hefði talið ókleift að verja landhelgina. „Nú, sagði hann það?" var svar skipherra. „Hann hefur aldrei verið háseti hjá mér."

Hvað sem í skerst höfum við þegar áratugareynslu fyrir því að tíminn vinnur með okkur. Þess vegna er fásinna að fara að binda sig í kerjuverkandi samningum. Um efnahagslegt og hernaðarlegt ofbeldi breta og þjóðverja munu ugglaust gilda orð hins mikla þýska skálds okkar aldar sem orti fyrir munn smáþjóðar sem var kúguð af hans eigin þjóð, með leyfi forseta:

„Es wechseln die Zeiten. Die riesigen Pläne
Der, Mächtigen kommen am Ende zum Halt.
Und gehen sie einher auch wie blutige Hähne.
Es wechseln die Zeiten, da hilft kein Gewalt."

Í lauslegri þýðingu: „Þótt þeir hamist eins og blóðugir hanar verða áætlanir valdhafanna að lokum stöðvaðar. Ekkert stöðvar tímans rás þar um skiptir ofbeldi engu."

Björn Jónsson: Herra forseti. Núna undanfarna klukkutíma hefur hver af öðrum hv. þm. stjórnarflokkanna lýst kostum, en þótt undarlegt megi virðast aðallega ókostum þeirrar þáltill. sem hér liggur fyrir. Og einhvern veginn er það svo, að þeim hefur gengið afskaplega illa að koma auga á kostina þó að þeir hafi allir talað sig að lokum niður á það plan að þeir ætluðu að fylgja þessu gegnum þykkt og þunnt.

Mig undrar það ekki, ég er ekki hissa á því þó að hv. þm. Helgi Seljan, sem hefur átt tiltölulega skamma setu hér á hv. Alþ., sé ofurlítið hissa á þessu. Mér er ekki eins farið og honum um það. Ég undrast þetta ekki. Það vill nefnilega svo til, að þó að ég sé hér nú sem ihlaupamaður, þá sat ég hér áður fyrr 19 þing og sú reynsla, sem ég hafði af því, hún drap í mér möguleikann til þess að verða hissa.

En þrátt fyrir þetta hef ég reynt eftir bestu getu í gegnum þær að vissu leyti þokukenndu umr., sem hér hafa farið fram, að gera mér grein fyrir því af umr. m. a., hvaða rök á báða bóga séu af því tagi að það taki því yfirleitt að gera þau að umtalsefni.

Ég vil þá fyrst nefna það, af því tagi sem frá stjórnarþm. og ráðherrum hefur komið, sem þeir bera fram sem afsökun sína fyrir þessari þáltill. og því að þeir vilji fara samningaleiðina sem aðalbaráttuaðferðina, ekki samninga um alger bráðabirgðaúrræði, um lítið aflamagn, heldur um stórfelldar undanþágur til fiskveiða innan okkar landhelgi. Og fyrsta ástæðan, sem þeir bera fram og ég tel vert að skoða, er sú, að þeir segja: „Við getum ekki varið landhelgina." Í öðru lagi segja þeir að orðstír okkar á alþjóðavettvangi velti á því að við sýnum svokallaða sanngirni. Og í þriðja lagi að við mundum spilla niðurstöðum hafréttarráðstefnunnar

ef samningaleiðin væri ekki farin. Af þessum ástæðum verðum við að ganga lengra en afkoma okkar og möguleikar í raun og veru þoli. Ég held — og það er mín sannfæring — að allar þessar ástæður séu órökstuddar með öllu.

Varðandi vörslu landhelginnar hef ég fyrir mér persónulegt viðtal við þann mann sem einna frækilegasta framgöngu hefur sýnt í vörn landhelginnar, og þar sagði hann að með nokkurri aukningu þess flota, sem landhelgisgæsluna skipar, þ. e. a. s. ef til vill 4—6 togurum sem við höfum handbæra og hentuðu vel til vörslunnar, þá væri hægt að verja landhelgina allt að 100% fyrir öllu nema beinni herskipaíhlutun. Þetta hefur staðfest af reynslunni. Þessi sami skipherra rak á nokkrum klukkutímum 35 breska togara út úr landhelginni norður af Melrakkasléttu ekki alls fyrir löngu, og í Morgunblaðinu sá ég annaðhvort í dag eða gær — ég man nú ekki hvort var heldur — með stórri fyrirsögn letrað að varðskipið Týr hefði hindrað 15 togara frá veiðum. Enn fremur vil ég gjarnan í þessu efni vísa til ummæla breskra fiskiskipstjóra um að dráttarbátarnir væru vitagagnlausir og hótuðu því að gefast upp á Íslandsmiðum við tilraunir til veiða ef ekki kæmi til herskipaverndar.

Nú er mér spurn í fyrsta lagi, af því hér er verið að tala um samninga við þjóðverja: Geta þessi rök um landhelgisvörsluna gilt að nokkru leyti gagnvart þjóðverjum? Við skulum sleppa bretum nú í bili og taka það fyrir aðeins síðar. Nei mér finnst það algjörlega fráleitt. Ég held að forsaga þjóðverja sé slík og minningarnar frá styrjöldinni, þar sem nasisminn æddi brennandi, eyðandi og drepandi um alla Vestur-Evrópu og raunar miklu víðar, það sé svo skammt liðið frá þeim tíma að þýsk stjórnvöld og allra síst þau stjórnvöld, sem nú fara með völdin í Þýskalandi, mundu ekki svo mikið sem þora að miða leikfangabyssu að varðskipunum okkar, þegar þau væru við vörsluna. Ég slæ því algerlega föstu að herskipabeiting af hálfu vestur-þjóðverja kemur ekki til greina, og þar með er því í raun og veru líka slegið föstu, að við getum varið landhelgina 100% gegn þeim ef henni er beitt.

Hitt vitum við, eins og hér hefur komið fram, að landhelgisgæslunni er stjórnað úr landi og það eru æðstu menn hennar sem bera ábyrgð á því að þjóðverjar hafa getað veitt þó það magn sem þeir hafa gert hér að undanförnu. En þrátt fyrir þetta, þrátt fyrir vissu um það, sem hlýtur að vera í hugum þeirra sem hafa staðið að þessum samningum, að við getum hindrað allar veiðar þjóðverja innan 200 mílna markanna, þá á að auka veiði þeirra innan fiskveiðimarkanna frá því sem verið hefur, þ. e. a. s. að innan 200 mílnanna munu þeir fiska meira en þeir fiskuðu áður innan 50 mílna lögsögunnar.

Það er rétt, sem hér hefur komið fram, að það er verið í raun og veru að færa landhelgina inn. Og ég vil nú biðja menn að íhuga hvað hefði verið sagt þegar við færðum út í 12 mílurnar ef þá hefðu verið gerðir samningar innan 4 mílnanna. Ætli það hefði ekki þótt ofurlitið einkennileg ráðstöfun, svo að ekki séu viðhöfð stærri orð? Nú skeður það, um leið og við erum að færa landhelgina út í 200 mílur, þá eru leyfðar veiðar allt inn að 23 mílum, en það væri hliðstætt því að við 12 mílna útfærsluna hefðu verið gefnar undanþágur upp að 2 eða 3 mílum. Mér er spurn um það hvort eitthvað slíkt hafi verið í hugum manna þegar þeir voru að fagna 200 mílna útfærslunni. Átti sú þjóðareining, sem þá var kallað á, að verða um eitthvað líkt þessu?

Þá vil ég aðeins víkja að bretum og stöðu þeirra. Ég vil í fyrsta lagi segja það, að þjóðin stendur auðvitað algerlega einhuga — eða það vona ég að ég geti fullyrt úr þessum ræðustól — gegn ofbeldi þeirra. Það mun mælast illa fyrir, ekki aðeins á Íslandi, heldur einnig í Bretlandi sjálfu og og enn verr kannske út um allan heim. Ég held þess vegna að þeir muni gefast upp á því fyrr en síðar, þó ekki kæmi til annað en almenningsálitið í heiminum. Og auk þess er vitað að veiðar undir herskipavernd verða erfiðar og ótrúlega óhagstæðar.

Ég held þess vegna að gagnvart þeim, þ. e. a. s. ef ekki á að fara sömu leiðina og með þjóðverja, sem ég vil í lengstu lög vona að verði ekki gert, þá sé það spurning um tíma og jafnvel stuttan tíma hvenær bretarnir gefast upp á því ofbeldi sem þeir eru nú að byrja á gagnvart okkur.

En þá kemur líka spurningin í hugann: Höfum við engin vopn gegn bretum?

Það er auðvitað hverjum manni auðsætt að við getum ekki á nokkurn hátt gert okkur vonir um að hafa afl við þá í sambandi við okkar varðbáta og þeirra freigátur. Þar hljótum við að verða undir, þegar þessum drápstækjum þeirra er beitt gegn okkar tiltölulega litlu bátum. En við eigum ýmis önnur vopn. Við eigum pólitísk vopn sem við getum beitt ef við þorum og viljum. Í yfirlýsingu hæstv. forsrh. í gær sagði hann að vera beggja þjóðanna undir slíkum kringumstæðum í NATO gæti ekki samræmst því ofbeldi sem bretar væru nú að hefja. Ég vona að þessi yfirlýsing hafi þýtt meira en orðin tóm og það verði staðið við hana og bretum og öðrum NATO-ríkjum gerður sá kostur að annaðhvort hypji þeir sig úr landhelginni eða þá við segjum okkur jafnskjótt úr NATO. Við getum líka, eins og fram hefur komið, slitið stjórnmálasambandi við breta, sem ég tel sjálfsagt ef þeir koma með her inn í okkar landhelgi. Við getum lokað herstöðinni. Við getum sett viðskiptabann á þá og við getum sett hafnbann á breskar vörur. Það er enginn íslenskur verkamaður skyldugur til þess að skipa upp einni einustu vöru sem frá Bretlandi er ættuð, og ef framhald verður á ofbeldi þeirra, þá verður það vissulega athugunarefni fyrir rétta aðila.

Ég fullyrði ekki nú á þessari stundu hvenær og hvernig á að beita þessum vopnum, en það er fásinna að láta sem þau séu ekki til og geti engin áhrif haft í okkar baráttu. Og ég er sannfærður um það, að ef þessum vopnum er telft fram af sæmilegu hugviti, þá getum við hreinsað íslenska landhelgi af breskri ásælni fyrr en okkur kannske flesta grunar. Við verðum að vísu að gera ráð fyrir því að við getum átt erfiða tíma um skeið. En ég er sannfærður

um að baráttan mun færa okkur sigur ef valdsmennirnir tefla rétt og bregðast ekki þeim þjóðarvilja sem nú er óðum að skapast í sambandi við þetta mál.

Þá er í öðru lagi röksemdin um áhrifin á þróun hafréttarmála. Það hefur lengi verið vitað, að það er veruleg hætta á því að jafnvel þó að 200 mílna efnahagslögsaga verði gerð að alþjóðalögum, þá fylgi því ýmisleg skilyrði, t.d. varðandi svokallaðan sögulegan rétt, sem Haagdómstóllinn að vísu með illa eða órökstuddu máli taldi vera fyrir hendi fyrir vestur-þjóðverja og breta. En mín skoðun er sú að þetta fordæmi hafi aldrei verið fyrir hendi. Hins vegar með því að veita nú mjög miklar og stórfelldar undanþágur frá okkar fiskveiðimörkum, þá sýnist mér að við séum að bjóða heim þeirri hættu, sem er stórkostleg fyrir okkur, að aftan í hugsanleg ákvæði um 200 mílna almenna efnahagslögsögu verði hengd ákvæði um svo og svo mikil réttindi til þeirra þjóða sem áður hafa veitt á tilteknum svæðum.

Mér þykir það hart ef við með einhverjum hætti gripum til þess slæma ráðs, vægast sagt, að fara að viðurkenna slíkan rétt, vegna þess að hann er ekki til. Við vitum að til þess að hefð skapist, sem gefur einhvern rétt, þarf viðkomandi verknaður að hafa átt sér stað um mjög langan tíma, ósundurslitið og án mótmæla. Engu slíku er til að dreifa, hvorki gagnvart bretum né vestur-þjóðverjum. Þeir uppfylla hvorugt þessara almennu alþjóðlegu skilyrða til þess að hafa getað skapað sér nokkra hefð.

Auk þess verðum við að hafa það í huga, að þrátt fyrir það að Haagdómurinn væri okkur ekki hagstæður, heldur þvert á móti, þá er strax með því uppkasti, sem hér er gert að samningum við þjóðverja, gengið verulega lengra en gert er ráð fyrir í forsendum Haagdómstólsins, en þar segir að ef lífshagsmunir strandríkisins krefjist, þá hafi þeir forgang umfram þá sem kunna að hafa einhvern hefðarrétt. Og ef við höfum ekki rökin fyrir því nú, að lífshagsmunir okkar liggi við um að verja okkar landhelgi, þá verð ég að segja það að við erum illa á vegi staddir, — ef við viljum ekki aðeins lúta ábendingum Haagdómstólsins svokallaða, dómur var það ekki, heldur áskorun eða ábending og á því er geysilega mikill munur, sem oft hefur komið fram, og málið þannig flækt og falsað. En hér er tvímælalaust um það að ræða, að við erum að ganga lengra en þessi svokallaði Haagdómur gerði ráð fyrir að réttur breta og vestur-þjóðverja næði.

Þetta voru örfá orð um þau rök talsmanna þáltill. sem ég tel þess eðlis að það sé nauðlegt að skoða þau niður í kjölinn, og mín niðurstaða er sú sem ég nú hef greint frá.

Á hinn bóginn eru svo rök okkar sem ekki erum mjög samningsfúsir og höfum reyndar sagt við þau skilyrði sem nú ríkja í þessum málum að við vildum enga undanþágusamninga. Ég fyrir mitt leyti vil þó taka fram, að ég tel að þetta beri ekki að túlka á þann veg að það væri ekki fræðilegur möguleiki að sýna okkur samninga sem við mundum hika við að neita. Ég tel að það yrði að meta, en það yrðu þá að vera samningar á allt öðru stigi en þeir sem hér er um að ræða. Við gerum það auðvitað ekki að gamni okkar að standa í deilum, og við mundum sjálfsagt vilja vinna eitthvað til að geta haft frið á okkar fiskimiðum, jafnvel þó að það kostaði okkur einhverjar algerar bráðabirgðaundanþágur í nokkrar vikur eða nokkra mánuði. Ég held að sé ekki vafi á því. Hitt er svo annað mál, að þetta kjörorð okkar hefur skapast við þau skilyrði að ekkert hefur verið um að ræða af hálfu stjórnvalda annað en stórkostlegar ívilnanir sem varða þjóðarhag milljarða og það jafnvel margra milljarða árlega og mundu skerða rétt okkar óbærilega um langan tíma.

Það er enginn vafi á því, að með þessari þáltill., sem hér liggur fyrir, eru þjóðverjum í fyrsta lagi boðin 60 þús. tonn á ári í 2 ár, en það samsvarar ársafla 40 íslenskra togara með 3000 tonna afla, sem ekki verður að telja ólíklegan eins og sakir standa þó að aflamagnið verði trúlega ekki svo mikið þegar frá líður.

Hattersley hinn breski spáði því í dag samkv. fregnum breska útvarpsins að samningar mundu geta tekist við íslendinga um 90—95 þús. tonn. Ég vona að hann hafi ekki verið sannspár í þessu. En tilboðin, eins og þau standa, segja mér sem manni sem stundum hefur tekið þátt í samningum að það hljóti að vera stefnt á einhverja slíka tölu, annars hefði svo há tala eins og 65 þús. í tilboðinu aldrei verið nefnd. Þá hefðu menn haldið sig við miklu lægri tölu ef meiningin var að hér væri um eitthvert lokaboð að ræða. Lokaboð gera menn ekki í samningum, ekki neins staðar þar sem ég þekki til, þegar svo mikið ber á milli sem hér er.

Það er sjálfsagt enginn vafi á því heldur og hafa ekki verið bornar brigður á það hér í þessum umr. að samningar við a.m.k. belga og færeyinga eru á döfinni og skortir ekkert nema undirskriftirnar undir þá, og fleiri þjóðir koma þar til sem ættu hliðstæðan rétt, eins og t.d. pólverjar, norðmenn, austur-þjóðverjar, sovétrússar og jafnvel danir. Í sambandi við þá vil ég segja það, að það vill nú svo til að þeir eru í Efnahagsbandalaginu og ef þeim mislíkaði við okkur, sem ég efast ekkert um að þeim geri, m.a. vegna kannske óklókrar aðferðar í sambandi við mörkun 200 mílnanna, þá gætu þeir einir beitt neitunarvaldi til þess að t.d. bókun 6 kæmist ekki í framkvæmd. Og ég býst við að íslensk stjórnvöld yrðu þá ekki sein á sér að segja: Gjörið þið svo vel, þið getið fengið ykkar kvóta, ef það stæði ekki á öðru.

Það er þess vegna sem mér finnst eitt aðalatriðið í þessu máli vera sú stefna sem mér sýnist vera mörkuð með tilboði til þjóðverja um 60 þús. tonn. Með þeim eru þeim afhent t.d. um 60% af þeim karfa sem við megum veiða samkv. áliti fiskifræðinga, og er þó svo langt gengið nú þegar í þeim veiðum að smákarfi er til skaða veiddur samkv. skýrslu fiskifræðinganna, og sjálfsagt verður ekki mikil breyting á því.

Í öðru lagi er það svo álit mitt í sambandi við þessi atriði, sem ég hef gert hér að umtalsefni, að eins og ég reyndar var áður búinn að segja, tel ég að slíkar stórfelldar undanþágur eins og hér er um að ræða hljóti að hafa stór-

spillandi áhrif á þróun hafréttarmálanna. Við höfum haft þar mikil áhrif á undanförnum árum með fordæmi okkar. Ég held að þau áhrif mundu þverra og þau mundu nú öll verða á hinn verri veginn og ef til vill okkur stórhættuleg.

Í þriðja lagi tel ég það stórt atriði hvaða áhrif slíkir samningar og slík stefna í okkar fiskveiðimálum sem hér er um að ræða hefði á fiskveiðistefnuna hér innanlands. Það er brýnt fyrir okkur af okkar sérfræðingum sem við hljótum að taka góða og gilda, a. m. k. þessa 13 sem ekki vildu skrifa undir með Jóni Jónssyni, að það sé grundvallarskilyrði til þess að fiskstofnarnir geti haldist í horfinu hér við land að sóknin verði ekki meiri á næsta ári heldur en um 400 þús. tonn, þ. e. a. s. næstum því sama talan og við höfum sjálfir veitt að undanförnu, og þó helst eitthvað minni. Ég held að með því móti að við séum að afhenda útlendingum þriðja hvern eða annan hvern fisk sem veiðanlegur er með skaplegum hætti á Íslandsmiðum til útlendinga, þá þurfum við ekkert að vera að tala um neina markvissa fiskveiðistefnu hér á Íslandi.

Ég hef ekki trú á þeim boðskap, sem ég hlustaði á í sjónvarpinu nú um kvöldið frá ritara fiskiþings, að ráðið væri það að ganga hringinn í kringum landið og höggva niður bátaflotann með aðstoð ríkisins, sem keypti skipin, og segja þeim: Meira fáið þið ekki að veiða heldur en þetta og þetta. — Ég held, þó að kannske núverandi sjútvrh. eða sá sem næstur tæki við af honum væri eitthvað kjarkaðri heldur en fyrrv. sjútvrh., hv. þm. Lúðvík Jósepsson, sem legið hefur undir ámæli fyrir að hafa ekki gengið nógu hart fram í þessum málum, — sem vel kann að eiga einhverja stoð, það skal ég ekki segja um, — en ég er ekki farinn að sjá þann kjarkmann sem ætlar sér að ganga um landið, í öll sjávarþorpin, með þennan boðskap og gera hann að veruleika.

Ég held þess vegna að niðurstaðan yrði ekki þessi. Hún yrði kannske enn þá háskalegri, þ. e. a. s. sú að Íslendingar veiddu með öllum sínum flota allt sem þeir gætu og gætu kannske komist upp undir þau magnmörk nú næstu eitt eða tvö árin sem þeir hafa gert hingað til og síðan kæmi það til viðbótar sem við afhendum öðrum þjóðum, þ. e. a. s. að við veiddum í staðinn fyrir það, sem fiskifræðingarnir segja að gæti verið hæfilegt og án háska, um 400 þús. tonn, þá mundum við taka, ef flotinn gæti eða á meðan flotinn gæti, kannske allt að 550 eða 600 þús. tonnum. Og við höfum alveg fyrir okkur, m. a. í skýrslu Hafrannsóknastofnunar og þessari bók Steingríms Hermannssonar, sem honum sé þökk fyrir, hvaða afleiðingar verða af því, en þær standa hér, niðurstöðurnar um það, á bls. 14 í þessu merka riti Rannsóknastofnunarinnar, en þar segir m. a.:

„Fari svo, að viðkomubrestur verði í þorskstofninum, má áætla tekjumissi útgerðar 11 milljarða kr., lækkun útflutningstekna 18—20 milljarða kr. og hugsanlega lækkun þjóðartekna 40—50 milljarða kr. miðað við varlega áætlun um margfeldisáhrif.“

Og enn fremur, með leyfi hæstv. forseta:

„Áframhaldandi fyrirhyggjuleysi í málefnum sjávarútvegsins getur í versta falli leitt til efnahagslegs hruns og í besta falli til fjárhagslegra þrenginga.“

Svo mörg eru þau orð. En ég ætla þessi orð sannmæli sem þm. ættu að taka tillit til, þó að yfirmaður höfundanna virðist ekki vilja gera það. Ég held þess vegna, að ef þessi stefna nær fram að ganga sem hér er verið að marka, þá þýði það skipulagt dráp og eyðingu stofnanna meðan nokkurt kóð finnst í sjónum eða nokkrum útgerðarmanni eða bátseiganda þykir það nokkru skipta eða nokkur ábatavon í því að ýta skipi úr vör. Og afdrifin af slíku fyrirhyggjuleysi höfum við fyrir okkur hér svart á hvítu, og ég trúi algerlega Steingrími Hermannssyni í því sem hann segir í þessari bók.

Ég held þess vegna að það sé alveg augljóst að samningsdrögin, sem hér liggja fyrir, verði í fyrsta lagi að skoðast sem fordæmi, byrjun á framkvæmd stefnu sem ekki samræmist íslenskum hagsmunum, og ætla ég að þetta séu ekki nein stóryrði miðað við það sem fyrir liggur frá okkar vísindamönnum. Þessi stefna opnar gáttir fyrir öðrum og sumum e. t. v. stærri. Mér sýnist t. d. að afhending á 60% af karfaaflanum geti verið býsna þægileg röksemd fyrir bretana, sem aðallega hafa veitt þorsk hér við land, um að það ætti að afhenda þeim kannske þriðjunginn, kannske helminginn, kannske 60%, eins og þjóðverjum, af þorskaflanum. Alla vega yrði það ekki góð röksemd fyrir okkur þegar við þurfum að fara að semja sátt við þá, sem við gerum áreiðanlega fyrr eða síðar, því að það er nú svo með allar deilur að einhvern tíma enda þær með sáttum og einhvern tíma verður sest að samningaborði, þó að hugur manna standi kannske ekki mikið til þess núna næstu dagana. Vil ég þó ekkert um það fullyrða hversu skjótt skipast veður í lofti þar. Í öðru lagi að þessi stefna hefur hættuleg áhrif á gang hafréttarmála og á niðurstöðu ráðstefnu þjóðanna um þau. Í þriðja lagi að hún spilli eða jafnvel útiloki að hér verði mörkuð framsýn og vitleg veiðimálastefna, sem er frumskilyrði efnahagslegrar velferðar okkar í þessu landi.

Ég ætla mér hér ekki að fara út í einstök atriði nema þá örlítið í sambandi við sjálf samningsdrögin, því að ég tel að ég hafi hér dregið fram það sem mér finnst vera aðalatriði málsins. En tek þó undir það, sem hér hefur komið fram, m. a. frá þm. stjórnarflokkanna, að magnið, sem samið er um, er fráleitt, 60% af karfaveiðinni t. d. og það skapar stórhættulegt fordæmi í samningum við breta sem fyrr eða síðar hljóta að fara fram. Forgangsréttur okkar sem strandríkis, sem við eigum m. a. samkv. hinum svokallaða Haagdómi, er fótumtroðinn með þessari stefnu og þessari þáltill. Á margvíslegan hátt er þjóðverjum gert hærra undir höfði en okkur Íslendingum, t. d. um möskvastærðina. Ef ég hef ekki misskilið neitt, þá eiga þeir í orði kveðnu að hlíta íslenskum reglum um möskvastærð, sem er ákaflega þýðingarmikið atriði, vegna þess að kannske er

mikilvægast í okkar fiskvernd að verja ofsókn í þriggja ára fisk sem verður ekki kynþroska fyrr en eftir 3 ár og er auðvitað blandaður innan um annan og stærri fisk og þess vegna útilokað að verja hann með öðrum hætti en að stórstækka möskvana. Ég heyrði einn leiðangursstjóra af Bjarna Sæmundssyni lýsa því í sjónvarpinu núna að það væri mjög líklegt að möskvastærðin yrði færð úr 130 og eitthvað mm í 170 á næstunni. Þessu eiga þjóðverjarnir að hlíta, en þeir eiga bara að fá árs fyrirvara til þess að breyta því. Eftir að við höfum breytt okkar möskvastærð í 170 mm t. d., þá mega þeir halda áfram að veiða með 130 eða 135 í eitt ár frá þeim tíma. Þeir eiga líka að vera háðir tímabundinni vernd sem við íslendingar ákveðum og gerum jafnvel til mjög skamms tíma, vegna þess að fiskurinn hreyfir sig víst í sjónum, að maður hefur haldið, og það getur verið nauðsynlegt að grípa snögglega til verndaraðgerða af þessu tagi. Þeir eiga líka að hlíta þessu. En þetta þarf allt að ganga í gegnum stórmikið skriffinnskubákn, og það gæti jafnvel farið svo að þetta væri ekki komið til æðstu manna og ráðamanna þjóðverja fyrr en bannið yrði afnumið.

Ég hafði skilið það svo, og ég held að þeir hafi verið margir sem skildu það svo varðandi bókun 6, að algert skilyrði fyrir samningum ætti að vera að þau tollafríðindi, sem við höfum samið um, kæmu til framkvæmda. En svo er ekki. Þessu hefur verið kastað algerlega fyrir borð og í staðinn settur þessi 5 mánaða frestur sem mér sýnist aðeins vera til þess að herða á íslenskum og breskum stjórnendum að hafa lokið samningum fyrir þann tíma.

Sannleikurinn er sá, að allt plaggið er þannig eða mest af því, að við eigum að uppfylla allar skyldurnar, okkur á að blæða fyrir það sem tekið er af okkar fiskstofnum, og ég geri í sjálfu sér ekkert afskaplega mikinn mun á því um hvaða fisktegundir þar er að ræða, hvort það er þorskur eða annað, vegna þess að um leið og við þurfum að draga við okkur og minnka sóknina í þorskinn, þá hljótum við fyrr eða seinna, — það kann að vera einhver aðlögunartími, sem við þurfum, — þá hljótum við, ef við eigum að reyna að bjarga okkur eftir því sem við getum að gerðum slíkum samningum, að sækja meira í þá stofna sem ekki eru verst staddir um þessar mundir. En skyldurnar eru sem sagt allar okkar megin, en litlar eða engar hjá þjóðverjunum. Hér er ekki verið að semja á jafnréttisgrundvelli á nokkurn hátt, heldur líkist samningurinn meira því að þar hafi verið beygðir og bugaðir menn að verki gagnvart stórveldinu. Og ég held að ekkert slíkt hafi reynst smárri þjóð sigurvænlegt í baráttu hennar fyrir sjálfstæði sínu og rétti. Auk þessa er þess að gæta, að hér erum við að semja við ríkustu þjóð veraldar, þjóð sem setti á síðasta ári met í yfirballans á greiðslujöfnuði við erlendar þjóðir, en við á sama tíma Evrópumet í verðbólgu og kannske líka skuldasöfnun og viðskiptahalla, og með þessu erum við að gera okkur grátbroslega, ef ekki hlægilega í augum umheimsins. Það er eins og við værum einhver stórmenni, sem hefðum af miklu að má og gætum úthlutað stórveldunum verulegum fúlgum af okkar þjóðarauði. Við erum að rétta þessari ríku þjóð marga milljarða, ég skal ekki segja hve marga, ég hef ekki slegið neinum tölum á það, en það verður sjálfsagt leikur einn að gera það, en auka okkar eigið tap sem er ærið fyrir. Og ég spyr: Er þetta fallið til að auka veg okkar meðal þjóða, eins og hér hefur verið talað um, og styrkja okkar málstað? Þeir svari þessu sem mesta ábyrgðina bera á efnahagsþróuninni hér á landi frá síðustu tímum og á þeim samningsdrögum sem hér liggja fyrir.

Ég get svo að lokum ekki horfið héðan úr pontunni án þess að gera ofurlitla grein fyrir afstöðu verkalýðssamtakanna í þessu máli. Það hefur ekki farið fram hjá mönnum að alda mótmælasamþykkta frá almannasamtökum og þó sérstaklega frá félögum innan Alþýðusambands Íslands hefur sjaldan eða aldrei risið hærra heldur en nú.

Krafan er um raunverulega útfærslu og hreina landhelgi svo skjótt sem kraftar okkar til sóknar leyfa. Þetta sýnir að mínu viti þann þjóðarvilja sem nú er fyrir hendi, ekki bara verkalýðshreyfingarinnar því að hér er auðvitað fyrst og fremst um mál allrar þjóðarinnar að ræða fremur en einstakra starfshópa eða stétta. Hitt er þó alveg augljóst, að til að byrja með verður það verkalýðsstéttin, allra frekast fiskimennirnir, fólkið í fiskiðnaðinum í öllum sjávarplássum landsins, sem höggið dynur þyngst og harðast á, og því er ekki óeðlilegt, að það láti málið nú mest til sín taka. Skýrslur fiskifræðinga sanna að allir samningar um teljandi undanþágur þýða nákvæmlega sem nemur magni leyfðra undanþága jafnmikinn samdrátt atvinnu og lífskjara þessa fólks sérstaklega, en allrar þjóðarinnar að lokum. Við höldum ekki við um atvinnu og tekjur, það liggur fyrir, þó að allir útlendingar hverfi héðan og það strax á þessum degi eða þessari nóttu. Allt, sem samið er um til erlendra þjóða, er tekið af lífskjörum íslensks verkafólks á sjó og landi, og ég bendi í þessu sambandi á ábendingu í bók Rannsóknaráðs ríkisins um möguleika á 40—50 milljarða þjóðartekjutapi, 20 milljarða minnkun útflutnings og 11 milljarða tapi sjávarútvegsins, sem þar er spáð ef svo heldur fram sem mér virðist nú horfa. Ég held að það sé þess vegna augljóst að framhald þeirrar stefnu, sem hér er verið að marka, þýði í fyrsta lagi atvinnuleysi sjómanna og verkafólks í öllum sjávarplássum landsins, hvernig sem að er farið. Við höfum enga möguleika á að fá aðrar atvinnugreinar í staðinn, a. m. k. ekki um ófyrirsjáanlega framtíð.

Í öðru lagi þýðir þessi stefna stórfelld og fyrirséð rýrð lífskjör, því að lífskjörin fáum við ekki annars staðar heldur en af okkar eina stóra þjóðarauði.

Í þriðja lagi sýnist mér að þessi stefna hljóti að leiða til mjög harðnandi stríðs á vinnumarkaðnum, því að auðvitað fer það svo að verkalýðshreyfingin mun reyna að spyrna við fótum með eðlilegum hætti, og ef við fáum ekki atvinnuleysið strax, þá fáum við það síðar. Það getur verið að við fáum það strax nú í vetur.

A. m. k. var það boðað af ritara Fiskiþings að kvótaskiptingin á sjávarplássin ætti að ganga í gildi strax núna um áramótin.

Þetta, sem ég hef sagt um afleiðingar þessarar stefnu, bætist við aðrar þær efnahagslegu ógöngur sem þjóðfélagið er í. Mér sýnist þess vegna að það gæti margt bent til þess að tímarnir fram undan, ef allt fer á versta veg, yrðu ekki betri en tímar kreppuáranna milli 1930 og 1940, og þeir, sem lifðu þá tíma, a. m .k. sem verkamenn, langar ekki beinlínis til þess að lifa þá aftur.

Þegar ástandið er þannig að kaup þyrfti nú að hækka um 30% og að auki að koma full verðtrygging á laun, svo að viðunandi mætti teljast fyrir verkalýðinn í landinu, og þetta bætist við, þá geta allir gert sér í hugarlund hvernig muni ganga að sætta aðilana á vinnumarkaðnum. Ég held að verkalýðshreyfingin hafi verið að reyna að sýna og muni sanna það enn betur á næstunni að slíka framtíðarsýn lætur hún ekki bjóða sér án þess að grípa til allra tiltækra ráða sem hún getur gripið til, til þess að spyrna við fótum og reyna að hindra að þeir erfiðleikar gangi yfir hana sem valdsmenn þjóðarinnar virðast nú stefna að vitandi eða þá meira eða minna óvitandi, blindaðir af ímynduðum „sanngirnishugmyndum“ gagnvart þremur stórveldum, en fullu tillitsleysi gagnvart íslenskum verkalýð og íslenskri þjóð.

Fram til þessa hafa verkalýðssamtökin látið sér nægja að aðvara ríkisstj. og stuðningslið hennar með fjöldasamþykktum sem taka þó af allan vafa um hug hennar. Þau hafa vonað að þau varnaðarorð yrðu einhvers metin, m. a. hér í þingsölunum, og á það mun nú reyna skjótlega, þegar endanleg afstaða verður tekin til þess uppkasts sem nú er rætt. En ég stæði hér sem óhreinskilinn maður, sem væri að reyna að blekkja hv. þm., ef ég lýsti ekki því eindregna áliti mínu, að ef varnaðarorðin margendurtekin verða að engu höfð og vöði atvinnuleysis og enn rýrðra lífskjara verður óhindraður látinn dynja yfir vegna þrekleysis og skammsýni valdhafa, þá verður ekki látið sitja við orðin tóm. Það væri að sjálfsögðu heimildarlaust af mér og í engan stað eðlilegt að ég færi hér að útlista í einstökum atriðum til hvaða ráðstafana verkalýðssamtökin gætu gripið ef illa fer. En hitt fullyrði ég, að alþýðusamtökin munu ekki auðvelda neina framkvæmd þeirrar stefnu sem hér er verið að marka. Þau munu innan marka laga og réttar beita hverju tiltæku vopni samtakamáttar síns til þess að koma í veg fyrir að meðferð landhelgismálsins leiði til þess voða sem fyrirsjáanlegt er að hlýtur að verða afleiðing þeirrar undanhaldsstefnu sem hér er verið að ryðja brautina fyrir.

Verkalýðssamtökunum er fullljóst að hér er um að tefla sjálft grundvallarskilyrðið fyrir því að hér verði forðað frá atvinnuleysi, neyðarkjörum í kaupgjaldsmálum og efnahagslegum ógöngum. Þeim er ljóst að hér er um að ræða grundvöll allrar baráttu þeirra fyrir mannsæmandi lífskjörum nú og um langa framtíð. Og þetta hljóta þau að tengja almennri baráttu sinni fyrir hagsmunum sínum. Og þetta hlýtur líka að tengjast efnahag þjóðarinnar og þeim vanda sem þar er víst við að etja. Og samkv. þessu mun verkalýðshreyfingin ákveða baráttuaðferðir sínar, — baráttuaðferðir sem ég trúi að fyrr eða síðar muni færa þjóðinni allri sigur í þessu lífshagsmunamáli. Þetta eru ekki hótanir. En þetta eru skyldug aðvörunarorð á þessari stundu, því að ég segi jafnframt: Verkalýðshreyfingin er albúin þess að veita stjórnvöldum allan þann stuðning og annan þann styrk sem hún má til þess að halda fast og drengilega á réttum málstað þjóðarinnar, velji hún þann kostinn að hugsuðu máli. Og að ég tel víst er hún líka tilbúin að taka á sig sanngjarnan hluta þeirra erfiðleika sem öll þjóðinn kann að þurfa að bera í baráttu sinni fyrir fullri viðurkenningu á lögmætum aðgerðum til að vernda lífsgrundvöll þjóðarinnar, ekki aðeins um stundarsakir, heldur um langa framtíð. — Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Ég harma það að hv. 9. þm. Reykv., forseti Alþýðusambands Íslands, skyldi flytja hér sem lokaorð í sinni ræðu þann boðskap að hann sæi ekkert annað fram undan heldur en atvinnuleysi, og yfirleitt fannst mér í niðurlagi ræðu hans vera fólgin mikil bölsýni á framtíðarmöguleika fólksins. Ég vil segja það fyrir mitt leyti, að mér finnst það ekki æskilegt né rétt af forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar, hvar sem þeir eru í flokki, þá finnst mér það ekki rétt gagnvart fólkinu í landinu að draga stöðugt kjarkinn úr því með úrtölum og ótímabærri svartsýni þótt erfiðleikar séu fram undan í efnahagsmálum. Þar að auki finnst mér það óviðeigandi. En maður þarf nú ýmsu að venjast hér á hv. Alþ. sem er því miður ekki allt of gott.

Mér finnst það mjög óviðeigandi að hóta Alþ. að ef þróunin verði ekki öll að skapi okkar í verkalýðshreyfingunni, þá skuli verkalýðshreyfingunni stefnt á þessa ágætu samkundu með einhverjum hætti sem mér er ekki alveg ljóst hvernig á að gerast. Það er stefna núv. ríkisstj. og hefur verið stefna ríkisstj. að forða verkalýðnum frá atvinnuleysi. Þetta hefur tekist enn sem komið er — og ég vil segja: með ágætu samstarfi við Alþýðusamband Íslands og þá alveg sérstaklega við forseta Alþýðusambandsins. Og ég hef þá trú að ef forsetinn og miðstjórn Alþýðusambandsins halda tryggð við þá stefnu, þá mundi takast að forða fólkinu í landinu frá atvinnuleysi. En ef hins vegar á að taka upp gömlu vinnubrögðin, að tengja verkalýðshreyfinguna um of við pólitíska baráttu þeirra flokka sem hafa slegið hefð sinni á verkalýðshreyfinguna, þá er ég hræddur um að því miður geti sú ógæfa dunið yfir þessa þjóð að hér skapist styrjaldarástand, e. t. v. það portúgalska ástand sem sumir vilja framkalla, en ég veit að forseti ASÍ vill ekki.

Ég held að við ættum að starfa þannig áfram í verkalýðshreyfingunni — og það er töluvert stór hluti verkalýðshreyfingarinnar sem vill vinna þannig að sínum málum — að öll ráð séu ekki sótt til ákveðinna flokka og að ákveðnir flokkar slái ekki eign sinni á fólkið í verkalýðshreyfingunni. En það er kannske sumum framandi að slíkt geti gerst árið 1975 á Íslandi,

því að það átti aldrei svo að verða samkv. gömlu kenningunum. Ég held að það væri verðugra og betra verkefni, að við héldum áfram, eins og við höfum gert hingað til innan verkalýðshreyfingarinnar, að berjast gegn verðbólgudraugnum, berjast saman án þess að alltaf sé gripið til pólitískra vopna eftir flokkum, og þá er ég sannfærður um að sú mikla svartsýni og ég vil segja þreyta, sem er komin í forseta Alþýðusambands Íslands, þarf ekki að verða að veruleika í nánustu framtíð.

En það var athyglisvert í ræðu hv. 9. þm. Reykv. að hann sagði áðan að samningar við vestur-þjóðverja væru ekki útilokaðir í stuttan tíma, ef ég skildi hann rétt. Þetta er nú ekki alveg í samræmi við stefnu samstarfsnefndar Alþýðusambandsins og fleiri samtaka í þessu máli, sem mér skilst að sé sú að vera afdráttarlaust á móti öllum samningum. Og mér skilst að m. a. sé það eitt af hlutverkum þess fundar, sem á að halda á Lækjartorgi á morgun, að ítreka þessa yfirlýsingu um samstöðu á þessum grundvelli. En ég veit af fyrri reynslu að Björn Jónsson stendur við sínar skoðanir, hann gerði það hér áðan, og ég fagna því. Hins vegar finnst mér mikil stefnubreyting hjá honum frá þeirri stefnu sem hann hafði 1973, þegar hann sagði að magnið í þeim samningi, sem við erum hér að ræða um, sé fráleitt, þ. e. a. s. 60 þús. tonn. Honum fannst það ekki fráleitt að semja við breta um 130 þús. tonn árið 1973 eða 200 þús. tonn af þorski á tveimur árum.

Hv. þm. Helgi Seljan sagði áðan: Til hvers var verið að færa út í 50 mílur á sínum tíma ef átti ekki að skila sér nú? Hv. 2. þm. Austurl., Lúðvík Jósepsson, sagði hér fyrr í dag að rúmlega ⅓ af veiðum vestur-þjóðverja væri fyrir utan 50 mílurnar. Það þýðir að innan við 40 þús. tonn af þeim samningi, sem við erum að ræða um nú, eru veidd innan við 50 mílurnar, og það er mest karfi og ufsi. Ég tel að þetta sé veigamikill árangur í því að hreinsa 50 mílurnar, ef 130 þús. tonna samningurinn frá 1973 er hafður í huga.

Einn veigamesti þátturinn í sjálfstæðisbaráttu íslendinga á umliðnum árum hefur verið fólginn í útfærslu íslenskrar fiskveiðilögsögu. Hafa margir góðir forustumenn þjóðarinnar komið þar við sögu og þjóðin öll jafnan stutt þá í þessu lífshagsmunamáli. Í fiskveiðilögsögumálum hafa íslendingar haft forustuna meðal þjóða heims, bæði með einhliða aðgerðum í þessum efnum og í baráttunni fyrir viðurkenningu á nýjum reglum strandríkjum í hag.

Enn einu sinni höfum við riðið á vaðið með einhliða útfærslu undir forustu núv. stjórnarflokka, Sjálfstfl. og Framsfl. Er þetta tvímælalaust stærsta og mesta átak í þessum efnum — lokaátak. Það er yfirlýst stefna og vilji Alþingis að íslendingar skuli einir sitja að 200 mílna fiskveiðilögsögunni. Sömu afstöðu höfðum við gagnvart 50 mílna útfærslunni, en þrátt fyrir það urðu íslendingar að semja við breta um veiðiheimildir innan við 50 mílurnar, og var það gert í ríkisstjórnartíð Alþb.-manna, svo sem frægt er orðið. Þar með viðurkenndu þeir, eins og aðrir alþm. hafa orðið að gera fyrr og síðar, því miður, að þrátt fyrir einlægan vilja og góðan ásetning hefur hin einhliða útfærsla okkar ekki nægt til að tryggja sigur í fyrstu atrennu. Einhliða yfirlýsing okkar um stækkun fiskveiðilögsögunnar, sem við lítum á sem okkar eign, hefur ekki enn sem komið er öðlast lagalega viðurkenningu á alþjóðavettvangi.

Við slíkar kringumstæður eigum við íslendingar um þrjár leiðir að velja: sjálftökuleiðina, dómstólaleiðina eða samningsleiðina. Sjálftökuleiðinni eru ákveðin takmörk sett. Jafnvel hv. 2. þm. Austurl., Lúðvík Jósepsson, og Alþb.-menn gátu ekki tryggt framgang þeirrar leiðar í vinstri stjórninni. Þess vegna gerðu þeir samninginn við breta í nóv. 1973. Dómstólaleiðin, allir eru sammála um að sú leið komi ekki til greina í þessu lífshagsmunamáli þjóðarinnar. Þá er aðeins eftir ein leið, samningaleiðin. Það er sú leið sem við fórum hér nú í fyrsta og vonandi síðasta skiptið gagnvart vestur-þjóðverjum. En aðrir hafa farið þessa leið áður, og þá voru það ekki kölluð landráð eða óþjóðhollusta, enda voru það Alþb.-menn sem tóku þátt í samningunum.

En ekki nóg með það, í umr. áðan var upplýst að aðalforustumaður Alþb., hv. 2. þm. Austurl., Lúðvík Jósepsson, sem þekkir manna best til sjávarútvegs og fiskiðnaðar innan þess flokks, hefði í mars 1974 verið reiðubúinn til að semja við vestur-þjóðverja um 80 þús. tonna afla á ári og að 48 vestur-þýsk skip mættu stunda veiðar hér við land á 54 þús. ferkm veiðisvæði. Enn hefur þessu ekki verið mótmælt af neinum ræðumönnum Alþb. hér í kvöld. Þess vegna hlýtur þetta að vera rétt.

Sá samningur, sem hér er til umr., felur í sér 60 þús. tonna veiðiheimild til þjóðverja, 40 skip og 25 þús. ferkm svæði. Enginn gerir slíkan samning með ánægju, en ólíkt er hann betri en sá samningur sem Alþb.-menn voru greinilega reiðubúnir til að gera við vestur-þjóðverja í mars 1974.

Hv. 2. þm. Austurl. sagði í sinni framsöguræðu að við stæðum nú frammi fyrir samningum upp á 150—160 þús. tonn sem væru jafnvirði 15—20 milljarða kr. Þetta er rangt. Hér og nú er verið að ræða um samning upp á 60 þús. tonn, og þar af er um að ræða mest fisktegundir sem eru ekki í hættu vegna ofveiði. Vísa ég þar til skýrslu fiskifræðinga frá 13. okt. máli mínu til staðfestingar.

Þá vil ég víkja nokkuð að bretum og 65 þús. tonnunum. Það var vitað að bretar mundu hafna 65 þús. tonnum. Þessi hugmynd til sátta er svo fjarri því sem bretar geta hugsað sér, að með því að leggja hana fram var raunverulega verið að útiloka nokkra samninga við breta í nánustu framtíð eða yfirleitt ef hafréttarráðstefnan skilar þeirri niðurstöðu sem við öll vonumst eftir. Þess vegna er það blekking að halda því að fólki að nú sé verið að semja um 150—160 þús. tonn eða leggja drög að slíkri stefnu með þeim samningi sem hér er til umr. Það veldur mér miklum vonbrigðum að hv. 2. þm. Austurl. skuli vera með svona málflutning. Við erum að ræða 60 þús. tonna samning. En hvað skyldi vera raunverulegt verðmæti þess samnings? Sennileg skipting þessara 60 þús. tonna í afla þjóðverja gæti verið sem hér segir, miðað við fyrri reynslu og hlutföll: 35 þús. tonn væru karfi, 20 þús. tonn ufsi og 5 þús. tonn þorskur. Ég ómakaði

mig við að reikna út hvað þetta mundi skila miklu verðmæti miðað við verðmætustu vinnslu. Þeir útreikningar hafa ekki legið fyrir þm., því miður, frá gagnrýnendum þessa samnings. Ef við miðum við að allur þessi afli fari í frystingu, sem gefur mest verðmæti, mundi útkoman verða í stuttu máli sem hér segir:

35 þús. tonn af karfa mundu skila við þá nýtingu, sem við íslendingar þekkjum í okkar frystihúsum, um 10 150 tonnum af frystum flökum. Útflutningsverðmæti, cif-verðmæti, á tonn af karfa í 7 punda umbúðum til Sovétríkjanna, en þar er nú talinn besti markaðurinn fyrir karfaflök frá Íslandi sem stendur, — útflutningsverðmæti pr. tonn til Sovétríkjanna er nú í dag 990 dollarar tonnið, en það þýðir á því gengi, sem nú er á dollaranum, að þessi 10 150 tonn mundu skila sem svarar 1 678 millj. kr.

Þá skulum við líta á ufsann, 20 þús. tonn. Með þeirri nýtingu, sem við þekkjum hér, og framleiðslu í 7 punda flakapakkningu mundu 20 þús. tonn gera ca. 7 200 tonn af frystum ufsaflökum. Cif-útflutningsverð á tonn til Sovétríkjanna af ufsaflökum er nú 895 dollarar tonnið eða þessi 7 200 tonn mundu gefa ca. 1 077 millj. kr.

Þá skulum við líta á þorskinn og gefa þorskinum það mesta verðmæti sem hann getur fengið, sem er að frysta og framleiða flök í 5 punda pakkningu fyrir Ameríkumarkað, en það er dýrmætasta þorskflakapakkningin sem stendur. Þessi 5 000 tonn mundu skila 1 560 tonnum af frystum flökum í slíkri pakkningu fyrir Ameríkumarkað. Miðað við það verð, sem við þar höfum, mundu það verða að jafngildi 583 millj. kr.

Samtals í þessari nýtingu mundu 60 þús. tonn gera 3 338 millj. kr. cif brúttó.

Af þessu má sjá, að ef hv. þm. leggja sig einu sinni niður við það að reikna út sínar fullyrðingar í millj. kr., þá fá þeir allt aðrar tölur en þeir eru að gaspra með hér í þingsölum. Þess vegna segi ég það, að fullyrðingar stjórnarandstæðinga um þetta samkomulag, sem hér er til umr., þ. e. samkomulag við vesturþjóðverja, en ekki aðrar þjóðir, þær fullyrðingar, að þetta samkomulag muni leiða yfir þjóðina kreppu, atvinnuleysi og lífskjaraskerðingu upp á 16—20 milljarða kr., eru helber og órökstuddur þvættingur og ekki frambærilegt að halda slíku að þjóðinni, auk þess sem það er vísvitandi blekking og alveg ótrúleg forheiðing að halda því fram að óútkljáð deilumál við aðrar þjóðir séu orðin staðreyndir, samningar, og þeim gefin ákveðin fjármálaleg stærð. Ég leyfi mér að segja, að ég efast um að svona málflutningur eins og hv. stjórnarandstæðingar hafa verið með gagnvart þessum tölum þekkist lengur í málfundafélögum gagnfræðaskólanna. Þess vegna veit ég að þjóðin lætur ekki blekkja sig með þessum hætti. Þeir tímar eru liðnir, að sjónhverfingamenn eða æsingamenn villi fyrir þjóðinni í málum sem þessu og vefi þann blekkingavef sem nú er verið að vefa af stjórnarandstæðingum.

En vel á minnst, hvert skyldi núgildi breska samningsins frá 1973 vera ef hliðstæðar reikningsaðferðir, sem ég mæli ekki með, eru viðhafðar eins og hv. 2. þm. Austurl. hefur notað hér í dag? Hvað skyldu 200 þús. tonn af þorski, sem bretar hafa veitt á árunum 1974—1975, vera á núgildi? Vildu hv. stjórnarandstæðingar ekki reikna það út? Það er ekkert smáræði. Það eru 70 þús. tonn af frystum fiskflökum, svo að dæmi sé nefnt. Það yrði örugglega með þeim útreikningum, sem þeir nota, 30—40 milljarðar kr., en réttar reikningsaðferðir mundu sýna rúmlega 20 milljarða útkomu. En ég vil segja það, að það væri jafnrangt að segja nú að vegna samninganna við breta 1973 sé afkoma þjóðarinnar 30—40 millj. kr. lakari en ella, eins og nú er fullyrt af stjórnarandstæðingum að nú sé verið að semja við útlendinga um veiðiheimildir er feli í sér 15—20 milljarða kjaraskerðingu, auk þess sem það er reikningslega rangt, svo sem fyrr er frá greint.

Á grundvelli ályktunar Alþ. frá því 15. febr. 1972, sem gerð var í tíð vinstri stjórnar, hefur verið unnið að því að ná samkomulagi við Sambandslýðveldið Þýskaland. Er þetta ekki fyrsta tilraun í þessum efnum því að viðræður hafa farið fram við Sambandslýðveldið undanfarin 3 ár án árangurs. Það skýtur því skökku við að nú allt í einu skuli sumir þm. lýsa því yfir að samningsgerð í þessu máli sé tilræði við íslensku þjóðina. Ég held að þeir, sem nú tala hvað harðast gegn framlögðu samningsuppkasti, geri sér jafnvel grein fyrir því nú eins og þeir hafa gert áður að með samningum séu meiri líkur fyrir að útlendingar veiði minna magn á íslenskum fiskimiðum en ella.

Allir þm. hafa viðurkennt samningsleiðina sem slíka. Það þýðir ekkert nú að afneita þessari staðreynd né reyna að telja þjóðinni trú um að aðrar leiðir séu færari. Hins vegar er það annað mál, að við getum staðið frammi fyrir þeirri staðreynd að gagnaðilar séu óviðræðuhæfir, eins og nú á sér stað í sambandi við breta. Þá verðum við að bregðast við því samkv. því sem við okkur blasir, og ég er þess fullviss að íslenska þjóðin mun standa saman sem órofa heild í þeirri baráttu og axla þær byrðar sem slíku stríði fylgja.

Vil ég þá víkja nokkuð að samningunum við vestur-þjóðverja. Ég tel mikils vert að við stöndum ekki í stríði við bæði breta og vesturþjóðverja samtímis. Með því að semja við vesturþjóðverja getum við einbeitt okkur að bretum og varið það sem verðmætast er, sem er að mínu mati þorskstofninn. Auk þess vil ég tíunda eftirfarandi sem áunnist hefur frá fyrri stöðu í þessu máli gagnvart vestur-þjóðverjum:

Samningur þýðir að við höfum vald yfir veiðum þjóðverja á Íslandsmiðum. Það er tvímælalaust íslendingum hagstæðara en enginn samningur. Reynslan hefur sannað það.

Í öðru lagi: Viðurkenning vestur-þjóðverja á rétti íslendinga til samninga um veiðar erlendra aðila innan 200 mílna fiskveiðilögsögu er mikils virði. Ég vísa til þeirra efnisatriða í samningum sem fela í sér þessa viðurkenningu og tel óþarft að lesa það upp fyrir þingheimi því að það er svo ótvírætt.

Í þriðja lagi fara vestur-þjóðverjar í burtu með frysti- og verksmiðjutogara út fyrir 200 mílur.

Í fjórða lagi: Veiðimagn er 60 þús. smál., í stað þess að þjóðverjar voru með 91 700 smál. árið 1973 þegar þeir höfðu frið til veiða á þeim fiskimiðum sem um er að ræða.

Í fimmta lagi: Fjöldi vestur-þýskra togara verður 40 í stað þess að þeir hefðu hugsanlega getað orðið 47 eða 48, eins og fyrrv. sjútvrh. var reiðubúinn til þess að taka jákvæða afstöðu til.

Í sjötta lagi vil ég vekja athygli á því, að meðalaldur þeirra skipa, sem eru á listanum, er mjög hár. Af þessum 40 skipum eru 26 skip byggð fyrir 1961. Það þýðir að þessi skip eru að komast á þann aldur að það þarf að fara að klassa þau upp með miklum tilkostnaði, og ég tel öruggt að það muni vestur-þjóðverjar ekki gera.

Í sjöunda lagi getum við beint allri orku landhelgisgæslunnar í að verjast ágegni annarra þjóða og þá sérstaklega breta gagnvart þorskstofninum.

Í áttunda lagi tel ég að staða Íslands á hafréttarráðstefnunni verði betri með því að íslendingar sýni samningsvilja og semji með þeim hætti sem hér um ræðir við vestur-þjóðverja.

Í níunda lagi vil ég vekja athygli á því, að með því að gera þennan samning verða íslendingar ekki eins háðir Bandaríkjunum og Sovétríkjunum í sölu ufsa og karfa og ella væri. Nú kann einhver að spyrja: Skiptir það nokkru máli? Og ég vil svara þessu til um það: Það er mjög nauðsynlegt fyrir íslendinga að gera sér grein fyrir því, að það er ekki nóg að veiða fisk, það þarf einnig að selja fisk Ef það er haft í huga að fiskveiðiflotinn hefur tekið miklum stakkaskiptum, m. a . í stjórnartíð fyrrv. sjútvrh., Lúðvíks Jósepssonar, þannig að í stað þess að treysta á smærri fiskiskip, þá verðum við í nánustu framtíð að treysta fyrst og fremst á 70—80 togara. Togarar stunda allt aðrar veiðislóðir heldur en minni fiskiskip, það vita allir sem hafa stundað sjómennsku og þekkja til útgerðar. Togarar geta ekki veitt og veiða ekki annað en karfa og ufsa ákveðinn tíma árs, þ. e. einkum frá því í júlí og fram í sept. Við höfum átt í miklum erfiðleikum með að selja það sem þegar hefur aflast af karfa og ufsa, og þær sölur hafa einkum átt sér stað til Sovétríkjanna og þar hefur verið ágætur markaður, sérstaklega fyrir karfa, og til Bandaríkjanna. Þrátt fyrir það að veiðiflotinn var ekki samsettur með þeim hætti sem ég gat um áðan, höfum við átt í erfiðleikum með að selja þann litla afla tiltölulega vil ég segja, af karfa og ufsa til þessara tveggja meginmarkaðsríkja. Þessir fáu togarar, sem við áttum fyrir nokkrum árum, sigldu oft til Þýskalands, þannig að það létti dálítið á pressunni í sölumálum á karfa og ufsa til Bandaríkjanna og Sovétríkjanna. En nú stöndum við frammi fyrir því, að ofan á þetta ástand, sem verið hefur, að það hefur verið erfitt að selja þessar afurðir í þessum bestu markaðslöndum okkar, þá erum við með togaraflota sem krefst þess að þriðji möguleikinn sé opinn í sambandi við sölu karfa og ufsa og það einmitt á þeim mánuðum sem ég gat um áðan. Þess vegna segi ég og ég er sannfærður um að íslenskir sjómenn munu skilja það, að það er þeim og þjóðinni í hag að íslenskir togarar geti — ég vil segja: selt þann umframafla sem við getum ekki selt á okkar bestu mörkuðum til þessa, — að þeir geti selt þennan afla, karfa og ufsa, í Þýskalandi, auk þess sem ég vil leyfa mér að halda því fram að ef þessi markaðsmöguleiki verður ekki fyrir hendi, þá getum við horft upp á það að ákveðnum hluta togaraflotans verði lagt tiltekinn tíma á ári, í 2—3 mánuði. Slíkt mundi auðvitað hafa í för með sér lífskjaraskerðingu og atvinnuleysi hjá því fólki sem treystir á afkomu sína í sambandi við þá nýju togaraútgerð sem m. a. fyrrv. sjútvrh. Lúðvík Jósepsson átti ríkan þátt í að byggja upp. Þess vegna er það ekki rétt þegar því er haldið fram — ja, ég segi: af sumum félögum mínum í verkalýðshreyfingunni, að þessi samningur leiði tortímingu og atvinnuleysi og erfiðleika yfir íslenskan verkalýð. Ég vil segja, að þessi samningur geti frekar tryggt það, að það komi ekki atvinnuleysi, einmitt vegna þess að togaraflotinn krefst þess, hann útheimtir það að fá þennan möguleika ákveðinn tíma á ári í okkar fisksölumálum.

Þetta hefur haft mikil áhrif á mig í afstöðu minni til þeirrar samningsgerðar sem hér um ræðir. Ég tel það mikinn ábyrgðarhluta gagnvart íslenskri verkalýðshreyfingu að útiloka sem sagt íslenska togaraútgerð frá þeim möguleikum sem hér er um að ræða, auk þess sem ég er þeirrar skoðunar að með því að gera þennan samning, sem ég vil segja að frá sjónarmiði þjóðverja sé undansláttarsamningur frá þeirra sjónarmiði séð, — það er mín skoðun að með því séu þeir raunverulega að taka fyrsta skrefið í þá átt að ljúka sinni útgerð og sínum útgerðarrekstri á Íslandsmiðum. Ég gæti best trúað því að þeir séu búnir að ákveða að þessu sé raunverulega lokið og það sé tímaspursmál hvenær þeir fari alveg og þá vilji þeir gjarnan hafa gert samning við íslenska aðila með tilliti til framtíðarinnar. Og ég segi það hér, að ég trúi því ekki að það sé nokkur þm. hér inni sem vilji útiloka það, að það komi til greina í nánustu framtíð að íslendingar hafi góða markaðsmöguleika í Vestur-Þýskalandi og á meginlandi Evrópu yfirleitt. Auk þessa hlýtur það að vera einhvers virði, það hefur stundum þótt góð latína í samningum að kljúfa gagnaðila. Ég tel að með því að semja við vestur-þjóðverja með þeim hætti sem það er gert, þá höfum við rekið ákveðinn fleyg inn í Efnahagsbandalagslöndin, og ég er sannfærður um að sá fleygur er bretum ekki þóknanlegur, nema síður sé.

Að endingu mætti svo auðvitað ræða um það, sem er ekki rétt á þessu stigi, en hlýtur að verða umræðuefni hér á þingi síðar, það er að reynist skýrsla Rannsóknaráðs rétt varðandi þorskstofninn, sem er ekki aðalumræðuefni hér í sambandi við þennan samning því að hér er fyrst og fremst verið að ræða um karfa og ufsa, en reynist það rétt að þorskstofninn sé jafnilla farinn og sú skýrsla kveður upp úr um, þá held ég að það sé nú orðið tímabært fyrir alþm. alla, hvar í flokki sem þeir eru, að gera það upp við sig hvernig þeir ætla að tryggja framtíð íslensku þjóðarinnar, hvernig þeir ætla að tryggja framtíð

þúsunda ungmenna, hvaða atvinnugreinar ætlum við að byggja upp, ef þetta skyldi reynast rétt. Ef þetta skyldi reynast rétt, segi ég, því að ég vil ekki trúa því. Ég ætla ekki að gera lítið úr fiskifræðingum, en ég hef heyrt marga góða útgerðarmenn segja gegnum árin að fiskifræðingar hafi ekki alltaf rétt fyrir sér, og ég segi hér og nú: Ég vona að þeir hafi ekki rétt fyrir sér í sambandi við þorskstofninn, ekki vegna þess að það standi til að semja við breta, heldur vegna stöðu íslensku þjóðarinnar almennt.

Við munum auðvitað ræða það hér síðar hvernig við ætlum að treysta framtíð og atvinnuuppbyggingu þjóðarinnar, hvort sem þetta verður eða verður ekki. En við skulum þá gefa okkur verstu forsendur og sjá til hvort alþm. axli það hlutverk að leggja þjóðinni til rétta stefnu og framkvæmd sem tryggi fólki hér lífvænlega framtíð við góðan atvinnurekstur. Þá reynir á hvort þeir menn, sem hafa talað harðast gegn þessum samningi, séu menn til að taka afstöðu til þess sem gera þarf, en einangri ekki þjóðina þannig að hér búum við við vesæld og aumingjaskap í framtíðinni. Ég mun ekki taka þátt í því að einangra þjóðina frá öðrum þjóðum, með sérstöku tilliti til þessa.

Ég hef trú á íslendingum, getu þeirra og hæfileikum. Samskipti mín við alþýðu manna hefur sannað fyrir mér að góðir Íslendingar horfa á málalok, en láta ekki augnabliksæsing villa um fyrir sér. Það að ætla að stefna að því að einangra þjóðina algerlega frá Vestur-Evrópu er tilræði við framtíð lýðræðis og þingræðis í landinu og tilræði við unga fólkið í landinu. Framtíð og tilvera íslensku þjóðarinnar krefst þess að rétt sé staðið á því að íslendingum verði tryggð yfirráð yfir 200 sjómílna fiskveiðilögsögu á viðurkenndan hátt í reynd.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs einungis til að fjalla um tvö atriði, sem ég tel þó alveg nauðsynlegt að komi hér fram og það einmitt strax á þessum fundi. Vænti ég þess að hv. þm., helst allir, séu mér sammála um nauðsyn þess.

Fyrra atriðið er það, að í ræðu eins hv. þm., hv. þm. Benedikts Gröndals, 2. landsk. þm., kom það fram, að hann teldi að hvorki bein né óbein viðurkenning væri fólgin í þáltill. eða orðsendingum þeim sem hér eru til umr., — hvorki bein né óbein viðurkenning á hinni nýju landhelgi íslendinga. Hann gat þess raunar að sovétmenn vildu ekki taka upp samninga við okkur íslendinga vegna þess eins að það að ræða við okkur mundu þeir telja vott um eða tegund af viðurkenningu, eins og hann orðaði það, og auðvitað er það að vissu leyti rétt. En ég leyfi mér að halda því fram að í þessari orðsendingu utanrrh. Íslands til sendiherra Sambandslýðveldisins Þýskalands felist einmitt — ég vil segja: bein viðurkenning á réttindum okkar íslendinga, og það er ekki einungis um að ræða svokallaða viðurkenningu de facto eða í raun, heldur tel ég nálgast að jafnframt sé um að ræða viðurkenningu de jure eða að lögum.

Það er mjög mikill munur á þessari orðsendingu og þeirri, sem send var 1973 til Bretlands, að orðalagi til og allri efnisuppbyggingu. Við gengum að því með opnum augum, bæði þeir sem hér voru á þingi þá, ég sem ritstjóri og mitt blað, að gera þann samning vitandi það að það var ekki um neins háttar viðurkenningu að ræða. En ég tel að í þessum samningi sé um viðurkenningu að ræða og skal færa að því nokkur rök hér á eftir, þótt auðvitað verði aðrir mér færari menn til þess að færa að því traustari rök síðar, því að vissulega er mikilvægt fyrir okkur íslendinga alla að svo megi túlka þessa orðsendingu, ef samningur verður gerður, að þar sé um að ræða viðurkenningu, bæði de facto og de jure. En eins og ég sagði, þá kveð ég mér hljóðs strax til þess að á þessum fundi komi fram andmæli gegn þessum skoðunum hv. þm. Benedikts Gröndals, og þó vil ég taka skýrt fram að ég veit að hann, formaður Alþfl., vill svo sannarlega ekki skaða íslenskan málstað, heldur er það af athugunarleysi sem hann heldur þessari skoðun fram, og ég hygg að svo megi segja um hv. þm. alla, að enginn þeirra vilji túlka þessa orðsendingu okkur í óhag. Ef hún verður samþ. og samningur gerður, þá vona ég að hver og einn einasti 60 þm. vilji túlka hana eins mikið okkur í hag og unnt er.

Ég vek þó athygli á því, að upphaf þessarar orðsendingar er á þá leið að þar er byggt á íslenskum lögum og íslenskum reglugerðum. Það er beinlínis til þess vitnað strax í upphafi orðsendingarinnar og hún öll á því byggð að hér sé um að ræða íslensk lög og reglugerðir á þeim byggðar, gagnstætt því, sem var í orðsendingunni frá 1973, þar sem segir, með leyfi forseta:

„Þar sem efnisleg lausn deilunnar hefur ekki náðst, hefur í þessum viðræðum verið gengið frá eftirfarandi grundvelli að bráðabirgðasamkomulagi um fiskveiðar á hinu umdeilda svæði, enda hafi slíkt ekki áhrif á lagaskoðanir aðila eða réttindi, og er miðað við“ o. s. frv.

Og síðar í þessari orðsendingu er talað um að samkomulagið gildi í eitt ár og „hefur brottfall þess ekki áhrif á lagaskoðanir aðila varðandi efnisatriði deilunnar.“ Þarna er sem sagt ótvírætt frá því gengið að ekki sé um að ræða nein lagaleg áhrif. En það er að vísu rétt að í gagnorðsendingu til utanrrh. Íslands frá sendiherra Sambandslýðveldisins Þýskalands segir að ofangreind erindaskipti hafi „engin áhrif á afstöðu ríkisstjórna aðila til hafréttarmála,“ hinna almennu hafréttarmála, og þá ekki heldur þá afstöðu sem í þessu birtist að vera nú að gera við okkur samninga. Ég tel að á þessu sé mjög mikill munur, og skal færa að því enn frekari rök.

Það er margsinnis í orðsendingunni talað um að Sambandslýðveldið Þýskaland ábyrgist hitt og þetta. Slíkt orðalag er hvergi að finna í fyrri yfirlýsingunni. Þar er allt á annan veg. Og í 5. tl. þessarar orðsendingar segir að á hafsvæðinu umhverfis Ísland ábyrgist ríkisstj. Sambandslýðveldisins Þýskalands að þýskir togarar stundi ekki þær veiðar sem íslenskum skipum eru bannaðar af þar til bærum stjórnvöldum, orðrétt — „af þar til bærum stjórnvöldum“ — þ. e. a. s. af íslenskum stjórnvöldum. Það eru íslensk stjórnvöld sem eiga úr þessu að skera, og raunar er á öðrum stað talað um það, að ef samkomulag

verði milli Íslands og annarra ríkja um breyttar miðlínur, þá verði þjóðverjar að sæta því. Þar er ákvörðunarréttur íslendinga sem þjóðverjar hafa ekkert um að segja. Þetta sama kemur fram þar sem rætt er um möskvastærð og eins um friðunarsvæði. Þar er einmitt talað um atriði sem „tilgreind eru í hlutaðeigandi reglum varðandi veiðar íslendinga", þ. e. a. s. hlutaðeigandi reglum sem íslensk stjórnvöld setja.

Það ber sem sagt allt að sama brunni, að hér er um beina viðurkenningu að ræða, vil ég meina, og ekki einungis de facto, heldur líka de jure, og það hljótum við íslendingar að verða að túlka svo, væntanlega allir hv. þm. og íslenska þjóðin, og ég vona að fræðimenn fallist á að þessi skilningur sé réttur, því að vissulega getur það haft grundvallarþýðingu fyrir okkur í framtíðinni. Ég taldi mér skylt að þetta kæmi hér fram að gefnu tilefni strax á þessum fundi, svo að menn gætu haft það til íhugunar á fundi þeim sem hér verður á morgun.

Hitt atriðið sem ég vildi að hér kæmi fram, er að talað hefur verið um að þjóðverjar megi veiða á ársgrundvelli 60 þús. tonn. Nú er ég ekki viss um að nokkurn tíma taki gildi 6. gr. um tollamálin. Ég hygg miklu frekar að engir samningar muni verða gerðir við breta og samkomulagið við þjóðverja þar af leiðandi falli úr gildi eða frestist að 5 mánuðum liðnum. Ég tel þess vegna mjög mikilvægt að það liggi alveg skýrt fyrir að það hljóti að vera vilji íslensku ríkisstj. og Alþ. alls og skýring á samkomulaginu að þjóðverjar megi ekki veiða meira en 5/12 hluta þess afla á næstu 5 mánuðum og helst enn minna en það, því að þeir stunda minni veiðar á þessum árstíma en síðla árs, og það sé þess vegna alveg ljóst að undir engum kringumstæðum megi þeir veiða meira en 25 þús. tonn á næstu 5 mánuðum, ef samkomulag verður gert, þannig að ef það fellur úr gildi hafi þeir ekki misnotað rétt sinn að þessu leyti.

Ég vænti þess, að hæstv. utanrrh. taki af öll tvímæli um þetta, ef einhver eru, í orðsendingum til vestur-þjóðverja, hvort sem það er gert munnlega eða skriflega. Þetta tel ég þýðingarmikið og taldi nauðsynlegt að þetta tvennt kæmi hér fram nú strax.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ástæðan til þess að ég kveð mér hljóðs er visst efnisatriði þess samkomulags sem við erum nú að fjalla um. Menn kynnu e. t. v. að ætla að erindi mitt hér í ræðustólinn væri annað, þar eð þó nokkrir þm. Alþb. hafa rangfært dálítið ummæli mín frá því fyrr í dag og lagt í mín ummæli nokkuð aðra merkingu en var sögð og túlkuð af minni hálfu í dag. Ég hef í veiklyndi mínu eins og fleiri hv. þm. nokkrum sinnum í kvöld brugðið mér niður á neðri hæðina og þegið hið ágæta kaffi sem þar hefur verið á boðstólum, og mér hafa borist fregnir af því að ég hafi fengið smákveðjur öðru hverju í tilefni af ummælum mínum utan dagskrár í dag. Ég ætla nú alls ekki að fara að skaprauna hv. þm. með því að tíunda öll þessi ummæli hv. stjórnarandstæðinga, það yrði allt of leiðigjarnt og það á þessum tíma sólarhrings. En niðurstaða mín er einfaldlega sú, sem fleirum hlýtur að vera ljós, að hv. stjórnarandstæðingar eða a. m. k. vissir menn í þeirra hópi eiga afskaplega erfitt með því að kingja því, að um þá og þeirra baráttuaðferðir hljóti að gilda sömu reglur og um annað fólk í þjóðfélaginu. Það er einnig svo, að starfsaðferðir í þeim virðulegu og ágætu samtökum, verkalýðssamtökunum, eru ekki heldur yfir gagnrýni hafnar, og ég áskil mér allan rétt til þess að vekja athygli á því, ef ég tel að þar eða í öðrum mikilvægum samtökum í þjóðfélaginu séu teknar ákvarðanir með hætti sem ekki getur talist samrýmast fyllilega lýðræðisreglum. Þetta er alkunnugt atriði, og á þessu hafa ýmsir vakið athygli á undan mér.

Erindi mitt í ræðustól varðar mjög mikilvægt atriði í sambandi við okkar dagskrármál hér. Það hefur komið fram í fregnum af þessu máli að þjóðverjar skuldbindi sig til þess að vinna að því af sinni hálfu að bókun 6 taki gildi. Hér í þessu þskj. er þetta ekki fram tekið. Ég tel að hér sé um svo mikilvægt atriði að ræða að það þurfi að koma fram hér í umr. og standa í þingtíðindum staðfesting ráðh. á því, að þjóðverjar hafi skuldbundið sig til þessa. Ég varð þess ekki vör að þetta kæmi fram í ræðum ráðh. í dag, en sé svo, að þessi skuldbinding hafi komið fram af þjóðverja hálfu í viðræðunum um samkomulagið, þá leyfi ég mér að beina því til hæstv. ríkisstj., sem ég raunar hreyfði í þingflokki sjálfstæðismanna, hvort ekki væri rétt að til viðbótar því, sem stendur í þessu þskj., yrði send af Íslands hálfu orðsending þar sem staðfest væru þessi ummæli eða þessi viljayfirlýsing þjóðverja. Það kunna að vera ástæður fyrir því af þeirra hálfu að þeir hafi ekki sjálfir berum orðum tekið þetta fram, en hafi þetta komið fram í viðræðunum er hér um svo mikilvægt atriði að ræða og getur orðið okkar málstað til svo mikils stuðnings að það er sjálfsagt að mínu viti að láta þetta standa skýrum stöfum í þeim skjölum, sem hér koma við sögu. Það væri e. t. v. hægt að ganga svo frá málum að bréf um þetta efni yrði sent þjóðverjum á morgun.

Nú vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. utanrrh. hvort það sé ekki rétt, að þjóðverjar hafi skuldbundið sig til að vinna að því að margnefnd bókun taki gildi og hvort hann telji þá ekki rétt að staðfesta það í orðsendingu af okkar hálfu.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Það væri sjálfsagt ástæða fyrir mig til þess að tala hér alllangt mál út af ýmsum þeim ræðum, sem haldnar hafa verið, og ýmsum þeim kveðjum, sem mér hafa verið sendar hér í ræðum. Ég fullvissa þá hv. ræðumenn, sem þessar kveðjur hafa sent, að ég skal muna þær, en gleyma ekki, þó að ég ætli ekki að fara að eyða tíma hv. alþm. til þess að svara þeim núna um þetta leyti nætur. Sumt af því tel ég tæplega samboðið alþm. að láta sér um munn fara. En þingtíðindin geyma þetta og þar verður kannske síðar tækifæri til að rifja það upp.

En út af þeim ábendingum, sem komið hafa fram í tveim síðustu ræðum, vil ég segja það,

að þau drög, sem við í samninganefndinni komum með heim frá Þýskalandi, eru alveg óskuldbindandi, þannig að það er Alþ., það eru þeir, sem hér sitja, sem ráða því hvort samningur verður gerður eða ekki. Við höfum auðvitað fullan rétt á því að gera þær aths. sem okkur þykja þess virði að gera.

Ég vil taka það fram um ábendingar, sem komu fram frá hv. 4. þm. Norðurl. v. um að viðurkenningin sé ekki einungis de facto, þ. e. í verki, heldur megi einnig skoða hana lagalega, — þeim ábendingum mun ég koma áleiðis til þjóðverja. Ég er ekki viss um að þeir fallist á það, en það er sjálfsagt að láta þá vita af því að slík skoðun hafi komið hér fram. Enn fremur mun ég láta þá vita að við skiljum samninginn á þann veg að eftir 5 mánuði eigi þeir aðeins að vera búnir að fiska 5/12 af umsömdu aflamagni.

Í þriðja lagi, út af því sem hv. 5. þm. Reykv. minntist á, þá er það rétt að þjóðverjar töluðu um það og við töluðum um það í samningaviðræðunum að þeir mundu beita þeim áhrifum, sem þeir kunna að hafa í Efnahagsbandalaginu, til þess að fá bókun 6 í gildi eins fljótt og verða má. Og ég get upplýst að þegar hefur verið samið bréf, sem sent verður á morgun, sem áréttar þennan skilning.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 42 shlj. atkv. og umr. frestað.

Sameinað þing, 24. fundur.

Fimmtudaginn 27. nóv., kl. 2 miðdegis.

Samkomulag við Sambandslýðveldið Þýskaland um veiðar þýskra togara, þáltill. (þskj. 85, n. 93 og 94). — Frh. einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. meiri hl. hefur n. fjallað um till. og ekki orðið sammála um afgreiðslu hennar. Meiri hl. mælir með því að hún verði samþ. óbreytt.

Í umr. þeim, sem fóru fram hér í gær, gerðu ráðh. ítarlega grein fyrir till. og ástæðum fyrir því að ríkisstj. mælir með samþykkt hennar. Ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það hér, en minni aðeins á eftirfarandi atriði:

Í samningsdrögunum felst mikilvæg viðurkenning á 200 mílna mörkunum. Í fyrsta lagi lofa vestur-þjóðverjar því að halda verksmiðju- og frystitogurum sínum alveg utan þessara marka. Í öðru lagi lofa þeir að veiða aðeins á tilteknum svæðum innan 200 mílna markanna. Í þriðja lagi lofa þeir að hlíta íslenskum lögum og reglum á þeim svæðum þar sem þeir fá veiðileyfi. Þá viðurkenna vestur-þjóðverjar þá staðreynd, að þorskastofninn þurfi miklu meiri vernd en aðrir fiskstofnar. Þetta er mjög mikilsverð viðurkenning, eins og nú er ástatt með þorskstofninn.

Að lokum kem ég að því sem ég tel mikilvægast við þetta samkomulag. Það var ljóst eftir fyrstu samningaviðræður við breta í sept. að nýtt þorskastríð yrði ekki umflúið. Hv. 5. landsk. þm. lét svo um mælt í umr. hér í gærkvöld að ég hefði spáð því í Tímanum s. l. þriðjudag að bresku herskipin mundu koma. Ég spáði þessu strax í Tímanum eftir þessar fyrstu viðræður við breta í sept., því að mér var ljóst að enginn grundvöllur væri fyrir hendi til samninga við breta, en jafnframt hótuðu þeir óspart að veita togurum sínum nauðsynlega vernd. Þetta álit mitt hefur átt mestan þátt í því að ég hef síðan verið hlynntur samningum við vestur-þjóðverja, því að kæmi til þorskastríðs við breta þyrftum við að geta beint óskiptri orku okkar gegn þeim. Þetta þorskastríð er nú skollið á. Með því samkomulagi, sem hér liggur fyrir, vinnst það tvennt, að við tryggjum fiskstofnum okkar meiri vernd en ella, eins og reynslan frá þorskastríðinu 1973 sýnir, og að við getum nú alveg einbeitt okkur gegn bretum.

Ég endurtek svo það, að meiri hl. utanrmn. mælir með samþykkt till. óbreyttrar.

Frsm. minni hl. (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Eins og fram kemur á þeim tveimur nál., sem koma frá utanrmn., nál. meiri hl. á þskj. 94 og nál. minni hl. á þskj. 93, klofnaði n., svo sem e. t. v. kemur mönnum ekki sérlega mikið á óvart. Í n. voru algerlega hreinar línur. Stjórnarsinnar mæla með því að till. þessi um samningsgerð við vestur-þjóðverja verði samþ., en fulltrúar í stjórnarandstöðu í n. leggja til að þessi till. verði felld.

Ég vek athygli á því, eins og segir í nál. okkar minnihlutamanna, mínu og hv. 2. landsk. þm., Benedikts Gröndals, þá er tekið fram í lok álitsins, að SF, sem eiga ekki kjörinn fulltrúa í utanrmn., eða fulltrúi sá sem situr fundi n., Magnús T. Ólafsson, hv. þm. hefur lýst sig algerlega samþykkan nál. okkar, mínu og hv. 2. landsk. þm. Það fór því svo í utanrmn. að þar eru algerlega hreinar línur: stjórnarliðar annars vegar, stjórnarandstaðan hins vegar. Eftir þeim umr. að dæma, sem hér fóru fram í gær, má einnig gera ráð fyrir að þannig sé þessu varið á hv. Alþ.

E. t. v. hafa einhverjir búist við því að hér væri um að ræða slíkan samning að einhverjir stjórnarliðar væru a. m. k. hikandi við að fylgja honum. Það á eftir að sýna sig hvort svo er, en ýmislegt bendir til þess að það hafi tekist að ná samstöðu stjórnarliða hér á hv. Alþ. um málið.

Það hefur að vísu ekki farið neitt leynt og kom að vísu dálítið fram á fundinum í gær að menn hafa verið hikandi, ýmsir stjórnarliðar fylgja málinu með tregðu og jafnvel ólund, og það er e. t. v. ekki að furða. Hv. 2. þm. Vestf. lýsti því þannig í ræðu sinni í gær að hann hefði verið á móti málinu í fyrradag, en væri nú að vísu orðinn fylgjandi málinu í gær. Sú ástæða, sem hann tilgreindi og var nr. eitt, var að þeir, sem á móti þessu máli væru, að gera þennan samning, væru ekki sérlega fýsilegir til félagsskapar. Þetta var hans röksemd nr. eitt.

Svo held ég að hann hafi bætt einhverri annarri við. Nú kann það vel að vera að hv. 2. þm. Vestf., sem ég sakna nú hér úr þingsalnum, ætlaði að segja við hann fáein orð, — nú kann það vel að vera að þeim hv. þm. þyki það heldur ógeðfellt að hafa samstöðu eða hafa sömu skoðun á einhverju máli og til að mynda alþb.-menn, svo að ég taki nú til þá sem honum þykja e. t. v. einna verstir, og jafnvel alþfl.-menn og frjálslyndir. En ég ætlaði að benda honum á það og þeim öðrum, sem hugsa eitthvað svipað og hann, að það eru ekki bara stjórnarandstöðuflokkarnir þrir sem hafa snúist gegn þessu máli, það er Alþýðusamband Íslands, stjórn þess, það er Verkamannasamband Íslands, það er Sjómannasambandið, það er Farmanna- og fiskimannasambandið, það eru Samtök áhugamanna um sjávarútvegsmál. Hv. 2. þm. Vestf. og aðrir þeir framsóknarmenn sem svipað hugsa og hann og hafa nú kosið sér geðfelldari félagsskap heldur en þennan, þeir mega gjarnan vita að það verður tekið eftir því, bæði á Vestfjörðum, Austfjörðum og annars staðar á landinu, hver það er, þessi geðfelldi félagsskapur sem hv. framsóknarmenn meta meira en þann félagsskap sem þeir hefðu lent í ef þeir hefðu orðið á móti málinu. Það er félagsskapurinn við íhaldið, — ekki íhaldið í landinu eins og það leggur sig, mér dettur ekki í hug að halda því fram, því að ég veit að mjög margir sjálfstæðismenn eru sama sinnis og við stjórnarandstæðingar í þessu máli og eru á móti, — en það er íhaldsforustan, óskipt að ég hygg, það er það kompaní sem hv. 2. þm. Vestf. hefur valið sér og tekið mjög svo fram yfir þennan heldur leiðinlega félagsskap sem hann var að tala um hér í gær. Ég treysti nú a. m. k. hv. 5. þm. Vestf. og raunar ýmsum fleiri til þess að láta þessa afstöðu hv. 2. þm. Vestf., — ég var að nefna atriði úr ræðu hans í gær, — ég á nú von á því að t. a. m. hv. 5. þm. Vestf. hafi einhver ráð til þess að koma þeirri vitneskju til vestfirskra sjómanna og vestfirskra bænda, til vestfiskra framsóknarmanna yfirleitt, hvaða félagsskapur það er sem hv. 2. þm. Vestf. velur fram yfir helstu launþegasamtök landsins og stjórnarandstöðuna að sjálfsögðu, að það er forusta íhaldsflokksins sem hann velur.

Það mál, sem hér er nú til umr., hefur þegar verið rætt töluvert mikið og væri vissulega ástæða til að víkja að ýmsum atriðum sem komu fram í umr. í gær og voru talin fram sem röksemdir af hálfu fylgismanna þáltill. Ég mun nú ekki fara mjög langt út í þá sálma, en get þó ekki látið hjá líða að minnast á nokkur einstök atriði, jafnhliða því sem ég mun rökstyðja það nokkuð hvers vegna við, sem andstæðir erum þessu máli, þessum samningi, teljum að ekki eigi að gera hann.

Það hefur komið nokkuð til tals í þessum umr. að á ýmsum tímum áður, fyrir tveimur árum, fyrir einu ári og jafnvel fyrir hálfu ári, þá hafi verið rætt um hugsanlega samninga við vestur-þjóðverja og í þeim tilvikum jafnvel verið rætt um veiðiheimildir sem voru öllu meiri en þessar. Ég held að það sé alveg ástæðulaust fyrir hv. alþm. að vera að ræða um málin á þeim forsendum eins og ekkert hafi gerst í fiskveiðimálum íslendinga nú í sambandi við vitneskju okkar um það, hvernig við erum á vegi staddir að því er helstu fiskstofna okkar varðar, t. d. s. l. tvö ár. Ég held að það hljóti allir að vita að það, sem menn e. t. v. grunaði, það er staðreynd og jafnvel er ástandið miklu verra en e. t. v. nokkurn grunaði fyrir fáum mánuðum. Þess vegna hefði ekkert verið eðlilegra heldur en við hefðum nú tekið upp öll okkar samningamál og öll okkar viðhorf til samninga yfirleitt, tekið þau til nýrrar yfirvegunar á grundvelli þeirrar nýju vitneskju sem við höfum fengið um þann háska sem er á ferðinni ef ekki verður komið í veg fyrir að helstu fiskstofnar okkar verði með ofveiði gersamlega eyðilagðir á e. t. v. 2—3 árum. Þó að það hafi engum komið á óvart að við værum komnir alveg á fremsta hlunn a. m. k. að því er afla þorsksins varðar, þá hygg ég að sé óhætt að fullyrða það, að enginn hv. alþm. hafi gert sér það fullkomlega ljóst fyrir svo sem hálfum öðrum til tveimur mánuðum að ástandið væri eins slæmt og nú hafa verið færð mjög sterk rök að að það sé, ekki aðeins af íslenskum fiskifræðingum, heldur hafa breskir fiskifræðingar einnig tekið undir það í öllum veigamestu atriðunum. Þegar þetta lá fyrir, þegar sá voði lá fyrir, ef ekki yrði nú þegar tekið í taumana og höfð miklu meiri stjórnun á öllum veiðum hér á Íslandsmiðum heldur en áður, þegar þetta lá fyrir, að það væri nauðsynlegt að taka upp slíka stjórnun og var nauðsynlegt að takmarka mjög vissar tegundir veiða og þá alveg sérstaklega smáfiskadráp allt, þá var vissulega tímabært að taka til endurskoðunar þær hugmyndir sem menn höfðu e. t. v. áður um það að hægt væri og jafnvel æskilegt að gera samninga til skamms tíma, ekki síst e. t. v. um veiðar á hinu nýja hafsvæði, einhverjar takmarkaðar veiðar á hinu nýja hafsvæði milli 50 og 200 mílna. En og ég hygg að þetta, þessi nýju viðhorf, þessi nýja vitneskja hafi haft geysilega mikil áhrif á fólkið í landinu og þá stefnumótun sem þar hefur verið að eiga sér stað undanfarnar vikur og mánuði. En því miður virðist þessi nýja vitneskja ekki hafa haft a. m. k. nægileg áhrif á þá hv. stjórnarliða eða forustu í hv. stjórnarflokkum. Það sýnir þessi þáltill. sem hér er nú til umr.

Vitanlega er æskilegt að þjóðir haldi frið, eins á fiskimiðum og annars staðar. Vitanlega er það keppikefli og vitanlega má nokkuð til þess vinna að það megi gerast. Við viljum hafa góðan frið við alla okkar nágranna og raunar einnig þá sem fjær búa, þó að það kosti eitthvað, en ekki sama hvað það kostar.

Á þennan samning sem hér er nú lagður fyrir og óskað er staðfestingar Alþ. á að gerður verði, á hann verður að líta sem hluta af heild og heildarstefnu, en ekki sem einangrað fyrirbæri. Þetta er að vísu samningur við vestur-þjóðverja um ákveðnar veiðar, 60 þús. tonn á ári í tvö ár. Þetta er hið eina sem liggur á borðinu fyrir framan hv. alþm. í dag, það er rétt. En því hefur verið haldið fram með rökum og því hefur ekki verið mótmælt, að aðrir samningar, fleiri en einn og fleiri en tveir, eru í uppsiglingu, sennilega misjafnlega langt á veg komnir, en því hefur ekki verið mótmælt að þeir séu í uppsiglingu

og kunni að vera væntanlegir jafnvel næstu daga sumir hverjir. Þess vegna verður að líta á þennan samning sem upphaf og þá eins konar munstursamning jafnframt sem aðrir samningar, þeir sem kunna að verða gerðir við aðrar þjóðir, miðast að meira eða minna leyti við.

Ég átti nú e. t. v. von á því að hv. frsm. meiri hl. utanrmn. og formaður hennar, formaður þingflokks Framsfl., ritstjóri Tímans með meiru, minn ágæti góðkunningi, hefði rökstutt nál. meiri hl. í öllu lengra og yfirgripsmeira máli en hann gerði. Og ekki síst átti ég von á því vegna þess að mér er um það kunnugt og ég hygg að honum sé ekki um það ókunnugt alveg að ýmsir flokksbræður hans víðs vegar um landið hafa undanfarna daga og undanfarnar vikur verið slegnir ugg og jafnvel ótta og þeir hafa spurt um það, hversu langt Sjálfstfl. tækist að leiða forustulið Framsfl., hvort það séu nánast engin takmörk fyrir þeirri göngu — mér liggur við að segja niðurlægjandi göngu sem þeir hafa, frá því að þeir hófu þetta samstarf, lötrað í fótspor afturhaldsins í landinu. Og ekki hvað síst held ég að sumum framsóknarmönnum hljóti að sárna það, að flokksforustan skuli vera svo einstaklega hlýðin Sjálfstfl. í þessu máli, í landhelgismálinu, því máli þar sem Framsfl. hefur, að ég tel, þrátt fyrir ákveðin víxlspor átt drjúgan hlut að því sem vel og manndómslega hefur verið gert á undanförnum áratugum í sambandi við útfærslu landhelginnar. En nú virðist svo sem forusta þessa flokks — og hv. þm. Þórarinn Þórarinsson þar ekki undanskilinn — virðist orðin algerlega samdauna Sjálfstfl., jafnt í þessu máli sem öðru, þar gengur ekki hnífurinn á milli.

Maður hefur lesið það, ekki síst í einum þremur leiðurum í dagblaðinu Tímanum, undirrituðum stöfunum Þ. Þ., að helst sé nú leitað þess skjóls að verja þessa samningagerð við vestur-þjóðverja með því að þessi samningagerð styrki okkur afskaplega mikið í þeirri baráttu sem við eigum nú fyrir höndum við höfuðóvininn, breta. Hv. 4. þm. Reykv., Þórarinn Þórarinsson, er held ég höfundur þessarar kenningar og þess vegna er það e. t. v. eðlilegt að hann birti sama leiðarann eins og þrjá daga í röð til þess að hamra þetta inn í þjóðina. Þetta er lesið yfir hverjum manni og hv. þm. er nú eldri en tvævetur, alveg eins og ég, og hann veit að máttur endurtekningarinnar er mikill og þá skiptir það ekki öllu máli hvorum megin sannleikurinn liggur.

En þetta á nú að vera hálmstráið sem þeir hv. framsóknarmenn a. m. k. ætla að reyna að fljóta á þegar þeir eru að verja það gagnvart sínum eigin flokksmönnum að þeir skuli hafa samflot með íhaldinu einnig í þessu máli. En ég vil segja það við hv. 4. þm. Reykv. og aðra þá hv. framsóknarmenn, sem mál mitt heyra, að ég er hræddur um að nokkuð margir sjái í gegnum þetta, sjái að þetta er lítið annað en blekking. Þetta er vissulega blekking í munni þeirra manna sem ætla sér að semja við breta og bíða eftir fyrsta hugsanlegu tækifæri til þess að ganga til samninga við þá. Ég geri ráð fyrir að svo kunni að vera að hv. 4. þm. Reykv. kunni að mótmæla þessu, annaðhvort hér í þingsölum eða í blaði sínu, og segja að það sé nú ekki aldeilis meiningin, a. m. k. ekki á næstunni, að fara að makka á ný við breta. En ég staðhæfi, að hvað sem hans hugmyndum eða skoðunum um það líður, þá eru þær hugmyndir uppi í herbúðum þeirra sem ráða ferðinni hjá stjórnarliðinu. Það mun ekki líða á löngu þar til það makk verður tekið upp aftur og beðið eftir fyrsta tækifæri til þess að ganga frá samningum við þá.

Það hefur verið sýnt fram á það hér áður af öðrum, að þessi samningur, sem nú á að gera við vestur-þjóðverja, er m. a. varasamur og jafnvel hættulegur vegna þess að hann skapar fordæmi, hann verður viðmiðun þegar samið verður við aðrar þjóðir, eins og alveg ljóst er af öllu að ráðamenn þjóðarinnar eru staðráðnir í að gera og hafa verið að undirbúa að undanförnu. Því er haldið fram til þess að gylla þennan samning að þó að 60 þús. tonn á ári séu að mati margra hv. stjórnarþm. helst til mikið og raunar of mikið, þá sé það bót í máli að þarna sé um að ræða aðallega karfa og ufsa og ekki þorsk nema að litlu leyti. Það er sannleikskorn til í þessu. Þorskurinn er allra verst kominn af okkar helstu nytjafiskum. En hitt hygg ég þó að hljóti að vera öllum ljóst, að jafnvel málin standa þannig að þó að við losnuðum að mestu eða öllu leyti við útlendinga af miðunum, þá verðum við sjálfir að fara að skera niður okkar veiðar, sérstaklega þorskveiðarnar, og þá er ekkert eðlilegra en okkar skip, okkar tiltölulega nýju, stóru og mörgu skip sem það geta, fari að stunda í auknum mæli ufsa- og karfaveiðar, enda þótt þar sé við vissa erfiðleika að etja í sambandi við markaðsmál. En það er í rauninni ekkert eðlilegra, ef við verðum að fara sjálfir að takmarka þorskveiðar okkar, en að skipin íslensku taki þá að sækja í auknum mæli í þær fisktegundir sem ekki hafa verið ofveiddar fram að þessu og e. t. v. þola eitthvað lítils háttar aukna sókn. Séu ufsi og karfi ekki þegar fullnýttir af íslenskum skipum, eins og allt bendir til að ekki sé að fullu, þá hygg ég að þau hafi á næstunni fulla þörf fyrir að hagnýta sér þessar fisktegundir sem og allar aðrar fisktegundir á Íslandsmiðum að því marki sem skynsamlegt getur talist að veiða þær. Hér er þess vegna heldur ekkert til skiptanna í raun og veru, enda þótt hitt sé rétt, að þorskstofninn stendur allra höllustum fæti og sóknina í hann verður að takmarka hvað sem það kostar.

Ég sagði áðan að þessi kenning hv. 4. þm. Reykv., ritstjóra Tímans, um að samningurinn við vestur-þjóðverja auðveldi okkur sérstaklega viðureignina við breta, sé dálítið hræsniskennd kenning í munni þeirra sem halda henni fram og ætla sér að semja við breta, a. m. k. að vera búnir að því innan fimm mánaða. Ef ráðamenn hv. ætluðu ekki að semja við breta, heldur svara yfirgangi þeirra með öllum þeim tækjum og öllum þeim aðferðum sem við höfum yfir að ráða, þá kynni að vera eitthvert vit í að gera jafnvel nokkuð dýrkeypta samninga við vestur-þjóðverja. En nú held ég að engum blandist hugur um það, að það er rétt, sem ég hef staðhæft, að það er vilji ráðamanna, hvað sem þeir segja í dag, að grípa fyrsta hugsanlega tækifærið til að semja við breta og ýmsar fleiri þjóðir. Og með slíka samninga eða

samningaumleitanir í huga er samningurinn við vestur-þjóðverja um 60 þús. tonna ársafla hæfilegur samningur og til hans verður vitnað sem fordæmis í þeim viðræðum um samninga sem fram fara á eftir.

Það kom m. a. fram í útvarpinu í gærkvöld, að Hattersley bretaráðherra og formaður samninganefndar þeirra hafði veitt þessu athygli, og kom engum á óvart. Hann talaði um það að út frá þeim samningi, sem hér lægi fyrir, þar sem þjóðverjum væru boðin 60 þús. tonn, hefði ekki verið óeðlilegt og raunar alveg rökrétt að íslendingar hefðu boðið bretum 95 þús. tonn og þá hefði verið kominn viðræðugrundvöllur, sagði ráðh.

Því hefur verið lýst hér í umr. áður, einkum af hálfu hv. 2. þm. Austurl., að þessi afli, 60 þús. tonn á ári í tvö ár, er ekki lækkun á ársafla vestur-þjóðverja miðað við árið í ár. Hann er lítils háttar lækkun frá árinu 1974, en fréttir herma að þjóðverjar sjálfir geri ráð fyrir því að heildarveiði þeirra á Íslandsmiðum öllum í ár verði um 40 þús. tonn. Þess vegna virðist hér vera um að ræða allt að 50% aukningu sem þjóðverjum er tryggð í tvö ár, en ekki minnkun eða lækkun á því aflamagni sem þeir hafa veitt og veiða nú hér við land.

Þessi samningur eða þessi samningsdrög, sem hér eru til umr., verða að skoðast í þessu ljósi sem ég hef nú reynt að varpa á samninginn. Í fyrsta lagi að þessi samningur gerist á sama tíma og við erum í fyllstu alvöru að tala um niðurskurð okkar eigin veiða, og í öðru lagi gerist hann sem fyrsti samningur af nokkrum, jafnvel nokkuð mörgum, sem hæstv. stjórnvöld vinna að því að gera um veiðar annarra þjóða.

Það er nú farið að bollaleggja um það fram og aftur, og það held ég að sé alveg nýtt fyrir okkur íslendinga og ýmsir hafa lagt við eyrun, — það er farið að bollaleggja um það fram og aftur hvaða aðferðum við sjálfir verðum að beita við niðurskurð á okkar eigin fiskisókn og aflasókn, hvaða aðferðir við eigum að nota til þess að skera aflasóknina mjög verulega niður. Menn ræða um það fram og aftur á Fiskiþingi hvort eigi til að mynda heldur að takmarka afla hvers skips og skipa þá því skipi, sem búið er að veiða upp í sinn kvóta, að hætta þegar hinu leyfilega aflamagni hefur verið náð, eða þeir ræða líka um hinn möguleikann, að skammta útgerðarstöðum ákveðna veiðihlutdeild og stöðva síðan allar veiðar, skilst manni, frá þeirri útgerðarstöð þegar veitt hefur verið upp í hinn leyfilega skammt. Á sama tíma og fjallað er um þetta í fullri alvöru sakir brýnnar nauðsynjar, að talið er, þá telja stjórnvöld landsins sig hafa ráð á því að standa í samningagerð við ýmsar þjóðir og bjóða þeim að fiska ekki aðeins milli 50 og 200 mílnanna, heldur líka, að því er virðist í þessu tilviki í nokkrum mæli og í öðrum tilvikum sjálfsagt í enn þá ríkara mæli, innan við 50 mílur.

Í þessari viku eiga, eins og þegar liggur ljóst fyrir, vestur-þjóðverjar að fá samning um 60 þús. tonna afla, þ. e. a. s. þriðjungsaukningu frá afla þeirra á öllum Íslandsmiðum í ár. Samningar við belga og við norðmenn munu svo að segja vera annaðhvort rétt ókomnir á borð hæstv. ráðh. eða liggja þar nú þegar. Þar er rætt um umtalsverða veiði, og þar er ekki um að ræða ufsa eða karfa, heldur er það þorskur og ýsa sem þar er um að ræða. Svo koma færeyingar, frændur okkar og vinir, nokkur þúsund tonn þar vafalaust. Gegn því verður ekki staðið ef einhverjir útlendingar fá fiskveiðiheimildir í íslenskri fiskveiðilögsögu á annað borð. Og bíða svo ekki jafnvel austur-þjóðverjar, pólverjar og sovétmenn handan við næsta leiti? Ætlar þessi auðuga rausnarríkisstj., sem við höfum núna, líka að semja við þá?

Og loks vil ég koma að bretum, nágrönnum okkar og bandamönnum í NATO, — já, þessum bandamönnum okkar í NATO sem nú hafa beitt okkur hernaðarofbeldi í þriðja sinn á 17 árum. Mönnum finnst líklega ekki mjög trúlegt að íslensk stjórnvöld séu eftir það, sem gerst hefur allra síðustu dagana og er að gerast þessa daga á miðunum, líkleg til að fara að semja við bretana. En stöldrum aðeins við þetta atriði.

Hvað er það sem lesa má út úr því ákvæði samningsins við vestur-þjóðverja sem fjallar um hugsanlega frestun á framkvæmd samningsins eftir 5 mánuði ef refsitollar Efnahagsbandalagsins hafa þá ekki verið afnumdir? Hvað segir þetta ákvæði í raun og veru þegar menn lesa það blátt áfram og leggja í það allra eðlilegustu merkingu? Það segir ekkert annað en það, að þeir, sem þennan samning hafa gert, þeir gera ráð fyrir því, þeir telja það hér um bil víst að innan þess tíma, innan 5 mánaða, verður búið að semja við allar Efnahagsbandalagsþjóðirnar sem farið hafa fram á samninga, þá muni þetta ákvæði um frestun af sjálfu sér falla niður. Ég held að enginn væri með þann leikaraskap að setja þetta ákvæði inn um samning sem á að gilda aðeins til 5 mánaða ef menn reiknuðu ekki með því að búið yrði að semja innan þess tíma við þau Efnahagsbandalagslönd sem óskað hafa eftir samningum, þ. á m. við breta. Ef hv. stjórnarsinnar og hæstv. ráðh. neita því að þetta liggi að baki, þá geta þeir gert þá neitun sennilega og trúlega með einu móti og aðeins einu móti. Þeir geta gert hana svo sennilega að allir tryðu henni með því að lýsa því yfir hér og nú að það sé ekki lengur neinn samningagrundvöllur við breta meðan fiskstofnar okkar þola ekki þá sókn sem við íslendingar sjálfir teljum nauðsynlegt að sækja í þessa stofna, hvað þá heldur viðbótarsókn frá öðrum þjóðum. Ef þessu verður lýst yfir skýrt og skorinort, þá skal ég trúa því að ekki sé ætlunin að taka upp alveg á næstunni að nýju þráðinn, samningamakksþráðinn við breta.

Aðeins eitt eða tvö atriði skal ég nú ræða af þeim mörgu sem fram komu hjá hæstv. ráðh. í röksemdafærslu þeirra fyrir samningnum í umr. í gær. Þeir og þá alveg sérstaklega hæstv. iðnrh. lögðu á það áherslu að þessi samningagerð við vestur-þjóðverja, sem nú er uppi höfð, muni styrkja málstað okkar íslendinga á hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Ég heyrði ekki að þessu fylgdu mikil rök hjá hæstv. ráðh. Hann sló þessu í rauninni aðeins fram og taldi að þetta væri álit fróðustu manna. Svo veitti

ég því athygli að ýmsir stjórnarliðar tóku þetta upp eftir hæstv. ráðh. og fóru jafnvel heldur frjálslega með og fullyrtu það, sem hann gerði nú ekki, að þetta mundi styrkja okkur mjög á hafréttarráðstefnunni eða framhaldi hennar. Ég leyfi mér að vefengja þessa ályktun. Ég tel mig að vísu ekki sérfræðing í þessum málum. Ég hef að vísu setið flesta undirbúningsfundi þessarar ráðstefnu og flesta hafréttarráðstefnufundi, og ég tel að það geti öllu fremur verið hætta á hinu, að slíkur samningur sem þessi eða slíkir samningar, ef margir verða gerðir, veiki okkar málstað fremur en hitt. Um þetta held ég að vísu að enginn geti fullyrt neitt, og vissulega vona ég að þó að þessi samningur verði gerður, eins og allar horfur eru á, þá hafi hann ekki mikil neikvæð áhrif á þeim vettvangi. En eitt er alveg ljóst í sambandi við þjóðverjana. Vestur-Þýskaland og nokkur önnur ríki hafa á allra síðustu missirum séð sér þann kost vænstan að fallast á hugmyndina um 200 mílna auðlindalögsögu í „prinsipi", en þó með margvíslegum takmörkunum sem útvatna hugtakið svo mjög að lítið er eftir af því. Eins og hv. 2. landsk. þm., Benedikt Gröndal, greindi frá í gær, hafa vestur-þjóðverjar og samherjar þeirra í þessu efni, austur-þjóðverjar, reynst okkur og okkar málstað á hafréttarráðstefnunni heldur þungir í skauti, svo að ekki sé meira sagt. Þeir tala þar hiklaust um sögulegan rétt, þeir tala um nágrannarétt, sem manni skilst að eigi að ná frá Þýskalandi til Íslands o. s. frv. Og það hefur raunar verið þannig að boðskap þjóðverja hinum síðasta á hafréttarráðstefnunni hefur verið lýst þannig af glöggum mönnum, að þeir samþykki að vísu 200 mílur, en mínus 188 mílur fyrir strandríki, þannig að eftir standa þá í raun og veru 12 mílur.

Hitt vil ég segja, að ég tel og vil gjarnan að það komi fram í framhaldi af þessum hugleiðingum, að útfærsla okkar í 200 mílur, ekki síst ef hún er myndarlega framkvæmd, sé jákvæð, hún sé mjög jákvæð aðgerð fyrir þróun mála á hafréttarráðstefnu, fyrir þá þróun sem við teljum æskilega og nauðsynlega og hún muni heldur flýta heldur en hitt fyrir því að sú ráðstefna komist bráðlega að æskilegri fullnaðarniðurstöðu.

Það hefur sennilega ekki farið fram hjá mörgum, að við undirbúning undir útfærsluna nú í 200 sjómílur hefur verið tekið á ýmsum hlutum með hálfgerðum vettlingatökum, svo að ekki sé fastar að orði kveðið. Ég held að það verði að segjast eins og er, að eðlileg og nauðsynleg áróðurs- og kynningarstarfsemi á málstað okkar hafi í þetta sinn verið rækt heldur slælega. Mér er satt að segja næstum því óskiljanlegt, hversu slælega hún hefur verið rækt, og þætti vænt um að fá hjá hæstv. utanrrh. skýringar á því, hvers vegna svona miklu minni rækt var við þetta lögð nú en þegar við færðum út í 50 mílur.

Við útfærsluna í 50 mílur var unnið að kynningu okkar málstaðar með margvíslegum hætti. Þá var sérstakur og mjög duglegur blaðafulltrúi ráðinn, þá voru margir kynningarbæklingar gefnir út, þeim var dreift víða, kvikmynd var gerð, ein eða fleiri, bresk skrifstofa, eins konar áróðursskrifstofa, var tekin á leigu, ef svo mætti segja. Ég held að vísu að árangurinn af þeirri tilraun hafi orðið heldur rýr, en það var þó allt að einu viðleitni sem í því fólst. Þetta var kannske ekki allt jafn vel heppnað, sem gert var í sambandi við kynningu á útfærslu okkar í 50 mílur, en ég hygg þó að þegar á heildina er litið hafi það verið býsna mikið og borið verulegan árangur, og það sýndi þó a. m. k. fullkomlega að við tókum útfærsluna alvarlega. Við meintum það sem við vorum að segja og gera.

Nú hefur heldur lítið verið gert, að því er mér er best kunnugt, í kynningarefnum. Þó standa málin þannig nú í dag, að ég held að það hafi verið nokkuð auðvelt að koma sjónarmiðum okkar á framfæri á ýmsum mjög mikilvægum stöðum, hjá ýmsum fréttamiðlum, jafnvel sumum bresku stórblöðunum sem ekki hafa verið lokuð fyrir málstað friðunarmanna, málstað þeirra sem vilja færa út í 200 mílur. Við hefðum þurft nú að leggja verulegt kapp á það og kosta nokkru til að sýna fram á það, að útfærsla okkar í 200 mílur er í fullu samræmi við yfirlýsta stefnu mikils meiri hl. þjóða heims á hafréttarráðstefnunni. Ef þetta hefur ekki verið vanrækt, þá hefur það ekki verið rækt á þann hátt sem skyldi.

Það hefði ekki heldur verið þýðingarlítið að koma helstu niðurstöðum úr skýrslu og áliti fiskifræðinga okkar um ástand fiskstofnanna sem allra víðast út um heim, í fjölmiðla um allan heim. Vissulega átti það einnig að koma fram eftir að ljóst var orðið að breskir fiskifræðingar eru í meginatriðum sammála þessum niðurstöðum okkar manna. Þetta átti ekki aðeins að segjast einu sinni, það þurfti að segjast oftar og með margvíslegum hætti.

Það hefur allt of lítið verið að því gert, að því er ég tel, af hálfu íslenskra stjórnvalda eða þeirra, sem með þau mál fara fyrir þeirra hönd, að leiðrétta hinar og þessar beinar rangfærslur breskra stjórnvalda, að ég tali nú ekki um breskra fjölmiðla í sambandi við þessa útfærslu og þessi mál öll. Þessir aðilar hafa t. d. breitt mjög út þau ósannindi að víraklippingar íslenskra varðskipa séu stórhættulegar lífi og limum togaramanna. Ég hef það fyrir satt að einmitt þessi áróður þeirra sé mjög hættulegur okkar málstað hjá fólki sem tekur þetta trúanlegt, hjá almenningi í Bretlandi og þá ekki síst sjómannafjölskyldum sem trúa þessum áróðri. Varðskipsmennirnir sjálfir hafa svarað nú alveg nýlega vel og ég held á sannfærandi hátt að þetta sé engan veginn slík hættuaðgerð eins og bretarnir hafa viljað vera láta og hafa verið að telja fólki trú um að þetta sé. En ég efast um að þessu svari varðskipsmanna okkar hafi verið komið með eðlilegum og æskilegum hætti í hendur þeirra erlendra aðila sem vilja vita hið rétta og vilja skýra frá hinu rétta. Það hefði vissulega þurft að gerast og það ekki einu sinni, heldur oft.

Dagana áður en útfærslan tók gildi var greint frá því í íslenskum blöðum að starfsmenn sendi-

ráða okkar erlendis sumir hverjir væru ekkert allt of ánægðir með það hvað þeir hefðu í rauninni lítið fengið í hendur til þess að kynna útfærsluna og hinn íslenska málstað. Það var m. a. frá því skýrt, það kom fram í viðtali við sendiherra Íslands í London, að það eina, sem þeir hefðu getað gert í þessu sambandi, í sambandi við dreifingu til að mynda efnis til blaðamanna og fjölmiðla, það var að dreifa fjölrituðu smábréfi um útfærsluna. Þetta virtist vera öll útgáfustarfsemin, og mér skildist helst að það hefði verið sendiráðið sjálft sem stóð fyrir þessu framtaki. Heyrst hefur að vísu að eftir að sendiráðin tóku að kvarta um skort á kynningarbæklingum og öðru efni hafi í einhverju rn., trúlega utanrrn., þó er ég ekki viss um það, kannske í sjútvrn., fundist einhverjar leifar af einum eða tveimur kynningarbæklingum þess ágæta manns, Hannesar Jónssonar, báv. blaðafulltrúa og nú ambassadors, um útfærsluna í 50 mílur, og það hafi síðan verið þrautalending embættismanna okkar rétt fyrir útfærsluna að afhenda erlendum blaðamönnum og öðrum þetta ritverk Hannesar ambassadors með þeim ummælum að öll sömu rökin giltu nú eins og þegar fært var út í 50 mílur, þess vegna skyldu þeir bara nota bæklinginn með þeirri einu breytingu að strika alls staðar yfir töluna 50 og setja töluna 200 í staðinn. Það var svo loksins í gær, meira en mánuði eftir útfærsluna, að útbýtt var t. a. m. hér á Alþ. nýjum bæklingi um 200 mílna útfærsluna. Um það má segja: betra er seint en aldrei.

Herra forseti. Ég skal nú taka að stytta mál mitt nokkuð, en get þó ekki látið hjá líða að fara um það nokkrum orðum hvernig á því getur staðið að hæstv. ríkisstj. Íslands í nóvembermánuði 1975 leggur slíkt kapp á að semja við erlendar þjóðir, fyrst vestur-þjóðverja og síðan aðrar þjóðir, um veiðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi. Hvað veldur ákafa ráðamanna að semja og það, eins og þegar hefur verið margsinnis sýnt fram á, nærri því hvað sem það kostar, jafnvel þótt það kosti það að þriðji hver fiskur á Íslandsmiðum verði afhentur útlendingum. Það eru sjálfsagt margar ástæður sem liggja þarna að baki, og ég ætla ekki að tefja tímann með því að gera tilraun til að rekja þær allar. En ég ætla að láta nægja að fara nokkrum orðum um þá skýringuna, sem ég held að sé meginskýringin og sé næstum því lykillinn að þessu máli öllu, lykillinn að hjarta stjórnarherra landsins. Það sem veldur þessari ákefð, það sem veldur því að í dag eða á morgun er samið við vestur-þjóðverja, einhvern næsta dag við norðmenn og belgíumenn og fleiri og svo eftir svolítið lengri tíma einnig við breta, — það sem veldur þessu, er hin rómaða vestræna samvinna, það er aðildin að NATO sem þarna ræður fyrst og fremst ferðinni. Valdhafar þeir, sem nú ráða ríkjum á Íslandi, geta ekki til þess hugsað að íslenska þjóðin sjái þetta margrómaða varnarbandalag NATO í dálítið óheppilega skæru ljósi.

Núv. valdamenn og NATO-vinir eru minnugir þess ástands, sem hér ríkti um skeið fyrir rúmum tveimur árum, þ. e. a. s. sumarið og haustið 1973, þegar NATO-veldið Bretland var hérna síðast á ferðinni með hernað á hendur íslendingum innan 50 mílna landhelginnar. Þá vöktu þeir atburðir margan íslending til umhugsunar um eðli þessa félagsskapar og gildi þess fyrir okkur íslendinga, varnarlausa, vopnlausa, að vera í þessu félagi. Menn sáu þá hvaða varnarbandalag þetta var. Ýmsir, sem áður höfðu trúað kenningum NATO-sinna um hið svokallaða varnarbandalag, fóru að draga réttar, eðlilegar ályktanir af bláköldum staðreyndum. Flotainnrás NATO-ríkisins Bretlands inn í landhelgi annars NATO-ríkis, inn á íslenskt lögsagnarsvæði, og ræfildómur Atlantshafsbandalagsins gagnvart hernaðarofbeldinu sýndi mörgum íslendingi og sannaði ljóslega að engin vörn er að aðildinni að NATO, nema síður sé. Og margur tók þá að spyrja sjálfan sig og jafnvel ráðamenn: Hvað höfum við að gera við að vera í slíkum samtökum sem líða einu stærsta aðildarríki samtakanna að ráðast með vopnuðu ofbeldi gegn smæsta ríkinu í samtökunum, því eina sem er vopnlaust? Og æ fleiri ályktuðu þá eitthvað á þessa leið: Er ekki tími til þess kominn að Ísland segi skilið við þetta bandalag, — bandalag sem reynst hefur okkur varnarleysisbandalag og ekkert annað? Er ekki mælirinn fullur þegar NATO-herskipum er nú í þriðja sinn á 17 árum beitt gegn íslendingum?

Það er til þess að koma í veg fyrir að slíkt ástand eins og var hér fyrir 2—3 árum vari lengi í þetta sinn sem núv. stjórnarherrar vilja ákaflega mikið í sölurnar leggja til þess að flýta samningum, ekki aðeins samningum þessum við vestur-þjóðverja, heldur einnig samningum við breta. Það þarf ekki ákaflega mikla getspeki til þess að giska á hvernig að málum verður staðið. Ég á ekki von á því að það verði alveg á næstunni haldinn fundur með breskum og íslenskum ráðh. Ég á ekki von á því að þeir hv. alþm. Þórarinn Þórarinsson og Guðmundur H. Garðarsson fái tækifæri til þess að horfa á þá Hattersley ráðh. og Einar Ágústsson eða Gunnar Thoroddsen ræðast við næstu dagana, kannske ekki næstu vikurnar. En hitt þykir mér ekki aðeins sennilegt, heldur alveg fullvíst, að það verður unnið að samningagerð við breta á bak við tjöldin, það verður gert svikalaust á næstu vikum eða mánuðum og því verður vafalaust lokið á þessu 5 mánaða tímabili, sem hæstv. ráðamenn virðast ætla sér til þess, og kannske miklu fyrr. Og þá fer fram ákaflega glæsileg sviðsetning, þannig að öll sú sviðsetning, sem við erum að fást við hér í sambandi við leikhús og annað þess háttar, mun blikna gersamlega fyrir þeirri miklu sviðsetningu sem þá verður. Einn góðan veðurdag stíma herskipin hér út fyrir 200 mílur, þá setjast menn að samningaborði, þá koma menn saman og yfir annaðhvort kokkteil eða kannske hádegisverði verður gengið frá þessu öllu og samningarnir verða undirritaðir.

Herra forseti. Hæstv. forsrh. og fleiri úr stjórnarliðinu hafa á fundum í gær sagt nokkur hjartnæm orð um nauðsyn þess að íslendingar stæðu saman á örlagastundu í örlagaríku máli nú þegar bretar sækja okkur heim með her-

skipum í þriðja sinn. Hæstv. forsrh. hefur sagt þetta í útvarpi, blöðum og ég hygg sjónvarpi. Vissulega mun þjóðin sameinast í baráttunni gegn bretum. Hún mun standa að baki stjórnvalda um allar raunhæfar og viðeigandi aðgerðir til þess að svara þessu breska ofbeldi. En fólkið í landinu lætur sér ekki nægja bara venjuleg diplómatísk mótmæli sem ekki er hlustað á öðruvísi en eins og flugnasuð úti í Bretlandi. Ég hygg að fólkið í landinu vilji að ofbeldinu sé mætt með raunhæfari hætti, svo að bretar skilji að okkur er full alvara.

Alþb. hefur þegar sett fram hugmyndir um fyrstu eðlilegu og sjálfsögðu aðgerðirnar til þess að svara þessum síðustu ofbeldisaðgerðum breta. Köllum sendiherra okkar í Bretlandi heim í mótmælaskyni og hótum slitum stjórnmálasambands við Bretland, ef herskipin fara ekki út úr landhelginni eftir ákaflega skamman tíma. Og ég vil leyfa mér að nefna eðlilegasta og rökréttasta svarið: Látum vini okkar vestræna vita það, að við teljum fráleitt að við eigum heima í svonefndu varnarbandalagi, sem er þess eðlis að eitt þátttökuríki skuli geta hvað eftir annað farið með vopnuðu ofríki á hendur minnsta bandalagsríkinu, vopnlausu með öllu. Um þetta næst trúlega ekki um sinn samstaða hér á hv. Alþ.

En hæstv. forsrh. og öðrum stjórnarsinnum vil ég að lokum aðeins segja þetta: Það eru því miður fyrirætlanir og aðgerðir stjórnvalda sem valda því að um vissan þátt landhelgismálsins skiptast íslendingar nú í tvær fylkingar, með og móti samningagerð. En hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. og aðrir ráðh. hafa enn tækifæri til að sameina þjóðina alla að baki sér, svo að segja hvern einasta mann. Þeir geta gert það með því að fleygja þessari þáltill. í pappírskörfuna.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta mál hefur nú þegar verið það mikið rætt hér að þess er tæplega að vænta að mikið komi nýtt fram í því. Mér þykir samt rétt að segja hér örfá orð vegna þess að ég tala ekki í útvarpsumr. í kvöld og alger þögn mín gæti orðið rangtúlkuð.

Ég verð að segja það, að í málflutningi hér hefur borið mest á deilum milli manna, og það er ekkert óeðlilegt og það er sjálfsagt og á að vera svo á Alþ. íslendinga. En ég held þó að við ættum ekki að gleyma annarri hlið á þessu máli, þeirri hlið að við íslendingar eigum að baki alllanga sögu í landhelgismálunum þar sem við höfum borið gæfu til að standa saman allir sem einn. Og það er ástæða til að fagna þeim árangri sem náðst hefur í þessum efnum.

Það var dálítið öðruvísi árið 1949, þegar íslendingar stóðu upp á þingi Sameinuðu þjóðanna og fluttu till. um að hafréttarmálin yrðu tekin þar til meðferðar, heldur en í dag. Þá voru margar þjóðir sem héldu því fram að briggja sjómílna reglan væri þjóðréttarregla, og það var fyrir atbeina íslendinga að Sameinuðu þjóðirnar tóku þetta mál upp og vísuðu því til alþjóðalaganefndarinnar. Og síðan hafa íslendingar verið í fararbroddi — það er ekki of mikið sagt — á alþjóðavettvangi að vinna að brautargengi þessa máls. Og það er gott til þess að vita að sú barátta þeirra hefur borið mikinn árangur, — árangur sem við njótum ávaxtanna af í dag. Við höfum stigið mörg skref í þessu máli, útfærslu landhelginnar, og um það meginsjónarmið, um útfærsluna, hafa íslendingar alltaf verið sammála, staðið saman sem einn maður.

Fyrsti áfanginn var stiginn strax 1952 þegar við vorum lausir undan samningum við breta. Það skref var ekki stórt, það var aðeins út í 4 sjómílur, að vísu frá nýjum grunnlínum og þess vegna stækkunin meiri en ein míla segir til um. En þá eins og jafnan síðar tóku bretar upp baráttu gegn þessari útfærslu, þótt hún væri ekki meira en þetta. Og það þarf ekki að rekja þá sögu, að því fylgdi löndunarbann á íslenskan fisk í Bretlandi. 1958 tókum við annað skref og færðum landhelgina út í 12 sjómílur. Og enn snerust bretar gegn og þá með harkalegri hætti en áður, af því að þeir sendu þá eins og nú herskip á Íslandsmið. 1972 stigum við svo þriðja áfanga og færðum út í 50 sjómílur og enn hófst styrjöld. Og 1975 færum við út í 200 sjómílur og enn hefst styrjöld og styrjöld alltaf fyrst og fremst við breta.

Allar þessar ákvarðanir af okkar hálfu hafa verið teknar með einhliða ákvörðun Íslands, ekki af því að ég vilji segja að það sé endilega stefna eða hafi verið stefna íslendinga að gera þetta með einhliða ákvörðun, heldur að við höfum ekki átt nema einn kost. Dettur nokkrum í hug að það hefði borið árangur ef við hefðum farið að senda út sendimenn fyrir fram og reyna að ná samningum við aðrar þjóðir um að við ætluðum að færa landhelgina út í þetta og þetta á hverjum tíma? Nei, það var ekki um annað að ræða eða velja en að gera þetta með einhliða ákvörðun. En það hefur haft þessar afleiðingar í hvert eitt skipti, að stríð hefur með einhverjum hætti komið til.

Þeim átökum, sem af þessum einhliða ákvörðunum okkar hafa sprottið, hefur í öllum þessum tilfellum verið að lokum til lykta ráðið með samningum. Það skeði fyrst 1956 með samningnum í París á vegum Efnahagsstofnunarinnar eða í hennar húsakynnum, þegar gerður var samningur um afnám löndunarbannsins í Bretlandi. Það var að vísu samningur sem kostaði okkur ekki miklar kvaðir og í raun og veru ekki aðrar en þá, að við hétum því að stiga ekki nýtt skref í landhelgismálinu fyrr en fjallað hefði verið um landhelgismálið á þingi Sameinuðu þjóðanna, en þá hafði alþjóðalaganefndin skilað þangað áliti. En jafnframt var svo gerður samningur um afnám löndunarbannsins í Bretlandi. 1961, eftir strangt stríð þá, enduðu líka átökin með samningi. Og 1973 enduðu líka átökin við breta um stundarsakir og til bráðabirgða, eins og skýrt var tekið fram, með samningi. Og enn mun þessari deilu um 200 mílurnar ljúka með samningi. Alltaf hefur það farið svo að samningarnir hafa fært okkur að markinu og við höfum náð markinu. Og alltaf hafa íslendingar staðið saman sem einn maður um að

ná þessu lokamarki. Þetta er höfuðatriðið. Þetta má ekki gleymast, þótt við deilum hér, og það er þetta sem fyrst og fremst ætti að halda á loft.

En það er misskilningur, sem kom fram, að ég held hjá hv. þm. Benedikt Gröndal, í gær, — ég bið hann afsökunar ef það er einhver annar þm. sem hefur haft orð á því, — að það hefði alltaf verið eiginlega þjóðarsamstaða í landhelgismálum. Ég sé að þm. vill ekki kannast við að hann hafi sagt það, þá sagði einhver annar það. Það er rétt, að það hefur verið þjóðarsamstaða um þetta sem ég var að tala um. En það hefur ekki verið þjóðarsamstaða um málsmeðferðina. Það sagði, held ég, annar þm. hér í gær að aldrei hefði verið eins mikil mótmælaalda og þung undiralda gegn samningum eins og einmitt nú. Sem betur fer eru menn fljótir að gleyma í pólitík. En það var svo hér á Alþ. 1961, að það voru ekki allir sammála um þann samning sem þá var gerður við breta og þjóðverja, og þá stóð svo á hér á Alþ. að það var stærri stjórnarandstaða þá heldur en nú, og þá man ég ekki betur en öll stjórnarandstaðan stæði saman sem einn maður gegn því að þessir samningar væru gerðir. Og þó að mörg stóryrði hafi hrotið í þessum umr. sem hér fara fram, þá held ég að það sé óhætt að fullyrða að þau hafi ekki verið minni og heldur meiri þá en nú, auðvitað að undanteknum amtmanninum sem talaði hér í gærkvöld.

Það var sitt hvað sem við stjórnarandstæðingar höfðum þá við þennan samning að athuga, alveg eins og stjórnarandstæðingar nú hafa við þann samning að athuga sem nú stendur til að gera. En það var eitt og fyrst og fremst eitt alveg sérstakt atriði sem við vorum andvígir, og það var það ákvæði í samningnum sem skuldbatt okkur almennt og fyrir fram til að hlíta úrlausn Alþjóðadómstólsins um útfærslu landhelgi í framtíðinni. Hins vegar var það mjög jákvætt við þennan samning frá 1961 að í honum féllu bretar frá mótmælum gegn útfærslunni, gagnstætt því sem þeir höfðu gert 1956, vegna þess að þá tóku þeir kirfilega fram að þeir héldu fast við sín fyrri lagasjónarmið í því efni og viðurkenndu alls ekki 4 sjómílur. Það var deilt um það, hvort þetta jafngilti viðurkenningu eða ekki. Reynslan sýndi að það jafngilti viðurkenningu, og eftir umþóttunartímann, þriggja ára, þá giltu 12 sjómílurnar. Bráðabirgðasamkomulagið, sem gert var við breta 1973, hefur nokkuð borið hér á góma og mitt nafn hefur víst eitthvað verið nefnt í því sambandi. Ég vona þess vegna að mér fyrirgefist þó að ég víki aðeins að því.

Ég vil fyrst segja það, að það var beinlínis tekið fram í alþingissamþykktinni frá 1972, að ríkisstj. skyldi vinna að því að ná samningum um tiltekinn umþóttunartíma við þær þjóðir sem hér höfðu veitt. Samkv. þessu umboði vann fyrrv. ríkisstj. að því að ná samningum bæði við breta og vestur-þjóðverja um vissan umþóttunartíma, og voru haldnir margir samningafundir um það efni. En þeir báru ekki árangur. Það bar sitt hvað á milli þangað til tókst að fá þennan bráðabirgðasamning við breta 1973. Það er mikill misskilningur, sem kannske var látið að liggja, að ég hafi laumast til að gera þann samning. Ég fór á fund forsrh. breta bæði með vitund og samþykki ríkisstj., bæði með vitund og samþykki utanrmn. Ég kom ekki heim með neinn samning, ég kom heim með samningsdrög, lýsti því alveg skýrt og skorinort yfir, bæði við fréttamenn og á Alþ., að það væri algerlega óskuldbundið gagnvart þessum samningsdrögum.

Viðtökurnar við þeim samningsdrögum voru að vísu nokkuð á aðra lund en segja má að hafi orðið við þeim samningsdrögum sem hér liggja fyrir. Ég vil fyrst segja það, að það var aldrei gefið í skyn að með þessu samkomulagi væri bundinn endi um alla eilífð á deiluna við breta. Samkomulagið hét „Samkomulag um bráðabirgðalausn deilunnar um veiðar brezkra togara", og í umr. hér á Alþ. lýsti ég því alveg skýrt og skorinort yfir að þarna væri um bráðabirgðasamkomulag að ræða. Ég sagði m. a., með leyfi hæstv. forseta, svo:

„Menn spyrja hvað tekur við þegar þessu samkomulagi lýkur. Sumir eru svo bjartsýnir að halda af hafréttarráðstefnan verði þá búin að leysa vandann. Ég er ekki einn í þeirra hópi. Ég held að það verði miklu lengri tími þangað til hafréttarráðstefnan verður búin að ganga fullkomlega frá sínum málum. En ég er svo bjartsýnn að það muni að tveimur árum liðnum verða svo að þá hafi bretar fengið þann umþóttunartíma sem þeir geti sætt sig við og verði þá búnir að breyta sínum skipastól þannig, að hann verði ekki eins háður veiðum á Íslandsmiðum og hann hefur verið að undanförnu."

Það má segja að í þessu efni hafi ég verið of bjartsýnn. En þó getur enginn um það sagt, hvað átt hefði sér stað og hvort það hefði verið farið fram á nokkra framlengingu á þessu samkomulagi ef ekki hefði verið stigið nýtt og stærra skref í landhelgismálunum. En ég sagði að þessum samkomulagsdrögum hefði verið tekið nokkuð á annan veg en nú, og ég hygg að það sé rétt. Þá tjáðu æðimörg samtök sig um þetta samkomulag og m. a. Landsamband ísl. útvegsmanna sem þá sendi frá sér bréf um þetta efni sem svo hljóðaði, með leyfi hæstv. forseta:

„Vér leyfum oss að tjá yður, herra forsrh., að eftirfarandi ályktun var samþykkt á fundi stjórnar og varastjórnar LÍÚ og formanna útvegsmannafélaga víðs vegar um land sem haldinn var í Reykjavík laugardaginn 20. okt.:

„Fundurinn samþykkir að mæla með því við ríkisstj., að hún geri samning um lausn fiskveiðideilunnar við breta á þeim grundvelli sem nú er fáanlegur og forsrh. Ólafur Jóhannesson kynnti fulltrúum LÍÚ á fundi 19. okt. s. l."

Ályktunin var samþ. með 21:1 atkv."

Ég læt það liggja á milli hluta hvert þetta eina atkv. var.

Sama dag og ég talaði við Landsamband ísl. útvegsmanna, þá ræddi ég líka við Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda sem ætti að hafa og hefur auðvitað allgóðan kunnugleika á þessum málum. Og frá þeim fékk ég svo hljóðandi svar:

„Í framhaldi og tilefni af viðræðum, sem þér, hæstv. forsrh., efnduð til föstudaginn 19. þ. m.

með nokkrum fulltrúum félags vors og Landsambands ísl. útvegsmanna, þar sem þér gerðuð grein fyrir grundvelli sem nú væri fyrir lausn á fiskveiðilögsögunni við breta, var haldinn fundur í félagi voru 20. þ. m. og var þar samþykkt svofelld ályktun:

„Almennur fundur í Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda, haldinn í Hafnarhvoli í Reykjavík laugardaginn 20. okt. 1973, lýsir eindregnum stuðningi við þær till. sem forsrh. Íslands og Bretlands hafa orðið ásáttir um að bera fram sem bráðabirgðalausn í fiskveiðideilu um tveggja ára skeið. Telur fundurinn að með samþykkt till. þessarar sé afstýrt hættuástandi sem gæti, ef heldur áfram, leitt til mannskaða og fjárhagstjóns sem aldrei yrði bætt. Skorar fundurinn á Alþ. að samþykkja till."

Þess skal getið að allir meðlimir félagsins áttu aðild að afgreiðslu málsins og var ályktunin samþ. samróma."

Sams konar eða svipaðar samþykktir voru einnig gerðar í Sjómannasambandi Íslands og Sjómannafélagi Reykjavíkur og fleiri sem ég hirði ekki um að rekja. Og þessi samkomulagsdrög voru samþ. hér á Alþ. með miklum meiri hl., en að vísu ekki einróma fremur en nokkru sinni ella, þegar um málsmeðferð hefur verið að tefla og um hefur verið að ræða samninga. Þá voru nokkrir á móti, og við því er auðvitað ekkert að segja frekar en áður og frekar en nú. Menn hafa eðlilega sína skoðun og eiga rétt á því.

En það er alltaf erfitt að fullyrða um það, hver sé afstaða þjóðar. Það fer engin bein könnun fram á því. Ég hygg þó að flestir muni við það kannast, að þjóðin hafi andað léttar eftir að þessi samningur var samþykktur.

Ég hef aldrei lagt á það neina launung, að ég vissi að alþb.-menn, samstarfsmenn mínir í stjórninni, voru þessum samningi andvígir í raun og veru, og það er engin ástæða til þess að fara dult með það. Þeir greiddu samt sem áður að yfirveguðu ráði þessum samkomulagsdrögum atkv., og það verð ég að álíta að hafi verið skynsamlega ráðið hjá þeim. Á þetta vildi ég aðeins benda í sambandi við þennan samning við bretana og sérstaklega undirstrika þetta, að það var ekki farið á bak við einn eða neinn í því efni og það gekk enginn að því gruflandi að þarna var í raun og veru aðeins um vopnahléssamning að ræða, þó að margir væru þá svo bjartsýnir að halda það og halda því fram að hafréttarráðstefnan mundi þá verða búin að leysa þessi mál.

Viðtökurnar nú við því samningsuppkasti, sem fyrir liggur, eru á annan veg. Það er staðreynd að ýmis samtök, fjölmenn samtök, hafa gert samþykktir sem beinast gegn þessu fyrirhugaða samkomulagi, og í umr. í gærkvöld lýsti hv. þm. Björn Jónsson því yfir að Alþýðusambandið mundi beita sér gegn þessu samkomulagi af því afli sem það ætti yfir að ráða. Við vitum að þetta eru mjög þýðingarmikil samtök og þau hafa yfir miklu afli að ráða, og við hlustuðum vissulega með athygli á þessi varnaðarorð. En það, sem gladdi mig sérstaklega, var að Björn Jónsson tók fram og undirstrikaði að þetta mundu þessi samtök gera með hverjum löglegum hætti. Og það er ekki neitt við það að athuga. Þessi samtök hafa sinn rétt til að berjast gegn slíkri samþykkt með löglegum hætti. En eftir sem áður og þó að okkur sé ljóst hér á Alþ. að þetta séu þýðingarmikil samtök og afstaða þeirra geti haft margvíslegar afleiðingar, þá er það eftir sem áður skylda okkar hér á Alþ. að taka ákvörðun um efnið og bera á henni ábyrgð. Okkur getur yfirsést sem ákvörðunina tökum, en við verðum þá að taka afleiðingunum af því þegar þar að kemur. Það er Alþ. íslendinga, sem á að taka ákvarðanir sem þessar — Alþ. íslendinga sem ýmsar blaðursskjóður hafa gert sér leik að að undanförnu að kasta og hreyta ónotum í, — þessa stofnun íslensku þjóðarinnar sem er í reyndinni æðsta stofnun hennar, hefur verið burðarásinn í allri hennar frelsis- og sjálfstæðisbaráttu frá öndverðu. Ég held að við alþm. ættum a. m. k. að reyna að standa á verði um það að halda uppi virðingu Alþ. og haga okkar vinnubrögðum ekki á þann hátt að þeir dómar, sem um Alþ. hafa verið felldir, gætu kallast sannmæli. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að við, sem hér erum og kunnum að taka þá ákvörðun sem hér liggur fyrir, við föllum náttúrlega, við gleymumst. En Alþ. íslendinga mun standa. Það stendur á meðan Ísland er til. (Gripið fram í.) Hvað var þessi ágæti maður að segja? (**Gripið fram í:** Hvað er Alþingi án þorsksins?) Án þorsksins, já. Þorskurinn er mikil undirstaða efnahagslífs okkar íslendinga. En það eru líka til þorskar á þurru landi.

Það lét einn ónefndur þm. að því liggja í umr. í gærkvöld að ég hefði verið eitthvað óheill í samstarfi í vinstri stjórninni. Mér væru það mikil vonbrigði, svo að ég segi ekki meira, ef samstarfsmenn mínir í þeirri stjórn bera mér það á brýn. Það er nú svo, að hverjum og einum þykir sinn fugl fagur, já, jafnvel þótt hann sé nú fjaðralaus og magur, og það er nú svo með mig að mér þykir vænt um vinstri stjórnina og hef aldrei farið dult með það. Ég álít að hún hafi reist sér óbrotgjarnan minnisvarða í íslenskri sögu. Ég álít, að hún hafi hafið atvinnubyltingu hér á þessu landi. Þeirri atvinnubyltingu er haldið áfram af núv. ríkisstj.

Nú koma menn og segja: Það eru komin allt of mörg skip inn í landið.— Guð hjálpi þessum mönnum. Hvers vegna missti Ísland sjálfstæði sitt á sínum tíma? Af því kannske fyrst og fremst að íslendingar hættu að sigla, af því að íslendingar hættu að eiga skip og urðu ósjálfbjarga og upp á aðra komnir. Nei, það eru ekki komin of mörg skip.

Ég held að við í vinstri stjórninni höfum, á meðan hún var og hét, átt gott samstarf saman, og ég sé sannarlega ekki eftir þeim árum. Og mér er ljúft að taka það fram, að ég tel að Alþb. hafi staðið alveg heilt í þeirri ríkisstj., og eins og ég sagði, þá yrði ég fyrir vonbrigðum ef alþb.-menn gæfu okkur framsóknarmönnum ekki sama vitnisburð, ja, kannske að undanteknum amtmanninum (**StJ:** Ég mun bæta við þennan vitnisburð seinna í dag.) Ég efast ekki um það. Hv. alþm., sem greip fram í, er þekktur af sínu rabbi, skemmtilega rabbi, og ég efast ekki um að hann getur rabbað eitthvað áfram við okkur hér í dag, seinna. En ég hlýt þó að taka meira mark á þeim, sem störfuðu saman í ríkis-

stj. heldur en hv. þm. Stefáni Jónssyni í þessu efni. Og það er kunnugt af hverju vinstri stjórnin bilaði, að einn samtakamaðurinn brást fyrst og fremst. Hann var einn af þeim sem greiddu atkv. gegn samkomulagsdrögunum við breta, en hann datt nú — ég vil ekki segja því miður — hann datt upp fyrir í næstu kosningum. Ekki var nú gróðinn, sem hann hafði af mótstöðunni, meiri en svo. Og svo fór að lokum, eins og öllum er kunnugt að ég fer ekki að rifja hér upp, að meiri hl. Samtakanna snerist gegn stjórninni og flutti vantraust á hana og þá féll hún. Og það er af þeim ástæðum sem hún fór.

Annars er mér hjartanlega sama um hvað hv. þm. Stefán Jónsson heldur um þetta efni og hvort hann heldur að það sé mér að kenna að vinstri stjórnin fór út um þúfur eða ekki. Það er illa farið með tíma Alþ. að ræða um hann sérstaklega hér, og það ætla ég ekki að gera nema að ákaflega litlu leyti. Það er þó alltaf kurteisi að þakka fyrir sig, og ég get ekki látið hjá líða að þakka honum fyrir það lof sem hann bar á mig hér í gærkvöld. Það er nú svo að flestir menn eru þannig gerðir að þeim þykir lofið gott, jafnvel þótt það sé oflof. Og auðvitað var það oflof sem hann bar á mig, bæði mín miklu áhrif í mínum eigin flokki og mín yfirþyrmandi áhrif í vinstri stjórninni, jafnframt því sem hann gerði svo hlut sinna manna þar minni en réttmætt var og er. En það er nú einu sinni svona, að þar sem skáldæðin er rík, þá getur hún stundum borið raunveruleikann ofurliði og leitt mann jafnvel út á villigötur. Og ekki meira um það.

Ég skal þá víkja dálítið að því samkomulagi sem hér liggur fyrir, en vil fyrst endurtaka það sem ég sagði, að það var vilji til þess í vinstri stjórninni hjá öllum að leysa þessi mál með samningum um umþóttunartíma. Og í raun og veru héldum við að þjóðverjar væru miklu auðveldari en bretar, og við héldum að samningar við þá mundu nást, sérstaklega eftir að samkomulag hafði verið gert við bretana. En sú von brást, og það voru fyrst og fremst tvö atriði sem strandaði á. Það voru fyrst og fremst tvö atriði, og ég held að ég þori að fullyrða að ef þau atriði hefðu fengist í lag, þá hefði ekki strandað á öðrum atriðum þó að um þau væri viss deila. Og þessi tvö atriði voru það, að þjóðverjar héldu fast við að verksmiðjuskip og frystitogarar mættu vera með í samkomulaginu og fá veiðiheimildir. Því var alltaf algerlega neitað af okkar hálfu, og það var eitt þýðingarmesta atriðið við breska samkomulagið að þar voru frystitogararnir útilokaðir og þar með skapað það fordæmi sem auðveldaði okkur í samtölum við aðrar þjóðir að halda þessu fram ríkt. Þetta var fyrra atriðið. Hið síðara var það, að vestur-þjóðverjar vildu af lögfræðilegri þrákelkni endilega hafa það í samkomulaginu að þeir mættu koma einhvers staðar, þótt ekki væri nema á tveimur stöðum, upp að 12 mílunum, vegna þess að annars töldu þeir að þeir væru að viðurkenna 50 mílurnar. Það voru þessi tvö höfuðatriði sem strandaði á, þó að ágreiningur væri um hversu nærri þeir almennt mættu koma, annars vegar 30 mílur kannske, sem við höfum nefnt, en hins vegar 25 sem þeir vildu miða við sem höfuðlínu. Og enn fremur var ágreiningur um aflamagnið, en þó ekki meiri en svo, að ég hygg að hann hefði jafnast ef það hefði verið hægt að fá botn í þessi tvö atriði sem ég nefndi.

Og þá skal ég til þess að lengja ekki mitt mál úr hófi gera grein fyrir því, hvers vegna ég nú er með því samkomulagi sem hér liggur fyrir. Það er þá í fyrsta lagi, að það hafa nú fengist strikuð út þessi tvö atriði sem stóðu áður sérstaklega í vegi. Það er alveg skýrt í þessu samkomulagi að verksmiðjutogarar og frysti togarar koma ekki til greina, það er ekki samið um þá, þeir eru strikaðir út. Og það er enn fremur fallist á það í þessum samkomulagsdrögum að þjóðverjar komi hvergi upp að 12 sjómílum. Þetta eru vitaskuld mjög þýðingarmikil atriði, og það er náttúrlega misskilningur að ætla að halda því fram að hér sé um einhverja dulbúna verksmiðjutogara að ræða, jafnvel þótt það séu í þeim einhverjar kvarnir eins og víðar.

Það er sagt að það hafi verið tekið fram í drögum, sem menn sáu hér fyrst, að þar hafi verið ákveðið að þeir mættu vinna úr úrgangi mjöl og lýsi. Hvað hefur gerst eftir að við skoðuðum þessi samkomulagsdrög? Hefur þetta ekki verið algerlega strikað út? Ég ætla að það geti engum dulist að eftir lögfræðilegum skýringum sé það nú alveg skýrt, að þegar þannig hefur verið fellt niður ákvæði sem hefur þó verið þarna, þá verður það ekki skilið á annan veg en þann, að það kemur ekki til greina að þeir megi gera þetta.

Annað atriði, sem veldur því að ég get fallist á þetta samkomulag, er það um hvers konar fisktegundir er þarna að tefla. Þarna eru aðalfisktegundirnar karfi og ufsi, sem þjóðverjar hafa reyndar veitt hingað til fyrst og fremst, og alveg bundið takmörkunum hve mikið þeir megi veiða af þorski. Þeir mega aðeins veiða af þorski 5000 tonn. Það er alveg skýrt að þegar þeir hafa veitt 5000 tonn af þorski, hvort sem þeir hafa veitt mikið eða lítið af karfa og ufsa, þá verða þeir að hætta veiðum. Þetta er algerlega ótvírætt af 2. tölul. í þessari orðsendingu, þar sem segir:

„Ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýskalands ábyrgist“ o. s. frv. að fara ekki fram úr þessum heildarafla sem þar segir og þar af þorskafli ekki meiri en 5 þús. tonn. Stjórn Vestur-Þýskalands hefur skuldbundið sig til þess, — að jafnskjótt og þeir hafi veitt 5 þús. tonn af þorski, þá skuli veiðum hætt, vegna þess að stjórn Vestur-Þýskalands, þótt voldug sé, getur ekki ábyrgst það, ef veiðum er haldið áfram, að ekki slæðist eitthvað með af þorski til viðbótar. Þess vegna hefur hún með þessu ákvæði alveg ótvírætt skuldbundið sig til þess að stöðva veiðarnar á Íslandsmiðum þegar 5 þús. tonnum af þorski er náð, hvað sem líður aflanum af karfa og ufsa. En það þarf ekki að endurtaka það, sem hér hefur verið sagt og hefur komið fram í áliti fiskifræðinga, að það er reyndar þorskurinn sem er okkar viðkvæma mál í þessu efni, en karfinn og ufsinn eru það síður af mörgum ástæðum. Það er meira af þeim tegundum. Það hafa jafnvel ekki farið fram svo fullkomnar rannsóknir í þeim efnum að fiskifræðingar vilji staðhæfa

að þau mörk, sem þeir nefna í því efni, séu endanlega rétt, það taka þeir fram. Og svo í þriðja lagi eru þessar fisktegundir, karfi og ufsi, miklu verðminni og illseljanlegri en þorskurinn. Og þetta var auðvitað meginatriðið þegar um þessa samninga er að ræða. Þetta hefur auðvitað verið tekið fram af mörgum sem hér hafa talað á undan mér, svo að það er ekki ástæða til þess að fjölyrða um það. En ég undirstrika að það er þetta atriði sem ræður miklu í mínum huga, að ég tel þetta samkomulag eftir atvikum aðgengilegt og að það sé rétt af okkur að gera það.

Þá bendi ég enn fremur á það og það hefur líka mikil áhrif, að í þessu samkomulagi felst viðurkenning á verndun friðunarsvæða sem íslendingar ákveða. Það stendur í 5. lið þessarar orðsendingar. Það var einhver hv. þm. að tala um það í gær að það væri engin trygging fyrir því að smáfiskur væri verndaður. Ég sé ekki betur en þarna standi: „Í því skyni að vernda svæði þar sem mikið er af ungfiski og hrygningarfiski á hafsvæðinu umhverfis Ísland, ábyrgist ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýskalands, að þýskir togarar stundi ekki þær veiðar, sem íslenskum skipum eru bannaðar af þar til bærum stjórnvöldum.“ Ég hef haldið að ungfiskur og smáfiskur féllu dálitið saman, þannig að ég held að það geti nú ekki verið neinn vafi á því að það sé smáfiskur sem er verndaður einnig með þessu ákvæði. Og ég vil enn fremur í þessu sambandi benda á 6. lið tölul. 2, þar sem þetta er líka undirstrikað, að þau skuldbindi sig til þess að veiða ekki fisk þar undir t. d. þeim stærðarmörkum sem þar er um að ræða. (**Gripið fram** í: Það eru skyndilokanirnar.) Það eru skyndilokanirnar, sem vantar í þetta, já. En því miður, vantar þær ekki enn þá í okkar íslensku löggjöf? (**Gripið fram í:** Það er verið að betrumbæta.) Já, en það er nú ekki komið í gegnum Alþ. enn. Það er eins líklegt að það heyrist eitthvert tal á hv. Alþ. áður en þau drög, sem hafa verið undirbúin um það efni, verða að lögum.

Það hefur verið aðeins hreyft þeirri aths. við þetta samkomulag að það gæfi ekki íslendingum nægilegt tækifæri til þess að hafa eftirlit með því að þjóðverjar fylgdu þeim reglum, sem hér eru settar. En ég fyrir mitt leyti get ekki séð að á því séu nokkur tvímæli að íslendingar hafi algerlega fullan rétt í þessu efni. Og þar er einmitt 2. mgr. 8. tölul. Það er alger misskilningur að setja þá mgr. í samband við fyrri mgr. Ef það hefði átt að vera, þá hefði þetta ekki verið sérstök mgr. En þetta er sérstök og sjálfstæð mgr., þar sem segir: „Eftirlitsmenn mega fara um borð í þýsk skip til að kynna sér leiðarbók og aflaskýrslur svo og rannsaka veiðarfæri og afla um borð.“ Þetta er alveg ótvírætt. Og ef þetta skyldi nú eitthvað koma til kasta landhelgisgæslunnar, sem ég veit ekki, það er allt eins líklegt að það væri í höndum Hafrannsóknastofnunarinnar, þá skyldi sannarlega ekki standa á mér að ráða t. d. hv. þm. Stefán Jónsson sem eftirlitsmann til þess að fara um borð í þýsku togarana til þess að kanna þetta. (**StJ:** Ég heyrði ekki almennilega, hvað ráðh. sagði.) — að ég skyldi glaður ráða hv. þm. sem eftirlitsmann til þess að fylgjast með veiðum, ef það félli í hlut landhelgisgæslunnar að hafa þetta eftirlit með höndum. (**StJ:** Ég hef farið út með landhelgisgæslunni.) Já, já, og notið þar góðrar fyrirgreiðslu, vona ég. (**StJ:** Í tíð annars forsrh.) Já, en hv. þm. hefur kannske ekki leitað eftir því í minni tíð? (**StJ:** Að vísu gerði ég það, en fékk synjun.) Jæja.

Að lokum er þess að geta, að samkv. þessu samkomulagi er það svo að það má fresta því eftir 5 mánuði ef bókun nr. 6 verður þá ekki komin til framkvæmda, þannig að það er allt eins líklegt, eins og horfir nú, að þetta samkomulag verði í reynd ekki til tveggja ára, heldur aðeins til 5 mánaða.

Ég er auðvitað þakklátur fyrir allt lof sem borið er á fyrrv. ríkisstj., og það er rétt, eins og hér hefur komið fram hjá ýmsum þm., að hún vann vasklega í landhelgismálinu, m. a. með því að gera ýmsa bæklinga og kynna málið rækilega, m. a. með því að senda út sendimenn til kynningar á málinu. Það er t. d. að mínu áliti ekki nokkurt vafamál að sendiför þeirra Hannesar Jónssonar og Steingríms Hermannssonar á þing Afríkuríkja hafði — ja, ég vil segja hafði afgerandi áhrif á afstöðu þá sem þessi ríki tóku svo síðar. Sannarlega fór hv. þm. Jónas Árnason í margar ferðir til Bretlands og ræddi þar við menn, og ég vanmet það alls ekki hvað hann gerði í þeim efnum.

Hinu verð ég svo að vísa til föðurhúsanna, þegar annaðhvort er látið að því liggja að landhelgisgæslan hafi verið slöpp — eða ef menn veigra sér við því að beina nokkrum skeytum að skipshöfnum landhelgisgæslunnar, þá a. m. k. að dómsmrh. hafi verið slappur, og það er ekki nema réttmætt því að hann ber ábyrgðina og stendur undir henni. Ég vil vísa því heim til föðurhúsanna. Landhelgisgæslan hefur alltaf gert það sem hún hefur getað og verið beitt þannig. Og ég met miklu meir það sem t. d. skipherrar í landhelgisgæslunni segja um mín skipti af þessum málum og mitt samband við þá heldur en það sem hv. þm. Stefán Jónsson segir. Og mér er óhætt að segja það, að það hefur aldrei af minni hálfu verið haldið aftur af þeim. Þegar flotinn á sínum tíma kom á Íslandsmið var varðskipunum beitt eftir því sem mögulegt var. Hins vegar sýndi það sig, að landhelgisgæsluna skorti auðvitað eðlilega afl á við þann óvin sem við var að eiga, og sérstaklega gagnvart þeim baráttuaðferðum sem beitt var gegn varðskipunum, sem sé að það var lögð sérstök stund á það af hálfu dráttarbátanna og reyndar togara einnig að sigla á varðskipin. Það gerðist æ ofan í æ, og varðskipin löskuðust af þeim sökum og urðu þess vegna stundum að dvelja til viðgerðar um nokkurn tíma í höfnum. Og ég fyrir mitt leyti er ekki í nokkrum vafa um að það verður nú beitt sömu aðferðunum í þessu efni. Skipherrarnir á varðskipunum hafa sýnt það áður að þeir eru vaskir menn og hljóta, þótt með annarlegum hætti sé, aðdáun í raun og veru hinna bresku sjómanna sem þeir eru að fást við, af því að þeir geta ekki komist hjá því að viðurkenna það og sjá hvílíkir afburðasjómenn þar eru að verki.

Það verður auðvitað áfram haldið þeirri stefnu í þessu efni eins og áður hefur verið gert, að

landhelgisgæslunni verður beitt af fullum krafti og hún látin gera það sem í hennar valdi stendur til þess að trufla og aftra veiðum breskra togara hér — og taka þá ef mögulegt er. En það hefur hingað til reynst erfitt að taka togara sem ekki vilja hlýða stöðvunarmerkjum. Það er enginn leikur að fara um borð í togara til að taka þá fasta ef þeir eru á fullri ferð. Þó hefur tekist að stöðva togara og færa hann til hafnar. Það er satt að landhelgisgæslan er betur búin nú til þess að mæta átökum en áður, og verður vonandi til þess kostað að hún verði enn betur undir það búin. En hitt verða menn þá jafnframt að hafa í huga, að það er dálitið annað að verja 200 sjómílna svæði heldur en 50 sjómílna. Það er dálitið annað og var dálitið annað að verja 12 sjómílna svæði heldur en 50 sjómílna svæði, þannig að þessi atriði verður að taka með í reikninginn.

En ég ætla ekki að fara í þessu sambandi að ræða annars um baráttuna við breta. Ég veit að það er svo, eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, að allir íslendingar eru sammála um að standa saman og verjast með öllum mætti og svara með viðeigandi hætti innrás breta. Og það ber ekki allt upp á sama daginn í því efni. Þar skiptir mestu máli að úthaldið sé fyrir hendi, vegna þess að ég spái því að við eigum fyrir höndum langt stríð við breta að þessu sinni, og undir það skulum við búa okkur.

Eins og ég sagði áðan, þá er ekkert sjálfsagðara en menn deili hér á Alþ. Alþ. er glerhús í vissum skilningi, opinn vettvangur sem öll þjóðin getur fylgst með og á að fylgjast með umr. sem hér fara fram. En það eru og verða alltaf á hverjum tíma einhver vandamál uppi þar sem Alþ. verður að taka afstöðu, og þá verður meiri hl. að ráða og bera ábyrgð á því og taka afleiðingum sinna verka. Og þannig verður það í þessu máli. Menn flytja mál sitt og fá tækifæri til þess á allan hátt, en síðan verður svo eftir okkar réttu leikreglum og okkar stjórnskipun Alþ. eða meiri hl. að taka ákvörðunina. Það er ekki hægt að haga þessu á annan hátt. Ég veit að allir hv. alþm. eru sammála um að þannig eigi þetta að vera og þannig hljóti þetta að vera. Og það veltur á ýmsu hverjir eru í meiri hl. eða minni hl. hverju sinni. En þegar deilan er afstaðin, þá munu stóryrðin gleymast fljótt, en hitt verður munað, að það er áfram stigið. Við a. m. k. stígum þetta skref í þeirri trú að það þoki okkur nær því marki, að Ísland fái að fullu og öllu viðurkenndan yfirráðarétt sinn yfir 200 sjómílum. Við megum ekki gleyma því, að við erum ekki einir í heiminum og það er litið á okkar málstað úti í hinum stóra heimi talsvert misjöfnum augum. Við þurfum að vinna samúð og skilning nægilega margra til þess að fá okkar mál fram. Við höfum notið víða samúðar og skilnings fyrir okkar málstað. Og við verðum að gæta þess að halda þannig á málum að við hrindum ekki frá okkur þeim öflum, sem gætu viljað styðja í þessu efni, að ná þessu lokamarki, og það er lokamarkið, sem við eigum að horfa á, jafnvel þótt við endrum og eins verðum að gera krók á leiðina. Það, sem máli skiptir, er að komast á leiðarenda, ekki endilega hvort það tekur árinu lengur eða skemur.

Það er ekki nokkur vafi á því að með þessum samkomulagsdrögum eru þjóðverjar á leiðinni að viðurkenna okkar útfærslu. Það felst í þessu í reynd mjög veigamikil viðurkenning. Það er ljóst þegar litið er t. d. á þá togara sem þarna er um að ræða, að þeir eru nú allmargir komnir til ára sinna og mundu margir á íslenska vísu líklega vera taldir aflóga. Og allt gengur þetta í þá átt og auðvitað er það leiðin til að vinna mál að dreifa óvinunum, að einangra aðalóvininn, og það er það sem við erum að reyn að gera í þessu máli — og það tekst.

Magnús T. Ólafsson: Herra forseti. Hæstv. dómsmrh. sagði í lok máls síns eitthvað á þá leið, að á þeirri leið, sem liggur að fullum yfirráðum íslendinga yfir fiskimiðunum á landgrunninu umhverfis landið, kunni að þurfa nú eins og stundum áður að taka á sig krók. Til sanns vegar má það færa. En þess þarf þó að gæta að þótt krókur geti verið betri en kelda, þá er verst af öllu að taka á sig á erfiðri vegferð krók sem endar í keldu. Það er hin stóra hætta sem felst í þeim samkomulagsdrögum sem hér liggja fyrir, að þar sé svo alvarlega sveigt af leið að markmiðið, full yfirráð yfir íslenskum fiskimiðum reynist á leiðarenda langtum minna virði en það ætti að vera að öllu eðlilegu og við höfum alltaf talið að það yrði. Mál standa nú þannig að dómi fróðustu manna að ekkert má út af bera ef ekki á svo að fara innan tiltölulega skamms fyrirsjáanlegs tíma að verðmætustu stofnar nytjafiska okkar verði komnir svipaða leið og Norðurlandssíldin fór fyrir nokkrum árum vegna skefjalausrar ofveiði. Þessi till. um samkomulagsdrög og sá eftirleikur, sem virðist eðlilegur, fleiri samningar um mun stærri hluta af þorskaflanum til annarra þjóða, skapar að mínum dómi og okkar annarra andstæðinga samkomulagsins hættu á því að í slíka ófæru sé stefnt.

Það má vel vera og á það get ég fallist með hæstv. dómsmrh., að hefðu þessi samningsdrög legið fyrir fyrir segjum tveimur árum, þá hefði a. m. k. ég og máske ýmsir aðrir litið þau nokkuð öðrum augum en nú og þótt þau aðgengilegri samkomulagsgrundvöllur. En síðan hefur margt breyst. Ég held að enginn geti á móti því borið, að tvær af þýðingarmestu forsendum fyrir veitingu veiðiheimilda til erlendra skipa í íslenskri fiskveiðilögsögu hafa gerbreyst á síðustu tveimur árum. Lögsagan hefur verið færð út úr 50 mílum í 200 mílur frá grunnlínum. Sú stórfellda útfærsla er litið nema nafnið eitt meðan stórlega skortir á að 50 mílna svæðið gamla hafi verið friðað fyrir veiðum útlendinga. Það er ekki hægt að lá fólki það og þá sér í lagi sjómönnum sem líta svo á að það sé nánast leikaraskapur að færa út í 200 mílur á pappírnum, en heimila jafnframt veiðar sem nema mörgum tugum, jafnvel hundruðum þús. tonna árlega, sem vitað er að aðallega yrðu tekin innan við 50 mílna línuna.

Hitt atriðið, sem breytir viðhorfi til veiða á botnfiskstofnum á Íslandsmiðum, er skýrsla fiskifræðinga okkar sem er svo margrakin í þessum umr. að ég ætla ekki að fjalla um hana

frekar. En niðurstaða hennar er í sem stystu máli sú, að til þess að misbjóða ekki stofnunum, einkum þorskstofninum, þannig að óvíst sé að hann bíði þess bætur um fyrirsjáanlega framtíð, þá verður annaðhvort að strika út aflamagn sem nemur í stærstum dráttum afla útlendinga á íslandsmiðum eða þá helminginn af þeim afla sem við íslendingar höfum tekið á þessum miðum. Aðra hvora eða eitthvert sambland af þessum tveim leiðum þarf að fara ef halda á sókninni innan viðunandi hættumarka að dómi fiskifræðinga. Þetta tvennt í sameiningu gerir það að verkum, að það, sem þótt hefði máske viðunandi kostur fyrir tveimur árum, er nú að mínum dómi algerlega óviðunandi.

Þetta, sem ég hef nú tilfært, er að mínum dómi mergurinn málsins. En svo eru ýmis smærri atriði sem ástæða er til að gera að umræðuefni.

Enn vil ég víkja að atriði sem hæstv. dómsmrh. kom að í ræðu sinni. Það er eftirlitið með að fyrirhugað samkomulag sé haldið og að ákvæði þess komist á tilætlaðan hátt til skila. Ég fékk ekki skilið orð hæstv. dómsmrh. öðruvísi en svo, að það væri enn óráðið hvert íslenskt stjórnvald færi með það eftirlitshlutverk sem tvímælalaust verður að gegna samkv. þessu samkomulagi ef gert verður. Það tel ég mjög miður farið ef þetta leikur enn í óvissu. Ég tel mjög nauðsynlegt að ríkisstj. ákveði ekki einungis um rn., — og ég tel langeðlilegast að það sé dómsmrn., yfirstjórnandi landhelgisgæslunnar, sem fái þetta hlutverk í hendur, — heldur og ekki síður að látinn sé í té sá skipakostur og sá sérhæfði mannafli sem til þarf að gegna þessu eftirlitshlutverki, því að það tel ég augljóst að landhelgisgæslan, eins og hún er nú skipuð, og varðskipin munu eiga nógum öðrum verkefnum að sinna þótt nýr skipakostur og nýr mannafli komi til sögunnar að gegna þessu sérstaka eftirlitshlutverki. Og það þarf ekki aðeins að búa svo um hnúta við eftirlit hér á miðunum. Ekki er síður þýðingarmikið að eftirlit í löndunarhöfnunum sé trútt og niðurstöður þess komi skjótt og rækilega til skila. Það skiptir t. d. ekki litlu máli, að það sé staðreynt eins fljótt og kostur er að 5000 lesta þorskaflanum sé náð, því að ef þetta samkomulag tekst, þá segir mér svo hugur um að það verði 5000 lestirnar af þorski sem verði hin ákvarðandi stærð í því efni hver heildaraflinn verður, en ekki 55 þús. lestirnar af karfa og ufsa.

Þá vil ég víkja að atriði sem mjög hefur borið á góma í þessum umr. Það hefur verið staðhæft æ ofan í æ að með þessu samkomulagi séu vestur-þýsk verksmiðjuskip og frystitogarar útilokuð úr íslenskri fiskveiðilögsögu. Nú hefur það kveðið við hjá vestur-þjóðverjum í þeim viðræðum, sem fram hafa farið og ég hef fylgst með um fiskveiðiundanþágur, að í rauninni eigi þeir alls engin réttnefnd verksmiðjuskip af því tagi, sem t. d. þjóðir eins og japanir, sovétmenn og fleiri ráða yfir, þeir eigi alls engin verksmiðjuskip af þeirri stærð og þeirri gerð sem beri það nafn með rentu, heldur séu hinir stærri togarar þeirra búnir vélum og getu til vinnslu á úrgangi og einstökum fisktegundum í mjöl og lýsi, þarna sé um að ræða togara sem ekki séu réttnefnd verksmiðjuskip, heldur togara sem aðallega veiði í ís eða frystingu, en séu að nokkru búnir verksmiðjuvinnslu sem hluta af sínum búnaði. Þetta skiptir auðvitað ekki höfuðmáli. En hitt liggur fyrir, að a. m. k. stór hluti þeirra togara, sem upp eru taldir á þeim lista sem birtur er sem fskj. II með þáltill., hefur slíkar vélar innanborðs, þó vafalaust ekki af stærstu gerð, svo að vel má vera að réttnefni sé það orð sem hér hefur heyrst, að þar séu kvarnir á ferðinni. Engu að síður skiptir það nokkru máli hvernig þessum kvörnum, hvernig þessum bræðslu- og mjölvinnsluvélum er beitt, og ég tel því, ef ég hef skilið dómsmrh. rétt, að það hafi verið misráðið að nema úr samkomulagsdrögunum ákvæði sem takmarkaði vinnslu þessara véla við það eitt að vinna slóg úr aflanum, ef þá ekki kemur það á móti að þessar vélar séu hreinlega teknar úr skipunum. **(Gripið fram í:** Þetta er misskilningur.) En þetta var strikað út.

Þá er það enn atriði, sem ég tel rétt að vekja athygli á. Það varðar frystiskipin. Alveg rétt er það hjá hæstv. dómsmrh. að mesti ásteytingarsteinninn í viðræðunum við vestur-þjóðverja var frá upphafi eindregin krafa þeirra um að við hleyptum helst öllum frystitogaraflota þeirra inn í íslenska fiskveiðilögsögu eða a. m. k. verulegum hluta hans. Þeir færðu sig að vísu neðar og neðar í þeirri tölu, en alltaf var þó um umtalsverðan skipakost að ræða. Nú er okkur sagt að því marki sé náð að frystiskipin hafi gersamlega verið strikuð út, hér sé ekki um neitt slíkt skip að ræða. Þetta er ekki rétt samkv. þeim upplýsingum sem ég hef í höndum. Ég hef hér þann lista sem þjóðverjar afhentu á sínum tíma í viðræðum, þar sem talinn var upp allur togarafloti þeirra ætlaður til veiða á fjarlægum miðum. Þar er einnig tilfært hverjir af þessum togurum hafa frystivélar til hraðfrystingar á flökum eða heilum fiski. Á þessum lista eru nöfn tveggja skipa, talin með frystigetu, sem eru á fskj. II. Strax togarinn Altona sem hér er fyrstur á listanum. Samkv. upplýsingum vestur-þýskra stjórnvalda er þetta frystitogari. Frystigeta hans er 33 tonn á sólahring af flökum eða heilfrystum fiski. Þarna er einnig togarinn Othmarschen, einnig eitt af stærri skipunum. Þetta er líka að sögn vestur-þýskra stjórnvalda frystitogari. Frystigeta hans er sú sama og Altona, 33 lestir. Hér eru sem sagt af þessum 40 skipum enn inni tvö frystiskip sem höfðu frystigetu þegar sá listi var útbúinn sem ég hef í höndum, og á eftir að sjá hvort sú hefur raunin orðið á að frystivélarnar hafi síðar verið teknar úr þessum skipum, en það væri það eina sem gæti breytt þeim frystitogurum í venjulega ísfisktogara. Ég tek það skýrt fram að ég er ekki að dróttta því að neinum, sem hér eiga hlut að máli af íslendinga hálfu, að þeir hafi vísvitandi gefið rangar upplýsingar um þetta atriði. Ég vil aðeins benda á þetta til dæmis um það, hversu nauðsynlegt er að fara nákvæmlega ofan í þær

upplýsingar, sem mótaðilinn í samningunum leggur í té, og sannreyna það sem hann heldur fram um atriði sem þetta.

Á sínum tíma buðu þjóðverjar skuldbindingu um að þótt frystitogararnir fengju að koma á Íslandsmið, þá skyldu þeir aðeins veiða í ís og ekki nota sína frystigetu. Ekkert slíkt ákvæði er í þeim samningsdrögum sem hér liggja fyrir, svo að sé það rétt, sem mér virðast öll rök benda til, að þarna hafi slæðst með tveir frystitogarar, þá eru engar hömlur á því samkv. þessum drögum að þeir noti frystivélar sínar við þær veiðar sem þeim á að heimila.

Eg tel umr., sem hér hafa farið fram, hafa sýnt að mörg önnur rök, sem þessu samningsuppkasti eru færð til ágætis, séu litlu eða engu haldbetri en þau sem ég tel mig hafa sýnt fram á að séu fallin um sjálf sig. Ég ætla ekki að tíunda þau frekar, það hafa aðrir gert, en ætla aðeins að endurtaka það, sem ég sagði í upphafi, að það eru kannske ekki þessi samningsdrög með öllum sínum göllum, sem mér óar mest, heldur sá dilkur sem ég tel augljóst að þau muni draga á eftir sér.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Á sömu klukkustundum og herskip hennar hátignar stíma inn í íslenska lögsögu í þeim tilgangi að beita okkur Íslendinga ofbeldi sitja þm. þjóðarinnar fram á nótt í málstofum Alþ. og saka hverjir aðra um landráð. Efnt er til mótmælafunda gegn rétt kjörnum stjórnvöldum og kynt er undir elda óeiningar og upplausnar. Það er sorgleg staðreynd að við skulum ekki bera gæfu til að standa saman á slíkum örlagastundum þegar þessari litlu þjóð er ógnað með vopnavaldi og yfirgangi. Ekki skelli ég skuldinni á neinn einstakan. Það er tilviljun að þessa atburði ber upp á sömu stundina, þ. e. a. s. innrás herskipanna og umr. um þetta samkomulag eða þessa samninga, og það er víst nauðsynlegt í pólitíkinni að vera ósammála.

Hér hafa menn rætt fram og aftur um einstök atriði þessara samningsdraga, vegið og metið kosti og galla og lýst með sterkum lýsingarorðum afleiðingum til góðs sem ills. En ef við gerum okkur far um að hafa nokkra yfirsýn í þessu máli og líta á þetta samkomulag eða drög að samkomulagi í sögulegu ljósi, þá held ég að öllum geti orðið það ljóst að hér er engan veginn um að ræða lokamark, aðeins áfanga á langri leið. Hér er ekki verið að taka neinar úrslitaákvarðanir í landhelgisbaráttu okkar, en við erum að semja um tímabundnar veiðiheimildir, og þess konar samkomulag hefur verið gert áður í baráttu okkar fyrir útfærslu landhelginnar. Á það hefur verið minnt hér fyrr í dag að við sömdum um tímabundnar veiðiheimildir til handa bretum og vestur-þjóðverjum þegar fært var út í 12 mílur. Við sömdum aftur við breta og aðrar þjóðir þegar fært var út í 50 mílur. Og allir flokkar hafa staðið að slíku samkomulagi. Þær takmörkuðu veiðiheimildir út af fyrir sig, sem ég hef hér minnst á, hafa ekki skaðað málstað okkar. Þær hafa ekki dregið úr rétti okkar og þær hafa ekki tafið fyrir framgangi okkar baráttu til yfirráða yfir íslenskri lögsögu.

Út frá okkar eigin sjónarhóli er hér ekki um eftirgjöf að ræða, heldur aðlögun, ekki um undanslátt, heldur staðfestingu á rétti okkar til að semja um tiltekin svæði innan íslenskrar lögsögu. Afstaða okkar, þótt við höfum gert slíkt samkomulag frá einum tíma til annars, hefur aldrei og mun ekki nú haggast um einn þumlung. Ef litið er á landhelgismálið í sögulegu ljósi, ef við köfnum ekki í smáatriðum, þá hlýtur öllum að vera ljóst að slíkur áfangi að gera samkomulag við andstæðinga okkar getur fært okkur nær, en ekki fjær lokamarkinu. Í slíku samkomulagi felst viðurkenning af þeirra hálfu á rétti okkar, eins og bent hefur verið hér á. Þjóðverjar gerðu ekki samkomulag við okkur um takmarkanir á afla og skipaflota nema af því að þeir viðurkenna að við höfum rétt til þess að setja þeim slík skilyrði. Þjóðverjar gangast ekki undir íslensk lög og íslenskt eftirlit nema af því að þeir fallast á að þau gildi og það eftirlit eigi rétt á sér innan 200 mílnanna. Hæstv. utanrrh. lofaði að koma því á framfæri við þjóðverja, að þessi skoðun hefði komið fram hér á hinu háa Alþ., — sú skoðun að við litum svo á að með þessu samkomulagi væru þjóðverjar að viðurkenna okkar rétt. Ég vil leyfa mér að beina því til hæstv. utanrrh. að hann geri betur en segja einvörðungu að þessi skoðun hafi komið fram. Hann á að tilkynna þjóðverjum, að þetta sé skoðun okkar allra, ríkisstj., þings og þjóðar.

Undir þeim kringumstæðum að ástand fiskstofnanna væri með eðlilegum hætti, með hliðsjón af því að hafréttarráðstefnan er í nánd og færir okkur vonandi fullan sigur og af þeirri ástæðu að við Íslendingar viljum sýna öðrum þjóðum sams konar tillitssemi og við viljum að þær sýni okkur, þá ætti slíkt samkomulag sem hér er um að ræða ekki að valda okkur umtalsverðum áhyggjum. Réttur okkar er sá sami og staða okkar gæti styrkst. Undir venjulegum kringumstæðum, sagði ég. Nú hefur hins vegar komið fram svart á hvítu að það er ekki um venjulegar kringumstæður að ræða. Fiskstofnar okkar eru í bráðri hættu. Það setur vissulega strik í reikninginn. Og þær upplýsingar um ástand fiskstofnanna og þá einkum um ástand þorskstofnsins hafa haft veruleg áhrif. Það er líka athyglisvert að það eru forsendur sem nánast allir þeir, sem vilja ræða þetta mál af skynsemi og efnislega, ganga út frá, einmitt þessar upplýsingar. Að undanskildum ásökunum um undirlægjuhátt gagnvart Atlantshafsbandalaginu sem ég tek ekki alvarlega og reikna ekki heldur með að viðkomandi ræðumenn ætlist til að séu teknar alvarlega, þá eru skýrslur fiskifræðinganna þau vopn sem menn brynja sig með þegar þeir gagnrýna samkomulagið.

Því er haldið fram að samkomulag mundi ganga af okkar fiskstofnum dauðum og við getum ekki og eigum ekki að semja vegna þess að það sé ekkert um að semja. Í þessu sambandi er vert að minna á að útfærslan í 200 mílurnar mátti ekki seinni vera. Útfærslan í 50 mílur á sínum tíma var að sjálfsögðu mjög eðlileg og tímabær, en engan veginn nægileg. Það, sem mönnum fannst ótímabær dirfska fyrir tveim árum, er nú orðin lífsnauðsynleg aðgerð. Það,

sem menn töldu fyrir einu ári að ætti að gera einhvern tíma í framtíðinni, þolir nú enga bið. Án útfærslunnar í 200 mílur sigldu erlend fiskiskip óáreitt á íslenskum veiðislóðum. Án aðgerða af okkar hálfu veiddu þau áfram af fullkomnu tillitsleysi gagnvart hrygningarsvæðum og smáfiski. Spurningin er því sú, hvort það sé rétt að samkomulag valdi meiri usla, auki enn hættuna á að aðvaranir fiskifræðinga verði að veruleika. Til þess að svara þessari spurningu verður að hafa hliðsjón af því hvernig ástandið yrði ef ekki yrði gert samkomulag. Án samkomulags hafa þjóðverjar veitt árið 1973 rúmlega 90 þús. tonn og á árinu 1974 tæplega 70 þús. tonn. Ég gerði ráð fyrir því að okkar landhelgisgæsla gæti komið í veg fyrir að þjóðverjar veiddu jafnmikið magn nú og áður, en við skulum hins vegar horfast í augu við það, að mjög líklegt er að þeir veiði að miklum hluta sama magn sem þeir hafa veitt s. l. ár. Þeir mundu veiða þetta magn, hvort sem það væru 35, 40 eða 45 þús. tonn eða hugsanlega eitthvað meira, 45 þús. tonn, án eftirlits og án nokkurrar stjórnunar af okkar hálfu á þeirra veiðum.

Með þetta í huga tel ég að samkomulag við vestur-þjóðverja réttlætist einmitt af skýrslu fiskifræðinganna. Ég vil víkja til hliðar óskhyggju um að við ráðum niðurlögum andstæðinganna án samninga, víkja til hliðar ótta um tímabundna kjaraskerðingu og hótanir um aflakvóta á íslensku skipin. Allt þetta hefur ekki áhrif á ákvarðanir mínar í þessu máli því að ég set verndunarsjónarmiðið ofar öllu. Ef ekki er gripið til einhverra raunhæfra aðgerða til þess að vernda fiskstofninn bæði gagnvart veiðum íslendinga og útlendinga, þá verður það að veruleika sem fiskifræðingarnir eru búnir að spá. Þess vegna verður það að vera meginhugsun og meginatriði í okkar ákvörðunum hvort við getum framkvæmt verndunarsjónarmiðið eða ekki. Það er ekki aðeins verið að eyða öllum fiski með eftirlitslausum, stjórnlausum veiðum hér á Íslandsmiðum, heldur er líka verið að drepa líftaug okkar Íslendinga.

Samkomulag það, sem nú er ætlunin að gera við þjóðverja, gerir ráð fyrir nokkru eftirliti, nokkurri stjórnun og takmörkun á veiðum. Við getum verið óánægðir með aflamagn það sem þjóðverjar mega veiða, en ég tel að án samkomulags muni þeir veiða það mikið magn, a. m. k. 40 þús. tonn, að mér finnst að þau 20 þús. tonn, sem ber hugsanlega á milli, geti ekki ráðið úrslitum þegar önnur atriði eru vegin og metin. Við getum lýst andstöðu okkar við veiðisvæði þau sem samkomulagið gerir ráð fyrir. En deilur eða ágreiningur um veiðisvæði til eða frá getur ekki heldur ráðið úrslitum. Og á það ber líka að líta, að við höfum vald til þess að vernda þau veiðisvæði sem við teljum viðkvæmust. Við vildum gjarnan að bókun 6 kæmi til framkvæmda. En þá er enn á það að líta að ef hún er ekki komin til framkvæmda eftir 5 mánuði, þá frestast þessi samningur, þannig að þetta atriði hefur ekki heldur úrslitaáhrif varðandi það hvort við samþykkjum þetta samkomulag eða ekki.

Allt vegur þetta líka minna en sú staðreynd að þjóðverjar játast undir okkar lög, okkar eftirlit og okkar verndunarákvarðanir. Þeir viðurkenna og hlíta því ef við teljum nauðsynlegt að vernda ákveðin veiðisvæði. Þeir takmarka skipafjölda sinn og við hann munu ekki bætast önnur skip. Þeir fara með frystitogara sína út fyrir 200 mílur, gangast undir eftirlit okkar, og þeir skuldbinda sig til að veiða ekki þorsk sem nokkru nemur, en það er einmitt þorskurinn sem er í mestri hættu. Út frá fiskifræðilegu og verndunarsjónarmiði hlýtur allt þetta að vera geysilega mikilvægt. Einmitt með hliðsjón af skýrslu fiskifræðinganna eru þessi ákvæði samkomulagsins þýðingarmest.

Ég vek sérstaka athygli á því, að í skýrslu fiskifræðinganna, þ. e. a. s. Hafrannsóknastofnunarinnar, og í skýrslu Rannsóknaráðs ríkisins er gengið út frá þeirri meginforsendu að við höfum stjórn á sókninni á fiskimiðin, einnig á okkar eigin sókn. Með samkomulaginu við þjóðverja höfum við öðlast þessa stjórn hvað þá snertir og höfum það fullkomlega á valdi okkar að fylgja verndunarsjónarmiðum okkar eftir. Ég minni og á að ekki er mögulegt fyrir neinn að vísa í skýrslurnar óðruvisi en að samþykkja þá það annað sem í þessum skýrslum stendur. En hvernig geta menn haldið verndunarsjónarmiðum á lofti gagnvart útlendingum, en virt þau að vettugi að öðru leyti með stjórnleysi í skipakaupum og andstöðu gegn aflatakmörkunum hjá íslendingum?

Aðvaranir fiskifræðinga byggjast á því að við tökum einmitt þessi mál til alvarlegrar athugunar og setjum á mjög stranga stjórn og mjög strangt eftirlit. Við nálgumst það með þessu samkomulagi hvað þjóðverja snertir, og við verðum jafnframt líka að nálgast það hvað okkur sjálfa snertir.

Á þesum samningum eru bæði kostir og gallar. Á þessu máli eru tvær hliðar eins og á öllum öðrum málum sem einhverju skipta. Margir í þessu landi eru algerlega andvígir öllum samningum í landhelgismálinu. Sumir stjórnmálaflokkar hafa lýst slíkri eindreginni afstöðu. Við því er í sjálfu sér ekkert að segja. Þeir dæma sig að vísu úr leik þegar verið er að meta þetta samkomulag af einhverri skynsemi. Og rök þeirra, sem lýst hafa sig algerlega andvíga hvers konar samkomulagi, verða ekki eins haldgóð og trúverðug þegar þeir nú andmæla einstökum atriðum samkomulagsins.

Það er yfirlýstur vilji Alþ. að leita samninga við aðrar þjóðir. Það hefur verið gert bæði fyrr og nú, og vitaskuld hefur það áhrif á stjórnarsinna hér á þingi að þeir hafa fylgst með samningsgerðinni nokkuð náið. Stjórnarsinnar hér á þingi hafa eins og aðrir, bæði utan þings og innan, verið misjafnlega áhugasamir um samningsgerð, enginn ákafur, flestir nokkuð tregir. Samninga gerir enginn samninganna vegna. Ég hef sjálfur verið fylgjandi samningum, en því aðeins að þeir væru aðgengilegir og okkur til verulegra hagsbóta. Ég hef alltaf gert mér ljóst að í samningum verða báðir að slá af, því að samningar byggjast á samkomulagi og samkomulag verður ekki gert nema báðir aðilar fái eitthvað í sinn hlut.

Mönnum eru nú gerðar upp annarlegar hvatir.

Talað er um að stjórnarþm. séu bundnir flokksböndum o. s. frv. Ég vil leyfa mér að lýsa því yfir að í slíku máli læt ég ekki binda mig neinum flokksböndum. Þetta mál er of mikilvægt til að láta flokkshagsmuni eða foringjaráð stjórna gerðum einstakra manna. Við erum ekki hér að togast á um flokksstefnur eða dægurþras. Við erum að fjalla um framtíð þessarar þjóðar, tilveru hennar í landinu. Og ég fylgi þessum samningsdrögum og styð að gert verði samkomulag við vestur-þjóðverja, því að ég tel kosti þessara samningsdraga vera meiri en gallana, og ég hef hliðsjón af þeim upplýsingum og þeim aðstæðum sem nú eru fyrir hendi.

Menn hafa verið stóryrtir í þessum umr. Fullyrt er að afstaða ríkisstj. lýsi „botnlausum aumingjaskap", að við ættum auðveldlega að geta varið landhelgi okkar, og meira að segja sé verið að svíkja og selja landið með þessum samningum. Ég skal ekki draga úr góðri meiningu þeirra sem slíkt fullyrða. Það bítur að vísu ekki á mig, og ég tek ekki slíkar fullyrðingar til mín. M. a. hafa stjórnarandstæðingar, sem hér hafa talað, gefið sér þær forsendur að þessir samningar væru munstur fyrir samninga við breta. Þetta er fleipur eitt og ástæðulausar tilgátur. Við skulum ekki gefa okkur neitt í þessum efnum, og ég get eða vil fullyrða að ég þekki engan hér á þingi sem hefur skap til þess þessa dagana eða minnstu tilhneigingu til þess að setjast að samningaborði við breta eins og á stendur. Við semjum ekki andspænis gapandi byssukjöftum og við látum ekki kúga okkur til afarkosta. Við skulum vona að íslendingar geti staðið saman í þeim efnum. Ég vil ekki gera mönnum upp óheilindi í þessu máli og tel að öll gagnrýni, sem fram hafi komið, sé mælt af heilindum og í góðri meiningu um að það væri í samræmi við hagsmuni íslensku þjóðarinnar. En ég ætlast ekki heldur til að óheilindi séu borin á mig eða mína samstarfsmenn hér á þingi, og ég vísa á bug öllum svigurmælum þar að lútandi sem bæði ósanngjörnum og óheiðarlegum.

Ég vil að lokum segja þetta, herra forseti: Slík barátta sem nú er háð, hún vinnst ekki með kokhreysti, óbilgirni eða steigurlæti. Íslendingar öðluðust ekki frelsi með því að berja sér á brjóst, ekki með vopnavaldi eða því að vilja ekki eiga orðastað við aðrar þjóðir. Þá eins og nú, þegar við öðluðumst okkar sjálfstæði, og nú, þegar við eigum í stríði við erlendar stórþjóðir, þá er það ekki hraðinn sem skiptir máli, heldur seiglan og festan. Það var þolinmæði, sannfæring og rökræða sem færði okkur sjálfstæðið. Menn verða stöðugri ef þeir taka tvö skref í staðinn fyrir eitt, og stundum er jafnvel skynsamlegt að taka eitt skref til baka til þess að komast tvö áfram. Það kannast flestir við orðtakið: Betri er krókur en kelda. Við höfum þróunina með okkur, málstaðurinn er traustur og rétturinn vís. Við skulum því ekki hafa svo miklar áhyggjur af vopnaviðskiptum, af því að við vitum hver leikslokin verða.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. Ólafur Jóhannesson virðist enn trúa því í blindni, sem Pétur Sigurðsson segir honum. (**Gripið fram í:** Verri eða betri?) Verri, eða jafnvel því sem hann skrökvar að sjálfum sér. Það er ýmist kátt eða grátbroslegt að heyra hæstv. ráðh. fullyrða það að gæslunni hafi alltaf verið beitt svo fast sem verða mátti á hverjum tíma. Þessi fullyrðing er svo augljóslega röng í eyrum þeirra sem til þekkja. Svo að við nefnum dæmi, þá mætti spyrja: Var t. d. ekki auðvelt að taka bresku togarana þegar þeir leituðu landvars hér í fyrra þorskastríði. Ekkert slíkt var reynt.

Á þessu ári var lítið amast við þjóðverjum á miðunum. Það var ekki fyrr en þeir félagar Pétur Sigurðsson og hæstv. ráðh. Ólafur Jóhannesson ákváðu að kaupa 50 manna farþegaflugvél í gæsluna og urðu varir við mjög mikla gagnrýni, að farið var að klippa á víra eins og eins togara til þess að láta sljákka dálítið í þeirri gagnrýni. Heldur hæstv. ráðh. að ekki væri hægt að taka togara ef byssum skipanna væri beitt, þótt gamlar séu, svo gamlar að þær gætu verið úr Búastríðinu? Það vill svo til að ég var sjálfur á skuttogara um nokkurn tíma s. l. sumar. Allt frá Hvalbaksgrunni að austan að Reykjaneshrygg að vestan voru þýskir togarar að veiðum, sums staðar allt að 12 mílum, á sama tíma og útvarpið kom með fréttir frá yfirstjórn Landhelgisgæslunnar að þjóðverjar væru ekki nær landi en 30 mílur. Ekkert var gert til að trufla veiði þessara skipa og þar veiddu þeir þá eins og engin útfærsla hefði átt sér stað. Sannleikurinn um gæsluna er sá, að henni hefur ekki verið beitt nema að litlu leyti, og er þá vafalaust um að kenna linskulegri yfirstjórn í landi. Það er þetta, sem er sannleikurinn, og þennan sannleik held ég að hæstv. ráðh. mætti heyra oftar.

Herra forseti. Ekki veit ég síðan hvenær vestur-þjóðverjar hafa eignast þá hönk upp í bakið á okkur íslendingum að utanrrh. fann hjá sér sérstaka hvöt til þess að heimsækja húnverja þessa ásamt meðreiðarsveinum á dögunum í því skyni að færa þeim a. m. k. 7000 millj. kr. að gjöf. Síðan ég man eftir hafa þýðverskir ekki sent okkur aðrar sendingar en þær sem miður góðar mega teljast. Þeir hafa sökkt fyrir okkur skipum og myrt með köldu blóði íslenska sjómenn í stórum stíl. Varla hefur það athæfi skapað þeim inneign hjá okkur. Þeir hafa auk þess mokað upp fiski af Íslandsmiðum, að miklu leyti í okkar óþökk, þvert ofan í lög okkar og reglur, í krafti ofbeldis. Auk þess hafa þeir beitt okkur viðskiptaþvingunum og löndunarbanni, svo að enn sé rakinn hluti þess lista sem hæstv. ráðh. Einar Ágústsson telur máske til slíkra velgjörða að við megum til að launa þeim með nokkrum milljörðum í formi fisks sem við eigum og megum ekki missa.

Hæstv. ráðh. Einar Ágústsson er prúður maður og sléttur, fágaður og þægilegur í umgengni. En ekki vissi ég að hann væri hlaðinn slíkri gjafmildi í yfirmáta fyrir hönd þjóðarbúsins sem lifir nú á erlendum lántökum, á langtum minna en engan gjaldeyri og rambar nú þegar, að því

er hæstv. ráðh. og félagar segja okkur, dag hvern á barmi gjaldþrots, að hann sjái sér nú sérstaka þörf á því að færa þessum NATO-bræðrum milljarða á milljarða ofan, og eru þjóðverjar þó ekkert blankir á heimsvísu. Verst er þó að það er verið að gefa úr þeim eina sjóði sem við eigum, sjóði sem er þó þannig á sig kominn að ef ekki er bæði fyllstu aðgæslu beitt og nýjar og harkalegar aðferðir notaðar til þess að stofn hans geti viðhaldist, þá tæmist hann einnig og eftir sitjum við íslendingar án okkar einu auðlindar, hnípin þjóð í vanda. Það er því augljóst að slíkur sjóður er ekki einu sinni nægilegur okkur einum, nema alger stefnu- og hugarfarsbreyting komi til af okkar hálfu, og þó þaðan af síður til þess að deila með öðrum. Allir sérfræðingar okkar hafa sent frá sér alvarlega viðvörun sem lesa má í yfirliti Rannsóknaráðs ríkisins og skýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar, og er ekki laust við að setji að mönnum hroll við lesturinn og alvarlegur kvíði sæki að. Aðvörunin hefur verið rituð á veginn.

Niðurstöður vísindamanna eru einfaldlega þær, að sá afli, sem við getum auðveldlega sótt á okkar mið, er ekki meiri en svo og raunar minni, að hvert tonn, sem aðrar þjóðir fiska hér á Íslandsmiðum, er frá okkur tekið, þannig að við verðum þá, ef við ætlum ekki að eyða fiskstofnunum, að draga úr okkar eigin afla að sama skapi og meira að segja meira en allir aðrir. Samt fóru þeir félagar, hæstv. ráðh. Einar Ágústsson og fylgisveinar, til þeirra þýsku og gáfu þeim milljarðana. Ég segi: gáfu, því að mér er ómögulegt að koma auga á að við höfum fengið nokkuð í staðinn. Eða var það? Fengum við viðurkenningu á útfærslunni? Nei, við fengum alls enga viðurkenningu á útfærslunni, jafnvel þótt við hefðum opnað gömlu 50 mílna lögsöguna fyrir þeim upp á gátt á mörgum mjög viðkvæmum svæðum: á Vestfjörðum á miklum þorskamiðum, á Eldeyjarsvæðinu, þar sem bæði er hægt að fá karfa og ufsa og fleiri tegundir, og síðast en ekki síst við Suðausturland. Þar munu þjóðverjar fiska mestan sinn ufsa. Við Suðausturland hafa þeir fengið aðgang að austurhluta Mýragrunns, Hornafjarðardjúp, Stokknesgrunn, Lónsdjúp, Papagrunn, Berufjarðarál, Hvalbaksgrunn, Reyðarfjarðardýpi báðum megin og Gerpisgrunn. Þeir geta farið á þessum svæðum allt að 12—13 mílur inn á grunnið og geta þar með togað fyrir öll horn á grunnunum þarna út af Suðausturlandinu. Þeir geta togað á þeim svæðum þar sem þeir hafa fengið drýgstan afla til þessa.

Í sambandi við þessa samninga er mikið talað um bókun 6 í sambandi við samning við Efnahagsbandalag Evrópu. Það var þannig, eins og við munum hér í hv. Alþ., að við gerðum samning við Efnahagsbandalagið um gagnkvæmar tollalækkanir. En þessi samningur var svo furðulegur að einu leyti að ég get ekki stillt mig um að minnast á það. Það voru útlendingarnir, það var Efnahagsbandalagið sem setti fyrirvara, og sá fyrirvari var einhliða og enginn fyrirvari settur af okkar hálfu á móti. Og hann var um það, að ef þeir fengju ekki viðunandi lausn á landhelgismálinu, eins og þeir orðuðu það, þá fengjum við ekki tollalækkanir á okkar fiskafurðum í útlöndum. Á sama tíma og við höfum verið að lækka tolla á vörum, sem við flytjum inn frá Efnahagsbandalaginu, hafa þeir verið að hækka tolla á þeim fiski, sem við erum að selja til þeirra.

Þessi samningur, eins og flestallir samningar við útlendinga sem ég man eftir, einkennist af mikilli linkind við útlendinga. Og sá samningur, sem lagður hefur verið á borðið hjá okkur núna, er líklega einn sá allra versti þeirra. Það má líka spyrja: Hvað tekur við að samningstímanum loknum? Eru einhver ákvæði um að þetta eigi að skoðast sem aðlögunartími? Um það er ekkert orð. Þessir hlutir hafa verið raktir af svo mörgum ræðumönnum hér áður að ég læt hér við sitja, þótt svona mætti lengur telja. En það er augljóst að samningurinn er einhliða í þágu þjóðverja. Það, sem við fáum að gera í staðinn, er að draga úr okkar afla og með því að rýra aflahlut sjómanna, kaup verkafólks og bjóða atvinnuleysinu heim.

En því miður er þetta ekki það eina sem semja á um. Samningar eru í undirbúningi eða tilbúnir til handa norðmönnum, belgum og færeyingum, og hæstv. dómsmrh. lýsti því yfir áðan úr þessum stóli að það ætti að semja við breta. Ég sé enga ástæðu til þess að semja við neina af þessum aðilum, einfaldlega vegna þeirra sömu raka og ég nefndi áður, og allra síst við breta sem enn einu sinni hafa forheimskað sjálfa sig á að senda herskip á okkur, þann andstæðing einan sem virðist hæfa flota hennar hátignar Elísabetar. Það á að gera bretum það ljóst, að ef þeir beita herskipum á Íslandsmiðum, verður aldrei við þá samið, og það verður að gera þeim þetta strax ljóst. Njósnaflug breta verður að hætta og loka flugvöllum landsins algerlega og undantekningarlaust fyrir þeim. Ef bretar beita herskipum gegn okkar skipum á Íslandsmiðum, þá er auðvitað sjálfsagt að slíta stjórnmálasambandi við slíka ofbeldismenn. Það er svo sjálfsagt að ég hirði ekki um að rökstyðja það nánar. Menn semja ekki við byssubófa sem standa fyrir framan menn með opna byssukjafta. Ef bretar beita hervaldi, ef bretar beita freigátunum sínum móti skipum okkar á Íslandsmiðum, þá get ég ekki séð nein rök, a. m. k. ekki nein skynsamleg rök, sem geta mælt með því að þessar tvær þjóðir geti verið í hernaðarbandalagi saman. Ég er viss um að bretar fara að hugsa sig um ef við tilkynnum þeim þetta nú þegar.

Samningurinn við breta, sem greinilega er í undirbúningi, er þó allra verstur, vegna þess að bretar veiða næstum eingöngu þorsk. Þorskur er a. m. k. langstærsti hlutinn í þeirra afla, og það er ekki nóg með að það sé eingöngu þorskur, þ. e. a. s. sú fisktegund sem hallast stendur hér á Íslandsmiðum, heldur veiða bretar mikið af smáþorski. Af þessum fiskum megum við ekkert missa. Þeim mun meir sem þeir fá af honum, þeim mun minna kemur í okkar hlut. Og ef af þessum samningum verður, þá verðum við að skerða okkar eigin afla um allt að 40% strax. Slíkur niðurskurður á afla íslendinga er slík blóðtaka sem við þolum ekki, og síðar, ef áfram verður haldið á sömu braut, verður hlutur okkar miklu minni, ef þorskinum verður þá ekki algerlega útrýmt á Íslandsmiðum.

Með þessum samningum og þeim samningum,

sem greinilega fylgja á eftir, er verið að leika sér með gálausum hætti með fjöregg þjóðarinnar, og það er hættulegur leikur. Alvarleg viðvörun hefur verið gefin af hæfustu sérfræðingum þjóðarinnar, svo að það er ljóst að þeir, sem samþykkja áðurnefndan samning og væntanlega samninga, gera það vitandi vits um að slíkur verknaður býður alþýðu þessa lands versnandi kjör og stórkostlega skerta atvinnu. Slíkt athæfi er illt verk. Þess vegna ber stjórninni að leggja þessa þáltill. til hliðar og snúa sér gegn ránsmönnunum af fullri festu. Með því að gera það hefði hún alla þjóðina að baki sér. Sameinaða þjóð ásamt styrkri stjórn er erfitt að brjóta á bak aftur.

Herra forseti. Ég vil áður en ég lýk máli mínu leyfa mér að lesa hér ályktun um landhelgismál sem mér barst í hendur nú fyrir stundu frá Vestmannaeyjum. Þar var haldinn fjölmennur fundur í dag og að fundinum stóðu mörg félög, þ. á m. eftirfarandi: Kennarar, Verkakvennafélagið Snót, Verkalýðsfélag Vestmannaeyja, Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi, Sjómannafélagið Jötunn, Vélstjórafélag Vestmannaeyja, Félag járniðnaðarmanna, Félag byggingarmanna, Verslunarmannafélag Vestmannaeyja, — ég endurtek: Verslunarmannafélag Vestmannaeyja, Vörubílstjórafélag Vestmannaeyja, húsasmíðameistarar o. fl. Og ályktunin er svo hljóðandi:

„Fjölmennur fundur haldinn á Stakkagerðistúni í Vestmannaeyjum fimmtudaginn 22. nóv. 1975 mótmælir hvers kyns samningum við erlendar þjóðir um veiðiheimildir innan 200 mílna fiskveiðilögsögunnar. Fundurinn mótmælir eindregið vopnaðri innrás breta í fiskveiðilandhelgi Íslands.“

Jóhannes Árnason: Herra forseti. Það var sagt hér í hliðarsal á meðan umr. stóðu yfir í gær að þessar umr. gætu aldrei orðið fullkomnar nema allir þm. Vestf. töluðu og þá helst hver á eftir öðrum og sumir oftar en einu sinni. Ég segi ekki að þetta sé ástæðan fyrir því að ég kvaddi mér hljóðs, ég hafði alltaf hugsað mér að segja nokkur orð um þetta mál.

Tilraun til að koma á samningum til lausnar fiskveiðideilu íslendinga og vestur-þjóðverja hafa staðið yfir öðru hverju allt frá útfærslunni í 50 sjómílur 1972, eða í rúmlega 3 ár. Allan þann tíma hafa vestur-þjóðverjar stundað veiðar á togurum sínum hér við land ólöglega. Það er fyrst nú í nóv. 1975 að hillir undir lausn þessarar deilu samkv. þeim samkomulagsdrögum sem fylgja þáltill. þeirri á þskj. 85 sem hér er til umr. Á þessu tímabili hefur orðið mikil breyting á afstöðu vestur-þjóðverja í þessu máli. Það hefur komið fram í þessum umr. að á s. l. 10 árum eða svo hafi meðalafli vestur-þjóðverja verið um 120 þús tonn á ári á Íslandsmiðum. Í viðræðunum í fyrra var rætt um 80—85 þús. tonna afla, og það var tilboð af hálfu fyrrv. sjútvrh. hv. 2. þm. Austurl., Lúðvíks Jósepssonar, í mars 1974 um 80 þús. tonn og það án allra takmarkana á þorskveiðum sérstaklega. Nú er gert ráð fyrir 60 þús. tonna afla, þar af 5 þús. tonn af þorski sem hámark, annars aðallega ufsa og karfa. Í fyrra var gert ráð fyrir 40 ísfisktogurum og 17 frystitogurum, nú er gert ráð fyrir 70 ísfisktogurum, en frystitogarar vestur-þjóðverja koma ekki inn fyrir 200 mílur. (Gripið fram í.) 40 ísfisktogarar. Ef litið er á skrána yfir þessa 40 togara, sbr. fskj. II, kemur í ljós að 26 af þessum skipum eru frá árinu 1961 eða eldri tíma. Það elsta þeirra er 18 ára gamalt, svo að ekki er það beint burðugt.

Það kom einnig fram í umr. í gær að í mars 1974 vildi vinstri stjórnin bjóða vestur-þjóðverjum veiðar á 54 þús. ferkm svæði innan 50 mílnanna, en samkv. samkomulagsdrögum þeim, sem hér eru til umr., eru þessi svæði innan sömu marka 25 þús. ferkm.

Þá er það ekki hvað síst þýðingarmikið að vestur-þjóðverjar viðurkenna allar þær friðunaraðgerðir innan 200 sjómílna markanna sem íslendingar munu beita sér fyrir eða ákveða og verða við þær bundnir jafnt og aðrir. Sama gildir um möskvastærð og lágmarksstærð á fiski sem heimilt er að veiða. Það verður komið á ákveðnu fyrirkomulagi, tilkynningarskyldu fyrir hina þýsku togara og beinu eftirliti af íslendinga hálfu með veiðum þeirra. Það ber að leggja megináherslu á friðunaraðgerðir á fiskislóðum umhverfis landið. Á það verður seint lögð of rík áhersla.

Þá kem ég að veiðisvæðunum innan 50 sjómílna markanna sem þetta samkomulag gerir ráð fyrir, en þau eru 4. Það er upp að 23 sjómílum fyrir Suðausturlandi, upp að 25 sjómílum fyrir Suðvesturlandi, að 40 sjómílum út af Breiðafirði og loks upp að 34—37 sjómílum út af norðanverðum Vestfjörðum 6 mánuði á ári. Ég ætla að gera hér fyrst og fremst að umtalsefni hin nýju viðhorf sem við þetta munu skapast út af Vestfjörðum.

Hv. 5. þm. Vestf. sagði hér í gær að með þessu væri verið að ganga af Vestfjörðum dauðum. Minna mátti það nú ekki vera, og manni skildist að það væri verið að færa fiskveiðilögsöguna fyrir Vestfjörðum inn, en ekki út í 200 mílur. Nú er það svo að úti fyrir Vestfjörðum nær fiskveiðilögsagan hvergi út í 200 sjómílur. Kemur þar til, eins og öllum hv. þm. er kunnugt, miðlínureglan gagnvart Grænlandi sem leiðir til þess að út af Horni verður línan um 75 sjómílur undan landi, en undan Bjargtöngum um 120 sjómílur út af Dohrnbanka.

Þá skoraði hv. 5. þm. Vestf. einnig á 1., 2., 3. og 4. þm. Vestf. svo og hv. 9. landsk. þm., Sigurlaugu Bjarnadóttur, að gera grein fyrir því hvernig þeir ætli að verja það fyrir umbjóðendum sínum, vestfirskum kjósendum, að greiða atkv. með þessu samkomulagi hér á Alþ. Því er nú til að svara af minni hálfu, að ég lít á það sem grundvallaratriði að þm. séu bundnir við sannfæringu sína í hverju máli og hana eina og hafi kjark til að taka afstöðu eftir því. En af einhverjum ástæðum nefndi hv. þm. ekki hv. landsk. þm. Sighvat Björgvinsson, hvernig sem á því hefur nú staðið.

Við vestfirðingar, hvorki ég né hv. 5. þm. Vestf. né aðrir, erum auðvitað ekkert ánægðir

með að vestur-þjóðverjar skuli fá samningsbundinn veiðirétt innan 50 mílna fyrir norðanverðum Vestfjörðum, enda þótt aðeins sé um 6 mánaða tímabil að ræða, og að þeir skuli ekki vera útilokaðir frá veiðum út að nýju mörkunum á nokkrum stað fyrir Vestfjörðum. Þrátt fyrir þetta verð ég að segja það, að ég tel að þessi samkomulagsdrög hafi meiri kosti heldur en galla. En við hinir sömu vorum heldur ekkert ánægðir með bresku samningana í nóv. 1973 þar sem bretum voru veittar veiðiheimildir innan 50 sjómílna markanna, inn á bátaslóð úti fyrir Vestfjörðum í 10 mánuði á ári. En hv. 5. þm. Vestf. lét sig hafa það að greiða atkv. með þeim samningum hér á Alþ. Það er svo aftur sérstakt athugunarefni hvort bretar hafi veitt meira á Vestfjarðamiðum samkv. sínum samningi í 10 mánuði á ári eða hvort þar verði um að ræða meiri veiðar af hálfu vestur-þjóðverja samkv. þessu samkomulagi, ef það kemur til framkvæmda, í 6 mánuði. Svo mikið er víst, að ekki verða þjóðverjar þarna lengi að veiðum án þess að verða varir við þorsk, og hámarksafli af þorski er þó ekki meiri en 5 þús. tonn, þá er litið svo á að þeir hafi fyllt sinn veiðikvóta.

Ég vek athygli á því að það hefur mikil breyting orðið í þessum efnum síðan í viðræðum við þjóðverja á fyrra ári. Þá voru kröfur vestur-þjóðverja að fá veiðar fyrir bæði ísfisktogara og frystitogara upp að 24—36 sjómílum, ef ég man rétt, úti fyrir Vestfjörðum allt árið samkv. svokallaðri brotinni línu. Nú er gert ráð fyrir því að allt svæðið fyrir Vestfjörðum innan 50 sjómílna verði alveg lokað fyrir veiðum þjóðverja í 6 mánuði á ári, frá 1. des. til 31. maí eða yfir alla vetrarvertíðina, togarar þjóðverja verði algerlega útilokaðir frá þýðingarmiklum veiðisvæðum, svo sem Víkurálnum sem er ákaflega þýðingarmikið veiðisvæði fyrir bátaflota vestfirðinga á vetrarvertíð. Það er alkunna að vestfirskir bátar hafa oft orðið þar fyrir ágangi erlendra togara og gífurlegt veiðarfæratjón af hlotist. Um slíkt á ekki að verða að ræða framar að því er vestur-þýska togara varðar ef þessi samningsdrög verða samþykkt.

Ég tók eftir því í umr. í gærkvöldi, það var orðið áliðið kvölds eða komið fram á nótt þegar hv. 3. þm. Reykv., Vilborg Harðardóttir tók til máls. Þá var það m. a. eitt sem hún hafði til málanna að leggja í sambandi við þessi breyttu viðhorf við Víkurálinn. Hún taldi að ástæðan fyrir því að Víkurállinn væri nú alfriðaður fyrir veiðum þýskra togara væri sennilega sú að hann væri í hávestur frá sumarbústað hæstv. sjútvrh., Matthíasar Bjarnasonar, fyrir vestan. Ef þessi mál væru ekki flóknari en svo að afstaða sumarhúsa einstakra ráðh. gagnvart fiskimiðum réðu þar úrslitum, þá væri ekki um mikinn vanda að ræða. Það hefði svo sem ekki verið ónýtt fyrir okkur vestfirðinga ef hv. 2. þm. Austurl., fyrrv. sjútvrh., hefði átt sumarhús fyrir vestan í jafnhagstæðri afstöðu gagnvart veiðisvæðunum sem samið var um innan 50 mílnanna 1973. Ég nefni þetta vegna þess að svona hluti eiga þm. ekki að vera að koma fram með hér á Alþ. í slíkum umr.

Þá vil ég benda á það, að þetta samkomulag íslendinga og vestur-þjóðverja tekur gildi um næstu mánaðamót, þá verða 50 sjómílur fyrir Vestfjörðum alfriðaðar fyrir veiðum vestur-þýskra togara næstu 6 mánuði. Fari svo að bókun 6 við samning Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu komi ekki til framkvæmda innan 5 mánaða, þá frestast þessi fiskveiðisamningur vestur-þjóðverja. Vestur-þjóðverjar verða að fara út fyrir mörkin á meðan svo stendur. Þetta kom fram í ákveðinni yfirlýsingu hæstv. utanrrh., er hann svaraði fsp. hv. 2. þm. Vestf. hér í gær, og hefur verið skýrt þannig. Takist ekki þetta samkomulag við Efnahagsbandalagið, þá er ljóst að samningur þessi við vestur-þjóðverja verður aðeins í 5 mánuði og vestur-þjóðverjar fara ekki framar til veiða innan 50 sjómílna og ekki heldur innan hinna nýju 200 mílna marka.

Afstaða mín í þessu máli byggist fyrst og fremst á því sem að framtíðinni snýr og heildarlausn landhelgismálsins, þeirri stundu þegar íslendingar geta einir hagnýtt 200 mílna lögsögu hér við land. Þetta er liður í okkar sjálfstæðisbaráttu. Barátta okkar íslendinga fyrir útfærslu fiskveiðilögsögunnar er ekki að hefjast nú. Hún hófst með setningu landgrunnslaganna 1948 og hefur staðið hátt á þriðja áratug. Útfærslan í 200 sjómílur er fjórði og lokaáfanginn í þessari baráttu. Það hefur áður þurft að semja, og ég lít á þann samning, sem nú stendur til að gera við vestur-þjóðverja, sem áfanga að lokamarkinu. Hann gildir aðeins í tvö ár, og ekkert hefur komið fram er gefur tilefni til að ætla að til framlengingar hans komi, enda gerast þá sumir togarar þjóðverja býsna gamlir og vart til stórræða á miðum hér.

Þá eru einnig líkur á því, að þegar þar að kemur verði störfum hafréttarráðstefnunnar lokið. Hafréttarráðstefna Sameinuðu þjóðanna er það sem við íslendingar lítum eðlilega til með lokasigur í landhelgismálum okkar í huga. Það er álit margra, sem um þessi mál hafa fjallað, að samningar við vestur-þjóðverja nú og sömuleiðis norðmenn og belgíumenn verði til þess fremur að bæta aðstöðu okkar á hafréttarráðstefnunni og draga úr líkum fyrir því að komið verði á fót gerðardómsfyrirkomulagi sem yrði okkur ekki hagstætt. Um samninga við breta gegnir að mínu áliti allt öðru máli. Þeir hafa nú enn einu sinni sýnt ofbeldishneigð í þessu lífshagsmunamáli okkar íslendinga. Ég treysti ríkisstj. til að taka á þessum nýju viðhorfum vegna ofbeldis breta á þann veg að til farsældar verði, og hefur komið fram í ræðum ráðh. hvað þar komi til greina.

Herra forseti. Þess er að vænta að þjóðir heims eigi eftir að koma sér niður á alþjóðlegar reglur á sviði hafréttarmála hið allra fyrsta, þar sem strandríki hafi umráðarétt yfir 200 mílna lögsögu. En skynsamleg nýting fiskimiðanna er ekki einungis mál viðkomandi strandríkis. Það er í raun og veru mál alls mannkyns. Sjórinn er sú matarkista sem mannkynið getur ekki verið án, og það eru því almannahagsmunir í víðasta skilningi þess orðs sem hér verður að taka tillit til.

Að svo mæltu tek ég fram að ég mun greiða atkv. með þessari þáltill.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Það er örstutt aths. varðandi mikilvægt atriði sem snertir landhelgismálið. Ég leyfði mér að beina þeirri fsp. í gærkvöld til hæstv. utanrrh. hvort það væri ekki rétt að þjóðverjar hefðu skuldbundið sig til þess að vinna að því fyrir sitt leyti að bókun 6, sem var fskj. með samningnum við Efnahagsbandalagið, tæki gildi. Hæstv. ráðh. sagði að svo væri. Ég hef leyft mér að benda á að slík skuldbinding er okkur meira virði skrifleg en munnleg. Þess vegna hef ég leyft mér að beiðast þess að bréf um þetta verði sent frá ríkisstj. Íslands til ríkisstj. Þýskalands. Á þann hátt getum við gert okkar til þess að þessari skuldbindingu verði framfylgt. Ég leyfi mér að fara þess á leit við hæstv. utanrrh. að hann lesi fyrir okkur texta þess bréfs, sem hæstv. ráðh. sagði í gærkvöld eða nótt að samið hefði verið og hafi bréfið verið sent til Þýskalands, þá leyfi ég mér að æskja þess að það verði prentað og því dreift sem fskj. nr. VIII með því þingmáli sem við erum nú að ræða um.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Það verður aðeins örstutt aths. frá minni hálfu að þessu sinni þar sem tíminn líður og margir eru á mælendaskrá.

Ég vil fyrst víkja að því efni, sem hv. 5. þm. Reykv. minntist á áðan, og staðfesta það að svofellt bréf hefur verið sent til Bonn, það er stílað til Wischnewskis, þess ráðh. sem hefur stýrt umr. um landhelgismál nú síðast, og er svona, með leyfi forseta:

„Á fundum okkar í Bonn fyrir nokkru voru viðræðunefndirnar sammála um að æskilegt væri og raunar nauðsynlegt að bókun nr. 6 tæki gildi svo fljótt sem verða má til þess að auðvelda sölu íslenskra sjávarafurða í Þýskalandi og innan alls Efnahagsbandalags Evrópu. Þér staðfestuð að ríkisstj. yðar mundi gera allt sem í hennar valdi stæði til að svo mætti verða.

Ríkisstj. Íslands væntir þess að fá upplýsingar jafnóðum um viðleitni ríkisstj. Sambandslýðveldisins í þessu efni."

Svo eru venjulegar kveðjur.

Það er að sjálfsögðu auðvelt að útbýta þessu bréfi, ef óskað er. Ef það er ekki talið nóg að heyra það lesið, þá er sjálfsagt að láta fjölfalda það á einhvern hátt þannig að þm. geti haft það fyrir framan sig við þessar umr.

Mig hefði langað til þess að segja örfá orð við minn ágæta vin, hv. 3. þm. Reykn., Gils Guðmundsson, því það er ævinlega þannig að þegar hann tekur til máls, þá vil ég reyna að svara því sem hann hefur komið að, þar sem hann flytur mál sitt jafnan prúðmannlega og rökfast. En ég sé að hann er ekki í salnum, svo að ég veit ekki nema ég ætti kannske að geyma mér að segja þessi fáu orð — og þó held ég að ég megi til að eyða eins og 5 mínútum af tíma þingsins til þess að víkja að þeirri gagnrýni sem hann beindi til mín og ríkisstj. og þá sennilega utanrrn. sérstaklega að því er við kemur því sem hann kallaði slælegan undirbúning undir útfærsluna og lélega kynningu á málstað Íslands að þessu sinni.

Ég vil í fyrsta lagi taka undir það með hv. þm. að ég held að undirbúningurinn að 50 mílna útfærslunni hafi verið mjög góður. Það voru gefnir út bæklingar, það var ráðinn sérstakur blaðafulltrúi sem mér til mikillar ánægju virðist nú njóta almennrar lýðhylli, þó að ekki hafi nú alltaf verið svo. En margur er góður genginn, eins og máltækið segir. Það var ráðinn svo kynningar maður í London, Donald Hunts var nafn hans, og hann starfaði talsvert að þessum málum fyrir okkur, en deildar meiningar eru um árangur þess starfs, svo að ég vil nú ekki segja meira um það til þess að fjarstaddur maður þurfi ekki að verða fyrir meiðingum af minni hálfu.

En ég vil meina í fyrsta lagi að mjög mikið af þeim rökstuðningi, sem gilti fyrir 50 mílna útfærslunni, eigi einnig við nú og sé mönnum kunnur. Í öðru lagi vil ég meina að mjög mikil kynning á málstað Íslands hafi farið fram á þeim undirbúningsráðstefnum og hafréttarráðstefnum sem haldnar hafa verið síðan 200 mílna útfærsla almennt kom á dagskrá. Og ég vil vona að fulltrúar okkar á hafréttarráðstefnum, þ. á m. hv. 3. þm. Reykn., hafi ekki legið á liði sínu við að kynna málstað Íslands í þessu þýðingarmikla máli á þeim ráðstefnum, þar sem hann var sérstaklega valinn ásamt mönnum úr öðrum þingflokkum til þess að kynna þetta mál. Það mun vera rétt að úr einu eða tveimur sendiráðum hafi borist kvartanir um að þeir væru ekki nægilega útbúnir að gögnum til þess að rökstyðja mál sitt og okkar. Og það kann að vera að þeir hafi haft eitthvað til síns máls. En ég held þó að það heyri til undantekninga að sendiherrar hafi beðið um efni til skýringar á málstaðnum án þess að hafa fengið þær.

Hv. þm. Gils Guðmundsson, 3. þm. Reykn., talaði alveg réttilega um þá fréttafölsun og útúrsnúninga sem mjög eiga sér stað í breskum blöðum um það hve víraklippingar séu sérstaklega hættulegar og bjóði heim jafnvel limlestingum og dauða. Ég hef gert sérstakar ráðstafanir til þess að hafa blaðamannafund með breskum blaðamönnum sem hér voru staddir. Ég man nú ekki alveg nákvæmlega hvaða dag það var, líklega á mánudaginn, og ég held að það hafi tekist að koma á framfæri við þessa blaðamenn og sjónvarpsmenn, sem voru bæði frá Bretlandi, Sviþjóð og Spáni, þeim réttmætu skýringum skipherranna á því hversu hættulitlar, að ég ekki segi hættulausar, þessar víraklippingar eru, sem sannast best á því að engin slys hafa orðið þrátt fyrir yfir 100 slík tilfelli á þeim tíma síðan við hófum þessar aðgerðir.

En það má vissulega alltaf segja að betur megi gera í kynningu málstaðarins. En ég fullyrði að það er ekki ein einasta þjóð í víðri veröld, ekki ein einasta ríkisstj. sem ekki hefur fengið gögn frá okkur gegnum skrifstofuna hjá Sameinuðu þjóðunum um það hvers virði landhelgin er okkur, hver nauðsyn okkur er á verndun fiskstofnanna og þar fram eftir götunum.

Nýlega hefur verið gefinn út smábæklingur sem hv. 3. þm. Reykn. raunar gat um. Ég vona að hann verði að einhverju gagni. Og áfram er haldið slíkri útgáfustarfsemi, og ég vona

að við getum kynnt okkar málstað þannig að fólk þekki hann. Við höfum notað þá alþjóðlegu fundi sem við höfum sótt, bæði ráðh., alþm. og aðrir opinberir fulltrúar, til þess að koma okkar málstað á framfæri, og ég veit að þar hefur margur unnið mjög gott starf, ýmsir þm., ýmsir embættismenn og ég ætla ekki að hætta mér út í upptalningu á því hverjir þar hafa lagt hönd að verki, en ég fullyrði að talsvert starf hafi verið unnið í þá átt að kynna þennan málstað, þótt ég geti fyllilega fallist á það að sjálfsagt megi enn betur gera, og fer ekki í neinar deilur um það.

Ég vildi aðeins taka upp hanskann sérstaklega fyrir þá starfsmenn utanríkisþjónustunnar sem nokkuð hafa verið gagnrýndir fyrir slælega framgöngu í þessum málum. Ég held að sú gagnrýni eigi ekki almennt við rök að styðjast. Þegar útfærsludagurinn rann upp og þegar reglugerðin var gefin út héldu sendiherrar blaðamannafundi sem voru allvel sóttir, og þar var þessi málstaður einnig kynntur.

Hv. 3. þm. Reykn. ásakaði okkur í ríkisstj. fyrir að vera að sundra þjóðinni með því að leggja til að samþ. þessa samninga. Hann sagði að ef við vildum henda þáltill. í ruslakörfuna, þá yrði öll þjóðin á samri stundu sammála. Ég held að þetta sé ekki rétt. Ég a. m. k. þekki margt fólk sem vill samninga, og ég er sannfærður um það að ef yrði látin fara fram þjóðaratkvgr., þá mundu verða áhöld um hvor málstaðurinn yrði sterkari. (**Gripið fram í:** Prófum það.) Prófum það, segir hv. þm. Honum er frjálst að sjálfsögðu að leggja fram till. um það.

Ég bendi á það, að nýlega var haldið Fiskiþing og þar kom fram till. um að Fiskiþing gerðist aðili að samstarfsnefnd gegn samningum við erlend ríki. Sú till fékk 1 atkv. af 24 eða 25 fulltrúum sem sæti áttu á þinginu. Ekki virtust þessir menn vera á móti öllum samningum. (**Gripið fram í:** Það er búið að múlbinda þá eins og Jón.) Ég veit ekki hvaða múlbindingar þessi þinggestur er að tala um. Hann telur Jón Jónsson hafa verið múlbundinn. Hvaðan hefur hann það? Hver hefur sagt honum það? Hvað veit hann um það? Vill hann ekki leiða þá rök að því?

Nei, fyrst Jón Jónsson er hér nefndur, þá vil ég gjarnan segja það, að mér finnst mjög ómakleg þau orð sem látin hafa verið falla í hans garð, að hann hafi verið kallaður í sjútvrn. og látinn samstundis gefa yfirlýsingu sem passaði ríkisstj. Ég hef meira álit á Jóni Jónssyni en svo að sjútvrn. geti skipað honum að skrifa það sem því sýnist. Auðvitað hafa hinir fiskifræðingarnir jafnan rétt á því að hafa sína skoðun. Ég hef ekkert við það að athuga. En Jón Jónsson hlýtur að mega hafa sína skoðun og láta hana koma í ljós.

Ég er nú búinn að syndga hér meira en ég ætlaði og bið velvirðingar á því. Ég sé að hv. þm. Suðurl., Garðar Sigurðsson, er ekki í salnum, svo að ég sleppi því þá að geta hans í þessari stuttu ræðu.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Ég hafði ekki fullákveðið afstöðu mína til þessa máls fyrir þær umr. er nú hafa staðið. Bæði var að ég er þeirrar skoðunar að samkomulagsleiðir eigi að fara í samskiptum þjóða sé þess sæmilegur kostur og ég hafði á þeim stutta tíma, er mér hafði gefist til að athuga samningsdrögin, ekki áttað mig nægilega á hvað í þeim fælist, vildi líka heyra rök þeirra er í samningum höfðu staðið, og hlusta á mótrök. Ég var ekki heldur viss um hvort líta átti á samkomulagsdrögin sem endanlegt samningsuppkast sem yrði að samþykkja eða hafna eða hvort gerlegt væri að toga það til betri vegar fyrir okkur ef þurfa þætti.

Af umr. virðist svo að engu fáist breytt, og tek ég afstöðu á þeim forsendum. Nú er mér ljóst að það er léttara á að horfa en í að komast. Vandi og ábyrgð ríkisstj. og stjórnarliða varðandi ákvörðunartöku í þessu máli sem öðrum örlagríkum er drjúgum meiri en stjórnarandstöðu. Þeirra er völin og kvölin. Ég tek ekki þátt í þeim vopnaburði að berja þá orðum. Ég læt mér ekki detta í hug að nokkur þeirra taki afstöðu í svo afdrifaríku máli nema eftir vandlega íhugun.

Meðrökin með þessum samningi finnst mér þessi veigamest: Samningurinn auðveldar okkur að einbeita landhelgisvörnum okkar gegn höfuðágangsþjóð okkar, Bretum, minnkar nokkuð áhættu landhelgisgæslunnar, og það tel ég mikils virði. Í öðru lagi eykur hann á líkur þess að vestur-þjóðverjar virði meira en ella hrygningar- og ungfiskasvæði miða hér við land. Í þriðja lagi sýnir hann öðrum þjóðum að við freistum samkomulagsleiða eftir getu.

Vafasöm þykja mér hins vegar þau rök að hann bæti aðstöðu okkar á hafréttarráðstefnunni, og vísa þar til ummæla hv. þm. Benedikts Gröndals, en hann hefur mjög fylgst með störfum ráðstefnunnar og andrúmslofti þar. Umdeilanleg þykja mér líka þau rök að samningurinn flýti fyrir gildistöku bókunar 6, því að hún gerist augljóslega ekki nema samið verði við breta. En ég kem ekki auga á að þess sé eða verði nokkur viðhlítandi kostur, einfaldlega vegna þess að við höfum engin efni á að bjóða þeim nokkra samninga, nokkra samningskosti, sem hugsanlegt er að þeir líti á.

Og þá kem ég að höfuðmótrökum umræddsamnings að minni skoðun, hinu stórminkaða aflamagni á Íslandsmiðum og varnaðarskýrslu fiskifræðinga okkar. Höfum við efni á að semja um að hleypa vestur-þjóðverjum og síðan öðrum erlendum þjóðum langt inn fyrir 50 mílna mörkin á Vestfjarða-, Reykjanes- og Suðausturlandsmiðunum að athugaðri skýrslu og upplýsingum fiskifræðinga okkar? Höfum við efni á að leggja þorsk-, ýsu-, karfa- og ufsastofnana hér við land í líka uppræt ingarhættu og við bjuggum síldarstofninum hér fyrir nokkrum árum með þeim afleiðingum að síldveiðar þurru hér með öllu? Mér finnst að rökin hlaðist hér upp gegn samningunum. Hvað verður um Vestfirði, íbúa þeirra og afkomu, ef bolfiskafli þverr þar með öllu innan örfárra ára vegna ofveiði? Hvað um verstöðvar Suðurnesja, hvað um Hornafjörð og sunnanverða Austfirði? Og hvað um afkomu þjóðarinnar allrar þegar mið öll hér við land kynnu að verða þrotin af fiski?

Hér finnst mér rök fylgjenda samkomulagsins

ekki slá á ótta manns né heldur að þeir hafi fært sannfærandi rök að því gegn staðhæfingum landhelgisgæslunnar, mannanna, sem í eldinum standa, að þeir geti ekki haldið veiðum vestur-þjóðverja undir samkomulagsmagni, þótt þeir berjist líka við breta.

Það er þessi ógnvekjandi mynd varðandi aflamagn okkar sem veldur því að ég get ekki greitt þessum samningi atkv. mitt, þótt ég sé í grundvallaratriðum fylgjandi samkomulagsleiðum. Mér finnst við ekki hafa efni á að gera hann við orðnar aðstæður. Það er eins og taka brauð frá munni barna okkar til þess að sýnast gestrisin. Gestrisni er góð, en láti húsbóndinn hana ganga út yfir heimilisfólkið, þá er hún orðin ofrausn sem ekki er hægt að virða né meta.

Að vandlega athuguðu máli tel ég samninginn við vestur-þjóðverja, eins og hann er lagður fyrir Alþ., ofrausn af hálfu okkar íslendinga, ekki samning, ekki gestrisni byggða á getu, og greiði því atkv. gegn honum.

Páll Pétursson: Herra forseti. Þessar umr. eru nú satt að segja orðnar óralangar, og það er með hálfum huga að ég stend hér upp til þess að bæta við þær. Mér telst svo til að þetta muni vera líklega 30. ræðan í málinu sem ég er að byrja á. Og það fer ekki hjá því að það kennir mikið endurtekninga. Þótt við séum frjóir í hugsun hér í d., þá kennir orðið ansi mikilla endurtekninga í málflutningi manna, sem eðlilegt er. Þetta er afdrifarikt mál, og það er ekkert óeðlilegt við það, þótt þm. kjósi að tjá sig um það, en mér finnst að við eigum að keppa að því að vera stuttorðir, eins og raunar sumir hafa verið hér.

Það hefur verið fjallað nokkuð um afstöðu þm. til samningsins og skoðanamótunar innan flokka. Ég vil láta það koma skýrt í ljós vegna ummæla, sem féllu hér í gærkvöld um að það væri einhver ógurleg pressa sem væri notuð á þm. stjórnarflokkanna að fylgja þessu máli, að ég hef ekki orðið var við þá pressu. Ég greiði þessari þáltill. atkv. mitt með góðri samvisku og vegna þess að ég tel rétt, eins og málum er háttað, að semja við þjóðverja. Það eru fáeinar ástæður sem þessu valda. Það er ekki hægt að segja að þetta samkomulag sé gallalaust, það er langt frá því. Auðvitað vildum við komast hjá því sjálfsagt öll saman að þurfa að gera þetta samkomulag. Það er mikið aflamagn sem við þurfum að fórna. Það fæst ekki frambúðarviðurkenning á okkar 200 mílum. Það má fetta fingur út í svæðaskiptingu. Og ég hefði kosið, að um gerð veiðarfæra væri nokkuð annað orðalag en í samningnum er. En þrátt fyrir þetta eru atriði sem eru jákvæð og við samkomulagið, og þau vega þyngra í minum huga.

Vegna þess hvað Hattersley sagði um hið dulræna samband á milli íslendinga og þorsksins, þá er kannske rétt að hafa þau rök fyrst að ég held að þorskinum sé best borgið og þar með þjóðinni allri með því að ganga til þessara samninga við vestur-þjóðverja, en leggja allt kapp á að verjast bretum. Mér finnst að það sé raunsætt mat á stöðunni að taka þessa afstöðu. Það eru hér menn í hv. Alþ. sem telja allt fært. Það eru ofurhugar sem heimta að gæslan hafi í fullu té við breta og þjóðverja og ég veit ekki hvað og hvað. En við ætlum ekki sjálfir að fara að flæmast út um hafið í skammdeginu til þess að lumbra á þjóðverjum eða bretum. Það var að vísu verið að ráða hér kannske háseta á eitt varðskipið, og ég efast ekki um að hann muni duga vel, en ég held að við verðum nú hér í ylnum flestöll í vetur. Við keifum kannske inn í flokksherbergin okkar og skreppum svo upp í ræðustól til þess að segja nokkur orð okkur til skemmtunar, stjórnarandstæðingar ekki síður en stjórnarsinnar.

Stjórnarandstæðingar hafa útandskotað þessari ríkisstj. Þeir eru ákaflega óánægðir með stjórnarfarið í landinu, að því er þeir segja. Alþb.-menn ganga harðast fram í þeirri sennu. En þeir höfðu ekki ýkjamikinn áhuga á því að taka þátt í stjórn landsins vorið eða sumarið 1974 og sáu þá kannske fram á það að harðna mundi á dalnum. Þeir höfðu ekki áhuga á að taka ábyrgð á óvinsælum ráðstöfunum sem óhjákvæmilegt var að gera. Sérfræðingur Alþb. í sjávarútvegsmálum var ekki kappsamari en það að verða leiðandi maður í sjávarútvegsmálum að hann kaus heldur að fara austur á land og veiða lax meðan reynt var að mynda vinstri stjórn í landinu.

Ef við rekjum söguþráðinn lengra, og það er nú freistandi vegna þess að hér kom gestur í ræðustólinn í gærkvöld, forseti ASÍ, hv. 9. þm. Reykv., og hann var ekki ánægður með ráðstafanir ríkisstj., Sjálfstfl. og Framsfl., en hann velti kannske framar öðrum mönnum vinstri stjórninni, blessuð sé hennar minning. Hann hótaði gróflega með öllum tiltækum löglegum ráðum, að hann sagði, að berjast á móti þessum samningi sem hér er verið að gera, — löglegum, sagði hann. En í sumar komst nú þetta hvað væri löglegt og ekki löglegt dálítið á dagskrá — og hvað er sannleikur? spurði Pílatus. Þá var ríkisstj. Íslands búin að gefa út brbl. um tiltekna vinnudeilu. Þá gekk forseti ASÍ á undan að brjóta þá lagagerð á bak aftur og taldi að hún hefði ekki stoð í réttarvitund almennings, og það er náttúrlega dálítið teygjanlegt hugtak líka.

Hv. þm. sagðist vera hættur að verða hissa, og það kann að vera eðlilegt. Hann hefur nú komið í hana versu fyrr og setið á 19 þingum, að hann sagði, fyrir ýmsa flokka, sennilega fyrir Sósfl., fyrir Alþb., fyrir SF og fyrir Alþfl. Þetta er nú bara þriðja þingið mitt, og ég hef alltaf verið fyrir sama flokkinn, og ég hef ekki heldur enn þá glatað hæfileikanum til þess að verða hissa.

Ef við reynum ekki þessa leið sem hér er verið að þræða, að semja við þjóðverja, þá held ég að það væri ábyrgðarleysi gagnvart blessuðum þorskinum í sjónum og þar með framtíð þjóðarinnar. Og hvar værum við nú staddir, þótt við séum duglegir og snjallir, ef við yrðum ofurliði bornir með ryksugutogara um allan sjó? Þjóðverjar lofa því þó að fara burt með þá. Við eigum varðskip, en ekki nógu mörg. Við eigum dugandi mannskap á þessi

varðskip, sjálfsagt mjög góðan og hæfan mannskap. En þessum fáu varðskipum er gert lífið leitt og þau koma ekki að fullu gagni ef bretar halda hér uppi njósnaflugi og segja til um staðsetningu þeirra. Þá er það náttúrlega fjarstæða að halda að 4—5 skip anni því að halda aftur af öllum þessum mikla skipaflota, bæði þjóðverja og breta og jafnvel fleiri þjóða, ef njósnaflugvélarnar gefa á hverjum tíma upp stöðu þeirra.

Það hefur komið fram hugmynd um að taka í gæsluna skuttogara. Ég hef aldrei skilið þá hugmynd. Það getur verið að þetta sé hægt, en ég næ ekki upp í þá hugmynd. Mér finnst að það að ætla skuttogara að fara að fást við freigátur væri eins og þegar mýsnar ætluðu að hengja bjölluna á köttinn. Skuttogarar eru byggðir til þess að vera fiskiskip, en ekki til þess að vera varðbátar eða herskip, og ganghraði þeirra miðast við það, skrúfubúnaður enn fremur. Þetta eru vafalaust lipur og góð skip, en þau eru ekki styrkt til þess að standa í árekstrum við skip ölóðra breskra togaramanna. Og við megum líka gera ráð fyrir því að eitthvað af varðskipunum verði stöðugt í viðgerðum og bretum takist að laska þau. Eftir því hafa þeir náttúrlega mikið sótt. Og svo er eitt af verkefnum landhelgisgæslunnar sem ekki hefur komið fram í þessum umr. svo að ég hafi heyrt. Það er kannske ljótt að vera að hafa orð á því, en því miður, skulum við segja, í einstökum undantekningartilfellum þarf landhelgisgæslan eða varðskipsmenn að gá lítillega að okkur sjálfum, því er nú verr.

Það hefur verið rætt hér mikið um reynsluna af samningum sem gerðir hafa verið á undanförnum árum um landhelgismál. Ég verð nú að segja að sú reynsla er að sumu leyti góð, en hún er að sumu leyti ekki góð. Í landhelgissamningunum 1961 var stigið mikið ógæfuspor með málskoti til Haagdómstólsins, og íslendingar eru enn þá með nokkrum hætti að glíma við þann draug. Þetta málskotsákvæði til Haagdómstólsins er enn eitt meginatriði í málflutningi breta.

Hér hafa komið mjög á dagskrá bréfaskriftir Hafrannsóknastofnunar annars vegar og fiskifræðinga við þá stofnun hins vegar. Það hefur verið deilt hér harkalega um fiskveiðisjónarmið og stjórnmálasjónarmið og allra handanna hvatir sem kunna að liggja að baki þeirri bréfagerð. Auðvitað liggja bæði fiskveiðisjónarmið og sjálfsagt jafnframt stjórnmálasjónarmið að baki báðum þessum ritverkum, og stjórnmálaþróun hefur í eðli sínu að sjálfsögðu meginábrif á framvindu málanna. Að vissu leyti ber þessum mönnum ekki verulega mikið á milli þrátt fyrir allt. Í niðurlagi á bréfi fiskifræðinganna, sem hv. þm. Lúðvík Jósepssyni barst hér í ræðustól í gær með eftirminnilegum hætti, segir þetta sem niðurlags- og ályktunarorð:

„Af þessum sökum er engan veginn hægt að fullyrða að samningsdrögin við vestur-þjóðverja séu skásti fiskifræðilegi valkosturinn, þar sem það kemur fyrst í ljós þegar allar stjórnmálalegar ákvarðanir hafa verið teknar í þessu máli.“

Þeir gera því skóna sem sagt að það verði samið við breta, og það er þeirra skoðun að þá sé þetta ekki lengur skásti fiskifræðilegi kosturinn. Og ég er á sama máli. Ég er á því máli að fiskifræðilega sé rétt að semja við þjóðverja, en ekki að semja við breta. Ég held sem sagt að það sé ekki lengur unnt að ganga til samninga við breta. Það var þrautreynt hvort hægt væri að koma einhverju tauti við þessa menn. Þeim voru boðin rausnarleg boð. En þeir vildu ekki þiggja þau, þeir vildu meira. Og þeir náttúrlega um það. Að sjálfsögðu liggur það í loftinu að það eru átök fram undan, og ég held að við eigum ekkert að hlífa okkur við því að gera eins og við getum í þeim átökum. En við þurfum sjálfsagt á öllu okkar að halda, og það er nóg að eiga þann andstæðing einan af þeim öflugu. Það er áreiðanlega nóg fyrir okkur að kjósa okkur það veldi til jafnaðarmanns. Og þá kemur að því að við þurfum náttúrlega á öllu okkar að halda. Þá er eðlilegt að til þess komi og raunar óhjákvæmilegt að endurmeta afstöðuna til NATO. Það er ekki mikil stoð í því bandalagi ef bretum líðst að fara því fram sem horfir. Og það er enn fremur ástæða til þess, ef bretum tekst að halda okkur utan við tollfríðindi Efnahagsbandalagsins, að sá samningur verði enn fremur tekinn gaumgæfilega til athugunar. Ef okkur verður ekki gefinn kostur á þeim viðskiptakjörum sem við eigum rétt á, þá verðum við að endurmeta afstöðu okkar til þess tollasamnings. Við getum náttúrlega ekki endalaust fært fórnir, viðskiptalegar, hernaðarlegar og siðferðilegar, í sérstöku vináttuskyni við þessar vestrænu bræðralagsþjóðir, þegar lífshagsmunir íslensku þjóðarinnar eru svo mjög að veði. Þess vegna tel ég rétt að við samþykkjum þessa till. og snúum okkur svo sameinaðir og af alefli að bretum, — sameinaðir, sagði ég, því að í þeirri sennu, sem fram undan er við breta, getum við ekki látið það eftir okkur, held ég, að vera að berjast innbyrðis.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég hef satt að segja enga löngun til þess að flytja hér langt mál. Það er búið að rekja aðalatriði þessa máls. Margir hafa talað hér langt mál, sumir snjallt, en þó vil ég bæta hér við fáeinum orðum.

Það er eftirtektarvert að stuðningsmenn ríkisstj. hafa í þessum umr. ekki reynt að halda því fram, að ávinningur íslendinga af þessum samningi væri mikill, a.m.k. ekki beinn ávinningur. Það er óumdeilt í þessu máli að ekki liggur fyrir nein viðurkenning á 200 mílunum af hálfu hins samningsaðilans. Það er einnig óumdeilt í þessu máli að samningurinn segir ekkert um það hvað við tekur að samningstímabilinu loknu, og það er ekkert sem hindrar það að vestur-þjóðverjar hafi í frammi áframhaldandi yfirgang gagnvart okkur íslendingum þegar samningstímabilinu lýkur, nema þá það eitt að hafréttarráðstefnunni sé lokið og alþjóðalög hafi verið samþykkt um landhelgismál. En eins og allir vita, þá veit enginn hvort hafréttarráðstefnunni lýkur 1977 eða 1978 eða 1979. Að vísu ætla menn nú að ekki verði svo langur dráttur

á því að sjálfri ráðstefnunni ljúki, en við vitum að þá er ekki öll sagan sögð. Þá er eftir að fá samningana undirritaða og fá þá staðfesta af nægilega mörgum þjóðum. Ég er því sannfærður um að flestir, sem til þekkja, geti verið mér sammála um að það er engin fjarstæða að það gæti dregist til a.m.k. ársins 1978, ef ekki 1979, að endir fáist á þetta mál. En ef samningurinn, ef hann verður gerður, rennur út á árinu 1977, eins og kunnugt er, og það er því vel hugsanlegt að til umr. gæti orðið nýtt tveggja ára samningstímabil.

Í þessu máli er ekki deilt um tölur varðandi aflamagn vestur-þjóðverja á liðnum árum. Það er viðurkennt að á árinu 1973 veiddu þeir 93 þús. tonn, 1974 68 þús. tonn og áætlað er að þeir veiði á þessu ári að óbreyttu 40 þús. tonn. Um þetta er ekkert deilt. Hitt er meira þrasað um, við hvaða ár sé réttast að miða, og við, sem erum andvígir þessum samningi, teljum eðlilegast að miða við árið í ár og árið sem leið, en talsmenn ríkisstj. leitast við að miða við árið 1973 eða jafnvel þaðan af fyrri ár, og verður svo hver að meta hvað honum þykir sanngjarnast.

Það er nú svo að einnig í Bretlandi er það lítt umdeilt að samningur íslendinga og vestur-þjóðverja *hafi verið þjóðverjum mjög í hag.* Í fréttum í dag var frá því sagt að í umr. í Bretlandi um landhelgismálið hefðu menn lýst undrun sinni á því, að íslendingar ætluðu að semja við vestur-þjóðverja án þess að fá að því er virtist nokkuð í staðinn og aðstoðarutanrrh. Breta, Roy Hattersley, hefur sagt alveg nýlega að ef bretum hefði verið gert hliðstætt boð og vestur-þjóðverjum stæði nú til boða, þá hefðu mál íslendinga og breta farið á annan veg, því að samningurinn við vestur-þjóðverja jafngildi, eins og hann sjálfur hefur sagt, yfir 90 þús. tonna veiðiheimild fyrir breta.

Eins og ég hef hér rakið, þá virðist öllum vera það ljóst og það virðist vera almennt viðurkennt að beinn ávinningur íslendinga sé mjög smávægilegur af þessum samningi. Jafnframt er það almennt viðurkennt og það meira að segja einnig af stjórnarsinnum, að afli á Íslandsmiðum er alls ekki til skiptanna, enda enginn sem ég veit til að vefengi skýrslur Hafrannsóknastofnunarinnar. Það er sem sagt óumdeilt að veiði vestur-þjóðverja á 60 þús. tonnum hlýtur óhjákvæmilega að hafa mjög alvarlegar afleiðingar fyrir íslenskt efnahagslíf og einkum ef haft er í huga að aðrir samningar kunni að fylgja í kjölfarið. En það er ein röksemd sem stjórnarsinnar hanga í og leggja alla áherslu á. Þeir segja að ef við semjum ekki, þá taki vestur-þjóðverjar meira en þeir hafa tekið, samningurinn sé þrátt fyrir allt skárri kostur af tvennu illu. Þeir segja það ýmist beint eða óbeint: Við getum ekki varið landhelgina. Hæstv. sjútvrh. sagði þetta reyndar beinlínis í sjónvarpsumr. sem ég tók þátt í ekki alls fyrir löngu, og það má segja að þessi kenning sé rauði þráðurinn í röksemdafærslu stjórnarsinna, ef undan eru skildar bollaleggingar manna um hugsanlega tollaívilnun af hálfu Efnahagsbandalagsins sem mjög er misjafnt hvernig menn meta. Ég hef alltaf litið svo á, að þessi margumtalaða tollaívilnun Efnahagsbandalagsins væri það smá í sniðum að hún næði ekki máli í samanburði við hina stórkostlegu hagsmuni, sem við eigum í húfi í landhelgismálinu. En það er nú svo að þetta hefur verið dregið inn í málið, og er því rétt að gleyma því ekki algerlega. En eins og menn vita, þá er allt í óvissu um það hvort þessi margumtalaða bókun 6 kemur til framkvæmda eða ekki, hvort það verður og hvenær það yrði. Eins og menn vita, þá á samningurinn að frestast ef bókunin kemur ekki til framkvæmda eftir 5 mánuði í samræmi við ákvæði í fskj. IV.

Það gerðist hér í gær að Einar Ágústsson, hæstv. utanrrh., var spurður að því hvað gerast mundi ef bókunin kæmi ekki til framkvæmda á næstu 5 mánuðum, hvort vestur-þjóðverjar mundu þá fara út fyrir 200 mílurnar okkar. Hæstv. ráðh. svaraði þessari spurningu með eins atkv. orði. Hann sagði einfaldlega já. Ég vil leyfa mér að inna hæstv. utanrrh. nánar eftir þessu atriði. Ég fæ í fyrsta lagi ekki séð að þetta standi neins staðar í samningnum, það er víst öllum ljóst. En ég vil leyfa mér að spyrja hvaða tryggingu hæstv. utanrrh. hafi þá fyrir því að þessi fullyrðing hans standist. Ég er ansi hræddur um að fleiri en ég telji að þetta eins atkv. orð, sem hann lét hér frá sér fara í gær, sé *heldur ófullnægjandi grg. fyrir* svo stórkostlega mikilvægri fullyrðingu. Ég vil sem sagt fá að vita á hverju hann byggir þessa fullyrðingu sína, að verði samningnum frestað í samræmi við ákvæði hans, þá fari vestur-þjóðverjar út fyrir. Ég vil sem sagt eindregið mælast til þess að hann svari því til á hverju hann byggir fullyrðinguna. Ég vil til viðbótar spyrja hann að því, hvert sé álit hans á því hvað verði ef spá hans reynist röng, ef hann reynist fara með rangt mál. Ef einstök skip veiða í íslenskri landhelgi eftir að samningnum hefur verið frestað, verða þau þá strikuð út af listanum fyrir fullt og allt eða koma þau aftur inn ef samningurinn skyldi taka gildi seinna? Og í öðru lagi: Ef mikil brögð verða að þessu og bert er að vestur-þjóðverjar eru staðnir að því að halda skipunum í landhelginni er þá ekki samningurinn bersýnilega úr gildi fallinn vegna samningsrofa? Þetta þætti mér gott ef hæstv. utanrrh. sæi sér fært að segja til um.

En ég vil snúa mér aftur að því atriði sem ég tel raunverulega vera rauða þráðinn í málflutningi stjórnarsinna. Það er kenningin um það að við getum ekki varið landhelgina. Og seinast í gærkvöld gerðist það að einn ágætur hv. þm., Steingrímur Hermannsson, lýsti því yfir að hann hefði átt í ströngu stríði við samvisku sína, þar hefðu ást við flokkshagsmunir og samviska og hann hefði mikið velt því fyrir sér að láta verða af uppreisn gegn flokknum í þessu máli, en hann hefði nú endað með því að beygja sig og þá fyrst og fremst fyrir þeim rökum að íslendingar gætu ekki varið landhelgina. Hann sagði beinlínis að ekki væri hægt að ætla að fara að ota íslenskum togurum og varðskipum gegn breskum freigátum, eins og ég skrifaði eftir honum.

Ég lít svo á að þetta sé bersýnilega kjarni málsins. Þeir, sem svara þeirri spurningu játandi að hægt sé að verja landhelgina, vilja ekki semja. Þeir sameinast um að segja það, hvort

sem þeir hafa verið fylgjandi samningum við aðrar þjóðir um undanþágu til veiða í landhelginni einhvern tíma áður eða ekki, þá sameinast þeir um að segja nú að aðstæður séu þvílíkar, útlitið sé það dökkt, nauðsynin það rík að það sé óhjákvæmilegt að við Íslendingar berjumst ótrauðir og semjum ekki, hvorki við breta né vestur-þjóðverja né neina aðra þjóð. Í því sambandi skiptir að sjálfsögðu engu máli hvort einstakir þm. hafa verið reiðubúnir að bjóða þetta eða hitt fyrir einu, tveimur eða þremur árum, hvort það voru alþb.-menn eða framsóknarmenn eða alþfl.-menn sem voru þeirrar skoðunar, ellegar hvort menn voru tilbúnir að gera samning við breta fyrir 2-3 árum eða hvort menn gerðu samning við breta og vestur-þjóðverja fyrir 12 árum. Þetta er liðin tíð, liðnar aðstæður. Það eru aðstæðurnar hér og nú sem eru á dagskrá. Það er hrun íslenskra fiskstofna sem við blasir, sem við verðum að taka afstöðu til, og þá er bara spurningin: Eru menn tilbúnir að verja landhelgina með öllum þeim ráðum, sem við eigum tiltæk, eða ekki? Hinir, sem það vilja ekki, að landhelgin verði varin, eru að sjálfsögðu tilbúnir að semja. Svo einfaldlega liggja línurnar í þessu máli.

Eins og menn vita hefur fólk víða um land lagt niður vinnu í dag. Við höfum að vísu ekki fengið nákvæmar fréttir um það hve mikil brögð hafa verið að því, en þó nægilega miklar fréttir til að vita að um allt land voru þúsundir og tugþúsundir manna sem lögðu niður vinnu. Í dag hafa auk þess tugþúsundir manna eða a.m.k. yfir 10 þús. manns safnast saman á Lækjartorgi og staðið þar á löngum fundi. (**Gripið fram í**: 5 þús. manns.) Já, við skulum nú ekki, hv. þm., fara að rökræða það, hvort það var einu þúsundinu fleira eða færra, það skiptir í sjálfu sér ekki máli. Hitt er aðalatriðið, að þúsundir manna hafa í dag safnast saman á Lækjartorgi og staðið þar á löngum fundi í frostveðri og norðankuldagjóstri til að mótmæla öllum samningum við erlendar þjóðir.

Það er enginn minnsti vafi á því að minni hyggju að mikill meiri hl. þjóðarinnar er andvígur þessum samningi, a.m.k. ef marka má einróma samþykktir sem borist hafa mjög víða að. Á hinn bóginn verð ég að játa það, að ég veit ekki um ein einustu fjöldasamtök í landinu, sem hafa gert ályktun um hið gagnstæða. Ég hafði að vísu heyrt um ályktun Fiskiþings sem hæstv. utanrrh. nefndi hér áðan, en ég býst ekki við að margir líti á þau samtök sem mikil fjöldasamtök. Það hafa heyrst einstakar raddir, en þær eru fáar og hjáróma.

Ég held að það sé ljóst að þjóðin sé andvíg samningum. Og hvers vegna? Vegna þess að hún vill að landhelgin sé varin og hún veit að það er gerlegt. Á þriðjudagskvöldið var bárust okkur fréttir af því að íslenskt varðskip hefði klippt á togvíra bresks togara. Þarna voru nærstaddir þrír dráttarbátar hennar hátignar og þar að auki freigáta sem bar hið virðulega nafn Leopard, það mun víst vera nafn hins mikla villidýrs frumskógarins, hlébarðans. Þarna voru sem sagt 4 bresk skip til varnar og þó réðu þau ekki við íslenska varðskipið. Ég tel að þetta sé ein sönnunin af mörgum sem þjóðin hafi fengið um möguleika Íslendinga til þess að verja íslenska landhelgi. Afstaða þess mikla fjölda fólks, sem nú hefur snúist til harðrar andstöðu gegn hvers konar samningum við aðrar þjóðir, byggist vafalaust á þeirri sannfæringu að ef forustumenn þjóðarinnar hafa vilja og þor til þess að beita landhelgisgæslunni, þá er hægt að verja íslenska landhelgi, kannske ekki þannig að veiðarnar stöðvist með öllu, en það er hægt að minnka þær mjög verulega. Það er hægt að gera veiðarnar óhagkvæmar og dýrar, bæði fyrir vestur-þjóðverja og breta.

Staðreyndin er sú, að klippingar togvíra hafa reynst mjög árangursríkt vopn gegn veiðum þessara ríkja. Á þessu ári hafa að vísu ekki verið miklar víraklippingar, eins og mönnum er kunnugt. En á seinustu tveimur vikum hafa 7 breskir togarar verið halastýfðir. Á þessu ári munu vestur-þjóðverjar hafa orðið fyrir því 9 sinnum að klippt væri á togvíra þeirra, en þess ber að geta að vestur-þjóðverjar hafa reynt að forðast það eins og heitan eldinn að klippt væri aftan úr þeim, og þeir hafa því dregið inn vörpuna oftast þegar varðskipin hafa nálgast og hafa ekki gefið kost á því að klippt væri. Ég lít svo á að þessar aðgerðir eigum við að auka af fullum krafti af því að við getum það. Og ég vil minna á það, að á árinu 1973 klipptum við 74 sinnum á togvíra erlendra togara. Við klipptum 60 sinnum á togvíra breskra togara og 14 sinnum á togvíra þýskra togara. Við erum núna með 6 varðskip í gangi og eina flugvél, og það má vel vera að við þurfum að tvöfalda þennan flota sem við höfum til ráðstöfunar. Það má vel vera að við þurfum að taka 5—6 skip á leigu til bráðabirgða og auka flugþjónustuna. En þetta er hægt og þetta á að gera því að það er mikið í húfi. Menn kunna að segja sem svo að þetta muni nú eitthvað kosta. Það er ekki hægt að horfa fram hjá því og það er rétt. En vita menn hver er allur rekstrarkostnaður landhelgisgæslunnar. Hann er samkv. fjárl. 1975, þegar með er talinn gjaldfærður stofnkostnaður og framlög í Landhelgissjóð, 644 millj. Hliðstæð tala á fjárlfrv. 1976 er 867 millj. Það má vel vera að við þurfum að bæta annarri eins upphæð við ef við ætlum að axla þau viðfangsefni sem því fylgja að þurfa að berjast nú jafnt við breta og vestur-þjóðverja. En þá það. Þá verðum við bara að horfast í augu við það. Og ég er sannfærður um að menn gera sér grein fyrir því að 700—800 millj. eru ekki mikið þegar haft er í huga hvaða verðmæti eru í húfi. Árlegt tekjutap þjóðarinnar er áætlað, ef samið væri, um 150 þús. tonn., 15—20 milljarðar, 15—20 þús. milljónir, þá er eftir að reikna óbeint tap okkar, tap af völdum atvinnuleysis og minnkandi tekna einstaklinga, sveitarfélaga og ríkis og stórminnkandi veltu fjármuna í landinu. Er ekki augljóst að það er fráleitt að setja fyrir sig nokkur hundruð millj. kr. aukakostnað ef við gætum raunverulega náð þeim áfanga að halda bretum og vestur-þjóðverjum nokkurn veginn fyrir utan?

Nú eru ýmsir sem segja að þetta sé hættuleg leið og að varsla landhelginnar af fullri einurð geti kostað slys. Auðvitað er það rétt að varsla landhelginnar er hættulegt starf og erfitt. Eins og það sé eitthvað nýtt! Páll Pétursson sagði

hér áðan, hv. þm. Norðurl. v., að við þm. ætluðum ekki að fara stunda landhelgisgæslu, við skyldum tala varlega. Ég verð að segja að þetta er afskaplega lágkúruleg röksemd og einkennileg. Ég held að það detti ekki nokkrum manni í hug að sé erfitt að fá menn í landhelgisgæsluna ef því er að skipta. Ég held að rök af þessu tagi verði að teljast afar léttvæg. (**Gripið fram í:** Dómsmrh. hefur boðið mér það.) Þar að auki virðist vera framboð manna hér í þingliði til gæslustarfa, og þar af leiðandi held ég að við þurfum ekki að hafa áhyggjur af þessu atriði. Auk þess er auðvitað ljóst að varsla landhelginnar þarf ekki að vera miklu hættulegri en hún hefur verið. Ég veit ekki betur en að utanrrh. legði á það sérstaka áherslu áðan að klippingar væru hættulausar. Hann vildi undirstrika að þær væru ekki aðeins hættulitlar, þær væru hættulausar, og benti á að engin slys hefðu hlotist af þeim tæplega 100 klippingum sem átt hefðu sér stað. Þetta er auk þess margyfirlýst af yfirmönnum landhelgisgæslunnar og við vitum að þetta er rétt hjá þeim. Okkar menn hafa beitt fyllstu varfærni og þó að þeir fái að beita hæfilegri hörku, þá hljóta þeir áfram að beita um leið *nægilegri varfærni*. Það er sem sagt gerlegt að ástunda fulla hörku við klippingar og aðrar áreitingar án þess að mannslíf séu beinlínis í hættu. Viðfangsefni landhelgisgæslunnar er og verður það að hvekkja erlenda landhelgisbrjóta, taka þá þegar þess er kostur, ella a. m. k. að gera þeim lífið leitt, tefja og trufla veiðar þeirra, reyna á þolrif þeirra og draga úr afla þeirra. Markmiðið á sem sagt að vera að skipstjórar á breskum skipum telji sig til neydda, telji sig nauðbeygða að leita á önnur mið. Þetta getur tekið tíma. Þetta getur kostað okkur nokkra fjármuni og það mun vafalaust reyna á þolinmæði okkar og þrautseigju, en þessi leið er nauðsyn, — óhjákvæmileg nauðsyn ef við ætlum að halda uppi mannsæmandi lífi í þessu landi.

Ég vil að lokum segja það eitt að spurningin um samninga eða ekki samninga er augljóslega spurningin um það hvort við höfum vilja og vit, ráð og rænu að verja landhelgina. Ætlum við að lyppast niður eins og aumingjar og horfa á erlend stórveldi kúga út úr okkur verulegan hluta af þeim afla sem þorandi er að veiða hér á miðunum á næstu árum — eða ætlum við að harka af okkur og reyna að lifa eins og menn? Það er áreiðanlega vilji þeirra tugþúsunda manna sem mótmælt hafa samningum við vestur-þjóðverja að svo verði gert, og það er áreiðanlega vilji mikils meiri hl. þjóðarinnar, þótt svo illa hafi til tekist að eitthvað lægra sé upplitið á meiri hl. alþm., eins og ég óttast að komi í ljós við atkvgr. um þetta mál á morgun.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég vildi ekki láta lengri tíma líða þar til ég svara fsp. sem til mín hefur verið beint.

Hv. 2. þm. Vestf. spurði mig um hver afstaða hæstv. sjútvrh. væri til samkomulagsdraga þeirra sem hér eru til umr. Ég vil með ánægju svara þeirri fsp. Ég hef rætt við hæstv. sjútvrh., sem er erlendis í sjúkraleyfi, og hann mælir með samþykkt þessara samkomulagsdraga. Hann sér annmarka á þeim eins og við höfum séð hér í þingsölum, en kostina telur hann slíka að ekki fari á milli mála að samþ. beri þessi samkomulagsdrög og gera samkomulagið.

Þá vil ég svara eða nefna a. m. k. tvær fsp. sem hv. 5. þm. Vestf. hefur beint til mín, en í raun er þeim svarað af hæstv. utanrrh. áður í umr.

Önnur fsp. er á þá lund hvort til mála komi samkomulag við breta eins og komið er. Svarið er birt þegar í mótmælum ríkisstj. við valdbeitingu breta, þar sem segir að slík valdbeiting útiloki allar frekari viðræður við ríkisstj. Bretlands um mögulegt samkomulag.

Hin fsp. hv. þm. var um það, hvort það væri opið enn að bretar geti fengið 65 þús. tonn. Þeirri fsp. hefur hæstv. utanrrh. svarað, að tilboð, sem búið er að hafna, er auðvitað fallið niður.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég skal hafa þetta stutt og standa við það nú í þetta sinn.

Það er út af ræðu hv. þm. Ragnars Arnalds að hann segir í fyrsta lagi að það sé engin *viðurkenning í uppkastinu*. Það *má um* það deila hvort lagaleg viðurkenning sé. Ég hygg að það sé tæplega. En viðurkenning í verki álít ég að sé hiklaust í samningum, þar sem vitnað er til íslenskra laga og þeir semja við okkur um leyfi fyrir tiltekin skip á hafsvæðum sem við teljum okkur. Ef ég bið hv. þm. Ragnar Arnalds um að leyfa mér að tína ber í landi sem hann á, þá hlýt ég um leið að vera að viðurkenna að hann eigi landið, annars mundi ég ekki fara fram á þetta leyfi. (Gripið fram í.) Og þó er sérbókun. Það er vissulega rétt.

Hvað taki við þegar samningstímabilinu lýkur? Það sagði ég í gær, að ég liti svo til eindregið að ekki yrði um frekari samninga að ræða. Um það er ósamið að sjálfsögðu. Uppkastið ber það með sér að um það er ekki neinn samningur, en það er mitt álit að þá komi ekki frekari samningar til greina og ég mun ekki standa að því.

Mér leikur nokkur forvitni á að vita hvaðan áætluð veiðitala þjóðverja á árinu sem er að líða sé fengin. Það er talað um það hér hvað eftir annað að það muni verða 40 þús. tonn. Ég hef þrátt fyrir miklar eftirgrennslanir ekki getað fengið þetta staðfest. Það eina, sem ég hef getað fengið staðfest, er að 1. júní hafi þjóðverjar verið búnir að veiða 26 þús. tonn. Hvort þetta er gert með líkindareikningi, að finna út 40 þús. tonn, sem mundi þá þýða verulega aflaminnkun þá 7 mánuði ársins sem eftir eru, það skal ég ekki um segja. En mér þykir einkennilegt ef embættismenn rn. geta ekki fengið upplýsingar sem virðast liggja á lausu fyrir aðra.

Ég tók eftir því líka að Hattersley talaði um að tilboð okkar til þjóðverja jafngilti yfir 90 þús. tonnum til breta. Mér finnst þetta engan veginn sambærilegt, þar sem hér er um miklu verðmætari fisk að ræða, sem bretar eru að gera sér vonir um að fá að veiða, heldur en við erum að semja um við þjóðverja.

Svo kemur að lokum að þeim spurningum sem hv. þm. beindi til mín beint. Ég hef kann-

ske verið óþarflega stuttorður í gær og það er ágætt að leiðrétta það þá. Það sem gerist, ef bókun 6 tekur ekki gildi eftir 5 mánuði, er það að ríkisstj. mun segja samningnum upp. Eftir það eru allar veiðiheimildir fallnar úr gildi. Og það er skoðun okkar — ég verð að taka það fram að það er skoðun okkar — að þá verði þjóðverjar að sjálfsögðu að fara út fyrir landhelgismörkin, en um það segir ekki í samningnum eins og menn geta ljóslega séð. Um það, hvað gerist með togara sem verður brotlegur eftir að þetta umrædda tímabil er liðið, þá vil ég hiklaust segja það að hann verði strikaður út og ekki samþ. að nýju. — Ég hef ekki frekari svör við spurningum hv. þm.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 25. fundur.

Fimmtudaginn 27. nóv., kl. 8 síðdegis.

Samkomulag við Sambandslýðveldið Þýskaland um veiðar þýskra togara, þáltill. (þskj. 85, n. 93 og 94. — Frh. einnar umr. (útvarpsumr).

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Umr. skiptist í tvær umferðir, þannig, að hver þingflokkur fær til umráða 15 mín. í hvorri eða 20 mín. í fyrri, en 10 í síðari. Röð flokkanna verður þessi: Í fyrri umferð Sjálfstfl., Alþfl., Framsfl., Alþb. og SF. Í síðari umferð Framsfl., Alþb., Sjálfstfl., Alþfl. og SF.

Ræðumenn verða þessir: Af hálfu Sjálfstfl. tala Geir Hallgrímsson forsrh. í fyrri umferð og Gunnar Thoroddsen iðnrh. í síðari umferð. Af hálfu Alþfl. tala Benedikt Gröndal, 2. landsk. þm., í fyrri umferð og Sighvatur Björgvinsson 8. landsk. þm., í síðari umferð. Af hálfu Framsfl. talar Einar Ágústsson utanrrh. í fyrri umferð og Þórarinn Þórarinsson, 4. þm. Reykv., í síðari umferð. Af hálfu Alþb. talar Lúðvík Jósepsson, 2. þm. Austurl., í fyrri umferð og Gils Guðmundsson, 3. þm. Reykn., í síðari umferð. Af hálfu SF talar Magnús T. Ólafsson, 3. landsk. þm., í fyrri umferð og Karvel Pálmason, 5. þm. Vestf., í síðari umferð.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti, góðir áheyrendur. Við íslendingar höfum skuldbundið okkur til þess að leitast við að leysa deilumál okkar við aðrar þjóðir með samkomulagi. Þessi skuldbinding felst í aðild okkar að Sameinuðu þjóðunum, Helsinkiyfirlýsingunni og Atlantshafsbandalaginu, enda liggur í augum uppi að lífshagsmunir smáþjóða byggjast fyrst og fremst á því að deilumál þjóða á milli séu leyst með friðsamlegum hætti, en ekki valdbeitingu.

Við íslendingar höfum staðið við skuldbindingar okkar að öllu leyti. Við höfum sýnt samkomulagsvilja og fulla sanngirni, en mætt óbilgirni og nú grímulausri og ólögmætri valdbeitingu af breta hálfu.

Lengi var samkomulagsvilja okkar mætt af fullkomnu skilningsleysi af hálfu vestur-þjóðverja, þar til alger stefnubreyting hefur orðið nú á á síðustu mánuðum er leitt hefur til þess samkomulags við ríkisstj. Sambandslýðveldisins Þýskalands um veiðar þýskra togara sem nú er til umr.

Samkomulag þetta styrkir stöðu okkar út á við á alþjóðavettvangi og setur sanngirni okkar, en óbilgirni breta í enn skýrara ljós en ella gagnvart umheiminum. Samkomulag þetta styrkir stöðu okkar á fundum hafréttarráðstefnunnar og er til þess fallið að vernda það ákvæði í frv. að hafréttarsáttmála sem okkur er mikilvægast samfara 200 mílna efnahagslögsögu. Samkv. hafréttarfrv. hefur strandríkið einhliða rétt til þess að ákveða hve mikið fiskmagn má taka upp úr sjó og hver skuli gera það. Á hafréttarráðstefnunni eru sterkar raddir sem vilja fela gerðardómi þetta ákvörðunarvald á þeirri forsendu að strandríkinu sé ekki treystandi að sýna sanngirni. Í samskiptum okkar og breta og með samkomulagi við vestur-þjóðverja höfum við sýnt að strandríki er fullkomlega treystandi til að eiga einhliða úrskurðarvald um hagnýtingu 200 mílna efnahagslögsögu sinnar.

Samkomulag það, sem hér er til umr., er gert milli tveggja ríkja sem hafa andstæða hagsmuni og skoðanir í fiskveiðimálum. Ljóst er að hvorugur fær öllu framgengt sem hann vill helst, og því eru auðvitað annmarkar á þessu samkomulagi frá okkar sjónarmiði, en kostirnir skipta meira máli og eru slíkir að samkomulagið er í heild í fullu samræmi við hagsmuni íslendinga

Spurningin er sú, hvort við öðlumst einir frekar og fyrr stjórn á hagnýtingu fiskimiðanna með samningum eða án samninga. Verndun fiskstofnanna er ekki eingöngu fólgin í því, hve mikið aflamagn útlendingar fá eða geta veitt á Íslandsmiðum, heldur hvernig, hvar og hvenær veiðar eru stundaðar.

Í skýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar um ástand fiskstofna og annarra dýrategunda á Íslandsmiðum og nauðsynlegar friðunaraðgerðir innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi, sem dagsett er 13. okt. s. l., er vitnað til skýrslu stofnunarinnar til landhelgisnefndar frá 1972, þar sem segir að einkum sé beitt 5 aðferðum við verndun fiskstofnanna:

1) Ákvæði um lágmarksstærð.
2) Lokun eða friðun veiðisvæða sem ýmist er tímabundin eða gildir allan ársins hring.
3) Ákvæði um hámarksafla.
4) Ákvæði um gerð veiðarfæra.
5) Ákvæði um leyfisveitingar til veiða.

Við skulum kanna hvernig samkomulagið við vestur-þjóðverja fullnægir þessum aðferðum og kröfum. Fyrst er ástæða til að benda á að samkomulagið tekur til alls hafsvæðisins innan 200 mílna fiskveiðilögsögunnar og merkir því í reynd viðurkenningu á stjórn íslendinga á þessu hafsvæði, hvað sem líður fyrirvara um að samkomulagið hafi ekki áhrif á afstöðu ríkisstj. samningsaðila til hafréttarmála. Enda er í orðsendingaskiptum utanrrh. til sendiherra vestur-þýsklands gengið út frá því að í einu og öllu

sé byggt á íslenskum lögum og reglugerðum og síðari ákvarðanir íslenskra stjórnvalda virtar.

Ef farið er yfir samkomulagið í einstökum atriðum skal eftirfarandi, sem er í samræmi við kröfur íslenskra fiskifræðinga, undirstrikað:

1) Í samkomulaginu eru ákvæði um lágmarksstærð. Þýsk skip skulu ekki veiða eða hirða fisk undir því máli eða þyngd sem tilgreind er í hlutaðeigandi reglum varðandi veiðar íslendinga.

2) Í samkomulaginu eru lokuð eða friðuð veiðisvæði, ýmist tímabundið eða í gildi allan ársins hring. 50 mílurnar, að stærð 215 þús. ferkm, eru lokaðar að undanteknum 25 þús. ferkm á þrem svæðum, sem opin eru allt árið, og á einu svæði, sem er opið hálft árið. Af 200 mílna svæðinu, 758 þús. ferkm að stærð, eru nær 500 þús ferkm algjörlega lokað. Innan hins algjörlega lokaða svæðis eru helstu uppeldisstöðvar fisks við Norður- og Austurland.

Enn fremur eru ákvæði í samkomulaginu að þýskir togarar stundi ekki þar veiðar sem íslenskum skipum eru bannaðar í því skyni að vernda svæði þar sem mikið er af ungfiski eða hrygningarfiski. Þjóðverjar skuldbinda sig þannig til að hlíta þeim friðunarsvæðum, sem nú eru í gildi eða ákveðin verða einhliða á samkomulagstímabilinu af íslenskum stjórnvöldum.

3) Í samkomulaginu er ákvæði um hámarksafla vestur-þýskra fiskiskipa, sem bundinn er ákveðnum fisktegundum, og skiptir þar okkur íslendinga mestu máli að aðaluppistaðan í 60 þús. tonna hámarksaflanum er karfi og ufsi, en þorskaflinn er að hámarki 5 þús. tonn. Þessi ákvæði eru okkur þar af leiðandi sérstaklega hagkvæm, því að hvort tveggja er, að þorskstofninn er mun veikari en karfinn og ufsinn og karfi og ufsi okkur a. m. k. helmingi verðminni en þorskurinn. Af þessu leiðir einnig, að þetta samkomulag við vestur-þjóðverja skapar ekkert fordæmi um samninga við breta.

Þegar tekin er afstaða til 60 þús. tonna hámarksafla vestur-þjóðverja hljótum við að spyrja: Hve mikið geta vestur-þjóðverjar veitt leyfislaust? Óskhyggja veitir ekki raunhæft svar. Reynslan er þar ólygnust. Árið 1973 veiddu vestur-þjóðverjar 91.7 þús. tonn, en þá þurfti landhelgisgæslan að verja 50 mílna fiskveiðilögsögu bæði fyrir ágangi breta og þjóðverja mestan hluta árs. Ef við gerum ekki það samkomulag, sem hér er til umr., verðum við í baráttu við báðar þessar þjóðir og því er rökréttur samanburður við aflahámark samkomulagsins, 60 þús. tonn, afli þjóðverja 1973, tæp 92 þús. tonn, og ætti ekki að vera spurning hvort okkur sé hagkvæmara.

4) Í samkomulaginu eru ákvæði um gerð veiðarfæra. Þýsk skip skulu ekki nota net með smærri möskvastærð en íslensk.

5) Í samkomulaginu eru ákvæði um leyfisveitingar til veiða, þar sem eingöngu 40 nafngreindir togarar hafa heimild til veiða, en togari, sem rofið hefur samkomulagið, missir veiðileyfið og verður strikaður út af listanum og fær þá enginn togari leyfi í staðinn. Hér er eingöngu um venjulega ísfisktogara að ræða, en hvorki verksmiðju- né frystitogara. 26 þessara 40 togara eru byggðir 1961 eða fyrr og enginn er yngri en frá 1965.

Auk þess sem okkur er nauðsyn að veiða og vinna fisk þurfum við að tryggja sölu sjávarafurða okkar og því er mikilvægt að bókun 6 í samningi okkar við Efnahagsbandalagið um tollalækkanir á sjávarafurðum okkar komi til framkvæmda. Þjóðverjar hafa hingað til beitt neitunarvaldi sínu gegn því, en heita nú með hliðsjón af hinu nána sambandi, sem er milli lausnar á fiskveiðideilunni og þess að bókun nr. 6 taki gildi, eins og komist er að orði, að beita sér fyrir að svo verði. Því skal ekki að óreyndu trúað að bretar muni nú breyta afstöðu sinni og beita neitunarvaldi, en ef svo verður og bókun 6 kemur ekki til framkvæmda innan 5 mánaða frestast framkvæmd samkomulagsins við vestur-þjóðverja og hafa þeir þá enga heimild til að veiða innan 200 mílnanna.

Eðlilegt er, að skýrsla Hafrannsóknastofnunarinnar, dagsett 13. okt. s. l., hafi mjög verið til umr. Rétt er því að rifja upp að sú skýrsla var gerð og birt að ákveðinni beiðni sjútvrh. og ríkisstj. Hafrannsóknastofnunin hafði birt fyrr á árinu tvær skýrslur, en ríkisstj. taldi nauðsynlegt að Hafrannsóknastofnunin afmarkaði nánar í tölum skoðanir sínar varðandi helstu fiskstofna, ekki síst til að hafa glögg rök gagnvart erlendum viðræðuaðilum. Stjórnarandstaðan hefur látist undrandi á hinu takmarkaða aflamagni er skýrslan gerir ráð fyrir, en hafi menn lesið fyrri skýrslur ætti þessi ekki að koma mönnum að óvörum.

Meira að segja fyrrv. sjútvrh., Lúðvík Jósepsson, lætur jafnvel eins og hann sé undrandi. Hinn 22. mars 1972 skrifaði Hafrannsóknastofnunin þó sjútvrh., en þar kemur fram m. a.: „Reiknaðist okkur til að æskilegasta sóknin sé um helmingur af núverandi sókn," þ. e. sókn í þorskstofninn. Umræddur fyrrv. ráðh., hv. 2. þm. Austurl., hefði því átt að vita hvernig ástand þorskstofnsins var. Engu að síður greiddi hann atkv. með bráðabirgðasamkomulagi við breta fyrir 2 árum, og upplýst er að hv. 2. þm. Austurl. vildi aðeins fyrir 3 missirum semja við vestur-þjóðverja um mun meira aflamagn og stærri veiðisvæði en þetta samkomulag gerir ráð fyrir. Ég ætla ekki annað en allt gott hafi fyrir honum vakað, hið sama og okkur nú, að takmarka afla útlendinga sem mest á íslenskum fiskimiðum. Hitt er verra, að hann hefur aðra afstöðu nú í stjórnarandstöðu en áður þegar hann var í ríkisstj.

Við verðum að horfast í augu við að útlendingar halda áfram að veiða í óleyfi þótt engir samningar væru gerðir. Er þá ekki vænlegra til verndunar fiskstofnum að lækka ekki einungis aflamagn þeirra með samningum, heldur og að koma í veg fyrir að útlendingar fari ránshendi með ólögleg veiðarfæri um hrygningar- og friðunarsvæði.

Hagsmunasamtök, sem sumir kalla þrýstihópa í þjóðfélaginu, hafa gert samþykktir gegn samkomulagi við vestur-þjóðverja. Við það er út af fyrir sig ekkert að athuga, en sumir þeirra hafa með litt dulbúnum ögrunum og hótunum reynt að hafa óeðlileg svo að ekki sé sagt ólög-

mæt áhrif á Alþ. íslendinga. Að því leyti má líkja framkomu slíkra þrýstihópa við bresku togaraskipstjórana sem knúðu bresku ríkisstj. með hótunum til að senda herskip á Íslandsmið. Breska ríkisstj. glúpnaði fyrir hótununum, en íslenskir alþm. munu ekki láta undan slíkum hótunum. Alþm. greiða atkv. samkv. sannfæringu sinni.

Við íslendingar stöndum á örlagaríkum tímamótum. Erlent stórveldi sendir herskip á Íslandsmið, sýnir okkur óskammfeilna og ólögmæta valdbeitingu. Ég tel mér skylt að skýra frá því, að ég tel litlar líkur á samkomulagi við breta vegna framkomu þeirra, og að sjálfsögðu verður ekki við þá rætt meðan þeir eru með herskip sín innan 200 mílnanna.

Við látum aldrei buga okkur með herveldi. Við munum sýna fulla festu og órofa samstöðu í þeirri baráttu sem fram undan er, hvort sem hún varir lengur eða skemur. Við eigum að leggja áherslu á að einangra breta á alþjóðavettvangi. Samkomulagið við vestur-þjóðverja er einmitt til þess fallið. Jafnframt eigum við að stefna að samkomulagi við belga, norðmenn og færeyinga er geri ráð fyrir takmörkuðum afla þessum þjóðum til handa sem yrði samtals um það bil 20 þús. tonn innan 200 mílna og þar af enn takmarkaðra magn hvað þorsk snertir. Eftir að við höfum þannig einangrað breta á alþjóðavettvangi getum við einnig einbeitt okkur og allri landhelgisgæslunni að því að gera bretum veiðar í íslenskri fiskveiðilögsögu sem örðugasta þrátt fyrir herskipavernd. Með þesum hætti getum við mest og sem allra fyrst takmarkað veiðar breta og allra annarra þjóða hér við land, en í því felst eina færa leiðin til að tryggja okkur íslendingum endanlega fulla og óskoraða stjórn á fiskimiðum okkar.

Nú skiptir sköpum að við þekkjum okkar vitjunartíma og sameinumst til sigurs. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

Benedikt Gröndal: Herra forseti, góðir hlustendur. Fræg saga er af því er þýskir vísindamenn eitt sinn heimsóttu Einar skáld Benediktsson í Herdísarvík. Þá er sagt að skáldið hafi staðið við glugga og litið til hafs yfir brimgarðinn, slegið út armi og mælt þrumuröddu á þýsku: „Mitt land, mitt haf.“ Aldrei hefur svo vel í svo fáum orðum verið lýst hinu nána sambandi sem er milli landsins okkar og hafsins yfir landgrunninu. Þetta er samvaxin heild og á Íslandi yrði vart lifað á landi án auðlinda hafsins. Af þessu leiðir að fullt sjálfstæði landsins er okkur ekki nóg. Því verður að fylgja samsvarandi sjálfstæði hafsvæðanna á landgrunninu undir stjórn íslensku þjóðarinnar.

Okkar kynslóð hafa verið sköpuð þau örlög að berjast fyrir frelsun hafsvæðanna, og það hefur verið gert síðustu 30 ár skref fyrir skref uns lokamarkið, 200 mílur, varð að veruleika. Alþfl. hefur tekið þátt í þessari baráttu með hinum stjórnmálaflokkunum, og nauðsynleg þjóðareining hefur jafnan verið um kjarna málsins, ekki alltaf um einstök framkvæmdaatriði.

Alþfl. er og hefur verið ábyrgur flokkur sem vill vinna mál þjóðarinnar með friði og samkomulagi þegar þess er kostur með fullri sæmd. Flokkurinn hefur því, rétt eins og allir hinir þingfl., tekið þátt í gerð landhelgissamninga þar sem öðrum þjóðum, er stundað hafa fiskveiðar hér við land, hefur verið gefinn aðlögunartími til óhjákvæmilegra breytinga.

Nú er á dagskrá samningur um að veita enn einu sinni veiðileyfi til útlendinga, í þetta sinn vestur-þjóðverja, allt inn að 23 mílum. En að þessu sinni hefur Alþfl. tekið þá stefnu að snúast gegn þessum samningum og er sú ákvörðun byggð á veigamiklum málefnalegum ástæðum. Grannþjóðir okkar eru raunverulega búnar að fá yfir 20 ára aðlögunartíma síðan íslendingar hófu útfærslu fiskveiðimarkanna og séð varð hvert stefna mundi. Þessar voldugu þjóðir með allar sínar auðlindir hafa sannarlega leyst meiri efnahagsvandamál á skemmri tíma. Hvað breta snertir geta þeir án efa búið togaramönnum sínum betri lífskjör með því að færa sjálfir fiskveiðilögsögu sína út í 200 mílur og efla fiskveiðar á heimamiðum sínum, eins og bresk blöð raunar spá þessa dagana að þeir muni gera áður en langt líður. En úr því að slík þróun er fyrirsjáanleg, hví gera breskar ríkisstj. þrisvar sinnum þá skyssu að senda herskip gegn smáríki sem á að heita vina- og bandalagsþjóð þeirra? Þeir hafa þegar tapað tveimur þorkastríðum og þeir munu tapa hinu þriðja.

Fiskveiðar við strendur fjarlægra ríkja eru aðeins leifar frá nýlendutímunum, og það var í anda þeirra nýlendutíma þegar danir gerðu við breta samning um rétt til að veiða í 50 ár fyrir utan gluggana hjá okkur, inn að 3 mílum inni á flóum og fjörðum á Íslandi. Það er furðulegt að bretar, sem hafa gefið nýlendum frelsi umhverfis allan hnöttinn, skuli ríghalda með vopnavaldi í nokkrar mílur af togaramiðum, rétt eins og þeir skilji ekki upp eða niður í þróun tímans.

Við alþfl.-menn höfum snúist gegn samningunum við vestur-þjóðverja að þessu sinni vegna ástands fiskstofnanna og yfirvofandi hættu á ofveiði, vegna ótta um að þessir samningar séu aðeins undanfari annarra samninga við 4—7 ríki og verði þeim leyfðar um eða yfir 150 þús. lestir fisks, vegna þess að engin vissa er fyrir því að við losnum við refsitolla Efnahagsbandalagsins, vegna þess að ekki fæst nein viðurkenning á útfærslu okkar vegna þess að þessir samningar eru líklegir til að spilla fyrir málstað okkar í hafréttarmálum.

Enda þótt mikið hafi verið rætt um verndun fiskstofna allt frá upphafi landhelgismálsins hefur það aldrei verið útbreidd og vísindalega rökstudd skoðun fyrr en nú á síðustu missirum að mikilvægustu nytjafiskar okkar væru þegar ofveiddir og alvarleg hætta á því að þeir kunni í nánustu framtíð að fara sömu leið og síldin. Fólkið finnur þetta sjálft, af því að við höfum eignast nýjan togaraflota á skömmum tíma og stóraukið sókn okkar, en aflamagnið hefur ekki aukist að sama skapi. Slíka óheillaþróun skilur íslenska þjóðin.

Þá hafa vísindamenn okkar komist á sömu skoðun með rannsóknum sínum, en þeir hafa nú miklu meira rannsóknarefni til að byggja ályktanir sínar á en nokkru sinni fyrr. Hér er ekki

um einn eða tvo menn að ræða, heldur fjölmarga sérfræðinga. Skýrslur þeirra, t. d. hin svokallaða svarta skýrsla eða skýrslan sem Rannsóknaráð gekkst fyrir, eru alvarlegustu aðvaranir sem þjóðin hefur fengið í þessum efnum. Það er mikill ábyrgðarhluti að gera þessa vísindamenn ómerka og fara ekki að ráðum þeirra. Það er alltof mikið í veði til þess að gera það. Reynist fiskifræðingarnir of svartsýnir, þá er engu tapað, en ef þeir reynast hafa rétt fyrir sér og við höfum ekki fylgt ráðum þeirra, þá mun þrengjast hagur þessarar þjóðar eftir fá ár.

Það er nýmæli fyrir íslendinga að heyra ábyrga menn ræða í fullri alvöru opinberlega um að takmarka svo fiskveiðar okkar sjálfra að setja verði kvóta af þorski, ýsu, ufsa, karfa eða öðrum tegundum á byggðarlögin. Er hægt að veita erlendum þjóðum stórfelld veiðiréttindi á sama tíma sem slík viðhorf blasa við okkur innanlands?

Ef ríkisstj. fær nú vilja sínum framgengt eru allar líkur á, eins og heyra mátti af forsrh. rétt áðan, að samningar við margar aðrar þjóðir komi á eftir. Ætla má, þótt hann væri neikvæður um það, að það sé hvað sem öðru líður ásetningur stjórnarinnar að semja við breta. Þeim hafa þegar verið boðin 65 þús. tonn, og það er ákvæði í samningunum við þjóðverja, 5 mánaða ákvæðið, sem er beinlínis til þess gert að veita tíma til samninga við bretana. Þá koma belgarnir sem sjálfsagt fá 6—7 þús., norðmenn sjálfsagt um 3 þús., færeyingar hafa haft 20 þús. tonn og fá sennilega eitthvað minna en það, og loks er spurningin um Austur-Evrópuríkin sem vilja líka sum hver fá undanþágur. Fyrr en varir nema þessir samningar yfir 150 þús. lestum af fiskimagni sem við getum veitt sjálfir og höfum ekki ráð á að fórna af fúsum vilja.

Það er sjálfsagt að viðurkenna að aðrar þjóðir munu veiða á Íslandsmiðum þótt ekki verði gerðir við þær samningar. En ástæða er til að ætla að við getum takmarkað það magn verulega og að innan skamms tíma mundu erlendir fiskimenn gefast upp á slíkum veiðiþjófnaði. Því betur sem aðstaða okkar er athuguð, því ljósara verður að hafi verið grundvöllur til að veita undanþágur fyrir nokkrum árum, þá er hann ekki fyrir hendi í dag. Hinn einfaldi kjarni málsins er sá, að fiskurinn er ekki til skiptanna lengur, svo ógætilega hefur hann verið ofnýttur undanfarin ár. Þetta er sorgleg þróun. En bretar og þjóðverjar þola afleiðingar af slíkri þróun. Við íslendingar þolum þær hins vegar ekki nema við fáum að sitja einir að miðunum á landgrunni okkar og við reynumst þeir gæfumenn að skipa okkar eigin málum af viti, ábyrgð og hófsemd.

Það er ástæða til að ásaka ríkisstj. harðlega fyrir það, að löggjöf um hvernig við ætlum sjálfir að hagnýta fiskimiðin við landið skyldi ekki vera tilbúin um leið og landhelgin var færð út. Við höfum flaskað á þessu við fyrri útfærslur og við gerum það enn. Á þessu sviði verður að koma til breyting til batnaðar enda þótt málið sé torleyst, það vitum við vel hér á Alþ. En við skulum ekki gleyma því, að við íslendingar njótum því miður ekki allt of mikils trausts erlendis sem verndarar fiskstofna. Það er búið að eyðileggja það traust með áróðri andstæðinga okkar, ef við eigum það þá skilið. Það verður að koma til breyting í þessum efnum, — breyting sem verður að ná frá skipstjórum á minnstu bátum og upp til æðstu yfirvalda landsins.

Það líður senn að lokum þessarar umr. og verður þá aðeins eftir atkvgr. um samningana sem væntanlega fer fram í fyrramálið. Miklar deilur hafa verið um málið hér á Alþ. og er það ekki nýtt um landhelgissamninga. Hitt hefur aldrei gerst áður, að svo mikil alda mótmæla hafi risið um allt land sem raun ber nú vitni. Samþykktir gegn samningunum berast úr svo til hverju byggðarlagi, frá hvers konar félögum, stofnunum og sveitarfélögum. Fjöldafundurinn á Lækjartorgi í Reykjavík og aðrir fundir í landinu í dag voru síðasta og stærsta dæmið um þessa einstæðu andspyrnu.

Það hefur raunar komið ljóslega fram við umr. að sjálfir stuðningsmenn ríkisstj. á þingi eru fjarri því að vera hrifnir af þessum samningum. Margir þeirra hafa í ræðum sínum gagnrýnt ýmis, sumir þeirra mörg atriði þeirra, varpað fram spurningum við ráðh. og ekki dregið dul á óánægju sína. „Við gerum þetta ekki ótilneydd," sagði einn af þm. Sjálfstfl. í gær. Það er því augljóst að nú hefur flokksvaldið látið til sín taka og allt þinglið Sjálfstfl. og Framsfl. hefur verið barið saman. Verður það að teljast furðanlega góður árangur frá stjórnarinnar sjónarmiði, því að þetta hefur hingað til reynst vera heldur ósamstæður hópur og óstærilátt þinglið. Hefur því mikið þótt við liggja að koma fram málinu, og væri óskandi að ríkisstj. sýndi einhvern tíma slíka röggsemi og slíka málafylgju í baráttunni við efnahagsmál, við verðbólguna miklu, við gjaldeyrishallann og við öll þau vandamál sem plaga þjóðina. En því er ekki að heilsa. Ríkisstj. lét þá fyrst hendur standa fram úr ermum, sýndi þá fyrst einbeittan vilja og beitti þá fyrst stuðningslið sitt hörðum aga er færa átti landhelgina aftur inn og afhenda erlendu stórveldi samning upp á a. m. k. 60 þús. lestir af íslenskum fiski. Þá kom styrkur þeirra í ljós.

Að lokum þetta: Við íslendingar erum ekki einir í heiminum. Við eigum auðvitað að ræða milliríkjamál við aðra eins og við höfum gert. Við erum þjóð friðar og samkomulags. En það þarf ekki alltaf að kenna okkur um þó að viðræður leiði ekki til árangurs. Það þarf tvo til. Það eru 28 ár síðan við tilkynntum öðrum ríkjum með landgrunnslögunum hvert við stefndum, að sjálfstæðisbaráttu okkar yrði ekki lokið fyrr en við réðum landgrunni og landgrunnshafi. Við höfum framkvæmt þessa stefnu skref fyrir skref. Í hvert sinn höfum við mætt fjandskap nágranna okkar: löndunarbanni, refsiaðgerðum, herflota og herflugvélum. Samt höfum við aftur og aftur rætt við þessar þjóðir og veitt þeim hvern frestinn á fætur öðrum. Nú gengur þetta ekki lengur. Það er ekki stífni okkar að kenna, heldur staðreyndum um ástand fiskstofna sem við byggjum afkomu okkar á. Þessar vina- og bandalagsþjóðir okkar hefðu átt að sjá og skilja þetta mál fyrr og þær hefðu átt að nota yfir 20 ára umþóttunartíma til annars en að smíða fleiri og fleiri verksmiðjutogara. Þetta er skoðun Alþfl. Þess vegna segir hann nú í umr. um nýjar veiðiheimildir fyrir útlendinga, sérstaklega innan 50 mílnanna: Nei. — Góða nótt.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Till. sú, sem hér er til umr., fjallar um það að Alþ. veiti ríkisstj. heimild til að ganga frá samkomulagi við ríkisstj. Sambandslýðveldisins Þýskalands í samræmi við orðsendingu sem prentuð er með ályktun á þskj. 85.

Í ályktun Alþ. frá 15. febr. 1972 segir að haldið skuli áfram samkomulagstilraunum við ríkisstj. Bretlands og Sambandslýðveldisins Þýskalands um þau vandamál sem skapast vegna útfærslu fiskveiðilandhelginnar. Viðræður við Sambandslýðveldið Þýskaland hafa farið fram undanfarin þrjú ár og fjölmargir viðræðufundir verið haldnir, bæði í Reykjavík og í Bonn. Strandaði lengi vel á því að þjóðverjar reyndust óláanlegir til að falla frá því að nota frystitogara á Íslandsmiðum. Á þetta var ekki fallist af Íslands hálfu. Jafnframt var ágreiningur um hversu langt frá ströndum landsins þýskir togarar skyldu halda sig svo og um aflamagn.

Síðustu viðræður við þjóðverja fóru fram í Reykjavík 28. og 29 okt. og í Bonn 19. og 20. nóv. s. l. Í þeim viðræðum og í framhaldi af þeim var þrautreynt hversu langt málum yrði þokað til samkomulags. Liggur nú fyrir að samkomulag geti tekist, svo sem birt hefur verið í blöðum og allir þekkja.

Þetta samkomulag, sem hér er lagt fyrir Alþ. í formi heimildar til ríkisstj. er í 10 liðum, eins og forsrh. hefur raunar þegar gert grein fyrir, en ég ætla að nefna flest þessara atriða samt með örfáum orðum.

Miðað er við 200 mílna svæðið skv. reglugerð frá 15. júlí 1975 um fiskveiðilandhelgi Íslands, þ. e. a. s. núgildandi fiskveiðimörk íslendinga. Hér er um mikilsverða viðurkenningu í raun að ræða, enda þótt lagalega fyrirvara sé að finna í uppkastinu.

Í öðru lagi segir að heildarársafli skipa skrásettra í Sambandslýðveldinu Þýskalandi skuli ekki fara fram úr 60 þús. tonnum og að af því magni verði þorskafli ekki meiri en 5 þús. tonn. Það hefur að sjálfsögðu verið eitt af skilyrðum fyrir samningagerð af Íslands hálfu að lækka aflamagnið sem mest. Þjóðverjar fóru lengi fram á 95 þús. tonn og síðar 85 þús. tonn, en niðurstaðan er nú um 60 þús. tonn, svo sem áður segir, og þar af ekki meira en 5 þús. tonn af þorski.

Í umr. hér í gær talaði hv. 2. þm. Austurl., Lúðvík Jósepsson, og raunar margir fleiri um það með sterkum orðum að hér væri um allt of mikið magn að ræða. Vegna þessa leyfi ég mér að minna á það, að í samningaviðræðum við þjóðverja, sem fóru fram í Bonn hinn 6. og 7. sept. 1973, voru sem fyrr deilur um aflamagnið. Þá rifjaði formaður þýsku samninganefndarinnar upp stöðuna og sagði að þjóðverjar hafi fyrst lagt til 100 þús. tonn, en íslendingar 65, spurning væri hvort 80—82 þús. tonn gætu leyst það mál. Síðan segir orðrétt í skýrslunni:

„Lúðvík Jósepsson sagði nú enn að aflahámarkið væri nátengt skerðingu aflamöguleika, sem sagt stærð flota, gerð skipa, stærð á svæðunum. Auðvitað yrði að finna tölur í þessu sambandi og væri þá hugsanlegur einhver millivegur, en frá okkar sjónarmiði væri aðalatriðið skerðingin á aflamöguleikum frekar en hámarksaflinn sjálfur sem mundi þá koma af sjálfu sér."

Þarna var sem sagt hægt að hugsa sér milliveg milli 65 og 100 og ekkert talað um þorskinn. Þetta var nú þá. En nú eru 60 þús. tonn talin ganga landráðum næst.

Ég leyfi mér að minna á þann árangur sem náðst hefur í takmörkun afla útlendinga frá því að vinstri stjórnin ákvað að færa landhelgina út í 50 mílur frá 1. sept. 1972. Þegar við byrjuðum að tala við breta og þjóðverja á árinu 1971 var aflamagn breta 207 þús. tonn og þjóðverja 120 þús. tonn innan 50 mílna. Nú þykir það goðgá að tala um 65 þús. tonn við breta og 60 þús. við vestur-þjóðverja sem gilda skuli í 2 ár, og þó verður að taka það með í reikninginn að nú er talað um 200 mílur umhverfis Ísland, en áður voru aðeins 50 mílur ræddar.

Við mat á þessu atriði verður af Íslands hálfu að miða við það að fá magnið eins langt niður og frekast eru tök á og þá haft í huga hvað líklegt væri að þýsk skip gætu aflað án samkomulags. Reynslan sýnir að þjóðverjar náðu á árinu 1973 91 700 tonnum og á árinu 1974 68 100 tonnum, en þess ber þá að gæta að landhelgisgæslan kom í veg fyrir veiðar með klippingum svo og með því að togararnir hifðu vörpurnar þegar þeir urðu varir varðskipa. Á síðara árinu, þ. e. 1974, stunduðu bretar veiðar skv. samkomulaginu frá 1973, og gat því landhelgisgæslan einbeitt sér að því að hefta veiðar þýskra togara. Nú er fyrirsjáanlegt að málið horfir allt öðruvísi við, þar sem bretar ætla sér nú að stunda ólöglegar veiðar í skjóli herskipaverndar, og verður það ærið verkefni fyrir landhelgisgæsluna að snúa sér að því máli.

Alþb.-menn telja sig nú hafa upplýsingar um það að á þessu ári verði afli þjóðverja ekki nema 40 þús. tonn, en hafa þó ekki tilgreint heimildir. Þrátt fyrir mikla eftirgangsmuni hefur mér ekki tekist að fá aðrar upplýsingar um afla þjóðverja á þessu ári en þær, að 1. júní hafi þeir verið búnir að afla 26 þús. tonna. Ef fullyrðingar Alþb.-manna ættu að standast mundi það þýða að þjóðverjum ætti ekki að takast að afla nema 14 þús. tonna á 7 síðustu mánuðum þessa árs. Er það nú ekki heldur ólíklegt?

Þess ber og að geta í þessu sambandi, að þjóðverjar stunda hér aðallega karfa- og ufsaveiðar sem fiskifræðingar eru sammála um að þoli meiri sókn og þorskstofninn er því ekki í hættu vegna þeirra skv. þessu samkomulagi, enda hafa mjög margir þm. viðurkennt það í umr. í gær og í dag að ufsi og karfi þyldu nokkru meiri sókn en verið hefur.

Í þriðja lagi er aðeins um að ræða 40 ísfisktogara skv. sérstakri skrá. Þýsk verksmiðjuskip og frystitogarar eru því útilokaðir frá öllu 200 mílna svæðinu. Verður það að teljast mjög veigamikið atriði sem þjóðverjar voru alls óláanlegir til að fallast á áður, jafnvel utan 50 mílna markanna. Því hefur verið haldið fram hér að ekki séu allar verksmiðjur útilokaðar úr þeim togurum sem leyfi kunni að fá ef samkomulagið nær fram að ganga. Í þessu sambandi ætla ég aftur að leyfa mér að vitna til hv. 2. þm. Austurl., Lúðvíks Jósepssonar, á áðurnefndum fundi, en þá sagði hann:

„Það skiptir miklu máli hvað við er átt með verksmiðjuskipum. Að áliti íslendinga væri verksmiðjuskip togari sem gæti verið á miðunum í lengri tíma en venjulegir togarar sem stunduðu ísfiskveiðar, en þeir tækju venjulega 3 vikur í ferðina og væru 2 vikur á miðunum. Verksmiðjuskip í eiginlegum skilningi gætu verið á miðunum í 2—3 mánuði: Þau gætu fryst og haft mjölverksmiðju um borð. Þetta vildu íslendingar útiloka. En ef um það væri að ræða að í venjulegum togurum væri takmarkaður útbúnaður til fiskmjölsvinnslu, t. d. til að vinna úr úrgangi, þá væri það annað mál. Þess vegna væri mikils um vert að fá upplýsingar um það, hvers konar skip það væru sem þjóðverjar vildu fá leyfi fyrir, því að þá væri hægt að útiloka hin raunverulegu verksmiðjuskip. Væri þá e. t. v. hægt að leysa málið þannig."

Þarna gat sem sagt takmarkaður útbúnaður í þessa átt komið til greina að mati Lúðvíks Jósepssonar, og ég hygg að það sé alveg nákvæmlega rétt mat.

Þá eru það svæðin. Er þar einnig um að ræða verulegar tilslakanir af hálfu þjóðverja frá því sem áður var. Fyrir Suðausturlandi er miðað við hólf sem er fyrst 25 og síðan 23 sjómílur frá grunnlínum sunnan 65° norðlægrar breiddar. Suðurströndin er síðan lokuð frá 15° vestlægrar lengdar til 22° vestlægrar lengdar. Síðan kemur opið svæði sem miðað er við 25 mílur frá grunnlínum undan Reykjanesi, en síðan 50 mílur frá grunnlínum Faxaflóa og 40 mílur frá grunnlínum Breiðafjarðar, síðan aftur 50 mílur frá grunnlínum fyrir Vestfjörðum, þó þannig að gert er ráð fyrir opnu hólfi fyrir hluta af Vestfjarðasvæðinu inn að 37—34 mílna frá grunnlínum frá 1. júní til 30. nóv. Síðan er lokað svæði fyrir öllu Norðurlandi og Austurlandi að þeim mörkum sem ég nefndi í upphafi.

Enda þótt þjóðverjar hafi aðallega stundað veiðar á þeim svæðum sem veiðiheimildirnar miðast við er þess að gæta annars vegar, að þeim er þar þokað miklu lengra frá ströndum en þeir hafa áður verið, og hins, að án samkomulags væri engin trygging fyrir því að þeir leituðu ekki bæði nær ströndum en samkomulagið segir til um né heldur að þeir mundu ekki leita á önnur svæði og með miklu fleiri skipum og þ. á m. frystitogurum. Í fyrri samningaviðræðum hafa þjóðverjar og jafnan krafist þess að komast inn að 12 mílum á a. m. k. tveimur til þremur stöðum, en nú fara þeir hvergi svo nálægt.

Ákvæði er um að þýskir togarar stundi ekki þær veiðar á hrygningarsvæðum og uppeldissvæðum sem íslenskum skipum eru bannaðar veiðar á, og er þar um mjög veigamikið atriði að ræða, enda eru friðunarráðstafanir höfuðmarkmið þess sem við erum að reyna að gera.

Í sjötta lagi eru ákvæði um að þýsk skip virði íslenskar reglur um möskvastærð og lágmarkslengd og þyngd á fiski sem leyfilegt er að veiða. Gildir það einnig um þær reglur sem settar kunna að verða síðar um aðra möskvastærð en þá sem nú gildir.

Þá ber þýskum togurum að tilkynna landhelgisgæslunni daglega um staðsetningu sína og mun það auðvelda störf landhelgisgæslunnar, bæði að því er varðar eftirlit og björgunarstarfsemi almennt.

Í áttunda lagi eru ákvæði um að ef ástæða er til að ætla að brot hafi verið framið á ákvæðum samkomulagsins gætu íslensk varðskip stöðvað hlutaðeigandi togara hvar sem er innan 200 mílna markanna og kvatt til þýskt eftirlitsskip til að sannreyna málsatvik. Þetta er sams konar ákvæði og notað var í samkomulaginu við breta frá 1973. Þegar það ákvæði var rætt á sínum tíma var það gagnrýnt á þeim grundvelli að framkvæmd íslenskra laga færi ekki fram nema breskt eftirlitsskip kæmi þar við sögu. Var því þá haldið fram að í raun og veru væri verið að afsala sér slíku valdi til annarra þjóða. Framkvæmdin á þessu ákvæði hefur verið þannig að hér er aðeins um það að ræða að gefa hinum aðilanum kost á að fylgjast með því sem skeður, en dómsmrn. tekur ákvörðun um það hvort skip sé strikað út af listanum. Þannig hefur þetta verið í framkvæmd og hefur ekki valdið neinum erfiðleikum.

Komið hefur fram sá skilningur á 8. lið samkomulagsins að íslenskir eftirlitsmenn megi því aðeins fara um borð í þýsk skip til að kynna sér leiðarbók og aflaskýrslur svo og rannsaka veiðarfæri og afla um borð að ástæða þykir til að ætla að brot hafi verið framið á samningi þessum. Þetta er ekki réttur skilningur á 8. lið. Skv. uppkastinu geta íslendingar farið um borð hvenær sem er.

Í níunda lagi er miðað við að samkomulagið sé gert til 2 ára frá dagsetningu orðsendingar.

Þetta eru aðalatriði orðsendingarinnar. Síðan er gert ráð fyrir tveimur bréfum og er texti þeirra prentaður sem fskj. með till. Annað er um lagalega réttinn, þ. e. að erindaskiptin hafi engin áhrif á afstöðu aðila til hafréttarmála, og er þá miðað við að hafréttarráðstefna Sameinuðu þjóðanna sé enn eigi lokið. Hitt er um að framkvæmd samkomulagsins megi fresta ef bókun nr. 6 við samning Íslands við Efnahagsbandalagið hefur ekki tekið gildi innan 5 mánaða, og mundi það m. a. hafa í för með sér að hólf það undan Vestfjörðum, sem ég áðan nefndi, mundi ekki opnast ef slík frestun á sér stað. Hins vegar mundi slík frestun að sjálfsögðu ekki breyta neinu um gildistíma sjálfs samkomulagsins, og ég vil fullyrða að ákvæði þetta verði samstundis notað ef þau skilyrði verða þá fyrir hendi.

Ég mótmæli því að þetta ákvæði boði samninga við breta innan 5 mánaða. Þetta ákvæði er sett skv. kröfu íslendinga af þeim ástæðum að við viljum ekki vera bundnir af samningnum ef bókun 6 kemur ekki til framkvæmda.

Nú er það mikils virði að íslensk þjóð sé samhuga og standi saman um hagkvæma lausn á okkar vanda. Lokasigurinn er skammt undan og við væntum mikils af hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. En við megum ekki spilla þeim góða árangri sem þar hefur náðst, og það má ekki gleyma því að ráðstefnunni er ekki lokið. M. a. vegna þess verðum við að líta á það mál, sem hér er nú lagt fyrir Alþ., sem áfanga í baráttunni. Ég vona að málið fái góðar undirtektir hjá hv. alþm.

Áðan talaði hv. þm. Benedikt Gröndal um það

að hér væri mikil mótmælaalda gegn samningum við útlendinga og vitnaði til útifundar í dag því til stuðnings. En eftir því sem ég veit best var fundarefni jafnframt það að mótmæla veru breskra herskipa á Íslandsmiðum. Skyldu ekki einhverjir hafa komið á fundina til að mótmæla því? Í gær var því haldið fram hér á hv. Alþ. að þjóðin hefði þegar svipt ríkisstj. og þm. stjórnarfl. umboði til þess að fjalla um landhelgismálið, svo mikil væri andstaða fólksins gegn samningum við útlendinga. Þessu vil ég eindregið mótmæla. Mitt umboð og okkar allra þm., jafnt stjórnarsinna sem stjórnarandstæðinga, gildir fram til næstu kosninga. Þangað til verðum við að axla þær byrðar, sem okkur kunna að mæta, og leiðarljós okkar á að vera samviskan. Og ég læt það verða mín síðustu orð í þessum umr. að á meðan ég hef umboð á Alþ. ætla ég mér að hlýða samvisku minni og gera það sem ég tel þjóðinni fyrir bestu, hversu hátt sem þeir láta er á móti minni skoðun kunna að vera. — Ég þakka áheyrnina.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Forustuflokkur núv. ríkisstj., Sjálfstfl., hefur gegnt næsta sérstæðu hlutverki í sögu landhelgismálsins s. l. 17 ár. Hér gefst ekki tími til að rekja þá sögu svo sem vert væri, einungis skal drepið á örfá atriði.

Flokkur þessi neitaði að standa með öðrum stjórnmálaflokkum að útfærslu landhelginnar í 12 mílur er hún var ákveðin vorið 1958. Það sama haust kúgaði sterkt almenningsálit flokksforustuna að vísu til að breyta um stefnu í bili og samstaða þjóðarinnar náðist þá um sinn.

Haustið 1960 var tekið upp nýtt samningamakk við breta undir forustu Sjálfstfl. Það gerðist á þeim tíma þegar bretar höfðu gefist upp við að fiska innan 12 mílna undir herskipavernd og friðun fiskveiðilandhelginnar var næstum orðin alger. Makk þetta bar árangur í fyllingu tímans: Samninginn alræmda við breta og vestur-þjóðverja frá 1961, einhvern versta samning sem saga íslenskrar þjóðar kann frá að greina, og enn í dag súpum við seyðið af þeim samningi.

Allt viðreisnartímabilið, í full 12 ár, þegar Sjálfstfl. réð hér lögum og lofum, gerðist ekki neitt í fiskveiðilögsögumálum. Fyrir kosningar 1971 vildi Sjálfstfl. bíða og halda að sér höndum. Þeir sjálfstæðisgarparnir voru ekki tilbúnir þá að styðja útfærslu eða ákvörðun um útfærslu í 50 mílur. Þeir sáu þann kost vænstan að koma til liðs við málið á Alþ. síðar, en höfuðmálgagn flokksins, Morgunblaðið, vann sér það helst til frægðar í málinu á tímum vinstri stj. að staðhæfa að útfærslan í 50 mílur væri einskis virði og hefði algerlega misheppnast. En svo gerist það, þó ekki fyrr en nokkru eftir að flutt hafði verið á alþjóðavettvangi að tilhlutan vinstri stj. till. um 200 mílna auðlindalögsögu strandríkja, að Sjálfstfl. breytir heldur en ekki um stefnu í landhelgismálinu að því er virðist. Nú þóttist hann hafa fundið púðrið og setti á oddinn kröfuna um skjóta útfærslu í 200 mílur, alls ekki síðar en á árinu 1974.

Það var ekki laust við að margir yrðu dálítið forviða þegar sá flokkur, sem verið hafði öllum öðrum meiri dragbítur í landhelgismálinu, hugðist nú taka forustuna og draga 200 mílna fánan að hún. Og íslendingar spurðu hver annan, sumir með undrunarsvip, aðrir kannske dálítið efagjarnir: Ætla nú heybrækurnar líka að fara að verða menn? — Og það var ekki annað á sjálfstæðiskempunum að heyra en þeim væri bláköld alvara.

Vitanlega fögnuðu menn. Hér höfðu orðið svo snögg sinnaskipti að helst varð við það jafnað þegar ljósið mikla rann upp fyrir Páli postula forðum og hann sá á andartaki að kristindómurinn, sem hann hafði barist gegn af mestri hörku, var harla góð kenning.

Þeir sem trúðu á heilindi Sjálfstfl. í landhelgismálinu svo og hinir vantrúuðu fengu svarið í fyrrakvöld. Heilindi Sjálfstfl. og svokölluð forusta hans um 200 mílna útfærslu birtist loks í reynd í plagginu, sem lagt var þá á borð þm., í samningunum um að vesturþjóðverjar fái að veiða hér 60 þús. tonn af fiski á ári í 2 ár utan og innan 50 mílna.

Það blasir nú við hverjum manni, sem þekkir til fiskislóða, að með samningi þessum tryggja þjóðverjar sér nær öll veigamestu veiðisvæði sem þeir hafa fiskað á hér við land og sóst eftir að mega fiska á framvegis. Gagnvart þjóðverjum er því útfærslan úr 50 í 200 mílur gersamlega þurrkuð út í reynd um 2 ára skeið og á nokkrum mikilvægum veiðisvæðum við landið er farið langt inn fyrir 50 mílur. Þar er landhelgin færð inn, ekki út. Síðan er reynt að blekkja með því að benda á hafsvæði þar sem enginn fiskur er og engum dettur í hug að setja veiðarfæri í sjó, og við menn er sagt: Þarna friðum við mörg þúsund ferkm sjávar. — Þetta er því líkast, sem gerður væri samningur um beitarafnot á besta haglendi Suðurlandsundirlendisins, en síðan sagt ákaflega spekingslega: Hins vegar er viðsemjanda stranglega bannað að beita á Vatnajökul.

Ég fæ ekki betur séð en 200 sjómílna fáni Sjálfstfl. sé því miður hrapaður niður í hálfa stöng.

Samningur sá, sem nú á að gera við vesturþjóðverja og farið er fram á að Alþ. staðfesti, er meingallaður á ýmsa lund. Sýnt hefur verið fram á að aflamagnið, 60 þús. tonn, er nær því hið sama og þjóðverjar veiddu hér 1974 og meira en talið er að afli þjóðverja hér verði á þessu ári. Þá eru veiðiheimildirnar innan 50 mílna fordæmanlegar. Ekki er þar viðhlítandi viðurkenning á 200 mílna fiskveiðilögsögu, heldur er beinlínis tekið fram í bréfi að um slíkt sé ekki að ræða.

En kjarni máls er ekki sá, hvort þessi samningur einn út af fyrir sig sé sæmilegur, lélegur eða kannske mjög vondur. Kjarni málsins er sá, að eins og nú er ástatt um fiskstofna á Íslandsmiðum höfum við ekki um neitt að semja við erlendar þjóðir, en samningur þessi er hins vegar aðeins upphaf samningagerðar við 5, 6, 7 eða jafnvel fleiri þjóðir. Og í þessari samningalotu er byrjað á Vestur-Þýskalandi, á því ríki sem hefur beitt okkur viðskiptaþvingunum

undanfarin ár. Sagt er við þessa auðugustu þjóð heimsins: Gerið svo vel, sendið hingað 40 togara búna fiskmjölsverksmiðjum og sækið á mið okkar 60 þús. tonn af fiski á ári í 2 ár. Það verður að vísu minni aflahlutur íslendinga. Við verðum að takmarka eigin veiðar. Við verðum að leggja skipum eða skammta aflamagn til útgerðarstaða. — Er ekki skiljanlegt að alþýða Íslands spyrji undir þessum kringumstæðum: Höfum við efni á slíkri rausn, á sama tíma og lífskjör hins vinnandi fjölda eru skorin stórlega niður, landið er að sökkva í skuldir og atvinna dregst saman. Er þá nokkurt vit í því að semja við útlendinga um lífsbjörgina? Er slík stefna réttlætanleg? Verða ekki afleiðingar hennar enn aukin lífskjaraskerðing? — Þannig spyrja menn þessa dagana og fólk mótmælir. Það mótmælir jöfnum höndum hernaðarofbeldi breta, allri samningagerð um veiðar útlendinga í fiskveiðilandhelginni og háskalegri kjaraskerðingarstefnu hæstv. ríkisstj.

Þegar hin dapurlega skýrsla íslenskra fiskifræðinga um ástand fiskstofna á Íslandsmiðum birtist í síðasta mánuði töldu margir að nú hlytu ráðamenn að breyta um stefnu í samningamálum og segja hreinskilnislega: Það er því miður ekki um neitt að semja við aðrar þjóðir. Hvert orð í skýrslu fiskifræðinganna er röksemd gegn öllum samningum. Efnahagsleg framtíð þjóðarinnar er undir því komin að ekki verði veitt meira á miðunum við landið fyrst um sinn en íslendingar veiða nú þegar sjálfir, og þurfa þeir raunar mjög að gá að sér og draga stórlega úr smáfiskaveiði.

Eftir birtingu þessarar skýrslu um ofveidda fiskstofna, sem breskir fiskifræðingar hafa viðurkennt rétta í meginatriðum, var ekkert eðlilegra en jafnvel þeir íslensku ráðamenn, sem áður höfðu talið nokkurt svigrúm til samninga um veiðiheimildir, endurskoðuðu þá afstöðu og breyttu um stefnu. En slíku var ekki að fagna. Þessa dagana er verið að fjalla um samning við vestur-þjóðverja, ríkustu þjóð veraldar, og sá samningur aðeins hluti af miklu stærri heild. Umr. á Alþ. í gær og í dag hafa leitt í ljós, svo að ekki verður um villst, að hér er ekki um eitt afmarkað mál að ræða, heldur fyrsta kapítula í heilli samningasögu. Annar kapítuli, samningurinn við belgíumenn, liggur á borðum ráðh. og bíður fram yfir helgina. Samningar við norðmenn og færeyinga eru mjög skammt undan. Og bíða svo ekki austur-þjóðverjar, pólverjar og sovétmenn handan við næsta leiti? Ætlar þessi auðuga rausnarstjórn íslendinga ekki líka að semja við þá? Og hvað er að segja um samninga við breta? Varla ætlar hæstv. ríkisstj. að halda áfram samningamakki við þá eftir að þeir hafa nú í þriðja sinn sótt okkur heim með herskipum sínum. Jú, það mega landsmenn allir vera vissir um að áfram verður unnið að samningagerð við breta. Sú kokkamennska mun fara fram á bak við tjöldin undir yfirstjórn Atlantshafsbandalagsins, og þar mun ekkert sparað til að knýja fram samninga. Þegar samningar hafa svo raunverulega tekist verður dálítið leikrit sett á svið. Bresku herskipin — NATO-skipin bresku, — sigla þá út úr íslenskri landhelgi. Nokkrir breskir og íslenskir NATO-ráðh. snæða saman hádegisverð og fáeinir NATO-þm. stjórnarflokkanna fá ögn að borða líka. Þeim veitist sú upphefð að sjá íslensku NATO-ráðh. og bresku NATO-ráðh. skála fyrir einstæðri vináttu NATO-ríkjanna tveggja, Stóra-Bretlands og Litla-Íslands. Hvort samið verður á sínum tíma við breta um 65 þús. tonn af fiski, eins og íslenskir ráðamenn hafa þegar boðið, um 110 þús. tonn, eins og bretar nefndu, eða eitthvað þar á milli, það skal ósagt látið. Tíminn mun leiða það í ljós. Hitt ber samningurinn við vestur-þjóðverja greinilega með sér, að gert er þar ráð fyrir að innan 5 mánaða í allra lengst lagi verði lokið samningum við allar þjóðir Efnahagsbandalagsins og refsitollar þess bandalags gagnvart íslendingum afnumdir.

Hæstv. ráðh. hafa um það hjartnæm orð að nú beri nauðsyn til að allir íslendingar standi saman á örlagastundu þegar bretar sækja okkur heim með herskipum í þriðja sinn á 17 árum. Vissulega mun þjóðin standa sameinuð í baráttunni við breta. Hún mun standa að baki stjórnvalda um allar raunhæfar og tiltækar aðgerðir til að mæta breska ofbeldinu og svara því á verðugan hátt. Hún ætlast til þess að landhelgisgæslunni verði gert kleift að halda uppi sem allra árangursríkastri gæslu, skipastóll hennar og mannafli aukinn eftir því sem þarf. En fleira þarf hér til að koma. Venjuleg diplómatísk mótmæli duga ákaflega lítið. Á þau er ekki hlustað. Nú þarf sem allra fyrst að mæta ofbeldinu með raunhæfari og áþreifanlegri hætti.

Alþb. hefur þegar sett fram hugmyndir um eðlilegar og sjálfsagðar fyrstu aðgerðir. Við eigum tafarlaust að kalla sendiherra okkar í Bretlandi heim í mótmælaskyni og við eigum að hóta slitum stjórnmálasambands við breta ef herskipin verða ekki farin út úr landhelginni innan tiltekins mjög skamms tíma. Og vitanlega eigum við að gera meira. Við eigum að ganga hreint til verks. Rétta svarið við þriðju innrás breska NATO-hersins er að sjálfsögðu það, að við leggjum fram úrsögn úr NATO og segjum upp herstöðvarsamningnum við Bandaríkin. Sjálfsagt gerir núv. ríkisstj. ekkert slíkt. En það má hún vita, að þeim fer óðum fjölgandi sem sjá hve fjarstæðukennt og fáránlegt það er að eiga aðild að svonefndu varnarbandalagi, þar sem einu stærsta bandalagsríkinu er látið haldast uppi að ráðast hvað eftir annað með hernaðarofbeldi inn í lögsögu minnsta þátttökuríkisins, þess sem er óvopnað með öllu.

Að lokum þetta: Þegar hæstv. ráðh. ræða nú af fjálgleik um nauðsynlega samstöðu þjóðarinnar láist þeim að tilgreina ástæðuna fyrir því að um mikilvæg framkvæmdaatriði landhelgismálsins skiptast íslendingar nú í tvær öndverðar fylkingar, með og móti samningagerð við aðrar þjóðir. Ástæðan er sú, að ríkisstj. hefur virt að vettugi allar ábendingar og áskoranir næstum því einróma um að gera ekki óhappasamninga, sem skerði lífskjör fólksins. Það er ríkisstj. sem hefur sundrað þjóðinni í afstöðunni til þessa máls. Hæstv. ríkisstj.

hefur enn tækifæri til að sameina þjóðina alla að baki sér í landhelgismálinu. Hún getur gert það með því að sýna nú fulla einurð gagnvart bretum. Hún getur jafnframt gert það með því að draga þessa þáltill. til baka og lýsa yfir að við núv. aðstæður séu engin rök til þess að gera samninga við aðrar þjóðir um veiðar innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi. — Góða nótt.

Magnús T. Ólafsson: Herra forseti, góðir hlustendur. Fyrir hálfum öðrum mánuði lét Hafrannsóknastofnunin frá sér fara skýrslu sem sjútvrn. dreifði síðan til alþm. og fleiri. Í skýrslu þessari er fjallað um ástand fiskstofna á Íslandsmiðum og nauðsynlegar friðunaraðgerðir innan fiskveiðilögsögu landsins. Niðurstaða fiskifræðinganna, sem skýrsluna sömdu, er sú, að mikilvægustu fiskstofnar okkar séu nú þegar ofveiddir að því marki að nauðsyn beri til að draga tafarlaust úr sjósókn og aflabrögðum ef ekki eigi að stefna út í hreinan voða og sér í lagi hrun þorskstofnsins að 2—3 árum liðnum.

Settar eru fram í skýrslunni tölur um æskilegan hámarksafla af hverri tegund, og séu þær lagðar saman kemur í ljós að lagt er til að heildarafla botnfisktegunda þurfi að halda innan við 400 þús. tonn, en síðustu ár hefur hann numið um 600 þús. tonnum á ári. Af því magni höfum við íslendingar veitt sem næst 2/3, en erlend fiskiskip 1/3 hluta. Þriðjungs samdráttur heildarafla er nauðsyn, segja því fiskifræðingarnir, ef ekki á illa að fara. Jafnframt liggur fyrir að erlend fiskiskip hirða um þessar mundir þriðjung aflamagnsins. Það þýðir, ef gefa á neyðarkalli fiskifræðinganna gaum, að við íslendingar þurfum að neita okkur um eins tonns afla fyrir hvert tonn sem útlendingar veiða á Íslandsmiðum, skerða okkar sókn á miðin nákvæmlega sem svarar sókn erlendra skipa.

Þessi ógnvekjandi tíðindi urðu landsmönnum kunn í kjölfar endanlegrar útfærslu íslenskrar fiskveiðilögsögu úr 50 mílum í 200 mílur. Þar með er náð markmiði landgrunnslaganna um að færa íslenska lögsögu yfir fiskimiðin sem ótvírætt fylgja landinu, og í þessu efni er farið eftir því sem telja verður fyrirsjáanlega niðurstöðu af starfi hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna.

Útfærslan í 200 mílur var eitt helst kosningamál forustuflokks núv. ríkisstj. fyrir hálfu öðru ári. Sjálfstæðismenn vildu sýna þjóðinni að þeir væru bæði stórtækari og gætu gert betur en vinstri stjórnin þegar hún færði fiskveiðilögsöguna út í 50 mílur. Skýrslan um ástand fiskstofnanna undirstrikar á áhrifamesta hátt, sem hugsast getur, réttmæti útfærslunnar og nauðsynina á að láta þar ekki sitja við orðin tóm, heldur leggja allt kapp á að gera 200 mílna fiskveiðilögsöguna að veruleika.

Það kom því eins og köld gusa þegar ríkisstj. lagði fyrir Alþ. í fyrradag þáltill. þar sem hún æskir heimildar til að gera við Vestur-Þýskaland samkomulag um veiðar vestur-þýskra togara á Íslandsmiðum. Þar er ráð fyrir því gert að vestur-þýsk togskip fái næstu 2 ár að veiða rúmlega 2/5 hluta af þeim afla sem fiskifræðingar Hafrannsóknastofnunarinnar telja ráðlegt að taka af tveimur þýðingarmiklum fiskstofnum, ufsa og karfa. En ekki nóg með það, lagt er til að vestur-þýsku togararnir fái að athafna sig árið um kring á þremur þýðingarmiklum svæðum innan 50 mílna landhelgislínunnar, fyrir Austur- og Suðausturlandi allt inn að 23 mílum, suður og vestur af Reykjanesi allt inn að 25 mílum og að 40 mílum út af Breiðafirði. Þar að auki er svo gert ráð fyrir að þjóðverjum sé hleypt á Vestfjarðamið frá Kögri suður fyrir Barða hálft árið, mánuðina júní—nóv., allt inn að 34 mílum.

Hér hefur verið gengið miklu lengra til móts við vestur-þjóðverja en nokkra nauðsyn bar til eða sanngirni mælir með, eins og málum er nú háttað. Landhelgisgæslan hefur síðustu árin gengið þannig fram við að verja 50 mílna línuna að veiðar vestur-þýskra togara innan hennar voru að fjara út. Á síðasta ári nam afli þeirra við Ísland, bæði utan og innan línu, 68 þús. tonnum, og aflaáætlun þjóðverja sjálfra nú seint á þessu ári er sú, að á sama svæði nái þeir aðeins 40 þús. tonnum eða þriðjungi minna en nú á að heimila þeim hvort næstu 2 ára.

Í þrjú ár höfum við barist fyrir að hreinsa 50 mílna lögsöguna. Landhelgisgæslunni hefur orðið svo vel ágengt að þjóðverjar voru á hröðu undanhaldi, og síðustu vikur hefur komið í ljós að eins hlaut að fara fyrir bretum þegar þeir vildu ekki sætta sig við að hlíta því að tímabundin veiðiheimild þeirra er runnin út.

Að sjálfsögðu er ákjósanlegt að ná viðunandi samkomulagi við þessar þjóðir eins og aðrar ef þess er kostur. Tímabundnar veiðiheimildir á nýja lögsagnarbeltinu milli 50 og 200 mílna línanna gátu komið til mála og hefðu átt að koma vestur-þjóðverjum að meira gagni en nokkrum öðrum, vegna þess hvers konar veiðar skip þeirra stunda. En að opna þeim stór veiðisvæði innan gömlu 50 mílna lögsögunnar um leið og mörkin eru færð út í 200 mílur gefur til kynna að sú útfærsla sé aðeins á pappírnum. Slíkt er móðgun við íslendinga og sér í lagi við sjómenn. Um þvílíka framkvæmd á glæstasta kosningafyrirheiti Sjálfstfl. frá síðustu kosningum hæfa best orð skáldsins: „Og það er eins og ekkert hafi gerst."

Ef íslendingar og vestur-þjóðverjar væru einir í heiminum eða a. m. k. einir um að sækjast eftir fiskafla á Íslandsmiðum mætti að vísu færa að því nokkur rök að á samkomulagsuppkastið sé litandi. Meginástæðan er sú að þjóðverjar leggja mest kapp á veiði ufsa og karfa, fisktegunda sem ekki eru taldar í jafnyfirvofandi hættu sökum ofveiði og íslenski þorskstofninn. En jafnframt er vert að hafa í huga að sókn íslenskra fiskiskipa í þessar tvær tegundir hefur verið dræmari en ella vegna þess að vestur-þýski markaðurinn hefur mátt heita okkur lokaður um árabil, sumpart með beinu löndunarbanni vestur-þýskra stjórnvalda og sumpart af völdum refsitolla. Þeim tollmúr hefur verið haldið við í 3 ár þvert ofan í gefin fyrirheit af hálfu Efnahagsbandalags Evrópu. Þar hefur vestur-þýska stjórnin fram að þessu

verið ein að verki í því skyni að þvinga okkur íslendinga til undanhalds í samningaþófi um veiðiheimildir þýskri togaraútgerð til handa innan íslenskrar fiskveiðilögsögu.

En það er öðru nær en við og vestur-þjóðverjar eigumst einir við. Á fiskimiðum umhverfis land okkar koma við sögu fiskiflotar sem gerðir eru út frá tugum landa í Evrópu til veiða á fjarlægum miðum. Vaxandi sókn í fiskstofnana á æ stærri skipum búnum æ stórtækari og fullkomnari veiðarfærum og fiskleitartækjum, veldur því ástandi sem fiskifræðingarnir hafa málað svo dökkum litum. Yfir þýðingarmesta nytjafiskinum, þorskinum, vofir að dómi færustu og fróðustu manna svipað hrun og síldarstofninn varð fyrir af völdum ofveiði okkar og annarra þjóða fyrir tæpum áratug.

Það var mikið lán að fyrsti samningurinn um veiðiheimildir, sem við gerðum eftir útfærsluna í 50 mílur, var við belga sem reyndust liprir í samningum og komu mjög til móts við óskir okkar í mörgum greinum. Síðari samningar drógu dám af hinum fyrsta. Eins mun fara nú. Fyrsti samningur eftir nýjan útfærsluáfanga verður óhjákvæmilega fyrirmynd annarra og það liggur þegar fyrir að samningar eru komnir vel á veg við Noreg og Belgíu. Síðan kemur röðin að færeyingum. Austur-þjóðverjar og pólverjar hafa enn fremur óskað eftir samningum. Það er fyrirkvíðanlegt ef fyrirmyndin í öllum samningsgerðum verður það samningsuppkast sem gert hefur verið við vestur-þjóðverja.

Á þessari stundu, fáum dögum eftir að breska stjórnin fyrirskipaði í þriðja sinn flota sínum að ráðast inn í íslenska fiskveiðilögsögu til verndar veiðiþjófum, láta talsmenn uppkastsins að samkomulagi við vestur-þjóðverja helst á sér skilja að samþykkt þess sé að þeirra hyggju fyrst og fremst ráð til að einangra breta og gera landhelgisgæslunni fært að snúa sér einvörðungu að togaraflota þeirra og verndarskipum. Minn skilningur á þessu samningsuppkasti er þveröfugur. Ég tel að með því séu beinlínis lögð drög að samningsgerð við breta á sömu nótum, nema hvað þar yrði fyrst og fremst um að ræða þorskafla í stað ufsa og karfa. Þessa ályktun dreg ég einkum af fskj. IV með þáltill. ríkisstj. Þar er birt fyrirhuguð orðsending frá stjórn Vestur-Þýskalands til íslensku ríkisstj., þess efnis, að hafi bókun 6 um tollaívilnanir af hálfu Efnahagsbandalags Evrópu til handa Íslandi ekki tekið gildi innan 5 mánaða frá gildistöku samkomulagsins megi fresta framkvæmd þess. Hingað til hefur staðið á vestur-þjóðverjum að Ísland fengi þær tollaívilnanir sem samið var um í bókun 6, en eins og nú er komið má fullyrða að bretar beiti neitunarvaldi í Efnahagsbandalaginu til að hindra gildistöku hennar. Þetta er þá orðið úr stórum orðum sumra ráðh. í haust að gildistaka bókunar 6 væri algert skilyrði fyrir samningum við vestur-þjóðverja.

Með þessu ákvæði í samkomulagsuppkastinu eru lögð drög að viðvarandi þrýstingi á íslensku ríkisstj. að gera samkomulag við breta.

Ekki er rétt að gera lítið úr því hagræði sem af því gæti hlotist að tollfríðindin í löndum Efnahagsbandalagsins, sem kveðið er á um í bókun 6, komi til framkvæmda. Þar koma ekki aðeins til álita auknar tekjur af útflutningi sem þegar fer til Efnahagsbandalagslanda. Meira máli skiptir að markaðsstaða okkar í heild, aðstaðan til að koma aðalútflutningsvarningi okkar í hagstæðasta fáanlegt verð mundi rýmkast til muna fengjum við aðgang að fiskmarkaði á Efnahagsbandalagssvæðinu á viðunandi samkeppnisgrundvelli.

Það þarf enginn að segja mér að þessir beinu viðskiptahagsmunir, ásamt áfergju vestur-þjóðverja að missa ekki umsamin veiðiitök í miðjum kliðum hafi ekki sín áhrif þegar frá líður. Með fyrirhuguðu samkomulagi við Vestur-Þýskaland er stefnan tekin á samninga við breta með þeim iskyggilegu afleiðingum sem þeir geta haft fyrir hætt kominn þorskstofninn á Íslandsmiðum, sjávarútveg okkar og afkomu þjóðarinnar.

Ég vil ekki vera með neinar hrakspár, en það borgar sig aldrei að loka augunum fyrir veruleikanum. Að mínum dómi er það skárra af tvennu illu að hafna augljósum háskasamningum og berjast heldur eins og við erum menn til fyrir vernd fiskstofna og eigin lífsbjörg þau tvö eða í hæsta lagi þrjú missiri sem enn kunna að líða þangað til hafréttarráðstefnan gerir endanlega þá ályktun sem festa mun gagnvart öllum heimi 200 mílna fiskveiðilögsögu okkar.

Mótatkv. mitt við samningsuppkastinu, sem fyrir liggur, er byggt á því að þessi samningur, svo varhugaverður sem hann er, sé þar á ofan undanfari annarra samninga og enn verri, enn hættulegri stofnum helstu nytjafiska, — samningum sem hæglega geta stofnað afkomu þjóðarinnar í tvísýnu. — Þökk þeim sem hlýddu.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Mér finnst að hafi komið of lítið fram í þessum umr. að íslenska þjóðin stendur nú í örðugri sporum en sennilega nokkru sinni fyrr á þessari öld. Það þarf ekki að lýsa því að afkoma íslendinga byggist á fiskveiðum og þá fyrst og fremst þorskveiðum. Nú er þorskstofninn verr kominn en hann hefur sennilega nokkru sinni verið. Afkomumöguleikar íslensku þjóðarinnar standa því völtum fótum um þessar mundir. Undir þessum erfiðu kringumstæðum hefur það gerst að breskur herfloti hefur gert innrás á íslensk fiskimið og hyggst með ofbeldi tryggja veiðiþjófnað breskra togara sem gæti orðið allt að 100 þús. smálestum af þorski á ári eða meira. Takist þetta áform verður unnin sú eyðing á íslenska þorskstofninum sem seint mun fást bætt.

Það er gegn þessum vágesti sem þjóðin þarf að sameinast og beita þeim ráðum sem hlest geta komið að gagni. Allt bendir til að átökin við hann geti orðið hörð og löng. Þannig má benda á að miklu meira ber á milli í byrjun þorskastríðs nú en í hinum fyrri þorskastríðum. Þegar síðasta þorskastríð hófst 1973, en ég miða þar við innrás bresku herskipanna, þá hafði breska stj. lækkað kröfu sína í 145 þús.

smálestir, en vinstri stj. hafði boðið 117 þús. smálestir. Nú krefjast bretar 110 þús. smálesta, en íslenska ríkisstj. hefur boðið 65 þús. smálestir, en það tilboð gildir að sjálfsögðu ekki eftir innrás breta. Þannig ber miklu meira á milli nú en 1973. Horfur á samkomulagi eru í rauninni engar, og bendir því allt til að þetta nýja þorskastríð verði bæði miklu lengra og harðara en hin fyrri.

Það er undir þessum óvenjulegu kringumstæðum sem till. sú er flutt, sem hér er til umr. Þótt það samkomulag við vestur-þjóðverja, sem felst í till., hafi ýmsa kosti er það engan veginn gallalaust, og ég efast um að það hefði verið samþ. hér á Alþ. undir venjulegum kringumstæðum. Ástæðurnar til þess að samkomulagið mun hljóta hér yfirgnæfandi stuðning eru að mínum dómi einkum tvær. Önnur er sú, að vegna þorskastríðs, sem var fyrirsjáanlegt og er nú skollið á, er líklegt að það tryggi fiskstofnunum meiri vernd að semja við þjóðverja um 60 þús. smálestir en að eiga á hættu að þeir veiði hér 90 þús. smálestir, eins og þeir gerðu 1973, þegar við áttum í þorskastríði við breta og urðum að beina mestri orku okkar gegn þeim. Hin ástæðan er sú, að við teljum þetta tryggja okkur bættan grundvöll til að heyja þorskastríð við breta, því að eftir að þessi samningur hefur verið gerður getum við einbeitt okkur gegn þeim. Við getum þá beint allri getu varðskipanna til að verja þorskamiðin fyrir bretum. Þetta er það sem nú skiptir mestu. Framtíð þjóðarinnar byggist á því að okkur takist þetta.

Stjórnarandstæðingar hafa beitt furðulega ósvífnum áróðri í þessum umr. Eitt helsta áróðursefni þeirra er t. d. að með þessum samningi sé verið að gefa útlendingum svo og svo mikinn fisk. Af ummælum þeirra mætti helst halda að íslendingar gætu óáreittir sótt fiskimiðin við landið ef þessi samningur væri ekki gerður. Þegar stjórnarandstæðingar tala þannig láta þeir alveg eins og þeir viti ekki neitt um að þorskastríð er skollið á. Þeir látast ekki sjá bresku herskipin. Þeir loka augunum alveg fyrir þeirri staðreynd að þjóðverjar veiddu rúmlega 90 þús. smálestir árið 1973 undir slíkum kringumstæðum. Að sjálfsögðu er ekki hægt að sanna hvað þeir mundu veiða nú undir svipuðum kringumstæðum. Hér höfum við ekki annað til að byggja á en reynsluna. Reynslan sýnir ótvírætt að með þessum samningi erum við að tryggja fiskstofnunum aukna vernd, en ekki hið gagnstæða. Því má með vissum rétti segja að stjórnarandstæðingar vilji gefa þjóðverjum 30 þús. smálestum meira af fiski en samningurinn gerir ráð fyrir.

Þá hafa flestir stjórnarandstæðingar hampað þeirri fullyrðingu að samningurinn þessi sé undirbúningur að því að ríkisstj. ætli að vera búin að semja við breta innan 5 mánaða. Slíkt er hreinn tilbúningur og ekki á minnstu rökum reistur. Þessi áróður er ekki aðeins ósannur, heldur hættulegur. Af þessum fullyrðingum gætu bretar dregið alveg rangar ályktanir um afstöðu íslendinga og gerst óbilgjarnir í trausti þess að þá yrði látið undan. Þessi áróður stjórnarandstæðinga gæti vel haft alvarlegar afleiðingar.

Þá hafa sumir stjórnarandstæðingar tekið undir þær fullyrðingar Hattersleys, að þýska samkomulagið skapi fordæmi fyrir því að íslendingar semji við breta um allt að 95 þús. smálestir. Þetta er algjörlega rangt. Samkomulagið við þjóðverja er byggt á því, að þorskafli þeirra er skorinn niður um 75%, en annar afli um 40—50% þegar miðað er við meðalafla þeirra af Íslandsmiðum síðustu árin fyrir útfærsluna 1972. Ef fylgt væri sömu reglu í samningunum við breta ættu þeir að fá um 50 þús. smálestir, þar af 40 þús. smálestir af þorski. Þetta samkomulag er því ekki fordæmi um neitt það sem bretar mundu telja viðunandi.

Þá hafa sumir stjórnarandstæðingar reynt að gera lítið úr þeirri viðurkenningu sem fælist í samkomulaginu. Í samkomulaginu felst þó sú mikilvæga viðurkenning að þýsk verksmiðjuskip og frystitogarar munu virða 200 mílna mörkin og ekki fara inn fyrir þau. Þetta er stórfellt spor í þá átt að fá fulla viðurkenningu annarra þjóða á 200 mílna mörkunum. Varla var að vænta að þjóðverjar stigu stærra skref á þessu stigi eða á meðan hafréttarráðstefnunni er ólokið.

Loks gera stjórnarandstæðingar lítið úr þeim ávinningi sem það getur haft á hafréttarráðstefnunni ef okkur tekst að semja við vestur-þjóðverja og fleiri þjóðir á skaplegan hátt. Það má telja nokkurn veginn víst að 200 mílna mörkin verða samþ. ef árangur næst á ráðstefnunni á annað borð, en jafnframt verði lögð mikil áhersla á að fá ákvæði um gerðardóm inn í væntanleg hafréttarlög, en það gæti þýtt, ef t. d. strandríki ákveður hámarksafla innan fiskveiðilögsögu sinnar og möguleika sína til að hagnýta hann, að þeirri ákvörðun þess verði skotið til gerðardóms ef þess væri óskað af öðrum ríkjum, sem teldu umrætt strandríki vannýta fiskstofnana, en á alþjóðlegum vettvangi er vannýting fiskstofna talin jafnfordómaleg og ofnýting þeirra.

Íslendingar hafa af augljósum ástæðum reynt að koma í veg fyrir að hugsanleg gerðardómsákvæði næðu til fiskveiðilögsögunnar. Ef málin stæðu þannig á hafréttarráðstefnunni næsta vor að íslendingar ættu ósamið við öll ríki sem sótt hafa um veiðiheimildir innan 200 mílna markanna, gæti það þótt sönnun þess að hér þyrfti einhver þriðji aðili að koma til sögu er hefði úrskurðarvald um þessi mál. Annars væri hætta á stöðugum deilum. Þótt erfitt sé að spá um framvindu þessara mála virðist mér það skapa okkur sterkari aðstöðu á þessum vettvangi ef við höfum samið við þau ríki sem þykja hafa sýnt sanngirni. Ég álít að okkur verði þá líka auðveldara að sýna fram á hina furðulegu óbilgirni breta.

En fyrst og síðast er það þó aðalatriði þessa máls, að við eigum í þorskastríði við breta, í örlagaríkasta þorskastríðinu, sem við höfum háð við þá, og sennilega einnig því harðasta og lengsta. Ef við eigum að hafa von um að geta hindrað þá eyðileggingu þorskstofnsins sem stefnt er að með innrás breta verðum við að geta beint öllum mætti landhelgisgæslunnar gegn þeim. Þess vegna er ákaflega þýðingarmikið að eiga ekki samtímis í styrjöld við aðra. Þetta hafa stjórnarandstæðingar ekki viljað skilja hingað til og látið eins og við höfum bolmagn til að berjast við alla í senn. Ósennilegt er að þetta sé sprottið af algjöru vanmati á getu okkar og annarra, heldur sé hér meira um að ræða við-

leitni til að tortryggja ríkisstj. og gera henni erfitt fyrir. En þessu máli á að halda ofar flokkadeilum. Í þessu máli verður það sjónarmið eitt að ráða að stefna að fullum sigri í átökunum við breta. En það mark getur því aðeins náðst að þjóðin standi saman og að hún geti beint öllum kröftum sínum gegn bretum, en eyði ekki orkunni í baráttu við marga aðra samtímis. Annað er vegurinn til ósigurs. Leið stjórnarandstöðunnar að berjast samtímis við alla er leiðin til ósigurs. Það er von mín, að stjórnarandstæðingar eigi eftir að gera sér þetta ljóst og að full þjóðareining geti skapast um þá stefnu að við eigum að einbeita kröftunum gegn bretum. Aðeins á þann hátt getur þjóðin vænst sigurs í því stríði sem e. t. v. er það örlagaríkasta sem hún hefur nokkru sinni háð. Stöndum einhuga saman, íslendingar, og beinum allri orku okkar gegn hinu breska ofurefli.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Kjarni þess máls, sem hér er rætt um, er einfaldur og skýr. Semja á við þjóðverja um 60 þús. tonna ársafla. Samningar við belgíumenn eru tilbúnir til undirskriftar og eru um 7 þús. tonn allt innan 50 mílna. Samningar við norðmenn eru líka tilbúnir og heimila 3 þús. tonn á ári. Samningar við færeyinga verða gerðir um svipað magn og þeir höfðu áður eða 20 þús. tonn. Þessir samningar nema samtals 90 þús. tonnum. Allir vita um tilboðið til breta um 65 þús. tonna ársafla. Þannig er óumdeilanlega um að ræða samninga um veiðar útlendinga á 155 þús. tonnum á ári og mikill meiri hluti þessa afla yrði veiddur innan 50 mílna markanna. Þetta er stefna ríkisstj. Þetta eru hennar tilboð og hennar samningar. Enginn getur neitað þessum staðreyndum.

Það er líka jafneinfalt og skýrt að fiskifræðingar okkar hafa sent frá sér alvarlega aðvörun um ástand fiskstofnanna við landið. Þeir leggja til að fastsettur verði hámarksafli af þorski, ýsu, ufsa og karfa sem veiða megi á miðunum við landið á næsta ári. Þessi hámarksafli er því sem næst hinn sami og heildarafli íslendinga af þessum fisktegundum hefur verið undanfarin ár. Það fer því ekkert á milli mála að annaðhvort verða útlendingar að hverfa af miðunum eða að minnka verður afla íslendinga eigi að fylgja ráðum fiskifræðinganna. Að semja við útlendinga um 155 þús. tonna aflamagn eða jafnvel meira við þessar aðstæður hlýtur að leiða yfir okkur hrikaleg vandamál, þó að Þórarinn Þórarinsson haldi að slíkir samningar væru til þess að vernda fiskstofnana við landið.

Í rauninni eigum við aðeins um tvo kosti að velja ef samið verður. Annar kosturinn er að halda áfram óbreyttum fiskveiðum okkar frá því sem verið hefur og láta skeika að sköpuðu um það hverjar afleiðingarnar verða. Fiskifræðingarnir segja að þá megi telja víst að hrun verði í fiskveiðunum eftir 2 ár. Hinn kosturinn er að gera öflugar ráðstafanir til að minnka okkar eigin veiðar sem samsvarar veiðiheimildum útlendinganna. Ýmsir opinberir aðilar eru þegar farnir að tala um þennan kost. Rætt er um að selja fiskibáta úr landi, jafnvel með vildarkjörum. Lagt er til að reynt verði að losna við þá skipasmíðasamninga sem gerðir hafa verið. Og fram eru komnar hugmyndir um að setja aflakvóta á alla útgerðarbæi í landinu og koma þannig á þvinguðum niðurskurði í fiskveiðum okkar. Um þessi risavöxnu vandamál fæst ríkisstj. ekki til að ræða — veitið því athygli í þessum umr. í kvöld. Hún fæst ekki til að svara hvað hún ætli að gera í fiskveiðimálum landsmanna eftir að samið hefur verið um 155 þús. tonna aflamagn til útlendinga.

Þetta, sem ég hef sagt, eru allt staðreyndir þess máls sem hér er til umr. Fram hjá því er ekki hægt að komast með neinum sjónhverfingum eða neinum vífilengjum. Samningurinn við þjóðverja um 60 þús. tonna ársafla í næstu 2 ár er aðeins fyrsti samningurinn sem nú er lagður fyrir Alþ. Hinir koma á eftir einn af öðrum skv. stefnu stjórnarinnar.

Stjórnin og talsmenn hennar í þessum samningamálum reyna með ýmsum hætti að réttlæta þessa samningagerð. Ein helsta afsökunin fyrir samningunum er sú, að nauðsynlegt sé að margumtöluð bókun nr. 6 við Efnahagsbandalagið komi til framkvæmda. Litlar skýringar eru hins vegar gefnar á þessari dularfullu bókun nr. 6, en hið sanna er að hún geymir ákvæði um mjög óverulegar tollalækkanir fyrir okkur, — ákvæði sem við eigum samningslegan rétt á og án allra tilslakana í landhelgismálinu, en skilyrðið um bókun nr. 6 er aðeins fyrirsláttur af hálfu ríkisstj. Í samningunum nú við þjóðverja var strax fallið frá þessu skilyrði þrátt fyrir margfalda svardaga einstakra ráðh. um að frá þessu skilyrði skyldi ekki vikið. Ljóst er nú öllum að bókun nr. 6 kemur ekki til framkvæmda fyrr en samið hefur verið við öll Efnahagsbandalagsríkin.

Í öðru lagi er reynt að réttlæta samninga við útlendinga nú með því að sýnt sé að íslendingar geti ekki varið landhelgina og að af þeim ástæðum sé hægt að ná meiri friðun á miðunum með samningum en án samninga. Þessi kenning hefur rækilega verið afsönnuð síðustu daga og vikur. Landhelgisgæslan hefur sýnt að með því að beita klippunum nokkurn veginn að fullu hefur hún komið í veg fyrir virkar veiðar bresku togaranna. Það er fölsun á staðreyndum að halda því fram að skýrslur um veiðar útlendinga sýni að þeir hafi veitt hér meira án samninga en eftir að samningar voru gerðir. Afli þjóðverja var 68 þús. tonn árið 1974. Af þeim afla veiddu þeir um 30 þús. tonn á miðunum fyrir utan 50 mílna mörkin. Ólöglega hafa þeir ekki veitt meira en 35—40 þús. tonn árið 1974, og skv. fréttum frá þýskum útgerðarmönnum telja þeir að heildarveiðar þýskra skipa á öllum Íslandsmiðum í ár verði ekki yfir 40 þús. tonn. Innan 50 mílnanna verða þá veiðar þeirra varla meira en 20—30 þús. tonn, því við vitum að þeir veiða það mikið utan 50 mílna markanna.

Við þetta má svo bæta því, sem allir vita, að því fer víðs fjarri að gæsluskipunum okkar hafi verið beitt af fullum krafti á undanförnum árum. Það er beinlínis broslegt að heyra hæstv. forsrh. og aðra framámenn í Sjálfstfl., sem mest hafa gumað af útfærslunni í 200 mílur, halda því fram, að við getum ekki varið landhelgina

og af því sé best að semja. Hvers vegna völdu þeir þá ekki strax samningaleiðina, eins og bretar og þjóðverjar hafa alltaf prédikað, fyrst þeir vissu fyrir fram að einhliða útfærsla okkar var gagnslaus og að við gætum ekki varið landhelgina? Meintu þeir kannske aldrei neitt með öllu 200 mílna talinu?

Uppgjöf hæstv. forsrh. í 200 mílna málinu er svo gjörsamleg að nú telur hann í þessum umr. að það, að þjóðverjar fengu allt svæðið út í 200 mílur að þessu sinni í samningum jafngildi eiginlega því að þeir viðurkenni 200 mílurnar.

Þá er það ein röksemdin fyrir samningagerð við vestur-þjóðverja að þeir lofi nú að veiða ekki nema 5 þús. tonn af þorski og um þetta eru höfð mörg orð, mikill sigur, en skv. opinberum skýrslum veiddu þjóðverjar aðeins 5 500 tonn af þorski árið 1974 og sennilega mun minna á þessu ári. Það þurfti ekki að semja um nein 60 þús. tonn við þjóðverja og það í 2 ár til þess að ná því sem þegar hafði verið náð.

Þá er nýjasta röksemdin fyrir nauðsyn samninga við þjóðverja sú, að eftir að slíkir samningar séu gerðir geti landhelgisgæslan snúið sér af fullum krafti að bresku togurunum og þá geti íslendingar einbeitt sér í átökunum við breta. Hér er um augljós falsrök að ræða, því að eitt atriðið í samningi við þjóðverja nú er að þeir samningar eigi að falla úr framkvæmd eftir 5 mánuði ef bókun 6 hafi þá ekki komið til framkvæmda. Það hefur verið viðurkennt og liggur í augum uppi að þessa 5 mánuði, sem samningurinn ræðir um, á að nota til þess að ná samningum við breta, því að annars væru þessir samningar við vestur-þjóðverja hreinlega út í bláinn. Samningurinn við þjóðverja verður því ekki til þess að tekin verði upp harðari afstaða gagnvart bretum, heldur þvert á móti til að ryðja brautina fyrir samningum við þá.

Þannig eru öll rök ríkisstj. fyrir samningum haldlaus. Það er auðvitað gjörsamlega þýðingarlaust fyrir talsmenn ríkisstj. í þessu máli að reyna að drepa á dreif meginatriði þessa alvarlega máls með útúrsnúningum og blekkingum um liðinn tíma. Slíkum blekkingum hafa hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. reynt að beita hér í kvöld, með því t. d. að bera saman aflamagn, sem nú á að semja um, og aflamagn, sem rætt var um í samningum fyrir 2 eða 3 árum. Hvers vegna skyldu þeir nú bjóða bretum 65 þús. tonn, en áður var samið við þá um 130 þús. tonn. Vegna þess að það eru allt aðrir tímar nú og allt önnur skilyrði en þá voru. Það dytti auðvitað engum óvitlausum manni í hug að bjóða það sama nú og gat komið til mála að bjóða fyrir 2 eða 3 árum í sambandi við umþóttunartíma.

Hæstv. iðnrh. Gunnar Thoroddsen mun tala hér næst á eftir mér. Hann getur auðvitað haldið áfram fjasi af svipuðu tagi og hann gerði hér í umr. um þetta mál í gær og haldið því fram að Sjálfstfl. hafi fundið upp 200 mílna regluna og einn barist fyrir henni gegn öllum hinum. Slíkar fullyrðingar breyta auðvitað ekki þeirri staðreynd að vinstri stjórnin hafði lýst yfir stuðningi við 200 mílna auðlindalögsögu á erlendum vettvangi áður en þeir sjálfstæðismenn fóru að kvaka um það mál hér á landi. Og það breytir heldur ekki þeirri staðreynd, að ég flutti á vegum vinstri stjórnarinnar það frv. um heimild til 200 mílna útfærslu sem samþykkt var á Alþ. sem lög í maímánuði 1974 og 200 mílna útfærslan síðan var miðuð við.

Það vita allir, að við alþb.-menn vorum efnislega á móti samningunum við breta sem gerðir voru 13. nóv. 1973. En við stóðum þá frammi fyrir því að við gátum ekki komið í veg fyrir þá samninga eða fengið þeim breytt, vegna þess að Sjálfstfl. lýsti því yfir á Alþ. og í Morgunblaðinu dag eftir dag að það skipti ekki máli fyrir Framsfl. hvort hann hefði stuðning Alþb. eða ekki, Sjálfstfl. mundi tryggja framgang. málsins á Alþ.

Allt þras um þessi mál kemur auðvitað fyrirliggjandi samningum við vestur-þjóðverja í sjálfu sér ekkert við. Það er kjarni þess máls, sem nú liggur fyrir, sem skiptir öllu máli. Það er sú staðreynd að samkv. fyrirliggjandi samningi eiga þýskir togarar að fá að veiða allt árið um kring upp að 23 sjómílum frá landi á viðkvæmustu fiskimiðunum við Austurland, við Reykjanes, við Vestfirði og út af Breiðafirði. Og það er sú háalvarlega staðreynd að gera verður ráðstafanir til að minnka veiðar landsmanna sjálfra á þeirra eigin miðum þrátt fyrir alla útfærslu, þrátt fyrir allt talið um 200 mílur og þrátt fyrir það að útlendinga hafa þegar fengið umþóttunartíma í 3 eða 4 ár. Það er blátt áfram hrollvekjandi að hugsa til þess að nú skuli íslensk stjórnvöld ætla að semja um veiðar við útlendinga í stórum stíl til tveggja ára og án þess þó að fá nokkra minnstu viðurkenningu á fiskveiðilandhelginni.

Það kann að vera, að ekki verði hægt að koma í veg fyrir þá afglapa- og ógæfusamninga sem að hér er rætt um, þó að nær öll þjóðin hafi mótmælt og þó að áskoranir og mótmæli gegn þessari samningagerð hafi verið send ríkisstj. frá fólki úr öllum stéttum, úr öllum landshlutum og úr öllum stjórnmálaflokkum og nú síðast undirstrikuð með gífurlega fjölmennum fundum bæði í Reykjavík og víða annars staðar í landinu, þar sem undirstrikuð voru mótmæli gegn samningagerðinna við vestur-þjóðverja. Þó að þessi ógæfusamningur verði samþykktur á Alþ. á morgun er baráttunni í landhelgismálinu samt ekki lokið. Enn er eftir slagurinn um samninga við breta. Við skulum líka minnast þess að árið 1961 var gerður mikill ógæfusamningur í landhelginni, samningur sem Haagdómstóllinn dæmdi okkur öllum rétti til einhliða stækkunar á landhelginni, samningur sem Hagdómstóllinn dæmdi okkur eftir og bretar skáka nú í skjóli af. Þessum samningi var hrundið af þjóðinni í alþingiskosningunum 1971 og síðan af þeirri ríkisstj. sem skuldbatt sig til þess að framfylgja því.

Samningar um veiðar útlendinga, sem nú verða gerðir, verða að fara á sömu lund og samningarnir frá 1961. Þeir, sem samninga gera nú, verða að fá makleg málagjöld. Þeir útlendingar, sem nú taka við fiskveiðisamningum sem gerðir hafa verið gegn vilja mikils meiri hluta landsmanna og gegn gefnum loforðum, mega vita að þessir samningar verða ekki látnir standa í vegi þess að íslendingar geti lifað mannsæmandi lífi í landi sínu. En það sem nú skiptir máli, er að öll þjóðin skilji hvað er að gerast og um hvað raunverulega

er barist. Þjóðin hefur enn einu sinni fengið staðfestingu á því að forustumönnum Sjálfstfl. er ekki hægt að treysta í landhelgismálinu og að loforð Framsfl. eru harla lítilsvirði þegar flokkurinn er í íhaldssamvinnu. En rétta lærdóma af slíkri dýrkeyptri reynslu verður þjóðin að læra að draga. — Góða nótt.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti, góðir hlustendur. Eftir að haldnar hafa verið í þessum umr. í gær og í dag 40 ræður þm., sumar mjög ítarlegar og málefnalegar, er mér sá vandi á höndum að velja hvaða málsatriði ég ætti helst að taka hér til meðferðar.

Þegar reynt er að virða fyrir sér landhelgismálið allt í heild og hagsmuni Íslands í bráð og lengd, þá munu mörgum finnast í fyrsta lagi áleitin þessi spurning: Hefur verið reynt til þrautar að ná hinum hagkvæmustu samningum við þjóðverja? Er hugsanlegt að þoka þjóðverjum lengra í átt til okkar, að ná betra boði? Ef þess væri einhver kostur eða einhver von, einhverjar líkur, þá væri einsætt að reyna enn.

Í löngu samningaþófi verður alltaf meira og minna af óskum og kröfum sem aðilar ná ekki fram. Svo er einnig hér. En á einhverju stigi finna menn hvenær komið er á leiðarenda og hvenær taka verður ákvörðun. Þegar við, sem tókum þátt í þessum viðræðum við vesturþjóðverja í okt. og nóv. í Reykjavík og í Bonn, bárum saman ráð okkar um þessa spurningu undir lok samningaviðræðna í Bonn fyrir réttri viku, 20 nóv., þá vorum við allir á einu máli um það, að þau drög, sem þá lágu fyrir, væru það ýtrasta, sem unnt væri að ná. Þessi skoðun var og er studd af mörgum rökum. Ég skal telja fram nokkur þeirra.

Lítum fyrst á aflamagnið, 60 þús. tonn. Það er helmingur þess sem þjóðverjar veiddu hér við land að meðaltali undanfarinn áratug, áður en deilur hófust. Í marsmánuði 1974 stakk þáv. sjútvrh. upp á 80 þús. tonnum til handa þjóðverjum í samningsdrögum. Um það náðist ekki samkomulag. Þegar okkur hefur nú tekist að fá þjóðverja til að ganga inn á 60 þús. lestir sem hámark, þá hefur að sjálfsögðu, miðað við þessar staðreyndir sem ég nefndi, mikið áunnist. Við vitum að að mati þjóðverja er þetta aflamagn komið á það stig að sumir þeirra telja vafasamt að það borgi sig að semja, og þess urðum við varir að sumir þeirra töldu jafnvel betra að hafa ósamið, eins og verið hefði, heldur en að fallast á þetta aflahámark.

Við skulum líta í öðru lagi á frystitogarana sem í rauninni hafa verið ásteytingarsteininn og þjóðverjar stóðu lengi vel fast á að heimta veiðiheimildir fyrir. Nú er fallist á það að enginn frystitogari verði innan 200 mílna lögsögunnar.

Ef við lítum í þriðja lagi á fjölda skipa, þá var það í fyrra í okt., þegar viðræður fóru fram úti í Þýskalandi, að þá hafði samninganefnd sú, sem að málinu vann af hálfu íslendinga, gert drög að samkomulagi sem ekki náði samþykki, eins og kunnugt er, þar sem gert var ráð fyrir 57 skipum samtals. Nú er gert ráð fyrir 40 skipum sem hámark.

Ef við lítum á fiskstofnana og fisktegundirnar, þá er það öllum kunnugt að þorskstofninn er viðkvæmastur, hann er í mestri hættu fyrir ofveiði og um leið er hann mikilvægastur fyrir okkur íslendinga, bæði að magni og verðmæti. Áður, þ. e. a. s. í fyrri umr. við þjóðverja, voru engar takmarkanir settar um hversu mikið mætti veiða af þorski. T. d. var ekkert slíkt í þeirri uppástungu sem fyrrv. sjútvrh. gerði í marsmánuði 1974. Í þessum samningsdrögum frá í fyrra var hins vegar farið inn á þá leið að setja hámark á þorskafla, 10 þús. tonn. Nú í þessum samningsdrögum er svo ákveðið, að þjóðverjar hætti að stunda þorskveiðar. Hins vegar er öllum ljóst að þegar veiddar eru aðrar tegundir, sem nú verða ufsi og karfi, þá hlýtur eitthvað að slæðast með af þorski og er sett algert hámark í samninginn 5000 tonn. Hér hefur vissulega í ákaflega mikilvægu og viðkvæmu máli náðst mikill árangur.

Ef við lítum á veiðisvæðin, þá getum við einnig rakið þá sögu að ef við tökum stærð veiðisvæðanna, þá var í þeirri uppástungu, sem fyrrv. sjútvrh. Lúðvík Jósepsson gerði í mars 1974, þ. e. a. s. fyrir rösku hálfu öðru ári, gert ráð fyrir veiðisvæðum til handa þjóðverjum að stærð 54 þús. ferkm innan 50 mílna. Í okt. í fyrra, í drögunum þá, var stærðin komin niður í 42 þús. ferkm. Nú í þessum samningsdrögum er stærð þessara veiðisvæða samtals ekki 54 þús., ekki 42 þús., heldur 25 þús. ferkm innan 50 mílna. En það er auðvitað rétt, að það er ekki stærð veiðisvæðanna eða tala ferkm sem hér skiptir öllu máli, heldur hvaða mið, hvaða veiðisvæði er um að ræða. Í fyrri viðræðum hefur jafnan verið krafa þjóðverja að komast að einhverjum svæðum upp að 12 mílum, og í þeim uppástungum, sem voru fyrirliggjandi bæði í mars 1974 og í okt. sama ár, var farið miklu nær landi heldur en nú er, 19—20 mílur, auk þess að snerta 12 mílurnar einnig. Nú er þó hvergi farið nær landi en 23 mílur. Ef við minnumst á einstök veiðisvæði, þá er kannske rétt að nefna það svæðið sem kannske mest hefur verið rætt í þessum samningsviðræðum, og það er Víkurállinn fyrir Vestfjörðum.

Í fyrri till., bæði till. Lúðvíks Jósepssonar frá því í mars 1974 og í samningsdrögunum frá því í okt. sama ár, var gert ráð fyrir því að þjóðverjar fengju að veiða á verulegum hluta Víkurálsins eða upp að 36—37 sjómílum frá landi. Nú er Víkurállinn hins vegar lokaður þjóðverjum samkv. þessum drögum, þannig að það er 50 mílna lína sem dregin er við mynni hans eða utan við hann. Þannig hefur þessu viðkvæma veiðisvæði verið bjargað undan veiðiskap þjóðverja með þessum samningsdrögum.

Það er rangt, sem kom fram í þessum umr. áðan, að þjóðverjar tryggi sér með þessum samningsdrögum næstum öll veiðisvæði sem þeir hafa notað og óskað eftir. Þetta eru algerlega staðlausir stafir. En um leið og nefnd eru veiðisvæði er nauðsynlegt að nefna einnig verndarsvæði og friðunar, því að eitt mikilvægasta verkefni okkar er nú að vernda hrygningarstöðvar og uppeldi og kosta kapps um að koma í veg fyrir ofveiði og rányrkju. Þetta snýr að okkur sjálfum fyrst og fremst. Við

íslendingar verðum að gera strangar kröfur til okkar sjálfra í þessum efnum. En um leið og við gerum það, sem ég vona að verði, þá kemur það ekki að fullu gagni ef erlend skip leika lausum hala. Í samningaumræðunum við þjóðverja var lögð á það áhersla að þeir skyldu virða friðunar- og verndunaraðgerðir okkar, og þetta er tryggt í þessum samningsdrögum, bæði varðandi þau friðunarsvæði, sem nú eru, og þau, sem við síðar ákveðum að taka upp. Ef hins vegar ekki er samið, þá er ljóst að hinir erlendu aðilar munu fara sinna ferða. Að því er þjóðverja snertir má gera ráð fyrir því að þeir kæmu hingað með frystitogara á fslandsmið. Við ráðum þá engu um tölu þeirra skipa, þeir mundu veiða eins og þeim sjálfum sýndist, ekki víst að þeir mundu taka tillit til okkar verndar- og friðunaraðgerða, auk þess sem þeir væru ekki bundnir af neinum samningum um hámarksafla. Og væntanlega mundi þá ekki vera sinnt um þau samningsákvæði, sem eru í þessum drögum, að þorskaflinn skyldi aldrei vera meiri en 5000 lestir, heldur mundu þeir þá vafalaust veiða margfalt meira af þorski, eins og þeir hafa gert um ýmis undanfarin ár.

Þegar þetta er rakið, hvernig samningsstaðan er, og að það er mat okkar, sem að þessu stöðum, stutt af þessum rökum, sem ég nefndi, og mörgum öðrum, að ekki verði náð lengra, þá liggur það fyrir að ekki þýðir að ætla sér að halda áfram samningum að sinni, heldur liggur það nú fyrir Alþ. íslendinga að taka ákvörðun um það, sem fyrir liggur, velja eða hafna. Ein meginástæða í mínum huga fyrir því að samþykkja þennan samning er að það sé hagkvæmara fyrir íslendinga að semja vegna þess að með þeim hætti munu þjóðverjar veiða minna á Íslandsmiðum heldur en án samnings og við höfum betri möguleika til þess að stjórna veiðunum, skipuleggja þær og beita friðunar- og verndaraðgerðum.

Andstæðingar þessa máls byggja fyrst og fremst á einni aðalástæðu. Hún er þessi: Það er verið að gefa þjóðverjum 60 þús. tonn. Ef ekki er samið, þá höfum við 200 mílurnar algerlega fyrir okkur. — Þetta er sú stóra villa, hin alranga forsenda sem í rauninni öll þessi andstaða við samninginn byggist fyrst og fremst á. Lúðvík Jósepsson segir: Við getum varið landhelgina gegn öllum erlendum veiðiþjófum bara með því að beita t. d. klippingum, eins og hefur verið gert nú að undanförnu. — Ég hélt að klippur hefðu verið til í tíð Lúðvíks og þeim hefði verið beitt þá stundum. En þetta var ekkert nýr boðskapur. Við heyrðum meðan hann var sjútvrh. oft og einatt frá honum að við gætum varið landhelgina og jafnvel að bretar væru í þann veginn að flýja af miðunum. En um sömu mundir og hann lýsti þessu yfir, þá greiddi hann hér á Alþ. atkv. með því að semja við breta til tveggja ára og veita þeim heimild til þess að veiða 130 þús. tonn á ári, sem var aðallega þorskur, eins og allir vita. Þessar fullyrðingar hv. þm. fyrr og síðar um, að það sé enginn vandi fyrir okkur að verja landhelgina, hafa bara ekki staðist reynsluna, því að um leið og við berum hið fyllsta traust til landhelgisgæslunnar og vottum þakkir og aðdáun þeim duglegu starfsmönnum þar, sem nú sýna hyggindi, einurð og snarræði, þá verðum við auðvitað að minnast þess að landhelgisgæslunni eru takmörk sett vegna skipakosts og flugvéla m. a. Og reynslan sýnir að jafnvel á þeim tímum þegar landhelgisgæslan gat einbeitt sér að þýsku togurunum, þá veiddu þeir samt sem áður 68 þús. tonn hér við land. Þær tölur, sem hér hafa verið fluttar í þessum umr. um að á þessu ári veiði þjóðverjar ekki meira en 40 þús. tonn, eru óstaðfestar og enginn hefur fengist til að upplýsa þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir hvaðan þær eru fengnar. Við höfum, eins og hæstv. utanrrh. minntist á, gert ítrekaðar tilraunir til þess að fá upplýsingar um þetta frá opinberum aðilum, en ekki fengið. Sennilegast þykir mönnum nú að Lúðvík Jósepsson hafi búið þessar tölur til.

Það kom fram í ræðu hv. 3. þm. Reykn., Gils Guðmundssonar, að Sjálfstfl. hefði ekki af miklu að státa í landhelgismálum, dragbítur hefði hann verið í þeim málum og hann notaði fleiri falleg orð, heybrækur o. s. frv., sem er harla ólíklegt þeim orðprúða manni. Hann vildi halda því fram, að vinstri stjórnin væri upphafsaðili að 200 mílunum, vegna þess að á landhelgisráðstefnunni hefði það mál verið flutt. Ég rengi það ekki að fulltrúar þáv. stjórnar hafi orðað það á landhelgisráðstefnunni að við mundum gjarnan vilja fá 200 mílur. En hins vegar tala bara staðreyndirnar hér heima að þótt þeir hafi orðað þetta einhvers staðar úti í heimi, þá stóðu þeir gegn því hér heima fyrir að Alþ. ákvæði að færa út í 200 mílur á ákveðnum tíma. Sjálfstfl. flutti um það þáltill. fyrir réttum tveimur árum, í okt. 1973, að færa fiskveiðilandhelgina út í 200 mílur eigi síðar en 31. des. 1974. Sú till. fékkst ekki samþ. vegna þess að þáv. stjórnarflokkar voru henni andvígir. En það er ekki aðeins það, heldur lýsti um þessar mundir Lúðvík Jósepsson því yfir í blaði sínu Þjóðviljanum, með leyfi hæstv. forseta, að „í dag stöndum við í baráttu um 50 mílna landhelgi, þessi barátta skiptir nú öllu máli. Hitt er allt annað mál, hvort við íslendingar tökum okkur 200 mílna landhelgi einhvern tíma í framtíðinni, þegar slíkt er heimilt samkv. breyttum alþjóðalögum eða að lokinni hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna.“ Áhuginn var nú ekki meiri þá, í sept. 1973: Við getum fært út í 200 mílur einhvern tíma í framtíðinni.

Herra forseti. Ég skal nú ljúka þessu máli þar sem ræðutíminn er á enda. En ég vil aðeins minnast á það að lokum að hver ræðumaður stjórnarandstöðunnar eftir annan kemur hér upp í ræðustól og talar í nafni allrar þjóðarinnar. Ræðumenn Alþb., Alþfl. og jafnvel SF, allir tala þeir í nafni allrar þjóðarinnar: Öll þjóðin er á móti þessum samningi. Og m. a. vitna þeir í hinn glæsilega og fjölmenna útifund í Reykjavík í dag. Nú vitum við það allir, sem hér sitjum á Alþ., að aðstandendur þess fundar urðu fyrir sárum vonbrigðum vegna þess hve fámennur hann var eða miklu fámennari en þeir höfðu látið sig dreyma um. Og í sannleika sagt er það næsta furðulegt að þegar jafnfjölmenn launþegasamtök boða til fundar eins

og hér var, Alþýðusamband Íslands, Verkamannasamband Íslands, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Sjómannasambandið og öll stjórnarandstaðan, m.a. Alþb. með allt sitt skipulag, þá skyldu þeir ekki fá fjölmennari fund. Þar hafa verið í mesta lagi 4000 manns Það þykir nú ekki mikið hér. Eftir hinum nákvæmustu heimildum, sem unnt hefur verið að afla hér, er það algert hámark að það hafi verið 4000 manns á þeim fundi.

Það er hins vegar ákaflega mikil smekkleysa hjá þeim, sem að þeim fundi stóðu, að boða hann til þess samtímis að mótmæla herskipainnrás breta og þeim samningi sem liggur hér fyrir Alþ., samningsdrögum við vestur-þjóðverja. Það er vitanlegt að allir landsmenn vilja mótmæla ofbeldi og innrás breta. Hitt er annað mál, að þegar þessir menn þykjast tala hér í nafni þjóðarinnar, þá er alveg ljóst mál að það gera þeir ekki.

Hér á Alþ. stendur mikill meiri hl. þings með þessum samningum. Það verða yfir 40 þm. af 60, sem greiða væntanlega atkv. á morgun með þessum samningi. Þessir menn, sem hér tala, hafa ekkert umboð til að tala í nafni íslenskrar þjóðar allrar.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti, góðir hlustendur. Á þeim tíma, sem ég hef til ráðstöfunar að þessu sinni, ætla ég mér ekki að telja upp allar þær afdráttarlausu röksemdir fyrir því að íslendingar taki sér fulla og óskoraða lögsögu yfir auðæfum fiskimiðanna umhverfis landið og sitji einir að hagnýtingu þeirra. Þær röksemdir þekkir hvert einasta mannsbarn í landinu. Á hitt vil ég hins vegar benda, að hver og ein einasta af þessum röksemdum okkar í landhelgismálinu er jafnframt röksemd gegn því að gera samninga um veiðiheimildir við aðrar þjóðir eins og þann samning sem nú liggur fyrir Alþ. Séum við sannfærð um að röksemdir landhelgismálsins séu réttar, rök útfærslunnar í 200 mílur, þá hljótum við jafnframt að vera sannfærð um að þær standi gegn samningum eins og þeim sem nú á að gera. Séu einhverjir annarrar skoðunar, eins og hv. stjórnarsinnar virðast vera, þá er það aðeins til marks um að þá skortir trú á réttmæti vors málstaðar, þá brestur traust á megininntak allrar röksemdarfærslunnar fyrir nauðsyn útfærslu íslensku landhelginnar í 200 mílur.

Þau rök, sem liggja til grundvallar stefnu íslensku þjóðarinnar í landhelgismálunum og útfærslunni í 200 mílur, voru að því er landsmenn töldu smíðuð til þess að nota sem vopn í baráttu okkar við erlendar þjóðir sem eru málstað okkar fjandsamlegar, — gömul nýlenduveldi eins og Bretland og Þýskaland sem heyja gegn okkur sams konar baráttu fyrir því að fá að stunda ránskap á íslenskum náttúruauðlindum og þessar þjóðir hafa háð áratugum saman gegn öðrum smáþjóðum sem reynt hafa að brjótast undan oki arðráns og kúgunar. Röksemdir okkar voru smíðaðar sem vopn í slíkri baráttu, gegn slíkum andstæðingum, móti slíkum úreltum og íhaldssömum viðhorfum um réttmæti frumskógalögmáls, hnefaréttar, aflsmunar og gróðahyggju. Á hinu áttum við hins vegar ekki von, — íslendingar, að þurfa að bregða þessum röksemdum gegn valdstjórn vors eigin lands. En það er einmitt það sem við höfum nú neyðst til að gera. Baráttan fyrir framgangi grundvallarstefnumiða okkar í landhelgismálinu er ekki lengur aðeins háð við skammsýna fulltrúa erlendra stórþjóða. Nú neyðumst við einnig til þess að heyja þessa sömu baráttu við fulltrúa undansláttarstefnunnar í voru eigin landi. Nú er svo komið að við verðum að reyna að sannfæra okkar eigin ríkisstjórn um réttmæti málstaðar Íslands. Svo stór er orðin ógæfa vorrar þjóðar.

Í umræðunum hér á Alþ. í dag og í gær hafa málsvarar ríkisstj., hinir hviklyndu fulltrúar undansláttar og uppgjafarstefnu, lesið það yfir okkur, andstæðingum samninganna við vestur-þjóðverja, að við séum nú að rjúfa þjóðarsamstöðuna um landhelgismálið. En hverjir hafa horfið úr þeirri fylkingu sem mynduð var um íslenskan málstað? Sjálfstfl. bar flokka fyrstur fram kröfuna um útfærslu í 200 mílur og fékk í síðustu kosningum mikinn stuðning kjósenda út á þá stefnu. Og nú spyr ég kjósendur Sjálfstfl.: Hvenær var ykkur gefið til kynna að í þeirri stefnu, sem þið studduð í síðustu kosningum, fælist ákvæði um að hleypa 40 vesturþýskum togurum inn fyrir, ekki 200 mílna línuna, heldur 50 mílna línuna líka? Og ég spyr almenning í landinu sem skipaði sér í einhuga sveit þegar ákvörðunin um 200 mílna útfærsluna var tekin og fagnaði þegar sú útfærsla kom til framkvæmda: Var ykkur kunnugt um það á þeim degi, að þeir, sem skipað höfðu sér í fylkingarbrjóst þjóðarinnar, hefðu á fána sinn markað þau einkunnarorð að við tækjum okkur þennan frumburðarrétt yfir íslenskum auðlindum til þess svo að framselja hann öðrum þjóðum?

Ríkisstj. hefur nú skipað sér undir þetta merki. Með því hefur hún rofið samstöðu þjóðarinnar. Fyrir það skref, sem ríkisstj. steig fram með útfærslunni í 200 mílur, hefur hún nú stigið tvö skref aftur á bak, því að hún ætlar nú að veita einhverjum hörðustu andstæðingum okkar í landhelgismálinu, vestur-þjóðverjum, rétt til veiða á svæðum sem þeir hafa ekki átt rétt á að veiða á til þessa. Og ríkisstj. skyldi ekki undra þótt hún sjái ekki mörg andlit umhverfis sig þegar hún lítur í kringum sig á þeim nýja stað þar sem hún hefur nú haslað sér völl. Þjóðin stendur ekki lengur að baki ríkisstj. eins og þjóðin hefur gert til þessa. Nú er það ríkisstj. sem hefur komið að baki þjóðarinnar.

Því hefur verið haldið fram af hálfu stjórnarflokkanna, m. a. af hv. þm. Þórarni Þórarinssyni hér áðan, að samkomulagið eigi að gera við vestur-þjóðverja til þess að við höfum meira svigrúm til þess að berjast við breta. M. ö. o.: ríkisstj. hyggst gefast upp fyrir þjóðverjum vegna þess að hún ætlar sér að sigra breta. Þetta eru rökin, þetta er afsökunin.

En það hafa fleiri þjóðir átt í örðugri baráttu en við íslendingar, m.a. Bretar sjálfir rétt fyrir miðbik þessarar aldar, og mun staða þeirra þá hafa verið talsvert vonlausari en okkar núna, þegar bretar stóðu einir uppi, rúðir banda-

mönnum, gegn einhverjum öflugustu herveldum þeirra tíma. En hvað skyldi breska þjóðin hafa sagt þá, ef forsrh. hennar, Winston Churchill hefði flutt henni þau skilaboð að nú ætlaði hann að gefast upp fyrir Mússólíni til þess að geta sigrað Hitler? Nei hv. þm. Þórarinn Þórarinsson er enginn Winston Churchill.

En víkjum nú í nokkrum orðum að samningsuppkastinu sem ríkisstj. ætlar Alþ. að samþykkja. Í samningi þessum er þjóðverjum heimilað að taka árlega næstu 2 árin 60 þús. tonna afla af Íslandsmiðum. Þennan afla eiga þjóðverjar m.a. að fá að taka á mikilvægustu veiðisvæðunum út af Vestfjörðum, Vesturlandi og Suðausturlandi og þá m.a. á 25 þús. ferkm svæði innan 50 mílnanna. Þetta segir ríkisstj. að sé til marks um mikla tilhliðrunarsemi af hálfu þjóðverja. En hverjar eru staðreyndirnar? M.a. þær, að hér er samið við þjóðverja um því sem næst sama aflamagn og þeir tóku á Íslandsmiðum á s.l. ári og mun meira en líkur benda til að þeir geti fengið á þessu ári. Og inni í þessari tölu, 60 þús. tonnum, er verið að afhenda þjóðverjum 60% af öllum þeim karfaafla sem fiskifræðingar telja óhætt að taka á Íslandsmiðum. Þetta merkir að sjálfsögðu að ef ráðamenn þjóðarinnar ætla að fylgja þeirri stefnu um vísindalegan fiskibúskap sem þeir hafa látið í veðri vaka að þeir muni gera, þá merkir það að fyrir hvert tonn, sem ríkisstj. heimilar erlendum veiðiskipum að sækja á Íslandsmið, verða íslendingar sjálfir að draga að sama skapi úr sínum eigin veiðum. 60 þús. tonna samningurinn við vestur-þjóðverja jafngildir meðalársafla 20 íslenskra togara, jafngildir því að ríkisstj. taki þá ákvörðun að um 20 íslenskir togarar verði teknir úr umferð á næstu 2 árum. Það er þetta sem ríkisstj. nefnir þýskan undanslátt.

Málsvarar stjórnarflokkanna segja einnig að í samningunum skuldbindi þjóðverjar sig til þess að lúta þeim sérstöku reglum sem íslendingar kunni að setja um verndun fiskstofna, bæði um verndunarsvæði og búnað veiðarfæra. En hverjar eru staðreyndirnar? Þær eru m.a. á þá lund, að þjóðverjarnir fá frest allt fram til 16. ágúst á næsta ári til þess að hætta veiðum með veiðarfærum af minni möskvastærð en 135 mm. Og setji íslendingar strangari reglur um þetta efni, eins og nú er verið að ráðgera, þá fá þjóðverjar heils árs uppþóttunartíma áður en þeir þurfa að lúta þeim reglum. Hér er sem sé um það að ræða að samið er við þjóðverja um forréttindi umfram íslenska fiskimenn. Og þetta nefna málsvarar ríkisstj. þýskan undanslátt.

Þá reyna stjórnarsinnar að fá almenning í landinu til þess að trúa því að samningur við vestur-þjóðverja sé aðeins eitt afmarkað mál. Sannleikurinn er hins vegar sá, að hér er tvímælalaust um stefnumarkandi fordæmi að ræða, sem best sést á því að í fylgiskjali með samningnum er beinlínis gengið út frá því að deilur Íslands við EBE-löndin, þ.á m. breta og belgíumenn, verði leystar á næstu 5 mánuðum. Samningurinn við vestur-þjóðverja er því tvímælalaust fordæmi, boðun um það sem koma skal. Hann er boðun um að það sé stefna ríkisstj. þegar til lengdar lætur að semja við erlendar þjóðir um samtals frá 155 og upp í 180 þús. *tonna ársafla við Ísland.* Það á m.ö.o. að afhenda erlendum þjóðum annan eða þriðja hvern fisk sem óhætt er að veiða á Íslandsmiðum, og landsmenn sjálfir eiga væntanlega að draga úr veiðum sínum að sama skapi, ef það er þá ekki ætlun ríkisstj. að mikilvægustu fiskstofnarnir við Ísland verði örþrota. Frammi fyrir þessum staðreyndum stöndum við. Frammi fyrir staðreyndum semur ríkisstj. Íslands og hefur síðan uppi þá viðbáru, eins og hæstv. forsrh. orðaði í ræðu sinni hér áðan, að alþýðusamtökin á Íslandi, félagasamtök verkafólks og sjómanna, ættu helst ekki að hafa skoðanir á málinu.

Núv. ríkisstj. hefur hrundið þjóðinni fram á barm hyldýpis. Efnahagslegt öngþveiti ræður nú ríkjum á Íslandi. Hreint kreppuástand getur verið á næsta leiti. Slæmar ríkisstj., eins og sú sem nú situr, geta með líkum hætti eyðilagt fyrir okkur samtíðina. En fáar ríkisstj. geta verið svo ógæfusamar að eyðileggja jafnframt fyrir þjóð sinni framtíðina með því að svipta hana voninni. Það er það, sem nú er verið að gera, vegna þess að ef fiskveiðarnar, efnahagsleg undirstaða þjóðarbúsins, verða lagðar í rúst, annaðhvort með því að afhenda útlendingum frumburðarrétt landsmanna til auðæfa íslenskra fiskimiða eða með því að láta allar aðvaranir lönd og leið og stefna að eyðingu fiskimiðanna, þá hafa þessir herrar ekki aðeins breytt þeim dögum, sem nú eru að líða, í dimma nótt, heldur hafa þeir svipt okkur framtíðarvoninni líka. Þá höfum við íslendingar verið sviptir þeim möguleika sem við enn höfum á því að eiga betri tíð í vændum, því að sú von byggist á því að við fáum einir að njóta þeirra takmörkuðu auðlinda fiskimiðanna við Ísland sem enn standa okkur til boða. Með því að svipta okkur þessari von, eins og ég tel að undansláttarstefna ríkisstj. boði, er ekki aðeins efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar í voða, heldur jafnframt framtíð hennar sem frjálsrar og sjálfstæðrar þjóðar.

Undansláttur í landhelgismálinu, eins og aðstæður eru nú, er því undansláttur í stöðugri baráttu smáþjóðar fyrir að viðhalda sjálfstæði sínu. Í slíkri baráttu megum við íslendingar ekki leyfa okkur að taka áhættu á borð við þá sem nú er ætlunin að knýja Alþ. til þess að gera með samþykkt samninganna við vestur-þjóðverja.

Karvel Pálmason: Herra forseti, góðir hlustendur. Fyrir nokkrum dögum hófu bresk stjórnvöld þriðja þorskastríð sitt við okkur íslendinga. Í dag gína fallbyssur hinnar bresku vinarþjóðar yfir starfsmönnum landhelgisgæslu okkar. Í hinum fyrri þorskastríðum höfum við sýnt samstöðu og einbeitni gegn breska ljóninu og algjörlega neitað að láta undan síga gegn valdbeitingu þessa gamla nýlenduveldis. Einbeitni og samstaða landsmanna hefur ásamt góðum málstað verið sterkasta vopn íslendinga sem leitt hefur okkur til sigurs. Þær ríkisstj., sem voru við völd þegar hin fyrri þorskastríð hófust, vinstri stjórnirnar 1958 og 1972, höfðu ótvíræða forustu

um myndun slíkrar þjóðarsamstöðu. Þessu er því miður öðruvísi farið nú. Í stað þess að beita sér af alefli fyrir samstöðu meðal þjóðarinnar efnir hæstv. ríkisstj. beinlínis til ófriðar. Á örlagastundu standa hæstv. ráðherrar og þeir hv. þm., sem þá styðja, vitandi vits að því að skapa alvarlegan ágreining meðal landsmanna í landhelgismálinu. Þetta gera þeir með því að knýja fram þá samninga við vestur-þjóðverja sem hér eru til umræðu, — samninga sem verkalýðshreyfingin í landinu, fjölmörg félagasamtök alþýðumanna til sjávar og sveita, öll stjórnarandstaðan og ýmsir aðrir aðilar hafa lýst eindreginni andstöðu við.

Það er engin furða þótt hæstv. iðnrh. hafi sárnað það sem hefur gerst í þessu máli. Honum hefur sárnað sú mikla mótmælaalda sem risið hefur meðal þjóðarinnar. Hann finnur greinilega þann napra kulda sem að honum streymir nú og þeim öðrum hv. stjórnarliðum vegna þess sem hér á að gera í sambandi við samkomulag við vestur-þjóðverja.

Þessi aðgerð hæstv. ríkisstj. er reyndar í fullu samræmi við forkastanleg vinnubrögð hennar í málinu frá upphafi. Samningarnir, sem gerðir hafa verið við vestur-þjóðverja og ætlunin er að Alþ. samþykki á örskömmum tíma, staðfesta rækilega alla þá gagnrýni sem stjórnarandstæðingar hafa haft í frammi gegn hæstv. ríkisstj. á undanförnum vikum og mánuðum í sambandi við landhelgismálið. Í þessu lífshagsmunamáli allra landsmanna hefur ríkisstjórnin leitast við af fremsta megni að halda leyndum öllum upplýsingum um samningamakk sitt við aðrar þjóðir.

Marghátttaðar samningaviðræður hafa farið fram frá því að þjóðin sameinaðist um útfærsluna í 200 sjómílur fyrr á þessu ári. Í slíkum viðræðum hefur ríkisstj. lagt fram margvísleg tilboð um aflamagn útlendingum til handa. En almenningur í landinu, sem á lífsafkomu sína undir slíkum samningum, hefur mjög lítið og nánast ekkert fengið að vita um gang þessara viðræðna, um það hvað boðið hefur verið og hvað ríkisstj. hefur raunverulega verið að gera. Stjórnarandstæðingar hafa að vísu einstaka sinnum fengið nokkrar upplýsingar um viðræðufundi þessa í landhelgisnefnd, en slíkar upplýsingar hafa þá verið stimplaðar trúnaðarmál í bak og fyrir. Það er þess vegna fyrst nú, 10 vikum eftir að formlegar viðræður voru teknar upp við vestur-þjóðverja um fiskveiðiheimildir innan 200 mílna markanna, að landsmenn geta kynnt sér um hvað hefur verið fjallað í þessum viðræðum. Þetta fá landsmenn fyrst að vita eftir að samningar hafa verið gerðir.

Þótt ég hafi ekki borið sérstakt traust til núv. hæstv. ríkisstj., þá verð ég samt sem áður að játa að ég hefði að óreyndu svarið fyrir að ríkisstj. mundi láta sér til hugar koma að gera þvílíka samninga við vestur-þjóðverja sem raun ber vitni. Þessi samningur er langtum verri fyrir íslendinga en mig hefði órað fyrir að hæstv. ráðherrar mundu ljá máls á, ekki síst með skýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar, svörtu skýrsluna svonefndu, í huga. Þessi skýrsla og sömuleiðis þær skýrslur, sem síðar hafa komið fram, sanna ómótmælanlega að ekkert er lengur til skiptanna milli þjóða á Íslandsmiðum. Skýrslan tekur af öll tvímæli um það, að því aðeins er hægt að semja við útlendinga um afla þeim til handa að afli okkar íslendinga sé beinlínis skorinn niður sem því nemur. Þetta er kjarni málsins. Og jafnvel breskir fiskifræðingar hafa viðurkennt að skýrslan og þar með þessi staðreynd sé rétt. Hæstv. ríkisstj. hefur því með þessari skýrslu haft slíkt vopn í hendi í viðræðum við aðrar þjóðir að það eitt hefði átt að nægja til að sýna útlendingum svart á hvítu að íslendingar hefðu ekki lengur um neitt að semja. En því miður virðist hæstv. ríkisstj. ekki hafa kunnað með þetta vopn að fara. Það ber samningurinn við vestur-þjóðverja glöggt vitni.

En lítum þá nánar á þennan samning. Af þeim fjölmörgu atriðum, sem gera það að verkum að SF eru eindregið á móti samningnum, vil ég hér sérstaklega benda á eftirfarandi:

Í fyrsta lagi aflamagnið. Samningurinn gerir ráð fyrir að vestur-þjóðverjar veiði hér við land allt að 60 þús. tonn á ári næstu 2 ár, þar af 5 þús. tonn af þorski. Raunverulegt aflamagn vestur-þýskra togara á Íslandsmiðum hefur farið minnkandi með ári hverju nú að undanförnu. Árið 1973 veiddu þeir tæplega 92 þús. tonn, árið 1974 nam afli þeirra á Íslandsmiðum 68 þús. tonnum og líklegt þykir að afli þeirra fari ekki yfir 40 þús. tonn á þessu ári. Stór hluti þessa aflamagns hefur verið tekinn fyrir utan 50 mílur. Nú samkv. samkomulagi við vestur-þjóðverja á að taka mikið af honum fyrir innan 50 mílur.

Með samningum við vestur-þjóðverja er þeim heimilt að veiða 50% meira á Íslandsmiðum á næstu tveimur árum en þeim hefur tekist að veiða með ólöglegum hætti á yfirstandandi ári. Það er alveg ótrúlegt, en því miður satt, að á sama tíma og fiskifræðingar hamra á því hversu mjög verði að draga úr sókninni í fiskstofnana hér við land skuli ríkisstj. semja við vestur-þjóðverja um 50% aukningu á raunverulegu aflamagni, enda hefur það komað í ljós þegar að bretar telja þetta hagstætt til viðmiðunar fyrir sig í hugsanlegum samningaviðræðum við ríkisstj. En slíkar viðræður munu örugglega fara fram á þeim 5 mánaða tíma sem ríkisstj. hefur augljóslega gefið sér með þessum samningi til þess að ná samkomulagi við breta. Hattersley telur að með hliðsjón af samningnum við vestur-þjóðverja sé sambærileg tala fyrir breta 95 þús. tonn. Þetta hafið þið, hlustendur góðir, vonandi heyrt og séð í sjónvarpinu í gærkvöld.

Í öðru lagi eru það veiðisvæðin. Samningurinn gerir ráð fyrir því að á mjög stóru svæði úti fyrir Vestfjörðum og allt suður fyrir Reykjanes og fyrir utan sunnanverða Austfirði sé landhelgin í reynd ekki færð út, heldur inn. 200 mílna útfærslan gildir alls ekki fyrir svæðið allt frá Kögri suður fyrir Reykjanes. Á því svæði er landhelgin þvert á móti færð inn. Vestur-þjóðverjar fá að veiða eins og þeir vilja á þessu svæði milli 50 og 200 mílnanna, og á þremur mjög mikilvægum svæðum út af Vestfjörðum, Vesturlandi og Reykjanesi fá þeir einnig að veiða langt fyrir innan 50 mílna mörkin, eða frá Kögri að Barða inn að 34 mílum, fyrir utan Breiðafjörð inn að 40 mílum og sunnan við Reykjanes inn

að 23 mílum. Auk þess fá þeir svo heimild til þess að veiða inn að 25 mílum undan Suðausturlandi. Og þessi veiðisvæði eru vissulega ekki valin af handahófi. Þessi svæði eru öll viðurkennd mikil veiðisvæði. Svæðið út af Vestfjörðum er eitt dýrmætasta svæðið, ekki bara ufsa- og karfasvæði heldur líka þorsksvæði. Þetta svæði á að vera opið hálft árið. Fyrir þessi svæði er svonefnd útfærsla í 200 mílur því mesta öfugmæli sem ég hef heyrt. Þar hefur núv. hæstv. ríkisstj. ekki fært landhelgina út í 200 mílur, heldur inn. Hún hefur þvert á móti fært hana inn í allt að 23 mílur. Ég hélt að þegar ákveðið var að færa fiskveiðilandhelgina út í 200 mílur ætti sú útfærsla að gilda fyrir allt land og þá eins fyrir Vestfirði. Nú hefur komið í ljós að svo var ekki.

Í þriðja lagi er það skipalistinn. Með samningnum fylgir listi yfir 40 vestur-þýska togara sem eiga að fá heimild til að veiða innan fiskveiðilandhelginnar. Talsmenn ríkisstj. tala mikið um það hér að verksmiðju- og frystitogarar séu útilokaðir. Staðreyndin er hins vegar sú, að um borð í ýmsum togara þessara, sem fá eiga veiðileyfi, eru fiskimjölskvarnir, en ekkert ákvæði er í samningnum um að bannað sé að nota þær. Þarna er smuga sem vestur-þjóðverjar munu örugglega notfæra sér, og þar með hefur ríkisstj. fallið frá því grundvallaratriði sem samningaviðræður vinstri stjórnarinnar við vestur-þjóðverja strönduðu kannske öðru fremur á þ. e. að leyfa enga slíka vinnslu um borð í vestur-þýskum togurum á Íslandsmiðum.

Í fjórða lagi eru það ákvæðin um friðunarsvæði. Þar virðist mér augljóst að þótt vestur-þjóðverjar muni virða bundin friðunarsvæði, þá er með öllu óvíst hvort þeir hlýða skyndilokunum, og hæstv. utanrrh. hefur ekki gefið viðhlítandi svör þar um. En hæstv. dómsmrh. viðurkenndi í umræðum í dag að engin trygging væri fyrir því að þjóðverjar virtu slíka friðun. Hún á einungis samkvæmt samkomulaginu að gilda fyrir íslendinga. Það er því rangt, sem hæstv. forsrh. og iðnrh. sögðu hér áðan, að í samkomulaginu sé viðurkenning á skyndifriðun. Sú stefna er nú ríkjandi að grípa í vaxandi mæli til skyndifriðunar, þ. e. að loka svæðum með örskömmum fyrirvara, en fækka bundnum friðunarsvæðum. Þess vegna er mjög alvarlegt að skýr ákvæði um þetta efni skuli vanta í samninginn við vestur-þjóðverja.

Í fimmta lagi er skýrt tekið fram í samkomulaginu að vestur-þjóðverjar viðurkenni á engan hátt 200 mílna fiskveiðilögsöguna við Ísland. Það mætti kannske líta á það sem gild rök fyrir einhvers konar samningum til bráðabirgða ef í þeim fælist skýr og ótvíræð yfirlýsing um viðurkenningu á 200 mílna mörkunum. En að gera samning sem þvert á móti felur í sér afdráttarlausa yfirlýsingu um, að engin slík viðurkenning sé fyrir hendi, er að kóróna skömmina.

Í sjötta lagi er það hin margfræga bókun 6 í samningnum við Efnahagsbandalag Evrópu. Fyrr á þessu ári áttu sumir hæstv. ráðh. ekki nógu sterk orð til að lýsa því að alls ekki kæmi til greina að gera nokkurn samning við vestur-þjóðverja né aðra aðila í Efnahagsbandalaginu nema gegn því ófrávíkjanlega skilyrði að bókun 6 kæmi til framkvæmda strax. Þessi afstaða hæstv. ráðh. kom skýrt fram hvað eftir annað, m. a. í viðtölum í Morgunblaðinu, og var hún að fullu og öllu í samræmi við þjóðarviljann. En fyrir nokkru þagnaði þessi ráðherrasöngur. Í samningnum við vestur-þjóðverja sjáum við ástæðuna, því að í honum er ekkert ákvæði um að bókun 6 skuli taka gildi. Þar er heldur ekkert ákvæði um að samningurinn við vestur-þjóðverja skuli þá fyrst koma til framkvæmda þegar bókunin taki gildi. Nei, það eina, sem fram kemur í samningnum um þetta efni, er að aðilum sé heimilt að fresta frekari framkvæmd samningsins eftir 5 mánuði frá gildistöku hans hafi bókun 6 þá ekki tekið gildi. Það er því líkara sem hæstv. forsrh. sagði hér áðan að samkomulagið frestaðist sjálfkrafa. Ráðherrarnir hafa því í þessu sem og öðru kyngt öllum stóryrðum enn einu sinni.

Af þeim ástæðum, sem ég hef nú rakið, og ýmsum öðrum eru SF algjörlega andvíg þessum samningi og telja hann stórhættulegan fyrir íslenskt efnahagslíf og sjálfstæði íslensku þjóðarinnar. Þessi samningur er enn frekari ógnun við lífskjör almennings og efnahagslegt sjálfstæði íslendinga vegna þess að hér er augljóslega einungis um upphaf á undanþágusamningum við útlendinga að ræða. Þetta er aðeins byrjunin á undanhaldi ríkisstj., forsmekkur þess sem koma skal. Það er þannig alveg augljóst að í kjölfar þessa samnings kemur samningur við Bretland. Það fer ekki á milli mála að þann 5 mánaða tíma, sem liða á frá gildistöku samningsins og þar til fresta má frekari framgangi hans ef bókun 6 verður ekki komin til framkvæmda, hyggst ríkisstj. nota til að ná samkomulagi við breta.

Væntanlega hafið þið, góðir tilheyrendur, tekið eftir orðum hæstv. iðnrh. áðan í þessu sambandi, hann sagði orðrétt: „Ekki halda áfram samningum að sinni.“ Þetta er alveg skýrt og því hefur ekki verið mótmælt.

Hæstv. ríkisstj. hefur fært fram sem eina af höfuðorsökum með þessu samkomulagi að með því væri verið að einangra breta og landhelgisgæslan gæti því einbeitt sér að þeim. Eigi þessi rök að fá staðist, þá ætti að vera auðvelt að fá um það yfirlýsingu frá hendi hæstv. ríkisstj. að engir samningar verði gerðir við breta. Hæstv. forsrh. var beðinn um slíka yfirlýsingu í umr. í gær. Hún kom ekki. Og hún kemur örugglega ekki, því að sá fimm mánaða aðlögunartími, sem þjóðverjar fá hér við land samkvæmt samkomulaginu, er ætlaður til að ná samkomulagi við breta. Væri svo ekki, þá er samningurinn við vestur-þjóðverja um að veiða hér við land í 5 mánuði án þess að bókun 6 komi til framkvæmda út í hött. Það liggur því í augum uppi að þessi samningur er til þess gerður að geta á grundvelli hans samið við breta svo að bókun 6 nái fram að ganga.

Þá eru samningar við belga og norðmenn á lokastigi. Örugglega verður samið við færeyinga einhvern tíma á næstunni. Og samningar við fleiri þjóðir kunna að koma til síðar.

Það, sem ríkisstj. hefur þegar boðið öðrum þjóðum, nemur nú alla vega 140—150 þús. tonnum á ári. Fiskifræðingar hafa tekið það skýrt

fram að ekki megi veiða meira en tæplega 400 þús. tonn á Íslandsmiðum á næsta ári ef koma eigi í veg fyrir hrun fiskstofnanna. Íslensk skip eiga auðvelt með að veiða allan þennan afla, enda er afkastageta þeirra umfram þessi aflamörk. Tilboð ríkisstj. sem þegar eru kunn, fela því í reynd í sér skerðingu á afla íslenskra skipa um 40% á næsta ári. Það er verið að afhenda útlendingum a. m. k. 40% þess afla sem íslensk skip gætu hæglega veitt á Íslandsmiðum næstu árin.

Ljóst er að ef ríkisstj. hyggst ekki varpa skýrslu fiskifræðinganna í ruslakörfuna verður hún að gera annað af tvennu: að taka fyrir afla útlendinga eða skera niður afla íslendinga sem veiðiheimildum útlendinga nemur. Annaðhvort verður að gera. Ríkisstj. virðist hafa valið þann kostinn að skera niður afla íslendinga.

Enginn þarf að vera í vafa um að sú stefna að semja við útlendinga og skera síðan niður aflamagn íslendinga felur í sér alvarlega árás á lífskjör íslensku þjóðarinnar. Hún getur ekki leitt til annars en efnahagslegrar kreppu hér á landi, — kreppu sem leiða mun til atvinnuleysis og kjaraskerðingar. Þeir menn, sem nú eru að stíga fyrsta alvarlega skrefið í þessa átt, þeir menn, sem eru af fúsum og frjálsum vilja að afhenda útlendingum hluta af lífskjaragrundvelli landsmanna, bera því þunga ábyrgð. Þeir eru í fullri andstöðu við yfirgnæfandi meiri hluta þjóðarinnar. Þeir eru í fullri andstöðu við hin fjölmennu samtök launafólks í landinu. Þeir eru á rangri og hættulegri leið sem kalla mun efnahagskreppu yfir þjóðina. Ég vil því eindregið hvetja hæstv. ríkisstj. til þess að nema staðar áður en hún fer með þjóðina fram af hengifluginu. Ég vil skora á alla hv. þm. að sameinast um að leggja þennan samning til hliðar og mynda þá þjóðarsamstöðu sem mun tryggja okkur sigur í þriðja þorskastríðinu og jafnframt treysta grundvöll efnahagslegs sjálfstæðis og velmegunar íslensku þjóðarinnar. — Góða nótt.

Að loknum útvarpsumr. var umr. fram haldið.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég kemst ekki hjá því í upphafi þessarar ræðu minnar að vekja athygli á tveimur atriðum í stuttri ræðu hæstv. utanrrh. fyrr í kvöld.

Í fyrsta lagi á því er hann kvaðst draga í efa að andstaðan gegn samningsuppkasti því, sem hér liggur fyrir, væri eins mikil og við stjórnarandstæðingar vildum vera að láta. Kvaðst hann ætla, ef málið væri borið undir þjóðaratkvæði, að þá yrði mjótt á mununum. Ef þetta er ætlan hæstv. utanrrh., þá er það hyggja mín að hann muni ekki mæla gegn því að málið verði lagt undir þjóðaratkvæði. Ef hann legst gegn því að málið verði lagt undir þjóðaratkvæði, þá hlýtur það að stafa annað tveggja af því að hann sé í rauninni efins um að hann hafi rétt fyrir sér, að hann sé hræddur um að munurinn yrði miklu meiri en hann gefur í skyn, ellegar þá af því að hann vilji ekki lýðræðislega afgreiðslu málsins.

Hitt atriðið, sem ég ætla að drepa á í upphafi máls míns, varðar mismun á svari sem hæstv. utanrrh. gaf hv. þm. Steingrími Hermannssyni í gær við spurningu um það hversu fara mundi ef bókun 6 kæmi ekki til framkvæmda að fimm mánuðum liðnum, hvort þjóðverjar færu þá út fyrir með togara sína. Þá svaraði hæstv. utanrrh. með einu snjöllu jái. Hv. þm. Ragnar Arnalds ítrekaði þessa spurningu í kvöld og bað um ítarlegt svar. Þá svaraði hæstv. ráðherra á þá leið að ef bókun 6 kæmi ekki til framkvæmda á tilskildum tíma, þá mundi ríkisstj. segja samningunum upp, og þá er það skoðun mín, sagði hæstv. utanrrh. að þjóðverjar eigi að fara út fyrir. Sem sagt: prívat og persónuleg skoðun hæstv. ráðherra, á sama hátt og það var prívat og persónuleg skoðun hæstv. fors- og dómsmrh. á sínum tíma, Ólafs Jóhannessonar, að bretar ættu að hætta veiðum innan 50 mílna markanna okkar 13. þ. m. eins og hann sagði þegar hann kom heim frá Lundúnum. Og þetta prívat og persónulega álit hans var látið gilda sem svonefnd lögskýring og notað sem samningsákvæði þar til annað kom í ljós.

Nú mundi ég náttúrlega, ef ég væri ekki eins prúður ræðumaður og drengilegur og raun ber vitni um, geta lagt út af þessum mismun á þá lund að hægt sé að segja sannleikann á þann hátt að hann hafi lítið gildi, að menn geti sagt satt án þess að það sé að marka eiginlega hvað menn segi. Þetta er ákaflega þýðingarmikið atriði sem hér er fjallað um. En mér kemur ekki til hugar að leggja þannig út af þessum mismun. Ég vil aðeins vekja athygli á honum vegna þess að mér þykir hann benda eindregið til þess að það sé varlegra að hafa þetta allt saman skrifað, — einnig vegna þess að þegar hæstv. utanrrh. svaraði hv. þm. Ragnari Arnalds hér í kvöld, skömmu fyrir kvöldmatinn, þá var hv. þm. Steingrímur Hermannsson ekki viðstaddur, og ef svo skyldi nú í rauninni vera að þetta atriði, að það sé tryggt að þjóðverjar fari út fyrir að 5 mánuðum liðnum hafi bókun 6 ekki komið til framkvæmda, gæti ef til vill orðið þess valdandi að hann endurskoðaði nú enn einu sinni afstöðu sína til samningsins, þessa samnings þar sem ráðgert er að heimila vestur-þjóðverjum veiðar á 60 þús. tonnum af fiski sem þeir mega taka af miðunum okkar árlega í 2 ár. Hér er um að ræða fiskmagn sem mundi nægja handa 20 af skuttogurunum okkar í 3 þús. tonna ársafla, — mundi að vísu ekki nægja handa Ögra og Vigra, en vel handa 500 tonna skuttogurunum okkar þannig að þeir skiluðu arði og teljast ágætis afli á íslenskan mælikvarða af karfa og ufsa. Þetta aflamagn, sem mundi nægja 20 íslenskum skuttogurum, ætlar sem sagt ríkisstjórnin og stuðningsmenn hennar að afsala í hendur vestur-þjóðverjum, samtímis því sem þeir ræða af fullri alvöru og festu um að við þurfum af fiskverndarástæðum að selja íslensk fiskiskip, rífa þau eða brenna til að koma í veg fyrir ofveiði.

Hæstv. dómsmrh. Ólafur Jóhannesson vék að þessu með skipastólinn í sinni skemmtilegu ræðu áðan. Ég hygg að ég muni seint þreytast á því að hrósa hæstv. ráðh. fyrir mjög skemmtilegan og notalegan ræðustíl. Hann vék að þessu með skipastólinn áðan, og kankvísa og vingjarnlega brosið hans hvarf meira að segja af ásýnd hans að mestu á meðan hann hnykkti á orðunum eins og hann gerir þegar hann ætlast sérstaklega til þess að honum sé trúað, og hann sagði að hann væri

alls ekki þeirrar skoðunar að við íslendingar ættum of mörg fiskiskip, — að hann væri alls ekki þeirrar skoðunar. Ég hefði raunar trúað honum ef hann hefði verið að mæla gegn þessu samningsuppkasti þegar hann sagði þetta, ef hann hefði verið að mæla gegn því og haft að baki sér fylgi Framsfl., þá hefði ég trúað því að við þyrftum ekki að fækka í fiskiskipastólnum okkar, — ef hann hefði verið að mæla gegn þessum samningi, þar sem ætlað er að við afsölum okkur 60 þús. tonna afla, 20 skuttogara afla, af fiskstofnum sem okkar eigin fiskiskipastóll gerir betur en að nægja til að fullnýta og ef hann hefði þá ekki í þessari sömu ræðu líka boðið álíka samninga við breta, belgíumenn, færeyinga, norðmenn og jafnvel austur-þjóðverja, pólverja og rússa, en hann undanskildi ekki þá þrjá síðastnefndu þegar hann sagði að vitaskuld yrði samið. Skilyrði fyrir því, að við þurfum ekki að fækka í fiskiskipastól okkar, er beinlínis það að við fellum þetta samningsuppkast hér á hv. Alþ.

Hv. þm. Steingrímur Hermannsson, sem kvaddi sér hljóðs við umr. í gær, hafði við höndina skýrslu sem hann hefur sjálfur látið gefa út í bókarformi á vegum Rannsóknaráðs ríkisins. Þessi skýrsla geymir athugun sérfræðinga á stöðu sjávarútvegs á Íslandi. Og í þessa skýrslu vitnaði hv. þm. eðlilega til sönnunar þeirri skoðun sinni eða öllu fremur til áréttingar þeirri skoðun sem hann byggir á niðurstöður skýrslunnar, að fiskiskipastóll okkar sé of stór fyrir þá sókn sem fiskstofnarnir okkar þola. Það var í gær sem hv. þm. talaði og hélt þessa ræðu, daginn eftir að hann hafði ákveðið að styðja þetta samningsuppkast, og hann hagaði málflutningi sínum náttúrlega í samræmi við það. Daginn áður, í fyrra dag, ætlaði hann, að eigin sögn, að leggjast gegn þessari samningsgerð. Hefði hann talað þá, þá hefði hann notað þessa sömu skýrslu sem sönnunargagn fyrir því að við mættum alls ekki leyfa útlendingum neinar veiðar innan íslensku fiskveiðilögsögunnar. En hann skipti sem sagt um skoðun og ákvað að styðja samningsuppkastið og notaði þess vegna skýrslu Rannsóknaráðs og niðurstöðurnar af athugun Hafrannsóknastofnunarinnar til stuðnings þeirri skoðun sinni að íslendingum bæri að fækka heldur í fiskiskipastól sínum.

Hv. þm. Steingrímur Hermannsson tilgreindi fyrst og fremst tvær ástæður fyrir þeim sinnaskiptum sem hann hafði tekið í málinu.

Fyrri ástæðan var sú að hann hefði komist að þeirri niðurstöðu að íslendingar gætu ekki varið landhelgina, gætu ekki komið í veg fyrir að þjóðverjar tækju meiri afla af miðunum okkar ófrjálsri hendi en þann sem þeim er ætlaður með þessu samningsuppkasti. Þessi skýring er að vísu ekki alveg fullnægjandi. Við vissum það flestir fyrr en á þriðjudag að bretar mundu senda herskip inn í fiskveiðilögsögu okkar. Hv. þm. hlýtur að liggja á einhverjum upplýsingum til viðbótar varðandi landhelgisgæsluna okkar sem hann vill ekki láta uppi. Gæti hugsast að honum hefði verið trúað fyrir því að það ætti ekki að beita þessum varðskipum okkar af því afli sem hægt væri.

Önnur eða öllu heldur hin ástæðan, sem hv. þm. tilgreindi fyrir sinnaskiptum sínum, var sú, að andstæðingar þessa samningsuppkasts beittu þess háttar baráttuaðferðum að hann vildi ekki skipa sér í þeirra hóp og þessar ógeðfelldu baráttuaðferðir hefðu einmitt komið í ljós á þriðjudag. Það, sem segja má að hafi komið í ljós á þriðjudag betur en áður varðandi afstöðu stjórnarandstæðinga til þessa samnings, var fyrst og fremst að þeim var og er fullkomin alvara í því að gera sitt ítrasta til að koma í veg fyrir samþykkt þessa samnings. Og það má hver sem vill trúa þessum afsökunum hv. þm. Steingríms Hermannssonar, en það er erfitt fyrir þá sem þekkja manninn. Ég ætla að það verði erfitt fyrir flesta þá sem þekkja hann að trúa því að hann vilji ekki heldur freista þess að reyna að verjast ránskap en afsals eignum með bukki í hendur ofbeldismönnum.

Ég trúi því ekki heldur að hv. þm., slíkt skaplindi sem hann hefur, hafi beinlínis hætt við að berjast gegn samþykkt þessarar þáltill. eða þessa samnings, sem hann veit með rökum að er okkur hættulegur, vegna þess að þá hefði hann orðið samherji okkar hinna sem er alvara með andstöðu okkar, að hann hafi ekki viljað skipa sér í hóp þeirra hv. alþm. sem ætla að beita öllum löglegum ráðum til að koma í veg fyrir gjörð þessa hættulega samnings. Þessari afsökun trúi ég ekki, hreint og beint vegna þess, að ef hún væri sönn, þá þýddi hún það að hv. þm. Steingrímur Hermannsson hefði ætlað sér að vera á móti þessum samningi ef hann gæti sloppið með það að þykjast að vera á móti honum, en hætt við það þegar hann sá fram á að hann slyppi ekki með það, heldur mundi neyðast til að vera á móti honum í alvöru. Ég trúi ekki þessari skýringu, beinlínis vegna þess að hún kemur ekki heim og saman við mannsins karakter. Það er sjálfsagt erfitt að vera ritari Framsfl. þessa dagana og halda samt áfram að vera maður.

Sannleikurinn í málinu er náttúrlega sá, að þm. Framsfl. stóðu andspænis gerðum hlut þegar hæstv. utanrrh. Einar Ágústsson kom heim með samningsuppkastið frá Bonn. Þeir höfðu áður, eins og tíðkast hjá þeim, veitt ráðh. flokksins umboð til þess að semja, til þess að leysa mál á eigin spýtur, ráða fram úr máli og semja við vestur-þjóðverja upp á þau býti sem ráðh. þóknaðist. Einar Ágústsson fór með áskrifaða, en óútfyllta ávísun frá þm. Framsfl. til samninganna í Bonn. Það mun að vísu ekki hafa verið á þeim flokksfundi, þar sem skrifað var á ávísunina, en óánægjan innan þingflokks Framsfl. með þetta samningsuppkast var slík að ekki var hægt að leyfa ritara flokksins neins konar frískpil í málinu. Ef hann fengi að taka afstöðu samkv. sannfæringu sinni, þá vildu fleiri fá að gera það og þar með hefði þetta samningsuppkast fallið á sannfæringu Framsfl.

Þm. Framsfl. stóðu frammi fyrir gerðum hlut þar sem var þetta samningsuppkast sem Einar Ágústsson kom með heim frá Bonn, á sama hátt og þeir munu innan nokkurra vikna eða nokkurra mánaða standa frammi fyrir gerðum hlut í mynd samningsuppkasts við breta sem mallað verður á bak við tjöldin á meðan bresku herskipin vernda veiðiþjófa vina okkar í Atlants-

hafsbandalaginu á grunnslóðinni okkar. Og með sama hætti verða hv. þm. Framsfl. látnir rétta upp höndina með þeim samningi. Með álíka röksemdum munu þeir afsaka það að þeir skipi sér ekki í sveit þeirra manna sem vilja kosta því, sem við eigum, til þess að verja landhelgina og vernda lífshagsmuni okkar.

Hæstv. dómsmrh. Ólafur Jóhannesson sagði í ræðu sinni, það var í þeim kaflanum þar sem hann brosti ekki, að hann hefði ekki laumast neitt til Lundúna í des. 1973 þegar hann fór að ræða við Heath forsrh. Hann endurtók að vísu ekki þau ummæli sem hann viðhafði áður en hann fór, rétt áður en hann fór, samdægurs og hann fór, en þau voru á þá lund að hann væri alls ekki að fara til neins konar samningaviðræðna, ætlaði alls ekki að gera neins konar samning, heldur aðeins að kanna möguleika á samningaviðræðum. Þessi ummæli rifjaði hann ekki upp. En hann sagði í ræðu sinni, og ég held að eilítinn gremjuskugga hafi dregið yfir ásýnd hans, hann sagði: Ég kom ekki heim með neinn samning, ég kom heim með samningsdrög. Og hæstv. dómsmrh. sagði að hann hefði ekki gert þá kröfu til neins þm. stjórnarliðsins að hann greiddi atkv. með þessum drögum, að það hefði öllum verið frjálst hvernig þeir greiddu atkv. Hann brosti ekki þegar hann sagði þetta. Ásýnd hans var mjög alvarleg. Svo bætti hann því við að honum hefði verið ljóst að ráðh. Alþb. hefðu verið þessum samningum mótfallnir þó að þeir samþ. þá.

Hér játaði hæstv. forsrh. náttúrlega það sem hann veit að satt er, sem allir vita að satt er, að Alþb. átti tveggja kosta völ: að gjalda jáyrði sitt við þessum samningsdrögum eða víkja úr ríkisstj. ella, og fyrri kosturinn var tekinn vegna þess að hitt blasti við, að þá mundi Ólafur Jóhannesson mynda tafarlaust ríkisstj. með Sjálfstfl. og í sameiningu mundu þessir tveir flokkar leiða landhelgismálið til þeirra lykta sem nú er verið að leiða það. Ég ítreka þá skoðun mína að Alþb. hefði betur tekið seinni kostinn.

Hæstv. dómsmrh. skírskotaði til með-ráðh. sinna úr Alþb. og eggjaði þá nú lögeggjan að bera vitni um það hvort hann hefði ekki verið heill í stjórnarsamstarfinu í vinstri stjórninni, hvort hann hefði verið tvöfaldur í því stjórnarsamstarfi. Ég veit það ekki, það má vel vera að þeir stígi upp í þennan ræðustól og geri það, votti slíkt. Það yrði náttúrlega reynslustund fyrir mig að heyra annan hvorn ráðh. Alþb. bera vitni um einlægni hæstv. dómsmrh. Ólafs Jóhannessonar í vinstristjórnarsamstarfinu. En reynist það nú samt svo, að hann hafi verið einlægur í vinstristjórnarsamstarfinu, beri þeir vitni um slíkt og reynist það svo, þá óska ég þess í einlægni að ég eigi ekki eftir að sjá hann taka upp tvöfeldni.

Hæstv. dómsmrh. Ólafur Jóhannesson kom sem sagt ekki heim með samning frá Lundúnum 1973, heldur samningsdrög, á sama hátt og hæstv. utanrrh. kom ekki með samning frá Bonn, heldur samningsdrög. Og verði þessi samningsdrög samþ., þá fá vestur-þjóðverjar sem sagt að taka 20 skuttogara árafla af miðunum okkar næstu 2 árin, — 20 skuttogara afla á ári næstu 2 árin. Við blasir og er raunar viðurkennt, að samningur þessi muni leiða til þess að færeyingum verður úthlutað 5 skuttogara afla, belgíumönnum 2 skuttogara ársafla, norðmönnum 1 skuttogara ársafla og síðan, úr því að öllum landhelgisdeilum lýkur með samningum, sagði dómsmrh., síðan verður bretum úthlutað 22—30 skuttogara ársafla. Svo getum við eflaust ætlað rússum, pólverjum og austur-þjóðverjum samtals a. m. k. 10 skuttogara afla, — ef farið væri eftir magninu sem vestur-þjóðverjar fá, þá yrði þetta að vísu 60 skuttogara ársafli, en við skulum í þessu tilfelli nefna 10 skuttogara afla. Lágmarksafleiðing af samningsgerðinni við vestur-þjóðverja verður sem sagt 3 þús. tonna ársafli handa 63 skuttogurum í 2 ár. Ef hæstv. dómsmrh. Ólafur Jóhannesson hefði verið að mæla gegn þessum samningi við vestur-þjóðverja og boðað andstöðu flokks síns við samninginn, þá hefði ég tekið undir þau ummæli hans að við ættum ekki of mörg skip. En nú hefur hæstv. ráðh. liggjandi á borðinu fyrir framan sig skýrslu sem hann vefengir alls ekki sjálfur, þar sem staðhæft er að fiskstofnarnir okkar séu ofveiddir svo að við þurfum að halda aftur af aflagetu okkar eigin skipa og yrðum að gera það þó svo við sætum einir að miðunum, ef við ætluðum ekki að mylja sjálfan grundvöllinn undan efnahagsafkomu okkar með eyðileggingu fiskstofnanna á næstu 2 árum. Afli, sem við afsölum okkur handa vestur-þýskum togurum, 20 vestur-þýskum togurum, þýðir beinlínis það að við verðum að fækka okkar eigin togurum úr 70 í 50. Afli handa 63 útlendum togurum þýðir það, að við verðum að fækka okkar eigin togurum úr 70 í 7. Mér er ljóst að hæstv. ráðh. munu tæpast finna fyrir því að ráði í launum sínum þó að fáeinir togarafarmar fari forgörðum af miðunum okkar og e. t. v. síst af öllu þeir ráðh. sem taka þriðjung prófessorslauna í ofanálag — og ég vek athygli hæstv. dómsmrh. á því að ég brosi þegar ég segi þetta.

En sjómennirnir okkar, munu þeir finna meira fyrir þeim missi? Sjómennirnir okkar munu finna meira fyrir þeim missi, og verkafólkið mun finna illa fyrir honum. Hvert einasta fiskiþorp mun finna fyrir honum, og meira að segja skagfirskir bændur munu finna fyrir honum. Ársafli 10 skuttogara í hendur útlendingum skiptir mjög miklu máli fyrir sjómenn og verkafólk á landinu öllu. 20 skuttogara ársafli útlendra togara, eins og hér er verið að semja um, mun kalla eymd yfir alþýðu þessa lands, og samningarnir, sem á eftir koma um ársafla handa 43 útlendum togurum til viðbótar, munu leiða til algjörs efnahagshruns á þessu landi.

Hæstv. dómsmrh. Ólafur Jóhannesson játaði af fullkomnum drengskap í ræðu sinni að verkalýðssamtökunum í landinu kæmu þessir samningar sennilega dálítið við. Hann sagði að þeim samtökum væri vitaskuld frjálst að fjalla um þessi mál. Þetta bendir til þess að hv. þm. Þórarinn Þórarinsson, form. þingflokks Framsfl. og formaður útvarpsráðs, hafi e. t. v. látið

hjá líða að minnast einu orði við hæstv. dómsmrh. og formann Framsfl. á þá ráðstöfun sína, þá snilld sína að koma í veg fyrir að þessi samtök, forustumenn þessara samtaka gætu náð til fólks síns á eðlilegan hátt í dag til þess að ræða þessi alvarlegu mál við það. En hæstv. dómsmrh. lagði ríka áherslu á að það væri Alþ. íslendinga sem ætti að leiða þetta mál til lykta. Það var þá sem sjómannaskólapiltur hérna uppi á pöllunum varpaði fram þeirri spurningu hvort Alþ. væri hugsanlegt án þorsks. Mér fannst þetta býsna greindarleg spurning eins og á stóð, þegar fjallað var um þetta mál. Hæstv. dómsmrh. svaraði spurningu gestsins sem stóð þarna uppi á pöllunum og gat ekki útskýrt spurningu sína frekar, — hann svaraði gestinum með því að kalla hann sjálfan þorsk og hann um það. Ég held raunar að hann hafi ekki ætlað að vera dónalegur og ekki sýna gesti okkar ókurteisi, enda samrýmist slíkt ekki geðslagi hæstv. dómsmrh., að alkunnum drengskap hans slepptum. Ég held að hann hafi gert þetta af klaufaskap, fyrirgefanlegum. Ég held að þessi spurning hafi truflað hann eitthvað, að þeirri hugsun hafi kannske allt í einu skotið upp í hæstv. kolli hans, er hann heyrði spurninguna, hversu komið yrði valdi og virðingu hv. Alþ. í þann mund sem síðasti þorskurinn hefði verið drepinn. Mér fannst hann allt að því roðna, þegar hann nefndi þorsk. Páll Ólafsson, sem var ekki aðeins skáld, heldur framsýnn nokkuð, orti einu sinni vísu um þorsk þar á Austfjörðum sem þessi uggajór hafði nú verið uppurinn úr firðinum hans. Hún var svona:

„Það er ekki þorsk að fá í þessum firði,
þeir eru allir uppi á landi og einskis virði.“

Það verður samið við breta líka, það vissum við allir. Hæstv. dómsmrh. þurfti ekki að taka það fram. Og vitaskuld vildum við það allir að hægt væri að koma vitinu fyrir breta, þannig að þeir féllust á það sjónarmið okkar, á þau rök sem þeir hafa liggjandi fyrir sér sjálfir, að við séum ekki aflögufærir um neinn fisk handa þeim. Hæstv. dómsmrh. þurfti ekki að taka það fram, sem við vissum, að það yrði samið við bretana. Honum er líka ljós sá reginmunur sem er á þess háttar samningum, sem hann veit að vestur-þýska plaggið sem nú liggur fyrir okkur mun neyða hann og ríkisstj. hans til þess að gera við breta, og þeim samningum sem sæmilegir og þolanlegir yrðu fyrir fólkið í landinu.

Hæstv. ráðh. vísaði í samninga sem áður hafa verið gerðir varðandi landhelgismálið okkar. Hann vísaði í samninginn frá 1961 þar sem við vorum samdir undir úrskurð Alþjóðadómstólsins í Haag, sem hæstv. ráðh. andmælti þá skörulega sjálfur og hann sagði að andmælt hefði verið af miklu meiri grimmd og með meiri stóryrðum en komið hefðu fram gegn þessu samningsuppkasti, að undanskildum amtmanninum, sagði hann og brosti til mín. En samt sagði hann, hefði þessi samningur verið skref í áttina til sigurs í landhelgismálinu. Hann vitnaði í sinn eigin samning, samningsdrögin sem hann kom með frá London 1973, sem áttu að tryggja okkur að bretar hyrfu af miðunum okkar 13. þ. m., og sagði að sá samningur hefði líka verið skref í áttina til þess að við næðum fullum yfirráðum yfir fiskimiðunum okkar. Og svo sagði hann að á sama hátt yrði samningsuppkastið, sem hér liggur fyrir, skref í áttina til þess, að við næðum fullum yfirráðum yfir fiskimiðunum, — samningsuppkastið þar sem kveðið er á um að vesturþjóðverjar fái heimild til þess að taka innan landhelginnar okkar, innan raunar 50 sjómílna markanna okkar svo að segja þann afla sem þeir vilja, stunda þann veiðiskap með leyfi sem þeir hafa stundað með ránskap fram að þessu. Og svo sagði hann auðvitað að samið yrði á sama hátt við fleiri, þ. á m. við breta, og allir þessir samningar væru skref í þá átt að tryggja íslendingum yfirráð yfir fiskimiðum sínum. Ég veit ekki hvort hæstv. dómsmrh. er kominn í einhverskonar keppni við hæstv. utanrrh. í því að tæpa, ef svo má segja, á grundvallarsanningum í sambandi við þessa samningsgjörð.

En svo bætti hæstv. dómsmrh. ráð sitt og lýsti yfir væntumþykju sinni fornri og nýrri í garð vinstri stjórnarinnar sálugu sem hefði hafið atvinnubyltingu í landinu, — atvinnubyltingu sem þessi ríkisstj. héldi áfram, og þessi ríkisstj., sagði hann, héldi áfram stefnu vinstri stjórnarinnar í landhelgismálinu. Ég er ekki viss um að við eigum að draga frá, ef hér er um stigakeppni að ræða milli þeirra ráðh., draga frá dómsmrh. eitt stig fyrir þessa yfirlýsingu eða hvort við eigum að telja það eins konar sannleik í keppninni, að rök má færa fyrir því að sú ríkisstj., sem nú situr, helmingaskiptastjórnin, þ. e. Framsóknar, heldur áfram stefnu vinstri stjórnarinnar varðandi atvinnuuppbyggingu á nokkurn veginn sama hátt og hún heldur áfram stefnu vinstri stjórnarinnar í landhelgismálinu. Að vísu féllu hjá hv. þm. Ellert B. Schram spakmæli sem geta stutt þessi ummæli hæstv. dómsmrh., þegar hv. þm. sagði og orðaði það svo, að stundum kæmust menn hraðar með því að taka eitt skref aftur á bak en tvö áfram.

Síðar í ræðu sinni kom hæstv. dómsmrh. með lögskýringu. Hann sagði, að þýsku togararnir 40, sem veiða eiga í lögsögunni okkar, væru ekki verksmiðjutogarar. Hann tilnefndi það sem sönnun fyrir því að þetta væru ekki verksmiðjutogarar, að fellt hefði verið niður úr samningsuppkastinu það ákvæði að þeir mættu ekki nota fiskmjölsverksmiðjur sínar til að framleiða fiskmjöl úr hráefni sem til félli umfram slógið úr fiskinum sem þeir veiddu. Með brottnámi þessa ákvæðis úr samningnum er sem sagt ekki lengur minnst þar á neina heimild til að nota fiskmjölsverksmiðjurnar, sem á þá samkv. áliti hæstv. ráðh. að jafngilda því að þeim sé bannað að nota þær. En fiskmjölsverksmiðjurnar verða enn þá um borð í togurunum. Þeir eru ekki bara verksmiðjutogarar vegna þess að ekki eru í samningnum nein ákvæði um það hvað þeir megi bræða í þessum fiskmjölsverksmiðjum. Hæstv. ráðh. sagði að það væru að vísu litlar kvarnir í togurunum, — hann hristi höfuðið yfir því hvað þetta væru litlar kvarnir, — og bætti við: þær eru víðar. Það lagðist nú að mér sá uggur að þjóðverjar kynnu að álykta sem

svo, að úr því að íslendingar heimila togurum með fiskmjölsverksmiðjur um borð að veiða á miðunum sínum, þá sé alls ekki svo fráleitt að nota þær. Ég hygg að vestur-þýskir skipstjórar, togaraskipstjórar, muni varla líta á brottnám þessa ákvæðis sem þeir aldrei vissu að var í neinu samningsuppkasti, — ég er ekki viss um að þeir líti á eyðuna, þar sem þessi athugasemd stóð í samningnum, sem hann gegn því að nota verksmiðjurnar. E. t. v. felst líka í þessum litlu kvörnum um borð í togurunum lausnin á því vandamáli vestur-þjóðverja sem minnst hefur verið á lítils háttar hér á hv. Alþ. Kannske felst hún þar einmitt, lausnin á því vandamáli hvað eigi að gera þegar þeir eru búnir að veiða 5 þús. tonn af þorski og mega ekki veiða meiri þorsk, ef þeir verða búnir að ná 5 þús. tonnum af þorski snemma á veiðitímabili og yrðu samkv. lögskýringu hæstv. ráðh. að hætta þá veiðum áður en þeir næðu 60 þús. tonnum. Kannske felst einmitt í þessum litlu kvörnum möguleikinn til þess að losna við þorskinn sem kemur um borð eftir að 5 þús. tonnin eru fengin, þannig að þeir þurfi ekki að sýna hann í heimahöfn, þannig að þeir þurfa ekki einu sinni að henda honum fyrir borð, þannig að þeir hafi dálítið upp úr honum. Þessir togarar eru verksmiðjutogarar sem staðið var harðast gegn í tíð vinstri stjórnarinnar að hleypt yrði inn fyrir. Þetta eru verksmiðjutogararnir sem ljúka veiðitúrnum á Íslandsmiðum með því að fiska smáfisk í gúanó.

Hæstv. dómsmrh. bauð mér það af vinsemd sinni og glaðlega — ég held í einlægni, ég held að hann hafi meint það — að dómsmrn. fæli mér sérstaklega að fara nú heldur út á sjó, byði mér sérstaklega að taka að mér að fylgjast með veiðum vestur-þjóðverja og þ. á m. notkun þeirra á litlu kvörnunum sínum. Þetta traust þakka ég náttúrlega innilega. En ég hef nú tekið að mér fyrir kjósendur Norðurl. e. að sitja á Alþ. um sinn og fylgjast með starfrækslu annars konar kvarna. Ég hefði hins vegar þegið það ef hæstv. dómsmrh. hefði boðið mér þetta fyrr — eða öllu heldur orðið við beiðni minni fyrr, í tíð vinstri stjórnarinnar, um að veita mér á sama hátt og fyrirrennari hans í fyrri vinstri stjórn veitti mér heimild til þess að fara um borð í varðskip fyrir Ríkisútvarpið til þess að fylgjast með framkvæmd gæslunnar eða beiðni minni um það að hann veitti einhverjum öðrum heimild til þess að fylgjast með störfum landhelgisgæslunnar um borð í skipinu. Þessari beiðni synjaði hæstv. dómsmrh. Hann taldi að andstaða væri gegn því að hafa fréttamenn um borð, andstaða af hálfu skipherra gæslunnar. Þegar það lá svo fyrir að það var síður en svo andstaða af hálfu skipherra á gæsluskipunum, þeim var mjög mikið í mun að fréttamenn væru um borð til þess að fylgjast með störfunum, til þess að hafa aðstöðu til þess að segja satt og rétt frá frammistöðu gæslunnar, segja þá frá því hvað gæslan gerði, segja frá því hvað varðskipunum væri heimilað að gera og hvað þau gætu gert, — þó að þetta lægi fyrir á borðinu, þá var nú þessari beiðni eigi að síður synjað. Fréttamanni frá útvarpinu var að vísu hleypt um borð í eitt varðskipið, en honum var synjað um leyfi til þess að senda fréttir frá skipinu til lands. Þetta er nú að vísu ekki merkilegt innskot. Þó lýtur það að þeim hluta ræðu hæstv. dómsmrh. sem fjallaði um það með hvaða einurð varðskipunum hefði verið beitt til þess að verja landhelgina okkar.

Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir yfirlýsingu hans um það að gæslunni verði beitt af fremsta megni í þeim átökum sem nú eru hafin við breta. Fyrir þessa yfirlýsingu þakka ég honum kærlega. En ég sé mér ekki fært að þakka honum fyrir efndir á sams konar loforðum sem hann hefur gefið oft áður.

Jón Árnason: Herra forseti. Þegar athugað er hvað í þessu samkomulagi um veiðar þýskra togara við Ísland felst og þeir samningar sem í gildi voru milli breta og íslendinga allt til 13. nóv. s. l., ætti það að vera flestum ljóst, sem á annað borð vilja viðurkenna staðreyndir, að það samkomulag, sem hér um ræðir, er að flestu leyti íslendingum hagstæðara en sá samningur sem gerður var árið 1973 við breta.

Þegar tekin eru til athugunar hin einstöku ákvæði samkomulagsins er augljóst, að nú hefur samist um þýðingarmikil atriði sem ekki náðist samkomulag um 1973. Svo sem kunnugt er voru þeir í fyrrv. ríkisstj. ekki allir á einu máli um þann samning og voru við umr. um málið að ýmsu leyti ósammála, þó að lokum færi svo, eins og hv. 2. þm. Austurl. sagði í lok ræðu sinnar hér á hv. Alþ. 8. nóv. 1973, en þá sagði hv. þm., með leyfi forseta:

„Nú liggur það sem sagt ljóst fyrir að ekki er samstaða innan ríkisstj. um að halda áfram frekari samningsviðræðum við breta og að knýja þá til að samþ. tiltekna breyt. hér til viðbótar sem við Alþb.-menn hefðum talið æskilegt. Þegar svo var komið var ljóst að það varð að taka afstöðu til þess hvort ríkisstj. sem heild gæti staðið saman um þessa afgreiðslu málsins eða ekki. Við Alþb.-menn höfum því tekið þá ákvörðun, að þó að við séum ekki ánægðir með ýmis efnisatriði samkomulagsins sem ég hef hér gert grein fyrir, þá teldum við svo þýðingarmikið að halda stjórnarsamstarfinu áfram, ekki síst fyrir landhelgismálið og einnig varðandi önnur stórmál sem ríkistj. hefur með höndum, að við vildum fallast á þau drög sem hér liggja fyrir að samkomulagi, þó að þau uppfylli ekki óskir okkar í öllum greinum."

En um hvað var sá ágreiningur sem um var að ræða, og þær aths. sem Alþb.-menn voru þá með? Ekki var það fiskmagnið sem um var samið, 130 þús. tonn. Það var engin ástæða til að gagnrýna það og það þótt upplýsingar liggi nú fyrir um að einstaka fiskifræðingar hafi alvarlega aðvarað um hættu á ofveiði á þeim tíma og þá sérstaklega hvað þorskstofninn snerti, en það er sem kunnugt er sá fiskur sem bretar sækjast mest eftir. Ég minnist þess ekki. Nei, það voru önnur atriði og hv. 2. þm. Austurl. taldi þau upp í fimm liðum. Hann sagði að þeir Alþb.-menn hefðu borið fram í ríkisstj. till. um að reyna til þrautar að fá breta til að fallast á eftirfarandi fimm atriði:

„1. Að skýrt sé að íslendingar geti ákveðið ný friðunarsvæði og breytt friðunartíma á þeim svæðum sem þá voru í gildi.“ — Þetta var mikilsvirði þá.
„2. Að lokuð veiðihólf væru tvö, en ekki eitt.“ Það var sem sagt þá sem bretar máttu veiða allt í kringum landið nema á einu hólfi upp að 12 mílum.
„3. Að lokunartími veiðihólfa verði íslendingum hagkvæmari en gert er ráð fyrir í samkomulagsdrögunum.
4. Að fram verði tekið, að komi í ljós, að skip hafi brotið reglur um búnað veiðarfæra, þá jafngildi það brotum á samkomulaginu.
5. Að samkomulagið“ — þá var það stórt atriði — „gangi ekki í gildi fyrr en EBE hefur samþ. að þau réttindi, sem íslendingar sömdu um í viðskiptasamningi við bandalagið, gangi öll í gildi.“

Fyrr í kvöld hélt þessi sami hv. þm. því fram að þetta væri ákaflega lítils virði og skipti okkur íslendinga mjög litlu, en þetta var einn aðalpunkturinn og ágreiningurinn innan ríkisstj. 1973 og eitt af þeim 5 atriðum sem þá voru upp talin. Svona geta menn skipt um skoðanir eftir því hvort þeir eru í ríkisstj. eða andstöðu.

Um þessar till. þeirra alþb.-manna varð ekki samkomulag, en samt samþ. þeir samkomulagið, svo sem kunnugt er, alþb.-mennirnir allir. Ef þessi atriði og fyrri till. þeirra alþb.-manna eru bornar saman við það sem felst í því samkomulagi sem hér er til umr., þá ættu þeir að kunna að meta hvað áunnist hefur, því að hér má vissulega benda á mikilsverð atriði sem eru í samræmi við þeirra fyrri till.

Í því sambandi vil ég vekja athygli á 5. tölulið í þessu samkomulagi, en þar segir, með leyfi forseta:

„Í því skyni að vernda svæði þar sem mikið er af ungfiski og hrygningarfiski á hafsvæðinu umhverfis Ísland ábyrgist ríkisstj. Sambandslýðveldisins Þýskalands að þýskir togarar stundi ekki þar veiðar sem íslenskum skipum eru bannaðar af þar til bærum stjórnvöldum. Slíkar ráðstafanir, sem skulu byggðar á hlutlægum og vísindalegum sjónarmiðum og ekki fela í sér mismunun í reynd eða að lögum, skulu tilkynnaar ríkisstj. Sambandslýðveldisins Þýskalands eða þeim stjórnvöldum sem hún tilnefnir.“

Og í 6. tölul. er einnig um stórt atriði að ræða sem áður hefur verið talið mikils virði, en þar segir:

„Til frekari verndunar fiskstofnum umhverfis Ísland skal ríkisstj. Sambandslýðveldisins Þýskalands ábyrgjast eftirfarandi:

a. Þýsk skip, sem veiðar stunda á hafsvæðinu umhverfis Ísland, skulu ekki veiða eða hirða fisk undir því máli eða þyngd sem tilgreind eru í hlutaðeigandi reglum varðandi íslendinga og tilkynntar hafa verið ríkisstj. Sambandslýðveldisins Þýskalands eða þeim stjórnvöldum sem hún tilnefnir.
b. Þá skulu þýsk skip, sem veiðar stunda á hafsvæðinu umhverfis Ísland, ekki nota net með smærri möskvastærð en 135 mm frá 16. ágúst 1976.
c. Ef Ísland ákveður síðar að nota skuli aðra möskvastærð fyrir íslenska togara skal sú stærð einnig gilda fyrir þýska togara, enda hafi hinar nýju stærðir verið tilkynntar þannig að gert sé ráð fyrir a. m. k. eins árs aðlögunartíma.“

Það er þetta atriði í samkomulagsdrögunum sem stjórnarandstæðingar hafa gert að umræðuefni og hafa verið að gera tortryggilegt í sambandi við það að bíða eigi í heilt ár eftir því að þetta taki gildi eftir að ríkisstj. hafi tekið ákvörðun um það og tilkynning hafi verið gerð. En það er nákvæmlega sama sem átt hefur sér jafnan stað í þessum efnum, að það verður vitanlega, hvort sem um útlendinga er að ræða eða íslendinga, að tilkynna og taka ákvörðun í þessum málum með nægum fyrirvara, vegna þess að þau veiðarfæri, sem jafnan eru í notkun hjá útgerðinni, kosta tugi millj. og það segir sig sjálft að það er ekki hægt að henda þeim fyrir borð, svo miklum verðmætum, á einu augnabliki eða með dags fyrirvara, eins og sumir af hv. ræðumönnum stjórnarandstæðinga hafa viljað halda fram.

Nei, ég tel að hér sé unnið að þessum málum á mjög eðlilegan hátt og eins og viðgengist hefur þegar um þær breyt. hefur verið að ræða eins og hér er gert ráð fyrir að kunni að eiga sér stað.

Við erum í dag með 120 mm möskva í notkun á togaraflotanum, en það er löngu búið að taka ákvörðun um að 16. ágúst n. k. skuli stækka möskvann upp í 135 mm, og það er einmitt með tilliti til þess sem þetta er tekið inn í samkomulagsdrögin nú.

Varðandi viðskiptasamning EBE, að hann taki gildi eða sá hluti hans sem mestu máli skiptir fyrir íslendinga, þ. e. tollaákvæðið, sem gilda átti um sjávarafurðirnar, þá hefði nú eins og í fyrra skiptið verið nauðsynlegt að tengja það gildistöku samkomulagsins, og viðurkenni ég að það hefði verið æskilegast. En það verður þó að segjast, að sá varnagli, sem hér er settur, þ. e. að samningurinn frestist að 5 mánuðum liðnum hafi þetta ákvæði ekki náð fram að ganga, er vissulega betri kostur en sá að sitja með samkomulagið gildandi allt tímabilið án þess að ná fram þessu þýðingarmikla hagsmunaatriði sem er bókun 6 í viðskiptasamningnum.

Ég vil líka benda á það, að fari svo að þetta mikilsverða atriði nái ekki fram að ganga á þessum tilskilda tíma, þá fá vestur-þjóðverjar enga veiðiheimild út af Vestfjörðum, og það ættu a. m. k. sumir hv. þm. að kunna að meta eftir því sem hefur komið fram í þessum umr., og eftir því sem hæstv. utanrrh. hefur upplýst, þá mun á fyrsta tímabilinu eða fyrstu 5 mánuðunum verða miðað við að þýsku togararnir veiði ekki meira en 5/12 hluta ársafla, og það skiptir vitanlega miklu máli. Ég geri nú ráð fyrir því, að vegna þess að sá tími fer í hönd sem þýsku togararnir að öllum jafnaði veiða hvað minnst, þennan árshluta, hér við Ísland, að þá megi jafnvel búast við því með eðlilegum hætti að afli þeirra á fyrstu 5 mánuðunum verði minni en 5/12, ef miðað er við að þessi 60 þús. tonn

skiptist eðlilega eftir árstímum, því að við vitum að tíminn frá því 1. maí eða svo og fram til 1. des. er miklu arðsamari fyrir veiðar þýsku togaranna hér við land og sú mun reynslan hafa verið á undanförnum árum.

Það er ekki aðeins að vestur-þjóðverjar fallist á eftir þessu að samningum verði frestað, eftir því sem hæstv. utanrrh. hefur upplýst, heldur liggur það þá fyrir að á meðan slíkt ástand er fyrir hendi færa togararnir sig út fyrir 200 mílna mörkin. Í því sambandi vil ég segja það, að ef slíkt ákvæði eða tímasetning hefði verið í samkomulagi sem gert var við breta á sínum tíma, þá stæðu þau mál á annan hátt og hagstæðari fyrir íslendinga í dag en raun ber vitni um.

Hv. þm. Benedikt Gröndal sagði í sinni ræðu hér í gær að það hefði verið fyrir sig að gera þetta samkomulag ef bókun 6 kæmi til framkvæmda jafnhliða. Þm. sagði: „Ég tel að þetta ákvæði sé okkur mjög þungt í skauti“ — og benti í því sambandi á þá erfiðleika sem nú eru fyrir hendi um sölu á rækju m. a. og má rekja til þess sem af þessu hefur leitt.

Ég er hv. þm. sammála um að hér er mikið í húfi, en vil þó benda á að ólíkt stöndum við betur að vígi hvað þetta snertir með það samningsuppkast, sem hér liggur fyrir, en það, sem fólst í samkomulaginu við breta, eins og ég hef áður vikið að. Hitt er svo annað mál, að margt bendir til þess að enn líði nokkur tími þar til ákvæði þetta kemur til framkvæmda. Á meðan sáttmáli EBE-landanna er þannig að eitt aðildarríki hefur neitunarvald, má því ljóst vera að eftir að bretar gerðu alvöru úr hótun sinni um að senda herskipaflota sinn gráan fyrir járnum inn í íslenska landhelgi til að vernda breska veiðiþjófa, þá eru samningar við þá ekki í nánd. Með þessu hafa bretar fyrirgert rétti sínum til áframhaldandi viðræðna um veiðiheimildir þeim til handa. Það ættu bretar að hafa lært, að með ofbeldi og ógnun herskipaflota verður málstaður Íslands og skýlaus réttur þjóðarinnar til auðæfa hafsins umhverfis strendur landsins ekki sigraður.

Það kann að vera að bretar dragi þá ályktun af fyrri reynslu sinni í þessum málum að þeir geti hvenær sem er dregið herskipaflota sinn til baka og síðan sest að samningaborði. Það situr síst á þeim alþb.-mönnum að vera að brigsla öðrum um óheilindi og sýndarmennsku í baráttunni fyrir stækkun landhelginnar — eða hvað gerðu þeir 1973 þegar bresk herskip voru búin að vernda veiðiþjófa sína árlangt og drógu síðan til baka og hófu samninga við þá ríkisstj. sem alþb.-menn áttu aðild að? Þessa hefði hv. 3. þm. Reykn., Gils Guðmundsson, átt að vera minnugur þegar hann talaði digurbarkalega um þessi mál hér áðan.

Yfirleitt hefur það komið fram í þeim umr., sem hér hafa verið fluttar af hendi þeirra sem í stjórnarandstöðunni eru, að þeir sjá ekkert nýtilegt í þeim drögum að samkomulagi sem hér er til umr. Ekki dettur mér í hug að halda því fram að ég sé að öllu leyti ánægður með þær málalyktir sem nú liggja fyrir. En það er jafnan svo, að þegar samið er um mál, sem ágreiningur er um, þá hlýtur svo að fara í þessu máli sem öðrum að ekki næst allt fram sem maður hefði helst kosið. Ég vil þó taka fram að ég tel að í þessum samningsdrögum felist þýðingarmikil réttindi okkur íslendingum til handa, ef rétt yrði á haldið, sem geti orðið okkur að verulegu liði hvað viðkemur verndun fiskstofnanna, og á ég þar við 5. og 6. tölul. samkomulagsins sem hljóða eins og ég hef þegar lesið upp, en það eru þau atriði sem skiptir miklu máli að samkomulag hefur náðst um.

Það hefur verið okkar ógæfa, vil ég segja, hvað sumir af okkar framámönnum hafa haft lítinn áhuga á sjálfri friðuninni, þ. e. að virða verulega veiðisvæði þar sem vitað er um þýðingarmiklar hrygningarstöðvar og þau svæði önnur sem ungfiskurinn heldur sig á. Með því að nýta þessa þætti samkomulagsins til hins ítrasta getum við örugglega bjargað miklu og stöðvað vissan þátt rányrkjunnar. En hér eigum við íslendingar því miður ekki aðeins í baráttu við útlendinga. Hér eigum við einnig í baráttu við okkur sjálfa, og það er hart til þess að vita hvað oft hefur verið talað fyrir daufum eyrum þegar á þetta hefur verið bent. Ég vil segja, að það er leitt til þess að vita hvað því hefur verið lítið sinnt á undanförnum árum að taka ákvarðanir um að friða hrygningarsvæðin meira en gert hefur verið og að friða meira af fisksvæðum í kringum landið, þar sem vitað er að ungfiskurinn er og hefur verið miskunnarlaust drepinn af ýmsum, bæði íslenskum og erlendum veiðiskipum, á undanförnum árum. Það eru fáir, sem hafa verið í forustu um þessi mál fyrir okkur íslendinga í ríkisstj., sem hafa beitt sér sem skyldi fyrir því að stækka þessi svæði sem þó geta haft úrslitaáhrif um að vernda ungfiskinn og hrygningarstöðvarnar sem gegna vissulega mjög þýðingarmiklu hlutverki og ráða miklu um það hvernig fer með fiskstofnana í framtíðinni.

Það hefur komið fram í þesum umr. þegar rætt hefur verið um það hámarksmagn sem samkomulagið felur í sér að nú þurfi að taka sérstaklega með í reikninginn að ísfiskurinn rýrni og léttist frá því að fiskurinn kemur inn fyrir borðstokkinn og þar til hann er veginn á markaðnum í söluhöfn. Það er engu líkara en að hér sé um ný vísindi að ræða. En ég verð að segja að ég minnist þess ekki að þessir sömu ræðumenn hafi sérstaklega vakið athygli á þessu í sambandi við breska samninginn því að sjálfsögðu hefur þetta lögmál einnig verið fyrir hendi þá.

Stækkun landhelginnar er eitt af þeim málum sem segja má að sé öðru fremur samofið sjálfstæðissögu íslensku þjóðarinnar. Er löngu ljóst að það eru auðæfi hafsins umhverfis strendur landsins sem hún á öðru fremur lífsafkomu sína undir. Það er að sjálfsögðu með hliðsjón af því að ekkert mál, sem Alþ. hefur með höndum, á jafnóskipta athygli þjóðarinnar og landhelgismálið, og svo hefur verið allt frá því að baráttan fyrir stækkun landhelginnar hófst á fyrri hluta þessarar aldar.

Sjálfsagt eru allir sammála um að æskilegt væri að við íslendingar sjálfir gætum ákveðið stærð okkar fiskveiðilandhelgi, hvort sem um hefur verið að ræða 12, 50 eða 200 sjómílur, og þegar við höfðum tekið okkar ákvörðun, þá

sé málið útrætt og engar veiðar útlendra aðila leyfðar í íslenskri landhelgi og því síðan framfylgt í laganna nafni. En því miður, málið er ekki svona einfalt og þess vegna hafa íslenskar ríkisstj. hver á eftir annarri farið þá leið að leggja sig fram um að ná samkomulagi um málið og með því náð hverjum áfanganum á eftir öðrum. Á síðari árum hefur þróunin á alþjóðavettvangi orðið mun hraðari en áður og okkur hagstæðari. Við höfum fylgst vel með, og vegna þeirrar sérstöðu, sem þjóðin á við að búa í þessum efnum, hefur hún skipað sér í fremstu línu í sókn til aukinna umráða yfir öllu landgrunninu og verðmætum þess.

Í dag eru menn sammála um að hverju stefni og að skammt sé undan að fullur sigur náist. Þess vegna er það jafnvel nauðsynlegra nú en áður að þjóðin standi saman í lokaáfanganum og nái því fram nú sem fyrr í samningum við þær þjóðir, sem hér eiga hlut að máli sem best má verða með tilliti til þeirra möguleika sem þjóðin hefur yfir að ráða.

Það, sem mér finnst erfiðast að sætta mig við í þeim samkomulagsdrögum sem hér eru til umræðu, er hvað hámarksaflinn, sem þjóðverjar mega taka, er mikill. Það er hins vegar staðreynd að hér er um árangur að ræða sem okkar samningamenn hafa talið sig geta náð bestum. Sjálfstæðismenn hafa fyrr staðið að samningum í landhelgismálinu og það var í sambandi við þegar við færðum út í 12 sjómílurnar. Við munum eftir því hvernig vinstri stj. fyrri skildi þá við. Hér var allt óleyst þegar sú stjórn hrökklaðist frá. Þá voru gerðir samningar við breta sem leystu það mál visst tímabil. Það var af hendi stjórnarandstæðinga og þeirra alþb.-manna þá talin landráð, og brigslyrði á ýmsan hátt voru þá höfð í frammi, og hv. þm. Gils Guðmundsson sagði áðan að þeir samningar hefðu verið einhverjir þeir hörmulegustu og verstu sem gerðir hefðu verið fyrir þjóðina í þessum efnum.

Hv. þm. Stefán Jónsson talaði um það áðan að það væri rétt að bera þessa samninga, sem nú væri verið að gera undir þjóðaratkv. En samningarnir, sem sjálfstæðismenn stóðu að í sambandi við 12 mílna útfærsluna, voru bornir undir þjóðaratkv. Nokkru eftir að þeir voru gerðir fóru fram kosningar til Alþ. og að sjálfsögðu var þetta stóra mál eitt af þeim stærstu málum sem þá var kosið um. Það gaf auga leið ef hér hefði verið um þá hættulegu samninga að ræða fyrir þjóðina sem stjórnarandstaðan, alþb.-menn og aðrir, vildi þá halda fram að þeir væru, að þjóðin hefði visulega dæmt sjálfstæðismenn þá fyrir samningana að þeim verðleikum sem þessir menn töldu. En hver var svo árangurinn í þeim kosningum? Enginn flokkur kom sterkar út úr kosningunum en Sjálfstfl., og svo mundi fara í dag ef þessir samningar yrðu bornir undir þjóðina. Færu kosningar fram í náinni framtíð mundi það einnig koma í ljós að Sjálfstfl. kæmi sterkur út úr þeim kosningum fyrir þau afskipti sem hann hefur haft af þessum málum. Með tilliti til þess og einnig með tilliti til þess að ýmis ákvæði þessa samkomulags, eins og ég hef vikið að, eru mjög þýðingarmikil ef rétt er á haldið, þá tel ég að íslendingar eigi að samþ. drög að samkomulagi við vestur-þjóðverja um veiðiheimildir þeim til handa eins og hér er gert ráð fyrir.

Jónas Árnason: Herra forseti. Þetta er nú orðið nokkuð löng lota um þá till. sem hér liggur fyrir. Satt að segja var ég farinn að hugleiða það í kvöld að láta strika mig út af mælendaskrá þar sem ég hefði engu við að bæta sem samherjar mínir fyrir þessu máli voru þegar búnir að segja. En ég hætti við það þegar hæstv. iðnrh. var búinn að flytja útvarpsræðu sína. Þá ákvað ég að koma hér upp í pontuna og segja nokkur orð.

Það hafa sagt mér gamlar konur af Snæfellsnesi, sem enn þá minnast með söknuði framboðsfunda fyrir 40 árum, að þær hafi aldrei augum litið annað eins prúðmenni og Gunnar Thoroddsen. Það liggur við að fyrir bregði klökkva í röddinni þegar þær segja mér frá þessu. Nú er það þannig með þetta orð, **prúðmenni**, að það getur haft margs konar merkingu. Forfeður vorir lögðu í það þá merkingu, að prúðmenni væri ekki aðeins kurteis maður og háttvís, heldur líka drengskaparmaður. Samkv. þeirri skilgreiningu hlýtur það að vera tilviljun að í þeirri ræðu, sem hæstv. iðnrh. flutti strax á eftir ræðu hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar, gerðist hann sekur um það sem forfeður vorir nefndu klámhögg. Klámhögg var það að vega að manni sem ekki gat borið hönd fyrir höfuð sér. Þessi ræða var flutt þegar hv. þm. Lúðvík Jósepsson hafði lokið máli sínu. Hann hafði ekki frekara tækifæri að koma neinum svörum við í útvarpi. En ræða hæstv. iðnrh. var mestan part persónulegar árásir á hv. þm. Lúðvík Jósepsson. Slíkt hygg ég að forfeður vorir hefðu nefnt klámhögg. Þetta voru mestan part endurteknar firrur og hæpnar fullyrðingar sem þegar höfðu verið hraktar í þessum umr. Þær voru endurteknar í skjóli þess að ræðan var flutt í útvarp, alþjóð hlustaði, en sá, sem ráðist var á, hafði ekki tækifæri til þess að svara fyrir sig. Ég efast ekkert um það að gamlar konur á Snæfellsnesi mæli af heilum hug þegar þær segja að Gunnar Thoroddsen sé mesta prúðmenni sem þær hafi augum litið. En ég efast um að Gunnar Thoroddsen stæðist prófið samkvæmt þeim skilningi sem forfeður vorir lögðu í þetta orð.

Á einum stað í ræðunni sagði hann: „Lúðvík Jósepsson fullyrðir að við getum varið landhelgina með klippingum, en ég veit ekki betur en það hafi verið til klippur í tíð Lúðvíks Jósepssonar.“ Eins og allir vita fór Lúðvík Jósepsson ekki með landhelgisgæsluna. Það var annar ráðh. sem fór með hana þá og fer með hana enn.

Margar fleiri slíkar fullyrðingar hæstv. ráðh. mætti nefna. Eitt var það t. d., að Lúðvík Jósepsson hefði fundið upp sjálfur töluna 40 þús., að þjóðverjar muni veiða á þessu ári aðeins 40 þús. tonn, þ. e. a. s. að það sé verið að hækka afla þeirra um 50% með þessu tilboði um 60 þús. En tækifærið til þess að svara þessu í útvarpi, það var liðið hjá.

„Þjóðverjar ætla að hætta að veiða þorsk,“

sagði ráðh. Það hefur komið fram í þessum umr. hvað eftir annað að á síðasta ári veiddu þeir 5 500 tonn, og samningurinn hljóðar upp á 5 þús. tonn. Ef þeir hafa ætlað að hætta að veiða þorsk núna, þá hafa þeir verið hættir því í fyrra.

Enn eitt, sem sýnir prúðmennskuna, var það tækifæri sem þarna var notað til þess að kasta fram tölu varðandi fundinn sem haldinn var hér í Reykjavík í dag. Það hefur heyrst að þar hafi verið allt upp í 10—12 þús. manns. Það vildi svo til að þegar ég kom hér aðeins við í húsinu á leið minni á fundinn, þá var maður einn að ganga inn í húsið. Og þegar ég kom svo af fundinum, rauðnefjaður töluvert og kaldur í andliti, þá var þessi sami maður sem ég hafði mætt í dyrunum hér inni, jafninnifölur og venjulega. Hann hafði ekki verið á þessum fundi, hæstv. iðnrh., þó að hann leyfi sér að kasta fram tölunni 4 þús. Og til þess nú að ekki sé hægt að væna hann um skort á prúðmennsku, þá bætir hann svolitlu við, ég skrifaði þetta orðrétt eftir honum: „Þarna voru í mesta lagi 4 þús. manns samkv. nákvæmustu heimildum sem hægt er að afla.“ Honum svelgdist ekkert á þessu, þó að hann haldi því hins vegar fram að Lúðvík Jósepsson hafi fundið upp töluna 40 þús. og hafi engar heimildir fyrir henni. Drottinn minn dýri! Hvílík prúðmennska! Hvað mundu forfeður vorir hafa sagt?

Nú, svo er það, sem kveður við hér aftur og aftur í ræðum, að Lúðvík Jósepsson eða við aðrir stjórnarandstæðingar, við séum að fullyrða að það sé hægt að verja landhelgina. Við erum þó aðeins að flytja hingað inn fullyrðingar þeirra manna sem gleggst eiga að vita. Með allri virðingu fyrir sjómennsku hæstv. ríkisstj., þá hygg ég að þeir menn viti miklu, miklu meira um þau mál heldur en hæstv. ríkisstj., a. m. k. sá partur af henni sem situr hérna hægra megin við mig. (Gripið fram í.) Það er Guðmundur Kjærnested. Það er Farmanna- og fiskimannasamband Íslands. Þetta er fullyrt í ályktun frá síðasta þingi Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. Það segir í þeirri ályktun, að íslenska landhelgisgæslan geti varið landhelgina. Þessir menn segja að vísu: Okkur vantar svona 4—5 nýjustu skuttogarana, þessa stóru, 1000 tonna togara. Þeir komast allt upp í 17 mílur. Látið okkur hafa þá í viðbót, og þá getum við varið landhelgina. — Þetta eru því ekki fullyrðingar Lúðvíks Jósepssonar eða okkar alþb.-manna sem sitjum hér á þingi.

Vitanlega liggur það í augum uppi að gæslan hefur aldrei fengið að sýna hvað hún getur. Enn í dag fullyrti hæstv. dómsmrh. að það hafi aldrei verið lagðar neinar hömlur á gæsluna. Varðskip okkar hafa fengið að fara öllu sínu fram, sagði hann. Af hálfu yfirvalda í landi hefur aldrei verið reynt að halda aftur af gæslunni — aldrei. Mér þykir leiðinlegt að þurfa að segja það, að ég get fullyrt af eigin reynd að þetta er ekki satt. Mér þykir þetta eiginlega enn þá leiðinlegra fyrir það, að ástæðan til þess að ég get fullyrt þetta af eigin reynslu er sú, að hæstv. dómsmrh. sýndi það frjálslyndi vorið 1973 að leyfa nokkrum mönnum að fara út á varðskipi. Ég var einn þeirra. Þetta var á Óðni. Við fórum á miðin út og norður af Vestfjörðum. Og það blasti við okkur allan tímann að það voru svo sannarlega hömlur á því hvað menn gátu og máttu gera.

Einhver kynni að draga í efa sannleiksgildi þessa, því að það er nú maður af þessari sortinni sem segir það. Kannske ég leiði þá fram vitni úr annarri átt, með leyfi hæstv. forseta. Í Tímanum 29. apríl er grein eftir blaðamann sem fór þessa ferð með mér. Hann lýsir því hvernig hópur breskra togara, sem þarna eru þegar við komum á vettvang, sundrast og það verður vart við töluverða truflun um borð. Og svo segir hann: „En því miður virtust varðskipsmenn ekki fá að hafa nein afskipti af landhelgisbrjótunum, og brátt voru þeir farnir að veiða aftur með verndara á hælunum.“ Þetta er í málgagni hæstv. dómsmrh., Tímanum, málgagni þess hæstv. dómsmrh. sem sagði í dag, að það hafi aldrei verið af hálfu yfirvalda gæslunnar í landi reynt að halda aftur af gæsluskipunum. Og blaðamaðurinn segir síðar: „Mín skoðun er sú eftir þessa ferð með Óðni að það hljóti að vera niðurdrepandi fyrir áhafnir varðskipanna að aðhafast ekki neitt innan um stóran hóp togara, eins og raunin var á um Óðinn á fimmtudaginn.“

Ég tek undir þetta. Ég held það hljóti að vera niðurdrepandi fyrir varðskipsmenn okkar að hafa yfir sér þessi stjórnvöld í átökum sínum við erlenda veiðiþjófa.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Án efa er nú allt sagt sem segja þarf og ekki miklar nýjungar sem ég kem til með að segja hér. En það furðar mig í raun og veru hvað menn eru öruggir um það að vopnlaus þjóð geti farið þær hinar sömu leiðir að sínu marki eins og kjarnorkuveldin eða stórþjóðir. Við vitum þó að útfærsla landhelgi er viðkvæmt alþjóðadeilumál. Og við vitum að hægt er að ná sínu marki, það hefur okkur lukkast, en við höfum orðið að fara að eins og lagt er til að farið sé að nú. Þrátt fyrir öll þau stóru orð sem hér hafa verið sögð, þá sýnir okkar saga í þessum efnum þegar við færðum út í 12 mílurnar, þegar við færðum út í 50 mílurnar og nú, þá eru í raun og veru allir flokkar og allir aðilar sammála um að semja beri við útlendinga, hvaða stjórn sem við völd er. Fyrstu mánuði eftir 12 mílna útfærsluna var vinstri stjórn við völd. Án efa hefur landhelgisgæslan fengið að njóta sín þá, en þá veiddu útlendingar í okkar landhelgi. Síðan tók við önnur stjórn, útlendingar veiddu í okkar 12 mílna landhelgi áfram, og það var fyrst þriðja stjórnin sem náði samningum og friðaði endanlega 12 mílurnar. Hið sama hefur skeð með 50 mílurnar, þær eru ekki friðaðar enn þá, og þess vegna er það nokkuð langt sótt að núna, rúmum mánuði eftir útfærslu í 200 mílur, sé því haldið fram af hv. þm. að það sé vafasamt hvort það hafi verið nokkur meining á bak við það að færa út, úr því að það sé ekki búið að friða 200 mílurnar.

Það er nefnilega ansi mikill munur á því að gefa út reglugerð uppi í stjórnarráði eða framkvæma efni hennar. Þetta á ekki bara við

um landhelgismál, þetta á við um fjölda annarra mála. Og ég verð að segja það, að það ber öllum saman um að okkur hafi farnast vel, við höfum farið rétt að, við höfum gert okkur ljóst að við komumst ekki á leiðarenda nema taka tillit til annarra.

Bretar og þjóðverjar munu veiða um 80% af þeim afla við Ísland sem útlendingar taka. Og með því móti að semja nú við þjóðverja friðum við meira en helminginn af öllu því hafsvæði, sem er innan 200 mílnanna, algjörlega fyrir þjóðverjum. Og þetta skyldi maður nú halda að væri metið og vegið og væri metið mikils. En það virðist ekki aldeilis um það að ræða eftir þeim ræðum sem hér hafa komið fram nú þessa dagana. Þjóðverjar, eins og margoft hefur verið tekið fram, veiða ufsa og karfa fyrst og fremst. Og það er skoðun mín að þó að þessir 40 togarar sem þýðir að hér verða um 20 þýskir, gamlir togarar á miðunum á hverjum tíma, þó að þeir veiði ufsa og karfa að mestu leyti hér, þá muni það ekki þurfa að trufla veiðar íslendinga.

Ég lít þannig á að ef þessi samningur, sem nú stendur til að gera verður meira en 5 mánaða gamall, ef það verður 2 ára samningur, þá muni hann skapa atvinnuöryggi og betri afkomu fyrir a. m. k. sum byggðarlög í þessu landi, og til þess vil ég færa fram tvær ástæður. Í fyrsta lagi gagnvart Suðvesturlandinu mun hann skapa markaðsöryggi og hækkað verð á ufsa og karfa. Og í öðru lagi mun hann tryggja afkomu rækjuvinnslunnar sem er stórt atvinnuspursmál fyrir Vestur- og Norðurland, og þetta álít ég að séu mjög stór atriði svo framarlega sem þessi samningur verður meira en 5 mánaða gamall. Það er ég aftur á móti ekki svo viss um.

Að sjálfsögðu verður mönnum tíðrætt um skýrsluna svörtu. En hins vegar hefði engum okkar átt að koma á óvart að fá svona skýrslu í hendur. Það er þó vitað mál að það er fyrst og fremst þorskurinn sem er í stórhættu, og það liggur stórt verkefni fyrir hv. alþm. og það er að gera sér grein fyrir því hvernig á að tryggja viðkomu íslenska þorskstofnsins. En það er mál sem þessi samningur hefur að mínu viti ekki mikil áhrif á.

Ef þessi samningur verður gerður náum við stórkostlegri friðun á okkar 200 mílna svæði fyrir annarri af tveimur aðalfiskveiðiþjóðum sem hér veiða, og þetta tel ég vera mjög mikils virði. Hins vegar er jafnaugljóst að við verðum að tryggja það að þorskstofninn fái að vaxa upp, að hrygning fái að vera eðlileg, og þar með að hindra að ekki verði tekið tillit til skýrslunnar í þessu efni. En þótt þjóðverjar fái að veiða hér svipað veiðimagn og þeir hafa gert og þó minna næstu 2 ár, þá er ekki ástæða að mínu viti til að ætla að það hafi stórbagaleg áhrif á ufsa- og þorskstofninn.

Sú blekking er hér viðhöfð að hér sé um að ræða veiði eða ekki veiði. Slíkt er náttúrlega algjör fásinna. Við höfum margra ára reynslu af því að útlendingar veiða hér í óleyfi ef þeir hafa ekki leyfi. Þegar þessi samningur svo rennur út, verði hann tveggja ára samningur, þá eru allar ástæður til að ætla að alþjóðamálum um fiskveiðilögsögu hafi miðað það áfram að ekki verði um frekari veiðar útlendinga að ræða á Íslandsmiðum.

Ég greiði því með góðri samvisku þessum samningi atkvæði og lít svo á að hann sé stórt spor í þá átt að friða okkar 200 mílna lögsögu.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Þetta gerast alleinkennilegar umræður nú hjá síðustu ræðumönnum, ekki síðasta, heldur næstsíðasta, sem kannske er ekki að undra, maðurinn er miklum leikhæfileikum gæddur sem við þekkjum hér frá fyrri tíð. En áður en ég aðeins kem að ræðu hans, þá langar mig að geta eins atriðis, sem kom fram í ræðu í útvarpsumræðunum í kvöld, og minnist þá orða sem Einar Olgeirsson fyrrum alþm., sem oft átti til mjög létta kímni, viðhafði þegar hann kom hér í ræðustól í neðri deild, reyndar eftir að Einar Sigurðsson, sem þá sat á þingi, hafði haldið ræðu, — Einar sem stundum hefur verið kallaður Einar ríki. Það fór oft mikið fyrir honum, og hann var eins og í starfi sínu áhugamaður, hann talaði hátt og það heyrðist hér vel út í öll horn. Þegar Einar Olgeirsson stóð upp og tók til orða, þá leit hann með undrunaraugum yfir salinn og síðan á nafna sinn og sagði: Þegar ég horfði og hlustaði á nafna minn, þá datt mér í hug risaeðla úr fornöld. — Einhvern veginn datt mér þetta líka í hug þegar ég hlustaði á hv. þm. Alþfl., Sighvat Björgvinsson, þegar hann hélt ræðu sína í kvöld. Hann gat verið einstaklega barnalegur og einfaldur í máli sínu, eins og þegar hann t. d. kom með þetta samanburðardæmi um frelsun íslendinga þegar um var að ræða árs umþóttunartíma vestur-þjóðverja ef möskvastærð yrði breytt í stækkunarátt. Hann taldi þetta hinn versta leik fyrir okkur íslendinga að gefa ársfrest til þess. Það var eins og að hann gæti ekki skilið það, að þetta mundi að sjálfsögðu gilda líka fyrir íslenska útgerðarmenn og sjómenn. Eins og Jón Árnason, hv. alþm. tók fram hér í kvöld, er ekki hægt að skipta um þetta bara með því að auglýsa það í kvöld og segja: þetta kemur til framkvæmda á morgun. — Þarna er um tugmilljóna verðmæti að ræða t. d. í okkar flota og að sjálfsögðu fá þeir þennan sama umþóttunartíma eins og vestur-þjóðverjar fá.

Vegna þess að hv. þm. Jónas Árnason var með sanni að lýsa formanni okkar þingflokks sem prúðmenni, sem hann er og allir þekkja til, þá eiginlega þótti mér undarlegt að hann skyldi ekki líka gegnumlýsa Stefán prúða Jónsson, samþingmann hans.

En fyrst menn leyfa sér í sambandi við það mál, sem hér liggur fyrir, að fara nokkuð út fyrir ræðuefnið, þá langar mig nú aðeins að koma að orðum hæstv. dómsmrh. sem hann viðhafði hér í dag í tvítali hans við Stefán Jónsson þm., er hann benti honum á að fyrrv. alþm. Bjarni Guðnason hefði að öllum líkindum hrökklast út af þingi vegna afstöðu sinnar til samninganna við breta 1973. Ég vil nú benda hæstv. dómsmrh. á að það voru fleiri en hann á móti þeim samningi, og ég veit ekki betur en að allir þeir, sem voru á móti samningnum auk hans, séu enn þá á þingi. (Gripið fram í.) T. d. er einn þeirra

formaður landbn. Nd., annar formaður sjútvn. Nd., einn er forseti efri deildar og einn þeirra situr við hlið hæstv. dómsmrh. í ríkisstj. landsins. Ég held að það verði að leita einhverrar annarrar ástæðu fyrir því, að Bjarni Guðnason var ekki endurkjörinn á þing eins og við sex, sem greiddum atkvæði á móti breska samningnum, sögðum nei þá.

Ég vil taka það skýrt fram að allir sjálfstæðismennirnir sem greiddu atkv. þá á þennan veg, enginn okkar er á móti samningum, teljum hins vegar mjög æskilegt að sú leið sé farin. En ég tel persónulega að það eigi ekki að gera samninga bara samningsins sjálfs vegna, heldur vegna hagsmuna þeirra viðsemjenda sem þar eigast við. Og það er alveg ljóst að þegar samningar eru gerðir, þá getur annar aðilinn ekki fengið allt, einfaldlega vegna þess, eins og einn ræðumaður sagði hér í gær, að Palli er ekki einn í heiminum.

Í sambandi við samningana frá 1973 þótti okkur, sem greiddum atkv. á móti, sem hagsmunir okkar íslendinga væru fyrir borð bornir og bretar hefðu þá fengið meira en góðu hófi gegnir í sinn hlut. Ég skal þó viðurkenna að eitt þeirra gagnrýnisatriða sem ég var þá með að íslensku varðskipin yrðu að kalla til ensk eftirlitsskip til staðfestingar á broti hins breska togara, hefur komið betur út í framkvæmd heldur en ég áleit þá. Það eru nær sams konar ákvæði í þeim drögum sem við erum að ræða hér. En ég verð hins vegar að segja það og ég er ekki að leyna því að mér finnst enn þetta ákvæði vera lítillækkandi fyrir okkar ágætu landhelgisgæslu eða starfsmenn hennar og það er engu líkara en að með þessu sé verið að bera brigður á kunnáttu þeirra, með því að hafa þetta ákvæði í væntanlegum samningi. En ég skal ekki heldur bera á móti því að slík framkvæmd, sem um er talað í 8. lið í þessum drögum, mun að sjálfsögðu flýta fyrir dómsniðurstöðu, ef yfirmenn eftirlitsskipsins þýska samþykkja t. d. staðarákvörðun okkar gæsluskipa ef um slíkt brot hefur verið að ræða.

Af því að ég er farinn að tala um þessi drög sem eru að sjálfsögðu okkar meginmál hér og við allflest vegum þau og metum og óhjákvæmilega berum þau saman við breska samninginn frá 1973, þá er ég ekki í vafa um að þessi samningsdrög bera af sem gull af eiri ef miðað er við samninginn frá 1973. Í greinargerð, sem ég gerði fyrir atkv. mínu við endanlega afgreiðslu breska samningsins 1973, vitnaði ég í orð hv. þm. Jónasar Árnasonar sem hann hafði viðhaft í þeim umræðum, en hann sagði að þetta samkomulag væri meingallað og að sumu leyti gráðölvað, en svo sagði hann já. Ég sagði að gallar samkomulagsins væru þyngri en kostirnir og því sagði ég nei. Nú tel ég þessu öfugt farið. En það er ekki þar með sagt að ég telji þessi samningsdrög alveg gallalaus. Ég er t. d. sammála þeim, sem hér hafa talað og gagnrýnt drögin, um að það magn, sem um er getið í samningnum, sé of mikið, og ég er líka sammála þeim gagnrýnendum, sem hér hafa komið fram, um að það sé hættulega nálægt okkar ströndum gengið með þau svæði sem á að leyfa veiðar á. Ég tel t. d. að fyrir Vestfjörðum sé þetta alveg í það tæpasta sem við göngum þar að með samningi þessum ef af verður og reyndar líka við Suðausturlandið. Reyndar er þetta allt meira en það ætti að vera. En ég held að þeir, sem af einhverju viti hugsa um og tala um landhelgina, ég tala nú ekki um þegar hún er stækkuð í 200 mílur, hafa allir gert sér grein fyrir því að það væri ekki nokkur leið að vinna hana til fullnustu eða verja öðruvísi en að samið væri um einhverjar heimildir innan hennar. Ég held að það hafi samt sem áður verið ósk meiri hluta þjóðarinnar að það yrði hægt að losna við að semja um nokkurn fermetra innan 50 mílnanna. En þegar við höfum í huga að allt svæðið á milli 12 mílna og 50 mílna er talið vera 141 þús. ferkm og það, sem nú er samið um ef samið verður, er 25 þús. ferkm, þá má máske segja að þetta sé dropi í hafið, þegar við höfum það í huga að vinstri stjórnin samdi um það við breta að þeir mættu fiska á svæði sem nam 130 þús. ferkm af 141 þús.

Þá má segja sem svo líka að þegar samningurinn er gerður til tveggja ára, þá hefði verið æskilegt að seinna árið hefði einhver minnkun komið til greina í aflamagni fyrst því var ætlað að verða þetta mikið strax í byrjun. Ég geri ráð fyrir því, og þá skýringu hef ég heyrt, að þetta hafi verið haft á þennan veg vegna þess að menn séu ekki trúaðir á að hafréttarráðstefnufundurinn í vor ljúki sínum störfum til fullnustu þá, og það þurfi lengri tíma enn til og kannske enn einu sinni fund til að fá endanleg úrslit.

Þá að sjálfsögðu eru tvö atriði sem hefði verið ákaflega æskilegt að fá inn í þessa samninga, og það er viðurkenning á 200 mílunum í einni eða annarri mynd frá vestur-þjóðverjum og að bókun 6 taki gildi strax við undirskrift. Ég sló einu sinni fram þeirri skoðun hvort ekki hefði verið hægt að undirrita samninginn með þeim fyrirvara að hann tæki gildi þegar bókun 6 væri komin í gildi. Það var ekki talið ráðlegt.

En það sem kemur á móti, því að ég segi að kostirnir séu þyngri en gallarnir, þá er það náttúrlega fyrst og fremst þetta, að það er tiltölulega lítið svæði þó að það sé okkur dýrt, þessir 25 þús. ferkm, miðað við allt hitt sem við fáum á móti. (**Gripið fram í:** Hvað er það?) Við losnum við 105 þús. ferkm t. d. sem bretar hefðu ef við hefðum látið þann samning gilda áfram sem þú og þínir flokksbræður gerðu á sínum tíma, 1973. (**Gripið fram í:** Ég sat ekki á þingi þá, Pétur.) Nei, þú hefur nú sjálfsagt ráðið sumu sem þar var gert eins og síðar.

Að þessu sinni er aðeins samið um 5 000 tonn af þorski, en af 260 þús. lestum, sem vinstri stjórnin samdi um, voru 200 þús. tonn þorskur. Og ef við tækjum þá reikninga sem hér hefur verið farið með af ýmsum þingmönnum, nú síðast síðdegis í dag, þar sem að 60 þús. tonn af karfa, ufsa og 5 þús. tonn af þorski eru metin sem gjöf til vestur-þjóðverja upp á 2—3 milljarða, þá leyfi ég mér að fullyrða það, að ef við reiknum á sama hátt og á verði dagsins í dag, þá hafði vinstri stjórnin gefið englendingum um 44 milljarða kr.

Í þessum samningi, sem við erum að ræða, er miklu betur gengið frá ákvæðum um verndun

heldur en áður. Við getum friðað svæði, þýðingarmikil svæði, og þeir gangast undir það að virða þau, enda sé jafnt látið ganga yfir báða aðila varðandi togarana.

Þeir fallast á að vera með sömu möskvastærð og okkar togarar og hlíta því ef við stækkum möskvann, með þeim sama fyrirvara og að sjálfsögðu okkar skip verða að fá.

Þá má tala um yfirlýsingu formanns þýsku samninganefndarinnar við okkar samninganefnd þess efnis að þeir lofa að vinna að því að bókun 6 taki gildi.

Svo er hitt, sem ég met ekki hvað minnst, og það er þetta, hvað sem menn hafa mörg orð í kringum það, að með því að samþykkja þessi drög, sem við erum að ræða, og semja svo við norðmenn og færeyinga líka og belga, þá erum við búnir að einangra breta í sambandi við fiskveiðideilur hér í Norður-Atlantshafi, það er enginn vafi.

Ég veit að það er ekki að ófyrirsynju að sumir hv. þm. bera fiskveiðihagsmuni rússa og austur-þjóðverja og pólverja fyrir brjósti, en engin þeirra þjóða hefur gert neina kröfu til að fá hér aðild að, enda þarf þess ekki, þær eru búnar að eyða þegar grálúðumiðunum sem þær hafa stundað hér undanfarin ár. Og nú fara þær bara á mið þriðja heimsins og sjálfsagt verða þær búnar að eyðileggja miðin þar líka eftir nokkur ár. (Gripið fram í.) Þú getur sjálfsagt fengið að tala á eftir, ef þú nennir því ekki, þá skaltu bara skrifa mér.

Það má segja sem svo að sú spurning geti vaknað, hvort við þurfum að semja, og sú spurning hlýtur auðvitað að vera uppi hverju sinni. Vinstri stjórnin taldi sér nauðsynlegt að semja — og samdi. Þeir sömdu m. a. á grundvelli samþykktarinnar hér á Alþ. 15. febr. 1972. Þá var samþ. með 60 shlj. atkv. að færa fiskveiðilandhelgina út í 50 mílur, og að sjálfsögðu, eins og hefur komið fram í dag, gilda nákvæmlega sömu rökin fyrir 200 mílunum eins og giltu þá fyrir 50 mílunum. Þá var jafnframt ályktað með atkv. allra alþm. að áfram skyldi haldið „samkomulagstilraunum við ríkisstjórnir Bretlands og Sambandslýðveldisins Þýskalands um þau vandamál sem skapast vegna útfærslunnar“, svo ég vitni orðrétt í þingtíðindi, með leyfi forseta. Og áfram segir: „Hér voru höfð í huga tímabundin og takmörkuð veiðiréttindi innan 50 mílnanna. Þessi tillit þótti Alþ. óhjákvæmilegt að taka, ekki bara vegna erlendra útgerðarfélaga, heldur einnig vegna erlendra fiskimanna sem höfðu lífsviðurværi sitt af þessum veiðum.“ Hér var hafður í huga alger umþóttunartími. Þannig mótaði Alþ. stefnuna 15. febr. 1972.

Það skeði meira á árinu 1972, það skeði meira þá. Þá á árinu kom frá Hafrannsóknastofnuninni bréf til ríkisstjórnar Íslands sem hæstv. þáv. sjútvrh. mun hafa tekið við. Þar var mjög alvarlega varað við því að við stefndum í átt til þess að ofveiða okkar fiskstofna, sérstaklega þorskstofninn. Þetta var 1972. Þá sögðu fiskifræðingar: Það verður að minnka sóknina í þorskstofninn um helming. — En 1973 gengur hæstv. sjútvrh. fram í því, að semja um 130 þús. tonn af þorski, sem fóru til breskra, en alls um 240 þús. tonn sem fóru til þeirra þjóða sem samið var við, þannig að það er eiginlega skrýtið og undarlegt, hvernig hræsni manna getur komið fram frá ári til árs. Í mars 1974 bauð þáv. hæstv. sjútvrh., Lúðvík Jósepsson, í samningaviðræðum við vestur-þjóðverja 54 þús. ferkm innan 50 mílnanna sem þeir mættu veiða á, þannig að þessi hæstv. ráðh. virðist nú bæði hafa verið að færa inn og út, eins og sagt er um okkur núna í sambandi við þetta landhelgismál okkar, og hann bauð upp á 80 þús. tonn af fiski án nokkurra takmarkana á þorski.

Það er kannske að bera í bakkafullan lækinn að vera að tína svona fram, og auðvitað er ekki mál málanna að vera að hnotabítast um það sem liðið er. En hvernig hv. þm. Jónas Árnason gat farið að láta að því liggja að loftbólan á Lækjartorgi hefði verið á þann veg að um tímamótafund hefði verið að ræða fæ ég ekki séð. Ég held að ég geti jafnvel gefið betri upplýsingar en hæstv. iðnrh., ekki aðeins um fjölda þeirra, sem þar voru, heldur mat manna á því hvernig skiptingin hefði verið. Það var talað um að þar hefðu verið um 1200 fullorðinna manna, en um 3 800 börn og unglingar, enda voru flokksbræður hv. þm. Jónasar Árnasonar í kennarastétt ákaflega duglegir við að gefa frí í unglinga- og barnaskólum, en með því skilyrði þó að nemendurnir færu á Lækjartorg á fundinn.

Ég geri ráð fyrir því að það fari að styttast hér um ræðuhöld, og má vera samt að það dragist eitthvað fram eftir nóttu. Nema sérstök ástæða gefist til skal ég ekki trufla fundinn meira en orðið er. En ég vil aðeins taka fram að lokum að þetta er auðvitað ekki í fyrsta skipti sem við heyjum baráttu fyrir umráðum okkar yfir öllu hafsvæðinu innan 200 mílna fiskveiðitakmarkanna, og auðvitað höldum við því áfram þangað til fullur sigur er unninn. Ég veit að það verða menn af öllum flokkum og hvar í flokki sem þeir standa sem verða einhuga í því að gera allt sem hægt er til þess að hrinda þessari innrás breta inn á lögmætt yfirráðasvæði íslensku þjóðarinnar. Persónulega tel ég að ekki sé aðeins fallið niður það tilboð sem mun hafa komið fram á einum tíma um 65 þús. tonn til þeirra ef samið yrði, heldur einnig það að slík tala geti ekki staðist ef til samninga komi, hún sé allt of há. En ég vil helst að það verði ekki neitt talað við þá, að þeir verði látnir vera úti í kuldanum í vetur hér við Íslandsstrendur, við tölum ekki við þá og sýnum þeim í tvo heimana með að við getum varist þeim, því að það er eins og hv. þm. Lúðvík Jósepsson sagði einu sinni í ræðu, við höfum náttúru Íslands með okkur gegn þeim, það er enginn vafi.

Ég tel ekki, herra forseti, að ástæða sé til þess að hafa þessi orð öllu lengri. Ég vil þó taka það fram í sambandi við ákvæði, sem ég minntist hér á áðan aðeins á í sambandi við þessi drög, að það eru auðvitað til fleiri ráð til þess að stækka okkar fiskstofn heldur en að fækka fiskiskipum. Ég hef lengi talið að það hafi verið allt of lítið gert að því að alfriða svæði hér í kringum landið. Þá á ég við að friða stór svæði fyrir öllum veiðarfærum, ég tala nú ekki um hrygningarsvæðin eða uppeldisstöðvar ungfisksins. Þetta tel ég að við eigum að gera og við eigum að herða viðurlög við brotum, því að það sár-

grætilegasta er, þegar verið er að standa í þessari baráttu við aðrar þjóðir og kannske við sjálfa okkur líka, þegar íslendingar sjálfir ganga á undan og brjóta þessi lög sem við erum að setja til friðunar fiskstofnum og til þess að íslenska þjóðin geti lifað í þessu landi sómasamlegu lífi á ókomnum öldum. Við getum auðvitað gert miklu meira. Við getum aukið möskvastærð og sitthvað fleira. En númer eitt, þá skulum við styðja okkar landhelgisgæslu til góðra starfa, eins og hún hefur sýnt fram til þessa, og við skulum a. m. k. vera sammála um að láta breska úlfinn ekki vaða yfir okkur.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég stíg nú hér í stólinn eingöngu vegna orða hv. 5. þm. Vesturl., Jónasar Árnasonar. Hann hafði verið hættur við að tala hér, hafði fallið frá orðinu, en ég mun bera ábyrgð á því að hann hætti við að hætta við að tala, eftir því sem hann sagði sjálfur, og er það þá annaðhvort mér að kenna eða mér að þakka að við fengum að heyra til hans.

En ég stend nú upp vegna þess að mér fannst gæta ákaflega undarlegs misskilnings hjá honum, þar sem hann hélt því fram að ræða mín, sem haldin var hér í kvöld meðan útvarpað var, hafi verið mestan part persónulegar árásir á hv. 2. þm. Austurl. Þetta kannast ég ekki við, og ég held að ræða mín hljóti að hafa farið — ja, eins og danskurinn segir: „i den gale hals“ á hv. þm., því að ég kannast engan veginn við að ég hafi á nokkurn hátt beint persónulegum árásum á hv. 2. þm. Austurl. Það, sem ég gerði hér að umtalsefni, var fyrst og fremst það sama sem hafði komið fram í ræðuhöldum í gær og tekið upp úr bréfum og blaðaviðtölum í samandi við hv. þm. Ég beið þess vegna mjög spenntur eftir að heyra dæmi um þessar persónulegu árásir. Og hv. þm. fór svo að nefna dæmi. Hann sagði að ég hefði sagt að varðskipin hefðu haft klippur einnig í tíð Lúðvíks Jósepssonar. Ég sé nú ekki að það geti talist til persónulegra árása né heldur hitt, að ég hélt því fram að á útifundinum hefðu ekki verið nema 4 þús. manns í mesta lagi. Ég fæ ekki skilið að þetta geti talist til persónulegra árása, né heldur þriðja dæmið sem hann nefndi, að ég hafi talað um að nú ætli þjóðverjar að hætta að veiða þorsk, en þeir höfðu að mestu leyti verið hættir því áður.

Varðandi útifundinn vil ég vegna ummæla hv. þm. taka það fram, að þegar útifundir eru haldnir, þá er bæði hér og annars staðar ákaflega erfitt að fá um það nákvæmar upplýsingar hversu margir sækja slíka fundi. Það er glöggt t. d. af fregnum útvarpsins í kvöld að nokkuð erfitt er að fá glöggar upplýsingar, því að útvarpið skýrði frá því að á þessum fundi muni hafa verið eitthvað á milli 2 þús. og 12 þús. manns. Það er þannig erlendis víða að til þess að fá einhverja niðurstöðu í slíku efni, vegna þess hvað áætlanir stjórnmálaflokka og blaða og fjölmiðla eru oft ónákvæmar og stangast á, að menn eru teknir að snúa sér beinlínis til lögreglunnar og fá upplýsingar hjá henni um eða áætlun um hversu margt hafi sótt slíka fundi. Það er þessi aðferð sem ég hafði í kvöld. Ég spurðist fyrir hjá lögreglunni hvort hún gæti gefið upplýsingar um það hvert væri hennar mat, og hún gaf mér þær upplýsingar að þennan útifund hefðu sótt í mesta lagi 4 þús. manns, og það er sú tala sem ég leyfði mér að nefna hér. Ekki held ég að þetta geti talist til persónulegra árása á einn eða annan.

En það er eitt atriði sem ég skal viðurkenna að má vera að hafi fallið undir þetta hugtak, þar sem ég minntist á að hv. 2. þm. Austurl. hefði talið að veiðar þjóðverja í ár væru aðeins 40 þús. tonn. Ég vitnaði þar í ummæli hæstv. utanrrh. í dag, að við höfum saknað þess að hafa ekki heyrt getið um neinar heimildir fyrir þessu eða á hverju þetta væri byggt. Ef þetta telst til persónulegra árása á hv. 2. þm. Austurl., þá er ég að sjálfsögðu reiðubúinn til þess að draga það til baka um leið og ég fæ einhverjar upplýsingar hverjar eru heimildir fyrir þessu eða á hverju þetta er byggt.

Ég vil svo þakka hv. 5. þm. Vesturl. fyrir það sem hann sagði okkur vestan af Snæfellsnesi. Mér þykir mjög vænt um að heyra að einhverjir muna enn eftir mér þar í mínu gamla kjördæmi.

Ég vil svo að lokum segja það, að ég hef svo miklar mætur á hv. 5. þm. Vesturl., Jónasi Árnasyni, að mér þótti heldur leiðara að hann skyldi koma hér upp og halda þessa ræðu sem var á misskilningi byggð. Og ég verð að segja það, að ef ég ætti mér eina ósk honum til handa, þá væri hún sú að hann færi heldur sjaldnar upp í þennan stól, en helgaði sig þeim mun meir leikritagerð og gamanvísnasöng.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ein aðalástæðan fyrir því að ég tek til máls er leiðari í dag í Tímanum, en ég sé nú að leiðarahöfundur hefur gengið úr salnum. Hann er í hliðarsal og gengur inn til að hlýða á mál mitt. En hann skrifar hér leiðara í Tímanum og fyrirsögnin er: „Bretar fá óvæntan bandamann.“ Það var nú rifjað upp af nokkrum mönnum, m. a. af hæstv. dómsmrh., að fyrr á tímum hafi umr. um þessi viðkvæmu mál oft orðið heitar og jafnvel áður fyrr, 1961, að mér skilst orðið nokkuð hvassyrtar og kannske meira en það. En það var ómögulegt annað en að mótmæla þessum leiðara eins og hann er skrifaður. Hann er slík lágkúra og slík ósvífni gagnvart þeim, sem ekki eru með samningunum, að það nær engri átt að senda slíkt frá sér, bókstaflega ekki nokkurri átt, og manni flýgur í hug að þeir, sem aldrei hafa migið í saltan sjó, ættu að halda sér við koppinn. „En bretar hafa ástæðu til að fagna yfir þessum óvæntu bandamönnum,“ segir orðrétt í leiðaranum, „og þegar frá líður og menn gera sér almennt ljóst hve alvarlegt þetta nýja þorskastríð getur orðið, verður að vænta þess að stjórnarandstaðan taki upp önnur og raunhæfari vinnubrögð.“

Hvað segja þessi orð? Í fyrsta lagi erum við ásakaðir um það að gerast handbendi breta. Þetta er ósvífni af slíku tagi að það nær ekki nokkurri átt, og hann ætti að biðjast afsökunar hér á Alþ. fyrir svona skrifum. Í öðru lagi stað-

festir hann með hinum orðunum að það á að ná samkomulagi við breta við fyrstu möguleika, alveg öruggt mál, þrátt fyrir það sem sagt hefur verið hér margsinnis áður af þeim er mæla með þessum samningum, — þrátt fyrir það. Það á sem sagt að afhenda ekki kannske 65 þús. tonn, eins og þegar hefur verið boðið, — sumir liðsmenn þessa samnings óska þess eindregið að það verði boðið minna, — en dettur nokkrum manni í hug að samkomulag verði um lægri tölu en 65 þús. tonn sem þegar hefur verið boðin? Ég ætla ekkert að spá um það eða gerast neinn spámaður. En auðvitað er þetta upphaf að því að það á að semja við fleiri þjóðir. Mig minnir að það hafi verið hæstv. forsrh. í sinni ræðu í kvöld, í fyrsta skipti sem hann talaði um málið, sem taldi upp fleiri þjóðir sem semja á við.

Það hefur gleymst mjög í kvöld að minna á það að við erum komnir á það stig nú að ofnýting, ofveiði á fiskstofnum okkar er fyrir hendi, og það þýðir ekki að lifa í gömlum tíma og vera að rifja upp gamalt pex. Það þýðir ekki. Okkur ber að líta á staðreyndir dagsins og hvað er næst framundan. Og það er bara einn árgangur, hvort sem okkur líkar það betur eða verr, það er bara árgangurinn frá 1973 sem von okkar er byggð á að takast megi að vernda svo að fiskveiðar hér haldi áfram, þorskveiðin. Ástandið er svo alvarlegt. Og það er þessi grjótharða staðreynd, sem gerir það að verkum að ég og minir flokksmenn segja: Það er ekkert lengur til skiptanna, því miður, og þetta verða aðrar þjóðir að skilja. Þetta er okkar eina lífsbjörg. Það er ekkert val um annað. Og ef íslenska þjóðin hefur ekki rétt til að verja sína lífsbjörg, hvað hefur hún þá? Hvað hefur ein þjóð ef hún hefur ekki rétt til að verja sína lífsbjörg, það eina sem framtíð hennar byggist á um næstu ár, kannske 10, 20, 30 ár? Hvernig tala okkar menn á alþjóðavettvangi ef þetta eru ekki rök á móti einum ríkustu þjóðum heimsins. Ég segi bara: guð almáttugur, hvernig er á okkar málstað haldið. Við gáfum þessum þjóðum, og það er alveg óþarfi að vera að pexa um það, hv. alþm., innbyrðis, með hvaða hugarfari við höfum staðið að því að gera samninga um margra ára bil til þess að leysa okkar vandamál skref fyrir skref. Við vorum ekki þess umkomnir nema taka það skref fyrir skref. Við höfum staðið að því með mismunandi geði, en það var ekki hægt annað, byggt á þeirri forsendu að við værum nokkuð aflögufærir varðandi sókn í fiskstofninn og fyrst og fremst þorskstofninn. En nú, því miður, eins og með síldina, þá vöknum við við þá staðreynd, a.m.k. sumir hverjir, — ég hafði verið einn í þeim hópi sem taldi að um ofveiði væri að ræða, — en þá er almennt vaknað við þá staðreynd og hún er ekki vefengd, hvorki af okkur hér á Alþ. né okkar vísindamönnum og erlendum einnig, að það er ekkert til lengur. Þess vegna er ekki um neitt val að ræða.

Þó bauð ég það til þess að ná órofa samstöðu meðal þjóðarinnar og leysa nú þennan síðasta áfanga með sameiginlegu átaki allrar þjóðarinnar, bæði hér á Alþ. og annars staðar, að grundvöllur gæti verið fyrir því að semja einungis við þjóðverja til skamms tíma, segjum til 1. maí, og jafnframt að lýsa því yfir að alls ekki yrði samið við neina aðra þjóð, vegna þeirrar staðreyndar að það er ekkert að bjóða af þorski og ufsa nema þetta lítilræði sem um er talað að þjóðverjum takist að ná í gegnum þessa samninga. Á það hefur ekki verið hlustað. Það hefur enginn tekið undir það af a.m.k. forsvarsmönnum í ríkisstj.

Þó hefur verið ýjað að því hér, að ef ekki takist að koma þessari margumræddu bókun 6 til framkvæmda, þá höfum við val um það og fullan rétt samkv. samkomulaginu að láta það falla úr gildi eftir 5 mánuði. Ég verð nú að segja það, að ég óska sannarlega að svo takist til. Við skulum nota bara samvinnu við náttúruöflin, ef svo má orða það, og velgja bretum eins og hægt er. En samningar í dag byggjast á því að við treystum landhelgisgæslunni ekki nógu vel. En það er vantraust að hún geti ekki varið það vel að þeir treysti sér ekki til að halda veiðum áfram, bretar og jafnvel þjóðverjar líka. Allir menn vita að til lengdar er spenna hjá skipstjórum það mikil að þeir gefast upp ef af einbeitni er staðið að. Og mér er kunnugt um það, þrátt fyrir orð hæstv. dómsmrh., að það hefur verið slakað á þegar tækifæri var til jafnvel að taka togara. Hann var þegar stöðvaður og hann beið lengi eða varðskipið með hann, það beið lengi eftir hvað gera skyldi, og hann var látinn fara. Ég kemst ekki hjá því að segja frá þessu atviki af því að það er grjóthörð staðreynd.

Við verðum að gera okkur grein fyrir því að ýmiss konar mistök hafa átt sér stað um ofveiði í heiminum. Má ég minna á dæmið með síldina 1963 og 1964 hjá norðmönnum, þegar norðmenn og rússar veiddu 17 millj. hektólítra af smásíld sem var jafngildi af stórvaxinni síld 10 ára meðalveiði 1 millj. 700 þús. tonn. Allir töldu þetta allt í lagi og það voru allir kátir og allir græddu. Sama skeði með síldina á Íslandi. Sama skeði vegna mikillar tækniþróunar í Perú. Og við getum haldið svona áfram. Sama skeði í Portúgal með sardínuna, og hafið er autt. Sama mun ske á Íslandsmiðum ef við gáum ekki að okkur. Því vil ég mótmæla þeirri hugsun, sem kom áðan fram hjá 8. þm. Reykv., að ekki væri rétt að hafa hart ákvæði um möskvastærð og kvóð gagnvart þjóðverjum um að breyta um veiðarfæri. Man hann ekki sjálfur eftir því að íslendingar hafa lokað fyrir veiðarfærin fyrirvaralaust gagnvart sínum eigin skipum? Hvað skeði með þorsknótina, hvað skeði með dragnótina og fleiri veiðarfæri? Þessir aðilar fengu ekki krónu þótt um tugmilljóna verðmæti væri að ræða, og veiðarfærin liggja enn ónotuð. Af hverju? Það var talin óhjákvæmileg nauðsyn til að tryggja eðlilegt viðhald og veiðimöguleika fyrir framtíðina á þeim fiskstofnum er þessi veiðarfæri sóttu mest í. Svo eigum við að vera að vorkenna þjóðverjum þótt þeir þurfi að borga 10, 20, 30 millj., jafnvel 100 millj. fyrir að skipta um poka eða annað í togveiðarfærum, sem er þó aðeins sáralítill hluti af heildarkostnaði í veiðarfærum. Ég vorkenni þeim ekki, á sama tíma og við vitum, að þessi þjóð hefur ausið út hundruðum milljóna

til þess að reka hér þessa útgerð á Íslandsmiðum. Eigum við að vorkenna norðmönnum eða öðrum þjóðum, en norðmenn hafa nú þegar veitt sinni útgerð í bakvasann tæpa 20 milljarða af olíugróða? Svo erum við að vorkenna þessum þjóðum á móti okkar erfiðleikum. Við erum að vorkenna þeim. Það er hlægilegt að heyra svona tal. Ef við erum ákveðnir í því að vernda stofninn, þá segjum við hvað við þurfum og ekkert annað, skilyrðislaust og óhjákvæmilega. Þess vegna er ekki nema hálfsögð saga sem bæði hæstv. forsrh. og utanrrh. drápu á áðan í ræðum sínum í útvarpinu þegar þeir komu að þessu atriði, 5. eða 6. tölulið í samningnum varðandi þetta atriði um möskvann, að þeir muni hlíta okkar fyrirmælum, en þeir hafa árs aðlögunartíma. Þetta tel ég allt of langan tíma. Það gat verið óhjákvæmilegt að gefa þeim segjum 3 mánaða tíma eða eitthvað slíkt, en að gefa þeim árs aðlögunartíma er algjör fjarstæða, því að það er mál allra okkar vísindamanna og margra skipstjóra hér í dag að við komumst ekki hjá því að stækka möskvann hjá okkur og gera það fyrr en síðar, og það er engin ástæða til að vorkenna þjóðverjum þegar við leggjum þær kvaðir á okkar eigin togaraflota í þeim erfiðleikum sem hann á við að búa í dag, — ekki nokkur ástæða til þess. Auk þess, ef einhver veiði er hjá þessum skipum, þá slitna þessi veiðarfæri mjög fljótt.

Hitt hefur enginn drepið á af hálfu þeirra er tala um að fylgja þessu samningsuppkasti og gera það raunverulegt, hversu hættulegt er að gefa þjóðverjum tækifæri á flottrollinu, hversu það er hættulegt. Menn vita að þessi stóru skip hafa margfalda yfirburði yfir okkar skip þegar þau beita flottrollinu, en okkar skip, langflestir togarar okkar veiða aðeins með botnvörpunni. Við gefum þjóðverjunum tækifæri til að veiða þúsundir tonna framan við nefið á okkar eigin skipum. Þetta er ekki hægt að mínu mati og nær ekki nokkurri átt, að hafa þetta ákvæði. Jafnvel þó að við höfum enn þá leyfi fyrir okkar togveiðiskip að nota flotvörpu, þá er yfirgnæfandi meiri hluti okkar skipa sem ekki notar flotvörpuna. En þessi stóru þýsku skip hafa miklu betri tækniútbúnað en okkar togarar og hirða aflann framan við nefið á okkar togurum. Og það veit ég, að bæði hornfirðingar og vestmanneyingar eiga eftir að finna fyrir áhrifum frá þessu ákvæði í samningunum varðandi ufsaveiðina næsta haust, eftir árið.

Það eru m. a. svona ákvæði sem gera það að verkum að ég get ekki fylgt þessum samningi þó að hann hafi líka kosti. Auðvitað hafa allir samningar sína kosti, þeir hafa bæði mínus og kosti. Og í dag á að sannfæra okkur og þjóðina um að kostirnir séu langt fram yfir galla, og þess vegna myndast hér meiri hl. að fylgja þeim. En það er þó athyglisvert, að úr báðum stjórnarflokkunum hafa menn komið fram og gagnrýnt ýmis ákvæði, og hæstv. ráðh. hafa eðlilega sagt: við náðum ekki öllu fram. Og það vita menn auðvitað, að það næst ekki allt fram þegar menn setjast niður og deila og reyna að ná niðurstöðu. En þetta eru þó svo alvarlegir agnúar á samningnum að það er ekki hægt annað en að hafna honum. Það verður að undirstrika þetta atriði. Það er ekki nokkur minnsti möguleiki að samþ. slíkt uppkast sem felur þetta í sér.

Svo er auðvitað augljóst mál og það má kallast alveg einstök samviskusemi af þýskum skipstjórum, ef þeir geta malað, eins og segir í gömlu ævintýri, malað bæði malt og salt og malað, — það var nú sagt í djöfulsins nafni þá eða einhverra nafni skulum við segja í dag — ef þeir hagnýta sér ekki þetta ákvæði. Og hvar taka þeir þennan afla utan við umráðasvæði okkar, nær Grænlandi eða nær Færeyjum? Við getum ekkert ráðið við þetta, ekki nokkurn skapaðan hræranlegan hlut. Þeir geta sem sagt með flotvörpunni á leið af miðum leikið sér að því að fá tugi tonna yfir sólarhringinn og látið kvörnina dunda við að gera þetta að mjöli og lýsi á næstu 5 dögum vegna þessa ákvæðis, og við ráðum ekkert við það, ekki nokkurn skapaðan hlut. Þetta gæti verið eintómur þorskur eða eintómur ufsi. Þetta er því hættulegt ákvæði og ætti að liggja á hreinu hvernig um slíkt mál ætti að fara.

Það hefur margt borið hér á góma í kringum þetta mál sem eðlilegt var. Við vissum það fyrir fram. Fyrst ekki náðist viðtækari samstaða um meðferð málsins, þá hlaut að koma að því, þegar okkur var ekki sýndur meiri trúnaður en svo í stjórnarandstöðunni að við fengum nú að nafninu til eða fulltrúar okkar að fylgjast með því sem var að gerast, þá hlaut að koma að því að við tækjum alllangan tíma til að ræða málið á víðum grundvelli og einnig efnislega í smáatriðum, og fyrir bragðið hafa umr. orðið hér ákaflega langar.

Það hefur verið sagt að við séum að fórna karfanum og getum verið aflögufærir í því sambandi. En 8. þm. Reykv. minntist hér á bréf 1972, og ég minntist á það í fyrri ræðu minni einnig, að Jakob Magnússon fiskifræðingur, okkar færasti maður, held ég, í karfarannsóknum og sérfræðingur á því sviði, aðvaraði um það þá þegar hversu við værum búnir að ganga nærri stofninum. Og það hefur komið í ljós að karfaafli okkar skipa er stundum samansettur af svo smáum karfa að hann er ekki einu sinni vinnsluhæfur og hefur orðið að fara beint í gúanó. Jakob Magnússon hefur einnig ráðlagt að tryggja stórkostlega friðun á karfanum til þess að byggja upp góðan afla fyrir togara okkar í framtíðinni, vegna þess að margir stærri togarar sækja á karfamið og það er lífsnauðsynlegt að fá góðan karfa handa þessum skipum eða góð karfamið. Það er því ekki síður ástæða til þess að mínu mati að fara varlega gagnvart karfaveiðinni. Það er fljótgert að vinna úr þeim stofni. Hann hefur ekki eins mikla dreifingu og yfirferð og þorskurinn, og nútímatækni gerir það að verkum að ötulir og góðir skipstjórar geta fljótlega þurrausið karfamiðin þegar þeir fylgjast með hvar þau er að finna. Það er fljótlegt að gera það, og tækni þjóðverjanna er það mikil að þeir taka karfann bæði uppi í sjónum og niðri við botn. Hér er um því mjög alvarlegt mál einnig að ræða.

Ég held, herra forseti, að ég tefji nú ekki tímann til að gera fleiri athugasemdir við þetta. En ég vil þó minna á það að hæstv. núv. sjútvrh.

hefur sagt að það væri hans mat að algjör forsenda fyrir samningnum við ótiltekna þjóð væri það að bókun 6 tæki gildi áður en samningar væru gerðir og við nytum þeirra verslunarfríðinda sem við höfum þegar átt að hafa heimild til samkv. öðru samkomulagi. Orð þessa ágæta manns eru að engu höfð í dag, ekki að nokkru. Hann er ekki hér viðstaddur vegna lasleika og þess vegna ekki rétt að vera að fjalla mikið um hans orð, þar sem hann getur ekki svarað fyrir sig í því efni. Þó hefur verið staðfest einnig á prenti að þetta sé hans skoðun.

Einnig sakna ég þess, miðað við að fara 2—3 ár aftur í tímann, hversu sjálfstæðismenn höfðu þá geysilegan áhuga á eflingu landhelgisgæslunnar með skipakaupum og morgu, morgu fleiru, að þeir skyldu ekki ítreka sinn ódrepandi áhuga þá, þegar önnur ríkisstj. var og þeir voru í stjórnarandstöðu, því að ef ekki á að semja við breta, eins og mér skilst að menn hafi nú allt í einu mjög lítinn áhuga á og jafnvel engan þrátt fyrir þessi furðulegu skrif í dag í Tímanum, þá veitir okkur sannarlega ekki af að hafa mikinn skipakost, kannske ekki ný varðskip í sjálfu sér, en a.m.k. önnur skip — 4—6 hafa skipherrar landhelgisgæslunnar sagt að mundu duga til þess að gera bretum nær ókleift að veiða. Ég vildi því gjarnan heyra það nú á þessari stundu að ríkisstj. væri ákveðin í því efni að bæta við skipakost landhelgisgæslunnar. Menn hafa sagt það hér áður mjög oft að það væri ódrepandi áhugi í því efni. Hví skyldi hann vera minni í dag, eins og ástandið er nú?

Við hörmum allir ósvífna innrás breta í okkar landhelgi og þá smán sem okkur er sýnd með því að beita hér herskipum gagnvart okkur, vopnlausri þjóðinni. Það er forkastanlegt athæfi og ekki hægt að hafa nægilega sterk orð um slík vinnubrögð. En þá er einnig rétt að svara þeim með öllu okkar afli, eins og hægt er og eins og menn hafa lýst áhuga hér áður fyrr, að hann væri fyrir hendi meðal alþm.

Jónas Árnason: Herra forseti. Það er aðeins örstutt aths. út af síðustu ræðu sem hæstv. iðnrh. flutti. Þar kvað við nokkuð annan tón, fannst mér, heldur en í þeirri ræðu sem hann hafði flutt núna fyrr í kvöld í útvarp. Ég vil segja út af þessari ræðu að það er mér gleðiefni, sérstakt gleðiefni, að hvað svo sem forfeður vorir kynnu að hafa sagt um þetta skv. sínum skilningi á orðinu prúðmennska, þá get ég flutt gömlum konum á Snæfellsnesi þær fréttir að hann Gunnar Thoroddsen virðist enn vera sama prúðmennið og hann var í „den tid".

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Hér hafa nú farið fram býsna almennar umr. um þetta mál og alveg sérstaklega af hálfu þeirra sem styðja samningagerð við vestur-þjóðverja. Ég verð að segja það, að mér finnst að meginhluti þessara umr. snúist um mikil aukaatriði þessa máls.

Hér tala menn langt mál um að það sé að finna viss ákvæði í þessum samningum um möskvastærð. En allir þeir, sem þekkja þar til, sjá auðvitað að það, sem segir í þessum drögum sem menn kalla hér, en ég kalla samning, segir hreinlega ekki neitt, því að meginreglan, sem á að takast upp eftir nokkra mánuði, er svo til sú sama varðandi möskvastærð og þjóðverjar hafa notað og við erum nú farnir að nota hér að þó nokkru leyti. En möguleikarnir á því, að þeir taki hér upp enn annan möskva og við líka, eru sáralitlir á þessu tímabili sem samningurinn á að fjalla um. En um þetta geta menn auðvitað haldið langar ræður, rétt eins og þeir séu að frelsast í nýjum möskva.

Það er alveg sama að segja um þær ræður sem hér hafa verið fluttar um friðunarreglur, einhverjar nýjar friðunarreglur. Ekkert er nýtt í þeim efnum, — ekkert. Það eina, sem vitanlega vekur athygli manna sem virða fyrir sér þau nýju ákvæði sem er að finna í þessum nýja samningi, er að þar er að finna ákvæði um að það verði að tilkynna þjóðverjum út til Bonn um friðunarreglur af hálfu íslendinga, þær sem við kunnum að ákveða. Af þessu verðum við að draga þá ályktun, sem ég hef bent á hér áður, að vegna þessa getum við ekki búist við því að gagnvart þjóðverjum sé hægt að koma við svonefndri skyndifriðun sem við höfum talað mikið um að taka upp. Hitt hefur aldrei í öllum samningaviðtölum okkar við þjóðverja og ekki heldur við breta verið vandamál, að fá þá til þess að viðurkenna það að hlíta þeim reglum sem settar hafa verið með góðum fyrirvara varðandi almennar friðunarreglur sem gilda jafnt fyrir okkur og þá. Allar orðalengingar um þetta eru því í rauninni alveg út í bláinn og koma því stórpólitíska máli sem liggur á bak við þessa samningagerð, ekkert við og eru algjört aukaatriði.

Þá er svipað að segja um ræður manna varðandi það að við verðum að tryggja okkur markaði. Hvar er það að finna í þessum plöggum að það eigi að tryggja okkur einhverja markaði umfram það sem verið hefur? Ekkert einasta ákvæði er að finna um það. Þetta er ósköp svipað og þegar menn voru að tala um það í löngu máli hér áður að ef við yrðum aðilar að EFTA, þá opnaðist fyrir okkur 200 milljóna manna markaður o.s.frv. — eða er við urðum aðilar að Efnahagsbandalaginu. Allt þetta hefur reynst eintóm villukenning og ekki haft nein veruleg áhrif á okkar markaðsmál. Það eina, sem hér gæti komið til greina, er að við hefðum eitthvað eilítið meiri möguleika til þess að flytja út þær vörur, sem við annars framleiðum hér og flytjum út, inn í þessi markaðslönd. Ef bókun 6 kæmi til framkvæmda, þá er það rétt að þar er um nokkrar vörutegundir að ræða sem ekki hafa neina afgerandi þýðingu fyrir okkur. Ég veit mætavel að þeir aðilar sem eiga eða reka niðursuðuverksmiðjur, — þeir eru ekki margir í þessu landi, — þeir hafa alltaf verið að gera sér vonir um það að ef þeir fengju eilítið lægri tolla að glíma við í vissum Evrópulöndum, þá gætu þeir e. t. v. komist þarna inn, og það er ekki alveg loku skotið fyrir það. En þar er ekki um neitt stórmál að ræða fyrir okkur, það vitum við. Það er eins og ég hef bent á, að ef bókun nr. 6 kæmi til framkvæmda eins og okkar útflutningi er háttað núna, þá hefur hún mest að segja til lækkunar á tollgreiðslum okkar af ísvörðum fiski sem við

seljum bæði í Þýskalandi og Bretlandi. En hitt vitum við líka mætavel, að það er síður en svo hagkvæmt fyrir okkur þjóðhagslega séð að ýta undir útflutning á ísvörðum fiski. Það er reginmisskilningur sem hér hefur komið fram, að það ætti að vera eitthvert keppikefli fyrir okkur að opna slíka möguleika umfram það sem verið hefur. Þvert á móti, kæmi fyllilega til greina hreinlega að banna slíkan útflutning og standa að því að vinna þessi hráefni til meiri verðmæta hér í landinu við þær aðstæður sem við höfum. Menn tala um að við verðum að gæta að því að hafa einhverja möguleika til þess að selja okkar vörur. Auðvitað verðum við að geta selt okkar vörur á erlendum markaði, en slíkt kemur þessu máli ekkert við.

Eða þá fullyrðingar eins og sú, að með því að nú semjum við við þjóðverja um allt fiskveiðilandhelgissvæðið, alveg út í 200 mílur, þá felist í því óbein viðurkenning þjóðverja á okkar nýju fiskveiðilandhelgi. Eftir þessari reglu hefði samningur okkar frá nóv. 1973 við bretana átt að þýða viðurkenningu breta á 50 mílna landhelginni. Hefur það reynst svo? Ekki aldeilis. Bretar tóku þetta fram, og þjóðverjar taka þetta fram á alveg sams konar hátt, að þetta samkomulag þeirra við okkur breyti engu um afstöðu þeirra til þessara landhelgismála. Þetta er því eitt af þeim mörgu aukaatriðum sem menn eru að reyna að vefja þetta mál inn í, kemur í rauninni málinu ekkert við og fær ekki staðist ef menn vilja líta af einhverju raunsæi á málið. En þetta er auðvitað ágætt til þess að vefja einhverjum lopa utan um málið.

Svo auðvitað geta menn kryddað ræður sínar, eins og hér hefur verið gert af hálfu stjórnarsinna, með löngu máli um það og dularfullu tali að segja: Ja, voru ekki til klippur í tíð Lúðvíks, þegar hann var í ríkisstj.? Eins og það komi þessu máli eitthvað mikið við, eins og hér hefur þegar verið drepið á. Eða þá hitt, að endurtaka hér, eftir það sem annars hefur komið fram í þessum umr.: Samdi ekki Lúðvík við breta og gekk hann ekki fram fyrir skjöldu til þess að koma á þeim samningi? — eins og einn hv. stjórnarstuðningsmaður sagði hér. Og svo þetta: Bauð ekki Lúðvík þjóðverjum þetta og þetta og svona marga ferkm af hafsvæði í kringum landið? — Ekkert er nú í rauninni eins furðulegt af mönnum, sem eitthvað svolítið þekkja til fiskveiða, og það er spurning hvort ætti ekki að taka ákveðin skipstjórnarréttindi eða fiskveiðiréttindi af þeim mönnum sem þau hafa og tala á þann veg um fiskveiðar hér við landið, þegar þeir fara að mæla allt í ferkm. Þeir hefðu átt að mæla þetta í dagsláttum, það væri miklu hressilegra, hvað hér væri um margar dagsláttur að ræða. Það er líka aðferð til þess að mæla þetta út. Þeir vita mætavel að meira að segja innan 50 mílnanna er líklega mikill meirihluti hafsvæði þar sem enginn maður með nokkra glóru í höfðinu hefur reynt að renna fyrir fisk af því að það eru engin fiskimið þar undir. Þjóðverjar og aðrir þeir, sem eru að leita eftir samningum um fiskimið, hafa ekkert verið að sækjast eftir þessu. En þetta er ágætt fyrir menn sem vilja fela sig út úr einhverjum vandræðum í slíkum útreikningum: Þessi bauð svona margar dagsláttur og hinn svona margar. Spurningin í þessu máli er að sjálfsögðu um það, hverju er verið að fórna eða hvað er verið að semja um af okkar fiskimiðum. Og um þetta hafa auðvitað alltaf staðið deilurnar í öllum samningaviðræðum, bæði við þjóðverja og breta.

En í sambandi við þessi ræðuhöld, sérstaklega varðandi tilboð sem ég á að hafa gert sérstaklega til vestur-þjóðverja og eins samningaviðræðurnar við breta, þá þykir mér rétt að rifja það svolítið betur upp en gert hefur verið hér. Hæstv. dómsmrh. vék þó talsvert að því í sinni ræðu, því að hann mundi auðvitað allvel hvernig þessi mál bar að á sínum tíma.

Það var eitt sinn allmikið rætt um það að allir alþm., 60 talsins, hefðu orðið sammála 15. febr. 1972 hér á Alþ. um tiltekna stefnu í landhelgismálinu. Þetta samkomulag hafði haft sinn aðdraganda. Það voru ekki fáir fundir sem voru haldnir milli flokkanna um það að ná saman um þá samþykkt sem þá var gerð á Alþ., 15. febr. 1972. Þeir, sem í þeim samningum stóðu, vita mætavel að við þessa tilraun til samkomulags greindi allmikið á milli afstöðu okkar alþb.-manna og sérstaklega fulltrúa Sjálfstfl. Fulltrúar Sjálfstfl. gerðu kröfu um að inn í þetta samkomulag yrði tekið ákvæði um að því væri heitið sem stefnumiði frá Alþ. að það yrði haldið áfram samningaviðræðum við breta og þjóðverja til þess að leysa það vandamál sem allir sáu auðvitað fyrir að upp mundi koma við þá. Við neituðum þessu lengi vel og vildum hafa orðalag á þessu á annan veg. En við tókum þátt í þessu breiða samkomulagi sem síðan var gert, og með þessu samkomulagi var mótuð sú allsherjarstefna sem síðan var fylgt, að allir hefðu fallist á það að rétt væri að halda þannig á útfærslunni í 50 mílur að þeim, sem hér höfðu stundað veiðar lengi, yrði gefinn kostur á sanngjörnum umþóttunartíma, það væri rétt að semja við þá um nokkurn tíma um veiðirétt á hinu nýja og aukna landhelgissvæði okkar. Þetta var það sem allir flokkar sömdu um, og alveg sérstök krafa kom fram um þetta frá Sjálfstfl. En svo rísa hér upp ýmsir hv. þm. úr liði sjálfstæðismanna og ætla að kenna mér sérstaklega um það og okkur alþb.-mönnum að við höfum séð um það að standa þannig að málum að semja við breta eða veita þjóðum umþóttunartíma í sambandi við þessa útfærslu.

En það hafði ekki verið samið um það í þessu mikla samkomulagi hvað umþóttunartíminn ætti að vera langur eða hvað ætti að veita hinum ýmsu þjóðum, sem hér gætu komið til greina, mikil fiskveiðiréttindi innan hinnar nýju stækkuðu fiskveiðilandhelgi okkar. Sýndist auðvitað sitt hverjum í þeim efnum þegar kom til samningaviðræðna t. d. við breta og vestur-þjóðverja. Það vissu líka allir að þegar að því kom að gera samninginn við breta, sem samþ. var hér á Alþ. 13. nóv. 1973, þá töldum við alþb.-menn að það hefði verið gengið allt of langt í þá átt að veita bretum fiskveiðiréttindi hér við land. Það voru ekki aðeins þau fimm atriði sem hér voru talin upp af hv. þm. Jóni Árnasyni. Það voru aðeins þau atriði sem við vildum fá fram sem breyt-

ingar á samkomulagi sem var búið að negla sig allt of fast í. En við gerðum einnig þá aths. við þetta, að hæstv. dómsmrh. núv. og reyndar þáv. líka, í vinstri stj., hafi gengið allt of langt í sambandi við það fiskmagn, sem um var samið, og alveg sérstaklega um þann tíma, sem veiðiréttindin áttu að gilda. En það kom auðvitað vel í ljós, um það leyti sem var verið að gera þessa samninga, að Sjálfstfl. bæði á þingi og alveg sérstaklega kom það fram í skrifum í Morgunblaðinu, hann eggjaði lögeggjan forsrh. í fyrrv. ríkisstj. um að halda áfram með þetta samkomulag, drífa það í gegn, Sjálfstfl. skyldi standa á bak við hann, hann þyrfti ekki á neinu atkv. að halda frá Alþb. Þetta mátti lesa í Morgunblaðinu dag eftir dag, og það var einmitt í krafti þess sem forsrh. í þeirri stjórn sagði við okkur sem með honum vorum í stjórn: „Ég mun slíta stjórnarsamstarfinu við ykkur ef ekki verður samkomulag um að fallast á þetta uppkast eins og það liggur fyrir.“ (**Gripið fram í:** Sagði hann þetta?) Já, hann sagði þetta. Það lá alveg skýrt fyrir, og það var einmitt út frá þessu, enda gáfum við yfirlýsingar um það á Alþ., þegar þetta var samþ., að það var vegna þess að við sáum að við gátum ekki komið í veg fyrir að þetta samkomulag yrði gert. En við hefðum átt hinn kostinn að vísu, að ganga úr ríkisstj. og hafa ekki lengur aðstöðu til þess að hafa áhrif þar á mjög þýðingarmikil mál sem lágu hálfkláruð — og einnig að afhenda landhelgismálið þeim aðilum sem alltaf, fyrr og síðar, hafa reynst svikulir í málinu og bilað fyrstir allra manna, en það eru forustumenn í liði Sjálfstfl. Við tókum því þá afstöðu að gefa hér skýra yfirlýsingu um álit okkar í málinu, en fallast eigi að síður á að þessi samningur yrði gerður. Þetta kom hér fram í öllum meginatriðum hjá hæstv. dómsmrh. Hann vissi þetta. Hann viðurkenndi þetta. Og það hafði aldrei verið nein deila um að þetta hafi verið afstaða okkar alþb.-manna. En svo geta menn sem sagt varðandi þetta mál sem hér liggur fyrir, haldið langar ræður, hinir ýmsu sjálfstæðismenn, og kennt okkur sérstaklega um þessa samninga sem gerðir voru við breta fyrst og fremst í hróksvaldi Sjálfstfl. Annars hefðu þeir ekki verið gerðir.

En þessi atriði öll, það eru ekki þau sem hér skipta máli varðandi þá till., sem hér liggur fyrir til afgreiðslu og þær deilur, sem hér eru raunverulega uppi um það hvort nú eigi að semja við vestur-þjóðverja og síðan marga fleiri um undanþágur til veiða í fiskveiðilandhelginni. Það eru ekki þessi atriði sem skipta máli. Það, sem máli skiptir og þeir stjórnarliðar fást ekki til að ræða um, það er hvað eigi að gera eftir að búið er að samþ. í fyrsta lagi samninginn við vestur-þjóðverja og síðan aðra þá undanþágusamninga, sem gert er ráð fyrir af ríkisstj. hálfu að gera, og standa líklega við það tilboð sem hún hefur þegar gert bretum, þó að ekki sé gert ráð fyrir meiru, að svara því hvernig þá eigi að fara með fiskveiðimálefni okkar Íslendinga sjálfra. Um það fæst ekkert svar frá talsmönnum ríkisstj. Þeir skjóta sér undan því með öllu að ræða þennan gífurlega vanda sem upp kemur um leið og slíkir samningar eru gerðir um þetta mikla veiði úr okkar fiskstofnum, hvernig þá eigi að fara með okkar eigin fiskveiðimál. Hvernig stendur á því að þeir fást ekki til að ræða þetta mál? Eru þeir kannske hræddir um að þjóðin í landinu grípi enn þá fastar inn í en hún hefur gert enn varðandi þessa samningagerð, ef henni væri sagt hreint til um það hvað ætti að gera?

Það er eins og ég hef bent á í þessum umr., að það eru raunverulega aðeins tveir kostir sem við eigum völ á í málinu. Annars vegar er það, að við höldum áfram okkar fiskveiðum eins og verið hefur að undanförnu, gerum engar sérstakar ráðstafanir umfram hinar almennu sem við höfum sett lög um áður, með einhverjum breytingum nú, en héldum okkar veiðum í öllum aðalatriðum áfram í óbreyttu formi. En þá ætti niðurstaðan að verða sú að áliti fiskifræðinga, sem hafa aðvarað okkur, að hér verði í rauninni algjört hrun í okkar fiskveiðum eftir 2 ár með alveg hrikalegum efnahagslegum afleiðingum. Þetta er annar kosturinn. Það er í rauninni að stíga alveg hreint yfir skýrslu fiskifræðinganna, láta sem við höfum hvorki heyrt hana né séð. Hinn kosturinn er að við tökum upp nýjar takmörkunarreglur á það sem við eigum að veiða, að það verði t. d. farið í að framkvæma þetta sem Fiskiþing hefur verið að fjalla um, að við seldum einhvern verulegan hluta af okkar fiskibátum úr landi og við stöðvuðum með öllum mögulegum hætti þá smíðasamninga sem þegar hafa verið gerðir, kaupum okkur út úr því, losum okkur við þau nýju skip, — eða þá jafnvel, eins og einn hafði lagt til, að fara bara hreint í það að ekki einu sinni að selja þetta til fátækra þjóða, heldur bara fara í það í stórum stíl að höggva upp gömlu skipin okkar og senda síðan ríkissjóði reikninginn og óska síðan eftir því að ríkissjóður borgaði þetta út fyrir þá sem yrðu fyrir því. Um þetta hafa komið fram alvarlegar till. nú, og svo einnig að setja einhvers konar hámarksreglur á fiskveiðar okkar manna, t. d. á þann hátt sem ritari á Fiskiþingi var að tala um í sjónvarpinu, að setja hámarksaflakvóta á öll helstu fiskibyggðarlögin í landinu. Þá yrði væntanlega sagt við hvert byggðarlag fyrir sig: Ja, þið verðið að skera niður ykkar afla um ca. 20—30% frá því sem hann var á s. l. ári. — Um þetta hefur verið spurt, því að það sjá allir að annan hvorn kostinn verðum við að velja. En stuðningsmenn ríkisstj., þeir sem standa fyrir því að reyna að berja í gegn þessa till., um þetta atriði málsins vilja þeir ekki ræða, sem er þó höfuðatriði málsins.

Þeir eru þeirrar skoðunar eftir þeirra málflutningi að það sé ekki um annað að ræða fyrir okkur en að semja við útlendinga, a. m. k. við vestur-þjóðverja. Það er alveg augljóst mál. Að vísu er málflutningur af hálfu stjórnarstuðningsmanna hér mjög misjafn um það hvað eigi svo að gerast meira en að samþ. þennan samning við vestur-þjóðverja, og þá virðist mér nú satt að segja að hugsunin sé ekki allt of skörp hjá stuðningsmönnum stjórnarinnar. Sumir virðast hugsa sér framvindu þessara mála þannig að það verði bara samið við vestur-þjóðverja eða a. m. k. ekki samið við

breta. Þá gefur það auðvitað alveg auga leið, eftir því sem hér hefur komið fram í þessum umr. frá hálfu ríkisstj., að þá stendur samningurinn við vestur-þjóðverja aðeins í 5 mánuði, því að bókun nr. 6 verður ekki komin til framkvæmda innan 5 mánaða, þá á að fresta framkvæmd samningsins, en verði ekki samið við breta, þá vitum við upp á hár að bókun nr. 6 kemur ekki til framkvæmda.

Þeir, sem hugsa sér því þróunina þannig, að það verði ekki samið við breta, en vilja endilega gera samninginn við vestur-þjóðverja með þessum ákvæðum í, eru þá að gera samning til 5 mánaða, gefa vestur-þýsku togurunum rétt til þess að veiða hér á tilteknum svæðum í 5 mánuði — búið, hefur ekkert meira gildi. Allur draumurinn um möskvann og friðunarreglurnar og allt er þotið út í vindinn, því að menn hafa ekki tíma til þess að koma þessum miklu gæðum í framkvæmd. Til hvers eru menn nú að standa að samningum á þessa lund? Ég hef auðvitað þá skýringu eina, sérstaklega þegar ég heyri að hv. þm. Þórarinn Þórarinsson heldur því fram með allri sinni áróðurstækni að þetta sé nú meiningin, þetta eigi nú að vera svona. Þá veit ég að þetta eru aðeins eftirstöðvar af því þegar hann var að reyna að sannfæra sína samflokksmenn um að það væri óhætt að samþ. þennan samning, hann stæði bara í 5 mánuði og það væri alls ekki á leiðinni á eftir þessum samningi neinn samningur við breta og sé alveg óhætt að trúa því. Ég trúi því ákaflega illa að hv. þm. Þórarinn Þórarinsson meini þetta í raun og veru. Hinu trúi ég mætavel, að hann haldi þessu fram við ýmsa af sínum flokksbræðrum Ég trúi því ekki að hann standi fyrir því að gera samninga um landhelgismálið á þessum grundvelli, aðeins til 5 mánaða og að öðru leyti þýðingarlausan samning með öllu. (**Gripið fram í:** Er það of stuttur samningur að mati hv. þm.?) Til 5 mánaða. Það leysir ekkert, nema þá að þjóðverjum er aðeins gefinn réttur til þess að fiska hérna eftir þessum samningi í 5 mánuði, en við fáum ekkert í aðra hönd, ekki neitt. Sama ástand er komið upp eftir 5 mánuði. Það er auðvitað vel hægt að gera svona samning við breta líka: Við skulum ekki vera að þræta um þetta í næstu 5 mánuði. Þið megið fiska eins og þið viljið. — Er það nokkur lausn á málinu? Það er engin lausn á málinu. Það er bara eftirgjöf hjá okkur gagnvart þjóðverjum í 5 mánuði og ekkert annað. Þetta auðvitað sjá allir. Þetta vita allir.

Nei, ákvæðið um 5 mánaða frestinn varðandi bókun nr. 6 getur auðvitað ekki þýtt nokkurn skapaðan hlut annan en að það eigi að notfæra sér þessa 5 mánuði til þess að ná samningum við breta og aðra Efnahagsbandalagsaðila, enda tel ég að þetta hafi komið skýrt fram á landhelgisfundi hjá hæstv. utanrrh. Þetta er auðvitað það eina rökrétta, að það eigi að reyna að koma þessari margumtöluðu og dularfullu bókun nr. 6 í framkvæmd á þessu 5 mánaða tímabili. Að búast við því, eins og ég held að hæstv. forsrh. léti orð falla um í þessum umr., að hann vildi nú vona að bretar reyndust ekki þeir ódrengir í þessu að fara að beita þessu neitunarvaldi í sambandi við bókun nr. 6, það væri a. m. k. rétt að vona það á meðan það væri ekki orðið. Þeir hafa sagt þetta alveg skýrt við okkur, og þeir segja: Við þurfum ekki einu sinni að tilkynna það. Það verður sjálfkrafa. Bókun nr. 6 fer ekkert í gildi fyrr en þið eruð búnir að semja við okkur. — Svona geta menn ekki grafið höfuðið í sandinn. Það er því enginn vafi á því að bókun nr. 6 fer ekkert í samband fyrr en búið er að semja við breta. Og ef menn keppa að því, eins og virðist vera markmiðið með þessari samningagerð við vestur-þjóðverja, þá verður vitanlega að snúa sér að því að semja við breta.

Þá er líka eðlilegt að um það sé spurt hvort ríkisstj. ætli þá, þegar til viðræðna við breta kemur, að semja um það tilboð sem hún hefur þegar gert, hvort hún ætlar að semja um 65 þús. tonnin eða hvort hún ætlar að hækka sig eitthvað frá því eða hvort hún ætlar að segja að boðið 65 þús. tonn standi ekki lengur og hún meini þá það með því að svo hátt boð verði ekki gert hér eftir.

Ég hefði nú gjarnan viljað, þó að nokkuð sé liðið á nóttu, — ég hafði ekki búist hér við löngum umr. og ætlaði nú að þola það að vera kyrr í mínu sæti þó að hér væri sagt ýmislegt misjafnt um mig og haldið fram býsna einkennilegum kenningum, — en mér finnst full ástæða til þess að vekja hér enn athygli á því að hæstv. ríkisstj. hefur ekki fengist til þess að tala hér um meginatriði þessa máls: Hvað á að leysa með þessari samningagerð, og hvernig á að mæta þeim vanda sem upp kemur ef áfram verður haldið þeirri samningastefnu sem við, sem erum á móti þessum samningi, lesum út úr þeim upplýsingum sem við höfum fengið?

Ég vil til viðbótar taka það fram, að það var ekki rétt, sem hæstv. utanrrh. gaf í skyn í útvarpsumr. í kvöld, að það hefði verið hægt að skilja orð mín svo í viðræðunum við þjóðverja á sínum tíma að ég gæti fallist á að þeir hefðu fiskmjölsverksmiðjur í gangi í sínum skipum. Þvert á móti kom það alveg skýrt fram í þeim viðræðum sem hann vitnaði til, að ég átti þar alllöng samtöl við hina þýsku aðila um að það yrði að gera glögga grein fyrir því hvernig skipin væru útbúin í þessum efnum. Og þegar það kom fram af hálfu þjóðverjanna að þeir hefðu fiskmjölsverksmiðjur í flestum sínum skipum, þá sagði ég að það væri sjálfsagt vitanlega að taka það til athugunar af hvaða stærð og gerð þetta væri, þar sem hér væri um samning að ræða fyrir skip sem veiddu fyrir ísfiskmarkað.

Ég tel að það orðalag, sem hæstv. viðskrh. sýndi okkur upphaflega, hafi verið um allt annað. Það var um það að þeir hefðu rétt til þess að vinna þann úrgang sem félli til og þeir skyldu ekki vinna í mjöl meira en sem samsvaraði þeim úrgangi sem með eðlilegum hætti félli til í sambandi við þeirra veiðar. Þarna er verið að gera ráð fyrir einhverri vinnslu um borð, en til þess er ekki ætlast, og við göngum yfirleitt ekki út frá því að hafa fiskmjölsverksmiðjur í skipum sem við gerum almennt út á ísfisk, teljum að það sé hættulegt og mjög auðvelt að misnota

það. Það er sem sagt rangt að ég hafi fallist á það. Það sagði ekki heldur í því orðalagi sem hann vitnaði til, heldur aðeins hitt, að það væri sjálfsagt að taka þetta nánar til athugunar.

Ég tel enn að það sé galli á þessari samningagerð, en auðvitað miklu minni en þau aðalatriði sem ég hef rætt hér, — ég tel það galla á þessari samningagerð að það er aldrei talað um annað en að veita tilteknum skipum rétt til fiskveiða á miðunum við Ísland. Það er ekki um það talað í samningagerðinni sjálfri að hér eigi að vera um ísfiskveiðiskip að ræða, og þar skilur auðvitað ansi mikið á milli. En það er vonandi hægt að fá það á hreint síðar, þannig að þarna þurfi ekki að vera verulegur ágreiningur á milli aðila.

Ég skal svo ekki lengja þetta miklu meira að sinni, en vil nú segja það, að ef þessar umræður halda hér eitthvað áfram, þá fyndist mér eðlilegt að hæstv. ríkisstj. vildi eitthvað ræða aðalatriði þessara mála, hvernig á að fara með okkar fiskveiðimálefni, íslendinga, til hvaða ráða á þar að grípa, því að það er ekki hægt að loka augunum fyrir þeim gífurlega vanda sem upp kemur ef á að fara þessa samningaleið í jafnríkum mæli sem ríkisstj. stefnir augljóslega að að mínum dómi. Það er ekki heldur hægt að nota þá afsökun jafnmikið og hér hefur verið gert af hálfu stjórnarinnar, að hér sé bara um karfa og ufsa að ræða og það þurfi að hlífa þorskinum. Svona geta menn ekki talað um þessi mál ef þeir hugleiða málið eitthvað betur.

Það er vitanlega ekki hægt að ráðstafa miklu af karfaaflanum hér á Íslandsmiðum og ufsaaflanum frá okkar skipum. Hér er verið að tala um að ráðstafa talsvert miklu frá okkar skipum án þess að okkar skip sæki þá tilsvarandi meira í þorskstofninn, nema það eigi að fara þá leið að höggva þarna niður okkar veiði. Þetta byggist að sjálfsögðu á því að heildaraflamagnið, sem talað er um af fiskifræðingunum að megi taka úr þessum stofnum, þessum fjórum stofnum, það er svipað þeim afla sem við höfum veitt og veiðum sjálfir. Það er því í rauninni nokkurn veginn sama í hvorn endann menn fara. Ef þeir ráðstafa allt of miklu af karfanum eða ufsanum, þá verður það til þess að við sækjum meira í hina stofnana, nema þá við eigum að minnka okkar aflamagn. En hitt er auðvitað alveg ljóst, að það aflamagn, bæði af ufsa og karfa, eins og ég hef minnst á áður í þessum umr., sem þjóðverjum er ætlað skv. þessum samningum, það er orðið svo mikið að þegar við tökum tillit til okkar veiði, eins og hún hefur verið af ufsa og karfa, þá erum við komin allmikið upp fyrir þau mörk sem fiskifræðingarnir tala um að megi leyfa að taka úr þessum stofnum. — Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar að sinni.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Það verða nú aðeins örfá orð. Ég hafði nú ekki ætlað mér að taka til máls, enda orðið áliðið og þetta er víst fjórða ræðan sem ég held í dag í þessu máli og þykir mörgum eflaust nóg um og þar á meðal sjálfum mér.

En vegna þess að hv. 2. þm. Austurl., sem ég hef nú margs góðs að minnast um frá okkar samverustundum í slag við útlendinga, lét þau orð falla hér að ég hefði gefið ótvírætt í skyn við landhelgisnefnd að 5 mánaða fresturinn, sem hér er um talað og allir vita hvað við er átt, yrði notaður til þess að ná samningum við breta, þá vil ég bara segja það að ég kannast ekki við þessi ummæli. Það hlýtur að vera einhver misskilningur hjá hv. þm. að ég hafi látið þessi orð falla og ég vona að aðrir landhelgisnefndarmenn geti borið um það með mér.

Hann sagði einnig að ég hefði haft rangt við, ef svo má segja, í útvarpsræðu minni, þegar ég talaði um þessar kvarnir sem við höfum verið að ræða um að væru í skipunum. Ég skil þetta ekki alls kostar. Það er kannske misskilningur minn og það að ég sé orðinn syfjaður og þreyttur, en hér segir í þessari margnefndu fundargerð að Lúðvík Jósepsson hafi spurt hversu mörg af skipunum gætu talist mjölvinnsluskip. Þá sagði dr. Mayer, sem er sérfræðingur þjóðverja í þessum málum, að flestir þýskir togarar hefðu einhverja aðstöðu til mjölvinnslu, stundum væri þar um verksmiðjuskip að ræða sem hefði verið breytt í togara. Hins vegar hefðu þjóðverjar engan áhuga á því að búa til mjöl úr heilum fiski, slíkt kæmi einungis fyrir innan við 1% af magninu. Væri þar aldrei um að ræða ýsu, þorsk eða ufsa, en einstaka sinnum kæmi fyrir að minni karfi væri tekinn þannig. — Nú vorum við að tala við þjóðverjana á sínum tíma um 40 ísfisktogara og aðra 40 verksmiðju- og frystitogara og mér verður þá á að spyrja, þegar það er upplýst að flestir þýskir togarar hafi einhverja aðstöðu til mjölvinnslu: Hvaða togarar voru það þá sem við vorum að tala um við þjóðverja að kæmi til mála að fiskuðu á Íslandsmiðum? Ég held að það hljóti að vera þessir togarar, sem hafa þessar litlu kvarnir, sem kallaðir eru ísfisktogarar, eða þannig hef ég alltaf skilið þetta mál, en að við hefðum verið fyrst og fremst að útiloka verksmiðjutogarana og frystitogarana. Svona stendur þetta nú í mínum huga. Það má vera að hv. 2. þm. Austurl. hafi skilið þetta öðruvísi og ég vil ekki bera honum á brýn neitt annað en það að okkur greinir þá á um það hvaða togarar það hafi átt að vera sem fengju leyfi til Íslandsveiða. En ég kem því ekki saman hvaða togarar það ættu að vera ef líka ætti að útiloka þessa 40 ísfisktogara. Ég hélt að við hefðum verið að tala um þá. Meira skal ég ekki segja um þetta. Þetta er liðin tíð og þessir samningar voru aldrei gerðir, eins og við vitum.

Ég ætlaði aðeins, fyrst ég stóð upp, að leiðrétta mismæli sem mér varð á í dag þegar ég svaraði hv. þm. Ragnari Arnalds. Ég mun hafa sagt að það væri minn skilningur, að ef bókun 6 yrði ekki komin til framkvæmda, þá félli samningurinn úr gildi. Það er auðvitað ekki rétt — það var bara mismæli — þá verður honum frestað. Þetta vildi ég leiðrétta.

Svo vil ég gjarnan segja það við hv. 5. þm. Norðurl. e., Stefán Jónsson, sem talaði svo prúðmannlega og vel áðan, að ég hef lesið margar ágætar sögur eftir þennan hv. þm. og líkað

þær vel. Hins vegar hef ég ekki heyrt hann lesa þær upp sjálfan fyrr en núna. Ég heyrði hann lesa upp eina sögu sem hlýtur að vera hans næsta skáldsaga þá og hún er þess efnis að ég hafi átt að fara til Bonn með óútfylltan tékka frá þingflokki Framsfl. Þetta er ekki rétt. Ég fór með ákveðin fyrirmæli sem mér var falið að fara eftir. Ég fór eftir þeim, kom heim, ekki með skuldbindingu heldur tilboð.

Svo vil ég aðeins víkja að ræðu Jóns Árm. Héðinssonar, hv. 1. landsk. þm. Hann sagði það alveg réttilega að fram að þessu hefðum við ekki verið þess umkomnir í okkar landhelgisdeilum að taka skrefið í einu, við höfum orðið að taka útfærsluna skref fyrir skref. En þá verður mér að spyrja: Erum við þá núna orðnir þess umkomnir að taka stóra skrefið — stærsta skrefið — í einum áfanga? Er það ekki alveg rétt, eins og við þurftum að taka minni skrefin í áföngum, að þá þurfum við að taka þetta skref líka í áföngum? Ég vil meina að það sé það sem ríkisstj. er að stefna að með þeirri þáltill. sem hér er til umr. Hann vildi, hv. þm., semja við þjóðverja til 1. maí. Hann er heldur ríflegri, eða kannske naumari mætti segja, heldur en hv. 2. þm. Austurl. sem telur að 5 mánaða samningur við þjóðverja sé ekki nægilega langur. Það, sem vinnst við 5 mánaða frestinn að mínu mati, er að við eigum auðveldara með að halda veiðum bretanna niðri. Það er mín trú. Aðrir hafa aðra skoðun. Aðrir telja sig vita að landhelgisgæslan geti fyllilega ráðið við breskar freigátur, þær séu bara eins og tinkoppar sem hægt sé að víkja til hliðar og klippa aftan úr togurunum jafnt fyrir þeirra nærveru hér. (Gripið fram í: Það gerði einn þeirra um daginn.) Já, já. Það er vonandi að það takist sem allra best. Ég óska þess af heilum hug að okkur takist að halda bretunum sem allra mest niðri, en ég gæti trúað því að meðan íslensku gæsluskipin væru að eltast við þjóðverja og klippa aftan úr þeim, þá yrði lítið tækifæri og lítið gert að því að klippa aftan úr breskum togurum.

Ég ætla svo ekki að lengja þessar umr. meira en orðið er og láta hér staðar numið. Það er aðeins eitt, sem ég vil bæta við, eftir á að hyggja. Hv. 1. landsk. þm. minntist á það að dr. Jakob Magnússon væri okkar færasti karfasérfræðingur. Það mun hann vera. Það draga eflaust engir það í efa. Þessi hv. velmetni fiskifræðingur var með okkur í Bonn og ég get ekki skilið hann betur en svo að það væri óhætt að gera þennan samning um karfann.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég tek eftir því að hæstv. forseti segir að ég geri stutta aths. Ég skal lofa því strax að mín aths. verður styttri en hjá hv. 2. þm. Austurl., en hún er ekki stutt vegna þess hver tími sólarhringsins er. Það hefur ekki verið svo mikið um að vera hér á hv. Alþ. það sem af er liðið með fundarhöldum að mönnum sé nein vorkunn á því, hvorki mér né öðrum, að vaka hér nokkuð fram eftir nóttu, ekki síst þegar til umr. er jafnstórt og mikilvægt mál og og hér er nú verið að ræða.

Það væri auðvitað full ástæða til þess að fara nokkuð mörgum orðum um ýmislegt af því sem hér hefur komið fram í ræðum stjórnarliða, bæði í gær og í dag. Ég skal ekki tíunda mikið af því, en ég vil aðeins ræða hér nokkur atriði.

Það var minnst á það áðan af hv. 1. landsk. þm., Jóni Árm. Héðinssyni, að það hefði verið skrifaður leiðari í dagblaðið Tímann í dag og leiðarhöfundur er sjálfur hv. þm. Þórarinn Þórarinsson sem kannske ber höfuðábyrgðina á því samkomulagi sem hér á að staðfesta nú með morgni. Í þessum leiðara hefur hv. þm. Þórarinn Þórarinsson valið þann kost að stimpla okkur stjórnarandstæðinga sem sérstaka bandamenn breta í þessu máli. Ekki er mér ljóst hver ástæða þessarar ákvörðunar hv. þm. er., en ég skal ekkert reiðast honum fyrir það. En ég hygg að aðalástæða þessara skrifa sé, eftir því sem best verður út úr þeim lesið, að við séum andvígir því að gera þetta samkomulag við vestur-þjóðverja, en í leiðaranum segir: „Samkomulagið leiðir til þess að við getum einbeitt okkur betur gagnvart bretum.“ Það þýðir að nú á eftir orðanna hljóðan í þessum leiðara hv. þm. svo og í ræðum margra annarra stjórnarliða í umr. að snúa sér að bretum.(Gripið fram í: Við gerum það.) Það er nú kannske auðveldara fyrir hv. þm. Þórarin Þórarinsson að svara því. En mér finnst vanta á slík skrif eða ummæli sem þessi. Nú vil ég gera samkomulag við hv. þm. Þórarin Þórarinsson. Ég skal taka til endurskoðunar mína afstöðu til þess samkomulags sem hér er til umræðu, ef fyrir liggur og fram kemur yfirlýsing, þó ekki væri nema frá hv. þm. Þórarni Þórarinssyni, um það að ekki verði samið við breta í áframhaldi af þessum samningi. Er hann reiðubúinn til að lýsa því yfir hér? Ef það er, þá er ég reiðubúinn til þess að endurskoða mína afstöðu til þessa samkomulags. (Gripið fram í.) Ja, hvað þarf að vera mikið til þess? (Gripið fram í.) Hvað þarf að vera mikið til þess — (**Forseti:** Ekki samtal.) — að loforðið komi? Ég held nefnilega að það sé rétt sem hv. 2. þm. Austurl., Lúðvík Jósepsson, sagði hér áðan, og það er auðvitað öllum kunnugt að Þórarinn Þórarinsson er slyngur stjórnmálamaður. (Gripið fram í.) Og fer vel, já það er rétt. En hann er kannske slyngastur við það að leiða sína stundum, en allt of sjaldan tregu flokksmenn í taumi, stíg af stigi inn á þá skoðun sem hann vill láta þá hafa hverju sinni. Það skyldi ekki vera að það væri þetta sem hefði gerst og sé að gerast? Það er augljóst mál að sé meiningin sú að þetta samkomulag eigi í raun og veru að hafa eitthvert gildi, þá verður að koma á eftir samkomulag við breta, eftir því sem stjórnarliðar sjálfir hafa talað og haldið fram.

Mér er það óskiljanlegt hjá hæstv. utanrrh. sem hann sagði hér áðan: Þetta 5 mánaða samkomulag við vestur-þjóðverja auðveldar baráttuna gegn bretum næstu 5 mánuðina“ — þ. e. a. s. þá mánuði sem mestar líkur eru á því að þeir verði minnst að veiðum hér við land, vetrarmánuðina. En hvað tekur við þegar komið er fram í maí og þetta samkomulag, eftir því sem þeir segja sjálfir, stjórnarliðar, ekki fellur úr

gildi, heldur verður frestað og kemur upp nákvæmlega sama ástand og nú er? Verður þá auðveldara, þegar komið er fram á vor eða sumar, að eiga í slag við bæði þjóðverja og breta þegar þeir veiða hér af fullum krafti? Er auðvitað augljóst að þetta er alrangt. Þetta er besti tíminn vegna veðráttunnar hér við land á þeim miðum sem bretar fiska á, besti tíminn sem við gátum valið okkur til þess að láta á það reyna með hvaða hætti væri best að meðhöndla þá. Veðráttan við Ísland hefði orðið æðimikil hjálparhella landhelgisgæslunni gagnvart bretum á því 5 mánaða tímabili sem þetta samkomulag á að gilda.

En eru það bara við stjórnarandstæðingar sem finnum ýmislegt athugavert við það samkomulag sem hér liggur nú fyrir? Ég held ekki. Hver stjórnarliðinn á fætur öðrum hefur komið hér upp í ræðustól í gær og í dag og tínt upp svo og svo mörg meginatriði þessa samkomulags sem þeir eru andvígir, og ég ætla að leiða hér sem vitni ekki ómerkari mann en hv. 2. þm. Vestf., sjálfan ritara Framsfl. Menn segja að hann hafi haldið hér tímamótaræðu í gærkvöld, og vissulega var það satt að það var að mörgu leyti merkileg ræða, því að allt frá upphafi þeirrar ræðu fram undir endalok hennar gat enginn hv. þm. annað skilið en að þessi hv. þm. væri andvígur samningnum og mundi greiða atkv. á móti honum, en hann segir um ókosti þessa samkomulags: Það er í fyrsta lagi: Svæðin eru allt of stór. Þá í öðru lagi: Þau eru of nálægt landi á Vestfjörðum og fyrir Suðausturlandi. — Þetta er auðvitað stórt atriði. — Í þriðja lagi: Það er ótrúlegt, segir þessi hv. þm., ritari Framsfl., ef það er hægt að skilja þorskinn frá öðrum afla. — Þetta hlýtur að vera stórt atriði í samkomulaginu. Í fjórða lagi harmaði þessi hv. þm. það sérstaklega að engin viðurkenning af hálfu þjóðverja fengist vegna útfærslunnar í 200 mílur. Og í fimmta lagi harmaði hann það sérstaklega að engin ákvæði um endanleika samningsins væru fyrir hendi. Sem sagt fimm af meginatriðum samningsins eru þannig að þessi hv. þm., sjálfur ritari Framsfl., var allt fram á daginn í fyrradag, nú talað, móti þessum samningsdrögum, því að hann endaði sína ræðu með því að segja: Ég var á móti samningi í gær, en er með honum í dag.(**Utanrrh.**: Hvað skyldi vera á morgun?) Hvað skyldi vera á morgun segir hæstv. utanrrh. Kannske flokksbróðir hans vantreysti eitthvað afstöðunni á morgun þegar til atkvgr. kemur. Það er greinilegt að hans flokksbræður hafa af því kynningu að hann hefur ekki verið allt of þægur til þess að stíga fet frá feti undir handleiðslu sjálfs form. þingfl. framsóknarmanna, hv. þm. Þórarins Þórarinssonar í þessu máli. Og það skyldi ekki vera að þeir væru fleiri, hv. þm. Framsfl. og jafnvel Sjálfstfl., sem tækju endanlega afstöðu á annan veg en þeir hugsanlega gerðu ef sannfæringin fengi að ráða, eins og hæstv. dómsmrh. sagði hér í dag og hæstv. utanrrh. líka að ein ætti að ráða. Það skyldi ekki vera að það væri mörg óróleg samviskan hjá ótrúlega mörgum hv. stjórnarliðum við endanlega afgreiðslu þessa máls hér í þinginu.

En þeim virðist ekki í öllu bera saman, hv. stjórnarliðum, í sambandi við þetta mál. Sumir fullyrða hér að þeir séu aldeilis um það vissir að bókun 6 komi aldrei til framkvæmda. Hv. 3. þm. Vestf., Þorv. Garðar Kristjánsson, var á annarri skoðun hér í gærkvöldi, því hann sagði orðrétt: Bókun 6 kemur til framkvæmda. — Það var einn af meginkostum samkomulagsins, að að því er hann virtist telja, og hvaðan hefur þessi hv. þm. þá fullvissu, að þessi bókun komi til framkvæmda, og hvernig á það að gerast með öðrum hætti en þeim að í kjölfar þessa samkomulags fylgi samkomulag við breta? Það getur ekki gerst með öðrum hætti. Ég vildi a. m. k. fá að heyra hvað það er sem er á bak við slíka fullyrðingu hjá hv. 3. þm. Vestf., hvað það er sem á bak við það liggur, því að honum ber greinilega ekki saman við suma og kannske marga aðra hv. stjórnarliða. Meira að segja hæstv. ráðh. sumir hverjir hafa talað hér á allt annan veg. En ég er persónulega sammála hv. 3. þm. Vestf. að þessu leytinu til. Ég tel að það verði búið að kippa því í lag á þessu 5 mánaða tímabili sem til þarf til þess að bókun 6 komi til framkvæmda, þ. e. að það verði búið að semja við breta.

Ég skal ekki, herra forseti, orðlengja öllu frekar um þetta hér. En aðalatriði þessa máls er það, ef á að afhenda útlendingum það aflamagn sem allt bendir til að þetta samkomulag feli í sér og það sem í áframhaldi af því kemur, hvað á þá að gera varðandi okkur íslendinga sjálfa. Það er aðalspurningin, vegna þess að það er ekki um að ræða aflamagn fyrir okkur sem verður að teljast eðlilegt aflamagn okkur til handa, nema því aðeins að við sitjum að því einir. Allt, sem útlendingum er afhent, er á kostnað okkar sjálfra. Það væri því fróðlegt að fá um það vitneskju frá hæstv. ríkisstj. hvað hún hyggst gera gagnvart íslendingum sjálfum þegar búið er að stíga þetta fyrsta skref og þau skref sem í áframhaldi af því hljóta að koma, að því er ég tel. Hvað er það þá sem á að mæta íslenskum sjómönnum og íslensku þjóðinni raunar í heild? Hvaða ráðstafanir verða gerðar? Verður kvóti settur á svo til hvert einasta fiskiþorp í landinu, eða hverjar ráðstafanir hyggst hæstv. ríkisstj. gera þegar hún er búin að afsala því sem þetta samkomulag ásamt því, sem því fylgir, gerir ráð fyrir að afsalað verði af afla á Íslandsmiðum?

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Það voru örfá orð í tilefni af því sem hæstv. utanrrh. sagði hér.

Ég vil segja það, að fyrst hann heldur því hér fram að það hafi ekki verið hægt að skilja ummæli hans á þann veg sem ég hafði túlkað þau og skilið þau varðandi þennan margumtalaða 5 mánaða frest, þá er ekkert við því að segja, þá hef ég aðeins misskilið hann. Ég ræddi þetta við hann á landhelgisnefndarfundi og hélt því þá fram að sjálfsögðu, eins og ég hef gert hér, að það væri að mínum dómi ekki hægt að leggja aðra merkingu í þennan 5 mánaða frest en að hann ætti að nota til þess að semja við breta, og ég skildi hans ummæli þannig að hann hefði tekið undir þetta. (Gripið fram í.) Ég túlkaði þessi atriði í mínum þingflokki strax

á þessa leið, hreinlega vegna þess að ég hafði skilið hæstv. ráðh. á þessa leið. En hafi ég misskilið hann, þá er ekkert við því að segja. Þá hefur hann að sjálfsögðu rétt til þess að túlka sitt mál. Ég get sagt það, að ég hef ekkert nema gott að segja um samskipti mín við hann. Hann hefur verið mjög hreinskiptinn í öllu samstarfi við mig og mér dettur ekki í hug að reyna að halda neinu fram um það, hvað hann hafi meint með samtali þarna, ef það reynist ekki á þann hátt sem ég hafði skilið. En hins sakna ég auðvitað, að fá ekki einhverja skýringu þá á því hver sé frá hans hálfu meiningin með þessum 5 mánaða fresti, hvað eigi að gera við hann. Eftir stendur sú stóra spurning, nema þá, að meiningin sé að láta samninginn aðeins standa í þessa 5 mánuði.

Þá vildi ég aðeins segja það varðandi aths. hans um mjölverksmiðjurnar í þýsku fiskiskipunum að það er alveg rétt, sem hér kom fram hjá honum, að auðvitað var aðaltakmarkið í viðræðum okkar við þjóðverja á sínum tíma að losna við verksmiðjutogarana. Það er ekki neinn ágreiningur um það. Það er líka rétt, að það var ætlunin að semja um að tiltekinn fjöldi ísfisktogara svonefndra fengi hér veiðiréttindi. Þetta er líka rétt. En hitt er ekki rétt, að hægt sé að lesa út úr mínum ummælum sem hann vitnaði hér til, á neinn hátt það að ég hafi fallist á að þessi skip hefðu verksmiðju til þess að vinna úr einhverjum verulegum úrgangi. Eftir að ég var búinn að ræða þarna við hina þýsku aðila og gefa mínar lýsingar á því hvað fyrir mér vakti í þessum efnum, þá sagði ég orðrétt á þessa leið, eins og hæstv. ráðh. kom hér að, þar sem ég heimtaði að fá frekari skýringar á því hvaða skip væri um að ræða frá þeirra hálfu og vildi fá lista yfir þau. „Þess vegna," sagði ég orðrétt, „væri mikils um vert að fá upplýsingar um það hvers konar skip það væru sem þjóðverjar vildu fá leyfi fyrir, því að þá væri hægt að útiloka hin raunverulegu verksmiðjuskip. Væri þá e. t. v. hægt að leysa málið þannig." Þetta eru þau orð sem höfð eru eftir mér í þessari fundargerð, og það ber í rauninni ekkert hér á milli, enda hef ég sagt í þessu sambandi að ég sakni þess sérstaklega að það sé tekið fram að þau veiðileyfi, sem eigi að veita með þessum samningi, séu fyrir ísfisktogara, en það er ekki. (**Gripið fram** í: Listinn.) Ja, listinn segir ekkert til nema um ákveðin skip. Það segir ekkert um það hvernig veiðar þau eiga að stunda, og ef þessi skip hafa rétt til þess að vinna úr aflanum mjöl á miðunum, þá er strax orðið um verulega hættu að ræða sem þarf að gæta að.

Svo vil ég aðeins leiðrétta það hjá hæstv. ráðh., sem ég hygg að hann hafi ekki meint, þó að hann hafi hagað orðum sínum þannig, að hann sagði að mér þætti 5 mánaða samningstími við þjóðverja ekki nægilega langur handa þeim. Sannleikurinn er sá, eins og hann veit, að mér þykir samningurinn þá 5 mánuðum of langur. Eins og hann hlýtur að hafa skilið, þá vil ég ekki gera neinn samning við þá. Hitt er svo allt annað mál, að ég hef ekki skilið „fídusinn" í þessu, eins og menn segja, ég hef ekki skilið hvað á bak við þetta liggur, nema þá að menn meini eitthvað með þessum orðum til þess að semja við þessar Efnahagsbandalagsþjóðir og koma þessari margumtöluðu bókun í framkvæmd. Þá get ég vel skilið að þessi samningur sé gerður til þeirra tveggja ára sem um er talað. En mig vantar alveg skýringu á því hvað þetta þýðir. En það er eins og annað mikilvægt í þessu máli. Við því fást eflaust engin svör fyrr en líklega að tveggja ára tímabilinu liðnu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 26. fundur.

Föstudaginn 28. nóv., kl. 11 árdegis.

Samkomulag við Sambandslýðveldið Þýskaland um veiðar þýskra togara, þáltill. (þskj. 85, n. 93 og 94). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 42:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GH, GuðlG, GttG, KG, GF, HÁ, HES, IT, IngJ, IG, JóhH, JónÁ, GGÞ, JSk, JGS, LárJ, JóhÁ, MÁM, OÓ, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, PS, RH, SigurlB, SV, StH, StG, SvH, TÁ, VH, ÞK, ÞS, ÞÞ, AG, AJ, EÁ, EBS, EKJ, FÞ, ÁB.

nei: GS, GeirG, GilsG, BJ, HFS, JÁH, JónasÁ, KP, LJós, VilbH, MÓ, RA, SighB, StJ, SvJ, BGr, EðS, BrS.

Tveir þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég tel það samkomulag, sem hér liggur fyrir, hafa marga ókosti, m. a. veiðisvæði og aflamagn. Samkomulagið hefur einnig ýmsa kosti, m. a. að frysti- og verksmiðjutogarar fá ekki að veiða við Ísland. Með sérstöku tilliti til þeirrar staðreyndar, að breska heimsveldið hefur með ósvífnum hætti sent herskip inn í okkar landhelgi, tel ég að við þurfum að tryggja allt það afl og mátt sem við eigum til að koma í veg fyrir veiðar breta á Íslandsmiðum. Ég segi því já.

Tómas Árnason: Herra forseti. Í trausti þess að settar verði strangar reglur um framkvæmd veiða samkv. þessu samkomulagi segi ég já.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 42:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngJ, IG, JóhH, JónÁ, GGÞ, JSk, JGS, LárJ, JóhÁ, MÁM, OÓ, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, PS, RH, SigurlB, SV, StH, StG, SvH, TÁ, VH, ÞK, ÞS, ÞÞ, AG, AJ, EÁ, EBS, EKJ, FÞ, GH, GuðlG, GHG, GF, KG, HÁ, HES, IT, ÁB.

nei: JÁH, JónasÁ, KP, LJós, VilbH, MÓ, RA, SighB, StJ, SvJ, BGr, EðS, BrS, GS, GeirG, GilsG, BJ, HFS.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 99).

Sameinað þing, 27. fundur.

Þriðjudaginn 2. des., kl. 2 miðdegis.

Áætlun fyrir Skeggjastaðahrepp, þáltill. (þskj. 79). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Afnám tekjuskatts af launatekjum, þáltill. (þskj. 81). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Áætlanagerð í flugmálum, þáltill. (þskj. 90). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Jarðhitaleit á Snæfellsnesi, þáltill. (þskj. 91). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Samskipti Íslands við vestrænar þjóðir, þáltill. (þskj. 92). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Kröfluvirkjun, fsp. (þskj. 33). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Mér þykir nokkur galli að fsp. minar eru ekki teknar fyrir í þeirri röð sem ég spurðist hér fyrir um því að þær eru allar í samhengi og sú fyrsta, sem ég spurðist fyrir um, var varðandi byggðalínu á Norðurlandi, en maður verður víst að sætta sig við það sem forsetinn fyrirskipar.

Fsp. mín varðandi Kröfluvirkjun er svo hljóðandi:

„1. Hve stóra virkjun er nú verið að gera við Kröflu og hver er áætlaður kostnaður hennar nú?

2. Hvaða aðili á að reka virkjunina þegar hún tekur til starfa?

3. Hve mikið rafmagn má ætla að verði til umframnota á Norðurlandi þegar Kröfluvirkjun og byggðalínan komast í gagn, og hefur verið hugsað fyrir markaði fyrir það? Ef ekki, á hvaða rafmagnsnotendur á að deila kostnaði af því?

4. Hver er kostnaður orðinn við Kröfluvirkjun nú miðað við októberlok:

a. við virkjunarframkvæmdirnar sjálfar, þar með taldar byggingar,
b. Kröflunefndar sjálfrar í heild,
c. laun formanns, skrifstofukostnaður (þar með talinn launakostnaður), aðkeypt ráðgjafaþjónusta og ferðakostnaður?“

Stundum er sagt að reisa eigi 30 mw. orkustöð við Kröflu, stundum 60, stundum 70 mw. Mér þykir rétt að fá nákvæma stærð staðfesta almenningi til upplýsingar. Þá er á huldu hver eigi að að eiga og reka þessa orkustöð, og er tími til kominn að fá það upplýst. Þá eru sterkar líkur á að verulegt umframrafmagn verði á Norðurlandi þegar bæði byggðalínan og Kröfluvirkjun verða komnar í gagn og brýn nauðsyn að hugsa fyrir umsetningu á því, ef ekki hefur verið gert nú þegar, sem ekki hefur heyrst um. Ella hlýtur Kröflu- og byggðalínurafmagn að verða óbærilega dýrt notendum í einhverri mynd, norðlendingum einum eða alþjóð, eftir því sem þau mál verða framkvæmd.

Síðari spurningar mínar út af ýmsu varðandi framkvæmd verksins, en um hana hefur mikið verið talað norðanlands og raunar nú upp á síðkastið um allt land. Val verktaka, sem er fyrst og fremst vega- og stíflugerðarverktaki, ekki byggingarverktaki, hefur verið gagnrýnt þar sem stöðvarhúsbygging er aðalverk hans. Það hefur verið umdeilt að gengið var fram hjá norðlenskum byggingarverktaka við verkið og öll innkaup og flutningar að verulegu magni sett í hendur reykvískum aðilum, byggðasjónarmiðið verið fyrir borð borið. Það hefur verið umtalað, að vegna þess að aðalverktakinn er reykvíkingur og margt starfslið hans héðan hafi flugkostnaður með þá á hálfs mánaðar eða þriggja vikna fresti suður og norður verið stórfelldur, tekin einkaflugvél. Þá hefur val á vélbúnaði til virkjunarinnar verið mjög í munni fólks og hvernig að því var unnið, og nú síðast boðsferð form. Kröflunefndar með fylgdarliði til sölufyrirtækis allar götur til Japans, sem almenningi þykir óviðeigandi, svo að ekki sé dýpra tekið í árinni, og ýmis umsvif Kröflunefndar hafa þótt næsta þjóðhöfðingjaleg.

En allt er gott ef endirinn er góður, og ekki vil ég gera lítið úr dugnaði Kröflunefndar að reka málið áfram. Einlæglega vona ég að verkinu farnist vel. Hinu leyni ég ekki, að í mér hefur alltaf verið geigur við þessa virkjun — geigur og grunsemd hve illa hún var undirbúin rannsóknum — geigur við staðarval. Þarna gaus síðast 1729 og skammt austar 1875. Er ekki djarft teflt að setja lífsstöð norðlendinga niður á bráðvirku jarðeldasvæði, og er gufuvirkjun eins hagkvæm og okkur hefur verið sagt? Hví hefur þá ekki löngu verið virkjað í Hveragerði eða Krýsuvík? Norðanlands var og eru næg fallvötn til að virkja, flest minna í gini gosstöðva en þessi.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi vék hér í máli sínu að ýmsum atriðum og mörgum þeirra í ádeiluskyni sem alls ekki er um spurt. Að því leyti er grg. hans fyrir fsp. ekki í samræmi við þingsköp, og ég mun að sjálfsögðu ekki fara inn á þau atriði sem hann nú hreyfir hér án þess að hafa spurt um þau í sinni fsp. Ég mun halda mig við svör við þeim fsp., sem hann hefur lagt fram á hinu prentaða þskj.

Fyrst er spurt: „Hve stóra virkjun er nú verið að gera við Kröflu og hver er áætlaður kostnaður hennar nú?“

Samningar hafa verið gerðir um kaup á tveimur 30 mw. vélum til virkjunarinnar eða samtals 60 mw. Hins vegar er talið að unnt verði að framleiða allt að 70 mw. með þessum tveimur vélum. Áætlaður kostnaður er: Framkvæmdir á vegum Kröflunefndar 4 132 millj. kr., á vegum Orkustofnunar, kostnaður við jarðboranir og

gufukerfi, 1 706 millj. Kostnaður við 132 kílóvolta háspennulínu til Akureyrar er hér ekki meðtalinn. Hann er áætlaður 510 millj. kr. og kostnaður við aðveitustöð á Akureyri er áætlaður 126 millj. kr.

Önnur spurning er þessi: „Hvaða aðili á að reka virkjunina þegar hún tekur til starfa?“

Skv. 1. gr. laga nr. 21 frá 1974, um jarðgufuvirkjun við Kröflu, heimilar Alþ. ríkisstj. að fela væntanlegri Norðurlandsvirkjun eða öðrum aðila að reisa og reka virkjunina. Tekið er fram í skipunarbréfi Kröflunefndar að virkjunin skuli afhent Norðurlandsvirkjun þegar það fyrirtæki hefur tekið til starfa.

Þriðja spurningin: „Hve mikið rafmagn má ætla að verði til umframnota á Norðurlandi þegar Krafluvirkjun og byggðalínan komast í gagn, og hefur verið hugsað fyrir markaði fyrir það? Ef ekki, á hvaða rafmagnsnotendur á að deila kostnaði af því?“

Orkustofnun hefur nýlega gert orkuspár fyrir Norðurland. Er í öðru tilvikinu gert ráð fyrir rafhitun á Akureyri, en í hinu er gert ráð fyrir hitaveitu þar.

Skv. fyrra tilvikinu er aflþörfin 67 mw. árið 1977. Nú er gert ráð fyrir að fyrri vél Krafluvirkjunar verði komin í gang fyrir árslok 1976. Með 30 mw. í Kröflu er uppsett vatnsafl og gufuafl á Norðurlandi 58 mw. Ef norðurlínan verður í fyrstu rekin með 60 kílóvolta spennu má gera ráð fyrir að hægt verði að flytja eftir henni 5 mw. Verður þá aflið samtals 63 mw. Ef aflþörfin verður 67 mw., eins og orkuspáin gerir ráð fyrir, þarf að nota dísilstöðvar þegar notkun fer yfir 63 mw. þangað til annaðhvort byggðalínan eða norðurlínan flytur rafmagn með fullum afköstum eða seinni vélasamstæðan í Kröflu tekur til starfa.

Skv. síðara tilvikinu, þegar gert er ráð fyrir hitaveitu á Akureyri, er aflþörfin hins vegar 59 mw. árið 1977.

Hér má bæta því við, að ætla má að orkunotkun markaðar, sem sveltur hefur verið um langan tíma, vaxi mun meira en gert er ráð fyrir í orkuspám, þar sem gera má ráð fyrir að ýmis iðnfyrirtæki muni stórauka orkukaup sín fljótlega eftir að orka er fyrir hendi. Verður því að koma síðari vélasamstæðu í notkun áður en langt líður.

Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að nú fyrir skemmstu ritaði Samband ísl. samvinnufélaga á Akureyri bréf til Kröflunefndar þar sem komið er á framfæri þeirri ósk að fá keypta ódýra orku frá Krafluvirkjun þegar hún kemst í notkun veturinn 1976, sambandsverksmiðjurnar á Akureyri verði að endurnýja olíukatla sína fyrir áramótin 1976—1977 og rafmagn það sem þarf, ef endurnýja á gamla olíukynta gufukatla með nýjum rafknúnum kötlum, er um 10—12 mw.

Þar sem Krafla verður fyrsta meiri háttar jarðgufustöð hér á landi væri einnig óráðlegt að gera ráð fyrir snurðulausum rekstri beggja vélasamstæðna samtímis, a. m. k. í fyrstu. Sú er a. m. k. reynsla annarra þjóða um rekstur jarðgufustöðva. Út frá öryggissjónarmiði er því einnig nauðsynlegt að hafa vélarnar tvær áður en langt líður.

Fjórða spurningin er: „Hver er kostnaður orðinn við Krafluvirkjun nú miðað við októberlok:

a. við virkjunarframkvæmdirnar sjálfar, þar með taldar byggingar,
b. Kröflunefndar sjálfrar í heild,
c. laun formanns, skrifstofukostnaður (þar með talinn launakostnaður), aðkeypt ráðgjafaþjónusta og ferðakostnaður?“

Undirbúningur og framkvæmdir við virkjunina og háspennulínur frá henni eru á vegum eftirfarandi þriggja aðila:

1. Kröflunefnd, þ. e. undirbúningur og bygging sjálfrar virkjunarinnar.
2. Jarðvarmaveitur ríkisins eða Orkustofnun, þ. e. rannsóknir jarðhitasvæðisins, borun tilrauna- og vinnsluhola við virkjun þeirra og lagning gufuveitu að virkjuninni.
3. Rafmagnsveitur ríkisins, þ. e. undirbúningur og lagning háspennulínu frá Kröflu til Akureyrar og tenging þeirrar línu á Akureyri.

Kröflunefnd hefur hins vegar undirbúið tengingu línunnar við tengivirki Krafluvirkjunar. Heildarútgjöld þessara aðila munu nú vera um 1 000 millj. — einn milljarður.

Seinni liðum þessarar fsp. í fjórða lið er svarað skv. upplýsingum frá ríkisbókhaldinu.

Skrifstofa Kröflunefndar skilar mánaðaryfirliti og fskj. fyrir næstliðinn mánuð eigi síðar en 10. n. m. Lokið hefur verið sundurliðun fram til 30. sept. og liggur það fyrir, en heildarútgjöld Kröflunefndar fyrir október námu 135.8 millj. kr. Skv. þessu nema heildarútgjöld vegna virkjunarframkvæmda til 30. sept. 570.4 millj. kr. og útgjöld í okt. námu 135.5 millj., samtals því í októberlok 705.9 millj. kr. kostnaður við sjálfar virkjunarframkvæmdirnar.

Þá er spurt um kostnað við Kröflunefnd sjálfa í heild. Ekki er nú fyllilega ljóst hvað átt er við með þessu orðalagi. Starfsemi n. er samtvinnuð virkjunarframkvæmdum og stendur eingöngu í sambandi við þær, en þóknun nm. á árinu 1974 nam samtals 747 658 kr., en þau laun eru ákveðin með hliðsjón af launum stjórnarmanna í Laxárvirkjun. Laun formanns á árinu 1974 námu 182 160 kr. og er það innifalið í þessari þóknun nm. sem getið var. Skrifstofukostnaður fram til 30. sept. nú í ár hefur numið 1 603 þús. kr. Aðkeypt ráðgjafarþjónusta hefur til septemberloka 1975 numið 135 millj. 812 þús. kr. Ferðakostnaður hefur til 30. sept. 1975 numið 2 millj. 809 þús. kr.

Fyrirspyrjandi (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Ég þakka fyrir gefnar upplýsingar. Eins og menn hafa á hlýtt, þá er hér ekki um neinar smátölur að tefla. Vissi ég vel að Norðurlandsvirkjun var ætlað að taka við þessari virkjun þegar tímar liðu, en enn hefur Norðurlandsvirkjun ekki verið stofnuð og einhver vandkvæði virðast vera á því að hún komist á laggirnar.

Sagnarandar mínir segja mér að ákaflega ólíklegt sé, eins og borun er enn komið í Kröflu, að virkjun komist í gagn 1976. Enn er þar ekki gufa nema fyrir 5 mw. og það má ganga betur borun heldur en enn hefur gengið ef þetta á að komast í gagn 1976, hálf virkjunin, en báðar vélarnar hafa verið pantaðar og ég veit ekki annað en

þær komi til landsins í febrúar n. k. Ákaflega hef ég litla trú á og það má þá vera einstakur dugnaður og einstök heppni, miðað við það sem enn hefur gengið, ef þessi virkjun verður komin öll í gagn eftir 2 ár, eins og nú er verið að tala um. En þeir fjármunir, eins og ég nefndi áðan, eru gífurlegir sem þarna er um að tefla, og byggðalínunni er ætlað að flytja undarlega lítið, eftir því sem ráðh. nefndi hér áðan, eftir þeim kostnaði sem þar er sagður vera kominn líka. — En ég þakka fyrir upplýsingarnar. Þær voru fróðlegar.

Byggðalína, fsp. (þskj. 33). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Vera má að ég þyki fara út fyrir spurningakerfið með fsp. minni nú eins og áðan, en það verður þá að hafa það. Ég held að fleiri brjóti þær reglur en ég.

Ég hef leyft mér að bera fram svofellda fsp. til hæstv. iðnrh.:

„Hvað er hinni svonefndu byggðalínu til Norðurlands ætlað að flytja mikið rafmgan? Hvenær er áætlað nú að lagningu hennar ljúki? Hve mikið hefur hún kostað og hve mikið er áætlað nú að hún kosti fulllögð?“

Ástæðan til fsp. minnar er í fyrsta lagi sú, að á reiki hefur verið í frásögnum hver flutningsgetan eigi að verða, og hafa verið uppi tölur frá 20—50 mw. Í öðru lagi er vitað að lagningu línunnar hefur seinkað og jafnvel kvittur uppi, að um sinn verði staðar numið við Blönduós og staurana, sem áttu að fara í það að framlengja línuna frá Blönduós til Varmahlíðar, eigi nú að taka í línuna frá Kröflu til Akureyrar, því að hana er ekki farið að leggja. Rétt vitneskja og nákvæm er almenningi hollari en sögusagnir og hlaupafréttir. Þá er fullvíst að kostnaður við byggðalínuna hlýtur að hafa hækkað stórlega vegna hækkaðs verðlags og kaupgjalds og væntanlegum notendum þessa línurafmagns þá fróðlegt að vita hver línukostnaður er orðinn nú og hver hann er áætlaður að verða að lokum, eins og nú horfir.

En síðasta og ekki síst ástæða spurninga minna er þessi: Þegar núv. stjórn tók við völdum leitaði hún álits Laxárvirkjunarstjórnar, ef ég veit rétt, um það á hvern hátt hún teldi auðgerðast að bæta úr bráðustu orkuþörf á því virkjunarsvæði. Laxárvirkjunarstjórn benti á í fyrsta lagi stíflu í Laxárgljúfrum, 12—16 m háa, og var sú stífluhæð nefnd af tillitssemi við landeigendur. Þetta var talin langfljótvirkasta og langódýrasta úrlausnin, m. a. vegna þeirra mannvirkja sem fyrir voru og ekki eru fullnýtt. Ríkisstj. taldi þessa leið ófæra, vísast vegna fávísisamninga fyrrv. ríkisstj. við landeigendur við Laxá, en því kalla ég það fávísisamninga að ég hef gilda ástæðu til þess að ætla að ríkisstj., hefði hún nennt og viljað kynna sér málin vel, þá hefði hún aldrei gert þá samninga. Þá var stungið upp á lítilli skyndivirkjun í Bjarnarflagi eða við Kröflu sem bráðabirgðalausn, eða allur framkvæmdaþunginn yrði lagður á byggðalínu eða Kröfluvirkjun, og mun Laxárvirkjunarstjórn hafa litið svo á að ofrausn væri að ætla til hvors tveggja þegar við blasti fjármunakreppa, enda þegar í byggingu dísilúrlausn fyrrv. ríkisstj. þótt óhagkvæm væri og auðvitað ekki til langframa.

Eins og kunnugt er réðst núv. ríkisstj. í báðar úrlausnirnar, byggðalínu og Kröfluvirkjun. Ég er einn í þeim hópi sem tel að hér hafi ekki verið haldið af nægilegri fyrirhyggju og aðgæslu á málum. Ég vil með fsp. minni auðvelda mér og öðrum að dæma af svörunum hvort ég hef rétt fyrir mér eða ekki.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það er spurt: „Hvað er hinni svonefndu byggðalínu til Norðurlands ætlað að flytja mikið rafmagn? Hvenær er áætlað nú að lagningu hennar ljúki? Hve mikið hefur hún kostað og hve mikið er áætlað nú að hún kosti fulllögð?“

Það er áætlað að norðurlínan flytji fulllögð með 132 kílóvolta spennu allt að 50 mw. milli Suðurlands og Norðurlands. Gert er ráð fyrir að lagningu syðri hluta hennar, þ. e. frá Andakílsárvirkjun norður í Hrútafjörð, ljúki í vetur. Lokið er að reisa staura á verulegum hluta kaflans frá Hrútafirði að Laxárvatni. Á næsta ári er áformað að ljúka þeim kafla svo og áfanganum frá Laxárvatni til Varmahlíðar. Þar verður norðurlínan tengd línunni milli Varmahlíðar og Akureyrar. Gert er ráð fyrir að þessum framkvæmdum verði lokið síðla næsta árs. Yrði þá hægt að reka línuna milli Andakíls og Akureyrar með 132 kílóvolta spennu með bráðabirgðatengingu. Þá er eftir að gera kaflann milli Grundartanga og Andakíls, og hefur verið reiknað með að það verk yrði unnið árið 1977 og línan að öðru leyti fullgerð. Þó þarf að athuga nánar þá tímaáætlun.

Skv. upplýsingum Rafmagnsveitna ríkisins var áfallinn kostnaður við lagningu línunnar hinn 1. nóv. s. l. 657.8 millj. kr. Heildarkostnaður við sjálfa línulögnina er áætlaður 1 300 millj. kr. Þar að auki er kostnaður við spennistöðvar og er þar innifalið nokkuð af rafbúnaði fyrir dreifiveitur í héruðum.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég hygg að það sé nú rétt hjá hv. þm. Braga Sigurjónssyni að ekki hafi verið með öllu heppilegt að breyta þeirri röð á fyrirspurnum hans sem hann ætlaðist til að á þeim væri. Ég er þeirrar skoðunar að honum hefði betur tekist að byggja upp æskilegan stígandi, eins og þeir segja á bókmenntamáli, með þessum tveimur fyrirspurnum ef hann hefði fengið að ráða röðinni, þannig að hann hafi fengið að spyrja fyrst um byggðalínuna.

Tilgangurinn með báðum spurningunum virðist fremur vera ákveðin gróin árátta heldur en forvitni um það hversu gangi virkjunarframkvæmdir á þessu svæði eða jafnvel áhugi fyrir því að bæta úr brýnni raforkuþörf, sem það bendir til að enn getur hann ekki stillt sig um að reyna að vekja upp deilumál varðandi virkjun Laxár. Ljóst mál er að hefðu ekki verið gerðir þeir samningar, sem hann kallaði fávísisamninga, af fyrri ríkisstj. varðandi lausn Laxárdeilunnar, þá hefði alls ekkert vatn fengist á stóru vélarnar sem settar voru niður í heimildarleysi við Laxárgljúfur.

Ég ítreka það, þeir sem í rauninni vilja stuðla

að lausn raforkuvandamála í Norðurl. e., þeir gera vel í því að reyna ekki að rífa ofan af fleiðrunum sem mynduðust í Laxárdeilunni nyrðra.

Svo, úr því að ég er kominn hingað upp á annað borð, þá ætla ég að víkja aðeins að ræðu hans um Kröfluvirkjun. Ég er eins og hann uggandi um hversu af reiði. Ég hefði viljað, að lengri tími hefði gefist til þess að framkvæma þarna rannsóknir. Hann gafst ekki. Þörfin var orðin ákaflega brýn, m. a. vegna þess hvernig fyrirtæki það, sem hafði tekið að sér og vildi sitja eitt að því að miðla raforku á þessu svæði, hvernig þetta fyrirtæki hafði staðið að raforkumálum norðlendinga. Þau voru komin í öngþveiti.

Ég hef ekki haft aðstöðu til þess að fylgjast með framkvæmdum við Kröfluvirkjun. Ég hef rökstudda ástæðu til þess að ætla að myndarlega hafi verið staðið að þeim af talsverðum dugnaði. Ég hef ekki heldur haft tækifæri til þess að fylgjast með ráðdeild hv. þm. Jóns Sólness í þessu máli. En ég tel það algjört drengskaparatriði að taka ekki undir þrælundirbúin rógsmál úr blöðum — úr blaði hv. þm. Braga Sigurjónssonar fyrir norðan um Jón Sólnes í þessu sambandi. Komi það í ljós að honum hafi orðið á skyssa þarna, hafi farið eitthvað óvarlega eða klaufalega, þá mun ég taka þátt í því að skamma hann. Undir svona rógsmál tekur enginn almennilegur maður.

Fyrirspyrjandi (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Ég hefði nú kannske átt að geyma mín orð ef einhverjir fleiri ætla að tala hér, en ég ætlaði aðeins að þakka fyrir upplýsingar ráðh. Svo þykir mér gaman að ég er búinn að eignast sérfræðing í hugsunum mínum hér á Alþ., því þetta er í annað skipti sem hv. þm. Stefán Jónsson kemur hér upp og segist vita hvað Bragi Sigurjónsson hugsi í þessu eða hinu máli. Það er gaman að eiga svona sérfræðing, og ekki síst þegar það er jafngáfaður og orðhagur maður eins og Stefán Jónsson.

En ekki er það nú rétt hjá hv. þm. að ekkert vatn hefði fengist á vélarnar í Laxárgljúfrum þó að þessi samningur hefði ekki verið gerður. Ef nokkur nennir að hafa fyrir því að kynna sér þetta mál, þá vita allir að Laxárvirkjun var gerð á landi ríkisins og enginn gat bannað ríkinu að taka vatn á vélarnar þar.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Hæstv. forseti sleit umr. nokkuð fljótt í sambandi við fsp. um Kröfluvirkjun, en það var visst atriði í þessu sem ég vildi ræða. Að vísu ætla ég ekki að fara út í deilur við hv. 4. landsk. þm., enda er þess enginn kostur í þessum umr. eða þeim ræðutíma sem við höfum hér í sambandi við fyrirspurnir. Hins vegar finnst mér það ákaflega undarlget þegar einn hv. þm. kemur hér upp og segir okkur að hann hafi „sagnaranda“ helst sér að leiðarljósi, og mætti kannske sitthvað fleira um það atriði segja. En það, sem var efnislega alvarlegt í þessu máli, það er að hann gaf fyllilega í skyn að það yrði ekki nægileg gufa til þess að drífa þessa miklu aflstöð sem þarna á að reisa á Kröflusvæðinu. En ég held að hv. þm. viti vel að hann fer ekki með rétt mál. Auðvitað getur sagnarandi hans sagt honum eitt og annað. En ég verð nú að segja það, að sá sagnarandi er ekki mikils virði, og raunar held ég að ég gæti næstum nafngreint hann og ættfært hver sá sagnarandi er.

En það, sem ég vildi segja í sambandi við gufuöflunina, er að Orkustofnunin hefur gefið út álit sitt um þetta og hún hefur fullvissað Kröflunefnd um að það verði til nægileg orka á árinu 1976 til þess að drífa þá stöð sem þarna á að reisa, — nægileg til þess að drífa fyrri vélasamstæðuna og nægileg til þess að prófa báðar vélasamstæðurnar.

Ég vil segja um gufuöflunina það, að fyrsta holan, fyrsta vinnsluholan, sem boruð var, hún gekk ákaflega vel, og það er meira en 5 mw. orka í þeirri holu, og í raun og veru var orkan í þeirri holu miklu meiri en sagnarandi hv. þm. gerði ráð fyrir. Um aðra holuna er það að segja, að orkan þar var svo gífurlega mikil að Orkustofnunin var hreinlega ekki við því búin að mæta henni og er að búa sig undir að geta búið svo um holuna að orkan þar nýtist. Þriðja holan hefur verið undirbúin og búið að bora niður á ca. 800 m dýpi, og það verður haldið áfram með hana á næsta ári. Það verður undirbúin fjórða holan sem hægt verður að byrja á strax þegar lokið er þeirri þriðju, og þannig verður haldið áfram næsta sumar og fram á haust og kannske fram á vetur við að bora, og þá er ég sannfærður um að það verður nægileg orka á þessu svæði. Og ég vil nú biðja ágætan kunningja minn, hv. 4. landsk. þm., að taka meira mark á því sem kemur frá Orkustofnun heldur en einhverjum ónafngreindum sagnaranda sem hann kann að eiga einhvers staðar norður í landi.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Það var að heyra á hv. fyrirspyrjanda, Braga Sigurjónssyni, að hætta væri á því að of mikil raforka yrði á Norðurlandi innan skamms, vegna þess að það væri verið að leysa sama vandamálið með tvennum hætti, annars vegar með byggðalínu og hins vegar með Kröfluvirkjun. Þetta höfum við oft heyrt áður, ekki síst frá alþfl.-mönnum á Norðurlandi, en ég stend hér upp til að benda á að þetta er algjör misskilningur. Byggðalínan er ekki reist fyrir norðlendinga sérstaklega. Hún er ekkert frekar fyrir norðlendinga heldur en sunnlendinga. Þessi lína er reist vegna þess að hún eykur rekstraröryggi rafveitna bæði á Norðurlandi og Suðurlandi. Hún jafnar út orkuafganga og stóreykur nýtingu orkunnar. Sérfræðingar í raforkumálum hafa lagt á það áherslu að þó að reistar verði rafvirkjanir í öllum landsfjórðungum, þá yrði samt byggð stofnlína sem tengi saman öll orkuveitusvæðin á landinu, og þeir vilja meira að segja fá hálfan hringinn, þ. á m. stofnlínur til Vestfjarða, Norðurlands og Austfjarða, á næstu 2—3 árum. Ef menn telja að við höfum ekki efni á því að ráðast í þetta nauðsynlega verk á þessu ári eða hinu næsta, þá geta menn út af fyrir sig ákveðið að bíða með byggðalínuna, en hitt er ljóst, að Kröfluvirkjunin er það nauðsynlegasta sem verður að ráðast í og byggðalínan kemur þar af leiðandi ekki því máli beinlínis við.

Ég er þeirrar skoðunar eins og margir aðrir að línutengingin megi ekki dragast lengur, fyrst og fremst frá sjónarmiði þjóðarheildarinnar, ekki frá sjónarmiði norðlendinga sérstaklega, til þess að unnt sé að fullnýta húshitunarmarkaðinn og skapa fullt rekstraröryggi rafveitna um allt land og minnka dísilkeyrsluna. Og það er af þessari ástæðu sem ég legg á það áherslu að lagningu byggðalínunnar verði lokið sem fyrst — og ekki nóg með það, heldur verði haldið áfram að reisa slíkar línur bæði til Austfjarða og Vestfjarða núna á næstu 2—3 árum.

Ég bendi á það um leið, að það er líklegt að byggðalínan borgi sig á tiltölulega fáum árum, og ekki er ólíklegt að bygging byggðalínunnar muni einnig fresta byggingu virkjunar hér á Suðvesturlandi um einhvern tíma eftir að Sigölduvirkjun er komin í gagnið.

Með þetta allt í huga kemur það áreiðanlega fleirum en mér spánskt fyrir sjónir að þeir alþfl.-menn skuli vera að skamma hæstv. iðnrh. fyrir of miklar orkuframkvæmdir á Norðurlandi. Það er óskiljanleg afstaða. Nær væri að þeir gagnrýndu hæstv. iðnrh. fyrir að vinna of slælega að því að koma þeirri orku í gagnið sem á boðstólum verður eftir tilkomu Kröfluvirkjunar. Í húsahitunarmálum á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum, í uppbyggingu dreifikerfis víðs vegar um land hefur hæstv. iðnrh. því miður ekki staðið sig nægilega vel. Því miður hef ég ekki tíma til þess að rökstyðja það nánar, en það hefur verið oft áður rætt hér í þinginu. Of mikið orkuframboð á Norðurlandi á næstu árum stafar ekki af því að það hafi verið virkjað of mikið, heldur af hinu, að það hafa ekki verið gerðar ráðstafanir í tæka tíð til þess að hagnýta þessa orku m. a. til húshitunar á Norðurlandi og víðar.

Bessastaðaárvirkjun, fsp. (þskj. 33). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Hér hef ég að lokum leyft mér að bera fram fyrirspurn til hæstv. iðnrh. um Bessastaðaárvirkjun. Hún er svo hljóðandi:

„Hvað hefur miklum fjármunum verið varið á þessu ári til athugana og undirbúnings Bessastaðaárvirkjunar í Fljótsdal, þar með talin vegagerð?“

Miklar sögusagnir ganga um land allt um furðulega fjársóun og umstang við rannsókn og undirbúning Bessastaðaárvirkjunar, sem hátt settir menn í orkumálum okkar eiga þó að telja að aldrei komist á vegna vatnsskorts. „Það er eins og vera að virkja vatn sem ekki er til í dalnum,“ orti einu sinni austfirðingur um Grímsárvirkjun. Þó er talið að um 100 millj. kr. hafi farið í vegagerð í sambandi við þessa virkjun, og virðist raunar auðsætt að farsælla hefði verið að veita það fé, sem þarna er urðað, í flutningslínu frá Kröflu svo að umframrafmagn þaðan yrði austfirðingum til gagnsemdar meðan væri verið að finna þeim í raun hagsama heimavirkjun.

Einhverjum kann að finnast framangreind fsp. mín slettirekuskapur í garð austfirðinga. En hún er ekki hugsuð á þann veg heldur er ég að draga að því nót með öllum þeim fsp., sem ég hér hef borið fram við iðnrh., að almenningi verði ljóst hvernig ekki á og ekki má vinna að virkjunarmálum okkar né öðrum framkvæmdamálum. Það verður að vinna eftir þrauthugsuðum áætlunum og ítarlegum rannsóknum um þörf, hagkvæmni og fjárhagsgetu þjóðarinnar. Fyrr var þörf, en nú var nauðsyn í þeim kreppudal sem þjóðin er nú stödd í.

Það er þetta sem ég vil undirstrika, þótt ég út af fyrir sig virði og meti framkvæmdagleði ráðh. og fagni út af fyrir sig úrlausnum þeim sem okkur norðlendingum eru nú búnar, með þeim fyrirvörum að þær útleiðist vel. Hitt þykir mér dapurlegur skuggi á, að þær hafa orðið liður í því fjárhagslega öngþveiti sem fyrrv. og núv. ríkisstj. hafa að verulegu leyti leitt yfir þjóðina.

Ég ætla að leyfa mér aðeins að svara því sem kom hér fram hjá hv. þm. Ragnari Arnalds og Ingvari Gíslasyni. Mér er alveg ljóst að línur, flutningslínur eða tengilínur, kringum allt land eru nauðsyn. En það er bara spurningin um það, eftir hvaða röð á að taka þessar framkvæmdir. Ég tel, og ég hygg að það séu fleiri sem telja, að það hefði ekki átt að ráðast við þær aðstæður sem nú eru í fjármálum þjóðarinnar nema í aðra hvora þessa framkvæmd, hitt hafi verið bruðl og sóun á fjármunum þjóðarinnar eins og málum er nú komið. Þetta vil ég að mönnum sé ljóst að vakti m. a. fyrir mér í mínum fyrirspurnum.

Ég veit ekki hvað ættfróður Ingvar Gíslason er, en ég hygg að hann viti harla lítið hverjir mínir sagnarandar eru varðandi Kröfluvirkjun. Þeir eru furðumargir og sennilega miklu fleiri en hann hefur hugmynd um. Jafnvel eru þeir ekki fjarskyldir Orkustofnuninni. En ég held að þeim litist ekkert allt of vel á framkvæmdirnar sem þarna eru í gangi. Og þó að þeir vafalaust vilji það, þá er ég ekki viss um að þeir ráði við það að ná tökum á þessari holu sem hefur verið að angra þá núna í haust og vetur. En við skulum vona það öll að þessir ágætu og vel ættuðu sagnarandar mínir hafi rangt fyrir sér. Við skulum vona það. En því miður hef ég nokkuð rika ástæðu til þess að ætla að það sé ekki víst.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Fyrirspurnin er svo hljóðandi: „Hvað hefur miklum fjármunum verið varið á þessu ári til athugana og undirbúnings Bessastaðaárvirkjunar í Fljótsdal, þar með talin vegagerð?“

Á s. l. sumri var unnið að margvíslegum rannsóknum á virkjunarstaðnum og komið upp nauðsynlegri aðstöðu fyrir starfsmenn. Þá hefur verið unnið að vegagerð á væntanlegu virkjunarstæði. Þessum framkvæmdum er lokið í ár, en nú stendur yfir úrvinnsla þeirra gagna, sem aflað hefur verið, og gerðar áfangaskýrslur, sem talið er að lokið verði nokkru eftir áramót.

Kostnaður við undirbúning virkjunarinnar og rannsóknir nemur samkv. upplýsingum frá Rafmagnsveitum ríkisins: vegagerð 35.2 millj., hönnunarkostnaður 34.2 millj., rannsóknarboranir 19.6 millj., vinnubúðir o. fl. 47.3 millj. Samtals

136 millj. rúmar. Í samræmi við lántökuheimild í fjárlögum og lántökuheimildir til orkumála skv. lögum nr. 11/1975 var ákveðið að lántaka vegna undirbúnings Bessastaðaárvirkjunar í Fljótsdal skyldi vera 150 millj. kr., og hefur það fé verið notað í þessu skyni.

Fyrirspyrjandi (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Ég þakka fyrir þessar upplýsingar. Þetta er dálítil upphæð ef af því verður ekki að verði virkjað þarna, eins og margir halda, en sleppum því.

Mig langaði aðeins að nota þær örfáu mínútur, sem ég má tala hérna áður en hringt verður á mig, til þess að svara því sem Ingvar Gíslason var að rétta að mér og kannske einhver annar varðandi rógsherferð sem Alþfl. ætti að standa í gagnvart vini mínum Jóni Sólnes. Ég vil ekki taka undir það að ég hafi staðið í nokkurri rógsherferð gagnvart Jóni. Ég efast um að hann haldi það heldur. En ég get ekki samt sem áður, úr því að ég er hér kominn og þetta ber á góma, látið vera að lýsa þeirri skoðun minni að mér þykir ferð Sólness til Japans hafa verið ákaflega misráðin, þó að honum hafi verið boðið þangað. Honum er boðið af fyrirtæki sem vélarnar eru keyptar af, og einhvers staðar las ég að hann hafi farið þangað til að skoða hvernig gangi að framleiða þessar vélar og líta á hvernig sú framleiðsla hefði gengið. Ég spyr bara þingheim: Í hvernig aðstöðu er maður sem þiggur boðsferð af viðskiptamanni sínum, í hvaða aðstöðu verður hann eftir á til þess að finna að ef eitthvað verður að þessum vélakosti? Það er þetta sem mér finnst hafa verið mistök hjá hv. þm., ekki það að fara til Japans — það er gaman að fara til Japans — en þetta finnst mér mistök hjá Jóni og ég segi honum það hreinskilnislega. Hann má telja þetta róg, en ég held að hann geri það ekki þegar hann þekkir bæði mig og það sem ég hef hér sagt. — Svo þakka ég fyrir.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Út af þeim athugasemdum sem komið hafa fram hér um að það hafi verið geysileg mistök af mér sem formanni Kröflunefndar að þiggja boð frá framleiðendanum í Japan, jafnvel þó að það hafi verið nefndinni að kostnaðarlausu, þá vil ég aðeins skýra það að ég held einmitt að þessi ferð mín til Japans hafi verið stórlega til gagns. Mér fannst ég hafa fulla ástæðu til þess að þiggja þetta boð, skoða hvernig framkvæmdum væri háttað hjá þessum aðilum og yfirleitt kynna mér framvindu mála, því að það er mjög þröngur afgreiðslutími á þessum vélum, — og einnig fróðlegt að sjá hvernig þarna væri til hagað.

Ég vil svo aðeins bæta því við í sambandi við þessa margumtöluðu Japansferð, að samkv. þeim samningum sem gerðir voru um þessi kaup, sem voru nálægt 2 milljörðum yena var eins og oft er í sambandi við slíka samninga ákvæði um að þarna skyldi fara fram bankaábyrgð. Bankaábyrgð kostar geysilega peninga, það vita þeir sem eru kunnugir slíkum hlutum, og þá var þetta, að við hefðum átt að opna bankaábyrgð hér sem hefði svo verið framkvæmd og staðfest af banka úti í Japan. Ég hafði talað um það við umboðsmenn framleiðenda hérna og umboðsmann þeirra í London hvort ekki mundi vera hægt að komast að samningum um það við þessa aðila að þeir slepptu því að þessi bankaábyrgð færi fram á þann veg að hún yrði staðfest af japönskum banka. Þetta var talið ómögulegt. Ég gat náð í háttsetta menn í Japan, sem stjórna þessu fyrirtæki, og tókst svo til að það var fallið frá þessu ákvæði samningsins. Nú vil ég biðja menn að reikna út hvað slíkur ábyrgðarkostnaður, staðfestingarþóknun hins erlenda aðila mundi verða í 7 ár. Ætli sá kostnaður hefði ekki orðið nokkrum millj. meiri en þó að ferðin til Japans hefði verið greidd af Kröflunefnd?

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég stend ekki upp til að tala um Kröflu eða hv. þm. Jón Sólnes og ferð hans til Japans, það virðist vera gaman að vera þar. En ég spyr um Bessastaðaárvirkjun sem er hér til umr. og mér skilst að sé búið að verja 136 millj. kr. til rannsókna. En mér er ekki ljóst hvort er búið að ákveða að virkja — eða er þetta allt saman kostnaður án þess að nokkur ákvörðun liggi fyrir um 30 mw. virkjun sem heimild var veitt til á síðasta þingi? Þetta er ákaflega hár rannsóknarkostnaður.

Ég hef þær fréttir frá sérfræðingum að þeir telja raunar slíka virkjun þarna, 30 mw., mjög vafasama, ekki síst með tilliti til annarra möguleika sem þarna eru fyrir hendi. Sumir virðast telja að allur þessi kostnaður sé fremur til undirbúnings Fljótsdalsvirkjunar heldur en Bessastaðaárvirkjunar. Ég veit ekki hvort hæstv. ráðh. getur svarað þessu, en mín spurning er sú, ef hann treystir sér til að svara því: Er nokkur ákvörðun enn tekin um virkjun Bessastaðaár upp á 30 mw.?

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Á síðasta þingi voru samþ. lög um heimild til virkjunar Bessastaðaár með allt að 32 mw. afli. Áður en ákvörðun yrði tekin þurftu að sjálfsögðu að fara fram frekari rannsóknir, rennslismælingar, boranir og margt fleira. Að þessu hefur verið unnið, eins og ég gat um í svari mínu við fyrirspurninni. Ég skal ekki ræða við hv. 2. þm. Vestf. hvort þessi kostnaður er of hár eða ekki. Ég býst við að fyrirspyrjanda hafi komið á óvart að hann skyldi ekki vera hærri, því hann hefur frá sögusögnum og sagnaröndum sínum allt aðrar tölur og miklu hærri. En þegar úrvinnslu úr þeim gögnum, sem aflað hefur verið nú í sumar, er lokið, þá mun gerð skýrsla og endanleg álitsgerð um virkjunina, eins og ég skýrði frá hér í sambandi við aðra fyrirspurn frá hv. þm. Helga Seljan fyrir nokkru. Þegar þessar grg. og endanlegu álitsgerðir liggja fyrir, þá verður tekin ákvörðun um hvort í virkjunina verður ráðist.

Tómas Árnason: Herra forseti. Í sambandi við þessa fsp. langar mig aðeins til þess að koma inn á einn þátt þessa máls, a. m. k. óbeinan, þ. e. a. s. þál. sem samþ. var hér á Alþ. í fyrravetur um rannsókn á Fljótsdalsvirkjun. Það var samþ. sérstök þáltill. Það var gert ráð fyrir því í áætlunum sem lágu henni til grundvallar

að það mundi taka um 3 ár a. m. k. að gera þessa rannsókn og hún mundi kosta 250—300 millj. kr. Mig hefði aðeins langað til þess að spyrja hæstv. iðnrh., en ætlast ekki til þess að hann svari því nauðsynlega núna, nema hann hafi upplýsingar á takteinum, hvort þær rannsóknir og sá kostnaður, sem þegar er fallinn vegna rannsókna á Bessastaðaárvirkjun, mundi koma að einhverju leyti að gagni í sambandi við framkvæmd þeirrar þál. sem ég minntist hér á um rannsókn á Fljótsdalsvirkjun.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þegar frv. um heimild til Bessastaðaárvirkjunar var lagt fyrir Alþ. í fyrra og meðan það var til meðferðar í þinginu var það kannað sérstaklega hvort undirbúningur og framkvæmd virkjunar í Bessastaðaá mundi koma að gagni í sambandi við stærri virkjun í Fljótsdal. Það var álit Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens, sem fjallaði um þetta atriði, og orkumálastjóra að það, sem gert væri á þessum slóðum í sambandi við Bessastaðaárvirkjun, kæmi að gagni við stærri virkjun í Fljótsdal.

Dýpkunarskip, fsp. (þskj. 51). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram á þskj. 51 fsp. til hæstv. samgrh., svo hljóðandi:

„1. Hvað líður kaupum eða leigu á nýju dýpkunarskipi samkv. ályktun frá síðasta þingi?

2. Hver hafa verkefni dýpkunarskipsins Grettis verið á yfirstandandi ári?

3. Hve margar hafnir á landinu bíða nú dýpkunarframkvæmda?

4. Hefur verið leitað til innlendra aðila sem hugsanlega gætu tekið að sér sams konar verkefni og Grettir?“

Þáltill. sú, sem um getur í 1. lið fsp., var borin fram af öllum Vestfjarðaþm. á síðasta þingi og var afgreidd sem ályktun Alþ. Hér var og er um mikið nauðsynjamál að ræða. Dýpkunarskipið Grettir er nú um það bil að syngja sitt síðasta, enda orðinn um 30 ára gamall, en í sumar var þó gerð á honum klössun sem tók um hálft ár, á meðan margar hafnir á landinu biðu aðkallandi dýpkunarframkvæmda. Að klössun lokinni tók Grettir aftur til við Grindavíkurhöfn sem hann hefur nú unnið við í um það bil tvö ár samfleytt með hléi á meðan á viðgerð stóð, og enn bíða hinar hafnirnar og leggja ný og fullkomin fiskiskip í stöðuga áhættu við of grunna innsiglingu.

Það er sýnt að framkvæmdir við hafnir landsins hafa engan veginn haldist í hendur við hina stórfelldu aukningu fiskiskipastólsins og því nauðsynlegt að hugsa fyrir nauðsynlegum tækjakosti til að bæta þar úr eigi ekki illa að fara. Það eru raunar ekki aðeins fiskiskip sem þurfa á góðum höfnum að halda. Vöruflutningaskip okkar þurfa að komast inn á þær hafnir sem þau flytja vörur á. Það vildi svo til að er ég í haust var stödd vestur á fjörðum, í Bolungarvík, þá hafði vöruflutningaskip úr Reykjavík orðið að sigla fram hjá höfninni í Bolungarvík hlaðið vörum þangað og sigla inn á Ísafjörð, og síðan varð auðvitað að flytja landleiðis vörur til Bolungarvíkur út Óshlíð. Þarna skeður auðvitað tvennt í senn: Bolungarvíkurhöfn missti af aðflutningsgjöldum af vörum og á lagðist aukakostnaður með bifreiðaflutningum út Óshlíð.

Nú er það svo að til eru íslenskir einkaaðilar sem hafa yfir að ráða allgóðum dýpkunartækjakosti, og hafa alþm. nýlega fengið kynningarbréf í hendur frá þess konar fyrirtæki, Björgun hf.

Björgun hf. býður fram þjónustu sína við hvers konar hafnarframkvæmdir og dýpkunarframkvæmdir, bæði við dælingu og gröft á hörðum botni, og telur sig geta boðið hagkvæmari kjör og meiri afköst en tæki Hafnamálaskrifstofunnar. Því er spurt um það í síðasta lið fsp. hvort leitað hafi verið til innlendra aðila sem hugsanlega gætu tekið að sér sams konar verkefni og Grettir og þannig flýtt þessum bráðnauðsynlegu framkvæmdum.

Í nýrri reglugerð um hafnamál er gert ráð fyrir að Hafnamálastofnunin annist hafnarframkvæmdir eða framkvæmdin sé boðin út. Væri í alla staði eðlilegt og æskilegt að útboð á frjálsum markaði væri tíðkað meira en verið hefur hingað til og því sjálfsagt að kanna þá möguleika.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 51 er fsp. frá hv. 9. landsk. þm. sem er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta.

„1. Hvað líður kaupum eða leigu á nýju dýpkunarskipi samkv. ályktun frá síðasta þingi?

2. Hver hafa verið verkefni dýpkunarskipsins Grettis á yfirstandandi ári?

3. Hvað margar hafnir á landinu bíða nú dýpkunarframkvæmda?

4. Hefur verið leitað til innlendra aðila, sem hugsanlega gætu tekið að sér sams konar verkefni og Grettir?“

Svar það, sem ég hef við þessum fsp. hv. 9. landsk. þm., er frá Hafnamálastofnuninni. Nú verð ég að biðja afsökunar á því að röð svaranna er ekki í samræmi við fyrirspurnina.

Hafnamálastofnunin gerir út tvö dýpkunarskip eða tæki: dýpkunarskipið Gretti og dæluprammann Hák. Grettir er gamalt grafskip, keypt til landsins fyrir 30 árum. Hann hefur samt öflugasta dýpkunartækið á landinu. Hann hefur s. l. tvö ár unnið að dýpkun Grindavíkur, en þar hefur verið unnið að hafnargerð undanfarið, fjármagnað með láni Alþjóðabankans. Grettir er mjög gamalt tæki, en honum hefur verið vel við haldið. Talið er eðlilegt að nota hann nokkur ár enn.

Hákur er miklu nýrra tæki. Hann er keyptur hingað til lands árið 1967. Hákur hefur reynst mjög afkastamikill við hafnargerðir og hefur þann kost að hann dælir efni því, er hann dælir, upp á land þar sem uppfyllingar er þörf. Hákur er útbúinn með skera á inntaki dælurörsins og hann getur dælt upp efni úr höfnum þar sem dæluskipi án slíkra skera er ókleift að dýpka, auk þess sem hann ristir minna en önnur slík skip. Hákur hefur á þessu ári dælt úr höfninni í Ólafsfirði, Dalvík, við Karlsey og Ólafsvíkur-

höfn. Hákur er nú í allmikilli viðhaldsviðgerð, en dæluútbúnaður sem þessi þarfnast mikils viðhalds. Þegar þessum viðgerðum verður lokið verður hann jafngóður og nýr.

Líkleg verkefni fyrir Gretti á næsta ári verða dýpkanir í Bolungarvík, Skagaströnd, Húsavík og Neskaupstað. Hákur mun eftir áramótin líklega hefja dælingu í Hafnarfirði, dæla síðan á Grundarfirði, á Bíldudal og Þingeyri, síðan á Hvammstanga, Sauðárkróki og Hrísey. Einnig verður stórt verkefni dýpkun Þorlákshafnar.

Ef litið er á verkefni næstu ára ber mest á verkefnum sem leysa má með dælum. Miklu minni eru þau verkefni sem nota verður við graftæki eins og Gretti. Sprenginga er þörf, en oftast takmarkað á hverjum stað.

Undanfarið hefur Hafnamálaskrifstofan unnið að könnun á því hvers konar dýpkunartæki væri hagkvæmast að bæta við tækjakost stofnunarinnar. Áhuginn beinist einkum að fleka á fótum. Slíkur fleki mundi á margan hátt henta vel hinum fjölbreytilegu verkefnum hér á landi, sem borðpallur fyrir krana við dýpkanir, vinnupallur við þilrekstur og grjótútlagningu og fleira. Segja má að ekkert eitt tæki hafi jafnmarga möguleika við hafnaframkvæmdir. Verð á slíkum fleka er nú af stærstu gráðu 150 millj. kr. Einnig kemur til greina að hafa sérstakan fleka fyrir gröft og annan fyrir bortæki.

Á vegum Hafnamálastofnunarinnar var nýlega skoðuð stór fljótandi grafskófla í Norður-Noregi. Grafskófla þessi er mjög öflug og mundi henta vel við viss verkefni. Það mun standa okkur til boða að leigja hana í eitt ár eða svo. Vegna þess hversu dýrt yrði að flytja hana hingað yrði það ekki gert nema umrædd verkefni yrðu unnin í einu lagi. Þyrftu því að vera til þessara nota töluverðar fjárveitingar. Sérstaklega kostnaður við gröft slíkrar skóflu virðist vera af líkri stærðargráðu og hjá Gretti.

Nokkur fjöldi dýpkunartækja er til hér í landi í einkaeign. Hér er eingöngu um dælutæki að ræða. Ekkert þeirra hefur skera eins og Hákur. Það hefur komið sér vel að geta leigt þessi tæki þegar Hákur hefur verið bundinn annars staðar og legið hefur á takmörkuðum dýpkunum sem þessi tæki hafa ráðið við, en það er nær eingöngu tiltölulega laus sandur og leir. Reynst hefur illa að ætla þeim erfið verkefni.

Í dag má segja að Hákur uppfylli þá þörf sem er fyrir dælingu, dæluskip innan ramma þeirrar fjármögnunar hafnagerða sem fyrir hendi er. Ef á henni yrði skyndileg aukning gæti orðið þörf fyrir fleiri tæki á þessu sviði, en æskilegt væri að þau gætu leyst erfiðari verkefni en dælingu lausra efna.

Að endingu má benda á það almennt, að ekki er réttlætanlegt að kaupa dýr og afkastamikil tæki til hafnagerðar nema fjármagn til hafnagerðar sé svo mikið að þörf sé fyrir tækin og þau geti unnið við þau verk sem þau eru miðuð við.

Þetta svar mitt verður að nægja við fsp. hv. þm. Ég endurtek, að ég bið afsökunar á því að röðin í svarinu er ekki eins og í fsp., en ég vona að það nægi.

Fyrirspyrjandi (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svör hans. Það kom fram í svari hans, sem ég raunar vissi, að það eru mjög margar hafnir á landinu sem bíða þessara framkvæmda á næstunni. Mér finnst reynsla síðustu ára hafa sýnt að þau tæki, sem við höfum anna alls ekki þeirri eftirspurn sem er fyrir hendi í þessum efnum. Ég sakna þess því að mér fannst ég ekki fá fullnægjandi svar við síðasta lið fsp. minnar, um það, hvort leitað hefði verið til innlendra aðila sem hugsanlega gætu tekið að sér verkefni Grettis. Það, sem fram kom í svari hæstv. ráðherra þar að lútandi, stangast raunar algjörlega á við það sem forsvarsmenn Björgunar hf. hafa tjáð mér og raunar öllum þm. í áðurnefndu bréfi sem ég gat um. Ég hef reyndar talað um þetta við Hafnamálastofnunina, forsvarsmenn hennar, og þeir hafa þar uppi staðhæfingar sem stangast á við fullyrðingar Björgunar hf.

Í þessu bréfi, sem ég hef gert að umtalsefni, stendur, með leyfi hæstv. forseta, þar sem talað er um krana á dæluskipinu Sandey 2, að þessi krani hafi verið í notkun fyrir nokkrum árum og tók þá m. a. upp grjót í Sundahöfn sem ekkert annað tæki hér á landi réð við.

Ég hef orðið vör við undarlega tregðu við að nýta þessa innlendu aðila sem staðhæfa að þeir geti sinnt þessum verkefnum sem bíða mánuðum og árum saman í íslenskum höfnum til mikils baga og óhagræðis og maður veit raunar ekki hvenær vandræði hljótast af. Því vil ég ítreka, beina því til hæstv. samgrh., að sérstaklega þessi síðasti liður fsp. minnar verði tekinn gaumgæfilega til athugunar og það hendi ekki að það sé gengið fram hjá íslenskum aðilum sem hugsanlega gætu tekið þessi verkefni að sér.

Ég er að sjálfsögðu sammála hæstv. samgrh. að því leyti, að það er auðvitað ekki rétt nú á þessum þrengingatímum okkar í efnahagsmálum að ráðast í hundruð millj. kr. kaup á nýju tæki eða leigu á tæki erlendis frá ef við höfum tæki sjálf sem gætu leyst verkefnin af hendi. Þess vegna vil ég vænta þess að það verði ekki gengið fram hjá þessum aðilum, sem ég gat um, og raunar fleiri, sem ég hef ekki minnst á hér, en þeir möguleikar verði kannaðir til allrar hlítar.

Undanþága afnotagjalda fyrir síma, fsp. (þskj. 5). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Vilborg Harðardóttir): Herra forseti. Þegar samþykkt var sú breyting á lögum á síðasta þingi að þeir, sem hljóta uppbót á elli- og örorkulífeyri, verði undanþegnir afnotagjöldum fyrir síma, lá sú hugsun að baki hve þörfin fyrir síma er brýn hjá mörgu af þessu fólki sem býr eitt á heimilum sínum, bæði til að hafa eðlileg tengsl við umhverfi sitt og einnig í öryggisskyni, t. d. ef um er að ræða snöggleg veikindi.

En símgjöld eru erfiður baggi fólki með þurftartekjur, ekki síst eftir 35% hækkunina sem á þeim varð fyrir ekki alllöngu, og raunar svo stór útgjaldaliður að margir fleiri en líf-

eyrisþegar treysta sér vart lengur til að hafa síma. Þegar við bætist stórfelld kjaraskerðing vegna verðhækkana á nauðsynjavörum, á sama tíma og lífeyrir hækkar lítið sem ekkert, er augljóst um hve mikið sanngirnismál hér er að ræða. Um það urðu hv. þm. líka sammála á síðasta þingi er þeir samþykktu lagabreytingu þess efnis að undanþiggja hóp lífeyrisþega afnotagjöldum af síma. En þar sem ég hef ekki orðið vör við neinar tilkynningar frá opinberum aðilum um þetta mál, leyfi ég mér að spyrja hæstv. samgrh.: Hvað líður framkvæmd laganna? Hefur reglugerð samkvæmt þeim verið samin?

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af fsp. hv. 3. þm. Reykv. get ég svarað því strax að reglugerð um þetta efni hefur ekki enn þá verið samin. En til frekari skýringar vil ég lesa hér svar það sem póst- og símamálastjóri hefur látið mér í té í sambandi við mál þetta. En á s. l. sumri óskaði ég eftir því að starfsmenn samgrn. viðuðu að sér efni í sambandi við framkvæmd á þessu máli, og því verki er nú langt til lokið.

Þetta er svar póst- og símamálastjóra, með leyfi hæstv. forseta:

„Með tilvísun til bréfs samgrn. frá 10. nóv. s. l. varðandi fsp. á Alþ. um undanþágu afnotagjalds fyrir síma, sbr. lög nr. 24 1975, um breyt. á lögum nr. 30 frá 1941, um fjarskipti, skal hér upplýst eftirfarandi:

Vilji löggjafans, hins háa Alþingis, verður að okkar mati best framkvæmdur með því að hækka uppbætur á elli- og örorkulífeyri um sömu upphæð og símagjöldum nemur, sem mundi vera um 800 kr. á mánuði. Með þessari tilhögun fær hlutaðeigandi styrkþegi á öruggan og hagkvæman hátt það sem til er ætlast í nefndum lögum og umræddur styrkur greiðist af almannafé, en verður ekki sérstakur skattur á símanotendum einum. Eftirlit og endurskoðun mundi þá fylgja uppbótum á elli- og örorkugreiðslur að öllu leyti og kosta enga teljandi fyrirhöfn.

Samkv. upplýsingum Tryggingastofnunar ríkisins er fjöldi þeirra, sem njóta uppbóta á elli- og örorkulífeyri í des. 1974 sem hér segir: einstaklingar 1930, hjón 273, samtals 2 203. Nú hefur hins vegar verið kannað hversu margir af framangreindum aðilum hafa síma nú. Það er ekki lokið þeirri könnun, heldur ekki hvar í landinu þeir eru búsettir, og vinna við þessa athugun er kostnaðarsöm, þar sem ekki liggur beint við að nota skýrsluvélavinnslu vegna þess að nafnnúmer símnotenda er ekki fært inn á spjaldskrár sem notaðar eru við útskrift símareikninga. Eftirlit með þessum málum í þeirri mynd að fella símgjöldin niður mundi fyrirsjáanlega verða mikið og kostnaðarsamt, og það sem mest er, að þetta gæti hugsanlega boðið heim hættunni á misnotkun.

Að lokum skal bent á að tekjutap vegna umræddrar ráðstöfunar gæti numið 21 millj. kr. á ári, miðað við núverandi gjaldskrá og eftirgjöf á ársfjórðungsgjaldi eingöngu. Enn fremur ber að hafa í huga að stofnkostnaðurinn við hvern nýjan síma nemur 200—300 þús. kr.

Hér er þá svar póst- og símamálastjóra við þessu og till. hans um hvernig með málið skuli farið. Hins vegar er unnið að athugun málsins og verður gert og verður þá ákvörðun tekin um framkvæmd þess.

Fyrirspyrjandi (Vilborg Harðardóttir): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. samgrh. svarið eða réttara sagt tilraunina til svars, því að þar sem ekkert hefur verið gert er náttúrlega ekki hægt að segja frá neinu.

Þm. voru um það sammála á síðasta þingi að hér væri um að ræða algjört sanngirnismál og að undanþágur af afnotagjöldum ætti að gefa til að búa betur að því fólki sem býr við þröngan kost og hefur ekki sjálft möguleika á að greiða þessi gjöld, þótt augljóst sé hve mikla þörf það hefur fyrir síma. Ég bendi á að tekjutrygging nemur nú 29 þús. kr. á mánuði til einhleypinga og rúmu 51 þús. til hjóna.

Svar það, sem hæstv. samgrh. vitnaði í, frá póst- og símamálastjóra tel ég aðeins vera undanslátt og tillögur hans alls ekki í anda laganna. Það að hækka uppbætur í staðinn er aðeins tilfærsla á peningum. Og sú skýring sem komið er með í sambandi við tekjurýrnun, er í raun og veru ekki tekjurýrnun, vegna þess að þessar tekjur koma ekki til Pósts- og síma þegar fólk hefur ekki efni á að hafa símann. Lög koma ekki að gagni nema þeim sé framfylgt, og það er jafnlítið gagn að síma sem lofað er einhvern tíma í framtíðinni, en er ekki til taks þegar þörfin kallar. Ég vona að loforð hæstv. ráðherra um frekari athugun á þessu máli standist.

Verðjöfnunarsjóður vöruflutninga, fsp. (þskj. 75). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jóhannes Árnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 75 fsp. til hæstv. samgrh. um verðjöfnunarsjóð vöruflutninga o. fl. Fsp. þessi hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Hvað líður störfum milliþn., sem kosin var samkv. þál. um stofnun verðjöfnunarsjóðs vöruflutninga og bætt skipulag þeirra flutninga frá 10. apríl 1973, og hvenær er þess að vænta að nefndin skili áliti?

2. Hver er orðinn kostnaður við störf nefndarinnar?“

Hinn 10. apríl 1973 var samþ. á Alþ. þáltill. sú sem þessi fsp. lýtur að, en hún fjallar um verðjöfnunarsjóð vöruflutninga og bætt skipulag vöruflutninga. Till. er í 4 liðum og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að kjósa 5 manna milliþn. til þess að:

1) Kanna þátt flutningskostnaðar í mismunandi vöruverði í landinu.

2) Skila áliti um hvort tiltækt væri að jafna kostnað við vöruflutninga með stofnun og starfrækslu verðjöfnunarsjóðs, þannig að verð á allri vöru verði hið sama á öllum stöðum á landinu sem vöruflutningaskip sigla til og flugvélar og vöruflutningabifreiðar halda uppi áætlunarferðum til.

3) Kanna hver kostnaður væri af rekstri slíks sjóðs og hver ætla mætti að yrðu þjóðhagsleg áhrif af starfrækslu hans.

4) Gera till. um bætt skipulag vöruflutninga á sjó og landi og í lofti. Skulu þá m. a. hafðar í huga breytingar á tilhögun flutninga frá helstu viðskiptaborgum íslendinga erlendis til hinna ýmsu hafna á landinu.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.“

Þáltill. þessi var á sínum tíma flutt af þm. Matthíasi Bjarnasyni, Sverri Hermannssyni, Guðlaugi Gíslasyni og Halldóri Blöndal. Sú þál., sem ég nú hef lesið, er ákaflega skýr og glögg og þarf í rauninni ekki að fara um hana mörgum orðum. En það var kosin 5 manna milliþn. til að annast úrvinnslu þess, sem þál. fjallar um, og skila áliti og till. þar að lútandi. Síðan þessi þál. var samþ. og nefndin kosin eru liðin 2½ ár eða þar um bil, og mér er ekki kunnugt um að nefndin hafi enn skilað áliti. Það er tilefni þess að ég hef séð ástæðu til að hreyfa þessu máli hér á hinu háa Alþ. með fsp. um hvað líði störfum nefndarinnar og hver sé kostnaður við störf hennar. Hér er um að ræða milliþn. og milliþinganefndir eiga, svo sem nafnið bendir til, að starfa milli þinga og skila síðan áliti.

Ég vil vekja athygli á því að hér er um að ræða stórt mál fyrir þá, sem búa úti á landi, og eitt af þeim málum, sem skiptir sköpum um lífsafkomu og framfærslukostnað á Reykjavíkursvæðinu annars vegar og landsbyggðinni hins vegar. Svo til allar vörur, sem til landsins koma, eru fluttar inn um Reykjavík. Þaðan er þeim svo dreift út um landið, ýmist með skipum, flugvélum eða vöruflutningabifreiðum. Það leggst þannig gífurlegur flutingskostnaður á vörurnar sem leiðir til þess að vöruverð almennt er hærra úti á landi en hér í Reykjavík. Það má alltaf bæta við sannanlegum flutningskostnaði, eins og það heitir í auglýsingum verðlagsyfirvalda. Þó eru auðvitað frá þessu undantekningar þar sem um fast verð er að ræða hvar sem er á landinu. Það koma þannig oft út hinar furðulegustu niðurstöður hvað snertir verð úti á landi miðað við það sem er í Reykjavík. Það kostar oft ótrúlega mikið að flytja einn lítinn hlut frá Reykjavík vestur á firði eða austur á land. Mætti nefna um þetta mörg dæmi, en ég fer ekki út í það hér, enda skammur tími til að gera grein fyrir þessum málum við slíkar umræður, heldur vil ég aðeins segja það, að á meðan skipulag þessara mála, þ. e. vöruflutninganna er með þeim hætti sem nú er, þá er þess vart að vænta að það með meiru sé hvetjandi fyrir fólk til að flytja út á land, heldur er hið gagnstæða raunin á. Hér er þörf á úrbótum og því ekki vanþörf á að till. þeirrar milliþn., sem á sínum tíma var kosin, fari að sjá dagsins ljós.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð að svo stöddu, fsp. er skýr og ákveðin og vænti ég svara hæstv. samgrh. við henni.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af fsp. hv. 1. þm. Vestf. á þskj. 75 get ég verið stuttorður því að hún gefur ekki tilefni til umræðu. En fsp. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvað líður störfum milliþn. sem kosin var samkv. þál. um stofnun verðjöfnunarsjóðs vöruflutninga og bætt skipulag þeirra flutninga frá 10. apríl 1973, og hvenær er þess að vænta að nefndin skili áliti?“

Eins og hv. þm. er kunnugt var núv. hæstv. menntmrh. formaður í þessari nefnd, en sagði af sér því starfi á síðasta þingi og var þá hv. 5. þm. Austf. kosinn í hans stað í nefndina og er hann formaður eins og hæstv. menntmrh. var áður. Svar mitt er því þaðan komið og er svo hljóðandi:

Árið 1973 kaus Alþingi milliþn. til þess að gera athugun á stofnun verðjöfnunarsjóðs vöruflutninga. Gagnasöfnun hefur farið fram og er að því stefnt að n. skili áliti snemma á næsta ári.

Hinn hluti fsp. er um kostnað við nefndina, og þar er svarið:

Samkv. upplýsingum ríkisbókhaldsins nemur bókfærður kostnaður við störf nefndarinnar til 31. okt. s. l. 845 þús. kr.

Þetta svar á að nægja við fsp. þessari.

Fyrirspyrjandi (Jóhannes Árnason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. samgrh. svör við þessari fyrirspurn. Ég vil lýsa yfir ánægju minni með að það sé að vænta tillagna frá þessari nefnd snemma á næsta ári.

Um þetta mál, skipulag vöruflutninga til landsins og flutninga innanlands, vil ég annars segja það, að það er engu líkara en á þessu sviði hafi orðið stór afturför hérlendis á síðustu árum og áratugum. Sú var tíðin að vöruflutningar voru beint frá útlöndum til hafna úti á landi í miklu ríkara mæli en nú er. Þá áttu verslanir á Ísafirði og víðar eigin skip sem önnuðust þessa flutninga. Það þarf að efla þá starfsemi að flytja vörur beint frá útlöndum til hafna úti á landi, t. d. á eina höfn í hverju kjördæmi eða landshluta, landsfjórðungi, og dreifa vörunum síðan þaðan á nálæga staði með bifreiðum eða skipum eða jafnvel flugvélum. En að svo miklu leyti sem þarf að flytja vörur frá Reykjavík, Akureyri og öðrum stöðum til kauptúna og kaupstaða við sjávarsíðuna, þá hallast ég helst að þeirri skoðun að eigi að flytja sem mest með skipum og miklu meira en hefur verið gert að undanförnu. Ég álít að þjóðhagslega séð hljóti sú leið að koma best út, enda verði við þessa flutninga við komið nýjustu tækni í vöruflutningum og sem mestrar hagkvæmni gætt. Þarna kemur einnig til að víða hefur verið ráðist í dýrar hafnarframkvæmdir sem þarf að nýta sem best.

Það var einmitt rétt áðan verið að fjalla um fsp. varðandi dýpkunarskip og bætta aðstöðu við hafnir landsins. Flutningar með vöruflutningabifreiðum eru einnig nauðsynlegir þar sem þeir eiga við, þ. e. á styttri vegalengdum og þar sem flutningum á sjó verður ekki við komið, en það er ekkert vit, má segja, í vöruflutningum sem tíðkast hafa á landi að undanförnu. Má sem dæmi nefna að áður en hringvegurinn var opnaður voru vörur fluttar með bifreiðum um Vesturland, Norðurland, síðan eftir Austurlandi og alla leið til Hornafjarðar. Ég get ekki meint að slík

flutningastarfsemi geti verið hagkvæm, en þetta sýnir að þörf er á að koma betra skipulagi hér á.

Ég vil að lokum leggja áherslu á að hér er um þýðingarmikið mál að ræða, og ég leyfi mér að vænta þess að tillögur um þetta efni liggi fyrir fljótlega á næsta ári, eins og fram kom í svari hæstv. ráðherra.

Sameinað þing, 28. fundur.

Þriðjudaginn 2. des., að loknum 27. fundi.

Umræður utan dagskrár.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs utan dagskrár að beiðni mikils fjölda skattborgara vegna óska þeirra um endurflutning efnis í Ríkisútvarpinu sem útvarpað var í tengslum við Háskóla Íslands 1. des. s. l.

Á undanförnum áratugum hafa íslendingar byggt upp fræðslu- og menntakerfi af miklum myndarskap. Hafa margir hæfir menn hlotið þar menntun og skilað miklu og ómetanlegu framlagi til íslensks þjóðfélags á grundvelli þeirrar þekkingar sem fræðslu- og skólakerfið hefur í té látið.

Alþingi hefur mjög komið við sögu fræðslu- og menntamála í gegnum margþætta löggjöf í þessum efnum og með samþykkt ríflegra fjárframlaga til þessara mála. Einn stærsti útgjaldaliður fjárlaga á hverjum tíma er vegna fræðslu- og menntamála. Kostnaðarsamasti þáttur skólakerfisins eru menntaskólar landsins og Háskóli Íslands. Skipar Háskólinn sérstakan sess í fjármálum, enda hefur verið litið á þennan skóla sem æðslu menntastofnun þjóðarinnar. Hefur Háskóli Íslands notið sérstakrar virðingar og þjóðin bundið miklar vonir við þá menn sem þar stunda nám, sérstaklega í andlegu- og menningarlegu tilliti. Því miður getur allur almenningur ekki fylgst svo með þróun og þroska nemenda Háskólans sem æskilegt væri til þess að þjóðin viti jafnan hvers megi vænta af þessu fólki í framtíðinni.

1. des. s. l. efndi meiri hluti stúdentaráðs til samkomu í Háskólabíói í nafni stúdenta. Var samkomunni útvarpað að venju. Illu heilli voru flestir almennir skattborgarar við vinnu sína á þeim tíma er samkoman var haldin. Vinnandi fólk átti þess því ekki kost að hlusta á málflutning þessara hugsanlegu framtíðarforustumanna þjóðarinnar úr röðum vinstri stúdenta er töluðu í Háskólabíói. Í Þjóðviljanum í morgun er skýrt frá því að umrædd samkoma hafi tekist mjög vel.

Með tilliti til óska mikils fjölda manna og þess að fyrir liggur að hv. Alþingi mun á næstunni taka afstöðu til afgreiðslu hundraða milljóna króna vegna þeirra aðila, er stóðu að umræddri dagskrá á fullveldisdegi íslendinga 1. des., vil ég hér á þingi beina þeim tilmælum til útvarpsráðs að dagskrá stúdenta í Háskólabíói umræddan dag verði endurflutt, t. d. síðdegis einhvern næsta sunnudag, svo að allur almenningur geti kynnst vel afstöðu róttækra stúdenta er nú mynda meiri hlutann í Háskóla Íslands til borgaralegs þjóðfélags, þ. á m. til meginþorra skattborgara sem hafa staðið undir núverandi menntakerfi þjóðarinnar með skattgreiðslum sínum og munu væntanlega eiga eftir að standa undir núverandi kröfum stúdetna um nokkurra milljarða króna fjárveitingu í formi lána á næstu árum, auk hundraða milljóna króna vegna rekstrarkostnaðar Háskólans og fjárfestingarframkvæmda.

Vænti ég þess að útvarpsráð geti orðið við beiðni minni um endurflutning. Er hún flutt fyrir hönd fjölda manns sem gat ekki hlýtt á mál róttækra stúdenta vegna atvinnu sinnar. Það fólk, *sem ég tala hér fyrir, eru skattborgarar.* Það er láglaunafólk einnig sem borgar skatta á Íslandi. — Líður hv. þm. illa undir þessu ávarpi í sambandi við mína beiðni? Það er mjög athyglisvert. Ég er raunverulega að fara fram á að endurtaka það sem Þjóðviljinn segir að vel hafi tekist.

Það fólk, sem ég tala hér fyrir, eru skattborgararnir sem með mikilli eljusemi og vinnu standa undir og bera ábyrgð á því þjóðfélagskerfi er við nú búum við. Veigamikill þáttur þess er Háskóli Íslands. Vinnandi fólk vill með skattgreiðslum sínum stuðla að viðhaldi og eflingu borgaralegs þingræðis og lýðræðis á Íslandi. Það á því fullan rétt á því að kynnast betur viðhorfum róttækra stúdenta, er nú mynda meiri hlutann í Háskóla Íslands, til þess þjóðfélags sem hefur brauðfætt þessi ungmenni til þessa og væntanlega á eftir að gera það í nánustu framtíð í núverandi formi. Endurflutningur í Ríkisútvarpinu á dagskránni í Háskólabíói 1. des. mun varpa skýru ljósi á margt sem vert er að veita nánari athygli.

Jónas Árnason: Herra forseti. Mér er ekki alveg ljóst hvað fyrir hv. þm. vakir. Hann vill að endurtekin verði dagskrá sem á að hafa sýnt hvað íslenskir stúdentar séu róttækir í skoðunum, þetta væri nauðsynlegt vegna þess að Alþingi ætti bráðum að taka afstöðu til fjárveitinga upp á hundruð milljóna króna í sambandi við þetta fólk. Ég vil spyrja hv. þm. hvort skilja beri þetta þannig að hann vilji — vegna þess hvaða tónn var í þessari dagskrá stúdenta í gær — minnka fjárframlögin eða auka þau. Ég vænti þess að í þessu felist ekki hótun af hálfu hv. þm. um það, að vegna þess að þeir stúdentar, sem sáu um dagskrána í gær, reynast vera róttækir í skoðunum, þá skulum við skera niður fjárveitingar til Háskólans eða styrkveitingar til háskólastúdenta.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Hv. 5. þm. Vesturl., Jónas Árnason, skildi ekki ósk mína. Það var ekkert grunsamlegt á bak við það sem ég fór fram á. Það, sem ég fór fram á, var aðeins þetta: Ég vil gjarnan að vinnandi fólk fái tækifæri til að hlusta á málflutning þeirra stúdenta sem fluttu sitt mál í nafni meiri hlutans í Háskólabíói 1. des. Ég minntist hvergi á niðurskurð í sambandi við það mál í sambandi við fjárveitingar. Ég tel það mjög æskilegt og gott fyrir þjóðina að heyra hver er afstaða þessa unga fólks til borgaralegs þjóðfélags. Ég var

einn af þeim sem því miður gat ekki heyrt þetta nema á skotspónum. Ég var við vinnu við nefndarstörf. Ég geri ráð fyrir því að endurflutningurinn muni tala sínu máli. Svo er það fólksins í landinu að kveða upp úr um það hvort því líkar þessi málflutningur eða ekki, og það getur komið sínum skilaboðum væntanlega til hv. 5. þm. Vesturl. sem og annarra þingmanna varðandi það hvernig beri að standa að Háskóla Íslands í framtíðinni. En áður en hv. þm. tekur til máls, þá held ég að hann ætti að fara varlega í það að gera öðrum þingmönnum upp skoðanir eða álykta rangt út frá því sem sagt hefur verið hér á undan.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég er ekki að gera hv. þm. upp skoðanir, en bendi á það, að þegar hann fer fram á endurtekningu þessarar dagskrár, þá fjasar hann jafnframt um það að hundruð milljóna og jafnvel milljarðar fari í það að styrkja stúdenta við Háskóla Íslands. Svo á að endurtaka dagskrána, skilst manni, til þess að almenningur geti sagt álit sitt. (**Gripið fram í:** Hvað er það? Er það ekki lýðræði?) Ég held nú að það, sem vakir fyrir hv. þm., sé að koma af stað skrifum í vissan dálk í Morgunblaðinu, „Húsmóðir í Vesturbænum“ og fleiri slíkir eiga að heimta það að við þingmenn skerum niður fjárveitingar til háskólastúdenta, og við eigum svo að fara eftir því.

Kjördæmaskipan, þáltill. (þskj. 59). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Umferðarmál, þáltill. (þskj. 67). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Aðgerðir til að draga úr tóbaksreykingum, þáltill. (þskj. 74). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Samskipti Íslands við vestrænar þjóðir, þáltill. (þskj. 92). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá ákvörðun umr. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv.

Flm. (Kristján J. Gunnarsson): Herra forseti. Sú þáltill., sem ég hef lagt hér fram á hv. Alþ., hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að óska viðræðna við stjórnir Efnahagsbandalags Evrópu og Atlantshafsbandalagsins út frá þeirri forsendu að litið verði í samhengi á hagsmuni Íslands að því er snertir efnahags- og viðskiptamál og þátttöku þess í varnarbandalögum við vestrænar þjóðir.“

Í upphafi máls míns vil ég gera tvö atriði ljós. Flutningur þessarar till. er ekki eingöngu í beinum tengslum við þá alvarlegu atburði sem nú síðustu dagana hafa átt sér stað í landhelgisdeilunni við Breta enda þótt þeir hafi að sjálfsögðu gert þá samninga, sem till. gerir ráð fyrir, sérstaklega tímabæra og nauðsynlega einmitt nú. Það hefur lengi verið skoðun mín að það, hversu við hljótum ávallt að vera í nánum tengslum við vestrænar þjóðir menningarlega, efnahagslega og viðskiptalega, geri það nauðsynlegt að um deilumál og hagsmunaárekstra, sem upp kunna að koma á milli einstakra vestrænna þjóða og okkar, sé fjallað í samhengi á breiðum grundvelli við þau samtök vestrænna þjóða í heild sem við eigum aðild að. Með því móti höfum við að mínu áliti meiri líkur til að ná fram þeirri viðurkenningu á hagsmunum okkar sem okkur er lífsnauðsyn, og með því móti getum við minnkað líkurnar á því að einstök ríki beiti okkur efnahagslegum eða viðskiptalegum þvingunum til að verja hagsmuni sína, en til þess að verjast slíkum þvingunum erum við af viðskiptalegum ástæðum í mjög veikri og erfiðri stöðu.

Hitt atriðið, sem ég vil einnig í upphafi gera ljóst, er að þá fáu daga, sem ég hef setið hér á hv. Alþ., hefur eins og hv. alþm. er kunnugt verið mikill annríkistími og því lítill tími gefist til að undirbúa og vinna að öðrum málum en því sem þessa dagana var sérstaklega til meðferðar á hv. Alþ., þ. e. samningum við Vestur-Þýskaland. Eigi að síður taldi ég rétt að bera fram þá till. til þál., sem hér er flutt, enda þótt hana beri að á sérstaklega miklum annríkistíma hér í hv. Alþ.

Á bak við flutning þessarar till. stend ég einn, eins og fram kemur á þskj., og er að sjálfsögðu hver og einn hv. alþm. óbundinn í afstöðu sinni til hennar.

Á áratugunum, sem liðið hafa frá lokum heimsstyrjaldarinnar seinni, þegar einangrun Íslands var endanlega rofið og ekki varð lengur umflúið að við drægjumst inn í hringiðu alþjóðasamskipta, hafa margir íslendingar látið í ljós ugg um að íslensk þjóðmenning og tunga fengi ekki til langframa staðist ásókn erlendra menningarstrauma og væri því dæmd til að líða undir lok. Þótt vissulega sé ávallt allrar aðgátar þörf í þessu efni, hef ég aldrei óttast um afdrif íslenskrar menningar eða tungu af þessum sökum, eins og mér finnst raunar að reynslan á þessum umræddu áratugum frá stríðslokum hafi staðfest. Hitt hefur aftur á móti alltaf verið mér mikið áhyggjuefni með tilliti til einhæfninnar í atvinnuvegum íslendinga, sem í svo ríkum mæli eru bundnir við svipulan sjávarafla, hvort hinar efnahagslegu forsendur fyrir sjálfstæðri tilveru íslensku þjóðarinnar kynnu ekki að bresta. Ef svo hörmulega kynni að fara er augljóst að sjálfstæði þjóðarinnar og þá einnig tunga hennar og menning mundu líða undir lok. Hvort sem slíkt kynni að gerast á lengri eða skemmri tíma

væru hin endanlegu úrslit því miður fyrir fram ráðin. Ég tel, að stjórnarfarslegt og þjóðernislegt sjálfstæði íslendinga byggist flestu öðru fremur á því að efnahagslegt sjálfstæði þeirra verði tryggt.

Með þeim auknu samskiptum íslendinga við umheiminn, sem ég drap á hér áður, var kippt stoðunum undan því að þjóðin gæti í sama mæli og fyrrum verið sjálfri sér nóg og bjargast af eigin afla með takmörkuðum viðskiptum við aðrar þjóðir. Þvert á móti eru íslendingar nú *hlutfallslega háðari utanríkisviðskiptum en flestar* aðrar þjóðir og tilvera þeirra háðari því en nokkru öðru að í viðskiptum sínum og samningum við erlendar þjóðir geti þeim tekist sem best að tryggja efnahagslega afkomu sína. Þessi efnahagslega afkoma er einkum háð því tvennu, annars vegar að auðlindir landsins standi undir *framleiðsluþörfum landsmanna og hins vegar* að við eigum frjálsan aðgang að mörkuðum þar sem við getum selt framleiðslu okkar við sannvirði, þ. e. fengið hinn raunverulega framleiðslukostnað greiddan.

Sú tæknibylting, sem orðið hefur á síðustu áratugum og leitt hefur til þess að fram koma sífellt stórvirkari tæki og fullkomnari aðferðir til þess að nýta auðlindaforða jarðarinnar, hefur leitt til hættu á ofnýtingu og rányrkju og sem afleiðingu hennar auðlindaþurrð sem mannkynið á mörgum sviðum gæti fyrr en varir staðið frammi fyrir, innan fyrirsjáanlegra tímamarka. Þetta hefur vísindamönnum og sem betur fer einnig mörgum stjórnmálamönnum orðið stöðugt ljósara á síðari árum. E. t. v. hafa afleiðingar þessarar tæknibyltingar í formi stöðugt fullkomnari skipa, fiskleitartækja og veiðibúnaðar hvergi komið fram með iskyggilegri hætti og örari auðlindaþurrð en orðið hefur á fiskimiðunum kringum Ísland á síðustu árum. Með útfærslu íslensku landhelginnar stig af stigi, úr 3 í 4 mílur, úr 4 í 12 mílur, úr 12 í 50 og nú síðast úr 50 í 200 mílur, hafa íslendingar reynt eftir mætti að sporna við fótum, eins og hæstv. dómsmrh. Ólafur Jóhannesson lýsti mjög ljóslega í þingræðu hér á hv. Alþ. fyrir nokkrum dögum. Vissulega höfum við unnið sigra og það mjög mikilvæga sigra í þessari baráttu okkar. En eigi að síður hafa það fremur verið varnarsigrar í varnarbaráttu en fullnaðarsigrar fram til þessa. Sá fullnaðarsigur, sem hingað til hefur þó unnist, er alger friðun fiskimiðanna innan 12 mílna fyrir veiðum útlendinga og einnig mjög veruleg friðun milli 12 og 50 mílnanna fyrir veiðum erlendra fiskiskipa, m. a. á þeim uppeldissvæðum fiskstofnanna sem viðkvæmust eru og allra brýnast að vernda.

Um þær útfærslur landhelginnar, sem ég hér hef rakið, hefur verið fjallað og barist af mismunandi ríkisstj. skipuðum mismunandi stjórnmálaflokkum á hverjum tíma. Við hverja útfærslu landhelginnar hefur hver sú ríkisstj., sem hlut átti að máli, haft einhuga stuðning allrar íslensku þjóðarinnar á bak við sig. Allir þeir stjórnmálaflokkar, sem nú eiga sæti á Alþ., munu hafa átt sem þátttakendur í ríkisstj. hlut að baráttunni um landhelgina á einhverju stigi hennar. Einhugur þeirra varðandi sjálfa útfærslu landhelginnar, einhugur þjóðarinnar á bak við þá í því máli hefur þó ekki nægt til að ná stærra marki hverju sinni en að vinna varnarsigra sem fært hafa okkur stig af stigi nær endanlegu markmiði í áföngum.

Ástæða er til að spyrja hvers vegna þetta hafi farið svo á hverjum tíma þrátt fyrir algera einingu ríkisstj., þings og þjóðar í þessu lífshagsmunamáli íslensku þjóðarinnar, þ. e. a. s. algera einingu um útfærslu landhelginnar sjálfrar. Í þessu sambandi skulum við slá algerlega striki yfir það sjónarspil sem sett hefur verið á svið oft hér á hv. Alþ. af stjórnarandstöðu, nú síðast fyrir nokkrum dögum, þegar við höfum neyðst til þess að gefa eitthvað eftir og slá um stundarsakir af meginkröfum okkar um algera friðun þeirrar landhelgi sem við höfum verið að stækka hverju sinni, slá um stundarsakir af meginkröfu okkar og fallast á tímabundnar og takmarkaðar veiðiheimildir erlendra fiskiskipa innan hennar. Ég held að íslenska þjóðin sé orðin of vel menntuð og upplýst til þess að leggja á það trúnað að nokkur alþm. gangi glaður til þess leiks að neyðast til að semja við útlendinga um undanþágur þeim til handa til veiða í þeirri landhelgi sem við höfum verið að færa út, en til slíkra samninga hafa þó alþm. úr öllum flokkum orðið að ganga á hinum mismunandi tímum og mismunandi stigum útfærslu íslensku landhelginnar.

Sú leiksýning, sem stjórnarandstaðan hefur sett á svið í mjög viðkvæmu máli sem hlýtur sérstaklega að höfða til tilfinninga hvers íslendings, hefur beinst að því að telja þjóðinni trú um að þeir, sem orðið hafa að axla þá ábyrgð að fara með stjórn landsins, væru handbendi útlendinga, ef ekki hreinir landráðamenn. Þetta er ósæmilegt og verður óskemmtilegasti þátturinn í landhelgissögu íslendinga þegar baráttan verður orðin að hluta Íslandssögunnar sem einn mikilvægasti þátturinn í varðveislu og viðhaldi efnahagslegs sjálfstæðis og fullveldis þjóðarinnar. Staðreyndir málsins eru hins vegar einfaldlega þessar: Það er ekki hægt að ná lengra í samningagerð eða gera betri samning en samningsaðstaðan og styrkurinn til samninga gefur hverju sinni tilefni til. Og það er ekki heldur hægt að heyja styrjöld til fullnaðarsigurs nema aflið, sem á bak við átökin býr, sé svo sterkt að það nægi til að brjóta óvininn á bak aftur. Íslenskir alþm., sem borið hafa ábyrgð á stjórn landsins á öllum stigum landhelgisbaráttunnar, hvar í flokki sem þeir annars standa, hafa gert sér fullkomlega grein fyrir þessu, enda hafa þeir stöðu sinnar vegna og yfirsýnar og aðgangs að upplýsingum þær fullkomnustu forsendur, sem fyrir liggja, til að meta jöfnum höndum styrkleika og veikleika þeirrar stöðu sem við erum í þegar til koma þeir alvarlegu hagsmunaárekstrar við nágrannaþjóðirnar sem útfærsla íslensku landhelginnar hefur ávallt leitt til. Þeir hafa öllum öðrum betri forsendur til þess að meta þessa stöðu.

Árið 1970 nam þorskafli íslendinga um 308 þús. tonnum. Þetta aflamagn var árið 1974 komið niður í 211 þús. tonn þrátt fyrir þá endurnýjun og aukningu skipastólsins sem átt hafði sér stað á þessum árum. Ofveiðin á Íslandsmið-

um var þannig farin að segja verulega til sín og þar af leiðandi hafði kostnaðurinn við öflun hvers þorsktonns aukist í hlutfalli við minnkandi afla. Viðvaranir fiskifræðinga og staðreyndirnar um sífellt minnkandi aflamagn á sóknareiningu höfðu því þegar á þessu árabili búið Íslendinga og aðrar þjóðir, sem á Íslandsmiðum veiða, undir það að gera sér grein fyrir að hverju stefndi. Eigi að síður var sú skýrsla Hafrannsóknastofnunar Íslands, sem út kom í nóv. s. l., þar sem þessar staðreyndir um minnkandi aflamagn og framtíðarspá um nýtingu fiskstofnanna á næstu árum voru settar fram sem tölulegar staðreyndir, mörgum Íslendingi áfall. Menn höfðu í lengstu lög skirrst við að trúa því hversu ástandi fiskimiða okkar væri komið. Hámarksaflamagn úr þorskstofninum, sem fiskifræðingar, íslenskir og breskir, hafa orðið nokkurn veginn sammála um að veiða megi á næstu árum, liggur á milli 230 og 260 þús. tonna. M. ö. o.: þetta aflamagn nægir ekki meira en svo til að fullnægja þörfum Íslendinga sjálfra fyrir þorskafla, miðað við það sem þeir hingað til hafa fengið í sinn hlut. Þrátt fyrir þetta álit, sem þeirra eigin fiskifræðingar hafa fallist á, skirrist breska ríkisstj. ekki við að bera fram kröfur um að bretar hirði sjálfir 110 þús. tonn af heildaraflanum við Ísland, og í þessum 110 þús. tonnum er að langmestu leyti þorskafli, því að bretar fiska hér þorsk líklega yfir 80% af sínu aflamagni og Mr. Hattersley þykist meira að segja eðallyndur að hafa lækkað sig úr 130 þús. tonnum niður í 110 þús. tonn eða m. ö. o. að taka þó ekki alveg helminginn af heildaraflanum, eins og hann gæti orðið að hámarki. Þessari kröfu um að taka lífsbjörg Íslendinga frá þeim alveg umbúðalaust hefur breska ríkisstj. þegar fylgt eftir með því að senda herskip sín inn í íslenska landhelgi og láta togara sína fiska undir herskipavernd. Næsti leikur breta verður að öllum líkindum að beita neitunarvaldi innan EBE til að viðhalda þvingunaraðgerðum gegn Íslendingum og hindra niðurfellingu 15% tollsins á íslenskum sjávarafurðum, svo lengi sem þeim verður á því stætt. Við erum enn þá komnir í landhelgisstríð við breta á Íslandsmiðum til þess að verja eftir megni lífshagsmuni íslensku þjóðarinnar.

Það þarf engan að undra þótt atburður eins og þessi, og þá ekki síst í ljósi staðreyndanna sem að baki honum liggja, veki sterk tilfinningaleg viðbrögð hjá íslensku þjóðinni. Hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. hafa báðir lýst því opinberlega yfir, að til greina komi að slíta stjórnmálasambandi við breta til að bera fram þau sterkustu diplómatísku mótmæli sem unnt er að setja fram á alþjóðavettvangi. Mörg samtök í landinu hafa krafist að Íslendingar gerðu engan samning um veiðiheimildir við útlendinga innan íslenskrar fiskveiðilögsögu og ryfu að mestu tengsl sín við vestrænar þjóðir með því að segja t. d. upp hervarnarsamningnum við Bandaríki Norður-Ameríku, ganga úr Atlantshafsbandalaginu og segja upp samningi okkar við Efnahagsbandalag Evrópu.

Að því er snertir hugsanleg slit stjórnmálasambands við breta er þar um að ræða ákvörðun sem eðli málsins samkv. hlýtur að vera í höndum ríkisstj., og ég ber fullt traust til hæstv. ríkisstj. til að meta hvort eða hvenær til slíks kynni að koma.

Að því er snertir, miðað við stöðu okkar eins og hún er nú, mjög skiljanlegar kröfur margra samtaka í landinu um að engar veiðiheimildir séu veittar útlendingum innan 200 mílna markanna og jafnvel að rofin séu á sem flestum sviðum tengsl við vestrænar þjóðir, þá vil ég leyfa mér að endurtaka það, sem ég sagði hér áðan: Það er ekki hægt að heyja styrjöld til fullnaðarsigurs nema aflið, sem á bak við átökin býr, sé svo mikið að til hrökkvi til að brjóta andstæðinginn á bak aftur. Í þessu efni er höfuðnauðsyn að láta ekki stjórnast af tilfinningahita augnabliksins sem leitt gæti þjóðina í enn þá erfiðari stöðu, heldur að meta stöðuna eins og hún liggur nú fyrir út frá rökum og staðreyndum. Í fyrsta lagi: Eigum við að segja okkur úr NATO og segja upp hervarnarsamningnum við Bandaríki Norður-Ameríku? Mundi það styrkja stöðu okkar í landhelgismálinu?

Það er vitað, m. a. af yfirlýsingu framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins, að innan þess eru þau átök, sem komið hafa upp milli Íslands og Bretlands, talin alvarleg ógnun við samstöðu bandalagsþjóðanna. Reynslan af fyrri landhelgisdeilum okkar hefur einnig orðið sú, að Atlantshafsbandalagið hefur stundum, ef ekki oftast, haft einhverja meðalgöngu um að jafna deilur á þeim vettvangi og jafna þær á þeim grundvelli að meira tillit hefur verið tekið til hagsmuna og sjónarmiða Íslendinga en líklegt er að án afskipta bandalagsins hefði orðið. Úrsögn Íslendinga úr NATO nú, tekin í fljótræði áður en samningaviðræður hafa farið fram á breiðum grundvelli um samskipti Íslendinga við vestræn ríki, væri að mínu áliti vanhugsuð ráðstöfun sem veikti núverandi stöðu okkar í stað þess að styrkja hana.

Bandaríki Norður-Ameríku eru okkar langmesta og mikilvægasta viðskiptaland. Gegnum hagstæðan viðskiptajöfnuð okkar við Bandaríkin fáum við langmest af þeim frjálsa gjaldeyri sem við höfum til ráðstöfunar til vörukaupa í þeim löndum sem við kaupum meira af en við seljum. Bandaríkjamenn hafa ævinlega sýnt Íslendingum velvild og greitt götu þeirra hvað viðskipti snertir á ýmsan hátt. Við eigum ekki sókótt við bandaríkjamenn í sambandi við þær landhelgisdeilur sem við höfum átt í. Og Bandaríkin eru það stórveldi sem, ef þau beittu áhrifum sínum til að auka skilning Evrópuþjóðanna á aðstöðu okkar og hagsmunum, væri langlíklegast til að hafa mikilvæg áhrif okkur í hag. Ég hlýt að draga í efa að nokkur íslenskur stjórnmálamaður, hvar í flokki sem hann stendur, mundi í alvöru og raun telja það okkur til framdráttar að rjúfa á þessu stigi tengslin við Bandaríkin í þeirri stöðu sem við erum nú í, hverju sem hann annars kynni að telja sér hentugt að halda fram í einhverju sjónarspili hér á hv. Alþingi.

En hvað þá um Efnahagsbandalag Evrópu? Eigum við að rjúfa þau tengsl? Vissulega eigum við um sárt að binda gagnvart Efnahagsbandalagi Evrópu, þar sem einstökum ríkjum innan

þess hefur haldist uppi með beitingu neitunarvalds að hindra að til framkvæmda komi full tollfríðindi á íslenskar sjávarafurðir. Reynslan hefur þó sýnt að íslenskur sjávarútvegur hefur talið sér nauðsynlegt að eiga aðgang að markaði Evrópulandanna, jafnvel þrátt fyrir 15% refsitollinn sem á sjávarafurðir hefur verið lagður. Ég held að þessi staðreynd segi það mikla sögu um þýðingu þessa markaðar fyrir okkur að um það mál þurfi varla að fara miklu fleiri orðum. En á annað má einnig líta. Ef við hættum að selja til EBE-landanna hættum við að geta átt við þau viðskipti, þ. e. að fá keyptar þaðan vörur sem okkur eru nauðsynlegar, fyrst og fremst vegna þess að lítið ættum við þá til að greiða þær með, auk þess sem viðskiptabann gæti hugsanlega komið til. Og í því sambandi er rétt að hugleiða t. d. hve mikill hluti véla í íslenskum fiskiskipum er af evrópskum uppruna og hvernig færi ef við hættum að fá varahluti í þær. Fyrir stuttu sendi íslenskt útgerðarfélag flugvél sérstaklega til eins Evrópulands til þess að sækja varahluti í vél eins nýja skuttogarans okkar svo hann þyrfti ekki að tefjast nema einn sólarhring frá veiðum. Og maður getur sagt — svona inn á milli sviga: Hvaðan skyldu annars vélarnar í okkar ágætu varðskipum vera?

Auk þeirra almennu raka sem stuðningsmenn samningsins við vestur-þjóðverja héldu fram hér í umr. á hv. Alþ., þá voru það m. a. þessi rök sem réðu því að ég mat stöðuna þannig, að með tilliti til átakanna við breta, sem þá voru að hefjast, væri ekki í svipinn með öðrum hætti fremur hægt að styrkja stöðu okkar á móti bretum en með því að gera þennan samning, sem mörgum var þó ekki of ljúft. Framkoma bresku ríkisstj. í garð íslendinga er í framkvæmd úrelt og ódulbúin nýlendu- og yfirgangsstefna sem jafnvel stór hluti bresku þjóðarinnar sjálfrar fordæmir. Það er breska ríkisstj. sem ber ábyrgð á þessari stefnu. Af hálfu bresku ríkisstj. hefur verið gerð vopnuð ránsför inn í íslenska landhelgi og þar með mjög alvarleg aðför að afkomumöguleikum íslensku þjóðarinnar.

Eins og komið hefur fram hér á hv. Alþ. er talið að við megum búast við langvinnu stríði. Það stríð verður ekki háð án fórna af hálfu íslendinga hvað lífskjör þjóðarinnar snertir, og við þurfum að tryggja okkur á öllum öðrum vígstöðvum eins og vel og við getum til þess að geta staðið af okkur þetta stríð og þessa baráttu. Í því efni vonum við að allir íslendingar standi saman. Við treystum því að hin ötula landhelgisgæsla íslendinga vinni landhelgisbrjótunum bresku allt það ógagn sem unnt er þrátt fyrir erfiðar og hættulegar aðstæður og takist að þreyta hina bresku sjómenn og útgerðarmenn og gera veiðar þeirra stopular og óarðbærar. En jafnframt þessu verðum við, meðan stríðið stendur, að halda uppi öflugri áróðursherferð fyrir málstað okkar á hverjum þeim vettvangi sem býðst og forðast að stofna til nokkurra þeirra atvika hér innanlands í æsingum eða tilfinningahita sem hægt væri að úthrópa erlendis til þess að skaða málstað okkar. Slík atvik væru bresku stjórninni kærkomin og mundu ekki verða látin ónotuð.

Við skulum einnig minnast þess að við eigum einmitt nú mikla samúð í almenningsálitinu erlendis, þar sem menn á annað borð þekkja staðreyndir landhelgismálsins, jafnvel í Bretlandi sjálfu, jafnvel í breskum fjölmiðlum, jafnvel í breska þinginu, jafnvel hjá þingmanni breska fiskibæjarins Hull, Mr. Prescott, sem af einstökum drengskap hefur tekið upp málstað okkar og heitið að túlka hann fyrir kjósendum sínum. Tæplega verður sagt að slíkt sé gert til atkvæðaveiða, en rétt er að það komi fram að eftir slíkum heiðarleika, drengskap og manndómi er tekið. Þess vegna skulum við íslendingar í réttlátri reiði okkar gegn bresku ríkisstj. jafnan minnast þess að breska ríkisstj. er ekki breska þjóðin öll.

Herra forseti. Í grg. með þeirri till. til þál., sem ég hef hér flutt, lagði ég áherslu á að í þeim viðræðum milli ríkisstj. Íslands og stjórnar EBE og Atlantshafsbandalagsins, sem till. gerir ráð fyrir að fram fari, er eitt þeirra meginmarkmiða, sem áhersla er lögð á, orðað þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Lönd innan EBE viðurkenni 200 mílna fiskveiðilögsögu við Ísland og leiti ekki eftir veiðiheimildum innan hennar svo lengi sem fiskstofnarnir eru það veikir að íslendingar geta og verða að fullnýta þá til þess að tryggja lífsafkomu íslensku þjóðarinnar sjálfrar.“

Ég tel að sú leið, sem er skynsamlegust og líklegust til árangurs til þess að ná þessu markmiði, sé að íslenska ríkisstj. leiti sem allra fyrst eftir slíkum viðræðum og reyni á það hver árangur þeirra verður.

Herra forseti. Ég vil þá leyfa mér að víkja nokkrum orðum að öðru lífshagsmunamáli okkar lenskan sjávarútveg, að EBE-löndin auka í sí- um að ræða mál sem ég tel að á næstu árum geti leitt til mjög alvarlegra erfiðleika fyrir íslensku þjóðina og er raunar tekið að brydda á því nú þegar. Með hverju árinu sem líður skapar það aukna hættu og öryggisleysi fyrir íslenskan sjávarútveg, að EBE-löndin auka í sívaxandi mæli styrki og efnahagsaðstoð við sjávarútveg í löndum sínum. Leiðir það til þess að þau geta selt fiskafurðir á markaðsverði sem er lægra en raunverulegt framleiðsluverð. Fyrir háþróaðar iðnaðarþjóðir, þar sem framleiðsla sjávarafurða er aðeins örlítið brot af þjóðarframleiðslunni, skiptir þessi niðurgreiðsla litlu eða engu máli. Það er auðvelt að veita fjármagni frá sterkum og stórum atvinnugreinum til fiskiðnaðarins sem er aðeins örlítið brot á þeirra mælikvarða. En þetta markaðsverð, sem þannig skapast og verður til, ákveður verðið sem við Íslendingar verðum að keppa um á þessum mörkuðum og selja okkar sjávarafurðir fyrir.

Fyrir íslendinga, sem búa við þá aðstöðu að 75—80% útflutningsvara þeirra eru sjávarafurðir og hafa engar atvinnugreinar sem eru þess megnugar að halda sjávarútveginum uppi með styrkjum, skiptir það öllu máli að eiga aðgang að mörkuðum þar sem við getum selt sjávarafurðir okkar á verði sem stendur undir raunverulegum framleiðslukostnaði. Íslendingar hafa líka skilyrði til þess að geta framleitt sjávarafurðir með lægri tilkostnaði en flestar, ef ekki allar aðrar þjóðir, og eru því samkeppnisfærir á hvaða

markaði sem er, þar sem þeir sæta heiðarlegum viðskiptakjörum og ekki undirboði. Verðfall á íslenskum sjávarafurðum, sem orðið hefur á síðustu árum, má vafalaust ekki aðeins rekja til tímabundinnar efnahagskreppu, heldur eigi síður til þessara orsaka að einhverju leyti.

Þegar íslendingar þannig eru þvingaðir til þess að selja sjávarafurðir sínar undir framleiðsluverði, þá eru lífskjör á Íslandi jafnframt skert þannig að þau hljóta að verða lakari en gerist í öðrum vestrænum löndum. Á þennan hátt eru íslendingar einnig með mjög óskammfeilnum hætti í raun og veru látnir greiða niður styrkina sem EBE-löndin veita sínum sjávarútvegi, m. a. til þess að fiska hér upp við Íslandsstrendur.

Að fengnum sigri í landhelgisbaráttu okkar sem við vonum, ekki síst með tilliti til hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, að verði nú endanlegur sigur, þá verður þetta mál, sem ég drap á, eitt brýnasta hagsmunamálið sem íslenska þjóðin þarf að vinna að og jafnframt eitt það sem búast má við að verði hvað erfiðast fyrir íslendinga að fá viðunandi lausn á, og liggja til þess margvíslegar ástæður. Einmitt vegna þess að hér er um erfitt mál að ræða sem gæti í framtíðinni næstum því varðað íslendinga eins miklu og sjálft landhelgismálið, — því að til hvers er fyrir íslendinga að veiða fisk í sinni landhelgi ef þeir geta ekki komið honum til kaupandans og selt hann á því verði sem það kostar að afla hans? — einmitt vegna þess hve hér er í uppsiglingu alvarlegt vandamál fyrir íslendinga og erfitt úrlausnar, eins og ég sagði áðan, þá tel ég mjög brýnt að nú þegar taki íslenska ríkisstj. upp viðræður við þau vestræn ríki, sem við eigum mest samskipti við og seljum mest af okkar fiskafurðum til, einmitt um þetta atriði.

Ég vil þá að lokum, herra forseti, víkja að þriðja meginatriði þessarar þáltill., en í grg. er það efnisatriði skilgreint þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Tryggt verði svo sem unnt er öryggi íslensku þjóðarinnar í hugsanlegum hernaðarátökum og í því sambandi sérstaklega haft í huga að helmingur íslensku þjóðarinnar býr á samfelldu þéttbýlissvæði.“

Í afstöðu Íslands til umheimsins má greina fjóra höfuðþætti. Í fyrsta lagi einangrunartímann fram til 1874, þegar íslendingar áttu lítil samskipti við aðrar þjóðir en dani. Síðan vaxandi samskipti við aðrar þjóðir á árabilinu 1874—1918, þar sem heimsstyrjöldin fyrri leiddi til þess að íslendingar urðu í vaxandi mæli að sjá sjálfir málum sínum borgið. Þar næst kemur síðan hlutleysisstefnan frá 1918 og fram til heimsstyrjaldarinnar síðari, þegar í ljós kom að stórveldin mundu ekki á styrjaldartímum virða hlutleysi Íslands. Og loks að heimsstyrjöldinni síðari lokinni kom að endurskoðun á utanríkisstefnu Íslands, þar sem í ljósi reynslunnar frá styrjaldarárunum var horfið frá hlutleysisstefnu og Ísland varð aðili að varnarbandalagi vestrænna þjóða, Atlantshafsbandalaginu, og gerði síðan sérstakan varnarsáttmála við Bandaríki Norður-Ameríku.

Engum getur blandast hugur um að í mörgum efnum eru viðhorf á sviðum alþjóðamála breytt frá því sem var 1950. Má þar nefna að bylting hefur orðið í hernaðartækni á þessu tímabili. Þá hefur aukin tækni í nýtingu auðlinda leitt til hættu á ofnotkun og auðlindaþurrð, en voldug viðskipta- og efnahagsbandalög hafa risið upp til þess að tryggja sameiginlega hagsmuni stórra þjóða, sem geta þó jafnframt auðveldlega malað smælingjann undir hrammi sínum. Allar þessar breytingar hljóta í eðli sínu að hafa víðtæk áhrif á stöðu Íslands í umheiminum og samskipti þess við aðrar þjáðir, m. a. með þeim hætti að líta á samskipti sín við erlendar þjóðir í stærra samhengi en áður var.

Hvað snertir stöðu Íslands í hernaðarlegri og stjórnmálalegri valdabaráttu stórveldanna hafa tveir valkostir verið til umræðu meðal íslendinga: annar kosturinn algert hlutleysi landsins, en hinn kosturinn sá sem að hefur verið horfið, þ. e. aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og varnarsáttmáli þess við Bandaríki Norður-Ameríku.

Þegar Ísland fékk viðurkennt fullveldi 1918 var það hugsjón íslendinga að standa utan við öll hernaðarátök og lýst var yfir ævarandi hlutleysi landsins. Þrátt fyrir þá reynslu af heimsstyrjöldinni síðari, að hlutleysi var ekki virt þegar til styrjaldaráteka kom, átti hlutleysisstefnan sterk ítök í íslensku þjóðinni á fyrstu árunum eftir heimsstyrjöldina, og kom sú stefna m. a. fram í þeim yfirlýsingum íslendinga í samningum við vestrænar þjóðir að hér skyldi ekki vera her á friðartímum. Sé hugtakið friðartímar í þessu sambandi skilgreint þannig að ekki sé ófriður eða ófriðarlíkur á vesturhveli jarðar, þ. e. ekki milli Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins eða Sovétríkjanna og Bandaríkjanna, þá mun sjálfsagt sumum finnast að á slíkum tímum gæti hlutleysi Íslands komið til álita. Í því sambandi verður þó að því að hyggja hversu Ísland er veik eining og þarf þess vegna margt af nauðsynjum sínum til annarra að sækja. Af þessum sökum er utanríkisverslun íslendinga, miðað við fólksfjölda, líklega meiri en í nokkru öðru landi. Auðvelt er þess vegna hverju ríki, sem Ísland þarf að skipta við, að beita það viðskiptalegum þvingunum sem íslendingar eru, eins og dæmi sanna, í erfiðri stöðu til að standast. Þá verður einnig að leita eftir erlendu fjármagni til allra meiri háttar framkvæmda sem íslendingar hyggjast ráðast í til að treysta og færa út undirstöður atvinnuvega sinna, t. d. með aukinni orkuvinnslu og iðnaði. Með tilliti til þess, að gera mætti ráð fyrir að á Íslandi yrðu við frjálsar kosningar eins og í öðrum lýðræðisríkjum sveiflur ýmist til hægri eða vinstri og til valda kæmi á víxl hægri eða vinstri ríkisstj., er nokkurt efamál og íhugunarefni hvernig Íslandi reiddi af í slíkri stöðu og hvernig þau lönd, sem hafa kynnu áhuga á Íslandi út frá öðrum sjónarmiðum en innanlandsmálum íslendinga, kynnu að bregðast við þessari stöðu og reyna að hagnýta sér hana. Mörgum stórum þjóðum, jafnvel milljónaþjóðum, hefur línudans hlutleysisins ekki reynst neinn dans á rósum. Annað skiptir þó öllu máli og sker úr í þessu efni að mínu áliti. Kæmi til hernaðarátaka milli austurs og vesturs og Ísland væri hlutlaust og óvarið, held ég að engum sem lítur raunhæft á málið, geti blandast hugur um það að

hlutleysi Íslands yrði ekki virt. Þvert á móti eru miklar, ef ekki allar líkur og full vissa á því að mikilvægi yfiráða á Íslandi mundi stax í upphafi styrjaldar leiða til hernáms og hernaðarátaka á Íslandi sem hæglega gætu leitt til endaloka íslensku þjóðarinnar eða a. m. k. til endaloka sjálfstæðis hennar og fullveldis.

Af þessum sökum tel ég að hafna verði hlutleysisstefnunni og að Ísland eigi áfram að vera þátttakandi í varnarsamstarfi vestrænna þjóða, enda hlýtur sameiginleg, menningarleg og lýðræðisleg arfleifð Vesturlanda, sem íslensk menning er nátengd, að leiða til þess að íslendingar hljóta að skipa sér þar á bekk.

Reynsla íslendinga af góðum samskiptum við vestrænar þjóðir, menningarleg tengsl og sameiginleg arfleifð lýðræðisskipulagsins varð á sínum tíma til þess að Ísland gerðist upphaflega þátttakandi í varnarsamstarfi vestrænna þjóða. Hagsmunir Íslands í þessu samstarfi voru tvíþættir: annars vegar að styrkja varnarstöðu Atlantshafsbandalagsins og efla valdajafnvægið milli austurs og vesturs og draga þar með úr ófriðarhættu, sem er Íslandi að sjálfsögðu mjög mikilvægt, og hins vegar að tryggja sem best öryggi landsins sjálfs, þannig að varnarleysi Íslands byði ekki aukinni hættu heim.

Hvað fyrra atriðið snertir er vafalaust að tilganginum hefur verið náð. Síðan til Atlantshafsbandalagsins var stofnað hefur valdajafnvægi skapast milli þess og Varsjárbandalagsins og ekki komið til hernðarátaka þeirra í milli. Með síðara atriðinu, tryggingu fyrir öryggi Íslands, hefur einnig því takmarki verið náð að varnarleysi landsins býður ekki hættunni heim. Af þessari ástæðu hljóta íslendingar að óbreyttu ástandi heimsmála sjálfra sín vegna að velja að vera áfram í varnarbandalagi með Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku.

Ég vil taka það skýrt fram, vegna þess að í þessari þáltill. er fjallað í samhengi um lífsmöguleika íslensku þjóðarinnar á sviði efnahags-, viðskipta- og varnarmála, að aldrei kæmi til greina að mínu áliti að íslendingar færu út á þá braut að krefjast gjalds fyrir herstöðina á Keflavíkurflugvelli sem þar er jafnt sjálfra þeirra sem bandalagsþjóða þeirra vegna. En þótt dæmi séu hliðstæðrar gjaldtöku hjá ýmsum þjóðum tel ég frálcitt að íslendingar afli sér tekna með þeim hætti, enda yrði fé, sem þannig væri fengið, einungis til þess að lama atvinnuvegi þjóðarinnar og sjálfsbjargarviðleitni þegar til lengdar léti. Það, sem íslendingum hins vegar ríður á öllu öðru fremur í skiptum sínum við vestrænar þjóðir, er að geta notið eðlilegra viðskiptakjara fyrir útflutningsvörur sínar í Efnahagsbandalagslöndunum og Bandaríkjunum og fá að sitja að íslenskum fiskimiðum, þeirri auðlind sem líf þjóðarinnar veltur á og er nú svo þorrin vegna ásóknar erlendra þjóða að það, sem eftir er, nægir tæplega íslendingum sjálfum. Um þetta eigum við ekki að biðja. Þessa eigum við að krefjast. Hér er ekki heldur beðið um neina ölmusu. Ég tel að það sé siðferðileg skylda þeirra vestrænu þjóða, sem við höfum skipað okkur á bekk með, að styðja okkur í þessari kröfu og sjá um að við henni verði orðið.

Í þeim tveim heimsstyrjöldum, sem yfir hafa gengið á þessari öld, hefur gæfa Íslands verið slík að hernaðarárásir, sem nefna mætti því nafni, hafa ekki átt sér stað innan landsins sjálfs. Íslendingar hafa vonað og trúað að sú yrði reyndin framvegis ef svo hörmulega tækist til að heimsstyrjöld brytist enn einu sinni út, og jafnvel hafa menn alið með sér vonir um að ný hernaðartækni minnkaði hættu á hernaðarátökum á Íslandi, jafnframt því sem hernaðarlegt mikilvægi landsins mundi að sama skapi minnka. Þessu er því miður hvað hernaðarlegt mikilvægi Íslands snertir ekki þannig varið að allra dómi. Um miðjan okt. s. l. var yfirflotaforingi Atlandshafsbandalagsins, Isaac Kidd í heimsókn hér á Íslandi. Yfirforinginn kvað mikilvægi Íslands í varnarkeðju Atlantshafsbandalagsins fara vaxandi og lýsti því svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Mikilvægi flutningaleiða milli Bandaríkjanna og Evrópu eykst stöðugt með auknum umsvifum flota Sovétríkjanna á höfunum. Okkar hlutverk er m. a. að halda siglingaleiðum opnum, meðan Sovétríkin virðast stefna að því að geta lokað þeim ef til á að taka.“ Og enn fremur sagði flotaforinginn: „Hernaðarlegt mikilvægi Íslands er fólgið í landfræðilegri legu þess, og þetta mikilvægi hefur ekki minnkað með tilkomu nýrra og fullkomnari vopna. Þvert á móti hefur það aukist.“

Sé sú skoðun yfirflotaforingjans rétt, sem ég tel mig a. m. k. ekki umkominn að draga í efa, að hernaðarlegt mikilvægi Íslands hafi aukist með tilkomu nýrra og fullkominna vopna og að landfræðileg lega Íslands veitti þeim, sem þar hefur herstöð, lykilaðstöðu til þess að halda opnum eða geta lokað flutningaleiðum milli Bandaríkjanna og Evrópu, þá virðist mega draga af því þá ályktun, að íslendingum sé bæði nauðsynlegt og skylt að afla sér fræðilegs álits hlutlausra herfræðinga á því, hverjar líkur séu til beinnar árásar á Ísland í ófriði, hvar á landinu hættan væri mest og hvaða ráðstafanir til almannavarna bæri að hafa tiltækar. Það sýnir best hve íslendingar eru frábitnir hernaði og hve hörmungar styrjaldarátaka, sem þeir hafa verið svo gæfusamir að hafa ekki sjálfir kynnst af reynd, eru þeim fjarri, að þann aldarfjórðung, sem íslendingar hafa þó sjálfir vitað um hernaðarlegt mikilvægi landsins, hafa íslensk stjórnvöld aldrei gert ráðstafanir til þess að þjóðin eignaðist sjálf herfræðilega menntaða menn. Menn með slika menntun úr hópi íslendinga sjálfra hefðu þó vissulega verið og væru íslenskum stjórnvöldum mjög nauðsynlegir til að geta gefið þeim fræðilegar upplýsingar út frá íslenskum sjónarmiðum og staðreyndum um herfræðileg efni. Við fáum því miður engu breytt varðandi þær hættur, sem hernaðarlegt mikilvægi landfræðilegrar legu landsins leggur íslendingum á herðar, hvort sem okkur líkar það betur eða verr. Við fáum heldur engu breytt um átök stórveldanna við uppskiptingu heimsins í áhrifasvæði.

Með herverndarsamningnum við Bandaríki Norður-Ameríku höfum við sýnt að við vitum þó hvaða þýðingu hnattstaða Íslands hefur með

tilliti til hugsanlegs ófriðar. Hver einasta saga styrjaldarátaka frá upphafi sögunnar til okkar daga sýnir að varnir lands og varnir þjóðarinnar, sem í því býr, fara ekki alltaf saman. Ég held að flestar þjóðir, sem á annað borð gera ráð fyrir að til ófriðar gæti hugsanlega dregið í löndum þeirra, geri fyrir fram ráðstafanir til almannavarna til þess að tryggja, eftir því sem unnt er, líf þegna sinna. Í þessu efni hafa íslendingar einnig sérstöðu hvað áhættu snertir. Þjóðverjar þoldu í síðustu styrjöld að heilar borgir voru næstum því lagðar í rúst. Samt áttu þeir margar eftir sem sluppu að mestu óskemmdar. Ef alvarlegir atburðir skeðu á mesta þéttbýlissvæði Íslands án nokkurs viðbúnaðar til skjóls eða björgunar íbúunum á því svæði, þá gætu þær ríðið íslensku þjóðinni að fullu, a. m. k. sem sjálfstæðri þjóð. Að þessu leyti skapar fámenni þjóðarinnar henni margfalt meiri hættu, meiri áhættu en stærri þjóðum. Auðvitað vonum við og biðjum, íslendingar, að gifta landsins verði enn um alla framtíð slík að aldrei komi til stríðsátaka á Íslandi. En reynist fræðilegt mat leiða til þeirrar ályktunar, að slíkt væri ekki með öllu óhugsandi, — að það væri bara ekki með öllu óhugsandi, — þá ber okkur að bregðast við því á þann eina hátt sem réttlætanlegur er, og það er að taka upp viðræður við bandaríkjamenn um þetta efni í samhengi við varnarsamninginn.

Herra forseti. Ýmsum hv. þm. kann að virðast að ég hafi hér fjallað um óskyld mál í þessari ræðu. Svo er þó alls ekki ef að er gáð. Inntak þess, sem ég hef hér sagt, er í stuttu máli það, að þess sé freistað af hálfu íslensku ríkisstj. í gegnum samstarf okkar við vestræn ríki að tryggja líf og tilveru íslensku þjóðarinnar á öllum þeim sviðum þar sem hætta steðjar að henni. Það eitt er ekki nóg að íslendingar séu vinnusöm og dugandi þjóð, ef í hörðum og miskunnarlausum heimi, þar sem líf og tilvera smáþjóðar er oft til fárra fiska metin, er gengið á rétt þeirra og frá þeim teknir möguleikar til lífsbjargar. Á þessari örlagastundu í lífi íslensku þjóðarinnar verðum við að ræða lífshagsmunamál okkar í samhengi við þau samtök vestrænna þjóða, sem við erum tengdastir, og láta á það reyna, hvort skilningur er fyrir hendi á því að réttur íslendinga til að lifa áfram í landi sínu sem sjálfstæð og fullvalda þjóð verði virtur.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. legg ég til að till. verði vísað til utanrmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Áætlanagerð í flugmálum, þáltill. (þskj. 90). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá ákvörðun umr. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv.

Flm. (Guðmundur G. Þórarinsson): Herra forseti. Ég hef ásamt þm. Jóni Skaftasyni, Steingrími Hermannssyni og Halldóri Ásgrímssyni lagt hér fram till. til þál. um áætlanagerð í flugmálum. Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgrh. að láta gera fjögurra ára framkvæmda- og fjármögnunaráætlun um flugmál.“

Eins og fram kemur í grg. með till. er hugmyndin með tillöguflutningi þessum fyrst og fremst sú að langtímaáætlun verði gerð um fjármögnun og framkvæmdir í flugmálum, svipað og nú hefur verið gert um nokkurt skeið í vega- og hafnamálum. Að þeim áætlunum hefur verið talinn mikill ávinningur, og jafnvel þó að áætlanir séu ekki einhlítar og framkvæmdir verði að fylgja á eftir er enginn vafi um það, að áætlanir eru öruggasta leiðin til skipulegra og markvissra vinnubragða, jafnframt því sem í góðri áætlun felst stefnumörkun.

Fjölmörg verkefni eru óleyst á sviði flugmála, og hygg ég að óhætt sé að fullyrða að öllum þeim, sem að flugmálum starfa, muni þykja mikill fengur að slíkri áætlun. Áætlun mundi raða verkefnum í forgangsröð og tryggja að það fé, sem til ráðstöfunar í flugmálum er hverju sinni, nýtist sem best.

Í grg. er gert ráð fyrir að áætlun nái m. a. til eftirtalinna atriða: 1) Fjármögnunar. 2) Flokkunar flugvalla. 3) Flugvallagerðar. 4) Flugskýla, flugstöðva og viðhaldsaðstöðu. 5) Öryggisbúnaðar flugvalla og flugumferðarþjónustu.

Að sjálfsögðu eru fjölmörg verkefni sem drepa mætti á í flugmálum, og verður hér aðeins minnst á fá þeirra.

Aðalinnanlandsflugvöllur íslendinga er í Reykjavík og framtíð flugvallarins er í mikilli óvissu. Mikið er rætt um nauðsynlegar öryggisráðstafanir á flugvellinum, þ. á m. breytingar á flugbrautum, og er í því sambandi nú aðallega rætt um skekkta austur-vesturbraut, þ. e. a. s. að skekkja eða breyta stefnu núverandi austur-vesturbrautar, eða gerð nýrrar fjörubrautar. Er hér um að ræða mjög verulegar framkvæmdir ef að verður. Jafnframt er ljóst, þegar rætt er um þennan aðalinnanlandsflugvöll íslendinga, að mikil og góð samvinna þarf að vera á milli Reykjavíkurborgar og flugmálayfirvalda, þannig að ekki verði þrengt meira að Reykjavíkurflugvelli en þegar hefur verið gert, á meðan engin áform eru uppi um annan flugvöll, en eins og flestir vita eru nú á döfinni áætlanir um vegagerð og byggingar í nágrenni flugvallarins. Flestir munu gera ráð fyrir því að Reykjavíkurflugvöllur muni áfram gegna sínu hlutverki, a. m. k. til aldamóta, en sambúðin milli flugvallarins og borgarinnar er erfið og enginn veit hvað við tekur þá.

Flugskýli á Reykjavíkurflugvelli eru gömul. Viðhald þeirra hefur verið mjög takmarkað, járn á þeim er lélegt og burðargrindur ryðgaðar. Viðhaldsaðstaða flugvéla á Reykjavíkurflugvelli er allsendis ónóg, eftir að flugskýli 5 á vellinum brann hefur nýtt skýli ekki verið reist, og aðbúnaður allur til vinnu er mjög slæmur. Í þessu sambandi kemur raunar fram sú spurning hver eiga skuli byggingar á Reykjavíkurflugvelli, hvort það skuli vera ríkið eða flugfélögin, notendur skýlanna, og í framhaldi af því, að leigugjöld þeirra skýla, sem nú eru á vellinum, eru svo lág að tæpast munu duga fyrir fasteignagjöldum, hvað þá eðlilegu viðhaldi. Flugstöðin á Reykjavíkurflugvelli, sem er aðalinnanlandsflugstöð hér á landi, er gömul bygging og

léleg. Þar er raunar skúr við skúr og gárungarnir nefna bygginguna skúraleiðingar. Öll aðstaða þar er ófullnægjandi. Slökkvilið vallarins er í gömlum bragga, og þannig mætti lengi telja.

Fjölmörg verkefni blasa jafnframt við í flugmálum á Keflavíkurflugvelli í framtíðinni. Nú er mikið rætt um aðskilnað farþegaflugs og flugs á vegum varnarliðsins. Í því sambandi þarf að byggja nýja flugstöðvarbyggingu á Keflavíkurflugvelli og er þar um að ræða feiknalega framkvæmd með þeim framkvæmdum sem því nauðsynlega fylgja. Viðhaldsaðstaða er slæm fyrir flugvélar á Keflavíkurflugvelli, en viðhaldsaðstaða fyrir flugvélar hlýtur að koma inn í allar umr. um flugmál því að þar er um stórmál að ræða. Keflavíkurflugvöllur hefur verið skipulagður og ákveðin staðsetning nýrrar flugstöðvar og flugskýla. Núverandi aðstaða til viðgerða flugvéla á Keflavíkurflugvelli er slík að Flugleiðir hafa á leigu hluta af einu skýli, og er þar mjög brýnt að bæta úr. Jafnframt standa nú fyrir dyrum bráðabirgðabreytingar á núverandi flugstöð í Keflavík sem tæpast annar móttöku farþega þegar mest umferð er.

Að sjálfsögðu mætti lengi rekja fjölmargar nauðsynlegar framkvæmdir á flestum flugvöllum landsins. Flestir flugvellir eru malarflugvellir, sem í raun þýðir það, að skemmdir á flugvélum verða mjög miklar og aukið viðhald flugvéla. Á flestum flugvöllum úti um land vantar öryggissvæði bæði meðfram og við enda flugbrauta. Ef flugvél fer út af braut eða fram af stórskemmist hún í flestum tilfellum eða jafnvel gæti orðið slys. Ljósabúnaði er víðast mjög áfátt, aðflugstækjabúnaður er víðast af frumstæðustu gerð, og í því sambandi er vert að benda á skýrslu öryggisnefndar Félags ísl. atvinnuflugmanna, þar sem fjölmörg atriði eru talin sem flugmenn telja nauðsynlegt að úr verði bætt.

Jafnframt er gert ráð fyrir að áætlun um flugmál nái til atriða svo sem flugumferðarþjónustu, skipulagningar björgunar- og leitarþjónustu o. s. frv. Að sjálfsögðu verður áætlunin að ná til fjármögnunar framkvæmda sem væntaanlega verður að mestu með framlögum ríkissjóðs, en álit flm. er að nauðsynlegt sé að tryggja framkvæmdum í flugmálum tekjustofna. Rétt er að benda á það að farþegagjald, sem nú er lagt á og áætlað er á fjárl. að muni nema á milli 230 og 240 millj. kr. og víða heyrist talað um að sé lítil fjárhæð og tæpast þess virði að leggja á, er þó svo mikið í samanburði við fjárveitingar, sem eru til framkvæmda í flugmálum, að til jafns má marka. Heildarfjárveiting til framkvæmda í flugmálum samkv. fjárl. er 252 millj. Það mundi því muna miklu, ef farþegagjald verður lagt á í framtíðinni, að það yrði lagt til framkvæmda í flugmálum. Mundi muna um tvöföldun framkvæmdafjár.

Að sjálfsögðu hefur mikið áunnist í flugmálum og þróun í flugmálum hefur verið mjög ör. Tillaga þessi fjallar um áætlanagerð. Flm. er ljóst að um lítið fé er að ræða til skiptanna við núverandi aðstæður, en flm. eru sannfærðir um að áætlanagerð muni tryggja sem besta nýtingu þess fjár sem unnt er að verja til þessara mála.

Herra forseti. Ég legg til að þessari þáltill. verði vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tekjustofnar sýslufélaga, þáltill. (þskj. 63). — Ein umr.

Flm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Á þskj. 63 hef ég leyft mér að flytja till. til þál. um tekjustofna sýslufélaga ásamt hv. 1. þm. Vestf. Till. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að gera nú þegar ráðstafanir til að auka tekjur sýslufélaga í samræmi við þau margþættu verkefni, sem þeim eru falin að lögum, og önnur aðkallandi viðfangsefni í héraðsmálum.“

Till. um svipað efni hefur verið flutt á tveim síðustu þingum, en eigi orðið útrædd. Að lögum hafa sýslufélög margþættum verkefnum að gegna. Sveitarstjórnarlög, nr. 58 frá 1961, skipa fyrsta sæti í lagasafni af löggjöf þeirri sem flokkuð er undir héraðsstjórn. IV. kafli þeirra laga fjallar sérstaklega um sýslufélög. Hlutverki þeirra er lýst í 92. gr., stafl. a-j, eins og nánar er rakið í grg. Ég vek sérstaka athygli á i-lið sem segir að hlutverk sýslufélaga sé m. a. að annast stjórn allra sveitarstjórnarmála er varða sýsluna í heild svo og till. um hvað eina sem verða má sýslunni til gagns. Og samkv. j-lið: „Önnur þau störf sem lög og reglugerðir mæla fyrir um.“ Og þau eru býsna mörg, ákvæði laga og reglugerða, gamalla og nýrra, sem víkja að einhverju leyti að hlutverki sýslufélaga og leggja þeim skyldur á herðar eða fela þeim verkefni í ýmsum myndum.

Það er því hafið yfir allan efa að hlutverk sýslufélaga hefur verið og er í senn fjölþætt og mikilvægt. Að því er nokkru nánar vikið í grg. Eigi sýslusjóðirnir að vera færir um að standa straum af þeim kostnaði sem leiðir af svo margþættum viðfangsefnum verða þeim að vera tryggðir öryggir tekjustofnar. Um tekjustofna sýslufélaga er fjallað í 101. gr. sveitarstjórnarlaga. Þar segir m. a.: „Því, sem á vantar að tekjur sýslusjóðs hrökkvi fyrir útgjöldum hans, skal jafna niður á hreppana“ — og er það gert eftir vissum reglum. — Í raun og veru hefur löggjafinn aldrei botnað þetta upphaf. Þetta ákvæði hefur staðið þarna eins og hálfkveðin vísa árum saman. Sannleikurinn er sá, að þetta gjald, sem þarna er heimilt að jafna niður á hreppana, sýslusjóðsgjaldið, er hinn einasti teljandi tekjustofn sem fellur til sýslusjóða. Niðurstaðan verður því sú að sýslusjóðir hafa yfirleitt mjög lítið fé úr að spila fram yfir brýnustu útgjöld. Geta þeir því ekki sinnt aðkallandi verkefnum svo að vel sé. Hefur sýslunefndum oft verið mikil raun að þessu. Segja má að vísu að lögin takmarki ekki berum orðum þau gjöld sem leggja má á einstaka hreppa í þessu skyni. En það kemur af sjálfu sér. Geta má nærri að álögum á fámenn og fjárvana sveitarfélög, fámenna hreppa, verður að stilla í hóf. Sum hinna stærri og fjölmennari sveitarfélaga hafa á hinn bóginn vitnað í skyldu sína til greiðslu sýslu- og sýsluvegasjóðsgjalda sem

rök fyrir því að þau séu orðin verðug þess að hreppa kaupstaðarréttindi. Eru nokkur dæmi þessa frá síðasta Alþ., eins og menn muna.

I grg. með till. þessari eru öll þessi efni rakin miklu nánar, og þar er vikið að því í niðurlagi, sem rétt er, að það sé skoðun flm. að ekki sé æskileg stefna að rjúfa tengsl þéttbýlisstaða og sveitanna í kring við vegar um landið í stjórnarfarslegu tilliti. Þvert á móti ber í vaxandi mæli að efla samstöðu hreppsfélaganna í hverri sýslu til lausnar þeim mörgu framfaramálum sem vikið er að í grg. og ljóst er að ekki verða leyst í hverju hreppsfélagi fyrir sig.

Löngum hefur verið rætt um verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga hin síðari ár. Enn er það mál á döfinni án þess að endanleg niðurstaða hafi náðst. Við athugun þess er eðlilegt að skoða þessa till. Sýslurnar kvarta ekki yfir því að hafa mörg verkefni á dagskrá. En svo sem jafnan fylgjast að skyldur og réttindi, þannig þarf tekjur til að mæta gjöldum og útgjöld eru að jafnaði þeim mun meiri sem viðfangsefni eru stærri og margbrotnari. Þess vegna þarf að auka tekjur sýslufélaganna.

Sýslufélögin eru enn sem fyrr hin einu lögboðnu samtök sveitarfélaga á Íslandi. Meðan svo er hlýtur það að standa okkur nær að sjá þeim fyrir nægum tekjustofnum heldur en lögbjóða tekjur til handa hinum svonefndu landshlutasamtökum sveitarfélaga sem enn eru aðeins ólögbundin áhugamannasamtök. Landshlutasamtökum hafa þó nú þegar verið tryggðar tekjur að lögum, bæði úr Byggðasjóði, sem sjá má af lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins, nr. 93 frá 1971, 31. gr., og úr Jöfnunarsjóði, sjá lög um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 8 frá 1972, 8. gr.

Með hliðsjón af því, sem nú hefur verið minnst á, má ljóst vera að full þörf er á að skoða vandlega það mál sem till. þessi fjallar um. Er þess að vænta að svo verði gert nú. Það hefur þegar dregist allt of lengi.

Ég legg til, herra forseti, að máli þessu verði vísað til hv. allshn. þegar umr. verður frestað.

Jóhannes Árnason: Herra forseti. Þetta er í þriðja skipti sem till. til þál. svipaðs efnis og sú, sem hér liggur fyrir, er flutt á Alþ., um tekjustofna sýslufélaga. Á síðasta þingi átti ég sæti um skeið og flutti þá ítarlega framsöguræðu fyrir þeirri till. sem þá var til meðferðar, og ætla ég því ekki að hafa mörg orð um hana að þessu sinni, heldur vísa til þess sem í þingtíðindum stendur.

Ég vil til viðbótar því, sem hv. frsm., 4. þm. Vesturl., hefur hér sagt, segja það, að ég vil ítreka að hér er um þýðingarmikið mál að ræða og það er ekki að ástæðulausu að þetta mál er nú flutt hér í þriðja skiptið. Ef það er ætlun löggjafans að viðhalda sýslufélögunum í stjórnkerfinu, þá er óhjákvæmilegt að marka þessum sveitarstjórnareiningum, sýslufélögunum, nýja tekjustofna.

Nú er það svo að sveitarstjórnarlögin beinlínis gera ráð fyrir því að sýslufélögin hafi aðra tekjustofna en sýslusjóðsgjöldin sem löngum hafa verið þeirra aðaltekjustofn. Eins og hv. frsm. kom inn á, þá er í 101. gr. sveitarstjórnarlaga fjallað um tekjustofna sýslufélaga. Segir þar, að sýslunefnd skuli á aðalfundi semja áætlun um tekjur og gjöld sýslusjóðs fyrir yfirstandandi ár, og síðan segir: „Því, sem á vantar að tekjur sýslusjóðs hrökkvi fyrir útgjöldum hans, skal jafnað niður á hreppana“ eftir vissum reglum. Miðað við þetta orðalag virðist gert ráð fyrir, að sýslusjóðir njóti annarra verulegra tekjustofna. Svo hefur þó ekki verið. Sýslusjóðsgjaldið, þ. e. hið niðurjafnaða gjald á hreppana, yrði eina fjármagn að heita má sem sýslufélög hafa yfir að ráða. Þar sem um slíka niðurjöfnun gjalda er að ræða á fámenna og fátæka hreppa má geta nærri að álögum verður að stilla í hóf svo sem unnt er. Niðurstaðan verður því sú að sýslusjóðir hafa yfirleitt mjög lítið fé til ráðstöfunar fram yfir brýnustu útgjöld.

Það heyrist oft um það rætt að sýslusjóðsgjöld og sýsluvegasjóðsgjöld séu há. Alkunn eru þau rök af hálfu hinna fjölmennari kauptúna og hreppa, að vegna þess sé eðlilegt að þau séu skilin frá viðkomandi sýslu og gerð að kaupstöðum, sérstökum lögsagnarumdæmum. Þess er skemmst að minnast, að á s. l. ári 1974 fengu 5 kauptún og hreppar kaupstaðarréttindi. Það voru Bolungarvík, Dalvík, Eskifjörður, Grindavík og Seltjarnarnes, og nú liggur fyrir Alþ. frv. til laga um kaupstaðarréttindi fyrir Garðahrepp. Í öllum þessum tilvikum hafa þessi sömu rök m. a. komið fram.

Ef ég vík aðeins að sýsluvegasjóðsgjöldunum í þessu sambandi, þá er því haldið fram að það sé óeðlilegt að hinir fjölmennari kauptúnahreppar þurfi að greiða til sýsluvega þar sem engir sýsluvegir séu í þessum sveitarfélögum. Þetta hefur út af fyrir sig við ákveðin rök að styðjast, svo langt sem það nær. Því kæmi til greina að mínu áliti að breyta vegalögum á þann hátt að hvert sveitarfélag njóti sem mest þeirra framlaga sem það leggur til vegamála. Þetta ætti að vera auðvelt með eðlilegri skiptingu á milli sýsluvegasjóða annars vegar og þéttbýlisvegafjár samkv. vegalögum hins vegar. Á sama hátt má ræða um sýslusjóðsgjaldið. Eins og ég gat um áðan á það aðeins að vera til vara, þ. e. jafna á því niður á viðkomandi hreppa þegar tekið hefur verið tillit til annarra tekjustofna sýslufélaganna sem sveitarstjórnarlög gera beinlínis ráð fyrir að þau hafi og geti byggt á við gerð fjárhagsáætlana sinna fyrir hvert ár. Þessir sérstöku tekjustofnar eru bara einfaldlega ekki til og því er þessi þáltill. nú flutt.

Til greina hefði komið að flytja um þetta atriði sérstakt lagafrv., en mér finnst eðlilegra að um það sé fjallað af félmrn. að höfðu samráði við sýslunefndirnar og aðra þá aðila sem þarna koma til greina. En eins og fram kemur í grg. þessarar þáltill., þá höfum við flm. bent á hluta af söluskatti í gegnum Jöfnunarsjóð og enn fremur framlög úr Byggðasjóði. Mætti hugsa sér að slík framlög úr Byggðasjóði væru tengd ákveðnum verkefnum í samræmi við markmið og tilgang Byggðasjóðs sem sýslufélögum yrði falið að sjá um í hverju héraði. Það er ljóst að slíkir auknir tekjustofnar ættu að leiða til

þess að sýslusjóðsgjöldin gætu verið lægri og ásókn kauptúna og hreppa í að fá kaupstaðarréttindi þar af leiðandi minni.

Auðvitað getur það átt við rök að styðjast að kauptúnahreppur verði gerður að sérstökum kaupstað. Landfræðilegar ástæður geta vegið þar þungt á metunum. Nefni ég í þessu sambandi nýlegt dæmi um Bolungarvík sem áður tilheyrði Norður-Ísafjarðarsýslu. Þetta átti sérstaklega við eftir að Eyrarhreppur eða Hnífsdalur hafði verið sameinaður Ísafjarðarkaupstað. Af Norður-Ísafjarðarsýslu er þá aðeins eftir Súðavík ásamt sveitarhreppum við innanvert Ísafjarðardjúp. En það er skoðun okkar flm. þessarar till. að mjög víða á landinu hagi svo til að það sé hreint ekki æskilegt að rjúfa tengsl þéttbýlisstaðanna, kauptúnahreppanna af hinum ýmsu stærðum, og sveitanna í kring, heldur sé, eins og málum nú er komið í byggðaþróun, þvert á móti ástæða til að efla samstöðu hreppsfélaganna í hverri sýslu til lausnar þeim mörgu framfaramálum sem eru nú þegar og verða í vaxandi mæli á næstunni mjög þýðingarmikil fyrir heil héruð og ljóst er að ekki verða leyst í hverju hreppsfélagi fyrir sig. Má þar nefna bæði heilbrigðisþjónustu, elliheimilismál, fræðslumál o. fl. Þessi héruð, sem myndast stundum af einum þéttbýliskjarna, stundum af tveimur og þremur, mynda eina viðskiptalega heild, og það er vafasamt að það sé til hagsbóta fyrir framþróun í þessum héruðum og eðlilega byggðaþróun að fara að höggva þar á hnút og gera þéttbýliskjarnann, kannske lítið kauptún með 800 eða 900 íbúa eða svo eða 1000 íbúa, að sérstöku umdæmi, heldur beri fremur að efla þessi héruð til sameiginlegra átaka.

Ég vil að lokum segja það sem mína skoðun, að það þarf að breyta kosningafyrirkomulagi til sýslunefnda og gera þær um leið virkari í störfum. Það er eins og hv. þm. vita, að nú er orðinn afar mikill mismunur á íbúatölu einstakra hreppsfélaga. Mér skilst að það sé allt frá jafnvel 20—30 íbúum í sveitarhreppum, sem eru við það að fara í eyði, og upp í kannske 3000 íbúa eða svo, svo sem er t. d. á Selfossi og enn fleiri í Garðahreppi sem nú er að verða að kaupstað. Þessar breytingar þurfa að miða að því að tengja betur saman sýslunefndir og hinar einstöku hreppsnefndir til að sýslunefndin geti í raun orðið samnefnari fyrir hreppana á svæðinu við meðferð þeirra mála sem leysa verður sameiginlega.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 16. fundur.

Miðvikudaginn 3. des., kl. 2 miðdegis.

Launaskattur, frv. (þskj. 76). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Á þskj. 76 er frv. til l. um breyt. á l. um launaskatt. Hér er um að ræða framlengingu á gildandi lögum, alveg óbreyttum eins og þau eru nú og hafa verið frá því að lög um skattkerfisbreytingu tóku gildi. Eins og rakið er í grg. með frv. eru lögin að stofni til frá 1965, en þá var lagður á 1% launaskattur. Árið 1970 var lagður á sérstakur launaskattur, 1.5%, í tengslum við efnahagsráðstafanir sem þá voru gerðar. Launaskattur hækkaði enn á s. l. ári um 1%. Var sú hækkun tengd ráðstöfunum til lausnar vinnudeilu sem uppi var fyrri hluta þess árs.

Gildistími launaskatts samkv. l. nr. 95 1974 rennur út nú um n. k. áramót. Frv. á þskj. 76 gerir ráð fyrir að gildistíminn verði enn framlengdur um eitt ár, og hefur verið við það miðað við gerð fjárl. Að mínu mati er óeðlilegt að binda gildistíma skatta í lögum, en þar sem hér hefur verið talið um bráðabirgðaskattheimtu að ræða að hluta til er að sjálfsögðu rétt að framlengja gildistíma laganna aðeins um eitt ár.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 17 shlj. atkv.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 78). — 1. umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Á þskj. 78 höfum við hv. 5. þm. Norðurl. v. leyft okkur að flytja í þriðja sinn frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins, varðandi starfrækslu útibúa frá stofnuninni á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi. Ég þarf ekki að kynna frvgr., hún skýrir sig að mestu leyti sjálf, og það er kannske óþarfi að hafa langt mál hér uppi um þetta mál nú í þriðja sinn.

Þetta mál hefur strandað í n. af þeirri einföldu ástæðu að umsagnaraðilinn, húsnæðismálastjórn, hefur verið sein til svara og um leið haft uppi þær röksemdir að umrædd útibú væru í athugun hjá viðkomandi stofnun og rn., og enn er sagt að þetta mál sé í athugun. En af því að við sjáum engra framkvæmda von í þessu máli, þá leggjum við þetta mál hér fram í þriðja sinn og við vísum í byrjun til álits svokallaðrar staðarvalsnefndar. Það er að vísu ekki rétt, sem þar segir í þskj., miðað við hvenær þskj. var lagt fram, að þetta álit hafi þá verið lagt fram. Ríkisstj. mun þá ekki hafa verið búin að fá þetta álit í hendur, þ. e. hæstv. forsrh. Ég hygg, að það sé nú komið í hans hendur, en það er um mánuður síðan við undirskrifuðum þetta álit.

Það tengist mjög þessu máli og rétt að minna aðeins á það verkefni sem þessi n. fékk, en auðvitað ekki réttur tími nú til þess að fara neitt út í álitið sjálft. Við fengum það verkefni að gera till. um dreifingu stofnana eða útibúa eða deilda frá stofnunum úti um land. Stefna mín var ótvírætt sú, að þar ætti að hafa forgang útibú og deild frá hinum ýmsu stofnunum. Það var aðeins önnur hlið á okkar verkefni, því að við áttum að gera beinar till. og gerðum reyndar um flutning ákveðinna stofnana. Ég skal aðeins nefna dæmi um að okkar dómi auðveldan flutning stofnunar og í raun og veru sjálfsagðan, eins og t. d. Skógræktar ríkisins austur í Hall-

ormsstað í staðinn fyrir hér í Reykjavík, bara til þess að nefna eitt dæmi. En ég hef minni trú á fljótvirkni þess að flytja stofnanir í heilu lagi og í sumum tilfellum er það algerlega út í bláinn. Hins vegar er spurning um nauðsyn á aukinni þjónustu almennt úti um land ótvíræð.

Miðstjórnarvaldið hefur allt dregist saman hér á einn stað og ríkisvaldið gengið þar á undan. Það þarf að minnka þetta án þess að til skaða verði fyrir Reykjavík. Því hefur nú stundum verið haldið fram. Ég er á þeirri skoðun að jöfnuður í þessum efnum geti verið Reykjavík alveg eins hagstæður og landsbyggðinni sjálfri.

Í þessari n. fjölluðum við mjög um stofnanaflutning almennt og þurfti að taka tillit til margs. Það þurfti að taka tillit til þess, sem við minnum á í okkar grg., til húsnæðis fyrir ákveðna stofnun eða útibú frá henni, það þurfti visst fjármagn og vandamálið varðandi sjálfan stofnanaflutninginn sneri kannske fyrst og fremst að starfsfólkinu eða spurningunni um það, ef það þyrfti að flytja sig í fjarlægan landshluta.

Það mætti rekja mörg dæmi varðandi þetta mál, bæði um víðsýni og þröngsýni forstöðumannna hinna ýmsu stofnana. Og erfitt verður án efa að finna gullinn meðalveg í þessum málum almennt. En því verður að treysta að stjórnvöld á hverjum tíma velji hér og hafni af víðsýni og skilningi, en þó fremur öðru að þau meti þörfina réttilega á aukinni dreifingu valds og þjónustu almennt.

Það fer auðvitað ekkert á milli mála að í flestum greinum er þjónustan minni úti á landsbyggðinni gagnvart hinum opinberu stofnunum heldur en er hér í Reykjavík og þar geta orðið á dýr mistök. Varðandi þessa stofnun sem hér er til umr., Húsnæðismálastofnun ríkisins, þá get ég nefnt þar um hrapalleg dæmi sem hafa kostað húsbyggjendur ærið fé, hinar ströngu reglur þeirra um dagsetningar úr fjarlægum landshlutum með erfiðum póstsamgöngum. Ég viðurkenni hins vegar að þessi stofnun hefur verið með aukna þjónustu í seinni tíð, þótt hún hafi auðvitað sérstaklega komið til góða fyrir Reykjavíkursvæðið. Fleiri stofnanir hafa gert hið sama og sumar stofnanir gengið beinlínis á undan í því að færa sína þjónustu út í hina ýmsu landshluta, t. d. Vegagerð ríkisins sem hefur gengið þar á undan með góðu fordæmi. Þetta sem sagt stefnir — hægt þó — í jafnaðarátt. Við mættum gjarnan líta til Norðurlandanna, sem hafa gert skipulegt átak í þessum efnum, og líta til þeirra einmitt með tilliti til þess að það hefur síst orðið til skaða fyrir höfuðborgirnar þar eða stærri borgirnar, síður en svo.

Spurningin er um það, hvers vegna við veljum þessa stofnun sérstaklega, og að því er vikið í grg. Um útibú frá þessari stofnun hafa komið fram mjög eindregnar óskir, ég held hvergi eindregnari. Hér má vitna í sérstaka húsnæðismálaráðstefnu sem haldin var á Austurlandi 1973, þaðan sem krafa kom um samþykkt þessa frv. Og frá öllum þeim landsfjórðungum, sem frv. þetta snertir, hafa komið fram eindregnar kröfur í sömu átt. Við vitum um þá auknu þörf sem fyrir þessa þjónustu hefur orðið með því að húsbyggingar úti á landsbyggðinni tóku kipp og þó alveg sérstaklega vegna þess að fleiri þættir komu þar til sögu, m. a. leiguíbúðirnar sem beinlínis kalla á aukna heimastjórn á einhvern veg. Þó að nú sé um tímabundið erfiðleikaástand að ræða í húsbyggingum almennt, þá megum við ekki taka það með í reikninginn eða láta það villa okkur sýn í þessum efnum, og því verður að halda þessu máli vakandi engu að síður og kannske enn frekar.

Í þriðja lagi er það reynsla mín úr starfi sem veldur þessu, og það höfum við flm. báðir reynt. Kringum þetta er því miður of mikið skriffinnskuflóð, vottorð og leyfi sitt úr hverri áttinni. Þetta er sent á misjöfnum tíma utan af landi, þetta glatast sundum af einhverjum ásæðum og þau mistök geta orðið húsbyggjandanum býsna dýr.

Og í fjórða lagi ríkir hér visst misrétti. Hér á að ríkja a. m. k. viss jöfnuður. Hér er í raun og veru um einn þátt hinnar margumtöluðu byggðastefnu að ræða. Jöfnuður næst auðvitað seint á öllum sviðum. Til þess er Ísland of nærri því að vera hreint borgríki, það er býsna nálægt því. Þjónustan vegna fjöldans, vegna meiri hl., er eðlileg og hagsmunir þess meiri hl. vega þungt, en minni hlutanum má enn síður gleyma. Ég er nú líka á því að við landsbyggðarmenn almennt eigum ekki alltaf að vera að tala um Reykjavík sem eitthvert slíkt gósenland eins og við gerum nú og ekki sífra of mikið heldur. Ég held að við eigum einnig að meta ýmsa kosti þess að búa úti á landi, annars værum við varla þar, þrátt fyrir þann aðstöðumun sem þar er að finna. En samfélagið sjálft á ekki og má ekki skapa aðstöðumun svo sem verið hefur. Þess hlutverk er að jafna metin. Auðvitað vitum við að þetta er eitt lítið skref í þá átt með þessum frv.-fluningi, en á hitt bendi ég, að 5—10 ára áætlun um framkvæmd á því áliti, sem staðarvalsnefndin hefur sent frá sér, mundi hins vegar valda gerbyltingu. Það mætti hins vegar á engan hátt gerast svo, eins og við höfum bent á í okkar nál., að Reykjavík og reykvíkingar litu á það sem árás á sig, heldur sem eðlilega dreifingu sem kæmi þeim til góða sem hluta af þjóðarheildinni.

Það kann að vera að jöfnuður þessi kosti Reykjavík eitthvað. En við teljum, landsbyggðarmenn yfirleitt að við höfum lagt Reykjavík svo margt til sem okkar höfuðborg að við eigum þetta nú nokkuð inni, þó að svo aftur höfuðborgin hafi í nokkru á móti komið. Hér á að stefna eðlilega fram á við án of mikillar útþenslu. Við t. d. gerum ekki ráð fyrir nema fjórum útibúum. Við játum það alveg að hin tvö, þ. e. í Vesturlandi og Suðurlandi, sem eru hér t. d. miklu nær, geta verið sanngjörn og meira að segja kæmu Suðurnes inn í þessa mynd einnig. Við vildum aðeins ekki taka stærra stökk. Verði breyting á vegna þeirra, sem hér eru eftir skilin viljandi, þá skal ekki á okkur standa að fylgja því eftir.

Við minnum um leið á aðra þjónustu sem brýn er út í landsfjórðungana og er þessu skyld, þ. e. a. s. skipulagsskrifstofur. Þarna þarf að vera samræmi og samstarf á milli og þessar skrifstofur þurfa að koma upp jafnhliða.

Það þarf ekki að fara náið út í það hvert á að vera hlutverk þessara útibúa, í raun og veru

hið sama og hjá stofnuninni sjálfri, taka við umsóknum, yfirfara þær, sjá um réttmæti þeirra og svo afgreiða þær að fullu frá sér. Við erum þarna inni með útibú Landsbankans eða einhvers annars ríkisbanka. Landsbankinn er þarna inni vegna þess að veðdeild Landsbankans sér um þetta í dag. Við sjáum enga annmarka á því að útibúin geti annast þetta að fullu. Nefnt hefur verið að þarna gæti verið um erfiðleika að ræða vegna veðtrygginga. Það er auðvitað tómur fyrirsláttur. Ég vil benda á mikilvægt hlutverk heimaaðila á smærri stöðum þar sem eru byggingarfulltrúarnir. Við þá þyrftu þessi útibú að hafa náið samstarf, auka þarf fræðslu þeirra, því að þekking þeirra og hæfni er vissulega misjöfn og full þörf á því að auka fræðsluþáttinn, svo sem stofnunin sjálf hefur reyndar gert allmyndarlega nú í seinni tíð. Og inn í það dæmi kæmu auðvitað skipulags- og verkfræðistofurnar í landsfjórðungunum einnig. Einnig mundu þessar skrifstofur að sjálfsögðu sjá um mikilvæg verkefni, fræðsluverkefni og þjónustuverkefni fyrir sveitarfélögin almennt.

Stundum hafa þær raddir heyrst að húsnæðismálin ættu að vera inni í bankakerfinu eingöngu, það ætti sem sagt að leggja Húsnæðismálastofnun ríkisins niður. Ég er því algerlega andvígur og þá alveg sérstaklega vegna félagslegra þátta húsnæðismálanna, sem í vaxandi mæli koma nú inn í verkahring þessarar stofnunar. Húsnæðismálin í eðli sínu eru bein félagsmál. Fjárhagsþátturinn er stór, en bankakerfið á að vera aðstoðaraðili hins félagslega aðila. Það er því eðlilegt að heimamenn, sveitarstjórnir og aðrir aðilar, svo sem stjórnir byggingarfélaga, ráði ferðinni meira, og það verður gert með útibúamyndun. Á annan hátt sjáum við ekki möguleika á því.

Við vitum að íbúðabyggingar á félagslegum grundvelli eiga eftir að stóraukast. Þær verða að gera það. Þarna yrði um sameiginlegt verkefni útibúanna, skipulagsskrifstofanna og sveitarstjórnanna að ræða. Þarna er um hagstæðari og viðráðnlegri byggingarmáta að ræða. Ekki er ég að amast við viðleitni fólks til þess að eignast eigið þak yfir höfuðið, en það á að gera meira á félagslegum grundvelli, samhjálpargrundvelli. Ég held, að allir þekki húsbyggingar einstaklinga og mörg slæm dæmi þar um, látlaus vinnuþrælkun bestu æviáranna, sífelldar fjárhagsáhyggjur, sumir lenda í algerri sjálfheldu. Úr þessu þarf og á að bæta. Ég spyr, hvaða vit sé í þessari þrælkun ef annað form félagslega er tiltækilegra og um leið hagkvæmara, form sem Breiðholtið er lýsandi dæmi um, sem verkamannabústaðirnir og leiguíbúðirnar einnig. Allir gallar þessa eru það smáir gagnvart kostunum að ég mæli með því eindregið. Það er einmitt von okkar flm. um að aukning verði á byggingum á hvers konar félagslegum grundvelli, svo sem hér hefur áður verið nefnt, á vegum byggingarsamvinnufélaga og samtaka ýmissa aðila um sameiginlegar byggingar. Úti á landsbyggðinni er hér að verða breyting á. Einbýlishúsin hafa verið afgerandi á flestum stöðum. Þau eru nú á nokkru undanhaldi. Það er aukinn fjöldi raðhúsa í smíðum víða og jafnvel blokkabyggingar einnig þar sem vöxtur er hvað mestur. Allt bendir því í þá átt að það verði meira farið að hugsa um þessi mál og í betra samhengi félagslega heldur en verið hefur.

Við bendum á það sem röksemd fyrir þörf á þessari þjónustu, að það er almennt viðurkennt að það er dýrara að byggja á landsbyggðinni yfirleitt, efniskaup eru þar dýrari. Á móti hefur það komið að sveitarfélögin hafa ekki gengið eins hart að fólki með þjónustugjöld, enda öll þjónusta verið í lágmarki. Á því er nú að verða breyting. Sveitarfélögin úti á landi leggja auknar byrðar á húsbyggjendur með auknum framkvæmdum sem eðlilegt er og ekkert er við að athuga.

Hér í þessari d. var á sínum tíma mikið rætt um örvunarlán úti á landsbyggðinni. Tvö frv. hafa verið hér til umr. sérstaklega og allir flokkar verið sammála um þau. Hins vegar hefur ekkert miðað í þá átt og ekkert verið gert. Við höfum einmitt bent á það að útibúin væru réttur aðili ef þetta fengist fram. Vonandi næst þetta réttlætismál nú fram, sérstaklega ef eitthvað fer að birta yfir, eins og manni skilst á sumum stjórnarblöðunum að muni fara að gera. Ég hef hins vegar ekki kunnað við það að hreyfa þessu máli neitt frekar. Um þetta mál hefur verið alger samstaða áður, og ég trúi því og vona að á þessu þingi komi þetta mál enn einu sinni til umr. og þá til afgreiðslu um þessi örvunarlán. En á eitt legg ég áherslu og við flm. sem réttlætingu fyrir aukinni þjónustu og þá almennt. Það er að af viðari sjónarhóli verður að líta. Kostnaðarauki landsbyggðarfólks vegna ríkjandi fyrirkomulags um opinbera þjónustu vill nefnilega furðuoft gleymast, en þeim mun meira um hitt talað, þótt aðeins sé brotabrot af því, sem landsbyggarfólk þarf að bera bótalaust í alls konar aukakostnaði.

Það er blátt áfram ömurlegt til þess að vita, hve svona röksemdir eru oft notaðar af forráðamönnum stofnana og talsmönnum hins opinbera til að berja niður sjálfsagða þjónustu við fólkið úti á landi, hvernig hægt er að horfa fram hjá hinum stóra þætti þessa máls, hinum afgerandi viðbótarkostnaði fólksins, en einblína á hitt. Það er mér og mörgum fleiri alger ráðgáta. Um ávinninginn af þessum útibúum almennt má eflaust deila. En ég vísa aftur á einróma álit heimamanna alls staðar frá sem um þetta hafa fjallað, og ég tek miklu meira mark á því en ýmsu sem hefur komið fram frá því íhaldssama kerfi sem uppi hefur aðrar röksemdir.

Við gerum engar till. beinlínis um heildarfjármagnið og úthlutun þess. Þar má eflaust fara margar leiðir. Við teljum að yfirstjórn stofnunarinnar hljóti að deila sem réttlátast því fjármagni sem hún hefur yfir að ráða. Hún hlýtur að taka heildarákvörðun um hversu mikið fjármagn eigi að fara í hvern þátt byggingarmála almennt. Sem sagt, stofnunin hefur með útfærsluna að gera, auðvitað er valdið í höndum Alþ. sem leggur höfuðlínu í húsnæðismálum almennt, en stofnunin útfærir það svo nánar.

Varðandi þessi útibú hefur því verið hreyft við okkur flm. að þar gætu lífeyrissjóðirnir, sérstaklega ef eitthvert vit kæmist nú í það kerfi, þá gætu þeir komið hér inn í einnig, en við höfum ekki viljað fara út í það. Það er varlegast að

spá ekki miklu um þróunina þar. Við gerum heldur enga ákveðna till. um yfirstjórn útibúanna. Það mál þarfnast rækilegrar íhugunar. Við höfum nefnt áður að það væri eðlilegt, t. d. þegar fjallað er um verkamannabústaðina almennt, að þá væru fulltrúar frá stjórnum byggingarfélaga verkamanna á svæðinu þar með í ráðum, eða þegar fjallað væri um leiguíbúðirnar, þá kæmu fulltrúar sveitarstjórnanna þar inn í, en annars ætti afgreiðslan að vera sem sjálfvirkust frá þessum útibúum ef öllum skilyrðum væri fullnægt. Og auðvitað er við það miðað að fyrir fjárþörf útibúanna verði séð á hverjum tíma að mestu eða öllu leyti.

Ég skal svo ekki orðlengja frekar um þetta frv., það hefur verið gert rækilega áður. En mér hefur alltaf þótt að frv. af þessu tagi, sem ekki er þó viðameira en þetta, væri nokkur prófsteinn á viðbrögð og afstöðu jafnt þm. sem stofnana til þessa máls almennt. Ég hreyfði þessu máli hér fyrir tveimur árum, einmitt þegar ég hafði þá nýlega tekið til starfa í þessari staðarvalsnefnd þar sem ýmsar hugmyndir voru mikið ræddar, og taldi þá að rétt væri að sjá hvaða viðbrögð yrðu hér við þessu máli. Ég hef áður skýrt ástæðurnar til þess að þetta mál hefur ekki komið úr n. Umsagnaraðili hefur látið á sér standa og mun eflaust gera enn, því að málið er eflaust enn þá í þessari nákvæmu athugun sem engan endi virðist ætla að taka. En varðandi álit staðarvalsnefndarinnar sem kemur hér eflaust seinna til umr., þá hlýtur þetta mál að vera þar mjög ofarlega á baugi. Að engu má rasa, það er ekki okkar meining. En við krefjumst eðlilega sjálfsagðs réttar til aukinnar þjónustu og aukins jafnaðar, og við teljum að útibú frá þessari stofnun, sem teygir arma sína um allt land, sé mjög ríkur þáttur í því að auka þjónustuna við íbúa landsbyggðarinnar yfirleitt.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til félmn. með 14 shlj. atkv.

Gatnagerðargjald á Akureyri, frv. (þskj. 80). — 1. umr.

Flm. (Jón G. Sólnes): Herra forseti. Frv. shlj. því frv., sem hér er til umr., var flutt á síðasta þingi, en varð ekki útrætt og er því endurflutt nú. Eins og um getur í grg. með frv. þessu er það flutt í samráði við alþm. Norðurl. e. í Nd. og að beiðni bæjarstjórnar Akureyrar og samið í fullu samráði við heimamenn. Lagafrv. þetta er um holræsagjald, byggingargjald og sérstakt gatnagerðargjald á Akureyri, endurskoðun á lögum nr. 87/1970, um gjöld til holræsa, gangstétta og varanlegs slitlags á götum á Akureyri.

Holræsagjald er nú lagt á samkv. l. nr. 87/1970. Það hefur verið lagt á í fjölda ára og verið ætlað við viðhalds, eftirlits og hreinsunar á holræsum í götum bæjarins. Húseigendur njóta í staðinn ókeypis hreinsunar á frárennslisheimtaugum frá húsum sínum og ýmsa fyrirgreiðslu bæjarins við viðhald og eftirlit heimtauga að húsum. Gjaldið er því í eðli sínu hreint þjónustugjald. Byggingargjald hefur verið tekið af nýbyggingum síðan á árinu 1967. Bærinn hefur litið á þetta gjald sem selda þjónustu við húsbyggjendur. Að meginhluta til er gjaldið hið sama og almennt gatnagerðargjald sem kveðið er á um í l. nr. 51/1974. En auk þess að hafa verið almennt gatnagerðargjald vegna undirbyggingar gatna, þá hefur það einnig falið í sér byggingarleyfisgjald og tengigjöld vatnsveitu og holræsa. Í Reykjavík munu þessi gjöld innheimt hvert í sínu lagi, en á Akureyri eru þau innheimt sem eitt byggingargjald til hægðarauka jafnt fyrir húsbyggjendur og bæjarfélagið.

Akureyrarbær sá sig til knúinn að taka upp gatnagerðargjöld árið 1967 ef hann ætti að hafa nokkra möguleika á því að gera nýjar lóðir byggingarhæfar og anna lóðaeftirspurn. Enda þótt byggingargjaldinu hafi alla tíð verið stillt mjög í hóf, þá hefur það þó tryggt það, allt frá því að það var tekið upp, að bærinn hefur árlega getað annað lóðaeftirspurn og má fullyrða að það hefur ekki verið litils virði fyrir iðnaðar- og byggingaraðila á Akureyri og raunar alla bæjarbúa. Stefna ber að því að hægt sé að leggja gangstéttir og bundið slitlag á götur nýrra byggingarhverfa jafnóðum og hverfin byggjast, og er því miðað við að byggingargjaldið taki til byggingareftirlits, veituframkvæmda og gatnagerðarframkvæmda sem jafnframt feli í sér lagningu gagnstétta og bundins slitlags á götur auk undirbyggingar gatna.

Sérstakt gatnagerðargjald, sem lagafrv. þetta gerir ráð fyrir, er megintilefni þess, að frumvarp þetta er flutt. Gjald þetta er í raun sérstakur tímabundinn fasteignaskattur, sem í lagafrv. þessu er nefndur sérstakt gatnagerðargjald til samræmis við samnefnt og hliðstætt gjald sem kveðið er á um í l. nr. 51 frá 1974, um gatnagerðargjöld. Leitað er heimilda fyrir gjaldi þessu til að standa straum af ákveðnum gatnagerðarframkvæmdum samkv. sérstakri framkvæmdaáætlun í þeim tilgangi að gera sérstakt átak við gatnagerð og ljúka gerð gangstétta og lagningu bundins slitlags á götur í bænum innan skipulagðra svæða.

Á undanförnum árum hefur Akureyrarbær látið ganga fyrir að malbika götur í miðbæ, aðalumferðargötur og götur við meiri háttar atvinnufyrirtæki, skóla og fjölbýlishús. En ólokið er malbikun á stórum hluta íbúðargatna bæjarins. Þrátt fyrir það að verulega hafi miðað í varanlegri gatnagerð á Akureyri hin síðari ár mun láta nærri að ólokið sé lagningu bundins slitlags á um 55% gatnakerfisins að lengd um 27 km. Auk þess eru um 10 km gatna óundirbyggðar. Áætlaður heildarkostnaður við þessar framkvæmdir, miðað við núverandi verðlag, er um 625 millj. kr. og þar af eru um 500 millj. kr. vegna húsagatna og safnbrauta.

Tekjustofnar bæjarins hafa hin síðari ár verið nýttir að fullu, m. a. til þess að unnt væri að hraða malbikun gatna, enda þótt þeir að óbreyttu hrökkvi langtum of skammt til þess að nokkrar líkur séu til þess að hægt verði að ljúka varanlegri gatnagerð í bænum á þeim tíma, sem bæjar-

búar geta sætt sig við, með þeim tekjum sem núgildandi tekjustofnakerfi getur gefið. Til þess að hægt sé að gera stærra átak í varanlegri gatnagerð og ljúka gangstéttagerð og malbikun gatna á fáum árum héðan í frá þarf að afla nauðsynlegs fjármagns til framkvæmdanna umfram það sem bæjarsjóður getur lagt af mörkum sjálfur. Raunhæfasta leiðin til fjármagnsöflunar í þessu skyni er að allir fasteignaeigendur í bænum, hver að sínum hluta, taki sameiginlega þátt í kostnaðinum, að svo miklu leyti sem nauðsyn krefur og bæjarstjórn telur sanngjarnt, með því að greiða sérstakan tímabundinn fasteignaskatt til bæjarins. Ef um sameiginlega kostnaðarþátttöku allra fasteignaeigenda er að ræða, óháð einhverjum tímamörkunum um það hvenær eða hvort bundið slitlag hefur verið lagt á einstakar götur, þá er ástæða til að ætla að almennur áhugi og vilji sé meðal bæjarbúa að hraða framkvæmdum við malbikun, þótt þeir þurfi að kaupa það því verði að öllum fasteignaeigendum verði gert að greiða að sínum hluta sérstakan tímabundinn fasteignaskatt þegar unnt verður að fjármagna framkvæmdirnar.

Megintilgangurinn með flutningi lagafrv. þessa er að leita heimildar til að leggja sérstakt tímabundið gatnagerðargjald á allar fasteignir innan skipulagðra svæða í bænum, óháð því hvenær eða hvort bundið slitlag hefur verið lagt á einstakar götur, til þess að hægt verði að afla nauðsynlegs fjármagns, til að ljúka gerð gangstétta og lagningu bundins slitlags á götur í bænum innan tiltekins tíma, sem ákveðinn er í framkvæmdaáætlun, svo að hægt sé að verða við almennum óskum bæjarbúa um framkvæmdahraða í þessum efnum.

Heimild í l. nr. 87 frá 1970 um gatnagerðarskatt vegna bundins slitlags hefur bæjarstjórn Akureyrar ekki treyst sér til að nota, þar sem samkvæmt þeim lögum er einungis unnt að leggja gjald á þær fasteignir sem eru við ófrágengnar götur eða við götur malbikaðar eftir 6. ágúst 1970. Fasteignir, sem eru við götur með bundnu slitlagi, þar með flest meiriháttar fyrirtæki og stofnanir í bænum, væru undanþegnar því að greiða gjaldið. Sama gildir um almennu lögin um gatnagerðargjöld, nr. 51 frá 1974, um breytingu á lögum nr. 31 frá 1945, en þar nær gjaldið til fasteigna við þær götur sem lagðar eru bundnu slitlagi eftir 7. maí 1969. Lög nr. 31 frá 1975, um breyt. á l. nr. 51 frá 1974, um gatnagerðargjöld ná því aðeins tilgangi sínum í þeim sveitarfélögum þar sem ekki er liðinn lengri tími en 5 ár frá því bundið slitlag hefur verið lagt á götur og þar til lögin tóku gildi. Hvort sem eru sérlögin fyrir Akureyri um gatnagerðarskatt eða almennu lögin um gatnagerðargjöld, þá ná þau ekki tilgangi sínum á Akureyri og hefðu í för með sér, ef gjald væri innheimt samkv. þeim, að fasteignaeigendum væri stórlega mismunað í gjaldheimtu.

Bæjarstjórn telur það óréttlátt, óviðeigandi og ekki framkvæmanlegt í raun. Það er ekki sanngjarnt að dómi bæjarstjórnar að fasteignaeigendur, sem hafa haft beinan hag af því að vera við fullgerðar götur, taki engan þátt í fyrirhuguðu átaki við varanlega gatnagerð, en öðrum fasteignaeigendum, sem í áratugi hafa verið við ófullgerðar götur, verði gert að greiða sérstakt malbikunargjald. Hinir síðastnefndu fasteignaeigendur hafa greitt sín gjöld til bæjarsjóðs, margir áratugum saman, til jafns við hina og þar með tekið þátt í kostnaði við lagningu bundins slitlags hjá þeim.

Það er skoðun bæjarstjórnar Akureyrar að forsenda þess að leggja á sérstakt gatnagerðargjald sé að unnt verði að leggja gjaldið á alla fasteignaeigendur bæjarins, óháð því hvort eða hvenær bundið slitlag hafi verið lagt á einstakar götur, að öllum verði gert að taka sameiginlega þátt í kostnaði við að ljúka gerð gangstétta og lagningu bundins slitlags á götur í bænum, að sínu leyti á sama hátt og bæjarfélagið hefur fram til þessa gert öllum að greiða í álögðum gjöldum til bæjarsjóðs þann kostnað sem þegar hefur verið lagður í varanlega gatnagerð í bænum. Það, sem áunnist hefur í varanlegri gatnagerð í bæjarfélaginu til þessa er sameiginlegt átak allra bæjarbúa. Það, sem ólokið er á þessu sviði í dag, á líka tvímælalaust að vera sameiginlegt átak bæjarbúa.

Sérstakt gatnagerðargjald, sem lagafrumvarp þetta gerir ráð fyrir, er ekki afturverkandi skattur. Það er ekki verið að taka gjald fyrir það sem búið er að kosta og framkvæma í varanlegri gatnagerð, heldur eingöngu fyrir það sem ólokið er og fyrirhugað er að ljúka. Gjaldið nær til allra fasteignaeigenda í bænum og er ekki háð því hvort eða hvenær bundið slitlag hefur verið lagt á einstakar götur. Það felur ekki í sér að fasteignaeigendum sé mismunað í gjaldheimtu eftir því hvort þeir hafa búið lengur eða skemur en 5 ár við götur sem lagðar hafa verið bundnu slitlagi. Gjald þetta, sem í lagafrv. þessu er nefnt sérstakt gatnagerðargjald, felur hvorki í sér tvísköttun né innheimtu gjalda aftur í tímann, heldur er hér um að ræða sérstakan tímabundinn fasteignaskatt, sem öllum fasteignaeigendum er gert að greiða svo að hægt sé að afla fjármagns til framkvæmda sem ólokið er í gerð gangstétta og lagningu bundins slitlags á götur, til þess að unnt sé að hraða framkvæmdum og gera kleift að ljúka þeim á þeim tíma sem bæjarbúar geta almennt sætt sig við.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að leggja til að að lokinni þessari umr. verði þessu frv. vísað til 2. umr. og til meðferðar hjá hv. félmn. þessarar deildar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til félmn. með 11 shlj. atkv.

Byggingarsjóður aldraðs fólks, frv. (þskj. 87). — 1. umr.

Flm. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Á þskj. 87 flyt ég ásamt 3 öðrum þm. Alþb. í þessari hv. deild frv. til l. um breyt. á l. um Byggingarsjóð aldraðs fólks og á þskj. 86. flytjum við frv. til l. um breytingu á lögum um skemmtanaskatt. Þessi frv. eru hvort fyrir sig hluti sama máls. Þau eru flutt í því skyni að efla Byggingarsjóð aldraðs fólks svo að hann verði færari

en nú að gegna því hlutverki að lána fé til byggingar og kaupa á íbúðum fyrir aldrað fólk og til byggingar dvalarheimila aldraðra. Ég mun undir þessum dagskrárlið gera grein fyrir báðum frv. þar sem þau eru í rauninni eitt mál.

Þess gerist ekki þörf að lýsa því fyrir hv. þdm. hversu mjög skortir á hvarvetna í landinu að aldrað fólk eigi þess kost að tryggja sér samastað og aðhlynningu í ellinni á þann veg sem það kysi helst sjálft. Þetta þekkja þm. hver úr sínu kjördæmi og vita hver þörf er á auknu fjármagni til úrbóta í þessum efnum. Að sjálfsögðu æskir flest fólk þess að geta sem lengst dvalist á eigin heimili eða með sínum nánustu. Hið eðlilega sambýli mismunandi aldursflokka og ættliða á sama heimili hefur þó verið að rofna með þjóðinni á undangengnum árum og áratugum. Jafnhliða þessum breytingum hefur of lítið verið að því unnið að gera því aldraða fólki, sem kysi að búa út af fyrir sig á eigin heimili, kleift að búa sem lengst að sínu. En þann tíma, sem það fólk gæti búið á eigin heimili, væri án efa unnt að lengja að marki með skipulagðri aðhlynningu og þjónustu í miklu ríkara mæli en nú er gert.

Fjárskortur þeirra, sem beita sér fyrir framkvæmdum í málefnum aldraðra, veldur því að þær lausnir hafa nær alfarið verið valdar lengst af að byggja elliheimili með sjúkrahússniði. Þarf ekki að fara mörgum orðum um það, hversu ómanneskjuleg sú lausn er fyrir þá sem hafa heilsu til að búa í sérstökum íbúðum, væru þær fyrir hendi. Bygging íbúða í tengslum við þjónustumiðstöð er dýrari lausn en bygging elliheimila og hefur því orðið útundan.

Jafnvel þótt hinar ódýrari lausnir hafi verið valdar er skorturinn á vistrými fyrir aldrað fólk orðinn svo geigvænlegur að stærstu stofnanirnar, Elliheimilið Grund og Dvalarheimili aldraðra sjómanna hafa nú auglýst að ekki sé til neins að sækja um vist á þessum stofnunum þar sem árabil muni líða áður en unnt verður að sinna öllum þeim umsóknum sem nú þegar eru á biðlista. Þannig horfir í þessum málum í dag, að ekki er til neins að sækja um vist á þessum stóru stofnunum þar sem biðlistar eru svo langir. Er þó naumast unnt að hugsa sér óæskilegri lausn á vanda aldraðs fólks úti á landsbyggðinni en að þurfa að flytja úr sínum byggðarlögum til höfuðborgarinnar til að ljúka þar ævidögunum í framandi umhverfi og fjarri því fólki sem það hefur umgengist.

Hér er að sjálfsögðu, eins og á fleiri sviðum, kennt um fjárskorti opinberra aðila. En það fer naumast fram hjá neinum, að á sama tíma og sáralítið hefur verið gert til úrbóta á þessum sviðum hafa verið byggð 160 félagsheimili víðs vegar um landið fyrir þá sem rólfærir eru að stunda félagsstörf og skemmtanir og oft og tíðum hefur verið lítt til sparað við þær framkvæmdir í sveitarfélögum þar sem lítið eða ekkert hefur verið gert í málefnum aldraðra.

Framtak Alþingis með lagasetningu í því skyni að auka fjármagn til byggingar íbúða og dvalarheimila fyrir aldrað fólk hefur til þessa verið minna en skyldi. Þar hafa önnur málefni verið látin sitja fyrir, lengst af, enda hafa raddir hinna elstu þjóðfélagsþegna ekki verið háværastar þegar hinir ýmsu aðilar í þjóðfélaginu hafa borið fram við Alþ. óskir sínar og kröfur um fjármagn til framkvæmda og þjónustu. Byggingarsjóður aldraðs fólks hefur verið nafnið tómt, en hins vegar hafa lög, sem sett voru árið 1973, um að ríkissjóður kosti ⅓ hluta framkvæmda í þessum efnum, orðið sveitarfélögum mikil hvatning til að hefjast handa. Það, sem á skortir, er að sveitarfélögum og öðrum, sem að byggingum í þágu aldraðra vilja standa, verði tryggður aðgangur að meira fjármagni til þessara framkvæmda en þau eiga kost á nú, svo að betur verði unnt að fylgja eftir þeirri hvatningu sem felst í ákvæðum laga frá 1973 um þátttöku ríkissjóðs í kostnaði við þessar framkvæmdir. Með einhverjum hætti verður að beina auknu fjármagni til framkvæmda sem miða að því að gefa öldruðu fólki kost á mannsæmandi aðbúnaði, þegar því er lengur kleift að halda heimili með sama hætti og fyrr á ævinni. Margar leiðir koma sjálfsagt til greina, en við flm. þessa frv., sem hér er til umr., leggjum til að Byggingarsjóður aldraðs fólks verði efldur með sérstakri skattheimtu. Byggingarsjóður aldraðs fólks var stofnaður með lögum 1963 og ætlað það hlutverk að lána fé til byggingar eða kaupa á íbúðum fyrir aldrað fólk og til byggingar dvalarheimila aldraðra. Tekjur sjóðsins eru þó ekki ákveðnar aðrar en hluti eða 40% af ágóða Happdrættis dvalarheimilis aldraðra sjómanna, svo að með þeim hætti var í raun og veru engu nýju fjármagni beint til þessara framkvæmda, heldur einungis ákveðið að verja hluta af ágóða happdrættisins til sömu markmiða, en til annarra aðila en þeirra sem til þess tíma höfðu byggt dvalarheimili fyrir allan ágóðann og þá eingöngu hér í Reykjavík. Með lagasetningunni um Byggingarsjóð aldraðs fólks hefur verið talið líklegra að einhver hluti þessa fjár yrði fremur en áður notaður til framkvæmda úti á landi, en heildarfjármagnið jókst ekki með tilkomu sjóðsins því að honum voru ekki tryggðir neinir aðrir tekjustofnar.

Heildartekjur Byggingarsjóðsins hafa verið afar naumir, námu t. d. árið 1972 alls 4.2 millj. og árið 1974 7 millj. kr. Lán hafa aðeins verið veitt til þriggja aðila, alls 8.2 millj. Ákvæðið í lögunum um lán til aldraðs fólks til kaupa á eigin íbúð hafa verið dauður bókstafur, vegna fjársskorts sjóðsins. Tilvist sjóðsins hefur því til þessa litlu sem engu áorkað til úrbóta í málefnum aldraðra. Sjóðurinn er lítið annað en nafnið tómt.

Eins og ég áður sagði, voru lögin um Byggingarsjóð aldraðs fólks sett árið 1963 og næstu 10 ár voru engar ráðstafanir gerðar af hálfu Alþ. til þess að beina auknu fé til úrlausnar í þessum vandamálum aldraðs fólks í landinu. Með setningu laga um dvalarheimili aldraðra árið 1973 var ákveðið að ríkissjóður greiði ⅓ hluta kostnaðar við byggingu dvalarheimila og íbúða fyrir aldraða og hefur í þessu skyni verið varið á fjárlögum 1974 og 1975 alls 55.9 millj. kr. Óhætt er að fullyrða að þessi lagasetning 1973 hefur mjög örvað aðila, sveitarfélög og aðra hvarvetna í landinu til framkvæmda á þessu sviði og margir eru nú að hefjast handa um að undirbúa framkvæmdir.

Þótt framlag ríkisins, greiðsla á ⅓ kostnaðar, hafi orðið til nauðsynlegrar örvunar, er útvegun nær 70% framkvæmdafjárins erfitt verkefni sveitarfélögum og öðrum sem hefðu hug á að beita sér fyrir framkvæmdum, og af þeim sökum mun ýmsum aðilum ekki verða kleift að nýta sér framlag ríkissjóðs þótt brýn þörf sé á framkvæmdum.

Með tilliti til þess neyðarástands, sem ríkir í þessum hagsmunamálum aldraðs fólks hvarvetna í landinu, er að dómi okkar flm. afar brýn nauðsyn á að með einhverjum hætti verði auknu fjármagni beitt til úrlausnar í þessum efnum. Að sjálfsögðu geta ýmsar leiðir komið til greina. Hugsanlegt væri að auka greiðsluhlut ríkissjóðs, en allir vita hvernig hann hefur verið leikinn að undanförnu og hvernig staða hans er nú. Það er því ekki till. okkar flm. að sú leið verði farin að þátttaka ríkissjóðs í framkvæmdakostnaði verði aukin, heldur leggjum við til að Byggingarsjóður aldraðs fólks verði efldur með sérstakri skattheimtu á þann veg að fólk greiði nokkra upphæð til þessa málefnis þegar það sækir vinveitingastaði.

Í 2. gr. í núgildandi lögum um skemmtanaskatt segir að séu vínveitingar um hönd hafðar í veitinga- eða samkomuhúsi, án þess að skemmtanaskattur sé greiddur samkvæmt öðrum ákvæðum laga, skuli greiða 8 kr. í skemmtanaskatt og 2 kr. í Menningarsjóð fyrir hvern mann sem fær aðgang að húsinu að kvöldi, á þeim tíma sem ákveðinn er í reglugerð.

Í því frv., sem hér er til umræðu, er gert ráð fyrir að til viðbótar þeim 8 kr., sem skylt er að greiða með þessum hætti í skemmtanaskatt, og þeim 2 kr., sem greiddar eru í Menningarsjóð, skuli greiða 100 kr. í Byggingarsjóð aldraðs fólks. Með því að velja gjaldstofn sem þegar er notaður til skattheimtu ætti ekki að þurfa að koma til nýs innheimtukerfis vegna þessarar sérstöku skattheimtu.

Samkv. upplýsingum, sem aflað hefur verið um innheimtu af þessum gjaldstofni á árinu 1974, ættu tekjur í Byggingarsjóð aldraðs fólks, fengnar með þessu 100 kr. gjaldi að hafa numið um 65 millj. kr. eða nær tíföldum tekjum Byggingarsjóðsins á því ári. Þar sem skattgjaldið er hér miðað við ákveðna krónutölu er í frv. gerð till. um að því ákvæði verði bætt í lögin að krónutalan breytist í réttu hlutfalli við breytingar á skattvísitölu, í fyrsta sinn í ársbyrjun 1977. Hér er því lagt til að skattgjaldið breytist í réttu hlutfalli við breytingar á atvinnutekjum, þar sem skattvísitala breytist jafnt og meðaltekjur til skatts. Þetta ákvæði um breytingar á krónutölu skattsins til Byggingarsjóðs aldraðra mundi þá einnig gilda um hliðstæða skattheimtu samkv. þessari grein, þ. e. a. s. þær 8 kr., sem renna í skemmtanaskatt, og þær 2 kr., sem falla til Menningarsjóðs. Þessar upphæðir hafa rýrnað mjög að raungildi á undanförnum árum og er ekki ástæða til þess að svo skuli verða framvegis um þessi gjöld.

Við flm. teljum að svo mikilvægt sé að tryggja aukið fjármagn til framkvæmda við byggingu íbúða og dvalarheimila fyrir aldrað fólk að í því skyni sé réttlætanlegt að leggja nokkurt gjald á landsmenn í þau skipti sem þeir sækja vínveitingastaði. Með greiðslu þess gjalds eru viðkomandi aðilar í raun að safna í sjóð til elliáranna. Með nær tíföldum tekna Byggingarsjóðs aldraðs fólks teljum við fært að gera ráð fyrir því að heimiluð lán úr Byggingarsjóðnum megi hækka úr 20% framkvæmdakostnaðar í 40%, og jafnframt því er í frv. við það miðað að veðlán samhliða eða á undan láni úr Byggingarsjóðnum megi nema 40% í stað 60% samkvæmt núverandi lögum, en heildarverð, að meðtöldu láni frá byggingarsjóðnum, megi þá nema 80% kostnaðarverðs, eins og í núgildandi lögum. Með þeim tekjuauka Byggingarsjóðs aldraðs fólks, sem gert er ráð fyrir með flutningi þessa frv., gætu heildartekjur sjóðsins numið ríflega 70 millj. kr. á ári í stað 7 millj. kr. 1974. Ef sú upphæð væri lánuð til að standa undir 40% framkvæmda við byggingar íbúða eða dvalarheimila fyrir aldrað fólk svarar það til þess að slíkar framkvæmdir gætu numið um 175 millj. kr. á ári. Þær framkvæmdir yrðu þá fjármagnaðar með þeim hætti að frá ríkissjóði kæmu samkvæmt lögum um dvalarheimili aldraðra um 58 millj., lán úr Byggingarsjóði aldraðs fólks gætu numið 70 millj. kr., og kæmi þá í hlut sveitarfélaga, sem að framkvæmdum stæðu, að útvega með öðrum hætti um 47 millj. kr. En þá ber þess að geta, að sé um að ræða byggingar íbúða ættu að fást til þeirra framkvæmda lán úr Byggingarsjóði ríkisins eða hin svokölluðu húsnæðismálasjóðs lán.

Ég tel ekki þörf á að ítreka frekar ástæðurnar fyrir því að þetta frv. er flutt, þ. e. a. s. þörfina á auknu fjármagni til framkvæmda til byggingar íbúða og dvalarheimila fyrir aldrað fólk. Sú þörf er augljós og brýn. Og ekki síst er þess að vænta að með auknu fjármagni verði valdar hinar jákvæðari lausnir í þessum málum, þ. e. a. s. bygging íbúða fyrir hina öldruðu í ríkari mæli en bygging vistheimila með sjúkrahúsasniði.

Við flm. frv. bendum á ákveðna leið til úrbóta, ákveðna leið til að afla fjár. Sjálfsagt koma aðrar leiðir til greina, og við höldum því ekki fram að sú leið, sem við bendum á, sé hin eina rétta. En við væntum þess að sú nefnd, sem fær frv. til athugunar, hugi vel að þessu máli og bendi á aðrar leiðir til úrbóta, ef hún telur þessa ekki koma til greina.

Ég býst við því, herra forseti, að formlega væri rétt að vísa þessu frv. um breytingar á lögum um Byggingarsjóð aldraðs fólks til hv. félmn., en því frv., sem flutt er á þskj. 86, um breyt. á l. um skemmtanaskatt, hins vegar til hv. fjh.- og viðskn. Nú er flutningur beggja þessara frv. í rauninni eitt og sama málið og eðlilegast þess vegna, að sama n. athugi þau bæði. Líklega telst því eðlilegra að velja þá n. sem fjallar um skattheimtuna, fremur en þá sem ætti að fjalla um ráðstöfun fjárins. Geri ég það því að till. minni að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, frv. (þskj. 100). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv. er afleiðing af því samkomulagi sem gert hefur verið við vestur-þjóðverja. Í samkomulaginu er kveðið á um sérstök viðurlög við brotum á því. Þau viðurlög þarf að taka upp í íslensk lög, svo að þeim verði beitt, og enn fremur er nauðsynlegt að taka það fram hvaða íslenskt yfirvald tekur þá ákvörðun sem hér er um að tefla, þ. e. a. s. ákvörðun um að strika skip út af skrá. Það er í stuttu máli efni þessa frv. Og þar er kveðið svo á, að það skuli vera dómsmrn. sem tekur ákvörðun um það hvort skip sé strikað út af skrá þegar það telst hafa brotið ákvæði samkomulagsins. Ákvæðin í þessu frv., sem eru ákvæði til bráðabirgða, eru algjörlega sams konar og ákvæði í fyrri lögum, þau sem sett voru vegna samkomulagsins við breta á sínum tíma.

Ég held, herra forseti, að frv. þurfi ekki skýringa við. En þar sem ekki er hægt að beita viðurlögum, sem liggja við brotum á samningnum, fyrr en ákvæði þar um hafa verið tekin upp í íslensk lög, þá er auðvitað aðkallandi að þetta mál sé afgreitt. Ég vona líka að það sé ekki ágreiningur um þetta frv. út af fyrir sig, og þess vegna vil ég nú mælast til þess að meðferð þessa máls verði hraðað svo sem kostur er og fara þess á leit við hæstv. forseta, ef hann sér sér það fært, að þetta mál verði afgreitt frá d. í dag, — að allshn. gæti fengið lítið tóm til að líta á frv., en ég vil óska þess að frv. verði að lokinni 2. umr. vísað til hv. allshn.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Það verða ekki mörg orð, aðeins fyrirspurn. Það getur vel verið að það sé nauðsyn að kveða á um þessi viðurlög beint í lögum. En ég vil þá í leiðinni spyrja hæstv. dómsmrh. um hvernig fari með skip ef svo tækist til að það yrði staðið að því að hafa ólögleg veiðarfæri, hvort ekki yrði beitt meira en viðurlögum til að banna veiði. Ég tel rétt að sekta slíkt skip einnig. Það eru ströng ákvæði í okkar löggjöf um slíkt og minn skilningur er sá, þegar við höfum gert þennan samning, að þá nái okkar lög, eins og það var túlkað, held ég í umr., þá ná okkar ákvæði í lögum varðandi viðurlög og sektir yfir þau skip er veiðirétt hafa samkvæmt samkomulaginu sem gert hefur verið. Ég vil bara fá staðfest hvort þetta er réttur skilningur hjá mér, að séu viðurlög það alvarleg, þá komi sektir einnig til viðbótar veiðileyfissviptingu.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ef um er að ræða brot sem ákvæði samkomulagsins taka ekki til, þá koma almennar reglur til greina um þau.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Efri deild, 17. fundur.

Miðvikudaginn 3. des., að loknum 16. fundi.

Skemmtanaskattur, frv. (þskj. 86). — 1. umr.

Flm. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Á þskj. 86 flytjum við fjórir þm. Alþb. í þessari hv. d. frv. til l. um breyt. á lögum um skemmtanaskatt. Þetta frv. er flutt í beinum tengslum við frv. á þskj. 87 um breyt. á lögum um Byggingarsjóð aldraðs fólks. Þar er um eitt og sama mál að ræða. Ég hef nýlokið við að gera grein fyrir þessu máli í heild og sé því ekki ástæðu til þess að fjalla frekar um þetta frv. undir þessum dagskrárlið.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Í raun og veru er ekki neinu við að bæta þá greinargóðu framsögu sem hér hefur verið flutt fyrir þessum tveimur málum samtengdu, en ég vildi nú aðeins leggja áherslu á tvennt, þó ekki vegna þess að því væru ekki gerð nógu góð skil í framsögu, heldur rétt að koma því að hér frá okkur landsbyggðarmönnum sem erum þarna að meðflm.

Í fyrsta lagi er það auðvitað að með þessari auknu tekjuöflun, ef að lögum verður, getur sjóðurinn tekið að sér ólíkt meiri fyrirgreiðslu en verið hefur. Byggingarmál aldraðs fólks hafa verið á eftir, alveg sérstaklega úti á landsbyggðinni, eins og frsm. gat réttilega um, og þau ættu í raun og veru að hafa nokkurn forgang. Við teljum að hér sé um stórt skref í átt til þess að ræða og þá verður hægt að sinna fleirum en gert hefur verið til þessa af Byggingarsjóðnum, þ. e. með þessari fjáröflun sem hér er farið fram á. En í beinu samhengi við þetta bendi ég á að með auknum tekjum þessa sjóðs ber brýna nauðsyn til þess að þessi skattheimta, sem við erum hér að leggja til, verði til þess að Byggingarsjóðurinn dreifi fé sínu um landið þar sem þörfin er brýnust. Það er búið að undirstrika erfiðleikana hér, þar sem mest ber á þeim, — það ber mest á þeim hér í Reykjavík og nágrenni, — og eins hefur frsm. fyrir fyrra máli þessu samtengdu bent á það, hvað þessi mál séu víða í ólestri. En ég ætla að vona að þessi eðlilega skattheimta — mér finnst hún afskaplega eðlileg og sanngjörn af skiljanlegum ástæðum kannske — og aukna tekjuöflun sjóðnum til handa um leið bæti úr þessu ástandi úti á landi, þar sem sumir hafa verið að sinna þessum verkefnum, aðrir látið það ógert. Þetta er sem sagt mitt aðalábersluatriði varðandi mál þetta. Ég þekki þennan vanda svo vel víða austan að og þannig að sums staðar er þetta hreinlega til vansa, svo sem t. d. er í minni heimbyggð og skal viðurkennt.

Í leiðinni er svo rétt að ítreka þá þörf sem öldruðu fólki er á því að komast úr stóru húsnæði og dýru og geta átt kost á hagkvæmari fyrirgreiðslu til að kaupa minna húsnæði sem er meira við hæfi. Ég þekki mörg dæmi einmitt

þessarar tegundar, þessarar þarfar, sem er kannske enn brýnni víða úti á landi þar sem þyrfti kannske á sérstöku byggingarátaki að halda, líka vegna þess að þessar minni íbúðir eru þar víða ekki til þó að fólkið gæti keypt.

Ég vil aðeins sem sagt leggja áherslu á þetta, að þessi fjáröflun, sem við teljum eðlilega og sjálfsagða, verði til þess að þessi sjóður, sem hefur nú verið til lítils — kannske ekki rétt að segja einskis gagns, en til mjög lítils gagns til þessa, hann verði einmitt til gagns á þeim stöðum þar sem ekkert hefur verið gert eða lítið aðhafst, m. a. af fjárskorti, en því miður er það auðvitað líka víðar af algjöru skilningsleysi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Lax- og silungsveiði, frv. (þskj. 97). — 1. umr.

Flm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 97 flyt ég ásamt þremur öðrum hv. þm. frv. til l. um breyt. á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði. Það er ekki hægt að segja, að frv. þetta sé nýtt hér í d. Það hefur verið flutt á þremur þingum áður, 93., 94. og 96. löggjafarþingum. Frv. fjallar um að nema úr lögum ákvæði sem nú er í 14. gr. laga um lax- og silungsveiði, þar sem slík veiði er heimiluð í sjó, þar sem laxveiði í sjó hefur verið metin sérstaklega til dýrleika á fasteignamati, eins og þar segir.

Fyrir þessu frv. hefur verið gerð allítarleg grein í þessari hv. d. og ég get því haft orð mín fá. Ég vil aðeins leggja áherslu á þetta atriði: Við íslendingar höfum haft forustu um skynsamlega meðferð á laxveiði í sjó. Við höfum beitt okkur fyrir sem mestri friðun þar. Okkur hefur tekist hér í okkar landi að auka laxgöngu í ár og þykir mörgum það til fyrirmyndar. En því er ekki að neita, að það ákvæði, sem hér um ræðir, hefur valdið nokkrum erfiðleikum. Það hefur valdið deilum manna á meðal. Það hefur verið klögumál um misnotkun og fleira og samræmist ekki þeirri stefnu okkar íslendinga að koma í veg fyrir laxveiði í sjó. En það er fyrst og fremst með þetta í huga sem frv. hefur verið flutt á þessum þingum öllum.

Hv. landbn. hefur haft frv. til meðferðar og nú haft það svo oft og svo ítarlega að ég leyfi mér að treysta því, að hún sjái sér fært að afgr. það á þessu þingi. Hitt skal ég viðurkenna, að frv. hefur oft verið seint fram lagt. Nú er það lagt fram snemma þings og vænti ég að tími verði því nægur til afgreiðslu þessa máls á þessu þingi.

Að lokinni þessari umr. legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Meðferð einkamála í héraði, frv. (þskj. 47, n. 98). — 2. umr.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Mál þetta var til umr. í Ed. á síðasta þingi og hlaut afgreiðslu úr d. með nokkrum breytingum. Allshn. hefur á ný fjallað um mál þetta og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess og mun flytja við 3. umr. sömu brtt. eða svipaðar og þær sem fluttar voru á síðasta þingi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, frv. (þskj. 100, n. 106). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Allshn. hefur athugað frv. til l. um viðauka við lög nr. 102 27. des. 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, sbr. lög nr. 14 26. mars 1974 og lög nr. 72 14. okt. 1975. Axel Jónsson var fjarstaddur á fundi n., en allir nm., sem mættir voru, mæla með því shlj. að frv. verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Efri deild, 18. fundur.

Miðvikudaginn 3. des., að loknum 17. fundi.

Veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, frv. (þskj. 100). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 20. fundur.

Miðvikudaginn 3. des., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi forseti. Ástæða þess, að ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár að þessu sinni, er sú, að það hefur

vakið athygli mína að það er haft í fjölmiðlum eftir landhelgisgæslunni eða málsvörum hennar að belgiskir togarar séu nú að veiðum í fiskveiðilögsögu Íslands í leyfi anda samkomulags sem hafði verið gert milli íslendinga og belga um veiðiheimildir til belgískra fiskiskipa í íslenskri fiskveiðilögsögu. Þetta hefur vakið undrun mína mjög. Mér er að vísu kunnugt um að hæstv. ríkisstj. hefur gert slíka samninga. Ég tel hins vegar tvímælalaust að þeir samningar séu ekki gildir þar sem þeir hafa ekki verið staðfestir af Alþ. Ég tel ótvírætt að engir undanþágusamningar séu nú í gildi við belga um veiðiheimildir innan íslenskrar landhelgi, þótt vera kunni að íslenska ríkisstj. sé búin að ljúka slíkri samningsgerð fyrir sitt leyti. Ég tel því að ef belgískir togarar eru að veiðum innan íslensku landhelginnar, þá séu þeir þar í óleyfi og landhelgisgæslunni beri að sjálfsögðu að stugga þeim brott. Til þess að færa frekari rök fyrir þessari skoðun langar mig m. a. að vitna í 21. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Forseti lýðveldisins gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins nema samþykki Alþ. komi til.“

Hæstv. dómsmrh. hefur einnig ritað um þetta mál í bókinni Stjórnskipan Íslands. Þar segir á bls. 373, í kaflanum um samninga við önnur ríki, með leyfi forseta:

„Samkv. 21. gr. stjórnarskrárinnar gerir forseti lýðveldisins samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins nema samþykki Alþ. komi til. Þegar um er að ræða milliríkjasamninga er oftast nær greint á milli samningsgerðarinnar sjálfrar og staðfestingar samningsins. Þegar 21. gr. stjórnarskrárinnar segir, að forseti geri samninga við önnur ríki, er fyrst og fremst átt við staðfestinguna, enda verður samningurinn fyrst við hana skuldbindandi fyrir ríkið.“

Í þessari sömu bók segir hæstv. dómsmrh. enn fremur, með leyfi forseta:

„Stundum komast og milliríkjasamningar á með svokölluðum nótuskiptum á milli ríkisstj. Þegar um er að ræða samninga á milli margra ríkja eru þeir oft gerðir í formi alþjóðasamþykktar sem gerð er af ráðstefnu sem aðildarríkin eiga fulltrúa á. Undirrita þeir fulltrúar þá oftast nær samþykktina fyrir hönd ríkisstj. sinna. En þó að þessar undirskriftir hafi farið fram er aðalreglan sú að milliríkjasamningurinn sé enn ekki orðinn endanlega skuldbindandi fyrir ríkið. Þar þarf meira til að koma, þ. e. a. s. staðfesting samningsins með þeim hætti sem fyrir er mælt í stjórnlögum viðkomandi ríkis.“

Þá segir hæstv. dómsmrh. enn fremur á bls. 377:

„Forseta er óheimilt að staðfesta samninginn fyrr en samþykki Alþ. liggur fyrir. Mundi ráðh. sá, er veitti atbeina sinn til fullgildingar samnings þess eðlis sem hér er um að ræða, án þess að samþykki Alþ. væri fengið, baka sér ábyrgð.“

Ég tel að af þessum tilvitnunum sé tvímælalaust að eins og nú standa sakir sé enginn landhelgissamningur í gildi við belga. Ég tel því ótvírætt að þau belgísku veiðiskip, sem eru að veiðum innan íslensku fiskveiðilögsögunnar nú þessa dagana, séu þar í algjöru óleyfi, og ég tel að það, sem haft hefur verið eftir landhelgisgæslunni um að íslenska landhelgisgæslan láti þau skip óáreitt vegna samningsins sé á misskilningi byggt.

Ég vil þá beina þeirri spurningu í fyrsta lagi til hæstv. dómsmrh., hvort þetta sé ekki réttur skilningur hjá mér, að belgísk fiskiskip, sem kunna að vera að veiðum í landhelgi Íslands, séu þar í óleyfi, þar sem samningurinn við belga hafi ekki verið staðfestur af Alþ. Íslendinga. Í öðru lagi vil ég spyrja hæstv. dómsmrh.: Hafa af hans völdum verið gefin út nokkur fyrirmæli til landhelgisgæslunnar um að láta þessa togara óáreitta?

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég hef nú samninginn við belga ekki við höndina og því miður kann ég hann ekki utanbókar, en ég verð að svara spurningum hv. fyrirspyrjanda á þá lund að við teljum þessi samningsákvæði, sem undirrituð hafa verið af utanrrh. og að ég hygg sendiherra Belgíu með umboði, bindandi a. m. k. til bráðabirgða.

Í þessum samningi er, ef ég man rétt, fækkað þeim skipum sem belgar mega hafa hér. Það er dreift svæðum, að ég hygg, og minnkað aflamagn. Við mundum telja belga þegar í stað við skipti á þessum orðsendingum, sem þarna hafa farið á milli, bundna af þessu samkomulagi, þannig að við mundum telja þá brotlega við þetta samkomulag ef þeir t. d. sendu hingað fleiri skip eða færu á önnur veiðisvæði en tiltekin eru í þessum samningi. Að vísu er ekki fyrri samningurinn í gildi og ekki við það miðað, en belgar hafa ekki frekar en aðrir viðurkennt þessa landhelgi svo að belgiskir togarar gætu einhverjir tekið upp á því að koma hingað fleiri en gert er ráð fyrir og þá mundum við telja að um brot væri að tefla á þessum samningsákvæðum. Í annan stað munum við telja okkur líka bundna af þessum ákvæðum, og ég sem yfirmaður landhelgisgæslunnar er nú bundinn af þeim og framkvæmd landhelgisgæslunnar verður hagað samkv. því. Ég hygg að þessi samningur við belga kalli ekki á nein ný íslensk lagaákvæði eða breyt. á lögum. Ef ég man rétt — og ég verð þá leiðréttur ef mig misminnir — var algjörlega sami háttur hafður á síðast þegar samningur við belga var gerður. Það var ekki fyrr en síðar að hann var borinn undir Alþ. Fyrir utan það eru þess allmörg dæmi a. m. k. að það hafi átt sér stað að samningar hafi verið gerðir og þar á meðal mjög þýðingarmiklir og mikilvægir samningar og samþykkis Alþ. ekki verið leitað fyrr en eftir á. Ég hygg að ég geti þeirra undantekninga líka í minni bók þó að ég muni nú ekki heldur nákvæmlega hvað ég hef skrifað þar.

Ég held þess vegna að það gegni dálítið öðru máli með þessa samninga heldur en samningana við þjóðverja, af því að þeir kalla beinlínis á lagabreytingu, það hefur verið lagt fram frv. til þess að hægt sé að fullnægja þeim viðurlögum

sem ákveðin eru í þeim samningi, það sé hægt að fullnægja þeim viðurlögum af íslenskum yfirvöldum. Engu líku er til að dreifa þegar um belgíska samninginn er að tefla. Hitt er annað mál, að það er auðvitað ljóst að þennan samning á að leggja fyrir Alþ. og hann verður að sjálfsögðu lagður fyrir Alþ. Og hvað sem kenningum líður um nauðsyn fyrirframsamþykkta við gerð samninga eða ekki, þá er enginn vafi á því að þegar samningurinn hefur verið samþ. af Alþ., þá er endanlegt gildi hans alveg ótvírætt. En bráðabirgðagildi hans fyrir íslensk stjórnvöld og belgísk tel ég líka vera það á meðan meiri hl. Alþ. hefur ekki hafnað honum.

Annars er þetta mál sem kannske heyrir frekar undir utanrrh. en mig, en hann er nú ekki hér í dag. En ég held að ég þurfi ekki miklu við þetta að bæta. Mér er auðvitað vel kunnugt um að í þjóðarétti eru ekki skiptar skoðanir um hvert sé gildi stjórnarskrárákvæða slíkra sem 21. gr. Sumir telja að það sé algert gildisskilyrði fyrir þjóðréttarlegri skuldbindingu. Ymis ríki fylgja hins vegar hinni reglunni, að það sé ekki nauðsynlegt skilyrði fyrir því að ríki geti verið þjóðréttarlega skuldbundið, sem sé að það hvíli ekki skylda til þess á viðkomandi samningsríki að fara að kanna það hverju sinni hvernig stjórnlögum hins samningsaðilans sé háttað. Út í bollaleggingar um þetta ætla ég ekki að fara. Ég held að aðalatriðið í þessu sé það fordæmi sem ég hef vitnað til og ég man ekki betur en að sé þannig að þetta sé alveg nákvæmlega sami háttur og var fylgt við síðustu samninga við belga.

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi forseti. Þar sem hér er um talsvert veigamikið mál að ræða vona ég að mér líðist að hafa mína örstuttu athugasemd í heldur lengra lagi þótt ég skuli ekki fara illa með tímann.

Það er rétt að mér er kunnugt um að það er fordæmi fyrir því að heimila erlendum þjóðum veiðar við Ísland samkv. samningi sem ekki hefur verið staðfestur á Alþ. En mér er líka kunnugt um að það er a. m. k. talsvert ágreiningsmál lögfræðinga hvort slíkt sé leyfilegt. Ég get gjarnan upplýst það að ég hafði í morgun samband við einn af prófessorum lagadeildar Háskóla Íslands og hann tjáði mér að það væri ekki löglegt og það væri ekki í anda 21. gr. stjórnarskrárinnar að heimila erlendum veiðiskipum veiðar í íslenskri fiskveiðilögsögu samkv. samningi sem ekki hefði verið fullgiltur á Alþ. íslendinga.

Þá hefur það einnig verið nefnt að hér sé um bráðabirgðafyrirkomulag að ræða. Á bls. 377 í bókinni Stjórnskipan Íslands eftir hæstv. dómsmrh. er fjallað um gerð millirikjasamninga, þar segir svo, með leyfi forseta: „Hins vegar er auðsætt að brbl. stoða hér ekkert“ — þ. e. a. s. til fullgildingar slíks samnings — „því að þau eru gefin án þess að samþykki Alþ. liggi fyrir“. Með þessu lýsir hæstv. ráðh. því skýrt og skorinort yfir að bráðabirgðalagasetning dugi ekki þar sem samþykki Alþ. liggi ekki fyrir, og þá get ég ekki ímyndað mér að ákvörðun ríkisstj. dugi á þeim tíma sem Alþ. situr þó að störfum.

Þá vil ég enn fremur ítreka það sem ég sagði í ræðu minni hér áðan, þar sem hæstv. ráðh. segir í bók sinni: „Stundum komast og millirikjasamningar á með svokölluðum nótuskiptum á milli viðkomandi ríkisstj.“ — og svo síðar: „En þó að þessar undirskriftir hafi farið fram er aðalreglan sú að millirikjasamningurinn sé enn ekki orðinn endanlega skuldbindandi fyrir ríkið. Þar þarf meira til að koma, þ. e. a. s. staðfesting samningsins með þeim hætti sem fyrir er mælt í stjórnlögum viðkomandi ríkis.“ Ég tel að þetta sé algjörlega ótvírætt og í samræmi við álits þess lagaprófessors sem ég hafði samband við í morgun, að ráðabreytni eins og sú að heimila belgískum togurum veiðar í íslenskri landhelgi samkv. samningi, sem enn hefur ekki verið staðfestur á löglegan hátt af Alþ. íslendinga, sé brot á lögum og 21. gr. sjálfrar stjórnarskrár íslenska lýðveldisins. Ég vil a. m. k. eindregið mælast til þess af hæstv. ríkisstj. að hún láti ekki langan tíma líða áður en hún leggur þessa samninga sína fyrir hv. Alþ. til staðfestingar, því að ég hef þá von — við skulum ekki segja trú — að svo kunni að fara að þeir samningar verði felldir, og þá er betra fyrir hæstv. ríkisstj. að hafa ekki of lengi staðið að því að heimila erlendum veiðiþjófum veiðiþjófnað á Íslandsmiðum án samþykkis Alþingis.

Jón Skaftason: Virðulegi forseti. Fjölmiðlar hafa skýrt frá því í gær og í dag að í gærmorgun kl. 4.40 hafi varðskipið Árvakur skorið á vörpu breska togarans Port Vale frá Grimsby þar sem hann var að veiðum um 33 mílur vestur af Straumnesi. Það vildi svo heppilega til að varðskipsmönnum tókst að ná í vörpu togarans eða a. m. k. slitur úr henni og við athugun kom í ljós að poki vörpunnar var klæddur að innan með smáriðinni klæðningu sem kemur í veg fyrir að smáfiskur, sem lenda kann í vörpunni, sleppi þar út.

Þetta atvik sannar ótvírætt að hinn breski togari hafi ekki aðeins brotið íslensk lög með notkun slíkrar vörpu, heldur einnig lög og samþykktir sem englendingar eru sjálfir aðilar að.

Ég held að ég geti fullyrt að þetta sé einstakur atburður, að landhelgisgæslunni hafi tekist að ná í botnvörpu frá útlendu veiðiskipi þar sem hægt er að staðreyna að hún er með smáriðnum poka. Ég hygg þó að ég muni það rétt að fyrir nokkru var slædd upp af miðunum hér umhverfis landið botnvarpa sem klædd var að innan með smáriðinni nót og líkur bentu til þess að hér væri um að ræða veiðarfæri frá þýskum togara, en engar sannanir munu þó hafa fengist fyrir því.

Ég held að miðað við aðstæður og allra hluta vegna eigi íslensk stjórnvöld að nota sér mjög vel þetta atvik. Það er enginn minnsti vafi á því að það stendur talsvert upp á okkur íslendinga um kynningu okkar málstaðar í landhelgismálinu á erlendri grund. Því vil ég af þessu tilefni og nú beina þeirri áskorun til hæstv. ríkisstj. að hún láti nú þegar hefja undirbúning að gerð kvikmyndar, kynningarkvikmyndar um landhelgismálið, sögu landhelgismálsins á Íslandi, ástæðurnar fyrir því að við höfum lagt

í að færa íslenska fiskveiðilandhelgi ítrekað út, — þrátt fyrir að við næstum því með fullri vissu fyrir fram gátum reiknað með að lenda í baráttu við erlendar veiðiþjóðir, — þar sem rök okkar fyrir þessum aðgerðum okkar íslendinga kæmu vel fram, og þá yrði í þeirri kvikmynd þessa atburðar og hinnar ólöglegu vörpu getið vel og gefið gott rúm í þessari kvikmynd.

Ég hygg að flest óbrjálað fólk um allan heim skilji hversu lífsfjandsamleg starfsemi er rekin af þeim veiðiþjóðum sem nota smáriðna vörpu til þess að fiska hér á Íslandsmiðum, — vörpu sem drepur ungviði í hundruðum og þúsundum tonna talið, sem síðan er sópað öllu aftur dauðu í sjóinn ef ekki er um verksmiðjutogara að ræða. Ef þetta yrði sýnt í sjónvarpi nágrannalanda okkar og fleiri landa, þá mundi það verða betri kynning á okkar málstað en margt annað sem hefur verði gert í þessum efnum og þá fengju kannske fleiri það á tilfinninguna að við íslendingar værum ekki að berjast eingöngu fyrir þröngum sérhagsmunum okkar þjóðar þegar við erum að reyna að verndа fiskimiðin frá því að vera eyðilögð, því að svo sannarlega eru fiskimiðin kringum Ísland auðugt matarbúr í heimi þar sem hungur ríkir mjög víða og því ábyrgðarhluti að eyðileggja þau.

Lúðvík Jósepsson: Forseti. Ég skal nú ekki blanda mér í deilur um það hvað er löglegt í sambandi við framkvæmd á þegar gerðum samningi við belgíumenn varðandi landhelgina. Það er eflaust rétt að það hefur verið gert áður að byrja að framkvæma slíka samninga áður en þeir hafa verið staðfestir hér á Alþ. og vitnað í ákveðin lög af því tilefni.

En það, sem mér þykir rétt að vekja athygli á í þessu sambandi, er að það samkomulag, sem nú hefur verið gert við belgíumenn, hefur enn ekki verið lagt fyrir landhelgisnefnd. Það hefur ekki verið birt opinberlega, bara sagt frá því að samkomulag hafi náðst, og það hefur ekki komið fram nein formleg tilkynning um þetta samkomulag. Þarna þykir mér mikið á skorta í sambandi við jafnmikið mál og þetta er. Þó að stjórnvöld hafi leyfi samkv. lögum til þess að gera millirikjasamninga sem breyta okkar lagaframkvæmd varðandi landhelgi, þá finnst mér lágmarkið vera að það sé formlega skýrt frá slíku samkomulagi og það komi alveg skýrt fram hvers efnis það er í öllum greinum og þeir aðilar, sem með málið hafa haft að gera, fái a. m. k. að fylgjast með því áður en það er tekið til beinna framkvæmda. En þetta er aðeins innskot af minni hálfu.

En tilefni þess að ég kvaddi mér hljóðs var annað atriði í sambandi við landhelgisgæsluna. Ég hef veitt því athygli að frá því hefur verið skýrt nú síðustu daga, að landhelgisgæsluskip eru að mínum dómi í býsna einkennilegu stússi við gæsluskip breta hér á miðunum, — skip sem óumdeilanlega eru að aðstoða við lögbrot. Frá því er skýrt að landhelgisgæsluskip okkar kom inn á höfn á Austurlandi til þess að reyna að bjarga einu slíku skipi þar frá bryggju þegar það réð ekki við það sjálft, til þess að reyna þá að koma þessu skipi í þá starfsemi sem tvímælalaust er tengd við að brjóta okkar lög. Í fyrsta lagi verð ég að segja það, að mér þótti það einkennilegt að þessu breska gæsluskipi skyldi vera veitt leyfi til þess að fara upp að bryggju. Ég sé ekki neina ástæðu til þess. En hitt er þó öllu furðulegra, að leyfa því ekki að dúsa við bryggju fyrst það hafði asnast þangað og gat ekki komist sjálft í burtu, að þá skyldi farið að senda okkar gæsluskip til þess að draga það út aftur og láta það taka upp sína fyrri iðju, að aðstoða lögbrjóta.

Hitt atvikið er svo það, að það er sagt frá því að breskt gæsluskip þarf að leita hafnar með sjúkan mann og þá fylgir okkar landhelgisgæsluskip þessu gæsluskipi alveg inn á höfn og virðist vera eins og einhver leiðbeinandi og aðstoðarskip í þessu tilfelli. Allt þykir mér þetta afskaplega furðulegt, og ég vil fyrir mitt leyti taka það fram að ég álít að það sé lágmarksatvik frá okkar hálfu að okkar gæsluskip aðstoði ekki á einn eða neinn hátt þessi aðstoðarskip lögbrjótanna. Það hefur verið mörkuð sú stefna að taka við sjúkum mönnum, og það verður eflaust gert. En öll aðstoð umfram það á ekki að eiga sér stað og við eigum ekki að vera að eyða okkar skipakosti í slíkt.

Í tilefni af þessu vil ég aðeins spyrja hæstv. dómsmrh. um það, hvort honum séu kunn þessi sérstöku atvik og hvort þetta sé með samþykki hans eða yfirstjórnar hér á landi eða hvort þetta sé til komið á annan hátt og hvort honum finnist ekki vera ástæða til þess að brýna það fyrir öllum, sem með hafa að gera, að við lítum á þessi sérstöku gæsluskip breta, úr því sem komið er, sem aðstoðarskip lögbrjóta og við lítum í rauninni á þau sem hverja aðra lögbrjóta og eigum að haga okkur samkv. því. — Ég vildi gjarnan að hæstv. ráðh. vildi svara þessum spurningum mínum.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Út af því fyrst, sem hv. þm. Reykn., Jón Skaftason, sagði, þá tek ég undir það, sem hann benti á, að þarna hefur verið náð í mjög gott sönnunargagn sem sjálfsagt er að reyna að gera sér sem mestan mat úr. Einnig er sú ábending hans athygli verð að láta gera kvikmynd um þessi mál. Ég vil taka það fram að sjónvarpið hefur fengið leyfi til þess að fara með varðskipi, ég veit ekki hvort það hefur enn þá tekist. Veðrið hefur yfirleitt ekki verið gott að undanförnu. Og það eru enn fremur umsóknir frá erlendum sjónvarpsmönnum, og ég geri ráð fyrir að það verði reynt að hliðra svo til að þeir geti komist með. En það verða menn auðvitað að skilja, að því eru viss takmörk sett hvað t. d. hægt er að setja marga menn þannig um borð og enn fremur að varðskipin geta ekki hagað ferðum sínum með tilliti til eða eftir óskum slíkra manna, heldur geta þeir þá þurft að eiga þar lengri dvöl en þeim finnst gott í misjöfnu veðri.

Annars finnst mér fyrir mitt leyti að hafi verið gert of mikið úr því hér í sambandi við þessar umr., sem ég ætti síst að verða til þess að vekja upp aftur, að landhelgismálið hafi verið eitthvað sérstaklega slælega kynnt nú. Ég held að það væri ástæða til fyrir einhverja þm. að

spyrja sig — ekki kannske eins og er gert í einu bókarheiti: „Hvað varstu að gera öll þessi ár?“ — heldur að því, hvað þeir hafi verið að aðhafast á öllum þeim ráðstefnum sem þeir hafa sótt að undanförnu. Ég veit ekki betur en það hafi verið sendir undanfarin ár 10 alþm. eða igildi þeirra á þing Sameinuðu þjóðanna. Ég ætla að þeir hafi ekki dregið af sér þar við að kynna málstað okkar í þessu máli. Ég veit ekki betur en það hafi sótt, að ég ætla, 5 þm. hafréttarráðstefnu hverja, og ekki hafa þeir legið á liði sínu. Ég veit ekki betur en hver og einn einasti ráðh., sem hefur t. d. farið á einhvern fund, hefur notað tækifærið til þess að halda þar ræðu og þá víkja sérstaklega að þessu máli. En það hefur kannske ekki með þessum hætti nægilega komist út til almennings. Þó hygg ég mála sannast að það sé t. d. talsvert öðruvísi skrifað um landhelgismálið nú í bresk blöð heldur en var þegar síðast var fært út og það sé kynnt betur en þá átti sér stað, málstaðurinn frá báðum sjónarmiðum. En þá held ég að það hafi verið mjög einhliða áróður sem hafður var uppi í breskum blöðum. En þetta var nú útúrdúr.

Mér finnst sjálfsagt og eðlilegt að till. um samþykkt á þessu samkomulagi verði lögð fram hið fyrsta, og ég skal koma þeim skilaboðum til utanrrh. Ég er ekki í landhelgisnefnd, svo að ég get ekki svarað fyrir hana. En viðvíkjandi þeim sjúkraflutningum sem hv. þm. Lúðvík Jósepsson gerði að umtalsefni, þá er í sjálfu sér kærkomið að gera nánari grein fyrir þeim.

Það er rétt, eins og hann sagði, að það hefur verið stefna hjá okkur allt okkar landhelgisstríð að neita ekki að taka við sjúkum eða slösuðum mönnum, — mönnum sem þyrftu virkilega að komast undir læknishendur. Það kann að hafa verið mismunandi framkvæmd á því, hvort skipum hefur verið leyft að koma að bryggju með slíka menn eða það hafi verið tekið á móti þeim annars staðar. Þessari stefnu held ég að verði að fylgja í þessum átökum eins og áður. Það hafa átt sér stað þrjú tilfelli á þessum dögum.

Í fyrsta tilfellinu, sem átti sér stað þegar skip kom til Norðfjarðar, fór það ekki upp að bryggju, heldur sendi bát með manninn sem var spánverji eða einhverrar annarrar þjóðar. En hvað um það, þá kann nú að vera að það hafi átt sér stað einhver misskilningur um veikindi þessa manns, hversu alvarleg þau væru. Ég vil ekki fullyrða að þau hafi verið sögð alvarlegri en þau reyndust vera í raun og veru — og þau reyndust ekki vera alvarleg. En það var tekið gott og gilt og honum var veitt leyfi til að koma með hann. Hins vegar var það alger misnotkun sem átti sér stað, — misnotkun sem verður að vita harðlega, — að hafa notað tækifærið til þess að setja póst um borð. Til þess hafði vitaskuld aldrei neitt leyfi verið veitt og mjög vítavert að mínum dómi.

Annað tilfelli var svo að það var komið til Seyðisfjarðar með mann sem voru gefnar upplýsingar um að mundi vera lærbrotinn eða mjaðmarbrotinn, að mig minnir. Þegar svo á sjúkrahúsið kom reyndust sem betur fer þessi meiðsl mannsins ekki eins alvarleg og leit út fyrir, heldur reyndist þarna vera um allmikið mar að ræða, og maðurinn fór af spítalanum eftir stuttan tíma. Ég hef látið hafa samband við sjúkrahúslækni á þessum stað, og hann hefur talið að eins og þetta leit út hafi ekki verið hægt að skera úr því fyrir fram hvort þarna var um alvarleg meiðsl að tefla eða þau sem svo reyndust.

Svo er þriðja tilfellið sem átti sér stað nú alveg nýskeð. Þar er um handleggsbrotinn mann að tefla sem veitt var leyfi til að koma með.

En þó að þessari reglu verði fylgt, að taka á móti sjúkum mönnum og slösuðum, þá hafa þessi tilfelli gefið ástæðu til að vera hér vel á verði, og dómsmrn. hefur í dag ritað utanrrn. og beðið það að koma því á framfæri við breska sendiráðið að lögð verði áhersla á að þessi heimild verði ekki misnotuð, við mundum taka vel eftir því ef við teldum að misnotkun ætti sér stað í þessum efnum og a. m. k. fyrsta tilfellið af þessum hefði verið til þess fallið að vekja tortryggni. Þarna sem sagt má ekki eiga sér stað að það sé stofnað til neinnar tortryggni í þessu sambandi, og það verða bretar að skilja, þó að við ætlum eins og áður að halda upptekknum hætti með að veita nauðsynlega sjúkrahjálp þeim sem þess þurfa með.

Það má svo segja að það hafi komið til sögunnar þarna viss gamanþáttur inn á milli þegar aðstoðarskipið Miranda komst ekki hjálparlaust frá bryggju á Seyðisfirði. Ég verð að segja það, að það var ekki haft neitt samband við mig áður en þetta var gert, að draga það frá bryggju, heldur hygg ég að þar hafi ráðið — ég veit ekki hvað ég á að segja: riddaramennska okkar varðskipsforingja að þetta var gert, að hjálpa skipinu frá bryggju með þessum hætti.

Ég skal svo endurtaka það, að það verður höfð ströng gát á því að misnotkun eigi sér ekki stað í sambandi við sjúkraflutningana.

Karvel Pálmason: Virðulegi forseti. Ég ætlaði mér ekki að taka þátt í þessum umr., en ástæðan fyrir því að ég hef kvatt mér hljóðs er sú að hv. þm. Jón Skaftason kom hér inn á atriði sem ég vildi aðeins frekar ræða um. En áður en ég kem að því vil ég aðeins segja það, að það atriði, sem er upphaf þessara umr. hér, eins og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson gerði að umræðuefni, er auðvitað enn eitt dæmið um það með hversu óskynsamlegum hætti hæstv. ríkisstj. stendur að framkvæmd landhelgismálsins. Það virðist vera svo, því miður, að það sé farið að framkvæma samkomulag áður en það er meira að segja lagt fyrir landhelgisnefndina og því síður að því er virðist vera Alþ. sjálft. Þetta er auðvitað óskynsamleg meðferð máls. En nóg um það.

Eins og hv. þm. Jón Skaftason kom inn á, þá átti það sér stað snemma í gærmorgun á Vestfjarðamiðum, út af Straumnesi, að Árvakur halastýfði þar einn veiðiþjóf breskan. Að því er fréttir herma voru kringumstæður þær að þessi breski veiðiþjófur var með trollið á síðunni, og ég hef velt því fyrir mér sem leikmaður og sjálfsagt hefur fjöldinn allur annarra manna velt því fyrir sér sem leikmenn hvort hér hafi ekki verið það tækifæri sem best hefur gefist til þess að handtaka veiðiþjóf. Mér sýnist, án þess að ég

vilji neitt um þetta fullyrða, — ég tek það fram, þetta eru aðeins hugleiðingar sem ég hef gert með sjálfum mér, — mér finnst ekki ólíklegt að ætla, eftir því sem atburðum er lýst, að hér hafi kannske verið hvað best tækifæri til þess að handsama veiðiþjóf. Ég vildi því allra vinsamlegast að sjálfsögðu beina því til hæstv. dómsmrh. hvort hann gæti eitthvað upplýst um það hér hvort tilraun hafi verið gerð til þess að handsama þennan veiðiþjóf, — hafi svo ekki verið, hvaða ástæður það hafi þá fyrst og fremst verið sem mönnum sýndust koma í veg fyrir að slíkt gæti gerst. Ég er ekki í neinum vafa um það, a. m. k. vona ég að menn hafi hugleitt hvort ekki væri hér tækifæri til þess að handsama einn af þessum bresku veiðiþjófum.

Ég vildi mjög gjarnan spyrja hæstv. dómsmrh. um hvort það hafi verið eitthvað sérstakt sem kom í veg fyrir að það væri hægt að handsama þennan togara og færa hann til hafnar. En eins og ég segi, ég vil ekki fullyrða hér um þetta, en að því er manni hefur skilist á fréttafluntingi af þessum atburði, þá virðist manni sem þessi breski veiðiþjófur hafi verið nokkuð bjargarlítill eða bjargarlaus, eins og þær kringumstæður voru sem þarna er um að ræða. Þess vegna vek ég máls á þessu hér, hvort hæstv. ráðh. gæti eitthvað upplýst frekar um ástæður fyrir því að ekki var lengra gengið en raun bar vitni með því að klippa á troll togarans.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Skipherrar varðskipanna gera skriflega skýrslu um hvern slíkan atburð sem þennan. Ég hef ekki séð enn þá skýrslu skipherrans sem hér er um að ræða. Það þarf náttúrlega ekki að taka það fram að ég stend ekki í daglegu sambandi við varðskipin, heldur er það Landhelgisgæslan eða stjórnstöð hennar í landi. Ég skal þess vegna ekkert fullyrða um það hvernig atvikum þarna hefur verið háttað. En hitt vil ég segja, að varðskipsforingjar vita að það er minn vilji og fyrirskipanir að þeir taki brotleg skip hvenær sem þeir telja sér það fært án þess að stofna sínu skipi eða mannslífum í voða. Ég tel mig þekkja dugnað skipstjóranna það vel, að ég tel að það hafi sjálfsagt eitthvað verið þarna sem hefur verið þannig vaxið að þeir hafi ekki talið fært að eiga við þetta. En sem sagt, skýrsla kemur um þennan atburð og þá verður nánar hægt að skýra það út.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Í tilefni af fsp. hv. þm. Sighvats Björgvinssonar finnst mér rétt að segja frá því að þegar landhelgissamningurinn við belgíumenn var til meðferðar kom talsvert til athugunar það atriði sem fsp. hans fjallaði um. Þá stóð þannig á að þing var ekki starfandi. Ég hygg að samningurinn hafi verið gerður í byrjun sept. 1972, en þing kom ekki saman fyrr en í okt. og það kom þess vegna til athugunar hvort samningurinn ætti að taka gildi áður en þing kæmi saman og hægt væri að leggja hann fyrir það. Niðurstaðan varð sú, að það var eðlilegt að samningurinn tæki gildi strax, og það var m. a. byggt á tveimur fordæmum um hliðstæða samninga. Sumarið 1961, 19. júlí, var undirritaður sérstakur landhelgissamningur við vestur-þjóðverja. Hann var ekki lagður fyrir Alþ. fyrr en í okt. 1961 og ekki afgreiddur þaðan fyrr en í mars 1962. 1. ágúst 1961 var líka gerður sérstakur landhelgissamningur við færeyinga. Hann var ekki lagður fyrir Alþ. fyrr en það kom saman um haustið og ekki afgreiddur fyrr en um veturinn. Um báða þessa samninga fjölluðu mjög lögfróðir menn, þáv. dómsmrh., Bjarni heitinn Benediktsson, og núv. sendiherra okkar í Stokkhólmi, Guðmundur Í Guðmundsson, sem þá var utanrrh. Þeir hafa að sjálfsögðu báðir litið þannig á að það væri algerlega rétt lögum samkv. að samningarnir tækju strax gildi eða 19. júlí og 1. ágúst 1961, þó að þeir yrðu ekki lagðir fyrir þingið fyrr en þá um haustið og ekki samþ. fyrr en síðar um veturinn.

Það var vegna þessara tveggja fordæma sem þótti eðlilegt að láta landhelgissamninginn við belgíumenn, sem gerður var haustið 1972, taka strax gildi, þó að ekki væri hægt að fá samþykki Alþingis fyrir honum fyrr en síðar.

Ég held að þetta sé algild regla sem hinir færustu lögfræðingar hafa viðurkennt, og ég vil taka það fram í sambandi við þessa tvo samninga, sem voru gerðir 1961, að þá komu engin mótmæli gegn þessari málsmeðferð af hálfu stjórnarandstöðunnar, vegna þess að hún var talin eðlileg og rétt. Þess vegna held ég að sú fsp., sem hér kom fram af hálfu hv. þm., sé sprottin af misskilningi, vegna þess að hann hafi ekki kynnt sér nægjanlega vel hvernig fordæmi hafa verið í þessum efnum.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég ætla fyrst að beina tilmælum til hæstv. dómsmrh. Það eru tilmæli til hæstv. dómsmrh. sem ég vil beina til hans í fullri vinsemd. Það er þannig með okkur, sem sitjum þarna úti í horninu, að við eigum oft erfitt með að heyra hvað hæstv. ráðh. segir. Það eru tilmæli okkar að hann tali ofurlítið hærra. Þetta er einkum áberandi þegar um er að ræða rólegar umr. eins og hafa átt sér stað hér núna. Þetta er ekki alveg eins slæmt þegar fýkur svolítið í hæstv. ráðh. (Gripið fram í.) Já, mér litist vel á að þeir færu báðir í meðaltal. Ég heyri að hæstv. ráðh. tekur vinsamlega undir þessi tilmæli.

Hér hefur verið rætt um það, sem ráðh. kallar sjúkraflutninga aðstoðarskipanna bresku og fundið að ýmsu í sambandi við þá. Ég tel að iðulega sé um að ræða og reyndar í öllum tilfellum, sem hér hafa verið nefnd, hafi verið um að ræða aðstoð við menn sem hefði verið hægt að hjúkra um borð í þessum skipum. Miranda og Othello eru hvort tveggja það sem bretar nefna spítalaskip. Þar er aðstaða til þess að gera að fótbrotnum mönnum t. d. eða handleggsbrotnum, og ef skipstjórar þessara skipa halda því fram að þeir geti ekki gert það um borð, þá sýnist mér ósköp einfalt mál að benda þeim á að sigla með þessa menn heim til sín eða til færeyja, eins og eitt af herskipunum gerði um daginn þegar það var statt, að ég hygg, út af Hvalbak. Það urðu alvarleg slys á mönnum þar, og stysta leiðin hefði að sjálfsögðu verið í íslenska höfn, en herskipið fór til Færeyja. Það var

að sjálfsögðu vegna þess að þetta var herskip. Þeir telja að eitthvað annað gildi um aðstoðarskipin. Ég er á því að endurteknar óskir þeirra um að fá að koma hér inn með menn séu ekki alltaf það sem hæstv. ráðh. nefndi gamansögu. Þetta hefur vissa þýðingu fyrir þá í áróðrinum. Lítið þið bara á, svona er íslendingum mikil alvara. Það fótbrotnar hjá okkur maður, og það er ekkert sjálfsagðara en að opna allar hafnir fyrir aðstoðarskipum okkar og taka við þessu fólki.

Hv. þm. Jón Skaftason minntist hér á pokann, sem Árvakur klippti aftan úr trollinu á Port Vale í gærmorgun, að það mundi vera gott að nota þessa vörpu í áróðri okkar gegn andstæðingum okkar. Hann talaði í því sambandi um að gera sjónvarpskvikmynd og sýna þar vörpuna. Ég sé nú miklu einfaldara ráð. Það er að fara með þessa vörpu til Englands, og í þessu sambandi vil ég fullyrða það hér að því fer fjarri að notuð séu öll tækifæri sem okkur gefast úti í Englandi til þess að koma á framfæri sjónarmiðum okkar í landhelgismálinu. Mín reynsla af síðasta þorskastríði er sú, að breskir blaðamenn, bæði þeir, sem vinna við dagblöðin, og einnig þeir, sem vinna við sjónvarp, voru ótrúlega opnir fyrir upplýsingum okkar og fúsir að koma þeim á framfæri. Þetta verð ég að segja bresku lýðræði til hróss, bresku skoðanafrelsi. Ég segi það alveg eins og er, að ef ég mætti ráða, þá yrði farið með þessa vörpu, ekki kannske til London, en þó fyrst og fremst til Grimsby. Mikið væri nú gaman að fá að vera með í þeirri ferð. Og það er enginn vandi að sannfæra Grimsby-menn um það, hvaðan þessi varpa sé komin. Þeir munu áreiðanlega þekkja þennan poka af vörpunni sem var fóðraður, eins og sjómenn kalla það. Það er enginn vandi — (**BGr:** Heldurðu að það fengist hús til þess að sýna hann?) Ja, það er enginn vandi að sýna hann þá niðri á dokkunum, og ég er ekkert hræddur um að mönnum yrði þá hent í sjóinn. Ég treysti mér a. m. k. til þess að fara þessa ferð, og ég gæti vel trúað því að hv. þm. Benedikt Gröndal — við höfum farið saman áður — vildi gjarnan koma með mér. Ég veit það líka af upphringingu sem ég hef fengið frá sjónvarpsstöðvum á þessu svæði. Það eru aðallega þrjár stöðvar: fyrst og fremst náttúrlega breska sjónvarpið sjálft, BBC, síðan Yorkshire Television sem er í Leeds og nær yfir svæði sem kallað er Humberside, þar eru þessar borgir, Grimsby og Hull, og síðan Anglia-sjónvarpið. Frá þessum aðilum hefur verið haft samband við mig nú eftir að þetta seinna þorkastríð hyrjaði og ég er alveg sannfærður um að ef við héldum blaðamannafund í Grimsby — við getum líka haft hann í Hull — með þessa vörpu til þess að sýna þessu fólki, þá mundi ekki standa á þessum sjónvarpsmönnum að koma á framfæri því sem við vildum segja í sambandi við þetta.

Ríkisreikningurinn 1973, frv. (þskj. 36, n. 88). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Álit fjh.- og viðskn. er á þskj. 88. Eins og þar kemur fram leggja nm. til að frv. verði samþ., en fjarverandi afgreiðslu málsins voru hv. þm. Lúðvík Jósepsson, Þórarinn Þórarinsson og Tómas Árnason.

Samkv. þessu hafa engar aths. við ríkisreikninginn gefið tilefni til aths. af hálfu fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Eignarnámsheimild á hluta Ness í Norðfirði, frv. (þskj. 61, n. 89, 95). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Félmn. hefur athugað frv. og er sammála um að mæla með samþykkt þess, eins og fram kemur á þskj. 89. Á þskj. 95 flytur félmn. brtt. við 2. gr. frv., þar sem í upphaflega frv. var vísað til laga sem felld hafa verið úr gildi, þ. e. eldri laga um framkvæmd eignarnáms.

Það er ekki ástæða til að fara mörgum orðum um þetta mál. Það á sér mörg fordæmi. Bæjarstjórn Neskaupsstaðar telur það hagsmunamál bæjarins að fá full og óskoruð umráð yfir landinu, en bærinn á nú yfir 91% af þeim jörðum og hjáleigum sem frv. fjallar um og kaupstaðurinn er allur byggður á þessu landi. Eins og fram kemur í grg. með frv. hafa samningaumleitanir við þá einstaklinga, sem hinn hlutann eiga, ekki borið árangur og þess vegna er þessarar heimildar leitað. Nm. eru sammála um að bæjarstjórnin fái umbeðna eignarnámsheimild og mæla því með samþykkt frv. svo og að brtt. n. verði samþykkt.

Tómas Árnason: Herra forseti. Ég tek eftir því að það er sennilega þarna villa í brtt. frá félmn. þar sem vitnað er til l. nr. 61 sem eiga að vera líklega frá 1917. Ég vildi aðeins skjóta þessu að til athugunar áður en málið yrði endanlega afgreitt. En það er ekki ætlun mín að hefja neinar efnisumr. um þetta mál. Ég vildi aðeins af hálfu okkar flm. málsins, hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar, Sverris Hermannssonar og mín, þakka n. fyrir það hve fljótt hún hefur athugað frv. og afgr. það frá sér, en hún mælir einróma með því að það verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 95 samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 29, n. 68). — 2. umr.

Frsm. (Gunnlaugur Finnsson): Herra forseti. N. hefur athugað þetta frv. sem lagt var fram í Ed. Það er tiltölulega einfalt í sniðum. Það

fjallar annars vegar um það að sveitarfélögin fái greitt úr Jöfnunarsjóði mánaðarlega framlag sitt í stað þess að fá það greitt þrisvar sinnum á ári, þ. e. a. s. í apríl, sept. og des. Og í öðru lagi er um að ræða samræmingaratriði miðað við þá breyt. á lögum um Lánasjóð sveitarfélaga sem gerð var hér í des. í fyrra.

Við athugun á frv. kom í ljós að rétt var ábending hv. 1. þm. Vestf. (JóhÁ) í umr. um þetta frv. þegar það var til 1. umr., þannig að formgallar hafa orðið á 1. gr. frv., og að höfðu sambandi við ráðuneytisstjórann í félmrn. kom í ljós að raunar hafði fallið þarna niður ein setning við prentun. Fyrir því er nauðsynlegt að flytja brtt. við frv., þannig að það verði samþ. hér efnislega alveg eins og ætlast er til. N. leggur sem sagt til að breytingin verði samþ. þannig að upphaf 1. gr. hljóði svo: „1. málsgr. 14. gr. laganna orðist svo.“ Það vantaði sem sagt að gera grein fyrir því að formi til, hvaða grein laganna um Jöfnunarsjóðinn þyrfti að breyta.

ATKVGR.

Brtt. 68 samþ. með 23 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Neðri deild, 21. fundur.

Fimmtudaginn 4. des., kl. 2 miðdegis.

Veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, frv. (þskj. 100). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv. til l. um viðauka við lög nr. 102 27. des. 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, sbr. lög nr. 14 26. mars 1974 og lög nr. 72 14. okt. 1975, er afleiðing af því bráðabirgðasamkomulagi um fiskveiðar sem gert hefur verið við þjóðverja.

Það er nauðsynlegt að taka upp í íslensk lög þau viðurlög sem ákveðin eru í bráðabirgðasamkomulaginu við brotum á því, þ. e. a. s. um útstrikun þeirra skipa af lista sem leyfi hafa. Í öðru lagi er nauðsynlegt að taka upp í íslensk lög ákvæði um það hvaða íslensk yfirvöld það séu sem taka ákvörðun um þessi viðurlög, og það eru þau ákvæði sem er að finna í þessu frv., sem er ákvæði til bráðabirgða við þessi lög sem ég hef áður nefnt.

Þetta frv. er alveg sams konar og þau lög sem á sínum tíma voru afgr. eftir breksa samkomulagið. Frv. fór í gegnum þrjár umr. í Ed. í gær. Það var enginn ágreiningur um það. Það er æskilegt að þessu máli verði hraðað sem mest má verða, þannig að skipan þessara mála komist í lögformlegt horf. Þess vegna vildi ég nú fara fram á það að sami háttur gæti verið hafður á í þessari hv. d. ef þess er nokkur kostur og hæstv. forseti og sú þn., sem fær málið til meðferðar, telja það fært.

Ég tel að frv. þetta þurfi ekki skýringa við og leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Ríkisreikningurinn 1973, frv. (þskj. 36). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Eignarnámsheimild á hluta Ness í Norðfirði, frv. (þskj. 108). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 107). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og endursent Ed.

Vörugjald, frv. (þskj. 101). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er flutt í framhaldi af setningu brbl. frá 16. júlí 1975 um sérstakt tímabundið vörugjald. Um tildrög þeirra laga leyfi ég mér að vísa til forsendna þeirra, en brbl. eru samkv. venju prentuð sem fskj. með frv. þessu. Hér er því um að ræða frv. til staðfestingar brbl. í samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar.

Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði vísað til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Lántökuheimild til eflingar Landhelgisgæslunni, frv. (þskj. 102). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Hæstv. forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er flutt í framhaldi af setningu brbl. frá 29. júlí í sumar um lántökuheimild til eflingar Landhelgisgæslunnar. Um tildrög þeirra laga leyfi ég mér að vísa til forsendna þeirra. Brbl. eru að venju prentuð sem fskj. með frv. Hér er því um að

ræða frv. til staðfestingar á brbl. í samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar.

Ég legg svo til, hæstv. forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Neðri deild, 22. fundur.

Fimmtudaginn 4. des., kl. 2.45 miðdegis.

Veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, frv. (þskj. 100, n. 113). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Allshn. hefur skoðað frv. Það er flutt í framhaldi af því samkomulagi sem gert var milli Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands um veiðar þýskra togara innan fiskveiðilandhelginnar. Frv. felur það í sér að inn í lög um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót sé fellt ákvæði til bráðabirgða þar sem kveðið sé á um að dómsmrh. sé falið að taka ákvörðun um viðurlög við brotum sem þýskir togarar hugsanlega kunna að hafa í frammi innan fiskveiðilandhelginnar.

Veiðar af hálfu þýskra veiðiskipa, sem fara í bága við ákvæði samkomulagsins, varða þeim viðurlögum að þau skip verði felld niður af skránni sem með samkomulaginu fylgir, og missi þar með rétt til að stunda veiðar samkv. samkomulaginu. Það þykir nauðsynlegt að kveða skýrt á um það í íslenskum lögum að svipting leyfis sé falin dómsmrn. þegar það hefur fengið í hendur málsgögn frá Landhelgisgæslunni.

N. hefur athugað þetta frv. og mælir með samþykkt þess. Hv. þm. Svava Jakobsdóttir skrifar undir með fyrirvara. Fjarverandi afgreiðslu málsins var hv. þm. Sighvatur Björgvinsson.

Svava Jakobsdóttir: Virðulegi forseti. Eins og kom fram í máli hv. frsm. hef ég undirritað nál. með fyrirvara. Það hef ég gert til þess að undirstrika að ég er algjörlega andvíg þeim samningum sem gerðir voru við vestur-þjóðverja um heimildir til fiskveiði innan íslenskrar landhelgi. Hins vegar fjallar þetta frv. um viðurlög við brotum á þeim samningi og hvernig með skuli fara ef vestur-þýsk skip gerast brotleg. Úr því að samningurinn var gerður er vissulega nauðsynlegt að hafa slík ákvæði í lögum. Því mun ég greiða atkv. með þessu frv., með þeim fyrirvara þó sem ég hef greint frá.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Neðri deild, 23. fundur.

Fimmtudaginn 4. des., að loknum 22. fundi.

Veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, frv. (þskj. 100). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 114).

Sameinað þing, 29. fundur.

Mánudaginn 8. des., kl. 2.03 miðdegis.

Minnst látins fyrrv. alþingismanns.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Til þessa fundar er boðað til að minnast Sigurðar Guðnasonar fyrrv. alþm., sem andaðist í sjúkrahúsi hér í Reykjavík í gærmorgun, 7. des., 87 ára að aldri.

Sigurður Guðnason var fæddur 21. júní 1888 í Holtakoti í Biskupstungum. Foreldrar hans voru Guðni bóndi þar og víðar Þórarinsson bónda í Ásakoti og Bryggju í Biskupstungum Þórarinssonar og kona hans, Sunneva Bjarnadóttir bónda í Tungufelli í Hrunamannahreppi Jónssonar. Hann stundaði búfræðinám á Hólum og lauk þaðan prófi árið 1909. Bóndi í Borgarholti í Biskupstungum var hann 1917—1922. Árið 1922 fluttist hann til Reykjavíkur og stundaði verkamannavinnu tvo áratugi. Hann var formaður Verkamannafélagsins Dagsbrúnar 1942—1954 og í stjórn Alþýðusambands Íslands 1942—1948. Hann var kjörinn alþm. haustið 1942, var landsk. alþm. 1942—1946 og þm. Reykv. 1946—1956, sat á 15 þingum alls.

Sigurður Guðnason var alinn upp í sveit, nam búfræði og var bóndi á miklum umbrotatímum í verðlagsmálum eftir lok heimsstyrjaldarinnar fyrri. Á verkamannsárum sínum í Reykjavík lifði hann tíma kreppu og atvinnuleysis á fjórða tug þessarar aldar. Á löngum æviferli hans urðu mikil umskipti í baráttu íslensks verkalýðs fyrir auknum réttindum og bættum kjörum. Hann var stéttvís félagi í hópi verkamanna og eignaðist traust stéttarbræðra sinna, sem völdu hann til forustu í félagsmálum sínum. Á Alþingi vann hann af skyldurækni að afgreiðslu mála, en tók ekki mikinn þátt í umr. Þó gat hann hér sem annars staðar lagst þungt á sveif með verkalýðsstéttinni ef honum þótti sem á hana skyldi hallað.

Sigurður Guðnason var dagfarsprúður maður og vann ævistarf sitt af látleysi og samviskusemi, bjartsýni og heilindum. Í góðu samstarfi við stéttarfélaga sína lagði hann fram alla krafta í sókn til bættra lífskjara. Á næðissömum elliárum gat hann því litið sáttur yfir ævistarfið, þó að hann hefði gjarnan kosið að meira hefði á unnist.

Ég vil biðja hv. alþm. að minnast Sigurðar Guðnasonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum].

Efri deild, 19. fundur.

Mánudaginn 8. des., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„8. des. 1975.

Þar sem Einar Ágústsson utanrrh. er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Reykjavík, Sverrir Bergmann læknir, taki sæti á Alþ. í fjarveru hans.

Formaður þingflokks Framsfl.
Þórarinn Þórarinsson".

Með því að Sverrir Bergmann hefur setið áður á Alþ. á þessu kjörtímabili þarf ekki að rannsaka kjörbréf og gengur hann því beint til starfa og býð ég hann velkominn.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 107). — Ein umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 126).

Ríkisreikningurinn 1973, frv. (þskj. 36). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1973, á þskj. 36 liggur hér fyrir til 1. umr. Þá hefur einnig verið lagt fram og tekið til 1. umr. frv. til fjáraukalaga sama árs og hefur verið gerð grein fyrir því frv. í Sþ.

Aðalyfirlit A-hluta ríkisreiknings fyrir árið 1973 var afhent þm. vorið 1974 og reikningurinn í heild með sundurliðunaryfirlitum A-hlutans og öllum yfirlitum B-hlutans, frágengin af hálfu ríkisbókhaldsins til meðferðar hjá yfirskoðunarmönnum Alþ., afhentur þm. í okt. 1974. Yfirskoðunarmenn gerðu fsp. í sjö liðum og birtu auk þeirra yfirlit um innheimtu embætta fyrir ríkissjóð skv. bókhaldi ríkisbókhaldsins fyrir árið 1973 með hliðstæðum hætti og áður hefur verið gert. Svör við þeim fsp. telja yfirskoðunarmenn ýmist fullnægjandi eða rétt að viðkomandi atriði verði til athugunar. Till. sínum skiluðu yfirskoðunarmenn í maímánuði s. l. og vannst því ekki tími til að taka reikninginn til meðferðar hér á Alþ., en honum var hins vegar dreift meðal þm. Ég leyfi mér að vísa í aths. og till. yfirskoðunarmanna í ríkisreikningi og tel ekki ástæðu að svo stöddu til að gera sérstaka grein fyrir þeim.

Við 1. umr. fjárlagafrv. fyrir árið 1975 gerði ég grein fyrir afkomu ríkissjóðs á árinu 1973 skv. ríkisreikningi og lagði jafnframt fram grg. ríkisbókhaldsins þar um. Með frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1973 gerði ég stutta grein fyrir helstu frávikum reiknings og fjárl. ársins 1973 og tel ég því ekki ástæðu til þess nú að rekja efni þessa frv. að öðru leyti en því að geta stærstu liða A-hluta ríkisreikningsins.

Ég vil vekja athygli á tveimur meginreglum við uppgjör A-hluta ríkisreikningsins skv. núgildandi lögum, nr. 52 frá 1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, eins og ég reyndar gerði einnig við afgreiðslu ríkisreiknings fyrir árið 1972 fyrr á þessu ári.

Önnur er sú, að álagðar tekjur og áfallin gjöld eru lögð til grundvallar við uppgjör rekstrarreiknings, en ekki greiðsluhreyfing þessara liða, þ. e. innheimta tekna og útgreiðsla gjalda. Af því leiðir að í efnahagsyfirliti eru óinnheimtar tekjur meðal eignaliða og ógreiddar gjaldskuldbindingar meðal skuldaliða.

Hin meginreglan er sú, að fjárfestingarútgjöld A-hlutans eru talin með gjöldum þess árs, þegar til þeirra er stofnað, en þeim ekki dreift með afskriftum á þann árafjölda sem gert er ráð fyrir að fjárfestingin endist, eins og gildir um uppgjör fyrirtækja og sjóða ríkisins í B-hluta ríkisreiknings.

Heildarniðurstaða rekstrarreiknings A-hluta ríkisreiknings fyrir árið 1973 var sú, að gjöldin námu 252 millj. 987 þús. kr. umfram tekjur. Gjöld rekstrarreiknings námu 25 milljörðum 129 millj. 413 þús. kr. Tekjur námu 24 milljörðum 876 millj. 426 þús. kr. Endurmatsjöfnuður var hagstæður um 28 millj. 900 þús. kr. Samtala jafnaðar-, rekstrar- og endurmatsreikninga var því óhagstæð um 224 millj. 87 þús. kr. og samsvarar aukningu skuldaliða umfram aukningu eignaliða í efnahagsreikningi án efnislegra fjármuna. Sú breyting kom fram í verri stöðu sjóðs og óbundinna bankareikninga í árslok en í ársbyrjun um 615 millj. 794 þús. kr., en 301 millj. 996 þús. kr. að meðtöldum lánareikningum í Seðlabankanum. Bætt staða annarra greiðslujafnaðarliða nam nettó 756 millj. 17 þús. kr. Í þeirri fjárhæð kemur fram aukning óinnheimtra tekju- og eignarskatta um 471 millj. 6 þús. kr. og söluskatts um 216 millj. 452 þús kr. Á móti þessum greiðslujafnaðarliðum kemur lánajöfnuður. Hann fól í sér hækkun hlutabréfaeignar og stofnfjárframlaga um 52 millj. 291 þús. kr. og skuldaaukningu vegna nýrra lántaka umfram afborganir og hreyfingu veittra lána um 731 millj. 297 þús. kr., ef greindur lánajöfnuður við Seðlabankann er talinn með greiðslujöfnuði.

Um það bil helming gjalda ríkisreiknings má rekja til þriggja þátta:

1) Framlög til Tryggingastofnunar ríkisins og Atvinnuleysistryggingasjóðs að fjárhæð 8 milljarðar 95 millj. 315 þús. kr., og eru þá markaðar tekjur meðtaldar að fjárhæð 729 millj. 379 þús. kr.

2) Niðurgreiðslur á vöruverði 2 milljarðar 142 millj. 48 þús. kr., auk uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir 518 millj. 340 þús. kr., eða samtals 2 milljarðar 660 millj. 388 þús. kr.

3) Gjöld til vegamála 2 milljarðar 112 millj. kr.

Þessir þrír þættir námu samtals 12 milljörðum 867 millj. 703 þús. kr. eða 51.2% af gjöldum A-hlutans. Gjöld skóla- og fræðslumála er falla undir menntmrn., auk bændaskólanna, námu 3 milljörðum 828 millj. 468 þús. kr. eða um 15% heildarútgjalda. Þessir fjórir þættir námu því um 2/3 hlutum gjalda A-hluta ríkisreiknings fyrir árið 1973.

Þrír stærstu liðir tekna á árinu 1973 voru almenn aðflutningsgjöld 6 milljarðar 328 millj. 139 þús. kr., söluskattur 5 milljarðar 715 millj. 793 þús. kr. og tekjuskattur 5 milljarðar 333 millj. 316 þús. kr., eða samtals 17 milljarðar 377 millj. 248 þús. kr., sem svarar til um 70% heildartekna A-hluta ríkisreiknings árið 1973.

Ég mun ekki gera nánari grein fyrir niðurstöðutölum ríkisreiknings fyrir árið 1973. Um frávik reiknings og fjárl. hef ég fjallað, eins og ég áður sagði, í framsögu fyrir frv. til fjáraukalaga fyrir sama ár.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 57, n. 115, 116). — 2. umr.

Of skammt liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Hv. félmn. hefur tekið til meðferðar frv. það, sem hér er til umr., og mælir n. með samþykkt frv. með breytingu sem hún leggur fram á sérstöku þskj. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Steingrímur Hermannsson og Bragi Sigurjónsson.

Frv. það, sem hér er til meðferðar, varðar reglur um endurgreiðslu á skyldusparnaðarfé skv. l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Eins og kunnugt er, þá eru mjög þröng skilyrði fyrir því að hægt sé að fá endurgreiddan skyldusparnað, þ. e. a. s. það er ekki hægt fyrr en viðkomandi hefur náð 26 ára aldri eða stofnað til hjónabands áður en þeim aldri er náð. Það hefur sýnt sig að í mörgum tilfellum er það mjög bagalegt fyrir fólk að hafa ekki undir neinum kringumstæðum möguleika til þess að fá endurgreitt þetta fé, hvernig svo sem högum þess er háttað.

Frv., sem við nú fjöllum um, er til þess fram borið að bæta úr þessu. Í frv. segir um þetta efni, að nú fullnægi sá, er óskar þess að fá sparifé sitt endurgreitt, ekki skilyrðum og er þá félmrh. heimilt að veita leyfi til endurgreiðslu þess ef högum umsækjanda er þannig háttað að mati ráðh. að brýna nauðsyn beri til að leyfa endurgreiðsluna. Það virðist mæla allt með því að breyta l. á þennan hátt. En það verður að hafa það í huga að þetta ákvæði verði ekki túlkað rúmt, því að annars er hætta á að hér gætu verið opnaðar gáttir sem yrðu varhugaverðar vegna framkvæmdar á lögum um skyldusparnað.

Hv. félmn. vísaði frv. til umsagnar Húsnæðismálastofnunar ríkisins, og Húsnæðismálastofnun mælti með samþykkt þessa frv., en lagði áherslu á að framkvæmd l., ef þeim yrði breytt á þennan veg, yrði þannig að þessi ákvæði yrðu ekki túlkuð rúmt. Mér þykir rétt — með leyfi hæstv. forseta — að lesa um þetta efni það sem segir í bréfi frá Húsnæðismálastofnun ríkisins til hv. félmn., en þar segir:

„Enda þótt við teljum varhugavert að rýmka endurgreiðsluheimildir á skyldusparnaðarfé frá því sem lög heimila, er reynslan sú, eins og segir í aths. við frv., að högum einstakra skyldusparenda er þannig háttað, að frá mannlegu sjónarmiði virðist allt mæla með endurgreiðslu sem

ekki er hægt að veita vegna skorts á lagaheimild til slíks. Til þess að fyrirbyggja það að fólk geti misnotað slíkar undanþáguheimildir þarf að setja strangar reglur um þau gögn sem skyldusparendur þurfa að leggja fram í því skyni að hljóta endurgreiðsluheimild, m. a. vegna þeirra ástæðna sem upp eru taldar í aths. við frv. Í trausti þess, að svo verði gert, mælum vér með samþykkt frv.“

Mér er óhætt að segja það, að hv. félmn. er samþykk þessari skoðun húsnæðismálastjórnar ríkisins. Samt gerði n. brtt. við frv. þetta, sem er að finna á þskj. 116. Þar er gert ráð fyrir að aftan við 1. gr. komi til viðbótar orðin „af félagslegum ástæðum, svo sem ef um er að ræða öryrkja, einstæða foreldra eða námsmenn“. Þetta ákvæði felur ekki í sér neina rýmkun á frv. eins og það er í sinni upprunalegu mynd, en þessi upptalning er sett fram til þess að benda á þau tilvik sem einkum kæmu til greina að mati n. sem ástæða fyrir undanþáguveitingu.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég vil þakka sérstaklega hv. form. félmn. fyrir það að þessar breyt. skyldu vera teknar inn. Það var mjög gott. Þær rýmkuðu þetta á engan hátt, en í aths. við lagafrv. er vikið að sumu af þessu. Ég benti á það við 1. umr. að mér þætti réttara að hafa þetta í upptalningu í sjálfri gr., og þar var aðeins eitt atriði, sem ég var með, örlítið öðruvísi, þ. e. a. s. í stað þess að nú stendur þarna til námsmanna, þá var ég með aðila, sem eru að hefja nám. Ég tel þetta ákvæði, námsmannaákvæðið almennt, eins og það er komið inn þarna núna, fullnægjandi fyrir þá aðila sem ég ber þarna fyrir brjósti. Ég tel sem sagt að í trausti þessa námsmannaákvæðis geti aðilar, sem hyggjast hefja nám og hafa þær ástæður sem um getur í frv., þ. e. a. s. ef högum umsækjanda er þannig háttað að brýna nauðsyn beri til að leyfa endurgreiðslu, þá geti sá aðili hafið sitt nám og notið síðan þessa réttar ef þessar ástæður eru fullnægjandi.

Það er rétt, eins og kom fram hjá hv. frsm., form. n., að námsmannaákvæðið er þarna inni og getur kannske verið nokkuð rúmt. Það kann að vera. En ég hygg að sanngjarnt sé að hafa þá hér með almennt og því styð ég frv. í þessari mynd *einmitt með tilliti til þess*, að þessir aðilar, aðilar sem eru að hefja nám, hljóti að falla undir þetta.

ATKVGR.

Brtt. 116 samþ. með 12 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Eignarnámsheimild á hluta Ness í Norðfirði, frv. (þskj. 108). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til félmn. með 15 shlj. atkv.

Innheimta gjalda með viðauka, frv. (þskj. 22, n. 103). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur tekið frv. til l. um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka til athugunar, en frv. þetta gerir ráð fyrir því að innheimta tiltekin gjöld á árinu 1976 með sömu viðaukum og á yfirstandandi ári. N. var sammála um að mæla með samþykkt frv. Fjarverandi afgreiðslu málsins var Jón Árm. Héðinsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Neðri deild, 24. fundur.

Mánudaginn 8. des., kl. 2 miðdegis.

Umferðarlög, frv. (þskj. 104). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Efni þess frv., sem hér liggur fyrir og fjallar um breyt. á umferðarlögum, er það, að inn í þau lög verði fellt ákvæði um sérstaka fjáröflun til umferðarslysavarna, þ. e. að af iðgjaldatekjum vátryggingarfélaga vegna lögboðinna ábyrgðartrygginga ökutækja renni 1½% til þessa verkefnis og renni framlagið til Umferðarráðs.

Í frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, sem lá fyrir Alþ. veturinn 1973—1974, voru ákvæði sama efnis og í frv. þessu, en ákvæðið var þá fellt út úr frv. í meðförum þingsins. Með breyt. á umferðarlögum árið 1970 voru lögfest ákvæði um Umferðarráð, sem sett hafði verið á stofn í ársbyrjun 1969 í beinu framhaldi af starfsemi Framkvæmdanefndar hægri umferðar sem þá lét af störfum. Umferðarráð er skipað 16 mönnum skipuðum af dómsmrh. til 3 ára í senn. Eiga eftirtaldir aðilar rétt samkv. 83. gr. umferðarlaga á að tilnefna einn fulltrúa í ráðið og annan til vara: Bandalag ísl. leigubifreiðastjóra, Bifreiðaeftirlit ríkisins, Bindindisfélag ökumanna, dóms- og kirkjumrn., Félag ísl. bifreiðaeigenda, fræðslumálastjórn, það er nú menntmrn., Landssamband vörubifreiðastjóra, Landssamtök klúbbanna „Öruggur akstur“, Reykjavíkurborg, ríkislögregla, lögreglustjórinn í Reykjavík, Samband ísl. sveitarfélaga, Samband ísl. tryggingafélaga, Slysavarnafélag Íslands, Vegagerð ríkisins og Ökukennarafélag Íslands. Dómsmrh. skipar formann Umferðarráðs án tilnefningar, en varaformann skipar hann úr hópi ráðsmanna.

Hlutverk Umferðarráðs er skilgreint í 84. gr. umferðarlaganna og skal það vera sem hér segir:

1. Að beita sér fyrir því að haldið sé uppi umferðarfræðslu í landinu.
2. Að vera fræðsluyfirvöldum, umferðarnefndum sveitarfélaga og samtökum, er vinna að bættri

umferðarmenningu, til hjálpar og ráðuneytis eftir því sem óskað er og aðstæður leyfa.

3. Að standa fyrir útgáfu fræðslurita og bæklinga um umferðarmál og hafa milligöngu um útvegun kennslutækja og annarra gagna til nota við fræðslustarfsemi.

4. Að hafa milligöngu um umferðarfræðslu í Ríkisútvarpi (hljóðvarpi og sjónvarpi) og öðrum fjölmiðlunartækjum.

5. Að beita sér fyrir bættum umferðarháttum.

6. Að sjá um að á hverjum tíma sé til vitneskja um fjölda, tegund og orsakir umferðarslysa í landinu.

7. Að vera stjórnvöldum og öðrum til ráðuneytis um umferðarmál.

8. Að fylgjast með þróun umferðarmála erlendis og hagnýta reynslu og þekkingu annarra þjóða á því sviði.

9. Að leitast við að sameina sem flesta aðila til samstilltra og samræmdra átaka í umferðarslysavörnum og bættri umferðarmenningu.

Eins og af þessari upptalningu má sjá, er hlutverk Umferðarráðs æði margþætt og er því mikið undir því komið að það hafi viðunandi fjárráð til að geta sinnt þessari víðtæku starfsemi sem því er ætluð.

Þegar ákvæði um Umferðarráð voru lögfest, voru ekki ákvæði um fjármögnun til starfsemi ráðsins, en gert ráð fyrir því að sá kostnaður yrði greiddur úr ríkissjóði að því leyti sem aðrir aðilar stæðu ekki undir honum.

Það verður að segja það eins og það er, að frá upphafi hefur fjárskortur sett nokkuð mót sitt á starfsemi Umferðarráðs og hefur það því ekki getað famkvæmt hlutverk sitt nema að takmörkuðu leyti. Hins vegar er óumdeilanlegt, að ég hygg, að það verkefni, sem Umferðarráð hefur getað sinnt fram til þessa, hefur stuðlað að bættri umferðarmenningu og átt sinn þátt í því að draga úr slysum í umferðinni og vekja vegfarendur til umhugsunar um umferðaröryggismál og þann mikla vanda sem á því sviði er við að stríða.

Það er ekki hægt hér að telja upp öll þau verkefni sem Umferðarráð hefur haft með höndum á undanförnum árum, en ég skal þó aðeins drepa á fáein þeirra.

Árlega hafa verið gerðar skýrslur um umferðarslys í landinu samkv. lögregluskýrslum, þar sem fram kemur fjöldi umferðarslysa skipt eftir mánuðum og eftir afleiðingum, þar sem fram kemur fjöldi slysa með dauða og fjöldi slysa með meiðslum svo og fjöldi dáinna og slasaðra, skipting slysa eftir umdæmum, milli þéttbýlis og strjálbýlis, ýmsar aðrar tölulegar upplýsingar um umferðarslys. Upp á síðkastið hafa verið tekin saman mánaðarleg bráðabirgðayfirlit um fjölda umferðarslysa með meiðslum. Þá hefur verið gerð athugun á slysum á börnum í Reykjavík og tekið saman heildaryfirlit um kærur vegna ölvunar við akstur. Sérstök skýrsla hefur og verið gerð um umferðarslys á Reykjanesbraut á árunum 1968—1970. Á sviði forskólafræðslu hefur Umferðarráð starfrækt umferðarskólann „Ungir vegfarendur", sem er eins konar bréfaskóli, og fá nemendur, sem eru á aldrinum 3—6 ára, að jafnaði 6 verkefni á vetri hverjum. Útsend verkefni á þessu ári verða yfir 90 þús., en þátttakendur í umferðarskólanum eru rúmlega 17 þús. börn í 44 sveitarfélögum. Sveitarfélögin standa að verulegu leyti undir kostnaði við rekstur skólans. Auk þess hefur Umferðarráð skipulagt námsefni fyrir börn í 6 ára deildum barnaskóla og átt hlut að umferðarfræðslu fyrir börn í útvarpi og sjónvarpi og á barnaheimilum.

Einn þáttur er umferðarfræðsla í skólum. Hefur Umferðarráð frá upphafi lagt á það ríka áherslu að efld verði umferðarfræðsla innan skólakerfisins, en hún hefur að áliti ráðsins verið í algjöru lágmarki og er þess að vænta að bót fáist á því með nýrri skólalöggjöf og endurskoðun námsskráa. Hefur verið reynt að vinna að því máli með ýmsum hætti, m. a. hefur af hálfu Umferðarráðs verið lögð á það áhersla að sérstökum manni verði falið það verkefni að hafa umsjón með umferðarfræðslu í skólum, og nú á þessu ári hefur sérstökum kennara verið falið þetta verkefni af hálfu menntmrn. Standa því vonir til þess að umferðarfræðslan skipi fastari sess í skólafræðslunni framvegis.

Tvívegis, árið 1970 og 1972, hefur farið fram á vegum Umferðarráðs og í samvinnu við fræðslumáladeild menntmrn. spurningakeppni skólanna um umferðarmál með þátttöku allra 12 ára skólanemenda. Fór keppnin fram í þrennu lagi: innan skólanna, í útvarpi og í sjónvarpi, þar sem tvö lið kjördæma kepptu til úrslita.

Dreift hefur verið frá upphafi skólaárs bréfi, sem ber nafnið „Leiðin í skólann", til foreldra þeirra barna sem þá hefja skólagöngu í fyrsta sinn, þar sem vakin er athygli á hættu þeirri sem fylgir fyrstu skólagöngunni. Dreift hefur verið á vorin viðurkenningarmiðum vegna reiðhjólaskoðunar. Umferðarráð hefur beitt sér fyrir því að bætt yrði dreifing kennslubóka um umferðarmál á vegum Ríkisútgáfu námsbóka og og endurskoðun þeirra bóka. Umferðarráð hefur staðið fyrir því að norskur skólaráðgjafi um umferðarmál hefur haldið hér námskeið fyrir kennara og lögreglumenn. Þá hefur Umferðarráð haft milligöngu um það að nokkrir kennarar og lögreglumenn hafa sótt námskeið um umferðarmál í Noregi.

Almenn upplýsingastarfsemi á vegum Umferðarráðs hefur verið ýmiss konar. Á sumrin hefur verið haldið uppi verulegu fræðslustarfi um akstur á þjóðvegum. Hefur það að verulegu leyti beinst að hvatningu til notkunar öryggisbelta, fræðslu um hættu sem börnum er búin í framsætum bifreiða auk almennrar fræðslu um akstur á þjóðvegum. Um þetta efni hefur m. a. verið haft samstarf við útvarpið, sem flutt hefur stutta þætti í léttum dúr samda sérstaklega á vegum ráðsins, auk þess sem útvarpið hefur haldið uppi þætti um umferðarmál í samvinnu við Umferðarráð. Um verslunarmannahelgar hefur Umferðarráð í samvinnu við lögregluna og Ríkisútvarpið haldið uppi upplýsingamiðstöð fyrir ferðafólk.

Umferðarráð hefur beitt sér fyrir dreifingu og sölu endurskinsmerkja með góðum árangri, en á síðasta ári var dreift um 50 þús. endurskins-

merkjum, aðallega með aðstoð Mjólkursamsölunnar og kaupfélaga. Þá hefur ráðið staðið að fræðslustarfi um umferð í myrkri og bættri og aukinni notkun ökuljósa svo og fræðslustarfi um slys í umferðinni.

Samstarf við fjölmiðla hefur verið mikið. Hér hefur verið vikið að fræðslustarfi í útvarpi, hljóðvarpi, en samstarf við sjónvarp hefur og verið með ágætum. M. a. hafa verið gerðir stuttir þættir um umferðarmál, 14 þættir, sem fyrst voru fluttir veturinn 1973—1974, en hafa síðan verið endurskoðaðir og endurfluttir.

Hér hafa í mjög stórum og fáum dráttum verið rakin nokkur atriði úr starfsemi Umferðarráðs. Fjölmörg atriði önnur hafa að sjálfsögðu komið til kasta ráðsins, en eigi hefur verið hægt að sinna því öllu þar sem fjárskortur hefur staðið ráðinu fyrir þrifum. Starfsemi ráðsins hefur að mestu hvílt á framkvæmdastjóranum, upplýsingafulltrúa, ritara og forskólaráðgjafa í hálfu starfi. Er starfsliðið allt nema framkvæmdastjórinn lausráðið.

Innan Umferðarráðs starfar sérstök 3 manna framkvæmdanefnd skipuð af dómsmrh.

Á fjárlögum yfirstandandi árs eru veittar úr ríkissjóði 7 millj. 417 þús. kr. til starfsemi Umferðarráðs, en að auki er gert ráð fyrir tekjum að fjárhæð 2 millj. kr. Það eru framlög sveitarfélaganna vegna umferðarskólans „Ungir vegfarendur", þannig að til ráðstöfunar eru 9 millj. 417 þús. kr. Rétt er að taka fram að Umferðarráð hefur farið fram úr heimild fjárlaga nú í ár og undanfarin ár.

Fjárlagatill. Umferðarráðs sjálfs vegna næsta árs námu alls 21 millj. 697 þús. kr. auk tekna að fjárhæð 7 millj. 894 þús. kr., en í fjárlagafrv. eru hins vegar einungis ætlaðar 10 millj. 628 þús. kr. auk teknanna. Er ljóst, að miðað við það framlag, sem í fjárlagafrv. er, verður um samdrátt að ræða á næsta ári í starfsemi ráðsins. Er rétt að vekja hér athygli á því að tekjuáætlunartillaga Umferðarráðs er tekin óbreytt í fjárlagafrv., en hins vegar ekki gert ráð fyrir óhjákvæmilegum útgjöldum vegna þeirra þátta sem skapa tekjurnar, svo sem launakostnaður vegna umferðarskólans eða sölu endurskinsmerkja. Hefur sérstakt erindi nýlega verið sent hv. fjvn. og er þess að vænta að það fái viðunandi afgreiðslu við meðferð fjárlaga.

Áætlun Umferðarráðs gerir ráð fyrir svipaðri starfsemi og undanfarin ár, en jafnframt auknингu á ýmsum sviðum. M. a. er gert ráð fyrir útgáfu verkefna til notkunar við umferðarfræðslu í skólum, en auk þess ýmissi almennri umferðarfræðslu. Var lagt til að á næsta ári yrði haldið uppi sérstakri fræðsluherferð undir einkunnarorðunum „Ár umferðarþekkingar" er miðar að því að auka þekkingu og skilning almennings á helstu umferðarreglum.

Til að bæta úr brýnni fjárþörf til umferðarslysavarna, — sem öllum ætti að vera augljós nú þegar við íhugum að á þessu ári hafa 29 manns látist í umferðarslysum og 595 manns hafa slasast á fyrstu 10 mánuðum ársins, þar af 324 svo mikið að þeir hafa verið lagðir inn á sjúkrahús vegna meiðsla er þeir hafa hlotið í umferðarslysum, og er þá ógetið þess fjárhagstjóns sem af umferðarslysum leiðir, — þá er í frv. þessu lagt til að 1.5% af iðgjaldatekjum vegna hinna lögboðnu ábyrgðartrygginga ökutækja, þ. e. brúttóiðgjöldum að frádregnum bónus, renni til Umferðarráðs í þessu skyni. Heildariðgjöld ábyrgðartrygginga á árinu 1974, en það er síðasta árið sem reikningar liggja fyrir, námu 583 millj. kr. og hefðu því samkv. þessum reglum um 8.7 millj. kr. gengið til umferðarslysavarna á yfirstandandi ári auk fjárframlagsins 7 millj. 417 þús. kr. Með þessum tekjustofni ætti vera skapaður grundvöllur fyrir mjög aukinni starfsemi Umferðarráðs, enda er þá að sjálfsögðu gert ráð fyrir því, að framlag ríkissjóðs falli ekki niður þótt þessi tekjustofn verði lögfestur. Ég geri ráð fyrir því að flestir telji fulla þörf á því að auka umferðarfræðsluna það mikið og að ekki veiti af þessari fjárveitingu og ennfremur að hún sé nauðsynleg til þess að Umferðarráð geti sinnt í ríkari mæli þeim verkefnum sem það hefur orðið að láta sitja á hakanum.

Það er ekki óeðlilegt að vátryggingarfélög, sem hafa fengið leyfi til rekstrar þessarar tryggingargreinar, greiði þetta framlag, enda verður að ætla að með aukinni starfsemi Umferðarráðs á sviði umferðarslysavarna dragi úr tjóni af völdum ökutækja og umferðin í heild verði öruggari.

Fjáröflun með þeim hætti, sem hér lögð til, á sér nokkra hliðstæðu í okkar löggjöf, en með lögum nr. 55 1969, um brunavarnir og brunamál, er þeim vátryggingarfélögum, sem annast brunatryggingar, skylt að greiða hluta af vátryggingariðgjaldi vegna bruntrygginga sem brunavarnagjald til Brunamálastofnunar ríkisins. Þá má og benda á það, að á Norðurlöndum njóta stofnanir hliðstæðar Umferðarráði verulegs fjárhagsstuðnings frá vátryggingarfélögum, og t. d. í Finnlandi hefur Umferðarmálastofnunin alveg fastan tekjustofn frá bifreiðatryggingafélögum.

Þess skal svo getið hér einnig, að áskoranir um aukið fjármagn til Umferðarráðs hafa komið frá ýmsum aðilum sem um umferðarmál fjalla, m. a. aðalfundi Samvinnutrygginga, og margir fundir á vegum klúbbanna „Óruggur akstur" hafa lagt til þá tekjuöflunarleið sem frv. þetta gerir ráð fyrir.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns, var frv. með samhljóða ákvæði til meðferðar hér á hv. Alþ. fyrir nær tveim árum. Þm. töldu þá eigi rétt að leggja þetta gjald á, m. a. af því að Umferðarráð ynni ekki aðeins að slysavörnum í sambandi við bifreiðar og önnur ökutæki, heldur væri þar nánast um almennar slysavarnir að ræða og því ætti ríkissjóður að greiða til Umferðarráðs það fjármagn sem það þyrfti á hverjum tíma, auk þess sem það mun að einhverju leyti hafa mótað afstöðu þm. að óeðlilegt sé að marka ákveðna tekjustofna ákveðnum útgjöldum. Varla fer þó á milli mála að umferðarslysin eru fyrst og fremst vegna tilvistar ökutækjanna og því ekki óeðlilegt að hluti af kostnaði við

rekstur þeirra gangi til umferðarslysavarna, enda hlýtur árangurinn að skila sér í bættri umferð og þá fækkun umferðarslysa, sem þá dregur svo aftur úr tjónagreiðslum, er síðan ætti að leiða til lægri vátryggingariðgjalda.

Þó að auðvitað verði að leggja alla áherslu á umferðarfræðslu og megi þar ekki neinu slaka á, þá dugar það þó ekki eitt út af fyrir sig til þess að skapa hér bætta umferðarmenningu. Ýmis önnur atriði koma þar til, svo sem aukin löggæsla og hert viðurlög, bæði í formi refsinga og tíðari ökuleyfissviptinga, greiðari meðferð dómsmála, endurskoðun umferðarreglna til samræmis við endurskoðun sem nú fer fram á Norðurlöndunum í kjölfar nýlegrar alþjóðasamþykktar, endurskoðun ökukennslu og ökuprófa, bættur búnaður ökutækja, skipulagsmál umferðarinnar, ásigkomulag gatnakerfisins o. fl., o. fl. Þessi atriði öll og ýmis fleiri hafa að sjálfsögðu stöðugt verið til athugunar og unnið að endurbótum á þeim. Hef ég nýlega óskað þess að Umferðarráð láti í té ábendingar um atriði sem til úrbóta geta orðið, einkum ef þar væri um að ræða atriði sem framkvæma mætti með skömmum fyrirvara og án lagabreytinga eða verulegs kostnaðar. Er von á þeim ábendingum á næstunni og verða þær þá teknar til athugunar í dómsmrn. Þá er og mjög nauðsynlegt samstarf og aukinn skilningur sem flestra aðila í þjóðfélaginu á nauðsyn bættrar umferðar. Slíkt er auðvitað alger forsenda almennra umbóta á þessu sviði. Kom slíkt greinilega fram á sínum tíma þegar breytt var yfir í hægri umferð, þar sem með samstilltu átaki tókst að koma þeirri breytingu á án þess að veruleg vandkvæði yrðu á. Sama má segja að átt hafi sér stað nú á dögunum, þegar hin hörmulegu slys urðu hvert af öðru. Í framhaldi af þeim atburðum virðist sem almenningur hafi vaknað til vitundar og umhugsunar um þessi efni, a. m. k. um hríð. Má þakka það samstilltu átaki fjölmargra aðila, svo sem löggæslu, fjölmiðlanna, bæði blaðanna og útvarpsins, að ógleymdum varnaðarorðum lækna Borgarspítalans sem án efa hafa haft mjög djúpstæð áhrif.

Þetta frv. er í sjálfu sér einfalt í sniðum, en ég hef talið rétt að fara nokkrum almennum orðum um þau mikilvægu mál sem hér er um að ræða, umferðarmálin og ráðstafanir til þess að reyna að tryggja umferðaröryggi eftir því sem hægt er. Það er sannfæring mín að einn þátturinn í því sé að styrkja Umferðarráð til þess að geta sinnt hlutverki sínu á sómasamlegan hátt og svo sem því er ætlað í lögum. Með þessu frv., ef að lögum yrði, mundi nokkuð verða bætt úr fjárþörf Umferðarráðs.

Ég vil svo, herra forseti, mælast til þess að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn., sem þegar hefur til meðferðar fyrir annað frv. um breyt. á umferðarlögum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Kaupstaðarréttindi til handa Garðahreppi, frv. (þskj. 65, n. 118). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Gunnlaugur Finnsson): Herra forseti. N. skoðaði þetta frv. og var sammála um að mæla með því að það yrði samþ. óbreytt. Hér er raunar um sömu þróun að ræða og átti sér stað á öndverðu ári 1974 þegar 5 sveitarfélög fengu kaupstaðarréttindi. En n. gerir sér að sjálfsögðu grein fyrir því, að hér er ekki um einhlíta þróun að ræða. Þá kom t. d. í ljós að veiting kaupstaðarréttinda fyrir einstakt sveitarfélag gat þýtt það að viðkomandi sýslufélag varð svo lítið að það varð í raun og veru ófært um að halda uppi því starfi og sinna þeim hlutverkum sem því var ætlað. Það má t. d. benda á það, að í Kjósarsýslu verða aðeins 4 hreppsfélög eftir þegar Garðahreppur væntanlega hefur fengið kaupstaðarréttindi. Tvö af þessum sveitarfélögum eru nokkuð fjölmenn, þ. e. a. s. Mosfellshreppur, þar er ört vaxandi byggð, og við höfum líka haft af því fréttir að búast má við mjög aukinni byggð í Bessastaðahreppi, og fengju þau í náinni framtíð kaupstaðarréttindi, þá yrðu ekki eftir nema tvö sveitarfélög í þessari sýslu.

Þetta kallar að sjálfsögðu á það að menn leiði hugann að lögsagnarumdæmum landsins og stöðu sveitarfélaganna í heild. Það þótti þó ekki ástæða til að fjalla um það sérstaklega, enda er það ekki á dagskrá hér nú. En n. þóttu engin rök mæla með því að hafna málaleitan Garðahrepps, miðað við þá þróun sem átti sér stað á s. l. ári, og mælir þess vegna með því að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Framkvæmdastofnun ríkisins, frv. (þskj. 2). — Frh. 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Sameinað þing, 30. fundur.

Þriðjudaginn 9. des., kl. 2 miðdegis.

Endurskoðun laga um skipan opinberra framkvæmda, fsp. (þskj. 75). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 75 að bera fram svo hljóðandi fsp. til hæstv. fjmrh.:

Hvað líður endurskoðun þeirri á l. um skipan opinberra framkvæmda sem samþ. var samkvæmt þáltill. frá 14. maí 1975?“

Okkur flm. þóttu mörg rök liggja til þessarar endurskoðunar. Við bentum á hana í fyrra, það er óþarfi að rekja það hér. Fjölmörg dæmi voru rakin þar, þar sem bein lagafyrirmæli eða túlkun á lagafyrirmælum komi í veg fyrir nauðsynlegar framkvæmdir á þann hátt að þau drægjust ár frá ári á orðhengilshætti einum saman, svo að segja. Það er margt gott um þessi lög að segja varðandi aðhald það, sem þau áttu að veita, og eiga því jákvæðar hliðar, en hitt hefur orðið enn meira áberandi, því miður, sem neikvætt er, og þar hafa margir, sérstaklega smærri staðir, orðið hart úti. Ég skal ekki rekja þá sögu hér, dæmin frá Hólmavík og Breiðdalsvík eru næg til að minna á sem víti til varnaðar.

Sú var ætlun okkar flm. í fyrra að fá sniðna af verstu agnúana sem sannanlega hafa komið í ljós. Við teljum jafnbrýnt nú að fá nauðsynlegustu lagfæringar, svo að ekki þurfi bæði þingmenn og jafnvel ráðh. að knékrjúpa fyrir vissum aðilum í kerfinu til að fá fram sjálfsögðustu atriði sem Alþ. hefur í fjárl. lagt til og samþ., — hluti sem eiga að ganga af sjálfu sér, ef rétt er að farið. Því er nú spurt um það, hvort nokkur hreyfing sé á þetta mál komin?

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Sem svar við fsp. hv. 7. landsk. þm. vil ég veita eftirfarandi upplýsingar:

Fyrir nokkru, en þó eftir að þessi fsp. kom hér fram á Alþ., ritaði ég hv. fjvn. og óskaði eftir því að fjvn. Alþ. tæki að sér endurskoðun á þeirri löggjöf sem hér um ræðir. Í bréfi þessu var jafnframt óskað eftir því að samráð yrði haft við fjárlaga- og hagsýslustofnun ríkisins svo og samtök sveitarfélaga, til þess að þeir aðilar, sem með mál þessi fara, geti komið á framfæri þeim upplýsingum sem ástæða er til að komi í sambandi við endurskoðun á þessari löggjöf. Þess var jafnframt óskað í fyrrnefndu bréfi, að endurskoðun þessi færi fram með þeim hraða að hægt væri að leggja fram á Alþ. því er nú situr hugmyndir að breytingum á þessari löggjöf, ef ástæða þykir til að breyta henni, og fengju þm. því tækifæri til þess að skoða þær till. áður en þingi lyki í vor, hvort sem þær þá næðu fram að ganga.

Fjvn.-menn eru að hálfu þingsins kunnugastir þessu og ég taldi því eðlilegast og réttast að óska eftir því að fjvn. tæki að sér þessa endurskoðun. Í fjvn. eiga sæti fulltrúar allra þingflokka, þannig að það geta allir komið að þeim sjónarmiðum sem þeir óska.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svörin. Það er ljóst af svörum hans að málið hefur nokkurn fjörkipp tekið við fsp. og fagna ég því.

Gagnvart þeim aðilum, sem hér eiga um að fjalla, er allt gott að segja. Hér sýnist mér þeir eiga um að velja sem eiga að vera þessum málum kunnugastir. Ég veit hins vegar að tveir þessara aðila munu um margt fyllilega ásáttir við núgildandi skipan og hjá þeim sé og verði vart um ef að ræða. Þ. e. a. s. bæði fjárlaga- og hagsýslustofnunin og fjvn. sjálf. Hins vegar vona ég þá að þeim mun betur verði eftir rekið af þeim þriðja aðila sem þarna var nefndur, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, sem hefur verið beinn gagnrýnisaðili alla tíð og þó einkum nú á síðustu árum á ýmsu í þessari lagaframkvæmd. En sem sagt, málið er komið á hreyfingu, þó heldur seint sé. Ég vænti þess að hæstv. ráðh. fylgi þá málinu þann veg eftir sem hann lýsti að minnsta kosti.

Barnalífeyrir og meðlög, fsp. (þskj. 51). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Við afgreiðslu frv. til l. um launajöfnunarbætur úr Ed. 15. maí s. l. flutti ég till. þess efnis, að árlegur lífeyrir með hverju barni skyldi vera 109 740 kr. frá 1. mars 1975 og breytast síðan ársfjórðungslega í samræmi við vísitölu vöru og þjónustu. Samkv. þessari till. hefði barnalífeyrir, þ. e. a. s. meðlagsgreiðslur orðið 9 160 kr. í staðinn fyrir 7 440 eins og frv. gerði ráð fyrir. Ég benti þá á að þessar greiðslur hefðu hækkað mjög óverulega seinustu missirin, eða aðeins um 9% í okt. fyrir einu ári, 3% í des. fyrir einu ári og 9% í aprílmánuði. *Aftur á móti hefði* framfærslukostnaður aukist mjög verulega eða um 40%. Skýringin á þessum litlu hækkunum meðlagsgreiðslna eða barnalífeyris er sú, að þessar hækkanir hafa fylgt hækkun almenns lífeyris, eins og reyndar lög gera ráð fyrir, en ekki hækkun tekjutryggingarinnar eins og miklu eðlilegra væri.

Ég veit ekki, hvort allir hv. alþm. gera sér grein fyrir því að Tryggingastofnun ríkisins greiðir aðeins lítinn hluta af þeim greiðslum sem hér er um að ræða. Stærsti hluti þessara greiðslna eru meðlagsgreiðslur milli einstaklinga í þjóðfélaginu, því að lágmarksmeðlag er ákveðið með ákvörðun barnalífeyris, og með því að halda niðri barnalífeyri er verið að grípa inn í fjárhagsleg samskipti þúsunda einstaklinga, á mjög óréttlátan og ósanngjarnan hátt. Þeir aðilar, sem verða fyrir barðinu á þessari þróun, eru einkum einstæðir foreldrar.

Þegar ég kynnti þessa brtt. í Ed. á s. l. vori varð ég var við allmikinn skilning á því að þetta væri óeðlileg þróun mála. Menn gerðu sér grein fyrir því, að miklu eðlilegra væri að barnalífeyrir hækkaði í hlutfalli við tekjutrygginguna. Í fjh.- og viðskn. urðu nokkrar umr. um þetta mál, og á fundinum voru einnig hæstv. forsrh. og hæstv. heilbr.- og trmrh. sem ræddu þetta mál við n. Á þessum fundi varð að samkomulagi að ég drægi áður nefnda till. til baka gegn því að forsrh. gæfi almenna yfirlýsingu um ráðstafanir í þessu máli. Það gerði hæstv. forsrh. í umræðunni sem síðan fylgdi á eftir. Hann sagði þá, með leyfi forseta:

„Heilbr.- og trmrh. hefur vald til þess með reglugerð að breyta þessu og ákveða barnalífeyri eða meðlag með öðrum hætti. Það hefur hann haft til athugunar, og ríkisstj. mun taka það til meðferðar að athugun lokinni. Ég get ekki lofað neinni ákveðinni hækkun. Það fer eftir þeirri athugun, sem fram fer, hver úrslit

málsins verða. En mál þetta er til meðferðar í rn. og ríkisstj. mun taka afstöðu til þess að lokinni þeirri athugun."

Síðan þetta var er liðið meira en hálft ár og enn hefur ekkert gerst í málinu. Allar greiðslur almannatrygginga hafa verið hækkaðar um sömu upphæð, þ. e. a. s. 11%, og barnalífeyrir er nú 8 259 kr. á mánuði. Til samanburðar er rétt að geta þess að daggjald á barnaheimili er nú 9000 kr. og það mun vera í fyrsta sinn um alllangt skeið að barnalífeyrir eða meðlagsgreiðsla dugir ekki fyrir dagvistun barns, hvað þá öðrum útgjöldum sem fylgja framfærslu þess. Þar að auki er vitað að dagvistunargjöld á barnaheimilum munu hækka enn frekar á næstu mánuðum, væntanlega um áramótin, upp í 10 000 kr., eftir þeim upplýsingum sem fengist hafa hjá Sumargjöf. Ég vil undirstrika hér að ekki eru líkur á að hækkun í t. d. 12 000 sem mundi vera vel í samræmi við hækkun vísitölu vöru og þjónustu, byrfti að vera svo ýkjadýr fyrir ríkissjóð, samkvæmt þeim útreikningum sem ég hef gert. Á grundvelli upplýsinga, sem ég hef aflað mér frá Tryggingastofnun ríkisins mundu barnalífeyrisgreiðslur ekki aukast miðað við ár um meira en 16 millj. af þessum orsökum, og sjá allir að ekki er um stórar fjárhæðir að ræða.

Í lögum um launajöfnunarbætur var ákveði um það, að fram skyldi fara rannsókn á framfærslukostnaði einstæðra foreldra. Ég hef leitað upplýsinga um það hjá hagstofustjóra, hvernig þessari rannsókn liði og hvaða líkur séu á því að henni ljúki innan tíðar, og fengið þær upplýsingar, að ekki sé útlit fyrir að þetta fáist á hreint nú fyrir áramótin. Með hliðsjón af þessu hef ég leyft mér að bera fyrir forsrh. nokkrar fsp. á þskj. 51.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Þegar lög um launajöfnunarbætur o. fl. voru afgreidd frá Alþ. á liðnu vori var eftirfarandi bráðabirgðaákvæði sett aftan við þau:

„Fyrir árslok 1975 skal heilbr.- og trmrh. láta fram fara könnun:

a. Á framfærslukostnaði elli- og örorkulífeyrisþega og skal könnunin bæði ná til einstaklinga og hjóna, er njóti elli- og örorkulífeyris. Hliðsión af könnun þessari skal höfð við ákvörðun elli- og örorkulífeyris og tekjutryggingar hjóna og einstaklinga.

b. Á framfærslukostnaði barna einstæðra foreldra. Hliðsión af könnun þessari skal höfð við ákvörðun barnalífeyris."

Fsp. hv. 5. þm. Norðurl. v., til mín er í fyrsta lagi um það, hvað líði efndum á loforði hæstv. forsrh. sem hann gaf Ed. Alþ. 15. maí s. l., að ríkisstj. taki greiðslu barnalífeyris og meðlaga til sérstakrar endurskoðunar. Ég skal ekki rekja þau ummæli sem ég hafði þá um þetta mál, enda gerði hv. fyrirspyrjandi það. En efni málsins var þá og er enn að heilbr.- og trmrh. hefur haft þetta mál til athugunar og taldi sig hafa vald til þess að gefa út sérstaka reglugerð er greindi á milli ákvörðunar á upphæð elli- og örorkulífeyris annars vegar og barnalífeyris hins vegar. Við nánari könnun og athugun málsins í rn. hefur það komið fram, að það þarf lagabreytingu til ef þarna á að vera um misjafna hækkun að ræða. En mál þetta er í athugun og úrslit þess munu velta á niðurstöðu þeirrar könnunar, sem fram fer á Hagstofunni.

Ég vil í þessu sambandi láta það koma hér fram, að eigi má rugla saman barnalífeyri annars vegar og meðlagsgreiðslum hins vegar. Það verður að gera sterkan greinarmun á þessu tvennu. Greiðslur barnalífeyris Tryggingastofnunar ríkisins eru sem sagt bundnar með lögum, en meðlagsgreiðslur eru ákveðnar hverju sinni og mega aldrei vera lægri en greiðslur barnalífeyris almannatrygginga. Hins vegar virðist ekkert vera í lögum, sem hindrar að slíkar greiðslur séu ákvarðaðar mun hærri og að við slíkar ákvarðanir sé tekið tillit til fjárhagsaðstæðna aðilanna. Í lögum um þetta efni er beinlínis tekið fram að við ákvörðun meðlagsgreiðslna eigi að hafa hliðsjón af högum beggja foreldra og miða meðlagsgreiðslur við hag þess foreldris sem er betur stætt. Það þarf því engar breytingar á barnalífeyri almannatrygginga til þess að meðlög hækki. Þetta tel ég út af fyrir sig rétt að hér komi fram, þótt á hinn bóginn hafi sú venja myndast að langalgengast sé að upphæð þessa tvenns, barnalífeyris og meðlaga, fari saman.

Þá skal ég einnig ítreka það, sem fram hefur komið hér áður, að barnalífeyrir hefur breyst eins og greiðslur annarra bóta frá almannatryggingum, þ. e. a. s. almennra elli- og örorkulífeyrisbóta.

Seinni hluti fsp. er á þá leið, hvort mér sé ekki ljóst að könnun á framfærslukostnaði barna einstæðra foreldra hafi ekki hafist fyrr en í haust og ljúki ekki á þessu ári og því sé fráleitt að draga öllu lengur að taka ákvarðanir til bráðabirgða um sérstaka hækkun barnalífeyris og meðlaga. Það liggur fyrir að dregist hefur meira en skyldi að athugun sú, sem fyrir er mælt í bráðabirgðaákvæði laganna um launajöfnunarbætur, hæfist. Samkv. upplýsingum frá heilbr.- og trmrn. dróst það fram eftir sumri að rn. tæki mál þetta til meðferðar sem ákvæðið gerði ráð fyrir. En það sneri sér síðan fyrst til Þjóðhagsstofnunar, sem taldi eðlilegra að verkefni þetta væri falið Hagstofunni, og með bréfi dagsettu 17. sept. s. l. óskaði heilbr.- og trmrn. eftir því við Hagstofuna að hún tæki að sér að gera umrædda könnun á framfærslukostnaði barna einstæðra foreldra. Hagstofan varð við þessari ósk og er verkið hafið. Að sögn Hagstofunnar er hér um að ræða flókið og vandasamt verkefni, og ég vil ekki gefa neinar yfirlýsingar á þessu stigi hvenær því verki verði lokið. Menn verða að gera sér grein fyrir að því verður ekki lokið fyrir áramót, þótt áhersla verði á það lögð að hraða því eins og aðstæður frekast leyfa.

Ég vil því með tilvísun til þess, sem hér hefur komið fram, láta þá skoðun í ljós að ég tel ekki svo langt í að niðurstöður athugana hagstofunnar liggi fyrir, að ekki sé rétt að bíða með ákvörðun á breytingu á barnalífeyri þangað til þessi athugun liggi fyrir og því ekki rétt að afla sér lagaheimildar til þess að breytingar á barnalífeyri hlíti öðrum reglum en breytingar á almennum elli- og örorkulífeyri, fyrr en niðurstaða þessarar athugunar liggur fyrir. Þá byggi ég á

því, að það verði ekki verulegur dráttur á þeirri niðurstöðu.

Ég vil láta það koma fram, að frá því í apríl 1974 hefur barnalífeyrir hækkað um 32% eins og ellilífeyrir án tekjutryggingar, en aftur á móti hefur ellilífeyrir með tekjutryggingu hækkað á sama tíma um 55%. Ég er ekki reiðubúinn nú til þess að fallast á þá skýringu, þótt það megi vel taka hana til athugunar, að barnalífeyrir eigi að fylgja ellilífeyri með tekjutryggingu. Á sama tímabili og þessi hækkun hefur orðið á barnalífeyri og almennum ellilífeyri án tekjutryggingar, þ. e. a. s. 32%, hafa launahækkanir orðið þær, að laun samkvæmt 21. flokki Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hafa hækkað um 24%, laun samkvæmt 15. fl. bandalags starfsmanna ríkis og bæja um 30% og laun samkvæmt 2. launafl. Iðju um 41%.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svar hans, enda þótt ég verði því miður að bæta því við að ég get ekki lýst ánægju minni með svarið.

Yfirlýsing hæstv. forsrh. í umr. um þetta mál á s. l. vori var alveg ótvíræð. Hann hét því, að þessi mál yrðu tekin til sérstakrar endurskoðunar, og benti á að breyta mætti þessu atriði með reglugerð og sjálfsagt væri að taka það til athugunar. Nú upplýsir hann að menn hafi komist að þeirri niðurstöðu að þetta muni ekki vera hægt að gera með reglugerð, og má vel vera að það sé rétt. Ég hef skoðað það mál sjálfur og ég tel að vísu að á þessu geti verið einhver vafi vegna orðalags viðkomandi gr. almannatryggingalaganna. En ég get fallist á það með honum að vegna þessa vafa mundu menn sennilega telja eðlilegast að um lagabreyt. væri að ræða. En ég sé ekki að það hefði átt að breyta ýkjamiklu. Ef vilji hefði verið fyrir hendi til þess að efna þetta fyrirheit var hæstv. ríkisstj. í lófa lagið að gefa út brbl. um þetta atriði alveg jafnt og að gefa út reglugerð. Ég held satt að segja að brbl. hafi á s. l. vori verið gefin út af minna tilefni heldur en hér er um að ræða. Eins er það, að Alþ. nú hefur tekið til starfa og starfað í 2 mánuði og ætti því ekki að vera skotaskuld úr því að lagfæra þetta atriði, þannig að lagaheimild verði til að koma þessari breyt. fram.

Hæstv. forsrh. ræddi hér nokkuð um meðlagsgreiðslurnar og ég sá ekki að það, sem hann sagði um það atriði, breytti neinu sem ég sagði hér áðan. Meðlagsgreiðslurnar eru miðaðar við barnalífeyri að því leyti, að lágmark þeirra miðast við barnalífeyri. Og það er rétt sem hann sagði, að myndast hefur sú venja að miða við barnalífeyrinn, þannig að fram hjá því verður ekki gengið.

Um rannsókn málsins er það hins vegar að segja, eins og hann tók fram, að það dróst fram eftir sumri að hafist væri handa um þá könnun sem fyrirskipuð var í lögunum um launajöfnunarbætur og það heldur betur, því að þessi rannsókn hófst ekki fyrr en langt var liðið á haust. Það var ekki aðeins sumarið sem leið, heldur talsvert af haustinu líka. Það er því löngu orðið ljóst, að ekki er viðunandi að ætla að fara að bíða eftir því að þessari rannsókn ljúki. Það er greinilegt að á því getur orðið töluvert langur dráttur.

Ég ætla ekki að ræða um þær prósentutölur sem hæstv. forsrh. ræddi hér áðan varðandi hækkun ellilífeyris annars vegar og hækkun kaupgjalds hins vegar, en vil benda á þriðju prósentutöluna, sem ætti ekki að skipta minna máli, en það er sú hækkun sem orðið hefur á vísitölu vöru og þjónustu á þessu tímabili, en það er hvorki meira né minna en 91% sem sú vísitala hefur hækkað. Væri auðvitað miklu eðlilegra að miða við þá gífurlegu hækkun heldur en þá litlu hækkun almenns kaupgjalds sem orðið hefur.

Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta atriði, enda leyfir tími minn það ekki. Ég vil bara undirstrika það hér, að þetta er mál, sem snertir samskipti þúsunda einstaklinga í þjóðfélaginu, og ég tel að með þessari naumu hækkun barnalífeyris hafi ríkisvaldið haft afskipti af málefnum þessa fólks á mjög ranglátan hátt. Ég vil eindregið vænta þess, að hæstv. ríkisstj. taki það til gaumgæfilegrar athugunar hvort hún geti ekki fallist á, miðað við það hvað þessi könnun hefur dregist úr hömlu, að teknar verði nú þegar ákvarðanir til bráðabirgða um sérstaka hækkun barnalífeyris og meðlaga.

Milliþinganefnd í byggðamálum, fsp. (þskj. 75). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jóhannes Árnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera hér fram fsp. til hæstv. forsrh. um störf milliþn. í byggðamálum. Fyrirspurn þessi hljóðar þannig:

„1. Hvað líður störfum milliþn., sem kosin var af Sþ. til að gera till. um markmið, leiðir og mörkun almennrar stefnu í byggðamálum samkv. þál. um milliþn. í byggðamálum frá 13. apríl 1973, og hvenær er þess að vænta að n. skili áliti?

2. Hver er orðinn kostnaður við störf nefndarinnar?“

Hinn 13. apríl 1973 var samþ. á Alþ. þál. um milliþn. í byggðamálum. Þessi þál. er alllöng, í 7 liðum, og ætla ég að leyfa mér að lesa hana hér, með leyfi hæstv. forseta. Hún er þannig:

„Alþ. ályktar að kjósa 7 manna nefnd þm., kosna hlutfallskosningu í Sþ., sem gerir till. um markmið, leiðir og mörkun almennrar stefnu í byggðamálum. Skal að því stefnt að varanleg starfsemi í byggðamálum verði efld og viðurkennd sem fastur þáttur í íslenskri stjórnsýslu. N. skal m. a. hafa eftirtalin verkefni:

1. Kanna hvaða atriði valda fyrst og fremst mismunun á milli landsmanna eftir búsetu, bæði fjárhagslegri og félagslegri.
2. Kanna og meta eins og unnt er hin þjóðhagslegu áhrif þeirrar þróunar í byggðamálum, sem átt hefur sér stað á undanförnum áratugum.
3. Kanna hvaða ráðstafanir nágrannaþjóðirnar hafa gert á þessu sviði og hvaða almenna stefnu þær hafa markað.
4. Athuga, hvað unnt er að gera af opinberri hálfu til þess að jafna metin á milli lands-

manna, og gera tilraun til að meta áhrif slíkra aðgerða og kostnað.
5. Gera till. um markmið í byggðamálum.
6. Gera till. um leiðir til þess að ná framangreindum markmiðum.
7. Leggja drög að almennri stefnu í byggðamálum.

Auk þess skal n. athuga till. til þál. á þskj. 383 og leggja fram þau frv. til breyt. á lögum þegar í byrjun næsta þings, sem n. telur að ekki þoli bið. N. skal einnig leitast við að gefa Alþ. bráðabirgðaskýrslu í byrjun næsta þings um verkefni sitt.

Forsrh. skipar formann n. Í samráði við forsrn. skal n. fá eðlilega starfsaðstöðu, og henni skal heimilt að leita álits sérfróðra manna. Framkvæmdastofnun ríkisins skal skylt að veita n. nauðsynlegar upplýsingar og aðstoð. Kostnaður við störf n. greiðist úr Byggðasjóði."

Þessi till. var, eins og ég gat um áðan, samþ. árið 1973 og kosin þá 7 manna milliþn. sem ekki hefur enn skilað till. sínum svo að mér sé kunnugt, og þess vegna er þessi fyrirspurn flutt.

Sú þál., sem ég var að lesa upp áðan, var flutt af þm. Steingrími Hermannssyni, Vilhjálmi Hjálmarssyni og Stefáni Valgeirssyni. Ef þessi þál. er skoðuð nánar kemur í ljós að þarna er svo sem ekki um neitt smámál að ræða og milliþn. var falið að vinna ákaflega þýðingarmikið starf, þar sem er mörkun almennrar framtíðarstefnu í byggðamálum og gera till. um markmið og leiðir á þessu sviði, — að því skal „stefnt, að varanleg starfsemi í byggðamálum verði efld og viðurkennd sem fastur þáttur í íslenskri stjórnsýslu," eins og þar segir.

Þá kom fram í þál., í næstsíðustu málsgr., að milliþn. átti að athuga till. á þskj. 383. Sú þáltill., sem til er vitnað á þessu þskj. 383, er till. til þál. um skipulag byggðamála og auknar ráðstafanir til hagkvæmrar byggðaþróunar og var lögð fram á þinginu 1972—1973. Flm. þeirrar till. voru 9 þm. Sjálfstfl. með Lárus Jónsson sem fyrsta flm. Ég hygg að samkomulag hafi orðið um að sameina þessar till. í þá till. sem fsp. þessi snýst um.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Forsrn. sneri sér til formanns umræddrar milliþn. í byggðamálum, hv. 2. þm. Vestf., Steingríms Hermannssonar, til þess að afla svara við þeirri fsp. er hv. fyrirspyrjandi gerði grein fyrir áðan, og ég held að gleggst sé að ég lesi upp grg. formanns n. um störf milliþn. í byggðamálum, með leyfi forseta. Hljóðar sú grg. svo:

„Á Alþ. 13. apríl 1973 var samþ. þál. sú um mþn. í byggðamálum sem fylgir hér með í ljósriti. Eru í ályktuninni tilgreind meginverkefni n. Á fundi Sþ. 18. apríl 1973 fór fram kosning 7 alþm. til þess að taka sæti í umræddri milliþn. En tilgreindir þm. voru kjörnir: Lárus Jónsson, Steingrímur Hermannsson, Helgi F. Seljan, Matthías Bjarnason, Ingvar Gíslason, Karvel Pálmason og Pétur Pétursson. Með bréfi, dags. 4. maí 1973, skipaði forsrh. Steingrím Hermannsson formann n.

Fyrsti fundur n. var haldinn 5. júní 1973. Ákveðið var að ráða starfsmann. Var Magnús Pétursson hagfræðingur fenginn til þess starfs í um það bil 1½ mánuð sumarið 1973 og aftur sumarið 1974. Gísli Pálsson nemandi í þjóðfélagsfræði vann einnig að sérstökum verkefnum fyrir n. sumarið 1973.

N. ákvað að leita eftir samstarfi við landshlutasamtökin utan Reykjavíkur og Reykjanessvæðisins. Voru fundir haldnir með þeim öllum sumarið 1973. Einnig var rætt við forstöðumenn Framkvæmdastofnunar, framkvæmdastjóra Húsnæðismálastofnunar ríkisins, póst- og símamálastjóra, vegamálastjóra o. fl. um sérstök málefni sem n. hafði til athugunar. N. ákvað að skipta starfinu í tvo meginflokka: annars vegar athugun einstakra byggðamálefna og hins vegar mörkun almennrar stefnu í byggðamálum. Framan af var áhersla fyrst og fremst lögð á einstök málefni. Var ríkisstj. gerð grein fyrir þeim málefnum, sem n. taldi mikilvægust, með bréfi til forsrh., dags. 8. nóv. 1973. M. a. var lögð áhersla á eftirgreind málefni:

1. Húsnæðismál. Lögð var áhersla á 6 atriði sem n. taldi mikilvægust til þess að rétta hlut dreifbýlisins í húsnæðismálum. Jafnframt var flutt á vegum n. frv. til laga um örvunarlán vegna almennra íbúðabygginga í dreifbýli.

2. Landshlutasamtökin. N. lagði áherslu á að rammalög fengjust samþ. fyrir landshlutasamtökin, og beitti sér fyrir því, að frv. þess efnis var endurflutt á Alþ.

3. Bygging iðnaðarhúsnæðis í dreifbýli. Á vegum n. var flutt frv. um það mál.

4. Skipting fjármagns til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum. N. lagði í fyrrnefndu bréfi og í bréfi dags. 5. des. 1973, til samgrh. áherslu á að vegalögum yrði breytt og aukinn hluti þéttbýlisfjár til framkvæmda í dreifbýli án tillits til íbúafjölda. Var slík breyt. tekin inn í frv. til l. um breyt. á vegalögum, sem flutt var af samgrh. og samþ. á síðasta þingi.

5. Lækkun símakostnaðar í dreifbýli. Á vegum n. var lögð fram till. til þál. um lækkun símakostnaðar í dreifbýli og var sú till. samþ.

6. Athugun á framfærslukostnaði. Á vegum n. var á síðasta þingi flutt till. til þál. um athugun á framfærslukostnaði á nokkrum þéttbýlisstöðum á landinu. Þáltill. þessi var samþ. Hagstofu Íslands var falið að vinna þetta starf og áhersla lögð á að því yrði hraðað. Því er þó ekki lokið enn.

Til undirbúnings mörkunar almennrar stefnu í byggðamálum var samþ. viðamikil starfsáætlun sem gerir ráð fyrir því að safna upplýsingum um hina fjölmörgu þætti byggðamála. Ítarlegum upplýsingum hefur verið safnað frá Skotlandi, Noregi og Svíþjóð um skipulag byggðamála þar. Gísli Pálsson nemandi í þjóðféflagsfræði gerði könnun á byggðaröskun á Íslandi með athugun á tveimur stöðum. Skýrsla um þá könnun kom út í okt. 1973 og var henni dreift til alþm. Magnús Pétursson hagfræðingur tók saman yfirlit yfir heilbrigðismál og Sigfús Jónsson hagfræðingur um þjónustuaðstöðu á Íslandi. Rætt var við fyrirtækið Hagvang um úttekt á ýmsum öðrum þáttum, einkum á sviði atvinnu- og tekjumála, en ekki hefur orðið úr því starfi vegna fjárskorts.

N. stefnir að því, að ganga á þessum vetri frá almennum till. um stefnu í byggðamálum. Í jan. 1974 var dreift á Alþ. skýrslu um störf milliþn. í byggðamálum.

Kostnaður við störf n. hefur verið greiddur úr Byggðasjóði. Í fyrrnefndri skýrslu í jan. 1974 kom fram að kostnaður árið 1973 var 543 364 kr. Var þar fyrst og fremst um að ræða launakostnað vegna starfsmanna og ferðakostnað vegna funda með stjórnum landshlutasamtaka o. fl. Kostnaður árin 1974 og 1975 er um 700 þús. kr.

F. h. milliþinganefndar um byggðamál,
Steingrímur Hermannsson."

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að bæta neinu við þessa grg.

Fyrirspyrjandi (Jóhannes Árnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svör við þessari fsp. Það var margt sem þar kom fram athyglisvert.

Ég vil aðeins segja það, að síðan þessi þál., sem fsp. beinist að, var samþ. og nefndin kosin hefur mikið vatn til sjávar runnið, ef svo má segja. Það er komin til valda í landinu ný ríkisstj. sem í stjórnarsáttmála sínum ákvað að stórefla Byggðasjóð og hefur gert það, þannig að gert er ráð fyrir að sjóðurinn hafi til ráðstöfunar á næsta ári 1100—1200 millj. kr. ef ég man rétt. Þar er um að ræða algjöra stefnubreytingu frá því sem áður var og var þegar n. var kosin fyrir 2½ ári. Það er einmitt með tilliti til þessara nýju viðhorfa hjá Byggðasjóði með auknum tekjum og betri möguleikum til að gegna sínu hlutverki að mér finnst að sú stefnumörkun, sem þál. gerir ráð fyrir og n. vinnur að, þurfi að sjá dagsins ljós sem allra fyrst. Það skiptir öllu máli að gott skipulag komist á þessa hluti svo að þeim fjármunum, sem stjórnarstefnan hefur ákveðið að skuli ráðstafað til byggðamála, verði varið á þann hátt að þeir komi að sem mestu gagni.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég hef að sjálfsögðu litlu við það að bæta sem hæstv. forsrh. sagði. En ég vil aðeins leggja áherslu á það við hv. fyrirspyrjanda, að n. hefur fullan hug á því að ljúka sínum störfum og það sem fyrst.

Þess var getið í þeirri skýrslu sem hæstv. forsrh. las, að nefndin hefði safnað miklum upplýsingum frá nágrannalöndum okkar um skipulag þessara mála. Ég fór í slíka ferð og kynnti mér þessi mál vel, reyndar ásamt fleirum, m. a. þm. Það er ekki eins einfalt mál að móta heildarstefnu og sumir ætla e. t. v. og mikil spurning hvernig sú stefna á að vera eða hve nákvæm hún á að vera. Ég hef ekki tíma til að rekja það hér á þessum stutta tíma.

Ég vil þó geta þess að norðmenn sem hafa unnið einna mest starf á þessu sviði, setja stefnuna ákaflega einfalda fram. Hún er raunar bara ein: að skapa jafnvægi í byggð landsins sem við höfum talað hér um í áratugi. Að vísu eru síðan talin mörg undirmarkmið, eins og t. d. atvinnuöryggi og sambærileg þjónusta, og það síðan flokkað áfram niður skalann.

Ég lít svo á að það eigi að vera hlutverk þessarar n. og ég vænti þess að hún ljúki því í vetur að koma fram með þál. sem markar þessa meginstefnu. En ég hefði gjarnan viljað að hún gæti verið nokkru nánari og nokkru nákvæmari en sú stefna sem ég nefndi að norðmenn hefðu markað, en eins og ég sagði áðan er það ekki auðvelt starf, og ég hygg að til þess að það megi vinnast vel þurfum við að finna góðan starfsmann. Það er von til þess nú að sá starfsmaður fáist.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það var rétt, sem kom fram hér í skýrslu frá formanni n. áðan, að þessi n. vann töluvert vel lengi framan af. En það er eins og mig minni að við stjórnarskiptin hafi deyfð færst ansi mikið yfir n. Ekki veit ég af hverju það stafaði, en svo mikið er víst, að frá því að núv. ríkisstj. tók við völdum hefur n. starfað æðilítið.

Það er sem sagt von á því þó núna að þetta fari að breytast. Ég hef reyndar haft það í huga nú um nokkra hríð, að það væri óþarfi að vara í þessari n., og við hv. þm. Karvel Pálmason höfum íhugað það mjög alvarlega að hætta þátttöku í n. vegna algers starfsleysis. Mig grunar að þetta starfsleysi hafi m. a. stafað af svartsýni ýmissi á það að hægt væri nokkuð að gera í þessum málum raunhæft við núverandi stjórnarhætti. Mann grunar það svo sem. En sem sagt, nú á eitthvað að fara að gera, og þá hugsa ég að við hugsum okkur um, við hv. þm. Karvel Pálmason, og sjáum til hvernig framhaldið verður og hvernig þessum málum reiðir af undir þessari nýju stjórnarstefnu, því á það hefur ekkert reynt enn sem komið er.

Tómas Árnason: Herra forseti. Ég vildi aðeins í sambandi við þessar umr. víkja að því, að þegar núv. hæstv. ríkisstj. var mynduð var ákveðið í stjórnarsamningi stjórnarinnar að verja sem svarar 2% af útgjöldum á fjárlagafrv. til Byggðasjóðs sem framlagi árlega. Þetta hefur þýtt það á árunum 1975 og 1976, að hefði ekki þessi breyt. verið gerð, þá hefði eigið fé Byggðasjóðs til útlána numið um 400 millj. kr. á árunum 1975 og 1976, en vegna breyt., sem varð á, mun eigið fé Byggðasjóðs nema tæplega 2 milljörðum kr. Þetta er sú breyt. sem orðið hefur á í þessum efnum með tilkomu þess ákvæðis í málefnasamningi núv. hæstv. ríkisstj. að verja 2% af útgjöldum á fjárlagafrv. sem framlagi til Byggðasjóðs á hverju ári.

Skuttogarakaup, fsp. (þskj. 71). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera hér fram tvær fyrirspurnir til hæstv. forsrh. um skuttogarakaup. Það er óþarfi af minni hálfu að hafa nokkurn formála fyrir þessum fyrirspurnum, en þær hljóða þannig:

„1. Hvað er ríkisstj. kunnugt um áform og óskir útgerðaraðila í landinu um skuttogarakaup?

2. Hver er afstaða ríkisstj. til slíkra áforma og óska?"

Ég tel eðlilegt að þessar fyrirspurnir komi

fram. Það er eðlilegt að þingheimur fái vitneskju um hvað er að gerast í þessum málum og hver sé afstaða ríkisstj. til þessa máls, en að öðru leyti gefst auðvitað ekki ráðrúm hér til þess að ræða þessi mál ítarlega.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Vegna fsp. hv. 1. þm. Norðurl. e. á þskj. 71 um skuttogarakaup, sem hann hefur gert grein fyrir, vil ég segja eftirfarandi varðandi fyrri spurninguna:

Ríkisstj. hafa borist umsóknir frá 6 aðilum um kaup á 7 skuttogurum frá Noregi, en þessir aðilar eru:

1. Vinnslustöðin hf., Fiskiðjan hf. og Ísfélag Vestmannaeyja hf., Vestmannaeyjum, sem sækja um 2 togara.
2. Væntanlegt hlutafélag á Húsavík um 1 togara.
3. Útgerðarfélag Þórshafnar hf., sem sækir um 1 notaðan togara.
4. Fiskiðjan hf., Keflavík, og Miðnes hf., Sandgerði, um 1 nýjan togara.
5. Ólafur S. Lárusson hf., Keflavík, 1 nýjan togara.
6. Bragi hf., Borgarklettur hf. og Hraðfrystihús Breiðdælinga hf., Breiðdalsvík, um 1 nýjan togara.

Auk þessa hefur sjútvrn. orðið vart við áhuga aðila á Vopnafirði, Hólmavík, Ólafsfirði og Tálknafirði á skuttogarakaupum.

Um 2. spurningu á þskj. 71 vil ég segja þetta: Afstaða ríkisstj. til fiskiskipakaupa erlendis frá er mörkuð með samþykktum hennar á verklagsreglum um meðferð á umsóknum um fiskiskipakaup hinn 25. nóv. s. l., en þar segir:

1. Ríkisábyrgðir verða ekki veittar í sambandi við kaup og innflutning á fiskiskipum.

Þessa reglu yrði að endurskoða þegar ástæða þykir til. Hér er um það að ræða að ríkisábyrgðir um allt að 13% verða ekki veittar eins og á stendur til viðbótar lánum Fiskveiðasjóðs vegna kaupa á fiskiskipum erlendis frá sem hafa numið ⅔ kaupverðs.

2. Fylgt verði reglum lánanefndar um innflutning fiskiskipa, enda verði reglum n. breytt á þann veg að ekki verði leyfðar erlendar lántökur vegna kaupa á fiskiskipum umfram lán Fiskveiðasjóðs. Umsóknum til langlánanefndar skulu fylgja: a) Umsögn viðskiptabanka viðkomandi um fjárhagsstöðu hans og með hvaða hætti kaupin yrðu fjármögnuð. b) Staðfesting stjórnar Fiskveiðasjóðs Íslands um að sjóðurinn muni veita stofnlán til viðkomandi skipakaupa og með hvaða hætti. c) Yfirlýsingar annarra sjóða um lánveitingar til viðkomandi skipakaupa ef um slíkt er að ræða.

Athygli er vakin á því, að hér hefur aðeins verið fjallað um innflutning fiskiskipa, en varðandi smíði fiskiskipa innanlands gegnir öðru máli. Innlendar skipasmíðastöðvar hafa á undanförnum árum verið byggðar upp, og verður að teljast eðlilegt að það verði fyrst og fremst hlutverk þeirra að halda við fiskiskipaflotanum, en eins og kunnugt er eyðileggjast árlega allmörg fiskiskip. Er hér um verulegt hagsmunamál landsbyggðarinnar að ræða og þeirra sem atvinnu hafa af innlendum skipasmíðum og viðgerðum. Enn fremur má vekja athygli á þeirri nauðsyn að innlendu skipasmíðastöðvarnar kanni möguleika á sölu nýbygginga til erlendra kaupenda ef innanlandsmarkaðurinn þarfnast ekki þeirra skipasmíða.

Fyrirspyrjandi (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir svör hans. Ég mun ekki, eins og ég sagði áðan, hefja neinar umr. um þessi mál, en tel mjög mikilvægt, að þessar upplýsingar liggja fyrir, og ég hygg, að það geti orðið hv. þm. umhugsunarefni um það sem er að gerast. Eftir því sem ég best veit, þá er togarafloti landsmanna nú 64 eða 65 skip, þar af munu vera 7 eða 8 togarar gamlir, gamlir síðutogarar, en mjög nýlegir og nýir litlir skuttogarar 40 og stórir skuttogarar 17. Þetta eru alls um 64 eða 65 skip, eftir því hvað við teljum marga síðutogara enn í gangi, þannig að þetta er orðinn allmyndarlegur togarafloti, sem við þegar eigum, og auk þess er búið að semja um 13 eða 15 skip, ég man nú ekki töluna nákvæmlega, sem munu örugglega bætast í togaraflotann nú á næstunni, þannig að það nálgast það að verða um 80 togarar sem íslendingar eiga. Að auki eru svo þessar umsóknir, sem hæstv. ráðh. upplýsti okkur um áðan, og ýmsar óskir annarra aðila um þessi efni, þannig að það er alveg augljóst að togarafloti íslendinga getur, ef öllum óskum og áformum er fullnægt, stækkað mjög mikið nú alveg á næstunni.

Ég veit að það er mjög erfitt að taka beina afstöðu til alls þessa máls. En ég hygg þó að það sé ljóst að í mörgum tilfellum sé þarna um eðlilegar óskir að ræða og það getur verið vafasamt að gefa út neina allsherjarlínu í þessu máli, og ég hygg að eðlilegast verði nú að skoða hverja umsókn fyrir sig áður en afstaða er tekin til þeirra.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég vil aðeins nota þetta tækifæri til þess að láta það koma fram, að ég er algjörlega andvígur þeirri stefnu sem hæstv. ríkisstj. hefur markað varðandi kaup á nýjum fiskiskipum eða skuttogurum. Ég tel að það sé með engu móti hægt að neita mönnum, sem þurfa á því að halda, að eignast ný og fullkomin fiskiskip í staðinn fyrir gömul og meira og minna úr sér gengin skip — að neita þeim um eðlilega aðstöðu til þess að kaupa sér ný skip, en það er gert með þessum reglum hæstv. ríkisstj. Með þeim er mönnum neitað um að taka þau lán erlendis sem auðvelt er að fá og fram eru boðin í sambandi við kaup á svona skipum. Það er enginn vafi á því, að þrátt fyrir þá endurnýjun í skipastólnum, sem átt hefur sér stað, skortir víða mikið á að því marki hafi verið náð að gera skipastólinn almennt að góðum og fullkomnum skipastól. Ég álít því að hér sé um mikla skammsýni að ræða sem fái í rauninni ekki staðist í framkvæmd og í rauninni mikill misskilningur á því hvers konar veiðiskip hér er um að ræða sem við höfum verið að kaupa, þar sem mjög mikill hluti af þessum skuttogurum kemur í rauninni í staðinn fyrir hluta af okkar fiskibátaflota sem áður var. En á það má minna að fyrir allmörgum árum áttu íslendingar 60 togara, auk alls annars fiskiskipastóls.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég vil láta það koma fram, að með þessum reglum, sem ríkisstj. hefur sett, er ekki verið að banna skipakaup. Í fyrsta lagi er ljóst að unnt er að láta smíða fiskiskip hér innanlands, og það er veruleg fyrirgreiðsla sem þeir menn fá sem það gera. Í öðru lagi er ekki um neitt bann að ræða við innflutningi fiskiskipa erlendis frá, þótt dregið hafi verið úr lánafyrirgreiðslu með þeim hætti að ríkisábyrgð fyrir 13% til viðbótar 67% láni Fiskveiðasjóðs sé nú niður fallin. Ég tel þetta eðlileg viðbrögð við skýrslu fiskifræðinganna hjá Hafrannsóknastofnuninni, og þótt segja megi að þegar til lengdar lætur sé okkar nýi fiskiskipastóll ekki of stór, þá er þó þess að geta að eðlilegt er að sú breyting og þróun, sem átt hefur sér stað og þarf að eiga sér stað í endurnýjun fiskiskipastóls landsmanna, eigi sér nokkurn aðlögunartíma, þannig að ekki valdi búsifjum í ýmsum öðrum greinum útgerðar víða á landinu. Ég er því þeirrar skoðunar að þessi nýja verklagsregla sé skynsamleg og nauðsynleg.

Sameinað þing, 31. fundur.

Þriðjudaginn 9. des., að loknum 30. fundi.

Tekjustofnar sýslufélaga, þáltill. (þskj. 63). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Áætlanagerð í flugmálum, þáltill. (þskj. 90). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Samskipti Íslands við vestrænar þjóðir, þáltill. (þskj. 92). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Efri deild, 20. fundur.

Þriðjudaginn 9. des., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Verðjöfnunargjald raforku, frv. (þskj. 123). — 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í gildandi lögum um verðjöfnunargjald af raforku er svo ákveðið að lögin gildi til ársloka 1975. Þetta frv. fer fram á að framlengja lögin til ársloka 1976. Önnur breyt. felst ekki í þessu frv. Eins og kunnugt er gengur verðjöfnunargjald af raforku til þess að greiða rekstrarhalla Rafmagnsveitna ríkisins og er reiknað með þessu verðjöfnunargjaldi í frv. til fjárlaga fyrir næsta ár.

Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til iðnn. með 15 shlj. atkv.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 125). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Innheimta gjalda með viðauka, frv. (þskj. 22). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Kaupstaðarréttindi til handa Njarðvíkurhreppi, frv. (þskj. 117). — 1. umr.

Flm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Ásamt þeim þm. Geir Gunnarssyni, Jóni Árm. Héðinssyni og Axel Jónssyni hef ég leyft mér að flytja hér frv. til l. um kaupstaðarréttindi til handa Njarðvíkurhreppi.

1. gr. frv. hljóðar svo:

„Njarðvíkurhreppur skal vera kaupstaður og sérstakt lögsagnarumdæmi. Nær umdæmið yfir allan núverandi Njarðvíkurhrepp og heitir Njarðvíkurkaupstaður. Umdæmi þetta er í Reykjaneskjördæmi.“

2. gr. „Sýslumaður Gullbringusýslu og bæjarfógeti Keflavíkur skal jafnframt vera bæjarfógeti kaupstaðarins.“

3. gr. fjallar um viðskipti Gullbringusýslu við væntanlegan kaupstað, og í 4. gr. segir að um málefni kaupstaðarins fari skv. sveitarstjórnarlögum.

Í ákvæði til brb. er sagt:

„Þar til bæjarstjórnarkosningar hafa farið fram síðasta sunnudag í maí 1978 skal núv. hreppsnefnd fara með stjórn kaupstaðarins.“

Undanfari þessa er að á fundi sínum 2. des. samþ. hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps svo hljóðandi:

„Hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps samþ. að fara þess á leit við alþm. Reykjaneskjördæmis að þeir flytji á Alþ. frv. að l. um kaupstaðarréttindi til handa Njarðvíkurhreppi. Kaupstaðurinn nái yfir allan núv. Njarðvíkurhrepp og verði sýslumaður Gullbringusýslu bæjarfógeti kaupstaðarins.“

Sveitarstjóri Njarðvíkurhrepps hefur athugað hver sé hagkvæmnin fyrir sveitarfélag að öðlast kaupstaðarréttindi. Það, sem hann telur færast í betra horf, er m. a. þetta:

Í fyrsta lagi um stjórnsýsluna. Bæjarstjórn heyrir beint undir félmrn., en hreppsnefnd undir sýslunefnd eða sýslumann. Hreppsnefnd hefur takmarkað valdsvið og þarf í ýmsum málum lagalega séð að leita samþykkis sýslumanns eða sýslunefndar, t. d. við ýmsar skuldbindingar. Reikningsskil hreppa eru önnur en kaupstaða o. s. frv. Af framansögðu má það vera ljóst, að sjálfstæði kaupstaða er meira en hreppanna og öll stjórnsýsla er einfaldari.

Í öðru lagi eru það fjármál. Hreppur greiðir sýslusjóðsgjald og sýsluvegagjald. Árið 1975 greiddi Njarðvíkurhreppur 697 262 kr. í sýslusjóð og 563 822 kr. í sýsluvegasjóð, en eins og staðsetning hreppsins er og aðstaða öll, þá telur hann sig heldur lítið fá í staðinn.

Það er gert ráð fyrir því, að bæjarfógetinn í Keflavík, sem jafnframt er sýslumaður Gullbringusýslu, verði bæjarfógeti Njarðvíkurkaupstaðar. Þess vegna ætti ekki að verða um neinn kostnaðarauka fyrir hið opinbera að ræða. Til greina kæmi einnig að lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli yrði bæjarfógeti Njarðvíkurkaupstaðar þar eð hluti af Njarðvíkurhreppi er innan flugvallarsvæðisins, en þar sem fógetaembættið á Keflavíkurflugvelli heyrir undir utanrrn. þykir eðlilegra að hin leiðin sé farin.

Njarðvíkurhreppur hefur nú 1708 íbúa og er vaxandi staður. Atvinnulíf er blómlegt, byggist á fiskveiðum, fiskiðnaði, skipasmíðum og skipaviðgerðum, enn fremur nokkrum léttum iðnaði. Þar er einnig landshöfn í byggingu. Það er því fyrirsjáanlegt að þetta sveitarfélag mun vaxa í náinni framtíð og því þykir okkur eðlilegt að því sé breytt í kaupstað.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til félmn. með 15 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 122). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Frv. til l. um breyt á l. um tekju- og eignarskatt er lagt fram á Alþ. nú í beinum tengslum við fjárlagafrv. ársins 1976, þar sem gert er ráð fyrir hækkun tekna af eignarskatti einstaklinga og félaga frá fjárl. þessa árs úr 443 millj. kr. í 952 millj. kr. Til að þeirri tekjuaukningu eignarskatts verði náð er nauðsynlegt að hækka gildandi fasteignamat til eignarskattsálagningar, sem enn í dag miðast við verðlag fasteigna frá því um áramótin 1969—1970, um ákveðinn hundraðshluta. Koma til greina í því sambandi tvær leiðir: annars vegar hækkun fasteignamats til eignarskattsálagningar án breytingar skattstiga og hins vegar hækkun matsins samhliða breytingu á skattstiga eignarskatts. Eins og frv. þetta ber með sér er síðari leiðin farin, enda hefði hin fyrri haft það í för með sér að gjaldendum eignarskatts hefði fjölgað mjög verulega frá því sem verið hefur.

Það er ljóst að á undanförnum árum hafa eignarskattar, sem að stofni til eru langmest innheimtir af fasteignum, ekki fylgt verðlagsþróun fasteigna í landinu. Sem dæmi má nefna að vísitala byggingarkostnaðar frá viðmiðunartíma gildandi fasteignamats, 1. jan. 1970, til 1. nóv. s. l. hefur hækkað um 464%. Verður því tæplega haldið fram að hér sé um nýja eða stóraukna skattheimtu að ræða, heldur er hér fyrst og fremst verið að færa skattheimtu til samræmis við þróun verðlags.

Á Alþ. hefur samhliða þessu frv. verið lagt fram nýtt frv. um skráningu og mat fasteigna sem gerir ráð fyrir árlegri hækkun fasteignamats til samræmis við þróun verðlags fasteigna. Slík almenn hækkun matsins getur þó af framkvæmdaástæðum ekki tekið gildi fyrr en 1. des. á næsta ári og er því þetta frv. um um breyt. á l. um tekju- og eignarskatt flutt til að brúa það tímabil þar til af slíkri almennri hækkun fasteignamats getur orðið.

Ég vil að lokum undirstrika að frv. þetta felur ekki í sér almenna hækkun fasteignamats, heldur einungis hækkun matsins til eignarskattsálagningar, og hefur því ekki áhrif til hækkunar annarra skatta og gjalda sem byggjast á fasteignamati. Hins vegar hefur félmrn. skv. ákvæðum laga nr. 11/1975, um breyt. á l. um tekjustofna sveitarfélaga, heimild til álags á aðalmat fasteigna til notkunar þess til ákvörðunar gjalda sveitarfélaga á árinu 1976, og með auglýsingu frá 14. nóv. s. l. hefur sú heimild verið nýtt til 1.73% hækkunar.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða meir um þetta frv., legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Á sínum tíma kom það fram í ræðu hv. fjmrh. að mikil umbreyting yrði gerð á skattkerfi landsmanna og virðist nú að við séum að sjá hér fyrstu áhrifin á þeirri kerfisbreytingu sem fram undan er og boðað hefur verið. Hér liggja fyrir í hv. d. tvö frv. varðandi skattmöguleika á fasteignir og skráningu og mat fasteigna. Það er 99. nál. á þskj. 121 og 100. mál á þskj. 122.

Það getur vel verið að það sé nauðsynlegt að færa þetta til verðlagsins í dag, en þetta er ekki alveg einfalt mál. Íbúð eins einstaklings er að vísu skráð hærra í árslok þessa árs. Vegna hvers? Einstaklingurinn hefur sjálfur alls ekki gert neitt fyrir íbúðina. Raunverulega hefur hún rýrnað fyrir áhrif veðrunar og fyrningar, en vegna verðbólgudraugsins hefur hún kannske tvöfaldast á pappírnum eða guð veit hvað. Það er þessi skattstofn, sem er tilbúinn vegna verðbólgudraugsins, sem á að fara að beita margföldun á, og það er mál sem þarf að athuga gaumgæfilega. Hér er viðmiðun að af 2 millj. kr. greiðist enginn skattur — rausnarlega boðið, 2 millj. kr. af fasteign. Hjá gömlu fólki, segjum 70 ára, er það kannske eina verðmætið sem það

á og heldur gildi sínu í verðbólgunni. Ég held að þetta þurfi að athuga gaumgæfilega, mjög vel.

Ég ætla ekki að eyða mörgum orðum um málið við 1. umr., þar sem það fer í n. þar sem ég á sæti, en ég held að hæstv. ríkisstj. verði að gefa gaum að því að margt fólk hefur enga minnstu möguleika til að bera aukna skattbyrði í krónum talið, þó að verðmæti íbúðarinnar sé reiknað í árslok meira en var í ársbyrjun vegna verðbólgunnar einnar, af húsnæði sem það notar eingöngu til að lifa í. Það gegnir öðru máli um húsnæði þar sem atvinnurekstur fer fram, og einnig má þá athuga verðmæti landsins sem er hér í kringum okkur. Hví fylgir ekki frv. um sérstakan skatt á verðmæti lands í nágrenni þéttbýlissvæða eða almennt talað alls staðar á landinu? Hvað gera vegaframkvæmdirnar sem er verið að annast á vissum svæðum á landinu? Að hverju stuðla þær? Verðmæti lands margfaldast, jafnvel tugfaldast á einu ári. Má ekki sækja þangað krónur í tóman ríkissjóð? Má sækja fremur krónur í íbúð gamals fólks eða ungs fólks sem býr í 100 fermetra íbúð og hefur komið sér upp íbúðinni við illan leik og er allt í einu skráð í dag á 10 millj.? Hvaða möguleika hefur þetta fólk til aukinnar skattbyrði úr 20 000 kr. segjum í 60 000 kr.? Ég fæ ekki komið auga á það í skyndingu. Ég segi það alveg hreinskilnislega. Það verður að sannfæra mig um að það sé einhver nýr skattgrundvöllur vegna verðbólgu fyrir hendi. Jú, ríkissjóður þarf meiri peninga, það vitum við, vegna rekstrarútgjalda og aukningar á því sviði, og vissulega er sótt fast að okkur fjvn.-mönnum nú og síminn stansar aldrei næstum allan sólarhringinn til þess að vita hvernig hefur farið með innlögð erindi, svo að hæstv. fjmrh. er vorkunn að reyna að seilast eftir fjármagni til að mæta hinum mörgu röddum þrýstihópanna. En þarf ekki þessi sérstaki skattur betri athugunar við? Hann tók fram í stuttri framsögu að hér væri ekki ætlunin að auka fjölda þeirra manna er greiða skattinn. Það út af fyrir sig er ánægjulegt að heyra. En ég tel að við þurfum að fá mun gleggri og betri grg. fyrir áhrifum þessa gjalds og hvað það þýðir, — miklu betri grein en kemur fram í aths. með frv. og kom fram í framsögu hæstv. ráðh.

Ég vil vekja athygli á þessu strax í upphafi, vegna þess að ég tel óhjákvæmilegt annað, þar sem þessi aukning byggist ekki á neinni sérstakri verðmætisköpun, en við fáum fleiri krónur vegna verðbólgunnar einnar sér, og jafnvel eignir, sem ekkert hefur verið gert við allt árið, ekki einu sinni málað hvað þá meira, eru skráðar jafnvel milljónum hærra í árslok en ársbyrjun. Þetta er mikið vandamál. En skapar þetta grundvöll fyrir margföldun í skattverðmæti — fasteignamatsverðmæti? Er hér um nokkurt raunverulegt verðmæti að ræða? Er þetta ekki eina atriðið, eini hluturinn á Íslandi sem hefur haldið verðgildi sínu? Hitt hefur brunnið upp. Sparifé brennur upp. Fólkið neyðist til að fjárfesta vegna verðbólgunnar.

Ég hef þessar vangaveltur ekki lengri. Ég vildi aðeins undirstrika að þetta er æðiviðkvæmt og erfitt mál og þarf áreiðanlega mjög yfirvegaða athugun, og mér virðist í fljótu bragði að við þurfum í fjh.- og viðskn. að fá gaumgæfilegar upplýsingar um áhrif þess. Nú er þetta eitt af þeim frv. sem eiga að fá skjóta afgreiðslu á síðustu dögum þingsins fyrir jólafrí. Það er afar leiðinlegt að það skuli bera að við slíkar aðstæður og kann að valda því að ekkert má athuga og engu má breyta, heldur aðeins afgr., eins og áður hefur komið fyrir, og það er lítt til sóma þeim er að standa.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki hafa um þetta frv. mörg orð. Ég segi eins og síðasti ræðumaður, þetta á eftir að koma fyrir n. þar sem ég á sæti. En ég vil á sama hátt og hann vara við því að nota eignir sem gjaldstofn yfirleitt. Ég hef ávallt verið á móti skattgjöldum af fasteignum í hvaða mynd sem er. Síðasti ræðumaður gat þess að húsnæði er kannske það eina sem gamalt fólk á, efnalítið fólk og hefur stefnt að því alla sína ævi að koma sér þaki yfir höfuðið og hefur kannske komið því upp fyrir nokkur hundruð þús. kr. fyrir nokkrum árum, síðan er þetta orðið milljónaverðmæti í nýjum og nýjum mötum. Það má segja að þetta sé sparifé þess fólks, — sparifé sem það hefur notað til þess að fjárfesta á þennan hátt. En fólk með samsvarandi tekjur á sama æviskeiði sem hefur notað sína peninga illa eða eytt þeim í annað en að skapa verðmæti til frambúðar fyrir land og þjóð, það sleppur við þessa síendurteknu skattlagningu.

Ég er ekki þar með að segja að það sé ekki nauðsynlegt að taka einhverja skatta af fasteignum. En ég held að þetta sé orðin nokkurs konar eignaupptaka sem er að færast yfir okkur, og ég vara við því að halda áfram að hækka og sihækka fasteignaskatta, því að ég lít á það, eins og margir aðrir gera, sem hreina eignaupptöku. Ég er reiðubúinn til þess að leggja fram í krónutölu hvað það kostar orðið að fara út og inn úr eigin heimili, miðað við að fara einu sinni á dag til vinnu og koma heim að kvöldi. Það skiptir orðið nokkrum hundruðum kr., a. m. k. í því hverfi sem ég býí í í Reykjavík.

Sem sagt, ég hef þessi orð ekki fleiri, en ég vil aðeins tala þessi varnaðarorð og lít á þessa braut sem nokkurs konar eignaupptöku sem ég vil vara við.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Lækkun lögbundinna framlaga á fjárlögum, frv. (þskj. 120). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Sem kunnugt er byggjast ákveðnir útgjaldabálkar fjárlaga á sérlögum og verður ekki náð langt í þeirri viðleitni að hafa hemil á vexti ríkisútgjalda án þess að breyta slíkum sérlögum. Með þessu frv. er leitað heimildar til þess að lækka á árunum 1976 og 1977 um 5% þau útgjöld, sem byggð eru á sérstökum lögum, og hafa viðkomandi gjaldaliðir í fjárlagafrv. fyrir árið 1976 verið áætlaðir á þessari forsendu. Er þetta

liður í þeirri stefnu ríkisstj. að stuðla að bættu efnahagsjafnvægi innanlands og í utanríkisviðskiptum. Í þessu efni eru þó framlög til almannatrygginga sérstaklega undanskilin í þessu frv. þar sem gert er ráð fyrir sérstökum ráðstöfunum á því sviði.

Við mat á aðstæðum, þegar ákveðið var að draga með þessum hætti úr sjálfvirkni vaxtar ríkisútgjalda, komu svokallaðir markaðir tekjustofnar sérstaklega til álita. Því er þannig háttað, að þessir tekjustofnar ganga ýmsir óbreyttir sem sama fjárhæð gegnum tekju- og gjaldahlið fjárlaga og ríkisreiknings eða við þá er bætt mótframlagi í gjaldahlið sem beinu ríkissjóðsframlagi. Varð niðurstaðan sú, að ekki væri rétt að láta skerðinguna ná til þeirra tekjustofna sem fara óbreyttir í gegnum gjaldahlið, heldur skyldi skerðingin miðast við stofna þar sem hreint ríkissjóðsframlag bættist við í gjaldahliðinni. Veigamestu framlögin af þessu tagi eru þau sem renna í Byggingarsjóð ríkisins.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um frv. Í grg. er getið þessara atriða og að sjálfsögðu eru allar upplýsingar til reiðu fyrir hv. n. sem fjallar um þetta frv.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Það kemur fram í grg. með frv. til fjárlaga fyrir árið 1976, að reiknað er með að 5% af lögbundnum framlögum verði sett til lækkunar í mörgum gildandi lögum, og ekki er sérstaklega tekið upp hver þessi lög eru. Þau eru það mörg að ekki hefur þótt ástæða til að láta sérstaka skrá fylgja með, svo sem hefði verið eðlilegt, til þess að menn sæju hvar þessi 5% hefðu áhrif. En menn geta hins vegar lagt vinnu í það að leita að því í gegnum fjárlagafrv. Ég býst nú við að fæstir hafi gert það.

Hvað sem því líður, þá kemur það fram í fjárlagafrv. að þetta á að gilda fyrir árið 1976. En í þessu frv., sem hér er til 1. umr., kemur fram að hæstv. ríkisstj. reiknar með að hafa sama hátt á fyrir árið 1977. Það má segja að allur sé varinn góður, ef ekki tekst að framfylgja fyrri áformum um að draga úr verðbólgunni og hafa hemil á efnahagslífinu. Er nú ljóst hversu bóksulega hefur til tekist á þegar liðnum mánuðum í hennar valdatíð, svo að ekki mun veita af að ætla sér allmikinn tíma til að ná einhverjum árangri.

En hvað sem líður nauðsyn þess að draga úr þenslu í ríkiskerfinu, þá vil ég aðeins vekja athygli á því að í tíð seinasta fyrirrennara hæstv. fjmrh. var fyrir milligöngu hagsýslunnar kölluð saman undirnefnd fjvn. og þar fengum við lista yfir fyrirtæki ýmiss konar, sem eru hrein ríkisfyrirtæki og nema alls á annan tug, sem hafa mjög mikil umsvif í þjóðarbúskapnum og vega afar mikið í allri efnahagsstarfseminni hér á landi. Ég harma það, að sú viðleitni, sem þar var sýnd á sínum tíma, skuli ekki vera til enn þá, og vil nú spyrja hæstv. fjmrh. að því, hvort hann hefði ekki hug á því að taka upp þráðinn, sem niður féll við ríkisstjórnaskiptin, og kanna nú umsvif þessara fyrirtækja, því að hann mun geta fengið þennan lista, hann er til enn þá. Ég á hann og alllanga grg. um nauðsyn þess að kanna umsvif þessara stóru ríkisstofnana, því að svo góður sem ásetningur hæstv. ráðh. er að minnka umsvif ríkisvaldsins og ríkissjóðs, þá tel ég að hann nái ekki tilætluðum árangri nema hafa einhvers konar seilingarvald a. m. k. í þessar sterku stofnanir. Ég þarf ekki að fara að telja þær upp. Hann kann það sjálfur utan bókar. En ég vil aðeins minna á að hér þarf samræmdar aðgerðir. Við heyrum það víða að sumar leiki lausum hala og illa sé skipulögð þjónustan og hún sé dýr. Ég ætla nú ekki að fara að tíunda það út af fyrir sig. En þó vil ég segja frá reynslu undanfarna daga, sem ég reyndi sjálfur og við ræddum í fjvn., að það atvikaðist að síminn hjá mér bilaði út af hitaveituframkvæmdum og ekki minna en 5 menn komu hver á fætur öðrum til að gera við þá litlu bilun, vegna þess að hún var ekki alveg eins í hvert skiptið.

Svo skeði það, að ég fékk hitaveitu núna í gær og lenti í orðasennu við hitaveitumennina. (Gripið fram í.) Já, ég þakka fyrir, hæstv. forsrh. Ég sagði við þessa ágætu hitaveitumenn: Ykkur leyfist að hundskamma okkur á Alþ., en ef við gerum aths. við smáframkvæmd á vinnu ykkar, þá fær maður hnútukast. — Ég vildi gera aths. við að það þyrfti röð af mannskap að koma til að hleypa vatninu á — og þetta kostar peninga. Ég var svo tunguhvass að segja: Hver borgar þetta nema almenningur? — og ég er í *þessu tilfelli sem slíkur, að maður tali ekki um* að það varð að koma röð af mönnum til að opna vissan krana hver fyrir sig. Og svo auðvitað var allt stöðvað eftir tveggja tíma rennsli, því að þá var sandur kominn í einn kranann og það þurfti enn mann í viðbót í morgun og hitalust í nótt.

Með þessu móti verðum við að líta á þessi sérstöku fyrirtæki, sem ég veit að hæstv. ráðh. veit hver eru, þau nema alls á annan tug í ríkisbúskapnum, sem hafa leikið meira og minna lausum hala og haft fjölda manns á sínum snærum og fjárfest fyrir hundruð millj. kr. Ég tel að þá viðleitni, sem fyrirrennari hans sýndi á sínum tíma að mynda aðhald í þenslu þessara fyrirtækja og umsvifum, sé nauðsynlegt að taka upp aftur. Það var aðalerindi mitt út af þessu frv. nú að vekja athygli á þessu, að þrátt fyrir að 5% áformið kann að vera bráðnauðsynlegt á árinu 1976, þá sé ég ekki tilganginn að lögfesta það gagnvart árinu 1977. Vonandi verða þá betri aðstæður og við getum látið eðlilega hlutdeild renna samkv. lögum í þá sjóði, sem það eiga skilið. En samræmdar aðgerðir þurfa að eiga sér stað. Annars er þetta að verulegu leyti að mínu mati sýndarmennska.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég vil taka undir orð hæstv. forsrh. áðan þegar hann óskaði hv. 1. landsk. til hamingju með hitaveituna. Ég efast ekkert um að hann fær lagfæringu á því sem þar fór úrskeiðis í nótt, og sem betur fer var ekki slíkur kuldi að jafnvel þótt hitaveitan hefði ekki verið í lagi, þá færi illa hjá honum.

Í sambandi við það frv., sem hér er til meðferðar, er að sjálfsögðu hægt að fá í n. lista yfir þær lækkanir sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv., til þess að nm. þurfi ekki að hafa fyrir því að fletta öllum fjárl. Þann lista skal ég láta senda nm.

Varðandi það, að hér er um að ræða heimild til lækkunar 1976 og 1977, heimild til lækkunar þannig, að ef mál skipast þannig 1977, þá er hér aðeins um heimildarákvæði að ræða, en ekki skuldbindandi, þannig að hv. þm. þarf ekki að óttast það atriði út af fyrir sig.

Þá vék hann að því sem gerst hefur, að fjvn. hefur oft kallað á sinn fund forstjóra fyrir fyrirtækjum ríkisins og rætt við þá, fengið upplýsingar og greinargerðir um ríkisfyrirtækin. Ég hef sömu skoðun á því og fyrirrennari minn, að það er mjög þýðingarmikið fyrir fjmrn. að fjvn. standi að öllum þeim aðhaldsaðgerðum sem þar eru gerðar, og af minni hendi er að sjálfsögðu allt til reiðu um að boða slíka menn til fundar. Það er aðeins frumkvæði að mínum dómi frá n. sem þarf að koma til, og þá stendur ekki á fjmrn. að stuðla að því að fjvn. fái tækifæri til þess að ræða við þessa menn og sýna þeim þar með að fjárveitingavaldið, fjvn. Alþingis, vill fylgjast með hvernig þessar stofnanir eru reknar, og það styður þá viðleitni fjmrn. í þessu atriði.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 25. fundur.

Þriðjudaginn 9. des., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Lántaka vegna opinberra framkvæmda 1976, frv. (þskj. 124). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Hæstv. forseti. Frv. til l. um heimild til erlendrar lántöku vegna opinberra framkvæmda árið 1976 á þskj. 124 er flutt til að tryggja að nægjanlegar lagaheimildir séu fyrir hendi vegna erlendra lántaka á árinu 1976, sem nauðsynlegar verða taldar til að standa undir kostnaði við opinberar framkvæmdir á næsta ári. Sú fjárhæð, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, er byggð á tölu fjárlagafrv. eða 3 milljarðar 580 millj. kr., eins og nánar er gerð grein fyrir í aths. með fjárlagafrv. fyrir árið 1976, á bls. 174 og 178. Gera má ráð fyrir að þessi fjárhæð þurfi að breytast eitthvað í meðförum þingsins þegar Alþ. tekur endanlega ákvörðun um framkvæmdir sem ætlunin er að fjármagna með lántökum á árinu 1976.

Eins og boðað hefur verið mun ríkisstj. leggja fyrir Alþ. skýrslu um lánsfjáráætlun fyrir árið 1976, og er nú verið að leggja síðustu hönd á gerð þeirrar skýrslu, þannig að hún ætti að geta legið fyrir eftir fáa daga. Í þessari skýrslu verður m. a. gerð sérstök grein fyrir opinberum framkvæmdum á fjárl. sem ráðgert er að fjármagna með lánsfé, og er því ekki ástæða til að víkja nánar að því máli hér.

Loks skal vakin athygli á því, að heimildir til lántöku vegna opinberra framkvæmda í fjárlögum eru með þrennum hætti.

Í fyrsta lagi er leitað heimildar til lántöku innanlands í 6. gr. fjárlagafrv., heimildagr.

Í öðru lagi eru þegar fyrir hendi lagaheimildir til innlendrar og erlendrar lántöku til nánar tiltekinna verkefna og er skýringar á því að finna í aths. fjárlagafrv.

Í þriðja lagi er svo það erlenda lánsfé sem heimildir skortir fyrir og leitað er með þessu frv. Talið hefur verið að til erlendrar lántöku nægi ekki heimildir í fjárl., heldur verði að koma þar til sérstök löggjöf.

Ég legg svo til, hæstv. forseti, að frv. þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Kaupstaðarréttindi til handa Garðahreppi, frv. (þskj. 65). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Efri deild, 21. fundur.

Miðvikudaginn 10. des., kl. 2 miðdegis.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 129). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til félmn. með 15 shlj. atkv.

Kaupstaðarréttindi til handa Garðahreppi, frv. (þskj. 65). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til félmn. með 15 shlj. atkv.

Bátaábyrgðarfélög, frv. (þskj. 110). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. er um breyt. á l. um bátaábyrgðarfélög. Þótti nauðsynlegt að endurskoða þessi lög og vegna þess skipaði ég n. til að endurskoða lögin. Þessi n. var skipuð 12. nóv. á s. l. ári. Var óskað tilnefningar stjórnar Samábyrgðar Íslands sem tilnefndi forstjóra sinn, Pál Sigurðs-

son, í þessa n. og tilnefningar Landssambands ísl. útvegsmanna sem tilnefndi Jón Ægi Ólafsson í n., en formaður n. var skipaður án tilnefningar Einar B. Ingvarsson. N. hélt 18 fundi og fór vandlega yfir bæði lög og reglugerðir. Enn fremur fjallaði hún um ýmsar ábendingar um æskilegar breyt. sem borist höfðu frá forráðamönnum Samábyrgðarinnar og ýmsum bátaábyrgðarfélögum að fenginni reynslu af framkvæmd fyrrgreindra laga og reglugerða. Um nokkur lagaleg atriði var leitað umsagnar Sveinbjarnar Jónssonar hrl., sem er lögfræðingur Samábyrgðar Íslands, og sömuleiðis lét Tryggingaeftirlitið nefndinni í té aths. við núgildandi lög og reglugerðir vegna þessarar endurskoðunar.

Allar ábendingar og aths. voru ræddar ítarlega í n. og er árangur n. það frv. sem hér liggur fyrir ásamt grg. Enn fremur undirbjó n. breyt. á reglugerð sem fylgir í kjölfar þessa frv. ef það verður að lögum.

Nm. benda í áliti sínu á mikilvægi þess að Samábyrgðin og bátatryggingafélögin auki mjög kynningarstarf meðal tryggingartaka, bæði með fundarhöldum og útgáfu bæklinga, þar sem fræðsla yrði veitt um skilmála, tjónareynslu, sjálfsábyrgð o. fl., enda verði gildandi laga- og reglugerðarákvæðum varðandi sjálfsábyrgð og fleira beitt meira en verið hefur og þannig stefnt að því að draga úr tjónum og þar með gera mögulega lækkun vátryggingariðgjalda.

Þetta frv. í sjálfu sér er ekki stórkostlegar breytingar á gildandi lögum.

Í 1. gr., varðandi breyt. 3. málsgr., þykir rétt og eðlilegt að það komi ótvírætt fram í l. að Samábyrgðin ákveði tryggingarskilmála vegna opinna vélbáta sem tryggðir eru skv. þessari gr., en það er í gildandi lögum mjög óljóst

Um 2. gr. er talið eðlilegt að stytta þann tíma sem skip getur verið í tryggingu eftir að haffærisskírteini þess rann út, enda óeðlilegt að viðgerð á þeim ágöllum, sem urðu þess valdandi að haffærisskírteinið fékkst ekki endurnýjað, sé ekki hafin innan eins árs. En á því hefur verið misbrestur. Það hefur í skyldutryggingunni verið þannig, að skip eða báta, sem ekki hafa verið hreyfðir árum saman, hefur ekki verið hægt að losna við úr skyldutryggingu og því þykir rétt að stytta þetta tímabil.

Um 3. gr., þá er það eingöngu til samræmis við lög um vátryggingarstarfsemi sem eru yngri en gildandi bátaábyrgðarlög.

Um 4. gr., þá er breyt. gerð til að taka af öll tvímæli um hvenær ábyrgð viðtakandi félags hefst, en þar hefur oft verið um ágreining að ræða milli bátaábyrgðarfélaga. Hér er því aðeins verið að binda tryggilegar um hnútana til þess að ekki þurfi að fara í ágreining eða jafnvel málshöfðun á milli skyldra félaga eins og bátaábyrgðarfélögin eru.

Varðandi 5. gr., þá hafa komið fram óskir um heimild handa bátaábyrgðarfélögunum að hafa allt að 5 manna stjórn. Á það einkum við um félög sem hafa stór félagssvæði. Aðrar breytingar eru svo gerðar í samræmi við þetta. Það var gerð breyt. síðast að fækka í 3 stjórnarmenn skv. ályktun fundar trúnaðarmanna bátaábyrgðarfélaganna. Svo kom í ljós síðar óánægja, einkum hjá einu eða tveimur félögum, að hafa fækkað stjórnarmönnum niður í 3, og því þykir sjálfsagt að gefa bátaábyrgðarfélögunum fullt frelsi í þeim efnum, hvort þeir hafa 3 eða 5 manna stjórn.

Breyt. um löggiltan endurskoðanda er gerð til samræmis við lög um vátryggingarstarfsemi, en löggiltur endurskoðandi er nú varðandi endurskoðun reikninga allra bátaábyrgðarfélaganna eftir að Tryggingaeftirlitið tók til starfa.

Um 7. gr., þá er ákvæði um aðalfundi félaganna. Það er gert einnig til samræmis við lög um vátryggingarstarfsemi.

Þá er 9. gr. Þar er gerð sú breyt. til að taka af öll tvímæli að fella megi skip úr tryggingu þegar skoðunarmenn félags telja það ekki tryggingarhæft, en hagsmuna veðhafa jafnframt gætt. Þykir rétt að taka af öll tvímæli í þessum efnum.

Ég þarf hvorki að ræða 10. né 11. gr., þær skýra sig sjálfar. En í 12. gr. er bætt við nýjum málslið um að endurtryggingariðgjöld, sem greidd eru skv. 8. gr. laga um bátaábyrgðarfélög, skuli ekki teljast til aðstöðuskyldra útgjalda, en auðvitað frumtryggingargjöld bátaábyrgðarfélaganna. Þessu er beitt misjafnlega á hinum ýmsu stöðum, en eðlilegt er að tvískatta ekki aðstöðugjald af þessum tryggingarupphæðum bátaábyrgðarfélaganna.

Ég tel ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta frv. Það er fyrst og fremst verið að færa til samræmis við lög sem samþ. hafa verið eftir að lögum um bátaábyrgðarfélög voru samþ. og til þess að taka af ýmsar veilur sem hafa verið fyrir í löggjöf og hafa valdið óþarfa ágreiningi í nokkrum tilfellum.

Tryggingaárið er almanaksárið, og ég vil beina þeim tilmælum til þeirrar n., sem fær þetta frv., að þó að því sé seint fylgt hér úr hlaði, þá er þetta mál mjög einfalt og undirbúið af þeim aðilum sem hér eiga hlut að máli, og ég væri mjög þakklátur ef n. vildi taka það til afgreiðslu sem allra fyrst og stefna að því að frv. yrði að lögum fyrir áramót, — vegna þess að tryggingaárið er almanaksárið. Ef n. sér sér ekki fært að verða við því, þá verður að hafa það. Þá verður það bara að taka sinn tíma. En þetta er að mörgu leyti mjög mikilvægt varðandi eðlilega starfsemi þessara bátaábyrgðarfélaga allra.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði þessu frv. vísað til heilbr.- og trn.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Það voru aðeins tvö atriði sem mig langaði til að spyrjast fyrir um hjá hæstv. ráðh. varðandi frv. til l. um bátaábyrgðarfélög.

Bátaábyrgðarfélögin hafa nú allmikla starfsreynslu að baki og þeim hefur vaxið fiskur um hrygg mörgum hverjum. Í 1. gr. þessa frv. til l. er lagt til að sú stærð báta, sem þau skuli taka í tryggingu, vaxi úr 100 rúmlestum í 100,49. Nú er vitað mál að síðan þessi lög voru endurskoðuð, síðan 1967, hefur orðið allmikil breyting á okkar bátaflota og m. a. til stækkunar. Það, sem mig langaði til að spyrjast fyrir um hjá hæstv. ráðh., er hvort ekki hefði komið til greina að breyta þessu 100,49 í 200,49 eða 300, þannig að bátaábyrgðarfélögin tækju bátaflotann að mestu til sín í tryggingu.

Í öðru lagi spyr ég um það, hvað líði því, sem margir hafa áhuga á þ. e. a. s. varðandi sjálfsábyrgð, hvort það væri ekki nauðsynlegt að það kæmu inn í þessi lög einhver ákvæði. um sjálfsábyrgð.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þessum tveimur fsp. vil ég svara á þann veg að það komi ekki til tals að hækka stærðarmörkin. Þetta er aðeins það sem er á milli 100 og 101 tonn, sem hér er um að ræða. Hins vegar er löng saga á bak við skyldutrygginguna.

Þegar fiskiskipin fóru að stækka fóru þau í hina svokölluðu frjálsu tryggingu sem bauð þá mjög lág iðgjöld og miklu meiri áhættu í tjónum. Þetta var mikill munur á fyrstu árunum. Síðan er það með tjónagreiðsluna, að þegar hún liggur fyrir, þá hækka iðgjöldin sem henni nemur, og þá fóru sumir að sjá að þetta voru ekki góðgerðarfélög, heldur eru vátryggingarfélögin auðvitað byggð upp á því að bera sig. Endurtryggingin tapaði á íslenska fiskiflotanum árum saman, og þá kom þetta mál mjög til kasta á aðalfundum Landssambands ísl. útvegsmanna. Var samþ. á þingi þeirra að hækka skyldutrygginguna. En ári síðar kom málið aftur fyrir á sama fundi og þá var fellt að hækka skyldutrygginguna. Síðan held ég að þetta mál, stærðarmörk skyldutryggingarinnar, hafi ekki komið fyrir þar, ekki í neinni alvöru. En þessi n., sem ég skipaði, taldi ekki ástæðu til þess að breyta stærðarmörkunum. Það er aðeins það, sem um er að ræða, að skipin á milli t. d. 250 brúttólesta, sem hv. þm. nefndi, og 100 lesta eru nú að verða sífellt eldri og eru þess vegna komin eftir slæma tjónareynslu með mjög há iðgjöld. Sama er að segja um suma togarana. Hér er byggt á svokallaðri samsteypu tryggingarfélaganna í tryggingu umfram frjálsu trygginuna, og fram undan er þar nú stórfelld hækkun iðgjalda vegna mjög bágborinnar tjónareynslu. Til eru dæmi þess að partstjón á einu skipi, — stærstu skipum — hafi farið á þessu ári upp undir 50 millj. kr. Skyldutryggingin innan við 100 tonn, held ég að ég megi segja, að alls staðar hjá Samábyrgðinni sé komin upp á 330 millj. kr., svo að útlitið í tryggingamálum fiskiskipanna er mjög slæmt og það er ekki útlit fyrir að það verði um lækkun iðgjalda að ræða, heldur stórfellda hækkun iðgjalda og þá um leið stórfellda hækkun á sjálfsábyrgð.

Varðandi síðari spurninguna um sjálfsábyrgðina, þá er hún í lögum fyrir, en í reglugerð á hún að breytast eftir verðgildi peninga, viðgerðarkostnaði og tjónareynslu, svo að stjórn Samábyrgðarinnar hefur í hendi sér að gera till. um breyt. á sjálfsábyrgðinni. Í gömlu lögunum, áður en þessi lög tóku gildi, var þetta ákveðin krónutala, og þar var sjálfsábyrgðin, þegar þessum lögum var breytt, að hámarki 1400 kr. á skip, og þá var þetta orðin hlægileg upphæð. Þess vegna var upphæðin tekin út úr lögunum og sett í reglugerðarheimild og þar á hún auðvitað að mínum dómi að vera og þar hefur henni verið fylgt. En ég vil ekki á þessu stigi fullyrða neitt um það hvernig verður með sjálfsábyrgð almennt í tjónum fiskiskipa, en allt útlit bendir til þess að hún muni ekki hækka neitt lítillega, heldur muni hún margfaldast um næstu áramót, ef samningar eiga að nást á milli tryggingana og útgerðarinnar. Samábyrgðin verður auðvitað að taka mið af verðgildi peninga eða réttara sagt hækkun á viðgerðum og bera það þá undir rn. sem getur gert sínar aths. ef því finnst stjórn Samábyrgðarinnar ganga of langt í þessum efnum.

Ég vona að fyrirspyrjandi hafi fengið svar við sínum spurningum. En varðandi stærðarmörkin, þá er það mál afar viðkvæmt meðal útgerðarmannanna, hvort eigi að fara inn á þá braut eða ekki. Hins vegar hef ég frá fyrstu tíð verið mjög harður í þeim efnum, að ég vildi hækka skyldutrygginguna og láta bátaflotann allan verða skyldutryggðan. En þar voru aðrir í meiri hl., en ég veit ekki hvort þeir eru eins glaðir nú og þeir voru fyrir nokkrum árum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 12 shlj. atkv.

Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, frv. (þskj. 111). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég get að mestu leyti vísað til þess sem ég sagði áðan þegar ég fylgdi frv. um bátaábyrgðarfélög úr hlaði. Þetta frv. er samið af sömu n. og samdi það frv., og það eru tiltölulega veigalitlar breyt. sem eru gerðar á lögunum um Samábyrgðina. Það er fyrst og fremst í samræmi við lög um vátryggingarstarfsemi, sem síðar voru samþ., að undanteknu því að boða til aukafulltrúafundar bátaábyrgðarfélaganna ef þrjú eða fleiri bátaábyrgðarfélög óska þess, en nú er í gildandi lögum, að mig minnir, að það sé skylt að halda þessa fundi annað hvort ár. Að öðru leyti eru þessar breyt. í fullu samræmi við þær breyt. sem lagðar eru til á frv. um bátaábyrgðarfélög.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 11 shlj. atkv.

Sjúkraþjálfun, frv. (þskj. 112). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. er flutt að ósk Félags ísl. sjúkraþjálfara og er að mestu leyti byggt á till. að nýjum lögum um sjúkraþjálfun, sem félagið sendi heilbr.- og trmrn. til umfjöllunar á s. l. ári, en núgildandi lög um þetta efni eru frá árinu 1962. Heilbrrn. taldi till. félagsins horfa í flestu til bóta frá núgildandi ákvæðum, og við samningu þessa frv. í rn. hafa ekki verið gerðar neinar efnisbreytingar, nema sú að fellt hefur verið niður úr 2. gr. í till. félagsins það skilyrði að viðkomandi skuli hafa meðmæli Félags ísl. sjúkraþjálfara og landlæknis, heldur skuli umsagnar þeirra leitað. Við í rn. töldum ekki rétt að stéttarfélag hefði þennan rétt. Ef fólk, sem uppfyllir menntunar-

skilyrði, kemur á að vera skylt að veita því starfsleyfi skv. 1. gr. frv., þar sem segir að rétt til að starfa sem sjúkraþjálfari hér á landi og kalla sig sjúkraþjálfara hefur sá einn sem til þess hefur fengið leyfi heilbrrh., og leyfið skal veita þeim íslenskum ríkisborgurum sem lokið hafa prófi frá skóla sem viðurkenndur er af Alþjóðasambandi sjúkraþjálfara. Hins vegar þykir rétt að leita umsagnar Félags sjúkraþjálfara og landlæknis áður en leyfi er veitt hverju sinni, eins og er í gildandi lögum.

Þetta frv. skýrir sig sjálft að öðru leyti. Það er aðeins verið að verða við ósk þessa félags.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. heilbr.- og trmrh. fyrir að þetta frv. er fram komið. Sannleikurinn er sá að efling sjúkraþjálfunar er íslenskri heilbrigðisþjónustu geysilega verðmæt, og ég álít að þetta frv. sé liður í því. Það er nú svo komið að innan skamms mun hefjast kennsla í sjúkraþjálfun við okkar háskóla, og þetta er mál sem búið er að dragast árum saman, en er okkur mikil nauðsyn. Það er vaxandi þörf fyrir sjúkraþjálfara, og þeirri þörf hefur ekki verið fullnægt á undanförnum árum. Við höfum orðið að leita út fyrir landssteinana eftir starfsliði og hefur háð heilbrigðisþjónustunni mjög mikið sá skortur sem verið hefur í þessari heilbrigðisstétt. Því vona ég að þetta frv. verði til úrbóta á því ástandi sem er og verið hefur á undanförnum árum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 11 shlj. atkv.

Útvarpslög, frv. (þskj. 105). — 1. umr.

Flm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 105 flyt ég ásamt tveimur öðrum hv. þm. frv. til l. um breyt. á útvarpslögum sem miðar að því að hraða framkvæmdum á sviði hljóðvarps og sjónvarps sem tryggi að landsmenn allir fái notið slíkrar útsendingar. Ég hef ásamt ýmsum öðrum þm. Framsfl. flutt á undanförnum þingum þáltill. um sama eða svipað efni og aðrir hv. þm. úr öðrum flokkum hafa einnig flutt um það till. Fsp. hafa verið margar um framkvæmd á þessum þætti, en það hefur stoðað lítið. Framkvæmdir hafa verið ákaflega litlar undanfarin þrjú ár, og virðist nánast að staðar sé numið þar sem komið er með þessi miklvægu hlunnindi. Það er ekki að ástæðulausu að menn hafa reynt að ýta við þessu máli. Áreiðanlega er hljóðvarp og sjónvarp ein sú tækni sem tengir einna best saman þessa þjóð og brúar æðioft erfiðar samgöngur, lokaða fjallvegi og sker á þá einangrun sem töluverður hluti landsmanna býr við, oft verulegan hluta á ári. Ég held að það verði ekki ofsagt, að þetta er einhver mikilvægasti þátturinn til þess að brúa langar fjarlægðir og færa þjóðina saman án þess að flytja hana alla á Suðvesturlandið.

Ágætar upplýsingar um ástand á þessum sviðum er að finna í áætlunum sem dreift var á Alþ. s. l. vetur. Það eru áætlanir um sjónvarpsdreifikerfið fyrir hafsvæðið umhverfis Ísland, áætlanir um framkvæmdir við sjónvarpsdreifikerfið og loks um framkvæmdir við hljóðvarpsdreifikerfið. Ég vil — með leyfi forseta — vísa til þessarar skýrslu og vitna þar í um nokkur atriði.

Mjög hefur verið kvartað undan því, að hljóðvarpsútsendingar náist illa á sumum fjarlægari stöðum, eins og t. d. á Austfjörðum. Þetta er staðfest í þeim áætlunum, sem fram koma í fyrrnefndum skýrslum um nauðsynlegar endurbætur á hljóðvarpsdreifikerfi, og þar er talið nauðsynlegt að reisa svokallaða FM-senda, sem eru kannske ekki truflanalausir, en verða minna fyrir truflunum frá sterkum stöðvum sem eru í nágrenni okkar. Sömuleiðis er talið nauðsynlegt að endurbyggja langbylgjustöðvar og reisa eina á Austfjörðum fyrir þann landshluta, sem eins og ég sagði áðan er einna verst settur að þessu leyti. Þó mun vera víðar um landið í hinum afskekktari hlutum þess, afskekktari byggðum, að hljóðvarp næst stundum illa og verður fyrir verulegum truflunum, sérstaklega frá sterkum stöðvum, en hvergi mun þetta þó vera eins viðtækt og á Austfjörðum. Þarna þarf því nauðsynlegar framkvæmdir til þess að tryggja að þessir landsbúar nái hljóðvarpssendingum sem stundum nást nú ekki alllangan tíma.

Í þessum áætlunum er jafnframt að finna ítarlegar upplýsingar um dreifingu sjónvarps.

Fyrsta sendistöðin var tekin í notkun 24. des. 1965, var þá eins konar jólagjöf til þessarar þjóðar. Á árunum 1966—1972 voru síðan reistar margar sendistöðvar um land allt, en á árunum 1973—1974 og 1975 hafa hins vegar orðið ákaflega litlar framkvæmdir. Mikið hefur þó unnist. Talið er að um 98.5% þjóðarinnar geti nú notið sjónvarpssendinga með sæmilegu móti. 9 aðalstöðvar hafa verið reistar og 68 endurvarpsstöðvar. Einnig hafa verið reistar allmargar bráðabirgðastöðvar sem voru einkum teknar í notkun á árunum 1967—1970, en margar þeirra eru þannig úr garði gerðar að nú er orðið ákaflega brýnt að endurnýja þær og þá talið sjálfsagt að reisa á þessum stöðum endanlegar stöðvar, annað varla talið fjárhagslega rétt.

Gerð hefur verið athugun á því, hvað þurfi að gera til að koma sjónvarpi til þeirra landsmanna sem ekki ná því í dag. Gert er ráð fyrir því, að reisa þurfi 8 nýjar stöðvar sem ná til notenda sem eru yfir 50 talsins frá hverri þessara stöðva. Hins vegar eru margir sem ekki ná slíkum sendingum, og er talið nauðsynlegt að reisa 150 smærri stöðvar sem mundu þjóna allt frá einum notanda og upp í 7, þ. e. a. s. einu sjónvarpstæki og upp í 7 móttökutæki. Þessar minni stöðvar yrðu af mjög ódýrri gerð og ekki sérstaklega byggt yfir þær. Þær yrðu í járnhúsum, sem hægt væri að flytja á staðina og brott til viðgerðar og gæti þá orðið eitthvert hlé á útsendingum þegar það þarf að gera, en það er talin hagkvæmasta leiðin til þess að fullnægja þessari mikilvægu þörf.

Gerð hefur verið athugun á sjónvarpsdreifikerfi fyrir hafsvæðið umhverfis Ísland og er að finna mjög ítarlega grg. um það í þeirri áætlun sem ég nefndi áðan. Eins og vænta má voru stöðvar, sem fyrst voru reistar, ekki gerðar með þetta beinlínis í huga. Á síðara skeiði þessara

framkvæmda var hins vegar horfið að því ráði að beina geisla slíkra stöðva, sem yrðu staðsettar nálægt sjó, út á miðin, og nást þannig sjónvarpssendingar nokkuð víða. Eru taldar 11 stöðvar í þessari skýrslu, sem hafa þannig að nokkru leyti fullnægt þessu sjónarmiði, en þó hvergi nærri á fullnægjandi hátt. Við þessa athugun og að höfðu samráði við Farmanna- og fiskimannasamband Íslands er talið æskilegt að sjónvarpsstöðvar nái 20—30 sjómílur frá grunnlínupunktum, að undanskilinni Kolbeinsey, eins og segir í þessari skýrslu, og er þessi athugun byggð á þeim forsendum. Athugunin leiðir í ljós að staðsetning núverandi sjónvarpsstöðva er ekki slík að þær geti komið að miklu gagni fyrir miðin. Til þess að ná út 25—30 sjómílur er nauðsynlegt að sendiorkan sé a. m. k. 10 kw. og að sjónvarpsloftnet verði í 300—600 m hæð og við ströndina. Þessu er mjög óvíða fullnægt í þeim stöðvum sem nú eru uppi. Þá er talið mögulegt að stækka 5 núverandi stöðvar þannig að þær geti náð þessu, en jafnframt er talið að byggja þurfi 7 nýjar stöðvar: á Akrafjalli, Kóngshæð við Patreksfjörð, við Siglufjörð, á Kvistarfjalli, Hellisheiði milli Héraðsflóa og Vopnafjarðar, Ósfjalli milli Breiðdals og Berufjarðar, Borgarhafnarfjalli, svo að þær stöðvar séu hér nefndar. Með þessu móti er talið, að á sæmilegan hátt megi ná sjónvarpssendingum til miða, sem eru í fyrrnefndri fjarlægð frá ströndu.

Það er rétt að hafa það í huga, að sums staðar má sameina þetta hvort tveggja: að koma sjónvarpi á miðin og bæta sjónvarpsmóttöku á landi, og er einnig vakin athygli á því í þessari skýrslu. Þó er það óvíðar en kannske mætti ætla, en a. m. k. á þremur stöðum háttar svo til.

Þetta er í grófum dráttum sú framkvæmd sem um er að ræða til þess að tryggja landsmönnum öllum og sjómönnum á þeim miðum, sem nærri liggja, viðunandi móttöku á hljóðvarpi og sjónvarpi. Að sjálfsögðu eru nauðsynlegar ýmsar aðrar almennar endurbætur á þessum kerfum, — endurbætur sem eru ákaflega eðlilegar eftir nokkurn starfstíma og ekki síst vegna þess að tækni hefur fleygt fram. T. d. er nú unnið að því að koma upp örbylgjukerfi fyrir sjónvarpið. Það kerfi er ákaflega mikilvægt, þannig að flytja megi myndir á sem bestan máta á milli landshluta, og að sjálfsögðu þjóna slík örbylgjukerfi einnig þeim sem fjær eru staddir. Þó er það skoðun mín að leggja beri fyrst og fyrr áherslu á það, að koma sæmilegri sjónvarpsmóttöku til landsmanna allra. Örbylgjukerfið fylgir þá í kjölfarið og kemur öllum til góðs. Að því er reyndar þegar unnið og væntanlega verður unnt að ljúka því fljótlega með þeim tekjustofnum sem sjónvarpið hefur nú.

Við allar umr. um þessi mál hefur komið í ljós að tryggja verður tekjustofn til að standa undir slíkum framkvæmdum. Fjárhagur Ríkisútvarpsins hefur ekki verið slíkur að hann hafi leyft verulega ráðstöfun fjármagns til þessara framkvæmda, þótt eins og ég sagði áðan og ég vil undirstrika sé skoðun mín að þessi þáttur hafi þar því miður orðið nokkuð útundan.

Ég vil geta þess að ég hef fengið í hendur greinargerð sem Ríkisútvarpið lét frá sér fara til hæstv. menntmrh. 30. júlí s. l. Þar kemur fram mjög ákveðinn vilji til þess að vinna samkv. áætlun að endurbótum á þessu sviði, þ. e. a. s. koma viðunandi móttöku til allra landsmanna, og þar eru settar fram hugmyndir um slíka áætlun, en þar kemur einnig mjög ákveðið fram, að Ríkisútvarpið telur sig þurfa að fá sérstakan tekjustofn til þess að geta tryggt nokkuð samfellda framkvæmd á þessu sviði. Það er e. t. v. hægt að hlaupa í einstakar framkvæmdir, en ef um samfellda framkvæmd á að vera að ræða leggur Ríkisútvarpið áherslu á að fá til þess markaðan tekjustofn.

Með tilliti til þessara upplýsinga höfum við þremenningarnir flutt það frv. sem ég nefndi í upphafi míns máls. Við gerum þar ráð fyrir að tvær nýjar gr. komi inn í útvarpslögin.

Í fyrsta lagi gerum við ráð fyrir því að á eftir 9. gr. l. komi ný gr. sem verði 10. gr., og fellur hún inn í þann kafla sem fjallar um hlutverk Ríkisútvarpsins. Við gerum þar ráð fyrir því að Ríkisútvarpinu verði skylt að leggja áherslu á að koma fullnægjandi hljóðvarps- og sjónvarpssendingum til allra landsmanna og til sjómanna á fiskimiðunum í kringum landið, eins og tæknilega og fjárhagslega er talið kleift. Okkur þótti rétt að hafa þarna orðin „tæknilega og fjárhagslega“, því að viðurkenna verður að fjárhagslega og tæknilega er ákaflega erfitt t. d. að koma sjónvarpi til sjómanna sem eru á hinum fjarlægari miðum, við skulum segja út við jaðar okkar nýju 200 sjómílna fiskveiðilögsögu. Þetta verður að viðurkenna. Vel má vera að tækni fleygi svo fram á næstu árum að þetta verði þá kleift og þá að sjálfsögðu fellur það innan þess ramma sem hér er gert ráð fyrir. Einnig má vera að einhver einstök býli séu þannig innilokuð að þau nái ekki sjónvarpssendingum, þótt að vísu megi með ýmsum tilfærslum víðast hvar, að því er mér virðist og ég best þekki, ná til þeirra.

Við segjum síðan: „Ríkisútvarpið skal láta gera og leggja fram áætlun til þriggja ára í senn um framkvæmdir þessar.“ Okkur þykir mikilvægt að fyrir liggi framkvæmdaáætlun sem landsmenn eigi aðgang að og viti því hvenær þeir mega vænta þess að fá notið þessara mikilvægu hlunninda. Jafnframt segjum við: „Til þessara framkvæmda skal varið fjármagni því sem fæst samkv. 17. gr., að viðbættu fjármagni sem veitt er til slíkra framkvæmda af öðrum tekjum ríkisútvarpsins og af fjárlögum.“ 17. gr., sem ég kem að á eftir, fjallar um þennan sérstaka tekjustofn. Hins vegar er að sjálfsögðu ljóst að sá sérstaki tekjustofn á ekki að draga úr öðrum fjárveitingum, sem veittar eru í þessu skyni af öðrum tekjum Ríkisútvarpsins, eins og t. d. innflutningsgjöldum, eða fjárveitingavaldið kynni að vilja veita til þessara mála á fjárl. hverju sinni. Og það þarf vitanlega ekki að taka fram, að Ríkisútvarpinu er að sjálfsögðu heimilt að taka lán til þess að hraða þessum framkvæmdum og hefur þá þennan tekjustofn til að endurgreiða slík lán. Okkur þótti ekki þörf á að taka það fram.

Í 2. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir nýrri gr. á eftir núverandi 15. gr., sem fjallar um það hvern-

ig tekna verði aflað til þessara framkvæmda. Við leggjum þar til að 10% viðaukagjald verði lagt á afnotagjald af hljóðvarpstækjum annars vegar og sjónvarpstækjum hins vegar, og við tökum fram að þetta gjald skuli lagt ofan á það afnotagjald sem ákveðið er hverju sinni vegna annarra fjárþarfa Ríkisútvarpsins. Við gerum m. ö. o. ekki ráð fyrir að þetta viðaukagjald skerði þær tekjur sem Ríkisútvarpið fær með afnotagjöldum.

Þetta er mikilvægt atriði. Þetta kemur að litlum notum ef sá háttur verður á að tekjur Ríkisútvarpsins skerðist, eins og ljóst má vera. Við gerum einnig ráð fyrir því, að þessi viðauki verði innheimtur sérstaklega af hljóðvarpstækjum og sérstaklega af sjónvarpstækjum og gerum ráð fyrir að tekjurnar renni í fyrsta lagi af hljóðvarpstækjum til framkvæmda á því sviði og í öðru lagi af sjónvarpstækjum til framkvæmda á sviði sjónvarps. Um þetta má að sjálfsögðu deila, og við erum vitanlega til viðræðu um breytingu á þessu, en okkur þótti eðlilegt að haga málum á þennan hátt. Við gerum loks ráð fyrir því, að gjald þetta verði ekki innheimt lengur en framkvæmdir standa yfir, þ. e. a. s. gjaldið verði ekki innheimt eftir að framkvæmdum er lokið. Hins vegar verður það kannske seint.

Í grg. með þessu frv. eru áætlaðar tekjur. Þar er bent á að afnotagjald af hljóðvarpi er nú 3800 kr. á ári, en af sjónvarpstæki 8400 kr. Hér er því um að ræða 380 kr. viðaukagjald af hverju hljóðvarpstæki og 840 kr. viðaukagjald af sjónvarpstæki. Ég vil leyfa mér að vona að enginn muni sjá eftir þessu gjaldi til þess að tryggja öðrum landsmönnum einnig afnot af þessum mikilvægu hlunnindum. Ég trúi því ekki að nokkur sjái eftir því. Heildartekjur yrðu þá samkv. þessu 24 millj. á ári af hljóðvarpstækjum, afnotagjöld eru nú áætluð 240 millj., en af sjónvarpstækjum, þar sem afnotagjöld eru áætluð 400 millj., yrðu tekjurnar um 40 millj. kr. Ég viðurkenni að þetta eru ekki miklar tekjur og hrökkva satt að segja allt of skammt, og við flm. erum sannarlega til viðræðu um að þetta gjald verði hækkað ef hv. þm. sýnist það nauðsynlegt. Hins vegar vil ég leggja áherslu á að aðrar tekjur eiga að koma þarna til viðbótar, því að slíkar framkvæmdir hljóta að sjálfsögðu að falla inn í það sem verið er að gera nú á vegum Ríkisútvarpsins, og einnig má hraða framkvæmdum með lánsfé.

Í fyrrnefndri áætlun er að finna upplýsingar um kostnað við þessar framkvæmdir. Þar er m. a. kostnaður við styrkingu hljóðvarpskerfisins áætlaður samtals 650 millj., en þar ber þess að gæta að þar eru með stórir liðir sem eru sjálfsagðir og nauðsynlegir vegna hins almenna rekstrar hljóðvarpsins og verða að koma hvort sem þeir fáu fá endurbætur sem ekki njóta hljóðvarps vel í dag, og það er að sjálfsögðu ekki rétt að slíkar framkvæmdir greiðist af þessu sérstaka viðaukagjaldi. Ef það er dregið frá má lækka þennan kostnað verulega, a. m. k. niður í um það bil 400 millj. og raunar kannske töluvert neðar. Þetta er að vísu byggt á áætlunum frá haustinu 1974 og hefur að sjálfsögðu hækkað síðan allverulega.

Einnig er að finna í þessari skýrslu yfirlitsáætlanir um framkvæmdir við dreifikerfi sjónvarps. Það eru taldir upp tíu liðir og heildarkostnaðurinn er 1310 millj. kr. Þar í eru einnig stórir liðir sem að mínu mati geta ekki fallið undir það sem þetta gjald á að standa straum af. Þar er t. d. örbylgjukerfið, metið á 110 millj. kr., á verðlagi ársins 1976, og fleira má þar til telja sem ég tel ekki ástæðu til að fara út í, en sérfróðir menn á vegum Ríkisútvarpsins geta auðveldlega sundurgreint. Hins vegar vil ég geta þess, að þrír mikilvægustu þættirnir í styrkingu sjónvarpskerfisins á landi eru í þremur töflum sem eru í þessari skýrslu, og ég hef fengið endurskoðaða kostnaðaráætlun um þá þrjá þætti. Það er í fyrsta lagi kostnaðaráætlun vegna aðkallandi verkefna við endurbyggingu eða endurbætur nokkurra endurvarpsstöðva sjónvarpsins, en það mætti, að því er mér skilst, falla undir þennan lið þótt um það megi sannarlega deila. Þessi kostnaður var áætlaður 22.9 millj., en í júní 1975 er hann áætlaður 35 millj. kr. Þar er einnig áætlaður kostnaður við endurbætur og frágang ýmissa bráðabirgðastöðva sjónvarpsins, sem ég nefndi í ræðu minni áðan að eru nokkuð margar. Það eru taldar 17 á þessum lista. Þessar endurbætur nema 35.4 millj. kr., en eru á verðlagi síðsumars 1975 53.6 millj. kr. Ég hygg að flestar þessar endurbætur megi fella undir þennan þátt, því að hér er um bráðabirgðastöðvar að ræða fyrir dreifbýlið. Þó er ekki óeðlilegt að töluverður hluti þeirra falli undir annan viðhaldskostnað sjónvarpskerfisins. Og loks er kostnaðaráætlun við nýjar endurvarpsstöðvar sem þjóna 50 íbúum eða fleiri, að vísu er ein stöð, tengistöð, sem er talin þjóna 35. Þær eru 14 talsins og falla allar undir þennan þátt. Áætlaður kostnaður var 49.5 millj., en á verðlagi síðsumars 1975 75.65 millj.

Það er því ljóst að með þessum tekjustofni má hraða mjög þessum mikilvægu framkvæmdum, ekki síst ef lánsfé verður fengið sem greiðist þá af þessum og öðrum tekjum ríkissjónvarpsins. Það er því skoðun okkar að þessi tekjustofn, sem ég viðurkenni að er ekki ýkjahár, — þótt hann skipti tugum millj., þá er hér um það miklar framkvæmdir að ræða að hann mætti vera meiri, — sé mjög mikilvægur til að tryggja framhald þessa verkefnis og tryggja að það verði ekki stöðvað, það verði haldið áfram og þróunin stefni í rétta átt.

Að lokinni þessari umr. legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hér er hreyft hinu þýðingarmesta máli. Ég ætla ekki að fara að ræða þetta mál hér efnislega, en taldi rétt aðeins að segja nokkur orð við 1. umr.

Ég vil þá fyrst af öllu segja það, að ég tek undir allt sem hv. 2. þm. Vestf. sagði um mikilvægi þessa máls. Ég hygg að það verði ekki um það deilt að hér er um að ræða óleyst verkefni sem þarf að leysa.

Það var og ágætt að hv. 2 þm. Vestf. rifjaði hér upp þá skýrslu sem hæstv. menntmrh. gaf Alþ. á síðasta þingi um verkefni sem vinna þarf.

Hv. 2. þm. Vestf. vék aðeins að því að þetta mál hefði verið töluvert á dagskrá, bæði af hans hálfu og annarra, á undanförnum þingum. Og það er auðvitað rétt, eins og annað sem hv. 2. þm. Vestf. sagði um þetta mál. Ég vil þó aðeins með nokkrum orðum koma inn á það atriði og vekja þá athygli á því, að af mér og fleirum hefur verið gerður mjög glöggur munur á þessu vandamáli á tvennan hátt: Annars vegar er það vandamál sem lýtur að því að koma í framkvæmd því verkefni að allir landsmenn geti haft aðstöðu til þess að njóta þess menningartækis sem sjónvarp er. Hins vegar er að leysa ýmis aðkallandi verkefni við dreifingu hljóðvarps og sjónvarps þar sem hljóðvarps- og sjónvarpsskilyrði eru fyrir hendi þegar í dag þó að með mismunandi hætti sé. Með tilliti til þessa bar ég fram á þingi 1972—73 ásamt fleiri hv. þm tillögu um að fela rikisstj. að hlutast til um að Ríkisútvarpið komi upp endurvarpsstöðvum fyrir þá sveitabæi sem njóta ónothæfra eða engra sjónvarpsskilyrða, ríkisstj. skyldi afla sérstaks fjármagns í þessu skyni og stefnt skyldi að því að ljúka framkvæmdum innan tveggja ára. Þetta var á þingi 1972—73. Við flm. þessarar tillögu fluttum á næsta þingi á eftir þessa till. í annað sinn, því að í fyrsta sinn náði hún ekki fram að ganga. Á sama þingi bar hv. núv. 2. þm. Vestf. o. fl. fram sams konar tillögu, sem fór í sömu átt, þannig að þá var nú farinn að breikka mjög stuðningurinn við þessar hugsjónir. En það er leitt að þurfa að rifja þetta upp, en málið *náði ekki fram að ganga. Á síðasta þingi* heldur málið áfram. Hv. 2. þm. Vestf. flytur till. sem hafði verið flutt árið áður og gekk í sömu átt og min upphaflega tillaga. Ég og fleiri hv. þm. *berum svo fram aðra tillögu um sama efni.* En í till. minni og meðflm. minna á síðasta þingi var einnig nýtt atriði, þ. e. að s. hinn þáttur þessa vandamáls, sem lýtur að dreifingarkerfi hljóðvarps og sjónvarps í heild, og var þá komið fram með þá hugmynd að það yrði athugað til þess að leysa þetta aðkallandi og stóra vandamál, hvort ekki, eins og það var orðað, væri rétt að ákveða afnotagjöld með tilliti til þess að föstum hundraðshluta þeirra sé jafnan varið til dreifikerfis hljóðvarps og sjónvarps.

Tillögurnar um þetta efni náðu ekki fram að ganga á síðasta þingi. Það er nokkuð furðulegt í raun og veru, því að allir, sem tóku þátt í umræðum um báðar tillögurnar, voru í raun og veru meðmæltir þeim og hv. fjvn. sýndi skilning, en allt kom fyrir ekki. (Gripið fram í.) Hér er kallað fram í að það hafi ekkert heiðarlegt legið á bak til tillöguna. Ég skal ekki gerast dómari um það, hvað er heiðarlegt af því sem ég stend að eða ekki. Ég læt hv. 6. þm. Norðurl. e. um að dæma það. En ég hef ekki hugsað mér að gefast upp í þessu máli. Og nú undanfarnar vikur hef ég mjög hugleitt þetta mál og verið að undirbúa næstu aðgerðir í því. Í millitíðinni er svo komið þetta frumvarp sem hér er til umræðu og byggir á sömu hugsun og ég og minir meðflm. komum fram með í tillögu á síðasta þingi, þ. e. að ákveða afnotagjöld með tilliti til að föstum hundraðshluta afnotagjalda verði jafnan varið til dreifikerfis hljóðvarps og sjónvarps. Þetta þýðir það sama og er í frv. því sem hér liggur fyrir, þótt mismunandi orðalag sé. Ég hef þess vegna ekkert nema gott um það að segja, að þetta frv. er fram komið.

En ég vildi aðeins láta það koma hér fram, að ég er ekki ánægður með suma hluti í frv. Ég viðurkenni að það orkar ýmislegt tvímælis. Þess vegna hef ég verið að ræða þetta við ýmsa aðila á undanförnum vikum, m. a. útvarpsstjóra. Nú á ég sæti í þeirri nefnd þar sem þetta frv. kemur fram, og ég hef þar tækifæri til þess að bera fram og lýsa brtt. við frv. Það mun ég gera, ef ég vel þá ekki hinn kostinn, að bera fram sérstakt frv. sem mundi koma fyrir sömu nefnd og þá hefur nefndin bæði frv. til athugunar. Satt að segja hafði ég hugsað mér, þegar ég væri búinn að undirbúa þetta betur, að ræða við hv. 2. þm. Vestf. og athuga möguleika á því að þessar fríðu fylkingar tvær, sem hafa sótt fram í þessu máli á undanförnum árum, gætu sameinast um eina tillögu. En aðalatriðið er að eitthvað gott komi út úr þessu og það erum við allir — með hvaða till. sem við höfum verið — að sjálfsögðu sammála um.

Ég vil aðeins til viðbótar leggja áherslu á að *ég held að það sé rétt baráttuaðferð fyrir þessum hugsjónamálum að halda aðskildu því verkefni að koma sjónvarpinu á þá sveitabæi, sem* eftir eru frá hinu verkefninu, að bæta sjónvarpsskilyrði, *þar sem komin eru, og bæta hljóðvarpsskilyrði.* Þetta er vegna þess að ef þetta er ekki gert, þá óttast ég að það nýja fjármagn, sem til kynni að hrökkva í þessu efni, yrði fyrst *og fremst notað* til þess að bæta aðstöðuna þar sem sjónvarpsaðstaða er þó komin fyrir og menn geta hlýtt á hljóðvarp. Skýringin á þessu er að það er fullkomin þörf á þessu. Hins vegar er hitt málið, að það skuli tiltölulega fáir einstaklingar í þjóðfélaginu, er búa yfirleitt í mesta strálbýlinu og þyrftu mest af ýmsum ástæðum á þessari þjónustu að halda, sem fá þetta ekki. Það er slíkt ranglæti og óréttlæti sem hv. þm. geta ekki látið afskiptalaust. Við verðum því að minu viti að halda þessu aðskildu til þess að beita okkur fyrir lausn á því að koma sjónvarpsskilyrðum á þá sveitabæi sem ekki njóta þeirra í dag. Ég mun því halda áfram á þeirri braut. Og ég hef ekki hugsað mér að gefast upp við það. Með tilliti til þeirra athugana, sem ég hef verið með á undanförnum vikum í þessu máli, mun ég ásamt fleirum bera fram þáltill. í Sþ. um þetta atriði, sem verði endurbætt frá fyrri till., í þeirri von að þær breytingar geti riðið baggamuninn til þess að þetta sérstaka mál verði leyst sem fljótast og sem best. En leiðin til þess er ekki að leggja þá kvöð á Ríkisútvarpið, og er hægt að færa langt mál sem rök fyrir því. Þetta er byggðamál. Þetta er mál sem heyrir undir það verkefni að efla jafnvægi í byggð landsins, og þetta er mesta réttlætismálið í því efni sem hægt er að leiðrétta fyrir minnsta fjármagn.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég get vissulega tekið undir flest meginatriðin í máli hv. frsm. og einnig því, sem hér kom fram hjá hr. forseta, 3. þm. Vestf., og einnig ýmsu af því sem kemur fram í grg. flm. Þar er sá sann-

leikur sagður sem áður hefur hljómað hér úr ræðustól á þingi, og ekki dreg ég góðan vilja flm. í efa, en samt vil ég gera hér stutta athugasemd.

Það er rétt að kvartanir hafa heyrst og verið á fullum rökum reistar, — kvartanir sem stofnunin hefur oftar en hitt látið sem vind um eyrum þjóta, stundum verið gert eitthvað til bráðabirgða og stundum, svo að allrar sanngirni sé gætt, eitthvað verið aðhafst. Í grg. er sérstaklega á Austurland minnst, og þá sakar ekki að geta þess að þar féllu úr á sumum stöðum yfir 10% sjónvarpsdaga á s. l. ári, að nær öllu leyti vegna lélegs dreifikerfis. Dreifikerfi sjónvarpsins er, eins og allir þm. vita, ákaflega lélegt, og á fundi Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi í haust kom mál þetta eðlilega til umræðu, því að hvergi sáust merki úrbóta, og þar upplýsti Sigurður Blöndal afar athyglisverðan hlut og hafði hann það eftir einum færasta tæknifræðingi á þessu sviði hérlendis. Ekki veit ég hvort þetta er rétt eftir haft, en það sakar ekki að koma með það hér. Þessi maður kvað úbúnað allan í þessum stöðvum vera af þriðja flokks gæðum eða almennt það lakasta sem unnt hefði verið að fá. Ætlunin hefði sem sagt verið sú að spara fyrir Ríkisútvarpið, en raunin orðið önnur, svo sem vænta mátti, og bilanir hafi því orðið svo tíðar sem raun ber vitni. Um þetta atriði hafði ég reyndar orð fróðustu manna varðandi Gagnheiðarstöðina t. d., þar væri meginhlutinn af búnaði lélegur, svo að ekki sé meira sagt, sumt notað og úr sér gengið. Um þetta og fleira óskaði ég nokkurra svara í fyrra, en fékk eigi.

Sé þessi staðhæfing rétt höfð eftir þessum tæknimanni, að allur eða mestallur útbúnaður dreifistöðvanna sé svona lélegur, þá hefur hér verið um furðulega og hæpna sparnaðarráðstöfun að ræða og þarna er þá ef til vill að hluta að finna skýringuna varðandi sjónvarpsdreifingu og hinar tíðu bilanir t. d. á Gagnheiði.

Svo að minnst sé á hljóðvarpið, 45 ára gamalt, og dreifingu þess t. d. til Austurlands, þá hef ég nú ekki þrek í mér til að ræða þau ósköp fremur en hv. samþm. minn austan að um Borgarfjarðarbrúna. Ég skil afstöðu hv. flm. vel. Þeir vilja gera tilraun til úrbóta, vita hve brýn hún er, en viðurkenna þó jafnframt að skammt muni þessi nýja leið duga þó að farin verði. Þá er spurningin um réttmæti hennar gagnvart öllum.

Rætt er um það í 1. gr. að til framkvæmda í þessu skyni skuli veitt viðbótarfjármagn til viðbótar við þær aðrar tekjur Ríkisútvarpsins sem fari til slíkra framkvæmda, og einnig segir: „og á fjárlögum“. Hér staldra ég við. Ég spyr: Hefur Ríkisútvarpið nokkur bein fyrirmæli um að láta ákveðinn hluta tekna sinna renna til þessa kerfis, að undanskildum þá ef til vill aðflutningsgjöldum af sjónvarpstækjum, sem á að heita að hafi til þessa farið? Mér er ekki kunnugt um að svo sé, að Ríkisútvarpinu sé þetta skylt, en sé svo ekki, þá verður það upplýst. En sé svo ekki, þá hefði mér þótt nærtækast og eðlilegast að láta á það reyna með beinni lagaskyldu að ákveðinn hluti teknanna rynni til þessara tilteknu framkvæmda. Eða hver skyldi þessi prósenta hafa verið á s. l. ári af heildartekjum Ríkisútvarpsins, — prósenta sem hefur þá átt að renna til dreifikerfisins? Það fæst væntanlega glögglega upplýst í nefnd. Mér tókst ekki að fá það staðfest fyrir þennan fund, hver prósentan væri nú og þá t. d. á næsta ári, hvað Ríkisútvarpið hugsaði þá að gera.

Þá segir í greininni: „og á fjárlögum“. Þessu fagna ég ef hv. flm. ætla að beita sér fyrir ákveðinni upphæð á fjárlögum hvers árs í þessu skyni. Það tel ég eðlilegt, þó að þá þurfi auðvitað allir að greiða jafnt með sem án sjónvarps, það er vitanlega rétt. Engu að síður er það svo, að samfélagslegt átak á þessu sviði er eðlilegt og sjálfsagt.

Þá spyr ég: Hví ekki að fara þá leið ásamt með hinu að ákvarða vissa prósentu af heildartekjum Ríkisútvarpsins núverandi til þessara verkefna, og sú prósenta mætti gjarnan vera nokkuð há, í staðinn fyrir það sem kemur í 2. gr. og ég get ómögulega fengið mig til að samþykkja einfaldlega að fenginni reynslu hafandi stöðuna t. d. í mínu kjördæmi í huga? Ég efa ekki góða hugsjón hér að baki, og maður hefur heyrt þetta áður annars staðar frá og víst er hér um leið að ræða sem kemur til skoðunar, en annmarkar hennar eru miklir frá mínu sjónarmiði, svo miklir að ég treysti mér ekki til að mæla þar með fyrr en annað er þá þrautreynt. Í fyrsta lagi hefði ég viljað að framkvæmd væri í alvöru og fyrst úttekt á rekstri þessarar virðulegu stofnunar, úttektin mun liggja fyrir og kostaði víst ekki tiltakanlega margar milljónir, en eftir er að fylgja þeim hollráðum sem þar hlýtur að hafa verið að finna. Ég held að ýmis ævintýri, dýr og ljót, hjá þessari stofnun þurfi athugunar við og gjarnan hefði þar mátt af ýmsu klípa og það rösklega, en í staðinn verja til þeirra verkefna sem hér um ræðir og ég viðurkenni með flm. að eru brýnustu verkefni. Ekki svo að skilja að þessi stofnun sé einstök hvað þetta snertir, það eru fleiri stofnanir sem eyða í óþarfa, en við vitum einfaldlega, það vita hv. flm. jafnvel og ég, að áhugi forráðamanna þessarar stofnunar stefnir til annars en þess sem bæði flm. og ég teljum brýnast. Meðan við tölum um lélegt hljóðvarp, lélegt eða ekkert sjónvarp víðs vegar um landið, þá tala þeir í fjálgleik um litasjónvarp sem hina einu stóru hugsjón. Þetta vita hv. flm. nákvæmlega eins og ég, að ef breyting á að verða á, raunveruleg breyting, þá þarf að koma fram hugarfarsbreyting hjá forráðamönnum þessarar stofnunar. Ég held að þyrfti fyrst að kryfja mál til mergjar áður en farið er út í framkvæmd 2. gr. þessa frv., sem ég óttast, og ég segi það alveg hreinskilnislega — ég óttast að það yrði þá hið raunverulega framkvæmdafé í þessu verkefni og hitt, sem vikið er að í 1. gr., færi þá í eyðsluhítina áfram þrátt fyrir þau ákvæði sem reyndar er þar að finna, en er það óákveðið og ekki nægileg skylda þar að baki til þess að þeir geti ekki skotið sér einhvern veginn þar undan.

Það getur verið að þetta sé ótuktarskapur og ég sé svona illa hugsandi bara, en þetta læðist að mér eftir að hafa séð yfirlýsingar þessara sömu manna um að t. d. austfirðingar geti

sjálfum sér um kennt að sjá ekki Sjónvarpið. Það var upplýst í fyrra af hv. þingmanni hér og ég las þetta síðar í ágætu viðtali í Tímanum við þennan forráðamann, að þeir hefðu aldrei átt að vera að fá sér neitt sjónvarp, bara verið þeirra vitleysa. Og eftir einnig að hafa heyrt Stefán Jónsson, hv. þm., lýsa viðbrögðum annars forráðamanns Ríkisútvarpsins, fyrrv. að vísu, um kvörtun austfirðinga um hljóðvarpið á árum áður, einhvern veginn á þessa leið: Ríkisútvarpinu var ekki ætlað að heyrast út um hvippinn og hvappinn. (Gripið fram í.) Það hefur aldrei verið stefna þess, það er nú einmitt þetta sem er kjarni málsins. Já, og hafandi til viðbótar reynsluna frá minum heimastað um 10% missi á sjónvarpsefni eða vel það, auk þess að þar er eins og víðar enn bráðabirgðastöð í kofaskrifli sem því miður fauk nú ekki í fyrra, hefði betur gert það, þá hefði kannske eitthvað verið gert. En þar átti að koma stöð samkv. framkvæmdaáætlun Ríkisútvarpsins sjálfs strax á árinu 1971, sem bólar ekki á enn. Þetta töldu þeir sig geta sjálfir þá. Nei, hér láta menn sig bara dreyma um imbakassa í lit í staðinn fyrir að hugsa um þennan hégóma.

Það má enginn misskilja mín orð. Sjónvarpið okkar er hvergi nærri ómissandi, það væri skömm að segja, meginefni þess er því miður oft ruslkennt, svo að ekki sé meira sagt. En þetta er þó eins konar vara, svo að ég tali nú á kaupsýslumáli, sem við greiðum fullu verði. Munurinn er bara sá, að hér í Reykjavík greiða menn sjónvarpsgjald fyrir tiltölulega ógallaða vöru, skulum við segja, víða úti á landi sama gjald fyrir meingallaða vöru, með 10—15% rýrnun að auki.

Þá kemur að spurningunni um jöfnuðinn, og þá er komið að efni 2. gr. Það mætti leggja hana auðvitað í versta falli út á þennan veg: Til þess að mega enn um sinn kaupa þessa meingölluðu vöru, þá eigum við ekki aðeins að greiða fullt verð, við eigum að fá 10% álag í stað þess 10% afsláttar sem allir heiðarlegir kaupsýslumenn mundu gefa og auðvitað í þeirri von að eitthvað miðaði hraðar í átt til úrbóta frá hálfu þessarar stofnunar. Ég viðurkenni að þetta er versta útleggingin á þessu og hún er ekki gerð neitt með tilliti til flm., heldur er ég aðeins að vitna í það sem áður hefur gerst hjá þessari ágætu stofnun sem hér um ræðir. Ég held samt sem áður að þessi frvgr. hljómi þannig í eyrum ansi margra sem við verst skilyrði búa.

Ég vil gjarnan eitthvað á mig leggja til þess að þeir, sem ekki sjá sjónvarp, fái þó notið þess efnis sem þar er nothæft, en ég vil þá jafnhliða fá sæmilega gallalausa vöru.

Þá er komið að því sem okkur flm. greinir á um, að því er virðist. Þeir telja að þetta sé eina leiðin til að flýta fyrir þessum verkefnum sem vanrækt hafa verið. Ég er sammála þeim um að hér er um leið að ræða, sérstaklega ef 1. gr. verður framkvæmd undanbragðalaust af hálfu stofnunarinnar. Það dreg ég stórlega í efa. Ég hygg einmitt að þeir fagni þessum tekjustofni, þarna sé kominn sá stofn sem þeir ætla að nota í dreifikerfi, síðan ekki söguna meir. Það óttast ég. Ég vil sem sagt láta reyna á það í alvöru hjá stofnuninni sjálfri, á svipaðan hátt og hv. 3. þm. Vestf. (ÞK) var hér með áðan, hvort útgjaldaskiptingin þar inni, — ég held að ég hafi skilið það rétt að af afnotagjöldum væri tekinn ákveðinn hluti sem rynni beint til þessa dreifikerfis, — hvort útgjaldaskiptingin hjá þessari stofnun gæti ekki litið allt öðruvísi út, hvort ekki mætti með sjálfsagðri hagkvæmni, svo sem einni fréttastofu þessara aðila, svo að dæmi sé tekið, og minni óþarfaeyðslu, svo sem um eru mörg og ófögur dæmi, — hvort ekki mætti að sama skapi auka útgjöld til dreifikerfisins, láta það hafa forgang, — forgang sem það hefur ekki haft. Spurningin er um þetta, og í þessu liggur tortryggni mín við þetta form, nema öruggt sé að annað form sé ekki fyrir hendi og annað sé ekki kleift. Nú veit ég að mætti hugsa sér þetta viðaukagjald á þá sem gjalda nú þegar fyrir ógallaða vöru, en ég veit að þá yrði eitthvað sagt ófagurt af þeim sem þessa þjónustu hafa í dag fullkomna og viðhlítandi, og ég veit þess vegna að þótt hv. flm. hafi eflaust langað til þess arna, þá hafa þeir ekki talið sér stætt á því.

Ég mun við 2. umr. þessa máls leggja fram brtt. við þetta frv. um ákveðna prósentu af heildartekjum útvarpsins til þessara umtöluðu verkefna. Ég tel það eðlilega leið og viðkunnanlegri, og meðan ekki liggur fyrir að hún sé útilokuð, því að það tel ég að liggi alls ekki fyrir, heldur liggi bara fyrir yfirlýsingar frá þessari stofnun sjálfri, heldur þvert á móti, þá treysti ég mér ekki til að bæta hér viðbótargjaldi við, a. m. k. ekki á þá sem í dag bíða við óhæf skilyrði og óhæfa þjónustu. Við 2. umr. mun ég þá nánar fjalla um þessi mál.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, er fyrir ýmissa hluta sakir þess vert að fjallað sé um það allítarlega. Ég hlýt að taka undir með hv. síðasta ræðumanni, að ég tel að á því séu ýmsir gallar eða öllu heldur að ýmislegt kunni að bresta á efnisgreinar frv. í þeirri mynd sem komið hefur fram og æskilegt sé að bæta úr, enda tók hv. 1. flm. Steingrímur Hermannsson fram í framsöguræðu sinni að þeir flm. væru til viðtals um að gera breytingar á frv. ef þær mættu verða til þess að það kæmist í aðalatriðum efnislega fram og nyti almenns stuðnings. Hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson vakti athygli á því, að hann hefur oftar en einu sinni flutt þáltill. í þessa átt sem hér um ræðir í frv. Hann hefur gert það nokkrum sinnum á undan hv. þm. Steingrími Hermannssyni og nokkrum sinnum eftir líka. En ég kveð hv. þingmenn þessarar d. til vitnis um það, að þeir minnist þess að þessu sinni var hv. þm. Steingrímur Hermannsson á undan, en hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson gat þess að hann væri ef til vill til viðtals við hv. 1. flm. þessa frv. og leita leiða til þess, að þeir fái nú sameinað sjónarmið sín í þessu sérstaka máli, þannig að fram geti komið eitt frv. þessu sinni. Og ef hv. þm. Helgi F. Seljan hefði sömu aðferð og ræddi nú við þá báða hv. þm., sem ég hef nafngreint, um möguleika á því að koma einnig að sínum sjónarmiðum, þá gætum við fengið þarna ef til vill heilaga, járnbenta þrenningu sem mætti verða

til þess að nú kæmist eitthvað fram í þessu máli. Ég tel ekki óeðlilegt og ósennilegt að a. m. k. hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson og Steingrímur Hermannsson geti komið sér saman um þetta, þeir hafa komið sér saman um ýmislegt sem verra er nýlega.

En hvað um það, ég er nú þeirrar skoðunar að þeir útvarpsstjórar, sem við höfum haft sem forstöðumenn Ríkisútvarpsins í 45 ár, þeir hafi allir verið mjög miklir áhugamenn, einlægir áhugamenn um að bæta dreifikerfi útvarpsins, koma því til leiðar í fyrsta lagi að gamla útvarpið okkar, hljóðvarpið okkar, gamla Gufuradíóið, kæmi til skila efni sínu út um hinar dreifðu byggðir landsins óbrjáluðu, og hið sama gildir náttúrlega um sjónvarpið seinna. Hér hefur verið við ramman reip að draga. Þegar sá útvarpsstjóri, sem hv. þm. Helgi F. Seljan vitnaði í áðan og ég hef stundum vitnað í, sagði að það væri í sjálfu sér ekki stefna Ríkisútvarpsins að heyrast út um hvippinn og hvappinn, þá var hann svo sannarlega ekki að gefa í skyn að hann teldi ekki fulla þörf á því að dagskrá útvarpsins kæmist til Austfjarða. Þetta var eins konar, ja, ef svo má segja neyðaróp, þetta var nauðvörn útvarpsstjóra sem hafði háð mjög harða baráttu fyrir því að fá fé, fá heimild til að hækka afnotagjöld útvarpsins með ákveðnum hundraðshluta mörkuðum til þess að bæta dreifikerfið, og það var einmitt hér á hv. Alþingi sem þetta mál var eyðilagt. Það er hv. Alþingi sem staðið hefur alla tíð á, þegar til kastanna hefur komið, að leggja af mörkum það fé sem þarf til þess að koma upp dreifikerfi fyrir Ríkisútvarpið og raunverulega búa að því þannig fjárhagslega að sæmilegt sé. Á þessu á hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson að vísu enga sök, því að það skal viðurkennt, sem satt er, að hann hefur verið Ríkisútvarpinu mikill haukur í horni þegar fjallað hefur verið um málefni þess hér á hv. Alþ., þó það atfylgi hafi ekki leitt til annars en þess að knýja meiri hl. þm. til þess að lýsa yfir góðum vilja sínum, en ekki nægt til þess þegar til kastanna kæmi að þá veittu þeir þessu máli atfylgi.

Það er rétt sem hv. þm. Helgi F. Seljan sagði, að eftir 45 ára starf heyra austfirðingar flestir hverjir, eftir að dimma tekur nótt á síðsumri, svo illa dagskrá íslenska hljóðvarpsins að heita má að ekki komi óbrjálaður tónn úr viðtækjum þar eystra þrátt fyrir endurvarpsstöð á Eiðum, a. m. k. til músikflutnings.

Það er orðið býsna langt síðan tækni var tiltækileg með FM-stöðvum til þess að dreifa útvarpsefninu út um allt land, þannig að hvarvetna mætti hlýða á óbrjálaða tónlist. Það hefur verið augljóst mál, að allt síðan sjónvarpsdreifistöðvakerfinu var komið upp var hægt með tiltölulega litlum kostnaði að bæta dreifikerfi útvarpsins, þar sem koma mátti fyrir sjálfvirkum sendistöðvum í sömu húsum, í sömu kofum og sjónvarpsstöðvunum var komið fyrir á fjöllunum. Með tiltölulega litlum kostnaði, sagði ég, en samt var það meiri kostnaður en svo að Ríkisútvarpið hefði bolmagn til þess með óbreyttum tekjum að inna þetta verk af hendi.

Ef rakin eru samskipti Ríkisútvarpsins og fjármálavaldsins í þessu landi frá upphafi, þá kemur ýmislegt í ljós sem bendir til þess að hið æðsta vald á Íslandi kynni að standa í óbættri sök við Ríkisútvarpið frá upphafi vega. Ríkisútvarpið hefur áður farið þær leiðir að marka sér fé til þess að standa undir framkvæmdum. Ríkisútvarpinu tókst á tiltölulega fáum árum að eignast nægilega mikið fé til þess að reisa fullkomið útvarpshús. Það átti 6 millj. í sjóði við stríðslok, á þeim tíma þegar dolarinn kostaði ekki nema 6.50, fjárupphæð sem hefði nægt til þess að reisa mjög vandað hús yfir starfsemi sína. Þessa peninga tók ríkisstj. með engum vilja yfirstjórnar Ríkisútvarpsins á sínum tíma og notaði þessa peninga til annars — til annarra framkvæmda og skilaði ekki aftur, eins og segir í fornum hæstaréttardómi, þótt eftir væri gengið um langa hríð, fyrr en dýrtíðin hafði nagað það mikið úr þessum sjóði að ekki nægði einu sinni til þess að steypa upp húsakynni yfir fréttastofu útvarpsins á sínum tíma, þannig að hún varð að leigja húsnæði annars staðar.

Síst ber að lasta imbakassann, síst ber að lasta sjónvarpið og það yndi, þá dægrastyttingu og menntun sem það getur veitt fólkinu í dreifðum byggðum landsins. Ég ber aftur á móti sérstaklega fyrir brjósti — og hlýt að viðurkenna það — málefni hljóðvarpsins. Sú hefur orðið reyndin í grannlöndum, þ. á m. í Noregi, að jafnframt því sem dreifing sjónvarpsefnis hefur aukist, þá hefur hljóðvarpið farið að gegna sérstöku menningarlegu hlutverki og einkum í byggðunum.

Það er rétt, sem hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson sagði áðan, að hér er um að ræða sérstakt byggðamál. En það lýtur miklu fremur að dreifingu hljóðvarpsefnis og fullkomnun sendikerfa hljóðvarps heldur en sjónvarps. Í Noregi hafa nú um 8 ára skeið verið reknar sérstakar héraðseða sveitaútvarpsstöðvar, sem norðmenn kalla Lokalradio, og með tæknilegri uppbyggingu, skipulagningu og vali á útvarpsefni hafa þessar stöðvar náð geysilega miklum vinsældum. Þær gegna efnahagslegu, félagslegu og menningarlegu hlutverki fyrir byggðarlögin. Og til þess að við gætum hugað að þeim möguleika að taka upp héraðsútvarp á Íslandi, þá hygg ég að við yrðum að hafa nokkra forsjá um það einmitt við fyrirhugaða uppbyggingu dreifikerfisins núna.

Ég er því hlynntur að markaður verði sérstakur tekjustofn til þess að treysta og endurnýja dreifikerfi Ríkisútvarpsins, fyrst og fremst hljóðvarps, en sjónvarps líka. Ég er ekki ákaflega mikið áfram um hugmyndina um að tryggja sjónvarp frá ákveðnum grunnlínupunktum út á fiskimiðin. Ekki svo að skilja að ég sé mótfallinn að íslenskir fiskimenn geti horft á sjónvarp þegar tóm gefst til og þeir eru úti á miðunum. Mér er aftur á móti persónulega kunnugt um það, að þegar verið er á miðunum, þá gefst ákaflega lítill tími frá svefni og vinnu til þess að horfa á sjónvarp, og ég vildi heldur að þetta yrði nú látið mæta afgangi. En ég lýsi enn yfir þessu, að ég tel þetta frv. í aðalatriðum gott. Ég tel að þær breytingar, sem þurfi að gera á þessu frv. til þess að það nái alveg tilgangi sínum, séu lítils háttar, og ég vildi gjarnan að þessi hv. d. legði sóma sinn í, að afnema þá annmarka sem menn telja núna á frv., koma því

í það horf að við getum staðið saman að því, og má þá einu skipta hvor flutti það fyrr, hv. þm. Steingrímur Hermannsson eða Þorv. Garðar Kristjánsson.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Mig rekur minni til þess að vinsælasta umræðuefnið í Sþ. hér um þriggja eða fjögurra ára skeið var sjónvarpið og dreifing þess um landið. Og svo fór jafnan, í hvert sinn sem einhver fyrirspurn eða eitthvað bar á góma í þessu efni, að þá spruttu þm. upp sem óðast og varð jafnan á annan tug þm. er til máls tóku, og allir tjáðu hug sinn og stuðning við málið og sjónvarpið náði raunverulega nokkuð góðri og skjótri útbreiðslu um landið. En síðan hefur verið þó nokkur kyrrstaða í málinu. Og ástæðan til þess er auðvitað fjármagnsskortur. Þrátt fyrir svo góðan vilja þm. í ræðu hefur skort úthaldið þegar að afgreiðslu fjárlaga kemur til að fylgja eftir töluðu orði og tryggja sjónvarpi og útvarpi — eða Ríkisútvarpinu í einu orði sagt — nægilegt fjármagn til í fyrsta lagi að byggja yfir starfsemi sína, en stofnunin er að verulegu leyti húsnæðislaus. Það út af fyrir sig er háðung sem þm. ættu að muna eftir áður en þeir flytja frv. sem nemur hundruðum millj. kr. í útgjaldaaukningu eða meira, að þessi virðulega og gamla stofnun er sem næst húsnæðislaus og starfsaðstaða algjörlega úrelt og það væri miklu meira að mínu skapi og vonandi í samræmi við huga og vilja annarra þm. að tryggja þessari stofnun sómasamlegt húsnæði á næstu fimm árum skýlaust og undanbragðalaust og vera ekki með sýndarmennsku eins og þetta frv. er. Ég er því í mótsögn við þá er hér hafa talað áður. Þetta er sýndarmennska, eins og staða útvarpsins er í dag, og ekkert annað. Það getur ekki neitt réttlætt það að koma fram með frv. sem nemur á annan milljarð í viðbót í dreifingu á sjónvarps- og útvarpsefni meðan ástandið hjá útvarpinu er eins og það er í dag. Forsvarsmenn útvarpsins hafa komið til fjvn. núna haust eftir haust og beðið um meira fjármagn, þótt ekki væru nema tugir millj., og því hefur verið hafnað. Þess vegna er þetta frv. hrein sýndarmennska og miklu meira en það. Ætti öllum mönnum að vera ljóst, að það er ekki hægt að ætlast til þess að útvarpið taki á sig þá kvöð sem 1. gr. leggur því á herðar, og allra síst er tekjuöflunin nægileg. Það vantar mikið á það. Það er yfir tug ára sem þyrfti að tryggja þessa tekjuöflun til þess að hafa einhvern vott upp í það sem hér á að gera. Samt sem áður hefur útvarpið ekki fjármagn í dag til þess að heill landshluti heyri sómasamlega í hljóðvarpi, eins og hér hefur verið rakið. Hvað eru menn að fara? Tryggjum heldur útvarpinu sérstaka framkvæmd upp á 50 eða 100 millj. til að bæta úr brýnustu nauðsyn, svo að það geti starfað í dag, bókstaflega svo að það geti starfað sómasamlega. Það er margsinnis búið að fara fram á þetta og nóg erindi í fjvn. og alls staðar fyrirliggjandi hjá Alþ. Það er ekki hlustað á það. Þar deili ég ekki á einn eða neinn sérstakan, heldur á okkur alla í því efni.

Ég ætla ekki að fara í meting um það, hver hefur komið fyrr með hugmyndir fram til að auka dreifingu hljóðvarps eða sjónvarps. Það er góðra gjalda vert út af fyrir sig og það má þakka flm. það að vekja athygli á hvað málið er umfangsmikikð og stórt í sjálfu sér. Það út af fyrir sig er þakkarvert og eðlilegt og gott að ræða málin. En við getum ekki gengið fram hjá þeirri staðreynd, að óhjákvæmileg verkefni eru svo brýn og kosta nokkra tugi millj. og jafnvel tvö—þrjú hundruð millj., sem við verðum að leysa fyrst, áður en þessi góða hugmynd þeirra nær framgangi, að sögn þeirra manna er koma til fjvn., forsvarsmanna þessarar stofnunar, og biðja okkur um fáa tugi millj. svo að þeir geti starfað eðlilega á árinu. Þetta geta flm. hiklaust séð ef þeir vilja leggja vinnu í það. Og nú skora ég á þá að tryggja þótt ekki væru nema 20 millj. í viðbót til þessarar stofnunar sem getur varla borgað vinnulaun. Á sama tíma erum við hér með frv. um að leggja út í hundruð millj. fjárveitingu og brot af tekjuöflun í því skyni. Það má taka erlend lán. Við höfum nú heyrt það, hvað langt er komið í því efni. Daginn eftir er tekið stærsta neyslulán sem hægt er. Kannske er einhver arabadropi til enn þá sem hægt er að fá fullnægingu út úr. En svona er ekki hægt að starfa. Ég segi það hreinskilnislega, en ámæli þó engum manni sérstaklega í því efni, heldur hitt, að við verðum að líta okkur nær í þessu efni.

Það er frumskilyrði að gera þeim mönnum, sem starfa í þessari stofnun, aðstöðuna starfhæfa, og til þess þarf að tryggja þeim núna nokkra tugi millj. sem þeir hafa margbeðið um að fá og sent óyggjandi grg. með sem sýna okkur að það er nauðsyn. En mér segir svo hugur um að þessi mikli meiri hl. á Alþ. í dag og þeir áhrifamiklu menn, sem flytja þetta frv., — fái því ekki framgengt að hlustað verði á þessa beiðni, þó að ráðh. þeirra sé hæstráðandi til sjós og lands í því efni er varðar málefni þessarar stofnunar. Þess vegna er frv. sem slíkt hrein sýndarmennska við ríkjandi aðstæður. Það er aftur þakkarvert og það get ég sagt aftur: það er þakkarvert að vekja athygli á hve málið er umfangsmikið og að Alþ. verður að horfast í augu við þá staðreynd að hér þarf að tryggja fasta og góða tekjuöflun og einnig heilbrigt og gott lán til þess að allir landsmenn, sem eru í sjálfu sér, eins og fram hefur komið hjá öllum ræðumönnum, réttlætismál, — að menn geti notið hljóðvarps og sjónvarps, allir íslendingar. Þó má benda á það, eins og síðasti ræðumaður sagði, að jafnvel í Noregi, hinu ríka landi, þar sem menn vita ekki hvað þeir eiga að gera við peninga sína, er sjónvarp hvergi nærri komið um allt landið. Hins vegar bendir hann á, eins og allir vita sem hafa kynnt sér það mál, að þeir hafa tekið útvarpið eða hljóðvarpið meira í sína þjónustu til að ná inn í hina þröngu dali og út um hina dreifðu byggð og endurbætt það og látið það flytja meira en menningarefni, enda hygg ég að fólkið, sem er úti á landi, í hinum þröngu dölum hér og úti við sjó, njóti góðrar hljóðvarpsdagskrár mun meira almennt talað heldur en sjónvarps. Það nýtur þess við störf. Bæði hjónin á bóndabýlinu njóta hljóðvarps ágætlega

við mjaltastörf og jafnvel heyskap. Þau geta ekki setið inni í stofu um háannatímann og horft á sjónvarp, ekki aldeilis, en geta notið góðs flutnings í hljóðvarpi, bæði tónlistar og talaðs orðs.

En hljóðvarpið er hvergi nærri nægilega gott, mér liggur við að segja í flestum landsfjórðungum, ef ekki jafnvel alls staðar, og það væri verulegt átak að tryggja FM-bylgjusendi sem víðast, því að þar nytu menn góðs flutnings og hefðu áreiðanlega meira mat á hljóðvarpinu heldur en nú ríkir í bili, a. m. k. víða um landið. Flestir yrðu ánægðir ef Alþ. rausnaðist til þess að rétta Ríkisútvarpinu vegna mistaka undanfarin ár 50 millj. kr. til sérstakra endurbóta sem lágmarkssyndakvittun fyrir valefni í þessum málum undanfarið.

Að öðru leyti skal ég ekki, herra forseti, tefja umr. um þetta frv. Kannske finnst flm. að ég hafi verið nokkuð hvass við þá. En ég segi að við ríkjandi ástæður er þetta frv. vonlaust. Það væri miklu meira heillaspor fyrir þessa stofnun að fá sérstaka fjármagnsveitingu sem allir stæðu þá að. Þeir mættu þá beita sér fyrir því, þessir ágætu flm. Hitt er aftur þakkarvert, í þriðja sinn sagt, að vekja athygli á hinu stóra vandamáli, sem Ríkisútvarpið á við að etja í sinni starfsemi, en til þess að það megi takast þarf að tryggja almenna fjármögnun, en ekki sérstakan skatt, fyrst og fremst á þéttbýlismenn.

Flm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mjög. Ég stend fyrst og fremst upp til þess að þakka hv. þm. góðar undirtektir undir þetta frv., öðrum en hv. 1. landsk. þm. Ég veit ekki hvort menn geta kallað þetta sýndarmennsku eða sýndarmennsku ekki. Ég skal viðurkenna að þetta er ekki mikið fjármagn, en þó vil ég vekja athygli á því að 14 endurvarpsstöðvar, sem samkv. síðustu áætlun kosta um 80 millj., ná til 810 manns og þessum 810 manns þykir þetta ekki sýndarmennska. Ég veit að það er mikið eftir, en þetta er töluvert skref, og tekjur, sem hér eru ætlaðar, 40 millj. á ári, mundu greiða þennan kostnað á tveimur árum. Og það er einlæg von mín að þeir, sem búa í Kópavogi og njóta góðra útvarps- og sjónvarpssendinga, hafi víðari sjóndeildarhring. Ég veit ekkert hvað þarf til að fullnægja hv. þm. eða öðrum, en ég er sannfærður um að þessir 810 gleðjast mjög við að fá notið sjónvarps og hljóðvarps.

Ég þóttist finna að það væri hjá öðrum þm. ákveðinn stuðningur við þetta mál, og ég hef tekið mjög skýrt fram, vona ég, í minni framsöguræðu að við flm. erum til viðræðu um breyt. á þessu frv. Ég er sjálfur dálítið efins um þá leið, sem hv. 7. landsk. þm. benti á, að marka ákveðinn hluta af tekjum Ríkisútvarpsins í þessu skyni, m. a. af þeirri ástæðu sem kom fram hjá hv. 1. landsk. þm. Ég er ekki að draga úr aðhaldi við þessa stofnun, ég held að það þurfi að koma fram, en ef við ætlum að bíða eftir því að kerfið láti af hendi nokkra milljónatugi í þessu skyni á ári, þá held ég að við þurfum að bíða mjög lengi, vil ég segja hv. 7. landsk. þm. Við skulum heldur sameinast um að koma þarna á aðhaldi, en sameinast jafnframt um að tryggja tekjur til þess að framkvæma þetta verkefni. Ég vil fremur að við einbeitum okkur að því að tryggja í 1. gr. frv. betur en þar kann að vera gert að þetta fjármagn renni til slíkra framkvæmda. T. d. má hugsa sér að það verði lagt inn á sérstakan reikning og gerð skil fyrir því árlega til Alþ. með áætlun sem gerð yrði, þannig að ekki fari á milli mála að það er notað í þessu skyni, en geymist ekki í einhverjum hirslum Ríkisútvarpsins eða bankakerfisins þar til það er orðið verðlaust. Ég vil því beina því til hans að við skoðum þennan þátt sem allra best.

Ég tek það enn fram að ef menn vilja hækka þetta gjald, þá er ég sannarlega til viðtals um það. Ég vil þakka hv. 3. þm. Vestf. stuðning hans, og ég vil nú vekja athygli á því, að þegar tveir hv. þm. Vestf. hafa ár eftir ár reynt að koma þessu máli fram og reyndar fleiri, því að ég man að hv. 5. þm. Vestf. hefur flutt um þetta sérstakt mál, þá hlýtur að vera einhver draugur sem þarna er í vegi, að það skuli ekki ná fram að ganga. Við skulum láta okkur það að kenningu verða og reyna að sameinast í þessari deild um að ná þessu máli fram á þessu þingi og tryggja þar með að þessar framkvæmdir komist á skrið.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki leggjast gegn því, að sjónvarp komi sem allra fyrst til landsmanna allra og þá sjómanna á fiskimiðum í kringum landið líka. En ég vil með örfáum orðum benda á að það er mesti misskilningur hjá þeim utanbæjarþm., sem standa hér upp hvað eftir annað, a. m. k. þann stutta tíma sem ég hef verið hér á þingi, og halda að ungir og aldnir á höfuðborgarsvæðinu hafi yfirdrifið af peningum og stanslaust sé hægt að seilast í vasa þeirra. Það er verið að tala um að leggja á skatt sem að mati þeirra, sem flytja þessa till., nemi aðeins 64 millj. Það er eins og það sé hreint ekki neitt. Ég vil bara mótmæla þessu. Ég held að það sé búið að ganga of langt í því að leggja viðaukagjöld á reykvíkinga og aðra þá, sem búa hér á þessu landssvæði, til þess að standa undir framkvæmdum víðs vegar um landið. Hitt er annað mál, að það er nauðsynlegt að finna aðra tekjuöflun til þess að breiða út þau þægindi sem þéttbýliskjarninn hefur sjálfur komið sér upp.

Flm. talaði um að þetta væri lítið, 80 millj., með 80 millj. ætlaði hann að leysa vanda 810 manns. Ég vil benda á að í yfirlitsáætlun um framkvæmdir við dreifikerfi sjónvarps eru gefnar upp samtals 1310 millj., og af þessum 400 millj. kr., sem hann tekur 10% af, eru 40 millj. sem á að fá á einu ári. Hann endar grg. sína með því að það komi til mála að hraða framkvæmdum með lánsfé sem síðan verði endurgreitt af þeim tekjustofni sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Þetta frv. gerir ráð fyrir þessum 40 millj. kr. tekjustofni til þess að koma þessu dreifikerfi sjónvarps á. Ef um lánsfé er að ræða, hvað þarf það að standa langan tíma ef það eru 1310 millj.? Ef við tökum enga vexti með, þá eru þetta 30 ár. Og hvar ætlið þið að fá lán til þess að standa undir slíku?

Ég tek undir með hv. 1. landsk. þm. að þessi till. litur út fyrir að vera sýndarmennska, en málefnið er allt of gott til þess að nota það í þeim tilgangi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 26. fundur.

Miðvikudaginn 10. des, kl. 2 miðdegis.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 125). — 1. umr.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs fyrst og fremst til að harma það, að hæstv. félmrh. skuli ekki vera hér viðstaddur til þess að gera grein fyrir þessu máli. Það er eitt atriði sem ég hefði viljað spyrja hann um. Ég vil því spyrja hæstv. forseta hvort það sé nokkur von til þess að hæstv. ráðherra verði viðstaddur síðar á þessum fundi og máli þessu verði þá frestað í bili og tekið fyrir seinna — eða ef hæstv. félmrh. er í húsinu hvort hægt er að fá hann hingað inn í salinn.

Forseti: (Ragnhildur Helgadóttir): Hæstv. félmrh. er ekki í húsinu og hefur boðað að hann hafi ekki tök á að koma strax á fundinn eða í tæka tíð. Hann óskaði hins vegar að reynt yrði að koma máli þessu til n. En ef hv. þm. óskar eftir frestun á málinu um stund, þá sé ég ekki ástæðu til annars en að verða við því og fresta þá dagskrármálinu þar til síðar á fundinum ef þess er óskað.

Umr. frestað um stund.

Snjóflóð í Norðfirði og fjáröflun til Viðlagasjóðs, frv. (þskj. 130). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Virðulegi forseti. Eins og kunnugt er var Viðlagasjóður stofnaður með lögum nr. 4 frá 27. mars 1973, um tveimur mánuðum eftir að eldgosið á Heimaey hófst. Þessi lög sýndu einhug þings og þjóðar til að bæta tjónið af völdum eldgossins og aðstoða vestmanneyinga við endurreisnarstarfið. 31. des. 1975 falla úr gildi ákvæði laganna er kveða á um tekjur Viðlagasjóðs af viðlagagjaldi á söluskattsstofn. Fjárhæð sú, sem Viðlagasjóður hefur fengið vegna Vestmannaeyja frá ríkissjóði, Atvinnuleysistryggingasjóði og sveitarfélögum, mun þá nema rúmum 4200 millj. kr. Auk þess er að telja höfðinglega gjöf Norðurlanda, 1456 millj kr., og gjafir annarra aðila 211 millj. kr. Alls er þarna um 5900 millj. kr. framlag að ræða.

Hlutverk Viðlagasjóðs var síðan aukið með l. nr. 5 frá 28. febr. 1975, en þá var sjóðnum falið að koma fram gagnvart yfirvöldum í Neskaupstað við endurreisnina í kjölfar snjóflóðanna 20. des. 1974. Þing og þjóð voru sammála um að bæta norðfirðingum tjón þeirra á sama hátt og vestmanneyingum. Verkefni Viðlagasjóðs var í því fólgið að gera úttekt á tjóninu og bæta það að svo miklu leyti sem það kemur ekki í hlut annarra, en venjulega er það bótagreiðsluaðila. Með lögunum var stofnuð sérstök deild við Viðlagasjóð með sjálfstæðan fjárhag vegna verkefnanna í Norðfirði.

1. sept. 1975 tóku gildi lög frá 14. maí 1975 um Viðlagatryggingu Íslands, en samkv. þeim skal sá aðili taka við eignum og skuldum Viðlagasjóðs hinn 1. janúar 1977. Hlutverk Viðlagatryggingar Íslands er að tryggja gegn tjóni af völdum náttúruhamfara, þ. e. eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða og vatnsflóða. Vátryggingarskyldar eru allar húseignir og lausafé, en vátryggingarfjárhæðir skulu vera hinar sömu og brunatryggingarfjárhæðir á hverjum tíma.

Þar eð tekjustofnar Viðlagasjóðs falla niður um áramót er mikilvægt að átta sig á og gera á því nokkra úttekt hvort sjóðnum hafi verið aflað nægilegs fjár til að standa við skuldbindingar sínar gagnvart vestmanneyingum og norðfirðingum. Í grg. stjórnar Viðlagasjóðs, er fylgir greiðsluáætlun Viðlagasjóðs fyrir Vestmannaeyjadeild sjóðsins, sem prentuð er með aths. við lagafrv. þetta, segir:

„Deildin hefur nú lokið uppgjöri við alla tjónþola nema bæjarsjóð Vestmannaeyja, en uppgjör bóta hans er það langt á veg komið að telja verður áætlunina nærri lagi. Samkv. því nema bætur til bæjarsjóðs og stofnana hans fyrir eignatjón 500 millj. kr. og fyrir rekstrartjón 200 millj. kr. Auk þess tekur áætlunin tillit til ýmissa aðgerða til stuðnings uppbyggingu í Vestmannaeyjum, sem stjórnin hefur ákveðið með heimild í ýmsum ákvæðum reglugerðar nr. 62 frá 1973, en gerir ekki ráð fyrir að lengra sé gengið í þeim efnum en þegar hefur verið ákveðið. Á hinn bóginn gerir áætlunin ekki ráð fyrir útgreiðslum vegna ábyrgða sem sjóðurinn hefur gengið í fyrir bæjarsjóð. Alls gerir áætlunin því ráð fyrir greiðslum til bæjarsjóðs Vestmannaeyja sem nema 800 millj. kr., og hefur sú upphæð að verulegu leyti þegar verið greidd.

Áætlunin sýnir að deildinni hefur með núgildandi lagaákvæðum verið aflað nægilegs fjár til að standa við þessar skuldbindingar sínar. Á hinn bóginn er mikið af fé Vestmannaeyjadeildar sjóðsins fast í skuldabréfum og fasteignum og mun því greiðslustaða deildarinnar vera slæm og skuld við Seðlabankann lækka hægt. Gert er ráð fyrir að í árslok 1975 muni hún nema 1031 millj. kr. og í árslok 1976 624 millj. kr. og ekki verða að fullu greidd fyrr en í ársbyrjun 1978. Enn fremur sýnir áætlunin að sjóðurinn eigi eignir í skuldabréfum sem nema um 900 millj. kr. umfram þær skuldbindingar sem áætlunin gerir ráð fyrir, en frá því verður að draga afföll skuldabréfanna (vaxtamun). Vel getur verið að enn komi upp í Vestmannaeyjum þau vandamál sem stjórn sjóðsins telji sér skylt að sinna og

sem ekki eru tekin með í áætlunina. Er ljóst að eignastaða sjóðsins gefur nokkurt svigrúm til þess, en greiðslustaða yrði þá að sama skapi lakari."

Enn fremur segir í skýrslu stjórnar Viðlagasjóðs:

„Stjórn sjóðsins telur þó ríkar ástæður til að taka fram, að fyrirsjáanlegt er að án frekari aðstoðar mun bæjarsjóður Vestmannaeyja verða í miklum fjárhagserfiðleikum um árabil. Stafar þetta af því að bæjarfélagið hefur reist sér hurðarás um öxl með miklum og dýrum framkvæmdum sem auk þess verða unnar á mun hærra verðlagi en því sem bótamat sjóðsins var miðað við.

Stjórn sjóðsins telur að ekki megi loka augunum fyrir þessum vanda og vill því benda á hvort ekki sé rétt að fram fari úttekt á fjárhagsstöðu bæjarsjóðs og horfum næstu árin. Stjórnin telur ekki rétt að slík úttekt fari fram á vegum Viðlagasjóðs, einkum vegna þess, að vandamálið mun tæpast skýrast til fulls fyrr en um það leyti sem sjóðurinn verður lagður niður. Virðist því eðlilegra að slík úttekt fari fram á vegum félmrn. eða annarrar opinberrar stofnunar."

Framangreind viðhorf koma einnig fram í bréfi forseta bæjarstjórnar og bæjarstjórans í Vestmannaeyjum til stjórnar Viðlagasjóðs 13. nóv. 1975. Þar er fallað um fjárvöntun bæjarsjóðs og segir m. a.:

„Samkv. fjárhagsramma kaupstaðarins fyrir næstu 4 ár nemur fjárvöntun bæjarsjóðs 900 millj. kr. auk um 200 millj. kr. hjá rafveitu, þá er einungis miðað við greiðslur lána og verksamninga sem í gangi eru, auk nauðsynlegra framkvæmda vegna endurreisnar byggðar í Vestmannaeyjum. Ætla má að fái kaupstaðurinn fé í þessu skyni á næstu 4 árum, þá muni hann standa á eigin fótum frá og með 1980. Þó verður staða rafveitu eftir sem áður erfið, en svo er um flestar rafveitur á landinu. Ekki er ólíklegt að unnt sé að skera niður framkvæmdir að nokkru, svo að fjárvöntun verði um það bil 1000 millj. kr.

Bæjarstjórn er reiðubúin til allrar samvinnu, hvort heldur væri frekari úttekt á stöðunni á vegum hagfræðideildar Seðlabankans eða aðrar óskir stjórnvalda í þessum efnum.

Þess gerist vart þörf hér að benda á þýðingu Vestmannaeyja sem stærstu fiskútflutningsmiðstöðvar á landinu og hið mikla uppbyggingarstarf einstaklinga, fyrirtækja og bæjarfélags til endurreisnar heilbrigðs atvinnulífs á staðnum.

Bæjarstjórnin gerir sér fulla grein fyrir því mikla og fórnfúsa framlagi sem þjóðin öll hefur lagt af mörkum við uppbyggingarstarfið og vill nota þetta tækifæri sem og önnur tækifæri til að auðsýna þakklæti fyrir þátttöku í endurreisnarstarfinu."

Eins og fram kemur í þessum bréfum, eru aðilar sammála um að úttekt verði gerð á stöðu bæjarsjóðs Vestmannaeyja. Því hefur verið ákveðið að félmrn., Seðlabanki Íslands og bæjarstjórn Vestmannaeyja skipi hver sinn fulltrúa til að gera úttekt á fjárhagsvanda bæjarsjóðs Vestmannaeyja. Með hliðsjón af þessari úttekt verður tekin ákvörðun um lausn á fjárhagsvanda bæjarsjóðs. Þá hlýtur m. a. að koma til athugunar hvernig unnt er að nýta eignir Viðlagasjóðs í því skyni.

Með frv. þessu fylgir einnig nýjasta áætlun stjórnar Viðlagasjóðs um tekjur og gjöld Norðfjarðardeildar. Í grg. með áætluninni segir m. a.

„Áætlunin gerir ráð fyrir að heildarútgjöld Norðfjarðardeildar muni nema 650 millj. kr., þar af 590 millj. kr. tjónabætur og aðrar greiðslur sem runnið geta til uppbyggingastarfsins í Norðfirði.

Tekjur samkv. núgildandi tekjustofnum virðast munu nema um 550 millj. kr. Skv. því skortir deildina um 100 millj. kr. til að standa við skuldbindingar sínar.

Bætur til tjónþola taka að sjálfsögðu mið af því tjóni, sem varð, en ekki af þeim kostnaði, sem tjónþolar kjósa að ráðast í við endurbyggingu, enda eru þeir frjálsir að því hvernig þeir verja bótafénu. En að undanförnu hafa verið talsverðar umr. um það, hvort bótafé ásamt annarri fjármögnun, sem vitað er um, muni nægja til að greiða þá endurbyggingu sem nú á sér stað í Norðfirði, og þykir ástæða til að gera hér nokkra grein fyrir því.

Fyrir liggur áætlun um kostnað við endurbyggingu frá framkvæmdastjóra uppbyggingarnefndarinnar í Neskaupstað, dags. 1. okt. s. l., og er niðurstaða hennar 982 millj. kr. Sams konar áætlun gerð af trúnaðarmönnum Viðlagasjóðs nemur hins vegar 775 millj. kr. Þessi mikli munur skýrist ekki af mismunandi mati á kostnaði við hina ýmsu verkþætti, þar ber mjög lítið á milli, heldur af því að í hærri áætluninni eru ýmsir liðir sem þar eiga ekki heima, svo sem tekjubætur, lántökur o. fl. sem ekki er framkvæmdakostnaður, auk þess sem trúnaðarmennirnir taka ekki inn í sína áætlun nokkra liði sem lúta að fullnaðarfrágangi sem ekki verður framkvæmdur fyrr en síðar og sem ekki hefur áhrif á starfshæfni þeirra mannvirkja, sem um er að ræða.

Til þess að mæta þessum kostnaði eru bætur og aðrar greiðslur úr Viðlagasjóði 590 millj. kr., lán til Síldarvinnslunnar úr Fiskveiðasjóði 200 millj. kr. og lán til annarra tjónþola, sem talið er að muni fást, 28 millj. kr. eða samtals 818 millj. kr.

Það er því mat sjóðsstjórnarinnar að fáist það viðbótarfé, sem farið er fram á hér að framan, þannig að sjóðurinn geti innt af hendi þær greiðslur sem honum er ætlað, muni vart mikið skorta á að nægilegt fé verði þá til endurbyggingarinnar."

Þá skal þess getið, að í lauslegri áætlun sem fylgdi frv. um stofnun Norðfjarðardeildar Viðlagasjóðs var talið að útgjöld sjóðsins af þessu verkefni mundu nema um 500 millj. kr. Sjá má nú, að of lágt var metið, enda var þessi fyrsta áætlun gerð með fyrirvara. Hins vegar eru menn ekki á eitt sáttir hve mikið á að hækka upphaflegu áætlunina, eins og fram kom í grg. stjórnar Viðlagasjóðs.

Á sínum tíma skipaði forsrh. nefnd þriggja þm., þá Lúðvík Jósepsson, Tómas Árnason og Sverri Hermannsson, til að hafa milligöngu milli Viðlagasjóðs og heimaaðila í Neskaupstað. Þingmannanefndin sendi forsrh. bréf 20. nóv. 1975 þar sem segir m. a.:

„Það er skoðun okkar, eftir að hafa rætt málið við fulltrúa Viðlagasjóðs og þá heimaaðila í Neskaupstað sem málið varðar mest, að tryggja þurfi Norðfjarðardeild Viðlagasjóðs a. m. k. 250 millj. kr. á næsta ári, og miðum við þá við að tekjur deildarinnar af gildandi tekjustofni til áramóta verði 570 millj. kr.

Við teljum tillögu Viðlagasjóðs um viðbótartekjur 100 millj. kr. ófullnægjandi og bendum á að þær bótakröfur, sem fram eru komnar og ekki hefur verið synjað, enda ekki enn fjallað um þær samkv. reglugerð sjóðsins, samsvarar þeirri tekjuþörf, sem við gerum till. um.“

Framangreindar upplýsingar gefa til kynna að enn eru ekki öll kurl komin til grafar við uppgjör tjónsins í Norðfirði. Með frv. þessu er heimilað að veita allt að 200 millj. kr. úr Viðlagasjóði til Norðfjarðardeildar. Hve há upphæðin verður endanlega innan þessa ramma ræðst af þeim bótum sem greiddar verða samkv. reglum Viðlagasjóðs til Norðfjarðar.

Aftan við 5. gr. l. nr. 5 frá 28. febr. 1975, um ráðstafanir vegna snjóflóða í Norðfirði og fjáröflun til Viðlagasjóðs, bætist ný málsgrein, er verður 4. málsgr, svo hljóðandi:

„Á árinu 1976 er Viðlagasjóði heimilt að verja allt að 200 millj. kr. af eign sinni til að standa að fullu við skuldbindingar sínar vegna snjóflóðanna í Norðfirði 20. des. 1974.

Lög þessi taka þegar gildi.“

Eins og hér hefur verið greint frá, er hvorki ljóst á þessu stigi málsins hvort eignir Viðlagasjóðs muni nægja til þess að standa við skuldbindingar sjóðsins gagnvart Vestmannaeyjum eða gagnvart Norðfirði. Það mun taka nokkurn tíma að ganga úr skugga um þetta og fá fram endanlega niðurstöðu hvað þær tjónabætur og fjárþörf muni nema. Á hinn bóginn er nokkurt svigrúm vegna greiðslustöðu Viðlagasjóðs á næsta ári, ef samningar takast við Vestmannaeyjar, að sjá fyrir þeim greiðslum, sem á því ári eru fyrirsjáanlegar, með þeirri heimild sem hér er farið fram á. Ég vil taka fram að vitaskuld verða í samræmi við þær niðurstöður, sem fást af úttekt á fjárhagsstöðu Vestmannaeyjakaupstaðar og endanlegum frágangi tjónabóta þar sem og endanlegu uppgjöri varðandi tjónabætur í Norðfirði, gerðar ráðstafanir til þess að staðið verði við allar yfirlýsingar sem hér hafa verið gefnar gagnvart vestmanneyingum og norðfirðingum. Ég lýk máli mínu með því að ítreka enn að staðið verður við áður gefin loforð ríkisstj. og Alþ. um tjónabætur og uppgjör við Vestmannaeyjakaupstað og vestmanneyinga, Neskaupstað og norðfirðinga. Sömu reglum verður fylgt við endanlegt uppgjör tjóna og greiðslu bóta beggja deilda Viðlagasjóðs, og sambærileg aðstoð verður veitt til uppbyggingar atvinnulífsins í kaupstöðunum.

Virðulegi forseti. Ég legg til að máli þessu verði vísað til 2. umr. og ég hygg til fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar.

Guðlaugur Gíslason: Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. forsrh. fyrir þá yfirlýsingu sem hann gaf hér um að skipuð yrði n. til að meta endanlega fjárhagsaðstöðu Vestmannaeyjakaupstaðar, og ég vona einnig að inn í það dæmi komi aðstaða atvinnuveganna þar, og einnig þá yfirlýsingu að staðið verði við allar skuldbindingar sem áður hafa verið gefnar hér á Alþ. af fyrrv. ríkisstj. í sambandi við uppgjör og bætur til handa vestmanneyingum. Vona ég að þegar upp verður staðið geti allir orðið þar á eitt sáttir.

Í grg. með frv. er vitnað í bréf stjórnar Viðlagasjóðs til forsrh. Þar segir á einum stað, á bls. 2 í grg.: „Stjórn sjóðsins telur þó ríkar ástæður til að taka fram, að fyrirsjáanlegt er að án frekari aðstoðar mun bæjarsjóður Vestmannaeyja verða í miklum fjárhagserfiðleikum um árabil. Stafar þetta af því að bæjarfélagið hefur reist sér hurðarás um öxl með miklum og dýrum framkvæmdum.“ Ég verð að segja að ég kannast ekki við að þessi ábending frá stjórn Viðlagasjóðs geti verið á nokkrum rökum reist. Það má vera að stjórnin sé þar að vitna í það íþróttamannvirki sem nú er þar í smíðum og var á sínum tíma samþykkt af stjórnvöldum, hvernig skyldi staðið með þá byggingu. Þessi bygging er reist á óvenjulegan hátt að því leyti, að þar er um innflutt hús að ræða að mestu leyti, að sjálfsögðu er sundlaug og nokkur annar hluti byggingarinnar byggt á staðnum. En það var samdóma álit bæði bæjaryfirvalda í Vestmannaeyjum og einnig stjórnvalda, menntmrn. og ríkisstj. í heild, að þannig skyldi að þessu máli staðið. Ég tel það því mjög ómaklegt þegar stjórn Viðlagasjóðs fer að vitna í það í þeim tón sem gert er í bréfi hennar til hæstv. forsrh. að bæjaryfirvöld séu þarna að reisa sér hurðarás um öxl með of dýrum framkvæmdum og ótímabærum framkvæmdum. Ég tel ekki að þetta fái á nokkurn hátt staðist. Ég vil á það benda að sundskylda hefur verið sennilega lengst allra staða hér á landi einmitt í Vestmannaeyjum. Það mun hafa verið um aldamótin að þar var tekin upp þein sundskylda allra skólaskyldra barna og hefur svo verið ávallt síðan. Bæjarsjóður byggði á sínum tíma sundlaug sem þá var talin mjög vönduð, þó að hún sjálfsagt væri orðin úrelt nær hálfri öld eða 30—40 árum síðar. Það hefði því verið í alla staði mjög óeðlilegt að láta þessa aðstöðu falla niður kannske einmitt í Vestmannaeyjum. Hefði aftur á móti verið farin sú leið, sem vestmanneyingar að sjálfsögðu hugsuðu sér, að byggja sameiginlega sundhöll og íþróttahús, — það mannvirki var á sínum tíma búið að teikna og búið að ákveða því stað og gera um það kostnaðaráætlun, — hefði verið farin sú venjulega leið, þá liggur það alveg ljóst fyrir að það mannvirki, eins og það var hugsað, hefði sennilega orðið nær helmingi dýrara en þó þetta innflutta hús er í dag. Ég geri ráð fyrir að það hefði tekið a. m. k. 3—5 ár að byggja slíka byggingu eins og fyrirhuguð var, og með síhækkandi verðlagi liggur alveg ljóst fyrir að það mannvirki hefði orðið miklu dýrara en þó það mannvirki sem nú er verið að reisa í Eyjum og kemur til með að verða tekið í notkun á næsta ári.

Ég vil einnig á það benda í þessu sambandi, að ég tel að sameiginleg niðurstaða bæjaryfirvalda í Eyjum og stjórnvalda að fara þess á leit að flýta byggingunni með því að byggja hana að miklu leyti á innfluttu húsi hafi verið alveg

rétt. Ég held að þeir, sem kannske þekkja ekki nægilega til málanna verði þó að gera sér það ljóst, að eins og aðstæður voru þegar fólkið flutti heim og byggðarlagið var í því ástandi eins og öllum er kunnugt, að það var á mörkum að hægt væri að telja það byggilegt á fyrstu mánuðum og fyrstu árum eftir að náttúruhamfarirnar höfðu gengið yfir, þá var þetta nauðsyn ef fólk átti að vilja vera á þessum stað og byggja hann upp aftur. Það var alveg nauðsyn að byrja á því að skapa félagslega aðstöðu. Hún var að nokkru leyti fyrir hendi. Þær byggingar, sem áður höfðu verið byggðar, fóru ekki allar. Sumar þeirra fóru, eins og sundlaugin, aðrar fóru ekki. En ég tel frumskilyrði, ef ætlast var til þess að ungt fólk og reyndar eldra líka byggi þarna, að félagsleg aðstaða yrði fyrir hendi og þá alveg sérstaklega í sambandi við íþróttamálin. Íþróttamál hafa alltaf verið mjög ofarlega á dagskrá í Eyjum, og hefði engin aðstaða til slíks átt að vera þar fyrir hendi í framtíðinni, þá er ég hræddur um að þar hefði margt verr farið en ástæða var til, og ég er sannfærður um að þetta er eitt af því betra sem gert var. Og ég er mjög þakklátur stjórnvöldum fyrir að hafa fallist á hugmyndir vestmanneyinga um að fara þessa leið til að byggja þetta mannvirki á jafnskömmum tíma og raun ber vitni um. Það er alveg nýtt, og verður sennilega ekki gert aftur, að reisa á einu ári hús af þeirri stærð þar sem um er að ræða sundlaug — sundhöll kalla sumir það — og íþróttaaðstöðu. Ég endurtek að ég tel að þetta hafi verið mjög vel ráðið af opinberum aðilum, og ég tel að það sitji síst á stjórn Viðlagasjóðs að vera að láta fara frá sér ábendingu eins og fram kemur í bréfi hennar og er prentað í grg. með þessu frv.

Í grg. eru skýrslur um tekjur og gjöld Viðlagasjóðs og eins og þau eru áætluð í árslok 1976. Þar er vissulega um háar tölur að ræða, en mér þykir rétt, nú þegar þessi mál eru hér til umr. á hv. Alþ., að ræða þessa grg. nokkru nánar, því að það kann að vera nokkuð villandi, þegar talað er um 8 milljarða heildarútgjöld, að það séu allt bætur til vestmanneyinga vegna náttúruhamfaranna, því að sem betur fer er það ekki svo. Það komu inn í stórar tölur, eins og kaupin á viðlagasjóðshúsunum, sem nú er verið að selja aftur, og kemur að sjálfsögðu til tekna fyrir sjóðinn og niðurgreiðslu á útgjöldum hans vegna þessara kaupa, og virðist ætla að fara svo, að húsin verði seld við því verði endanlega að þar verður ekki um nein útgjöld að ræða, — jafnvel þó að tekið sé fullt tillit til tollagreiðslu og vaxtagreiðslu, þá muni það fé, sem í húsin var lagt, endanlega skila sér og kannske heldur betur.

Samkv. hinu endanlega uppgjöri, sem stjórn Viðlagasjóðs hefur sent rn., eru heildarbætur til vestmanneyinga vegna þess tjóns, sem þeir urðu fyrir, samtals 3 milljarðar 62 millj. kr. Ég tel að hv. Alþ. eigi rétt á því og það sé sjálfsagt að gera grein fyrir hvernig þessi upphæð raunverulega sundurliðast. Ég fékk í gær hjá stjórn sjóðsins upplýsingar um hvernig staðan var miðað við 30. nóv. s. l. Þessir 3 milljarðar 62 millj. skiptast þannig:

1. Það eru bætur fyrir íbúðarhús 1176 millj. kr.
2. Það, sem stjórn Viðlagasjóðs telur fyrirtækjabætur, það eru greiðslur til fyrirtækja vegna þess tjóns sem þau urðu fyrir, 469 millj.
3. Viðgerðarkostnaður á húsum í Eyjum — og er þá aðallega um að ræða þau hús sem voru grafin út úr öskunni, og reyndar önnur hús sem fyrir tjóni urðu — nemur samtals 285 millj.
4. Lausafjárbætur 277 millj.
5. Tekjubætur, að mestu leyti eru það tekjubætur til atvinnufyrirtækja, 211 millj., og greitt var upp í bætur til bæjarsjóðs og stofnana hans 30. nóv. samtals 576 millj.

Hygg ég að í þessar bætur hafi 30. nóv. s. l. verið greitt samtals 2 milljarðar 994 millj., en heildarupphæðin er áætluð endanlega, eins og fram kemur í greiðsluáætlun Viðlagasjóðs, 5 milljarðar 299 millj., og mismunurinn mun vera óuppgerðar bætur til bæjarsjóðs Vestmannaeyja og stofnana hans.

Ég vil aðeins ræða nánar tvo eða þrjá liði þessara bóta, því að ég held að það sé rétt að þetta sé rifjað upp. Málið er nokkuð farið að fyrnast og mörgum þykir hér um stórar tölur að ræða.

1176 millj., sem eru bætur fyrir íbúðarhús, eru bætur fyrir um 400 hús sem fóru undir ösku og hraun. Meðalbætur á hvert hús eru knappar 3 millj., en endurbyggingarkostnaður þessara húsa, miðað við að þau hefðu verið byggð á árinu 1974 og á árinu 1975, nemur ekki lægra en 6—7 millj. á hvert hús. Það liggur því ljóst fyrir að þeir, sem notuðu bótafé sitt til endurbyggingar á húsum í Eyjum, verða að taka á sig þarna milli 3 og 4 millj. hver einasti einstaklingur. Við þessu er ekkert að segja. Menn hafa sætt sig við þetta, tekið þetta eins og hverja aðra skyldukvöð. En ég tel rétt að þetta komi hér fram, því að því er ekki að leyna að hjá almenningi, — ég undirstrika, að það hefur aldrei komið fram hér á hv. Alþ., en hjá almenningi er kannske litið nokkuð öðrum augum á þessar bætur heldur en eðlilegt er, þær eru í sumum tilfellum kannske taldar nokkuð ríflegar.

Ég endurtek, að það liggur alveg ljóst fyrir að hver einasti húseigandi, sem endurbyggði hús sitt í Eyjum, verður að taka á sig 3—4 millj. í skuldbindingum umfram það sem hann fékk bætur fyrir hjá Viðlagasjóði. Hins vegar er það rétt, það voru nokkrir aðilar sem keyptu, áður en þeir fluttu heim, íbúðir hér í Reykjavík og hafa þar af leiðandi bætt fjárhagsaðstöðu sína með því að selja þær aftur, og þeir verða ekki fyrir sama tjóni og þeir sem ekki gerðu þetta. En allir, hver einasti með tölu, verða fyrir verulegu fjárhagstjóni og þurfa að taka á sig verulegar skuldbindingar, þannig að mér hefur verið um það kunnugt að mörgum mönnum, sem komnir eru á miðjan aldur, hrýs nokkur hugur við þeirri aðstöðu sem þeir hafa lent í í þessu sambandi.

Bætur til atvinnufyrirtækja 469 millj. kr., þetta er vissulega há upphæð. En ef við athugum hvað raunverulega skeði úti í Eyjum, þá hygg ég að flestir séu sammála um að þeir, sem þarna urðu fyrir tjóninu, verða einnig að taka á sig

miklar skuldbindingar. Ég vil benda á það, að í þessari upphæð er ein af stærri hraðfrystistöðvum landsins, hraðfrystistöð Einars Sigurðssonar. Hún fór öll til grunna og hlaut því að verða að bætast eftir reglum sem lögin um Viðlagasjóð gerðu ráð fyrir. Einnig fór meira en helmingurinn af síldar- og loðnumjölsverksmiðju hans. Í þessari upphæð er einnig vélsmiðja sem með mest af sínum tækjum fór undir hraun. Þarna er einnig eina hótelið, sem þá var rekið í Eyjum, ásamt öllu tilheyrandi, stærsta rafmagnsverkstæðið sem þar var, raftækjaverslun og tvær aðrar verslanir. Þetta er það sem er innifalið í þessari heildarupphæð, 469 millj. kr. Ég hygg að það sé ekki ofáætlað, þótt aðeins hefði átt að byggja upp þessa einu fiskvinnslustöð sem fór, að þá væri þar um uppbyggingu að ræða sem hefði kostað sennilega 1—1½ milljarð að lágmarki. Sá aðili, sem fyrir þessu varð, hann varð því vissulega fyrir geysilega miklu tjóni.

Ég taldi eðlilegt og rétt að þessi ábending frá mér kæmi fram, því að eins og ég sagði, vestmanneyingar hafa ekki farið á mis við — og ég er engum að álasa fyrir það — að verða fyrir nokkru aðkasti. Ég endurtek þó að sú rödd hafi aldrei heyrst hér á hv. Alþ., en hjá almenningi í landinu hafa þeir orðið fyrir nokkru aðkasti og af mörgum talið að allar bætur væru kannske óþarflega háar. En svo sannarlega er það ekki því að fyrir utan það sem ég hef gert grein fyrir í sambandi við þá sem misstu íbúðarhús sín og atvinnufyrirtæki, þá þori ég alveg að fullyrða að hver einasti íbúi Vestmannaeyja varð í sambandi við náttúruhamfarirnar fyrir geysilegu fjárhagslegu tjóni, — beinu og óbeinu, sem kannske í mörgum tilfellum var ekki hægt að bæta og ekki hægt að ætlast til að yrði bætt.

Ég endurtek, að ég vil votta hæstv. forsrh. þakkir fyrir þá yfirlýsingu sem hann gaf hér um að skipuð yrði n. til þess að skoða aðstöðu alla í Eyjum, eins og hún raunverulega verður eða hægt verður að gera sér grein fyrir að hún verði á næsta ári. Það kemur fram í grg. með frv. að stjórn Viðlagasjóðs áætlar að heildarbætur fyrir mannvirki og annað til Vestmannaeyjakaupstaðar og stofnana hans nemi 500 millj. kr. Ég varð satt að segja nokkuð undrandi, þegar ég sá þessa tölu, vegna þess að meðan ég var í stjórn Viðlagasjóðs var gerð lausleg áætlun um þetta, hvað hið beina tjón Vestmannaeyjakaupstaðar í sambandi við þær eignir, sem hann missti, mundi verða, og sú upphæð nam aðeins tæpum 1 milljarði, eða 997 millj. kr. Skýringin á þessu er að sú n., sem síðast fékk þetta mál í sínar hendur, notaði fyrningarreglur við matið, þannig að eign, sem var metin kannske á 10 millj., fór eftir fyrninguna niður í 3, 4 eða 5 millj. Þar sem svo stendur á eins og þarna, að það þurfi bókstaflega að flytja þriðjung af byggðinni af austasta hluta Eyjanna og vestur fyrir gömlu byggðina á það svæði, sem hefur verið áætlað að byggð skuli rísa að nýju, þá segir það sig sjálft, að þegar tekið er tillit til þess að slíkum flutningi fylgir ekki einasta að það þurfi að vera ný hús í stað þeirra sem fóru, heldur þarf einnig að byggja upp nýtt gatnakerfi, nýtt holræsakerfi, nýjar vatnslagnir í sambandi við vatnsveitu, nýja jarðstrengi fyrir rafveitu — og að áætla að þetta kosti aðeins 500 millj. er svo langt frá því að vera í samræmi við raunveruleikann og það verðlag, sem gildir í dag, og það verðlag, sem kemur til með að gilda á næsta ári, að ef ekki kemur annað til en áætlun Viðlagasjóðs, þá liggur alveg ljóst fyrir að bæjarfélagið fær ekki risið undir þeim kvöðum sem það verður á sig að taka í þessu sambandi. Það er um að ræða þarna 5—6 þús. manna samfélag, og ef ætti að leggja allan þann kostnað í gjöldum á íbúa þessa byggðarlags, þá segir það sig sjálft að þar mundi ekki nokkur maður vilja búa. Það liggur alveg í augum uppi, að menn búa ekki á einum stað ef þeir þurfa að borga kannske tvisvar til þrisvar sinnum hærri gjöld en annars staðar. Þeir auðvitað hljóta að sjá sér hag í því að reyna með einhverju móti að losa sig við sínar eignir og flytja sig til.

Ég endurtek því, að ég er mjög ánægður að það skuli hafa verið skipuð n. af félmrn. sem á að meta þessa aðstöðu alla, því að ef á að halda byggð í Eyjum áfram, þá verður þetta að gerast, því að það fjármagn, sem Viðlagasjóður ræður nú yfir, er eins og kom fram hjá hæstv. forsrh., mest í mjög óarðbærum skuldabréfum. Þar er um að ræða skuldabréf að langmestu leyti frá 7—25 ára með mjög lágum vöxtum, sum þeirra að vísu vísitölutryggð, önnur ekki, þannig að þau bréf verða vart seld nema með geysilega miklum afföllum.

Mér kæmi ekki á óvart þó að heildarkostnaður við flutninginn á þessum hluta bæjarins af austurhluta eyjarinnar og vestur fyrir gömlu byggðina kosti aldrei minna en 2—3 milljarða, miðað við það verðlag sem nú gildir. Ég veit að uppbygging rafveitunnar sem fór undir hraun með öllum vélum og allri aðstöðu, sú uppbygging ein kostar um 400 millj. eða nær alla þá upphæð sem stjórn Viðlagasjóðs gerir ráð fyrir að verði í bætur til kaupstaðarins og stofnana hans.

Í sambandi við bætur til atvinnuveganna þykir mér einnig rétt að gera nánari grein fyrir þeim 469 millj. kr. og þeirri aðstöðu sem atvinnuvegirnir í Eyjum eru í nú, eftir að starfsemi þeirra er aftur flutt heim. Þeir hafa hafið vinnslu og starfsemi á ný. Ég vil benda á að það liggur fyrir í skýrslu, sem Útvegsbanki Íslands lét taka saman, að fiskvinnslustöðvarnar í Eyjum, sem allir vita að voru með þeim stærri í landinu, voru best staðu fiskvinnslustöðvar sem í árslok 1972 voru til í landinu. Það sýnir sig á þessu uppgjöri, að þær ekki einasta áttu inni tugi millj. í útibúi Útvegsbankans í Eyjum, heldur áttu þær nokkuð á annað hundrað millj. í umframbirgðum sem þær höfðu ekki veðsett, þannig að aðstaða þeirra fyrir náttúruhamfarirnar var mjög sterk og mjög góð, enda voru þær yfirleitt engum háðar. Sá banki, sem hafði með þeirra fjárreiður að gera, hafði svo sannarlega litlar eða engar áhyggjur af þeim, vegna þess að hann, eða það útibú sem hafði með rekstur stöðvanna að gera, það var þá rekið eingöngu með fjármagni sem vestmanneyingar sjálfir áttu og þurfti yfirleitt aldrei að leita til aðalbankans um neina fyrirgreiðslu eða stuðning umfram það fjármagn sem útibúið sjálft réð yfir.

Þessi aðstaða hefur því miður gjörbreyst eftir

að þær fluttu heim aftur og hófu vinnslu á ný, þannig að þær eru allar með tölu í geysilega mikilli rekstrarfjárþröng. Eignir þeirra eru mjög lítið veðsettar, en aðstaða þeirra nú hefur verið mjög erfið og sennilega með því erfiðasta sem til þekkist á landinu. Nú kunna menn eðlilega að spyrja hvernig þetta megi vera, hvort þær séu þetta verr reknar en áður eða hvað hafi þarna raunverulega gerst. Ég vil benda á að það eru enn í dag sömu forsvarsmenn stöðvanna, sömu aðilarnir sem reka þær, og eins og þeir áður kunnu að standa fyrir rekstri sinna fyrirtækja, þá er ég sannfærður um að þeir kunna það ekki síður í dag, þannig að því verður ekki um kennt að þarna sé um neitt óeðlilegt að ræða að eigi sér þar stað, sem hægt væri að benda á að ekki væri eins og ætti að vera. Það er ekki að mínum dómi neitt slíkt fyrir hendi. En það, sem skeði, er einvörðungu sú röskun sem þessir aðilar urðu fyrir þegar þeir urðu fyrirvaralítið og fyrirvaralaust að heita mátti að flytja að segja má megnið af öllum vélum, tækjum, lausafjármunum burt úr Eyjum, og síðan, þegar þeir fluttu heim aftur, að taka þá allt til baka og setja vélar og tæki upp að nýju og hefja rekstrinn. Það, sem skeði við þetta og kom því miður of seint í ljós, var að eftir að helmingur af vestmanneyingum var fluttur heim í árslok 1973, þá auðvitað lá það ljóst fyrir að þeir áttu þangað ekkert erindi nema atvinnuvegirnir færu þá þegar í gang aftur. Þeir, sem réðu atvinnuvegunum, voru einnig mjög sammála að gera allt sitt til að svo mætti verða. Það var því tekið það ráð haustið 1973 og í ársbyrjun 1974 að leggja allan þunga, allan kraft, eins og hægt var, á að koma atvinnutækjunum í rekstrarhæft ástand aftur þegar í ársbyrjun 1974 fyrir þá vetrarvertíð sem þá var að hefjast. Það var unnið þarna dag og nótt og auðvitað hafði það í för með sér óhemjukostnað umfram það sem eðlilegt hefði verið ef aðstæður hefðu verið aðrar.

Eigendur þessara atvinnutækja stóðu í þeirri meiningu að þetta mundi verða gert upp af Viðlagasjóði. En því miður fór það svo, að það varð ekki, og kom þar aftur á ný til fyrningarreglan sem matsmenn Viðlagasjóðs notuðu, að fyrna allt niður eftir settum reglum. Þannig fékkst ekki nema lítill hluti af þeim kostnaði, sem stöðvarnar urðu að taka á sig og höfðu fengið leyfi til að ávísa á sína hlaupareikninga hjá sínum viðskiptabanka sem þeir síðan stóðu uppi með.

Það kom í ljós eftir vertíðina að fyrirtækin urðu að nokkru og verulegu leyti að byggja rekstur sinn á nýju fólki. Þetta hafði það í för með sér að afköst urðu mun minni en áður hafði verið, þegar um samhentan og vanan vinnukraft var að ræða. En þessi mál komust í lag þegar á síðustu vertíð, 1975, því að þá var fólkið orðið starfinu vant og afköstin urðu þá eins og eðlilegt var hægt að telja.

Eitt atriði, sem mjög hefur farið illa með atvinnuvegina heima, er sú stóra skuld sem þeir komust í við sinn viðskiptabanka á hlaupareikningi og á hæstu vöxtum sem hægt var með nokkru móti að finna út að hægt væri að kría út úr einum viðskiptamanni. Ég hygg að þessir vextir hafi verið frá 19—25%. Þetta skapaði það mikla erfiðleika, að stöðvarnar sáu varla fram á að þær mundu nokkurn tíma upp úr þessu komast. Fjórar stöðvarnar heima borguðu árið 1974 í vexti rúmar 96 millj. Hjá einni stöðinni komst það yfir 50 millj., og 1. okt. nú í ár voru þessir aðilar búnir að greiða í vexti rúmar 102 millj. kr. Hver sem þekkir inn á rekstur eins og er hjá fiskvinnslustöðvum hlýtur að geta gert sér ljóst að það var útilokað að rekstur, sem ekki er stærri en þessar stöðvar, sem eru, eins og ég sagði áðan, þó með stærri fiskvinnslustöðvum í landinu, þyldi slíkar vaxtagreiðslur. Ég skal taka fram, að eftir að Viðlagasjóður hafði gert upp tekjubætur við þessa aðila og eftir að millifærslulánið af gengishagnaðinum 1974—1975 hefur verið gert upp batnaði aðstaða þessara aðila allverulega. En það var ekki fyrr en nú á seinni hluta þessa árs sem þessar tilfærslur áttu sér stað og hafa því vaxtagreiðslur fram að þeim tíma valdið fyrirtækjunum mjög miklum fjárhagslegum erfiðleikum, þannig að þau hafa þurft að leita til stjórnvalda og ræða sín mál við stjórnvöld um hvernig þau gætu staðið þetta af sér.

Það, sem hlýtur að valda nokkrum áhyggjum einnig, er að fyrir liggur, svo að ekki verður um villst, að bátafloti vestmanneyinga, sem stendur undir hráefnisöflun til fiskvinnslustöðvanna, er kominn nokkuð til aldurs almennt, auk þess varð hann fyrir geysilegum skakkaföllum við að þurfa að vera á flækingi utan byggðarlagsins í nær heilt ár. Hver einasti bátur varð fyrir mjög miklu fjárhagslegu tjóni bæði á meðan hann var í burtu og einnig þurfti að endurbæta hann eftir að hann hafði komist í höfn aftur. Ég tel því að það liggi alveg ljóst fyrir, að ef þessar stöðvar, sem hafa mjög mikla afkastagetu og eru mjög vélvæddar, voru a. m. k. í árslok 1972 sennilega einna best vélvæddu stöðvar sem til voru á landinu, — ef þær eiga að hafa nægjanlegt verkefni í framtíðinni, þá verður að eiga sér stað veruleg endurnýjun á þeim flota sem á bak við þær stendur og hráefni aflar handa þeim.

Vestmanneyingar voru komnir í gang með það á árinu 1972 að verða þátttakendur í þeim togarakaupum sem þá áttu sér stað hjá landsmönnum. Þeir voru því miður ekki komnir það langt að þeir væru búnir að ganga frá neinum kaupum á slíkum skipum, töldu sig eiginlega geta nokkurn veginn ákveðið sjálfir hvenær það yrði. Þeir höfðu fjármagn að leggja fram án þess að þurfa yfirleitt að leita til neinna aðila um sitt skyldaframlag. Þetta var matsatriði, hvenær þeir ættu að fara í það og hvernig þeir ættu að standa að slíkum kaupum. Eftir að heim var komið aftur og það sýnir sig að bátaflotinn er þess vart megnugur að standa undir nægjanlegri hráefnisöflun til að halda uppi eðlilegu atvinnulífi á þessum stað hafa atvinnufyrirtækin heima sameiginlega rætt það við stjórnvöld og farið formlega fram á að þeim yrði veitt fyrirgreiðsla eins og öðrum sem áður hafa keypt skip — í sambandi við kaup á einum til tveimur skuttogurum. Við höfðum ástæðu til að ætla fram undir það síðasta að úr þessu gæti orðið, þannig að við gátum séð fram á nokkuð tryggt atvinnulíf í Eyjum, nokkuð tryggan rekst-

ur fiskvinnslustöðvanna þar. Því miður hefur aðstaða þjóðfélagsins breyst þannig, eins og Alþ. er best kunnugt um og kom fram í svari hæstv. forsrh. í gær í sambandi við togarakaup, að erfiðleikar munu vera á því að ráða fram úr þessum málum eins og aðstaðan er í dag.

Ég endurtek því, að ég tel það mjög mikils virði í sambandi við þetta mál í heild að hæstv. forsrh. skuli hafa lýst því hér yfir að n. manna frá tilteknum stofnunum: Seðlabankanum, rn. og bæjarstjórn Vestmannaeyja, er stofnuð til þess að kanna aðstöðu alla eins og hún kann að verða á næsta ári, því að ég sé ekki annað en að ef það verður ekki gert og að n. kemst ekki að þeirri niðurstöðu að gera þurfi vissar ráðstafanir til þess að byggð geti haldist áfram í Eyjum, þá muni svo fara að þar verði kyrrstaða og kannske að fólk sjái sér ekki hag í að taka þar búsetu eða flytjast þangað út. Ég tel að þetta sé ekki einasta hagsmunamál þess fólks, sem býr á þessum stað, heldur sé það hagsmunamál þjóðarinnar í heild að þarna geti í framtíðinni verið um svipaða framleiðslu að ræða og var í árslok 1972. Ég man að þá kom fram í ræðu þáv. hæstv. forsrh. að útflutningur og gjaldeyrisöflun af afurðum frá Vestmannaeyjum hefðu numið á milli 12 og 13%. Ég held að það verði að líta á þetta augum þjóðfélagsheildarinnar ekki síður en með augum þeirra aðila sem nú byggja þennan stað að nýju.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, aðeins koma inn á eitt atriði í grg. með frv., en það er umsögn þeirrar þingskipuðu n. í sambandi við Norðfjarðardeild Viðlagasjóðs, en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Á sínum tíma skipaði forsrh. n. þriggja þm., þá Lúðvík Jósepsson, Tómas Árnason og Sverri Hermannsson, til að hafa milligöngu milli Viðlagasjóðs og heimaaðila í Neskaupstað. Þm. sendi forsrh. bréf 20. nóv. 1975 þar sem segir m. a.:

„Það er skoðun okkar eftir að hafa rætt við fulltrúa Viðlagasjóðs og þá heimaaðila í Neskaupstað, sem málið varðar mest, að tryggja þurfi Norðfjarðardeild Viðlagasjóðs a. m. k. 250 millj. kr. á næsta ári og miðum við þá við að tekjur deildarinnar af gildandi tekjustofni til áramóta verði 570 millj. kr. Við teljum tillögu Viðlagasjóðs um viðbótartekjur 100 millj. kr. ófullnægjandi og bendum á að þær bótakröfur, sem fram eru komnar og ekki hefur verið synjað, enda ekki fjallað um þær skv. reglugerð sjóðsins, samsvara þeirri tekjuþörf sem við gerum till. um.“ “

Ég vil mjög undirstrika það, að ég tel sjálfsagt að Norðfjarðardeild og norðfirðingar fái fullar bætur í samræmi við þau lög, sem sett voru um Norðfjarðardeild, og þá reglugerð, sem gefin var út í því sambandi — í samræmi við þau lög — og að þeir fái fullar bætur eftir því sem eðlilegt getur talist. En ég hlýt að spyrja, þar sem þarna kemur fram mjög mikið ósamræmi milli niðurstöðu þmn. og niðurstöðu stjórnar Viðlagasjóðs, sem telur að aðeins vanti 100 millj. kr. á að stjórnin telji sig geta staðið við sínar skuldbindingar, og þar sem taka á umrætt fé úr Vestmannaeyjadeild, — þá hlýt ég að spyrjast fyrir um það, hvað þarna beri á milli. Það ber annars vegar á milli 150 millj. sem þmn. telur að vanti og hins vegar 100 millj. miðað við niðurstöður Viðlagasjóðsstjórnar og niðurstöðu þess frv. sem hér liggur fyrir og gerir ráð fyrir að færa eigi 200 millj. á milli, og þá vænti ég þess, að það sé ekki talið óeðlilegt þó að ég spyrji um hvaða ágreining sé þarna að ræða. En ég vil undirstrika og endurtaka, að þó að ég beri hér fram þessa fsp., þá er það ekki á nokkurn hátt gert í þeirri meiningu eða þeim tilgangi að réttur norðfirðinga verði á nokkurn hátt skertur, því að svo sannarlega ætti ég að þekkja þetta manna best og slíkar hugmyndir ættu að koma frekar fram frá öðrum en mér. En þarna ber á milli 100—150 millj. sem á að færa úr Vestmannaeyjadeild yfir í Norðfjarðardeild, og því hlýt ég um það að spyrja, fyrst ágreiningur er um þessa upphæð, hvernig á því standi að hann er fram kominn og að frv. gerir ráð fyrir 100 millj. kr. meiri millifærslu úr Vestmannaeyjadeild til Norðfjarðardeildar en stjórn Viðlagasjóðs telur að með þurfi.

Tómas Árnason: Herra forseti. Ég skal vera stuttorður um þetta mál, enda á ég sæti í fjh.- og viðskn. sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar.

Ég vil fyrst láta í ljós þakklæti til hæstv. forsrh. og raunar hæstv. ríkisstj. allrar og Alþ. fyrir hve myndarlega þessir aðilar hafa staðið að bótagreiðslum og uppbyggingu í sambandi við náttúruhamfarirnar í Vestmannaeyjum á öndverðu ári 1973 og í Neskaupstað fyrir u. þ. b. ári. Enn fremur vil ég láta í ljós ánægju yfir þeirri yfirlýsingu hæstv. forsrh. að staðið verði við allar skuldbindingar stjórnvalda varðandi þessi mál.

Það kom fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns, 3. þm. Suðurl., að það væri nokkur munur á þeim heimildum, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, og hugmyndum okkar í þmn., sem skipuð var á sínum tíma til að hafa milligöngu á milli heimamanna í Neskaupstað og Viðlagasjóðs um þessi málefni. Ég vil taka það fram í fyrsta lagi, að þessi munur er ekki ýkjamikill. Í öðru lagi, að þó að við höfum verið þessarar skoðunar eftir athugun málsins, þá eiga þessi mál öll eftir að rekja sig upp og þess vegna ekki hægt að segja um það nú með neinni vissu hver endanlegur kostnaður muni verða. Það kemur á daginn þegar búið er að fjalla um mat og gera málin endanlega upp.

Ég vil svo bæta því við, að yfirlýsingu hæstv. forsrh. áðan um að stjórnvöld mundu standa við sínar skuldbindingar tel ég vera alveg fullnægjandi og enga ástæðu til að gera neinn ágreining út af þeim mun sem hér er um að tefla.

Varðandi einstök atriði vildi ég minnast með örfáum orðum á einn þátt þessara mála í Neskaupstað. Eins og menn muna voru það nokkur fyrirtæki, aðallega þrjú fyrirtæki, sem urðu fyrir miklu tjóni vegna snjóflóðanna í Neskaupstað. Eitt af þessum fyrirtækjum er Síldarvinnslan hf. sem varð fyrir langsamlega mestu tjóni. Það kemur fram á bls. 5 í fskj. II að útgjöld vegna tjóns Síldarvinnslunnar hf. nemi

samtals 323 millj. kr. Þar er um að ræða tvö fyrirtæki, annars vegar fiskiðjuver og hins vegar loðnuverksmiðju. Fiskiðjuverið tók til starfa strax í fyrravetur og gekk mjög greiðlega að gera þar við og koma því í ganginn. Það stendur á sama stað að sjálfsögðu, sem er talinn hættustaður, og verður sjálfsagt að gera sérstakar ráðstafanir í framtíðinni til þess að tryggja þennan vinnustað. En það er mál út af fyrir sig.

Varðandi Síldarvinnsluna hins vegar var það ráð tekið að flytja hana burt af hættusvæðinu. Um það voru allir aðilar sammála sem fjalla um skipulagsmál. Ákveðið var að flytja hana inn á athafnasvæði nýju hafnarinnar sem verið var að gera í Norðfjarðarbotni. Þetta hafði ýmis áhrif á hafnarframkvæmdirnar. Það þurfti að gera nýjar áætlanir. Það þurfti að breyta fyrri áætlunum um gerð hafnarinnar vegna þessa, sem höfðu í för með sér stórkostlega aukinn kostnað við hafnargerðina. Það þurfti að taka skjótar ákvarðanir, vegna þess að það var talið mjög þýðingarmikið að stefna að því að loðnuverksmiðjan yrði upp byggð og hægt að taka hana í notkun á þeirri loðnuvertíð sem nú er fram undan. Án þess að fara nánar út í einstök atriði, þá er rétt að geta þess að hafnarframkvæmdir hafa kostað nokkru meira en ráð var fyrir gert, eða að því er *ég ætla um 160 millj.* kr. Ég vil vísa því til hv. n. að hún athugi sérstaklega hvort ekki er unnt að dreifa þessum kostnaði að einhverju leyti á næstu ár til þess að hann gangi ekki út yfir aðrar eðlilegar hafnarframkvæmdir á Austurlandi. Vonast ég til að n. taki það mál sérstaklega til athugunar.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Það voru aðeins nokkur orð sem ég vildi segja við þessa umr. málsins, en málið fer nú í þá n. sem ég á sæti í og þar verður það athugað nánar.

Ég vil taka það fram að ég er ekki fullkomlega ánægður með þá leið sem hæstv. *ríkisstj.* hefur valið til þess að tryggja Norðfjarðardeild Viðlagasjóðs viðbótartekjur, þar sem nú er lagt til að færa á milli Vestmannaeyjadeildar og Norðfjarðardeildar. Ég hefði fremur óskað eftir því að þeir tekjustofnar, sem í gildi voru, hefðu verið framlengdir eitthvað til þess að fullnægja þörfum Viðlagasjóðs í sambandi við þær skuldbindingar sem teknar hafa verið. En það er að sjálfsögðu leið hæstv. ríkisstj. sem gildir í þessum efnum, ef hún telur að mögulegt sé að tryggja Norðfjarðardeild nauðsynlegt fjármagn með þessum hætti án þess að það þurfi að bitna á nokkurn hátt á vestmanneyingum, en ég skildi yfirlýsingu hæstv. forsrh., sem hann gaf hér, á þá lund að það yrði séð um það þrátt fyrir þessa millifærslu að vestmanneyingar fengju bætur sínar að fullu greiddar eins og gert hefði verið ráð fyrir skv. lögum og reglugerðum og fyrirheit hefðu verið gefin um. Verði þetta gert, annaðhvort á þann hátt að eftirstöðvarnar í Viðlagasjóði, Vestmannaeyjadeild, nægi til þess arna eða þá með því að afla viðbótartekna síðar, þá er að sjálfsögðu hægt að fara þá leið sem hér er lagt til, að gera þessa millifærslu á milli deildanna.

Ég vil sem sagt taka það fram, að það er mín skoðun að það megi ekki koma fyrir í þessum efnum að verið sé að taka það fé, sem á þarf að halda úr Vestmannaeyjadeild vegna tjónanna, sem þar hafa orðið, og færa það yfir í Norðfjarðardeild til þess að leysa þann vanda sem þar er. Það má ekki gerast, nema þá að tryggt sé að öðru leyti að staðið verði við allar skuldbindingar gagnvart vestmanneyingum.

En varðandi svo till. að öðru leyti, þar sem gert er ráð fyrir að tryggja Norðfjarðardeild allt að 200 millj. kr. til viðbótar við gildandi tekjustofn, þá vil ég strax taka það fram, að ég álít að eftir atvikum sé þetta fullnægjandi og eðlilegt að þetta sé gert. Að *vísu er hér* um nokkru lægri fjárhæð að ræða en við þrír þm., sem skipaðir vorum í sérstaka n. til þess að fylgjast með framkvæmd þessara mála, teljum að hefði þurft, en það breytir ekki því, að hér ætti ekki að skorta á meira en svo að það verður þá hægt að leiðrétta það síðar.

Að öðru leyti vil ég segja það, að grg. sú, sem fylgir þessu frv. af hálfu Viðlagasjóðsstjórnar, er að mínum dómi fremur villandi en hitt. Hún skýrir málið heldur litið og í veigamiklum atriðum er hún alveg röng.

Það er rétt varðandi þær aths., sem hér hafa komið fram frá hv. 3. þm. Suðurl., þar sem *hann spurði hvernig stæði á þessum mismun*, að stjórn Viðlagasjóðs teldi að það þyrfti ekki að áætla Norðfjarðardeild nema 100 millj. kr. til viðbótar við gildandi tekjustofn, en við þessir þrír þm. áætluðum hins vegar að það þyrfti að tryggja deildinni til viðbótar 250 millj. Hér virðist vera og er um allverulegan mismun að ræða. En meginástæðurnar eru þær, að stjórn Viðlagasjóðs byggir enn þá á áætlanagerð sinni sem er að langmestu leyti studd við upphaflega áætlun um tjónabætur, en við byggjum hins vegar á framlögðum bótakröfum, reikningum sem liggja fyrir frá aðilum í Neskaupstað og við höfum kynnt okkur eftir því sem við höfum aðstæður til. Í *þessu liggur sá mismunur sem hér er um* að ræða. Það liggur ljóst fyrir að stjórn Viðlagasjóðs hefur ekki enn gert upp þessar tjónakröfur. Hvort endanleg niðurstaða verður nær því, sem stjórn Viðlagasjóðs segir hér, eða nær því, sem aðilar í Neskaupstað hafa lagt fram reikninga um, er ekki hægt að segja um á þessu stigi málsins. Það verður allt saman að gerast upp eftir gildandi lögum og reglugerð. En við töldum að miðað við þær bótakröfur, sem fram eru komnar og ekki hefur verið tekin afstaða til, þá vantaði þá fjárhæð sem tekin er fram í okkar bréfi.

Ég vil svo aðeins segja það, að ég sætti mig við það sem hér er lagt til í þessu frv. varðandi þá fjárhæð sem lagt er til að tryggja Norðfjarðardeildinni. Ég tel að í þessum till. komi fram af hálfu hæstv. forsrh. fullur skilningur á því að leysa verður það vandamál sem hér er um að ræða, og ég tel að af hans hálfu komi hér fram meiri skilningur en hjá stjórn Viðlagasjóðs sem mér finnst satt að segja að hafi ekki sýnt þann skilning á þessu máli sem hefði átt að koma fram. Og mér finnst að það hafi dregist úr hófi hjá stjórn Viðlagasjóðs að vinna að uppgjöri tjóna í þessu tilfelli eftir þeim reglum

sem fara á eftir. En hitt vil ég hins vegar taka fram, að það er ekki undan neinu að kvarta varðandi það hvernig staðið hefur verið að uppbyggingu í Neskaupstað eftir tjónin þar. Það hefur verið reynt að tryggja nægilegt fjármagn til framkvæmdanna og það hefur tekist til þessa og uppbyggingunni hefur miðað mjög eðlilega eða vel áfram. Þetta á einnig við í sambandi við hafnargerðina sem fléttaðist inn í þetta mál.

Ég vil leggja áherslu á að það er mín skoðun að það verði að standa að þessum málum þannig að staðið verði að fullu og öllu við þau loforð sem gefin hafa verið til vestmanneyinga í sambandi við þeirra tjón og í sambandi við lög og reglugerðir. Mér er það alveg ljóst að vestmanneyingar hafa orðið fyrir miklu tjóni sem ekki verður bætt samkv. þeim reglum sem unnið hefur verið eftir. Þar stendur mikið eftir óbætt. Ég er alveg sannfærður um, að það gildir jafnt um einstaklinga og fyrirtæki og kaupstaðinn sálfan, að þessir aðilar hafa orðið fyrir gífurlega miklu tjóni sem ekki verður bætt miðað við þær reglur sem unnið hefur verið eftir, svo að síst vildi ég verða til þess að draga á nokkurn hátt úr því að þeir fengju að njóta allra tekna Vestmannaeyjadeildarinnar í sambandi við endanlegt uppgjör þeim til handa. En að öðru leyti get ég vel sætt mig við að þessi mál verði leyst með þessum hætti og þá í trausti þeirrar yfirlýsingar, sem hæstv. forsrh. hefur hér gefið varðandi framhald málsins, varðandi það að standa við allar skuldbindingar jafnt gagnvart vestmanneyingum sem norðfirðingum.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég vil lýsa því yfir að ég er eftir atvikum mjög ánægður með þá ráðagerð sem birtist í frv. því sem hér er til umr., frv. til breyt. á l. um ráðstafanir vegna snjóflóðanna í Norðfirði. Ég hef ekki nægjanlega þekkingu til þess að dæma um það hvort þessi aðferð um að færa frá Vestmannaeyjadeild í Norðfjarðardeild er réttlætanleg eða ekki. Um það hafa tekið ákvarðanir þeir sem best til þekkja, og ég hlýt að verða að treysta því að sú ákvörðun eigi rétt á sér.

Mesta áherslu vil ég vitanlega leggja á þá yfirlýsingu hæstv. forsrh. að í einu og öllu verði staðið, bæði vegna náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum og í Norðfirði, við þau loforð sem gefin hafa verið af hinu háa Alþ. og hæstv. ríkisstj. Ég vil benda á að nokkurn veginn er gengið til móts við þær tillögur sem við, sem áttum sæti í þingmannanefndinni, gerðum síðast. Ekki er örvænt um það enn, að tekjur Norðfjarðardeildarinnar nemi 570 millj. kr., og frá því sem við höfðum áætlað við síðustu bréfaskriftir okkar til hæstv. ríkisstj., að hlutur Fiskveiðasjóðs vegna hinnar nýju síldarverksmiðju yrði aðeins 168 millj., þá er nú upplýst að Fiskveiðasjóður muni lána 200 millj., svo að hér ber aðeins mjög lítið á milli.

Skýringin, sem hv. 3. þm. Suðurl. bað um, hefur verið gefin hér af hv. 2. þm. Austurl. Þegar við gerðum áætlun okkar var hún vitanlega byggð einvörðungu á þeirri reglugerð sem um Norðfjarðardeildina er og augljóst mál að við höfum sannfært hlutaðeigandi aðila um réttmætari túlkun okkar á þeirri reglugerð heldur en Viðlagasjóður hefur sjálfur haft í frammi. Þess vegna er ætlað til frekari bóta helmingi hærri upphæð en það sem Viðlagasjóðsstjórn gerir í sinni grg. Ég býst við því að tregða Viðlagasjóðsstjórnar byggist miklu fremur á varkárni í þessum sökum en skilningsleysi. Við drógum dæmin af því t. d. að eina fyrirtækið, sem fyrir alllöngu lauk endurbyggingu sinni eftir áföllin, frystihúsið á staðnum, það sýndi sig við það uppgjör að þar munaði verulega frá því sem Viðlagasjóðsstjórn hafði áætlað og til þess sem raun varð á um síðir.

Ég vil svo aðeins taka undir þakklæti til hins háa Alþ., hæstv. ríkisstj. og alveg sérstaklega hæstv. forsrh. fyrir mjög drengileg viðbrögð hans nú og frá upphafi vegna þessa áfalls í Neskaupstað.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það er ekki ástæða til þess að ræða þetta mál miklu meira að svo stöddu heldur en gert hefur verið. Menn eru sammála um það, sem hér hafa talað, að það beri ekki að metast um hvort Norðfjörður eða vestmanneyingar fái meira eða minna í sinn hlut. Menn eru sammála um að það þurfi að gera að fullu upp á báðum þessum stöðum. Frá því fyrsta hefur það legið fyrir að ríkisstj. og Alþ. hafa viljað bæta tjónin, bæði í Vestmannaeyjum og á Norðfirði, eftir því sem föng eru á. Um það voru gefnar yfirlýsingar í byrjun þegar Vestmannaeyjagosið kom og einnig þegar Norðfjarðarslysið varð og við þær hefur verið staðið.

Þetta frv. gerir ráð fyrir því að það verði tekið lán úr Vestmannaeyjadeild til þess að bæta Norðfirði að nokkru það sem á vantar þar. Þar liggur í augum uppi að ef Vestmannaeyjadeildin þarf á þessu fé að halda, sem líklegt er, að þá muni hæstv. ríkisstj. sjá um að þessi upphæð verði endurgreidd í einhverri mynd og meira ef þörf krefur. Sú yfirlýsing, sem hæstv. forsrh. gaf hér áðan, er alveg ótvíræð og í fullu samræmi við fyrri yfirlýsingar. Það er þess vegna engin ástæða til annars en að haldið verði áfram á þeirri braut sem farin hefur verið síðan þessi slys urðu, að bæta tjónið eftir því sem nauðsyn ber til og eftir því sem þörf er á að yfirsýn bestu manna.

Skv. því bréfi, sem prentað er með þessu frv. frá stjórn Viðlagasjóðs, kemur greinilega fram að stjórn sjóðsins gerir sér ljóst að það liggur ekki enn fyllilega fyrir hversu miklar bætur til Vestmannaeyjakaupstaðar muni verða. Þess vegna er það að nú verður skipuð þriggja manna n. til þess að meta tjónin og endanlegar bætur. Grunur minn er sá að þegar n. hefur unnið komi í ljós, því miður, að það vanti talsvert fjármagn í Vestmannaeyjadeildina til þess að ríkisstj. og Alþ. geti staðið við sín fyrirheit. Bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur tilnefnt mann í þessa n. eins og ætlast var til og er það Ólafur Helgason fyrrv. bankastjóri í Vestmannaeyjum. Allir flokkar í bæjarstjórn Vestmannaeyja hafa einróma samþ. að Ólafur taki þetta að sér. Þá verður einn maður frá hagdeild Seðlabankans og sennilega einn frá félmrn. eða Þjóðhagsstofnun.

Það er engin ástæða til annars en að þessi n. vinni af festu og góðri yfirsýn yfir þessi mál, og ég sé ekki ástæðu til annars en að fylgja þessu frv., úr því að talið var heppilegt að flytja það eins og það er og taka bráðabirgðalán úr Vestmannaeyjadeildinni sem verður endurgreitt ásamt meiru síðar þegar fyllilega kemur í ljós hversu mikið fjármagn þarf til þess að standa við gefin fyrirheit til Vestmannaeyjakaupstaðar og vestmanneyinga.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins fá að leggja hér nokkur orð í belg, ekki síst vegna þess að ég hef átt sæti í stjórn Viðlagasjóðs frá upphafi og með frv. fylgir bréf frá stjórn Viðlagasjóðs. Einmitt þess vegna vil ég leyfa mér að taka það skýrt fram að þegar þetta bréf var samið í stjórn Viðlagasjóðs og sent þaðan gat ég ekki verið viðstaddur, ég var ekki kominn til landsins, — þetta var gert örfáum dögum áður en ég gat setið minn fyrsta fund. Og ég vil leyfa mér að fullyrða að ég hefði ekki skrifað undir bréfið eins og það lítur út. Í því eru viss atriði sem ég hefði ekki getað fallist á, og ég vil halda því fram að bréfið hefði litið nokkuð öðruvísi út hefði ég haft aðstöðu til þess að taka þátt í samningu þess.

Því miður heyrði ég ekki alla yfirlýsingu hæstv. forsrh. vegna þess að ég tafðist nokkuð hér frammi og missti því miður af mestum hluta ræðu hv. 3. þm. Suðurl., þó að ég væri kominn. En eftir því sem mér er sagt hefur hæstv. forsrh. gefið hér allmikla yfirlýsingu, en mér er ekki alveg ljóst, hversu mikils má meta það, af þeim fréttum sem ég hef haft af henni. Þó eru það nokkur atriði í þessu frv. sem ég vil leyfa mér að gera aths. við og einnig í þessu bréfi stjórnar Viðlagasjóðs.

Það segir í þessari einu gr. eða 1. gr. frv. að Viðlagasjóði sé heimilt að verja allt að 200 millj. kr. af eign sinni til að standa að fullu við skuldbindingar sínar vegna snjóflóða í Norðfirði. Þetta er afar pent orðalag og lætur lítið yfir sér. En þetta þýðir ósköp einfaldlega að það á að taka 200 millj. kr. úr Vestmannaeyjadeildinni til þess að færa til Neskaupstaðar. Mér sýnist að Norðfjarðardeildin þurfi á einhverjum peningum að halda í viðbót og samkv. þessu er gert ráð fyrir að hún fái um 650 millj. kr. alls. En hér kemur fram á öðrum stað að bætur bæjarsjóðs og stofnana hans, þ. e. a. s. til rafveitu, gatnagerðar, skolplagna, hafnarinnar, endurbætur fyrir fyrirtæki og lausafé bæjarfélagsins í heild, þarna er gert ráð fyrir því að það verði um 500 millj. kr., auk þess að stöðvun rekstrar bæjarfélagsins og stofnana þess muni verða bætt með 200 millj. kr. Á þessum upphæðum er afar lítill munur, og þótt ég vilji ekki draga úr því að þeir í Neskaupstað fái mjög sómasamlegar bætur fyrir það sem þeir misstu í snjóflóðunum, þá getur varla talist syndsamlegt að bera þetta saman, að bætur fyrir skemmdir á aðallega tveimur fyrirtækjum eigi að vera eins miklar og fyrir allt það tjón sem bæjarsjóður Vestmannaeyja hefur orðið fyrir sem er geigvænlegt. Rafveitan gjöreyðilagðist. Hún lenti undir hrauni og fór miðstöð alls rafveitukerfisins í bænum undir hraun. Mun kosta um 400 millj. kr. að endurbæta þetta til þess að geta veitt jafnmikla þjónustu fyrir jafnmarga íbúa eins og áður var, en bætur til rafveitunnar eru talsvert innan við 100 millj. kr. Sér hver maður að þarna er geysilega mikill munur á hvernig að er staðið.

Það er ekki rafveitan ein. Allar götur bæjarins eru meira og minna stórskemmdar, ef ekki eyðilagðar, en bætur fyrir þær götur, sem fóru undir vikur og hraun, eru svo smánarlegar að það er varla hægt að minnast á það hér. Fyrir þá peninga getur bærinn lagt nokkur hundruð metra í nýrri götu.

Í bréfi Viðlagasjóðs segir einnig að þessi áætlun stjórnarinnar geri ráð fyrir því að nægilegra tekna hafi þegar verið aflað fyrir Viðlagasjóð, þ. e. a. s. Vestmannaeyjadeildina. Þetta er dálítið vafasöm fullyrðing vegna þess að þarna er reiknað með skuldabréfaeign sjóðsins sem mun vera um 900 millj. kr. Þessi skuldabréf eru næstum því öll vegna sölu sjóðsins á þeim húsum sem inn voru flutt frá Norðurlöndunum fyrir gjafafé þaðan. Skuldabréfin eru til 7 ára nokkur, talsvert fleiri eru til 10 ára, en langflest, langmesta upphæðin er til 26 ára. Þau skuldabréf eru lánuð með sömu kjörum og Húsnæðismálastofnunin gerir og lánsupphæðin sú sama og er hjá Húsnæðismálastofnuninni þegar afsal fer fram. Flest lánin hafa þess vegna verið um 1700 þús. eins og þau lán eru hjá Húsnæðismálastofnuninni.

Það var ákveðið á sínum tíma, þegar verið var að reyna að selja þessi hús, á fimmta hundrað hús, að sjóðurinn útvegaði kaupendum lán, og þá héldum við, sem vorum í stjórninni, að húsnæðismálakerfið tæki sinn þátt í því að byggja þessi hús í landinu eins og önnur hús. Þetta eru einu íbúðarhúsin í landinu sem Húsnæðismálastofnunin hefur ekki lagt neitt til. Við gerðum sem sagt ráð fyrir því að húsnæðismálakerfið tæki þessi skuldabréf til sín, kannske ekki öll í einu því að það er ekki gott að gleypa of stóran bita og enginn vildi vera ósanngjarn í þeim efnum, heldur stungum við upp á því að þetta yrði gert í smáskömmtum, að Húsnæðismálastofnunin keypti þessi bréf smátt og smátt. Þessu var ekki sinnt á sínum tíma þegar hin svokallaða vinstri stjórn sat að völdum, og þessu hefur ekki heldur verið sinnt á stjórnartíma núv. stjórnar sem ekki telst vinstri stjórn að sjálfsögðu. Með þetta erum við óánægðir. Og þó að sé hægt að sýna það í bókhaldi að við eigum í árslok 1976 900 millj. kr. í svona skuldabréfum, þá vita allir að það bætir ekkert greiðslustöðu sjóðsins sem er ákaflega slæm allar götur síðan hann var stofnaður, yfirdráttur við Seðlabankann hefur farið upp í á sautjánda hundrað millj. kr., og hún er núna mjög slæm. Það er að vísu hægt að veggfóðra með skuldabréfum, en það er ekki það sem við ætlum að gera. Það eru miklu stærri og mikilvægari verkefni sem bíða. Það er kannske hægt að selja þessi skuldabréf. En hver vill kaupa skuldabréf til 26 ára á lágum vöxtum, þótt nokkur hluti þeirra sé gengistryggður, nema með gífurlegum afföllum? Allir geta reiknað ósköp einfaldlega eðlileg afföll eða vaxtamun á skuldabréfunum sem við eigum til 7 og 10 ára, eins og verðbólgan hefur verið að undanförnu. Þessi bréf eru í rauninni afar lítils virði.

Ef einhver réttur er í þessu máli, þá þyrftum

við að fá yfirlýsingu um að Seðlabankinn eða ríkissjóður keypti þessi bréf smátt og smátt á nafnverði. Og mér fyndist ekki óeðlilegt þó að Seðlabankinn gæfi hreinlega eftir vaxtamuninn þótt mikill sé, ósköp einfaldlega vegna þess að í plagginu er annars staðar að finna tölur í greiðsluáætlun fyrir Viðlagasjóð, á bls. 4, í fskj. I, lið 7, þar sem í árslok 1976, þegar Viðlagasjóður á að leggja niður sína starfsemi, er gert ráð fyrir því að vaxtagjöldin, sem að langmestum hluta ef ekki öll fara í hít Seðlabankans, muni nema samtals 542 millj. kr. Ég vil einnig benda á aðra tölu sem er í lið 6 á bls. 4, það eru tolltekjur ríkisins af innfluttu húsunum sem keypt voru fyrir gjafaféð frá Norðurlöndum sem nema þá 561 millj. Samtals fá ríkið og Seðlabankinn úr þessum tveim liðum rúmar 1100 millj., en á sama plaggi er gjafafé Norðurlandanna samtals 1456 millj. Ríkið og Seðlabankinn hafa þess vegna tekið til sín nokkurn veginn það sama og gjafafé Norðurlandanna var. Ég minntist aðeins á þetta vegna þess að mín reynsla er sú að því miður er það þannig með mjög marga þm. að þeir lesa svona töflur og „statistik" ekki nógu gaumgæfilega til þess að taka eftir öðru eins og þessu.

Í bréfi frá stjórn Viðlagasjóðs, sem ég þykist þekkja höfundinn að af textameðferðinni, segir enn fremur, að fjárhagserfiðleikar Vestmannaeyjakaupstaðar verði miklir um árabil og þetta stafi af því að bæjarfélagið hafi reist sér hurðarás um öxl með miklum og dýrum framkvæmdum. Ég skil hreinlega ekki hvernig stendur á þessu eða hvað kom þessum mönnum til að fara að klína þessu þarna inn í textann. Þetta fer illa, auk þess sem það er leiðinleg aðdróttun að þeim sem hafa verið í miklum erfiðleikum, samt fullir bjartsýni, að reyna að byggja kaupstaðinn upp aftur. Ég veit ekki nákvæmlega hvaða framkvæmdir það eru sem eru svona miklar og dýrar og ótímabærar, ef maður á að skoða textann, eins og hann er þarna á blaðinu. Það er kannske verið að sneiða að því að við höfum reynt að láta alla peninga sem við gátum látið í það að ljúka sjúkrahúsinu í Vestmannaeyjum sem er ákaflega dýrt fyrirtæki að sjálfsögðu. Við álitum nauðsynlegt og eitt það alnauðsynlegasta, sem við gátum gert á þessum tíma, að koma heilbrigðismálunum í sæmilegt horf. Hefðum við ekki gert það, þá væru vestmanneyingar ekki komnir til baka, alls sekki í þeim mæli a. m. k. sem raun hefur á orðið. Ég veit ekki hvort þarna er átt við það að Vestmannaeyjakaupstaður beitti sér fyrir íbúðabyggingum, blokkabyggingum, bæði til þess að selja og eins samkv. lögum um verkamannabústaði, nema þessu sé eingöngu beint að því að við vildum koma upp sundlauginni okkar, gamalli og góðri, þótt á öðrum stað væri, og byggja íþróttaaðstöðu fyrir unga fólkið og fyrir alla vestmanneyinga. Íþróttir hafa yfirleitt verið mikið stundaðar í þessum bæ um langan tíma. Og sannleikurinn er sá að við allt það rót sem varð á fólki og þá ekki síst unglingum í sambandi við þann flæking sem fólkið lenti í hér uppi á landi, þá kom ákaflega mikið los á alla og þá ekki síst unglingana. Við getum séð afleiðingarnar af því í skólunum. Upplitið á þeim er allt annað en áður var, og ef hægt var að gera nokkuð verulega gott til þess að bæta úr þeim vandkvæðum sem þar sköpuðust, þá var það að koma upp góðri íþróttaaðstöðu. Þess vegna hefði mér fundist sæmilegast fyrir stjórn Viðlagasjóðs, þ. e. a. s. að mér fráteknum vegna þess að ég gat ekki haft áhrif á þetta, að sleppa þessari leiðinlegu setningu.

Hins vegar kemur hér í framhaldi af því að þær framkvæmdir, sem þarna hafi verið unnið að, og það sama gildir að sjálfsögðu um framkvæmdir í Neskaupstað, — þær framkvæmdir hafi verið unnar á miklu hærra verðlagi en eðlilegt má teljast við normal-ástand. Það skapast mikil spenna, það þarf að leita eftir aðkomnu vinnuafli, það þarf langan vinnudag og allt annan taxta en venjulegan taxta og allur vinnulaunakostnaður sprengist upp þegar þannig stendur á. Það gera sér allir ljóst. Hins vegar var mat matsmanna, þegar þeir voru að meta skemmdir á hlutum og fyrirtækjum, miðað við að það sé verið að vinna við þetta í rólegheitum með eðlilegum vinnutíma og með heimafengnu vinnuafli. Það er allt annað. Það verðlag er þrisvar sinnum eða a. m. k. helmingi lægra en er unnið við svona skilyrði. Auk þess vil ég benda á höfuðatriði í sambandi við þetta mál, og það er að bæturnar hafa verið miðaðar við verðlagsvísitölu frá nóv. 1973, en allir geta séð hvað það þýðir. Það, sem unnið er á árinu 1973, er unnið undir mikilli pressu og mikilli spennu og þar af leiðandi geysilega dýrt. Um það, sem unnið er á árinu 1974 að nokkru leyti, gildir að nokkru leyti það sama, en á árinu 1974, einkum síðari hluta ársins, var allt annað verðlag komið heldur en á árinu 1973. Þá höfðu allir hlutir hækkað í landinu um 50%, svo að ekki sé talað um verðlagið nú í ár. Það getur hver séð sjálfan sig í því ef hann ætlar að nota sömu krónutölu til innkaupa seint á árinu 1975 og á haustmánuðum 1973. Peningarnir eru orðnir miklu minna virði. Við fáum bæturnar samkv. vísitölu á haustmánuðum 1973, en verðum að framkvæma fyrir þá peninga á þessu ári. Þess vegna eru bæturnar ekki nema þriðjungurinn af raungildi kostnaðar við framkvæmdirnar.

Þannig er, að jafnvel þótt við hefðum fengið alla þessa peninga í hendurnar strax í Vestmannaeyjum sem við áttum að fá í bætur, þá má kannske segja sem svo að við hefðum átt að gera þetta allt á haustinu 1973. Þá var kostnaður í samræmi við peningana sem við fengum í bótum, að vísu að frádregnum miklum afskriftum sem okkur þóttu að sumu leyti ákaflega einkennilegar, eins og t. d. þegar verið var að reikna malargötur alltaf verri og verri með hverju árinu sem leið. Sannleikurinn er sá að allir vita það að malargötur verða alltaf betri og betri með hverju ári, þær þjappast betur saman og alltaf þarf að halda þeim við. Og svona er margt í þeim efnum. En það er sem sagt ljóst að við fáum litlar bætur og þurfum að framkvæma þetta á allt öðrum tíma en þegar samræmi var á milli verðgildis peninganna og kostnaðar við framkvæmdir, ósköp einfaldlega vegna þess að alla þá hluti, sem gera þurfti, var alls ekki hægt að gera á þessum tíma, til þess hefðum við þurft tugi þús. manna í vinnu. Það er ekki

hægt að gera allt í einu: hreinsa bæinn af ösku, grafa upp allar götur, leggja og gera við vatnsveitu, reisa nýja rafveitu, leggja nýjar skolplagnir, flytja byggðina alla vestur á eyju og allt þar fram eftir götunum. Það er bókstaflega ekki hægt, t. d. vegna þess að það er afgreiðslufrestur á flestu efni sem til þess þarf. Sannleikurinn er sá, að það er ekki aðeins verið að vinna að þessum framkvæmdum enn í dag fyrir þetta gamla bótafé, heldur eigum við eftir að vinna að þessum framkvæmdum einnig á næstu árum fyrir peninga sem eru orðnir að engu, eins og við orðum það, eða orðnir að litlu. Þetta getur auðvitað ekki gengið, enda kemur það í ljós í bréfi frá forseta bæjarstjórnar Vestmannaeyja og bæjarstjórans í Vestmannaeyjum, Sigfinns Sigurðssonar, að þar vanti peninga — og er það nú ekkert nýtt — í stórum stíl til þess að vestmanneyingar verði ekki á eftir og bærinn fari hreinlega ekki á hausinn. Það vantar þarna stórkostlega upphæðir, þúsundir milljóna. Og sem betur fer er lokakafli bréfs stjórnar Viðlagasjóðs jákvæður að þessu leyti.

Ég vil aðeins endurtaka það, sem ég sagði áðan í sambandi við skuldabréfaeignina, að hún bætir ekki greiðslustöðuna. Fyrir svona bréf verður ekki framkvæmt nema þeim verði breytt í peninga. Ég vil því mælast til þess við hæstv. ríkisstj. að hún beiti sér fyrir því við Seðlabankann að hann kaupi þessi skuldabréf. Ég er ekki að mælast til þess að það verði gert allt í einu, heldur að hann kaupi þessi skuldabréf smátt og smátt, þannig að þau gætu lagfært rekstrarstöðuna, greiðslustöðuna og þessi bréf yrðu að peningum, og þeir greiddu þessi bréf, eins og ég sagði áðan, án þess að taka af þeim afföll og láta þá vexti, sem við höfum greitt til Seðlabankans hingað til, ganga upp í þann mismun.

Ég vil ekki skilja svo við þetta mál að ég minnist ekki á eitt atriði sem mér heyrðist koma fram í ræðu hv. 3. þm. Sunnl. þegar hann talaði um atvinnutækin í Vestmannaeyjum og útgerðina. Sannleikurinn er sá að hin stóru atvinnutæki í Vestmannaeyjum hafa farið nokkuð illa út úr þessu öllu saman. Þau urðu fyrir því að hluti húsa þeirra brotnaði niður í hrauni. Þau urðu fyrir því, að það þurfti að rífa upp allar þeirra vélar og rafkerfi og allt saman og flytja burtu, flytja það síðan þangað aftur. Þau misstu úr geysilega mikið vegna rekstrarstöðvunar og reyndar eyðilögðust sum hver tækin. Staða þeirra er þess vegna slæm þrátt fyrir það að við gátum veitt þeim nokkra fyrirgreiðslu, stjórn Viðlagasjóðs, á þessu ári til þess að greiða þeim uppbót fyrir tekjutap með vinsamlegri aðstöðu hæstv. ríkisstj.

En það er annað sem er all alvarlegt úti í Vestmannaeyjum. Og ég er viss um að hæstv. ráðh. þessarar ríkisstj. og hæstv. forsrh. þekkja þetta. Hann hefur komið til Vestmannaeyja, kom fljótt til Vestmannaeyja eftir að hann tók við þessu háa embætti, og það þótti okkur vestmanneyingum gott, að æðsti yfirmaður stjórnvalda skyldi koma þarna og líta á hlutina með eigin augum. En við áttum hins vegar ekki því láni að fagna að fyrrv. forsrh. léti svo lítið að koma þar, ekki svo sem í eitt einasta skipti. Það, sem ég á við, er ástandið á bátaflotanum í Vestmannaeyjum. Hann er orðinn gamall og úr sér genginn, og sannleikurinn er sá að það er ekki einungis að bátarnir eru gamlir og af óhentugri stærð, heldur er meðalaldur véla í bátaflotanum ákaflega hár. Við vitum það að þótt við getum orðið gömul hér, þá geta vélar aldrei orðið gamlar og þær eru hjarta skipsins, þannig að bátaflotinn er lítill og óhagkvæmur, gamall. Við höfum í rauninni ekki nema eitt stórt skip og með þessum stærri bátum, sem við höfum verið að fá að undanförnu, má kannske segja að við höfum fimm sæmilega stór skip til veiða í Vestmannaeyjum, en aðeins einn skuttogara, og það kemur til af því að við vorum ekki búnir að panta nema eitt skip 1972 og skömmu eftir lok þess árs kemur eldgosið. Þá dettur auðvitað engum manni í hug að fara að panta skuttogara til Vestmannaeyja, það liggur í hlutarins eðli. Það var varla hugsanlegt að menn færu að drífa í því fyrr en ári eftir gosið. Það er ósköp eðlilegt. Þess vegna drógumst við aftur úr í þessum efnum. Ég álít mjög mikilvægt að við fáum a. m. k. tvö skip af minni gerð skuttogara til Vestmannaeyja sem allra fyrst og um það eru allir vestmanneyingar sammála. Til þess að fá þessi skip, þessi nauðsynlegu atvinnutæki í bæinn hafa sameinast þrír stórir gamlir keppinautar í fiskiðnaðinum, til þess að ná sér í jafnara hráefni og betra, því að sannleikurinn er sá að haustmánuðina og jafnvel fyrstu mánuði ársins ber bátaflotinn því miður sáralítinn afla í land, þannig að nú þessar vikurnar er lítil vinna í Vestmannaeyjum. Ég vil þess vegna fara þess á leit við hæstv. ríkisstj. þó að hún hafi sett að sínu mati nauðsynlegar reglur til þess að stemma stigu við miklum fjölda nýrra skipa í landi, eins og ástand fiskstofna er nú, þá geri hæstv. ríkisstj. undanþágu í þessu tilviki vegna sérstakra aðstæðna vestmanneyinga í þessum efnum og leyfi fulla fyrirgreiðslu í lánum eins og áður var gert þrátt fyrir nýjar reglur. Ég er viss um að allir þeir, sem leggja þessi mál niður fyrir sér af sanngirni, bæði þeir aðrir sem ekki fengju slíka fyrirgreiðslu og ríkisstj. og ráðamenn peningamála, gera sér grein fyrir að þarna er um alveg sérstaka aðstöðu að ræða og að þessi þrjú fyrirtæki fái þessa tvo togara sem okkur er brýn nauðsyn á að fá.

Ef yfirlýsing hæstv. forsrh. hefur hnigið að því að Vestmannaeyjadeildin og uppbyggingin þar fengi sömu fyrirgreiðslu og þeir í Neskaupstað hafa fengið, þá er ég ánægður með þá yfirlýsingu. Hins vegar ef hún hefur einungis verið með því orðalagi að stjórnvöld ætli að standa við sínar skuldbindingar, þá getur það þýtt það að stjórnvöld vilji standa við það sem segir í lögunum um Viðlagasjóð, og sú yfirlýsing er mér alls ekki nægileg því að í lögum um Viðlagasjóð er enn þá miðað við brunabótamat frá því í nóv. 1973. Sú yfirlýsing er ekki nægileg. En hafi þetta verið á þann veg að við kaupstaðinn skuli skilið með sæmilegum hætti, þannig að hann verði ekki að dragast aftur úr öðrum bæjarfélögum á landinu, — það bæjarfélag sem var löngum í fremstu röð, verði ekki á eftir öðrum á næstu árum, — það get ég sætt mig við.

En ef við lítum aðeins á frv., sem hér liggur

fyrir, og ekkert annað, þá er í fyllsta máta óeðlilegt að taka allmyndarlega upphæð, 200 millj. kr., til þess að flytja eitthvað annað, jafnvel þótt í góðu skyni sé, úr sjóði sem sýnilega hefur ekki nægilega peninga til sinna þarfa. Mér finnst sú aðferð óeðlileg. Og mér þætti gaman að heyra í einhverjum sem gæti haft aðra skoðun og þá á hvaða forsendum. Um þetta mál gætum við sjálfsagt rætt hér, vestmanneyingar og menn úr stjórn Viðlagasjóðs, nokkuð lengi og bent á ýmsar þarfir sem fram undan eru. Það er hægt að benda á það að við eigum mjög langt í land til þess að rafveitan sinni því verkefni sem hún gerði. Allar götur bæjarins eru svo til ónýtar. Stórkostlegar skolplagnir eru fram undan. Höfnin er enn þá hálffull af vikri. Og svona mætti lengi telja. En ef við fáum fjármagnsfyrirgreiðslu í samræmi við niðurstöður þeirrar n. sem nú er verið að skipa, þá get ég eftir atvikum fallist á að samþykkja þessa grein, hafi yfirlýsing hæstv. forsrh. verið með þeim hætti sem ég vona að hún hafi verið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Innheimta gjalda með viðauka, frv. (þskj. 22). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Hæstv. forseti. Á þskj. 22 er flutt frv. til l. um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka, eins og þar segir, 140%. Þetta frv. er áður kunnugt og hefur verið flutt á nokkrum undanförnum þingum og ekki verið talin ástæða til að festa umrædda gjaldaviðauka, hins vegar leitað heimildar á hverju þingi til þess að innheimta þessi ákveðnu gjöld með þessum gjaldaviðauka.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um málið, það er áður kunnugt. Ég legg til að að lokinni 1. umr. verði því vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Söluskattur, frv. (þskj. 128). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Hæstv. forseti. Frv. það, sem hér er til umr., gerir ráð fyrir í fyrsta lagi að viðlagagjald á söluskattsstofn, 2%, verði framvegis greitt í ríkissjóð sem söluskattur, í öðru lagi að Jöfnunarsjóður sveitarfélaganna fái 8% hlutdeild í því gjaldi svo og þeim tekjum sem til þessa hafa runnið í ríkissjóð af svokölluðum 4% söluskattsauka.

Í fjárlagaræðu minni gat ég þeirra áforma ríkisstj. að auka tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaganna og jafnframt að fá sveitarfélögunum aukin verkefni er þeim tekjuauka svaraði. Með þeirri breytingu er gert ráð fyrir að tekjuaukning sveitarfélaganna verði um það bil 600 millj. kr. og ætlað að verkefni, sem nema þeirri fjárhæð, verði flutt til sveitarfélaganna og er unnið að gerð frumvarps eða frumvarpa þar að lútandi. Breyting Viðlagasjóðsgjaldsins í söluskatt er í samræmi við tekjuáætlun fjárlagafrv. Hækkun framlaga til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaganna er hins vegar að sjálfsögðu háð því að sveitarfélögin taki við verkefnum sem nú eru unnin á kostnað ríkissjóðs eða auki þátttöku sína í verkefnum sem kostuð eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

Ég hef áður lýst því yfir að ég tel brýna nauðsyn á því að þær mörgu reglur sem gilda um fjárhagsleg samskipti ríkisins og sveitarfélaga verði teknar til gagngerðrar endurskoðunar. Ég vona því að það skref, sem stigið er með þessu frv. og væntanlegri samþykkt frv. um verkefnaflutning til sveitarfélaganna að sama skapi, komi á skýrari verkefnaskiptingu milli ríkisins og sveitarfélaganna og um leið betra fjárhagsaðhaldi aðila með verkefnum sínum.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meir um þetta frv., en legg til að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Gylfi Þ. Gíslason: Hæstv. forseti. Eins og fram kom í framsöguræðu hæstv. fjmrh. er það aðalatriði þessa frv. að halda skuli áfram að innheimta 2% viðlagagjald á söluskattsstofn, en í stað þess að 2%, sem undanfarin ár hafa verið innheimt, hafa runnið í Viðlagasjóð til þess að bæta tjón af völdum náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum og Neskaupstað, þá skulu þau framvegis renna í ríkissjóð. Þetta er meginefni frv.

Ég vil þegar taka það fram við þessa 1. umr. að þingflokkur Alþfl. er þessu aðalefni frv. algerlega andvígur og mun taka afstöðu gegn því í n. og greiða atkv. gegn því við afgreiðslu málsins. Ástæða þessa er sú, að við teljum þetta meginefni frv., að áfram skuli haldið að innheimta 2% söluskatt, en að hann skuli renna í ríkissjóð til þess að mæta almennum gjöldum ríkissjóðs, vera í algerri andstöðu við þá stefnu í skattamálum sem Alþfl. mótaði á nýafstöðnu flokksþingi sínu og hefur flutt till. til þál. um í sameinuðu Alþingi.

Sú nýja stefna, sem Alþfl. mótaði á síðasta flokksþingi sínu og kemur fram í þáltill. hans, er fólgin í því að horfið verði að fullu frá innheimtu tekjuskatts til ríkisins af tekjum launþega, m. ö. o. að tekjuskattur af launum skuli afnuminn að fullu. Hins vegar gerir flokkurinn ráð fyrir því að ríkið haldi áfram að innheimta tekjuskatt af atvinnurekstri. Í því sambandi leggjum við jafnframt til að tekið verði að greina á milli atvinnurekstrar einstaklinga og einkabúskapar þeirra í því skyni að koma í veg fyrir að hægt sé að bókfæra halla á atvinnurekstri með þeim hætti að það geri einstaklingi kleift að hafa háar raunverulegar tekjur í skjóli atvinnurekstrarins án þess að greiða af þessum raunverulegu tekjum nokkurn tekjuskatt eða útsvar vegna þess að atvinnureksturinn er talinn rekinn með tapi samkv. bókhaldi og skattframtali, þó að um háar raunverulegar tekjur eiganda atvinnurekstrarins geti verið að ræða sem komi fram í eyðslu og lífsháttum hlutaðeigandi.

Hér er um að ræða tillögur um mjög róttæka

stefnubreytingu í skattamálum og einnig gagngera afstöðubreytingu eða stefnubreytingu hjá Alþfl. varðandi skattamál. Þess vegna er full ástæða til þess að gera grein fyrir því hvers vegna Alþfl. boðar nú nauðsyn þess, að ríkið hætti að afla sér tekna með álagningu tekjuskatts, en kjósi fremur innheimtu neysluskatta, söluskatts eða raunar öllu heldur virðisaukaskatts, eins og við höfum lagt til, í staðinn.

Meginröksemd okkar fyrir þessari nýju stefnu er sú að í reynd er tekjuskattur á Íslandi orðinn að hreinum launamannaskatti. Hann er í reynd orðinn að skatti á launamenn einvörðungu. Það er að sjálfsögðu fullkomlega óeðlilegt. Launastéttir landsins, jafnvel láglaunastéttir, greiða tiltölulega háa tekjuskatta. Af miðlungstekjum er greiddur tiltölulega mjög hár tekjuskattur samtímis því, eins og ég mun víkja nánar að síðar, að atvinnurekstur landsmanna greiðir sáralítinn tekjuskatt. Íslenskir launþegar greiða nær allan þann tekjuskatt sem íslenskt ríkisvald nú innheimtir, en íslenskur atvinnurekstur greiðir í reynd nær engan tekjuskatt. Í þessu felst svo ferlegt félagslegt ranglæti, að brýna nauðsyn ber til þess að stemma hér stigu við.

Reynsla undanfarinna áratuga sýnir að engin sú breyting, sem gerð hefur verið á skattalögum, hefur megnað að bæta úr þessu ranglæti. Hver ríkisstj. á fætur annarri hefur flutt frv. til breytingar á hinum gömlu, eldgömlu tekjuskattslögum, en engri breytingu hefur tekist að eyða því stórkostlega félagslega misrétti sem innheimta tekjuskattsins í reynd hefur leitt í ljós. Þess vegna höfum við í Alþfl. komist að þeirri niðurstöðu að það sé engin lækning til við meininu önnur en sú að afnema beinlínis tekjuskattsinnheimtuna. Það er ekki aðeins að byrði beinna skatta sé orðin óbærilega þung og álagning þeirra að mörgu leyti mjög ranglát, eins og dæmi úr ýmsum kaupstöðum og kauptúnum undanfarið sýna og sanna, heldur er það líka staðreynd sem verður að minna á að tekjuskattsinnheimtan er afar dýr í framkvæmd, afar kostnaðarsöm. Reglurnar eru flóknar, það þarf fjölmennt starfslið til þess að framfylgja þeim, og það er mjög dýrt. Kerfið allt verður óeðlilega flókið og veitir margs konar skilyrði til margháttaðra undanbragða undan réttlátri skattgreiðslu, sumpart löglegra og sumpart ólöglegra. Almennir launþegar eru farnir að greiða svo hátt hlutfall af almennum tekjum sínum að hlutfall tekjuskatts til ríkis og sveitarfélags getur orðið frá þriðjungi og allt að helmingi tekna. Skipting milli tekjuskatts til ríkisins og útsvars, skipting beinu skattanna milli tekjuskatts og útsvars er að sjálfsögðu ólík eftir því um hversu háar tekjur er að ræða. En tekjuskattarnir í heild á almennar launatekjur, á venjulegar launatekjur, liggja á bilinu frá þriðjungi og upp í helming. Þetta er auðvitað orðin óeðlilega þung byrði, ekki hvað síst þegar menn samtímis verða vitni þess að fyrirtæki, sem hafa gífurleg umsvif, greiða litla eða jafnvel enga tekjuskatta til ríkisins né heldur útsvör til sveitarfélga vegna rekstrarins.

Sannleikurinn er því orðinn sá, að þessi óhóflega skattheimta af tekjum manna er í mörgum tilfellum orðin og verður í æ fleiri tilfellum beinlínis fjötur á framtakssemi einstaklinga og vinnuvilja og er með þessum hætti orðin hemill á heilbrigðan og eðlilegan vöxt þjóðartekna.

Það á ekki aðeins við um Ísland að innheimta beinna tekjuskatta með háum skattstigum sé orðin að félagslegu vandamáli. Það gildir einnig um nálæg lönd, þar sem umr. undanfarinna ára um skattamál hafa mjög mótast af því hvort tekjuskattar geti í raun og veru lengur talist samrýmast réttlætistilfinningu manna varðandi þátttöku í nauðsynlegum samfélagsgjöldum. Þess má gjarnan minnast að nú munu vera rúmir tveir áratugir síðan núv. forsrh. norðmanna, Trygve Bratteli, sem þá gegndi embætti fjmrh., var staddur hér á landi og hélt fyrirlestur um skattamál, fræðilegan fyrirlestur þar sem hann, að því er ég best veit, fyrstur vestur-evrópskra jafnaðarmannaleiðtoga lýsti réttmæti þess og nauðsyn að hverfa frá innheimtu beinna skatta og yfir í kerfi óbeinna skatta, neysluskatta, sem væru í nánum tengslum við almannatryggingakerfi og aðrar félagslegar ráðstafanir í þágu láglaunafólks. Síðan hafa æ fleiri jafnaðarmannaleiðtogar tekið undir þessi sjónarmið og hafa gerst andstæðingar beinnar tekjuskattsheimtu, a. m. k. til ríkisins, og málsvarar þess að ríkið fái tekjur sínar í formi neysluskatta, nú á síðari árum í formi virðisaukaskatts, en þá auðvitað um leið í nánum tengslum við aukningu á bótakerfi almannatrygginga og annarri félagslegri fyrirgreiðslu til þess að tryggja afkomu þeirra sem greiðsla neysluskatta bitnar þyngra á heldur en greiðsla tekjuskatta hafði áður gert.

Því fer þannig víðs fjarri, að þessi hugmynd sé ný, hvorki í röðum jafnaðarmanna né heldur almennt skoðað. Sannleikurinn um tekjuskatt til ríkisins er sá, að þegar hann var upphaflega lögfestur, hér á landi sem annars staðar, þá var hann í raun og veru helsta hagstjórnartækið sem fyrir hendi var til þess að jafna tekjur. Hann var í raun og veru fyrsta leiðin sem stjórnmálamenn og efnahagssérfræðingar komu auga á til að ná því réttláta markmiði í þjóðfélagsmálum, sem æ fleiri stjórnmálamenn og stjórnmálaflokkar hafa orðið sammála um, að ríkisvaldinu beri skylda til þess að láta til sín taka í því skyni að jafna þær tekjur sem atvinnulífið eða frjáls vinnumarkaður og frjáls atvinnurekstur skammtar launþegum og vinnuveitendum. Í áratugi var tekjuskattur í raun og veru eina tiltæka leiðin sem menn sáu til þess að ríkið gæti haft tekjujafnandi áhrif. En mikið vatn hefur runnið til sjávar undanfarna hálfa öld og þó einkum og sér í lagi undanfarin 20—30 ár.

Fyrst var farið að beita öðru tæki samhliða tekjuskattinum til tekjujöfnunar, þ. e. almannatryggingakerfi í mismunandi viðtæku formi. Þar kom til skjalanna það hagstjórnartæki sem í reynd hefur haft langmest tekjujöfnunaráhrif af öllum hagstjórnartækjum sem nú er beitt í vestrænum lýðræðislöndum eða löndum sem búa við svo kallað blandað hagkerfi. Til fjölmargra annarra ráða hefur verið gripið til þess að jafna tekjur og aðstöðu manna, einkum og sér í lagi í Norðvestur-Evrópu, t. d. að veita öllum mönnum ókeypis kost á menntun, allt frá smábarna-

skóla og til háskóla. Það hefur verið gripið til niðurgreiðslna á nauðsynjavörum í margs konar formi og ýmiss konar þjónustu við láglaunafólk og barnafjölskyldur, rekstrar barnaheimila o. s. frv., og þetta allt saman, almannatryggingakerfið, þ. e. fjárveitingar í því skyni að láta menn ekki verða fyrir efnahagstjóni vegna veikinda, örorku, slysa, elli, ásamt ókeypis menntunarskilyrðum og margs konar félagslegri fyrirgreiðslu annarri af hálfu hins opinbera, allt þetta hefur smám saman á undanförnum áratugum í reynd haft miklu víðtækari tekjujöfnunaráhrif en tekjuskattinum var upphaflega ætlað að hafa og honum hefur í reynd tekist að hafa. Tekjujöfnunaráhrif stighækkandi tekjuskatts eru orðin hégóminn einber í löndum með blandað hagkerfi í samanburði við hin önnur hagstjórnartæki sem farið hefur verið að beita í vaxandi mæli á undanförnum áratugum og ég nefndi áður. Þess vegna er það tvímælalaust að hægt er að afnema tekjuskattsgreiðslu til ríkissjóðs án þess að tekjujöfnunin minnki. Ef ekkert annað væri gert samtímis og söluskattur eða virðisaukaskattur að fullu látinn koma í stað tekjuskattsins, þá mundu áhrifin auðvitað verða þau að lítils háttar — og ég undirstrika lítils háttar — mundi draga úr tekjujöfnun. En hin tekjujöfnunartækin eru orðin svo áhrifamikil, orðin svo víðtæk, að aðeins lítils háttar aukning og endurbót á þeim mundu geta ekki aðeins bætt að fullu þá minnkun tekjujöfnunar sem breyting úr tekjusköttum í neysluskatta hefði í för með sér, heldur mundi að ýmsu leyti verða auðveldara að auka tekjujöfnun samfara afnámi tekjuskatts, hvað þá að tekjujöfnun þyrfti að minnka við breytingu á tekjusköttum í neysluskatta. Þetta sýndi Trygve Bratteli glöggt fram á í hinu gagnmerka erindi sínu hér fyrir meira en 20 árum.

Það er einn meginkosturinn við söluskatt eða virðisaukaskatt frá efnahagslegu sjónarmiði séð, samanborið við tekjuskatta, að þá ræður skattgreiðandinn meiru um það sjálfur hversu mikið hann greiðir með því að ákveða sjálfur og einn hvað og hversu mikið hann kaupir umfram nauðþurftir. Tekjuskattskerfið gerir skattgreiðanda með ákveðnar tekjur skylt að greiða ákveðinn hluta til opinberra þarfa. Neysluskattakerfi leggur það á vald skattgreiðandans sjálfs hversu mikið hann greiðir til opinberra þarfa í samanburði við annan skattgreiðanda, því að auðvitað verður að gera ráð fyrir því að heildarþörf ríkisins til samfélagslegra nauðsynja sé ákveðin stærð. Ef einstaklingur hagnýtir sér neysluskattakerfið til þess að greiða minna til ríkisins en hann hefði þurft að greiða samkv. tekjuskattskerfi, þá jafngildir það því að hann sparar. Það er ekki nýmæli að sparsemi sé dyggð, bæði frá sjónarmiði einstaklingsins og þjóðarheildarinnar. Ef beitt er efnahagsrökum einum saman, þá er það meginkostur neysluskatta miðað við tekjuskatta að þeir hvetja til sparnaðar sem er raunveruleg hagsbót fyrir einstaklinginn, en líka hagsbót fyrir þjóðarheildina, því að hann eykur fjármunamyndun og þannig skilyrði til þess að auka hagvöxt.

Þess má einnig geta í þessu sambandi að framkvæmd neysluskattheimtu, eins og innheimtu söluskatts eða jafnvel virðisaukaskatts, er miklu ódýrari og einfaldari en framkvæmd tekjuskattskerfis. Það er örugglega auðveldara að hafa eftirlit með því, að neysluskattar innheimtist, heldur en tekjuskattar. Mér er að sjálfsögðu ljóst að það eru skilyrði til undanbragða í báðum skattkerfunum. En vegna þess að neysluskattar eru mun einfaldari í innheimtu en tekjuskattar, þá er með sama mannafla a. m. k. auðveldara að tryggja að neysluskattar skili sér en tekjuskattar.

Þetta eru meginrökin fyrir þeirri stefnubreytingu sem við þm. Alþfl. og flokksþing Alþfl. nú boðar í skattamálum, þeirri stefnubreytingu að hverfa frá tekjuskattsheimtu til ríkisins, en að ríkið afli sér í staðinn nauðsynlegra tekna með neysluskatti. Á hitt legg ég að sjálfsögðu áherslu, að jafnhliða þessu yrði að gera sérstakar ráðstafanir, nokkrar breytingar á almannatryggingakerfinu og á félagslegum ráðstöfunum opinberra aðila, sem tryggi, að þessi skattkerfisbreyting yrði ekki til þess að auka mun á raunverulegum tekjum í þjóðfélaginu. Það á að vera einfalt mál, þó að ég ræði það ekki frekar í þessu sambandi.

Nú er eðlilegt að spurt sé, hvernig við hugsum okkur að bæta ríkissjóði þann tekjumissi sem hann að sjálfsögðu yrði fyrir ef hætt væri að innheimta tekjuskatt, en tekjuskattur mun nú nema um 5600 millj. kr. Við viðurkennum að sjálfsögðu að fullu og öllu nauðsyn þess að ríkinu sé séð fyrir tekjum sem bæta algerlega þennan tekjumissi. Við viljum ekki gera neinar till. sem yrðu til þess að auka á greiðsluhalla ríkissjóðs. En það, sem við bendum á að gera mætti til þess að afkoma ríkissjóðs versnaði ekki þrátt fyrir skattkerfisbreytinguna, eru eftirfarandi atriði:

Í fyrsta lagi gerum við ráð fyrir því, að ríkissjóður haldi áfram að innheimta þau tvö söluskattsstig, sem hefðu að óbreyttum lögum fallið niður 31. des., og enn fremur það eina söluskattsstig, sem lög gera nú ráð fyrir að eigi að falla niður 1. mars n. k., olíuskattsstigið svokallað, þegar Alþ. telur ekki lengur þörf á sérstakri tekjuöflun vegna olíuverðsins. Þetta mundi bæta meginhluta tekjumissisins vegna afnáms tekjuskattsins. En við gerum okkur ljóst, að það mundi ekki bæta hann að fullu. Þess vegna bendum við á viðbótarráðstafanir sem við teljum vera hægt að gera til þess að ríkissjóður fái tekjur sínar bættar að fullu.

Í fyrsta lagi teljum við sjálfsagt að breyta í grundvallaratriðum gildandi reglum um fyrningarfrádrátt og vaxtafrádrátt fyrirtækja sem stunda atvinnurekstur, enda er tekjuskattur þeirra nú sáralítill einmitt í skjóli þess hvernig fyrningarreglurnar og reglurnar um vaxtafrádrátt eru. Það er enginn vafi á því að með breyttum reglum um fyrningarfrátt og vaxtafrádrátt mætti með réttlátu og sanngjörnu móti auka verulega skattgreiðslu fyrirtækja, þ. e. láta fyrirtækin borga þann skatt sem þeim í raun réttri ber nú að borga til samfélagsþarfa.

Þá teljum við í öðru lagi rétt að breyta reglum gildandi laga um hagnað af sölu eigna. Gildandi reglur eru þannig, að geysilegur hagnaður vegna eignasölu er nú tekjuskattsfrjáls.

Með breyttum reglum um þetta efni, sem ég skal ekki rekja nánar í þessu sambandi, — það gefst tækifæri til þess síðar, — má án efa auka tekjur ríkissjóðs mjög verulega.

Þá ber og að minnast þess, sem að vísu dregur ekki mikið, en verður þó að minnast, að verði tekjuskattsinnheimta ríkisins lögð niður, þá mun ríkið spara verulegar fjárfúlgur í innheimtukostnaði. Ég endurtek, að mér er ljóst að hér er ekki um neinar stórfjárhæðir að ræða, en engu að síður svo miklar fjárhæðir að það er sjálfsagt að taka tillit til þeirra.

Ég vil ekki í sambandi við þetta mál lengja umr. með því að gera grein fyrir rökstuddum áætlunum um hvað hægt væri að auka tekjur ríkissjóðs mikið með breyttum reglum um fyrningarfrádrátt og vaxtafrádrátt, með breyttum reglum um söluhagnað eigna og vegna sparnaðar í innheimtukerfinu. En ég skal þó láta í ljós þá skoðun, að ég tel að með því að halda söluskattinum og gera þessar þrjár breytingar á gildandi tekjuskattslögum vinnist það ekki upp að fullu, sem ríkið mundi missa vegna algers afnáms tekjuskattsins, og það, sem verja þyrfti til nýrra félagslegra ráðstafana að afla nokkurra tekna til viðbótar til þess að halda ríkissjóði skaðlausum. Það teljum við þm. Alþfl. mjög auðvelt að gera með því móti að leggja mjög lágan brúttó-veltuskatt á allan atvinnurekstur í landinu. Ég skal rökstyðja þetta með fáum orðum.

Í fyrsta lagi er slíkur brúttó-veltuskattur réttlátur, og í öðru lagi gæti hann verið mjög lágur. Það er svo að nú á árinu 1975 eru 5190 félög á skattskrá. En þessi 5190 félög greiða aðeins 1200 millj. kr., — ég endurtek: þau greiða aðeins 1200 millj. kr. í tekjuskatt. Því verður varla haldið fram að hér geti verið um réttláta tekjuskattsgreiðslu að ræða af hálfu nokkuð á sjötta þúsund félaga.

Athuganir hafa leitt í ljós að um 7500 einstaklingar á Íslandi hafi aðaltekjur sínar af eigin atvinnurekstri. En athugun hefur jafnframt leitt í ljós að ekki nema rúmur helmingur þessara 7500 sjálfstæðu atvinnurekenda greiðir tekjuskatt. Það má geta nærri hvort hér er um félagslegt réttlæti í skattamálum að ræða, að á milli 3 og 4 þús. einstaklingar, sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur, hafi þær tekjur sem geri eðlilegt að þeir greiði ekki eyri til ríkisins. Hér fer eitthvað meira en lítið úrskeiðis. Við gerum ráð fyrir að af atvinnurekstri verði haldið áfram að greiða tekjuskatt. Hins vegar er augljóst að fyrst gildandi reglur, sem þó eru niðurstaða af margra áratuga endurskoðun og viðleitni til endurbóta, leiða ekki til meiri skattgreiðslu af hálfu félaga og einstaklinga, sem stunda atvinnurekstur, en hér segir, að það gæti ekki talist ranglæti að láta fyrirtækin greiða mjög lágan brúttó-veltuskatt af tekjum sínum, með ekki ólíkum hætti og aðstöðugjaldið er greitt til sveitarfélaganna. Þetta virðist beinasta og einfaldasta leiðin til þess að bæta úr ríkjandi ranglæti. Þeir 3—4 þús. einstaklingar, sem greiða nú tekjuskatt, greiða þó ekki nema 400—500 millj. kr. öll félög og einstaklingar, sem stunda atvinnurekstur, borga þannig 1600—1700 millj. kr. í tekjuskatt. Má geta nærri hvort þessi atvinnurekstur er ekki aflögufærari með réttlátum hætti en þetta til sameiginlegra þarfa í þjóðfélaginu.

Gerð hefur verið athugun á því, — það rökstyður enn frekar hversu auðvelt væri að afla ríkinu tekna með mjög lágum brúttó-veltuskatti á atvinnurekstur, — að heildarvelta allra atvinnufyrirtækja í landinu er talin vera 360 milljarðar kr. Þess ber að sjálfsögðu að geta að sá virðisauki, sem verður í atvinnurekstri og í veltunni felst, er auðvitað mjög breytilegur eftir atvinnugreinum. Hann er eflaust mestur í framleiðslugreinum. Hann er áreiðanlega mun minni í verslunargreinum og enn minni t. d. í ýmsum þjónustugreinum. En ef við gerum ráð fyrir því að fyrirtækin, sem tekjuskattur er nú lagður á, hafi ⅝ hluta veltunnar, sem er ríflega áætlað, þá nemur tekjuskattur þeirra, sem nú borga tekjuskatt, aðeins um ¾%—1% af veltunni. Tekjuskatturinn, sem þau fyrirtæki, sem nú greiða tekjuskatt, greiða, nemur ekki meiru en ¾—1% af heildarveltunni. Veltu hinna, sem nú greiða engan tekjuskatt — bókstaflega engan tekjuskatt, — má varlega áætla á bilinu 100—130 milljarða kr. Ég vitna til réttlætistilfinningar hins almenna skattgreiðanda, hins almenna borgara í landinu, þegar ég spyr: Getur það virkilega talist réttlætanlegt að fyrirtæki, sem hafa veltu sem er einhvers staðar á bilinu 100—130 milljarðar kr., greiði bókstaflega ekki neitt, ekki krónu, ekki eyri, til sameiginlegra þarfa þjóðfélagsins? Ég er sannfærður um að það finnst ekki sá borgari með réttlætistilfinningu í hug og hjarta sem ekki svarar því játandi að slík fyrirtæki hljóti að geta greitt veltuskatt af brúttóveltu sinni sem byrfti ekki að vera hærri en svo að hann yrði undir 1% af veltunni, verulega undir 1% af veltunni.

Ég tel að þessar einföldu tölur, sem ég hef nú rakið, taki af öll tvímæli um að það sé ekki aðeins vandalaust að bæta ríkissjóði allan þann tekjumissi sem hann yrði fyrir ef tekjuskattsheimta yrði algerlega afnumin, heldur mundi félagslegt réttlæti í skattheimtu jafnframt aukast. Ráðstöfunin hefði þegar af þessum ástæðum tekjujafnandi áhrif vegna þess að aðilar, sem nú ættu auðsjáanlega að greiða tekjuskatt, en greiða hann ekki í skjóli ófullkominnar löggjafar, mundu greiða hann í formi ákaflega lágs brúttóveltuskatts. Breytingin mundi auka réttlæti og jöfnuð í skattgreiðslum til ríkisins.

Hæstv. forseti. Ég tel mig með þessum orðum mínum hafa fært rök fyrir því að tími sé kominn til þess að afnema það félagslega ranglæti sem felst í því að gildandi tekjuskattsheimta er fyrst og fremst skattheimta af launatekjum, er fyrst og fremst skattlagning á launamenn. Ég tel jafnframt að einfalt væri og auðvelt að gera þær breytingar á almannatryggingakerfinu og annarri þjónustustarfsemi hins opinbera við almenning sem jöfnuðu að fullu þá smávægilegu röskun sem yrði á tekjujöfnun í þjóðfélaginu við breytingu á tekjuskatti í neysluskatt. Í þriðja lagi bendi ég á að neysluskattur hefur þann mikla kost umfram tekjuskatt að hann hvetur til sparnaðar, bæði frá sjónarmiði einstaklingsins og frá sjónarmiði heildarinnar, og hefur þannig heilbrigð áhrif. Og lokaatriðið í rök-

semdafærslunni er síðan það, að við viðurkennum að sjálfsögðu nauðsyn þess að bæta ríkissjóði hvern eyri, sem hann missti við afnám tekjuskattsins, og teljum að það sé hægt — ekki aðeins að það sé hægt, heldur að það mundi auka réttlæti í skattheimtunni ef það yrði gert með þeim aðferðum sem hér er lagt til, þ. e. að halda þrem tekjuskattsstigum, gera breytingar á vissum frádráttarreglum og reglum, sem atvinnurekstur nú notar með óeðlilegum hætti, og með því að leggja örlítinn, mjög lágan brúttó-veltuskatt á atvinnurekstur. Ef slíkar breytingar yrðu gerðar, þá mundi réttlæti í tekjuskattsheimtu beinlínis aukast frá því sem nú er. Allt þetta teljum við svo veigamikil rök fyrir nauðsyn skattkerfisbreytingar, að við getum ekki fallist á að þau tvö söluskattsstig, sem þetta frv. gerir ráð fyrir að halda eigi áfram að innheimta eftir 1. jan. n. k., renni í ríkissjóð til greiðslu á venjulegum gjöldum, heldur verði haldið áfram að innheimta söluskattsstigin, en þau hagnýtt sem meginhluti þeirra bóta sem ríkissjóði eru nauðsynlegar vegna missis tekna af tekjuskattinum.

Lúðvík Jósepsson: Forseti. Aðalefni þessa frv., sem hér liggur fyrir, er að gert er ráð fyrir að hækka söluskatt til ríkissjóðs um 2 prósentustig, en það mun jafngilda um 2500 millj. kr. í aukinni skattheimtu eftir þessari leið á ári. Í frv. er einnig um að ræða nokkra breytingu á hlutdeild sveitarfélaganna í söluskattstekjum. En sú breyting skiptir hér litlu máli, vegna þess að þó að nokkuð af þessari fjárhæð eigi að renna til sveitarfélaga umfram það sem áður hefur verið, þá er gert ráð fyrir því um leið að sveitarfélögin taki á sig ýmis útgjöld sem hingað til hafa verið útgjöld ríkissjóðs. Meginefnið er því að það er verið að auka tekjur ríkissjóðs sem nemur um 2500 millj. kr. á ári.

Ég vil taka það skýrt fram að við Alþb.-menn erum algerlega á móti þessu aðalefni frv. Við teljum að eins og nú er ástatt hefði einmitt átt að nota þetta tækifæri, ef mögulegt þótti að fella niður þessa söluskattsinnheimtu til Viðlagasjóðs, þá hefði átt að nota þetta tækifæri til þess að stuðla að verðlækkun í landinu og skapa svigrúm til þess að leysa önnur vandamál, eins og t. d. í sambandi við kaupgjaldsmál. Það er enginn vafi á því að ríkissjóður hefur aðra möguleika til þess að leysa sín fjárhagsvandamál. Ég vil í þeim efnum nefna að í fyrirliggjandi fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs á næsta ári lækki um 800 millj. kr. vegna lækkunar á tollum, aðallega á iðnvarningi sem til landsins yrði fluttur frá Efnahagsbandalagslöndum. Ég tel að eins og ástatt er í samskiptum okkar við þessi lönd nái í rauninni engri átt að gera ráð fyrir þessari tollalækkun og það sé engin þörf á því, eins og sakir standa, og ríkissjóður geti því haldið þessum tolltekjum eins og þær hafa verið.

Þá tel ég einnig að það sé tiltölulega auðvelt fyrir ríkissjóð að afla sér nokkuð aukinna tekna frá því, sem verið hefur í reynd, með því að breyta tekjuskattslögum þannig að fyrirtæki og félög greiði hærri tekjuskatt en þau gera nú, því að það er alkunna, eins og hefur reyndar verið dregið inn í þessar umr., að ýmsar reglur, sem nú gilda í skattalögum, einkum varðandi fyrningar, eru þannig að fyrirtæki í landinu greiða óeðlilega litinn hluta af tekjuskatti. Þessu á vitanlega að breyta og hefði verið miklu réttara að gera það en fara þá tekjuaukaleið sem ætlað er að fara með þessu frv.

Þá tel ég einnig að sjálfsagt væri að breyta ákvæðum í skattalögum í þá átt að tryggja að þeir fjölmörgu einstaklingar, sem hafa með höndum atvinnurekstur, sleppi ekki frá allri tekjuskattsgreiðslu eða mjög verulegri tekjuskattsgreiðslu, eins og nú er raunin á, það yrði sem sagt sett inn ákvæði um að þeir skyldu alltaf þurfa að greiða tekjuskatt eins og aðrir af sanngjörnum og eðlilegum launum sem á að reikna þeim í þeim atvinnurekstri þar sem þeir starfa, en að þeir geti ekki í skjóli atvinnurekstrarins sloppið við að greiða tekjuskatt af sínum eðlilegu tekjum.

Það væri einnig hægt að nefna sparnað í sambandi við útgjöld ríkissjóðs á mörgum sviðum. Ég nefni aðeins eitt atriði. Í því fjárlagafrv., sem liggur fyrir nú, er gert ráð fyrir útgjöldum ríkissjóðs í sambandi við járnblendiverksmiðju upp á 285 millj. kr. Það sýnist alveg augljóst og sjálfsagt að fella niður þennan útgjaldalið og væri auðvelt að koma þessum sparnaði við eins og nú standa sakir. Það er skoðun okkar Alþb.-manna að það væri auðvelt fyrir ríkissjóð að tryggja sér tekjur eða jafngildi tekna sem þessari fjárhæð nemur sem hér er um að ræða og því eigi að fara aðrar leiðir til að leysa fjárhagsvandamál ríkissjóðs en þær sem gert er ráð fyrir með þessu frv., en nota hins vegar þann möguleika, sem hér berst upp í hendur með því að hægt er að láta niður falla tvö söluskattsstig, til þess að draga úr verðhækkunum eða beinlínis að koma fram verðlækkun. Það hefði verið það sem nú skipti mestu máli.

Ég skal ekki hafa mörg orð um þetta mál nú við 1. umr., tel ekki þörf á því. Það er aðalatriðið sem ég hef hér minnst á, en ég vil aðeins segja það, að ég get að sjálfsögðu tekið undir viss atriði af þeim sem komu fram hjá hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasyni varðandi breytingar á tekjuskattslögum varðandi skattgreiðslu fyrirtækja og atvinnurekstrar. En ég er honum andvígur að því leyti til að ég tel ekki rétt þrátt fyrir augljósa annmarka, sem eru á núgildandi tekjuskattslögum, að hverfa frá þeirri skattheimtu með öllu, heldur tel ég fyllilega mögulegt að gera ýmsar breytingar á þeirri löggjöf. Ég tel að það væri síður en svo láglaunafólki í landinu til hagsbóta að fella niður tekjuskattinn og standa síðan frammi fyrir því að þurfa að halda uppi tilsvarandi hærri söluskatti sem að sjálfsögðu hvílir með miklu meiri þunga á lágtekjufólki heldur en hátekjumönnum, hlutfallslega miðað við tekjur. Ég tók eftir því í þeim till., sem hann gerði hér grein fyrir fyrir hönd Alþfl., að þar gerði hann ráð fyrir að áfram yrði haldið að innheimta þau 2 söluskattsstig sem hafa verið innheimt til þessa til Viðlagasjóðs, að ríkið yfirtaki þann tekjulið og reyndar einnig eitt söluskattsstig sem nú er varið til sérstakrar niðurgreiðslu á olíuverði til þeirra sem þurfa að búa við hátt olíuverð til að hita upp húsnæði sitt. Ég lýsi í rauninni undrun minni á því að það skuli vera till.

Alþfl. að ætla að hverfa frá því vandamáli, eins og það er hrikalegt fyrir þá sem verða að hita upp íbúðarhúsnæði sitt með olíukyndingu, og ætla að vísa ríkissjóði á þann tekjustofn, því að það er ábyggilegt að þeir, sem njóta hans nú, búa við miklum mun lakari kjör en aðrir nú. (GÞG: Má ég skjóta inn í leiðréttingu? Það, sem ég átti við, er að þetta kæmi til framkvæmda þegar það hvort eð er yrði lagt niður, ekki 1. mars n. k.) Nú, þá yrði náttúrlega lítið úr því á meðan við þurfum á þessu að halda, þá gerði það heldur lítið fyrir ríkissjóð. En ég skildi það svo að þetta ætti að falla niður 1. mars. En að sjálfsögðu gerir núv. ríkisstj. ráð fyrir því að framlengja þetta söluskattsstig áfram í þessu skyni. (GÞG: Þá mundum við samþykkja það.) Já, við skulum vona að við verðum sammála um það.

En ég skal sem sagt ekki fara að ræða hér almennt um breytingar á skattalögum, en hef lýst almennri afstöðu okkar Alþb.-manna, að við erum algjörlega andvígir meginefni þessa frv. og teljum í rauninni mjög miður farið að nota ekki það tækifæri sem þarna bauðst til þess að reyna að draga úr dýrtíðinni sem menn eru sí og æ að tala um. Þarna var möguleiki til þess og sá möguleiki hefði einnig hjálpað mjög til þess að leysa mörg önnur vandleyst vandamál í sambandi við okkar efnahagsmál.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal ekki við 1. umr. þessa máls hafa um það mörg orð. Það frv., sem hér er til umr., gerir ráð fyrir, eins og hér hefur komið fram, tvenns konar breytingu frá því sem nú er í gildi varðandi þau atriði eða ákvæði sem frv. fjallar um.

Það er í fyrsta lagi og er meginefni frv. að þau tvö söluskattsstig, sem innheimt hafa verið til Viðlagasjóðs, skuli nú renna til ríkissjóðs. Það er enginn vafi á því að þegar Viðlagasjóðsgjaldið svonefnda var á sett, þá var ekki meiningin að það yrði til langframa fastur skattur, nema þann tíma sem það væri talið þurfa til þess að standa undir greiðslum af kostnaði vegna þess sérstaka tilviks sem það var á sett. Meiningin með þessu var því að fella það úr gildi þegar Viðlagasjóður hefði lokið sínu hlutverki. Hér er sem sagt um það að ræða að ríkissjóður seilist nú til enn tveggja stiga í söluskatti sem eru nokkuð á þriðja milljarð kr. í tekjuaukningu fyrir ríkissjóð. — Ég vil fyrir okkar leyti gera grein fyrir því að við erum andvígir að þessi breyting verði gerð. Við teljum eðlilegt að þessi 2 söluskattsstig hefðu nú verið felld niður. Það er enginn vafi á því að með slíkri ákvörðun hefði mátt greiða verulega fyrir lausn ýmissa þeirra vandamála sem nú steðja að og kannske ekki síst í sambandi við lausn þeirra geigvænlegu vandamála sem við blasa í sambandi við kjara- og atvinnumál.

Í öðru lagi er hér gert ráð fyrir því að auka hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í tekjum af söluskattsstigunum. Það hefur lengi verið ósk og krafa sveitarstjórna að fá þessa auknu hlutdeild til þess að auka þeirra tekjustofna. Hér er að sjálfsögðu um réttlætisbreytingu að að ræða. En jafnframt þessu var boðað í fjárlagafrv. og er boðað í aths. þessa frv. að gerð verði sú breyting á að yfirfærð verði af verkefnum ríkisins yfir til sveitarfélaganna verkefni sem eiga að samsvara þeirri fjárhæð sem sveitarfélögin kunna að fá vegna þessarar auknu hlutdeildar þeirra í söluskattsaukanum. Í fjárlagafrv. eða aths. þess er gert ráð fyrir að hér verði um að ræða 700 eða 750 millj. kr. Nú sé ég að í aths. þessa frv. er þessi tala komin niður í 600 millj. kr. Ekkert hefur enn sést um það hér á Alþ. hvaða verkefni það eru sem gert er ráð fyrir að færa frá ríkissjóði til sveitarfélaganna, en mér er ekki grunlaust um að einmitt um það séu ærið skiptar skoðanir meðal sveitarstjórnarmanna annars vegar og hins vegar hæstv. ríkisstj. En það kemur auðvitað að því að þau frv., sem boðuð eru sem fylgifrv. fjárlagafrv. í þessum efnum, sjái dagsins ljós, þó að með ólíkindum megi nú telja að slík frv. séu ekki komin fram enn og aðeins um hálf önnur vika eftir af þeim tíma sem talið er líklegt að þing standi þar til jólaleyfi verður gefið.

Í sambandi við tveggja stiga söluskattshækkunina til ríkissjóðs og þann tekjumissi sem hann yrði fyrir ef þessi breyting yrði ekki gerð, þá er enginn vafi á því að það eru margar leiðir til þess að bæta ríkissjóði það tekjutap sem hér kann á að verða. Það er nægilegt að mínu áliti að benda aðeins á eina, sem raunar hefur komið hér fram, og það er breyting á tekjuskattslögunum, um þau fyrirtæki og atvinnurekstur í landinu sem allt til þessa hefur verið svo til skattlaus. Það er tími til þess kominn að gerð verði sú breyting að þær þúsundir fyrirtækja, sem skattlaus hafa verið, fari að greiða í samfélagslegan sjóð til þess að standa undir því sem þarf að gera í þjóðfélaginu. Það er enginn vafi að með þessari breytingu einni saman væri hægt að ná upp þeim tekjumissi sem ríkissjóður yrði fyrir þó að þessi tvö söluskattsstig rynnu ekki til hans sem nú renna til Viðlagasjóðs. Auk þess hefur verið bent á ýmsa aðra pósta sem kæmu ríkissjóði til tekna ef öðruvísi væri með farið heldur en hæstv. ríkisstj. virðist ætla að gera.

Eins og ég sagði áðan, skal ég ekki verða langorður um þetta mál. Meginefni frv. er að ríkissjóður ætlar nú að yfirtaka tvö söluskattsstig frá Viðlagasjóði, og því erum við andvígir. Við teljum að það sé auðvelt og raunar sjálfsagt, ekki síst við þær kringumstæður sem nú ríkja í þjóðfélaginu, að bæta tekjur ríkissjóðs með öðrum hætti en hér er gert ráð fyrir. Til þess eru og hefur verið bent á fleiri en eina og fleiri en tvær leiðir til úrbóta. Við erum hins vegar sammála hinu ákvæði frv., sem er að auka hlutdeild sveitarfélaganna í söluskattinum. En auðvitað kemur upp sú spurning í huga manna hvað það er í raun og veru sem hæstv. ríkisstj. ætlar að láta fylgja þessari breytingu. Þar er um að ræða verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Um það hefur ekkert sést enn. Það er enginn vafi á því að þó að engin breyting væri þar á gerð, þá hafa aukist svo gjöld sveitarfélaga í verkefnum sem þau hafa verið látin inna af hendi eftir að tekjustofnalögunum frá 1972 var breytt, að þessi tekjustofn, sem hér er ætlaður til þeirra sem aukning, ég efast um að

hann gerði miklu meira en að jafna þann mismun sem hefur verið lagður á sveitarfélögin frá því að sú breyting var gerð, þannig að hér er að mínu viti ekki um ýkjamikla tekjumöguleika sveitarfélaganna að ræða umfram það sem á þau hefur verið lagt í auknum verkefnum frá því að tekjustofnalögunum var breytt. En það gefst væntanlega tækifæri til þess, þegar fylgifrv. fjárlagafrv. koma fram, að ræða það mál frekar og ég skal því ekki hafa fleiri orð um þetta nú.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr. um söluskatt, hefur orðið tilefni til alllangrar ræðu hv. 9. þm. Reykv. um skattamál. Það kom fram strax í upphafi þessa þings í fjárlagaræðu minni að allt frá fyrri hluta þessa árs hefur verið unnið að endurskoðun á skattalögunum, og ég vil mjög gjarnan láta það einmitt koma hér fram að á síðasta þingi var gerð breyting á skattalögunum, þannig að tekjuskatturinn var lækkaður um 20% frá því sem fjárlög ársins 1975 gerðu ráð fyrir. Tekjuskattur á einstaklinga samkv. fjárl. var áætlaður 5 milljarðar 854 millj., en samkv. áætlun í okt. er reiknað með að tekjuskattur einstaklinga verði 4 milljarðar 421 millj. kr., þannig að hér er um að ræða rúml. 20% lækkun á tekjuskattinum miðað við þau skattalög sem giltu í upphafi þessa árs.

Í ræðu hv. þm. kom fram það sjónarmið, sem Alþfl. hefur undanfarnar vikur vakið athygli á, að fella niður beinu skattana með öllu og það beri fremur að afla tekna ríkissjóðs með óbeinum sköttum. Hér geta menn að sjálfsögðu haft skiptar skoðanir og fá tækifæri til þess síðar á þessu þingi að koma að sjónarmiðum sínum. Ég sé því ekki ástæðu til þess hér að ræða sérstaklega þau sjónarmið sem að þessu leyti komu fram í ræðu hv. þm.

Hv. 2. þm. Austurl. lýsti sig andvígan frv. og vék að ýmsum atriðum þar sem hægt væri að koma að sparnaði og þess vegna hægt að fella niður þau tvö söluskattsstig sem hér er reiknað með að frá og með næstu áramótum komi í ríkissjóð. Vék hann sérstaklega að 285 millj. kr. sem í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir í sambandi við eiginfjárframlag til járnblendiverksmiðjunnar. Ég vek athygli hv. þm. á því að í grg. með frv. er vikið að því að hér er nú gert ráð fyrir lántöku, þannig að lítið hefði það haft að segja í sambandi við þá tekjuöflun sem hér er um að ræða, þar sem skattpeningum er ekki ætlað að standa undir þessum 285 millj., heldur lántaka, eins og kemur fram í grg. með frv.

Hv. 5. þm. Vestf. taldi litla ástæðu til að ríkissjóður fengi þessar tekjur, þar væri sjálfsagt nóg af fjármagni til framkvæmda. Það verður sjálfsagt ekki að heyra úr þessari átt nein vandræði við afgreiðslu fjárl. í sambandi við fjármögnun einstakra framkvæmdaliða. Það kemur sjálfsagt í ljós hvort menn eru sjálfum sér samkvæmir í þessum hlutum. Hann vék þó sérstaklega að því atriði þessa frv. að yfirfæra verkefni frá ríki til sveitarfélaga og gat þess réttilega að engin frv. hefðu enn séð dagsins ljós, spáði því að um ágreining væri að ræða á milli ríkisstj. og sveitarfélaga. Því er nú ekki þannig varið, heldur hitt, að það hefur verið unnið að þessu máli í samstarfi við samtök sveitarfélaga. Það má vel vera að hér hafi verið um að ræða of skamman tíma til þess að næðist þar í milli samstaða, en ég held að á milli ríkisstj. annars vegar og sveitarfélaganna hins vegar hafi ekki verið um neinn ágreining að ræða. Það er alveg ljóst mál og við höfðum lýst því yfir að tilfærsla verkefna frá ríki til sveitarfélaga væri að sjálfsögðu í samráði við sveitarfélögin. Þau hafa í ítarlegri grg. vikið að þeim þáttum sem þau hafa talið eðlilegt og rétt að færð yrðu yfir til þeirra af verkefnum, og hér var talið gott tækifæri til þess að færa yfir til þeirra tekjur og verkefni, þannig að þær tölur stæðust á. Við skulum sjá hvað út úr því kann að koma, ekki vera með neinar hrakspár að ástæðulausu. En ég er honum sammála að slíkt frv., ef flytja á, verður að sjálfsögðu að sjá dagsins ljós áður en langt um líður.

Ég sé svo ekki ástæðu til að víkja frekar að ræðum þeirra hv. þm. sem hér hafa talað, sér í lagi almennt að skattamálum. Tækifæri fæst til þess síðar á þessu þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Vísitala byggingarkostnaðar, frv. (þskj. 52, n. 133, 134). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Þetta mál, sem er hið 48., er frv. til l. um vísitölu byggingarkostnaðar. Ég leyfði mér við 1. umr. að gera lítillega grein fyrir efni þessa frv. sem er mjög einfalt í sniðum, en það er flutt að beiðni hagstofustjóra og felur aðallega í sér að breytt er grundvelli vísitöluútreikningsins þannig að nú er hann reiknaður út fjórum sinnum á ári í stað þrisvar sinnum og birtir eru og reiknaðir út ákveðnir verkþættir byggingargjalda og fyrir einstök byggingarstig. Þetta frv. er samið af Hagstofu Íslands og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins í samráði við flestar þær stofnanir sem mál þetta snertir.

N. hefur leitað umsagna fjölmargra aðila og borist fjórar umsagnir sem allar voru jákvæðar. Nauðsynlegt er að þetta mál nái fram að ganga fyrir áramót vegna útreikninga og vinnu vegna þess. Allshn. leggur til að frv. verði samþykkt með einni minni háttar breytingu, leggur til að í 7. gr. komi orðin „eigi sjaldnar en á 5 ára fresti“ í stað orðanna „á nokkurra ára fresti“. — Er það gert til þess að slá því föstu að fram fari athugun á grundvelli byggingarvísitölunnar á þessu tímabili, þannig að það dragist ekki lengur en í a. m. k. 5 ár í hvert skipti.

Að svo mæltu, herra forseti, leyfi ég mér fyrir hönd n. að mæla með því að þetta mál fái samþykki d. og því verði vísað áfram til 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.

Brtt. 134 samþ. með 27 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 125). — 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. var lagt fyrir Ed. og afgreitt þaðan með breytingu, er það nú svo breytt á þskj. 125.

Skylduspárnaður var fyrst lögleiddur hér með lögum frá 1957, en í núgildandi lögum frá 1970 um Húsnæðismálastofnun eru nánari ákvæði um hann. Þar eru ákveðnar heimildir til þess að menn geti fengið sparifé endurgreitt. Þau skilyrði eru allströng. Maður getur fengið fé sitt endurgreitt þegar hann verður 26 ára gamall, ef hann stofnar til hjúskapar eða hann ætlar að kaupa sér íbúð. Frekari undanþáguheimildir eru ekki.

Það hefur komið fyrir að aðilar hafa óskað undanþágu og legið til þess ýmsar brýnar félagslegar ástæður, þannig að félmrn. hafa virst fullgild rök liggja til þess, en það hefur ekki haft til þess heimild í lögum. Það, sem hér hefur verið um að ræða, er sumpart þegar öryrkjar hafa átt í hlut, einstæðir foreldrar eða námsmenn eða þeir sem hafa ætlað að hefja nám. Frv. felur í sér að félmrh. sé veitt heimild til að veita leyfi til endurgreiðslu ef högum umsækjanda er þannig háttað að brýna nauðsyn beri til að leyfa endurgreiðsluna. Í þeirri viðbót, sem Ed. gerði, var nefnt sem dæmi ef um væri að ræða öryrkja, einstæða foreldra eða námsmenn, en þessi þrjú atriði voru einnig nefnd ýmist í grg. eða framsöguræðu minni þegar málið var lagt fyrir Ed.

Um afgreiðslu frv. varð fullkomin samstaða í Ed. og ég vænti þess að svo verði einnig hér. Ég legg til, að málinu verði vísað til 2. umr. og félmn.

Svava Jakobsdóttir: Hæstv. forseti. Ég fór þess á leit í upphafi fundar í dag að máli þessu yrði frestað sakir þess að hæstv. félmrh. var þá ekki viðstaddur. Ástæðan var fyrst og fremst sú, að ég vildi bera undir hann vafaatriði, sem ég tel vera í frv., og fá úrskurð hans eða skoðun á hvernig túlka bæri, auk þess sem ég kann því betur að ráðh. mæli fyrir málum sínum hér á Alþingi.

Hv. þm. til glöggvunar vil ég rifja það upp að sama dag og hæstv. félmrh. mælti fyrir þessu frv. í Ed. mælti ég fyrir frv. hér í Nd. um sama efni. Þá gagnrýndi ég að í frv. ríkisstj. skyldu ekki taldar upp í frvgr. þær ástæður sem teldust réttlæta undanþágur frá ákvæðunum um endurgreiðslu sparifjár, en í frv. mínu voru þær ástæður greindar. Ég sé að hv. þm. Ed. hafa verið sömu skoðunar og ég og fært þetta frv. nær mínu og fagna ég því að sjálfsögðu.

En það vafaatriði, sem ég ræddi um í upphafi máls míns, varðar námsmenn. Ég hafði lagt til í mínu frv. að fólk, sem væri að hefja nám eftir að hafa tekið þátt í atvinnulífinu í nokkurn tíma eða nokkur ár, skyldi eiga þess kost að fá sparifé sitt endurgreitt gæti það engan veginn leyst byrjunarörðugleika við námið á annan hátt, og þannig notið jafnræðis við fólk sem á samfellda skólagöngu að baki. En þeir námsmenn hafa getað fengið sparifé endurgreitt hafi þeir stundað nám í sex mánuði á undangengnu ári. Um slíkt eru ákvæði í reglugerð. En til að taka af allan vafa — og ég hygg raunar að hæstv. ráðh. hafi aðeins ýjað að því áðan — en til öryggis vil ég leyfa mér að spyrja hann hvern skilning hann leggi í orðið „námsmenn“ í frv. sínu, hvort það geti orkað tvímælis að þarna sé átt við þann hóp manna sem er að hefja nám, enda þótt það geti ekki fullnægt því skilyrði sem nú gildir um skólagöngu á undangengnu ári.

Að öðru leyti fagna ég því að þetta frv. er fram komið og að það hefur hlotið afgreiðslu í Ed. Ég vænti þess að það eigi jafngreiðan gang hér í gegnum Nd.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í tilefni af ræðu hv. 5. landsk. þm. vil ég taka fram í fyrsta lagi að það frv., sem hún hefur flutt og er á þskj. 58, um svipað eða sama efni, var lagt fram á Alþ. að ég ætla daginn eftir að stjfrv. var lagt fram. Hún telur að í frv. hennar hafi verið ákvæði sem ekki voru í stjfrv. og nú hafi Ed. fallist á sjónarmið sín og sett þau inn í frv. Þetta er allt saman eintómur misskilningur.

Í frv. stjórnarinnar er veitt heimild til endurgreiðslu ef högum umsækjenda er þannig háttað að mati ráðh. að brýna nauðsyn beri til að leyfa endurgreiðsluna. Það var athugað vandlega í rn., hvort væri æskilegt eða nauðsynlegt að telja upp sérstök tilvik, og var álitið að það væri nauðsynlegt og ekki víst að það væri til bóta, heldur að hafa heimildina almenna. Hins vegar, eins og ég gat um áðan, voru m. a. þrjú tilvik höfð í huga. Það voru öryrkjar, einstæðir foreldrar og námsmenn. Kom til orða hvort ætti að nefna þessi þrjú tilvik. Var horfið frá því í stjfrv., því að vitanlega gætu komið upp fleiri tilvik sem þættu gefa tilefni til undanþágu. Í stjfrv. er heimildin þetta rúm, að það er ekki bundið við eitt eða annað tilvik, heldur aðeins ef brýna nauðsyn ber til. Þetta er mjög á svipaða lund í frv. hv. þm., að öðru leyti en því að þar er nefnt eitt dæmi. Þar segir: „sé aðili að hefja nám eða færi fullnægjandi sönnur á að endurgreiðslu sé þörf af félagslegum ástæðum.“ Þetta rúmast auðvitað allt saman innan stjfrv.

Í Ed. kom fram að einstakir þm. óskuðu heldur eftir því að inn í lögin yrðu tekin þessi þrjú atriði sem ýmist eru nefnd í grg. eða ég hafði getið um í framsöguræðu: öryrkjar, einstæðir foreldrar eða námsmenn. Þó að ég teldi það ekki breyta neinu að efni til og út af fyrir sig ekki þörf á því taldi ég sjálfsagt til að fá samstöðu um málið að fallast á þessa breytingu.

Hv. þm. spurði hvort þeir, sem ætla að hefja nám, falli undir hugtakið námsmenn. Það skiptir engu máli hér vegna þess að heimildin í stjfrv. er það rúm. Það er talað um félagslegar ástæður og þetta þrennt, m. a. námsmenn, er aðeins nefnt sem dæmi. Vitanlega kemur ekki síður til að

veita undanþágu þeim, sem eru í þann veginn að hefja nám, heldur en öðrum. Þetta verður auðvitað allt saman að meta eftir aðstæðum hverju sinni.

Svava Jakobsdóttir: Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir að skera úr um þetta vafaatriði. Að öðru leyti virtist mér hann vera heldur viðkvæmur fyrir málflutningi mínum, en ég ætla ekki að fara í neinn meting við hann hér. Þskj. munu skera úr um hvort okkar hafi rétt fyrir sér.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Ég vildi aðeins undirstrika það, sem ég hef sagt áður, að hér er ekki um neinn ágreining að ræða. Efnislega er nákvæmlega það sama sem í báðum frv. var, og þetta með námsmennina, þá sem hyggjast hefja nám, hefði að sjálfsögðu rúmast innan stjfrv. eins og það var lagt fram og þótt það hafi verið lögfest óbreytt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til félmn. með 24 shlj. atkv.

Umferðarlög, frv. (þskj. 131). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Flm. (Friðjón Þórðarson): Virðulegi forseti. Á þskj. 131 hef ég leyft mér að flytja frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 frá 23. apríl 1968, ásamt hv. 1. þm. Vestf., Jóhannesi Árnasyni, sem setið hefur á þingi nú að undanförnu þar til í dag.

Frv. þetta er þess efnis að við leggjum til að breytt sé nokkuð 80. gr. umferðarlaganna, en hún hefur að geyma refsiákvæði laganna. Það er á þann veg að sektarhámark verði hækkað og fleira, *eins og segir í 1. gr. frv. Frv. gerir þannig ráð* fyrir, án þess að það sé nánar rakið, að dómstólar hafi frjálsari hendur um það hvort þeir beiti sektum eða refsivist fyrir nefnd brot.

Frv. þessu fylgir nokkuð ítarleg grg. Óþarft er því að fylgja því úr hlaði með langri framsöguræðu. Sjálfsagt er og að frv. fái rækilega athugun í n. Það er svo með þetta mál eins og fleiri að sínum augum lítur hver á silfrið.

Á liðnu hausti og fram á þennan dag hafa orðið fjölmörg óhöpp og alvarleg stórslys í umferðinni sem hafa minnt menn á að aldrei má slaka á ítrasta eftirliti í umferðarmálum. Þar verður stöðugt að halda uppi áróðri og sívakandi athygli á því sem betur má fara og stefnir að auknu öryggi.

Vera má að sumir telji að hér sé verið að slaka á kröfum og viðurlögum við ákveðnum umferðarlagabrotum og sé það síst af öllu rétt eða ráðlegt, eins og nú horfir í þessum málum. Sé frv. á hinn bóginn skoðað gaumgæfilega og borið saman við dóm reynslunnar hygg ég þó að margar nauðsynlegar aðgerðir í þessum efnum geti orðið fljótvirkari og markvissari ef ákvæði 80. gr. umferðarlaganna er breytt í það horf sem hér er gert ráð fyrir.

Í grg. er rakið hvernig refsað hefur verið fyrir brot af þessu tagi síðan bifreiðar komu til sögunnar hér á landi, en fyrstu lög um þetta efni munu vera nr. 21 frá 1914. Verður sú saga ekki endurtekin í þessari framsöguræðu. Samkv. ákvæðum gildandi laga hefur geysilegur fjöldi varðhaldsdóma verið kveðinn upp við dómstóla landsins s. l. 17 ár. Um framkvæmd dóma þessara er það hins vegar skemmst að segja að þeim hefur ekki verið fullnægt eftir hljóðan sinni, heldur hefur hverjum einasta dómþola, sem sótt hefur um náðun af slíkum refsingum, verið veitt hún. *Varðhaldsdómarnir hafa þannig ekki* verið framkvæmdir nema að örfáum undanteknum, heldur hafa þeir yfirleitt endað með náðun og ákvörðun um sektargreiðslur. Og ég hef ekki trú á því að í okkar fámenna þjóðfélagi verði stuttum varðhaldsdómum framfylgt almennt eftir orðanna hljóðan í framtíðinni, jafnvel þó að nægilegt húsrými væri fyrir hendi. Samkv. 50. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 frá 1940, er hámark fjársektarákvæðis 30 þús. kr. og við þá ákvörðun skal hafa mið af efnahag sökunautar. En skv. lögum um ákvörðun fésekta almennt, nr. 14 frá 1948, skal lágmark og hámark sekta breytast eftir vísitölu sem kaupgjald er greitt eftir á hverjum tíma. Ég hef ekki reiknað út hvað *hámarkið er orðið nú eða hvað* þessar 30 þús. kr. eru orðnar nú miðað við þetta ákvæði, en ég hygg þó að það vanti talsvert á að það nái 500 þús. kr. sem minnst er á í 1. gr. þessa frv.

Frv. þetta — án þess að höfð séu um það mörg fleiri orð — gerir ráð fyrir því, eins og ég sagði áðan, að dómari hafi meira svigrúm til þess að velja á milli sektar og refsivistar er hann dæmir í málum út af ölvun við akstur og öðrum þeim málum er um hefur verið rætt og vikið að hér að framan. Í stuttu máli skal ég draga saman áhrif af þessu frv., ef samþ. yrði, á svipaðan hátt og gert er í niðurlagi grg.

Í fyrsta lagi má ætla að dómstólar landsins *muni framvegis beita sektarrefsingu í málum* út af ölvun við akstur og öðrum þeim málum út af umferðarlagabrotum þar sem varðhaldsrefsing er nú ákveðin, en dæma refsivist því aðeins að um grófari brot sé að ræða.

Í öðru lagi, þar sem hámark sekta er hækkað má einnig ætla að sektir fyrir umrædd brot muni verða hærri en sektir þær, sem nú eru settar sem skilyrði fyrir veitingu náðunar af varðhaldsrefsingu.

Í þriðja lagi má benda á að talsverðum hluta málanna ætti að mega ljúka með dómssátt. Slíkur afgreiðslumáti er miklu fljótvirkari, ódýrari og einfaldari en málshöfðun og dómur. Breytingin horfir þannig til hraðari afgreiðslu mála og stórléttir álag á dómstólana og starfsfólk þeirra sem að þessum ákvæðum breyttum gæti beitt sér meira að öðrum verkefnum.

Og í fjórða lagi telja flm. að refsiframkvæmd gæti með þessum hætti orðið mun fljótvirkari og einfaldari en nú er.

Það hefur ákaflega mikið að segja að mál séu afgreidd fljótt, meðan sektarvitund er vakandi *og málsatvik öll í fersku minni. Það hefur* önnur áhrif ef mál dragast á langinn. Þannig teljum við að frv. þetta stefni ekki að því að

draga úr viðurlögum fyrir ölvun við akstur og önnur þau brot, sem hér er um að ræða, heldur einmitt að því að gera refsivörslu í þessum efnum virkari í reynd.

Ég hef þessi orð ekki fleiri, en legg til, virðulegi forseti, að frv. þessu verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, lýtur að mikilvægu atriði í sambandi við umferðarmál. Það er ýmislegt í því sambandi sem þarf athugunar við. Þessi málefni eru í athugun, m. a. hjá Umferðarráði.

Um þetta málefni mætti í sjálfu sér segja margt. Það er rétt, sem segir í grg. um það hvernig framkvæmd í þessum refsidómum hefur verið háttað, að sú venja hefur skapast og henni fylgt alveg fast að varðhaldi hefur verið breytt í sekt. Þær sektir hafa svo verið hækkaðar smám saman og þær fylgt alveg föstum reglum. En í frv. er gert ráð fyrir að þetta sé meir lagt á vald dómara hverju sinni.

Ég vil ekki þreyta hv. þd. nú á því að fara að tala langt mál um þetta efni, en vil mælast til þess, sem ég tel raunar alveg víst að verði gert, að hv. allshn. sendi frv. til umsagnar þeim aðilum, sem hafa með þessi mál að gera, og það verði skoðað áður en það er afgreitt. Það er mjög mikið atriði, sem hv. frsm. minntist á, að hægt sé að hraða framkvæmd og afgreiðslu ölvunarbrota. Það þarf að athuga hvort ekki er önnur og kannske enn fljótvirkari leið til þess heldur en þó þarna er gert ráð fyrir þegar um alveg augljós ölvunarbrot er að tefla.

Enn fremur er þess að geta, sem ég held að hafi ekki komið glöggt fram í grg. með frv., að vitaskuld hefur náðunin aldrei nein áhrif á ökuleyfissviptinguna. Ökuleyfissviptingin stendur. Og sannleikurinn er sá, að það er ökuleyfissviptingin sem er miklu, miklu meira atriði í þessu og mönnum þykir miklu þyngri viðurlög heldur en sú sekt sem þeir greiða í staðinn fyrir varðhald.

Herra forseti. Eins og ég sagði, þá skal ég ekkert tefja tímann nú með því að ræða um þetta fram og aftur, heldur endurtaka þá ósk að allshn. sendi málið til umsagnar dómsmrn., Umferðarráði og fleiri þeim aðilum sem hér eiga hlut að máli.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Sameinað þing, 32. fundur.

Fimmtudaginn 11. des., kl. 2 miðdegis

Rekstrarlán til sauðfjárbænda, þáltill. (þskj. 119). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Málefni vangefinna, þáltill. (þskj. 132). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Frestun framkvæmda við Grundartangaverksmiðju, þáltill. (þskj. 48). — Ein umr.

Flm. (Jónas Árnason): Herra forseti. Ég sakna hæstv. ríkisstj. Það er sama hvort maður skyggnist hér til hægri eða til vinstri, allir stallar auðir. (**Gripið fram í:** Það er einhver kominn.) Ja, það var nú ekki sá rétti. Það stendur til að punda hér töluvert á a. m. k. tvo hæstv. ráðh. sem eru fjarstaddir. Maður gat að sjálfsögðu ekki reiknað með því fyrir fram, (**Forseti:** Ef hv. þm. óskar, þá er hægt að fresta þessu máli þar til hæstv. ráðh. eru mættir.) Nei, ég vil ekki eiga á hættu að þetta dragist úr hömlu.

Það var 4. des. í fyrra, fyrir einu ári og einni viku betur, að haldinn var sögulegur fundur að Leirá í Borgarfirði. Tveir hæstv. ráðh., Gunnar Thoroddsen iðnrh. og Halldór E. Sigurðsson ráðh. landbúnaðar- og samgöngumála, gerðu þar grein fyrir hagsbótum mörgum og glæsilegum sem þeir töldu að vestlendingar mættu vænta vegna byggingar járnblendiverksmiðju að Grundartanga í Hvalfirði. En hrifning þeirra, sem á hlýddu, var ekki í neinu samræmi við þá dýrð sem boðuð var. Fundarmenn, fólk af Akranesi, fólk úr sveitunum norðan og sunnan Skarðsheiðar, bændur, húsmæður, ungmenni, þetta fólk reis upp og mótmælti harðlega áformunum um byggingu þessarar verksmiðju, vefengdi fullyrðingar ráðh. um þá blessun sem henni mundi fylgja.

Reynslan af því ári, sem liðið er síðan, hefur sýnt að það, sem hæstv. ráðh. sögðu á þessum fundi, var fleipur mestan part, en andmælendur þeirra, fulltrúar borgfirskrar alþýðu, höfðu lög að mæla.

Athugum fyrst lítillega fullyrðingar ráðh. í ljósi þeirra staðreynda sem blasa við eftir blaðamannafund sem stjórn Járnblendifélagsins hélt fyrir tæpum mánuði.

Það er ekki hægt að vitna orðrétt í málflutning ráðh. á Leirárfundi, en sá málflutningur var hinn sami og þeir viðhöfðu við umr. um málið hér á Alþ., og þær umr. má lesa svartar á hvítu í Alþingistíðindum. Til að mynda sagði hæstv. iðnrh. í umr. í Ed. 10. febr. s. l., með leyfi hæstv. froseta: „Að því er reksturinn snertir, þá er áætlun á bls. 16 í grg. frv. sem miðuð er við markaðsverð á járnblendi nú og byggð á þeim spám sem gerðar eru af kunnáttumönnum.“ Menn taki eftir þessu, spárnar eru gerðar af kunnáttumönnum. „Samkv. því er gert ráð fyrir að hreinn hagnaður, eftir að allar greiðslur hafa verið inntar af hendi og m. a. skattar, ætti að verða hin fyrstu ár um 3 millj. dala, en síðan fara hækkandi upp í 4.6 millj. dala á árunum 1983—1987 og síðar upp í 6.4 millj. Þetta eru þær spár, sem nú liggja fyrir.“

Þetta eru þær spár sem nú liggja fyrir, sagði hæstv. ráðh. 10. febr. s. l., og hann og ýmsir aðrir héldu áfram að endurtaka þetta í þeim umr. sem urðu svo um málið hér á Alþ., en þeim umr. lauk ekki fyrr en 26. apríl. En aðeins rúmu hálfu ári síðar, þ. e. a. s. 14. nóv. s. l., gefur að líta í flokksblaði hæstv. iðnrh., Morgunblaðinu, frásögn af fyrrnefndum blaðamannafundi stjórnar Járnblendifélagsins, og þar segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn íslenska járnblendifélagsins hefur ákveðið að takmarka sem mest nýjar fjárskuldbindingar félagsins í sambandi við byggingu járnblendiverksmiðju þess á Grundartanga. Ástæður þess eru þær að mikill samdráttur hefur orðið í stáliðnaði í Vestur-Evrópu og markaðshorfur fyrir framleiðslu verksmiðjunnar, kísiljárn, hafa versnað samhliða mikilli birgðasöfnun hjá framleiðendum.“

Í þessari frétt kemur í ljós að þær hinar glæsilegu spár, sem hæstv. iðnrh. byggði á boðskap sinn aðeins rúmu hálfu ári fyrr, voru tóm vitleysa. Hins vegar voru þær gerðar af kunnáttumönnum, það vantaði ekki. Hverjir skyldu nú hafa verið þeir kunnáttumenn? Mikið væri gaman að vita það. Á blaðamannafundi fyrir tæpum mánuði sagði stjórn Járnblendifélagsins að því væri spáð að einhvern tíma á árinu 1978 yrði stálmarkaðurinn kominn í svipað horf og hann var á s. l. ári, þegar gerð var fyrri spáin sem reynst hefur markleysa. Og hverjir skyldu nú vera þeir kunnáttumenn sem gert hafa þessa nýju spá? Það skyldu þó ekki vera þeir hinir sömu kunnáttumenn og gerðu hina spána? Ég er ekki í neinum vafa um það. Og þá vaknar þessi spurning: Fyrst þessir kunnáttumenn töluðu tóma vitleysu í vetur leið, er þá hægt að treysta því að allt í einu núna séu þeir farnir að tala af viti?

Lítum aftur á það sem hæstv. iðnrh. sagði í umr. um verksmiðjuna hér á hinu háa Alþ. Þær voru ekki óglæsilegar, horfurnar í lánamálum sem hann boðaði þá. Hann sagði t. d. um hlutafjárframlag íslendinga, með leyfi hæstv. forseta: „Þetta framlag af Íslands hálfu, hlutafjárframlagið, hefur verið gert ráð fyrir að taka að láni. Liggur það nokkurn veginn ljóst fyrir að slíkt lán mun fáanlegt með viðunandi kjörum. Það hefur einnig verið kannað, eftir því sem unnt er, hvort slík lántaka kunni að draga úr eðlilegum lántökumöguleikum Íslands að öðru leyti á erlendum mörkuðum, og er talið af þeim, sem fróðastir eru í þeim efnum, að svo muni ekki.“ Hér eru sem sé kunnáttumenn og fróðir menn í öllum áttum. „Þetta fyrirtæki þykir bæði það sérstaks eðlis og það álitlegt um arðsemi“ — menn taki vel eftir þessu, fyrirtækið þykir „bæði það sérstaks eðlis og það álitlegt um arðsemi að lántaka í því skyni yrði ekki talin mundu draga úr almennum lánsfjármöguleikum Íslands á erlendum markaði“.

En aðeins hálfu ári eftir að ríkisstj., með hæstv. iðnrh. í broddi fylkingar, fékk Alþ. til að samþ. frv. um járnblendiverksmiðjuna, stendur þetta í flokksblaði hæstv. ráðh., Morgunblaðinu, — ég vitna enn í frásögn af blaðamannafundi stjórnar Járnblendifélagsins, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar upphaflega var gerð áætlun um byggingu járnblendiverksmiðju var búist við því að unnt yrði að útvega lán á kjörum sem voru 9—11% vextir og lánstíminn var til 12 ára. Lánakjör hafa nú versnað þannig að vextir hafa hækkað og eru nú um 11—13% og lánstíminn hefur styst í 8 ár. Jafnframt mun nauðsynlegt að afla tryggingar fyrir lánum, en hér áður fyrr var það ekki talið nauðsynlegt ef hlutafé fyrirtækisins var hátt.“ Hér áður fyrr? Fyrir langa löngu? Einhvern tíma í fyrndinni? Nei, fyrir aðeins rúmu hálfu ári.

Ég þarf ekki að spyrja hver sá kunnáttumaður var sem hæstv. iðnrh. treysti á þegar hann fullyrti að fyrirtæki þetta væri „bæði svo sérstaks eðlis og álitlegt um arðsemi“ að lánsfjárútvegun hlyti að ganga eins og í sögu. Sá kunnáttumaður var auðvitað sá seðlabankastjóri sem fylgdi hæstv. iðnrh. honum til halds og trausts á Leirárfund. Og eftir frammistöðu hans í þessu máli er spurning hvort ekki væri fullt eins gott fyrir hæstv. ráðh. að láta bara spá í bolla, — gæta þess bara, sbr. alkunna sjónvarpsauglýsingu, að það sé Kaaber-kaffi.

Hinn ráðh., sem kom á Leirárfundinn, hæstv. ráðh. landbúnaðar- og samgöngumála, Halldór E. Sigurðsson, — mikið sakna ég nú hans í dag, — hann tók undir allt það sem þessi hæstv. ráðh. sagði um hinn mikla beina peningahag af Grundartangaverksmiðjunni og lántökuhorfurnar glæsilegu, dró þar ekkert úr, bætti reyndar frekar í. Dæmigerð um þann málflutning er sú ræða sem hæstv. landbrh. flutti þegar lokasennan stóð um málið hér á hinu háa Alþ. 26. apríl. Þá tókst honum svo vel upp, þessum gamla ungmennafélaga, að helst verður líkt við þá heiðríku gladværð og bjartsýni sem lesa má í bókum að einkenndi svo mjög málflutning aldamótakynslóðarinnar þegar hún var upp á sitt allra besta. Þessi hæsv. ráðh. sagði þá m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Til þess að það megi verða að fólki fjölgi þarf að auka atvinnu og atvinnumöguleika. Þetta er aðalþáttur byggðastefnunnar. Möguleikarnir einmitt í þessu kjördæmi“ — þ. e. a. s. í Vesturlandskjördæmi, þar sem járnblendiverksmiðjan á að rísa — „möguleikarnir í þessu kjördæmi til þess að gera þetta felast m. a. í því góða hafnarstæði sem er við Hvalfjörð. Ég vil líka minna á það, að þetta mun verða til þess að tryggja raforku á þessu svæði, tryggja betri samgöngur en nú er. Og ég vil líka benda á það, að einmitt þetta svæði hefur nú möguleika á meiri fjölbreytni í skólum heldur en flest önnur svæði þessa lands. Það verður til þess að efla þá að fólki fjölgi í Vesturlandskjördæmi. Ég minni einnig á gott sjúkrahús og uppbyggingu heilsugæslustöðvar. Allt þetta og margt fleira mætti telja til er tryggir félagslegar framfarir á Vesturlandi með atvinnu og eðlilegri fólksfjölgun svo og blómlegar og góðar sveitir.“

Ég skýt því hér inn í, sem reyndar allir hv. alþm. vita, að þessir glæsilegu framtíðardraumar voru tengdir fyrirtæki, sem á til frambúðar að veita 115 manns atvinnu. En það er meira blóð í kúnni:

„Það mun verða hagkvæmara fyrir bændurna í þessum sveitum. Þó að hv. 5. þm. Vesturl. hristi höfuðið“ — já menn taki eftir því að þegar hér er komið ræðu hæstv. ráðh. hefur jafnvel mér farið að blöskra rómantíkin — „þó að hv. 5. þm. Vesturl. hristi höfuðið, þá mun það vera hagkvæmara að selja á þeim mörkuðum, sem þarna skapast, því það verða engar blómlegar sveitir nema markaðir séu góðir, og því styttra sem er á þá því betra. Því á þessi

hv. þm. að átta sig á, jafnvel þótt hann vilji setja það öðruvísi í revíu.“

Ég verð nú að segja að ég sé ekki neina ástæðu til að betrumbæta þá revíu sem nú hefur átt sér stað í sambandi við þetta mál. Mér sýnist uppsetningin vera fullkomin og frammistaða aðalleikaranna með ágætum.

En hafi verið ástæða til að hrista höfuðið vegna þessa máls í aprílmánuði s. l., hversu miklu meiri ástæða er þá ekki til að hrista höfuðið núna yfir þeirri uppákomu sem kunngerð var á margnefndum blaðamannafundi 13. nóv. s. l. og yfir stöðu þessara tveggja hæstv. ráðh. í málinu. Ég verð að segja alveg eins og er, að ég sárvorkenni þessum mönnum. Þetta er alveg voðaleg uppákoma.

„Jólasveinn.“ Í Orðabók Árna Böðvarssonar eru tvær skýringar á þessu orði til viðbótar þeirri gömlu samkv. íslenskri þjóðtrú, að þetta sé vættur sem sé á ferð um jólaleytið. Hin fyrri þessara skýringa er sú, að þetta sé „maður sem leikur jólasvein“, og hin síðari: „hálfgerður kjáni, ómerkingur“. Þegar þessir tveir hæstv. ráðh. komu á Leirárfundinn snemma á jólaföstu í fyrra með fullan poka af fögrum fyrirheitum, þá sýnist mér að þeir hafi birst borgfirðingum sem jólasveinar samkv. hinni fyrri þessara skilgreininga. En eftir þær staðreyndir, sem nú liggja fyrir, þá sýnist mér því miður að þeir séu nær því að vera jólasveinar samkv. síðari skilgreiningunni. En nóg um það.

Það ætti ekki að þurfa að rifja upp fyrir hv. þm. hve mikið gekk á fyrir hæstv. ríkisstj. þegar hún kom að því að endanlega yrði samþ. frv. um járnblendiverksmiðjuna hér á Alþ. 26. apríl s. l. Þá var laugardagur. Þá hófst fundur strax um morguninn í hv. Nd. Og svo ákaft voru trippin rekin að það var ekki einu sinni gert hlé til þess að hv. þm. gætu nærst í hádeginu. Hv. Nd. Alþ. fékk ekkert að borða fyrr en hún kingdi þessu frv., eins og hv. Ed. hafði kingt því nokkru áður.

Það upplýstist að þetta óðagot stafaði af því að forstjórar Union Carbide voru búnir að gera ráðstafanir til þess að koma hingað daginn eftir og skrifa undir samning við ríkisstj. Íslands, og það lá í loftinu að þeir mundu líta á það sem persónulega móðgun við sig ef löggjafarsamkoma þessarar smáþjóðar leyfði sér að trufla ferðaáætlun þeirra með sérviskufullum vangaveltum og þvargi út af þessu máli.

Flestir áttu að sjálfsögðu von á því að mjög fljótlega eftir undirskrift samningsins yrði hafist handa um framkvæmdir við Grundartanga, enda hafði verið lýst yfir að af beggja hálfu, íslensku ríkisstj. og Union Carbide, væri lögð áhersla á nauðsyn þess að verksmiðjan gæti risið sem allra fyrst. En vorið leið, og svo kom sumarið, og það var liðinn drjúgur hluti af sumrinu líka þegar framkvæmdir loksins hófust. Ætli það hafi ekki valdið mestu um þennan drátt að Járnblendifélaginu tókst ekki fyrr en þetta að finna verktaka sem væri þeim kostum búinn að hann gæti með heiðri og sóma annast byrjunarframkvæmdirnar.

Valið á verktakanum lukkaðist þannig, svo sem kunnugt er, að hneysklismálin hrúguðust upp í kringum hann eins og moldarhaugarnir undan þeim vinnuvélum sem hann hafði í þjónustu sinni. Aðbúnaðurinn, sem hann leyfði sér að bjóða því fólki sem hann réð til vinnu, var með þvílíkum endemum að annað eins hefur ekki þekkst í verkalýðssögu Íslands nú hina síðustu áratugina, og öll framkoma hans gagnvart þessu fólki eftir því. Kvörtunum út af honum rigndi yfir verkalýðsfélagið á Akranesi, og viku eftir viku gat skrifstofa þess engum öðrum málum sinnt. Hann stóð þannig í skilum við verkafólkið og ýmis fyrirtæki, aðallega á Akranesi, að áður en varði voru skuldir hans við þessa aðila farnar að nema tugum millj. Síðan fór hann í stórum stíl að gefa út bankaávísanir, sem engar innstæður voru fyrir, og þegar menn komu aftur til hans með þessar ávísanir, sem á nútímamáli nefnast gúmmítékkar, þá gerði hann sér bara lítið fyrir og rak þá úr vinnunni. „Agi verður að vera,“ sagði góði dátinn Svæk. Hirðuleysi á vinnusvæðinu var allt á eina bókina lært. Bifreiðar í eigu verktakans reyndust jafnvel ekki hafa sjálfsögðustu skoðunarvottorð. Öryggismál voru öll í megnasta ólestri og lá oft við alvarlegum slysum. Til að mynda gerðist það eitt sinn, þegar veghefill átti þarna ferð um, að talstöðvarloftnet hans rakst upp í háspennulínu, — hún lafði svona lágt, — og allt þetta mikla stálbákn sló gneistum, en fyrir einhverja óskiljanlega heppni slapp hefilstjórinn óskaddaður.

Ég veigra mér við að ræða náið þá meðferð sem náttúran sjálf hlaut í öllum þessum átökum, þau ósköp sem urðu að ganga yfir þann part af ættjörð vorri sem nauðsynlegt var talið að bylta til svo að svigrúm fengist til þess að hefja byggingu verksmiðjunnar. En sjónarvottar ýmsir hafa líkt þessum átökum við æðisgenginn vélahernað, enda hermdu fregnir að fólkið í Katanesi hefði stundum orðið að sæta eins konar umsátursástandi, þar eð eina leið þess til sambands við umheiminn lá um orustuvöllinn þveran. Sömuleiðis kom það fyrir að nágrannar, sem ætluðu að heimsækja Katanesfólkið, voru stöðvaðir með þeirri áminningu af hálfu þeirra sem hernaðinum stjórnuðu að svona ferðalag væri glæfraspil sem enginn ætti að leggja út í nema í brýnustu nauðsyn.

Sumir hafa viljað færa það til málsbóta þeim manni sem stóð fyrir þessu öllu saman, títt nefndum verktaka, að honum hafi verið nauðugur einn kostur. Yfirboðarar hans, Járnblendifélagið, Union Carbide og ríkisstj. Íslands hafi knúið svo fast á um framkvæmdirnar, yfirboðarar hans hafi beðið þess málþola að undirbúningsframkvæmdunum lyki svo að verksmiðjan góða gæti farið að rísa af grunni. Það hafi m. ö. o. verið vegna samviskusemi gagnvart yfirboðurunum að verktakinn gerðist sekur um hitt og annað misjafnt gagnvart öðrum aðilum. Sá góði maður hefur þá fengið að sannreyna hið fornkveðna, að laun heimsins eru vanþakklæti. Rétt í þann mund sem hann er að enda við ætlunarverk sitt, ekkert nema samviskusemin, þá gerist það, að yfirboðarar hans hóa saman blaðamönnum til þess að tilkynna þeim að ekkert verði úr frekari framkvæmdum fyrr en einhvern tíma og einhvern tíma.

Þeim hernaðaraðgerðum, sem hófust á miðju sumri á Grundartanga í Hvalfirði, er senn lokið. Orustugnýrinn hljóðnar. En þar sem í vor gaf að lýta fagurgróið land, þar gefur nú að líta þau verksummerki sem einn af merkustu og gáfuðustu bændum Borgarfjarðar segir að sé „stærsta mógröf sem tekin hafi verið á Íslandi“. Hve mikla peninga — fyrir nú utan allt annað — hve mikla peninga skyldi hún hafa kostað, þessi mógröf? Ég hef lagt þessa spurningu fyrir fróða menn og fengið þetta svar: „Ekki nema svona kannske 200 millj.“ Ekki nema! Til hafnarframkvæmda á öllu Vesturlandi er á næsta ári gert ráð fyrir fjárveitingu sem nemur samtals 100 millj. kr. Það er aðeins helmingurinn af því sem þessi eina mógröf kostaði. Og hvað væri hægt að bæta mikið vegakerfið á Vesturlandi fyrir 200 millj. kr.? Ég skýt þessu svona fram til umhugsunar fyrir alþm., en einkanlega ætlaði ég að beina því til þess hv. þm. Vesturlandskjördæmis sem er ráðh. hafna- og vegamála og fer auk þess með landbúnaðarmál, svo að gera má ráð fyrir að undir hann heyri einnig mógrafir.

Ég geri mér reyndar ljóst að svo framarlega sem sá hæstv. ráðh. er enn sama sinnis og hann var þegar hann flutti hina rómantísku ræðu sína í anda aldmótahreyfingarinnar 26. apríl, þá muni hann telja að 200 millj. til undirbúningsframkvæmda við Grundartanga séu ekki annað en tittlingaskítur þegar hugsað sé til þess blómstrandi lífs er upp af þessu muni spretta í tengslum við verksmiðjuna góðu. Kannske er hæstv. ráðh. enn sama sinnis. Kannske er öll hæstv. ríkisstj. enn sama sinnis. Það er því miður oft reynslan í sambandi við mikil pólitísk völd að það er eins og þau auki mönnum úthald og seiglu við að berja hausnum við steininn. En ég vil trúa því að einhverjir þeir hv. þm., kannske drjúgur hluti þeirra hv. þm. sem á síðasta þingi samþ. frv. um járnblendiverksmiðjuna, hafi nú séð sig um hönd. Ella væri hér satt að segja um að ræða miklu meiri dómgreindarskort en skaplegt gæti talist innan vébanda þeirrar stofnunar sem er æðsta valdastofnun íslenska ríkisins.

Þessi trú mín byggist á þeirri skoðun að margir hv. þm. hafi stutt frv. um járnblendiverksmiðjuna fyrst og fremst vegna þess að þeir töldu sig þannig vera að tryggja íslenskt efnahagslíf gegn skakkaföllum í framtíðinni, afstaða þeirra hafi ráðist af oftrú á þær fullyrðingar sem oddvitar járnblendifylkingarinnar létu klingja í eyrum manna sí og æ meðan þeir voru að lemja málið í gegn, að undirtsöðuatvinnuvegir okkar að fornu og nýju, sér í lagi sjávarútvegur, væru svo ótryggir að glapræði væri að treysta á þá til frambúðar. Við yrðum að renna nýjum stoðum, traustum stoðum, styrkum stoðum undir efnahag okkar. Grundartangaverksmiðjan skyldi vera ein slík stoð.

Nú er á daginn komið að fullyrðingarnar um styrkleika þessarar stoðar voru hæpnar, að ekki sé meira sagt. Sjálf stjórn Járnblendifélagsins hefur lýst yfir því að þær glæsilegu áætlanir varðandi Grundartangaverksmiðjuna, sem hæstv. ráðh. boðuðu fyrir aðeins rúmu hálfu ári, eru komnar á tvist og bast, kostnaðurinn rokinn upp úr öllu valdi, en hagnaðarvonin niður úr öllu valdi, svo að eiginlega má segja að nú þegar — meðan Grundartangaverksmiðjan er þó ekki annað en teikning á pappír — sé hún farin á kúpuna. Helstu ábyrgðarmenn verksmiðjumálsins hafa sem sé staðfest að það voru falskar forsendur sem lágu til grundvallar því að Alþ. samþ. byggingu þessarar verksmiðju. Ég fæ því ekki annað séð en að Alþ. hljóti að endurskoða afstöðu sína til hennar.

Herra forseti. Sú þáltill., sem hér er til umr., hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að beita áhrifum sínum til þess að frestað verði framkvæmdum við byggingu járnblendiverksmiðju við Grundartanga í Hvalfirði.“

Þarna er aðeins talað um frestun framkvæmda. Ástæðan til þess, að ekki er kveðið fastar á orði, er sú að till. var lögð fram í byrjun nóvembermánaðar og þá töldum við flm. að það væri borin von að á Alþingi íslendinga fengist samþ. að leggja mál þetta alveg fyrir róða. En nokkrum dögum síðar lét stjórn Járnblendifélagsins fjölmiðlum í té þær upplýsingar, sem ég hef hér gert að umtalsefni, og þar með gjörbreytast viðhorfin. Í ljósi þeirra upplýsinga sýnist mér ástæða til að ætla að býsna stór hluti alþm. sé til viðtals um að kveða hér fastar að orði. Þess vegna beini ég því til þeirrar n., sem fær till. til athugunar, að hún taki af skarið og skili till. aftur með þeirri breytingu að í stað þess aðeins „að fresta,“ þá verði kveðið á um að hætta með öllu framkvæmdum við byggingu járnblendiverksmiðjunnar við Grundartanga.

Ég vil svo ljúka þessari ræðu minni, sem orðin er næsta löng, með því að láta í ljós þá einlægu von, að þetta hörmulega Grundartangaævintýri hafi opnað augu manna fyrir því hversu vafasöm hún er yfirleitt, þessi mikla stóriðjupólitík sem nú er á döfinni, hversu háskalegt það væri að hella örlögum þessarar litlu þjóðar okkar í bland við það sem kraumar í hinum risavöxnu suðupottum erlendra auðhringa. Mógröfin við Grundartanga hefur að vísu kostað mikið í krónum talið, hátt í 200 millj. kr. Það er dýr lexía. Íslenska þjóðin yrði þó að greiða enn hærra verð og í miklu, miklu meiri verðmætum en þeim sem í krónum eru talin ef lexían lærist ekki fyrr en seinna.

Ég legg til að þessari till. verði vísað til allshn.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þegar stjórnarskiptin urðu í fyrrahaust lágu fyrir till. og áætlanir um byggingu járnblendiverksmiðju sem undirbúin hafði verið af fyrrv. ríkisstj. undir forustu iðnrh. Alþb., Magnúsar Kjartanssonar. Áður en þetta mál yrði lagt fyrir Alþ. af hinni nýju ríkisstj. þótti sjálfsagt að láta endurskoða allar áætlanir. Það var gert, bæði áætlanir um stofnkostnað og rekstrarkostnað og annað sem máli skipti. Þetta tók nokkurn tíma og leiddi til þess að hinar nýju áætlanir sýndu verulega hærri stofnkostnað en áður hafði verið gert ráð fyrir, en hins vegar að afkoma fyrirtækisins ætti að verða ekki lakari, heldur jafnvel betri. Á þessum nýju áætlunum

var byggt frv. um járnblendiverksmiðjuna sem samþ. var á Alþ.

Það ætti nú ekki að fara fram hjá hv. flm., því að ég hélt að það væri öllum kunnugt, ekki aðeins á Íslandi, heldur á þessum hnetti, að verulegar breytingar hafa orðið á verðlagi ýmissa vara og hvers konar tilkostnaði viðs vegar um heim á þessu ári eins og hinu síðasta. Það þótti því rétt nú á þessu hausti að líta enn á kostnaðaráætlanir, eins og gert hafði verið árið áður, og skoða vandlega, hvort breytingar verðlags í heiminum hefðu gert það að verkum að stofnkostnaður yrði meiri, og enn fremur að endurskoða rekstraráætlanir. Stjórn járnblendiverksmiðjunnar ákvað því, eins og kunnugt er, fyrir nokkru að fresta um sinn frekari fjárskuldbindingum, eins og það var orðað í tilkynningu hennar, meðan slík endurskoðun færi fram. Ég tel að þetta hafi verið ábyrg og eðlileg afstaða og fyllilega rétt að gera slíka nánari könnun. Við þetta, þ. e. verðbreytingar bæði í sambandi við stofnkostnað og í söluverð á væntanlegri framleiðslu, bætist svo að lánskjör og lánsmöguleikar hafa mjög breyst frá því fyrir ári. Bæði hafa vextir breyst víða og lánstími. Allt þetta þarf að sjálfsögðu að skoða vandlega áður en lengra er haldið, og ég held að það hafi verið skynsamleg ráðstöfun hjá stjórn járnblendiverksmiðjunnar að taka sér nokkurt tóm til þeirrar skoðunar og ekkert óeðlilegt við það, síður en svo.

Ég vil svo aðeins segja út af ræðu hv. þm. og till. hans, sem felur í sér að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir því að fresta framkvæmdum, að maður skyldi ætla, þegar hann kemur hér og flytur framsöguræðu fyrir till. sinni um frestun, að hann kæmi fyrst og fremst til að lýsa ánægju sinni yfir ákvörðun stjórnar járnblendiverksmiðjunnar að fresta framkvæmdum um stund. En það var öðru nær, því að hv. þm. virðist vera jafnergilegur yfir því, að verksmiðjan verði byggð, og yfir hinu, að henni verði frestað. Meira sé ég ekki ástæðu til að ræða þetta mál að sinni.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Eins og kom fram hjá frsm., fyrra flm. þessarar till., var hún lögð fram nokkru áður en stjórn þessa fyrirtækis sá sig til knúna að halda blaðamannafund um málið 13. nóv. s. l. Þá þegar hafði heyrst að mikil breyting væri orðin á þeim forsendum sem lágu til grundvallar þeirri ákvörðun að þetta fyrirtæki skyldi reist á Íslandi. Ég dokaði með forvitni eftir skýringu frá stjórn fyrirtækisins varðandi þetta mál, en það verð ég að segja að hvergi nærri voru tæmandi þær skýringar sem fram komu. Ósk mín er sú og raunar krafa og ég tel það lágmarkskurteisi við okkur, sem studdum málið á Alþ., að sérstök skýrsla verði gefin um málið og allar forsendur teknar fyrir að nýju. Ég beini þeirri áskorun til hæstv. iðnrh., og ég trúi ekki öðru en hann beiti sér fyrir því, slíkur maður sem hann er, að hið sanna komi allt í ljós og málið verði allt stokkað upp að nýju. Ef þessir valinkunnu kunnáttumenn eru ekki færir um að athuga málið einir sér, þá er það krafa mín að þingnefnd athugi málið. Hér er um stórar tölur að ræða. Þetta hefur hækkað um milljarða frá því að við tókum ákvörðun um að fylgja málinu. Hæstv. ráðh. sagði: „Allt þetta þarf að skoða“ — skoða betur, bæti ég við. Ef þn. á einhvern tíma að athuga mál, þá er þetta mál sem þarf sannarlega að athuga sérstaklega og gaumgæfilega af þingnefnd, allar forsendur fyrir því, slíkar sem fjárskuldbindingarnar eru og þar sem við eigum meiri hluta í fyrirtækinu, íslendingar sjálfir, og það var eitt af þeim atriðum sem sumir lögðu mikla áherslu á. Það kann að fara svo og kann að vera það réttasta í dæminu að hætta við allt saman. En til þess þurfum við að fá gaumgæfilega athugun á málinu, — mjög gaumgæfilega.

Ég vil líka fá að vita hvað er komið mikið fjármagn í þetta í dag, nákvæmlega frá sagt, enga ágiskun, einhverjar „sirka-tölur“ eins og talað er um í daglegu tali, hvernig dæmið stóð um s. l. mánaðarmót, nákvæmlega, hvað hefur þetta allt kostað, ferðalög, lántökukostnaður og þar fram eftir götunum, beinar framkvæmdir, vaxtakostnaður og ýmislegt annað, — fá allt á borðið eins og það leggur sig. Það kann að fara svo bæði með mig og fleiri þegar sú skýrsla liggur á borðinu að ég hugsi mig um tvisvar hvað gera skal varðandi framhaldið, þrátt fyrir það að við höfum ráðist í ákveðna virkjun sem átti að selja rafmagn á ákveðnum tíma í þetta fyrirtæki. Það getur vel verið að við getum hagnýtt það rafmagn með öðrum hætti og ekkert síður, vegna þess að forsendur fyrir upphitun á Íslandi með olíu hafa gjörbreyst og kann að vera fólgin í því verulegur ávinningur að taka nú þessa umframorku til húshitunar á þeim svæðum þar sem ekki verður komið við að nota heitt vatn — og vera nú röskir að því, eins og það átak var myndarlegt sem Alþ. stóð að á sínum tíma varðandi hitaveituframkvæmdir hér í næsta nágrenni.

Þetta mál er ekkert smámál og alls ekki þess eðlis, fyrst forsendur hafa brostið svo, að það eigi að halda því í höndum fárra manna þótt kunnáttumenn séu taldir, — alls ekki. Ef Alþ. vill halda reisn sinni og fylgjast vel með afleiðingum af verkum sínum, hv. alþm., þá verða þeir að krefjast þess að nákvæm og góð skýrsla komi um þetta mál. Ég verð að treysta því að allshn. sjái ástæðu til þess að safna miklum gögnum og leggja málið skipulega og vel fyrir alþm., ella gæti verið grundvöllur fyrir því að sérstök n. kannaði málið til hlítar fram yfir venjulega athugun þm., starfsnefndar Alþ. Ég tel þetta mál orðið svo viðamikið og svo gjörbreyttar forsendur fyrir því öllu saman að slíkt sé réttlætanlegt. Það kom fram í ræðu hæstv. iðnrh., hann sagði: „Allt þetta þarf að skoða.“

Það er e. t. v. óþarfi að orðlengja meira um þessa till. Það var ekki að ófyrirsynju að það kæmi fram af hálfu þeirra manna sem jafnan töldu þetta nokkurt glæfraspil frá ýmsum sjónarhólum séð. En hvað sem því líður, þá var talið að bæði fyrrv. ríkisstj. og núv. ríkisstj. hefðu látið fara fram vandaðan undirbúning að verkinu. En þær tölur, sem við fengum og höfðum enga minnstu möguleika til að vefengja, en voru sagðar gerðar af kunnáttumönnum, eins og stendur í gömlum sáttmála, að bestu manna yfirsýn, hafa ekki reynst mjög haldgóðar og jafnvel mætti kveða fastar að orði. Sem sagt, það er ósk mín og raunar krafa að Alþ. fái sérstaka skýrslu um

þetta mál, um forsendur þess, möguleika í framtíðinni, fjármagnskostnað o. s. frv., og ekkert verði undan dregið á nokkurn hátt. Það er slík krafa sem ekki er hægt að stinga undir stól að mínu mati.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég mun með glöðu geði verða við óskum hæstv. forseta um að tala ekki öllu lengur en mér þykir ástæða til um þetta mál.

Það má vera a. m. k. Ed.-mönnum minnistætt hvílík feikileg áhersla var lögð á það á Alþ. síðari hluta vetrar í fyrra að afgreiða málmblendimálið fyrir páska, til þess að hefjast mætti handa án tafar að skjóta hinum nýju stoðum undir atvinnuvegi þessa lands og fjárhag þess. Raunar lá svo mikið á að framkvæmdir voru byrjaðar uppi á Grundartanga áður en Alþ. hafði samþ. lagafrv., áður en Alþ. hafði veitt ríkisstj. heimild til þess. Og raunar hafði verið upplýst á einum af síðustu fundum iðnn. Ed., meðan enn þá var fjallað um þetta mál í Ed., að þá þegar var búið að ráða tæknilegan framkvæmdastjóra hinnar nýju verksmiðju, starfsmann Union Carbide í Noregi, — ráða framkvæmdastjóra þessarar verksmiðju áður en búið var að fjalla um málið í iðnn. Ed. Svo mikið lá á.

Ég ætla nú að hlífa hv. þm. við því að lesa hér upp allar óstyttar ræður mínar í Ed. gegn þessu frv. Flutningur þeirra mun hafa tekið samtals í kringum 6 klukkutíma. En ég ætla þó til þess raunverulega að gera mál mitt stutt að lesa hérna fyrstu málsgr. þeirrar ræðu sem ég flutti við 1. umr. um málið. En málsgr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ég treysti mér ekki til þess að samþ. þetta frv. í þeirri mynd sem það birtist hér. Ég tel að rökstuðningurinn, sem fylgir frv. um hagsbætur sem okkur séu búnar af samningnum sem hér er áformað að gera við erlent auðfélag, séu ekki sannfærandi. Þvert á móti virðast mér líkur benda til þess að hann kynni að valda okkur tjóni, efnahagslegu, menningarlegu og pólitísku. Auk þess sé ég ekki betur en forsendur fyrir þessum samningi séu reistar á úreltu verðmæti, bæði efnahagslegu og siðferðilegu."

Hv. þm. Jónas Árnason lýsti því áðan í ræðu sinni hversu rösklega voru rekin trippin síðustu dagana sem þetta mál var til meðferðar hér á hv. Alþ. og þá í Nd. Einmitt þennan síðasta dag þegar málið var hespað af til þess að Alþ. yrði sér ekki til skammar með því að vera ekki búið að afgreiða það þegar forstjórar Union Carbide kæmu hingað, — einmitt þann dag voru trippin rekin það rösklega að eitt þeirra datt ofan í fyrstu gryfjuna, sem grafin var uppi á Grundartanga, og hálsbrotnaði. Það var þegar búið að drepa hross í einni tilraunamógröfinni þeirra Carbides-manna efra áður en Alþ. var búið að samþ. að þarna yrðu nokkrar framkvæmdir. Ég vil ekki fara að nudda samþingsmönnum mínum upp úr því með hvaða hætti þeir brugðust við þessari málsmeðferð á Alþ., að þeir skyldu láta hafa sig til þess að samþykkja lagafrv. um framkvæmdir sem þegar voru byrjaðar í heimildarleysi Alþ. í því trausti, í því skjóli að þingmannalið stjórnarinnar, að hv. þm. Alþfl. meðtöldum, væri þess háttar mannval að ekki þyrfti að óttast að það greiddi ekki atkvæði eins og því var sagt að greiða atkv., blessaðir karlarnir, án tillits til málefnis og rökstuðnings, þó ekki væri nema vegna þess að það voru verkfræðingar og hagfræðingar og forstjórar erlends auðhrings sem sögðu þeim að þetta væri góður „bisness" fyrir Ísland.

Við umr. um málmblendifrv. eða Carbides-frv., eins og það er kallað, var staðhæft af hálfu okkar Alþb.-manna að efnahag þessa lands og menningu þess væri búið stórtjón af þessu fyrirhugaða fyrirtæki og auk þess öllu lífi í landinu voði búinn af völdum mengunar sem frá því mundi stafa. Af hálfu stjórnarflokkanna, hæstv. iðnrh. sem studdist við tölvuskýrt álit verkfræðinga sinna, hagfræðinga sinna og heilbrigðissérfræðinga sína plús eldskýrt álit forstjóra Union Carbide var því haldið fram að með þessu fyrirtæki yrði rennt gildari stoðum undir efnahag landsmanna og það svo að jafnvel þótt um einhverja mengunarhættu væri að ræða, þá væri afsakanlegt að takast þá hættu á herðar. Svo þegar á leið umr. var kveðið enn þá sterkara að orði. Efnahagslegur ávinningur málmblendiverksmiðjunnar lá beinlínis á borðinu, gildur sjóður. Í sjálfri grg. með frv. var staðhæft að álit sérfræðinga ríkisstj. væri að lífi í landinu væri engin hætta búin af mengun frá fyrirhugaðri verksmiðju, mengun frá henni yrði svo lítil að hún yrði tæpast sjáanleg berum augum, jafnvel ekki í okkar tæra andrúmslofti, eins og komist var að orði í grg.

Það hefur ekki staðið steinn yfir steini í röksemdafærslu hæstv. iðnrh. og sérfræðinga hans í þessu máli. Þetta mál hafði ekki fyrr skroppið út um gáttir þessa virðulega húss, þetta frv. var ekki fyrr sloppið út um bakdyrnar, orðið að lögum, en málið var orðið að blóðugum skopleik. Nú blasir við okkur að hinn gífurlegi efnahagslegi ávinningur var raunverulega miklu minni en svo að hann sæist með berum augum, jafnvel í okkar tæra andrúmslofti. Ég er þakklátur fyrir það að þetta skyldi koma í ljós á undan seinni skekkjunni og þeirri hættulegri, því að hitt hefði komið í ljós og kæmi í ljós ef þessu máli yrði haldið áfram, að mengunarhætta hefði orðið jafngífurleg og ágóðavonin átti að verða. Sá voði, sem þessu landi var búinn og er búinn ef áfram yrði haldið liggur nefnilega á borðinu þrátt fyrir álit sérfræðinga ríkisstj.

Og nú liggur það jafnvel fyrir að seinka framkvæmdum við Sigöldu, eftir því sem okkur er sagt, að seinka kaupum á vélum til Sigöldu vegna þess að gullkvörnin mikla, málmblendiverksmiðjan á Grundartanga, hefur reynst fásinna. Við héldum því fram, Alþb.-menn, að það mundi borga sig að styrkja dreifikerfi raforku um landið, — þannig að koma mætti orkunni frá Sigöldu út um byggðir þessa lands til húshitunar og þjóðlegs iðnaðar — það mundi borga sig, þó að það borgaði sig ekki að koma upp Carbidesverksmiðju í Hvalfirði. Ég er sannfærður um að þetta er enn þá arðbært, og raunar hefur hækkun á olíu orðið slík síðan í fyrravetur að það fyrirtæki að dreifa raforkunni til húshitunar yrði a. m. k. 15% hagstæðara nú en það var þá.

Við höfum sem sagt ýmsar ástæður og margar til þess að fagna því að framkvæmdum við Carbides-verksmiðjuna í Hvalfirði hefur verið hætt um sinn og mjög ríkar ástæður til þess að krefjast þess að þeim verði alfarið hætt. Ég heyrði fyrir þrem dögum í viðurvist nokkurra hv. samþingismanna minna forustumenn úr íslenskum iðnaði staðhæfa að þeir gætu tekið við allri orku Sigöldu, ef þeir fengju hana á sams konar kjörum og málmblendiverksmiðjunni voru ætluð, til þess að nýta hana í íslenskum útflutningsiðnaði þar sem framleitt væri úr íslenskum hráefnum. Fyrir hálfum mánuði sat ég sem gestur ráðstefnu um íslenskan fæðubúskap sem haldin var hér í Reykjavík. Ráðstefnuna héldu félög búfræðikandidata og Verkfræðingafélagið. Þar kom það fram að hægt væri að taka við 90 mw. af raforku til framleiðslu á heykögglum að ári, samkv. útreikningi sérfræðinga sem hvergi koma nærri útreikningum á arðsemi málmblendiverksmiðjunnar. Samkv. útreikningum þeirra yrði kapital, sem lagt væri í slíkar verksmiðjur, þ. e. a. s. heykögglaverksmiðjur fjórfalt arðgæfara en reiknað var með af hálfu hæstv. iðnrh. að málmblendiverksmiðjan gæfi þegar málið var til umræðu hér í sölum Alþ. í fyrravetur og áður en það kom í ljós, sem nú er komið í ljós, að arðurinn af þeirri verksmiðju yrði alls enginn. Fyrir liggja upplýsingar um að við gætum framleitt kraftfóður ekki aðeins handa okkur sjálfum, heldur til útflutnings í stórum stíl með mjög miklum hagnaði. En viðbrögðin við þeim upplýsingum, þeim sannindum sem nú liggja fyrir um málmblendiverksmiðjuna í Hvalfirði, að hún yrði óarðbær, að hún yrði tapfyrirtæki, — viðbrögðin við þeim sannindum eru þau að hætta þá við að kaupa síðustu vélasamstæðuna í Sigöldu.

Ég leyfði mér í andmælum mínum í Ed. gegn frv. um málmblendiverksmiðjuna að vekja athygli á þeirri áráttu sem sérfræðingum okkar um fjáröflun og verkfræðilegar framkvæmdir hefur verið að ná ekki í skottið á framvindunni, heldur að missa af síðasta strætisvagninum. Þar leyfði ég mér að segja, með leyfi hæstv. forseta: „Það er dálítið grátbroslegt að hugleiða það hvers konar áráttu tæknilegir ráðunautar íslenskra stjórnmálamanna í hagfræðilegum og verkfræðilegum efnum virðast hafa til þess að hrinda í framkvæmd þeim hugmyndum, sem virtust réttar, einmitt í þann mund þegar það er komið berlega í ljós að þær eru rangar, og hvað þeim virðist hætta til þess að endurtaka mistök sín."

Tvisvar höfum við að ráðum hagspakra ráðamanna leyft minkarækt á Íslandi, í fyrra sinnið með þeim hörmulegu afleiðingum fyrir náttúrlegt dýralíf landsins sem aldrei verða að fullu bætt ar. Þegar þessar afleiðingar voru komnar í ljós, tjón hafði þegar verið unnið og þar með hagur þjóðarinnar versnað til mikilla muna, þá var minkarækt og innflutningur á minkum bönnuð með lögum. En að nokkrum árum liðnum, eftir að hafði frést um sinn að minkaskinn væru aftur komin í hátt verð í útlöndum, þá var minkainnflutningur leyfður öðru sinni ásamt minkarækt og talsvert fé lagt af mörkum til þess arna. Og svo hófst minkabúskapurinn öðru sinni í þann mund sem skinnin voru orðin verðlaus erlendis að kalla. Og nú ofan í reynsluna af stóriðjuverunum tveimur, kísilminkabúinu í Mývatnssveit og álminkabúinu í Straumsvík, þá leggja hagfræðingarnir okkar og verkfræðingarnir okkar að okkur að koma upp stálminkabúi á Grundartanga við Hvalfjörð, rétt í þann mund sem nægtakreppan er að leggja fjárhag iðnaðarríkjanna í rúst. Það kynni svo að fara að sú athugun, sem nú er verið að gera á fjárhagshorfum hins vandlega undirbúna fyrirtækis á Grundartanga, leiddi til þess að ákveðið yrði um sinn að hefja ekki framkvæmdir. Það gæti líka verið og við skulum vona að sú athugun leiði til þess að hætt verði endanlega við hana.

Ég vakti líka athygli á því í þessari ræðu minni að nú skortir matvæli í heiminum, en ekki stál, að hvergi heyrðist dauðsoltinn maður, ekki einn einasti maður af þeim 360 millj. sem taldir eru þjást af fæðuskorti í heiminum, — ekki einn einasti þeirra hefði heyrst hrópa á kísiljárn á dauðastund sinni, sér til bjargar.

Á fyrrnefndri ráðstefnu verkfræðinga og búfræðinga, sem ég sat mér til mikillar uppbyggingar í ráðstefnusal Hótel Loftleiða á dögunum, kom það fram að landsgæði okkar nægja til þess á landi og sjó að við getum brauðfætt 36 millj. manna með eggjahvítuefnafæðu ef við notum til þess orku landsins og vinnuafl fólksins sem þar býr — ef við notum orkuna til framleiðslu á matvælum og vinnuaflið til framleiðslu á matvælum, en ekki á kísiljárni. Við getum brauðfætt 36 millj. manna. Og leyfist mér svo enn að ítreka það, að það er ekki skortur á stáli í heiminum, það er skortur á mat. 360—400 millj. manna þjást af hungri. Yfir 100 millj. manna láta lífið árlega á besta aldri sökum hörgulsjúkdóma. Og það er talið að um 100 þús. börn blindist árlega í heiminum vegna skorts á eggjahvítuefnaríkri fæðu.

Ég kallaði málmblendiverksmiðjufyrirtæki ríkisstj. og Union Carbide áðan blóðugt skop. Ég ætla að víkja aðeins nokkrum orðum að veru þess eins og hún blasir við okkur í dag.

Fyrsta verk stjórnar járnblendiverksmiðjunnar, þessa fósturbarns Seðlabankans, var eins og frá hefur verið sagt, að semja við verðugan fulltrúa einkaframtaksins á þessu landi um að taka að sér undirbúningsframkvæmdir þar efra. Það var einmitt í þann mund sem Seðlabankinn var að byrja fyrir alvöru að herða á eftirliti eða baráttu gegn útgáfu innistöðulausra ávísana. Verktakanum auðnaðist með undraskjótum hætti að leysa fyrsta efnahagsvandamál járnblendiverksmiðjunnar, sem stóð í nokkurn veginn beinum tengslum við launagreiðslur til íslendinga, með hagfræðilegu bragði sem ekki mundi kannske að öllu leyti samrýmast baráttu Seðlabankans gegn útgáfu falsaðra ávísana. Og stoðirnar, sem járnblendifélagið, málmblendifélag ríkisstj. hefur reist undir efnahag þjóðarinnar, eru, ef svo má segja, öfugar stoðir, því að þar eru holur ofan í jörðina. Þar hefur verið reistur, eða mætti öllu fremur segja að þar hafi verið grafinn óbrotgjörn eða ófyllt minnisgröf um snilld núv. ríkisstj. með stuðningi krata í efnahagsmálum þessarar þjóðar. Hitt er svo enn annað alvörumál, að hugleiða með hvaða hætti efnahagslegir

og verkfræðilegir ráðunautar ríkisstj. hafa komist að jafnklóklega röngum niðurstöðum og raun ber vitni í þessu máli, ekki einu sinni í 5 ára undirbúningsstarfi, heldur tvisvar: í gerð frumáætlunar sem reyndist röng, svo sem hæstv. iðnrh. sagði okkur frá áðan og svo sem alþm. má vera í fersku minni frá upphafi umræðnanna um þetta mál á þingi í fyrra, og síðan við gerð þeirrar áætlunar sem lögð var til grundvallar lagafrv. því sem hv. Alþ. álpaðist til að samþ. í fyrravetur með þeim afleiðingum sem nú blasa við okkur. Ég tek undir þá kröfu hv. þm. Jóns Árm. Héðinssonar að það verði fleiri látnir sýsla um þá rannsókn, sem nú á að gera á horfum þessa fyrirtækis, heldur en þeir sérfræðingar einir sem gerðu hinar tvær vitlausu áætlanirnar.

Ég sagði við umr. um þetta mál í fyrra, þegar ég ræddi um mistökin sem orðið hefðu í sambandi við erlenda auðhringa áður, að ég vildi hvorki kalla sérfræðingana né heldur stjórnmálamennina, sem fjölluðu um þetta mál, fífl eða fanta, ég gæti sæst á hugmyndina um jólasvein, þó vil ég ekki gera það að svo komnu máli. Ég vil ekki heldur kalla þá sérfræðinga og þá stjórnmálamenn, sem ferðinni réðu í sambandi við málmblendisamningana, neinum slíkum nöfnum. En ég vil fá skýringu á þessum mistökum, beinlínis til þess að ég geti áttað mig á því hvort það sé nokkuð meira mark takandi á því, sem þeir segja nú um orsakir mistakanna, heldur en því sem þeir sögðu áður.

Mikill hagnaður, sögðu þeir, og engin mengun, meira að segja svo lítil að hún kemur ekki til með að sjást með berum augum, jafnvel í okkar tæra andrúmslofti. — Við alþb.-menn sögðum: Enginn hagnaður, mikil mengun. En þeir sögðu sem sagt: Mikill hagnaður, engin mengun. Nú er það komið í ljós, sem þeir viðurkenna, að það er enginn hagnaður, og ég lofa guð fyrir það að þar af leiðandi mun ekki reyna á seinna atriðið. Orsakirnar fyrir þessum mistökum vitum við ekki, hvort það gæti hugsast að það hafi orðið einhver gatamistök við tölvuna og þeir hafi fengið mengunarsvarið út um hagnaðargatið og hagnaðarsvarið út um mengunargatið. Einhvers konar orsakatengsl af þessu tagi eru kannske hugsanleg, þetta er kannske hugsanlegt. Ég hlýt að játa að ýmislegt af því, sem hv. stuðningsmenn járnblendiverksmiðjunnar létu sér um munn fara á þingi þegar þetta mál var rætt þar, hefði hljómað meira sannfærandi ef það hefði komið út um annað gat. Sannleikurinn er sá, að að þessu málmblendimáli var unnið af svo grómteknum óheiðarleik og skefjalausri frekju hér á hv. Alþingi að til fádæma hlýtur að teljast. Og svo aðeins tvær spurningar í lokin: Hafið þið, hæstv. ráðherrar, enn þá norska karbítsmanninn á launum hjá járnblendifélaginu? Ef svo er, hver eru laun hans? Seinni spurningin: Hvað ætlið þið að gera við 280 milljónir sem ætlaðar eru í fjárlagafrv. handa þessu fyrirtæki? Er ríkisstj. hugsanlega til viðtals um að veita dálitið af þessari upphæð til grasköggla verksmiðjunnar sem þingeyskir bændur ætla að koma upp í Saltvík til hagnýtingar á heita vatninu þar til að framleiða kraftfóður? Eftir því sem ég best veit hefur það mál ekki fengið sæmilegar undirtektir af hálfu ríkisstj. fram að þessu.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns taka undir þær kröfur sem hér komu fram hjá hv. þm. Jóni Árm. Héðinssyni um að hæstv. ríkisstj. gefi Alþingi hið allra fyrsta ítarlega skýrslu um stöðu þessa máls. Það er full ástæða til þess að Alþingi sé upplýst um hvað hefur raunverulega komið fram í þessu máli í öllum aðalatriðum. Það þarf að sjálfsögðu að upplýsa um leið hvað er búið að eyða miklum fjármunum nú þegar í framkvæmdir og undirbúningskostnað, og það þarf að upplýsa um það hvaða áætlanir séu uppi hjá ríkisstj. um áframhald, og um það hvort nýjar áætlanir hafi þegar verið gerðar og hvernig þær líti út. Ég tek undir kröfu Jóns Árm. Héðinssonar um það. Ég tel að það sé eðlilegt, eins og málum er nú komið að Alþingi geri nýja samþykkt í þessu máli, hvort eigi að halda áfram þessu fyrirhugaða verki eða ekki.

Ég kvaddi mér hér hljóðs fyrst og fremst í tilefni af ræðu hæstv. iðnrh. Mér fannst ræða hans segja furðulega lítið fyrst hann tók hér til máls í þessu máli. Hann gat þess að vísu að það hefðu verið gerðar fleiri en ein kostnaðaráætlun varðandi byggingu þessarar verksmiðju, síðari áætlunin hefði verið allmiklu hærri en hin fyrri og hann teldi því að það væri ofureðlilegt að stjórn þessa verksmiðjufyrirtækis vildi nú á nýjan leik skoða þessa síðari áætlun aftur. En það hefði kannske mátt geta þess, um leið og skýrt var frá þessu, að þessar áætlanir, sem hæstv. ráðh. minntist á, komu fyrir sjónir alþm. með býsna einkennilegum hætti á sínum tíma. Fyrst var samin allmikil bók um járnblendiverksmiðjumálið og þar sett fram áætlun um stofnkostnað og rekstrarkostnað, og þessar áætlanir voru þá kynntar bæði ríkisstj. og fulltrúum allra flokka. Þessi upphaflega áætlun var unnin af sérfróðum mönnum, og það fór víst ekki á milli mála að þessir sérfróðu menn voru fulltrúar Union Carbide ásamt þeim fulltrúum íslendinga sem höfðu átt viðræður við fulltrúa þessa erlenda stórfyrirtækis. En þingmenn höfðu ekki haft þessa áætlun lengi í höndum þegar þeim var síðan send önnur áætlun þar sem mátti segja að öllu væri snúið við úr fyrri áætlun. Þá kom í ljós að stofnkostnaður hafði í fyrri áætluninni verið stórlega vantalinn, allt mælt í erlendri peningamynt, en ekki í íslenskum krónum, og þá kom líka í ljós það sérkennilega fyrirbæri sem hæstv. ráðherra minntist á í sinni ræðu sem alveg sjálfsagðan hlut, að þegar stofnkostnaður fyrirtækisins hækkaði gífurlega mikið, þá bara jókst gróðinn við það. Sem sagt, fyrri áætlunin hafði þá verið svona gerð, að varðandi rekstraráætlun hafði áætlunin verið með öllu röng samkv. því sem haldið var fram í síðari áætlun. Auðvitað var á það bent á sínum tíma, þegar þessar áætlanir birtust, að ekki væri mikið öryggi í þessum málum, þó að það væri ein aðalröksemdin fyrir því að við íslendingar ættum að ráðast í stóriðjufyrirtæki að slík fyrirtæki væru miklu öruggari í öllum rekstri og þar væri ekki um eins miklar efnahagslegar sveiflur að ræða og ættu sér stað í sambandi við okkar hefðbundnu atvinnuvegi. En þarna kom það sem sagt í ljós strax við fyrstu athugun á þessu máli að upplýsingar, sem gefnar voru af sérfróðum mönn-

um, reyndust alrangar, bæði varðandi stofnkostnað og rekstrarkostnað og ýmsa þýðingarmestu þætti í sambandi við rekstur fyrirtækisins. Og nú er sem sagt komið í ljós að þessi síðari áætlun, sem gerð var, stenst ekki heldur og það er ekki aðeins einhver einn þáttur sem hefur brugðist í þessari áætlunargerð, nú er skýrt opinberlega frá því að áætlun um stofnkostnað verksmiðjunnar sé rangur, allt of lágur, og þó var kostnaðaráætlunin gerð í dollurum. Nú er það einnig upplýst að rekstrarkostnaðurinn verði allt annar en reiknað hafði verið með og lán, sem þurfi að taka til verksmiðjunnar, verði að vera með miklu óhagstæðari kjörum, til styttri tíma, með hærri vöxtum og óhagstæðari á allan hátt en reiknað hafði verið með. Ef allt færi að líkum ættu þessar nýju upplýsingar að leiða til þess, miðað við það sem áður hefur verið sagt, að líkur bentu til þess að það yrði um hallarekstur á þessari verksmiðju að ræða, vegna þess að fyrri áætlun sýndi að miðað við þann stofnkostnað, sem þá var reiknað með, og þær vaxtagreiðslur, sem þar var reiknað með, mátti ekki á milli sjá, þá var ekki um verulegan hagnað að ræða fyrr en þá eftir allmörg ár.

Ég tók eftir því að hæstv. iðnrh. vildi afsaka þetta með því að það hefði gerst margt í verðlagsmálum, ekki aðeins hér á Íslandi, heldur annars staðar í heiminum á þessu tímabili, sem hefði getað raskað áætlunargerð jafnvel hjá sérfræðingum. En þetta fær ekki staðist heldur hjá hæstv. ráðherra. Sannleikurinn er sá og það liggur nú fyrir öllum hv. alþm. að þær miklu verðhækkanir, sem áttu sér stað í heiminum og við höfum fengið að kenna á hér á Íslandi, gengu yfir frá miðju ári 1972 og fram á fyrsta fjórðung ársins 1974 og voru langsamlega mestar á árinu 1973. En það var einmitt á fyrsta ársfjórðungi 1974 sem verðlag erlendis fór almennt að falla frá því sem áður var og hefur fallið síðan samkv. opinberum vísitölum um erlent verðlag, og á þessum sama tíma hafa einmitt vaxtakjör víða í heiminum lækkað en ekki hækkað. Þau voru einmitt hæst á árinu 1973 og til loka þess árs, svo að það getur ekki verið nein frambærileg skýring í sambandi við nýja áætlunargerð að vitna til almennra verðlagsbreytinga úti í heimi eða til breytinga á vaxta- og lánakjörum.

Hér er greinilega allt annað á ferðinni. Nú þykir hagkvæmt að segja okkur íslendingum að það hafi verið reiknað með röngum fjárhæðum í sambandi við stofnkostnað og það hafi einnig verið reiknað með röngum fjárhæðum í sambandi við rekstrarkostnað, og nú verða menn að viðurkenna það líka að forsendur fyrir sölu á þessari framleiðsluvöru eru allt aðrar en reiknað hafði verið með. Þegar þetta liggur nú fyrir frá forstöðumönnum þessa félags, þá gefur það auðvitað auga leið að það er réttmætt að hæstv. ríkisstj. lofi því á Alþingi að áður en haldið verði lengra áfram með framkvæmdir í þessum efnum gefi hún ítarlega skýrslu um þetta mál til Alþingis og Alþingi fái að leggja dóm á það á nýjan leik hvort á að halda áfram með þessar framkvæmdir eða ekki. Ég ítreka því hér beiðni mína og tek þar einnig undir þá kröfu sem kom fram hjá hv. þm. Jóni Árm. Héðinssyni, — ég ítreka þá beiðni til hæstv. ríkisstj. að hún gefi fyrirheit um það að Alþingi verði gefin skýrsla um þetta mál og gefinn kostur á því að taka ákvörðun um málið á nýjan leik áður en lengra verður áfram haldið. Ég vil líka setja fram þá ósk að það væri réttmætt að fulltrúar beint frá Alþingi fengju að fylgjast með þeim athugunum sem verða gerðar á málinu, en við þurfum ekki áfram að byggja í jafnríkum mæli á upplýsingum frá einhverjum sérfróðum mönnum í málinu sem við vitum harla lítið um, en hafa reynst okkur litlir sérfræðingar til þessa.

Ég sagði áðan að ein af aðalröksemdunum fyrir því að rétt þótti af meiri hluta Alþingis að ráðast í byggingu þessarar verksmiðju var að því var haldið fram að rekstur af þessu tagi, eins og stóriðjurekstur almennt, gæfi miklu meira efnahagslegt öryggi en hinn almenni atvinnurekstur okkar. Það er vissulega þörf á því að hv. alþm. átti sig á því að allar röksemdir, sem fram hafa komið um að stóriðjan veiti okkur meira öryggi í atvinnurekstri en okkar hefðbundnu atvinnuvegir gera, allar fullyrðingar í þessa átt hafa verið að afsanna sig ein eftir aðra að undanförnu. Við höfum í þessu tilfelli dæmi af járnblendifyrirtækjum. Allt bendir þar til þess að þar ríki ekki síður efnahagslegar sveiflur en í sambandi við okkar eigin atvinnuvegi. Þar fáum við strax, áður en verksmiðjan rís, upplýsingar um að markaðsverð á framleiðsluvörum verksmiðjunnar sveiflast til, ýmist er markaðsverðið hátt eða þá að framleiðslan er lítt seljanleg, og fréttir berast um að verksmiðjum af þessu tagi sé lokað í öðrum löndum vegna offramleiðslu eða vegna þess að markaðsskilyrði séu óhagstæð, svo að ekki virðist vera miklu meira öryggi í sambandi við þennan rekstur en okkar almenna atvinnurekstur.

Við höfum einnig fyrir augum okkar reynslu af rekstri álversins. Nú hefur það stóriðjufyrirtæki verið rekið hér í nokkur ár. Samkv. upplýsingum stjórnenda þess fyrirtækis hefur það tapað miklum fjármunum á þessu tímabili og það hefur sýnt taprekstur næstum að segja á hverju ári. Sum árin hefur reksturinn gengið þannig að það er t. d. enginn vafi á því að ef íslendingar hefðu haft þá verksmiðju, þá hefðu þeir orðið að loka henni og stöðva alla framleiðslu í a. m. k. heilt ár. Þeir hefðu ekki haft bolmagn til þess að reka verksmiðju með þeim hætti sem auðhringurinn gerði, sem gat leyft sér það að framleiða vörur mánuðum saman án þess að geta selt þær nokkurs staðar á eðlilegu verði.

Reynslan af stóriðjurekstrinum í Straumsvík er líka á þá lund að það er síður en svo um meira öryggi rekstrarlega séð að ræða í sambandi við stóriðjuna en almennt er varðandi okkar atvinnurekstur. Það er að vísu rétt að við erum háðir ýmsum sveiflum í sambandi við rekstur okkar atvinnuvega. Það er hvort tveggja að rekstrarvörur geta hækkað í verði og höfum við stundum fengið að kenna á því eða að okkar framleiðsluvörur lækka í verði. En þetta er ekkert sérstakt í sambandi við okkar atvinnuvegi. Þetta er ekkert sérstakt í sambandi t. d. við framleiðslu á sjávarafurðum og sölu á þeim á erlendum mörkuðum. Þetta gerist almennt í framleiðslu iðnaðarvara. Stundum er þar um mikla sölu-

kreppu að ræða, offramleiðslu á ýmsum iðnaðarvörum, eftir því hvernig hefur verið staðið að framleiðslunni á hverjum tíma og eftir því hverskonar efnahagssveiflur ganga yfir í markaðslöndunum. Þetta gerist í sambandi við framleiðslu á landbúnaðarvörum í öðrum löndum, og þetta er hið almenna. Það er síður en svo að reynslan sýni að okkar atvinnuvegir séu bundnir við óhagstæðari eða meiri sveiflur en aðrir atvinnuvegir eru almennt.

Hin mikla röksemd fyrir því að við ættum að snúa okkur að stóriðju og sérstaklega stóriðju í fylgd með útlendingum til þess að öðlast efnahagslegt öryggi, sú röksemd fær ekki staðist. Það er reynslan búin að sýna okkur. Sú reynsla kemur m. a. fram í sambandi við járnblendiverksmiðju á Grundartanga.

Hin aðalröksemdin, sem uppi var fyrir því að rétt þætti að ráðast í byggingu járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, var að við þyrftum á því að halda að selja allmikið af þeirri raforku, sem við ættum yfir að ráða, til einhvers aðila sem gæti gert sér gagn úr þessari raforku. En þá kemur upp spurningin, hvernig eigi að fara með þessa raforku nú, fyrst menn þurftu endilega að ráðast í byggingu járnblendiverksmiðju til þess að geta afsett þetta umframrafmagn. Hvað gerist nú ef horfið verður frá byggingu þessarar verksmiðju eða framkvæmdum í sambandi við hana verður frestað um nokkur ár? Þá gera menn það sem menn höfðu einmitt reiknað með að gera áður en járnblendiverksmiðjutillögurnar komu upp, þá fara menn þá leið að þeir fresta um 1—2 ár eða svo að kaupa ákveðinn hluta af véla-samstæðunum í Sigöldu. Hún var alltaf byggð upp með það í huga að ef til vill yrði staðið þannig að framkvæmdinni. Síðan verður eflaust staðið þannig að þessum málum að við nýtum þetta rafmagn sjálfir til okkar eigin þarfa, en þær eru á mörgum sviðum. Ég býst við því að það verði kannske til þess vitnað að í samningunum um járnblendiverksmiðju komi það fram að járnblendifélagið sé skyldugt til þess að kaupa ákveðinn hluta af þessari raforku sem forgangsorku, hvort sem verksmiðjan kemst upp á réttum tíma eða ekki. Það er rétt, það mun vera ákvæði um þetta í samningunum. En þetta ákvæði eins og önnur í samningum við útlendinga reynist ekki haldgott þegar á að taka á því. Þeir Union Carbide-menn losa sig tiltölulega auðveldlega út úr þessum vanda. Í fyrsta lagi benda þeir á að íslendingar eigi 55% í verksmiðjunni og geti því borgað 55% af þessari forgangsorku sjálfir. Við sitjum því uppi með þann vanda sem nemur 55%, en varðandi hinn hlutann, sem er 45% af þessu raforkuverði, munu þeir losa sig mjög auðveldlega undan öllum vanda í sambandi við að greiða þá raforku. Þeir senda okkur merkilegan reikning sem þeir mega senda samkvæmt samningunum, bæði í sambandi við stofnkostnaðarframlag og eins í sambandi við rekstrarframlag, því að þeir borga ákveðinn hluta af rekstrarkostnaðinum með því að senda okkur reikning sem þeir kalla sína miklu sérþekkingu, sem er þegar farið að reyna talsvert á. Þeir senda okkur reikning og segja að þeir greiði samkv. samningunum það, sem vanti á raforkuverðið, með sérþekkingu sinni og þar höfum við fengið greiðsluna á þessu rafmagni. Þetta er allt samkv. samningunum og kostar þá Union Carbide-menn ekki ýkjamikið, en hins vegar mjög vafasamt að við gerum okkur mikið gagn úr þessari sérþekkingu.

Þetta verður ósköp svipað í reynd og nú er að koma á daginn með skattlagningarsamning okkar við álverið í Straumsvík. Menn töluðu hér hátt og mikið um það á sínum tíma að það ætti ekki að sleppa þeim við alla skatta, þeir ættu að borga skatta, að vísu væri búið að leggja alla venjulega skattlagningu á fyrirtækjum hér á landi í einn skatt, svonefnt framleiðslugjald. Og það var ekki aðeins reiknað út hvað þessi skattur ætti að vera mikill á ári. Þá var sú aðferð fundin upp, þegar var verið að sannfæra menn um álverksmiðjusamninginn, að reikna út allar upphæðir sem áttu að koma til okkar, ekki miðað við ársgrundvöll eins og nú er oft talað um, heldur aldrei minna en yfir 25 ára tímabil sem var samningstíminn. Þannig fengu menn út býsna laglegar upphæðir á að sjá. Þetta framleiðslugjald átti auðvitað að gefa okkur allmiklar tekjur. En nú hefur komið í ljós að vegna þess að þeir álverksmiðjumenn tapa alltaf á reikningum, þá greiða þeir okkur þetta framleiðslugjald á svo sérstakan hátt að það jafngildir í rauninni sáralitlu gjaldi. Hafa stjórnvöld þurft að glíma við að fá leiðréttingu á þessu, eins og fram mun koma hér þegar það mál verður tekið til umræðu sem einnig er hér á dagskrá þessa dags.

Það er skoðun mín að það hafi þegar komið fram svo alvarlegar aðvaranir í sambandi við járnblendiverksmiðjumálið að það sé réttmætt að það sé allt tekið til nýrrar athugunar, ekki bara í nokkra mánuði og ekki af þessum margumtöluðu sérfræðingum erlendra aðila sem geta auðvitað fundið upp á því að það sé hagkvæmt fyrir þá að eiga þennan samning, en fresta framkvæmdum í eitt ár eða tvö ár ef svo stendur á hjá þeim, heldur eigum við sjálfir að taka þetta til rækilegrar athugunar, skoða málið allt frá byrjun til enda og afgreiða málið aftur að nýju hér á Alþingi. Hér er auðvitað ekki um neitt smámál að ræða. Hér er um að ræða byggingu verksmiðju sem eflaust kostar, miðað við núverandi verðlagningu, 10—11 milljarða króna.

Ég skal svo ekki lengja þessar umræður að þessu sinni meira, en vil vænta þess að hæstv. iðnrh. sjái um að rannsókn á málinu öllu verði tekin upp, Alþingi verði gefinn kostur á því að fylgjast með athugun á málinu og málið verði síðan lagt fyrir Alþingi til nýrrar ákvörðunar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Umræður utan dagskrár.

Jóhann Hafstein: Hæstv. forseti. Það er nú hér í þinghúsinu meðal þingmanna og annarra mjög mikið talað um alvarlega atburði sem átt hafi sér stað fyrir austan land. Ég veit, hæstv. forseti, að það er mjög lítill tími sem þingið hefur nú, og ætlun mín með því að kveðja mér hljóðs utan dagskrár, þar sem ég veit að hæstv. forsrh. og hæstv. dómsmrh. hafa verið mjög bundnir

við það undanfarið að afla nánari upplýsinga um þessa atburði, var aðeins að mega spyrja hæstv. dómsmrh. hvort hann teldi það vera orðið tímabært að gefa þingmönnum og Alþingi upplýsingar um þessa atburði. Ég veit að það mundi verða vel metið af alþm. ef það er þá orðið að hans mati tímabært að gefa okkur frekari upplýsingar.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég verð því miður að staðfesta það, að alvarlegir atburðir hafa átt sér stað í íslenskri landhelgi. Því miður hefur mér ekki borist enn þá skýrsla í hendur um þennan atburð, en eftir því sem ég veit best mun þetta hafa gerst þannig að varðskipið Þór kom að þrem dráttarbátum um 1.2 sjómílur frá landi við eða í mynni Loðmundarfjarðar eða á þeim slóðum. Varðskipið mun hafa hafist handa um að stugga þeim burt og ýtti tveim dráttarbátum á undan sér, en þá gerðist það snögglega að annar þeirra sneri við og stofnaði til áreksturs og stímaði beint á varðskipið, þannig að það gat ekki þar undan komist. Síðan gerðist það, að sá dráttarbáturinn, sem eftir hafði orðið og varðskipsmenn munu sennilega hafa talið að væri eitthvað bilaður, Lloydsman, kom snögglega á eftir og stímaði beint á varðskipið. Og enn gerðist svo það, að annar þeirra, sem voru komnir þá fram fyrir varðskipið eða varðskipið hafði rekið á flótta snerist enn gegn því og stímaði á, þannig að eftir því sem ég veit best áttu sér þarna stað a. m. k. þrjár ástimingar af hálfu dráttarbátanna. Varðskipið, þegar það var komið í þessa klemmu, skaut fyrst púðurskoti eða aðvörunarskoti, og þegar þeir létu sér ekki þar við segjast, þá var skotið einu föstu skoti sem kallað er eða kúlu. Mun það hafa hrifið, ásamt því máske að þá mun flugvélin hafa verið komin á þessar slóðir og verið þarna yfir og annað varðskip ef til vill ekki mjög langt frá, þá munu þeir hafa haldið frá.

Varðskipið Þór leitaði síðan inn á Seyðisfjörð og er þangað komið. Það eru talsverðar skemmdir a. m. k. á Þór, en á meðan ég hef ekki skýrsluna í höndum get ég ekki fullyrt um það nánar hversu miklar þær eru. Meiðsli á mönnum af skipshöfn Þórs munu ekki hafa orðið nema að því er varðar einn mann sem hlaut einhver meiðsli. Ég get ekki heldur sagt um það núna nánar hversu alvarleg þau eru, vona þó að þau séu ekki mjög alvarleg.

Þetta eru þær fregnir sem ég hef þegar fengið af þessum atburði, en brátt mun berast nákvæmari skýrsla um þetta og að sjálfsögðu verður þá gefin út nákvæm fréttatilkynning af þessum atburði.

Þetta er auðvitað atburður sem við hljótum að líta mjög alvarlegum augum, af því að hvað sem allri deilu um fiskveiðimörk líður, þá er þarna um að ræða atburð sem hefur átt sér stað innan hinna elstu landhelgismarka, innan óvefengjanlegra landhelgismarka. Mér er óhætt að fullyrða að ríkisstj. mun taka þetta mál til meðferðar og ræða það og gera ráðstafanir sínar í sambandi við það þegar nánari skýrsla hefur borist.

Ég vil nú ekki, herra forseti, fara að ræða þetta frekar að sinni. Auðvitað höfum við öll mátt reikna með því að til alvarlegra tíðinda drægi í þessum átökum, en hitt er það, sem kemur manni á óvart, að þetta skuli eiga sér stað á þessum stað, svo að segja uppi í landssteinum, ef það er rétt, sem ég dreg ekki í efa, sem ég hef hér sagt og hef eftir þeim skeytum sem þegar hafa borist um þennan atburð.

Ég veit að allir þingmenn munu líta þennan atburð mjög alvarlegum augum og munu senda skipshöfn varðskipsins kveðjur. Ég hygg að þeir á varðskipinu hafi eftir atvikum ekki getað brugðist við á annan hátt en þeir gerðu undir þessum kringumstæðum.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. dómsmrh. fyrir það, að hann skuli veita Alþingi svo fljótt þær upplýsingar sem fyrir liggja um þann atburð sem gerst hefur. Það er augljóst að hér er um mjög alvarlegt atvik að ræða, hvernig sem á það er litið. Eins og hæstv. ráðherra sagði er það algjörlega sérstætt að þetta gerist innan landhelgi, ekki aðeins innan fiskveiðilögsögu, heldur innan óumdeildrar landhelgi Íslands. Þar af leiðandi er þetta mál sérstaks eðlis og ótrúlegt að andstæðingar okkar voga sér að gera slíkt.

Ég vil taka sterklega undir orð hæstv. ráðherra þegar hann lýsti því að við sendum héðan frá Alþingi kveðjur okkar til skipshafnar varðskipsins, látum í ljós þá von að þar séu allir heilir og þökkum þeim frammistöðu þeirra, sem við treystum að hafi verið eins góð og hún gat verið.

Ég vil fyrir hönd míns flokks lýsa því yfir, að við sem fyrr í málum sem þessu stöndum að baki ríkisstj. og væntum þess að það verði brugðist við þessu á jafnalvarlegan hátt og tilefni er til og að fengnum öllum upplýsingum gerðar þær gagnráðstafanir sem réttar eru taldar og við ítrastar getum gert eftir þetta atvik.

Jóhann Hafstein: Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þær upplýsingar sem hann hefur gefið okkur. Ég skil alveg að hann óski ekki eftir að ræða að svo stöddu meira um þetta mál nú fyrr en nánari upplýsingar eru fram komnar. Ég tek undir orð hans og hv. þm. Benedikts Gröndal um að við þm. vonum að varðskipsmönnum líði nú öllum vel og að ekki hljótist frekari slys af þessari meinbægni í okkar landhelgi sem er ekki svo lítil eins og allir hv. þm. gera sér fyllilega grein fyrir.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég vil taka undir góðar óskir til varðskipsmanna og þakklæti til þeirra sem hér hefur fram komið. Ég tel að þeir hafi yfirleitt unnið verk sitt mjög vel, og þeir eiga þakkir skildar fyrir.

En í sambandi við þær upplýsingar, sem hér hafa verið gefnar, tel ég að hér sé um svo alvarlega atburði að ræða að það beri nú þegar að

kalla saman fund í utanrmn. Alþ. og ræða mótaðgerðir af okkar hálfu. Eg tel að það megi ekki dragast lengur en þegar hefur gerst að við slítum formlega stjórnmálasambandi við Bretland. Það þýðir ekkert að tala neina tæpitungu við þá aðila sem við eigum þarna í höggi við. Þeir verða að taka afstöðu okkar alvarlega. Við eigum þegar í stað að kalla sendiherra okkar heim frá London, og við eigum þegar í stað að óska eftir því að breski sendiherrann víki héðan og fari til síns heimalands. Eg tel líka að það sé útilokað með öllu, eftir að atburðir af þessu tagi hafa gerst, að utanrrh. okkar geti verið þátttakandi í fundi á vegum Atlantshafsbandalagsins án þess að rísa þar upp og mótmæla þessu á þann hátt einan sem þeir aðilar í því bandalagi skilja, og það er að þeim verði gert ljóst að í slíku bandalagi geti Ísland ekki verið eftir að eitt af bandalagsríkjunum sendir herskipaflota á hendur okkur og beitir þeim brögðum hér sem jafngilda í rauninni alveg hreinni innrás. Eftir að þeir hafa brotist inn í hina almennu landhelgi með ofbeldisaðgerðir þar, þá jafngildir það að fullu og öllu að þeir hefðu sett hér menn á land til þess að taka stjórn mála í sínar hendur. Við verðum að gera öllum það ljóst að okkur er alvara í þessu máli. Hér duga ekki nein minni háttar viðbrögð sem yfirleitt eru ekki tekin mjög alvarleg ef við ætlum ekki að kalla yfir okkur það sem verra er.

Ég sem sagt ítreka það, að hæstv. ríkisstj. verði við því að kalla saman fund í utanrmn. Alþ. til þess að fjalla um þessa atburði nú þegar á þessum degi og að þar verði m. a. þessar kröfur mínar, sem ég hef sett hér fram, teknar til sérstakrar afgreiðslu.

Magnús T. Ólafsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. dómsmrh. að hann skuli hafa séð sér fært að skýra Alþ. frá því sem þegar er vitað um þá alvarlegu atburði sem verið hafa að gerast. Ég veit að á þessari stundu eru hugir allra alþm. og þjóðarinnar allrar hjá starfsmönnum Landhelgisgæslunnar og ekki síður hjá fjölskyldum þeirra.

Þessir alvarlegu atburðir eru að mínum dómi það sem reyndar alltaf gat gerst eftir að hin þriðja landhelgisdeila komst á það stig sem ákveðið var af bretum þegar þeir sendu flota sinn inn í fiskveiðilögsöguna. Það, sem ég vil sérstaklega beina til hæstv. dómsmrh. og hæstv. ríkisstj. á þessari stundu, er hvort hún telur ekki að tími sé til kominn og nauðsyn beri til að leitast verði við að koma daglegri umsjón og daglegu eftirliti með því, sem er að gerast, í fastara form en verið hefur. Þarna hljóta eðli málsins samkv. fleiri en eitt rn. að eiga hlut að máli. Og það getur skipt miklu að öll rn., sem þurfa að bregðast við tíðindum af þessu tagi, séu við því búin að undirbúa mál og undirbúa skjót viðbrögð í sameiningu. Við slíkum atvikum þarf ekki aðeins að bregðast hér heima fyrir og í landhelginni, heldur einnig á alþjóðavettvangi. Slík tíðindi hljóta að eiga sér pólitíska eftirleik, og það skiptir miklu máli að við komum upplýsingum okkar á framfæri með eins skjótum hætti og verða má og að viðbrögð okkar dragist ekki á nokkurn hátt vegna þess að meðferð máls taki lengri tíma en þurft hefði. Því beini ég því til hæstv. ríkisstj., hvort hún telur ekki ástæðu til að athuga á hvern hátt hægt er að koma málum svo fyrir að tryggt sé að öll viðbrögð út á við og inn á við séu eins skjót og markviss og ég veit að við erum allir sannfærðir um að þau þurfa að vera, eins alvarlegt og málið er orðið.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Þessi atburður, að þrjú stór bresk skip ráðast með ofbeldi að íslenskum löggæslumönnum innan 3 mílna landhelginnar, þýðir ekkert annað en það að bretar hafa ráðist með ofbeldi á Ísland. Ég get ekki skilið að nokkur skynsamleg rök geti mælt með því að við höldum stjórnmálasambandi eða veitum aðstoð skipum, mönnum eða flugvélum frá slíkum ofbeldislýð.

Ég vissi ekki til þess í síðustu styrjöld að bretar fengju að fara með sjúka menn í land í Þýskalandi þó að þess þyrfti, og ég sé enga ástæðu til að veita þeim nokkra fyrirgreiðslu eða sýna þeim nokkuð annað héðan af heldur en grimmd af sama tagi a. m. k. á meðan slíkt á sér stað innan íslensku territorial-línunnar. Við skulum aðeins athuga hvernig stendur á því að þrír hæggengir, óvopnaðir dráttarbátar leyfa sér að ráðast á eitt stærsta varðskip þjóðarinnar. Þetta mundi ekki nokkrum lifandi sjómanni detta í hug að gera nema með því að þeir vita að íslensku varðskipin eru vopnlaus og varnarlaus. Það er alveg sjálfsögð krafa að varðskipin séu það vel búin vopnum að vopnlausir dráttarbátar þori ekki að reyna slíkar æfingar fyrir innan 3 mílur. Þeir þurfa að hafa slíkar fallbyssur og rakettur og annað það sem nauðsynlegt er, að þeir geti ekki átt von á öðru, slíkir glæpamenn, en að sitja á botni Seyðisfjarðar örfáum mínútum eftir svo asnalegar tilraunir og glæpsamlegar. Varðskipin þurfa að geta ógnað þeim með þeim vopnum sem þeir skilja. Þeim hefði aldrei dottið í hug að leika þennan leik nema þeir vissu að við höfum engar byssur með sprengikúlum, heldur byssur frá því á síðustu öld og kúlurnar í þessar byssur eru fáar og lítill sem enginn lager, enda dunda vélstjórarnir á varðskipunum við að renna þessar kúlur í byssurnar þegar þeir hafa tíma til.

Við þessu dugar ekki aðeins að gefa út einhverja svokallaða nákvæma fréttatilkynningu og að hæstv. ráðh. Einar Ágústsson mótmæli með diplómatískum hætti úti í Brussel slíkri árás. Það á að búa svo um hnútana að við getum sökkt slíkum árásarmönnum á þessum skipum þegar í stað, enda eru þessi skip fullkomlega réttlaus á þessum stað. Ég veit ekki til hvers er verið að hafa varnarlið í landinu ef það grípur ekki einu sinni inn í þegar erlendar stórþjóðir beita okkur hervaldi og ráðast beinlínis á íslendinga innan okkar lögsögu. Þeir geta vissulega samkv. samningi skipt sér af deilunni út af fiskimiðunum. En eðlilegast hefði verið að þeir hefðu skotið þessa dalla niður umsvifalaust ef þeir væru hér til að verja okkur. En þetta sýnir það og sannar einu sinni enn að þeir eru ekki hér til þess að

verja íslendinga eða Ísland. Þess vegna væri það rökrétt afleiðing af viðbrögðum þeirra að þeir yrðu sendir umsvifalaust til síns heima, fyrir utan það sjálfsagða mál að íslendingar slitu stjórnmálasambandi við breta. Það liggur auðvitað í augum uppi og héðan af verður alls ekki undan því vikist.

Að vera í hernaðarbandalagi með slíkri þjóð sem á okkur ræðst er auðvitað fjarstæða. Og það eina, sem hinn ágæti samningamaður, Einar Ágústsson, hæstv. ráðh., ætti að gera í Brussel í dag og næstu daga, það er að tilkynna strax úrsögn okkar úr þessu glæpafélagi. Það hefur komið í ljós að þarna hefur maður slasast, jafnvel þó fréttir séu óljósar, og við getum ekki liðið það að breskir ofbeldismenn vaði hér inn á firði, inn undir þorp Íslands og slasi eða drepi okkar sjómenn. Þeir eru búnir að gera það nógu oft, þessir félagar okkar í NATO. Þess vegna hljótum við að krefjast þess að varðskipin verði nú þegar vopnuð á þann hátt, að enginn leyfi sér slíkan leik, og að við slítum stjórnmálasambandi og göngum nú þegar úr NATO. Mér þætti gaman að heyra ef einhver hv. þm. vildi standa upp og rökstyðja það með hverjum ósköpunum við getum verið í hernaðarbandalaginu eftir þennan atburð.

Efri deild, 22. fundur.

Fimmtudaginn 11. des., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Aukatekjur ríkissjóðs, frv. (þskj. 135). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, er ætlað að koma í stað gildandi laga um aukatekjur ríkissjóðs frá árinu 1965. Á þeim áratug, sem er liðinn frá gildistöku þeirra laga, hafa orðið mjög stórfelldar breytingar á verðlagi og kaupgjaldi hér á landi eins og kunnugt er. Þessar breytingar hafa leitt til þess að verulegt misræmi hefur skapast í gjaldtöku hinna einstöku gjalda samkv. lögunum um aukatekjur ríkissjóðs. Þau gjöld, er miðast við fjárhæð tiltekinna skjala, eða eru á annan hátt tengd fjárhæðum tiltekinna lögskipta, hafa hækkað í samræmi við almenna verðlagsþróun. Á hinn bóginn hafa gjöld, sem bundin eru við tiltekna fjárhæð, í reynd lækkað stórkostlega og standa nú flest þeirra engan veginn undir þeim kostnaði sem leiðir af þeim dóms- og stjórnsýsluathöfnum sem þau eru tengd.

Frv. þetta gerir ráð fyrir nær óbreyttum tekjum ríkissjóðs af þinglýsingu skjala og af skipta- og uppboðsgerðum, en þessir tekjustofnar eru langþýðingarmestu tekjustofnar aukatekjulaganna. Hins vegar er frv. ætlað að skapa svigrúm til að tryggja að ríkissjóður fái jafnan eðlilega greiðslu fyrir þá vinnu og annan kostnað sem leggja verður í í tengslum við dómsmál, gerð og frágang skirteina og skjala og ýmiss konar eftirlitsstörf sem þeim eru tengd. Rétt er að vekja athygli á því, að gert er ráð fyrir að í reglugerð verði tölur einstakra dómsmálagjalda ákveðnar af dómsmrh., en þau gjöld, sem samræma þarf milli rn., svo sem vegna útgáfu skírteina ýmiss konar, verði ákveðin af fjmrh.

Að öðru leyti þarfnast frv. þetta vart skýringa og er skírskotað til grg. og þess sem þar er sagt um einstakar greinar frv.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til að að lokinni þessari umr. verði frv. þessu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Efri deild, 23. fundur.

Fimmtudaginn 11. des., að loknum 22. fundi.

Launaskattur, frv. (þskj. 76, n. 144). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur tekið til athugunar frv. til l. um breyt. á l. nr. 14 frá 15. mars 1965, um launaskatt. Hér er um að ræða að framlengja ákvæði þessara laga, en þau renna út um næstu áramót. N. hefur orðið sammála um að mæla með að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 129, n. 145). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Félmn. hefur athugað frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins, nr. 30/1970. Í frv. felst sú breyting að þóknun til húsnæðismálastjórnar og laun framkvæmdastjórans greiðist úr Byggingarsjóði ríkisins í stað þess að hingað til hefur þetta verið greitt beint úr ríkissjóði. Það mun vera venja yfirleitt um slíkar stofnanir að þóknun til stjórnar og laun framkvæmdastjóra eru greidd af viðkomandi stofnun eins og annar rekstrarkostnaður, þannig að segja má að þarna sé verið að færa þetta til samræmis við það sem gerist annars staðar.

N. mælir með að þessi breyting verði samþ. Fjarverandi afgreiðslu málsins var Steingrímur Hermannsson, en aðrir nm. skrifa undir nál. Helgi Seljan, hv. 7. landsk. þm., skrifar undir með fyrirvara.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég skrifa undir þetta nál. með fyrirvara. Ég sé nú vart ástæðu til þess að vera á móti þessu frv. eða frv.-kríli. Það þykir nú áreiðanlega ekki merkilegt, enda sá hæstv. ráðh. ekki ástæðu til þess að mæla fyrir því í gær eða útskýra hvers vegna þetta væri fram komið. Ég sé ekki heldur ástæðu til þess að vera með þessu frv. sérstaklega. Ég geri mér eiginlega ekki grein fyrir því hvert er mikilvægi þess og þýðing.

Einhvern veginn hef ég það á tilfinningunni að þetta hljóti að vera einn þáttur þeirrar miklu hugsjónar að minnka ríkisumsvifin sem nú er mjög höfð á oddi. Okkur taldist svo til í félmn. í morgun að þau mundu minnka um eitthvað 5 millj. eða svo við þetta merka frv. (**Fjmrh.:** Margt smátt gerir eitt stórt.) Já, hæstv. fjmrh. kann greinilega vel að meta þessar 5 millj. sem hann sleppur þarna við úr ríkissjóðnum, og er ekki nema gott um það að segja að hann skuli láta sér nægja svo lítið. Það kann vel að vera að þetta sé eðlilegra form. En þá um leið kemur auðvitað að því að framlag ríkisins eða ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins er lágt fyrir, 95 millj. líklega á fjárlagafrv., og reikna ég þá með því að þetta framlag lækki um þessar 5 millj. miðað við þetta annars ekki allt of háa framlag. Það skiptir sem sagt engu máli til eða frá hvorum megin þessar 5 millj. liggja eða hvað það er nú í dag. En mig langaði til þess að vita hvort hæstv. félmrh. væri nokkurs staðar hér nálægur. Getur hann ekki verið hér í hliðarherbergi, herra forseti. (**Forseti:** Hann mun vera í húsinu, og það er verið að ná í hann.) Annars er hér svo fritt ráðherraval að þeir koma náttúrlega öllum slíkum aths. á framfæri með glöðu geði, ekki þarf ég að spyrja að því.

Þetta var að vísu um óskylt mál, en gæti sparað mér að gera sérstaka fsp. um þetta tiltekna mál ef hæstv. ráðh. mætti hlýða á þessa stuttu aths., því að mér er nú heldur illa við að tefja þingfund með þessum hætti og þarf þá að spinna upp hér einhverja sögu í ræðustólnum á meðan beðið er eftir hæstv. ráðh. (**Forseti:** Gæti ekki hv. þm. frestað málinu um sinn?) Þetta er svo lítið að ég ætla aðeins að koma því á framfæri. (**Forseti:** Ég vænti þess að ef í nauðir rekur muni hv. þm. láta sér nægja að hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. eru viðstaddir.) Jú, en fyrst hæstv. ráðh. er nú viðstaddur, þá langaði mig til að koma með örstutta aths. varðandi Húsnæðismálastofnun ríkisins, af því að hún er hér til umr. Ég bið hann afsökunar um leið á því að koma fram með hana varðandi þetta mál og ætlast alls ekki til neinna svara af hálfu hæstv. ráðh. varðandi þetta. En þetta er varðandi Húsnæðismálastofnunina almennt.

Ég vildi gjarnan, þótt síðar yrði, fá upplýsingar um kostnað frá svokallaðri tæknideild Húsnæðismálastofnunarinnar vegna hönnunar og eftirlits á leiguíbúðum fyrir sveitarfélögin. Ég hef nefnilega um það staðfestar tölur að samtals muni kostnaður vegna þessarar þjónustu þessarar deildar nema milli 300 og 400 millj. á þessar fyrirhuguðu 1000 íbúðir, þ. e. a. s. á verðlagi dagsins í dag. Ég hef sem sagt fengið staðfesta reikninga bæði frá Egilsstöðum og Hornafirði sem hafa verið sendir þeim fyrir þessa þjónustu, og þessir reikningar sýna að þessi þjónusta, þetta eftirlit, nemur á hverja íbúð í blokk, allar eins vitanlega og því eins ódýrar í hönnun og framast getur verið, — á hverja íbúð milli 300 og 400 þús., líklega nálægt 320 þús. á hverja íbúð. Ég tel að það hafi verið mjög þarft verk að koma þessari þjónustu á, og ég held að hún hafi átt rétt á sér. En mér er sagt að hún hafi bólgnað ótrúlega mikið út og afleiðingin sé þessi, sem nú birtist sveitarfélögunum. Hér er um að ræða, miðað við lánsupphæð í dag, um það bil 200 fullgild lán og það er ekki svo lítið.

Ég vildi nota þetta tækifæri til þess að óska þess við hæstv. ráðh. að hann láti athuga þetta mál rækilega. Ég hef reyndar heyrt utan að mér að rannsókn á þessu sé þegar hafin af hálfu húsnæðismálastjórnar og er vel ef svo er. Hér er um alvarlegt mál að ræða, því að þessi deild innan Húsnæðismálastofnunarinnar átti einmitt að gegna eftirlitshlutverki og sérstaklega að gæta sparnaðar og hagsýni hjá sveitarfélögunum við byggingu þessara íbúða. Ég verð að segja það, að mér finnst ekki vera um fagurt fordæmi að ræða í þessum efnum samkv. þessum staðfestu tölum sem ég hef fengið.

Ég vildi aðeins koma þessu að hér, þótt óskylt sé, og biðja afsökunar á því að fara svo langt út fyrir efnið. En það sparar mér fsp. til hæstv. ráðh. sem beðið hefur verið um bæði frá Egilsstöðum og Höfn í Hornafirði, og ég veit að hæstv. ráðh. mun ekki taka illa upp þó að ég komi því hér að, enda býst ég ekki við neinum svörum hér að lútandi nú á þessu stigi. Þetta er aðeins ábending sem væri gott að fá upplýst einhvern tíma síðar.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Svör hef ég að sjálfsögðu ekki á reiðum höndum við fsp. hv. þm., en það er sjálfsagt að kanna það mál, sem hann hreyfði, og mun verða gert.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9:3 atkv.
2. gr. samþ. með 9:3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11:1 atkv.

Kaupstaðarréttindi til handa Njarðvíkurhreppi, frv. (þskj. 117, n. 147). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Axel Jónsson): Herra forseti. Ég vísa til framsögu 1. flm. frv. nú fyrir skömmu svo og grg. sem fylgir frv. Félmn. þessarar hv. d. hefur tekið málið til meðferðar, eins og fram kemur á þskj. 147, og leggur til að það verði samþ.

Við afgreiðslu á fundi í n. var einn fundarmanna, Steingrímur Hermannsson, fjarverandi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Ríkisreikningurinn 1973, frv. (þskj. 36, n. 142). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur tekið til athugunar frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1973. N. hefur orðið sammála um að mæla með samþ. frv.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Eignarnámsheimild í hluta Ness í Norðfirði, frv. (þskj. 108, n. 143). — 2. umr.

Frsm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Félmn. hefur athugað frv. til l. um eignarnámsheimild fyrir Neskaupstað á hluta jarðarinnar Ness í Norðfirði með hjáleigunum Bakka og Naustahvammi. Frv. er flutt af þm. Austurlands í Nd. að beiðni bæjarstjórnarinnar í Neskaupstað. Bærinn hefur leitað eftir kaupum á þessu landi, en samningar ekki tekist, enda er hér um marga aðila að ræða sem erft hafa litla landskika úr jörðinni Nesi sem er að 9/10 hlutum í eign bæjarins nú þegar. Þess má geta að allt landið er innan kaupstaðarmarkanna og byggð komin löngu þar inn eftir sem hjáleigurnar áður voru.

Félmn. mælir eindregið með samþ. frv., en fjarverandi afgreiðslu málsins var Steingrímur Hermannsson.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. um þetta mál, en hér kemur fram í grg. að bæjarstjórn hefur gert ítrekaðar, en árangurslausar tilraunir til þess að fá umrætt land keypt með frjálsum samningum. Ég held að það fari ekki fram hjá neinum að hér er verið að taka af fólki með eignarnámsheimild, sem sagt valdi, eign sem það vill ekki láta af hendi. Ég skal ekki segja hvort það er réttlætanlegt í þessu tilfelli eða ekki, en ég hefði gjarnan viljað sjá hér í nál. eitthvað frá umræddum eigendum. Ég harma það að slíkar aðfarir skuli eiga sér stað án þess að álit eigendanna komi fram. Ég mótmæli því.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Kaupstaðarréttindi til handa Garðahreppi, frv. (þskj. 65, n. 146). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Axel Jónsson): Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa um þetta langt mál. Ég vísa til þeirrar framsögu sem nýlega var flutt fyrir því máli sem við vorum að afgreiða hér fyrr á fundinum um kaupstaðarréttindi til handa Njarðvíkurhreppi, sömu rök giltu fyrir þetta sveitarfélag. Þá vísa ég og til grg. sem fylgir frv.

Málið hefur verið afgr. í hv. Nd. Félmn. þessarar hv. d. hefur tekið málið til meðferðar, eins og fram kemur á þskj. 146. Leggur n. til að það verði samþ. óbreytt, en fjarstaddur afgreiðslu málsins var Steingrímur Hermannsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 13 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Vísitala byggingarkostnaðar, frv. (þskj. 141). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 24. fundur.

Fimmtudaginn 11. des., að loknum 23. fundi.

Launaskattur, frv. (þskj. 76). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 129). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Kaupstaðarréttindi til handa Njarðvíkurhreppi, frv. (þskj. 117). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 27. fundur.

Fimmtudaginn 11. des., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Vísitala byggingarkostnaðar, frv. (þskj. 141). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Álbræðsla við Straumsvík, frv. (þskj. 138). — 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Forseti. Þegar samningar um álverið voru gerðir 1966 stóðu íslendingar á tímamótum um stefnumörkun í tveimur stórmálum, annars vegar hvert skyldi stefna um virkjanir hér á landi og hins vegar hverjar leiðir skyldi fara til þess að reyna að renna fleiri stoðum undir atvinnulíf okkar íslendinga. Varðandi virkjanir og orkumál þá var á þessum tíma að mestu lokið virkjun Sogsins, sem var stórvirki á sínum tíma. Niðurstaðan varð sú að ráðast í virkjun Þjórsár við Búrfell og um leið að semja við svissneska álfélagið um byggingu álvers. Þarna voru sameinuð þessi sjónarmið: annars vegar að ráðast í stórvirkjun sem hefði verið lítt möguleg ef ekki væri um leið um stóriðju að ræða sem keypti verulegan hluta orkunnar og hins vegar stórt atvinnufyrirtæki sem bæði mundi útvega fjölda manns vinnu og afla okkur mikils gjaldeyris.

Á þessum grundvelli voru þessir samningar gerðir, og það er óhætt að slá því föstu að með þessum hætti var hægt að tryggja almenningi ódýrara rafmagn heldur en ella hefði verið hægt, ef ráðist hefði verið í smærri virkjanir.

Nú þegar liðin eru tæp 10 ár frá undirskrift þessa samnings er rétt að renna augum yfir þýðingu hans og áhrif fyrir íslenskt þjóðfélag.

Á þessu tímabili hafa hreinar gjaldeyristekjur af álverinu orðið samtals 68 millj. Bandaríkjadala. Jafnvirði þeirra í íslenskum kr. er 6000 millj. kr. á gengi hvers tíma. Þar af eru hreinar gjaldeyristekjur vegna rekstrar rúmlega 51 millj. dala. Tekjur skiptast í þrjá meginflokka: framleiðslugjald, raforkusala og vinnulaun og aðkeypt þjónusta.

Um 650 manns starfa nú að staðaldri hjá Íslenska álfélaginu. Þar af eru aðeins þrír erlendir ríkisborgarar.

Sölu raforku á árunum 1969, þegar verksmiðjan hóf starfsemi, til 1974 nam tæplega 14 millj. Bandaríkjadala eða 1265 millj. ísl. kr. Á þessum sömu árum hefur hún greitt um 500 millj. kr. í framleiðslugjald.

Á síðustu árum hafa orðið mikil umskipti á orkumörkuðum heimsins, fyrst og fremst vegna hinnar miklu verðhækkunar á olíu er hófst haustið 1973. Þegar samningurinn um álverið var gerður var hins vegar nokkuð stöðugt verðlag á orku og áli og gert ráð fyrir því að það stöðuga verðlag héldist í meginatriðum og samningurinn við það miðaður, m. a. varðandi ákvörðun um rafmagnsverðið. Eftir hin snöggu umskipti varðandi orkuverð þótti eðlilegt að teknar væru upp viðræður við svissneska álfélagið sem miðuðu að því að fá breytingu fyrst og fremst á rafmagnsverðinu. Það var haustið 1973 sem þáv. iðnrh., Magnús Kjartansson, átti viðræður við fulltrúa álfélagsins um breytingar á samningsákvæðum um rafmagnsverð, en þær viðræður leiddu ekki til árangurs.

Rétt eftir stjórnarskiptin á s. l. hausti — eða í sept. 1974 — hóf ég viðræður við fulltrúa svissneska álfélagsins og ÍSALS um þessi mál. Þeim var haldið áfram í okt. og síðan var næsti fundur haldinn í jan. Viðræðunefndinni um orkufrekan iðnað var falið að fylgja þessu máli eftir í nánu samráði við iðnrn. og ríkisstj. Hefur hún gert það ötullega. Í viðræðunefndinni um orkufrekan iðnað eru þeir dr. Jóhannes Nordal, formaður, Ingi R. Helgason hrl., Ingólfur Jónsson alþm., Ragnar Ólafsson hrl., Sigþór Jóhannesson verkfræðingur og Steingrímur Hermannsson alþm., en n. til aðstoðar hafa verið einkum Garðar Ingvarsson hagfræðingur og Hjörtur Torfason hrl.

Niðurstaðan af þessum viðræðum, sem nú hafa staðið nær óslitið í rúmt ár, eru þær sem liggja fyrir í því frv. sem hér hefur verið lagt fyrir Alþ. Með því er farið fram á að Alþ. staðfesti samkomulag um breytingar sem felast í þeim samningum er fylgja þessu frv. Margar af þeim breytingum eru formsatriði sem einna mest leiðir af ákvæðunum um stækkun álversins sem ég mun koma að síðar. En ef dregin eru saman meginatriði málsins, þá var að því stefnt með þessum samningsviðræðum að fá hærra rafmagnsverð en samið hafði verið um áður, að auka heildartekjur íslendinga af álverinu og gera þær öruggari, að leysa ýmis ágreiningsmál sem upp höfðu komið, sérstaklega í sambandi við framleiðslugjaldið, og reyna að koma í veg fyrir eða draga úr hættu á ágreiningsefnum. Þá er að því stefnt að gera þessi mál einfaldari í framkvæmd en þau höfðu reynst og taka til athugunar stækkun á álverinu, þ. e. a. s. stækkun á öðrum kerskálanum, þannig að hann yrði svipaður og hinn fyrsti.

Eg skal fyrst víkja að rafmagnsverðinu. Í núgildandi samningi er svo ákveðið að verð fyrir hverja kwst. rafmagns skuli vera 3 mill, en mill er eins og kunnugt er þúsundasti hluti af Bandaríkjadal. Þetta verð skyldi gilda frá byrjun og til 1. okt. 1975, en þá skyldi verðið breytast úr 3 mill niður í 2.5 mill og standa þannig fram til 1. okt. 1984. Eftir það skyldi verðið vera áfram 2.5 mill, en þó að viðbættri hækkun sem kynni að leiða af breytingum á rekstrarkostnaði Búrfellsvirkjunar og skyldra varavirkja. Um þessi verðákvæði var samið til 25 ára.

Þegar viðræður voru teknar upp við svissneska álfélagið um breytingar á raforkuverðinu, þá lá það fyrir og var á það bent af viðsemjanda að samningurinn væri bindandi og þeim bæri engin skylda til að breyta þar frá, þó að orkuverð á heimsmarkaði hefði breyst, fremur en þeir hefðu átt rétt á lækkun rafmagnsverðs frá því, sem samningurinn sagði til um, ef orkuverð hefði lækkað. Þrátt fyrir þetta hefur tekist

að fá samkomulag um verulega hækkun á orkuverðinu í sambandi við ýmis önnur atriði, eins og breytingar á fyrirkomulagi skattgjaldsins og stækkun álversins.

Í þessum samningsdrögum er gert ráð fyrir að nýtt orkuverð gildi frá 1. okt. 1975, þ. e. frá þeim degi þegar það átti samkv. samningnum að lækka úr 3 mill í 2.5. Samningurinn felur það í sér að sú lækkun komi ekki til framkvæmda, heldur skuli rafmagnsverðið 3 mill gilda til loka ársins 1975. Við næstu áramót skal það hækka í 3.5 mill um 6 mánaða skeið, en frá 1. júlí næsta ár, 1976, á það að hækka upp í 4 mill. Orkuverðið er þá orðið frá 1. júlí 1976 60% hærra en það mundi vera samkv. gildandi samningi, úr 2.5 mill upp í 4 mill. Síðan mundi það frá 1. jan. 1978 fylgja álverði eftir sérstökum reglum, þannig að fyrir hvert cent, sem eitt pund af áli hækkar skuli orkuverðið hækka í vissu hlutfalli, um vissa hundraðstölu. Hér er því um að ræða verulega hækkun á orkuverðinu sem kemur þegar til framkvæmda og fer síðan hækkandi stig af stigi á næstu árum. Annað, sem er mjög mikilsvert, er, að síðan er rafmagnsverðið tengt álverði, þannig að þegar álverð hækkar fylgir orkuverðið þar með til hækkunar í ákveðnu hlutfalli. Reynslan hefur orðið sú á undanförnum áratugum, — þegar ekki er tekinn samanburður milli tveggja til þriggja ára, heldur litið yfir lengra tímabil, — að verð á áli hefur að meðaltali hækkað um 2.5—5% á ári. Eru settar upp töflur, sem fylgja þessu frv., til að sýna hvernig bæði orkuverð og skattur koma út miðað við mismunandi hækkun álverðs á þeim tíma sem eftir er af samningstímabilinu.

Þá er gert ráð fyrir því í samkomulaginu, að ÍSAL stækki verksmiðjuna þannig að það fullgeri hinn svokallaða annan kerskála, sem þýðir það að framleiðslan mundi aukast á ári um 10 700 tonn, en til þess þarf rafafl 20 mw. Þessi 20 mw. skiptast þannig að 8 mw. yrðu forgangsorka, en 12 mw. afgangsorka. Þetta tilboð til ÍSALS gildir til ársloka 1979, en ÍSAL verður að tilkynna Landsvirkjun með árs fyrirvara ef fyrirtækið hyggst nota þennan rétt sinn til kaupa á þessari orku. Sú tilkynning yrði því að berast fyrir árslok 1978, en það er rétt að taka það fram, að gert er ráð fyrir að þessi heimild verði notuð og í þessa stækkun álversins ráðist.

Varðandi þessi tvö atriði, breytingu á rafmagnsverðinu og stækkun verksmiðjunnar, er rétt að rekja hér fáein atriði úr umsögn Landsvirkjunar, sem einnig eru prentuð sem fskj. með frv. Þar segir svo m. a., með leyfi forseta:

„Verð á raforku til ÍSAL hækkar mjög verulega frá núverandi samningi. Þannig er gert ráð fyrir að núverandi verð, 2.5 mills, hækki þegar í stað í 3 mills og strax í byrjun næsta árs upp í 3.5 mills, sem jafnframt verður lágmarksverð á raforku það sem eftir er samningstímans. Síðan á miðju ári 1976 hækkar verðið upp í 4 mills og nemur þá hækkunin frá núverandi samningi 60%."

Síðan segir í þessari umsögn Landsvirkjunar:

„Líklegt þykir að heimsmarkaðsverð á áli hækki á bilinu 2.5—5% á ári yfir samningstímabilið og er því mjög mikilvægt að fá þetta ákvæði inn í samninginn, þar sem öll líkindi eru á því að það leiði af sér verulegar hækkanir á raforkuverðinu í framtíðinni. Þetta er mikil bót á núverandi samningi sem ekki hefur teljandi verðhækkunarákvæði á raforku."

Landsvirkjun telur einnig að þessi samningur muni leiða til þess að hún þyrfti ekki nú í byrjun næsta árs að fara fram á hækkun á orkuverði til almennings sem Landsvirkjun hefur talið óhjákvæmilegt að gera ella, en mundi falla frá og telja óþarft ef tekjuauki kæmi frá álverinu samkv. þessum samningi.

Varðandi stækkun álversins segir Landsvirkjunarstjórn:

„Samningsuppkastið gerir ráð fyrir lengingu seinni kerskála ÍSAL til jafns við þann fyrri. Þessi lenging gerir það að verkum að Landsvirkjun getur selt sem svarar 20 mw. af afli í viðbót við þau 140 mw. sem núverandi samningur gerir ráð fyrir. Af þessum 20 mw. verður hægt að selja 60% af samsvarandi orku sem afgangsorku með sömu skilmálum og í samningnum við járnblendiverksmiðjuna. Þessi aukna orkusala er Landsvirkjun mjög hagstæð. Forgangsorkuverð í ofangreindri viðbótarsölu samsvarar rúmum 10 mills á kwst., sem er hliðstætt eða betra en það verð sem samdist um til járnblendiverksmiðjunnar."

Að lokum segir svo í umsögn Landsvirkjunar:

„Þessi aukna orkusala skerðir ekki öryggi orkuafhendingar til almenningsveitna."

Með þessum samningsdrögum er framleiðslugjaldinu einnig breytt verulega. Því er breytt frá núgildandi ákvæðum í lágmarksskatt sem greiða ber mánaðarlega á skattárinu og er lágmarksskatturinn eða grunntaxti gjaldsins 20 dalir á tonn eða sem svarar 1.5 millj. dala á ári við fulla framleiðslu, þ. e. 75 þús. tonn, án stækkunar. Ef álverð hækkar umfram 40 cent á pund, — en það mun nú vera 39 cent, — þá fer framleiðslugjaldið hækkandi eftir ákveðnum stiga, sem er birtur og rakinn í frv. og fskj. þess, þannig að ef álverð hækkar t. d. úr 40 upp í 50 cent á pundið, þá hækkar framleiðslugjaldið um 90% af þeirri hækkun. Það hlutfall fer svo lækkandi eftir því sem verðlækkun á áli verður meiri. Um framleiðslugjaldið gildir sú hámarkstakmörkun samkv. samningsdrögunum að hækkun þess vegna stigbreytinga má ekki leiða til skattlagningar umfram 55% af nettótekjum ÍSALs, en í gildandi samningum er hámarkið 50%. Þá hefur verið tekið upp nýtt tekjulágmark, þannig að framleiðslugjaldið í heild má aldrei vera lægra en 35% af nettótekjunum.

Í sambandi við framleiðslugjaldið er rétt að taka það fram, að lögð var áhersla á það af Íslands hálfu að tryggja lágmarkstekjur af framleiðslugjaldinu samtímis því sem tryggð yrði viðunandi hlutdeild í hagnaði. Hið nýja kerfi, sem tryggir verulegar lágmarksgreiðslur ÍSALs, gerir jafnframt ráð fyrir þessari sérstöku tengingu framleiðslugjaldsins við hækkandi álverð og ætti þetta hvort tveggja að tryggja að því markmiði yrði náð sem nefnt var.

Þau ár, sem álverið hefur starfað, hefur ágreiningur risið um svokallaða skattinneign. Þegar fastagjaldið eða framleiðslugjaldið hefur verið greitt og síðan er afkoma fyrirtækisins gerð upp eftir árið, þá er samkv. gildandi samningi

svo ákveðið að heildargjaldið skuli þó aldrei vera hærra en 50% af nettóhagnaði fyrirtækisins, þó með vissum lágmarksákvæðum. Við þetta hefur sum árin skapast inneign, skattinneign, og það hefur verið og er ágreiningur milli þeirra lögfræðinga, sem fjallað hafa um málið af okkar hálfu, og lögfræðinga svissneska álfélagsins um hvernig beri að túlka samningsákvæði varðandi þessa inneign, sérstaklega hvað gera skuli við þá skattinneign sem kann að verða er 25 ára samningstímabilinu lýkur. Með þessum nýja samningi er hvort tveggja, að samið er um ákveðna lausn á þeim vanda, sem þegar hefur skapast í þessu efni, og auk þess reynt að koma í veg fyrir slíkan ágreining framvegis með skýrari og einfaldari ákvæðum.

Í töflum, sem fylgja frv., eru gerðar áætlanir um greiðslur verksmiðjunnar vegna orku og skatta fyrir 5 ár, fyrir 10 ár og fyrir 19 ár og miðað við mismunandi forsendur, eftir því hver hækkun er áætluð á álverði og hvort reiknað er með stækkun verksmiðjunnar. Ég skal ekki fara frekar út í þær töflur.

Þegar litið er á þessi samningsdrög í heild, þá held ég að unnt sé að fullyrða að þau leiði til meiri og öruggari tekna í heild fyrir íslendinga heldur en ef áfram stæðu óbreytt samningsákvæði þau sem nú gilda. Auk þess hefur þessi samningur það í för með sér að eytt er vissum ágreiningsmálum og ýmislegt gert einfaldara í framkvæmd.

Ég vænti þess, að þessu frv. verði vel tekið í hv. d. og að dm. fallist á það að hér sé um hagsbót að ræða fyrir landið.

Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og iðnn.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég vil fyrst víkja nokkuð að afgreiðslu á þessu máli. Hér er um æðistórt mál að ræða og margþætt. Það kemur nú fram á Alþ. á síðustu starfsdögum þingsins fyrir jólaleyfi. Er því augljóslega mjög knappur tími til þess að afgreiða málið á þeim fáu starfsdögum sem eftir eru til jóla, og ég tel að það sé í rauninni alveg útilokað að koma því við án þess að misbjóða hv. Alþ. Það er vitanlega eðlilegt þegar um er að ræða jafnumfangsmikið mál og þetta að nokkur tími gefist til þess fyrir þm. að kynna sér málið og fyrir þingnefndir að fjalla um það og fá allar þær upplýsingar sem snerta málið. Ég hefði því viljað vænta þess að ekki yrðu gerðar tilraunir til þess að knýja fram afgreiðslu á þessu máli nú fyrir jólahátíð. Ég get ekki séð að það skipti máli á neinn hátt. Hér er um það að ræða að samningur hefur verið gerður á milli íslenskra stjórnvalda og álfélagsins og leitað er eftir staðfestingu Alþ. á þessum samningi. Gert er ráð fyrir því í þessum samningi að hann skuli efnislega gilda frá 1. okt. á þessu ári, svo að ég get ekki séð að það hafi nein sérstök áhrif í sjálfu sér hvort hann verði staðfestur nú fyrir jól eða endanleg afgreiðsla fari fram eftir jólaleyfi. Verði um það að ræða að samningurinn fái ekki fullgildingu Alþ., þá mundi það væntanlega alveg eins gerast nú fyrir jól eins og síðar — eða þá hitt, að hann fái jafnt staðfestingu Alþ. nú fyrir jól eins og síðar. En hér er aðeins um það að ræða hvort á að gefa Alþ. eðlilegan tíma til þess að fjalla um málið.

Í trausti þess að málið fái eðlilega afgreiðslu og sú n., sem á að fjalla um það, fái nægan tíma til að leita þeirra upplýsinga, sem skiljanlega er óskað um þetta mál, skal ég ekki tala langt mál að þessu sinni, en drepa á nokkur þau atriði sem mér þykja athyglisverðust í sambandi við þessa samningsgerð eða þessa endurskoðun sem nú hefur farið fram á fyrri samningum við álfélagið.

Það er ljóst að það eru þrjú meginatriði sem þetta samkomulag fjallar um. Í fyrsta lagi er gerð endurskoðun á raforkusölusamningi Landsvirkjunar til álversins. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að breyta gildandi samkomulagi við álverið um skattgjaldsgreiðslu. Og í þriðja lagi er svo gert ráð fyrir því að heimila stækkun verksmiðjunnar og semja þá um viðbótarorkusölu til verksmiðjunnar. Þetta eru þau þrjú atriði sem þetta samkomulag fyrst og fremst fjallar um.

Það hefur auðvitað ekki farið fram hjá neinum að almenn óánægja hefur verið með eldri samninginn hvað varðar rafmagnsverð til þessarar verksmiðju. Mönnum hefur orðið æ betur ljóst að orkusölusamningurinn við álverið var og er mjög óhagkvæmur. Raforkuverðið til þessarar verksmiðju hefur verið langt undir því sem hefur verið nauðsynlegt fyrir okkur og hefur verið réttmætt og augljóslega langt undir framleiðslukostnaðarverði, eins og bent var á á sínum tíma, þegar þessi samningur var gerður. En þá var því haldið fram af þeim sem stóðu að samningsgerðinni að þó að viðurkennt væri að raforkuverðið væri tiltölulega lágt, þá mundi það þó standast framleiðslukostnaðarverð. En annað hefur komið í ljós. Og það er síður en svo að það sé rétt, sem hæstv. iðnrh. sagði hér, að þessi samningur við álfélagið um raforkusölu hafi orðið til þess að tryggja íslendingum lægra raforkuverð til þessa. Leikur enginn vafi á því að við höfum þurft að borga hærra raforkuverð en við hefðum annars þurft. Það hefur þurft að leyfa hvað eftir annað hækkun á heildsöluverði á raforku vegna þess að kostnaður allur í rekstri Landsvirkjunar hefur farið sívaxandi, en tekjur af raforkusölu til álversins hafa verið svo lágar að það hefur orðið að velta vaxandi kostnaði yfir á aðra raforkusölu, sölu til almennings í landinu.

Nú stóðu menn enn á ný frammi fyrir því að Landsvirkjun krafðist þess að fá enn heimild til þess að hækka heildsöluverð á rafmagni til almennra nota í landinu. En eins og kemur fram í umsögn Landsvirkjunar um þetta mál, þá telja stjórnendur Landsvirkjunar að þeir geti fallið frá þessari kröfu sinni um hækkun á almennu orkuverði að þessu sinni vegna þeirra breytinga sem gerðar eru á eldri samningi um raforkusölu til álversins. Það út af fyrir sig var þarft atriði, að reyna að knýja fram breytingar á þessum orkusölusamningi við verksmiðjuna. Það þurfti að reyna að gera það og nota alla möguleika til þess, og það hefur auðvitað verið vilji allra, sem með þessi mál hafa haft að gera, að reyna að koma þarna fram breytingum.

Eins og hæstv. iðnrh. minntist á var þetta mál tekið upp í tíð fyrrv. ríkisstj. af þáv. iðnrh. og reynt að knýja á um það að eigendur verksmiðjunnar féllust á að taka þennan orkusölusamning til endurskoðunar. En það tókst ekki þá. Síðan hélt núv. ríkisstj. þessu verki áfram og niðurstaðan liggur nú fyrir í þeim samningi sem gerður hefur verið.

Það er enginn vafi á því að nýi samningurinn gerir ráð fyrir nokkurri hækkun á raforkuverði að því leyti til að Landsvirkjun fær hærra raforkuverð en hefði orðið eftir gamla samningnum. Hitt er svo aftur mjög vafasamt, hvort sú hækkun, sem hér er samið um, er réttlát þegar á allt málið er litið. Það er rétt að samkv. eldri samningi voru þau ákvæði í gildi að raforkuverðið átti að lækka miðað við 1. okt. á þessu ári úr 3 mill niður í 2.5 mill. En raunverulega var það svo, við minnumst þess sem hér vorum þegar þetta mál var samþykkt á Alþ. á sínum tíma, 1966, — raunverulega var það svo að það var í upphafi samið um raforkuverðið 2.5 mill. En það var á síðustu stundu við afgreiðslu málsins gerð ákveðin millifærsla og verðið ákveðið þetta tímabil, fram til 1. okt. 1975, 3 mill, sem sagt ákveðið nokkru hærra en raunverulega hafði verið samið um. Hins vegar var þá samið um nokkru lægra skattgjald verksmiðjunnar á móti. Samkv. samningunum átti því nú að færa raforkuverðið niður í 2.5 mill, raunverulegt grundvallarverð sem samið var um á raforkunni til álfélagsins. Það hefði að sjálfsögðu verið óþægilegt fyrir Landsvirkjun sem situr uppi með þennan stóra samning og þetta óhagstæða verð.

Einnig er gerð hér nokkur breyting á skattgjaldi verksmiðjunnar, framleiðslugjaldinu, og er sennilegt að þau ákvæði, sem nú eru tekin upp, veiti a. m. k. meira öryggi en þau sem voru í eldri samningi. Hitt er aftur vafasamara, hvort þetta skilar meira skattgjaldi en hið fyrra eða hversu mikið það nemur. Það kemur kannske fram við frekari athugun á málinu. En það hefur sem sagt komið í ljós að miklir ágallar voru á eldri samningi varðandi skattgreiðslu þessa fyrirtækis, því að það var knúið fram á sínum tíma að fyrirtækið átti ekki að greiða skatta á hliðstæðan hátt og íslensk fyrirtæki verða að gera, heldur var búið til ákveðið skattgjald fyrir þessa verksmiðju sem auðvitað þýddi miklu mun lægri skattgreiðslu en önnur fyrirtæki í landinu verða yfirleitt að greiða þegar allt er tekið saman. En svo hafa komið í ljós ágallar á þessum samningi, þannig að þegar verksmiðjan er rekin með halla, þá er þessi skattgreiðsla harla lítil. Þá kemur það einkennilega fyrirbæri upp, að þó að verksmiðjan sé skyldug að greiða ákveðið framleiðslugjald, þá reiknast það ekki á annan veg en sem beinn skattur. Fyrirtækið myndar ákveðna innistæðu á skattinneignarreikningi, og eins og fram kemur í grg. þessa frv. standa málin þannig nú að þessi reikningur er með innistæðu verksmiðjunnar upp á hvorki meira né minna en 660 millj. ísl. kr. Nú verður sem sagt að semja um þessa innistæðu álfélagsins sem það á inni á þessum skattinneignarreikningi, 660 millj. kr. Þeir hafa sem sagt ekki verið að borga það, sem þeir hafa greitt að undanförnu í framleiðslugjald, sem raunverulegan skatt. Það er miklu frekar að þeir hafi í þessum efnum verið að lána okkur peninga. Nú þarf að semja um þetta eins og hvert annað lán, og nú er gert ráð fyrir að þeir eigi að fara að fá vaxtagreiðslu af þessu fé og eigi að greiða þeim vexti jafnháa þeim sem bandarískt seðlabankinn tekur á hverjum tíma af þessari upphæð.

Þarna hefur sem sagt komið í ljós annar mikill ágalli á samningunum við álfélagið. Það er ekki aðeins að samið hafi verið á mjög óhagkvæman hátt um raforkusölu til fyrirtækisins, íslendingum stórlega í óhag, og það hafi rekið nauðir til að reyna að fá breytingar fram á þeim samningi, heldur kemur einnig í ljós að ákvæði í samningunum um skattgreiðslu fyrirtækisins voru stórkostlega gölluð og nauðsynlegt að fá fram breytingar á þeim líka. Það hefur verið reynt að koma fram þessum breytingum og eins og ég segi, eflaust hefur þar orðið nokkur árangur, þannig að það er a. m. k. um nokkuð meira öryggi að ræða varðandi þessar skattgreiðslur. Menn vita nokkru betur hvað er greitt sem raunverulegt skattgjald og hvað þá í öðru formi. En ég hef ekki enn þá gert mér fyllilega grein fyrir því hvað miklar raunverulegar efnislegar breytingar eru frá fyrra fyrirkomulagi eða varðandi heildargreiðsluna.

En þessar tvær breytingar, sem unnið hefur verið að því að fá, á raforkusölusamningnum og skattgjaldssamningnum, hafa ekki fengist fram nema með því að fallast á ákveðna kosti af hálfu álfélagsins. Og álfélagið hefur sett þau skilyrði, að til þess að álfélagið féllist á þessar breytingar yrðu þeir að fá leyfi til þess að mega stækka verksmiðjuna sem nemur 10 700 tonna afköstum á ári eða í kringum sem nemur 1/7 af afköstum verksmiðjunnar og að Íslendingar skuldbindi sig til að selja verksmiðjunni 20 mw. af raforku á ári umfram það sem nú er, að vísu þannig að 8 mw. af þessum 20 teljast forgangsorka, en 12 teljast afgangsorka. Ég tel ekki að það skipti ýkjamiklu máli, eins og fyrirkomulag er á þessum hlutum, hvað þetta er kallað því að útkoman mun yfirleitt verða ein og hin sama hjá okkur. Þó að slík tilfelli geti að vísu komið upp að þetta geti gagnað okkar hagsmunum, þá mun það víst ekki verða oft.

Nú lá það alveg augljóst fyrir að ef gengið yrði í að selja þessu fyrirtæki meiri raforku en eldri raforkusamningurinn fjallaði um, þá höfum við íslendingar trompin á okkar hendi, þá gátum við sett kosti. Auðvitað átti aldrei að koma til mála að selja þessa viðbótarorku án þess hún væri seld á hæsta verði eða því verði sem við getum með eðlilegum hætti reiknað okkur fyrir orku í dag. Það hvildi ekki á okkur nein skylda í þessum efnum. En mér sýnist að fyrirtækið hafi sloppið í gegn með það í sambandi við alla þessa endurskoðun að fá einnig þetta viðbótarrafmagn fyrir mjög lágt verð. Að vísu er því haldið fram í grg. þessa frv. að þessi 8 mw. af 20, sem teljast forgangsorka, séu raunverulega, þegar á allt sé litið, seld á verðinu í kringum 10 mill eða fjórföldu gamla grunnverðinu sem samið var um við fyrirtækið. En það er nokkurn veginn sama verð og miðað var við í samningunum við járn-

blendiverksmiðjuna á forgangsorku. Og það var talið og kom skýrt fram í grg. þess frv. á sínum tíma, að það verð á forgangsorku lægi algjörlega við strikið í sambandi við framleiðslukostnað eins og nú er komið. Það var það, sem lá fyrir við afgreiðslu málsins í sambandi við járnblendiverksmiðjuna, miðað við þann stofnkostnað, sem þá var gengið út frá í sambandi við virkjanir og í sambandi við líftíma þessara virkjana um 40 ár, þá væri raunverulegt verð á forgangsorku á þeim tíma talið í kringum 9½—10 mill. Var því alveg sýnilegt að þetta verð var aðeins framleiðslukostnaðarverð, en fjarri því að vera verð eins og nú er almennt orðið á orku í heiminum. En álfélagið hefur, að mér sýnist, knúið það fram, um leið og það féllst á endurskoðun á nýjum orkusölusamningi og á skattgjaldssamningi, að fá þarna viðbótarorku frá íslendingum fyrir tiltölulega mjög lágt verð.

Nú er þess að gæta að þarna er um það að ræða að aðeins 8 mw. af 20 eru á þessu verði, 10 mill, sem forgangsorka, en hin 12 eru kölluð afgangsorka og seld á sáralágu verði, eins og menn kannast við frá þeim tíma þegar slík orkusala var rædd hér í sambandi við samninginn við járnblendiverksmiðjuna. Ég er ekki í neinum vafa um að þessi 20 mw. verða yfirleitt afgreidd og þá er meðaltalsverðið fyrir þau langt undir framleiðslukostnaðarverði, þá er það orðið lágt verð. En það væri aðeins í þeim tilfellum, að við seldum þeim aðeins 8 mw. og hin 12 létum við þeim í té aðeins þegar hagstætt væri fyrir okkur, að hægt væri að beita svona reikningum, en að öðru leyti ekki.

Mér sýnist því við þá athugun sem ég hef gert á þessu máli að álfélagið hafi tryggt sér á nýjan leik hagstæðan orkukaupasamning á 20 mw. og knúið fram heimild til stækkunar á verksmiðjunni. Að vísu höfum við fengið nokkuð í aðra hönd með leiðréttingu á gamla orkusölusamningnum og kannske nokkuð betri ákvæðum varðandi skattgjaldið. En þegar allt er tekið saman er hér um litla breytingu að ræða nema þegar menn setja dæmið upp á þann veg, sem ég neita fyrir mitt leyti að gera, að það sé fundinn peningur ef við getum selt einhverjum t. d. 20 mw. fyrir hvað sem er. En ég tel að þannig getum við ekki reiknað. Við verðum að verðleggja hvert mw. úr okkar virkjunum á réttlátan og eðlilegan hátt af því að við höfum nóg við rafmagnið að gera sjálfir. En eins og ég sagði í upphafi míns máls, þá tel ég eðlilegt að upplýsingar fáist um þetta í þeirri n. sem fær málið til meðferðar, og gefst þá væntanlega tími til að ræða málið nánar þegar það kemur úr n. aftur. Fáist það fram, sem ég vil vænta, að það verði ekki reynt að knýja þetta mál í gegnum þingið á þessum fáu starfsdögum fyrir jól, heldur verði látið bíða með endanlega afgreiðslu þess þar til eftir jólafrí, þá á að gefast nægur tími til þess að menn fái að sjá hvað hér er um að vera í raun og veru.

En það eru miklu fleiri atriði, sem koma upp í sambandi við þetta mál, heldur en aðeins það efnahagslega sem ég hef rætt hér um. Ég er á þeirri skoðun eins og áður að við hefðum ekki átt að heimila stækkun á þessari verksmiðju, þarna sé nóg komið, og ég álít að við hefðum ekki átt að selja, eins og nú standa sakir, meiri orku til þessa fyrirtækis og allra síst á óhagstæðu verði eða verði sem er raunverulega langt undir orkuverði dagsins í dag. En það er fleira sem fram kemur í sambandi við þetta fyrirtæki. Þessi verksmiðja er rekin þannig að engin hreinsunartæki hafa verið sett upp við verksmiðjuna, eftir því sem best er vitað. Ég held þó að það séu rúm 2 ár, sennilega 2½ ár, ef ekki meira, síðan var birt hér almennt í blöðum að sett hafi verið skilyrði af hálfu stjórnvalda um að hreinsitæki yrðu sett upp í þessari verksmiðju. En því hefur alltaf verið frestað með einhverjum hætti og enn þá bólar lítið á þessum tækjum. Það er hins vegar fremur vaxandi en hitt að kvartað sé undan mengun frá verksmiðjunni, og öll höfum við séð að hún er þó nokkur. Hversu skaðsamleg sem hún er, um það skal ég ekkert um segja. En það er auðvitað full ástæða til þess að fá einnig í sambandi við nýja samningsgerð við þetta félag upplýsingar um hvernig þau mál standa og hverju má treysta um framkvæmdir í þessum efnum.

Hitt tel ég að hafi komið greinilega fram á þeim reynslutíma sem við höfum fengið, að þetta fyrirtæki hefur engan veginn uppfyllt það sem hæstv. iðnrh. minntist hér á að hefði verið tilætlunin með byggingu þessarar verksmiðju og samningum við þetta félag, að það ætti að skjóta einhverjum styrkari stoðum undir efnahagslíf þjóðarinnar. Það er síður en svo að það hafi orðið. Það er rétt að hjá þessu fyrirtæki hafa unnið þetta frá 400—500 íslendingar, eða rúmlega 500 stundum, og að sjálfsögðu hefur félagið goldið þessum mönnum allgott kaup, það er rétt. En við höfum líka ráðstafað þessu vinnuafli okkar til þessara aðila. Við höfum að sjálfsögðu fengið gjaldeyri fyrir vinnulaun þessara aðila, á svipaðan hátt og við höfum fengið gjaldeyri fyrir vinnulaun þeirra sem starfað hafa suður á Keflavíkurflugvelli. En því fer hins vegar víðs fjarri, ef það mál er athugað nánar, að sú ráðstöfun á okkar vinnuafli, að ráðstafa 500 manns í þessa verksmiðju, skili þegar allt er saman talið, eitthvað svipuðum verðmætum í okkar þjóðarbú og við fáum fyrir jafnmikið vinnuafl sem við ráðstöfum í okkar almennu atvinnuvegi. Þar verður eftir í íslenska þjóðarbúskapnum miklum mun meira en það sem við fáum fyrir hin beinu laun þessa fólks. Það er því enginn sérstakur vinningur fyrir okkur, að ráðstafa þessu vinnuafli til verksmiðjunnar, nema um það væri að ræða að við hefðum ekki vinnu handa öllum.

En að öðru leyti þá hefur þetta fyrirtæki síður en svo hjálpað okkur á efnahagssviðinu. Við höfum frekar lagt fyrirtækinu allan tímann fjármuni í sambandi við raforkusöluna. Félagið hefur ekki goldið fyrir raforkuna jafnmikið og við höfum þurft að greiða aftur út fyrir þá virkjun og þá orkuflutningslínu og spennistöðvar sem við urðum að leggja út í vegna þessarar orkusölu. Við skulum ekki gleyma því að þetta fyrirtæki tekur hvorki meira né minna en 2/3 eða kannske aðeins meira en það — 2/3 af allri orkuframleiðslu Búrfellsvirkjunar. Búrfellsvirkjun hefur kostað mikið og það þarf að standa undir afborgunum

og vöxtum af því fyrirtæki og þeim miklu línum sem við höfum þurft að leggja og reyndar umframmannvirkjum til viðbótar sem við höfum þurft að ráðast í vegna Búrfellsvirkjunar, til þess að tryggja rekstur þeirrar virkjunar. Við höfum því ekki að minum dómi fengið neinn efnahagslegan stuðning af tilkomu þessa fyrirtækis hér í okkar atvinnulífi, síður en svo.

Herra forseti. Ég skal þá ljúka máli mínu að þessu sinni. Ég sem sagt vænti þess að málið fái eðlilega afgreiðslu í n. — það verði ekki reynt að knýja það í gegnum Alþ. á mjög knöppum starfstíma þess nú fyrir jól — og þannig gefist eðlilegur tími til umr. um þetta mikilvæga mál.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til iðnn. með 24 shlj. atkv.

Efri deild, 25. fundur.

Föstudaginn 12. des., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Síðdegis í gær heyrðum við hæstv. dómsmrh. segja í Sþ. frá þeim válegu tíðindum er þrír breskir dráttarbátar undir fána hennar hátignar Elísabetar II. bretadrottningar voru látnir sigla inn í mynni Seyðisfjarðar og sitja þar fyrir varðskipinu Þór þeirra erinda að sigla það niður eða skemma það að öðrum kosti svo að það kæmi okkur ekki að gagni við gæsluna. Áður var það kunnugt og kom engum á óvart að hlutverk dráttarbátanna bresku á Íslandsmiðum er einmitt þetta, að sigla á varðskipin okkar og eyðileggja þau og létta þannig af bandalagsþjóð okkar í Atlantshafsbandalaginu, varnarsamtökum frjálsra og friðelskandi lýðræðisþjóða, eins og þetta bandalag heitir tíðum í stjórnarblöðunum, létta af henni þeirri óþægilegu nauðsyn eða kvöð að þurfa að beita fallbyssum herskipa sinna í sama skyni.

Ásiglingin kom okkur sem sé ekkert á óvart. En hitt var nýtt í málinu, eins og hæstv. dómsmrh. vakti athygli á, að bresku dráttarbátarnir skyldu sendir inn í hina eiginlegu landhelgi Íslands þessara erinda, inn fyrir elstu landhelgislínuna, aldamúraða þriggja sjómílna landhelgi.

Á þingfundinum í gær hafði hæstv. dómsmrh. ekki fengið nægilega glöggar upplýsingar um atburðina, en sagði þingheimi frá því sem hann gjörst vissi. Þá var heldur ekki, er hann stóð í ræðustól, við því að búast að viðbrögð ríkisstj. yrðu ljós um sinn. Í gærkvöldi, eftir að ljóst var orðið hvað raunverulega hafði skeð og ríkisstj. hafði gefið sér tóm til að fjalla um málið, þá vænt-um við þess hins vegar að frétta um eðlileg viðbrögð af hálfu stjórnvalda. En svo var ekki. Sú von brást. Forsrh. greindi frá því í útvarpsviðtali að ríkisstj. Íslands mundi bera fram hin öflugustu mótmæli. Hann greindi frá því í útvarpsviðtali í gærkvöld, mælti þarna í stuttu máli, yfirveguðu, dálítið höggvandi og þó ekki af hita — um að gera að reiðast ekki, — og áherslan lögð á þetta atriði: að atburðurinn í mynni Seyðisfjarðar sýndi glöggt hver hætta væri á miðunum á meðan þessi deila stæði enn þá, — andinn í ræðu hans, tónninn í máli hans allur á þá lund að hvetja til samninga.

Síðan var svo greint frá því í útvarpsfréttum að ákveðið hafi verið að kæra til Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna og Atlantshafsbandalagsins. Greint var frá því að samkomulag hefði orðið um þessar aðgerðir í utanrmn. Einnig var það haft eftir hæstv. dómsmrh., Ólafi Jóhannessyni, sem sat fund utanrmn., að fleiri aðgerðir kæmu til greina er hann mundi greina frá síðar, en þó ekki fyrr en eftir heimkomu og viðræður við utanrrh., Einar Ágústsson, sem enn þá — takið eftir — enn þá í dag var á fundi utanrrh. Atlantshafsbandalagsins í Brüssel. Það eru sem sagt þessar aðgerðir sem íslendingum er nú ætlað að sætta sig við af hálfu ríkisstj.

En okkur er ætlað að sætta okkur við fleira.

Svo sem þingheimi er kunnugt hringdi hæstv. forsrh. Geir Hallgrímsson til Brüssel um þrjúleytið í gær að eigin sögn og sagði utanrrh. okkar frá því sem mestu máli skipti af atburðununum í mynni Seyðisfjarðar, að þrír breskir dráttarbátar hefðu verið sendir þangað inn til þess að sigla á varðskip. Eðlileg viðbrögð af hálfu utanrrh. hefðu verið þau að hann hefði látið ofan í töskurnar sínar og haldið rakleitt heim til Íslands með þau orð á vör að í svona félagsskap eins og hernaðarbandalagi með bretum ætti hann ekkert erindi. Slíkt hefðu verið eðlileg viðbrögð og hefðu jafnvel getað flokkast ásamt ýmsu öðru undir það sem við köllum hin hörðustu mótmæli. Nú liggur að vísu ekki fyrir okkur ræða sú sem hæstv. utanrrh. flutti á fundi utanrrh. NATO í gær, hún liggur ekki fyrir hv. alþm. á þessum degi, sem vitaskuld er vítavert, en sýnir okkur rétt einu sinni vaskleika utanríkisþjónustu okkar í málefnum þessarar vesalings þjóðar. En þótt ræða þessi liggi hér ekki á borðum í dag, þá höfum við fyrir okkur opinberar fréttir um að hæstv. utanrrh. hafi ekki í þeirri ræðu, sem hann flutti á fundi utanrrh. Atlantshafsbandalagsins í Brüssel í gær, minnst á það einu orði að breski flotinn sendi nú skip inn í sjálfa landhelgi okkar, inn í íslenska firði til þess að granda varðbátunum okkar. Ræðan liggur ekki fyrir, eins og ég segi, en sé þetta rétt sem sagt er í opinberum fjölmiðlum sem ég vona vissulega að reynist ekki rétt, sem sagt að hæstv. utanrrh. hafi ekki komið inn á þetta mál í ræðu sinni á NATO-fundinum í Brüssel í gær eftir þó að hæstv. forsrh. hafði sagt honum frá þessu, þá mun ekkert það sem hann kann ella að hafa sagt í þessari ræðu sinni og ekkert það sem hann kann að hafa sagt á NATO-fundi í dag nægja til þess að geta flokkast undir það sem kalla má öflug mótmæli. Og eitt er þó ótalið enn sem er verst og gerir það að verkum að allt tal af hálfu ríkisstj., allar yfirlýsingar um pólitískar aðgerðir í þessu máli á alþjóðavettvangi, allar staðhæfingar ráðh. um einurð í málinu með viðeigandi raddblæ og svipbrigðum, allt þetta verður marklaust fyrir bragðið, ef rétt reynist sem af Brüsselfundinum er hermt um enn annað mál. Það er sagt í opinberum fréttа-

miðlum, þ. á m. í aðalmálgagni ríkisstj., Morgunblaðinu, og í fréttum Ríkisútvarpsins í gærkvöld tvisvar, að Einar Ágústsson hafi klykkt út með því á Brüsselfundinum í gær að bjóða bretum að veiða 65 þús. tonn á miðunum okkar. Í fyrri fréttasendingu íslenska Ríkisútvarpsins var að vísu sagt að hann hefði boðið þeim 75 þús. tonn, en það var leiðrétt skömmu síðar og sagt að það hefðu ekki verið nema 65 þús. tonn. Þetta hafði hann boðið utanrrh. breta. Þetta hafði hann sagt og ítrekað í viðtali sínu við fréttamenn í Brüssel í gær. Svo að ég vitni aðeins í frásögn aðalmálgagns ríkisstj., Morgunblaðsins, af fundi hæstv. utanrrh. Einars Ágústssonar með blaðamönnum að loknum viðræðunum við Callaghan, utanrrh. breta, í gær, þá greindi hann frá því, segir í Morgunblaðinu, að boð íslendinga um að bretar fengju að veiða 65 þús. lestir við Ísland hefði verið harðlega gagnrýnt á Íslandi sem allt of rausnarlegt, bretar hefðu viljað fá 110 eða 100 þús. lestir. Síðan sagði hæstv. utanrrh. Einar Ágústsson: „Ef farið er fram á meira en 65 þús. lestir hlýtur svarið að verða nei," að því er aðalmálgagn ríkisstj., Morgunblaðið, hermir. Þetta sagði hæstv. utanrrh. Einar Ágústsson í Brüssel í gær.

Ég fer þess hér með á leit að hæstv. dómsmrh. Ólafur Jóhannesson segi þm. í þessari hv. d. nú þegar hvort hér sé rétt frá greint., að hæstv. utanrrh. hafi gert utanrrh. breta þetta boð í gær. Svo sem hv. þm. þessarar d. má vera í fersku minni, þá lýstu hæstv. forsrh. Geir Hallgrímsson og hæstv. utanrrh. Einar Ágústsson yfir því ljósum orðum hér í þinginu fyrir nokkrum dögum, í Sameinuðu þingi í umræðunum um þýska samninginn, þegar rætt var um innrás breska hersskipa í auðlindalögsögu okkar, að 65 þús. tonna tilboðið til breta stæði ekki lengur. Þeir lýstu yfir því með ljósum orðum og það sem meira er, ýmsir af stuðningsmönnum ríkisstj. í þessu máli hér á hv. Alþ. létu í ljós að þessi yfirlýsing hæstv. ráðh., forsrh. og utanrrh., um að 65 þús. tonna boðið til breta stæði ekki lengur, þessi yfirlýsing af þeirra hálfu ætti sinn þátt í því að þeir treystu sér til að greiða atkv. með þýska samningnum. Þá var það ítrekað æ ofan í æ í þeim umræðum að ekki yrði rætt við breta meðan þeir beittu herskipum á Íslandsmiðum, og forsrh. og utanrrh. sögðu báðir ljósum orðum að 65 þús tonna tilboðið til þeirra stæði ekki lengur. Svo fáum við þær fréttir að Einar Ágústsson utanrrh., — sem lýsti eindregið yfir því, svo sem hæstv. ráðh. Ólafur Jóhannesson fordum, að hann færi alls ekki utan þeirra erinda að semja, — að Einar Ágústsson utanrrh. hafi í gær, eftir að fréttin barst honum um atferli breta í Seyðisfjarðarmynni gert breska ráðh. tilboð um 65 þús tonna afla í landhelginni okkar. Reynist þessi frétt sönn, þá skulum við hætta að tala um öll mótmæli, þá getum við sparað okkur allar kærur til alþjóðlegra stofnana og þá er okkur líka best að binda varðskipin okkar inni á höfnum. Ég vona svo sannarlega að þessi frétt reynist röng og ef vera skyldi að þessi tala, 65 þús. tonn, skyldi af áráttu rétt einu sinni — bara af áráttu — hafa dottið upp úr hæstv. utanrrh. eins og áður hefur verið gefið í skyn, þá verði því lýst yfir af hálfu ríkisstj. að hæstv. utanrrh. hafi ekki haft umboð til þess að nefna þessa tölu og gera hana að tilboði.

Við skulum gera okkur grein fyrir því hvernig þetta tilboð hæstv. utanrrh. — ef rétt reynist — hlýtur að verka og skulum þá í bili alveg sleppa þeirri staðreynd að stjórnarflokkarnir hafi dreift þeim sögum milli óánægðra fylgismanna sinna að bretum yrðu ekki heimilaðar neinar fiskveiðar á miðunum okkar. Við skulum sleppa því alveg í bili, en gera okkur grein fyrir því hvernig svona tilboð af hálfu íslensku ríkisstj. muni verka á breta núna.

Það var ljóst eftir umr. hér á Alþ. á dögunum að ríkisstj. hafði afturkallað tilboð sitt um 65 þús. tonna afla handa bretum vegna valdbeitingar þeirra innan 200 mílnanna. Þetta var ljóst, það heyrði allur þingheimur, og bretar höfðu fengið þau skilaboð gegnum sendiráð sitt og bresk blöð sem höfðu greint frá þessum ummælum ráðh. að 65 þús. tonna tilboðið gilti ekki lengur vegna þess að bretar sendu herskip inn á fiskislóðina okkar. Og af skiljanlegum ástæðum var það túlkað á þá lund að ef eitthvað gilti, ef eitthvað kæmi til mála, þá væri það eitthvað miklu minna, en 65 þús. tonna tilboðið gilti ekki lengur.

Síðan þessi yfirlýsing var birt af hálfu hæstv. ráðh., forsrh. og utanrrh., vörðu íslensku varðskipin landhelgina svo knálega með klippum sínum og sjómennsku í nokkra daga að bresku togararnir gátu lítið sem ekkert veitt þrátt fyrir vernd herskipa og dráttarbáta. Þá sendu bretar þrjá dráttarbáta með tilvísan njósnavéla sinna inn í landhelgi okkar, inn í mynni Seyðisfjarðar, til þess að sitja fyrir einu varðskipanna og koma því fyrir kattarnef og sá leikur tókst að verulegu leyti. Og hver eru svo hin raunverulegu viðbrögð íslensku ríkisstj. að öllu hjali slepptu? Hæstv. utanrrh. bregst þannig við, í sömu andránni og hann hefur heyrt tíðindin í síma af vörum hæstv. forsrh., hann bregst þannig við í sömu andránni og hann fær þessi tíðindi að hann býður bretum að veiða 65 þús. tonn innan nýju fiskveiðilögsögunnar, innan 50 sjómílnanna. Þetta 65 þús. tonna tilboð er sem sagt uppskera breta af því sem þeir höfðu sáð í mynni Seyðisfjarðar í gær. Þetta var árangurinn. Svör breta við tilboðinu komu fram hjá Callaghan utanrrh. breta á blaðamannafundinum í Brüssel í gær þegar hann greindi frá íslenska tilboðinu — eins og hann kallaði tölu þá, 65 þús., sem hraut af vörum íslenska utanrrh. Þegar hann greindi frá íslenska tilboðinu sagði hann að enn bæri mikið á milli, bretar færu fram á 100—110 þús. tonn, íslendingar byðu ekki nema 65. Þetta voru viðbrögð breta við tilboði Einars Ágústssonar utanrrh.

Hér erum við sem sagt að fjalla um hin öflugu mótmæli íslensku ríkisstj., eins og hæstv. forsrh. Geir Hallgrímsson hefur orðað það.

Afleiðingin af þessum alvarlegu mótmælum íslensku ríkisstj., þessu tilboði um 65 þús. tonn, verður einfaldlega sú að breskir togaraeigendur með flota hennar hátignar að baki sér segja einfaldlega sem svo: Þetta tókst prýðilega. Hér erum við búnir að koma íslendingum aftur upp í 65 þús. tonn af þorski. Við erum búnir að fá út úr þeim aftur tilboð um 65 þús. tonn af þorski. Nú

höldum við bara áfram og tökum eitt varðskip í viðbót og sjáum hvort við komum þeim ekki upp í 75 þús. tonn, ef ekki beinlínis upp í 90 þús. tonn eða miðlínuna á milli kröfu breta og tilboðs íslenska utanrrh.

Er þetta satt, að hæstv. utanrrh. hafi svarað árásinni á Þór í gær með því að bjóða bretum 65 þús. tonna afla á miðunum okkar — eða, eins og hæstv. ráðh. kynnu kannske heldur að vilja orða það, að hann hafi nefnt töluna 65 þús. tonn í þessu sambandi?

Við erum í Atlantshafsbandalaginu og erum búnir að vera þar lengi, hernaðarbandalagi með bretum. Ég hef spurt síðan veturinn 1949: Til hvers? Síðari árin hefur ekki þurft að spyrja af því að ég hafi ekki vitað svarið sjálfur. En ég hef spurt stundum í þeirri von að aðrir fengju að heyra svarið. Til hvers? Ég nenni ekki að vitna í fjölmargar yfirlýsingar forustumanna þessarar þjóðar í senn 27 ár um tilganginn með því að vera í Atlantshafsbandalaginu og tilgang okkar með því að heimila því kompanii herstöðvar á Íslandi. Ég veit ekki um Nd. En ég efast um að það finnist svo heimskur og fávís íhaldsmaður í Ed. að hann viti ekki hvers vegna, að hann hafi ekki haft spurnir af þeim yfirlýsingum íslenskra ráðamanna í 27 ár, enda þótt slíkir menn láti sig sjálfsagt að öðru leyti litlu skipta ástæðurnar. Ég er ekki beinlínis að fiska eftir játningu af hálfu þessara manna nú, þeirri játningu að við séum í Atlantshafsbandalaginu í allt öðrum tilgangi en þeim að verja Ísland, að við höfum hér herbækistöðvar í allt öðrum tilgangi en þeim að tryggja öryggi landsins gegn vopnuðum óaldarlýð, — ég er ekki að fiska eftir þess háttar játningum. Og ég ætlast raunar ekki til þess að formælandi ríkisstj. segi hér neinn sannleika um neitt sem máli skiptir annað en þetta: Hæstv. ráðh., er það satt að utanrrh. Einar Ágústsson hafi í gær boðið breska utanrrh. 65 þús. tonna afla af miðunum okkar eða — svo að við orðum það öðruvísi — nefnt 65 þús. tonn af íslenskum fiski sem hugsanlegan samkomulagsgrundvöll í deilu okkar við breta?

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það er að sjálfsögðu persónubundið hvað menn telja eðlileg og náttúrleg fyrstu viðbrögð af hálfu stjórnvalda við þeim atburði sem gerðist á Seyðisfirði í gær. En ríkisstj. og hv. utanrmn. voru sammála um að þær aðgerðir, sem þar voru samþykktar: að kæra til Öryggisráðsins og einnig að kæra til Atlantshafsráðsins, væru eðlileg fyrstu viðbrögð. En jafnframt komu fram á fundi utanrmn. ábendingar um fleiri atriði og frá því skýrði ég Ríkisútvarpinu, sagði hins vegar að ég gæti ekki gefið upp hver þau hefðu verið, en bætti því reyndar við að á Alþ. hefði það komið fram í umr. í gær að bent hefði verið á stjórnmálaslit. Ég held að það hafi verið skýrt alveg rétt frá þessu í útvarpinu og þess vegna fannst mér betta skolast dálitið til hjá hv. fyrirspyrjanda þegar hann skýrði frá því. Ég sagði aldrei að ég mundi skýra frá þessum atburðum þegar utanrrh. kæmi heim, heldur að ég teldi eðlilegt að það væri ekki tekin ákvörðun um þessi atriði fyrr en utanrrh. væri kominn heim. Þó að það sé hægt kannske að segja að ég afgreiði eða skrifi undir eitthvað sem þarf að gera þegar utanrrh. er ekki við, þá er hér um svo stutta dvöl hjá honum að ræða erlendis að það hefði verið mjög óeðlilegt að mínum dómi — og þá tek ég enga afstöðu til þess hvort það eigi að gera það eða ekki — en það hefði verið mjög óeðlilegt að fara að ákveða stjórnmálaslit við ríki að utanrrh. fjarverandi. Það verður vafalaust haldinn fundur í utanrmn., þegar utanrrh. er kominn heim og þar verða þau atriði vafalaust rædd sem komu fram á fundi í utanrmn. En ég skal ekkert segja um það hvernig ákvarðanir verða um það efni. Ég læt því algjörlega ósvarað hér. En sem sagt, um þessi viðbrögð sem hin fyrstu viðbrögð voru allir nm. á einu máli.

Það er misskilningur hjá fyrirspyrjanda að hæstv. forsrh. hefði talað við utanrrh. áður en hann flutti ræðu sína í gær. Það stóð einmitt svo á þegar forsrh. náði sambandi við utanrrh. að hann hafði flutt sína ræðu, og þess vegna gat hann ekki í þeirri ræðu komið að frásögn um þá atburði sem átt höfðu sér stað á Seyðisfirði. Það gerði hann hins vegar í ræðu sem hann hélt í morgun á fundinum og skýrði frá þeim, að ég ætla rækilega, og ég vona að það hafi einnig komið fram í fréttum að það hafi hann gert.

En aðalatriðið og það sem hv. þm. Stefán Jónsson spurðist fyrir um, var þetta: hvort utanrrh. hefði gert bretum eða breska utanrrh. eitthvert tilboð um 65 þús. tonna afla. Því get ég svarað alveg hiklaust að hann hefur ekkert tilboð gert — ekkert tilboð gert um neinn afla, og ég hygg að það hafi reyndar komið skýrt fram í viðtali sem utanrrh. átti við fréttamann útvarps og flutt var hér í dag. (Gripið fram í.) Hann tók fram, eftir því sem ég veit best, í ræðu sinni í gær að þetta tilboð — ef menn vilja segja að það hafi verið tilboð — á sínum tíma um 65 þús. tonn væri afturkallað og stæði ekki lengur. Og ég hygg að það sé það sem hefur komið fram í ræðu hans. Ég hygg að hið sama hafi komið fram á blaðamannafundi sem hann hélt á eftir. Má þó vel vera að frásagnir af þeim fundi séu með eitthvað mismunandi hætti eða blæ, og ég tek að sjálfsögðu enga ábyrgð á því hvað fram hefur komið í frásögnum blaðamanna. Þar getur sannast hið fornkveðna, að seint er um langan veg að spyrja um sönn tíðindi og það getur margt skolast í slíkum frásögnum. En hitt er mér óhætt að fullyrða, að hæstv. utanrrh. hefur engin tilboð gert á þessum fundi og ekki tekið þátt í neinum samningum.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Það hefur áreiðanlega vakið undrun margra að heyra að upp skyldi vera tekin af hæstv. utanrrh. á erlendum vettvangi talan 65 þús. tonn. Hann hafði lýst því í ræðu hér að hún væri raunverulega dregin til baka. Eftir atburðina, sem skeðu í gær, ætti það að liggja nokkuð ljóst fyrir — ég held að ég meti það ekki skakkt eftir viðbrögðum manna og ályktunum, einnig á aðalfundi LÍÚ — að það er enginn minnsti möguleiki á neinum samningum við breta — ekki vottur. Það er ekki

neinn grundvöllur til að nefna neina tölu í því sambandi. Þeir hafa tapað veiðimöguleika á þorski í okkar fiskveiðilögsögu. Það á að vera á hreinu.

En ég tók eftir öðrum atburði í gær sem ég veit ekki hvort hv. þm. hafa áttað sig á og ég ætla að nefna hér. Í ræðu hæstv. sjútvrh. koma skyndilega fram valkostir á að haga sér á vissan hátt við veiðar við Ísland. Reyna á nú, tölulega á pappírnum a. m. k., að auka þorskinn með því að finna út frá fyrri skýrslu, þessari margumræddri svörtu skýrslu, einhverja möguleika til að við sækjum mun meiri þorsk en við höfum reiknað áður með. Ég fór að hugleiða þetta. Ég vona bara að ég hafi rangt fyrir mér í því efni. En það á alls ekki að vera að leggja neitt svona fram til þess að gylla fyrir einhverjum erlendum aðilum aukna möguleika á að taka þorsk hér við Ísland. Þeir eru ekki fyrir hendi, og það er engin vísindamennska að pressa hafrannsóknastofnunina til að fara að gefa út nýjar skýrslur ofan á hinar fyrri um nýja möguleika og kalla þá möguleika númer 2 og 3. Það eru ekki nokkur vinnubrögð og mjög alvarlegir atburðir, því að bretar sjá þetta. Þetta er komið á prent í dag. Þeir sjá þetta. Það eru ekki 230 þús. tonn af þorski núna sem allt í einu er farið að miða við, það er snarhækkandi tala. Hvar er okkar vísindamennska? Hvar er gildi þeirra skýrslna sem við höfum fengið í hendurnar áður þegar svona er lagt á borðið? Þetta tel ég alvarlega hluti sem hljóta að draga dilk á eftir sér. Ég vara við svona hugmyndum eins og ástandið er í dag. Ef þjóðin á að standa saman og Alþ. að baki hæstv. ríkisstjórnar, eins og við höfum mikla löngun til að geta gert, þá á að hætta öllum svona vangaveltum, tilkynna bretum að það sé liðinn tími að þeir geti veitt þorsk við Ísland. En við getum tekið til athugunar eitthvað annað ef þeir vilja sækja í aðra fiska, það má taka það til athugunar. En þorsk er enginn minnsti möguleiki að hugsa um framar. Þá stendur þjóðin að baki við ríkisstj. heil og óskipt. Að öðrum kosti verða hér átök milli landsmanna, það er augljóst mál, fer ekki á milli mála.

Að síðustu vil ég undirstrika þetta: Ég hef sjálfur hlustað á þýskar stöðvar þegar þeir voru að semja hér, þjóðverjarnir, og ég heyrði fréttir frá Þýskalandi áður en við fengum nokkuð að vita hér á Íslandi. Og það sama er að ske enn í dag varðandi atburði hérna við Ísland, í landhelgismálinu. Við verðum að gera og ég beini þeirri ósk til hæstv. dómsmrh. að gera sérstakt átak til þess að tryggja sannar og góðar fréttir og þeim komið út meðal íslendinga og erlendra fjölmiðla sem allra fyrst og best. Okkur ríður mjög á því að við séum jafnfætis óhróðri breta í því efni og förum ekki halloka á því sviði, það er afar mikilvægt. En mér skilst á blaðamönnum og öðrum sem fylgjast með að hér vanti mikið á að við stöndum nægilega vel í istaðinu.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég er þakklátur hæstv. dómsmrh. fyrir að hann skyldi koma hingað í d. til okkar og fyrir svar hans áðan, svo langt sem það náði. Utanrrh. Íslands nefndi sem sagt í gær 65 þús. tonna afla á Íslandsmiðum. Hann sagði, eins og orðrétt er haft eftir honum í *Morgunblaðinu* í blaðaviðtali: „Ef farið verður fram á meira en 65 þús. tonn af hálfu breta á Íslandsmiðum hlýtur svarið að verða nei."

Í fyrra sinnið sem þessi tala, 65 þús. tonn, leið fram af vörum hæstv. utanrrh. í viðræðum við breta, þá var hún ekki heldur kölluð tilboð. Því var andmælt stranglega hér heima að hæstv. utanrrh. hefði gert nokkurt tilboð. Hvað sem kann að vera sagt í dag og jafnvel þangað til á morgun, þá mun það vera satt að þrátt fyrir yfirlýsinguna um að vegna valdbeitingar í efnahagslögsögunni hefði 65 þús. tonna tilboðið, sem aldrei skyldi verið hafa, verið afturkallað þrátt fyrir eiðsvarnar yfirlýsingar um að þetta tilboð hafi verið afturkallað orðar nú hæstv. utanrrh. þetta svo við breska utanrrh. og síðan á fundi með alþjóðlegum blaðamönnum í Brüssel í gær að ef farið yrði fram á meira en 65 þús. tonna afla hlyti svarið að verða nei. Þetta, þessi tala, er eina raunhæfa viðbragðið af hálfu ríkisstj. við innrás breta í gær, — eina raunhæfa viðbragðið.

Mér þykir leitt ef svo reynist að ég hef farið rangt með að hæstv. forsrh. hafi ekki verið búinn að tala við hæstv. utanrrh. áður en hann hélt ræðu sína í Brüssel í gær. Sá misskilningur er ekki viljaverk.

Þetta viðbragð ríkisstj. sem kemur fram í Brüssel í gær, þetta 65 þús. tonna viðbragð ríkissti. gerir allt tal um kæru til Öryggisráðsins og kæru til Atlantshafsbandalagsins að hreinu og kláru blaðri.

Við skulum huga dálitið að hugmyndinni um kæru til Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Þessi hugmynd um kæru til Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna kom á dagskrá þegar við færðum út í 12 sjómílur á sínum tíma og bretar sendu þá herskipin á okkur. Þessi hugmynd kom líka á dagskrá þegar við færðum út í 50 sjómílur og bretar sendu á okkur herskipin. Það kom til orða þá að kæra til Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Frá þeirri hugmynd var fallið í hæði skiptin að vandlega íhuguðu máli. Við vitum nefnilega fyrir hversu farið yrði með það mál. Í öll þau skipti sem Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hefur fjallað um kæru af þessu tagi hefur framvindan orðið eftirfarandi: Öryggisráðið samþykkir að beina því til beggja aðila að þeir hætti öllum þeim aðgerðum sem talist geti áreitni við hinn meðan fjallað sé um málið. Og umfjöllunin tekur langan tíma. Okkur íslendingum yrði gert að hætta að skipta okkur af veiðum bresku togaranna á miðunum okkar. Bretum yrði aðeins gert að fara með herskipin burt, út fyrir 200 sjómílna mörkin, meðan fjallað yrði um málið. Þetta teldu þeir sig ekki skuldbundna til að gera nema því aðeins að við létum togara þeirra í friði. Afleiðingin af kærunni til Öryggisráðsins gæti orðið sú ein að bretar fengju að fiska hér í friði og þyrftu ekki að halda úti neins konar aðstoðarskipum til þess að geta það. Við létum síðan Öryggisráðið fjalla um málamiðlun þar sem annar aðilinn krefst 110 þús. tonna af þorski, en hinn hefur nefnt 65 þús. tonn af þorski og nefnt þá tölu oft.

Kæra til Atlantshafsbandalagsráðsins yrði svipaðs eðlis og raunar auðsætt þegar utanrrh. bar fram kæru sína í morgun, og hvernig átti öðruvísi að

fara? Ráðh., sem brást þannig við er hann frétti af árás breta á þetta land í gær að hann nefndi sem hugsanlegt aflamagn 65 þús. tonn af miðunum okkar, hvaða stöðu átti hann að vera í í dag til þess að leggja þetta mál í gerð Atlantshafsbandalagsins í þeirri mynd að ekki yrði tekið tillit til sjónarmiða breta sem krefjast 110 þús. tonna afla? Hvernig átti hann að geta lagt þetta mál fyrir í þeirri mynd að Atlantshafsbandalagið reyndi þá ekki að miðla málum á hinn klassíska hátt, með því að fara bil beggja?

Ég óskaði þess við umr. hér á hv. Alþ. um þýska samninginn á dögunum að hæstv. utanrrh. svaraði spurningum varðandi ræðu sem hann hafði haldið þá fyrir nokkru í Bretlandi. Nú er hæstv. utanrrh. illu heilli fjarri. Hann hefði betur komið heim í dag. Ég fæ tæpast stillt mig um að orða það svo að það er orðið óþægilega oft upp á síðkastið að manni finnst að ráðh. þessarar ríkisstj. séu mjög illu heilli fjarri heimilum sínum yfirleitt. Þá spurði ég hæstv. ráðh. hvort satt væri að hann hefði sagt það berum orðum í Lundúnum að enda þótt íslendingar væru alls ekki aflögufærir um neinn fisk af miðunum okkar þá vildu nú íslendingar samt bjóða þeim nokkurn afla vegna Atlantshafsbandalagsins. Hæstv. utanrrh. svaraði ekki þeirri fsp. Ég held að það hafi beinlínis verið vegna þess að hann í önn þeirra umr. hafi ekki komist til þess, — að það hafi ekki verið vegna þess að hann hafi ekki viljað svara þessari fsp.

Ræða hans, sem bresku blöðin tóku þetta upp úr, hefur auðvitað ekki verið birt, henni hefur ekki verið komið á framfæri við okkur hér heima. En ég þykist hafa sannfrétt það að í breskum blöðum séu þessi ummæli höfð nokkurn veginn rétt eftir hæstv. utanrrh. Hitt er rétt sem hæstv. dómsmrh. sagði: „Stundum þarf litlu að víkja við í ræðu sem prentuð er eftir á í blöðum eða endursögð til þess að merkingarnar breytist og um langan veg er réttra tíðinda að spyrja í þessu máli.“ En ég hef ástæðu til þess að ætla að þarna sé efnislega rétt með farið. Og nú fréttum við að hæstv. utanrrh. hafi öðru sinni, þrátt fyrir skýlausar yfirlýsingar hér á hv. Alþ., yfirlýsingar m. a. til þess að réttlæta annan dálítið vafasaman samning, yfirlýsingar um að 65 þús. tonna tilboðið til breta standi ekki lengur — þrátt fyrir þessar yfirlýsingar sínar og samhljóða yfirlýsingar hæstv. forsrh. Geirs Hallgrímssonar, hafi utanrrh. Íslands enn nefnt þessa tölu, 65 þús. tonn, sem tölu sem íslendingar vildu a. m. k. ekki skilyrðislaust og sjálfsagt andmæla. Og nú er spurningin: Var þetta líka gert í bágu Atlantshafsbandalagsins?

Í aðalræðu sinni, samkv. blaða- og útvarpsfréttum, á fundi Atlantshafsráðsins í gær tilgreindi hæstv. utanrrh. það sem eitt af aðalatriðunum í þessu deilumáli að bretum mætti ekki haldast uppi að leggja vopn í hendur andstæðinga Atlantshafsbandalagsins á Íslandi sem vitnuðu gjarnan til þess að bretar væru hér með herskip. Það var atriði í málinu að leggja ekki vopn í hendurnar á andstæðingum Atlantshafsbandalagsins á Íslandi. Það var orðin meginröksemd þegar um þetta mál var rætt í Brüssel. Ég hef orðað það svo áður að ef til vill muni það reynast okkur þyngsta raunin, — ég hef kveðið fast að orði, tekið mikið upp í mig í þessu máli — að ef til vill yrði það þyngsta raunin í þessu amstri okkar ef í ljós kæmi að í ráðherrastólunum hérna sætu ciðsvarnir vinir óvina okkar í þessu máli.

Alþýðusamtök þessa lands hafa þegar gert sér ljósa grein fyrir því, hversu vænta megi af ríkisstj. í þessu máli. Stjórnir Alþýðusambands Íslands, Verkamannasambandsins, Sjómannasambandsins og Farmanna- og fiskimannasambandsins hafa myndað sérstaka samstarfsnefnd til þess að berjast gegn þessari stefnu ríkisstj. í landhelgismálinu. Ég hygg líka að ríkisstj. hafi gert sér grein fyrir því hvers hún má vænta af alþýðusamtökunum. Og nú er það spurningin, ónotaleg spurning, hvort einskis sé að vænta af hálfu þessarar ríkisstj. annars en opinberrar baráttu gegn hagsmunum síns eigin fólks, sem yrði þá aðeins svarað með baráttu fólksins gegn ríkisstj. Það væri slæmt ástand, það væri slæm staða í baráttu okkar í landhelgismálinu.

Ég hef, herra forseti, eins og ég sagði áðan, kveðið fast að orði. Ég hef lýst áliti mínu á hæstv. ríkisstj. í þessu sérstaka máli. Raunar hef ég kveðið fastar að orði en ég gjarnan hefði viljað, en það var fyrir daginn í dag. Ekki svo að skilja að mig bresti orð til þess að lýsa áliti mínu á afstöðu hæstv. ríkisstj. í landhelgismálinu á þessum degi. Það er ekki vegna þess að mig bresti orð til þess, en ég er ekki viss um að þau orð yrðu við hæfi þeirrar sæmdar sem hv. Alþ. er ætlað að njóta a. m. k. innan grárra veggja þessa virðulega húss.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Það hefur skapast sú venja hér á þingi, að ég hygg, að þeir menn, sem óska þess að kveðja sér hljóðs utan dagskrár og bera fram fsp., sýni þá lágmarkshátttvisi að gera þeim aðilum aðvart sem þeir ætla að beina máli sínu til. Hv. 5. þm. Norðurl. e. þótti það nú ekki við eiga að hlíta slíkri lágmarkskurteisisskyldu og kemur engum á óvart, sem hefur hlýtt á mál hans hér nú eða fyrr á hv. þingi. Hins vegar gerði flokksbróðir hans, hv. þm. Gils Guðmundsson, okkur hæstv. dómsmrh. grein fyrir því að hann óskaði eftir að bera fram fsp. í Nd. Alþ. Þótt við værum báðir bundnir á fundi kom hann þessum skilaboðum til okkar og bar fram fsp. sína með eðlilegum og málefnalegum hætti.

Þótt ég hefði raunar nokkuð við hans aðferð að athuga, þá hef ég þó miklu meira að athuga við aðferð hv. 5. þm. Norðurl. e. og það ekki eingöngu vegna þess að hann brást þessari sjálfsögðu kurteisisskyldu og þingvenju sem ég gat um áðan. Ég áfellist þá báða fyrir að gera hæstv. utanrrh. upp meiningar og skoðanir samkv. lauslegum fréttum langan veg að og túlka þær þannig sem þeir telja sér henta best. Ég tel hæstv. utanrrh. vel færan um bæði að standa fyrir máli sínu og gera grein fyrir því hvað hann hefur sagt og í hvaða tengslum það er við aðra þætti landhelgismálsins. En í þessum umr. hefur það komið skýrt og ótvírætt fram að á Alþ. hefur því verið lýst yfir bæði af hæstv. utanrrh., mér og öðrum ráðh., að tilboði til breta um 65 þús. tonna ársafla var synjað, og tilboð, sem er synjað, er fallið úr gildi. Enn fremur

hefur það komið fram að við herskipaíhlutun breta á Íslandsmiðum eru að sjálfsögðu samningaviðræður niður fallnar og öll samningstilboð úr sögunni. Við höfum lýst því yfir að samningaviðræður fari ekki fram fyrr en bretar hafa dregið herskip sín út úr 200 mílna lögsögunni. Þetta liggur allt fyrir. Síðan liggur það fyrir til viðbótar í fréttum sem fram hafa komið og frá hefur verið skýrt opinberlega að utanrrh. hefur á ráðstefnufundi Atlantshafsbandalagsins lýst aðdraganda þess, að slitnaði upp úr samningaviðræðum við breta, og getið um hugmynd okkar til lausnar þessari deilu, 65 þús. tonna ársafla bretum til handa. Það er í tengslum við sögu málsins og skýrslu um gang þess sem utanrrh. nefnir 65 þús. tonna ársafla, og það er þessi skýrslugjörð sem er afbökuð hér á Alþ. í fjarveru hæstv. utanrrh. til að kasta skugga á hann og reyna að koma á tortryggni og úlfúð þegar okkur íslendingum er mest í húfi að standa saman. Þetta eru geðsleg vinnubrögð eða hitt þó heldur. Það liggur fyrir sömuleiðis að í ræðu sinni á fundi Atlantshafsbandalagsins í gær lýsti hæstv. utanrrh. því yfir að þessi hugmynd og þetta tilboð um 65 þús. tonna ársafla væri niður fallið. Hann lýsti þessu yfir skýrum stöfum og berum orðum. Útdrætti úr þessari ræðu, m. a. með þessum yfirlýsingum, var útbýtt á blaðamannafundinum í gær sem vitnað er til. Þannig er svo ljóst sem frekast má vera að hæstv. utanrrh. hefur ekki gert eitt eða neitt tilboð um eitthvert ákveðið magn öðrum þjóðum til handa til veiða hér á Íslandsmiðum. Það er því furðulegt að kveðja sér hljóðs hér utan dagskrár með fsp. af þessu tagi sem raun ber vitni um í dag. Mér finnst þetta lýsa málefnafátækt. Mér finnst þetta lýsa tilraunum til þess að koma á úlfúð þegar við þurfum á samheldni að halda. Ég fagna aftur á móti afstöðu utanrmn., fulltrúa allra flokka þar, sem eru sammála ríkisstj. um hvernig bregðast skuli við þeim aðgerðum sem bretar höfðu í frammi innan íslenskrar lögsögu — innan íslenskrar landhelgi í gær. Það er samheldni sem sýnir umheiminum að okkur íslendingum er alvara. En að vera með hártoganir og afbakanir vegna ræðu hæstv. utanrrh. að honum fjarstöddum sýnir slíka framkomu að það er ástæða til þess að víta hana alveg sérstaklega og lýsa hryggð sinni yfir að menn skuli beita slíkum vinnubrögðum.

Ég vil svo aðeins að lokum láta það koma hér fram að eftir atburðinn í gær náðum við hæstv. utanrrh. ekki saman fyrr en eftir að hann hafði flutt ræðu sína á ráðherrafundi Atlantshafsbandalagsins og því hafði hann ekki aðstöðu til þess í þeirri ræðu að fara inn á þessa atburði, en hefur nú gert það með því í morgun að kveðja sér sérstaklega hljóðs til að bera fram kæru á hendur bretum vegna þessa atferlis þeirra. Ég hef síðan haft samband við hæstv. utanrrh. og hann hefur tjáð mér að hann hafi fengið vinsamlegar undirtektir, og vitaskuld verður áfram að málinu unnið og réttur okkar sóttur.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Mér finnst alltaf þakkarvert þegar hæstv. forsrh. stígur í ræðustólinn. Ég hlýði á hann undantekningarlaust með athygli, kannske ekki alltaf með skefjalausri aðdáun og ekki heldur fyrir það sverjandi að mér hætti ekki stundum til þess að rengja hann. Að halda því fram að ég, sem hér stend í ræðustóli, og hv. þm. Gils Guðmundsson, sem kvaddi sér hljóðs utan dagskrár í Nd., höfum gert slíkt að tilefnislausu, af rætni, að við höfum spunnið upp eitthvað til að skapa úlfúð, er náttúrlega fráleitt.

Fréttastofa Ríkisútvarpsins sagði frá því tvisvar í gær að hæstv. utanrrh. hefði gert bretum tilboð í Brüssel. Í fyrra skiptið sagði fréttastofan að það hefðu verið 75 þús. tonn. Nokkru seinna var það leiðrétt og sagt að það hefðu ekki verið nema 65 þús. Callaghan utanrrh. breta sagði fréttamönnum frá því í Brüssel í gær að hæstv. utanrrh. Einar Ágústsson hefði gert bretum 65 þús. tonna tilboð, og Morgunblaðið hefur það eftir Einari Ágústssyni, hæstv. utanrrh. sjálfum, í dag, að hann hafi sagt á blaðamannafundum í gær að ef bretar færu fram á meiri afla af Íslandsmiðum en 65 þús. tonn, þá hlytu íslendingar að segja nei. Það veit hver heilvita maður sem vita vill að ríkisstj. er og hefur verið alla þessa daga að makka við breta.

Fjáröflun til vegagerðar, frv. (þskj. 148). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Á þskj. 148 er frv. til l. um fjáröflun til vegagerðar. Eins og fram kemur í grg. er frv. þetta í reynd frv. um breyt. á l. 79/1974 og felur í sér efnisbreytingar á 5. gr. þeirra laga. Hér er um að ræða að hækka þungaskatt á þeim dísilknúnu bifreiðum sem til þessa hafa greitt þungaskatt í formi fasts árgjalds.

Það hefur verið stefna stjórnvalda á umliðnum árum að miða skattlagningu bifreiðanotkunar við afnot þeirra af vegakerfinu. Mikill meiri hluti bifreiða landsmanna notar bensín sem orkugjafa, og hefur skattlagning þeirra bifreiða farið fram með þeim hætti að innheimt er vegasjóðsgjald af hverjum bensínlítra, svo sem hv. þm. er kunnugt. Gert er ráð fyrir að gjald þetta verði óbreytt, en það er nú 16 kr. á hvern lítra. Að því er varðar skattlagningu þeirra bifreiða, er nota annað eldsneyti en bensín, er málið að því leyti flóknara, að dísilolía er auk þess að vera notuð á bifreiðar mikið notuð til húsahitunar og sem orkugjafi fyrir skip. Ef innheimta ætti vegasjóðsgjald af hverjum seldum lítra af dísilolíu á sama hátt og af bensíni yrði því að verðleggja sömu vöru á mismunandi hátt eftir því til hvaða nota hún væri ætluð. Slíkt hefur í för með sér augljósa galla og hættu á misferli.

Frá árinu 1970 hefur því skattlagning á notkun þeirra bifreiða, sem nota dísilolíu, ýmist verið þannig háttað að greitt hefur verið ákveðið fast árgjald eða dísilbifreiðar hafa verið búnar gjaldmæli og greitt þungaskatt í samræmi við fjölda ekinna km. Þegar sett voru lög um fjáröflun til vegagerðar fyrir rúmu ári var þungaskattur á minnstu dísilbifreiðum einungis hækkaður um 3 þús. kr. þrátt fyrir allnokkra hækkun á bensíngjaldi. Gjald fyrir hvern ekinn km þeirra dísilbifreiða, sem búnar eru gjaldmæli, var hækkað með reglugerð s. l. sumar. Af þessum ástæð-

um er nú svo komið að um verulega mismunun er að ræða í skattlagningu til Vegasjóðs eftir því hvort um er að ræða annars vegar bensínbifreið eða dísilknúna bifreið með gjaldmæli eða hins vegar dísilbifreið sem greiðir skatt í formi fasts árgjalds. Úr þessum mismun er reynt að bæta svo að fylgt sé viðtekinni venju um skattlagningu í samræmi við notkun vega og svo að komið sé í veg fyrir að mismunun í skattlagningu bifreiða eftir tegundum eldsneytis hafi óeðlileg áhrif á val manna við bifreiðakaup þegar til lengdar lætur.

Sú breyting, sem nú er gerð á 5. gr. laga nr. 79/1974, miðar að því að draga úr þessum mikla mismun. Frv. gerir ráð fyrir að fast árgjald af þeim dísilbifreiðum, sem eru undir 3700 kg að leyfðri heildarþyngd, verði 126 þús. kr., og jafnframt verði eigendum þessara bifreiða gefið frjálst val um, hvort þeir greiða árgjald þetta eða setji gjaldmæli í bifreið sína og greiði eftir það gjald fyrir hvern ekinn km. Kílómetragjald fyrir bifreiðar í þessum þyngdarflokki er nú kr. 2.80 fyrir hvern ekinn km. Fast gjald, það sem nú er lagt til að verði 126 þús. kr., var áður á bílum 42000—85500 kr. eftir þyngd bifreiða, en nú er gert ráð fyrir sömu gjaldtöku af öllum bifreiðum innan framangreindra marka.

Til samanburðar um skattlagningu bensíns og dísilolíu er rétt að minna á að af verði hvers lítra bensíns, sem nú er 60 kr., eru greiddar kr. 34.04 í opinber gjöld, þar af 16 kr. til Vegasjóðs. Af verði hvers lítra af dísilolíu, sem nú er 32 kr., eru opinber gjöld einungis 6.91 eyrir, en ekkert vegasjóðsgjald sem fyrr segir. Hér er því um gífurlega mismunun í skattlagningu að ræða eftir því hvaða eldsneyti bifreiðin notar. Sem dæmi má enn fremur nefna að af leigubifreið með bensínvél, sem ekið er 45 þús. km árlega, er greitt 230 þús. kr. meira í skatt af eldsneyti en leigubifreið með dísilvél sem ekið er sömu vegalengd. Hér á móti má skoða hvað dísilbifreiðin greiðir meira til ríkissjóðs við innflutning og þegar það er látið koma til móts við þann mismun, sem hér um ræðir, og sú upphæð látin deilast á 3 ár, kemur út að mismunurinn er nærri 200 þús. kr.

Sem fyrr segir er eigendum þeirra bifreiða, sem hér um ræðir, gefið frjálst val um hvort þeir kjósi að greiða þungaskatt í formi fasts árgjalds eða sem gjald fyrir hvern ekinn km. Var þessi háttur hafður á eftir að samtök atvinnubifreiðastjóra andmæltu þeirri reglugerð, sem sett var á s. l. sumri, og hér er reynt að koma til móts við þá aðila sem hér um ræðir.

Í aths. með frv. þessu er gert ráð fyrir að árlegur tekjuauki Vegasjóðs vegna þessara breytinga nemi um 160 millj. kr. Tekjuauki þessi byggist á áætlun um hversu margir telji sér hag í því að setja ökumæla í bifreiðar sínar og fjölda þeirra. Sumir kjósa að greiða fast gjald. Slík áætlun hlýtur þó ætíð að vera háð nokkurri óvissu.

Aðrar breytingar á fyrri lögum um fjáröflun til vegagerðar, sem frv. hefur í för með sér, eru aðallega breytingar sem leiðir af breytingu á 5. gr.

Ég tel svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um frv., en skírskota til þess sem hér hefur verið sagt og grg. frv. og legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég tel ekki nauðsynlegt að fara mörgum orðum um þetta frv. Því verður vonandi vísað til þeirrar nefndar sem ég á sæti í, fjh.- og viðskn. En ég vil benda á að það er talsvert í þessu frv. sem ég vil gera athugasemdir við, og úr því að hæstv. ráðh. gat um afstöðu leigubílstjóra til þessa frv., þá mun ég óska eftir því þar að fulltrúar frá leigubílstjórunum verði kallaðir á fund nefndarinnar til að gera grein fyrir sínu máli. Ég held að það sé varhugavert að halda áfram á þeirri braut, sem þetta frv. stefnir, gagnvart leigubílstjórum og þeim sem hafa atvinnu af akstri.

Þá vil ég benda á að það er þungt gjald á Strætisvögnum Reykjavíkur. Það er kílómetragjald á þeim vegum sem þeir aka innanbæjar og eru að engu leyti fjármagnaðir með ríkisstyrkjum eða framlagi frá ríkissjóði. Ég tel óeðlilegt að Reykjavíkurborg eða Strætisvagnar Reykjavíkur séu látnir borga sérstakt kílómetragjald af innanbæjarakstri.

Það er fleira sem er athugavert við greiðslur til sveitarfélaga úr Vegasjóði sem ég ætla ekki að fara að telja upp hérna, en ég mun gera till. um það í nefnd að greiðslur úr Vegasjóði til sveitarfélaga eigi sér stað mánaðarlega. Að öðru leyti læt ég þetta nægja um frv. á þessu stigi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Lækkun lögbundinna framlaga á fjárlögum, frv. (þskj. 120, n. 156 og 160). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jón G. Sólnes): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um þetta frv. Samkomulag náðist ekki í nefndinni um afgreiðslu frv. og mun minni hl. n. skila séráliti, en meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþ.

Frsm. minni hl. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. d. hefur fjallað um frv. til l. um lækkun lögbundinna framlaga á fjárlögum. Frv. þetta gerir ráð fyrir því, að heimilt sé að lækka tiltekin framlög á fjárlögum áranna 1976 og 1977 um allt að 5%. Í hvaða tilgangi þetta er gert hefur hins vegar ekki fengist upplýst, hvorki frá þeim, sem flytja þetta frv., né af hv. frsm. meiri hl. n., sem var ákaflega stuttorður í sinni ræðu, og verð ég að segja að mig undrar að þetta einkennilega frv. skuli fram komið.

Í n. var óskað upplýsinga um það hvaða afleiðingar þetta frv. hefði ef það yrði að lögum. Ráðuneytisstjóri fjmrn. gaf þær upplýsingar að ætlunin væri að spara 276 millj. kr. með samþykkt þessa frv. á árinu 1976, þar af 100 millj. vegna ýmissa lögbundinna framlaga og 175 millj. vegna framlaga til vegagerðar. Þó var það helst

að heyra á umræðum manna á fundinum að allt væri í óvissu um það hvort um yrði að ræða niðurskurð á framlögum til vegagerðarmála, eins lítil og þau eru nú orðin, og ef svo yrði, þá yrði þarna aðeins um 100 millj. kr. sparnað að ræða. Ég verð að segja það að mér finnst þessi sparnaðarviðleitni ríkisstj. afskaplega tilviljunarkennd og einkennileg, að ekki sé meira sagt.

Til þess að upplýsa svolítið frekar um það, hvað hér er haft í huga, vil ég nefna hér nokkur þau sparnaðaráform sem liggja að baki þessu frv. Í fyrsta lagi hugsar ríkisstj. sér að spara framkvæmd sundskyldu í skólum, sem nemur 1905 þús. kr. Hún ætlar að spara framlag í Húsfriðunarsjóð sem nemur 217 þús. kr. Hún ætlar að spara framlag til Kristnisjóðs sem nemur 315 þús. kr. og spara framlag í Kirkjubyggingasjóð sem nemur 500 þús. kr. Eins ætlar hún að draga við sig framlög til ýmissa sjóða, svo sem Iðnrekstrarsjóðs, Iðnlánasjóðs, Lífeyrissjóðs bænda, Atvinnuleysistryggingasjóðs, Bjargráðasjóðs, Lánasjóðs sveitarfélaga, Byggingarsjóðs verkamanna, Fiskveiðasjóðs, Aflatryggingasjóðs og fleiri sjóða. Það eru aðallega ýmiss konar sjóðir af þessu tagi sem verða fyrir barðinu á þessu einkennilega frv., og það eru sem sagt 5% sem skorið er niður um í öllum tilvikum.

Ég vil minna hv. þm. á það að í verðbólguþjóðfélagi gerist það að sjóðir verða smærri og smærri, og einmitt þeir sjóðir, sem ég hef nú nefnt, líða fyrir það að eiginframlag ríkisins til þeirra hefur farið hlutfallslega mjög minnkandi miðað við umsvif sjóðanna. Fyrir tveim árum var ákveðið að hækka verulega framlög ríkisins til Iðnlánasjóðs og til Fiskveiðasjóðs. Þau voru hækkuð upp í 50 millj. í hvorn sjóð og þótti ekki af veita. Síðan sú ákvörðun var tekin hefur verðbólgan í þjóðfélaginu aukist um líklega nærri 100%, en í stað þess að nú er bersýnilega þörf á því að auka við eigið fé þessara sjóða og að bæta við framlög ríkisins til þeirra þannig að þeir geti raunverulega gegnt skyldu sinni og rýrni ekki úr hófi fram vegna þess að þessir sjóðir þurfa að greiða mikla vexti og verða fyrir ýmiss konar skakkaföllum, — það getur verið mjög varasamt að eigið fé þeirra sé mjög lítið, — en í staðinn fyrir að reyna að tína eitthvað fjármagn til svo að hægt væri að bæta við eigið fjármagn sjóðanna, sem er bersýnilega það sem er brýnast í svipinn, þá kemur hér till. um að skera niður 1/20 part af framlagi ríkisins í hvern sjóð. Það þarf áreiðanlega ekki mikla fjármálaspekinga til að sjá að þetta er algjörlega tilviljunarkennd ákvörðun sem styðst ekki við nein skynsamleg rök, heldur er bara sett á blað af einhverjum skrifborðsmönnum sem hugsa með sér: Við höfum ákveðið að fjárlögin skuli lækka hlutfallslega. Við þurfum að skera af öllum liðum. Eigum við ekki bara að taka alla þessa sjóði og skera þá niður um 5%, hvort sem við munum svo í raun og veru gera það eða ekki. — Þó að ég geti nú ekki sagt að álit mitt sé mikið á núv. ríkisstj., þá hef ég samt ekki svo slæmt álit á henni að halda að hún láti sér detta í hug að láta þessi lög koma til framkvæmda. Svo vitlausir eru okkar ágætu ráðh. ekki. En hitt er annað mál, að mönnum þykir það henta í áróðurstilgangi að veifa plaggi eins og þessu, að það sé verið að lækka þessi framlög, og þess vegna er Alþ. látið samþykkja þessi heimildarákvæði.

Ég sem sagt undirstrika það hér, að það er ekki nóg með að þetta sé afskaplega heimskuleg löggjöf sem hér er farið fram á að hv. Alþ. samþykki, heldur eru þetta líka vafalaust hrein sýndarvinnubrögð og ekkert annað. Af þessum ástæðum teljum við, sem skipum minni hl. n., að eðlilegast sé að fella þetta frv.

Frsm. meiri hl. (Jón G. Sólnes): Herra forseti. Þegar frv. til fjárlaga fyrir árið 1976 var lagt fram skýrði hæstv. fjmrh. í framsöguræðu sinni með frv. frá ýmsum ráðstöfunum sem þyrfti að gera og þyrfti að lögfesta til þess að sú stefnumörkun, sem felst í frv., næði fram að ganga, og þar á meðal var að afla sér heimilda Alþ. um lækkun á lögbundnum framlögum í fjárlögum. Þetta frv., sem hér er til umr. og hefur verið lagt fram, er eingöngu staðfesting á þessari ákvörðun ríkisstj. í sambandi við það að reyna að hafa einhvern hemil á vexti ríkisútgjaldanna, er einn liðurinn í því.

Ég vil benda hv. dm. á að hér er fyrst og fremst um heimildarlög að ræða. Okkur var það ljóst öllum sem eigum sæti í hv. fjh.- og viðskn. þessarar virðulegu d. að ef þessi heimild yrði notuð til hins ítrasta mundu margir liðir, sem að vissu leyti eru mjög þarflegir, verða fyrir skerðingu, og við vorum einhvern veginn þess meðvitandi og höfðum það mikið traust á hæstv. núv. fjmrh. að við töldum að hann og ríkisstj. mundu beita þessum heimildarlögum af viðsýni og skilningi þannig að þau yrðu ekki notuð til hins ítrasta.

Ég vil nota þetta tækifæri til þess að lýsa stuðningi mínum við þá miklu umhyggju fyrir kristnihaldi og kirkjubyggingum í þessu þjóðfélagi sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, og skal ég af veikum mætti styðja það að þar verði sem minnst skert fé úr hinum almenna ríkissjóði.

Að öðru leyti held ég að við verðum, eins og ég tók fram áðan, að vísa til ræðu hv. fjmrh. og stefnumörkunar ríkisstj. þegar fjárlagafrv. var lagt fram. Þetta frv. er bein afleiðing af þeirri stefnu sem þá var mörkuð, og því taldi ríkisstj. nauðsyn að afla sér þessarar heimildar. Ég legg áherslu á að hér er um heimild að ræða og fer það að sjálfsögðu fyrst og fremst eftir ákvörðun hlutaðeigandi yfirvalda að hve miklu leyti slík heimild verður notuð.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11:4 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 122, n. 158, 159 og 161). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. aktv.

Frsm. meiri hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur tekið frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 frá 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, til athugunar og rætt frv. á tveim fundum. Ráðuneytisstjóri fjmrn. og fulltrúi Þjóðhagsstofnunar komu á fundi nefndarinnar og skýrðu ýmis atriði og svöruðu fsp. nm. Meiri hl. n. mælir með samþykkt þessa frv., en minni hl. skilar séráliti.

Í frv. til fjárlaga fyrir árið 1976 segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Tekjur af eignarsköttum eru áætlaðar 1 milljarður 22 millj. eða um 524 millj. kr. meiri en í fjárl. 1975. Meginástæðan er sú að gert er ráð fyrir að fasteignamat verði fært fram til núv. verðlags á þessu ári, en fasteignamat til eignarskatts hefur verið óbreytt síðan nýtt fasteignamat tók gildi við álagningu 1972. Ekki liggur enn fyrir hve mikið fasteignamat mun hækka að meðaltali, en þó er ljóst að það mun a. m. k. þrefaldast. Að óbreyttum reglum um skattfrjálsa eign og skattþrep við álagningu eignarskatts einstaklinga mætti búast við enn meiri hækkun eignarskatts. Við þessa hækkun fasteignamats verður nauðsynlegt að taka álagningu eignarskatts til endurskoðunar, sérstaklega hvað snertir skattfrjálsa eign og skattþrep, og eru þessi atriði nú til athugunar. Rétt þykir að gera þegar í fjárlagafrv. ráð fyrir hækkun eignarskatts vegna þessara breytinga þótt endanleg ákvörðun í þessu máli liggi ekki fyrir. Álagður eignarskattur 1975 nemur 487 millj. kr., en á næsta ári er hér reiknað með rúmlega 1100 millj. kr. álagningu að meðtalinni aukningu eignarstofns og áhrifum annarra verðbreytinga en hækkunar fasteignamats. Á grundvelli þessa er innheimtur eignarskattur einstaklinga áætlaður 492 millj. kr. á næsta ári og eignarskattur félaga 460 millj. kr. Byggingarsjóðsgjald af eignarskatti er áætlað 9.5 millj. kr.“

Hér hefur verið lagt fram frv. til l. um fasteignir og fasteignamat sem gerir ráð fyrir hækkun á fasteignamati, en það frv. hefur ekki verið tekið til meðferðar. Í þess stað er lagt til í nefndu frv. um breyt. á lögum um tekjuskatt og eignarskatt að fasteignamat verði margfaldað með 2.7 og skattfrjáls skattgjaldseign hækkuð úr 1 millj. í 2 millj. kr. Þessi breyting er því til bráðabirgða og fellur væntanlega úr gildi ef umrætt frv., sem hér hefur verið lagt fram, nær fram að ganga.

Nefndin fékk fulltrúa frá Þjóðhagsstofnun til þess að útskýra ýmis atriði varðandi þetta frv., og fengum við frá Þjóðhagsstofnun nokkur atriði á blaði sem ég ætla að vitna hér í, með leyfi hæstv. forseta. Þar segir m. a.:

Brúttóeign til skatts 1975 var um 113 milljarðar kr., en nettóeign, þ. e. a. s. skattgjaldseign, um 75 milljarðar kr. Ekki liggja fyrir tölur um hlutdeild fasteigna í eignarstofninum, en lauslega má áætla þær 50—55 milljarða kr. á gildandi mati. Athugun hefur verið gerð á því hvaða áhrif 2.7-földun fasteignamats ásamt breytingum á stiga samkv. frv. til l. um breyt. á l. um tekju- og eignarskatt, þ. e. a. s. enginn skattur af fyrstu 2 millj. skattgjaldseignar, 0.6% af næstu 1.5 millj. kr. og 1% skattur þar fyrir ofan, muni hafa á áhrif eignarskatts. Er athugun þessi byggð á úrtaki úr skattaframtölum 1975 og ákveðnum forsendum um hlut fasteigna í eignum og dreifingu þeirra, þar sem nákvæmar upplýsingar um það eru ekki fyrir hendi. Niðurstaðan er sú, að álagður eignarskattur einstaklinga muni tvöfaldast við þessa breytingu, þ. e. verða 520 millj. kr. samanborið við 260 millj. kr. 1975. Að teknu tilliti til eignaaukningar og verðbreytinga á öðrum eignum en fasteignum lætur nærri að reikna megi með 580—600 millj. kr. álögðum eignarskatti einstaklinga 1976.

Á árinu 1975 var lagður eignarskattur á 25 450 einstaklinga, en til samanburðar má nefnd að á árinu 1972 var lagður eingnarskattur á 17 700 einstaklinga. Ekki er unnt að áætla af nákvæmni hvaða áhrif ofangreindar breytingar á fasteignamati og skattstiga eignarskatts hafa á fjölda gjaldenda, en þau eru sennilega óveruleg og gætu alveg eins verið til fækkunar eins og fjölgunar. Álagður eignarskattur félaga var 230 millj. kr. í ár og í fjárlagafrv. er reiknað með nær 550 millj. kr. álagningu 1976. Lausleg athugun, aðallega byggð á gögnum frá árinu 1972 með áætluðum breytingum síðan, bendir til þess að með 2.7-földun fasteignamats megi búast við svipaðri álagningu og reiknað var með í fjárlagafrv.

Við fengum einnig upplýsingar um áætlaðan eignarskatt og þróun hans undanfarin ár, en þar kemur í ljós að 17 700 einstaklingar greiddu árið 1972 124 millj. kr., 20 400 einstaklingar greiddu árið 1973 225 millj. kr., en þess ber að geta að viðlagagjald var innifalið í þeirri upphæð, 1974 greiddu 22 450 einstaklingar 200 millj. kr., 1975 greiddu 25 450 einstaklingar 262 millj. kr., og áætlað er að 24—26 þús. einstaklingar greiði 580 millj. kr. árið 1976. Þessar tölur um fjölda eru ekki nákvæmar og getur orðið breyting á þeim vegna eignaaukningar eða annars.

Varðandi félög er það að segja að á árinu 1972 greiddu 2900 félög 169 millj. kr. í eignarskatt, á árinu 1973 greiddu 3100 félög 216 millj. í eignarskatt, á árinu 1974 greiddu 3240 félög 202 millj. í eignarskatt, á árinu 1975 greiddu 3380 félög 230 millj. í eignarskatt og áætlað er að um það bil 3500 félög greiði 550 millj. á árinu 1976.

Þessar breytingar, sem hér er gert ráð fyrir, gera það að verkum, eins og ég hef skýrt frá, að eignarskattur hækkar allverulega, í fyrsta lagi vegna almennra verðbreytinga eigna og í öðru lagi vegna þess að frv. gerir ráð fyrir 170% hækkun á fasteignamatsverði fasteigna áður en eignarskattur er lagður á. Hækkun á verði fasteigna hefur að sjálfsögðu ekki orðið svo á þessu ári, en þess ber að geta að hér hefur verið óbreytt mat frá árinu 1972. En á móti því kemur hækkun á skattfrjálsri eign um 100% eða úr 1 millj. í 2 millj.

Á s. l. ári voru um það bil 103 þús. framteljendur í landinu og þar af voru 70 þús. framteljendur sem eiga einhverja eign. Um það bil 25 500 einstaklingar greiddu eignarskatt, en um það bil 43 500 greiddu ekki eignarskatt. Þessar breytingar munu hafa það í för með sér að gjaldendum mun sennilega lítið fjölga. Einhverjir falla út þar sem skattfrjáls eign er aukin, en einhverjir koma inn í staðinn þar sem fasteignamatsverð skal margfaldað með 2.7.

Ég vil að lokum, herra forseti, endurtaka það að hér er um ákvæði til bráðabirgða að ræða eða þar til ný lög, sem hafa komið fram í frumvarpsformi, hafa verið samþykkt, og er ætlunin að þessi ákvæði gildi þar til. En meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. 1. minni hl. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég skal ekki rekja efnislega það frv. sem hér liggur fyrir til umræðu, en þrátt fyrir það að á nefndarfundi fjh.- og viðskn. kæmu ráðuneytisstjóri fjmrn. og fleiri stórmenni, m. a. fulltrúar frá Þjóðhagsstofnuninni, þá hefur það ekki breytt viðhorfum mínum til þeirra skatta sem hér er um að ræða. Ég móta mér skoðun samkv. mínum lífsvenjum og mínum lífsskoðunum, og þess vegna hef ég verið á móti þeim ákvæðum til bráðabirgða, sem hér eru lögð fram af hæstv. ríkisstj., og látið frá mér fara sérstakt nál.

2. minni hl. fjh.- og viðskn. hefur einnig látið frá sér fara sérnál. og gert þar samtímis till. um breytingar á því frv. sem hér liggur fyrir. Þó að ég styðji ekki þá brtt., þá er hún heldur nær því að vera samþykkjanleg af mér heldur en frv. sjálft. Ég vil — með leyfi hæstv. forseta — lesa nál. mitt sem er á þskj. 159, en það er svo hljóðandi:

„Þar sem ég tel eignarskatt óréttlátan skatt til tekjuöflunar ríkissjóðs, mæli ég gegn hækkun þeirri, sem nú er fyrirhuguð, og tel að stefna beri að því að leggja eignarskatt niður.

Gjaldþol fólks þolir ekki íþyngjandi álögur eins og málum er nú komið.

Frv. þetta gerir ráð fyrir hækkun tekna til ríkissjóðs af eignarskatti af einstaklingum og félögum frá fjárlögum 1975 úr 443 millj. kr. í 952 millj. kr. Er hér um að ræða 509 millj. kr. viðbótarálag á umræddda skattgreiðendur sem ég met sem lið í eignaupptöku og leyfi mér að vara við.

Ungum og öldnum, sem lagt hafa afrakstur erfiðis síns til eignasköpunar í þjóðfélaginu, er hegnt með síhækkandi eignarsköttum. Þessu vil ég leggjast gegn og mun því mótmæla þessum hækkunum með því að greiða atkv. gegn ofangreindu ákvæði til bráðabirgða sem felst í frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt."

Ég tel að allt hafi komið fram, sem ég tel mig þurfa að segja um þetta mál, í þessu nál. En án þess að lengja þessar umr. um of vil ég þó ljúka máli mínu með því að benda á þá staðreynd að stefna stjórnmálaflokkanna allra hefur um langt tímabil verið sú að almenningur í okkar harðbýla landi eignist í sem ríkustum mæli eigið húsnæði, þ. e. a. s. þak yfir höfuðið. Til þess að svo gæti orðið hafa verið samþykkt og sett lög á Alþ. til aðstoðar þessu fólki í gegnum ýmsa sjóði, m. a. þá sérstaklega í gegnum húsnæðismálastjórn, lífeyrissjóði og fleira þessum hugmyndum til framdráttar og fjárfrekar byggingaráætlanir kostaðar með slíkri lagasetningu. Þetta hefur að sjálfsögðu orðið íslenskri alþýðu mikil aðstoð við að koma sér upp eigin íbúðum, eigin þaki yfir höfuðið.

Ég held að það séu fleiri einstaklingar í okkar þjóðfélagi heldur en almennt gerist í öðrum þjóðlöndum sem eru íbúðareigendur og eru eignafólk að einhverju marki. Þessi hækkun úr einni millj. í tvær millj., sem enginn skattur á að greiðast af, er rúmlega það sem sæmileg bifreið er metin á í dag. Ég held að bæði íbúð og bifreið séu ein af nauðþurftum þjóðfélagsins, og ég tel að það sé rangt að ætla að skattleggja það sem við höfum, hvar sem við stöndum í stjórnmálaflokki, reynt að ýta að fólkinu, vegna þess að við höfum viðurkennt að fólkið þarf nauðsynlega á þessu að halda, íbúðum og svo farartæki til þess að komast frá heimili sínu og til baka, hvort sem það er til vinnu eða annað. Því hef ég ekki séð mér fært að vera samferða meiri hl. fjh.- og viðskn., en skila því sérnál. sem ég hef hér lagt fram. Og ég mun að sjálfsögðu í samræmi við það greiða atkv. gegn þessu frv. sem hér er lagt fram af hæstv. ríkisstj.

Frsm. 2. minni hl. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það er aðalefni þessa frv. að fasteignamat við eignarskattsálagningu sé hækkað og að hækkunin sé í nokkru samræmi við þá miklu hækkun á fasteignamatsverði sem orðið hefur síðan fasteignamat var ákveðið fyrir nokkrum árum. Við, sem höfum orðið í minni hl. í þessari n. og skilum sérstöku áliti á þskj. 161, hv. þm. Jón Árm. Héðinsson og ég, við erum ekki ósamþykkir því að matsverð fasteigna til eignarskattsálagningar sé hækkað nokkuð. Við teljum að það sé sjálfsögð og eðlileg breyting og raunar óhjákvæmileg ef þessi skattstofn eigi að haldast. En hitt er ljóst, að þetta er ekki nema helmingurinn af málinu.

Hinn hluti málsins er sá, hvernig hagað skuli lágmarksupphæðum og álagningarprósentum. Í þeim efnum eru þrjár leiðir hugsanlegar. Í fyrsta lagi er hugsanlegt að halda lágmarksupphæðum hliðstæðum og þær hafa verið og þar með um leið prósentustigum. Ef þetta væri gert mundi lágmarksupphæðin hækka úr 1 millj. í 2.7 millj. kr., þannig að enginn skattur væri lagður á nettóeignir undir þeirri upphæð, með sama hætti og hingað til hefur ekki verið lagður skattur á nettóeignir undir 1 millj. meðan fasteignamatið var óbreytt.

Önnur leiðin, sem hugsanleg væri, er sú að lágmarksupphæðin væri hækkuð í 2.7 millj., en jafnframt væri prósentuhlutföllunum breytt með þeirri afleiðingu að skatturinn hækkaði hlutfallslega á miklar eignir.

Þriðja leiðin er sú sem valin er í frv., þ. e. sú að hafa prósenturnar óbreyttar, en að lækka lágmarksupphæðina minna en nemur hækkun fasteignamatsins.

Munurinn á þessum þremur leiðum er sá, að ef fyrsta leiðin er valin og allt er hækkað í sama hlutfalli, fasteignamatið er hækkað um 2.7, lágmarksupphæðin er hækkuð um 2.7 og prósenturnar eru óbreyttar, þá má segja að skatturinn gangi jafn nærri fólki og hann hefur áður gert hlutfallslega, þannig að hann gangi í öllu falli ekki nær því fólki, sem litlar og smáar eignir á, og það lendi ekki í skatti umfram það sem áður hefur verið. Önnur leiðin, sem ég nefndi, er

hins vegar sú, eins og ég sagði, að hækka lágmarksupphæðina í 2.7 millj. og hækka svo prósentutölurnar sérstaklega. Sú leið mundi væntanlega vera erfiðust fyrir stóreignamenn og sú leið væri að sjálfsögðu sanngjörnust og eðlilegust að minni hyggju. Eg tel hins vegar að ríkisstj. og stjórnarmeirihl. hafi við undirbúning þessa máls valið verstu leiðina af þremur hugsanlegum leiðum, því að hann velur þá leið að það er ekki hækkað sérstaklega á stóreignamönnum, prósentutalan er sú sama og áður var þar. Að vísu kemur hækkun hjá þeim af völdum hækkunar fasteignamatsins, en innbyrðis eru hlutföllin óbreytt. En það er greinilegt á öllu að með því að hækka fasteignamatið miklu meira en nemur hækkun lágmarksupphæðarinnar er gengið miklu nær því fólki sem litlar eignir á, og má því segja að þetta sé sérlega íþyngjandi fyrir venjulega íbúðareigendur sem hafa komið sér upp þaki yfir höfuðið og eiga þar nokkra eign, en skulda jafnframt í henni töluvert, þannig að þar kemur fram ákveðinn mismunur. Það er einmitt þetta fólk sem fer verst út úr þessari breytingu og þessu erum við algerlega mótfallnir. Við teljum sem sagt eðlilegast að upphæðirnar í frv. séu hækkaðar allar jafnmikið eða í sama hlutfalli, séu margfaldaðar með 2.7 og við getum ekki fallist á þá röksemd að þetta sé afsakanlegt vegna þess að hér sé aðeins um hluta eignar að ræða, þ. e. a. s. bara fasteignirnar, en aðrar eignir séu þarna undanskildar.

Það er út af fyrir sig rétt að hér er ekki bara um að ræða skatt á fasteignir. Hér er um að ræða skatt á allar eignir. Það mundi þá oft vera svo að um væri að ræða heimilisbíla og ýmislegt annað sem teldist til eigna hjá fólki. En staðreyndin er auðvitað sú að fasteignirnar eru langsamlega stærsti parturinn af þessum eignum og alveg sérstaklega hjá þeim hópi fólks sem er með einhvers staðar í kringum 2 millj. kr. nettóeign, og þar af leiðandi skiptir hinn þátturinn ákaflega litlu máli.

Við höfum leyft okkur að flytja brtt. í samræmi við afstöðu okkar, brtt. á þskj. 161, sem felur í sér að lágmarksupphæðin hækki í 2.7 millj. kr. Við viljum sem sagt með þessu varna því að tiltölulega smáar fasteignir verði skattlagðar með tilkomu þessa frv. frekar en áður hefur verið, og við leggjum á þetta sérstaka áherslu, vegna þess að við vitum að þetta er ekki eini skatturinn sem lagður er á slíkar fasteignir. Fasteignaskattur til sveitarfélaga er talsverður. Hann er brúttóskattur og leggst með fullum þunga á smáar fasteignir. Það er því afar óréttmætt að fara að bæta þessari íþyngingu við.

Ég vil sem sagt undirstrika þessa afstöðu okkar, að við erum ekki mótfallnir því aðalefni frv. að matsverð fasteigna verði hækkað. Við hefðum talið eðlilegra og vel hugsanlegt að styðja þá breytingu að hækkuð hefði verið sérstaklega prósentan á eignum sem væru talsvert miklar og gætu talist stóreignir í þess orðs merkingu. En við erum algerlega mótfallnir því að samþykkja frv. sem felur í sér sérstaka hækkun skattgjalds á eignum sem allir hljóta að vera sammála um að eru smáeignir í þjóðfélagi okkar.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það skulu vera fá orð. Ég get tekið undir með frsm. 2. minni hl. um flest það sem hann talaði hér um. Mér skildist á frsm. meiri hl. að hér kæmu tiltölulega fáir nýir aðilar inn í þetta dæmi, það féllu fáir út einnig og það yrði mest um sömu aðila að ræða sem greiddu eignarskatt, miðað við það sem verið hefur. Þetta hafði hann eftir einhverjum fræðingum sem ég tók ekki eftir, hverjir voru, og ég trúi þeim auðvitað rétt mátulega. Miklu frekar hefði ég trúað því ef hv. þm. sjálfur hefði rannsakað það nákvæmlega. En aðalspurning mín varðandi þetta er varðandi vissan hóp í þjóðfélaginu, þ. e. a. s. eldra fólkið, sem á orðið skuldlausar íbúðir sínar og ég óttast það nú, það læðist að mér sá grunur að kannske sé það einmitt þetta fólk sem kynni að koma inn í þarna til viðbótar með þessu fyrirkomulagi. Ég veit sem sagt ekki hversu náið þetta hefur verið athugað. Það vill nú svo til að flest mál nú þessa dagana og kannske enn þá meira þau mál, sem eiga eftir að sjást hér í þingsölum, hafa vart verið vel ígrunduð og er reyndar enn þá verið að hnakkrífast um í stjórnarflokkunum sum þau sem veigamest eru, eða þá kannske líka að sum þeirra séu næstum hrein markleysa eða gamanmál, eins og hv. þm. Jón G. Sólnes komst nánast að orði um frv. hið næsta hér á undan, um lögboðna lækkun á ýmsum framlögum.

En hér er hins vegar auðvitað ekki neitt gamanmál á ferðinni. Við vitum hvernig fyrirkomulagið er með fasteignaskattinn, sem sveitarfélögin leggja á, gagnvart eldra fólkinu. Þar er heimild til þess að fella þennan fasteignaskatt niður og flest sveitarfélög hygg ég eða öll notfæra sér þetta, fella niður fasteignaskatta af þessu fólki, og flest gera það sjálfkrafa. En spurningin er sem sagt um það, — ég er ekki svo kunnugur þessum lögum, — hvort þarna sé um nokkur slík ákvæði að ræða gagnvart eignarskattslögunum. Það kann að vera og þá upplýsist það. En ef hér er um að ræða hættu varðandi það að einmitt eldra fólkið verði þessir viðbótaraðilar, sem hv. frsm. meiri hl. kom hér inn á, þá er margföld ástæða til þess til viðbótar við það, sem hv. þm. Ragnar Arnalds minntist hér á áðan, að vera hér andvígur. Það væri gott að fá þetta upplýst núna ef unnt væri. Ég veit ekki hversu hv. frsm. er tilbúinn til þess að gera það, en hitt veit ég, að hann er næsta fróður í öllum þessum lögum og getur veitt mér mikla vitneskju þar um.

Frsm. meiri hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Frsm. tveggja nál. í minni hl. hafa talað hér fyrir máli sínu. Hv. þm. Albert Guðmundsson telur að það beri að leggja eignarskatt niður, gjaldþol fólks þoli ekki slíkar álögur nú og hér sé nánast um eignaupptöku að ræða.

Það hefur alltaf verið létt í öllum þjóðfélögum að vera á móti sköttum og slíkt á alltaf miklu fylgi að fagna. Það er sjálfsagt með eignarskatta eins og aðra skatta að það er í sjálfu sér mjög auðvelt að vera mótfallinn þeim. En menn verða þá að gera sér grein fyrir því að

það þarf að fella niður á móti annaðhvort einhverja félagslega þjónustu, sem ríkið býður, og einhvers staðar hlýtur það að koma við eða þá að taka upp nýja skatta í staðinn.

Eignarskattar eru í flestum löndum í dag og það er með þá eins og marga aðra skatta víða að þeir hafa verið teknir upp upphaflega á erfiðum tímum, í flestum tilfellum á stríðstímum, þegar erfiðleikar hafa verið í viðkomandi þjóðfélögum. En eins og eignarskattur er skilgreindur í dag getum við sagt að eignarskattur sé fyrst og fremst viðbótarskattur við tekjuskatt, sem sagt skattur á þær tekjur sem af eignum koma í einu eða öðru formi. Það er léttara að vinna fyrir og afla slíkra tekna sem koma af eignum, og tekjur án vinnu stafa undantekningarlítið af eignum manna. Hins vegar er það oft svo að aðilar með sömu tekjur og eiga jafnvel eignir, sem bera lítinn eða engan arð, þurfa að greiða eignarskatt. Því verður ekki mótmælt að eignir veita ákveðið öryggi, efnahags öryggi, sem aðrir þurfa að tryggja sér annaðhvort með sparnaði eða ákveðnum tryggingum. Þetta er staðreynd. Og þeir, sem eiga eignir, hljóta að hafa meira öryggi og meira gjaldþol.

Ég ætla mér ekki að gera mikinn ágreining út af því sem hv. þm. Ragnar Arnalds sagði hér. Það, sem hann leggur hér til, er í sjálfu sér minni háttar breyting, þ. e. a. s. hækka lágmarkið um 700 þús., sem mundi þá þýða hjá allflestum aðilum um 4 200 kr. á ári ef farið væri upp fyrir þetta mark, þ. e. a. s. 0.6% af 700 þús. En ég get ekki séð að þótt fasteignamat sé hækkað, þá eigi lágmarkið að hækka samsvarandi. Það er ekkert sem segir að slíkt skuli gerast. Þetta er náttúrlega háð samsetningu eignanna og því ekki neitt sjálfsagt mál að lágmarkið hækki í samræmi við hækkun fasteignamatsins. Hann gat þess að það væri ekki hækkað mest á stóreignamönnum og þetta væri sérlega íþyngjandi fyrir þá sem minni eignir hafa. Það vill nú svo til að stóreignamenn eru yfirleitt menn sem eiga fasteignir og það verðmætar fasteignir og slíkar fasteignir eru yfirleitt í háu fasteignamati. Ef þetta fasteignamat er margfaldað upp hlýtur slík hækkun sem þessi að koma mest við þá. Algengasta fasteignamat á því, sem við getum kallað meðalíbúðir í landinu, er, eftir því sem ég hef best séð, án þess að ég hafi rannsakað það sérstaklega, einhvers staðar á bilinu 800 þús. til 1200 þús., sem þýðir það að slík fasteign er eftir slíka margföldun einhvers staðar á bilinu kannske 2.2—2.3 millj. til 3 millj., þ. e. a. s. þær fasteignir sem fólk flest býr í. Þær breytingar, sem hér verða, verða sennilega ekki í mörgum tilfellum mjög íþyngjandi á þetta fólk. En ég held að það sé staðreynd og það sé rétt, — sem ég hef enga ástæðu til þess að rengja, það sem fulltrúar Þjóðhagsstofnunar tjáðu okkur og lögðu fyrir okkur eftir að hafa athugað þetta mál, — að gjaldendum fjölgar ekki. Ég sé ekki ástæðu til að rengja það. En það mun koma í ljós eftir að næsta ár er liðið hvort svo verður. En þeir töldu það ekki. Hitt er rétt, að það koma ýmsir gjaldendur inn, en aðrir falla út, og það tóku þeir skýrt fram.

Varðandi eldra fólkið er það að segja að þetta er visst vandamál. Ég hef ekki trú á því að eldra fólk, sem býr í tiltölulega litlum íbúðum, verði fyrir mikilli skattheimtu í þessu tilfelli. Hitt er svo annað mál, að það getur skapað erfiðleika fyrir það eldra fólk sem býr í mjög stórum eignum og býr kannske þar eitt. Það getur skapað vissa erfiðleika þar sem fasteignamat er afskaplega hátt. En það er ekki heimild til þess í lögum, svo að ég viti til, að fella niður eignarskatt á gömlu fólki. Það kom til greina við skattkerfisbreytinguna á s. l. ári að hinn svokallaði neikvæði tekjuskattur gengi fyrst til að greiða eignarskatt. Það var fallið frá því vegna þess að það var talið óeðlilegt að t. d. stóreignarmenn með miklar eignir, en litlar tekjur fengju greiddan eignarskattinn sinn af ríkinu.

Það er sem sagt mín skoðun að þetta sé ekki mjög íþyngjandi fyrir eldra fólk sem býr í tiltölulega litlum íbúðum og meðalíbúðum. En fyrir eldra fólk, sem á mjög stórar og verðmætar eignir, getur þetta þýtt allnokkra hækkun. En þá er náttúrlega annað mál, að ef þetta eru mjög verðmætar eignir, þá er þar í nokkrum tilfellum um að ræða eldra fólk sem mætti kannske í sumum tilfellum kalla stóreignafólk, jafnvel þótt fólkið sé gamalt.

Frsm. 1. minni hl. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil láta í ljós hryggð mína yfir því að sæmilega vel gerður maður skuli hvað eftir annað standa að því að koma á gjöldum í einhverri mynd. Ég held að hv. síðasti ræðumaður hafi ekki tekið nógu vel eftir því sem ég sagði hér áðan. Ég sagði eftir hans orðum að það bæri að leggja niður eignarskatt. En ég las upp úr nál. þar sem stendur orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Ég tel að stefna beri að því að leggja niður eignarskatt.“ Það er dálítið annað. Og það er mín lífsskoðun, ég tók það líka fram, en ekki að leggja hann niður nú á þessari stundu. Ég er hér með að mótmæla því sem ég kalla viðbótarskattinn sem fram kemur í frv. Ég ítreka það og það er engin sýndarmennska. Það er ekki langt frá því að gjaldþol fólksins sé þegar komið á spennupunkt og geti brostið þegar við er bætt. Og það fer ekkert á milli mála að viðbótareignarskattur, ef hann heldur áfram að hækka árlega, skref í hvert skipti nær eignaupptöku, og það er tilfellið í dag án hækkunar. Sumt fólk borgar talsverða húsaleigu í eigin íbúðum, í eigin húsum, og sú húsaleiga er alls ekkert lág.

Ég tel ekki óeðlilegt að sveitarfélög taki einhvern fasteignaskatt, eins og hér kom fram áðan, en ég tel óeðlilegt að ríkið seilist inn á þann markað sem á að vera í friði fyrir ríkinu, en sveitarfélögum kannske eðlilegri. Þar er dálítill munur á.

En hvað það snertir að það eigi miklu fylgi að fagna að vera á móti sköttum vil ég segja þetta: Að sjálfsögðu hlýtur það að eiga fylgi að fagna. Ég vona að það eigi miklu fylgi að fagna því að meðan fólk er á móti sósíalismanum sem í því felst líka, þá er landinu betur borgið. Nú veit ég að einhver þm. hlýtur að fylgja mér upp í ræðustólinn og mótmæla þessum orðum. (StJ: Ertu að segja þetta viljandi svona.) Ég vil nú

ekki kannske beint taka undir orð forsrh. töluð úr þessum ræðustól fyrr í dag, ég vil ganga það langt að mótmæla forsrh. því að ég held að ég mundi ekki vilja breyta hv. 5. þm. Norðurl. e. að einu eða öðru leyti, ég vil leyfa honum að halda áfram að gjamma fram í. Það er óeðlilegt ef hann gerir það ekki.

Að sjálfsögðu er það rétt hjá hv. flm. meiri hl. að eignir veita ákveðið öryggi. Þetta eru engin ný sannindi. En það, sem er sárgrætilegt við hans málflutning og þann hugsunarhátt sem í honum felst, er að taka beri af þeim sem eiga eignir. Til hvers? Til að gera alla jafna, það má enginn skara fram úr, hvorki í þessu né öðru. Það er sósíalisminn. En ef svo væri nú að öllu leyti, þá væri kannske skiljanlegra að takmarka athafnaþrá manna í þjóðfélaginu á einhverjum sviðum. En það er ekki bara það, heldur er verið að bæta hér við viðbótargjöldum til þess að setja í þá ríkishít sem hefur verið byggð upp hér á undanförnum árum og þessi ríkisstj. er að reyna að komast út úr. Þetta er bara ekki leiðin að mínu mati, að velta hlutunum yfir á fólkið sjálft. Og ég ætla mér hér að verja stóreignamenn og stóreignafólk, en það er ekki þar með sagt að það sé alltaf tekjuhátt fólk. Það getur verið það fólk sem er í hvað mestri peningaklemmunni.

Það er rétt að benda á að fasteignir í dag gera menn ekki ríka. Það er viðurkennt, það vita allir, að fasteignir gefa ekki helming í leigutekjur af því, sem þær ættu að gera ef þær ættu að standa undir sínum gjöldum, sínum eðlilega kostnaði, — ekki helming. Og þó er leigan orðin það há að fólk sligast undir henni. Þetta er staðreynd. Ég held að hver þm. geti aflað sér upplýsinga um það gamla fólk sem býr í litlum íbúðum og nú á að falla undir þessar 2 millj. kr. sem nú er talað um að verði álagningarfrjálsar. Við skulum segja að það búi í tveggja herbergja íbúð. Tveggja herbergja íbúð í dag kostar 2—4 millj. á sölumarkaðnum, þannig að ég get ekki séð hvaða fólk það er sem er undanþegið, fellur ekki undir þessar 2 millj. Það er margur sem býr í kannske eins herbergis íbúð með eldhúsi og þá frekast í mjög gömlu húsi. En ég vil bara mótmæla þeim hugsunarhætti, sem kemur fram hjá frsm. meiri hl. Hann er rangur og furðulegur af ungum manni, ungum vel menntuðum manni í nútíma þjóðfélagi.

Frsm. meiri hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að taka hér upp deilur við hv. þm. Albert Guðmundsson um tekjujöfnun og jöfnun á aðstöðumun í þessu þjóðfélagi. Ég þykist vita að við séum þar ekki á sama máli, og ég er því vissulega fylgjandi að innheimta skatta og það allmikla skatta til þess að jafna mun fólksins í landinu. Það ætla ég ekki að fara dult með hvort sem hv. þm. vill kalla það sósíalisma eða eitthvað annað. En það, sem ég lagði áherslu hér á varðandi eignarskattinn, var í sjálfu sér ekkert nýtt. Það er sú skilgreining sem er viðurkennd af öllum varðandi eignarskatt, að hann er í fyrsta lagi skattur á þær tekjur, sem af eignum koma, sem sagt viðbótarskattur við tekjuskatt í einu og öðru formi, vegna þess að fyrir þeim tekjum, sem af eignum koma, þarf ekki að hafa eins mikið og að vinna fyrir sér í annarri vinnu. Og í öðru lagi — og það viðurkenndi hann líka — skapa eignir ákveðið öryggi og gera það að verkum að þeir, sem hafa það öryggi, eru fremur bærir til þess að greiða skatta. En aftur á móti hinir, sem hafa ekki slíkar eignir, þurfa að reyna að kaupa sér slíkt öryggi á einhvern annan hátt, annaðhvort í formi trygginga eða reyna að spara.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég hafði raunar ekki ætlað mér að taka til máls um þetta frv., geri það raunar að vingjarnlegri beiðni míns gamla kunningja, hv. þm. Alberts Guðmundssonar.

Ég man eftir því fyrir mörgum árum að ég hugleiddi í alvöru möguleika á því að koma saman í einu leikriti nokkrum persónum úr aðskildum verkum. En jafnvel í minni villtustu fantasíu hefði það ekki hvarflað að mér að reyna að búa til eina og sömu persónu úr Hróa Hetti og Shylock. Ég hef ekki treyst mér til þess. Hv. þm. Albert Guðmundsson hefur í raun og veru — við skulum láta hann njóta sannmælis — a. m. k. annan hvern dag stigið í þennan ræðustól beinlínis í því skyni að verja hina fátæku og smáu fyrir þeim ríku. Það er ekki hægt með öðrum hætti, hv. þm., en að taka frá þeim, sem mikið eiga, eins og Hrói höttur gerði, og fá þeim, sem við neyðina búa og skortir, eins og Hrói höttur gerði. En svo kemur hv. þm. áðan og lýsir yfir því að hann sé kominn hingað upp til þess að verja stóreignamennina, til þess að koma í veg fyrir að frá þeim sé tekið einmitt til þess að hjálpa gamla fólkinu í litlu íbúðunum sem skreppur inn í fasteignaskattinn núna vegna þess að fasteignamatið verður hækkað. Það er alveg hárrétt sem hv. þm. sagði, að gamla fólkið, sem lifir nú af ellilaunum, slíkum sem þau eru orðin við tilkomu hæstv. núv. ríkisstj, þetta gamla fólk í litlu íbúðunum, sem metnar verða nú til stóreignaskatts, er fæst aflögufært um hækkuð gjöld. Og ég er alveg viss um það að hv. þm. mælti í alveg fullkominni einlægni þegar hann vakti athygli á þessu því að jafnvel þessi andartök, sem hann stóð hér í ræðustóli, var Hróinn í skapgerð hans einmitt kominn með kverkatak á Shylockinn og hann var að skipta um persónuleika aftur. Honum er þetta einlægni. Það er hagur einmitt litla fólksins, fátæka fólksins í litlu íbúðunum, sem þessi hv. þm. ber fyrir brjósti. En samt hefur hann brjóstheilindi í sér til þess að standa hér uppi og segja að hann sé að verja stóreignafólkið. Ástæðan fyrir því, hv. þm., einmitt ástæðan fyrir því, að gamla fólkið í litlu íbúðunum getur ekki bætt á sig hækkuðum gjöldum til samfélags, er sú hvað verslunin tappar það hraustlega, hvað vöruverðið er hátt, hvað af þessu fólki er tekið að öðru leyti og ástæða nr. 2 er sú, að nú er við völd í þessu landi ríkisstj. sem hefur skert kjör þess.

Ég vona innilega að þessi togstreita tveggja persónuleika um sál hv. þm. leiði ekki til geðklofa áður en lýkur.

Frsm. 1. minni hl. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég held að leikrit það, sem óskrifað var af hv. síðasta ræðumanni, sé nú komið

í skjalasafn þingsins og það er óþarfi fyrir hann að hafa meira fyrir því. Þetta var skemmtileg ræða. Ég er vanur því að vera tekinn kverkataki með annarri hendinni og klappað með hinni og tel mig mann til þess að komast undan sliku. Þetta er eins og að skvetta vatni á gæs, sem hann sagði hér.

Það er alveg rétt að mér er ekki sama hvernig farið er með fátæka fólkið. Ég tel mig vera kominn af fátæku fólki og þarf engan til að segja mér hvernig það er að vera fátækur. Ég þarf engan til að segja mér hvernig það er að brjótast áfram. Ég þarf heldur engan til að segja mér hvað það er að vera sjálfstæður. Ég er að verja fólk sem ég hef hitt á allri minni lífsleið hvort sem það er fátækt eða ríkt eða talið ríkt. Það er ekki þar með sagt að gamla fólkinu verði bjargað þótt einhver annar verði gerður fátækur.

En þegar ég er að tala um eignaupptöku, þá meina ég það að eignir verði teknar smátt og smátt af fólkinu — ef það þarf að skýra þetta nánar — yfir til ríkisins, og þar stangast á lífsskoðanir hv. síðasta ræðumanns og mínar. Því getum við ekkert gert að. Við verðum bara að bera virðingu hvor fyrir annars skoðunum. En ég vil koma í veg fyrir það að af þeim, sem hafa með dugnaði komist í eignir, verði þær teknar á ósanngjarnan hátt.

Og þá ætla ég að fá leyfi til þess að svara báðum hv. síðustu ræðumönnum sem hér sögðu að það þurfi ekki að hafa eins mikið fyrir tekjum af eignum og öðrum tekjum. Hvað haldið þið að eignamaður, sem hefur byggt upp, sé búinn að hafa mikið fyrir því að skapa þessi verðmæti sem svo koma til með að gefa honum einhverjar tekjur, á sama tíma sem einhver annar, sem hefur kannske haft hliðstæðar tekjur, hefur ekki verið með verðmætaskapandi hugdettur? Og svo á að fara að taka eignirnar, sem annar er að skapa og útvega í þjóðfélagið verðmæti fyrir framtíðina, af þeim sem hafa notað af skynsemi sínar tekjur, og jafna milli þess sem hefur kannske eytt tekjum sínum í einhvern óþarfa. Ég held að það sé mesti misskilningur. Og ég endurtek það að ég harma að ungur, vel menntaður maður í nútíma þjóðfélagi skuli ekki skilja þetta. Það getur vel verið að hann eigi eftir að koma enn þá einu sinni og segja aftur með einhverjum öðrum orðum en áðan að hann skilji þetta ekki enn þá. En látið ykkur ekki detta í hug að þegar að því kemur að maður fer að hafa tekjur af eignum, að hann hafi fengið þær fyrirhafnarlaust. Þetta er eins og hver önnur þvæla.

Þjóðfélag okkar er ekki þannig þjóðfélag að það byggist upp á því að menn erfi frá einum til annars einhverjar stórtekjur. Það er hrein undantekning og má ekki gera að neinni algildri reglu til að byggja á hér á Alþ. Það fé, sem notað er í eignasköpun á Íslandi, er fé sem er afgangs þegar menn eru búnir að standa skil á sínum opinberu gjöldum, hvort sem þeir gera það með því að flýta framkvæmdum, með því að fá lánsfé og borga þá fyrir það í peningastofnunum eða þá byggja það upp eins og margir gera í hægagangi og rólegheitum af eigin afla og hugviti eða með aðstoð annarra. Við flytjum hér frv. eftir frv., eins og t. d. það frv. til l. sem var flutt á síðasta fundi þessarar hv. d. um að koma sjónvarpi sem allra fyrst og að sjálfsögðu hljóðvarpi líka á hvern einasta sveitabæ. Það átti að taka 1310 millj. kr. lán, sem átti að endurgreiðast með 40 millj. kr. árlegum viðbótarskatti á sjónvarpseigendur. Við erum að tala um að þetta sé spákaupmennska þegar einstaklingurinn gerir það. En svo er hv. Alþ. með till. fund eftir fund um að gera það sama. Það er eitthvað mikið bogið við þá menn sem prédika eitt þegar ríkið á í hlut og kannske hagsmunir þeirra, sem þeir vilja ganga í augun á — eins og kom hér fram áðan og var sneið til mín — en annað þegar einstaklingur gerir það.

Ég vil mótmæla því að það sé ekki fyrir þeim tekjum haft sem koma af eignum. Það er rangt. Það er búið að hafa mikið fyrir því að skapa það verðmæti sem gefur af sér áður en það fer að gefa tekjur. Ég vil einnig benda á það aftur að það fé, sem er notað til þess að skapa þau verðmæti sem geta gefið einstaklingunum tekjur, það eru peningar sem ríkið er þegar búið að fá sinn skerf af. Og þegar það er farið að verka keðjuverkandi á þessa sömu peninga og eignirnar, þá er það komið út fyrir þann ramma sem ég get talið eðlilegan að nota sér sem tekjur fyrir ríkissjóð. Þar komum við að öðru sem ég líka tók fram áðan, að þetta er í ríkissjóð ætlað, þetta er ekki til þess að gera einhvern fátækan ríkari.

Jón Helgason: *Herra forseti.* Mig langar aðeins að undirstrika það að rökstuðningur hv. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. fyrir brtt. hans er, að ég tel, ekki á rökum reistur. Samkv. skýrslu Þjóðhagsstofnunar var heildarbrúttóeign hér á landi metin á 113 milljarða við skattframtal árið 1975 og þar af voru fasteignir metnar á 50—55 milljarða.

Ef við margföldum matsverð fasteignanna með 2.7, þá hækkar heildarverðmætið ekki nema um 93 milljarða, þannig að brúttóeign til skatts tvöfaldast ekki, hún hækkar ekki nema um 93 milljarða, sem bætast við heildarverðmætið 113 milljarða. Þess vegna virðist vera fyllilega fyrir þessari hækkun séð með því að tvöfalda frádrættinn til eignarskatts, þ. e. a. s. úr 1 millj. í 2 millj.

Það er auðvitað, eins og hér hefur komið fram, erfitt að segja hvernig þetta kemur út fyrir hvern einstakling. Það munu ekki verða allir sömu einstaklingar sem lenda í skatti eftir þessa breytingu. En vegna ummæla hv. 12. þm. Reykv. hér áðan vil ég benda á það að eignir reiknast ekki til skatts eftir söluverði sem talið er nú t. d. á lítilli íbúð hér 2—4 millj. Fasteignamat líkrar íbúðar er langtum lægra, og það er auðvitað það sem hefur áhrif en ekki verðið á almennum sölumarkaði.

ATKVGR.

Brtt. 161 felld með 9:4 atkv.
1. gr. samþ. með 8:5 atkv.
2. gr. samþ. með 8:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Aukatekjur ríkissjóðs, frv. (þskj. 135, n. 157). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur tekið til athugunar frv. til l. um aukatekjur ríkissjóðs og hefur orðið sammála um að mæla með því að það verði samþ.

Ég sé ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um þetta frv. Hæstv. fjmrh. gerði það í sinni framsögu. En það þarf ekki að segja hv. þm. að það hafa orðið mjög stórfelldar breytingar á verðlagi og kaupgjaldi hér á landi á undanförnum árum og þetta hefur skapað mikið misræmi milli gjaldtöku einstakra gjalda, sem eru nefnd í þessu frv., og þess kostnaðar sem hlýst af því að innheimta þessi gjöld og veita þá þjónustu sem liggur þeim að baki.

N. mælir eindregið með því að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
7.—10. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
11.—25. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Ríkisreikningurinn 1973, frv. (þskj. 36). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 166).

Eignarnámsheimild á hluta Ness í Norðfirði, frv. (þskj. 108). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 167).

Kaupstaðarréttindi til handa Garðahreppi, frv. (þskj. 65). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 168).

Neðri deild, 28. fundur.

Föstudaginn 12. des., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Gils Guðmundsson: Hæstv. forseti. Í fréttum Ríkisútvarpsins í gærkvöldi, fyrst kl. 10 og síðan kl. 11.30, var skýrt frá ummælum hæstv. utanrrh. sem vakið hafa nokkra furðu. Þar var sagt frá blaðamannafundi sem hæstv. utanrrh. hélt í Brüssel í gærdag eftir viðræðufund hans og utanrrh. breta. Sérstaklega var tekið fram í fréttinni að á fundinum hefðu verið milli 100 og 150 fréttamenn víðs vegar að úr Evrópu og raunar úr öllum heimi.

Ég hef hjá fréttastofu Ríkisútvarpsins aflað mér þeirra ummæla sem hér skipta máli, eins og þau voru orðuð í fréttinni. Þar segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Hann (þ. e. hæstv. utanrrh. Einar Ágústsson) sagði að íslendingar væru ekki til viðræðu um meiri hámarksafla handa bretum en 65 þús. lestir."

Í hádegisútvarpi núna áðan var flutt viðtal sem Jón Hákon Magnússon fréttamaður átti í gær í Brüssel við hæstv. utanrrh. Einar Ágústsson. Í þessu viðtali rifjar ráðh. það upp að bretum hafi áður verið boðinn 65 þús. tonna ársafli, en það boð hafi raunar verið afturkallað. Síðan í beinu framhaldi af talinu um 65 þús. tonna boðið segir hæstv. utanrrh.:

„Ég er ákaflega svartsýnn á það að almenningsálitið heima telji að við séum aflögufærir um meiri þorsk."

Í tilefni þessara ummæla vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. forsrh.: Hefur ríkisstj. Íslands nú þegar ákveðið að endurnýja tilboðið til breta um 65 þús. lesta veiði á ári? Hefur hæstv. utanrrh. umboð ríkisstj. til að gera slíkt tilboð eða til að gefa í skyn að samið kunni að verða á þessum grundvelli? Sé svarið nei, eins og ég vona, hvernig er þá hægt að skýra hin endurteknu ummæli hæstv. utanrrh.? Ég hygg að þau verði naumast skilin á aðra lund en þá, að hann sé í rauninni að endurnýja 65 þús. lesta tilboðið sem þó var búið að lýsa yfir af þeim hæstv. ráðh. og ég held fleiri ráðh. að gilti ekki lengur.

Atburðir gærdagsins eru öllum í fersku minni. Íslendingar allir eiga varla nógu sterk orð til að fordæma framferði breta eins og það var í gær. Flestir hefðu, hygg ég, búist við því að a. m. k. þann dag yrði bretum svarað með öðrum hætti en þeim að gefa undir fótinn um að endurnýjað yrði samningstilboð um 65 þús. tonna veiðiheimildir í íslenskri lögsögu. Ég vænti þess að hæstv. forsrh. sjái sér fært að skýra frá því ótvírætt, að ríkisstj. hafi hvorki endurnýjað né ætli að endurnýja þetta tilboð til breta um 65 þús. tonna veiðiheimildir innan íslenskrar fiskveiðilögsögu.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Virðulegi forseti. Ég vil taka það fram að ég skildi fréttafrásagnir útvarps með öðrum hætti en hv. fyrirspyrjandi. Ég skildi þær svo að það væri frásögn af því að hæstv. utanrrh. hefði rakið gang mála og þar

á meðal þær samningaviðræður sem átt hefðu sér stað áður en upp úr slitnaði og bretar hófu herskipaíhlutun á Íslandsmiðum og hann hefði greint frá því að áður en til þess hefði komið og upp úr hefði slitnað í viðræðunum hefðu íslendingar sett fram hugmynd um 65 þús. tonna ársafla bretum til handa.

Það er strax óhætt að svara fsp. hv. þm. neitandi og það geri ég bæði með tilvísun til yfirlýsinga minna og hæstv. utanrrh. hér í umræðum á þingi um landhelgismál, að tilboð um 65 þús. tonna ársafla væri niður fallið af tveim ástæðum: Í fyrsta lagi væri hér um tilboð að ræða sem hefði verið hafnað, og tilboð, sem er hafnað, er ekki í gildi. Í öðru lagi er ástæðan sú, að þegar bretar hófu herskipaíhlutun hér á Íslandsmiðum hlaut slíkt tilboð af sjálfu sér að vera niður fallið. Við höfum því báðir lýst því yfir og aðrir ráðh. fyrir hönd ríkisstj., að ef og þegar upp verða teknar viðræður við breta, sem þó verður ekki að óbreyttum skilyrðum og þarf mikið að breytast, þá verður að byrja að nýju.

Ég vil líka vitna til þess, að hæstv. utanrrh. greindi frá gangi mála á fundi Atlantshafsráðsins í ræðu sinni þar í gær og tók það skýrum orðum fram að tilboðið um 65 þús. tonn væri niður fallið og stæði ekki lengur. Hið sama kom fram hjá honum á blaðamannafundi, þannig að það er ekki til umræðu nú. Þá kom það einnig fram hjá hæstv. utanrrh. að hann væri ekki kominn þangað til að semja um eitt eða neitt við breta. Við höfum lýst því yfir að við erum ekki til viðræðu meðan bresk herskip eru innan íslenskrar fiskveiðilögsögu.

Gils Guðmundsson: Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir þau svör, sem hann gaf við fsp. minni, og fagna því að þau skuli vera ákveðin og eindregin. Ég mun hins vegar geyma mér að ræða þau tvenn ummæli sem höfð eru eftir hæstv. utanrrh. þangað til hann kemur heim og útskýrir þau sjálfur. Hins vegar féllu þau á þá leið, eins og ég rakti í þeim orðum sem ég sagði áðan, að það væri ekki á neinn hátt hægt að skilja hann öðruvísi en á þá lund að hann væri að gefa undir fótinn með að 65 þús. tonna tilboðið yrði endurnýjað. Því miður tel ég þetta afar óheppileg ummæli eins og á stóð, en ég mun geyma mér þær umræður, sem ástæða væri til að fram færu um þessi ummæli hæstv. utanrrh., þangað til hann kemur heim.

Ég endurtek svo þakkir mínar til hæstv. forsrh.

Lúðvík Jósepsson: Forseti. Það er enginn vafi á því, að eins og fréttin var flutt í útvarpi, þ. e. frásögnin um það hvað hæstv. utanrrh. hefði sagt í þessu máli, þá var ekki hægt að skilja fréttina á aðra leið en þá, að utanrrh. hefði tekið upp á ný tilboð um 65 þús. tonna ársafla. En ég vil sem sagt segja það, að ég vil ekki trúa því að þetta sé rétt eftir hæstv. utanrrh. haft, og ég fagna því að hér kemur alveg greinileg yfirlýsing frá hæstv. forsrh. um að þetta tilboð hafi ekki verið tekið upp. Ég vona þá að fréttamiðlar komi því áleiðis, ekki aðeins hér innanlands sem er auðvitað sjálfsagt, heldur einnig á framfæri erlendis, að þetta er rangur skilningur, þetta tilboð stendur ekki lengur.

En það er aðeins eitt atriði sem mér finnst að skorti hér á og ég hefði viljað óska eftir að hæstv. forsrh. léti koma hér fram, og það er að hann segi alveg afdráttarlaust að þetta boð verði ekki endurtekið, það verði ekki samið um nein 65 þús. tonn, þetta verði ekki boðið aftur, — ekki aðeins að það hafi ekki verið gert, þetta hafi verið tekið til baka, heldur einnig að þetta verði ekki boðið hér eftir, svo að það geti ekki leikið neinn vafi á því að það liggur ekkert tilboð fyrir og 65 þús. tonn verða ekki boðin aftur. Ég vil mjög fara fram á við hann að hann bæti þessu við þá ágætu yfirlýsingu sem hann gaf áðan um að það mætti ekki skilja ummæli hæstv. utanrrh. svo að þetta gamla tilboð hefði verið tekið upp aftur.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Virðulegi forseti. Ég sé enga ástæðu til þess að bæta einu eða neinu við algerlega skýra yfirlýsingu mína hér áðan og vil taka það fram enn á ný, að þetta mál verður, ef og þegar skilyrði breytast varðandi viðræður við breta, tekið upp alveg að nýju. Og það tel ég algerlega fullnægjandi yfirlýsingu á þessu stigi málsins, miðað við það sem ég hef áður sagt.

Ég vil um leið láta í ljós það álit mitt, að miður sé að karpa um einstök atriði varðandi þetta mikilvæga mál hér innbyrðis þegar við út á við stöndum í baráttu þar sem við verðum að sýna mikla samstöðu. Ég vil í því sambandi sérstaklega undirstrika hve áhrifamikið það var og er að ríkisstj. og utanrmn. Alþ. sýndu sameiginlega afstöðu í þessu máli varðandi viðbrögð við gerræðisfullum vinnubrögðum og atferli breta á Íslandsmiðum í gær með ályktun sinni og ákvörðun í gærkvöld. Það tel ég vera vinnubrögð sem séu okkur til sóma. Þeim vinnubrögðum eigum við að halda áfram, sýna samhug og samstöðu um meginefni málsins, svo að skýrt komi fram út á við.

Launaskattur, frv. (þskj. 76). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Hæstv. forseti. Á þskj. 76 er frv. til l. um breyt. á l. um launaskatt. Hér er um að ræða framlengingu á gildandi lögum alveg óbreyttum eins og þau eru nú og hafa verið frá því lög um skattkerfisbreytingu tóku gildi. Eins og rakið er í grg. frv. eru lögin að stofni til frá 1965, en þá var lagður á 1% launaskattur. Árið 1970 var lagður á sérstakur launaskattur, 1.5%, í tengslum við efnahagsráðstafanir sem þá voru gerðar. Launaskatturinn hækkaði enn á s. l. ári um 1%. Var sú hækkun tengd ráðstöfunum til lausnar vinnudeilu sem uppi var fyrri hluta þess árs.

Gildistími launaskatts samkv. lögum nr. 95 1974 rennur út nú um n. k. áramót. Frv. á þskj. 76 gerir ráð fyrir að gildistíminn verði enn framlengdur um eitt ár og hefur verið við það miðað við gerð fjárlaga. Að mínu mati er óeðlilegt að binda gildistíma skatta í lögum, en þar sem hér hefur verið talið um bráðabirgðaskattheimtu að ræða að hluta til er að sjálfsögðu rétt

að framlengja gildistíma laganna aðeins um eitt ár.

Ég legg svo til, hæstv. forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Snjóflóð í Norðfirði og fjáröflun til Viðlagasjóðs, frv. (þskj. 130, n. 152). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Tómas Árnason): Virðulegi forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á l. nr. 5 28. febr. 1975, um ráðstafanir vegna snjóflóða í Norðfirði og fjáröflun til Viðlagasjóðs. Nefndin hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt frv.

5. gr. laga um ráðstafanir vegna snjóflóðanna í Norðfirði og fjáröflun til Viðlagasjóðs fjallar um það, að á tímabilinu 1. mars 1975 til 31. des. 1975 skuli leggja 2% viðlagagjald á söluskattsstofn allra sömu aðila og lög nr. 10 frá 1960, um söluskatt, taka til. Þessar tekjur skyldu renna til Viðlagasjóðs og skiptast þannig á milli Vestmannaeyjadeildar hans og Norðfjarðardeildar að 32% skyldu renna til Norðfjarðardeildar, en 68% til að mæta skuldbindingum Viðlagasjóðs vegna eldgossins í Vestmannaeyjum.

Efni þessa frv. er það, að aftan við 5. gr. þessara laga, sem ég las upp úr, verði 4. mgr. bætt við, svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Á árinu 1976 er Viðlagasjóði heimilt að verja allt að 200 millj. kr. af eign sinni til að standa að fullu við skuldbindingar sínar vegna snjóflóða í Norðfirði 20. des. 1974."

Samkv. greiðsluáætlun fyrir Viðlagasjóð, Vestmannaeyjadeild, sem fylgir frv. á þskj. 130 sem fskj. I, er ljóst að deildinni hefur með núgildandi lagaákvæðum verið aflað nægilegs fjár til að standa við skuldbindingar sínar. Er þá gert ráð fyrir greiðslum til bæjarsjóðs Vestmannaeyja sem nema 800 millj. kr., og hefur sú upphæð þegar verið greidd að verulegu leyti. Hins vegar er mjög mikið af fé Vestmannaeyjadeildar fast í skuldabréfum og fasteignum. Seðlabankinn hefur lánað út á þessar eignir og skuldar deildin þar verulegt fjármagn. Skuldin við Seðlabankann mun samkv. greiðsluáætluninni nema 1031 millj. kr. nú um næstkomandi áramót og 624 millj. kr. að ári liðnu eða 31. 12. 1976 samkv. áætlun Viðlagasjóðs. Við þau áramót nema eftirstöðvar deildarinnar 1609 millj. kr., þannig að raunveruleg eignarstaða verður því 31. 12. 1976 985 millj. kr., en þann 30. 6. 1976 verður hins vegar staða Norðfjarðardeildar gagnvart Seðlabankanum samkv. greiðsluáætlun Viðlagasjóðs, sem fylgir frv. sem fskj. II, neikvæð um 100 millj. kr.

Með tilliti til þessa virðist ljóst að eignir Viðlagasjóðs veita nægilegt svigrúm til þess að verja allt að 200 millj. kr. af eign hans til að standa við skuldbindingar vegna snjóflóðanna í Norðfirði. Fjh.- og viðskn. leggur áherslu á það að staðið verði að fullu við allar skuldbindingar stjórnvalda vegna eldgossins í Vestmannaeyjum og snjóflóðanna í Neskaupstað og vísar í nál. sínu til yfirlýsingar hæstv. forsrh. þar að lútandi.

Varðandi fjárhag Vestmannaeyjadeildarinnar liggur annars vegar fyrir að lög Viðlagasjóðs heimila sjóðnum ekki að leysa fjárhagsvanda bæjarsjóðs Vestmannaeyja. Hins vegar eru aðilar sammála um að úttekt verði gerð á stöðu bæjarsjóðsins, og í grg. kemur þar fram svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Hefur verið ákveðið, að félmrn., Seðlabanki Íslands og bæjarstjórn Vestmannaeyja skipi hver sinn fulltrúa til að gera úttekt á fjárhagsvanda bæjarsjóðs Vestmannaeyja. Með hliðsjón af þessari úttekt verður tekin ákvörðun um lausn á fjárhagsvanda bæjarsjóðs. Þá hlýtur m. a. að koma til athugunar hvernig unnt er að nýta eignir Viðlagasjóðs í því skyni."

Varðandi Norðfjarðardeildina er uppgjör enn þá í meðferð og hvergi nærri lokið. Samkv. reglugerð er gert ráð fyrir því að náist ekki samkomulag við tjónþola skuli sjóðsstjórn úrskurða um bætur. Vilji tjónþoli ekki sætta sig við það getur hann krafist álits dómkvaddra manna um hæfilegar bætur. Ágreiningur getur því orðið og þess vegna erfitt að sjá fyrir nú hverjar endanlegar fjárþarfir Norðfjarðardeildarinnar kunna að verða.

Ég vil taka það fram að þn., sem skipuð var til þess að hafa milligöngu á milli Viðlagasjóðs og heimamanna í Neskaupstað, hefur fundist að uppgjör gangi seint og hefur lagt á það áherslu um nokkurn tíma að því verði hraðað og það er raunar nauðsynlegt til þess að þessi mál liggi fyrir í heild sem ljósast og sem fyrst.

Það kemur fram í nál. fjh.- og viðskn., að einn nm., Gylfi Þ. Gíslason, tekur fram að hann geri ráð fyrir því að sömu reglur gildi um bótagreiðslur í Neskaupstað og gilt hafa í Vestmannaeyjum. Stjórn Viðlagasjóðs reynir að gæta fyllsta samræmis við uppgjör tjóna í Vestmannaeyjum og í Neskaupstað, svo fremi að atvik séu sambærileg.

Eins og kunnugt er, stóð síldar- og loðnuverksmiðjan í Neskaupstað á því hættusvæði sem allir aðilar skipulagsmála eru nú sammála um að leyfa ekki byggð á. Þess vegna var ákveðið að flytja verksmiðjuna og byggja hana upp á athafnasvæði nýju hafnarinnar við Norðfjarðarbotn. Til þess að það væri mögulegt varð að byggja uppfyllingu undir verksmiðjuna og gera allmikið athafnapláss fyrir hana. Þetta raskaði stórlega öllum ráðagerðum um byggingu hafnarinnar í Neskaupstað og krafðist verulegra viðbótarframkvæmda til þess að flutningurinn væri hugsanlegur.

Hæstv. samgrh. gekk í þetta mál og heimilaði byrjun framkvæmda, en það var afar þýðingarmikið með tilliti til þess að möguleikar væru á því að uppbygging verksmiðjunnar væri það langt á veg komin áður en loðnuvertíð hefst í byrjun næsta árs, að mögulegt væri að nýta hana. Síðan hefur í öllum atriðum verið staðið mjög drengilega að þessu máli af hæstv. samgrh. og sé ég ástæðu til þess að færa honum sér-

stakar þakkir fyrir framgöngu hans í málinu. Þessar hafnarframkvæmdir hafa nú þegar kostað um eða yfir 150 millj. kr., sennilega um 160 millj. kr., sem er auðvitað miklu, miklu meira fé en ráðgert var til hafnarframkvæmda í Neskaupstað á þessu ári. Stafar þetta fyrst og fremst af því að náttúruhamfarirnar ollu svo mikilli röskun á öllum sviðum athafnalífsins.

Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja þessa framsögu frekar, en vil mælast til þess við hv. þd. að málinu verði hraðað svo að það geti fengið örugga afgreiðslu fyrir n. k. áramót.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Innheimta gjalda með viðauka, frv. (þskj. 22, n. 149). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Hæstv. forseti. Fjh.- og viðskn. hefur athugað þetta frv., og álit nefndarinnar er á þskj. 149. Hér er um að ræða frv. um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka og er samhljóða að efni til frumvörpum sem koma árlega fyrir hv. Alþ. Nefndin mælir einróma með að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Neðri deild, 29. fundur.

Föstudaginn 12. des., að loknum 28. fundi.

Innheimta gjalda með viðauka, frv. (þskj. 22). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 165).

Snjóflóð í Norðfirði og fjáröflun til Viðlagasjóðs, frv. (þskj. 130). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 129). — 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Forseti. Í núgildandi lögum um Húsnæðismálastofnun er svo ákveðið að þóknun húsnæðismálastjórnar og laun framkvæmdastjóra greiðist úr ríkissjóði. Við undirbúning fjárlaga var ákveðið að leggja til að hér yrði gerð breyting á, þannig að Byggingarsjóður greiddi þessar umræddu þóknanir.

Efni þessa frv. er því það, að þóknun húsnæðismálastjórnar og laun framkvæmdastjóra greiðist úr Byggingarsjóði ríkisins. Ég ætla að það sé algengt um slíka sjóði að kostnaður sem þessi greiðist af þeim sjálfum.

Rétt er að taka fram að í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir og byggt á því að þetta frv. nái fram að ganga. Frv. var lagt fyrir Ed. og náði þar samþykki. Ég legg til að því verði vísað til 2. umr. og félmn.

Karvel Pálmason: Hæstv. forseti. Það má kannske líta svo á að það frv., sem hér er til umr., sé ekki veigamikil breyting frá því sem nú er. Ég held þó og kannske efast um að þm. almennt geri sér grein fyrir því hverju er hér í raun og veru verið að breyta. Eins og það blasir við mér, þá er hér um það að ræða að þeir póstar, sem eru á fjárlögum og varða þetta, verði þar teknir út og Byggingarsjóður ríkisins verði látinn annast þær greiðslur sem af því kunna að hljótast. Þetta er ekki mikið fjárhagsspursmál kannske eins og er í dag, en e. t. v. er þetta grunnur að stærra verkefni, sem hér er verið að færa yfir á Byggingarsjóð, heldur en verið hefur og er í dag. Mér sýnist að hér sé verið að leggja grunninn að enn einni útgáfu af því kerfi sem er kannske hvað mest sjálfrátt um eigin gerðir að því er varðar launagreiðslur og laun. Mér sýnist hér verið að leggja til að fara inn á sama svið og t. d. bankarnir hafa en eins og allir vita eru þeir með 13 mánuði í árinu og borga laun samkv. því og þar getur ríkið eða ríkissjóður engin áhrif haft á. Það er fyrir utan alla launastiga ríkis. Framkvæmdastofnun ríkisins er með sama marki brennd. Hún þarf ekki að taka neitt mið af því sem er að gerast á hinum almenna launamarkaði hjá ríkisstrfsmönnum eða slíku og getur því — og mun í sumum tilvikum hafa gert það — gengið á undan í því að sprengja upp það sem almennt gerist á vinnumarkaðnum.

Ég skal því segja það strax fyrir mitt leyti að ég er andvígur því að þetta verði gert. Ég tel að það eigi fremur að gera til þess ráðstafanir að draga úr því misræmi sem er í þessum efnum innan ríkiskerfisins, og ég á þar t. d. bæði við banka og Framkvæmdastofnun ríkisins, þannig að þessir aðilar geti ekki leikið lausum hala fyrir utan það kerfi sem er mest í gangi.

Í öðru lagi hlýtur þetta að hafa áhrif á fjármagn Byggingarsjóðsins. Eins og ég sagði áðan er hér, eins og nú er málum háttað, ekki um verulegar upphæðir að ræða, en enginn vafi er á því að þær munu á næstu árum aukast, kannske verulega, og hafa þá enn meiri áhrif á að minnka það fjármagn sem Byggingarsjóður rík-

isins hefur til umráða til lánveitinga. Mig minnir að í athugasemdum fjárlagafrv. sé gert ráð fyrir að þetta sé eitthvað á þriðju milljón á árinu 1976 að því er varðar Byggingarsjóð ríkisins, og svo kemur Byggingarsjóður verkamanna þar til viðbótar.

Ég tel sem sagt að þetta frv. sé þess eðlis að það sé ekki ástæða til þess, allra síst kannske nú, að breyta hér um. Hér er um það að ræða fyrst og fremst að losna við pósta út af fjárlagafrv. og fjárlögum til þess að setja á aðra anga kerfisins og þar með að lækka fjárlögin. En ég held að þessi breyting geti haft í för með sér æðimiklu meira ef þessu verður sleppt lausu af hálfu ríkisins, og ég er því andvígur þessu frv. og mun að sjálfsögðu greiða atkv. samkv. því

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til félmn. með 28 shlj. atkv.

Vörugjald, frv. (þskj. 101, n. 150, 154 og 162). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Ólafur G. Einarsson): Hæstv. forseti. Fjh.- og viðskn. hefur rætt þetta frv., en varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Álit meiri hl., fulltrúa stjórnarflokkanna, er á þskj. 150 og leggjum við þar til að frv. verði samþykkt. Minni hl., hv. þm. Lúðvík Jósepsson og Gylfi Þ. Gíslason, skilar sérálitum.

Hér er um að ræða frv. til staðfestingar á brbl. sem sett voru 16. júlí í sumar um sérstakt tímabundið vörugjald. Til þess var nauðsyn vegna þess að ekki reyndist unnt að lækka ríkisútgjöld að því marki sem Alþ. hafði heimilað, auk þess sem ríkissjóður þurfti að taka á sig auknar skuldbindingar vegna kjara- og verðlagsmála.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta mál frekar, en vísa til álits meiri hl. n. sem leggur til að frv. verði samþykkt.

Frsm. 1. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason): Hæstv. forseti. Þetta frv. er flutt til staðfestingar á brbl. sem út voru gefin á s. l. sumri, nánar tiltekið 16. júlí 1975, en þá var ákveðið að innheimta skyldi 12% vörugjald af tilteknum vöruflokkum og lögin gilda til loka þessa árs.

Málavextir voru þeir og aðstæður í þjóðfélaginu voru þannig, að þegar brbl. voru gefin út hafði nýlega verið gert samkomulag um kjaramál milli launþegasamtaka annars vegar og samtaka vinnuveitenda hins vegar, en í sambandi við það samkomulag gaf ríkisstj. vissar yfirlýsingar sem stuðluðu mjög að því að samkomulag næðist. Ein þessara yfirlýsinga var um að skattar skyldu lækkaðir um því sem næst 2000 millj. kr. og skyldi það reiknað launþegum sem kjarabót.

Auðvitað var við þetta fyrirheit staðið. Það dettur engum í hug að ríkisstj. gefi yfirlýsingar í sambandi við kjarasamninga og bregðist þeim síðan beinlínis. En það gerðist skömmu síðar án nokkurs samráðs við launþegasamtökin, án þess að þeim væri gert viðvart með einu orði, án þess að efna til nokkurs samtals við þau, að ríkisstj. gaf út brbl. um þetta 12% vörugjald, þau brbl. sem nú er lagt til að verði staðfest. Auðvitað jafngilti vörugjaldið útgjaldaauka fyrir launþega, þ. e. hækkaði vöruverð í landinu mjög verulega. Á það verður að benda alveg sérstaklega að það er ekki réttur skilningur, sem þó er mjög algengur, að vöruverð hafi hækkað um 12% eins og menn álykta gjarnan af því að gjaldið heitir 12% vörugjald. Vörugjaldið varð einnig til þess að tollar hækkuðu, vegna þess að tollar leggjast ofan á innflutningsverðið, og það varð einnig til þess að álagning hækkaði, vegna þess að hún er hlutfallsleg og álagningin kom á hækkað verð. Að sjálfsögðu hefur hækkunin orðið misjöfn á einstökum vörutegundum eftir því hvernig tollum og álagningu hefur verið hagað, en óhætt er að fullyrða að hér var ekki um 12% verðhækkun á vörum að ræða í kjölfar 12% vörugjaldsins, heldur einhvers staðar á milli 17 og 20% verðhækkun, í sumum tilfellum eflaust yfir 20%, eins og bent var á af einum hv. þm. Hér var því augljóslega um mjög mikla útgjaldaaukningu að ræða hjá launþegum í kjölfar setningar þessara brbl.

Mér er ekki kunnugt um að nákvæmir útreikningar hafi verið gerðir á því til hve mikillar útgjaldaaukningar þetta leiddi, en ég hef lauslegar áætlanir um að á ársgrundvelli hafi setning þessara brbl. jafngilt um það bil 4000 millj. kr. útgjaldaaukningu fyrir launþega eða allt að því tvöfalt hærri upphæð en ríkisstj. hafði lofað að lækka beina skatta um í samningunum. Ef þessi áætlun er rétt, — ég viðurkenni fúslega að hún er lausleg og byggist ekki á neinum nákvæmum útreikningum að því er ég best veit, en mjög fjarri lagi er hún ekki, — þá er efni málsins það, að í sambandi við samninga launþega og vinnuveitenda lýsir ríkisstj. því yfir að hún skuli lækka skattabyrðar á almenningi um 2000 millj. kr., en rétt á eftir, án þess að virða launþegasamtökin viðlits, án þess að eiga við þau eitt einasta samtal, þá leggur hún á skatta, að vísu í öðru formi, sem kosta launþega næstum tvöfalt meira. Hér er að sjálfsögðu um að ræða algjörlega óviðunandi framferði. Það er jafnvel um að ræða óviðunandi framkoma gagnvart launþegasamtökunum, að gera slíkt án nokkurs samráðs. Lágmarkskurteisi hefði verið að láta launþegasamtökin vita af því að þetta stæði til, en jafnvel slík kurteisi var þeim ekki sýnd.

Það er því meginefni þessa máls, að í framhaldi af efnd loforðs um 2000 millj. kr. skattalækkun kemur hækkun óbeinna skatta sem nemur allt að því tvöfaldri þeirri upphæð. Það þurfti því engan að undra að launþegasamtökin andmæltu þessum aðförum mjög harðlega, sem þau og gerðu, og teldu hér vera í reynd um brigð að ræða á því samkomulagi sem þau hefðu gert við ríkisstj. í sambandi við gerð launasamninganna.

Þingflokkur Alþfl. lítur þannig á að útgáfa þessara brbl. hafi verið mjög óeðlileg ráðstöfun og auk þess gerð á mjög óheppilegum tíma með hliðsjón af nýgerðum kjarasamningum. Þm. Alþfl. munu greiða atkv. gegn staðfestingu brbl.

Frsm. 2. minni hl. (Lúðvík Jósepsson): Hæstv. forseti. Ég hef gefið út sérstakt nál. á þskj. 162 þar sem ég lýsi yfir andstöðu minni við þetta frv. Ég get í rauninni tekið undir allar þær röksemdir sem komu fram hjá hv. 9. þm. Reykv. Meginafstaða mín er sú, að ég tel að þetta gjald hafi verið lagt á með þeim hætti að það hafi í rauninni farið í bága við það samkomulag sem ríkisstj. hafði nýlega gert við launþegasamtökin í landinu. Auk þess er svo það, að þessi sérstaki skattur miðaði auðvitað að verulegri verðlagshækkun í landinu. Er talið að þetta gjald nemi í vísitöluútreikningi í kringum 4%. Þetta var því einn af mörgum liðum sem höfðu áhrif á hina almennu verðlagshækkun á árinu og hæstv. ríkisstj. stóð beinlínis fyrir. Stefnan virðist vera óbreytt hjá hæstv. stjórn, því að nú er hún einnig með tillögu um að bæta við 2% stigum í söluskatti til þess að afla ríkissjóði nýrra tekna, og einnig er lagt til að hækka eignarskatt. Allt miðar þetta auðvitað að hækkandi verðlagi og dregur því ekki úr hinni margumtöluðu verðbólgu sem ríkisstj. talar þó mikið um við viss tækifæri að verði að vinna bug á.

Hér er fyrst og fremst um að ræða staðfestingu á brbl. sem sett voru til takmarkaðs tíma, og þessi lög eiga að falla úr gildi nú um áramót eða eftir fáar vikur. Það hefði vissulega verið viðeigandi að hæstv. ríkisstj. hefði í sambandi við þessa afgreiðslu málsins gefið yfirlýsingu um hvort hún er að hugsa um að framlengja þetta gjald eða hvort það er meining hennar að láta það falla niður nú um áramótin eins og yfirlýsingar voru gefnar um.

En í stuttu máli er afstaða mín sú að ég er á móti þessu og við alþb.-menn munum greiða atkv. gegn þessu frv. Ég tek sem sagt undir öll þau rök, sem hér komu fram hjá hv. 9. þm. Reykv., til viðbótar því sem ég hef þegar sagt um afstöðu mína til málsins.

Karvel Pálmason: Hæstv. forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um þetta mál. Það er þó ástæða til fyrir mig að fara um það örfáum orðum, vegna þess að við eigum ekki fulltrúa í þeirri hv. nefnd sem um þetta mál hefur fjallað, fjh.- og viðskn. En ég vil láta það koma fram strax í upphafi að við munum greiða atkv. gegn þessu frv., staðfestingu þessara brbl.

Þetta gjald er, að því er ég hygg, einhver ranglátasti skattur — og er þá mikið sagt — sem lagður hefur verið á það fólk sem byggir hinar dreifðu byggðir þessa lands. Þó að menn séu að tala um 12% almennt vörugjald, þá hefur það verið svo í reynd, eins og hér hefur komið fram, að þetta hefur þýtt allt upp í 20 eða yfir 20% hækkun frá því sem áður var. Það, sem líka er slæmt í þessum efnum, er að ákvörðun um þessa gjaldtöku er með þeim hætti að það verður ekki annað sagt en hér hafi verið komið aftan að verkalýðshreyfingunni. Þetta gjald er á sett skömmu eftir að gengið var frá kjarasamningum á s. l. sumri og eins og einnig hefur komið fram er þetta gert án vitundar verkalýðshreyfingarinnar að einu eða neinu leyti. Að sjálfsögðu var þessu harðlega mótmælt, því að það lá fyrir þegar kjarasamningar voru gerðir og kannske miklu fyrr að ekki var um það að ræða að hæstv. ríkisstj. og stjórnarliðar mundu framkvæma þann niðurskurð á útgjöldum ríkissjóðs á fjárlögum ársins 1975 sem þeir töldu þurfa til þess að með skikkanlegum hætti væri að þeim málum staðið. Það verður því að segjast að þessari skattlagningu var leynt af hálfu hæstv. ríkisstj. fram yfir þann tíma sem verkalýðshreyfing, vinnuveitendur og ríkisvaldið gengu frá málum á launamarkaðnum. Hér hefur því verið komið aftan að verkalýðshreyfingunni.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða öllu meira um þetta. Það er sem sagt ljóst að við munum greiða atkvæði gegn staðfestingu þessara brbl. En ég vil að síðustu aðeins varpa þeirri spurningu fram til hæstv. fjmrh. líklegast helst — eða einhvers ráðh. sem getur eða vill svara: Er það meiningin að þetta gjald, sem talað er um í fjárlagafrv. að eigi að falla niður, það falli niður um áramót, eða eru uppi hugmyndir um að það verði í einhverri mynd framlengt? Ég vildi gjarnan fá um það upplýsingar hjá hæstv. ráðh., hverjum sem því vill svara, hvort það sé meiningin að þetta gjald falli niður um áramót.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Virðulegi forseti. Ég vil svara fyrirspurn hv. 5. þm. Vestf. á þá leið að það er ekki útilokað að vörugjald verði framlengt í sama eða breyttu horfi eða samsvarandi gjald verði í gildi á næsta ári. Það, sem úrslitum veldur um svarið, er hver verður endanleg niðurstaða við fjárlagaafgreiðslu. Verður því spurningu hv. þm. ekki svarað skýrar á þessu stigi málsins.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17:8 atkv.
2.—6. gr. samþ. með 19:9 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18:7 atkv.

Söluskattur, frv. (þskj. 128, n. 151, 155 og 163). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Ólafur G. Einarsson): Hæstv. forseti. Fjh.- og viðskn. hefur haft þetta frv. til meðferðar, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hlutinn, fulltrúar stjórnarflokkanna, leggur til á þskj. 151 að frv. verði samþ., en minni hlutinn, hv. þm. Lúðvík Jósepsson og Gylfi Þ. Gíslason, skilar séráliti.

Frv. þetta hefur við 1. umr. hér í hv. þd. verið útskýrt af hæstv. fjmrh. þannig að ég þarf ekki að hafa um það mörg orð. Annars vegar felur frv. í sér að þau 2 söluskattsstig, sem runnið hafa til Viðlagasjóðs, skuli frá 1. janúar 1976 renna til ríkissjóðs, enda er talið að núgildandi tekjustofnar Viðlagasjóðs dugi til þess að ljúka verkefnum sjóðsins í Vestmannaeyjum og Neskaupstað, en síðan tekur Viðlagatrygging Íslands við hliðstæðum verkefnum eftir þörfum, eins og kunnugt er. Hins vegar er um þá breytingu að ræða að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fái 8% hlutdeild í hinum 19 söluskattsstigum í stað

hlutdeildar hans í 13 söluskattsstigum til þess, og eykur það tekjur Jöfnunarsjóðsins um u. þ. b. 600 millj. kr. Á móti er svo ráðgert að yfirfæra verkefni til sveitarfélaganna sem nemur sömu eða svipaðri upphæð.

Það er ekki ástæða fyrir mig til að ræða þetta frv. frekar, en meiri hl. n. leggur sem sagt til að frv. verði samþykkt.

Frsm. 1. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason): Hæstv. forseti. Eins og hv. frsm. meiri hl. n. hefur gert grein fyrir, er það meginefni þessa frv. að þau 2 söluskattsstig, sem samkv. gildandi lögum áttu að falla niður við n. k. áramót, en innheimt hafa verið undanfarið sem tekjustofn fyrir Viðlagasjóð, skuli innheimt áfram, en tekjur af þessum 2 söluskattsstigum skuli framvegis renna í ríkissjóð til þess að mæta almennum útgjöldum ríkissjóðs. Þessu erum við þm. Alþfl. algjörlega andvígir, og stendur það í beinu sambandi við það að við höfum gerst talsmenn róttækrar og gagngerðrar stefnubreytingar í skattamálum ríkisins sem ég skal ekki eyða tíma hv. þd. nú til að rekja í einstökum atriðum, enda gafst tilefni til þess við 1. umr. málsins. Þar gerði ég grein fyrir því að það væri kjarni hinnar nýju stefnu, sem Alþfl. gerðist talsmaður fyrir, að ríkissjóður hætti algjörlega að innheimta tekjuskatt af launatekjum, en bætti sér tekjumissinn af því fyrst og fremst með því að halda þessum 2 söluskattsstigum, sem nú eiga að ganga til ríkissjóðs til þess að mæta almennum útgjöldum, og svo með því að halda áfram innheimtu þess eina stigs sem nú gengur til þess að lækka verðlag á olíu þegar Alþ. telur fært að hætta að innheimta sérstakt söluskattsstig í því skyni, en eins og bent hefur verið á verður það eflaust ekki á næsta ári. Auk þess höfum við bent á mögulega tekjuöflun með réttlátri skattlagningu atvinnurekstrar í landinu til þess að mæta því sem enn kynni á að vanta, þó að haldið yrði áfram að innheimta 3 söluskattsstig og nauðsyn reyndist að efla nokkuð almannatryggingar og aðra opinbera þjónustu við hina lægst launuðu í sambandi við þá breytingu á skattformi sem í því felst að horfið yrði frá tekjuskattsinnheimtu á laun og í staðinn tekin upp greiðsla neysluskatta í formi söluskatts eða ölllu heldur virðisaukaskatts.

Ég hef áður, við 1. umr., gert svo rækilega grein fyrir þeim rökum sem fyrir þessari stefnubreytingu felast að ég tel ástæðulaust að endurtaka þau hér.

Það siglir gróflegt félagslegt misrétti í kjölfar þess forms á skattheimtu sem nú á sér stað. Tekjuskatturinn er orðinn skrípamynd, hrein skrípamynd af eðlilegri stighækkandi tekjuskattsheimtu. Skattstigin eru orðin aðeins 2 fyrir einstaklinga, skattstig er aðeins eitt fyrir félög, og einstaklingar reynast greiða langmestan hluta tekjuskattsins. Félög og atvinnurekendur greiða sáralítinn hluta hans og mjög verulegur hluti þeirra, sem stunda atvinnurekstur, bæði félög og einstaklingar, borgar bókstaflega engan tekjuskatt. Það þarf í raun og veru ekki langt mál og engan frekari rökstuðning til þess að leiða athygli þm. og þjóðar að því að slíkt skattkerfi hefur gengið sér algjörlega til húðar og þess getur ekkert beðið annað á næstu árum en algjört afnám, og það er sú stefna sem Alþfl. boðar. Þess vegna erum við andvígir því að ríkissjóður fái að halda þessum 2 söluskattsstigum til að mæta almennum útgjöldum sínum. Við munum vera fúsir að fallast á að hann héldi þessum 2 söluskattsstigum, ef jafnframt væri um að ræða skuldbindingu um að lækka tekjuskatt um sömu upphæð eða réttara sagt ef áframhald þessara 2 söluskattsstiga yrði liður í kerfisbreytingu úr ranglátum og úreltum tekjuskatti yfir í heilbrigðara, skynsamlegra og réttlátara skattkerfi.

Þetta er meginástæðan fyrir því að við þm. Alþfl. munum greiða atkvæði gegn þessu frv. Þó er í frv. eitt atriði sem við erum samþykkir, og það er það að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fái 8% af öllum innheimtum söluskatti, eins og hann hefur fengið af þeim söluskatti sem innheimtur var áður en viðlagagjaldið og olíugjaldið komu til sögunnar. Til þess að við getum látið í ljós samþykki við þennan þátt málsins vil ég leyfa mér að óska eftir því að síðari málsliður 1. gr., sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Ríkissjóður greiðir Jöfnunarsjóði sveitarfélaga 8% — átta af hundraði — skatts þess sem um ræðir í 1. mgr.“ — verði borinn upp sérstaklega vegna þess að við þm. Alþfl. óskum eftir því að láta í ljós stuðning við þennan þátt frv. þó að við séum meginefni þess andvígir.

Frsm. 2. minni hl. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Á þskj. 163 geri ég grein fyrir afstöðu okkar alþb.-manna til þessa frv., auk þess hef ég gert það við 1. umr. þessa máls, en afstaða okkar er sú að við erum á móti frv. og leggjum til að það verði fellt. Ég þarf því í rauninni ekki að tala hér langt mál að þessu sinni.

Eins og þegar hefur komið fram í umræðum þá er aðalefni þessa frv. það, að ríkissjóður ætlar nú að taka til sín þau 2 söluskattstig sem hafa nú um nokkurt skeið verið innheimt til Viðlagasjóðs. Hér er um það að ræða að ríkissjóður er að auka tekjur sínar miðað við ár um 2500 millj. kr. Það er skoðun okkar að nú hefði verið möguleiki á því að koma fram nokkurri verðlækkun sem hefði vissulega komið sér vel nú eins og mál standa, almennri verðhækkun sem hefði numið í kringum 2%, eða a. m. k. hefði verið hægt að nota þetta tækifæri til þess að hamla gegn hinni miklu verðbólgu sem alltaf er verið að ræða um. En það er ástæða til að vekja athygli á því að þegar möguleikar eru til að hamla gegn verðbólgunni virðist hæstv. ríkisstj. aldrei vera tilbúin til þess að taka þátt í slíkum ráðstöfunum, en hún talar býsna mikið um að verðbólgan sé of mikil og verði að koma í veg fyrir vöxt verðbólgunnar, a. m. k. við sérstakar aðstæður.

Það er enginn vafi á því að ríkissjóður hefði getað aflað sér nægilegra tekna fyrir rekstur sinn, eins og nú standa sakir, með öðrum hætti en þessum. Við höfum bent á að það er ekki eðlilegt að gera ráð fyrir að lækka innflutningstolla á vörum, aðallega iðnaðarvörum, frá Efnahagsbandalagslöndum sem nemur 800 millj. kr. á næsta ári, eins og gert er ráð fyrir í fjárlagafrv., allra síst á meðan mál standa eins og þau standa

nú þar sem Efnahagsbandalagslöndin standa ekki við þennan tollalækkunarsamning af sinni hálfu, en við höfum staðið við hann með því að lækka hingað til verulega tolla á vörum frá þeim. Ég tel ekki, eins og nú standa sakir, ástæðu til að framkvæma þessa tollalækkun. Á þennan hátt gæti ríkissjóður sparað sér í kringum 800 millj. kr. Auk þess er svo það, að eins og hér hefur margsinnis verið bent á eru möguleikar á því að breyta tekjuskattslögum þannig að ýmsir þeir aðilar, sem nú sleppa gjörsamlega við að greiða tekjuskatt, greiði eðlilegan hluta tekjuskatts af sinni hálfu. Það er hægt að koma fram slíkum breytingum og væri vitanlega alveg sjálfsagt við núverandi aðstæður, eftir því sem þörf ríkisins er á auknum tekjum. Auk þessa kæmi svo vissulega til greina ýmiss konar sparnaður í ríkisrekstrinum í heild. Það er því skoðun okkar að nú hefði átt að nota tækifærið og lækka söluskattsinnheimtuna um 2 stig og hamla þannig nokkuð gegn hækkandi verðlagi, enda hefði það vissulega komið sér vel í sambandi við þau miklu vandamál sem fram undan eru varðandi lausn kjaramála sem nú eru á næsta leiti.

Það hefur verið á það minnst að í þessu frv. er einnig að finna ákvæði um að hlutdeild sveitarfélaganna í landinu í söluskattstekjunum er aukin nokkuð frá því sem verið hefur, eða samkv. áætlun um 600 millj. kr. á ári. Við alþb.-menn erum samþykkir þessu atriði sem stefnumáli. En vegna þess að það er líka gert ráð fyrir að í kjölfar þessarar samþykktar komi að leggja á sveitarfélögin ný útgjöld, umfram það sem áður var, sem nemur þessari sömu fjárhæð, þá skiptir þetta ekki miklu máli. Ég hygg að mjög margir sveitarstjórnarmenn væru fullt eins ánægðir með að vera án þessa hluta af söluskattinum og slyppu þá líka við að taka á sig þau nýju útgjöld sem er verið að ræða um að leggja á sveitarfélögin. Sem sagt, hér er ekki um mikilvægt atriði að ræða nema ætlunin væri að auka við tekjur sveitarfélaganna af söluskattinum án þess að ætla að leggja á þau sérstakar nýjar útgjaldakvaðir.

Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um þetta frv. Afstaða okkar alþb.-manna eru sú að við erum á móti frv. í heild, en verði síðari málsgr. 1. gr. frv. borin upp sér, munum við greiða atkvæði með síðari málsgr. 1. gr., því að við erum ekki á móti því ákvæði sem þar er að finna út af fyrir sig.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls hér í hv. d. gerði ég grein fyrir afstöðu okkar til þess, en ég tel rétt að ítreka það aðeins við 2. umr., eftir að málið er búið að fá meðferð í nefnd.

Eins og hér hefur komið fram er um að ræða tvenns konar breytingu frá gildandi lögum og reglum, og meginefni þessa frv. er að ríkissjóður fái sem tekjur andvirði tveggja söluskattsstiga sem áður hafa runnið til Viðlagasjóðs. Þetta er meginefnið, og ég hef lýst því yfir að þessu erum við andvígir. Við teljum að það væri réttara, ekki síst undir þeim kringumstæðum sem nú ríkja, að fella þetta algjörlega niður og nota tækifærið sem gefst til þess að auka tekjur ríkissjóðs með öðrum og skynsamlegri hætti. Hér hefur fyrst og fremst verið bent á eina leið, að vísu fleiri en fyrst og fremst eina, þ. e. að breyta tekjuskattslögum þannig að þeir þúsund aðilar í þjóðfélaginu, sem hingað til hafa ekki greitt til samfélagsins, en ættu svo sannarlega að gera það, yrðu nú til þess skyldaðir.

Þetta er sem sagt meginefni þessa frv., en auk þess er hér um að ræða aukningu á hlutdeild sveitarfélaga í söluskattsstigunum, og því hef ég lýst yfir að við værum sammála. Í grg. frv. er gert ráð fyrir því að síðar komi annað eða önnur frv. sem fela í sér breytingar á verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Það verður að teljast furðulegt og ég fyrir mitt leyti vil harðlega átelja það að slík frv. skuli ekki vera fram komin enn ef það er á annað borð meining hæstv. ríkisstj. að afgreiða slík mál hér fyrir jólahlé. Það verður að teljast furðulegt að lagafrv. sem afgreiða á fyrir jólahlé sem er eftir u. þ. b. viku, skuli ekki enn vera farin að sjást.

Ég vil taka það fram varðandi síðari málsgr. 1. gr. að við munum greiða atkv. með henni. Það hefur komið fram ósk um að 1. gr. yrði borin upp í tvennu lagi og við munum að sjálfsögðu greiða atkv. með síðari málsgr. þeirrar gr. Ég vil ítreka það, sem ég sagði við 1. umr., að aukin hlutdeild sveitarfélaga í söluskattsstigunum er nauðsyn, þó að engin verkefni eigi þar að fylgja sem á að taka af ríkissjóði yfir til sveitarfélaga. Fjárhagsstöðu sveitarfélaganna í landinu er nú svo háttað og hefur verið um nokkurn tíma að þar er nauðsyn að gera á úrbætur. Og sú aukning, sem þarna er um að ræða er að því er menn telja nú um 600 millj. kr., en fer sífellt lækkandi, a. m. k. frá því að fjárlagafrv. var lagt fram hér á Alþ. Þá var hún áætluð allt upp í 750 millj. Þessarar tekjuaukningar er þörf hjá sveitarfélögunum þó að engum verkefnum verði á þau bætt frá því sem nú er.

Ég vil sem sagt ítreka það, að við erum andvígir meginefni þessa frv. og munum greiða atkv. gegn því að þessi 2 söluskattsstig, sem runnið hafa til Viðlagasjóðs, renni nú til ríkissjóðs, en við munum greiða atkvæði með hinum þætti málsins, sem er um að auka hlutdeild sveitarfélaga í söluskatti.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil aðeins segja örfá orð í tilefni af umr. um þetta frv.

Ég vil byrja á því að lýsa yfir að ég er andvígur málinu, en álit okkar alþb.-manna hefur þegar fram komið í ræðu hv. 2. þm. Austurl.

Ég stend upp fyrst og fremst vegna þess sem kemur fram í aths. við þetta lagafrv. Þar segir að áætlað sé að núgildandi tekjustofnar Viðlagasjóðs dugi til að ljúka verkefnum hans í Vestmannaeyjum og á Norðfirði. Ég álít að þessi staðhæfing sé röng, eins og kom skýrt fram í máli mínu þegar rætt var um að taka 200 millj. úr Vestmannaeyjadeild Viðlagasjóðs til Neskaupstaðar. Ég hélt því þá fram og rökstuddi það nokkuð að verulegar upphæðir vantaði til þess að sæmilega væri skilið við endurreisn Vestmannaeyjakaupstaðar. Þessi tekjustofn, 2% af

söluskattsstofni, var upphaflega settur til þess að bæta skaða af völdum náttúruhamfara. Nú hefur hins vegar komið í ljós að ríkisstj. ætlar að notfæra sér þennan náttúruhamfara-tekjustofn til þess að halda sér á floti fjárhagslega. Enda má með sanni segja, að það jafngildi náttúruhamförum að slík ríkisstj. sitji við völd.

ATKVGR.

Fyrri mgr. 1. gr. samþ. með 18:10 atkv.
Síðari mgr. 1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 19:10 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16:10 atkv.

Kaupstaðarréttindi til handa Njarðvíkurhreppi, frv. (þskj. 117). — 1. umr.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Þetta frv. er flutt af þm. Reykjan. sem sitja í hv. Ed., og frá þeirri d., þar sem það hefur verið samþ. er frv. komið hingað. Þetta frv. er samhljóða þeim frv. um kaupstaðarréttindi, sem samþ. voru á hv. Alþ. á síðasta ári, og samhljóða því frv. sem nú er til meðferðar í þinginu. Ástæður fyrir flutningi þessa frv. eru þær hinar sömu, eða eins og nefnt er í grg. með þessu frv. aukið sjálfstæði til handa sveitarfélaginu, einfaldari stjórnsýsla, bætt þjónusta hins opinbera o. s. frv. Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta, en legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég ætla alls ekki að fara að mæla gegn þessu frv., en ef ég man rétt er annað frv. hér einnig sem liggur fyrir, þ. e. um kaupstaðarréttindi handa Garðahreppi. Nú kann þetta að vera rétt stefna. En það var fjölgað nokkuð kaupstöðum á síðasta Alþ. og þess vegna vil ég aðeins beina því til þeirrar n., sem um þetta fjallar, hvort ekki sé ástæða til að fara að líta meira heildstætt á þessi mál heldur en að láta þetta ganga til með þessum hætti, að breytt sé allmörgum sveitarfélögum í kaupstaði á hverju ári. Bæjarfógetinn í Hafnarfirði og sýslumaðurinn í Kjósarsýslu verður orðinn bæjarfógeti í nokkuð mörgum kaupstöðum um það er lýkur, og hrepparnir í sýslunni, sem eftir sitja, verða orðnir býsna fáir.

Ég held að það sé full ástæða til þess að líta á þessi mál nokkuð almennt og hvort eigi ekki að setja einhver almenn mörk fyrir því hvenær hreppur á að öðlast kaupstaðarréttindi. Það dregur enginn í efa að báðir þeir hreppar, sem ég nefndi, eru að fólksfjölda til þannig settir að þeir jafnast á við marga kaupstaði sem fyrir eru og þess vegna á engan hátt neitt óeðlilegt þó að þeir vilji öðlast kaupstaðarréttindi. En það var aðeins þessi ábending, sem ég vildi koma á framfæri, að mér sýnist að með þessu geti verið stefnt í nokkurt óefni ef haldið er áfram á þessari braut, án þess að litið sé á málin í heild. Mér kæmi ekki á óvart þó að það kallaði innan tíðar á breytingu, að því er varðar sýsluskipunina, því að ég sé ekki betur en að sum sýslufélögin geti með þessu áframhaldi orðið lítt starfhæf. En eins og ég sagði, þá mega þessi orð mín ekki skoðast sem nein andmæli út af fyrir sig við þetta frv., heldur aðeins ábending um hvort ekki væri rétt að hafa aðra starfsaðferð við þetta en verið hefur. Það er ósköp eðlilegt að einstakir þm. verði við óskum um að flytja frv. um að þessi og þessi hreppurinn í þeirra kjördæmi verði kaupstaður, en ég sé ekki fyrir endann á þeirri þróun ef hún á að halda áfram án þess að menn athugi ofurlítið betur til hvers hún leiðir.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Með fullri virðingu fyrir Njarðvíkurhreppi og íbúum hans vil ég leyfa mér að taka eindregið undir þau orð sem hæstv. dómsmrh. lét falla í þessu máli. Ég held að hv. alþm. verði að fara að gera sér fulla grein fyrir því og horfast af fullri alvöru í augu við það sem hér er að gerast. Á síðasta Alþ. fara að mig minnir fimm hreppar landsins af stað, krefjast kaupstaðarréttinda og fá þau. Nú eru tveir þegar farnir af stað, sennilega fleiri í vændum. Þarna er að hefjast skriða sem ég efast um að menn geri sér fulla grein fyrir hvar endar. Hvað vilja hv. alþm. í þessum efnum? Vilja þeir leggja niður hin einu lögboðnu samtök hreppa á Íslandi í dag, sýslufélögin? Við skulum segja að þeir vilji það. Vilja þeir þá fá landshlutasamtökin í staðinn sem hingað til hafa starfað sem áhugamannasamtök? Það er ekki svo að sjá því að ég man ekki betur en frv. um landshlutasamtök hafi legið fyrir þingi a. m. k. þrisvar sinnum án þess að ná fram að ganga. —Það er aðeins þetta sem ég vil eindregið taka undir, að við verðum allir sem einn að gera okkur fulla grein fyrir því, hvert stefnir í þessum efnum, og reyna að stemma á að ósi á einhvern hátt áður en þessi mál lenda í fullkomnu öngþveiti og vandræðum.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég get sannarlega tekið undir með hæstv. dómsmrh. að það verði farið að athuga þessi mál heildstætt. Sannleikurinn er sá að ég held að það sé ástæða fyrir því, að svo margir hreppar hafa sótt um kaupstaðarréttindi, að það hefur ekkert gerst í endurskoðun á sveitarstjórnarlöggjöfinni. Og það er vissulega ástæða til að það verði gert. Ég held að eftir því sem fleiri hreppar, og þá stærstu hrepparnir í hverju sýslufélagi, segja sig úr lögum við sýslufélagið, ef svo má segja, og sækja um kaupstaðarréttindi, þá verði mönnum ljósara smátt og smátt að við búum við úrelta skipan í þessum efnum. Það er alveg ljóst að þegar sýslufélögin sitja eftir sem samtök minnstu hreppanna á hverju svæði verða þau ekki þess megnug að leysa neitt verulegt verkefni af hendi.

Það kann vel að vera nokkuð andkannalegt að sýslumaður í einu sýslufélagi sé jafnframt bæjarfógeti í svo og svo mörgum kaupstöðum. Þannig getur þetta orðið hér á Reykjanessvæðinu þegar bæjarfógetinn í Hafnarfirði verður sýslumaður í Kjósarsýslu og bæjarfógeti í þremur kaupstöðum ef frv. um kaupstaðarréttindi til handa Garðahreppi verður að lögum. Á sama

hátt verður sýslumaðurinn í Gullbringusýslu bæjarfógeti í þremur kaupstöðum, Keflavík, Grindavík og Njarðvík, ef frv. um kaupstaðarréttindi til handa Njarðvíkurhreppi verður að lögum. Þetta kann vel að vera andkannaleg skipan. En þá verður það eitt með öðru sem kallar á endurskoðun í þessum málum öllum.

Ég sé enga ástæðu til þess að fara að ræða spurninguna sem hv. þm. Friðjón Þórðarson varpaði hér fram, hvað hv. þm. vildu um þessi lögboðnu samtök sveitarfélaganna, sýslufélögin, hvort þeir vildu heldur landshlutasamtökin. Ég held að sú spurning sé alls ekki á dagskrá hér og sé ekki ástæðu til þess að ræða hana.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til félmn. með 21 shlj. atkv.

Lánasjóður dagvistunarheimila, frv. (þskj. 137). — 1. umr.

Flm. (Svava Jakobsdóttir): Hæstv. forseti. Ég hef ásamt tveim hv. þm. öðrum, þeim Lúðvík Jósepssyni og Vilborgu Harðardóttur, leyft mér að flytja frv. til laga um Lánasjóð dagvistunarheimila sem er birt á þskj. 137. Þetta frv. er flutt vegna þess að ljóst er að þörf er meira fjármagns til uppbyggingar dagvistunarheimila en nú er varið til þeirra mála og brýnt að örva til meiri framkvæmda.

Fram til ársins 1973 höfðu sveitarfélög og áhugamannafélög allan veg og vanda af byggingu og rekstri dagvistunarheimila. Þetta eru, eins og allir vita, kostnaðarsamar framkvæmdir. Það er áætlað að kostnaðurinn sé 125 þús. kr. á fermetra. En það er vitað að sveitarfélög höfðu ekki bolmagn til að sinna þessu verkefni þótt þörfin væri mjög brýn. Þannig var ástatt þegar lög voru sett um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistunarheimila árið 1973, í tíð vinstri stjórnar.

Þótt stutt sé síðan lögin komu til framkvæmda má þegar greina hver lyftistöng þau hafa verið sveitarfélögum. Þetta sést á eftirfarandi samanburði: Árið 1973 voru dagheimili í 10 sveitarfélögum og leikskólar í 25 sveitarfélögum, en í 7 þeirra starfaði leikskóli aðeins hluta af árinu. Það ár greiddi ríkið 10 millj. í stofnkostnað. Árið 1974 var greitt upp í stofnkostnað 19 heimila í 11 sveitarfélögum. Fjárframlag ríkisins til stofnkostnaðar það ár var 40 millj. kr. Árið 1975 er á fjárl. 60.1 millj. sem renna á til 39 heimila í 18 sveitarfélögum. Vegna fjárl. 1976 liggja nú fyrir umsóknir vegna byggingar 10 nýrra heimila. Verði þeim umsóknum sinnt eru heimilin orðin 49 í 25 sveitarfélögum. Á fjárl. 1976 er áætlað að verja 68.4 millj. til stofnkostnaðar dagvistunarheimila, en till. menntmrn. hljóða hins vegar upp á 164 millj. 468 þús. krónur. Til fróðleiks get ég talið upp þau dagheimili sem hafa sótt um að vera tekin inn í fjárlög næsta árs, en þau eru: Búðahreppur, Egilsstaðir, Grundarfjörður, Reykjavík, Ísafjörður, Ólafsfjörður, Patreksfjörður og Tálknafjörður. Þessi samanburður sýnir stórkostlega framför. Á árunum 1963—1973 voru reist 8 ný heimili á 6 stöðum utan Reykjavíkur og 10 í Reykjavík, en alls voru dagheimili í landinu 26 í árslok 1973 og leikskólar 40. Á þessum tveim árum síðan lögin tóku gildi hefur því hafist bygging fleiri heimila en alls voru til á landinu áður. Ég held að þetta sýni svo að ekki verði um villst að þörf sveitarfélaga fyrir frekara fjármagn til þessara mála sé mjög brýn og stofnun sjóðs í þessu skyni mundi hjálpa sveitarfélögunum til þess að hefja þessar nauðsynlegu framkvæmdir og til þess að halda í horfinu.

Í frv. er gert ráð fyrir að sjóðurinn verði fjármagnaður með 0.25% almennum launaskatti af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum er launagreiðendur greiða samkv. reglum laga um launaskatt. Ef miðað er við launaskattsupphæðina 3 milljarða 50 millj., eins og fjárl. gera ráð fyrir, má ætla að þessi viðauki muni skila tæpum 220 millj. á næsta ári.

Við leggjum til að menntmrn. fari með yfirstjórn sjóðsins og teljum það eðlilegt með hliðsjón af því að það rn. fer með stjórn þessara mála. Og samkv. lögum um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistunarheimila er framlag ríkisins bundið ýmsum skilyrðum og eðlilegt er að lán úr þessum sjóði verði háð sömu skilyrðum og ríkisframlag, bæði um undirbúning og framkvæmd og svo um innri gerð alla eins og hún er sett fram í reglugerð. Þetta sjónarmið okkar, kemur einnig fram í 5. gr. frv. Þá gerum við ráð fyrir því að lán, sem sveitarfélögum yrði veitt í þessu skyni, megi nema allt að 30% áætlaðs stofnkostnaðar fullbúins húsnæðis fyrir dagvistunarheimili og skuli þau tryggð með veði í því.

Herra forseti. Ég held að það þurfi ekki að fjölyrða mjög um rök fyrir því að launaskattsgreiðendur leggi sitt af mörkum til þessara mála. Ástæðurnar fyrir kröfum fólks um dagvistunarheimili, bæði fleiri og fullkomnari, eru svo kunnar að það er varla þörf á því að fjölyrða um þær. En þær ástæður eru vissulega margþættar. En mjög veigamikil rök eru vissulega atvinnuþátttaka beggja foreldra, aukin atvinnuþátttaka kvenna, og þetta fólk gerir strangar kröfur um að þjóðfélagið sjái börnum þeirra fyrir hinni bestu umönnun meðan það stundar vinnu sína. Mörgum starfsgreinum væri varla hægt að halda uppi án þátttöku kvenna, það er viðurkennt, og því er í fyllsta máta eðlilegt að atvinnurekendur leggi sitt af mörkum. Ég legg á það áherslu að þessi atvinnuþátttaka beinlínis eykur þjóðartekjur og því er fyllilega sanngjarnt að sjóður sem þessi verði settur á stofn og sveitarfélögum gert þannig kleift að koma upp þessum nauðsynlegu menningar- og uppeldisstofnunum.

Að svo mæltu, herra forseti, legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og menntmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Íslensk stafsetning, frv. (þskj. 140). — 1. umr.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Rétt áður en síðasta Alþ. lauk, á s. l. vori, var flutt till. til þál. um löggjöf um íslenska stafsetningu. Efni þeirrar þáltill. var að ríkisstj. skyldi falið að undirbúa löggjöf um íslenska stafsetningu, en þangað til slík lög yrðu sett skyldi fylgja þeirri stafsetningu sem í gildi var áður en menntmrn. gaf út þær auglýsingar sem nú gilda um íslenska stafsetningu, þ. e. auglýsingu nr. 272 frá 4. sept. 1973 og nr. 132 frá 3. maí 1974. Áður hafði ég flutt frv. til l. um lögfestingu þeirrar stafsetningar sem í gildi hafði verið áður en tvær fyrrnefndar auglýsingar voru gefnar út af þáv. hæstv. menntmrh.

Frv. kom til 1. umr., en vonlaust var að Alþ. næði að taka afstöðu til þess sökum þess hve skammt var þá til þingloka. Þess vegna varð niðurstaða ýmissa þeirra sem fylgjandi voru því að hin fyrri stafsetning, sem gilt hafði í nær hálfa öld, yrði tekin upp aftur að flutt yrði till. til þál. um málið. Var hv. þm. Sverrir Hermannsson 1. flm. hennar, en hinir fjórir aðrir voru úr öðrum þingflokkum, öðrum en SF. Niðurstaða umr. um þessa þáltill. fimmenninganna varð sú að till. var samþ. shlj. í því formi að ríkisstj. var falið að undirbúa löggjöf um íslenska stafsetningu en hins vegar varð samkomulag um það milli flm. og hæstv. menntmrh. að niður skyldi fellt úr till. það ákvæði að þangað til slík lög yrðu sett skyldi fylgja fyrri stafsetningu. Í lok umr. um þáltill. lýsti hæstv. menntmrh. því yfir að hann teldi skynsamlegt að sett yrði löggjöf um íslenska stafsetningu. En svo sem kunnugt er hefur sú hefð ríkt á undanförnum áratugum að íslenskri stafsetningu eða stafsetningu íslenskrar tungu hefur verið skipað með auglýsingu frá menntmrn. Slík auglýsing var gefin út árið 1929 af þáv. menntmrh. Henni var breytt lítils háttar með nýrri auglýsingu, raunar frá fræðslumálastjóra, 1934, og þær reglur, sem þá komust á voru síðan í gildi í nær hálfa öld, þar til þeim var breytt með auglýsingum frá 1973 og 1974.

Það var meginatriði í rökstuðningi fyrir því frv, sem ég flutti á síðasta þingi um stafsetningu íslenskrar tungu, að eðlilegt væri að jafnmikilvægu máli og þar væri um að ræða væri skipað af sjálfu Alþ. með lagasetningu, en væri ekki háð ákvörðunarvaldi eins ráðh. sem tekið gæti ákvörðun um það með einfaldri stjórnvaldsauglýsingu. Á þessa skoðun féllst hæstv. núv. menntmrh. í yfirlýsingu sinni við lokaumr. málsins og tókst þar með á hendur að hafa frumkvæði um að löggjöf yrði samin um stafsetningu íslenskrar tungu.

Nú er komið fram að jólahléi þingsins og enn hefur ekki bólað á frv. af hálfu hæstv. menntmrh. um þetta mikilvæga mál, og hann mun ekki hafa falið neinni nefnd eða neinum sérfróðum mönnum að semja slíkt frv. Þess vegna höfum við sex þm. tekið okkur saman um að láta semja slíkt frv. sem er þess efnis að ef það yrði samþ. yrði lögfest í einu og öllu óbreytt sú stafsetning sem gilt hafði í næstum fimm áratugi eða þangað til breytingar voru gerðar með auglýsingum frá 1973 og 1974.

Ég tel rétt að það komi fram að hæstv. menntmrh. var að sjálfsögðu gert kunnugt um flutning þessa frv. áður en það var lagt fram og honum skýrt frá því að við teldum flutning frv. vera í algeru samræmi við þá yfirlýsingu sem hann hafði gefið á s. l. vori, væntanlega ekki aðeins frá eigin brjósti, heldur með samþykki hæstv. ríkisstj. allrar, að eðlilegt væri að Alþ. sjálft setti löggjöf um það hver vera skuli stafsetning íslenskrar nútímatungu.

Eftir að hæstv. menntmrh. gaf þá yfirlýsingu, sem ég hef nú rætt um, undirrituðu 33 alþm. áskorun á ráðh. að gera ráðstafanir til þess að stafsetning sú, sem gildi tók 1929, verði notuð við prentun þeirra skólabóka sem verið væri að undirbúa og nota næsta vetur. Með þessari áskorun hinna 33 alþm. kom fram augljós vilji meiri hl. alþm. fyrir því að halda fast við þá stafsetningu sem gilt hafði áður en fyrrnefndar auglýsingar voru gefnar út 1973 og 1974 og breyttu nær hálfrar aldar hefð varðandi opinbera stafsetningu íslenskrar tungu. En þessir 33 alþm. voru eftirtaldir, með leyfi hæstv. forseta:

Sverrir Hermannsson, Gunnlaugur Finnsson, Helgi F. Seljan, Gylfi Þ. Gíslason, Svava Jakobsdóttir, Benedikt Gröndal, Jónas Árnason, Sighvatur Björgvinsson, Eggert G. Þorsteinsson, Þórarinn Þórarinsson, Eyjólfur K. Jónsson, Ingi Tryggvason, Stefán Valgeirsson, Steingrímur Hermannsson, Jón Árm. Héðinsson, Oddur Ólafsson, Jón Helgason, Ingólfur Jónsson, Friðjón Þórðarson, Ragnhildur Helgadóttir, Jón Árnason, Sigurlaug Bjarnadóttir, Axel Jónsson, Geirþrúður H. Bernhöft, Ólafur G. Einarsson, Þorv. Garðar Kristjánsson, Guðmundur H. Garðarsson, Lárus Jónsson, Jón G. Sólnes, Garðar Sigurðsson, Guðrún Benediktsdóttir, Tómas Árnason, Jóhann Hafstein og Pétur Sigurðsson.

Okkur, sem höfðum forgöngu um undirritun þessarar áskorunar, var kunnugt um að ýmsir fleiri þm. voru reiðubúnir til þess að undirrita slíka áskorun til hæstv. menntmrh., og m. a. var okkur kunnugt um að ýmsir ráðh. voru sama sinnis, þannig að augljóst var að yfirgnæfandi meiri hl. alþm. á s. l. vori var því fylgjandi að aftur skyldi horfið að þeirri stafsetningu sem í gildi hafði verið í 4—5 áratugi áður en breyting var gerð fyrir skömmu. Þetta frv. er flutt í fullu trausti þess að skoðanir allra þessara þm. á málinu séu óbreyttar, og hafa raunar viðræður við meginhluta þeirra leitt í ljós að svo er, þannig að fastlega má gera ráð fyrir, að yfirgnæfandi meiri hl. í báðum deildum Alþ. sé fyrir meginefni þess. Ég endurtek, að með frv. þessu yrði lögfest í einu og öllu og án nokkurrar minnstu breytingar sú stafsetning sem kennd hafði verið í íslenskum skólum 4—5 áratugi áður en breytingarnar frá 1973—1974 voru gerðar.

Meginrökin fyrir því að breyta til og hverfa aftur að því skipulagi, sem hlotið hafði nær hálfrar aldar hefð, eru að sjálfsögðu þau að sérhverri menningarþjóð er mikilvægt að sem mest festa sé í stafsetningu tungu hennar. Það gefur auga leið að hagræði er að samræmdri stafsetningu í bókagerð, stjórnsýslu, safnstörfum og kennslu. Með nútíma ljósprentunartækni má spara stórfé við endurútgáfu hvers kyns rita, svo sem dýrra handbóka, orðabóka og annarra

uppsláttarrita, en þá er auðvitað mikilvægt að ekki sé hringlað með stafsetningu til þess að eldri útgáfur haldi gildi sínu og komist verði hjá þeim gífurlega aukakostnaði sem hlýst af stafsetningarbreytingum. Af þessum sökum er um að ræða augljóst hagsmunamál fjölmargra aðila í landinu, bókaútgefenda, rithöfunda og annarra. Ætti raunar að vera óþarft á það að benda að á þeirri tölvutækniöld, sem við lifum, er festa í stafsetningu mikils virði við alla skýrslugerð, við gerð skráa sem raðað er í stafrófsröð, svo sem spjaldskráa í söfnum, o. s. frv.

Í þessu sambandi er alveg sérstök ástæða til þess að vekja athygli á og undirstrika að á þeirri tæpu hálfu öld sem sú stafsetning sem lagt er til að verði lögfest með þessu frv., hefur gilt, hefur séð dagsins ljós meginhluta alls prentaðs máls sem gefið hefur verið út á Íslandi frá upphafi vega. Breyting frá hinni hálfrar aldar gömlu stafsetningu mundi því þýða, ef hún fengi að haldast, að alger þáttaskil yrðu í stafsetningu á því sem út hefur komið á Íslandi og út kæmi á næstu hálfri öld, en það er að sjálfsögðu mjög óheppilegt. Það hefur nokkur skaði skeð á því tveggja ára tímabili sem liðið er síðan umræddar auglýsingar voru gefnar út, en hann er þó ekki meiri en svo að hann er auðbættur. Meginatriðið er að koma í veg fyrir að frekari skaði verði og að þau rit, sem út koma á næstu áratugum, verði með sömu stafsetningu og þeirri sem gilti í nær hálfa öld og ég endurtek: meginhluti alls prentaðs máls, sem til er á íslensku, er gefinn út samkvæmt.

Það er engin ástæða til þess að rekja einstök atriði frv., þ. e. í hverju hin fyrri stafsetning er fólgin. Hún er öllum fullorðnum mönnum ljós. Þeir hafa allir lært hana á skólabekk og kunna hana í meginatriðum. Ég endurtek aðeins að þetta frv. er í einu og öllu í samræmi við hina fyrri stafsetningu sem í gildi var áður en síðustu breytingar voru gerðar.

Þegar breytingin var gerð hefur þáv. menntmrh. eflaust gert ráð fyrir því að hún mundi heppnast í þeim skilningi að framkvæmd hennar mundi takast, að hin nýja stafsetning yrði tekin upp í raun og veru og breytingin hefði verulegt fylgi. Það hefur komið í ljós á þeim 2—3 árum, sem síðan hafa liðið, að þetta mat var ekki rétt. Síðan hinar nýju reglur voru settar hefur verið alger glundroði í íslenskum stafsetningarmálum. Ég nefni sem dæmi að ýmis rn. hafa ekki fylgt hinum nýju stafsetningarreglum, heldur haldið áfram að nota fyrri stafsetningu. Fjölmargir rithöfundar hafa ekki viljað taka upp hina nýju stafsetningu, heldur haldið áfram að skrifa bækur sínar og ritgerðir samkv. fyrri stafsetningu. Og svo að ég nefni sem síðasta dæmi, stærsta blað landsins, sem gefið er út í einum 40 þús. eintökum og má því telja að sé lesið á nær hverju einasta heimili á landinu, hefur ekki breytt stafsetningu sinni, heldur er enn ritað samkv. hinni gömlu stafsetningu. Má geta nærri hvílíkum glundroða það veldur þegar verulegur hluti almenns lestrarefnis í formi bóka og tímarita og blaða berst inn á heimili með annarri stafsetningu en þeirri sem börnum og unglingum er kennd í skólum.

Þá má þess og geta — og það skulu vera lokaorð mín — að fyrir um það bil ári beindu 100 þekktir íslendingar þeirri áskorun til hæstv. núv. menntmrh. að nema úr gildi auglýsingarnar frá 1973 og 1974 og gefa út tilskipun um að hverfa aftur að hinni fyrri stafsetningu. Áskorun þeirra er prentuð sem fskj. með frv., bæði áskorunin sjálf og nöfn þeirra 100 manna sem þessari áskorun beindu til hæstv. menntmrh. Ég vil aðeins láta þess getið að í hópi þessara 100 manna eru ýmsir af kunnustu menntamönnum og rithöfundum þjóðarinnar, ég hygg að óhætt sé að segja yfirgnæfandi meiri hluti þeirra manna sem kunnastir eru sem íslenskir rithöfundar og menntamenn. Ber það vott um að ekki er einungis að vitneskja liggur fyrir um vilja yfirgnæfandi meiri hl. alþm. í þessu máli, heldur liggur einnig fyrir vitneskja um vilja yfirgnæfandi meiri hl. hinna kunnustu mennta- og fræðimanna í þessu máli. Ætti því Alþ. með hinni bestu samvisku að geta afgreitt þetta mál og leyst þannig úr menningarvanda, sem skapast hefur á undanförnum árum, og tryggt það, sem ég tel vera meginatriði málsins, að íslenskt lesmál, sem birt verður næstu hálfa öld og um alla framtíð að ég vona, verði með þeirri sömu stafsetningu og meginhluti þess lesmáls sem nú er tiltækilegt á íslenskri tungu.

Að svo mæltu legg ég til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Magnús T. Ólafasson: Herra forseti. Með frv. á þskj. 140 er lagt til að horfið verði frá hefð sem er ekki bara hálfrar aldar gömul, heldur jafngömul afskiptum íslenskra stjórnvalda af stafsetningarmálum. Þennan tíma hefur það verið óslitin hefð að ákvörðun um þá stafsetningu, sem kennd er í íslenskum skólum og viðhöfð í opinberum plöggum, eigi sér stað með ráðherraúrskurði, og ævinlega þegar slíkir úrskurðir hafa átt sér stað hefur verið leitað þeirra ráðunauta sem hollastir voru taldir í þessu máli. Nú er hins vegar lagt til að stafsetningu sé skipað með lagasetningu á Alþingi um hvert og eitt það stafsetningaratriði sem til álita er talið koma á hverjum tíma. Án tillits til þess hvaða skoðanir menn hafa á einstökum stafsetningaratriðum kemur hér að mínu viti til álita í fyrstu röð hvort rétt er og nauðsynlegt að breyta svo um starfsaðferðir í þessu máli sem hér er lagt til.

Ég álít að áður en farið væri alfarið að hverfa gersamlega frá hinni fyrri hefð og taka upp lagasetningu um einstök stafsetningaratriði, hvern stafkrók og kommu í þeirri stafsetningu sem kennd skal í skólum og viðhöfð í opinberum plöggum, bæri að líta á það hvort ekki kæmi alveg eins til mála að skipa því með lögum hver vinnubrögð skuli höfð við breytingar stafsetningar þótt með hinum fyrri hætti væri, sem sagt að Alþingi tjái sig um það hvernig og hjá hverjum ráðh. skuli leita ráða og till. áður en stafsetningarbreyting er gerð, því að ég tel að ef svo alger breyting frá fyrri starfsháttum er gerð sem hér er lagt til, þá sé nauðsyn að leiða hugann að því hvað af mundi hljótast. Það gæti farið svo að stafsetning og einstök stafsetningar-

atriði yrðu deiluefni og ágreiningsefni og tillöguefni þing eftir þing. Og þing eru auðvitað misjafnlega skipuð og menn á Alþ. hafa misjafnar skoðanir á stafsetningarmálum. En ég tel það borna von að þing verði skipað nema að takmörkuðu leyti mönnum sem hafa sérþekkingu á undirstöðufræðum stafsetningarákvarðana. Þau fræði eru einkum tvenn, annars vegar málvísindi og hins vegar kennslufræði, þegar ákveða á hvað sé eðlileg kennslustafsetning í skólum.

Ég tel að hér sé síður en svo verið að tryggja festu og samhengi í þessum málum, heldur sé hér verið að bjóða heim mun tilviljanakenndari vinnubrögðum við stafsetningarákvarðanir heldur en hingað til hafa þó tíðkast, því að menn skyldu ekki gleyma því að við þær stafsetningarákvarðanir, sem teknar voru síðastar, var í öllum meginatriðum nema einu byggt á fyrri ákvörðunum sem teknar voru hálfri öld áður. Það, sem hins vegar var gert, var að fylla í ýmsar eyður sem voru í fyrri reglum frá 1928, að kveða á um ýmis atriði sem samkv. þeirri auglýsingu voru algerlega óákveðin og látin þar liggja á milli hluta, svo sem greinarmerkjasetningu, hvort rita skyldi eitt orð eða tvö o. fl. Hér var annars vegar með þeim ákvörðunum, sem síðast voru teknar, ákveðið að nema burt reglu um z úr lögboðinni stafsetningu, en hins vegar að fjalla nákvæmar eða frá grunni um ýmis atriði sem ekki hafði verið kveðið á um í fyrri reglum. Ég býst við að hv. flm. líti svo á að undir þennan leka sé sett með ákvæðinu í 3. gr., að fylgt skuli þeim meginreglum sem farið var eftir á tímabilinu frá 1929 til 1973 um atriði sem ekki er tekið á í 2. gr. En þar stendur svo á að það er ekki hægt að finna meginreglur frá þessum tíma um atriði sem ekki eru ákveðin í þágildandi stafsetningarreglum nema með mjög víðtækri könnun á rituðu máli þess tíma. Þarna er um það að ræða að atriði, sem áður voru óákveðin í lögboðinni stafsetningu og því á reiki, voru fastákveðin í þeim reglum sem nú gilda.

Og enn er haldið uppteknum hætti um hina margumtöluðu z. Í 4. gr. er ákvæði um að ekki skuli þess krafist að sá stafur sé kenndur í 1.—6. bekk grunnskóla. Hér er sem sagt haldið því sem varð raunin á tímabili stafsetningarinnar frá 1928, að nemendum og fólki er skipt í tvo flokka, þá sem tileinka sér z-stafsetningu og þá sem það gera ekki. Það kemur sem sé í ljós að fyrir flm. frv. á þskj 140 vakir ekki fyrst og fremst að koma á festu né samhengi, heldur að viðhalda því að í landinu ríki tvenns konar stafsetning, lærðra manna stafsetning og almennings stafsetning. Af þeim sökum sérstaklega er ég andvígur þessu frv., en þar að auki af þeim sökum, sem ég lýsti áður, að ég tel það fljótræði að hverfa frá hinu fyrra fyrirkomulagi áður en athugað er hvort ekki getur orðið samkomulag um starfsreglur sem farið sé eftir við stafsetningarákvarðanir héðan í frá.

Í máli hv. frsm., 9. þm. Reykv., kom ýmislegt fram sem ástæða væri til að gera aths. við og mun ég drepa á fátt eitt af því.

Hv. 9. þm. Reykv. staðhæfði hér úr þessum ræðustól, eins og hann hefur gert áður, að menningarþjóðir breyti helst ekki stafsetningu sinni. Ég vil benda á það að þjóðir, sem ég a. m. k. tel menningarþjóðir, eins og danir, svíar og norðmenn, hafa allir breytt sinni stafsetningu á undanförnum áratugum og það jafnvel í veigameiri atriðum en breytingarnar sem áttu sér stað á íslenskri stafsetningu nú síðast. Af þessu leiðir að rökin um að stafsetningarbreyting eyðileggi að meira eða minna leyti bókakost þjóðarinnar falla um sjálf sig og fá ekki staðist. Það hlyti að vera jafnmikið óhagkvæmnisatriði og kostnaðaratriði fyrir þessar þjóðir að gera stafsetningarbreytingu eins og okkur. Og það er síður en svo að stafsetningarbreytingar sem þær gerðu, og var hin danska einna mest, hafi valdið vandræðum. Þær hafa síður en svo komið í veg fyrir, að þessum þjóðum notist bókakostur frá undanförnum áratugum eða valdið því, að þar eigi sér ekki stað ljósprentanir handbóka og uppsláttarrita án þeirrar dýru uppsetningar á prentuðu máli sem veifað er hér sem grýlu.

Þá er sérstök ástæða til að vikja að þeirri röksemd hv. 9. þm. Reykv., að einstakir ritháfundar og/eða einstök útbreidd málgögn hafi ekki þegar í stað tekið upp hina nýju stafsetningu, að það geri hana óhæfa með öllu og skaðlega. Slík töf á sér auðvitað stað við allar stafsetningarbreytingar. Það tekur nokkurn tíma að þær nái þeirri útbreiðslu sem auðvitað er stefnt að. Hv. 9. þm. Reykv. nefndi sérstaklega Morgunblaðið, að það gerði stafsetninguna, sem nú gildir, gersamlega óhæfa, skaðlega fjölskyldunum og friðspilli á heimilum, að Morgunblaðið skuli ekki hafa tekið hana upp. Minnist hv. þm. þess ekki hversu langan tíma það tók Morgunblaðið að taka upp stafsetninguna frá 1928? Ef ég man rétt söðlaði Morgunblaðið ekki um og tók upp þá stafsetningu fyrr en árið 1953 eða 1954, svo að sú stafsetning sem þá var lögfest þurfti sannarlega töluverða bið eftir því að halda innreið sína í Morgunblaðið. Og vissulega gerðist það líka á því tímabili að einstakir ritháfundar fylgdu ekki hinni lögboðnu stafsetningu og reyndust sumir hverjir góðir ritháfundar samt. Hér er nefnilega ekki um það að ræða og getur ekki verið að það, sem kallað er lögboðin stafsetning, sé fortakalaust notuð á öllu prentuðu máli. Það, sem máli skiptir, er hvaða stafsetning er kennd í skólum, hvaða stafsetningu nemendur, sem lokið hafa almennu skyldunámi, eru taldir þurfa að tileinka sér til að verða það sem kallað er sendibréfsfærir. Það er mergurinn málsins, en ekki hvort einhver tiltekinn ritháfundur eða tiltekið málgagn fylgir lögboðinni stafsetningu eða ekki. Það varð líka raunin á hjá nágrannaþjóðum okkar þegar þær breyttu stafsetningu sinni að sum málgögn og þá gjarnan hin ihaldssömustu blöð í þeim löndum urðu miklu seinni en aðrir til þess að fylgja stafsetningarbreytingu.

Ég tel að það, sem hér þarf fyrst og fremst að líta á, sé eðli máls, en ekki undirskriftasafnanir, hvort sem þær eiga sér stað utan þingsala eða innan, og tel ég reyndar að það muni hafa verið næsta einstæður viðburður í þingsögunni þegar það gerðist í lok síðasta þings að tveir af flm. frv. á þskj. 140 skutust milli þingbekkja að safna undirskriftum undir áskorunarskjal alþm. á hæstv. menntmrh. Ég fyrir mitt leyti tel ekki

að slík vinnubrögð sé rétt að viðhafa við málatilbúnað á Alþ. Og hvað varðar þær undirskriftir, sem komið hafa fram frá ýmsum mönnum sem margir hverjir hafa sannarlega sýnt að þeim er annt um tunguna og hafa sýnt mikinn málssmekk, þá finnst mér satt að segja að áskorun þeirra og mótmæli gegn stafsetningarbreytingunni séu nokkuð seint fram komin, því að margir þessara manna áttu á sínum tíma við mig alltíð samskipti þegar vitað var að stafsetningarmálin voru í endurskoðun og til athugunar. Ég minnist ekki að einn einasti úr þeim hópi hafi séð ástæðu til að láta uppi við mig andstöðu við þær breytingar sem þá voru á döfinni og voru ákveðnar með auglýsingu sem kom í minn hlut að undirrita.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 26. fundur.

Föstudaginn 12. des., kl. 6.35 síðdegis.

Lækkun lögbundinna framlaga á fjárlögum, frv. (þskj. 120). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:3 atkv. og afgr. til Nd.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 122). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8:4 atkv. og afgr. til Nd.

Aukatekjur ríkissjóðs, frv. (þskj. 135). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Snjóflóð í Norðfirði og fjáröflun til Viðlagasjóðs, frv. (þskj. 130). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt til þess að veita heimild til að verja úr Viðlagasjóði allt að 200 millj. kr. af eign hans til þess að standa að fullu við skuldbindingar sjóðsins vegna snjóflóða í Norðfirði 20. des. 1974. Frv. fylgja allítarlegar aths. og skal ég því stytta mál mitt til skýringar á frv.

Eins og fram kemur í aths. þá telur stjórn Viðlagasjóðs ekki endanlegar upplýsingar vera fyrir hendi varðandi þær fjárskuldbindingar sem sjóðurinn hefur tekið á sig vegna snjóflóðanna í Neskaupstað og Vestmannaeyjaeldgossins. Sjóðsstjórnin áætlar í þessum aths. að það skorti um það bil 100 millj. kr. á að Norðfjarðardeild sjóðsins hafi nægilegt fjármagn til þess að standa við skuldbindingar sínar. Þriggja manna þingmannanefnd, sem skipuð var til þess að hafa milligöngu milli Viðlagasjóðs og heimaaðila í Neskaupstað, hefur í bréfi talið að það skorti allt að 250 millj. kr. á næsta ári í þessu skyni. Stjórn Viðlagasjóðs getur fallist á að þessi upphæð verði eitthvað hærri en 100 millj. kr., og þriggja manna þmn. getur fallist á að heimild allt að 200 millj. kr. sé nægileg á þessu stigi málsins. Því er óskað eftir heimild í því skyni að á tímabilinu upplýsist það til fullnustu hve fjárupphæðin þarf að vera há.

Þá kemur spurningin hvort Viðlagasjóður hafi efni á að greiða þessa upphæð, og er svarið að það er undir því komið á næsta ári hvernig sjóðurinn stendur að endurgreiðslum til Seðlabankans. Í greiðsluyfirliti kemur það fram að sjóðurinn hefði greitt til Seðlabankans á næsta ári rúmar 400 millj. kr. miðað við áætlaðar greiðslur vegna fjárskuldbindinga við Vestmannaeyjar. Það hlýtur því að lækka þessar endurgreiðslur til Seðlabankans, að svo miklu leyti sem þarna er um að ræða fjárgreiðslur vegna Neskaupstaðar, sem fara fram úr tekjuáætlun Norðfjarðardeildar Viðlagasjóðs.

Í árslok nú 1975 er gert ráð fyrir að staðan við Seðlabankann verði neikvæð um rúman milljarð, en átti að batna um rúmar 400 millj. á næsta ári samkv. yfirlitinu. Og í árslok næsta árs var talið að sjóðurinn skuldaði Seðlabankanum 624 millj., en ætti þá í ýmsum eignum, að vísu þar á meðal skuldabréfum til nokkurs tíma, rúmlega 1600 millj. kr.

Skuldbindingarnar gagnvart Vestmannaeyjum eru á þá lund að sjóðsstjórnin telur að þetta greiðsluyfirlit geti staðist þegar búið er að gera upp helstu tjónin. En þá er eftir óleyst fjárþörf bæjarsjóðs Vestmannaeyja eins og forseti bæjarstjórnar Vestmannaeyja og bæjarstjóri gera grein fyrir í bréfi sínu, en þar er um að ræða að þeirra áliti um það bil 1000 millj. kr. fjárþörf í einu eða öðru formi á næstu 4 árum. Hér er því ljóst að ekki eru öll kurl komin til grafar. Gerð er tillaga um að sérstök úttekt fari fram á fjárhag Vestmannaeyjakaupstaðar og áætlun verði gerð um, hvernig hann megi standa við skuldbindingar sínar, um leið og endanlega sé gengið frá bótagreiðslum og uppgjöri bæði gagnvart Vestmannaeyjum og Norðfirði.

Það er gert ráð fyrir því að Viðlagasjóður hætti störfum í árslok 1976 og Viðlagatrygging taki við samkv. sérstökum lögum sem um hana

hafa verið samþykkt. Það er margra hluta vegna mjög mikilvægt að skýra þessi mál sem allra fyrst, og ráðstafanir hafa verið gerðar til þess. En meðan ekki eru til staðar fyllri upplýsingar að þessu leyti en ég hér hef gert grein fyrir er nauðsynlegt að umbeðin heimild sé í lögum.

Ég vil svo aðeins að lokum ítreka þá yfirlýsingu sem ég gaf við framsögu málsins í Nd., að staðið verður við allar þær skuldbindingar og yfirlýsingar sem gefnar hafa verið um að bæta tjónið af völdum eldgossins í Vestmannaeyjum og tjónið af völdum snjóflóðanna í Neskaupstað, og sambærilegar reglur verða viðhafðar varðandi þær tjónabætur, bæði í Vestmannaeyjum og í Norðfirði.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég fagna yfirlýsingu hæstv. forsrh. Hún ásamt þessu frv. gerir það að verkum að ég hlýt að fylgja frv. Ég vil aðeins benda á að það hefur verið mér á þessu ári og sérstaklega nú upp á síðkastið nokkurt undrunarefni, hversu mjög hefur munað á áætlunum um útgjöld vegna Neskaupsstaðar hjá stjórn Viðlagasjóðs annars vegar og hjá þingmannanefndinni hins vegar sem byggir á bestu upplýsingum heimamanna. Það er mjög eðlilegt að þarna hljóti einhver mismunur að vera á, en hér er sem sagt um að ræða að Viðlagasjóður telur að deildina skorti um 100 millj. kr. til að standa við skuldbindingar sínar en n. telur að a. m. k. þurfi að tryggja 250 millj. til þess að bæta sama tjón. Ég undrast þennan mikla mun og mér sýnist á öllu að stjórn Viðlagasjóðs hafi verið furðulega lág í sínu mati.

Miðað við sögu þessa máls á þessu ári má með nokkrum rétti segja að ekki hafi sjóðsstjórnin í öllu með glöðu geði farið að skýlausum yfirlýsingum hæstv. ríkisstj. Hún hefur frekar verið knúin til þess. Ég bendi á það t. d. að þetta hefur skapað norðfirðingum ákaflega mikla aukafyrirhöfn, sá bardagi næstum að segja við stjórn Viðlagasjóðs á köflum sem þessi málsmeðferð Viðlagasjóðs hefur leitt af sér. Hefði þetta orðið sem stjórn Viðlagasjóðs gerði ráð fyrir, þessar 100 millj. verið látnar standa, þá hefðu t. d. óbærilegar byrðar að mínu viti verið lagðar á það atvinnufyrirtæki sem verst fór út úr þessu, Síldarvinnsluna, sem var mjög vel stætt fyrirtæki áður og án efa eitt best rekna fyrirtæki í sjávarútvegi á Íslandi. Hins vegar hefur ríkisstj. haldið fast við fyrri yfirlýsingar og ber sannarlega að þakka það. Þetta frv. sýnist mér vera í góðu samræmi við það.

Ég vildi aðeins láta þetta koma fram og lýsa við þessa 1. umr. stuðningi við frv. þetta.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég hygg að þm. öllum séu í fersku minni þeir voveiflegu atburðir sem urðu til þess að stofnað var til Viðlagasjóðs á sínum tíma. Og við munum sennilega allir, sem áttum sæti þá á Alþ., bæði þegar eldar komu upp í Heimaey og eins þegar snjóflóðin féllu yfir Neskaupsstað, vera minnugir þeirra yfirlýsinga sem þá voru gefnar um stuðning við fólkið og byggðarlög þess.

Ymsir hafa nú, þegar þetta frv. kemur fram, dregið í efa að Viðlagasjóður, þ. e. a. s. Vestmannaeyjadeildin, væri fær um að taka við meira verkefni en henni var ætlað. Ég vil þess vegna fagna því að stofnað hefur verið til þess að gerð verði sérstök úttekt á stöðu Vestmannaeyja nú. Það liggur fyrir að bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur áætlað að bæjarsjóður þyrfti á sérstöku framlagi að halda sem hún metur 1000 millj. kr., og telur að mundi koma þeim að fullu gagni með því að skipta þeirri greiðslu á 4 ár. Ég reikna með því að bæjarstjórnin fari hér nokkuð nærri því að vita um ástandið. Eigi að síður er margt af því, sem þar kemur fram, byggt á lauslegum athugunum og þess vegna segi ég það og endurtek, að ég fagna því að í þessi mál skuli farið að nýju af sérstökum úttektarmönnum.

Ég vil einnig benda á það, að atvinnufyrirtækin á staðnum, frystihúsin, sem voru þar mjög vel rekin og vel stæð á sínum tíma, þegar eldarnir komu upp, hafa að sjálfsögðu hvergi nærri náð þeirri fótfestu sem þeim er nauðsynlegt að hafa í jafnumsvifamiklum athafnabæ og Vestmannaeyjar voru og eru orðnar þegar. Þau hafa átt í örðugleikum nú að undanförnu, miklum fjárhagsörðugleikum og sennilega öllu meiri en nokkurs staðar annars staðar. Margir voru farnir að vona að til þeirra erfiðleika mundi ekki koma, en reyndin er sú eftir þann rekstrartíma sem liðinn er frá því að menn fluttu út aftur, að vonir manna um stöðu þeirra hafa að nokkru brugðist. Ég vil þess vegna alveg sérstaklega fagna því að hæstv. forsrh. hefur hér staðfest fyrri loforð og yfirlýsingar ríkisstj. í þessu efni, þó að ég fyrir mitt leyti hefði enga ástæðu til að ætla annað en að ríkisstj. væri ákveðin í því að standa við þær yfirlýsingar sem gefnar höfðu verið. Ég fagna því þó að þetta er rifjað upp og þetta er staðfest hér. Þó að við þm. þurfum ekki að efast um að við þetta verði staðið, þá eru þeir, sem fyrst og fremst þurfa að njóta þessara bóta, fólkið sem fyrir ósköpunum varð, sennilega öllu tortryggnara en áhorfandinn getur að öllum jafnaði skilið. Þess vegna þakka ég fyrir að þær yfirlýsingar hafa verið gefnar, og ég mun að sjálfsögðu styðja þetta frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Neðri deild, 30. fundur.

Mánudaginn 15. des., kl. 2 miðdegis.

Lánasjóður dagvistunarheimila, frv. (þskj. 137). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 21 shlj. atkv.

Íslensk stafsetning, frv. (þskj. 140). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Aukatekjur ríkissjóðs, frv. (þskj. 135). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Hæstv. forseti. Frv. því, sem hér um ræðir, er ætlað að koma í stað gildandi l. um aukatekjur ríkissjóðs frá árinu 1965. Á þeim áratug, sem liðinn er frá gildistöku þeirra laga, hafa orðið mjög stórfelldar breytingar á verðlagi og kaupgjaldi hér á landi. Þessar breytingar hafa leitt til þess að verulegt misræmi hefur skapast í gjaldtöku hinna einstöku gjalda samkv. lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Þau gjöld, er miðast við fjárhæð tiltekinna skjala eða eru á annan hátt tengd fjárhæðum tiltekinna lögskipta, hafa hækkað í samræmi við almenna verðlagsþróun. Á hinn bóginn hafa gjöld, er bundin eru við tiltekna fjárhæð, í reynd lækkað stórkostlega og standa nú flest þeirra engan veginn undir þeim kostnaði sem leiðir af þeim dóms- eða stjórnsýsluathöfnum sem þau eru tengd.

Frv. þetta gerir ráð fyrir nær óbreyttum tekjum ríkissjóðs af þinglýsingu skjala og af skipta- og uppboðsgerðum, en þessir tekjustofnar eru langþýðingarmestir tekjustofnar aukatekjulaganna.

Hins vegar er frv. ætlað að skapa svigrúm til að tryggja að ríkissjóður fái jafnan eðlilega greiðslu fyrir þá vinnu og annan kostnað sem óhjákvæmilegur er í tengslum við dómsmál, gerð og frágang skírteina og skjala og ýmiss konar eftirlitsstörf sem þeim eru tengd. Rétt er að vekja athygli á því að gert er ráð fyrir að í reglugerð verði tölur einstakra dómsmálagjalda ákveðnar af dómsmrh., en þau gjöld, sem samræma þarf milli rn., svo sem vegna útgáfu skírteina ýmiss konar, verði ákveðin af fjmrn. Að öðru leyti en því, sem hér hefur verið frá skýrt, tel ég að frv. þarfnist ekki skýringa umfram það sem tekið er fram í grg. þess. Frv. er komið frá hv. Ed. Ég legg svo til, hæstv. forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Lækkun lögbundinna framlaga á fjárlögum, frv. (þskj. 120). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Hæstv. forseti. Svo sem kunnugt er byggjast ákveðnir útgjaldabálkar fjárlaga á sérlögum. Það verður ekki náð langt í þeirri viðleitni að hafa hemil á rekstri ríkisútgjalda án þess að breyta slíkum sérlögum. Með þessu frv. er leitað heimildar til að lækka á árunum 1976 og 1977 um 5% þau útgjöld sem byggð eru á sérstökum lögum, og hafa viðkomandi gjaldaliðir í fjárlagafrv. fyrir árið 1976 verið áætlaðir á þessari forsendu. Er þetta liður í þeirri stefnu ríkisstj. að stuðla að bættu efnahagsjafnvægi innanlands og í utanríkisviðskiptum. Í þessu efni eru þó framlög til almannatrygginga sérstaklega undanskilin í þessu frv. þar sem gert er ráð fyrir sérstökum ráðstöfunum á því sviði.

Við mat á aðstæðum, þegar ákveðið var að draga með þessum hætti úr sjálfvirkni vaxtar ríkisútgjalda, komu svokallaðir markaðir tekjustofnar sérstaklega til álita, því að þannig er háttað að þessir tekjustofnar ganga ýmsir óbreyttir sem sama fjárhæð gegnum tekju- og gjaldahlið fjárlaga og ríkisreiknings eða við þá er bætt mótframlagi í gjaldahlið sem beinu framlagi ríkissjóðs. Varð niðurstaðan sú að ekki væri rétt að láta skerðingu ná til þeirra tekjustofna sem fara óbættir í gegnum gjaldahlið, heldur skyldi skerðingin miðast við stofna þar sem hreint ríkissjóðsframlag bætist við í gjaldahliðinni. Veigamestu framlögin af þessu tagi eru þau sem renna til Byggingarsjóðs ríkisins.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um frv. Í grg. þess eru frekari upplýsingar. Hins vegar er sjálfsagt fyrir þá n., sem fær þetta frv. til meðferðar, að fyrir liggi upptalning þeirrar frestunar sem gert er ráð fyrir í fjárlögunum, þannig að hægara sé um vik fyrir hv. nm. að kanna málið.

Ég legg svo til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Benedikt Gröndal: Virðulegi forseti. Ég get ekki staðist það að láta fram koma þegar í þessari umr. að ég tel að með þessu frv. sé á furðulega einfaldan og ódýran hátt afgreitt býsna stórt og viðamikið mál.

Það hefur verið til siðs hér á landi um langt árabil að ákveðið hefur verið í lögum að veitt skuli fé, annaðhvort vissar upphæðir eða hlutfall af einhverjum öðrum upphæðum, í ákveðnu skyni. Verður að telja að með þeim ákvörðunum hafi Alþ. sett þær fjárveitingar á vissan hátt ofar öðrum, því að þær eru ekki háðar aðstæðum og vilja fjvn. eða Alþ. á hverju ári.

Hér er flutt frv. sem er 6—7 línur þar sem allt þetta er skorið niður um 5%, alveg jöfnum höndum, að tryggingunum undanskildum, sem eiga að fá sérmeðferð, og við vitum hver hún á að vera, a. m. k. ef staðið verður við þau orð sem þegar hafa verið um það höfð. Það er lagt til að skera þetta allt saman niður án tillits til þess hvað í hlut á, og kemur þá ekki til greina hvort ástæða væri til að skera eitt frekar en annað.

Ég viðurkenni að það er rík nauðsyn á því að hafa hemil á ríkisútgjöldum eins og nú standa sakir miklu meira en tekist hefur hingað til og þarf því að gera róttækar ráðstafanir. En er ekki einum of langt gengið að flytja slíkt frv. þar sem ekki er einu sinni látin fylgja með í þskj. skrá yfir hin lögbundnu gjöld sem verið er að skera niður? Það er ekki svo mikið við haft. Það kann að vera að n., sem skoðar málið, geti fengið að sjá slíka skrá. En af hverju er hún eitthvert leyniskjal? Hún kom ekki fram í nál. í Ed. Á ekki þjóðin heimtingu á að fá að vita þetta? Á ekki fólkið, sem í hlut á, í hverri af þeirri starfsgrein sem hefur notið fastra fjárveitinga, heimtingu á að fá að heyra um það? Svona almennar heimildir eru allt of einfaldar til þess að hægt sé að bjóða löggjafarþingi þær nú á dögum. Ég undrast það stórlega að hæstv. ríkisstj. skuli leyfa sér að gera það. Mér finnst það lágmark að það fylgi með frv. skrá yfir hver þessi gjöld eru svo að við vitum hvað við erum að gera, hvað það er sem við erum að skera niður um 5%. Það gæti verið að við vildum skera eitthvað niður um 10%, en annað ekki. Og eins væri ástæða til að fá að vita hve miklum upphæðum þetta nemur í hverju tilviki. Það er eytt klukkutímum í að svara fsp. um alls konar atriði í opinberum fjármálum sem eru hreinir smámunir í samanburði við þetta.

Ég tel að það sé fyrir neðan allar hellur að leggja fram frv. eins og þetta og ætla að það verði afgreitt nálega fyrirvaralaust, og algjört lágmark er að d. öll eða raunar þingið allt fái skrá yfir hvaða gjöld það eru sem eru lögbundin og verið er að skera niður og hversu stórum upphæðum þau nema.

Karvel Pálmason: Hæstv. forseti. Þetta frv. er eitt af mörgum sem boðuð voru í fjárlagafrv. því sem nú liggur fyrir Alþ., og það má raunar furðulegt teljast að ekki merkilegra plagg en hér er á blaði hjá hv. þm., þ. e. a. s. 6 lína frv., skuli ekki koma til umr. hér í þinginu, þessari hv. d., fyrr en nú á síðustu dögum þingsins fyrir jólaleyfi. Maður skyldi ætla að það hefði verið tækifæri til þess að koma ekki merkilegra plaggi en þetta er inn á Alþ. miklu fyrr en hér er gert. En þetta er auðvitað eins og annað í vinnubrögðum hæstv. ríkisstj. Það er raunar furðulegt að Alþ. skuli láta bjóða sér vinnubrögð sem þessi. Þetta hefði verið skiljanlegt hefði verið meiningin, eins og hv. síðasti ræðumaður var að minnast á, að gefa þm. upplýsingar um það í fyrsta lagi hvaða lög hér væri um að ræða með upptalningu í frv. og í öðru lagi hvaða upphæðir þetta væru. En ekkert slíkt yfirlit liggur fyrir.

Það er auðvitað lágmarkskrafa til hæstv. ríkisstj. þegar slíkt er lagt fram að þm. fái um það vitneskju um hvað er í raun og veru að ræða. Slík almenn heimild, eins og hér er farið fram á, án þess að vita nokkur skil á hvað um er að ræða, er að mínu viti mjög varhugaverð. Hæstv. fjmrh. gat þess að visu að hann reiknaði með að sú hv. n., sem málið fær til umfjöllunar, fengi upplýsingar um hvað hér væri að gerast eða ætti að gerast. En mér finnst það lágmarkskrafa þm. að það sé birt skrá yfir það hvaða lagabálkar hér eru og þær upphæðir sem kunna að skerðast við það að að þessu verði horfið.

Ég átel harðlega þau vinnubrögð sem höfð hafa verið að því er varðar afgreiðslu fjárlagafrv. Ég skal ekki fara út í það hér frekar. 2. umr. fjárlaga fer fram á morgun og þá verður að því vikið, að ég hygg örugglega, með hverjum endemum að hefur verið staðið vinnubrögðum varðandi fjárlagafrv. og umfjöllun þess. Þetta frv. er einn angi af því, eins og var boðað. Sum af þeim frv., sem fjárlagafrv. á að byggja á, hafa ekki enn séð dagsins ljós hér á Alþ., og allt bendir e. t. v. til þess að þau hafi ekki verið lögð fram í þinginu áður en 2. umr. fjárlaga fer fram. Slík vinnubrögð eru auðvitað forkastanleg og á allan handa máta fordæmanleg.

Ég skal ekki hafa öllu fleiri orð um þetta, en ég tek undir það, sem hv. þm. Benedikt Gröndal kom inn á áðan: það er lágmarkskrafa að þm. fái að vita — grg. hefði átt að vera í þessu frv. — hvaða lagabálkar þetta eru og hvaða upphæðir er um að ræða. Það er ekki þar með sagt, þó að þm. vilji spara á einhverjum liðum um 5%, að það sé fært. Hér er um fjölda framlaga að ræða sem hafa verið skert stórkostlega á undanförnum árum, ekki síst á árinu í ár, sem brýn nauðsyn er til þess, ekki að halda í sömu krónutölu, heldur beinlínis að hækka. Það gæti vissulega komið til að menn vildu þá breyta gagnvart öðru, menn gætu hugsað sér að skera niður um 10—15% einhvern ákveðinn lagabálk, en ekki annan eða jafnvel hækka hann. Svona alhliða niðurskurður er a. m. k. mjög hæpinn.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Öðruvísi mér áður brá, kom mér í hug þegar hv. síðasti ræðumaður vék að afgreiðslu fjárlaga nú og sagði að meira að segja hefðu sum frv., sem afgreiðsla fjárlaga ætti að byggjast á, ekki séð dagsins ljós. Ég man ekki betur en þessi hv. þm. stæði að fjárlagagerð fyrir árið 1972 án þess að veigamikil frv. hefðu séð dagsins ljós áður en fjárlagaafgreiðslan fór fram. Þau frv. sáu ekki dagsins ljós fyrr en 2—3 mánuðum eftir að fjárlagaafgreiðslan átti sér stað. Þessi hv. þm. átaldi ekki þá afgreiðslu fjárlaga, það gerði hins vegar ég.

Mín hugsun er sú, að þau frv., sem afgreiða þarf vegna fjárlaganna, verði afgreidd áður en lokaafgreiðsla fjárlaganna fer fram, en ekki að það verði geymt til útmánaðanna eins og þegar fjárlögin fyrir 1972 voru samþ. Að því stóð hv. 5. þm. Vestf. sem einn af stjórnarsinnum þá.

Þetta er árvisst hér í Alþ., að upp standa menn og segja að það sé afbrigðilegt hvernig vinnubrögð séu, það hafi aldrei verið eins og nú. Þetta hef ég heyrt áður frá þeim sem hafa viljað hafa uppi gagnrýni. En gjarnan er það svo að á síðustu dögum þings er mikið að gera, það hafa verið rædd mál og þau lögð fram. Það má vel vera að hér sé hægt að koma einhverju betra skipulagi á, en ég minnist þess ekki þegar þessi hv. þm. stóð að meiri hluta hér á Alþ. að hann hafi haft uppi einhverja tilburði í þeim efnum.

Þeir véku síðan, hann ásamt 2. landsk. þm., að því frv. sem hér liggur fyrir og átöldu harðlega að hér væri komið og ætti með nánast einu

pennastriki að skera niður um 5%, alveg án þess að nokkuð væri skoðað hvað um væri að ræða, þeir væru jafnvel tilbúnir að skera sumt niður um 10% og annað um 15%. Ég á þá von á því að þeir komi með till. þar um. Mergurinn málsins er sá að hér er um heimildarlög að ræða. Það verður heimilt að skera niður um 5%, og það verður að sjálfsögðu fjvn. sem leggur till. um breytingar á fjárlagafrv. fram við 2. og 3. umr. Það hefur hins vegar verið byggt á þessu frv. og þar er ákveðinn niðurskurður og hann birtist í fjárlagafrv. Þar hefur engu verið leynt, eins og hv. 2. landsk. þm. vill láta í skína. Þar er sá niðurskurður sem talað er um í fjárlagafrv. Hins vegar er það Alþingis hvort það vill nota þá heimild, sem hér er verið að afla, til þess að skera niður um 5%. Ef þessir hv. þm. vilja fara með heimildina upp í 15% og gera þá einhverjar sérstakar tilfæringar þar á í sambandi við afgreiðslu fjárlaganna, þá efast ég ekkert um að þeir koma með þá brtt. og hv. 5. þm. Vestf. geri síðan þá till. í fjvn. varðandi þær breytingar sem hann vildi þar á gera.

Ég vek athygli á því að hér er um að ræða heimild til þess að á árunum 1976 og 1977 lækki lögbundin framlög um 5%. En það er auðvitað Alþ. sem setur fjárlög og tekur endanlega ákvörðun um hvort heimildin er nýtt og hvar hún verður notuð.

Þær tölur, sem skornar hafa verið niður eða færðar niður í fjárlagafrv., er að sjálfsögðu hægt að fá á einu blaði til þess að það taki þm. styttri tíma í skoðun. Það er sjálfsagt að þm. fái það. Þar sem hér var um að ræða heilmildarlöggjöf, þá var ekki talið eðlilegt að slík upptalning væri sérstaklega í þessu frv. Allar þær breytingar, sem hér er byggt á, komu fram í fjárlagafrv. sem var lagt fram í byrjun þings, og ljóst var af grg. fjárlagafrv. að slíkt frv. yrði flutt sem hér er til umr., þannig að málið kemur þm. með engum hætti á óvart.

Karvel Pálmason: Hæstv. forseti. Ég hef nú ekki mjög margar aths. fram að færa við ræðu hæstv. fjmrh., en það er þó ástæða til þess að víkja að örfáum atriðum.

Hann sagði að þetta hefði verið gert í stjórnartíð þeirrar ríkisstj., sem ég hafði verið stuðningsmaður að, og ég hefði ekki þá haft uppi andóf og viljað betri vinnubrögð. Það er að vísu ekki rétt hjá hæstv. fjmrh. En ég verð að segja það, að ég bjóst við meira af hæstv. fjmrh. þegar hann stýrir ferð heldur en óbreyttum — eins og menn oft tala um — óbreyttum þm. og þar að auki nýgræðingi á Alþ. Ég ætlast til meira af hv. þm. sem hafa langa reynslu að baki, ekki síst þegar þeir eru komnir í þá aðstöðu að geta í raun og veru ráðið um vinnubrögð og meðferð mála. Ég ætlast til þessa, en hæstv. fjmrh. virðist hafa verið annarrar skoðunar. Hann telur ekki að það hafi verið ástæða til fyrir sig að fara eftir þeirri gagnrýni sem hann sjálfur hafði uppi á vinnubrögð fyrrv. hæstv. ríkisstj. Hann vill sjálfur falla í þá sömu gröf, að segja annað um sama málefni í stjórn en stjórnarandstöðu og það er hans mál.

En út af því, sem hæstv. fjmrh. sagði í sambandi við niðurskurðinn, þá heyrði ég ekki ræðu hv. þm. Benedikts Gröndals og minnist þess ekki að ég hafi verið með neinar sérstakar óskir um að fá að skera niður um 10 eða 15% þetta eða hitt. Ég sagði að það væri hugsanlegt ef slíkt lægi á borði að menn vildu gera greinarmun á hinum ýmsu útgjaldaliðum, hvað væri skorið niður um tiltekna prósentu, 10 eða 15% eða 5%, eða hvort á að skera bókstaflega allt saman um sömu prósentutölu. Menn geta orðið að gera upp á milli þess ef þeir standa frammi fyrir því.

Hæstv. fjmrh. sagði að hér væri aðeins um heimildaratriði að ræða — og það er rétt — málið kæmi síðan til fjvn. Það er freistandi að rifja upp þá niðurskurðarpólitík sem framkvæmd var undir handarjaðri hæstv. fjmrh. á s.l. sumri. Það var heimildarniðurskurður líka upp á 3500 millj. kr. Í framkvæmd var þessi niðurskurður með þeim hætti að hæstv. ríkisstj. gerði till. til fjvn. um niðurskurð upp á 2 milljarða kr. Meiri hl. hæstv. ríkisstj. í fjvn. fór að þessum óskum ráðh. um að skera niður um 2 milljarða kr. Þegar sá niðurskurður fór aftur til hæstv. ríkisstj. féllst hún ekki á þann óskalista sem hún sendi meiri hl. fjvn. til niðurskurðar sem þm. úr hinum ýmsu kjördæmum voru búnir að staðfesta og fallast á, en breyttu þessum niðurskurði í rúmlega 1 milljarð, þ. e. a. s. hæstv. ráðh., sem lögðu fram óskalistann um niðurskurð, féllust ekki á samþykkt hinna ýmsu þm. úr hinum ýmsu kjördæmum um niðurskurð á framkvæmdum í þeirra eigin kjördæmi. Þetta eru einhver mestu skrípavinnubrögð sem hugsast geta þegar slík meðferð mála á sér stað og það er slíkt sem þarf að koma í veg fyrir. Ég þykist vita að hæstv. fjmrh. ætli sér ekki að viðhafa slík vinnubrögð aftur gagnvart sínum stjórnarliðum, en ég held að það sé full ástæða til þess að skoða betur allar hugmyndir í sambandi við niðurskurð sem menn eru að tala um.

Ég ítreka það að frv. sem þetta, sem ekki er að efni til meira, hefði ekki þurft að bíða eftir því í tvo mánuði að koma til umr. hér á Alþ. Þetta hefði verið hægt að vera búið að afgreiða og snúa sér að þeim fjöldamörgu málum og málaflokkum sem eftir er að afgreiða í sambandi við afgreiðslu fjárlaga.

Hvað sem hæstv. fjmrh. segir um vinnubrögð, þá held ég að tiltölulega margir hv. þm. séu sammála um það, að þó að oft hafi verið illa að málum staðið á undanförnum árum eða áratugum og vinnubrögðum almennt í sambandi við þinghaldið og ekki síst í sambandi við fjárlagaafgreiðslu, þá held ég að keyri um þverbak nú. Það á vissulega eftir að koma fram í umr. um fjárlagafrv. hér við 2. umr. á morgun og ekki ástæða til að fara lengra út í það varðandi þetta frv. En eftir stendur sem sagt að það hlýtur að vera lágmarkskrafa hv. þm. að þeir fái um það upplýsingar hvaða frv. það eru eða lagabálkar sem á að skera niður um 5% og í öðru lagi hvaða tölur þar er um að ræða í heild. Það hlýtur að teljast eðlilegt að þm. fái um slíkt vitneskju. Eðlilegust vinnubrögð hefðu verið að upplýsingar um slíkt hefðu verið í þessu frv. fyrst hæstv. fjmrh. ætlar að láta þær upplýsingar í té á annað borð.

Ég skal ekki hafa fleiri orð hér um, en ég

ítreka sem sagt að a. m. k. frá mínum bæjardyrum séð er hér ekki um skynsamleg vinnubrögð að ræða í sambandi við þessi mál.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

Neðri deild, 31. fundur.

Mánudaginn 15. des., að loknum 30. fundi.

Fiskveiðasjóður Íslands, frv. (þskj. 173). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Þetta frv. um breyt. á l. um Fiskveiðasjóð er þess efnis að 1% af fob.-verði útfluttra sjávarafurða, annarra en þeirra sem koma frá hvalveiðum, selveiðum og hrognkelsaveiðum, gangi til Fiskveiðasjóðs, og skal gjald þetta reiknað á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vörum. Þetta er framhald af því sem hefur verið innheimt skv. lögum frá 25. apríl 1973, en þá var þetta gjald tímabundið, sem sagt frá 1. júlí 1973 til 31. des. 1975. Þá er jafnframt til viðbótar þessu gjaldi lagt til að framlag til Fiskveiðasjóðs frá ríkissjóði verði jafnhátt því árlega, þykir rétt að þetta fylgist að. Miðað við þær kvaðir sem á Fiskveiðasjóði hvíla, einkum vegna erlendra skulda vegna þeirra skipakaupa sem átt hafa sér stað á undanförnum árum og eiga sér stað enn, er fjárþörf Fiskveiðasjóðs á næsta ári talin vera um 1480 millj. vegna erlendra skipakaupa. Þetta eru skuldbindingar sem Fiskveiðasjóður verður að standa við og eins er áætlað að lánsþörf vegna tækja og viðgerða muni verða um 500 millj. og skuldbindingar sjóðsins vegna innlendu skipasmíðanna er áætlað að muni nema allt að 1800 millj. kr. Eftir eru svo vinnslustöðvarnar, en í áætlun á s. l. ári var reiknað með 1 milljarði til þeirra, svo að fjárþörfin verður vafalaust, þó að einhver niðurskurður verði gerður, liðlega 4 milljarðar. Talan til erlendra skipakaupa er útreiknuð og sú skuldbinding liggur fyrir. Innlenda skipasmíði má kannske lækka eitthvað frá upprunalegri áætlun, en verður sennilega mjög nálægt þessari upphæð, þannig að aðalútgjöld eða lán Fiskveiðasjóðs eru til þessara tveggja hluta.

Nú er sjóðakerfi sjávarútvegsins í endurskoðun. Þeirri endurskoðun er ekki lokið, en mjög langt komið. Þykir því ekki fært að fella niður innheimtu á útflutningsgjaldinu. Hins vegar verður það tekið til athugunar með heildarendurskoðun sjóðakerfisins fyrir augum og sömuleiðis verður þá að taka ákvörðun um mótframlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs.

En til þess að gera langt mál stutt, þá er breyt. með þessu frv. sú ein að innheimta 1% útflutningsgjald eins og verið hefur og framlag ríkissjóðs verði enn fremur í gildi þangað til heildarendurskoðun sjóðakerfisins lýkur. En þessar skuldbindingar hvíla á Fiskveiðasjóði, og ég fæ engan veginn séð að það sé með einu pennastriki hægt að taka jafnþýðingarmikinn tekjustofn frá sjóðnum eins og sumir menn í hagsmunasamtökum útvegsmanna hafa lagt til.

Forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði þessu frv. vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 122). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Hæstv. forseti. Frv. til l. um breyt. á l. um tekju- og eignarskatt er lagt fram á Alþ. nú í beinum tengslum við fjárlagafrv. ársins 1976, þar sem gert er ráð fyrir hækkun tekna af eignarskatti einstaklinga og félaga frá fjárl. þessa árs úr 443 millj. í 952 millj. kr. Til að þeirri tekjuaukningu eignarskatts verði náð er nauðsynlegt að hækka gildandi fasteignamat til eignarskattsálagningar, en enn í dag miðast það við verðlag fasteigna árið 1970. Koma til greina í því sambandi tvær leiðir: annars vegar hækkun fasteignamats til eignarskattsálagningar á breyttum skattstiga og hins vegar hækkun matsins samhliða breyttum skattstiga eignarskatts. Eins og frv. þetta ber með sér er síðari leiðin farin, enda hefði hin fyrri haft það í för með sér að gjaldendum eignarskatts hefði fjölgað mjög verulega frá því sem verið hefur.

Það er ljóst að á undanförnum árum hafa eignarskattar, sem að stofni til eru langmest innheimtir af fasteignum, ekki fylgt verðlagsþróun fasteigna í landinu. Sem dæmi má nefna að vísitala byggingarkostnaðar frá viðmiðunartíma gildandi fasteignamats 1. jan. 1970 til 1. nóv. s. l. hefur hækkað um 464%. Verður því tæplega haldið fram, að hér sé um nýja eða stóraukna skattheimtu að ræða, heldur er hér fyrst og fremst verið að færa skattheimtu til samræmis við þróun verðlags.

Á Alþ. hefur samhliða þessu frv. verið lagt fram nýtt frv. um skráningu og mat fasteigna sem gerir ráð fyrir árlegri hækkun fasteignamats til samræmis við þróun verðlags fasteigna. Slík almenn hækkun matsins getur þó af framkvæmdaástæðum ekki tekið gildi fyrr en 1. des. á næsta ári og er því þetta frv. um breyt. á l. um tekju- og eignarskatt flutt til þess að brúa það tímabil þar til af almennri hækkun fasteignamats getur orðið.

Ég vil að lokum undirstrika að frv. þetta felur ekki í sér almenna hækkun fasteignamats, heldur einungis hækkun matsins til eignarskattsálagningar og hefur því ekki áhrif til hækkunar annarra skatta og gjalda sem byggjast á fasteignamati. Hins vegar hefur félmrn. skv. ákvæðum laga nr. 11/1975, um breyt. á l. um tekjustofna sveitarfélaga, heimild til álags á aðalmat fasteigna til notkunar þess til ákvörðunar gjalda sveitarfélaganna á árinu 1976, og með auglýsingu frá 14. nóv. s. l. hefur sú heimild verið nýtt til

1.73% hækkunar, sem er svipuð hækkun og hér um ræðir í sambandi við grundvöll til eignarskatts.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meir um frv., en legg til, hæstv. forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Efri deild, 27. fundur.

Mánudaginn 15. des., kl. 3 miðdegis.

Forseti tók eina dagskrármálið af dagskrá.

Efri deild, 28. fundur.

Mánudaginn 15. des., að loknum 27. fundi.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 175). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. um breyt. á lögum um almannatryggingar gerir ráð fyrir því að breyta nokkuð greiðslum til sérfræðinga á þann veg, að þær hækki úr 300 kr. í 600 kr., og greiðslu samlagsmanna á lyfjakostnaði á þann hátt, að lyf samkv. lyfjaverðskrá I verði 300 kr. í stað 200 kr. sem nú er og lyf samkv. lyfjaverðskrá II fari í 600 kr. í staðinn fyrir 400 kr. eins og nú er. Þá er enn fremur lagt til að greiðslur fyrir röntgengreiningu og geislameðferð samkv. gjaldskrá, sem daggjaldanefnd setur, hækki í 600 kr. fyrir hverja röntgengreiningu og jafnframt að ráðh. er með reglugerð heimilt að breyta greiðslum samlagsmanna samkv. þessari gr. svo og að ákveða með reglugerð hámark eininga lyfjaávísana. Að vísu er heimilt fyrir ráðh. að breyta greiðslu samlagsmanna með reglugerð, en ekki er ákvæði í lögum um að hægt sé að ákveða með reglugerð hámark lyfjaávísana.

Þetta teljum við rétt að gera, því að fengin reynsla sýnir að skammtarnir, sem læknir setur á lyfseðil, geta orðið óeðlilega stórir, og auðvitað eftir því sem samlagsmaður greiðir hærri upphæð, þá vaknar kannske frekar sú viðleitni að auka magn á hverjum lyfseðli. En það höfum við séð og sennilega þekkjum allir, hve mikið hleðst upp af meðulum hjá fólki sem það notar ekki vegna þess að oft er ríflega tekið til, og svo verða þessi lyf ónýt með tíð og tíma.

Það er 1. gr. frv. sem gerir ráð fyrir þessum hækkunum á lyfjaverði og röntgengreiningu og greiðslum til sérfræðinga.

Í 2. gr. er sú breyting að framlög sveitarfélaga skuli greiðast til sjúkrasamlags mánaðarlega miðað við fjárhagsáætlun, en er í gildandi lögum ársfjórðungslega.

3. gr., sem er nú raunverulega aðalefni þessa frv., er á þá leið að á árinu 1976 skuli sveitarfélög innheimta 1% álag á gjaldstofn útsvara og skuli þau standa sjúkrasamlögum skil á fyrirframgreiðslu eða hlutfallslegri innheimtu þess mánaðarlega, þannig að ekkert sveitarfélag eigi að greiða meira en það innheimtir hverju sinni. Við ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins um framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga samkv. 49. gr. skal taka tillit til þessa framlags til hlutfallslegrar lækkunar á framlagi ríkissjóðs. Það þykir ekki fært að setja inn í 49. gr. laganna ákveðinn hundraðshluta af hækkun sveitarfélags í sjúkratryggingunum vegna þess að þá gæti orðið þar eitthvert bil á milli þess sem er í raunveruleikanum, þannig að sum sveitarfélög þyrftu þá að greiða meira en þessi gjaldstofn leyfir eða þá önnur minna, svo að rétt er talið að halda þeim hlutföllum sem eru í gildandi lögum, þ. e. 90%, sem er ríkisgreiðslan, og 10%, sem er greiðsla sveitarfélaga, og við það bætist þetta, enda mun þetta ekki gilda nema á árinu 1976.

Almannatryggingalöggjöfin er í endurskoðun. Þar hefur verið unnið mjög mikið starf af hálfu þess manns sem tók að sér endurskoðun almannatryggingalöggjafarinnar, Guðjóns Hansens, tryggingafræðings, og nú þegar hefur hafið störf sú nefnd sem allir þingflokkarnir eiga fulltrúa í og að því á að stefna að þessari endurskoðun verði lokið fyrir næsta haust þannig að ný löggjöf taki þá gildi.

Samkv. þessu er ekki gerð till. um neinar breyt. á lífeyristryggingunum. Þær halda áfram á þessu ári óbreyttar. Það, sem kom til greina að gera, var að auka á einhvern hátt framlag þeirra sem þurfa að liggja á sjúkrahúsum, að þeir greiði það beint til sjúkrahúsanna að einhverju leyti, eða að leggja persónugjöld á íbúa landsins, skattþegnana, eða þá að fara þessa leið, að gefa sveitarfélögunum heimild til þess að hækka útsvarsgjaldstofninn um 1%. Að þessu máli mjög vandlega athuguðu var talið, að eðlilegast væri að leggja þessi útgjöld á menn eftir tekjum, en ekki í formi nefskatts eða greiðslu þeirra sem eru á sjúkrahúsum.

Þó að þetta frv. verði samþykkt, þá er ekki því að leyna að það gerir ráð fyrir nýjum útgjöldum á samlagsmeðlimi upp á 480 millj. kr. 100 millj. kr. er talið að hægt sé að spara í framkvæmt tryggingakerfisins á árinu 1976, og þá hefur verið reiknað með að spara mætti það í framkvæmdinni nokkurn veginn jafnt á lífeyristryggingum og sjúkratryggingum.

Hækkun á framlagi ríkissjóðs til trygginganna hefur verið gífurleg á undanförnum árum, og þrátt fyrir þetta frv. er hækkunin á sjúkratryggingunum einum tæpir 4 milljarðar á milli áranna 1975 og 1976. Sjúkrarúmum fjölgar verulega og svo koma kauphækkanir. Þær koma mjög tilfinnanlega við þennan lið, því að talið er að í sjúkrahúsarekstrinum séu 70% launakostnaður, sem er auðvitað af eðlilegum orsökum mjög hátt hlutfall þar sem hér er um að ræða stofnanir sem eru reknar allan ársins hring og allan sólarhringinn og þess vegna er launakostnaður auðvitað mjög mikill í þessum rekstri.

Það má líka um það deila og á það benda að

ríkissjóður hefði alveg eins getað bætt þessu á og hækkað fjárlögin sem þessu nemur. Við teljum aftur að það sé eðlilegt að framlag sveitarfélaganna eða þeirra þáttur í sjúkratryggingunum hækki frá því sem verið hefur. Ég vil í þessu sambandi einnig nefna það að um 60% af sjúkrahúsum í landinu eru undir stjórn og í eigu sveitarfélaga, félagasamtaka og einkaaðila, en 40% eru aftur ríkisreknu sjúkrahúsin. Af þessum sökum er eðlilegt að auka hlutdeild sveitarfélaganna í sjúkrahúsarekstrinum. Ég fyrir mitt leyti tel brýna nauðsyn bera til þess, að breyta daggjaldareglunum, sem nú hafa verið í gildi um nokkurt árabil, á þann veg að taka upp fjárhagsáætlanir hjá öllum sjúkrahúsum — ekki eingöngu ríkisspítölum eins og nú er gert — og taka upp nokkurs konar norm og ákveða daggjöldin fyrir fram. Þá sé ég ekki annað mögulegt en að taka tillit til kauphækkana og umtalsverðra verðhækkana annarra á því tímabili sem þessi daggjöld eiga að gilda, en afnema með öllu að ríkissjóður greiði hallann af sjúkrahúsunum eftir á, eins og nú er, því að með þessu fyrirkomulagi eru öllum gefnar frjálsar hendur í þessum efnum, og þeir, sem sýna mestan sparnað og aðhald, segja sumir hverjir: Til hvers erum við að þessu þegar hallinn er greiddur eftir á og færður inn í sjúkratryggingarnar? — Þetta er auðvitað sjónarmið sem á fullan rétt á sér og yrði til þess að veita frekara aðhald, enda verðum við alls staðar að sýna aðhald í okkar þjóðarbúskap og þá auðvitað ekki síst í tryggingamálunum sem eru eins gífurlega stór útgjaldaliður ríkisins og raun ber vitni.

Hins vegar vil ég taka það fram, að það hefur aldrei hvarflað að mér að skerða ellilífeyri þeirra sem minnst mega sín í þjóðfélaginu. En það segir ekki að það megi ekki endurskoða lífeyristryggingarnar mjög gaumgæfilega, t. d. hvað snertir menn sem halda fullu starfi til 70 ára aldurs. Það orkar mjög tvímælis hvort þeir eigi að fá ellilaun að auki með fullum launum, en hitt orkar ekki tvímælis, að tekjulausa fólkið og öryrkjarnir verða að fá tekjutryggingu og það má síst af öllu skerða tekjutrygginguna frá því sem hún er nú, heldur jafnvel að auka hana, enda hefur hún fullkomlega fylgt þeim verðbreytingum sem orðið hafa nú á síðasta ári og þessu ári.

Þessi mál eru auðvitað ekki til umræðu í sambandi við endurskoðun tryggingalöggjafarinnar, enda eiga þingflokkarnir þar allir sína fulltrúa eða koma til með að eiga sína fulltrúa sem fjalla um það mál, svo að ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð. En í sambandi við frv. er hér ekki um aðra breytingu að ræða en á þessum lyfjaverðskrám. Hitt er óbreytt eftir sem áður, að sjúklingar, sem eru með lítt læknandi eða langvarandi sjúkdóma, eins og asmasjúklingar, glákusjúklingar, berklasjúklingar, flogaveikisjúklingar og hjartasjúklingar og sjúklingar með efnaskiptasjúkdóma, þeir fá sín lyf eftir sem áður ókeypis, og sama er um sjúklinga sem fá lyf ókeypis að ráði læknis, enda komi þar til samþykki trúnaðarmanns sjúkrasamlags, svo sem geðsjúklingar og Parkinsonssjúklingar og exemsjúkilngar, það er allt saman óbreytt.

Mér er ljóst að það er ekki hægt fyrir þá þm., sem fengu þetta frv. nú fyrir nokkrum mínútum, að ræða það efnislega við 1. umr. málsins. Ég hefði fyrir mitt leyti kosið að vera fyrr á ferðinni með þetta frv., en vegna þess að dagurinn á morgun fer í fjárlagaumræður og þetta frv. þarf að fara í gegn áður en Alþ. fer í jólafrí, þá lagði ég á það áherslu að frv. kæmi hér í dag til 1. umr. og það yrði svo athugað í nefnd, og þeir þm., sem ekki þekkja til hlýtar efni frv., hafa þá tækifæri til þess að ræða það frekar efnislega þegar það kemur frá nefnd.

Herra forseti. Ég vil leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. heilbr.- og trn.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það er rétt hjá hæstv. heilbr.- og trmrh. að við höfum rétt náð að lesa yfir þetta frv. og tæplega það og getum þess vegna ekki tekið afstöðu til þess í nánum efnisatriðum. Ég verð nú að segja það, að það er þó þakkarvert að fá þetta frv. fram í dag, miðað við að fá það fram á miðvikudaginn, því að það er þó örlítið meiri tími sem gefst til þess að líta á það, þó að ég hljóti að mótmæla því hvað þetta frv. er síðla fram komið.

Hér er um viðkvæm mál að ræða, allsherjarlöggjöf þar sem stöðug sókn hefur verið fram á við og allir flokkar hafa tekið í þátt á einhverjum tíma og verið í raun, skulum við segja, áhugamál allra að sem lengst mætti ná á þeirri samhjálparbraut sem okkar tryggingalöggjöf byggir á. Það var þegar ljóst við framlagningu fjárlaganna nú í haust að á þessu yrði nú nokkur breyting. Þá var boðuð skerðing á framlögum til almannatrygginganna og þá þegar var lýst yfir andstöðu Alþb. við þá skerðingu. Síðan er nokkur tími liðinn, og við vitum að þetta mál hefur verið allnáið til umfjöllunar í báðum stjórnarflokkunum. Þar hefur svo sannarlega verið margra leiða leitað og óánægju og ósamkomulag hefur verið mikið, svo að ekki sé meira sagt. Við höfum fengið fréttir af ýmsum tillögum sem fram hafa komið varðandi þessi skerðingarákvæði og úrslitin úr þessu öllu saman liggja nú fyrir okkur og sýnilega er hlaupið til þess í snarhasti, miðað við þann aðallið sem þetta frv. felur í sér.

Ég hef sem sagt rétt aðeins lesið þetta yfir. Það er þó þakkarvert einnig að mér sýnist frv. sjálft vera töluvert einfalt og liggja allljóst fyrir hvað gera á. Það á sem sagt varðandi þá, sem leita sér sérfræðiaðstoðar, og þá, sem þurfa á lyfjum að halda, að bæta á þá um 480 millj. kr. Það er rétt að taka undir það sem hæstv. ráðh. kom inn á varðandi þá sem þarna sleppa alveg, og er þakkarvert að þeir skuli áfram sleppa, engin skerðing verða á kjörum þeirra sem þjást af langvarandi sjúkdómum eða illlæknanlegum. Engu að síður er það þó einkennandi að það skuli vera til þessara aðila leitað, sjúklinga sem þurfa þó oft á miklum lyfjum að halda þrátt fyrir það að þeir séu ekki í hópi þeirra sem þarna eru undanskildir — og á sérfræðiþjónustunni einnig. Sannleikurinn er auðvitað sá, að álögur eru fullkomlega nægar á fólki í dag þó að þessu sé ekki á það bætt í þessu formi.

Ég get út af fyrir sig fagnað því ef hæstv. ráðh. ætlar að sjá svo til að sparnaður í tryggingakerfinu, þ. e. a. s. í framkvæmd þess, geti orðið um 100 millj., eins og mér skildist áðan. Mér skilst þá helst að eigi að fara fram — ja, maður gæti ímyndað sé einhvers konar endurskoðun á Tryggingastofnun ríkisins og þar yrði gerð einhver hreingerning, en þó getur vel verið að þarna sé um eitthvað annað að ræða sem maður fær þá síðar upplýst. Hins vegar er greinilegt að aðallausnin, sem er farið út í til þess að fullnægja nú öllu réttlæti varðandi ákvæði fjárlagafrv. í haust og til þess að þóknast nú hæstv. fjmrh. um minnkandi ríkisumsvif, — sú lausn, sem þar hefur verið hlaupið til, hefur áreiðanlega fundist nú á allra síðustu dögum, hygg ég. Hún hefur kannske verið til umræðu áður, en hún hefur farið mjög hljótt því að við höfum ekkert heyrt um þessa patentlausn sem nú er upp fundin varðandi þessi mál. Ég verð að segja það að mér þykir þessi lausn við fyrstu yfirsýn heldur brosleg, þ. e. a. s. það er hlaupið frá því að láta ríkið greiða þennan hluta, en sveitarfélögin eiga að gera það í gegnum álagningu á sama fólkið og ríkið hefði annars þurft að leita til. Þetta er sem sagt álagning á almenning í öðru formi, breytir engu um álögur á fólk vitanlega og er eingöngu til þess að koma rós í hnappagat hæstv. fjmrh. og Sjálfstfl. um leið, að nú sé hann að vinna eitt stórafrekið enn í því að minnka ríkisumsvif. Það er greinilegt að þetta hlýtur að vera ein ástæðan beinlínis til þess, því að mér lýst svo á að það verði vart um það að ræða að þetta breyti miklu um það aukna aðhald sem hæstv. ráðh. vék að, og reyndar stendur ekkert í frv. um þetta. Mér list ekki heldur á innheimtuna gagnvart sveitarfélögunum, og mér hefur skilist það einhvern veginn að þau væru ekki allt of fús til þessa og til skamms tíma — það er þá alveg nýlega breytt — þá held ég að sveitarfélögin hafi verið uppi með kröfur um að losna við sjúkratryggingarnar að fullu og öllu. Það er þá misskilningur hjá mér ef svo er ekki. Og það væri fróðlegt að vita hver væru viðbrögð sveitarfélaganna eða hvaða samráð hefði verið haft við samtök sveitarfélaganna hér um. Það fæst e. t. v. upplýst hér á eftir eða þá í nefnd væntanlega, og er þá sjálfsagt í góðum tengslum og góðu samræmi við frv., sem við eigum nú alltaf von á líka hérna, um nýja verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, sem kannske sér dagsins ljós og kannske ekki, eins og hæstv. ráðh. orðaði það í morgun. Við eigum þá eftir að sjá hversu vel það samrýmist því frv., ef það þá sér dagsins ljós nú fyrir jól.

Ég sem sagt harma það hvað þetta frv. er síðla fram komið, og ég lýsi yfir þegar í upphafi algjörri andstöðu míns flokks við þetta frv. Ég treysti hins vegar á það — og veit að þar er hv. form. heilbr.- og trn. manna líklegastur til að fara að óskum manna — að nefndin, sem fær þetta mál til umfjöllunar, fái þann mesta mögulega tíma til athugunar á frv. sem hægt er að fá. Það hefur verið boðaður fundur á morgun í þessari nefnd, og ég vænti þess a. m. k. eindregið að þessu máli verði ekki hespað af á þeim fundi, þó að e. t.v. sé ekki um annað að gera en að feta í fótspor áreiðanlega töluvert margra stjórnarsinna og taka bara af skarið. Þeir sem sagt eru búnir að segja já við því sem þeir eru ábyggilega ekki mjög hrifnir af sumir hverjir. En við hins vegar hljótum að segja hreint nei við þessum aðförum.

Mig langar til þess aðeins að varpa hér fram hvort það hafi ekki komið til greina í sambandi við þessa tilfærslu frá ríkinu til sveitarfélaganna, eins og þarna er farið fram á, að hækka framlög atvinnurekenda til þessa kerfis, skattleysingjanna okkar víðfrægu. Það mætti svona varpa þeirri spurningu fram nú við þessa umræðu.

Ég skal ekki hafa miklu fleiri orð hér um. Ég fæ tækifæri til þess að fjalla um þetta mál í nefnd og gera svo nánar grein fyrir skoðun minni á þessu máli öllu þegar það kemur aftur frá nefndinni. En ég hlýt að harma og mótmæla því hvernig þetta mál er til komið. Ég get aðeins huggað mig við það, — það er lítil huggun í því reyndar, — en ég get huggað mig við það að mörgum stjórnarsinnanum er ekki mjög rótt innanbrjósts núna út af þessu máli. Þeir hafa verið að velta þessu máli fyrir sér og hnakkrifist um þetta mál fram og til baka eins og við vitum og áreiðanlega ganga margir sárnauðugir til þessa leiks að lokum. En það er auðvitað hæpin huggun í þessu máli og þá sérstaklega þegar allur sá mikli sparnaður, sem þarna átti að fara fram, öll þessi stórkostlega minnkandi ríkisumsvif lýsa sér í beinni tilfærslu að mestu leyti í þá átt að sveitarfélögin taki að sér að rukka inn sömu peninga og ríkið áður gerði, og svo að hinu leytinu að bæta á sjúklinga ýmsa, sem þurfa á mikilli lyfjanotkun, mikilli sérfræðiþjónustu að halda án þess að vera undanþegnir þessum kostnaði, — bæta á þá þessum ótöldu millj. sem þeir þurfa með þessu frv. Allt þetta gerir það að verkum að ég hlýt að lýsa yfir andstöðu við frv.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég segi nú eins og seinasti ræðumaður, að ég hafði engar spurnir haft af þessu frv. þegar fundur var boðaður í í þessari hv. d., og ég verð að segja að mér finnst það alveg óforsvaranleg vinnubrögð að þannig sé staðið að málum, að mál séu hér tekin til umr. samstundis og þeim hefur verið útbýtt hér, — mál sem bersýnilega eru mikil stórmál. Staðreyndin er sú, að við höfum beðið eftir því að fá inni í þingið frv. sem fæli í sér efndir á yfirlýsingum hæstv. fjmrh. um 2000 millj. kr. sparnað á ríkisútgjöldum. Ég er ekki að segja að við höfum verið ýkjahrifnir af þeim áformum, en það var frv. sem menn áttu von á að sjá hér í dag. Svo kemur allt í einu þetta frv. og er þá allt annars eðlis. Í staðinn fyrir að fjalla um 2000 millj. kr. sparnað á ríkisútgjöldum er um að ræða 1600 millj. kr. nýjar skattálögur á almenning, — álögur sem eru lagðar á almenning á eins óréttlátan hátt og hugsast getur.

Það leynir sér ekki enda þótt ég og aðrir hv. þm. hafi ekki haft nema fáar mínútur til að kynna sér þetta mál, að hér er um stórmál að ræða. Undanfarnar vikur og mánuði hefur farið fram hér á Alþ. og í blöðum mjög einkennilegur skopleikur. Sjálfstfl. hefur marglýst því yfir

að það sé á stefnuskrá hans að draga úr ríkisútgjöldum, og flokknum hefur verið mikið í mun að sanna að hann geti komið þessu áhugamáli sínu í framkvæmd. Af þessari ástæðu hefur verið ráðist á margar brýnustu nauðþurftir almennings og þær skornar niður. Sjúkrahúsabyggingar, skólabyggingar, framlög og lánveitingar til námsmanna, allt hefur þetta lent undir niðurskurðarhnífnum. Nægir að minna á að t. d. skólabyggingar fá framlög á þessu ári sem nema nákvæmlega sömu upphæð og var á s. l. ári, en það er í reynd niðurskurður um ⅓ vegna þess að framkvæmdakostnaður hefur aukist um 50% milli ára. En þetta hefur ekki reynst flokknum nægilegt. Þetta hefur ekki fullnægt þeim ofstækisfyllstu í Sjálfstfl. sem gera kröfu um að ríkisútgjöld séu skorin enn frekar niður, og þá er gripið til hinna ótrúlegustu ráða til þess að reyna að blekkja þessa ágætu stuðningsmenn Sjálfstfl. og allan fjöldann og láta þá halda að niðurskurður hafi átt sér stað. Ég nefni hér sem dæmi nýlegt frv. sem fól það eitt í sér að ríkissjóður greiddi ekki laun húsnæðismálastjórnar eða laun framkvæmdastjóra Húsnæðismálastofnunarinnar, heldur skyldi Byggingarsjóður ríkisins greiða þessi laun. Frv. er flutt í þeim eina tilgangi að færa úr vinstri vasanum yfir í þann hægri, þannig að hægt væri að ljúga því að almenningi að þarna væri falinn nokkur niðurskurður á ríkisútgjöldum.

Frv., sem hér birtist, er mjög svipaðs eðlis. Þar er að vísu um að ræða 500 millj. kr. sparnað, sem er fólginn í því að kostnaður, sem asmasjúklingar, glákusjúklingar, berklasjúklingar, flogaveikisjúklingar, hjartasjúklingar á sumum stigum og sjúklingar með efnaskiptasjúkdóma og krabbamein, — kostnaður sem þessir sjúklingar hafa fram að þessu sloppið sæmilega frá, hann er stórlega hækkaður. (**Sjútvrh.:** Í hvaða grein er hann hækkaður?) Já, ef hæstv. ráðh. mótmælir þessu atriði, þá skal það tekið til endurskoðunar, en ég veit ekki betur en að hér sé um að ræða að lækka útgjöld sjúkratrygginga um 280 millj. og gera breytingar á greiðslum fyrir sérfræðilæknishjálp og rannsóknir um 200 millj. kr. Nei, ég hef líklega misskilið þetta atriði, en það skýrist ósköp einfaldlega af því að tími hefur verið ákaflega lítill til að kynna sér þetta frv. og vona ég að það verði fært til betri vegar. Ég mun hafa lesið skakkt, þessir sjúklingar munu ekki verða fyrir kostnaðarauka af þessum sökum. En hitt liggur fyrir, að kostnaður hjá sjúklingum mun stórlega vaxa, og þarf ég ekki að ræða það frekar. Þar er um að ræða 480 millj. kr. útgjaldaauka.

En hitt málið er svo aftur stóra málið. Það er það, að áætlunin er að velta 1200 millj. kr. yfir á sveitarfélögin með því að leggja á þau 1% útsvar. Hér er sem sagt alls ekki um að ræða tryggingamál, hér er ekki um að ræða sparnaðarmál, heldur er einfaldlega um að ræða skattamál. Það á enn að auka álögur á allan fjöldann með því að hækka útsvarið um 1%. Ég vil leyfa mér að minna á að þessi ríkisstj. hefur staðið fyrir stórauknum skattaálögum á almenning. Hún hefur hækkað nú þegar söluskatt um 3% og er að hækka söluskatt um 2% til viðbótar. Hún hefur sett á sérstakt tollvörugjald sem nemur 1200 millj. kr. Og nú á sem sagt að fara að bæta við þessum skatti sem er bráttóskattur sem leggst eingöngu á launafólkið, en alls ekki á atvinnurekstur inn. Ég vil sérstaklega benda hv. dm. á það atriði, hversu ósanngjarn þessi skattur er. Hann er eingöngu lagður á launafólkið í landinu og er að sjálfsögðu með óréttlátari skattstofnum sem hægt er að finna.

Ég vil minna á það í þessu sambandi að hér á Alþ. hafa farið fram talsverðar umræður um skattamál að undanförnu. Það hefur verið bent á að tekjuskattslöggjöfin væri hið mesta hneyksli og að það væru ekki færri en 430 fyrirtæki í Reykjavík sem slyppu algjörlega við að greiða tekjuskatt. Það hefur verið bent á að þessi fyrirtæki hafa yfir 20 þús. millj. kr. í veltu á hverju ári og að með breytingum á tekjuskattslöggjöfinni væri hugsanlegt að auka tekjur ríkisins sem nemur 3—4 þús. millj. kr. Því miður hefur hæstv. ríkisstj. og stuðningsmenn hennar hér á Alþ. ekki verið reiðubúin að ræða um þessi mál. Þegar við fluttum hér tillögu um endurskoðun fyrningarákvæða, afnám flýtifyrningar og afnám fyrningarstuðuls, var ekki nokkur leið að hemja einn einasta ráðherra í þingsalnum til þess að ræða slík mál, þó að þar væri um að ræða tekjuauka fyrir ríkissjóð sem nemur nokkrum þús. millj. Þegar síðan kemur í ljós að það vantar meiri tekjur til ríkisins, þá er ríkisstj. ekki lengi að finna lausn á vandamálum sínum. Þá skal bara lagður 1% bráttóskattur á alla launamenn í landinu og þá að sjálfsögðu séð um að hafa skattstofninn á þann veg að atvinnufyrirtækin í landinu, sem ekkert greiða, sleppi líka í þessu tilviki.

Ég tel enga þörf á því að fjölyrða um þetta mál. Ég vil bara undirstrika það hér að þetta er fyrst og fremst skattamál sem verið er að bera hér á borð fyrir hv. alþm., en ekki tryggingamál, og ég vil algjörlega mótmæla því að þessi skattur verði á lagður. Ég tel að þessi bráttóskattur sem er að sjálfsögðu óréttlátur í eðli sínu, sé nógu hár í dag. Hann hefur sérstaklega verið ætlaður sveitarfélögunum til tekjuauka. Öllum er kunnugt um að hagur sveitarfélaganna er ekki of góður í dag, og ef menn telja að unnt sé að hækka útsvör úr hinum almenna 10% skattstiga í 11%, þá eru það tekjur sem sveitarfélögin hafa sannarlega þörf fyrir. En þegar ríkið ætlar sér að ryðjast inn á þetta skattasvið sveitarfélaganna, er þá það auðvitað ekkert annað en hreint hneyksli. Og þegar um það er að ræða að ríkið ætlar sér að ná í auknar tekjur, að þá skuli það ekki sjá neinn annan möguleika heldur en skatt sem sleppir atvinnufyrirtækjunum í landinu, það er líka að sjálfsögðu hið mesta hneyksli ofan á þau hneyksli sem fyrir eru og margsinnis hefur verið bent á að undanförnu hvað tekjuskattslöggjöfina snertir.

Axel Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja umr. svo að nokkru nemi. Ég vil aðeins láta það koma fram hér strax við 1. umr. að ég tel þetta algjör bráðabirgðaúrræði, t. d. með tilliti til þess að þetta gengur á móti því sem sveitarstjórnarmenn vilja stefna að. En til þess að leysa málið nú til bráðabirgða um eins árs

skeið, þá get ég fyrir mitt leyti fellt mig við þessa lausn málsins.

Ég skal ekki fara að ræða neitt um það hvort haft hafi verið samráð við heildarsamtök sveitarfélaga, Samband ísl. sveitarfélaga. Ég hins vegar minni á það, að þegar stórfelldar og það varanlegar breytingar á tekjustofnalögum hafa verið gerðar, hafa þær máske verið gerðar án þess að samráð væri haft við Samband ísl. sveitarfélaga. Vísa ég þar til þeirra miklu breytinga sem gerðar voru á tekjustofnalögunum 1972. En hér er fyrst og fremst um bráðabirgðaatriði að ræða í mínum huga og með tilvísun til þess get ég stutt þetta. Ég lít svo á að framkvæmdin á þessu verði af hálfu sveitarfélaganna einfaldari en var þegar sett var á 1% viðlagasjóðsgjald, sem var mjög flókið og erfitt í framkvæmd fyrir sveitarstjórnarskrifstofurnar. Hér hins vegar fylgir þetta 1% og þær tekjur, sem af því hljótast, þeim lækkunum eða niðurfellingu sem sveitarstjórnirnar ákveða á útsvörum, gagnstætt því sem var um viðlagasjóðsprósentuna, og sveitarfélögin greiða ekki af þessu annað en það sem þau innheimta af sínum gjaldendum. Þarna er verulegur munur á frá því sem var í sambandi við 1% til Viðlagasjóðs á sínum tíma og olli miklum erfiðleikum í framkvæmd og uppgjöri áður en lauk milli Viðlagasjóðs og sveitarfélaganna.

Þarna er minnst á og er lagt til að taka upp mánaðarlegar greiðslur til sjúkrasamlaganna. Ég vil ekki setja mig á móti því og tel að það sé eðlilegt að í samskiptum og þá ekki síst samskiptum ríkisins og sveitarfélaganna verði þessi háttur tekinn upp á sem flestum sviðum. Þegar lögin um tónlistarskóla fóru hér í gegnum þessa hv. d. á síðasta Alþ., þá einmitt var það vegna breytingar menntmn. þessarar deildar að ákvæði kom inn í lögin að greiðslur ríkissjóðs skyldu vera mánaðarlegar. Ég held að það sé mjög til bóta, að það verði ríkjandi stefna að þessir aðilar inni sínar greiðslur af hendi mánaðarlega, í þessu tilviki sveitarsjóðirnir, af þeim upphæðum sem þeir innheimta af þessu 1%, og svo á þeim flestum sviðum öðrum þar sem ríkið á að fjármagna rekstur í samvinnu við sveitarfélögin, að þá greiði ríkið sinn hlut mánaðarlega. Þetta eru orðnar stórar upphæðir sem um er að ræða, að það er ákaflega þýðingarmikið fyrir sveitarstjórnirnar.

Ég vildi, herra forseti, strax koma þessu að við 1. umr. málsins, að þó að þetta frv. gangi gegn því sem sveitarstjórnarmenn í meginatriðum vilja ná fram, þá lít ég á þetta sem algjöra bráðabirgðaráðstöfun, og í trausti þess að þetta verði aðeins í gildi þetta eina ár, þá styð ég framgang frv. í þeirri mynd sem það er hér fram lagt.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Ég get haft sama formála og ýmsir sem á undan mér hafa talað, að það er varla við því að búast að menn geti mikið rætt frv. sem kemur fram samdægurs og það er tekið til 1. umr. Það væri kapítuli út af fyrir sig að ræða um vinnubrögð í Alþ. þessa dagana, en ég ætla að geyma mér það og kann að vera að ég ræði það á öðrum vettvangi seinna í þessari viku.

Fyrstu viðbrögð mín við þessu frv. eru kannske léttir, því að ég var búinn að heyra að það ætti að skera niður almannatryggingarnar að verulegu leyti og þótti því vænt um að heyra orð hæstv. ráðh. hér áðan, að það hafði aldrei hvarflað að honum að takmarka lífeyristryggingarnar, en þær tel ég það viðkvæmt mál að ekki megi á þeim miklar breytingar gera án þess að það sé vandlega athugað. En ég vil taka það fram, að ég er að vissu marki samþykkur þeirri stefnu sem felst í þessu frv., þ. e. að jafnvel sjúklingarnir sjálfir og sveitarfélögin taki meiri þátt í sjúkratryggingum en verið hefur. En ég þykist sjá á öllu að þetta sé ekki það vel undirbúið að það sé réttlætanlegt að afgreiða það eins og hér er hugsað.

Áðan var bent á það, að t. d. þessi hækkun á sveitarfélögunum væri lögð á gjaldstofn sem er í raun og veru ákaflega óréttmætur, en framtöl þau, sem við höfum orðið að byggja á fram að þessu, eru þannig úr garði gerð að útsvör og tekjuskattur eru farin að liggja á launþegum með svo gífurlegu álagi að engu tali tekur. Þess vegna get ég ekki annað en andmælt þessu frv., þó að ég sé að vissu marki samþykkur þeirri hugsun sem í því felst, að það sé sanngjarnt og eðlilegt að sveitarfélög og jafnvel einstaklingar taki meiri þátt í sjúkratryggingunum heldur en verið hefur. En mér finnst undirbúningurinn og hvernig gjaldstofninn er fenginn fyrir þessari hækkun þannig úr garði gert, að ég get ekki mælt með frv. eða fylgt því eins og það er. Auk þess felast í því gífurlegar nýjar álögur sem mér finnst vera andstætt þeirri stefnu sem núv. ríkisstj. hefur boðað, að hún vilji lækka útgjöld ríkisins, en þá ætti hún líka að vilja lækka útgjöld sveitarfélaganna, en þetta frv. gengur þvert á það.

Að öðru leyti mun ég geyma mér til 2. umr. að fjalla nánar um þetta frv. Ég vil aðeins endurtaka það sem ég sagði áðan, að í grundvallarstefnu er ég ekki á móti því að sveitarfélög og jafnvel einstaklingar taki meiri þátt í sjúkratryggingum en verið hefur, en mér virðist undirbúningur frv. og sá gjaldstofn, sem hér er boðaður, þannig úr garði gerður að ég verð að andmæla frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 11 shlj. atkv.

Efri deild, 29. fundur.

Mánudaginn 15. des., að loknum 28. fundi.

Verðjöfnunargjald raforku, frv. (þskj. 123, n. 177). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Iðnn. hefur athugað frv. til l. um verðjöfnunargjald raforku, 101. mál. Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frv. Meiri hl. n. skilar séráliti sem kemur fram á þskj. 177. Undir það skrifa 4 nm. Tveir nm. voru fjarverandi, Jón G. Sólnes og Stefán Jónsson, en Albert Guðmundsson greiddi atkv. gegn umræddu frv.

Frv. þetta fjallar um framlengingu verðjöfnunargjalds raforku sem samþ. var á Alþ. 5. sept. 1974. Þar er um að ræða 13% gjald, sem rennur í Orkusjóð, af seldri raforku á síðasta stigi viðskipta, þ. e. sölu til notenda. Verðjöfnunargjaldi þessu er ráðstafað til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins samkv. nánari ákvörðun ráðh. orkumála að fengnum tillögum stjórnar Orkusjóðs.

Fjárhagur Rafmagnsveitna ríkisins hefur, eins og kunnugt er, verið mjög bágborinn og stafar það m. a. af því að Rafmagnsveiturnar hafa neyðst til þess upp á síðkastið að reka margar disilstöðvar og selja raforku frá þeim stöðvum langt undir kostnaðarverði. Er það liður í þeirri viðleitni, sem marglýst hefur verið hér á hv. Alþ., að stefna beri að því að jöfnun verði á verði raforku til landsmanna allra. Ekki fannst önnur leið fær á síðasta ári en að bæta þetta með umræddu verðjöfnunargjaldi. Ástandið að þessu leyti er óbreytt. Fjárhagur Rafmagnsveitna ríkisins er ákaflega erfiður og er því vart nema um tvennt að ræða: annars vegar að hverfa frá þessari verðjöfnun, sem ég vil þó taka fram að er hvergi nærri fullkomin, eða framlengja þetta verðjöfnunargjald. Frv., sem hér er til umr., stefnir að því að framlengja gjaldið um eitt ár.

Ég og meiri hl., sem skrifar undir nál., telur þetta rétt, en ég vil segja fyrir mitt leyti að ég vil um leið leggja á það ríka áherslu að allur rekstur Rafmagnsveitna ríkisins verði tekinn til endurskoðunar og víðtæk athugun gerð á öllum framkvæmdum okkar landsmanna á raforkusviðinu. Þar er samræming ákaflega lítil. Þar eru margir aðilar með framkvæmdir. Þar eru Landsvirkjun, Rafmagnsveitur ríkisins og 22 aðrar rafveitur hingað og þangað um landið, þar er Kröflunefnd, þar er Suður-Fossárnefnd, svo að eitthvað sé talið. Ég hygg að öllum megi vera ljóst að á sviði þessara miklu og kostnaðarsömu framkvæmda er nauðsynleg mikil fjárhagsgát og ber að fara að öllu með sérstakri varúð til þess að um tvíverknað og mikið fjárhagstjón verði ekki að ræða. Í þessu skyni má að vísu telja ákvæði í lögum um Orkustofnun, þar sem sagt er að Orkustofnun skuli vinna að samræmingu á sviði raforkuframkvæmda, en staðreyndin er sú að þeirri stofnun hefur ekki reynst það kleift, þannig að þetta mál er í fáum orðum sagt í mjög miklum molum. Þetta vil ég að komi hér fram og undirstrika að það er mín skoðun að þarna sé um mjög aðkallandi mál að ræða, samræmingu þessara framkvæmda allra og rekstrar raforkukerfisins í heild.

Ég ætla ekki að setja hér fram neinar hugmyndir um það. Það verður að bíða betri tíma. En um leið og ég mæli með því að þetta verðjöfnunargjald verði framlengt, legg ég á það ríka áherslu að fljótlega verði tekið svo á málum að dugi.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Því miður kom ég of seint til fundar í iðnn., þar sem fjallað var um þetta mál laust eftir hádegið í dag. Það skal tekið fram, að þá hafði ég ekki fengið boð um að fundur yrði haldinn í Ed. í dag, og dagskrá, sem útbýtt var í morgun, gerði ekki ráð fyrir því. Ég vil að það komi fram, að ég er í aðalatriðum samþykkur frv. Aftur á móti hefði ég talið eðlilegt að aðferðin til fjáröflunarinnar yrði endurskoðuð núna. Ég er andvígur því að þetta mál verði leyst til frambúðar með föstu hlutfallsgjaldi, og ég hefði talið eðlilegt að rannsókn á fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og stöðu Rafmagnsveitnanna hefði verið gerð, a. m. k. byrjuð hressilega á þessu ári. Eins og hv. síðasti ræðumaður, Steingrímur Hermannsson, tók fram, hefur hann áður lýst yfir þeirri skoðun sinni að nauðsynlegt sé að taka þessi mál til endurskoðunar. Hér á hv. Alþ. í fyrra vakti hann athygli á óeðlilegum mismun á raforkuverði t. d. í Þrándheimi í Noregi og hér, þar sem verðmunur á rafmagni var þá og er enn ríflega fimmfaldur.

En sem sagt, ég lýsi yfir samþykki mínu í aðalatriðum við þetta frv. vegna þess að nú er ekki annarra kosta völ en að framlengja þetta gjald óbreytt, úr því að ekki voru gerðar aðrar ráðstafanir fyrr á árinu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Efri deild, 30. fundur.

Mánudaginn 15. des., að loknum 29. fundi.

Verðjöfnunargjald raforku, frv. (þskj. 122). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Sameinað þing, 15. des.

Lánasjóður íslenskra námsmanna.

Skriflegt svar menntamálaráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Gíslasonar um Lánajóð íslenskra námsmanna, á þskj. 72, afhent þm. 15. des.

Vísað er til bréfs yðar, herra forseti sameinaðs Alþingis, dags. 8. þ. m., þar sem beiðst er skriflegs svars við fyrirspurnum á þskj. 72 frá Guðlaugi Gíslasyni til menntamálaráðherra um Lánasjóð ísl. námsmanna er hljóða þannig:

„1. Hver var heildartala styrk- og lánþega 1974 og hver er talið að hún verði árið 1975?
2. Hver er tala námslána og styrkja á þessu ári til námsmanna í hverri námsgrein fyrir sig: a) á háskólastigi, b) í öðrum námsgreinum — óskast í báðum tilfellum tilgreind tala námslána til námsmanna erlendis?
3. Hve hár er framfærslukostnaður námsmanna áætlaður á mánuði í hverju landi fyrir sig, þar sem íslenskir námsmenn dvelja?
4. Hve hárri upphæð nema veitt lán sjóðsins samtals síðan 1967, er lögin um Lánasjóð námsmanna voru samþykkt?
5. Hve hárri upphæð nema greiddar afborganir námslána samtals á sama tíma og hver er vaxtagreiðsla til sjóðsins af námslánum á þessu tímabili?
6. Hver var heildarskuldabréfaeign sjóðsins vegna námslána í árslok 1974?

Óskað er skriflegs svars við fyrirspurninni."

Lánasjóður íslenskra námsmanna hefur látið ráðuneytinu í té eftirfarandi upplýsingar sem svar við fyrirspurninni:

1. Heildartala lánþega árið 1973—74: 2967
— — — 1974—75: 2937

Kandidatastyrkir.
Tala styrkþega árið 1973—74: 69
— — — 1974—75: 94

Árið 1973—74 voru veittir 9 styrkir á bilinu 80—100 þús. kr., 20 styrkir á bilinu 100—200 þús. kr., 24 styrkir á bilinu 200—300 þús. kr. og 16 á bilinu 300—400 þús. kr.

Árið 1974 var hámarksupphæð styrkja 550 þús. kr., að öðru leyti giltu sömu reglur í útreikningi og á lánum.

2. Skipting námslána 1974—75:

Á Íslandi:	
Háskóli Íslands	1474
Tækniskóli Íslands	93
Kennaraháskólinn	94
Búnaðarskólinn á Hvanneyri	22
Stýrimannaskólinn	52
Vélskóli Íslands	207
Samt.	1942
Erlendis:	
Huggreinar	418
Raungreinar	526
Listgreinar	77
Annað	65
Samt.	1086
Heildartala:	**3028**

Skipting þessi er byggð á fjölda umsókna, en heildartala lánþega í 1. lið er miðuð við veitt lán.

3. Framfærslukostnaður (gengi 22.08.1975). Gildir fyrir haustlán og sumarlán 1975.

		Frfk.	Ferðast.
Ísland			
Heima		423.0	
Heiman		555.0	
Danmörk	K.	677.0	42.0
	A.	629.0	42.0
Noregur		643.0	39.0
Svíþjóð	S.	699.0	48.0
	A.	652.0	48.0
Bandaríkin	NY.	554.0	49.0
	A.	554.0	58.0
England	L.	486.0	38.0
	A.	459.0	38.0
Skotland		454.0	31.0
Frakkland	P.	753.0	47.0
	A.	672.0	47.0
V.-Þýskaland		592.0	52.0
Finnland		596.0	55.0
Írland		466.0	35.0
Holland		535.0	46.0
Spánn		449.0	59.0
Ítalía		410.0	57.0
Sviss		756.0	55.0
Austurríki		708.0	62.0
Sovétríkin			81.0
A.-Þýskaland			52.0
Kanada		537.0	72.0

Framfærslukostn. v. barna:

	maki
1. barn 25%	0
2. — 37.5%	50%
3. — 50.0%	50% + 66.7%
4. — 66.7%	66.7% + 66.7%
5. — 83.4%	83.4% + 66.7%

Vegna meðlagsgr. 100.0 þús. f. hvert barn.

Lágmarkstekjur. 50 þús. á mánuði:

0 0 mán. — 00.0	4.0 mán. — 175.0
0.1 — — 00.0	4.1 — — 187.5
0 2 — — 00.0	4.2 — — 200.0
0.3 — — 12.5	4.3 — — 212.5
1.0 mán. — 25.0	5.0 mán. — 225.0
1.1 — — 37.5	
1.2 — — 50.0	
1.3 — — 62.5	

Lágmarkstekjur. 50 þús. á mánuði:

2.0 mán. — 75.0
2.1 — — 87.5
2.2 — — 100.0
2.3 — — 112 5

3.0 mán. — 125.0
3.1 — — 137.5
3.2 — — 150.0
3.3 — — 162.5

4. Veitt lán árin:
1967—68: 31 109.0 þús. kr.
1968—69: 61 917.5 — —
1969—70: 75 522.5 — —
1970—71: 124 080.0 — —
1971—72: 222 580.0 — —

Veitt lán árin:
1972—73: 317 810.0 — —
1973—74: 403 920.0 — —
1974—75: 653 798.5 — —

5. Afborganir og vextir af námslánum frá 1967—74.

Ár	Afborganir	Vextir	Samtals
1967 ..	1 989 535.23 +	413 439.63	2 402 974.86
1968 ..	2 583 130.47 +	632 737.10	3 215 867.57
1969 ..	3 025 760.45 +	786 651.10	3 812 411.66
1970 ..	3 482 469.54 +	981 411.46	4 463 881.00
1971 ..	4 653 012.04 +	1 410 718.02	6 063 730.06
1972 ..	4 942 437.43 +	1 715 618.49	6 658 055.92
1973 ..	5 855 394.26 +	1 741 765.79	7 597 160.05
1974	10 328 746.55 +	2 268 814.91	12 597 561.46

Spá um innstreymi afborgana námslána ásamt vöxtum
(Allar tölur í þús. kr.)

	Lán veitt til 1961		Lán veitt 1962—68		Lán veitt 1968—73	
	Afb.	Vextir	Afb.	Vextir	Afb.	Vextir
1973	1 611.2	175.4	5 156.4	2 139.8	344.3	371.4
1974	1 271.8	119.0	5 546.3	2 164.0	1 375.5	1 448.1
1975	951.5	74.5	5 745.1	2 074.3	3 271.7	3 351.1
1976	652.0	41.2	5 762.7	1 882.4	6 631.6	6 636.2
1977	377.7	18.3	5 762.7	1 680.7	12 594.1	12 380.1
1978	146.2	5.1	5 762.7	1 479.0	22 041.4	21 263.9
1979			5 762.7	1 277.4	31 291.3	28 952.9
1980			5 643.5	1 075.7	40 190.3	35 301.5
1981			5 395.0	878.1	48 165.1	39 728.3
1982			4 996.1	689.3	54 104.2	41 129.6
1983			4 425.5	514.4	56 809.5	38 424.2
1984			3 663.9	359.6	59 650.0	35 584.0
1985			2 721.0	231.3	62 632.5	32 601.4
1986			1 879.8	136.1	65 763.9	29 469.9
1987			1 167.9	70.3	69 051.2	26 181.7
1988			606.3	29.4	71 787.2	22 725.9
1989			216.4	8.2	73 272.7	19 137.6
1990			17.6	0.6	73 135.4	15 475.2
1991					70 147.5	11 818.6
1992					61 949.3	8 310.3
1993					46 715.4	5 213.2
1994					32 111.9	2 877.6
1995					18 470.3	1 271.9
1996					6 991.4	399.6

	Samtals		Innstreymi
	Afb.	Vextir	Samtals
1973	7 111.9	2 686.6	9 798.5
1974	8 193.6	3 731.1	11 924.7
1975	9 968.3	5 499.9	15 468.2
1976	13 046.3	8 559.8	21 606.1
1977	18 734.5	14 079.1	32 813.6
1978	27 950.3	22 748.0	50 698.3
1979	37 054.0	30 230.3	67 284.3
1980	45 833.8	36 377.2	82 211.0
1981	53 560.1	40 606.4	94 166.5
1982	59 100.3	41 818.9	100 919.2
1983	61 235.0	38 938.6	100 173.6
1984	63 313.9	35 943.6	99 257.5
1985	65 353.5	32 832.7	98 186.2
1986	67 643.7	29 606.0	97 249.7
1987	70 219.1	26 252.0	96 471.1
1988	72 393.5	22 755.3	95 148.8

	Samtals		Innstreymi
	Afb.	Vextir	Samtals
1989	73 489.1	19 145.8	92 634.9
1990	73 153.0	15 475.8	88 628.8
1991	70 147.5	11 818.6	81 966.1
1992	61 949.3	8 310.3	70 259.6
1993	46 715.4	5 213.2	51 928.6
1994	32 111.9	2 877.6	34 989.5
1995	18 470.3	1 271.9	19 742.2
1996	6 901.4	399.6	7 391.0

Vextir og afborganir af bankalánum Lánasjóðs ísl. námsmanna

1973: kr. 20 886 þús.
1974: — 23 842 —

6. Heildarskuldabréfaeign sjóðsins í árslok 1974: **kr. 1 382 598 678.14.**

Sameinað þing, 33. fundur.

Þriðjudaginn 16. des., kl. 2 miðdegis.

Forseti tók öll dagskrármálin af dagskrá.

Sameinað þing, 34. fundur.

Þriðjudaginn 16. des., að loknum 33. fundi.

Fjárlög 1976, frv. (þskj. 1, n. 170 og 171, 169, 179). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Frv. til fjárlaga fyrir árið 1976 hefur fjvn. haft til athugunar allt frá byrjun þessa þings og rætt málið á samtals 38 fundum sínum. Þó er þess að geta að nokkru fyrir þingtímann átti undirnefnd fjvn. með sér nokkra fundi þar sem hún m. a. ræddi sérstaklega við forstöðumenn ríkisstofnana um fjármagnsþörf þeirra og annað er rekstur umræddra ríkisstofnanna varðar.

Við athugun á fjárlagafrv. hefur n. að öðru leyti haft sömu vinnubrögð sem áður, þ. e. skipt með sér verkum til athugunar á vissum málaflokkum frv. og þá sérstaklega þeim málaflokkum sem falla undir verklegar framkvæmdir, svo sem nýbyggingar skóla, sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva og hafnarframkvæmdir. Þá hefur n. notið góðrar samvinnu og aðstoðar hagsýslustjóra og starfsmanna fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar og hefur það komið n. að ómetanlegu gagni við afgreiðslu málsins.

Þá vil ég síðast, en ekki síst þakka meðnm. mínum öllum fyrir ánægjulegt samstarf í nefndinni. Gildir þar einu máli um stjórnarandstæðinga sem samherja, því að allir hafa jafnan verið reiðubúnir til að leggja sig fram til að auðvelda nefndarstörfin við hin erfiðu skilyrði sem nú eru vissulega fyrir hendi. Fyrir þá góðu samvinnu vil ég sérstaklega þakka.

Enda þótt fjvn. hafi ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins og skili því tveim nál., þá er það svo að brtt. á þskj. 169 flytur n. sameiginlega, en minni hl. tekur fram, eins og fram kemur í nál., að hann hefur óbundnar hendur um afstöðu til einstakra tillagna sem fram kunna að verða bornar og áskilur sér einnig rétt til að flytja frekari brtt.

Eins og fram kemur í nál. meiri hl. fjvn. er óhætt að fullyrða að fjárlagagerðin fyrir árið 1976 fer fram við óvenjulegar aðstæður í þjóðarbúskapnum. Meiri og sneggri efnahagsáföll hafa dunið yfir þjóðina en dæmi eru til um áður allt frá þeim tíma er lýðveldið var stofnað. Benda má á að á erfiðleikaárunum 1967—68, þegar saman fór aflabrestur og stórfellt verðfall sjávarafurða, minnkuðu þjóðartekjur á mann á milli ára um 8%, en nú er gert ráð fyrir 9% lækkun þjóðartekna á mann á yfirstandandi ári og á árinu 1974 var ekki um neina aukningu þjóðartekna á mann að ræða frá fyrra ári, en í spá Þjóðhagsstofnunar fyrir árið 1976 er gert ráð fyrir að enn verði um minnkun að ræða sem nemi a. m. k. 1%.

Sú spá, sem nú liggur fyrir og ég hef nú lýst, er því að þriðja árið í röð er um raunverulega minnkun þjóðartekna að ræða. Afleiðing þessa er að sjálfsögðu stórfelld skerðing viðskiptakjara eða yfir 30% á skömmum tíma, þ. e. a. s. gífurleg hækkun á verðlagi innfluttra nauðsynja í erlendri mynt samtímis verulegri lækkun á útflutningsverðlagi á íslenskum afurðum, og á vissum þáttum sjávarútvegsframleiðslunnar hefur verið um sölutregðu að ræða eða þá að útflytjendur hafa orðið að sætta sig við óhagstætt markaðsverð. Þessi áföll þjóðarbúsins hafa átt drýgstan þáttinn í því að verulegur viðskiptahalli í utanríkisversluninni hefur átt sér stað á undanförnum missirum og gjaldeyrisvarasjóðurinn er ekki lengur fyrir hendi.

Vegna ástandsins í afkomu atvinnuveganna varð ekki hjá því komist bæði árið 1974 og 1975 að grípa til gengisbreytinga til að koma í veg fyrir stöðvun fiskiskipaflotans og forða frá atvinnuleysi og draga um leið úr þeirri óhóflegu eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri sem jafnan er fyrir hendi þegar röng gengisskráning á sér stað.

Þessi efnahagsáföll og ráðstafanir gegn þeim hafa óhjákvæmilega bitnað hart á afkomu ríkissjóðs. Dregið hefur verulega úr innflutningi, sérstaklega á hátollavöru, m. a. bifreiðum, sem haft hefur í för með sér hlutfallslega lækkun tekna ríkissjóðs af aðflutningsgjöldum. Afleiðing þessa er síðan sú, að mikill greiðsluhalli hefur orðið hjá ríkissjóði bæði árin 1974 og 1975 og það þrátt fyrir margvíslegar ráðstafanir sem gerðar hafa verið til þess að draga úr eða koma í veg fyrir umræddan halla. Má í því sambandi benda á aukna tekjuöflun sem átti sér stað á yfirstandandi ári með álagningu á sérstöku 12% vörugjaldi og enn fremur með þeim niðurskurði á fjárlögum sem framkvæmdur var. Í samráði við fjvn. var tekin ákvörðun um allt að 2000 millj. kr. niðurskurð. Fjmrn. hefur nú látið í té yfirlit um þessa framkvæmd.

Ég hygg að flestir hv. þm. geti verið sammála um að eins og nú er komið í íslenskum efnahagsmálum þá beri brýna nauðsyn til þess að ná sem allra fyrst jöfnuði í ríkisbúskapnum, en til þess að svo megi verða verður að leggja ríka áherslu á að draga svo sem verða má úr ríkisútgjöldum, sem varða opinberan rekstur, og fjárfestingu, sem ekki er í beinu sambandi eða stuðlar að aukinni framleiðslu. Slík stefna er nú þjóðarnauðsyn.

Í dag ríkir meiri óvissa um efnahag þjóðarinnar en oftast áður. Til þess liggja margar ástæður og ef til vill ekki síst sú óvissa sem blasir við um vertíðaraflann og þá sérstaklega með tilliti til hinnar nýútgefnu skýrslu fiskifræðinganna hvað viðkemur verðmætasta fiskstofninum, þorskinum. Ef til þess kemur að draga verður verulega úr sókn íslenska fiskiskipaflotans er einsýnt að enn skapast vandamál sem íslenska þjóðin á eftir að takast á við.

Það er þetta alvarlega ástand, sem ég hef nú rakið í stórum dráttum, sem sett hefur svip sinn á gerð þess fjárlagafrv. sem hér er til umr. Sama máli gegnir einnig um störf fjvn. Í fjárlagafrv. er fylgt þeirri stefnu að draga stórlega úr áform-

um ráðuneyta og ríkisstofnana um rekstrarútgjöld og minnka magn fjárfestingar á vegum hins opinbera, þegar frá eru skilin orkumál, en þau eiga eins og kunnugt er í stjórnarsamningnum að hafa forgang.

Meiri hl. fjvn. hefur haldið fast við þessa stefnu í afstöðu sinni við afgreiðslu málsins í n. Kemur þetta m. a. fram í því að fjárveitingar til stærstu liða fjárfestingar í landinu eru ekki hækkaðar í brtt. n., en slíkt ætla ég að sé einsdæmi þótt leitað sé langt til baka. Þessi aðhaldsstefna fjvn. kemur einnig fram í því, að n. hefur ekki séð sér fært að taka upp nema örfáar brtt. til hækkunar nú við 2. umr., en það skal þó tekið fram að nú bíða óvenjumörg atriði enn hjá n. nánari athugunar, en koma þá til afgreiðslu við 3. umr. málsins. Meðal þeirra málaflokka, sem enn bíða endanlegrar afgreiðslu hjá n., eru framlag til leiklistarskóla, til jöfnunar námsaðstöðu, ferjubryggna, sjóvarnargarða, Framleiðslueftirlits sjávarafurða, kaupa og rekstrar skips til landhelgisgæslu, Byggingarsjóðs verkamanna og til almannatrygginga og starfsliðs ríkisspítala, löggæslu, Orkustofnunar og Rafmagnsveitna ríkisins. Bíður afgreiðsla þessara málaflokka til 3. umr.

Þá hafa n. nú sem jafnan áður undir afgreiðslu fjárlagafrv. borist fjölmörg erindi frá stofnunum, einstaklingum og samtökum sem flest hafa falið í sér beiðni um fjárhagslegan stuðning eða fyrirgreiðslu svo og leiðréttingar sem valda hækkunum á útgjöldum fjárlagafrv. N. hefur reynt eftir föngum að kynna sér þessi erindi, en hefur að þessu sinni einungis getað sinnt fáum þeirra, eins og ég hef áður að vikið. N. er að sjálfsögðu ljóst að í fjölmörgum tilfellum hefur orðið að synja fjárbeiðnum til málefna sem vissulega verðskulda fjárhagslegan stuðning hins opinbera, en verða því miður að bíða betri tíma.

Þá vil ég geta þess að nú hin síðari ár hefur það farið mikið í vöxt að sendinefndir utan af landsbyggðinni og forsvarsmenn sveitarfélaga óska eftir að fá sérstaka fundi með n. til að fylgja eftir beiðnum sínum um fjárveitingar til hinna ýmsu framkvæmda sem ríkissjóður stendur undir að meira eða minna leyti. Fjvn. hefur undantekningarlaust orðið við þessum tilmælum sveitarstjórnarmanna og auk þess margra einstaklinga sem erindi hafa átt við n., en allt þetta er mjög tímafrekt.

Svo sem kunnugt er og fram kom í ræðu hæstv. fjmrh. við 1. umr. um fjárlagafrv. var gert ráð fyrir því að sveitarfélög fengju nú stærri skerf af söluskatti en áður eða sem næmi 600 millj. kr. Þar á móti skyldu koma ákveðin verkefni sem millifærðust frá ríkissjóði yfir til sveitarfélaganna og þá fjármögnuð af þeim. Um þennan þátt fjárlagafrv. hefur því myndast biðstaða. Hafa samningar staðið yfir á milli aðila um hvaða málaflokkar það væru sem sæta skyldu umræddri fjármagnsmillifærslu. Mér skilst að samningar um þessi mál hafi nú a. m. k. að mestu leyti tekist, og mun n. hafa það samkomulag til viðmiðunar þegar hún gengur endanlega frá frv.

Það, sem mér er tjáð að samist hafi um í þessum efnum, er að sveitarfélögin taki að sér í fyrsta lagi viðhald skóla, en sá þáttur er metinn á 220 millj., rekstur dagvistunarheimila sem er metinn á 120 millj., elliheimili, þau eru metin á 60 millj., almenningsbókasöfn 20 millj., heimilishjálp 27 millj., vinnumiðlun um 5 millj., orlof húsmæðra 8 millj. og akstur skólabarna 30 millj., eða þetta samtals 490 millj. kr. Þá er eftir mismunur sem svarar 110 millj. kr. Sé hins vegar miðað við tölur fjárlagafrv. er hér um meiri mismun að ræða, þar sem fjárveitingar til sömu málaflokka eru í fjárlagafrv. áætlaðar nokkru lægri en talið er að í samkomulaginu felist.

Eins og áður hefur komið fram fór fram á yfirstandandi ári endurskoðun á starfsmannahaldi ríkisins og ríkisstofnana með það fyrir augum að kannað sé hvort um starfsmenn sé að ræða, sem ekki hefur verið heimiluð ráðning á af hendi réttra aðila.

Eins og hv. þm. er kunnugt um hefur nú verið gefin út starfsmannaskrá yfir alla starfsmenn í opinberri þjónustu. Kemur þar í ljós að í kerfinu eru um 100 manns sem engin heimild var fyrir hendi að ráðnir yrðu til hinna umræddu starfa. Allir þessir 100 eru stjörnumerktir í skránni og til að standa undir kostnaði af launum þeirra er ekki ein króna í fjárlagafrv.

Flestir munu vera þeirrar skoðunar að hér sé um meira vandamál að ræða en svo að allt þetta starfslið verði strikað út með einu pennastriki. Hefur því verið um það rætt í fjvn. að ekki verði komist hjá því við 3. umr. að setja inn fjárupphæð til að mæta a. m. k. hluta af þeim launakostnaði sem hér er um að ræða. N. verður síðar, eftir áramót, með aðstoð hagsýslustofnunar að meta hvaða viðbótarstarfsmannafjöldi það er sem ekki verður komist hjá að ráða í störf á ný.

Eins og fram kemur í aths. við fjárlagafrv. hafa allt frá árinu 1963 að frumkvæði fjmrn. verið samdar árlegar framkvæmda- og fjáröflunaráætlanir vegna þeirra ríkisframkvæmda sem fjármagnaðar eru með lánsfé. Í áratug voru þessar áætlanir lagðar fram sérstaklega og yfirleitt eftir að nokkrir mánuðir voru liðnir af árinu sem um var fjallað hverju sinni. Á þessu varð breyting haustið 1973 er framkvæmda- og fjáröflunaráætlun þessi fyrir árið 1974 var sameinuð fjárlögum.

Þessar áætlanir hafa allt til þessa eingöngu náð til lánsfjáröflunar til helstu opinberra framkvæmda, en ekki annarrar lánastarfsemi. Nú er hins vegar sú lánsfjáráætlun, sem lögð verður fram fyrir árið 1976, látin ná til allrar lánastarfseminnar.

Brtt. fjvn. um tekjubálk fjárlagafrv. bíða til 3. umr. eins og venjulega. Þó skal tekið fram að upphafleg tekjuáætlun fjárlagafrv. var í aðalatriðum miðuð við kauplag og verðlag eins og það var í októbermánuði s. l., til samræmis við áætlunargrundvöll gjaldahliðar frv. Meginforsenda um magnbreytingar veltustærða á árinu 1976 var sú, að almenn þjóðarútgjöld yrðu sem næst óbreytt að magni frá því sem spáð var fyrir árið í ár.

Tekjuáætlun frv. hefur nú verið endurskoðuð með tilliti til betri vitneskju um líðandi ár, auk þess sem Þjóðhagsstofnunin miðar nú við verðlag og kauplag í desember.

Forsendur um magnbreytingar og veltustærða telur stofnunin að séu óbreyttar frá því sem er í frv., enda séu þær í aðalatriðum svipaðar og áður var upplýst. Þjóðhagsstofnunin er sem sagt að leggja síðustu hönd á spá sína sem varðar tekjubálk frv., og verður gerð grein fyrir endanlegri niðurstöðu þar um við 3. umr. málsins.

Ég mun þá víkja með nokkrum orðum að þeim brtt. sem fjvn. flytur á þskj. 169.

Kemur þar fyrst brtt. við Raunvísindastofnun háskólans þar sem laun hækka vegna sérfræðings í reiknistofu um 665 þús. kr. sem eru hálf laun sérfræðings, en tekjur lækka um 7 millj. kr., en það er vegna þess að tekjur voru upphaflega áætlaðar í frv. með tilliti til að keypt yrði ný tölva. Frá því var hins vegar horfið og af því leiðir umrædd tekjulækkun.

Við stofnun Arna Magnússonar eru tvær brtt. sem fela í sér að laun hækka um 500 þús. kr., en liðurinn gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um sömu upphæð. Er gert ráð fyrir að ráðinn verði að stofnuninni ljósmyndari, ungur maður sem numið hefur sérstaklega ljósmyndun handrita. Það er talið skylda íslendinga að geta látið fræðimönnum og vísindastofnunum í té ljósmyndir af handritum þeim sem við fáum frá Danmörku, að sjálfsögðu gegn hæfilegri þóknun. Slík þjónusta er nú veitt af sambærilegum stofnunum víðs vegar um heim.

Þá er næst brtt. við Rannsóknaráð ríkisins þar sem lagt er til að inn sé tekinn nýr liður: Ylræktarverkefni í Hveragerði að upphæð 3 millj. kr. Rannsóknaráð ríkisins gerði fyrir 2 árum frumathugun á hagkvæmni ylræktar í gróðurhúsasamstæðu með fyllstu nýtingu jarðhitans og raflýsingu. Slíkur atvinnurekstur virðist mjög álitlegur, og var því ákveðið að ráðast í sérstaka rannsókn á þeim þáttum sem óvissastir eru: hagkvæmni hámarkslýsingar og markaðsmálin. Leitað var til Sameinuðu þjóðanna um tækniaðstoð og fékkst aðstoð samtals að upphæð 8.1 millj. ísl. kr. Mótframlag Íslands var áætlað samtals 14 millj. 774 þús. kr., en þó var gert ráð fyrir að hægt mundi vera að komast af með minni upphæð. Það er með tilliti til þess að lagt er til að tekinn sé nú upp nýr liður í þessu skyni að upphæð 3 millj. kr.

Næst er brtt. við Byggingarsjóð rannsókna í þágu atvinnuveganna. Liðurinn hækkar um 3 millj. 862 þús. kr., en það er vegna vanáætlunar á vöxtum.

Til námsskrárgerðar á verknámsstigi hækkar fjárveiting um 3 millj. kr. og verður samtals 14 millj. 820 þús.

Til Tækniskóla Íslands hækkar gjaldfærður stofnkostnaður um 7½ millj. og verður þá samtals 36 millj. — Næst er till. n. varðandi iðnskóla, að liðnum gjaldfærðum stofnkostnaði, að upphæð 32 millj. og 300 þús. kr., verði skipt á milli hinna ýmsu iðnskóla í landinu samkv. yfirliti sem er á þskj. 169. — Til fiskvinnsluskóla hækkar liðurinn gjaldfærður stofnkostnaður um 2 millj. kr. og verður þá samtals 5.8 millj., en upphæð sú er sérstaklega ætluð til tækjakaupa fyrir skólann. — Lagt er til að liðurinn hússtjórnarskólar, gjaldfærður stofnkostnaður, sem er í frv. að upphæð 5.7 millj. kr., skiptist á milli tveggja hússtjórnarskóla, þannig að Laugarvatn fái 4.7 millj. og Laugar 1 millj. — Til Myndlista- og handíðaskólans hækkar fjárveiting um 500 þús. kr., verður samtals 1 millj. 327 þús. kr. og er sérstaklega ætluð til áhaldakaupa fyrir textildeild skólans sem mikil nauðsyn er á að endurbæta.

Þá er næst lagt til að liðurinn viðhald við sjómannaskólahúsið hækki um 6.4 millj. kr. og verði samtals að upphæð 14 millj. kr. Hér er mikið verk að vinna við að koma þessu stóra skólahúsi í viðunandi ástand, þar sem viðhald skólans hefur um of verið vanrækt á undanförnum árum. Með þessari upphæð ætti að vera unnt að taka fyrir vissan þátt í viðhaldi skólans.

Næst koma till. n. um skiptingu á fjárveitingu til héraðsskóla, samtals að upphæð 120 millj. 650 þús. kr., en það er óbreytt fjáupphæð frá því sem er í fjárlagafrv. Um skiptingu á milli hinna einstöku héraðsskóla vísast til þess sem fram kemur á þskj. 169.

Þá er næst lagt til að inn sé tekinn nýr liður, Skálholtsskóli, fjárveiting að upphæð 5 millj. kr., framlag vegna stofnkostnaðar skólans.

Næst eru till. um framlög til byggingar grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra. Er lagt til að heildarfjárveiting hækki um 3 millj. 72 þús. kr. og verður því samtals 1 milljarður 22 millj. 236 þús. kr. Um skiptingu milli einstakra framkvæmda vísast til þess sem fram kemur í yfirliti á þskj. 169.

Til Myndlistarskólans í Reykjavík er lagt til að fjárveiting hækki um 360 þús. kr. og verður þá samtals 1200 þús.

Næst eru till. um hækkun fjárveitinga til leiklistarstarfsemi. Lagt er til að styrkur til Leikfélags Reykjavíkur hækki um 800 þús. kr. og styrkur til hinnar almennu leiklistarstarfsemi hækki um 1 millj. kr. og hluti Leikfélags Akureyrar úr þeirri upphæð verði hlutfallslega hinn sami og var af þessum fjárlagalið á yfirstandandi ári.

Til Tónlistarskóla Garðakaupstaðar er till. um 500 þús. kr. byggingarstyrk.

Þá er næst till. um hækkun fjárveitinga til Íþróttasjóðs vegna rekstrarstyrkja að upphæð 1 millj. 950 þús. kr., og til byggingar íþróttamannvirkja hækkar liðurinn um 292 þús. kr. Verða því gjöld samtals vegna þessa 94 millj. 842 þús. kr. Um skiptingu milli einstakra framkvæmda og styrkveitinga vísast til þess sem fram kemur á þskj. 169.

Þá kemur liður um æskulýðsmál. Lagt er til að fjárveitingar til Æskulýðsráðs lækki um 400 þús. kr., en inn komi nýr liður með sömu upphæð til Æskulýðssambands Íslands. Er þessi breyting gerð að höfðu samráði við báða aðila sem óskuðu eftir þeirri breytingu sem hér er lagt til að gerð verði. — Til Ólympíunefndar hækkar fjárveiting um 1 millj. og verður samtals 2½ millj. kr.

Til sumarnámskeiða í Leirárskóla hækkar fjárveiting um 500 þús. — Til Sædýrasafnsins í Hafnarfriði vegna stofnkostnaðar er till. um 400 þús. kr. hækkun, þannig að fjárveiting verður þá samtals til stofnkostnaðar Sædýrasafnsins 2 millj. kr.

Þá er lagt til að fjárveiting til Rannsókna-

stofnunar landbúnaðarins hækki um 1 millj., en það er vegna verðtryggingar landgræðsluáætlunar. — Fjárveiting til Skógræktra ríkisins hækkar af sömu ástæðum um 7 millj. og 300 þús. kr. — Til Landgræðslu ríkisins hækkar framlag um 15 millj. og 900 þús. kr. sem greinist þannig að liðurinn rekstrargjöld hækkar um 2½ millj. og gjaldfærður stofnkostnaður um 13 millj. og 400 þús. kr., þar af vegna verðtryggingarákvæða landgræðslu- og gróðurverndaráætlunar um 10 millj. og 900 þús. kr. — Til Landnáms ríkisins er lagt til að liðurinn til byggingar íbúðarhúsa hækki um 3 millj. kr. Hér er talið að sé um verulegan skuldahala að ræða, miðað við þær reglur sem landnámsstjórnin hefur sett.

Við embætti dýralæknis er lagt til að inn sé tekinn nýr liður um dýralæknabústaði, viðhald að upphæð 2 millj. kr.

Þá er á þskj. 169 till. fjvn. um skiptingu á fé til fyrirhleðslna, samtals að upphæð 23 millj. 944 þús. kr. Um skiptingu á milli einstakra verkefna vísast til þess sem fram kemur á þskj. Hér er um óbreytta heildarupphæð að ræða. Sama máli gegnir um skiptingu á fé til landþurrkunar.

Þá er lagt til að liðurinn Jarðræktar- og húsagerðasamþykktir hækki um 675 þús. kr. — Lagt er til að inn sé tekinn nýr liður til heykökuverksmiðju á Svalbarðsströnd, að upphæð 650 þús. kr.

Til Bændaskólans á Hvanneyri hækkar fjárveiting um 3 millj. vegna byggingar skólastjóraíbúðar. — Þá er till. um að launaliður við Bændaskólann á Hólum hækki um 1 millj. og 20 þús. kr. Er það vegna ráðningar á einum nýjum kennara sem skólinn á rétt á samkv. lögum.

Lagt er til að inn sé tekinn nýr liður til sjóvinnunámskeiða, að upphæð 2.5 millj. kr. Á undanförnum árum hefur á vegum Fiskifélags Íslands verið efnt til sjóvinnunámskeiða úti um land, en nú er hins vegar gert ráð fyrir að sjóvinnukennsla verði í ríkari mæli tekin upp í gagnfræðaskólakerfinu. Samt sem áður eru ný lög um Sjóvinnuskóla Íslands frá 23. maí 1975, þar sem heimilt er að stofna farskóla í sjómennsku, og skal menntmrn. setja reglugerð um námskeið og kennslutíma, en Fiskifélag Íslands annast rekstur skólans. Er talið nauðsynlegt að þessu sinni að verja þeirri fjárupphæð, sem hér um ræðir, til þessa námskeiðahalds.

Þá er brtt. um að liðurinn önnur rekstrargjöld á skrifstofu Rannsóknastofnana atvinnuveganna hækki um 1 millj. 929 þús. kr., en þar er um augljósa vanáætlun að ræða.

Vegna fangelsis í Síðumúla er lagt til að liðurinn önnur rekstrargjöld hækki um 1 millj. sem einnig er vegna vanáætlunar.

Næst er brtt. um hækkun fjárveitingar til Bifreiðaeftirlits ríkisins. Það er liðurinn önnur rekstrargjöld, að þau hækki um 3.6 millj. kr. Er það vegna hækkunar á kostnaði við húsnæði, ljós og hita, en stofnun þessi hefur nú tekið á leigu allstórt húsnæði að Bíldshöfða 8 hér í bæ.

Þá er lagt til að styrkur til Slysavarnafélags Íslands hækki um 1 millj. kr., en það er vegna aukins kostnaðar við tilkynningarskyldu fiskiskipa.

Þá er næst till. n. um skiptingu á fjárveitingum til byggingar sjúkrahúsa, sjúkraskýla, læknamiðstöðva, læknisbústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa, samtals að upphæð 795 millj. 625 þús. kr. Skal vísað til þess er fram kemur á þskj. 169 um skiptingu fjárveitinga á milli einstakra framkvæmda. Í þessari upphæð er liðurinn elliheimili að upphæð 50 millj. 790 þús. kr. En ákvörðun um, hvernig farið verður með þann lið, bíður 3. umr., eins og ég hef áður að vikið.

Þessu næst eru till. nefndarinnar um styrktarfé, ýmis eftirlaun, embættismenn. Vísast um það til þess sem fram kemur á þskj. 169 um þá, sem falla niður af styrktarfjárskrá, og hina, sem við bætast.

Til hafnarmála leggur n. til að liðurinn hafnarmannvirki og lendingarbætur verði 675 millj. kr. og skiptist sú upphæð til einstakra hafnarmannvirkja eins og fram kemur á sérstökum lista á þskj. 169. Hér er um 9.6 millj. kr. lægri upphæð að ræða en er í frv., en við 3. umr. er gert ráð fyrir að fjárveitingar til ferjubryggna verði afgreiddar og mun þá þessi upphæð væntanlega verða fullnýtt.

Liðurinn flugmálastjórn hækkar í A-hluta fjárlagafrv. um 5 millj. 139 þús. kr. og verður þá 621 millj. 268 þús. kr. samtals. Í B-hluta frv. hækkar hins vegar liðurinn alþjóðlegt flugsamstarf um 15 millj. 139 þús. kr. Og liðurinn seldar vörur og þjónusta hækkar þar á móti um 10 millj. kr. Þegar gengið var frá fjárlagafrv. lágu ekki fyrir endanlegar tölur um greiðsluskyldu íslendinga hjá Alþjóðaflugmálastofnuninni. Var þá byggt á bráðabirgðaáætlun, en endanlegar tölur liggja nú fyrir. Það er með tilliti til þessa sem talið er nauðsynlegt að gera þá breytingu sem hér er lagt til.

Þá er næst brtt. sem felur í sér 280 þús. kr. fjárveitingu til rekstrar athugunarstöðvar á Rjúpnahæð í Reykjavík til að fylgjast með brennisteins- og sýrumagni í lofti og úrkomu. Gert er ráð fyrir að þessi rannsókn fari fram á vegum Veðurstofunnar. Hér er ekki um nýja starfsemi eða rannsókn að ræða frá byrjun, þar sem slík rannsókn hefur átt sér stað undanfarin 3 ár og er talin þar með komin af byrjunarstigi, en undir þeim kostnaði hefur Rannsóknaráð ríkisins staðið. Það sér sér hins vegar ekki fært að standa undir þessum kostnaði lengur. Er því talið rétt að verða við þeirri beiðni sem hér er farið fram á.

Þessu næst leggur fjvn. til að orðalagsbreyting eigi sér stað, að liðurinn 11 207 verði til þjálfunar og eftirmenntunar í rafiðnaði. Svo sem kunnugt er er fjárlagaliður með þessu sama nafni í fjárlögum yfirstandandi árs að upphæð 3.5 millj. kr. Þeirri fjárveitingu hefur verið ráðstafað til námskeiðahalds víðs vegar um landið, en námskeið þessi eru árangur af samstarfi rafiðnaðarmanna í Danmörku, byggð á rannósknum og reynslu aðila vinnumarkaðarins. Alls hafa verið haldin hér á landi 14 námskeið sem rúmlega 190 manns hafa sótt, en til viðbótar er búið að ákveða 4 námskeið: á Akureyri, Selfossi, Keflavík og Reykjavík, þannig að heildartala

þátttakenda verður um 240 manns. Þessi eftirmenntun rafiðnaðarmanna verður að teljast mjög nausðynleg og þá sérstaklega með tilliti til nauðsynlegrar þjónustu við fiskiskipaflotann í sambandi við hina margbrotnu siglinga- og fiskleitartæki sem sjávarútvegurinn hefur tekið í þjónustu sína.

Þá er næst till. um að framlag til Iðnlánasjóðs hækki um 2.5 millj. og sömuleiðis lagt til að framlag til Iðnrekstrarsjóðs hækki um sömu upphæð, þannig að heildarfjárveiting til sjóðanna verði þá 50 millj. kr. til hvors.

Til kaupa á hlutafé í Iðnaðarbanka Íslands er lagt til að fjárveiting hækki um 800 þús. kr., en það er til þess að ríkissjóður kaupi sinn hluta af hlutafjáraukningu bankans.

Næst er brtt. n. um að inn verði tekinn nýr liður: hagræðingarverkefni skipasmíðastöðva, að upphæð 6 millj. kr. Hér er um að ræða framhald tækniaðstoðar sem hófst í okt. 1974 og miðar að því að auka samkeppnishæfni skipasmíðaiðnaðarins með nýjum vinnuaðferðum. Talið er að nú þegar hafi náðst verulegur árangur í þessum efnum og að náðst hafi allt að 15—20% framleiðniaukning við byggingu skipsskrokka með nýjum vinnuaðferðum. Þá er einnig gert ráð fyrir því, að í þessu sambandi fari fram sérstök athugun á því hvernig gera megi skipaviðgerðarstöðvar hér á landi betur undir það búnar að sinna viðgerðarverkefnum fyrir togaraflota landsmanna sem vaxið hefur verulega á undanförnum árum, svo sem öllum er kunnugt.

Næst er lagt til að inn sé tekinn nýr liður undir nafninu iðnkynning, að upphæð 2.5 millj. kr.

Að lokum leggur n. til að fjárveiting til Hagstofu Íslands, undir liðnum Þjóðskráin, laun, hækki um 250 þús. kr., en þar er talið að hafi verið um vanáætlun að ræða.

Herra forseti. Ég hef nú lokið máli mínu og greint frá þeim brtt. sem fjvn. leggur fram við þessa umr. málsins. Verði þessar brtt. samþ. hækkar gjaldabálkur fjárlagafrv. um 105 millj. 203 þús. kr.

Frsm. minni hl. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns færa samnefndarmönnum mínum í fjvn. bestu þakkir fyrir ánægjuleg persónuleg samskipti og þá sérstaklega formanni n. sem eins og jafnan fyrr hefur sýnt okkur minnihlutamönnum heilindi og drengskap í samskiptum.

Þótt ég hafi ýmislegt við nefndarstörfin að athuga og framgang mála, þá er hér við hina ágætustu menn að eiga. Í fyrra kom þing ekki saman fyrr en í lok októbers, og ég gat þess við lok 2. umr. þá að ég teldi einsýnt enda þótt þing kæmi saman á venjulegum tíma, í kringum 10. okt., þá þyrfti fjvn. að hefja störf varðandi einstök atriði fjárlagafrv. ekki síðar en um einum mánuði áður en þing hæfist. Með því að ljúka fyrir þing viðtölum við forsvarsmenn ríkisstofnana og jafnvel sveitarstjórnarmenn ætti að vera unnt eftir að þing kæmi saman að fá meiri tíma til þess að n. gæti raunverulega rætt innbyrðis einstakar umsóknir og beiðnir. Þá væri hægt að gefa sér meiri tíma til ákvarðanatöku.

Í fyrra, þegar Alþ. hóf störf þremur vikum síðar en venjulega, var viðhöfð þessi tilhögun um störf nefndarinnar, undirnefnd vann þá í nokkurn tíma. Án efa bjargaði sú tilhögun miklu, þótt á skorti að tíminn eftir að þing kom saman væri nógu vel notaður. Sú vannýting á tíma svo og skortur á skipulagningu starfa olli þá ringulreið í störfum n. og allar afgreiðslur fóru fram í írafári og óðagoti í lokin. Ég held að eftir þá niðurstöðu hafi flestum verið ljóst að á þessu hausti yrði að standa þannig að málum að láta undirnefnd hefja móttökur helst mánuði áður en þing hæfist, á þeim tíma geta einstakir liðir fjárlagafrv. legið fyrir, og jafnframt þyrfti að skipuleggja starfið á þingtímanum betur en áður.

Niðurstaðan nú varð sú að störf undirnefndar varðandi sjálft fjárlagafrv. hófust ekki fyrr en einni viku áður en þing var sett, svo að að því var takmarkað gagn, og það sem þó var verra og afdrifaríkara, tíminn eftir að þing hófst hefur verið síst betur notaður en í fyrra.

Þegar 2. umr. um fjárlagafrv. dróst í fyrra til 16. des. og afgreiðsla lenti í nær algjörri ringulreið, þá mátti bera því við að þing kom þá saman nær þrem vikum síðar en venjulegt var. En nú þegar 2. umr. fjárlaga fer fram sama mánaðardag og í fyrra, sem er hinn allra síðasti dagur til 2. umr. sem getur komið til greina ef afgreiðsla fjárlaga á að fara fram fyrir jól, þá er engu líku til að dreifa. Hér má því um kenna að undirnefnd var ekki látin hefja störf svo fljótt sem afgreiðsla núverandi stjórnarflokka á fjárlagafrv. nú og í fyrra hefur rækilega sýnt að er þeim algjörlega óhjákvæmilegt ef ekki á að lenda í vandræðum með afgreiðsluna. Og þá má einnig því um kenna, að nú eins og í fyrra hefur tíminn eftir að þing hófst ekki verið notaður sem skyldi. Held ég þó að ég geti fullyrt að ekki hafi staðið á fulltrúum stjórnarandstöðunnar að gera sitt til þess að reyna að tryggja sem eðlilegastan framgang málsins. Við höfum engan áhuga á að þæfa mál eða tefja á neinu hátt. Það er eins og jafnan fyrr, ég þekki ekki annað í 12 ára störfum í fjvn. en að minni hluti, hverjir sem skipa hann hverju sinni, hafi jafnan fullan hug á því að n. í heild skili af sér störfum á sem greiðastan hátt. En meiri hl. hlýtur jafnan að ráða ferðinni.

Það er okkur í minni hl. síður en svo fagnaðarefni þegar menn vakna upp við það í n. að tíminn er liðinn án þess að málefnin hafi verið raunverulega rædd innbyrðis, og þá er ekki um annað að gera en að rusla afgreiðslum af á algjörum handahlaupum. Það að 2. umr. fer fram í dag kemur því ekki til af því að störf nefndarinnar séu raunverulega komin á það stig, að 2. umr. geti með góðu móti farið fram nú, heldur blasir sú staðreynd skýrust við og fyrir henni verður að beygja sig, að dagurinn í dag er sá síðasti sem kemur til greina ef ljúka á afgreiðslu fyrir jól. N. hefur hrakist upp að vegg og ekki um annað að gera en tína út þau erindi sem meiri hl. vill afgreiða, en láta hin liggja, lítt eða flest alls ekki skoðuð eða rædd. Er þó svo seint að verið, miðað við að þingi eigi að fresta 19. des., að einungis 2 starfsdagar verða fyrir nefndina milli 2. og 3. umr., og það er áreiðan-

lega algjört einsdæmi í sögu Alþ. Sök sér væri þetta ef málin hefðu að mestu verið afgr. við 2. umr. og lítið biði 3. umr., en því er nú ekki að heilsa, síður en svo. Að jafnaði hafa verið 5—6 starfsdagar milli 2. og 3. umr. og þá tíðum lokið afgreiðslu við 2. umr. í miklu ríkara mæli en nú.

Ég held að hv. þm. hljóti að vera ljóst að svona getur afgreiðsla fjárlaga ekki gengið til og þau vinnubrögð, sem viðhöfð voru í fyrra, má ekki gera að reglu, eins og afgreiðslumátinn nú bendir til þess að hætta sé á. Mestöllum tíma n. hefur verið varið til þess að hlýða á fulltrúa ríkisstofnana, sveitarstjórna og hinna margvíslegustu samtaka, en í þeim viðtölum er venjan sú, fyrr og nú, að fjvn.-menn skiptast ekki á skoðunum um erindin, heldur hlusta á skýringar þeirra sem koma til n., spyrja sjálfir, en svara engu um afgreiðslu beiðnanna á því stigi. Eins og ég hef margoft bent á, gætu þessi viðtöl flest farið fram áður en þing kemur saman og n. notað þeim mun meiri tíma — eða réttara sagt einhvern tíma til skoðanaskipta um erindi og um ýmsa þætti fjárlagaafgreiðslunnar. Í þessi viðtöl hefur mestur tíminn farið eftir að þing hófst og sá tími þó reynst til lítils notaður, því að ljóst er að meiri hl. n. hefur frá upphafi verið staðráðinn í því að hafa svo til öll þessi erindi að engu. En tíminn hefur liðið og veigamestu málin verið lítt eða ekki rædd og verða að bíða þeirra tveggja starfsdaga sem n. hefur milli 2. og 3. umr. og þó samhliða öðrum þingstörfum. Eg nefni t. d. tekjuáætlun frv. sem hefur að vísu aðeins verið sýnd. Lánsfjáráætlunin, þar með talin málefni Rafmagnsveitna ríkisins, hefur enn ekki séð dagsins ljós 16. des. Ég nefni einnig málefni Pósts og síma, fjárfestingar í flugmálum, málefni Lánasjóðs námsmanna, jöfnun námskostnaðar eftir búsetu. Og þá má nefna hugmyndir um breytingar á verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, málefni ríkisspítalanna, en fyrir liggja beiðnir um starfsmannaaukningu, m. a. við *nýjar deildir, og beiðnir um bráðnauðsynleg* tækjakaup. Ekkert af þessu hefur verið rætt innan n. Og enn má nefna að samkv. fyrirhuguðum fjárveitingum í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að stöðva með öllu framkvæmdir við byggingu geðdeildar við Landsspítalann, en það vandamál hefur enga afgreiðslu hlotið. Um öll þessi mál og mikinn fjölda erinda frá ríkisstofnunum, sveitarfélögum og félagasamtökum og einstaklingum á fjvn. eftir að fjalla og taka ákvarðanir um á tveim dögum. Á þessum síðustu dögum þingsins rignir svo lagafrv., en allur tíminn frá 10. okt. hefur liðið án þess að bólað hafi á þessum málum. Þau koma nú fyrst þegar afgreiðsla fjárlaga er komin í eindaga.

Frv., sem hefðu átt að *fylgja fjárlagafrv.*, frv. um lagabreytingar sem gengið er út frá í fjárlagafrv., eru að koma fram allra síðustu dagana, þótt í þeim séu engar þær upplýsingar sem gátu ekki legið fyrir þegar við upphaf þinghalds. Ég nefni sem dæmi frv. um heimild til skerðingar lögbundinna framlaga ríkissjóðs. Í frv. felst engin upptalning þeirra sjóða eða aðila sem skerðingin getur tekið til eða áætluð heildarupphæð sem felst í 5% niðurskurði framlaga ríkissjóðs. Þetta frv. hefði þess vegna getað fylgt fjárlagafrv., en í grg. þess felst ekkert annað en tilvísun í grg. fjárlagafrv. Í fjárlagafrv. er á hinn bóginn vísað til þessa væntanlega frv.

Þessi vinnubrögð eru óvirðing við Alþ. og *þeim til háðungar sem að þeim standa.* Sama er að segja um frv. um heimild til lánsfjáröflunar. Í grg. þess felast engar upplýsingar, og fyrir fjvn. hafa 16. des. engar upplýsingar verið lagðar fram um þennan veigamikla þátt fjárlagaafgreiðslunnar. Ég hef nú verið æðilengi í fjvn. og man vissulega mörg dæmi þess að fjárlagaafgreiðsla hafi ekki farið fram með þeim hætti sem menn hefðu kosið, oft séð hann æðisvartan í þeim efnum, einkum þegar svo hefur staðið á að gripið hefur verið til gengislækkunar eða annarra stóraðgerða í efnahagsmálum þegar fjvn. hefur verið í miðjum klíðum við afgreiðslu fjárlagafrv. En ég held að ég muni naumast eftir slíkri tímaþröng við afgreiðslu og nú og annarri eins málamyndaafgreiðslu, og er þó ekkert sérstakt sem hefur komið upp í störfum n. síðan hún hóf störf sem beinlínis hefði þurft að tefja þau, svo sem eins og efnahagsráðstafanir sem stórraska öllu sem unnið hefur verið að við fjárlagaafgreiðsluna. Það var helst í fyrra að lokaspretturinn var eitthvað í líkingu við þau vinnubrögð sem *eru viðhöfð núna, og þó held ég að* keyri um þverbak að þessu sinni.

Það er margt með eindæmum nú. Það hefur t. d. verið venja að í upphafi starfs fjvn. hefur verið aflað þeirra erinda úr ráðuneytum sem þangað hafa borist tímanlega fyrir gerð fjárlaga, en ekki fengið inni í frv. Þessi erindi hafa jafnan verið lesin og kynnt fjvn. Að þessu sinni var bunkinn lagður fyrir nefndina 12. des., rúmum tveimur mánuðum eftir að þing kom saman, og þá greint í örfáum orðum frá því hvað um væri beðið. Öll fyrirhöfn þessara aðila til að skýra sitt mál og færa fyrir því rök er til einskis gagnvart fjvn. Þessi erindi koma ekki á borð n. fyrr en tímahrakið er orðið slíkt að enginn tími gefst til þess að líta á þessi mál og kynna sér rökstuðning með þeim. Með þessum vinnubrögðum er að sjálfsögðu verið að óvirða bæði fjvn.-menn og viðkomandi aðila. En þessir aðilar, sem hafa borið fram sín mál við viðkomandi rn. í tíma, í vor eða í sumar, eiga að sjálfsögðu rétt á því að fái umsóknir þeirra ekki úrlausn við gerð fjárlagafrv. komi erindi þeirra á borð fjvn-manna til skoðunar a. m. k. til jafns við erindi þeirra sem ekki láta í sér heyra fyrr en eftir og stundum löngu eftir að fjvn. hefur hafið störf.

Ég nefndi við 2. umr. í fyrra að samskipti fjvn. og fjárlaga- og hagsýslustofnunar hefðu verið minni þá en jafnan áður. Líka að þessu leyti hefur sótt í hið lakara horfið í vinnubrögðum við afgreiðslu fjárlaga. Þeir starfshættir að fulltrúi fjárlaga- og hagsýslustofnunar sitji fundi í n. eru nú nánast úr sögunni. Það, sem var regla, er nú nánast undantekning, og tel ég það mjög miður, því að allt frá því að þessi stofnun var sett á laggirnar hafa fjvn.-menn metið mikils að hafa fulltrúa frá henni viðstaddan á fundum n. til upplýsinga og til aðstoðar við gagnaöflun. Nú virðist ætlun þeirra, sem ráða í fjmrn. og störfum fjvn., að halda þannig á málum að starf-

semi fjárlaga- og hagsýslustofnunar verði nær alfarið tengd störfum meiri hl. fjvn. Það tel ég miður farið, en þannig hefur þróunin verið nú hin síðustu tvö haust. Ef til vill stafar þessi þróun af því að áður var fjvn. að jafnaði raunverulega til viðtals við aðila, sem á fund hennar leituðu, um að endurskoða einstaka liði frv. ef um leiðréttingu var að ræða eða óhjákvæmilega þörf. Þá var talið nauðsynlegt að fulltrúi fjárlaga- og hagsýslustofnunar, sem hafði unnið að ákvörðunum um upphæðir einstakra liða, væri við til að gefa upplýsingar bæði n. og þeim sem á fund hennar komu. Það, að fulltrúi frá fjárlaga- og hagsýslustofnun hefur að þessu sinni ekki setið fundi n. nema í algjörum undantekningartilfellum, helgast sjálfsagt af því að meiri hl. hefur nú verið fyrir fram ráðinn í að ansa í engu óskum þeirra sem til n. hafa komið og því verið talinn bein tímasóun hjá fulltrúa fjárlaga- og hagsýslustofnunar að sitja fundinn. En fyrst þetta virðist hafa verið fyrir fram ráðið, eins og afgreiðsla frv. ber með sér, voru þá þessi viðtöl ekki jafnmikil tímasóun fyrir viðkomandi aðila og einnig fyrir n. sjálfa? Það er ekki laust við að ýmsum kunni að finnast það, þegar í ljós kemur hvernig þessum erindum er sinnt og á hinn bóginn hversu fáránlega litill tími er skilinn eftir til að fjalla um og afgreiða öll stærstu málefnin. Í mörgum mjög veigamiklum málum hafa komið fram beiðnir sem óhjákvæmilegt er að fjalla ræki lega um. Þar nefni ég málefni ríkisspítalanna, Lánasjóð ísl. námsmanna, jöfnun námskostnaðar, námsskrárgerð verknáms, en um þau mál og önnur, sem alls ekki hljóta afgreiðslu nú við 2. umr., mun ég ekki fjalla nú þar sem ekki er sýnt hvern framgang þau fá í fjvn.

Ég get ekki verið að ergja sjálfan mig og aðra á því að fjalla frekar um þá vankanta sem hafa verið á störfum n. í sambandi við afgreiðslu fjárlagafrv. En ég vænti þess fastlega að það óefni, sem nú er öllum augljóst að fjárlagaafgreiðslan er komin í, verði til þess að menn sjái að svo geti ekki lengur gengið til. Úr þessu verður að bæta við næstu fjárlagaafgreiðslu, um það ættu allir aðilar að geta verið sammála. Það er sama hverjir fara með stjórn og hverjir eru í stjórnarandstöðu hverju sinni, öllum ætti að vera kappsmál að störfin gangi sem greiðast og fari fram með þeim hætti að allir geti við unað, jafnt alþingismenn sem þeir aðilar sem leita með erindi sín til fjvn. vegna afgreiðslu fjárlaga. Að sjálfsögðu geta þeir aðilar ekki vænst þess að ætíð sé unnt að afgreiða erindi þeirra á þann veg sem þeir helst kysu. En hver og einn slíkur aðili, sem ber fram erindi sitt í tíma, á rétt á því að mál hans nái til hvers fjvn.-manns og hljóti eðlilega skoðun og afgreiðslu í nefndinni.

Ég sagði áðan að ringulreið hefði ríkt við afgreiðslu fyrstu fjárlaga hæstv. ríkisstj. Það var þó enn lakara hversu fjarri öllum raunveruleika þau fjárlög voru sem þá voru samþ. og hversu afgreiðsla þeirra kallaði á þær ráðstafanir í efnahagsmálum sem kynntu svo rækilega undir verðlagshækkunum í landinu að á sama tíma og verulega dró úr verðhækkunum erlendis jókst verðbólga hér um fjórðung.

Það liggur fyrir að reikningsleg skekkja um 1200 millj. kr., sem var eitt dæmið um óvandaðan undirbúning að afgreiðslu fjárlaga í fyrra, olli því að fjárlög voru í reynd afgreidd með beinum reikningslegum halla sem nam um 1100 millj. kr. Og vegna ofáætlunar á tekjum og vegna hreinnar verðbólgurækturnar ríkisstj. verður greiðsluhallinn í lok þessa árs líklega orðinn nær 4000 millj. kr. I ljósi þessara staðreynda er hálfgerður holur hljómur í hátíðlegri yfirlýsingu hv. meiri hl. fjvn. í nál. um þá fjárlagaafgreiðslu fyrir árið 1975, en þar sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Meiri hluti fjvn. vill hins vegar taka skýrt fram að hann telur með öllu óverjandi að afgreiða fjárlög með greiðsluhalla.“

Sá greiðsluhalli nam samt á annan milljarð króna við afgreiðslu núgildandi fjárlaga.

Það kom fljótt í ljós, eins og ég rakti við 1. umr. um fjárlagafrv., að til þess að mæta risahækkunum á rekstrarliðum, m. a. 82.6% hækkun á liðnum öðrum rekstrargjöldum, hafði tekjuáætlunin verið þanin út fyrir allt raunsæi og óskhyggjan ein látin ráða. Ég benti á það við umr. um fjárlagafrv. í fyrra, að á svo tæpt vað væri teflt við afgreiðslu tekjuáætlunar að ríkisstj. hefði gefið sér forsendur sem væru í algjörri mótsögn við stefnu hennar á öðrum sviðum. Ráðstafanir, sem yllu kjaraskerðingu hjá öllum almenningi, gætu ekki leitt til þess að unnt væri að reikna með því neyslumagni sem miðað var við við áætlun tekjuhliðar sem byggðist að langmestu leyti á neysluskattum. T. d. má geta þess, að til þess að geta reiknað með nægum tekjum til að standa undir útþenslu rekstrarliða var við það miðað að fluttar yrðu inn 70% fleiri bifreiðar en raunin verður á nú í ár. En hugmyndir ríkisstjórnarflokkanna um þessi fyrstu fjárlög þegar fjárlagafrv. var lagt fram og um raungildi þeirra og áhrif á þróun ríkisfjármála voru heldur betur í ósamræmi við þann veruleika sem síðar birtist. Óraunsæið var svo algjört að hæstv. forsrh. lýsti á þennan hátt í stefnuræðu 5. nóv. 1974, til hvers það fjárlagafrv. mundi leiða um jákvæða þróun í ríkisfjármálum — hann sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Enda þótt ekki hafi tekist að marka djúp spor í fjármálastefnu ríkisins á þeim skamma tíma, sem gefist hefur til að móta fjárlagafrv., fellur það engu að síður inn í heildarramma efnahagsaðgerða ríkisstj. og mun stuðla að auknu efnahagsjafnvægi. Vinna gegn útþenslu ríkisbúskaparins og aðhaldssemi í opinberum framkvæmdum mun styrkja fjárhagsstöðu ríkissjóðs. Í frv. er gert ráð fyrir að 250 millj. kr. af yfirdráttarskuld ríkissjóðs í Seðlabankanum verði greiddar á árinu 1975, en áætlað er að skuldin nemi 1000 millj. kr. nú um áramótin. Enn fremur er gert ráð fyrir 500 millj. kr. endurgreiðslu úr ríkissjóði vegna fyrstu spariskírteinanna sem útgefin voru 1964. Þessar greiðslur létta bæði skuldabyrðir ríkissjóðs og spyrna öfluglega gegn efnahagsþenslunni.“

Þegar þessi orð eru skoðuð í ljósi þeirrar reynslu sem nú liggur fyrir í árslok, greiðsluhalli ríkissjóðs um 4000 millj. kr. og skuldasöfnun meiri en nokkru sinni hefur áður þekkst, þá getur spurningin ekki verið nema um það eitt,

hvort þessi orð voru mælt af algjörum barnaskap og fullkomnu óraunsæi eða í blekkingarskyni.

Það var ekki langt liðið á árið þegar spilaborg fjárlagaafgreiðslunnar var hrunin og byrjað var að fálma eftir nýjum og nýjum úrræðum allt árið á enda. Og kom þó allt fyrir ekki, þar sem hæstv. fjmrh. stendur ekki upp úr skuldasúpunni í árslok.

Þegar horfst var í augu við það að innflutningsmagn og innflutningsneysla hafði verið stórlega ofreiknuð var gripið til aðgerða í því skyni að láta hverja einingu seldra vara skila meiru í ríkissjóð. Gengið var fellt 15. febr., verð áfengis og tóbaks hækkað og innflutningsgjald af bifreiðum hækkað. En enn hafði verið vanreiknað og heimild var gefin út með sérstökum lögum til þess að skera niður útgjöld ríkissjóðs. Þrátt fyrir hátíðleg loforð stjórnarsinna, þ. á m. hæstv. forsrh., um að rekstrarútgjöld yrðu skorin niður að krónutölu ekki síður en framkvæmdaliðir varð raunin sú, að nær eingöngu var um að ræða niðurskurð brýnustu verklegra framkvæmda og framlaga til sjóða. Lagt var á flugvallargjald og lántökuheimildir stórhækkaðar. Enn var vanreiknað. Og í júní var áfengis- og tóbaksverð hækkað að nýju og nú um 30% og hafði þá hækkað um 50—60% á fjórum mánuðum. Ekki dugði þetta. Enn var hæstv. fjmrh. að sökkva í skuldafenið og enn var fálmað eftir nýjum bjarghring, og 16. júlí var tekjuskattslækkun, sem samið hafði verið um við verkalýðshreyfinguna, hirt aftur og meira en það með álagningu sérstaks 12% vörugjalds sem átti að færa ríkissjóði 1850 millj. kr. það sem eftir lifði ársins og jafna alla reikninga, svo að ríkissjóður stæði á sléttu um áramót. En enn hafði hæstv. fjmrh. brugðist bogalistin, það vantaði mikið á að þetta stæðist. Þrátt fyrir 2000 millj. kr. niðurskurð, fyrst og fremst á framkvæmdaliðum, má reikna með mjög verulegum greiðsluhalla eða jafnvel allt að 4 milljörðum kr.

Í fjárlagafrv. fyrir árið 1976, sem lagt var fram í okt., er á bls. 164 gert ráð fyrir að greiðsluhallinn muni á þessu ári nema um 770 millj. kr. Nú er ljóst, þremur mánuðum síðar, að hann verði um 5 sinnum hærri. Hafa ytri aðstæður þó fremur verið að batna á þessu tímabili síðan fjárlagafrv. var lagt fram. Þetta misræmi ásamt fjárlagaafgreiðslunni í fyrra og öllum þeim fálmkenndu ráðstöfunum, sem fylgdu í kjölfarið mánuð eftir mánuð, án meiri árangurs en reynslan ber vitni um, allt þetta staðfestir þá ríkjandi skoðun almennings, að þeim, sem beri ábyrgð á fjármálum ríkisins, virðist með öllu fyrirmunað að grynna nokkuð á því sem þeir eiga að fjalla um. Það er ekki að undra að í ritinu Úr þjóðarbúskapnum frá 28. nóv. s. l. segi á bls. 7, með leyfi hæstv. forseta:

„Útgjöld ríkissjóðs hafa þannig til þessa aukist meira en tekjur, gagnstætt því sem að var stefnt í fjárlögum og fjárlagaaðgerðum ársins."

Já, það er ekki heldur að undra að hæstv. viðskrh., sem Morgunblaðið titlar nú orðið forsrh., — hann er það sjálfsagt í huga margra ánægðra sjálfstæðismanna, segði í ræðu 1. okt. s. l., með leyfi hæstv. forseta, og mæðutónninn heyrist í gegnum orðin sem standa á síðum Morgunblaðsins og Tímans sem birtu ræðuna, — hæstv. viðskrh. sagði:

„Hræddur er ég um, að umtalsverður halli verði á ríkissjóði í ár."

Ég veit ekki hvort hæstv. viðskrh. — ég læt þann titil duga — hefur hér haft í huga þann 770 millj. kr. halla sem spáð var í fjárlagafrv. sem birt var 10 dögum eftir að hann hélt ræðuna eða hvort hann hefur verið eitthvað raunsærri og upplýstari um stöðuna en hæstv. fjmrh. Hæstv. viðskrh. ræddi verðbólguna og benti á að hún yrði 48% hér á landi á þessu ári, á sama tíma í Sviss og Austurríki 8%, í Svíþjóð 11%, í Noregi 12%, í Finnlandi 18% og jafnvel í Portúgal ekki nema 20%. Og síðan sagði hæstv. viðskrh., með leyfi hæstv. forseta.

„Þótt við íslendingar séum háðari innflutningi en þessar þjóðir, sýna þessar tölur að þessi þróun hjá okkur á aðeins að takmörkuðu leyti rætur að rekja til hækkunar á innflutningsverði. Þess vegna er hér að verulegu leyti um að ræða innlendar orsakir."

Og í þessari ræðu benti hæstv. viðskrh. á sökudólginn í verðbólgumálunum, þann aðilann sem hann taldi fyrst og fremst bera ábyrgð á mestu óðaverðbólgu, sem þekkst hefur hér á landi, á þeim tíma þegar verðlag lækkaði erlendis. Hann benti á hæstv. fjmrh. og sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Þessi staða ríkissjóðs hefur átt sinn þátt í verðþenslunni. Ríkisfjármálin og málefni fjárfestingarlánasjóða eru undirrót of mikillar þenslu og eyðslu."

Ég ætla ekki að þessu sinni að slást í hóp með hæstv. viðskrh. og álasa hæstv. fjmrh. frekar með því að reka hrakfallasöguna í fjármálum ríkisins, algjörlega mislukkaða fjárlagaáætlun, stórfelldan greiðsluhalla og skuldasöfnun hérlendis og erlendis undir hans stjórn. Það er víst nógu stór hluti landsmanna, sem það gerir. En það getur orðið hæstv. ráðh. til huggunar að þetta er reyndar ekki ýkjafjölmenn þjóð. Afgreiðsla fjárlaga í fyrra, hin gegndarlausa útþensla rekstrarliðanna, margþættar verðbólguaukandi ráðstafanir, svo sem gengislækkanir, vaxtahækkanir, söluskattshækkanir, álagning vörugjalds, — afleiðingarnar af öllu þessu eru nú að herða alvarlega að við gerð fjárlaga og takmarka svigrúm til fjárveitinga innan marka þeirra laga um skattheimtu sem nú gilda. Fjárlagafrv. hæstv. fjmrh., sem var 5000 millj. kr. hærra en það fjárlagafrv., sem lagt var fram, var umsvifalaust hafnað og það skorið niður að honum fjarverandi. Nú á sýnilega ekki að láta honum taumana svo lausa eftir sem hingað til. Nú á að þjarma útgjöldunum niður með stórfelldri minnkun þeirra framkvæmda í landinu, sem varða allan almenning mestu, með niðurskurði á hafnarframkvæmdum, sjúkrahúsabyggingum, flugvallagerð, skólabyggingum, íþróttamannvirkjum og með niðurskurði á félagslegum réttindum. Rekstrarliðir þenjast út á sama tíma og engri stund er varið í störfum fjvn. til að huga að möguleikum á lækkun eða niðurskurði á rekstrarliðum.

Ég get nefnt sem dæmi að þegar neitað var um fjárframlag til eins framkvæmdaliðar sem

ég hafði áhuga á, heilsugæslustöðvar í Gerðahreppi, þá bauðst ég til að benda á rekstrarlið sem skera mætti niður á móti, 3 millj. kr. til hagræðingarstarfsemi fyrir Kaupmannasamtökin. En það kom ekki til greina hjá meiri hl. að hrófla við þeim útgjöldum. Ég veit ekki hvers konar hagræðingarstarfsemi hér er um að ræða sem ríkið á að greiða fyrir kaupmenn. Það er e. t. v. hagræðing á skattframtölum. En hvað sem um það er, engum tíma má verja til að huga að lækkunum á rekstrarliðum. Og í tíð núv. ríkisstj. hefur með öllu verið lögð niður sú starfsemi sem undirnefnd fjvn. annaðist áður, bæði í tíð viðreisnarstjórnarinnar og vinstri stjórnarinnar. Hæstv. núv. fjmrh. er hinn fyrsti, síðan ég kom í fjvn., sem ekkert hefur þurft að ræða við undirnefnd fjvn. um slík mál. Sparnaður í ríkisútgjöldum skal nást með niðurskurði nauðsynlegustu framkvæmda, með skerðingu félagslegra réttinda eingöngu.

Við afgreiðslu fjárl. í fyrra voru útgjöld ríkissjóðs hækkuð um 60,5% eða um 45% meira, en almennar verðlagsbreytingar höfðu verið á undanfarandi ári. Liðurinn önnur rekstrargjöld hækkaði þó enn meira eða um 86.2%. Í fjárlagafrv. nú er gert ráð fyrir fimmtungshækkun til viðbótar öllum þessum stórfelldu hækkunum, sem samþ. voru í fyrra, og það gæti orðið nær fjórðungshækkun áður en afgreiðslu fjárlagafrv. lýkur, þannig að ljóst er að fjárl. verða tvöfalt hærri en fjárl. ársins 1974. Enn gildir sama stefnan og í fyrra. Rekstrarliðirnir hækka meira en heildarútgjöldin. Liðurinn önnur rekstrargjöld í A- og B-hluta á nú að hækka um 37% og vextir um 66%. Vextir hafa þá hækkað um 2400 millj. kr. frá fjárl. ársins 1974 og munu nema 4080 millj. kr. á næsta ári eða riflega 40% hærri upphæð en varið verður á fjárl. til allra grunnskólabygginga, iðnaðarmannvirkja, byggingar sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva, læknamiðstöðva og læknabústaða, til almennra hafnarframkvæmda og flugvallabygginga í landinu. 40% hærri upphæð er í vexti í A- og B-hluta fjárl. en nemur ríkisframlagi til allra þeirra framkvæmda sem ég nefndi. Þetta eru afleiðingarnar af óhóflegum lántökum ríkisins.

Verklegar framkvæmdir á fjárl. eru fjármagnaðar með lántökum í sjauknum mæli. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir því að verklegar framkvæmdir í A- og B-hluta verði að 56.8% byggðar á lánsfé, og vaxtakostnaður eykst að sama skapi. Erlendar lántökur skv. fjárlagafrv. eru áætlaðar 12 sinnum hærri en þær voru í fjárlögum 1974. Þrátt fyrir endurteknar yfirlýsingar fjármálaspekinga ríkisstj. um að við séum löngu komnir að öllum endimörkum varðandi erlend lán er sífellt haldið áfram á sömu braut. Nú nýlega var tilkynnt um 7 milljarða kr. lántöku og skömmu seinna um annað stórlán hjá einhverjum olíufurstum. Allt er þetta gert til þess að geta viðhaldið stjórnleysinu í innflutningnum, en reiknað er með allt að 20 milljarða kr. viðskiptahalla á þessu ári og tekjur ríkissjóðs á næsta ári eru byggðar á því að við notum 14—16 milljarða kr. umfram það sem við öflum í erlendum gjaldeyri. Ef við gerum það ekki, þá sekkur hæstv. fjmrh. alveg og endanlega með ríkissjóð í skuldafenið hjá Seðlabankanum. Í skýrslu Þjóðhagsstofnunar 18. nóv. s. l. er skýrt og skorinort sagt að gera verði ráð fyrir mjög miklu innstreymi erlends lánsfjár á næsta ári. Möguleikar hæstv. fjmrh. til að hjara með sinn kassa á næsta ári verða að byggjast annaðhvort á nógu mikilli skuldasöfnun þjóðarinnar erlendis eða náð og miskunn Seðlabankans, en hún hefur reyndar verið sem himinninn há á þessu ári. Blóðgjöfin verður sem sagt með sama hætti á næsta ári og þessu. En ekkert má gera til að skipuleggja og stjórna notkun gjaldeyrisins. Það gæti styggt einhvern þeirra innflutningsbraskara sem engan greiða tekjuskattinn. Ekkert má heldur gera til þess að hrófla við rekstrarliðunum. Liðurinn önnur rekstrargjöld hækkaði um 86.2% við síðustu fjárlagaafgreiðslu og um 37% nú.

Það má nefna nokkur dæmi hvernig innbyrðis breytingar hafa orðið í fjárl. síðan hæstv. núv. ríkisstj. tók við völdum. Ég hef nefnt verklegar framkvæmdir, framlög ríkisins á móti sveitarfélögum til brýnustu verkefna í landinu. Þær eru markvisst skornar niður, en launakostnaður ríkisstj. hefur á hinn bóginn hækkað um 153.4% síðan 1974, Alþingis þó ekki nema um 37.3% og sérfræðileg aðstoð við þingflokkana ekki nema um 26.7%. Önnur rekstrargjöld hjá Háskóla Íslands hafa hækkað um 121.5%, en framlög til byggingarframkvæmda þar um 3.8%, önnur rekstrargjöld hjá lögreglustjóranum á Keflavíkurflugvelli um 192%, kostnaður við fastanefnd Íslands hjá EFTA, laun og önnur rekstrargjöld, hefur hækkað um 275.8%, tillag til Alþjóðabarnahjálparsjóðsins hins vegar um 61%. Önnur rekstrargjöld hjá Veiðimálaskrifstofunni hafa hækkað um 168.4%. Önnur rekstrargjöld hjá bæjarfógetaembættinu í Neskaupstað hafa hækkað um 220.4% og hjá sex öðrum slíkum embættum yfir 150%. Framlögum til félagsstarfsemi og menningarmála hefur hins vegar ekki verið gert jafnhátt undir höfði á þessu tímabili. Framlag til Ungmennafélags Íslands hefur hækkað um 36.3%, framlag til Æskulýðsráðs um 55.7%, til æskulýðsmála í heild um 40.7%, styrkur til útgáfustarfsemi um 21.8%, framlag til Félagsstofnunar stúdenta um 10.9%, framlag til Leikfélags Reykjavíkur um 36.3%, og er þá tekið tillit til þeirrar brtt., sem liggur hér frammi við 2. umr. Heiðurslaun, starfslaun og listamannalaun hafa á tveimur árum hækkað samtals um 32.2%.

Aðaleinkenni fjárlagafrv. bæði í fyrra og nú eru þau, að ríkisútgjöldin í heild eru hlutfallslega jafnmikil og áður miðað við þjóðarframleiðslu, um 29%, en vægi einstakra þátta í fjárl. breytist. Jákvæðustu þættirnir eru dregnir saman til þess að mæta útgjaldaaukanum sem hlýst af útþenslu rekstrarliðanna, en eins og hæstv. viðskrh. viðurkenndi í þeirri ræðu, sem ég gat um áðan, eru orsakir verðþenslunnar að verulegu leyti innlendar, þ. e. a. s. orsakirnar eru ekki síst sjálfar efnahagsráðstafanir ríkisstj.: gengislækkanir, vaxtahækkanir, söluskattshækkanir og álagning vörugjalds til að standa undir hækkun rekstrarliða á fjárl., en rekstrarliðirnir hafa hækkað langt umfram það sem almenn verðlagshækkun hefur gefið tilefni til.

Sjálfskaparviti hæstv. ríkisstj., þ. e. a. s. verðbólguaukandi efnahagsráðstafanir og stjórnleysi í gjaldeyrismálum og ríkisfjármálum bitnar hart á þeim fjárveitingum sem miklu varða al-

menning hvarvetna í landinu. Víða úti á landsbyggðinni byggir fólk nú afkomu sína á afla nýrra skuttogara, en víða og víðast er við þann vanda að etja að hafnarmannvirki eru ekki fullnægjandi fyrir þessi skip. Þau fljóta ekki að bryggju og þau eru ekki nægilega varin í höfnum fyrir sjó og vindi. Að úrbótum í þessum efnum hefur verið unnið, og með fjögurra ára hafnaáætluninni, sem lögð var fram í vor, var stefnt að því að úr vanda hinna ýmsu hafna yrði bætt með skipulögðum framkvæmdum í ár og næstu þrjú ár. Eftir að fjárl. höfðu verið samþ. fyrir síðustu áramót voru framkvæmdir þó skornar verulega niður á þessu ári, og vegna erfiðleika ríkissjóðs, sem röng stjórnarstefna veldur, er nú enn hert að, og ríkisstjórnarflokkarnir grípa nú til þess óyndisúrræðis að skera enn verulega niður hafnarframkvæmdir að raungildi á næsta ári. Svo hart hefur verið gengið fram í þessum niðurskurði í ár og í áætlunum fyrir næsta ár, að til þess að hafnarframkvæmdir í árslok 1976 væru komnar jafnlangt áleiðis og hafnaáætlunin gerir ráð fyrir þyrfti nú að veita á fjárl. um 1300 millj. kr. til hafnarframkvæmda. Þess í stað fást ekki nema ríflega 500 millj. kr. til nýrra framkvæmda á næsta ári.

Í fjárveitingum til byggingar grunnskóla er við það miðað að enginn aðili, sem hefur á fyrri fjárl. hlotið fjárveitingu til undirbúnings, megi hefja framkvæmdir á næsta ári. Verður þá ekki um neinar nýjar framkvæmdir að ræða nema hjá þeim sem áður hafa fengið framkvæmdafjárveitingar án þess að hefjast handa vegna niðurskurðar í ár eða af öðrum orsökum.

Með þeim fjárveitingum, sem ætlaðar eru til íþróttamannvirkja á fjárl. 1976, verða þau mál strax á næsta ári komin í það horf að ríkið mun skulda sveitarfélögum og íþróttasamtökum um 76 millj. kr., en það er nálega jafnhár skuldahali og fyrrv. ríkisstj. tók við 1971 og nú er verið að ljúka greiðslum á skv. áætlun sem þá var gerð um framkvæmdir í íþróttamálum. Þegar þetta er haft í huga, að hverju er hér stefnt um stórfellda skuldasöfnun, einkum hjá sveitarfélögum í landinu, verður hálfgerður holhljómur í boðskap hæstv. ríkisstj. um að hún ætli að bæta hag sveitarsjóða með tilfærslum á tekjustofnum og verkefnum. Ég held að það sé ljóst, að einnig í því efni er ætlunin að hlunnfara sveitarfélögin.

Ég veit ekki hvort hið nýja frv. hæstv. ríkisstj. um breyt á l. um almannatryggingar á að teljast þáttur í því að efna fyrirheit stj. um aukið fjárhagslegt sjálfstæði sveitarfélaganna, en það fellur a. m. k. undir loforðið um breytingar á verkefnasviði, þó að það gangi þvert gegn öllum óskum sveitarstjórnarmanna um breyt. á verkefnaskiptingu ríkisins og sveitarfélaganna, sérstaklega að því er varðar almannatryggingar. Þetta frv. er nokkuð eðlilegt framhald af þeirri ákvörðun ríkisstj., sem felst í fjárlagafrv., um að spara ríkinu útgjöld með því að hækka stórkostlega verð á landbúnaðarvörum, þeim vörum sem mestu skipta lífeyrisþega og barnafjölskyldur og aðra sem eyða mestum hluta launa sinna í brýnustu matvörur.

Nú telur hæstv. ríkisstj. sig þurfa að auka enn skattheimtuna af þegnunum í þjóðfélaginu, og hún velu ekki það ráð að auka skattheimtuna með hækkun áfengisverðs eða með hækkun verðs á einhverjum vörum sem teljast ekki til brýnustu neysluvara, og hún velur ekki það ráð að leggja sérstakan skatt á hátekjufólk. Nei, hæstv. ríkisstj. leggur 480 millj. kr. útgjaldaauka á þá eina sem þurfa að kaupa lyf eða leita læknis. Þessir aðilar eru að sjálfsögðu eftirsóknarverðari skattgreiðendur en þau hundruð fyrirtækja sem greiða engan eyri í tekjuskatt þótt þau velti þúsundum milljóna kr. Í öðru lagi leggur hæstv. ríkisstj. um 1200 millj. kr. nýjan skatt á alla útsvarsgreiðendur með 1% álagi á gjaldstofn útsvars. Með þessari aðferð tryggir hún að einungis einstaklingar greiða þennan skatt, og þar með er öruggt að eftirlætisbörn ríkisstjórnarflokkanna, gróðafélögin, sem engan tekjuskatt borga, þurfi ekki að hafa áhyggjur af þessum skatti heldur, þar sem fyrirtæki greiða ekki útsvar skv. skattalögum. En klókindin eru enn þá meiri. Ríkissjóður vill ekki koma nærri þessari skattheimtu. Með því móti er hægt að lækka fjárlagatölur sem þessari upphæð nemur í útgjöldum almannatrygginga og sýna betri þróun í þeim efnum, útgjöldum á fjárl., en ella væri unnt. Þess vegna er sveitarfélögunum gert að innheimta þessa upphæð og skila henni inn í tryggingakerfið. Það á eftir að koma í ljós hvort sveitarfélögin telja þessar fyrirætlanir hæstv. ríkisstj., sem nú á að drífa í gegn á nokkrum dögum, vera efndir á fyrirheitunum um aukið fjárhagslegt sjálfræði sveitarfélaganna og um breytingu á verkefnaskiptingu í þágu sveitarfélaganna.

Með uppgjöf ríkisstjórnarflokkanna gagnvart því verkefni ríkisvaldsins, að tryggja uppbyggingu og þróun hvarvetna um landið í hinum ýmsu málefnum, sem fjárl. taka til, er verið að safna upp vanda sem stjórnarfl. ráða ekki við, m. a. vegna afleiðinga eigin verðbólgustefnu. Þau verkefni sem hæstv. ríkisstj. hefur gefist upp við að leysa í núgildandi fjárl. og nú við afgreiðslu nýrra fjárlaga, munu kalla á lausn af auknum þunga, og það er vissulega óskemmtilegt að sjá þann vanda hlaðast upp vegna fjárskorts ríkissjóðs, á sama tíma og rekstrarliðirnir hafa hækkað langt umfram verðlagshækkanir og sumir hverjir yfir 200% á síðustu tveimur árum.

Afgreiðsla fjárl. í fyrra og nú sýnir að stjórnarflokkarnir eru ekki færir um að leysa það verkefni, sem hvílir á hverri ríkisstj., að tryggja framgang brýnustu samfélagslegra framkvæmda hvarvetna um landið til þess að tryggja atvinnuöryggi, búsetumöguleika og sem jafnast stig þjónustu fyrir alla landsmenn, hvar sem þeir búa. Vegna rangrar stjórnarstefnu, verðbólguaukandi efnahagsráðstafana hefur verðbólgan þanið svo út almenna rekstrarliði á fjárl., jafnframt því sem einskis sparnaðar er gætt, að þessir þættir gleypi það fjármagn sem unnt er að afla með núgildandi lagasetningu um skattheimtu. Þótt ljóst sé að verulegur hluti stórgróðafyrirtækja í landinu greiði engan tekjuskatt vegna ákvæða í skattalögum um verndun gróðans, fást stjórnarflokkarnir ekki til að tryggja ríkissjóði það fé sem fengist með réttlátari skattalöggjöf gagnvart þessum gróðafyrirtækjum og dygði til að leysa þau brýnu verkefni, sem ríkisstjórnarflokkarnir hafi gefist upp við að leysa bæði í fyrra og nú við afgreiðslu fjárlaga.

Við 1. umr. um fjárlagafrv. ræddi ég nokkuð tekjuáætlunina og þær hugmyndir sem stjórnarflokkarnir hafa um öflun tekna og aðferðir til þess að ná endum saman á fjárl. Ég rakti þá hvernig stjórnarflokkarnir ætla að láta launafólk kaupa sig með lækkun niðurgreiðslna um ¼ undan vörugjaldinu, en því vörugjaldi skelltu stjórnarflokkarnir á til að taka til baka umsamda lækkun tekjuskatts og ríflega það, því var heitið við álagningu vörugjaldsins að það yrði aðeins í gildi til næstu áramóta. Vörugjaldinu var ætlað að jafna reikninga ríkissjóðs þegar enn einu sinni var farið að hallast alvarlega á merinni hjá hæstv. fjmrh., en þeir útreikningar voru jafnfjarri veruleikanum og jafnan fyrr á þeim bæ, að vörugjaldið dygði, það sýnir áætlaður halli á ríkisrekstrinum í árslok.

Ég hef ávallt haldið því fram, frá því að fjárlagafrv. var lagt fram, að hvað svo sem þar er ráðgert gæti svo farið að hæstv. ríkisstj. gripi samt sem áður til þess að halda áfram innheimtu vörugjaldsins að einhverju eða öllu leyti eða gripi til nýrrar skattheimtu eða frestaði tollalækkun, en til einhverra þessara ráða yrði gripið, annaðhvort við afgreiðslu fjárlaga eða eftir að þau hefðu verið afgr. Að líkindum er það svo við 2. umr. um fjárlagafrv. að tekjurammi fjárlagafrv. er í rauninni brostinn. Þau útgjöld, sem áætluð eru í frv., og þær hækkanir, sem stjórnarflokkarnir eru með á prjónunum, fara sennilega út fyrir ramma tekjuáætlunarinnar, miðað við þá endurskoðun á áætluðum tekjum, sem fulltrúi Þjóðhagsstofnunar gerði fjvn. grein fyrir á fundi s. l. föstudag. Ekkert liggur fyrir um hvernig brugðist verður við þessum nýja vanda. Ef að líkum lætur verða gróðaöflin áfram friðhelg, en fremur verður sælst til þess að framlengja vörugjaldið eða fresta tollalækkunum eða gripið verður til annarra hliðstæðra ráðstafana. En það væri eðlilegt að upplýsingar yrðu gefnar um þetta nú þegar við 2. umr.

Stjórnarstefnan hefur verið við það miðuð í fyrsta lagi að gróðaöflin í þjóðfélaginu hafi frjálsar hendur um ráðstöfun gjaldeyrisins í eiginhagsmunaskyni. Aðalvandinn í dag er hallinn á gjaldeyrisviðskiptum. Samt sem áður miðast allt við það að notkun gjaldeyrisins sé á engan hátt stjórnað, heldur skuli tekin milljarða gjaldeyrislán erlendis til þess að sóunin geti haldið áfram. Í öðru lagi hefur stjórnarstefnan verið við það miðuð að einkaaðilar hafi forgang til fjárfestingar og til vinnuafls í landinu og geti tryggt sér gróða af verðbólgunni. Í því skyni hafa m. a. fjárveitingar til verklegra framkvæmda í landinu verið skornar niður. Þetta er gömul og ný krafa íhaldsins sem Framsókn styður nú dyggilega. Í þriðja lagi hefur stjórnarstefnan verið við það miðuð að þeir, sem með þessum hætti geta náð til sín gróða, hafi sem mest frelsi undan skattgreiðslum til ríkisins í sameiginlegar þarfir landsmanna allra. Nýjustu ráðstafanir til fjáröflunar í almannatryggingakerfið staðfesta þessa stefnu. Þegar ríkisstj. kemst í þrot vegna stjórnarstefnunnar og ráðleysis í ríkisfjármálum telur slík hægri stjórn að sjálfsögðu ekki koma til greina að sækja fjármuni til þessara aðila. Þótt hundruð gróðafyrirtækja í Reykjavík, sem velta þúsundum millj. kr. á ári, greiði ekki eina krónu í tekjuskatt til ríkisins eru hægri stjórninni nærtækari önnur ráð en að skerða þann gróða og taka af honum í sameiginlegan sjóð landsmanna.

Þegar svo er komið að stefna ríkisstj. í efnahagsmálum og óstjórn í ríkisfjármálum þrengir verulega að við gerð fjárl., þar sem rekstrarliðirnir gleypa sífellt stærri hluta ríkisútgjaldanna, þá grípa stjórnarflokkarnir til dæmigerðra úrræða hægri flokka. Þeir skera niður framlög til nauðsynlegustu samfélagslegu framkvæmda, og þeir grípa til þess að skerða réttindi almennings hjá almannatryggingum. Þeir lækka niðurgreiðslur á brýnustu matvörum, en fyrirhuguð fjórðungshækkun á verði landbúnaðarafurða af þessum sökum bitnar sérstaklega hart á lífeyrisþegum og barnafjölskyldum og ýtir enn undir verðbólguþróunina í landinu.

Það hefur verið áberandi á undanförnum mánuðum hve harðar kröfur íhaldssamasta lið Sjálfstæðisfl. hefur gert til þess að þáttur ríkisins og sveitarfélaga í framkvæmdum og félagsmálum verði minnkaður. En minnkun þessa þáttar þýðir í senn frjálsari hendur einkafjármagnsins að ráðstafa fjármunum í þjóðfélaginu í enn ríkara mæli í gróðaskyni fyrir sig og um leið þýðir minnkun þessara þátta skerðingu félagslegra réttinda þeirra sem minna mega sín í þjóðfélaginu. Þessi gróðaöfl fagna þeirri þróun sem nú á sér stað, bæði í fyrra og nú, við afgreiðslu fjárl. ríkisins. Sú þróun er í samræmi við þeirra stefnu og hagsmuni.

Það er ljóst hverjir halda um taumana þegar stefnan er ráðin, og krafa þessara aðila er sú, að þessar ráðstafanir séu ekki tímabundnar og helgist af erfiðri stöðu ríkissjóðs vegna efnahagsstefnu ríkisstj. og óhagstæðra ytri aðstæðna. Hér er sóst eftir varanlegri breytingu á uppbyggingu og félagslegri skipan í þjóðfélaginu.

Það fór ekki milli mála, þegar hæstv. núv. ríkisstj. var mynduð, hvaða öfl tryggðu þá stjórnarsamvinnu. Það voru þeir, sem standa lengst til hægri í hvorum flokki, sem beittu sér fyrir myndun ríkisstj. Sjálfstfl. og Framsfl., og stefna hennar er í anda þeirra sem mestan þátt áttu í því að mynda hana. Og þeir, sem það gerðu, miða engan veginn við að þau úrræði, sem hæstv. ríkisstj. hefur gripið til, að skera niður samfélagslegar framkvæmdir og félagsleg réttindi, verði einungis tímabundin úrræði, heldur varanleg stefna á meðan þessi ríkisstj. heldur völdum. Þeirra keppikefli er að minnka varanlega hlut ríkisin og annarra opinberra aðila í þjóðarbúskapnum. Þetta meginmark, þetta meginsjónarmið hafa Morgunblaðið og önnur málgögn mestu íhaldsmanna í Sjálfstfl. boðað kröftuglega undanfarið, og þeir eiga sína skoðanabræður innan valdakerfis Framsfl., þá aðila í Framsókn sem tryggðu myndun hægri stjórnarinnar. Fjárlagaafgreiðslan í fyrra og nú er upphaf þeirrar leiðar sem þessir aðilar vilja feta í þessu efni. Þessi stefnumörkun bitnar nú þegar alvarlega á alþýðu manna um allt land og hún mun gera það í vaxandi mæli við hverja fjárlagaafgreiðslu þessarar ríkisstj. Það er því eitt brýnast hagsmunamál almennings í landinu að fjárlagaafgreiðslur hennar verði ekki öllu fleiri.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég vil í upphafi þakka meðnm. mínum fyrir það tímabil sem n. hefur starfað við þessa fjárlagagerð á yfirstandandi hausti, en jafnan er ágæt samvinna í þessum hópi, þó að skoðanaágreiningur um einstök atriði sé eðlilega fyrir hendi. Við ræðum það og skiptumst á viðhorfum gagnvart einstökum erindum, en samstarfið í heild er gott. Einnig vil ég þakka frsm. nál. okkar hjá minni hl., en hann hefur gert ítarlega grein fyrir afstöðu okkar og get ég því stytt mál mitt mjög. Ég ætla þó að stikla á einstökum atriðum, einstökum málaflokkum, öllu nánar.

Ég sagði hér í umr. 28. okt. s. l.: „Eins og ég hef þegar getið um er ekki unnt að taka þetta fjárlagafrv. of alvarlega, þar sem það byggir á mjög mörgum frv. er enn hafa ekki verið lögð fram og munu jafnvel ekki, a. m. k., mótuð enn þá og því síður rædd í stjórnarflokkunum. Ég dreg persónulega í efa að öll frv. gangi fram eins og fjárlagafrv. gerir ráð fyrir.“ Þetta sagði ég þá og því miður er það svo nú 16. des. að Alþ. hefur ekki enn mótað þá löggjöf sem fjárlagaafgreiðslan byggir á og þó höfum við aðeins tvo eða í hæsta lagi þrjá starfsdaga fram undan. Það er því örugglega við alveg frábærlega undarlegar aðstæður sem okkur er gert að fjalla um fjárl. við 2. umr., einkanlega þegar geymdir eru til 3. umr. stærri málaflokkar en hefur átt sér stað um langt árabil, jafnvel áratugi. Svo seint gengur að móta ákveðna stefnu, þó að við í stjórnarandstöðunni teljum augljóst að hverju sé stefnt. Samt sem áður er vitað að ekki eru allir á einu máli um þá stefnumótun og því ganga mál hægt fram í stjórnarherbúðunum.

Ég drap í ræðu minni í haust á að vissir málaflokkar hlytu að fá betri meðferð og nauðsyn væri á auknu fjármagni, og ætla ég að minnast á fáeina hér.

Okkur bárust í hendur varðandi sjúkrahús till. rn. í þeim efnum og þær sýndu nauðsyn upp á 1013 millj. kr. og var gerð mjög góð grein fyrir því fjármagni. Frv. gerir hins vegar ráð fyrir að við notum 717 millj. kr. Það var ekki með neinu glöðu geði hjá meiri hl., það fann maður þegar til endanlegrar afstöðu kom, að þurfa að lækka till. sem lágu á borðinu frá rn. og í ljós kom að hæstv. fjmrh. eða ríkisstj. hélt sér fast við töluna 717 millj. og þar við skal standa. Þó eru enn óleyst mörg vandamál varðandi sjúkrahúsin, einkanlega varðandi Landsspítalann og vissa staði úti á landi, en sérstakt vandamál er tengt Landsspítalanum sem væri fróðlegt að fara út í, en mundi taka alllangan tíma, en ég ætla þó að drepa eilítið á.

Það var langur aðdragandi að því að samkomulag tækist um skipulegar framkvæmdir á landsspítalalóðinni og sérstök yfirnefnd var skipuð í því skyni. Þetta samstarf var undirbúið 1970, þannig að allir stjórnmálaflokkar hafa átt aðild að ríkisstj. er hafa starfað á þessu tímabili við mótun á þessari stefnu. Það er ljóst mál, að hér er stefnt að ákveðnu markmiði, og grundvallaratriði í þessu markmiði er, að sú áætlun, sem gerð var fyrir nokkru og menn urðu sammála um að stefna að, raskist ekki. Ef ekki verður hlustað á nokkru ríflegri fjármögnun en þegar er gert, segja forsvarsmenn þessarar áætlunar og hafa lagt fram um það gögn, er sýnt að þessi áætlun raskist, og þeir líta það mjög alvarlegum augum. Þeir hafa komið á fund n. nú í ár og gerðu það einnig í fyrra og töldu að afar naumt væri til þeirra skammtað. Að vísu er það svo, að verðbólgan eyðir fé örar en fram er lagt, og því kann að vera við sérstaka erfiðleika að etja í þessu efni. En meginforsenda þess, að hægt sé að una því að ekki náist allt fram, er að staðfesting liggi fyrir um að heildarsamkomulagið haldi áfram. Það leggja allir áherslu á. Mér er óhætt að segja að það leggja allir fjvn.-menn áherslu á þó að hæstv. ríkisstj. hafi ekki enn treyst sér til að sinna þessari áætlun að fullu. Sérstakt blað kom frá læknaráði Landsspítalans, þar sem þeir undirstrika lífsnauðsyn á því að fá 90 millj. til sérstakra tækjakaupa og telja upp hvað um er að ræða og raða því í forgangsröð. Þetta er alllangt bréf sem ég ætla ekki að lesa, herra forseti, en er til rannsóknarstofu í meinefnafræði, í blóðmeinafræði a. m. k. 25 millj., í röntgendeild, breytingar 15 millj., sótthreinsunardeild, innrétting 10 millj., lyfjabúrið, innrétting 10 millj., það er á því stigi að ekki er talið með nokkru móti fært að hafa það lengur við núverandi aðstæður, skurðstofugangur, breytingar 5 millj. og nokkrir aðrir þættir sem gera samtals 20 millj. Svo er fæðingardeild, endurnýjun á gömlu byggingunni, fyrsti hluti, 20 millj. Sá þáttur er í svo ömurlegu ástandi að ekki er hægt að skýra frá því hér að mínu mati og annarra úr ræðustóli í hve ömurlegu ástandi sá þáttur er sem þeir fara fram á að fé sé veitt til. Þannig er nú ástandið á landsspítalalóðinni. Ég fæ ekki með nokkru móti séð annað en það verði að hlusta á þetta, ef ekki fæst fjármagn úr ríkissjóði beint, þá a. m. k. að okkur sé gerð grein fyrir því síðar að sérstök lánahreyfing skapi svigrúm í þessu efni. Þetta og fleiri þættir, undirstrika að fjárl. eru enn of mikið pappírsgagn til að taka þau alvarlega.

Hafnaþátturinn, sem frsm. minni hl. drap á áðan, er einnig mjög athyglisverður. Það var gerð áætlun og til þess að standast þá áætlun hefðum við þurft í ár um 1500 millj. kr. En í fjárlagafrv. eru 684 millj. kr., þar af hefur verið eytt nokkuð á annað hundrað millj. kr. fyrirfram á yfirstandandi ári, þannig að til beinnar ráðstöfunar á næsta ári eru 520 millj. kr., þ. e. a. s. þriðjungur af þeirri krónutölu sem talið er nauðsynlegt að til sé svo að við höldum fyrirframgerðri áætlun. Ekki er nú betur staðið í istaðinu en þetta varðandi hafnirnar. Síðan eru að vísu landshafnir sem fjármagnaðar eru með lántöku, og er það sérmál sem ekki er búið að afgr. enn þá og ég eyði því ekki orðum að.

Annar þáttur, sem ég ætla aðeins að fjalla um, er þáttur á íþróttasviðinu. Sú var tíðin að hæstv. núv. menntmrh. flutti hér till. um eflingu íþróttaiðkana í skólum landsins, einnig á framhaldsskólastigi. Þessi till. fékk hljómgrunn hjá þm. úr öllum flokkum, og virtist manni að við, sem höfum áhuga á þessum málaflokki, ættum góðan stuðning á Alþ. En hvað skeður nú? Íþróttahreyfingin fær fjármagn sem er í algjöru lágmarki og vantar mikið á að henni sé sinnt.

Mín skoðun er sú, að íþróttahreyfingin útvegi ríkissjóði fjármagn með sinni miklu starfsemi úti um allt land, sínum miklu umsvifum og aukinni sölu í kringum það og margvíslegum skattamöguleikum sem ríkissjóður fær í gegnum starfsemi sem íþróttahreyfingin stuðlar að að eigi sér stað. Ég veit ekki hvort eitthvert samhengi er í því að hafa svo naumt fjármagn í flugvöllunum að flugmálastjóri hótar því, að þeir leggist niður, og er svo nefnt að taka megi flugvélina til íþróttanotkunar. Eru þá slegnar tvær flugur í einu höggi og þykir sumum vel gert. Ég ætla ekki að dæma um það, en ég vænti þess að hæstv. fjmrh., sem er mjög íþróttasinnaður maður og hefur haft áhuga á því um árabil, líti til íþróttahreyfingarinnar fyrir 3. umr. og veiti henni betri úrlausn en liggur fyrir að verði gert í dag.

Íþróttakennaraskólinn á Laugarvatni býr við svo ömurlega aðstöðu að það nær ekki nokkurri átt lengur. Er óhjákvæmilegt að sinna málefnum hans eitthvað. Kennsluaðstaða er þar í algjörlega óviðunandi húsakynnum og þrengsli slík að jafnvel búningsklefar eru notaðir undir kennslustundir, kennarinn getur sig hvergi hreyft, þó að í íþróttaskóla sé, og nemendum er hrúgað þar saman. Einnig hefur viðhald á íþróttamannvirkjum þar verið vanrækt í mörg ár og nær ekki nokkurri átt að halda slíku fram, þar sem þetta er eini skóli landsmanna á þessu sviði.

Ég lít svo á að öll heilbrigð hreyfing og íþróttir séu fyrirbyggjandi aðgerðir sem dragi úr kostnaði á öðrum sviðum. Má í því sambandi nefna að daggjald í Landsspítalanum í dag er 13 þús. kr. á sjúkling, hvorki meira né minna, svo að það er allgott verk sem íþróttahreyfingin vinnur með því að fækka sjúklingum á sjúkrahúsum. Ég er leiðréttur nú í ræðustóli að þau eru komin á síðustu mánuðum upp í 17 þús., en voru framan af árinu nálægt þeirri tölu sem ég nefndi. Þetta dæmi er aðeins um hversu ört þessi kostnaður vex, en hann mun nú vera hæstur á Landsspítalanum, en á öðrum sjúkrahúsum nokkru neðar sem eðlilegt er. En þetta sýnir aðeins að þær aðgerðir, sem eru þess eðlis að skapa heilbrigt fólk, heilbrigðar sálir í hraustum líkama, má ekki vanmeta, alls ekki.

Lánasjóður námsmanna er enn óleyst vandamál. Þó var því lofað á sínum tíma að frv. um þessi mál skyldi liggja fyrir þinginu, en er enn ekki komið fram. Forsvarsmenn Lánasjóðsins hafa komið á fund n. og sent a. m. k. sumum alþm. grg. um vandræði sín, og eftir því sem þeir segja munu margir námsmenn gefast upp í vetur við áframhaldandi nám ef ekki er sinnt beiðnum þeirra. Menn hafa verið með mismunandi tölur í því sambandi, en ég tel að vægast sagt verði talan 400 millj. að ná fram að ganga. Sumir tala um allhærri tölu. Einnig er annar þáttur, framlag til jöfnunar á námskostnaði hér á landi. Þetta er liður sem er mjög vanáætlaður og vantar nokkra tugi millj. svo að nemendur í framhaldsskólum geti stundað nám með eðlilegum hætti. Þetta eru ekki stórar tölur, en það er afar slæmt ef þessari beiðni er ekki sinnt, og sjá þá margir fram á það, einnig yngri nemendur, að þeir lenda í vandræðum í vetur. Fjvn. hefur fengið greinargott yfirlit yfir þessi mál, og ég vænti þess, að liðsinni komi nú á milli 2. og 3. umr. í þessu efni.

Einn þáttur, sem er óleystur enn þá, en tekur til sín verulegt fjármagn, er landhelgisgæslan, en hún mun þurfa örugglega á annað hundrað millj. í viðbót við núv. tölur í fjárlagafrv. ef ekki meir.

Nokkra aðra þætti mætti nefna, en þeir gera samtals, eftir því sem við vitum best um 1000 millj. kr. til hækkunar. Þar á meðal er Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, loforð um greiðslur og lán til togara, vegagerð, vextir, kaupin á Þórshamri áætluð um 45 millj. kr., Lífeyrissjóður sjómanna a. m. k. 20 millj. og fleiri þættir. Þessir þættir samtals auka útgjöld ríkissjóðs, að því er best verður séð, a. m. k. um 1000 millj. kr.

Nú hefur Þjóðhagsstofnunin gert nýja spá um tekjumöguleika og kemst að því að ekki er úr miklu að moða frá því, sem áður hefur verið sagt, varðandi næsta ár. Við í minni hl. álítum því, eins og kom fram hjá frsm. okkar áðan, að hæstv. ríkisstj. muni grípa til þess ráðs að fella ekki niður 12% gjaldið. Þrátt fyrir það að þetta sé í huga okkar höfum við séð að fram er lagt frv. um lækkun til almannatrygginga um allt að 1.7 milljarð, og það var gert með svo skjótum hætti í Ed. í gær að ekki vannst svigrúm til að lesa frv. áður en það var tekið til umr., og svo stórt mál og svo viðkvæmt mál sem það er, á það að fá afgreiðslu nú á tveimur síðustu dögum þingsins fyrir jól. Almenningur í landinu hefur gagnrýnt störf Alþ. og talið það með rislægra móti undanfarið. Ekki verða þessi vinnubrögð til þess að auka hróður okkar í því efni að vanda til verka.

Það er mjög alvarlegt mál og stórmál, hvernig verkaskipting á að fara fram á milli sveitarfélaga og ríkis. Nú fyrir nokkru var haldin ráðstefna á vegum sveitarstjórna í landinu og þar var fjallað um hugsanlega breytingu á verka skiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga. Almennt séð held ég að margir séu á því að sveitarfélögin hafi svigrúm og jafnvel áhuga á því að taka til sín aukin umsvif og fylgist þannig með kostnaðarhlutfalli í þeim þáttum sem þau eiga að leggja fram til á móti ríkinu. En hvergi nærri er enn þá mótuð ákveðin stefna í þessu efni, og ég sé ekki annað, ef hespa á fram visst frv. sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir og fjárlagagerð gengur út frá að nái fram að ganga, en að þá verði hér allmikill misbrestur á.

Í greinargóðri skýrslu, sem lá fyrir þessari ráðstefnu, eru taldir upp mjög margir þættir er skipta á milli sín kostnaðarhlutfalli af hálfu ríkissjóðs af hálfu sveitarfélaga. Það eru, eins og alþm. vita, grunnskólar, fræðsluskrifstofur, iðnskólar, húsmæðraskólar, tónlistarskólar, dagvistunarheimili, félagsheimili, Íþróttasjóður, vatnsveitur, vinnumiðlun, heimilishjálp, sjúkratryggingar, atvinnuleysistryggingar, Bjargráðasjóður, bygging heilsugæslustöðva, sjúkrahús o. s. frv., rekstur heilsugæslustöðva, rekstur heilsuverndarstöðva, elliheimili, hafnamál, vegagerð og Byggingarsjóður verkamanna. Þetta eru þeir þættir sem ríki og sveitarfélög skipta milli sín kostn-

aði stofnkostnaði og rekstrarkostnaði. Ríkið er yfirleitt sá stóri aðili er leggur mikinn meiri hl. fram. Þó er það nokkuð misjafnt og ætla ég ekki að fara að rekja það. En þetta eru flókin mál og snerta raunverulega hvern einasta þegn í landinu og er ekki auðhlaupið að því að breyta hér til skyndilega. Samt sem áður eiga mörg frv., jafnvel yfir 10 frv., að koma fram er breyta viðmiðun í stofnframlagi og rekstrarframlagi þessara þátta. Þau eiga að koma fram núna og hafa sum komið fram á síðustu dögum þingsins og fá mjög skjóta og yfirborðslega meðferð, vægast sagt.

Þetta hörmum við í minni hl. og höfum tilhneigingu til að álykta að meira kapp sé lagt á að fá prósentusamanburð á útgjöldum ríkisins á milli ára heldur en raunhæft mat á því hvað er rétt skipting hjá ríkissjóði og sveitarsjóðum. Þetta gagnrýnum við. Þó að það sé virðingarvert að halda vel í útgjöld ríkissjóðs, þá má ekki blinda menn með tölum í fjárlagafrv. og fjárlögum, að þensla milli ára hafi verið þetta og þetta mörg prósent. Reynslan er sú, og svo segir mér hugur um að einnig muni verða við þessa fjárlagaafgreiðslu, að eftir eitt eða tvö ár birtist frv., sem heitir fjáraukalög, og þá hafi hæstv. fjmrh. og ríkisstj. neyðst til þess að spýta í byssuna á komandi ári og fara langt fram úr gildandi fjárlögum og biðja Alþ. síðar meir að samþ. nokkur hundruð millj. kr. summu eða jafnvel meira, en þá gleymist bara að nefna prósentuna í samanburðinum á milli ára. Þannig eru menn að reyna að leika sér að tölum til þess að sanna almenningi að stefnan sé heilbrigð og rétt og vel staðið á hemlinum, eins og hæstv. ráðh. hefur orðað það sjálfur, að hans hlutverk væri að standa vel á hemlinum. (Gripið fram í.) Já, það veitir ekki af að standa fast á verðbólguhemlinum.

Einn þáttur, sem má víkja að og ég gerði í framsögu minni, er sá þáttur sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins á að gefa ríkissjóði, en það er áætlað að ríkissjóður hafi yfir 6 milljarða á næsta ári í nettótekjur út úr starfsemi þeirrar stofnunar. Það eru sem sagt rúmlega 10% af brúttótekjum ríkissjóðs. Þetta er allmyndarlegur baggi. Þó er komið svo vegna ákafa ríkissjóðs að ná í tekjur af víni, að það hefur komið í ljós að hækkunin var svo ör að magnminnkun átti sér stað síðla ársins. Út af fyrir sig fagna ég slíkri þróun, en hitt er jafnóhuggulegt, að staða ríkissjóðs skuli ekki vera betur tryggð en það að hann treysti á tíundu hverja krónu frá þessum tekjustofni. Það harma ég aftur á móti.

Flugmálastjóri hefur mjög gagnrýnt rýra fjárveitingu til flugmála, og ef hann stendur við orð sín kann svo að fara öryggisins vegna að á næsta ári verði flugferðum fækkað á vissa staði á landinu. Þetta er mjög alvarlegt mál, því að ekki er sæmandi að við höfum flugið ekki í eins miklu öryggi og framast er unnt, og hitt er verulegt spor aftur á bak, ef samgöngum í lofti hrakar. Það er okkar stóri þáttur að geta haft heilbrigðar samgöngur í lofti og hefur verið ómissandi fyrir hinar dreifðu byggðir. Nær ekki nokkurri átt að vera með svo rýrt framlag, jafnvel þó að lán þurfi til, að svona yfirlýsingar komi fram af hendi þeirra manna sem eiga að sjá þessum málum farborða. Ég ætlast til þess —og ég veit að það gera fleiri alþm. — að þetta mál verði skoðað gaumgæfilega, enda er þetta eitt af þeim málum sem þarf að athuga mun betur. En það eru mjög margir málaflokkar, eins og fram hefur komið, sem bíða til 3. umr., og veit maður ekki hvernig úr muni rætast, þrátt fyrir það að hart hefur verið eftir rekið að fá svar varðandi niðurstöðu af fjármagni til þeirra rekstrar- og framkvæmdaliða sem þeir taka til.

Það er skoðun okkar í minni hl., að sú þróun, sem þetta fjárlagafrv. boðar, sé öfug. Hinn sameiginlegi þáttur frv. eða sá þáttur, sem veitir fjármuni til sameiginlegrar þjónustu og öryggis fyrir þegnana í landinu, er skorinn niður. Veruleg útþensla á sér stað á þeim þáttum, a. m. k. sumum hverjum, er snerta beinar framkvæmdir og beinan rekstur í þjóðarbúskapnum. Því var þó lofað á sínum tíma, að það yrði sérstaklega athugað. En eins og fram kom í framsögu hjá frsm. minni hl. söknum við þess, að ekki skuli vera haldið áfram með að athuga rekstur hjá vissum ríkisstofnunum. Til þess var mynduð á sínum tíma svonefnd undirnefnd fjvn. sem tók rekstur vissra ríkisstofnana alvarlega til meðferðar, ræddi við forsvarsmenn, kom á staðinn og skoðaði ýmislegt í framkvæmd hjá þessum stofnunum og veitti að mínu mati og ég held allra nm. verulegt aðhald. Þessi starfsemi hefur nú lagst niður. Þó innti ég hæstv. fjmrh. eftir þessu í umr. í Ed., til umr. var frv. um 5% lækkunina, og gat hann þess þá að hæstv. rn. væri reiðubúið til samstarfs við fjvn. Hins vegar álít ég, að það eigi að vera að frumkvæði hæstv. ráðh. eða fjmrn. sem þessi starfsemi á sér stað. Við í fjvn. mundum fagna því ef þetta yrði tekið upp að nýju og viss ríkisfyrirtæki gerðu rækilega grein fyrir fjárfestingaráformum sínum, rekstrarkostnaði og auknum umsvifum, eins og þau jafnan vilja túlka það er þau koma í heimsókn til okkar í fjvn. og biðja um aukið fjármagn. En ekki vantar að margar beiðnir liggja fyrir um stórar upphæðir á hverju hausti og eru jafnan túlkaðar sem óhjákvæmilegar tölur svo að starfsemin megi halda áfram við óbreyttar aðstæður.

Í fjárlagafrv. eru 117 starfsmenn ríkisins merktir stjörnu, og ekki liggur fyrir með hvaða hætti þeir verða áfram til starfa hjá ríkisvaldinu. Við teljum nauðsynlegt að þessi mál séu stokkuð upp og þeim sé komið á hreint. Margir þessara stjörnumerktu manna hafa starfað mörg ár hjá ríkinu, en njóta ekki fullra réttinda, og er óviðunandi að halda slíku áfram. Launaþáttur frv. er óraunsær. Hann hefur ekki verið endurmetinn og hlýtur að hækka. A. m. k. vitum við að laun hafa hækkað síðan frv. var lagt fram, og sá útgjaldaauki, sem þess vegna kemur fram, ætti að setjast í tölur og koma ljóst fram er frv. verður endanlega afgr. Þetta ásamt mörgu fleiru gerir það að verkum, að enn lít ég svo á að frv. sé að verulegu leyti pappírsplagg sem við vitum ekki hvaða mynd tekur, þrátt fyrir það að aðeins tveir eða þrír starfsdagar eru eftir af Alþ. til að móta frv. endanlega í lagaform.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Hv. 11. landsk. þm., Geir Gunnarsson, form. minni hl. fjvn. hefur hér gert grein fyrir viðhorfum okkar í stjórnarandstöðunni til þess máls, sem hér er til umr., bæði að því er varðar vinnubrögð og afstöðu til mála. Hann gerði það, eins og hans var von og vísa, vel og drengilega. Það, sem helst mætti segja af minni hálfu um það, er að hann var að mínu viti um of mildur í þeirri gagnrýni sem fram kom á þau vinnubrögð og málsmeðferð sem viðhöfð hafa verið varðandi fjárlagaafgreiðsluna. Ég hygg, að það verði varla svo sterklega að orði kveðið um vinnubrögð hæstv. ríkisstj. varðandi umfjöllun fjálagafrv., að það megi segja að of sterkt sé að orði kveðið í þeim efnum.

Ég hygg að allir hv. þm. hafi heyrt þá skoðun, að Alþ. sé orðið og sé í æ ríkara mæli að verða afgreiðslustofnun fyrir viðkomandi ríkisstj. Ég persónulega er á hraðri leið að verða mjög sannfærður um að svo sé, ekki síst eftir að hafa reynt það sem hér hefur gerst á hv. Alþ. nú á þessu hausti og ekki hvað síst í sambandi við meðferð og afgreiðslu þá sem út litur fyrir að verða á fjárlagafrv. hæstv. ríkisstj.

Nú þykist ég vita, að öllum hv. þm. sé um það kunnugt með hvaða hætti undirbúningur fjárlagafrv., ekki bara þessarar hæstv. ríkisstj., heldur og annarra, hefur átt sér stað, þ. e. a. s. þar koma til ráðh., sem nú eru 8 að tölu, og að öllum líkindum formaður fjvn. sá níundi. Þessir aðilar ráða í raun og veru því, hvernig það fjárlagafrv., sem lagt er fram í byrjun þings, er úr garði gert. Nú hefur það verið svo, a. m. k. þau ár sem ég hef haft kynni af þessum málum, að allverulegar breytingar hafa átt sér stað á fjárlagafrv. í meðförum fjvn. og Alþ. frá því það er lagt fram. Má því segja að allt til þessa hafi þm. haft til þess aðstöðu og fengið til þess tækifæri að gera breyt. á fjárlagafrv. frá því sem það er þegar það kemur úr höndum hæstv. ríkisstj. Nú blasir þetta á allt annan hátt við. Það fjárlagafrv., sem hér er verið að ræða, er, eins og ég sagði áðan, fjárlagafrv. 9 hv. stjórnarþm., 8 ráðh. og formanns fjvn., en hinir 33 hafa hvergi nærri því komið eða eiga nærri því að koma, að fá eitt eða neitt um það að segja hvort eða hvaða breytingum það á að taka í meðförum. Og ég held, að þegar menn hafa þetta í huga, þá sé augljóst að slík meðferð mála á löggjafarsamkomu í lýðræðis- og þingræðisríki undirstrikar það, svo að ekki verður um villst, að Alþ. er á hraðri leið að verða eins konar afgreiðslustofnun fyrir hæstv. ríkisstj. Því er ætlað að hafa stimpilinn og setja hann á að beiðni hæstv. ríkisstj. Ég fyrir mitt leyti verð að segja það, að mér finnst það furðulegt.

Nú eru að vísu svo fáir stjórnarliðar í þingsalnum að það má kannske taka það svo að það sé verið að skamma aðra en þá sem raunverulega ættu við skömmunum að taka. Að vísu er hæstv. fjmrh. við, sem kannske mestu máli skiptir nú. Hann er, sá eini af hæstv. ráðh. sem hefur séð ástæðu til þess hér í dag að vera við umr. um fárlagafrv., svo merkilegt plagg sem það nú annars er. En mér finnst það furðulegt af hv. þm. stjórnarliðsins að þeir skuli láta hafa sig til slíks, láta setja sig í það hlutverk eitt að segja já og amen við því sem hæstv. ráðh. lögðu til á aflíðandi sumri að gert yrði í sambandi við fjárveitingar og fjárlagafrv. í heild. Hér er verið að ráðstafa fjármunum upp á um 57 milljarða kr. og aðeins 9 af 42 þm. stjórnarliðsins fá þar um að segja eitt eða neitt við endanlega afgreiðslu málsins. Þetta eru hörmuleg tíðindi, en eigi að síður sönn.

Það er því ekki furða þó að upp komi í huga manna spurningin um það, hvort lýðræðinu og þingræðinu í landinu sé virkilega svo komið sem hér blasir við. Og ég fyrir mitt leyti, því miður, verð að svara þeirri spurningu játandi. En ekki er nú nóg með þetta. Eins og var rakið í framsögu hv. þm. Geirs Gunnarssonar, þá hefur það verið stór þáttur í störfum fjvn. að veita viðtöl hinum ýmsu aðilum, forsvarsmönnum ríkisstofnana, félagasamtaka, einstaklinga og sveitar- og bæjarstjórna, — veita þeim viðtöl á þeim tíma sem fjvn. hefur haft fjárlagafrv. til umfjöllunar. Þessum viðtölum er ætlað að gefa hinum ýmsu aðilum tækifæri til að koma á framfæri við fjvn. óskum sínum og athugasemdum í sambandi við hinar ýmsu fjárveitingar sem þeim eru ætlaðar. Að þessu sinni var þetta sviðsett á sama hátt og áður að því leytinu til, að viðtölin áttu sér stað, en fyrir fram ákveðið að ekkert tillit skyldi tekið til einna eða neinna óska þeirra sem á fund fjvn. komu til þess að gera grein fyrir sínum málum. Í þessu tilviki var ákveðið að hlusta, en neita öllum óskum þessara aðila um leiðréttingar eða breytingar, hvernig svo sem mál stóðu eða að hversu miklu leyti sem viðkomandi aðilar gátu sýnt með rökum fram á að breytinga væri þörf. Ég harma það, að meirihlutamenn í fjvn., sem að mörgu leyti eru góðir drengir, skuli láta hafa sig til slíkrar sýndarmennsku eins og hér hefur verið sett á svið.

Það kom einnig fram í framsögu Geirs Gunnarssonar að í tíð fyrrv. ríkisstj. var talsverð vinna í það lögð að vinna að úrræðum til sparnaðar í ríkisrekstrinum. Sú vinna var innt af hendi af undirnefnd fjvn. þar sem sæti átti einn fulltrúi úr hverjum þingflokki, og var sú vinna í nánu samstarfi við fjárlaga- og hagsýslustofnun. Allri slíkri vinnu hefur í tíð hæstv. núv. ríkisstj. verið kastað fyrir borð, og það sem meira er: fulltrúa fjárlaga- og hagsýslustofnunar hefur verið kippt út úr því eðlilega samstarfi sem sú stofnun hefur verið í við fjvn. á þeim tíma sem fjvn. hefur haft fjárlagafrv. til meðferðar. Það heyrir til undantekninga og mætti telja á fingrum annarrar handar þau skipti sem fulltrúi fjárlaga- og hagsýslustofnunar hefur setið á fundum fjvn. nú á þessu hausti. Ég hef ekki svör á reiðum höndum við því hver ástæða þessa er, en kannske er sú skýringin að með hliðsjón af því að fyrir fram var ákveðið að breyta engu, þá væri það tímasóun fyrir fulltrúa fjárlaga- og hagsýslustofnunar að eyða í það tíma að sitja á fundum fjvn., þar sem fyrir fram var búið að ákveða, hvað ætti að gera, án tillits til alls annars sem kynni að koma fram.

Þá er það og, eins og hér hefur komið fram áður, með ólíkindum að fjvn., a. m. k. fjvn. í heild, hefur í tiltölulega litlum mæli farið yfir erindi sem send hafa verið á þeim tíma sem

eðlilegt hefur verið talið og auglýst var á sínum tíma að ættu að berast rn. frá þeim aðilum sem óskuðu fjárveitinga á næsta fjárlagaári. Þessi erindi hafa, að ég hygg, á undanförnum árum skipt hundruðum. Ótrúlega mikill fjöldi þessara erinda liggur nú óhreyfður í fjvn., að sumu leyti og kannske að verulega meira leyti óhreyfður í viðkomandi rn., þannig að fjvn. í heild hefur ekki séð talsvert mikinn fjölda þessara erinda.

Við afgreiðslu fjárlaga þessa árs voru útgjöld á rekstrarliðum þanin langt umfram verðlagshækkun og fjárlagaútgjöld í heild voru hækkuð meira en nokkru sinni hafði áður þekkst. Þetta er athyglisvert og menn gefa því gaum þegar slíkt gerist undir handarjaðri hæstv. fjmrh. sem nokkrum mánuðum áður en hann settist í ráðherrastól taldi vel framkvæmanlegt að skera niður rekstrarútgjöld ríkissjóðs um nokkrar þúsundir millj. kr. En til þess að ná endum saman í þessu dæmi núv. hæstv. ríkisstj. fyrir árið í ár voru lántökur stórauknar og tekjuhlið áætluð af algjöru óraunsæi og auðsærri óskhyggju, og það var ljóst að ekkert samhengi var milli kjaraskerðingarstefnu núv. ríkisstj. og áætlunar um tekjur af neysluskattöttum. Hinar gífurlegu hækkanir rekstrarútgjalda og stórauknar lántökur gengu þvert gegn því loforði hæstv. ríkisstj. að hamla gegn verðbólguþróun og styrkja fjárhag ríkissjóðs. Það var ljóst, að ætti að takast að afla ríkissjóði tekna til að standa undir risahækkun fjárlaga ársins 1975 varð ríkisstj. í raun að kynda undir verðbólguþróun. Og það var líka óspart gert, þegar í ljós kom að með óbreyttum tekjustofnum gátu tekjur ekki skilað sér í þeim mæli sem gert var ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Öllum er ljóst hvað gerðist þegar eftir síðustu áramót, en þá kom í ljós að spilaborg fjárlagaafgreiðslunnar var hrunin. Þá var gripið til ráða eins og gengislækkunar, hækkunar innflutningsgjalds af bifreiðum, hækkunar verðs á tóbaki og áfengi, lögfestingar 12% vörugjalds. Þessar ráðstafanir hæstv. ríkisstj. byggðust á því að láta hverja einingu seldrar vöru skila hærri fjárhæð í neysluskatta til ríkissjóðs þegar reynslan sýndi að veltan hafði verið stórlega ofmetin. Það hefur t. d. komið í ljós að áætlanir um innflutning á bílum voru um 70% hærri en eðlilegt mátti teljast. Þessar aðgerðir voru því gerðar til þess að pína inn í ríkissjóð tekjur til að standa undir risahækkun útgjalda á fjárlögum þessa árs.

Þessar ráðstafanir dugðu þó ekki til þess að tryggja hallalausan rekstur ríkissjóðs. Þrátt fyrir niðurskurð á útgjöldum ríkissjóðs um 2 milljarða kr., sem að langmestu leyti var framkvæmdur vegna verklegra framkvæmda og sjóða, mun greiðsluhalli ríkissjóðs á þessu ári nema um 4 milljörðum kr. eða 5 sinnum hærri upphæð en spáð er í fjárlagafrv. Þetta eitt út af fyrir sig sýnir, hver hæfni þeirra hæstv. ráðherra, sem ráða ferðinni hér, er í stjórn fjármála. Algert stjórnleysi í innflutnings- og gjaldeyrismálum veldur á þessu ári ríflega 20 þús. millj. kr. viðskiptahalla við útlönd. En fáum dögum eftir að þessar staðreyndir blöstu við lýsir hæstv. ríkisstj. því yfir að hún hafi enn aukið á skuldasúpuna með um 7 þús. millj. kr. erlendu neyslaláni sem tekið er til þess að unnt sé að halda áfram algjöru stjórnleysi við notkun erlends gjaldeyris.

Mér varð óvart, þegar þetta blasti við, hugsað til þeirra orða sem hæstv. núv. fjmrh. viðhafði í upphafi sinnar fyrstu fjárlagaræðu hér á hv. Alþ. í fyrrahaust. Þá sagði hæstv. fjmrh., með leyfi forseta: „Við gerð frv. til fjárlaga fyrir árið 1975 hefur verið lögð áhersla á þrjú meginatriði: Í fyrsta lagi að sporna við útþenslu ríkisbúskaparins miðað við önnur svið efnahagsstarfseminnar í landinu. Þetta hlýtur að samræmast staðreyndunum sem við blasa nú. Í öðru lagi að stilla opinberum framkvæmdum svo í hóf að ekki leiði til óeðlilegrar samkeppni um vinnuafl, án þess að atvinnuöryggi sé stefnt í hættu eða það komi niður á þjóðhagslega mikilvægustu framkvæmdunum.“ Ætli hæstv. fjmrh. hafi ekki líka haft þetta að leiðarljósi, annan punktinn í sinni fyrstu fjárlagaræðu, eða hvað sýnist mönnum blasa við í dag? — „Og í þriðja lagi“ — sem líklega hefur verið merkasti punkturinn og einn mikilvægasti í þessari upphafsræðu hæstv. núv. fjmrh. — „að styrkja fjárhag ríkissjóðs og stuðla jafnframt að efnahagslegu jafnvægi í víðari skilningi, en það verður eitt meginviðfangsefnið á næsta ári“ — þ. e. a. s. árinu í ár — „að stuðla að efnahagslegu jafnvægi þjóðarbúsins“.

Nú er þetta efnahagslega jafnvægi röskir 20 þús. millj. kr. viðskiptahalli í ár.

Í þjóðhagsáætlun fyrir næsta ár er gert ráð fyrir því að afleiðingar þeirrar stefnu, sem menn hafa nú orðið varir við, verði 14—16 þús. millj. kr. viðskiptahalli á næsta ári. Og í skýrslu Þjóðhagsstofnunar frá 28. nóv. s. l. segir að viðskiptahallinn verði svo mikill að gera verði ráð fyrir mjög miklu innstreymi erlends fjármagns á næsta ári. Þetta er það sem við blasir vegna stefnu hæstv. ríkisstj. sem hefur í stefnumótun látið hagsmuni innflytjenda og annarra gróðaafla ráða ferðinni algerlega.

Við afgreiðslu fyrstu fjárlaga núv. hæstv. ríkisstj., fjárlaga ársins 1975, var áætluð skattheimta ríkissjóðs hækkuð um 63.2% frá fjárlögum ársins 1974 eða 50% meir en nam verðlagsbreytingum á undanfarandi ári. Útgjöld hækkuðu þá í heild um 60.5% og einstakir þættir þó enn meir. T. d. hækkuðu liðirnir önnur rekstrargjöld um 86.2%. Til viðbótar þessari sórfelldu hækkun er í fjárlagafrv. fyrir árið 1976 gert ráð fyrir ríflega fimmtungshækkun heildarútgjalda til viðbótar, þannig að fjárlög næsta árs verða um 100% hærri en fjárlög ársins 1974, þ. e. a. s. þegar núv. hæstv. ríkisstj. tók við.

Við umr. um fjárlagafrv. fyrir árið 1975 var af okkur stjórnarandstæðingum mjög gagnrýnt að breytingar á einstökum þáttum þess fjárlagafrv. voru fyrst og fremst í þá átt að rekstrarliðir hækkuðu hlutfallslega meira miðað við heildarútgjöld heldur en aðrir liðir sem eru til framkvæmda. Í fjárlagafrv., sem hér er til umr., er sömu stefnu fylgt, en þó virðist þetta vera í enn ríkara mæli en áður. Það fékkst nokkur breyting á þessu við meðferð fjárlagafrv. fyrir árið 1975 í fjvn. og á Alþ., en með þeirri stefnu, sem nú virðist hafa verið upp tekin af hálfu

hæstv. ríkisstj., hefur allt frá upphafi í haust verið lokað á svo til allar breytingar varðandi þessi mál.

Það er því ljóst að enn er haldið áfram að lækka í raungildi og í krónutölu í sumum tilvikum verklegar framkvæmdir, og nú er einnig stefnt að því að draga mjög verulega úr hinum félagslegu réttindum almennings með alls konar niðurskurði á fjárlagaliðum sem þeim tilheyra. En þrátt fyrir að þetta hafi gerst hefur raungildi fjárveitinga til verklegra framkvæmda og tryggingamála minnkað í heild miðað við þjóðarframleiðslu. Aðaleinkenni fjárlagaafgreiðslu hæstv. ríkisstj. eru því þau, að ríkisútgjöld í heild verða því fyllilega sama hlutfall af þjóðarframleiðslu og áður, en verulegar breytingar verða milli einstakra þátta, þar sem jákvæðustu þættirnir eru skornir niður til þess að mæta útþenslunni á rekstrarliðunum. Sú útþensla stafar fyrst og fremst af stefnu hæstv. ríkisstj. þ. e. gengislækkun, söluskattshækkunum, vaxtahækkunum og álagningu vörugjalds.

Nú þegar 2. umr. fjárlaga fer fram 16. des., sem er síðasti mögulegi dagur til þess að umr. geti farið fram ef ljúka á afgreiðslu fjárlaga fyrir jól, eru miklu fleiri stórir málaflokkar fjárlagafrv. óafgreiddir og bíða 3. umr. heldur en áður hefur verið. Það er, að því er mér virðist a. m. k., miklu erfiðara að sjá út yfir það hver endanleg niðurstaða kann að verða, þó að óhætt sé að fullyrða að verði haldið áfram í sama dúr og hingað til við afgreiðsluna, þá sjá menn nokkuð fyrir að ekki á að leyfa miklar breytingar frá því sem gert hefur verið ráð fyrir, þ. e. a. s. ef hlekkirnir halda í handjárnum stjórnarliða.

Við 1. umr. fjárlagafrv. í haust gagnrýndi ég nokkuð meðferð mála í sambandi við þann niðurskurð sem ákveðinn var af hæstv. ríkisstj. á þessu ári. Ég gagnrýndi það t. d. að þá hafði fjvn. ekki fengið neina vitneskju eða greinargerð um það með hvaða hætti hinar ýmsu ríkisstofnanir höfðu staðið að niðurskurði á mörkuðum fjárveitingum til hinna ýmsu framkvæmda, eins og gert var ráð fyrir í fjárlagafrv. Ég gagnrýndi það harðlega að t. d. stofnun eins og Póstur og sími hafði ekki þá gert grein fyrir því í fjvn. að neinu leyti hvernig framkvæmdur hafi verið niðurskurður á fjárfestingarliðum í þeirri stofnun árið 1975. Þess var óskað strax við póst- og símamálastjóra og þá, sem ráða ferðinni í fjvn., að fá um það upplýsingar með hvaða hætti hefði hér verið staðið að málum, en þær upplýsingar liggja ekki fyrir enn og er þó kominn 16. des.

Hæstv. fjmrh. sagði í gær, í sambandi við annað mál að vísu, að það væri aðeins um að ræða heimildarákvæði til þess að skera niður þetta eða hitt, en fjvn. mundi síðan fá það til umfjöllunar. Ég vil mótmæla því að einstökum ríkisstofnunum skuli líðast að framkvæma niðurskurð í stórum stíl á framkvæmdum, sem búið er að afmarka í fjárlögum, án þess einu sinni að gera fjárveitingavaldinu grein fyrir því með hvaða hætti það er gert, hvað þá heldur að fá að fjalla um það á hvern hátt það er gert. Það á a. m. k. ekki að minu viti að vera í höndum einstakra embættismanna víðs vegar í kerfishringnum að ákveða hvaða framkvæmdir skuli unnar eða unnar ekki. Þar á fjárveitingavaldið að segja síðasta orð. Þetta á ekki bara við um Póst og síma, þetta á líka við um Rafmagnsveitur ríkisins. Það hefur engin skýring verið gefin á því með hvaða hætti var staðið að niðurskurði á framkvæmdum hjá Rafmagnsveitum ríkisins á árinu 1975, og þrátt fyrir margítrekaðar beiðnir og óskir fjvn.-manna hefur slík skýring ekki fengist enn í dag frá hvorugu þessara fyrirtækja. Og ég vil nota þetta tækifæri enn einu sinni til þess að mótmæla slíkum vinnubrögðum. Ég tel að fjárveitingavaldið eigi heimtingu á að fá að vita með hvaða hætti embættismannakerfið stendur að þessu. Það er lágmarkskrafan. En auðvitað á fjárveitingavaldið að ráða því, hvernig með þessi mál er farið.

Það eru ótalmörg önnur atriði að því er varðar upplýsingar um fjárlagafrv. og um framkvæmdir í ár, sem voru á fjárlögum, sem fjvn. hefur alls ekki fengið neinar upplýsingar um þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir. Ég bið menn ekki að taka það svo að ég sé að drótta því að stjórnarliðum í fjvn. að þeir vilji endilega liggja á þessu. Ég efast um að þeir hafi sjálfir fengið þær upplýsingar. En embættismannakerfinu er látið líðast að neita Alþ. eða starfsnefndum Alþ. um þær upplýsingar sem óskað er eftir. Ég a. m. k. vil ekki sætta mig við slíkt. Og ég vil biðja hæstv. fjmrh. að minnast þessa í framtíðinni. Ég þykist vita að það er ekki hans meining að ekki liggi fyrir allar upplýsingar sem óskað er eftir, en þetta hefur þó gerst, því miður, að ekki hafa fengist þær upplýsingar sem fjvn.-menn hafa um beðið. Hverjum það er að kenna, það get ég ekki fullyrt á þessu stigi máls.

Eins og ég sagði áðan, þá er fjöldinn allur af stórum málaflokkum sem enn hafa enga umfjöllun fengið í fjvn., og eftir því sem mér sýnist mál standa í dag, þá verður það rösklega einn sólarhringur sem fjvn. fær til að fjalla um alla þessa stóru málaflokka milli 2. og 3. umr. ef á að afgr. fjárlögin fyrir jólahlé. Ég vil því taka miklu sterkar til orða en hv. þm. Geir Gunnarsson í sambandi við að átelja slík vinnubrögð. Það er ekki boðlegt að bjóða Alþ. og alþm. upp á slíkt stjórnleysi og vinnubrögð í sambandi við afgreiðslu svo stórs máls sem fjárlagagerðin er, eitt stærsta verkefni hvers Alþ. Það er forkastanlegt að þurfa að segja svo til sömu orð í þessum dúr ár eftir ár. Menn vorkenndu hæstv. ríkisstj. í fyrra vegna þess hversu seint hún settist í hina langþráðu stóla. En í ár er engri slíkri vorkunnsemi fyrir að fara. Hér er fyrst og fremst um að ræða stjórnleysi, skipulagsleysi sem á að uppræta, hvaða meiningar sem menn svo hafa í sambandi við óstjórn á öðrum sviðum hjá hæstv. ríkissj. Ég held að þegar svo er komið að aðeins einn til tveir dagar gefast til þess að ræða stóra málaflokka, marga milli 2. og 3. umr., þá megi í raun og veru segja, að þessir málaflokkar fái enga athugun sem að gagni kemur eða vit sé í. Það verður hafður sami háttur á og við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1975. Menn rjúka upp til handa og fóta og hrista mál af óathuguð, óskoðuð kannske, og síðan lendir allt í einni vitleysu og menn hafa ekki hugmynd um hvaða mál er búið að afgr. og

hvaða mál eru eftir. Sú var raunin á í fyrra og mér sýnist allt stefna í sömu átt nú.

Ég skal ekki telja upp þá málaflokka sem mest ber á í sambandi við það sem óafgreitt er, það hefur verið gert hér áður. En ég ítreka það, að það eru svo veigamiklir málaflokkar og stórir að það er nánast óverjandi að ætla ekki lengri tíma en einn til tvo daga til þess að ræða þau mál og komast að niðurstöðu.

Eins og öllum hv. alþm. er kunnugt byggist það fjárlagafrv., sem hér er til umr., á því að nokkuð mörgum núgildandi lögum verði breytt. Frv. þar að lútandi hafa verið að koma fram. Þau hafa verið slitin upp eins og ber, eitt og eitt á stangli, með ákveðnu millibili, og dreift í þinginu allt fram á daginn í dag, síðast núna rétt áðan var að koma eitt af þeim frv. sem gert var ráð fyrir að yrðu fylgifiskar fjárlagafrv. Það er auðvitað algjörlega vonlaust mál og getur varla verið að hæstv. ríkisstj. ætlist til þess, að samtímis því að verið er að afgr. alla þá málaflokka sem eftir eru í fjvn. varðandi afgreiðslu sjálfs fjárlagafrv., þá sé á sama tíma verið að fjalla hér um öll þessi lagafrv. sem fyrir báðum deildum liggja, en þó eru í tengslum við fjárlagafrv. Það getur ekki verið meining hæstv. ríkisstj. Ég þykist vita, að það er a. m. k. ekki meining hæstv. fjmrh. að öll þessi mál verði afgr. Það er gjörsamlega vonlaust mál. Ef það er meining hæstv. ríkisstj. t. d. að ætla að keyra hér í gegn það mál, sem nú er verið að útbýta, um breyt. á verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, þá er hæstv. ríkisstj. vísvitandi að stefna að því að fjárlög verði ekki afgr. fyrir jól. Ég á a. m. k. eftir að sjá það að þm., meira að segja hv. stjórnarþm. sumir hverjir, fáist til þess að keyra svo á í þessum málum að þau verði afgr. á einum eða tveimur dögum. En ef þetta er meining hæstv. ríkisstj., þá vinnur hún að því leynt og ljóst að koma í veg fyrir að fjárlög verði afgr. fyrir jólahlé.

Ég get ekki stillt mig um þó að það kannske heyri betur undir umr. síðar, vegna þess frv. sem nú er til meðferðar í hv. Nd., að nefna hér eitt mál sem ég held að allir þeir ræðumenn, sem tóku til máls við 1. umr. fjárlagafrv., gerðu að umtalsefni, en það var sú ætlan hæstv. ríkisstj. að skera niður framlög til almannatrygginga um 2 milljarða á næsta ári. Það var talið liggja mjög á að koma á fót nefnd til að gera skynsamlegar till. í sambandi við þennan niðurskurð. A. m. k. var óskað eftir því við þingflokk Samtaka frjálslyndra og vinstri manna 20. okt., ef ég man rétt, að hann tilnefndi með hraði fulltrúa til að gera till. um hvernig ætti með þetta mál að fara. Að sjálfsögðu var orðið við þessu og svo hygg ég að hafi orðið um aðra. Fyrsti fundur í þessari n., sem átti að gera till. um með hvaða hætti ætti að gera þær breyt. á almannatryggingalögunum sem hæstv. ríkisstj. vildi láta gera, — fyrsti fundur í þessari nefnd, frá því að hún var skipuð 20. okt., var kallaður saman s. l. föstudag, og þá, eftir því sem mér skilst, lágu engar till. fyrir um það, með hvaða hætti ætti að gera þetta. Það er svo furðulegt að slíkt skuli geta átt sér stað, að það er varla að menn geti komið sér til að tala um þessa hluti. Tveimur dögum eftir að þessi fyrsti fundur er haldinn er dreift á borð hv. þm. frv., sem mætti kalla frv. til l. um breyt. á almannatryggingalögum og skattheimtu sveitarfélaga, því að allan tímann frá 20. okt. til 11. eða 12. des. hafa hv. stjórnarþm. haft þann starfa m. a. að þreifa sig þrep af þrepi yfir á hugsanlega samningaleið um það með hvaða hætti skyldi leysa það mál sem hæstv. ríkisstj. vildi leysa á allt annan veg en nú virðist blasa við að eigi að gera. Okkur hinum er síðan ætlað að taka afstöðu til þessa máls á einum til tveimur dögum.

Svona mætti halda áfram að telja fjöldann allan af atvikum sem sýna fram á algjört stjórnleysi, óskynsamleg vinnubrögð og óvirðingu, vil ég segja, við hv. Alþ. af hæstv. ríkisstj., eins og hún stendur að málatilbúnaði hér á Alþ. nú. Þetta virðist því miður látið óátalið af hv. þm. stjórnarflokkanna. Þeir, sem þar voru bitastæðir áður, virðast vera af þingi farnir og hinir, sem eftir eru og nú skipa meiri hl., virðast fáanlegir til svo að segja hvers sem er ef hæstv. ráðh. biðja um. Mér sýnist það vera hörmulegt hvað flokksþjónkunin virðist ná langt inn í hug og hjarta hv. núv. stjórnarliða hér á Alþ. og mér finnst það furðulegt ef þeir 33 stjórnarþingmenn, sem ekkert hafa fengið að ráða við gerð fjárlaga ársins 1976, ætla að leggja blessun sína yfir gerðir hinna 8 eða 9, — eftir því hvort við tökum formann fjvn. með, við tökum a. m. k. ráðh. þó að það sé nú talinn vafi á því að þeir viti allir um hvað er að gerast, en við skulum hafa þá alla með, — það er furðulegt ef hinir 33 stjórnarliðar hér á hv. Alþ. ætla að sætta sig við það að fá að segja bara já og amen við því sem hinir 9 eru búnir að gera í allt haust.

Nú við 2. umr. þessa máls, eins og ég hef áður vikið að, er ekki tækifæri til þess að ræða fjölda þeirra málaflokka sem vissulega væri ástæða til, en það er talið heldur óæskilegt að vera að ræða hér nú við 2. umr. málaflokka sem ekki hafa fengið neina umfjöllun í fjvn. og bíða endanlengrar afgreiðslu til 3. umr. Þó eru hér örfáir málaflokkar sem ég vil aðeins víkja að.

Það liggur t. d. fyrir að í sambandi við hafnarframkvæmdir á að verja á árinu 1976 rösklega 500 millj. kr. til nýrra framkvæmda í höfnum. Þessar 500 millj. eiga að fara í framkvæmdir á ca. 37 höfnum svo að það er ekki stór biti ef skipt væri upp eftir neyðarreglunni, eins og hv. þm. meiri hl. fjvn. orðuðu svo. Þeir telja hér um neyðarúthlutun að ræða í sambandi við hafnarframkvæmdir. Sjá það allir í þeirri gífurlegu þörf, sem hafnir hinna ýmsu staða víðs vegar í kringum landið eru í fyrir framkvæmdir, að þá verður ekki mikið gert fyrir 500 millj. á árinu 1976. Það held ég að öllum sé ljóst.

Hafnaáætlun, 4 ára áætlun var lögð hér fram á Alþ. í fyrrahaust og var meiningin að afgr. hana þá, en hún fékk aldrei frekari afgreiðslu en það að hún fékk hér eina umr. og var síðan vísað til fjvn. Þar hefur aldrei verið litið á hana síðan, fyrr en núna að upp kom sú staða að það þurfti að fara að ákvarða fjárveitingar til framkvæmda í hinum ýmsu höfnum. Þá eftir eitt ár fóru menn að taka hana upp og skoða hvað hefði verið talið mest knýjandi og þurfti að gera á árinu 1976, sem var fyrsta ár þessarar 4 ára hafnaáætlunar. Þá kom í ljós að hefði átt að halda

við þá áætlun, þá þurfti að verja til framkvæmda í höfnum á árinu 1976 1300 millj. kr., en það eru 500 í till. núv. meiri hl. fjvn. Hér er um að ræða annað árið í röð sem stórkostlegur niðurskurður á sér stað í framkvæmdum við hafnir víðs vegar í kringum landið, — stórkostlegur niðurskurður annað árið í röð, þrátt fyrir þá brýnu nauðsyn sem ber til að gera verulegt átak í endurbótum og uppbyggingu hafna víðs vegar vegna hins nýja skuttogaraflota sem hefur verið að koma til landsins á undanförnum árum. Og það verður að teljast furðulegt, því að ég hygg að a. m. k. nokkrum, ef ekki mörgum hv. stjórnarþm. ætti að vera kunnugt um að staða hafnarsjóðanna í landinu er slík, að það verður ekki undan því vikist, að gera stórátak til þess að lagfæra þau mál.

Í núgildandi hafnalögum er ákvæði til bráðabirgða sem gerir ráð fyrir því að veitt sé sérstök fyrirgreiðsla til þeirra hafnarsjóða sem verst eru settir í sambandi við skuldir og lántökur. Ekkert hefur verið gert í þessu efni í 2 ár, þ. e. a. s. í tíð núv. hæstv. ríkisstj., — ekkert gert. Mér þykir sárt að hæstv. samgrh. skuli ekki vera í salnum, því að það væri full ástæða til að minna hann á þetta ef hann er búinn að gleyma því. Í fjárlögum bæði ársins 1974 og 1975 var heimild til lántöku til þess að sinna þessu brýna verkefni hafnarsjóðanna, að létta greiðslubyrði þeirra, en í hvorugt skiptið var það notað og alltaf borið við fjárskorti. En síðan gerist það á árinu 1975, að það er ekki meiri fjárskortur hjá hæstv. ríkisstj. en það, að hún telur sér fært að verja með sérstökum hætti, fyrir utan lög og reglur í landinu, fjármunum til Reykjavíkurhafnar. Það er ekki meiri fjárskortur en það. En gildandi lögum um aðrar hafnir er í engu sinnt. Hér er því vísvitandi, eins og í mörgu öðru, stefnt í gjörsamlegt óefni, og verður að teljast furðulegt að það skuli ekki takast að opna svo augu ráðandi manna í þjóðfélaginu að þeir fái sýn í þessum efnum og geri sér grein fyrir hvernig málum er komið.

Í sambandi við grunnskóla, einn af þeim málaflokkum sem búið er að afgr. í fjvn., er gert ráð fyrir nákvæmlega sömu krónutölu og var á fjárlögum ársins 1975, — nákvæmlega sömu krónutölu þrátt fyrir þá geigvænlegu hækkun kostnaðar sem átt hefur sér stað og fyrst og fremst er um að kenna stjórnleysi hæstv. ríkisstj. Og það er ekki ómyndarlegar að því staðið en það, að ekki einn einasti aðili sem hefur á fyrri árum bara haft undirbúningsfjárveitingu, — enginn af þessum aðilum, sem eru margir, fær heimild til að hefja framkvæmdir á árinu 1976, ekki einn einasti. Það er ekki ómyndarlega að staðið hinni nýju löggjöf í sambandi við grunnskóla. Það er lítið grettistakið sem hæstv. menntmrh. lyftir í sambandi við uppbyggingu eftir þeirri löggjöf á árinu 1976. Ég man ekki betur en að ég hafi heyrt bæði hæstv. menntmrh. og fjöldann allan af hv. stuðningsmönnum núv. ríkisstj. leggja á það höfuðáherslu á undanförnum árum að brýnasta verkefnið í uppbyggingu menntamálanna væri að auka veg verkmenntunar í landinu, og ég átti ekki von á öðru en að menn væru um þetta almennt sammála. Og það er ekki amalega staðið við þessi gefnu fyrirheit eða töluðu loforð og hugsjónir hæstv. ríkisstj. í sambandi við verkmenntun í landinu. Það er staðið að því með þeim hætti að skera niður í krónutölu. Menn fárast nú yfir því að það skuli vera skorið niður í sambandi við framkvæmdir, og vissulega er það efni til að harma. En það eru skornar niður í krónutölu fjárveitingar til iðnskóla í landinu á árinu 1976 frá því sem er í fjárl. ársins í ár.

Ef áfram verður haldið í sama dúr og hingað til í sambandi við afgreiðslu mála í fjvn., þá væri hægt að taka þessa málaflokka svo til hvern og einn út af fyrir sig og tala um þá í sama dúr og ég hef hér gert, því að allt eru þetta nauðsynlegar framkvæmdir sem allar eru meira og minna skornar niður á sama tíma og rekstrarútgjöld ríkissjóðs eru stórkostlega aukin.

Einn af þeim fáu þáttum, sem búnir eru að fá umfjöllun í fjvn. og liggja nú fyrir afgreiddir, er í sambandi við íþróttamál, og svo hörmulega sem að mörgum málum er staðið af fjvn., þ. e. a. s. meiri hl. hennar, og hæstv. ríkisstj., þá er nú hvað hörmulegast, að því er mér sýnist, hvernig á að fara með það sem búið var þó að koma í lag í tíð fyrrv. ríkisstj. í sambandi við íþróttamál. Þegar fyrrv. ríkisstj. tók við völdum var skuldahali upp á 80 millj. kr. frá „viðreisn", sem ríkið átti eftir að standa skil á til sveitarfélaga í landinu vegna byggingar íþróttamannvirkja. Skv. lögum 1973 var gert samkomulag um að eyða þessum hala. En nú er ljóst, eins og málið hefur verið afgr. frá meiri hl. fjvn., að strax á næsta ári verður búið að hlaða upp skuldahala í þessum málaflokki upp á 76 millj. kr. — strax á árinu 1976, og mér þykir slæmt að hafa ekki enn hæstv. samgrh. hér, því að við 1. umr. fjárlagafrv. fyrir árið 1975, þegar ég ásamt fleiri stjórnarandstæðingum vorum að gagnrýna með hverjum hætti við óttuðumst að hæstv. ríkisstj. ætlaði að standa að fjárveitingum til þessara aðila, þá sagði einmitt hæstv. samgrh., sem oft síðan 1974 féll í þá gröf að tala sem fjmrh., — hann sagði þá, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég vil líka segja það út af því, sem hefur verið rætt hér um þátt íþróttamála og félagsmála almennt, að ég treysti því fastlega að haldið verði við þá stefnu, sem fyrrv. ríkisstj. tók upp, að sinna íþróttamannvirkjum með þeim hætti að það verði ekki meira um framkvæmdir en að það verði greitt til þeirra jafnharðan og framkvæmdir eiga sér stað og haldið verði við þann samning að greiða upp gömlu skuldina, sem ég veit líka að verður gert."

Og hæstv. ráðh. heldur áfram og segir:

„Þess vegna verður að vera samband á milli þeirra íþróttamannvirkja, sem á að vinna á næsta ári, og þeirra fjárveitinga, sem verða í fjárl. þegar þau verða afgr."

Þetta var skynsamlega mælt hjá hæstv. samgrh. fyrir ári og í alla staði eðlilegt. En nú standa mál sem sagt þannig, að það á að hverfa frá þessum skynsamlegu vinnubrögðum. Ég ætlaði því að nota tækifærið til þess að beina þeim tilmælum til hæstv. samgrh., að sé hann sömu skoðunar enn, sem ég hef ekki ástæðu til að ætla annað en sé, að hann reyni nú að koma því inn í höfuðið á sínum meðrh. og samrh. og

stjórnarþm. almennt að það verði horfið að því aftur núna að standa við þessar greiðslur og standa að málum á þann hátt sem búið var að ákveða, en ekki hranna upp svo að milljónatugum skiptir skuldum við sveitarfélögin í landinu bara vegna þessa eina þáttar, þ. e. íþróttamannvirkja.

Nú er víst á sama hátt og kannske enn meira áberandi staðið að því við afgreiðslu fjárl. fyrir árið 1976 að skerða stórlega fjárveitingar til hinna ýmsu félagslegu samtaka einstaklinga sem vinna að menningar- og mannúðarmálum. Ég fyrir mitt leyti vil gagnrýna það harðlega, á sama hátt og hæstv. ríkisstj. þenur út ríkisreksturinn, að þá notar hún tækifærið til þess að ráðast að þessum aðilum ásamt mörgum öðrum málaflokkum og skera þá svo að segja niður við trog. Hæstv. samgrh. tjáði sig líka í þessu máli við 1. umr. fjárl. í fyrra og sagðist ekki hafa neina trú á því þá, hæstv. ráðh., að þó að fjárlagafrv. þáv. væri lagt fram með sömu tölu í upphafi og gert var ráð fyrir í fjárl. ársins 1974, þá sagðist hann ekki vera í neinum vafa um að þetta tæki breyt. í meðförum fjvn. og beinlínis ætlaðist til þess. Það skal viðurkennt að í örfáum undantekningaratriðum fengust á þessu breytingar við afgreiðslu fjárl. fyrir árið 1976. En mér sýnist því miður að hér eigi svo til engar breyt. að eiga sér stað við afgreiðslu fjárl. fyrir árið 1976, þar eigi allt að vera í járnum. Ég hefði einnig viljað beina þeim tilmælum til hæstv. samgrh. að hann minnti sína samherja einnig í þessu tilviki á það, að hér væri óskynsamlega að farið og hér væri einungis verið að safna upp skuldum fyrir framtíðina, enginn vandi leystur, nema síður sé.

Að síðustu skal ég aðeins víkja örfáum orðum að einum þætti sem ekki hefur hlotið afgreiðslu í fjvn. nú fyrir 2. umr., en það er í sambandi við flugmál. Ég vil nota þetta tækifæri, sem gefst nú við 2. umr., áður en málið verður afgr. í n., til þess að gera tilraun til þess að vekja hv. stjórnarþm. til umhugsunar um það í hversu mikið óefni er stefnt ef þeir ætla að láta hæstv. ríkisstj. hafa sig til þess að vera handjárnaðir einnig í þessu máli. Í blaði sjálfs hæstv. samgrh., Tímanum, er s. l. föstudag viðtal við flugmálastjóra sem ber yfirskriftina, með leyfi hæstv. forseta: „Verðum að loka flugvöllunum úti á landi ef við fáum ekki fé.“ Í þessu viðtali gerir flugmálastjóri á skilmerkilegan hátt grein fyrir því hvernig ástandið er í raun og veru í þessum málum ef á að halda sér við það að skera svo stórkostlega niður fjárveitingar til flugmála eins og fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. Ef ekki verður hægt að opna augu eða fá upp hendur hv. stjórnarþm. í atkvgr. um málið til hækkunar frá því, sem frv. gerir ráð fyrir, þá blasir við algjört neyðarástand í sambandi við flugþjónustuna í landinu. Það er stefnt í stórkostlega aukna slysahættu í flugi ef ekki verður hægt að vekja rækilega athygli stjórnarliða á því að hér verður að fást breyting á. Í fjárl. ársins 1975 var fjárveiting upp á 202 millj. kr. til flugmálanna. Það mun síðar hafa verið skorið niður. Hæstv. fjmrh. var svo elskulegur að gauka að mér fyrr á þessum þingfundi lista yfir framkvæmd þess niðurskurðar sem hann óskaði eftir á þessu ári, hvernig það yrði framkvæmt. Því miður hef ég ekki haft tíma til þess að fara yfir hann, en þetta var eitt af þeim plöggum sem löngu var búið að biðja um í fjvn. og fengust þó ekki fyrr en þetta. Það skal þó þakkað að þetta kom, þó að seint sé, hæstv. ráðh. En óskir flugmálastjórnar í sambandi við fjárfestingar og viðhald við gerð fjárlaga ársins 1976 voru upp á 979 millj. kr. Síðan voru þessar óskir endurskoðaðar, og síðast þegar við í fjvn. vissum til voru þessar óskir komnar niður í 450 millj. kr. sem var algjört lágmark að áliti flugmálastjóra að yrði að fást til þess að væri hægt með eðlilegum hætti að sinna þeirri þjónustu sem nú er í sambandi við flugmálin. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir 252 millj. Það sjá því allir að hér er um svo alvarlegt og mikið mál að ræða, að það verður ekki komist hjá því að fá hér hækkun á fjárframlögum til flugmálanna, ef ekki á að stíga stórt skref aftur á bak í sambandi við þjónustu í lofti. Það má vel vera að einhverjum hv. þm. þyki að hér sé dökk mynd upp dregin. En ég hef sjálfur persónulega orðið fyrir því að flugferðir hafa verið felldar niður vegna þess að ekki hefur verið hægt að greiða vinnulaun vegna ákveðins starfs sem þurfti að vera fyrir hendi svo að flug gæti átt sér stað. Þetta hefur þegar gerst, þannig að ég hygg að flugmálastjóri dragi ekki upp of dökka mynd af því ástandi sem kemur til með að verða ef hæstv. ríkisstj. ætlar að halda á þessu máli eins og allt bendir til nú í dag að hún ætli að gera.

Ég segi því enn og aftur: Hér er vísvitandi stefnt að því að skerða stórkostlega þá þjónustu, kannske ekki síst við landsbyggðina, sem verið hefur í sambandi við flugið, og það sem verra er, því miður virðist vera stefnt að stórkostlega aukinni slysahættu ef ekki er hægt að fá hér breytingu á.

Herra forseti. Ég skal ekki fara öllu fleiri orðum um þetta nú og er raunar orðinn nokkuð miklu langorðari en ég ætlaði í fyrstu. En ég vil ítreka það, að ég fordæmi í fyllsta máta þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið í sambandi við afgreiðslu málsins í fjvn. og að það skuli hafa staðið á svo að vikum og jafnvel mánuðum skiptir upplýsingum, sem nm. hafa óskað eftir. Og ég vænti þess, — enn verð ég að tala við hæstv. fjmrh. því að hann er hér einn af hinum 8, enginn annar sést, — ég vænti þess að hann komi því til leiðar, — og ég hef þann fyrirvara á: verði hann í embætti að ári — að hann komi því til leiðar að skynsmlegri vinnubrögðum verði beitt við afgreiðslu mála og umfjöllun, ekki bara í fjvn. heldur og í sambandi við þingstörfin.

Ég vil svo að síðustu vekja athygli á því, að mér sýnist, eins og málum er komið í dag, að þá sé ekki nema tvennt til í sambandi við afgreiðslu fjárl. Annaðhvort er að þau verði afgr. með greiðsluhalla, sem allir hæstv. ráðh. hafa svarið og sárt við lagt að ekki mætti eiga sér stað, eða að það verði að afla nýrra tekna með einhverjum hætti. Núna þegar aðeins eru eftir 3—4 dagar af starfstíma þingsins fyrir jólahlé, þá hefur ekkert sést um það enn eða nein vitneskja um það fengist enn að það séu í bígerð af hálfu hæstv. ríkisstj. nýjar tekjuöflunarleiðir.

En það verður þá líklega í fyrsta skipti, ef það gerist, sem það á sér stað að fjárl. verði afgr. með þeim hætti að gert sé ráð fyrir tekjuöflun með nýjum sköttum án þess að frv. um þá hafi sést á Alþ. Ef það verður, þá verða þau vinnubrögð til þess að kóróna allt það sem hér hefur gerst, þó að slæmt sé, nú á þessu herrans ári 1975. En þetta er sem sagt ljóst, og því hygg ég að enginn beri á móti. Það er ekki nema tvennt til: Annaðhvort verður að afgr. fjárl. með greiðsluhalla eða gera ráð fyrir nýjum tekjustofnum með skattheimtu, og kannske er það það sem hæstv. ríkisstj. stefnir á.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 179, 181 og 182, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 33 shlj. atkv.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Það væri vissulega ærin ástæða til þess að fjalla nokkuð um afgreiðslu fjárlagafrv. almennt, því að ég hygg að sú afgreiðsla sé með þeim eindæmum nú, að það verði ekki fundið neitt sem í samjöfnuð við það kemst. Það er 2. umr. um fjárl. sem nú fer fram, og það er vitað mál að ætlunin er að 3. umr. fari fram ekki síðar en á föstudag. og þá sjá menn hvaða tími er til stefnu til þess að rækja þá skyldu Alþ. að fjalla um fjárl. milli 2. og 3. umr. eins og þó hefur verið leitast við að gera allar þær götur sem ég þekki til og hef kynnst störfum Alþ. Það verður heldur lítill tími til slíks miðað við þann tíma sem þessum umr. er ætlaður. Nú hefði e. t. v. mátt segja að þörfin á slíkum tíma milli umr. hefði verið minni ef svo væri að undirbúningurinn undir 2. umr. væri með þeim hætti að hann væri með sérstökum ágætum. En því hefur nú verið lýst hér af öðrum og þá alveg sérstaklega af hv. 11. landsk. að það er langur vegur frá því að svo sé. Sá undirbúningur virðist, eins og kom fram í ræðum fulltrúa minni hl. í fjvn., fyrst og fremst hafa verið með þeim hætti að það hefur verið hlustað á hina ýmsu embætismenn sem hafa komið og borið fram sín mál, enda þótt stjórnarherrarnir hafi verið ráðnir í því að hafa álit þeirra og till. að engu, og þess vegna hafi ekki þótt ástæða til að gefa fjvn. tækifæri til þess að fjalla um þessi álit og till. á eðlilegan og venjulegan hátt. En þar sem þessu efni hafa þegar verið gerð mjög góð skil af fulltrúum minni hl. í fjvn. og alveg sérstaklega í hinni mjög glöggu ræðu hv. 11. landsk. þm., sem rakti þessi vinnubrögð öll, mun ég sleppa því.

Hér hafa ekki verið margir ráðh. við þessa umr. Hæstv. fjmrh. hefur að vísu verið hér í salnum í dag og hlýtt á mál manna, en aðrir ráðh. hafa ekki sést, þar til loksins nú að ég sé að hæstv. menntmrh. er hingað kominn og býð ég hann velkominn til starfa á Alþ. í dag. Þá eru komnir hingað tveir ráðh. til starfa og á því vil ég vekja sérstaka athygli.

Það er satt að segja, að mig langar til þess þar sem hæstv. menntmrh. er nú hingað kominn, að vekja með nokkrum orðum athygli á því að mér þykir svo nú við afgreiðslu fjárl. sem eitt og annað, sem ég átti von á frá hans hendi, skorti á a. m. k. nú við 2. umr. fjárl., og ég vil gjarnan leita fregna um það hvers er að vænta í sambandi við nokkur þau mál á sviði menntamála sem ég ber sérstaklega fyrir brjósti.

Hæstv. menntmrh., sá væni og velviljaði maður, hefur alveg sérstaklega lagt áherslu á nokkra málaflokka í sambandi við menntamálin sem hann, að því er mér hefur skilist, ætlaði að leggja ríka áherslu á að fá framgengt og fá ráðna bót á. Ég ætla aðeins að nefna hér, til þess að lengja ekki mál mitt allt of mikið, tvö mikilvæg atriði í sambandi við menntamálin. Ég verð að víkja að því, að ég hef orðið fyrir miklum vonbrigðum í sambandi við þessi tvö atriði sem ég ætla sérstaklega að nefna, og vil spyrja hæstv. menntmrh. hvort ekki sé neinna úrbóta að vænta nú í sambandi við afgreiðslu fjárlaganna.

Hæstv. menntmrh. lýsti því með mjög eftirminnilegum hætti svo sem einu ári áður en hann tók við því virðulega embætti sem hann gegnir nú hversu erfitt það er í sambandi við ágæt mál að koma þeim í gegnum kerfið, eins og það er stundum kallað. Ég man ekki eftir öllu meira málandi lýsingu á því hvernig góð mál festast stundum í kerfinu, verða þar rígföst og nást þaðan annaðhvort seint eða jafnvel ekki, sum nást þaðan kannske limlest eftir dúk og disk, en önnur kafna þar algjörlega. Þessi saga sem hæstv. ráðh. lýsti hér á Alþ. fyrir svo sem tveimur árum, hefur mér varla liðið úr minni og þess vegna þætti mér það heldur ömurlegt hlutskipti ef svo færi að þau mál sum, sem hæstv. menntmrh. ber sérstaklega fyrir brjósti, verða rígföst í kerfinu eða kafna þar algjörlega. Ég vænti þess nú að hann sýni þrótt sinn með þeim hætti að rífa þessa málaflokka upp úr kerfinu þannig að þeir kafni þar ekki algjörlega.

Snemma á þessu þingi, svo að segja í byrjun þings, lagði hæstv. menntmrh. fram á Alþ. frv. til l. um almenningsbókasöfn. Þetta mál hefur verið nokkuð lengi á döfinni. Ég hygg að ég muni það rétt, að fyrrv. menntmrh. Gylfi Þ. Gíslason lét undirbúa löggjöf um það efni. Síðan var sú löggjöf endurskoðuð í tíð fyrrv. menntmrh. Magnúsar T. Ólafssonar, og það frv., sem þá hlaut sína endurskoðun, hefur nú legið fyrir Alþ. í tvö skipti, ef ég man rétt, og þetta er í þriðja sinn sem þetta mjög svo nauðsynlega og mikilvæga frv. hefur séð dagsins ljós og er til umfjöllunar hér á þingi. Þetta frv., ef að lögum verður, er mikilsverð bót frá því ástandi sem hér hefur ríkt nú um skeið í sambandi við stuðning bæði ríkisins og sveitarfélaga við þessa mikilvægu starfsemi, almenningsbókasöfnin. Það er að vísu galli á frv. að skv. því á það ekki að taka gildi að fullu fyrr en eftir þrjú ár. Það á að taka þrjú ár að því er tekur til fjárveitinganna, en þrátt fyrir það er hér um mikilsvert mál að ræða. Enginn held ég að hafi lýst því öllu greinilegar í fáum orðum heldur en hæstv. núv. menntmrh., hversu mikilsverð almenningsbókasöfnin eru og hversu mikil nauðsyn er að styðja þau. Nú er vakin athygli á því, það gerði alveg sérstaklega hv. 9. þm. Reykv., að þegar þetta fjárlagafrv. var lagt fram í haust, þá var ekkert tillit á neinn hátt tekið til þess stjfrv. um almenningsbókasöfn. Þetta gat átt sínar eðlilegu skýringar og þá helst þær, að hæstv. menntmrh. ætlaði sér að vinna að því með oddi og egg að koma almenningsbókasafnsmálinu fram fyrir jól,

sem mjög auðvelt hefði verið, ef sæmilega hefði verið að hlutunum staðið, þar sem þetta var í þriðja sinn sem tiltölulega einfalt frv. var hér til umfjöllunar á Alþ. En ekkert hefur verið gert í þessum málum, engin viðleitni í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna nú. Ég spyr hæstv. menntmrh.: Er ætlunin að láta enn eitt ár líða á þann veg að ekkert verði gert í þessu efni?

Annað dæmi vil ég aðeins nefna í sambandi við mál á áhugamálasviði mínu og hæstv. núv. menntmrh. Ég hef við ýmis tækifæri leitast við að leggja áherslu á nauðsyn stóraukinnar verkmenntunar í þessu landi og reynt að benda á það, hvernig hún hefur legið eftir þegar skólakerfið nú á hinum síðustu tímum hefur verið byggt upp að ýmsu leyti töluvert myndarlega. Hæstv. menntmrh. hefur alveg sérstaklega rætt um þetta og lagt áherslu á nauðsyn þess að verulega miklu meiri fjármunum verði varið til verkmenntunar en gert hefur verið til þess að ekki hallist svo átakanlega á í þessu sambandi eins og gerir nú og gert hefur í seinni tíð. Það er því miður ekki að sjá að neitt eigi að gera í þessum efnum, því að þar virðist fremur enn halla á verkmenntunina heldur en áður. Það er um að ræða ýmist sömu upphæðirnar í krónutölu eða jafnvel lægri fjárupphæðir í krónutölu heldur en áður sem verja á til verkmenntunar, og tel ég það illa farið.

Ég skal svo aðeins víkja með nokkrum orðum að þeim brtt. við fjárlagafrv. sem ég flyt. Þær eru á þskj. 179, þrjár brtt., og ein sem ég flyt ásamt öðrum er á þskj. 182.

Fyrsta brtt., sem ég flyt, er fyrsta till. á þskj. 179 um hækkað framlag til Menningarsjóðs. Ástæðan til þess, að ég flyt þessa hækkunartill. um að í staðinn fyrir 12 654 000 kr. komi 18 millj. kr. er einkum sú, að ég og þeir menn, sem með Menningarsjóð hafa að gera nú, þ. e. a. s. menntamálaráð og framkvæmdarstjóri Menningarsjóðs, þessir menn allir líta þannig á að Alþ. hafi tekið á sig alveg sérstaka skyldu í sambandi við þennan sjóð, þegar lögum um sjóðinn var breytt síðast og annar aðaltekjustofn hans var afnuminn og færður til ríkisins, en í staðinn átti að koma sérstakt framlag á fjárlögum. Í stuttu máli sagt er þetta þannig vaxið, að árið 1968 skipaði þáv. menntmrh. menn í n. til þess að athuga fjármál og fjárhagsgrundvöll Menningarsjóðs. Í þessari n. sátu hinir ágætustu menn: Guðlaugur Þorvaldsson prófessor, nú háskólarektor, Gísli Blöndal hagsýslustjóri og Vilhjálmur Þ. Gíslason þáv. formaður menntamálaráðs. Þessi n. skilaði skýrslu sinni og áliti eftir tiltölulega skamman tíma. Niðurstöður komu raunar ekki fram fyrr en nokkru síðar, en árið 1970 er flutt frv. um breytingu á lögunum um Menningarsjóð og menntamálaráð, þar sem annar aðaltekjustofn hans, þ. e. a. s. sektir fyrir áfengislagabrot, skal afnuminn algjörlega og það af ýmsum ástæðum og þó sérstaklega tveimur: annars vegar hafði þessi fjárstofn verið svo breytilegur og óviss að það gat valdið sérstökum vandræðum og hins vegar töldu margir og þó ekki síst þeir, sem með þennan sjóð höfðu að gera og stjórnuðu honum, að þessi tekjustofn væri heldur hvimleiður og æskilegt væri þess vegna að koma málunum öðruvísi fyrir. Sem sagt, með lögum um breyt. á lögum um Menningarsjóð og menntamálaráð, sem samþ. voru á Alþ. í marsmánuði 1971, er þessi annar aðaltekjustofn Menningarsjóðs afnuminn og ríkið tekur þessar tekjur í sínar hendur, þ. e. allar sektir fyrir áfengislagabrot, þ. á m. fyrir upptækt áfengi og annað slíkt. En í staðinn er gert um það beint samkomulag við ríkisstj. og Alþ. að upp skuli tekin á fjárlögum ákveðin fjárupphæð árlega sem ekki skyldi vera hlutfallslega minni hverju sinni en meðaltal þessara sekta fyrir áfengislagabrot hafði verið næstu árin á undan. En sannleikurinn er sá, að það er aðeins fyrsta árið eða fyrstu tvö árin eftir að þessi breyting er gerð sem segja má að Alþ. og ríkisstj. standi við þetta ákveðna fyrirheit sem gefið var þegar þessi breyting var gerð. Síðan hefur farið þannig að þessi fjárhæð hefur ýmist staðið nokkurn veginn óbreytt að krónutölu eða jafnvel verið lækkuð milli ára. Og nú er þannig komið að heildartekjur Menningarsjóðs á næsta ári eru áætlaðar í fjárlagafrv. 12 millj. 650 þús. kr. Þar af mun vera áætlað að annar aðaltekjustofninn, sem áður var og enn er, þ. e. a. s. ákveðið gjald af aðgöngumiðum, aðallega aðgöngumiðum kvikmyndahúsa, gefi 10 millj. og nokkur hundruð þús., en þá er hið raunverulega framlag ríkissjóðs rétt um eða rúmar 2 millj. kr. Það mun þá vera í krónutölu svipuð upphæð og tekjustofninn, sem af Menningarsjóði var tekinn í ársbyrjun 1971, gaf árin 1969 og 1970. En það er tiltölulega auðvelt að reikna það út, að það væri ekki óeðlilegt að gera ráð fyrir að þessi tekjustofn gæfi nú 6—7 millj. kr. Ég tel að í þessu efni verði að athuga það, að þarna var í rauninni gert ákveðið samkomulag, og til staðfestingar því vil ég lesa það sem hæstv. menntmrh., Gylfi Þ. Gíslason, sagði um málið þegar það var til umr. í Ed. Alþ. 19. mars 1971, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Það, sem í þessu frv. felst", — frv. voru þrjú þó að aðalefni kæmi fram í frv. um breytingar á Menningarsjóði. — „Það sem í þessu frv. felst, er það að gerð er breyting á tekjuöflun Menningarsjóðs. Eins og kunnugt er, eru þau ákvæði í gildandi lögum að hluti af tekjum Menningarsjóðs er fólginn í sektum fyrir áfengislagabrot og tekjum af áfengi sem gert er upptækt. Í þessu frv. felst það að framvegis skuli tekjur af áfengislagabrotum og upptæku áfengi renna í ríkissjóð, en hins vegar gert ráð fyrir því að framvegis verði tekin á fjárlög upphæð sem sé ekki minni en sú sem Menningarsjóður ella mundi hafa haft af þessum sökum."

Mjög lík eða nánast sömu ummæli hefur hæstv. þáv. menntmrh. um málið í Nd. 24. mars 1971, og tel ég mig ekki þurfa að lesa þau. Vil ég vekja alveg sérstaklega athygli hæstv. menntmrh. á því, að þarna var gert samkomulag, og það er a. m. k. í ræðu hæstv. þáv. menntmrh. staðfest. Ég tel að með því að samþykkja þessa breytingu, taka af Menningarsjóði þennan tekjustofn og ætla honum ákveðið framlag á fjárlögum, þá hafi verið gert samkomulag sem Alþ. eigi ekki og megi ekki sóma síns vegna brjóta.

Ég hef flutt brtt. við þetta mál um það að í staðinn fyrir 12 millj. 654 þús. komi 18 millj. Ég mun taka þessa till. til baka til 3. umr. í

trausti þess ekki síst að hæstv. menntmrh. beiti áhrifum sínum til þess að kippa hreinlega í lag því sem ég tel að þarna hafi aflaga farið. Ég tel mjög ólíklegt að Alþ. eða hæstv. ríkisstj. vilji ganga á bak þeirra orða sem gefin voru og Alþ. í rauninni samþ. með því að breyta lögunum um Menningarsjóð 1971.

Önnur till. mín á þskj. 179 er um allmikla hækkun á fjárframlögum ríkisins til almenningsbókasafna. Ég geri það að till. minni til bráðabirgða, meðan frv., sem nú liggur fyrir Alþ. um almenningsbókasöfn, er ekki orðið að lögum, að þessar upphæðir hækki nokkuð. Það er satt að segja næsta furðulegt að til allrar starfsemi almenningsbókasafna skuli ekki ætlað meira en, ef ég man rétt, samtals eitthvað 11 eða 12 millj. kr. í fjárlögum næsta árs til allra þeirra liða sem þar er um að ræða. Það eru bæði bæjar- og héraðsbókasöfn, sveitarbókasöfn, lestrarfélög, til bókasafna stofnana, og til húsabóta er hlægileg upphæð, nokkur hundruð þús. kr., til húsabóta safna á öllu landinu, og þar fram eftir götunum. Ég geri að till. minni að þessar upphæðir allar verði hækkaðar nokkuð, og er þó hér um að ræða allt of litlar og fátæklegar upphæðir ef miðað er við eðli máls og nauðsyn þeirrar starfsemi, mikilvægi þeirrar starfsemi sem hér er um að ræða.

Þriðja brtt. mín við fjárlagafrv. er einnig á þskj. 179. Hún er um það að liðurinn Aðstoð við þróunarlöndin hækki um helming, þ. e. a. s. úr 12.5 millj. í 25 millj. kr. Það var á Alþ. árið 1971, sem samþ. var sérstök löggjöf um aðstoð Íslands við þróunarlöndin. Þessi löggjöf, sem þá var samþ., var má segja árangur af þáltill. sem Ólafur Björnsson prófessor, þá alþm., flutti, ef ég man rétt, á Alþ. árið 1965 þar sem þessu máli er hreyft og það reifað á myndarlegan hátt. En árið 1971 tekur Alþ. loks rögg á sig og setur sérstaka löggjöf um þessa þróunaraðstoð sem allir alþm. virtust vera sammála um að væri sjálfsagt að veita, og það væri kannske rétt, töldu sumir hinna varfærnu, að byrja smátt. En markið var þó strax í upphafi sett nokkuð hátt og ákveði tekið inn í lögin um það, að hverju skyldi stefnt í sambandi við aðstoð við þróunarlöndin. Samkv. lögunum frá 1971 skyldi komið á fót opinberri stofnun sem nefndist Aðstoð Íslands við þróunarlöndin. Stjórn þessarar stofnunar er skipuð 5 áhugasömum og ágætum mönnum sem Alþ. kýs til 4 ára í senn. Formaður stjórnar þessarar stofnunar hefur frá upphafi, hygg ég, verið Ólafur Björnsson prófessor.

Nú er alveg nýlega komin út fróðleg skýrsla um störf þessarar stofnunar árin 1971—1975, og hefur henni nýlega verið útbýtt hér á Alþ. Þar er gerð grein fyrir störfum hinnar íslensku þróunarstofnunar og þar kemur fram, sem kunnugir vissu raunar áður, að um hefur verið að ræða að mestu samstarf við önnur Norðurlönd um nokkur tiltekin samnorræn verkefni, aðallega í tveim löndum Austur-Afríku, Tansaníu og Kenía. Nokkrir íslendingar hafa starfað að þróunarmálum í þessum löndum á vegum hinnar samnorrænu þróunarstofnunar. Um þetta allt er mjög greinagóðar upplýsingar að finna í þeirri skýrslu sem ég áður nefndi. Um það hefur verið rætt í stjórn hinnar íslensku þróunarstofnunar að taka upp samstarf við Norðurlönd um verkefni í fleiri þróunarlöndum. En vegna fjárskorts hefur það verið útilokað og er algjörlega útilokað að stofnunin geti tekið frekari þátt í þessu starfi nema aukin fjárframlög komi til. Það mun jafnvel, eftir því sem fram kemur í skýrslunni, vera mjög hæpið að nægilegt fé sé til hinnar takmörkuðu hlutdeildar Íslands í fyrrgreindu verkefni í Kenía og Tansaníu með þeirri fjárveitingu sem gert ráð fyrir á fjárlögum fyrir næsta ár.

Á bls. 27 og 28 í þessari skýrslu, sem ég hef nú nefnt, er fróðleg grg. um það, hvað Ísland hefur lagt til aðstoðar við þróunarlöndin á nokkrum undanförnum árum, þ. e. a. s. árin 1971—1976, samkv. fjárlagafrv. Þar er ekki aðeins tekið það sem Alþ. leggur til þessarar stjórnar þróunarstarfsins, heldur er einnig greint nákvæmlega frá því hvað Ísland hefur lagt af mörkum til þeirra stofnana Sameinuðu þjóðanna sem fjalla að meira eða minna leyti um málefni þróunarlandanna, þ. e. a. s. til Þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, til Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, til Matvæla- og landbúnaðarstofnunarinnar, til barnahjálparinnar og matvælaáætlunarinnar. Þessar upphæðir eru afar lágar sem Ísland hefur lagt til þessara starfa, og eins og n. segir, þessar upphæðir nema samtals á ári fáeinum millj. kr. Og n. segir: Það skal tekið fram að þessi framlög eru aðeins skylduframlög, þ. e. a. s. aldrei hefur Ísland veitt eina krónu til neinnar af þessum stofnunum, að því er virðist, þessi ár fram yfir það sem beinlínis var skylda þess ef það vildi eiga aðild að Sameinuðu þjóðunum og þessum stofnunum þeirra, — ekki eyri þar fram yfir.

Í 2. gr. laganna um aðstoð við þróunarlöndin frá 1971, þar sem verið er að skilgreina hlutverk stofnunarinnar, segir, með leyfi hæstv. forseta, að hlutverkið eigi m. a. að vera að „vinna á annan hátt að því að framlög íslendinga í þessu skyni nái sem fyrst því marki sem samþ. hefur verið á þingi Sameinuðu þjóðanna, að þau nemi 1% af þjóðartekjum". Í skýrslunni, sem ég hef nú alloft vitnað til, um aðstoð Íslands við þróunarlöndin, á bls. 28, er á það bent að framlag Íslands í þessu skyni í ár sé ½‰ — hálfur af þúsundi. Í fjárlagafrv. fyrir árið 1976 er gert ráð fyrir 12.5 millj. í þessu skyni.

Hæstv. utanrrh., sem þetta mál heyrir undir, situr ekki á Alþ. þessa dagana, en ég get samt ekki látið hjá líða að segja að mér finnst hæstv. ráðh. ekki mikilþægur í sambandi við þessi mál. Vil ég aðeins á það benda til samanburðar, að dýrasta sendiráðið okkar sem við höldum uppi nú, — það er staðsett í Brüssel, það er sendiráð Íslands hjá NATO, — kostar rúmar 32 millj. á næsta ári, þ. e. a. s. það er nær því þreföld þróunarhjálpin. Það liggur við að ég blygðist mín fyrir að flytja svona litla till. sem ég geri um það að tvöfalda einungis þessa aðstoð, en það er þó hækkun úr ½‰ í 1‰. Ef við héldum þannig áfram að tvöfalda þessa aðstoð árlega á næstu árum, þá eygðum við það í fjarska að við næðum einhvern tíma markinu sem Alþ. setti sér árið 1971, þegar það var svo rausnarlegt að miða við það að Ísland stefndi að því að leggja til þessarar starfsemi 1% af þjóðartekjum íslendinga á hverju ári. Ég fer nú ekki fram á meira

en þetta, að í staðinn fyrir ½‰ komi 1‰ til þessarar starfsemi á næsta ári, og blygðast mín raunar næstum því fyrir hvað þessi till. mín er lítilfjörleg.

Þá vil ég aðeins með nokkrum orðum minnast á till. sem ég flyt ásamt tveimur hv. alþm. öðrum, Helga F. Seljan og Ragnari Arnalds. Sú till. er á þskj. 182 og er um það að til allra iðnskóla á landinu verði veittar 75 millj. kr. í í staðinn fyrir 32 millj. 300 þús. kr., eins og svo virðist sem hæstv. menntmrh. ætli að láta duga til þessara óskabarna sinna, sem hann hefur oftar en einu sinni sagt að þyrftu vissulega að eflast og það stórlega. Ég vék að því áðan, hversu mikil þörf er í þessum efnum og hversu mjög hefur hallað á hina verklegu menntun í sambandi við þá endurnýjun skólakerfis okkar sem átt hefur sér stað að undanförnu og ég skal síst lasta, að svo miklu leyti sem hún er að komast í framkvæmd. En það gefur auga leið, að þegar um er að ræða á sjöunda milljarð króna til skólamála og af þeim peningum er samtals gert ráð fyrir um 136 millj. til iðnfræðslu á öllu landinu, þ. e. a. s. um 2% af heildarframlagi til skólamála, þá er eitthvað öfugt við þessa hluti. Þá er ekki um rétt og eðlileg hlutföll að ræða. Ég skal ekki hafa um þetta mörg orð, en ég vil ekki trúa því fyrr en ég má til, að hæstv. menntmrh. sætti sig við að þessi þáttur skólamálanna verði svo mjög fyrir borð borinn á næsta ári eins og út lítur fyrir ef þessi upphæð, sem þarna er um að ræða til iðnskólanna, hækkar ekki mjög verulega. Ég tel, að við, sem flytjum brtt. um þessa mjög takmörkuðu hækkun upp í 75 millj. kr. til iðnskóla, förum þar afar vægt í sakirnar, og fæ varla trúað því að hæstv. menntmrh. a. m. k. leggi okkur ekki lið til þess að fá þessa litlu leiðréttingu fram, jafnvel þó að óbyrlega blási nú um marga hluti hjá hæstv. ríkisstj.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Hér hefur áður verið rætt af fulltrúa Alþb. í fjvn. um þá heildarstefnu sem fjárlög þessi taka mið af. Það þarf vissulega litlu við það að bæta. Eitt er a. m. k. fullvíst, og það er að mörgum mun illilega bregða við á næsta ári varðandi framkvæmdir úti á landsbyggðinni, því að á engu kemur þessi stefna harðar niður en á þeim brýnu verkefnum sem þar bíða hvarvetna úrlausnar. Menn eiga eftir að sjá hverjar afleiðingar það kann að hafa í atvinnumálum hinna ýmsu staða sem dæmast nú til að draga úr framkvæmdum sínum þó að heimafjármagn sé fyrir hendi. Ekki bætir úr skák að sú breyting á verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, sem fyrirhuguð er og var að birtast okkur nú í dag, hlýtur blátt áfram einnig að leiða til minnkandi framkvæmda á vegum sveitarfélaganna, svo að aum eru þau skipti fyrir sveitarfélögin sem þar eru helst ráðgerð, fyrir svo utan það, að þar er um sumt verið að umbylta og eyðileggja löggjöf sem sett var beinlínis sem hvati og styrkur fyrir sveitarfélögin í sumum þörfustu samfélagsverkefnum okkar tíma. Þetta frv. hefur nú loksins séð dagsins ljós, það hefur verið býsna ljósfælið, enda ekki nema von þegar maður hefur það loks augum litið. Menn hafa greinilega verið hræddir við afkvæmi þetta, sem er þó í ljósu samræmi við stjórnarstefnuna í heild.

Mér eru annars skólamálin og skólabyggingarnar einkum hugstæðar af eðlilegum ástæðum. Fyrir skömmu var samþ. hér á Alþ. merk löggjöf fyrir grunnskólastigið, — löggjöf sem krafðist framkvæmda á mörgum sviðum, ekki síst í skólahúsnæði. Virk og sem skjótust framkvæmd þessarar löggjafar er ótvíræð nauðsyn og í kjölfar hennar endurskoðun og nýskipan framhaldsnáms, einkum í þágu verkmenntunar og atvinnuþróunar okkar. Það frv. til fjárlaga, sem við höfum nú fyrir augunum, er hér í hrópandi mótsögn. Skólabyggingar á grunnskólastigi dragast stórlega saman að framkvæmdagildi, og eins og hæstv. síðasti ræðumaður vék að, þegar að iðnskólunum kemur, þá kastar fyrst tólfunum. Til stofnkostnaðar þessa merka menntunarþáttar er varið hvorki meira né minna en 32 millj. kr. Það væri skömm að segja að yfir þessu væri mikil reisn, ekki síst þegar þess er gætt að í haust var því lýst yfir sérstaklega að efnahagserfiðleikar okkar mættu fyrir enga muni bitna á þessum þætti því að stefna stjórnvalda væri umfram flest annað að tryggja eflingu verkmenntunar í landinu. Fagrar efndir eru þetta nú á fyrirheitinu því, 32 millj. samtals til 9 iðnskóla. Vonandi breytist þetta háðsmerki eitthvað milli 2. og 3. umr., og til þess er einmitt till. sú flutt sem hv. þm. Gils Guðmundsson mælti fyrir áðan og ég er meðflm. að.

Í nánum tengslum við skólamálin kemur að þætti sem enn mun von til að geti skánað, ekki síst þegar þess er gætt að hér er um sérstakt gamalt baráttumál annars stjórnarflokksins að ræða, þ. e. a. s. Framsfl., sem einnig ber ábyrgð á þessum málaflokki. Hér er um að ræða jöfnun á námskostnaði til landsbyggðarnemenda sem skv. frv. til fjárl. var lækkuð um 5% frá í fyrra í stað þeirrar óhjákvæmilegu hækkunar sem hlaut að stafa af 50—60% hækkun á framfærslukostnaði þessara nemenda milli ára. Var þó upphæðin í fyrra, um 30 millj. kr., of lág miðað við fulla framkvæmd þeirra laga þá skv. upplýsingum formanns námsstyrkjanefndar, sem er enginn annar en fyrrv. þm. framsóknarmanna Sigurvin Einarsson. Því skal nú treyst, þó að svo virðist sem á fátt gott megi treysta nú, að á þessu verði veruleg lagfæring við 3. umr., og sérstaklega skal skorað á hæstv. menntmrh. að beita nú sínum mikla áhrifamætti, sem hann vissulega hefur hér yfir að ráða, til þess að hér verði veruleg lagfæring á gerð.

Ég skal ekki lengja þessar umr. um almenna stefnu og afleiðingar frv. þess til fjárl. sem nú á að afgr. í vikunni. Það hefur verið nægilega gert.

Oft er á það bent að ekki sé nóg að gera útgjaldakröfur, tekjur þurfi að hafa á móti. Við alþb.-menn höfum bent á ýmsar tekjur sem ríkissjóður gæti hæglega náð, t. d. af fyrirtækjum og atvinnurekstri í landinu, ef vilji væri fyrir hendi. En við því býst náttúrlega enginn undir því stjórnarfari sem nú ríkir, þar sem verndun þessara aðila situr auðvitað í fyrirrúmi, þar sem stjórnarathafnir allar hafa beinst að því beinlínis

að færa fjármuni til þessara aðila frá launafólki í landinu.

Ég skal víkja að þeim tveimur smátill. sem ég hef leyft mér að flytja, og svo mjög sem hv. þm. Gils Guðmundsson blygðaðist sín fyrir hækkunartill. sínar þá mætti ég náttúrlega sökkva hér niður úr gólfinu fyrir það hversu hógvær ég er í mínum tillöguflutningi.

Önnur till. er í tveimur liðum, frá okkur hv. þm. Jónasi Árnasyni, um hækkað framlag til annars vegar Bandalags ísl. leikfélaga og hins vegar til leiklistarstarfsemi. Ekki fer það milli mála að leiklistarstarfsemi á landsbyggðinni er oft besti og stundum eini verulegi menningarvotturinn á einstökum stöðum. Þar er starfað af áhuga og fórnfýsi. Þar komast margir í snertingu við hvort tveggja: leikbókmenntir samtíðar og þátíðar og listræna túlkun mannlegra samskipta. Áhugaleikfélög hafa mörg hver reynt við merk leikhúsverk, og íslensk leikritun á þar ekki síður aðdáendur en í atvinnuleikhúsunum, og athyglisvert er hve mörg innlend verk eru á verkefnaskrá hinna ýmsu leikfélaga. Þau eiga fyllstu viðurkenningu skilið, og þess má geta einnig að þau skila drjúgum upphæðum beint til ríkissjóðs í söluskatti af leiksýningum sínum. Sum skila jafnvel hærri upphæð en ríkisstyrkurinn nemur. Ég sé það líka mér til nokkurrar ánægju, að fjvn. hefur hækkað upphæðina örlítið eða um 1 millj., en helmingur hennar fer þó til eins leikfélags, Leikfélags Akureyrar. Samtals er um að ræða 4.2 millj. ef Akureyri er undanskilin, en þar er í raun um atvinnuleikhús að ræða og á það leikfélag í raun og veru að vera sér á báti í fjárveitingum og fyrir því er gert ráð í nýju lagafrv. sem fram kemur sem stjórnarfrv. eftir áramót. Þau leikfélög, 35 að tölu, sem fá þessar 4.2 millj. samtals í styrk, sýna á þessu ári 47 fullgild leikverk og sýningar þeirra eru oft mjög kostnaðarsamar. Ég vil benda á að framlagið til hvers leikfélags lækkar á næsta ári, því að við síðustu úthlutun komu 30 leikfélög með 30 verk. Gróskan og aukningin er það mikil að með hóflegri bjartsýni mætti ætla að 40 leikfélög sýndu allt að 55 verkefni á næsta ári sem úthlutunin 1977 kæmi svo til. Þessi hækkun, 500 þús., dugar því skammt og brtt. okkar hv. þm. Jónasar Árnasonar nær ekki einu sinni að jafna þessi met, þannig að sami styrkur og á þessu ári fáist á hvert leikrit, því að við gerum nú ekki till. um meira en 10 millj. samtals eða 1.5 millj. til viðbótar fyrir þessi áhugaleikfélög.

Ég skal nú ekki dirfast að bera þetta fyllilega saman við okkar ágæta Þjóðleikhús sem sýnir að vísu ekki mikið yfir 10 leikrit á ári. Þar fer auðvitað mörg sú starfsemi fram sem sérstæð má teljast, og auk þess er þetta eina ríkisrekna leikhúsið og á að móta og aðstoða við allt leiklistarlíf í landinu. En ekki get ég stillt mig um að benda á þá upphæð sem ríkið greiðir til þessarar stofnunar umfram eigin tekjur hennar, sem þó eru miklar og án efa margfaldar af sýningum miðað við leiksýningar venjulegs áhugafélags. Þessi upphæð, ríkisframlagið, er 175 millj. eða yfir 40 sinnum hærri en til allra áhugafélaganna.

Samband leikfélaganna, yfir 60 að tölu, er Bandalag ísl. leikfélaga og það hefur margfaldað umsvif sín á síðasta ári, m. a. í samvinnu við atvinnuleikhúsin. Námskeið hafa þar verið efst á blaði og aðstoð ýmiss konar við félögin. Samnorrænt námskeið er ætlað í Reykholti næsta sumar og mörg fleiri verkefni eru þar á skrá. Okkur hv. þm. Jónasi Árnasyni er málið nokkuð skylt og er rétt að játa það, við erum nefnilega í stjórn þessa bandalags, en þekkjum þar af leiðandi vel til, svo vel að við leyfum okkur að bera fram hækkunartill. til bæði bandalagsins og leiklistarstarfseminnar almennt. Við tökum þó skýrt fram að hin stóraukna starfsemi bandalagsins er ekki okkur að þakka, heldur nýjum framkvæmdastjóra, Helgu Hjörvar, sem öllum kunnugum ber saman um að hafi verið margstarf þessa bandalags á s. l. ári, og hefur það vissulega kostað stóraukna fjármuni, þó að áhugaleikararnir hafi sjálfir borið mestan þunga kostnaðar af t. d. námskeiðunum. Ég get samt ekki stillt mig um að sýna fram á þýðingu þessa starfs á alþjóðavettvangi, þar sem íslendingur er nú í stjórn IATA, Alþjóðaleiklistarráðsins, einn Norðurlandabúa í 12 manna stjórn þessa alheimssambands, og sakar ekki að geta þess að hann hefur þar unnið mjög athyglisvert kynningarstarf á íslenskum leikbókmenntum, en stjórnarmaðurinn er einmitt hv. þm. Jónas Árnason. En við leggjum til í hógværð okkar að styrkurinn til bandalagsins hækki úr 1 millj. í 1.3 millj. og leiklistarstarfsemin úr 8.2 millj. í 10, þar af 4.3 millj. til Akureyrar, svo að áhugaleikfélögin fái þá 5.7 millj. í sinn hlut, og mun vart þykja mikið í ljósi 175 millj. sem áður var frá greint.

Hin brtt. er ekki heldur mikil fyrirferðar. Þar er um að ræða Styrktarsjóð vangefinna, sem ég hef leyft mér að flytja brtt. um ásamt hv. þm. Karvel Pálmasyni, úr 31 millj. 825 þús. í 35 millj. Upphæðin er hér ekkert aðalatriði, heldur hitt, að sakir þess að lög um Styrktarsjóðinn, þ. e. tappagjaldið svokallaða, falla úr gildi um mitt næsta ár, þá tekur ríkissjóður að sér greiðslu í sjóðinn síðari hluta ársins skv. fjárlagafrv. og því lækkar þessi upphæð úr 33.5 millj. á s. l. ári í 31 millj. 825 þús. Við það að þessi afmarkaði tekjustofn fellur niður og ríkið tekur við þarf upphæðin vitanlega skv. stjórnarstefnunni að lækka, þó að til þessa verkefnis sé. Ég hygg nú að um það náist full samstaða á þingi eftir nýár að framlengja þessi lög, og jafnframt hef ég góða trú á því að tryggja helst hærri tekjur í sjóð þennan, enda alls ófullnægjandi til þeirra miklu verkefna sem bíða, ekki síst í ljósi þess að þm. úr öllum flokkum hafa nú flutt hér þáltill. um heildarlöggjöf varðandi málefni vangefinna sem mun stórauka fjármagnsþörf lengi vanræktra verkefna. En ástæðan til þessa tilöguflutnings nú er einfaldlega sú, að okkur þótti ófært að viðurkenna með fjárlagafrv. óbeint eða jafnvel beint að lög um sjóðinn og sérstaka fjáröflun til hans yrðu ekki endurnýjuð, féllu dauð og ómerk þegar þeirra var hvað mest þörf, þegar vaxandi skilningur á málefnum þessa fólks knýr á um aðgerðir. Því er till. þessi flutt nú í trausti þess að fyrir 3. umr. verði þetta leiðrétt í samræmi við endurnýjun laganna. Að öðrum kosti yrði hún borin upp til samþykktar eða synjunar.

Hv. fjvn. má gjarnan vita það, að fullvíst má

telja að löggjöfin verði endurnýjuð og sennilega með enn aukinni fjáröflun. A. m. k. telur Styrktarfélag vangefinna sig hafa fyrirheit hér um nægilega sterkt svo að staðist geti.

Ég vil svo aðeins í lokin víkja að till. sem ég er meðflm. að ásamt Svövu Jakobsdóttur og hún mun mæla fyrir á eftir um stórhækkað framlag til byggingar skóla fyrir þroskahömluð börn. Ég vil víkja aðeins að þessari till. sem landsbyggðarmaður, vegna þess að ég veit gjörla hvílíkt hrikavandamál hér er um að ræða og það verður ekki leyst í bili nema á einum stað á landinu svo að vel sé, þ. e. slíkur skóli hér í Reykjavík er forsenda þess að hægt sé að koma einhverju skipulagi á þessi mál úti í landshlutunum. Því er þessi skóli ekki mál Reykjavíkur einnar. Hann er mál landsins alls, og þetta mál er einmitt nátengt því máli sem ég var að mæla fyrir áðan, styrktarsjóðsmálinu. Þarna er nefnilega komið að næsta stigi þar við, og því vona ég að á þessu fáist einhver leiðrétting. Frekari rökstuðnings er áreiðanlega ekki þörf. Sá rökstuðningur kemur fram frá hv. 1. flm. þessarar tillögu.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Í upphafi máls míns vil ég geta þess, að mér þykir leitt að hæstv. menntmrh. er ekki á þingfundinum, en við því get ég að sjálfsögðu ekkert gert. Þegar hæstv. menntmrh. talaði í útvarpsumr. í haust sagði hann þjóðinni að margt væri sýslað í menntmrn., og efa ég sannarlega ekki að þar er unnið að mörgum merkilegum málefnum. Hins vegar er hæstv. ráðh. sjálfur kunnari fyrir annað en stórræði í menntamálum. Það er, að ég hygg, fljótgert að telja upp þau mál sem hann er orðinn kunnur fyrir síðan hann varð menntmrh. Í fyrsta lagi er hann minnisstæður mönnum fyrir að koma rétt kjörnu útvarpsráði frá til þess að koma að nýju útvarpsráði sem hafði réttan pólitískan lit. Í öðru lagi er þessi hæstv. ráðh. minnisstæður mönnum fyrir að leggja blessun sína yfir að útvarpinu var lokað fyrir verkalýðshreyfingunni og henni þannig meinað að koma skoðunum sínum á framfæri í landhelgismálinu. Og loks má upp telja stórfelldan niðurskurð á öllum sviðum menningar mennta og lista. Í sumar var ákveðið að fækka kennslustundum í grunnskóla og átti sá niðurskurður að gefa 52 millj. kr. Hæstv. menntmrh. lét það hins vegar gott heita að fjmrn. ákvæði þennan niðurskurð og hvar hann skyldi koma niður. Það þýðir í reynd, að fjmrn. er farið að skipa námsskrá í skólum. Það fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir til umr., ber með sér stórfelldan niðurskurð á öllum helstu menntamálum, og þau mál, sem hæstv. ráðh. lætur ekki skera niður, gefur hann hreinlega frá sér, eins og frv. það um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, sem hér liggur fyrir, ber með sér. Ég fæ ekki séð annað, þegar ég lít yfir feril hæstv. menntmrh., en menntamálastefna hans sé sambland af geðleysi og gerræði og það er slæmur kokteill.

Í útvarpsumr. nefndi hæstv. menntmrh. að meðal hinna mörgu merku málefna, sem hann ætlaði að sinna, væri efling verkkennslu, og skildist manni að nú ætti að koma veruleg hreyfing á það mál. Vissulega var það fagnaðarefni, því að margir hafa knúið á um úrbætur í þeim efnum, enda viðurkennt að það sé eitt brýnasta verkefnið fram undan í menntamálum þjóðarinnar. Þar er undirbúningur nokkuð á veg kominn. En ef litið er á þau fjárframlög, sem ætluð eru til iðnfræðslu og verknámskennslu í þessu fjárlagafrv., virðist helst sem hæstv. menntmrh. líti á eflingu verkkennslu í landinu sem dútl eitt.

Nú eru senn 10 ár síðan lögum um iðnfræðslu var breytt með það fyrir augum að efla skyldi verknámsfræðslu í skólunum. Sú stofnun, sem lengst allra hefur barist fyrir bættri iðnmenntun í landinu, er Iðnskólinn í Reykjavík. Forustumenn skólans hafa á undanförnum árum verið að breyta skipulagi hans áfanga eftir áfanga til þess að skólinn geti orðið raunverulegur verknámsskóli, þ. e. a. s. fært verknámið inn í skólann. Um þessa stefnu í verknámskennslu eru allir sammála. En til þess þarf vitaskuld búnað og tæki og það þarf engan að undra þótt slíkt kosti nokkurt fé. Hér er raunverulega um að ræða nýsköpun í skólamálum. Hér er verið að byggja upp frá grunni. Að þessu stefnir Iðnskólinn í Reykjavík. En ég fullyrði að þetta verk muni stöðvast ef skólinn fær ekki meira fjármagn en honum er ætlað á fjárl. fyrir næsta ár. Honum eru ætlaðar 9.5 millj. til fjárfestingar í tækjum og byggingum, en áætlun skólans sjálfs er 50 millj.

Það sýnir hug núv. ríkisstj. til iðnmenntunar í landinu, að til stofnkostnaðar allra iðnskóla í landinu skuli vera áætlaðar aðeins 32 millj. kr. enda þótt fyrir liggi að Iðnskólinn í Reykjavík einn þurfi 50 millj. Þetta segir sína sögu. Af þessum 50 millj. telur Iðnskólinn að 23 millj. ættu að renna til tækjakaupa, 15 millj. til að ljúka öðrum áfanga byggingarinnar og 12 millj. til byrjunarframkvæmda á lóð skólans við Bergþórugötu, en sú bygging er samþ. og áætlun er gerð.

Ég legg þó sérstaka áherslu á nauðsyn þess að skólinn fái nauðsynleg framlög til tækjakaupa. Hér er t. d. um að ræða tækjakaup til bifvélavirkjadeildar og grafísku iðngreinanna. Húsnæði er til fyrir bifvélavirkjadeild, en í það húsnæði vantar tækin og ef þau fást ekki er hætta á að áætlun um það nám stöðvist og skólinn geti ekki veitt þeim nemendum, sem nú eru byrjaðir námið, áframhaldandi verknámskennslu. Hætt er því við að uppbygging þeirrar deildar muni stöðvast. Tækjakaup til grafísku iðngreinanna eru nauðsynleg vegna þeirrar tæknibyltingar sem átt hefur sér stað í prentlistinni, þar sem er offsetprentunin. Segir sig sjálft að skólinn verður að geta boðið nemendum sínum þá kennslu sem er í samræmi við nútímaaðferðir.

Þá er till. í fjárlagafrv. til rekstrargjalda Iðnskólans í Reykjavík algjörlega óraunhæf. Þar er gert ráð fyrir 646 þús. kr., en áætlað er að viðhald fasteigna, eingöngu sá liður, verði tæpar 4 millj. Þetta stenst því engan veginn og alveg augljóst að skólinn kemst í þau vandræði sem verður að leysa, ef ekki nú, þá síðar. Forustu-

menn skólans telja að skólinn þurfi 9 millj. 333 þús. kr. til rekstrargjalda og er sérstök þörf á eflingu bókasafns skólans. Það er einn þátturinn í þeirri breytingu á kennsluháttum sem unnið er að, en alger endurskipulagning skólabókasafnsins hófst í byrjun skólaársins 1974—1975 með það fyrir augum að miða bóka- og gagnaval algerlega við þær iðngreinar sem kenndar eru við skólann. Hér er því um að ræða sérfræðibókasafn sem nauðsynlegt er til kennslunnar og örðugt að ganga að slíkum bókum í öðrum söfnum. Ég tel mig hafa gert mjög hógværa till. með hliðsjón af raunverulegri fjárþörf skólans. Ef till. mínar verða samþ. væri hægt að koma í veg fyrir að uppbygging Iðnskólans stöðvaðist eða svo gott sem.

Á þskj. 182 hef ég lagt til að Iðnskólanum í Reykjavík verði veittar 30 millj. kr. til stofnkostnaðar og 4 millj. til annarra rekstrargjalda en launagreiðslna.

Þá er á sama þskj. till. um hækkun til Öskjuhlíðarskóla, sem er skóli fyrir þroskahömluð börn. Ég flyt þá till. ásamt hv. þm. Helga F. Seljan. Ríkið tók við þessum skóla af Reykjavíkurborg og skólinn, sem áður var ætlaður vangefnum nemendum úr Reykjavík einvörðungu, verður nú skóli fyrir allt landið. Í skólanum eru nú flest börnin úr Reykjavík, en líklega um 25 börn utan af landi. Þarna hefur verið gert ráð fyrir 200 nemenda skóla, en þar eru í vetur 115 nemendur. Þessir 85 nemendur, sem eftir eru, er reiknað með að komi utan af landi þar sem ekki er möguleiki á að veita þeim þá aðhlynningu, sem þeir þurfa, og þá kennslu, sem er nauðsynlegt að þeir fái. Engir möguleikar eru á að taka þá inn í skólann fyrr en annar áfangi hefur verið reistur, en vitað er um fjölda barna í öllum landsfjórðungum sem þurfa á þessari hjálp að halda, en komast ekki inn. Til að reisa þennan annan áfanga eru ætlaðar í fjárlagafrv. 4 millj. 750 þús., en ljóst er að það kemur að litlu gagni og hætta er á stöðvun í ár ef framlag hækkar ekki. Við gerum því till. um að framlag þetta hækki upp í 20 millj. kr.

Þriðja brtt. mín varðar hækkun á framlagi til Arnarholts, og legg ég til að framlagið hækki um 17 millj. kr. eða úr 20 millj. upp í 37 millj. Svo sem kunnugt er er Arnarholt rekið sem útibú frá geðdeild Borgarspítalans og aðallega ætlað langtímasjúklingum. Þar eru húsakynni mjög léleg, enda alls ekki ætluð sjúklingum í upphafi, heldur reist sem útihús þegar áður var bú í Arnarholti. Ekki þarf mörgum orðum um að fara hve brýnt er að lokið verði við þá byggingu sem nú er að rísa. Ætlunin er að smíði hússins verði lokið á miðju næsta ári. Ef svo á að verða er ljóst að ekki má skera niður hluta ríkisins til byggingarinnar. Borgarstjóri Reykjavíkur gerir svofellda grein fyrir þessu máli í bréfi til þm. Reykjavíkur, með leyfi hæstv. forseta:

„Samningur milli ríkis og borgar um byggingu annars áfanga við sjúkrahúsið í Arnarholti gerði ráð fyrir kostnaðarhluta ríkissjóðs samtals 66 millj. kr. og skyldu 12 millj. kr. koma til greiðslu á árinu 1976, þó með fyrirvara um að samningsaðilar mundu stuðla að því að framlög ríkissjóðs frá og með árinu 1975 hækkuðu í samræmi við raunverulega hækkun kostnaðar við bygginguna. Kostnaðaráætlun var miðuð við byggingarvísitölu 689 stig, en nú er vísitalan 1986 stig. Þykir einnig sýnt að kostnaðaráætlunin muni hækka verulega, þannig að hlutur ríkissjóðs, þ. e. a. s. 85% frá 1. jan. 1974, en 60% af áður áföllnum kostnaði, verður væntanlega um 127.5 millj. kr. miðað við núverandi verðlag. Til þess að eftirstöðvar af framlagi ríkissjóðs verði að fullu greiddar á árinu 1978, eins og samningurinn gerir ráð fyrir, þyrfti því árleg fjárveiting 1976—1978 að ákveðast um 37 millj. kr.“

Ég hef í samræmi við þetta, eins og ég áður sagði, gert till. um að framlagið til Arnarholts hækki um 17 millj., úr 20 upp í 37 millj.

Í fjórða lagi legg ég til að framlag til Jafnlaunaráðs verði hækkað úr 590 þús. í 1400 þús. kr. Jafnlaunaráð var sett á stofn 1973 en hefur í rauninni ekki enn fengið þá starfsaðstöðu sem það þarf á að halda til að geta fullnægt því hlutverki sem því er ætlað að gegna skv. lögum. Málin, sem Jafnlaunaráði berast, eru mjög tímafrek, og það var raunar vitað þegar lögin voru sett að ráðið þyrfti að hafa fastan starfsmann. Mér er kunnugt um að ráðið hefur farið þess á leit við félmrh. að það fái bæði starfsmann og fastan samastað. Sú hækkun, sem ég legg til, er fyrst og fremst ætluð til þessara nota. Þá vil ég minna á að ráðinu eru ætluð fleiri verkefni skv. lögum en að sinna einstökum málum. Því er m. a. ætlað að takast á hendur rannsóknir er varða launamisrétti en ráðið hefur hingað til ekki getað annað slíkum verkefnum sakir fjárskorts, en ráðsmenn eru nú með áætlun um visst verkefni, og því er mjög brýnt að framlag til Jafnlaunaráðs verði hækkað. Á þessu ári hefur ráðið til ráðstöfunar 634 þús. kr. Framlag í fjárlagafrv. þessa árs er hins vegar aðeins 590 þús. kr. Til þess að halda raungildi hefði framlag til næsta árs þurft að vera tæplega 900 þús. og ekki nema eðlilegt að það hækki meira en rétt til að halda raungildi sínu.

Að síðustu, herra forseti, hef ég lagt til að Kvennasögusafn Íslands fái fjárveitingu frá Alþ. að upphæð 500 þús. kr. Kvennasögusafn Íslands er heimildarsafn til sögu íslenskra kvenna. Það var stofnað 1. jan. 1975 og á sér hliðstæðu í nágrannalöndunum og er tilgangur sá að stuðla að því að rannsaka sögu kvenna. Sums staðar á Norðurlöndum er þetta orðinn sjálfsagður þáttur í háskólabókasöfnum eða bjóðarbókhlöðum og er ýmist í sérstökum deildum eða á hendi sérstaks bókavarðar. T. d. í Svíþjóð og Danmörku er þessi starfsemi kostuð af opinberu fé. Þetta er þáttur í hinni nýju kvennabrevfingu og mikilvægur þáttur í því sem sumir hafa nefnt vitundarvakningu. Tilgangurinn er kannske fyrst og fremst sá að færa sagnfræðina í rétt horf, fylla í þær eyður sem sagnfræðingar og mannkynsfræðarar hafa vanrækt og þar með viðurkenna að kvenfólk eigi sér sögu og hafi komið við sögu. Kvennasögusafn Íslands er sjálfseignarstofnun. Þetta er framtak þriggja kvenna: Önnu Sigurðardóttur, Elsu Miu Einarsdóttur og Svanlaugar Baldursdóttur, sem hafa allar til að bera þá þekkingu og þann dugnað sem þarf til að stofna og reka

slíkt safn, en safnið er rekið í heimahúsi og bókakaup og önnur starfsemi, sem safninu tilheyrir, er vissulega kostnaðarsöm. En ég vil geta þess, að margir sækja safnið heim, m. a. námsmenn við Háskóla Íslands sem leitað hafa til safnsins vegna náms síns. Ég tel, að safnið hafi þegar á þessu fyrsta ári sannað gildi sitt, og legg til, að því verði veittar 500 þús. kr. til rekstrar.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég kveð mér ekki hljóðs til þess að ræða almennt um fjárlagafrv. þó að ég muni minnast á einstaka þætti þess, heldur fyrst og fremst til að ræða um það mikla tjón sem varð vegna fárviðris á Suðureyri við Súgandafjörð um síðustu helgi, því að mér sýnist ljóst að athuguðu máli að hér þurfi fjárveitingavaldið að koma til og bæta það tjón. Ég veit að þm. allir hafa fylgst með þessu. Tugmilljónatjón varð þar nóttina 13.—14. þ. m. Tvær bryggjur, sem notaðar hafa verið til löndunar úr trillum, gersamlega eyðilögðust. Ný þekja á hafnargarði lyftist um 20—30 cm og er sprungin og illa farin. Allt laust, eins og dælur og fleira, skúrar og annað sem á hafnarbakkanum stóð, er horfið út í veður og vind. Auk þess er líklegt að renna sú, sem liggur inn í höfnina og nauðsynleg er til þess að togari staðarins komist þangað, hafi fyllst að einhverju leyti með efni, sem hafrót hefur rutt þar til, og þurfi að lagfæra það.

Auk þessa tjóns á hafnarmannvirkjum hefur orðið mjög mikið tjón á vegi út í svonefndan Staðardal, þannig að hann mun vart fær, og hefur grafist þar undan vatnsleiðslu. Vegur þessi er að nokkru leyti sprengdur inn í berg og að nokkru leyti hlaðinn með grjóti fram í sjó. Og þá er ótalið mikið tjón sem varð á persónulegum eignum manna og eignum sveitarfélagsins, m. a. stórri áhaldageymslu.

Í athugun er hvernig megi bæta þetta, og menn litu að sjálfsögðu fyrst til Viðlagatryggingarinnar okkar nýju, en í ljós kemur að þar er svo um hnútana búið að ekki er bætt tjón sem verður vegna roks, en þetta mun falla undir það. Að öllum líkindum mun Bjargráðasjóður verða að hlaupa eitthvað undir bagga, en þar er lítið fjármagn og takmarkað hvað hann getur gert. Ég þykist einnig viss um að Byggðasjóður muni vera reiðubúinn til þess að aðstoða við að bæta tjón það sem orðið hefur á mannvirkjum sem ég lýsti áðan, en hins vegar sýnist mér ljóst að ríkissjóður eða einhver sjóður ríkisins verður að hlaupa undir bagga í sambandi við hin opinberu mannvirki, eins og höfnina og veginn. Sérstaklega er tjón það, sem orðið hefur á höfninni, ákaflega illt. Togarinn kemst ekki þangað inn til löndunar og verður að liggja úti við Brjót sem er alllangt í burtu. Er mikið óhagræði sem þessu fylgir. Að sjálfsögðu eru slíkum stað allar bjargir bannaðar ef hafnarmannvirkin eru ekki í sæmilegu lagi.

Nú er hins vegar svo ástatt með Hafnabótasjóð, að þar er enginn eyrir til, og mér er tjáð að nauðsynlegt muni reynast að útvega sjóðnum lánsfé ef hann á að geta bætt það tjón sem hér um ræðir.

Ég hef ekki öruggar tölur að sjálfsögðu um þetta tjón. Hafa verið kvaddir til matsmenn sem munu skoða það í heild sinni, og einnig hefur verið haft samband við vita- og hafnamálastjóra, sem að sjálfsögðu er skylt að senda þangað hið fyrsta mann á staðinn og meta þetta tjón og gera sér grein fyrir hvernig það verður bætt. Einnig hefur verið haft samband við vegamálaskrifstofuna og er þegar maður frá henni búinn að koma á staðinn. Með tilliti til þessa leyfi ég mér að flytja brtt. við 6. gr. frv. til fjárl., heimildagr. Það er brtt. við frv. til fjárlaga fyrir árið 1976. Við 6. gr. bætist nýr liður, svo hljóðandi:

„Ríkissjóði er heimilt að tryggja Hafnabótasjóði fé með lántöku til þess að bæta tjón það sem varð vegna fárviðris á hafnarmannvirkjum á Suðureyri við Súgandafjörð 13.—14. des. s. l.“

Till. þessi er of seint fram komin og að auki skrifleg, og verð ég að biðja hæstv. forseta að leita afbrigða til þess að hún megi koma fyrir. Ég hef í þessa till. aðeins tekið heimild til þess að bæta tjón það sem höfnin hefur orðið fyrir, vegna þess að ég tel að finna megi aðra sjóði, aðra aðila sem hlaupa muni undir bagga við bætur á öðru tjóni, þ. e. a. s. Vegagerðina í sambandi við veginn og Byggðasjóð og aðra sjóði í landinu í sambandi við persónulegar eignir. Auk þess hygg ég að þær séu að öllum líkindum fremur sæmilega tryggðar en höfnin, sem ég þykist viss um að er svo ekki.

Ég vil gjarnan geta þess, að ég mun draga þessa till. til baka til 3. umr., því að ég þykist viss um að hv. fjvn. mun líta á þetta mál af velvilja. Ég legg þessa till. fyrst og fremst fram til þess að minna á þetta mál og tryggja að það verði skoðað fyrir 3. umr.

Ég vil jafnframt leyfa mér að segja örfá orð um fáein atriði fjárlagafrv.

Ég tek undir það, sem kom fram hjá hv. frsm. fjvn. og komið er fram hjá hæstv. fjmrh. og raunar fleirum, að mjög nauðsynlegt er að sýna aðhald í afgreiðslu fjárlagafrv. að þessu sinni. Ég tek hins vegar ekki undir það sem gjarnan er kallað á götuhornum, að fjárlagaafgreiðsla síðasta Alþ. hafi verið mjög óábyrg og sökin sé fyrst og fremst Alþingis. Ég verð að segja fyrir mitt leyti að ég tel ekki óeðlilegt þótt fjárlagafrv. hækki um 5—6% í meðferð Alþ. Það er satt að segja ekki mikið svigrúm fyrir alþm. þótt slík hækkun verði, og ég vil vekja athygli á því að síðasta fjárlagafrv. breyttist öllu fremur vegna ýmiss konar endurmats á alls konar áætlunum og kostnaðarliðum sem þar komu fram, og ég get einnig vakið athygli á því að frv. fór ekki síður úr skorðum vegna nauðsynlegra efnahagsráðstafana sem fylgdu í kjölfarið, eftir að frv. var samþ., eins og lækkun skatta, sem kostaði ríkissjóðinn 2 milljarða, og auknar niðurgreiðslur sem námu 600 þús., ef ég man rétt. Einnig mætti nefna gengisfellingu sem kostaði ríkissjóð mikið fé.

Mér sýnist að meðferð fjárlagafrv. nú sé að ýmsu leyti dálítið varhugaverð, þótt ég taki undir það að afgreiða ber fjárlög hallalaus. Mér sýnist, að efnahagsástand í okkar landi sé slíkt að ekki megi þar taka áhættu af fjárlögum sem afgreidd eru með halla, og undirstrika það því enn, að í

þessu sambandi þarf að gæta aðhalds. Hins vegar má tryggja hallalaus fjárlög á tvo vegu: annars vegar með því að skera svo niður að útgjöld verði ekki meiri en tekjur og hins vegar með því að auka tekjur þannig að tekjur verði nægilegar til þess að standa undir nauðsynlegum útgjöldum.

Ég held að nú beri að fara þessar báðar leiðir. Ég vil alls ekki útiloka þá leið að auka tekjur ríkissjóðs jafnvel með auknum sköttum og öðrum álögum til þess að mæta ýmsum nauðsynjaútgjöldum sem ríkisvaldið hefur tekið á sínar herðar á undanförnum árum og illt og erfitt er að hlaupa frá. Ég óttast einnig að við afgreiðslu á sumum liðum fjárlaga sé tjaldað til einnar nætur og þar eigi eftir að koma í ljós erfiðleikar á fjárlagaárinu sem ekki verða þá brúaðir á annan máta en með einhverjum bráðabirgðaúrræðum, með útvegun fjármagns eftir öðrum leiðum, og sýnist mér þá sparnaðurinn til lítils og afgreiðsla á slíkum málum raunar óraunhæf ef þessi verður reyndin. Ég ætla aðeins að nefna 2—3 liði sem ég þekki einna gerst.

Í brtt., sem meiri hl. leggur nú fram, er gert ráð fyrir 3 millj. kr. til ylræktarrannsókna. Ég vil þakka það. Mér sýnist að þar komi fram viðurkenning á því að þessar rannsóknir eigi að stunda og verkefnið sé þess virði. Staðreyndin er hins vegar sú, að þetta fjármagn hrekkur hvergi til. Það er, eins og stundum er sagt, hvergi nægilegt til þess að koma þessum rannsóknum yfir þröskuldinn. Svo vill til að þetta rannsóknarverkefni er samningsbundið við Sameinuðu þjóðirnar. Fyrir rúmum tveimur árum var með samþykki ríkisstj. gengið frá samningi við Tæknistofnun Sameinuðu þjóðanna um tækniaðstoð til okkar íslendinga sem nemur hátt í eina millj. dollara og gerir ráð fyrir verulegu mótframlagi af Íslands hálfu. Í þessu tilfelli er gert ráð fyrir mótframlagi sem nemur 14.7 millj. kr. á þremur árum: 1974, 1975 og 1976. Þessi starfsemi hófst á árinu 1974 og hefur staðið í tvö ár. Nokkur dráttur hefur orðið vegna þess að það fjármagn, sem við ætlum að leggja til þessari rannsókn, hefur ekki fengist. En það hefur ekki komið að verulegu tjóni því að aðstoð Sameinuðu þjóðanna hefur einnig dregist, og má segja að það hafi haldist í hendur.

Nú er hins vegar svo komið að sú aðstoð, sem Sameinuðu þjóðirnar lofa, er komin eða er að koma, og þá er okkur að sjálfsögðu mjög brýnt að standa við okkar hlut. Til þessara rannsókna hafa runnið til þessa dags um 4 millj. Nú hefur kostnaðaráætlun verið endurskoðuð mjög ítarlega og kemur þá í ljós að á árinu 1976 þarf að verja til þessara rannsókna samtals 8.8 millj. kr. Að öllum líkindum mun starfsemin dragast eitthvað yfir á árið 1977, en lítillega, en heildarkostnaðurinn mun, ég vil segja þótt einkennilegt sé, líklega ekki fara mikið fram úr þeirri upphæð sem samningsbundin var við Sameinuðu þjóðirnar. Hitt er svo annað mál að að mati þeirra, sem þessar rannsóknir stunda, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Garðyrkjuskólans í Hveragerði, eru þessar 8.8 millj. algert lágmark til þess að sinna megi þessum rannsóknum á næsta ári. Sótt var um fjármagn til þessara rannsókna, bæði af Rannsóknastofnun landbúnaðarins og einnig af Rannsóknaráði ríkisins. Umsóknin var skorin niður hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins í 760 þús. kr., ég veit ekki af hverju þær voru skildar þar eftir, og hjá Rannsóknaráði ríkisins um um það bil 3 millj. Nú er gert ráð fyrir að bæta þetta með samtals 3 millj., en eftir því sem okkur sýnist að vandlega athuguðu máli, síðast í morgun, þá verður þessum málum alls ekki sinnt nema með öðrum 3 millj. til viðbótar, þ. e. a. s. 6 millj. samtals, og er þá reiknað með því að skrapa saman allt það fjármagn sem er fyrir hendi til athugunar á nýtingu náttúruauðæfa landsins. Fresta þarf þá athugunum eins og t. d. nýtingu á leir í Búðardal, sem ég hygg að sumum, eins og t. d. hæstv. forseta, muni ekki líka vel að heyra, og fresta öllum störfum landgrunnsnefndar. Sumu er ekki hægt að fresta, eins og t. d. störfum n. sem vinnur að snjóflóðaathugunum og vinnur samkv. þáltill. sem hér var samþ. En með þessu móti sýnist þeim, sem að þessum rannsóknum vinna, að þó megi standa við okkar hluta af þessum samningi og halda þessari starfsemi áfram. Að öðrum kosti sýnist mér raunar um lítið annað að ræða en tilkynna Sameinuðu þjóðunum að við getum ekki staðið við okkar hluta af þessu verki, og það held ég að mönnum þætti nokkuð illt.

Ég ætla að nefna annan þátt, sem ég þekki einnig mjög vel. Það er Byggingarsjóður rannsóknastarfseminnar. Hann hefur í tekjur 20% af Happdrætti háskólans, sem er einkaleyfisgjald það sem happdrættið greiðir til ríkissjóðs. Hins vegar hefur byggingum á Keldnaholti, sem sjóðurinn stendur undir, verið flýtt með því að taka lán til þessara framkvæmda. Þessi lán eru vísitölutryggð, og nú er svo komið að tekjurnar hrökkva ekki til að greiða þessi lán þótt þau hafi staðið í allmörg ár, og sjóðurinn er kominn í 12.5 millj. kr. vanskil við Ríkisábyrgðasjóð og skuldin safnar 2% vöxtum á mánuði. Þetta er náttúrlega ekki góður búskapur, og ég held að það verði bara að horfast í augu við slíka staðreynd og greiða þessa vanskilaskuld. Ég held að það sé engum til góða að þetta renni úr einum vasa ríkissjóðs í hinn.

Auk þess vil ég geta þess sem hefur vakið mikla undrun manna á Keldnaholti, sérstaklega hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Þar er bygging, sem hefur orðið fyrir ákaflega miklu tjóni af vatnsskemmdum. Hún er byggð með þeim hætti að notað er ál og gler og þess háttar hlutir sem ekki er hægt að nota í íslensku veðurfari. En sú vitleysa var gerð þegar þessi bygging var reist fyrir 10 árum rúmum, þá var þetta talin lausn á okkar byggingarháttum. Niðurstaðan hefur orðið sú, að þarna hriplekur allt í minnstu veðrum, og þrátt fyrir alls konar smátilfæringar til að lagfæra þetta hefur það aldrei enst nema stutta stund vegna þeirrar miklu þenslu, sem er í slíkum álvegg, og þeirrar sveigju, sem hann hlýtur af stormálagi. Því hefur verið ákveðið að ekki sé um annað að ræða en gera meiri háttar lagfæringu og breytingu sem var áætluð s. l. vor að kosta 8 millj. kr. Menn kunna e. t. v. að segja: Hvers konar vitleysa er að

leggja í slíka byggingarhætti? Ég get tekið undir það. En e. t. v. er svarið það, að við höfum þráast við í fjölmörg ár að veita fjármagn til rannsókna á nýjum byggingaraðferðum hér á landi og það er ákaflega lítið gert enn. Við byggjum hér úr nýjum efnum sem eru flutt inn erlendis frá, án þess að nokkuð sé athugað hvort það hentar íslenskum aðstæðum. Þó hefur Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins ár eftir ár bent á ákaflega mikið tjón sem íslenskur þjóðarbúskapur hefur orðið fyrir af þessum sökum. Við byggjum flöt þök og notum þar efni á sem hvergi hafa verið notuð við svipaðar aðstæður, og ég gæti lesið lista, sem kvöldið mundi ekki nægja til að ljúka, yfir þær sorglegu staðreyndir. Og þarna er aðeins eitt dæmi um það. Það gleyptu allir við þessu þegar það kom á markaðinn. Sem betur fer eru menn hættir að nota það nú að mestu eða a. m. k. nota það ekki á þann hátt sem var gert þá, álveggi og gler á milli.

En svo að menn heyri hvernig ástandið er, — það er ekki fallegt, — þá ætla ég að lesa úr stuttri skýrslu frá forstjóra stofnunarinnar.

„Húsið liggur allt undir skemmdum. Í vatnsveðrum flóir vatn um alla bygginguna og eyðileggur gólfin, hripar niður úr loftunum ofan á rannsóknartæki, skýrslur og rit. Í síðasta veðri voru skjöl á skrifborði mínu rennblaut. Má búast við því, ef ekki verður að gert, að gluggakarmar fari að losna, rúður að brotna frekar, en margar eru þegar ónýtar. Ef ekki verður hafist handa á næsta ári gæti tjónið skipt tugum millj. kr.“

Þetta er náttúrlega ljót lýsing, hún er alveg hroðaleg, og ég verð að segja fyrir mitt leyti, — ég hef komið þarna upp eftir og séð vatnssugurnar að verki, — að ég get bókstaflega ekki setið hér í þessu húsi án þess að láta hv. alþm. taka ábyrgð á því hvort svo eigi að fara sem forstjórinn lýsir og ég veit að er rétt. Þarna getur orðið tugmilljónatjón eða a. m. k. tugurinn fyllst. Ég vil því eindregið beina því til hv. fjvn. að hún skoði þetta mál. Hún hefur fengið þetta bréf frá forstjóra Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Ég ætla enga brtt. að flytja nú. Ég ætla að bíða og sjá hvort engin hreyfing verður á þessu máli fyrir 3. umr.

Ég vil svo nefna í örstuttu máli nokkra aðra liði sem ég hef sannarlega áhyggjur af. Ég hef áhyggjur af fjárveitingum til félagsstarfsemi eins og t. d. ungmennafélaganna. Þeirra þáttur er ákaflega mikilvægur fyrir uppeldi ungs fólks í þessu landi, en þau í gífurlegum fjárþrengingum núna. Ég vil eindregið skora á fjvn. að athuga þau mál af velvilja og ég vona að því megi treysta.

Ég vil einnig vekja athygli á hlutum eins og t. d. flóabátunum og sjúkrafluginu sem í þessu fjárlagafrv. fær ekki einu sinni krónuhækkun, heldur 5% lækkun. Þó vitum við mætavel að flestir þessara báta verða ekki reknir út árið. Það er alveg útilokað mál. Það vita allir. Allur kostnaður við rekstur þeirra hefur hækkað um 40—50%, og það er alveg ljóst að á miðju ári hljóta þessir bátar að koma til ríkissjóðs og leita eftir aðstoð, og þá verður að ákveða hvort eigi að leggja niður þennan rekstur eða útvega fjármagn eftir öðrum leiðum, sem er ekkert betra en að gera ráð fyrir því nú á fjárlögum og raunar miklu verra. Ég hef skoðað vandlega reikninga eins slíks báts sem sinnir mjög mikilvægri þjónustu um Djúpið og reyndar víðar vestur á fjörðum. Þeir hafa farið í gegnum endurskoðun, þessir reikningar, hjá Skipaútgerð ríkisins og eru fullkomlega viðurkenndir þar. Það getur vel verið að spara megi einhvers staðar nokkrar krónur, og ég veit að það er reynt. En ég get ekki komið auga á neina liði sem þar ríða baggamuninn.

Ég get einnig bent á hin litlu flugfélög, sem sinna ómetanlegri þjónustu víða úti um landið, svo mikilli að fæstir, sem ekki þekkja til af eigin raun, gera sér grein fyrir því, — flugfélög sem flytja sjúklinga á milli staða þegar allt er lokað eða lækna á milli staða. T. d. var ég að tala nú síðast í kvöld við flugmann af Vestfjörðum sem var að koma í dag frá flugi með lækni frá Ísafirði. Þessir aðilar hafa notið styrkja af sjúkraflugframlagi. Það hækkar ekkert, en rekstrarkostnaður þessara litlu flugfélaga hefur hækkað mjög mikið. Mér er kunnugt um að þessi maður, flugmaður á Vestfjörðum, hefur ekki getað tekið úr rekstri nægilegt fé til að sjá sér og fjölskyldu sinni farborða í ár. Og það er alveg ljóst að hann hættir upp úr áramótunum ef engin breyting verður. Það getur ekki hjá því farið. Maðurinn getur ekki haldið þannig áfram að safna skuldum, ef hann fengi að safna skuldum. Þannig mun verða um fleiri, nema þá náttúrlega þá stóru, eins og Flugleiðir og aðra sem hafa hlotið ríkisábyrgð sem nemur 120 þús. kr. á hvern íbúa í landinu. Þarna er dálítið ójafnt skipt.

Fleira gæti ég nefnt. En ég ætla að láta þetta nægja. Ég nefni þetta fyrst og fremst til þess að vara við svona meðferð á þessum málum. Ég held, eins og ég segi, að menn verði þá bara að gera það upp við sig strax hvort þessir þættir eiga niður að leggjast.

Ég vil þakka eina till. sem fram er komin frá meiri hl. Það er fjármagn til áframhaldandi athugunar á súrnun andrúmslofts. Þetta er mjög merk athugun og gerð í nánu sambandi og samráði við nágrannaþjóðir okkar. Lögð var mikil áhersla á að henni mætti halda áfram. Hún hefur fengið hljómgrunn hjá fjvn. og það vil ég þakka.

Ég geri mér grein fyrir því, að vandinn er ákaflega mikill og okkur er brýn skylda á herðum að ganga vandlega frá fjárlagafrv., draga eins og mest má vera úr benslunni. Þó vil ég leggja áherslu á það, eins og allir þm. sem ég hef heyrt hafa lýst yfir, að tryggja að samdráttur sá leiði ekki til atvinnuleysis. Við þurfum að reyna að rata hinn gullna meðalveg. Ég veit, að hann er vandrataður, og ég fyrir mitt leyti vil standa að heilbrigðri afgreiðslu fjárl. Ég endurtek að það er þó nauðsynlegt að afgreiða fjárl. af fullri ábyrgð, en einnig er nauðsynlegt að sýna ábyrgð með tilliti til hinna ýmsu rekstrarþátta.

Forseti. Ég leyfi mér að leggja fram þessa till.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 186, sem var of seint fram komin, samþ. með 33 shlj. atkv.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 196) samþ. með 32 shlj. atkv.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég mun ekki taka hér til umr. fjárlagafrv. almennt eða þá stefnu, sem í því felst. Það hefur fulltrúi Alþb. í fjvn., hv. þm. Geir Gunnarsson, þegar gert, og ég hef þar ekki mörgu við að bæta sem ekki getur beðið betri tíma. Ég mun hins vegar ræða hér í örfáum orðum um nokkur mikilvæg mál sem ég hef leyft mér að flytja í tillöguformi.

Stærsta till., sem ég vil hér mæla fyrir, fjallar um eflingu landhelgisgæslunnar, og sú till. skýrir sig í raun og veru sjálf. Við umr., sem fram fóru ekki alls fyrir löngu vegna samninga við vestur-þjóðverja um undanþágur til handa veiðiskipum þeirra til veiða innan landhelginnar, stóð hver þm. af öðrum upp úr hópi stjórnarliða og hélt því fram að við yrðum að semja við vestur-þjóðverja vegna þess að við yrðum að geta einbeitt okkur að bretum, við gætum ekki átt í höggi við tvo andstæðinga á sama tíma og værum því til neyddir, þótt menn viðurkenndu jafnframt að samningurinn væri vondur.

Það er almennt viðurkennt að árangur af fyrri aðgerðum landhelgisgæslunnar gagnvart veiðum vestur-þjóðverja hér við land var góður. Landhelgisgæslan klippti á togvíra eftir því sem tækifæri gáfust til, og staðreyndin varð sú, að þegar á leið fóru vestur-þjóðverjar að varast klippingarnar og reyndu í hvert sinn sem varðskip nálgaðist að draga inn vörpuna og flýja í burt. Af þessum sökum fór veiði þeirra jafnt og þétt minnkandi, eins og glöggt sést á þeim tölum sem komið hafa fram um veiðar þeirra hér við land, en þeir munu hafa veitt um 93 þús. tonn 1973, 68 þús. tonn 1974, og áætlað hefur verið af þeim sjálfum að þeir veiði ekki nema um 40 þús. tonn á þessu ári.

Það er að sjálfsögðu augljóst að stríðið við breta gat ekki öllu breytt. Við höfum haft 5—6 skip til gæslustarfa og þar af hafa oft verið eitt eða tvö skip í landi hverju sinni vegna þess að við höfum ekki haft skiptiáhafnir til þess að gera okkur kleift að halda varðskipunum úti alla daga jafnt. Ef einhverjir hv. þm. telja að við getum raunverulega ekki sinnt okkar landhelgisgæslustörfum af þeim þrótti sem nauðsynlegur er gagnvart báðum þessum ríkjum, vestur-þjóðverjum og bretum, þá er að sjálfsögðu ekkert einfaldara og ekkert sjálfsagðara en að við tökum skip á leigu og margföldum afköst þessara skipa við klippingar og aðrar aðgerðir gegn erlendum veiðiþjófum.

Miðað við kostnað af rekstri gæsluskipanna við að halda erlendum skipum frá veiðum er að sjálfsögðu augljóst að þau verðmæti, sem í húfi eru, eru margfalt stærri en kostnaðurinn af gæslustörfunum. Ég þarf ekki þar að nefna margar tölur, en læt mér nægja að vísa til umr., sem um þetta fóru fram þegar samningurinn við vestur-þjóðverja var hér til umr. og leyfi mér að fullyrða að hlutföllin milli kostnaðarins og landhelgisgæslu og hins vegar þess taps, sem þjóðin verður fyrir vegna þessara veiða, hlutföllin þar eru vafalaust minnst fimmföld og sennilega tífföld eða fimmtánföld. Nú eigum við í harðri viðureign við breta og þessi viðureign fer harðnandi. Það fer því ekkert á milli mála að brýn þörf er á því að fjölga skipum í gæslunni, þ. e. a. s. ef við ætlum á annað borð að verja landhelgina. Það hefur einmitt komið skýrt í ljós seinustu dagana hvað varðskip okkar geta gert, jafnvel þótt um sé að ræða af hendi andstæðinganna fjölda skipa, bæði herskipa og dráttarbáta. Það sýnir sig sem sagt að það er hægt að verja landhelgina, það hefur sannast að það er hægt, kannske ekki 100%, en í þeim skilningi að við getum gert erlendum veiðiþjófum veiðarnar mjög erfiðar, mjög dýrar og við getum dregið verulega úr þeim. Spurningin er aðeins um vilja, — viljum við verja landhelgina eða ekki? Ef við höldum áfram að verja landhelgina gagnvart bretum, þá vitum við að samningurinn við vestur-þjóðverja fellur úr gildi í apríllok, vegna þess að ef við höldum áfram að standa í stríðinu gagnvart bretum kemur ekki bókun 6 til framkvæmda á næstu 5 mánuðum og þá fellur samningurinn við vestur-þjóðverja úr gildi á fyrri hluta næsta árs.

Það er því ljóst af báðum þessum ástæðum sem ég hef nú nefnt að það er mjög brýnt að efla flota landhelgisgæslunnar, þ. e. a. s. eins og ég hef margsagt, ef við ætlum að verja landhelgina, — ef ekki, ef ráðamenn ætla að gera samninga við breta síðar í vetur, þá er að sjálfsögðu alveg rétt að samningurinn við vestur-þjóðverja verður áfram í gildi og þá er sjálfsagt ekki þörf á fleiri skipum. Sem sagt, afstaða manna til þeirrar till., sem hér hefur verið borin fram, ræðst af því hvort menn hafa vilja til þess að landhelgin verði varin af ítrasta mætti eða ekki.

Í fjárlagafrv. er nú upphæð sem nemur 863 millj. kr. sem ætluð er til Landhelgisgæslunnar. Í þeirri upphæð er innifalinn allur rekstrarkostnaður við flugrekstur og skipaúthald gæslunnar, öll rekstrargjöld, viðhald, framlög í Landhelgissjóð og gjaldfærður stofnkostnaður. Það er hugmynd okkar, sem þessa till. flytjum, hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar og mín, að við upptalninguna í fjárlagafrv. sem Landhelgisgæsluna snertir bætist nýr liður, svo hljóðandi:

„Rekstrarkostnaður þriggja skipa sem tekin verða á leigu til gæslustarfa 350 millj."

Ég vil síðan mæla hér fyrir nokkrum öðrum till. sem ég hef leyft mér að flytja á þskj. 186.

Í fyrsta lagi eru það fáeinar till. sem snerta skólamál á Norðurlandi vestra. Það er viðurkennd staðreynd og hefur margoft komið fram í skýrslum embættismanna menntmrn. að sveitahéruð á Norðurlandi vestra voru langt á eftir öðrum landshlutum í skólamálum fyrir fáum árum. Nú á seinustu árum hefur verið reynt að bæta úr þessu með mjög miklum byggingarframkvæmdum á mörgum stöðum samtímis, og í tíð vinstri stjórnarinnar jukust fjárveitingar til skólamála í þessu kjördæmi mjög mikið. Fyrir það ber að þakka. Því miður hafa fjárveitingar til þessara mörgu mannvirkja rýrnað allverulega á árunum sem síðan eru liðin, á árunum 1975 og 1976 ef miðað er við framkvæmdakostnað. Þetta hefur hins vegar gerst víðar en í þessu kjördæmi, og hefði ég ekki séð ástæðu til að flytja sérstakar till. sem snerta þetta kjördæmi ef ekki stæði svo á að e. t. v. vegna þessara mörgu

mikilvægu framkvæmda eru nokkrar aðrar mikilvægar frmkvæmdir í skólamálum þessa kjördæmis sem setið hafa á hakanum ár eftir ár, verið vanræktar ár eftir ár, skildar eftir. Hér er um að ræða einkum þrjár framkvæmdir.

Það er í fyrsta lagi skólabygging á Skagaströnd. Það eru mörg ár liðin síðan Alþ. veitti í fyrsta skipti byrjunarfjárveitingu til þeirrar framkvæmdar. Það mun hafa verið fyrst árið 1972, síðan aftur árið 1973 einhver smáupphæð sem hét byrjunarframkvæmd. Í fyrra var veitt 1 millj. sem að sjálfsögðu dugar ekki til eins eða neins og er aðeins til að sýnast. Þá flutti ég brtt., af því að ég taldi að mælirinn væri fullur í fyrra, um það að þessi skólabygging, sem svo lengi hefur setið á hakanum, fengi a. m. k. 3 millj. kr. En á þessu ári fer allt í sama farið enn einu sinni. Það er enn sett 1 millj. til þessarar skólabyggingar, greinilega aðeins til að sýnast. Af þeirri ástæðu hef ég leyft mér að endurtaka þá till. sem ég flutti hér í fyrra. Þetta er nákvæmlega sama till. sem ég flyt hér aftur um það að 3 millj. kr. fari til þessarar skólabyggingar. Það er hart að þurfa að flytja sömu till. svona ár eftir ár, en hjá því verður ekki komist.

Onnur framkvæmd, sem ég vil nefna hér, er sundlaugarbygging á Hvammstanga. Þessi framkvæmd hefur verið í undirbúningi einnig í mörg ár. Fyrir tveimur árum var veitt byrjunarfjárveiting til þessarar framkvæmdar, og þess vegna hélt ég að eins og títt væri og algengast um slík mál kæmi nokkur fjárveiting í næsta sinn, þ. e. a. s. í fyrra, til þessa verks. En svo gerðist það óvenjulega í fyrra, að fjárveitingin féll með öllu niður og framkvæmdin var búin að fá byrjunarfjárveitingu. Hún fékk enga fjárveitingu í fyrra. Ég flutti þá till. um þetta mál og hún var felld. Nú geri ég ekki annað en að endurflytja þessa till. aftur. Ég tel að þessi staður sé búinn að bíða allt of lengi eftir því að fá þessa nauðsynlegu framkvæmd sem kostar ekki ýkjamikið fé. Það er gert ráð fyrir að framkvæmdin muni ekki verða nema upp á 4—5 millj.

Þriðja skólabyggingin, sem ég vil koma á framfæri, er bygging skóla í Haganeshreppi. Það er skóli á Sólgörðum í Fljótum, og það vill svo einkennilega til að það stendur nákvæmlega eins á með þessa skólabyggingu og hinar tvær sem ég hef nefnt. Það er búið að tala um þessa skólabyggingu í mörg ár, og menntmrn. er búið að gera till. til fjvn. í mörg ár um að þessi skólabygging verði tekin inn á fjárlög. En í fjárlögum stendur ævinlega 300 þús. kr. byrjunarfjárveiting. Það er það lengsta sem þessir ágætu skólamenn í Fljótum komast með fjvn. Það mun hafa verið í fyrsta sinn á árinu 1973 sem slík fjárveiting var veitt. Síðan var hún endurtekin í fyrra og er nú enn endurtekin. Samt sem áður stendur svo á að hér er um að ræða skóla sem er mjög illa aðþrengdur hvað pláss snertir, bæði fyrir kennslu og fyrir starfsmenn, og í fyrra var þessi framkvæmd meðal þess sem menntmrn. lagði sérstaka áherslu á að þyrfti að hafa forgang og gerði þá till. um að fengi 9.2 millj. En eins og ég hef sagt, þá situr enn einu sinni allt við það sama og ekkert útlit fyrir annað en að svo verði út þennan áratug með sama áframhaldi. Það er hjakkað í sama farinu ár eftir ár án þess að nokkuð bætist við. Ég hef leyft mér að flytja einnig í þessu tilviki nákvæmlega sömu till. og ég flutti hér í fyrra, um 3 millj. til þessarar skólabyggingar.

Ég vil svo næst snúa mér að sjúkrahúsmálum. Mér er alveg ljóst eins og fleiri hv. þm. að ætlunin er að spara í útgjöldum ríkisins, og það er ekki sérlega vinsælt að menn séu að koma hér með sérmál sinna kjördæma og ota þeim fram. En ég verð bara að benda ósköp einfaldlega á það, að oft hefur verið smátt skammtað til heilbrigðismála á Norðurlandi vestra, en áreiðanlega aldrei smærra en í þetta sinn. Ég kvartaði sáran yfir því við afgreiðslu fjárlaga fyrir einu ári að fjárveitingar til sjúkrahúsmála og heilbrigðismála á Norðurlandi vestra næmu aðeins 5% af heildarframlögum til sjúkrahúsmála á öllu landinu. En þessi prósentutala hefur nú lækkað í 4%. Og ég vil aðeins benda á það, án þess að ég sé á nokkurn hátt að sjá ofsjónum yfir þeim upphæðum sem renna til annarra kjördæma, að yfirleitt fá önnur kjördæmi langt yfir 100 millj. til sjúkrahúsmála og heilbrigðismála. Ég nefni bara Vestfirði með 132 millj., Norðurland eystra 128 millj., Austurland 104 millj., Suðurland 112 millj. Ég er sannarlega ekki að sjá ofsjónum yfir þessum upphæðum, en ég vil leyfa mér að benda á að það er alveg fráleitt að ætla þá að skammta Norðurlandi vestra 27 millj. Það er 5 sinnum minna en rennur til annarra kjördæma, og er þó fullkomlega ljóst að verkefnin eru ekki minni í þessu kjördæmi en annars staðar. Mér er þetta að sjálfsögðu alveg óskiljanlegt. Ég skil ekki hvers konar sanngirni eða réttlæti þetta er.

Það, sem hér er um að ræða, eru heilsugæslustöðvarnar í kjördæminu. Þær eru 4 og það stendur til að byggja þær allar upp. Það eru tvær, sem eru lengst komnar í undirbúningi og því eðlilegast að einbeita sér að þeim, og það hef ég gert í minum tillöguflutningi. Það eru Blönduós og Sauðárkrókur. En ég vil minna hins vegar á að bæði Siglufjörður og Hvammstangi standa þannig að vígi að nauðsynlegt er að þar verði um að ræða nokkrar nýframkvæmdir á næstu árum. En það vill svo til varðandi þessar heilsugæslustöðvar, sem ég ætla nú að víkja að, annars vegar á Blönduósi og hins vegar á Sauðárkróki, að það verður það nákvæmlega sama gert um þær eins og skólana sem ég var að nefna. Það er búið að veita byrjunarfjárveitingar til þessara heilsugæslustöðva í mörg ár, en þessar byrjunarfjárveitingar eru svo smáar að þær verða aldrei til neins. Og þó að þessar heilsugæslustöðvar hafi báðar verið í undirbúningi þegar á árinu 1973 og stöðugt verið að herja á stjórnvöld að ýta þessum málum fram, þá er það enn svo að þessar framkvæmdir báðar eru enn á pappírnum og enn hefur enginn grunnur verið grafinn, hvað þá meir.

Árið 1973 voru þessi mál sem sagt á döfinni, og a. m. k. í fjárlögum fyrir árið 1973 voru fjárveitingar þar upp á 500 þús. til Blönduóss og til Sauðárkróks 700 þús., og í fjárlögum í lok þess árs, fyrir árið 1974, er veitt 1 millj. í hvorn stað, átti að duga fyrir hönnunarkostnaði. Við þm. kjördæmisins létum það gott heita, því að

það var sagt þá, fyrir tveim árum, að hönnuninni væri ekki lokið og því þyrfti að athuga þetta mál betur. Síðan leið heilt ár, og þá kemur í ljós að hönnuninni er enn ekki lokið að áliti stjórnarherranna hér syðra og menn telja ekki fært að veita til þessarar framkvæmdar nema 10 millj. kr. í hvorn stað. Ég flutti till. í fyrra um að veittar yrðu 25 millj. í hvorn þessara staða og fannst það fullkomið sanngirnis- og réttlætismál. En það var fellt og þær fjárveitingar, sem veittar voru í fyrra, voru síðan skornar niður í sumar svo stórlega að fjármagn gat að sjálfsögðu ekki nýst til eins eða neins. Þær munu hafa verið skornar niður um 50% hvor um sig.

Þegar kemur að fjárveitingum nú í þriðja sinn er enn nákvæmlega sama upp á teningnum. Því er borið við að hönnun og undirbúningi sé enn ekki lokið, mörgum árum eftir að það starf hófst, og enn á að veita þessa sömu sýndarupphæð, 10 millj. kr., í hvorn stað, sem vitað er að nægir ekki einu sinni fyrir hönnunarkostnaði, hvað þá meir. Samkv. áætlunum, sem við þm. kjördæmisins höfum fengið um t. d. heilsugæslustöðina á Sauðárkróki, er þar um að ræða 400 millj. kr. byggingu á verðlagi þessa árs, en hönnunarkostnaðurinn einn mun vera 29 millj. Það er því ljóst að ef frá er dregin hlutdeild heimamanna í þessari byggingu, þá nægir ekki þessi fjárveiting nema fyrir hálfum hönnunarkostnaði, hvað þá meir.

Ég tel að vinnubrögð af þessu tagi séu ekkert annað en sýndarmennska. Það á enn að blekkja fólk með því að sýna því einhverjar tölur á blaði til að halda í því voninni. Ég mótmæli svona vinnubrögðum. Þessi vinnubrögð eru meiri hl. Alþ. til skammar. Ég hef leyft mér að flytja hér enn nákvæmlega sömu till. og ég flutti í fyrra um að þessar heilsugæslustöðvar, sem svo lengi eru búnar að bíða og eru í kjördæmi sem fær ⅙ hluta af fjárveitingum til heilbrigðismála í öðrum kjördæmum, — að þessar heilsugæslustöðvar fái a. m. k. 25 millj. hvor um sig, þannig að fjárveiting nægi a. m. k. fyrir hönnunarkostnaðinum og fyrir jarðvegsraski og allra nauðsynlegasta byrjunarkostnaði, kannske fyrir botnplötu, ef eitthvað er reynt að draga við sig að greiða allan hönnunarkostnaðinn þegar í stað.

Ég hef flutt, herra forseti, þriðju till. og hún snertir Lagmetisiðjuna Siglósíld. Það vill nú svo einkennilega til með þessa till. eins og allar hinar, sem ég hef nú þegar nefnt, að það er víst nákvæmlega sama till. og ég flutti hér fyrir einu ári, ósköp einfaldlega vegna þess að það dregst ár eftir ár að þessi nýi meiri hl. geti hugsað sér að verða við nauðsynlegustu óskum aðila úti á landsbyggðinni sem ekki ná eyrum þessara háu herra. Ég rökstuddi þessa till. í fyrra, og rökstuðningurinn er einfaldlega sá að þessi verksmiðja, sem byggð var fyrir meira en áratug, lög voru sett um árið 1972 og oft hefur verið rekin með ágætum hætti, stundum með hagnaði, stundum ekki, hefur framleitt mjög mikið oft á tíðum, hún hefur neyðst til að breyta framleiðslukerfi sínu vegna þess síldveiðibanns sem sett hefur verið á undanförnum þremur árum, því að hún var eingöngu gerð til þess að framleiða gaffalbita úr síld. Í þessu skyni veitti vinstri stjórnin á sínum tíma 15 millj. kr., en vegna verðbólgu á tímabilinu reyndist þessi upphæð ekki nægileg. Framkvæmdirnar námu um 25 millj. kr., og þá er eingöngu átt við framkvæmdir í sambandi við þessar endurbætur, en auk þess var um að ræða ýmsar framkvæmdir og viðhald á húsinu, sem verksmiðjan stendur í, sem ekki þoldu bið, þannig að framkvæmdakostnaðurinn mun hafa verið allmiklu hærri en nam þessari upphæð. Af þessum ástæðum hafa þessar 15 millj. alls ekki dugað, m. a. vegna þess að fyrstu 5 millj., sem veittar voru, runnu beint upp í gamla skuld við ríkið og komu þess vegna ekki að gagni í þeim tilgangi sem upphaflega var ráðgert. Þess vegna hefur stjórn Lagmetisiðjunnar farið fram á það nú um langt skeið að fá 10 millj. kr. stofnkostnaðarframlag frá ríkinu til viðbótar, en því miður hefur þessi sjálfsagða krafa ekki náð eyrum þessara háu herra af einhverjum óskiljanlegum ástæðum. Ég verð sem sagt að undirstrika það hér, að mér er óskiljanlegt með öllu af hverju það stafar, þetta sinnuleysi sem ríkisvaldið sýnir þessu fyrirtæki sem að allra dómi á hinn fyllsta rétt á sér og hefur skapað þjóðarbúinu miklar tekjur. Það er sem sagt í annað sinn, á þessu ári, sem stjórn verksmiðjunnar kemur til ríkisvaldsins og biður um að fá 10 millj. kr. fjárveitingu, og þetta er í annað sinn, sem fjvn. virðist ætla að hundsa þessa bón. Nú skyldi maður ekki fullyrða of mikið, því að enn er eftir 3. umr. fjárlaga, og af þeirri ástæðu mun ég aðeins sýna þessa till. við 2. umr. málsins, en síðan draga hana til baka til 3. umr. í þeirri von að fjvn. sjái sóma sinn í því að verða við þessari beiðni.

Seinasta till., sem ég flyt við afgreiðslu fjárlaga, er till. um að nýr liður komi inn í framkvæmdalista landbrn. og þar verði um að ræða byggingu grænfóðurverksmiðju á Hólminum í Skagafirði, 15 millj. kr. Forsaga þessa máls er sú, að fyrir allmörgum árum, á árunum 1969—1970, festi Landnám ríkisins kaup á jörðunum Krossanesi, Löngumýri, Lauftúni, öllum í Seyluhreppi í Skagafirði, í þeim tilgangi að þar yrði reist og rekin grasköggla verksmiðja. Land þessara jarða liggur saman og er ákaflega hagkvæmt til jarðyrkju, og það er um 600 hektarar að flatarmáli. Framræslu er lokið á þessu landi, og til viðbótar má nefna að á tveimur þessara jarða, Krossanesi og Lauftúni, eru íbúðarhús sem nota má fyrir starfsfólk, þannig að stofnkostnaður í sambandi við þessa verksmiðju mundi að sama skapi vera minni sem þessum mannvirkjum nemur. Þetta umrædda land liggur norðvestur af Varmahlíð, og í Varmahlíð er jarðhiti góður. Þar hefur borun eftir heitu vatni gefið góðan árangur og vafalaust eru miklar líkur á því að frekari borun gæfi það vatn sem þyrfti til þess að hægt væri að reka þessa grænfóðurverksmiðju fyrst og fremst með notkun jarðhita. Það er nefnilega svo, að þær verksmiðjur, sem fram að þessu hafa verið reistar, eru ekki reknar með jarðhita, eins og mörgum hv. alþm. mun kunnugt. Þær verksmiðjur, sem tilgreindar eru í fjárlögum og fá samtals um 43 millj. kr., til fjárfestingar, þ. e. a. s. Fóðuriðjan í Ólafsdal, Grænfóðurverksmiðjan í Flatey í Austur-Skaftafellssýslu og verksmiðjan í Gunnarsholti, þær eru

allar reknar með olíunotkun sem er að sjálfsögðu mjög óhagkvæm, og ber brýna nauðsyn til þess að komið verði upp verksmiðjum sem geti haft hagkvæmari rekstur vegna þess að þær noti jarðhita. Að sjálfsögðu kemur ekki annað til greina en að menn snúi sér nú að Norðurlandinu, vegna þess að þar er engin verksmiðja, en þessar þrjár verksmiðjur, sem ég hef nú nefnt, eru allar á Suðurlandi og Vesturlandi.

Ég þarf ekki að orðlengja frekar hve mikla þýðingu það hefur að aukin verði innlend fóðuröflun og minnkaður innflutningur á korni til fóðrunar á búpeningi. En ég undirstrika það, að þetta mál er ekki í sjálfu sér fyrst og fremst flutt vegna þess að verksmiðjan eigi að rísa í því kjördæmi, sem ég er hér fulltrúi fyrir, heldur vegna þess að ég er sannfærður um að þetta mál hefur mikið þjóðhagslegt gildi og ég undrast það að líða skuli fjöldamörg ár svo að ekkert sé gert til þess að undirbúa verksmiðjubyggingu. Eins og ég sagði áðan, eru nú liðin 6 ár síðan undirbúningur þessa máls hófst, og búnaðarsamböndin í Húnavatnssýslu og Skagafirði hafa rekið töluvert mikið á eftir þessu máli. Mér er kunnugt um það, að þegar n. var starfandi fyrir fáeinum árum sem gera átti till. um staðsetningu grænfóðurverksmiðja í landinu, — það var áður en verksmiðjan í Flatey var byggð, — þá var þessi verksmiðja í Skagafirði nefnd númer eitt. Menn töldu sjálfsagt af ýmsum ástæðum að það yrði byrjað á henni. En einhverjar ástæður hafa valdið því að svo hefur ekki orðið, og þetta hefur dregist von úr viti. Ráðist hefur verið í verksmiðjur sem nota olíu en ekki jarðhita. Ég sem sagt tel að við svo búið megi ekki standa og við verðum að knýja það fram að þessi verksmiðja verði að veruleika.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Frsm. minni hl. fjvn., hv. þm. Geir Gunnarsson, hefur gert svo skýra grein fyrir afstöðu okkar alþb.-manna að ég sé ekki ástæðu til að ræða fjárlagafrv. að þessu sinni efnislega að neinu marki. Hann hefur einnig flett svo rækilega ofan af furðulegri óstjórn ríkisstj. í fjármálum og efnahagsmálum að varla verður um bætt.

Aðgerðir ríkisstj. í efnahagsmálum hafa orðið þess valdandi að verðbólga hefur verið meiri hér á landi en nokkru sinni fyrr eða yfir 50% á ársgrundvelli. Þrátt fyrir gífurlega aukna skattlagningu á almenning í landinu hefur ríkissjóður verið rekinn með stórkostlegum halla þrátt fyrir samdrátt í framkvæmdum, en á sama tíma eru fyrirtæki landsins undanþegin tekjuskatti. Viðskiptahallinn við útlönd er meiri en nokkru sinni fyrr, og stórauknar lántökur erlendis slá öll fyrri met margfaldlega og lánin notuð til taumlauss innflutnings, hrein eyðslulán til hagsbóta fyrir innflytjendur og braskara. Síðustu sparnaðarráðstafanir ríkisstj. eru t. d. þær, að til þess að leysa lokafjárþörf norðfirðinga vegna snjóflóða er byrðinni velt af ríkinu yfir á Vestmannaeyjadeild Viðlagasjóðs sem er verr stödd en tóm. Hátt á annað þús. millj. er tekið af þeim sem leita þurfa læknis, kaupa lyf, og er það hörmulegt dæmi um það af hverjum ríkið vill taka peningana, í stað þess að taka þá af þeim sem græða sitt fé af viðskiptum. Sérstaklega vill ríkið spara til félagslegra framkvæmda, t. d. til hafnargerða á landsbyggðinni, skólabygginga, heilsugæslustöðva, og auk þess á að færa sveitarfélögum upphæð til að sinna verkefnum sem þriðjungi hærri upphæð þarf til að leysa. Svona mætti vissulega lengur telja. En ljóst er að til afgreiðslu fjárlaga er ætlaður allt of stuttur tími, fjölmörg verkefni eru eftir, auk þess sem flaustrið er slíkt að ekkert bendir til annars en frv., ef að lögum verður, verði eitt ómerkilegt pappírsgagn áður en langur tími er liðinn.

Nú skyldu menn ætla að ég úr stjórnarandstöðunni væri hér kominn til þess að flytja margar till. til breyt. á fjárlagafrv. til hækkunar. En svo er ekki. Ég hef við þessa umr. kosið að flytja 5 litlar, en sjálfsagðar brtt., og það sem meira er, þær eru að því leyti óvenjulegar að þær eru til sparnaðar, allar til lækkunar. Ef menn meina eitthvað með sparnaðartalinu, en hafa það ekki einungis í nösunum, þá gætu þeir auðveldlega samþ. þessar 5 litlu till.

Það er þessum till. sameiginlegt að þær fjalla allar um utanríkismál, en till. af öðru tagi mun ég líklega bera fram við 3. umr. Um till. er í sjálfu sér ekki mikið að segja, þær skýra sig sjálfar þótt stuttar séu, en alls mundu sparast við samþykkt þeirra 120 millj. kr.

Um fyrstu till. er það að segja, að nú er það ljóst öllum landslýð að hið svokallaða „varnarlið“ er ekki hér til þess að verja íslendinga, ekki einu sinni fyrir ofbeldisárás innan 3 mílna landhelgi sem viðurkennd er af öllum þjóðum heims, nema ef vera skyldi af Heimdalli og ráðh. og SÍS. Þess vegna hefur varnarmáladeild ekkert að gera og ber að leggja hana niður. Ef við þurfum að hafa samband við svokallað „varnarlið“ fyrir NATO á Íslandi dugar til þess einn skrifstofumaður í utanrrn., allt annað er sóun.

Um 2. brtt. mína er það að segja, að mér finnst sjálfsagt að hafa nokkra löggæslu af okkar hálfu á Keflavíkurflugvelli eins og á öðru íslensku landi, en þann kostnað, sem tiltekinn er í fjárlögum, álít ég óhóflegan. Þurfi vegna óþarfs og hættulegs „varnarliðs“ að hafa löggæsluna meiri ber liðinu að greiða það sem er umfram hæfilegan kostnað. Þess vegna legg ég til í 2. brtt. minni að kostnaður við ríkislögreglu á Keflavíkurflugvelli verði lækkaður um 30 millj.

Um þriðju till., sem er fólgin í því að allur kostnaður við sendiráðið í London verði felldur niður, er það að segja, að eftir innrás breta með ofbeldi á Ísland kemur að sjálfsögðu ekki til greina að halda stjórnmálasambandi við breta. Þess vegna er sendiráðið í Bretlandi óþarft og kostar þess vegna ekkert. Þessa till. mundi yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar samþykkja ef hún væri spurð. Þjóðin vill ekki hafa samband við þá sem ráðast með ofbeldi á fósturjörðina. — Ég vil leyfa mér að biðja hv. utanríkismálasérfræðing SÍS-flokksins að hafa þögn rétt á meðan ég er að ræða þessar till. Ég hélt það væri nægilegt verkefni fyrir þennan hv. þm. að reyna að halda utan um hæstv. ríkisstj. og sjá til þess að a. m. k. einn ráðh. sé hér viðstaddur. En meðan hv. þm. Geir Gunnarsson, aðalmál-

svari minni hl. fjvn., talaði hér í dag var enginn ráðh. hér í ráðherrastólum og flestallir úr þingflokki Sjálfstfl. höfðu þá öðrum hnöppum að hneppa. (**Gripið fram í:** Þetta er hneyksli.) Já, það er hneyksli og það finnur meira að segja sjálf Framkvæmdastofnunin.

Um brtt. nr. 4, sem er efnislega um það að kostnaður við sendiráð Íslands í Brüssel verði felldur niður, er ósköp einfaldlega það að segja, að á meðan NATO-herskip hindra okkar flota og koma í veg fyrir eðlilega löggæslu á miðunum og stórskip NATO-þjóðar eru send hingað í þeim eina tilgangi að stórskemma varðskipin og koma þeim vegna eyðileggingar úr gæslunni, þá höfum við ekki mikið að gera í þeim selskap. Ríkisstjórnarflokkarnir kalla þessa menn enn vini sína. En þeir ættu, hæstv. ráðh., að gefa okkur öðrum þm. kost á og raunar þjóðinni allri að fá að sjá orðabókina sem þeir nota, þar sem m. a. orðið óvinur fyrir vinur og ófrelsi sama sem frelsi o. s. frv. Og kemur þá bók Orwells fljótt upp í huga. Eðli málsins samkvæmt er ekki unnt að vera í bandalagi við óvini sína, síst í hernaðarbandalagi. Þess vegna er sendiráðið í Brüssel ekki aðeins óþarft, heldur til hreinnar vanvirðu. Kostnaður þess vegna falli niður.

Um 5. till. er það að segja, að ekki getum við að hluta styrkt freigátur hennar hátignar og dráttarbáta dónans og idíótsins Hattersleys með beinu framlagi til NATO. Eru þessar fjárveitingar til árásarmannanna þess vegna sjálffallnar, þ. e. a. s. ef menn leyfa sér þann munað enn, sumir í stjórnarflokkunum hv., að nota heilbrigða skynsemi, ef til er.

Ég legg til að þessum brtt. verði að lokinni þessari umr. vísað aftur til fjvn., eins og reglan mun að gera, en auk þess vil ég eindregið mælast til þess við ágætan hæstv. forseta að hann sjái til þess, að vegna þess að till. mínar fjalla eingöngu um utanríkismál verði utanrmn. kölluð saman milli umr. og skili áliti um þær.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég mun flytja hér mjög stutt mál um fjárlagafrv., þó e. t. v. örlítið lengra en við hæfi.

Ég get tekið undir með hv. þm. Steingrími Hermannssyni, að ósanngjarnt hafi verið að kenna hv. Alþ. um að fjárlög þessa árs reyndust ekki annað en pappírsgagn. Það var ríkisstj. sem bar ábyrgð á samningu þeirra fjárlaga með lítilli fyrirhyggju og stóð að framkvæmd þeirra af litlum heilindum. Og fjárlagafrv. það, sem hér liggur nú fyrir til umr., er ekki líklegt til þess að verða öllu merkilegra.

Ég kem hingað í ræðustól til þess að gera grein fyrir tveimur brtt., sem ég flyt við fjárlagafrv., og raunar þeirri þriðju, auk þess sem ég flyt brtt. ásamt hv. þm. Jónasi Árnasyni. Ég mun byrja á því að gera grein fyrir þeirri tillögu.

Það er brtt. við 4. gr. þar sem gert er ráð fyrir því að 285 millj. kr. framlag á fjárlögum til málmblendiverksmiðjunnar falli niður. Eins og fram hefur komið opinberlega, þ. á m. í umr. hér á hv. Alþ., hefur hæstv. ríkisstj. séð sér þann kost vænstan að fresta framkvæmdum við verksmiðjuna miklu á Grundartanga um a. m. k. tvö ár, þessa nýju stoð undir efnahag Íslendinga, sem einkum og sér í lagi átti nú að reisa á þegar fiskafli brygðist. Þegar í ljós kæmi að ekki væri hægt að taka miklu meiri björg úr sjó, þá átti þessi stoð að rísa undir fjárhag þjóðarinnar. En vegna þess að nauðsynlegt reyndist að láta sérfræðinga ríkisstj. í verkfræðilegum og hagfræðilegum efnum, sem voru búnir að gera tvær skakkar áætlanir um ágæti þessarar verksmiðju, láta þá nú fara ofan í málið rétt einu sinni, eins og einn hv. þm. orðaði það við umr. hér á dögunum — og ummæli hans vöktu raunar í brjóstum sumra okkar ofurlitla von um að þessir sérfræðingar kæmu kannske ekki upp úr þessu máli aftur, — en vegna þess að það þurfti að láta sérfræðingana fara ofan í málið allt, eins og það var orðað, rétt einu sinni, þá var ákveðið að fresta framkvæmdum við þessa byggingu í a. m. k. tvö ár. Og það er skoðun okkar, flm. þessarar brtt., að ekki sé hæfilegt, fyrst þessum framkvæmdum á að fresta, að verja 285 millj. kr. á biðreikning handa Union Carbide í bili, þar sem ljóst er að fyrir þessa peninga er ærin þörf til annarra og arðgæfari nota.

Í beinum tengslum við þessa brtt. okkar Jónasar Árnasonar um að niður falli 285 millj. kr. fjárveiting til mógrafarinnar á Grundartanga ber ég síðan fram till. um 15 millj. kr. fjárveitingu til fjárfestingar í grasköggla verksmiðju í Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu. Hér er um að ræða fyrirhugaða 2500 tonna verksmiðju, — verksmiðju sem framleiðir 2500 tonn af grasköggum á ári, sem ætti að aflétta 75% af kjarnfóðurinnflutningi handa þingeyskum bændum. Heildarkostnaður við verksmiðjuna er áætlaður 210 millj. til þess að hún geti tekið til starfa, eða 75 millj. kr. minna en nú mun vera búið að leggja í jarðrask á Grundartanga í Hvalfirði. Við vekjum athygli á því að samkv. útreikningum sérfræðinga er heykögglaverksmiðja af þeirri stærð, sem fyrirhuguð er í Saltvík, fjórfalt arðbærari en járnblendiverksmiðjan, sem áður var um getið, var talin á meðan því var enn þá trúað af meiri hluta hv. alþm. að hún yrði nokkur máttarstoð.

Ég vil víkja síðan að þriðju brtt., eða 2. brtt. á þskj. 181, sem er við 4. gr. fjárlaga, þar sem svo er ráð fyrir gert að liður, sem mælir fyrir um 3 millj. kr. fjárveitingu til Kaupmannasamtakanna vegna hagræðingarstarfsemi, falli niður. Það er skoðun mín að koma megi því til leiðar að kaupmenn reyni þann möguleika að færa eigin kostnað við hagræðingu til frádráttar á skattskýrslu sinni til að vega upp á móti þeim kostnaði sem þeir hafa af því að greiða hagræðingarkostnaðinn sjálfir. Hugsanlegt væri að þær 3 millj., sem hér um ræðir, nægðu til þess að standa straum af heimilisútgjöldum sjúkraflugmannsins sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson sagði okkur frá að sennilega yrði að hætta björgunarstarfi sínu fyrir vestan um áramótin, vegna þess að ríkisstj. ætlar að synja um nauðsynlega hækkun til þess að styrkja sjúkraflugið þar. Vel má vera að þessar 3 millj. nægðu til þess að hægt væri að halda uppi nauðsynlegu öryggisstarfi í öðrum héruðum á Íslandi. En vegna þess að fram kom í ræðu hv. þm.

Steingríms Hermannssonar að 3 millj. — nákvæmlega 3 millj. kr. — vantar til þess að hægt sé að standa við skuldbindingar um ylræktarrannsóknir, þá hef ég ákveðið að bera fram brtt. við 4. gr. á þá lund að liðurinn um 3 millj. framlagið til Kaupmannasamtakanna vegna hagræðingarstarfsemi falli niður, en upphæðinni, sem þar er ráð fyrir gert, verði varið til ylræktarrannsókna. Fáist ekki vegna þreytu þm. samþykkt afbrigði um þessa brtt., þá mun ég óska þess að hún verði dregin aftur til 3. umr. Af sömu ástæðum mun ég taka aftur til 3. umr. brtt. við 4. gr. varðandi hagræðingarfé Kaupmannasamtakanna.

Svo að ég víki enn í lokin að brtt. okkar hv. þm. Jónasar Árnasonar um niðurfellingu á 285 millj. kr. fjárveitingu til járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði, þá ætla ég að úr þeim sjóði, sem þar fæst til ráðstöfunar, megi finna peninga sem nægi til ýmissa bráðnauðsynlegra, lífsnauðsynlegra framkvæmda á næsta ári sem ella yrðu skornar niður.

Forseti (Gils Guðmundsson): Í tilefni af hinni skriflegu brtt., sem hv. 5. þm. Norðurl. e. hefur hér lagt fram, vil ég benda á það, að ég hygg að á henni sé formgalli að þar eru tengd saman tvö atriði sem eru eðli máls samkvæmt sitt á hvorum stað í fjárlagafrv.: annars vegar að niður falli 3 millj. til hagræðingarstarfsemi Kaupmannasamtakanna og hins vegar að teknar verði upp 3 millj. til ylræktarrannsókna. Ég vil þess vegna mælast til þess við hv. þm. að hann hagi þessu þannig, að þar sem hann hefur þegar flutt fyrri hluta till., þá flytji hann síðari hlutann við 3. umr., ef hann gæti á það fallist.

Stefán Jónsson: Á þetta get ég að sjálfsögðu fallist með glöðu geði og viðurkenni fúslega að fé, sem ná mætti af íslenskum kaupmönnum, væri hægt að verja á merkilegan hátt til úrbóta vandamála í allt öðrum og fjarskyldum atvinnurekstri.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið úr því sem komið er. Það, sem gaf mér tilefni til þess að standa hér upp, var kannske fyrst og fremst atriði í ræðu hv. 2. þm. Vestf., Steingríms Hermannssonar. En ég vil þó, áður en ég kem að því, víkja aðeins örfáum orðum að öðru sem gerst hefur í dag.

Ég hygg að enginn fari í grafgötur með það, sem fylgst hefur með umr. hér í dag, að það hefur farið lítið fyrir þingsetu þeirra hv. þm. sem styðja hæstv. ríkisstj. Menn hafa sumir hverjir velt því fyrir sér hver orsök þessa kunni að vera. Nú hefur það verið svo þau undanfarin þrjú ár sem ég hef átt sæti á Alþ., að oftast hefur nokkuð vel verið setið undir umr. um afgreiðslu fjárlaga, skiljanlega, vegna þess að hér er um eitt stærsta þingmál hvers Alþ. að ræða. Við stjórnarandstæðingar höfum bent á að þau vinnubrögð, sem hafa verið viðhöfð af hálfu hæstv. ríkisstj., séu með þeim eindæmum að líklega þurfi lengi að leita til að finna hliðstæðu þess sem hér hefur nú gerst. Líklega hafa fleiri hv. þm. en ég komist að þeirri niðurstöðu að á þennan hátt og hann einan hafi hv. stjórnarliðar séð sér fært að mótmæla vinnubrögðum hæstv. ríkisstj. í meðferð þessa máls hér á Alþ., þ. e. a. s. að láta stóla sína auða tala máli. Ég a. m. k. skil það ekki ef það er svo almennt orðið um hv. þm. að þeir vilji ekki með eðlilegum hætti, — hér á ég fyrst og fremst við stjórnarþm. núverandi, — fylgjast með framvindu máls eins og afgreiðslu fjárlagafrv. Mér er það að minnsta kosti óskiljanlegt ef þeir eru þannig þenkjandi að þeir telji það engu skipta hvernig með það mál er farið og hver endanleg afgreiðsla þess verður. Ég tel að líklegasta skýringin á hinum tómu stólum hv. stjórnarliða hér í dag sé sú, að þeir vilji með því að mæta ekki til þingfundar mótmæla þeim vinnubrögðum sem hér hafa verið við höfð.

Nú má kannske segja að ein undantekning sé í sambandi við umr. Sú undantekning er að hv. 2. þm. Vestf. flutti fyrr í kvöld ræðu og talaði mjög álíka og við stjórnarandstæðingar höfum talað í dag. Það, sem hann gerði fyrst og fremst að umræðuefni, var einn þáttur fjárlagafrv. sem er til rannsóknarstarfsemi. Hv. 2. þm. Vestf. er glöggur maður. Hann hefur fjallað mikið um þessi mál á undanförnum árum og virðist greiðlega hafa fylgst með því hvert stefnir í sambandi við afgreiðslu fjárveitinga til þessa málaflokks í ár. Hann gerði allrækilega grein fyrir því með hversu miklum ólíkindum það mætti teljast ef hæstv. ríkisstj. ætlar að afgreiða þann þátt fjárlagafrv. eins og allt bendir til að verði. Hann benti á að fjöldamörg rök hefðu verið fram færð því máli til stuðnings að hér þyrfti bót á að ráða, en eigi að síður virtist ljóst a. m. k. eins og mál nú stæðu, að engin breyting ætti að verða til hækkunar á fjárveitingum til þessa málaflokks. En þetta er auðvitað ekkert einsdæmi. Svona mætti tala um fjölmarga þætti fjárlagafrv. á nákvæmlega sama hátt og hv. 2. þm. Vestf., Steingrímur Hermannsson, gerði hér áðan um þennan eina tiltekna.

Ég er viss um það, að ef hv. þm. stjórnarliðsins gerðu sér í raun og veru grein fyrir því hversu alvarlegir hlutir eru hér að gerast í sambandi við afgeiðslu fjárveitinga til hinna ýmsu málaflokka, þá mundu þeir tala á nákvæmlega sama hátt og Steingrímur Hermannsson gerði. Og það undirstrikar að það er rétt, sem við höfum haldið hér fram, bæði við 1. umr. málsins og einnig í dag við 2. umr., að það hefur verið fyrir fram ákveðið að taka ekki í neinu tillit til óska um leiðréttingar, hversu mikil eða sterk rök sem þar lægju að baki hjá viðkomandi aðilum. Ég skal ekki, herra forseti, fjalla öllu meira um þetta. En ég vil aðeins víkja örfáum orðum að öðru sem fram kom í ræðu hv. 2. þm. Vestf. Hann gerði fyrst að umræðuefni það tjón sem orðið hefur á mannvirkjum á Suðureyri í Súgandafirði, og allt, sem hann sagði um það mál, er rétt. En ástæðan fyrir því að ekki var hreyft við því máli af hálfu þeirra aðila, sem í fjvn. eiga sæti, er sú að venjan hefur verið þann tíma sem ég hef átt sæti hér og svo mun lengur hafa verið, að ekki væru fram bornar brtt. við málaflokka fyrr en ljóst lægi fyrir hvaða meðferð þeir fengju við endanlega afgreiðslu. Og

hér á ég við heimildagrein fjárlaga sem hv. þm. flutti brtt. við, en einmitt sú heimildagrein bíður afgreiðslu til 3. umr. En ég vil að öllu leyti taka undir það, sem fram kom í ræðu hv. þm., að það er auðvitað nauðsynlegt að gera ráð fyrir því að Hafnabótasjóði verði gert kleift að bæta svo sem lög leyfa af hans hálfu það tjón sem þarna er um að ræða.

Hv. þm. minnti einnig á og vildi að því er mér skildist, koma á framfæri sterkri viðvörun til hæstv. ríkisstj. í sambandi við ýmsa styrki til íþróttahreyfingarinnar, sem eiga að því er virðist að standa óbreyttir í fjárl., og sömuleiðis að því er varðar fjárveitingar til flóabáta og sjúkraflugs. Einnig þessir þættir eru enn óafgreiddir í fjvn. og bíða 3. umr. En ég vil að sjálfsögðu taka undir þá viðvörun hv. stjórnarþm. sem ég þykist vita að hann hafi komið á framfæri í sínum þingflokki, við hæstv. ráðh. og samstarfsmenn í ríkisstjórn, en virðist ekki ætla að bera árangur sem erfiði, að það er vissulega stefnt í algjört óefni að því er varðar t. d. flóabáta, fjárupphæðina, og þær fjárveitingar sem ætlaðar eru til sjúkraflugs, ef ekki verður veruleg hækkun á báðum þessum liðum. Og þá er það rétt sem hv. þm. sagði, þá verða menn að gera það upp við sig hvort þeir ætla í reynd að stuðla að því að leggja hvora tveggja þessa þætti, sem eru snarir þættir í samgöngu- og öryggismálum hinna dreifðu byggða, hvort þeir ætla bókstaflega að gera tilraun til þess að þessari þjónustu verði hætt þegar á næsta ári. Það blasir við varðandi hvorn tveggja þessara liða ef ekki fæst veruleg breyting til hækkunar á því sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. Að sjálfsögðu mun á það reyna við endanlega afgreiðslu hér. Ég vænti þess, að það fáist leiðrétting í þessum efnum milli 2. og 3. umr., en verði slíkt ekki, sem mér þætti miður, þá verður að sjálfsögðu látið á það reyna við endanlega afgreiðslu frv. hér á hv. Alþ. hvort það er í raun og veru meining hæstv. ríkisstj. og stuðningsliðs hennar að ganga svo frá málum að því er varðar þessa þætti og ýmsa aðra, sem enn eru óafgreiddir, að fyrirsjáanlegt sé að hætta verður gjörsamlega þeirri þjónustu sem veitt hefur verið í þessum efnum. Hér er um að ræða snaran þátt í þjónustu við fjölda íbúa á hinum dreifðu svæðum, ekki neinn sérstakan landsfjórðung umfram annan, að ég hygg, sem býr við þessar aðstæður. En hér er spurningin um það hvort menn eru tilbúnir að taka þá ákvörðun núna að leggja þessa þjónustu að velli, svo sem gert verður ef ekki fæst veruleg breyting til hækkunar frá því sem hæstv. ríkisstj. hefur nú boðað.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð við lok þessarar umr., 2. umr. fjárlagafrv.

Ég vil leyfa mér að færa nm. fjvn. og form. fjvn. þakkir fyrir störf þeirra í sambandi við fjárlagafrv. og þá miklu vinnu sem þeir hafa innt af hendi nú eins og endranær. Ég vil jafnframt þakka starfsmönnum fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar og fjmrn. fyrir aðstoð þeirra við fjvn. og fyrir þá vinnu sem þeir hafa innt af hendi. En í þessu sambandi langar mig að víkja örlítið að því sem hér hefur komið fram um vinnubrögð í sambandi við fjárlagagerðina og vinnubrögð í fjvn.

Ég hef setið á þingi síðan 1959 og fylgst með fjárlagagerð og störfum fjvn. Mér er auðvitað ljóst að vinnubrögð á hinum ýmsu þingum eru sjálfsagt ekki eins, en ég get ekki fallist á að á vinnubrögðum hafi nú orðið neinar þær breytingar, miðað við það sem ég þekki til, sem ástæða sé sérstaklega að nefna. Það hefur ævinlega verið svo, að þegar komið er nær jólum og miðað við að ljúka fjárlagagerð fyrir jólaleyfi, þá hafa síðustu dagar þingsins verið mjög annasamir, og það er ekkert nýtt við það nú, nema ef svo væri að þingfundir hafa ekki mjög oft verið hér að kvöldi til eða jafnvel að næturlagi. Hvort bæta megi um vinnubrögð í sambandi við störf fjvn. að fjárlagafrv., það getur að sjálfsögðu verið til skoðunar, en ég held að það sé ekki nein sú breyt. nú, eins og ég sagði áðan, sem orð er á gerandi, og ég get ekki fallist á það, sem hér var sagt, að þær upplýsingar, sem fjvn. hefur óskað eftir, hafi ekki fengist. Ég get ekki fallist á að það hafi ekki verið reynt að koma þeim upplýsingum til fjvn. sem beðið hefur verið um. Það var að vísu tekið fram að það mætti ekki taka þetta svo að verið væri að víkja að form. fjvn., og orðalagið held ég þannig að það væri ekki ætlað að fjmrh. vildi ekki að upplýsingar bærust til fjvn. Mér er ekki kunnugt um að þeir embættismenn, sem nú eins og áður vinna með fjvn. að fjárlagafrv., hafi ekki verið við, tilbúnir til þess að aðstoða, tilbúnir til þess að gefa upplýsingar, og ég vil ekki láta þessa umr. ljúka, eftir að á þetta hefur verið minnst, öðruvísi en að láta það koma hér fram að ég held að hér sé ekki farið með rétt mál. Ef einhverjar upplýsingar hafa ekki fengist frá embættismönnum, þá er sjálfsagt að bæta þar um, og ég veit að það er þá eitthvað annað en viljaskortur þeirra til að koma þeim upplýsingum til fjvn. sem hún hefur beðið um.

Ég vil taka undir þau orð, sem form. fjvn. viðhafði hér í upphafi sinnar ræðu, og þakka þau sjónarmið, sem hann þar setti fram sem sjónarmið meiri hl. fjvn. varðandi afgreiðslu þessa frv. Það er auðvitað ljóst, að miðað við þær aðstæður, sem nú eru, verður að hafa þau vinnubrögð við fjárlagagerð að þar verður að sjálfsögðu ekki á mörgum stöðum hægt að gera allt það sem beðið er um. Ég held að við verðum að gera okkur grein fyrir því að þannig er ástand okkar í efnahagsmálum, og það er vænlegra til árangurs fyrir okkur að við gerum okkur grein fyrir þeirri staðreynd. Mér er hins vegar ljóst, að enda þótt við þessar umr. komi ekki till. um breyt. á fjárlagafrv. með háar upphæðir, þá eru óafgreidd mál, eins og hér hefur komið fram, til 3. umr., og í ræðu minni við 1. umr. fjárlaga gerði ég grein fyrir atriðum sem taka þyrfti til meðferðar við lokaafgreiðslu fjárl., og ég vonast til þess að hægt verði að gera það. Það eru atriði sem nauðsynlegt er fyrir fjárlagaafgreiðsluna að tekið verði til meðferðar og til afgreiðslu. Mér er ljóst, að til þess að það sé hægt þurfa að koma til aðrar ráðstafanir en hér liggur fyrir og sjálfsagt hafa þau atriði skýrst við 3. umr.

Varðandi málflutning stjórnarandstæðinga hér, þá er athyglisvert að bera hann saman við málflutning á s. l. ári, þegar frv. til fjárl. fyrir árið 1975 var til meðferðar, og gera sér grein fyrir því, sem þá var sagt, og því, sem hér hefur verið sagt í kvöld, og sjá hvernig þá var annað hljóð í strokknum heldur en í kvöld. Það voru vissulega há fjárl., miðað við fjárl. ársins á undan, sem voru hér til meðferðar þegar frv. til fjárl. fyrir árið 1975 var til umr. Þá var um að ræða fjárl. sem stefndu í áframhaldandi verðbólgu, að sagt var, enda þótt aðilar gerðu sér grein fyrir því að tölur þessa fjárlagafrv. voru afleiðing af mikilli verðbólgu. Þrátt fyrir það sem gerst hefur á þessu ári, en í efnahagsmálum hafa verið aðgerðir sem því miður varð að gera, þá er það frv., sem lagt var nú fyrir Alþ., aðeins með hækkun upp á 21.5% Og mönnum er ljóst að tekist hefur að hægja á verðbólguþróuninni, þannig að á seinustu 6 mánuðum er verðbólgan komin ofan í 30% á ársgrundvelli miðað við 54.6% áður. Ég skil mjög vel þegar stjórnarandstæðingar koma til að gagnrýna, vitandi þessa hluti. Þeim er þá ljóst að sú stefna, sem núv. ríkisstj. hefur haft í efnahags- og fjármálum, hefur þegar sýnt árangur. Þeim er ljóst að það frv., sem hér er til meðferðar, stefnir að því að draga úr þeirri spennu sem verið hefur. Það er engin leynd yfir því að það er dregið úr opinberum framkvæmdum. Það er ætlunin, án þess að til atvinnuleysis komi, og það er kannske þess vegna sem niðurstaða ríkissjóðs á árinu 1975 verður ekki sem skyldi, að vegna varkárni var ekki lagður til meiri samdráttur á þessu ári en raun ber vitni, og þá fyrst og fremst hugsað út frá því að hægt væri að halda fullri atvinnu í landinu.

Ég skal ekki hafa þessi orð mín fleiri, vildi aðeins láta þetta koma hér fram um leið og ég endurtek þakkir til hv. fjvn.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Í sjálfu sér er ekki mörgu við að bæta vegna orða hæstv. fjmrh., en ég vil þó undirstrika að það, sem við sögðum í stjórnarandstöðunni um að sjaldan komu fulltrúar frá hagsýslustofnuninni á fund nú, miðað við áður, er staðreynd. Ef það er bókað í fundargerðarbók okkar, hve oft þeir mæta, þá er hægt að fletta því upp. Þessu verður ekki móti mælt. Að við í stjórnarandstöðunni eigum að biðja um mennina á hvern einasta fund tel ég ekki eðlilegt. Ég tel það skyldu að þeir mæti ef þeir hafa til þess nokkurn minnsta möguleika, því að þegar embættismenn ríkisins fyrir stórum stofnunum koma og eru að gera grein fyrir niðurskurði á beiðnum sínum, þá verða þeir að mæta til fundar sem framkvæma þann niðurskurð, þannig að þetta liggi alveg á hreinu. Ég er ekki og við í stjórnarandstöðunni að ásaka neina sérstaka embættismenn eða hæstv. ráðh. í þessu efni. Kann að vera að fjvn. og þá kannske form. n. hafi ekki fylgt þessu nógu fast eftir vegna mikilla anna hjá þeim í hagsýslustofnuninni. En þetta eru staðreyndir fyrir því og það er hægt að telja það saman, þarf ekki að vera að þrasa um það lengi, heldur bara leggja það fram.

Það mætti spyrja hæstv. fjmrh. þegar svigrúm er lítið, sem við viðurkennum allir, til hvers sé verið að taka inn í heimildagr. ákvæði eins og um það að fella niður þinglýsingargjald t. d. af skipi sem heitir Grjótjötunn. Hverjir eiga skipið, hvers vegna kemur allt í einu í fjárl. slík beiðni og hvert er stefnumarkmið ríkisstj. með því að fella slíkt niður? Og það er beðið um hið sama fyrir 2 eða 3 togara í heimildagr. Við höfum beðið um skýringar á þessu atriði. Þær hafa ekki komið enn þá. Við höfum líka beðið um nákvæma skýrslu um kaupin á Baldri, um skuldir og þar fram eftir götunum, og í dag barst inn á borð undir þessari umr. stuttaraleg grg. í því efni, en hvergi nærri í samræmi við það sem við báðum um, og ég tel það sáralítið svar við því sem við báðum um. Við segjum aðeins frá þessu sem einu atriði. Við óskuðum eindregið eftir því að það væri allt lagt fram sem fylgdi þessum kaupum, og ég sé ekkert athugavert við slíka beiðni, ekki á nokkurn hátt, miklu fremur að það sé skylda okkar í fjvn. að fá nákvæma skýrslu um málið. Hér er um mjög stórar upphæðir að ræða og ég tel eðlilegt, segi það a. m. k. persónulega, að ég tel eðlilegt að ég sjái allt sem fylgdi skipinu og hvíldi á því, nákvæma sundurliðun, þegar kaup fóru fram, og allan kostnað við breytingar og annað. Ég tel það skyldu okkar í fjvn. að spyrja eftir slíku. Við höfum fengið grg. frá öðrum stofnunum í þessu efni, og embættismenn eða forsvarsmenn stofnana telja það skyldu sína, ef spurt er eftir slíku, að leggja það á borðið.

Auðvitað er það rétt hjá hæstv. fjmrh. að ekki er unnt að verða við öllum beiðnum. Það hefur jafnan verið svo og verður svo. En það er þó með ólíkindum í ár hversu mörgum raunverulega litlum beiðnum, en nauðsynlegum vegna félagsstarfsemi verður að öllum líkindum synjað, og það hörmum við í stjórnarandstöðunni. Þetta eru tiltölulega fáar millj., kannske megi telja þær í tugum millj., þetta eru tiltölulega fáar millj. í fjárl. sem eru yfir 50 milljarða, en er afar nauðsynlegt að geta liðsinnt félagsstarfsemi í landinu, þar sem fólk vinnur af áhuga og er að biðja um 100, 200 eða 300 þús. kr. til hjálpar mjög mikilvægu starfi út um allt land. En mér og okkur í stjórnarandstöðunni virðist svo sem eigi að salta allar slíkar beiðnir á einu bretti, eða jafnvel verra en það, kasta þeim alveg fyrir borð. Þetta er slæmt.

Síðan tíundaði hæstv. ráðh. að stefnumörkun stjórnarinnar kæmi vel fram í frv. og árangurinn væri slíkur, að við stjórnarandstæðingar þyrðum varla að orða verðbólgu í því efni, og nefndi svo að s. l. 6 mánuði hefði verðbólgan numið 30%. Mikið er nú afrekið! Ég segi: Mikið er nú afrekið! Í stefnuræðu hæstv. forsrh., ekki nú í haust, heldur í fyrra, settu þeir markmiðið innan árs 15%. Umframeyðsla hjá þjóðarbúinu var svo stór að það tók 6 ár að komast að núllinu eftir yfirlýsingum hæstv. viðskrh., og það mun þá a. m. k. taka 3 ár, ef ekki meira, að komast að markmiði sem var boðað í fyrstu stefnuræðu hæstv. ríkisstj., svo að við í stjórnarandstöðunni teljum ekki af mjög miklu að státa í þessu efni, farið er nú skref fyrir skref í staðinn fyrir í stökkum.

Frv. sýnir, eins og ég sagði í ræðu minni áðan, í prósentum talið ekki ýkjamikla hækkun, rúmlega 21%, kannske niðurstöðutölur kunni að sýna 22—24% þegar allt verður komið sem samþ. á. En það er bara mjög mikið utan við frv. sem hefur verið í fjárl. undanfarin ár og lækkar því þessa eftirsóknarverðu hlutfallstölu á pappírnum. Svo vil ég enn ítreka það, að mér segir svo hugur um að þegar menn þurfa eftir 2—3 ár að koma með frv. og fá samþ. viðbótartölur, þá munu þær tölur vegna fjárlagaársins 1976 nema hundruðum millj. og þær koma ekki inn í neinn hlutfallsreikning, því að það er liðinn tími og ekki hægt að bera það saman.

Það, sem við gagnrýnum í þessu frv., er að það er ekki í samræmi við þann raunveruleika sem við sjáum strax í dag, hvað þá að við hugleiðum að það verði í samræmi við það sem okkur býr í hug að muni ske á næstu mánuðum. Ég nefndi eitt dæmi áþreifanlegt, launaþáttinn. Hann hefur ekki verið endurreiknaður í frv. Aðra þætti hefur verið fjallað hér um, eins og landhelgisgæsluna og ýmsa aðra starfsemi í landinu sem tekur til sín stórfé og er ekki búið að ákveða neitt í því efni enn þá, en er óhjákvæmilegt að hlusta á.

Það er sameiginlegt markmið allra alþm. að draga úr spennunni hér í verðbólguþjóðfélaginu og jafnframt hafa það að markmiði að ekki komi til atvinnuleysis. En þrátt fyrir þessa viðleitni og þrátt fyrir góð áform ríkisstj. hafa mörg fyrirtæki nú sagt upp fjölda manns, eru í vandræðum með vinnulaunagreiðslur og vita ekki hvernig halda eigi áfram starfrækslu eftir áramót. Á þessu ári voru gerð skuldaskil eða breytingar lána hjá útflutningsatvinnuvegum, bæði fisköflun og fiskvinnslu, er námu mikið á 4. milljarð kr. Þau fyrirtæki, sem fengu þetta fé, eiga að byrja að borga af þessu nú eftir áramótin, því að þessi lánastarfsemi byggðist á því að menn skiluðu fjármagninu að verulegu leyti aftur á þremur árum. En ég veit ekki til þess að nokkurt einasta fyrirtæki treysti sér að standa í skilum, þegar að fyrsta greiðsludegi kemur, á þessari fyrirgreiðslu. Ástandið er því uggvænlegt, enda er einn liður sem er óleystur enn þá, en nemur um 500 millj. kr. Það er loforð um að leggja fram fé í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og einnig stór upphæð til togaranna. Ég nefndi nokkra liði áðan. Samtals losa þessir liðir um 1000 millj. kr., sem við vitum fyrir fram að eiga eftir að koma inn fyrir 3. umr., og það er ætlun okkar í stjórnarandstöðunni að nokkrir fleiri liðir enn komi inn og hækki þessa tölu um verulegar upphæðir sem allir menn sjá að er óhjákvæmilegt að taka tillit til ef eðlileg starfsemi á að eiga sér stað í þjóðfélaginu. Sumt af þessari hækkun kemur erlendis frá. Um það deila menn ekki. En sumt er einnig heimatilbúið, og það er nöturleg staðreynd að þær stórvirkjanir, sem við höfum haft í gangi á þessu ári, hafa verulega stuðlað að verðþenslu og uppboði á launamarkaðnum og haft að því leyti til neikvæð áhrif. Það þarf að veita meira aðhald í því efni en gert hefur verið með uppboði á vinnuafli, og alls konar sögusagnir koma á kreik frá þessum stórframkvæmdum um óeðlilega há laun fyrir takmarkað vinnutímabil á stað upp til fjalla eða á öðrum stað þar sem þessar virkjanir og stórframkvæmdir eiga sér stað.

Það er erfitt fyrir okkur í stjórnarandstöðunni að ræða um vissa þætti sem hafa ekki fengið afgreiðslu enn þá og við vitum að bíða til 3. umr. og fjallað verður um næstu daga — næstu 2 daga. Það er erfitt vegna þess að við vitum ekki hvort eitthvað verður hlustað á þær þarfir sem fyrir liggja í þessum þáttum. Við getum því sparað okkur þá fyrirhöfn að vera með vangaveltur um þessa þætti og verðum heldur að eyða tíma í umr. um þá þegar lokatill. koma fram við 3. umr. Þá mun vonandi liggja ljóst fyrir, ef þarf ekki að hafa hálfa umr. í viðbót við þá þriðju, hvað hæstv. ríkisstj. ætlar að gera — eða láta reka á reiðanum og svo fari eins og gerðist á yfirstandandi ári, að samþykkt fjárlaga verði með þeirri fljótaskrift að frv., þegar það er orðið að lögum, verði að verulegu leyti pappírsplagg og innan fárra vikna sjái allir að betra hefði verið að líta raunhæft á málin og viðurkenna staðreyndir í þjóðfélaginu, en ekki berjast við svo eftirsóknarverða prósentutölu á hækkunum á milli ára að það eina markmið væri æskilegra en margt annað.

Herra forseti. Mér þótti rétt að þetta kæmi fram vegna orða hæstv. ráðh. Hér hafa menn ekki deilt hart í þetta sinn, sem er að vonum þar sem svo stórir þættir liggja enn óafgreiddir. En eðlilegt er að við bendum á vissa agnúa við afgreiðsluna nú við 2. umr. Þess vegna hafa þessar umr. verið nokkuð friðsamar og lítið um hnútukast, eins og oft hefur átt sér stað. Ég man að hæstv. sjútvrh., sem átti sæti í fjvn. á vinstristjórnartímabilinu, flutti hér mjög hvassa ræðu í síðasta sinn er hann sat í n. við 2. umr. og fór á kostum oft og tíðum í því efni að gagnrýna þá stefnu, sem þá var uppi, og verðbólgudrauginn og fjármagnsskortinn. En við í stjórnarandstöðunni nú förum fremur með landi og kannske í hlé, vegna þess að þetta er hvergi nærri ljóst enn í dag þrátt fyrir að við erum að ræða þetta 16. des.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 35. fundur.

Miðvikudaginn 17. des., kl. 2 miðdegis.

Fjárlög 1976, frv. (þskj. 1, n. 170 og 171, 169, 179, 181, 182, 186, 196). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. með þeim tölubreytingum sem verða kunna við atkvgr. um aðrar gr. frv. samþ. með 41 shlj. atkv.

2. gr. með þeim tölubreytingum sem verða kunna við atkvgr. um aðrar gr. frv. samþ. með 41 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.

Brtt. 169, 1—6 samþ. með 55 shlj. atkv.

— 182, I felld með 39:14 satkv.

— 182, II felld með 39:15 atkv.

Brtt. 182, III felld með 39:14 atkv.
— 169, 7—13 samþ. með 53 shlj. aktv.
— 186, I felld með 38:12 atkv.
— 169, 14 samþ. með 55 shlj. atkv.
— 182, IV felld með 39:16 atkv.
— 169, 15 samþ. 58 shlj. atkv.
— 179, I. 1 tekin aftur.
— 197, I. 2 felld með 40:13 atkv.
— 169, 16 samþ. með 58 shlj. atkv.
— 179, II tekin aftur.
— 169, 17—20 samþ. með 57 shlj. atkv.
— 169, 21—23 samþ. með 58 shlj. atkv.
— 182, V. 1 felld með 40:13 atkv.
— 169, 24—25 samþ. með 56 shlj. atkv.
— 186, II. 1—4 tekin aftur.
— 179, III felld með 39:13 atkv.
— 186, II. 5 tekin aftur.
— 169, 26—29 samþ. með 56 shlj. atkv.
— 181, I. 1 felld með 40:12 atkv.
— 186, III tekin aftur.
— 169, 30—40 samþ. með 56 shlj. atkv.
— 186, IV felld með 40:15 atkv.
— 169, 41 samþ. með 55 shlj. atkv.
— 179, IV tekin aftur.
— 182, V. 2 tekin aftur.
— 181, I. 2 tekin aftur.
— 169, 42 samþ. með 55 shlj. atkv.
— 182, V. 3 felld með 41:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BGr, EðS, GS, GeirG, GilsG, GÞG, HFS, JÁH, JónasÁ, KP, LJós, VilbH, MÓ, RA, SighB, StJ, SvJ.

nei: ÞK, ÞS, ÞÞ, AG, AJ, SvB, EBS, EKJ, FÞ, GH, GuðlG, GHG, GTh, GF, HÁ, HES, IT, IngJ, IG, JóhH, JónÁ, JHelg, JSk, JGS, LárJ, MB, MÁM, OO, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, RH, SigurlB, SV, StH, StG, SvH, TÁ, VH, ÁB.

BrS greiddi ekki atkv.
Einn þm. (PS) fjarstaddur.

Brtt. 186, V. 1 felld með 40:12 atkv.
— 169, 43—50 samþ. með 57 shlj. atkv.
— 186, V. 2 felld með 41:11 atkv.
— 169, 51 samþ. með 58 shlj. atkv.
— 181, II felld með 44:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HFS, JónasÁ, LJós, VilbH, RA, StJ, SvJ, EðS, GS, GeirG, GilsG.

nei: GuðlG, GHG, GTh, GF, GÞG, HÁ, HES, IT, IngJ, IG, JóhH, JónÁ, JHelg, JÁH, JSk, LárJ, MB, MÁM, OÓ, ÓE, ÓlJ, PJ, PS, RH, SigurlB, SV, StH, StG, SvH, TÁ, VH, ÞK, ÞS, ÞÞ, AG, AJ, BGr, BrS, SvB, EBS, EKJ, FÞ, GH, ÁB.

JGS, KP, MÓ, PP, SighB greiddu ekki atkv.

Brtt. 169, 52—54 samþ. með 57 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. 196 tekin aftur.
6. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

Efri deild, 31. fundur.

Miðvikudaginn 17. des., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða, frv. (þskj. 172). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir til umr. um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl. er framlenging um eins árs skeið á lögum nr. 6 1975 um sama efni, en ákvæði þeirra falla úr gildi 29. febrúar n. k. Í frv. er gert ráð fyrir að framlengja ákvæði laga nr. 6 1975 óbreytt.

Eins og fram kemur í aths. með frv. er gert ráð fyrir að gjöld samkv. l. nr. 6 1975 frá 1. mars 1975 til 29. febr. 1976 verði sem hér segir: Fyrir einstaklinga 750 millj. kr. til rafveitna 55 millj. kr. og til Orkusjóðs 315 millj. kr. Verður að gera ráð fyrir að greiðslur til einstaklinga lækki nokkuð á næsta tímabili vegna hitaveituframkvæmda í Kópavogi, Garðahreppi og Hafnarfirði og víðar. Gera má ráð fyrir að tekjur af því söluskattsstigi, sem lagt er á í þessu skyni, hækki einnig nokkuð á næsta tímabili, þannig að þær verði um 1250 millj. kr. Má ætla að rúmlega helmingur þeirrar fjárhæðar renni til einstaklinga, en tæpur helmingur til rafveitna og þó aðallega til Orkusjóðs. Á tímabilinu mars til nóv. 1975 hefur olíustyrkur til einstaklinga numið 6000 kr. eða 2000 kr. á hverju 3 mánaða tímabili og styrkur þá til þeirra, sem njóta eins og hálfs styrks, verið 9000 kr. eða 1000 kr. á mánuði. Í des. 1975 til febr. 1976 verður hann 2200 kr. á mann og 3300 kr. til þeirra sem fá einn og hálfan styrk. Greiðsla til rafveitna hefur frá upphafi numið kr. 5.33 á lítra af þeirri olíu sem talið er að hafi verið notuð til framleiðslu rafmagns til upphitunar íbúðarhúsnæðis.

Það er ekki vafi á því, að greiðslurnar til Orkusjóðs hafa mjög aukið getu hans til að hraða jarðhitarannsóknum. Hefur Orkusjóður m. a. lánað sveitarfélögum og einstaklingum 60% af kostnaði þeirra vegna jarðhitaleitar með borunum og öðrum hætti. Ég tel fyrir mitt leyti rétt að stefnt sé að því að efla starfsemi þessa. Hækkun á olíustyrk til einstaklinga, ef menn vildu fara inn á þá leið, mundi þýða lægri greiðslur til jarðhitarannsókna, sem hefði aftur á móti í för með sér tafir á því að losna við olíuna sem orkugjafa.

Ég held, herra forseti, að ég þurfi ekki að fara fleiri orðum um þetta mál. Ég tel að það sé alveg skýrt, hvað hér er um að tefla, og vona að það verði út af fyrir sig ekki ágreiningur um framlengingu laganna. Ég veit að sú nefnd, sem fær málið til meðferðar, mun athuga það og henni gefst tími og ráðrúm til að athuga það gaumgæfilega, vegna þess að gildistími laganna rennur ekki út fyrr en 29. febr. á næsta ári.

Ég leyfi mér svo, herra forseti að leggja til að þessu frv. verði vísað til hv. fjh.- og viðskn. að þessari umr. lokinni.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég fagna því að sjálfsögðu að þetta frv. er fram komið, um það að olíustyrkurinn skuli halda áfram, sérstaklega til einstaklinga. Hér er um mikla nauðsyn að ræða vegna jöfnunar sakir búsetu og aðstöðu manna.

Það er staðreynd, að víða hafa byggjendur nýbygginga fengið rafhitun í sín hús, en þar sem ég þekki til a. m. k. hefur verið ógerlegt að fá rafhitun í eldri hús. Ég tel hins vegar, miðað við síðustu oliuverðshækkun, að það sé mjög hæpið að styrkurinn geti staðið óbreyttur, og ég hlýt að treysta á að hann verði hækkaður nokkuð, ekki síst vegna þess að framlögin til Orkusjóðs hækka sjálfkrafa vegna þeirra mörgu sem út falla vegna hitaveituframkvæmdanna. Ég veit af eigin raun hvílíkur kostnaðarliður þetta er og skal taka hreinlega persónulegt dæmi um íbúð mína austur á landi sem er að vísu allgömul. Samkv. nýjasta verðlagi kostar það um 220 þús. kr. að hita hana, en þar dragast frá um 65 þús. kr. í olíustyrk. Og það gerir það til míns heimilis og er há tala af því að um fjölmennt heimili er að ræða. En eftir standa á milli 150 og 160 þús. engu að síður. Það má því enginn ætla að hér sé ofgert, þó að hér sé talað um óbreyttan styrk.

Ég skal fúslega játa, eins og ég gerði reyndar líka í fyrra við umr. um þetta mál, góðan tilgang að baki framlaginu til Orkusjóðs. Ég sé samt ekki fram á beinlínis að það komi okkur austfirðingum t. d. til góða í nánustu framtíð. Hins vegar miðað við afkomu einstaklinga almennt í dag, verri lífskjör almennings og um leið hækkaðan hitakostnað, sem bæði er þegar duninn yfir og á án efa eftir að verða enn tilfinnanlegri, þá held ég að ég telji hlutföllin röng, okkur á köldu svæðunum í óhag, þ. e. a. s. að uppbæturnar hefðu þurft á hvern íbúa að hækka nokkuð, og þó að hlutfallið eða framlagið til Orkusjóðs sé allra góðra gjalda vert, þá sé það engu að síður of hátt. Ég tel sem sagt að styrkurinn þurfi að hækka verulega nú miðað við aðstæður allar. Ég held að það hafi verið svo upphaflega þegar þetta gjald var lagt á til að jafna hér aðstöðu, að þá hafi það verið fyrst og fremst meining þeirra laga að þeir ættu að njóta sem í dag gjalda þennan síhækkandi olíuskatt.

Ég hef flutt hér í d. frv. um að fella skólana á köldu svæðunum ekki inn í þetta beinlínis, heldur að einhvern veginn verði jafnað það hlutfall sem í dag er milli skóla á köldum svæðum og heitum. Ég minntist á það í framsögu fyrir því frv., að vissulega kæmi til greina að þessi sjóður, sem hér er um að ræða, tæki einhvern þátt í þessu. Ég held að það ætti að skoðast jafnhliða þessu að einhverju leyti, þó að ég hafi talið aðra leið heppilegri sem ég benti á í því frv. Ég vildi gjarnan skora á hæstv. ráðh. og þá hv. nefnd, sem fær þetta mál til umfjöllunar, að færa upphæðina til hækkunar. Ég veit að ég mæli þar fyrir munn þess fólks sem býr við síhækkandi kostnað af þessum sökum og á enn von á hækkun og þykir ekki of vel við sig gert. Á frv., sem hér var lagt fram í fyrra varð nokkur breyt. í hækkunarátt í meðferð nefndar, og ég treysti enn á að svo verði, en mun að öðrum kosti flytja um það brtt. ef þörf krefur. En þó að það sé ekki á þessu stigi, þá vildi ég gjarnan fá nánari vitneskju um ráðstöfun þess fjár, sem samkvæmt C-lið í 2. gr. laganna frá 28. febr. í fyrra fór þá til Orkusjóðs — nákvæma skilgreiningu helst á því í hvaða verkefni þetta hafi farið, hverju þetta framlag hafi flýtt. Ég óska eftir því að það komi a. m. k. fram í nefnd og við fáum að sjá það. Þarna var um dágóða upphæð að ræða. Alveg sérstaklega vildi ég vita hve stór upphæð af þessu framlagi hafi farið til þess landshluta sem minnsta von á í lausn hitunarvandamálanna.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég hef því miður ekki handbærar upplýsingar um hvernig þessum 315 millj., sem gert er ráð fyrir að fari til Orkusjóðs á yfirstandandi tímabili, hefur verið ráðstafað. Ég hef ekki sundurliðun á því. En ég skal að sjálfsögðu reyna að sjá til þess að n., sem fær frv. til meðferðar, fái upplýsingar um það. Eins og ég sagði, þá hefur n., sem fær frv. til meðferðar, rúman tíma til að athuga það, og ég hef auðvitað ekkert við það að athuga að hún skoði það frá ýmsum hliðum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Bátaábyrgðarfélög, frv. (þskj. 110, n. 188). — 2. umr.

Frsm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. Ed. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 frá 20. apríl 1967, um bátaábyrgðarfélög. Nefndin kallaði til sín sérfræðinga á þessu sviði og fékk upplýsingar hjá þeim og að þeim upplýsingum fengnum leggur hún til að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—14. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Snjóflóð í Norðfirði og fjáröflun til Viðlagasjóðs, frv. (þskj. 130, n. 176). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur tekið frv. til l. um breyt. á l. nr. 5 frá 28. febr. 1975, um ráðstafanir vegna snjóflóða í Norðfirði og fjáröflun til Viðlagasjóðs, til athugunar. Nefndin hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt frv. Jón Árm. Héðinsson tekur fram, að hann gerir ráð fyrir því að sömu reglur gildi um bótagreiðslur í Neskaupstað og gilt hafa í Vestmannaeyjum. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Axel Jónsson og Jón G. Sólnes.

Við viljum á sama hátt og áður hefur komið fram, bæði hjá hæstv. forsrh., sem hefur gert ítarlega grein fyrir þessu máli og ég sé ekki ástæðu til þess að gera það frekar, og hjá fjh.-

og viðskn. Nd., leggja áherslu á að það verði staðið við allar skuldbindingar stjórnvalda um aðstoð og fyrirgreiðslu vegna eldgossins í Vestmannaeyjum og snjóflóðanna í Neskaupstað. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Verkefni sveitarfélaga, frv. (þskj. 183). — 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. fjallar um breytingar á nokkrum lögum vegna verkefna sveitarfélaga og kostnaðar við þau. Í fjárlagafrv. er, eins og hv. þm. er kunnugt, gert ráð fyrir slíkri tilfærslu, og er þetta frv. flutt í framhaldi af því.

Eins og kunnugt er, þá eru það allmörg verkefni sem sveitarfélög og ríkissjóður hafa sameiginlega á einn eða annan veg, m. a. þannig að kostnaður skiptist þar að einhverju leyti milli ríkissjóðs og sveitarfélaga. Hér er gert ráð fyrir að færa nokkur slík útgjöld frá ríkissjóði yfir til sveitarfélaganna, en á móti kemur það að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fær aukna hlutdeild í söluskatti. Sú aukna hlutdeild er í því fólgin, að í stað þess að nú fær Jöfnunarsjóður 8% af 13 söluskattsstigum, þá á hann að fá 8% af 18 söluskattsstigum. Sú áætlun, sem liggur fyrir um tekjur af þessu, er að með þessum hætti fái Jöfnunarsjóður um 520 millj. kr. á næsta ári eftir þeim áætlunum sem nú liggja fyrir um söluskattinn. Af þessari upphæð munu um 12% ganga til sérstakra verkefna samkvæmt lögum, svo sem framlag til Lánasjóðs sveitarfélaga, framlag til Sambands ísl. sveitarfélaga, greiðslur í sambandi við Innheimtustofnun sveitarfélaga o. fl., þannig að það verði þá um 458 millj. sem komi til þeirra verkefna sem talin eru í þessu frv.

Í 1. gr. frv. er fjallað um heimilishjálp í viðlögum. Þau lög eru frá 1952, en í 7. gr. þeirra segir: „Ríkissjóður endurgreiðir 1/3 hluta af halla þeim sem sveitarsjóðir og sýslusjóðir kunna að verða fyrir af starfsemi heimilishjálpar.“ — Það er lagt til í 1. gr. frv. að þessi gr. í lögunum um heimilishjálp falli niður, þannig að sveitarsjóðir annist þennan kostnað.

II. kafli fjallar um vinnumiðlun. Í 8. gr. þeirra laga segir að kostnaður vegna vinnumiðlunar samkv. lögum þessum greiðist að 2/3 hlutum úr hlutaðeigandi sveitarsjóði og að 1/3 hluta úr ríkissjóði. Hér er gert ráð fyrir að sveitarsjóður greiði þennan kostnað vegna vinnumiðlunar að fullu.

III. kafli fjallar um orlof húsmæðra, en þar segir svo í 5. gr. gildandi laga að ríkissjóður greiði árlega upphæð sem svarar minnst 100 kr. fyrir hverja húsmóður í landinu og sveitarfélög greiða eigi minna en 50% á móti framlagi ríkissjóðs. Í stað þessara ákvæða komi, eins og í 3. gr. segir: „Sveitarsjóður greiðir árlega upphæð sem svarar minnst 1550 kr. fyrir hverja húsmóður á landinu.“ Önnur breyting samkv. 4. gr. er svo í beinu framhaldi af þessu.

IV. kafli frv. fjallar um dvalarheimili aldraðra. Segir í 7. gr. gildandi laga frá 1973 um þau mál: „Nú byggir sveitarfélag dvalarheimili eða hefur rekstur þess samkvæmt lögum þessum og skal þá ríkissjóður greiða 1/3 hluta kostnaðar við bygginguna og kaup nauðsynlegra tækja og búnaðar.“ Enn fremur: „Ef aðrir aðilar en sveitarfélög byggja eða hefja rekstur dvalarheimilis, er ríkissjóði heimilt að greiða allt að 1/3 hluta kostnaðar við byggingu og kaup nauðsynlegra tækja og búnaðar.“ Í stað þessa ákvæðis er lagt til í 5. gr. þessa frv. að þessi 7. gr., sem ég las úr lögunum frá 1973, orðist þannig: „Ef aðrir aðilar en sveitarfélög byggja eða hefja rekstur dvalarheimilis, er sveitarsjóði heimilt að greiða allt að 1/3 hluta kostnaðar við byggingu og kaup nauðsynlegra tækja og búnaðar.“ Um leið fellur þá niður ákvæðið varðandi dvalarheimili, sem sveitarfélögin sjálf byggja, að þar skuli ríkissjóður greiða 1/3 hluta, þannig að þessi kostnaður falli þá á sveitarfélögin.

V. kafli fjallar um breyt. á lögum um grunnskóla og er aðallega um viðhaldskostnað skóla. Í 79. gr. laga um grunnskóla frá 1974 segir: „Ríkissjóður greiðir viðhaldskostnað húsa, viðhald og endurnýjun tækja og búnaðar“ o. s. frv. Í stað þessa ákvæðis kemur samkv. 6. gr. þessa frv.: „Viðhaldskostnaður húsa og lóða, viðhald og endurnýjun tækja og búnaðar greiðist af sveitarfélögum.“ — Þá er einnig í þessari 79. gr. ákvæði um stofnbúnað skólabókasafns og endurnýjun bókakosts. Í þessu frv. er gert ráð fyrir að óbreytt sé ákvæðið um stofnkostnað skólabókasafns, sem ríkissjóður greiðir að hálfu á móti sveitarfélögunum, en viðhald og endurnýjun bókasafna greiði sveitarsjóðir. Aðrar breytingar í þessum V. kafla frv. eru afleiðing af þessum breytingum.

VI. kafli fjallar um hlutdeild í byggingu og rekstri dagvistunarheimila. — Í frv. er prentvilla, það er vitnað þar í l. nr. 29 21. apríl 1963, á að vera 1973. — Hér er gert ráð fyrir þeirri breytingu, að sveitarfélögin taki að sér rekstrarkostnað þessara stofnana. Í 8. gr. gildandi laga segir: „Af rekstrarkostnaði greiði ríkið til dagheimila og skóladagheimila allt að 30% og til leikskóla allt að 20%.“ og síðan eru nánari ákvæði í 8. og 9. gr. gildandi laga um þessi atriði. Þessar tvær greinar eru felldar niður samkv. frv. og er aðalefni þessa VI. kafla því að sveitarfélögin taki að fullu að sér rekstur dagvistunarheimila.

Þá er VII. kafli frv. um almenningsbókasöfn. Í 4. gr. gildandi laga um þau mál segir: „Skulu söfnin njóta aukastyrks úr ríkissjóði samkv. nánari ákvörðun í fjárlögum.“ Gert er ráð fyrir í þessu frv. að þetta ákvæði falli niður. Þá er í 6. gr. gildandi laga um þetta efni sagt: „Bæir og sýslur skulu sjá söfnunum fyrir viðunandi húsnæði, enda njóta þau til húsabóta styrks úr ríkissjóði, og sömu aðilar skulu ásamt ríkissjóði leggja söfnunum rekstrarfé samkv. lögum þessum.“ — Í stað þessa komi það ákvæði sem er í 13. gr. þessa frv.: „Bæir og sýslur skulu sjá söfnunum fyrir viðunandi húsnæði og leggja söfnunum rekstrarfé samkv. lögum þessum“ —

m. ö. o. þátttaka ríkissjóðs þar með felld niður. Aðrar breytingar á þessum lögum eru í samræmi við þetta.

Í aths. við frv. er gerð grein fyrir því hverjir eru þeir fjárlagaliðir og hversu háir sem snerta þessi 7 atriði sem ég hef hér rakið, þ. e. a. s. hvað er ætlað til þeirra í fjárlagafrv. Þær upphæðir hafa síðan verið endurmetnar til nokkurrar hækkunar, eins og greint er í grg.

Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga er stórmál. Er það, sem þetta frv. fjallar um, einn þáttur þess og snertir fyrst og fremst kostnaðarliði sem þannig yrðu fluttir frá ríkinu til sveitarfélaganna. Samband ísl. sveitarfélaga hefur um margra ára skeið haft með höndum athuganir á því hversu best væri fyrir komið verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, og fyrir u. þ. b. tveimur árum birti Samband ísl. sveitarfélaga ítarlega grg. um þessi mál og lauk henni með 100 tillögum, þar sem fjallað er um öll helstu atriði í þessu máli sem til greina koma. Að undanförnu hafa þessi mál verið til rækilegrar athugunar í félmrn. og þessar tillögur, sem Samband ísl. sveitarfélaga lagði fram á sínum tíma, skoðaðar og kannaðar nokkuð. Þessi mál snerta að sjálfsögðu mörg rn., og nú fyrir nokkru hefur Samband ísl. sveitarfélaga gert samþykkt um það á fulltrúaráðsfundi sínum að setja fram þá ósk að nú þegar verði skipuð samstarfsnefnd ríkisins og Sambands ísl. sveitarfélaga sem hafi það verkefni að undirbúa fyrir reglulegt Alþ. 1976 tillögur um breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga og á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Ég tel sjálfsagt að verða við þessari ábendingu og ósk Sambands ísl. sveitarfélaga um að skipa slíka samstarfsnefnd til að skoða þessi mál öll í heild og geri ráð fyrir því að slíkri nefnd verði komið á fót nú fyrir lok þessa árs.

Ég legg til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og félmn.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Frv. það, sem hér hefur verið lagt fram og er til umr., er af ættkvísl þeirra kvikinda sem nefnd eru bandormar, og þetta er óvenjulega langur bandormur. Hér er um að ræða breytingar á ekki færri en 7 lögum í einu og sama frv. allt heldur smávægilegar breytingar og tíndar hver úr sinni áttinni. Þær eiga það þó sameiginlegt, að yfirleitt er tilgangur þeirra að skapa skýrari verkaskiptingu milli ríkisins og sveitarfélaganna. Þetta markmið hafa sveitarstjórnarmenn lengi lagt áherslu á að stefnt væri að, og að því leyti má segja að tilgangurinn með þessu frv. sé jákvæður. Hitt virðist nokkuð ljóst, að undirbúningur að þessu frv. er nokkuð fljótfærnislegur. Frv. kemur fram á seinustu dögunum áður en þm. fara í jólaleyfi, og hér er aðeins hreyft við örfáum atriðum af þeim sem raunverulega koma til greina.

Eins og hæstv. ráðh. nefndi áðan þá hefur Samband ísl. sveitarfélaga lagt fram ekki færri en 100 till. í þessum málum og óskað eftir því að þær verði skoðaðar í sérstakri samstarfsnefnd, en hér aðeins hreyft við 7 atriðum. Mér sýnist því að hyggilegast væri að fara sér hægt í þessum efnum og gefa sér tíma til þess að skoða þetta mál í ró og næði, og ég tel alveg fráleitt að reynt verði að afgreiða þetta mál nú á tveimur eða þremur dögum.

Eins og fram kemur í grg. frv. er hér um að ræða tilfærslu á 500 millj. kr. frá ríkissjóði til sveitarfélaganna. Nú er það öllum kunnugt að fjárhagur sveitarsjóða er mjög þröngur og mörg sveitarfélög hafa orðið að leita á náðir bankakerfisins um stórfelld lán til þess að sinna verkefnum sínum. Það virðist því einsýnt að sá tekjuauki, sem sveitarfélögunum er hér ætlaður, kæmi í góðar þarfir án þess að verið væri að hlaða á sveitarfélögin nýjum útgjaldapóstum, og þegar af þeirri ástæðu sýnist mér eðlilegast að þessi tilfærsla á verkefnum sé látin bíða, en sveitarfélögin fái hins vegar þessar tekjur nú þegar því að þau hafa fulla þörf fyrir þær.

Um frv. sjálft og efni þess að öðru leyti vil ég segja um afstöðu mína gagnvart einstökum liðum að þrír þeir fyrstu eru bersýnilega mikilvægastir. Þá á ég við þrjá þá fyrstu sem nefndir eru í talnaupptalningunni í aths., þ. e. a. s. viðhald skólamannvirkja, dagvistunarheimili og elliheimili. Samanlagt nema þessir póstar 400 millj. kr. og ég vil fara fáeinum orðum um hvern af þessum liðum.

Ég tel í sjálfu sér alls ekkert fráleitt að viðhald skólamannvirkja sé yfirtekið af sveitarfélögunum þannig að hreinni skil skapist milli sveitarfélaga og ríkissjóðs í þessum efnum. En ég tel samt að ekki megi rasa um ráð fram og þetta mál þurfi að skoða niður í kjölinn. Ég bendi á það að sveitarfélögin eru mjög missett hvað þetta atriði snertir. Sum þeirra reka eingöngu heimangönguskóla, önnur reka skóla í tengslum við heimavistarskóla og á þessu er töluverður munur hvað viðhald snertir. Ég lít svo á að það, að sveitarfélögin hafa ekki haft viðhaldið með höndum, sé fyrst og fremst vottur þess, að talið var eðlilegt að ríkið kæmi þar inn í til að jafna þennan aðstöðumun, og ég tel að með því að sveitarfélögin verði að taka á sig allan viðhaldskostnaðinn, jafnt á skólahúsnæðinu sem heimavistarhúsnæðinu, sé verið að skapa misrétti milli sveitarfélaganna, sérstaklega gagnvart sveitahreppunum sem verða að notast við heimavistarskóla. Ég vil þess vegna mjög eindregið óska eftir því að hæstv. ráðh. og sú nefnd, sem fær þetta til athugunar, skoði það vandlega, ef menn á annað borð vilja halda því til streitu og keyra það áfram að þessi kostnaður verði fluttur yfir á sveitarfélögin, þá verði þó heimavistarkostnaðurinn undanskilinn og ekki með tekinn. Ég tel, að það væri mjög ósanngjarnt gagnvart sveitahreppum landsins ef þetta færi í gegn óbreytt, og vil sem sagt eindregið fara þess á leit að þetta verði athugað sérstaklega, að undanskilja heimavistarhúsnæði ef menn á annað borð ætla að keyra þetta áfram, því að annað er mjög ósanngjarnt og óeðlilegt.

Um dagvistunarheimilin er það að segja, að frá því að ríkisstj. fór fyrst að undirbúa þetta mál og þar til nú hefur bersýnilega orðið alljákvæð breyting á þessu frv., því eins og mörgum mun kunnugt að þá var ætlun hæstv. ríkisstj. að flytja bæði stofnkostnað og rekstrarkostnað dagvistunarheimila yfir á sveitarfélögin. Frá þessu

hefur ríkisstj. horfið og lætur nægja að flytja rekstrarkostnaðinn yfir á sveitarfélögin, og það tel ég einnig vera mjög til bóta vegna þess að hitt hefði verið afleitt. Hitt hefði verið mjög slæmt og hefði átt sinn þátt í því vafalaust að tefja fyrir þeirri mjög svo jákvæðu þróun í uppbyggingu dagvistunarheimila sem einmitt hófst við setningu laga um dagvistunarheimili. Hins vegar er ég síður en svo ánægður með þessa breytingu, að rekstrarkostnaðurinn sé fluttur yfir á sveitarfélögin, og mun greiða atkv. gegn því. Ég lít svo á að þátttaka ríkisins í rekstrarkostnaði dagvistunarheimila sé óhjákvæmileg til þess að halda niðri dagvistunargjöldum. Það er nauðsynlegt að halda niðri dagvistunargjöldum til þess að stuðla að því að fólk geti notfært sér þessa þjónustu og að konur séu eins mikið úti í atvinnulífinu og tækifæri og aðstæður leyfa. Ég tel að hér sé verið að stíga skref aftur á bak með því að breyta þessu á þennan veg, því að ég er sannfærður um að þetta mun hafa í för með sér mjög verulega hækkun á dagvistunargjöldum.

Í 9. gr. laganna um dagvistunarheimili segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisframlag til stofn- og rekstrarkostnaðar er bundið því skilyrði, að viðkomandi sveitarfélag greiði eigi minna af rekstrarkostnaði dagvistunarheimila en nemur rekstrarframlagi ríkisins.“

Hér var sem sagt sett á sínum tíma ákvæði sem skuldbatt sveitarfélögin til að leggja jafnmikið á móti til niðurgreiðslu á dagvistunargjöldum og ríkið legði fram. Það liggur því í augum uppi að með afnámi þessa ákvæðis eru sveitarfélögin alls ekki skuldbundin til þess að taka þátt í að halda niðri dagvistunargjöldum, og er því hætt við ekki aðeins að ríkisframlagið komi ekki til skila í lækkuðum dagvistunargjöldum, eins og mun þó vera hugsunin með yfirflutningi á þessu verkefni og þá um leið einhverju fjármagni til þeirra nota, heldur að þetta fari úr böndunum og að sveitarfélögin hafi þá ekki það aðhald sem þau þurfa að hafa til þess að dagvistunargjöldum sé haldið hæfilega niðri.

Um þriðja atriðið, þ. e. a. s. dvalarheimili aldraðra, get ég verið fáorður. Í 7. gr. laga um dvalarheimili aldraðra segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú byggir sveitarfélag dvalarheimili eða hefur rekstur þess samkv. lögum þessum, og skal þá ríkissjóður greiða ⅓ hluta kostnaðar við byggginguna og kaup nauðsynlegra tækja og búnaðar.“

Þetta ákvæði á að afnema og yfirfæra þennan kostnað, sem er áætlaður nú sem stendur 60 millj. kr., yfir á sveitarfélögin. Ég er einnig andvígur þessu ákvæði. Ég tel að í fyrsta lagi sé þetta mjög hæpinn útreikningur, að hér sé aðeins um 60 millj. kr. að ræða sem verið er að flytja yfir á sveitarfélögin, vegna þess að það er aðeins að litlu leyti komið í gang að byggja ellideildir við sjúkrahús og elliheimili víðs vegar um land. Þetta er útgjaldapóstur sem á eftir að verða miklu hærri á komandi árum, kannske þrisvar, fjórum sinnum, jafnvel fimm sinnum hærri að nokkrum árum liðnum, og ég tel að þar sé verið að snuða sveitarfélögin ef það mætti komast svo að orði, að ætla þeim 60 millj. fyrir það að yfirtaka þennan útgjaldalið sem í reynd verður miklu, miklu hærri að fáum árum liðnum. Auk þess er það svo, og gildir þar hið sama og um dagvistunarheimilin, að þetta ákvæði, að ríkið greiði ⅓ hluta kostnaðar við byggingu dvalarheimila aldraðra, er mikil hvatning fyrir sveitarfélögin. Það ýtir á eftir þeim að sinna þessu bráðnauðsynlega hlutverki. Ég er sannfærður um að það er engin tilviljun, að dagvistunarheimili hafa verið í undirbúningi nú seinustu tvö árin í óvenjulega ríkum mæli um allt land eftir að lögin um dagvistunarheimili voru sett. Ástæðan er að sjálfsögðu sú hvatning, sú fjárhagslega örvun, sem sveitarfélögin fengu við setningu laga um dagvistunarheimili, einmitt eins og ég sagði áðan. Af þessari ástæðu er ég feginn að þessu hefur ekki verið breytt, því að ég væri hræddur um, hvað dagvistunarheimilin snertir, að þá hefði sú þróun stöðvast eða a. m. k. hefði verulega hægt á henni, því að sveitarfélögin hafa nú óneitanlega í mörg horn að líta. Þau hafa það mikið við sitt fjármagn að gera, og þau þurfa á hvatningu af þessu tagi að halda. En hvað snertir dvalarheimilin, þá hefur því miður ekki orðið sams konar niðurstaða. Það er ætlunin að yfirflytja þetta verkefni til sveitarfélaganna, og það tel ég mjög slæmt, því að ég óttast að uppbygging ellideilda við sjúkrahús og elliheimili muni ekki verða jafnhröð og skyldi eftir að þessi breyting hefur átt sér stað.

Ég vildi svo að lokum minna á það í þessu sambandi, að fyrir tveimur dögum var lagt hér fram á Alþ. frv. sem felur það í sér að ríkið ræðst inn á svið sveitarfélaganna hvað tekjustofna snertir. Það er ákveðið að leggja 1% gjald samsvarandi útsvarsgjaldi á alla launamenn í landinu til þess að ríkið geti lækkað sínar tekjur, og tilgangur þessa ákvæðis er augljóslega sá einn að fjmrh. geti státað sig af því frammi fyrir alþjóð að hann hafi lækkað útgjöld fjárlaga um þessar 1200 millj. sem þetta 1% nemur. Þarna er því í raun og veru verið að ganga alveg þvert á þá stefnu sem svo aftur felst í þessu frv. Það er verið að ráðast inn á svið sveitarfélaganna og ætla þeim að innheimta háar fjárhæðir fyrir ríkisvaldið. Í þessu sambandi langar mig til að leggja örfáar spurningar fyrir hæstv. félmrh.

Ég vil í fyrsta lagi leyfa mér að spyrja hann að því, hvort sveitarfélögin muni fá að leggja 10% álag ofan á útsvar á komandi ári eða ekki, þannig að útsvar til sveitarfélaganna geti þá að hámarki orðið 11% í stað í stað 10% eins og aðalreglan er? Það hefur verið allur gangur á því hvort slík heimild væri veitt, og ef slík heimild verður veitt, þá er afleiðingin sú, að útsvar og þetta sérstaka aukaútsvar, sem frv. var lagt fram um fyrir tveim dögum, gæti samanlagt orðið 12%.

Í öðru lagi vil ég spyrja hæstv. félmrh., af því að hér er um að ræða að verið er að láta sveitarfélögin fá auknar tekjur og leggja um leið á þau allmiklar byrðar: Er öruggt að gerðir verði upp nú í árslok þeir halar sem myndast hafa í samskiptum sveitarfélaga og ríkis vegna ógreiddrar hlutdeildar ríkisins í aksturskostnaði

skólabarna? Ég held ég þurfi ekki að gera frekari grein fyrir þessari spurningu. Hv. þm. og hæstv. ráðh. vita vafalaust um það, að þarna hafa myndast mjög miklir halar og það er hreinlega yfirvofandi neyðarástand á þessu sviði ef ekki verður úr bætt nú í árslok, vegna þess að bílstjórar, sem hafa annast þetta verkefni, hafa hótað að gera verkfall ef ekki fáist úrlausn þessa máls. Ég vil sem sagt leyfa mér að spyrja að því hvort ríkisstj. hafi ekki tekið ákvörðun um að gera upp þennan hala. Ef ekki hefur verið ákvörðun tekin um það, sýnist einsýnt að þessi aksturskostnaður skólabarna, sem er óuppgerður, verði á þessu ári reiknaður inn í það dæmi sem hér er til umræðu, því að hér er um að ræða fjármagn sem fyrir hendi er og þyrfti þá ekki annað en að fækka eitthvað þeim verkefnum sem væru yfirfærð á sveitarfélögin til þess að koma þessum málum á hreint. Hér gefst gullið tækifæri ef eitthvað gengur illa að gera upp þennan hala innan fjárlagadæmisins.

Í þriðja lagi vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. félmrh. ellegar hæstv. menntmrh. ef hann telur sig kannske betur geta svarað þeirri spurningu. Það er nú eins með hina spurninguna, að kannske gæti hann gefið upplýsingar um það ef hæstv. félmrh. hefði þær ekki á reiðum höndum. En ég beini nú spurningunni til hæstv. félmrh. í fyrstu: Hvað verður um fræðsluskrifstofur þær sem grunnskólalöggjöfin gerir ráð fyrir að settar séu á stofn, en enn hefur ekki verið ljóst hver greiða mundi kostnað af rekstri þessara skrifstofa? Landshlutasamtökin, sem annast rekstur þeirra, en ekki hafa fengið neina tekjustofna til að mæta þeim kostnaði, hafa hótað að loka þessum skrifstofum um áramótin ef ekki fáist úrlausn þessa máls. Ég vil sem sagt leyfa mér að spyrja að því í þessu sambandi, vegna þess að málið er náskylt því sem hér er til umræðu, hvort þessi mál muni ekki fást á hreint jafnhliða.

Ég þarf svo ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég vil aðeins ítreka hver er afstaða mín til þessa máls. Ég er almennt jákvæður gagnvart þeirri tilhneigingu að reyna að gera verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga skýrari en hún er nú. En atriðin, sem athuga þarf, eru ekki bara 7, eins og er fólgið í þessu frv., þau skipta mörgum tugum, kannske eru þau 100 eins og ráðh. nefndi. Þetta ætti því að skoðast allt í heild sinni.

Í öðru lagi er ég andvígur og við alþb.-menn, við erum andvígir þeim þremur atriðum sem ég nú hef nefnt, þ. e. a. s. að rekstur dagvistunarheimila sé fluttur yfir til sveitarfélaganna, að viðhald skólamannvirkja sé, án þess að nokkrar frekari breytingar séu gerðar á því hvað snertir heimavistarhúsnæði, flutt yfir til sveitarfélaganna og eins stofnkostnaðurinn við elliheimilin. Um önnur atriði ætla ég ekki að fjölyrða hér nú, þ. e. a. s. almenningsbókasöfnin, heimilishjálpina, vinnumiðlunina og húsmæðraorlofið, þar sem það eru mjög smá atriði, sem aðeins nema samtals 58 millj. kr., og gefst frekara tækifæri til að skoða þau í nefnd. Ég verð að viðurkenna það hreinskilnislega að ég hef ekki haft aðstöðu til að átta mig nægilega vel á þeim atriðum.

Umr. frestað.

Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, frv. (þskj. 111, n. 189). — 2. umr.

Frsm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. Ed. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á l. nr. 47 frá 28. apríl 1967, um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Eins og hæstv. heilbr.- og trmrh. gat um við framsögu við 1. umr. frv., þá fjallar það aðallega um úrbætur á ýmsum ágöllum og vafaatriðum sem upp hafa komið síðan lögin um Samábyrgðina voru endurskoðuð síðast, en einnig um samræmingu til samræmis við nýju lögin um vátryggingarstarfsemi og ýmsar aðrar lagasetningar sem hafa snert starfsemi Samábyrgðar. Nefndin fékk á sinn fund forstjóra Samábyrgðarinnar, formann þeirrar nefndar, sem útbjó frv., og enn fremur fulltrúa frá Tryggingaeftirlitinu. Öllum þessum aðilum bar saman um, að frv. væri til bóta, og höfðu ekkert við það að athuga í því formi sem það nú liggur fyrir. Nefndin varð því sammála um að mæla með því að frv. yrði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—15. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Efri deild, 32. fundur.

Miðvikudaginn 17. des., að loknum 31. fundi.

Snjóflóð í Norðfirði og fjáröflun til Viðlagasjóðs, frv. (þskj. 130). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 209).

Bátaábyrgðarfélög, frv. (þskj. 110). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, frv. (þskj. 111). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Fiskveiðasjóður Íslands, frv. (þskj. 173). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. um breyt. á l. um Fiskveiðasjóð er um framlengingu á 1% útflutningsgjaldi á sjávarafurðir, en samkv. núgildandi lögum átti þetta sérstaka útflutningsgjald að falla niður 31. des. n. k. Þegar þetta gjald var lögfest í tíð fyrrv. ríkisstj. var jafnframt hækkað framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs sem átti að nema helmingi á móti þessu gjaldi. Það þykir rétt að þetta fari saman. En ég vil taka fram að það er nauðsyn að fá þessa lagaheimild. Hins vegar er verið að endurskoða sjóðakerfi sjávarútvegsins og þegar það liggur fyrir og sú nefnd, sem hefur haft það til meðferðar, hefur skilað áliti, þá verður eðlilega þetta gjald einnig tekið til athugunar sem önnur. Því geri ég fyrirvara hvað það snertir, að það er allt komið undir till. þeirrar nefndar sem stefnir nú að því að ljúka störfum sínum í síðasta lagi fyrir 1. febr.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til hv. sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Verkefni sveitarfélaga, frv. (þskj. 183). — Frh. 1. umr.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég fæ tækifæri til þess að fjalla um þetta mál í nefnd. Það er þó kannske ekki réttnefni að kalla það því nafni. Ef á að hespa þetta af í hvellinum, þá reikna ég ekki með því að það orð hæfi að maður fái tilefni til þess að athuga eða fjalla nokkuð um þetta mál.

Þetta frv. er, eins og hefur komið fram hjá hv. þm. Ragnari Arnalds, hýsna dæmigert afsprengi hinnar styrku og sterku stjórnar sem hér ræður nú ríkjum. Það er greinilega ekki kastað til höndum í neinu. Greinargerð og aths. með afbrigðum glöggar og málið svo ljóst og einfalt að aðdáun vekur. Ýmislegt hef ég séð þennan stutta tíma sem ég hef setið á Alþ., en ef ég ætti að velja vandaðasta og skýrasta frv., frv. ársins, þá yrði þetta fyrir valinu án alls efa. Og ekki spillir það svo, eins og mér sýnist að á séu mestar líkur, ef þessi hv. deild á að setja hraðamet í afgreiðslu málsins ef mögulegt er, og er það einnig í samræmi við — mér liggur við að segja heilagan einfaldleika þessa frv. Ég veit auðvitað sem er, að hæstv. forseti okkar má ekki vamm sitt vita í störfum sínum hér, og nú tala ég í alvöru, og ég efast ekki um að honum þyki trippin fullhratt rekin í þessum efnum ef þetta á að drífa í gegn, t. d. í dag, eins og ég hef reyndar heyrt fleygt.

Að því var vikið áðan af hv. þm. Ragnari Arnalds hvað þetta frv. héti á þingmáli, þ. e. a. s. bandormur. Ég hef beðið eftir þessu frv., vegna þess að ég hef haft grun um að þarna fengi ég nú að sjá einn slíkan. Þeir eru víst mjög frægir í þingsögunni ekki síður en í dýrafræðinni og þótt ég sé tegundinni lítt kunnugur, þá reikna ég með því að hér sé kominn bandormur bandormanna í frumvarps líki. En annars er best að snúa sér að frv. beint, en ekki á þann hátt sem hér að framan hefur verið gert. Ég vil nú segja að beinlínis hlýtur það að vera ætlunin af hálfu núv. ríkisstj. að tekið sé nokkuð létt á frv., eins og hún leggur það fyrir, a. m. k. vonist hún til þess.

Hér er um að ræða breytingu fjölmargra laga ásamt breytingum á fyrirhuguðum breytingum boðuðum í fjárlagafrv. og staðfestum í öðru frv. sem mun hafa beðið í Nd. eftir þessu frv., og margar myndbreytingar munu hafa orðið á þessu frv. frá því að fyrst var farið að koma þessum bandormi á blað. M. a. sýnist mér upphæðin hafa lækkað um litlar 100 millj. og skal ég síst sakna þeirra, sér í lagi vegna þess verkefnis sem hvarf þar út um leið og hefði verið alvarlegt slys ef samþykkt hefði verið, þ. e. a. s. stofnkostnaður dagvistunarheimila. Hins vegar vantar nú á upphæðina, sem ég hjóst við að frv. hefði að geyma, 42 millj. svo að talan 500 millj. komi út, svo sem vera ætti, að mér skilst. Þessar 42 millj. munu eiga að fara í einhver dularverkefni sem frómar sálir hafa þó hvíslað að undanförnu að muni kannske vera hugsuð til fræðsluskrifstofanna sem hv. þm. Ragnar Arnalds var að spyrjast fyrir um áðan. Þessar skrifstofur eru í mikilli sjálfheldu hjá hæstv. menntmrh., en þar hefur maður heyrt að annar ráðh. hæstv. muni í móti standa og þokar hvorugur fyrir hinum, minnugir orða Hallgerðar þegar hún kom til Bergþórshvols, því að hvorugur vill í þessu hornkarl vera. Séu þessar hvíslingar ósannar, þá verður það leiðrétt, en kannske er það svo að þetta sé hugsað sem sérstakur „rabat“ í jólakauptíðinni til handa sveitarfélögunum frá hendi núv. ríkisstj. og bæri það vott um göfugra hjartalag en ég átti von á.

En svo vikið sé að einstökum báttum, þá undrast ég nú eiginlega mest afstöðu þeirra framsóknarmanna í þessu máli. Hér er verið að eyðileggja að öllu ein lög sem þeir áttu góðan þátt í að setja á vinstristjórnarárunum, lögin um hlutdeild í dvalarheimilum aldraðra, sem voru tvímælalaust til bóta og ýttu undir að því verkefni væri sinnt á fjölmörgum stöðum. Það er mín bjargföst skoðun að hér sé um að ræða verkefni sem ríkið, samfélagið á að taka þátt í af fullri alvöru. Deilur geta verið um hvort þarna sé um hlutverk sveitarfélaga eða ríkis að ræða, en miðað við hvaða þegnum þjóðfélagsins þetta á að þjóna, þá lít ég hiklaust svo á að þetta sé hlutverk samfélagsins í heild. Nú er sú þátttaka af hálfu ríkisins niður felld og ég hlýt að harma það með verkefni sem ég álít þessa eðlis.

Í öðru lagi er, eins og hv. þm. Ragnar Arnalds benti á, verið að eyðileggja að hálfu lögin um dagvistunarstofnanirnar, þ. e. hvað reksturinn snertir, — lögin sem urðu alveg sérstakur hvati til byggingar þessara nauðsynlegu stofnana víða um land. Það er þó þakkarvert að þeim framsóknarmönnum hefur tekist að bæta hér um

miðað við fyrstu tillögur, því að ég á von á því að þetta hljóti að vera þeim að þakka, þeir hafi ekki mátt sjá á eftir fleiri afkvæmum sínum úr vinstri stjórninni en dvalarheimilum aldraðra og þessu að hálfu. En eins og ég kem að síðar, þá eru skiptin vægast sagt hæpin út frá framtíðarfjárhag sveitarfélaganna.

Í þriðja lagi þá var svo hæstv. menntmrh. með ágætt frv. í haust, sem hann lagði fram, um almenningsbókasöfn og ríkisstuðning við þau, sem alls staðar var fagnað. Þar var ríkisframlagið margfaldað og fært upp í 81 millj., ríkisframlagið alls. Að vísu kom Rithöfundasjóður þar inn í, en við getum þá reiknað með 69 millj. sem réttri tölu. Þetta var reiknað með að yrði tekið í þrem áföngum og samkv. því hefði fyrsti áfangi átt að þýða 23 millj. og annar áfangi 46 millj. og þá sýnist mér að strax á næsta ári og þá alveg sérstaklega á næstu árum sé hér einnig um slæm skipti að ræða fyrir sveitarfélögin, eins og ég mun koma að síðar.

Það er eins og hv. þm. Ragnar Arnalds kom hér inn á áðan, það er ekkert við það að athuga, sjálfsagt, finnst mér, að gera þessa verkaskiptingu hreinni. Þetta hefur verið ósk sveitarfélaganna. En þegar hlaupið er til í hvellinum til þess að gera einstakar breytingar meira og minna út í bláinn, meira og minna fálmkennt, þá verður manni hugsað til þess að þetta sé kannske gert í öðrum tilgangi, eins og hann reyndar kom inn á, — öðrum tilgangi en látið er í veðri vaka. Það er látið heita að þarna sé um hreinni verkaskiptingu að ræða. Auðvitað er það um sumt réttnefni hvað þessi smáu mál snertir sem þarna er vikið að. En auðvitað hefði þurft að vinna miklu betur að málinu en hér er raunin á, og reyndar lýsti hæstv. ráðh. því yfir áðan að hér væri um hreina bráðabirgðalausn að ræða, sem hefði verið hlaupið til að finna vegna yfirlýsingar með fjárlögunum og síðan ætti að fara á næsta ári að vinna í alvöru að þessu máli, hingað til hefði þetta verið eins konar gamanmál, að því er mér skildist. En hér er náttúrlega um að ræða hugsjónamálið stóra um lækkun ríkisútgjalda, minnkandi ríkisumsvif.

Það er svo sem ekkert svo voðalega amalegt fyrir hæstv. fjmrh. að fá nú 500 millj. kr. rós í hnappagatið, þó að ekki sé það neitt afgerandi, og sumir samstarfsmenn hans úr Framsfl. hafa lýst því sem hreinum hégóma í mín eyru og málinu þar með sem hégómamáli hans sem þeir yrðu nú eiginlega að fylgja svo að hann mætti eiga gleðilega jólahátíð, umvafinn hrósi trúrra flokksmanna fyrir unnið afrek í því að minnka ríkisumsvif. En auðvitað er aðalmálið það, að hér er ekki um að ræða sparnað eða niðurskurð nema þá bara hvað snertir sveitarfélögin sjálf, að þau hafi minna til þessara verkefna en áður var þegar allt kemur til alls og sérstaklega þá í framtíðinni, nema hið nýja, glæsilega frv., sem hæstv. ráðh. var að ýja að hér áðan, verði komið í gagnið næsta ár og þá verði leiðréttar helstu villurnar sem ég tel vera í þessu frv.

Auðvitað er hér um tilfærslu að ræða, þ. e. a. s. aðalatriðið í málinu er auðvitað álögur á fólkið í landinu, þær minnka vitanlega alls ekki og það er ekki um neinn sparnað að ræða í þeim efnum. Á sama tíma og verið er að fikta með þessar tölur er vitanlega ekki hreyft við þeim tölum í fjárlagafrv. sem fyrst og fremst þyrftu athugunar með, þ. e. a. s. rekstrarútgjöldunum og sparnaði og aðhaldi í þeim, eins og manni hefur skilist á sérstaklega þeim hv. þm. sjálfstæðismanna að væri brýn nauðsyn að gera. Ég fæ þetta mál í nefnd, svo að ég fæ þá e. t. v. fáeinar klukkustundir til viðbótar til að líta þetta merka og vel undirbúna mál nánari skoðunaraugum, þó að það sé nú borin von að maður fái miklu meira út úr því.

Ég hef hér plagg undir höndum sem mér þætti fróðlegt að fara um nokkrum orðum nú við 1. umr. og fá svör hjá hæstv. ráðh. við því hvað hafi breyst frá því að þetta plagg var gefið út eða a. m. k. sent hæstv. ríkisstj. sem álit stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga á þessu máli. Ég leyfi mér sem sagt að vitna í þetta plagg, með leyfi hæstv. forseta, og gera um leið athugasemdir þar við og biðja um nánari skýringar. Á þetta má auðvitað allt saman líta í því ljósi að hér sé um bráðabirgðalausn að ræða, nákvæmlega eins og var með stórmálið um almannatryggingarnar sem var verið að leggja hér fram í gær. Líka var talað um að þar væri um algjöra bráðabirgðalausn að ræða, og það kann vel að vera að við það verði staðið. Í þessu plaggi, sem ég hef hér undir höndum og ég veit ekki til þess að hafi verið breytt neitt frá því sem áliti stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga og það leiðréttist þá á eftir af hæstv. ráðh. ef það er, þá minna þeir á það, með leyfi hæstv. forseta, að þeir telji það kost að sveitarfélögin taki að sér allan viðhaldskostnað sinna mannvirkja, því að verkaskiptingin verði hreinni, og samræmist því flutningur þessa verkefnis frá ríki til sveitarfélags í megindráttum hugmyndum sambandsins um verkaskiptingu. Hins vegar kemur slíkur verkefnaflutningur misjafnt við einstök sveitarfélög, sérstaklega að því er varðar viðhald á heimavistarrýmí grunnskóla, og að þessu hefur verið komið æ ofan í æ af fulltrúum sveitarfélaganna, m. a. í mjög harðri gagnrýni á þetta á fulltrúaráðsfundi þeirra sem var haldinn nýlega. Inn á þetta mál kom hv. þm. Ragnar Arnalds, og ég sé ekki ástæðu til að fara nánar út í það, en mig langar þó til að spyrja hæstv. ráðh.: Hér er talað um viðhald skólamannvirkja og þá er átt við um leið að því er mér skilst, endurnýjun tækja og búnaðar. Hér er oft í skólum, sem eru vanbúnir tækjum, um stóran lið að ræða og oft er töluverð afturhaldssemi hjá einstökum sveitarstjórnum — svo að ég segi alveg eins og er og það er auðvitað mönnum fullljóst — í því að kaupa ný kennslutæki og endurnýja tækjabúnaðinn. Það hefur þó verið hjálp í þessu, að ríkið hefur þarna greitt helminginn, og nú er spurning mín hvort þessu verði hætt. Hættir nú ríkið að greiða helming af nýjum tækjum sem eru keypt til þess að endurnýja gömul og úr sér gengin tæki og tæki sem alls ekki þjóna sama verkefni og hin gerðu? Það er töluvert stór spurning fyrir ýmsa skóla, sérstaklega landsbyggðarskóla, hvort þetta er.

Varðandi dagvistunarheimilin segir svo í þessu áliti stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, með leyfi hæstv. forseta, — þar eru þeir að vísu með

stofnkostnaðinn inni í líka, því að þá reiknuðu þeir með því að hann kæmi þar inn í, en hér er reiknað með endurmetinni fjárhæð í frv. 120 millj. til sveitarfélaganna — en í þessu plaggi segir, að miðað við áætlun frá því í maí s. l. vor, þegar menntmrn. gerði tillögu um greiðslu rekstrarkostnaðar dagvistunarheimila af ríkisins hálfu, svo að unnt yrði að greiða helming hlutdeildar ríkissjóðs í þessum kostnaði vegna ársins 1976, þá væri gert ráð fyrir 187,5 millj., segir í þessu plaggi. Síðan segir svo áfram, með leyfi hæstv. forseta, að það sé rétt að vekja athygli á því að á næstu 4 árum muni verða tekin í notkun a. m. k. 27 ný dagvistunarheimili og þar af leiði að rekstrarkostnaður þessara dagvistunarheimila mundi þá náttúrlega þjóta langt upp fyrir það sem þarna er ráð fyrir gert. En sem sagt þetta mál kemur kannske ekki til mikilla vandræða ef breyting verður á strax næsta haust og talan þá leiðrétt eitthvað í samræmi við það.

Í þessu sama plaggi segir um þátttöku í stofnkostnaði elliheimilanna, með leyfi hæstv. forseta, að sú fjárhæð, sem lögð hefur verið til grundvallar yfirfærslu þessa verkefnis, 60 millj. kr., sé sýnilega allt of lág. Og í frekari rökstuðningi, sem ég hef séð frá sveitarfélögunum varðandi þetta, telja þau að hér hafi hreinlega verið um niðurskorið framlag á fjárlögum að ræða, — framlag sem ekki sé í neinu samræmi við það sem sveitarfélögin hafi í raun og veru viljað gera í þessum efnum. Þetta leiðréttist sömuleiðis ef þessar tölur sveitarfélaganna eru rangar.

Eins segir um bókasöfnin, að sú tala verði að leiðréttast í samræmi við frv. það sem hefur verið lagt fram hér á Alþ., og það sýnist mér gert miðað við næsta ár að verulegu leyti, þ. e. a. s. úr 8 í 20 millj., þannig að þar er allsæmilega á móti komið. En þá sjáum við vitanlega hvernig framhaldið verður aftur á þar næsta ári þegar annar áfangi þessa frv. ætti að koma í gagnið, en þá yrði um að ræða 46 millj., að ég tali nú ekki um á þriðja árinu þegar 69 millj. ættu samkv. þessu að vera komnar inn í.

Þetta eru bær aths. sem ég vildi gjarnan fá að vita hvort á hefði orðið einhver breyting hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga eða stjórn þess. Ég hafði samband við einn stjórnarmannanna nú rétt áðan, og hann vissi ekki til þess að á þessu hefði orðið breyting, a. m. k. alls ekki á afstöðu sinni varðandi þetta mál. En hann lagði einnig mjög mikla áherslu á það, og inn á það kom að vísu hv. þm. Ragnar Arnalds áðan einnig, að stjórn sambandsins teldi forsendur fyrir jákvæðri afstöðu sinni til umræddrs verkefnaflutnings vera eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta: „Að heimildir fáist til fullrar nýtingar tekjustofna sveitarfélaga. Að gengið verði frá uppgjöri við einstök sveitarfélög vegna yfirtöku verkefna sem yfirfærð verða. Að tryggt verði að stjórn verkefna þeirra sem yfirfærð kunna að verða, verði í höndum sveitarfélaganna og að 14. gr. 2. málsgr. l. nr. 8/1972 verði felld úr gildi, þannig að jöfnunarsjóðsframlög gangi til sveitarfélaganna“ — þ. e. a. s. að ríkissjóður gleypi þau ekki eins og hann hefur gert eða Ríkisábyrgðasjóður, hann skuldajafnar þarna ýmis alls óskyld verkefni, þannig að sveitarfélögin fá hreinlega ekki þetta framlag í sinn hlut eins og raunin er á um fjöldamörg sveitarfélög, að jöfnunarsjóðsframlagið hefur vitanlega aldrei komið til þeirra. Það hefur gengið beint inn í ýmsar skuldir, sem má kannske segja að sé réttlætanlegt að sumu leyti. En þarna er sem sagt þessi krafa gerð, og ég vildi fara fram á það við hæstv. ráðh. að hann greindi okkur frá því hér á eftir, áður en þetta mál fer í nefnd, hvort að þessum skilyrðum hefði verið gengið sem Samband ísl. sveitarfélaga kemur þarna inn á.

Og enn — með leyfi hæstv. forseta — langar mig til þess að vitna hér í, að stjórnin telur ríkisvaldinu skylt að tryggja fræðsluskrifstofum landshluta rekstrarfé frá næstu áramótum. Einstakir stjórnarmenn gera þetta skilyrði fyrir fylgi sínu við þennan verkefnaflutning. Þetta skilst mér að sé enn óleyst. Það á ef til vill eftir að koma í ljós betur nú á eftir. Vonandi fara þessar dularfullu 42 millj. beint í þetta verkefni, en mér sýnist að hæstv. menntmrh. hafi samt enn þá nokkrar áhyggjur — mér sýnist það á svip hans, ég þekki hann það vel — að kannske muni þetta ekki alveg komast í höfn með þessu móti, en þarna var sem sagt um skilyrði einstakra stjórnarmanna að ræða fyrir fylgi sínu við þennan verkefnaflutning, ásamt því sem áður hefur verið hér upp talið.

Síðan er það rétt, að stjórnin lagði áherslu á þessa samstarfsnefnd sem var komið hér inn á áðan af hæstv. ráðh. Það er alveg rétt. Vonandi tekst þeirri nefnd og ríkisstj. þá um leið að komast eitthvað betur frá þessu máli en hér er gert.

Ég get í sambandi við mál þetta tekið algerlega undir það sem hv. þm. Ragnar Arnalds kom inn á áðan, sem afstöðu okkar alþb.-manna og ég mun því ekki í nefnd treysta mér til þess að fylgja þessu frv. af þeim ástæðum sem bæði þar og hér í minni stuttu ræðu komu fram, alveg sérstaklega meðan ekki er alveg fullljóst að þessar breytingar séu gerðar í fullu samráði og með fullu samþykki Sambands ísl. sveitarfélaga, sem í raun og veru hefði auðvitað þurft að kalla saman sérstakan fulltrúaráðsfund og kannske enn víðtækari fund til þess að fjalla um svo mikilvægt mál, því að næsta ár, þó að ekki sé nema það, getur orðið býsna afdrifarikt fyrir sveitarfélögin hvernig þessi mál þróast. Og því miður er ég ekki bjartsýnn á að sú patentlausn sem á að koma út úr þessari samstarfsnefnd, færi sveitarfélögunum á silfurfati næsta ár það sem greinilega er af þeim tekið nú.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Það gefur auga leið, að það er lítið hægt að ræða um þetta frv. við 1. umr. það kom hér á borðið hjá okkur í gær og það þarf að bera það saman við mörg lög til þess að finna nákvæmlega út hvað hér er á ferðinni.

Áður en ég vík að sjálfu frv. get ég ekki látið hjá líða að lýsa furðu minni og kröftugri vanþóknun á framkomu hæstv. ríkisstj. gagnvart Alþ. þessa dagana. Fjölda afdrifarikra frv. er mokað á borð þm. og þeim ætlað að samþ. þau á örfáum dögum án þess að nokkurt tóm gefist til að skoða frv., hvað þá afleiðingar þeirra nið-

ur í kjölinn. Slík vinnubrögð gera hvort tveggja í senn: grafa undan virðingu Alþ. og gera þingræðið að tötrum í staðinn fyrir þjóðbúning. Nú er mér fullljóst að það er ekkert sældarbrauð að stýra þjóðarskútu okkar við núverandi aðstæður. En því brýnni nauðsyn er að gera ekki vanhugsuð stýrisgrip. Og því samhentari og skilningsbetri sem áhöfnin er og því betur sem henni er ljóst hvert ber má ætla að betur farnist. En hvernig á nokkur áhöfn að halda skarpskyggni sinni við slíkan flumbruhátt sem nú er hafður uppi við skipstjórnina. Fjárlög sem vantar flestar forsendur til að geta staðist, á að hespa af á örfáum dögum. Samtímis á að afgreiða lög sem hafa í för með sér verulegar breytingar á tekjuöflunarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga, sem hafa í för með sér verulegar breytingar á tekjuöflunarráðum ríkissjóðs, breytingar á verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og breytingar á almannatryggingakerfinu. Jafnvel þeir, sem mest og best hafa kafað í þessa lagagerð, munu harla lítið geta sagt fyrir um afleiðingar hennar, hvað þá hinir, sem ætlað er það óvirðulega hlutverk að greiða atkv. með eða móti lagagreinum sem þeir hafa engan kost átt á að mynda sér sjálfir og af eigin könnun skoðun um.

Hér er einmitt slíkt frv. á ferðinni. Eins og ég sagði áðan er engin leið að átta sig á hvert verið er að fara nema bera hverja lagagrein meira eða minna saman við hin og önnur lög. Og þó að ég geti tekið undir það sem hér hefur komið fram í umr., að vissulega megi margt skoða um verkaskiptingu milli sveitarfélaga og ríkisins, þá held ég að það sé brýn nauðsyn á að við gefum okkur betra tóm en hér er ætlast til, og að sjálfsögðu ætti og verður að bera þetta nákvæmlega undir Samband ísl. sveitarfélaga og hafa samráð við það, en það skilst mér hafi verið furðulítið gert. Í dag var mér sagt að formaður Sambands ísl. sveitarfélaga hefði gefið þá yfirlýsingu að hann vildi ekkert nærri þessu frv. koma því að það væri ekkert samráð haft við Samband ísl. sveitarfélaga um það, ekkert tillit tekið til þess sem það hafði lagt til, heldur viðhafður einstefnuakstur um það sem ríkisstj. vildi leggja til að þessu sinni.

Þetta frv. mun koma fyrir þá nefnd sem ég á sæti í, og ég sé ekki ástæðu til þess að rekja mikið hvað ég vildi við það athuga. En þó vil ég drepa hér á eitt atriði sem mér er alveg sérstaklega sárt um að fari í gegn eins og hér er ætlast til, en það er í sambandi við byggingu á dvalarheimilum aldraðra. Ég var í þeirri aðstöðu um nokkur ár að freista þess að koma upp og síðan stækka elliheimilið á Akureyri, og það var fyrst eftir þá lagabreytingu, sem gerð var að ég hygg 1971 eða 1972, að nokkuð vannst á í þeim málum, vegna þess að þar var ríkinu gert að skyldu að taka þátt í byggingarkostnaði að 1/3. Þangað til varð að snapa lán í hinum og öðrum sjóðum fyrir utan það litla sem viðkomandi sveitarfélag gat lagt fram í þetta, og ef á að kippa þessu aftur í gamla horfið, þá er áreiðanlegt að miklu verr fer en verið hefur þó núna 2—3 s. l. ár.

Á það var bent hér áðan, sem er alveg rétt, að það er fyrst nú á síðustu árum sem er að koma skriður á byggingu dvalarheimila fyrir aldraða, og það er alveg gefið mál að mikill þungi verður í þeim málum á næstunni. Þetta er eitt af þeim málum sem ég held að menn hafi ekki gert sér nægilega ljóst hvað eru að verða aðkallandi — ég segi ekki endilega að byggja dvalarheimili, heldur er margt í kringum þetta, eins og aðstoð við aldraða í heimahúsum, dagheimili fyrir þá og sitt hvað fleira. En þetta er mál sem engin tök eru á að sveitarfélögin geti ráðið við ein, og því tel ég að hér sé horfið mjög til baka í þessu frv.

Ég skal ekki tefja störf þd. með löngu máli, en ég vil endurtaka það og fastlega skora á hæstv. ríkisstj. að hraða þessu máli ekki í gegn um þingið nú, heldur gefa sér tóm til að skoða þessi mál betur. Ég sé ekki að það mætti ekki draga það eitthvað fram á veturinn að ganga frá þessu máli, og alveg finnst mér forkastanlegt ef ekki yrði haft fullt samráð við Samband ísl. sveitarfélaga um þá verkaskiptingu sem hér er á ferðinni og vafalaust verður meira tekin til athugunar seinna. En ég sé ekki að þurfi að hraða þessu svo mjög, þessum eina þætti sem hér er tekinn til meðferðar. Og að lokum endurtek ég það, að mér er alveg sérstaklega lítið um að það fari í gegn að ríkinu sé gert aðeins heimilt, en ekki skylt að taka þátt í kostnaði við byggingu dvalarheimila fyrir aldraða.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég hafði hugsað mér að leggja hér fram nokkrar spurningar við hæstv. félmrh. og mun afstaða til þessa máls fara eftir því hvernig þeim verður svarað. Ég vil því biðja um að hann verði sóttur. (**Forseti:** Ég hef þegar gert ráðstafanir til þess að hæstv. ráðh. komi. Hann er í húsinu. Hann hlýtur að koma að vörmu spori.)

Ég vil segja það í upphafi míns máls að í grundvallaratriðum er ég hlynntur því að hreinni tekjuskiptingu verði komið á milli sveitarfélaga og ríkis. Mér sýnist að í því sambandi beri sérstaklega að hafa í huga að sá beri ábyrgð á fjármununum sem ákveður framkvæmdirnar. T. d. sýnist mér að mörgu leyti eðlilegt að sveitarfélögin annist viðhald skólahúsnæðis, enda hafi þau þá fjármagn til þeirra hluta. Ég hygg raunar að langtum víðar en gert er ráð fyrir í þessu frv. þyrfti að athuga slíka verkaskiptingu.

Á hitt vil ég þó minna, að ein af meginástæðum, ef ekki meginástæðan fyrir því að ríkisvaldið tekur að sér slík hlutverk eins og hér er um að ræða er að jafna á milli sterkra og veikra sveitarfélaga. Og það er ákaflega mikilvægt hlutverk þó að hv. 12. þm. Reykv. muni eflaust segja að það sé verið að seilast í vasa reykvíkinga. Það er rétt, en verið er að seilast í vasa langtum fleiri af þeim virðingarverðu hvötum að við viljum tryggja landsmönnum öllum svipaða þjónustu á sviði menntunar og á fjölmörgum öðrum sviðum. Þetta er ákaflega mikilvægt í mínum huga, og við allan flutning á verkefnum frá ríkisvaldi yfir til sveitarfélaga ber að hafa í huga að þetta raskist

ekki um of. Ég óttast að þetta muni alltaf raskast eitthvað. Það er aldrei hægt að gera svo að öllum líki og fullur jöfnuður náist. En ég hygg þó að þetta sé það mikilvægt að það beri vandlega að skoða.

Því var það, er ég sá fyrstu drög að þessum flutningi sem hér um ræðir, að ég óskaði eftir því að fá samanburð á milli sveitarfélaga af mismunandi stærð og við mismunandi aðstæður, t. d. sveitarfélaga á borð við sveitarfélögin hér í kring og lítilla sjávarþorpa með 500—600 íbúa sem eru víða um landið, og lítilla sveitarfélaga í sveit þar sem aðstæður eru enn aðrar, og samanburð þar sem bygging þeirra mannvirkja, sem hér um ræðir, er misjafnlega langt á veg komin. Ég held, að við verðum að gera okkur fulla grein fyrir þessu, og ég hygg, að við slíkan flutning þurfi að gera ráðstafanir til þess að jafna þann ójöfnuð sem þannig kann að koma fram. Ég hef ekki enn fengið nein svör eða fremur má segja að ég hefi fengið ákaflega ófullkomin svör við þessum spurningum mínum. Ég hef heyrt samanburð á örfáum stöðum lesinn upp þar sem ég var á fundi. Síðan hefur frv. breyst og ég hef engan samanburð fengið eftir að það kom í það form sem það er í núna. Ég vil því spyrja hvort þessi samanburður hafi verið gerður og hvort hann muni liggja fyrir þegar n. fjallar um þetta mál sem mér skilst að sé í fyrramálið. Þetta er eitt meginatriðið sem ég vil fá upplýst.

Ég vil einnig vekja athygli á því að í þeirri ályktun, sem fulltrúaráð sveitarfélaganna gerði um málið og hæstv. ráðh. vísaði til, voru dregin fram allmörg atriði, — 5 minnir mig, ég er því miður ekki með þetta við höndina, — sem sumir litu á sem skilyrði fyrir fylgi fulltrúaráðs sveitarfélaga við þetta frv. Hefur hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. tekið afstöðu til þessara skilyrða? Hver eru svör hæstv. ríkisstj. við þessum skilyrðum? Þar var t. d. eitt atriðið að farið var fram á að framlag úr Jöfnunarsjóði yrði ekki tekið upp í vanskil sveitarfélaga. Ég vil taka það fram að ég tel ákaflega erfitt að tryggja það að öllu leyti. Tel ég að Jöfnunarsjóður verði að standa þar að nokkru leyti að baki skuldbindingum sveitarfélaga. Hins vegar tel ég eðlilegt að það viðbótarframlag, sem hér um ræðir renni óskipt til sveitarfélaganna. Því aðeins mun þeim reynast kleift að annast þá þjónustu sem þeim er ætlað með þessum flutningi.

Þarna voru ýmis önnur skilyrði sem ég vildi einnig gjarnan að ráðh. upplýsti hver afstaða hans og ríkisstj. er til.

Ég vil einnig spyrja að því, hvort því framlagi, sem gert er ráð fyrir að renni til Jöfnunarsjóðs og þaðan til sveitarfélaga, verði skipt eftir höfðatölureglunni eingöngu — eða verður einhver möguleiki hjá Jöfnunarsjóði til þess að hlaupa undir bagga með þeim sveitarfélögum sem verr reynast sett eftir þennan flutning en áður var. Ég á þar ekki aðeins við möguleika til þess að gera það á næstu örfáum árum, heldur lengri tíma. Að sjálfsögðu er slíkur ójöfnuður ekki fyrirbrigði næstu ára. Þetta getur breyst frá ári til árs, og þarf að vera að mínu mati einhver möguleiki til þess að jafna metin.

Ég hef þannig ýmsar athugasemdir við þetta frv. fram að færa, og ég vil taka undir það, sem hér er komið fram. Ég á bágt með að skilja hvers vegna liggur svona mikið á þessu frv. Hér er raunar um engan sparnað að ræða. Þetta er smávægileg lækkun á fjárlagafrv. En fyrst og fremst er um tilflutning að ræða, skattlagning er hin sama eftir sem áður, það breytist ekkert þar.

Ég vil taka undir það, sem hæstv. ráðh. sagði um samstarfsnefnd sveitarfélaga og ríkisstj. um þetta mál. Ég fagna því, að sú n. verði skipuð strax um áramótin. Þetta tel ég eðlilegt og nauðsynlegt skref og tel rétt að henni sé jafnframt veittur takmarkaður tími, t. d. ætlað að skila áliti þannig að leggja megi fyrir næsta þing. Það hygg ég að yrði betur undirbúið frv. en það, sem hér liggur fyrir, og það hygg ég að yrði farsælla í þessu mjög mikilvæga máli.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Það var áðan í umr. um þetta mál varpað fram fsp. varðandi verkefni á sviði menntamálanna sem hér er ráðgert að flytja að hluta yfir til sveitarfélaga. Það var spurt í sambandi við aksturskostnað skólabarna í ár hvað væri fyrirhugað að gera í sambandi við þann hala sem myndast hefur. Ég vil aðeins rifja það upp að þessi svokallaði hali er tilkominn vegna þess að almenna reglan í þessum viðskiptum er sú að greiða árið eftir hluta ríkissjóðs í kostnaði skólanna. Þetta hefur verið svo nokkuð lengi, og þetta veldur því að sveitarfélögin hafa þurft að fjármagna hluta ríkisins í skólakostnaði, hvort sem það hefur verið vegna aksturs eða annars, og standa straum af honum árið sem kostnaðurinn fellur á og yfirleitt nokkuð fram yfir áramótin, eða þangað til endanlegt uppgjör fyrir almanaksárið liggur fyrir. Þetta hefur verið meginreglan þó að stöku sinnum hafi einhver hluti verið greiddur fyrr. Ég vil vekja athygli á þessu. Og regla hefur einnig gilt um akstur skólabarna sem er tiltölulega nýtt fyrirkomulag, en þó orðið nokkurra ára gamalt. Ríkið hefur greitt 85%. En vegna þess að þessi kostnaður fellur einkum til í strjálbýlum og fámennum sveitarfélögum, þá hefur orðið mjög tilfinnanlegt fyrir þessi sveitarfélög að leggja þetta þannig út fyrirfram ásamt með öðrum hluta skólakostnaðarins sem annars er ætlaður ríkissjóði til greiðslu endanlega.

Þegar grunnskólalögin voru sett var gert ráð fyrir að á þessu yrði breyting að því er varðar aksturinn, að hann yrði greiddur mánaðarlega eftir á. Sú breyting hefur hins vegar ekki komist í framkvæmd. Það þarf vitanlega aukið fjármagn úr ríkissjóði þegar slík breyting á sér stað, því að það þarf að flýta greiðslunum raunverulega um eitt ár.

Það var spurt um það hér áðan, hvernig hugsað væri að taka á þessu máli. Ég vil láta koma fram hér að ég hef oft rætt um þetta við fjmrh., og það er áformað að lagfæra þetta — ekki allt í einu, en í áföngum. Er stefnt að því að mánaðarlegar greiðslur verði komnar á innan tveggja ára. Ég vil einnig upplýsa að það er áformað að hafist verði handa um þessar lagfæringar nú um þessi áramót.

Þá eru það fræðsluskrifstofurnar. Þær eru ekki inni í því frv. sem hér er til umr. Flestir eða allir liðir í frv. eru einnig inni á fjárlögum. Það, sem hér um ræðir varðandi fræðsluskrifstofurnar, er hluti heimaaðilans, landshlutasamtakanna. Ég þarf ekki að rifja það upp fyrir hv. þdm. að þegar grunnskólalögin voru afgreidd, þá var hér til meðferðar á hv. Alþ. frv. til laga um landshlutasamtök sveitarfélaga, og það var reiknað með því við undirbúning grunnskólalöggjafarinnar að sú löggjöf yrði einnig afgreidd. Á þeim forsendum var það að landshlutasamtökunum var ætlað að leggja fram það fjármagn sem heimaaðilar þurfa samkv. lögum að leggja fram á móti ríkinu til stofnunar og rekstrar fræðsluskrifstofanna. Frv. um landshlutasamtökin var ekki afgreitt, og af því leiðir að landshlutasamtökin hafa raunverulega ekki fjárhagsgrundvöll á sama hátt og sveitarfélög sem hafa heimild til að afla sér tekna, eins og lög mæla fyrir um. Þess vegna er það enn óleyst viðfangsefni hvernig þetta heimaframlag verður reitt af höndum. Það er rétt, sem vikið var að áðan í umr., að þetta er ekki tekið inn í frv. Það verður hins vegar snúist við því þegar þing kemur saman aftur eftir áramótin að ganga frá þessum þætti málsins.

Þá er e. t. v. rétt að ég minnist á almenningsbókasöfnin sem þarna er gert ráð fyrir að færist yfir til sveitarfélaganna hvað snertir rekstur og stofnkostnað. Eins og allir hv. dm. vita, hafa greiðslur ríkissjóðs til almenningsbókasafns verið sáralitlar nú um allmörg ár. Rekstur hefur því verið í molum alls staðar annars staðar en þar sem sveitarstjórnir hafa tekið rögg á sig og sinnt þessum málum á myndarlegan hátt. Mér er kunnugt um nokkur sveitarfélög, sumpart þau stærstu, einnig önnur sveitarfélög sem hafa gert það myndarlega við sín bókasöfn að þau hafa lagt meira fram til bókasafna heldur en það frv., sem hér liggur fyrir um breytingu á bókasafnalögum, gerir ráð fyrir.

Ég held að það hafi verið hv. 7. landsk. þm. sem benti á að í þessu frv. er hvað bókasöfnin snertir og raunar fleiri þætti aðeins gert ráð fyrir tilfærslu fjármagns frá ríki til sveitarfélaga fyrir þeim fjárhæðum sem á falla á næsta ári. Það lætur nærri að það, sem bókasöfnum er ætlað, sé jafnt því sem ríkinu hefði verið gert að greiða ef frv. það, sem hér liggur fyrir, hefði orðið að lögum nú. Hins vegar vantaði allt framhald þarna, því að svo væri gert ráð fyrir hækkandi framlögum í þessu stjórnarfrv. og þannig kynni það að vera um fleiri þætti, að þeir hækkuðu þegar árin liða.

Út af þessari athugasemd vil ég aðeins benda á það, að með þessum verkefnatilflutningi er ekki séð fyrir tekjum sveitarstjórna um alla framtíð, hvorki í þessu máli né kannske í öðrum, þar geta orðið ýmsar sveiflur. En ég vil leggja áherslu á það að því er snertir almenningsbókasöfnin, að þar hefur alltaf verið gert ráð fyrir nokkuð jöfnum greiðslum miðað við fólksfjölda. Það liggur í hlutarins eðli að með þessari fyrirhuguðu verkefnatilfærslu geta komið til meiri og dýrari verkefni eftir því sem árin líða. Þetta er ósköp eðlilegt. Og sveitarfélögin verða auðvitað að fá tækifæri til þess að afla sér tekna til þess að standa undir þeim verkefnum, alveg eins og þau hafa gert til þessa dags við sívaxandi umsvif.

En hvað bókasöfnin áhrærir, þá vil ég að lokum segja það, að ég legg mikla áherslu á að eftir áramótin verði gengið frá því frv. sem hér liggur fyrir og ég hef lagt fram brtt. við til samræmis við þau áform sem nú eru uppi. Varðandi bókasöfnin er það höfuðatriði að ekki sitji við það sama ófremdarástand og þar hefur ríkt undanfarin all mörg ár.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Til min hefur verið beint nokkrum fsp. sem ég skal leitast við að svara.

Það er í fyrsta lagi hvort fyrir liggi yfirlit um hvernig þessi verkefna- og tilkostnaðartilfærsla muni koma út hjá einstökum sveitarfélögum. Það var hv. 2. þm. Vestf. sem spurði um þetta mál. Framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga mun hafa lagt í það töluverða vinnu að gera slíkt yfirlit, og að því leyti sem það liggur fyrir vænti ég að félmn. geti fengið þær upplýsingar á sinn fund, enda í rauninni verið gert ráð fyrir að boða framkvæmdastjórann á fundinn.

Í öðru lagi var spurt um það, hvort notuð yrði heimild sem er í lögum til þess að draga frá framlög Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaganna eftir kröfu Ríkisábyrgðasjóðs það sem sveitarfélög kynnu að vera í vanskilum með, en svo er ákveðið í 14. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga: „Nú kemst sveitarfélag í vanskil með greiðslur vegna veittra ríkisábyrgða, og er ráðuneytinu þá heimilt að inna slíkar greiðslur af hendi af framlagi til sveitarfélagsins, eftir því sem til vinnst.“ Nú er sá viðauki af söluskatti, sem gert er ráð fyrir að sveitarfélögin fái til þeirra ákveðnu verkefna sem hér eru talin, nokkuð sérstaks eðlis, og ég vil taka það fram að ég tel rétt að ekki verði dregið frá þessum hluta framlaganna vegna vanskila út af veittum ríkisábyrgðum. Ætlast er til þess að þetta fé fari til þess að mæta þessum sérstöku verkefnum og því ekki eðlilegt að skerða það.

Þá var spurt fyrir um það, hvort fylgt yrði varðandi þessa úthlutun hinni almennu úthlutunarreglu Jöfnunarsjóðs sem er úthlutun eftir íbúatölu hvers sveitarfélags. Út af því vil ég taka fram að lög um Jöfnunarsjóð gera ráð fyrir að aukaframlag skuli greiða til þeirra sveitarfélaga sem skortir tekjur til greiðslu lögboðinna gjalda eða óhjákvæmilegra útgjalda, enda hafi þau lagt á fullt útsvar samkv. 25. gr. Þessi heimild hefur verið notuð alloft þegar sveitarfélög hafa átt í vissum erfiðleikum, og þá koma slík framlög til viðbótar þeirri úthlutun sem fer fram samkv. höfðatölureglunni. Ef einhver sveitarfélög verða illa úti vegna þessa verkefnatilflutnings er réttmætt og sjálfsagt að grípa til slíkra aukaframlaga. En í sambandi við þetta vil ég taka fram að Samband ísl. sveitarfélaga hefur óskað eftir endurskoðun á lögum í þessu efni, og er svo tekið fram í ályktun stjórnarfundar sambandsins frá 6. sept. að lögum um Jöfnunarsjóð verði breytt þannig að hlutdeild aukaframlaga verði

aukin og þeim sveitarfélögum verði veitt aukaframlög sem verði fyrir tjóni vegna verkefnayfirfærslunnar. Að vísu er ekki neitt ákvæði í þessa átt í frv. sem hér liggur fyrir, en það er hvort tveggja, að núgildandi lög hafa sæmilega rúma heimild í þessu skyni og auk þess verður það tekið til athugunar nú mjög skjótlega í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga hvort rétt sé að rýmka þetta ákvæði.

Þá var spurst fyrir um það hvort notuð yrði heimild laga um tekjustofna sveitarfélaga til þess að leyfa sveitarfélögum að leggja ellefta útsvarsprósentið á. Svo er ákveðið í 25. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga: „Nú hrökkva útsvör samkv. 1. málsgr.“ — þ. e. a. s. allt að 10% — „ekki fyrir áætluðum útgjöldum, og er þá sveitarstjórn heimilt að hækka þau um 10%, að fengnu samþykki ráðh.“ Á s. l. ári, 1974, var synjað um þessa viðbótarálagningu þó að mörg sveitarfélög færu fram á hana. Enginn vafi er á því að þessi synjun olli mörgum sveitarfélögum miklum fjárhagserfiðleikum. Í ár var hins vegar ákveðið að nota þessa heimild. Varðandi næsta ár, 1976, vil ég taka það fram að ef sveitarfélag fer fram á leyfi til að leggja á 11% og þarf á því að halda tel ég ekki rétt að synja um það.

Ég vil svo að lokum taka það fram að fyrir dyrum stendur, eins og ég gat um áðan, allsherjarendurskoðun á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og tekjustofnum sveitarfélaganna, og vil endurtaka að það verður orðið við tilmælum Sambands ísl. sveitarfélaga um að koma á fót samstarfsnefnd ríkisins og Sambands ísl. sveitarfélaga um þetta mál og ætlunin að þeirri samstarfsnefnd verði komið á fót nú fyrir lok þessa árs. Þær breytingar, sem hér er um að ræða, eru náttúrlega að verulegu leyti bráðabirgðabreytingar, og vissulega er það rétt, að æskilegt hefði verið að skoða ýmis atriði þeirra nokkru nánar. En aðalatriðið er það, að málið í heild verður nú tekið til gagngerrar endurskoðunar og sú endurskoðun verður auðvitað að byggjast á því að meta hvaða verkefni eru betur komin hjá sveitarfélögunum en ríkinu og því eðlilegt að sveitarfélögin taki að sér. Það grundvallarsjónarmið verður að hafa að frumkvæði og framkvæmdir og fjármálaábyrgð sé sem mest á einni og sömu hendinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til félmn. með 17 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 175, n. 193, 194 og 195). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. Ed. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar. N. varð ekki á einu máli um afgreiðslu frv. Eftir að hún hafði kallað til sín ráðuneytisstjóra heilbr.- og trmn. og framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga klofnaði hún um málið. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþ. óbreytt, en séráliti mun skila Helgi F. Seljan og Bragi Sigurjónsson, en Albert Guðmundsson tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Frv. þetta felur ekki í sér nein veruleg nýmæli. Má segja að eina nýmælið í frv. sé það að ráðh. gefi út heimild til þess að takmarka hámark einingar lyfjaávísana, en annars er þetta að verulegu leyti breyting á tölum og má segja kannske mest vegna hinnar öru verðbólgu sem verið hefur í landinu á undanförnum árum.

Það er í fyrsta lagi talað um að hækka greiðslur sjúklinga fyrir lyf úr 200 kr. í 300 kr. og 400 kr. í 600 kr., eftir því um hvers konar gerð lyfja er að ræða. Greiðslur sjúklinga hafa lengst af farið fram hér með þeim hætti að sjúklingar hafa greitt hlutfallslega kostnaði, allt frá því að borga ekki neitt, 25%, 50% eða 100%. Fyrir rúmum tveimur árum var þessu breytt á þann veg að ákveðið var að sjúklingar skyldu greiða fyrir hvern lyfseðil 200 kr. eða 300 kr. eftir því hvers kyns lyf var um að ræða. Síðan þetta gerðist hefur orðið mikil breyting á kostnaði og má segja að þessi breyting sé liður í að færa upphæðirnar til þess verðlags sem nú gildir. Í öðru lagi gildir hið sama um kostnað við röntgengreiningu og veru hjá sérfræðingi. Þar er einnig þáttur sjúklinga hækkaður. En mest er þó sú breyting að hlutfallstala sveitarfélaga, sem hefur verið 10% hingað til, breytist nú verulega, þ. e. a. s. á árinu 1976 skulu sveitarfélög innheimta 1% gjaldstofns álagðra útsvara og skulu standa sjúkrasamlögum skil á fyrirframgreiðslu eða hlutfallslegri innheimtu þess mánaðarlega.

Eftir að við höfðum rætt við framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga var okkur ljóst að sveitarfélögin eru mjög óánægð með þetta spor sem stigið er, ekki síst þegar litið er til þess að þau telja þetta beinlínis í öfuga átt við það sem þau höfðu ætlast til. Hins vegar ber að líta á það, að sveitarfélögin í landinu reka sjúkrahús eða stofnanir þar sem daggjöld eru greidd í svo ríkum mæli að það munu vera um 60% af öllum stofnunum sem daggjöld eru greidd til að legudagafjöldi, og þar sem þessi háttur, sjúkratryggingarnar, er sá þáttur sem er meginorsök fyrir því að þetta frv. er flutt, þá virðist ekki ósanngjarnt að þáttur sveitarfélaganna sé aukinn í þessum lið, einkum þá með tilliti til þess að þau fengju möguleika til aukinnar stjórnunar þar eð þetta er í raun og veru hæsti einstaki liður fjárlaga.

Heildarkostnaður við sjúkrasamlögin í landinu verður á árinu 1976 um 11 milljarðar 660 millj. kr. og hefur stórhækkað á undanförnum árum. Þar kemur ýmislegt til. Í fyrsta lagi hin mikla verðbólga, en einnig stöðugar umbætur á læknisþjónustu og hjúkrunaraðstöðu.

Í því sambandi man ég þá tíma þegar daggjald var 13 kr. á Landsspítalanum, og um svipað leyti munu laun verkamanna hafa verið um 1 kr. á klst. Síðan þetta var hafa daggjöld á Landsspítalanum þúsundfaldast, en laun verkamanna 300-faldast. Þetta byggist þó ekki á því að laun starfsfólks hafi hækkað svo mjög, heldur á hinu, að starfsmannafjöldi hefur aukist til

stórra muna. Í því sambandi get ég getið þess, að um þetta leyti var ein kona sem vann að öllum rannsóknum á rannsóknastofu Landsspítalans, en nú munu þar vera a. m. k. yfir 20 starfsmenn að verki. Nú þetta veldur einnig því að gegnumstreymi gegnum spítalana hefur stóraukist með bættri aðstöðu til vinnu, og það hefur verið sagt af lærðum mönnum að til þess að fullnægja um 80% af því sem mögulegt væri að gera fyrir sjúklinga sem kæmu inn á spítala, þá þyrfti meðalkostnað á hverju almennu sjúkrahúsi, en ef ætti að fara upp í 90% af mögulegum aðgerðum og umönnun, þá u. þ. b. tvöfaldaðist kostnaðurinn — þetta kemur nokkuð heim við okkar reynslu — og þar að auki að hvert prósent, sem færi fram yfir það, kostaði stórfé.

Hér er því um það að ræða að á undanförnum árum hefur orðið stórkostleg hækkun á sjúkratryggingunum, og það er þess vegna sem þetta frv. er flutt, til þess að dreifa þeim kostnaði, og enn fremur að þeir aðilar, sem eru að nokkru leyti ábyrgir fyrir rekstri stofnananna, fái aukna hlutdeild í kostnaðinum, en fái til þess jafnframt ákveðinn tekjustofn sem gefur þeim möguleika á að standast þennan kostnað.

Eins og kom fram í ræðu hæstv. heilbr.- og trmrh. þegar hann mælti fyrir þessu frv., eru þessi mál öll í heildarendurskoðun og kemur þá til álita hver háttur verður á hafður um hlutfallið á milli ríkis og sveitarfélaganna í þessum efnum, en þessu ákvæði um 1% álag á útsvar er aðeins ætlað að verka árið 1976.

Um þetta mætti að sjálfsögðu fara mörgum orðum. Þetta eru viðkvæm mál og erfið. En eins og kemur fram í nál. 2. minni hl. heilbr.- og trn. er í sjálfu sér athugandi hvort ekki er sanngjarnt að þeir, sem þess þurfa, taki einhvern þátt í bæði læknismeðferð og meðalakostnaði, einkum þegar tillit er tekið til þess að stórir hópar sjúklinga, sem þurfa læknislyf að staðaldri eða um lengri tíma, njóta lyfjanna algjörlega ókeypis. En það er talið af mörgum að það mundi geta verið nokkurt aðhald að þátttaka sjúklinga væri nokkur í kostnaðinum. Með því að breyta þessu á þann veg, sem er orðinn, má ætla að hlutfallsþátttaka sjúklings í lyfjakostnaði fari a. m. k. upp í hið sama og var þegar 200 kr. gjaldið var sett á.

Frsm. 1. minni hl. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Á þskj. 193 hef ég skilað nál. sem er e. t. v. rétt að fara yfir fyrst.

Ég get þó ekki stillt mig um að víkja að því að varðandi þetta mál allt, þá ekki síður við skoðun þess í nefnd, eru hér viðhöfð mjög gróf vinnubrögð á allan máta. Ég hlýt að mótmæla þeim vinnubrögðum harðlega. Ég man að vísu stutt, en ég man ekki önnur eins vinnubrögð varðandi svona mál, varðandi mál sem — eins og ég tók fram hér við 1. umr. — hefur hingað til verið, að því er talið er, áhugamál allra og menn hafa reynt þó í flestum tilfellum að standa saman um nú á síðari árum um ákveðin skref fram á við. Flumbruháttur og fálm eru væg orð þetta varðandi, og það kom glögglega fram á þeim nefndarfundi sem við héldum í gær og hafði nú lítið upp úr sér.

Ég veit að hæstv. ráðh. er hér ekki sjálfrátt með öllu, og þá á ég ekki við að hann viti ekki hvað hann er að gera, heldur hefur hann ekki með öllu ráðið hér um gang mála. Hann hefur um of skamma hríð verið við störf nú á ný eftir veikindi sín til þess að honum verði hér um kennt að öllu. Ég er alveg sannfærður um að hin vesfirska harka hans hefði án efa komið sér vel s. l. vikur þegar stjórnarflokkarnir hafa verið að kasta þessu máli á milli sín og hnakkrífast um þessa eða hina leiðina, Framsókn af gömlum vana auðvitað alltaf hina leiðin, og hann hefði án efa getað rekið jafnvel þá framsóknarmenn til betri vinnubragða, svo að þetta frv. hefði séð dagsins ljós það tímanlega að við hefðum a. m. k. getað kynnt okkur það og borið saman tölur þær t. d. sem við vorum fyrst í dag að fá viðhlítandi skýringar á og þó varla. Manni finnst einhvern veginn að það hafi verið meiningin að við fengjum sem allra minnstan botn í þetta allt saman.

Endurskoðunarnefndin, sem hér er vikið að í frv. og sagt að hafi verið skipuð í okt. undir forustu formanns tryggingaráðs, er sérkapituli að mínu viti. Ég hélt hreinlega og ég trúi því enn þá að hæstv. ráðh. hafi hugsað sér að sú nefnd ætti ekki einungis að vinna að endurskoðun þeirri, sem er fyrirhuguð á næsta ári, heldur væru þingflokkarnir, þ. e. a. s. þm. stjórnarandstöðunnar, þarna að fá tækifæri til þess að fylgjast eitthvað með þeim breytingum sem fyrirhugaðar væru í þessu efni. Ég hef sem sagt haldið þetta. Ef þetta hefur aldrei verið ætlunin, þá hef ég alveg misskilið þetta. Sú nefnd hefur sem sagt aldrei átt að athuga þetta frv. því að hún fékk auðvitað aldrei neitt af því að sjá. Ég er ekki viss um að þetta hafi verið vilji hæstv. ráðh. Þannig var þetta a. m. k. flutt inn í minn þingflokk og ég hygg í aðra þingflokka einnig að þeir fulltrúar, sem við völdum, mundu fá þarna eitthvert tækifæri til þess að líta á þær till. sem núna yrðu gerðar til breytinga, ekki síður en þær breytingar sem fyrirhugaðar eru í allsherjarendurskoðuninni á næsta ári. En kannske er hér ekki um neinn misskilning að ræða, heldur ásetning, hreinlega beinan vilja til þess að stjórnarandstaðan fengi blátt áfram engan tíma til þess að kynna sér eða fjalla um þetta mál. Það er auðvitað um sumt þægilegt fyrir hæstv. ríkisstj., og nægilega sterk er hún til að knýja fram mál sem tekur kúvendingu frá degi til dags í meðförum stjórnarliðsins, en er svo fleygt fram í lokin í spánnýju formi sem m. a. brýtur að mestu leyti í bága við upphaflegar yfirlýsingar í fjárlagafrv. sem lutu að hreinum niðurskurði þessa liðar. Og það er raunar eina jákvæða atriðið að alger niðurskurður varð þó ekki um þessa 2 milljarða, enda hefðu afleiðingar þess orðið hinar hrikalegustu. En ég hygg að það hafi verið allt fram á síðustu stundu mikill og sterkur vilji fyrir því í báðum flokkum að framkvæma þennan niðurskurð þó að hinir jákvæðari og skárri menn þar hafi þó orðið ofan á, og ég vænti þess að þar hafi hæstv. ráðh. lagt sitt lóð á vogarskálina þeim megin sem betur var hugsað.

Ég veit auðvitað mætavel að þessi endurskoðunarnefnd, eins og segir í frv., á að vinna áfram

og ljúka starfi á næsta ári. En það breytir engu um þá skoðun í minum þingflokki — ekki bara mína skoðun, heldur í minum þingflokki yfirleitt og ég hef kynnt mér það líka í öðrum stjórnarandstöðuflokkum — að þessi nefnd hefði átt að fá eitthvert ráðrúm til að sjá till. og kynna þær a. m. k. lítillega í þingflokkunum áður en þeim var fleygt hér á borð.

Í nál. því, sem ég hef lagt hér fram, bendi ég fyrst á að þetta frv. er lagt fram á síðustu dögum þingsins fyrir jólaleyfi svo að borin von er að náin skoðun fáist á efnisþáttum þess og réttmæti þeirra. Frv. hefur heldur nær enga athugun fengið í nefnd og nær væri kannske að segja enga athugun og engar nýjar upplýsingar fengist af hálfu þeirra sem um frv. fjölluðu, sem mér skildist þó að hefði verið ráðuneytisstjórinn, því að ekki græddi ég mikið á því sem hann sagði á fundinum í gær, því miður, og er hann þó hinn skýrasti maður og ágætasti við að tala yfirleitt.

Hér er um að ræða frv., eins og ég sagði, til að standa við yfirlýsingar í fjárlagafrv. um niðurskurð almannatrygginga til að minnka ríkisumsvif. Það er athyglisvert hverjir eru sérstaklega valdir til þess að taka þessa skerðingu á sig, þ. e. það fólk sem sérstaklega þarf á sérfræðiþjónustu að halda eða beinlínis notar mikið af lyfjum að læknisráði án þess að vera haldið þeim sjúkdómum sem upp eru taldir í frv. eða aths. við frv., þ. e. a. s. það fólk sem losnar undan gjaldskyldu af þessu tagi. Og það er þó þakkarvert, eins og ég tók fram í upphafi, að það skyldi þó ekki vera látið neitt bitna á því fólki. Hér er um að ræða 480 millj. kr. eða sem svarar yfir 2000 kr. á hvert mannsbarn í landinu eða 10 000 kr. rúmum á 5 manna fjölskyldu, svo að augljóst er að hér eru þungar álögur lagðar á þá sem mest þurfa á lyfjum og sérfræðiaðstoð að halda. Hér er um að ræða skref aftur á bak sem brýtur í bága við meginhugsunina að baki almannatryggingalaga, og gegn þessu ber því að snúast.

Í sambandi við þennan lyfjakostnað verkar hann kannske ekki sérstaklega alvarlega miðað við þær krónutölur sem verið er að benda á í frv. um hækkanir, þ. e. a. s. úr 300 í 600, úr 250 í 600 og annað því um líkt, úr 200 í 300, úr 400 í 600, þegar menn líta orðið allar þessar tölur smáum augum. Satt er það. En sannleikurinn er bara sá að þessi liður kemur svo misjafnt niður á fólki og harðast kemur hann auðvitað niður á þeim sem síst skyldi, og það fer ekki milli mála að hér er um visst ranglæti að ræða. Ég minnti áðan á meðaltalið, en ég skal líka taka persónulega kunnugt dæmi sem ég fór yfir alveg sérstaklega og reiknaði út eftir bestu getu. Þar er um að ræða aldraða konu, að vísu með tekjutryggingu, það skal tekið fram. Ég sé á öllu að lyfin ein munu hækka hjá þessari öldruðu konu um eða yfir 20 þús. kr. á ári. Það liggur alveg ljóst fyrir miðað við þá meðhöndlun sem hún hefur hjá sínum lækni. Það fer ekkert á milli mála. Auk þess gengst þessi kona alltaf öðru hverju undir sérstaka rannsókn, og ég þori ekki að segja um það hvað mikil sú hækkun verður, en hún verður einnig mjög veruleg. Þetta er aðeins til að sýna dæmi um það hvað þetta getur komið þungt niður, og ég er auðvitað sannfærður um að hér er ekki um neitt einstakt dæmi að ræða eða neitt sérstaklega þungbært dæmi sem ég er hér með þótt svo vel vilji til að ég hafi getað séð á þessum stutta tíma hvað þessi kostnaður kemur til með að hækka.

En auðvitað þurfti meira til. Hér var ekki nema um 480 millj. að ræða. Og þótt alvarleg skekkja væri í fjárlagafrv. sem bjargaði ríkisstj. um nær 400 millj. eða eitthvað milli 300 og 400 millj. þegar allar leiðréttingar voru fram komnar ýmist til lækkunar eða hækkunar, þá þurfti niðurskurðurinn að vera 1667 millj. svo að endar næðu saman, „og hefur þó ekki fengist fullnægjandi skýring á þessari tölu," segir í nál. mínu sem ég skrifaði í gær. Síðan hefur sú skýring fengist á þessari tölu, þegar við erum búin að athuga þetta allt saman, að þarna sé innifalinn halli frá síðasta ári sem auðvitað kemur hvergi fram í þessu frv. og ekki var hægt að átta sig á.

3. gr. frv. fjallar um það að innheimta tekjur til sjúkratrygginga í gegnum sveitarfélögin með því að leggja 1% ofan á áætlaðan gjaldstofn útsvara. Þannig á auðvitað að fela nærri 1200 millj. sem ríkisstj. hyggst svo láta líta út sem minnkandi ríkisútgjöld þótt hér sé um það eitt að ræða að sveitarfélögin gerist ákveðinn innheimtuaðili fyrir ríkið.

Hæstv. ráðh. talaði hér um sparnað í gær þegar hann talaði fyrir frv., — fyrirgefið í fyrradag var það nú, það er best að gæta allrar sanngirni því að hér er hver dagurinn dýrmætur núna, — þegar hann talaði fyrir þessu frv. þá var hann að tala um sparnað, óskilgreindan að vísu, með strangara eftirliti og aðhaldi upp á 100 millj. Um þennan sparnað komu engar upplýsingar fram í nefnd, hvernig hann ætti að fást. Mér þótti það mjög leitt og ekki síður þegar einn hv. þm. Framsfl. upplýsti að þetta væru ekki neinar 100 millj., þetta væru 200 millj., og ég hef þá annaðhvort hlustað ranglega — ekki tekið nógu vel eftir hjá ráðh. Hann hefur kannske nefnt þessa tölu 100 millj., tvisvar og þannig komið 200 millj. sparnaður út. (**Gripið fram í:** Og hinn lagt það saman.) Já, hinn lagt það saman. Eða þá að sparnaðarbjartsýni framsóknarmanna er bara svona miklu meiri en hæstv. ráðh., sem líka kann vel að vera. Auðvitað fengust enn síður upplýsingar um þessar 200 millj. En það fæst væntanlega upplýst hér á eftir hvort við megum eiga von á því að ráðh. beiti sér fyrir 100 eða 200 millj. kr. sparnaði. 100 millj. eru þó peningar, a. m. k. í þessu efni, og ekki sama hvernig þeir eru fengnir eða með hvers konar sparnaði. Ég hefði helst viljað fá þennan sparnað skjalfestan, því að ég hygg að það verði gumað svolítið af honum og þá væri gott að fá hann skjalfestan og helst í frv. sjálfu, en því er auðvitað ekki til að dreifa. Ég vil ekki ætla ráðh. svo fljótt að hann sé bara þarna að lofa upp í ermina sína. Hann lumar áreiðanlega á einhverju sem hann ætlar að spara með einhverjum aðgerðum, en um þetta liggur hreinlega ekki neitt fyrir. Þetta eru óskilgreindar tölur með öllu og meðan þær eru þannig er býsna erfitt að trúa þeim. Okkur gengur nógu illa að trúa þeim tölum sem standa þó skjalfestar hjá hæstv.

ríkisstj. Þær hafa ekki staðist það vel, þó að við förum nú ekki að leggja mikinn trúnað á þær sem eru bara mæltar af munni fram.

Í sambandi við þessar 1187 millj. vorum við að reyna að fá það upplýst í nefnd hvernig sú tala væri fengin. Ég held að það hafi verið réttur skilningur hjá mér að trúlega væri þetta áætluð tala af því sem innheimtist, þ. e. a. s. spurningin um uppgjörið í árslok, hvort þá ætti að reikna af útsvörum, sem á hefðu verið lögð, eða útsvörum, sem innheimtanleg höfðu verið. Held ég að það hafi nú upplýst sæmilega að hér væri eingöngu um þessa prósentu af innheimtunni að ræða.

Það upplýstist einnig í nefnd, sem mér þótti líka út af fyrir sig ágætt, að það væri framkvæmdaatriði hjá sveitarfélögunum hvernig þau legðu á þetta gjald, þ. e. a. s. hvort þau settu þetta inn á útsvarsseðilinn sem hreina viðbót eða hvort þau settu þetta sér, svipað og viðlagasjóðsgjaldið var sett á sínum tíma. Það var yfirlýst af ráðuneytisstjóra að þetta væri framkvæmdaatriði. Þá vitum við það. Og það var upplýst af hv. þm. Albert Guðmundssyni í gær að auðvitað fara sveitarfélögin ekki að hnoða þessu inn í sína almennu útsvarsupphæð og taka á sig óþökk fyrir þessa innheimtu — vitanlega ekki — til þess eins að sleppa hæstv. ríkisstj. við óvinsældir af þessari innheimtu. Auðvitað hefur það verið ætlunin, auk þess hróss sem blöð Sjálfstfl. áttu svo að færa hæstv. fjmrh. fyrir snilli hans í því að minnka ríkisumsvifin, eins og ég hef komið að áður. Sveitarfélögin sem sagt munu án efa setja þetta sem sér lið, og þá sér fólk nú í gegnum þann skollaleik sem þarna hefur án efa átt að setja á svið. En með því að velja útsvarsleiðina er einmitt fyrir því séð að atvinnureksturinn er undanþeginn þessum álögum, en jafnframt leggjast álögurnar af auknum þunga á almenna útsvarsgreiðendur og ná auk þess til enn lægri tekna en annars hefði verið.

En það alvarlegasta í þessu, sérstaklega miðað við það frv. sem við vorum að ræða um rétt áðan, um verkefnaskipti ríkis og sveitarfélaga, — það langalvarlegasta, sem upplýstist á þessum stutta og heita fundi í gær í nefnd, var að um þessa leið var ekki minnsta samráð haft við þann aðila sem innheimtuna á að annast, þ. e. sveitarfélögin eða heildarsamtök þeirra, Samband ísl. sveitarfélaga. Framkvæmdastjóri þeirra samtaka lýsti frv. eins og kaldri gusu framan í sveitarfélögin á fundi í heilbr.- og trn., og hann sagði einnig að þessi aðferð bryti gersamlega í bága við yfirlýsta stefnu ríkisstj. um hreinni verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Framkoman við Samband ísl. sveitarfélaga einmitt núna, þegar verið er að fjalla um annað frv. þar sem verkefnaskipti þessara aðila eru á dagskrá, er auðvitað alveg furðulegt. Það virðist sem sagt ekkert samráð haft við Samband ísl. sveitarfélaga, — ekki þori ég auðvitað að segja það fyllilega þó að framkvæmdastjórinn hafi sagt það, e. t. v. hefur verið haft samráð við einhverja útvalda úr stjórninni sem eru nógu þægir til að taka við hverju sem er. Það kann vel að vera. En einhvern tíma hefðu stór orð verið látin falla um slíka framkomu af hálfu stjórnvalda. Ég man a. m. k. í stjórnarandstöðu Sjálfstfl. eftir mörgum fjálglegum ræðum þeirra um hvað eina sem á einhvern hátt snerti sveitarfélögin og ekki hafði að þeirra dómi verið nægilega rætt við þau og nægilegs samráðs gætt. Nú er um hvorugt að ræða, samráð fyrir eða eftir framlagningu frv.

Ég held það sé rétt að rifja upp helstu atriðin sem komu fram hjá framkvæmdastjóranum í gær á þessum nefndarfundi. Í fyrsta lagi þetta: ekkert samráð, engin samvinna. Þessu var skellt fram sem kaldri gusu.

Í samtölum áður hefði þessu alveg verið öfugt farið. Þar hefðu sveitarfélögin óskað eftir að losna við framlög til sjúkratrygginga og fengið jafnvel góð orð þar um, m. a. vegna þess að þar var verið að vinna að og á að fara að vinna einmitt á næsta ári að margrómaðri hreinni verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Framkvæmdastjórinn benti á það, að sárafá sveitarfélög taka beinan þátt í rekstri sjúkrahúsa. Yfirgnæfandi meiri hluti þeirra hefur engin áhrif á hér til aðhalds, eins og rætt er um í aths. með frv. Og röksemdin í aths. við 3. gr., þar sem komið er inn á að auka aðhald í sjúkrahúsarekstri þeirra, þótti mér vel hrakin af framkvæmdastjóranum. Hann sagði að það væru ytri aðstæður og auðvitað sérstaklega verðbólguþróunin sem þar hefði komið til og valdið mestu um útþenslu útgjaldanna við sjúkrahúsin. Hann benti einnig á síauknar kröfur hins opinbera varðandi þennan rekstur, — ekki ónauðsynlegar kröfur, heldur kannske um margt eðlilegar, en það væri augljóst hve hið opinbera, heilbrigðisyfirvöldin í landinu með hæstv. heilbrrh. í broddi fylkingar, réði miklu meira um rekstrarkostnaðinn í heild heldur en sveitarfélögin. Hann benti einnig á að það væru ekki sveitarfélögin sem réðu daggjöldum sjúkrahúsanna.

Miðað við þessa tekjuliði sem þarna eiga að koma inn og þurfa auðvitað að koma inn sem jafnast á árinu, þá benti framkvæmdastjórinn á það hvernig útsvarsinnheimta væri mjög víða í sveitarfélögunum. Sums staðar væri t. d. innheimt um 50% af útsvörunum á 3—4 síðustu mánuðunum, einkum í minni hreppunum. Ég er ekki að segja að þetta hafi nein afgerandi áhrif, en þetta gæti vissulega verið slæmt fyrir framkvæmd þessara laga, þótt ekki væri það neitt afgerandi, en sýnir þó eina hlið þess.

Ég vil að síðustu ítreka það alveg sérstaklega hvaða leið er svo farin í þessu óráði hæstv. ríkisstj. við það að koma þessu frv. endilega fram, — þessi neyðarleið sem síðast var hlaupið til, þ. e. a. s. að útsvarsleiðin var valin. Það er greinilegt að hún er valin af ásettu ráði með sérstöku tilliti til eins, önnur rök fæ ég ekki fyrir því. Það er að atvinnureksturinn í landinu sé undanþeginn með öllu, almennir útsvarsgreiðendur beri þessar byrðar. Það er í góðu samræmi við annað. En þó tel ég það ekki vansalaust, ekki einu sinni hjá þessari hæstv. ríkisstj., að velja þá leið sem eingöngu bitnar á hinum almenna útsvarsgreiðanda. Og allt þetta, málsmeðferðin og málseðlið, stuðlar að eindreginni andstöðu minni við þetta frv.

Alþb. er andvígt hvoru tveggja: hinni sérstöku hækkun lyfja og sérfræðiþjónustu sem

leggst sérstaklega þungt á einstakar persónur og sömuleiðis því nýja skattlagningarformi sem farið er inn á eftir krókaleiðum. Ég legg því til eindregið að frv. þetta verði fellt. En það mætti kannske til vara minnast á það, vegna þess að hér virðist vera um algera bráðabirgðalausn að ræða, hvort ekki væri rétt að 4. gr. orðaðist eitthvað á þá leið að lögin öðluðust gildi 1. jan. 1976 og gildistími þeirra væri til 31. des. 1976, þ. e. a. s. þá féllu þau hreinlega úr gildi. Það kemur kannske nægilega fram í frv. vegna þess að í 3. gr. segir svo: „á árinu 1976“ o. s. frv. Það kann að vera. En miðað við það t. d. sem hv. þm. Axel Jónsson kom hér inn á í gær, þá efast ég ekki um að hann mundi fagna því að það kæmi skýrt í ljós að þessi lög væru fallin úr gildi í árslok næsta árs.

Frsm. 2. minni hl. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Eins og komið hefur fram í ræðu formanns nefndarinnar og frsm. 2. minni hl. fjallaði heilbr.- og trn. um þetta frv., sem hér liggur fyrir, á fundi sínum í gærmorgun og hafði þar til viðræðna bæði framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga og ráðuneytisstjóra heilbr.- og trmrn. Af ummælum framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga kom fram að lítið sem ekkert — og ég vil segja ekkert — samráð er haft við Samband ísl. sveitarfélaga um þetta frv. Það út af fyrir sig hlýtur að teljast afar neikvætt fyrir frv.

Ég vil hins vegar taka fram, eins og kemur fram í grg. minni eða nál., að persónulega er ég ekki á móti þeirri stefnumörkun sem felst í þessu frv. hvað snertir það að einstaklingar og sveitarfélög í aðhaldsskyni séu látin taka meiri þátt bæði í meðalakostnaði og sjúkrahúsarekstri. Við vitum það öll að meðalaaustur er óheyrilegur hjá sumu fólki og læknar gefa oft út ávísanir á meðul miklu meir en þörf er á. Þess vegna finnst mér persónulega, eins og ég tók fram áðan, engan veginn goðgá sem stefnumörkun, að það sé a. m. k. hækkað framlag einstaklinga til meðalakaupa og sérfræðiþjónustu eins og áður var. Og formaður heilbr.- og trn. gat um það áðan að þessi hækkun, sem nú yrði, væri út af fyrir sig ekki nema eins og áður hefði verið, en verðbólgan hefði minnkað þetta framlag prósentvís verulega.

En ástæðan fyrir því, að ég gat ekki annað en verið á móti þessu frv., er hins vegar sú, að ég tel að tíminn til að koma fram með þessa stefnumörkun sé ekki réttur. Þegar við lítum á það að kaupmáttur launa almennings hefur rýrnað miklu meir en verðbólgan hefur aukið krónutölu þá sem launþegar fá, þá finnst mér ekki koma til mála að framkvæma þessa miklu hækkun á lyfjum undir þeim kringumstæðum sem nú eru. Og annað er það sem mér finnst mikill galli á þessu frv., og það er hvernig sveitarfélögunum er ætlað að ná tekjum á móti þeim álögum sem á þau eru lögð, en það er með því að bæta 1% ofan á útsvör. Nú vitum við öll, sem nokkuð höfum skoðað hvernig útsvör eru lögð á almenning, að þau leggjast fyrst og fremst á launþega og það af svo miklu meiri þunga en nokkra aðra að það er orðinn hreinn skrípaleikur hvernig tekjuskattur og útsvör eru tekin af fólki, þegar miðað er við tekjurnar sem það hefur og þar er lagt á og miðað við tekjur sem þeir hafa sem sleppa. Þetta er höfuðástæðan fyrir því að ég tel að hér sé farið rangt að, tíminn skakkt valinn og gjöldin rangt á lögð. En hins vegar tek ég aftur fram að stefnumörkunin út af fyrir sig finnst mér ekki röng, að einstaklingar og sveitarfélög taki meiri þátt í aðhaldi í lækninga- og meðalakostnaði og sjúkrahúsarekstri.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa langt mál um þetta, það er tiltölulega einfalt hvernig þetta er lagt fyrir, og ég endurtek það sem ég sagði hér við 1. umr., að vissu marki léttir mér við þetta frv. miðað við það sem búið var að gefa í skyn að við gætum átt von á, og það var í sambandi við það að lífeyristryggingar yrðu skertar að verulegum mun. En eins og ég gat um áðan, þá tel ég tímann skakkt valinn til þessarar stefnumörkunar og útgjaldapóstinn, sem á að leggja á varðandi sveitarfélögin, ekki réttan, og því get ég ekki annað en lagt til að þetta frv. verði fellt.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það er nú þannig að þegar ríkisstjórnin þarf að koma fram málum og þegar tími til fundarhalda er mjög takmarkaður, þá njóta stjórnarandstæðingar, hverjir sem þeir eru, þeirra forréttinda að mega tala eins og þeir vilja, en hinir aftur verða að stytta mál sitt mjög verulega. Ég ætla mér að reyna að stytta mitt mál eins og ég mögulega get, en ég sé ekki ástæðu til þess að gefa engar frekari skýringar og engin frekari svör við því sem fram hefur komið.

Ég vísa því algerlega á bug að með þessu frv. sé verið að fela eitthvað. Það kemur skýrt og skorinort fram þegar í 1. gr. og skýringum við hana hvað á að hækka, hvaða verð nú er gildandi og það verð sem á að koma. Það var hægt að leika skollaleik með þetta með því að breyta engu í þessum efnum og láta það vera á valdi heilbrmrn. að hækka tölur þessara reglugerða allra með tiltekinni breytingu.

Þá kem ég að hinu, sem er stærsti liðurinn í þessu máli, en það er 1% álag á gjaldstofn útsvara. Þar er ekkert verið að fela. Það skilur hver einasti maður. Það á að leggja 1% álag á gjaldstofn útsvara, alveg burtséð frá því hvaða gjaldstofn hvert sveitarfélag fyrir sig hefur haft. Sveitarfélög, sem hafa notast við gildandi heimild um að fara úr 10% í 11%, verða þess vegna að leggja á 12%, þegar þetta frv. er orðið að lögum. Sveitarfélag, sem hefur látið sér nægja 6%, verður að bæta sjöunda prósentinu við. Til viðbótar því, til þess að fyrirbyggja allan misskilning síðar, skal tekið fram að með 3. gr. frv. er auðvitað átt við að 1% álag á gjaldstofn útsvara, sem sveitarfélögin eiga að standa sjúkrasamlaginu skil á, á við fyrirframgreiðslu eða hlutfallslega innheimtu þess mánaðarlega. Verði, sem er auðvitað hjá flestum eða öllum sveitarfélögum, eitthvað óinnheimt um áramótin 1976 og 1977, þá verða þau auðvitað að skila því hlutfallslega sem innheimtist eftir áramót til sjúkrasamlaga.

En í sambandi við það sem hv. 7. landsk. þm.

sagði þegar hann vitnaði í framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga, að frv. þetta hafi komið eins og köld gusa yfir þá, þá held ég að ýmislegt fleira hafi komið eins og köld gusa yfir fleiri en þá ágætu menn. Ég minnist þess að flest sveitarfélög eða mikill meiri hl. sveitarfélaga notfærði sér heimild í lögum um að leggja á ellilífeyris- og örorkulífeyrisþega í fyrra sem enginn hafði notað áður. Ég skal segja hv. þm. það, og hann má segja framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga það, að það kom eins og köld gusa yfir mig. En það var gert í einum og ákveðnum tilgangi. Það var gert til þess að hirða skattafsláttinn frá þessu fólki. En hvað einstök sveitarfélög hafa gert í því að innheimta þá hjá þessum snauðu sem sumir menn bera alltaf fyrir brjósti og árið um kring, það veit ég ekki um. Kaldar gusur geta því gengið á víxl. En ég skil ekkert í því að það sé neitt óskaplegt álag á sveitarfélögin þó að þeim sé af löggjafanum gert að skyldu í eitt ár að innheimta slíkt gjald.

Hitt er sjónarmið út af fyrir sig, sem hv. 4. landsk. þm. gat um, að honum félli ekki við þennan gjaldstofn. Það er ósköp eðlilegt. Menn geta haft ýmsar skoðanir á því.

Þá komum við að því hvaða gjaldstofn átti að nota. Það er til í því að taka einhver þjónustugjöld eða fæðisgjöld innan ákveðinna marka af sjúklingum sem liggja á sjúkrahúsum. Það er líka til í því að leggja á nefskatt. Og það er líka til í því að ríkið leggi á skatt, og það er þar sem mér skilst að hnífurinn standi í kúnni, að það er ekki ríkið, sem leggur á þennan skatt, heldur sveitarfélögin.

Þá komum við að því sem ég hef haldið fram og er ekki ný skoðun hjá mér. Á meðan ég var sveitarstjórnarmaður og var í sveitarstjórn, þá leiddust mér alltaf samþykktir um kröfur á ríkið. Ég vildi fá tekjustofna og aukin verkefni sveitarfélaganna og færa meira af verkefnum, hinum sameiginlegu verkefnum, yfir í sveitarfélögin og út um byggðir landsins. Það var rauður þráður í samþykktum sveitarfélaga á þessum árum að krefjast alltaf að ríkið tæki á sig aukin verkefni, en ég vildi hafa þann hátt á að taka aukin verkefni og fá auknar tekjur. Mín skoðun er alveg óbreytt þó að þennan þátt þessa frv., sem er stærsti þátturinn í því, samkv. 3. gr., sé aðeins hugsað að framkvæma í eitt ár.

Varðandi nefndina, sem hv. 7. landsk. þm. minntist á, þá er hún auðvitað fyrst og fremst að marka framtíðarstefnu, gera breytingar á lögum um almannatryggingar og er mikil nauðsyn á að breyta þar mörgu. Engin löggjöf er svo fullkomin, verður nokkurn tíma svo fullkomin að það sé ekki ástæða til þess að endurskoða hana alltaf öðru hverju og gera á henni breytingar. Það er margt í almannatryggingalöggjöfinni sem er mjög fullkomið, en þar er líka annað sem er mjög ófullkomið.

Ég er í raun og veru undrandi á því þegar skýrir menn tala á þann veg að það sé verið að ráðast að þeim sjúku, þyngja þeirra byrðar. Höfuðtekjurnar miðast við upphæð tekna samkv. framtali til skatts. Maðurinn, sem hefur 800 þús. kr. brúttótekjur, borgar aðeins ⅓ af því sem maður, sem hefur 2.4 millj. kr., greiðir í skatt, svo að ég hélt að gagnrýni á þetta ákvæði mundi síst koma frá Alþb.

Í sambandi við valdssvið sveitarfélaganna verðum við líka að hafa það í huga að valdssvið sveitarfélaganna er æðimikið í rekstri sjúkrahúsanna.

Ég vísa algerlega á bug þeim fullyrðingum sem hv. 7. landsk. hafði eftir framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga. Ég veit ekki annað en sveitarfélögin, sem reka sjúkrahús, stjórni þeim. Það er satt, að þau ákveða ekki daggjöldin, en þau eiga fulltrúa, þar sem Samband ísl. sveitarfélaga á fulltrúa í daggjaldanefnd. Það fyrirkomulag, sem núna er á daggjöldunum, er gersamlega óviðunandi. Það er óviðunandi að ákveða daggjöld og síðar kemur hver með sinn halla og sinn hala og segir: Við viljum fá þetta borgað hjá ríkinu. — Þetta er ekki aðhald. Þetta hljótum við þó allir að geta verið sammála um að sé ekki aðhald. Og þegar við sjáum, að löggjöf, sem við höfum staðið að sennilega flestir okkar eða menn úr öllum flokkum á sínum tíma, og við finnum að hún er ekki rétt í framkvæmd, þá verðum við að breyta henni.

Hv. þm. kom töluvert inn á það sem ég kallaði sparnað í rekstri. Ég nefndi 100 millj. Það er auðvitað allt komið undir framkvæmdinni. Við teljum fært að spara á framkvæmd lífeyris- og sjúkratrygginga. Ég held að 200 millj. séu algerlega út í hött, eða a. m. k. vil ég ekki taka það upp. Ég vona að sparnaður geti orðið meiri.

Það er ætlun ríkisstj. að komið verði á auknu aðhaldi og eftirliti í Tryggingastofnuninni með greiðslum sjúkra- og lífeyristrygginga. Undanfarin ár hefur starfsemi sjúkratrygginga einkennst af mjög auknum umsvifum og ört vaxandi útgjöldum. Þannig námu útgjöldin 2900 millj. kr. á árinu 1972, en árið 1976 samkv. fjárlögum eru áætluð útgjöld sjúkratrygginganna um 11 600 millj. Þá hefur verið tekið tillit til þeirra ráðstafana til útgjaldalækkunar sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Þegar þess er gætt að hér er nær einvörðungu um að ræða greiðslu fyrir veitta þjónustu, þá má ljóst vera að aðgæslu er þörf í svo umfangsmiklum rekstri. Þá hafa verið gerðar veigamiklar breytingar á skipulagi sjúkratrygginga og ber nauðsyn til að kanna hver reynsla hefur orðið af þeim breytingum. Áætlun um útgjaldalækkun vegna ráðstafana af þessu tagi verður óhjákvæmilega ágiskunarkennd, en ástæða er til að ætla að mismunandi túlkun lagaákvæða og misræmi í framkvæmd flókins samnings og gerð verðskrárákvæða hafi í för með sér veruleg útgjöld sem komandi er í veg fyrir. Þótt greiðslur fyrir sjúkrahúsvist séu undanskildar þar sem ráðstafanir til hagræðingar og sparnaðar í rekstri sjúkrastofnananna geta ekki talist vera á færi sjúkratrygginganna, þá nemur hver einn af hundraði annarra útgjalda sjúkratrygginga, sem sparast, nálega 30 millj. kr. á ári.

Hjá lífeyristryggingum hlýtur aðhald að vera fólgið í auknu og fljótvirkara eftirliti með því að bótaréttur sé til staðar miðað við gildandi reglur. Hjá Tryggingastofnuninni fer nú fram athugun á því hvort framkvæmd úrskurða í málum örorkulífeyrisþega geti talist seinvirk

með tilliti til breyttra aðstæðna. Auk örorkulífeyris, örorkustyrks og barnalífeyris getur þetta átt við um framkvæmd tekjutryggingar og greiðslu mæðralauna. Samtals nema árleg útgjöld til þeirra tegunda bóta lífeyristrygginga, sem hér um ræðir, um 3000 millj. kr., en úr öðrum bótagreiðslum verður hins vegar ekki dregið með auknu eftirliti. Þetta vildi ég að kæmi fram til þess að fyrirbyggja allan misskilning í sambandi við þessi áform um sparnað í rekstri.

Ég vil benda hv. þm. á það að þegar lögin voru sett 1974, sem giltu frá 1. maí 1974, þá voru röntgentaxtar í 12 flokkum. Lægsti flokkurinn var þá 700 kr., en hæsti flokkurinn var 5400 kr. Nú hefur sú breyting orðið á miðað við des. 1975 að fyrsti flokkurinn hefur hækkað úr 700 kr. í 1500 kr. eða um 114% og 12. flokkur hefur hækkað úr 5400 kr. í 11 500 kr. eða um 113%, 7. og 8. flokkur hafa hækkað um 120%. Ef 250 kr. hafa þá verið taldar mjög hæfileg greiðsla fyrir sjúkling, þá getum við séð samkv. þessu að við ættum nú að vera búin að meira en tvöfalda þetta gjald. Ef ríkisstj., sem þá var — og m. a. átti Alþb. sæti eða aðild að þeirri stjórn, hefur þá talið hæfilegt 250 kr., þá er nú samkv. þessari taxtabreytingu hæfilegt að fara nokkuð á sjöunda hundrað kr. þótt ekki sé tekið tillit til nokkurs annars.

Nú er ég hér með reikning, ekki á gamla konu úti í bæ, heldur mig sjálfan, þannig að ég er ekkert að þvæla öðrum inn í þetta. Ég fór á röntgendeildina á Landsspítalanum og var tekin af mér hryggmynd. Hún kostaði 6500 kr. Og hugsið ykkur hvað er lögð á mig ógurleg kvöð. Ég varð að borga 250 kr. af þessum 6500 kr., maður með þessar tekjur — og eiginlega sama hver er. (**Gripið fram í:** Hvað margir menn eru með þessar tekjur?) Já, það má líka vera minna, þó að maður hefði ekki nema fjórðung af því. En ef það var talið sanngjarnt þegar lögin komu til framkvæmda að taka 250 kr., er þá ekki jafnsanngjarnt núna að láta það fylgja kostnaðarverði. Það þýðir hvorki fyrir einn né annan að vera með svona blekkingar. Hvernig var það þegar lögin voru sett 21. maí 1974, svo að við snúum okkur að lyfjaverðskránni? Þá var ákveðið 100 kr. gjald í lögum. Það var ekki liðinn mánuður frá gildistöku laganna er þáv. stjórn var búin að hækka þetta gjald um 25%, svo að það er ekki mikið að hækka um 50% núna frá 1. júlí þegar það þurfti ekki nema 25 daga til að hækka um 25%, miðað við lyfjaverðskrárgjald I, frá því að lögin voru samþ.

Þetta geta menn séð svart á hvítu. Ég er ekkert að krefjast þess að þeir trúi mér. Þeir geta séð þetta í lögum og reglugerðum og athugað hvaða breytingar hafa orðið. Með lyfjaverðskrá II var alveg sama sagan. Þar er í lögum 150 kr. Því er breytt 15. júní upp í 200 kr. Hvað eru menn svo að furða sig á þessum ofboðslegu álögum? Þetta er ekkert annað en bara að fylgja eftir verðlaginu. Það er ekki gerð ein einasta breyting sem skerðir rétt hinna sjúku.

En hitt skal ég nefna sem hefur aldrei að mínum dómi verið réttlátt: Hvers vegna á sá, sem liggur á sjúkrahúsi, að sleppa að öllu leyti og þurfa ekkert að borga, hafa frítt fæði að auki, en sá, sem kemur og fær röntgenskoðun eða leitar til sérfræðings eða kaupir lyf, hann verður aftur að borga sinn hluta? Eigum við ekki líka að hugleiða þetta við framtíðarlausn þessa máls? Við finnum aldrei neitt fullkomið réttlæti í öllu. Við verðum að skilja það, að við búum við erfiðar aðstæður. Það er mjög að okkur veist. Við höfum orðið fyrir þungum búsifjum í efnahagsmálum.

Við tökum á okkur hækkanir á sjúkratryggingunum þrátt fyrir þetta frv., þó að það komi til framkvæmda, upp á tæpar 4000 millj. kr. frá árinu 1975 til ársins 1976. Við hækkum lífeyristryggingarnar um ca. 750 millj. frá árinu 1975 til 1976, svo að það er ekki um lækkanir að ræða til þessa málaflokks. Við höfum haldið alveg í horfinu hvað snertir allar bætur, lífeyrisbætur, bæði ellilaun og örorkubætur að öllu leyti, höfum staðið við þau lög og það er ekkert skert. Og eins og ég sagði hér við 1. umr. þessa máls hefur aldrei hvarflað að mér að taka þátt í því að lækka ellilaun þeirra sem þurfa á tekjutryggingu að halda.

Hitt er annað mál og ég skal ekki fara í launkofa með það, að ég tel að það þurfi að endurskoða ellilífeyriskerfið, þannig að þeir sem eru með háar tekjur, þeir sem vinna, eins og ég sagði hér við 1. umr., frá 67 ára til sjötugs, þeir eiga ekki að hafa hærra kaup en kannske barnamaðurinn sem vinnur við hliðina á þeim. Þetta er mín skoðun. Hitt er svo annað mál hvort hún á meirihlutafylgi að fagna. Því verður reynslan að skera úr, en þá sættir maður sig við það eins og fleira.

Eins og ég sagði áðan, leitast menn við og sérstaklega stjórnarsinnar að vera stuttorðir. Ég er alls ekki að kvarta undan stjórnarandstöðunni. Þetta hefur alltaf verið svona, að stjórnarandstaðan talar heldur meira og lengur, því að hinna er að koma málum fram, og skulum við vera hreinlyndir í þessum efnum.

Ég vil að síðustu þakka nefndinni og þá bæði þeim, sem stóðu að nál. meiri hl., og hinum fyrir að hafa afgr. þetta mál fljótt og vel. Ég hefði á margan hátt kosið — og til þess lágu ákveðnar ástæður — að þetta frv. hefði verið lagt fram miklu fyrr, og það gerir vafalaust mín fjarvera hvað seint það var á ferðinni. Það var réttmæt aðfinnsla hjá hv. 7. landsk. þm., og það er ekki til þess að hæla sér af hjá ríkisstj., hverjir sem hana skipa, að vera seint á ferðinni með mikilvæg mál. En þó er ein afsökun í þessu, að þetta frv. liggur svo ljóst fyrir og greinilega að það skilur efni þess hver maður við fyrsta lestur, já, þeir sem lesa það almennilega, þó að þeir lesi það ekki nema einu sinni, og jafnframt að stærri upphæðin, sem hér er um að ræða, á aðeins að gilda í sambandi við álagningu útsvara ársins 1976.

Sverrir Bergmann: Herra forseti. Mig langar til að fara nokkrum orðum um frv. það sem hér liggur fyrir til umr. Ég ætti náttúrlega sem stjórnarsinni að vera ákaflega stuttorður og flýta fyrir því að koma málinu í gegn og eftirláta stjórnarandstæðingum öll meiri háttar ræðuhöld, eins og fram kom hjá hæstv. ráðh. áðan.

Ég tek slíkri ábendingu að sjálfsögðu með mikilli vinsemd, — enda hefur ekki verið til annars ætlast.

Ég tel mig ekki sérstakan talsmann þess frv. sem hér liggur fyrir, en ég hef ákveðið að ljá því minn stuðning. Til þess liggja nokkrar ástæður og hin fyrsta er sú að hér er um bráðabirgðaráðstafanir að ræða og ég vil treysta því að sú mikla endurskoðun, sem nú fer fram á almannatryggingum í landinu, leiði til þess að við getum gert þær endurbætur sem við sem allra flestir getum sameinast um. Ég vona einnig að úr þeirri endurskoðun komi einhverjar þær hagstæðar niðurstöður að hægt verði að deila kostnaðarþátttöku við þetta mikla mál einnig með þeim hætti að við getum sem flestir vel við unað. Það er í rauninni svo með þessi mál, held ég að mér sé óhætt að segja, að við viljum allir reyna að gera vel og gera þannig að sem réttlátast sé.

Eftir að hafa lesið þetta frv. og síðan hlýtt á hv. þm. 7. landsk., hv. 4. landsk. og einnig hér við 1. umr. hv. 5. þm. Norðurl. v., þá blasa við okkur ákaflega alvarlegir hlutir og í rauninni mjög dapurlegar staðreyndir. En áður en ég vík máli mínu að þeim vil ég koma að öðru sem mætti gleðja okkur, en það er nú sú staðreynd að hér á Íslandi búum við við lífskjör sem eru með þeim bestu sem gerast í þessum heimi. Það er gott til þess að vita, að þótt ríkissjóður standi ekki rétt vel, þó að mér skiljist flest fyrirtæki þessa lands séu heldur illa stæð og þó að flestir einstaklingar þessa lands, ef miðað er við skattaframtöl og að undanskildum sérfræðingum í læknisfræði, standi einnig heldur höllum fæti, þá hefur samt tekist að byggja hér upp margháttaða aðstöðu sem hefur lagt grunninn að því góða lífi sem við yfirleitt lifum í landinu. Þetta er mikið ánægjuefni.

Það vill svo til að þegar ég held heiman frá mér, akandi að öllu jöfnu, þá eru tveir staðir á leið minni þar sem ég þarf að gæta sérstakrar varúðar. Á öðrum staðnum fer fram sala áfengis, en hinn staðurinn er ónefnt veitingahús þar sem ávallt er mikil örtröð að komast inn. Það er varla ástæða til að tala um þetta. Mér dettur ekki í hug að amast við þessu. Það er mín lífsskoðun að lífið sé ekki til þess eins að reyna að halda það út eða brauka það af, heldur að reyna að lifa því. Staðreyndin er sú, að þrátt fyrir þennan bága hag, hvort sem rætt er um ríkið, fyrirtæki, sveitarfélög — eða einstaklinga, þá er einkaneysla íslendinga mjög há miðað við aðrar þjóðir og þeim hefur tekist að koma sér vel fyrir og veita sér margháttaðan munað, og það er vel. En um leið og þessar staðreyndir eru hafðar í huga, þá verður hin sorglega niðurstaða af frv. og af grg. hv. 1. og 2. minni hl. í hv. heilbr.- og trn. enn þá sorglegri því að það, sem kemur út úr þessu, er í stuttu máli að það hefur enginn efni á því að greiða fyrir almannatryggingarnar í landinu. Ríkið hefur ekki efni á því svo að vel sé. Það er augljóst mál að sveitarfélögin geta það tæplega. Og það virðist einnig ljóst að fólkið í landinu getur það ekki heldur. En um leið og þetta blasir við, þá vaknar auðvitað önnur spurning og hún er þessi: Skyldum við hafa efni á því að slá eitthvað af almannatryggingunum í landinu, láta minna af hendi rakna til þeirra? Gæti ekki svo farið, ef við gerðum slíkt, að það gæti orðið slík breyting á högum fólks í landinu að hin góðu lífskjör, sem ég var að gera að umtalsefni, yrðu öllu lakari?

Ég býst við því að við getum verið sammála um að við viljum reyna með öllum mætti að draga ekki úr framlögum til almannatrygginga, þannig að bæði sjúkratryggingar og lífeyristryggingar geti gegnt sínu hlutverki sem best má vera. Við erum því hér í svolitilli klípu, svolitilli sjálfheldu, því að augljóslega verða peningarnir einhvers staðar frá að koma.

Ég er alveg viss um að umhyggja sú, sem hv. 7. landsk. þm. og hv. 4. landsk. þm. bera fyrir þeim þegnum þjóðfélagsins, sem mega sín minnst, er mjög einlæg. Ég dreg það ekki í efa. En ég get fullvissað þessa hv. þm. um að umhyggja mín fyrir þessu sama fólki er líka mjög einlæg. Og ástæðan til þess, að ég get stutt þessa bráðabirgðaráðstöfun, er sú, að ég tel að á rétt þessa fólks sé ekki gengið og ég tel að þessu gjaldi sé jafnað á menn eftir efnum og ástæðum, eins og við nefnum það, þannig að þeir beri stærri hlut hér sem meira geta og hinir minna, og það finnst mér vera réttlátt. Þetta mun ég skýra nánar síðar.

Þá hafa þessir hv. þm. haft nokkrar áhyggjur af því að verið sé að blekkja fólkið í landinu. En ég get alveg fullvissað þá um að það er ótrúlega mikið af heilbrigðri skynsemi í þessu landi, og ég hygg að við þurfum engar áhyggjur að hafa af því að fólk viti ekki hvað hér er verið að gera í raun og veru. Hitt er svo annað mál, að ég sé ekki ástæðu til þess að taka einhverja ánægju frá einhverjum yfirleitt, ef það kemur ekki verulega illa við náungann. Og ef svo virðist að einhver ráðh. vilji fara að klæðast svipuðum fötum og keisari einn gerði fyrir löngu og lýst er í ævintýri, þá hef ég ekkert við það að athuga, þótt ég telji það ekki umtalsverða glysgirni.

Niðurstaðan af þessu frv. er sú, að það er ákveðið að skerða ekki framlög til almannatrygginga. Meiningin er að ná því fé, sem á vantar, inn með öðrum hætti en þeim að bæta því á fjárlög. Sú spurning vaknar hvort hægt hefði verið að fara öðruvísi að. Hefði verið hægt að spara? Hefði verið hægt t. d. að minnka útgjöld á einhverjum öðrum liðum fjárlaga? Ég skal ekkert um það fullyrða hvort slíkt hefði verið mögulegt, því að ég hef satt að segja enga aðstöðu til að kveða upp neinn úrskurð um það. En mér virðist samt svo, að allar þær till., sem fram koma og horfa til breytinga á fjárl., gangi í þá átt, fremur að hækka þau en að lækka, a. m. k. koma ekki till. til lækkunar svo að nemi umtalsverðum upphæðum. Þá kemur næsta spurning: Hefði verið hægt að spara eitthvað í sjálfri heilbrigðisþjónustunni, þannig að hægt hefði verið að koma við jafngóðri þjónustu og halda óskertum greiðslum lífeyristrygginga? Að sjálfsögðu væri hægt að spara sitt af hverju en það eru hins vegar þættir sem ég er ekki viss um að við værum reiðubúnir til að leggja niður.

En þetta mál er annars mjög umfangsmikið, og ég vil rétt leyfa mér að víkja að því í örfáum orðum. Það þýðir ekkert að ganga fram

hjá þeirri staðreynd að heilbrigðisþjónusta í landinu hlýtur að kosta mikla fjármuni. Til þess eru margar ástæður. Þessi þjónusta er í gangi allan ársins hring og allan sólarhringinn. Hún krefst ákaflega mikils mannafla og hún krefst mannafla sem eðli sínu samkv. hlýtur ávallt að vera nokkuð dýr. Auk þess krefjumst við góðrar aðstöðu og nægrar aðstöðu hvað snertir húsrými, en einnig er nauðsyn ýmissa tækja og nauðsyn lyfja, og þessir hlutir kosta alltaf mikla peninga. Þarna er nauðsyn á ákveðinni endurnýjun og það er einnig nauðsyn á ákveðinni aukningu ef við eigum ekki að dragast aftur úr. Það er vafalaust ekki hægt að spara mjög mikið á þessum þáttum. Hins vegar er það mín skoðun, sem ég hef ekki aðstöðu til að lýsa hér nákvæmlega, að það sé hugsanlegt að spara verulega í þessari þjónustu með því að koma við öðru rekstrarfyrirkomulagi og öðru starfsskipulagi. Ég þykist þess fullviss að þetta muni fá nauðsynlega athugun í þeirri miklu endurskoðun sem nú fer fram á almannatryggingalögum. Ég tel mig hafa ástæðu til að ætla að hér megi ná fram nokkrum sparnaði án þess að rýra gæði þjónustunnar með nokkrum hætti.

En þegar ekki er hægt að koma við beinum sparnaði, eins og ekki liggur fyrir á borðinu nú, þá vaknar spurningin um það hvernig eigi að dreifa þeim kostnaði, ná inn þeirri upphæð sem á vantar? Það hefði að sjálfsögðu verið hægt að gera þetta með því að hækka niðurstöður fjárlaga. En á móti því hefðu hlotið að þurfa að koma tekjur. Það kann að vera að það stafi af minni einfeldni, en ég hef aldrei haldið að tekjur ríkisins og sveitarfélaganna kæmu t. d. frá himnaföðurnum. Ég hef alltaf reiknað með að þetta kæmi frá fólkinu í landinu. Það er því enginn vafi á því, að ef þessari upphæð hefði verið bætt við fjárl., þá hefði það að sjálfsögðu þýtt aukin útgjöld fyrir einstaka þegna þjóðfélagsins. Það, að sveitarfélögin taka að sér innheimtu að nokkru leyti, tel ég vera spor í rétta átt. Það er álit mitt að sveitarfélögin eigi að taka meiri þátt í rekstri sjúkrahúsa, í rekstri heilbrigðisþjónustunnar. Ég gæti vel hugsað mér að samtök í hverjum landshluta skipulegðu þjónustuna á sínu svæði, síðan innbyrðis og síðan sérstaklega í samvinnu við stóru sjúkrahúsin hér á höfuðborgarsvæðinu. Ég tel æskilegt, að málin þróist nokkuð í þessa átt, og set mig því ekki upp á móti þessari aðferð.

En þá komum við næst að þeim liðum sem gera ráð fyrir því að einstaklingarnir sjálfir greiði meira fyrir ákveðna þjónustu. Það er t. d. ákveðið að fyrir viðtal eða skoðun hjá sérfræðingi greiði nú samlagsmaður fyrir hverja komu 600 kr., en nú er þetta gjald 300 kr. Þetta þýðir náttúrlega auknar greiðslur frá fólkinu. En ég leyfi mér líka að fullyrða að þetta þýði nokkra lækkun á tekjum þessara sérfræðinga og ég er einn þeirra. Ég hef ekkert við það að athuga. Fyrir þessu eru ástæður sem mönnum eru kannske ekki alveg augljósar. En þær eru fyrst og fremst mannlegar. Sérfræðingar hafa nefnilega fullan rétt til þess að gefa fólki þetta gjald eftir með öllu. Og það er nú einu sinni svo, að við þekkjum nokkuð þá, sem sjúkir eru, öryrkjar og aldraðir, eða aðra þá, sem einhverra hluta vegna eiga í fjárhagslegum erfiðleikum, og gefum því þetta gjald iðulega eftir. Á því verður engin breyting, auk þess sem ég fullyrði að það að geta hugsanlega ekki staðið í skilum við þetta gjald mun aldrei koma í veg fyrir að fólk geti leitað til sérfræðinga og fengið þar jafngóða þjónustu og ef það greiddi þessa peninga á borðið.

Í sambandi við aukna þátttöku í lyfjakostnaði er vert að undirstrika að stór hópur sjúklinga er undanþeginn þessu ákvæði vegna þeirra sjúkdóma er þeir þjást af, eru upp taldir hér, og ég sé ekki ástæðu til að fara að lesa upp. Þá er það einnig svo í framkvæmdinni, að sé sjúklingur með annan sjúkdóm en þann, sem hér er upp talinn, en fyrirsjáanlegt er að um mjög langvarandi lyfjanotkun verður að ræða, þá er oft leitað undanþágu eða þátttöku í lyfjakostnaði viðkomandi. Yfirleitt hafa þau mál fengið góða úrlausn, og ég býst ekki við að á því verði nein breyting. Annars er meginmálið um þetta sem og auknar greiðslur fyrir röntgengreiningu og geislameðferð að hér er ekki verið að breyta neitt í sjálfu sér, þessar greiðslur hafa verið og eru hækkaðar raunverulega hvergi nærri til samræmis við þá breytingu sem orðið hefur á verðlagi að undanförnu. Hitt er aftur annað mál, að enda þótt þetta sé svona nú til bráðabirgða, þá gæti ég alveg fallist á að þessir liðir gætu í framtíðinni allir fallið niður. Það er ekki min skoðun, að þótt fólk fengi þetta án þess að til neinnar beinnar greiðslu kæmi frá því, hafi það í för með sér neina misnotkun. Enda er staðreyndin sú, að það er betra fyrir heilbrigðisþjónustuna, svo að hún sé góð, að þar sé svolítil misnotkun fremur en að fólk veigri sér jafnvel við að leita til sérfræðinga eða veigri sér við að leysa út lyf.

Það 1% gjald, sem lagt er á, kemur að sjálfsögðu þannig út að þeir, sem meiri tekjur hafa, greiða einfaldlega meira en hinir. Það hefur komið fram að þetta sé að því leyti ranglátt sem skattakerfi okkar sé ranglátt, og ég býst við að það sé rökrétt ályktun. En það má vel vera að á hv. Alþ. síðar í vetur komi fram einhverjar þær breytingar á skattalöggjöfinni er horfi til bóta og skapi meira réttlæti meðal þegnanna í þeim efnum heldur en nú er og mundi það þá einnig koma fram í sambandi við þetta gjald.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta miklu fleiri orð, en ég vil endurtaka það, að ég mun greiða þessu frv. atkvæði með tilliti til þess að það sé til bráðabirgða og að betri úrræða verði leitað og þau muni fljótt koma fyrir hv. Alþ., og vegna þess einnig að ég tel þessa aðferð, eins og á stendur, vera manneskjulegasta og mannúðlegasta með tilliti til þess að hún hlífir þeim, sem síst mega við álögum, en leggur tiltölulega réttlátlega byrðarnar á hina, og í þriðja lagi með tilliti til þess að þær beinu greiðslur, sem upp eru teknar, eru engin stefnubreyting og því þannig ekki spor aftur á bak, hér er aðeins um hækkun að ræða með tilliti til þeirrar hækkunar sem orðið hefur og þó hvergi nærri hlutfallslega, og jafnframt vegna þess að ég veit að hvað þetta ákvæði snertir, þá mun það ekki koma hart niður á þeim sem síst mega við því.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur gert grein fyrir sjónarmiðum sínum varðandi frv. til l. um breytingar á almannatryggingalöggjöfinni. Það skal skýrt tekið fram að þar erum við hvergi nærri á sama báti og með gerólík viðhorf almennt. Ég verð einnig að láta þá skoðun í ljós að frsm. meiri hl., hv. 2. þm. Reykn., sé ekki ljúft í geði að mæla fyrir þessu frv. Það fannst mér á tali hans áðan er hann talaði fyrir áliti meiri hl. Skyldi nokkur lá slíkum manni sem hann er þó svo sé. Enginn af hv. þm. Ed. veit meira um þessi vandamál en einmitt hann. Hann hefur helgað mestallt líf sitt þjónustu við þá, er sjúkir eru, og þekkir vandamál þeirra út og inn. Ég vorkenni honum því í þessu hlutverki er hann stendur í við afgreiðslu þessa frv. Svo oft hef ég heyrt hann halda fram nauðsyn á sífelldri sókn á sviði almannatrygginga að hér fara ekki saman fyrri orð og stuðningur við frv. En hvað skal ekki gert til þess að fylgja stjórninni, ekki í blindni, en hörku þarf til þess að hamla á móti og menn sveigjast þó yngri séu en hv. þm.

Að mínu mati er þetta frv. skref aftur á bak þótt réttmætt gæti verið að endurskoða og móta nýjar till. um skiptingu kostnaðar milli ríkisins annars vegar og sjúklinga og sveitarfélaga hins vegar. En það er vandaverk og þarf að fá rækilega yfirvegun og nægan tíma, ekki aðeins hér á Alþ., heldur einnig úti á meðal þeirra sem ætlað er að taka að sér aukin umsvif vegna tryggínganna. Hvað er rétt og hvað er rangt í þessu efni, kann að vera matsatriði, að því er snertir skiptingu kostnaðar. En hinu verður ekki á móti mælt með nokkurri sanngirni, að sífellt verður að sækja fram á við á þessu sviði, ef við viljum teljast til menningarþjóðfélaga, og með velferð þegnanna að leiðarljósi.

Réttmætt er að spyrja: Hvers vegna kemur þetta frv. fram nú? Er ekki verið að endurskoða þessi mál öll saman? Hvað er að ske? Jú, það, sem knýr þetta frv. fram hér í lokin og rétt fyrir jólin, þegar enginn minnsti möguleiki er að athuga málið eðlilega, er sú viðleitni að geta sagt að fjárlögin hækki ekki um of, reiknað í ákveðinni prósenttölu á milli ára. Slíkt ofurmat er lagt á gildi þessa að nú verður að flytja skattheimtuna frá ríkissjóði yfir á sveitarfélögin, og það knýr málið að mínu mati nú við þröngar aðstæður hér á hv. Alþ. Ég er viss um að í hamaganginum við að sanna samdráttarstefnuna, svo gott sem það annars kann að vera, missa menn sjónar á því hvaða barátta hefur legið á bak við að ná fram núverandi löggjöf um almannatryggingar og með þeim lögum að tryggja almenningi ákveðið öryggi. Þótt sú löggjöf þurfi og sé í endurskoðun, þá er ekki með neinu móti réttlætanlegt og því síður við núverandi aðstæður að kasta þessu fram í skyndi. Löggjöf um almannatryggingar þarf samkv. eðli sínu að vera í sífelldri mótun, annars er kyrrstaða eða jafnvel afturför. Þetta vil ég undirstrika sérstaklega nú. Ef þetta frv. er svo gott sem talsmenn þess vilja vera láta, hví þá að fleygja því nú inn og knýja það fram? Hví ekki strax í haust? Hví svo langar umr. í þingflokkum um málið, eins og allir vita að hafa átt sér stað? Og einnig ef það er aðeins formbreyting á innheimtu og leiðrétting á gjaldtöku vegna verðbólgu, hví þá að koma með þetta utan við fjárlögin og setja það með því einungis á herðar einstaklinganna? Hafa fyrirtækin, hefur atvinnulífið í landinu engum skyldum að gegna í þessu efni?

Að mínu mati liggur hér annað og miklu alvarlegra að baki. Ég álít þetta fyrsta skrefið til þess að hamla á móti eðlilegri þróun á almannatryggingalöggjöfinni. Það er skoðun íhaldsins í landinu að almennt skuli menn borga meira en gert hefur verið að undanförnu fyrir læknishjálp. Sem sagt, nauðsyn er á því að taka skref aftur á bak í tryggingamálunum þar sem menn hafa séð ofsjónum yfir því að um það bil þriðja hver króna hefur runnið úr ríkissjóði í þágu almannatrygginga í landinu. Þetta telur íhaldið í landinu um of fyrir þegnana. Það höfum við margheyrt. Því skal hér á gerð breyting, og þetta er fyrsta viðleitnin til þess hér á hv. Alþ. að sannreyna hversu flokksböndin halda vel í. Takist þetta skref, þá skal næsta fljótlega gengið á eftir. Það er þess vegna sem ég mótmæli þessu skrefi kröftuglega og ákveðið.

Ég veit að harðar deilur hafa átt sér stað í þingflokkunum um þetta frv. og hugmyndir í viðbót um breytingar á almannatryggingalöggjöfinni. Stuðningur þm. við þetta frv. verður lengi í minnum hafður. Það mun koma í ljós hverjir vilja hugsa um þá er minna mega sín. Það þýðir ekkert að tala fallega í þessu efni, handauppréttingin ein sker úr um það hvað menn vilja og hvað menn vilja ekki. Er samfélaginu í heild um megn að taka á sig núverandi skyldur, eins og lög gera ráð fyrir? Því svara ég neitandi, sé réttmætri innheimtu beitt í gegnum ríkissjóð á alla, á einstaklinga, á efnamenn, á atvinnulífið, á stórfyrirtæki. Höfum við ekki skattalög í landinu? Gleyma menn því sjónarmiði að skattalög eru í landinu og þau hafa líka verið í endurskoðun og þau eiga líka að tryggja þegnunum réttmæta byrði?

Ég er því á móti þeirri hugsun, sem liggur hér að baki, af því að ég óttast það að hér sé unnið að einhverju sem við vitum ekki hvað er enn þá og hæstv. ríkisstj. hefur ekki mótað. En hér er viðleitni til að stíga aftur á bak í þessum viðkvæmu og flóknu málum. Það er viðurkennt af öllum að hér sé um flókið og viðkvæmt mál að ræða. Þetta er ekki aðeins svo hér á Íslandi, heldur gætir hliðstæðs vandamáls víðast hvar erlendis, hjá þeim þjóðum er náð hafa ákveðinni þróun í menningu og efnahagslegum kjörum.

Ég vil í þessu sambandi lítillega fjalla um málið almennt. Mér er í huga grein, er birtist nýlega í tímaritinu frá Tryggingastofnuninni, og ég vil, — með leyfi forseta — vitna lítils háttar í þá grein:

„Á vegum alþjóðasamtaka almannatrygginga hafa verið gerðar allvíðtækar rannsóknir á orsökum aukins kostnaðar heilbrigðisþjónustu. Náið samband er á milli heilbrigðisþjónustu og sjúkratrygginga. Framkvæmd sjúkratrygginga byggist að verulegu leyti á heilbrigðisþjónustu, og heilbrigðisþjónusta getur ekki þróast fullkomlega án sjúkratryggingakerfis."

Til skamms tíma hafa þessi tvö atriði þó alltaf

verið talin vera óháð hvort öðru. Framfarir á sviði lyfja, lækkun ungbarnadauða, aukið langlífi, bættar heilbrigðisaðstæður o. s. frv. ber að meta, en aukin útgjöld getum við harmað og um það standa nokkur átök hversu langt þau mega ganga. Auknar rannsóknir síðustu áratuga sýna greinilega að hér er um flókið fyrirbrigði að ræða. Kröfurnar vaxa almennt og menn eiga erfitt með að hamla á móti þeim. Læknisþjónusta er sérstaklega mikil á vissu aldursskeiði hjá almenningi, þ. e. a. s. á ungu kynslóðinni, ungbörnum, og svo aftur fólkinu sem hefur náð ákveðnum aldri. Og þó að einn og einn maður sé hraustur fram yfir 67 ára aldur og hafi fulla starfsgetu vegna góðrar heilbrigðisþjónustu og læknavísinda, hví skyldi hann þá hundeltur ef svo vel tekst til? Hefur hann ekki skilað hlutverki sínu á hinu aldursskeiðinu? Hefur hann ekki greitt sína skatta, ef hann hefur verið heilbrigður og í fullu starfi? Og höfum við ekki talið það sómasamlegt átak, sem allir flokkar hafa staðið að undanfarið, að viðurkenna töluna 67 ára sem mark að því að hundelta manninn ekki lengur, jafnvel þó að nokkrir einstaklingar lifi við fulla starfsgetu lengur. Þess vegna er það forkastanleg hugmynd, að reyna að hækka þessa tölu upp að 70 ára aldursmarkinu og líta á það sem æskilegan skattstofn þessi þrjú ár sem nokkrir einstaklingar eru svo gæfusamir að fá að njóta í fullu fjöri og sumir miklu lengur, blessunarlega miklu lengur. En mér er vel kunnugt um að það fólk borgar líka drjúgan tekjuskatt og hefur gert það margt hvert um langt árabil. Ég bið hv. þm. að gefa gaum að þessum staðreyndum.

Jafnvel þótt rökrétt geti talist að sveitarfélög taki aukinn þát í reksri heilbrigðisþjónustunnar, þá er þetta frv. alls ekki rétt spor í þá átt. Þess vegna er ég á móti því. Sú hækkun á meðalaldri, sem átt hefur sér stað víða um heim, hefur verið vottur um gott heilbrigðisstig og einnig aukna velmegun hjá þeim þjóðum sem þess hafa notið. Við íslendingar erum með mjög háan meðalaldur og teljum það sómamerki. En hvað þýðir þetta fyrir þjóðfélagið? Það leggur auknar kvaðir á þá yngri, á aðilana á blómaskeiðinu. Er okkur um megn að taka þessar kvaðir á okkur? Hefur ekki eldri kynslóðin skilað til okkar miklum og góðum arði? Ber okkur ekki að halda áfram að byggja landið upp og skila næstu kynslóð líka góðum arði? Þurfum við að hundelta fólkið sem kemst yfir ákveðinn aldur?

Nei, læknaþjónustan er liður sem verður að eiga sér stað, raunverulega hvað sem hún kostar, og menn verða að sækja til læknis, hvað sem hún kostar. Það hefur verið metið svo í íslenskri löggjöf að það yrði að vera sameiginlegt átak allra að tryggja sem besta heilbrigðisþjónustu, og fjármagn til þess að halda slíkri þjónustu gangandi ætti að koma úr ríkissjóði. Áberandi aldursaukning er þess vegna liður í aukinni þörf fyrir heilbrigðisþjónustu. Annar mest áberandi liðurinn er tengdur betri lífskjörum og vaxandi útbreiðslu menningar. Sambandið milli bættra lífskjara og heilbrigðisþjónustu er ekki einangrað fyrirbrigði, hvorki hér á landi né víða erlendis. Læknisþjónustan er því óhjákvæmilegur liður, góð læknisþjónusta og góð heilbrigðisþjónusta, í því að fólki líði vel. Þess vegna ber að efla hana á allan hátt, og þess vegna er auðvitað löggjöfin um þessi mál í endurskoðun nú og þarf að vera jafnan. Þó að við höfum trygga og góða löggjöf í gildi, þá má ekki láta þá viðleitni niður falla að hún haldi sínu gildi þrátt fyrir breytingar í þjóðfélaginu.

Útgjöld vegna heilbrigðisþjónustu hækka í öllum löndum sem náð hafa vissri efnahagslegri þróun, hvort heldur kostnaðurinn er greiddur að meira eða minna leyti af einstaklingum. Þetta er staðreynd sem viðtæk rannsókn hefur leitt í ljós erlendis að á sér stað og hvers vegna þetta á sér stað. Stöðug fjölgun er á læknum og öðru starfsfólki heilbrigðisþjónustu, heilsugæsla vex og einnig tæknilegur útbúnaður og meðul. Þörf virðist þó fyrir alla þessa aukningu. Rannsókn sýnir að vitjanir til almennra lækna aukast minnst, en sjúkrahúsvist og lyfjanotkun aukast mest. Það hefur verið sagt að komi upp sjúkrahús fylli læknar sjúkrahúsin strax, og er ósköp eðlilegt að svo sé. Til hvers er að reisa sjúkrahús og hafa þau tóm? Það hefur líka verið sagt um íþróttahús að þau fyllist frá morgni til miðnættis ef þau eru reist. Ég og margir aðrir líta á það sem fyrirbyggjandi aðgerðir að veita fjármagn í íþróttahreyfinguna til þess að draga úr sókninni á sjúkrahúsin. Það fær nú takmarkaðan hljómgrunn á Alþ., því miður. Allt þetta eru staðreyndir er hv. þm. ættu að hugleiða gaumgæfilega og það áður en rokið er til og lögum breytt er feli í sér auknar álögur eingöngu á einstaklinga og þessar álögur eiga að verða mikið á annan milljarð kr. og ríkissjóði sleppt við að innheimta það af félögum og atvinnulífi í landinu.

Það hefur verið talið að svo gott innheimtukerfi sé hjá sveitarfélögunum að það hafi engan verulegan kostnað í för með sér að takast þetta verkefni á hendur. En ég álít að aðstæður sjúkrasamlaga úti um allt land og aðstæður sveitarfélaganna úti um land séu mjög misjafnar og það komi mjög misjafnlega við bæjarfélögin og sveitarfélögin að annast þetta og dreifa því út. Og hvers vegna skyldi þessi þróun hafa átt sér stað, að ríkið tæki aukinn þátt í sjúkrakostnaði á undanförnum áratugum? Var það vegna þess að mennirnir í þorpunum úti um land, úti um sveitirnar, vildu ekki hjálpa fólkinu? Það var auðvitað vegna þess að það var óhjákvæmilegt að ríkisvaldið kæmi til móts við þær þarfir sem hinn almenni borgari hafði, hvar sem hann var búsettur á landinu, að það ríkti ekki æpandi ósamræmi á Norðurlandi, á Langanesinu, miðað við Reykjanes, á Akranesi, miðað við Austfirði o. s. frv. Þess vegna taldi ríkisvaldið sér skylt að tryggja að þegninn, hvar sem hann væri settur á landinu, nyti sem jafnastrar aðstöðu til lækninga og heilbrigðisþjónustu. Þrátt fyrir sífellda viðleitni í þessa átt er aðstaðan gífurlega misjöfn í þessu efni enn þá — gífurlega misjöfn — og þarf ekki að fara að tíunda það mikið, þm. þekkja það mætavel sjálfir og í því efni liggja nóg gögn fyrir fjvn. sem undirstrikar nauðsyn þess að gera stórátak í þessu efni frá því sem er í dag.

Ég tel að verulegur hluti — sé það rangt, verð-

ég leiðréttur af hv. tveimur þm. sem hér eru og eru læknar að menntun — ég tel að verulegur hluti af sjúkdómum stafi frá atvinnu einstaklingsins og þess vegna sé ótvíræð skylda atvinnulífsins að leggja fram stórfé í sambandi við þessi mál. Það hefur hvergi verið gerð nægileg könnun á því hér á Íslandi hvað mikil vanlíðan stafar frá atvinnu og aðstæðuleysi, vil ég kalla það, eða lélegum útbúnaði á vinnustað. Það væri þó sérstaklega athyglisvert verkefni fyrir unga lækna að rannsaka gaumgæfilega hvernig hin harða tíð hér að vetrarlagi kemur við heilbrigði fólks. Hví á að sleppa atvinnulífi við sinn skerf til þess að tryggja góða heilbrigðisþjónustu? Þess vegna erum við, sem erum á móti þessu frv., fylgjandi því að allar tekjur í þessu efni komi í gegnum ríkissjóð. Ef svo er, að deilan standi fyrst og fremst um form í skattheimtu og menn vilji standa við orð sín að veita sem mest fjármagn í heilbrigðisþjónustuna, hví þá að vera að koma með svona frv. og rífast um þetta á síðustu dögum Alþ? Hví ekki að sameinast um það að tryggja ríkissjóði með skattalöggjöf og rækilegri athugun á þessum málum eðlilegt og réttmætt fjármagn og dreifa því samkv. mati fróðra manna um allt land.

Þrátt fyrir það að menn fylgja þessu frv. og menn hafa það fyrir sér að þetta er bráðabirgðalausn, trúi ég ekki öðru en sú skoðun muni sigra hér á hv. Alþ. að það sé ríkisvaldið eitt sem eigi að hafa frumkvæði í þessum málum, þrátt fyrir það að nokkur skipting á kostnaði milli ríkis og sveitarfélaga sé heilbrigð og eðlileg. En það er fjöldi héraða, það eru meira að segja stórir staðir sem hafa engin sjúkrahús og hafa enga minnstu möguleika til að fylgjast með kostnaðarskiptingu, og þetta frv. bætir þar ekkert úr, ekki vott af neinu tagi í því efni. Þarf því að fara fram miklu meiri athugun á því vandamáli þó að það geti verið réttmæt stefnumörkun út af fyrir sig að dreifa álaginu á milli opinberra aðila á vegum sveitarfélaga og ríkisvaldsins, en ofan af hinu fer ég ekki, að varðandi tekjustofn til þessa máls á að stefna að því að allt komi í gegnum ríkissjóð og heilbrigðisþjónustan í landinu verði því sem næst ókeypis. Ef hún er misnotuð, þá þarf að veita læknunum tiltal og veita aðhald ýmsum í þeirra stétt, því miður. Það er hart að þurfa að segja þetta, en þetta eru staðreyndir engu að síður og hefur komið víða í ljós, ekki aðeins á Íslandi, heldur víða erlendis, að þeir kunna að verða of undanlátssamir við kveinstafi í fólki. Hér er ákveðið vandamál og viðkvæmt og erfitt að sjá stundum — það skal viðurkennt — hvað er rétt og rangt í þessu efni. En það mun samt brenna við að læknar séu um of undanlátssamir við fólk og þess vegna hefur kostnaðaraukning af heilbrigðisþjónustu kannske rokið meira upp, a. m. k. af sumum þáttum heilbrigðisþjónustu, og mikið er um það talað nú að kostnaður við tannlækningar hafi skyndilega stokkið upp úr öllu valdi og ekki sé allt með felldu í því efni. Það er staðreynd að bæði hér á Íslandi og erlendis verður að líta vandamálin í raunhæfu samhengi, bæði frá læknisfræðilegum sjónarmiðum og félagslegum sjónarmiðum. Ég býst við að í því liggi verulegur vandi og svo vandinn að skipta þessu á milli sín. Þetta er því svo flókið mál að ég tel ekki réttlætanlegt að kasta þessu inn á Alþ. við ríkjandi aðstæður — alls ekki réttlætanlegt.

Ég viðurkenni margt af því sem síðasti ræðumaður sagði, hv. 10. þm. Reykv., Sverrir Bergmann. Auðvitað þekkir hann þetta af eigin raun og sagði margt vel hér. Engu að síður leyfi ég mér að gera þær athugasemdir sem ég geri nú við málið í heild, og mér virðist, ef við skoðum þetta gaumgæfilega niður í kjölinn, að bilið sé ekki svo ýkjalangt á milli okkar, við séum kannske fullmikið að deila um aðferðir við að ná peningunum. Auðvitað var það rétt hjá hv. þm. að ef við viljum halda heilbrigðisþjónustu á því stigi sem hún er í dag, hvað þá að auka hana, þá kostar það peninga hjá einhverjum, það verður einhver að borga það. En ég vil að þessi þáttur komi eingöngu í gegnum ríkissjóð, jafnvel þótt einhver ómaksþóknun sé tekin fyrir að sjúklingur komi inn á heilbrigðisstofnun eða til læknis. Það fylgir því alltaf nokkur skriffinnska að sú þóknun sé reiknuð út. Ef við ætlum að breyta þessum þóknunum í samræmi við verðbólguna, þá er þessi þóknun sífellt á hreyfingu, og við verðum þá að hafa það bókstaflega reglugerðarákvæði að hæstv. heilbrrh. fái að breyta þessum tölum frjálst. Annars höfum við ekki undan með lagabreytingar. Ég óttast það, en ég vona að í því efni sé ótti minn ástæðulaus. Ég vil vona að hér sé ekki verið að stíga fyrsta skrefið til að draga úr almennri heilbrigðisþjónustu, og þá þekki ég vin minn, 2. þm. Reykn. illa, ef hann ljær slíku máli lið. Því trúi ég aldrei. En hann kann að segjast leysa þetta til bráðabirgða, eins og aðrir hafa sagt þegar þeir styðja málið.

Ég vænti þess, þrátt fyrir allhvassa gagnrýni á þetta frv. frá okkur í stjórnarandstöðunni, að stjórnarliðar hugleiði málið almennt og gefi sér tóm til að skapa það svigrúm sem heilbrigðar umr. um þetta mál þurfa og þær eiga fullan rétt á sér. Það er ekki boðlegt, sérstaklega gagnvart okkur sem erum rétt að sjá þetta núna og eins og málið bar hér að, að afgreiða frv. með þessum hraða. Málið er allt of viðamikið og allt of viðkvæmt til þess að slíkt eigi sér stað. Ég fann það á tóninum, á röddinni hjá frsm. að honum leið ekki um of vel, og skil það mætavel. Það er því till. mín að málið sé tekið út af dagskrá, það sé geymt fram yfir áramótin og sá heiður, sem hæstv. fjmrh. fær af því að hafa fjárlögin 2 milljörðum lægri en ella, sé látinn bíða, en hæstv. heilbrrh. sé tryggt meira fjármagn úr sameiginlegum sjóði landsmanna til þess að heilbrigðisþjónusta í landinu megi verða sem best og mest. Það er örugglega mest að skapi frsm. meiri hl.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Er hæstv. heilbrrh. heyrandi nær? Ég hef það einhvern veginn á tilfinningunni, að hér sé verið að ræða mál sem varði nokkuð rn. hans. Ber mér að skilja það svo að ritari hafi nú gengið að leita að ráðh.? (**Forseti:** Það er rétt, að það er verið að athuga, hvort ráðh. er í húsinu.) Reynist það svo að ráðh. sé ekki í húsinu, þá hlýt ég að fara þess á leit að umr. verði frestað því að við hann

eigum við nokkurt erindi þó að mitt sé að vísu ekki merkilegt.

Það gleður mig að hæstv. heilbrrh. hefur fengið tóm til þess að koma hingað inn, hefur fengið rétt í svipinn lausn frá störfum sjútvrh. til þess að vera hér í góðum félagsskap í Ed. Ég átti við hann erindi, að vísu ekki mjög brýnt erindi, en þó þess háttar að ég vildi heldur að hann hlýddi á það sem ég hefði um hans ræðu að segja.

Hæstv. ráðh. ræddi í upphafi máls síns um þá sérstöðu sem stjórnarandstæðingar hefðu til að tala lengi um stjórnarfrv. þótt skammur tími væri til þinghalds. Tíminn til þinghalds var ekki venju fremur skammur þegar Alþ. kom saman í okt. í haust. Hann hefur ekki heldur verið neitt óeðlilega skammur síðan, en hann hefur verið illa notaður og mér er alveg ljóst að þetta er ekki hæstv. ráðh. að skapi, enda tók hann það fram í lok ræðu sinnar að hann hefði gjarnan viljað að þetta frv. væri fyrr komið fram. En það alvarlegasta er ekki þetta, að tíminn hefur verið illa notaður. Það alvarlega er að hann hefur verið notaður til ýmissa slæmra verka. Og eitt hinna slæmu verka blasir hér við okkur í mynd frv. sem hér um ræðir. Það kemur nefnilega í ljós að skammur tími hefur ekki komið í veg fyrir það að þetta frv. væri þrátt fyrir allt þaulhugsað. Ég sleppi því að fara nokkuð út í orðaskýringar í þessari ræðu minni, vil þó aðeins vekja athygli á örlítilli hnútu í orðmynd sem hv. þm. Sverrir Bergmann sendi af hendi til hæstv. ráðh. Það minnti á sögu H. C. Andersens um nýju fötin keisarans. Þeir munu kasta þeirri hnútu á milli sín.

Hæstv. ráðh. kvaðst furða sig á því, að nokkur hv. þm. skuli bera sér það í munn að í þessu frv. sé verið að ráðast að sjúkum og þeim sem minna mega sín. Það kvaðst hann undrast. Ég viðurkenni fúslega að megninu af því fé, sem hér á til að koma, á að jafna niður á einstaklinga eftir útsvarslögunum, en talsvert af því fé á eigi að síður að koma frá þeim sem verða, svo ég noti orð hv. frsm. n., aðnjótandi læknishjálpar og lyfja.

Það gleður mig innilega að hæstv. trmrh. er kominn til okkar með betri heilsu úr sjúkraleyfi sínu, en ég hefði gjarnan viljað að hann hefði ekki dregið upp röntgenmyndatökureikninginn og veifað honum fyrir sjónum okkar þm. sem svari við athugasemd hv. þm. Helga F. Seljans um lyfjakostnað gömlu konunnar ónefndu, vegna þess að þessi tvö vandamál eru ekki sambærileg. Og hér komum við að kjarna málsins. Það er ekki sambærilegt að leggja álögur, eins og hæstv. ráðh. kom inn á, — það er ekki sambærilegt að leggja álögur á fólk ef kaupgeta er rúm, það er ekki sambærilegt að ætla rosknu fólki, sem komið er á ellilaun, að greiða nokkurn kostnað úr eigin vasa þegar þannig hefur verið búið að þessu sama fólki að það er orðið sjálfbjarga, getur lifað af ellistyrk sínum, ellegar að leggja álögur á þetta sama gamla fólk þegar svo er búið að vega að því í tryggingamálunum að það er aftur komið á vonarvöl. Það er ekki sambærilegt að leggja gjöld, álögur á alþýðu manna í þessu landi þegar hún kemst af eða þegar kjör hafa verið rýrð svo að mikill fjöldi þegnanna, jafnvel fullvinnandi manna og heilbrigðra, kemst ekki af. Upphæð álögunnar segir ekki allt málið, heldur getan til þess að standa undir henni.

Ég verð að taka undir það með hv. þm. Jóni Árm. Héðinssyni að ég hafði talsverða samúð með hv. þm. Oddi Ólafssyni þegar hann mælti með nál. og lagði til að frv. þetta yrði samþ. Ég kenndi í brjósti um hann. Ég trúi því ekki að hv. þm. Oddur Ólafsson hafi gjörhugsað þau orð sín að e. t. v. gæti talist æskilegt að þeir, sem þess njóta, taki þátt í kostnaði við læknishjálp, þótt ekki væri nema hin forna merking sagnarinnar að njóta. Hann gaf í skyn að það mætti draga úr notkun lyfja með því að sjúklingarnir tækju þátt í greiðslu þeirra. Ef það er rétt að um ofnotkun lyfja sé að ræða í svo ríkum mæli að slíkt hafi áhrif á fjárhagsgetu ríkisins, þá er þar náttúrlega ekki við sjúklingana að sakast, heldur er verið að gefa í skyn að læknar almennt brjóti mjög svo ljóslega orðuð lagaákvæði, og ef mig minnir rétt varðar slíkt brot fangelsisvist.

Það gladdi mig að heyra yfirlýsingu hv. þm. Sverris Bergmanns um það að hann vildi fremur eiga á hættu að kannske fullriflega væri tekið af lyfjum heldur en fjárhag sjúklinga yrði þannig komið að þeir veigruðu sér við því að kaupa lyf sem læknar ráðlegðu. Ég er alveg viss um að hv. þm. Oddur Ólafsson er sömu skoðunar.

Það hvarflaði að mér rétt í bili að það eru ekki liðin nema þrjú kvöld frá því að formaður þingflokks Sjálfstfl. lýsti yfir því í sjónvarpi að einstakir þm. þess flokks hefðu heimild til þess að greiða atkv. samkv. eigin samvisku. Ég leyfi mér að stórefast um að hv. þm. Oddur Ólafsson hefði greitt atkv. með svona frv. í tíð vinstri stjórnar. Ég er líka handviss um að hann hefur ekki haft samviskuskipti síðan. Ég efast ekki um að hann sé sama sinnis. En ég held að hann veigri sér við því að fara eftir eigin samvisku í tíð svartrar íhaldsstjórnar eins og þeirrar sem nú situr.

Og svo aðeins í lokin: Það hryggir mig ef svo skyldi vilja til að hv. þm. Sverrir Bergmann yrði ekki í salarkynnum þessarar virðulegu stofnunar seinna í vetur þegar íhaldsstjórnin leggur fram skattafrv. þar sem jöfnuð verða kjör ríkra og fátækra.

Frsm. 1. minni hl. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Hæstv. heilbr.- og trmrh. var að tala áðan um forréttindi okkar stjórnarandstæðinga og því yrði hann að stytta mál sitt. En vitanlega varð nú hans ágæta vestfirska yfirsterkari áður en lauk, þannig að svo fór að við töluðum álíka lengi og ráðh. þó heldur betur.

Ég tók eftir því að hann minntist sérstaklega á að þarna væri ekkert verið að fela í sambandi við álögur. Það hef ég ekki heldur sagt, að álögurnar sjálfar væri verið að fela. En eins og ég segi í nál., þá á að líta svo út sem opinber umsvif séu dregin saman. Það á að láta líta út sem með þessu sé verið að fara út í minnkandi ríkisútgjöld. Þetta er einfalt og ljóst. Þetta er tilgangurinn með þessari tilfærslu frá ríki til

sveitarfélaga, — það veit hæstv. ráðh. jafnvel og ég, — en ekki að álögurnar út af fyrir sig sé verið að fela. Auðvitað koma þær í ljós.

Hann minntist á það að kaldar gusur hefðu komið úr fleiri áttum en frá hans rn. nú til sveitarstjórnarmanna, og hann minnti á þá köldu gusu sem hefði yfir hann komið þegar sum sveitarfélögin fóru að leggja á elli- og örorkulífeyrisþegana til þess eins að hirða skattafslátt. Ég er alveg sammála hæstv. ráðh. í því, að ég mæli þessu ekki bót. Það kom til tals í minu sveitarfélagi að gera þetta, og ég lagðist eindregið gegn því og fékk það fram að þetta yrði ekki gert, enda álít ég slíkt í hæsta máta óheiðarlega framkomu, hreinlega, og undir það skal ég taka með hæstv. ráðh.

Ég hef vitanlega aldrei sagt að það væri ekki fjöldamargt í okkar tryggingalöggjöf sem mætti betra vera. Henni er auðvitað í mörgu ábótavant. Ég minni á frv. sem ég hef flutt hér varðandi aðstöðujöfnun þess fólks sem þarf að leita á fund sérfræðinga, og ég vænti þess sannarlega að það frv. verði tekið til skoðunar hjá þeirri n., sem fær nú það verkefni að endurskoða þessi lög í heild, og þar verði eitthvert tillit til þess tekið. En jafnframt í sambandi við það frv. minnti ég margsinnis á að ég vissi að það væri eins með þessi lög og öll önnur lög, að þau væru meira og minna misnotuð, en einmitt misnotkunin hefur verið höfð uppi sem aðalröksemd fyrir því að ekki mætti greiða hluta ferðakostnaðar til sjúklinga utan af landsbyggðinni hingað til Reykjavíkur á fund sérfræðinga.

Hæstv. ráðh. sagði að frv. væri skýrt og ljóst og einfalt fyrir alla skýra menn. Ég sagði einmitt að það væri einfalt og ljóst hvað þarna væri verið að gera. Ég túlkaði það örlítið öðruvísi og ég sný ekki frá þeirri túlkun. En þegar ég var að minnast á það, á hvaða fólk þetta legðist þyngst, bitnaði harðast á, þá var ég að tala um sjúklingana í sambandi við lyfin og sérfræðikostnaðinn, en alls ekki varðandi það sem laut að útsvörunum. Það er mesti misskilningur.

Ég verð að játa að það er auðvitað mjög hæpið alltaf að vitna í orð fjarstaddra manna, orð sem sögð eru á nefndarfundi, eins og ég gerði hér í orð framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga, og ráðh. vísaði þessum orðum hans algjörlega á bug í sambandi við aðhaldið og þá möguleika sem sveitarfélögin hefðu á því að koma við sparnaði varðandi sjúkrahúsin. En aðalatriði þess, sem framkvæmdastjórinn sagði — ég skal þá endurtaka það svo að það fari ekkert á milli mála — var að hér væri um sárafá sveitarfélög að ræða sem gætu komið þessu við, hefðu einhverja möguleika á því. Yfirgnæfandi meiri hl. sveitarfélaganna ætti ekki hlutdeild að rekstri sjúkrahúsa. Það var mergur málsins. Það kom svo í ljós hjá hæstv. ráðh. sem mér var reyndar búið að detta í hug áður, að þessar 200 millj. voru hrein framsóknartala, og kemur engum á óvart þó að hún hafi verið röng.

En varðandi lyfjagjöldin eins og þau voru ákveðin 1974, ég skal ekki fara út í deilur við hæstv. ráðh. um það, en ég fullyrði hins vegar að það hámarksgjald, sem þá var sett þarna, var á þeim tíma mikil bót. Ég veit að hæstv. ráðh. man það, að einmitt þessu var fagnað hér á Alþ. af öllum flokkum og allir voru sammála um að þetta væri til bóta, og það er mergur málsins.

Mér þykir leitt ef hv. þm. Sverrir Bergmann hefur misskilið mig gjörsamlega og talar um dapurlegar staðreyndir í sambandi við niðurstöðurnar af minu máli hér og vitnar þar í góð lífskjör manna almennt hér á Íslandi, sem reyndar hans ágæta ríkisstj. hefur nú verið að reyna að þrýsta niður eins og henni hefur verið frekast unnt. Ég var vitanlega ekki að tala um almenning í þess orðs víðustu merkingu. Ég var að tala um það fólk sem býr við þrengstan kost í þjóðfélaginu. Og þar kom þessi hv. þm. í sínu máli að það hefði mátt skilja á því sem ég sagði, að enginn hefði í raun og veru efni á því að greiða þetta gjald til almannatrygginga. Þetta er mesti misskilningur. Ég var að deila á fyrirkomulagið á tilfærslunni, og ég fagnaði því alveg sérstaklega að áform ríkisstj. frá í haust um að skera niður framlög til almannatrygginga um 2 milljarða, það stendur svart á hvítu, ég fagnaði því alveg sérstaklega, að frá því hefði verið horfið. Ég aðeins benti á það sem sjálfsagðan hlut áfram eins og verið hefur og hv. þm. Jón Árm. Héðinsson kom rækilega inn á áðan, að það sem hér á vantaði, þessar 1667 millj. væru teknar áfram úr okkar sameiginlega sjóði og auðvitað þyrfti einhver að borga það, það yrði tekið með sömu skattheimtunni og aðrar tekjur eru teknar til þessara trygginga. Þetta fer ekkert á milli mála. Það var aðeins þessi tilfærsla, þessi broslega tilfærsla sem er í þeim eina tilgangi gerð að láta líta svo út sem fjárlögin lækki sem þessari upphæð nemur til þess svo að geta útbásúnað að nú sé verið að minnka hin opinberu umsvif og minnka ríkisútgjöldin. Þetta veit hv. þm. alveg jafnvel og ég. En út frá síðustu hugleiðingum hans um eftirgjöfina, sem ég efast ekki um að hann muni verða fremstur manna í að fara út í, eftirgjöfina handa því fólki sem læknarnir þekkja, öryrkjunum og ellilífeyrisþegunum, þá er það ábyggilega rétt að við berum þá báðir sérstaklega fyrir brjósti í þessum efnum alveg einlæglega, og hví þá ekki að láta reyna á það nú þegar að hluta?

Ég vil — með leyfi hæstv. forseta — koma með brtt. við þetta frv. ásamt hv. þm. Geir Gunnarssyni um að við 1., 2. og 3. tölulið 1. gr. bætist:

„Undanskildir þessum greiðslum skulu þeir, sem njóta tekjutryggingar almannatrygginga.“

Hér er um að ræða, eftir því sem ég hef bestu upplýsingar um frá hv. þm. Geir Gunnarssyni sem á sæti í tryggingaráði, ellilífeyrisþega: 6000 einstaklinga og 1100 hjón og örorkulífeyrisþega: 2800 einstaklinga og 150 hjón. Ég sem sagt legg þessa tillögu hér fram sem skriflega brtt. við frv. nú við 2. umr. Við sjáum hver örlög þessi till. hlýtur, en við munum gera okkar ráðstafanir við 3. umr. einnig ef hún nær ekki fram að ganga.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 215) samþ. með 16 shlj. atkv.

Sverrir Bergmann: Herra forseti. Ég skal vera mjög stuttorður og ekki tefja þessar umræður sem eru nú þegar orðnar æðilangar, en ég sá ástæðu til þess að víkja að örfáum atriðum sem fram komu í ræðu hv. 1. landsk. þm., Jóns Árm. Héðinssonar.

Ég hélt að það hefði komið sæmilega skýrt fram í minni ræðu og bið velvirðingar á því ef svo hefur ekki verið, að ég hef lýst mig fylgjandi þessu frv. með tilliti til þess að það sé bráðabirgðaráðstöfun og þessi mál séu í endurskoðun og að ég vænti að út úr þeirri endurskoðun komi niðurstaða sem veiti möguleika til þess að fara öðruvísi að. Eg lýsti því einnig yfir, að ég teldi heppilegast að fólk þyrfti ekki að greiða beint fyrir lyf eða læknishjálp. Hins vegar er þetta frv. engin breyting í því efni frá því sem áður hefur verið þó að tölurnar hafi hækkað. Það, sem ég er að tala um að væri æskilegast, væru breytingar. Hins vegar er tómt mál að tala um það að heilbrigðisþjónusta verði ókeypis. Hún er alls ekki ókeypis. Hún kostar mikla peninga. Hún verður ekki ókeypis þó að fólk hætti að draga upp peninga úr vasa sínum. Það þarf að greiða engu að síður með einhverjum hætti og ég sé ekkert athugavert við það að sveitarfélögin taki þátt í þessu, þó að eitt sveitarfélag geti þurft meiri opinbera fyrirgreiðslu en annað vegna staðsetningar á landinu og þeirra möguleika sem það hefur til að afla eigin tekna. Annars held ég að við megum ekki hugsa þetta mál í allt of smáum einingum. Það er miklu eðlilegra að samtök einstakra landshluta komi upp skipulagi hjá sér, bæði á litlum og stórum sjúkrahúsum, og að þessi samtök séu síðan innbyrðis tengd og hafi sérstakt samráð við sjúkrahúsin í Reykjavík sem hljóta að verða best búin um langan aldur og þau einu sem hljóta að verða þannig um langan aldur.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. og ég taldi mig hafa komið inn á það sjálfan, að það eru ákveðnir þættir í heilbrigðisþjónustunni sem verður ekkert sparað á. Það er í fyrsta lagi mannafli og það er í öðru lagi tækjabúnaður og aðstaða. Þetta eru hlutir sem kosta mikla peninga og þeir munu halda áfram að gera það. Það þarf stöðugt að auka og endurnýja tæki. Ég get t. d. vakið athygli hv. þm. á því að það væri mjög áríðandi að fá tæki til landsins nú sem kostar 70 millj. kr. og hægt er að framkvæma með rannsóknir sem nú eru gerðar með allt öðrum tækjum og hafa nú í för með sér mjög mikla áhættu fyrir hvern þann sjúkling sem í gegnum þessar rannsóknir gengur. Með þessu nýja tæki verða allar þessar rannsóknir hættulausar, auk þess sem hér er um miklu nákvæmari rannsókn að ræða. Þessi tæki eru notuð í öllum þeim löndum sem við köllum menningarlönd og viljum helst miða okkur við. Þetta er aðeins dæmi um það, að stöðugt er þörf fjármuna til þessara þátta. En það, sem ég var að reyna að leggja áherslu á, er að ef við ætlum að spara, ef við ætlum að reyna að nýta vel mikla fjármuni, þá verðum við að koma upp starfsskipulagi sem gefur einhvern möguleika til þess að dýr mannskapur, tæki og aðstaða sé fyllilega og fullkomlega nýtt. Það er það sem horfir til mestra framfara á þessu sviði. Það hvarflar ekki að mér að fara að minnka heilbrigðisþjónustuna með nokkrum hætti. Það hvarflar ábyggilega ekki að nokkrum einasta manni hér inni, því skal ég aldrei trúa, engum einasta hv. alþm.

Ég sé ekki beina ástæðu til að svara því sérstaklega að ef heilbrigðisþjónusta verði óeðlilega dýr, þá þurfi að veita læknunum tiltal vegna þess að þeir láti undan kveinstöfum fólks. Þetta er dálítið sérstakt mál og ég mun ekki reyna að útskýra það, því að sá einn, sem umgengst mikið af sjúku fólki, skilur hver hin raunverulega aðstaða er. Þetta er ekki tölvukerfi. Þetta er þjónusta við mannlegar verur.

Að lokum sé ég ástæðu til þess að minnast á kostnað við tannlækningar. Ég er að vísu því máli fullkomlega ókunnugur, en það er sagt að hann hafi hrokkið upp úr öllu valdi. En það skyldi þó ekki vera að það, sem hafi gerst, sé einfaldlega að menn eru farnir að sjá tölurnar yfir kostnaðinn? Og það gæti vel verið að ef ýmislegt annað en læknisþjónusta væri greitt í gegnum samlag, hvaða nafni sem við vildum nefna það, að þá kæmi í ljós að ýmsir hlutir væru allmiklu dýrari en ástæða hefði verið til að halda eftir þeim upplýsingum sem menn hafa í höndum.

Ég þakka hv. þm. fyrir ábendingu um athugun á atvinnusjúkdómum í landinu. Ég er honum alveg sammála. Mér þykir leitt að geta ekki veitt honum nein svör við spurningu hans, en án efa eru margir sjúkdómar til komnir vegna atvinnu manna. En hitt get ég alveg fullvissað hv. alþm. um og á því berum við allir nokkra ábyrgð, að ef það er nokkuð, sem veldur sjúkdómum hjá fólki á Íslandi í dag, þá er það fyrirbrigðið streita. Það eru margir þættir sem henni valda. Á suma þeirra gætum við haft veruleg áhrif eftir því hvernig við stöndum að málum.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa um þetta fleiri orð. Ég tel mig hafa lýst afstöðu minni fyllilega og tel mig ekki hafa fengið ástæðu til þess að svara neinu frekar.

Frsm. meiri hl. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Það hefur komið fram hér í umr. að menn hafa gjarnan áhyggjur og vorkenna mér að þurfa að vera meðmæltur slíku frv. sem þessu. Einhvern veginn læðist nú sá grunur að mér að verulegur hluti a. m. k. af ræðum sumra hv. stjórnarandstæðinga hafi orðið til í þeirra huga áður en þeir sáu lausnina. Það er nefnilega búið að ganga út frá því í blöðum og öðrum fjölmiðlum á Íslandi nú undanfarið að rýra ætti almannatryggingar um 2000 millj. kr. og kæmi þannig fram að það ætti að rýra kjör þeirra sem þeirra nytu. Svo kemur allt í einu hér inn frv. þar sem þessu er ekki svo farið. Ég held að þetta sé kannske afleiðing af því að þeir hafi verið búnir að hafa miklar áhyggjur af þessu. En reyndin er nú ekki sú. Ég skal svo viðurkenna það, og ég býst við að flestir eða allir alþm. séu þar á sama báti, að það er aldrei neitt sérstaklega skemmtilegt að þurfa að samþykkja álögur á fólk. Ég á ekki von á því að hv. núverandi stjórnarandstæðingum hafi verið sérstök gleði í huga þegar þeir voru að samþykkja söluskattshækkanirnar hér áður sem komu mjög við einmitt þá sjúku og fátæku. Það er svo augljóst

mál að menn eru ekkert sérstaklega ánægðir yfir því. En það verður að gera fleira en gott þykir, og ég lít svo á að hér hafi fundist lausn sem ég gat sætt mig við við þær kringumstæður sem nú eru.

Ég vil ekki telja að þetta sé skref aftur á bak í almannatryggingunum, alls ekki. Skrefið hefur þá verið tekið þegar það var sett í reglugerð að það væri heimilt að breyta þessum upphæðum. Og þeim var breytt þegar í tíð fyrrv. stjórnar og þessi hækkun núna er ekki í neinu samræmi við kostnaðarauka.

Varðandi það, að hér hefur verið minnst á að það væri ósanngjarnt að taka tekjuskatt af 67 ára mönnum og eldri eða eitthvað að rýra tekjur þeirra sem ynnu eftir 67 ára aldur, þá vil ég ekki segja mikið um það að öðru leyti en því, að sé tekjumarkið nógu hátt, þá tel ég ekki að ástæða sé til að gera mikið úr því. En varðandi þá tekjurýrnun sem þeir, sem verst eru settir, verða fyrir við þessar aðgerðir, þá vil ég líka geta þess, að ég veit ekki betur en að það standi til að auka frá því, sem nú er í fjárlögum, niðurgreiðslur um 700 millj. kr. Eru það fyrst og fremst niðurgreiðslur á matvælum, og ég held að það komi fyrst og fremst vel við þá sem verst eru settir. Ég veit ekki betur en að það standi líka til að lækka tolla, en að þeir tollar, sem komi í staðinn, séu síður á nauðsynjum.

Ég mun hafa sagt áðan að það mætti draga úr lyfjanotkun án skaða, og ég stend við það. Ég skal svo viðurkenna að læknar eru ekki á einu máli um slíkt, en þó að við kannske fellum okkur ekki við skoðanir Björns L. Jónssonar eða þeirra aðila, þá er þetta nokkuð lítið umdeilt mál, held ég, og það þarf ekki að tala um misnotkun lækna beinlínis eða þeir láti undan kveinstöfum, en þetta er nú staðreynd, ekkert frekar á Íslandi en í öðrum löndum og kannske sums staðar verra. En þessu má svo ekki rugla saman við það, að viss lyf eru lífsnauðsynleg. Og þá ég vil koma að því, að stórir hópar, sem þurfa að nota lífsnauðsynleg lyf, fá þau alveg ókeypis og enn fremur að þessir hópar verða alltaf fleiri og fleiri. Það er einmitt í aths. við þetta frv. getið um það, að það er hægt að fá ókeypis lyf ef fólk þarf að nota lyf að staðaldri, þannig að ég held að það sé gert of mikið úr þeim örðugleikum sem þetta kunni að valda, fyrir utan það að sjálfsögðu að þetta kemur verst við þá sem erfiðast eiga. En þá er líka til í okkar almannatryggingalögum heimild til þess að veita þeim uppbætur á sína tekjutryggingu sem við sérstaklega erfiðar kringumstæður búa, þannig að ýmsar leiðir eru til að bæta úr þessu fyrir þá sem verst eru settir. En ég vil ekki gjarnan láta af þeirri skoðun minni, að ég held að við í þessu landi notum of mikið af lyfjum, hverjum sem það er að kenna eða hvort það er nokkrum að kenna, það vil ég ekki segja neitt um. Ég held að það mundi ekki skaða neinn þó að eitthvað væri úr því dregið ef það væri gert á réttum stað og réttum tíma.

Á sama hátt er það, að ég held nú e. t. v. að einkum úti á landi sýni það sig að hægt er að njóta góðrar læknisþjónustu þó að fólk fari ekki eins oft til sérfræðinga og fólkið hérna í Reykjavík, sem jafnvel verður að gera það vegna þess að það býr við ófullkomna heimilislæknaþjónustu. Ég lít svo á að þetta geti hvort tveggja stuðlað að því að gera árangur góðan af þessari aðgerð, og enn fremur hef ég trú á því að samkv. heimild í tryggingalögum, þar sem sjúkrasamlögum er heimilt að greiða sérstakar aukagreiðslur ef sérstaklega stendur á, þá eigi það ekki að þurfa að koma illa við þá sem verst eru settir.

En ég vil endurtaka það, að eins og útlitið er núna, þá lít ég þannig á að þessi leið sé ekki slæm og að aukin þátttaka sveitarfélaga sé einnig spor í rétta átt, því að það er rétt, sem hér kom fram áðan, að ég held, að það gæti verið til athugunar í þeirri endurskoðun, sem nú á að fara fram, að þátttaka þeirra og stjórnun í sjúkrahúsamálum verði meiri en nú er, því að höfuðkostnaður sjúkratrygginganna er við sjúkrahúsin. Þau eru með 8129 millj. af þessum 11 600 millj. sem sjúkratryggingarnar kosta, og af þessum 8129 millj. eru um 3600 millj. á fjórum stærstu sjúkrahúsunum í landinu, þ. e. a. s. Borgarspítalanum, Landsspítalanum, Landakoti og Akureyri, og þar er líka höfuðkostnaðurinn þar sem þetta eru fullkomnustu sjúkrahúsin. Þau eru með um 20% af þeim 1413 þús. legudögum sem verða í landinu árið 1976, en þau eru með um 40% af kostnaðinum þannig að það er ekki að ófyrirsynju þó að kollega minn, hv. þm. Sverrir Bergmann, segði að það væri ástæða til þess að leita betri skipulagningar og á þann hátt stuðla að sparnaði án þess að komi niður á þjónustunni.

ATKVGR.

Brtt. 215 felld með 11:5 atkv.
1. gr. samþ. með 12:5 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 12:6 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Efri deild, 33. fundur.

Miðvikudaginn 17. des., að loknum 32. fundi.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 175). — 3. *umr.*

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Við 2. umr. var, eins og mönnum mun í fersku minni, felld brtt. frá okkur hv. þm. Geir Gunnarssyni um það, að við töluliði 1, 2 og 3 í 1. gr. bætist, að þeir, sem njóti tekjutryggingar almannatryggingar, séu undanskildir þeim gjöldum sem þar um ræðir. Við viljum gera aðra tilraun og ég legg hér fram skriflega brtt. við 1. gr. frv., svo hljóðandi, að við tölulið 1, 2 og 3 bætist:

„Þeir, sem njóta tekjutryggingar hjá almannatryggingum, greiði þó aðeins hálft gjald.“

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 216) samþ. með 17 shlj. atkv.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að bera fram aðra brtt. við það frv. sem hér er til umr. Hún er við 3. gr., sem fjallar um 1% gjald á útsvarsstofn, og er svo hljóðandi:

„Gjaldið skal þó ekki lagt á útsvarsskyldar tekjur undir 400 þús. kr.“

Þessi till. skýrir sig nokkuð sjálf, og eins gerist nú ekki ástæða til að fjölyrða miklu frekar um mál þetta. Hæstv. fjmrh. vantar 1200 millj. kr. í kassann og hann hefur fengið hæstv. heilbr.- og trmrh. til að útvega þessa peninga fyrir sig með þeim hætti sem best komi út á pappírnum fyrir hæstv. fjmrh., að hækkunin komi ekki inn sem hækkun á fjárlögum. Í stað þess að leita leiða til að afla þessara tekna með venjulegum hætti, t. d. með því að hækka einhverja tekjupósta ríkisins, sem eru æðimargir, eins og menn vita, ellegar með því hreinlega að ríkið legði á 1% bráttóskatt, sem hefði líka verið hugsanlegur möguleiki, þá er sem sagt valin þessi sérstaka leið sem menn hafa hér fjölyrt um og ástæðulaust er að fara fleiri orðum um. Eins og hér hefur verið bent á, er þetta einhver óréttlátasti skattur sem unnt er að finna, því að hann leggst á alla, að vísu þeim mun meira sem menn hafa miklar tekjur, en hann er samt með þeim ósköpum gerður að jafnvel þeir, sem hafa sáralitlar tekjur, þurfa að gjalda hann. Mér finnst því að það væri sanngirnismál, að hæstv. ráðh. og stuðningsmenn hans hér á þingi gætu fallist á að þeir, sem hafa árstekjur undir 400 þús. kr., væru undanþegnir þessum skatti.

Ég vil leyfa mér að óska eftir því að leitað verði afbrigða vegna þessarar till.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 217) samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 216 felld með 12:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GeirG, HFS, JÁH, RA, StJ, BrS.

nei: HÁ, IT, JónÁ, JHelg, JGS, OÖ, StH, StG, AJ, ÁB, SvB, ÞK.

AG greiddi ekki atkv.

Einn þm. (GH) fjarstaddur.

1. gr. samþ. með 12:6 atkv.

Brtt. 217 felld með 12:6 atkv.

Frv. samþ. með 12:6 atkv. og afgr. til Nd.

Fjáröflun til vegagerðar, frv. (þskj. 204). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur haft til athugunar frv. til laga um fjáröflun til vegagerðar á þskj. 148. Breytingar þær, sem þetta frv. gerir ráð fyrir frá núgildandi lögum, munu vera byggðar á þeirri staðreynd að Vegasjóður hefur haft lægri tekjur af þeim bifreiðum sem nota annað eldsneyti en bensín, og ástæðan mun m. a. hafa verið sú að ekki er hægt að haga innheimtu gjaldanna af þeim á sama hátt og af öðrum bifreiðum. Var farin sú leið með gjaldheimtu af dísilbifreiðum að ákveðið árgjald var lagt á þær, hækkandi eftir þyngd. Fyrir nokkru var því þó breytt þannig, að gjaldmælar voru settir í allar stærri bifreiðar, þannig að gjöldin af þeim færu eftir notkun.

Með frv. til l. á þskj. 148 var lagt til að heimildin til notkunar gjaldmæla yrði látin ná einnig til minni bifreiða með það sjónarmið í huga að þeir, sem meira ækju, greiddu meira. Þó var hinum minni bílum einnig gefinn kostur á að greiða fast gjald í stað þess að taka akstursmæla, en fastagjaldið var þreifaldað fyrir minnstu bílana. Það var því augljóst að samþykkt á frv. á þskj. 148 hefði í för með sér að mikill meiri hl. eigenda þeirra bifreiða, sem þar er um rætt, mundi kaupa mæla. Þessi breyting hefði því leitt af sér mikinn aukakostnað fyrir gjaldendurna vegna þess, hvað mælarnir eru dýrir, og jafnframt átti að taka þarna hækkun á fastagjaldinu, mjög mikla hækkun í einu stökki, og þá hefði verið raskað því hlutfalli sem hefur verið milli rekstrarkostnaðar á þessum bifreiðategundum.

Af þessum ástæðum, fyrst og fremst vegna þess kostnaðar, sem af mælakaupum hefði leitt og þessu mikla stökki, hefur meiri hl. fjh.- og viðskn. ákveðið að leggja til að breytingin við núgildandi lög verði á þá leið að fastagjaldið verði hækkað miklu minna en gert var ráð fyrir í frv. á þskj. 148, til þess að ekki þurfi að leggja í þennan mikla aukakostnað við mælana. Þessi breyting er flutt sem sérstakt frv. á þskj. 204 og hefur í sér fólgna breytingu á 5. gr. núgildandi laga um fjáröflun til vegagerðar. Fastagjaldið er þar miðað við 70 þús. kr. í stað 42 þús. kr. áður, og af bifreiðum, sem ekið er gegn gjaldi samkv. löggiltum mælum, skal árgjaldið vera 30% hærra, þar sem það mun augljóst að þeim er ekið allmiklu meira. Fyrir utan þessa breytingu er ráðh. í síðasta málslið 1. gr. frv. veitt heimild til að hækka bensíngjald og þungaskatt í hlutfalli við hækkun á byggingarvísitölu. Á meðan þessi gjöld eru aðaltekjustofnar íslenskrar vegagerðar hljóta þau að verða að hækka eitthvað samfara kostnaðarhækkunum við vegagerð ef þar á ekki að skapast algjört vandræðaástand. Það er að mati meiri hl. n. heppilegra að það sé ekki tekið í allt of stórum stökkum, eins og hefur viljað verða þegar það er bundið fast í lögum.

Akvörðunin um heildarupphæðina, þ. e. a. s. þörfina á því fjármagni sem fæst með þessu gjaldi, er eftir sem áður í höndum Alþ., þar sem það er ákveðið í vegáætlun.

Að lokinni þessari umr. óska ég eftir að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Málatilbúnaður hæstv. ríkisstj. í þessu máli er mjög svipaður því sem gerist í flestum öðrum málum sem birtast hér í þinginu. Það er boðað fyrst að einhver ákveðin stefna skuli uppi höfð eða að haldið skuli á málum á einhvern ákveðinn hátt, og svo líður nokkur tími og aðeins eru fáir dagar til jóla og þá er því öllu kollvarpað aftur og komið með málin í allt öðrum búningi en boðað hafði

verið. Þetta hefur ekki gerst einu sinni, ekki tvisvar, ekki þrisvar, heldur a. m. k. fjórum sinnum nú seinustu dagana, og eitt af þessum málum er sem sagt það mál sem hér er til umr. um þungaskatt á dísilbifreiðum.

Ég ætla ekki við 1. umr. málsins að fara mörgum orðum um þetta mál, því að ég vek á því athygli að þetta er 1. umr. málsins. Það er búið að draga til baka stjórnarfrv., sem lagt var fram, og búið að leggja fram annað frv. gjörbreytt að öllum búningi. (**Gripið fram í**: Miklu betra.) Það er aftur á móti sennilega alveg rétt hjá hv. þm., að hið síðara frv. er þó skömminni til skárra en það fyrra, og má kannske segja að batnandi manni sé best að lifa. En staðreynd er það engu að síður að bæði frv. eru meingölluð, og það er ókosturinn við bæði þessi frv., að lögð er óhæfileg byrði á eigendur dísilbifreiða. En eins og ég ætlaði að fara að segja, þá er þetta 1. umr. málsins og ég hef hugsað mér að gefa út nál. að henni lokinni ef meiri hl. n. vill ekki fallast á nauðsynlegar breytingar á sínu frv., og þá gefst betra tækifæri til þess að ræða þetta mál og rökstyðja það frekar. Ég vildi hins vegar, án þess að ætla að gerast hér of langorður, aðeins segja hver afstaða mín er til málsins. Hún er einfaldlega sú, að það sé sanngjarnast og eðlilegast að það 16 kr. gjald, sem innheimt er af hverjum bensínlítra og rennur til Vegasjóðs, sé einnig lagt á dísilolíu, þannig að dísilolía hækki í verði úr 32 kr. í 48 kr., en að þungaskattur sé með öllu aflagður og ekki innheimtur.

Ég þarf ekki svo sem að eyða löngu máli í að rökstyðja það, að slík tilhögun væri miklu sanngjarnari gagnvart bifreiðaeigendum, því að þá færi það eftir því hvað þeir eyða raunverulega miklu af olíu hvað þeir eru látnir greiða. En í öðru lagi væri þetta að sjálfsögðu miklu hagkvæmara fyrir þjóðarbúið, því að þetta hvetti menn til þess, að eiga og reka dísilbifreiðar frekar en bensínbifreiðar. En þar er einmitt einn helsti ágalli á því frv., sem hér liggur nú fyrir, að ég tali nú ekki um frv. sem var fyrirrennari þess, að þau frv. skáru sig frá því ástandi sem verið hefur í þessum málum, að það var ekki lengur uppörvandi fyrir menn að eiga og reka dísilbifreiðar. Útkoman hefði því orðið mjög óhagstæð með fyrra frv. og að minni hyggju einnig óhagstæð með hinu síðara frv.

Menn kunna að segja að það sé erfitt að leggja 16 kr. gjald á dísilolíu og hækka hana úr 32 kr. í 48 kr. vegna þess að þá geti menn stundað það að kaupa sér húsaolíu til kyndingar og notað hana síðan á bílinn sinn ellegar að kaupa útgerðarolíu og nota hana á bílinn sinn. En ég vildi aðeins benda á það í þessu sambandi, að það er þrenns konar verðlag á olíu í dag. Það er olía til útgerðar sem kostar rúmar 6 kr., það er olía til húsahitunar sem kostar 24.20 kr. og það er olía til aksturs sem kostar 32 kr. Það er því slíkt ástand ríkjandi í dag, að ef menn hafa vilja og möguleika til að svindla á kerfinu, þá geta þeir það og eru hvattir til þess með allmiklum verðmismun, þannig að með þessari breytingu, þ. e. a. s. með því að taka hreinlega vegaskattinn inn í olíugjaldið, þá breyttist ekki skipulag þessara mála frá því sem nú er. Það væri að vísu orðinn meiri munur á olíuverði til húsahitunar og hinu almenna verði til vélanotkunar, en sá munur væri stigsmunur, en ekki eðlismunur. Auk þess vil ég benda á það, að í mörgum öðrum löndum er glímt við nákvæmlega sama vandamál og hér er verið að glíma við og þar er þetta yfirleitt leyst með þesum hætti, að það er reynt að taka þennan skatt inn í olíuverðið, þó að það kosti það, að það verði mismunandi verð á olíu, og síðan er reynt að leysa það með ýmsum ráðum að ekki verði um mikið svindl að ræða hvað þessa innheimtu snertir. T. d. má geta þess að í sumum löndum hefur það tíðkast að lita olíuna í mismunandi litum.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar. Ég vildi orða þessa meginskoðun mína strax til þess að mönnum gæfist þá tækifæri til að hugleiða málið, því að ég er ekki enn úrkula vonar um að vanhugsað mál, eins og þetta er, kynni að verða tekið til endurskoðunar með það fyrir augum að finna skipulag sem væri heppilegra en þetta skipulag er.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að tala í þessu máli, en hv. 5. þm. Norðurl. v. gaf mér tilefni til þess að koma hér upp í stólinn vegna orða hans um vinnubrögð ríkisstj. í þessu máli. Þó að ég ætli ekki að fara að verja þau í öðrum málum, þá ætla ég þó að gera það í þessu. Við vorum sammála um það, hv. 5. þm. Norðurl. v. og ég, strax á fyrsta fundi fjh.- og viðskn. þessarar hv. d., þegar þetta mál kom fyrst fram í öðru formi en nú er lagt hér til, að það væri slæm ráðstöfun að skylda menn til þess að kaupa þessa mæla í bílana sem væru dýrir og kölluðu á mikið eftirlit og svo viðgerðir og áframhaldandi kostnað við endurnýjun og fleira. Okkur kom saman um að það væri réttast að setja fast gjald á eins og nú er komið hér í frv.-formi, þannig að ég held að það, sem við lögðum til báðir tveir, liggi nú fyrir, og n. varð sammála um að beita sér fyrir því. Ég hef ekki heyrt áður á neinum nefndarfundanna, sem við höfum haldið um þetta mál, og þeir voru 3, ef ekki 4, þá hugmynd hv. þm., sem hann var hér með, að bæta 16 kr. gjaldi á lítrann af olíu og skapa þar með enn þá meiri mun á húshitunarolíu eða bátaolíu og dísilolíu til bifreiðanotkunar, sem náttúrlega gefur, eins og hann segir sjálfur, miklu meiri möguleika á því að fara kringum lögin. Ég lái ekki nokkrum manni að hann vilji kaupa olíu á 6 kr. og eitthvað lítrann ef hann sér að hann getur komist hjá að borga meira verð fyrir hann. (**RA**: Hann getur það í dag.) Hann getur það í dag, já, en nú eykur það vilja manna til þess að fara kringum lögin ef olíuverð til dísilbílanotkunar er hækkað, og ég lái þeim ekkert þó að þeir geri það, ef olía er á annað borð til á 6 kr. lítrinn, að kaupa hana og nota hana á þann hátt sem þeir þurfa á henni að halda. Það kemur mér ekkert á óvart.

Hitt er annað mál, og það er mergur máls míns, og ég ætla að leiðrétta það, að ég hef ekki orðið var við það hjá hv. þm. að vinnubrögðin hafi verið slæleg eða röng í sambandi við það að breyta eða falla frá mælunum í bílana og í það form sem nú er mælt með, því að

það var ósk okkar beggja. Aftur á móti lýsi ég mig fyrir fram mótfallinn þeirri hugmynd sem hann kom með hér um 16 kr. viðbótargjald á olíulítrann til aksturs. Ég held að það bjóði þeirri hættu, sem hann er að vara við, enn þá meira heim en nú virðist vera.

Í þessu frv., eins og það liggur fyrir, höfum við ekki verið alveg sammála um gjaldið, þ. e. a. s. 70 þús. kr. viðmiðunargjald. Ég hefði líka viljað eins og hv. þm. Ragnar Arnalds hafa það lægra, en mér fannst þetta vera skref í alveg rétta átt sem n. hefur tekið þarna og þegar hún féll frá mælunum í bifreiðunum og festi sig við ákveðið gjald. Ég vildi heldur styðja þá stefnu, sem var mörkuð þarna af formanni n. og fleirum, heldur en að láta verða ágreiningsatriði sjálft gjaldið, sem er þó sanngjarnt eftir því sem ég hef komist næst í samtölum mínum við atvinnubifreiðastjóra, formann félags þeirra.

Ég sem sagt lýsi mig samþykkan þessu frv. sem ég er meðflm. að, en gegn þeirri hugmynd sem fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni, 5. þm. Norðurl. v.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Orð mín áttu ekki að skiljast svo að ég væri að álasa nefndinni fyrir hennar störf. Ég tók það einmitt fram að það frv. sem hún skilaði frá sér, væri stórum skárra en það sem ríkisstj. skilaði frá sér. Þegar ég nefndi slæm vinnubrögð, þá átti ég einfaldlega við það að ríkisstj., sem leggur fram stjórnarfrv. á Alþ., á að hugsa áður en hún semur frv. og leggja hér fram frv. sem hún síðan getur treyst sér til að verja og standa við. Slíkt getur að vísu komið fyrir í einstaka tilviki, að menn neyðist til þess að afturkalla mál sem þeir hafa hér flutt af því að þau reynist vanhugsuð. En ég var að ávíta það að þetta gerðist hér í hverju málinu af öðru, að ríkisstj. væri með yfirlýsingar um að hún ætlaði að halda á málum með ákveðnum hætti. Við vitum hvernig þetta er í sambandi við almannatryggingarnar, og við vitum hvernig þetta er í sambandi við tekjuskiptinguna milli ríkis og sveitarfélaga. Allt þetta hefur gjörbreyst frá því að upphaflegar yfirlýsingar voru gefnar, og það var þetta sem ég var að gagnrýna.

Varðandi það, að í nefnd hefðum við hv. þm. talið að einmitt ætti að stefna í þessa átt, að fella niður mælana og lækka gjaldið, þá er það laukrétt. Við lögðum megináherslu á einmitt þessi tvö atriði, og ég tel að það séu einmitt kostir þessa frv. að við því hefur verið orðið, mælarnir hafa verið lagðir niður, enda var það einhver sú alvitlausasta till. sem lengi hefur séð dagsins ljós á Alþ., að ætla að fara að stefna mönnum út í 70—80 millj. kr. útgjaldaauka vegna þessara mælakaupa. Það var ekki annað að sjá en þetta væri aðallega gert til þess að skapa ákveðnum innflytjanda sem mestar tekjur af innflutningi. Og eins er hitt, að gjaldið var óhæfilega hátt. Nú hefur þessu verið breytt, en að minni hyggju hefur ekki verið gengið nægilega langt. Eins og ég skýrði meðnm. mínum frá í morgun, er gjaldið enn allt of hátt. Ég tel að það þyrfti að lækka um a. m. k. 20 þús. í hvoru tilviki um sig til þess að það gæti átt rétt á sér. Hins vegar vil ég upplýsa það, að eftir að nefndarfundir voru haldnir fyrir helgi hef ég rætt þetta mál töluvert við bílstjóra, og eftir að hafa skipst á skoðunum við menn um það er ég orðinn sannfærður um að langréttlátasta leiðin er sú að leggja 16 kr. gjald á olíuna líka, því að með þeim hætti geta menn leyft sér að eiga dísilbíl án þess að keyra nein lífandis ósköp, en þegar gjaldið er svona gríðarlega hátt, að einstaklingar, sem nota bíl til eigin þarfa, þurfa að borga 70 þús. kr. bara í þungaskatt og atvinnubílstjórar þurfa að greiða 91 þús. kr., þá þurfa menn að keyra býsna mikið áður en menn fara að vinna upp þetta fastagjald, og það er sem sagt með þeim hætti verið eiginlega að banda mönnum frá að nota svona bíla nema þeir keyri áreiðanlega töluvert yfir 20 þús. km. Þetta má allt ræða betur við 2. umr. og nefna þar ákveðin dæmi, en þetta er sem sagt ástæðan fyrir því að ég hef skipt um skoðun hvað það snertir að ég tel að við eigum að afnema gjaldið með öllu, það sé vitlaust og heimskulegt skipulag, og taka eigi upp fast gjald á lítra.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 32. fundur.

Miðvikudaginn 17. des., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Fiskveiðasjóður Íslands, frv. (þskj. 173, n. 180). — 2. umr.

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Virðulegi forseti. Mál þetta fjallar um að breyta lögum eða réttara sagt að framlengja gildandi lög um Fiskveiðasjóð Íslands. Í gildandi lögum um hann eru ákvæði þess efnis, að 1% útflutningsgjald af fob.-verði útfluttra sjávarafurða, með nokkrum undantekningum þó, skuli ganga til Fiskveiðasjóðs. En í gildandi lögum eru ákvæði þess efnis, að þetta eigi að falla niður 31. des. 1975. Þetta frv. er hins vegar þess efnis, að gjald þetta skuli haldast við og það verði reiknað á sama hátt og áður og einnig renna til Fiskveiðasjóðs, og þykir sumum sem ekki sé vanþörf á.

Við höfum haft þetta mál til meðferðar í sjútvn. hv. d. N. er sammála um að mæla með afgreiðslu þessa frv., en við afgreiðslu málsins voru tveir nm. fjarstaddir. Ég mæli þess vegna með, fyrir hönd n., að frv. þetta verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Verðjöfnunargjald raforku, frv. (þskj. 123). — 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Forseti. Þetta frv. felur í sér framlengingu um eitt ár á verðjöfnunargjaldi raforku. Það var lagt fyrir hv.

Ed. og samþ. þar. Núgildandi lög um verðjöfnunargjald raforku falla úr gildi í árslok 1975, og breyt. er í því fólgin að miðað verði við árslok 1976 í staðinn.

Í frv. til fjárl. fyrir næsta ár er gert ráð fyrir þessum tekjum vegna rekstrar Rafmagnsveitna ríkisins.

Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til iðnn. með 24 shlj. atkv.

Lækkun lögbundinna framlaga á fjárlögum, frv. (þskj. 120, n. 184 og 191). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Ólafur G. Einarsson): Hæstv. forseti. Fjh.- og viðskn. hefur athugað þetta frv., en varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ., en minni hl. skilar **séráliti.**

Frsm. minni hl. (Lúðvík Jósepsson): Forseti. Á þskj. 184 er nál., sem við stöndum að, hv. 9. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason, og ég. Í þessu nál. lýsum við yfir andstöðu okkar við þetta frv., en efni þess er í stuttu máli að veita ríkisstj. heimild til þess að lækka um allt að 5% framlög til ýmissa mála sem bundin eru í lögum.

Í nál. okkar birtum við nokkrar upplýsingar um málið, sem n. bárust, en þar er að finna grg. um það, að verði þessi 5% heimild notuð í samræmi við það, sem gert er ráð fyrir á fjárlagafrv., þá mundi hér vera um að ræða lækkun á ríkisútgjöldum á næsta ári um rúmlega 276 millj. kr. En fleiri liðir en þarna eru til greindir geta komið til, enda mun vera gert ráð fyrir í grg. fjárlagafrv. að hægt eigi að vera að spara í ríkisútgjöldum eftir þessari heimild um 300 millj. kr.

Það vekur athygli við þessar upplýsingar, að það er fyrst og fremst einn liður, sem hér dregur eitthvað sem heitir í sparnaði, en það er lækkun á útgjöldum til vegagerðar um 175 millj. kr. af þessum 276 sem gert er ráð fyrir að spara með þessum hætti. Það virðist fremur óeðlilegt að hægt sé að nota þessa heimild á þennan hátt, þ. e. a. s. að lækka útgjöld til vegagerðar um 175 millj. kr. samkv. þessari heimild, vegna þess að eins og kunnugt er, þá leggur ríkissjóður Vegasjóði tiltölulega lítið fé til framkvæmda hans, en Vegasjóður hefur fyrst og fremst markaða tekjustofna sem aðallega eru af umferðinni í landinu, þ. e. a. s. bensíngjald og þungaskatt af bifreiðum og nokkur önnur skattgjöld. En vegna þess að þessir sérstöku tekjustofnar Vegasjóðs renna að forminu til í gegnum ríkissjóð, þá virðist vera gert ráð fyrir því að ríkissjóður geti skorið niður þessar greiðslur um 5% samkv. þessari heimild og minnkað þannig tekjur Vegasjóðs um þessa fjárhæð, þó að Vegasjóður hafi átt að fá þessar tekjur samkv. sérstökum lagaákvæðum og þær eigi þangað að renna í rauninni beint, þó að þær fari bókhaldslega í gegnum ríkissjóð. Þetta tel ég fyrir mitt leyti alveg óeðlilegt, og þetta er kannske ljósasta dæmið um það, að þessi niðurskurðarheimild, sem hér er verið að leita eftir, er óraunhæf. Það eru allar líkur til þess, að það verði harla lítið úr henni í framkvæmd.

Á öðrum liðum, sem þarna eru veittar upplýsingar um, dregur þessi niðurskurður harla lítið. Það er að vísu um 20 millj. kr. lækkun á framlagi til Fiskveiðasjóðs, um 15 millj. kr. lækkun á framlagi til Stofnlánadeildar landbúnaðarins og 31 millj. kr. lækkun á framlagi til Atvinnuleysistryggingasjóðs. En aðrar fjárhæðir, sem sparast mundu með þessari heimild, eru mjög óverulegar, eins og til Kirkjubyggingasjóðs. Þar er gert ráð fyrir að spara 5 þús. kr. á ári, og ýmsar aðrar upphæðir eru hér mjög óverulegar. Ráðgert er að spara á sjálfum Kristnisjóði 315 þús. kr. með þessu. Og hér er nefndur Húsfriðunarsjóður, það á að spara á honum 217 þús. kr.

Ég held að hér sé í rauninni farið inn á alranga braut af hæstv. ríkisstj., að ætla sér að ná fram nokkrum teljandi sparnaði í útgjöldum ríkissjóðs með þessari heimild. Hér er í flestum greinum um að ræða lögbundin framlög til ýmiss konar starfsemi og til ýmissa sjóða í landinu, — framlög sem verður að telja að séu réttmæt og eðlileg og það sé varla eðlilegt að fara að skera þetta niður. Ég efast því um að það verði nokkuð úr þessum sparnaði í reynd, nema þá að það verði farnar krókaleiðir eins og þessi, sem snertir Vegasjóð, sem vægast sagt er óeðlileg, að ríkissjóður geti náð fram sparnaði í rekstri sínum um 175 millj. kr. á raunverulega sérmörkuðum tekjum Vegasjóðs. Vegna þess að hæstv. samgrh. er hér viðstaddur, þá hefði ég gjarnan viljað heyra álit hans á því, hvort hann sé ánægður með það að markaðir tekjustofnar Vegasjóðs eins og ástatt er í fjármálum Vegasjóðs nú, verði skornir niður samkv. þessari heimild um 175 millj. kr. Ég hélt satt að segja, að þau mál stæðu þannig, að menn væru miklu frekar uppi með hugleiðingar um að afla Vegasjóði meiri tekna, til þess að hann gæti staðið við algjörlega nauðsynlegar framkvæmdir, en ekki að markaðir tekjustofnar hans væru teknir á þennan hátt inn í sparnaðardæmi ríkissjóðs.

Ég vísa að öðru leyti til nál. okkar á þskj. 184. Við erum andvígir þessu frv. og leggjum til, að það verði fellt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18:11 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 18:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17:6 atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 122, n. 185 og 192). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Ólafur G. Einarsson): Hæstv. forseti. Fjh.- og viðskn. hefur athugað þetta frv., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Frv. felur í sér að fasteignamatsverð skuli margfaldað með 2.7 við álagningu eignarskatts á næsta ári. Meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþ., eins og fram kemur á þskj. 192.

Vegna framkominnar till. frá minni hl. vil ég benda á að verði sú till. samþ. mun hún þýða u. þ. b. 100 millj. kr. tekjutap fyrir ríkissjóð frá því, sem ætlað er samkv. frv., og yrði þá að brúa það bil með einhverjum öðrum hætti.

Ég vil einnig benda á það, að fasteignamatið 1970 var nær raungildi þá en það yrði nú, miðað við 2.7—földun matsins. Hlutur fasteigna í eignarskattsálagningunni verður því minni þrátt fyrir þessa margföldun heldur en var þá.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta frekar, en ítreka að meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþ.

Frsm. minni hl. (Lúðvík Jósepsson): Forseti. Á þskj. 185 skilum við hv. 9. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason, og ég sérálitli í þessu máli og leggjum þar til að gerð verði nokkur breyt. á frv.

Meginefni frv. er það, að við álagningu eignarskatts til ríkissjóðs skuli margfalda með 2.7 núgildandi fasteignamat. Það er skoðun okkar að það sé ekki óeðlilegt að matsverð á fasteignum til eignarskatts sé hækkað. Við teljum að það sé full ástæða til þess vegna þeirra breytinga sem orðið hafa á verðgildi eigna síðan fasteignamatið var gert og getum því út af fyrir sig samþ. þá till. í frv. sem miðar að þessu.

En í frv. er gerð önnur breyt. frá gildandi lögum og hún varðar þá fjárhæð í fasteignum sem telst vera skattfrjáls. Í gildandi lögum er 1 millj. heimiluð skattfrjáls, og ekki kemur til skattlagningar fyrr en eign er yfir þeirri fjárhæð. Með þessu frv. er lagt til að sú fjárhæð verði hækkuð í 2 millj. kr. En við leggjum til í okkar brtt. að þetta mark verði haft alveg hliðstætt því sem áður var og markið 1 millj. verði því margfaldað einnig með 2.7 og ekki verði um að ræða skattlagningu fyrr en eignin nemur yfir 2.7 millj. kr.

Með breytingunni, sem felst í þessu frv., er verið að skattleggja ýmsa þá sem hingað til hafa ekki þurft að greiða eignarskatt af eignum sínum. Það er verið að færa sig neðar en áður var, og er talið að þessi aukaskattlagning á þá aðila, sem undir þetta mundu falla, geti numið í kringum 100 millj. kr. Við teljum að það sé ekki ástæða til að gera þessa breytingu og að hún mundi koma í mörgum tilfellum mjög illa við. Það er þekkt fyrirbæri að t. d. gamalt fólk, sem hefur ekki orðið neinar teljandi tekjur nema eftirlaunatekjur, eigi fasteignir, sem mundu vera metnar til þess verðs sem hér er verið að ræða um til skattlagningar. Við sjáum ekki ástæðu til að breyta þeim hlutföllum, sem hafa ríkt í þessum efnum, og vera að teygja sig til þess að skattleggja m. a. þessa tekjulausu aðila, þó að þeir eigi fasteignir sem metnar eru á þessu verði eða hafa verið metnar á 1 millj. kr., en mundu nú eftir þessa breytingu verða metnar á 2.7 millj.

Sem sagt, við leggjum til að sú breyt. verði gerð á frv. sem er að finna í till. á þskj. 185.

Guðmundur H. Garðarsson: Virðulegi forseti. Ég vil segja nokkur orð í sambandi við þetta frv. og þá einkum í sambandi við frádráttarreglur þess. Það kemur fram í aths. með frv. að hér sé um að ræða samræmingu á eignarskattsálagningu til samræmis við verulegar hækkanir á gangverði fasteigna í landinu almennt, eins og segir í grg., og einnig segir að með þessu sé verið að brúa bil á milli almennrar hækkunar fasteignamats annars vegar og almenns verðlags hins vegar.

Ég er að mörgu leyti sammála því sem síðasti hv. ræðumaður sagði í sambandi við frádráttarreglur, að ef því ákvæði verður ekki breytt í þessu lagafrv., þá muni það koma mjög hart niður á mörgum smáeignarmanninum ef frv. verður samþ. Ef samræmi hefði átt að vera á milli þess, sem þetta frv. gerir ráð fyrir í samræmingu á fasteignamati og eignarskattsálagningu annars vegar og því, hver er staða þeirra sem eiga einhverjar eignir hins vegar, til þess að það sé sambærilegt við það, sem var árið 1970, þá væri réttara og eðlilegra að upphæð til frádráttar hækkaði í allt að 6 millj. kr.

Með tilliti til þessa mun ég greiða atkv. gegn þessu frv., og þar sem ég hef ekki gert till um breyt. eða komið með neina brtt. við frv., þá vildi ég láta afstöðu mína koma hér fram.

ATKVGR.

Brtt. 185 felld með 14:17 atkv.
1. gr. samþ. með 15:10 atkv.
2. gr. samþ. með 14:8 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16:6 atkv.

Launaskattur, frv. (þskj. 76, n. 190). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Hæstv. forseti. Eins og fram kemur á þskj. 190 er fjh.- og viðskn. sammála um að mæla með þessu frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Neðri deild, 33. fundur.

Miðvikudaginn 17. des., að loknum 32. fundi.

Fiskveiðasjóður Íslands, frv. (þskj. 173). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Það eru aðeins nokkur orð út af þessu frv. Ég vil taka það fram að þó að hér sé um framlengingu á 1% gjaldinu að ræða, þá kemur auðvitað það til athugunar og endurskoðunar ef sjóðakerfi sjávarútvegsins verður breytt á næsta ári, en að því er nú unnið. Ég vildi aðeins að þetta kæmi hér skýrt fram, áður en frv. er afgr. út úr deildinni.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Lækkun lögbundinna framlaga á fjárlögum, frv. (þskj. 120). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Magnús T. Ólafsson: Hæstv. forseti. Áður en þetta mál er afgr. frá d. tel ég mig knúinn til að vekja athygli hv. þm. á merkilegri samsvörun, talnasamsvörun, sem kemur í ljós á tölum sem taldar eru upp í nál. með þessu frv., nál. á þskj. 184, og tölum sem fram koma í nýsamþykktri brtt. við fjárlagafrv. fyrir árið 1976. Hér er verið að fjalla um heimild fyrir ríkisstj. til að lækka lögbundin framlög á fjárl., ekki aðeins ársins 1976, heldur líka 1977, um allt að 5%, og í nál. á þskj. 184 er rakið hverjar þessar lækkanir geti orðið á einstökum fjárlagaliðum. Þar kemur m. a. fram, að lækkun á fjárveitingu til Iðnlánasjóðs gæti orðið 2 millj. 500 þús. og Iðnrekstrarsjóði sama upphæð hálf þriðja millj. En á þskj. 169, brtt. fjvn. við frv. til fjárl. fyrir árið 1976, eru í till. 50 lögð til hækkun á framlögum til lánasjóða iðnaðarins. Það eru einmitt þessir sömu sjóðir sem hugsanlegt er talið að skera niður og unnt ætti að vera eftir þessum frumvarpsákvæðum að skera niður um 2.5 millj. hvorn. Í brtt. við fjárlagafrv., till. 50, er hins vegar gert ráð fyrir að hækka framlög ríkissjóðs einmitt til þessara tveggja lánasjóða iðnaðarins, Iðnlánasjóðs og Iðnrekstrarsjóðs — að hækka framlagið til hvors úr 47.5 millj. í 50 millj. Þarna er sem sagt verið að hækka framlögin til þessara tveggja sjóða um nákvæmlega sömu krónutölu og gert var ráð fyrir að skera þau niður. Mér finnst þetta mjög merkilegt fyrirbæri, að á sama fundi og samþ. er hér með öllum greiddum atkv. að hækka framlög ríkissjóðs til þessara tveggja lánasjóða iðnaðarins um 2.5 millj. er verið að samþykkja með atkv. stjórnarliðsins heimild til þess að skera þessa sjóði niður um nákvæmlega sömu krónutölu og verið er að hækka þá.

Þetta gefur tilefni til nokkurra spurninga. Er það kannske svo, að þeir fjárlagaliðir, sem gert er ráð fyrir að skera niður, hafi almennt innifaldar fjárhæðir fyrir niðurskurðinn? Er þarna hæstv. iðnrh., sem ég geri ráð fyrir að hafi beitt sér fyrir þessum hækkunum til lánasjóða iðnaðarins, — er hann, sem var hér fjarverandi alllengi meðan verið var að undirbúa fjárlög, að færa þessa fjárlagaliði síns rn. til samræmis við það sem aðrir ráðh. hafa kannske gert áður, eða eru þetta alveg sérstök klókindi hæstv. iðnrh., að taka þessa tvo sjóði út úr til þess að þar sé gert ráð fyrir hugsanlegum niðurskurði frá öndverðu, svo að þeir standi jafnréttir eftir þótt niðurskurðurinn eigi sér stað? Hvort heldur sem er, þá hlýt ég að draga þá ályktun af þessari málsmeðferð að hér sé um að ræða sýndarmennsku, og reyndar tel ég að ýmsir þeir liðir, sem upp eru taldir á þskj. 184, beri það með sér að þessi lækkunarheimild sé fyrst og fremst sett fram til þess að sýnast, að sýna á pappírnum lit á sparnaði og aðhaldi, en framkvæmdin verði eitthvað eftir því sem gefið er til kynna með því að heimila á sama fundi hækkun á fjárlagalið og niðurskurð á honum aftur um nákvæmlega sömu krónutölu.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Varðandi fyrirspurn hv. 3. landsk. þm. um það hvort tölur fjárlagafrv. hefðu innifalinn niðurskurð á 5%, þá er ályktun hans rétt.

Við 1. umr. þessa máls í þessari hv. d. gerði ég grein fyrir því að ákveðnir liðir, þar sem um væri að ræða lögbundin framlög, hefðu verið færðir niður sem næmi 5%, í frv. væri einungis verið að óska eftir heimild til þess að tiltekin framlög á fjárl. lækkuðu um 5%. En ég vék að því, að það væri að sjálfsögðu fjárveitingarvaldsins: fjvn. og síðan Alþ., að taka ákvörðun um hvort þessi heimild, sem sótt er eftir með þessum lögum, væri notuð eða ekki. Hér hefur það einmitt skeð, að fjvn. hefur talið eðlilegra að láta þennan 5% niðurskurð ekki koma á þessa tvo liði. Hins vegar vil ég svo vekja athygli þm. á því, að hér er óskað heimildar ekki aðeins vegna fjárlaga 1976, heldur og fjárlaga 1977, þannig að það, sem hér hefur gerst í dag í sambandi við 2. umr. fjárl. og atkvgr. þar og þegar við ræðum þetta frv., er að mínum dómi ekkert sem stangast á, heldur nákvæmlega það sem ég gerði grein fyrir við 1. umr. þessa máls. Hér er verið að afla heimildar til þess að færa niður lögboðin útgjöld, en það hlýtur og það verður alltaf Alþ. sjálft sem metur það, hvort til þeirrar niðurfærslu kemur, bæði fyrir fjárlög ársins 1976 og 1977.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18:9 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 205).

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 122). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 206).

Launaskattur, frv. (þskj. 76). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 207).

Vörugjald, frv. (þskj. 101, 198). — 3. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Hæstv. forseti. Brtt., sem fluttar eru á þskj. 198, fela það í sér, að í stað þess að hið sérstaka vörugjald falli að fullu niður í ársbyrjun 1976 lækki það í

áföngum á næsta ári. Þannig er gert ráð fyrir að gjaldið verði 10% fyrstu 8 mánuði ársins og 6% síðustu 4 mánuði ársins og gildi til áramóta 1976—1977. Áætlað er að tekjur af gjaldinu á árinu 1976 verði um 2 milljarðar og 200 millj. kr. Jafnframt er ákveðið, að úr þeirri lækkun niðurgreiðslna, sem ráðgerð var á næsta ári í fjárlagafrv., verði dregið að mun. Verður lagt til að fjárveiting til niðurgreiðslu vöruverðs verði 700 millj. kr. hærri en var í frv. í upphaflegri gerð. Þessi ákvörðun er nauðsynleg til þess að halda þeirri meginstefnu fjárlagafrv., að það feli ekki í sér aðgerðir sem valdi verðhækkun, fremur hið gagnstæða. Þessar ráðstafanir teknar saman styrkja því fjárhag ríkissjóðs um 1500 millj. kr. á næsta ári frá því sem annars hefði orðið.

Ástæðurnar til þess, að þessar till. eru nú fluttar, eru einkum tvær.

Í fyrsta lagi er sýnt að fjárhagsstaða ríkissjóðs á árinu 1975 verður mun erfiðari en ætlað var á miðju ári, þegar vörugjaldið var á lagt. Þótt hið sérstaka vörugjald virðist munu skila nokkru minni tekjum en áætlað var, eða 1300 millj. kr. í stað 1700 millj. kr., eru nú horfur á, að innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu 1975 verði um 50 milljarðar kr., eða svipaðar og áætlað var í sumar. Hins vegar verða útgjöldin í heild þó nokkru hærri, og að teknu tilliti til lánahreyfinga má búast við því að greiðsluhalli ríkissjóðs verði rúmlega 3 milljarðar á árinu. Hér veldur mestu að enn eru að koma fram margvísleg tafin áhrif af þeirri öru verðbólgu sem geisað hefur hér undanfarin tvö ár. Þótt á síðari helmingi þessa árs hafi hægt stórlega á verðhækkunum eru enn að koma fram víða í ríkisbúskapnum kostnaðarhækkanir sem teygja sig langt aftur. Af þessum sökum verður við endanlega afgreiðslu fjárl. að reikna með vöxtum og afborgunum af skuldum ríkissjóðs við Seðlabankann sem stofnað hefur verið til á þessu ári. Til þessa verður að ætla a. m. k. 900 millj. kr. Auk þess koma til skuldbindingar vegna sjávarútvegsins sem nú á við örðuga afkomu að búa. Í fyrsta lagi skuldbinding vegna gengistryggingar, innstæðna í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins, sem lögum samkv. fellur á ríkissjóð en til þess verður að ætla um 350 millj. kr. á næsta ári, en auk þess er hér um að ræða sérstaka ábyrgð ríkissjóðs á greiðslugetu frystideildar Verðjöfnunarsjóðs vegna framleiðslunna okt.—des. 1975, aukið framlag til Ríkisábyrgðasjóðs vegna togaralána og skuldbindingar vegna lána sem tekin hafa verið til þess að létta kröfum Lífeyrissjóðs sjómanna af togaraútgerðinni. Þá má nefna útgjaldaauka vegna kaupa á skipi fyrir Hafrannsóknastofnunina. Þessar skuldbindingar vegna sjávarútvegsins gætu numið á næsta ári um 900 millj. kr. Þessi atriði nefndi ég við 1. umr. fjárlagafrv., og ég mun nánar gera grein fyrir þeim við 3. umr., en þá verður einnig gerð grein fyrir endurskoðun tekjuáætlunar til samræmis við ríkjandi verðlag og kaupgjald. Niðurstaðan verður sú, að óhjákvæmilegt sé að halda vörugjaldinu að hluta á næsta ári til þess að koma á því jafnvægi í ríkisfjármálum, sem er forsenda efnahagsjafnvægis.

Önnur meginástæða þess, að sú leið er valin að halda vörugjaldinu að hluta lengur en ætlað var, er þróun utanríkisviðskipta á árinu 1975. Þrátt fyrir mikinn samdrátt innflutnings, eins og að var stefnt, hefur viðskiptahallinn orðið mun meiri en ætlað var og gjaldeyrisstaðan því afar tæp. Ástæðan er fyrst og fremst erfiðara útflutningsárferði en reiknað var með. Á allra síðustu mánuðum hefur innflutningur auk þess fremur virst vera að örvast. Við þessar aðstæður verður að telja hyggilegt að svipta ekki burt í einu lagi vörugjaldinu sem, þótt almennt sé, leggst fyrst og fremst á ýmsar innfluttar vörur sem naumast verða taldar til lífsnauðsynja. Ég tel víst að þessi skoðun mín eigi mikið fylgi meðal þm. og raunar alls almennings, ekki síst þar sem þessi gjaldtaka gerir kleift að halda meiri niðurgreiðslu á búvörum en annars væri.

Bein verðlagsáhrif af till. frv. svo breytts, ef samþ. verður, eru þau, að í stað lækkunar verðlags á mælikvarða framfærsluvísitölu um 10—12 stig vegna afnáms vörugjalds, kemur lækkun í upphafi ársins um 1.5 stig og síðar um 3.5—4 stig, til viðbótar frá 1. ágúst 1976. Til viðbótar við þessi verðlækkunaráhrif koma svo áhrif tollalækkana um 800—900 millj. kr. frá ársbyrjun samkv. tollskrárlögum sem meta má sem 1.5—2 stig. Áhrif af niðurgreiðslubreytingum, sem nú eru ráðgerðar, yrðu 2.5—3 stig til hækkunar í ársbyrjun, en 4 stig alls, þegar allt væri fram komið. Þannig yrðu þessar aðgerðir ekki til að hækka almennt verðlag í landinu á næsta ári, fremur hið gagnstæða, þar sem vörugjaldið og tollarnir ættu að hafa víðtækari verðlagsáhrif en fram koma í framfærsluvísitölu, eins og að er vikið í grg. fjárlagafrv.

Hæstv. forseti. Ég tel eðlilegt með tilliti til þeirrar brtt., sem hér er flutt, að umr. um þetta mál verði frestað og hv. fjh.- og viðskn. fái tækifæri til þess að skoða brtt. og fá þær upplýsingar sem hv. nm. óskuðu eftir, og þar sem einn þingflokkanna á ekki sæti í þeirri n. og þar sem þess er að sjálfsögðu óskað að hægt sé að hraða afgreiðslu málsins, tel ég rétt, að sá þingflokkur fái tækifæri til þess að fylgjast með og fá upplýsingar varðandi þetta mál á þeim nefndarfundi. Ég legg því til að umr. um málið verði frestað og hv. fjh.- og viðskn. fái tækifæri til þess að skoða málið, en svo að lokinni umr. verði brtt. samþykkt og málinu þannig breyttu vísað til Ed. til fyrirgreiðslu.

Umr. frestað.

Neðri deild, 34. fundur.

Bátaábyrgðarfélög, frv. (þskj. 110). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Þetta frv. um breyt. á l. um bátaábyrgðarfélög er samið af n. sem ég skipaði 12. nóv. á s. l. ári að ósk Landsambands ísl. útvegsmanna

og stjórnar og fulltrúafundar Samábyrgðar Íslands. Þessir aðilar tilnefndu sinn hvorn manninn í n. og sjútvrn. þann þriðja, og er frv. þetta, sem hér liggur fyrir, samhljóða álit þessarar n. Hér er ekki um viðamiklar breyt. að ræða á frv. um bátaábyrgðarfélög. Það er til samræmingar við lög um vátryggingarstarfsemi. Ég sé ekki ástæðu til þess að fjalla itarlega um þær breyt. því að aths. með frv. skýra það mjög vel. En ég vil taka það fram að um nokkur lagaleg atriði var leitað umsagnar Sveinbjarnar Jónssonar hrl., sem er lögfræðingur Samábyrgðar Íslands, og sömuleiðis lét Tryggingaeftirlitið n. í té athugasemdir við núverandi lög og reglugerðir. Hér er einnig um nokkrar breyt. að ræða þar sem hefur komið í ljós að agnúar eru á gildandi lögum. En það sem mest liggur á að gera, er að gefa út nýja reglugerð, bæði á grundvelli gildandi laga og eins til samræmingar þessu frv., ef að lögum verður. Þegar frv. var til meðferðar í nefnd í Ed. komu á fund n. þeir sem stóðu að þessu nál., a. m. k. tveir af þeim, til þess að gefa frekari skýringar. Að þeim fengnum var heilbr.- og trn. Ed. sammála um afgreiðslu málsins. Ef sú n., sem fær málið til afgreiðslu hér, óskar að fá aftur þessa menn á fund, þá er það auðvitað til reiðu.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri, en legg til að frv. verði vísað til hv. heilbr.- og trn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 21 shlj. atkv.

Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, frv. (þskj. 111). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég get að mestu leyti vísað til þess sem ég sagði áðan þegar ég fylgdi frv. um bátaábyrgðarfélögin úr hlaði. Þetta frv. er samið og unnið af sömu n. og samdi frv. um bátaábyrgðarfélögin, og eru ákaflega litlar og tiltölulega veigalitlar breyt. sem gerðar eru á lögum um Samábyrgðina. Það er fyrst og fremst í samræmi við lög um vátryggingastarfsemi sem voru samþ. eftir að þessi lög tóku gildi. Enn fremur er gerð ein breyt. Það er heimild til þess að boða aukafulltrúafund bátaábyrgðarfélaganna, ef þrjú eða fleiri bátaábyrgðarfélög óska þess, en það er ekki í gildandi lögum. Þetta er flutt einnig eftir ósk bátaábyrgðarfélaganna sjálfra eða fulltrúafundar þeirra. Að öðru leyti eru þessar breyt. í fullu samræmi við þær breyt. sem lagðar eru til á frv. um bátaábygðarfélög.

Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði þessu frv. vísað til heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 22 shlj. atkv.

Efri deild, 34. fundur.

Fimmtudaginn 18. des., kl. 2 miðdegis.

Fjáröflun til vegagerðar, frv. (þskj. 204, n. 212 og 218, 213). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jón Helgason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur haft til athugunar frv. til l. um breyt. á l. um fjáröflun til vegagerðar, og á þskj. 218 leggur meiri hl. n. til að frv. verði samþ. óbreytt. Minni hl. n. mun skila séráliti.

Ég þarf ekki að bæta mörgum orðum við það sem ég sagði hér við 1. umr. Það sem fyrir meiri hl. n. vakir, er fyrst og fremst það að gera innheimtu þessa gjalds sem ódýrasta, að hafa kerfið sem einfaldast svo að sem minnst af því fjármagni, sem lagt er á, fari í kostnað við að koma því til skila. Ég held að það sé það atriði sem þurfi að hafa í huga á sem flestum sviðum og athuga það nákvæmlega.

Í sambandi við brtt. minni hl. og ræðu hv. 5. þm. Norðurl. v. í gær langar mig að koma með örfáar ábendingar.

Í brtt. minni hl. er lagt til að lagður verði skattur á hvern lítra dísilolíu, 16 kr. á hvern lítra. Ef við athugum hvernig þetta kemur út t. d. fyrir bíl sem ekur 45 þús. km., eins og lagt er til grundvallar taxta leigubíla, og eyði hann um 13 lítrum á hundraðið, þá koma út úr þessum skatti 93 600 kr. eftir útreikningum sem við höfum fengið frá Landssambandi ísl. leigubifreiðastjóra. Hér er því um hækkun að ræða frá því sem lagt er til í frv. með fastagjaldinu og því held ég að það sé ekki til bóta hvað það snertir. Svo er aftur hvað varðar framkvæmdina á því að leggja þetta gjald á hvern lítra, þá var bent á það af hv. 12. þm. Reykv. í gær að það væri ekki auðvelt að koma því við. Hvernig á að fylgjast með því t. d. hvað er sett á vinnuvélar og hvað er sett á bíla? Það hefur sums staðar erlendis verið farið út í það að lita olíu sem er sett á bíla, en þá þarf heilan hóp af eftirlitsmönnum sem fylgist með því að það sé aðeins litaða olían sem er notuð til eldsneytis á bílana. Því held ég að það mundi ganga í þveröfuga átt og auk þess krefst það tvöfalds dreifingarkerfis sem einnig yrði stórkostlegur kostnaður af í okkar strjálbýla og fámenna landi. Það má aðeins geta þess að svíar t. d. reyndu að setja upp kerfið þannig að lita olíu á bifreiðar, en þeir hafa nú horfið frá því og tekið í staðinn upp annað kerfi. Ég held að þetta sé svo augljóst mál að það þurfi ekki að rökstyðja það frekar. En meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það er aðalefni þess frv. sem hér er til umr. og fjh.- og viðskn. hefur fjallað um, að hækka mjög verulega þungaskatt af dísilbifreiðum. Þungaskatturinn er í dag 42 þús. kr. á ári á hverja bifreið, en nú á að hækka þennan skatt upp í 70 þús. kr. fyrir bifreiðar til einkaafnota, — það er hvorki meira né minna en 71% hækkun — og

í 91 þús. kr. fyrir atvinnubílstjóra — það er 117% hækkun í einu vetfangi. Þetta er áreiðanlega einhver mesta skattlagning sem nú er á ferðinni og er þó af miklu að taka, því að það hefur komið í ljós að núv. ríkisstj. ætlar að gerast einhver mesta skattpíningarstjórn sem sögur fara af. Hún er stöðugt að bæta við nýjum og nýjum skattaálögum á þjóðina.

Það breytir engu um afstöðu okkar, sem skipum minni hl. n., þótt það frv. sem var fyrirrennari þessa frv., en hefur nú verið dregið til baka, hafi verið hálfu vitlausara en þetta frv. er. Þessi skattur er ósanngjarn. Hann er óheppilegur og hann er þjóðhagslega óhagkvæmur. Þegar lagður er skattur af þessu tagi á bifreiðar til hagsbóta fyrir umferðina í landinu, þá er mjög þýðingarmikið að skatturinn sé þjóðhagslega hagkvæmur, að hann örvi menn til þess að aka bílum sem eyða frekar litlu en miklu eldsneyti og að hann örvi menn til þess að eyða frekar olíu en bensíni vegna þess að hún er heldur ódýrari. Í þriðja lagi þarf skatturinn að vera sanngjarn, því að staðreyndin er sú að skatturinn leggst auðvitað mjög misjafnlega á bifreiðar eftir því í hvaða formi hann er.

Ég lít svo á að þungaskatturinn sé neikvæður gagnvart öllum þessum atriðum. Hann er í fyrsta lagi mjög ósanngjarn gagnvart þeim sem aka lítið því að þeir, sem aka kannske 10—15 þús. km á bílum sem eyða t. d. 10 lítrum á 100 km, verða að borga upp undir það tvöfalt meiri skatt til Vegasjóðs en þeir sem keyra bensínbíla. Það er sem sagt verið að fæla menn frá því að nota þessar tegundir af bílum, og það er því aðeins að menn keyri mjög mikið að það getur svarað kostnaði að nota þessa tegund bifreiða. Ég hef reiknað það út t. d. hvað snertir dísilbíla og bensínbíla sem eyða 10 lítrum á 100 km, og kemur í ljós að menn verða að aka yfir 32 þús. km ef um atvinnubílstjóra er að ræða til þess að það svaraði kostnaði að vera á dísilbíl og borga þennan mikla þungaskatt. En til viðbótar koma mjög mörg óþægindi sem menn hafa af því að keyra dísilbíla. Þeir eru hávaðasamari og þeir eru erfiðari í frostum í gangsetningu, þeir eru miklu dýrari í innkaupi, og af þeim sökum er ljóst að það þarf að vera töluvert mikið sem menn vinna til þess að þeir vilji gera þjóðinni þann greiða að keyra bíla af þessu tagi.

Við athugun þessa máls í nefnd áttum við nm. viðræður við fulltrúa atvinnubifreiðastjóra. Þeir lögðu á það áherslu að í öllum nálægum löndum væri talið sjálfsagt að stuðla að því, að menn keyrðu frekar á dísilbifreiðum en bensínbifreiðum, af þjóðhagslegum ástæðum. Þeir bentu okkur á útreikninga sem gerðir hafa verið og sýna að í Noregi, Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi, öllum þessum löndum, er miklu hagkvæmara að keyra dísilbifreiðar.

Í þessum viðræðum kom einnig fram að menn töldu að það væri eðlilegasta og sanngjarnasta leiðin, ef á annað borð væri ætlunin að hækka þungaskattinn, að dísilbifreiðar greiddu sinn þungaskatt með olíuverðinu eins og eigendur bensínbifreiða gera.

Á það var bent af hv. frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. rétt áðan að atvinnubifreiðastjórar, sem aka 45 þús. km mundu koma svipað út í þessum tveimur tilvikum. Þeir þyrftu að borga 91 þús. kr. í þungaskatt ef till. meiri hl. yrði fylgt, en þeir þyrftu að borga 93 þús. kr. í skatt með olíunni ef farið væri eftir till. okkar. Þetta er að sjálfsögðu alveg réttur útreikningur. En kjarni málsins er hins vegar sá, að þetta stenst svo fremi að menn keyri svona gríðarlega mikið, 45 þús. km á ári. Sé um að ræða minni keyrslu, þá er að sjálfsögðu bersýnilegt að menn tapa verulegum fjárhæðum á því að nota dísilbifreiðar. En það, sem mér heyrðist vera kjarninn í málflutningi bílstjóranna, var að þungaskatturinn væri óheppilegur, sérstaklega ef hann væri mjög hár, vegna þess að hann örvaði menn ekki til þess að aka bifreiðum sem eyða tiltölulega litlu eldsneyti. Skatturinn er sem sagt alveg jafnhár hvort sem viðkomandi ökutæki eyðir miklu eða litlu eldsneyti, og þetta er þjóðhagslega óhagkvæmt.

Í sambandi við þá röksemd að það sé ekki heppilegt að hækka verð olíunnar vegna þess að það ýti undir misnotkun á þeim verðmismun sem fyrir hendi er og að menn kaupi olíu til húsahitunar og noti hana síðan á bílinn sinn, þá er því til að svara að í dag er mikill verðmismunur á olíu eftir því til hvaða nota hún er ætluð. Þannig kostar olía til útgerðar í dag 5.80 kr., olía til húsahitunar kostar 24.20 kr., en olía á bifreiðar kostar í dag 32 kr. Steinolía kostar 29 kr. Það er því bersýnilegt að þessi hætta er til staðar þegar í dag og er því engin breyting sem verður enda þótt skattgjaldið sé hreinlega tekið inn í olíuverðið eins og er um bensínið.

Ég vil ekki hætta mér út í þær umr. hvaða ráðstafanir eðlilegt væri að opinberir aðilar gerðu til þess að minnka hættuna á misnotkun í þessu sambandi. Það virðist vera að ráðstafanir séu engar gerðar í dag til að koma í veg fyrir slíka misnotkun og satt að segja sé ég ekki að neins staðar sé bannað með lögum að nota olíu, sem keypt hefur verið til húsahitunar, til aksturs. Ég sé hvergi að það sé skýrum orðum bannað í lögum. Ég held að það þurfi jafnvel við óbreytt ástand að gera ráðstafanir til að hindra að þetta eigi sér stað og að sjálfsögðu enn frekar ef þarna verður enn frekari verðmunur á. En hvaða ráðstafanir gera þarf, það er aftur flóknara mál sem síðan yrði athugað í góðu tómi.

Herra forseti. Ég held að ég hafi gert hér grein fyrir meginatriðum þessa máls frá sjónarmiði okkar sem skipum minni hl. n. Við leggjum sem sagt á það áherslu að þessi gríðarlega hækkun þungaskattsins er ósanngjörn og um leið þjóðhagslega óhagkvæm, og við teljum að eðlilegra sé, ef ætlunin er að reyna að ná þessum skatti af dísilbifreiðum í ríkara mæli en áður hefur verið gert og minnka muninn á skattgjaldi á dísilbifreiðum og bensínbifreiðum, að þá sé óhjákvæmilegt að taka þennan skatt inn í olíuverðið. Við höfum því leyft okkur að flytja á þskj. 213 brtt. sem stefna að þessu marki. Þar er sem sagt gert ráð fyrir því að 1. gr. laganna sé orðuð á þann veg að um sé að ræða eitt innflutningsgjald af öllu eldsneyti, 16 kr. á hvern lítra, og einnig eru ákvæði um að sér-

stakar ráðstafanir verði gerðar til þess að koma í veg fyrir að olía, sem keypt hefur verið til annarra nota, sé notuð á bifreiðar. Ég vil undirstrika að þessar ráðstafanir er nauðsynlegt að gera, hvor leiðin sem valin verður. Einnig er ákvæði í frv. okkar um að eigendur jeppabifreiða, sem notaðar eru fyrst og fremst til landbúnaðarstarfa, eigi rétt á endurgreiðslu skattsins. Við miðum að vísu í þessu tilviki við þá endurgreiðslu sem verið hefur að undanförnu. Hún hefur verið rúmar 20 þús kr., og við miðum við að því sé haldið áfram enda þótt gjaldinu sé breytt í þetta form. Að sjálfsögðu er ekki hægt að hafa annan hátt á þar sem engin leið er að vita hvað hver einstakur bóndi hefur eytt miklu af olíu á bifreið sína, en þetta ákvæði er sem sagt óbreytt frá því sem er í lögum núna.

ATKVGR.

Brtt. 213 felld með 11:4 atkv.
1. gr. samþ. með 11:1 atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Vísitala byggingarkostnaðar, frv. (þskj. 141, n. 210). — 2. umr.

Frsm. (Axel Jónsson): Herra forseti. Mál þetta er flutt af allshn. hv. Nd. eftir beiðni hagstofustjóra, eins og fram er tekið, og er sú breyting, sem þar um ræðir, efnislega fyrst og fremst á þá leið að héðan frá verði reiknaðir út og birtir ákveðnir verkþættir byggingargjalda fyrir einstök byggingarstig, enn fremur að vísitalan verði reiknuð út fjórum sinnum á ári í stað þess að nú er hún reiknuð þrisvar á ári og einnig að því sé slegið föstu að athugun fari fram eigi sjaldnar en á 5 ára fresti hvort ástæða sé til þess að endurskoða grundvöll vísitölunnar.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að fara fleiri orðum um frv. Því fylgir allítarleg grg., og í hv. Nd. var algjört samkomulag um afgreiðslu málsins. Félmn. þessarar hv. d. hefur athugað málið og leggur til að það verði samþykkt, eins og fram kemur í nál. á þskj. 210.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Efri deild, 35. fundur.

Fimmtudaginn 18. des., að loknum 34. fundi.

Fjáröflun til vegagerðar, frv. (þskj. 204). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Alþt. 1975. B. (97. löggjafarþing).

Vísitala byggingarkostnaðar, frv. (þskj. 141). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 230).

Fiskveiðasjóður Íslands, frv. (þskj. 177, n. 219). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur athugað frv. til l. á þskj. 173 um breyt. á l. nr. 55 25. apríl 1973, um breyt. á l. nr. 75 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands. Í frv. þessu er gert ráð fyrir að framlengja 1% gjald sem í apríl 1973 var lagt á fob-verð útfluttra sjávarafurða annarra en þeirra sem koma frá hvalveiðum, selveiðum og hrognkelsaveiðum, en þegar þetta gjald var á lagt var það með þeim takmörkunum að gjaldið skyldi aðeins innheimt af sjávarafurðum sem framleiddar væru á tímabilinu frá 1. júlí 1973 til 31. des. 1975. Þess ber jafnframt að geta að ríkissjóður hefur skuldbundið sig til þess að leggja fram jafnháa upphæð á móti, en gjald þetta og sú upphæð, sem ríkissjóður leggur fram, renna til Fiskveiðasjóðs. Nefndin var sammála um að fella niður þetta ákvæði, þessa tímatakmörkun, þannig að gjald þetta er án tímatakmörkunar. Telur nefndin það eðlilegt með tilliti til mikilla fjárþarfa Fiskveiðasjóðs. Nefndin var sammála um þessa afgreiðslu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Efri deild, 36. fundur.

Fimmtudaginn 18. des., að loknum 35. fundi.

Fiskveiðasjóður Íslands, frv. (þskj. 173). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 231).

Neðri deild, 35. fundur.

Fimmtudaginn 18. des., kl. 2 miðdegis.

Vörugjald, frv. (þskj. 101, frhn. 211, 198). — Frh. 3. umr.

Frsm. meiri hl. (Tómas Árnason): Virðulegi forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um brtt. hæstv. fjmrh. við frv. til l. um sérstakt tímabundið vörugjald, brtt. á þskj. 198. Nefndin hafði áður fjallað um staðfestingarfrv. á þskj. 101 og hafði klofnað um málið í meiri hl. og minni hl., en núna hefur nefndin eingöngu fjallað um brtt. og gefið út tvö álit vegna þess að nefndin hefur aftur klofnað í málinu. Þm. stjórnarflokkanna gefa út sérstakt nál. eða framhaldsnál. um frv. og minni hl., þm. stjórnarandstöðuflokkanna, skilar einnig sérstöku framhaldsnál. af sinni hálfu.

Brtt. á þskj. 198 felur það í sér að í stað þess að hið sérstaka vörugjald, 12%, falli að fullu niður í árslok 1975 lækki það í áföngum á næsta ári. Þannig verður gjaldið 10% frá 1. jan. til 31. ágúst 1976 og síðan 6% frá 1. sept. til áramóta. Hefur verið gerð áætlun um það að tekjur af þessu gjaldi muni nema sem svarar 2 200 millj. kr. á árinu 1976. Ákveðið hafði verið í fjárlagafrv. þegar það var lagt fram að lækka niðurgreiðslur um 700 millj. kr. á næsta ári. Í sambandi við þessa brtt., sem hér liggur fyrir verður lagt til að fjárveiting til niðurgreiðslu vöruverðs verði 700 millj. kr. hærri en var í fjárlagafrv. þegar það var lagt fram. Það er sem sé ákveðið að draga úr þessari lækkun. Þessi ákvörðun er gerð til þess að halda þeirri stefnu fjárlaganna að fjárlögin feli ekki í sér ákvæði sem valda verðhækkun, fremur sé stefnt að því gagnstæða, að verðlækkun. Þessar ráðstafanir, annars vegar að tryggja tekjur að upphæð 2 200 millj. kr. á næsta ári með vörugjaldi og síðan að hækka niðurgreiðslur á fjárlagafrv. um 700 millj., þýða það að tekjur ríkisins í heild af þessum tveimur ráðstöfunum aukast um 1500 millj. kr. á næsta ári.

Ástæðurnar fyrir flutningi þessa máls, sem hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir í framsöguræðu, eru fyrst og fremst tvær. Í fyrsta lagi sú, að það er nú ljóst að fjárhagsstaða ríkissjóðs á árinu 1975 verður allmiklu lakari en menn gerðu sér vonir um fyrr á árinu. Er nú áætlað að greiðsluhalli ríkissjóðs á árinu 1975 verði 3.5—4 milljarðar. Það má geta þess í leiðinni að greiðsluhalli ársins 1974 var 3.4 milljarðar ef ég man rétt, þannig að hér er kominn greiðsluhalli ríkissjóðs á tveimur s. l. árum, þ. e. a. s. þessu ári og síðasta ári, upp á samtals 6.9—7.4 milljarða kr.

Það má geta þess til viðbótar að ýmsar ríkisstofnanir drógu á eftir sér stórkostlega skuldahala eftir árið 1974. Mætti nefna t. d. Póst og síma. Mér sýnist á ríkisreikningi, sem hefur verið lagður fyrir Alþ., að hallinn og skuldahalinn hjá Pósti og síma sé 618 millj. í árslok 1974. Vegagerðin mun skulda 200—300 millj. að því er mér hefur verið tjáð, Rafmagnsveitur ríkisins skulda stórfé. Og mér er kunnugt um að Sementsverksmiðjan t. d. hefur safnað skuldum hjá Framkvæmdasjóði Íslands sem nema 160 millj. kr. í dag. Til viðbótar við mikinn rekstrarhalla ríkissjóðs árin 1974 og 1975, sem nemur yfir 7 milljörðum, er staða margra ríkisstofnana með þeim hætti sem ég var að lýsa og er þó ekki allt upp talið þar með.

Önnur aðalástæðan fyrir flutningi þessa frv. er sú að með því að halda vörugjaldinu hefur það áhrif á þróun utanríkisviðskipta, en utanríkisviðskiptin hafa verið á árinu 1974 og verða á þessu ári og einnig á næsta ári óhagstæð um, að því er Þjóðhagsstofnunin telur, samtals 49.2 milljarða. Munurinn á útflutningi vöru og þjónustu og innflutningi vöru og þjónustu er óhagstæður um 49.2 milljarða á 3 árum að því er Þjóðhagsstofnun telur: árið 1974 um 13.5 milljarða, árið 1975 20.2 milljarða og 1976, ef haldið verður þeirri aðhaldsstefnu sem ríkisstj. hefur markað, gerir Þjóðhagsstofnunin ráð fyrir neikvæðum vöruskiptajöfnuði að upphæð 15.5 milljörðum kr., þannig að það er auðvitað þegar af þessum tveimur ástæðum, sem ég hef verið að lýsa, ástæða til þess að spyrna við og breyta um stefnu í þessum efnum. Það er alveg sýnilegt að gjaldþol þjóðarinnar bæði inn á við og eins gagnvart öðrum þjóðum þolir ekki öllu lengur þá þróun sem hefur viðgengist og viðgengst enn þá í utanríkisviðskiptunum.

Hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir því í sinni framsöguræðu hver yrðu bein verðlagsáhrif þeirra ráðstafana sem ég hef hér verið að lýsa, annars vegar vörugjaldsins og hins vegar breytinga á fyrirætlunum í fjárlagafrv. í þá átt að hækka niðurgreiðslur. Er talið að þessar aðgerðir báðar yrðu ekki til þess að hækka almennt verðlag í landinu á næsta ári, heldur mundu þær leiða til hins gagnstæða.

Frsm. 2. minni hl. (Lúðvík Jósepsson): Forseti. Þetta mál hefur nú tekið talsverðum breytingum frá því það var hér síðast til umr. Eins og hafði komið fram í umr. áður var efni þessa frv. að staðfesta brbl. sem gefin voru út á s. l. sumri um 12% tímabundið vörugjald. Samkv. þeim brbl. átti þetta gjald að falla niður nú um áramót. En nú hefur málið tekið þeim breyt. að gert er ráð fyrir að framlengja þetta gjald út allt næsta ár, að vísu aðeins í lækkandi formi, þannig að gjaldið verði fyrstu 8 mánuði næsta árs 10% í staðinn fyrir 12% og síðan næstu 4 mánuði á eftir 6%. Gert er ráð fyrir að gjaldið gefi í tekjur á næsta ári 2 200 millj. kr., og er þá miðað við reynslu af þessu 12% gjaldi á síðara hluta þessa árs en reynslan varð sú að gjaldið gaf allmiklu minni tekjur en ráð hafði verið fyrir gert. Þegar gjaldið var lagt á í júlímánuði var reiknað með því að þessi gjaldstofn gæfi um 1850 millj. kr. á árinu, en reynslan hefur orðið sú að hann gefur ekki nema 1350 millj. kr. Er því augljóst að þetta sérstaka gjald hefur orðið til þess að draga mjög verulega úr innflutningi á þeim vörum sem gjaldið átti aðallega að falla á.

Nú þykir mér líklegt að gjaldið gefi meiri tekjurá næsta ári en sem nemur 2 200 millj. kr., vegna þess að ég geri ráð fyrir því að allmargir, sem standa fyrir því að flytja inn þær vörur sem hér er um að ræða, hafi dregið að flytja þær

inn þar til gjaldið félli niður, því að því var hátíðlega lýst yfir að gjaldið ætti að falla niður í árslok. Það munar að sjálfsögðu um 12% gjald á fob-verðmæti vöru og því geri ég ráð fyrir að það hafi verið jafnvel óeðlilega lítill innflutningur á þeim vörum, sem skipta mestu máli varðandi þetta gjald, á seinni hluta þessa árs. En ótrúlegt er, eftir að þessi framlenging er ákveðin, að menn dragi það einnig við sig á næsta ári að flytja inn þessar vörur í jafnríkum mæli og þeir hafa sýnilega gert á síðari hluta þessa árs, enda hygg ég að eftir það, sem gerst hefur í þessum efnum, leggi ekki margir trúnað á að gjaldið verði fellt niður. Ég býst við að menn fari nú að trúa því að þetta verði eitt af þeim gjöldum sem eru framlengd árlega, og því á ég von á því að innflutningur á þeim vörum, sem gjaldið nær til, verði nærri því sem hann var áður og að þessi gjaldstofn, 10% í 8 mánuði og 6% í 4 mánuði, muni gefa talsvert ríflegri tekjur en hér er reiknað með.

Frá því hefur svo verið skýrt um leið að aðrar breytingar verði gerðar í fylgd með þessari og þá í þá átt að það verði ekki dregið úr niðurgreiðslum á vöruverði í jafnríkum mæli og gert var ráð fyrir í fjárlagafrv., en í fjárlagafrv. var við það miðað að niðurgreiðslur á vöruverði yrðu minnkaðar á árinu 1976 um 1425 millj. kr. Nú er gert ráð fyrir því að hnika þessari tölu þannig til að muni um 700 millj. og má því búast við því að niðurskurðurinn á niðurgreiðslunum eða breyt. á niðurgreiðslum frá því, sem hefur verið, verði rúmlega 700 millj. kr. samkv. þessari nýju áætlun. Má því segja að þegar miðað er við það, sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrv., þá sé hér ekki um mikla verðsveiflu að ræða þar sem framlengingin á vörugjaldinu þýðir auðvitað hækkað verð, en breyt. á niðurgreiðslunum þýðir aftur á móti að verð á þeim vörum, sem niðurgreiðslurnar ná til, hækkar ekki eins mikið og gert hafði verið ráð fyrir við framlagningu fjárlagafrv. En hvort tveggja þýðir þetta auðvitað hækkun frá því sem verið hefur því að það er verið að boða með þessu hækkandi verð frá því, sem í gildi hefur verið á niðurgreiðsluvörunum, sem nemur um 700 millj. á ári. Það er einnig verið að boða hér álagningu þessa sérstaka vörugjalds á næsta ári. Það er því enginn vafi á því að í þessari till. um framlengingu vörugjaldsins og þeim ráðstöfunum, sem boðaðar eru varðandi niðurgreiðslur, felast álögur frá því sem nú er á þjóðina um í kringum 3000 millj. kr. til verðhækkunar frá því ástandi sem er í dag.

Ég tel að þessar ráðstafanir séu mjög óheppilegar, vægast sagt, miðað við það ástand sem ríkir hjá okkur nú í verðlagsmálum og í kaupgjaldsmálum. Það hefði vissulega þurft að mæta þeim vanda, sem menn standa frammi fyrir nú, með því að sýna það eins og mögulegt var í öllum greinum að staðið yrði gegn verðlagshækkunum til þess að hægt hefði verið að ná samningum í kaupgjaldsmálunum þannig að ekki hefði verið um mjög verulegar kauphækkanir að ræða. En allar ráðstafanir, sem miða í þá átt að hækka verðlag beint með álögum eða öðrum stjórnarráðstöfunum, torvelda vitanlega samninga um litlar kauphækkanir, og þær knýja á um það að krafist verði enn meiri kauphækkana en ella. Á þetta hafa launþegasamtökin bent og margundirstrikað að þau muni haga sínum launakröfum í fullu samræmi við þetta. En mér sýnist að viðbrögð hæstv. ríkisstj. séu þannig í þessum málum að hún taki ekkert tillit til þeirra aðvarana sem gefnar hafa verið. Hún miðar allar sínar ráðstafanir varðandi þessi mál við það eitt að fjármál ríkisins séu illa komin, ríkissjóður sé rekinn með halla og safni yfirdráttarskuldum við Seðlabankann, skuldahali hafi myndast í þessu fyrirtæki og hinu, eins og hér var verið að minnast á, og af því þurfi að afla meira fjár, af því þurfi að leggja meira á en gert var áður til þess að hafa upp í þessar umframgreiðslur, til þess að geta borgað þær skuldir sem stofnað hefur verið til. En í þeirri stöðu, sem við erum nú, leysir þetta hreinlega engan vanda. Það er ekki að leysa vandann, þegar útgjöldin hafa orðið hærri og meiri en talið er að þjóðarbúið þoli með góðu móti, að svara slíkum útgjöldum með því að segja: Ja, við verðum að halda þeim áfram og við verðum bara að leggja á enn meira en við gerðum áður. — Slíkum aðgerðum vitum við öll að verður svarað af launþegum í landinu með því að þeir krefjast launahækkana á móti, og vandinn hefur sem sagt ekki verið leystur. Það er útilokað að hæstv. ríkisstj. geti afsakað þessa stefnu sína með því að tala í sífellu um mikla verðbólgu, miklar verðhækkanir og skella skuldinni í þeim efnum alltaf á launþega landsins. Það er ríkisstj. sem með ráðstöfunum sínum stendur beinlínis fyrir því að verðlagið hækkar ýmist með því að leggja á nýja skatta eða auka útgjöld á þann hátt sem verður beinlínis til þess að hækka vöruverð í landinu. Hún kallar þannig á hækkandi kaupgjald óhjákvæmilega sem síðan leiðir auðvitað aftur af sér viðbótarverðhækkanir.

Eina hugsanlega leiðin í þessum vanda er auðvitað að takast á við vandamálið sjálft, reyna að færa útgjöldin í þessari stöðu niður, stöðva þessar miklu umframgreiðslur. Ég trúi því ekki að því sé haldið fram í fullri alvöru um ríkisfyrirtækin öll, sem hér hafa verið nefnd og eru oft nefnd í þessu sambandi, að útgjöld þeirra, sem leitt hafa til umframgreiðslna hjá þeim og skuldasöfnunar, sé öll algjörlega hrein og heilög og það sé ekki hægt að koma þar neinni breytingu á, þar sé ekki hægt að koma fram neinni breytingu. En á meðan þessi leið er valin, að hækka bara í sífellu verðlag í landinu með nýjum álögum, þá heldur þetta hringkast allt saman áfram og þá þýðir lítið að fjasa út í það þó að dýrtíð eða verðbólga sé hér meiri en víðast annars staðar.

Í sambandi við allar umr. manna um verðbólgu og þá miklu ógæfu, sem fylgir henni, hafa menn verið að gleðja sjálfa sig yfir því upp á síðkastið að nú hafi dregið örlítið úr verðbólguhraðanum, hann sé aðeins minni, og menn geta jafnvel fagnað 30% hraða vegna þess að hraðinn komst í eitt skipti upp í 54% miðað við ár. En hver sá, sem hugleiðir þessi mál örlítið meira, sér að það hefur ekkert gerst í þessum efnum með minnkandi verðbólguhraða sem raunverulega táknar að ástandið sé að batna. Hraðinn, sem mældur var upp í 54%, stafaði ósköp einfaldlega af því að hann var bein afleiðing af

tilteknum ráðstöfunum af hálfu stjórnvalda í landinu. Þá var gengið lækkað tvívegis, þá var verið að hækka söluskatt og þá var verið að leggja á ótal ný gjöld sem leiddu til almennra verðhækkana, auk þess sem gengi krónunnar var látið síga. Allt er þetta mælanlegt í verðlaginu. Við höfum svo mikla reynslu í þessum efnum. Þetta er líka viðurkennt af öllum þeim sem um þessi mál hafa fjallað, að það er hægt að mæla út hve mikil verðhækkun hefur orðið af þessum sjáanlegu og skýranlegu ástæðum. Afleiðingarnar hafa næstum alltaf orðið þær, að svo hefur liðið örstuttur tími þangað til launþegasamtökin í landinu koma og svara svona aðgerðum með sínum ráðstöfunum, og nú er sá tími kominn, þegar 30% hraðinn er nefndur, að launþegasamtökin eru að búa sig undir sína lotu. Það er ekkert annað sem er að gerast. Ef þau svara á sama hátt og áður, þá breytist 30% hraðinn skyndilega í 50 eða 54% hraða. Vitanlega er hraðinn núna aðeins minni bara vegna þess að það er nokkuð um liðið síðan ríkisstj. gerði sínar ráðstafanir sem höfðu þessi miklu áhrif á verðbólguþróunina og hinn aðilinn er ekki búinn að leika sinn leik enn til þess að svara afleiðingunum af verðhækkunum sem ríkisstj. stóð fyrir. En um leið og það svar kemur fer hraðinn upp aftur.

Við stöndum hér í nákvæmlega sömu sporunum og við höfum staðið í áður. Það er því algjör misskilningur af ríkisstj. að gleðjast yfir því að nú sé um eitthvað batnandi ástand í þessum efnum að ræða. Það er það ekki. Og mér sýnist að ríkisstj. bregðist við þeim vanda, sem hún stendur frammi fyrir og þjóðfélagið í heild, kröfum launþega í landinu um að fá bætur á móti þeim verðhækkunum sem yfir hafa gengið að undanförnu, þannig að hún vilji ekki gera neina samninga sem miða að því að draga úr verðbólguvexti, stöðva verðhækkanir. Hún svarar þessu þvert á móti með nýjum álögum, nýjum verðhækkunum til viðbótar við það sem á undan var komið, og það hlýtur vitanlega að hafa þær afleiðingar að knúnar verði fram meiri kaupgjaldshækkanir en annars hefði orðið, og verðbólguvandinn verður síst minni en hann var.

Hæstv. ríkisstj. hefur gert nokkra grein fyrir því hvernig á því stendur að hún leggur nú til að framlengja þetta gjald og hvernig stendur á því að hún telur óhjákvæmilegt að fara í þessar viðbótarálögur við það sem áformað hafði verið. Þá telur hún upp og nefnir m. a. að mikil skuld hefur safnast fyrir hjá ríkissjóði í Seðlabankanum og nú er ætlunin að grynna á þessari skuld á næsta ári með því að borga Seðlabankanum upp í skuldina 900 millj. kr. Ekki er þetta nýtilkomið, ríkisstj. hefur vitað það í marga mánuði, meira að segja áður en hún lagði fram fjárlagafrv. sitt, að þessi mál stóðu svona. Þessi útgjaldaupphæð er því ekkert nýtilkomin. Ég hygg að það hafi engum manni komið til hugar á miðju ári að rekstrarhalli ríkissjóðs yrði minni á þessu ári en sem næmi 3000 millj. kr. En hann ætlar að reynast nokkru meiri og menn tala jafnvel um 4000 millj. kr. til viðbótar við rúmlega 3000 millj. kr. halla á fyrra ári. Hér er því ekki um nein ný rök að ræða, heldur aðeins það að ríkisstj. metur stöðuna þannig að það sé rétt að fara út í verðhækkun til þess að ná í meiri tekjur handa ríkissjóði eins og nú standa sakir til þess að grynna á skuldinni við Seðlabankann, þó að hún viti að það geri alla samninga í kaupgjaldsmálum erfiðari en annars hefði orðið.

Þá telur ríkisstj. upp ýmis önnur útgjöld. Hún t. d. tilgreinir að það þurfi að greiða til Seðlabankans líka um 350 millj. kr. á næsta ári vegna verðtryggingar á Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Þetta vissu allir. Menn áttu að vita það að Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins var gengistryggður. Það þurfti að borga ákveðin gengistöp sem komu fram við þriðju gengislækkunina á árinu 1974. Og það þurfti aftur að borga gengistöp í sambandi við Verðjöfnunarsjóðinn vegna gengislækkunarinnar sem átti sér stað í febrúarmánuði á þessu ári. Hér er því ekki um neina nýja greiðslu að ræða, þetta hefur legið fyrir allan tímann, en nú er þetta tínt fram.

Þá er á það bent að það þurfi að greiða á milli 100 og 150 millj. kr. vegna ábyrgðar sem gefin hafi verið í sambandi við ákvörðun á fiskverði fyrir þrjá síðustu mánuði þessa árs, október, nóvember og desember. En fiskverðið var ákveðið á þeim grundvelli að það mátti búast við því að Verðjöfnunarsjóður þyrfti að greiða nokkurn hluta af fiskverðinu. Þetta hefur líka legið fyrir allan þennan tíma. Hér er ekki um neina nýja upphæð að ræða.

Þá er nefnt til að ríkisstj. hafi keypt togarann Baldur og þurfi 175 millj. í því skyni. Það er út af fyrir sig mjög hæpið í þeirri aðstöðu, sem við erum í nú, að rökstyðja nýjar álögur og nýjar verðhækkanir í landinu með slíkum eignaskiptum eins og þar fara fram.

Þá er einnig tilnefnt að greiða muni þurfa vegna ríkisábyrgða á togaralánum allt að 200 millj. kr. Þetta hefur líka legið fyrir allt árið. Og það er alveg furðulegt ef þeim, sem fara með fjármál ríkisins, hefur yfirsést í sambandi við þetta.

Nei, hér er um það að ræða að hæstv. ríkisstj. veit auðvitað um það að fjármál ríkisins og fjármál ýmissa ríkisfyrirtækja eru í mesta ólestri. Þar er um hallarekstur að ræða og áætlanir, sem gefnar hafa verið út með nokkurra mánaða millibili, hafa allar reynst rangar. Það hefur yfirleitt ekkert staðist. En spurningin er hvort ekki á að takast á við þessi vandamál með öðrum hætti en þeim sem hæstv. ríkisstj. velur. Þessi aðferð, að ætla að mæta þessum vandamálum öllum á þann einfalda hátt að auka álögur, leggja meira á, afla ríkissjóði meiri tekna, hefur sín eftirköst og menn mæta þessum vanda bara á öðru sviði á eftir. Það er allt og sumt sem gerist.

Það getur verið að hæstv. ríkisstj. meti þessi mál þannig að vandinn sé tiltölulega lítill í sambandi við kaupgjaldsmálin, launþegasamtökin hljóti að fallast á það, að til viðbótar við alla hina margumtöluðu verðbólgu sem yfir hefur gengið áður, verði menn einnig að taka við þessari verðbólgu sem nú er verið að efna til.

Ég vek athygli á því, að það er ekki aðeins þessi breyting sem ég hef hér minnst á, sem ríkisstj. stendur nú fyrir og þýðir auknar álögur. Ríkisstj. ákvað að hækka söluskattinn um 2% stig til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð, en það þýðir

að ríkissjóður er að ná til sín viðbótartekjum á þann hátt sem nema 2500 millj. kr. á ári. Það var auðvitað kjörið tækifæri nú, þegar ekki þurfti að láta þetta gjald renna lengur í Viðlagasjóð vegna þeirra verkefna sem hann stendur undir, að nota einmitt þessi 2% til þess að veita nokkurt svigrúm í sambandi við kaupgjaldsvandamálið. En ríkisstj. ákveður að taka þessa upphæð enn til sín í ríkissjóð.

Svipað er farið að í sambandi við tryggingamálin. Þar er sú leið farin, þegar um mikil útgjöld er að ræða í tryggingum að leggja bara eitt viðbótarprósentustig á útsvarsgjaldstofninn, leggja þannig á landsmenn 1100—1200 millj. kr. og bæta síðan við aukagjaldi á sjúklinga sem nemur í kringum 500 millj. kr. Það er farið að muna talsvert um allar þessar ráðstafanir þegar þær eru lagðar saman. Þær verða aukaútgjöld almennings frá því sem verið hefur.

Það er verið að standa að aðgerðum sem munu nema á milli 6 og 7% almennri verðlagshækkun í landinu á ári. Meira að segja fyrri yfirlýsingar hæstv. ríkisstj. varðandi kaupgjaldsmál hafa verið í þá átt að hún vildi standa að því að tryggja launafólki a. m. k. jafnmikinn kaupmátt og samið var um í síðustu kaupgjaldssamningum eða hefur verið nú að undanförnu. Þessar aðgerðir allar, sem ég hef hér gert að umtalsefni, miða að því að atvinnuvegirnir verða annaðhvort að taka á sig launagreiðslur sem nema 6—7%, eftir því hvað þetta verður reiknað til mikilla almennra útgjalda, 6—7% hækkun á launum til þess að standa aðeins við þetta fyrirheit sem ríkisstj. hefur gefið. Það er alveg augljóst að auðvitað sækir í það að launin þurfa að hækka um miklum mun meiri upphæð en menn voru að búast við vegna þess að ríkisstj. velur þessa leið. Og þó að jafnt við í stjórnarandstöðunni sem forustumenn í verkalýðshreyfingunni bendum ríkisstj. á ýmsar leiðir til þess að þessi mál geti farið betur, þá er ekki hlustað á það á neinn hátt.

Þá segir t. d. hæstv. ríkisstj. að hún hugsi sér að lækka tollagreiðslur og lækka tekjur ríkissjóðs með lækkandi tollum nú um næstu áramót sem nemur í kringum 800—900 millj. kr. í tekjum fyrir ríkið á næsta ári. Af þessari tollalækkun er talið að lækkun á tollum bara á iðnaðarvörum frá Efnahagsbandalagslöndum nemi 500 millj. kr. á ári. Það er það sem Þjóðhagsstofnunin gefur upp. Það á sem sagt að lækka tolla á iðnaðarvörum, fullunnum vörum frá Efnahagsbandalagslöndum, á næsta ári, — löndunum sem hafa svikið á okkur tollasamning — það á að lækka tolla á þeirra vörum sem nemur 500 millj. kr. á næsta ári og frá Eftalöndum sem nemur í kringum 100 millj. Og það var eiginlega upphæðin sem við vorum þó skuldbundnir til.

Auk þess er svo um tollalækkun að ræða sem miklu frekar gat komið til greina því að hún táknar vissa tilfærslu, en það er tollalækkun á ýmsum hráefnisvörum fyrir okkar innlenda iðnað. Er talið að tekjurýrnun ríkissjóðs af því geti numið 100—150 millj. kr. En sú tollalækkun getur að sjálfsögðu komið iðnrekstrinum í landinu til góða, svo að það er ekki á neinn hátt sambærilegt við hina tollalækkunina sem þvert á móti mun verða notuð af atvinnurekendum meðal iðnrekenda í málflutningi þeirra, þannig að þeir eigi erfiðara eftir en áður að standa undir kaupgjaldshækkunum því að samkeppnin við erlendar vörur harðni hjá þeim. En það er eins og ég segi, það er alveg sama hvort stjórnarandstaðan í landinu bendir á hluti eins og þessa, sem miða að því að hætta við að skerða tekjur ríkissjóðs, eða hvort það eru forustumenn í verkalýðshreyfingunni sem benda á þetta, ríkisstj. lokar sínum hlustum, læst ekki heyra neitt og strunsar áfram. Og svo þegar kemur að kaupgjaldsvandanum eftir stuttan tíma, þá auðvitað rekur hún upp eitt mikið óp og talar um að nú séu forustumenn í launþegasamtökunum að steypa öllu um koll í þjóðfélaginu.

Ég efast auðvitað ekkert um að hæstv. ríkisstj. getur haldið áfram þessari endileysisstefnu sinni nokkurn tíma enn í fjármálum landsins og í fjármálum ríkisfyrirtækja, hún getur enn haldið áfram þessari hringavitleysu. En hún getur aldrei fengið annað út úr þessu dæmi en bullandi verðbólgu og sífellt stríð við launafólkið í landinu, og þetta allt saman verður til þess að þjóðarframleiðslan fer minnkandi, þjóðartekjur fara minnkandi og síðan á að nota minnkandi þjóðartekjur sem röksemd fyrir því að það sé ekki hægt að halda uppi sama kaupi og áður var. En stefnan hjá hæstv. ríkisstj. í þessum málum er auðvitað í grundvallaratriðum röng.

Það er ekki tími til þess að ræða þessi mál á mjög almennum grundvelli hér eins og komið er tíma þingsins. Ég skal því stytta mál mitt, en vil aðeins segja það að við alþb.-menn erum á móti þessum till. hæstv. fjmrh. og á móti þeim ráðstöfunum sem ríkisstj. hefur verið að boða hér, eins og það að draga úr niðurgreiðslum á vörum sem enn er hangið í. Þó að hún hafi hopað þar nokkuð frá því sem hún hafði boðað áður, þá sem sagt stendur enn boðun um að minnka niðurgreiðslur á vörum. Við teljum að þessi stefna sé röng og það hefði átt að velja aðrar leiðir.

Frsm. 1. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þegar maður kveður sér hljóðs til þess að ræða mikilvægan þátt í fjármálastefnu núv. hæstv. ríkisstj. getur ekki hjá því farið að manni verði hugsað til þess dapurlega íslenska orðtaks að lengi geti vont versnað. Satt að segja var það skoðun margra á dögum fyrrverandi hæstv. ríkisstj. vinstri stjórnarinnar svo kölluðu, að óstjórnin væri orðin svo megn að lengra, dýpra yrði tæplega sokkið á því sviði, stefnuleysið svo algert, ringulreiðin svo fullkomin að erfitt yrði að slá slíkt met. Það hefur sem sagt tekist.

Sannleikurinn í þessum dapurlega íslenska málshætti að lengi geti vont versnað, hefur komið átakanlega fram á valdatíma hæstv. núv. ríkisstj. Hver skýringin er skal ég ósagt láta. Hún gæti verið sú að einn flokkur átti aðild að báðum þessum ríkisstj., Framsfl. Hann var forustuflokkur í vinstri stjórninni og hann er annar stjórnarflokkurinn í þessari ríkisstj. Það gæti verið að það, sem er sameiginlegt af illum einkennum fyrrv. stjórnar og núv. stjórnar, eigi rót sína að rekja til þess að þessi flokkur

átti aðild að báðum stjórnunum. Sjálfstfl. gagnrýndi vinstri stjórnina mjög harðlega fyrir stefnuleysi, fyrir ráðleysi, fyrir sukk. En stefnuleysið, ráðleysið og sukkið heldur áfram. Skýringin á þessu kann að vera fólgin í því að Sjálfstfl. í stjórn og Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu séu tvö gjörólík fyrirbæri. Í hverju aðalskýringin er fólgin skal ég sem sagt að þessu sinni láta ósagt.

En hvers vegna segi ég að orðtakið að lengi geti vont versnað hafi hlotið staðfestingu í störfum núv. hæstv. ríkisstj.? Ég skal nefna um það nokkur dæmi. Verðbólgan hefur á þessu ári orðið meiri en nokkru sinni fyrr í sögu íslensku þjóðarinnar og meiri en í nokkru nálægu landi, komist yfir 50% um skeið. Hún hefur að vísu verið minni undanfarna mánuði, 25—30%, en auðvitað enn a. m. k. helmingi meiri en hún má vera ef sæmilega heilbrigt efnahagsástand á að teljast ríkja í landinu.

Í öðru lagi skal ég nefna að við liggur að atvinnurekstur íslendinga sé að stöðvast eða a. m. k. mjög verulegir þættir í íslenskum atvinnurekstri. Heilar atvinnugreinar boða lokun fyrirtækja. Nú síðast kom sú fregn frá fundi samvinnufrystihúsa að frystihúsarekstur samvinnumanna í landinu sé rekinn með stórfelldu tapi og ef ekki verði gagngerar breytingar á rekstraraðstöðu frystiiðnaðar samvinnumanna, þá bíði þeirra fyrirtækja ekkert annað en rekstrarstöðvun. Þetta er auðvitað ömurlegt ástand.

Í þriðja lagi skal ég nefna að kjör launþega hafa farið og fara enn stórversnandi og eru allar horfur á að þau muni halda áfram að versna ef ekki verður stefnubreyting. Samningar milli vinnuveitenda og launþega eru lausir, þeim hefur verið sagt upp. Forustumenn launþegasamtakanna hafa boðað mjög hóflega, ábyrga og skynsamlega stefnu í launamálum, — stefnu sem grundvallast á því að ríkisvaldið hafi forustu um vissar stjórnmálaaðgerðir sem síðan geti orðið forsenda þess að launþegasamtökin fylgi hóflegri stefnu í launamálum. En það verður ekki sagt að launþegar hafi verið virtir svars. Fulltrúar launþegasamtakanna hafa átt fáeina fundi, örfáa fundi, annars vegar við vinnuveitendur og hins vegar við ríkisstj., og fá engin svör, bókstaflega engin svör. Það er þagað þunnu hljóði varðandi þá stefnumótun sem kunngjörð hefur verið af hálfu launþegasamtakanna eða forustumanna þeirra. Þær till. um stjórnmálaaðgerðir, sem þar eru fram settar, fá bókstaflega engar undirtektir í herbúðum ríkisstj. Þetta er auðvitað stóralvarlegt mál.

Í fjórða lagi vil ég nefna að viðskiptahalli á þessu ári, árinu 1975, er áætlaður munu verða hvorki meira né minna en 20 milljarðar kr. og hefur hann aldrei orðið hærri.

Í fimmta lagi vil ég nefna að skuldasöfnun íslendinga erlendis er orðin ógnvekjandi, — beinlínis ógnvekjandi. Síðustu tiltækar tölur um löng lán erlendis og stutt vörukaupalán eru frá 30. sept. s. l. Þá námu löng lán erlendis 65 milljörðum kr. og stutt vörukaupalán 6 milljörðum eða m. ö. o. erlendar skuldir íslendinga voru í septemberlok hvorki meira né minna en 71 milljarður kr. Greiðslubyrðin á þessu ári, þ. e. a. s. sá hluti af erlendum gjaldeyristekjum sem fer til greiðslu vaxta og afborgana af erlendum lánum, mun nema á þessu ári um 15% en það er fyrirsjáanlegt að á næstu 2—3 árum mun hann vaxa upp í 20%, upp í ⅕. M. ö. o.: það er talið af sérfræðingum að á árunum 1978 og 1979 muni íslendingar verða að nota fimmtu hverja krónu, sem þeir afla sér í erlendum gjaldeyri, til þess að greiða vexti og afborganir af erlendum skuldum. Slíkt hefur aldrei áður gerst í efnahagssögu íslendinga. Greiðslubyrðin hefur aldrei nokkurn tíma í sögunni orðið jafnþung og sérfræðingar nú telja að hún muni verða á árunum 1978—1979. Samt sem áður verður ekki vart neinnar viðleitni til stefnubreytingar hjá hæstv. ríkisstj., ekki einu sinni viðleitni til mótunar neinnar heildarstefnu yfirhöfuð að tala.

Sem dæmi um þetta vil ég nefna, og þar kem ég að sjötta atriðinu í þessari dapurlegu upptalningu, að greiðsluhalli ríkissjóðs á árinu 1975, á þessu ári, er áætlaður 3.5 milljarðar kr. Raunar er meiri munur á gjöldum og tekjum en þessu nemur. Gjöld ríkissjóðs á árinu 1975 eru talin munu fara fram úr tekjum sem nemur 4—5 milljörðum kr. Hins vegar bætir ríkissjóður greiðslustöðu sína með um 1500 millj. kr. lántöku sem gerir það að verkum að greiðsluhalli ríkissjóðs á árinu er talinn munu verða 3.5 milljarðar kr., sem er gífurleg fjárhæð.

Í sjöunda og síðasta lagi skal ég svo nefna um óráðsíuna, sem á sér stað, um sukkið og stjórnleysið, sem má segja að einkenni stjórnarfarið, að skuld ríkissjóðs nú við Seðlabankann nemur hvorki meira né minna en tæpum 7 milljörðum kr. Ríkissjóður skuldar sínum eigin banka ríkisbankanum, hvorki meira né minna en tæpa 7 milljarða kr.

Þetta allt saman, þessir sjö liðir, sem ég hef nefnt, bera vott um, sýna, svo að ekki verður á móti mælt, að „stjórn“ landsins er óstjórn, einkennist af óstjórn.

Þá skal ég víkja nokkuð að efni þeirrar till. sem hér er til umr., en vil byrja umsögn mína um till. og þá stefnubreytingu, sem í henni felst frá því sem áður hafði verið boðað, á því að bera saman nokkur grundvallaratriði fjárlagafrv., sem lagt var fram í byrjun þingsins, og það sem nú er gert ráð fyrir að gerist í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna. En það mál, sem hér er verið að ræða, er raunverulega einn þáttur fjárlagaafgreiðslunnar.

Stefna ríkisstj. var í byrjun þings m. a. sú að lækka útgjöld á fjárlagafrv. næsta árs mjög verulega. Þar á meðal ráðgerði hún 2000 millj. kr. lækkun á sviði tryggingamála. Þetta var einn meginþátturinn í þeim boðskap sem þingheimi var fluttur í byrjun þings þegar fjárlagafrv. var lagt fram. Í öðru lagi var gert ráð fyrir að fella niður 12% vörugjaldið. Í þriðja lagi var boðað að niðurgreiðslur skyldu lækka um 1500 millj. kr. Í fjórða lagi var gert ráð fyrir að fella niður tolla á erlendum vörum vegna samningsskuldbindinga okkar við önnur lönd sem næmu um 800 millj. kr. Ég nefni þessa fjóra þætti í þeirri mynd sem hæstv. ríkisstj. kynnti Alþ. í sambandi við framlagningu fjárlagafrv. í októbermánuði s. l.

Hvernig víkur nú í dag málum varðandi þessi sömu grundvallaratriði sem boðuð voru í miðjum okt.? Lækkun útgjaldanna, sem vera átti 2000 millj. kr. á sviði tryggingánna, á nú að verða um 1500 millj. kr. En um ⅓ hluti þessarar upphæðar á að greiðast af sjúlingum á sjúkrahúsum landsins eða um 500—600 millj. kr. Um ⅔ hlutar upphæðarinnar eiga að greiðast af sveitarfélögunum á þann hátt að þeim er heimilað að hækka útsvar sitt um 1%. En hvað eru sveitarfélögin? Ekki eru þau neinn sjálfstæður aðili sem hefur eigin sjóði til þess að inna af hendi um 1000 millj. kr. greiðslu. Sveitarfélög eru samfélag íbúanna í sveitarfélaginu, samfélag útsvarsgreiðendanna, þannig að í raun og veru er það, sem hér er að gerast, að útsvarsgreiðendum, hinum almenna borgara, hinum almenna launþega, er ætlað að greiða um 1000 millj. kr. til þess að hægt sé að létta tilsvarandi útgjöldum af ríkissjóði og komast hjá því að meiri byrðar verði lagðar á sjúklinga en þó er gert, þ. e. a. s. 500—600 millj. og engar á gamla fólkið eins og upphaflega var tilætlunin, og ber vissulega að fagna því að því skuli hafa verið hlíft. M. ö. o.: það, sem upphaflega átti að vera 2000 kr. útgjaldalækkun verður nú 1500 kr. útgjaldalækkun sem að ⅓ er borguð af sjúku fólki og vanheilu á sjúkrahúsum, en að ⅔ af almennum skattborgurum í sveitarfélögum landsins.

Ég nefndi í öðru lagi að boðað hefði verið í miðjum október að 12% vörugjaldið skyldi niður falla. Hér fór fram umræða um daginn um staðfestingu á brbl. um vörugjaldið, 1. umr., fyrir nokkrum dögum. Þá var það enn boðað að tilætlunin væri að fella 12% vörugjaldið niður. Í gær flutti hæstv. fjmrh. till. um að nú skuli vörugjaldinu haldið, að vísu ekki 12% vörugjaldi. heldur 10% í ákveðinn mánaðafjölda og síðan 6%. En engu að síður, ríkissjóður ætlar sér að innheimta á næsta ári 2,2 milljarða kr. með því að halda vörugjaldi sem tekjustofni. Það fyrirheit, sem gefið var í miðjum október, er því beinlínis svikið. Það var sagt við 1. umr. fjárlaganna að lækka ætti niðurgreiðslur um 1500 millj. kr. Nú er tilætlunin að lækka niðurgreiðslur um aðeins 700 millj. kr. Hins vegar er það eina, sem stenst í því sem sagt var í miðjum október varðandi þessa fjóra meginþætti fjárlagaafgreiðslunnar, að haldið er fast við að lækka tollana um 800 millj. kr., eins og boðað var. Það er stefna sem ég er fylgjandi, og þetta er eina atriðið af þessum fjórum grundvallaratriðum sem kunngerð voru í sambandi við framlagningu fjárlaganna í miðjum október sem enn stendur óhaggað. Öllu hinu hefur ýmist verið breytt eða þá að ákveðin fyrirheit, svo sem afnám vörugjaldsins, hafa beinlínis verið svikin.

Í þessu sambandi er líka rétt að minna á að á þessu ári var ætlunin að lækka útgjöld á gildandi fjárlögum mjög verulega. Það var samþykkt undir lok síðasta þings heimildarlöggjöf um lækkun útgjalda samkvæmt fjárlögum. Var þá gert ráð fyrir að útgjöld fjárlaga lækkuðu um 3500 millj. kr.. um 3.5 milljarða. Í júlí skilst manni að þessar lækkunaráætlanir hafi verið komnar niður í 2000 millj. kr. Þá var gerð áætlun um lækkun útgjalda samkvæmt fjárl. þar sem að ⅓ hluta var um opinberar framkvæmdir að ræða, að ¼ hluta ýmsar aðrar framkvæmdir og afgangurinn voru ýmis rekstrargjöld.

Ég vil beina þeirri fsp. til hæstv. fjmrh. að hversu miklu leyti þessi júliáætlun um 2000 millj. kr. minnkun útgjalda hafi verið framkvæmd. Mér leikur sterklega grunur á að þessi áætlun frá því í júlí um lækkun útgjalda ríkissjóðs hafi alls ekki verið framkvæmd eða a. m. k. ekki að öllu leyti og það sé ein skýringin á hinni afar bágu greiðslustöðu ríkissjóðs, það sé ein af skýringunum á þeim 3.5 milljarða kr. greiðsluhalla sem ég var að geta um áðan að viðurkennt er að muni verða á ríkissjóði á þessu ári.

Ég sagði áðan að ríkissjóður hafi skuldað Seðlabankanum 30. nóv. s. l. 6.9 milljarða kr. En þetta segir því miður ekki alla sukksöguna í sambandi við skipti ríkissjóðs og Seðlabankans því að skuldaaukning ríkissjóðs við Seðlabankann á þessu ári, á árinu 1975, er áætlað að nemi hvorki meira né minna en 3.5—4 milljörðum kr., m. ö. o.: af þessari tæplega 7 milljarða skuld, sem var í s. l. nóv., er líðlega helmingurinn nýjar skuldir sem safnað hefur verið á þessu ári. Og þetta gerist á valdatíma ríkisstj. þar sem sjálfstæðismaður gegnir embætti fjmrh. og hafði áður myndarlega gagnrýnt vinstri stjórnina fyrir losaralega fjármálastjórn og sukksöm viðskipti ríkissjóðs við Seðlabankann, en svo gerist það á valdatíma þessarar hæstv. ríkisstj., þegar sjálfstæðismaður gegnir embætti fjmrh., að óreiðuskuldaaukning í Seðlabankanum verður hvorki meiri né minni en 3.5—4 milljarðar kr. Þessi óreiðuskuldaaukning í Seðlabankanum gerir það að verkum skv. upplýsingum, sem fram hafa komið hér í hv. deild, að nauðsynlegt er að ríkissjóður greiði Seðlabankanum 900 millj. kr. á næsta ári í vexti og afborganir af skuldaaukningunni í ár, og það er ein af skýringunum sem gefnar eru á nauðsyn þess að framlengja vörugjaldið og afla ríkissjóði 2.2 milljarða tekna. M. ö. o.: næstum helmingurinn af þeim tekjum, sem ríkisstj. rukkar okkur nú um allt í einu á síðustu dögum þingsins og segir að vanti á árinu 1975, — næstum helmingurinn er nauðsynlegur vegna þess að ríkissjóður hefur á árinu 1975 verið að safna óreiðuskuldum í Seðlabankanum, 3.5—4 milljörðum kr. Það er sannarlega til nokkuð mikils mælst að stjórnarandstaðan leggi blessun sína yfir slíka ráðsmennsku.

Ég gat þess áðan að afkoma ríkissjóðs á þessu ári væri mjög slæm, að greiðsluhallinn mundi verða um 3.5 milljarðar kr. Þetta ber sannarlega ekki vott um að fjármálum ríkisins hafi verið stjórnað af aðhaldssemi eða myndarskap. Ég skal ekki gera það mál að ítarlegu umræðuefni í þessu sambandi. Þó vil ég aðeins láta getið dæmis um það hversu illa Sjálfstfl. hefur tekist að standa við gagnrýnisorð sín meðan hann var í stjórnarandstöðu. Bók var okkur send hér í okt. 1975 er heitir „Stjórnir, nefndir og ráð ríkisins árið 1974“, en það var fyrsta stjórnarár hæstv. núv. ríkisstj. Í þessari bók segir, með leyfi hæstv. forseta, í fyrstu töflu að heildarfjöldi nefnda 1974 hafi verið 466 og

í þessum 466 nefndum voru hvorki meira né minna en 2292 nm. Ég sé ekki betur en að nefndafarganið hafi aldrei blómstrað jafnstórkostlega og á árinu 1974. Nefndaþóknunin var hvorki meira né minna en 80.3 millj. kr. og annar kostnaður 82.3 millj. kr., svo að heildarnefndakostnaður á árinu 1974 varð 162.6 millj. kr. Þetta er áreiðanlega met í nefndakostnaði í sögu íslenska stjórnkerfisins.

Sem dæmi um það í hverju svona nefndarstörf geta verið fólgin tók ég með í pontuna þessa bók sem liggur á borðum allra hv. þm. og heitir „Flutningur ríkisstofnana, nefndarálit 1975.“ Formaður þessarar nefndar var Ólafur Ragnar Grímsson prófessor og varaþm. SF. Segir í bréfi n. til forsrh. að till., sem í þessari myndarlegu bók felist, feli í sér að flytja skuli 25 stofnanir af höfuðborgarsvæðinu og út um hinar dreifðu byggðir landsins, þar séu gerðar till. um deildaflutning sem snerti 12 stofnanir, stofnun útibúa frá 36 stofnunum og eflingu útibúa 11 stofnana. Það er 7 manna nefnd, sem þessa myndarlegu bók hefur samið. Nú hefði mér leikið forvitni á að fá um það upplýsingar hvað störf þessarar nefndar hafi raunverulega kostað, hvað sú tillögugerð, sem á þessum blöðum stendur, hefur kostað hið opinbera. Ég veit ég get ekki ætlast til þess að hæstv. fjmrh. svari þessu á stundinni, en ég þykist vita, geng út frá því sem vísu að hann muni taka til máls við 3. umr. fjárl. á morgun, og þá væri mér þökk á því að hann gæti þá skotið inn í einhverja af ræðum sínum upplýsingum til þings og þjóðar um það t. d. hvað störf þessarar nefndar kostuðu í heild, hvað íslenskir skattborgarar hafi verið látnir greiða mikið fyrir að fá till. um það sem í þessu plaggi felst.

Sem dæmi um stjórnleysið, sem einkennt hefur stjórnarfarið undanfarið ár, skal ég leyfa mér að nefna annað alveg nýtt dæmi af verksviði annars ráðh., af verksviði hæstv. viðskrh., en þar er um að ræða eitt hið furðulegasta mál sem hlýtur að vekja mikla athygli á næstu dögum og vikum. Svo er mál með vexti að árið 1971 var söluskattur af olíu til húsahitunar afnuminn með lögum, en söluskattur hélst hins vegar og helst á olíu til fiskiskipa. Ríkisstj. ákvað þá, sem út af fyrir sig var skynsamlegt, að ekki skuli vera munur á verði gasolíu til fiskiskipa og til húsahitunar, enda býður það upp á ýmiss konar misnotkun og misferli. En 30. júlí 1971 er í framhaldi af þessu samþ. í verðlagsnefnd að greiða söluskatt af olíu til fiskiskipa úr innflutningsjöfnunarreikningi olíuvara í tvo mánuði, meðan athugaðar séu leiðir til þess að tryggja til frambúðar sama verð á olíu til fiskiskipa og húsahitunar. Menn taki eftir því, að í samþykkt verðlagsnefndar stóð að meðan verið væri að athuga leið til að tryggja til frambúðar sama verð á olíu til fiskiskipa og húsahitunar skyldi Olíuverðjöfnunarsjóður lána söluskatt þann sem greiða átti af olíu til fiskiskipa, en lána hann aðeins í tvo mánuði meðan málið væri athugað nánar og aðrar eðlilegar leiðir væru fundnar til þess að greiða þennan söluskatt því að sjálfsögðu var þetta og er þetta ekki í þeirra verkahring, m. a. s. vafasamt að það hafi verið heimilt skv. þeim reglum, sem gilda um Verðjöfnunarsjóð, að nota hann í þessu skyni. Hér var um bráðabirgðalán úr sjóðnum að ræða í tvo mánuði og auðvitað gert ráð fyrir að þetta lán yrði endurgreitt. Í raun og veru eru það neytendur sem eiga Verðjöfnunarsjóð. Hann má nota til þess að lækka verð á olíu ef inneign í honum verður mjög veruleg. Það getur komið fyrir að nauðsyn sé að hann verði neikvæður, að hann skuldi nokkuð, ef lækkun verður á olíu sem ekki er búist við að verði varanleg. En kjarni málsins er sá, að Olíuverðjöfnunarsjóður er einn þeirra sem kaupa og nota olíu í landinu, og ef hann er jákvæður, þá er það eign fyrir neytendurna, en ef hann er neikvæður, þá verður nauðsynlegt að jafna þann halla með því að hækka olíuverðið til neytendanna síðar. En þetta lán úr Verðjöfnunarsjóði stóð ekki bara í tvo mánuði. Það stendur enn til dagsins í dag, til þessarar stundar. Verðjöfnunarsjóður hefur verið látinn halda áfram að lána söluskattinn af olíu til fiskiskipa til þessa dags. Þetta ber auðvitað vott um svo fáheyrt stjórnleysi af hálfu þeirra, sem ábyrgð bera á Verðjöfnunarsjóði olíuviðskipta, að engu tali tekur. Einnig má segja að þetta beri líka vott um fáheyrt sinnuleysi verðlagsstjóra eða verðlagsyfirvalda, að hafa ekki athugað að samþykkt verðlagsnefndar gilti aðeins um tveggja mánaða lán, en átti ekki að gilda til ársloka 1975 eins og nú hefur komið á daginn að raun hefur orðið á.

En þetta lán úr sjóðnum veldur því að staða hans er nú orðin neikvæð, að sjóðurinn skuldar nú um 450—460 millj. kr. M. ö. o.: það eru teknar af þeim, sem nota olíu á undanförnum árum, 450—460 millj. kr. sem ella hefði verið hægt að nota til þess að hafa olíuverð lægra en raun ber vitni um að hafi verið á undanförnum árum.

Þessa skuld verður ríkissjóður auðvitað með einhverjum hætti að endurgreiða Olíuverðjöfnunarsjóðnum. En þetta mál ber þannig að, að fyrir fáeinum dögum ber núv. verðlagsstjóri fram till. um það í verðlagsnefnd að lánsheimildarsamþykkt frá 30. júlí 1971 skuli felld úr gildi. Þá kemur í ljós að verðlagsnefndarmenn líta þannig á að hún hafi verið fallin úr gildi tveimur mánuðum eftir að hún var gerð, því að það stendur skýrum stöfum í samþykktinni að hún sé gerð til tveggja mánaða. Það segir í samþykktinni orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Þeim mismun“ — þ. e. söluskatti sem felldur er niður af olíu til fiskiskipa með þessari till. — „verði mætt með því að ganga á inneign“ — sem þá var á innflutningsverðjöfnunarreikningi olíuvara — „næstu 2 mánuði.“

Þetta var samþykkt: „næstu 2 mánuði“ á meðan athugaðar eru nánar leiðir til þess að tryggja til frambúðar sama verð á gasolíu til fiskiskipa og til húsahitunar. Þessir tveir mánuðir hafa orðið að fjórum árum sökum eftirlitsleysis, sökum stjórnleysis. Hér er auðvitað um hneyksli að ræða.

Vörugjaldið, sem ríkisstj. lagði á með brbl. á s. l. ári og kallað var 12%, þýðir auðvitað ekki það að verðlag hækki um 12% af þeim sökum, eins og margoft hefur verið bent á í opinberum umr. áður. Það þýðir um 15—20% verðhækkun vegna þess að vörugjaldið er álagningarstofn. M. ö. o.: vegna vörugjaldsins fær ríkissjóður auknar söluskattstekjur sem á þessu

ári munu hafa numið einhvers staðar á milli 250—300 millj. kr., og ýmis atvinnurekstur, sem notar álagningu sem tekjulind, fær auknar tekjur vegna vörugjaldsins. Hafa sérfróðir menn áætlað að atvinnureksturinn í landinu hafi fengið vegna 12% vörugjaldsins 300—400 millj. kr. í tekjuaukningu, þ.e.a.s. neytendur greiða ekki aðeins vörugjaldið sjálft til ríkisins, þeir greiða einnig aukinn söluskatt til ríksins á þessu ári, 250—300 millj. kr., og þeir greiða í aukna álagningu til ýmis konar fyrirtækja og atvinnurekenda sem nemur 300—400 millj., þannig að byrðar almennings vegna vörugjaldsins eru miklu meiri en menn kynnu að halda þegar talað er um 12% vörugjald.

Ég spurði um það á nefndarfundi í gær hvort nokkur áætlun hefði verið gerð um það vörugjald, sem nú er gert ráð fyrir að lögfest verði á árinu 1976, hve miklar aukatekjur það mundi færa ríkissjóði vegna söluskatts eða hversu miklar aukatekjur það mundi færa fyrirtækjum vegna álagningar, en fékk það svar að engin tilraun hefði verið gerð til að áætla það með nokkurri nákvæmni.

Þegar allt þetta er haft í huga hlýtur að vera niðurstaða mín — og það er afstaða okkar þm. Alþfl. — að við getum ekki samþ. þetta frv. og munum greiða atkv. gegn því. Við getum ekki tekið þátt í því á síðustu dögum þingsins að færa ríkissjóði 2.2 milljarða kr. í tekjuauka, teknar á þennan hátt, þegar það kemur við nánari athugun í ljós að næstum helmingur tekjuþarfarinnar á rót sína að rekja til óreiðuviðskipta ríkissjóðs við Seðlabankann og að hinn helmingurinn á, eins og kom fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns, eingöngu rót sína að rekja til gjalda sem ríkisstj. átti að vera kunnugt um sum allt árið, a.m.k. um flest þeirra síðan á miðju ári. Samt eru þau ekki uppgötvuð, koma ekki upp á yfirborðið fyrr en á allra síðustu dögum þingsins. Þá er fleygt fram brtt. við frv. sem á að tryggja ríkissjóði tekjur til þess að mæta gjöldum sem vitað hefur verið um í marga mánuði og jafnvel árið allt, til viðbótar því að auðvitað átti ríkisstj. líka að vita hvaða afleiðingar það hefði að eiga slík óreiðuviðskipti við Seðlabankann sem raun hefur borið vitni. Því hefði hún átt að geta gert sér grein fyrir þegar hún lagði fjárl. fram.

Þetta mál er sem sagt allt þannig til komið og allt þess eðlis að við þm. Alþfl. munum greiða atkv. gegn þessari brtt., gegn innheimtu vörugjaldsins áfram á árinu 1976.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Af því að tímanum er nú háttað eins og honum er nú háttað, verður maður að stilla sig, þó að ýmislegt hafi komið fram í ræðum tveggja hv. síðustu ræðumanna sem ástæða væri að fjalla um. Það verður þá að bíða betri tíma. En ég vil aðeins út af því, sem hv. síðasti ræðumaður, hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason, vék að í sambandi við greiðslu söluskatts af olíu til húsahitunar, taka fram að það er rétt að það hefur verið ólögmæt framkvæmd á þessu. En ég get huggað hann með því og létt af honum hans hneykslan, að það hefur verið gerð nú ný samþykkt um þetta í verðlagsnefnd þar sem ákveðið er að hætta þessu, og ég vona að hann verði ánægður með það. Það er slæmt að hann skyldi ekki vera búinn að fá upplýsingar um það áður. (Gripið fram í) Þá hefði hann getað sparað sér þessa miklu hneykslun.

Magnús T. Ólafsson: Herra forseti. Í fjárlagaræðu hæstv. fjmrh. í haust er m.a. að finna þessa setningu, með leyfi hæstv. forseta:

„Miðað er við að 12% vörugjaldið verði afnumið um næstu áramót."

Þessi yfirlýsing var í fyllsta samræmi við þann rökstuðning sem settur var fram fyrir brbl. um vörugjaldið. Strax í fyrirsögn þeirra var það kallað „sérstakt tímabundið vörugjald" og áhersla lögð á að það ætti aðeins að gilda um takmarkaðan tíma. En svo gerist það í gær að á borð þm. kemur þskj. 198, sem er brtt. frá hæstv. fjmrh. við frv. til staðfestingar á brbl. um sérstakt tímabundið vörugjald, og þessi brtt. fjallar um að þetta sérstaka tímabundna vörugjald skuli ekki vera tímabundið að ráði, a.m.k. ekki næsta ár. Till. ber með sér að ríkisstj. hefur ákveðið að framlengja vörugjaldið, það skuli að vísu lækka úr 12% í 10% nú við áramótin, en þessi 10% skuli standa til ágústloka, síðan skuli koma annað lækkunarþrep og sé vörugjaldið haft 6% fjóra síðustu mánuði ársins. Í þessu felst að næsta ár verður vörugjaldið, þegar á heildina er litið, 8⅔ árið í heild, svo að lækkunin milli ára er 3⅓.

Þegar slík till. kemur fram frá hæstv. ráðh. á síðustu dögum þinghalds fyrir jól, þá mætti ætla að hún væri rækilega rökstudd og sýnt fram á að brýna þörf og skjótar og skyndilegar aðstöðubreytingar sem hafi gert slíkt ráðslag knýjandi og óhjákvæmilegt. En helstu rök hæstv. ráðh. fyrir því að framlengja tímabundna vörugjaldið, að gera það ótímabundið a.m.k. næsta ár, eru þau að ríkissjóður þurfi að standa straum af skuld sem myndast hefur við Seðlabankann á s.l. ári, og í öðru lagi að ríkissjóður þurfi að standa við ýmsar skuldbindingar gagnvart útgerð og fiskvinnslu í landinu.

Um þessa útgjaldaliði var tvímælalaust fyrir hendi allnáin vitneskja þegar fjárlagafrv. var lagt fram, a.m.k. þegar fyrir því var talað. Þá var þegar fyrirsjáanlegt að á ríkissjóði yrði mikill greiðsluhalli á yfirstandandi ári, og einmitt þá var nefnd sama tala og nú er talin munu standast, 3.5 milljarðar kr., sem greiðsluhalli á þessu ári. Sömuleiðis lágu þá fyrir, eins og nógsamlega hefur verið rakið og ég ætla ekki að endurtaka, flestir ef ekki allir þeir útgjaldaliðir sem komnir eru til vegna útgerðar og fiskvinnslu. Ég hlýt því að álykta — og ég býst við að fleiri geri svo — að það hafi eitthvað annað komið til sem hafi gert þessa ráðabreytni svo knýjandi að hæstv. fjmrh. hleypur til og breytir frv. um staðfestingu brbl. á svona róttækan hátt á síðustu stundu. Ég fæ ekki betur séð en að eina fullnægjandi og eðlilega skýringin sé sú, að komið hafi í ljós allmikið og óvænt gat á þeim fjárlögum sem hæstv. ráðh. lagði hér fyrir í haust, að það hafi komið í ljós við nánari skoðun að tekjuáætlun þeirra sé þannig úr garði gerð að hún standist ekki og nú þurfi að leggja á ný útgjöld til að bæta upp

það sem á vanti að tekjuáætlun, sem gengið var frá í haust, fái staðist.

Þetta er reyndar ekki í fyrsta skipti í meðförum fjármála á þessu þingi sem ríkisstj. leggur fram till. um nýjar álögur og þær ekki smálegar. Strax í fjárlagafrv. var því slegið föstu að ríkisstj. væri staðráðin í því að taka í ríkissjóð tvö stig af söluskattsstofni sem undanfarið hafa gengið til Viðlagasjóðs. Þar er komin upphæð sem samkv. áætlunum um hvað söluskattsstig geri á næsta ári nemur alls ekki lægri fjárhæð en 2 milljörðum 300 millj. kr. og getur farið upp í hálfan þriðja milljarð. Nú kemur hér í viðbót framlenging á vörugjaldi sem talin er nema á næsta ári 2 milljörðum og 200 millj. kr. Og loks hefur verið lagt fram frv. um að hækka gjöldin, sem tekin eru af útsvarsstofni, um 1% eða 1 milljarð 200 millj. kr. Þetta gerir til samans 5 milljarða 700 millj. kr., sem eru nýjar álögur í ríkissjóð sem komið hafa frá hæstv. ríkisstj. á síðustu vikum.

Hvernig eru svo þessar álögur í hátt? Á hverja leggjast þær þyngst? Ekki þarf að spyrja að söluskatti. Hann leggst jafnt á flest alla neyslu og þjónustu. Vörugjaldið er tekið af takmörkuðum vöruhópi, en það leggst jafnt á alla sem þær vörur þurfa að nota. Og útsvarsstofninn er brúttótekjur allra landsmanna. Útsvarið og önnur gjöld sem eins eru lögð á, þ. á m. þetta nýja fyrirhugaða gjald til tryggingana, leggjast á alla sem einhverjar tekjur hafa, meira að segja í framkvæmd á síðasta ári eftir skattalagabreytinguna sem þá var gerð, á lífeyrisþegana á ýmsum stöðum. Framkvæmdin á því ákvæði á síðasta ári mun að líkindum verða til þess að upp verði tekin í öllum sveitar- og bæjarfélögum álagning á lífeyrisþegana.

Eins og ég sagði er gert ráð fyrir að 900 millj. af þeim 2200 millj. kr., sem afla á með framlengingu vörugjaldsins, fari til þess að standa straum af þeirri skuld sem ríkissjóður hefur stofnað til á líðandi ári við Seðlabankann. Sú skuld er þannig til komin að fjárhagur og fjárreiður ríkissjóðs á þessu ári hafa farið gersamlega úr reipunum. Það var ekki gert ráð fyrir neinum halla á ríkissjóði við afgreiðslu síðustu fjárlaga, heldur smávegis greiðsluafgangi. En það hefur farið svo á þessu ári að sá litli greiðsluafgangur hefur breyst í halla sem alls ekki verður lægri en hálfur fjórði milljarður og getur hæglega orðið meiri þegar öll kurl koma til grafar. Eins og útlit er fyrir að gengið verði frá fjárlögum nú, má heldur ekkert út af bera til þess að greiðsluafgangurinn litli, um 200 millj., breytist í nýjan greiðsluhalla.

Sá aragrúi af lítt undirbúnum og vanhugsuðum tilllögum um breytingar á útgjaldaliðum og á tekjuliðum, sem dunið hefur yfir okkur þm. síðustu daga, er ekki til þess fallinn að vekja traust á þeirri fjármálastjórn sem þar er að verki. Það verður hreinlega ekki annað séð en hæstv. ríkisstj. viti varla frá degi til dags hvað hún ætlar að gera né hvað hún er að gera þegar hæstv. ráðh. bera fram unnvörpum brtt. við 2. eða 3. umr. við frv. sem þeir báru fram fyrir nokkrum vikum eða í hæsta lagi mánuðum. Hér skortir auðsjáanlega samfelld vinnubrögð og yfirsýn. Hér virðist um að ræða svo tilviljanakennda meðferð mála að niðurstaðan hlýtur að vera að hér séu að verki menn á valdi atvikanna í staðinn fyrir að þeir ættu, ef vel væri, að hafa vald á atburðarásinni. Og þær nýju álögur sem til hafa komið, eru þannig á lagðar að þar gengur jafnt yfir menn hver sem greiðslugetan er. Hér er sælst til að hafa hinar nýju álögur þannig að tekinn sé jafn hlutur af mönnum hvort sem efnahagur þeirra og tekjustig er hagstætt eða óhagstætt. Við þm. Samtakanna getum ekki staðið að slíkum ráðstöfunum og greiðum því atkv. gegn fram komnum tillögum.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég tel óþarft að flytja langt mál um það frv. eða réttara sagt þá brtt. frá hæstv. ráðh. sem hér liggur fyrir, þar sem því máli hafa verið gerð góð skil af þeim hv. þm. sem hafa talað á undan mér. Ég vildi þó með örfáum orðum koma inn á eitt ákveðið og tiltekið atriði í þessu máli sem raunar hefur verið komið að af þeim sem hér hafa talað á undan mér, en ég tel engu að síður ástæðu til þess að vekja meiri athygli á.

Sú mun hafa verið reynslan, eins og fram hefur komið, af innheimtu vörugjaldsins á því ári sem nú er að líða, að hér er ekki aðeins um að ræða þann kostnaðarauka til neytenda sem beinlínis stafar af vörugjaldinu sjálfu, heldur bætist ofan á vörugjaldið í fyrsta lagi heildsölu- og smásöluálagning og í öðru lagi söluskattur til ríkissjóðs, þannig að ég hygg mig fara nokkuð nærri um þegar ég segi, að í staðinn fyrir það að vörugjaldið orsaki 12% hækkun miðað við þann gjaldstofn sem vörugjaldið er tekið af, þá nemi sú hækkun, þegar öll kurl eru komin til grafar, milli 21 og 22% fyrir hinn almenna neytanda. M. ö. o.: tilkoma vörugjaldsins hefur ekki aðeins skapað ríkissjóði tekjur í fyrsta áfanga, þ. e. a. s. með innheimtu vörugjaldsins sjálfs, heldur hefur vörugjaldið einnig skapað ríkissjóði tekjur í þriðja áfanga, þ. e. a. s. með söluskattsálagningu á vörugjaldið, auk þess skapað þriðja aðila, sem er gjörsamlega óviðkomandi þessu máli, þ. e. a. s. heildsölum og smásölum mjög umtalsverðan tekjuauka á kostnað neytenda. Það segir sig auðvitað sjálft, að það er harla óeðlilegt ef ríkissjóður á í fjárþröng, að þá sé sú fjárþröng leyst þannig að gersamlega óviðkomandi aðilar, í þessu tilviki heildsalar og smásalar, hafi beinan fjárhagslegan hagnað af þeirri lausn sem við er höfð.

Ef við lítum á það mál sem hér fyrir liggur, þá er því spáð að framlenging vörugjaldsins muni afla ríkissjóði tekna að upphæð 2.2 milljarðar kr. Ég hygg mig skilja það rétt að inni í þessari tölu séu ekki áætlaðar viðbótartekjur ríkissjóðs af álagningu söluskatts á vörugjaldið. Verði ekki athugasemdum hreyft við því, þá tel ég að það sé rétt frá skýrt. Þá eru ekki heldur inni í þessari tölu væntanlegar tekjur heildsala og smásala af framlengingu þessa gjalds, þ. e. a. s. ofan á þetta vörugjald bætist fyrst til aðila viðskiptalífsins, heildsala og smásala, 25—30% álagning sem nema mun í auknum útgjöldum fyrir neytendur og í auknum tekjum af þessu dæmi fyr-

ir gersamlega óviðkomandi aðila, þ. e. a. s. heildsala og smásala, um það bil 600 millj. kr. á næsta ári. Auk þess mun ríkissjóður svo væntanlega leggja sín 20 söluskattsstig þarna ofan á sem skapar ríkissjóði viðbótartekjur sem nema 500—600 millj. kr. Það er fært fram sem hálfgerð afsökun fyrir þessari brtt. hæstv. ráðh. að það eigi að koma talsvert til móts við hagsmuni íslenskra neytenda með því að hætta við að lækka niðurgreiðslur eða réttara sagt að minnka lækkun niðurgreiðslna um 700 millj. kr. En ég vil aðeins benda hv. þm. á að það, sem hæstv. ríkisstj. hyggst hér vera að gera neytendum til góða fær hún frá þeim aftur til baka vegna þess að á síðasta stigi tekur hún af neytendum aftur. Með því að leggja 20% söluskatt ofan á hið sérstaka vörugjald tekur hún frá neytendum aftur milli 500 og 600 millj. kr., þ. e. a. s. því sem næst sömu upphæð og hún heldur fram að hún ætli sér að spara neytendum með því að minnka ekki niðurgreiðslur um 700 millj. kr.

Mér er fyllilega ljóst að sú er skoðun hv. stjórnarsinna að þessi aðgerð sé nauðsynleg til þess að tryggja ríkissjóði þær tekjur sem hann þarf á að halda. Við stjórnarandstæðingar erum ekki sammála þeirri niðurstöðu, en þetta virðist engu að síður vera niðurstaða hv. stjórnarþingmanna. En ég vil leggja áherslu á það, að ég hef hvorki heyrt hæstv. fjmrh. né nokkurn stjórnarþingmann færa að því rök, að jafnhliða þessari aðgerð sé nauðsynlegt að tryggja versluninni í landinu sérstakar auknar tekjur um um það bil 600 millj. kr. á næsta ári á kostnað neytenda. Hvorki hæstv. fjmrh. né nokkur af stjórnarsinnum hefur haft slíkar röksemdir uppi um það, að jafnhliða því að þetta sérstaka gjald verði framlengt á neytendum, þá verði kaupmönnum og heildsölum heimilað að sækja sér sérstaklega 600 millj. kr. viðbótartekjur í vasa neytenda og skáka þar í skjóli framlengingar þessa gjalds.

Ég held að það verði ekki hjá því komist að hv. stjórnarþingmenn taki afstöðu til þessa máls eins út af fyrir sig, hvort það sé réttlætanlegt í þrengingum ríkissjóðs og þrengingum þjóðarinnar að nýr tekjustofn, ný tekjuöflunarleið til ríkissjóðs á næsta ári hafi í sér fólgna möguleika fyrir heildsala og smásala í landinu til þess að auka eigin tekjur um 600 millj. kr. Ég held að hv. stjórnarþingmenn verði að fá að taka afstöðu í því máli einu út af fyrir sig. Þess vegna hef ég leyft mér ásamt hv. þm. Lúðvík Jósepssyni að flytja skriflega brtt. við frv. það sem hér er til umræðu, frv. til l. um sérstakt tímabundið vörugjald. Brtt. er við 4. gr. frv. og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Aftan við 1. mgr. 4. gr. komi ný mgr. er hljóði svo:

Einnig er óheimilt að leggja heildsölu- og smásöluálagningu á hið sérstaka vörugjald.“

M. ö. o.: ég vil að hv. stjórnarþingmenn geti ekki skorast undan því að taka sérstaka afstöðu til þess, hvort þeir vilji að þessi sérstaka tekjuöflunarleið til þess að leysa tekjuvanda ríkissjóðs á árinu 1976 eigi jafnframt að gefa milliliðum í landinu, heildsölum og smásölum, sérstakt tækifæri til þess að leggja á neytendur í landinu skatt að upphæð 600 millj. kr.

Ég geri mér það ljóst, að hér þarf afbrigða við að þessa skriflegu till. megi taka fyrir, en ég mælist til þess við hæstv. forseta að hann leiti þeirra.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 227) samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég vek athygli hv. þdm. á því að hæstv. viðskrh. viðurkenndi skýrt og skorinort í ræðu sinni áðan að undanfarin 4½ ár hefði með ólögmætum hætti verið greitt úr verðjöfnunarsjóði olíu sem svarar söluskatti á olíu til fiskiskipa. Þetta upplýsti ég í ræðu minni, og nú er komin staðfesting á því af hálfu sjálfs hæstv. viðskrh. að þetta hefur átt sér stað. Jafnframt skýrði hæstv. ráðh. frá því, að nú nýlega hefði verið ákveðið að hætta þessum ólöglegu greiðslum úr verðjöfnunarsjóði olíunnar, og sagðist hæstv. ráðh. vona að þar með lyki hneykslun minni. En nú verð ég að valda honum vonbrigðum. Hneykslun mín var á því að það skyldi hafa getað viðgengist undir hans stjórn í 4½ ár að ólöglegar greiðslur ættu sér stað úr verðjöfnunarsjóði olíu, m. ö. o. olíuverði hefði verið haldið hærra en það hefði þurft að vera, þannig að olíusjóðurinn skuldar vegna þessara greiðslna núna 450—460 millj. kr. Ég er því jafnhneykslaður og ég var í fyrri ræðu minni á því að slíkt skuli hafa getað gerst í 4½ ár, þótt auðvitað sé fagnaðarefni að nú sé horfið frá því sem áður var ólögmætlega gert.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Hæstv. forseti. Það eru örfá orð út af þeim ræðum sem hér hafa verið haldnar.

Því var haldið fram að þær brtt., sem nú liggja fyrir varðandi frv. um vörugjald, séu komnar fram það seint að ekki væri af eðlilegum ástæðum hægt að ræða málin og ekki hefði verið gerð grein fyrir þeim ástæðum sem eru forsendur fyrir flutningi þessara brtt. Ég vék að því í fjárlagaræðu minni í haust að við afgreiðslu fjárl. yrði að líta á atriði sem þá voru ekki kunn og yrðu þess vegna að bíða þar til séð væri um hvað væri að ræða. Ég vék að því þá, að það væri útlit fyrir að afkoma ríkissjóðs yrði lakari en þá sýndist vera, og ég vék að því, að það væru stærðir varðandi sjávarútveginn sem ekki væru þá þegar kunnar, en allt yrði þetta að skoða og þessi mál yrðu að fá afgreiðslu við 3. umr. og afgreiðslu fjárlaga.

Það liggur í augum uppi, þegar ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar að þá er erfitt að meta stöðuna. Ég tel mig hafa gert í fjárlagaræðu minni fullkomlega grein fyrir því, að það væru vandamál eftir sem við væri að glíma og yrði að skoða við lokaafgreiðslu fjárlaga. Afgreiðsla þessara mála hlaut auðvitað að byggjast á því m. a., hvernig þjóðhagsspár yrðu þegar komið væri fram í desember. Og þá hlaut að verða m. a. tekið tillit til þess hvernig tekjuáætlun fjárlaga breyttist og hvort þá væru þjóðhagsforsendur svo breyttar að endurskoðuð

tekjuáætlun nægði til þess að leysa þann vanda sem fyrirsjáanlegur var. Því miður reynist ekki svo, og þess vegna er flutt sú brtt. við vörugjaldið sem hér er til umr. Ég held einmitt, þvert á móti því sem hv. 3. landsk. þm. sagði, að vegna þess að menn gerðu sér grein fyrir því í upphafi að það væri fyrir hendi vandi og á hann var bent, þá sé nú komið og gerð grein fyrir því að það hefur ekki tekist að leysa það mál, en verður að sjálfsögðu með einhverjum hætti að gera.

Hækkun vörugjaldsins mun væntanlega auka tekjur ríkissjóðs á næsta ári sem nemur 2 milljörðum og 200 millj. kr. En eins og ég gat um í ræðu minni í upphafi þessarar umr., er gert ráð fyrir því þar á móti að auka niðurgreiðslur miðað við fjárlagafrv. þannig að verðlagsáhrifin af því, sem hér er lagt til að gera, haldist óbreytt. Það er gert ráð fyrir því, að framfærsluvísitalan lækki jafnmikið við auknar niðurgreiðslur og hún hækkar vegna þess að vörugjaldið verður framlengt. Ég vil geta þessa hér vegna þess sem var haldið fram hér áðan í ræðum þm. og enn fremur benda á það að í verðlaginu eru áhrifin enn óhagstæðari, því að annars vegar er um að ræða minnkun sem nemur stærri upphæð en kemur þar á móti.

Ég skal ekki hafa þessi orð mín fleiri. Ég vildi aðeins láta þetta koma hér fram við lok þessarar umræðu.

ATKVGR.

Brtt. 198, 1—2 samþ. með 24:10 atkv.
— 227 felld með 23:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BGr, EðS, GilsG, GÞG, JónasÁ, KP, LJós, VilbH, MÓ, SighB.

nei: SigurlB, SV, SvH, TÁ, VH, ÞS, ÞÞ, EBS, EKJ, FÞ, GuðlG, GHG, GTh, HES, IngJ, IG, MB, MÁM, ÓE, ÓlJ, PP, PS, RH.

JSk greiddi ekki atkv.
6 þm. (SvJ, GS, GF, JóhH, LárJ, PJ) fjarstaddir.
Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég tel óeðlilegt og algerlega óvenjulegt að Alþ. fari að taka ákvarðanir um einstök álagningarákvæði eins og hér er um að ræða. Það á að vera í höndum réttra verðlagsyfirvalda. Þó að ég fallist ekki á þessa till., þá útilokar það engan veginn að þetta mál verði tekið til skoðunar hjá verðlagsnefnd. Ég segi nei.

Brtt. 198, 3 samþ. með 23:8 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 24:10 atkv. og afgr. til Ed.

Lántaka vegna opinberra framkvæmda, frv. (þskj. 124, n. 201 og 214). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Tómas Árnason): Virðulegi forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um heimild til erlendrar lántöku vegna opinberra framkvæmda á árinu 1976. Nefndin klofnaði í málinu. Meiri hl. n., þm. stjórnarflokkanna, skilar sérstöku áliti og minni hl. mun skila sameiginlega sérstöku áliti.

Meiri hl. er sammála um að mæla með frv. með þeirri breytingu sem kemur fram á þskj. 201, brtt. við 1. gr. frv. um að í stað „3580 millj. kr." komi: 4610 millj. kr.

Hæstv. ríkisstj. hefur látið dreifa hér á Alþ. skýrslu ríkisstj. um lánsfjáráætlun 1976 og mun hæstv. fjmrh. gera nánari grein fyrir henni við 3. umr. fjárlaga, væntanlega á morgun. Í þessari skýrslu kemur fram skýring á því, hvað þetta frv. raunverulega fjallar um, og vil ég leyfa mér að lesa upp úr skýrslunni á bls. 9, svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta — það er einnig á bls. 14 í skýrslunni, þar kemur fram tafla um þessar tölur, sem frv. fjallar um, og fjárhæðir — í skýrslunni segir svo:

„Á 5. töflu þessa kafla kemur fram hvernig ætlunin er að afla fjár til þeirra framkvæmda og annarra þarfa sem fram koma á 1. töflu, eða samtals allt að 9770 millj. kr. Samkvæmt því er ráðgert að afla innanlands samtals 2920 millj. kr., þar af 1520 millj. kr. í formi endurgreiðslu af endurlánuðu spariskírteinafé og 1400 millj. kr. með útgáfu verðbréfa. Heimild til verðbréfaútgáfu byggist annars vegar á tölulið XXXV. Í 6. gr. fjárlagafrv. fyrir árið 1976 og raunar á lögum nr. 36 frá 1975, um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs, eftir því hvernig fjáröfluninni yrði skipt. Erlend fjáröflun er áætluð samtals 6850 millj. kr. Erlend lántaka vegna landshafnar í Þorlákshöfn, 225 millj. kr., byggist á 3. gr. l. nr. 91 1973 og lántaka vegna eiginfjárframlaga ríkisins til járnblendiverksmiðju á Grundartanga, 975 millj. kr., á l. nr. 10 frá 1975. Vörukaupalán, samtals 2030 millj. kr., byggjast í fyrsta lagi á brbl. vegna flugvélakaupa Landhelgisgæslu, en við frv. til staðfestingar á þeim lögum þarf að bæta 150 millj. kr. lánsheimild" — þannig að lánsheimildin verður þá alls í þessu skyni 600 millj. kr. „Í öðru lagi byggjast vörukaupalán vegna Kröfluvirkjunar, 1084 millj. kr., að hluta á l. nr. 21 frá 1974, þ. e. 440 millj. kr. sem ónotaðar eru af þeirri lagaheimild, en leita þarf sérstakrar lagaheimildar til þess sem eftir er, 644 millj. kr., svo og til annarra vörukaupalána, þ. e. vegna almennra framkvæmda RARIK 132 millj. kr., til línulagnar frá Kröflu til Akureyrar 84 millj. kr. og til Orkustofnunar vegna aðveitukerfa við Kröflu 130 millj. kr., eða samtals 990 millj. kr. Loks þarf að leita lagaheimildar til annarrar erlendrar lántöku að fjárhæð 3620 millj. kr."

Það kemur fram í nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. á þskj. 201 að þetta lánsfé er fyrst og fremst ætlað til raforkuframkvæmda, þ. á. m. að hluta til Kröfluvirkjunar og byggðalínu norður yfir Holtavörðuheiði. Síðar verður svo endanlega ákveðið hvernig erlenda lánsféð skiptist milli einstakra framkvæmda.

Í frv. til l. um heimild til erlendrar lántöku vegna opinberra framkvæmda á árinu 1976, sem liggur fyrir þinginu, er gert ráð fyrir að lagaheimildir skorti fyrir 3580 millj. kr. lántöku og er þá byggt á tölum fjárlagafrv. Samkvæmt framangreindu þarf sú fjárhæð að vera 4610

millj. kr. eða hækka um 1030 millj. og er það í samræmi við þá brtt. sem meiri hl. fjh.- og viðskn. flytur við frv.

Það er ástæða til þess í sambandi við þetta mál að minnast í örstuttu máli á erlendar skuldir, þ. e. a. s. skuldir íslendinga við aðrar þjóðir, og vil ég um það segja þetta:

Erlendar langtímaskuldir námu samtals 41 milljarði 442 millj. kr. í árslok 1974 og greiðslubyrði í prósentum af útflutningi nam 11.2%. Það gæti verið ástæða til þess að bera þennan skuldaþunga saman við þjóðarauðinn og það er stundum gert. Þjóðarauðurinn er talinn hafa verið í árslok 1974 466 milljarðar 417 millj. kr. og skiptist þannig: Í atvinnuvegum 152 milljarðar 962 millj. kr., í byggingum og mannvirkjum hins opinbera 147 milljarðar 719 millj. kr. svo og einkafjármunir samtals 166 milljarðar 34 millj. — Erlendar skuldir námu því 8.9% af þjóðarauðnum í árslok 1974. Frá árinu 1969 nema erlendar skuldir í árslok hvers árs eftirfarandi prósentum af þjóðarauði: Árið 1969 9.2%, árið 1970 7.4%, árið 1971 8.1%, árið 1972 7.7%, árið 1973 7.1%, árið 1974 8.9%. — Að líkindum verður þessi prósentutala fyrir árið 1975 10.5%. En áætlun um þjóðarauðinn í árslok 1975 á verðlagi þessa árs nemur 728 milljörðum kr.

Sé hins vegar athuguð greiðslubyrði í prósentum af útflutningstekjum þjóðarinnar sömu ár, verður niðurstaðan þessi: Árið 1969 16.7%, árið 1970 11.2%, árið 1971 10.0%, árið 1972 11.4%, árið 1973 9.7% og árið 1974 11.2%. Hugmyndir um árið 1975 sveiflast einhvers staðar á milli 14.5% og 14.8%, þó sennilega nær 14.5%.

Gróf áætlun hagfræðideildar Seðlabankans um langtímaskuldir í árslok 1975 gerir ráð fyrir 68.9 milljörðum kr.

Það er eðlilegt að menn velti fyrir sér hvernig horfir um söfnun erlendra langtímaskulda og hversu þung greiðslubyrði miðað við útflutningstekjur er líkleg á næstu árum. Seðlabankinn hefur gert tilraun til að spá um þetta næstu árin, og litur sú spá þannig út: Árið 1975 14.5% — eins og ég gat um áður, árið 1976 17.3%, árið 1977 18.5%, árið 1978 19.6% og árið 1979 20.1%. Samkvæmt þessari spá verða því íslendingar að verja 1 krónu af hverjum 5 af útflutningstekjum sínum árið 1979 til greiðslu afborgana og vaxta af erlendum langtímalánum, eins og hér hefur raunar komið fram í umræðum áður. Að sjálfsögðu er erfitt að gera slíka spá mörg ár fram í tímann vegna þess að hún byggist á mörgum óvissum þáttum, enginn veit t. d. um verðlag íslenskra útflutningsvara árin 1977—1979, þar er um ágiskanir að ræða. Og það er einnig erfitt að spá um magn og gæði íslenskra útflutningsvara langt fram í tímann. Eigi að síður sýna þessar hugleiðingar Seðlabankans í fyrsta lagi að greiðslubyrði erlendra skulda á næsta ári, miðað við útflutningstekjur, er svipuð og hún var árið 1969, en fer svo greinilega vaxandi. Það er því ástæða til þess fyrir íslendinga að kanna með öllum tiltækum ráðum hvernig unnt sé að nota innlent fjármagn í vaxandi mæli til uppbyggingar í landinu. Þarf auðvitað í því sambandi að efla innlendan sparnað og er það náteagt baráttunni við verðbólguna.

Varðandi innlenda fjármagnið álít ég að sé afar þýðingarmikið að beina því í vaxandi mæli að því að byggja upp atvinnulífið í landinu í þeim tilgangi að skapa meiri framleiðslu og þar af leiðandi meiri gjaldeyristekjur til þess að standa undir mikilli skuldabyrði. Það þarf að halda áfram hinni geysimiklu uppbyggingu við sjávarsíðuna í sambandi við vinnslustöðvar sjávarútvegsins til þess að gera verðmætari vörur úr sjávaraflanum. Það þarf að halda áfram hinni miklu uppbyggingu á vinnslutöðvum landbúnaðarins til þess að vinna verðmætari vöru úr framleiðsluvörum bændanna. Það þarf að miða að því að byggja sem mest af okkar fiskiskipaflota innanlands, í innlendum skipasmíðastöðvum, og síðast en ekki síst þarf í vaxandi mæli að beina meira fjármagni en gert hefur verið á undanförnum árum að því að byggja upp almennan iðnað í landinu.

Það er í sjálfu sér ekkert við það að athuga að taka erlend lán ef þess er gætt að fjármagnið gangi til uppbyggingar í atvinnulífinu sem skilar arði og annaðhvort sparar erlendan gjaldeyri eða eykur gjaldeyristekjurnar meira en sem svarar greiðslubyrði lánsins. Gangi hins vegar erlendar lántökur til eyðslu og aukinnar einkaneyslu í þjóðfélaginu sem ekki skilar gjaldeyri eða er gjaldeyrissparandi, þá er hætta á ferðum. En það er einmitt það sem gerst hefur á undanförnum árum. Íslendingar hafa tekið eyðslulán erlendis og eytt og ég vil segja sólundað fjármunum umfram það sem efni stóðu til. Slíkt ráðdeildarleysi verður að stöðva, annars fer illa og íslendingar stofna efnalegu sjálfstæðu sínu í voða. Það er t. d. svo komið nú að gjaldeyrisforði þjóðarinnar byggist eingöngu á lánsfé. Samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar liggur fyrir að viðskiptajöfnuður var óhagstæður um 13.5 milljarða kr. 1974 og 20.2 milljarða 1975, að því er ætlað er, og þó munu sennilega koma enn hærri tölur frá Hagstofunni sem ég sá bregða fyrir rétt áðan. Því er spáð að viðskiptajöfnuður verði óhagstæður um 15.5 milljarða kr. á árinu 1976, jafnvel þó að gætt verði þeirrar aðhaldsstefnu sem ríkisstj. hefur markað í fjárhags- og yfirleitt efnahagsmálum.

Þessi þróun mála hvorki má né getur haldið áfram lengi, hér þarf að spyrna við fótum. Af þessum ástæðum hefur ríkisstj. markað aðhaldsstefnuna í fjármálum og viðskiptamálum. Það hafa verið settar nýjar reglur um veitingu leyfa til að taka lán erlendis til lengri tíma en eins árs. Reglurnar fjalla m. a. um eftirlit með erlendum lántökum, um reglur varðandi kaup á fiskiskipum og öðrum skipum, um kaup á flugvélum og ýmiss konar vélum til skipaviðgerða og opinberra framkvæmda. Þá hefur ríkisstj. einbeitt sér að því að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög og gera sérstaka lánsfjáráætlun sem fylgir afgreiðslu fjárlaga. Allar eru þessar ráðstafanir til þess gerðar að gæta þess að erlendum lántökum verði stillt í hóf og reynt að tryggja að slík lán gangi til arðbærra framkvæmda.

Virðulegi forseti. Án þess að ég ætli á neinn hátt að efna til almennra umræðna um þessi mál, til þess er enginn tími við þessar aðstæður hér á Alþ. nú, vildi ég þó geta nokkurra þeirra

atriða sem varða erlendar lántökur og einnig koma með nokkrum orðum, eins og ég hef raunar gert, inn á þá nauðsyn að það þarf að minni hyggju að beina meira af innlendu fjármagni inn á þær brautir að byggja upp atvinnulíf í landinu, sem getur skapað gjaldeyri, og enn fremur atvinnulíf, sem sparar gjaldeyri. Það er sú stefna sem verður að leggja áherslu á á næstu árum.

Frsm. minni hl. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Í fyrirliggjandi frv. er óskað eftir heimild til handa ríkisstj. til þess að mega taka erlend lán sem nemur 3580 millj. kr. vegna ríkisframkvæmda á næsta ári. Og nú hefur meiri hl. fjh.- og viðskn. flutt brtt. þar sem gert er ráð fyrir hækkun þessarar fjárhæðar í 4610 millj. kr. Á nál. á þskj. 214 gerum við í minni hl. fjh.- og viðskn., ég og hv. 9. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason, grein fyrir almennri afstöðu okkar til þessa frv. og til þessara till., en hún er sú að við getum ekki fallist á að styðja þessa heimild. Meginástæðan er sú, að þó að við viðurkennum að hér sé leitað eftir heimildum til lántöku til ýmissa framkvæmda sem telja verður nauðsynlegar og eðlilegt að tekin séu lán til, þá er hér um að ræða hluta af heildarfjármálastefnu ríkisstj. sem við viljum ekki bera ábyrgð á á neinn hátt, og auk þess er hér stefnt að erlendum lántökum í sambandi við vissar framkvæmdir sem *ég fyrir mitt leyti er algjörlega á móti* að ráðist verði í.

Það hefur verið gerð nokkur grein fyrir áætluðum lántökum til opinberra framkvæmda á næsta ári, og sérstaklega koma fram allmiklar upplýsingar um þau mál í þeirri skýrslu sem ríkisstj. hefur látið gera um lánsfjáráætlun á árinu 1976. Það kemur í ljós að út frá því er gengið að tekin verði lán á næsta ári sem nema rétt tæpum 10 milljörðum kr. vegna ríkisframkvæmda. Þar er um bæði innlend og erlend lán að ræða, en auk þess er svo um að ræða lántökur vegna framkvæmda Landsvirkjunar, en þær lántökur er áætlað að nemi 3470 millj. kr. á næsta ári. Hér er því gert ráð fyrir því að lán verði tekin til ríkisframkvæmda og framkvæmda Landsvirkjunar sem nema samtals rúmum 13 milljörðum kr. Þó að ekki sé leitað eftir heimildum til þess að mega taka erlend lán meira en sem nemur 4.6 milljörðum, þá stafar það eingöngu af því að ríkisstj. telur sig hafa heimildir í öðrum lögum og annars staðar til þess að taka það *sem upp á vantar, þannig að heildarlántakan fáist*, sú sem ég var að greina frá. Hér er að sjálfsögðu um gífurleg ný lán að ræða og hefði vissulega verið ástæða til þess að hér hefðu getað farið fram á hv. Alþ. ítarlegar umræður um þær framkvæmdir allar, sem hér er stefnt að, og fjármögnun þeirra.

Í þessari skýrslu, sem ég vitnaði til, kemur m. a. fram, að út frá því er gengið að ráðist verði í hafnargerð við Grundartanga í Hvalfirði á næsta ári. Greint er frá því að heildarkostnaðaráætlun, sem nú liggur fyrir um það verk, nemi 600 millj. kr., en áætlað er að verja þegar í stað 50 millj. kr. til áætlunargerðar og hönnunar í sambandi við verkið. Í öðru lagi kemur fram í þessum upplýsingum, að gert sé ráð fyrir að taka þurfi lán vegna byggingar járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði að upphæð 975 millj. kr. Af þessu verður talið sem eigið fjárframlag ríkisins 800 millj. og 175 millj. kr. falla á hlut ríkisins vegna fjármagnsútgjalda, þ. e. a. s. í sambandi við vexti og afborganir af lánum sem þegar hafa verið tekin. Frá því er einnig skýrt í þessum upplýsingum, að þegar hafi verið greiddar á árinu 1975 445 millj. kr. vegna þessara framkvæmda.

Ég tel fyrir mitt leyti að það ætti að falla frá þessum fyrirætlunum varðandi járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði og hafnargerð þar. Það hefur þegar verið tilkynnt að byggingu verksmiðjunnar hafi verið frestað og standi yfir ný athugun á málinu í heild. Ég hefði því talið eðlilegt að það hefði verið fallið frá ráðagerðum um fjárútveganir í þessum efnum og útgjöld að þessu leyti, vegna þess að ég álít að heilladýgst hefði verið fyrir okkur að hætta með öllu við byggingu þessara mannvirkja, bæði hafnargerðina við Grundartanga og eins við byggingu verksmiðjunnar. Og ég tel mjög óeðlilegt að taka fjárútvegun í þessu skyni upp á lánsfjáráætlun næsta árs, þar sem málið er allt í rannsókn og engan veginn er víst að sú rannsókn leiði til þess að rétt þyki að halda áfram með þetta mannvirki.

Það er sem sagt augljóst að stefna hæstv. ríkisstj. *er sú að halda áfram með byggingu* verksmiðjunnar. Hún setur ekki fyrir sig, þó að þegar hafi verið tekið mikið af lánum, að bæta við allmyndarlegum fjárhæðum, — fjárhæðum sem fljótlega munu skipta nokkrum milljörðum, til þess að leggja fram ýmist sem stofnfé í þessa verksmiðju eða þá sem beint lánsfé og íslenska ríkið verður að leggja fram að sínum hluta til þessara framkvæmda. Ég álít að þetta dæmi eitt út af fyrir sig sýni einkar ljóslega hvernig hæstv. ríkisstj. lítur á þessi mál. Hún er ekki *hrædd við auknar lántökur í sambandi* við þessa framkvæmd, þar kvíðir hún engu. Þar skiptir ekki máli þó að þurfi að leggja í mikinn fjármagnskostnað á hverju ári, þ. e. vexti og afborganir af lánum, og þó að þurfi að bæta við miklum lánum til þess að ráðast í þessar framkvæmdir, bæði hafnargerð og verksmiðjubyggingu, þrátt fyrir alla þá óvissu sem er ríkjandi um málið.

Hins vegar kemur það glöggt fram í þeim upplýsingum, sem liggja fyrir í lánsfjáráætlun *fyrir árið 1976, að ríkisstj. hefur tekið* ákvörðun um annað atriði sem miklu máli skiptir varðandi fjármál, en það er að það skuli dregið mjög verulega úr fjármagni til stofnlánasjóða atvinnuvega landsmanna og beinlínis gert ráð fyrir að það fjármagn, sem þeir eiga að hafa yfir að ráða, verði allmiklu minna en upplýsingar liggja fyrir um að þeir séu þegar búnir að taka á sig skuldbindingar um. Það er t. d. gert ráð fyrir því, að það eigi að vanta um 1 milljarð upp á ráðstöfunarfé Fiskveiðasjóðs, það ráðstöfunarfé *sem hann telur að hann þurfi að hafa vegna* þegar gefinna loforða. Og það er líka mjög táknrænt hvar niðurskurðurinn á einkum að koma

til framkvæmda í sambandi við Fiskveiðasjóð. Stjórnendur Fiskveiðasjóðs hafa talið að þeir þyrftu að fá til lánveitinga 1.8 milljarða kr. vegna innlendra skipasmíða. Þetta á að skera niður í 1.3 milljarða kr. eða um 500 milljónir. Það á einnig að skera niður það sem stjórnendur sjóðsins telja óhjákvæmilegt að hafa sem fjármagn til uppbyggingar á vinnslustöðvum sjávarútvegsins, það á að skera niður og einnig á að skera niður lánveitingar til nauðsynlegra tækjakaupa og viðgerða á vegum Fiskveiðasjóðs. Ég tel að þessi stefna segi býsna mikið þegar það er haft í huga að ríkisstj. er alls ekkert á þeirri braut að minnka við sig lántökur eða draga almennt úr framkvæmdum. Hún er aðeins að breyta til. Það er verksmiðjubyggingin í Hvalfirði sem er sett á forgangslista, en úr stofnlánum til íslenskra atvinnuvega á að draga.

Það er alveg sama hvar á þessi mál er litið, *það kemur alltaf út þessi sama mynd sem ég* hef verið hér að vekja athygli á. Það er um samdrátt að ræða — jafnvel beint í krónum talið — til lánveitinga sem þjóna íslenskum atvinnuvegum og þeim málaflokkum sem hafa mikla þýðingu fyrir landsmenn, en hins vegar eru verulega aukin útgjöld m. a. til orkuframkvæmda, augsýnilega með það í huga að þessar orkuframkvæmdir eigi að verða undirstaða undir nýrri og erlendri stóriðju. Það er á móti þessari stefnu sem við alþb.-menn erum. Við teljum að hér sé stefnt í ranga átt og að þessi stefna hæstv. ríkisstj. geti aldrei leitt af sér annað en aukna erfiðleika. Það er rétt að út af fyrir sig geta framkvæmdir í orkumálum haft almenna þýðingu og verið gagnlegar og við þurfum vissulega á slíkum framkvæmdum að halda að vissu marki. En það er þýðingarlaust með öllu að neita því, að slíkar framkvæmdir eru efnahagslega erfiðar, þær kosta mikið átak á meðan þær standa yfir og fyrstu árin eftir að orkuverin eru komin upp. Hin nýju orkuver auka ekki á gjaldeyrisöflun þjóðarinnar þegar fram í sækir og spara tiltölulega lítið á fyrsta stigi borið saman við þung útgjöld. Það er því enginn vafi á því, að mjög einhliða áhersla á slíkar framkvæmdir með það í huga að ráðstafa verulegum hluta af orkunni á tiltölulega mjög lágu verði til erlendrar stóriðju hlýtur að valda okkur vaxandi erfiðleikum á næstu árum. Það er hins vegar skoðun mín að við hefðum átt að halda áfram að hlúa að íslenskum atvinnuvegum og beina því fjármagni, sem við höfum yfir að ráða, fyrst og fremst til þeirra til þess að styrkja aðstöðu þeirra og vinna þannig að því að auka gjaldeyrisframleiðsluna, en með slíkum ráðstöfunum hefði verið hægt að minnka þann vanda sem við er að glíma í efnahagsmálum þjóðarinnar miklu fljótar en verður, jafnvel þó að takist vel um stórframkvæmdirnar sem ráðgerðar eru eftir þeirri leið sem hæstv. ríkisstj. velur.

Ég skal ekki fara í meiri almennar umr. um þessi mál, en vil undirstrika það að við í Alþb. teljum okkur ekki fært að samþykkja það frv. sem hér er um að ræða. Vísa ég þar m. a. til þess nál. sem ég gat um áðan á þskj. 214 og ég stend að og hv. 9. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason, en við erum báðir á móti þessu frv.

Gylfi Þ. Gíslason: Hæstv. forseti. Eins og fram kemur í nál. okkar hv. 2. þm. Austurl., Lúðvíks Jósepssonar, erum við andvígir því að samþykkja þær lántökuheimildir sem frv. gerir ráð fyrir, fyrst og fremst vegna þess að við teljum stefnu ríkisstj. í framkvæmda- og lántökumálum, fyrst og fremst að því er varðar erlendar lántökur, bera vott um stjórnleysi, það sé ekki um nógu mikla aðgæslu að ræða og lánamál íslenska ríkisins erlendis séu komin í hið mesta óefni. Hins vegar gerum við okkur ljóst að ýmsar þær framkvæmdir, sem gert er ráð fyrir að fjármagna með erlendum lántökum fyrst og fremst eða innlendum, eru nauðsynjaframkvæmdir, svo að við munum ekki greiða atkv. gegn frv., heldur sitja hjá við afgreiðslu þess.

Ég tel ástæðu til þess að láta í ljós ánægju yfir þeirri nýbreytni sem hæstv. ríkisstj. hefur tekið upp í sambandi við þetta mál og fólgin er í því að birta opinberlega og senda alþm. skýrslu ríkisstj. um lánsfjáráætlun ársins 1976, sem er ítarleg skýrsla og vandlega unnin og í henni mikinn og nauðsynlegan fróðleik að fá. Á bls. 10 í þessari skýrslu er gerð grein fyrir þeim ríkisframkvæmdum sem fyrirhugað er að fjármagna með lánsfé á árinu 1976. Þar er samtals um að ræða 9770 millj. kr. Þegar eru fyrir hendi í lögum heimildir til lántöku varðandi verulegan hluta þeirrar upphæðar, og það er ætlun ríkisstj. með flutningi þessa frv. að fá heimildir þær sem á vantar til þess að hægt sé að afla lánsfjár til þeirra ríkisframkvæmda sem gerð er nákvæm grein fyrir á bls. 10 í þessari skýrslu og nema samtals 9.8 milljörðum kr.

Ég tel í þessu sambandi rétt að vekja alveg sérstaka athygli á því, að þrír liðir, þrjár framkvæmdategundir fara fram úr einum milljarði varðandi umbeðnar lánsfjárheimildir. Þar er langstærsti liðurinn Kröfluvirkjun sem veitt er lánsheimild til samtals upp á 4155 millj. kr. — upp á rúma 4 milljarða kr. Næststærsta lánsheimildin er vegna almennra framkvæmda Rafmagnsveitna ríkisins 1740 millj. kr. Og þriðja stærsta framkvæmdategundin er vegagerð 1050 millj. kr. Þessar tölur hljóta að vekja til nokkurrar umhugsunar og í sambandi við þær vakna nokkrar spurningar. Ég vek athygli á því, sem ekki hefur komið fram í þessum umræðum fram að þessu, að til einnar framkvæmdar, þ. e. a. s. Kröfluvirkjunar, á að verja erlendu lánsfé sem nemur næstum helmingi alls þess lánsfjár sem ríkisstj. ætlar að verja til ríkisframkvæmda á næsta ári, 4.1 milljarði af 9.8 milljörðum kr. Það er því ekki að ástæðulausu þó að þessi framkvæmd sé gerð að nokkru umræðuefni í þessu sambandi og nokkrum spurningum varpað fram í þessu sambandi.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að Kröfluvirkjun er byggð af þremur aðilum: Í fyrsta lagi Kröflunefnd sem er stjórnskipuð. Hún byggir orkuverið. Jarðhitadeild Orkustofnunar borar og virkjar gufuholur. En Rafmagnsveitur ríkisins byggja háspennulínur og eiga að sjá um orkuflutninginn. En í þessu sambandi vil ég vekja sérstaka athygli á því, hafi hv. þm. ekki verið það kunnugt, þá á þeim ekki að vera það ókunnugt héðan í frá, að engin ákvörðun hefur

enn verið tekin um það hver reka skuli þetta risafyrirtæki. Gert er ráð fyrir að heildarstofnkostnaður Kröfluvirkjunar verði milli 6 og 7 milljarða kr. Framkvæmdir eru þegar hafnar. Mér er ekki kunnugt um hversu miklu fé er þegar búið að verja til framkvæmdanna, en nú liggur fyrir Alþ. að veita á næsta ári lánsheimildir fyrir 4.1 milljarði kr. til þessara framkvæmda og samt sem áður hefur ríkisstj. enn enga ákvörðun tekið um það hver skuli annast rekstur þessa risafyrirtækis sem hér er hafin bygging á. (Gripið fram í.) Nú hefði ég gaman að vita hvað mikið hv. þm. hefur á bak við sig í þessu. Það er vitað að hann hefur ágæt sambönd á stjórnarheimilinu og vel má vera að hann segi satt. En það vildi ég að guð almáttugur gæfi að hann segði þetta ósatt. Ég vona að hv. þm. hafi tekið skýrt eftir því hvað ég sagði.

Hér er um risafyrirtæki að ræða. Orkuframleiðsla þessa fyrirtækis mundi nægja til þess að fullnægja allri orkuþörf reykvíkinga og Reykjavíkursvæðisins nú í dag, og þá má sjá að hér er ekki um neitt smáfyrirtæki að ræða, og samt hefur — ég endurtek það einu sinni enn — engin ákvörðun verið tekin um hver reka skuli þetta risafyrirtæki. Þessi framkvæmd öll hefur verið mjög umdeild. Framkvæmdastjóri Laxárvirkjunar á Ákureyri, sem ætti að vera manna kunnugastur rafmagnsmálum á Norðurlandi, hefur gagrnýnt fjölmargt í þessari framkvæmd, t. d. hefur hann bent á að áður en framkvæmdir voru hafnar hafi enginn raunveruleg orkuspá verið gerð, engin spá um raunverulega orkuþörf þess svæðis sem Krófluvirkjun er áætlað að þjóna. En það er augljóst og algjörlega óumdeilanlegt að framleiðslugeta þessa fyrirtækis verður fyrstu árin a. m. k. langt umfram rafmagnsþörf á því svæði sem því er ætlað að þjóna, jafnvel þótt Austurland verði tengt þessu fyrirtæki. Um þetta vitna algjörlega óumdeilanlegar staðreyndir, og þetta gildir nokkur fyrstu árin eftir að framkvæmdum hefur verið lokið. Afleiðingin getur ekki orðið nema önnur af tveim: annaðhvort verður gífurlegur rekstrarhalli á fyrirtækinu, og þá vaknar spurningin um hver ætti að greiða hann, eða þá geysihátt rafmagnsverð á Norðurlandi, miklu hærra en gildir hér á Suðurlandi og heldur en gildir á Norðurlandi nú í dag. Þetta er auðvitað stóralvarlegt mál sem bráðnauðsynlegt er að ríkisstj. geri grein fyrir, en kannske ekki von að hún hafi gert sér grein fyrir, fyrst hún er ekki einu sinni búin að gera það upp við sig hvernig reka á fyrirtækið, hver raunverulega á að stjórna fyrirtækinu og annast rekstur þess.

En það allra alvarlegasta í sambandi við þessa framkvæmd, þ. e. Krófluvirkjun, er það, að mér er tjáð að engin rekstrar- eða greiðsluáætlun sé til um þetta fyrirtæki fram í tímann. M. ö. o.: framkvæmdir, sem ætlað er að kosti í heild milli 6 og 7 milljarða kr., eru hafnar án þess að nokkur rekstrar- eða greiðsluáætlun hafi verið gerð um þetta virkjunarfyrirtæki fram í tímann. Mér er jafnframt tjáð að það sé í fyrsta skipti í sögu íslenskra raforkumála að slíkt eigi sér stað. Það hafa aldrei áður verið hafnar miklar virkjunarframkvæmdir án þess að áður hafi verið gerðar nákvæmar rekstrar- og greiðsluáætlanir — að vísu misjafnlega langt fram í tímann, en alltaf eitthvað fram í tímann auðvitað — í sambandi við nauðsynlega lánsfjáröflun til virkjananna. En þetta hefur ekki gerst í sambandi við Krófluvirkjun. Það er engin greiðslu- og rekstraráætlun til fram í tímann um þessa 6—7 milljarða framkvæmd. Hér er náttúrlega um furðulega ráðsmennsku að ræða, enn eitt dæmi þess að í raun og veru er þetta land stjórnlaust, og ekki hvað síst á það við á sviði rafmagnsmálanna að þessu leyti að landið er stjórnlaust.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að það hefur verið mjög umdeilt hvernig að þessum framkvæmdum hefur verið staðið. Það hefur verið rætt um að ekki hafi farið fram eðlileg útboð, og fjöldamargt annað hefur verið gagnrýnt í þessu sambandi. Ég ætla ekki að lengja þessar umræður um þetta frv. með því að gera þessi mál að umtalsefni. Þó vil ég ekki láta hjá líða að taka fram að ég tel margt benda til þess, að það verði nauðsynlegt fyrir þingnefnd, annaðhvort eina af föstum nefndum þingsins eða sérstaklega kjörna þingnefnd á næsta ári, að taka það til sérstakrar athugunar og rannsóknar hvernig að framkvæmdum hefur verið staðið fram til þessa í sambandi við byggingu þessa mikla orkuvers. Frekar geri ég það ekki að umræðuefni í sambandi við þetta mál, vildi þó aðeins láta þess getið að ég tel vera til þess fullkomna ástæðu að slík athugun fari fram.

Aðalatriði þessa máls — og það skulu vera lokaorð mín — er þetta: Hér er gert ráð fyrir að veita lántökuheimild fyrir 4.1 milljarði vegna Krófluvirkjunar samtímis því að engin rekstrar- og greiðsluáætlun fram í tímann er til fyrir stofnunina og engin ákvörðun hefur verið tekin um hver í raun og veru eigi að annast reksturinn þegar virkjunin er fullbyggð. Þetta er ein af ástæðunum fyrir því að ég og minn flokkur treystum okkur ekki til þess að styðja samþykkt þessa frv., — ein af ástæðunum fyrir því, að við erum sammála um það, hv. 2. þm. Austurl. og ég í fjh.- og viðskn., að styðja frv. ekki.

Ingvar Gíslason: Hæstv. forseti. Það ætlar ekki af manni að ganga í sambandi við Krófluvirkjun. Hún virðist nú algjörlega kominn á heilann á hv. alþfl.-mönnum, og ég verð að segja það, að ég var svolítið undrandi á hv. 9. þm. Reykv., þeim bráðkurteisa manni og sanngjarna í eðli sínu, að hann skuli nú fara að vekja upp þetta mál sem í rauninni er útrætt og búið að gefa á allar þær skýringar sem hugsanlegt er að gefa á þessu stigi.

Ég skal játa að það var auðvitað rétt, að þegar ákveðið var að hraða Krófluvirkjun svo mjög sem gert var, þá þurfti að bregða nokkuð út af um viss atriði, einkum í sambandi við útboð og annað slíkt. Það varð að bregða út af þessu. En ég vil minna hv. 9. þm. Reykv. á að það er búið að skýra þetta atriði svo oft að það er í rauninni að bera í bakkafullan lækinn að ætla að fara að gera það að umræðuefni aftur. Ég get alveg fullvissað hv. þm. um það og allan þingheim, að það var ekki á neinn hátt óeðlilega staðið að þessu verki. Það var að vísu brugðið út frá því almenna í þessu efni, en þrátt fyrir það var ekki á neinn hátt staðið óeðlilega

að neinu og það var gert í fullu samráði við ríkisstj. og var raunar ákvörðun ríkisstj., og það var gert í samráði við hina færustu ráðunauta. Þetta er nú eitt atriði, og raunar má segja um val þess aðila, sem smíðaði vélbúnaðinn og fleira, að þetta var auðvitað gert, eins og ég segi, miðað við aðstæður, en nokkuð fljótt, en þó var þannig unnið að þessu að það var leitað til fjöldamargra aðila víða um heim, raunar allra þeirra aðila sem vitað var að væru færir um að inna þetta verk af hendi.

Þetta er sem sagt eitt atriðið af því sem oft er um rætt. En það, sem ég sérstaklega hjó eftir að þessu sinni hjá hv. 9. þm. Reykv., var að hann vill halda því fram að það hafi engin ákvörðun verið tekin um það hver reka skuli Kröfluvirkjun þegar hún er tilbúin. Ég held að hann hafi orðað það svo. En ég vil minna hv. þm. á að lögin um Kröfluvirkjun gera beinlínis ráð fyrir að það verði stofnað sérstakt rekstrarfyrirtæki sem heitir Norðurlandsvirkjun. Það skal að vísu játað að það hefur orðið óhæfilegur og óeðlilegur dráttur á því, að þetta fyrirtæki væri stofnað. En ég veit ekki hvort hv. þm. er því vel kunnugur af hverju þetta stafar. Þetta stafar ekki af því að ríkisstj. hafi staðið í vegi fyrir því að þetta fyrirtæki yrði stofnað. Það hafa reynst á því örðugleikar að sameina sveitarfélögin fyrir norðan um þessa stofnun og raunar marga fleiri aðila, þ. á m. Laxárvirkjun. Það hefur ekki reynst unnt að leiða þá aðila saman sem lögin gerðu ráð fyrir að stæðu að Norðurlandsvirkjun. Þetta er nú í höfuðdráttum ástæðan fyrir því hversu mjög þetta hefur dregist. En eigi að síður höfum við margir enn þá trú að það vinnist tími til þess að stofna Norðurlandsvirkjun, því að það er mjög æskilegt að svo verði, eins og lögin gera ráð fyrir, og vissulega verður einhver að reka orkustöðina. Það er augljóst mál að það er brýn nauðsyn til þess. En ég held að við hljótum að vera sammála um það, við hv. 9. þm. Reykv., að ef stöðin kemst upp á eðlilegum tíma og fer að vinna rafmagn, þá finnist leiðir til þess að reka fyrirtækið. Ég efast ekkert um að það muni heppnast.

Hv. þm. talar um að Kröfluvirkjun sé ekkert smáfyrirtæki, og það er vissulega alveg rétt. Og hann vill halda því fram að orkuframleiðslan verði langt umfram þarfir. Það er oft búið að gera grein fyrir þessu atriði, og ég hygg að allir, sem bera hag Kröfluvirkjunar fyrir brjósti, viðurkenni að það verði séð fyrir því að orkan verður mikil fyrir norðan. En hvort hér er raunverulega um það að tala að orkan verði langt umfram þarfir, það held ég að sé ekki rétt með farið þegar á allt er litið. Raunar hefur hæstv. iðnrh. nýlega gert grein fyrir þessu máli í sambandi við fyrirspurn sem kom fram hér í þinginu ekki alls fyrir löngu, og svör hæstv. ráðh. muna sjálfsagt flestir. Ég man ekki hvort hv. 9. þm. Reykv. var hér viðstaddur þegar þetta skeði. Ég hygg að svo hafi ekki verið, og þess vegna hefur þetta kannske nokkuð farið fram hjá honum. En ég vil benda honum á svar hæstv. iðnrh. sem er að finna í umræðuparti Alþingistíðinda, 8. hefti, líklega í dálki 923. Ég hef mig ekki í að fara að lesa það allt saman upp sem hæstv. ráðh. sagði þá. En ég vil benda hv. 9. þm. Reykv. á að lesa þessi orð hæstv. ráðh., og þá held ég að hann fái nokkurn veginn fullnægjandi útskýringu á því hvað hér er um að ræða.

Um það, að Kröfluvirkjun sé mikið fyrirtæki, þá er það alveg rétt, og það er auðvitað dýrt að koma þessu upp eins og flestum hlutum nú. En hvort þetta er nokkuð dýrara eða fjármagnsfrekara fyrirtæki en gengur og gerist um fyrirtæki af svipuðu tagi, það efast ég stórlega um. Það þarf engan að undra þó að það þurfi mikið fjármagn á næsta ári þegar jafnmikið kapp er lagt á að koma virkjuninni í gagnið á þeim tíma sem áætlað hefur verið. En að sjálfsögðu mun draga úr þessu síðar. Þó að þetta sé fyrirferðarmikið á lánaskrá ríkisins nú á næsta ári þá stafar það eingöngu af því að það er verið að framkvæma svo mikið og það er verið að vinna að því að koma stöðinni í nothæft stand.

Í sambandi við þá tillögu hans eða ábendingu, að það mundi vera þörf á því að setja sérstaka þingnefnd á laggirnar til þess að fara ofan í framkvæmdir Kröflunefndar, trúi ég, og þessa framkvæmd yfirleitt, þá má vel vera að eðlilegt sé að gera slíkt. A. m. k. held ég að við, sem stöndum að þessari framkvæmd og sitjum í Kröflunefnd, mundum ekkert óttast það þó að slíkt væri gert. Hitt er svo annað mál, að það mundi teljast harla óeðlilegt og ósennilegt að hv. Alþ. færi að samþykkja slíka tillögu. En það þori ég að fullyrða, að það er ekkert að fela í því efni af hálfu okkar sem stöndum í þessu, og satt að segja kemur það manni stórlega á óvart og það er undrunarefni að það skuli vera nánast skipulega ráðist á menn, eins og nm. í Kröflunefnd, sem hafa tekið að sér trúnaðarstörf á vegum ríkisstj., þegar ekki er annað vitað af þeim, sem gerst mega fylgjast með, en að þessi nefnd hafi unnið starf sitt vel. Það hygg ég að allir fáist til að viðurkenna, nema þá ef vera skyldi örfáir menn sem tengdir eru eða í ýmsum tengslum við hv. 9. þm. Reykv., því að sannleikurinn er sá að árásirnar á Kröfluvirkjun og á Kröflunefnd hafa eingöngu komið frá alþfl.-mönnum og má rekja þá slóð. Hygg ég þó að mörgum úr þeim hópi sé farið að blöskra sjálfum og væru tilbúnir að draga í land með það. Og ég vona nú satt að segja, af því að ég þekki hv. 9. þm. Reykv. að því að vera sanngjarnan mann og manna sanngjarnastan, að þá muni hann við frekari athugun komast að raun um að það sé óþarfi að vera með slík stóryrði um þetta efni eins og hann hefur leyft sér hér bæði fyrr og síðar og nú síðast í dag. Vona ég að að því komi að hann sjái að þar hefur hann farið villur vegar og gengið of langt í árásum og málflutningi sínum.

Frsm. meiri hl. (Tómas Árnason): Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr., en það er aðeins eitt atriði sem kom fram í ræðu hv. 2. þm. Austurl. áðan sem mig langar til að minnast á í nokkrum setningum.

Hann skýrði frá því að samkv. lánsfjáráætlun væri sýnt að það væri hugmyndin að hægja nokkuð á innlendri skipasmíði. Þetta er alveg rétt athugað hjá hv. þm., að það er meiningin. En

ástæðurnar fyrir þessu eru fyrst og fremst þær að ríkisstj. hefur gefið út nú nýlega reglur um veitingu leyfa til að taka erlend lán til lengri tíma en eins árs, eins og ég skýrði frá í framsöguræðu minni áðan. Samkv. þessum reglum verða ekki leyfðar lántökur til viðhalds skipa erlendis nema um meiri háttar klössun sé að ræða. Þetta þýðir auðvitað það að aukin verkefni við viðhald skipastólsins hljóta að færast inn í landið. Skipasmíðastöðvarnar hér innanlands hafa yfirleitt haft fullt fangið af verkefnum á undanförnum árum og er enginn vafi á því, að til þess að anna þessum auknu verkefnum í viðhaldi skipastólsins verður nauðsynlegt að hægja eitthvað á nýsmíði fiskiskipa, a. m. k. á næstunni eða þangað til ráðrúm gefst til þess að auka afköst skipasmíðastöðvanna hér innanlands.

ATKVGR.

Brtt. 201 samþ. með 20:5 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 20:1 atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Aukatekjur ríkissjóðs, frv. (þskj. 135, n. 202). — 2. umr.

Eyjólfur K. Jónsson: Hæstv. forseti. Fjh.- og viðskn. hefur rætt frv. til l. um aukatekjur ríkissjóðs og orðið sammála um að mæla með samþykkt frv. með einni örlítilli breytingu sem er nánast formsatriði. En það er að bætt sé við í 17. gr. orðunum: „enda sé ákvörðun þess eigi falin öðrum ráðh. með lögum“, en þar er gert ráð fyrir að fjmrh. setji í reglugerð ákveðin gjöld fyrir ýmiss konar leyfisbréf, skírteini og skráningar. En í fjölda laga er viðkomandi ráðh. ætlað að ákveða þessi gjöld og því eðlilegt að þetta ákvæði komi þarna inn í svo að ekki orki neitt tvímælis hverjir skuli ákveða gjaldið.

ATKVGR.

1.—19. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 202 samþ. með 25 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
21.—25. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 175). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Hæstv. forseti. Þetta frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar er á þann veg, að í 1. gr. er gert ráð fyrir hækkun á greiðslum sjúklinga til sérfræðinga, þannig að þær verði 600 kr. fyrir hverja komu til sérfræðings, og í öðru lagi að hækkun verði á greiðslu lyfja frá hendi samlagsmanna, þannig að greiðslur fyrir lyfjaverðskrá I, sem eru innlendu lyfin, hækki úr 200 kr. í 300 kr. og fyrir lyfjaverðskrá II, sem er erlendu lyfin, hækki úr 400 kr. í 600 kr. Þá er einnig gert ráð fyrir því að fyrir röntgengreiningu og geislameðferð samkv. gjaldskrá, sem daggjaldanefnd sjúkrahúsanna setur, greiði samlagsmaður ávallt 600 kr. fyrir hverja röntgengreiningu. Enn fremur er ákvæði um að ráðh. sé heimilt með reglugerð að breyta greiðslum samlagsmanna samkv. þessari gr. svo og að ákveða með reglugerð hámark eininga lyfjaávísana. Samkv. núgildandi lögum er ráðh. heimilt með reglugerð að breyta greiðslu samlagsmanna samkv. þessari gr., en það eru ekki nein ákvæði um að heimilt sé með reglugerð að breyta hámarki eininga lyfjaávísana.

Ég held að það sé rétt að skýra frá þeirri þróun sem hefur orðið í þessum efnum hvað þessar greiðslur snertir, að þegar lögin voru sett, sem á er byggt, þá komu þau til framkvæmda 21. maí 1974 og þá á samlagsmaður að greiða samkv. lyfjaverðskrá I 100 kr. og samkv. lyfjaverðskrá II 150 kr. En það er ekki liðinn mánuður frá því að þessi lög taka gildi þegar lyfjaverðskrá I er hækkuð um 25% og lyfjaverðskrá II er einnig hækkuð um liðlega 25% eða m. ö. o. 100 kr. verða 125 og 150 kr. verða 200. Þá er talið rétt að breyta því þó að lögin hafi tekið gildi aðeins 24 dögum áður. Næsta breyting er svo gerð 15. okt. 1974 í 150 kr. og 260 kr. Og þriðja breytingin er svo gerð á miðju þessu ári eða 1. júlí í 200 kr. og í 400 kr. Nú er lagt til að breyting verði gerð í 300 kr. og 600 kr.

Viðtal við sérfræðinga er ákveðin með þessum sömu lögum frá 21. maí 1974 150 kr., en hækkar í 300 kr. 1. mars 1975. Hins vegar hafa gjöld fyrir röntgengreiningu staðið óbreytt allan þennan tíma. Gjaldskrá fyrir röntgentaxta er í 12 flokkum og 1. jan. 1974 var lægsta röntgengreining 700 kr., en er nú í des. 1500 kr. eða hefur hækkað um 114%. Dýrasti flokkurinn er 12. flokkur. Hann var þá, þegar lögin tóku gildi, 5400 kr., en er núna 11 500 kr. og hefur hækkað um 113%.

Yfirleitt hafa þessi gjöld hækkað um 100 og jafnvel upp í 120% á þessum tíma, svo að sú breyting sem hér er lagt til að gerð verði er í fullu samræmi við þau lög sem sett voru og tóku gildi á árinu 1974. Hins vegar hefði verið hægt að sleppa algjörlega þessum liðum út úr frv. og notfæra sér heimild í lögum með þá upphæð sem fyrir löngu er orðin úrelt. Ég fyrir mitt leyti taldi ekki rétt að vera að reyna að gera tilraun til þess að fela eitthvað því að það er ekkert að fela. Þetta er svo augljós sannleikur og staðreyndir, að hér er ekki um annað að ræða en að breyta þessum gjöldum til samræmis við þær verðbreytingar sem orðið hafa á þessu tímabili.

Eina breytingin, sem hér er lögð til og ég greindi frá áðan, er heimild til ráðh. að ákveða með reglugerð hámark eininga lyfjaávísana. Ég tel það nauðsynlegt ef í ljós kemur við þessa breytingu að læknar freistist til að auka þessa skammta þannig að menn geti birgt sig upp til mjög langs tíma með ýmiss konar lyf. Ég held að það sé alveg óhætt að fullyrða að allt of mikil brögð séu að því yfirleitt að lyfjabirgðir safnist á heimilum sem verða ónýtar. Þess vegna er ekki ástæða til annars en að halda einingar-

skammtinum nokkuð niðri og til þess er auðvitað lyfjaeftirlit að það þarf að fylgjast með þessum málum.

Í sambandi við þessi gjöld er engin breyting gerð á því að þeir sjúklingar, sem eru með króníska sjúkdóma eða sem sagt lítt læknandi eða langvarandi sjúkdóma, eins og t. d. asmasjúklingar, berklasjúklingar, glákusjúklingar, flogaveikisjúklingar, hjartasjúklingar og á sumum stigum sjúklingar með efnaskiptasjúkdóma og krabbamein, þeir fá eftir sem áður öll sín lyf án nokkurs mótframlags. Eins er í gildi að aðrir sjúklingar fá lyf ókeypis að ráði læknisins og með samþykki trúnaðarlæknis sjúkrasamlags, eins og t. d. geðsjúklingar, Parkinsonssjúklingar og exemsjúklingar, svo að dæmi séu nefnd. Þarna eru engar grundvallarbreytingar gerðar og engin ástæða til að gera það því að kostnaður hjá þessu fólki er það mikill að það væri gífurlegur skammtur til viðbótar. Því er engu hreyft í þessum efnum.

3. gr. frv. gerir ráð fyrir að sveitarfélög innheimti 1% álag á gjaldstofn útsvara og þau eigi að standa sjúkrasamlögum skil á fyrirframgreiðslu eða hlutfallslegri innheimtu þeirra mánaðarlega. En eins og er í lögum þeim sem enn gilda, þá er hlutdeild ríkissjóðs í sjúkrakostnaðinum 90% og hlutdeild sjúkrasamlaganna 10%. Hér er ekki lagt til að breyta þessu hlutfallsákvæði, heldur að leggja á á gjaldstofninn þannig að sveitarfélög, sem nú leggja á 10% útsvar, leggi 11% á. Sveitarfélög, sem e. t. v. hafa ekki notað heimildina að öllu, lagt á að við segjum 6%, leggja á 7%. Sveitarfélögin eiga ekki að leggja neitt út, heldur aðeins að leggja þetta á, innheimta það og standa sjúkrasamlögunum skil á þessu gjaldi eftir innheimtu, en þau standa svo aftur sjúkratryggingunum skil á því. En ég vil taka það fram til þess að fyrirbyggja allan misskilning að hér er aðeins um að ræða gjöld sem á að leggja á árið 1976. Um áramótin 1976—1977 ber auðvitað sveitarfélögum, sem þá hafa ekki innheimt sín útsvör að fullu og öllu, eins og alls staðar er, að standa sjúkrasamlögum skil á því sem innheimtist einnig eftir áramótin 1977 eins og fyrir af því gjaldi sem álagt var á árinu 1976.

Í Ed. var mikið rætt um það að sveitarfélögin hefðu mótmælt þessu gjaldi, að standa að álagningu og innheimtu þess. Það kemur engum á óvart að mótmælt sé að gera þetta eða hitt. Hitt er algengara að kröfur séu um að ríkið geri þetta og annað. Hins vegar er rétt að taka það fram, að stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga hefur lagt áherslu á það að ríkissjóður taki á sig alla sjúkratrygginguna. Ég fyrir mitt leyti hef alltaf verið þeirrar skoðunar að sveitarfélögin eigi að taka í vaxandi mæli meira af bæði þessum útgjöldum og öðrum yfir á sig og eigi auðvitað að fá tekjustofn á móti. Ég var lengi sveitarstjórnarmaður og stóð að ýmsum samþykktum sveitarstjórnarmanna, en aldrei líkaði mér á þeim árum einhliða kröfugerð um nýja tekjustofna og helst að velta flestum útgjöldum yfir á ríkið. Ég taldi að sveitarstjórnirnar ættu að vera sjálfum sér samkvæmar í því að takast á við fleiri verkefni, fleiri viðfangsefni og fá auðvitað um leið auknar tekjur til þess að standa undir þessum verkefnum. Um þetta eru ávallt skiptar skoðanir, eins og gengur, og þó að sveitarstjórnum mislíki það, sem ríkisstj. og Alþ., a. m. k. Ed. Alþ. hefur samþykkt, þá auðvitað er það gagnkvæmt að okkur mislíkar ýmislegt sem sveitarfélögin gera. Og þar verður hver, eins og við segjum á góðri vestfirsku, að éta sitt. Ég er ekkert viðkvæmur fyrir þeim ásökunum.

Það hefði getað komið til greina ýmislegt annað, ýmsar aðrar aðferðir, eins og t. d. að leggja sérstakt þjónustugjald á legudag á hvern sjúkling í sjúkrahúsum, ef menn hefðu talið það vera hyggilegri eða sanngjarnari tekjustofn. Það hefur einnig komið til greina að leggja á nefskatt, sem mér hefur skilist að yfirgnæfandi meiri hl. væri andvígur. En með útsvarsgjaldi er auðvitað verið að leggja meira á þá sem hæstu tekjurnar hafa, eins og hver getur skilið. Sá, sem er með 500 þús. kr. útsvarsskyldar tekjur, greiðir ekki nema 1/3 af þessu miðað við þann, sem er með 1.5 millj. kr. útsvarsskyldar tekjur, svo að það ætti að vera gleðiefni þeim sem vilja leggja á eftir tekjuupphæð að þessi leið sé farin.

Ég heyrði í Ed. hjá einum eða tveimur ræðumönnum að þeir töldu réttara að leggja meira á atvinnurekstrinn. Einn hv. þm. gerði þetta frv. nokkuð að umræðuefni í dag, hv. 9. þm. Reykv. Hann sagði svo aftur síðar í sinni ræðu að atvinnurekstrinn væri nú illa kominn, svo að mér skilst að það sé þá ekki í þau hús að venda. Hann nefndi sérstaklega slæma stöðu sjávarútvegs sem ég er honum sammála um að þoli ekki ofan á allt annað aukin útgjöld, enda eru útgjöldin á atvinnurekstrinum mjög há, eins og þau eru auðvitað á öllum þjóðfélagsþegnum og þjóðfélagsborgurum. Þau verða auðvitað tilfinnanlegri þegar syrtir í álinn, og það eru miklir erfiðleikar sem við stöndum frammi fyrir nú.

Hitt hefur ekki komið fram í fjölmiðlum, — þar held ég að enginn fjölmiðill sé undanskilinn, — að þegar hefur verið skýrt frá efni þessa frv. hefur verið látið fyrst og fremst að því liggja að það sé verið að skera stórkostlega niður almannatryggingarnar í landinu og velta byrðunum yfir á þá sem veikir eru eins og sumir kalla það, í ríkara mæli. Ég held að menn verði að líta á þessa hluti frá nokkuð öðru sjónarmiði, því að ef við lítum á sjúkratryggingarnar einar, þá var kostnaður ríkissjóðs vegna þeirra á árinu 1972 2 milljarðar 887 millj. kr., 1973 fóru þær í 3 milljarða 693 þús. kr. og 1974 í 6 milljarða 433 þús. og á þessu ári er áætlað að hluturinn til sjúkratrygginganna verði 7 milljarðar 665 millj. kr. En í þeirri áætlun, sem er í fjárlögum eins og þau koma til með að verða þegar þetta frv. er orðið að lögum, þá verður hluturinn til sjúkratrygginganna hvorki meira eða minna en 11 milljarðar 629 millj. kr., þannig að þrátt fyrir þennan niðurskurð, þrátt fyrir þessa lækkun eða aukin útgjöld skattþegna til sveitarfélaga og þeirra, sem þurfa að kaupa lyf sem falla undir þessi lög og röntgengreiningu, hækka sjúkratryggingarnar um tæpar 4000 millj. á milli þessara ára. Við skulum líka taka með í reikninginn að í þessari upphæð er hækkun vegna nýrra sjúkrahúsa með sífellt fleiri sjúkrarúmum. Við

erum búnir að taka og erum að taka í notkun sjúkrahús og hæli með yfir 100 sjúkrarúm. Þetta kemur auðvitað á þessi útgjöld á næsta ári og heldur áfram. Þessi þróun hefur haldið áfram með markvissum og öruggum hætti í mörg undanfarin ár, og við íslendingar þurfum á engan hátt að skammast okkar fyrir okkar sjúkrahús og þá aðstöðu sem íslenskum þegnum er sköpuð þegar þeir þurfa að leggjast inn á sjúkrahús. Getum við þar miðað við flestar, ef ekki allar aðrar þjóðir og við erum þar vafalaust til fyrirmyndar hvað þetta snertir. Einhver kann að spyrja: Hvers vegna er verið að leggja þetta 1% stofngjald á, af hverju má þá ekki alveg eins auka hlutfallslega þátttöku sveitarfélaganna í sjúkrakostnaðinum þannig að hækka hlutfall þeirra úr 10% í 20%? Það hefði að mörgu leyti verið æskilegt að mínum dómi, en þá hefði þurft mjög langan aðdraganda, jafnvel nokkra mánuði, og ég er hræddur um að gjald eins og þetta, sem á að gilda í aðeins eitt ár, hefði komið ójafnt niður á hin einstöku sveitarfélög því að sjúkrakostnaður er auðvitað mjög misjafn. Í sumum tilfellum hefðu þá sveitarfélögin þurft að bæta töluverðu við þetta 1% til þess að standa undir 10% aukningu. Í öðrum tilfellum hefðu nokkur sveitarfélög getað grætt á þessu og fengið fé til eigin þarfa, þeim á þennan hátt verið mismunað, en það er ekki ætlunin með þessu bráðabirgðaákvæði frv.

Almenn endurskoðun almannatryggingalaganna er hafin fyrir alllöngu. Snemma á þessu ári tók Guðjón Hansen tryggingafræðingur að sér rannsókn á almannatryggingakerfinu öllu og hefur unnið mjög mikið starf sem hann er ekki enn búinn að ljúka við, en hefur skilað ákveðnum þáttum þessa starfs af sér. Með tilliti til þess skipaði heilbr.- og trmrn. nefnd, þar sem sæti eiga fulltrúar allra þingflokka, sem á að fara yfir þessi mál, gera athugasemdir við það sem tryggingafræðingurinn leggur fram, afla nýrra gagna, eins og hjá Tryggingastofnuninni og öllu sjúkrahúsakerfinu. Þessi nefnd var skipuð í október, en hefur ekki hafið neina vinnu enn þá. Hún hefur víst einu sinni verið kölluð saman. En það er nóg verkefni fyrir hana að fara þegar að starfa, og við leggjum á það ríka áherslu að nefndin verði búin það tímanlega í sumar að hægt verði að leggja fyrir Alþ. frv. um breyt. á almannatryggingalögunum fyrir næsta haust.

Ég gat þess þegar ég fylgdi málinu úr hlaði í Ed. að þær tekjur, sem hækkun lyfjakostnaðar á að gefa og hækkun sérfræðiþjónustu og röntgengreiningar, eru áætlaðar 680 millj. kr. á ári, og sá hlutur, sem sveitarfélögin eiga að innheimta, er áætlaður á milli 1050 og 1100 millj. Þá er átt við innheimt útsvör þó að álagning þeirra verði eitthvað hærri. Enn fremur er ætlun ríkissjóðs að komið verði á auknu aðhaldi og eftirliti í Tryggingastofnuninni með greiðslu sjúkra- og lífeyristrygginga. Undanfarin ár hefur starfsemi sjúkratrygginga einkennst af mjög auknum umsvifum og ört vaxandi útgjöldum. Þannig námu útgjöldin, eins og ég sagði áðan, 2900 millj. 1972, en eru nú áætluð í fjárlagafrv. 11 600 millj. Þá hefur ekki verið tekið tillit til þeirra ráðstafana til útgjaldalækkunar sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Þegar þess er gætt að hér er nær einvörðungu um að ræða greiðslur fyrir veitta þjónustu, þá má öllum vera ljóst að aðgæslu er þörf í svo umfangsmiklum rekstri. Þá hafa verið gerðar veigamiklar breytingar á skipulagi sjúkratrygginga og ber nauðsyn til að kanna hver reynsla hefur orðið af þeim breytingum.

Áætlun um útgjaldalækkun vegna ráðstafana af þessu tagi verður óhjákvæmilega ágiskunarkennd, en ástæða er til að ætla að mismunandi túlkun lagaákvæða og misræmi í framkvæmd flókins samnings og gjaldskrárákvæða hafi í för með sér veruleg útgjöld sem koma ber í veg fyrir. Þótt greiðslur fyrir sjúkrahúsvist séu undanskildar þar sem ráðstafanir til hagræðingar og sparnaðar í rekstri sjúkrastofnana geti ekki talist vera á færi sjúkratryggninganna, þá nemur hvert 1% annarra útgjalda sjúkratrygginga, sem sparast, nálega 30 millj. kr. á ári. Hjá lífeyristryggingum hlýtur aðhald að vera fólgið í auknu og fljótvirkara eftirliti með því að bótaréttur sé til staðar, miðað við gildandi reglur hjá Tryggingastofnuninni. Fer nú fram athugun á því hvort framkvæmd úrskurða í málum örorkulífeyrisþega geti talist seinvirkt með tilliti til breyttra aðstæðna. Auk örorkulífeyris, örorkustyrks og barnalífeyris getur þetta átt við um framkvæmd tekjutryggingar og greiðslu mæðralauna. Samtals nema árleg útgjöld til þeirra tegunda bóta lífeyristrygginga, sem hér um ræðir, um 3000 millj. kr. Úr öðrum bótagreiðslum verður hins vegar ekki dregið með auknu eftirliti að mínum dómi.

Það hefur ekki hvarflað að mér að breyta ellilífeyristryggingunum á þann veg, að bótaréttur þeirra, sem tekjutryggingar njóta, verði skertur. Ég tel eðlilegt að tekjutryggingarákvæðin séu athuguð mjög gaumgæfilega af þeirri nefnd sem fær almannatryggingalöggjöfina til athugunar og undirbúnings, og ég vil á engan hátt, þó að erfitt sé á mörgum sviðum, skerða rétt þeirra sem tekjutryggingar njóta. Hitt er svo annað mál, að það getur nokkuð verið til í því að þeir, sem hafa verðtryggðan ellilífeyri, eigi ekki að sama skapi að fá hækkun á ellilífeyri. Það kemur líka til álita að þeir, sem vinna fullan starfsdag og hafa sótt um ellilífeyrisbætur, eigi jafnvel ekki að fá ellilífeyrisbætur á meðan heilsa þeirra sé það góð að þeir vinni fullan starfsdag og fái fullt kaup. Það er ekki réttlátt gagnvart þeim sem kannske vinnur við hliðina á þeim manni og er með fullt hús af börnum, að hann eigi að vera með lægra kaup en hinn þó að hann sé orðinn 67 ára að aldri. Verðtryggður ellilífeyrir, það eru forréttindi sem opinberir starfsmenn og þ. á m. alþm. hafa. Aðrir hafa ekki notið þessa. Þar verður auðvitað að gera einhvern greinarmun á við endurskoðun þessara laga. En ég ætla ekki að gera þau að umræðuefni, til þess er hvorki tími né nægilegur undirbúningur, heldur tel ég að ég hafi nokkurn veginn skýrt hvað hér er um að ræða með þessu frv., þó að ég hafi séð í sumum blöðum frv. ranglega túlkað og meira að segja hallmælt fyrir að það sé verið að ráðast á ellilífeyris- og jafnvel örorkulífeyrisþega með stórfelldum niður-

skurði En það er á engan hátt hreyft við ellitryggingum í þessu frv. Allar efnisbreytingar frv. varða sjúkratryggingarnar einar.

Herra forseti. Ég vil leggja til að að lokinni þessari umr. verði þessu frv. vísað til hv. heilbr.- og trn. — [Fundarhlé.]

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Þar sem ég mun í máli mínu beina beinni fsp. til hæstv. ráðh., þá vil ég eindregið fara þess á leit að það verði kannað hvort hæstv. heilbrrh. sé í þinghúsinu, áður en ég byrja ræðu mína. (**Forseti:** Að beiðni hv. 8. landsk. þm. verða starfsmenn þingsins beðnir að kanna hvort hæstv. ráðh. er viðlátinn. — Starfsmaður þingsins ber þau boð, að hæstv. trmrh. sé ekki enn kominn í Alþingishúsið.) Hæstv. forseti. Mér finnst mjög óeðlilegt, þegar mál eins og hér um ræðir er til 1. umr. og þegar vita má að þm. kynnu að hafa ákveðnar fsp. fram að leggja fyrir hæstv. ráðh., enn fremur þar sem vitað er að það lifa ekki nema nokkrir klukkutímar eftir af starfstíma þingsins, þannig að e. t. v. gefst þess ekki kostur að koma þeim fsp. á framfæri við ráðh. sem ég hef í hyggju að bera fram, — þá finnst mér það nokkuð óeðlilegt að hæstv. ráðh. sé ekki mættur þegar þingfundur hefst að nýju og á að taka stórmál, sem hann flytur til umr. Ég vil því beina þeirri fsp. til hæstv. forseta hvort það sé möguleiki á því að reynt sé að hafa samband við ráðh. og spyrja þess hvort hann sé væntanlegur fljótlega í þingsalinn. (**Forseti:** Ég get fallist á það með hv. þm. að ekki er ráðh. vandara um en okkur öðrum að sækja fundi á þessum annadögum. En jafnframt vil ég beina því til hv. þm. hvort ekki eru önnur efnisatriði í ræðu hans sem ekki víkja beint að hæstv. ráðh. meðan ég læt enn reyna að koma til hans boðum.) Það eru að sjálfsögðu ýmis atriði í minni ræðu, sem ekki lúta beint að fsp. til hæstv. ráðh., og mun ég þá hefja mitt mál og vænti þess þá að leitað sé eftir því að ráðh. komi í salinn. Þegar að því kemur að ég muni bera fsp. fram til hæstv. ráðh., þá mun ég aftur gera hlé á máli mínu.

Herra forseti. Áður en ég kem að efni þess frv., sem hér er flutt, langar mig til þess að fara örfáum orðum um orsök þess að það er flutt. Einkum og sér í lagi vil ég nota tækifærið til þess og jafnframt til þess að lýsa afstöðu þingflokks Alþfl. til þessa frv. þar sem fulltrúi okkar á ekki sæti í þeirri hv. nefnd sem væntanlega fær þetta mál til umfjöllunar.

Það kemur fram í grg. með þessu frv. á bls. 2 hvað veldur því í raun og veru að mál þetta er tekið upp hér á hinu háa Alþ. Þar er greint frá framlögum annars vegar til lífeyristrygginga og hins vegar til sjúkratrygginga á nokkrum undanförnum árum. Þar kemur í ljós að á árinu 1974 hafa orðið alger umskipti í sambandi við tengsl lífeyristrygginga og sjúkratrygginga. Fram til ársins 1974 er kostnaður við sjúkratryggingar talsvert lægri en kostnaður við lífeyristryggingar. Á árinu 1974 gerist það hins vegar í fyrsta skipti að sjúkratryggingar gerast dýrari en lífeyristryggingar, og á næstu árum á eftir, árin 1975 og 1976, hefur þetta bil breikkað að mjög miklum mun. Ef við tökum árabilið 1972—1976, þá hafa framlög til sjúkratrygginga hækkað úr 2887 millj. kr. í 11629 millj. kr., eins og framlagið eða kostnaðurinn við kerfið er áætlaður 1976. Á sama tíma hefur hins vegar kostnaður við lífeyristryggingar hækkað úr 3178 millj. kr. í 7715 millj. kr. Sjúkratryggingar, sem allt fram til ársins 1974 voru ódýrari, kostuðu minna en lífeyristryggingar, eru nú um það bil 50% dýrari, um það bil 50% kostnaðarmeiri. Þessar tölur segja okkur vitaskuld ákveðna sögu. Sagan er ekki sú að lífeyristryggingarnar hafi á þessu árabili dregist svo ýkjamikið aftur úr. Það hefur ekki orðið um afturför að ræða í lífeyriskerfinu á þessu árabili þegar litið er á árabilið í heild, svo að skýringin á þessum mikla mismun milli kostnaðar við lífeyristryggingar og kostnaðar við sjúkratryggingar liggur sem sé ekki í því að lífeyristryggingarnar hafi dregist aftur úr. Það, sem hins vegar hefur gerst, er að kostnaður við sjúkratryggingakerfið hefur vaxið að miklum mun. Þetta kemur glögglega fram í þessum talnasamanburði. Þá er spurningin að sjálfsögðu sú: Hvað veldur því að kostnaður við sjúkratryggingar hefur vaxið svo mjög, að því er sumir munu jafnvel segja keyrt úr hófi fram?

Við skulum þá í fyrsta lagi gera okkur grein fyrir því að þetta er ekki aðeins reynsla sem við Íslendingar höfum orðið fyrir, þetta er jafnframt reynsla sem okkar nágrannaþjóðir hafa orðið fyrir og stafar fyrst og fremst af því að kostnaður við heilsugæslu og heilbrigðisþjónustu hefur farið mjög ört vaxandi á fáum árum. Þessi kostnaður hefur vaxið svo ört að í ýmsum nálægum löndum, sem búa við svipað stjórnarfar og við íslendingar gerum og eru með svipaðar félagslegar aðstæður eins og eru fyrir hendi hér á Íslandi, í ýmsum af þessum löndum, t. d. Bretlandi, er sjúkratryggingakerfið nú að komast í þrot vegna þrýstings frá stöðugum kostnaðarhækkunum við heilsugæslu. Það, sem bretar standa frammi fyrir nú, er það vandamál að sjúkratryggingakerfið, samhjálparkerfið í þjóðfélaginu sem á að tryggja sjúku fólki viðunandi lífsöryggi, það er að bresta, þetta tryggingakerfi er að bresta undan ofurþunga stöðugt hækkandi útgjalda og hækkandi kostnaðar við heilsugæsluþjónustu. Ég held að það sé ekki ofsagt að þessi þróun sé einhver óskaplegasta ógnun við grundvallaratriði velferðarþjóðfélags sem vestrænar þjóðir horfast nú í augu við. Að vísu eru til margar skýringar á því hvað veldur því að kostnaður við heilsugæslu og heilbrigðismál hefur vaxið svo gríðarlega ört á svo fáum árum.

Ég tek það sérstaklega fram að ég er hér ekki að benda á nein ný sannindi. Hér er um mál að ræða sem a. m. k. alþm. og raunar þjóðinni allri hefur verið ljóst um nokkuð langt skeið að hefur verið að gerast. Ég vek í þessu sambandi sérstaka athygli á till. til þál. á þskj. 164 sem tveir hv. þm., sem jafnframt eru læknar, þeir Sverrir Bergmann og Oddur Ólafsson, hafa flutt, en þar leggja þeir til að fram fari könnun á skipulagi ýmissa þátta heilbrigðisþjónustunnar með það að markmiði að gera heilsugæslukerfið ódýrara með því að beita hagræðingu, aðhaldi og sparnaði.

Vissulega má rétt vera að kostnaðurinn við heilsugæslu og þar með sjúkratryggingakerfi stafi að einhverju leyti af því að það sé ekki

beitt nógu hagrænum vinnubrögðum í sambandi við skipulagningu sjálfrar heilbrigðisþjónustunnar, eins og þeir ætla, læknarnir, hv. þm. Sverrir Bergmann og Oddur Ólafsson, sem ættu að vera þeim hnútum nokkuð kunnugir. Hins vegar er því heldur ekkert að leyna, að það er skoðun ýmissa, m. a. skoðun mín, að þarna komi fleira til. Ég vil sérstaklega minna á það að blaðamaður og rithöfundur, Þorsteinn Thorarensen, skrifaði fyrir örfáum árum greinaflokk í dagblaðið Vísi þar sem hann lýsti þessu vandamáli frá annarri hlið, þ. e. a. s. þar sem hann fjallaði sérstaklega um miklar kröfur ýmissa heilsugæslustétta, ekki aðeins til hærri launa, jafnvel óeðlilega hárra launa, heldur einnig til mjög dýrrar aðstöðu. Ég ætla ekki að gera mig að dómara í þessari sök. Ég held að þarna sé um að ræða bæði þessi atriði sem valda hinum miklu og óhugnanlegu kostnaðarhækkunum í sambandi við heilsugæslumál sem nú ógna sjúkratryggingakerfinu, það sé bæði skortur á skipulagi í heilbrigðisþjónustunni og enn fremur oft á tíðum mjög óeðlilegar kröfur ákveðinna heilsugæslustétta, þó langt í frá stéttanna í heild, heldur ákveðins hluta þeirra, mjög óeðlilegar launakröfur.

Mér er kunnugt um ýmis dæmi í þessu sambandi sem ég býst við að mörgum hv. þm. sé enn fremur kunnugt um. Mér er t. d. kunnugt um það, að stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga hefur borist bréf frá sveitarfélagi einu hér í landinu sem þurfti á aðstoð skólatannlæknis að halda, þurfti að ráða sér skólatannlækni til starfa í einn mánuð til þess að sinna tannlæknishjálp við börn á skólaaldri. Sú reikningsupphæð, sem tannlæknir þessi gerði sveitarfélaginu að greiða fyrir þessi störf í einn mánuð, nam 2.5 millj. kr. Þó höfðu honum verið fengin í hendur bæði tæki til þess að vinna verkið, ókeypis farareyrir heiman og heim og ókeypis húsnæði á staðnum. Ef þetta er algild regla hjá þessari ákveðnu heilbrigðisstétt, þá er óhætt að fullyrða að það eru a. m. k. til dæmi um að tannlæknar geti tekið allt að 15 millj. kr. í árslaun, einn maður, frá 15—20 millj. kr. í árslaun eftir því hvað það efni, sem hann notar við tannlæknishjálpina, hefur verið dýr þáttur í tekjum hans. Þá er mér enn fremur kunnugt um að það hafa verið lagðar fram fyrir sveitarfélög hér í nágrenni Reykjavíkur reikningar frá skólatannlæknum fyrir hálfs dags vinnu sem samsvaraar því að þeir taki sér í laun 50 þús. kr. á dag fyrir hálfs dags vinnu við skólatannlækningar. Þessi bréf eru líka til í vörslu sveitarfélags í nágrenni Reykjavíkur.

E. t. v. eru þetta algerar undantekningar, þau dæmi sem ég hef hér nefnt. En vissulega vekja þau mann til umhugsunar um hvort það getur átt sér stað að það séu kröfur af þessu tagi frá tiltölulega fámennum hópi manna sem standi á bak við hinar gífurlegu kostnaðarhækkanir, sem orðið hafa á örfáum árum í sambandi við heilbrigðisþjónustuna og eru orðnar svo miklar að þær ógna núna, eins og sakir standa, kerfi sjúkratrygginga í landinu. Ég tel að áður en lagt er út á þá braut, sem hér er gert með því að hæstv. ríkisstj. og ríkissjóður raunverulega gefist upp fyrir þeim vanda sem við er að glíma til þess að halda sjúkratryggingakerfinu í lagi, — áður en lagt er út á þá braut ætti að kanna hvað það er, sem orsakar þessar óeðlilegu og öru kostnaðarhækkanir varðandi heilbrigðisþjónustu og heilbrigðisgæslu sem orðið hafa á örfáum árum og hafa gert það að verkum, eins og ég sagði áðan, að ógna einni helstu undirstöðu velferðarríkis á Íslandi þar sem sjúkratryggingar eru.

Það sem mér finnst, svo að ég snúi mér að þessu frv., það sem mér finnst einkum og sér í lagi athugavert við þá stefnu, sem þetta frv. boðar, er að gagnvart þessum vanda, sem ég hef hér reynt að lýsa, gefst hæstv. ríkisstj. upp. Hún grípur ekki til þess ráðs að reyna að kanna hvaða orsakir séu fyrir því að sjúkratryggingakerfið í landinu sé að bresta undan kostnaðarhækkunum. Hún leggur ekki út á þá braut, heldur tekur hins vegar upp það úrræði að velta kostnaðarhækkuninni ýmist yfir á sjúklingana sjálfa eða skattborgara með aukinni og sérstakri tekjuöflun í þessu skyni. Það mætti svo sem segja að úrræði eitthvað í þessa veru gætu menn sætti sig við um stundarsakir. En mig uggir það mjög að hér sé ekki um stundarfyrirbrigði að ræða, heldur fyrirboða um það sem koma skal, að á næsta ári eða því þar næsta verðum við ekki að ræða um úrlausn eins og þá, sem hæstv. ráðh. hefur hér mælt fyrir, heldur e .t. v. enn frekar um úrlausn eins og þá sem hann minntist á í ræðu sinni hér áðan að til mála hefði komið, þ. e. a. s. að leggja sérstakt gjald á sjúklinga á sjúkrahúsum, væntanlega þá fyrst eitthvert innritunargjald og síðan gjald á legudag, þannig að fyrir meðalsjúkrahúslegu gætu sjúklingar þurft að greiða 30—40—50 þús. kr., eins og ég hygg að hafi falist í þeirri hugmynd sem hann drap á áðan. Og fyrst við á annað borð erum komnir út á þessa braut sem ég tel að verið sé að byrja að feta eftir með þessu frv., hvar getur þetta þá endað? Það endar auðvitað hvergi annars staðar en í svipuðu kerfi og í Bandaríkjunum þar sem venjuleg launþegafjölskylda getur ekki risið undir kostnaði við algengustu læknisaðgerðir og þess er krafist á spítölum áður en sjúklingar eru teknir til meðferðar að þeir leggi fram skriflega greinargerð og yfirlýsingu sem sanni greiðslugetu þeirra ella eru þeir ekki teknir inn á sjúkrahúsið. Ég ber mikinn ugg í brjósti um að með þessu, sem er lagt til í því frv. til l. sem hér er til umr., sé verið að taka fyrstu sporin eftir þessari braut. Og ég vil eindregið vara hæstv. ríkisstj. við því hvernig hún hyggst leysa þetta vandamál, þ. e. a. s. að endurskoða ekki kostnaðinn við heilbrigðiskerfið með það fyrir augum að hann verði eðlilegur, með svipuðu móti og hann hefur verið allt fram til 1973—1974, heldur að leysa þennan vanda, sem við er að etja í dag, með því að láta allt haldast óbreytt að öðru leyti en því að taka upp á því að velta töluverðum hluta kostnaðarins yfir á sjúkt fólk í samfélaginu.

Svo að ég víki frekar að frv. þessu, þá kemur það fram í 1. gr. frv. að áætlað er að leysa hluta af vandamáli sjúkratryggingakerfisins með því að leggja á sjúkt fólk og fólk, sem þarf á lyfjagjöfum eða sérfræðihjálp að halda, nýjar álögur sem nema 480—500 millj. kr. á ári. Það mætti svo sem segja að nóg væri á þetta fólk lagt fyrir. Það þarf að bera allar þær almennu skattahækkanir, sem boðaðar hafa verið hér á

hinu háa Alþ. á síðustu dögum, — þessar skattahækkanir þarf þetta sjúka fólk að bera til jafns við þá, sem heilbrigðir eru. Þetta fólk hefur þurft að bera afleiðingarnar af óðaverðbólgustefnu hæstv. ríkisstj. sem hafa stórlega rýrt kjör almennings í landinu. Þessir sjúklingar hafa þurft að bera afleiðingar þess arna ekki síður en almennt launafólk í þjóðfélaginu, þeir sem heilbrigðir eru. Svo ætlar hæstv. ríkisstj. að bæta gráu ofan á svart með því að leggja sérstakar álögur að upphæð um 500 millj. kr., ekki á hina heilbrigðu þjóðfélagsþegna í samfélaginu, heldur á þá sem þurfa á læknishjálp og lyfjagjöfum að halda. Þetta er sem sé lausn hæstv. ríkisstj. á þeim vanda sem ég var að lýsa hér áðan, að bæta sérstökum álögum á sjúkt fólk. Þannig á að leysa fjárhagsvanda ríkissjóðs. Það á að leysa 500 millj. kr. fjárhagsvanda með því að taka þá byrði af ríkissjóði og leggja hana á bak þeirra sjúku í samfélaginu.

Það má vel vera að hæstv. ríkisstj. þyki þessi kostur góður. En ég verð að segja eins og er, að á sama tíma og 45% allra þeirra einstaklinga, sem hafa tekjur af eigin atvinnurekstri í landinu, — á sama tíma og 45% allra slíkra einstaklinga borga ekki grænan eyri til sameiginlegra þarfa þjóðarinnar í formi tekjuskatts, þá velur hæstv. ríkisstj. þá leið að hlífa þessum einstaklingum til þess að geta lagt 480—500 millj. kr. aukabyrði á sjúkt fólk í þessu þjóðfélagi. Og á sama tíma og hundruð atvinnufyrirtækja sem samtals velta á milli 100 og 130 þús. millj. kr. á ársgrundvelli, — á sama tíma og þessi atvinnufyrirtæki borga ekki grænan eyri til sameiginlegra þarfa þjóðarbúsins í formi tekjuskatts, þá velur hæstv. ríkisstj. þá leið til þess að bjarga sér út úr fjárhagskröggum að leggja 480—500 millj. kr. nýja byrði á þá sem þurfa að leita sér lækninga eða lyfjagjafa. Þetta er auðvitað glögg vísbending um hvers konar ríkisstj. situr að völdum á Íslandi. Þetta er ríkisstj. sem vill hlífa þeim sem nú þegar sleppa við að axla sameiginlega með öðrum þjóðfélagsþegnum þær byrðar sem íslendingar þurfa saman að axla. Þetta er ríkisstj., sem vill hlífa þessum atvinnufyrirtækjum sem ég nefndi hér áðan, þessum atvinnurekendum sem ég nefndi hér áðan, og hún vill hlífa þeim þó að það kosti það að hún þurfi að leggja á sjúkt fólk 480—500 millj. kr. nýjar álögur. Ríkisstj., sem þannig hegðar sér, er að sjálfsögðu forhert afturhalds- og íhaldsstjórn enda hef ég aldrei frá upphafi þessa stjórnartímabils efast um að svo muni vera. Nóg um það. Ég held, að það komi algerlega og glögglega fram í þessum orðum mínum að þingflokkur Alþfl. er á móti efnisatriðum 1. gr. þessa frv. og mun greiða atkv. gegn þeim.

Annað meginatriði frv. kemur fram í 3. gr. þess. Þar er gert ráð fyrir því að innheimta sérstakt 1% álag á gjaldstofn útsvara til tekjuöflunar fyrir sjúkratryggingakerfið og losa ríkissjóð undan framlögum sem því nemur. Ég vil taka það sérstaklega fram að við höfum sagt það alþfl.-menn, í umr. um þetta mál og áður en þetta mál kom á dagskrá, að ef valkosturinn væri um það annars vegar að skera niður lífeyristryggingar eða auka byrði sjúkra í samfélaginu, ef valkosturinn sé á milli þess annars vegar og hins vegar þess að leggja nýjar byrðar að einhverju leyti á þá sem hraustir eru og heilbrigðir í þessu samfélagi og fullvinnandi, þá mundum við velja síðari kostinn þótt við gerum okkur fyllilega ljóst að það er ekki vinsæll kostur. Þess vegna mætti spyrja okkur hvort við hefðum eitthvað á móti þeirri leið sem til greina kemur í 3. gr. þessa frv. Í því sambandi vil ég benda sérstaklega á það að við undirbúning að þessari innheimtu hefur hvorki verið haft samráð, — a. m. k. ekki samráð að neinu gagni — við þá nefnd, sem skipuð var fulltrúum allra þingflokka til þess að taka tryggingamálin til athugunar, né heldur hið minnsta samráð við sveitarfélögin sjálf og samtök þeirra. Þetta er hugdetta sem hæstv. ríkisstj. grípur svo að segja úr lausu lofti og slengir fram á borð okkar alþm. örfáum dögum fyrir þingfrestun vegna jólaleyfis. Og mér er ekki kunnugt um það a. m. k. hefur það ekki komið fram að nokkur athugun að ráði hafi verið gerð á því af hálfu hæstv. ríkisstj. hvort ekki væri einhver önnur og betri leið heldur en fram kemur í 3. gr. fær til þess að útvega sjúkratryggingakerfinu meira fé. Það hefur t. d. engin athugun verið gerð á því hvort unnt sé að spara hluta af þessu fjármagni í rekstrarútgjaldaliðum ríkissjóðs. Það hefur engin athugun verið gerð á því hvort þetta sé eðlileg og æskileg innheimta. Og í því sambandi vil einkum og sér í lagi benda á það að sveitarfélögin sjálf eru mjög mótfallin þessari innheimtu sem hér um ræðir, ekki endilega vegna þess að þarna sé verið að leggja ný gjöld á sveitarfélögin því að það er ekki verið að gera, — það er verið að leggja ný gjöld á útsvarsgreiðendur, en ekki sveitarfélögin sjálf, svo að það er ekki ástæða fyrir því að sveitarfélögin hafa mótmælt. Sveitarfélögin hafa mótmælt þessari leið vegna þess að þau telja að hún sé bæði mjög kostnaðarsöm og illframkvæmanleg, þarna sé verið að ráðast út í tekjuöflun sem sé óeðlilega flókin, óeðlilega dýr og hafi í verið ráðist mjög svo að óathuguðu máli. Á sama tíma og boðaður er samdráttur í ríkisrekstrinum og almenn hagræðing í ríkisrekstri og opinberum rekstri er hér verið að setja upp sérstakt innheimtukerfi við hliðina á öllum þeim öðrum sem fyrir eru. Þetta tel ég að stefni þvert gegn því sem hæstv. ríkisstj. hefur boðað.

Eftir samþykkt þessa frv. verður því um að ræða tvenns konar kostnaðaraðild sveitarstjórna að sjúkratryggingakerfinu. Í fyrsta lagi þurfa þau að standa skil á 10% kostnaðarframlagi sínu. Í öðru lagi þurfa þau að annast þessa sérstöku innheimtu fyrir sjúkratryggingakerfið og gera skil á því sérstaklega. Ég vil benda sérstaklega á það að um þetta hefur ekkert samráð verið haft við sveitarfélögin og þau hafa alfarið lagst gegn þessari tekjuöflun. Ég vil enn fremur biðja hv. þm. að gefa því gaum að samkv. grg. frv. er ráð fyrir því gert að þessi sérstaka innheimta geti skilað um 1200 millj. kr. af þeim 667 millj. sem þar um ræðir. Nú held ég að það sé rétt frá skýrt að þetta 1% álag, ef það allt innheimtist, geti skilað þessari upphæð. En reynsla sveitarfélaganna er sú að það innheimtist aðeins á hverju ári um 80% af álögðum útsvörum, svo að það eru aðeins um 80% af þessum 1200 millj. kr.

sem á að fá sjúkratryggingakerfinu með þessari innheimtuleið. Það eru aðeins 80% af því fé sem líklegt er að innheimtist á næsta ári. Hver á þá að brúa bilið? Hver á þá að jafna mismuninn á útgjöldum og tekjum sjúkratryggingakerfisins? Mér er kunnugt um að yfirvöld Reykjavíkurborgar spá því að þau muni geta með þessari innheimtu skilað sjúkratryggingakerfinu um 400 millj. kr. á næsta ári. Álögð útsvör í Reykjavík eru um 40% af álögðum útsvörum yfir landið í heild, þannig að það má reikna með því að þetta kerfi geti skilað sjúkratryggingunum um 900—950 millj. kr. á næsta ári og þá vantar 250—300 millj. kr. upp á það að sjúkratryggingakerfið fái þær tekjur sem það á að fá samkv. þessu.

Því spyr ég hæstv. ráðh.: Hvernig er ætlunin að jafna þennan mun á næsta ári? Mér kemur ekki til hugar að hann hafi í sínum útreikningum miðað við aðrar tölur en þessar, a. m. k. ekki hafi hann eitthvert tal haft af forráðamönnum sveitarstjórnarmála áður en hæstv. ráðh. mælti fyrir máli þessu í hv. Ed., að mig minnir í gær.

Þá er líka mjög erfitt fyrir sveitarfélögin að sundurgreina sína innheimtu vegna þess að á einu og sama árinu eru sveitarfélögin að sjálfsögðu að innheimta margra ára gjöld. Á næsta ári, árinu 1976, innheimta þau ekki aðeins útsvör ársins 1975, heldur líka útsvör ársins 1974, 1973, 1972 o. s. frv. Hvernig halda menn svo að útkoman verði þegar á að fara að greina niður alla þessa innheimtu til réttra ára mánaðarlega til þess að geta staðið sjúkratryggingakerfinu skil á þeirri sérstöku innheimtu sem hér um ræðir? Það verður að sjálfsögðu ekki nóg að gera þetta uppgjör tvisvar, þrisvar eða fjórum sinnum á ári, það verður að gera þetta uppgjör mánaðarlega. Þá liggur það einnig fyrir að um helmingur allra útsvarstekna sveitarfélaga innheimtist á 3—4 síðustu mánuðum ársins. Um helmingur af öllum tekjum sveitarfélaganna af álögðum útsvörum og innheimtum útsvörum kemur á þessum mánuðum. Hins vegar er sveitarfélögunum ætlað að standa skil á þeim framlögum til sjúkratryggingakerfisins sem þeim er ætlað að innheimta mánaðarlega. Og þá spyr ég hæstv. ráðh.: Er það meiningin að þau skili aðeins mánaðarlega þeim hluta sem þeim er ætlað að innheimta og inn kemur, eða á að jafna þessum gjöldum á hina 11 innheimtumánuði ársins, þannig að fyrstu 8 mánuði ársins þurfi sveitarfélögin að greiða meira til sjúkratryggingakerfisins heldur en þau hafa innheimt? Þetta vildi ég gjarnan fá að vita líka.

Þá vil ég einnig spyrja hæstv. ráðh. að því til þess að fá það alveg skýrt fram: Hefur þessi innheimta nokkur áhrif á það að sveitarfélögunum verði heimilað að leggja 1% álag á gjaldstofn útsvara eins og þeim hefur verið heimilað undanfarin ár, þ. e. a. s. að sveitarfélögum verði heimilað að leggja á 11% upp í útsvar? Hefur þessi innheimta einhver áhrif á þetta eða mun þetta verða til þess að sveitarfélögunum verði fyrir fram meinað að leggja út á þessa innheimtubraut sem a. m. k. flest þéttbýlissveitarfélögin hér í nágrenninu hafa notað á undanförnum árum? Ef sveitarfélögunum verður meinað þetta, þá er hér að sjálfsögðu um beint fjárhagslegt tap þeirra að ræða. Ef sveitarfélögunum verður ekki meinað þetta, þá er hér um beina nettóskattahækkun að ræða, enn einn nýjan skatt sem hæstv. ríkisstj. er að leggja á landslýð með aðeins fárra daga, jafnvel fárra klukkustunda umhugsun og umr. hér á hinu háa Alþingi.

Þá sagði hæstv. ráðh. áðan að hann teldi eðlilegt, að sveitarfélögin tækju þátt í rekstri ýmissa mannvirkja og þjónustustofnana. Hann sagði einnig, sem ég veit að er rétt, að þetta hafi ávallt verið hans stefna, m. a. vegna þess að þá teldi hann að sveitarfélögin gætu haft nokkur aðhaldsáhrif á hvernig þessar stofnanir eða þessi þjónusta væri rekin. En í sambandi við þetta mál, sem hér um ræðir, hefur þessi röksemd ekki nokkurt gildi, vegna þess að þó að sveitarfélög greiði einhvern hluta kostnaðar við rekstur sjúkrahúsa, þá vita allir sem nálægt sveitarstjórnarmálum hafa komið og átt hafa hlutdeild í rekstri sjúkrahúsa að sveitarfélögin geta eiginlega engin eða svo til engin áhrif haft á það hvernig þessi sjúkrahús eru rekin. Þau geta raunar engin áhrif á það haft í eina eða neina átt, svo að sú röksemd hefur bókstaflega ekkert gildi að ætla að halda því fram að það að leggja auknar byrðar á sveitarfélög geti haft þau áhrif að aukinni hagræðingu verði beitt í sambandi við rekstur sjúkrahúsa.

Herra forseti. Ég vil nú láta máli mínu lokið að sinni. Ég vil aðeins ítreka það, sem ég sagði hér áðan, að þm. Alþfl. munu greiða atkv. gegn þessu frv. Við teljum að í því felist röng stefna. Við teljum að í því sé engin tilraun gerð til þess að svara því hvernig eigi að leysa vanda sjúkratryggingannna án þess að skerða félagslegt öryggi í samfélaginu. Við teljum raunar að eina svarið, sem hægt er að segja að hæstv. ríkisstj. gefi í þessu frv., sé að leggja út á þá braut að velta kostnaðarhækkunum vegna skipulagsgalla á heilbrigðiskerfinu eða of mikillar kröfugerðar heilbrigðisstétta um laun og önnur hlunnindi sér til handa, — velta þeim kostnaðarhækkunum yfir á sjúka fólkið í landinu. Ef eitthvert svar finnst í þessu frv. við þeim vandamálum sem ég hef lýst, þá er það þetta. Og þetta er svar sem þm. Alþfl. munu ekki sætta sig við og munu aldrei fylgja.

Vilborg Harðardóttir: Herra forseti. Það frv., sem nú liggur hér fyrir framan okkur til afgreiðslu, er í einu orði sagt hraksmán. Það ber enn einu sinni vitni andfélagslegri kjaraskerðingarstefnu þessarar ríkisstj. þar sem kjaraskerðingin er ævinlega látin bitna á þeim sem minnst mega sín, í þessu tilfelli á sjúkum, öryrkjum og gamalmennum. Það er kannske allt í lagi fyrir okkur, sem erum við sæmilega heilsu og höfum allsæmileg laun, svo að ekki sé meira sagt, að greiða meira fyrir þau lyf sem við þurfum sem betur fer ekki á að halda nema einstaka sinnum. En það ætti að segja sig sjálft að eftir því sem aldur færist yfir, svo að ekki sé talað um þá sem ekki geta unnið vegna öryrkju, verður heilsufarið klénna og og meiri þörf fyrir læknishjálp og lyf. Á þetta fólk er ráðist fyrst og fremst með 1. gr. þessa frv., aldraða, öryrkja

og sjúklinga með meira og minna skertar tekjur vegna veikinda sinna. Kannske gerir hæstv. ríkisstj. því skóna að þessi hópur sé einnig með skerta getu til andmæla og því sé allt í lagi að ráðast þannig á garðinn þar sem hann er lægstur. Og það er svo sem í þeim sama anda og aðrar ráðstafanir þessarar hæstv. ríkisstj. samfara makalausu fjárlagafrv., algert siðleysi.

Hefur hæstv. ríkisstj. og hv. þm. hennar gert sér grein fyrir því á hvaða sultarlaunum öryrkjar og ellilífeyrisþegar eiga að lifa? Vita þessir hv. þm. að tekjutrygging þessa fólks er ekki nema rúmlega 29 þús. kr. á mánuði, þ. e. a. s. minna en helmingur af meðaltaxta Dagsbrúnar fyrir 8 stunda vinnudag? Og þessi sultarlaun hafa ekki hækkað þrátt fyrir heimild frá 1. okt. og þótt þau eigi að hækka lögum samkv. innan 6 mánaða. Ef við tökum t. d. manneskju úti á landi með þessa upphæð í ellilífeyri og tekjutryggingu samanlagt, má reikna með að hún þurfi kannske að borga 12—14 þús. kr. bara í olíukostnað við upphitun íbúðar sinnar, og þegar við bætast, sem ekki er ólíklegt, lyf upp á 3—4 þús. eða meira, hver er þá afgangurinn? Það hlýtur hver maður að sjá að þetta er hungurtilvera. Hitt er svo annað mál, að í rauninni leiða þessar till. um auknar greiðslur sjúklinga fyrir lyfin ekki til sparnaðar, og virðist stjórnarliðið ekki hafa hugsað málið til enda í öllu því flaustri sem einkennt hefur undirbúning mála og málsmeðferð þeirra hér á Alþ. að undanförnu. Hver verður afleiðingin af þessu? Hún verður nefnilega ekki önnur en sú að þetta fólk, sem ekki getur greitt svo stóran hlut lyfjakostnaðar síns, mun leita uppbóta á tekjutryggingu og fá hana, 4—5 þús. kr. á mánuði. Og hvað kostar það? — Það má líka skjóta því hér inn að þar með er þetta fólk komið með rétt til undanþágu frá útvarps- og sjónvarpsgjaldi, en eins og fram kom í umr. hér um daginn sjá forráðamenn Ríkisútvarpsins og ráðh. þess ekki svo litlum ofsjónum yfir slíku. Það má kannske segja að þarna sé þá eitthvað jákvætt við þetta frv.

Þessi svokallaða sparnaðarleið ríkisstj. er þannig í rauninni enginn sparnaður um 480 millj., eins og sagt er í frv., heldur ekkert annað en bókfærsla, tilfærsla á útgjaldaliðum og rétt einu sinni gerð tilraun til að velta útgjöldum ríkissjóðs yfir á sveitarfélögin sem kæmu til með að greiða uppbæturnar. Það verður sem sé fljótlegt að greiða aftur út þessar 480 millj., og eftir því verður áreiðanlega leitað af viðkomandi. Þar með er ekki sagt að ekki væri hægt að spara á annan hátt í sjúkratryggingum ef menn vildu og þyrðu að láta bitna á einhverjum öðrum en þeim sem lítt geta borið hönd fyrir höfuð sér. Það mætti t. d. endurskoða greiðslur til lækna. Hefur ríkisstj. athugað hvað þeir fá í aðra hönd? Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson minntist hér á frægt dæmi um tannlækni. Það má segja fleiri sögur. Við skulum t. d. taka ferðir sérfræðinga út á land. Í því sambandi er mér kunnugt um og hef það frá starfsmönnum Tryggingastofnunarinnar, að stofnunin hefur mátt greiða reikninga upp á milljónir króna fyrir tveggja mánaða vinnu. Og það mætti svo sannarlega endurskoða ýmislegt annað í sjúkratryggingagreiðslum. En fyrst og fremst ætti að endurskoða þær efnislega, en ekki bara tölulega. Og skyldi þá ekki sitthvað fróðlegt koma í ljós?

Ef betur er að gáð kemur reyndar fram önnur ástæða fyrir því að nú er lögð áhersla á að breyta lögum um lyfjagreiðslurnar. Hæstv. ráðh. kom inn á það áðan að þetta væri í fullu samræmi við lög frá 1974. En þá var föst greiðsla fyrir lyf lögleidd og leiddi þá þegar til lækkunar á lyfjum fyrir neytendur, enda miðað við lágar tölur í upphafi eða fyrstu 100 kr. samkv. lyfjaskrá I og fyrstu 150 kr. samkv. lyfjaskrá II. Það er tekið fram í lögum að ráðh. sé heimilt að breyta greiðslum samlagsmanna samkv. þessari gr. til samræmis við gjaldskrárbreytingar. En hvers vegna mátti þá ekki láta sér nægja að setja nýja reglugerð ef það var hægt? Það skyldi þó ekki vera vegna þess að það er þegar búið að fara út fyrir ramma laganna og hækka greiðslurnar, ekki bara til samræmis við gjaldskrárbreytingar, heldur upp fyrir þær.

Það er einnig fróðlegt að fá að vita í þessu sambandi, fyrst hæstv. trmrh. og hæstv. ríkisstj. telja það sæma að ráðast á þennan hátt að sjúkum, öryrkjum og öldruðum, hvort lyfjakostnaðurinn, sem þeim er gert að greiða, sé e. t. v. í samræmi við niðurstöður af þeirri könnun sem samþykkt var með lögum um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga, verðlagsmál o. fl. 15. mai s. l. að fara skyldi fram. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Fyrir árslok 1975 skal heilbr.- og trmrh. láta fara fram könnun á framfærslukostnaði elli- og örorkulífeyrisþega og skal könnunin bæði ná til einstaklinga og hjóna er njóta elli- og örorkulífeyris. Hliðsjón af könnun þessari skal höfð við ákvörðun elli- og örorkulífeyris og tekjutryggingar hjóna og einstaklinga.“

Könnuninni átti að vera lokið fyrir árslok 1975. Kannske hefur hæstv. ráðh. þegar séð niðurstöður hennar þótt almenningi hafi ekki verið kynntar þær. Og eru þær þá þannig að í lagi sé að leggja auknar álögur á þessa aðila? Mér er spurn. Ekki svo að ég hafi neina trú á að þessari könnun sé lokið, ef hún hefur þá nokkurn tíma byrjað frekar en könnunin á framfærslukostnaði barna einstæðra foreldra sem ekki bara hæstv. heilbr.- og trmrh. átti líka að láta fara fram eftir sömu lögum og sama ákvæði til bráðabirgða, heldur og hæstv. fjmrh. samkv. ákvæði til bráðabirgða í lögum frá apríl s. l. um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara. Þar er að vísu aðeins talað um framfærslukostnað barna, en ekki sérstaklega barna einstæðra foreldra. En þau hljóta að teljast hluti barna almennt. Þessari könnun átti líka að vera lokið fyrir árslok 1975 og niðurstaðan lögð fyrir Alþ. Ekki hef ég séð hana enn þá. En þetta var nú kannske útúrdúr og rétt að líta nánar á aðrar gr. frv. þess sem hér liggur fyrir.

2. gr. frv. gerir ráð fyrir að framlög sveitarfélaga til sjúkrasamlaga greiðist mánaðarlega miðað við fjárhagsáætlun. Um það væri svo sem ekkert nema gott að segja ef það væri mögulegt. En hætt er við að sú innheimta eigi á stundum

eftir að verða erfið, þótt ekki sé nema vegna aukinnar skriffinnsku, en einnig vegna þess hve oft heimtast seint inn gjöld hjá sveitarfélögunum. Á það atriði benti framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga, Magnús Guðjónsson, er hann mætti á sameiginlegum fundi heilbr.- og trn. Ed. og Nd., og þá einkum í sambandi við þá innheimtuþjónustu sem sveitarfélögunum er gert að inna fyrir ríkið samkv. 3. gr. frv. Hann sagði að um það bil 50% innheimtu sumra sveitarfélaganna kæmu á síðustu 2—3 mánuðum ársins og talsverður hluti ekki fyrr en á næsta ári.

Svo alvarleg aðferð sem 480 millj. kr. innheimtan er, er þó enn þá alvarlegri sú aðför að almenningi sem gert er ráð fyrir í 3. gr. frv. Upphaflega var boðaður í fjárlagafrv. 2000 millj. kr. niðurskurður á almannatryggingum, en frá því hefur nú verið fallið, sem ber að fagna út af fyrir sig. En í staðinn á að bæta stórfelldum álögum á almenning og er heildarupphæðin, sem ná á með þessu frv., 1667 millj. kr., hvorki meira né minna. Og það, sem ekki næst með auknum lyfjagreiðslum og tölulega ótilgreindri upphæð með auknu aðhaldi og eftirliti í Tryggingastofnun ríkisins og nýjum starfsháttum við ákvarðanir útgjalda sjúkrahúsa, — það á að láta sveitarfélögin innheimta með 1% aukaálagi á gjaldstofn útsvara. Upphæðin sem innheimta þarf er óviss, því að eins og áður er getið eru tekjur af eftirliti og nýjum starfsháttum ótilgreindar, en látið í veðri vaka að þær verði um það bil 100 millj. án þess þó að neinn þori að bera ábyrgð á þeirri tölu. Hlýtur það að vera eindregin krafa að nánar sé gerð grein fyrir henni. En hvort sem sveitarfélögin eiga að innheimta 1187 millj. kr. eða 1087 millj. kr. er ljóst að þetta þýðir gífurlega auknar álögur á allan almenning, 10% útsvarshækkun sem leggst eingöngu á launafólk í landinu, meðan atvinnurekendur og stóreignagreifar sleppa, eins og áður hefur verið rakið hér í umr.

Til að beina frá ríkisstj. þeirri athygli og óvinsældum sem þessar gífurlega auknu álögur munu auðvitað kalla fram er með þessu lagafrv. verið að gera sveitarfélögin að innheimtustofnun fyrir ríkissjóð. Þau skulu bæta prósentinu á sinn gjaldstofn og skila síðan ríkinu. Það var ekki að furða þótt framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga lýsti þessu athæfi sem kaldri gusu framan í sveitarfélögin og teldi þessar tillögur ganga þvert á skoðanir stjórnar sambandsins, enda kom fram að aldrei hafði verið haft neitt samráð við stjórn sambandsins. Og ég hygg að það eigi eftir að koma í ljós að sveitarfélögin muni, ef þau verða neydd til þessarar skattheimtu fyrir ríkið, setja álagið fram sem sérstakan lið með tilheyrandi skýringum. Þeim gengur víst nógu illa að færa rök fyrir eigin álögum þótt þau taki ekki þetta á sína könnu líka.

Framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga benti einnig á að það væru ekki nærri því öll sveitarfélög, sem ættu aðild að sjúkrahúsrekstri, og einnig að það væru ekki sveitarfélögin sjálf sem hefðu þennan rekstrarkostnað fyrir sjúkrahúsin í hendi sér. Það er Alþ. sem setur lög um lágmarkskröfur varðandi aðstöðu. Og það eru ekki sveitarfélögin sem semja um kaup og kjör á þessum vinnustöðum.

Þá er þess getið sérstaklega í grg. þessa frv. að það eigi að fara fram mikil og merkileg endurskoðun á almannatryggingum á næsta ári og að hún hafi staðið yfir á þessu ári. Þess er getið að það hafi verið skipuð ný endurskoðunarnefnd þegar í október undir forustu formanns Tryggingaráðs. Það vill svo til að ég á sæti í þessari endurskoðunarnefnd og ég get upplýst það að hún hefur verið kölluð saman einu sinni og það var s. l. föstudag. Og það er svo langt frá því að hún hafi fengið nokkurt efni til athugunar. Það má vel vera að Guðjón Hansen tryggingafræðingur hafi hafið verkið, og ég efast reyndar ekki um það, en við nm. höfum a. m. k. ekki séð neitt enn þá. Hér er einnig sagt að gert sé ráð fyrir að n. skili heildarniðurstöðum sínum áður en þing kemur saman haustið 1976, væntanlega þá til þess að hægt sé að breyta lögunum enn og þá kannske losna við þá innheimtu sem gert er ráð fyrir í þessu frv. En þetta er fjarri öllu lagi, enda kom það fram þegar á fyrsta fundi n. að það væri í fyrsta lagi kannske um næstu áramót sem hún gæti skilað af sér, en stefnt að því að hún skilaði þessu áður en þingi lyki vorið 1977, þannig að það gæti kannske afgreitt eitthvað af þessu sem lög. Það segir sig þá sjálft að þau lög koma náttúrlega aldrei til framkvæmda fyrr en — ja, hvað, 1978. Enda er það svo, þó að hér sé sagt að þessar álögur séu til eins árs, þá er náttúrlega reynslan sú að álögurnar eru sjaldan teknar burt ef þær eru einu sinni komnar á, og ég hygg að við höfum séð gleggst dæmi þess núna undanfarna daga þegar hver lögin um slíkt eftir önnur hafa verið framlengd sem aðeins áttu að gilda í eitt ár.

Hæstv. ríkisstj. segist sjálf hafa gert gaumgæfilega athugun á hvernig lækka mætti sjúkratryggingagreiðslurnar, og það er talað um af hennar hálfu að fundnir hafi verið ýmsir valkostir, en þeir verði ekki raktir í grg., heldur eingöngu rætt um þær leiðir sem valdar voru. En ég segi bara það, að ég harma að þessir valkostir skuli ekki vera ræddir. Það væri afar fróðlegt að kynnast þeim, fyrst þeir kostir, sem hér liggja fyrir og hafa verið valdir, eru þeir skástu. Hvernig í ósköpunum voru þá hinir?

Ég vil að lokum leggja til að frv. verði fellt, og ég veit að Alþb. mun greiða atkv. gegn þessu frv. og leggja til að aðrar leiðir til sparnaðar í sjúkratryggingum verði kannaðar til hlítar.

Magnús T. Ólafsson: Herra forseti. Á öndverðu hverju þingi leggur ríkisstj. fyrir Alþ. tvær meginstefnuyfirlýsingar. Önnur er hin almenna stefnuræða forsrh., hin er fjárlagaræða fjmrh. sem ætíð er gengið út frá að sé flutt í nafni ríkisstj. og í fullu samráði við hlutaðeigandi ráðh. fjallað þar um einstaka málaflokka.

Í fjárlagaræðu hæstv. fjmrh. í haust fjallaði sérstakur kafli um almannatryggingar og hljóðar svo í höfuðatriðum, með leyfi hætsv. forseta:

„Almannatryggingar eru það svið ríkisfjármálanna sem hvað mest hefur þanist út á undanförnum árum og er því eðlilegt að komi sérstaklega til athugunar þegar efnahagsástand

þjóðarinnar krefst sérstaks aðhalds í ríkisfjármálum. Er sett fram sem markið í fjárlagafrv. að lækka framlög til almannatrygginganna um 2000 millj. kr. Ýmsar aðgerðir koma til greina við að ná þessu markmiði, og bendir margt til að skipan þessa viðamikla útgjaldaflokks sé með þeim hætti að verulegum sparnaði megi ná án þess að skerða aðstöðu þeirra sem raunverulega þurfa á þjónustu almannatrygginga að halda. Má í því sambandi benda á að ýmsir aðilar þjóðfélagsins njóta nú framlaga frá tryggingunum enda þótt þörf þeirra fyrir fyrirgreiðslu af almannafé sé lítil.“

Loks segir hæstv. fjmrh. í lok þessa kafla í ræðu sinni:

„Ekki verður fjallað nánar um þessi mál hér, en nú er að því unnið að fullmóta tillögur í þessum efnum sem kynntar verða nefnd þingflokkanna áður en stjfrv. þar að lútandi verður lagt fram.“

Þetta sagði hæstv. fjmrh. í hasut, og það getur enginn vafi leikið á því að jafnþýðingarmikil stefnuyfirlýsing í jafnmikilvægu máli og hér er um að ræða hlýtur að hafa verið samin og sett fram í fullu samráði við hæstv. trmrh.

Það frv., sem nú er verið að ræða, á þskj. 175, hlýtur að skoðast árangur af því starfi sem kynnt var í fjárlagaræðunni, að nú væri verið að fullmóta tillögur um sparnað í tryggingakerfinu. En það er fljótt frá að segja að í frv. á þskj. 175 er ekki fjallað um sparnað í hinu kostnaðarsama tryggingarkerfi. Þar er einvörðungu fjallað um það að leggja á ný gjöld á sjúklinga annars vegar og alla útsvarsgreiðendur í landinu hins vegar til þess að seðja fjárþörf tryggingakerfisins.

Í fjárlagaræðunni var talað um að lækka framlög til almannatrygginga um 2000 millj. kr. Má til sanns vegar færa að það sé nokkur lækkun á beinum framlögum úr ríkissjóði sem hér er verið að leggja til. En það er bara tilfærsla, það eru auknar byrðar á herðar viðskiptamanna sjúkratrygginganna og á herðar allra útsvarsgreiðenda í landinu. Það er dálaglegur sparnaður að tarna.

Og það var talað um, þegar fjárlög voru lögð fyrir Alþ., að ná verulegum sparnaði án þess að skerða aðstöðu þeirra sem raunverulega þurfa á þjónustu almannatrygginga að halda. Þetta fyrirheit er efnt þannig að þeir, sem þurfa að leita til sérfræðinga vegna meina sinna, þeir, sem þurfa á lyfjum að halda, eiga að greiða um 480 millj. í viðbót við þann kostnað sem fyrir var.

Hér hefur það greinilega gerst að ríkisstj. hefur gjörsamlega gefist upp við það verkefni sem hún kvaðst takast á hendur í fjárlagaræðunni. Ég vil ekki leiða neinum getum að því hverjar orsakir liggja til þess. En það er enginn vafi að þörfin er mikil á að kanna hvar hægt er að koma við hagræðingu og betri nýtingu fjármagns og vinnuafls til þess að spara í tryggingakerfinu. Það hefur áður verið rakið í þessum umr. hversu gífurleg útþensla hefur orðið, sérstaklega á kostnaði sjúkratrygginganna, og ég ætla ekki að endurtaka það sem þá var sagt. Ég vil aðeins benda á það, að frá árinu 1972 til áætlunar ársins 1976 er kostnaðaraukningin hjá sjúkratryggingum 402%. Hér er um rúmlega fjórföldun að ræða á þessu fimm ára bili. Á sama tíma er kostnaðaraukningin hjá lífeyristryggingum ekki nema 243%. Það hlýtur að eiga sér einhverjar skýringar hvers vegna svona gífurlegur munur verður á kostnaðarþróuninni á þessum tveim sviðum, og það er tvímælalaust brýnt verkefni að kanna hvernig hægt er að hemja þessa kostnaðarútþenslu áður en hún verður gjörsamlega óviðráðanleg.

Það var tæpt á því í fjárlagaræðunni í haust að ríkisstj. ætlaði að fást við þetta verkefni. Það sýnir sig í frv. á þskj. 175 að þetta verkefni hefur farið þannig úr hendi að á því hafa engin tök náðst. Nú eru enn gefin fyrirheit í grg. þessa frv. um að hér verði betur gert og betur að verki staðið fyrir þinghald 1976. Ég leyfi mér að vona að efndirnar á því fyrirheiti verði betri en þær sem orðið hafa á fyrirheitinu úr fjárlagaræðunni. En hvernig þar fór vekur satt að segja slæmar grunsemdir um að hér þurfi að viðhafa önnur vinnubrögð en hingað til hefur verið beitt við þetta verkefni.

Varðandi sjálf ákvæði frv. á þskj. 175 vil ég segja það, að ekki er í sjálfu sér óeðlilegt að viðskiptavinir sjúkratrygginga þurfi að greiða lágmarksgjöld fyrir veitta þjónustu. Það er ekki nýtilkomið. En hér er um að ræða verulegar hækkanir, tvöföldun eða jafnvel meira á þessum gjöldum, og það verður að segjast að slík hækkun kemur á slæmum tíma. En meginefni frv. er að fela sveitarfélögunum að innheimta til tryggingakerfisins ríflega milljarð kr. með sérstakri álagningu á útsvarsstofninn. Þarna er í raun og veru verið að hækka útsvarið í 12%, því að ekki hefur neitt komið fram sem til þess bendi að ætlunin sé að taka fyrir heimildina til að hækka útsvör um 1/10 hjá þeim sveitarfélögum sem um það sækja. Þessi hækkun kemur á bróttótekjur og er því afar tilfinnanleg, sérstaklega fyrir þá sem lágar tekjur hafa, og kemur nú einnig á bótaþega og lífeyrisþega með því breytta fyrirkomulagi sem upp var tekið á síðasta ári og mun, eins og ég sagði í dag við umr. um annað mál, að líkindum breiðast út til allra sveitarfélaga, sem sé að tekin sé upp útsvarsinnheimta af tekjum bóta- og lífeyrisþega hversu svo sem fer um endanlega greiðslu þeirrar álagningar. Þessi hækkun á álögum á útsvarsstofninn til þessara sérstöku þarfa ríkisins er gerð algjörlega án samráðs við sveitarstjórnirnar í landinu, og það er komið í ljós að hún er gerð í fullri óþökk þeirra sveitarstjórna sem látið hafa til sín heyra um málið.

Ég tel ljóst af því, sem ég hef hér rakið að þetta mál er borið fram í flaustri þegar ríkisstj. og hæstv. trmrh. hafa gjörsamlega misst tökin á því verkefni sem Alþ. var tjáð að þessir aðilar hefðu tekið sér fyrir hendur að ráða fram úr til bráðabirgða a. m. k. Þarna er valin leið sem kemur nokkurn veginn eins illa við þá sem álögurnar eru lagðar á, og verið getur og að miklu leyti kemur harðast niður á þeim sem síst skyldi Því munum við Samtakaþm. greiða atkv. gegn þessu frv.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að bæta mjög mörgu við það sem

þegar hefur komið fram við þessa 1. umr. málsins, en vil þó leggja hér fáein orð í belg.

Þegar hæstv. fjmrh. boðaði það í fjárlagaræðu sinni í haust að ætlunin væri að spara 2 milljarða kr. á almannatryggingunum þá hugsaði ég þegar að vafalaust væri það svo um fjárlagalið sem orðinn er svo geysihár eins og allar almannatryggingarnar að trúlega væri hægt með endurskoðun, alvarlegri endurskoðun á þeim málum öllum að spara verulega án þess að það kæmi alvarlega við þá sem þessar tryggingar eiga sérstaklega að koma til góða, þ. e. a. s. þá sem trygginganna þurfa og eiga að réttu lagi að njóta. Ég gat vel trúað því að það væri hægt að spara þarna verulega, e. t. v. 2 milljarða, án þess að skerða svo mjög þetta meginmarkmið með tryggingunum. Það var eðlilegt að mínum dómi að að því yrði unnið kappsamlega, og þetta mál er þannig vaxið að það var ekkert eðlilegra en stjórnarandstaðan ætti þar fullan hlut að máli og fengi að fylgjast með og fengi að vita um hvaða valkostir væru taldir vera fyrir hendi og gæti þegar á umræðustigi lagt sitt af mörkum til þess að skynsamlegir valkostir yrðu niðurstaða þessarar athugunar.

Nú er komið í ljós hvað hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokkar hafa getað orðið sammála um í þessu efni og er búið að lýsa því allítarlega hér af öðrum, og hv. 3. þm. Reykv. hefur þegar gert glögga grein fyrir afstöðu okkar alþb.-manna til þessa máls. Við teljum það sjálfsögðu mjög illa farið að þessu máli skuli vera fleygt inn í þingið svo flaustурslega og illa undirbúnu eins og raun ber vitni. Við teljum það mjög illa farið að það skuli í fyrsta lagi vera sjúklingarnir sem eiga að taka á sig þarna töluverðar byrðar og síðan allur almenningur, allir þeir sem borga útsvar til sveitarfélaga. Ég er engan veginn að segja með þessari afstöðu að öll sú lyfjanotkun, öll þau lyf, sem læknar landsins fallast á og sjúklingar sumir sækja mjög í, séu sérstaklega þörf eða nauðsynleg. Ég hefði vel getað hugsað mér að það yrði að nýju gerð rækileg könnun á því hvaða lyf eru nauðsynleg og hver eru miður nauðsynleg og þarna verði gerður verulegur munur á og e. t. v. eitthvað sparað í sambandi við slíka lyfjanotkun. En það er ekkert slíkt sem liggur þarna að baki, því að eins og fram kemur í frv. er þar almennt um að ræða að það eru bæði greiðslur vegna sérfræðiþjónustu og vegna lyfja, sem fólk notar beinlínis að læknisráði, sem eru hækkaðar.

En það, sem ég vildi koma hér á framfæri, var, að ég vil leyfa mér að ítreka það, sem þegar hefur komið fram í sambandi við þá fyrirhuguðu aðferð við innheimtu á mestum hluta þessa sparnaðar, að þessi svokallaði sparnaður kemur að mestum hluta fram í því að í stað þess að ríkið greiði það sem um er að ræða, þá eiga nú skattborgararnir að gera það með því að það er lagt sérstakt 1% gjald ofan á gjaldstofn útsvara, þ. e. a. s. það er um að ræða að útsvörin eru í rauninni hækkuð um 10—11% í þessu skyni. Þetta er nú allur sparnaðurinn sem hæstv. fjmrh. boðaði í sambandi við sjúkratryggingagjöldin, þ. e. a. s. annars vegar eiga sjúklingar að borga lítils háttar af þessu og hins vegar eiga svo allir útsvarsgreiðendur í landinu að borga mestallan hlutann.

Ef niðurstaða af könnun var á þá leið að nauðsynlegt væri til þess að halda uppi eðlilegum og þörfum tryggingum að afla nýrra tekna, þá átti að ræða það mál og reyna að komast að niðurstöðu um eðlilegan og skynsamlegan hátt þar á, og að sjálfsögðu átti ríkið að eiga þar hlut að máli, en fráleitt að fara að demba því yfir á sveitarfélögin eins og gert er með þeim furðulega hætti sem hér er á hafður. Hér er í rauninni ekki um annað að ræða en það, að sparnaðurinn er fólginn í því að það, sem áður var greitt úr hægri vasanum, skal nú greiðast úr vinstri vasa. Og þegar á það er nú litið að útsvarsskattlagningin er af öllum talin ekki sérstaklega réttlát skattlagning, þegar það liggur fyrir að þar er fyrst og fremst og nær eingöngu um launamannaskatt að ræða, þá verð ég að segja það, að þessi háttur sparnaðar, sem þeir hæstv. fjmrh. og hæstv. heilbrrh. virðast hafa komið sér saman um, er næsta furðulegur. Hæstv. heilbrrh. er vestfirðingur, ég er líka vestfirðingur, og vestfirðingar hafa löngum fengið orð fyrir að tala nokkuð tæpitungulaust. Og þegar ég var að alast upp á Vestfjörðum, þá held ég að svona aðferð eins og hæstv. heilbrrh. er að beita hér og nú hafi verið kölluð „hundakúnstir“ á Vestfjörðum, og ég held að það muni vera svo enn í dag.

Það hefur verið á það minnst hér eðlilega að þeir menn, sem eru í forustu fyrir Sambandi ísl. sveitarfélaga, hafa verið harðorðir um það að nú eigi enn að leggja þetta aukna erfiði og þessa innheimtubyrði á sveitarfélögin, eins og þau standa nú að vígi mörg hver. Og ég er ekkert hissa á því þótt þeir menn séu harðorðir þar um.

Í dag fengum við, að ég hygg allir þm. Reykn., símskeyti sem ég vil leyfa mér að koma hér á framfæri. Ég held að það sé í rauninni nokkur vottur þess hvernig sveitarstjórnarmenn hugsa til þess að þurfa nú ofan á annað, sem þeir standa í um þessar mundir í þessu verðbólguþjóðfélagi okkar, að taka að sér þessa innheimtu, eins og hún verður nú auðveld og hér hefur áður verið lýst. En í dag kom saman á fund Samstarfsnefnd sveitarfélaga á Suðurnesjum, þ. e. a. s. allir bæjarstjórar, sveitarstjórar og oddvitar sveitarfélaga á Suðurnesjum, og þar var gerð eftirfarandi samþykkt sem ég vil leyfa mér að lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„Á fundi í Samstarfsnefnd sveitarfélaga á Suðurnesjum, sem haldinn var 18. des. 1975, var eftirfarandi samþykkt gerð:

Lagt hefur verið fram á Alþ. stjfrv. um breytingar á almannatryggingarlögunum sem felur í sér að sveitarfélögum er falið að innheimta 1% álag á gjaldstofn útsvars, þ. e. brúttótekjur gjaldenda. Skal fé þessu varið til að standa undir rekstrarútgjöldum sjúkratrygginganna. Samstarfsnefnd sveitarfélaga á Suðurnesjum mótmælir harðlega fram komnu frv. sem gengur í þveröfuga átt við stefnu sveitarstjórnarmanna á Suðurnesjum sem telja að ríkið eigi að taka að sér tryggingarnar að fullu. Skorar nefndin á alþm. að fella frv. og beita sér í staðinn fyrir

því að 10% þátttaka sveitarfélaganna í sjúkratryggingunum verði lögð niður og ríkissjóði falin sú fjármögnun og einnig viðbótarfjármögnun til þessa málaflokks ef nauðsyn krefur.“

Undir þetta símskeyti rita Guðmundur Hauksson sveitarstjóri Vatnsleysustrandarhreppi, Jóhann Einvarðsson bæjarstjóri Keflavík, Eiríkur Alexandersson bæjarstjóri Grindavík, Alfreð Alfreðsson sveitarstjóri Sandgerði, Albert K. Sanders sveitarstjóri Njarðvíkurhreppi, Jósep Borgarsson oddviti Hafnahreppi og Finnbogi Björnsson oddviti Gerðahreppi.

Ég vildi við þessa 1. umr. málsins koma þessu á framfæri og ég vil aðeins bæta því við að ég hygg að þessir oddvitar sveitarstjórnarmanna á Suðurnesjum mæli hér fyrir munn flestra, ef ekki allra sveitarstjórnarmanna á landinu í þessu sambandi. Ef hæstv. heilbrrh. væri í dag ekki heilbrrh. heldur bæjarfulltrúi á Ísafirði, þá býst ég við að hann tæki nokkuð stórt upp í sig í sambandi við slíkan tillöguflutning eins og hér er um að ræða.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Hæstv. forseti. Ég sagði í Ed. í gær að stjórnarandstæðingar hefðu þau friðindi, þegar tími væri naumur, að leyfa sér að tala nokkurn veginn ótakmarkað, eins og hefur komið fram bæði hér í dag og á liðnum árum, hverjir sem hafa verið í stjórn. Hins vegar verða þeir aftur, sem í stjórn eru, að sætta sig við það að geta ekki svarað nema mjög takmörkuðu af því sem fram kemur. Og þó að ég hafi mjög mikla löngun til þess að flytja langa ræðu núna til þess að svara þeim eindæma firrum og vitleysum sem fram hafa komið í ræðum þriggja síðustu ræðumanna þá ætla ég að stikla á aðeins örfáum atriðum.

Síðustu ræðu, þessari hundakúnstaræðu hv. 3. þm. Reykn., er fljótsvarað. Nú berst hann mjög fyrir bæjarstjóra og oddvita í Reykjaneskjördæmi til þess að sýna hvað hann er fljótur að taka við sér þegar hann fær símskeyti frá kjósendum úr kjördæminu. Hann gerir þeirra orð að sínum og vill nú berjast hetjulegri baráttu gegn því ófrelsi sem lagt sé á sveitarfélögin í landinu. Ég veit ekki betur en sú kvöð hafi verið lögð á einstaklinga og félög, sem atvinnurekstur hafa, að innheimta söluskatt og skatta og m. a. s. útsvör fyrir sveitarfélögin áratugum saman fyrir ekki neitt og hafi fengið það aftur í staðinn að þau stælu af þessu oft á tíðum. Þeir, sem saklausir eru, sem er auðvitað yfirgnæfandi meiri hl. hafa þurft að liggja undir þessu í sambandi við þessa innheimtu. Ég spyr: Hvernig stendur á því að þessar kvaðir eru lagðar á einstaklingana? Ef einstaklingarnir á Suðurnesjum sem núna verða að innheimta bæði útsvör og skatta — skatta til ríkisins og útsvör til sveitarfélaganna — senda nú Gils Guðmundssyni skeyti og biðja hann að koma því til leiðar að hætta þessu, ætlar hann þá að standa upp og krefjast þess að nú hætti sveitarfélögin að nota þá, sem atvinnurekstur stunda, til þess að innheimta útsvör fyrir ekki neitt, það er það minnsta að þau borgi eitthvað fyrir það, og ríkið hætti sömuleiðis? Nei, þetta eru furðulegar hundakúnstir sem hv. þm. hefur hér í frammi.

Hv. 8. landsk. þm. flutti hér langa ræðu, og mér var sagt að hann hefði hrópað mikið á mig í byrjun ræðunnar, ég hefði ekki verið kominn. Ég þurfti að sinna allmörgum störfum þennan rúma klukkutíma sem ég hafði og ég leyfði mér þann munað að fá mér eina máltíð í dag án þess að spyrja hv. 8. landsk. þm., og ég ætla ekki heldur að spyrja hann að því næst þegar ég borða. En það hefði ekkert gert til þótt ég hefði misst töluverðan hluta af þessari ræðu því að hún var full af gorgeir. Hið eina, sem ég get bent honum á, var þegar hann lýsti áhyggjum sínum hvernig væri að fara fyrir bretum í sambandi við sjúkratryggingar, en þar ráða kratar, — ég skal gefa honum eitt hollt ráð: Það er að segja þessum flokksbræðrum hans, sem ráða núna í Bretlandi, að kalla herskipaflotann heim og dráttarskipin og spara þar og bæta sjúkrakerfið, biðja hann að gera svo vel að snúa sér að Wilson flokksbróður sínum og Crosland og öðrum þeim náungum sem nú herja helst á þetta litla ríki. Það væri þarft verk að þm. tæki það sér fyrir hendur og bresku kratarnir gætu eitthvað numið af þeirri miklu visku sem hann hefur fram að færa í tryggingamálum.

Ég ætla líka að bæta því við fyrir þennan hv. þm., að þær greiðslur, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. að samlagsmenn greiði bæði vegna sérfræðingahjálpar og í lyfjakostnaði, eru, þó að þetta frv. nái fram að ganga, sennilega helmingi lægri en þegar Alþfl. fór með heilbrigðismál. Þetta vil ég biðja hann líka að athuga, og næst þegar hann flytur svona kennsluræðu yfir okkur, að hann fræði okkur eitthvað í þessum efnum, hvernig á þessu hafi staðið á meðan Alþfl. gat látið ljós sitt skína og fór með heilbrigðismál árum saman og m. a. s. meðan hv. 9. þm. Reykv. var í ríkisstj., ekki árum saman, heldur allt að því áratugum saman. Þetta hefur ekki komist enn þá svo neðarlega sem þá og á langt í land. Þetta ætla ég að segja þessum miklu baráttumönnum fólksins í Alþfl. á meðan flokkurinn er enn þá lifandi.

En ég ætla líka að bæta því við að það var stórkostlegur munur á talsmanni Alþfl. í þessari hv. deild eða í hv. Ed. Þar var talsmaður Alþfl. hv. 4. landsk. þm., eldri alþfl.-maður sem hefur barist mjög fyrir tryggingamálum allt sitt líf. Hann sagði í sinni ræðu: Ég tel ekkert óeðlilegt við það að þeir, sem njóta þessarar sérfræðiþjónustu, þeir, sem kaupa lyfin, borgi ákveðna hlutdeild í því. Ég tel ekkert óeðlilegt við það. — Svo bætti hann við: „Ég tel ekkert óeðlilegt við það að sveitarfélögin greiði meira til sjúkratrygginganna en þau gera. En ég er algjörlega á móti þessari leið sem farin er í þessu frv.“

Þetta er málefnaleg afstaða, sem hann tók, og og um þetta má auðvitað deila. En sá hrokagikkshátturr, sem kom fram í ræðu talsmanna flokksins hér í Nd., er varla svaraverður og ég ætla að láta staðar numið við þetta.

En þó vil ég aðeins taka fram til þess að fyrirbyggja misskilning hjá öðrum, þegar hann spyr hvort þetta 1% geti haft áhrif á ellefta prósentið hjá sveitarfélögunum, að ég hélt að hver einasti þm. skildi það að gjaldstofn sveitarfélaganna

er markaður í sérstakri löggjöf, tekjustofnalöggjöf sveitarfélaga. Það er engin minnsta breyting gerð á tekjustofnalögunum. Þau sveitarfélög, sem hafa nú heimild til þess að leggja 10% á — og ég tók það m. a. s. fram í ræðunni, en það hefur farið fram hjá þm. — þau hafa auðvitað leyfi til þess að bæta þessu 1% við. Ef heimilt er að bæta því prósenti við þann gjaldstofn sem er í lögum, þá er það auðvitað tólfta prósentið, ef það verður leyft og ef þau sveitarfélög, sem þess æskja, sækja um það. Þetta hefur engin áhrif á tekjustofnalögin, og ég hélt að það skildi hver og einn einasti maður.

Sumir ræðumanna hafa talað um að sveitarfélögin hafi engin áhrif á rekstur sjúkrahúsanna. Það er alveg rétt. Þau sveitarfélög, sem ekkert sjúkrahús eiga, ekkert sjúkrahús reka og ekki koma nálægt neinum sjúkrahúsarekstri, hafa ekki aðild að rekstri sjúkrahúsanna. En það eru um eða yfir 40% af sjúkrahúsarekstrinum í höndum sveitarfélaganna og það eru tæp 20% í höndum einkaaðila eða félagasamtaka, þannig að það eru 60% af rekstri sjúkrahúsa í höndum sveitarstjórna og annarra samtaka, en 40% eru í rekstri ríkisins.

Sveitarfélögin ráða algjörlega rekstrinum. Þau gera auðvitað ekki samninga við lækna og það er byggt á sömu samningum og verið hafa í gildi áður en þessi ríkisstj. tók við. En ef hækkun á sjúkratryggingunni hefur orðið meiri en hækkun á ellitryggingu þá skil ég ekki í því að fólk skuli furða sig á því. Í sjúkratryggingunni eða sjúkrahúsarekstrinum er launakostnaður um 70%. Það eru eiginlega engir liðir sem eru jafntengdir launum og sjúkrahúsin og sjúkrahúsarekstrurinn í heild vegna þess að hér er um stofnanir að ræða sem eru reknar allan sólarhringinn árið um kring. Þess vegna er eðlilegt að þar verði hækkunin hlutfallslega meiri en alls staðar annars staðar. Þar við bætist, sem ég einnig gat um í dag, að nú seint á þessu hausti og fram til áramóta verður bætt við í ríkissjúkrahúsunum yfir 100 sjúkrarúmum. Þetta hlýtur að kalla á aukin útgjöld, en það gerir um leið fleirum fært að fá umönnun og hjúkrun. Það er stórt atriði og mjög mikilvægt.

Samhliða þessu vil ég upplýsa og þá ekki síst hv. 3. landsk. þm. um það að sjúkrahúsin eru í hraðri uppbyggingu. Það voru samþ. lög um heilbrigðisþjónustu á valdatíma fyrrv. ríkisstj. Þau lög voru lítið komin til framkvæmda þegar núv. ríkisstj. tók við, en þau lög gera ráð fyrir svo stórkostlegri útgjaldaaukningu í sjúkratryggingakerfinu að það eitt gerir það að verkum að hér verður um óhjákvæmilegar hækkanir að ræða. Ég hélt að fyrrv. ráðh. í fyrri ríkisstj. mundi eftir þessum lögum og gerði sér grein fyrir því að þar væri um stórfellda aukningu á kostnaði að ræða. Þessi kostnaðaraukning fer ekki minnkandi með árunum, hún fer stórvaxandi hvað þetta snertir. Fyrsta heilsugæslustöðin er núna að taka til starfa, heilsugæslustöðin í Borgarnesi sem byrjað var að veita fé til áður en núv. ríkisstj. kom til valda og var svo haldið áfram eðlilega ásamt mörgum öðrum heilsugæslustöðvum og stækkun sjúkrahúsa. Þessi starfræksla öll kemur til með að hafa stóraukin útgjöld í för með sér fyrir ríkissjóð. Þessu hélt ég að allir þm. hefðu gert sér grein fyrir þegar þessi lög voru samþykkt. Og ríkisstj., sem þá var, stóð ekki ein að samþykkt þessara laga. Við greiddum velflestir aðrir atkv. með þessum lögum af því að við töldum að þau væru mjög veigamikið og merkilegt spor í framfaraátt. En kostnaðurinn er ekki að koma í ljós fyrr en núna. Ég vona að það hafi eitthvað glaðnað til í kollinum á sumum þm. við að fá þessar upplýsingar sem minna á hvað gerst hafði og hvað er að gerast.

Ég vil líka minna á það, að á síðustu dögum fyrrv. ríkisstj. var gerð breyting á almannatryggingalögunum þess efnis að sjúkrasamlög greiða að hálfu þá tannlæknaþjónustu sem veitt er af heilsugæslustöðvum, hjá skólatannlæknum eða á stofum tannlækna sem Tryggingastofnun ríkisins semur við um þjónustu í þágu sjúkratryggðinga. Meðan uppbygging tannlæknaþjónustu á heilsugæslustöðvum samkv. lögum um heilbrigðisþjónustu stendur yfir skulu ákvæði þessarar 1. mgr. aðeins gilda fyrir tiltekna þjónustu og tiltekna hópa fólks. Svo segir í þessum lögum: „Frá 1. sept. 1974 skulu ákvæði 1. mgr. gilda fyrir börn og unglinga 6—15 ára, enda leggi sveitarfélög 50% á móti.“ Takið eftir: „sveitarfélög 50% á móti.“ Þá var það í lagi. „Greiða skal alla þjónustu sem þessum aldursflokkum er veitt hjá skólatannlækni eða á heilsugæslustöð. Sé ekki kostur á slíkri þjónustu á vegum viðkomandi sveitarfélags er heimilt að greiða þjónustu fyrir þessa aldursflokka hjá hverjum þeim tannlækni sem Tryggingastofnun ríkisins hefur samið við.“ Nú vil ég bæta því við að ég varð heilbr.- og trmrh. 28. ágúst 1974, eða þremur dögum áður en þessi lög eiga að koma til framkvæmda. Þá stendur þannig á að það er ekki farið að hefja neina samninga við þessa hroðalegu stétt, tannlæknastéttina, sem var verið að lýsa hér áðan í einni ræðunni og það hefur tekið marga mánuði, og það er ekkert óskiljanlegt að það taki langan tíma að brjóta ísinn í fyrsta skipti þegar á að semja við tannlækna. Það kom oft fyrir, ég man ekki hvað oft, en mjög oft, að það slitnaði upp úr samningum. En það voru til menn innan þessa starfshóps sem vildu semja, en þó voru til aðrir sem vildu ekki semja.

Þannig var nú þetta mál undirbúið. Og svo vil ég bæta því við: Þessi breyting, sem ekki var komin til framkvæmda, kostar ríkissjóð eða sjúkratryggingarnar stórfé. En það er ekki hægt í öðru orðinu að segja: Þeir, sem þurfa að njóta tryggginganna, eiga að sleppa við að borga, tryggingarnar eru orðnar allt of dýrar, það á að skera þær stórkostlega niður, en í hinu orðinu: Það á samt að bæta alltaf nýju á þær. — Það eru kúnstir sem ég skil ekki. Þess vegna er um það að ræða núna að gera heildarendurskoðun sem er ekki neitt flýtisverk, því að tryggingafræðingurinn, sem ég nefndi áðan, hefur unnið að því mánuðum saman og er nú langt kominn með sínar athuganir og þær koma til með að liggja fyrir þessari nefnd sem einu sinni hefur komið saman, og ég hef talað við formann nefndarinnar um að það verði haldið áfram störfum þar alveg miskunnarlaust til að koma hér á mjög mikilvægum breytingum.

En út af því, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði varð-

andi bætur almannatrygginga, vil ég upplýsa þm. um það, að frá 1. okt. 1974, eða rúmum mánuði eftir að núv. ríkisstj. tók við, hækkuðu bætur almannatrygginga, 1. des. hækkuðu þær aftur, þær hækkuðu 1. okt. upp í 155 400 kr., einstaklingsbæturnar, tveimur mánuðum síðar hækka þær upp í 160 068 kr., 1. apríl eða fjórum mánuðum síðar hækka þær upp í 174 480 kr. og 1. júlí á þessu ári upp í 179 760 kr. Og ég vil hugga þennan hv. þm. með því að bætur almannatrygginga í tíð núv. ríkisstj. hafa hækkað alveg á sama tíma og alveg hlutfallslega og bætur hækkuðu frá því að núv. almannatryggingalöggjöf var sett. Þar við bætist að þessar bætur hafa komið mánuði fyrr til útborgunar en var í tíð fyrrv. ríkisstj.

Ég held að í minni framsögu hafi ég komið inn á flesta liði sem máli skipta. Ég endurtek hér að þetta gjald, sem sveitarfélögin eiga að innheimta, er lagt á eftir brúttótekjum. Ég nefndi áðan að það gæti líka komið til greina nefskattur ef menn hafa heldur viljað það. Kannske hefur Alþfl. heldur viljað nefskatt en leggja á brúttótekjur. En þegar hann talar um álögur á atvinnureksturinn í landinu, þá skiptir ekki máli hvað skattarnir heita, og það er ekki venjulegur talsmáti og hugsunarháttur að segja að atvinnureksturinn beri enga skatta. Á atvinnureksturinn hafa verið lagðir fjölmargir skattar. Launaskatturinn, sem atvinnureksturinn greiðir, er ekkert smáræði. Aðstöðugjöldin til sveitarfélaganna eru ekkert smáræði. Það er ekki lagður skattur á tekjur, heldur á veltu í báðum þessum tilfellum, annars vegar á laun og hins vegar á öll rekstrargjöld. En þetta eru skattar sem lagðir eru á hvort sem fyrirtækin tapa eða græða svo að menn mega ekki, þótt þeir séu komnir í stjórnarandstöðu, einblína eingöngu á tekjuskattinn og taka það alltaf fram að atvinnureksturinn greiði lítinn hluta af tekjuskattinum. Það verður að taka heildarskattkerfið fyrir þegar rætt er um skattlagningu atvinnurekstrarins í landinu. Og þetta veit ég að jafngreindur og glöggur maður og hv. 9. þm. Reykv. veit vel. Hann sagði t. d. þá reginfirru og vitleysu hér fyrir örfáum dögum að atvinnureksturinn greiddi engan söluskatt. Ég veit ekki hvar prófessorinn var staddur í veröldinni þegar hann sagði þessa vitleysu. (GÞG: Um söluskattinn?) Já, þú sagðir þetta í ræðunni um söluskattinn um daginn, við skulum bara fara í ræðuna seinna. En svona mega menn ekki tala. Menn mega ekki hlaupa svona á sig þegar þeir tala um skattlagningu á atvinnureksturinn. Atvinnureksturinn leggur sjúkratryggingunum mikið til og þeir, sem hafa gluggað í þessa ágætu bók fjmrh., hljóta að hafa séð það.

En ég sagði áðan að ég yrði að stilla mig um að verða ekki of langorður þó að ég hefði haft mikla löngun til þess að nota nóttina til umr. um þessi mál og í ýmis önnur sem borið hefur á góma.

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi forseti. Það segir talsvert um eðli þessa máls sem hér er til umr. að þegar ég leyfi mér að leggja nokkrar ákveðnar spurningar fyrir hæstv. ráðh., þá svarar hann mér með því að skýra mér frá því að hann hafi bara borðað einu sinni í dag. Önnur svör fékk ég ekki frá hæstv. ráðh. En af málflutningi hans áðan mátti a. m. k. marka það, að hafi hann ekki borðað nema einu sinni í dag, þá hefur honum varla orðið mjög gott af þeirri máltíð.

Ég er eins og bæði hæstv. ráðh. og hv. þm. Gils Guðmundsson vestfirðingur. Og það er eins og hv. þm. Gils Guðmundsson sagði áðan, að vestfirðingar tala tæpitungulaust. Þeir mundu geta sagt sitthvað um hvað sá maður hefði borðað sem hagaði sér eins og hæstv. ráðh. hagaði sér áðan. En þó að ég tali tæpitungulaust allajafna, þá ætla ég ekki héðan úr ræðustól í hv. deild að fara að hafa það eftir hvað þeir mundu hafa sagt að slíkur maður hefði borðað.

Ég vil einnig taka það sérstaklega fram að það virðist vera háttur hæstv. ráðh. ef einhver leyfir sér svo mikið sem yrða á hann eða taka til máls hér í hv. deild um mál sem hann varðar, þá kemur hann jafnan í pontu á eftir til þess að gefa mönnum einkunnir: Þessi maður er slæmur, þessi maður er heldur skárri, en allt miðar hæstv. ráðh. auðvitað út frá sjálfum sér sem er þá væntanlega hámark þess sem hægt er að ná. Þegar ég leyfi mér að leggja fyrir hæstv. ráðh. ákveðnar spurningar, þá segir hann að það sé hrokagikksháttur af mér í fyrsta lagi að leyfa mér að taka til máls um mál sem hann varðar og í öðru lagi að leyfa mér að beina spurningum til hans. Og auðvitað svarar hæstv. ráðh. engum spurningum frá óbreyttum þm., enda gerði hann það ekki áðan.

Ég spurði hæstv. ráðh. m. a. hver ætti að greiða mismuninn á því, sem áætlað er að 1% útsvarsgjaldið gefi á árinu, og því, sem vitað er að það muni gefa. Þarna munar 250—300 millj. til tekjuöflunar fyrir það kerfi, sem hér er um að ræða, á næsta ári. Ég spurði hæstv. ráðh.: Hver á að greiða þennan mismun? Hæstv. ráðh. svaraði með því að telja það upp, hvað hann hafi borðað oft í dag, og telur að slíkt sé hrokagikkshátturað vera að spyrja um svona mál. Ég spurði hann einnig að því, hæstv. ráðh., hvernig ætti að jafna greiðslum þessarar innheimtu niður á sveitarfélögin, hvort ætti að jafna þeim niður á þau með mánaðarlega jafnhárri tölu eða hvort hann byggist við að helmingur upphæðarinnar kæmi ekki til skila fyrr en 3—4 síðustu mánuði ársins. Hæstv. ráðh. svaraði þessari spurningu ekki, en fimbulfambaði hins vegar um það sem gerðist hér í hv. þd. fyrir mörgum dögum, til þess gaf hann sér tíma.

Ég vil ekki fara mörgum orðum um þessi viðbrögð hæstv. ráðh. En ég vil aðeins segja honum það, að sé það hrokagikkshátturaf okkur óbreyttum þm. að taka til máls um málefni sem undir hann heyra eða leyfa sér að beina til hans spurningum, þá má segja að framkoma hans, hæstv. ráðh., við okkur óbreytta þm. sé e. t. v. ekki hrokagikkshátturen a. m. k. gikkshátturinn.

Vilborg Harðardóttir: Herra forseti. Átakanleg var lýsingin um annríki hæstv. ráðh. sem aðeins hafði tíma til að borða eina máltíð í dag, og mikið hefur hann flýtt sér því að svo mikið er

víst að bumbult hefur honum orðið af matnum. Hann byrjaði að lýsa því yfir að þeir, sem hér hefðu talað og kemur í ljós að eru eintómir vestfirðingar eins og hann, hefðu farið með eindæma firrur sem hann ætlaði að svara. En síðan kemur í ljós að hann svarar engu af þessu. Hæstv. ráðh. gat þess að stjórnarandstæðingar hefðu hér þau fríðindi, þegar tíminn er orðinn naumur, að geta talað. Ég get nú ekki séð annað en hver einasti maður hér hafi þessi fríðindi sem hann vill kalla svo, bæði liðsmenn stjórnarinnar og stjórnarandstæðingar. Hitt er svo annað mál hverjum það er að kenna að tíminn er naumur hérna. Ég held að þar sé ekki neinum um að kenna nema hæstv. ríkisstj. sem ekki hefur notað allan sinn tíma síðan í haust til að leggja fram mál svo að hv. þm. hefðu eðlilegan og nógu langan tíma til meðferðar á þeim og fengju að tala um þau án þess að það teldust einhver sérstök fríðindi.

Hæstv. ráðh. beindi því að ég held frekast til mín að hér hefði þm. sagt að sveitarfélögin hefðu engin áhrif á rekstur sjúkrahúsa. Ég minntist á rekstur sjúkrahúsa. En það, sem ég sagði og hafði reyndar eftir framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga var alls ekki að hann hefði sagt að sveitarfélögin hefðu engin áhrif á rekstur, heldur þvert á móti tók hann fram, að þau hefðu ekki allan rekstrarkostnaðinn í hendi sér. Hann nefndi sérstaklega, og ég get endurtekið það hér, að þau hafa hvorki í hendi sér samninga né ákvarðanir um kröfur um þá lágmarksaðstöðu, sem á að vera á sjúkrahúsunum, né heldur samninga um kaup og kjör starfsfólks, hvorki lækna né annars starfsfólks.

Því átti að beina til mín hér áðan sem óvans þm. og þar af leiðandi sjálfsagt óvitandi að áliti hæstv. ráðh. að bætur almannatrygginga hefðu hækkað svo og svo ört. Þetta veit ég fullvel. Það, sem ég sagði, var að þær hafa ekki hækkað síðan 1. okt. s. l. þrátt fyrir heimild til að hækka þær samkv. lögum og fulla ástæðu til að koma á móti þeirri stórfelldu kjarasekerðingu sem orðin er jafnt hjá þessum hópi sem og öðrum hópum þjóðfélagsins, og er kannske ekki síst ástæða til að mæta kjaraskerðingunni hjá þessum hópi, sem þegar lifir á hungurlaunum.

Það er svo sem sama hvernig hæstv. ráðh. snýr því. Staðreyndin er að það, sem hér er lagt til, að leggja 1% á gjaldstofn útsvara hjá sveitarfélögum, það eru aukaálögur sem ekki bitna á atvinnurekendum heldur á öllum almenningi og þá fyrst og fremst launafólki.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 29 shlj. atkv.

Neðri deild, 36. fundur.

Fimmtudaginn 18. des., að loknum 35. fundi.

Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, frv. (þskj. 111, n. 225). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Skaftason): Virðulegi forseti. Heilbr.- og trn. þessarar hv. deildar hefur haft til athugunar frv. til l. um breyt. á l. nr. 47 frá 28. apríl 1967, um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, en þetta er 95. mál hv. Ed. Nm. hafa allir orðið sammála um að mæla með samþykkt frv. eins og það kom frá hv. Ed.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.—15. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Bátaábyrgðarfélög, frv. (þskj. 110, n. 224). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Skaftason): Virðulegi forseti. Heilbr.- og trn. þessarar hv. deildar hefur haft til athugunar frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 frá 28. apríl 1967, um bátaábyrgðarfélög, en mál þetta er 94. mál Ed. Nefndin hefur orðið sammála um afgreiðslu frv. eins og það liggur fyrir og mælir með samþykkt þess óbreytts.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2.—14. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Lántaka vegna opinberra framkvæmda, frv. (þskj. 233). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Samkv. þeirri lánsfjáráætlun, sem lögð var fram á Alþingi í dag, er gert ráð fyrir erlendum lántökum til fjárfestingarlánasjóða upp á 2 milljarða 45 millj. kr. Það er þess vegna flutt brtt. á þskj. 235 um hækkun á þeirri tölu sem nú er í frv. eftir brtt. sem flutt var við frv. við 2. umr., þannig að í heild verði leitað heimildar fyrir erlendum lántökum að upphæð 6 milljarðar 655 millj. kr. í stað 4 milljarða 610 millj. kr., en þannig er lántökuheimildin nú. Jafnframt því er í brtt. till. um að fjmrh. sé heimilt að endurlána Framkvæmdasjóði allt að 2 milljörðum 45 millj. kr. á árinu af lánsfé samkv. 1. gr., en það er í samræmi við þá lánsfjárskýrslu sem lögð hefur verið fram. Það hefur jafnan verið litið svo á að um leið og ríkissjóður hefur heimild til þessarar lántöku, þá geti hann beitt þeirri lántöku sem ríkisábyrgð ef réttara þykir að þær stofnanir, sem lánin fá, taki sjálf þau lán.

Ég leyfi mér, hæstv. forseti, að leggja fram brtt. Hún er skriflega flutt og þarf því afbrigða við og vil ég biðja forseta um að leita afbrigða.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 235) samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 235,1 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 235,2 samþ. með 21 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Aukatekjur ríkissjóðs, frv. (þskj. 246). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Verðjöfnunargjald raforku, frv. (þskj. 123, n. 222 og 232). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ingólfur Jónsson): Hæstv. forseti. Iðnn. þessarar hv. deildar hefur athugað þetta frv. sem er um að framlengja verðjöfnunargjald raforku í eitt ár. Í rauninni var nefndin sammála um frv., að samþykkja það, en hv. 3. þm. Reykv. skilar samt sem áður séráliti. Má vera að það hafi verið til þess að koma því að, að vinstri stjórnin hæstv., fyrrv., hafi gert nokkuð til þess að verðjafna raforkuverð í landinu.

Hv. 3. þm. Reykv. segir í nál., með leyfi hæstv. forseta:

„Forsenda fyrir varanlegri verðjöfnun á raforku er hins vegar sú, að hrundið verði í framkvæmd fyrirhugaðri samtengingu raforkukerfanna, svo sem drög voru lögð að í tíð vinstri stjórnarinnar."

Það er ákaflega fróðlegt fyrir hv. alþm. að fá að vita eitthvað um þessi drög sem voru lögð að verðjöfnun raforku í tíð fyrrv. hæstv. vinstri stjórnar. Hv. 3. þm. Reykv. mun greina frá því hér þegar hann talar fyrir þessu nál. sem klykkir út með því að eins og komið sé muni hann eigi að síður mæla með samþykkt þessa frv. Ég minnist þess að í tíð fyrrv. ríkisstj. var lögð lína milli Eyjafjarðar og Skagafjarðar, lína á milli tveggja raforkustöðva sem ekki höfðu rafmagn til þess að miðla frá sér. Sú lína hefur ekki enn leitt til verðjöfnunar. En það er langt síðan byrjað var að vinna að því að tengja saman raforkustöðvar víðs vegar um landið. Og það er langt síðan talað var um að verðjafna raforkuverð í landinu. Þetta hefur ekki enn tekist nema að nokkru leyti. En að þessu ber að stefna í ríkara mæli en orðið er, og það er gott til þess að vita að allir hv. þm., sem sæti eiga í iðnn. Nd., eru sammála um þessa stefnu. Og það er líklegt að allir hv. þm. þessarar deildar og e. t. v. alls Alþ. tileinki sér þessa stefnu. Það má því ætla að niðurstaðan verði jákvæð áður en langt um líður.

Frsm. minni hl. (Vilborg Harðardóttir): Virðulegi forseti. Eins og margoft hefur komið fram gefst hér lítill tími til undirbúnings mála. Þess vegna ætla ég ekki að fylgja þessu nál. úr hlaði með neinni mikilli útskýringu. Það verður væntanlega tækifæri til þess síðar, næst þegar málið verður rætt, en eins og fram kemur í nál. er Alþb. fylgjandi því að raforka verði seld á sama verði um land allt og telur það vera réttlætismál. Þess vegna mæli ég með samþykkt frv. Ég ætla að leyfa mér að lesa upp nál.:

„Alþb. er fylgjandi því að raforka verði seld á sama verði um land allt og telur slíkt vera réttlætismál. Forsenda fyrir varanlegri verðjöfnun á raforku er hins vegar sú að hrundið verði í framkvæmd fyrirhugaðri samtengingu raforkukerfanna, svo sem drög voru lögð að í tíð vinstri stjórnarinnar.

Þm. Alþb. greiddu atkv. með verðjöfnunargjaldi því, sem hér um ræðir, í fyrra, en á þeirri forsendu að hér væri um bráðabirgðaráðstöfun að ræða. Af hálfu Alþb. kemur ekki til greina að ætla ákveðna hlutfallstölu til frambúðar í þessu skyni. Vitavert er að árið, sem nú er að líða, skuli ekki hafa verið notað til að leita annarra úrræða til að styrkja fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins né heldur að gerð hafi verið athugun á rekstri stofnunarinnar, en ýmislegt bendir til að rekstrarkostnaður hennar sé óhæfilega hár.

Eins og komið er mun ég eigi að síður mæla með samþykkt frv."

Lúðvík Jósepsson: Forseti. Ég veitti því athygli að hv. 1. þm. Suðurl., sem á þó að teljast allvanur þingstörfum eða ætti að vera búinn að læra þau eftir mjög langa þingsetu, tók að sér að ræða hér um nál. annars þm. áður en hann fékk tækifæri til að gera grein fyrir sínu nál. Þetta flokkast undir ókurteisi, en hv. 1. þm. Suðurl. telur sig víst hafa aðstöðu til þess að síða þá sem ekki hafa setið eins lengi á þingi og hann.

Hann fór einnig fram á, að það yrði gerð hér grein fyrir því hver hefði verið stefna m. a. vinstri stjórnarinnar í sambandi við samtengingu raforkukerfanna í landinu og þóttist þar ekkert vita um. Það mætti kannske benda honum á að það var í tíð vinstri stjórnarinnar sem samþ. var að leggja byggðalínuna margumtöluðu eða tengja saman Suður- og Norðurlandið. Það var auðvitað hafist handa um lagningu þessarar línu þó að það hafi staðið allverulega í núv. hæstv. ríkisstj. að koma henni í samband. Það hafði verið byrjað á þessari línu býsna myndarlega frá báðum endum, bæði frá Akureyri og vestur á bóginn og síðan aftur að sunnan og norður. En um þetta veit auðvitað hv. 1. þm. Suðurl. ekki nokkurn skapaðan hlut.

Hv. 1. þm. Suðurl. hefur auðvitað ekki heldur heyrt um það getið að það hafi verið samþ. hér yfirlýsing á Alþ. um að það var fyrst veitt heimild til þess að tengja saman Norðurland og Austurland með línu frá Kröflu og austur. En hann hefur auðvitað ekki heyrt neitt um þetta heldur.

Ég geri ráð fyrir að hv. 1. þm. Suðurl. hafi með því, sem hann sagði hér um þessi mál, óskað eftir því að hér gætu upphafist allmyndarlegar umr., m. a. af því að það er nægur tími til nú, um raforkumál og hvað gert hafi verið

í þeim á undanförnum árum. Ég vil segja honum það, að ég hef nógan tíma til þess að ræða við hann um þessi mál og skal hreint ekki spara tímann ef hann vill vera með í þessum umr. En ég vil hins vegar undirstrika það að framkoma af því tagi, sem kom fram hjá hv. 1. þm. Suðurl. í þessum efnum í sambandi við þá afstöðu sem fulltrúi Alþb. í iðnn. hafði tekið í þessu máli, er býsna fágæt.

Það er rétt að við í Alþb. stóðum að því að verðjöfnunargjald var lagt á raforkusölu í landinu, m. a. til þess að tryggja að ekki þyrfti að verða meiri munur en verið hefur á raforkuverði á hinum ýmsu stöðum í landinu. En það kom skýrt fram hjá okkur að við töldum þetta vera bráðabirgðalausn og ætti að vinna að því að leysa þessi mál með öðrum hætti. Það var því fyllilega tímabært af fulltrúa Alþb. nú að minna á þessa yfirlýsingu okkar og benda á að tíminn hefur ekki verið notaður eins og ætlað var til þess að hyggja að því hvernig þessi mál yrðu leyst á bestan hátt.

Það er auðvitað enginn vafi á því að eina leiðin til þess að tryggja jafnt raforkuverð með eðlilegum hætti hvar sem er á landinu er að tengja saman hin mörgu og dreifðu raforkukerfi sem nú vinna yfirleitt hvert fyrir sig mjög sjálfstætt. Það er engin leið að leysa þessi mál svo að vel sé nema unnið sé að þessari stefnu. En það skipulag, sem m. a. hv. 1. þm. Suðurl. á kannske mestan þátt í að tekið var upp með setningu laga um Landsvirkjun, hefur beinlínis unnið gegn því að litið væri á landið sem heild í raforkumálum. Við vitum að skipulag Landsvirkjunar er með þeim hætti að þar er ákveðinn hluti landsins tekinn út úr, sá hluti landsins sem stóð best að vígi í raforkumálum, og gerður að sérstöku raforkusvæði, viðskila við önnur raforkusvæði í landinu, og m. a. af því að þetta skipulag var tekið upp stöndum við frammi fyrir þeim margvíslegu vandamálum sem við stöndum frammi fyrir nú þegar rætt er um framkvæmdir í raforkumálum og þegar rætt er um það hvernig á að tryggja öllum landshlutum sömu aðstöðu til raforku og sams konar verð.

Það hefur verið minnt á það að undanförnu að nú eru margir aðilar sem standa að undirbúningi í sambandi við ný raforkuver og verður ekki séð að þeir hafi nema mjög takmarkað samband sín á milli. Það er enginn vafi á því að það skipulag, sem tekið var upp með landsvirkjunarlögunum, er mjög óheppilegt þegar litið er á þessi mál í heild. Og það er ótrúlegt að það skipulag fái staðist lengi eftir að samtenging hefur átt sér stað á milli helstu raforkuframleiðslusvæðanna í landinu. En það væri ákaflega fróðlegt að heyra það hér hjá hv. 1. þm. Suðurl., sem á löngu tímabili var ráðh. raforkumála, hvaða hugmyndir hann hefur í þessum efnum, að hverju hann vill stefna varðandi uppbyggingu raforkumálanna í landinu, m. a. til þess að tryggja jafnt raforkuverð. Vill hann hafa sölusvæðin mörg og framleiðslusvæðin mörg, rekin af mörgum aðilum og mismunandi aðilum, og fara svo þá leið að leggja á sérstakt verðjöfnunargjald til þess að reyna að ná því marki að landsmenn geti búið við svipað raforkuverð, eða vill hann hverfa frá slíku verðjöfnunargjaldi með því að breyta skipulagi Landsvirkjunar þannig að Landsvirkjun standi undir nafni, hún verði virkjunarsvæði fyrir allt landið, það verði hennar verkefni að leysa raforkumál í öllum landshlutum og tryggja mönnum þar bæði næga raforku og raforku með hliðstæðu verði? Þetta er vissulega ágætt efni til þess að ræða hér um þegar nægur tími er til að halda hér uppi umr.

Ég hef lengi verið á þeirri skoðun að eðlilegasta skipulagið í raforkumálum okkar væri að við litum á landið sem eitt raforkuframleiðslusvæði og ynnum skipulega að því að tengja svæðin saman, miðuðum svo okkar virkjunarframkvæmdir við það, sem hagstæðast er á hverjum tíma, og tryggðum öllum landsmönnum raforku við sama verði. En til þess að ná þessu marki þarf tvímælalaust að breyta lögum um Landsvirkjun og það þarf að breyta þeirri stefnu sem þar hefur verið tekin upp. Og þá á auðvitað að breyta því hlálega fyrirkomulagi sem gildir í sambandi við Landsvirkjun að þar séu íslenska ríkið og Reykjavíkurborg lögð algerlega að jöfnu sem jafnréttháir aðilar að því mannvirki og að þeirri stofnun. En eins og kunnugt er, þá er það skipulag ríkjandi í sambandi við Landsvirkjun að íslenska ríkið annars vegar og Reykjavíkurborg hins vegar eru nákvæmlega jafnréttháir aðilar og hefur þar hvor fyrir sig neitunarvald ef því er að skipta, bæði varðandi stækkun starfssvæðisins og annað sem varðar rekstur raforkumála á vegum Landsvirkjunar. Jafnræðið er svo mikið samkv. lögunum að þegar velja átti oddamann í stjórn Landsvirkjunar, þá átti auðvitað hvorugur þessara aðila að hafa rétt til þess að tilnefna oddamanninn, hvorki íslenska ríkið né Reykjavíkurborg, heldur var ákveðið í lögunum að það skyldi vera Hæstiréttur sem tilnefndi oddamann. Þetta var það skipulag sem hv. 1. þm. Suðurl. stóð hér sérstaklega fyrir að koma á með svo þeirri reynslu sem við höfum fengið af þessu skipulagi.

Það er svo auðvitað í samræmi við þetta, að þegar við nú í dag erum að fá upplýsingar frá ríkisstj. um fyrirhugaðar lántökur á næsta ári, erlendar lántökur, þá er gerð glögg grein fyrir því til hvers íslenska ríkið ætlar að taka lán og í hvað það fjármagn á að fara, í hverja einstaka framkvæmd, en svo er sagt í einu lagi og með smáu letri neðanmáls: Þar að auki er svo Landsvirkjun — hitt ríkið — og hún ætlar auðvitað að taka lán upp á talsvert mikið á fjórða milljarð og þarf ekki að gera neinum reikningsskap fyrir því.

Ég held að þessu skipulagi þurfi að breyta og það sé í rauninni eina leiðin til þess að hægt sé að komast út úr verðjöfnunargjaldsfyrirkomulaginu og að raunveruleg Landsvirkjun taki svo að sér það verkefni að tengja saman hin ýmsu raforkusvæði í landinu og líti á það sem verkefni sitt í heild að tryggja landinu öllu næga raforku og raforku með jöfnu verðlagi.

Af því að ég hef mikla löngun að heyra í hv. 1. þm. Suðurl. um þessi mál, þá skal ég ekki ræða þetta mál meira í bili. En eins og ég hef sagt honum og mér fannst hann gefa tilefni til með þeirri einkennilegu ræðu, sem hann flutti í sambandi við þetta mál sem við héldum að væri samkomulag um, þá er ég sem sagt mjög vilj-

ugur til þess að taka hér upp langar viðræður við hann um skipulag rafmagnsmála og allt sem þessum málum tilheyrir. Og nú bíð ég aðeins eftir því að fá að heyra ræðu hans næst.

Umr. frestað.

Umferðarlög, frv. (þskj. 174). — 1. umr.

Flm. (Sigurlaug Bjarnadóttir): Hæstv. forseti. Ég mun líklega þykja koma eins og skollinn úr sauðaleggnum hér með umferðarmál mitt inn í hinar háalvarlegu fjárlagaumr. Það er ekki þar fyrir að hér sé á ferðinni neitt hressandi gamanmál, og sannleikurinn er sá að þetta frv. er til komið að vissu leyti vegna óvenjulegrar og óhugnanlegrar aukningar á umferðarslysum hér á landi að undanförnu. Þetta frv. kemur í beinu framhaldi af þáltill. á þsj. 67 sem flutt var af Ellert B. Schram *og mér þar sem farið var fram á* allsherjarendurskoðun og breytingar á gildandi umferðarlögum.

Í framsögu Ellerts B. Schram fyrir þessari þáltill. kom fram í upphafi að á undanförnum 52 dögum höfðu 14 íslendingar látið lífið í umferðarslysum, þ. e. a. s. einn íslendingur þriðja til fjórða hvern dag. Það er einmitt sláandi staðreynd að þegar þessi framsöguræða fyrir þessari þáltill. var flutt, þá höfðu 27 manns látið lífið á þessu ári í umferðarslysum, þegar þetta frv. var prentað fyrir þremur dögum höfðu 29 látist og nú þremur dögum síðar hafa 32 látist. Þetta eru hryggilegar staðreyndir, og það er gefið mál að lagasetning ein fær ekki kippt öllu í lag hér. En þó hygg ég að við munum öll sammála um að það sé skylda löggjafans að reyna fyrir sitt leyti að stöðva þessa þróun og stuðla að nauðsynlegum úrbótum.

Í 1. gr. þessa frv. er fjallað um öryggisbelti og öryggishjálma. Það hefur verið skylda frá árinu 1969 að hafa öryggisbelti í bílum, en það hefur ekki verið skylda hingað til að nota þau. Það hefur farið fram mjög veruleg og jákvæð upplýsinga- og fræðslustarfsemi um öryggisbelti, *en hún hefur því miður ekki borið tilætlaðan* árangur.

Það er staðreynd samkv. skýrslum um þessi efni, að langflest umferðarslysa verða í þéttbýli eða um 85%, en notkun öryggisbelta í bílum er innan við 5%, þannig að hér er þörf á átaki til úrbóta að því er þetta atriði varðar. Það er vegna þess að reynslan sýnir að enda þótt öryggisbelti séu ekki einhlít, þá sanna skýrslur að í 7 af 10 tilfellum bjargar öryggisbeltisnotkun frá alvarlegu slysi og dauða. Enn ein tala, sem varðar slysatíðnina sem um er getið í grg., er að á árunum 1971—1973 létust 65 manns af völdum umferðarslysa á Íslandi, en núna á tæpu ári eru þeir orðnir 32.

Ég ætla ekki að fjalla í löngu máli hér um öryggisbeltin þó að hér sé um mjög mikilvæg slysavarnamál að ræða eftir því sem allar skýrslur um reynslu af þeim sanna. Á öllum Norður*löndunum nema Danmörku er þetta nú lögfest* orðið. Í Svíþjóð var notkun bílbelta lögfest 1. jan. 1975. Síðan hefur umferðarslysum eða alvarlegum meiðslum af völdum umferðarslysa fækkað þar um 33%. Í Finnlandi voru þessi öryggisbelti lögfest 1. júní 1975, í Noregi 1. sept. 1975 og í Danmörku munu þau verða lögfest 1. jan. 1976. Fjölmörg önnur lönd, þ. á m. Ástralía, Nýja-Sjáland, Ísrael, Frakkland, Lúxembúrg, Holland og Belgía hafa tekið upp þessa öryggisráðstöfun.

Alls staðar þar sem þessi ráðstöfun kemur til er hún umdeild. Á Norðurlöndunum öllum urðu harðar og miklar deilur um þetta á þjóðþingum þar sem lögin voru sett, og á norska Stórþinginu greiddu ¼ norskra þm. atkv. gegn henni. Ég á því von á að þetta lagaákvæði komist ekki í gegnum Alþ. íslendinga án nokkurra deilna en ég vænti þess að á því *máli* verði tekið af raunsæi frekar en tilfinningasemi. Þetta eru viss óþægindi, sem mönnum finnst á sig lögð, jafnvel skerðing á persónufrelsi, en við erum nauðbeygð til þess að leita allra ráða til þess að draga úr slysum.

Ég vek athygli á því að í 1. gr., um öryggisbeltin, er tekið fram að þau skuli ekki taka gildi fyrr en 1. júlí 1976. Það kemur einnig fram í þessu frv. að ekki er gert ráð fyrir að refsiákvæði komi hér til greina. Þetta er fyrst og fremst ætlað sem slysavarnaráðstöfun. A. m. k. fyrst í stað verður refsingin látin sitja á hakanum. Ef hins vegar sýnt verður að þessi lagasetning, ef frv. verður að lögum, ber engan eða of litinn árangur, þá kann að verða leitað til refsiákvæðis.

Um öryggishjálma er það að segja, að alls staðar þar sem þeir hafa verið upp teknir þykja þeir mjög mikilsverð bót í þessum málum. Í grg. er tekið fram að þetta lagaákvæði, sem hér er fyrirhugað, sé byggt á samnorrænni tillögu sem útgefin er af Nordisk Trafiksikkerhedsråd, og skýrsla þessi, sem er m. a. byggð á norskum rannsóknum, leiddi í ljós að öryggishjálmurinn dró úr meiðslum hjá 82.5% þeirra, sem notuðu hann, og bjargaði lífi ökumanna í 15% af tilfellunum. Ég veit að almenningsálitið er mjög hlynnt þessari ráðstöfun. Hjólreiðar á svokölluðum bifhjólum, skellinöðrum og hvaða nafni sem þær eru nú kallaðar eru í tísku í dag. 15 ára óþroskaðir unglingar hafa dálæti mikið á þeim, og það er skylda löggjafans að tryggja eftir öllum hugsanlegum leiðum að ekki hljótist slys af, örkuml og dauði, ef hægt er að koma í veg fyrir það. Öryggishjálmar hafa reynslunni samkv. sýnt að þeir gera það raunverulega.

Í 2. gr. frv. er ákvæði um að gildistími bráðabirgðaökuskírteina skuli lengdur úr einu í tvö ár. Skýrslur um umferðarslys sýna að slysatíðni er ákaflega há hjá ungum ökumönnum, sérstaklega 2—3 fyrstu árin. Eftir að ökumaður hefur haft bráðabirgðaskírteini í eitt ár og fær svo fullnaðarskírteini upp á vasann sem á að gilda í 10 ár, þá þykir honum í *flestum tilvikum, því miður,* að honum séu flestar leiðir færar, og lætur því ábyrgð og gætni grátlega oft lönd og leið. Því er talið að lögleiðing bráðabirgðaskírteinis hafi verið nauðsynleg, þegar hún var í lög fest, og að nauðsynlegt sé að lengja þennan bráðabirgðagildistíma úr einu í tvö ár a. m. k. Það kom einnig til mála við samningu þessa frv. að við hækkuðum lágmarksaldurinn úr 17 í 18 ár. Við skulum gefa því gaum að Ísland er eina landið

á Norðurlöndum og þótt víðar væri leitað þar sem lágmarksaldurinn er 17 ár, en ekki 18. Hér er því vægilega í sakirnar farið og í stað þess að hækka lágmarksaldurinn er kveðið á um lengdan bráðabirgðaökuskírteinistíma.

Í 3. gr. frv. er kveðið á um að við endurnýjun fullnaðarskírteinis skuli hlutaðeigandi ganga undir skriflegt próf í umferðarlögum. Um þetta hefur verið heimild í lögum hingað til, en hefur ekki verið notuð. Hér er ekki átt við skriflegt próf sambærilegt því, sem við er haft við ökuprófið sjálft, heldur eingöngu könnun til upprifjunar á helstu umferðarreglum. Þetta er nokkurs konar krossapróf, handhægt og fljótlegt í notkun, eitthvað álíka og íslenskir skólar taka upp í vaxandi mæli í dag.

Í 4. gr. er drepið á mjög mikilvægt atriði sem vakið hefur umtal og sem betur fer aðgerðir í fjölmörgum löndum heims. Það er hið svokallaða mistaka- eða punktakerfi. Hér er um að ræða aðferð til þess að auðvelda þeim, sem gefa eiga út ökuleyfi, að fylgjast með ökuferli manna og leggja mat á það hverjir þurfi endurhæfingar við og hvenær. Samkv. mistakakerfinu svokallaða hafa brot á umferðarlögum og reglugerðarfyrirmælum mismunandi gildi eftir því hversu alvarleg þau eru. Mistakakerfið var tekið upp í Bandaríkjum Norður-Ameríku 1947 og síðan hefur það verið tekið upp í fjölmörgum ríkjum Bandaríkjanna og víða í Evrópu, svo sem í Frakklandi, Þýskalandi, Sviþjóð, Sviss og að nokkru leyti í Englandi. Í Sovétríkjunum hefur einnig verið gerð tilraun í þessa átt.

Þá má benda á að ráðherranefnd Evrópuráðsins hefur mælt með því að punktakerfið verði tekið upp í öllum löndum sem aðild eiga að ráðinu. Í nær öllum löndum eru reglur sem takmarka rétt manna til aksturs, og reynslan sýnir okkur ljóst og æ ljósar með hverjum deginum að það er nauðsyn á slíkum reglum og það nokkuð hörðum. Það er óhæfa að þjóðfélagið líði að maður, sem er óhæfur til að stjórna bíl, valdi slysum í umferðinni og limlestingum og dauða á samborgurum sínum. Réttindamissir kemur til í ríkum mæli samkv. þessu punktakerfi og notkun þess. Viss fjöldi mistaka eða punkta veldur ökuskírteinissviptingu í ákveðinn tíma. Ökuleyfissvipting í fyrsta skipti er yfirleitt væg, en fer harðnandi eftir því sem endurtekningum fjölgar.

Forsenda þess, að unnt sé að koma á slíku kerfi hér, er að haldin sé ökuferilsskrá sem nær yfir allt landið. En hér í Reykjavík hefur við embætti lögreglustjórans verið færð ökuferilsskrá um 10 ára skeið nú. Það er ljóst af reynslunni nú þegar að þetta kerfi hefur borið góðan árangur. En fyrir tveimur árum var tekin upp sú nýbreytni að boða þá ökumenn, sem höfðu slæman feril, til könnunar á akstursþekkingu. Tillagan, sem í 4. gr. felst, miðar því að því að renna styrkari stoðum undir þetta starf og beita ökuleyfissviptingu í vaxandi mæli.

Í 5. gr. er fjallað um ökuskóla. En hér á landi er talið að á annað þúsund manns hafi í dag rétt til að hafa á hendi ökukennslu. Þessir ökuskólar eiga að tryggja samræmda og nákvæmari og haldbetri fræðslu til handa ökukennurum sem eiga að veita almenn bílstjóraréttindi. Er gert ráð fyrir að ökuskólar verði reknir af einstaklingum eða samtökum þeirra og að forstöðumenn ökuskóla hljóti sérstaka löggildingu dómsmrh. eins og einstakir ökukennarar hafa orðið að fá hingað til. Það er mikil nauðsyn á því að fræðileg kennsla undir ökupróf sé haldgóð og raunhæf, og benda má á í því sambandi að í nágrannalöndum okkar er krafist margfalt lengri og meiri menntunar ökukennara en hér. Má t. d. nefna Noreg, þar sem ökukennaranemar verða að sitja á skólabekk í heilt ár. Með þessu er ekki ætlast til að svipta þá menn, sem stunda ökukennslu í dag, réttindum sínum, heldur aðeins að veita þeim betri aðstöðu og meira aðhald.

Í 6. og síðustu gr., sem er viðbótarmálsgr. við 67. gr. núgildandi umferðarlaga um fébótaábyrgð og vátryggingu, er tekið fram að vanrækslu á notkun þess öryggisbúnaðar, sem lagt er til, þ. e. a. s. notkun öryggisbelta og hjálma, muni ekki leiða til fébótamissis. Það var metið svo þegar taka átti afstöðu til hvort slík vanrækslu ætti að leiða til lækkunar fébóta, þá var það samkv. niðurstöðu Nordisk Trafiksikkerhedsråd, sem áður hefur verið vitnað í hér, að svo skyldi ekki vera, hér væri fyrst og fremst um slysavarnaráðstöfun að ræða og því óeðlilegt að láta menn gjalda þess á þennan hátt, jafnvel þótt þeir væru sannir að vanrækslu í þessu efni.

Það er greinilegt að í þessu lagafrv. felast ýmis ákvæði sem ég get vel ímyndað mér að verði nokkuð umdeild hér. En ég vænti þess að þetta frv. fái vandlega skoðun í þeirri nefnd sem það fær til umfjöllunar. Það er von mín einnig, eins og tekið er fram í niðurlagi grg., að þetta frv. og þau þingmál önnur, sem nú liggja fyrir Alþ. og miða í sömu átt, fái jákvæða og skjóta afgreiðslu þingsins þannig að þær umbætur í íslenskri umferðarlöggjöf, sem þau fela í sér, komist sem fyrst til framkvæmda.

Ég vil að endingu geta þess að við, sem stöndum að þessu frv., höfum notið samvinnu og samráðs og leiðbeininga starfsmanna Umferðarráðs sem hafa sýnt þessu máli mikinn og lofsverðan áhuga.

Ég vil að lokum, hæstv. forseti, mælast til þess að að þessari umr. lokinni verði málið sent til allshn.

Umr. frestað.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 234). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Hæstv. forseti. Með frv. þessu er leitað eftir heimild Alþ. til að framlengja frest samkv. 16. gr. l. nr. 46 1973 um einn mánuð til þess að betri tími gefist til að ná samkomulagi í yfirstandandi deilumálum milli fjmrn. og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Jafnframt er ríkissáttasemjara veitt heimild til að leita sátta milli aðila til 25. jan. 1976 ef annar hvor aðili óskar þess. Ástæðan fyrir frestunarbeiðni þessari er sú, að aðilar, þ. e. a. s. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja

og fjmrn., eru sammála um að reyna til þrautar að ná samkomulagi, en sá tími, sem nú er eftir til ráðstöfunar af gildandi fresti, er fyrirsjáanlega of skammur.

Hæstv. forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði þessu máli vísað til 2. umr., en gjarnan hefur það verið svo með slík mál, þ. e. a. s. um breytingar á frestum í lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna sem flutt er í samkomulagi beggja aðila, að þau mál hafa fengið mjög skjóta afgreiðslu og ekki talin ástæða til þess að láta þau ganga til nefnda. Ég hef rætt við forustumenn allra þingflokka sem eru sammála um að veita frv. skjóta afgreiðslu og eru mér sammála um að ástæðulaust sé að vísa því til nefndar. Ég legg því til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. án þess að það gangi til nefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv.

Neðri deild, 37. fundur.

Fimmtudaginn 18. des., að loknum 36. fundi.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 234). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Bátaábyrgðarfélög, frv. (þskj. 110). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 249).

Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, frv. (þskj. 111). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 251).

Fjáröflun til vegagerðar, frv. (þskj. 204). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Á þskj. 204 var flutt frv. til l. um breyt. á l. um fjáröflun til vegagerðar. Við meðferð málsins í hv. Ed. varð niðurstaðan sú að hv. fjh.- og viðskn. flutti nýtt frv. í samkomulagi og í samráði við mig. Það frv. er á þskj. 204 og er hér til 1. umr. Í því frv. felst að breytt er einni gr. í lögum um fjáröflun til vegagerðar, þar sem þungaskatti greiddum til ríkissjóðs er breytt og grunntalan færð úr 42 þús. í 70 þús. kr. Gert er ráð fyrir að hækkun sé fyrir hver 200 kg fram yfir 2 tonn og enn fremur að af bifreiðum, sem ekið er gegn gjaldi, sé greitt hærra gjald sem nemur 30%.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um frv. Það er fyrst og fremst verið að breyta þungaskatti greiddum til ríkissjóðs. Í frv. því, sem flutt var í Ed., var lagt til að gjaldið yrði örlítið hærra, en eins og ég gat um áðan varð samkomulag á milli mín og hv. fjh.- og viðskn. Ed. að nefndin flytti það frv. sem hér er til umr.

Ég legg svo til, hæstv. forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Verðjöfnunargjald raforku, frv. (þskj. 123, n. 222 og 232). — Frh. 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Ingólfur Jónsson): Hæstv. forseti. Það hefur oft komið í ljós að lítill neisti getur orðið að stóru báli. Ég kemst ekki hjá því að taka hér til máls aftur vegna þess að hv. 2. þm. Austurl. taldi að ég hefði móðgað hv. 3. þm. Reykv. með því að vitna í nál. hv. þm. Ég vil taka fram að það var alls ekki ætlunin. Ég á ekki sökótt við þennan þm. og það er mitt mat að það hafi engin móðgun falist í því að vitna í nál. Ég hafði talið að það hefði verið eðlilegt að hv. 3. þm. Reykv. væri með á áliti meiri hl. af því að þm. féllst á að samþykkja frv. En það er smekksatriði. Ég mótmæli því að ég hafi móðgað hv. þm. eða ætlað nokkuð að segja sem gæfi tilefni til þess.

Ég verð að segja það, að bæði ég og hv. 2. þm. Austurl. höfum verið lengi á þingi, og þótt við séum kannske eitthvað tornæmir ættum við að þekkja þingvenjur. Að þessu sinni hefur ekki verið út af þeim brugðið. Við höfum sjaldan deilt mikið. Ég held að ef við tækjum upp á því þá þyrfti nokkuð langan tíma. Sá tími, sem nú er þegar klukkan er langt gengin 12, er ekki rétt hentugur til þess að byrja og sist vegna þess að þinginu á að ljúka á laugardaginn. En vonandi lifi ég og hv. 2. þm. Austurl. það lengi að við fáum tækifæri til að leiða hesta okkar saman ef við erum á öndverðum meiði.

En í sambandi við verðjöfnun á raforku og samtengingu orkuvera verð ég að segja það,

þótt tíminn sé naumur, að það er ekki rétt, sem hv. þm. sagði áðan, að stefnan, sem mörkuð var með landsvirkjunarlögunum, hafi ekki verið á þá leið að hafa yfirlit yfir landið allt. Það var einmitt það sem kom skýrt fram í grg. með frv. til landsvirkjunarlaga að það bæri að hverfa frá því að virkja smátt og dýrt, en hverfa að því ráði að virkja frekar stórt og ódýrt og tengja landshlutana saman milli hinna stóru virkjana. Þessi stefna var mörkuð með landsvirkjunarlögunum og ég veit að hv. 2. þm. Austurl. man þetta ef hann vill rifja þetta upp. Frv. ásamt grg. er áreiðanlega til hér í Alþ. og er hægt að rifja upp það sem þar stendur og einnig það sem þar var sagt.

Ég vil aðeins minna á þetta í tilefni af því sem hv. þm. sagði. Eftir að landsvirkjunarlögin tóku gildi var nokkuð að því unnið að tengja saman landshluta á milli virkjana. En ég ætla ekki að efna nú til frekari orðræðu um þessi mál. Ég ætla að þetta sé nóg, og það gefist síðar tækifæri til að ræða þessi mál.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Neðri deild, 38. fundur.

Fimmtudaginn 18. des., að loknum 37. fundi.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 234). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Verðjöfnunargjald raforku, frv. (þskj. 123). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 252).

Söluskattur, frv. (þskj. 128, 199). — 3. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Hæstv. forseti. Á þskj. 128 er frv. til l. um breytingu á söluskatti. Er gert ráð fyrir að til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga renni 8% af þeim 19 söluskattsstigum sem gert er ráð fyrir að renni til ríkissjóðs. Þær tillögur, sem gerðar eru í þessu frv., eru grundvallaðar á því að tilfærsla verði á verkefnum frá ríkinu til sveitarfélaga sem nemur þeirri fjárhæð er 8% af 6 söluskattsstigum gæfu sveitarfélögum. Það hefur hins vegar orðið niðurstaðan að nægilegt væri að aðeins 8% af 5 söluskattsstigum renni til sveitarfélaganna og þau fái verkefni þar á móti. Hef ég leyft mér að flytja brtt. á þskj. 199, þar sem gert er ráð fyrir að 8% af 18 söluskattsstigum renni til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, til samræmis við það frv. sem ég gat um hér áðan.

Ég sé ekki ástæðu til frekari útlistunar á brtt.

Lúðvík Jósepsson: Forseti. Það voru aðeins örfá orð sem ég vildi segja í tilefni af þessum brtt. hæstv. ráðh. Samkv. þessum till. er gert ráð fyrir að sveitarfélögin í landinu eigi að fá nokkru meiri hlutdeild í söluskatti en verið hefur eða úr 18% söluskatti í staðinn fyrir 13 áður. En þá standa mál þannig að enn stendur eitt söluskattstig sem sveitarfélögin eiga ekki að fá hlutdeild í. Mér þykir þetta í meira lagi andkannalegt, fyrst var verið að gera hér á breytingu, að ganga þá ekki alla leið í þessum efnum og láta sveitarfélögin fá 8% af söluskattinum öllum sem innheimtur er til ríkisins. Það hefði að vísu þýtt það að tekjur sveitarfélaganna hefðu orðið aðeins meiri en gert er ráð fyrir með þessum brtt., en ég held að það hefði verið full þörf á því að þarna hefði komið örlítið hærri upphæð. Það er ekki um neitt stórt að ræða. En mér þykir þetta svo andkannalegt fyrirkomulag að ég er alveg hissa á því að þetta eigi að hafa á þennan hátt.

En í rauninni er eðlilegt að ræða um meginefni þessa frv., úr því sem komið er, í sambandi við annað frv. sem hér kemur á dagskrá síðar og varðar verkefnaskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga. Ég skal því ekki ræða þetta frekar, en vil aðeins lýsa því yfir að ég hefði talið að eðlilegra hefði verið að hlutdeild sveitarfélaganna hefði verið í öllum söluskattinum fyrst er verið að gera þessa breytingu, en ekki að skilja á þennan hátt eftir eitt stig. Mér finnst það í rauninni alveg furðuleg ráðstöfun. En áður hef ég gert grein fyrir því, að við alþb.-menn erum á móti þessu frv. vegna þess að það stefnir að nýrri skattlagningu fyrir ríkissjóð. Við teljum að það hefði átt að nota tækifærið og lækka söluskattsinnheimtuna nú um þau 2 prósentustig sem ekki virðist vera lengur þörf fyrir að innheimta fyrir Viðlagasjóð. Afstaða okkar er því óbreytt til málsins, að við erum á móti því. En ég bendi aðeins á þetta, að eðlilegra hefði verið að hlutdeild sveitarfélaganna hefði náð til söluskattsins alls, en ekki á þennan hátt, að skilja eftir eitt söluskattsstig.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Hæstv. forseti. Að sjálfsögðu hefði verið æskilegt að frv. það, sem hér er til umr., hefði verið samþykkt óbreytt, en mál hafa skipast með öðrum hætti. Það er að sjálfsögðu gert ráð fyrir að áfram

verði unnið að verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, og er skoðun mín að þar komi að sjálfsögðu til tilfærsla á móti 8% af því eina söluskattsstigi sem hér er ekki látið renna til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

ATKVGR.

Brtt. 199, 1 samþ. með 22:5 atkv.
Brtt. 199, 2 samþ. með 22:4 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 23:4 atkv. og afgr. til Ed.

Efri deild, 37. fundur.

Fimmtudaginn 18. des., kl. 5 síðdegis.

Vörugjald, frv. (þskj. 229). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Samkv. stjórnskipunarlögum er á þskj. 101 flutt frv. til l. um staðfestingu á brbl. um vörugjald frá því í sumar. Við meðferð málsins í Nd. flutti ég brtt. á þskj. 198 sem fela það í sér að í stað þess að hið sérstaka vörugjald falli að fullu niður í ársbyrjun 1976 lækki það í áföngum á næsta ári. Þannig er gert ráð fyrir að gjaldið verði 10% fyrstu 8 mánuði ársins en 6% síðustu 4 mánuði ársins, til áramóta 1976—1977. Áætlað er að tekjur af gjaldinu á árinu 1976 verði um 2 milljarðar og 200 millj. kr. Jafnframt er ákveðið að úr þeirri lækkun niðurgreiðslna, sem ráðgerð var á næsta ári í fjárlagafrv., verði dregið að mun. Verður lagt til að fjárveiting til niðurgreiðslna vöruverðs verði 700 millj. kr. hærri en var í frv. í upphaflegri gerð þess. Þessi ákvörðun er nauðsynleg til þess að halda þeirri meginstefnu fjárlagafrv. að það feli ekki í sér aðgerðir sem valdi verðhækkun, fremur hið gagnstæða.

Þessar ráðstafanir teknar saman styrkja því fjárhag ríkissjóðs um 1500 millj. kr. á næsta ári frá því sem annars hefði orðið.

Ástæðurnar til þess að þessar till. eru nú fluttar eru einkum tvær. Í fyrsta lagi er sýnt að fjárhagsstaða ríkissjóðs á árinu 1975 verður mun erfiðari en ætlað var á miðju ári þegar vörugjaldið var álagt. Þótt hið sérstaka vörugjald virðist muni skila nokkru minni tekjum en ætlað var, eða 1300 millj. kr. í stað 1700 millj. kr., eru nú horfur á að innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu 1975 verði um 50 milljarðar kr. eða svipaðar og áætlað var í sumar. Hins vegar verða útgjöldin í heild líklega rúmir 54 milljarðar að teknu tilliti til lánahreyfinga. Má því búast við að greiðsluhalli ríkissjóðs verði nærri 3.5 milljarðar á árinu. Hér veldur mestu að enn eru að koma fram margvísleg tafin áhrif af þeirri öru verðbólgu sem geisað hefur hér undanfarin tvö ár. Þó á síðari helmingi þessa árs hafi hægt stórlega á verðhækkunum eru enn að koma fram víða í ríkisbúskapnum kostnaðarhækkanir sem teygja sig langt aftur. Af þessum sökum verður við endanlega afgreiðslu fjárlaga að reikna með vöxtum og afborgunum af skuldum ríkissjóðs við Seðlabankann sem stofnað hefur verið til á þessu ári. Til þess verður að ætla a. m. k. 900 millj. kr.

Auk þessa koma til skuldbindingar vegna sjávarútvegsins sem nú á við örðuga afkomu að búa. Í fyrsta lagi skuldbinding vegna gengistryggingar innistæðna í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins sem lögum samkvæmt fellur í ríkissjóð, en til þess verður að ætla um 350 millj. kr. á næsta ári. Auk þess er hér um að ræða sérstaka ábyrgð ríkissjóðs á greiðslugetu frystideildar Verðjöfnunarsjóðs vegna framleiðslunnar okt.—des. 1975, aukið framlag til Ríkisábyrgðasjóðs vegna togaralána og skuldbindingar vegna lána sem tekin hafa verið til þess að létta kröfum Lífeyrissjóðs sjómanna af togaraútgerðinni. Þá má og nefna útgjaldaauka vegna togarakaupa Hafrannsóknastofnunar. Þessar skuldbindingar vegna sjávarútvegsins gætu numið á næsta ári um 900 millj. kr.

Þessi atriði nefndi ég þegar við 1. umr. um fjárlagafrv. og verður gerð nánari grein fyrir þeim við 3. umr., en þá verður einnig gerð grein fyrir endurskoðun tekjuáætlunar til samræmis við ríkjandi verðlag og kaupgjald.

Niðurstaðan verður sú að óhjákvæmilegt sé að halda vörugjaldinu að hluta á næsta ári til þess að koma á því jafnvægi í ríkisfjármálum sem er forsenda efnahagsjafnvægis.

Önnur meginástæða þess að sú leið er valin að halda vörugjaldinu að hluta lengur en ætlað var er þróun utanríkisviðskipta á árinu 1975. Þrátt fyrir mikinn samdrátt innflutnings, eins og að var stefnt, hefur viðskiptahallinn orðið mun meiri en ætlað var og gjaldeyrisstaðan því afar tæp. Ástæðan er fyrst og fremst erfiðara útflutningsárferði en reiknað var með. Á allra síðustu mánuðum hefur innflutningur auk þess fremur virst vera að örvast. Við þessar aðstæður verður að telja hyggilegt að svipta ekki burtu í einu lagi vörugjaldinu sem leggst fyrst og fremst á ýmsar innfluttar vörur sem naumast verða taldar til lífsnauðsynja. Ég tel víst að þessi skoðun mín eigi fylgi meðal þm. og raunar alls almennings, ekki síst þar sem þessi gjaldtaka gerir kleift að halda meiri niðurgreiðslu á búvöru en annars væri.

Bein verðlagsáhrif af frv. svo breyttu verða þau, að í stað lækkunar verðlags á mælikvarða framfærsluvísitölu um 10—11 stig vegna afnáms vörugjalds kemur lækkun í upphafi ársins um 1.5—2 stig, en síðan um 3.5—4 stig frá 1. ágúst 1976. Til viðbótar við þessi verðlækkunaráhrif koma svo áhrif tollalækkunar um 800—900 millj. kr. frá ársbyrjun samkv. tollskrárlögum sem meta má sem 1.5—2 stig. Áhrifin af niðurgreiðslubreytingum, sem nú eru ráðgerðar, yrðu 2.5—3 stig til hækkunar í ársbyrjun, en 4 stig þegar allt væri komið fram. Þannig yrðu þessar aðgerðir ekki til að hækka almennt verðlagið í landinu á næsta ári, fremur hið gagnstæða, þar sem vörugjaldið og tollarnir ættu að hafa víðtækari verðlagsáhrif en fram koma í framfærsluvísitölu.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða meir um frv. eins og það er flutt í þessari hv. deild, breytt frá Nd. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og hv. fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Efri deild, 38. fundur.

Fimmtudaginn 18. des., kl. 9 síðdegis.

Vörugjald, frv. (þskj. 229, n. 239, 240 og 241). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur tekið frv. þetta til athugunar og mælir meiri hl. með því að frv. verði samþ., en minni hl., hv. þm. Ragnar Arnalds og Jón Árm. Héðinsson, skilar séráliti.

Í fyrsta lagi felst í þessu frv. staðfesting á þeim brbl. sem voru sett í júlímánuði á þessu ári. Einnig er um það að ræða að framlengja þau brbl. í breyttri mynd, þ. e. a. s. að lækka vörugjaldið í byrjun næsta árs úr 12% í 10% og síðan lækkun í 6% 1. sept. 1976 til 31. des. 1976.

Með þessu frv. er náð tveim meginmarkmiðum: Í fyrsta lagi að styrkja hag ríkissjóðs, en þær tekjur, sem af þessu vörugjaldi munu koma, eru áætlaðar 2200 millj. kr. Er áætlað að um það bil 700 millj. kr. verði varið til að auka niðurgreiðslur frá því sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv., þannig að þetta frv. gerir ráð fyrir því að styrkja hag ríkissjóðs nettó um um það bil 1500 millj. kr.

Það er greinilegt að greiðsluhalli ríkissjóðs á þessu ári verður allverulegur. Hefur hann verið áætlaður um 3.5 milljarða. Er því augljóst að á einhvern hátt þarf að styrkja hag ríkissjóðs. Hann mun þurfa á næsta ári að greiða hluta af þeirri skuld, sem hann hefur safnað upp hjá Seðlabankanum, og er gert ráð fyrir að sú greiðsla með vöxtum verði um það bil 900 millj. kr. Auk þess þarf ríkissjóður að greiða um 350 millj. kr. vegna ábyrgðar ríkissjóðs á gengistryggðri innistæðu Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Einnig þarf að greiða Ríkisábyrgðasjóði og styrkja hag hans vegna togarakaupa. Togarakaup Hafrannsóknastofnunar kalla einnig á fjármagn. Samtals er áætlað að þurfi um 900 millj. kr. vegna sjávarútvegsins.

Ýmis útgjöld, sem ekki voru kunn þegar fjárlagafrv. var samið, eru einnig óhjákvæmileg og munu koma til viðbótar því sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. Er því óhjákvæmilegt að halda þessu gjaldi að nokkru leyti til þess að ná jafnvægi í ríkisfjármálunum. Ég vænti þess að þessar tekjur nægi. En hins vegar er ljóst að hér er teflt á tæpasta vað í tekjuöflun ef á að tryggja jafnvægi í ríkisbúskap og ríkisfjármálum.

Í öðru lagi miðar þetta frv. að því að hafa einhver áhrif á utanríkisviðskipti. Við vitum og þekkjum þá þróun sem hefur orðið á utanríkisviðskiptum á árinu 1975. Það hefur orðið allverulegur samdráttur í innflutningi, en að nokkur örvun virðist hafa orðið nú upp á síðkastið og því talið óheppilegt að afnema þetta gjald í einu stökki. Á árinu 1974 var vöruskiptajöfnuðurinn óhagstæður um 13.5 milljarða, á árinu 1975 er áætlað að vöruskiptajöfnuðurinn verði óhagstæður um 20.2 milljarða kr., og áætlunin fyrir 1976 hljóðar upp á óhagstæðan vöruskiptajöfnuð um 15.5 milljarða. Er því ljóst að það má reikna með mjög miklum halla á næsta ári.

Spurningin hlýtur hins vegar að vera sú, á hve löngum tíma er ráðlegt og fært að ná jöfnuði. Efnahagslegir þættir standa ekki einangraðir, heldur hafa þeir áhrif hver á annan. Ríkisfjármálin hafa t. d. mikil áhrif á gjaldeyrisstöðuna, atvinnuástandið o. fl. og öfugt. Ríkisstj. hefur sett sér það mark að tryggja fulla atvinnu og slíkt verður ekki gert nema einhver skuldasöfnun eigi sér stað við núverandi ástand. Vandinn er að sjálfsögðu að rata meðalveginn án þess að skapa óviðunandi ástand innanlands og stefna afkomu þjóðarbúsins út á við í hættu.

Með þessu frv. er stefnt að því að tryggja jöfnuð í ríkisfjármálum sem er algjör forsenda þess að jafnvægi náist á sviði efnahagsmála.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta frv., herra forseti, en vil að lokum endurtaka það, að meiri hl. n. leggur til að þetta frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. 1. minni hl. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Á s. l. vetri hafði hv. frsm. 1. meiri hl. þessa máls framsögu fyrir öðru máli hér á Alþ., — ég segi 1. meiri hl. vegna þess að 2. meiri hl. hefur nú þegar kvatt sér hljóðs, hv. þm. Jón G. Sólnes, en að þessu sinni, þ. e. a. s. á s. l. vetri, voru til umr. ráðstafanir í efnahagsmálum. Þá komst hv. þm. svo að orði að hann ætlaði að vonast til þess að hann þyrfti ekki öðru sinni að mæla fyrir svo erfiðu máli. Ég er hræddur um að sú stund sé nú hins vegar upp runnin.

Það frv., sem hér er til umr., er til okkar komið í framhaldi af setningu brbl. um tollvörugjald, en nú hefur sú breyt. verið gerð á frv. að því er ætlað að standa áfram, en áður var ráð fyrir því gert að það félli niður um þessi áramót. Þegar þetta gjald var á lagt hafði ríkisstj. nokkrum mánuðum áður gefið verkalýðshreyfingunni í landinu fyrirheit um að skattaálögur yrðu lækkaðar um 2000 millj. kr. og komin fram lagabreyting í því skyni. En svo gerðist það sem sagt með setningu þessara brbl. að vinstri höndin tók aftur það sem hægri höndin var nýbúin af gefa.

Eins og ég tók fram áðan var það fyrirheit gefið við setningu þessara brbl. að þau yrðu aðeins til bráðabirgða í þess orðs fyllstu merkingu og giltu aðeins til áramóta. En það hefur farið eins í þessu máli og svo mörgum öðrum sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt fram á Alþ. að fyrri fyrirheit og fyrri yfirlýsingar hafa verið

að engu gerðar og nú liggur frv. fyrir í þeim búningi að 10% gjald verði á lagt fram til 1. ágúst á næsta ári og síðan lækki gjaldið í 6%. Jafnhliða því að ríkisstj. tekur þannig ákvörðun um að á næsta ári verði lagðar á þjóðina álögur sem nema 2200 millj. kr. með þessu gjaldi — álögur sem ekki var áður ráð fyrir gert, þá hefur ríkisstj. staðið hér fyrir hverju málinu af öðru sem felur í sér stórfellda skattahækkun, þ. á m. má nefna hækkun söluskatts um 2 stig sem mun gera um 2500 millj. á ársgrundvelli og auk þess 1% bráttóskatt sem mun tákna 1200 millj. kr. nýjar álögur á almenning. Samanlagt verður því hér um að ræða álögur sem nema 5500—6000 millj. kr. á einu ári.

Eins og flestum mun kunnugt eru samningar allra helstu verkalýðsfélaga í landinu lausir um næstu áramót og verkalýðshreyfingin gerir miklar kröfur um kjarabætur vegna þeirrar stórfelldu kjaraskerðingar sem átt hefur sér stað nú á seinustu mánuðum. Í þessu sambandi hefur verkalýðshreyfingin lagt fram sundurliðaða till. þar sem gerð er grein fyrir því hvernig unnt sé að hennar dómi að draga verulega úr verðbólgu jafnhliða því sem gerðar séu ráðstafanir til að bæta kjör launamanna, bæta þá skerðingu sem átt hefur sér stað. Í þeim punktum, sem stjórn Alþýðusambandsins hefur nú nýlega lagt fyrir ríkisstj., er einmitt lögð á það áhersla að nýjar skattaálögur séu ekki lagðar á þjóðina, þ. á m. falli niður tollvörugjald nú um áramótin, söluskattur sé ekki hækkaður, heldur sé reynt að stuðla að því að verðlag lækki, en að svo miklu leyti sem ríkisstj. telji óhjákvæmilegt að afla ríkissjóði nýrra tekna verði þeirra aflað með breyt. á tekjuskatti félaga með endurskoðun fyrningarákvæða og öðrum þeim breyt. á tekjuskattslögum sem gætu leitt til þess að þær tugþúsundir millj. kr., sem nú renna hjá garði með öllu óskattlagðar, séu skattlagðar eins og réttlátt er.

Sú stefna, sem ríkisstj. hefur hins vegar valið, er þveröfug stefna, stefna stóraukinna skattaálaga. Það er því ljóst að ríkisstj. er að hafna till. verkalýðshreyfingarinnar hverri af annarri nú einmitt þessa dagana áður en þær hafa verið teknar til umr. svo að heitið geti í þeim samningaviðræðum sem nú eru að hefjast. Mér virðist því ljóst að þessi afstaða ríkisstj. sé mjög til þess fallin að torvelda þær samningaviðræður sem nú fara í hönd. Menn kunna að segja sem svo að yfir því sé kvartað að verið sé að skera niður útgjöld ríkisins og á sama tíma geti menn því ekki staðið að því að koma í veg fyrir að tekjur ríkisins séu auknar. Því er til að svara að ég hef þegar bent á einn stóran tekjulið sem ríkisvaldinu er í sjálfsvald sett að nota, en það vill ekki nota, þar sem er tekjuskattur félaga, vanræktur tekjuliður.

Í öðru lagi verður að sjálfsögðu að líta á efnahagsstefnu ríkisstj. í heild sinni. Efnahagsstefna ríkisstj. hefur einkennst af því tvennu, annars vegar að skera niður útgjöld opinberra aðila, skera niður og að draga úr launum launþega, minnka kaupmátt þeirra, og hvort tveggja þetta veldur að sjálfsögðu mjög minnkandi veltu í þjóðfélaginu. En á sama tíma er ríkisstj. ófáanleg til að gera neinar ráðstafanir til að draga úr óhóflegum innflutningi og stuðla að aukinni innlendri eftirspurn. Sannleikurinn er auðvitað sá að ef öðruvísi væri á málum haldið væri miklu meiri velta í þessu þjóðfélagi og þar af leiðandi miklu meiri tekjur ríkissjóðs því að mikill meiri hl. tekna ríkissjóðs er fenginn með veltusköttum, einkum söluskatti. Ég tel þess vegna að röksemdir af því tagi að menn stilli upp annars vegar þessum venjulegu tekjumöguleikum ríkissjóðs, þ. e. a. s. nýjum sköttum, og hins vegar þörfinni á niðurskurði til þess að endar nái saman, að með því að líta þannig á dæmið líti menn á það of draumsýnum augum, það verði að líta á það í heild sinni. Staðreyndin er sem sagt einfaldlega sú að efnahagsstefna ríkisstj., sú stefna hennar að stuðla að þeirri stórfelldu kjaraskerðingu sem átt hefur sér stað, hefur að sjálfsögðu valdið þeim stórkostlegu vandamálum hvað snertir tekjuöflun ríkissjóðs sem menn nú standa frammi fyrir. Ef öðruvísi hefði verið á málum haldið hefði veltan í þjóðfélaginu verið talsvert miklu meiri og þar af leiðandi tekjur ríkisins meiri og ekki hefði verið þörf á þessum nýju stórfelldu skattaálögum sem ríkisstj. er nú að leita liðsinnis Alþ. til að koma fram.

Með það í huga, sem ég hef nú þegar sagt, að verið er að stórauka skattaálögur á almenning og um leið að skvetta kaldri gusu framan í verkalýðssamtökin í landinu, hafna stefnu verkalýðshreyfingarinnar, sem hún hefur óskað eftir að væri tekin til alvarlegrar umr., og þannig torveldaðar þær samningaviðræður sem nú eru að fara í hönd, — með þetta allt í huga legg ég eindregið til að Alþ. felli það frv. sem hér er til umr.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Af einhverjum mér óskiljanlegum ástæðum fór sá fundur, sem haldinn var hér í deildinni kl. 17.30, fram hjá mér. Ég var hér í húsinu og hafði ætlað mér að sitja þennan fund og ég er á því að einhvern veginn hafi bjallan hljómað mjög lágt. En svo mikið er víst, að ég vaknaði skyndilega upp við það að búið var að halda hér fund í d. og afgreiða eftir 1. umr. frv. til l. um sérstakt tímabundið vörugjald. Ef ég hefði setið þennan fund, þá hefði ég tekið til máls og skýrt afstöðu mína til málsins þannig að það hefði ekki þurft að koma til þess að ég væri að tala hér við 2. umr. En úr því að svona slysalega tókst til hjá mér, þá vænti ég þess að mér verði ekki fundið til foráttu þó að ég taki til máls nú.

Eins og frsm. nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. d. tók fram í ræðu sinni var þetta tímabundna vörugjald á sínum tíma fyrst og fremst sett á til þess að styrkja hag ríkissjóðs og reyna að ná jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Ég held að það dyljist engum hv. þm. að full nauðsyn hafi verið á ráðstöfunum sem gætu verulega gefið þann árangur að styrkja stöðu ríkissjóðs. Menn geta deilt um leiðir, en ég held að menn deili ekki um þessa staðreynd.

Ég vil lýsa fylgi mínu við þá stefnu sem felst í ákvæðum þessa frv. um sérstakt tímabundið vörugjald. En ég vildi einnig láta það

koma fram að nokkrum áhyggjum valda mér þau ákvæði í frv. sem gera ráð fyrir því að lækka þetta tímabundna vörugjald verulega eftir ⅔ hluta af árinu. Samkv. ákvæðum frv. er gert ráð fyrir að innheimta 10% vörugjald á tímabilinu frá 1. jan. 1976 til 31. ágúst og aðeins 6% á tímabilinu 1. sept. til 31. des. 1976.

Það er skoðun mín að ákvæði sem þetta í opinberri skattheimtu geti orðið, að ég segi ekki til verulegs tjóns, en a. m. k. til verulegs óhagræðis fyrir alla þá sem við þetta ákvæði eiga að búa og eftir þeim eiga að fara, og mér er til efs að árangur náist af þeim ákvæðum, sem þetta frv. hefur inni að halda, með þessari tilhögun.

Eins og oft hefur komið fram og tekið hefur verið fram hér í umr. var ráð fyrir því gert þegar brbl. voru sett um sérstakt tímabundið vörugjald að þau lög skyldu falla úr gildi nú um áramót. Þessi ákvæði hafa, eftir því sem mér er kunnugt, valdið því, að það hefur verið mun meiri seinagangur á afgreiðslu tollskjala og skjala í sambandi við innflutning á vörum til landsins seinustu vikur og jafnvel mánuði. Menn hafa miðað við það og gert ráðstafanir með tilliti til þess að þetta gjald ætti að falla niður. Er þá ekki miklu meiri ástæða til þess að ætla að með því að hafa framhald á eins og ákveðið er í þessu frv., að festa ekki gjaldið nú a. m. k. allt árið, láta það halda sér, en skipta því, hafa það misjátt mismunandi tíma á árinu, — er þá ekki meiri ástæða til þess að ætla að einmitt þessi ákvæði verði til þess að torvelda að sá árangur náist af þessum lögum sem þeim er ætlað að ná, en það er að auka svo mikið tekjur ríkissjóðs að honum verði gert fært að standa undir þeim skuldbindingum sem við erum nú að samþykkja að leggja á?

Ég er í hópi þeirra þm. sem hafa vissar áhyggjur af því að við séum á fremstu nöf þrátt fyrir þær ráðstafanir sem þegar hafa verið gerðar, — séum á fremstu nöf með að við náum þeim árangri og lítið megi út af bera til þess að jöfnuður náist í greiðslustöðu ríkissjóðs. En ég held að engum ábyrgum aðila blandist hugur um að það er algjör forsenda fyrir því að okkur takist að koma lagi á efnahagsmál þjóðarinnar að við fyrst og fremst getum komið ríkissjóði á réttan kjöl.

Það er áreiðanlega kominn tími til að stöðva þá óskaplegu ofrausn, ef svo mætti að orði komast, sem ráðið hefur stefnunni undanfarin ár í sífelldum og síauknum kröfum um að ríkið skuli greiða þetta og ríkið skuli greiða hitt. Hvað erum við eiginlega sem þjóðfélagsborgarar annað en lítil eining í hinum sameiginlega sjóði þjóðarinnar? Ég vil leyfa mér í þessu sambandi að benda á og vekja athygli þeirra aðila á því, sem telja sig fyrst og fremst vera málsvara hinna veikburða og hinna fátæku og hinna efnaminni í þjóðfélaginu: Hvernig fer um hag þess fólks ef hrunið heldur áfram og sú óheillaganga heldur áfram eins og gengin hefur verið í opinberum fjármálum á undanförnum árum og þetta fjármagnsútflæði — ef mætti nota það orð, það var einhver að tala um það í dag sem nýyrði — verður ekki með einhverju móti stöðvað? En hvernig á að stöðva þessa óhappaþróun ef sífellt er hægt að gera meiri og meiri kröfur án þess að eitthvað komi á móti. Ég held að það sé enginn sérstaklega glaður eða ánægður yfir því að standa að frv. sem leggur gjöld á þegnana. En ég verð að segja fyrir mitt leyti að af mörgum tegundum gjalda, sem lögð eru á þjóðina, finnst mér þó gjald eins og ráð er gert fyrir í þessu frv. eiga að mörgu leyti meiri rétt á sér en mörg önnur. Þar hefur þó hinn gætni, hinn sparsami og sá, sem vill haga lífi sínu af einhverri ráðdeild og festu, nokkurt vald á því að vega og meta hvernig fer um hans fjármuni, því að áreiðanlega eru margir — og það líkast til í meirihluta — veruflokkarnir, sem þarna er verið að leggja sérstakt gjald á, sem telja má að vissu leyti að megi spara sér algjörlega að meinalausu.

Herra forseti. Ég gerði lítillega grein fyrir þessum sjónarmiðum mínum í hv. fjh.- og viðskn. þegar fjallað var um málið. Sú hugmynd mín fékk ekki hljómgrunn að láta gjaldið haldast óbreytt 10% til ársloka, skipta ekki gjaldatímabilinu eins og gert er í þessu frv. Þar sem ég er eindreginn stuðningsmaður núv. ríkisstj. vildi ég ekki láta bresta á því og gerðist því samþykkur áliti meiri hl. fjh.- og viðskn. og mun því greiða frv. atkv., en aðeins taka fram þá galla sem ég tel vera á því.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Eins og var tekið fram áðan var það í samkomulagi milli verkalýðsfélaganna og ríkisstj. s. l. vor að skattar skyldu lækkaðir um 2000 millj. kr. En Adam var ekki lengi í Paradís því að skömmu eftir að samningar voru gerðir við verkalýðsfélögin voru gefin út brbl. um 12% vörugjald og reiknað hefur verið út að þær álögur, sem í því gjaldi fólust, voru nokkurn veginn þær sömu og hin lækkaða skattaálagning var. Ég held að það fari ekki milli mála, hvernig sem við lítum á þessi mál, að hér var um hrein svik að ræða á því sem hafði verið lofað, miðað við það sem síðar var framkvæmt, hrein svik.

En það má segja að það hafi verið lögð sú líkn með þraut að vörugjald þetta lagðist kannske meira á vörur sem menn gátu sneitt hjá að kaupa ef þeir svo vildu. En við þetta er fleira að athuga en mér virðist hér hafa komið fram því að þegar búið er að leggja vörugjaldið á vöruna, þá kemur fyrst á það álagning og síðan söluskattur, þannig að álögin á kaupandann eða neytandann eru meiri en í fljótu bragði virtist.

Einn þm. sagði hér um daginn réttilega að þm. hefðu oftast um það að velja hvort þeir vildu meiri álögur og þá meiri framkvæmdir og meiri þjónustu eða minni álögur og minni framkvæmdir og minni þjónustu. Þetta er rétt það sem það nær. En við getum bætt þriðja atriðinu við. Það er stundum um það að velja hvort ekki megi lækka álögur og eyða minna í óþarfa, og það er þar sem mér finnst núv. ríkisstj. hafa syndgað langmest. Hún hefur verið svo eyðslusöm að engu tali tekur. Þess vegna er hún með ýmiss konar álögur núna síðustu dagana, eins og hér hefur verið margrakið, og þetta er einn liðurinn af því. Ríkisstj. hefur gleymt að reyna

að spara. Hún hefur verið svo óspilunarsöm að fróðir menn telja að verulegur hluti af þeirri verðbólgu, sem hefur þjáð þjóðina á þessu ári sé einmitt ríkisstj. að kenna.

Hv. þm. Jón G. Sólnes ræddi áðan um að við þyrftum að koma ríkissjóði á réttan kjöl. Það er alveg rétt. Það er mikill háski þegar ríkissjóður er rekinn með slíkum halla sem nú er gert. En ég er talsmaður þess að það sé fyrst og fremst lagfært með auknum sparnaði í eyðslu ríkisins. Segja má að verja eigi þessu vörugjaldi þannig vel að lækka ýmsar neysluvörur í landinu. En þá rekum við okkur á þann vanda að niðurgreiðslurnar eru eitt af því sem hefur ákaflega truflandi áhrif á framleiðslu hér á landi. Ég held að bændastéttin t. d. sé farin mjög að hugsa um það hvort niðurgreiðslur á landbúnaðarvörur séu ekki farnar að hafa óheppileg áhrif á framleiðslu landbúnaðarins. Af þeim sökum fyrst og fremst, að hér er um aukin álög á þjóðina að ræða til þess að geta eytt meiru, er ég á móti þessu frv. sem hér er flutt og í öðru lagi vegna þess að þessi brbl., þó að nokkuð hafi verið við þau prjónað, eru fyrst og fremst hrein svik, eins og ég sagði áðan, við verkalýðsstéttina. Þess vegna finnst mér þinginu vanvirða að því að samþykkja þessi lög og ég ætla ekki að taka þátt í því a. m. k. En út frá því, sem ég sagði áðan, að menn virtust ekki hafa gert sér ljóst að það er meira en vörugjaldið sem leggst á vöruna — það kemur á þetta heildsöluálagning, smásöluálagning, söluskattur — þá ætlum við hér tveir að freista þess að endurtaka brtt. sem var flutt í Nd. og hljóðar svo, með leyfi herra forseta:

„Aftan við 1. málsgr. 4. gr. komi ný málsgr. er hljóði svo:

Einnig er óheimilt að leggja heildsölu- og smásöluálagningu á hið sérstaka vörugjald.“

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að leggja þessa till. fram.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 258) samþ. með 14 shlj. atkv.

1. gr. samþ. með 13:4 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 12:4 atkv.

Brtt. 258 felld með 12:4 atkv.

4.—6. gr. samþ. með 12:4 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv.. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Verkefni sveitarfélaga, frv. (þskj. 183, n. 221 og 237, 238). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Axel Jónsson: Herra forseti. Eins og hæstv. forseti tók fram var ekki ráð fyrir því gert að ég hefði framsögu fyrir áliti meiri hl. hv. félmn. í þessu máli, og mun framsöguræða mín draga nokkuð dám af því að ég er ekki hér fyllilega undirbúinn og verður hún óskipulegri en æskilegt væri. Bið ég þingheim forláts á því.

Eins o gfram kemur á þskj. 237 tók nefndin frv. til meðferðar. Á fund nefndarinnar komu framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga og fulltrúar frá fjmrn. og menntmrn. og gáfu þeir n. margháttaðar upplýsingar um efni málsins. Nefndin varð ekki sammála um afstöðu til frv. Meiri hl. telur að með frv. þessu sé gengið til móts við óskir Sambands ísl. sveitarfélaga og yfirlýsingu um að verkaskipting ríkis og sveitarfélaga verði endurskoðuð. Þá hefur félmrh. lýst yfir að einstökum sveitarfélögum, sem kynnu að bíða fjárhagslegt tjón af ákvæðum þessara lagabreytinga, verði veitt aukaframlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga að fengnum till. stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga. Meiri hl. n. leggur því til að frv. verði samþ. með brtt. sem gerð er á sérstöku þskj.

Nokkrar umr. urðu hér í hv. þd. strax við 1. umr. málsins og skýrðust þá þegar nokkur atriði og var svarað fyrirspurnum sem fram komu frá hv. þm. Það hefur ávallt verið vilji og ósk sveitarstjórnarmanna að draga sem skarpastar línur, þannig að saman fari fjármálalegar og framkvæmdalegar ákvarðanir, þ. e. a. s. að við þau verkefni sem sveitarfélögin hafi fyrst og fremst framkvæmdavald í, hefðu þau einnig fjármálalega ábyrgð og fjármálalegt vald, og á sama hátt væri farið um þær framkvæmdir sem ríkið hefði fjármálalegt vald í, að það hefði þar einnig framkvæmdavald. Eðlilega hlýtur ávallt að verða um nokkra samvinnu að ræða í þessu efni og aldrei hægt að draga skarpar og ákveðnar línur þarna á milli. En með því frv., sem hér er til umr., er stigið spor í þá átt að verða við þessum eindregnu óskum sveitarstjórnarmanna, að í þeim verkefnum, sem sveitarstjórnarmenn hafa ákvörðunarvald um, verði hið fjármálalega vald og ákvarðanataka einnig færð heim í hérað.

Má segja að þetta frv. sé aðeins skref á þeirri braut að auka verkefni sveitarstjórna frá því sem er, og í sjálfu sér er hér ekki um stórt mál í því efni að tala og aðeins um verkefni sem gert er ráð fyrir að kosti milli 400 og 500 millj. kr. Sveitarstjórnarmenn munu samt almennt fagna þessari breytingu, þó að ávallt hljóti svo að vera að í einhverju séu deildar meiningar um hvort þetta eða hitt verkefnið eigi fremur að hafa forgang um að vera fært alfarið yfir til sveitarstjórnanna.

Ég hygg að því verði ekki á móti mælt, að varðandi það skref, sem hér er ráðgert að tekið verði, hafi verið haft meira samráð og samband við samtök sveitarstjórna á Íslandi en e. t. v. um langa hríð fyrr. Sveitarstjórnarmenn hafa rætt þessa hugsanlegu breytingu, ekki einvörðungu í því formi sem frv. liggur hér fyrir, heldur hafa og inn í þær umræður áður komið aðrir þættir.

Sveitarstjórnarmenn hafa haldið fulltrúafund og stjórnarfundi í stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga um málið og hafa áreiðanlega margir þm. undir höndum ályktun sem samþ. var á stjórnarfundi sambands ísl. sveitarfélaga 6. des. s. l., en þar segir svo m. a. með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga ítrekar fyrri yfirlýsingar sínar um að verkaskipting ríkis og sveitarfélaga verði endurskoðuð og gerð einfaldari en nú er, en leggur því jafnframt áherslu á að tekjustofnar sveitarfélaga samsvari verkefnum og að fjárhagslegt sjálfstæði sveitarfélaganna verði tryggt."

Þegar þessi ályktun var gerð voru uppi nokkru víðtækari hugmyndir um verkefnatilflutning en felast í því frv. sem hér er til umr. og á því nokkur hluti þeirrar samþykktar, sem gerð var á áðurnefndum fundi, við þau atriði sem þá voru til umræðu um að flutt yrðu alfarið yfir til sveitarfélaganna. Held ég því áfram lestri á þeirri samþykkt sem gerð var á áðurnefndum stjórnarfundi, með leyfi hæstv. forseta:

„Hugmyndir þær um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, sem nú hafa verið lagðar fyrir stjórnina, eru hvað varðar hreinni verkaskiptingu í samræmi við þessa stefnu, svo framarlega sem fjárhagsleg aðstaða sveitarfélaga verði jöfnuð með breytingum á úthlutunarreglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Skiptar skoðanir eru hjá sveitarstjórnarmönnum varðandi einstaka liði í fram komnum hugmyndum um verkaskiptingu. Stjórn sambandsins gerir sameiginlega eftirfarandi aths.:

1. Viðhald grunnskólamannvirkja snertir öll sveitarfélög. Kostur þess, að sveitarfélögin taki að sér allan viðhaldskostnað þeirra mannvirkja, er að verkaskipting verður hreinni, og samrýmist því flutningur þessa verkefnis frá ríki til sveitarfélaga í megindráttum hugmyndum Sambandsins um verkaskiptingu. Hins vegar kemur slíkur verkefnaflutningur misjafnt við einstök sveitarfélög, sérstaklega að því er varðar viðhald á heimavistarrými grunnskóla.

2. Dagvistunarheimili, rekstur og stofnkostnaður." — Ég sleppi að ræða um stofnkostnað því að búið er að fella þá hugmynd brott að stofnkostnaður dagvistunarstofnana verði færður yfir til sveitarfélaganna, en les áfram þá samþykkt sem hér var um gerð:

„Skiptar skoðanir eru í stjórn sambandsins um það, hvort rétt sé að sveitarfélögin greiði allan stofnkostnað dagvistunarheimila, en á það er bent að hér er um að ræða verkefni sem er misjafnlega langt á veg komið, en er sérstaklega brýnt vegna félagslegra aðstæðna. Þær tölur sem lagðar hafa verið til grundvallar hugmyndum um yfirfærslu þessa verkefnis, eru ekki í samræmi við veruleikann. Í fjárlagafrv. fyrir árið 1976 eru áætlaðar 117 millj. vegna rekstrar dagvistunarheimila og 70 millj. vegna stofnkostnaðar, en samkv. upplýsingum menntmrh. þarf, miðað við áætlanir frá 1. maí s. l., 125 millj. kr. til greiðslu rekstrarkostnaðar á árinu 1975 og fjárhæðin þyrfti að vera a. m. k. 187 millj. kr. til að ríkið gæti greitt hlutdeild sína í rekstrarkostnaði dagvistunarheimila 1975 og helming af hlutdeild sinni á árinu 1976, eins og reglugerð gerir ráð fyrir. Jafnframt er rétt að vekja athygli á því að á næstu 4 árum er ráðgert að taka í notkun 27 dagvistunarheimili og mun því rekstrarkostnaður dagvistunarheimila aukast af þeim sökum. Hvað snertir kostnaðarframlög ríkissjóðs má geta þess að menntmrn. hefur talið að taka þyrfti upp í fjárlög 1976 165 millj. kr. vegna þátttöku ríkisins í stofnkostnaði dagvistunarheimila, sem tekin hafa verið í fjárlög og hefðu væntanlega verið tekin í fjárlög 1976. Af framangreindu er ljóst að þessir liðir eru mjög vanmetnir í sambandi við hugmyndir um yfirfærslu.

3. Dvalarheimili aldraðra. Um þátttöku í stofnkostnaði við þennan lið er svipaða sögu að segja og um dagvistunarheimilin, en framkvæmdir á þessu sviði eru almennt mjög skammt á veg komnar. Sú fjárhæð, sem lögð hefur verið til grundvallar yfirfærslu þessa verkefnis, 60 millj. kr., er sýnilega allt of lág.

4. Bókasöfn, styrkir til stofn- og rekstrarkostnaðar. Sú tala, 20 millj., sem lögð hefur verið fram um ríkisframlög til bókasafna, er ekki í samræmi við það frv. sem nú liggur fyrir Alþ. Verði það frv. að lögum þarf tala þessi að leiðréttast til samræmis.

5. Aukin þátttaka í kostnaði við akstur skólabarna. Hugmynd um aukna þátttöku sveitarfélaga í kostnaði við akstur skólabarna úr 15% í 25% stangast á við það meginsjónarmið sveitarfélaganna, að ríkinu beri að greiða kostnað vegna aðstöðujöfnunar, og leiðir síður en svo til hreinni samskipta.

Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga telur það forsendu fyrir jákvæðri afstöðu sinni til umræddrs verkefnaflutnings: a) að heimildir fáist til fullrar nýtingar tekjustofna sveitarfélaga, b) að gengið verði frá uppgjöri við einstök sveitarfélög vegna yfirtöku verkefna, c) að tryggt verði að stjórn þeirra verkefna, sem yfirfærð kunna að verða, verði í höndum sveitarfélaganna, d) að 14. gr. 3. málsgr. l. nr. 8 1972, um tekjustofna sveitarfélaga, verði úr gildi felld þannig að jöfnunarsjóðsframlög gangi til sveitarfélaganna, e) að ákvæði í l. nr. 8 1972, um tekjustofna sveitarfélaga, varðandi Jöfnunarsjóð sveitarfélaga verði tekin til endurskoðunar og þeim breytt þannig að hlutdeild aukaframlaga verði aukin og þeim sveitarfélögum verði veitt aukaframlög sem verði fyrir tjóni vegna verkefnayfirfærslunnar.

Stjórnin telur ríkisvaldinu skylt að tryggja fræðsluskrifstofum landshlutanna rekstrarfé frá næstu áramótum. Einstakir stjórnarmenn gera þetta að skilyrði fyrir fylgi sínu við þennan verkefnaflutning.

Stjórnin ítrekar fyrri skoðanir sínar og ályktanir sambandsins að ríkinu beri að greiða allan kostnað vegna sjúkratrygginga eins og annarra greina almannatryggginganna og að 8—10% hlutdeild sveitarfélaga í þessum kostnaði verði felld niður, enda ráða sveitarfélögin engu um þennan kostnað sem fyrir aðgerðir ríkisvaldsins hefur vaxið stórkostlega, ekki síst á þessu ári.

Loks leggur stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga það til að skipuð verði samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga sem fjalli um stöðu sveitarfélaganna, skiptingu verkefna og tekjustofna milli þeirra og önnur samskipti ríkis og sveitarfélaga. Stefnt verði að því að n. skili tillögum fyrir árslok 1976."

Herra forseti. Ég hef lesið þetta bréf alfarið þó að, eins og ég sagði áður, nokkrir liðir þess

eigi ekki við nú orðið eftir þá breytingu sem gerð hefur verið á frv. Ég ætla síðan að víkja að einstökum liðum þessarar samþykktar eftir því sem við á í sambandi við það frv. sem hér er til umr.

Eins og fram kemur í upphafi er því lýst yfir og ítrekað að stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga vill að verkaskipting ríkis og sveitarfélaga verði endurskoðuð og gerð einfaldari en nú er, eins og þar segir, en þó jafnframt lögð áhersla á að tekjustofnar sveitarfélaga samsvari verkefnum og að fjárhagslegt sjálfstæði sveitarfélaganna verði tryggt. Þetta frv., sem hér er um ræðir, gengur efnislega í þá átt sem hér er lagt til. Hér er um það að ræða að gera þær breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga að þar verði um hreinni verkaskiptingu að ræða í samræmi við þá stefnu og þær samþykktir sem árum saman hafa verið gerðar á fundum sveitarstjórnarmanna. Er vikið að því að eðlilega séu skiptar skoðanir hjá sveitarstjórnarmönnum um einstaka liði, og þannig hlýtur það ávallt að vera. En ég ítreka enn að sjaldan mun í seinni tíð hafa verið haft þó jafnmikið samband við stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga og Sambandi ísl. sveitarfélaga gefist slíkur kostur á að ræða um hugsanlegar breytingar á verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og nú hefur verið gert.

Varðandi viðhald grunnskólamannvirkja vil ég aðeins geta þessa, það er máske eðlilegt að staldrað sé hvað helst við það verkefni, það er eitt stærsta fjárhagslega atriðið í þessu efni, — að gert er ráð fyrir því að af því fjármagni, sem flyst frá ríkissjóði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og deilist því til sveitarfélaganna, sé um 220 millj. að ræða. Það hlýtur að vera ómótmælanlegt að það sé eðlilegt að fjármögnun og framkvæmd viðhalds skólamannvirkja sé á einni hendi. Sveitarfélögin hafa fyrst og fremst ráðið hér um til þessa og er eðlilegt að þau beri hina fjárhagslegu ábyrgð og að þeim séu tryggðar tekjur til þess að rísa undir því verkefni.

Nokkrar raddir hafa heyrst um það, að hætta væri á því að sér í lagi hin smærri sveitarfélög, sem reka heimavistarskóla, yrðu afskipt í þessu efni. En eins og kom fram í nál., sem ég las úr í upphafi míns máls, hefur hæstv. félmrh. lýst því yfir að þeim sveitarfélögum, sem verða fyrir fjárhagslegu tjóni af tilfærslu verkefna í sambandi við þetta frv., verði það bætt með úthlutun úr Jöfnunarsjóði. Er þar tekið undir þær óskir sem fram koma hjá stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga varðandi þetta efni.

Varðandi rekstur dagvistunarstofnana sem er annar stærsti liðurinn hvað fjármálahliðina snertir, — gert er ráð fyrir að 120 millj. færist til sveitarfélaganna vegna þeirra verkefna, — þá er það einnig að verulegu leyti á valdi sveitarstjórnanna að hafa forustu um rekstur dagvistunarstofnana. Því hefur verið haldið fram að þetta gæti hugsanlega leitt af sér óeðlilega hækkun gjalda á þessum stofnunum. Ég er ekki á þeirri skoðun. Ég treysti alfarið eins sveitarstjórnarmönnum til þess að fjalla um ákvörðunartöku í þessu efni eins og starfsmönnum ráðuneytanna, með allri virðingu fyrir þeim. Það er vitað að í framkvæmd er það svo í dag að á fjölmörgum stöðum mun vera gefinn verulegur afsláttur til einstakra aðila sem þess þurfa nauðsynlega með í þessu skyni. Það eru áreiðanlega heimamenn sem eru dómbærastir á hvað þarf að gera í þeim efnum, og þeim er áreiðanlega ekki síður en öðrum treystandi til þess að fara með þennan þátt sveitarstjórnarmálanna eins og önnur atriði þeirra.

Þá er í þriðja lagi varðandi dvalarheimili aldraðra. Það hafa heyrst raddir um að þetta sé óeðlilega lág tala, og vissulega er alltaf lengi hægt að deila um það hvort að fjárframlög, hvort heldur á fjárlögum eða í fjárhagsáætlunum sveitarfélaga, séu nægilega há til stofnframkvæmda. Það hlýtur ávallt að vera mat löggjafans hverju sinni hvað hann vill verja miklum fjármunum í þessu skyni af sinni hálfu til þeirra framkvæmda sem ríkið þarf að standa undir í stofnkostnaði, á sama hátt og það er verkefni sveitarstjórnarmanna að ákveða hvað stóra upphæð þeir vilja eða treysta sér til að leggja fram til tiltekinna framkvæmda hverju sinni. Ég hygg að það sé rétt og er sannfærður um að á næstu árum þarf og verður gert stærra átak í þessu efni en hingað til, en þó því aðeins að meira fjármagn verði til þessara framkvæmda veitt. Núgildandi lög um þátttöku ríkisins í stofnkostnaði dvalarheimila kveða ekkert á um á hve löngum eða skömmum tíma ríkið skuli greiða sitt framlag. Verði þarna um að ræða, eins og ég hygg að þróunin verði, að auknar verði framkvæmdir, þá þarf vissulega meira fjármagn til, og þar gildir það sama um hvort sem ákvörðunartakan er hjá hinu háa Alþ. eða sveitarstjórnum heima í héraði. Ég hygg að þegar menn hugleiða þessi mál af meiri gaumgæfni en áður, þá verði það reynslan, og ég tel að að því beri að stefna, að það sé nauðsynlegt að sveitarfélög taki upp nánari samvinnu um lausn þessa stóra og brýna verkefnis.

Varðandi bókasöfnin sem getið er um í 4. lið umgetinnar samþykktar stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, þá hefur þáttur ríkissjóðs í greiðslu til þeirra verið sáralítill til þessa, og það er um þetta verkefni eins og mörg önnur að það er ekki óeðlilegt að framkvæmd og fjármögnun sé í höndum heimamanna, enda er nú gert ráð fyrir því varðandi fjármögnunina að Jöfnunarsjóður og sveitarfélögin fái tekjur sem svara því að mæta fyrstu ársframkvæmd þeirra laga um almenningsbókasöfn sem nú liggja fyrir hv. Alþ.

Varðandi þá stafliði sem ég las hér upp, herra forseti, og stjórn Sambandsins taldi að væru forsenda fyrir jákvæðri afstöðu sinni til umræðds verkefnaflutnings vil ég segja það, að varðandi fyrsta liðinn hefur því þegar verið lýst yfir af hálfu hæstv. félmrh. að heimildir fáist til fullrar nýtingar tekjustofna sveitarfélaga þar sem þess verður óskað og þau hafa brýna þörf fyrir.

Varðandi b-liðinn, að gengið verði frá uppgjöri við einstök sveitarfélög vegna yfirtöku verkefna, þá átti þessi samþykkt sérstaklega við varðandi þá hugmynd að kostnaður við akstur skólabarna færðist í auknum mæli yfir á sveitarfélögin, en þar er, eins og kunnugt er,

um að ræða nokkurn skuldahala af hálfu ríkissjóðs. Gerð var fyrirspurn hér í hv. deild við 1. umr. málsins og lýsti menntmrh. því yfir að stefnt mundi verða að því að leysa þetta í áföngum og að jöfnuður yrði kominn á að 2 árum liðnum.

Varðandi c-liðinn, að tryggt verði að stjórn þeirra verkefna, sem yfirfærð kunni að verða, verði í höndum sveitarfélaga, er það að segja, að sá stafliður mun fyrst og fremst til kominn vegna þeirrar hugmyndar sem þá var uppi um að stofnkostnaður dagvistunarstofnana færðist til sveitarfélaganna.

Varðandi d-liðinn, að 3. málsgr. 14. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga verði úr gildi felld, þannig að jöfnunarsjóðsframlög gangi til sveitarfélaganna, er það að segja, að þetta lagaákvæði á fyrst og fremst við um Ríkisábyrgðasjóð, og það er vissulega stefna sveitarstjórnarmanna að standa við sínar skuldbindingar. En varðandi það frv. sem hér er til umr., og þann fjármagnstilflutning, sem á sér stað til Jöfnunarsjóðs, og þá verkefnayfirtöku sem sveitarfélögunum er ætlað í því efni, þá var því lýst yfir af hæstv. félmrh. við 1. umr. málsins að hann teldi óeðlilegt að þeim tekjum, sem samkv. því frv., sem hér er til umr., væru ætlaðar til þeirra verkefna sem þar er um að ræða, væri haldið eftir til þess að inna af höndum þær greiðslur sem 14. gr. áður útgefinna laga á fyrst og fremst við.

Varðandi e-liðinn, þ.e.a.s. að tekjustofnar sveitarfélaga varðandi Jöfnunarsjóð sveitarfélaga verði teknir til endurskoðunar og þeim breytt þannig að hlutdeild aukaframlaga verði aukin og þeim sveitarfélögum verði veitt aukaframlag sem verða fyrir tjóni vegna verkefnayfirfærslunnar, er það að segja, að ég hef þegar komið að því varðandi þá yfirlýsingu sem hæstv. félmrh. hefur gefið og er að finna í nál. meiri hl. Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga verður tekin til endurskoðunar og þar með auðvitað þessi þáttur. Ef sveitarstjórnarmönnum og hinu háa Alþ. sýnist rétt að breyta þeim ákvæðum sem gilt hafa um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til þessa, þá mun það trúlega verða niðurstaðan ef það verður mat þeirra sem um þau mál fjalla að nauðsyn sé að slíkt verði gert.

Varðandi þann lið í samþykkt stjórnarinnar sem tekur til fræðsluskrifstofa landshlutanna, þá var því svarað við 1. umr. málsins af hæstv. menntmrh. að þetta mál yrði tekið upp sérstaklega eftir áramótin.

Í niðurlagi samþykktarinnar er vikið að því að stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga fari fram á að skipuð verði samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga sem fjalli um stöðu sveitarfélaganna, skiptingu verkefna og tekjustofna milli þeirra og önnur samskipti ríkis og sveitarfélaga. Stefnt verði að því að nefndin skili tillögum fyrir árslok 1976. Hæstv. félmrh. lýsti því yfir við 1. umr. málsins að slík nefnd mundi verða sett á laggirnar, og tel ég að þar með sé gefið fyrirheit um að verða við þeim óskum sem fram eru settar í þessu efni af hálfu stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga.

Ég hef, herra forseti, staldrað hér nokkra stund við þá samþykkt, sem stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga gerði varðandi þetta mál. Það var, eins og ég gat um, um nokkra liði þar að ræða sem ekki koma hér til umfjöllunar vegna þess að þá voru uppi fleiri hugmyndir um verkefnatilflutning en það frv. felur í sér sem hér er til umr. Ég tel mig, herra forseti, hafa vikið að þeim atriðum, sem stjórnin benti sérstaklega á, og að með frv. og þeirri yfirlýsingu, sem þar fylgir með, sé að fullu orðið við þeim óskum sem fram eru bornar, og má þá einnig vitna til þeirra svara sem hæstv. ráðherrar hafa gefið varðandi einstakar fyrirspurnir sem fram voru bornar við 1. umr. málsins.

Ég minni á það, að þegar grundvallarbreyting var gerð á tekjustofnalögum sveitarfélaga 1972, þá var ekki slíkt samráð haft við Samband ísl. sveitarfélaga eins og hefur verið nú þó að hér sé um miklu smærra mál að ræða en þá. Hér er um að ræða tilflutning á verkefnum og tilflutning á tekjustofnum á móti, en þá var um grundvallarbreytingu á sjálfum tekjustofnalögum sveitarfélaga að ræða.

Ég vil þá, herra forseti, víkja að einstökum greinum frv.

I. kafli frv. fjallar um breytingu á lögum um heimilishjálp og tekur til þess ákvæðis að þátttaka ríkisins í þessari starfsemi falli niður, en til þessa hefur það verið svo að sveitarsjóðir greiði ⅓, sjúkrasamlag þriðjung og ríkissjóður þriðjung. Varðandi þessa tilfærslu er í sundurliðun gert ráð fyrir 25 millj. kr. til þessara verkefna.

II. kafli fjallar um breytingu á lögum um vinnumiðlun. 8 gr. orðist eins og þar er sagt. Þar er einnig um það að ræða að kostnaður af vinnumiðlun verði hér eftir að mestu leyti borinn uppi af sveitarsjóðum í staðinn fyrir að ríkið hefur verið þar þátttakandi í til þessa.

Varðandi III. kafla, um breytingu á lögum um orlof húsmæðra, er sömu sögu að segja, að hér eftir er samkv. frv. gert ráð fyrir að þetta verði einvörðungu verkefni sveitarsjóða, en til þessa hafa ríki og sveitarsjóðir fjármagnað þetta í sameiningu. Tekur sú breyting, sem þarna er lögð til í þeim greinum, til þessa atriðis. Brtt., sem meiri hl. n. leggur til, herra forseti, við III. kafla frv. tekur af öll tvímæli um það að sveitarsjóðunum er aðeins gert að greiða það 150 kr. gjald, sem vikið er að, fyrir hverja húsmóður í viðkomandi sveitarfélagi, en eins og stendur í frv. mætti hugsanlega misskilja það á annan veg. En breytingin tekur af öll tvímæli um að það er lögð sú skylda á heudur sveitarsjóðum að greiða árlega upphæð sem svarar minnst 150 kr. fyrir hverja húsmóður í viðkomandi sveitarfélagi.

Varðandi IV. kaflann, um dvalarheimili aldraðra, felur frv. það í sér, eins og ég áður gat um, að gert er ráð fyrir að fjármögnun þessa verkefnis verði hér eftir verkefni sveitarsjóða, en ekki sveitarsjóða og ríkis eins og verið hefur.

Hér er ákvæði í 5. gr., með leyfi forseta:

„7. gr. orðist svo:

Ef aðrir aðilar en sveitarfélög byggja eða hefja rekstur dvalarheimilis er sveitarsjóði heimilt að greiða allt að ½ hluta kostnaðar við byggingu og kaup nauðsynlegra tækja og búnaðar.“

Þetta tekur til annarra aðila en sveitarfélag-

anna. Ég endurtek það, sem ég áður drap á, að í núgildandi lögum um kostnaðarþátttöku ríkis í byggingu dvalarheimila eru ekki sett þau mörk um greiðslutíma eins og er varðandi lög um grunnskóla og lög um dagvistunarstofnanir.

Þá vík ég að V. kafla, en hann er um grunnskóla, og eins og ég vék að áður er það stærsta atriði þessara breytinga hvað fjármagn snertir. Þar er lagt til að 1. málsgr. 79. gr. orðist svo:

„Viðhaldskostnaður húsa og lóða, viðhald og endurnýjun tækja og búnaðar greiðist af sveitarfélögunum, en húsaleiga greiðist af ríkissjóði í því hlutfalli sem stofnkostnaður húsnæðis til sömu nota mundi greiddur. Stofnbúnað skólabókasafns greiðir ríkissjóður að hálfu á móti sveitarfélögum. Skal bókastofn skólabókasafns miðaður við 10 eintök bóka á nemanda og kostnaðarþátttöku ríkissjóðs skipt á allt að 10 ára tímabil. Viðhald og endurnýjun bókasafna greiða sveitarfélög."

Hér er um að ræða þá meginbreytingu að viðhaldskostnaður húsa og lóða, viðhald og endurnýjun tækja og búnaðar greiðist af sveitarfélögum. En hér hefur verið um sameiginlega þátttöku að ræða til þessa.

Þá er og varðandi 7. gr. þessa frv. vikið að því að gerð er breyting á 80. gr. í grunnskólalögunum og 2. málsgr. hennar orðist eins og þar er sagt: „Tekjur af eignum skóla renna til sveitarsjóða." — Í gildandi lögum eru ákvæðin þau, að tekjur af húsnæði renna til ríkisins og sveitarsjóðanna í hlutfalli við eignarhlut þeirra í skólahúsnæðinu. Þetta tekur sérstaklega til heimavistarskólanna þar sem um er að ræða annars vegar húsaleigu af íbúðum, þær renna hér eftir eingöngu til sveitarsjóða, og í öðru lagi þar sem þannig er ástatt um að heimavistarskólar eru máske í nýtingu að sumarlagi fyrir annan rekstur, að þá greiðist sú leiga, sem af því kemur, eingöngu til sveitarsjóðanna í stað þess að hún hefur skipst milli ríkis og sveitarfélaga eftir eignaraðild þeirra samkv. gildandi grunnskólalögum.

8. gr. varðar fyrst og fremst þá meginbreytingu sem vikið er að í 6. gr., að viðhaldskostnaður skólamannvirkja færist yfir á sveitarsjóðina.

Varðandi VI. kafla frv., um breyt. á l. nr. 29 21. apríl 1973, um hlutdeild ríkissjóðs í byggingu og rekstri dagvistunarheimila, miða breytingar að því að sveitarsjóðirnir taki að sér rekstur dagheimilanna, en samkv. gildandi lögum er um að ræða að ríki og sveitarfélög og þó sveitarfélögin að stærri hluta standa undir rekstrinum í dag. Aðrar breytingar varðandi þennan kafla eru í samhengi við þessa umgetnu meginbreytingu frv.

VII. kafli er um breytingu á lögum um almenningsbókasöfn og miðar að því, eins og ég áður vék að, að hér eftir njóti almenningsbókasöfnin ekki styrks úr ríkissjóði, heldur verði fjármögnuð af sveitarsjóðunum. Aðrar breytingar, sem að felast í þessum kafla, eru efnislega samfara þessari breytingu.

Ég hef hér, herra forseti, vikið að einstökum greinum þessa frv., og eins og ég gat um eru stærstu kostnaðarliðirnir viðhald skólamannvirkja og skólabúnaðar annars vegar og hins vegar rekstur dagvistunarheimila. Til þess að gera sveitarfélögum kleift að rísa undir þeim kostnaði, sem þar er upp talinn varðandi þá aðra liði sem hér er um að ræða, þ. e. a. s. elliheimili, almenningsbókasöfn, heimilishjálp, vinnumiðlun og húsmæðraorlof, þá er gert ráð fyrir því að gerð verði breyting á söluskattslögum þannig að hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í söluskatti verði aukin, að hann fái nú 8% af 18% söluskatti í stað þess að hann fær aðeins af 13 stigum nú.

Ég hef dregið hér fram þau rök sem meiri hl. n. og ég persónulega viljum færa fram með því að frv. verði samþ.

Herra forseti. Ég endurtek: Það hefur um árabil verið stefna sveitarstjórnarmanna að gera hreinni og ákveðnari verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga, að sveitarfélögin taki að sér meiri verkefni og þeim verði tryggðir tekjustofnar til þess að rísa undir þeim verkefnum. Hér er að mínu áliti stigið spor í þessa átt. Ég hef sagt að þetta væri ekki stórmál í þessum efnum, en ég vonast til þess að áframhald verði á því að sveitarfélögunum verði valin fleiri verkefni og þá að sjálfsögðu um leið tryggðir eðlilegir tekjustofnar til þess að standa undir þeim. Það er aldrei, þegar breyting er gerð, hægt að vera alfarið viss um nema eitt og eitt sveitarfélag geti komið fjárhagslega illa út úr breytingunni, sérstaklega fyrst á eftir, og með tilliti til þessa vitna ég til þeirrar yfirlýsingar, sem ég hef áður gert, sem hæstv. félmrh. hefur gefið um að einstökum sveitarfélögum, sem kynnu að bíða fjárhagslegt tjón af ákvæðum þessara lagabreytinga, verði veitt aukaframlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga að fengnum tillögum stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga.

Ég legg svo til að frv. verði samþykkt með þeirri breyt. sem meiri hl. leggur til.

Frsm. minni hl. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ósjálfrátt hvarflaði það að mér undir ræðu hv. frsm. að ekki væri nú um að kenna ónógum undirbúningi hvað ræða hans var löng, heldur kynni þar um að valda að einhverju leyti ekki nógu góð samviska. En vonandi er það misskilningur hans vegna.

Ég hygg að um tíma í dag hafi ýmsir óttast um líf þessa kykvendis sem við erum hér að ræða um, þó að við hv. þm. Bragi Sigurjónsson sem skipum minni hl. n., hefðum grátið það þurrum tárum og talið að farið hefði fé betra.

Ég ætlaði nú einmitt að fara að víkja að þessum erfiðleikum í sambandi við framsöguna og klókindum hv. þm. Steingríms Hermannssonar hér í kvöld, en þá birtist hv. þm., svo að það er best að geyma það þangað til síðar. En eins og getið var um áðan lentum við í nokkrum erfiðleikum sem hv. þm. Axel Jónsson bjargaði á afskaplega snilldarlegan hátt, þó kannske fulllangdreginn. En ég vil alveg sérstaklega taka það fram áður en ég vík að nál. okkar hv. þm. Braga Sigurjónssonar, að ég vil þakka hæstv. forseta alveg sérstaklega fyrir það hvernig hann stóð að málinu í morgun. Við héldum tveggja og hálfs tíma fund um þetta mál. Hann kallaði á þennan fund þá menn sem gerst máttu um málið vita, og við fengum að spyrja þá spjörunum

úr í bókstaflegri merkingu. Og ég sem sagt vil þakka hæstv. forseta fyrir hvað við nm. fengum þó gott tækifæri til þess að fjalla um þetta mál í nefnd. Það var reyndar eins og hans var von og vísa, því að það er svo sannarlega ekki ástæða til að kvarta undan neinu hjá hæstv. forseta Ed. varðandi vinnubrögð, hvorki hér í d. né nefndum. En þetta er rétt að komist hér á framfæri því að þessi fundur var eini — ég segi eini nefndarfundurinn sem ég hef setið á í vetur sem hefur borið nafnið fundur með réttu.

En það er rétt að víkja að því nál. sem við létum frá okkur fara, við hv. þm. Bragi Sigurjónsson. Það er stutt og rétt að lesa það hér upp.

„Sú stefna, sem felst í hreinni verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga, er um margt eðlileg ef þar er rétt að staðið, t. d. varðandi fullnægjandi tekjur fyrir sveitarfélögin vegna nýrra verkefna. Þar þarf hins vegar að móta heildarstefnu og gera þar á skil til frambúðar.

Þetta frv. er hins vegar bráðabirgðaframkvæmd sem engan vanda leysir, að fáum liðum vikið og þeir ekki nægilega undirbúnir.

Um fáeina þeirra má e. t. v. segja að um eðlilega ráðstöfun sé að ræða, enda er þar eingöngu um smærri liði að ræða.

En stærstu liðirnir eru um margt verðir miklu nánari athugunar, einkum þó varðandi dvalarheimili aldraðra og dagvistunarstofnanirnar. Þar er verið að umbylta tiltölulega nýrri löggjöf sem eining var um á sínum tíma og hefur í báðum tilfellum reynst mjög vel, orðið beinn hvati aukinna verkefna á þessum sviðum. Hér er og um verkefni að ræða sem hiklaust má telja eðlilegast að samfélagið, ríkið, taki þátt í.

Varðandi viðhald skólamannvirkja þykir okkur ekki nægilega séð fyrir vanda heimavistarskólanna, þó það verkefni“ — þ. e. a. s. viðhald skólamannvirkja — „eigi rétt á sér í þessum flokki“ — þ. e. a. s. yfirfærsla þess til sveitarfélaganna. „Þá er það skilyrði sveitarstjórnarmanna um það, að séð verði fyrir tekjum til fræðsluskrifstofa, — skilyrði fyrir fylgi við slíkt frv., en í þessu frv. bólar ekkert á lausn þess.

Hér til viðbótar kemur svo fyrirvari um það, að um jöfn skipti sé að ræða, annars vegar á tekjutilfærslu og hins vegar á kostnaði við þau verkefni sem yfirfærð eru á sveitarfélögin. Um það liggja ekki nógu ljósar upplýsingar fyrir, alveg sérstaklega miðað við framtíðina.“ Ég vil benda á það sérstaklega, að það vorum ekki bara við hv. þm. Bragi Sigurjónsson sem vorum þessarar skoðunar í morgun. Hv. stjórnarsinni Steingrímur Hermannsson var algjörlega á sömu skoðun, að hér þyrfti miklu nánari athugunar við og ekki lægju fyrir nógu ljósar upplýsingar um þetta mál almennt. — „Allt er þetta fálmkennt, svo ekki sé meira sagt, og sum verkefni þess eðlis að það er ekki við það unandi að ríkið hætti þar þátttöku í kostnaði. Eins liggur ljóst fyrir að Samband ísl. sveitarfélaga hefur ekki lýst yfir samþykki sínu við frv. í núverandi mynd.“

Hér er búið að vitna í samþykkt sem stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga gerði um þetta mál almennt, en það kom greinilega fram í morgun að um frv. í þessari mynd sinni hefur stjórnin ekki fjallað, og hvað sem líður fullyrðingum um samþykkt eða synjun, þá liggur það a. m. k. ljóst fyrir að beint samþykki stjórnarinnar liggur hér ekki fyrir, hvorki stjórnarinnar né meiri hlutans. Ég talaði við einn stjórnarmann í dag sem var þá í sinni sveitarstjórn að ganga frá harðorðum mótmælum við þetta frv., þ. e. a. s. þá liði sem við höfum aðallega gagnrýnt. En ég vil benda á það, að meginniðurstaða fundarins í morgun var þessi: Hér er um algjöra bráðabirgðalausn að ræða. Það var undirstrikaða af öllum. Það mátti í raun og veru ekki líta nema til næsta árs, allt sem tilheyrði framtíðinni var ógerlegt um að segja, enda staðfest óbeint að þá stæði varla steinn yfir steini í þeirri jöfnun sem hér átti að fara fram, þeim skiptum milli ríkis og sveitarfélaga sem hér er ráð fyrir gert. Það kom því glögglega í ljós, að það var engin brýn nauðsyn færð fram fyrir því að þetta frv. væri hespað í gegn, það var ekkert sem kallaði á þessa bráðabirgðalausn. Það lá alveg ljóst fyrir. Þrátt fyrir það að sveitarstjórnarmenn hafi óskað eftir því í sínum samþykktum að hér væri gert verulegt átak í hreinni verkefnaskiptingu, þá felst svar við þeirri ósk miklu fremur í yfirlýsingu hæstv. félmrh. um samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga sem fjalli um stöðu sveitarfélaganna, skiptingu verkefna og tekjustofna, sem stefnt er að að verði sett á laggirnar og skili tillögum fyrir árslok 1976. Það sannaðist sem sagt, það sem við héldum fram hér í gær, að frv. er eingöngu fram komið vegna þessarar tilfærslu, vegna þess að það á að lækka fjárlögin sem þessu nemur, fyrst 600 millj., nú 500 millj. Það er sem sagt um þessar 500 millj. kr. rós í hnappagatið á hæstv. fjmrh. sem allur leikurinn snýst nú um.

Ég skal ekki hafa mjög langt mál hér um. Ég talaði um þetta mál í gær og fundurinn í morgun breytti engu um skoðanir mínar þar á. Ég hygg þó, að ef alvara væri í sambandi við þetta frv., við mættum taka það sem slíkt og að þetta ætti að gilda sem lausn fyrir framtíðina, sem við vonum auðvitað að verði ekki, þá væri hér um mjög slæm skipti fyrir sveitarfélögin að ræða, tvímælalaust. Hér er um stórfelldar breytingar á mörgum verkefnum að ræða, eins og bent var á í því yfirliti sem hv. þm. Axel Jónsson rakti hér rækilega áðan. Það er að vísu rétt að við getum reiknað með því og það skal viðurkennt, að söluskattshlutinn getur á næstu árum gefið vissar tekjur til viðbótar, en engan veginn nægilegar til þess að mæta þeim stórauknu verkefnum sem hér er verið að yfirfæra á sveitarfélögin.

Ég nefni dæmi aftur um dagvistunarheimilin, sbr. yfirlýsinguna sem vitnað var í áðan, þ. e. a. s. að menntmrn. gerði till. um 187½ millj. kr. greiðslu til rekstrarkostnaðar dagvistunarheimila af ríkisins hálfu vegna heimildar í reglugerð um greiðslu vegna þessa rekstrar, á því hefði vissulega verið viss þörf fyrir sveitarfélögin, fyrir svo utan það, að á næstu árum verða teknar í notkun fjölmargar nýjar dagvistunarstofnanir. Þá þarf vissulega að athuga málið allt upp á nýtt ef eitthvert vit á að vera í því.

Það er einnig rétt sem hv. þm. Axel Jónsson vék að áðan, að það má auðvitað deila um upphæðir, en elliheimilaupphæðin í ár og ég tala nú

ekki um varðandi næstu ár er vitanlega hlægilega lág, fyrir utan það, að ég endurtek það sem bjargfasta skoðun mína, sem ekki verður haggað, að elliheimilin séu einmitt sérstakt samfélagslegt verkefni, og þar hygg ég að fleiri séu á sama máli, m. a. margir úr röðum stuðningsmanna hæstv. núv. ríkisstj.

Ég bendi einnig til viðbótar á það sem nefnt er viðhald skólamannvirkja. Þar reyndist grunur minn algjörlega réttur, þ. e. a. s. kennslutækjakostnaðurinn sem kemur til viðbótar vegna nýrra kennslutækja sé ekki um nýja skóla að ræða, — þessi kennslutækjakostnaður kemur nú alfarið á sveitarfélögin í stað þess að ríkið hefur greitt þennan kostnað að hálfu. Nú ætla ég ekki að fara út í neinn samjöfnuð varðandi sveitarfélögin, en hitt er vitað mál að þau eru mjög misjafnlega viðsýn í þessum efnum, og ég veit að í mörgum sveitarfélögum hefur það einmitt verið sterkasta röksemd skólastjóranna fyrir því að hægt væri að ráðast í að kaupa ný kennslutæki, að ríkið greiddi þó alltaf helminginn af þessum nýju kennslutækjum. Og ég bendi alveg sérstaklega á það, að kennslutækjakostnaðurinn hlýtur blátt áfram eðli málsins samkvæmt að stóraukast á næstu árum. Ef framkvæmd grunnskólalaganna á að verða slík sem ráð er fyrir gert, þá kallar sú framkvæmd á stóraukinn kost kennslutækja, það fer ekkert á milli mála. Skólarnir verða að stórauka við hann. Og samkvæmt þeim upplýsingum, sem við fengum í morgun, liggur það ljóst fyrir varðandi alla skóla nema nýja skóla, skóla sem eru í byggingu, að allir þeir skólar sem þurfa að endurnýja sín tæki, kaupa ný tæki, þeir verða að gera það á kostnað sveitarfélagsins eins.

Ég vil einnig benda á það varðandi þetta mál almennt, að ég vara alvarlega við því að eyðileggja að hálfu eða öllu lög um dagvistunarstofnanirnar og þó alveg sérstaklega í sambandi við elliheimilin. Ég held að það séu allir sammála um að þessi lög um ríkisþátttöku í þessum framkvæmdum urðu stórfelldur hvati að nýjum átökum á þessum sviðum. Og ég er hræddur um að þessi verkefni verði frekar látin sitja á hakanum, alveg sérstaklega elliheimilin, alveg sérstaklega þau, eftir að sveitarfélögin eiga nú að taka þau alfarið að sér, og þar vitna ég aðeins í þá reynslu sem áður er fengin af þessu.

Svo fengum við skýringu á þessum 42 millj. og það var út af fyrir sig töluvert gott, því að ég var svolítið lukkulegur fyrir hönd hæstv. menntmrh., Vilhjálms vinar míns Hjálmarssonar, um að það kynni að vera að þarna væri hann að fá milljónirnar sínar til þess að greiða hlutann í fræðsluskrifstofunum. En það var því miður ekki. Samkvæmt upplýsingum framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga áttu þessar 42 millj. að fara í alls konar framlög önnur, 5% aukaframlög til Jöfnunarsjóðs, 5% til Lánasjóðs sveitarfélaga, 1% til Sambands ísl. sveitarfélaga og 1% í landshlutasamtökin. Þegar þetta var búið, þá skildist mér að litið væri eftir handa hæstv. ráðh. Vilhjálmi Hjálmarssyni til að leggja í fræðsluskrifstofurnar sínar, sem hann hefur þó lýst yfir og ég trúi að hann muni reyna að leysa eftir áramótin. En hvernig hann þá fer að því, það er mér hins vegar hulin ráðgáta, því að það er ekkert launungarmál að hann gerði sér góða von um það og hefði sannarlega átt að fá það fram í gegnum þessa breytingu að þarna væru komnar þær milljónir sem hann vantaði tilfinnanlega til þessa liðar.

Ég ætla ekki að vitna frekar í það álit stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga sem ég vitnaði til í gær, en þó bendi ég á það enn varðandi fræðsluskrifstofurnar að einstakir stjórnarmenn gerðu ríkisframlag til þeirra að skilyrði fyrir fylgi sínu við þennan verkefnaflutning. Nú er að vísu því lofað af hálfu hæstv. menntmrh. að þetta mál verði tekið upp eftir áramótin, og ég efast ekki um að hann geri sitt besta. En það fylgir ekkert í þessu frv. um það, það liggur hvergi neitt fyrir skjalfest í því.

Ég er nú ansi hræddur um að það geti orðið fleiri en ég sem verði á þeirri skoðun að þessi skipti séu ekki hagstæð fyrir sveitarfélögin. Einkennilegt þykir mér það a. m. k. varðandi þau þrjú sveitarfélög sem ég hef fengið lauslegt yfirlit um í dag hvernig þessi skipti koma út hjá, að þau skuli öll vera neikvæð. Mér kemur það einkennilega á óvart ef þau eru alveg einstök í sinni röð. Ég er jafnvel ekki frá því að hv. 12. þm. Reykv., Albert Guðmundsson, gæti jafnvel sagt eitthvað svipaða sögu héðan frá Reykjavík. Og þá eykst þessi grunur minn stórlega ef það skyldi nú koma í ljós að sjálf Reykjavík tapar einnig hér á.

Ég vildi svo aðeins segja það að lokum, að það er greinilegt að til þessa bandorms bar enga brýna nauðsyn, það liggur alveg ljóst fyrir. Það var alveg hárrétt athugasemd, sem kom fram hjá hv. þm. Steingrími Hermannssyni og hann á eflaust eftir að endurtaka hér á eftir, að á því var engin þörf í þessum önnum okkar núna að fleygja þessu hér á borð og hespa það af.

Og um það, að sveitarstjórnarmenn fagni almennt þessu frv., vil ég segja við hv. þm. Axel Jónsson að það efa ég alveg stórlega, — ekki síst þegar hinn böggullinn fylgir með, kærleiksböggullinn mikli, 1% sem við vorum að afgreiða hér frá okkur í gær, þá er ég ekki viss um að hrifning þeirra sé svo yfrið mikil sem hann vildi vera láta. Og þá held ég að við ættum ekki að vera að tala mikið um samráð eða ekki samráð við Samband ísl. sveitarfélaga. Það er rétt að um þetta frv. eða þessa frumvarpsómynd, sem hún er að miklu leyti, var að vísu talað töluvert við Samband ísl. sveitarfélaga, en þó ekki alveg í lokin og ekki gengið frá því þá. En varðandi hitt málið, 1% sem þau eiga nú að innheimta fyrir ríkið, það væri gaman að vita hvaða kærleiksríkt samráð hefði þar verið haft. Ekki höfum við fengið það upplýst enn a. m. k.

Sem sagt, bæði vegna þess að það er greinilegt að engin nauðsyn er á þessu frv. og að sumir þættir þess eru mjög skaðlegir, svo að ekki sé meira sagt, fyrir þau verkefni sem þar er að vikið, þá leggjum við eindregið til, við hv. þm. Bragi Sigurjónsson, að frv. þetta verði fellt.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Ég vil taka undir þau ummæli hv. þm. Helga F. Seljans að við nm. félmn. vorum þakklátir formanni n. hve

ítarlega hann fór í frv. á nefndarfundi í morgun og kallaði þar til ýmsa okkur til leiðbeiningar. Samkvæmt þeim viðræðum, sem þar fóru fram, virtist mér ljóst að ekki væri um umtalsverða andstöðu stjórnarmanna Sambands ísl. sveitarfélaga að ræða gegn frv. ef treysta mætti því að tilteknum skilyrðum yrði fullnægt, og hafa þau skilyrði hér verið tilgreind bæði af frsm. meiri hl. n. og minni hl. n. og ég fer ekki út í það. Andstaða mín við þetta frv. byggist þess vegna ekki svo mjög á því að ég sé mótfallinn gleggri skiptingu á verkefnum milli ríkis og sveitarfélaga, nema síður sé, heldur er það fyrst og fremst sú stefnumörkun sem felst í 5. gr. frv. og fjallar um byggingu og rekstur dvalarheimila aldraðra. Ákvæðin eru núna þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„7. gr. Nú byggir sveitarfélag dvalarheimili eða hefur rekstur þess samkvæmt lögum þessum, og skal þá ríkissjóður greiða ⅓ hluta kostnaðar við bygginguna og kaup nauðsynlegra tækja og búnaðar.“

Þessi liður á samkv. frv. alveg að falla niður. M. ö. o.: það á að losa ríkið við framlög til byggingar og búnaðar á elliheimilum. Það er þetta sem ég er algerlega andvígur. Þetta mál tel ég svo viðamikið að sveitarfélög geti aldrei leyst það vel af hendi ein, heldur verði aðstoð ríkisins að koma til. Það er að vísu rétt sem frsm. meiri hl. n. benti á, að þátttaka ríkisins hvað upphæð snertir er ekki tekin fram í lögunum, en það er þá aðeins hlutur sem þyrfti að búa betur í stakk heldur en enn hefur verið gert, en ekki að fella þátttöku ríkisins niður eins og ætlað er með þessu frv. Að minni skoðun er aðbúðin að öldruðu fólki nátengd þjónustugrein við sjúkrahús, heilsugæslustöðvar og dagvistunarheimili. Í stofnkostnaði og búnaði þeirra tekur ríkið stóran þátt, og það á ekki og má ekki skjóta sér undan því að taka þátt í aðbúnaði aldraðs fólks.

Eins og við vitum vel hafa þjóðfélagslegar breytingar valdið því að aðbúnaður aldraðs fólks og öryrkja hefur flust og hlýtur að flytjast æ meir frá heimilum til samfélagsins. Samfélagið þarf, ef vel á að vera, að búa þeim þegnum heimilishjálp sumum, öðrum dagvistunarheimili vegna þess að heimili standa mannlaus allan daginn þar sem allir, sem geta unnið, vinna úti, og það þarf að byggja íbúðir sem henta öldruðum og öryrkjum. Það þarf einnig að byggja dvalarheimili fyrir stóran hóp aldraðs fólks og öryrkja sem ekkert framannefnt hentar. Ég verð alveg sérstaklega að gera þetta ofurlítið að umtalsefni vegna þess að ég hef heyrt þeirri skoðun haldið talsvert á lofti nú í seinni tíð að það sé röng stefna að byggja dvalarheimili fyrir aldrað fólk, það eigi að hlúa meira að heimilisaðstoð og byggja hentugar íbúðir fyrir aldrað fólk. Ég er því algjörlega fylgjandi, en við komumst ekki hjá að byggja líka dvalarheimili, því að margt aldrað fólk er þannig sett að það getur hvorki notað sér heimilishjálpina né litlu íbúðirnar. Þetta er risavaxið verkefni sem óefað leggst með auknum þunga á samfélagið um næstu framtíð vegna breyttra þjóðfélagshátta, eins og ég sagði áðan, en líka vegna hækkaðs aldurs fólks vegna bættrar heilbrigðisþjónustu og auk-innar læknishjálpar. Af þessum sökum öllum tel ég ofætlun og raunar fráleitt að leggja þessi verkefni einhliða á sveitarfélögin, sum getulítil, önnur kannske undir stjórn skilningstregra manna á þessi vandamál. Hér tel ég afdráttarlaust að ríkið eigi að bera sinn hluta, m. a. vegna þess hve aldrað fólk leitar af eðlilegum ástæðum til þéttbýlisstaðanna að loknu ævistarfi, og verði þjónustan við það eingöngu lögð á herðar sveitarfélaganna hlýtur þungi þeirrar þjónustu að koma fyrst og fremst niður á stærstu kaupstöðunum.

Vegna framangreindra ástæðna allra, eins og ég hef rakið þær hér, er ég á móti þessu frv. eins og það liggur fyrir og hlýt að greiða atkvæði gegn því.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég sagði við 1. umr. um þetta mál að flutningur verkefna milli sveitarfélaga er margþættur. Áhrifin eru ýmis önnur en eingöngu þau að lækka fjárlög ríkissjóðs um nokkrar krónur. Í raun er stigið ákaflega alvarlegt spor í þróun sem er margra ára hér hjá okkur, að reyna að jafna mun á milli þeirra, sem eru stórir og sterkir, og þeirra, sem eru litlir og veikir. Ég varaði við þessu og ég taldi að í því frv., sem nú liggur fyrir, væri þessa ekki gætt eins og skyldi. Ég lagði fram ýmsar spurningar til ráðh., og ég sagði að afstaða mín til þessa máls mundi ráðast af svörum við þeim spurningum. Hæstv. ráðh. svaraði mörgum þessum spurningum vel og ég kann honum þakkir fyrir. Í morgun var fundur í félmn. Þar voru mættir gestir, m. a. framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga, og ég lagði svipaðar spurningar fyrir hann. Hann svaraði þeim einnig af bestu samvisku og bestu þekkingu.

Ein af mínum spurningum til ráðh. og einnig til framkvæmdastjórans var sú, hvort niðurstöður lægju fyrir um áhrif þessa flutnings á verkefnum á hin ýmsu sveitarfélög af mismunandi stærð og við mismunandi aðstöðu. Svarið var það, því miður, að það væri ekki. Þetta urðu mér sannarlega vonbrigði.

Ég spurði einnig um Jöfnunarsjóð og hvort framkvæmdastjórinn teldi að Jöfnunarsjóður gæti jafnað þann hlutfallslega ójöfnuð sem kann að hljótast af þessum flutningi, því að ég viðurkenni að ég er ekki nógu dómbær á það. Ég hef ekki fengið að sjá þennan samanburð, hann er víst ekki til. Framkvæmdastjórinn telur að svo sé. Hann telur að Jöfnunarsjóður fái um 125 millj. kr. í þessu skyni og það eigi að nægja. Hins vegar lýsti hann mikilli óánægju með framkvæmd á slíkum jöfnuði til þessa og telur að yfirleitt hafi slíkt fjármagn runnið til fárra sveitarfélaga. Ég þekki þetta raunar af eigin reynslu. Ég hef leitað til Jöfnunarsjóðs fyrir lítil sveitarfélög, og ég hef fundið að þar eru ótrúlega mörg ljón í veginum. Þar er t. d. þess krafist að sveitarfélagið nýti alla sína álagningarmöguleika til hins ítrasta. Þetta er kannske ekki óeðlileg krafa. En þess ber þó að gæta, að til eru þau lítil sveitarfélög, litlir sveitahreppar, sem alls ekki veita þá þjónustu sem hæjarfélögin veita, þau leggja ekki vatnsveitur, leggja ekki

götur, þau hirða ekki sorpið og margt fleira og hafa þess vegna enga ástæðu til þess að leggja á full gjöld og varla hægt að krefja þau um það, fyrst þau veita ekki sömu þjónustu. Það er því ljóst að þessi sveitarfélög, ef þessi regla á að gilda, nytu ekki framlags úr Jöfnunarsjóði vegna þessara tilflutninga nema þau leggi á full gjöld. Þau eru þar með krafin þess að fara til sinna íbúa og krefja þá um greiðslu fyrir viðhald skóla og fleira sem ríkið hefur til þessa greitt. Nú kann einhver að segja að vitanlega eigi þessi sveitarfélög að nota sínar heimildir til hins ítrasta, en ég bið þá hina sömu að huga að því að þessi sveitarfélög, eins og ég sagði, veita alls ekki sömu þjónustu.

Einnig hef ég fundið að gerðar eru mjög ákveðnar kröfur um það að í reikningum sveitarfélaga séu ekki gjaldaliðir sem eru tengdir framkvæmdum, þeir eru dregnir þá frá, og ég get vel séð í huga mér að í því sambandi skapast ýmsir erfiðleikar.

Ég spurði einnig framkvæmdastjórann að því, hvort hann teldi liggja mikið á þessu. Ég var satt að segja svolítið hissa að hann sagði nei, hann teldi lítið liggja á þessu. Hins vegar kom fram að um þetta eru skiptar skoðanir hjá stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga, sumir telja liggja mikið á þessu, aðrir telja það ekki, en þetta virtist mér vera skoðun framkvæmdastjórans.

Ég hef rakið þessi svör og ætla nú að koma að öðrum þáttum, m. a. að því sem er nú komið inn í þetta nál. En ég verð að segja það, hæstv. forseti, að ég sakna ráðh., því að ég vil gjarnan fá að leggja fyrir hann nokkrar spurningar í þessu sambandi. (**Forseti:** Ég mun gera ráðstafanir til þess að ráðh. gangi í salinn.) Þá mun ég bíða á meðan.

Já, hæstv. ráðh. er genginn í salinn. Ég ætla ekki að endurtaka það sem ég hef sagt. Þó vil ég skýra hæstv. ráðh. frá því að ég lagði fram svipaðar spurningar við framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga og ég gerði við 1. umr. um þetta mál, og ég vil skýra hæstv. ráðh. frá því að framkvæmdastjórinn upplýsti að samanburður væri ekki til á áhrifum þessa flutnings á einstök sveitarfélög. Sömuleiðis kom fram hjá framkvæmdastjóranum að hann teldi að aðrar reglur yrðu að gilda um framlög úr Jöfnunarsjóði til sveitarfélaganna en nú gilda. Það kom einnig fram, að hann teldi að meiri jöfnuður væri nauðsynlegur með auknu hlutfalli tekna sveitarfélaganna úr Jöfnunarsjóði heldur en nú er. Og ég vil einnig skýra hæstv. ráðh. frá því, að þarna kom fram að mjög margir sveitarstjórnarmenn telja, að ekkert liggi á þessu, og setja í raun og veru traust sitt frekar á þá nefnd sem hæstv. ráðh. hefur lýst yfir að hann muni skipa, og þeir fagna því. Allt er þetta að mínu mati neikvætt fyrir þetta mál og raunar styður að því að standa ekki að framgangi þess.

Ég get líka bætt því við, og það vildi ég fyrst og fremst að hæstv. ráðh. hlustaði á, að ég er ákaflega óánægður með þá málsmeðferð sem hér hefur komið fram, ekki í þessu einu, heldur fjölmörgum málum. Ég verð því miður að taka undir með stjórnarandstöðunni um það. Það er bókstaflega óverjandi að fá hér inn á hv. Alþ. mál eftir mál á síðustu stundu, verr og verr undirbúin með hverju ári, — stórmál, tilfinningamál, mál sem eru viðkvæm fyrir fjölmarga aðila í þessu landi, og eiga að flaustra þeim af á örfáum dögum. Þetta er bókstaflega óverjandi, og ég verð að lýsa því yfir að ég er bókstaflega að gefast upp á þessu. Ég vænti þess að breytt og betri vinnubrögð verði upp tekin. E. t. v. hefur þetta meiri áhrif á afstöðu mína til mála en jafnvel nokkuð annað. Þó er ég að leitast við og menn leitast við í þessu máli að taka málefnalega afstöðu. En þetta er algjörlega ófært. Hver er ástæðan fyrir því að ekki er unnt að leggja svona mál fram þegar í okt.? Og það eru fjölmörg fleiri mál hér sem koma á síðustu stundu. Hvers vegna er ekki hægt að leggja þau fram með góðum fyrirvara? Hvað eru starfsmenn stjórnarráðanna að gera? Var ekki ljóst þegar í vor að herða þyrfti að í fjárlagagerð? Var ekki ljóst þá þegar að flytja þyrfti ýmsa lagabálka? Kom það ekki fram í ræðu hæstv. fjmrh.? Ég kann ekki við slík vinnubrögð, og ég vil að það komi hér fram.

Um þetta mál vil ég segja að síðan ég sá þetta mál fyrst fyrir e. t. v. tveimur vikum eða svo, þá hafa verið gerðar á því ýmsar breytingar, breytingar stórlega til bóta sem hins vegar lýsa lélegum undirbúningi málsins fyrir. Menn hafa hér unnið að því að bæta þetta mál. T. d. hefur stofnkostnaður dagvistunarheimila verið tekinn út, það mega menn gjarnan vita, akstur skólabarna verið tekinn út. Þetta er hvort tveggja í mínum huga mikilvægir þættir. Ég var sannfærður um það, þegar ég sá málið í upphafi, að hér væri stefnt að stórlega auknum ójöfnuði á milli sveitarfélaga, ákaflega hættulegum ójöfnuði á milli sveitarfélaga. Ég gat reiknað það út fyrir ýmis sveitarfélög sem ég þekki að svo var. Hins vegar skal ég viðurkenna að eftir þær breytingar sem nú hafa verið gerðar fyrir áhrif ýmissa manna hér á þingi, er mér þetta ekki eins ljóst. Ég held að málið hafi stórlega batnað að þessu leyti. Ég held að það sé nær jöfnuði. Og ég vil virða þær breytingar sem þarna hafa verið gerðar á síðustu stundu.

Ég er sérstaklega óánægður með að fá ekki þann samanburð sem ég bað um. Ég taldi hins vegar að e. t. v. mætti laga þetta með því að setja inn í frv. sjálft ákvæði til bráðabirgða þess efnis að sú hlutfallslega byrði, sem á sveitarfélögin leggst af þessum flutningi, yrði jöfnuð með framlagi úr Jöfnunarsjóði að fengnum till. stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga. Og ég vil tala hér í fullri hreinskilni að um það náðist ekki samkomulag. Það er af þeirri ástæðu að ýmsir menn töldu þess ekki þörf. Þeir telja að í lögum um Jöfnunarsjóð séu ákvæði sem tryggi þetta. Ég lýsti áðan minni reynslu af því. Ég er efins um það.

Ég vil segja það einnig hér, að ég var ákveðinn í að sitja hjá við afgreiðslu þessa máls. Ég vildi ekki setja fótinn fyrir það, vegna þess að ég veit að sveitarfélögin — ég vil taka það fram að ég hef rætt við marga sveitarstjórnarmenn og ég heyri það á ýmsum — þann vilja að fá þessa breytingu. Ég heyri það á ýmsum sem ég hef rætt við um þetta í síma, því að ákaflega fáir hafa haft tækifæri til þess að skoða þetta, að þeir telja að þetta sé í þá átt sem þeir hafa

samþykkt. Ég hef áður lýst því yfir að ég tel hreinni verkaskiptingu á milli sveitarfélaga og ríkisvalds nauðsynlega. Það er allt of óljóst eins og er. Eins og hæstv. ráðh. hefur réttilega sagt, þarf þar að fylgja ábyrgð hverri framkvæmd. Að þessu finnst mér stefnt með þessu frv., og þrátt fyrir þá annmarka, sem ég sé á þessu máli, og þrátt fyrir þær athugasemdir, sem ég hef nú gert, og þegar ég reyni að meta þetta mál eingöngu frá málefninu sjálfu og án tillits til undirbúnings og annars, sem ég hef hér gagnrýnt, þá fagna ég sérstaklega tvennu: fyrst og fremst því, sem komið hefur fram hjá hæstv. ráðh., að hann mun skipa samstarfsnefnd til þess að vinna að frekari athugun á samskiptum ríkis og sveitarfélaga, tekjuskiptingu og skiptingu verkefna, og auk þess hef ég sérstaklega undirstrikað það, sem ég sé að nú er komið inn í nál. Félmrh. hefur lýst því yfir, að einstökum sveitarfélögum, sem kynnu að bíða fjárhagslegt tjón af ákvæðum þessara lagabreytinga, verði veitt aukaframlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga að fengnum tillögum stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga. Þetta er nánast orðrétt það sem ég var með í huga og þótt ég hefði heldur viljað fá þetta inn í frv. sjálft, þá þekki ég hæstv. ráðh. að því að standa við orð sín, og mér finnst ég ekki geta lagst gegn þessu að fenginni þessari yfirlýsingu. Mér finnst að með því væri ég að segja að hæstv. ráðh. sé ekki treystandi til að framkvæma það sem ég hef beðið um. Ég mun með tilliti til þessa greiða atkv. með þessu frv., en legg ríka áherslu á að sú endurskoðun, sem fram á að fara af þeirri nefnd sem skipa á, verði hraðað.

Jón Helgason: Herra forseti. Eins og fram hefur komið í umr., hefur það verið eitt helsta áhugamál Sambands ísl. sveitarfélaga í mörg ár að gerð yrði breyting á þeim lögum og reglum sem gilt hafa um verkefnaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga, þannig að sveitarfélögin fengju tekjustofna til að standa að fullu undir kostnaði við sum þeirra verkefna, sem ríkissjóður greiðir nú hluta af. Á móts við þetta sjónarmið hefur verið gengið með því frv. sem hér er til umr., og því var lýst yfir af framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga á fundi félmn. í morgun að þessi verkefni, sem þarna yrðu tekin fyrir, væru þau sem stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga teldi tvímælalaust æskilegast að taka.

Ég verð að viðurkenna það, að ég hef dregið mjög í efa að rétt væri að ganga nema mjög skammt í þá átt sem samþykktir stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga hafa beinst. Ég hef nefnilega óttast að það kæmi í ljós þegar ætti að fara að framkvæma þetta, eins og nú hefur sýnt sig, að það er dálítið erfitt að velja verkefnin þegar á herðir. En nú hefur félmrh. lýst yfir að ef einhver sveitarfélög fara illa út úr þessari breytingu, þá verði þessum sveitarfélögum bættur sá halli. Jafnframt hefur verið lýst yfir að skipuð verði samstarfsnefnd til þess að vinna að endurskoðun þessara mála nánar. Mér finnst æskilegt að þá sé búið að reyna eitthvað í þessa átt, og munu flestir sammála um að styttra skref hafi ekki verið hægt að stíga í einu úr því að farið var út í þetta á annað borð. Það væri þá komin aðeins reynsla á það og menn stæðu frammi fyrir því hvaða vandamál þarna væri um að ræða þegar þessi mikla endurskoðun færi fram. Þess vegna, eftir að ég tel að sé fengin sú trygging, sem nauðsynleg var, fyrir því að sum sveitarfélög færu ekki óeðlilega illa út úr þessari breytingu, hef ég skrifað undir nál. og mælt með því að frv. verði samþykkt.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég hafði nú ekki hugsað mér að taka þátt í þessum umr., a.m.k. ekki á þessu stigi, en hefði e.t.v. sagt nokkur orð á morgun við lokaafgreiðslu fjárlaga um þessi atriði. En ég finn mig til knúinn vegna endurtekinna ummæla hv. 2. þm. Vestf. um þann ójöfnuð sem kann að myndast milli stórra og lítilla sveitarfélaga og mér skilst að hann óttist að minni sveitarfélög séu þar í einhverri sérstakri hættu fram yfir þau stærri. Ég leyfði mér að segja við hann, þegar hann kom úr ræðustól hér í gær um þetta mál, að hann hefði talað eins og hann væri að gefa til kynna að næsta skref hans væri að koma með tillögu um að einhver smærri sveitarfélög, sem hefðu 500 íbúa eða færri, yrðu sett á nokkurs konar framfæri þeirra stærri, og þá hefur hann eflaust átt við Reykjavíkurborg eins og oft áður. En mér skilst að hann vilji jafna á milli sveitarfélaga. Samkvæmt því, sem hann sagði hér í ræðustól áðan, þá reikna ég með að hann vilji jafna á milli þeirra sveitarfélaga, sem standa í miklum framkvæmdum, og þeirra, sem standa í minni eða engum framkvæmdum, úr Jöfnunarsjóði. Ég vona að hv. 2. þm. Vestf. gefist ekki upp, hvorki á vinnubrögðum ríkisstj. né Alþ., og haldi áfram af sama krafti og streymdi frá honum áðan.

Verkefnaskipting ríkis og sveitarfélaga er nauðsynleg og allir sveitarstjórnarmenn eru sammála um það. En það er kannske á öðru sviði sem ég hefði gjarnan viljað sjá hér breytingu á í verkefnaskiptingu eða ákvörðunum til handa sveitarfélögum um sín eigin málefni, og á ég þá fyrst og fremst við ákvarðanir um gjaldskrár þjónustufyrirtækja og stofnana. Ég vil gjarnan fá fram breytingar í þá átt að komið sé í veg fyrir að kjörnum fulltrúum fólksins á hverjum stað, sveitarstjórnarmönnum, sé fjarstýrt af ríkisstj. eða úr stjórnarráðunum í sambandi við gjaldskrárákvarðanir. Slíkum fjarstýringum álít ég að þurfi að hætta. Ég skal ekki koma með það mál inn í þessar umr. frekar. Það er nýtt atriði í málinu sem gerir ekkert annað en að tefja.

Ef miðað er við tekjuáætlun af söluskatti, eins og hún hefur legið fyrir, þá er gert ráð fyrir samkv. grg. með frv. að tekjuaukning sveitarfélaganna af þessari breytingu verði um það bil 600 millj. kr. á árinu 1976. Það var gerð athugasemd við það, og tekjuáætlunin, eins og hún liggur fyrir, hefur verið réttari, skilst mér, 570 millj. en 600, og þar af má draga skerðingu sem er 12%: 5% til Lánasjóðs sveitarfélaga, 5% í varasjóð, 1% til Sambands ísl. sveitarfélaga og 1% til landshlutasamtaka sveit-

arfélaganna, áður en til úthlutunar kemur. Úthlutunarfé er þar af leiðandi ekki 600 millj., heldur 504 millj. Til upplýsingar get ég upplýst að hlutur borgarsjóðs, til þess að taka þá þann stærsta, yrði um 196 millj., miðað við 8% af 6 söluskattsstigum. Nú er þetta breytt og í staðinn fyrir 6 söluskattsstig eru 8% tekin af 5 söluskattsstigum. Þetta þýðir að Reykjavíkurborg yrði, án þess að ég fari að rekja hér lið fyrir lið þá kafla sem frv. getur um, að taka á sig viðbótargjöld sem svara 209.3 millj., en tekjuauki borgarsjóðs yrði 178.9 millj. kr. Þarna er 30.4 millj. kr. mismunur.

Ég ætla ekki að rekja þetta neitt lengra, en bara með þessum fáu orðum vil ég svara hv. 2. þm. Vestf. því, að Reykjavíkurborg sem einn af þeim stóru, sem hann óttast að fari best út úr þessu og komi kannske ríkari en eðlilegt væri út úr þessari uppstokkun, er ekki aflögufær, og ég gæti trúað að eins væri með önnur stærri sveitarfélög.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13:3 atkv.
2. gr. samþ. með 13:4 atkv.
Brtt 238 (ný 3. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 13:4 atkv.
5. gr. samþ. með 13:4 atkv.
6.—8 gr. samþ. með 13:4 atkv.
9.—11. gr. samþ. með 13:4 atkv.
12.—18. gr. samþ. með 13:4 atkv.
Fyrirsögn samþ án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 39. fundur.

Fimmtudaginn 18. des., að loknum 38. fundi.

Verkefni sveitarfélaga, frv. (þskj. 256). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13:5 atkv. og afgr. til Nd.

Vörugjald, frv. (þskj. 229). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. 2. minni hl. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég mátti ekki varast það að dagskrá var snúið við, þó að 50% líkur væru á því þar sem tvö mál voru á dagskrá og kom því aðeins of seint til að flytja hér mál mitt varðandi nál. fyrir frv. og hlýt að eyða allnokkrum tíma í þetta mál, þar sem hér er stórmál á ferðinni.

Á sínum tíma, þegar tímabundið vörugjald var sett á, var því hátíðlega lofað að það stæði ekki nema takmarkaðan tíma og skyldi falla úr gildi við áramót 1975—1976. Þegar þetta gjald birtist töldu forsvarsmenn launþegasamtakanna í landinu sig vera svikna og loforð hæstv. ríkisstj. um kjarabætur rokin út í veður og vind. Ekki er séð fyrir endann á því hvaða áhrif þetta hefur, þar sem nú er komið á daginn að ríkisstj. ætlar sér ekki að afnema gjaldið þó að hún leiti hér eftir staðfestingu á brbl. Þrátt fyrir þetta hefur verkalýðsforustan nú tekið þá stefnu, sem óvenjuleg er, að fara mjög hægt í sínum kröfum og raunverulega rétta út hönd til að takast á við verðbólguvandann og lægja þær öldur sem hafa orsakað svo hátt ris á vísitölunni. En þeir, sem höndin er rétt til, virðast ekki átta sig á því að hér er eitt atriði sem hindrar hina útréttu hönd launþegasamtakanna í að ráðast til atlögu við verðbólgudrauginn og kveða hann niður. Það er þetta atriði að fella niður þetta tímabilsbundna vörugjald og lækka þar með verðlag í landinu. Ríkisstj. hafði þó sem afsökun, þegar hún setti þetta gjald á, að það væri á ýmsum miður nauðsynlegum vörum og taldi því réttlætanlegt að hafa það um skamma stund til að bæta þröngan efnahag ríkissjóðs og bæta nokkuð úr fjárskorti. En útstreymi úr Seðlabankanum í þágu ríkissjóðs hafði verið geigvænlegt, og mér sýnist að eftir síðustu tölum skuldi ríkissjóður á 9. milljarð, svo að það er von að þeir vilji halda möguleika til tekjuöflunar áfram.

Ef að líkum lætur, miðað við efndir fyrri loforða, kann svo að fara þegar líður á næsta ár, að gefin verði út að nýju brbl. sem staðfesta það, að góð áform rjúki út í veður og vind, þegar fer að hausta, og fölni og falli eins og laufblöð af trjánum. Þetta er mjög slæmt og þetta vekur ókyrrð í þjóðfélaginu ef ekki má treysta neinu því sem kemur frá ríkisstj., hver sem hún er á hverjum tíma.

Einmitt ein af meginorsökum þess, að efnahagslíf okkar gengur svo í bylgjum sem raun ber vitni, er vantrú almennings í landinu á fasta og skipulega stjórn efnahagsmála. Það fer ekkert á milli mála að þrátt fyrir góðar yfirlýsingar og þrátt fyrir góð áform hefur sú stjórn ekki verið fyrir hendi um langt bil og vantar mikið á. Það kemur einnig í ljós í sambandi við tillögur um lánsfjáröflun, sem lagðar voru nýlega á borð okkar, að fyrirheit, sem gefin voru í fyrstu stefnuræðu hæstv. forsrh., eru nú ekki sett fram ákveðið, um ákveðna prósentutölu í verðbólguhömlun, en þó skal stefnt í þá átt að draga eins mikið úr verðbólgunni og aðstæður reynast til, segir þar nokkurn veginn orðrétt.

En ef ekki er hlustað á óskir launþegasamtakanna, sem eru mjög hógværar í dag, í því efni að reyna að ráða bót á verðbólgunni, þá hafa þau ekki nema eitt og gamalt ráð. Það er að tilkynna með ákveðnum fyrirvara að þau setji fram þessar kröfur og sé þeim ekki sinnt, þá kemur að verkfalli og verðbólguhjólið heldur áfram með fullum þrótti. Og þá þarf að halda öllum sköttum sem fundnir hafa verið upp, reynslan sýnir það, og engum aðila tekst að höggva þá niður og fella burt. Þetta vildi ég undirstrika sérstaklega að er mjög alvarlegt mál.

Forsendan fyrir þörf þessa skatts gat verið fyrir hendi þegar hann var settur. Það gat vel verið. En engu að síður hefði mátt gera ýmsar fleiri ráðstafanir til þess að hamla á móti útgjaldaþenslu ríkissjóðs með brbl. og aðgerðum til verðhjöðnunar, alveg eins og að auka þetta álag. Þetta kemur niður á stórum, mikilvægum vöruflokkum í neyslu almennings, öllu efni til byggingariðnaðar t. d., og þykir þó mönnum nóg um hvað byggingarkostnaður á Íslandi er orðinn mikill. Það er því dapurlegt að horfa upp á það að nú á ekki að standa við gefin fyrirheit í þessu efni. Það er komin viðbót er sýnir okkur að það á að halda þessu tímabundna vörugjaldi út næsta ár, og er áætlað að það gefi ríkissjóði um 2200 millj. kr. Ég hef þó ekki fengið staðfest að söluskattur sé innifalinn í þessari tölu og hefði viljað fá á hreint hvort þetta er heildartekjuöflun út af þessu gjaldi eða söluskattur á þessa tölu komi í viðbót. Þá fer nú lumman að bólgna út og nálgast 3 milljarða sem þetta gjald gefur ríkissjóði.

Það er talað um að taka þetta í áföngum, en ekki einu stökki. Einu sinni þótti það nú skynsamlegt að reyna að stökkva yfir erfiðleika í einu stökki, og sagt var hér af efnahagsráðgjafa þáv. ríkisstj.: „Ekki er hægt að stökkva yfir gjána nema í einu stökki.“ En nú skal reynt að stikla lækinn og komast þannig yfir. Það kann að hafa ýmiss konar aukaverkanir og víxláhrif þegar almenningur og menn, sem standa í innflutningi, sjá að hverju stefnir. Geta ákvæðin því verið mjög neikvæð fyrir ríkissjóð og jafnvel fyrir almenning í landinu. Menn munu þá fresta að leysa út lífsnauðsynlegar vörur eingöngu til þess að forðast að lenda í hærra hlutfalli í sambandi við þetta tímabundna vörugjald. Kann það að leiða af sér beinan vöruskort og hefur jafnvel bryddað á því nú í þessum mánuði, vegna þess að menn reiknuðu með að gjaldið mundi falla niður við áramót eins og ráð var fyrir gert. En þegar kom að lokaafgreiðslu og lokaátökum við að koma saman fjárlögum, þá kom í ljós að staða ríkissjóðs var svo bág að ekki hefur hæstv. ríkisstj. treyst sér til þess að standa við gefin fyrirheit og því er hér líklega um nauðvörn að ræða að framlengja gjaldið, jafnframt því sem Alþ. er beðið um að staðfesta brbl. sem gefin voru út í sumar. Sem sagt rökin fyrir áframhaldandi vörugjaldi eru nauðvörn og mjög þröngur hagur ríkissjóðs.

Það hefði verið hægt að sætta sig við hluta áfram ef hann hefði runnið óskertur í niðurgreiðslur og ákveðna þætti sem hefðu runnið beint til kjarabóta almenningi til handa og þannig stuðla að jafnvægi í verðlaginu. En það er nú öðru nær. Þótt niðurgreiðslur séu auknar um 700 millj. kr. er það aðeins tæpur þriðjungur af þeirri tölu sem þetta gjald gefur af sér á næsta ári, svo að ríkissjóður hefur miklar tekjur umfram fyrri ráðstöfun sem hækkar þá vöruverð á lífsnauðsynjum til almennings.

Það hafa verið gefin út loforð af hendi hæstv. ríkisstj. á undanförnum mánuðum sem nálgast það að skrifað sé upp á óútfyllta víxla. Í því sambandi má nefna ýmsar ábyrgðir, eins og við Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins í sambandi við vandamál togaraflotans og þar fram eftir götunum. Ef standa á við gefin fyrirheit í því efni kann ríkissjóð að vanta á annan milljarð kr., hvorki meira né minna. Og af því að þetta er víxill sem enginn veit hvað hár verður á falldegi, þá er gripið til þessa ráðs að framlengja gjaldið og treysta á að það gefi ríkissjóði hátt í 3 milljarða. Ég geng þá út frá því, þegar ég nefni svo háa tölu, að söluskatturinn komi ofan á 2.2 milljarða kr. Við vitum það, sem höfum verið í fjvn., að vandalaust er að ráðstafa þessari tölu og þótt meira hefði verið til í ríkissjóði. En það segir ekki það, að ekki hefði mátt breyta skattalögunum og um leið að taka víðar til fanga en bara af almenningi til þess að jafna metin fyrir ríkissjóð. Það hefur ekki fengist fram, eins og skýrt hefur komið í ljós í sambandi við almannatryggingalögin, þegar fært þótti að lækka heildaraiðurstöðu fjárlaga um 1.7 milljarð nokkurn veginn til þess að sýna að fjárl. hækkuðu aðeins um ákveðna prósentutölu sem var svo eftirsóknarverð að nauðsynlegt var að taka stórar fjárfúlgur út úr fjárlögum sem þar hafa verið mörg undanfarin ár, aðeins til að geta sagt og hælt sér af því að fjárlög hækkuðu um sáralitið eða sem minnst á milli ára. Það er markmið sem um er talandi og eitthvað er hægt að leggja á sig fyrir að ná. Hitt er minna markmið, að standa við gefin fyrirheit. En það má hæstv. ríkisstj. vita, að launþegasamtökin eru ekki svo illa sett að þau muni ekki eftir þeim loforðum sem þau hafa fengið, enda ekki svo langt um liðið að þau séu fyrnd.

Ég vara við svona vinnubrögðum. Alþ. og ríkisstj., hver sem hún er, eiga að hafa meiri festu í yfirlýsingum sínum og gjörðum. Þá næst meira jafnvægi í þjóðarbúskapnum og meira tillit verður tekið til ráðh., hverjir svo sem þeir eru og hvaða flokkar svo sem standa á bak við þá — og ekki mun af veita. Almenningur vill sjá traustа og örugga forsjá héðan úr þingsölunum, því að það er gamalt máltæki að eftir höfðinu dansa limirnir og sé ekki um góða viðleitni að ræða á efstu stöðum, þá er ekki að vænta þess að hinn óbreytti þegn hagi sér alltaf á besta veg þegar um eyðslusemi eða ráðdeildarsemi er að ræða. Menn líta þá oft ekki með nægilegri athugun á hvernig ráðstöfun fjármagns er best og æskilegust hverju sinni og engan veginn þegar ríkjandi er alvarlegt ástand í verðbólguþjóðfélagi eins og við höfum búið við undanfarinn langan tíma.

Við í Alþfl. lítum þetta illu auga og við hvetjum til þess að það sé ekki haldið áfram á þessari braut, það sé leitað annarra úrræða í þessu efni og það sé tekið eftir því að verkalýðshreyfingin hefur nú sett fram alveg nýtt viðhorf til þess að ná jafnvægi í efnahagsmálum okkar. Það er nauðsynlegt að taka eftir því og haga sér skv. því. Annars er ekki neitt annað fram undan en sú gamla, leiðinlega barátta að setja fram kröfur er nema tugum prósenta og þeim verði fylgt eftir með þeirri baráttuaðferð sem launþegasamtökin hafa, að sitja við sinn keip og ef ekki er undan látið þá að beita verkfallsvopninu. Ég tel að nóg sé af slíku komið og

við ættum að reyna nýjar leiðir. Og það er ósk mín til hæstv. ríkisstj. að hún stuðli að því af fremsta megni að slíkt takist nú og meira jafnvægi verði komið á en verið hefur.

Mjög margar greinar atvinnulífsins eiga við þröng kjör að búa nú og segjast ekki þola stórkostlegar kauphækkanir, og kann vel að vera að rétt sé frá skýrt. Ef kauphækkanir, sem nema tveggja stafa tölu í prósentum, verða knúnar fram, orsakar það enn skriðu í verðbólguátt og kannske endar það með gengisfellingu er líður á sumarið, eins og oft hefur skeð hér á Íslandi. En þá er það vegna þess að hæstv. ríkisstj. hefur ekki hlustað á þær kröfur og þær hugmyndir og þær tillögur, sem launþegasamtökin hafa sett fram, og hefur ekki viljað með nokkrum hætti stuðla að því jafnvægi í ríkisbúskapnum sem hún segist hafa áhuga á. Ef halda á fast við að þessi prósentutala ríki út næsta ár, þá stuðlar hún óhjákvæmilega að því að illa takist til í þessum efnum og verðbólgan haldi um of áfram í tveggja tuga eða þriggja tuga stærð. Sem sagt, hin ágætu fyrirheit rjúka út í veður og vind hjá hæstv. ríkisstj.

Ég vil undirstrika það, að hæstv. fjmrh. endurskoði afstöðu sína til þessa gjalds, að hann treysti sér til þess að lækka það og ráðstafa fjármagninu sem mest í lækkun á öðrum lífsnauðsynjum, af því að þetta gjald er á mjög mörgum tollflokkum er snerta almenning í landinu. Einkanlega er það á tollflokkum tilfinnanlega varðandi húsnæðismálin sem eru þó orðin þegar mjög mikið vandamál vegna fjármögnunar á öðru sviði.

Ég óska eindregið eftir því, að það verði athugað gaumgæfilega hvort ekki sé hægt að gera hér nokkra breytingu á. Ef tímaskorti verður um kennt, þá er það haldlítil ástæða vegna þess að ég er viss um það að hv. alþm. mundu afgreiða lægri prósentutölu umsvifalaust og án málalenginga. Það mundu allir fagna því ef slíkt yrði gert, og ekki síður mundi verslunarstéttin fagna slíku, að sjá að búa mætti við eitthvað fast út næsta ár á því sviði. Gæti þá farið saman áhugi á að vinna vel að innkaupum og einnig að jafnvægi takist á milli eyðslu og tekjuöflunar hjá ríkissjóði.

Ég skal ekki hafa þessi orð miklu fleiri, herra forseti. Ég reiknaði ekki með því að breyting yrði gerð svo skyndilega á dagskránni. Við í fjvn. höfum verið að mestu leyti innilokaðir í dag við að ganga frá síðustu tölum fjárlaga og ekki getað tekið hér þátt í umr. En ég taldi að við 3. umr. hefði ég eðlilegan rétt til að skýra sjónarmið mín þar sem ég gat ekki stutt frv. eins og það lá fyrir og vildi helst að hæstv. ríkisstj. og fjmrh. gæfu sér örlítinn tíma til að hugleiða málið. Svo langt er nú gengið í þeim efnum að hraða málum hér fram að einn af oddvitum stjórnarliðsins sér sig knúinn til að ávíta ríkisstj. í þeim efnum og undirstrika hve þingmál koma lítt undirbúin inn í þingsalina. Á sama hátt erum við knúnir til að afgreiða þingmálin sem koma svo lítt undirbúin, með að mestu leyti sýndarnefndarfundum. Ég segi að mestu leyti, því að við erum kallaðir hér á nefndarfundi í hliðarsali og nánast engar skýringar látnar í té. Oft hefur verið deilt á Alþ. fyrir léleg störf, og oft hefur verið sagt að þetta hafi aldrei verið svona áður. Ég skal ekki leggja nokkurn dóm á það en lítt er til eftirbreytni að haga sér með þessum hætti og er mál að linni.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 260).

Lántaka vegna opinberra framkvæmda, frv. (þskj. 247). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Í aths. með fjárlagafrv. fyrir árið 1976, á bls. 174, er rakið að hve miklu leyti lagaheimildir til ráðgerðrar lántöku skv. fjárlagafrv. eru fyrir hendi í sérstökum lögum og í frv. sjálfu, 6. gr., er leitað heimilda til lántöku innanlands. Því til viðbótar er í dag útbýtt á Alþ. lánsfjárskýrslu ríkisstj. þar sem gerð er grein fyrir lánsfjáráætlun á árinu 1976. Þar kemur fram að þörf er að afla heimildar til lántöku fyrir ríkissjóð að upphæð 6 655 millj. kr. Í þessari lánsfjárskýrslu, sem grein verður gerð fyrir á morgun við 3. umr. fjárlaga, kemur fram með hvaða hætti hugsað er að nýta þau erlendu lán sem ætlað er að taka á árinu 1976. Sé ég því ekki ástæðu til að fara ítarlegar út í það hér.

Frv., eins og það var lagt fram, hefur verið breytt í hv. Nd. og er nú á þskj. 247 með þeim breytingum sem þar hafa orðið. Í 2. gr. er enn fremur leitað heimildar fyrir fjmrh. til að endurlána Framkvæmdasjóði allt að 2045 millj. kr. á árinu af lánsfé því sem um getur í 1. gr. frv.

Ég vísa til þeirrar skýrslu sem lögð hefur verið fram þar sem ítarleg grein er gerð fyrir þeirri lánsfjáráætlun sem hugsað er að gildi á árinu 1976 og eins og ég vék að áðan verður gerð grein fyrir við 3. umr. fjárl.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Svo mikið liggur á að koma þessu máli í gegn að það er búið að boða okkur á fund strax á eftir í fjh.- og viðskn., áður en búið er að vísa málinu til okkar. Ég var að undirstrika það rétt áðan í ræðu minni, er viðkom öðru máli, að æskilegt væri að vinnubrögð hæstv. ríkisstj. skánuðu lítils háttar, og undirstrikaði það einnig, að svo langt væri orðið gengið í þessu að einn af oddvitum í stuðningsliði ríkisstj. ávítaði hæstv. félmrh. fyrir lélegan undirbúning mála og allan framgang hér á Alþ.

En þeir láta sér ekki segjast, þessir ágætu herrar, svo að það væri langréttast að tala hér í nokkra klukkutíma um efnahagsmálin og framvindu hjá hæstv. ríkisstj. og flýta sér hvergi

í því efni, vita hvort menn vildu ekki eilítið taka tillit til stjórnarandstöðunnar.

Hér kom bókstaflega ekki neitt fram í sambandi við þessi mál í framsöguræðu hæstv. fjmrh. sem máli skiptir, og engin leið er að fá það fram á nefndarfundi um miðja nótt — ekki nokkur minnsti möguleiki. Það er ekki hægt að kalla til nokkurn embættismann á einn eða annan veg.

Ég þarf ekki að fara mörg ár aftur í tímann, en ég man eftir því að hæstv. forsrh., sem er nú ekki viðlátinn í d., hélt hér langa ræðu í tíð vinstri stjórnar og taldi það ósvinnu mikla er hann fann það út að stefnt væri að um 13% hyrði vegna erlendrar lántöku sem hún ætlaði að stofna til — talaði um það langt mál.

Það væri nú ekkert úr vegi í sambandi við svona mikla lántöku að hv. Ed. a. m. k. fengi hugmynd um hvað þetta þýddi á næsta ári í greiðslubyrði í hlutfalli af gjaldeyristekjum þjóðarinnar og nánari sundurliðun, því að eins og kom fram í ræðu hæstv. fjmrh. var skýrsla um þessi mál lögð fyrir okkur hér á Alþ. í dag. Þó höfðum við fáeinir menn séð hana ljósritaða með mjög smækkuðu letri, og var það hliðstætt við annað gengissig í landinu að letrið var svo smátt að jafnvel held ég að sumir hafi gefist upp við að reyna að lesa það nema þá í gegnum stækkunargler.

Hér eru engin smámál á ferðinni. Það þarf að taka á annan tug milljarða að láni. Því var lofað að lánsfjáráætlun skyldi lögð fyrir Alþ. fyrir lok fjárlagaafgreiðslu ár hvert og er það lofsvert út af fyrir sig. En það stendur rétt á endum, að verið er að afgreiða fjárlög og þessi mál eru tekin fyrir um miðja nótt. Það má segja að staðið sé við loforð, en naumt er það og skellur hurð nærri hælum í því efni. Þó hafa ýmsir stórir fjallað hér um og samið þessa skýrslu. En það virðist hafa tekið þá langan tíma að komast að niðurstöðu sem við hv. alþm., a. m. k. stjórnarandstaðan, fengjum að sjá og fylgjast með í því efni. Það er gott út af fyrir sig að sjá þetta í heilu lagi og er sérstakt átak sem ber að þakka og virða. En svo mikið er nú orðið um stofnanir er fást við athugun á framgangi mála, reikningsheila og allt það dót, að varla ætti það að undra þó að heilleg niðurstaða lægi nú loksins fyrir um fjármál ríkisins og lántökur og fjármagnsþarfir, hreyfingu og greiðslubyrði og skyldi ekki þurfa að þakka neinum það sérstaklega.

Í II. kafla í þessari skýrslu segir:

„Helstu markmið ríkisstj. í efnahagsmálum á næstunni eru, eins og fram kom í stefnuræðu forsrh.: 1) Að draga verulega úr viðskiptahallanum við útlönd strax á næsta ári. 2) Að hægja mikið á verðbólguhraðanum frá því sem verið hefur á þessu ári.“

Í fyrstu ræðu sinni boðaði hann stefnumarkið 15%. Nú er líklega fokið yfir það á haustmánuðum þó að ekki séu miklir snjóar og það týnt og grafið. En vonandi grefst það upp með vorinu og sést þá hversu haldgóð loforðin eru.

Í þriðja lagi segir: „Að tryggja fulla atvinnu.“ Hvernig er nú hægt að standa við það eins og ástandið er nú og boðskapurinn í þessu öllu er feikilega aðhaldssöm fjármálastefna. Það er þó staðreynd að ekki hefur ríkt skynsamlegt mat í því efni, hvernig því skorna fjármagni, sem til er hefur verið úthlutað, og dæmi ég það eftir því að mjög mörg atvinnufyrirtæki í frumstarfsemi eru á heljarþröminni með greiðslu vinnulauna. Nú erum við komin fram á föstudag 19. des. anno domini 1975 og mér segir svo hugur um, að á morgun berjist margir forsvarsmenn atvinnufyrirtækja nærri vonlausri baráttu til þess að tryggja að þeir geti borgað vinnulaunin út kl. 3:30 á morgun. Það kom nýlega fram hjá stórum samtökum, er þjóna undirstöðuatvinnuvegi hér, þ. e. a. s. sjávarútvegi og fiskvinnslu, að skuld þessara aðila við þessa einu þjónustugrein var um 1.3 milljarðar kr., og hér skiptir litlu máli þó að grimmsterkt fyrirtæki eigi í hlut. Þeir fá ekki keyptan víxil jafnvel upp á 100—200 þús. kr., og það er næstum því að mennirnir eigi að borga starfsfólkinu af engu eða taka fé úr loftinu.

Frá Fiskveiðasjóði hefur komið sá boðskapur að draga verði verulega úr fyrra hlutfalli í sambandi við nýsmíði og margt annað. Það getur vel verið að í þessari skýrslu komi rækilega fram það sem Fiskveiðasjóður áformar sér á næstunni í því efni, en ekkert svigrúm hefur unnist til þess að fara gaumgæfilega í gegnum það. En hitt veit ég og margir þm. hafa séð að forsvarsmenn skipasmíðaiðnaðarins hafa verið bæði hér í þingsölum og ég hef heyrt af því að þeir hafi verið annars staðar einnig og sótt mjög fast á að hér væri sett upp eitthvert ákveðið skipulag, en ekki tilkynnt skyndilega eftir einn fund í stjórn Fiskveiðasjóðs að niður væri skorið um fast að helming frá því sem verið hafði áður, því að slík ákvörðun, ef við hana er haldið, þýðir rothögg fyrir marga aðila — ekkert annað, og þeir skafa ekkert utan af því. Það er hreint rothögg og þess vegna er tilgangslaust að koma með svona samþykkt ef á að halda við eitt af grundvallarsjónarmiðum þessarar ríkisstj. að hafa fulla atvinnu í landinu.

Þrátt fyrir mikil áform um stórkostlegar lántökur, bæði erlendis og innanlands, kemur í ljós að óskir fjárfestingarsjóðanna eru langt umfram það sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Það hefur jafnan verið svo að óskir manna um fjármagn hafa verið langt ofan við það sem hægt er að fullnægja og standa við, og kannske ekki heldur æskilegt að láta undan öllum óskum til þess að halda jafnvægi á efnahagssviðinu.

Eitt er athyglisvert í sambandi við þessi mál og því ber að fagna að nú hefur ráðstöfunarbært fé frá lífeyrissjóðunum aukist og því er gert ráð fyrir að þeir muni lána hærra hlutfall en verið hefur í mörg ár. Tel ég það rétt og mætti stefna að enn hærra hlutfalli, allt að annarri hverri krónu, í gegnum þessa lánasjóði. Ég tel að það væri mikil bót til þess að hafa jafnvægi í efnahagsmálum okkar og koma málum betur fyrir með þeim hætti.

Frv. sjálfu fylgir engin grg. þótt um stóra tölu sé að ræða svo að við verðum að líta á sundurliðun í sambandi við þessa lántöku í skýrslu ríkisstj. um lánsfjáráætlun 1976. Hæstv.

fjmrh. sagði að hún yrði rædd eða grein fyrir henni yrði gerð við 3. umr. fjárlaga á morgun. En þá verður tíminn naumur til einhvers á morgun ef ræða á þessi mál þá einnig.

Ég vildi mega óska eftir því að heyra það nú af hálfu hæstv. fjmrh. hver greiðslubyrði ríkissjóðs hafi verið í ár af erlendum lántökum, vöxtum og afborgunum, og að hverju er stefnt á næsta ári. Ég vona að einhver stuðningsmaður hæstv. ráðh. komi þessu til skila því að ég fer nú ekki að stöðva ræðu mína og óska eftir því að einhver ráðh. virði okkur svo mikils í stjórnarandstöðunni að hlusta á okkur. Þeir hafa ekki sýnt okkur þann heiður undanfarna klukkutíma og vart hægt búast við að þeir geri það um miðjar nætur. En fari svo að þeir nenni ekki að hlusta á þessi orð né svara mér, þá stíg ég aftur í stólinn og þá lengjast aðeins umr. allverulega að nýju.

Það er áætlað að inn komi löng erlend lán sem nemi 18 milljörðum 725 millj. kr. árið 1976, en afborgun af eldri lánum verði samtals 8.5 milljarðar, þannig að nettóaukning erlendra lána verði um 10.1 milljarður kr., samanborið þó við 13.1 milljarð nettóaukningu á yfirstandandi ári, svo að hér er stefnt að með meiri gát þrátt fyrir að stórvirkjanir séu í gangi. Enn liggur ekki fyrir hvað skeður varðandi Grundartanga. Það mál er allt í athugun og við vitum ekkert um það enn þá hvað það þýðir. Sagt er að erlendar lántökur fjárfestingarlánasjóðanna árið 1976 séu áætlaðar rúmlega 2 milljarðar, en munu hafa verið á þessu ári 2.2 milljarðar, svo að hér um 10% lægri tölu að ræða. Þetta á að sanna það að heldur varlega sé farið í sakirnar varðandi næsta ár. Þó er svo komið, eftir því sem ég best veit, að heildarskuldir ríkisins muni vera rúmlega 55 milljarðar, en fjárlögin núna tognuðu upp fyrir 60 milljarða síðla dags er fjvn. hætti störfum. Þetta hljóta að vera óheyrilega háar skuldir miðað við ríkisfjárlög. Ekkert liggur fyrir hvernig þetta er í hlutfalli við önnur Norðurlönd eða önnur lönd sem við höfum efnahagssamstarf við, en fróðlegt væri að hafa um þetta nokkurn samanburð svo að við gætum séð að hverju við stefnum hér.

Mér segir svo hugur um að fast að fimmta hver króna fari nú í vexti og afborganir af þeim gjaldeyriskrónum sem við öflum. Þetta hlutfall tel ég langt umfram eðlilegt, og eins og ég sagði í upphafi ræðu minnar sagði núv. hæstv. forsrh. að í óefni stefndi hjá vinstri stjórninni þegar reikna mætti með allt að 11—13% greiðslubyrði vegna erlendrar lántöku hjá henni. Forsvarsmaður vinstri stjórnarinnar, form. Alþb., las þá upp langan lista er hann hafði látið útbúa um greiðslubyrði í tíð viðreisnarstjórnarinnar og hallaðist ekki mikið á. Síðan hafa viðhorf kannske breyst og við höfum átt sæmilega tíma og þolað að taka aukin erlend lán. En hér er komið að markinu að því er ég tel og nauðsynlegt að móta nýja stefnu og ný viðhorf í þessu efni.

Það er ósk mín að það komi fram við þessar umr. að hverju stefnir í þessu efni svo að ég fái það staðfest af hæstv. fjmrh. eða forsvarsmönnum ríkisstj. og sé ekki sjálfur með ágiskanir einar. Ef starfa á hér á nefndarfundum og afgreiða mál um miðjar nætur, þá er það algjör vanvirða við okkur í stjórnarandstöðunni og eigum við varla annars úrkosta en að taka upp skipulagt málþóf, ekki aðeins í þessu máli, heldur mörgum fleiri. Ég óska því eindregið eftir því að málið sé rætt við eðlilegar aðstæður og það gefist smásvigrúm til að athuga þetta mál. Ef svo er ekki, þá er látið skeika sköpuðu með það, en ég áskil mér þá allan rétt að fjalla um þessi mál og almenna efnahagsstefnu í sambandi við þessi mál, því að þetta tvinnast sannarlega saman.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af því sem hv. 1. landsk. þm. sagði varðandi flutning þess frv. sem hér er til umr. Það er sjálfsagt að veita allar þær upplýsingar sem óskað er eftir, á nefndarfundi fjh.- og viðskn. Ed. Að menn séu boðaðir á fund áður en umr. er lokið er ekkert nýtt fyrirbrigði hér á Alþ. Ég man ekki betur en að oft séu boðaðir sameiginlegir fundir í nefndum, og þá er það undir þeim kringumstæðum að málin eru til umr. í fyrri d., þannig að hér er ekki um neitt afbrigðilegt að ræða.

Ég skil mjög vel að kannske sé erfitt á þessum tíma að fá þá aðila til fundar sem hv. þm. vildu gjarnan spyrja í sambandi við þetta mál. Ef óskir koma fram í fjh.- og viðskn. vegna ákveðinna aðila sem mér skilst að ætlað sé að koma þar til fundar, á þá veit ég að orðið verður við þeirri ósk að fresta fundi til morguns og fá þá viðkomandi aðila til þess að mæta þar á fundi.

Ég vitnaði og skírskotaði hér til þeirrar skýrslu sem lögð var fram á Alþ. í dag, og ég held að það komi mjög vel fram þar til hvers verið er að afla þeirrar lánsheimildar sem gert er í fv. á þskj. 247. Að hluta til var búið að kynna það í fjárlagafrv. svo og hitt, að fjvn.-mönnum var sérstaklega send þessi skýrsla í handriti til þess að þeir gætu fengið tækifæri til þess að kynna sér hana um leið og þeir væru að að vinna að lokaafgreiðslu fjárlagafrv. Það er að sjálfsögðu rétt að skýrslan kemur seina en ég vonaðist til á borð alþm., en ég vonast til þess að menn virði mér það til vorkunnar þegar litið er á að hér er um að ræða verk sem ekki hefur verið unnið áður, og af skýrslunni má sjá að hér er um mikið verk að ræða. Ég held að þau vinnubrögð, sem hér eru upp tekin, séu með þeim hætti að þm. eigi miklu fremur að sjá það jákvæða heldur en hitt, þó að svo takist til að skýrslan hafi ekki verið lögð fram á þingi fyrr en í dag. Með því að þessi skýrslugerð hefur nú átt sér stað og hún verði lögð fyrir Alþ. um leið og fjárlagaafgreiðsla fer fram, þá tel ég eðlilegt að frv. til að afla heimildar til erlendrar lántöku í samræmi við þá skýrslu sé til umr. á sama tíma. Ég held að þetta séu vinnubrögð sem eigi að viðhafa, en ekki hitt, sem gjarnan hefur viljað brenna við, að afgreiðsla slíkra mála hefur tekið lengri tíma og ekki verið í neinu samhengi.

Ég skal ekki hafa þessi orð mín fleiri, en vil segja við hv. þm. að það er hægt að fá allar upplýsingar — sjálfsagt að fá þær, og ef til fundar verður boðað í hv. fjh.- og viðskn.

nú á þessum tíma og þar kemur fram ósk um að einhverjir þeirra, sem að samningu þessarar skýrslu hafa staðið komi til fundar, þá er sjálfsagt að sjá til þess þegar dagur rís.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. til fjh.- og viðskn. með 17 shlj. atkv.

Efri deild, 40. fundur.

Föstudaginn 19. des., kl. 0.50 á miðnætti.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 234). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Með frv. þessu er leitað eftir heimild Alþ. til að framlengja frest samkv. 16. gr. l. nr. 46/1973 um einn mánuð til þess að betri tími gefist til þess að ná samkomulagi í yfirstandandi deilumálum milli fjmrn. og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Jafnframt verði ríkissáttasemjara veitt heimild til að leita sátta milli aðila til 25. jan. 1976 ef annar hvor aðili óskar þess.

Ástæðan fyrir frestunarbeiðni þessari er sú, að aðilar, þ. e. a. s. fjmrn. og stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, eru sammála um að reyna til þrautar að ná samkomulagi, en sá tími, sem nú er eftir til ráðstöfunar af gildandi fresti, er fyrirsjáanlega of skammur, en Kjaradómur skal kveða upp úrskurð sinn fyrir 31. des. n. k.

Frv. þetta er flutt með samkomulagi við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, og gjarnan, þegar svo háttar, hefur ekki verið talin ástæða til þess að vísa slíku frv. til nefndar.

Ég hef haft samráð við formenn allra þingflokka og eru þeir sammála um þá venju sem um slíkan frv.-flutning hefur ríkt — að ekki sé ástæða til að vísa máli til nefndar — og legg því til að málinu verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr. án þess að það gangi til nefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Aukatekjur ríkissjóðs, frv. (þskj. 246). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Frv. til l. um aukatekjur ríkissjóðs hefur þegar verið til meðferðar hér í hv. deild. Frv. þetta er komið frá Nd. aftur hingað til Ed. þar sem gerð var lítils háttar breyting á frv., en við 1. málsgr. 20. gr. hefur verið bætt við: „enda sé ákvörðun þess eigi falin öðrum ráðherra með lögum.“ 1. málsgr. hljóðar þá svo: „Fjmrh. skal með reglugerð ákveða gjöld fyrir hvers konar leyfisbréf, skírteini og skráningar, enda sé ákvörðun þess eigi falin öðrum ráðherra með lögum.“

Það var dómsmrn. sem óskaði eftir því að þessari setningu yrði bætt við málsgr.

Þar sem hér er um mjög lítils háttar breytingu að ræða vil ég leggja til að frv. verði samþ. eins og það kemur nú frá Nd. án þess að því verði vísað til nefndar.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 261).

Efri deild, 41. fundur.

Föstudaginn 19. des., að loknum 40. fundi.

Söluskattur, frv. (þskj. 257). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Á þskj. 257 er frv. til breyt. á l. um söluskatt. Gjöld á söluskattsstofn eru nú samtals 20%, þar af er sjálfur söluskatturinn 13%, söluskattsauki 4%, viðlagagjald á söluskattsstofn 2% og gjald á söluskattsstofn til að draga úr áhrifum verðhækkunar á olíu 1%.

Samkv. 5. gr. l. nr. 5 28. febr. 1975 fellur viðlagagjald á söluskattsstofni niður 31. des. n. k. Er ætlað að núgildandi tekjustofnar Viðlagasjóðs dugi til þess að ljúka verkefnum hans í Vestmannaeyjum og á Norðfirði, en Viðlagatrygging Íslands tekur síðan við verkefnum, eins og kunnugt er, á næsta ári. Er með frv. þessu lagt til að 2% gjald á söluskattsstofn, sem runnið hefur í Viðlagasjóð, verði sameinað söluskattinum og renni framvegis í ríkissjóð. Þá er lagt til að 3 stig af söluskattsaukanum verði felld niður, en söluskattur hækkaður að sama skapi, sbr. brtt. á þskj. 199. Með þessu hækkar söluskatturinn um 5 prósentustig enda þótt heildargjöld þau, sem eru lögð á söluskattsstofn, verði óbreytt, þ. e. a. s. 20%.

Þessi breyting hefur í för með sér að tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga stóraukast. Samkv. núgildandi lögum nýtur sjóðurinn 8% af þeim tekjum sem sjálfur söluskatturinn, þ. e. a. s. 13 prósentustig, gefa af sér.

Eftir breytinguna nýtur sjóðurinn hins vegar 8% tekna af 18 söluskattsstigum. Er áætlað að tekjuaukning sveitarfélaganna af þessari breytingu verði um það bil 450—460 millj. kr. á árinu 1976, en gert er ráð fyrir að þau verkefni, sem sveitarfélögin yfirtaka, séu samkv. tölum fjárlagafrv. 392 millj.

Þessi breyting er liður í að lögfesta þá stefnumörkun ríkisstj. sem gerð er grein fyrir í aths. við fjárlagafrv. ársins 1976 og nú er komin til afgreiðslu til 3. umr., um tilflutning á verkefnum og tekjum sveitarfélaga, en samhliða frv. þessu var flutt frv. sem felur í sér flutning verkefna til sveitarfélaga.

Auk þessa er gerð tillaga um breytingu á frv. sem þegar hefur verið lagt fyrir Alþ., og lýtur sú tillaga að því sama og felst í ofangreindu frv.

Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til frekari skýringa á þessu frv. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 39. fundur.

Föstudaginn 19. des., kl. 0.45 á miðnætti.

Fjáröflun til vegagerðar, frv. (þskj. 204, n. 250). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Hæstv. forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á l. nr. 79 frá 6. des. 1974, um fjáröflun til vegagerðar. Frv. þetta felur það í sér að bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en bensín, skuli frá og með árinu 1976 greiða árlega þungaskatt til ríkissjóðs svo sem nánar segir í 1. gr., þ. e. af bifreiðum, sem eru allt að 2000 kg að eigin þyngd, skuli greiða 70 þús. kr. og af bifreiðum, sem ekið er gegn gjaldi, skuli gjaldið vera 30% hærra eða 91 þús. kr.

Nefndin er sammála um að mæla með því að frv. verði samþ. eins og það er komið frá hv. Ed. Hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason var fjarverandi afgreiðslu málsins og hv. þm. Lúðvík Jósepsson skrifar undir nál. með fyrirvara.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Verkefni sveitarfélaga, frv. (þskj. 256). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Forseti. Þetta frv. fjallar um breytingar á lögum vegna nokkurra verkefna sveitarfélaga og kostnaðar við þau. Það var lagt fyrir Ed. og hefur verið afgreitt þaðan.

Í aths. með fjárlagafrv. fyrir 1976 er gert ráð fyrir nokkurri tilfærslu á verkefnum og kostnaði við þau frá ríkissjóði til sveitarfélaga. Þetta frv. er flutt í framhaldi af því.

Gert er ráð fyrir því, eins og hefur komið fram í frv. um söluskatt sem nýlega var rætt í þessari hv. d., að sveitarfélögin eða Jöfnunarsjóður þeirra fái aukna hlutdeild í söluskatti, þannig að í stað þess að nú fá þau 8% af 13% söluskatti fái þau 8% af 18% söluskatti. Á móti þessum auknu tekjum færast ýmsir kostnaðarliðir yfir til sveitarfélaganna eins og greinir í þessu frv.

Það er í fyrsta lagi, eins og segir í I. kafla, að kostnaður við heimilishjálp í viðlögum, sem nú er að ⅓ greiddur af ríkissjóði, skuli greiddur að öllu leyti af sveitarfélögunum.

II. kafli fjallar um vinnumiðlun og þar eru sömu ákvæði, að ⅓ hluti kostnaðar, sem greiðist nú úr ríkissjóði, færist við þetta yfir til sveitarsjóða.

III. kafli fjallar um orlof húsmæðra. Í gildandi lögum er ákveðið að ríkissjóður greiði árlega upphæð sem svarar minnst 100 kr. fyrir hverja húsmóður í landinu og sveitarfélög greiði eigi minna en 50% á móti framlagi ríkissjóðs. Í stað þessara ákvæða kemur samkv. þessu frv. ákvæði um að sveitarsjóður greiði árlega upphæð sem svarar til minnst 150 kr. fyrir hverja húsmóður.

IV. kafli fjallar um dvalarheimili aldraðra og er þar um flutning á kostnaði að ræða frá ríkinu, sem nú er gert ráð fyrir að greiði ⅓ hluta kostnaðar, yfir til sveitarfélaga.

Þá er í V. kafla fjallað um lög um grunnskóla og gerð sú breyting á að viðhaldskostnaður húsa og lóða, viðhald og endurnýjun tækja og búnaðar greiðist af sveitarfélögunum.

Í VI. kafla frv. er fjallað um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistunarheimila. Hér er gert ráð fyrir þeirri breytingu, að sveitarfélögin taki að sér rekstrarkostnað þessara stofnana að fullu. En í gildandi lögum er svo ákveðið að ríkið greiði af rekstrarkostnaði dagheimila og skólaheimila allt að 30%, en leikskóla allt að 20%.

VII. kafli fjallar um almenningsbókasöfn. Nú er gert ráð fyrir í lögum að söfnin njóti styrks úr ríkissjóði samkv. nánari ákvörðun í fjárlögum. Hér er gert ráð fyrir að þetta ákvæði falli niður.

Þetta eru meginbreytingarnar sem gerðar eru með þessu frv. Felur frv. í sér einstakar breytingar aðrar á viðkomandi lögum sem leiðir af þessum meginatriðum.

Í grg. frv. er gerð nokkur grein fyrir kostnaði af þessum 7 liðum sem hér hafa verið raktir. Í fjárlagafrv. var gert ráð fyrir að þessir liðir sem þannig ættu að færast yfir, næmu samtals 392 millj., en við endurmat á þeim fjárhæðum eru það nú 458 millj. kr. Er gert ráð fyrir því að sá tekjuauki, sem Jöfnunarsjóður fái, verði um 250 millj. á næsta ári, eftir því sem nú er áætlað. Af þessari upphæð munu um 12% ganga til sérstakra verkefna samkv. lögum, svo sem framlag til Lánasjóðs sveitarfélaga, til varasjóðs, framlag til Sambands ísl. sveitarfélaga og til landshlutasamtaka. Þegar það hefur verið dregið frá verða eftir 458 millj. sem ætlaðar eru til þeirra verkefna sem greinir frá í frv.

Þetta frv. felur í sér breytingar varðandi einstök atiði og er aðeins einn hluti af stóru vandamáli sem er verkaskipting ríkis og sveitarfélaga og tekjustofnar sveitarfélaganna. Þar er um stórmál að ræða sem lengi hefur verið um fjallað. Samtök sveitarfélaganna hafa lagt í það mikla vinnu að kanna það mál, og m. a. birti Samband ísl. sveitarfélaga fyrir tveimur árum ítarlega grg. um þessi mál og lauk grg. með 100 tillögum

um helstu atriði sem til greina kemur að flytja frá ríkinu til sveitarfélaganna. Að undanförnu hafa þessi mál verið til rækilegrar athugunar í félmrn. m. a., og sérstaklega hafa þessar till., sem Samband ísl. sveitarfélaga lagði fram á sínum tíma, verið kannaðar og skoðaðar.

Samband ísl. sveitarfélaga hefur nú farið þess á leit að nú þegar verði skipuð samstarfsnefnd ríkisins og Sambands ísl. sveitarfélaga er hafi það verkefni að undirbúa fyrir reglulegt Alþ. 1976 tillögur um breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga og á verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Er ákveðið að verða við þessari ósk sambandsins og mun þessari nefnd komið á fót fyrir lok þessa árs. Ég vænti þess að góður árangur geti orðið af starfi þessarar væntanlegu samstarfsnefndar.

Ég legg til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og félmn.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Látið er að því liggja að með þessu frv. sé gengið til móts við óskir Sambands ísl. sveitarfélaga um hreinni verkefnaskiptingu og þetta sé í samræmi við yfirlýsingu ríkisstj. um sama efni. En hér er vitanlega ekki um neitt slíkt að ræða. Hér er eingöngu verið að fela sveitarfélögum viss verkefni til þess að geta sýnt lækkun útgjalda á fjárlögum um 500 millj. Það liggur líka ljóst fyrir að Samband ísl. sveitarfélaga hefur ekki lýst yfir samþykki sínu við frv. í núverandi mynd. Verkefnavalið er mjög handahófskennt og sumt að mínu mati beinlínis rangt, og það var eftirtektarvert að hæstv. ráðh. færði engin rök að því, hvers vegna þessi mál væru endilega tekin fram yfir önnur, og engin orð féllu í þá átt að hér væri verið að koma á hreinni verkefnaskiptingu, svo að ég gæti greint. Hér er, eins ég sagði áðan, vitanlega fyrst og fremst um það að ræða að lækka fjárlög.

Ef við lítum á það verkefnaval sem hér er tekið fyrir er líka augljóst að hér ræður engin heildarstefna. Stærstu liðirnir eru þess eðlis að þeir eru sameiginleg menningar- og félagsmál allrar þjóðarinnar og því eðlilegt og rétt að ríkið taki þátt í þeim. Hér vil ég nefna sérstaklega almenningsbókasöfnin, dagvistunarheimili og elliheimili. Um þessi tvö síðustu mál var alger eining á sínum tíma að ríkið tæki þátt í kostnaði við þau og allir sammála um nauðsyn þess. En nú er Framsfl. reiðubúinn að ýta þessum bagga frá sér og láta sveitarfélögin sjá um þá þungu kostnaðarliði sem þar eru.

Það er sérstök ástæða til að fara nokkrum orðum um málaflokkinn almenningsbókasöfn. Það munu vera liðnir ekki meira en um það bil tveir mánuðir síðan hæstv. menntmrh. lagði hér fram sérstakt frv. um almenningsbókasöfn sem fól í sér ríkisframlag um 81 millj. kr. Voru allir sammála um að nauðsynlegt væri að þetta frv. yrði afgreitt á þessu þingi og alls ekki skiptar skoðanir um réttmæti þess að ríkið tæki þátt í byggingu og rekstri almenningsbókasafna, eins og það hafði gert síðan 1963. En vegna þess að þessi mál hafa verið stórlega vanrækt átti nú að auka ríkisframlagið. Þetta frv. var ekki fyrr komið í n. en stjórnarsinnar sjálfir settust á það eingöngu til þess að þurfa ekki að sýna hækkaða útgjaldalið á fjárlögum. Málefnið sjálft kom þeim ekki við, aðeins þetta sýndarfrv. sem hér er verið að afgreiða þessa dagana. Með því að svipta almenningsbókasöfnin ríkisframlagi er verið að stíga stórt skref aftur á bak í menningarmálum. Við erum þar með líklega komin á bekk með íhaldssömustu þjóðum sem þekkjast.

Það er mikil hætta á því að allir, jafnt ungir sem gamlir, muni draga það við sig að lesa bækur, að eignast bækur. Og einmitt nú, þegar verið er að byggja upp bókasöfn með öðru móti en áður og það sjónarmið viðurkennt að þau eigi að vera menningarmiðstöðvar með bókum og öðrum gögnum, þá stígur hæstv. ríkisstj. þetta spor í þessum málum hér á Íslandi. Þetta er að mínu mati stórlega vítavert athæfi.

Það má líka gera ráð fyrir því að starfsemi þessi muni leggjast allt að því niður í heilt ár, og mátti hún þó síst við því. Nú þegar eru flest sveitarfélög búin að ganga frá sínum fjárhagsáætlunum og fer þá trúlega lítið fé til bókasafna á næsta ári. Ég vænti þess þó að hæstv. menntmrh. sjái til þess að framlag til Rithöfundasjóðs hækki á næsta ári, svo sem gert var ráð fyrir í frv. um almenningsbókasöfnin, en það frv. verður örugglega ekki afgreitt fyrir jól úr þessu og því allir þessir liðir úti.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að dagvistundaheimilum. Með þeim lögum var, eins og ég mun áður hafa sagt úr þessum ræðustól, stigið stórt spor í framfaraátt, en þau mál höfðu mjög verið í vanrækslu áður en vinstri stjórnin tók við. Það var eining um það hér á Alþ. að setja þessi lög, að ríkið skyldi greiða bæði til stofnkostnaðar og til rekstrar. Það heyrðist þegar frv. þetta var í fæðingu, sem var nokkuð erfið, að ríkið ætlaði að láta sveitarfélögin alveg um dagvistunarheimilin, láta þau sjá um stofnkostnaðinn líka. En sveitarfélögin munu hafa hafnað því góða boði, og ég býst við að ég hefði orðið enn harðorðari en nú ef stofnkostnaðurinn hefði líka verið lagður á sveitarfélögin ein.

Í lögum um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistunarheimila er kveðið svo á að hámarkshlutdeild ríkisins til rekstrar skuli vera 30% af rekstrarkostnaði dagheimila og skóladagheimila og 20% af rekstrarkostnaði leikskóla og skuli sveitarfélög greiða ekki minni hluta á móti. Ég hygg að ríkið hafi nokkurn veginn staðið í skilum með þetta framlag sitt til rekstrarins, svo að hér missa sveitarfélögin stóran spón úr aski sínum.

Það er fullyrt í því frv., sem hér liggur fyrir, að rekstrarkostnaður dagvistunarheimila verði 120 millj. á næsta ári. Þetta kemur ekki heim og saman við þær upplýsingar sem menntmrn. gefur, en þar var reiknað með að rekstrarfjárþörf á næsta ári væri 187.5 millj. kr. Það liggur í augum uppi, að verði þetta frv. að lögum mun það hafa í för með sér stórfellda hækkun á daggjöldum fyrir aðstandendur barna, og hætta er á að þessi heimili verði þá munaður fyrir hátekjufólk, en hinir, sem verr eru settir, verði að bjarga sér og sínum börnum sem best þeir mega.

Ég veit ekki hvort menn gera sér almennt ljóst hvað hér er um gífurlega mikla fjárhæð að

ræða, en rekstrarkostnaður á vistmánuð er áætlaður rúmar 19 þús. kr. á dagheimili og 6 þús. á leikskóla.

Um málaflokkinn elliheimili gilda mikið til sömu rök. Hér er um félagslegt verkefni að ræða sem á að varða alla þjóðina, og í þessum efnum verðum við að koma á jöfnuði. En hér hefur hæstv. ríkisstj. stigið í hina áttina og ætlar sveitarfélögunum einum að sjá um þennan lið.

Við alþb.-þm. erum andvígir þessu frv. Við vorum samþykkir því ákvæði að sveitarfélögin fengju auknar tekjur, fengju þessi tvö söluskattsstig. En við teljum, að þau hafi nóg við þær að gera þótt ekki sé bætt á þau verkefnum enn frekar.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns gera aths. við hvernig að þessum málum er staðið eins og raunar fleirum sem hafa komið á borð þm. allra síðustu dagana áður en þingið á að fara í jólafrí.

Það hefur legið ljóst fyrir alveg síðan þing kom saman í okt. í haust að ætlun ríkisstj. var að flytja frv. eins og þetta, m. ö. o. að taka til endurskoðunar verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og flytja sérstakt frv. eða sérstök frv. um aukna þátttöku sveitarfélaga bæði í ýmsum fjárfestingarframkvæmdum og eins í ákveðinni þjónustu. Þetta lá fyrir af hálfu hæstv. ríkisstj. þegar í okt. s. l. að mundi gert verða. Hins vegar hefur svo liðið október, nóvember og hálfur desember að ekkert hefur sést frá hæstv. ríkisstj. um það, hvernig hún hygðist standa að þessu. Það var ekki fyrr en nú fyrir nokkrum dögum að þm. gafst kostur á að kynna sér till. hæstv. ríkisstj. Og ég verð að segja eins og mér finnst að varla er í þessu frv. hægt að komast af með öllu skemmri grg. eða aths. en með því fylgja, því að þar má segja að sé varla sagt aukatekið orð um hverju sé ætlað að breyta með þessu frv. í þeim fjölmörgu lagabálkum sem það varðar.

Ég hlustaði áðan á einn stjórnarþm., hv. þm. Steingrím Hermannsson, lesa mikinn reiðilestur yfir hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. þar sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson átaldi ríkisstj. og ráðh. mjög harðlega fyrir hvernig hún hefði staðið að þessum málum. Ég held að ég muni það rétt, að hann hafi lokið þeim parti ræðu sinnar með því að segja: „Ég er búinn að fá meira en nóg.“

Séu hv. stjórnarþm. búnir að fá meira en nóg, hvað skyldi þá vera um okkur stjórnarandstæðinga sem höfum ekki einu sinni haft aðstöðu til að fylgjast með því, hvað hæstv. ríkisstj. er að gera, fyrr en á síðustu dögum, jafnvel síðustu klukkustundum þinghaldsins fyrir jól. Að vísu var þetta ekki nægileg ástæða fyrir hv. þm. Steingrím Hermannsson til þess að greiða atkvæði gegn því frv. sem hér er til umr., en ég hygg þó að vilji hans hafi sá verið, þó að hann hafi ekki látið til leiðast að greiða atkv. gegn frv. af hlýðni við sína yfirboðara í hæstv. ríkisstj. En það er atriði út af fyrir sig.

Það er rétt, sem hér hefur fram komið að það ber nauðsyn til þess, sem ég hygg að allir þingflokkar styðji, að gerðar verði breytingar á verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Enda er það í senn vilji ríkisstj. og vilji Sambands ísl. sveitarfélaga og sveitarfélaganna sjálfra. Hins vegar er það einkenni þessa frv. að það er rokið til í þetta mikilvæga verkefni á síðustu stundu að lítt athuguðu máli og raunar tjaldað þar til einnar nætur.

Sú er hin fyrsta ástæða fyrir því, að ég mun greiða atkv. gegn þessu frv., að hér er ekki um að ræða varanlega endurskoðun á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, heldur fyrst og fremst verið að tjalda til einnar nætur og búast má við því, eins og raunar hefur fram komið hjá hæstv. ráðh, að málið allt verði tekið til endurskoðunar síðar í sambandi við frekari athugun þess, þannig að það, sem verið er að gera nú, *mun ekki eiga langa framtíð fyrir sér* að öllum líkindum.

Ég er sannfærður um að það er rétt, að það hafa ýmsar breytingar verið gerðar til bóta á upphaflegum hugmyndum hæstv. ríkisstj. um *breytingu á þessari verkaskiptingu sem hún mun* hafa komið fram með og okkur stjórnarandstæðingum eru lítt kunnar. Engu að síður er það svo, þó að sum atriði í þessu frv. séu e. t. v. þess virði að það væri hægt að skoða þau sérstaklega betur, að það eru ákveðin atriði í þessu frv. sem gera það að verkum að ég mun ekki geta greitt atkv. með því og mun því greiða atkv. á móti því. Þar er bæði um smærri og stærri atriði að ræða.

Ég vil t. d. benda á að frv. gerir ekki ráð fyrir því að sveitarfélögunum sé séð fyrir tekjum sérstaklega til þess að reka fræðsluskrifstofur, og sá vandi sveitarfélaganna er ekki leystur í þessu frv. Það mun vera um það bil eitt ár síðan ég lagði fram hér á hinu háa Alþ. fsp. til hæstv. menntmrh. um einmitt þetta atriði. Þar spurði ég ráðh. hvort eitthvað það væri í bígerð af hálfu hæstv. ríkisstj. sem gerði sveitarfélögunum kleift að ráðast í þann umfangsmikla rekstur fræðsluskrifstofa sem þeim er lagður á herðar í grunnskólalögum. Ég flutti þessa fsp. til hæstv. ráðh. vegna þess að ég vissi að sveitarfélögin töldu sig ekki geta staðið undir þessum rekstri nema kæmi til sérstök greiðasemi frá ríkisstj. Hæstv. ráðh. svaraði mér þá, fyrir einu ári, að þetta mál væri til mjög gaumgæfilegrar athugunar í menntmrn., bæði gaumgæfilegrar athugunar og velviljaðrar, og þess væri að vænta að úrslit í málinu væru skammt undan og málið yrði leyst á þann veg sem sveitarfélögin gætu mætavel við unað. Nú hefur liðið eitt ár síðan og hefur ekki bólað á þessari lausn enn og bólar ekki á henni í þessu frv. til l. sem hér er flutt, að því er ég best fæ séð. Þetta er eitt atriði, e. t. v. ekki ýkjastórvægilegt, en þó talsvert, sem gerir það að verkum að ég get ekki greitt þessu frv. atkv.

Annað atriði, mun stórvægilegra þó, sem ég er andvígur, kemur fram í IV. kafla, 5. gr. frv., þ. e. a. s. um dvalarheimili aldraðra. Þar er gert ráð fyrir að niður falli 1. málsgr. í 7. gr. l. um dvalarheimili aldraðra. Þessi mgr., sem á að falla niður, hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú byggir sveitarfélag dvalarheimili eða hefur rekstur þess samkv. lögum þessum, og skal þá ríkissjóður greiða ⅓ hluta kostnaðar við bygginguna og kaup nauðsynlegra tækja og búnaðar.“

Samkv. frv. því, sem hér er flutt, er sem sagt gert ráð fyrir því að þessi mgr. falli niður, skylda ríkissjóðs til þess að greiða ⅓ hluta kostnaðar við byggingu og kaup nauðsynlegra tækja og búnaðar í dvalarheimili aldraðra. Nú held ég að það fari ekki á milli mála fyrir neinn þann, sem eitthvað hefur reynt að kynna sér ástand í dvalarheimilismálum aldraðra víðs vegar um land, að þar er gríðarmikið verk óunnið. Og reynslan hefur kennt okkur það, að sveitarfélögin hafa ekki fjárhagslegt bolmagn til þess að standa undir þeim kostnaði sem af því hlýtur að leiða að byggja dvalarheimili. Ég ber talsverðan ugg í brjósti um það, ef þetta ákvæði verður fellt niður úr lögum um dvalarheimili aldraðra, að þá verði ekki aðeins um það að ræða að mjög dragi úr framkvæmdum á þessum sviðum, heldur jafnvel að algjör stöðnun taki við.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að það kostar töluvert fé að búa öldruðu fólki ýmist heimilisaðstoð eða dvalarheimili sem það þarf að geta notið eins og yngri borgarar geta gert í sambandi við dagvistunarheimili barna. Þetta mál verður ekki leyst af sveitarfélögunum einum. Við höfum reynslu fyrir því að það verður ekki gert. Ef ríkissjóður ætlar að skjóta sér undan að taka réttmætan þátt í þessu veigamikla máli, — máli sem vissulega kostar töluvert mikið fjármagn, — þá óttast ég það, eins og ég sagði áðan, að í staðinn fyrir það, að nú virðist hilla undir töluverðar framkvæmdir hjá sveitarfélögunum einmitt á þessu sviði, þá taki þar algjör stöðnun við. Þetta tel ég vera einn megingalla þess frv. sem hér er til umr., og er hann þess valdandi ásamt öðru að ég mun greiða atkv. gegn því.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það var, eins og hér hefur komið fram, fyrir alllöngu ljóst að hæstv. ríkisstj. hafði í hyggju að gera breytingu á verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Slík breyting er boðuð í því fjárlagafrv. sem hér er nú senn til lokaafgreiðslu.

Í sjálfu sér er ekkert nema gott um það að segja. Það hefur lengi verið ósk sveitarstjórnarmanna að gera hreinni skiptingu milli verkefna ríkis og sveitarfélaga á þann veg að sveitarstjórnir eða sveitarfélög fengju frekari verkefni, en jafnframt yrði séð fyrir nægilegum tekjustofnunum til framkvæmda á slíkum verkefnum.

Það frv., sem hér er nú til umræðu, er að því er mér sýnist hvorki fugl né fiskur hvað snertir það sem óskir sveitarstjórnarmanna hafa verið um nokkuð lengi. Það kom hér fram við umræður um breytingu í sambandi við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga að nú þegar væri tekjustofnum sveitarfélaga svo komið að þau þyrftu að fá til þess að framkvæma þau verkefni, sem þau nú hafa á sínum snærum, allverulega aukna tekjustofna til þess að geta séð þar fyrir. Það, sem er verið að gera með þessu frv., er að mínu viti það, að hér er verið að tína út eftir happa- og glappareglu verkefni tvist og bast til þess að geta nefnt slíkt frv. sem þetta því nafni að hér sé verið að færa hinum ýmsu sveitarfélögum aukin verkefni og jafnframt aukna tekjustofna.

Þetta frv. er eitt af mörgum sem sýna hvað best hver óstjórn er í sambandi við málsmeðferð, undirbúning mála og allan málatilbúnað hér á hv. Alþ. undir handleiðslu núv. hæstv. ríkisstj. Mér er ekki kunnugt um að þeir aðilar sem mest hafa um þessi mál fjallað á undanförnum árum — þar á ég við þann aðila, stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga, sem er samnefnari fyrir sveitarstjórnir í landinu — mér er tjáð eftir bestu heimildum að sá aðili hafi ekki fjallað um þetta frv. í því formi sem það nú er, og má það þó teljast furðulegt ef satt er og rétt.

Eins og kom fram áðan er þetta mál búið að vera á dagskrá alveg frá því í okt. í haust að Alþ. kom saman, en ekkert áþreifanlegt hefur gerst, a. m. k. sem við stjórnarandstæðingar höfum fengið að sjá, fyrr en nú nokkrum dögum áður en þing fer í jólaleyfi.

Ég skal ekki fara mörgum orðum um þetta frv., en ég vil þó segja það, að ég er hlynntur því að sveitarfélög fái aukin verkefni til umfjöllunar, en ég tel að slíka ákvörðun verði að taka að vel athuguðu máli og að þau verkefni, sem sveitarfélögunum eru í hendur fengin, séu ákvörðuð að vel yfirveguðu ráði.

Ég vil sérstaklega taka undir það sem kom fram áðan hjá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni. Ég er þeirrar skoðunar í sambandi við uppbyggingu dvalarheimila fyrir aldraða, að það eigi að vera verkefni ríkisins sjálfs, það eigi ekki að færast yfir á sveitarfélögin. Hér er um svo stórt verkefni að ræða að það er full hætta á því og raunar sýnt, að ef ríkisvaldið er ekki stór aðili að slíkum framkvæmdum þá verður um svo mikla mismunun að ræða að ógerlegt má teljast að fólk geti við unað.

Ég vil líka benda á það, að með slíkri breytingu eins og hér er verið að gera, þá er óséð hvern ójöfnuð er verið að leiða yfir hin ýmsu sveitarfélög í landinu. Í sumum tilvikum er búið með tilstyrk ríkisins og af hálfu ríkissjóðs að greiða framkvæmdir að vissu marki, sem búið er að vinna að í nokkurn tíma, með fjárframlögum úr ríkissjóði, en með þeirri breytingu, sem hér er verið að gera, er verið að færa slíkt eingöngu yfir á sveitarfélög, og gefur því auga leið að hér verður í reynd, verði ekki einhverjar sérstakar reglur upp teknar til jöfnunar, um geysilega mikinn ójöfnuð að ræða milli hinna ýmsu sveitarfélaga.

Mér er ekki um það kunnugt hvort hugmyndir eru uppi um það á hvern hátt þetta eigi að jafna út, en mér sýnist alveg augljóst að hér geti komið til mikill ójöfnuður milli sveitarfélaga, auðvitað verður að koma í veg fyrir að slíkt eigi sér stað.

Í fjárlagafrv. var gert ráð fyrir að þau verkefni, sem sveitarfélögunum yrðu fengin, næmu upphæðum sem væru á bilinu frá 700—750 millj. kr. Nú hefur þetta breyst og verið tekið út úr verkefni sem hæstv. ríkisstj. hefur þá haft í huga að færa yfir. Nú er enginn vafi á því, að það er ekki samdóma álit sveitarstjórnarmanna hver þessi upphæð muni verða í sambandi við þá breytingu sem hér er verið að gera. Það hafa heyrst ýmsar útgáfur á tölum á þeirri upphæð. Ég fyrir mitt leyti hef ekki haft tækifæri til þess að kynna mér það mál, og ég hygg að það sé vafamál að hægt sé með neinni vissu að gera

sér grein fyrir hversu mikil verkefni hér eru á ferðinni nema því aðeins að nægur tími gefist til þess að skoða þetta mál. Það er af og frá að mínu viti að slíkur tími gefist ef það er ætlun hæstv. ríkisstj. að keyra þetta mál í gegnum þingið nú fyrir jólaleyfi.

Sumt í þessu frv. er þess eðlis að allt bendir til að ekki yrði um mikinn ágreining að ræða. En það eru í því nokkur atriði, stórir þættir, sem ég tel að nauðsynlega þurfi að skoða betur áður en ákvörðun er um það tekin, að með það skuli farið eins og hér er gert ráð fyrir. Ég get sérstaklega bent á dvalarheimili aldraðra. Það eru fleiri ákvæði sem hér eru allvafasöm, vægast sagt, en þetta eitt nægir til þess að ég mun greiða atkv. gegn þessu frv., þó að ýmislegt fleira mætti tína til og benda á sem er neikvætt við það sem hér er lagt til.

Ég skal ekki að þessu sinni a. m. k. fara öllu fleiri orðum um þetta mál. Mér finnst það vægast sagt allharkalega keyrt af hæstv. ríkisstj., ekki síst með hliðsjón af því hvernig hún hefur staðið sjálf að málatilbúnaði hér á Alþ., ef hún ætlar sér að keyra í gegn hér á Alþ. á tveimur til þremur dögum svo veigamikið mál sem hér er um að ræða.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég ætlaði mér ekki við þessa umræðu að ræða um efnisatriði þessa frv. Afstöðu okkar alþb.-manna til frv. hefur þegar verið lýst. Ég tel að frv. sé í meginatriðum verulega gallað og svo gallað að það eigi ekki að ná fram að ganga. En það var eitt atriði sem ég vildi fá upplýst við þessa umræðu, af því að ég efast um að tími gefist til að fá þær upplýsingar síðar, — atriði sem ég tel mjög mikilvægt að verði upplýst, en það varðar eitt af þeim skilyrðum sem stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga setti fram af sinni hálfu fyrir því að geta yfirleitt fallist á löggjöf sem færi í þessa átt. Það varðar ákvæði sem nú er í lögum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, þar sem ríkissjóður hefur rétt til þess að taka tekjur sveitarfélaganna, sem renna í gegnum Jöfnunarsjóð, upp í skuldir sem sveitarfélögin standa í við Ríkisábyrgðasjóð. Það kom fram sem skilyrði af hálfu sveitarstjórnarsambandsins að það yrði tryggilega frá því gengið að þessar auknu tekjur sveitarfélaganna, sem gert er ráð fyrir nú með aukinni hlutdeild í söluskatti og eiga að vera til þess að halda uppi tiltekinni þjónustu, mjög mikilvægri, það væri alveg tryggt að það væri ekki hægt að taka þær upp í vanskil, sem vissulega geta oft orðið og eru æðioft hjá sveitarfélögunum, með skuldajöfnuði í Jöfnunarsjóðnum. Nú vil ég spyrja hæstv. félmrh. hvort megi ekki treysta því að sú framkvæmd verði á um þessi mál að a. m. k. þær tekjur, sem sveitarfélögin eiga að fá með aukinni hlutdeild í söluskatti og eiga raunverulega samkv. öllum þessum málatilbúnaði að renna til ákveðinna atriða í rekstri sveitarfélaganna, þessar auknu tekjur verði ekki teknar af þeim með skuldaskiptum. Þetta er mjög mikilvægt atriði. Og ég skil mætavel að stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga hafi komið fram með þetta skilyrði. Stjórnin setti að vísu mörg önnur skilyrði og ég skal ekki fara að ræða þau, en ég tel að þetta sé svo mikilvægt að það væri mjög æskilegt að hæstv. ráðh. vildi gefa yfirlýsingu um væntanlega framkvæmd eins og hann hefur hugsað sér hana varðandi þetta atriði.

Að öðru leyti skal ég ekki ræða frekar um málið þótt vissulega væri ástæða til þess. En það er orðið svo langt liðið á nóttu að ég sé ekki að það sé í rauninni fært að ræða málið í lengra máli nú við þessa umræðu.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég skal ekki eyða mörgum orðum um þetta mál hér við þessa umr., enda liðið nokkuð á nótt, en ég þarf að koma hér að nokkrum leiðréttingum vegna ummæla sem fallið hafa í umræðunum.

Hv. þm. Svava Jakobsdóttir komst að orði eitthvað á þá leið, að með þessu frv. og í málflutningi um það væri látið að því liggja að gengið sé til móts við óskir Sambands ísl. sveitarfélaga, eins og ég held að þm. hafi orðað þetta. Í þessum orðum þm. felst að hér sé, að manni skilst, jafnvel flutt frv. sem sé í hreinni andstöðu við óskir Sambands ísl. sveitarfélaga. Þetta mál, hreinni verkaskipting milli ríkis og sveitarfélaga og yfirfærsla á verkefnum frá ríki til sveitarfélaga, hefur verið áhugamál Sambands ísl. sveitarfélaga um árabil. Allt frá árinu 1969 hafa verið haldnir árlegir fundir um þetta mál, og á árinu 1974 voru dregnar saman till. sambandsins í Handbók sveitarstjórna nr. 12.

Ég skal drepa á þau atriði sem hv. þm. Svava Jakobsdóttir gerði einkum að umræðuefni, þ. e. a. s. almenningsbókasöfn, dagvistunarheimili og elliheimili. Ég skal drepa á það sem í þessari handbók stendur. Með því held ég að sannist að ekki sé um að ræða í þessu frv. handahófskennt verkefnaval, eins og þm. komst að orði. Um almenningsbókasöfnin segir þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Lagt er til að bygging og rekstur bókasafna og bókhlaða verði algerlega í höndum sveitarfélaganna og landshlutasamtaka sveitarfélaga, þ. e. að komið verði upp stórum héraðs- eða landshlutabókasöfnum sem síðan hefðu útibú við skólabókasöfn og samvinnu við lestrarfélög.“

Þetta segir í þessari handbók. Ég held að þá megi segja um vöxt hinna einstöku bókasafna úti um land, hvort heldur eru héraðsbókasöfnin eða bókasöfn einstakra sveitarfélaga, að þau hafa vaxið þrátt fyrir afskipti ríkisins af þeim málum, en ekki vegna þeirra. Framlög ríkisins til almenningsbókasafna hafa verið hreint smáræði miðað við það sem sveitarfélögin hafa lagt af mörkum, og ég sé ekki nokkra ástæðu til að ætla að það verði um afturför að ræða í þessum efnum þótt þetta verkefni fari alfarið yfir til sveitarfélaganna.

Um dagvistunarstofnanirnar er nokkur kafli í þessari skýrslu Sambands ísl. sveitarfélaga. Þar er fyrst rætt nokkuð um lög sem sett voru 1973. Ég vek athygli á því, að í VI. kafla frv. er væntanlega um prentvillu að ræða, þar sem vísað er til l. nr. 29/1963, það hlýtur að eiga að vera 1973. Þar segir svo um þetta verkefni, með leyfi hæstv. forseta:

„Hér er um að ræða mjög staðbundna starf-

semi sem er dæmigert verkefni sveitarfélaga. Væri því eðlilegt að sveitarfélögin ein eða í samvinnu við áhugamannafélög í sveitarfélaginu hafi þessa starfsemi með höndum.“

Það segir hér svo áfram: „Telja verður að tilgangurinn með setningu l. nr. 29/1973, um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistunarstofnana, hafi verið sá að örva sveitarfélög og aðra aðila til að auka starfsemi sína á þessu sviði og að styðja þau fjárhagslega þar eð þeir væru ekki taldir hafa fjárhagslegt bolmagn til þess. Samband ísl. sveitarfélaga lítur hins vegar svo á, að eðlilegra hefði verið að búa svo að tekjustofnum sveitarfélaganna að þau gætu leyst þetta verkefni ein án fjárstuðnings ríkisvaldsins.“

Þetta hefur verið og er stefna sú sem mörkuð hefur verið af sveitarstjórnum í landinu.

Um elliheimilin er að vísu ekki farið mjög mörgum orðum í þessari skýrslu, en á einum stað í till. segir að sveitarfélögin annist félagslega þjónustu, þar með talið framfærslumál, byggingu og rekstur dagvistunarstofnana, byggingu og rekstur leikvalla, heimilishjálp og málefni aldraðra, þar með talin bygging og rekstur dvalarheimila, svo og húsnæðismál o. s. frv. Með þessu held ég að ég hafi hrakið það, að hér sé verið að hreyfa máli sem sé í andstöðu við Samband ísl. sveitarfélaga, og þar með, að hér sé um handahófskennt verkefnaval að ræða.

Um þetta mætti fara mörgum fleiri orðum, en ég skal ekki eyða miklum tíma í það. Ég get þó ekki látið hjá líða að benda á að afskipti ríkis af dagvistunarmálunum hafa síður en svo orðið til þess að flýta fyrir framkvæmdum á því sviði. Ég fullyrði að þessi afskipti ríkisvaldsins eru til óþurftar. Ég viðurkenni hins vegar að það er eðlilegt að viss leiðsögn komi frá ríkisvaldinu um þessi efni, en ég viðurkenni ekki að ríkisvaldið þurfi þar að segja sveitarfélögunum fyrir verkum í einu og öllu.

Ég get bent á það sem dæmi, að ef Reykjavíkurborg færi eftir þeim normum sem rn. hefur sett, þá þyrfti að fækka á núverandi dagvistunarstofnunum borgarinnar um 100 börn. Talið er að hvert pláss fyrir barn á dagvistunarstofnunum kosti um eina millj. kr. Þetta þýðir m. ö. o., að ef Reykjavíkurborg ætlar að standa í stað, þá kostar það 100 millj. kr. Ég gæti nefnt ýmis dæmi um það hvernig þessi mál hafa snúist í höndum sveitarstjórna sem hafa ætlað sér að leysa þessi mál með snöggu átaki og með ódýrum hætti, en hafa verið stöðvuð í því vegna afskipta ríkisvaldsins.

Það hafa, held ég, allir stjórnmálaflokkar lýst yfir fylgi við það að verkaskipting milli ríkis og sveitarfélaga verði gerð skýrari og fleiri verkefni yfirfærð til sveitarfélaganna. Mér kemur þess vegna á óvart sú andstaða sem þetta frv. fær hjá hv. stjórnarandstæðingum. Hér er vissulega ekki um neina varanlega úrbót að ræða, það skal fúslega viðurkennt, og skrefið er ekki ýkjastórt. En skref er það samt, og ég er sannfærður um að það er heppilegra að yfirfæra þessi verkefni smátt og smátt, fremur en að stíga allt of stórt skref í einu.

Það sýnir sig í umr. um þessi mál, að það er nokkur ágreiningur meðal sveitarstjórnarmanna þótt þeir hafi í meginatriðum áður lýst fylgi sínu við það að einmitt þessi verkefni verði yfirfærð. Það er nefnilega svo, að menn fara þá að líta í eigin barm: hvernig kemur þetta við mitt sveitarfélag? — og þegar þeir sjá það að fyrsta árið eða fyrstu tvö árin hittir þetta e. t. v. viðkomandi sveitarfélag illa, þá ætlast þessir ágætu menn til að stefnan í þessum málum verði mörkuð með tilliti til þeirra. Slíkt er að sjálfsögðu ekki hægt.

Ég vil aðeins segja vegna þess, sem fram kom hjá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni um fræðsluskrifstofurnar, að menn verða að gera sér grein fyrir því að þær eru ekki með í þessu frv., vegna þess að hér er verið að yfirfæra til sveitarfélaganna verkefni sem hafa verið fram til þessa hjá ríkinu. Rekstur fræðsluskrifstofanna er hins vegar nýtt verkefni, og samkv. grunnskólalögunum var ætlunin að fræðsluskrifstofurnar yrðu reknar af landshlutasamtökum sveitarfélaga. Þegar grunnskólalögin voru sett, þá held ég að menn hafi gengið út frá því sem gefnu að landshlutasamtökin yrðu lögfest. Svo varð ekki, og ég held að megi fullyrða að það sé enginn áhugi á því hér á hv. Alþ. að lögfesta þau. Ég held að megi líka fullyrða að sá áhugi sem sveitarstjórnarmenn höfðu á því fyrir 1—2 árum, er ekki lengur fyrir hendi. Þetta veldur því, að ég er því andvígur að fræðsluskrifstofurnar verði reknar af landshlutasamtökunum, vegna þess að þau eru ekkert annað en áhugamannasamtök, og fer illa á því að löggjafarvaldið sé að fela slíkum samtökum verkefni sem þetta. Þetta verður þess vegna að leysa sérstaklega og með öðrum hætti en í þessu frv.

Það þýðir sjálfsagt ekkert að deila við þá menn sem halda því fram að elliheimilisbyggingarnar verði ekki leystar af sveitarfélögunum einum. Ég skal ekki ræða það, en ég tel að með þessum orðum sé lýst vantrausti á sveitarfélögin til að leysa þetta verkefni, og það er algerlega órökstutt.

Aðeins svo nokkur orð um það sem kom fram frá hv. þm. Karvel Pálmasyni. Hann sagðist hafa heyrt að stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga hefði ekki fjallað um þetta frv. í því formi sem það nú er. Það er rétt að stjórn sambandsins hefur ekki fjallað um frv. í þessu formi. En ég bendi hins vegar á það, að síðan rætt var við stjórn sambandsins hefur frv. breyst þannig að felld hafa verið út þau atriði sem mestum ágreiningi ollu, þannig að það er engin ástæða til þess að ætla að sambandsstjórnin sé málinu sérstaklega andvíg.

Varðandi ójöfnuðinn sem leiddur væri yfir sveitarfélögin ef þetta frv. yrði samþ., þá skildi ég ekki almennilega hv. þm. En mér skildist á honum að þau sveitarfélög, sem ekki hafa t. d., svo að ég taki dæmi, hafið byggingu elliheimila, muni tapa — ég held að ég hafi skilið hann rétt — þau koma þá ekki til með að njóta framlaga frá ríkinu. Mér sýnist þetta vera algerlega röng ályktun, vegna þess að við það að þetta verkefni er ekki lengur í höndum ríkisins fá öll sveitarfélög í landinu, hvort sem þau hafa byrjað á þessu verkefni

eða ekki, aukinn tekjustofn í gegnum Jöfnunarsjóðinn, þannig að ég get ekki séð annað en þetta sé röng ályktun hjá hv. þm. ef ég hef skilið hann rétt.

Ég vil svo aðeins nefna hér örfá atriði sem sett eru fram í handbók Sambands ísl. sveitarfélaga sem tillögur sambandsins og ég held að renni stoðum undir það að þetta frv. er algerlega í samræmi við það sem sveitarfélögin hafa óskað eftir:

Það er í fyrsta lagi að verkaskiptingin milli ríkisins, sveitarfélaganna og samtaka þeirra verði tekin til heildarendurskoðunar og gerð einfaldari og gleggri en nú er. — Þetta er fyrsta skrefið. Því hefur verið lýst yfir að samstarfsnefnd verði skipuð um þessi mál eftir óskum sveitarfélaganna nú fyrir áramót.

Sameiginlegum verkefnum ríkisins og sveitarfélaganna verði fækkað. — Þetta er tilraun í þá átt.

Einstök verkefni framkvæmdavaldsins verði falin þeim aðila sem eðlilegast er að hafi þau með höndum, þannig að saman fari hjá sama aðila frumkvæði að framkvæmd, umsjón framkvæmdar og sá sami aðili standi að öllu leyti undir kostnaði við framkvæmdina.

Og loks nefni ég svo að sveitarfélögin annist staðbundin verkefni sem fyrst og fremst snerta íbúa sveitarfélagsins og daglegt líf þeirra meira og minna.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð mín fleiri, en ég hlýt að lýsa vonbrigðum mínum yfir því að hv. stjórnarandstæðingar skuli ætla sér að greiða atkv. gegn þessu frv. Ég verð fyrir vonbrigðum, vegna þess að þessir hv. þm. hafa annars sýnt málefnum sveitarfélaganna sérstakan skilning á undangengnum dögum.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í lögum um tekjustofna sveitarfélaga, 14. gr., segir að ef sveitarfélag lkemst í vanskil með greiðslur vegna veittra ríkisábyrgða sé rn. heimilt að inna slíkar greiðslur af hendi af framlagi til sveitarfélagsins eftir því sem til vinnst. — Það er fyrst og fremst eftir kröfum Ríkisábyrgðasjóðs sem slíkt hefur átt sér stað.

Hv. 2. þm. Austurl. beindi þeirri fsp. til mín, hvort þessu lagaákvæði mundi verða beitt varðandi viðbótarframlagið sem nú á að koma til sveitarfélaganna. Ég er alveg sammála hv. þm. um að þar sem þessar viðbótartekjur eru til þess ætlaðar að standa undir sérstökum verkefnum eða kostnaði við þau, sem nú flytjast frá ríkinu til sveitarfélaganna, sé ekki réttmætt að beita þessari heimild gagnvart þeim. Ég vil í tilefni af fsp. hans lýsa því yfir að það verður ekki gert. Greiðslur til sveitarfélaganna af þessu viðbótarframlagi verða ekki skertar af þessum ástæðum.

Það kom fram í ræðu hv. 5. þm. Vestf. nokkur uggur um að sum sveitarfélög gætu borið skarðan hlut frá borði og orðið illa úti vegna þessara breytinga. Ljóst er að slíkt getur komið fyrir þar sem þessar tekjur Jöfnunarsjóðs eiga að skiptast milli sveitarfélaganna eftir hinni almennu reglu í lögum um Jöfnunarsjóð, þ. e. a. s. eftir íbúatölu, hins vegar eru sveitarfélögin e. t. v. misjafnlega á vegi stödd varðandi sum þeirra verkefna sem yfir eiga að færast. Nú er það þannig, að í tekjustofnalögunum er ákvæði um það í 15. gr., að úr Jöfnunarsjóði megi greiða aukaframlag til sveitarfélaga sem skortir tekjur til greiðslu lögboðinna gjalda eða til óhjákvæmilegra útgjalda. Í þessu skyni má verja á hverju ári allt að 5% af heildartekjum sjóðsins auk vaxtatekna. Þessi heimild hefur verið notuð í allmörgum tilvikum en þó yfirleitt ekki nándar nærri náð þessu hámarki. Ég geri ráð fyrir að þessi heimild til aukaframlaga muni á þessu ári nema rúmlega 100 millj. kr. og verði á næsta ári töluvert hærri. Ef það kemur fram að einstök sveitarfélög komi til með að bíða fjárhagslegt tjón af ákvæðum þessara lagabreytinga, þá tel ég sjálfsagt að þeim verði veitt aukaframlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til að bæta þeim upp þetta tap og þá að fengnum tillögum stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga.

Gunnlaugur Finnsson: Herra forseti. Ástæðan fyrir því, að ég kvaddi mér hljóðs, er hreinlega sú, að mér fannst varla hægt að ganga hér út úr þingsalnum að lokinni þessari umræðu án þess að ég gerði lítils háttar athugasemd við ræðu hv. 5. þm. Reykn., Ólafs G. Einarssonar, varðandi það sem hann sagði um fræðsluskrifstofurnar og landshlutasamtökin. Ég er ekki sammála honum um það, sem hann sagði þar, í þremur atriðum.

Í fyrsta lagi vil ég ekki fullyrða að það sé enginn áhugi innan þings um lögfestingu landshlutasamtakanna. Hér kom í ljós í fyrra að það var mikilli ágreiningur, en þá fékkst enginn úrskurður um hver þingviljinn raunverulega var, en ég hygg að það hafi ekki verið mikið á munum hvorum meginn meiri hlutinn lá.

Í öðru lagi vil ég andmæla því að landshlutasamtökin séu ekkert nema áhugamannasamtök. Ég vil ekki setja þau í flokk með venjulegum áhugamannasamtökum. Landshlutasamtökin urðu fyrst og fremst til vegna mjög brýnnar þarfar, og þau hafa tekið að sér margs konar þjónustuhlutverk fyrir þau sveitarfélög sem standa að hverjum samtökum um sig. Ég er sannfærður um að sveitarfélögin í hverjum landshluta fyrir sig mundu ekki vilja leggja þessi samtök niður í dag. Þar af leiðandi vil ég líka gera athugasemd við það, að sveitarstjórnarmennirnir sjálfir hafi snúist gegn þeim, því að ef þeir hefðu gert það yfirleitt, þá hefðu þeir lagt þau niður. Ég vil í þessu sambandi segja það, að ég held að hv. 5. þm. Reykn. megi ekki dæma út frá því sem gerst hefur í hans nágrannasveitarfélagi. (**ÓE:** Þetta er tómur misskilningur.) En hvað um það, við skulum ekki hafa um það fleiri orð, en mér fannst þetta a. m. k. koma fram í ræðu hans áðan og geta aðrir metið hvort það er rétt skilið eða ekki.

Þau mál, sem hér er um fjallað, eru ákaflega erfið mál og ákaflega viðkvæm. Verkskipting á milli ríkis og sveitarfélaga á Íslandi er langtum erfiðara mál og margslungnara en þessi mál eru í okkar nágrannalöndum. Þegar verið er að sækja fyrirmyndir til Norðurlandanna eða okkar nágrannalanda um hvernig skuli koma málum

fyrir, þá verð ég að segja það, að í þessu tilfelli verðum við að byggja á okkar eigin mati, en ekki reynslu annarra. Þar er verkskiptingin mjög ólík. Þar er algengt að sveitarfélögin ein sér reki t. d. alla orkuframleiðslu, dreifi og selji og sé ekki ýkjamikið samband á milli sveitarfélaga. Ég hygg t. d., svo að maður fari til Danmerkur, að þar sé ekki mikið um að sveitarfélög þurfi að fást við hafnarmál. Það er ríkið í heild sem byggir þær hafnir sem á annað borð þarf að byggja. Og skólamálin eru þar yfirleitt á skyldunámsstigi alfarið á vegum viðkomandi sveitarfélaga, bæði varðandi byggingu og rekstur skóla og viðhald. Þar er líka myndin af samsetningu sveitarfélaga og þjóðfélagsins allt önnur en hún er hér hjá okkur. Þar eru einingarnar það stórar að það er ekkert vandamál. Það, sem þar eru taldar litlar einingar og minnstu einingar, er stærra en stærstu einingarnar hjá okkur, ef höfuðborgin er undanskilin. Þess vegna hlýtur þetta samspil á milli sveitarfélaga og ríkis að vera miklu margslungnara hér en nokkurs staðar annars staðar þar sem við ætlum að leita að fyrirmynd.

Ég hef þess vegna á ýmsan hátt ekki verið neitt sérstaklega hvetjandi í því að hér séu gerðar einhverjar róttækar aðgerðir. Ég verð hins vegar að fallast á að hugmyndirnar um að æskilegt væri að það, sem kallað er frumkvæði og framkvæmd og fjármunaleg ábyrgð, væri á einni hendi ef það er mögulegt. En ég tel hins vegar, enda þótt þessu sé ekki að öllu leyti skipt, að fjármálaleg ábyrgð þess aðila, sem framkvæmir, geti verið virk þó að greiðsla komi ekki að öllu leyti frá þeim hinum sama aðila. Ég held að við þurfum að hafa þarna sem meginsjónarmið að hægt sé að framkvæma ýmsar félagslegar þarfir alls staðar um landið, ríkið komi þar inn á vissan hátt, en sveitarfélögin taki þá þætti, sem þau geta tekið í sínar hendur, og sjái um þá að öllu leyti.

Það er talað um að halda áfram að skoða þessa verkskiptingu, og ég er sammála um að það skuli gert. Ég er líka sammála um að þeir þættir, sem hér voru teknir til meðferðar, voru þeir þættir, sem líklegast var að taka til yfirfærslu, ef það var á annað borð gert. Ég held t. d. að það sé nokkurt atriði að ríkið sé hvetjandi til stofnunar dagvistunarheimila þar sem þau eru ekki komin. En ég sé ekkert sem mælir beinlínis með því, enda þótt það örvi það að dagvistunarheimili verði byggð og rekin, að ríkið þurfi þá endilega að sjá um rekstur inn sjálfan.

Ég ætlaði raunar ekki núna, a. m. k. við 1. umr., að tala langt mál um þetta. Ég hafði heldur hugsað mér að gera grein fyrir því þegar búið væri að fjalla um málið í nefnd. Ég mun því ekki segja um þetta meira á þessu stigi. Ég vænti þess að við getum afgreitt málið úr nefnd sem fyrst eftir að þessari umr. lýkur.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég vil fyrst þakka hæstv. félmrh. fyrir mjög skýra yfirlýsingu og glöggt svar við fsp. minni um atriði sem ég tel skipta miklu máli. Ég tel að nú leiki enginn vafi á því hvernig framkvæmdin verður varðandi það atriði verði þetta frv. gert að lögum.

En fyrst ég er staðinn upp langar mig til að gera örstutta athugasemd við það sem kom fram hjá hv. 5. þm. Reykn., Ólafi G. Einarssyni. Þó að ég væri honum sammála um sum atriði, þá fannst mér hann flytja sitt mál þannig að hann reyndi að halda því fram að Samband ísl. sveitarfélaga stæði í rauninni með fyrri stefnumörkun sinni varðandi verkefnaskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga að því frv. sem hér lægi fyrir, því að það væri fyllilega í samræmi við yfirlýsta stefnu sambandsins. Ég tel að þessi túlkun sé ekki alls kostar rétt, og ég dreg það m. a. af því að ég er með í höndunum samþykkt sem stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga gerði um þá verkaskiptingu sem hér liggur fyrir. Að vísu var frv. þá ekki nákvæmlega í þeim búningi sem það liggur fyrir nú, en þó í öllum meginatriðum. Í þessari samþykkt, sem stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga gerði, er t. d. tekið fram varðandi liðinn um dagvistunarheimili, með leyfi hæstv. forseta:

„Skiptar skoðanir eru í stjórn sambandsins um það, hvort rétt sé að sveitarfélögin greiði allan stofnkostnað dagvistunarheimila“ — og svo áfram fjallað um rekstrarkostnaðinn.

Það er þetta sem liggur fyrir, að það eru mjög skiptar skoðanir í röðum sveitarstjórnarmanna um þessa verkaskiptingu, hvað sem svo líður einhverjum samþykktum sem kunna að hafa verið gerðar á vegum þessara samtaka áður. Hitt er einnig staðreynd, að stjórnin fékkst ekki til þess nú, þegar hún þingaði um þessi mál, að leggja samþykki sitt við þessu frv. Samþykkt stjórnarinnar að þessu sinni var háð margvíslegum skilyrðum sem sett voru fram og ljóst er að ekki hafa verið uppfyllt.

Í samþykktinni kemur einnig fram að stjórn sambandsins gerir mjög verulegar aths. við kostnaðarhliðina í sambandi við þessa verkaskiptingu. Þar skakkar t. d. allverulega varðandi rekstrarkostnað dagvistunarheimila, þar sem stjórn sambandsins bendir á að samkv. áætlunum, sem gerðar voru í menntmrn. í maímánuði á þessu ári, var reiknað með því að greiðslur í sambandi við rekstrarkostnað dagvistunarheimila mundu verða á næsta ári 187.5 millj. kr., en ekki 120 millj. kr. eins og gert er ráð fyrir í grg. þessa frv. í sambandi við þessa verkaskiptingu og tekjutilfærslu.

Þó að það hafi eflaust verið rétt sem hv. þm. greindi hér frá um fyrri stefnumörkun og samþykktir á vegum Sambands ísl. sveitarfélaga, þá liggur hitt fyrir, að skoðanir eru skiptar meðal sveitarstjórnarmanna um þessi mál og stjórnin, sem hefur nýlega fjallað um þetta, vildi ekki leggja samþykki sitt við málið eins og það liggur nú fyrir og gerði verulega miklar aths. varðandi málið í heild.

Ég fyrir mitt leyti er á þeirri skoðun að það sé t. d. röng stefna varðandi þetta mál að gera ráð fyrir því að leggja alveg niður hlutdeild ríkisins í byggingu elliheimila. Ég álít að það sé mjög röng stefna, og mér þætti ekki ólíklegt að horfið yrði frá þessu aftur og leitað eftir framlagi ríkisins til að byggja slík heimili. Ég

tel að vísu að með því að halda ákvæði um að ríkið leggi fram ákveðinn hluta af stofnkostnaði dagvistunarheimila sé mikið fengið þó að rekstrarkostnaður sé færður yfir á sveitarfélögin. Ég dreg þó mjög í efa að það hafi verið rétt að gera þá breytingu varðandi þann þýðingarmikla lið.

Ég skal ekki fara að ræða þetta mál frekar, vil aðeins segja það í tilefni af því, sem síðasti ræðumaður sagði varðandi landshlutasamtök, að ég held að það sé mikill misskilningur þegar vissir menn kalla landshlutasamtökin, eins og þau starfa nú, áhugamannasamtök, séu þar með ónauðsynleg samtök. Áhugamannasamtök hafa ekki verið ónauðsynleg eða unnið lítil verk í mörgum tilfellum. Þau geta verið þýðingarmikil hagsmunasamtök. En hitt er svo aftur annað mál og um það hefur deilan snúist í sambandi við landshlutasamtök sveitarstjórnarmanna, hvort rétt sé að setja lög um starfsemi þeirra og gera þau á þann hátt að einum hluta af ríkiskerfinu. Það er mikill ágreiningur meðal sveitarstjórnarmanna um hvort slíkt sé rétt, og við gerum auðvitað ekki út um það mál á þessu stigi málsins. Hv. 4. þm. Vestf. er mikill fylgjandi þess að sett verði lög um landshlutasamtökin. En hitt mun ábyggilega rétt, sem hv. 5. þm. Reykn. sagði, að sú skoðun er að verða sífellt sterkari og sterkari innan samtaka sveitarstjórnarmanna að það sé ekki rétt að setja lög um þessi samtök, heldur sé rétt að þau starfi áfram, a.m.k. um alllangan tíma, sem áhugamannasamtök, hagsmunasamtök án lögbindingar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til félmn. með 28 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 175, n. 253 og 254, 255). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Það var gerð ítarleg grein fyrir þessu máli í dag, þegar hæstv. heilbr.- og trmrh. mælti fyrir því. Ég tel því enga þörf á að rekja einstök atriði í einstökum greinum frv., get því látið mér duga að segja að eftir að við höfðum rætt málið í nefnd var alveg ljóst að meiri hl. lagði til að frv. yrði samþ. óbreytt og minni hl. skilar séráliti.

Ég vil gjarnan taka það fram að samþykki okkar við þetta frv. þýðir ekki að við séum mjög ánægð með öll þau efnisatriði sem í því eru. Hins vegar gerum við okkur ljóst að stundum er ill nauðsyn að gera ýmsar nauðsynlegar ráðstafanir, og það var alveg ljóst að annaðhvort varð að fara þá leið að afla nýrra tekna til að standa undir stórauknum kostnaði tryggginanna eða þá að skerða mjög réttindi þeirra sem tryggingabóta njóta. Við höfum komið okkur saman um þær leiðir sem við töldum að öllu samanlögðu vera skástar af þeim sem til greina kæmu. Þess vegna höfum við ákveðið að standa saman um þær breytingar sem ríkisstj. hefur lagt til í þessu frv.

Frsm. minni hl. (Vilborg Harðardóttir): Herra forseti. Nál. minni hl. heilbr.- og trn. er svo hljóðandi:

„Nefndin hefur rætt frv. á einum stuttum fundi og enginn tími hefur því gefist til nákvæmrar skoðunar á málinu. Meginstefna frv. er þó ljós. Það er hækkun lyfja og sérfræðiþjónustu og ný skattlagning, sem farið er inn á eftir krókaleiðum. Hvorri tveggja þessara leiða erum við andvíg og leggjum því til að frv. verði fellt."

Undir þetta rita minnihlutamenn, Vilborg Harðardóttir og Karvel Pálmason.

Það er óhætt að segja að þetta frv. hafi litla eða nánast enga umfjöllun fengið í n. utan þess sem fram kom á sameiginlegum fundi n. Ed. og Nd. áður en frv. hafði verið lagt fyrir Nd. Ekki hefur heldur neitt það komið fram við 1. umr. af hálfu þess, sem fyrir frv. mælti sem breytt gæti skoðunum þeirra sem eru frv. andvígir. Þar sem svo stutt er síðan 1. umr. fór fram, þ.e.a.s fyrr í kvöld, að hún hlýtur enn að vera hv. þm. í fersku minni ætla ég ekki að flytja langt mál við þessa umr.

Frv. er lagt fram til að uppfylla yfirlýsingarnar í fjárlagafrv. um niðurskurð almannatrygginga og svokallaðan sparnað á því sviði. Það, sem ætlunin er einkum að spara á, er fólk sem sérstaklega þarf á sérfræðiþjónustu að halda eða notar mikið af lyfjum að læknisráði án þess þó að um ævisjúkdóma sé að ræða, þ.e.a.s. fyrst og fremst sjúklingar, öryrkjar og gamalmenni. Eins og ég leyfði mér að benda á við 1. umr. er þó hér um að ræða vægast sagt hæpna sparnaðarleið, þar sem fyrirsjáanleg afleiðing er að það fólk, sem ekki getur staðið undir hækkuðum lyfjakostnaði, mun sækja um aðstoð, annaðhvort til félagsmálastofnana síns sveitarfélags eða — ef um öryrkja eða ellilífeyrisþega er að ræða — um uppbót á tekjutryggingu eða aukastyrk. Framkvæmdin verður því væntanlega að talsverðu leyti bókfærsla og tilfærsla á peningum — sem betur fer fyrir þennan hóp, liggur mér við að segja — því að ég vona, ef frv. verður að lögum óbreytt, að fólk fari fremur þá leið, þótt oft sé þungt fyrir marga að sækja um uppbót, heldur en að láta sig vanta nauðsynleg lyf eða svelta þeirra vegna.

Svo gróf sem hún er, aðförin að sjúklingunum, er það þó ekki meginefni þessa makalausa frv., heldur enn stærri aðför að launafólki almennt. Þessi aðför er í mynd nýs skattlagningarforms til þess að svo líti út sem umsvif ríkisins fari minnkandi. Til að velta óvinsældum af sér yfir á sveitarfélögin á nú að gera þau að eins konar innheimtustofnun fyrir ríkið, og innheimtan, sem þau eiga að inna af hendi, nemur hvorki meira né minna en nær 12 milljörðum kr. eftir því sem næst verður komist. A.m.k. hlýtur maður að halda sig við þá tölu meðan ótilgreindar eru — þrátt fyrir áskoranir og fsp. um það — tölur um sparnað vegna aukins eftirlits og aðhalds og nýrra starfshátta og einnig óútskýrt hvernig slíkt á að fara fram.

Við fyrri umr. vitnaði ég í ummæli framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga, Magnúsar Guðjónssonar, á fyrrnefndum sameiginlegum fundi heilbrn. Ed. og Nd. um að frv. væri eins og köld gusa framan í stjórn sambandsins, enda aldrei samráð við hana haft um þessar auknu álögur. Nú hefur heilbr.- og trn. Nd. borist bréf frá stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga, dags. í gær, 18. des., þar sem staðfest eru orð framkvæmdastjórans með svo hljóðandi ályktun, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga lýsir undrun sinni yfir fram komnu frv. um breytingu á almannatryggingalögum um skyldu sveitarfélaga til álagningar og innheimtu viðbótarútsvars til að standa undir auknum kostnaði við sjúkratryggingar. Mótmælir stjórn sambandsins því harðlega að auknum kostnaði við sjúkratryggingar sé þannig velt yfir á sveitarfélögin til viðbótar þeim 10% af kostnaði sjúkratryggingganna sem sveitarfélögin hafa greitt. Vill stjórn sambandsins vekja athygli á því, að þetta ákvæði gengur í berhögg við þær tillögur sem komið hafa fram um endurskoðun verkaskiptingar milli ríkis og sveitarfélaga, en í samræmi við þær hafa sveitarfélögin lagt til að ríkið yfirtaki allan kostnað við sjúkratryggingar. Þá tillögu hefur fulltrúaráð og stjórn sambandsins ítrekað sérstaklega við stjórnvöld undanfarið.

Stjórn sambandsins vill enn fremur benda á að sveitarfélögin hafa engin bein afskipti, hvorki af stjórn né framkvæmd sjúkratrygginga, en ríkisvaldið ræður mestu um kostnað þeirra með lagasetningu, stjórnvaldsákvörðun og aðild að kjarasamningum. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að í nágrannalöndum okkar ber ríkið allan kostnað af lífeyris- og sjúkratryggingum. Telji ríkisvaldið þörf aukinna tekna vegna sjúkratrygginga virðist eðlilegast að ríkið noti til þess sína eigin tekjustofna og sína eigin innheimtumenn."

Þetta er undirritað af framkvæmdastjóra sambandsins.

Innheimtan, sem sveitarfélögunum er falin, á að fara þannig fram að lagt sé 1% ofan á áætlaðan gjaldstofn útsvara. Með því að velja þessa leið bruttóskattsins eru atvinnurekendur undanþegnir þessum álögum um leið og þær leggjast af auknum þunga á almenna útsvarsgreiðendur og ná auk þess til lægri tekna en annars hefði verið.

Minni hl. heilbr.- og trn., Karvel Pálmason og Vilborg Harðardóttir, lýsir sig andvígan bæði lyfja- og sérfræðiþjónustuhækkuninni og því skattlagningarformi sem reynt er að dulklæða með hundakúnstum, eins og einn hv. þm. komst að orði við 1. umr.

En þar sem við teljum hættu á að hv. þm. stjórnarliðsins láti hafa sig til að samþykkja þetta frv. þrátt fyrir andstöðu höfum við ásamt hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasyni og Svövu Jakobsdóttur lagt fram brtt. sem miðar að því að létta þó a. m. k. byrðunum af þeim sem erfiðast eiga, öryrkjum og ellilífeyrisþegum, og leggjum til að þeir skuli undanþegnir þeim greiðslum sem gert er ráð fyrir í tölul. 1, 2 og 3. í 1. gr. frv. Slík ráðstöfun kæmi ekki aðeins þeim til góða, heldur kæmi og í veg fyrir þau útgjöld sem aukin uppbótarþörf vegna lyfjakostnaðarins kallar á.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Í aths. með fjárlagafrv. fyrir árið 1976 segir m. a., með leyfi forseta:

„Gert er ráð fyrir breytingum á lögum um almannatryggingar, bæði varðandi lífeyristryggingar og sjúkratryggingar. Er unnið að tillögum í þessum efnum á vegum heilbr.- og trmrn. og fjmrn. Ætlunin er að óska þess við þingflokkana að þeir tilnefni fulltrúa í nefnd er fái brtt. til athugunar áður en frv. þar að lútandi verður lagt fram. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að draga megi útgjaldaauka um 2000 millj. kr. frá því sem ætlað er að gildandi reglur og framkvæmd feli í sér."

Svo mörg eru þau orð. Það frv., sem hér er nú til umr., er framkvæmd þessa þáttar fjárlagafrv. sem boðaður var.

Strax þegar þetta var ljóst, að hæstv. ríkisstj. ætlaði með þessum hætti að ráðast að almannatryggingakerfinu og skera það niður um 2 milljarða án þess að nokkrar hugmyndir hefðu verið fram settar með hvaða hætti það ætti að gerast, kom fram mikil gagnrýni og hörð andstaða gegn slíkri fyrirætlun. Það frv., sem hér er nú til umr. og nefnist frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, er að verulegu leyti annars eðlis en það sem gert var ráð fyrir í sambandi við fjárlagafrv. Hér er að vísu um að ræða niðurskurð og skerðingu á greiðslum til tiltekinna þátta sem nú eru í gildi, en það er þó lítið miðað við það sem fjárlagafrv. gerði ráð fyrir og var ætlun hæstv. ríkisstj.

Annar meginþáttur þessa frv. er svo ný skattheimta. Þar er gert ráð fyrir að leggja á bruttóskatt, 1% á útsvar, og þetta á að gerast og innheimtast í gegnum sveitarfélögin. Eins og hér hefur verið vikið að er þetta í fyrsta lagi í algerri andstöðu við það sem fram hefur komið af hálfu sveitarstjórna. Ég vænti þess að hv. 5. þm. Reykn. verði mér sammála um það og öðrum, sem hafa svipaða skoðun, að stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga hefur lýst sig algerlega andvíga þessu frv., hvað sem svo líður skoðun hennar á því frv. sem var verið að ræða áðan.

Eins og getið var um af hv. þm. Vilborgu Harðardóttur liggur fyrir og lá raunar fyrir, strax þegar þetta mál sá dagsins ljós, hörð andstaða stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga og að ég held sveitarstjórnarmanna almennt, og hvað sem hæstv. heilbr.- og trmrh. vill gera lítið úr skoðunum þeirra manna sem nú fara með sveitarstjórnarmál og starfa á þeim vettvangi, þá er, að ég hygg, ljóst að þetta, sem hér er verið að gera, er í algerri andstöðu við viðhorf sveitarstjórnarmanna í sambandi við þessi mál.

Á sameiginlegum fundi heilbr.- og trn. beggja deilda kom fram hjá framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga að hér væri um að ræða mál sem verkaði á sveitarstjórnarmenn eins og skvett væri á þá köldu vatni, eins og hann orðaði það. Og í bréfi, sem vitnað var til áðan, er sérstaklega vikið að því í hörðum mótmælum að hér er farið inn á braut sem er í algerri andstöðu og gengur í berhögg við þær tillögur

sem komið hafa fram um endurskoðun verkaskiptingar milli ríkis og sveitarfélaga, en þar er m.a. bent á að sveitarfélögin hafa verið þeirrar skoðunar að sjúkratryggingar eigi einvörðungu að heyra undir ríkið. Það fer því ekkert á milli mála að þetta frv., sem hér um ræðir, er í andstöðu við sveitarstjórnaraðilana og hér er gert ráð fyrir sérstakri nýrri skattlagningu sem er að verulegu leyti röng skattlagning, þ.e.a.s. með bráttóskatti sem kemur mjög illa við.

Ég skal ekki hafa um þetta mál mörg orð, en eins og nál. okkar í minni hl. heilbr.- og trn. gefur til kynna er ég algerlega andvígur því. Því er haldið fram að vísu að hér sé aðeins um bráðabirgðaráðstöfun að ræða. Við höfum séð hvert hald er í slíkum yfirlýsingum. Skattur, sem einu sinni hefur verið á lagður, það er líklega hrein undantekning ef hann verður afnuminn aftur.

Hefði verið slík nauðsyn á aukinni skattheimtu til að standa undir því sem hér er um að ræða, þá hefði a. m. k. út af fyrir sig verið æskilegra að hún hefði verið á vegum ríkissjóðs sjálfs heldur en skella því yfir á sveitarfélögin. Ég er ekki með þessu að segja að ég sé meðmæltur skattheimtu í þessum efnum eins og nú er. Ég held að það sé ýmislegt sem bendi til þess að *þeir, sem hér er verið að leggja á* aukna skatta, hafi nógar byrðar haft að bera í skattheimtu ríkissjóðs að undanförnu. Það hefði verið nær að snúa sér að þeim aðilum sem — eins og hér hefur verið margítrekað í ræðum að undanförnu — eru svo til skattlausir. Hér er fyrst og fremst verið að skattleggja launþega, almennt launafólk, en í engu vikið að þeim aðilum í þjóðfélaginu sem verið hafa og eru svo til skattlausir. Þar er fyrst og fremst átt við atvinnurekstur inn í landinu.

Ég skal ekki, herra forseti, hafa um þetta öllu fleiri orð. Það er ljóst að þetta mál er í algerri andstöðu við þær óskir sem fram hafa verið bornar og lengi hafa verið uppi af hálfu sveitarstjórnarmanna. Frv. er því harðlega mótmælt af þeirra hálfu og þarf engan að undra eins og þetta mál er nú lagt fyrir Alþingi.

ATKVGR.

Brtt. 255 felld með 24:7 atkv.
1. gr. samþ. með 24:7 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 24:7 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Neðri deild, 40. fundur.

Föstudaginn 19. des., að loknum 39. fundi.

Fjáröflun til vegagerðar, frv. (þskj. 204). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 267).

Almannatryggingar, frv. (þskj. 175). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Vilborg Harðardóttir): Herra forseti. Ekki ætla ég enn eina ferðina að fara að lýsa því hvers vegna ég er andvíg þessu frv., en ég ætla að leyfa mér að leggja fram brtt. og gefa með því hv. þm. enn kost á að reyna að létta byrðunum af þeim sem minnst mega sín. Brtt. er við 1. gr., 1., 2. og 3. tölul. Hún er svo hljóðandi:

„Þeir, sem njóta tekjutryggingar hjá almannatryggingum, greiði þó aðeins hálft gjald.“

Í fyrri till., sem felldar hafa verið, var gert ráð fyrir að gjaldið félli niður. Hér er gert ráð fyrir að gjaldið sé helmingur. Meðflytjendur mínir eru hv. þm. Karvel Pálmason, Gylfi Þ. Gíslason og Svava Jakobsdóttir.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 266) samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 266 felld með 24:7 atkv.
Frv. samþ. með 24:7 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 268).

Sameinað þing, 36. fundur.

Föstudaginn 19. des., kl. 2 miðdegis.

Frestun á fundum Alþingis, þáltill. (þskj. 220). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Efri deild, 42. fundur.

Föstudaginn 19. des., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 234). — 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Söluskattur, frv. (þskj. 257, n. 262, 263 og 264). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Axel Jónsson): Herra forseti. Hv. fjh.- og viðskn. þessarar d. hefur fjallað um frv., eins og fram kemur á nál. á þskj. 262, og ekki orðið sammála um afgreiðslu þess, en undirritaðir nm. mæla með samþykkt frv., en minni hl., Jón Árm. Héðinsson og Ragnar Arnalds, hv. alþm., skilar sérálitum. Albert Guðmundsson tekur ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Eins og hér segir leggur meiri hl. fjh.- og viðskn. til að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. 1. minni hl. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Um þetta mál er ekki þörf að orðlengja. Hér hafa verið á ferðinni allmörg mál sem snerta aukna tekjuöflun í ríkissjóð, hvert skattaálögumálið af öðru. Í þeim umr. hefur gefist kostur á að ræða einnig um þetta mál, þ. e. a. s. hækkun söluskatts um 2 stig í kjölfar þess að tekjuöflun til Viðlagasjóðs fellur niður.

Það er skoðun okkar alþb.-manna að hyggilegra hefði verið frá efnahagslegu sjónarmiði að lækka allt verðlag í landinu með því að láta þessi söluskattsstig falla niður með öllu. Á því hefði verið brýn þörf einmitt nú, þegar verðbólgan er jafnskyggileg og raun ber vitni. En hæstv. ríkisstj. hefur valið aðra leið, þ. e. a. s. að hækka sjálfan söluskattinn um 2%. Við alþb.-menn erum eindregið mótfallnir þessari auknu skattheimtu og munum því greiða atkv. gegn frv.

Frsm. 2. minni hl. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Vegna aðstæðna nú í þinglok fyrir jólafrí sé ég ekki ástæðu til að eyða löngu máli að þessu frv. um breytingu á söluskatti, en ef aðstæður hefðu verið á annan veg hefði verið réttmætt og eðlilegt að taka alllangan tíma í þessar umr.

Blessaður söluskatturinn hefur nú fikrað sig upp eftir talnaröðinni úr fáum stigum upp í 20 stig, og jafnan þegar viðkomandi ríkisstj. hefur lagt til að hann hafi hækkað, átti það að vera til bráðabirgða. Svo sem mönnum er kunnugt ríkir svo mikið tregðulögmál í skattakerfinu að þegar einn skattur er kominn á virðist afar erfitt að afnema hann. Svo er eins um þessi 2 viðbótarstig sem nú á að lögfesta og láta halda gildi sínu um óákveðinn tíma. Eitt söluskattsstig mun nú, þegar vörugjaldið er orðið staðreynd út næsta ár, gefa sennilega hátt í 1200 millj. kr., svo að hér er um verulegar skattaálögur að ræða.

Hugmynd okkar í Alþfl. var að koma með nýtt kerfi og þurfa ekki að halda áfram aukningu á sköttum sem sífellt var lofað að afnema. En til þess að mæta hugmynd um að fella niður beinan tekjuskatt á alla einstaklinga gat verið réttmætt að gera samtímis breytingu, koma sér niður á fast söluskattsstig og nota það til útjöfnunar á milli fólks í sambandi við almannatryggingakerfið og taka með því nægilega innheimtu í ríkissjóð í gegnum eyðslu. Þótt beinn tekjuskattur gefi af sér allverulega upphæð í ríkissjóð, þá er það mál manna og fer ekki á milli mála að margir sleppa billega í gegnum það kerfi, og er því réttmætt að þeir borgi í gegnum eyðslu sína í ríkissjóð. Einnig er á það að líta að mikið kostar að innheimta tekjuskattinn, og hafa mörg samtök launþega um allt land ályktað í þá átt að réttmætt sé að stokka nú upp í þessum efnum og fella beinan tekjuskatt niður, en koma sér niður á fasta söluskattsprósentu. Hvort hún yrði 18, 19 eða 20 stig yrði þá samkomulag um þegar — ég segi: þegar er komið svo að beinn tekjuskattur er felldur niður. En við erum andvígir því í Alþfl. að auka söluskattinn og halda við óbreyttri beinni tekjuskattsinnheimtu.

Þetta er mikið mál, og því hefur verið lofað af hæstv. ríkisstj. — og í því hafa starfað n. og það fleiri en ein — að koma fram með nýjar hugmyndir í skattkerfi landsmanna. Það verður ekki lengur undan því vikist, svo almenn óánægja ríkir hér á landi með núgildandi skattalög. En það hefur verið veikleiki margra ríkisstj. að lappa jafnan upp á skattalögin, en taka þau ekki gaumgæfilega til meðferðar og bæta úr og hafa skattheimtuna einfaldari og auðskildari hverjum manni. Í staðinn er leitað að smálagfæringu og heildarlagabálkurinn orðinn svo flókinn að það er ekki nema fyrir fáa útvalda að botna í þeim frumskógi.

Við í Alþfl. viljum nú stokka þetta allt upp, fella niður beinan tekjuskatt, en í staðinn gætum við verið til umræðu um að fara með söluskattinn hærra og jafnvel allt upp í 20 stig. En við erum mótfallnir því að hækka nú söluskattinn án þess að gera bragarbót á annarri tekjuöflun fyrir ríkissjóð. Þess vegna leggjum við til, herra forseti, að þetta frv. verði fellt.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 262 hefur meiri hl. fjh.- og viðskn. skilað áliti um það frv. sem hér liggur fyrir, um söluskatt, og þar stendur: „Albert Guðmundsson tekur ekki þátt í afgreiðslu málsins.“

Ég vil gera nokkra grein fyrir þessari afstöðu minni, en hún er fólgin í því og eingöngu í því að þeim söluskatti, sem hér er um að ræða, er ætlað það hlutverk að standa undir þeim auknu verkefnum sem færð eru yfir til sveitarfélaganna frá ríkisrekstrinum. Fyrir Alþ. liggja því tvö frv. til l. er varða sérstaklega samskipti ríkisins og sveitarfélaganna: Annars vegar er um að ræða frv. til l. um breyt. á l. um söluskatt, en hins vegar frv. til l. um breyt. á l. vegna nokkurra verkefna sveitarfélaga og kostnaðar við þau, en bæði þessi frv. eru boðuð í aths. með frv. til fjárlaga.

Frv. til l. um breyt. á l. um söluskatt ásamt fram kominni brtt. gerir ráð fyrir aukinni hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í 5 söluskattsstigum, og er tekjuauki Jöfnunarsjóðs af þessum sökum áætlaður um 520 millj. kr. Úthlutunarfé Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaga hækkar hins vegar ekki að sama skapi. Tekjuaukinn skerðist um 12%, þ. e. a. s. 5% til Lánasjóðs sveitarfélaga, 5% í varasjóð, 1% til Sambands ísl. sveitar-

félaga og 1% til landshlutasamtaka sveitarfélaga. Úthlutunarfé Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaga verður þannig tæplega 458 millj. kr. Í hlut borgarsjóðs Reykjavíkur koma þá 39% í hlutfalli við íbúatölu eða rétt tæplega 179 millj. kr.

Frv. um breyt. á l. vegna nokkurra verkefna sveitarfélaga og kostnaðar við þau eru í 7 köflum og varðar jafnmarga málaflokka sem greiddir hafa verið að meira eða minna leyti sameiginlega af ríkissjóði og sveitarfélögum. Ég mun ekki á þessu stigi fjalla um frv. lið fyrir lið, sé ekki ástæðu til þess, eða sérstaklega um einstaka kafla þess, en í ræðu, sem borgarstjórinn í Reykjavík hélt á fundi borgarstjórnar í gær, vakti hann athygli á að útgjöld ríkissjóðs, sem borgarsjóði er ætlað að yfirtaka samkv. frv., muni nema samkv. frv. að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar, eins og það hefur verið lagt fyrir borgarstjórn, um 209 millj. 300 þús. kr. eða m. ö. o. um 30 millj. kr. hærri fjárhæð en ætla má að tekjuauki borgarsjóðs verði samkv. frv. um breyt á l. um söluskatt, eins og það nú liggur fyrir og ég vék að hér áðan.

Borgarstjóri lét einnig þá skoðun í ljós, að frv. um breyt. á l. vegna nokkurra verkefna sveitarfélaga yrði ekki skilið á þann veg að ríkissjóður muni við uppgjör við sveitarfélög vegna útgjalda á árinu 1975 beita ákvæði þess, — frv. er að sjálfsögðu ekki orðið að lögum enn þá, en ef það verður samþykkt. Engin ákvæði eru í frv. þess efnis. Slík túlkun eða framkvæmd laganna mundi hins vegar leiða til mun óhagstæðari útkomu fyrir borgarsjóð Reykjavíkur og að sjálfsögðu sveitarfélögin almennt á næsta ári en framangreindar tölur segja til um. Því vil ég beina þeirri fsp. til hæstv. ráðh. hvort ætlunin sé að láta ákvæði frv., ef samþykkt verður, gilda um uppgjör ríkissjóðs við sveitarfélög vegna ársins 1975. Ég vænti þess að fá skýr svör um þetta atriði. Þau tel ég mig ekki hafa fengið á nefndarfundinum í gærkvöld og þar af leiðandi mótaðist afstaða mín hvorki með né á móti á þessum nefndarfundi. Afleiðingin er sú, að skráð er í nál. meiri hl. að Albert Guðmundsson hafi ekki tekið þátt í afgreiðslu málsins.

Í ræðu sinni á borgarstjórnarfundi í gærkvöld sagði borgarstjóri orðrétt á þessa leið:

„Mér er ekki kunnugt um hvaða áhrif samþykkt þessara tveggja frv., sem ég hef nú gert að umræðuefni, muni hafa á fjárhag annarra sveitarfélaga en Reykjavíkurborgar. Af því, sem ég hef nefnt, er hins vegar ljóst að samþykkt frv., eins og þau liggja nú fyrir Alþ., mun hafa neikvæðar afleiðingar fyrir fjárhag borgarsjóðs, og ég reikna þá með að sama eigi við um önnur sveitarfélög.“ Ég held áfram: „Ég tel að ekki hafi verið ætlun ríkisstj., þegar ákveðið var við undirbúning fjárl. að stefna að þeim breytingum sem þar eru greindar, að þær yrðu sveitarfélögum í óhag. Ég vil því eindregið hvetja ríkisstj. og alþm. alla til þess að gæta þess við afgreiðslu þessara frv. á Alþ. að hagsmunir sveitarfélaganna verði ekki skertir með samþykkt þeirra.“

Undir þessi orð borgarstjóra vil ég taka.

Í ræðu sinni á borgarstjórnarfundi í gær benti borgarstjóri einnig á að í brtt. fjvn. við frv. til fjárl. 1976 er aðeins gert ráð fyrir 188.8 millj. kr. framlagi til skólabygginga í Reykjavík. Ég bið afsökunar að ég fer hér e. t. v. svolítið út fyrir þann ramma, sem okkur er skorðaður með umr. um söluskatt eingöngu. Það er ekki hægt annað, því að þessi mál eru tengd þeim hraða sem hefur verið á afgreiðslu mála í hv. d. undanfarið. — Aðeins er gert ráð fyrir 188 millj. kr. framlagi til skólabygginga í Reykjavík, en samsvarandi fjárhæð í frv. að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar er um 312 millj., eða réttara sagt 312.6 millj. kr. Mismunur er að upphæð 123.8 millj. kr. Hér er þó aðeins átt við lögbundinn hluta ríkissjóðs vegna skólabygginga sem þegar hafa verið samþykktar. Frv. að fjárhagsáætlun borgarinnar gerir einnig ráð fyrir að hluti ríkissjóðs vegna umsaminna húsnæðisskipta, þ. e. vegna Vogaskóla og Öskjuhlíðarskóla, verði á árinu 1976 95 millj. kr., en samkv. brtt. fjvn. er þessi fjárhæð nú áætluð um 67 millj. kr. Mismunur er hér 28 millj. kr. Þá er í frv. að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar áætlaður samningshluti ríkissjóðs vegna greiðslu til húsnæðisskipta 83 millj., en fjvn. gerir enga till. um framlag í þessu skyni. Í ræðu sinni taldi borgarstjóri, að hér væri um samningsskyldu að ræða sem ríkissjóður geti ekki vikist undan að fullnægja, og lét í ljós von um að mál þetta yrði tekið til frekari athugunar við 3. umr. fjárl.

Vil ég nota þetta tækifæri til að ítreka og koma á framfæri þessari skoðun borgarstjóra, því að þetta er til viðbótar við það sem vantar upp á að söluskatturinn standi undir þeim kostnaðarliðum, þeim auknu verkefnum sem nú er verið að færa yfir á sveitarfélögin almennt og aukast ef svar hæstv. ráðh. verður á þá leið að kostnaður árið 1975 skuli yfirfærast af sveitarfélögunum, — aukast úr 209 millj. í hlut Reykjavíkurborgar um 133 millj. rúmar eða upp í 342 millj. kr. rúmar. Tekjuauki borgarsjóðs Reykjavíkur — og annarra sveitarfélaga þá líklega í hlutfalli við það — er 178 millj. kr. við þessar breytingar sem nú er verið að gera.

Af því, sem nú hefur verið rakið, er ljóst að frv. til fjárl. gerir ráð fyrir rúmlega 234 millj. kr. lægri fjárveitingu til skólabygginga í Reykjavík en frv. að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar eða borgarsjóðs gerir ráð fyrir og með þeim forsendum sem nú hefur verið lýst. Verði ekki verulegar lgafæringar gerðar við afgreiðslu fjárl. að þessu leyti er þannig alveg ljóst að framkvæmdir við skólabyggingar í Reykjavík á næsta ári verður að skera niður frá því sem áætlað hafði verið. Að sjálfsögðu hlýtur sá niðurskurður fyrst og fremst að bitna á íbúum og þá aðallega börnum í hinum nýju borgarhverfum Reykjavíkurborgar, eins og t. d. Breiðholti.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða um þessi atriði frekar. Með máli mínu hef ég viljað vekja athygli hv. alþm. á málaflokkum sem annars vegar varða sveitarfélögin öll, en hins vegar atriðum í fjárlagafrv. sem varða reykvíkinga sérstaklega. Ég vil vænta þess að við afgreiðslu frv. verði þau atriði höfð í huga sem ég hef nú gert að umræðuefni. Það er alvarlegt ef mistök hafa átt sér stað, þannig að þau verkefni, sem verið er að færa yfir á herðar sveitarfélaganna, og tekjuaukar sveitarfélaganna standast ekki nokkurn veginn á. En svo virðist

vera ef það verður sem ég óttast að kostnaðurinn við árið 1975, sem þegar er útlagður af sveitarfélögunum og þau reikna með að fá endurgreiddan og er hvað Reykjavík snertir 133 millj. kr., komi til viðbótar við þann kostnað sem skapast af þeim verkefnum sem yfirfærð eru til sveitarfélaga og þá m. a. Reykjavíkurborgar. Ég vona að ótti minn sé ástæðulaus, en geri ráð fyrir að hæstv. fjmrh. gefi hér skýr svör, þannig að ekki fari á milli mála að hverju er stefnt og sveitarfélögin geti hagað sínum fjárhagsáætlunum fyrir árið 1976 í samræmi við svar hæstv. ráðh.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Út af fsp. hv. 12. þm. Reykv. vil ég segja að í frv. á þskj. 183 er ætlað að færa greiðsluskyldu ríkissjóðs 1976 vegna verkefna 1975 yfir til sveitarfélaganna. Samkv. tölum fjárlagafrv. er upphæð 392 millj. Jafnframt er með frv. á þskj. 257, sem hér er til umr., ætlað að færa til sveitarfélaganna tekjur sem nema 458 millj., þannig að tölur fjárlagafrv. eru endurmetnar á 458 millj. Auk þess er gert ráð fyrir að Lánasjóður sveitarfélaga og þær aðrar stofnanir, sem fá greiðslur frá Jöfnunarsjóði, fái tekjur með sama hætti og verið hefur, eða 63 millj. tekjuauka. Jöfnunarsjóði sveitarfélaga er ætlað að hafa 521 millj. kr. í tekjur á árinu 1976 til þess að taka við verkefnum sem ríkissjóður áætlaði að greiða 392 millj. kr. til á því ári.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir svar hans, þó að það valdi mér og eflaust mörgum öðrum sveitarstjórnarmönnum miklum vonbrigðum. Sveitarfélög — og vil ég helst halda mig að Reykjavíkurborg — hafa þegar lagt út kostnað vegna ársins 1975 gegn endurgreiðslu á árinu 1976 af tekjum sem ríkissjóður hefur þegar haft 1975. Hér er ríkissjóður að velta yfir á sveitarfélögin lögbundnum greiðslum, — að skilningi þeirra sem að þessum málum starfa á vegum Reykjavíkurborgar, og ég reikna með að það sé þá almennt skilningur sveitarstjórnarmanna — sem honum ber annars að greiða. Fyrir Reykjavíkurborg þýðir þetta að á árinu 1976 hafa aukin verkefni, sem nú færast yfir á Reykjavíkurborg, kostnaðarauka í för með sér sem svarar til 209 millj. kr., en tekjuaukningin er 178 millj. rúmar. Við þetta bætist svo kostnaður árið 1975 sem nemur 133 millj. kr. rúmum, þannig að mismunurinn fyrir árið 1976 fyrir Reykjavíkurborg eina er þarna um 160 millj. kr. Ég harma að svona kostnaðarliðum skuli lætt yfir á sveitarfélögin.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég vil halda því fram að það sé misskilningur hjá hv. 12. þm. Reykv. að ríkissjóður sé þegar búinn að fá tekjur til þess að standa við greiðslur samkv. þeim verkefnum sem hér er um að ræða. Það eru tekjur ríkissjóðs 1976, sem ætlað er að standa undir þessum kostnaði. Þær tekjur eru færðar með því frv. sem hér er til umr., ef að lögum verður, yfir til sveitarfélaganna og þar með þau verkefni sem þessum tekjum hefur verið ætlað að standa undir.

Frsm. meiri hl. (Axel Jónsson): Herra forseti. Vegna þeirra umr., sem hér hafa orðið í sambandi við söluskattinn og nánast miklu fremur varðandi það mál sem við afgreiddum hér í gær, þá vil ég aðeins geta þess varðandi þetta atriði, sem þá bar ekkert á góma, að í mínum huga hefur aldrei verið annað en sá háttur hlyti að ríkja í þessu máli eins og hæstv. fjmrh. hefur hér tekið fram. Ef hér hefði ekki verið gerð nein breyting á, þá sætu sveitarfélögin uppi með það að fá fjárveitingar varðandi þau verkefni sem gerð eru upp árið eftir. Það má segja að það geti verið um misjafnt fyrirkomulag að ræða í því efni. Sumir þættir eru kannske gerðir upp mánaðarlega, aðrir ársfjórðungslega eða svo, og í þriðja lagi er um að ræða þætti sem ekki eru gerðir upp fyrr en árið eftir og þá með fjárframlagi á fjárl. ríkissjóðs árið eftir að framkvæmdin átti sér stað. Ef hér hefði ekki orðið neinn verkefnatilflutningur hefðu sveitarsjóðirnir á árinu 1976 ekki aðrar tekjur frá ríkinu til að mæta þessu með heldur en það sem þau áttu inni lögum samkv. vegna þess sem þau framkvæmdu á árinu 1975 og þá venjulega um 50% kostnaðarskiptingu að ræða, síðan hefðu þau orðið að fjármagna allar þær framkvæmdir og rekstur á árinu 1976 af þessum tekjum, sem þau fengju vegna framkvæmda 1975, til viðbótar fjárframlagi úr eigin sjóði. Árið 1976 er ekki aðeins um það að ræða að þau fái það, sem þeim ber lögum samkv. vegna þess, sem þau hafa lagt fram árið 1975, heldur hærri upphæð samkv. þeirri lagabreytingu sem gerð hefur verið. Auðvitað verða þau að fjármagna mismuninn á þeirri framkvæmdaákvörðun sinni á árinu 1976 með eigin fjármagni. Það er skoðun mín að varðandi þetta atriði sé heldur um hagnað að ræða fyrir sveitarfélögin og í árslok 1976 verði greiðslustaða þeirra betri en ella hefði orðið.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10:7 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11:6 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Lántaka vegna opinberra framkvæmda 1976, frv. (þskj. 247, n. 259 og 269). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jón G. Sólnes): Herra forseti. Þetta mál hefur hlotið meðferð í fjh.- og viðskn. og hefur verið athugað af n. Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ., en minni hl. skilar séráliti.

Hér er um að ræða veigamikið mál sem fjallar um mjög háar fyrirhugaðar lántökur ríkissjóðs. Ekki er ástæða á þessu stigi að fjölyrða um málið, því að fyrir utan það, að það hefur

verið rætt nokkuð manna á meðal, þá fylgir nú í fyrsta skipti skýrsla um lánsfjáráætlun 1976, mjög greinargóð, sem í eru margar og mikilsverðar upplýsingar um það, til hvers fjármagnið skuli fara og hvernig þess skuli aflað.

Þegar þessi mál eru rædd kemst maður þó ekki hjá því að staldra dálítið við þá staðreynd, þegar litið er á heildarskuldir þjóðarinnar í erlendum gjaldeyri, hversu áberandi það er hvað þátttaka einstaklingsframtaksins — á ég þar jafnt við einstaklinga, fyrirtæki, félög og félagasamtök — er lítil, ótrúlega lítil í þeirri starfsemi að flytja erlent fjármagn til landsins og vera aðili að því. Sú þróun hefur viðgengist í þessu þjóðfélagi og farið vaxandi að öll fyrirgreiðsla í sambandi við erlendan lánamarkað fer fram fyrir milligöngu hins opinbera. Alls staðar annars staðar á vestlægum löndum eru notaðir til hins ítrasta möguleikarnir sem einstaklingarnir, jafnt fyrirtæki og félagasamtök, hafa til að njóta lánstrausts á erlendum markaði og þannig flytja heim til síns lands það fjármagn sem þeir geta útvegað til uppbyggingar atvinnurekstrar og til hráefniskaupa og annarra þeirra hluta sem atvinnuvegirnir þurfa á hverjum tíma.

Af þessu skipulagi, sem við íslendingar búum við og höfum búið við um langt árabil, þessa opinberu forsjón í lánamálum eða samskiptum þjóðarinnar um erlent fjármagn, hefur skapast það ástand að hið opnibera, þjóðfélagið, hefur orðið, þar með talinn ríkissjóður, að binda sér miklu meiri bagga en þurft hefði ef meira frjálsræði hefði ríkt í þessum málum. Afleiðingin af þessari tilhögun hefur orðið sú, að ríkissjóður og opinberar stofnanir hafa í æ ríkari mæli með hverju árinu sem líður orðið að taka á sig stórfelldar greiðslur á slíkum erlendum fjárskuldbindingum, — greiðslur sem ekki er hægt að inna af hendi öðruvísi en að innheimta skatta í þjóðfélaginu.

Hér held ég að sé ástæða til að stinga við fótum og taka til rækilegrar athugunar hvort ekki væri ástæða til að breyta nokkru til hér um, að við færum að semja okkur að siðum annarra vestrænna þjóða sem gefa þegnunum, fyrirtækjunum og félagasamsteypum tækifæri til þess sjálfum að reyna til hins ítrasta að skapa sér lánstraust og nýta krafta sína til þess á eðlilegan hátt, án þátttöku og án ábyrgðar opinberra aðila, að útvega sér það fjármagn sem til þarf, að ekki sé gleymt þeirri staðreynd, að eins og nú er háttað skattheimtu hins opinbera, þá má með nokkrum sanni segja að stór hluti af hverri krónu, sem fer manna á milli, hvort það er í veltu eða öðrum fjármagnsgreinum, fer beint sem tekjur í ríkissjóð, þannig að aðeins ef maður vildi með sanngirni líta á þessa hlið málsins, þá er með því skipulagi, sem við nú höfum á þessum málum og höfum haft um langa hríð, verið að sniðganga stórkostlega tekjumöguleika fyrir ríkissjóð. Með því kerfi, sem við búum við, er verið að skapa þjóðfélaginu stórkostlegar greiðslubyrðar sem geta ekki komið niður öðru vísi en með aukinni skattabyrði almennings. Á þetta veigamikla atriði þótti mér eðlilegt að nota tækifærið við umr. um þetta mál að benda, um leið og ég vænti þess að af hlutaðeigandi stjórnvöldum verði tekið rækilega til athugunar að endurskoða þetta kerfi allt frá grunni áður en í meira óefni fer í efnahagsmálum þjóðarinnar.

Frsm. 1. minni hl. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það er skoðun mín að á fáum sviðum efnahagsmála séu opinberar umr. jafnyfirborðskenndar og einmitt þegar verið er að ræða um erlendar lántökur þjóðarinnar. Við heyrum oft uppi hafðar fullyrðingar um að lántökur þjóðarinnar séu nú orðnar svo miklar að þar megi engu við bæta og greiðslubyrðin svo gífurleg að stórhætta sé á ferðum. Eins heyrum við hitt, að vel sé hægt að framkvæma þetta eða hitt vegna þess að hægt sé að fá erlend lán til slíkra framkvæmda. En yfirleitt rekast menn ekki á neinar rökstuddar grg. af hálfu Seðlabanka eða Efnahagsstofnunar eða Þjóðhagsstofnunar, eða hvað þær nú heita allar þessar stofnanir, um það, hvað talist geti hámark erlendra skulda eða hvenær þjóðin fari sem sagt að reka sig upp undir og megi alls ekki lengra ganga. Menn virðast bara fullyrða eitthvað út í bláinn, vegna þess að þeir hafa ekkert við að miða. Mér virðist að okkur vanti alveg inn í þessar umr. miklu glöggari grg. af hálfu hagfræðilega menntaðra manna, — manna sem við leitum ráða hjá, og eins er nauðsynlegt í þessu sambandi að fá einhvern samanburð á því hvernig mál standa hjá íslendingum í dag og svo hvernig mál standa hjá nálægum þjóðum. Um þetta væri æskilegt að fá upplýsingar, og ég hef m. a. óskað eftir því í hv. fjh.- og viðskn. að fá slíkar upplýsingar, en þær hafa enn ekki fengist.

Í tíð fyrri stjórnar, vinstri stjórnarinnar, var altitt að talsmenn Sjálfstfl. hefðu uppi mikil hróp að stjórninni fyrir það, hve erlendar lántökur væru orðnar óskyggilega miklar. Talsmenn Sjálfstfl. héldu því fram að vinstri stjórnin væri að kollsigla öllu með þessum miklu lántökum. Því var að sjálfsögðu svarað með því, að um væri að ræða lántökur til mjög brýnna og nauðsynlegra framkvæmda sem þyldu ekki neina bið og ættu eftir að skila þjóðinni miklum arði. Það er því harla fróðlegt að sjá hver breyting hefur á orðið eftir að núv. ríkisstj. tók við völdum.

Í nál. minni hl. fjh.- og viðskn. Nd. er gerð grein fyrir því, hver skuldaaukning hefur orðið á síðustu tveimur árum og er komist að þeirri niðurstöðu, að áætluð erlend langtímalán verði í árslok 1976 um 65 milljarðar. Ég vil strax taka fram að þessi útreikningur er ekki eins nákvæmur og vera þyrfti, og eftir að ég hef litið á hann sýnist mér að hann þurfi lagfæringar við. Það vill nefnilega svo til að í þessu yfirliti, sem er á þskj. 214, eru langtímalán í árslok 1974 færð upp á gengi þess tíma og eru því talin vera rúmlega 41 milljarður. Réttara hefði verið að miða við núverandi gengi, og ef öll lánin eru færð upp á sama gengi, þ. e. a. s. genginu sem var í sept. s. l., 164.5 kr. fyrir hvern dollar, þá kemur dæmið út á nokkuð annan veg. Erlend langtímalán voru í árslok 1974 57 milljarðar 626 millj. Síðan bætast við samkv. þeim tölum, sem fram koma í skýrslu ríkisstj. um lánsfjáráætlun 1976, nettóaukningin 1975, 13 milljarðar 140 millj., og nettóaukningin 1976, 10 milljarðar 145

millj., þannig að hin rétta tala virðist vera í árslok 1976 ekki 64 milljarðar, eins og áður höfðu verið nefndir, heldur 80 milljarðar 911 millj. kr. Ef litið er á um hve mikla aukningu hér er að ræða, kemur í ljós að lánin aukast um rúm 40% á árunum 1975 og 1976, árinu sem nú er að líða og næsta ári, eftir því sem gert er ráð fyrir í nýfenginni skýrslu ríkisstj. um lánsfjáráætlun. Ég held að fátt afhjúpi betur skrum og áróðursblekkingar Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu en að einmitt eftir að sá flokkur tekur við stjórnarforustu hefur orðið meiri hækkun á erlendum skuldum en nokkru sinni fyrr.

Hér er um að ræða erlendar lántökur sem nema 6655 millj. kr. Þegar Alþ. er beðið um svo mikla lánsfjárheimild væri að sjálfsögðu eðlilegast að listi fylgdi um það til hvaða framkvæmda þessi lán eiga að ganga. En svo er ekki í þessu tilviki. Í grg. frv. fylgir enginn listi af þessu tagi. Í framsöguræðu ráðh. kom ekki fram nein sundurliðun á þessari tölu, og í nefnd eða í framsöguræðu meiri hl. n. komu ekki fram neinar ákveðnar upplýsingar um það, hvernig ætti að verja þessu fé. Til þess að þm. geti áttað sig á því verða þeir að liggja hér alllengi yfir svonefndri skýrslu ríkisstj. um lánsfjáráætlun og tína til tölur úr ýmsum áttum til þess að átta sig á til hverra hluta ætlunin er að verja þessu fé. Þar sem hæstv. fjmrh. hefur ekki séð sóma sinn í því að birta þennan lista um leið og hann gerði grein fyrir þessari lánsfjáráætlun, þá þykir mér rétt að taka að mér það hlutverk, þar sem enginn annar hefur tekið það að sér. Listinn er þá á þessa leið:

Til sveitarafvæðingar munu ætlaðar 150 millj., til norðurlínu 578 millj., til Kröfluvirkjunar, þar af í stöðvarhús og vélar 1694 millj., borholur og aðveitukerfi 600 millj., línu til Akureyrar og aðveitustöð 571 millj. og til Jarðborana ríkisins 40 millj. Samanlagt eru þetta 3633 millj. Þetta er að vísu 13 millj. kr. hærri upphæð en virðist vera þörf á til þessara framkvæmda, en það skýrist einfaldlega af því, eftir því sem séð verður á bls. 14 í skýrslu ríkisstj. um lánsfjáráætlun, að þessar 13 millj. komi af innlendu fé, þannig að samanlagt sé hér um að ræða 3620 millj. kr.

Vörukaupalán eru: Kröfluvirkjun 644 millj., lína til Akureyrar vegna Kröfluvirkjunar 84 millj., aðveitustöð á Akureyri 130 millj., Rafmagnsveitur ríkisins 132 millj., samtals 990 millj., og síðan lán til Framkvæmdasjóðs vegna fjárfestingarsjóða atvinnuveganna 2045 millj.

Ég vona að menn skilji það, að ég get ekki tekið afstöðu til lánsfjárheimildar upp á 6655 millj. kr. án þess að vita til hvaða framkvæmda á að verja því fé. En svo er að sjá að hv. stjórnarþm. geti samþykkt hvað sem er, þeir spyrja ekki einu sinni til hvaða hluta og til hvaða framkvæmda þessi lán eiga að ganga, og hæstv. ráðh. og frsm. n. virðast ekki telja neinu skipta til hvaða framkvvæmda þetta eigi að ganga. Það er eins og þm. hafi innbyggða einhverja sjálfvirkni í handleggnum á sér, þannig að þeir geti rétt upp höndina og samþ. hvað sem er ef ríkisstj. ber það fram. Þetta vil ég átelja og tel alveg fráleit vinnubrögð.

Með hliðsjón af þeim framkvæmdum, sem ég hef hér talið upp, hef ég tekið afstöðu til þess, hvort ég geti staðið að því að samþykkja þessar lánsheimildir. Það er skoðun mín að hér sé um að ræða nauðsynlegar og óhjákvæmilegar framkvæmdir. Ég tel að sá hraði, sem er á uppbyggingu Kröfluvirkjunar, sé óhjákvæmilegur og öll þau lán, sem ætluð eru til þeirrar virkjunar, 4301 millj., eigi fyllsta rétt á sér. Ég get því ekki annað en stutt þetta frv. sem gerir ráð fyrir svo miklum lánsfjárheimildum til Kröfluvirkjunar. Afgangur þessarar upphæðar er að mestu lán til Framkvæmdasjóðs, samtals 2045 millj. kr., og eftir að hafa yfirfarið um hvaða sjóði er hér að ræða, þá hef ég komist að þeirri niðurstöðu að þessar lánsfjárheimildir séu óhjákvæmilegar. Þá er búið að telja upp megnið af þessum lánum. Eftir eru aðeins um 300 millj. sem fara til sveitarafvæðingar, til Jarðborana ríkisins og til Rafmagnsveitna ríkisins, allt bráðnauðsynlegar framkvæmdir.

Ég hefði talið að við umr. í þinginu hefði verið sjálfsagt og eðlilegt að gera grein fyrir því, hvernig ætlunin er að Framkvæmdasjóður ráðstafi þessum lánum. Ég tel að þm. eigi rétt á að vita það. En úr því að hæstv. fjmrh. og aðrir þeir, sem gert hafa grein fyrir þessum málum í þinginu, hafa ekki séð sóma sinn í að gefa skýrslu um það hér, þá tel ég mig til neyddan að gera sjálfur grein fyrir því.

Fjáröflun Framkvæmdasjóðs er samtals 4535 millj. kr. Þar af er gert ráð fyrir því að eigið ráðstöfunarfé sjóðsins sé 150 millj., að hann geti tekið lán úr innlendum bönkum sem nemi 900 millj., en það er tvöföld sú upphæð sem hann fékk að láni 1975, og að hann fái lán úr lífeyrissjóðum að upphæð 1440 millj., en það er hvorki meira né minna en sjöföld sú upphæð sem sjóðurinn fékk að láni hjá lífeyrissjóðum á s. l. ári. Virðist því gæta þar talsvert mikillar bjartsýni. Áætlunin hvað snertir lántökur úr lífeyrissjóðum á s. l. ári var upp á 600 millj., en í reynd fengust ekki nema 200 millj., svo að nú er gert ráð fyrir að hér verði um að ræða 1440 millj. kr. lántöku. Sjá því allir að hér er um að ræða mjög mikla viðbót úr lífeyrissjóðunum, og ef ekki tekst að ná þessu fjármagni úr lífeyrissjóðum hlýtur afleiðingin að verða sú, að um enn meiri erlendar lántökur verði að ræða en hér er gert ráð fyrir, en þær eru, eins og áður er fram komið 2045 millj.

Stjórn Framkvæmdasjóðs ríkisins hefur nýlega tekið ákvörðun um hvernig þessu fjármagni verði varið, og vil ég nú gera grein fyrir því, þar sem það hefur ekki áður komið fram í þessum umr. Sú útlánaáætlun er á þessa leið:

Til Stofnlánadeildar landbúnaðarins er lán að upphæð 950 millj. Að því fengnu er gert ráð fyrir að Stofnlánadeildin geti veitt lán á komandi ári sem nemi 1200 millj. kr. Til samanburðar má geta þess, að áætluð útlán á yfirstandandi ári eru 1370 millj. kr. Ég fæ því ekki séð að hér sé um of háa lánsfjárhæð að ræða úr Framkvæmdasjóði, þar sem lán úr Stofnlánadeildinni virðast munu minnka frá árinu 1975 til ársins 1976. Ég spái því, að þvert á móti muni

þetta tæpast hrökkva til að deildin geti sinnt þeim verkefnum sem talin verða brýnust. Það skal að sjálfsögðu tekið fram, að útlánaóskir Stofnlánadeildarinnar eru talsvert meiri, og vil ég upplýsa hér að Stofnlánadeildin telur fjárþörf sína vera 1960 millj. kr. á árinu 1976. En það er sem sagt ekki ætlunin samkv. þessari útlánaáætlun að Stofnlánadeildin láni út nema 1200 millj. kr. Sýnist mér því að sú lánsfjáröflun, sem hér er reiknað með, megi ekki minna vera.

Veðdeild Búnaðarbanka Íslands fær úr Framkvæmdasjóði 20 millj. kr. og mun hafa til lánveitinga 22 millj. Þetta mun einhverjum þykja einkennilegt, að hún skuli ekki geta lánað af eigin fé. Enn einkennilegra reynist þetta vera þegar haft er í huga að hér er gert ráð fyrir að veðdeildin fái lán úr lífeyrissjóðnum sem nemi 50 millj. kr. Hljóta menn þá að spyrja: Hvað verður um þær 50 millj.? Sannleikurinn er sá, að eigin ráðstöfunarfé veðdeildarinnar er neikvætt um 48 millj. Það er sem sé gert ráð fyrir að veðdeildin tapi á komandi ári 48 millj., og allt það fé er síðan tekið að láni hjá lífeyrissjóðum, þannig að deildin sé ekki gerð upp sem gjaldþrota. Þetta er að sjálfsögðu mjög einkennilegur fjárhagur hjá einum af stofnfjársjóðum þjóðarinnar, og satt að segja er ég löngu hættur að botna í því, hvernig rekstri veðdeildarinnar er háttað. Virðist alveg augljóst mál að þar þurfi að eiga sér stað veruleg breyting frá því sem nú er og að fjárhagur deildarinnar sé styrktur með útvegun eigin fjár.

Um Fiskveiðasjóð Íslands er það að segja, að lán Framkvæmdasjóðs eru áætluð 2600 millj. kr. Er þá gert ráð fyrir að sjóðurinn hafi til útlána 3990 millj. Til samanburðar er rétt að geta þess, að stjórn Fiskveiðasjóðs hefur upplýst að til þess að anna lánsumsóknum með venjulegum hætti þurfi sjóðurinn 4780 millj. kr. Sjóðsstjórnin bendir á að sjóðurinn sé að verulegu leyti bundinn lánsloforðum að beinum skuldbindingum við erlenda aðila og innlendar skipasmíðastöðvar. Sjóðurinn gerir ráð fyrir að þurfa að hafa til erlendra skipakaupa 1480 millj., til tækja og viðgerðar 500 millj., til vinnslustöðva 1000 millj. og til innlendrar skipasmíði 1800 millj., samtals 4780 millj. Þessi áætlun hefur sem sagt verið skorin niður í 3990 millj. Hv. alþm. til fróðleiks skal þess getið að niðurskurðurinn mun fyrst og fremst bitna á innlendri skipasmíði, því að lækkunin þar verður úr 1800 millj., sem talið er af sjóðsstjórninni lágmark, niður í 1310 millj. Það er því bersýnilegt að ekki má sníða lánsfjárútvegun til Fiskveiðasjóðs þrengri stakk en gert er. Virðist mér það satt að segja harla iskyggilegt hvað Fiskveiðasjóði er ætlað lítið fjármagn miðað við þarfirnar, enda er staðreyndin sú að Fiskveiðasjóður mun samkv. þessari áætlun ekki lána á árinu nema 145 millj. kr. meira en á s. l. ári, þegar hann lánaði 3875 millj. Það er næstum að segja status quo í lánveitingum Fiskveiðasjóðs enda þótt við höfum lifað um það bil 50% verðbólgu á þessu eina ári sem liðið er.

Um Iðnlánasjóð er það að segja, að honum eru ætlaðar af þessu fé 250 millj. kr. þannig að hann hafi til lánveitinga 673 millj. Útlánaóskir Iðnlánasjóðs eru hins vegar allmiklu meiri. Sjóðurinn gerir ráð fyrir því, að eðlilegt væri að hann lánaði út 1450 millj. af lánsumsóknum sem nema 2080 millj. Sem sagt, hér er ekki gert ráð fyrir að sjóðurinn láni út nema svo sem eins og 40% af því sem stjórn sjóðsins telur vera nauðsynlegt og æskilegt. Ég tel, að engum sjóði í þessari útlánaáætlun sé sniðinn jafnþröngur stakkur og Iðnlánasjóði og það sé satt að segja mjög varhugavert að ætla honum svo lítið fjármagn til útlána, ekki síst með hliðsjón af þeirri þörf sem á því er að iðnþróun hér á Íslandi verði örari en verið hefur nú um skeið, og með hliðsjón af þeim erfiðleikum, sem nú við blasa í sjávarútveginum. Ef Iðnlánasjóður lánaði út í einhverju hlutfalli við þá verðbólguaukningu sem átt hefur sér stað í þjóðfélaginu, þá væri eðlilegt að útlán hans næmu um 770 millj., en hann hefur sem sagt ekki til lánveitinga nema 673 millj.

Lánasjóður sveitarfélaga fær hins vegar talsvert aukið fé til ráðstöfunar frá því sem áður var, og er það góðs viti. Honum eru ætluð lán úr Framkvæmdasjóði sem nema 250 millj. kr., þannig að hann hafi til lánveitinga 508 millj. Til samanburðar má geta þess, að hann hafði 310 millj. á árinu 1975. Hins vegar er rétt að geta þess, að sú áætlun, sem sjóðsstjórnin hefur sett upp um brýnar framkvæmdir, sem sjóðurinn þurfi að lána til, sú upphæð nemur rúmum 1000 millj. kr. Er því ljóst að sá sjóður hefur raunverulega verið skorinn niður um helming.

Verslunarlánasjóður fær síðan 40 millj. kr. úr Framkvæmdasjóði og hefur því til lánveitinga 151 millj. Stofnlánadeild samvinnufélaganna fær 40 millj. kr. og hefur því til lánveitinga 70 millj. Og Ferðamálasjóður fær 40 millj. kr. og hefur til lánveitinga 40 millj. Auk þess er gert ráð fyrir að hafnarbótasjóður fái 165 millj. sem allar verði til lánveitinga og að bein lán úr Framkvæmdasjóði nemi 180 millj.

Þá er upp talið allt ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs, 4535 millj. kr.

Eins og hér hefur komið fram er um að ræða heimild til erlendrar lántöku sem nemur 6655 millj. kr. Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja um það frekar, að eins og ég hef hér rakið og eins og ég hef hér rökstutt, þá er hér um að ræða nauðsynlegar og óhjákvæmilegar framkvæmdir. Ég mun því ekki standa gegn samþykkt þessa frv.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Eins og ég tók fram við 1. umr. í nótt, þá væri í sambandi við lánsfjárútvegun eðlilegt að fara í alllöngu máli um efnahagsstefnu viðkomandi ríkisstj. hverju sinni, svo mjög sem öll lántaka og ráðstöfun á þeim lánum hlýtur að móta efnahagsstefnuna og efnahagslífið í landinu hverju sinni. Einnig er það eðlileg krafa og réttmæt, eins og síðasti ræðumaður drap á, að þegar um svona stórar tölur er að ræða sem beðið er um að veitt sé heimild til að taka í lánsformi, þá fylgi allgreinagóður listi um sundurliðun á þessu fjármagni. Ég óskaði eftir að það kæmi fram á nefndarfundinum, en ekki hefði tekist að fá neinar upplýsingar sem skiptu

máli, ef svo vel hefði ekki borið við að í pússi sínu hafði síðasti ræðumaður allgott yfirlit yfir þarfir lánasjóðanna og hugmyndir um útlán, þótt í mjög stórum dráttum væri. Er það hið eina sem fram hefur komið í þessum umr. og það frá stjórnarandstæðingi, svo að óskir okkar eru ekki hátt skrifaðar í þessu efni hjá hæstv. ríkisstj.

Ég hefði talið eðlileg vinnubrögð a.m.k. í framsögu hjá meiri hl. að drepa nokkuð á þessa þætti og gera nána grein fyrir því, þótt í stórum dráttum væri, hvernig væri hugsað að ráðstafa þessum 10 milljörðum kr. á næsta ári. Við vitum að eitt ákveðið fyrirtæki tekur bróðurpartinn af þessu, en það er einnig vitað, að aðrir stofnlánasjóðir eru í mikilli þörf, eins og hér hefur verið rætt. Þarf ég ekki að endurtaka það, það kom svo greinilega fram í ræðu síðasta ræðumanns að ég get sleppt því.

Á þröngum lánamarkaði eru auðvitað átök um hvernig á að ráðstafa fénu. Þau átök eiga að fara fram opinberlega, en ekki vera pólitísk hrossakaup. Þess vegna geri ég kröfu um að nokkuð sæmilega liggi fyrir hvernig ráðstafa á þessu fjármagni. Ég geng auðvitað út frá því, að þegar ein ríkisstj. vill taka erlent lán, þá sé peningunum ráðstafað á heilbrigðan hátt til atvinnulífsins. Orðin „á heilbrigðan hátt" geta verið teygjanleg, og það getur verið undirorpið pólitísku mati hvert fé lendir. Við höfum orðið varir við það, að senda hefur orðið á vissa staði stórar fjárfúlgur í gegnum lánasjóði, síðan hefur komið fram að það hefur ekki hrokkið til að veita lán, heldur hefur einnig orðið af hendi viðkomandi sjóða að veita eftirgjafir af lánum eða afborgunum lána og það strikað út. Alþ. er yfirleitt ekki sýndur sá sómi að gerð sé grein fyrir slíku. Það er talið of viðkvæmt mál hvernig með er farið. En ég held að eitt af því, sem nauðsynlegt er að komi fram á Íslandi, sé miklu betri ráðstöfun á fjármagni en hefur verið, því að þótt við viljum allir styðja góð fyrirtæki og nauðsynleg fyrirtæki atvinnulega séð, þá getur verið nauðsynlegt að skipta um forsvarsmenn fyrirtækjanna ef illa hefur tekist til ár eftir ár undir þeirra stjórn. Það er allt annað atriði heldur en ætlast til þess að ákveðin fyrirtæki séu gerð upp.

Það er því stórmál hvernig erlendu lánsfé er ráðstafað á Íslandi og í hvaða þætti það fer. Þegar það liggur fyrir að lánshæfar umsóknir hjá stofnlánasjóðum eru verulega hærri, sem nemur jafnvel milljörðum kr., en hægt er að sinna og fært þykir að taka erlend lán til að mæta eðlilegri eftirspurn, þá er hér um mjög viðkvæmt og þýðingarmikið mál að ræða, hvernig til tekst. Uthlutun þessara lána hefur sterk pólitísk áhrif og sterk áhrif í efnahagslífinu, og það skiptir miklu máli að fyrir henni sé gerð opinber grein. Jafnvel þó að allir stjórnmálaflokkar eigi sinn fulltrúa kannske í bankaráði eða stjórn ákveðinnar stofnunar og þar fram eftir götunum, þá er það ekki nægjanlegt að mínu mati. Það á að birta þetta með vissu millibili, alla ráðstöfun. Í því hefur Framkvæmdastofnun ríkisins sýnt mikinn sóma, að hún birtir skýrslu yfir öll sín lán, þó að nokkuð sé um liðið frá því að þau voru veitt, en það er það mjög til fyrirmyndar að birta um þau nákvæma lista. A.m.k. er þessi listi sendur alþm. og það er þakkarvert og lofsvert frumkvæði sem sú stofnun hefur sýnt í því efni.

Ég geng út frá því að lánsheimildir í frv. séu nauðsynlegar fyrir efnahagslíf landsmanna, og það gerum við í Alþfl. Við munum því láta kyrrt liggja að veita þessar heimildir. Það er ákvörðun ríkisstj. og mat hennar hve hátt þar þurfi að fara. Frá því fyrst var talað um stórar erlendar lántökur hafa þessar tölur hækkað. Þó var sagt fyrir fáum vikum að við værum komnir að toppi í því efni, en þessi toppur hefur nú nokkuð lyfst upp og gæti haldið áfram að lyftast upp eftir framvindu efnahagslífsins hér á landi.

Gamalt atriði, sem hefur orðið tilefni til átaka hér eftir því hvernig menn stóðu gagnvart viðkomandi ríkisstj., með eða móti, hefur ekki komið nægilega fram í dagsljósið, en ég innti eftir því, og þar á ég við svonefnda greiðslubyrði af erlendum skuldum. Fjárlög verða nú líðlega 60 milljarðar kr., en skuld okkar við útlönd, íslenska þjóðarbúsins, verður um 65 milljarða í lok næsta árs. Er þetta um of eða ekki? Sumir mundu segja að þetta kynni að vera allt eðlilegt ef við ráðstöfum þessu fjármagni í þá þætti er draga úr eftirspurn eftir gjaldeyri annars vegar og hins vegar skapa gjaldeyri. Þá kann þessi byrði, sem fer að nálgast það að fimmta hver króna fer í vexti og afborganir af þessum lánum, að vera réttmæt. Sé hins vegar um ráðstöfun að ræða í aðra þætti, sem auka á eyðslu, en gefa lítið af sér í fjármunamyndun í erlendum gjaldeyri talið, þá er málið alvarlegra. Um þetta hafa stjórnarsinnar fá orð. En þegar sundurliðun er ekki fyrir hendi og hún ekki látin í té nema að takmörkuðu leyti, þá er hér erfitt um að segja.

Mig langar til að forvitnast um það, — ég verð að biðja hæstv. forsrh. að svara því, ef hann kann á því skil, af því að hann er staddur hér í d. nú, en hæstv. fjmrh. hefur líklega ekki vegna anna getað sinnt því að hlusta á umr. í þessu efni, — en beiðni mín er sú að vita hvernig er staða með fjármögnun Hitaveitu Suðurnesja? Það kemur fram í þeim gögnum, sem ég hef séð, að enn liggur ekki fyrir í sambandi við þessa lántöku nein fjáröflun til Hitaveitu Suðurnesja. Það getur vel verið að eigi að koma með sérstök lög þegar liggur nánar fyrir hvernig fjármagna á það fyrirtæki, en mér leikur engu að síður forvitni á að vita, hvað hugsað er í þessu efni. Ég spurði um þessi mál í vor, og þá var sagt að bráður bugur yrði undinn að því að fjármagna þetta fyrirtæki, bæði innanlands og að því er mér skildist erlendis. En í yfirliti, sem fram hefur komið frá Framkvæmdastofnun Íslands eða Framkvæmdasjóði Íslands, er tekið fram orðrétt: „Tekið skal fram, að framkvæmdir Hitaveitu Suðurnesja eru ekki teknar með í áætlunum þessum." Hér er um verulega stórar upphæðir að ræða, — upphæðir sem eru gjaldeyrisskapandi, framkvæmd í þessu efni skiptir miklu máli fyrir 6—7 þús. manna byggð, og ég vil gjarnan fá að vita hvernig þetta mál stendur. Það getur vel verið að það sé létt verk að fá

fjármagn til hitaveituframkvæmda og þurfi ekki að innifela í þessum heimildum heimild til að tryggja þetta lán handa þessu sérstaka fyrirtæki. En það kann einnig að vera, að það sé innifalið í einhverjum liðum, sem ekki eru sundurliðaðir, af því að sundurliðunin er af svo skornum skammti og við verðum aðeins að giska á það.

Afstaða okkar í Alþfl. verður því sú gagnvart þessu frv. og þessum heimildum, að við munum ekki standa í vegi fyrir þeim sem slíkum, en við getum ekki heldur veitt því farboða, því að hér er um stefnumörkun hæstv. ríkisstj. að ræða í efnahagsmálum og atvinnumálum og verður hún ein að bera ábyrgð á slíku, eins og til hefur tekist undanfarna mánuði og fram hefur komið í frv.-flutningi síðustu daga hér á hv. Alþingi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Efri deild, 43. fundur.

Föstudaginn 19. des., að loknum 42. fundi.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 234). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 281).

Lántaka vegna opinberra framkvæmda 1976, frv. (þskj. 247). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Þar sem tími er takmarkaður einskorða ég mig við að svara fsp. hv. 1. landsk. þm. um það, hvar sé gert ráð fyrir lánsfjáröflun til Hitaveitu Suðurnesja. Vil ég svara þeirri fsp. á þá leið, að lánsfjáröflun til hitaveitna er ekki sundurliðuð að öðru leyti en því, að gert er ráð fyrir að fjármagni því, sem Orkusjóður fær af 1% söluskatts, sem kallað hefur verið olíuprósentustigið, verði að hluta varið til hitaveitna. Enn fremur er gert ráð fyrir því, að í auknu fjármagni Lánasjóðs sveitarfélaga felist möguleikar til fjármögnunar hitaveitna.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir þessar upplýsingar. En það er augljóst mál, að takist svo til að samkomulag náist í Svartsengisdeilunni og fullur kraftur verði settur á framkvæmdir við Hitaveitu Suðurnesja, þá mun það fjármagn, sem hæstv. forsrh. benti á, hvergi nærri til hrökkva, svo að það verður óhjákvæmilegt, hvort sem um er að ræða innlenda fjármögnun eða erlenda lántöku vegna Hitaveitu Suðurnesja, að tryggja það fjármagn.

Ef norðlendingar blessunarlega yrðu nú svo heppnir að fá viðbótarvatn á Laugalandi, þannig að þeir gætu hafist handa með vori að leggja hitaveitu til Akureyrar, þá vantar örugglega á annan milljarð í þá framkvæmd. Hitaveita Suðurnesja mun þurfa mörg hundruð millj. kr., ef ekki á annan milljarð. Ég vil aðeins vekja athygli á því, hvort sem um er að ræða erlenda lántöku eða innlenda fjármögnun, þá kann að vera að upphæðir um eða yfir 2 milljarða þurfi í þessar framkvæmdir. Hér er um afar mikilvægar og góðar framkvæmdir að ræða, og ég vil treysta því að hæstv. ríkisstj. sjái sér fært að stuðla að þeim eftir öllum hugsanlegum leiðum. Þessar framkvæmdir spara gífurlegan gjaldeyri, auk þess sem þær eru búbót fyrir hvern þann aðila er þeirra getur notið.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 282).

Neðri deild, 41. fundur.

Föstudaginn 19. des., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Verkefni sveitarfélaga, frv. (þskj. 256, n. 272 og 273). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Gunnlaugur Finnsson): Herra forseti. N. tók þetta mál til meðferðar á fundi sínum í morgun og fékk sér til aðstoðar Magnús E. Guðjónsson, framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga. Eins og segir í áliti meiri hl. var n. ekki sammála um afgreiðslu þess. Við meðferð málsins hefur félmrh. lýst því yfir að einstökum sveitarfélögum, sem kynnu að bíða fjárhagslegt tjón af ákvæðum þessara lagabreytinga, verði veitt aukaframlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga að fengnum till. stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, svo sem fram kom við umr. í Ed. N. leggur áherslu á að reglur um úthlutun aukaframlagsins úr Jöfnunarsjóði verði endurskoðaðar á yfirstandandi þingi. Og meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþykkt, með breytingu þó, þannig að við það bætist ein gr. um gildistöku laganna, svo hljóðandi: „Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1976.“

Ég hef ekki hugsað mér að taka þetta frv. til ítarlegrar umr., a. m. k. ekki eiga frumkvæði að því efnislega séð. Það er þó rétt aðeins að drepa á einstaka kafla frv., en frv. skiptist í 7 kafla og fjallar hver kafli um þau lög sem breyta þarf til samræmis.

Í I. kafla er rætt um heimilishjálp og þar er um að ræða tiltölulega litla upphæð, og sé ég ekki ástæðu til að gera sérstaka aths. við það.

II. kafli fjallar um vinnumiðlun. Ég tel rétt að vekja athygli á því, að lögin eru að stofni til frá 1956, en breytingar voru gerðar á þeim með l. nr. 71 frá 1969. Samfelld lög hafa ekki birst í Stjórnartíðindum, en samkv. uppsetningu í lagasafni mætti ætla að hér væri um aðrar greinar að ræða, vegna þess að töluröð greina breytist þar. En samkv. mati skrifstofustjóra Alþ. og ráðuneytisstjórans í félmrn. ber að vitna í stofnlögin, og þau ákvæði, sem eru tekin inn í II. kafla, eru þess vegna í samræmi við það. Hins vegar er svo með þessi lög sem önnur, að ég tel rétt að þau verði felld í samfelld lög við endurskoðun laga.

Varðandi III. kafla, um orlof húsmæðra, þá var gerð breyting á þeim kafla í Ed., sbr. þskj. 238, þar sem lagfært er orðalag, þannig að gert er ráð fyrir að greiða 150 kr. fyrir hverja húsmóður í viðkomandi sveitarfélagi.

Varðandi IV. kafla er um að ræða einna mestu erfiðleikana varðandi verkefnaflutninginn. Svo sem fram kemur í nál. hefur því verið lýst yfir að þau sveitarfélög, sem fyrir mestum óvæntum áföllum verða, verði bætt það með aukaframlagi vegna yfirfærslunnar. Það mál þarf sérstaklega að skoða, einkum þar sem sveitarfélög hafa tekið á sig ákveðnar kvaðir og standa nú í dýrum framkvæmdum.

Stærsti liðurinn í þessari yfirfærslu snertir V. kafla frv., en það er um viðhald grunnskóla og viðhald innbús, kennslutækja og skólabókasafna. Hér virðist liggja nokkuð ljóst fyrir að einstök sveitarfélög kunna að fara tiltölulega illa út úr þessari tilfærslu, en það er atriði sem verður að taka til gaumgæfilegrar athugunar þegar rætt verður um sérstaka fyrirgreiðslu til sveitarfélaganna sem verst verða úti.

f VI. kafla frv. er fjallað um dagvistunarheimilin. Það er rétt að benda á prentvillu sem orðið hefur í textanum. Lögin voru samþ. 1973, en ekki 1963, og mun það hafa verið þegar lagfært í skjölum þingsins. Hér er, eins og hv. þm. vita, um að ræða tilfærslu á rekstri, ætlast til að sveitarfélögin standi að öllu leyti sjálf undir rekstri dagheimilanna, en í fjárlagafrv. er áfram gert ráð fyrir stofnkostnaði samkvæmt lögum frá 1973.

VII. kafli frv. fjallar um almenningsbókasöfnin. Þar er yfirfærslan ekki mjög mikil. Það liggur fyrir sú staðreynd að hluta ríkisins í rekstri og uppbyggingu bókasafna um landið hefur verið næsta lítill, og þar sem bókasöfn hafa verið rekin með eðlilegum hætti hafa sveitarfélögin lagt af mörkum fjármuni langt umfram það sem þau voru skyld til samkv. núgildandi bókasafnslögum. Yfirfærslan er þarna metin á 20 millj., og ég hygg að ég þurfi ekki fleiri orð um það að þessu sinni.

Ég vil þá að lokum aðeins minnast á og leggja áherslu á það, sem hefur verið nefnt áður, að þessi lög verði öll endurskoðuð með tilliti til þeirra breytinga, sem væntanlega munu verða á, og auk þess ein lög sem ekki eru nefnd í þessu frv., þ. e. a. s. um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Það hefur raunar komið fram að ýmsir þm. og m. a. einn nm., sem skrifar undir meirihlutaálitið, gera fyrirvara varðandi það hvernig reglur Jöfnunarsjóðs verða þegar endurskoðun þeirra laga verður lokið. Það er mjög mikilsvert atriði að þar verði slík umþóttun að Jöfnunarsjóðurinn hafi lagalega heimild til þess að taka tillit til þessara sjónarmiða.

Frsm. minni hl. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Það fer ekki milli mála að margir vildu þá vísu kveðið hafa að flytja ýmis verkefni, sem ríkið annast nú, til sveitarfélaga. Því er ekki að mínum dómi grundvallarskoðanamunur um það milli þingflokka eða þm. Hins vegar hefur komið á daginn að mikill skoðanamunur er um þá tilfærslu sem lagt er til í frv. á þskj. 183 að eigi sér stað. Varð líka raunin á, að félmn. hv. d. klofnaði í málinu. Andstaða okkar í minni hl. byggist fyrst og fremst á því, að með þessu frv. er aðeins tekið hálft skref af því sem gera þarf til að slík tilfærsla geti tekist svo að vel sé. Hér er lagt til að flytja ákveðin verkefni frá ríki til sveitarfélaga, en það hefur komið í ljós í meðförum málsins að enn er með öllu ósýnt hvernig þessari tilfærslu verður í rauninni hagað í framkvæmd. Það er ekki nóg að setja lög um tilfærslu tiltekinna verkefna og jafnvel sjá fyrir tilteknum tekjustofnum til þess að standa straum af þeim nýju verkefnum sem sveitarfélögin fá með tilfærslunni. Það þarf einnig að búa svo um hnúta að þeir tekjustofnar, sem verið er að færa til, renni til þeirra verkefna sem um er að ræða. Ef ekki er gengið tryggilega frá því þegar í upphafi, þá er alveg undir hælinn lagt hvort tekjustofnatilfærslan fái risið undir þeim verkefnaflokkum sem um er að ræða, vegna þess að þessir verkefnaflokkar koma afarmisjafnlega niður á mismunandi sveitarfélög.

Nú er, eins og allir vita, aðalreglan sú um úthlutun fjár úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, að því fé er úthlutað til sveitarfélaga eftir höfðatölureglu. Eins og bent hefur verið á, er gerð undantekning um aukaframlög, en sú úthlutun á aukaframlögum er miðuð við allt aðrar aðstæður í samskiptum ríkis og sveitarfélaga en þær sem skapast með lögfestingu á þeirri tilfærslu verkefna sem hér eru lögð til. Í gildandi lögum eru aukaframlög bundin mjög ströngum skilyrðum sem er alveg óhugsandi að hvert og eitt sveitarfélag, sem kynni að eiga siðferðilegan rétt á aukaframlagi eftir að þessi tilfærsla hefur átt sér stað, geti uppfyllt. Meginskilyrðið er t. d. það, að sveitarfélögin leggi á útsvör eftir fyllstu heimild. Það er viðurkennt að mikill hluti sveitarfélaga í landinu hlýtur að vera undir hámarkinu. Þar á ég við sveitahreppana sem alls ekki veita ýmsa þá þjónustu sem á sér stað í þéttbýlinu. Þar verða t. d. einstaklingar sjálfir að gera heimreiðir til híbýla sinna eða sjá sér fyrir vatnsveitu og frárennsli. Það er ekki nokkur leið að krefjast þess að sveitarfélög, þar sem svo hagar til með flesta eða alla íbúa, fari í fyllstu álagningu gagnvart sínum gjaldendum.

Ef sýna skal fram á hversu misjafnlega þau útgjöld, sem hér eru flutt á sveitarfélögin, koma niður, tel ég að ljósasta dæmið sé af viðhalds-

kostnaði skóla. Viðhald skóla er afskaplega misjafnt eftir því um hvers konar skóla er að ræða. Viðhaldsbyrðin á heimavistarskólum í dreifbýlinu er allt önnur og miklu þyngri en á þeim skólum þar sem fyrst og fremst er aðeins um kennsluhúsnæði að ræða. Af þessu leiðir að ekki er nokkur leið að ná þeim tilgangi sem maður hlýtur að gera ráð fyrir að liggi að baki lagasetningu eins og flest í þessu frv. með því að úthluta fé til að standa undir þessum þörfum eftir höfðatölureglu. Við þetta bætist að viðhaldskostnaður á slíkum byggingum kemur í bylgjum, ef svo má segja. Flest ár er um það að ræða að það er dyttað að augljósustu skemmdum, en svo með nokkru árabili þarf að eiga sér stað gagngert viðhald. Eins og málum hefur hingað til verið háttað hefur þetta ekki komið svo mjög að sök, en eftir að þetta verkefni er fært alfarið til sveitarfélaganna og tekjustofn til að standa undir þeim verkefnum ráðgerður úr Jöfnunarsjóði, þá hlýtur þarna að þurfa að fara fram töluvert mismunandi úthlutun eftir því sem á stendur í hverju sveitarfélagi eða hóp sveitarfélaga sem standa saman að skólabyggingum. Því hefði verið brýn þörf á því, að jafnframt þeirri verkefnatilfærslu, sem hér er lögð til, hefði einnig komið fram frv. um þær breytingar á tekjustofnalögum sveitarfélaga sem verða að fylgja slíku frv. ef framkvæmd þess á að takast skammlaust. Og það kemur ljóst fram í ályktun stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, að hún gerir það að meginkröfu sinni til þess að geta tekið þessa tilfærslu í mál að breytingar verði gerðar á ákvæðunum í tekjustofnalögunum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Ég tel að það liggi í augum uppi, að ef núgildandi reglur um úthlutun úr Jöfnunarsjóðnum fá að standa óbreyttar, þá skili fjármagnið, sem hér er ráðgert að færa til frá ríkissjóði til Jöfnunarsjóðsins, sér alls ekki til verkefnanna sem um er að ræða. Þá verður niðurstaðan sú, að í ýmsum tilvikum hafa sveitarfélögin blátt áfram ekki bolmagn til að sinna þesum verkefnum. Verkefnin verða því óunnin og niðurstaðan verður niðurskurður og samdráttur á félagslegri þjónustu og veruleg mismunun sveitarfélaganna í landinu.

Tökum til að mynda dagvistunarstofnanirnar sem hér er gert ráð fyrir að hljóti frá sveitarfélögum rekstrarframlög sem hingað til hafa komið frá ríki. Það gefur auga leið, að í sveitum verður seint komið upp dagvistunarstofnunum, en eins og úthlutunarreglur úr Jöfnunarsjóði eru nú, þá sé ég ekki betur en nokkur hluti af því fjármagni, sem á að renna til rekstrar dagvistunarheimilanna, hljóti að renna til sveitarfélaga, sem hafa alls engar dagvistunarstofnanir á sínum vegum og munu ekki koma þeim upp, einfaldlega vegna þess að þar er þörf á þeim ekki fyrir hendi.

Því betur sem þetta mál er skoðað, því ljósara tel ég það blasa við, að það er með öllu ótækt að gera þær ráðstafanir, sem felast í frv. á þskj. 183, án þess að um leið sjáist hverjar breytingar á að gera og þarf að gera á tekjustofnalögunum. Ella tel ég, að alþm. séu í raun inni að kaupa köttinn í sekknum.

Ég efast ekki um góðan vilja hæstv. félmrh. til að standa við þau fyrirheit sem hann hefur gefið um að ráðið verði fram úr vandkvæðum sveitarfélaganna með aukaframlögum úr Jöfnunarsjóðnum. En tekjustofnalögin eru þannig úr garði gerð, eins og þau eru nú, að þau binda mjög hendur ráðh. til slíkra aukaframlaga. Svo ströng ákvæði um veitingu aukaframlaganna sem nú eru í gildi geta að mínum dómi ekki átt lengur við eftir að sú verkefnatilfærsla, sem ráðgerð er, hefur átt sér stað.

Ég tel einsætt að þetta frv., ef að lögum verður, muni a. m. k. í bráð skapa meiri vanda en það leysir. Ég vil enn taka dæmi, af viðhaldskostnaði skólahúsa. Hingað til hefur viðhaldskostnaðurinn verið greiddur ári eftir á, og þá gjarnan mjög snemma árs eftir að menntmrn. hefur samþykkt þá reikninga sem frá sveitarfélögum koma. Sveitarfélög, sem þurft hafa að ráðast í umfangsmikið viðhaldsverkefni, hafa, eins og að líkum lætur, gjarnan aflað fjár til þeirra með bráðabirgðarlánum sem þau hafa miðað við að greiða af endurgreiðslu rn. sem eins og ég sagði áðan hefur komið til þeirra snemma ársins. Strax á þessu ári setur þetta vafalaust ýmis sveitarfélög í vanda. Í stað fullnaðargreiðslu snemma ársins kemur greiðslan úr Jöfnunarsjóði í þrem hlutum og að meiri hluta á síðari hluta ársins. Þegar af þessum ástæðum hlýtur að koma upp mikill vandi hjá ýmsum sveitarfélögum. Við það bætist svo að höfðatöluregla fullnægir á engan hátt þeim mismunandi þörfum sem eru þegar fyrir hendi hjá sveitarfélögunum til þess að standa straum af viðhaldi skólamannvirkis. Vona má það, að betur takist hér til en til er stofnað, en það vekur ekki traust, hvílík fingraför handahófsvinnubragða má finna á þessu frv. Ég tala nú ekki um smámuni eins og þá að gildistökugr. gleymist. En í hnúkana tók eins og frv. var upphaflega úr garði gert, því þar var svo fyrir mælt að hver og ein sveitarstjórn í landinu skyldi greiða orlofsframlag vegna allra íslenskra húsmæðra með tölu.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í sambandi við þetta mál hefur að vonum verið mjög rætt um hvernig bæta skuli upp þeim sveitarfélögum sem kunna að verða fyrir tjóni af ákvæðum þessa frv. Þó að svo sé í heild, að að sveitarfélögin fái að mati kunnugra manna eins miklar eða meiri tekjur í sinn hlut en nemur þeim útgjöldum sem þau taka á sig, þá getur alltaf farið svo um einstök sveitarfélög að þar verði útgjaldaaukinn meiri en tekjuaukinn. Ég hef lýst því yfir í þessum umr., að verði sveitarfélag fyrir slíku tjóni, þá muni það fá það bætt með aukaframlagi úr Jöfnunarsjóði að fengnum till. stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga.

Í 15. gr. tekjustofnalaganna er svo ákveðið, að greiða megi aukaframlag til sveitarfélaga sem að dómi félmrn. skortir tekjur til greiðslu lögboðinna gjalda eða óhjákvæmilegra útgjalda. Er það þessi heimild sem hugsað er að nota í þessu sambandi. En í þessari 15. gr. gildandi laga, nr. 8 frá 1972, er það skilyrði sett fyrir slíku aukaframlagi að sveitarfélag hafi lagt á fullt útsvar skv. 25. gr. laganna, þ. e. a. s. notfært sér heimild til að leggja á 10% útsvar. Nú má vel vera,

eins og hér hefur komið fram, að sveitarfélag, sem verður fyrir halla af ákvæðum þessa frv., hafi af ýmsum ástæðum ekki lagt á 10% útsvar, og kom það m. a. fram í ræðu hv. frsm. meiri hl. Ég vil taka fram að gefnu tilefni að þessi ákvæði eru í endurskoðun. Ef í ljós kemur að eitthvert sveitarfélag, sem orðið hefur fyrir tjóni af þessari verkefna- og tilkostnaðaryfirfærslu, hafi ekki lagt á 10% útsvar og geti því samkvæmt núgildandi ákvæði ekki fengið aukaframlag, þá mun ég beita mér fyrir lagabreytingu til þess að slíkt verði heimilt.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég á sæti í hv. félmn. sem skoðað hefur þetta frv. og lagt fram nál. sitt á þessum fundi. Hef ég í sjálfu sér ekki miklu við það að bæta sem þar kemur fram, að ég styð þetta frv. Hins vegar vildi ég gefa á því nokkrar skýringar og gera grein fyrir því hvernig ég skil ákvæðið atriði í sambandi við meðferð þessa máls.

Þegar um er að ræða breytingu á kostnaðarskiptingu, eins og hér á sér stað, þá er alltaf nokkurt vandamál hvernig og hvar eigi að skera á og hvernig með eigi að fara ýmsan þann kostnað sem þegar hefur komið fram. Samkv. þeirri till., sem frsm. n. hefur væntanlega gert grein fyrir, verður bætt inn ákvæði um að lögin taki gildi 1. jan. 1976. Það hafði fallið niður. Ef það verður samþykkt tekur þetta nýja fyrirkomulag gildi frá og með áramótunum. Þá mátti hugsanlega skilja þessa breytingu svo, að sá hluti kostnaðar, sem fallið hefði í hlut ríkissjóðs vegna rekstrar og viðhalds á árinu 1975, yrði gerður upp við gildistöku þessara laga og síðan mundu þær tekjur, sem hljótast af söluskattshlutdeildinni, mæta þeim útgjöldum sem sveitarfélögin þurfa að taka á sig á næsta ári, þannig að það kæmu jafnóðum tekjur til þeirra útgjalda sem stofnað væri til. Nú hefur mér skilist að þetta sé ekki þannig hugsað, heldur sé ætlunin að söluskattshlutdeildin, sem innheimtist á árinu 1976, sé hugsuð til að mæta þeim kostnaðarhluta sem ríkissjóður hefði ella þurft að taka á sig vegna viðhalds og rekstrar árið 1975.

Við skulum aðeins glöggva okkur á þessu betur. Samkv. skýrslum, sem ég hef fengið frá borgarsjóði Reykjavíkur, var kostnaðarhluti ríkissjóðs í þeim verkefnum, sem eru færð á árið 1975, 133 millj. kr., og gert er ráð fyrir því, miðað við áætlanir sem liggja fyrir um árið 1976, að þá hefði kostnaðarhluti ríkissjóðs af þessum sömu verkefnum numið 209 millj. árið 1976. Mun vera áætlað að hlutdeild borgarsjóðs í söluskattsprósentunni sé um 180 millj. á næsta ári. Þá vil ég skilja það svo og ég samþykki frv. með þeim skilningi að söluskattshultdeildin, sem innheimtist á næsta ári, sé upp í þann kostnað sem ríkissjóður ella hefði haft af sínum hluta fyrir árið 1975, en ekki þannig, að þetta falli niður, 130 millj., sem inn komu árið 1975, hér sé sem sagt um það að ræða að söluskatturinn sé greiddur eftir á, eins og reyndar hefur verið gert hingað til.

Þetta vildi ég láta koma fram, þennan skilning minn. Ég held að það sé mjög mikilvægt að enginn sé í vafa um hvernig þetta skuli framkvæmt. Ég hef orðið var við að nokkurs misskilnings og uggs hefur gætt hjá vissum sveitarstjórnarmönnum vegna þessa atriðis og því vildi ég árétta þann skilning minn, sem ég held að sé jafnframt skilningur þeirra sem leggja fram frv. og hafa hér mælt fyrir því. Fleiri athugasemdir hef ég ekki að gera, en ítreka stuðning minn við þetta frv.

Eðvarð Sigurðsson: Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð. Ég vil aðeins undirstrika það, að hér er um stórmál að ræða og mjög viðkvæmt og vandasamt. En það frv., sem hér liggur fyrir, er að mínum dómi ákaflega fljótfærnislega unnið, svo að ekki sé meira sagt.

Ég ætla ekki að endurtaka það, sem hv. 3. landsk. þm., frsm. minni hl., sagði hér um málið, þar er ég alveg sammála. Það er í rauninni aðeins eitt atriði sem ég hefði gjarnan viljað gera hér að örlitlu umræðuefni. Það er varðandi vinnumiðlunina sem nú er gert ráð fyrir að verði að öllu leyti kostuð af sveitarfélögunum, en hefur áður verið að ½ kostuð af ríkinu. Ég verð að segja það, að sá kostnaður ríkisins, sem hér um ræðir, er svo smávægilegur að ég skil raunar ekki hvers vegna verið er að færa til þessa hluti sem þó eru þess eðlis að ríkið verður að hafa þar æðimikið hönd í bagga með ef vel á að vera. Hér er aðeins um 5 millj. kr. upphæð að ræða á ári, og sé ég ekki hvaða þýðingu það hefur fjárhagslega að vera að millifæra þennan kostnað nú frá ríkinu, þann litla kostnað sem þar hefur verið, yfir á sveitarfélögin.

Samkvæmt lögum um vinnumiðlun á ríkið að hafa á hendi eftirlit með framkvæmd laganna. Ég vil alveg sérstaklega undirstrika það, að verkalýðsfélögin víða um landið eiga mjög mikið undir vinnumiðluninni komið, að hún sé í góðu lagi. Er þetta alveg sérstaklega vegna framkvæmdar atvinnuleysistrygginganna, en vinnumiðlunin er algjörlega grundvöllur fyrir því að hægt sé að framkvæma þau lög. Nú verður það að segjast, að mjög víða hefur verið pottur brotinn varðandi framkvæmd vinnumiðlunarinnar í höndum sveitarfélaga. Rn. hefur þess vegna þurft að hafa töluvert eftirlit með framkvæmdinni, og á sínum tíma var ráðinn sérstakur starfsmaður til þess að hafa þetta eftirlit á hendi.

Þrátt fyrir þá breytingu, sem hér er gert ráð fyrir og sjálfsagt verður að lögum, vil ég líta svo á að verkalýðsfélögin hafi sama rétt og áður til þess að snúa sér til rn. um framkvæmd laganna. Og ég vil alveg sérstaklega undirstrika þýðingu þess, að hér verði ekki á nein breyting hvað varðar ábyrgð félmrn. varðandi framkvæmd þessara laga. Og ég hefði mjög gjarnan óskað eftir því að hæstv. félmrh. gæfi hér og nú yfirlýsingu hér að lútandi, að það sé ekki nein breyting á varðandi skyldur rn. í þessum efnum þrátt fyrir það að sveitarfélögin taki nú á sig allan kostnað við framkvæmd laganna. Ég tel að hér sé um svo þýðingarmikið atriði að ræða, að það fari ekkert á milli mála og verði ekki nein eftirkaup með það, að verkalýðshreyfingin eigi sama rétt og hefur verið áður til þess að skjóta sínum málum til rn. varðandi framkvæmd vinnumiðlunar í landinu hér eftir þrátt fyrir samþykkt þessara laga.

Stefán Valgeirsson: Hæstvirtur forseti. Þar sem ég skrifaði undir þetta nál. með fyrirvara þykir mér rétt að greina frá því hvers vegna það var. Það var einvörðungu vegna þess að ég leit svo á að 15. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga hindraði það að dreifbýlishrepparnir gætu fengið aukaframlög ef þau yrðu fyrir áföllum vegna þessarar tilfærslu á verkaskiptingunni. Nú hefur hæstv. félmrh. lýst því yfir í þessum ræðustól að hann muni beita sér fyrir því að gerð verði breyting á þessari gr. ef í ljós komi að hún hindri það markmið sem hæstv. ráðh. lýsti yfir í Ed., að hann mundi beita sér fyrir að slík sveitarfélög mundu fá aukaframlög, kæmi í ljós að þau yrðu fyrir þungum áföllum. Eftir þessa yfirlýsingu ráðh. mun ég eftir atvikum geta fylgt þessu frv.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Út af fsp. hv. 7. þm. Reykv., Eðvarðs Sigurðssonar, til min vil ég aðeins staðfesta, að ég tel hans skilning réttan og þeirri framkvæmd verði haldið áfram sem hann hér lýsti.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22:7 atkv.
2. gr. samþ. með 20:8 atkv.
3.—4. gr. samþ. með 20:8 atkv.
5. gr. samþ. með 20:9 atkv.
6.—8. gr. samþ. með 22:10 atkv.
9.—11. gr. samþ. með 22:10 atkv.
12.—18. gr. samþ. með 22:9 atkv.
Brtt. 272 (ný gr., verður 19. gr.) samþ. með 23:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23:7 atkv.

Neðri deild, 42. fundur.

Föstudaginn 19. des., að loknum 41. fundi.

Verkefni sveitarfélaga, frv. (þskj. 277). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22:9 atkv. og endursent Ed.

Kaupstaðarréttindi til handa Njarðvíkurhreppi, frv. (þskj. 117, n. 271). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. (Gunnlaugur Finnsson): Virðulegi forseti. Nefndin hefur athugað frv. til laga um kaupstaðarréttindi til handa Njarðvíkurhreppi. Hún mælir einróma með því að það verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Neðri deild, 43. fundur.

Föstudaginn 19. des., að loknum 42. fundi.

Kaupstaðarréttindi til handa Njarðvíkurhreppi, frv. (þskj. 117). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 285).

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 125, n. 279). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Gunnlaugur Finnsson): Virðulegi forseti. N. tók þetta frv. til athugunar og leggur til að það verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 129, n. 280). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Gunnlaugur Finnsson): Virðulegi forseti. Það er sömu sögu að segja um þetta frv. og það hið fyrra, að n. tók það til meðferðar og mælir með samþykkt þess. Fjarstaddir voru Magnús T. Ólafsson, Eðvarð Sigurðsson og Jóhann Hafstein.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22:2 atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Kosning gæslustjóra Söfnunarsjóðs Íslands til fjögurra ára, frá 1. jan. 1976 til ársloka 1979.

Einungis einn maður var tilnefndur, og lýsti forseti yfir að rétt væri kjörinn:
Alvar Óskarsson, skrifstofumaður.

Neðri deild, 44. fundur.

Föstudaginn 19. des., að loknum 43. fundi.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 125). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 286).

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 129). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 287).

Þingfrestun.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Þar eð telja má víst að þetta verði síðasti fundur þessarar hv. d. fyrir jól vil ég leyfa mér að þakka hv. þdm. fyrir gott samstarf það sem af er þessu þingi. Sömuleiðis vil ég þakka skrifstofustjóra Alþ. og starfsliði öllu fyrir gott starf og gott samstarf við mig. Ég leyfi mér að óska hv. þdm. öllum gleðilegra jóla og þeim, sem þurfa að fara heim til sín um langan veg, óska ég góðrar heimferðar og góðrar heimkomu. Ég óska öllum þdm. og starfsliði Alþ. heilla ríks nýs árs og þakka samstarf á liðnu ári og óska þess að við sjáumst öll heil á hinu nýja ári.

Karvel Pálmason: Virðulegi forseti. Ég vil fyrir hönd okkar þdm. þakka góðar óskir forseta okkur til handa. Ég þakka forseta góða fundarstjórn og samvinnu það sem af er þessu þingi og óska honum og fjölskyldu hans gleðilegra jóla og góðs komandi árs. Ég vil einnig færa skrifstofustjóra og starfsliði öllu í þinginu þakkir fyrir gott og ánægjulegt samstarf og óska því og fjölskyldu þess gleðilegrar jólahátíðar og góðs komandi árs. Ég vænti þess að við hittumst öll hér heil á komandi ári. Ég vil biðja þdm. að taka undir þessar óskir með því að rísa úr sætum. — [Þdm. risu úr sætum.]

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Ég þakka hv. 5. þm. Vestf. fyrir vinsamleg orð í minn garð og minnar fjölskyldu og hv. þdm. fyrir undirtektir þeirra. Ég ítreka óskir mínar til hv. þdm. og þeirra fjölskyldna. — Fundi er slitið.

Efri deild, 44. fundur.

Föstudaginn 19. des., kl. 4.45 síðdegis.

Verkefni sveitarfélaga, frv. (þskj. 277). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Þetta frv. mun hingað til okkar komið aftur vegna mjög slæmra formgalla, sem á því voru frá upphafi, og sannar náttúrlega vel þá hörðu gagnrýni á vinnubrögð öll hér á Alþ. þessa síðustu daga. Mér skilst að hvort tveggja hafi gerst, að vitnað hafi verið í vitlaus lög, og einnig hitt, að lögin hafi aldrei átt að öðlast gildi.

Engir hafa orðað þessa gagnrýni harðar en hv. þm. Steingrímur Hermannsson, og það er hægt að taka fyllilega undir það sem hann sagði hér í gærkvöld um þessi vinnubrögð. Ég játa það nú, að ég hafði raunar tekið eftir þessu um lagagildið, en ég hugði það bara í samræmi við frv. í heild.

Hitt var svo einnig mjög eðlilegt, að vitnað væri í vitlaus lög, svo óviturleg sem lagasetning þessi er, þótt það sé reyndar af miklu fleira að taka hér á þessum dögum. En um leið og ég hlýt að ítreka enn mótmæli mín gegn þessum vinnubrögðum, þá langar mig — með leyfi hæstv. forseta — að orða þetta á þennan veg varðandi þessi tvö atriði sem valda því að frv. er komið aftur til okkar:

Illa kunna öll sín fög,
eins er keimlík frumvarpsgerð.
Vitnað er í vitlaus lög,
þó verri séu hér á ferð.

Annmarki þar einhver fylgdi,
allt var gert í tímapressu,
lögin aldrei öðlast gildi.
Ætli færi ei best á þessu?

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14:6 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 283).

Söluskattur, frv. (þskj. 257). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13:6 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 284).

Þingfrestun.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Þar sem þetta er síðasti fundur Ed. fyrir þingfrestun leyfi ég mér að þakka öllum hv. þdm. fyrir góða og ánægjulega samvinnu. Ég óska hv. þdm. gleði-

legra jóla og góðs og farsæls komandi árs. Sömu óskir færi ég skrifstofustjóra Alþingis og öllu starfsfólki þess. Utanbæjarmönnum óska ég góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu. Ég vænti þess að við hittumst hér allir heilir á næsta ári.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Fyrir hönd allra þdm. vil ég þakka forseta vorum fyrir réttláta, lipra og sanngjarna fundarstjórn hér á þessu þingi. Einnig þakka ég honum fyrir góðar óskir í okkar garð. Ég veit að ég mun mæla fyrir munn allra þdm. er ég óska forseta og fjölskyldu hans gleðilegra jóla og farsæls nýárs og að við megum sjá hann heilan á húfi á komandi ári. Þessu til staðfestingar bið ég þdm. að rísa úr sætum og staðfesta óskir mínar. — [Þdm. risu úr sætum.]

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég þakka hv. 1. landsk. þm. fyrir hlý orð og góðar óskir í minn garð og fjölskyldu minnar og einnig hv. þdm. fyrir að taka undir orð hans. — Fundinum er slitið.

Sameinað þing, 37. fundur.

Föstudaginn 19. des., að loknum deildafundum.

Frestun á fundum Alþingis, þáltill. (þskj. 220). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá ákvörðun umr. — Afbrigði samþ. með 39 shlj. atkv.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra foresti. Ég mæli hér með fyrir till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþ. skv. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Svo sem efni till. gerir ráð fyrir, þá er farið fram á samþykki Alþ. að fundum þingsins verði frestað frá 20. des. 1975 eða síðar, ef henta þykir, enda verði það kvatt saman á ný eigi síðar en 26. jan. 1976. Um efni þessarar till. hefur verið haft samráð við formenn þingflokkanna, og ég vonast til að hún hljóti fylgi þm. og sé ekki ástæðu til að gera till. um að henni verði vísað til nefndar.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég hef ekki till. um það að gera að þessari þáltill. verði vísað til n., sé ekki ástæðu til þess, en hér er gert ráð fyrir að fresta fundum þingsins nokkuð langt fram eftir janúarmánuði. Nú er öllum það kunnugt að kaupgjaldssamningar eru lausir nú um áramót, bæði til sjós og lands, ef svo mætti segja, og getur því hæglega komið til þess að þurfi að grípa til ráðstafana á þessu tímabili. Vissulega hefur þá hæstv. ríkisstj. leyfi til að gefa út brbl. Ég tel að við þessar aðstæður sé eðlilegt að ef á slíkt reyndi, þá yrði annað tveggja Alþ. kallað saman til þess að fjalla um slík stórmál á þessu tímabili eða þá að hæstv. ríkisstj. hefði samráð eða samstarf við stjórnarandstöðuna um það, hvernig við skyldi bregðast ef mál, sem snerta kaupgjaldsmálin, koma upp á þessum tíma þannig að verði úr þeim að ráða á einn eða annan hátt með afskiptum löggjafans. Ég vil leggja áherslu á að þannig verði haldið á málum: annaðhvort verði Alþ. kallað saman eða a. m. k. haft samráð við stjórnarandstöðuna í sambandi við aðgerðir sem grípa verður til, komi mál upp á þennan hátt.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Við þm. Alþfl. styðjum það að þessari till. verði ekki vísað til n. og munum greiða atkv. með henni, enda till. flutt að höfðu samráði við form. þingflokkanna, eins og hæstv. forsrh. tók fram. En ég vek sérstaka athygli á því, eins og raunar hv. fyrri ræðumaður gerði einnig, að með afgreiðslu till. er Alþ. að veita hæstv. ríkisstj. heimild — formlega heimild, réttarlega heimild — til útgáfu brbl. Samþykki okkar við þessa málsmeðferð, samþykki okkar við till. er því háð þeirri forsendu, ef ég má taka svo til orða, að heimild til útgáfu brbl. verði ekki notuð nema að höfðu samráði við stjórnarandstöðuna. Mæli ég þetta vegna þess, sem raunar þegar hefur verið á bent, en ég vil bara ítreka frekar, að fyrir dyrum standa samningar við nær öll launþegasamtök í landinu. Ef von á að vera til þess að samningar takist fyrir þann síðasta frest sem veittur er fyrir Alþ. til að koma saman í till. þessari, þá má ganga út frá því sem vísu að ríkisstj. þurfi að eiga þar einhvers konar aðild að. Þess vegna legg ég á það sérstaka áherslu og tek það fram að í samþykki okkar þm. Alþfl. við þessa málsmeðferð felst það, að við gerum ráð fyrir að ríkisstj. noti ekki heimild sína til útgáfu brbl. sem kunna að reynast nauðsynleg í sambandi við kjaraviðræður eða kjarasamninga, nema að höfðu fyllsta samráði við stjórnarandstöðuna. Við áskiljum okkur einnig rétt til að beina því til ríkisstj. einhvern tíma fyrir 26. jan., sem er síðasti dagur sem þing verður og hlýtur að koma saman á, að hún kveðji Alþ. saman í stað þess að nota rétt sinn til útgáfu brbl. Svo vandasöm mál getur borið að höndum á þessum tíma í sambandi við kjarasamningana, að við teljum rétt að brbl.-rétturinn verði ekki notaður, heldur að Alþ. verði beinlínis kvatt saman, en í till. felst það, að að sjálfsögðu má kalla þingið saman fyrir 26. jan. Það má ekki draga það lengur en til 26. jan. að kalla Alþ. saman. Í samþykki okkar við till. felst sem sagt einnig það, að við áskiljum okkur rétt til að beina því til ríkisstj., ef okkur þykir ástæða til, að hún kveðji Alþ. saman fyrr en 26. jan.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég held að það hafi ekki farið fram hjá neinum að efni þessarar till. til þál. er heimild og það er þá á valdi ríkisstj., ef hún telur nauðsynlegt, að kveðja Alþ. saman fyrr en rætt er um, enda er sagt að Alþ. verði kvatt saman á ný eigi síðar en 26. jan. 1976, ekkert bannar að kveðja það saman fyrr. En að gefnu tilefni hv. þm. vil ég láta það koma fram, sem ég hygg að þeir muni ekki telja óeðlilegt, að engin ríkisstj. getur afsalað sér rétti til útgáfu brbl. þegar svo stendur á sem þarna getur verið um að ræða, að Alþ. sitji ekki að störfum.

Ég mun auðvitað og ríkisstj. í heild taka til athugunar þau ummæli, sem hv. þm. hafa látið koma hér fram, og við munum taka tillit til þeirra eins og aðstæður eru til hverju sinni og meta þau eftir þeim. Hins vegar vil ég að það sé alveg skýrt, að í þessari yfirlýsingu minni felst ekki nein takmörkun á stjórnskipulegum rétti ríkisstj. á hverjum tíma.

ATKVGR.

Till. samþ. með 38 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 291).

Fjárlög 1976, frv. (þskj. 203, n. 248, 242, 243, 244, 245, 265, 270). — 3. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Við 1. umr. fjárlagafrv. gat ég þess að við undirbúning frv. að þessu sinni hefði verið að því stefnt að lánsfjáráætlun fyrir næsta ár yrði lögð fram meðan fjárlagafrv. væri til meðferðar á Alþ. Gerð þessarar áætlunar er byggð á þeirri ákvörðun ríkisstj. að fjmrn. hafi frumkvæði að samráði opinberra stofnana á sviði fjármála, peningamála og lánamála svo og efnahagsmála til þess að undirbúa árlegar lánsfjáráætlanir, þ. e. heildaryfirlit yfir þróun lánamarkaðarins innanlands og heildarlántökur erlendis. Lánsfjáráætlun þessi skal lögð fyrir ríkisstj. og Alþ. fyrir lok fjárlagaafgreiðslu ár hvert, þannig að yfirsýn fáist með skipulegum hætti yfir alla lánastarfsemi í landinu á sama tíma og fjárlagaákvarðanir eru teknar.

Til þessa samráðs voru kvaddir eftirtaldir aðilar auk stofnana fjmrn. Seðlabanki Íslands, Framkvæmdastofnun ríkisins, Samband ísl. viðskiptabanka, félmrn., Húsnæðismálastofnun, Þjóðhagsstofnun og viðskrn.

Í þessum stofnunum hefur að undanförnu verið unnið að þessari áætlunargerð, og hefur skýrsla ríkisstj. um lánsfjáráætlun 1976 nú verið lögð fram á Alþ. eins og að var stefnt. Játað skal að skýrsla þessi kemur heldur seint fyrir sjónir Alþ., enda er þetta í fyrsta sinn sem þetta verk er unnið í heild og hefur því e. t. v. reynst tímafrekara en ætlað var. Hins vegar tel ég mikilsvert framfaraspor að kynna á Alþ. heildaryfirlit yfir lánamálin. Að sjálfsögðu verður reynt að bæta þetta verk enn og flýta því á næsta ári. Að því er hér lagður grunnur.

Áætlanagerð þessi á rætur að rekja til ársins 1963, en allt frá því ári hafa á vegum fjmrn. verið samdar árlegar framkvæmda- og fjáröflunaráætlanir vegna þeirra ríkisframkvæmda sem fjármagnaðar eru með lánsfé. Áætlanirnar náðu þó eingöngu til lánsfjáröflunar til helstu opinberra framkvæmda, en ekki til annarrar lánastarfsemi þótt um lánamál fjárfestingarlánasjóða væri fjallað í skýrslum þessum. Skýrslur um þessa áætlun voru lagðar fram sérstaklega og yfirleitt ekki fyrr en nokkrir mánuðir voru liðnir af árinu sem um var fjallað hverju sinni. Þessi tímasetning var tvímælalaust veila í þessari aðferð, því þegar svo langt var á árið liðið var stundum svo komið að ýmis mál höfðu ráðist á annan veg en æskilegast hefði verið talið og varð e. t. v. ekki um þokað. Á þessari tímasetningu varð nokkur breyting haustið 1973, er framkvæmda- og fjáröflunaráætlun fyrir árið 1974 var sameinuð fjárlögum.

Lánsfjáráætlun 1976 er fyrsta heildaráætlunin um lánsfjármarkaðinn sem gerð er hér á landi. Í skýrslunni er fyrst fjallað um efnahagsmarkmið ríkisstj. og efnahagsforsendur áætlunarinnar og meginniðurstöður lánsfjáráætlunarinnar fyrir lánamarkaðinn í heild og hvað varðar banka, fjárfestingarlánasjóði og lífeyrissjóði og erlend lán. Seðlabankinn hefur unnið mikið starf við undirbúning þessa verks. Þá er gerð grein fyrir áætlun ríkisstj. um opinberar framkvæmdir sem fjár er aflað til með lánum. Loks er fjallað um fjármunamyndunarspá fyrir árið 1976. Niðurstöður eru sýndar ítarlega í töflum. Í heild gefur skýrslan yfirlit yfir uppruna og ráðstöfun lánsfjár 1976 og skiptingu þess eftir lántakendum.

Meginforsendur lánsfjáráætlunar þessarar eru núverandi staða og horfur í efnahagsmálum og helstu stefnumið ríkisstj. í efnahagsmálum fyrir næsta ár. Er áætlun þessi m. a. reist á mati Þjóðhagsstofnunar og Seðlabankans á efnahagshorfum um þessar mundir. Við þær horfur, sem nú virðast fram undan, hefur ríkisstj. lýst því meginmarkmiði sínu í stjórn efnahagsmála næstu missiri að minnka verðbólgu, að minnka verulega viðskiptahallann við útlönd og að draga mikið úr verðbólguhraðanum jafnframt því sem full atvinna sé tryggð. Telur ríkisstj. að stefna beri að því, að á árinu 1976 verði hallinn í viðskiptum við útlönd ekki meiri en svarar til 6—7% af vergri þjóðarframleiðslu eftir tæplega 12% halla árin 1974 og 1975. Þetta yrði að teljast viðunandi bati, en hann svarar til þess að viðskiptahallinn 1976, reiknaður á meðalgengi ársins 1975, batni um 7 milljarða kr. Jafnframt þarf að stefna að því að bæta gjaldeyrisstöðuna.

Síðari hluta ársins 1975 hefur mjög dregið úr hækkun verðlags frá því sem var á árinu 1974 og fram eftir árinu 1975. Í árslok 1975 er talið að verðlag verði um 11—12% hærra en að meðaltali 1975, og á grundvelli upplýsinga um verðhækkanir fram undan er gert ráð fyrir að á fyrsta ársfjórðungi 1976 verði verðlag um 12—15% hærra en að ársmeðaltali 1975. Til þess að viðunandi árangur náist telur ríkisstj. nauðsynlegt að stefna að því að verðbreytingar frá upphafi til loka ársins 1976 verði ekki meiri en 12—15%, samanborið við 35—40% 1975 og 52—57% verðhækkun frá upphafi til loka árs 1974. Þetta felur í sér um 24—25% meðalhækkun neysluvöruverðs og um 20—22% meðalhækkun byggingarkostnaðar 1976.

Til þess að þessum markmiðum verði náð er sýnt að stefna þarf að 3—4% minnkun þjóðarútgjalda 1976 að raunverulegu verðgildi. Er þá reiknað með að einkaneysla og samneysla 1976 haldist óbreytt frá árinu 1975, en þetta mat á þróun samneysluútgjalda er m. a. reist á útgjaldatillögum fjárlagafrv. Skv. Þjóðhagsspánni félli því samdráttur þjóðarútgjalda allur á fjármunamyndun sem dregist saman um 9—10% á forsendum spárinnar. Þó er búist við nálægt þriðjungsaukningu framkvæmda við stórframkvæmdir, þ. e. við Sigöldu- og Kröfluvirkjanir og járnblendiverksmiðju að Grundartanga saman-

taldar, en á árinu 1976 eru samtímis í gangi miklar raforkuframkvæmdir víða um land. Þó mun leitast við að dreifa þessum framkvæmdum yfir svo langan tíma sem fært þykir með tilliti til orkueftirspurnar. Innflutningur skipa og flugvéla 1976 er talinn munu dragast saman um ⅔ frá árinu 1975 og fjármunamyndun önnur en í sérstökum framkvæmdum og skipum og flugvélum er talin minnka um 7% á næsta ári. Fjármunamyndun á vegum atvinnuveganna er í heild talin dragast saman um 14% frá 1975, einkum vegna minni skipakaupa og minni innflutnings flutningatækja en í ár, en reiknað er með samdrætti í hverri grein atvinnuvegafjárfestingar að járnblendiverksmiðjunni undanskilinni. Þá er reiknað með 8% samdrætti íbúðabygginga 1976. Opinber fjárfesting er loks talin munu dragast saman um 5% á árinu 1976.

Þessar spár um fjármunamyndun eru, eftir því sem föng eru á, samræmd fjárveitingatill. fjárlagafrv. og lánsfjáráætluninni. Af þeim till. og ákvörðunum um framkvæmdir, sem þar koma fram, fæst sú niðurstaða að hreinar ríkisframkvæmdir dragist saman um 7% á árinu 1976 og svipuðu máli gegnir um sameiginlegar framkvæmdir ríkis og sveitarfélaga. Af hreinum ríkisframkvæmdum er reiknað með að raforkuframkvæmdir verði um 6% minni í magni 1976 en í ár, en verði þó eins og á þessu ári um ⅔ heimildarframkvæmda ríkisins sjálfs. Er þá gert ráð fyrir rúmlega þriðjungs minnkun framkvæmda í Sigöldu, en talsvert meira en tvöföldun umsvifa við Kröfluvirkjun. Hreinar framkvæmdir sveitarfélaga eru loks taldar munu aukast á næsta ári, e. t. v. um 5%, einkum vegna hitaveituframkvæmda sem forgangs njóta.

Að gefnum markmiðum ríkisstj. og horfunum fram undan í efnahagsmálum er ljóst að lánsfjárframboð verður að takmarka við nauðsynlegustu framkvæmdir og brýnustu rekstrarfjárþörf atvinnuveganna og að draga verður úr lánveitingum sem hvetja til innflutnings eða umframeftirspurnar, eftir því sem við verður komið. Sérstaklega er nauðsynlegt að draga úr peningaútstreymi úr Seðlabankanum og lántökum erlendis, því að framboð lánsfjár verður að byggjast á innlendum sparnaði í ríkari mæli en verið hefur. Í lánsfjáráætluninni er gert ráð fyrir að hreint lánsfjárframboð, þ. e. veitt ný lán að frádregnum afborgunum, verði um 16.5% minna 1976 en í ár, eða tæplega þriðjungi minna að raungildi en var á þessu ári, samanborið við 14—15% lækkun í ár. Samdráttur hreins lánsfjárframboðs 1976 kemur allur fram í minni lánum til opinberra aðila, þar sem ætlað er að skuldir ríkisins aukist um 7 milljarða og 600 millj. kr. miðað við 12 milljarða aukningu árið 1975. Lánsfjáráætlunin felur þannig í sér að sparnaður ríkisins árið 1976 tvöfaldast frá árinu 1975, og er það í samræmi við þá stefnu að afgr. fjárlög ársins 1976 án greiðsluhalla, þegar tekið hefur verið tillit til afborgana af lánum vegna greiðsluhalla fyrri ára.

Lán til íbúðabygginga að frádregnum afborgunum eldri lána aukast um 16.5% skv. áætluninni, en nettólánveitingar atvinnufyrirtækja dragast lítillega saman frá yfirstandandi ári, enda er nú áætlað að fjárfesting atvinnufyrirtækja, einkum í skipum, vélum og tækjum hvers konar, verði mun minni á næsta ári en verið hefur nú um skeið.

Í skýrslu ríkisstj. er fjallað sérstaklega um niðurstöður áætlunarinnar varðandi bankakerfið, fjárfestingarlánasjóði, erlendar lántökur, lánsfjármagnaðar opinberar framkvæmdir og fjármunamyndun og fjáröflun, og mun ég ekki rekja það hér. Þó má geta þess, að í áætlun bankakerfisins er stefnt að bættri gjaldeyrisstöðu með mjög aðhaldsamri stefnu í peningamálum, einkum að því er varðar viðskipti ríkissjóðs við Seðlabankann. Jafnframt er að því stefnt, að lausafjárstaða innlánsstofnana versni ekki á árinu. Í samræmi við þessar forsendur sýnir áætlunin að verulega mun draga úr aukningu peningamagns og sparifjár á næsta ári, eins og jafnan gerist þegar peningaútstreymi úr Seðlabankanum er takmarkað. Verði aukning innstæðna meiri en hér hefur verið gert ráð fyrir vegna aukningar á sparnaði mun það gefa tilefni til endurskoðunar á stefnunni í peningamálum með hliðsjón af atvinnuástandi og stöðu atvinnuveganna. Þess er einnig að gæta, að skv. lánsfjáráætlun hafa útlánaáform fjárfestingarlánasjóða verið færð verulega niður frá upphaflegum áformum einstakra sjóða og reiknað er með að úr erlendum lántökum dragi árið 1976.

Ástæða er til að benda sérstaklega á, eins og fram kemur í skýrslunni, að lánsfjárþörf til ríkisframkvæmda 1976 er áætluð 9 milljarðar 770 millj. kr., en þar af er gert ráð fyrir að 2 milljarða 920 millj. kr verði aflað innanlands, en 6 milljarða 850 millj. kr. erlendis. Séu talin saman þau lán, sem þegar eru heimiluð í lögum eða leitað hefur verið heimilda fyrir sérstaklega, nemur sú fjárhæð 5 milljörðum 160 millj. kr. og skortir því 4 milljarða 610 millj. kr. til að lánsfjárþörfinni sé fullnægt. Ríkisstj. leitar í einu lagi almennrar heimildar til þessarar lántöku og hefur það frv. verið samþ. nú á Alþ.

Í frv. til l. um heimild til erlendrar lántöku vegna opinberra framkvæmda á árinu 1976 sem samþ. hefur verið, var gert fyrir að lagaheimildir skorti fyrir 3 milljarða 580 millj. kr. lántöku og var þá byggt á tölum fjárlagafrv. Skv. framangreindu þarf sú fjárhæð að vera 4 milljarðar 610 millj. kr. eða hækka um 1 milljarð og 30 millj. Breytingar hafa verið gerðar á því frv. sem ég gat um áðan.

Í þessum tölum um lánsfjáröflun til ríkisframkvæmda hef ég ekki talið framkvæmdir á vegum Landsvirkjunar, en þær eru áætlaðar 4 milljarðar og 70 millj. kr. á árinu 1976. Lánsfjárþörf þeirra vegna er talin 3 milljarðar 470 millj. sem aflað verður með sérstökum erlendum lánum. Hugsanleg minni háttar lánsfjárþörf vegna framkvæmda Ríkisútvarps og Pósts og síma er hér ekki heldur meðtalin. Í samræmi við niðurstöður lánsfjáráætlunar fyrir fjárfestingarlánasjóði var einnig leitað heimildar til þess að taka lán að upphæð 2 milljarðar 45 millj. kr. erlendis til endurlána til Framkvæmdasjóðs. Þessi lántaka er í samræmi við útlánaáætlun Framkvæmdasjóðs fyrir árið 1976 sem samþ. hefur verið af stjórn Framkvæmdastofnunarinnar. Að venju yrði endur-

lánaheimild þessi skoðuð sem igildi ábyrgðarheimildar ef Framkvæmdasjóður tæki á eigin vegum lán erlendis innan þessa ramma.

Þess er vænst að lánsfjáráætlunin reynist varanleg framför í íslenskri efnahagsstjórn. Augljóst er að farsæl framvinda efnahagsmála er undir því komin að lánamálin í heild verði tekin föstum tökum. Þar skiptir meginmáli, þegar til lengri tíma er litið, að útgjöldum þjóðarinnar sé haldið innan þeirra marka, sem tekjur setja, og verulega sé dregið úr erlendum lántökum. Með lánsfjáráætluninni hefur verið mótuð stefna í lánamálum fyrir árið sem fer í hönd. Frá henni verður ekki hvikað nema ný og breytt viðhorf kalli á formlega endurskoðun.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða meir um þá skýrslu sem ríkisstj. hefur lagt fram um lánsfjáráætlun fyrir árið 1976.

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Eins og ég gat um við 2. umr. fjárlagafrv., þá var upptalning í tekjuáætlun þar miðuð í aðalatriðum við kauplag og verðlag eins og það var í októbermánuði s.l. til samræmis við áætlunargrundvöll gjaldahliðar frv. Meginforsenda magnbreytinga veltustærða á árinu 1976 var sú, að almenn þjóðarútgjöld yrðu sem næst óbreytt að magni frá því sem spáð var fyrir árið í ár. Þó er e.t.v. talið að veltan gæti orðið minni.

Tekjuáætlun frv. hefur nú verið endurskoðuð með tilliti til betri vitundar um líðandi ár, auk þess sem nú er miðað við verðlag og kauplag í desembermánuði. Forsendum magnbreytingar veltustærða er nú að talið séu að mestu óbreyttar, nema, eins og ég áðan sagði, ef vera kynni að veltustærðin yrði lítið eitt minni. Með þeirri ákvörðun eða lagabreytingu að láta Jöfnunarsjóð sveitarfélaga fá nú 8% af 18 söluskattsstigum í stað 13 áður minnka tekjur ríkissjóðs um 521 millj. kr. Þegar hins vegar er tekið tillit til þeirra útgjaldaliða sem yfirfærast til sveitarfélaganna, eins og þeir eru ákveðnir í fjárlagafrv., en þeir nema samtals um 392 millj. kr., kemur í ljós að tekjuskerðing ríkissjóðs er að upphæð um 126 millj. kr. Við það bætast 13 millj. sem ríkissjóði ber að greiða Lánasjóði sveitarfélaga sem mótframlag. Þannig verður samtals um 139 millj. kr. lakari staða ríkissjóðs við þessa breytingu.

Varðandi tekjubálk frv. að öðru leyti verður aðalhækkunin í sambandi við framlengingu vörugjaldsins, 10% til 1. sept. n.k. og 6% síðan til áramóta. Heildartekjur vegna þess eru áætlaðar um 2.2 milljarða kr. Eins og fram kemur í þjóðarspá frá 28. nóv. er gert ráð fyrir minnkun veltumagnsins frá því sem áður hafði verið spáð, og nú þegar vörugjaldið er framlengt er talið að það hafi einnig áhrif til magnminnkunar. Það er með tilliti til þess sem ekki þótti rétt að áætla frekari söluskattshækkun. Að svo mæltu mun ég geyma mér að sinni að ræða frekar um tekjubálk fjárlagafrv., en víkja þessu næst að þeim sem fjvn. flytur til breyt. á gjaldabálki frv.

Kemur þar fyrst till. n. um sérfræðilega aðstoð við þingflokka, hækkun fjárveitingar um 2.4 millj. kr. Hér er um hreint launamál að ræða og því fært til samræmis við raunverulegar launabreytingar eins og aðrir liðstæðir þættir í fjárlagafrv.

Næst er till. um þjóðgarðinn á Þingvöllum, að inn sé tekinn nýr liður, þ.e. líffræðirannsókn í Þingvallavatni að upphæð 1200 þús. kr.

Til Háskóla Íslands eru þrjár brtt. Í fyrsta lagi við læknadeild vegna námsbrautar í sjúkraþjálfun 1 millj. kr. í öðru lagi við heimspekideild, leiðrétting á launum að upphæð 1 millj. 600 þús. Einnig er um leiðréttingu að ræða við verkfræði- og raunvísindadeild að upphæð 2 millj. 90 þús. kr., en þar er einnig um leiðréttingu að ræða í sambandi við önnur rekstrargjöld.

Til Íþróttakennaraháskóla Íslands er lagt til að launaliður hækki um 300 þús. kr., viðhald um 600 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður um 1 millj. kr., en það er vegna byggingar á kennarabústað og er upphæðin ætluð til að hanna væntanlega byggingu.

Þá er lagt til að launaliður við Nýja hjúkrunarskólann hækki um 1 millj. kr.

Við Fósturskóla Íslands lækka hins vegar önnur rekstrargjöld um 1 millj., en það er vegna þess að skólinn er fluttur í nýtt húsnæði og er um lækkun á húsnæðiskostnaði hér að ræða.

Til Leiklistarskólans er till. um hækkun að upphæð 10 millj. kr.. en auk þess eru fluttar af öðrum lið á þennan skóla 4 millj. 750 þús. kr., þannig að alls er fjárveiting til Leiklistarskólans 14 millj. 750 þús. kr. Þessi skóli tekur nú til starfa, svo sem kunnugt er, skv. nýjum lögum.

Þá eru næst brtt. við verslunarskólana. Þar er lagt til að framlag til Verslunarskóla Íslands hækki um 7 millj. og 600 þús. og til Samvinnuskólans um 1 millj. og 400 þús.

Liðurinn aksturskostnaður skólabarna er lagt til að hækki um 18 millj. 555 þús. kr., en þá er einnig gert ráð fyrir að ríkissjóður muni greiða fyrir n.k. áramót til sveitarfélaganna nokkuð af áföllnum aksturskostnaði sem heyrir til yfirstandandi ári.

Til skíðakennslu í skólum er lagt til að liðurinn hækki um 225 þús. kr.

Á þskj. n. 242 er till. fjvn. um skiptingu á fjárveitingu til stofnkostnaðar dagvistunarheimila. Hér er um að ræða 68 millj. 400 þús. kr. og skipt óbreyttri upphæð frá því sem er í frv. Um sjálfa skiptinguna vísast til þess sem fram kemur á þskj.

Þá kemur næst till. um að hækka fjárveitingu til Lánasjóðs ísl. námsmanna um 32 millj. og 500 þús., en auk þess hækkar heimild til að ábyrgjast lán fyrir Lánasjóðinn um 500 millj. kr. frá því sem er í fjárlagafrv., 100 millj., verði því heimildin til að ábyrgjast lán fyrir Lánasjóðinn samtals 600 millj. kr.

Til jöfnunar á námskostnaði er lagt til að fjárveiting hækki um 25 millj. og 500 þús. kr.

Til Bréfaskólans hækkar fjárveiting um 300 þús. kr. og verður þá fjárveiting til Bréfaskólans samtals að upphæð 1.5 millj. kr.

Til Þjóðminjasafnsins er lagt til að fjárveitingar hækki: Í fyrsta lagi viðhaldsliðurinn um 300 þús. kr. Í öðru lagi hækkar liðurinn til byggðasafna o. fl. um 1.5 millj. kr. Undir þennan

lið fellur nokkur fjárveiting til sjóminjasafns og styrkir til endurbóta á kirkjum og öðrum eldri húsum. Það er einnig með tilliti til þessa sem n. leggur til að fjárlagaliðir annarra kirkna í fjárlagafrv., að upphæð samtals 300 þús. kr., færist yfir til Þjóðminjasafnsins.

Næst kemur till. n. um hækkun fjárveitingar til Menningarsjóðs um 1.5 millj. kr.

Til Ungmennafélags Íslands hækkar fjárveiting um 1.6 millj.

Lagt er til að Bandalag ísl. skáta fái vegna byggingarkostnaðar við Úlfljótsvatn 200 þús. kr.

Næst er till. um Íþróttasamband Íslands, að það fái fjárveitingu til viðbótar að upphæð 3 millj. 338 þús. kr., þannig að heildarfjárveiting til Íþróttasambandsins verði um 20 millj. kr.

Til Skáksambands Íslands er lagt til að fjárveiting hækki um 150 þús. kr., þannig að heildarfjárveiting til Skáksambandsins verður þá 1 millj. kr.

Til Kvenréttindafélags Íslands er lagt til að fjárveiting hækki um 100 þús. kr. og að til Hagsmunasamtaka einstæðra foreldra er till. um 50 þús. kr. hækkun.

Til Héraðsskjalasafnsins á Egilsstöðum er till. um 250 þús. kr.

Næst kemur till. vegna ríkislögreglunnar á Keflavíkurflugvelli að upphæð 8 millj. 500 þús. kr. Fjárveiting þessi er nauðsynleg vegna tækjakaupa svo að unnt sé á auðveldan hátt að leita að vopnum sem hugsanlegt sé að farþegar hafi meðferðis. Það eru nú æ fleiri þjóðir sem gera kröfur til þess að slík tæki séu til á þeim flugvöllum sem flugvélar koma frá til viðkomandi landa.

Þá er næst brtt. varðandi Hafrannsóknastofnunina vegna skuttogarans Baldurs að upphæð 33 millj. 88 þús. kr. Er lagt til að liðurinn önnur rekstrargjöld hækki þar sem talið er að rekstur Baldurs verði að þessu leyti dýrari en rekstur Hafþórs hefði verið.

Þá er lagt til að fjárveiting til Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins hækki vegna væntanlegs útibús á Neskaupstað um 2 millj. kr. Með þeirri fjárupphæð er talið öruggt að starfræksla útibúsins geti hafist á næsta ári.

Til Framleiðslueftirlits sjávarafurða eru tvær till. Lagt er til að launaliður hækki um 5 millj. 300 þús. kr., og liðurinn gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 3 millj. kr., en það er vegna innréttingarkostnaðar á nýju húsnæði sem stofnunin mun flytja í á næsta ári.

Svo sem kunnugt er var það eitt af samkomulagsatriðum þegar fiskverð var ákveðið á s.l. hausti að línufiskur fengi frekari uppbót frá ríkissjóði en verið hafði, og jafnframt var um það samið að fiskkaupendur greiddu einnig hærra verð fyrir línufiskinn sem kæmi þá á móti framlagi ríkisins. Vegna þessa samkomulags er talið nauðsynlegt að hækka liðinn verðbætur á línufisk um 20 millj. 300 þús. kr.

Við bæjarfógetaembættið á Neskaupstað er lagt til að launaliður hækki um 300 þús. kr., en þar er um leiðréttingu að ræða.

Liðurinn önnur rekstrargjöld við Landhelgisgæsluna er svo lagt til að hækki um 40 millj. kr., en það er vegna almennrar hækkunar á rekstrarútgjöldum skipanna frá því sem áætlað var þegar gengið var frá fjárlagafrv.

Og þá eru till. n. varðandi þjóðkirkjuna. Lagt er til að þær kirkjur, sem fá sérstaka styrki í sambandi við endurbætur, falli niður af þessum lið, eins og ég hef áður að vikið. Færist upphæðin, sem er 300 þús. kr., til Þjóðminjasafnsins og verður þá heildarfjárupphæðin þar ásamt með öðrum fjárveitingum í sama skyni.

Þegar gengið var frá fjárlagafrv. hefur láðst að taka inn upphæð, 120 millj. 700 þús. kr. til Byggingarsjóðs verkamanna, en skv. lögum ber ríkissjóði í þessu tilfelli að greiða til jafns við Reykjavíkurborg í byggingarsjóðinn. Borgarstjóri Reykjavíkur kom á fund n. og vakti athygli á þessum mistökum, sem eru leiðrétt með þeirri brtt. sem fjvn. hefur leyft sér að flytja.

Þá er till. um hækkun fjárveitinga til Lánasjóðs sveitarfélaga að upphæð 13 millj. kr., en það er afleiðing þess að lánasjóðurinn fær nú hærri upphæð af söluskatti en áður við þá breyt. á lögum sem nú hefur verið ákveðin.

Til Jafnlaunaráðs er till. um að fjárveiting hækki um 310 þús. kr.

Fjárveiting til Alþýðusambands Íslands vegna Menningar- og fræðslusambands alþýðu er lagt til að hækki um 150 þús. kr.

Þá er lagt til að inn sé tekinn nýr liður: Til félagsmálaskóla alþýðu. Hér er um nýja stofnun að ræða, og lagt er til að fjárveiting til þessa skóla verði 1 millj. kr.

Næst er brtt. við Tryggingastofnun ríkisins, þ.e. að fjárveiting hækki um 32 millj. kr. Upphæð þessari skal verja til þess að standa undir launakostnaði við nýja starfskrafta til ríkisspítalanna. Með tilliti til þeirrar lagabreytingar, sem hefur átt sér stað varðandi sjúkratryggingarnar, samsvarar þessi upphæð því að varið sé til starfsmannafjölgunar um 40 millj. kr.

Næst koma tvær till., en þær eru varðandi millifærslur til Læknishéraðasjóðs 1 millj. kr., og lækkar þá liðurinn námslán læknastúdenta um sömu fjárupphæð eða 1 millj. kr. Verða þá eftir á þeim lið 900 þús. kr.

Liðurinn sjúkraflug er lagt til að hækki um 1 millj. kr. Þessi þjónusta í heilbrigðiskerfinu er af flestum talin mjög þýðingarmikil. Kostnaður við rekstur flugvélanna hefur stóraukist, en að vísu fæst veruleg greiðsla frá sjúkratryggingum til þessara þjónustu. Þrátt fyrir það er talið að ekki verði komist af með minni upphæð í þessu skyni. Hér er a.m.k. um 5 aðila að ræða sem upphæðin verður skipt á milli.

Stórstúka Íslands mun eiga 90 ára afmæli á næsta ári. Lagt er til að stúkan fái sérstaklega 200 þús. kr. af þessu tilefni.

Þá er lagt til að fjárveiting til Ríkisábyrgðasjóðs hækki um 198 millj. 700 þús. kr. Þessi fjárveiting er til komin vegna þess samkomulags sem gert var við togaraeigendur á sínum tíma um lengingu lána. Að þessi viðbót kemur nú stafar af því að nú eru til komnir fleiri togarar en upplýsingar lágu fyrir um við fjárlagagerðina, auk þess sem um nokkra gengisbreytingu hefur verið að ræða, en umrædd lán eru að langmestu leyti í erlendri mynt.

Eins og ég gat um við 2. umr. er nú í ríkiskerfinu starfsfólk, ekki undir 100 manns, sem ekki hefur verið heimild fyrir hendi til ráðningar á. Áætlað hefur verið, að ef til þess hefði komið að allt þetta starfslið yrði fastráðið, þá væri það ekki undir 100 millj. kr. sem til þess þyrfti. Það er hins vegar skoðun fjvn., að ströng endurskoðun verði að fara fram varðandi þetta starfslið, og í trausti þess, að hér megi og verði að spara, er lagt til að inn sé tekinn liður að upphæð 75 millj. kr. til að mæta þessum hugsanlega kostnaði.

Þá er næst liður sem er samræming við tekjuáætlun, að upphæð 200 millj. kr. Hér er um að ræða ýmsa kostnaðarliði í frv., ósundurliðað, en er afleiðing þess að nú er miðað við verðlag og kauplag eins og það er í des., en að þessu hef ég áður vikið.

Þá er lagt til að inn sé tekinn nýr liður, lífeyrissjóðir sjómanna, að upphæð 20 millj. kr. Hér er um greiðslu að ræða sem er samningsatriði og fallið hefur á ríkissjóð.

Til vegagerðar er lagt til að liðurinn gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 55 millj. kr., en með því móti verður fjárveiting hin sama og á yfirstandandi ári í krónutölu, þannig að upphæðin verður samtals 380 millj. kr.

Næst er till. um að liðurinn til að halda uppi gistingu og byggð hækki um 312 þús. kr.

Þá er breyt. varðandi hafnamál. Lagt er til að til hafrannsókna og mælinga verði fjárveiting að upphæð 6 millj. 400 þús. kr. — Liðurinn til ferjubryggna er lagt til að hækki um 500 þús. kr. og liðurinn sjóvarnargarðar er einnig lagt til að hækki um 4 millj. 775 þús. kr. Að sjálfsögðu hefði verið æskilegt að þessi upphæð gæti verið allmiklu hærri vegna þeirra tjóna sem urðu á s.l. hausti en þó er talið að með þeirri fjárupphæð, sem hér er lagt til að verði til hækkunar, sé unnt að bæta úr því sem mest er aðkallandi í þessum efnum.

Í sambandi við listann yfir fjárveitingar til hafnanna og skiptingu þar á milli hafði fallið niður að gera millifærslu á milli tveggja hafna, þ.e. að færa frá Vopnafjarðarhöfn 2.5 millj., var 22.5 millj. og verður þá 20 millj., til Reyðarfjarðarhafnar sömu upphæð sem hækkar og í staðinn fyrir að vera 2.3 millj. verður 4.8 millj. Því miður var ekki tekið eftir þessum mistökum fyrr en of seint, ekki fyrr en rétt áðan, og ég vil því leyfa mér, herra forseti, að bera fram skriflega brtt. í tilefni af þessu og óska eftir að leitað verði afbrigða til þess að fá þessa skriflegu brtt. afgreidda.

Þessu næst koma brtt. við Veðurstofuna. Þar er nánast um millifærslur og leiðréttingar að ræða sem ekki hafa breytingar í för með sér hvað útgjöld snertir.

Til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins er till. um að fjárveiting hækki um 775 þús. kr.

Þá er lagt til að til Orkustofnunar hækki fjárveiting um 34 millj. kr., en þeirri upphæð er sérstaklega ætlað að verja til jarðhitaleitar.

Í fjárlagafrv. er fjárveiting til járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði að upphæð 285 millj. kr. Ætlað var að þessu fjármagni yrði varið til byggingar hafnar á Grundartanga. Nú er hins vegar talið að framkvæmdum muni seinka, þannig að einungis 50 millj. kr. verði notaðar á næsta ári og þá aðallega til hönnunar á framkvæmdinni. Þess vegna er lagt til að fjárveiting til járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði lækki um 235 millj. kr.

Til Verðlagsskrifstofunnar er lagt til að liðurinn önnur rekstrargjöld hækki um 1.5 millj. kr., en það er vegna aukinnar starfsemi Verðlagsskrifstofunnar.

Þá er lagt til að liðurinn niðurgreiðslur á vöruverði hækki um 700 millj. kr. og verði þá samtals 4 milljarðar 968 millj. kr.

Að lokum er brtt. varðandi ýmis lán ríkissjóðs, vaxtagreiðslur, en þar er lagt til að upphæðin hækki um 483 millj. kr. og skiptist upphæðin eins og hér segir:

Til Seðlabankans 300 millj.

Til Hafrannsóknastofnunarinnar vegna Baldurs 31 millj.

Vegna kaupa á Þórshamri 4 millj.

Til vegagerðar vegna vanáætlunar 17 millj.

Vegna byggingarvísitölu 51 millj.

Vegna byggingarvísitölu 51 millj.

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins 80 millj. kr.

Þá koma næst heimildartill. á 6. gr., nýir liðir: Að fella niður eða endurgreiða söluskatt og aðflutningsgjöld af sérsmíðuðu hljóðfæri, sem er minningargjöf merkt Akureyrarkirkju. — Að veita Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins lán til að tryggja greiðslugetu sína síðasta ársfjórðung ársins 1975. — Að kaupa Hótel Hvanneyri á Siglufirði til skólahalds í bænum og taka lán í því skyni. — Að taka þátt í kaupum á jörðinni Reykjum á Reykjabraut, Austur-Húnavatnssýslu, ásamt aðildarhreppum Húnavallaskóla og taka lán í því skyni. — Að selja íbúðarhús á jörðinni Stekkjarmel í Rauðasandshreppi. — Að endurgreiða Snorra Hanssyni aðflutningsgjöld af tækjum til kasettugerðar. — Að fella niður eða endurgreiða söluskatt og aðflutningsgjöld af snjóbíl fyrir Flateyrarhrepp. — Að endurgreiða þinglýsingargjöld vegna afsals skuttogarans Haralds Böðvarssonar. — Að endurgreiða söluskatt og aðflutningsgjöld af sjúkrabifreið Hjúkrunardeildar Rauða kross Íslands. — Að endurgreiða söluskatt og aðflutningsgjöld af snjóbifreið Rauðakrossdeildar Sauðárkróks og bifreið Hjálparsveitar skáta í Hafnarfirði til leitar og sjúkraflutninga. — Að láta í makaskiptum 6 584 fermetra af landi Fitjakots á Kjalarnesi í Kjósarsýslu. — Að selja íbúð Pósts og síma í húsinu nr. 24 við Heiðarbraut á Akranesi. — Að verja söluandvirði Vestmannaeyjaskipsins Herjólfs til nauðsynlegra endurbóta á afgreiðsluaðstöðu Skipaútgerðar ríkisins í Reykjavík. — Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af nýjum jarðborum fyrir Jarðboranir ríkisins. — Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af efni til dísilstöðvar, aðveitustöðvar og orkuflutningsveitu fyrir Vestmannaeyjakaupstað. — Að taka lán til að kaupa hafskipabryggju á Eyri í Ingólfsfirði. — Að lækka toll í 15% og fella niður innflutningsgjald af bifreiðum sérstaklega útbúnum til sjúkraflutninga, sem hjálpar- og björgunarsveitir festa kaup á. Fjmrn. setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis. — Að taka lán til kaupa á húsnæði

fyrir varamenn sendiherra í Kaupmannahöfn, London og New York, ef hagstæð þykja. Endanleg ákvörðun verði tekin í samráði við fjvn. Alþ. — Að taka lán til kaupa á húsnæði fyrir bústað og skrifstofur bæjarfógetans og sýslumannsins á Eskifirði. — Að endurgreiða þinglýsingargjald vegna afsals b/v. Snæfells EA 740. — Að láta af hendi við Seyðisfjarðarkaupstað án endurgjalds gamla símstöðvarhúsið, nr. 44 við Hafnargötu á Seyðisfirði, ásamt tilheyrandi eignarlóð gegn því að húsið verði notað fyrir safn muna og minja úr sögu Seyðisfjarðar. — Að semja um greiðslu yfirdráttarskuldar við Seðlabanka Íslands eins og hún verður um áramót 1975—1976 og um lánskjör. — Að selja fasteignina Brú við Markarfljót í landi Eyvindarholts og gamalt áhaldahús á Hvammstanga. — Að ábyrgjast fyrir Skúla Pálsson fiskræktarbónda allt að 15 millj. kr. lán vegna byggingar fiskeldisstöðvar í landi jarðarinnar Þóroddsstaða II í Ölfushreppi, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstj. metur gildar. Hér er um endurveitingu að ræða á jafnhárri upphæð og var í fjárlögum yfirstandandi árs. — Að ábyrgjast fyrir St. Jósefsspítala í Hafnarfirði allt að 10 millj. kr. lán gegn tryggingum, sem ríkisstj. metur gildar. — Að lækka tolla af ökumælum til þungaskattsákvörðunar úr 25% í 7%. — Að ábyrgjast allt að 15 millj. kr. lán vegna flóabátanna v/b Baldurs og v/b Fagraness. — Að taka lán að upphæð allt að 25 millj. kr. til að byggja ferjuaðstöðu í Þorlákshöfn fyrir Vestmannaeyjaferju. — Að ábyrgjast fyrir Hafnabótasjóð allt að 10 millj. kr. lán til endurbóta á Suðureyri við Súgandafjörð vegna sjóskaða.

Þá vil ég loks vísa í afgreiðslu um fjárveitingar til flugvalla sem eru á þskj. 242 og vil þó taka sérstaklega fram að fjárveitingin til Vestmannaeyjaflugvallar er aðallega ætluð til byggingar flugskýlis.

Þá mun ég að lokum víkja að þeim breyt. sem verða á tekjubálki frv. Tekjuskattar eru nú áætlaðir 180.8 millj. kr. hærri en í fjárlagafrv., þar af tekjuskattur einstaklinga um 100 millj., tekjuskattur félaga um 80 millj. og byggingarsjóðsgjöld um 0.8 millj.

Gjöld af innflutningi hækka um samtals 210.1 millj. kr. og kemur hækkunin þannig fram, að aðflutningsgjöld hækka um 494 millj. kr., en innflutningsgjald af bensíni lækkar um 244 millj. og innflutningsgjald af bifreiðum lækkar um 30 millj. Á öðrum liðum í þessum tekjuflokki verður 9.9 millj. kr. nettólækkun.

Skattar af framleiðslu hækka um 2 milljarða 330 millj. kr., einkum vegna framlengingar sérstaks vörugjalds, en tekjur af því eru áætlaðar 2 milljarðar 200 millj. kr., auk 130 millj. kr. af eftirstöðvum vegna ársins 1975.

Skattar af seldum vörum og þjónustu eru svo til óbreyttir frá fjárlagafrv., lækka um 11 millj. kr. nettó. Er þá gert ráð fyrir 1—2% minna veltumagni en í forsendum fjárlagafrv. Þó verða verulegar breytingar innan flokksins vegna tilfærslu hluta söluskatts til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, þannig að sá hluti eykst um 520 millj., en hlutur ríkisins lækkar um 139 millj. kr. Rekstrarhagnaður Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins hækkar um 100 millj. kr. en aðrir liðir í þessum tekjuflokki hækka um 28 millj.

Aðrir óbeinir skattar hækka um 125 millj. kr., þar af stimpilgjald 36 millj., þinglýsingar 28 millj., hluti af umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna 29 millj. kr. og aðrir liðir 32 millj. kr.

Samtals hækkar tekjubálkurinn þannig um 2 milljarða 941 millj. kr. og verður í heild 60 milljarðar 342 millj. Gjöld hækka um 1483 millj. nettó frá fjárlagafrv. og verða samtals 58 milljarðar 869 millj. kr. Afgangur á rekstrarreikningi verður þannig 1 milljarður 473 millj. kr. Lánabreytingar sýna hins vegar halla að fjárhæð 1113 millj. kr. og hefur staðan þar rýrnað um 1319 millj. frá fjárlagafrv. Niðurstaðan verður því greiðsluafgangur að fjárhæð 360 millj. kr.

Herra forseti. Ég hef þá lokið við að gera grein fyrir till. fjvn. við þessa umr. málsins.

Frsm. minni hl. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Varðandi þær brtt., sem fjvn. flytur við 3. umr., vil ég taka fram af hálfu okkar, sem skipum minni hl. n., að við erum óbundnir um afstöðu til einstakra till. og höfum áskilið okkur rétt til að flytja brtt. eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma.

Við 2. umr. um fjárlagafrv. voru mörg veigamikil mál óafgreidd frá nefndinni. N. hefur nú með fundarhöldum á einum degi, þ. e. a. s. í gær, afgr. frv. til 3. umr., og hygg ég að ekki þurfi að hafa mörg orð um það, hvers kyns vinnubrögð hér er um að ræða.

Hæstv. fjmrh. gat þess í ræðu sinni við 1. umr. um fjárlagafrv. að ríkisstj. mundi í nóv. ganga frá og leggja fyrir Alþ. lánsfjáráætlun fyrir árið 1976. Um efndir á þessu fyrirheiti fór eins og svo margt annað hjá hæstv. ríkisstj. Lánsfjáráætlunin var lögð fyrir Alþ. 17. des., nú fyrir tveimur dögum, og að sjálfsögðu var enginn tími til að fjalla um hana í fjvn. Hún var alls ekki rædd á fundum nefndarinnar.

Þótt svona hafi orðið að fara að í nefndarstörfum er svo látið heita að n. hafi sameiginlega afgr. málefni allra þeirra aðila sem byggja framkvæmdir sínar á næsta ári á niðurstöðum lánsfjáráætlunarinnar. Það er óvíst hve margir nm. gátu gefið sér tíma til þess að opna bæklinginn um lánsfjáráætlunina. Vonandi líta þeir í hann í jólafríinu, því að þetta er áreiðanlega hin merkasta lesning og ekki með öllu ófróðlegt fyrir nm. að komast að því, þótt seinna verði en skyldi, hvað þeir hafa verið að samþykkja við afgreiðslu fjárlaga þessa dagana.

Hæstv. fjmrh. mun hafa látið svo um mælt við 2. umr. um fjárlagafrv., að þau vinnubrögð, sem hafa verið viðhöfð við fjárlagaafgreiðsluna nú, væru ekki svo aðfinnsluverð að orð væri á gerandi. Það er nú svo, að það hefur líklega aðeins tvisvar í sögu Alþingis gerst að 2. umr. um fjárlög færi ekki fram fyrr en 16. des., en það er einmitt við afgreiðslu beggja þeirra fjárlagafrv. sem hæstv. núv. fjmrh. hefur flutt. Aðeins einu sinni mun það hafa gerst í sögu Alþ. að einungis tveir starfsdagar væru á milli 2. og 3. umr., einmitt núna þegar verið er að afgr.

annað fjárlagafrv. hæstv. ráðh. Þeir voru þó þrír dagarnir í fyrra, og jafnvel hæstv. ráðh. ætti að geta séð að það eru afar takmarkaðir möguleikar á því, hve lengi hann getur haldið áfram að stytta þennan tíma milli umr. Hann ætti því að gá að sér, þótt ekki væri nema vegna þess hve hann kemst fljótt í þrot með þá stefnu sína eins og fjármálastefnuna sjálfa. Ég lít svo á að þessi vinnubrögð séu alvarlegt mál sem ekki megi láta óátalið, þótt hæstv. ráðh. lýsi því yfir, að ekkert sé við þau að athuga. Alvarlegast er þó ef hæstv. fjmrh. gerir sér ekki ljóst að hér er í raun og sannleika komið í óefni. Ef hann sér ekkert athugavert við fjárlagaafgreiðsluna nú, þá er ekki mikil von um að úr verði bætt meðan hann fjallar um hana. Ég leyfi mér samt að vona, að þótt hæstv. ráðh. hafi látið þessi orð falla, þá fari það ekki fram hjá honum fremur en öðrum hv. þm. að fjárlagaafgreiðslan fer ekki fram með þeim hætti að við verði unað og nauðsynlegt er að allir aðilar taki höndum saman um að á annan hátt verði að þessum málum staðið á næsta þingi.

Ég vil láta það koma fram, að ástæðurnar fyrir því, hve afgreiðslan er seint á ferðinni að þessu sinni og hve lítill tími gefst til ákvarðanatöku, er ekki fyrst og fremst að leita hjá fjvn., meiri hl. hennar eða formanni n., heldur er orsökin einkum sú, hve það hefur dregist af hálfu ríkisstj. að leggja fram frv. sín, till. og ákvarðanir.

Ég ræddi fjárlagafrv. og þá stefnu, sem í því felst, allítarlega bæði við 1. og 2. umr. og sé því ekki ástæðu til að halda um það langa ræðu nú. Veigamestu málefnin, sem biðu 3. umr., hafa verið rædd mjög ítarlega í báðum deildum þingsins við afgreiðslu þeirra frv. sem hafa verið flutt í tengslum við fjárlagafrv. Þar hefur mjög rækilega komið fram afstaða stjórnarandstöðuflokkanna og því ekki ástæða til að rifja þau sjónarmið upp við lokaafgreiðslu fjárlaganna. Hér er um að ræða álagningu vörugjalds, innheimtu sérstaks gjalds til almannatrygginga á útsvarsgreiðendur, hækkun á greiðsluhluta einstaklinga vegna sjúkratrygginga, breytta verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og tilfærslu á hluta söluskatts af þeim sökum. Öll þessi mál hafa verið krufin til mergjar við umr. um þessi lagafrv. og skoðanir allra flokka á þeim komið rækilega fram á undanförnum dögum. Sá naumi tími, sem gafst til afgreiðslu fjárlagafrv. sem aðlagað er að afgreiðslu þessara frv., gefur ekki tilefni til að bæta neinu við umr. um þau mál sem þegar hafa verið afgreidd.

Niðurstöður fjárlagafrv. eftir afgreiðslu n. til 3. umr. liggja nú fyrir. Til þess að útgjaldahliðin sé sambærileg við útgjaldaþætti núgildandi fjárlaga og fjárlaga ársins 1974 þarf að bæta við útgjaldatölu þessara væntanlegu fjárlaga þeim 1150 millj. kr. útgjöldum sjúkratrygginga sem nú á að greiða með aukaálagningu á útsvarsgjaldendur og sveitarfélögin eiga að innheimta í staðinn fyrir ríkið. Einnig þarf að bæta við útgjöldin, til að réttur samanburður fáist, þeim útgjaldaþáttum sem nú hafa verið færðir til sveitarfélaga, en þeir nema 400 millj. kr. eða nálægt því. Með þessari leiðréttingu til að um samanburð geti verið að ræða nema hliðstæð útgjöld og áður 60.9 milljörðum kr. í væntanlegum fjárlögum og eru 13.7 milljörðum kr. eða 29% hærri en útgjöld núgildandi fjárlaga. Með sama grundvelli hafa útgjöld ríkissjóðs hækkað um 29.4 milljarða kr. frá fjárl. ársins 1974 eða um 107.1%, eða í fyrsta skipti í sögunni hækkað um meira en 100% á tveimur árum. Skv. þessum tölum, sem eru sambærilegar við útgjaldahlið núgildandi fjárl., og miðað við áætlaða þjóðarframleiðslu, 203 milljarða kr., á næsta ári nema áætluð útgjöld ríkisins nákvæmlega 30% af þjóðarframleiðslu á næsta ári, en þegar fjárlagafrv. var lagt fram var reiknað með að þetta hlutfall yrði 29% á þessu ári. Hefur því ekki tekist að minnka umsvif ríkisins eða ríkisbúskaparins. En útþensla rekstrarliða veldur því að þrátt fyrir óbreytt umsvif ríkisins stórlækkar raungildi framlaga til verklegra framkvæmda.

Séu tekjur færðar til samræmis á hliðstæðan hátt, þ. e. a. s. 1150 millj. kr. gjaldi til almannatrygginga og söluskattshlut sveitarfélaga, 527 millj. kr., bætt við tekjur væntanlegra fjárl., nema þær alls 62.6 milljörðum kr. og eru 13 milljörðum eða 31.5% hærri en á núgildandi fjárl., og skattheimtan verður 33.4 milljörðum eða 114.4% hærri en á fjárl. ársins 1974. Er þó í tekjum ríkisins 1976 ekki reiknað með þeim lið sem raunverulega er vanreiknaður í tekjuhlið, þ. e. a. s. 400—440 millj. kr. tekjum af þeim söluskatti sem leggst á vörugjaldið. Áætlað er að vörugjaldið nemi 2200 millj. kr. á næsta ári, en ákvörðun um álagningu þessa hafði ekki verið tekin þegar tekjuáætlun var gerð. Meiri hl. fjvn. sá ekki ástæðu til að leiðrétta tekjuáætlunina að þessu leyti þótt forsendur um áætlun söluskattsins hafi óumdeilanlega breyst.

Nú við lokaafgreiðslu fjárlagafrv. er upphæð áætlaðra vaxtagreiðslna í A-hluta breytt til hækkunar um hvorki meira né minna en 483 millj. kr., til viðbótar þeirri 458 millj. kr. hækkun frá núgildandi fjárl. sem gert var ráð fyrir í frv. Við þetta hækka vextir úr 714 millj. kr. 1975 í 1656 millj. kr. 1976 eða um 131.9% á einu ári. Þar hefur hæstv. fjmrh. sett enn eitt metið í útþenslu á fjárl. Og frá fjárl. ársins 1974 hafa vextir í A-hluta hækkað úr 413 millj. kr. í 1656 millj. eða um ríflega 300%, ríflega fjórfaldast á tveimur árum. Vextir í A- og B-hluta nema samkvæmt þessu 4564 millj. kr. og hafa hækkað um 2903 millj. kr. frá 1974. Hækkunin ein nemur um 150 millj. kr. hærri upphæð en allt samanlagt framlag ríkissjóðs á næsta ári til almennra hafnargerða, grunnskólabygginga, framkvæmda í flugvallagerð og til byggingar sjúkrahúsa sveitarfélaga, heilsugæslustöðva, læknamiðstöðva og læknisbústaða.

Í fjárlagafrv., sem lagt var fram í okt., var gert ráð fyrir að verklegar framkvæmdir í A- og B-hluta yrðu fjármagnaðar með lántökum svo að nam 9600 millj. kr. Nú hefur fjárlagafrv. verið fært til samræmis við lánsfjáráætlun og þessi tala verið hækkuð um 46%. Mun þá lánsfé til verklegra framkvæmda nema rúmlega 14 milljörðum kr., en hliðstæð tala í núgildandi fjárl. tæplega 5.3 milljörðum, en eftir

breyt. með lögum um ráðstafanir í efnahagsmálum s. l. vor nam þessi notkun lánsfjár ríflega 7.2 milljörðum. Nú er gert ráð fyrir að hún nálega tvöfaldist frá þessari tölu á næsta ári, svo að enn er haldið áfram á þeirri braut að verklegar framkvæmdir eru fjármagnaðar í vaxandi mæli með lánsfé. Það hefur síðan þau áhrif á vaxtagjöldin sem ég greindi frá áðan. Þau hafa hækkað um rúmlega 300% á tveimur árum.

Vaxandi skatthheimta fer ekki til að auka framlög til verklegra framkvæmda. Framkvæmdir eru í sívauknum mæli fjármagnaðar með lánsfé. Það er útþensla rekstrarliðanna sem gleypir jafnóðum það sem hirt er af landsmönnum í aukinni skattheimtu.

Ég gat þess við 2. umr. um fjárlagafrv. að skv. frv. yrðu erlendar lántökur vegna ríkissjóðs og ríkisstofnana tólf sinnum hærri en í fjárl. ársins 1974. Þetta átti við um fjárlagafrv. við 2. umr. En það eru nú 3 dagar síðan og á þessu hafa orðið talsverðar breyt. þegar frv. kemur nú til lokaafgreiðslu. Upphæð erlendra lána í lánahreyfingum var í frv. áætluð 3805 millj. kr., en er nú áætluð í samræmi við lánsfjáráætlun 6850 millj. kr., en var í fjárl. ársins 1974 320 millj., þ. e. a. s. erlendar lántökur verða á fjárl ársins 1976 21.4 sinnum hærri en á fjárl. 1974. Þar er verið vel að í skuldasöfnuninni.

Í fjárlagafrv. í fyrra var gert ráð fyrir að yfirdráttarskuld ríkissjóðs við Seðlabankann yrði 1 milljarður kr. um áramótin 1974 og 1975. Hæstv. fjmrh. tókst samt á þessum stutta tíma að hafa upphæðina um áramótin fjórum sinnum hærri en áætlað var, og til viðbótar hefur hann síðan safnað 3—4 milljarða kr. yfirdráttarskuld þrátt fyrir stöðugar aðgerðir með aukinni skattheimtu sem aldrei hafa dugað til að mæta afleiðingunum af stjórnleysinu í útgjöldum. Þrátt fyrir að í fjárlagafrv., sem lagt var fram í okt. sl., væri spáð 770 millj. kr. greiðsluhalla ríkissjóðs á þessu ári, verður hann allt að 5 sinnum hærri í árslok.

Á s. l. þingi, í vor, voru samþ. lög þess efnis að ekki megi stofna til skulda hjá ríki eða ríkisstofnunum án heimilda. Væntanlega hafa forstöðumenn ríkisstofnana farið að þessum lögum, að undanteknum þeim sem hefur verið langstórvirkastur og stórvirkari en nokkur hefur áður verið, þ. e. a. s. hæstv. fjmrh. sjálfur. Nú á að bæta úr þessu og í brtt. meiri hl. fjvn. er gert ráð fyrir að hæstv. ráðh. fái nú fyrir fram heimild til að safna yfirdráttarskuldum á næsta ári. Er þess að vænta að þá linni þessum hugsanlegum lögbrotum að þessu leyti, þótt naumast sé hægt að gera sér vonir um að skuldasöfnuninni linni ef höfð er hliðsjón af stjórn ríkisfjármálanna á þessu ári.

Spádómar í fjárlagafrv. bæði í fyrra og nú, þar sem skuld ríkissjóðs við Seðlabankann reyndist fjórum sinnum hærri um s. l. áramót en reiknað var með og greiðsluhalli ríkissjóðs í ár verður um fimm sinnum hærri en spáð er í fjárlagafrv. sem lagt er fram tæpum 3 mánuðum fyrir árslok, skýra æðivel að það er ekki mikils að vænta um festu og stjórnsemi í ríkisfjármálum, þegar þeir, sem um fjalla, eru svo algerlega utangátta og óvitandi um hvað er að gerast um þau málefni sem þeir eiga að annast. Enda hefur árangurinn verið í samræmi við það, algert stjórnleysi um útgjöld og síðan stöðugur hallarekstur sem reynt er að bæta úr með fálmkenndum aðgerðum, vitlaust reiknuðum dæmum, ráðstöfunum sem aldrei duga og þó fálmað eftir enn nýjum, en lokaárangurinn birtist síðan í árslok með stórfelldum yfirdráttarskuldum.

Við afgreiðslu fjvn. milli 2. og 3. umr. voru afgreiddir nokkrir mikilvægir málaflokkar sem ekki fengu þá meðferð hjá meiri hl. n. sem ýmsir höfðu vænst.

Bein fjárveiting til Lánasjóðs námsmanna hækkar ekki frá frv. nema um 32.5 millj. kr., *eingöngu til að bæta úr fyrir þeim sem hljóta* svokölluð K-lán, en á því var brýn þörf. Við þessa afgreiðslu var á hinn bóginn gert ráð fyrir aukinni lántöku Lánasjóðs námsmanna um 500 millj. kr. til viðbótar ráðgerðri 100 millj. kr. lántöku í fjárlagafrv. Öllum er í fersku minni hve erfiðlega gekk á þessu ári að nýta lántökuheimildir sjóðsins og hverjum vandræðum það olli. Fulltrúar frá öllum stjórnarandstöðuflokkunum munu flytja sérstaka brtt. um þetta mál við 3. umr. og gera sérstaka grein fyrir henni og stöðu þessa máls nú við afgreiðslu fjárl.

Sama er að segja um liðinn til jöfnunar á námskostnaði, en þar er um að ræða styrki til þeirra nemenda í framhaldsskólum sem þurfa að sækja skólanám utan heimabyggðar sinnar. Þetta málefni fékk ekki þá afgreiðslu hjá meiri hl. n. að upphæðin haldi raungildi sínu og því lagt til að styrkirnir verði í raun lækkaðir. Um þetta mál mun verða fjallað af frsm. fyrir brtt. sem fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna flytja um hækkun á þessum liðum. En ég vil aðeins minna á orð hins mæta manns, Sigurvins Einarssonar alþm., sem kom á fund fjvn. *vegna þessa máls. Lagði hann þar áherslu* á að tómt mál væri að tala um að gera ráðstafanir til að sporna við því að fjárhagsaðstaða nemenda réði úrslitum um möguleika þeirra til háskólanáms eða annars langskólanáms *ef þannig væri staðið að málum í þessu* efni varðandi jöfnun námskostnaðar á framhaldsskólastigi að þeir efnaminni heltust þar úr lestinni. Hann lagði áherslu á að væri þannig að þessum málum staðið að ríkið skerti framlög til að tryggja þessa jöfnun á námskostnaði á framhaldsskólastigi yrðu hinir efnaminnstu að hætta námi í menntaskólum og öðrum hliðstæðum skólum og gætu þá af sjálfu sér ekki notið viðleitni þjóðfélagsins til að tryggja að fjárhagur nemenda ráði ekki úrslitum um möguleika þeirra til frekara náms. Ég á bágt með að trúa því að fulltrúar dreifbýlisins á Alþ. tryggi ekki að nemendur úti á landsbyggðinni búi við óskertan stuðning í þessu efni, en vegna undangenginnar kjaraskerðingar hjá almenningi er þörfin enn brýnni en áður.

Á þeim fjárlögum, sem hér er verið að afgreiða, er gert ráð fyrir að gjaldfærður stofnkostnaður hjá Vegagerð ríkisins nemi á næsta ári 1604 millj. kr. Þar af er lánsfjáröflun til vegagerðar áætluð 1050 millj. Gjaldfærður stofnkostnaður hjá Vegagerðinni er á núgildandi

fjárl. 1824 millj. kr. og er því hér um 220 millj. kr. beina lækkun að ræða í krónutölu. Ef miðað er við hækkun vísitölu byggingarkostnaðar um 45.7% frá í fyrra ætti gjaldfærður stofnkostnaður Vegagerðarinnar að vera 2658 millj. kr. á næsta ári til að halda raungildi frá árinu í ár, eða 1054 millj. kr. hærri en gert er ráð fyrir í væntanlegum fjárlögum. Fjárlagatalan vegna vegaframkvæmda þyrfti því að hækka um 65.7% til að framkvæmdir gætu verið að magni til hinar sömu á næsta ári og nú í ár. Þetta sýnir, hversu hrikalegt vandamál bíður við afgreiðslu vegáætlunar á Alþ. á næsta vori. En þetta er einn þáttur hins mikla vanda sem í sambandi við framkvæmdir er óleystur, er velt áfram, en kemur til afgreiðslu með vaxandi þunga síðar. Þrátt fyrir allar skattahækkanir í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna er þetta árangurinn varðandi brýnustu framkvæmdir á öllum sviðum.

Endanleg afgreiðsla fjárlagafrv. og þær breytingar, sem gerðar eru á tekjuöflun, stóraukning skattheimtu og lánsfjár frá því, sem ráðgert er í frv., er enn eitt dæmið um fálmið og stefnuleysi hæstv. ríkisstj. og hversu fyrirmunað þeim, sem fjalla um fjármál ríkisins, er að gera sér grein fyrir stöðu mála hverju sinni. Þetta sannar dæmið um áætlanir í fjárlagafrv. í fyrra um stöðu ríkissjóðs í árslok þá og hliðstæðir spádómar í fjárlagafrv. nú, þar sem staðan reyndist 4—5 sinnum lakari í árslok en spáð var í okt. Er þó ljóst að rétt stöðumat er grundvöllur að réttum leikjum í efnahagsskákinni hverju sinni.

Sama fálmið, ráðleysið og skortur á yfirsýn hefur einkennt efnahagsaðgerðir og stjórn ríkisfjármála á öllu þessu ári. Sífellt hefur verið gripið til nýrra aðgerða þar sem allt reynist misreiknað og þá gripið til enn nýrra. Síðasta ráðstöfunin, álagning vörugjalds til áramóta, átti að tryggja greiðsluhallalausan rekstur ríkissjóðs, en útgjöldin fóru svo úr böndunum að yfirdráttarskuld ríkissjóðs vex um 3—4.5 milljarða kr. á ári. Í fjárlagafrv. var við það miðað að vörugjald félli niður, en niðurgreiðslur lækkuðu um 1425 millj. kr. og útgjöld almannatrygginga lækkuðu um 2000 millj. kr. Fyrir öllu þessu voru flutt hin hjartnæmustu rök af hálfu hæstv. ríkisstj. um það hversu hagkvæmt allt þetta væri launafólki. Nú við lokaafgreiðslu frv., eftir að ekkert hefur fengist af ákvörðunum frá hæstv. ríkisstj. fyrr en afgreiðsla fjárl. er komin í eindaga og óefni, er niðurstaðan sú, að álagning vörugjalds er haldið að mjög verulegu leyti áfram á næsta ári þrátt fyrir öll fyrirheit um afnám þess, og áætlað er að með þeirri skattlagningu náist 2200 millj. kr. í ríkissjóð auk 400 millj. kr. aukagetu vegna söluskatts á vörugjaldið. Nú er auk þess gert ráð fyrir að lækka niðurgreiðslur um 725 millj. kr. og leggja 480 millj. kr. skatt á sjúklinga sérstaklega og 1200 millj. kr. nýjan skatt á útsvarsgreiðendur. Þegar öllum ráðagerðum frá í okt. hefur þannig verið snúið við er enn útmálað fyrir skattgreiðendum, almenningi í landinu, hve allt sé þetta miklu hagkvæmara fyrir þá, þótt skattheimtan sé stóraukin frá því sem áður var ráðgert.

Endanleg afgreiðsla fjárlagafrv. nú við 3. umr. staðfestir það, sem ég lýsti við fyrri umr. sem megineinkennum væntanlegra fjárlaga næsta árs. Þau fela í sér fyllilega jafnmikil umsvif ríkisbúskaparins á næsta ári og nú í ár, en eins og í núgildandi fjárl. verður veruleg breyting á vægi einstakra útgjaldaþátta á þann veg að rekstrarliðir stóraukast, en raungildi framlaga til verklegra framkvæmda minnkar. Þau fela í sér áframhald stórfelldrar skuldasöfnunar og mjög mikla hhækkun vaxtakostnaðar, svo verulega að hækkunin ein á næsta ári nemur álíka fjárhæð og varið er til meginhluta þeirra framkvæmda sem Alþ. veitir fé til í hinum ýmsu sveitarfélögum á landinu, — hækkun vaxtanna ein.

Afgreiðsla fjárl. nú felur í sér að stórfelldum óleystum vanda í sambandi við hinar brýnustu samfélagslegu framkvæmdir er velt yfir á framtíðina. Fjárlagaafgreiðslan felur í sér þá ákveðnu stefnumörkun að allri þeirri auknu skattheimtu, sem stjórnleysið í fjármálum ríkisins og gjaldeyrismálum kallar á, skuli beint að launafólki og nú að þessu sinni að nokkrum hluta jafnvel sérstaklega að sjúklingum, á sama tíma og hundruð stórfyrirtækja, sem velta tugum millj. kr., skuli með öllu sleppa við tekjuskattsgreiðslur til ríkisins. Þetta er sú stefna sem Sjálfstfl. og Framsfl. sameinuðust um við afgreiðslu fjárl. í fyrra og af enn meiri eindrægni nú. Á sama tíma og þessari stefnu er beitt við fjárlagaafgreiðsluna og við allar aðrar ráðstafanir hæstv. ríkisstj. hrópar hún til launafólks í landinu, sem tekið hefur á sig stórfellda kjaraskerðingu að undanförnu, að það fallist á óbreytt stjórnleysi í gjaldeyrismálum, óbreytta stefnu um að almenningur einn beri skattana. Þess er nú krafist að verkalýðssamtökin leggi niður kjarabaráttu og tryggi framgang þessarar stefnu.

Almenningur í landinu hefur fengið að kenna á stefnu stjórnarinnar í rúmt ár og gróðaliðið fengið að njóta hennar. Sú breyting, sem gerð er á fjáröflun ríkisins við 3. umr. frá því sem frv. fól í sér, getur naumast orðið til þess að launafólk í landinu telji það samrýmast hagsmunum sínum að tryggja að slík kjaraskerðingarstefna nái fram að ganga.

Frsm. samvn. samgm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Samgn. beggja þd. eða hin svonefnda samvn. samgm. hefur samkv. venju fjallað um till. og umsóknir um ríkisframlög til flóabáta og vöruflutninga. N. hefur notið aðstoðar forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, og hefur hann veitt henni ýmsar gagnlegar upplýsingar. Hann hefur farið yfir rekstur og áætlanir flóabátanna á svipaðan hátt og verið hefur. Reikningar bátanna sýna að reksturinn gengur mjög erfiðlega. Útgerðarkostnaðurinn er hár og fer vaxandi og þeir starfa við erfið skilyrði. Að því leyti má til sanns vegar færa það, sem segir í nál. og er að vísu prentvilla, en þar segir að s. l. vetur hafi verið „óvenju sjóþungur". Hann hefur sennilega á ýmsan hátt verið bæði sjóþungur og snjóþungur, þannig að vegfarendur hafa haft strauminn í fangið

eins og svo oft áður. Eigi að síður er þjónusta flóabátanna svo mikilvæg að hún má ekki niður falla.

Þegar ég nefni flóabáta á ég aðallega við hina fjóra stóru báta, sem við svo nefnum í samvn., þ. e. a. s. Akraborgina, Baldur, Djúpbátinn og Drang fyrir Norðurlandi.

Nefndinni hafa einnig borist margar umsóknir um fjárframlög til vetrarflutninga, fjárstyrki til snjóbifreiða. Þar hafa nokkrir nýir aðilar bæst í hópinn. Eins og við vitum háttar víða svo til að fáir og erfiðir fjallvegir, snjóþungir og brattir, eru oft eina landleiðin sem íbúar ákveðinna byggðarlaga eiga kost á að fara til þess að ná til aðalvegakerfis landsins. Þessar snjóbifreiðar sinna því ákaflega mikilvægu hlutverki og verða að halda uppi ferðum hvernig sem viðrar og hvernig sem blæs. Þetta er því að allra dómi mjög mikilvæg þjónusta og öryggistæki í hverri byggð. En það er eins um þessa aðila að segja, að fjárhagur þeirra virðist yfirleitt vera þröngur, að því er fram kemur af þeim skjölum sem þeir senda okkur. Þeir berjast í bökkum fjárhagslega og það svo mjög að sumir virðast vera að þrotum komnir. N. hefur reynt að hlaupa undir bagga þar sem erfiðast er að hennar dómi, en hvort nóg er að gert skal ósagt látið, og þó, ég veit raunar að það er allt of lítið að gert, því að hvort tveggja er, að n. hefur lítið fé úr að spila, en þarfir þessara aðila eru miklar og verkefni erfið og margvísleg. Ég hygg því að mörgum þeim, sem sótt hefur um fé að þessu sinni, þyki smátt skammtað.

Ég mun nú fara örfáum orðum um samgöngur í hinum einstöku byggðarlögum.

Norðurlandssamgöngur. Þar er það Norðurlandsbáturinn Drangur sem heldur uppi ferðum frá Akureyri til Eyjafjarðarhafna, til Ólafsfjarðar, Siglufjarðar, Hríseyjar og Grímseyjar. Hann sinnir þarna ákaflega þörfu hlutverki. Hann virðist hafa haft næg verkefni að undanförnu, sendi okkur skilmerkilega grg. og reikninga um sína starfsemi og virðist vera vel rekinn. Við höfum lagt til að framlag hans verði nokkuð hækkað. — Þá er það Hríseyjarbátur, sem fer milli Dalvíkur og Hríseyjar. Við höfum einnig lagt til í n. að rekstrarstyrkur hans verði að nokkru hækkaður. — Grímseyjarflug fær sama styrk og það hafði á þessu ári sem nú er að líða. — Einnig er um að ræða nokkrar snjóbifreiðar í Norðlendingafjórðungi.

Að því er varðar Austfirðingasamgöngur er þess helst að geta, að þar er enginn stór flóabátur til. Þar er að vísu Mjóafjarðarbátur sem hefur verið rekinn í mörg ár. Við leggjum til að styrkur til hans verði að nokkru hækkaður. Á hinn bóginn eru á Austurlandi margar snjóbifreiðar og talið er að þær hafi sinnt mjög þörfu hlutverki, haldið uppi ferðum um háa og erfiða og snjóþunga fjallvegi. En það er eins og gengur, það er erfitt að halda slíkum ferðum uppi og með öllu ómögulegt virðist vera að reka þær á gróðavænlegan hátt. Það er sérstaklega ein meginleið á Austurlandi sem hefur verið nokkuð umrædd í n. Það er leiðin yfir Fjarðarheiði sem talin er ein af allra erfiðustu fjallvegum landsins, bæði snjóþung, löng og erfið. Þeir aðilar, sem haldið hafa uppi ferðum um Fjarðarheiði undanfarin ár, hafa sýnt fram á mikinn hallarekstur, svo mikinn að þeir telja sig ekki geta risið undir honum öllu lengur. Þess vegna höfum við gert þá till. að styrkur til vetrarferða um Fjarðarheiði verði hækkaður verulega. Ég nefni þessi dæmi sérstaklega þar sem við höfum orðið að láta okkur lynda yfirleitt að láta styrkina standa í stað hvað krónutölu snertir, en þá gefur jafnfram auga leið að þeir lækka í raun og veru stórlega miðað við vaxandi dýrtíð.

Um Suðurland er það að segja, að veittur hefur verið styrkur til vöruflutninga til hinna hafnlausu byggða í Vestur-Skaftafellssýslu í mörg ár. Leggjum við til að sami styrkur verði veittur og verið hefur.

Faxaflóasamgöngur. Þar er það hinn stóri og myndarlegi flóabátur Akraborg sem heldur uppi ferðum á hinni fjölförnu leið milli Akraness og Reykjavíkur. Sá bátur er rekinn af hlutafélaginu Skallagrími. Þetta er mikill bátur, eins og margir hafa séð. Síðan hafnaraðstaða var bætt á Akranesi og í Reykjavík, þannig að hægt er að aka bifreiðum að og frá borði, hafa verkefni þessa báts vaxið svo mikið að s. l. sumar kom fyrir að hann gat ekki annað þeim verkefnum sem fyrir lágu. Þetta virðist benda til þess að við þessa bættu aðstöðu hafi notagildi skipsins stóraukist, enda er mikið um flutninga og ferðamenn á þessari leið. Von manna er því sú, að þessi bátur eigi jafnvel eftir að bera sig sæmilega. Þó er ekki til fulls á það reynt, því að sjá verður hvernig rekstur-inn kemur út á ársgrundvelli. Þess vegna hefur n. lagt til að styrkur til hf. Skallagríms verði óbreyttur að þessu sinni.

Breiðafjarðarsamgöngur. Þar er það flóabáturinn Baldur sem heldur uppi ferðum frá Stykkishólmi til Reykjavíkur og um Breiðafjörð. Hann hefur fastar áætlunarferðir yfir Breiðafjörð að Brjánslæk um Flatey, sinnir vestureyjum Breiðafjarðar, þeim sem byggðar eru, og annast flutning til Hvammsfjarðar og Gilsfjarðar. Hagur þessa báts er þröngur eins og oft áður. Þess vegna hefur n. að athuguðu máli mælt með hækkaðri styrkveitingu til hans og jafnframt, þar sem fjárhagsvandi hans verður ekki leystur af þeirri litlu fjárfúlgu sem við höfum úr að spila, verði gerðar sérstakar ráðstafanir til þess að bæta hag hans í framtíðinni, eins og ég kem að síðar.

Um Vestfjarðasamgöngur er það að segja, að þar er fyrst að staldra við Djúpbátinn Fagranes sem annast ferðir og flutninga um Ísafjarðardjúp og til kauptúna og kaupstaða í Ísafjarðarsýslum. Hann sinnir þarna mjög mikilvægu hlutverki. Um þennan bát má segja hvað rekstur hans snertir, að þar virðast skiptast á skin og skúrir. Fyrir nokkrum árum virtist þessi bátur bera sig allvel, en nú á síðustu árum hefur rekstrinum hrakað mjög, hvað sem veldur. Ég vil þó sérstaklega taka það fram að því er þennan bát varðar, Djúpbátinn Fagranes, að hann hefur nú sem jafnan áður skilað mjög ítarlegum grg. og reikningum yfir sína starfsemi. Þetta ber sannarlega að þakka, því að það verður að segjast eins og er, að

sumir þeir aðilar, sem hafa orðið styrkja aðnjótandi úr okkar hendi, — ég leyfi mér að segja: sækja um þá seint og illa. Um flóabátinn Fagranes er það enn fremur að segja, að greinilegt er að vandi hans verður ekki leystur á vettvangi samvn. samgm. eða af því fé sem sú n. hefur yfir að ráða. En ég held að mér sé óhætt að segja eftir umr. þær sem urðu í n., að nm. hafi fullan hug á að skoða vandamál þessa báts rækilega og styðja að því að gerðar verði sérstakar ráðstafanir til þess að hann komist aftur á réttan kjöl að þessu leyti, og minnist ég á það síðar að nokkru.

Um Vestfirði skal tekið fram, að þar eru veittir nokkrir allsæmilegir styrkir til snjóbifreiða og vetrarflutninga, enda ekki vanþörf á.

Nm. í samvn. samgm. eru sammála um að æskilegt væri að miklu nákvæmari gögn fylgdu yfirleitt fjárbeiðnum, flóabátanna sérstaklega, og í framtíðinni þyrfti að sjá til þess að komið yrði fastara skipulagi á þessi mál og nákvæmara eftirliti með rekstri bátanna. Jafnframt þyrfti að fylgja hverri fjárbeiðni til n. glögg grg. um þörf og aðstöðu alla, þegar sótt er um styrki til snjóbifreiða og vetrarsamgangna. Þessa ályktun sína, sem ég hygg, að hafi komið til umr. meira og minna á hverju ári í n., hefur hún nú ítrekað. Og til þess að hafa þetta nú meira en orðin tóm var samþykkt svofelld till. shlj. í n., sem ég leyfi mér að lesa upp:

„Samvn. samgm. ályktar að fara þess á leit við Framkvæmdastofnun ríkisins að hún láti áætlanadeild sína athuga og gagnrýna reikninga flóabátanna, sérstaklega hvað varðar launagreiðslur og annan útgerðarkostnað. Enn fremur verði gerður samanburður á fargjöldum og farmgjöldum. Telur n. að óviðunandi sé að taka ákvarðanir um svo háar fjárveitingar oftar án þess að glögglega sé gengið úr skugga um að þessu fé sé skynsamlega varið og að fjárveitingar séu bráðnauðsynlegar vegna viðkomandi byggðarlaga.“

Að venju er það skilyrði sett fyrir því, að styrkur verði veittur og greiddur, að rekstri flóabátanna og annarra þeirra, er styrki hljóta verði hagað þannig í samráði við rn. að þjónustan við landsbyggðina verði í senn hagkvæm og örugg.

Það gefur auga leið að erfitt er að samræma sjónarmið allra 14 nm. í samvn. samgm. þegar um slíka úthlutun er að ræða. Þó hefur samvinna verið furðugóð, sem best sést á því að allir nm. hafa undirritað þetta nál. og þá úthlutunargerð sem ég mun gera nánar grein fyrir hér á eftir, aðeins einn með fyrirvara.

Heildartillaga n. með hliðsjón af því, sem ég hef nú vikið að, er sú, að fjárveiting til flóabáta, snjóbifreiða, fólks- og vöruflutninga á árinu 1976 verði samtals 82 millj. 830 þús. kr., og hefur sá liður fjárlagafrv. því hækkað í meðförum n. Það gaf auga leið strax í upphafi að þessi fjárlagaliður yrði að hækka að einhverju marki, og hygg ég að þessi hækkun sé við hæfi, miðað við það verkefni sem við er að fást.

Ég kem þá að skiptingu fjárins.

Í fyrsta lagi er lagt til, að Norðurlandsbáturinn Drangur fái til rekstrar 13.2 millj. Hann hafði síðast 12 millj. Ég vil taka það fram, að flestar þær upphæðir, sem vikið verður að hér á eftir, eru óbreyttar frá síðustu fjárl. Það var ekki unnt að hækka þær nema þar sem við töldum þörfina sérstaklega brýna. Samkv. 2. tölul. er lagt til að veita til vetrarsamgangna í Árneshreppi 180 þús. Til Hríseyjarbáts er fjárstyrkur nokkuð hækkaður, hann fer upp í 700 þús., en var 550 þús. Sami fær í stofnkostnað 200 þús. Grímsey vegna flugferða 500 þús. Til snjóbifreiða í Dalvíkurlæknishéraði 200 þús.

Mjóafjarðarbátur, hann höfum við hækkað úr 800 upp í 900 þús., og sami fær smávegis stofnstyrk eða greiðslu upp í stofnkostnað 50 þús. Snjóbifreið í Vopnafirði 200 þús. Til snjóbifreiðar á Fjarðarheiði lagði n. til að veittar yrðu 2.5 millj. kr. á móti 1 millj. á fjárl. 1975, vegna þess að þörfin var talin svo brýn og við lá að sá, sem annast þessar ferðir, gæfist upp að fullu og öllu. Sami aðili hlýtur í stofnkostnað 500 þús. eins og tvö undanfarin ár. Til snjóbifreiðar á Fagradal eru veittar 270 þús. kr. Sami aðili fær stofnstyrk, það er nýr liður, 250 þús. vegna kaupa á nýjum bíl. Snjóbifreið á Oddsskarði, lagt er til að styrkur til hennar verði 900 þús. kr. í stað 800 þús. kr. í fyrra. Sami aðili hlýtur í stofnkostnað 200 þús. kr. Snjóbifreið á Fljótsdalshéraði 170 þús. Snjóbifreið í Borgarfirði eystra fær samkv. þessu fjárframlag hækkað úr 200 upp í 300 þús. kr. Þetta er mjög afskekkt byggðarlag og samgöngur erfiðar. Snjóbifreiðar frá Stöðvarfirði til Egilsstaðaflugvallar 250 þús. kr.

Til vöruflutninga á Suðurlandi leggjum við til að sama fjárhæð verði veitt og síðast, 2 millj. Til Vestmannaeyja vegna mjólkurflutninga 1.3 millj. kr.

Hf. Skallagrímur eða Akraborg fær samkv. þessu 15 millj. eins og s.l. ár. Mýrabátur, smábátur í Mýrasýslu, hlýtur samkv. þessu 30 þús. kr. eins og hann hefur haft nokkur undanfarin ár. Til vetrarflutninga í Breiðavíkurhreppi eru veittar 120 þús. kr. Stykkishólmsbáturinn Baldur fær samkv. þessu 21 millj. kr. til síns rekstrar, hafði á síðustu fjárl. 17 millj. Þá er það Langeyjarnesbátur. Sá bátur annast ferðir frá Stykkishólmi til Hnúksness í Klofningshreppi og um eyjar Hvammsfjarðar. Hann hefur hlotið nokkurn styrk uandanfarin ár. Við leggjum til að styrkur til hans verði óbreyttur, 250 þús. kr., en stofnstyrkur, sem hann hafði á árinu 1975, 150 þús., falli niður.

Þá er það 21. tölul., snjóbifreið í Austur-Barðastrandarsýslu, óbreytt frá síðasta ári 180 þús. kr. til vetrarflutninga í Vestur-Barðastrandarsýslu, við leggjum til að sá liður hækki um 100 þús. kr. upp í 650 þús. Þórður á Látrum, sem virðist vera aðalmaður í þessum flutningum, hefur sent greinargott yfirlit um störf sín og bent á nauðsyn þess að þessum ferðum sé haldið uppi. Skv. 23. tölul., fær Dýrafjarðarbátur 150 þús. Snjóbifreið um Botnsheiði 370 þús. kr. Djúpbáturinn hf. Fagranes, við leggjum til að framlag til hans hækki um 4 millj. eða upp í 17 millj. kr. Sami bátur hefur fengið

vegna mjólkurflutninga úr Dýrafirði 200 þús. kr., sem helst óbreytt.

Þá er það snjóbifreið í Þórshafnarhéraði 200 þús. kr. Snjóbifreiðar á Akureyri 300 þús. kr. Sömu aðilar, stofnstyrkur, að þessu sinni 150 þús. kr., en var s. l. ár 300 þús. kr.

Þá er næst að minnast á vetrarflutninga um Lónsheiði. Sá fjallvegur er talinn erfiður og illur viðureignar af þeim sem til þekkja. Við höfum lagt til að styrkur til þeirra ferða verði að nokkru hækkaður, eða um 100 þús. kr. upp í 400 þús. Snjóbifreið Axarfjörður-Kópasker 300 þús. Snjóbifreið á Hólmavík 220 þús. kr., en stofnstyrkur, sem þessum aðilum var veittur í fyrra, felldur niður. Þá er það snjóbifreið í Hálshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu, 220 þús. kr., jafnhár og í fyrra. Vetrarflutningar í Skarðshreppi 80 þús. kr. Vetrarsamgöngur í Reykhóla- og Gufudalshreppi 300 þús. kr. Snjóbifreið í Austur-Húnavatnssýslu 100 þús. Egilsstaðir-Seyðisfjörður vegna mjólkurflutninga 200 þús. kr.

Þeir aðilar, sem ég á nú eftir að nefna, sækja nú um í fyrsta sinn. Að vísu er þess að geta um vetrarferðir í Haukadal, að styrkur til þeirra féll niður á s. l. ári, en þeir sækja um aftur nú. En þessir aðilar, sem sækja nú um, en sóttu ekki um á s. l. ári, eru þeir sem annast í fyrsta lagi póst- og vöruflutninga á Jökuldal. Lagt er til, að þeir fái 100 þús. kr. styrk. Vetrarferðir í Víkurumdæmi, lagt er einnig til, að þessir aðilar fái 100 þús. kr. styrk. Vetrarferðir í Haukadal 60 þús. kr. Flugbjörgunarsveitin á Akureyri 250 þús. kr. Það var álit manna í n. að ekki væri fært að neita þessari beiðni, enda þótt við megi búast að við köllum með þessu yfir okkur aðrar flugbjörgunarsveitir í framtíðinni. Þá er það ný umsókn, snjóbifreið í Önundarfirði. Þar leggjum við til að veittur verði 100 þús. kr. styrkur. Og loks Svínafell í Nesjum, þangað verði veittur 30 þús. kr. styrkur. Það er stutt þeim rökum að þessi bær sé umflotinn jökulfljótum á báðar hliðar og mjög erfitt að komast að og frá því býli ef eitthvað bjátar á.

Ég hef gert grein fyrir þessari skiptingu, en eins og ég sagði áðan var talið að tveir flóabátar væru þannig á vegi staddir að málefnum þeirra yrði að sinna sérstaklega, þ. e. a. s. flóabáturinn Baldur og Djúpbáturinn Fagranes. Það hefur vonandi verið gert að nokkru með því móti að tekinn er inn sérstakur liður á heimildagrein fjárl. að því er þessa báta snertir. Það eru u-liður á þskj. 242 í brtt. fjvn., en þar segir að ríkisstj. sé heimilt að ábyrgjast allt að 15 millj. kr. lán vegna flóabátanna v/b Baldurs og v/b Fagraness. Ég þori ekki að fullyrða hvort þessi aðstoð, sem þarna er fram boðin, sé næg, en á það verður að reyna. Og það verður að skoða vandlega vandamál þessara báta og raunar fleiri aðila á komandi ári, því að eilífur barningur og barátta við erfiðan fjárhag og andstreymi í þessum flutningum er svo niðurdrepandi fyrir þá, sem halda þeim uppi, að það verður bókstaflega að reyna að finna lausn á þeim málum. Við erum öll sammála um að þessi þjónusta sé svo dýrmæt að hún megi ekki með nokkru móti niður falla og þess vegna sé eina leiðin að reyna að finna þar viðunandi lausn.

Ég vil geta þess að lokum, að þeim aths. var hreyft á fundi n. að í raun og veru væru verkefni hennar mjög takmörkuð og verksvið sáralítið. N. ber að sönnu allvirðulegt og hljómmikið heiti, samvinnunefnd samgöngumála, en viðfangsefni hennar er nánast það eitt að skipta flóabátafé milli umsækjenda á örfáum fundum í svartasta skammdegi ársins, rétt fyrir jólin. Það má því með nokkrum sanni segja, að samanborið við verksviðið sé heiti n. hljómandi málmur og hvellandi bjalla. Fjárfúlga sú, sem n. fær til skiptingar, er og svo naum að nær allir verða óánægðir, hver sem hlutur þeirra kann að verða. Satt er það, að n. þessi annast aðeins örlítinn þátt þeirra mála sem almennt eru nefnd samgöngumál og hefur svo lengi verið, að ég ætla. Þessari aths., sem gerð var og ekki er ætlunin að gera hér frekar að umræðuefni, er hér komið á framfæri.

Að lokum vil ég svo færa bestu þakkir til allra samstarfsmanna minna í samvn. samgm.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Við 2. umr. fjárl. gerði ég allrækilega grein fyrir afstöðu okkar til þeirrar stefnu hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum sem það fjárlagafrv., sem nú er komið á lokastig, gerir ráð fyrir. Ekkert hefur frá þeim tíma komið fram sem gefur tilefni til að milda neitt gagnrýni, hvorki á þá stefnu, sem framfylgja á, né heldur þau vinnubrögð, sem uppi hafa verið.

Það var um það getið við 2. umr. og einnig hér í kvöld af hv. þm. Geir Gunnarssyni að óvenjulega margir stórir málaflokkar hefðu nú verið óafgreiddir þegar 2. umr. fjárl. fór fram, miðað við það sem áður hefur verið, og svo til enginn tími gefist frá þeirri umr. til þessarar, sem nú fer fram, til þess að vinna að neinu gagni eða skoða hina ýmsu málaflokka af neinu viti, til þess að með eðlilegum hætti megi teljast að um þá hafi verið fjallað. Þetta eru auðvitað forkastanleg vinnubrögð, og því miður virðist hæstv. fjmrh. ekki vera ljóst með hversu miklum ólíkindum hér hefur verið staðið að málum í sambandi við fjárlagafrv.

Ég harma það mjög að hæstv. fjmrh. skuli ekki hafa opnast sýn í þeim efnum, að það þurfi hér um að bæta frá því sem nú er í sambandi við vinnubrögð og afgreiðslu fjárlaga og raunar miklu fleiri atriða í sambandi við störf hér á hv. Alþ. Hann sagði við 2. umr. fjárl. að sér virtist ekki vera hér um neitt öðruvísi vinnubrögð að ræða en mörg undanfarin ár sem hann hefur átt sæti hér á hv. Alþ., og er því miður ekki við góðu að búast þá eða úrbótum í málum sem þessu, þegar þeir, sem ferðinni ráða, gera sér ekki ljóst að úrbóta er þörf. Það er frumskilyrði þess, að hægt sé að breyta málum til hins betra, að þeir, sem fyrst og fremst hafa þar áhrif á, geri sér ljóst að það þarf úrbóta við.

En frá því að 2. umr. fjárl. fór fram og í

sambandi við þær afgreiðslur, sem átt hafa sér stað síðan í hinum ýmsu málaflokkum, hefur verið haldið sömu stefnu og upp var tekin og boðuð í fjárlagafrv., þ. e. a. s. hún einkennist af miklum niðurskurði og samdrætti í fjárveitingum til fjárfestingarframkvæmda og hinna ýmsu félagslegu styrkja og samfélagslegrar þjónustu og fyrirgreiðslu.

Ég skal ekki að þessu sinni, nema þá að frekara tilefni gefist til, ræða öllu frekar almennt um fjárlagafrv. og þá stefnu sem það boðar, en ég ætla með örfáum orðum að gera grein fyrir nokkrum brtt. sem ég stend að ásamt nokkrum öðrum hv. þm. Nú kann það að koma einkennilega fyrir sjónir hv. þm. að einstakir fjvn.-menn flytji brtt. til hækkunar við afgreiðslu fjárl. Oftast hefur það verið svo, að tiltölulega lítið hefur verið um slíkan tillöguflutning af hálfu fjvn.-manna. Hefur það fyrst og fremst kannske byggst á því, að í velflestum tilvikum hefur fjvn.-mönnum, þótt í stjórnarandstöðu væru, tekist að fá fram leiðréttingar til hækkunar á ýmsum fjárveitingum sem þeir hafa lagt áherslu á. Þessu er öðruvísi varið nú. Við afgreiðslu þessa fjárlagafrv. hefur það verið svo í fjvn., að a. m. k. við stjórnarandstæðingar og raunar stjórnarliðar líka hafa tiltölulega litlu fengið ráðið eða um þokað frá því, sem hæstv. ríkisstj. var búin að ákvarða um þegar fjárlagafrv. var lagt fram.

Á þskj. 274 flyt ég ásamt hv. þm. Sighvati Björgvinssyni brtt. í sambandi við sjúkraflug. Það var getið um það hér í umr. við 2. umr., ekki síður af stjórnarsinnum sumum hverjum heldur en okkur stjórnarandstæðingum, að hér væri málefni á ferðinni sem nauðsynlegt væri undir öllum kringumstæðum að hækka mjög verulega frá því sem frv. gerði ráð fyrir. Hér er um slíka þjónustu að ræða á þeim svæðum landsins sem eru mjög einangruð langan tíma úr ári mörg hver svo til allan veturinn. Er því nauðsynlegt í alla staði að sjá svo um að sú þjónusta, sem þarna er af hendi innt, sé með sem bestum hætti og a. m. k. að þannig sé að málum staðið af hálfu hins opinbera í þessu tilviki að reynt sé með öllum tiltækum ráðum að gera þessum fjölda fólks, sem er einangrað langan tíma úr ári, kleift að vera í einhverju sambandi við umheiminn. Sá styrkur, sem þarna er um að ræða, hefur verið veittur til nokkurra lítilla flugfélaga sem annast hafa þjónustu á þessum svæðum, nauðsynlega öryggisþjónustu. Þessi styrkur var á fjárl. ársins í ár 2.5 millj. Það gefur auga leið að það er ekki mikill stuðningur við svo mjög nauðsynlega þjónustu sem þarna er um að ræða. Í meðförum fjvn. hygg ég að þessi styrkur hafi verið hækkaður um 1 millj. Síðast þegar ég vissi var hækkunin orðin ½ millj., en mér sýnist að það hafi bæst ½ millj. við síðan, þannig að það hafi verið hækkað um 1 millj. í heild.

Þær umsóknir, sem borist höfðu í sambandi við aukningu á þessum styrk, eru að sjálfsögðu langtum hærri en hér er um að ræða. En sú brtt., sem ég stend að ásamt hv. þm. Sighvati Björgvinssyni, gerir ráð fyrir því, að þessi styrkur hækki frá því að vera 2.5 millj. í frv. í það að verða 5 millj. Þessi styrkur var hækkaður tiltölulega lítið við síðustu afgreiðslu fjárl. Allur tilkostnaður hefur stórkostlega aukist og er sýnt að í nokkrum tilvikum a. m. k. er fyrirsjáanlegt að þessi þjónusta muni leggjast niður, bókstaflega leggjast niður, ef ekki verður hér ráðin bót á og veruleg lagfæring á þessu gerð. Ég veit a. m. k. í sambandi við flugfélagið Erni á Ísafirði, sem sinnir þessu verkefni og þjónustu á Vestfjörðum, að það er fyrirsjáanlegt, ef þessi aðili fær ekki verulega aukinn styrk, að þá leggst þessi þjónusta niður.

Það er rétt að minna á það að í hinum nýsamþykktum lögum um heilbrigðisþjónustu er ráð fyrir því gert að heilbr.- og trmrn. geti tekið upp samninga um vissa þætti í sambandi við öryggisþjónustu ásamt dómsmrn. og í sambandi við Landhelgisgæslu. Ég held að það sé orðin brýn nauðsyn á því að eitthvað fáist út úr þessari nýju löggjöf, ekki síst vegna þess að það er fyrirsjáanlegt að a. m. k. þetta flugfélag —og svo mun líklega vera um fleiri — mun leggja niður sína starfsemi ef ekki verður hér bót á ráðin.

Á sama þskj., 274, flyt ég ásamt hv. þm. Sighvati Björgvinssyni einnig brtt. og er hún í sambandi við Menntaskólann á Ísafirði. Þar hafa staðið yfir byggingarframkvæmdir um nokkur ár, eru þó komnar á eftir a. m. k. tvö ár, og það kom okkur Vestfjarðaþm. a. m. k. mjög á óvart þegar það sást í fjárlagafrv. að í miðjum klíðum á byggingaráætlun og byggingartímanum er bókstaflega felld niður fjárveiting til frekari framkvæmda, þannig að eins og frv. kom fram og eins og það er enn, þá er um núllfjárveitingu að ræða til framkvæmda við menntaskólabygginguna á Ísafirði. Í fjárl. ársins í ár var þarna um að ræða 62 millj. kr. fjárveitingu, og í aths. með fjárlagafrv. fyrir árið 1975 var þess getið að þessari fjárveitingu yrði ráðstafað til þess að ljúka heimavist og mötuneytisbyggingu og hefja byggingu kennslustofa, þ. e. a. s. þess áfanga sem nú er óhafinn, þ. e. a. s. kennsluhúsnæðis fyrir menntaskólann.

Það er rétt að vekja athygli á því í sambandi við mál Menntaskólans á Ísafirði að öll kennsla við þann skóla hefur farið fram og fer fram enn í bráðabirgðahúsnæði, í húsnæði sem bæjaryfirvöld hafa út úr neyð tekið af barnaskólanum á Ísafirði og húsnæði sem raunar var ætlað til afnota fyrir báða skólana á grunnskólastiginu á Ísafirði, þ. e. a. s. barnaskólann og gagnfræðaskólann. Nú er þessi samningur, sem gerður var við menntmrn. á sínum tíma, útrunninn og enginn veit með hverjum hætti þessi mál leysast. Það er líka vert að vekja athygli á því, að ekkert er veitt til framkvæmda í fjárveitingum á grunnskólastigi til Ísafjarðar, svo að hér er ekki einvörðungu um að ræða málefni menntaskólans, heldur er þetta í heild tekið málefni menntaskólans, barnaskólans og gagnfræðaskólans, vegna þess að þetta er allt samofið eins og hefur verið að málum staðið. Vegna þess að menntaskólinn er með sína kennslu í hinu gamla barnaskólahúsi er útilokað að halda uppi lögboðinni kennslu í ýmsum greinum á barnaskólastiginu, og það er einnig vert að

vekja athygli á því, að gagnfræðaskólinn er nú í húsnæði sem er einungis 1/3 þess byggingarnorms sem menntmrn. kveður á um fyrir þann nemendafjölda sem þar stundar nú nám, þannig að það er ekki ofsögum sagt, að ef haldið verður fast við þá stefnu að veita ekki eyri til framkvæmda við byggingu kennsluhúsnæðis fyrir Menntaskólann á Ísafirði, eins og allt bendir til, þá er fyrirsjáanlegt að málið tefst enn um eitt ár, þ. e. a. s. þriðja árið sem það er orðið á eftir því sem upphaflega var ætlað.

Nú skal ég ekki um segja hver er orsök þess að tekin var sú ákvörðun að ekki skyldi veita neina fjárveitingu til áframhaldandi byggingarframkvæmda við menntaskólann. Ég skal ekkert um það fjalla eða um það fullyrða. En eitt er víst, að ef haldið verður við þetta, þá er ekki einungis stefnt í algert óefni að því er varðar menntaskólann, heldur og líka langvarandi óefni að því er varðar gagnfræðaskólann og barnaskólann á Ísafirði, því að allt þetta mál er samtengt vegna þeirra aðstæðna sem þarna hafa skapast í sambandi við kennslumálin.

Í þessari brtt. gerum við ráð fyrir að inn verði tekinn nýr liður fyrir Menntaskólann á Ísafirði, gjaldfærður stofnkostnaður 20 millj. kr., en það er talið þurfa til þess að hægt verði að koma upp grunni og steypa plötu, þannig að það frestist þó ekki um heilt ár til viðbótar því sem nú er. Það skal sérstaklega tekið fram í sambandi við þetta, að þessi 20 millj. kr. fjárveiting er af okkar hálfu hugsuð sem framkvæmdafé á árinu 1976, til byrjunar á framkvæmdum við kennsluhúsnæðið, og þá við það miðað að það væri hægt að koma upp grunni og steypa plötu.

Í þriðja lagi mæli ég hér fyrir till. sem ég flyt ásamt hv. þm. Sighvati Björgvinssyni, en það er í sambandi við Flóabátastyrkinn. Hv. 4. þm. Vesturl., Friðjón Þórðarson, frsm. fyrir nál. samvn. samgm., gerði hér grein fyrir þessum málaflokki allítarlega, Hann gat þess að aðeins einn af nm. í samvn. samgm. hefði skrifað undir þetta nál. með fyrirvara, og það er einmitt ég sem það gerði, fyrst og fremst vegna þess að mér er það alveg ljóst, að á nákvæmlega sama hátt og við blasir alger stöðvun í sambandi við sjúkraflugsþjónustu og aðra þá þjónustu sem innt hefur verið af hendi af flugfélaginu Erni á Ísafirði innan Vestfjarðasvæðisins, — á nákvæmlega sama hátt blasir við alger stöðvun hjá Djúpbátnum hf., þ. e. a. s. Fagranesinu, ef ekki verður hækkaður sá styrkur, sem því er ætlaður á fjárlögum, frá því sem nú hefur verið gerð till. um, þ. e. a. s. 17 millj. kr.

Það má segja að allt til ársins 1972 hafi Fagranesið notið tiltölulega lítils styrks úr ríkissjóði vegna þeirrar þjónustu sem það veitir vestra. En frá því á árinu 1972 hefur sigið á ógæfuhlið í rekstri bátsins, og að því er mig áhrærir a. m. k., þá tel ég að hér sé um svo mikilsvert mál að ræða að það verði ekki fram hjá því gengið að taka fullt tillit til þess hvernig það mál stendur nú. Hv. þm. Friðjón Þórðarson gerði grein fyrir því að allar upplýsingar í sambandi við reksturinn frá þessu fyrirtæki væru til fyrirmyndar, þar lægi allt ljóst fyrir. Staðreyndin er sú, að þeir telja að þeir þurfi 28 millj. kr. styrk á árinu 1976 til þess að geta rekið Fagranesið með eðlilegum hætti á næsta ári. Og ég vil leggja sérstaka áherslu á það, að hér er um svo nauðsynlega þjónustu að ræða fyrir þennan afskekkta landsfjórðung að það verður ekki með neinum hætti varið að taka ekki fyllsta tillit til þessa, þegar það liggur fyrir viðurkennt að ástandið er eins og gerð hefur verið grein fyrir hér. En það er nú ekki svo að við gerum till. um að fara upp í 28 millj. kr. styrkveitingu. Í áliti samvn. samgm. er gert ráð fyrir að Fagranesið fái 17 millj. kr. styrk. Við gerum ráð fyrir í okkar brtt. að sú upphæð verði 21 millj., og ég fyrir mitt leyti a. m. k. tel að þar sé vægt í sakir farið, en það er sama upphæð og flóabáturinn Baldur fær samkv. till. samvn. samgm. Þó að ég vilji á engan hátt draga úr nauðsyn þessarar fjárveitingar til flóabátsins Baldurs, — ég hygg að hún sé nauðsynleg, — þá sé ég ekki að það sé með neinum hætti réttlætanlegt, þegar svo er komið rekstri Fagranessins eins og raun ber vitni, að halda því í algeru lágmarki og kannske langt fyrir neðan það, miðað við þá aðra báta sem styrkveitingar njóta. Og ég hef verið talinn heldur gagnrýninn og harðorður í sambandi við hina margumtöluðu Akranesferju, Akraborgina. Í þessari till. er gert ráð fyrir að hún verði með 15 millj. kr. fjárveitingu, og vel má vera að henni veiti ekki af því. En ef slík styrkveiting er réttlætanleg, miðað við þær aðstæður sem eru á þessum stað, þá er vissulega réttlætanleg styrkveiting upp á 21 millj. kr. til Fagranessins, miðað við þær aðstæður sem það fólk, sem Djúpbáturinn veitir þjónustu, býr við stóran hluta af árinu þegar það er einangrað svo að langtímum skiptir. Hér er sem sagt um að ræða að við gerum till. um að Djúpbáturinn hf. fái sömu styrkveitingu og flóabáturinn Baldur, ég a. m. k. fyrir mitt leyti verð að telja að ekki sé ósanngjarnt að fara fram á slíkt.

Það er rétt að minna á það, að Fagranesið hefur árum saman verið með miklu lægri styrk en t. d. Baldur. Það er því eðlilegt, þegar staðreyndir sýna fram á hver þörf er nú ef ekki á illa að fara, að tekið sé tillit til þess, ekki kannske síst með hliðsjón af því sem á undan er gengið.

Þetta eru þær till. sem ég ásamt hv. þm. Sighvati Björgvinssyni ber fram nú við 3. umr. Á sama þskj., 274, flyt ég till. ásamt hv. þm. Geir Gunnarssyni og Jóni Árm. Héðinssyni, en það er í sambandi við heimildagrein. Á fjárl. ársins 1974 og fjárl. ársins 1975 hefur verið heimild fyrir Hafnabótasjóð til þess að taka lán að upphæð allt að 40 millj. kr., ef ég man rétt, bæði árin, til þess að létta greiðslubyrði þeirra hafnarsjóða sem verst eru settir af lögum og háum lánum. Þetta var tekið inn í fjárlög ársins 1974 fyrst og þá gert með hliðsjón af bráðabirgðaákvæði, sem er í gildandi hafnalögum, þar sem gert er ráð fyrir að sérstakar ráðstafanir verði gerðar til þess að létta greiðslubyrði þeirra hafnarsjóða sem verst eru settir. Það ætti ekki að þurfa að ítreka það hér hversu slæm staðan er hjá ýmsum og að öllum líkindum flestum hafnarsjóðum í landinu. Því er nauðsynlegt að það verði gert

virkt, þetta ákvæði gildandi hafnalaga, og séð verði fyrir fjármagni til þess að það verði framkvæmanlegt.

Hvorki á árinu 1974 né 1975 hefur hæstv. samgrh. eða hæstv. ríkisstj. séð ástæðu til þess að nýta þessa heimild í fjárl. til þess að gera virkt þetta ákvæði gildandi hafnalaga. Hvorugt áranna hefur þetta verið gert. Og það lá fyrir á lokafundi fjvn. að hæstv. samgrh. mundi ekki kæra sig um að fá slíka heimild inn í fjárlög fyrir árið 1976, þ. e. a. s. hæstv. ráðherrar kæra sig ekki um að láta verða virkt það ákvæði gildandi hafnalaga sem fyrst og fremst var til þess ætlað að létta greiðslubyrði þeirra hafnarsjóða sem verst eru settir.

Varðandi þessa brtt. er það að segja, að við gerum ráð fyrir að Hafnabótasjóði verði heimilt að taka 50 millj. kr. lán í þessu skyni, til þess að sinna þessu verkefni. Ég vænti þess að hv. þm. stjórnarliðsins séu a. m. k. ekki orðnir svo þrælhlekkjaðir af hálfu hæstv. ríkisstj. að þeir sjái sér ekki fært a. m. k. að greiða þessari brtt. atkv. Það getur a. m. k. ekki skaðað að það verði fyrir hendi heimild í fjárl. til að sinna þessu mjög svo nauðsynlega og brýna verkefni sem hæstv. ríkisstj. hefur ekki sinnt tvö undanfarin ár. Hvað sem um aðrar till. má segja, þá trúi ég því ekki fyrr en ég tek á að hv. stjórnarliðar séu það þrælbundnir í flokksviðjum stjórnarflokkanna að þeim leyfist ekki að hleypa slíku máli sem þessu í gegn. En komi það í ljós, þá verður að sjálfsögðu að taka því. Þá eru menn reynslunni ríkari á eftir (**Gripið fram í:** Það þýðir karlmennsku.) Að sjálfsögðu. Það er margt, sem dynur yfir menn þessa síðustu og verstu daga, sem reynir á karlmennsku í sambandi við það sem hér er að gerast á hv. Alþ., og ég vona að menn kikni ekki þrátt fyrir það.

Ég hef þá lokið, herra forseti, að gera grein fyrir þeim brtt. sem ég flyt hér ásamt öðrum hv. þm. Ég vil að lokum segja það, að ég vænti þess, þar sem hér er um að ræða í öllum atriðum mjög brýn og nauðsynleg mál sem kosta tiltölulega lítið miðað við það verkefni sem hér er verið að sinna, að hv. þm. sjái sér fært að greiða þeim atkv. þannig að þau nái fram að ganga.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég flyt hér á þskj. 274 till. varðandi flugmál með hv. þm. Helga F. Seljan. Það er VI. till. á þessu þskj. og gerir ráð fyrir að í upptalningu þá, sem greint er frá á þskj. 242, brtt. frá fjvn., verði bætt við tveimur nýjum liðum, þ. e. varðandi flugvallargerð á Vopnafirði 5 millj. kr. og flugvallargerð á Djúpavogi 3 millj. kr. Er þá gert ráð fyrir að liðurinn „til annarra flugvalla, viðhalds og tækjakaupa“ lækki að sama skapi eða um 8 millj. kr. og verði 24 millj. kr. í staðinn fyrir 32, eins og er í till. fjvn. eins og þær liggja nú fyrir.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um ástæður fyrir þessari till. Báðir eru þessir staðir þannig í sveit settir að þeir þurfa mjög á bættum samgöngum að halda. Vopnafjörður liggur fjarri ýmsum þeim stöðum og svæðum á landinu sem hann þarf að hafa mikil viðskipti við og vegasamband er mjög lélegt. Sá staður byggir mjög mikið orðið á flugsamgöngum, en flugvöllurinn þar er enn illa útbúinn og illa gerður og það er orðið mjög aðkallandi að sinna honum meira en gert hefur verið. Svipað má segja um Djúpavog, hann liggur líka alllangt frá ýmsum stöðum sem hann þarf mjög að hafa samskipti við og samgöngur eru lélegar við staðinn, en þar er kominn mikill flugvöllur sem þarf að lagfæra, og hefur verið þrýst allmikið á að heimaan um að fá þessar framkvæmdir unnar. Þetta eru meginástæðurnar fyrir því að við flytjum þessa till., þar sem ekki er gert ráð fyrir því í þeirri sundurliðun, sem fyrir liggur í till. fjvn., að fé verði lagt í flugvallargerð á þessum stöðum.

Þá flyt ég einnig brtt. á þskj. 278, þrjár tillögur.

Sú fyrsta, sem er I. till. á því þskj., varðar stofnkostnað iðnskóla í Neskaupstað. Í till. fjvn. er gert ráð fyrir að verja til þeirrar skólabyggingar 500 þús. kr. Er þar aðeins um viðbótarfjárveitingu að ræða við fyrri fjárveitingar sem allar hafa verið aðeins til undirbúnings. Byggingin hefur sem sagt fengið fjárveitingar nú í nokkur ár, en ekki svo miklar að hægt hafi verið að ráðast í byggingarframkvæmdir. Iðnskólinn í Neskaupstað er eini iðnskólinn á öllu Austurlandi, sem er ætlað að hafa það verkefni með höndum samkv. lögum. Hann verður nú að búa við leiguhúsnæði og býr því við mjög þröngan kost. Það er því orðin knýjandi nauðsyn að fjárveiting verði það rífleg til þessa skóla að hægt sé að ráðast þar í byrjunarframkvæmdir. Af þeim ástæðum legg ég til að áætluð fjárveiting verði hækkuð úr 500 þús. kr. upp í 5 millj.

Önnur till. mín á þessu þskj. varðar Ríkisútvarpið, sjónvarp. Þar legg ég til að framlag ríkisins verði hækkað úr 33 millj. kr. í 63 millj. kr. eða um 30 millj. og þessari hækkun verði allri varið til fjárfestingarframkvæmda á vegum sjónvarpsins, þar sem fram sé tekið að af heildarfjárfestingarliðnum, 60 millj., sem þá yrði, verði varið 50 millj. til umbóta á dreifikerfi sjónvarpsins. Lagt er til að fjvn. skipti þessari fjárhæð milli einstakra framkvæmda.

Það hefur mikið verið um það rætt á hv. Alþ. að gera þurfi myndarlegt átak til þess að lagfæra ýmislegt varðandi dreifikerfi sjónvarps og verður auðvitað að ætla þessu nægilegt fjármagn. Ég tel að miðað við heildarfjármál þessarar stofnunar megi það ekki vera minna, eins og nú er komið málum, en að ætla 50 millj. í þessu skyni á næsta ári, til þess að gera umbætur varðandi dreifikerfið. Hafa þegar komið fram till. um að hækka útvarps- eða sjónvarpsgjöld almennings í landinu til þess að hægt sé að leysa þetta verkefni. Vissulega er það leið, en hún er að mínum dómi ekki sanngjörn því að þar með er verið að leggja sérstakan skatt einnig á þá sem verða að búa við það og hafa búið við það árum saman að hafa alveg ófullnægjandi sjónvarpsaðstöðu. Þeir eru nú knúðir yfirleitt til þess að borga full gjöld, þrátt fyrir það að þjónustan sé varla hálf, og því tel ég að það megi ekki vera um minna fjármagn að ræða af hálfu ríkisins í þessu skyni en hér er lagt til.

Þriðja till. mín á þessu þskj., 278, varðar byggingu læknisbústaðar í Neskaupstað. Legg ég

til að þar komi nýr liður undir upptalningu um framkvæmdir varðandi læknisbústaði: Neskaupstaður með 4 millj. kr. Hér er um það að ræða að ætla greiðslu af vangoldnu fé af hálfu ríkisins, en samkv. upplýsingum frá bæjarstjóranum í Neskaupstað er vangoldið af hálfu ríkisins til þessarar byggingar rúmlega 4 millj. kr. Hann sækir að vísu um enn meira til þess að geta lokið við bygginguna, en ég tel að lágmarkið sé það, að ætluð sé í þessum fjárl. fjárhæð til að borga það sem ríkið skuldar í sambandi við þessa framkvæmd og er búið að skulda nú í alllangan tíma. Er í rauninni furðulegt að það skuli ekki tekin upp nein fjárveiting til þessarar byggingar, á sama tíma sem lagt er til að leggja nokkurt fé til þeirra framkvæmda sem ekki er byrjað á enn þá. Þarna er um það að ræða að borga skuld sem orðin er.

Ég stend að fleiri brtt., sem aðrir munu tala fyrir, og þarf því ekki að tala fyrir fleiri brtt., en ég vænti þess, að þessar till. mínar fái náð hjá þeim meiri hl. sem hér ræður ríkjum.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Við 2. umr. fjárl. vakti ég sérstaka athygli á þeirri einstæðu meðferð sem landsbyggðarnemendur fengu í upphaflegu frv. til fjárl. fyrir næsta ár, þar sem upphæðin í fyrra, sem þá var allt of lág, var skorinn niður um 5%. Sannleikurinn er sá, að ef upphæðin hefði átt að vera í fullu samræmi við lög um jöfnun námsaðstöðu skólanemenda á síðustu fjárlögum, þ. e. a. s. fjárlögum þessa árs, hefði upphæðin þurft að nema um 140 millj. kr., en var 110 millj. samþ. í fyrra, eftir að felldar höfðu verið till. okkar stjórnarandstæðinga um fyrst fulla upphæð, 140 millj., og síðan nokkra lagfæringu eða 120 millj., enda brá mörgum skólanemanda í brún þegar dreifbýlisstyrkurinn svokallaði kom seint og síðar meir til úthlutunar í fyrravor, því að upphæðirnar voru þá litlu hærri en árið áður á hvern nemanda.

Ég skoraði við 2. umr. á hæstv. menntmrh. að bæta nú myndarlega hér úr og færa upphæðina sem næst því, sem hún þyrfti að vera, svo að lögin og reglugerð þeirra næðu nokkurn veginn tilgangi sínum. Nemendur í skólum hér í Reykjavík, sem skipta hundruðum, sendu frá sér kröftuga áskorun um þetta nú á dögunum, minnugir vonbrigða sinna frá því í fyrra og erfiðleika sumra þá og hafandi einnig í huga þá hraklegu meðferð sem þessi upphæð fékk í haust í frv. til fjárl. Sannarlega þurfti ég þá að lesa tvisvar til að trúa því, að þessa upphæð ætti nú beinlínis að lækka í krónutölu. Nú hefur meiri hl. fjvn. gert hér á nokkra bragarbót og hækkað upphæðina um 20 millj. frá því sem hún var í fyrra, og er það sennilega þrátt fyrir nemendafjölgun einhver smáhækkun í krónum á hvern nemanda. Ég efa ekki að hæstv. menntmrh. hafi beitt áhrifamætti sínum, þó að hann hafi ekki komist lengra vegna þeirrar stefnu sem ríkir í aðhaldi varðandi vissa nauðsynlega liði, þótt aðrir megi fara, að því er virðist, upp úr öllu valdi. Þessi lög voru sett í valdatíð Magnúsar T. Ólafssonar, hv. þm., og var þar myndarlega að staðið, n. fulltrúa allra flokka hafði samið frv. og orðið algerlega sammála um að styttra mætti ekki ganga. Við, sem í þeirri n. vorum, gerðum okkur vel ljóst að við gætum aldrei gengið svo langt að jafna að fullu metin milli þeirra, sem sækja skóla heiman frá sér daglega, og hinna sem þurfa að fara oft í fjarlægan landshluta til þess að nema og lifa þar við allt aðrar og dýrari aðstæður varðandi fæði og húsnæði að viðbættum oft ærnum ferðakostnaði. En við gerðum okkur von um að með lögunum væri þó verið að stíga stórt skref fram á við, ef undanbragðalaust yrði við þau staðið, þ. e. eins og segir í 1. gr. laganna, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkissjóður veitir námsstyrki til jöfnunar á fjárhagslegum aðstöðumun nemenda í framhaldsskólum að því leyti sem búseta veldur þeim misþungum fjárhagsbyrðum."

Þess má geta, að þetta var alveg sérstakt baráttumál Framsfl. og því einsýnt, að því er virtist, að þegar einn úr þeirra hópi sæti þar á æðsta tróni yrði vel fyrir öllu séð í þessum efnum. En því miður hefur það ekki gerst, og minn vitnisburður er hér ekki einn til frásagnar, þótt ég þekki mætavel til kjara fjölmargra þessara nemenda. Til er annar órækari og sannari vitnisburður eflaust, sem hæstv. menntmrh. hefði verið óhætt að taka á fullt mark. Aðalbaráttumanni þeirra framsóknarmanna á þingi í þessu máli, þeim manni sem lögin samdi, — þeim manni sem samkv. 3. gr. l. um námsstyrkjanefnd er í þeirri n. nú, fyrrv. alþm. Sigurvin Einarssyni. Hann er, eins og allir vita, hinn samviskusamasti maður og hefur framkvæmt könnun um kostnaðarauka nemenda samkv. 4. gr. laganna mjög ítarlega ár hvert. Samkv. áliti hans og nefndarinnar átti þessi upphæð í fyrra að nema um 140 millj. svo að hún héldi raungildi frá árinu á undan, en reyndin varð 110 millj. Nú setti hann fram sem algert lágmark þessa, miðað við hinar margumtöluðu erfiðu aðstæður þjóðarbúsins, töluna 180 millj. og rökstuddi það rækilega og óyggjandi, að ég hygg. En eftir sjálfsagða, en þó allt of litla lagfæringu fjvn. er þó upphæðin enn ekki nema 72% af þeirri lágmarkstölu sem námsstyrkjanefnd lagði til, þótt, eins og ég benti á áðan, þar hafi ekki verið um að ræða fulla fjárþörf samkv. skýrum ákvæðum 4. gr. laganna.

Við hv. þm. Sighvatur Björgvinsson og hv. þm. Karvel Pálmason viljum láta á þetta reyna, hvort enn eigi að senda nemendum, sem heiman þurfa að sækja sitt framhaldsnám, sömu köldu kveðjuna og í fyrra og þó sýnu kaldari nú. Við flytjum því brtt. á þskj. 244 um fulla þá upphæð sem námsstyrkjanefnd taldi raunhæfa sem algert lágmark. En af því að okkur er nú orðin kunn rausn hv. stjórnarþm. til ýmissa þeirra sem að einhverju leyti búa við lakari aðstöðu en aðrir flytjum við till. til vara um 150 millj. eða 83% þeirrar upphæðar sem fyrrv. þm. þeirra framsóknarmanna telur eina sæmandi fyrir Alþ. að samþykkja ef ætti að standa við áður gefin loforð að mestu leyti. Ég trúi vart öðru en þessi till. okkar, sem til vara er flutt, hljóti stuðning frá þeim landsbyggðarþm. sem mætavel vita við hvílíka erfiðleika hér er að etja hjá fjöldamörgum nemendum.

Á þskj. 274 hef ég leyft mér að flytja brtt. um framlag til dagvistunarstofnunar á Egilsstöðum ásamt hv. þm. Lúðvík Jósepssyni. Mér er í raun algerlega óskiljanlegt að þarna skuli ekki vera upphæð undir þessum lið, þótt smá væri, vegna þessarar byggingar. Ég veit að naumt var skammtað almennt til þessa þáttar eða innan við 50% þess sem talið var eðlilegt. Það hefur sennilega verið gert af klókindum vegna þess ætlunarverks ríkisstj. að færa þetta yfir á sveitarfélögin og hafa upphæðina þess vegna sem allra lægsta nú. Mér skilst að reglan hafi verið sú að taka aðeins þau heimili inn sem byrjað hefur verið á. En að þessu máli hefur verið þegar unnið svo að rétt hefði verið að gera hér á undantekningu. Á s. l. ári gerðist nefnilega það undarlega slys, að bréf frá þeim á Egilsstöðum lenti á skökkum stað í kerfinu og sat þar fast fram yfir afgreiðslu fjárl., en var þá komið á réttan stað. Þetta olli því, að í fyrra var ekkert framlag til Egilsstaða, yfirlýst eingöngu vegna þess að bréfið hefði ekki komist á réttan stað. En úr þessu var lofað að bæta. Heimild var gefin frá rn. um að hefja undirbúning og er því verki lokið, öll málsmeðferð í lagi og rn., að því er ég best veit, samþykkt öllu þar að lútandi. Þeir Egilsstaðamenn vissu ekki annað þar til í dag en að þetta mál væri í lagi. Það er að vísu rétt að þeir fylgdust verr með málum síðustu vikur, þegar alltaf lá — ekki í „láginni", heldur í loftinu að þessi kostnaður yrði fluttur alfarið yfir á sveitarfélögin. Hér til viðbótar má svo nefna það, að ég man ekki betur en að í svari hæstv. menntmrh. við fsp. um dagvistunarstofnanir hafi það komið fram nokkuð skýrt að verið væri að hefjast handa um dagvistunarstofnun á Egilsstöðum. Þannig a. m. k. skildi sveitarstjóri þeirra Egilsstaðamanna það og treysti því enn frekar á framlag nú. Við getum því ekki annað séð en framlag til Egilsstaða hefði með réttu átt að vera þarna með og flytjum því brtt. um 2 millj. kr. framlag, ef vera kynni að einhverju yrði hér um þokað, og vísum þá beint til allrar forsögu þessa máls.

Ég vil einnig leyfa mér, vegna þess að það hefur fallið af einhverjum ástæðum niður, að flytja skriflega brtt. frá okkur hv. þm. Lúðvík Jósepssyni við 4. gr. fjárlagafrv., við liðinn bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva o. fl., að við sundurliðun bætist Djúpivogur, heilsugæslustöð 1 millj. Þeir Djúpavogsmenn eru langt frá þeim heilsugæslustöðvum sem þó eru nú í uppbyggingu. Þeir hafa óskað mjög eftir byrjunarframlagi. Það er ekki síst vegna þess að þeir lifa í stöðugri hættu á því að þangað fáist ekki læknar. Þetta mál hefur verið rætt meðal Austfjarðaþm. og hafa allir verið sammála um nauðsyn þessa, en við flm. vitum að hv. stjórnarþm. austan að eru bundnir hinu stífa og um margt ósanngjarna aðhaldi í framkvæmdum, sem einkennir þessi fjárlög, og geta því ekki verið hér þátttakendur, en eflaust hefðu þeir gjarnan viljað það. Við teljum þó fullkomlega rétt að hreyfa þessu máli vegna þess öryggisleysis, sem þetta fólk býr við, og því flytjum við þessa till., sem ég leyfi mér hér með að leggja fram til hæstv. forseta.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Ég kveð mér ekki hljóðs til þess að mæla fyrir brtt., það er nóg af þeim komið nú þegar. Ég hygg að aðrir þm. mér reyndari í þingmennsku geri sér grein fyrir að allar þessar brtt. við 3. umr. fjárl. bera að jafnaði lítinn eða engan árangur. Að sjálfsögðu viðurkennum við þó, sem endanlega réttum upp höndina á móti þessum góðu brtt., að flestar þeirra og raunar allar fjalla um mikil og þörf nauðsynjamál sem okkur væri ekkert kærara en að geta stutt á þann hátt sem brtt. fela í sér. Okkur er það jafnljóst, hvort sem við erum í stjórnarandstöðu eða stjórnarliði, að ef svo færi að við létum tilfinningarnar hlaupa með okkur í gönur og samþykktum allt sem borið er fram af því tagi, þá yrði það að sjálfsögðu ekki til annars en sprengja fjárl. í loft upp og allt lenti í einni hringavitleysu sem engin ábyrg stjórn og þeir, sem henni fylgja, geta staðið að.

Ég stend hér upp aðallega til að gera nokkrar aths. við nál. á þskj. 248 um framlög til flóabáta og fólks- og vöruflutninga, en ég á sæti í þeirri n., samvn. samgm., og ég vil í upphafi máls míns taka mjög eindregið undir orð formanns hennar, hv. þm. Friðjóns Þórðarsonar, að þessi blessaða n. er í rauninni ekki annað en nafnið og við, sem þar eigum sæti, eigum í rauninni bágt með að sætta okkur við þá ráðstöfun að taka frá henni öll þau mál, sem heyra undir hana. Ég nefni t. d. flugmálin sem eru mjög í brennipunkti nú og hafa orðið illa úti, eins og mörg önnur mál nú á hinum síðustu og verstu tímum. Það væri sannarlega ekki óeðlilegt að samgn. Alþ. hefðu eitthvað til málanna að leggja og jafnvel hafa þar einhver áhrif á, þannig að ég tek eindregið undir þau sjónarmið, að það væri til endurskoðunar að skila samgn. eitthvað af verkefnunum aftur sem búið er að taka frá þeim.

Þetta nál., sem ég vitnaði í, fjallar, eins og fram kemur í nál., um framlög til flóabáta og vetrarsamgangna í dreifbýlinu. Ég veit að allir þm. hafa nokkurn skilning á mikilvægi þessa máls, þó held ég ekki nærri allir fullan skilning á því hvað hér er um mikið stórmál og mikið nauðsynjamál og mikið byggðamál að ræða. Ég held að ég geti skýrt nokkuð rök okkar, sem að þessu nál. stöðum, með því að vitna í bréf frá öllum þm. Vestf. í sambandi við afgreiðslu þessa máls. Þetta bréf var sent viðkomandi ráðh., formönnum þingflokka, formanni fjvn. í von um að erindi þeirra væri veitt nokkur áheyrn. En í bréfinu segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Á fjárlögum 1975 námu framlög ríkissjóðs til flóabáta og vetrarsamgangna í dreifbýli rúmlega 71 millj. Í fjárlagafrv. fyrir árið 1976 hefur þessi upphæð lækkað í 67 millj. 536 þús. kr. Mun þar koma til hin almenna 5% lækkun á gjaldaliðum frv. til að draga úr útgjöldum ríkisins. Við núverandi efnahagsaðstæður er sú stefna eðlileg og nauðsynleg. Það er þó skoðun okkar að þessi liður fjárlaga hafi sérstöðu sem nauðsynlegt sé að taka sérstakt tillit til. Flest þeirra byggðarlaga víðs vegar um landið, sem þessa styrks njóta, eru þau sem landfræðilega eru hvað allra verst sett og eiga í vök að verj-

ast frá byggðalegu sjónarmiði, bæði að því er snertir atvinnulega og félagslega aðstöðu. Þá ber ekki síður að leggja áherslu á að viðunandi öryggi í heilbrigðis- og læknisþjónustu byggist óhjákvæmilega fyrst og fremst á samgönguþættinum, ekki hvað síst nú er þau mál hafa þróast í þá átt að læknisþjónusta er í vaxandi mæli veitt af læknamiðstöðvum, en læknissetrum í héruðunum fækkar að sama skapi, svo að vegalengdir milli læknis og fólksins, sem hans á að njóta, eru orðnar miklu meiri en áður var. Hér er því annars vegar viðkvæmt og mikilvægt mál og hreint neyðarúrræði að þurfa að skerða verulega þá aðstoð sem stjórnvöld hafa veitt íbúum strjálbýlisins til að þreyja af einangrun og erfiðleika hins íslenska vetrar."

Í bréfinu er áfram haldið og talað um Djúpbátinn hf. Fagranes sérstaklega: „Rekstur bátsins undanfarin ár hefur gengið erfiðlega, fyrst og fremst vegna geipilegrar hækkunar á olíuverði, en sú hækkun nemur 84% á árinu 1975. Koma þar að sjálfsögðu engar niðurgreiðslur til. Launaliðurinn vegur einnig þungt á metunum, og gamlar skuldir, sem þurft hefur að taka fé út úr rekstrinum til að standa straum af, gera erfitt fyrir."

Eg fer ekki út í að rekja tölurnar hér, það hefur verið gert áður af formanni og frsm. n. En við höldum áfram, með leyfi hæstv. forseta:

„Á þessu ári hefur hvað eftir annað legið við stöðvun bátsins. Lán úr Byggðasjóði að upphæð 2.5 millj. kr. að viðbættu láni úr Landsbankanum á Ísafirði að upphæð 2 millj. björguðu þó málinu á síðustu stundu. Landsbankalánið þarf að greiðast að fullu í mars 1976 að viðbættum vöxtum og afborgunum af láninu úr Byggðasjóði og eldri skuldum sem nema rúmlega 5.5 millj. kr."

Það vita allir, sem til þekkja, að byggðin við innanvert Ísafjarðardjúp getur ekki án þjónustu Djúpbátsins verið. Allt tal um að Djúpvegurinn, sem lokið var við í sumar, geti leyst hann af hólmi er á fullkomnum misskilningi byggt. Sá vegur er á stórum köflum lokaður 6 mánuði ársins og þann tíma er báturinn hið eina tæki þessa byggðarlags til að flytja afurðir bænda á markað til Ísafjarðar og annarra þéttbýlisstaða við utanvert Djúpið, til flutninga á skólabörnum til og frá skóla í Reykjanesi og til að flytja heim til Djúpbænda allar aðkeyptar lífsnauðsynjar. Þennan sama tíma flytur báturinn mjólk og aðrar vörur vestur til Dýrafjarðar og Önundarfjarðar á meðan erfiður og snjóþungur fjallvegur yfir Breiðadalsheiði er lokaður. Þess má geta, að snjómokstur á eins km vegarkafla á þeirri heiði, er hún er opnuð á vorin, kostar allt að því ½ millj., en Djúpvegurinn er tæpir 250 km. Þetta þýðir ekki, þótt ég hafi bent hér á erfiðleika í rekstri Djúpbátsins og hið bráðnauðsynlega hlutverk sem hann gegnir, að ég muni greiða atkv. þeirri brtt. sem hér liggur fyrir frá nokkrum Vestfjarðaþm. um að framlag hans verði hækkað frá því sem gert er ráð fyrir í nál. okkar og brtt., að framlag hans hækki úr 13 millj. í 17 millj., að viðbættu fyrirheiti um ríkisábyrgð á 15 millj. kr. láni til þeirra flóabáta sem verst eru settir, Breiðafjarðarbátsins Baldurs og Djúpbátsins. Ég hygg að hag þessara báta beggja sé betur borgið á þennan hátt heldur en herja út núna ákveðna fjárveitingu, 2—3 millj. kr. hærri, en afsala sér e. t. v. á móti ríkisábyrgðinni á láninu. Eins og fram kom hjá frsm. nál. er vitað og sýnt mál að málefni þessara báta þarf að taka fastari tökum í framtíðinni. Ég hygg að þessi ríkisábyrgð á 15 millj. kr. láni sé upphafið að frekari aðgerðum til að tryggja áframhaldandi rekstur bátanna.

Það kann að vera að þær raddir heyrist, að þetta sé óhæfilega mikið í lagt af ríkinu, að viðhalda rekstri þessara flóabáta, og hið sama kann að heyrast um fyrirgreiðslu á landsamgöngunum sem þetta nál. tekur einnig til. En eins og ég benti á og fram kom í bréfi okkar Vestfjarðaþm. er hér greinilega um harðbýlustu útkjálkahéruðin að ræða, og spurningin er hvort við ætlum yfirleitt að viðhalda byggð í þessum byggðarlögum eða ekki.

Það er oft talað um að það sé léleg hagfræði í því að viðhalda fáum sálum í dreifðri byggð sem til þarf að kosta milljónum árlega af almannafé til þess að halda við. En ég vil minna á í því sambandi og þá hvað vegina snertir að þessar vetrarsamgöngur eru svo erfiðar sem raun ber vitni vegna þess að vegakerfi þessara byggðarlaga er ákaflega lélegt, gamalt, úr sér gengið, vegirnir teppast strax við skóvarpsþykkan snjó sem fellur. Vegirnir eru ekki uppbyggðir. Sveitir og einstök byggðarlög einangrast. Því er það, að ég tek með fyrirvara þeirri pólitík í vegamálum okkar að leggja allan þunga á að fullgera góðan hringveg í kringum landið, þar sem við getum komist leiðar okkar til og frá Reykjavík og þéttbýlisstöðunum um landið, en láta sitja á hakanum vegakerfið sem tryggir samband milli einstakra sveita og byggðarlaga fólksins sem verður að sækja þjónustu til næsta þéttbýliskjarna, læknisþjónustu og yfirleitt alla þjónustu. Ég er ekki á móti góðum hringvegi, ég veit að það er stórt mál og mikil hagkvæmni í því fólgin að vegirnir, þar sem mest umferðin fer um, séu varanlega byggðir. En spurningin er, hvort það er ekki of seint að snúa sér að þessum útkjálkahéruðum þegar búið er að veita það fé í stóru hringvegaráformin sem til þarf. Það er þess vegna sem ég held að það sé ákaflega óraunsætt og óréttmætt að horfa í allverulegan stuðning til þess að fólk í hinum strjálbýlustu og erfiðustu byggðarlögum geti yfir vetrarmánuðina með skaplegu móti komist leiðar sinnar, aflað sér lífsnauðsynja, komið frá sér sínum afurðum.

Ég veit ekki hvað mörgum hv. þm. af okkar 60 manna hópi, er kunnugt um aðstæðurnar eins og þær í raun og veru eru víða úti í þessum dreifðu byggðum, hvort þeir geta sett sig í spor bóndans sem þarf að eyða allt að því heilum degi í að koma frá sér mjólkinni sinni á markað innan úr dal og fram á ferjubryggjuna, þar sem flóabáturinn, hvort sem það er Drangur, Djúpbáturinn eða Baldur sem í hlut á, tekur við henni. Það fer raunar stundum svo að hann kemst alls ekki, og þá er ekki um annað að ræða í versta tilfelli heldur en að hella niður mjólkinni. Ég veit ekki heldur hvort foreldrar hér í þéttbýlinu gera sér grein fyrir

því, að enn eru til börn á Íslandi sem þurfa margoft yfir veturinn, í hvaða veðri sem er, að leggja á sig allt upp í 8 tíma sjóferðalag í misjöfnum veðrum til þess að komast til og frá heimili til skóla. Það getur raunar dregist meira og orðið lengra en 8 tímar. Það getur orðið allt upp undir það vika að þau komist frá heimili sínu og í skólann aftur. Ég tel enga sanngirni að ætlast til þess að þeir þm., sem aldrei hafa verið búsettir úti í dreifbýli og þekkja þetta ekki, geri sér fyllilega grein fyrir þessu. En það, sem við dreifbýlisþm. vonumst til og gerum kröfu til, er að það sé hlustað á okkur þegar við skýrum frá þessu og við séum ekki eiliflega ásökuð um hreppapólitík og útkjálkabarlóm þegar við erum að skýra frá aðstæðunum eins og þær eru. Og þótt ég viti að ég eigi með þessum orðum enga von í að fá fram hækkað framlag til þessa máls núna, þá vil ég vænta þess að þeir þm., sem heyra mál mitt og eiga væntanlega næsta ár að afgreiða fjárlög, hafi eitthvað af þessu í huga og af því sem við dreifbýlisþm. höfum fram að færa yfirleitt til rökstuðnings okkar máli.

Það hefur orðið svo mikil tilfærsla í byggð landsins að meira en helmingur þjóðarinnar er orðið þéttbýlisfólk miðað við dreifbýlustu byggðarlögin. Og við, sem tölum um byggðastefnu sem stjórnarstefnu, hvaða stjórn sem situr við völd, hljótum að reyna að rækja þá stefnu og framkvæma hana eftir bestu getu, fremur en að láta sitja við falleg orð og skeleggar ræður um þessi mál.

Það er sem sagt sitthvað í þessu frv. eins og alltaf sem mann tekur sárt að geta ekki stutt betur. En eins og okkar efnahagsaðstæðum er komið nú, þá hljótum við að sýna ábyrgð og festu í því að hvika ekki frá því frv. sem hér liggur fyrir og er að mínu mati spennt til hins ítrasta miðað við fjármálagetu íslenska ríkisins í dag. Og ég hlýt að viðurkenna að mér ógnar sú staðreynd að við erum enn að bæta við tæpum 7 milljörðum í erlendum lántökum til að standa undir framkvæmdum okkar.

Mér þykir hvað verst að ég get ekki né aðrir þm. í stjórnarliði veitt lið máli Menntaskólans á Ísafirði sem er í húsnæðishraki. Staðreyndin er sú, að Menntaskólinn á Ísafirði hefur ekkert kennsluhúsnæði, alls ekkert, og hann er að þrengja til mikils óhagræðis að hinum skólunum sem eru yfirfullir og bíða mikinn baga við það að menntaskólinn tekur upp húsnæðið. Ég hlýt að harma það, að ekki skyldi vera hægt að veita þessa 20 millj. kr. fyrirgreiðslu sem farið var fram á sem lágmark, og ég vænti þess, að Menntaskólinn á Ísafirði megi á næstu fjárlögum eiga von á ríflegri fjárveitingu sem bæti upp það mikla tjón sem hann verður fyrir þarna í starfsemi sinni.

Mér er einnig mjög sárt um sjúkraflugið, sem að vísu fékkst þó hækkað um 1 millj., og ég er ánægð með að það fékkst þó 1 til viðbótar við 2.5 millj. Hér tel ég mjög stórt mál á ferðinni, sjúkraflugið. Það var vitnað hér í 42. gr. heilbrigðislaganna sem er, að ég hygg, ein allra besta lagagrein sem er í gildi hér á landinu í dag, því að hún er svo raunhæf og skynsamleg og gengur í þá átt að haft sé af heilbrigðisyfirvalda hálfu samráð við samgrn., dómsmrn. og Póst og síma til þess að tengja saman þjónustu þessara rn. almennt við heilbrigðisþjónustuna. Ég hygg að þarna sé bent á margfalt hagkvæmari leið og eðlilegri heldur en að heilbrigðisyfirvöld ein sér gerðu ráðstafanir sem nauðsynlegar þykja til að tryggja skaplega læknisþjónustu í dreifbýlinu. Það hafa hvað eftir annað komið fram hér á Alþ. þáltill. um kaup á þyrlum sem staðsettar skyldu vera á Vestfjörðum og Austfjörðum og vera til aðstoðar við læknisþjónustu þessara byggðarlaga. Það hefur aldrei verið horfið að þessu ráðið, að ég hygg vegna þess fyrst og fremst að það yrði óhæfilega dýrt í framkvæmd og stirt og erfitt í vöfum. Hins vegar að styrkja einkaaðila, sem vilja halda uppi þessari þjónustu, öryggis- og neyðarþjónustu, að viðbættri almennri farþegaflutningsþjónustu, sem sagt að styrkja þessa aðila dálítið ríflegar, segjum með 5—10 millj. kr. framlagi árlega, það er dropi í hafið hjá því sem hinar ráðstafanirnar, sem ég minntist á, mundu kosta íslenska ríkið. Því finnst mér að þennan lið beri að skoða alveg sérstaklega með tilliti til aðstæðnanna og með tilliti til hagkvæmninnar, hvar hún mundi reynast mest.

Ég skal ekki lengja mál mitt meir, en ég vil vona að enn sem fyrr verði litið á mál dreifbýlisins í þessu tilliti, að því er varðar samgöngurnar sem eru eitt meginmál þess, að byggðir hinna strjálbýlu útkjálka fái yfirleitt þrifist og viðhaldist í framtíðinni, þá verði þessi mál tekin til raunsærrar og sanngjarnrar skoðunar hér eftir. Ég hlýt að þakka samnm. mínum í samvn. Það voru raunar flestir menn sem þekkja þessi vandamál og sýndu fullan skilning og sanngirni hver í annars garð.

Ég ætla að ljúka þessum orðum mínum með því að vitna í Sigurð heitinn Nordal sem sagði einhvern tíma, ég man ekki hvar, þegar talað var um byggð á landinu, en honum fórust orð á þá leið, að til væru mörg og sterk rök sem mæltu með því að allt landið væri byggt, — rök sem ekki kæmu neinni hagfræði við.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 243, 244, 245, 270, 274, 275, 276, 278 og 288, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 37 shlj. atkv.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 290) samþ. með 37 shlj. atkv.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir eyddi áðan löngu máli og góðu í að skýra frá samgönguvandamálum byggðanna. Ég sat ásamt henni í samstarfsnefnd um samgöngumál, þar sem fjallað var einmitt um þau atriði sem hv. þm. og áður hv. þm. Karvel Pálmason fjölluðu um öðrum fremur í ræðum sínum. Hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir kvaðst að loknum mjög svo glöggum rökstuðningi sínum fyrir þörf á bótum í samgöngumálum dreifbýlisins og þá sérstaklega vetrarsamgöngunum ekki gera þetta í þeirri von að sér tækist að knýja fram úrbætur nú, enda þótt þessi mál ættu skilningi að mæta hjá mjög mörgum þm. En í þessari sömu ræðu

kvaðst hún mundu greiða að þessu sinni atkv. gegn úrbótum, nauðsynlegum úrbótum, og færði fram skýringar á því hvers vegna hún teldi sig til knúða. Skýringin er sú, þótt hún noti ekki þau orð, að hún er aðili að samsæri um ríkisstj. sem er byggðunum fjandsamleg í raun og fólkinu sem býr þar og aðhyllist allt aðra stefnu í byggðamálum en þá sem hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir lýsti yfir fylgi við. Þá er spurningin hvort velvilji hennar í garð byggðanna og fólksins í byggðunum, sem hún þekkir svo vel, yrði ekki einlægari ef hún hætti að styðja þessa ríkisstj.

Ég hef ekki tekið til máls fyrr um fjárlagafrv., þennan samdráttarboðskap í meginatriðum, þetta úrtöluhjal á þeim tíma þegar heldur væri þörf fyrir hvatningu til íslendinga af hálfu stjórnvalda að taka nú á og vinna betur vegna þess að tímar eru erfiðir. Það er náttúrlega mála sannast að ég er því fegnastur og hef eitt að vera þakklátur fyrir, og það er að hæstv. forsrh., Geir Hallgrímsson, skuli ekki sitja undir stýri á bát mínum í brimróðri.

Ég veit ekki hversu margir hv. þm. hafa hlýtt á hádegisfréttir í dag, þar sem sagt var frá skýrslu OECD um horfur í efnahagsmálum á þessum hnetti vorum. Þessar horfur eru að sögn stofnunarinnar ekki góðar. Þær spá vaxandi atvinnuleysi í Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku, að hagvöxtur í ríku löndunum verði í allra hæsta lagi 4% og stjórnarvöldum þar ráðlagt að hvetja til aukinna athafna, en ekki til samdráttar. Í sömu spá var gert ráð fyrir þrengingum í þróunarlöndunum sem mundu halda áfram að aukast, aukinni skuldasöfnun af hálfu þróunarríkjanna og auknum lántökum erlendis á neyslulánum.

Ég hvet nú ekki til þess að spár og skýrslur OECD verði gerðar að neins konar biblíum á voru landi Íslandi. En ég hygg að það muni algilt, að þegar að kreppir og nægt minnkar, þá sé þörf á því að fólkið leggi harðar að sér, ekki með því að spara við sig í mat og drykk og klæðum, heldur með því að leggja á sig meiri vinnu, og að óráðlegt sé að hvetja fólkið til að halda að sér höndum og hafast ekki að, heldur meiri þörf að hvetja það til þess að skapa verðmæti.

Eitt get ég þakkað kærlega fyrir, hvað sem öðru líður, í sambandi við afgreiðslu þessara fjárlaga, og það er sú skýrsla sem ríkisstj. hefur látið gera um lánsfjáráætlun. Í þessari skýrslu sjást þess merki að einhver í hópnum sé þeirrar skoðunar að mikils sé um vert að við hefjumst nú handa um að virkja orkulindir okkar. Til þeirra nytsamlegu starfa er ráðgert að taka lán erlendis, og þeim fyrirætlunum er ég náttúrlega fylgjandi. Þessi skýrsla er sem bókmenntaverk góðra gjalda verð, þó að í ýmsum liðum hennar kveði við hálfgerður ómagatónn, þar sem örbirgðin er raunverulega sá grunnur sem byggt er á, þrotleysi skortsins túlkað sem vissa og aðeins gert ráð fyrir því að hann birtist í dálítið breytilegri mynd. Þarna koma fram að vissu leyti hin stóísku viðhorf til eigin vanmáttar.

Ég flyt brtt. við fjárlagafrv. á þskj. 270. Hin fyrri er við 4. gr. og fjallar um ylræktarverkefni í Hveragerði og er á þá lund, að í stað 3 millj. kr. framlags komi 6 millj. kr. framlag. Fram kom í ræðu við 2. umr. um fjárlagafrv. af hálfu forstöðumanns Rannsóknaráðs ríkisins, hv. þm. Steingríms Hermannssonar, hér í Sþ., að fjárveiting sú, sem ætluð er í frv. til ylræktarrannsóknanna, 3 millj. kr., hrökkva ekki til þess að hægt sé að hefja fyrirhugaðar rannsóknir sem Rannsóknaráð er þó skuldbundið til að hefja. Þessar rannsóknir eiga að verða undirstaða að stórfelldri notkun jarðhita til hagsbóta fyrir land og lýð, — hagsbóta sem kunna að gerbreyta stöðu íslensks landbúnaðar, til hins betra. Til þess að unnt sé að hefja þessar tilraunir þarf að sögn hv. þm. Steingríms Hermannssonar 6 millj. eða 3 millj. til viðbótar við framlagið sem ætlað er í fjárlagafrv.

Ylræktin er ein sú nýting íslenskra orkulinda sem lofar hvað bestu og er einna viðkunnanlegust. Ég hef áður vitnað til þess að hafa fyrir skemmstu heyrt sérfræðinga í búvísindum, verkfræði og sjávarlíffræði lýsa yfir því, að þeir hefðu komist að þeirri niðurstöðu að auðlindir Íslands nægðu til þess að framleiða eggjahvituefnarika fæðu sem nægði til þess að brauðfæða 36 millj. manna, sé öllu til kostað, jarðargróða og sjávarfangi, orkulindir landsins beislaðar í þeim tilgangi og vinnuafli og þekkingu beint inn á þær brautir. Ég er þess fullviss að heill þessarar þjóðar er undir því komin að við einbeitum okkur nú þegar að því og kostum öllu til að nýta gæði þessa lands og verða sjálfum okkur nógir um orku að sem allra mestu leyti og þar næst á eftir að efla útflutning á þeim varningi sem mestur skortur er á í heiminum en það eru matvæli. Ég tel að ylræktarrannsóknin, sem Rannsóknaráð fyrirhugar í Hveragerði, sé stórt og merkilegt skref í þessa átt og að nauðsynlegt sé að við sjáum fyrir þeim 3 millj. sem þarf til viðbótar til þess að þessar rannsóknir komist í framkvæmd.

Á þessu sama blaði, þskj. 270, bendi ég á leið til þess að afla þessara 3 millj. Ég bendi á stað í fjárlagafrv. þar sem við getum tekið þessar 3 millj. sem vantar til þess að ylræktarverkefnið í Hveragerði komist í framkvæmd, þar sem ætluð er 3 millj. kr. fjárveiting til Kaupmannasamtakanna vegna hagræðingarstarfsemi. Ég legg til að þessi liður falli niður og að þær 3 millj., sem þar hafa verið merktar handa Kaupmannasamtökunum í þessu skyni, fari í ylræktaráætlunina í Hveragerði. Þetta legg ég til að gert verði, að þessi póstur verði felldur niður í því trausti, að hagræðing sú, sem hér um ræðir, sé ekki svo aðkallandi að hún megi ekki dragast, ellegar þá að öðrum kosti að hún sé svo arðbær, þessi hagræðing, að kaupmenn treysti sér til að kosta hana af eigin rammleik, og fer ég ekki nánar út í þá sálma.

Ég vil svo aðeins í lokin víkja að því, að ýmislegt er nú það og þá sérstaklega í þeirri ágætu bók, skýrslu ríkisstj. um lánsfjáráætlun 1976, í lesmáli, sem bendir til þess að enn sé ríkjandi töluverður áhugi á fjárfestingu í öðrum fyrirtækjum innlendum heldur en þeim sem miða að því að nýta landsins gæði til þess að framleiða mat. Og ýmislegt bendir til þess

að þeir, sem nú ráða málum hér, telji annað þarfara en stuðla beinlínis að aukinni framleiðslu okkar fornu þjóðlegu atvinnuvega.

Við 2. umr. fjárlagafrv. bar ég fram till. um það ásamt hv. þm. Jónasi Árnasyni, að 285 millj. kr. framlag ætlað til Grundartangaverksmiðjunnar yrði fellt niður, því fé yrði varið á annan veg. Nú hefur þetta fyrirhugaða framlag verið lækkað ofan í 50 millj. kr. sem ætlaðar eru til hafnargerðar á Grundartanga við Hvalfjörð. Ég hef grun um að nokkuð verði um það spurt í minu kjördæmi, t. d. á Ólafsfirði, Akureyri, Húsavík og Raufarhöfn, að þeir kunni, karlarnir þar, að inna þm. kjördæmisins eftir því, til hvers eigi að nota Grundartangahöfn á næstu árum, hvort fiskibátar liggi undir skemmdum í þeirri höfn, hvort skuttogararnir þeirra komist þar ekki inn. Og það kann að fara svo, að spurt verði um það, hvort ekki hefði verið meira aðkallandi að ríkisstj. aflaði sér lántökuheimilda upp á næstum milljarð kr. til einhvers annars en járnblendiverksmiðju í Hvalfirði. Þá ætla ég að öðrum verði stirðara um stef heldur en mér að svara.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Ég flyt ásamt hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasyni og Magnúsi T. Ólafssyni brtt. við fjárlagafrv. um hækkun á framlagi til Lánasjóðs ísl. námsmanna. Leggjum við til að upphæðin verði 1050 millj.

Hv. þm. er sjálfsagt í fersku minni að hér urðu í haust allmiklar umr. utan dagskrár vegna þeirrar skerðingar námslána sem kom fram í fjárlagafrv. Í ræðu, sem hæstv. menntmrh. flutti þá, kom fram að hann ætlaði, að endurskoðun laga um námslán yrði lokið fyrir afgreiðslu fjárlaga, og gaf þar með í skyn að sá vandi, sem steðjaði að námsmönnum vegna skerðingar frv., yrði leystur. Í sama streng tók hv. þm. Ellert B. Schram, en hann mun eiga sæti í endurskoðunarnefndinni. Nú er auðvitað komið í ljós að þetta hefur ekki staðist. Við höfum ekki enn séð nein lög um endurskoðun námslánalaganna, en ríkisframlagið í engu samræmi við raunverulegar þarfir sjóðsins. Samkv. áætlun stjórnar Lánasjóðsins, sem gerð var í júlí s. l., var fjárþörf sjóðsins fram til áramóta 1976—1977 áætluð alls 1720 millj. kr. Síðan hefur raunar komið í ljós að afgangur frá fyrra ári var meiri en ætlað var. Enn fremur hafa þegar verið teknar að láni 100 millj. kr. sem ganga upp í að mæta ofangreindri fjárþörf. Hins vegar hafa nokkrar aðrar forsendur einnig breyst. T. d. var fjölgun umsækjenda meiri en ætlað var, verðlagsþróun hérlendis hefur farið fram úr áætlun. Að þessu athuguðu ætlar stjórnin nú að til þess að halda námsaðstoðinni í því horfi sem verið hefur undanfarin tvö ár þurfi sjóðurinn á fjárlagaárinu að fá 1650 millj. kr. Þessi tala miðast við, að lánin verði 83% af umframfjárþörf og notast verði við kostnaðarkönnun frá 1967 og úthlutunarreglur verði óbreyttar.

Þess má geta, að gerð hefur verið ný kostnaðarkönnun. Hún var gerð árið 1973. Námsmenn hafa rekið eftir því að hún verði tekin í gagnið, en sú könnun mundi hækka þessa tölu um 160 millj. kr., í 1810 millj. kr. alls, og þar af færu þá 430 millj. kr. til haustlána næsta haust. En þótt notast yrði við núverandi kostnaðarkönnun á næsta ári, þá er ljóst að Lánasjóðinn vantar 242.5 millj. kr. umfram það sem veitt er í fjárl., og er þá reiknað með bæði framlaginu og lánsheimildinni ef á að fjármagna haustlán á n. k. hausti. Með tilliti til reynslu þessa hausts er það lágmarkskrafa að fjármögnun haustlána verði tryggð og fjárveiting því hækkuð. Minna má á að á þessu hausti vantaði 230 millj. kr. til haustlána, en ekki fengust nema 100 millj. kr. að láni og það með herkjum, eins og öllum er í fersku minni.

Mismunurinn á núverandi kostnaðarkönnun og þeirri, sem stúdentar leggja mikla áherslu á að miðað verði við í framtíðinni, er aðallega fólginn í því, að kostnaður hér á Íslandi og í einstöku landi erlendis er nú stórlega vanmetinn. Það á sér því stað nú talsverð mismunun milli námsmanna eftir löndum.

Ef fjárþörf væri miðuð við óbreytt ástand, núverandi kostnaðarkönnun, þá er heildarfjárþörf næsta árs 1650 millj. kr., en ef fjárþörf er miðuð við hina nýju kostnaðarkönnun og gert ráð fyrir að hún yrði notuð, þá er fjárþörfin 1810.

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessar umr. neitt úr hófi fram. Það hefur verið allmikið rætt um fjárþörf Lánasjóðsins hér á þingi á þessum vetri, og öllum hv. þm. er ljós sá vandi sem þar er við að glíma. En ég vil í lokin beina þeirri fsp. til hæstv. fjmrh. vegna lántökuheimildar þeirrar, sem gert er ráð fyrir í frv. og hljóðar upp á 600 millj. kr., hvar hann hafi hugsað sér að Lánasjóðurinn fengi þetta lán, hvers konar lán er hér um að ræða. Vænti ég þess að hæstv. fjmrh. sjái sér fært að svara þessari spurningu.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Á þskj. 288 flyt ég tvær brtt. Efni þessara brtt. er annars vegar að tekjuskattur félaga hækki sem nemur 2000 millj. kr. eftir að ákvæði tekjuskattslaga um fyrningar hafa verið endurskoðuð og hins vegar að framlög úr ríkissjóði til lífeyristrygginga hækki um 1000 millj. kr., þar af verði varið 200 millj. kr. til að hækka barnalífeyri í 12 000 kr. á mánuði og 600 millj. kr. til þess að greiða öldruðu fólki og öryrkjum uppbót á tekjutryggingu, og skulu allar lífeyrisgreiðslur síðan breytast í samræmi við vísitölu vöru og þjónustu, eins og segir í tillögunni.

Efni þessara till. varðar tvo þjóðfélagshópa sem sérstaklega stendur á um og báðir hafa sérstöðu meðal skjólstæðinga ríkisstj., hvor með sínum hætti. Annars vegar eru þeir sem njóta þeirra einstæðu forréttinda að hafa miklar tekjur, en greiða litinn eða engan tekjuskatt, og á ég þar við atvinnufyrirtækin í landinu eða eigendur þeirra. Hins vegar eru þeir sem hafa hvað minnstar tekjur af öllum þjóðfélagshópum, þeir sem ekki hafa annað til að lifa af en tekjutrygginguna eina, en þessi hópur hefur farið verr út úr viðskiptum sínum við núv. ríkisstj. en nokkur annar þjóðfélagshópur. Þeir hafa að vísu fengið hækkanir á lífeyrisgreiðslum, hækkanir á tekjum sínum, eins og ýmsir aðrir, en þó ekki hækkanir í neinu samræmi við þær hækkanir á nauðsynjavörum sem orðið hafa á

seinustu 18—20 mánuðum. Og þetta er sá hópurinn sem hafði minnst og mátti við minnstu.

Um fyrri hópinn, svo að ég víki nú nánar að þessum till. tveimur sem eru samtengdar, — um fyrri hópinn er ástæðulaust að fjölyrða. Ég hef leyft mér að flytja sem þáltill. þá till. að tekjuskattur og tekjuskattsreglur félaga og fyrirtækja hvað snertir fyrningar verði tekin til endurskoðunar með það fyrir augum að flýtifyrning verði afnumin svo og fyrningarstuðullinn. Ég hef sýnt fram á það, hvernig hundruð fyrirtækja um allt land, þ. á m. 430 fyrirtæki í Reykjavík, sleppa við að greiða nokkurn tekjuskatt, og fært rök að því, hvers vegna þau sleppa og hverju þurfi að breyta til þess að kippa þessu í lag. Það er erfitt að áætla nákvæmlega hvað breytingar á fyrningarreglum mundu hafa í för með sér mikinn tekjuauka fyrir ríkissjóð. En varlega áætlað hefur mér virst að ekki mundi vera um minni fjárhæð að ræða en 2000 millj. kr. Þar til viðbótar koma svo áhrif af breytingum fyrningarreglna á tekjuskatt einstaklinga. Kannske er þar um aðra eins upphæð að ræða. Ég hef hins vegar aðeins gert hér till. um tekjuskatt félaga, að sú upphæð hækki um 2000 millj. kr., vegna þess að ég hef tekið einmitt það atriði til sérstakrar rannsóknar og þykist vita að ekki muni vera um minni fjárhæð að ræða. Hins vegar hefur alls ekki verið fjallað sérstaklega um áhrif afnáms hinna sérstöku fyrningarívilnana á tekjuskatt einstaklinganna og af þeirri ástæðu er hér ekki gerð tilraun til að setja fram ákveðnar tölur um hvað hækkunin yrði mikil vegna breytinga á fyrningarreglum þeirra einstaklinga sem reka fyrirtæki á eigin reikning. Þetta kemur sem sagt á daginn ef fyrningarákvæðum verður breytt, og yrðu vafalaust full not fyrir þá viðbótarfjárhæð, enda er vitað að ýmsar tölur í fjárl. og í heimildagreinum þeirra eru gervitölur og sýndarheimildir og mun ríkissjóði því vafalaust ekki veita af auknum tekjum.

Um síðari hópinn, lífeyrisþega, er það að segja, að sá sem hafði 18 900 kr. í tekjutryggingu í aprílmánuði 1974 og hafði ekki aðrar tekjur að lifa af, fær í dag 29 200 kr. Það er hámark tekjutryggingar í dag. Hins vegar ættu tekjutryggingar þegar að fá 35—38 þús. kr., eftir því við hvaða vísitölu og hvaða dagsetningu miðað er, því að skýringin á þessu atriði er sú, að þessi upphæð, 18 900 kr., var reidd af höndum 1. apríl 1974, en vísitala vöru og þjónustu var hins vegar mæld 1. febr. og svo aftur ekki fyrr en 1. maí, og því getur verið erfitt að vita nákvæmlega við hvað miða skal. Eins kemur dæmið mismunandi út eftir því við hvaða vísitölu er miðað. En í grófum drættum má segja, að miðað við þær verðlagsbreytingar, sem átt hafa sér stað, er það einhvers staðar á milli 35 og 38 þús. kr. sem lífeyrisþegi ætti að hafa í dag ef hann hefur ekki aðrar tekjur.

Fjöldi tekjutryggingarþega er 8800 einstaklingar og 1250 hjón. Hér er gerð till. um 600 millj. kr. hækkun til þessa hóps, og lauslega áætlað má gera ráð fyrir því að um sé þá að ræða um 60 þús. kr. á einstakling á ári eða 5000 kr. hækkun á mánuði. Það geta áreiðanlega flestir verið sammála um að ekki er ofgert við lífeyrisþega þó að um yrði að ræða hækkun um 5000 kr. til viðbótar þeirri hækkun sem vafalaust felst í till. meiri hl. fjvn. Samanlagt mundi þetta þá leiða til þess að mánaðarlaun tekjutryggingarþega næmu milli 35 og 40 þús. kr. á næsta ári.

Um barnalífeyrinn er það að segja, að hann nemur 8459 kr. á mánuði um þessar mundir, en það er sama upphæð og lágmarksmeðlag nemur. Hins vegar kostar dvöl á barnaheimili um þessar mundir 9 þús. kr. á mánuði og áætlað er að sú fjárhæð hækki í 10 þús. kr. nú um áramótin. Það er í fyrsta sinn nú á síðari hluta þessa árs að barnalífeyrir dugir ekki fyrir dvöl á dagvistunarheimili og dugir þeim mun verr eftir því sem lengra líður. Sá barnafjöldi, sem hér er um að ræða, mun vera um 4200, og ef gert er ráð fyrir að barnalífeyririnn hækki í 12 þús. kr. eða um 3541 kr. á barn á mánuði, þá er um að ræða 170 millj. kr. aukaútgjöld fyrir ríkissjóð á næsta ári, þ. e. um 16 millj. á mánuði. Þessu til viðbótar koma svo einhver útgjöld ríkisins vegna meðlagsgreiðslna sem endanlega lenda á ríkinu, þó að þar sé áreiðanlega um tiltölulega miklu, miklu lægri upphæð að ræða. Ég hef leitað upplýsinga um það hjá Tryggingastofnun ríkisins, hvað gæti hugsanlega verið um mörg börn að ræða í því sambandi. Ekki var hægt að fá nýjustu upplýsingar um það, en viðurkennt hins vegar að þar væri um margfalt minni upphæð að ræða, og því hefur hún verið áætluð 30 millj. eða samtals 200 millj. til að hækka barnalífeyri í 12 þús. kr. á mánuði, en það er sú hækkun sem samsvarar því að barnalífeyrir hækki í hlutfalli við vísitölu vöru og þjónustu frá því í aprílmánuði 1974, sem sagt eins og hann var á síðustu mánuðum vinstri stjórnar.

Ég vil leggja á það áherslu í þessu sambandi, að sá hluti meðlagsgreiðslna, sem fellur á ríkið, er að sjálfsögðu aðeins örlítið brot af meðlagsgreiðslum í þjóðfélaginu í heild, — greiðslum sem ganga milli einstaklinga. Ég vil skjóta því hér inn að barnalífeyrir og þar með meðlagsgreiðslur hafa ekki hækkað í hlutfalli við tekjutrygginguna, heldur hafa þessar upphæðir hækkað í hlutfalli við almennan ellilífeyri, sem eins og menn vita hefur hækkað miklu minna en tekjutryggingin. Þetta hefur haft þær afleiðingar að meðlagsgreiðslur manna á milli í þjóðfélaginu hafa ákaflega lítið hækkað á sama tíma. Sem sagt, afleiðingin er sú, að ríkisvaldið hefur óbein áhrif á fjárhagsleg samskipti þúsunda einstaklinga í þjóðfélaginu, yfirleitt á kostnað þeirra aðila í þessum samskiptum sem minna mega sín, einstæðra foreldra sem hafa með uppeldi og framfærslu barna að gera og verða að láta sér nægja meðlagsgreiðslur sem eru langt undir eðlilegum kostnaði við framfærslu barns.

Ég vil að lokum taka það fram, að þessar till., sem ég hef lagt hér fram, eru vafalaust of hógværar ef litið er á þörfina og ef litið er á þetta sem almennt sanngirnismál. Með því að verja 800 millj. af þessum 1000 millj. til hækkunar á tekjutryggingu og barnalífeyri verður ekki mikið afgangs til hækkunar á almennum ellilíf-

eyri og örorkulífeyri, mæðralaunum, fæðingarstyrk, ekkjubótum og ekkjulífeyri. En þó mundi þar vera um nokkra hækkun að ræða. Hækkunin yrði hins vegar langmest á tekjutryggingunni og barnalífeyrinum. Ég vil sem sagt undirstrika það hér, að sjálfsagt hefði verið sanngjarnast að hækka framlagið til Tryggingastofnunar ríkisins í 1500 millj. eða 2000 millj. En miðað við það, hvað meiri hl. Alþ. er tregur í þessum efnum, að fallast á sanngjarnar hækkanir, þá hefur þótt eðlilegast að hafa nokkurt hóf á þessari hækkunartill. og binda hana við 1000 millj.

Ég vil í þessu sambandi minna á það, að greiðslur almannatrygginga til aldraðra og öryrkja eru smánarlega lágar og til skammar fyrir okkur hina, sem höfum heilsu og aldur til að vinna. Það var fyrsta verk vinstri stjórnarinnar í samræmi við málefnasamning stjórnarflokkanna að hækka þessar greiðslur mjög verulega frá því sem þær höfðu verið í tíð fyrri stjórnar, og get ég nefnt til upprifjunar fyrir menn að þessar greiðslur hækkuðu frá minnst 32% og upp í 104% á fyrsta hálfa ári vinstri stjórnar.

Hér er sem sagt aðeins gerð till. um 1000 millj. kr. hækkun almannatrygginga. Aftur á móti er gerð till. um tekjuöflun sem nemur 2000 millj., og eins líklegt að sú till. hefði í för með sér hækkun sem næmi 3—4 þús. millj. Það er því ljóst að ef fallist yrði á þá stefnu sem fólgin er í þessari tillögugerð, þá gæfist hæstv. fjmrh. gott ráðrúm til þess að falla frá fyrirhugaðri 2% söluskattshækkun sem mun nema 2500 millj. kr.

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi máls míns þakka hv. 9. landsk. þm., Sigurlaugu Bjarnadóttur, fyrir þær góðu og gildu röksemdir, sem hún færði fyrir nauðsyn þess að samþykkja nokkrar till. um byggðamál Vestfjarða sem við hv. þm. Karvel Pálmason höfum flutt, þó að ég samhryggist hv. þm. Sigurlaugu Bjarnadóttur yfir því, að flokkur hennar skuli hafa bannað henni að greiða atkv. með þessum góðu málum.

Það er liðið nokkuð langt á fundartímann og við alþfl.-menn munum ekki tefja þessar umr. með löngu máli. Því mun ég aðeins lýsa í örfáum orðum þeim till., sem ég flyt við 3. umr. fjárl., og benda á í e. t. v. enn færri orðum þær aðrar brtt. sem þm. Alþfl. flytja.

Ég flyt á þskj. 278 ásamt öðrum hv. þm. þrjár brtt.

Fyrsta brtt. er rómv. II, sem ég flyt ásamt hv. þm. Helga F. Seljan. Till. sú er á þá lund að Íslenska bindindisfélagið fái vegna námskeiðahalds fyrir reykingamenn 1 millj. kr. Ég hef ásamt öðrum þm. flutt í Sþ. till. til þál. um samhæfingu starfs til áróðurs gegn tóbaksreykingum og til þess að reyna að beita læknisúrræðum við þá sem þegar hafa orðið neytendur tóbaks. Þessi till. hefur fengið góðar undirtektir hjá hv. allshn. og hefur n. mælt einróma með samþykkt hennar. Þessi till. okkar hv. þm. Helga F. Seljan er flutt í beinu framhaldi og í beinum tengslum við þetta mál, vegna þess að við viljum að ríkissjóður komi þarna nokkuð til móts við starfsemi áhugamannasamtaka, þ. e. a. s. Íslenska bindindisfélagsins, sem hafa unnið mikið og gott starf að þessum málum. Það er Íslenska bindindisfélagið sem hefur haft með höndum reykinganámskeið þau, sem haldin hafa verið á undanförnum þremur árum víðs vegar úti um land. Hefur félagið unnið þetta í algerri sjálfboðavinnu, án nokkurs opinbers styrks, og hefur þessi starfsemi reynst mjög vel.

Nú hafa slík námskeið verið haldin í Reykjavík, á Ísafirði, Keflavík, Selfossi, Hvanneyri, Akureyri, Egilsstöðum, Dalvík, Ólafsfirði, Húsavík og í Laugaskóla. Fyrir liggur beiðni um svipuð námskeið frá Kópaskeri, Skagaströnd, Borgarnesi, Siglufirði, Blönduósi, Höfn í Hornafirði, Neskaupstað, Seyðisfirði og Eskifirði. Forráðamaður þessara námskeiða hefur tjáð mér að Íslenska bindindisfélagið muni ekki geta orðið við þessum beiðnum nema því aðeins að þær hljóti einhvern stuðning af almannafé, en félagið mun hafa sótt um 5 millj. kr. framlag til þessarar starfsemi hjá fjvn., en ekki fengið undirtektir. Á þeim námskeiðum, sem haldin hafa verið, hafa 1555 einstaklingar notið þessarar þjónustu Íslenska bindindisfélagsins. Til þess að gefa nokkra hugmynd um árangur þessara námskeiða á þeim 5 dögum, sem námskeið fyrir reykingamenn hefur staðið, hvert námskeið um sig, hefur árangurinn verið frá 82% og upp í 100%. Þegar langur tími er skoðaður eða sá tími sem Íslenska bindindisfélagið hefur rekið þessa starfsemi hefur árangurinn til langframa af þessum námskeiðum orðið 50—55%.

Ég ætla að láta þetta nægja sem rökstuðning fyrir þessari brtt. minni, en bendi aðeins á að hér er um mikilvægt verkefni að ræða og ekki gert ráð fyrir mjög umtalsverðum framlögum úr ríkissjóði til að styðja við þennan áhugamannahóp, aðeins 1 millj. kr.

Þá flyt ég á sama þskj., þskj. 278, brtt. IV ásamt hv. þm. Karvel Pálmasyni. Till. er á þá lund, að framlag til ferjubryggna verði hækkað um 2 millj. kr. frá því sem er í till. meiri hl. fjvn. og að inn komi 2 millj. kr. framlag til bryggjunnar á Brjánslæk á Barðaströnd, sem er ferjubryggja. Eins og þeir þm. munu vita sem hafa einhvern tíma átt leið um þessar slóðir, leggur flóabáturinn Baldur að þessari bryggju og hefur a. m. k. yfir sumartímann með mikla fólksbílaflutninga þar að gera. Bryggjan er hins vegar orðin mjög úrelt og raunar allt of stutt fyrir þá starfsemi sem þarna fer fram, þannig að flóabáturinn Baldur á oft mjög erfitt með að athafna sig við þessa bryggju. Enn fremur vantar á hana ýmis tæki, svo sem lýsingu o. fl. Þessi till. um sérstakt framlag til þessarar ferjubryggju er flutt í því skyni — ekki að það verði farið að ráðast í umtalsverðar framkvæmdir til að lengja bryggjuna, heldur fremur til þess að farið verði að bæta þarna aðstöðu sem brýn nauðsyn er að fáist bætt.

Þá flyt ég á þessu sama þskj., þskj. 278, V till. ásamt hv. þm. Karvel Pálmasyni, Steingrími Hermannssyni og Sigurlaugu Bjarnadóttur. Till. þessi er við 6. gr. fjárl., þ. e. a. s. við heimildagr., og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ríkisstj. er heimilt að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af snjótroðara fyrir Íþróttabandalag ísfirðinga.“

Á s. l. ári hefur Íþróttabandalag ísfirðinga hafið undirbúning að því að kaupa á staðinn snjótroðara, sem án aðflutningsgjalda og söluskatts mundi kosta um 8.4 millj. kr. Íþróttabandalagið hefur þegar hafið fjársöfnun til kaupa á þessu verkfæri og hefur leitað eftir lánsfjárfyrirgreiðslu í trausti þess að fáist að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af þessu tæki. Fyrir því mun vera fordæmi, að það hafi verið leyft að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt, a. m. k. aðflutningsgjöldin ein, af tæki eins og hér um ræðir.

Þessi snjótroðari, sem Íþróttabandalag ísfirðinga hefur hafið undirbúning að kaupum á, er keyptur í tvennum tilgangi. Í fyrsta lagi er hann keyptur til að auka öryggi í skíðalandi ísfirðinga, en þar hefur Íþróttabandalagið og ísfirðingar með miklu og myndarlegu átaki byggt upp mikið og glæsilegt skíðaland og komið upp góðri aðstöðu. Hins vegar hefur komið í ljós, sem raunar lá öllum í augum uppi, að með tilkomu ýmiss nýs tækjabúnaðar, svo sem eins og skíðalyftu o. fl., eykst mjög slysahætta í skíðalandinu ef snjórinn er ekki vel þjappaður, og hefur orðið töluvert mikið um fótbrot og önnur meiðsli sem hafa hlotist af því að þarna vantar inn í öryggisbúnað skíðalandsins. Til þess að megi draga úr þessari slysahættu, sem er bæði fyrir keppnisfólk og eins áhugafólk um skíði sem þarna kemur saman til skíðaiðkana, ætlar Íþróttabandalagið að ráðast í kaup á þessum snjótroðara, sem eins og ég sagði áðan er alger forsenda fyrir kaupum á að aðflutningsgjöld fáist felld niður. Auk þess að vera öryggistæki við eitt af helstu skíðalöndum íslendinga er þessi snjótroðari þannig gerður að hann á greiðara með að komast um ófærar leiðir heldur en önnur slík tæki, t. d. eins og snjókettir eða snjósleðar, og Íþróttabandalagið mun hafa í hyggju að hægt verði að nota þennan snjótroðara til þess að halda uppi samgöngum að einhverju leyti, e. t. v. í sambandi við slysa- eða öryggismál, — halda uppi samgöngum að vetrarlagi milli Ísafjarðar og nálægra fjarða, en þar eru yfirleitt, eins og hv. þm. er kunnugt, lokaðir allir vegir vetrarmánuðina. Þessi snjótroðari mun henta vel til slíkra hluta, mun betur en bæði snjóbílar og snjósleðar.

A þskj. 275 flytja þm. Alþfl. nokkrar brtt. sem ég vil aðeins lýsa í örfáum orðum.

Fyrsta brtt. á þessu þskj. er frá hv. þm. Benedikt Gröndal og Jóni Árm. Héðinssyni. Till. fjallar um það, að varið verði 15 millj. kr. til sérstakrar frétta- og upplýsingaþjónustu í sambandi við útfærslu landhelginnar og baráttu við landhelgisbrjóta. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um nauðsyn þess að auka upplýsingastreymið frá Íslandi til annarra landa og frá atburðunum, sem verða á miðunum við Ísland, til þjóðarinnar sjálfrar. Hefur komið glögglega í ljós að þarna skortir töluvert á að vel sé. M. a. hafa forráðamenn okkar erlendis, sendiherrar Íslands, t. d. sendiherra Íslands í London og hæstv. utanrrh., látið í ljós þá skoðun að betur megi gera en gert er til þess að tryggja góða og öfluga upplýsingaþjónustu sem segi fréttir og veiti upplýsingar er skýri okkar afstöðu, stefnu og stöðu í landhelgismálinu. Ég held að það sé bráðnauðsynlegt að auka athafnir landhelgisgæslunnar og ríkisvaldsins á þessu sviði. Í þeim tilgangi er þessi till. flutt, að 15 millj. kr. verði varið til sérstakrar frétta- og upplýsingaþjónustu í sambandi við útfærslu landhelginnar. Þegar nauðsyn þessa máls er skoðuð fer ekki hjá því að þessi upphæð, þó há virðist vera í tölum talið, er ekki ýkjahá.

Í öðru lagi er á sama þskj. lögð fram till. frá hv. þm. Jóni Árm. Héðinssyni sem 1. flm. og ég er 2. flm. að þessari till. Till. er um það að varið verði 1 millj. kr. til umferðarfræðslu fyrir aldrað fólk, en eins og komið hefur fram frá umferðaryfirvöldum, einkum og sér í lagi hér í Reykjavík, ber mjög á því að það séu aldraðir vegfarendur sem verði jafnvel fyrst og fremst fyrir slysum í umferðinni. Annars vegar eru í mestri slysahættu í umferðinni, hér í Reykjavík a. m. k., börn. Fyrir þau er ákveðinni umferðarfræðslu haldið uppi, bæði í skólum og á vegum Umferðarráðs. Sá annar hópur fólks af vegfarendum, sem er í mestri slysahættu, er aldraða fólkið. Lítið sem ekkert er gert til þess að fræða það um umferðarmál. Því er þessi till. flutt, að 1 millj. kr. verði varið í því skyni.

Þá flytjum við hv. þm. Benedikt Gröndal till. á þessu sama þskj., III, þess efnis að framlög til ýmissa stofnana og þjónustufyrirtækja, er annast félagslega þjónustu, verði hækkuð nokkuð. Hér er um að ræða stofnanir eins og barnaheimilið Sólheima í Grímsnesi, fávitahælið í Skálatúni, Geðverndarfélag Íslands, Tjaldanesheimilið, Sjálfsbjörg, Styrktarfélag vangefinna, Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, Neytendasamtökin, Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra og Foreldrafélag fjölfatlaðra barna. Hér er ekki um háar upphæðir að ræða sem við leggjum til að varið verði til þessara félagasamtaka og stofnana, en það eru ekki heldur háar upphæðir sem hv. fjvn. gerir ráð fyrir að til þeirra sé varið. Í fjárl., sem nema alls 60 þús. millj. kr., getur það ekki talist há upphæð að verja t. d. 300 þús. kr. í styrkveitingu til barnaheimilisins Sólheima, 300 þús. kr. í styrkveitingu til fávitahælisins í Skálatúni, 100 þús. kr. til styrkveitingar við Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra, og svo má lengi telja. Ég held að það sé varla vansalaust fyrir Alþingi íslendinga að afgreiða til þessara félaga og stofnana öllu minni fjárhæðir til styrkveitinga en við hv. þm. Benedikt Gröndal leggjum til á þskj. 275 að gert verði.

Þá flyt ég enn fremur ásamt hv. þm. Benedikt Gröndal brtt. á þessu sama þskj., IV, við 6. gr. frv., þ. e. a. s. við heimildaákvæði. Till. þessar eru sex.

Í fyrsta lagi leggjum við til, að ríkisstj. verði heimilað að fengnu samþykki fjvn. að lækka um allt að 10% liðina önnur rekstrargjöld hjá aðilum sem fjárlög fjalla um. Þessa heimild teljum við eðlilegt að veita ríkisstj. og vísum til þess að slíka heimild hefur ríkisstj. áður fengið. Mun það hafa verið hæstv. fyrrv. fjmrh. sem þá heimild fékk. Við teljum eðlilegt að reynt sé að beita aðhaldi, ekki aðeins í sambandi við framkvæmdir á vegum hins opinbera, heldur einnig varðandi önnur rekstrargjöld, og sjálfsagt sé að Alþ. veiti ríkisstj. heimild til slíks sparnaðar sem hér um ræðir.

Í öðru lagi leggjum við til, að ríkisstj. verði heimilað að ákveða hærra birtingargjald fyrir auglýsingar í sjónvarpi ef þær hafa að meginstofni til verið framleiddar erlendis.

Í þriðja lagi leggjum við til, að ríkisstj. verði heimilað að afla lánsfjár til þess að búa a. m. k. alla áætlunarflugvelli á landinu þeim tækjum sem atvinnuflugmenn telja nauðsynleg fyrir öryggi farþegaflugs. Ég vil í þessu sambandi vekja sérstaka athygli á ummælum flugmálastjóra, sem eftir honum hafa verið höfð í dagblöðum og öðrum fjölmiðlum nýlega, þar sem hann varar mjög eindregið við ástandi öryggismála á áætlunarflugvöllum landsins og hefur jafnvel haft við orð að ef ekki komi til mjög skjótra úrbóta í þeim efnum, þá kunni svo að fara að það verði að loka fyrir flug til þessara áætlunarflugvalla.

Fjórða till. um viðbót við heimildaákvæði, sem við flytjum, er að greiða skuli 1‰ af rekstrarhagnaði ÁTVR í sérstakan sjóð til að vinna gegn áfengisbölinu með nútíma áróðurstækni undir stjórn þriggja manna er ríkisstj. velur. Hér er um að ræða svipað fyrirkomulag og gildir um áróður gegn tóbaksreykingum og gilt hefur, að mig minnir, frá árinu 1973. Upphæð sú, sem hér um ræðir, mun vera 5.9 millj. kr., en það er svipuð upphæð og samstarfsnefnd gegn reykingum hafði til ráðstöfunar í þessu skyni á s. l. ári.

Þá er fimmta till. sem er á þá lund að heimila Ríkisútvarpinu að taka upp í fjáröflunarskyni hljóðvarps- eða sjónvarpsbingó samkv. reglugerð er menntmrn. setur. Í þessu sambandi vil ég vekja sérstaka athygli á því, að hér er ekki um nýtt mál að ræða. Sjónvarpsbingó hefur verið framkvæmt í sjónvarpinu, að vísu í auglýsingatíma þess, í fjáröflunarskyni fyrir ákveðin félagssamtök. Hér er um að ræða svipaða fjáröflunaraðferð og tíðkast víða erlendis. Í þriðja lagi er hér um að ræða mál, sem hefur m. a. verið rætt innan sjónvarpsins sjálfs og er töluverður áhugi hjá aðilum þar að upp verði tekið. Þar sem hér er um að ræða framkvæmd sem gæti aukið mjög tekjur Ríkisútvarpsins, án þess þó að ný skattgjöld í einu eða öðru formi væru lögð á almenning í landinu eða notendur útvarps, þá teljum við flm. sjálfsagt að veita ríkisstj. heimild til að láta framkvæma þetta, en við nánari athugun kynni að koma í ljós að hér væri um mál að ræða sem mundi geta haft eitthvað gott í för með sér fyrir aðstöðu Ríkisútvarpsins.

Í sjötta og síðasta lagi leggjum við svo til, að ríkisstj. verði heimilað að sameina heimildir fjárveitingar og styrki ríkisstofnana til kvikmyndagerðar undir eina stjórn til að tryggja sem hagkvæmasta notkun fjármuna, og vinni slík stjórn að tillögugerð um íslenska kvikmynda stofnun.

Herra forseti. Þá hef ég lokið við að fara örfáum orðum um þær brtt. við frv. til fjárl. sem ýmist ég stend að með öðrum þm. eða þm. Alþfl. að mér undanskildum hafa flutt.

Axel Jónsson: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs vegna brtt. sem ég stend að ásamt allmörgum öðrum hv. þm. og er á þskj. 245. Þessi brtt. varðar heiðurslaun listamanna, ekki varðandi hækkun á liðnum, því að lagt er til að sama upphæð, þ. e. 4.2 millj. kr., verði veitt í þessu skyni og er á fjárl. yfirstandandi árs. Þannig háttar hins vegar til núna, að tveir listamenn, sem nutu þessa heiðurs á yfirstandandi ári, hafa látist á árinu, þ. e. a. s. Brynjólfur Jóhannesson leikari og Gunnar Gunnarsson rithöfundur. Af þessum sökum eru skörð þessara heiðursmanna opin í hópi þeirra sem njóta heiðurslauna listamanna samkv. ákvörðun Alþingis.

Það hlutverk hefur verið falið menntmn. beggja hv. þd. að gera till. um menn í þennan heiðursflokk. Menntmn. beggja d. hafa haldið fund í þessu skyni. Á þeim fundi var einn nm., Jón Árm. Héðinsson, fjarverandi. Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til þess að ræða sérstaklega hvernig sá fundur fór fram, að öðru leyti en því, að að lokinni skoðanakönnun, er þar fór fram, er það till. þeirra 13 nm., sem á fundinum voru, þ. e. a. s. auk mín Ingvars Gíslasonar, Ragnars Arnalds, Magnúsar T. Ólafssonar, Sigurlaugar Bjarnadóttur, Eyjólfs K. Jónssonar, Gunnlaugs Finnsonar, Inga Tryggvasonar, Steinþórs Gestssonar, Steingríms Hermannssonar, Ellerts B. Schram, Þorvalds Garðars Kristjánssonar og Svövu Jakobsdóttur, að þeir Snorri Hjartarson rithöfundur og Valur Gíslason leikari bætist í hóp þeirra sem heiðurslauna njóta frá hv. Alþingi.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð fleiri, herra forseti, og legg þessa till. hér fram og vænti þess að hún hljóti stuðning þm.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Varðandi þær umr., sem hér hafa farið fram nú við 3. umr. fjárl., vil ég gjarnan vegna orða hv. 11. landsk. þm. varðandi vinnubrögð í fjvn. og við fjárlagagerðina o^ þeirra orða, sem hann hafði eftir mér, segja að þar var ekki rétt eftir haft það sem ég sagði við 2. umr. fjárl. Að öðru leyti skal ég ekki eyða tíma hv. þm. nú í að gera vinnubrögð við fjárlagagerð að umræðuefni né heldur samanburð. Þar væri hægt að finna fjöldamörg dæmi frá fyrri tíð, í þann tíð sem hv. 11. landsk. þm. gegndi formennsku í fjvn. Þau dæmi stæðust nú ekki gagnrýni ef þau væru skoðuð, en ég sé ekki ástæðu til þess að fara út í slíkar umr. hér.

Hv. 5. landsk. þm. vék að mér fsp. varðandi lántökuheimild til Lánasjóðs ísl. námsmanna. Ég vil út af því segja þetta: Það er ekki ljóst í dag hvar Lánasjóðnum verður útvegað fjármagn, en ríkisstj. mun að sjálfsögðu standa við þá yfirlýsingu sem hún gaf fyrr á þessu hausti varðandi lánamál námsmanna.

Upphafleg tekjuáætlun fjárlagafrv. var í aðalatriðum miðuð við kaup og verðlag eins og það var í okt. s. l., til samræmis við áætlunargrundvöll gjaldahliðar frv. Meginforsenda um magnbreytingar veltustærða á árinu 1976 var sú, að almenn þjóðarútgjöld yrðu sem næst óbreytt að magni frá því sem spáð var fyrir árið í ár. Tekjuáætlun frv. hefur nú verið endurskoðuð með tilliti til betri vitneskju um líðandi ár,

auk þess sem nú er miðað við verðlag og kauplag í des. Forsendur um magnbreytingar veltustærða eru nánast óbreyttar frá frv., enda eru þær í aðalatriðum svipaðar og niðurstaða síðustu þjóðhagsspár fyrir næsta ár sem þm. hafa haft tækifæri til að kynna sér.

Af helstu niðurstöðum þjóðhagsspárinnar má nefna:

Að vænta megi ½—1% aukningar þjóðarframleiðslu á næsta ári og viðskiptakjör gætu batnað lítils háttar, þannig að þjóðartekjur ykjust um nálægt 1%. Þessi framleiðsluaukning er minni en nemur náttúrlegri fjölgun fólks á vinnumarkaði og því getur dregið úr eftirspurn eftir vinnuafli, þó ekki svo að til atvinnuleysis ætti að koma.

Að þjóðarútgjöld dragist saman um 3—4% á næsta ári, en 1—2% sé sérstakri fjármunamyndun og birgðabreytingum sleppt. Einkaneysla og samneysla haldist óbreytt, m. a. með tilliti til útgjalda fjárlagafrv., en fjármunamyndun minnki um 9—10%.

Að viðskiptajöfnuður við útlönd verði mun minni en í ár, bæði í beinum tölum og í hlutfalli við þjóðarframleiðslu.

Að dregið geti verulega úr verðhækkunum innanlands á árinu, en meginforsenda þess eru hófsamir kjarasamningar.

Gangi þessar spár eftir má telja það viðunandi árangur í þeirri viðleitni að minnka verulega viðskiptahallann við útlönd, draga úr verðbólgu, en tryggja jafnframt fulla atvinnu.

Við gerð tekjuáætlunar fjárlagafrv. var í aðalatriðum stuðst við innheimtureynslu fyrstu 8 mánuði ársins 1975, og voru tekjur ríkissjóðs í ár þá áætlaðar 49 milljarðar 721 millj. kr. Þar af voru markaðar tekjur 6 milljarðar 544 millj. kr. og almennar tekjur 43 milljarðar 176 millj. kr. Þessi áætlun hefur nú verið endurskoðuð með tilliti til innheimtureynslu til októberloka og vísbendinga um innheimtar tekjur í nóv., og er heildarniðurstaðan nær hin sama og áður eða 49 milljarðar 821 millj. kr. Markaðar tekjur eru þó áætlaðar heldur minni nú en áður eða 6 milljarðar 283 millj. kr. Endurskoðun tekjuáætlunar frv. er reist á þessari nýju áætlun fyrir árið í ár, auk þess sem miðað er við verðlag og kauplag í des.

Niðurstaða endurskoðunar tekjuhliðar frv. fyrir 1976 að mati Þjóðhagsstofnunar felur í sér nær 1500 millj. kr. hækkun almennra tekna frá upphaflegu frv. Frá þessu þarf að draga 520 millj. kr. vegna aukinnar hlutdeildar sveitarfélaga í söluskatti, en til viðbótar koma 2 milljarðar og 200 millj. kr. vegna allra áhrifa framlengingar hins sérstaka tímabundna vörugjalds. Samtals hækka þannig almennar tekjur ríkissjóðs um 3 milljarða 150 millj. kr. frá upphaflegri tekjuáætlun frv., en markaðar tekjur lækka um 220 millj. kr., fyrst og fremst vegna minni tekna Vegagerðarinnar. Samkv. þessum áætlunum verða heildartekjur ríkissjóðs á árinu 1976 um 60 milljarða 300 millj. kr., sem er um 27% hækkun frá fjárl. 1975, en um 21% hækkun frá áætlaðri útkomu ársins í ár.

Forsendur um tekjuskatt einstaklinga eru hinar sömu og voru í upphaflegri áætlun frv., enda er tekjubreyting milli áranna 1974 og 1975 nú áætluð nær hin sama og búist var við í sumar og ákvæði um skattvísitölu eru óbreytt, þ. e. a. s. að hún hækki um 25% eða til jafns við tekjur. Áætlun um eignarskatt er einnig óbreytt frá frv., þar sem reiknað er með að hækkun fasteignamats til eignarskatts ásamt þeim breytingum, sem gerðar verði á skattstiga, gefi sömu útkomu og miðað var við í upphaflegri áætlun.

Bein skattbyrði einstaklinga er í ár áætluð 15.3% af tekjum ársins 1974, en yrði á næsta ári samkv. framansögðu tæp 16% af tekjum ársins 1975, eftir því hvernig álagningu útsvars verður háttað á næsta ári, en þá er búið að reikna með áhrifum sérstakrar útsvarsálagningar vegna sjúkratrygginga.

Aðrar breytingar á tekjuáætlun frá upphaflegu frv. en þær, sem hér hafa sérstaklega verið nefndar, eru eingöngu vegna breyttra forsendna um innheimtu í ár frá því, sem áður var, og vegna breyttra verðlags- og launaforsendna, eins og áður sagði. Þannig er t. d. áfram gert ráð fyrir lækkun tolla um næstu áramót í samræmi við samninga við Fríverslunarbandalag Evrópu og Efnahagsbandalagið og gildandi tollskrárlög.

Í ræðu minni við 1. umr. fjárlagafrv. vakti ég athygli á nokkrum atriðum, sem eigi lágu ljós fyrir þegar frv. var samið. Vék ég þar að væntanlegum samningum um skuldir ríkissjóðs vegna Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, fyrirsjáanlegri lántöku ríkissjóðs, verðábyrgð vegna lántöku til að endurlána togaraeigendum og ekki síst að veik fjárhagsstaða ríkissjóðs mundi kalla á auknar endurgreiðslur lána og vaxta á næsta ári.

Í framsögu formanns fjvn. fyrir áliti meiri hl. n. var gerð ítarleg grein fyrir einstökum breytingum á frv. á milli umr. Ég ætla mér aðeins að fara örfáum orðum um helstu atriði þeirra breytinga sem orðið hafa frá því að frv. var fyrst lagt fram.

Gjöld færð á rekstrarreikningi og fjárfestingu hjá A-hluta stofnunum hafa hækkað úr 57 milljörðum og 400 millj. kr. í 58 milljarða og 900 millj. Þessi breyting hefur þó orðið bæði með hækkun og lækkun gjalda. Í fyrsta lagi er hér reiknað með færslu verkefna til sveitarfélaga að fjárhæð um 400 millj. kr. samkv. upphaflegum tölum frv., sem hins vegar að sameiginlegu mati sveitarstjórna og rn. væru réttar metið sem nær 460 millj. kr. Þá hafa gjöld markaðra tekjustofna alls lækkað um 200 millj. frá frv., en hins vegar nemur hækkun á öðrum gjaldaliðum um 2 milljörðum kr., þannig að nettóhækkun er um 1 milljarð og 500 millj. kr. Meginástæður gjaldahækkunarinnar eru eftirtalin atriði:

Til Ríkisábyrgðasjóðs 200 millj. kr. vegna togara, til samræmis við nýjar launa- og verðlagsforsendur 200 millj., stöður áður án heimilda 75 millj., til Byggingarsjóðs verkamanna 120 millj., til niðurgreiðslna 700 millj. og loks vaxtagreiðslur um 500 millj. kr.

Þar sem tekjuhliðin hefur samkv. því, sem

ég sagði áðan, hækkað í 60 milljarða og 300 millj. kr., þegar tillit hefur verið tekið til framlengingar vörugjaldsins og áhrifa endurskoðunar á þjóðhagsforsendum fyrir næsta ár, verða tekjur umfram gjöld um 1 milljarð 500 millj. kr. Hins vegar verður niðurstaða lánahreyfinga nú neikvæð um nálægt 1 milljarð og 100 millj. kr. í stað jákvæðrar niðurstöðu um 200 millj. í frv. Þessa breytingu um 1 milljarð og 300 millj. kr. er einkum að rekja til þess, að almennar afborganir af skuldum ríkissjóðs eru nú áætlaðar um 1 milljarð 150 millj. kr. hærri en áður. Hér vega þyngst afborgun af yfirdráttarskuld við Seðlabankann 600 millj. og greiðslur vegna gengisbóta og annarra skuldbindinga vegna Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins um 420 millj. Þessar síðast töldu greiðslur eru mjög mikilvægar til þess að koma á jafnvægi í ríkisfjármálum og peningamálum landsins á næstu missirum.

Heildarniðurstaðan verður áætlaður greiðsluafgangur um 360 millj. eða um 140 millj. kr. hærri en í frv.

Eins og fram kom hér áðan verður niðurstaðan sú, að heildarútgjöld fjárlagafrv. eru nú áætluð 58 milljarðar 869 millj. kr., sem er um 29—29.5% áætlaðrar þjóðarframleiðslu ársins 1976. Þetta er svipað hlutfall og gert var ráð fyrir í upphaflegri gerð fjárlagafrv., þegar tillit er tekið til aukinnar hlutdeildar sveitarfélaga í söluskatti og samsvarandi tilfærslu gjalda. Í þessu sambandi er einnig rétt að nefna aukin útgjöld sjúkratrygginga og nauðsynlega tekjuöflun vegna þess með álagi á útsvar sem nemur tæplega 0.5% af áætlaðri þjóðarframleiðslu.

Síðustu áætlanir um útgjöld ríkissjóðs og þjóðarframleiðslu í ár benda til þess, að hlutur ríkisútgjalda í þjóðarframleiðslu verði rúmlega 30% í ár. Þetta er nokkru hærra hlutfall en reiknað var með í upphafi ársins, en heldur lægra en á árinu 1974. Með fjárlagafrv. og þeim ráðstöfunum öðrum, sem því eru tengdar, er þannig stefnt að því að auka alls ekki hlut ríkisútgjalda í þjóðarframleiðslu á árinu 1976 frá því sem búast má við í ár.

Tilfærsla verkefna til sveitarfélaga eins og sú, sem nú er gert ráð fyrir, er, þótt ýmsum hafi þótt hún orka tvímælis, hiklaust skref í rétta átt, þ. e. í átt til valddreifingar og beinni verka- og ábyrgðarskiptingar. Það er athyglisvert nú sem fyrr, að þótt ýmsir játi því og fagni raunar í almennum umr. að rétt sé að færa verkefni og tekjur til sveitarfélaga, þá hefur á stundum reynst erfitt að fá sömu menn til að fallast á raunverulega einstaka liði þessarar tilfærslu. Þetta liggur í eðli málsins og er ekki um að sakast.

Það er ásetningur ríkisstj. að auka svo aðhald með rekstri stofnana og ríkisfyrirtækja að tryggt verði eftir mætti að starfað verði innan ramma fjárl. á næsta ári. Að undanförnu hefur verið unnið að því í fjmrn., ríkisbókhaldi og ríkisendurskoðun að semja reglugerðir um skil innheimtumanna á innheimtufé ríkissjóðs og um bókhald ríkisins. Ég hef í dag staðfest reglugerðir í þessum efnum.

Helstu nýmæli reglugerðar um bókhald eru þessi:

1. Tekinn verður í notkun nýr talnalykill bókhalds og fjárlaga til nota hjá öllum ríkisaðilum í A- og B-hluta ríkisreiknings.

2. Greina skal útgjöld í bundin og óbundin. Bundinn hluti gjalda og útgjöld vegna efnislegra fjármuna eru þær fjárráðstafanir sem eigi verður komist hjá ef halda skal viðkomandi starfsemi í lágmarki innan viðkomandi reikningsárs. Óbundinn hluti gjalda og útgjöld vegna efnislegra fjármuna eru þær fjárráðstafanir sem fresta má á reikningsárinu. Tilgangur með aðgreiningu þessari er að skapa aukinn sveigjanleik í fjármálastjórn ríkisins.

3. Öllum ríkisaðilum er skylt að gera áætlun um greiðslustreymi samkv. fjárl. fyrir hvern mánuð reikningsársins. Áætlunargerð þessi á að efla til muna virkt fjárveitingaeftirlit fjmrn., og ber að skila fjmrn. eigi síðar en 20. dag hvers mánaðar reikningstölum liðins mánaðar með samanburði við greiðsluáætlun. Munu nú við lokaafgreiðslu fjárlaga öllum ríkisaðilum send sérstök eyðublöð frá fjmrn. til notkunar við gerð greiðsluáætlunar fyrir árið 1976.

4. Afrit af öllum meiri háttar verksamningum skal skila fjmrn. innan tveggja vikna frá undirritun. Gildir þetta hjá þeim ríkisaðilum, er ákvæði laga nr. 52/1966 ná til.

Reglugerðin um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs kemur í stað reglugerðar um opinber reikningsskil frá árinu 1955. Gerðar eru nú auknar kröfur um uppgjör og styttur er frestur innheimtumanna til að skila yfirlitum um innheimtu. Enn fremur er ákvæði um, að fjmrn. gefi fyrirmæli um hversu oft hinir einstöku innheimtumenn skuli skila innheimtufé í ríkissjóð innan mánaðarins.

Ég hef ákveðið að frá og með næstu áramótum skuli nýskipan tekin upp við greiðslu reikninga og greiðslubeiðna frá rn. hjá ríkisféhirði, á þann veg, að kröfur um greiðslur, er berast til ríkisféhirðis í viku hverri, skulu greiddar í lok næstu viku. Með þessari skipan skapast möguleiki á samtíma bókun og endurskoðun er telja verður mikilvægt skref til aukins aðhalds með útgjöldum stofnana og ríkisfyrirtækja. Jafnframt verði tekin upp tölvuvinnsla á greiðslum úr ríkissjóði og um leið gerður samanburður við greiðsluáætlanir stofnana.

Þá mun Innkaupastofnun ríkisins gert skylt að tilkynna fjmrn. um allar meiri háttar pantanir frá stofnunum og ríkisfyrirtækjum, þannig að rn. geti haldið eftir af fjárveitingum viðkomandi aðila fé til greiðslu á innkaupum hjá Innkaupastofnun ríkisins.

Ég tel tvímælalaust, að með þessum aðgerðum skapist meiri möguleiki á góðri fjármálastjórn ríkisins og ekki burfi að leysa úr fjárhagsvandamáli stofnana og ríkisfyrirtækja eftir að í ógöngur er komið. Með bættri upplýsingamiðlun í ríkiskerfinu má koma í veg fyrir ýmis fjárhagsvandamál í tíma hjá stofnunum og ríkisfyrirtækjum.

Herra forseti. Undir lok þessarar 3. umr. fjárlagafrv. fyrir árið 1976 þykir mér hlýða

að minnast þess fáum orðum, að í ár eru liðin 100 ár frá því að fyrsta fjárlagafrv. var afgreitt frá Alþ. Hinn 24. ágúst 1875 var fjárlagafrv. fyrir fjárhagsárin 1876 og 1877 samþ. frá Alþ. Konungur staðfesti fjárl. 15. okt. 1875. Fjárlögin fyrir árið 1976 marka því aldaskil í fjárlagagerðinni.

Því er ekki að neita að efni fjárlagaumr. er yfirleitt þannig, að ætla mætti að fjmrh. væri svipað innanbrjósts og Páli Ólafssyni þegar hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Á þessum tímamótum mér
mál er við að standa,
umhverfis því augað sér
ekkert nema vanda.“

Vandamál líðandi stundar eru jafnan áleitin við fjárlagaafgreiðsluna. Á hinn bóginn er þessi vandi einmitt sá sem fylgdi vegsemd fjárforræðis fyrir landið. Fyrstu fjárl., sem samþ. voru, voru til tveggja ára, námu 452 þús. kr. og höfðu hækkað í meðförum þingsins um 9.2% eða úr frv.-tölunni 414 þús. kr. Þessi fjárhæð hefur naumast verið hærri hundraðshluti af þjóðarframleiðslunni en 3%, þótt heimildir í þessum efnum séu næsta ótraustar sem nærri má geta. Þegar þessar tölur eru bornar saman við tölurnar fyrir næsta ár, sem ég nefndi áðan, kemur glöggt í ljós, hve mikið vatn hefur til sjávar runnið á þessari öld um farvegi ríkisfjármálanna.

En þótt margt sé breytt er annað samt við sig. Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að ljúka máli mínu með því að vitna til nokkurra orða úr grein prófessors Ólafs Björnssonar fyrrum alþm. um tekjuöflun hins opinbera í riti sem Alþingissögunefnd gaf út árið 1953 um Alþingi og fjárhagsmálin, en þar segir, með leyfi forseta:

„Um það bil er Alþingi fékk löggjafarvald í fjármálum með stjórnarskránni frá 1874 var skattalöggjöf landsins mjög úrelt orðin. Frá því er Alþingi var endurreist árið 1845 höfðu á hverju þingi borist fleiri eða færri bænarskrár úr einstökum héruðum þar sem farið var fram á lagfæringar á skattalöggjöfinni, bæði almennt og í einstökum atriðum, en flestum slíkum bænaskrám var vísað frá með þeim forsendum, að undirbúningur gagngerðra breytinga á skattalöggjöfinni stæði fyrir dyrum og væri rétt að allar meiri háttar breytingar á henni yrðu látnar bíða þar til hin fyrirhugaða allsherjarendurskoðun hefði farið fram. Af endurskoðun þessari varð þó ekki fyrr en árið 1875, að skipuð var þriggja manna n. með konungsúrskurði 29. okt. 1875 til þess að semja ný skattalög fyrir Ísland.“

Það er ekki laust við að sumt af þessu láti kunnuglega í eyrum. En það kann að vera mönnum nokkur hughreysting, að skattanefndin frá því 1875 skilaði 1877 merku áliti sem varð undirstaða mikillar og þarfrar breytingar skattalög fyrir Ísland.“

Ég vil svo að lokum endurtaka þakkir mínar til hv. fjvn. fyrir störf hennar í sambandi við þessa fjárlagaafgreiðslu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 38. fundur.

Laugardaginn 20. des., kl. 9 árdegis.

Kosning þriggja manna í flugráð og jafnmargra varamanna, allra til fjögurra ára, frá 1. jan. 1976 til 31. des. 1979, samkv. 1. gr. laga nr. 119/1950, um stjórn flugmála.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Albert Guðmundsson alþm. (A),
Steingrímur Hermannsson alþm. (A),
Garðar Sigurðsson alþm. (B).

Varamenn:
Guðmundur Guðmundsson slökkviliðsstjóri (A),
Ragnar Karlsson flugvirki (A),
Páll Bergþórsson veðurfræðingur (B).

Kosning sex fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi þingmanna í Norðurlandaráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. þingsályktun frá 15. des. 1961, um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð, sbr. þingsályktun frá 3. des. 1969. um samþykkt á starfsreglum Norðurlandaráðs.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Ragnhildur Helgadóttir alþm. (A),
Jón Skaftason alþm. (A),
Sverrir Hermannsson alþm. (A),
Magnús Kjartansson alþm. (B),
Ásgeir Bjarnason alþm. (A),
Gylfi Þ. Gíslason alþm. (C).

Varamenn:
Axel Jónsson alþm. (A),
Jón Helgason alþm. (A),
Sigurlaug Bjarnadóttir alþm. (A),
Gils Guðmundsson alþm. (B),
Halldór Ásgrímsson alþm. (A),
Eggert G. Þorsteinsson alþm. (C).

Kosning verðlaunanefndar Gjafar Jóns Sigurðssonar til tveggja ára, frá 1. jan. 1976 til 31. des. 1977.

Fram komu tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Þór Vilhjálmsson prófessor (A),
Magnús Már Lárusson prófessor (A),
Gils Guðmundsson alþm. (B).

Kosning þriggja yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna 1975, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 43. gr. stjórnarskrárinnar.

Fram komu tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Halldór Blöndal kennari (A),
Halldór Kristjánsson frá Kirkjubóli (A),
Haraldur Pétursson fyrrv. safnhúsvörður (B).

Fjárlög 1976, frv. (þskj. 203, n. 248, 242, 243, 244, 245, 265, 270, 274, 275, 276, 278, 288, 290). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 243, 1—2 samþ. með 47 shlj. atkv.
— 288, I felld með 39:13 atkv.
— 243, 3 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 242, 1 samþ. með 46:7 atkv.
— 242, 2—3 samþ. með 48 shlj. atkv.
— 270, 1 felld með 37:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LJós, VilbH, MÓ, StJ, StH, SvJ, BGr, EðS, GS, GeirG, GilsG, GÞG, HFS, JÁH, JónasÁ, KP.

nei: LárJ, MB, MÁM, OÓ, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, RH, SigurlB, SV, StG, SvH, TÁ, VH, ÞK, ÞS, ÞÞ, AG, AJ, SvB, EKJ, FÞ, GH, GuðlG, GHG, GTh, GF, HÁ, HES, IT, IngJ, JónÁ, JHelg, JSk, JGS, ÁB.

BrS, EBS, IG greiddu ekki atkv.
4 þm. (PS, RA, SighB, JóhH) fjarstaddir.
Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Hér er um að ræða samningsbundið verkefni á milli ríkisstj. Íslands og Tækniaðstoðar Sameinuðu þjóðanna. Það var undir þann samning skrifað í lok ársins 1974 fyrir hönd íslensku ríkisstj. Við þennan samning verður ekki staðið án tölurvert aukinnar fjárveitingar, og því segi ég já.

Brtt. 274, I felld með 43:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já: SighB, StJ, SvJ, BGr, EðS, GeirG, GilsG, GÞG, HFS, KP, LJós, VilbH, MÓ.

nei: RH, SV, StG, SvH, TÁ, VH, ÞK, ÞS, ÞÞ, AG, AJ, SvB, EBS, EKJ, FÞ, GS, GH, GuðlG, GHG, GTh, GF, HÁ, HES, IT, IngJ, IG, JónÁ, JHelg, JSk, JGS, JónasÁ, LárJ, MB, MÁM, OÓ, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, ÁB.

SigurlB, StH, BrS, JÁH greiddu ekki atkv.
3 þm. (PS, RA, JóhH) fjarstaddir.
Brtt. 242, 4 samþ. með 57 shlj. atkv.
— 278, I. 1 felld með 39:12 atkv.
— 242, 5—8 samþ. með 54 shlj. atkv.
— 243, 4 samþ. með 47 shlj. atkv.
— 242, 9 samþ. með 50 shlj. atkv.
— 243, 5 samþ. með 47:2 atkv.
— 274, II felld með 39:13 atkv.
— 242, 10 samþ. með 52 shlj. atkv.
— 276, I felld með 38:15 atkv.
— 242, 11 samþ. með 55 shlj. atkv.
Brtt. 244, I aðaltill. felld með 39:19 atkv.
— 244, I varatill. felld með 40:18 atkv, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónasÁ, KP, LJós, VilbH, MÓ, RA, SighB, StJ, SvJ, BGr, EðS, BrS, GS, GeirG, GilsG, GÞG, HFS, JÁH.

nei: JGS, LárJ, MB, MÁM, OÓ, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, RH, SigurlB, SV, StH, StG, SvH, TÁ, VH, ÞK, ÞS, ÞÞ, AG, AJ, SvB, EBS, EKJ, FÞ, GH, GuðlG, GHG, GTh, GF, HÁ, HES, IT, IngJ, IG, JónÁ, JHelg, JSk, ÁB.

2 þm. (PS, JóhH) fjarstaddir.
Brtt. 242, 12—14 samþ. með 55 shlj. atkv.
— 278, I. 2 felld með 40:10 atkv.
— 274, III felld með 40:15 atkv.
— 242, 15 samþ. með 55 shlj. atkv.
— 243, 6 samþ. með 51:1 atkv.
— 244, II felld með 40:11 atkv.
— 242, 16 samþ. með 47 shlj. atkv.
— 245 samþ. með 51 shlj. atkv.
— 242, 17—24 samþ. með 57 shlj. atkv.
— 244, III. 1—2 felld með 40:10 atkv.
— 242, 25 samþ. með 57 shlj. atkv.
— 244, III. 3 felld með 40:10 atkv.
— 244, III. 4—5 felld með 44:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EðS, GS, GeirG, GilsG, HFS, JónasÁ, LJós, VilbH, RA, StJ, SvJ.

nei: ÞK, ÞS, ÞÞ, AG, AJ, BGr, BrS, EBS, EKJ, FÞ, GH, GuðlG, GHG, GTh, GF, GÞG, HÁ, HES, IT, IngJ, IG, JónÁ, JHelg, JÁH, JSk, JGS, LárJ, MÓ, MB, MÁM, OÓ, ÓE, ÓlJ, PJ, RH, SighB, SigurlB, SV, StH, StG, SvH, TÁ, VH, ÁB.

SvB, PP greiddu ekki atkv.
3 þm. (JóhH, KP, PS) fjarstaddir.
Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Magnús T. Ólafsson: Herra forseti. Þar sem það hefur aldrei þótt góður siður í sjóhernaði að skjóta af öllum sínum fallbyssum í einu, og það sinni í hverja áttina, þá segi ég nei.

Brtt. 275, I felld með 38:16 atkv.
— 276, II. 1 samb. með 53 shlj. atkv.
— 275, II felld með 40:14 atkv.
— 242, 32—34 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 243, 7—8 samþ. með 43:5 atkv.
— 244, V felld með 40:18 atkv.
— 242, 35—37 samþ. með 57 shlj. atkv.
— 270, 2 felld með 37:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StJ, SvJ, BGr, EðS, BrS, GS, GeirG, GilsG, HFS, JGS, JónasÁ, KP, LJós, VilbH, MÓ, RA, SighB.

nei: SigurlB, SV, StG, SvH, TÁ, VH, ÞK, ÞS, ÞÞ, AG, AJ, SvB, EBS, EKJ, FÞ, GH, GuðlG, GHG, GTh, GF, GÞG, HES, IT, IngJ, IG, JónÁ, JSk, LárJ, MB, MÁM, OÓ, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, RH, ÁB.

StH, HÁ, JHelg, JÁH greiddu ekki atkv.
2 þm. (JóhH, PS) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Þegar svokölluð vinstri stjórn sat að völdum var að ósk alþýðusamtakanna sett upp hag-

ræðingarnefnd til þess að vinna að hagræðingu á málum vinnumarkaðarins. Ég tók þátt í því starfi og taldi stefnt í rétta átt. Því miður dró af störfum þeirrar nefndar. Þegar ég var fjmrh. jók ég við fjárveitingu til þessarar starfsemi og í fjárlagafrv. nú er hún tæpar 6 millj. kr. Ég taldi ekki minni þörf á því að hagræðing væri gerð í versluninni og tel að hagræðingarstarfsemi í verslun sé ekki minna í þágu neytenda heldur en Kaupmannasamtakanna. Ég tel, að það væri því spor aftur á bak að hverfa frá þessu, og mun beita mér fyrir því í ríkisstj. að veruleg hagræðing verði tekin upp í verslun og á því megi byggja ákvörðun um verðlag. Ég segi því nei við þessari till.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Ég er enn sama sinnis og við afgreiðslu fjárl. fyrir árið 1975. Ég lít á verslunarstéttina sem einn sterkasta burðarásinn undir starfsemi þjóðfélagsins sem ég treysti best til þess að standa undir sameiginlegum þörfum þjóðfélagsins, enda sýna álögur þær, sem hingað til hafa verið lagðar á hana, þá stefnu. Ég vona að hún rísi undir því, og ég hef þann metnað fyrir hennar hönd, að hún sé ekki að seilast til fjár úr ríkissjóði, allra síst á jafnerfiðum tímum og nú eru, og segi því já.

Brtt. 243, 9 samþ. með 40:5 atkv.
— 275, III felld með 40:18 atkv.
— 278, II felld með 39:14 atkv.
— 242, 38—40 samþ. með 54 shlj. atkv.
— 290 felld með 41:12 atkv.
— 278, III felld með 40:13 atkv.
— 243, 10 samþ. með 39:5 atkv.
— 274, IV felld með 40:18 atkv.
— 276, II. 2 samþ. með 53 shlj. atkv.
— 242, 41—47 samþ. með 53 shlj. atkv.
— 274, V felld með 40:14 atkv.
— 265 samþ. með 54 shlj. atkv.
— 242, 48 samþ. með 56 shlj. atkv.
— 288, II samþ. með 48 shlj. atkv.
— 278, IV felld með 39:10 atkv.
— 242, 49—58 samþ. með 55 shlj. atkv.
— 288, III felld með 39:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÁH, JónasÁ, KP, LJós, VilbH, MÓ, RA, SighB, StJ, SvJ, BGr, EðS, BrS, GS, GeirG, GilsG, GÞG, HFS.
nei: JónÁ, JHelg, JSk, JGS, LárJ, MB, MÁM, OÓ, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, RH, SigurlB, SV, StH, StG, SvH, TÁ, VH, ÞK, ÞS, ÞÞ, AG, AJ, SvB, EBS, EKJ, FÞ, GH, GuðlG, GTh, GF, HÁ, HES, IT, IngJ, IG, ÁB.
3 þm. (PS, GHG, JóhH) fjarstaddir.
Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Nú á síðustu dögum þingsins hefur ríkissjóður tryggt sér tekjur svo að nemur milljörðum í neysluskattum með því að viðhalda vörugjaldi er gefur ríkissjóði um þrjá milljarða og síðan söluskattsstigum. Það væri því að vonum að það væri vilji á Alþ. að hækka lítils háttar fremur en að skera niður lífeyristryggingar, og því segi ég já.

Brtt. 243, 11.a samþ. með 39:17 atkv.
— 243, 11.b samþ. með 39 shlj. atkv.
— 242, 59 samþ. með 50 shlj. atkv.
— 274, VI felld með 39:8 atkv.
— 242, 60 samþ. með 56 shlj. atkv.
— 243, 12—13 samþ. með 53 shlj. atkv.
— 242, 61—62 samþ. með 50 shlj. atkv.
— 243, 14 samþ. 40 shlj. atkv.
— 274, VII felld með 40:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÁH, JónasÁ, KP, LJós, VilbH, MÓ, RA, SighvB, StJ, SvJ, BGr, EðS, BrS, GS, GeirG, GilsG, GÞG, HFS.
nei: JónÁ, JHelg, JSk, JGS, LárJ, MB, MÁM, OÓ, OE, ÓlJ, PP, PJ, RH, SigurlB, SV, StH, StG, SvH, TÁ, VH, ÞK, ÞS, ÞÞ, AG, AJ, SvB, EBS, EKJ, FÞ, GH, GuðlG, GHG, GTh, GF, HÁ, HES, IT, IngJ, IG, ÁB.
Tveir þm. (JóhH, PS) fjarstaddir.

Brtt. 274, VIII felld með 39:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RA, SighB, StJ, SvJ, BGr, EðS, GS, GeirG, GilsG, GÞG, HFS, JÁH, JónasÁ, KP, LJós, VilbH, MO.
nei: ÓlJ, PP, PJ, RH, SigurlB, SV, StH, StG, SvH, TÁ, VH, ÞK, ÞS, ÞÞ, AG, AJ, SvB, EBS, EKJ, FÞ, GH, GuðlG, GHG, GTh, GF, HÁ, HES, IT, IngJ, IG, JónÁ, JHelg, JGS, LárJ, MB, MÁM, OÓ, ÓE, ÁB.
BrS, JSk greiddu ekki atkv.
2. þm. (PS, JóhH) fjarstaddir.
Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Á undanförnum árum hefur styrkur íslendinga til vanþróaðra þjóða verið svo smár að hann hefur verið okkur til hreinnar vanvirðu. Það er til enn meiri skammar að taka meira frá þeirri stofnun heldur en við leggjum til hennar, á sama tíma og við styrkjum stórveldið Vestur-Þýskaland með 7000 millj. kr. á ársgrundvelli. Ég segi já.

Brtt. 275, IV. 1—4 felld með 39:14 atkv.
— 275, IV. 5 felld með 43:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BGr, BrS, GÞG, JÁH, JGS, KP, SighB.
nei: SvJ, SvH, TÁ, VH, ÞK, ÞS, AG, AJ, EBS, EKJ, FÞ, GS, GeirG, GH, GilsG, GuðlG, GF, HÁ, HES, HFS, IT, IG, JónÁ, JHelg, JSk, JónasÁ, LárJ, LJós, VilbH, MO, MB, MÁM, OÓ, OE, ÓlJ, PP, PJ, RH, SigurlB, StJ, SV, StG, ÁB.
ÞÞ, EðS, GHG, GTh, IngJ, RA, StH greiddu ekki atkv.
3 þm. (SvB, JóhH, PS) fjarstaddir.
6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Með vísan til þeirrar greinargerðar, sem hv. þm. Jón G. Sólnes mun gera, segi ég nei.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Þar sem einkaaðilum hefur þegar verið heimilað að halda bingó í auglýsingatíma Ríkisútvarpsins sjálfum sér eða jafnvel sínum málstað til framdráttar, þá sé ég enga ástæðu til annars en að leyfa þessari stofnun, sem á í miklum fjárhagsörðug-

leikum og verður annars að velta sínum útgjöldum yfir á almenning, að reyna það, ef hún gæti eitthvað létt fyrir sér á þennan hátt. Þessi hugmynd er ekki sprottin upp hér í þessum sal, heldur komin lengra að, frá þeim sem best þekkja til. Ég segi já.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ef þessi till. hefði verið þess efnis að reka ætti ríkissjóð með bingói, þá hefði ég sagt já, en fyrst svo er ekki, þá segi ég nei.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Við lifum í þjóðfélagi þar sem happdrættisspilamennska er ákaflega vinsæl fjáröflunaraðferð. Ef þessi framkvæmd, sem felst í tölulið 5, gæti orðið til þess að útvega ríkissjóði miklar tekjur og jafnvel meira en standa undir sjónvarpinu og sjónverpsrekstrinum og gæti því komið almenningi til góða, og þar sem hér er um mjög vinsæla fjáröflunaraðferð að ræða, þá tel ég þessa till. ákaflega jákvæða og segi því já.

Vilborg Harðardóttir: Herra forseti. Þar sem ég tel að miða eigi við að Ríkisútvarpið sé menningarstofnun, en ekki spilavíti, segi ég nei.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Eg er sammála rökstuðningi hv. þm. Jóns G. Sólnes, en ég sé formgalla á því að samþykkja þessa till. sem brtt. við fjárlög. Hún er þess eðlis, að hún ætti fremur heima í sérstöku lagafrv. Ég bendi hv. flm. á það formsatriði. Þess vegna tel ég mig ekki geta samþykkt þessa till. vegna formgalla. Ég segi nei.

Brtt. 275, IV. 6 felld með 39:14 atkv.
— 276, II. 3 samþ. með 55 shlj. atkv.
— 278, V. felld með 40:11 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RH, SigurlB, SV, StH, StG, SvH, TÁ, VH, ÞK, ÞS, ÞÞ, AG, AJ, SvB, EBS, EKJ, FÞ, GH, GuðlG, GHG, GTh, GF, HÁ, HES, IT, IngJ, IG, JónÁ, JHelg, JSk, JGS, LárJ, MB, MÁM, OÓ, OE, ÓlJ, PP, PJ, ÁB.

SighB, StJ, SvJ, BGr, EðS, BrS, GS, GeirG, GilsG, GÞG, HFS, JÁH, JónasÁ, KP, VilbH, MÓ, RA greiddu ekki atkv.

2 þm. (JóhH, PS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar, að fjárlagafrv. þetta sé ómerkt plagg. Ber til þess margar ástæður, þær helstar að allt er óvíst í launamálum landsmanna, þar eð ósamið er um kaup og kjör nær allra launastétta, og alger óvissa um afkomu flestra atvinnugreina. Þá tel ég að ríkisstj. hafi á líðandi ári sýnt slíka óspilunarsemi í eyðslu að forkastanlegt sé og í hinu nýja fjárlagafrv. sé engin aðhaldssemi sýnd varðandi beina eyðslu, en ósanngjarnar álögur stórlega auknar á almenning og á þá helst sem síst geta undir nýjum álögum staðið. — Á ónýta flík tjóar ekki að setja nýja bót. Í ónýtri flík er ekkert þráðarhald. Vegna þessa hef ég ekki látið mér detta í hug að bera fram nokkrar brtt. við þetta fjárlagafrv. En ég segi eins og Hrafn rauði sagði við Sigurð Orkneyjajarl í lokabardaga Sigurðar, Brjánsorustu: „Ber þú sjálfur fjanda þinn." — Ég greiði ekki atkv.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Þingflokkur Alþfl. telur frv. það til fjárl., sem nú er til lokameðferðar hér á Alþ., vera glöggan vott þess að ríkisstj hefur ekki tekist að móta heilbrigða heildarstefnu í efnahagsmálum þjóðarinnar, sem dregið geti verulega úr verðbólgunni, tryggt atvinnu, bætt lífskjör launafólks og lagt traustan grundvvöll að öruggum rekstri atvinnuveganna. Þingflokkur Alþfl. telur auk þess að þetta frv., sem stjórnarflokkarnir virðast nú ætla að samþykkja, muni reynast pappírsgagn eitt, eins og fjárlög yfirstandandi árs reyndust, þar eð ósamið er um kaup og kjör við svo að segja alla launþega landsins, ómögulegt er að vita hver niðurstaðan verður og allt er því á huldu um hver laun verða á næsta ári. Svo mikil óvissa ríkir jafnvel um afkomu atvinnuveganna, að einnig sú staðreynd gerir margar þær áætlanir, sem fjárlagafrv. er byggt á, mjög vafasamar. Í efnahagsmálum þjóðarinnar ríkir því stjórnleysi og ringulreið. Af þeim sökum hafa þm. Alþfl. ákveðið að láta stjórnarflokkana eina bera ábyrgð á samþykkt þess og sitja hjá við þessa lokaatkvgr. — Ég greiði ekki atkv.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 292).

Þingfrestun.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Þessi fundur er síðasti fundur Alþingis fyrir jólahlé. Í tilefni þess vil ég þakka hæstv. ráðh. og hv. alþm. fyrir ánægjulegt samstarf og umburðarlyndi í minn garð. Bestu þakkir færi ég varaforsetum, skrifurum, skrifstofustjóra og öllu starfsfólki Alþingis. Ég óska hv. alþm. og fjölskyldum þeirra og starfsliði þingsins gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Utanbæjarmönnum óska ég góðrar heimferðar og heimkomu. Það er von mín að við megum öll hittast heil til starfa er Alþingi kemur saman í janúarmánuði n. k.

Lúðvík Jósepsson: Ég vil fyrir hönd okkar alþm. þakka hæstv. forseta fyrir góðar óskir og hlý orð í okkar garð. Ég vil jafnframt þakka honum fyrir gott samstarf við okkur alþm. og fyrir góða og réttláta fundarstjórn. Ég óska hæstv. forseta og fjölskyldu hans gleðilegrar jólahátíðar og góðs og farsæls komandi árs. Ég bið alla alþm. að taka undir óskir mínar til forseta og þakklæti til hans með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Ég þakka hv. 2. þm. Austurl. fyrir góðar óskir í minn garð og hv. alþm. öllum fyrir undirtektir þeirra. Ég óska ykkur öllum gleðilegra jóla.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Forseti Íslands hefur gefið út svohljóðandi bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsrh. umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis, 97. löggjafarþings, frá 20. des. 1975

eða síðar, ef henta þykir, enda verði þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 26. jan. 1976.

Gjört í Reykjavík, 19. des. 1975.

Kristján Eldjárn.

Geir Hallgrímsson.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis.“

Samkv. þessu umboði og með tilvísun til samþykkis Alþingis lýsi ég hér með yfir því, að fundum Alþingis, 97. löggjafarþings, er frestað frá 20. des., og verður þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 26. jan. 1976.

Ég óska hv. alþm. og starfsmönnum þingsins svo og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og góðs og farsæls nýárs.

Sameinað þing, 39. fundur.

Mánudaginn 26. jan., kl. 2 miðdegis.

Framhaldsfundir eftir þingfrestun.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Hinn 9. jan. 1976 var gefið út svo hljóðandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsrh. að Alþ. skuli koma saman til framhaldsfunda mánudaginn 26. jan. 1976, kl. 14.00.

Gjört í Reykjavík, 9. janúar 1976.

Kristján Eldjárn.

Geir Hallgrímsson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda."

Samkvæmt þessu hefjast nú framhaldsfundir Alþingis. Ég býð hæstv. forseta Sþ., hv. alþm. og starfsfólk velkomin til þingstarfa á ný, og óska þeim gleðilegs árs og læt í ljós þá ósk, að störfin á þessu þingi verði landi og lýð til farsældar.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Ég þakka hæstv. iðnrh., sem gegnir nú störfum forsrh., góðar óskir í minn garð og einnig heillaóskir til alþm. og starfsfólks Alþingis. Jafnframt óska ég hæstv. ríkisstj., hv. alþm. og starfsfólki Alþ. gleðilegs nýárs og þakka þeim samstarfið á liðnu ári.

Minnst látins fyrrv. alþingismanns.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Hermann Jónasson fyrrv. forsrh. andaðist í sjúkrahúsi hér í Reykjavík að morgni s. l. fimmtudags, 22. jan., eftir margra ára vanheilsu, 79 ára að aldri.

Hermann Jónasson var fæddur 25. des. 1896 á Syðri-Brekkum í Skagafirði. Foreldrar hans voru Jónas bóndi og trésmiður þar Jónsson bónda í Grundarkoti í Blönduhlíð Jónssonar og kona hans, Pálína Björnsdóttir bónda á Hofstöðum í Skagafirði Péturssonar. Hann stundaði nám í Gagnfræðaskólanum á Akureyri veturna 1914—1917, lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1920 og lögfræðiprófi frá Háskóla Íslands 1924. Fulltrúi bæjarfógetans í Reykjavík var hann árin 1924—1928. Hann kynnti sér lögreglumál á Norðurlöndum og í Þýskalandi vorið 1928 og varð í ársbyrjun 1929 lögreglustjóri í Reykjavík, gegndi því embætti þar til hann var skipaður forsrh. 28. júlí 1934 og jafnframt dóms- og kirkjumrh., en fór auk þess með landbúnaðarmál. Sat hið fyrsta ráðuneyti Hermanns Jónassonar að völdum til 18. nóv. 1941, en ýmsar breytingar urðu á skipan ráðherraembætta á því tímabili. Sama dag, hinn 18. nóv., varð Hermann Jónasson forsrh. og jafnframt dóms- og landbrh. í nýju ráðuneyti sem gegndi störfum til 16. maí 1942. Gerðist hann þá lögfræðilegur ráðunautur Búnaðarbanka Íslands og hafði það starf með höndum til 1960, að undanskildum þeim tímabilum, sem hann var ráðh. Hæstaréttarlögmaður varð hann 1945. Frá 14. mars 1950 til 11. sept. 1953 var hann hann landbrh. í ráðuneyti Steingríms Steinþórssonar. Hinn 24. júlí 1956 myndaði hann hið þriðja ráðuneyti sitt, var forsrh. og jafnframt landb.- og dómsmrh. til 23. des. 1958.

Hermann Jónasson var skipaður í landskjörstjórn árið 1930, kosinn 1942 í stjórnarskrárnefnd og 1943 í milliþinganefnd til undirbúnings verklegra framkvæmda. Í bankaráði Búnaðarbanka Íslands var hann frá 1943—1972 og formaður þess 1943—1960. Hann átti sæti í skilnaðarnefnd 1944, í Þingvallanefnd 1946—1968, í fjárhagsráði 1947—1950 og í sölunefnd varnarliðseigna 1953—1972. Í togaranefnd var hann kosinn 1954 og í atvinnumálanefnd 1955. Á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna sat hann árin 1947, 1948 og 1955, var fulltrúi Íslands á Ráðgjafarþingi Evrópuráðsins 1950—1967 og átti sæti í mannréttindanefnd Evrópuráðsins 1954—1957.

Hermann Jónasson var gæddur miklu andlegu og líkamlegu atgervi. Skólanám sóttist honum með ágætum og hann lagði stund á líkamsrækt lengst af ævi sinnar, var karlmenni að burðum, drengilegur og sigursæll glímukappi og var glímukóngur Íslands árið 1921. Stjórnmálaafskipti hóf hann að marki árið 1930 er hann var kjörinn í bæjarstjórn Reykjavíkur. Aftur var hann kjörinn bæjarfulltrúi í Reykjavík árið 1934. En það ár varð honum tími stórra sigra og mikils frama. Við alþingiskosningarnar þá um vorið háði hann kosningabaráttu við vinsælan og mikilhæfan stjórnmálaforingja og hlaut sigur. Að þeim kosningum loknum var honum falin myndun ríkisstjórnar. Er hann eini íslendingurinn, sem hefur hafið þingferil sinni í sæti forsrh., og jafnframt yngstur þeirra manna, sem tekið hafa að sér forsæti í ríkisstj. hér á landi. Hlutskipti þeirrar ríkisstj. var örðugt á tímum heimskreppu og sölutregðu á íslenskum afurðum. Þó að vissulega hafi verið deilt hart um stefnu og störf fyrstu ríkisstj. Hermanns Jónassonar má fullyrða, að stjórnað hafi verið með festu og komist hjá stórum áföllum á erfiðum tímum. Hörð átök um lausn vinnudeilu leiddu af sér ráðherraskipti á árinu 1938, og vegna yfirvofandi heimsstyrjaldar tókst samkomulag um fjölgun ráðherra og myndun þjóðstjórnar 17. apríl 1939. Á þeim örlagaríku tímum auðnaðist Hermanni Jónassyni að synja erlendu hervaldi, Þýskalandi, um flugréttindi hér á landi og hafa forustu um ákvarðanir um æðstu stjórn landsins vegna hernáms Danmerkur 9. apríl 1940 og viðbrögð við komu hernámsliðs breta til Íslands 10. maí 1940.

Hermann Jónasson var þingmaður strandamanna 25 ár samfleytt, árin 1934—1959, og síðan þingmaður Vestfjarðakjördæmis 1959—1967, sat á 40 þingum alls. Ráðherradómur hans stóð samtals rúmlega 14 ár. Hann átti frumkvæði eða atbeina að margvíslegri löggjöf sem markaði djúp spor. Fyrsta ráðuneyti hans beitti sér fyrir löggjöf um afurðasölu landbúnaðarvara, nýbýli og samvinnubyggðir, alþýðutryggingar og skipulag á sölu íslenskra afurða á erlendum mörkuðum. Á þessu tímabili hafði hann forustu um setningu nýrrar löggjafar um ýmis réttarfarsmál og samþykkt nýrra iðróttalaga. Útfærsla fisk-

veiðilögsögunnar var eitt þeirra stórmála sem hann átti ríkan þátt í að koma til framkvæmda á síðari ríkisstjórnarárum sínum.

Hermann Jónasson var mikilhæfur forustumaður í íslenskum stjórnmálum um langt skeið. Hann var forvígismaður í flokki sínum frá upphafi þingferils síns. Formaður Framsfl. var hann 1944—1962, en lét þá af formennsku að eigin ósk. Hann var skörulegur þjóðarleiðtogi, drengilegur í viðskiptum, rökfimur í málflutningi, varkár í athöfnum á örlagastundum, en fylgdi teknum ákvörðunum fram með festu og djörfung. Hann var ágætlega hagmæltur og átti sér ýmis hugðarefni auk þjóðmálastarfsins. Skógrækt var meðal helstu áhugamála hans og hann var mikilvirkur skógræktarmaður. Fyrir aldur fram lagðist á hann erfiður sjúkleiki sem hann átti við að stríða árum saman og bar með karlmennsku og æðruleysi. Við fráfall hans á íslenska þjóðin á bak að sjá einum mikilhæfasta stjórnmálaforingja sínum á þessari öld.

Ég vil biðja hv. alþm. að minnast Hermanns Jónassonar með því að rísa úr sætum. — [Þm. risu úr sætum.]

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 26. jan. 1976.

Lúðvík Jósepsson, 2. þm. Austurl., form. þingflokks Alþb., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem Stefán Jónsson, 5. þm. Norðurl. e., dvelst nú erlendis í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér skv. beiðni hans og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþb. í Norðurlandi e., Soffía Guðmundsdóttir húsfrú á Akureyri, taki sæti á Alþ. í fjarveru hans."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Eggert G. Þorsteinsson,
forseti efri deildar."

Soffía Guðmundsdóttir hefur áður setið á þingi á þessu kjörtímabili og þarf því ekki að rannsaka kjörbréf hennar. Býð ég hana velkomna til starfa.

Sjónvarp á sveitabæi, þáltill. (þskj. 138). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Könnun á vissum þáttum heilbrigðisþjónustunnar, þáltill. (þskj. 164). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Hönnun bygginga á vegum ríkisins, þáltill. (þskj. 178). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fæðingarorlof bændakvenna, þáltill. (þskj. 200). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Stofnlánasjóður vegna stórra atvinnubifreiða, þáltill. (þskj. 228). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Jarðskjálftar í Þingeyjarsýslum.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Frá því að við vorum hér samankomin síðast, 20. des. s. l., hafa gerst stórviðburðir. Laugardaginn 20. des. hófst eldgos í Leirhnúk í Suður-Þingeyjarsýslu, en samfara eldgosinu voru jarðskjálftar miklir alltaf annað slagið og er þeirra vart enn þá, en þeir reyndust mestir þriðjudaginn 13. jan. s. l. Fundust þeir þá mjög víða og hafa valdið miklum skaða. Á Kópaskeri í Presthólahreppi voru 130 íbúar og þótti öruggast að flytja flesta þeirra burtu þegar verst lét og hafa þeir ekki allir komið aftur, enda mikil eyðilegging á staðnum. Vatnsleiðslan varð meira og minna ónýt. Rafmagnslaust og símasambandslaust var um skeið. Hafnarmannvirki staðarins sundurklofin og sprungin. Mörg íbúðarhús eru sprungin og sum ónýt og allt innanhúss meira og minna eyðilagt. Í Núpasveit, Öxarfirði og Kelduhverfi hafa einnig orðið allmiklar skemmdir á mannvirkjum, íbúðarhúsum og öllu því er þeim fylgir, peningshúsum, ræktun, jarðvegi og fleiru.

Jarðskjálftar þessir hafa valdið verulegum óþægindum og eyðileggingu á allstóru svæði. Hundruð manna hafa orðið að þola meiri eða minni óþægindi vegna jarðskjálftanna. Málefni þessa fólks hafa þegar verið rædd í ríkisstj. og sjálfsagt mun Alþ. nú sem jafnan áður undir svipuðum kringumstæðum taka með fullum skilningi, samhug og stórhug á vandamálum þessum, svo að öllum þeim, sem eiga í erfiðleikum vegna jarðskjálftanna, megi auðnast að búa um sig á nýjan leik, treysta heimili sín þegar náttúruhamförum linnir, sem við vonum og óskum að megi verða sem allra fyrst.

Það er skammt stórra högga á milli. Það eru þrjú ár liðin síðan eldgos hófst í Vestmannaeyjum og rúmt ár síðan snjóflóð og manntjón af þess völdum varð í Neskaupstað. Auk þess hefur á sama tímabili orðið vart mikilla jarðskjálfta bæði í Borgarfirði og á Reykjanesi.

Við lifum í landi eldfjalla og ísa og getum því búist við að þessi gamalkunnu, kraftmiklu náttúruöfl minni á sig alltaf annað slagið. Íslenska þjóðin hefur jafnan sýnt þrautseigju og festu þegar á hefur bjátað, og hún hefur mætt hverri raun með dugnaði og samstilltum vilja til að leysa þann vanda sem hún stendur frammi fyrir, og ekki efast ég um að svo muni einnig verða að þessu sinni.

Það er ósk mín og von að alþm. megi nú sem jafnan áður auðnast að standa saman þegar leysa ber vandamál þau sem ég hef minnst hér á.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess að þakka hæstv. forseta Alþ. fyrir að minnast þeirra erfiðleika og þess tjóns sem ýmsar byggðir Þingeyjarsýslna hafa orðið fyrir. Eins og fram kom hjá hæstv. forseta Alþ. hefur þetta tjón fyrst og fremst orðið í Norður-Þingeyjarsýslu og á þeim stöðum sem hæstv. forseti nefndi. Ég held að ég megi fullyrða það, að orð hæstv. forseta munu vekja bæði von og traust meðal fólksins á tjónasvæðunum, og þau verða áreiðanlega skoðuð sem tákn um samkennd þings og þjóðar með þessu fólki, sem á í umtalsverðum erfiðleikum.

Eins og hv. þm. og raunar landsmönnum öllum er kunnugt, þá er ljóst að tjón af jarðskjálftum í Norður-Þingeyjarsýslu er verulegt og að það kemur víða við. Þetta tjón snertir fyrst og fremst margs konar byggingar og önnur mannvirki, þ. á m. opinber mannvirki, bæði hafnarmannvirki og vegi og kannske fleira. Og samansafnað tjón einstaklinga er mjög tilfinnanlegt. En það er lán í óláni að ekki hafa orðið slys á mönnum. Enn verður ekkert um það sagt, hversu upphæðin er há af því tjóni sem bæta má fébótum. Heimamenn vinna að sjálfsögðu að því að meta tjónið og færa þá hluti í lag sem brýnastir eru og við verður ráðið fjárhagslega og tæknilega, eins og á stendur. En hitt er augljóst, að skaði norður-þingeyinga hefur orðið meiri en svo, að þeir geti risið óstuddir undir honum. Mér er kunnugt um, að hæstv. ríkisstj. hefur fjallað um vanda norður-þingeyinga og haft góð orð um að koma myndarlega til liðs við uppbyggingarstarfið þar nyrðra. Þó að mér sé þetta að vísu nokkuð kunnugt, þá tel ég ástæðu til að spyrjast fyrir um það hjá hæstv. félmrh. í forföllum forsrh., hvað líði aðgerðum ríkisstj. í sambandi við þessi mál, þ. e. a. s. hvað hæstv. ríkisstj. hyggst fyrir um það, að norður-þingeyingar fái jarðskjálftatjónið bætt.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Þar sem náttúruhamfarir í Axarfjarðarhéraði og grennd hefur borið hér á góma, vil ég af því tilefni segja örfá orð hér á hinu háa Alþ. um það alvörumál.

Ég vil þá fyrst þakka hæstv. forseta fyrir hans orð um þetta hér á undan. Ég fór um þetta svæði fyrir skömmu ásamt Halldóri Blöndal varaþm. Við skoðuðum verksummerki og ræddum viðhorf fólksins heima fyrir gagnvart þessum hamförum náttúrunnar og afleiðingum þeirra. Ég get tekið undir með hv. þm. Ingvari Gíslasyni, 1. þm. Norðurl. e. Hér hafa orðið hrikalegar náttúruhamfarir, hrikalegri en margir ef til vill gerðu sér grein fyrir, og mikið og raunar ófyrirsjáanlegt eignatjón sem okkur samborgurum íbúa þessa svæðis er rétt og skylt að bæta svo sem gert hefur verið við hliðstæðar kringumstæður.

Kópasker, sem einna verst hefur orðið úti í jarðskjálftunum, svo sem kunnugt er, er ekki stórt þorp, en þó er það mikilvæg þjónustumiðstöð fyrir landbúnaðarhéraðið í Axarfirði og vaxtarbroddur byggðar á svæðinu frá Melrakkasléttu að Tjörnesi. Skjót endurreisn Kópaskers er því ekki einungis mikilvæg fyrir íbúa staðarins sjálfs, heldur fyrir alla þróun byggðar á umræddu svæði.

Ég legg áherslu á að mikilvæg forsenda endurreisnar Kópaskers eftir náttúruhamfarirnar byggist ekki síst á því að tryggja bættar samgöngur við staðinn svo og nágrannasveitir, Núpasveit, Öxarfjarðarhrepp og Kelduhverfi. Enn fremur er þörf á skjótri aðstoð bæði hins opinbera og einkaaðila til þess að endurnýja brýnustu heimilismuni fólks og lagfæra íbúðarhús til bráðabirgða. Þá verður að undirbúa endurreisn mannvirkja sveitarfélagsins, svo sem bryggju, vatnsveitu, holræsa, og koma upp vararaforkustöð fyrir þorpið. Í því sambandi er rétt að undirstrika að hefðu slíkar náttúruhamfarir átt sér stað samtímis raforkuskorti, eins og oft átti sér stað s. l. vetur, hefði ólýsanlegt hættuástand skapast á Kópaskeri eftir jarðskjálftann mikla og á undanförnum vikum.

Sú áhersla, sem ég legg á bættar samgöngur við þau byggðarlög sem harðast hafa orðið úti í jarðskjálftunum, stafar ekki síst af því, að ég varð þess var að samgöngur voru ekki tryggðar betur en svo við jarðskjálftasvæðið á Kópaskeri, að þar fyrirfannst ekki tæki til þess að ryðja snjó af vegum. Slíka þjónustu þarf að fá frá Húsavík eða Raufarhöfn því lífsspursmál getur verið fyrir Kópaskersbúa að komast um næsta nágrenni sitt í hvaða veðri sem er ef hættu ber að höndum. Þá mætti benda á að brýn þörf er á að fá þegar í stað færanleg ljós á flugvöllinn á Kópaskeri, þannig að hægt sé að fljúga þangað hvenær sem er sólarhrings, en nú er örðugt að fljúga þangað í myrkri. Ástandið í samgöngumálum bæjanna að Skógum í Öxarfjarðarhreppi var einnig þannig að verulegt sig hafði þar komið í veginn og snjór safnast þar í svo að ófært mátti heita á þessa bæi, en eins og kunnugt er af fréttum hafa bændur á þessum bæjum barist við ólýsanleg vandamál af völdum jarðskjálftanna. Augljóst er að algjört grundvallaratriði fyrir þá og ég vil segja mannréttindamál er að skjótt sé brugðið við um að tryggja þeim samgöngur a. m. k. um næsta nágrenni sitt, og sama má segja um allt jarðskjálftasvæðið.

Augljóst er af þeim dæmum, sem ég hef rakið hér að framan, að algjört grundvallarskilyrði þess að hjálpa fólki á jarðskjálftasvæðunum til þess að glíma við náttúruhamfarirnar og enduruppbyggingu að þeim loknum er að tryggja samgöngur við svæðið og veita íbúum þess traust á opinbera þjónustu og fyrirgreiðslu. Gífurlegar vegaskemmdir hafa orðið á þessu svæði vegna sprungna, jarðsigs, misgengis og brúarskemmda. Vafalaust koma þessar skemmdir enn betur í ljós þegar vorar og frost fer úr jörðu. Þá þarf að vera vel á verði af hálfu Vegagerðar ríkisins ef ekki eiga að hljótast slys af. Ég vil taka það fram, að ég hef þegar rætt framangreindar ábendingar við Vegagerð ríkisins. Vegagerðin hefur þegar gert ráðstafanir til aukinnar þjónustu við jarðskjálftasvæðið og ber að þakka það.

Náttúruhamfarir gerast nú tíðar á Íslandi. Eldgos í Vestmannaeyjum, snjóflóð í Neskaupstað og jarðskjálftar á Norðausturlandi hafa einungis á 3 árum valdið gífurlegu eigna- og manntjóni. Þjóðin og forustumenn hennar hafa mætt þessum áföllum af manndómi. Samhjálp hefur verið veitt. Alþ. hefur verið þar einróma

í fararbroddi, bæði á sviði fjáröflunar og lagasetningar um Viðlagatryggingu Íslands. Sú löggjöf hefur nú sannað gildi sitt, og reynsla undanfarinna ára sýnir ótvírætt að enn þarf að móta frekar og endurskipuleggja með löggjöf og lifandi starfi aðgerðir til þess að mæta og koma í veg fyrir áföll af völdum náttúrunnar. Í því efni mætti minna á hugsanlegar hafískomur, en lög eða reglur um skipuleg viðbrögð við þeim vágesti eru ekki til enn. Væri ekki vanþörf á að hafa þar allan vara á, þótt engin ástæða sé til að mikla fyrir sér slíka hættu.

Ég vil þakka hæstv. ríkisstj. fyrir skjót viðbrögð vegna náttúruhamfaranna á Norðausturlandi og er þess fullviss að ríkisstj. og Alþ. munu halda áfram að greiða fyrir endurreisn jarðskjálftasvæðanna á Norðausturlandi og bæta íbúum þeirra tjón, sem þeir hafa orðið fyrir, á hliðstæðan hátt og gert var í Vestmannaeyjum og Neskaupstað. Ég er þess fullviss að þingheimur allur og öll þjóðin óskar þess, að þessum hamförum linni sem fyrst, þannig að endurreisnarstarfið geti hafist af fullum krafti.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég tek undir ummæli hæstv. forseta um jarðskjálftana á Kópaskeri og nágrenni og vil í framhaldi þeirra ummæla og í tilefni af ræðum hv. 1. þm. og 4. þm. Norðurl. e. skýra nokkuð frá því, hvað gert hefur verið af hálfu stjórnvalda í þessu máli.

Skömmu eftir að þessir atburðir gerðust fór heilbr.- og trmrh., sem hefur með höndum yfirstjórn Viðlagatryggingar, norður til að skoða staðhætti og afleiðingar þessara atburða. Ríkisstj. ræddi málið, m. a. það viðhorf, að það heyrir undir fleiri rn. en eitt, og varð niðurstaðan á fundi ríkisstj. að félmrh. var falið að hafa umsjón með undirbúningi aðgerða og samhæfingu.

Eftir ósk minni kom oddviti Presthólahrepps, þar sem Kópasker er, á fund í félmrn. í s. l. viku. Á þeim fundi gaf oddvitinn, Friðrik Jónsson, ítarlegar upplýsingar um afleiðingar jarðskjálftans. Það kom fram í þeim viðræðum, að oddviti taldi engin umtalsverð slys hafa orðið á fólki, en þeir, sem hefðu þurft á læknishjálp að halda, hefðu fengið hana strax, því að læknir hafi verið staddur á Kópaskeri þann dag. Almannavarnarnefnd hefði útvegað flutning öllum sem þess óskuðu, og voru um 90 manns fluttir frá Kópaskeri þá strax. Íbúar í Presthólahreppi voru 1. des. s. l. 289 að tölu, þar af á Kópaskeri *og í næsta nágrenni* 130—140. En tjón af völdum jarðskjálftans mikla 13. jan. varð aðallega í tveimur hreppum auk Presthólahrepps, þ. e. Kelduneshreppi og Óxarfjarðarhreppi. Auk tjónsins á Kópaskeri er talið að meira eða minna tjón hafi orðið á 80 bæjum í nefndum hreppum. Miklar skemmdir urðu á húsum á Kópaskeri, eitt hús a. m. k. talið með öllu ónýtt, en nokkur óíbúðarhæf nema til komi meiri eða minni viðgerð. Viðlagatryggingar koma hér til hjálpar. Langmesta tjónið varð á bryggjunni og áföstum varnargarði, og hafa verkfræðingur og kafari á vegum Vita- og hafnamálaskrifstofunnar kannað skemmdirnar og má vænta skýrslu frá þeim innan fárra daga. Vatnsveitan, sem nær til 33 heimila auk vinnustaða, virtist í fyrstu hafa skemmst mjög alvarlega, en skemmdir hafa þó við nánari skoðun reynst nokkru minni en ætlað var í fyrstu. Sími og rafmagn gengu mjög úr lagi. Ég skal ekki rekja frekar það tjón sem hér hefur orðið, en það er viðtækt og alvarlegt. Inn í þetta dæmi allt kemur atvinnuástand og atvinnutjón.

Í framhaldi af viðræðum við oddvita Presthólahrepps og könnun á því, hvaða rn. kæmi hér helst við sögu, var ákveðið að skipa n. manna sem hefði það verkefni að kanna tjónið, gera skýrslu um það, gera till. um úrbætur og útvegun fjár til þeirra. Í því sambandi vil ég taka fram, að það er ætlun ríkisstj. að hlaupa hér undir bagga með svipuðum hætti og þegar tjón varð af náttúruhamförum í Neskaupstað í fyrra. Í þessa nefnd manna hafa verið skipaðir: frá heilbr.- og trmrn. Jón Ingimarsson skrifstofustjóri, frá samgrn. Steingrímur Arason deildarverkfræðingur Vita- og hafnamálastofnunar, Hallgrímur Dalberg ráðuneytisstjóri í félmrn., sem er formaður n., og í n. á einnig sæti Friðrik Jónsson oddviti Presthólahrepps. N. hefur þegar verið skipuð og mun taka til starfa tafarlaust. Þá hefur félmrn. ákveðið í dag að veita Presthólahreppi aukaframlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga að upphæð 4 millj. kr. og er sú fjárhæð nú á leiðinni til oddvita.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir þá skýrslu sem hann hefur hér gefið. Það er augljóst af ræðu hæstv. ráðh. að ríkisstj. hefur ákveðið, eins og hæstv. ráðh. orðaði það, „að hlaupa undir bagga með svipuðum hætti og í sambandi við það tjón sem varð í Vestmannaeyjum og Neskaupstað á sínum tíma". Ég vil leyfa mér að fagna því, hversu vel og myndarlega hæstv. ríkisstj. hefur brugðist við, og ég vona að framhaldið verði eins og byrjunin gefur tilefni til að ætla.

Sameinað þing, 26. jan.

Lánasjóður íslenskra námsmanna.

Skriflegt svar menntamálaráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Gíslasonar um Lánasjóð íslenskra námsmanna, á þskj. 83, afhent þm. 26. jan.

Vísað er til bréfs Alþingis, dags. 24. f. m., þar sem óskað er skriflegs svars við fyrirspurn frá Guðlaugi Gíslasyni á þskj. 83, um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Fyrirspurnin er svo hljóðandi:

„1. Hve margir stúdentar fengu námslán á árunum 1960—1967 að báðum árum meðtöldum?
2. Hve margir af þeim hafa lokið embættisprófi?
3. Hve margir af þeim, sem embættisprófi hafa lokið, starfa erlendis?"

Ekki er unnt að gefa tæmandi svar við fyrirspurninni nú þegar, þar sem aðgengilegar upplýsingar eru ekki fyrir hendi um alla þætti fyrirspurnarinnar og mikinn tíma tekur að vinna úr gögnum sjóðsins. Á því tímabili, sem fyrir-

spurnin tekur til, hafði sjóðurinn ekki sérstaka skrifstofu og starfaði auk þess í tveim deildum, lánadeild stúdenta við Háskóla Íslands og lánadeild námsmanna erlendis, sbr. l. nr. 52/1961, um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Menntamálaráð Íslands veitti fé það er kom í hlut lánadeildar námsmanna erlendis, en fimm manna nefnd sá um úthlutun úr lánadeild stúdenta við háskólann. Af þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, kemur ekki fram hve margir þeirra námsmanna erlendis, sem fengu lán, eru stúdentar.

Svar:

1. a. Lánadeild stúdenta við Háskóla Íslands. Lán veitt árin 1960—67.

		Fjöldi lána	Heildarupphæð
1960—61	haust	138	724.5 þús.
	vor	135	820.5 —
1961—62	haust	164	1 307.7 —
	vor	177	1 693.7 —
		Fjöldi lána	**Heildarupphæð**
1962—63	haust	189	1 953.8 þús.
	vor	221	2 296.7 —
1963—64	haust	206	2 125.5 —
	vor	245	2 767.5 —
1964—65	haust	239	2 726.5 —
	vor	281	3 193.8 —
1965—66	haust	256	2 943.2 —
	vor	315	3 855.0 —
1966—67	haust	302	3 609.0 —
	vor	367	4 876.5 —

1. b. Lánadeild námsmanna erlendis. Afgreidd lán.

1960—61	367
1961—62	358
1962—63	370
1963—64	352
1964—65	460
1965—66	479
1966—67	499

2. Ekki eru nú fyrir hendi tölur um hve margir þeirra, sem hlutu námslán 1960—67, hafa lokið prófi, en hér fer á eftir skrá um fjölda stúdenta sem lauk prófi frá Háskóla Íslands á árunum 1961—1972:

1961:	66	1967:	99
1962:	65	1968:	122
1963:	73	1969:	141
1964:	74	1970:	136
1965:	70	1971:	169
1966:	96	1972:	202

3. Engin úttekt hefur farið fram á því hve margir af lánþegum starfa erlendis. Skv. skýrslu Bandalags háskólamanna um fjölda háskólamenntaðra íslendinga eru félagsmenn í aðildarfélögunum 3305, ófélagsbundnir 504—521 og erlendis eru 420—426.

Tala þeirra er greiða eiga afborganir í ár af námslánum teknum eftir 1967 er 736, þar af eru 81 með heimilisfang erlendis.

Sameinað þing, 40. fundur.

Þriðjudaginn 27. jan., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Enda þótt ég viti að hugir hv. alþm. og raunar landsmanna allra séu um þessar mundir mjög bundnir við landhelgismálið, þá er það ekki það stóra mál sem ég ætlaði að gera hér að umtalsefni utan dagskrár, heldur annað mál, annars eðlis, en stórt mál engu að síður.

Síðustu daga hafa hér orðið nokkur blaðaskrif um það, hvort verið geti að bandarísk herliðið á Keflavíkurflugvelli hafi kjarnorkuvopn einhverrar tegundar í fórum sínum. Alloft á undanförnum árum og áratugum hafa bæði hjá mér og mörgum öðrum vaknað þær spurningar hvort svo geti verið. Íslenskir ráðamenn hafa að vísu fullyrt við ýmis tækifæri að engin slík ógnarvopn séu geymd hér. Ég hygg að þeir hafi sjálfir trúað þessu og trúi því sennilega enn að slíku sé ekki til að dreifa hér. En getur það gengið öllu lengur að við íslendingar lifum í þessu efni í trú, en ekki í vissu? Er ekki óhjákvæmilegt að ganga algjörlega úr skugga um hvort nokkur fótur getur verið fyrir margítrekuðum fullyrðingum erlendra aðila um að á Keflavíkurflugvelli séu geymd kjarnorkuvopn?

Ég vil nú í stuttu máli rekja það sem nýlega hefur komið fram í sambandi við þetta mál og gerir það óhjákvæmilegt að mínum dómi að spurt sé og krafist skýrra svara við ýmsum spurningum, svo sem þessum: Hvaða sannanir hafa íslenskir ráðamenn fyrir því, að hér séu ekki geymd kjarnorkuvopn? Hverjir kanna það, hvernig er af Íslands hálfu fylgst með nýbyggingum og breytingum á Keflavíkurflugvelli? Og í framhaldi af þessu: Séu slíkar algjörlega örruggar sannanir um kjarorkulausa herstöð ekki fyrir hendi, hvaða ráðstafanir hafa þá verið gerðar eða eru í bígerð af hálfu hæstv. ríkisstj. til þess að geta á hverjum tíma vitað hið sanna og fullyrt um málið á grundvelli — ef ekki vissu, þá a. m. k. einhverrar vitneskju, en ekki trúar. En 14. janúar s. l. birti Þjóðviljinn grein úr bandarísku tímariti, Bulletin of the Atomic Scientists, eftir Barry Schneider. Höfundurinn er sagður starfa við stofnun sem heitir Upplýsingamiðstöð varnarmála í Washington. Á tveimur stöðum í þessari grein er fullyrt að bandarísk kjarnorkuvopn séu geymd á Íslandi. Höfundur greinar þessarar er fyrst og fremst að gagnrýna bandarískjastjórn fyrir að dreifa kjarnorkuvopnum um of og gæta þeirra illa og af heldur litilli fyrirhyggju. Hann bendir að því er virðist með mjög glöggum rökum á þá gífurlegu eyðingarhættu sem flutningur og varðveisla kjarnorkuvopna hefur í för með sér fyrir löndin þar sem þau eru geymd ef flogið er með þau til og frá stöðum. Í sambandi við þetta kemst höfundur þessarar greinar svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Dreifing 30 000 bandarískra kjarnorkuvopna um heimshöfin, tugi hafna, mörg lönd í Evrópu og Asíu og Bandaríkin sjálf veldur slíkri slysahættu að ekki eru dæmi til annarrar eins.“

Þessi grein bandaríkjamannsins vakti að von-

um allmikla athygli þegar hún birtist hér í íslenskri þýðingu. Blöð tóku að spyrja. Yfirmaður herliðsins hér og sendiherra Bandaríkjanna svöruðu báðir og á mjög svipaða lund, þó að yfirmaður herliðsins hefði það ákveðnara, og svarið var að bandaríkjamenn segðu aldrei neitt um kjarnorkuvopn sín og hvar þeim væri búinn staður. Við slíku svari, þótt mörgum kunni að finnast það heldur kaldranalegt, mátti líklega búast úr þessari átt. En hér er raunverulega verið að segja að það komi íslendingum ekkert við hvort hér séu geymd kjarnorkuvopn eða ekki.

Ég vil leyfa mér að spyrja: Hvað skyldu þær u. þ. b. 130 þús. manna, sem búa hérna við Faxaflóa, segja um þessa kenningu? Er þeim alveg sama? Varla finnst mönnum það notaleg tilhugsun að með slíkum og þvílíkum svörum er í rauninni verið að benda á Keflavíkurflugvöll, það er verið að auglýsa hann sem sjálfgefið skotmark í styrjöld. Sú vitneskja ein, að um kjarnorkuvopn geti verið að ræða á þessum flugvelli eða í nágrenni herstöðvarinnar, býður hættunum heim ef til hinna mestu ótíðinda kynni að draga. — Ég læt útrætt um viðbrögð bandarískjamanna. Að líkindum voru þau aðeins þau sem við mátti búast.

Ummæli íslenskra ráðamanna, þau sem þegar eru komin fram, eru líka nokkuð athyglisverð og sýna þó eitt öllu öðru fremur. Þau sýna hvílík blessuð börn, hvílíkir blessaðir einfeldningar við erum, íslendingar, líklega allir með tölu, ráðh. og embættismenn síst undanskildir, þegar um nútíma vopnabúnað og herstöðvarekstur er að ræða. Ég kem ögn nánar að þessu bráðum.

Þær upplýsingar, sem Þjóðviljinn hefur birt um hugsanleg kjarnorkuvopn á Íslandi og í flugvélum sem lenda á sama flugvellinum og allt íslenska millilandaflugið notar, hafa orðið til þess að önnur blöð eru tekin að skrifa um þetta mál. Einkum hafa birst í Dagblaðinu bæði s. l. föstudag og laugardag greinar og ákveðnar upplýsingar og viðtöl sem ég vil leyfa mér að vitna hér til lítillega.

Á föstudaginn birtist í Dagblaðinu athyglisvert viðtal við Barry Schneider, talsmann Center for Defence Information í Washington, höfund greinarinnar sem Þjóðviljinn birti og ég hef áður vitnað til. Blaðið hefur það eftir Schneider að Lockhead Orion vélar bandaríska flotans á Keflavíkurflugvelli séu að öllum líkindum búnar djúpsprengjum með kjarnaoddi. Vélar þessar, sem í daglegu tali eru nefndar P-3, fljúga reglulegt könnunarflug frá Íslandi. Að því er varðar heimildir Barry Schneiders fyrir því, að kjarnorkuvopn muni geymd í herstöð bandarískjamanna á Íslandi, hefur blaðamaður Dagblaðsins þetta eftir Schneider, með leyfi hæstv. forseta:

„Upplýsingar mínar eru byggðar á viðtölum við þingmenn á bandaríska þinginu sem aðgang hafa að leyniskjölum um þessi mál. Ég vann að gerð þessarar greinar í 6 mánuði á árinu 1974, og viðmælendur mínir höfðuðu til skjala er voru ýmist eins eða tveggja ára gömul. Þegar ég var búinn að gera kort yfir þá staði í heiminum, er ég taldi líklega geymslustaði, sýndi ég mönnum hér í Washington, sem ég veit að vita hvar kjarnorkuvopn okkar eru geymd, kortið, og enginn þeirra hreyfði mótmælum við Íslandi."

Um fyrstu viðbrögð íslenskra ráðamanna við þessum blaðaskrifum getur að lesa nokkuð fróðlegar upplýsingar. Þessar upplýsingar koma einkum fram í stuttum viðtölum Dagblaðsins við fáeina ráðamenn bæði á föstudag og laugardag s. l.

Páll Ásgeir Tryggvason deildarstjóri svarar blaðamanni frá Dagblaðinu á þessa leið m. a.: „Ég hef takmarkaða möguleika á að kanna það hvort hér séu kjarnorkuvopn," sagði Páll Ásgeir Tryggvason deildarstjóri varnarmáladeildar utanrrn. í viðtali við Dagblaðið. „Ég hef gengið þarna um allt svæðið og mér hefur verið sýnt allt saman, en þarna er ekkert nema venjulegur vopnabúnaður sem venjulegur er í herstöðvum af þessari stærð."

Hæstv. dómsmrh. Ólafur Jóhannesson segir í sama blaði daginn eftir, er hann var spurður um álit sitt á þeim rökstuðningi sem færður hafði verið fyrir möguleikum á því hvort hér væru kjarnorkuvopn, eins og greint var frá í blaðinu daginn áður: „Ég er nú ekki búinn að kynna mér þetta og get því ekki sagt neitt um málið. En ef svo er verður það athugað vandlega."

Þórarinn Þórarinsson, formaður utanrmn., hv. þm., hefur þetta að segja: „Ég verð að segja eins og er, að þessar fréttir koma mér verulega á óvart," sagði Þórarinn Þórarinsson, formaður utanrmn., um fréttir af kjarnorkuvopnum á Íslandi. „Ég hef alltaf staðið í þeirri meiningu, að hér væru engin slík vopn, og mun leggja það til við n. og utanrrn. að aflað verði nákvæmra upplýsinga um málið," sagði Þórarinn.

Ég ætla ekki á þessari stundu, að leggja mikið út af þessum ummælum. Þau tala sínu ákveðna máli sjálf.

Dagblaðið á föstudag birtir enn næsta athyglisverðar upplýsingar og eru þær um skotfærahvelfingar á Keflavíkurflugvelli. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Á síðasta áratug voru byggðar tvær vopnabirgðahvelfingar á athafnasvæði hersins í Keflavík, og eru þær í hrauninu suðvestur af Patterson-flugvelli sem bretar byggðu á sínum tíma. Á Patterson-flugvelli hefur lengi verið vopnabúr hersins og virðist vera þar enn, ef dæma má af öryggisgæslu þar. Því virðast nýju hvelfingarnar ekki hafa leyst það af hólmi.

Samkvæmt áreiðanlegum heimildum, — ekki er getið um hverjar þær eru — eru hvelfingarnar nýju báðar mjög rammbyggðar og a. m. k. önnur fullnægir öryggisreglum varðandi geymslu kjarnorkuvopna. Þá er átt við þær öryggisreglur sem settar eru svo nágrenninu stafi ekki hætta af ef eitthvað fer úrskeiðis í geymslunum," segir þar.

„Athyglisvert er að hvelfingar þessar voru byggðar á sama tíma og kafbátaeftirlitsflugið frá Íslandi var stóreflt, en eftirlitsflugvélarnar eru byggðar til þess að geta m. a. borið kjarnorkuvopn, einkum til að granda kafbátum."

S. l. laugardag birti loks Dagblaðið frétt á forsíðu þar sem mjög áberandi er slegið upp því sem þar segir:

„Tvö erlend tímarit um vopnabúnaðinn á

Keflavíkurflugvelli: Fullyrða að þar séu staðbundin kjarnorkuvopn.“ Í þessari frásögn blaðsins frá því á laugardag kemur fram að það kveðst hafa undir höndum tvö erlend rit, en í báðum þessum ritum er fullyrt að á Íslandi séu staðbundin kjarnorkuvopn. Þessi rit eru gefin út með aðild eða á vegum frænda okkar norðmanna og svía og ætti því að vera tiltölulega auðvelt að fá upplýsingar um heimildir fyrir þessum fullyrðingum og hvað að baki þeirra er. Annað ritið, sem til er vitnað, er gefið út í samvinnu við Universitets-forlagið í Osló, en það er virt útgáfufyrirtæki sem hefur getið sér góðan orðstír á alþjóðavettvangi. Hitt ritið er gefið út, að því er blaðið segir, af sænsku vísindaakademíunni, — ég er nú ekki viss um að hér sé um rétta þýðingu að ræða og virðist öllu frekar að hér sé um að ræða rannsóknastofnun, þá líklega í tengslum við Stokkhólmsháskóla. En í þetta rit skrifar maður, að því er manni skilst forstöðumaður þessarar stofnunar, Frank Barnaby að nafni, og fullyrðir þar m. a. að kjarnorkuvopn séu geymd á Íslandi. Hann virðist m. a. sækja upplýsingar sínar í bók sem nefnist: Vopnabúnaður án eftirlits, eða eitthvað í þá áttina, og er gefin út af hinu virðulega bókaforlagi Harvard-háskóla í Bandaríkjunum. Fleiri heimildir telur hann sig hafa fyrir þessu.

Í tilefni af þeim blaðaskrifum, sem ég hef nú rakið stuttlega, og þeim alvarlegu staðhæfingum, sem þar eru settar fram um kjarnorkuvopn á Íslandi, leyfi ég mér að beina nokkrum spurningum til hæstv. utanrrh. Ég lét hann vita um það í gær að ég mundi spyrja um þetta, og það varð að samkomulagi okkar í milli að það gerðist í dag, en ekki í gær. Ég veit að hæstv. ráðh. hefur verið sjúkur um skeið og er fyrst nú að koma til starfa á ný, og ég tel sjálfsagt að taka tillit til þess, þegar svör hans eru metin, að hann hefur ekki haft mikla aðstöðu til að kanna þessi mál nú. Hins vegar tel ég að hann hljóti að vita eitt og annað um þessi mál þar sem hann hefur verið utanrrh. okkar í allmörg ár. Með hliðsjón af alvöru þessa máls hef ég ekki talið rétt að bíða öllu lengur með að hreyfa því og æskja þeirra upplýsinga sem hæstv. utanrrh. kann að geta veitt nú á þessari stundu. Spurningar mínar eru þessar:

Í fyrsta lagi: Er það ekki tvímælalaust án vilja og vitundar íslenskra stjórnvalda ef kjarnorkuvopn einhverrar tegundar kunna að vera geymd á Keflavíkurflugvelli eða í hernaðarflugvélum sem nota Keflavíkurflugvöll?

Í öðru lagi spyr ég: Með hverjum hætti hafa íslensk stjórnvöld einkum leitast við að fylgjast með því, hvort um slík vopn getur verið að ræða hér á Keflavíkurflugvelli?

Í þriðja lagi: Hyggst hæstv. utanrrh. eða hæstv. ríkisstj. gera einhverjar ráðstafanir í tilefni af blaðaskrifum þeim sem átt hafa sér stað undanfarið um hugsanlega geymslu kjarnorkuvopna á íslenskri grund?

Og í fjórða lagi spyr ég: Sé svar við þriðju spurningunni játandi, hvaða ráðstafanir eru það sem hæstv. ráðh. hefur þá helst í huga?

Ég vil svo að lokum taka það skýrt og greinilega fram og leggja ríka áherslu á eftirfarandi. Enda þótt ég að gefnu tilefni spyrji um vitneskju íslenskra ráðamanna, upplýsingar og eftirlit, þá er ég eindregið þeirrar skoðunar að ekki sé til nema ein leið — aðeins ein leið — til að koma fullkomlega í veg fyrir þá tvöföldu hættu sem í því er fólgin annars vegar að hér séu geymd kjarnorkuvopn, hins vegar að svo sé almennt litið á í heiminum að þau kunni að vera eða verða geymd hér á landi, og þessi eina leið er í því fólgin að við losum okkur við her og herstöðvar úr landi okkar. Hér er um slíka meinsemd að ræða að þar dugar ekkert annað en að nema hana á brott. Um þetta stóra mál vil ég fúslega ræða við hæstv. utanrrh. við annað tækifæri, en nú æski ég fyrst og fremst að hann gefi sem skýrust svör við þeim spurningum sem ég hef leyft mér að gefnu tilefni að beina til hæstv. ráðh.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég tel eðlilegt og raunar sjálfsagt að hv. 3. þm. Reykn. hreyfi því máli sem hér hefur verið til umræðu utan dagskrár. Hann var búinn að láta mig vita af þessu, og það er allt rétt sem hann sagði um það, að okkur kom saman um að ýmissa orsaka vegna, sem ég ætla ekki að rekja hér, mundi fara betur á því að hafa þessar umr. í dag heldur en í gær. Ég fer ekki nánar út í það.

Það er svo sem ekki ný bóla að því sé haldið fram að á Íslandi séu geymd kjarnorkuvopn. Það hefur gerst við og við, og sá kvittur hefur gosið upp, að varnarliðið á Keflavíkurflugvelli hefði undir höndum kjarnorkuvopn, og síðustu daga hefur nokkuð verið birt um þetta í blöðum, eins og hv. 3. þm. Reykn. kom inn á og las nokkuð upp úr. Er það byggt á upplýsingum eftir bandarískan greinahöfund, Barry Schneider að nafni. Í viðtali við Dagblaðið, sem birt var föstudaginn 23. þ. m., segir hann sig hafa gert kort og merkt inn á það alla þá staði í heiminum, sem hann teldi líklega geymslustaði slíkra vopna, þ. á m. Ísland, hafi hann sýnt þetta kort nokkrum bandarískum þm. og hafi þeir ekki hreyft neinum athugasemdum. Dregur hann svo þá ályktun af þessu, að mjög sterk rök hnígi að því að hér væru kjarnorkuvopn.

Það er óþarfi að taka það fram aftur sem hv. 3. þm. Reykn. gerði skilmerkilega, að bandarísk yfirvöld hafa ekki látið í té upplýsingar um það, hvar kjarnorkuvopn séu geymd. Þess vegna var kannske tæpast við því að búast að þessir mikilsvirtu og vel menntuðu þm. færu að taka fram fyrir hendurnar á stjórnvöldum og segja annaðhvort já eða nei við þessari spurningu þessa blaðamanns. Mér finnst þessi röksemdafærsla ekki sannfærandi, enda er utanrrn. kunnugt um að hér hafa aldrei verið geymd kjarnorkuvopn, hvorki fyrr né síðar, og satt að segja virðist mér liggja nær að þeir, sem að þessum fullyrðingum standa, sanni mál sitt betur áður en þeir draga í efa réttmætar upplýsingar íslenskra stjórnvalda.

Ég vil segja um Barry Schneider að hann er ekki á neinn hátt í tengslum við bandarísk yfirvöld. Hann tilheyrir hópi sem er á móti bandarískum vopnabúnaði, og auðvitað hefur hann fullt leyfi til þess. Hins vegar tel ég ekki að ástæða sé til að taka orð hans trúanleg fremur en þær yfirlýsingar sem íslensk stjórnvöld gefa,

En menn verða að sjálfsögðu að gera það upp við sig og ráða því, hverjum þeir vilja trúa í þessu efni, og ef Barry Schneider nýtur svona mikils álits, að menn telji sjálfsagt að taka orð hans góð og gild án þess að kanna þau frekar, þá er náttúrlega ekki um annað að gera en taka því.

Ég vil enn fremur segja það, að samkv. upplýsingum, sem ég hef aflað mér frá Washington, er engin þingskýrsla til um hvar bandaríkjamenn geyma kjarnorkuvopn sín. Þær upplýsingar, sem umræddur greinarhöfundur telur sig hafa frá bandarískum þm., hljóta því að orka tvímælis svo að ekki sé meira sagt um það.

Ég vil þá reyna að koma að þeim spurningum sem hv. þm. beindi til mín. Þær voru fjórar ef ég hef tekið rétt eftir.

Fyrsta spurningin var um það, hvort ekki væri alveg tvímælalaust án vilja og vitundar íslenskra yfirvalda ef kjarnorkuvopn væru geymd á Keflavíkurflugvelli. Svarið við þessari spurningu er afdráttarlaust neitandi. Við höfum aldrei léð máls á því, að kjarnorkuvopn væru geymd hér, og við teljum okkur hafa vitneskju fyrir því, að þau séu ekki hér.

Um aðra spurningu má segja það, að kannske megi gagnrýna hvernig bæði þessi ríkisstj. og allar aðrar hafa fylgst með því hvort hér væru geymd kjarnorkuvopn eða ekki. Ég get fullvissað hv. þm. um það, að menn úr varnarmáladeild hafa farið þarna um allan völlinn og ekki orðið varir við neitt torkennilegt. Hins vegar eru þeir auðvitað ekki sérfræðingar í vopnabúnaði og það er ekki alveg 100% víst að þeir þekki kjarnorkusprengjur, en ég vil ekki fullyrða það. Ég held þó að mér sé alveg óhætt að segja það og tel mig hafa fyrir því óyggjandi upplýsingar að slík vopn séu ekki geymd á Keflavíkurflugvelli. Engu að síður, vegna þess hvaða umr. og blaðaskrif hafa orðið um þessi mál nú nýverið, þá hef ég ákveðið og hafið ráðstafanir til þess að reyna að ganga til fulls úr skugga um það, að ég fari hér með rétt mál. Það er þá svar mitt við þriðju spurningu hv. 3. þm. Reykn. að ráðstafanir verða gerðar, og þær ráðstafanir, sem ég hef í huga, eru að láta athuga hvort Geislavarnir ríkisins eða aðrir íslenskir vísindamenn um kjarnorkuefni geti með geislamælingum gengið fullkomlega úr skugga um þetta.

Það hefur verið hreyft þeirri hugmynd hér á hv. Alþ. og víðar að íslendingar ættu að koma sér upp herfróðum mönnum. Ég hef ekki verið þessarar skoðunar. En ef meiri hl. Alþ. er þeirrar skoðunar að við eigum að stofna hér herdeild eða deild sérfróðra manna til þess að fylgjast með því hvað varnarliðið er að gera hér, þá er auðvitað hægurinn hjá, þá getur Alþ. samþ. slíka þáltill. og þá verður hún að sjálfsögðu framkvæmd. Hins vegar hef ég ekki séð hana enn. Það má vera að hún sé í prentun nú, ég veit það ekki.

Ég vona að þessar upplýsingar, sem ég hef reynt að gefa hér, að vísu með fremur litlum fyrirvara, séu fullnægjandi. Ég er hv. 3. þm. Reykn. þakklátur fyrir þau ummæli, sem hann lét falla í minn garð, að vegna smávægilegrar sjúkrahúsvistar hef ég ekki haft ýkjamikinn tíma til að sinna þessum málum undanfarnar 6 vikur. Ég met það við hann að hann skuli taka tillit til þess, og þetta eru þau svör sem ég get gefið á þessari stundu.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég vona að hæstv. utanrrh. taki það ekki sem móðgun þó að ég segi að þau orð, sem hann lét falla áðan í tilefni af því máli sem hér er til umr., eru langt frá því að geta talist nein trygging fyrir því að ekki séu kjarnorkuvopn á Keflavíkurflugvelli. Ég vil fá að heyra hæstv. ráðh. skýra frá því með hvaða hætti hann hefur komist að þessari „óyggjandi niðurstöðu“ eða fengið það sem hann nefnir „óyggjandi upplýsingar“ um það, að ekki eru geymd kjarnorkuvopn á Keflavíkurflugvelli. Á meðan hann gerir þetta ekki, þá tel ég því miður, a. m. k. persónulega, einskis virði þá yfirlýsingu sem hann gaf hér áðan.

Hann heitir því að nú skuli gera ráðstafanir og sendir sérfræðingar — kjarnorkusérfræðingar — til þess að athuga hvort einhvers staðar sé um að ræða þá geislavirkni á Keflavíkurflugvelli sem bent gæti til þess að þarna séu kjarnorkuvopn. Ég er álíka ófróður um þetta að sjálfsögðu eins og hæstv. utanrrh., en ég gæti vel trúað því að kjarnorkuvopn væru einmitt geymd í þess háttar hylkjum að geislun frá þeim dreifðist ekki hvert sem vera skyldi.

Ég tel óhjákvæmilegt að stjórnvöld setji rannsóknarnefnd í þessi mál. Sú n. gæti verið skipuð fulltrúum sem t. a. m. væru tilnefndir af stjórnmálafl. Hins vegar er spurning hvert þessi n. ætti að leita upplýsinga svo að þær gætu talist öruggar. T. d. til hinnar svonefndu varnarmáladeildar utanrrn.? Heldur held ég að lítið yrði leggjandi upp úr upplýsingum sem þaðan kæmu, enda hefur forstöðumaður þeirrar deildar, eins og hv. þm. Gils Guðmundsson nefndi áðan, sagt að hann hefði „takmarkaða aðstöðu“ til þess að kanna þessi mál til hlítar. Er hann þó heimagangur á Keflavíkurflugvelli, eins langt inni við gafl hjá amerikananum á Keflavíkurflugvelli eins og nokkur íslendingur getur komist. Ég segi líka að ég tel hæpið að treysta t. d. þeim upplýsingum sem við kynnum að fá frá hermálaráðuneyti Bandaríkjanna í sambandi við þessi mál eða einhverjum undirstofnunum þess, svo oft hafa þeir aðilar orðið berir að helberum ósannindum í sambandi við mál af þessu tagi. Við getum hins vegar leitað að minum dómi upplýsinga, sem mark væri á takandi, t. d. hjá vissum aðilum í nágrannalöndum okkar og sérstaklega hjá frændþjóðum okkar, eins og hv. þm. Gils Guðmundsson vék einnig að áðan, og líka vestur í Bandaríkjunum sjálfum, t. d. hjá utanríkismálanefnd öldungadeildarinnar eða einhverjum þeim ágætu n. sem starfa á vegum Bandaríkjaþings og hafa allt að því ótakmörkuð völd til þess að kanna mál, kryfja til mergjar og rannsaka, yfirheyra menn. Ég held satt að segja, að svo framarlega sem einlægur vilji er hjá íslenskum stjórnvöldum til þess að komast að óyggjandi niðurstöðu varðandi þessi mál, þá ættu íslensk stjórnvöld að sniðganga höfuðstöðvar lyginnar í þessum efnum, eins og til að mynda hermálaráðuneyti, og snúa sér beint að þeim nefndum sem ég var nú að nefna.

Mér virðist raunar kominn tími til að íslensk stjórnvöld leiti til þessara nefnda varðandi ýmis önnur mál, eins og t. a. m. hugsanlega starfsemi bandarísku leyniþjónustunnar hér á landi. Þessar nefndir hafa að undanförnu verið að fletta miskunnarlaust ofan af starfsemi leyniþjónustunnar heima í Bandaríkjunum og víðs vegar um heiminn. Og auðvitað hefðu íslensk stjórnvöld fyrir löngu átt að vera búin að gera ráðstafanir til þess að afla þeirra upplýsinga sem áreiðanlega er að finna í þeim plöggum sem upp hafa komið í þessu sambandi varðandi starfsemi bandarísku leyniþjónustunnar hér á landi. Eða dettur nokkrum manni í hug að hin miklu umsvif bandarísku leyniþjónustunnar hafi ekki náð hingað. Og dettur nokkrum manni í hug að agentar hennar beri eitthvað meiri virðingu fyrir mannhelgi hér upp á Íslandi heldur en vestur í Bandaríkjunum sjálfum? Úr því að bandarískir þm. eru í hópum saman á þeim *skrám yfir hættulegar persónur sem bandaríska* leyniþjónustan hefur sett saman, hví skyldu þá ekki einhverjir íslenskir stjórnmálamenn líka vera á þeim skrám? Og símahleranir sem þessi þjónusta hefur orðið uppvís að, halda menn að þær mætti ekki líka framkvæma hérna? Það þarf ekki að skríða niður í neinn símstöðvarkjallara hér í Reykjavík frekar en vestur í Bandaríkjunum til þess að framkvæma þær með þeim tækjum sem bandaríska leyniþjónustan hefur yfir að ráða. Ef íslensk stjórnvöld láta sig einhverju varða mannhelgi hér uppi á þessu landi, þá eiga þau að sjálfsögðu að gera ráðstafanir í þessa átt.

Til að fyrirbyggja hugsanlegan misskilning og til þess að koma í veg fyrir útúrsnúninga og hártoganir sem vissir menn iðka gjarnan þegar einhver leyfir sér að ýja að því, að það væri vissara fyrir okkur íslendinga að hafa gát á hlutunum í samskiptum okkar við bandaríkjamenn, þá skal það tekið fram, að ég tel einnig sjálfsagt að rannsökuð sé starfsemi rússnesku leyniþjónustunnar hér á landi og leyniþjónustu annarra stórvelda sem eru jafnvel enn þá lengra í austur á þessum hnetti okkar. Ég tel m. ö. o. að það sé sjálfsagt að við gerum allt sem í okkar valdi stendur til þess að hreinsa burt öll óþrif af þessu tagi.

Nú langar mig til þess að víkja nánar að því sem hv. þm. Gils Guðmundsson aðeins drap lauslega á, en það eru viðbrögð bandarískra hernaðaryfirvalda við þeim fullyrðingum um kjarnorkuvopn á Keflavíkurflugvelli sem hér eru til umr.

Póker nefnist fjárhættuspil sem lengi hefur notið mikilla vinsælda í Bandaríkjum Norður-Ameríku. Í því spili er það mikill styrkur að vera með það sem bandaríkjamenn nefna „poker-face“. „Poker-face“ hefur sá maður sem lætur aldrei sjá þess nein merki í svip sínum hvers konar spil hann er með á hendinni. Þegar hernaðaryfirvöld á Keflavíkurflugvelli voru innt eftir því hvað hæft kynni að vera í fullyrðingum Barry Schneiders um það að kjarnorkuvopn væru á Keflavíkurflugvelli, þá svöruðu þau því til, að það væri regla bandaríkjamanna að staðfesta aldrei neitt varðandi þessi efni, fullyrða aldrei hvort á einhverjum stað væru eða væru ekki kjarnorkuvopn — eða m. ö. o., þau settu upp „pokerface“. Og hvers vegna? Að sjálfsögðu vegna þess að bandaríkjamenn meta gildi herstöðva yfirleitt, þar með að sjálfsögðu einnig herstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli, eftir því hve mikill stuggur andstæðingum þeirra stendur af þeim. Þetta er liður í hinu glæfralega stórveldatafli um völd og áhrif í heiminum, hinu skuggalega pókerspili. Samkv. mati bandaríkjamanna kemur Keflavíkurflugvöllur þeim því aðeins að gagni í þessu tafli að andstæðingar þeirra reikni með því, geri a. m. k. fastlega ráð fyrir því, að Keflavíkurflugvöllur sé atómstöð. — Og þeim mun hættulegri atómstöð sem andstæðingarnir telja að Keflavíkurflugvöllur sé, þeim mun meiri styrkur telja bandaríkjamenn að sjálfsögðu að þeim sé að herstöðinni á Keflavíkurflugvelli.

Leiðir þá ekki af þessu, að svo framarlega sem helstu andstæðingar bandaríkjamanna í þessu tafli, þ. e. a. s. rússar, hafa sannfærst um að Keflavíkurflugvöllur sé atómstöð, þá hljóti þeir, ef til stríðs kemur, að gera ráðstafanir til þess að hún verði sem fyrst óvirk, þessi atómstöð, og mundu þá beita til þess sams konar vopnum og þeir telja að þar séu? Á því er að sjálfsögðu enginn vafi.

Var nú einhver að spyrja hvort ég sé að gefa það í skyn að bandaríkjamenn láti sig einu gilda öryggi íslensku þjóðarinnar — þessir ágætu vinir okkar? Ég er ekki aðeins að gefa það í skyn, ég er að fullyrða það. Og þá á ég reyndar ekki við bandarísku þjóðina yfirleitt. Ég er að tala um hernaðaryfirvöld hennar sem stjórna þessu tafli fyrir hennar hönd. Bandarísk hernaðaryfirvöld láta sig einu gilda hver kunna að verða afdrif íslensku þjóðarinnar í þessu tafli, enda eru þeir eflaust fleiri en Joseph Luns framkvæmdastjóri NATO, sem heimsótti okkur sællar minningar nú fyrir skemmstu, sem telja að þetta land þessarar litlu þjóðar hafi fyrst og fremst gildi sem *flugvélamóðurskip sem ekki* sé hægt að sökkva. Og hitt er jafnvíst, að hvað svo sem vera kann um vináttu í okkar garð hjá rússnesku þjóðinni, þá er næsta hæpið að treysta því að hjá rússneskum hernaðaryfirvöldum yrði að finna meiri tillitssemi gagnvart íslendingum, afdrifum þeirra, ef taflið kæmist á það stig að upp úr syði og styrjöld skylli á.

Hæstv. utanrrh. okkar hefur sem sé lýst því yfir, að hann sé sannfærður um að það séu ekki til kjarnorkuvopn á Keflavíkurflugvelli. Þurfum við þá nokkuð frekar að hafa áhyggjur af málinu? Það fer að sjálfsögðu eftir því, hvort við teljum líklegt að höfuðandstæðingar bandaríkjamanna, rússar, leggi meira upp úr þessari yfirlýsingu utanrrh. okkar eða þeim viðbrögðum talsmanna bandarískra hernaðaryfirvalda, sem sett hafa upp „poker-face“ í þeim augljósa tilgangi að koma umfram allt í veg fyrir það, að andstæðingar bandaríkjamanna fari að reikna með því að Keflavíkurflugvöllur sé eitthvað annað og saklausara en atómstöð.

Ég vil svo að lokum taka undir það, sem hv. þm. Gils Guðmundsson sagði hér áðan í lok

ræðu sinnar. Ég vona að þetta mál verði til þess að auka skilning íslensku þjóðarinnar á því, að til þess að losa okkur til fulls við þá hættu sem okkur stafar af herstöðinni á Keflavíkurflugvelli, hvort sem þar eru í rauninni geymd kjarnorkuvopn eða ekki, — til þess að losna til fulls við þá hættu er aðeins ein leið til, og hún er sú, að við losum okkur við þessa herstöð.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja mikið þessar umr. utan dagskrár. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. utanrrh. þau svör sem hann á þessari stundu taldi sig reiðubúinn að gefa, enda þótt ég verði að viðurkenna að hæstv. ráðh. tókst ekki að svipta þeirri óvissuhulu af þessu máli sem að mínu viti hefur hvílt yfir því og hvílir yfir því enn. Spurningunni um hugsanlega geymslu kjarnorkuvopna á Keflavíkurflugvelli er eins ósvarað eftir sem áður, því miður.

Ég vil samt vona og ég tel mig geta lagt þann skilning í orð hæstv. ráðh. að hann hafi fullan skilning á því, að íslenska þjóðin vill vita vissu sína í þessum efnum. Almenningur í landinu, fyrst og fremst þeir sem búa í nánd herstöðvarinnar, en einnig aðrir, á að mínu viti heimtingu á að fá að vita hvað er raunhæft í þessum efnum.

Hæstv. ráðh. sagði það sama og ég hef heyrt bæði hann og aðra ráðamenn segja oft áður: „Við teljum okkur," sagði ráðh., „hafa vitneskju fyrir því að hér séu ekki geymd kjarnorkuvopn." En þetta er okkur ekki fullnægjandi, þar sem ekki hefur verið hægt að sýna fram á það með neinu eðlilegu móti hvernig þessi vitneskja er til komin, á hverju hún byggist, á hversu traustum grunni hún byggist. Og það, sem hefur verið haft eftir öðrum ráðamönnum og ég vitnaði dálítið til áðan og þó ekki nema að litlu leyti, bendir ótvírætt í þá átt að sú vitneskja, sem þeir telja sig hafa, er á harla litlum og ótraustum grunni reist. Ég vitnaði til þess, sem haft var eftir formanni varnarmálanefndar, og annar ráðamaður hygg ég að hafi sagt í viðtali fyrir fáum dögum að hann hafi ekki rekið sig á neinn slíkan búnað á Keflavíkurflugvelli. Í sambandi við slík ummæli af ráðamanna hálfu vil ég aðeins segja það, að hamingjunni sé lof að hann hefur ekki rekið sig hastarlega á kjarnorkusprengju. Þetta mál er að vísu þess eðlis, að það er varla hægt að hafa það í flimtingum, en manni finnst óneitanlega að þessi og þvílík viðbrögð séu næsta brosleg þegar um slíkt mál eins og þetta er að ræða.

Ég vil svo aðeins segja það að lokum, að ég hygg að það séu ýmsir möguleikar fyrir hæstv. utanrrh. að afla upplýsinga, koma þeim á framfæri í fyrsta lagi við utanrmn. og síðan væntanlega við alþjóð. Með ýmsu móti má afla upplýsingu um þessi mál sem hljóta að teljast mikilvæg fyrir okkur íslendinga sem búum við það nú um sinn, því miður, að þessi herstöð er í mesta þéttbýli landsins. M. a. vil ég benda honum á það, að nágranna- og frændþjóðir okkar á Norðurlöndum, utanrrn. þeirra allra, að ég held, hafa sérstakar deildir sem fást við rannsóknir, hreinar rannsóknir á því sem snertir hernaðarmál og þ. á m. ekki síst kannske kjarnorkumál. Ég vil þá alveg sérstaklega í því sambandi benda á utanrrn. svía sem hefur marga menn í sinni þjónustu einmitt í sambandi við könnun á þessum málum, og sumar upplýsingar þeirra liggja, að ég hygg, hreinlega á lausu ef eftir þeim væri leitað. Svipað hygg ég að sé með norðmenn, þó að þeir hafi ekki eins sterkt lið í sambandi við slíkar rannsóknir. Háskólar á Norðurlöndum — mér er kunnugt um það, að bæði háskólar í Noregi og Svíþjóð hafa á sínum vegum eða í tengslum við háskólana eru rannsóknir í gangi og rannsóknastofnanir hreinlega starfandi í sambandi við utanríkismál og hernaðarmál. Frá þessum stofnunum hygg ég að megi fá ýmsar upplýsingar sem gætu verið okkur verðmætar og a. m. k. betri en það eitt að segja: Ég er sannfærður um að hér eru engin kjarnorkuvopn. — Það er allt of veikt að fullyrða slíkt eingöngu og geta ekki skýrt frá því, á hvaða rökum þær fullyrðingar eru byggðar.

Svo vil ég aðeins endurtaka það, að þrátt fyrir þær umr., sem hér hafa farið fram um það, hvort kjarnorkuvopn kunni að vera hér, þá er hitt að sjálfsögðu aðalatriði málsins, sem ég skal gera að mínum síðustu orðum, að meðan hér er erlend herstöð í landinu, sem við ráðum ekki á neinn hátt yfir og getum ekki stjórnað á nokkurn hátt, kemur alltaf til með að ríkja meiri eða minni óvissa í þessum efnum. Þess vegna er eina raunverulega lækningin í þessum efnum sú að losna við þessa herstöð.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessar umr., sem hafa verið málefnalegar og prúðmannlegar, og ég ætla þaðan af síður að fara að breyta þeim anda, sem þessar umr. hafa farið fram í. Þetta er vissulega alvörumál, ég skal alveg fallast á það. Ég hef verið í tveimur ríkisstj., og báðar þær ríkisstj., sem ég hef átt sæti í, hafa áreiðanlega trúað því og talið sig hafa fyrir því óyggjandi vissu að kjarnorkuvopn væru ekki á Keflavíkurflugvelli.

Það er eflaust rétt, sem hv. 3. þm. Reykn. sagði, að einhverjar og kannske þó nokkrar mikilsverðar upplýsingar muni vera hægt að fá frá öðrum þjóðum, við skulum þá t. d. segja frændþjóðum okkar á Norðurlöndum. Ég ætla ekki að neita því að óreyndu a. m. k. En ég minnist þess, þegar vinstri stjórnin, sem svo var kölluð, ætlaði sér að losa okkur við herinn, þá leituðum við til þessara frænda okkar um upplýsingar og hjálp til þess að rökstyðja það mál okkar að hér þyrfti ekki að vera her á þessum tíma. Við fengum ekki þessa hjálp. Okkur var neitað um hana. Þessar þjóðir vildu ekki skipta sér af því, hvort bandaríkjamenn hefðu hér herstöð eða ekki. Þeir sögðu: þetta er mál sem íslendingar, bandaríkjamenn og Atlantshafsbandalagið verða að gera upp við sig. Við komum ekki nálægt því. — Það getur vel verið að þrátt fyrir þetta séu einhverjar stofnanir á Norðurlöndum sem séu fúsar til að upplýsa

okkur um það hvort bandaríkjamenn geymi kjarnorkuvopn á Íslandi eða ekki. Það getur vel verið. Og mér er sönn ánægja að gera það fyrir vin minn, hv. 3. þm. Reykn., að senda skeyti til þessara stofnana og spyrja þegar á morgun hvort þær séu tilbúnar til að veita okkur þessar upplýsingar eða hvort þær geti það og hvort þær vilji það. Það er sjálfsagt að gera það og gera grein fyrir þeim svörum sem við fáum við þessum tilmælum.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég vil aðeins benda á að þessi leið hefur áður verið reynd, að leita ásjár hjá frændum okkar á Norðurlöndum. Þá var okkur synjað. Kannske hefur þeim snúist hugur. Kannske vilja þeir núna upplýsa okkur um það, sem okkur langar til að vita frá þeim ýmsa hér. — Ég vil svo enda ræðu mína eins og hinir tveir hv. þm. sem hér hafa talað, að ég óska þess eins og þeir að herinn geti horfið héðan sem fyrst.

Fisksölusamstarf við belgíumenn, fsp. (þskj. 84). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Ég hef á þskj. 84 leyft mér að bera fram svo hljóðandi fsp. til hæstv. viðskrh.:

„1. Hvað líður framkvæmd á þál., sem samþ. var á síðasta Alþ., um fisksölusamstarf við belgíumenn?

2. Eru söluerfiðleikar á þeim fisktegundum, sem seljanlegar munu í Mið-Evrópu, er bókun 6 kemur til framkvæmda?

3. Telur rn. ástæðu til þess að hraða athugun þeirri, er þál. gerir ráð fyrir, nú þegar hillir undir hagstæðari viðskiptakjör við Mið-Evrópu?“

Á síðasta þingi flutti ég till. til þál. um fisksölusamstarf við belga og þessi till. var samþ. á hv. Alþ. 16. maí s. l. Efni ályktunarinnar var það að fela ríkisstj. athugun á því, hvort hagkvæmt væri að leita samstarfs við belga um þessi atriði: Í fyrsta lagi um bætta aðstöðu fyrir löndun og geymslu á íslenskum fiski í Ostende. Í öðru lagi um myndun fyrirtækis er hefði það verkefni að sjá um sölu og dreifingu íslensks fisks í Mið-Evrópu. Í þriðja lagi um möguleika á flugflutningi á fiski milli Keflavíkur og Ostende með dreifingu þaðan um Mið-Evrópu í huga. Og í fjórða lagi um hugsanlega lækkun sölu- og löndunarkostnaðar vegna aukinna umsvifa.

Þegar ég mælti fyrir till. í hv. Ed., þá sagði ég með leyfi forseta:

Ég hef valið Belgíu sem fyrsta athugunarsvæði fyrir höfuðstöðvar Mið-Evrópu til fiskdreifingar af neðangreindum ástæðum:

Í fyrsta lagi: Ostende með Zeebrügge sem hafnarborg var eitt sinn nefnd hliðið að Evrópu. Þaðan liggja vegir til allra átta, og það gefur nokkra hugmynd um heppilega legu Belgíu að verulegum hluta innflutnings okkar frá Vestur-Þýskalandi og öðrum Mið-Evrópuríkjum er skipað um borð í höfnum Niðurlanda. Í Ostende er gamall og þekktur fiskmarkaður, sem var endurbyggður eftir stríð.

Í öðru lagi eru belgar allmikil fiskneysluþjóð, og ekki hefur heyrst að þeir hafi hug á því að stóraúka og umbæta fiskiskipaflota sinn eins og sumar aðrar viðskiptaþjóðir okkar hafa verið að gera undanfarið.

Í þriðja lagi urðu belgar fyrstir til að semja við okkur eftir útfærsluna í 50 mílur og þannig að viðurkenna í verki aðgerðir okkar í þeim efnum.

Í grg. með þáltill. gat ég þess, að þótt ég tilnefni Belgíu sem fyrsta svæði til athugunar sem okkar miðstöð fyrir Mið-Evrópu, þá væri að sjálfsögðu rétt að athuga fleiri lönd og taka það sem hentugast þætti að rannsókn lokinni. En það er skoðun mín að við höfum vanrækt á undanförnum árum athugun á Evrópumarkaðinum.

Í sumar var ég kvaddur upp í rn. á fund, sem fjallaði um þessa tillögu. Þar voru mættir fulltrúar fiskseljanda þessa lands, og það leyndi sér ekki að þeir, sem gert höfðu tilraunir með flugflutninga á fiski til Evrópulanda, voru þeir einu sem höfðu einhvern áhuga á þessu máli. Hins vegar höfðu þeir, sem best þekktu til okkar fisksölumála og sjá um söluna á nær öllum okkar fiski, lítinn áhuga og töldu ekki þörf á breytingum frá því sem nú er.

Að ég tek þetta málefni upp nú byggist fyrst og fremst á því, að nú virðist aftur vera að þrengjast um markað fyrir þann fisk okkar sem einna best selst í Mið-Evrópu, og enn fremur, að nú er e. t. v. von um að innan nokkurra mánaða breytist okkar tollakjör á þessum markaði. Þess vegna hef ég leyft mér að spyrja hæstv. viðskrh. hvort hann telji ástæðu til að gera nokkuð frekar í þessu máli nú, þegar von er um að við förum að geta aukið sölu okkar á Evrópumarkaði.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi hefur lesið upp fsp. sínar. Hann hefur einnig gert grein fyrir og lesið upp þál. þá sem tilefni er til fyrirspurnanna. Ég þarf því ekki að endurtaka það hér.

Þótt nokkuð afdráttarlaust sé til orða tekið í upphafi þál. þeirrar sem hér er um að tefla og viðskrn. hefur haft til meðferðar, var litið svo á að í henni fælist viljayfirlýsing um að athugun yrði gerð á möguleikum þess að koma í framkvæmd hugmyndum, sem þar eru settar fram, í samvinnu við þá aðila hér á landi sem telja verður að helst geti átt hlut að. Á grundvelli þess hefur verið unnið að málinu. Svör við áðurgreindum spurningum eru svo hljóðandi:

Svar við fyrsta lið fsp.: Viðskrn. efndi til fundar með nokkrum aðilum, sem þetta mál er skylt, til að ræða og kanna viðhorf manna til efnisatriða þess, en þeir voru fulltrúar frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sambandi ísl. samvinnufélaga og tveir einstaklingar sem stundað hafa sölu á fiski sem fluttur hefur verið með flugvélum á erlenda markaði. Enn fremur var þar mættur hv. flm. þáltill., Oddur Ólafsson, samkv. ósk rn., svo sem hann reyndar drap á áðan. Eins og mér fannst

líka koma fram í máli hans hér áðan, þá kom fram á þessum fundi það álit, að ekki væri ástæða til að leita eftir sérstöku samstarfi við belgíumenn um þau atriði í heild sem þál. fjallar um, eins og málum er nú háttað. Flestir þeirra, sem til fundarins voru boðaðir, virtust þeirrar skoðunar. Menn voru sammála um að sjálfsagt væri að vinna áfram að því að fá lækkaðan sölu- og löndunarkostnað í Belgíu. Í því sambandi má geta þess, að nýlega hafa farið fram viðræður af hálfu íslenskra stjórnvalda við belgíumenn um niðurfellingu og endurgreiðslu markaðsgjalds sem íslendingum hefur verið gert að greiða af lönduðum ísfiski í Belgíu og rennur til lágmarksverðssjóðs, sem útgerðarsamtök Efnahagsbandalagslanda eru aðilar að, en íslensk útgerðarfélög njóta ekki góðs af.

En varðandi þá þætti till. sem kveða á um að leitað verði eftir samstarfi við belgíumenn um myndun fyrirtækis, er hafi það verkefni að dreifa og selja ferskan og frystan íslenskan fisk í Mið-Evrópulöndum, og enn fremur um samstarf um möguleika á flugflutningum á fiski milli Keflavíkur og Ostende með dreifingu þaðan um Mið-Evrópu í huga, reyndust ekki vera fyrir hendi heppileg skilyrði til að byggja á. Á það var bent, að ekki væri sama sölufyrirkomulag á freðfiski og ísfiski á þessu markaðssvæði. Þá ættu viðskipti með fisk, sem fluttur er á markað með flugvélum, ekki ávallt samleið með verslun á ísfiski úr skipum sem landa afla í erlendum höfnum. Æskilegt væri að greiða fyrir flugflutningum á milli Keflavíkur og Ostende, en sá flutningamáti á fiski yfir hafið ætti af óviðráðanlegum ástæðum enn langt í land með að verða svo nokkru verulegu næmi. Þær ástæður séu þó ekki tengdar löndunaraðstöðu flutningaflugvéla á meginlandi Evrópu.

Þess má geta hér, að sú skoðun kom fram frá einum aðila á fundinum, að yrði út í samstarf farið við erlend fyrirtæki af svipuðu tagi og rætt er um í þál., stæði næst að efna til þess við þjóðverja.

Af því, sem á undan hefur verið rakið, er ekki að svo stöddu talinn grundvöllur fyrir samvinnu um framkvæmd þeirra atriða í heild, sem þál. tekur til, að áliti þeirra sem hér koma helst við sögu.

Svar við 2. lið fsp.: Svar við þeirri spurningu er játandi. Sem dæmi um fisktegundir, sem líkur eru til að seljanlegri verði í Mið-Evrópulöndum eftir að bókun nr. 6 um tollaívilnanir kemur til framkvæmda, má nefna lagmeti, rækju, ufsa og karfa. Að áliti útflytjenda á freðfiski má reikna með að söluerfiðleikar á frystum ufsa og karfa séu úr sögunni á þessu ári ef bókun nr. 6 kemur til framkvæmda og sovétmenn kaupa þær afurðir sem gildandi rammasamningur um viðskipti milli landanna gerir ráð fyrir á árinu 1975.

Svar við 3. lið fsp.: Með hliðsjón af þeim undirtektum, sem þál. fékk á umræddum fundi í viðskrn. hefur ekki frekar verið aðhafst í málinu í bili. Það er nauðsynleg forsenda fyrir árangri í þessum efnum, að takast megi að fá samvinnu um framkvæmdir við áðurgreinda útflutningsaðila. Um slíkt er ekki að ræða eins og sakir standa og vísast í því efni til þess, sem hér hefur áður verið sagt.

En undir þá hugsun skal tekið, sem vafalaust liggur að baki þessari þál., að nauðsynlegt sé að leita allra tiltækra og skynsamlegra ráða til að styrkja stöðu hinna ýmsu útflutningsgreina á erlendum mörkuðum. Að því ber að vinna eftir því sem unnt er og hagkvæmt getur talist á hverjum tíma, og vissulega koma til nýir möguleikar og batnandi aðstaða á mörkuðum Mið-Evrópu ef og þegar bókun nr. 6 kemur til framkvæmda. Þá verður að nýta eftir því sem frekast eru tök á.

Ég vona að ég hafi með þessum orðum svarað fsp. hv. þm., en þetta svar er tekið saman í viðskrn. og af þeim starfsmanni sem hefur þar með þessi mál fyrst og fremst að gera.

Fyrirspyrjandi (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir mjög greinargóð svör. Mér þykir vænt um að nokkuð hefur verið athugað hvort hægt væri að vinna að þessum málum í anda þál. Ein ástæðan fyrir því, að ég tók þetta mál upp núna, er sú, að á þeim fundi, sem ég var á í rn. kom greinilega fram að þeir, sem vinna að sölumálum okkar, töldu að engin ástæða væri til að óttast um góðar söluhorfur á ufsa og karfa, en örfáum vikum seinna kom í ljós að einmitt voru allmiklir söluörðugleikar og vaxandi á þessum fisktegundum. Og ég verð að segja, að mér finnst við ekki vera nógu vakandi gagnvart Evrópumarkaðinum og það sé full ástæða til þess að halda áfram að rannsaka á hvern hátt við getum hagnýtt okkur þennan geysistóra markað þegar lausn fæst á okkar tollavandamálum. Ég heyrði það á hæstv. ráðh., að augu þeirra eru opin og þeir eru vakandi fyrir því að þarna þarf umbóta við, og endurtek þakkir mínar fyrir svörin.

Sameinað þing, 41. fundur.

Þriðjudaginn 27. jan., að loknum 40. fundi.

Takmörkun þorskveiða, þáltill. (þskj. 236). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Jafnrétti kynjanna, þáltill. (þskj. 64). — Ein umr.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Við þm. Alþfl. á Alþ. höfum leyft okkur að flytja till. til þál. um setningu löggjafar um jafnrétti kynjanna.

Á s. l. ári lagði ríkisstj. norska Verkamannaflokksins fyrir Stórþingið frv. til l. um jafnrétti kynjanna og er það enn til meðferðar í þinginu. Í þessu frv. eru fjölmörg nýmæli varðandi jafnrétti kvenna og karla til viðbótar þeim lagaákvæðum sem gild eru þar í landi og raunar víða um þessi efni, einkum þó um launajafnrétti kvenna og karla. Í frv. eru auk þess ýmis önnur

atriði, ýmis nýmæli sem vakið hafa miklar umr., ekki aðeins í Noregi, heldur um gjörvöll Norðurlönd. Það, sem í þessari till. felst, er að Alþ. álykti að fela hæstv. ríkisstj. að láta semja frv. um jafnrétti kynjanna þar sem sé haft mið af ýmsum nýmælum sem einmitt felast í hinu norska frv.

Það var á árinu 1961 sem þm. Alþfl. undir forustu Jóns Þorsteinssonar þáv. alþm. fluttu frv. sem varð að lögum um launajöfnuu kvenna og karla. Er óhætt að fullyrða að samþykkt þeirra laga markaði tímamót í jafnréttisbaráttu kvenna á sviði launamála. Fyrir þremur árum, 1973, fluttu þm. úr öllum flokkum undir forustu hv. þm. Svövu Jakobsdóttur frv. um Jafnlaunaráð, sem einnig var merkilegt mál. Jafnlaunaráði var m. a. ætlað að hafa raunhæft eftirlit með því að ákvæðum laga um launajöfnuð kvenna og karla yrði fylgt í reynd, en ýmsir töldu að á því væri nokkur misbrestur. Því miður hafa fjárveitingar til Jafnlaunaráðsins verið svo takmarkaðar að það hefur enn ekki getað hafist handa um að starfa af þeim krafti sem ég veit að Jafnlaunaráðið vill að sé í störfum þess. Því miður tókst ekki að fá fram umtalsverða hækkun á fjárveitingum til Jafnlaunaráðsins við afgreiðslu fjárlagafrv. fyrir gildandi ár, en það stendur vonandi til bóta.

Það, sem gert er ráð fyrir í þessari till., er að þessi tvenn lög, þ. e. a. s. lög um launajafnrétti kvenna og karla annars vegar og lög um Jafnlaunaráð hins vegar, séu sameinuð í einn lagabálk og auk þess höfð hliðsjón við frv.-smíðina af nokkrum nýmælum sem einkum og sér í lagi felast í hinu norska frv., sem eins og ég sagði áðan hefur vakið mikla athygli, ekki aðeins í Noregi, heldur um öll Norðurlönd.

Í till. er sagt í fyrsta lagi, að meginatriði frv. skuli vera að konum skuli í reynd tryggt algert jafnrétti á við karlmenn á öllum sviðum þjóðlífsins og konur og karlar skuli eiga jafnan rétt til vinnu og menntunar. Þá er bent á að nauðsyn sé skýrra og ótvíræðra lagaákvæða um að við ráðningu í störf, flutning milli starfa, skiptingu í launaflokka, veitingu orlofs frá starfi eða uppsögn skuli óheimilt að miða reglur við það, hvort um konu eða karl sé að ræða, og ef bæði karl og kona geti gegnt starfi sé óheimilt að miða auglýsingu við annaðhvort kynið. Það er líka gert ráð fyrir að þannað sé að vinnuveitandi óski þess að væntanlegur starfsmaður sé fremur af öðru kyninu en hinu. Og til þess að tryggja rétt hvors kynsins sem er og í þessu tilfelli þá fyrst og fremst kvenna er gert ráð fyrir því, að umsækjandi, sem fái ekki stöðu sem hann hefur sótt um, geti krafist þess að vinnuveitandi láti honum í té skriflegar upplýsingar um hvaða menntun, reynslu eða aðra hæfni sá umsækjandi hafi haft til að bera sem stöðuna hlaut. Lagaákvæði um þetta efni eru engan veginn ónauðsynleg. Nægir í því sambandi að vitna til þess, að ég hef fyrir satt að það hafi gerst í einu rn. hér að konu, sem hafði háskólapróf og tilskilda menntun til þess að gegna ákveðnu starfi sem hún sótti um, hafi verið synjað um starfið og öðrum veitt það og þau rök höfð uppi, að vísu munnlega, að starfið hentaði ekki konu.

Þá er gert ráð fyrir því, að í því frv., sem till. gerir ráð fyrir að samið verði, sé kveðið ótvírætt á um að með sömu launum fyrir sömu vinnu sé átt við allar greiðslur og öll hlunnindi sem vinnuveitandi lætur af hendi og launin skuli ákveðin með nákvæmlega sama hætti hvort sem um er að ræða karl eða konu. Jafnframt er gert ráð fyrir skýrum lagaákvæðum um að konur og karlar, sem starfa hjá sama vinnuveitanda, skuli eiga sama rétt til starfsmenntunar og starfsþjálfunar ásamt orlofi til þess að afla sér slíkrar menntunar og þjálfunar, en um slíkt eru engin ákvæði í gildandi lögum, hvorki lögum um launajafnrétti né lögum um Jafnlaunaráð.

Að síðustu er gert ráð fyrir því, að tekið verði í það frv., sem við leggjum til að samið verði, ákvæði um að auglýsingar megi ekki vera með þeim hætti, að í ósamræmi sé við grundvallarregluna um jafnrétti kynjanna, né heldur þannig, að það særi siðferðisvitund annars hvors kynsins. En það fer ekki á milli mála að konur eru mjög misnotaðar sem auglýsingatæki á þann hátt, að mjög eðlilegt er að konur telji sér með því sýnd lítilsvirðing, að kyn þeirra sé óvirt með misnotkun á ósmekklegri og ósiðferðilegri misnotkun á kveneðlinu. Þetta er mál sem víða er rætt, ekki aðeins á Norðurlöndum, heldur í Vestur-Evrópu og Ameríku. Mér er að vísu ekki kunnugt um að nokkurs staðar hafi verið tekin í lög ákvæði um þetta efni, enda eru þau eflaust vandsamin, en málið er á dagskrá í öllum siðuðum löndum þar sem mikið kveður að auglýsingum á annað borð. Gildir þetta raunar ekki einvörðungu um misnotkun kveneðlisins í auglýsinaskyni, heldur væri full ástæða til þess að setja almennar reglur um það, með hvaða hætti auglýsingar skuli gerðar, þannig að þær misbjóði ekki heilbrigðum smekk eða heilbrigðri siðgæðisvitund neytenda, burt séð frá því sem nú þegar er bannað, að í auglýsingum megi að sjálfsögðu ekki felast blekkingar, eins og allir hljóta að vera sammála um.

Ég vona að þessi till. hljóti góðar undirtektir. Það er nauðsyn á sameiningu þeirra laga sem um það efni gilda sem till. fjallar um, og ég vona að samstarf geti tekist milli allra flokka um að nauðsyn sé á þeirri lagasetningu sem hér er lagt til að undirbúin verði.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til að málinu verði vísað til síðari umr. og hv. allshn. Sþ.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í júlímánuði s. l. var ákveðið að láta semja frv. til l. um jafnrétti kvenna og karla. Tilgangurinn var að fella saman í ein lög gildandi ákvæði um þessi efni, taka einnig upp nýmæli og skýrari fyrirmæli til þess að tryggja í reynd jafnrétti og jafnstöðu kvenna og karla. Í félmrn. hefur síðan í fyrrasumar verið unnið að undirbúningi frv., og nokkru fyrir jól lágu fyrir drög að frv. um jafnrétti kvenna og karla. Þá þótti ekki rétt að leggja frv. fram vegna annríkis á þingi. Við samningu frv. hefur verið höfð hliðsjón m. a. af því frv. sem liggur fyrir norska Stórþinginu og hv. 1. flm. þessarar till. minntist á.

Ég geri ráð fyrir að þetta frv. verði lagt fyrir Alþ. fljótlega.

Ég vil taka það fram, að ég skýrði hv. 1. flm. till. frá þessum undirbúningi lagafrv. áður en hann flutti till. sína.

Svava Jakobsdóttir: Hæstv. forseti. Ég fagna því að sjálfsögðu, að þessi þáltill. er fram komin, og fagna þeim áhuga á jafnrétti kynjanna sem hún sýnir, og þá má kannske í leiðinni óska hæstv. félmrh. einnig til hamingju með þann áhuga sem hann sýnir með því frv. sem hann boðar.

Áður en ég ræði þá till., sem hér er til umr., langar mig til að spyrja hæstv. félmrh. um það ríkisstjórnarfrv., sem mun væntanlegt næstu daga, og þá fyrst og fremst hverjir hafi verið til kvaddir að samningu þess frv.

Konur hafa lengi sýnt því áhuga að tryggja jafnan rétt í lögum og tryggja raunar með öðrum hætti að þau lög yrðu framkvæmd. Þannig hefur það gerst í Noregi að jafnlaunaráði var breytt í jafnréttisráð og starfssvið þess víkkað mjög. Ég hef ekki getað aflað mér nægilegra upplýsinga um hvernig þetta hefur reynst. Ég er þó þeirrar skoðunar að við eigum ekki að hætta við þessa baráttu eða sætta okkur við minna en ákvæði um jafnrétti kynjanna í stjórnarskrá, og að því vona ég að við íslendingar munum stefna.

Ég vil aðeins fara örfáum orðum um þá þáltill. sem hér liggur fyrir. Eins og ég sagði í upphafi máls míns, fagna ég því að hún skuli komin fram. Ég verð hins vegar að játa að mér finnst hún ekki alveg nægilega vel unnin til þess að ég geti áttað mig á því, hver fengur yrði að samþykkt hennar, umfram nokkur atriði sem er alveg sjálfsagt að leiða í lög. Þar á ég við auglýsingar um vinnu, að starfsauglýsingar megi ekki kyngreina, og þar á ég einnig við auglýsingar sem teknar eru fram í 5. lið, að auglýsingar megi ekki vera með þeim hætti, að í ósamræmi sé við grundvallarregluna um jafnrétti kynjanna, né heldur þannig, að þær særi siðferðisvitund annars hvors kynsins. Þessi atriði er alveg sjálfsagt að taka inn í slíka löggjöf.

Hins vegar er hér gert ráð fyrir að þessi löggjöf kveði fyrst og fremst á um þrjá þætti, þ. e. a. s. atvinnu og laun, menntun og svo það sem er e. t. v. óskilgreint, en mætti segja í rauninni að félli undir það sem kallaðist siðferðisvitund. A. m. k. fæ ég ekki séð að 5. liður geti fallið undir launaákvæðin eða menntunarákvæðin. Ég hefði gjarnan viljað að þetta hefði verið skýrar greint í þessari þáltill., til þess að sú n., sem fær hana til meðferðar, ætti betra með að átta sig á hvað fyrir flm. vakir.

Að hinu leytinu hef ég líka þá gagnrýni fram að færa varðandi þessa þáltill., að mörg ákvæði hennar eru þegar fyrir í lögum og það veit raunar hv. 1. flm. og frsm. Hann tók raunar fram áðan, en meiningin hjá honum er að sameina öll þessi ákvæði í eina heildarlöggjöf. En þá vaknar raunar spurningin, þegar Jafnlaunaráð sjálft er dregið þarna inn í, hvort ætlast sé til þess að Jafnlaunaráð sé sú stofnun sem eigi að tryggja framkvæmd og eftirlit með þessari löggjöf og víkkað þannig verksvið þess eða ætlast sé til þess að einhver ný stofnun komi þarna til og Jafnlaunaráð verði þá eftir sem áður eingöngu með sitt verkefni. Þetta er held ég atriði sem við þurfum að gera okkur grein fyrir.

Ég vil fyllilega taka undir þau orð hv. frsm., að Jafnlaunaráð hefur því miður aldrei fengið það fjármagn sem þarf til þess að sinna sem vert væri og eins og ég veit að ráðamenn hefðu gjarnan viljað þeim verkefnum, sem því eru falin samkv. lögum. Sú hækkun, sem Jafnlaunaráð fékk núna við afgreiðslu fjárlaga, var að vísu einhver, þó ekki meiri en svo að fjárveitingin hélt raungildi sínu, en var í rauninni ekki um neina raunhæfa hækkun að ræða og því vafasamt hvort Jafnlaunaráði tekst það ætlunarverk sitt að ráða starfsmann, sem er alveg tvímælalaust nauðsynlegt að það hafi. Störf Jafnlaunaráðs eru unnin í hjáverkum af ráðsmönnum og verða þeir að nota tómstundir sínar til þess að vinna þessi mjög svo nauðsynlegu verk.

Ég ítreka stuðning minn við þessa þáltill. Ég ítreka það, að ég hefði gjarnan, úr því að þetta mál er til umr. hér, viljað fá meira að vita um það frv. sem hæstv. félmrh. var að boða. Við hefðum þá e. t. v. getað haft ítarlegri umr. um þetta mál hér í dag.

Vilborg Harðardóttir: Herra forseti. Ég fagna þessu fram komna frv. og jafnframt boðuðu frv. ríkisstj. Það er mjög ánægjulegt að fleiri en aðeins konur hér á þingi skuli hafa hug á að gera eitthvað í þesum málum. En jafnframt harma ég að hafa ekki fengið eitthvað að sjá um það frv. sem er í undirbúningi hjá hæstv. félmrh.

Það hefur mikið verið rætt um norska frv., eins og hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason tók hér fram, en hann tók ekki fram að það hefur ekki allt verið eingöngu jákvætt. Það, sem mig langar að koma á framfæri hér í því sambandi, er að í þeim umr., er farið hafa fram í Noregi, hefur fólk, sem er að berjast fyrir jafnréttismálum, bent á að kannske hefði verið betra að láta ekki semja lagafrv. um jafnrétti kynjanna, heldur hreint og beint um bann við misrétti. Í þeim blaðaskrifum, sem þar hafa verið, hefur verið bent á ákveðin vandkvæði sem fólki þykja fyrirsjáanleg við beitingu þessara laga.

Við höfum líka dálitla reynslu af slíkum hlutum hér. Það voru samþykkt hér ágæt lög um Jafnlaunaráð, en það kemur strax fram, þegar á að fara að beita þeim, að á því eru vandkvæði. Því miður hefur framkvæmdin í sambandi við lögin um Jafnlaunaráð ekki reynst eins og menn vonuðust til. Þar er ýmsu um að kenna, t. d. því, að þetta ráð hefur ekki fengið fjárveitingu til þess að halda uppi þeirri starfsemi sem því er ætlað.

Í Noregi er líka bent á það, að e. t. v. sé ekki nóg að semja bara lög um jafnrétti kynjanna. Það geti verið nauðsynlegt að veita konum ákveðin, tímabundin forréttindi á meðan aðstaðan er jöfnuð. Og það er líka bent á eitt sem ekki kemur fram í þessari till., en gæti að sjálfsögðu komið fram ef sett yrði n. til að semja slíkt lagafrv., að það sé alveg nauðsynlegt í allri slíkri lagasetningu að gæta þess, að fullt tillit sé tekið til hlutverks kvenna í fjölgun mannkynsins.

Það er stór spurning, hvernig verður tryggt að framkvæmd slíkra laga verði framkvæmd í raun, og þá er spurningin, eins og hv. þm. Svava Jakobsdóttir benti á: Hver er það, hvaða aðili, sem hefði eftirlitið?

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þessi till. var flutt í desembermánuði s. l., þótt hún vegna anna þingsins þá, einkum í sambandi við afgreiðslu fjárlaga, hafi ekki komist á dagskrá fyrr en nú. Það er rétt sem hæstv. félmrh. sagði í ræðu sinni, að þegar þingflokkur Alþfl. hafði ákveðið að flytja þessa till. og hún var fullsamin, þá bar ég tiltekið atriði í till. og grg. hennar undir starfsmann í félmrn. sem þá sagði mér að ríkisstj. hefði látið semja frv. um jafnrétti kynjanna sem að mörgu leyti væri svipaðs eðlis og norska frv. sem hér hefur verið gert að umræðuefni, og staðfesti hæstv. ráðh. það við mig síðar sama kvöld að slíkt frv. hefði verið samið. Þegar ég hins vegar spurði hvort formleg ákvörðun hefði verið tekin um að flytja frv., þá var sagt, að sú ákvörðun hefði ekki enn verið tekin. Þess vegna þótti okkur í þingflokki Alþfl. engin ástæða til að fresta því eða láta hjá líða að flytja till.

Nú gaf hins vegar hæstv. ráðh. þá skýlausu og ótvíræðu yfirlýsingu, — ég vona að ég hafi skilið það alveg rétt, — að frv. yrði flutt, og lýsi ég yfir sérstakri ánægju yfir því.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Jarðhitaleit á Snæfellsnesi, þáltill. (þskj. 91). — Ein umr.

Flm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Á þskj. 91 hef ég leyft mér að flytja till. til þál. um jarðhitaleit á Snæfellsnesi.

Í stefnuyfirlýsingu núv. ríkisstj. er lögð mikil áhersla á hagnýtingu innlendra orkugjafa hvar sem því verður við komið. Þar er varmaorkan að sjálfsögðu í fremstu röð. Stefna skal að því að koma á fót hitaveitum þar sem aðstæður leyfa, hagnýta jarðvarmann svo sem kostur er, en tryggja öðrum sem fyrst raforku til húsahitunar.

Byggðir landsins eru mjög misauðugar af jarðhita. Sums staðar er hann á yfirborði jarðar í heitum hverum og laugum, svo sem víða í Borgarfjarðarhéraði þar sem gífurlega mikill jarðhiti er óvirkjaður. Annars staðar er hann dýpra í jörðu. Mikið skortir á að landið sé fullkannað að þessu leyti. Þó eykst þekking manna á þessu sviði ár frá ári. Talið er að Vesturland búi yfir miklum möguleikum á aukinni nýtingu jarðhita, og er það raunar alveg augljóst.

Á Snæfellsnesi hefur nokkur jarðhitaleit farið fram á síðustu árum. Hefur hún verið framkvæmd af starfsmönnum jarðhitadeildar Orkustofnunar að beiðni ýmissa aðila heima fyrir. Jarðhiti hefur fundist á nokkrum stöðum á nesinu, aðallega sunnanfjalls, en hans hefur einnig orðið vart norðanfjalls, og vitað er um jarðhita í Breiðafjarðareyjum. Sérfræðingar þeir, sem kannað hafa þessi mál, hafa komist að orði m. a. á þessa leið:

„Það hefur háð jarðhitaleit á norðanverðu Snæfellsnesi hversu skammt allhliða rannsóknir á eiginleikum og dreifingu jarðhita á nesinu eru á veg komnar. Allt þekkt jarðhitavatn á Snæfellsnesi er ölkelduvatn og talsvert frábrugðið heitu vatni á flestum öðrum lághitasvæðum landsins að efnasamsetningu og e. t. v. uppruna. Þá eru kaldar ölkeldur mun algengari á Snæfellsnesi en í öðrum landshlutum. Æskilegt væri að gera heildarkönnun á jarðhita á Snæfellsnesi, líkt og gert hefur verið í nokkrum byggðarlögum sunnanlands og norðan. Slík heildarkönnun byggist á nákvæmri jarðfræðikortlagningu og jarðeðlisfræðilegum mælingum á stórum svæðum umhverfis jarðhitastaði svo og rannsókn á efnainnihaldi heita vatnsins. Að heildarkönnun lokinni er mun kostnaðarminna og öruggara að athuga nánar einstök svæði með tilliti til borana fyrir þéttbýlisstaði og byggðakjarna."

Leyfist mér, herra forseti, að skjóta hér inn stuttri aths. Í síðustu mgr. grg. segir að um erindi þetta hafi verið rætt á aðalfundi sýslunefndar snæfellinga, — snæfellinga með litlum staf. Er það furða þó að þingeyingnum yrði að orði, þegar hann ræddi um afrek vinstri stjórnarinnar, þó heldur vinsamlega: Þó er hart að þurfa að skrifa þingeyingur með litlum staf. — Ég vil bæta því við, að vonandi — og þess sjást nokkur merki — verður nú farið að láta til skarar skríða um endurskoðun og endurbætur á þeim breytta rithætti sem hvolft var yfir þjóðina eins og þrumu úr heiðskíru lofti ekki alls fyrir löngu.

Já, það er rétt, sýslunefnd snæfellinga hefur nokkuð fjallað um þessi málefni. Á undanförnum árum hafa fjárstyrkir verið veittir úr sýslusjóði til jarðhitaleitar, m. a. við Laugargerðisskóla í Eyjahreppi. En betur má ef duga skal. Hér er um mikið og kostnaðarsamt rannsóknarefni að ræða. Á hinn bóginn er það mjög brýnt hagsmunamál hverju héraði að fá sem fyrst glöggt yfirlit yfir nýtanlegan jarðhita á svæðinu. Till. þessi er flutt í því skyni að hraða athugunum og framkvæmdum í þessum efnum á Snæfellsnesi.

Ég leyfi mér, herra forseti, að óska þess, þegar umr. verður frestað, að máli þessu verði vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Áætlun fyrir Skeggjastaðahrepp, þáltill. (þskj. 79). — Ein umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Við hv. 5. þm. Austurl., Halldór Ásgrímsson, höfum leyft okkur að flytja till. til þál. um uppbyggingaráætlun fyrir Skeggjastaðahrepp í Norður-Múlasýslu. Till. er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta nú þegar hefjast handa um gerð áætlunar um allhliða uppbyggingu í Skeggjastaðahreppi í Norður-Múlasýslu. Áætlunin verði unnin af Landnámi ríkisins í samvinnu við Framkvæmdastofnun ríkisins á grundvelli ítarlegra till. og grg. frá Búnaðarsambandi Austurlands. Áætlunin taki mið af eftirfarandi höfuðatriðum:

1. Landbúnaður í Skeggjastaðahreppi verði efldur með sérstöku átaki með það markmið í huga að koma upp fullnægjandi aðstöðu til búskapar á minnst 16 lögbýlum, svo að þar verði hagkvæm skilyrði til búrekstrar og viðunandi íbúðarhúsnæði. Fjármagnsútvegun í formi óafturkræfra framlaga og lána verði við það miðuð, að ábúendur leggi fram í upphafi allt að 15% heildarkostnaðar. Auk lögboðinna lána og styrkja verði veittir sérstakir styrkir og lán með hagstæðum kjörum.

2. Framkvæmdum þessum verði komið í kring á næstu 5 árum og fjármagnsútvegun og undirbúningur við það miðaður að þær geti hafist sumarið 1976. Ræktun lands og afréttargirðingar skulu hafa forgang í landbúnaðaráætluninni.

3. Sérstök áætlun verði gerð um útgerð og fiskvinnslu með tilliti til eflingar Hafnarþorps. Félagsleg þjónusta verði tryggð og til þess séð, að skortur á íbúðarhúsnæði hindri ekki þá nauðsynlegu þróun þorpsins sem haldast þarf í hendur við uppbyggingu í sveitinni. Tryggt verði sérstakt lánsfé og fjárframlög til framkvæmdanna í þorpinu.

4. Framkvæmd áætlunarinnar skal vera í höndum Landnáms ríkisins og Framkvæmdastofnunar ríkisins í náinni samvinnu við hreppsnefnd Skeggjastaðahrepps og Búnaðarsamband Austurlands."

Fyrir till. eins og þessari mætti vissulega hafa langa framsögu, þar sem rakin væri hin alkunna saga byggðaþróunar og byggðaröskunar á Íslandi, þar sem dregin væru fram í dagsljósið skýr og ljós dæmi um blómlegar byggðir sem nú eru í eyði, þar sem greint væri frá vanda þeirra sem tæpast standa í dag hvað snertir aðstöðu alla, þar sem spurning um líf eða dauða heilla byggðarlaga væri krufin og orsaka leitað, úrbóta krafist, svo sem um eru ótalin dæmi. Ég hef kosið að hafa þessa framsögu þeim mun styttri sem grg. hennar er ítarlegri, þ. e. ekki frá hendi okkar flm., heldur frá þeim heimaaðilum sem hafa í raun unnið að miklu leyti það verk sem hér er lagt til að Alþ. samþykki raunhæfa framkvæmd á.

Áhyggjur af eyðingu byggðar á þessum slóðum eru frumforsendur þeirrar athugunar sem hér er byggt á. Og hér er ekki um athugun eina að ræða. Ákveðnar till. koma í kjölfarið, rökstuddar af þeim aðila sem ég treysti best til að gera till. til úrbóta á þeim grunni sem traustan má telja, þar sem ekki er rasað um ráð fram í neinu.

Skeggjastaðahreppur hefur um margt sérstöðu. Hann er á mörkum tveggja kjördæma, Austurl. og Norðurl. e. Samstaða íbúanna með öðrum austfirðingum hefur nýlega verið undirstrikuð rækilega, og skylda okkar sem þm. þessa útvarðar okkar í norðri er vissulega mikil og brýn. Því þykir okkur hv. 5. þm. Austurl., Halldóri Ásgrímssyni, rétt að knýja á málefni þessa fólks með auknum krafti, og að þessari till. okkar standa í raun allir þm. Austurl. heils hugar. Í grg. með till. segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Hnignun búskapar og alvarleg hætta á eyðingu byggðar eru þær höfuðorsakir, sem jafnt heimaaðilar og við flm. höfum að leiðarljósi og valda því framar öðru að hart þarf við að bregða. Þar að auki er hér um samtegnda þætti að ræða, sem varða annars vegar öryggisleysi í litlu þorpi, atvinnu- og félagslegt, og hins vegar núverandi stöðu sveitarinnar sem að liggur, en búskap hefur hnignað þar mörg undanfarin ár.

Brýnustu verkefnin koma fram í tillögugerðinni sjálfri, átak í uppbyggingu sveitarinnar sem felst í áætlun um minnst 16 lögbýli þar sem búskaparaðstaða yrði viðunandi, og efling þorpsins á Höfn, þar sem bætt hafnaraðstaða yrði aðalþátturinn ásamt átaki í húsnæðismálum.

Í þessu sambandi skal sérstök áhersla lögð á tvennt:

1) Sveitin er af kunnugustu mönnum talin einkar vel fallin til sauðfjárbúskapar þar eð landgæði og landrými fara saman í ríkum mæli.

2) Rétt við bæjardyrnar eru fengsæl fiskimið, en um sumarútgerð eina er að ræða sakir ónógrar hafnaraðstöðu. Þetta fámenna sveitarfélag skilar í dag tugmilljónum í þjóðarbúið, þó að aðstæður allar séu svo erfiðar sem raun ber vitni.

Þótt um verulega aðstoð yrði að ræða í formi lánsfjár og beinna styrkja mundi fjármagnið skila sér margfalt á fáum árum.

Fyrir liggja greinargóðar upplýsingar um ástand mála nú og ákveðnar till. til úrbóta, sem okkur þykir rétt að komi fram á Alþ. að meginstofni."

Þeir tveir höfuðþættir, sem till. er byggð á, eru annars vegar landbúnaðarþátturinn, en í fskj. er saga hans og þróun og framtíðasýn rakin af héraðsráðunautnum á Austurlandi, Páli Sigbjörnssyni, á þann hátt, að betur verður ekki gert. Hinn þátturinn varðar þorpið að Höfn í Bakkafirði. Þar búa að vísu fáir, en framleiðsla þar á mann mun með eindæmum og gjaldeyrisverðmætið eftir því, sem á var minnt áðan. Það væri mikið glapræði ef þessi fengsælu fiskimið fengju ekki í auknum mæli að skila arði til íbúanna einmitt á þessum fámenna stað og um leið í þjóðarbúið sjálft. Til þess að svo megi verða þarf framkvæmdir, fyrst og fremst í hafnarmálum, en þar mun torveldastur róðurinn, því að oft hefur heyrst að hafnarframkvæmdir, jafnvel minnstu úrbætur, ættu engan rétt á sér. Meira að segja hefur því heyrst fleygt á vissum æðri stöðum að besta ráðið væri að flytja þessar fáu hræður burt, til þá auðvitað betri hafnar. Það virðist oft auðvelt að ganga á snið við staðreyndir eins og þær, hver tugmilljónaverðmæti eru þarna dregin á land við þær frumstæðu aðstæður sem þó eru þar í dag og aðeins koma að gagni að hluta, þ. e. a. s. vegna þess að það er aðeins yfir tiltölulega skamman tíma ársins. Við leggjum því áherslu á það, að hafnarmálin verði skoðuð ítarlega í þessari áætlun sem forsenda að viðgangi og eflingu þorpsins. En til þess þarf samfélagslegt sérátak, — átak sem, eins og við segjum, kostar fjármuni, en fjármuni, sem við höfum trú á að muni skila sér margfalt til baka, og fjármuni, sem þetta fólk á svo sannarlega fullan rétt á. Nú er einmitt verið að gera nokkurt átak varðandi fiskvinnsluna. Von okkar er sú, að þar standi

ekki á eðlilegri aðstoð þótt okkur sé ljóst að hér er um byrjunaráfanga að ræða.

Hin félagslega þjónusta á stað sem þessum er auðvitað í algeru lágmarki og íbúarnir í þéttbýlinu mundu hiklaust telja að hún væri alls engin. En þó er rétt að benda á að sveitarstjórn hefur ýmislegt gert í átt til þess, t. d. nú með byggingu tveggja leiguíbúða sem er stórátak í þessu byggðarlagi fámennisins og hefur raunar orðið erfitt, svo erfitt að bjartsýnin ein hefur byggt á stundum. Við leggjum á það sérstaka áherslu að uppbygging þorpsins atvinnulega og félagslega verði skipulögð í tengslum við uppbyggingu blómlegrar sveitar. Hér er um nauðsynlegt samhengi að ræða, enda er hreppurinn að sjálfsögðu félagsleg heild.

Af því að ég minntist á húsnæðismálin áðan, þá er fullljóst að á því sviði þarf að gera sérátak þar sem samfélagið kemur inn í í ríkara mæli en annars staðar, a. m. k. hvað varðar skipulag og byrjunaruppbyggingu. Ef menn kynnu að spyrja hvert vit væri í þessu, þá vísa ég þeim hinum sömu enn á það tugmilljóna framlag sem gæti orðið margfalt við breyttar og betri aðstæður. Um þjóðhagslegan ávinning er því engin þörf að deila. Hann verður of ótvíræður til þess. Spurningin er aðeins um að aðhafast eitthvað áður en um seinan verður.

Ef mönnum þykir ósamræmi hjá okkur tillögumönnum í því að fela heildarverkefnið Landnámi ríkisins, þá yrði þessi þáttur, þ. e. a. s. höfnin og það sem lýtur að þorpinu yfirleitt, það yrði sá hluti verksins sem áætlanadeild Framkvæmdastofnunar sæi um, svo sem kemur fram í tillgr. sjálfri. En því er Landnám ríkisins sett hér inn sem aðalaðili málsins, að enn brýnna er þó verkefnið sem að landbúnaðinum lýtur, enda þar búið að vinna meira verk og skipulegra en varðandi hitt. Eyðing sveitarinnar vofir nefnilega yfir. Sómaklerkurinn séra Sigmar Torfason, oddviti þeirra, sem býr góðu búi á prestssetrinu, segir hér um mestu hættuna að ræða sem að byggðarlaginu steðjar. Hins vegar kveður hann þar á engan vafa, að eyðing sveitar leiði af sér annað og meira.

Í köflum, sem eru í fskj., er ástand rakið og áætlun gerð varðandi landbúnaðinn. Ég minni aðeins á niðurstöðuna á bls. 7, töflu VI, þar sem fram kemur að það vanti í raun og veru fjármagn varðandi það að koma landbúnaðaráætluninni í framkvæmd, 36 millj. Það er að vísu nokkuð mikið fé og auðvitað hafa þessar tölur hækkað nokkuð frá því að þessi áætlun var gerð, en þær eru þó hvergi nærri svimandi á okkar mælikvarða í dag, síst þegar haft er í huga hvað í húfi er.

Miklar deilur hafa átt sér stað um meginatriði þessa máls, þ. e. a. s. framtíð og réttmæti landbúnaðar í þessu landi yfirleitt. Það er furðulegt að svo skuli vera, en engu að síður bláköld staðreynd. En svo langt hefur þetta tal oft gengið, að svo hefur verið að skilja, að ein brýnasta aðgerð okkar íslendinga væri að leggja búskap og bændastétt niður. Fram hjá þessum staðreyndum verður að vísu ekki gengið, og við tillögumenn gerum okkur þess ljósa grein, að mörgum finnst hér um sóun að ræða, að þessi þáttur till. e. t. v. og e. t. v. till. öll sé óráð hið mesta. Þeir um það. Ekki skulum við neita því, að ýmislegt er á annan veg í landbúnaði okkar en ætti að vera. En við bendum þá jafnframt á, að svo mun vera um flestar eða allar atvinnugreinar okkar, að ekki sé minnst á þau óarðbæru störf sem margir þeirra stunda, sem mest hafa hneykslast á íslenskum landbúnaði. Við þykjumst vita, að hér á Alþ. muni ekki vera um þá að ræða sem svo hugsa, svo að það er óþarft að hafa hér um langt mál.

Í framhaldi af töflu VI segir svo í grg. Páls Sigbjörnssonar orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Sú framkvæmdaáætlun, sem sett er upp hér að framan, er talsvert kostnaðarsöm og krefst allmikils fjármagns í lánum og styrkjum úr opinberum sjóðum. Því er eðlilegt að ýmsar spurningar vakni þegar farið verður að taka ákvörðun um það, hvort ástæða sé til að koma áætluninni í framkvæmd. Hér skal minnst á nokkur atriði sem svara þarf í því sambandi.

Spyrja má t. d.: Er nauðsynlegt að byggja upp svo margar jarðir til að halda byggðinni við?

Aldrei verður hægt að setja fram ákveðna og óumdeilanlega tölu býla sem þurfi að vera í byggð til að félagsaðstæða í sveitinni verði bærileg. Augljóst er þó, að tala fullgildra bænda má ekki fara neitt að marki niður fyrir þetta lágmark til að félagsaðstæða verði sæmileg, t. d. með smalamennsku og margt fleira. Með þetta mikilli byggð væri og mestur hluti landkosta sveitarinnar hóflega nýttur. Ein eyðijörð stór og góð er þó ekki tekin með og fleiri minni.

Ef litið er á aðstöðu bænda í Skeggjastaðahreppi, sem lagt hafa fram ævistarf sitt og fjármuni til að skapa sér skilyrði til atvinnu og búsetu, kemur fram að þeir sitja nú uppi með aleigu sína gagnslausa og verðlausa ef þannig fer sem horfir, að byggðin fari í auðn. Sama er að segja um þá sem þorpið á Bakkafirði byggja. Þessi þróun er á engan hátt sök þess fólks sem þarna býr, heldur eru það breyttir þjóðfélagshættir sem valda, en þó fyrst og fremst vanræksla þjóðfélagsins að veita þarna félagslega þjónustu til jafns við það sem annars staðar hefur verið gert. Það er ekki mikill munur á aðstöðu þessa fólks og þess sem misst hefur sitt í náttúruhamförum.

Viðurkennt hefur verið að þjóðfélaginu beri að bæta því fólki tjónið, sem fyrir slíku verður.

Að síðustu skal svo minnt á byggðastefnuna sem nú er mjög höfð á orði og jafnvel einn liður í yfirlýstri stefnu núv. ríkisstj. Hér er mjög gott tækifæri til að sýna hana í verki.

Það byggðarlag, sem hér um ræðir og nú stendur höllum fæti, hefur fram til þessa fengið ákaflega smáar upphæðir af framkvæmdafé þjóðarinnar. Þrátt fyrir það hafa verið framleidd þar mjög mikil verðmæti, mest úr sjó, en þó einnig talsvert af landbúnaðarvörum.

Náttúruskilyrði eru þarna góð, bæði til sjós og lands, en til þess að hægt sé að nýta þau þarf að skapa íbúunum viðhlítandi aðstöðu, félagslega og atvinnulega, sem krefst eðlilega nokkurrar fjárfestingar."

Hér gæti ég lokið mínu máli og vitnað í þessa niðurstöðu svo og annað sem kemur fram í hinu glögga og fróðlega fskj. Páls Sigbjörnssonar sem í raun og veru hefur undirbúið þessa till. í hendur okkar flm., en aðeins örfá orð að lokum.

Ég hygg að ýmsum þyki sem um hæpið fordæmi kunni að vera að ræða. Lögð er til séráætlun um tiltölulega lítið verkefni, fámennan útskaga, sem sumir hugsa e. t. v. að best sé geymdur eins og er og þar með í raun gleymdur. En við minnum á í grg. að svipuð átök hafa áður verið gerð eða eru í framkvæmd til stöðvunar byggðareyðingar og skipulegs uppbyggingarstarfs. Nægir að minna á Inndjúpsáætlun og viðhald byggðar á Hólsfjöllum og Efrafjalli í því sambandi. Auk þess bendum við á að hina víðtæku gagnasöfnun og ítarlegu tillögugerð, sem þegar liggur fyrir, og sérstaklega hið mikla starf Páls Sigbjörnssonar héraðsráðunautar Búnaðarsambands Austurlands þarf og á að nýta sem fyrst. Því er lögð áhersla á að áætlunargerð hefjist nú þegar hjá þeim tveimur opinberu stofnunum sem nú eiga að taka við niðurstöðum að heiman.

Mér hefur borist til eyrna frá sérfræðingum að galli sé á gjöf Njarðar, galli sé á þessari tillögugerð um áætlun. Víst vissum við flm. að gallalaus var hún ekki. En hitt óraði okkur ekki fyrir, að gallinn væri sá, að hún væri of fullkomin hvað snertir landbúnaðinn og því of lítið að gera fyrir sérfræðingana. En svona eru þeir sumir hverjir blessaðir, og mannlegt er það að telja það eitt gott sem frá þeim sjálfum kemur. Við hins vegar — með fullri virðingu fyrir öllum sérfræðingum — teljum þetta aðalstyrk till. og erum sannfærðir um að engir geta hér nánar og betur um fjallað en heimamenn sjálfir og sá maður sem gleggsta yfirsýn hefur varðandi allan landbúnað á Austurlandi, þar með talinn landbúnað í þessari nyrstu sveit fjórðungsins.

Að lokum leggjum við þunga áherslu á 4. lið till., þ. e. a. s. að framkvæmdin skuli vera í náinni samvinnu við hreppsnefnd Skeggjastaðahrepps og Búnaðarsamband Austurlands. Við hefðum gjarnan viljað snúa honum hreinlega við, en vafalaust er hér þó um réttari framkvæmd að ræða, þ. e. að framkvæmdin skuli þó vera í höndum Landnámsins og Framkvæmdastofnunarinnar. En við leggjum engu að síður mikla áherslu á að þessi samvinna verði viðhöfð, og æskilegast væri að heimaaðilar réðu hér verulega ferðinni.

Að endingu þetta: Byggðamál eins og þetta hlýtur að eiga miklu fylgi að fagna hér á Alþ., og við treystum því að málið nái fram að ganga nú á þessu þingi. Ef við sváfum mál eins og þetta og aðhöfumst ekkert, horfum upp á eyðingu áður blómlegrar byggðar, þá sváfum við og slævum fleira. Þá er okkur ekki alvara, þá er byggðastefnan ekki okkar mál í raun. Við flm. viljum a. m. k. trúa öðru.

Ég vil svo, herra forseti, leggja til að þessu máli verði vísað til hv. atvmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 45. fundur.

Miðvikudaginn 28. jan., kl. 2 miðdegis.

Framhaldsfundir eftir þingfrestun.

Forseti (Eggert G. Þorsteinsson): Þar sem þetta er fyrsti fundur í hv. þd. á hinu nýbyrjaða ári, bið ég hv. þdm. velkomna til starfa og óska þeim gleðilegs árs og farsældar í störfum á komandi ári.

Forseti tók öll dagskrármálin af dagskrá.

Neðri deild, 45. fundur.

Miðvikudaginn 28. jan., kl. 2 miðdegis.

Forseti tók öll dagskrármálin af dagskrá.

Neðri deild, 46. fundur.

Miðvikudaginn 28. jan., kl. 2.25 miðdegis.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 298). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Með frv. á þskj. 298 er leitað eftir heimild Alþ. til að framlengja frest skv. 16. gr. l. nr. 46/1973, sbr. 1. gr. l. nr. 90/1975, enn um skeið til þess að betri tími gefist til þess að ná samkomulagi í yfirstandandi deilumáli milli fjmrh. og BSRB. Jafnframt er ríkissáttasemjara skv. frv. veitt heimild til þess að leita sátta milli aðila til 7. mars 1976 ef annar hvor aðili óskar þess.

Með l. nr. 90/1975 var þágildandi frestur framlengdur um einn mánuð.

Ástæðan fyrir frestunarbeiðni þessari nú er sú, að aðilar eru sammála um að reyna til þrautar að ná samkomulagi, en sá tími, sem nú er eftir til ráðstöfunar af gildandi fresti, er fyrirsjáanlega of skammur.

Frv. er flutt í samkomulagi við BSRB, og skv. venju hefur slíkum frv. ekki verið vísað til nefndar. Form. þingflokkanna hefur verið gerð grein fyrir þessu frv.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og vænti þess að hægt verði að haga svo afgreiðslu þessa máls, að það geti orðið að lögum í dag.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Neðri deild, 47. fundur.

Miðvikudaginn 28. jan., að loknum 46. fundi.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 298). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Neðri deild, 48. fundur.

Miðvikudaginn 28. jan., að loknum 47. fundi.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 298). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Efri deild, 46. fundur.

Miðvikudaginn 28. jan., kl. 2.45 miðdegis.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 298). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Með frv. á þskj. 298 er leitað eftir heimild Alþ. til að framlengja frest samkv. 16. gr. l. nr. 46 1973, sbr. 1. gr. l. nr. 90 1975 um einn og hálfan mánuð til þess að betri tími gefist til þess að ná samkomulagi í yfirstandandi deilumálum milli fjmrh. og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Jafnframt er ríkissáttasemjara veitt heimild, ef frv. verður að lögum, til að leita sátta milli aðila til 7. mars 1976 ef annar hvor aðili óskar þess.

Með l. nr. 90 1975 var þágildandi frestur framlengdur um einn mánuð.

Astæðan fyrir frestunarbeiðni þessari nú er sú, að aðilar eru sammála um að reyna til þrautar að ná samkomulagi, en sá tími, sem nú er eftir til ráðstöfunar af gildandi fresti, er fyrirsjáanlega of skammur. Frv. er því flutt samkv. samkomulagi við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, og samkv. venju hefur slíkum frv. ekki verið vísað til n. Form. þingflokka hefur verið gerð grein fyrir máli þessu.

Herra forseti. Ég legg til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr., og vænti þess að hægt verði að ljúka afgreiðslu þess í dag, þannig að það geti orðið að lögum, en eins og hv. þdm. er kunnugt hefur Nd. lokið 3. umr. um málið nú fyrir skemmstu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Efri deild, 47. fundur.

Miðvikudaginn 28. jan., að loknum 46. fundi.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 298). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Efri deild, 48. fundur.

Miðvikudaginn 28. jan., að loknum 47. fundi.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 298). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 300).

Sameinað þing, 42. fundur.

Mánudaginn 2. febr., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 29. jan. 1976.

Gunnar Thoroddsen, form. þingflokks Sjálfstfl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem Jón Árnason, 2. þm. Vesturl., er sjúkur og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér með beiðni hans og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Vesturlandskjördæmi, Ingiberg J. Hannesson sóknarprestur, taki sæti á Alþ. í forföllum hans."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Eggert G. Þorsteinsson,
forseti Ed."

Séra Ingiberg J. Hannesson hefur áður setið á þingi sem varamaður Guðmundar H. Garðarssonar, 6. landsk. þm., en það þarf að rannsaka annað kjörbréf, þar sem hann mætir fyrir Jón Árnason, 2. þm. Vesturl. Fyrir liggur kjörbréf frá kjörstjórn Vesturlandskjördæmis og bið ég kjörbréfanefnd að rannsaka kjörbréfið. Verður 5 mín. fundarhlé meðan rannsókn kjörbréfsins fer fram. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur rannsakað kjörbréf séra Ingibergs J. Hannessonar sóknarprests að Hvoli í Staðarhólsþingum, en hann er 1. varaþm. Sjálfstfl. í Vesturlandskjördæmi. Hann kemur nú til þings í veikindaforföllum Jóns Árnasonar, 2. þm. Vesturl. Séra Ingiberg hefur áður setið á þingi um sinn fyrir tæpu ári sem 1. varamaður landsk. þm. Sjálfstfl.

Kjörbréf þetta er gefið út af kjörstjórn Vesturlandskjördæmis 1. júlí 1974. Nefndin leggur til að kosningin verði tekin gild og kjörbréfið samþ.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 50 shlj. atkv.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Séra Ingiberg J. Hannesson hefur áður setið á Alþ. og þarf því ekki að undirrita eiðstaf. Býð ég hann velkominn til starfa.

Efri deild, 49. fundur.

Mánudaginn 2. febr., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Dýralæknar, frv. (þskj. 289). — 1. umr.

Flm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 289 flyt ég frv. til l. um breyt. á l. nr. 31 5. maí 1970, um dýralækna. Breytingin er í því fólgin að skipta því umdæmi, sem nú nær yfir Strandasýslu og Vestur-Húnavatnssýslu, í tvö umdæmi, þ. e. a. s. Strandaumdæmi og Vestur-Húnaþingsumdæmi.

Í grg. geri ég nokkra grein fyrir því, að þessu umdæmi, eins og það er, er ákaflega erfitt að þjóna. Dýralæknir situr nú á Hvammstanga, en þaðan eru mjög miklar vegalengdir á ýmsa staði Strandasýslu, allt upp í 253 km í Árnes í Árneshreppi, auk þess er þessi leið oft mjög torfarin.

Þetta mál er flutt að ósk heimamanna og hafa þeir haft um það samband við yfirdýralækni sem hefur lagt til að þessi breyting yrði gerð. Að sjálfsögðu mun hv. landbn., ef frv. verður til hennar vísað, kanna það mál nánar. Að sjálfsögðu er ekki heldur endilega víst að tveir dýralæknar sitji að staðaldri þessi tvö umdæmi þó að þessu verði skipt. Í fyrsta lagi er ekki öruggt að til þess fáist dýralæknir, og vel má vera að á vissum tíma árs sé unnt að sinna þessum tveimur umdæmum saman. Með því að skipta þessu er yfirdýralækni þó gert kleift að setja dýralækni í hvort umdæmið fyrir sig og leysa þannig úr því vandræðaástandi sem nú er, jafnvel þótt svo sé ekki nema einhvern hluta af árinu. En það opnar sem sagt þann möguleika og það tel ég mjög mikilvægt.

Ég þarf ekki að hafa um þetta langa framsögu. Ég held að málið liggi mjög ljóst fyrir og læt þetta nægja. Að lokinni þessari umr. legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til landbn. með 16 shlj. atkv.

Neðri deild, 49. fundur.

Mánudaginn 2. febr., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Umræður utan dagskrár.

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi forseti. Haustið 1972 hafði lögreglan í Keflavík með höndum rannsókn á umfangsmiklu smyglmáli. Upplýsingar, sem lögreglumenn fengu, urðu til þess að athygli þeirra beindist að ákveðnu veitingahúsi í Reykjavík — veitingahúsinu Klúbbnum. Fóru lögreglumennirnir m. a. að fylgjast nákvæmlega með rekstri hússins og ferðum þar í kring. Eina nóttina uppgötvuðu þeir að ólöglegir áfengisflutningar áttu sér stað að veitingahúsinu frá ríkisverslun. Kærðu lögreglumennirnir athæfið strax morguninn eftir.

Hinn 12 okt. þetta haust gerðist það jafnframt, að rannsóknardeild ríkisskattstjóra sendi bréf til sakadóms Reykjavíkur, þar sem greint var frá grunsemdum skattrannsóknarstjóra um ýmiss konar misferli í sambandi við starfrækslu veitingahússins að Lækjarteigi 2 sem rekið var af hlutafélaginu Bæ — en þar er um sama veitingahús að ræða og í daglegu tali er nefnt Klúbburinn. Um framhald málsins leyfi ég mér að vitna

orðrétt í skýrslu Hallvarðs Einvarðssonar þáv. aðalfulltrúa við embætti saksóknara ríkisins sem dómsmrn. hefur af ástæðum, sem því einu er kunnugt, ekki birt með öðrum bréfum í grg. sem rn. sendi frá sér s. l. laugardag, þótt þessi skýrsla sé með allra mikilvægustu gögnum í málinu. Í skýrslunni, sem ég hef undir höndum, segir svo orðrétt um framhald málsins:

„Með bréfi rannsóknardeildar ríkisskattstjóra, dags. 12. þ. m., til sakadóms Reykjavíkur, sbr. meðfylgjandi ljósrit, var greint frá grunsemdum skattrannsóknarstjóra um ýmiss konar misferli í sambandi við starfrækslu veitingahússins að Lækjarteigi 2 hér í borg sem rekið væri af hlutafélaginu Bæ. Var beiðst rannsóknar á máli þessu og jafnframt vakin athygli á tilteknum rannsóknaraðgerðum sem nauðsynlegar þættu til upplýsinga í máli þessu, enda þótti þá þegar sýnt að rannsókn málsins mundi verða allumfangsmikil. Við upphaf rannsóknar málsins voru samráð milli skattrannsóknarstjóra, ríkisendurskoðanda, tollgæslustjóra, rannsóknardómara og fulltrúa saksóknara, auk þeirra lögreglumanna sem unnið höfðu að frumathugun lögreglu í málinu. Dómsrannsókn málsins hófst svo í sakadómi Reykjavíkur laugardaginn 14. þ. m. Þótti fljótlega sýnt að þær grunsemdir, sem uppi höfðu verið um misferli í þessu efni, höfðu við veigamikil rök að styðjast. Er svo var komið skýrði fulltrúi saksóknara, sem fylgdist með *rannsókn málsins, lögreglustjóranum í Reykjavík* frá rannsókn þessari og jafnframt gerði rannsóknardómari lögreglustjóranum stuttlega grein fyrir því sem þá virtist fram komið varðandi fyrrgreint kæruefni í sambandi við starfrækslu þessa veitingahúss. Ákvað lögreglustjóri þá að leggja þegar bann við frekari áfengisveitingum í *þessu veitingahúsi uns annað yrði* ákveðið og mun hann í því efni hafa stuðst við ákvæði 2. mgr. 14. gr. áfengislaga nr. 82 1969. Sú ákvörðun lögreglustjóra var að áliti saksóknara sjálfsögð og eðlileg eins og á stóð. Var það bæði á ýmsan hátt ótvírætt í þágu rannsóknar málsins auk þess sem áframhaldandi starfrækslu *þessa veitingahúss, eins og málum þá var komið*, var allsendis óviðeigandi frá sjónarmiði almennrar réttarvörslu. Var tvímælalaust nærtækast að beita fyrrgreindri heimild lögreglustjóra samkv. 2. mgr. 14. gr. áfengislaganna, enda hæpið að unnt hefði verið að grípa jafnskjótt til annarrar réttarheimildar til slíkrar sviptingar eins og *málum var háttað í upphafi rannsóknar*. Eðlilegt var að tekið væri fyrir frekari áfengisveitingar í þessu veitingahúsi meðan rannsókn málsins stæði yfir eða a. m. k. á meðan hin eiginlega sakadómsrannsókn, svo sem yfirheyrslur, stæðu yfir. Efni kynnu hins vegar að hafa getað orðið til endurskoðunar á þessu banni á síðara stigi *rannsóknarinnar*, t. d. óvíst að bíða hefði þurft loka skattsvikarannsóknar skattrannsóknarstjóra eða loka bókhaldsrannsóknar."

Þannig stóð málið sem sagt 14. okt. árið 1972. Veitingahúsinu hafði verið lokað vegna umfangsmikilla meintra lögbrota aðstandenda þess og var ætlunin að hafa það lokað á meðan verið væri að ljúka rannsókn á mikilvægustu þáttum málsins, enda það talið mjög brýnt af hálfu allra þeirra sem rannsóknina höfðu með höndum.

Nú líða fram nokkrir dagar og ekki verður séð af þeim gögnum, sem ég hef undir höndum, hvað gerst hefur á þeim tíma. Næst er það vitað í málinu að hinn 18. okt. 1972 — fjórum dögum eftir að lokunin kom til framkvæmda og örfáum sólarhringum eftir að rannsóknarlögreglumenn höfðu orðið varir við ólöglega flutninga áfengis að næturlagi til umrædds veitingahúss — ritar veitingamaðurinn dómsmrn. bréf þar sem hann áfrýjar ákvörðun lögreglustjóra til dómsmrn. samkv. heimild í 14. gr. laga nr. 82 1969, eins og segir í grg. rn. Vek ég athygli á því, að áfrýjunarbréf veitingamannsins er ekki birt né heldur rökstuðningur hans fyrir þeirri beiðni að rn. ógildi lokunarúrskurð lögreglustjóra. Er hér um að ræða enn eitt mikilvægt gagn í málinu sem dómsmrn. hefur ekki birt, af hvaða ástæðum sem það kann að vera, en í bréfinu færir veitingamaðurinn væntanlega rök að þeirri beiðni sinni að honum verði heimilað að hefja starfrækslu hússins á ný þótt rannsókn á meintum afbrotum sé nýlega hafin og þeir, sem rannsóknina hafa með höndum, hafi lagt mikla áherslu á að húsið sé lokað fyrir starfrækslu á meðan. Hvorki rökstuðningur veitingamannsins fyrir beiðninni né rökstuðningur dómsmrn. fyrir afgreiðslunni er í grg. dómsmrn.

En dómsmrn. er ekki lengi að bregða við eftir að umrætt bréf hefur borist. Strax daginn eftir að bréfið er dagsett hefst rn. handa. Athöfnum þess er lýst í greinargerð þess með tilvitnun í minnisblað þess starfsmanns rn., sem um málið fjallaði. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„19. okt. 1972" — það er að segja daginn eftir að umrætt bréf veitingamannsins er dagsett. — „Ræddi við lögreglustjóra um vínveitingabannið í Lækjarteig 2. Taldi hann rétt að *halda banninu áfram á meðan rannsóknardómari* teldi þess þörf. Rannsóknardómari teldi ekkert gefa tilefni til þess að falla frá banninu.

20. okt. 1972. Ræddi við Þóri Oddsson fulltrúa í sakadómi. Taldi málið alfarið vera ákvörðun lögreglustjóra. Hallvarður Einvarðsson aðalfulltrúi saksóknara hefði komið upplýsingum um *málið til lögreglustjóra þegar rannsókn* var að hefjast. Hefðu menn talið algerlega óviðeigandi að starfsemin héldi áfram.

Rannsóknin snýst um áfengisinnkaup sem fóru fram frá áfengisútsölu utan afgreiðslutíma og áfengið er ekki merkt VH. Þá er bókhald allt í molum, skattframtölum hefur ekki verið skilað, launamiðum o. fl. Ekki taldi hann bannið skipta lengur máli fyrir rannsóknina, en fannst þó rétt að láta það standa áfram.

Hallvarður Einvarðsson taldi rétt að bannið stæði á meðan meginþungi rannsóknarinnar færi fram, a. m. k. fram í næstu viku."

Því næst er fjallað um athuganir sem dómsmrn. gerir á 14. gr. áfengislaganna. Svo segir í grg. dómsmrn. með leyfi forseta:

„Að svo búnu ræddi ég málið við ráðh., og vorum við sammála um að líta bæri svo á að ákvæðið ætti ekki við hér, a. m. k. ekki lengur. Tilvist ákvæðisins í áfengislögum væri fyrst og fremst með tilliti til öryggissjónarmiða. Almenn réttarfarslög yrðu að ákvarða hvort veitingar yrðu bannaðar framvegis. Því skyldi bannið fellt niður. Ákvæði 12. gr. áfengislaga um

leyfissviptingu geta hins vegar komið til skoðunar þegar niðurstaða rannsóknar liggur fyrir. Baldur Möller var þessu algjörlega sammála.

Þetta tilkynnti ég lögreglustjóra, sem kvaðst ósáttur við að starfsemin héldi áfram, en kvaðst þó mundu tilkynna niðurfellinguna sjálfur án fyrirskipunar rn.“

Svo mörg voru orðin á minnisblaðinu. Næsta skref er svo það, að lögreglustjóri, Sigurjón Sigurðsson, sendi svo hljóðandi bréf, dags. 20. okt. 1972 — þetta bréf hefur ekki birst áður:

„Hér með leyfi ég mér að tilkynna yður, herra veitingamaður, að bann það gegn áfengisveitingum í veitingahúsinu að Lækjarteig 2 hér í borg, sem gilt hefur frá 14. þ. m., hefur nú verið fellt niður.

Sigurjón Sigurðsson.

Hr. Sigurbjörn Eiríksson,
Álfsnesi, Kjalarnesi.“

Þann sama dag sendi lögreglustjóri saksóknara ríkisins annað bréf er hljóðar svo — og hefur það bréf ekki heldur verið birt opinberlega áður:

„Reykjavík, 20. okt. 1972.

Hér með leyfi ég mér að senda yður, herra saksóknari, afrit af bréfi er ég hef að fyrirlagi dómsmrn. sent Sigurbirni Eirikssyni veitingamanni varðandi niðurfellingu á banni við áfengisveitingum í veitingahúsinu að Lækjarteig 2 hér í borg.“

Með öðrum orðum: aðeins tveimur sólarhringum eftir að bréf veitingamannsins til dómsmrn. með óskum um að rn. hnekki úrskurði lögreglustjórans í Reykjavík er dags. hefur veitingamanninum verið heimilað fyrir atbeina rn. að hefja starfrækslu að nýju. Verður ekki annað sagt en að þessi snöggi háttur, sem hafður var á afgreiðslu þessa erindis, stangist illilega á við ýmislegt annað í málum þessum, eins og e. t. v. mun síðar fram koma.

Hver urðu svo viðbrögð þeirra manna sem höfðu haft með höndum rannsókn hinna fjölmörgu meintu lögbrota þeirra aðila sem hér um ræðir? Menn geta sjálfsagt farið nærri um hvernig tíðindunum hefur verið tekið af þeim lögreglumönnum sem höfðu rétt aðeins haft tíma til að hefja rannsóknir sínar. Viðbrögð annarra málsaðila eru til skjalfest frá þessum tíma.

Í bréfinu til saksóknara ríkisins frá 20. okt. 1972 komst lögreglustjórinn í Reykjavík svo að orði um bréf það sem hann hafði þá um daginn sent Sigurbirni Eirikssyni veitingamanni varðandi niðurfellingu á banni við áfengisveitingum í Klúbbnum, að það bréf hefði hann sent „að fyrirlagi dómsmrn.“

Í grg. dómsmrn. — bls. 8 — segir svo með tilvitnun í minnisgreinar þess starfsmanns rn., sem um málið fjallaði:

„19. okt. 1972. Ræddi við lögreglustjóra um vínveitingabannið í Lækjarteig 2. Taldi hann rétt að halda banninu áfram á meðan rannsóknardómari teldi þess þörf.“

Síðar segir í þessari sömu greinargerð — minnisgreinum starfsmannsins frá 20. okt., eftir að hann hefur greint frá því að dómsmrh. og ráðuneytisstjóri séu þeirrar skoðunar að lokun hússins beri að aflétta: „Þetta tilkynnti ég lögreglustjóra, sem kvaðst ósáttur við að starfsemin héldi áfram, en kvaðst þó mundu tilkynna niðurfellingu sjálfur án fyrirskipunar rn.“

Á bls. 7 í sömu grg. segir enn fremur orðrétt: „Lögreglustjóri felldi niður ákvörðun sína er hann vissi afstöðu ráðh.“

M. ö. o.: 19. okt. 1972 lýsir lögreglustjórinn í Reykjavík sig andvígan því að veitingahúsið verði opnað á ný til starfrækslu. 20. okt. er honum tjáð að ráðh. og ráðuneytisstjóri séu sammála um að lokun hússins skuli ógilt. Lögreglustjóri „kvaðst ósáttur við“, en þó muni hann breyta ákvörðun sinni án þess að bíða eftir „fyrirskipunum rn.“ Í bréfi til saksóknara ríkisins þennan sama dag segist hann hafa tilkynnt Sigurbirni Eiríkssyni niðurfellingu á veitingabanninu „að fyrirlagi rn.“ — Þetta er afstaða lögreglustjórans í Reykjavík samkv. skriflegum gögnum frá þessum tíma. Hann er andvígur þeim málalyktum, sem urðu í dómsmrn., en fellst á að breyta um skoðun eftir að hann hefur heyrt þá niðurstöðu frá rn. sem rn. hefur samkv. lögum úrskurðarvald til þess að knýja í gegn.

Þá kemur að þriðja aðila þessa máls, embætti saksóknara ríkisins. Hver er afstaða þess? 23. okt. sendi saksóknari ríkisins dómsmrn. „til athugunar afrit af skýrslu og umsögn Hallvarðs Einvarðssonar aðalfulltrúa“ um mál þetta. Þessa mikilvægu skýrslu hefur dómsmrn. ekki birt, eins og ég sagði áðan er ég vitnaði í fyrri hluta hennar. Síðari hluti hennar er umsögn saksóknaraembættisins um ákvörðun rn. Hún hljóðar svo orðrétt, með leyfi forseta:

„Er rn. aflétti þessu banni hinn 20. þ. m. var sakadómsrannsókn málsins hvergi nærri lokið, rannsóknargögn um rannsókn málsins höfðu eigi heldur borist embætti saksóknara eða dómsmrn. og frumskýrslum ríkisendurskoðanda og skattrannsóknarstjóra um þeirra athugun eigi heldur lokið. Að sögn rannsóknardómara og skattrannsóknarstjóra eru hins vegar þegar fram komin veigamikil gögn sem benda til þess að upplýst verði í málinu um veruleg söluskattssvik og ófullnægjandi launaframtöl, enn fremur um verulega bókhaldsóreiðu svo og um brot á ákvæðum 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 118 1954, sbr. reglugerð nr. 121 1966, um sölu og veitingar áfengis, og í því sambandi beinist rannsóknin einnig að því, hvort um hafi verið að ræða brot í opinberu starfi af hálfu tiltekinna starfsmanna áfengisverslunarinnar. Þá er og líklegt að rannsóknin muni beinast að því að kanna hvort reglur hlutafélagalöggjafar hafa verið haldnar við stofnun og rekstur Bæjar hf. Þykir því næsta einsýnt að saksóknara beri að lokinni rannsókn málsins að stefna því til dóms, þ. á m. með þeirri kröfu ákæruvalds, að þeir aðilar, sem ábyrgir kynnu að reynast, yrðu sviptir þeim opinberu leyfum sem liggja kunna til grundvallar rekstri þessa veitingahúss, þar með talið leyfum til áfengisveitinga.

Fyrrgreind niðurfelling dómsmrn. hinn 20. þ. m. á umræddu banni lögreglustjóra frá 14.

þ. m. þykir því af hálfu saksóknara hafa verið allsendis ótímabær og ástæðulaus og ekki studd almennum opinberum réttarvörsluhagsmunum.“

Það var í þessa skýrslu sem Vilmundur Gylfason vitnaði í föstudagsgrein sinni í Vísi og dómsmrn. lýsti hann ósannindamann að. Orðin, sem Vilmundur vitnaði til, hef ég þegar lesið, en les nú aftur til þess að gefa þeim aukna áherslu. Þau hljóða svo, með leyfi forseta:

„Fyrrgreind niðurfelling dómsmrn. hinn 20. þ. m. á umræddu banni lögreglustjóra frá 14. þ. m. þykir því af hálfu saksóknara hafa verið allsendis ótímabær og ástæðulaus og ekki studd almennum opinberum réttarvörsluhagsmunum.“

Halda menn að þannig sé til orða tekið í umsögn þessa embættis um aðgerðir dómsmrn. að ástæðulausu? Hvers vegna valdi rn. þann kost að lýsa Vilmund Gylfason ósannindamann, en forðaðist jafnframt að birta þá mikilvægu heimild sem hann vitnaði í?

Því hefur verið haldið fram, að þessi heimild sé ekki marktæk — ekki sé um að ræða álit embættis saksóknara ríkisins á framferði rn.

Í gær spurði ég Hallvarð Einvarðsson, núv. vararíkissaksóknara, nánar um þetta mál. Hann leyfði mér að hafa þetta eftir sér orðrétt:

„Skoðun mín á niðurfellingu dómsmrn. á banninu gegn áfengisveitingum í veitingahúsinu við Lækjarteig 2 í Reykjavík, sem tilkynnt var í bréfi lögreglustjórans í Reykjavík, dags. 20. okt. 1972, kemur fram í „skýrslu og umsögn Hallvarðs Einvarðssonar aðalfulltrúa til saksóknara ríkisins um mál nr. 2686 frá 1972“. Þeirrar sömu skoðunar er ég enn.

Skýrslu þessa samdi ég sem starfsmaður embættis saksóknara ríkisins og afhenti hana þáv. yfirmanni mínum, Valdimar Stefánssyni saksóknara. Þegar hinn sama dag og ég afhenti saksóknara umrædda skýrslu sendi hann skýrsluna rakleiðis til dómmrn. með bréfi dags. 23. okt. 1972.“

Þetta sagðist Hallvarður geta staðfest hvenær sem er með skriflegum hætti ef eftir því kynni að verða óskað. Samkv. þessu er ljóst: 1) Núv. vararíkissaksóknari er enn sömu skoðunar um athæfi rn. og hann var er hann samdi margumrædda skýrslu sína sem aðalfulltrúi saksóknara ríkisins. 2) Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins lítur þeim augum á málið, að hann bregður við strax samdægurs og hann fær skýrsluna í hendur og sendir hana rn. til athugunar. Hann býður ekki með það einn dag að senda skýrsluna frá sér. Valdimar breytir engu í skýrslunni, hvorki efni né orðfæri, en þar er m. a. *ávallt komist þannig að orði: saksóknara ber*“, „saksóknari álítur“. „Fyrrgreind niðurfelling þykir því af hálfu saksóknara hafa verið allsendis ótímabær og ástæðulaus og ekki studd almennum opinberum réttarvörsluhagsmunum.“

Mikið hefur verið um það rætt, hvort í þessu felist persónuleg skoðun Valdimars heitins Stefánssonar. Um það veit ég ekki og vil ekkert fullyrða. Hins vegar er harla ólíklegt að hann sem opinber embættismaður mundi hafa meðhöndlað skýrsluna með þessum hætti sem yfirmaður Hallvarðs Einvarðssonar ef hann hefði verið ósammála áliti hans.

Af því, sem þegar hefur verið sagt um mál þetta, er því ljóst að dómsmrn. hefur þar haft afskipti af rannsókn sakamáls sem bæði rannsóknarlögreglumenn, lögreglustjóri og embætti saksóknara ríkisins lögðust alfarið gegn, töldu „ástæðulausa, ótímabæra og ekki studda almennum opinberum réttarvörsluhagsmunum“. Hvaða áhrif þessi afskipti hafa haft á frekari rannsókn málsins geta menn getið sér til. En hvers vegna gerði dómsmrn. þetta? Hvers vegna taldi það nauðsynlegt að beita sér með þessum hætti gegn þeim aðilum sem höfðu rannsókn málsins með höndum? Skýringar þær, sem fram komu í grg. rn., tel ég ekki fullnægjandi. Ég vil að það komi fram skýrar og afdráttarlausar hvers vegna dómsmrn. grípur til þessara aðferða til þess að *opna veitingastaðinn gegn yfirlýstum vilja* rannsóknarlögreglumanna, lögreglustjóra og saksóknara ríkisins.

Virðulegi forseti. Það má að sjálfsögðu lengi velta vöngum yfir því hvaða áhrif afskipti rn. af málinu hafi haft á rannsókn þess. Þótt ég hafi talað hér nokkuð langt mál og eigi enn nokkrar setningar ósagðar, þá fer því fjarri að mér hafi auðnast á þeim skamma tíma, sem ég hef haft til stefnu, að verða mér úti um allar þær upplýsingar sem ég hef komist á snoðir um eða getað fengið. Af þeim fregnum, sem ég hef haft upp á síðkastið, hef ég þó orðið ýmsu nær um eftir hverju ég ætti að spyrja ef tíminn hefði verið lengri. Þau svör gætu e. t. v. varpað nokkru ljósi á það sem ég ræddi um áðan, þ. e. a. s. hver áhrifin af þessum afskiptum kynnu að hafa orðið.

Eins og fram kom í máli mínu hér áðan stóðu lögreglumenn fólk að verki haustnótt eina árið 1972 að flytja ólöglegt áfengi frá ríkisverslun í Klúbbinn. Ég mundi hafa spurt, hefði mér gefist tími til, hvort rannsókn þessa máls væri lokið, hvort ákæra hafi verið birt nú tæpu hálfu *fjórða* ári eftir að atburðirnir gerðust.

Í skýrslu Hallvarðs Einvarðssonar er m. a. upplýst að grunur leiki á stórfelldum skattsvikum. Ég mundi hafa spurt, hefði mér auðnast tími til: Er þeirri rannsókn lokið? Hefur sú rannsókn leitt til þess að ákæra hefur verið gefin út?

Í skýrslu Hallvarðs Einvarðssonar er rætt um verulega bókhaldsóreiðu. Ég mundi hafa spurt: Hefur þeim ábendingum, sem þar komu í ljós, verið fylgt eftir með rannsókn? Er þeirri rannsókn lokið? Hefur hún leitt til ákæru?

Í skýrslu Hallvarðs Einvarðssonar eru jafnframt látnar í ljós efasemdir um að reglur hlutafélagalöggjafar *hafi* verið haldnar við stofnun og rekstur Bæjar hf. sem annaðist rekstur veitingahússins. Ég mundi hafa spurt, ef mér hefði gefist tími til: Hefur rannsókn á því máli farið fram? Er henni lokið? Hvað leiddi hún í ljós?

Og ég mundi líka hafa spurt hlutaðeigandi aðila hvort sú ósk hafi komið fram nú síðustu *daga frá þeim rannsóknarlögreglumönnum*, er önnuðust rannsókn málsins, að ný athugun yrði hafin á því frá grunni og sú athugun fengin í hendur sérstökum umboðsdómara er fengi sér til aðstoðar lögmenn og lögreglumenn til þess sérstaklega að fjalla um þetta mál.

Ég vil hér og nú fara fram á það og legg á það þunga áherslu, að rannsókn þessa máls verði hraðað eftir öllum föngum og hvorki sparað fé né fyrirhöfn til þess að leiða málið til lykta. Mér finnst vel koma til mála að fela þá rannsókn sérstökum hópi rannsóknarmanna. Þá vil ég enn fremur fara þess mjög eindregið á leit við dómsmrn., að það birti opinberlega, ekki aðeins hluta þeirra umsagna og bréfa, sem rn. hefur undir höndum í þessu máli, heldur sem flest þeirra, þ. á m. greinargerð og umsögn aðalfulltrúa saksóknara ríkisins sem ég las upp úr áðan og bréf veitingamannsins frá 18. okt. 1972 með umsókn hans um að lokun veitingastaðarins verði ógilt. Ég vil fá að sjá þau rök sem veitingamaðurinn hafði fyrir þeirri umsókn sinni og rn. hefur augsýnilega fallist á.

En virðulegi forseti, sagan er enn ekki öll. Enn þurfa rannsóknarlögreglumenn að hafa afskipti af sömu aðilum og hér hefur verið um rætt, að þessu sinni vegna fjölmargra ábendinga um hugsanleg tengsl þeirra við önnur alvarleg mál sem rannsökuð hafa verið nú um nokkurt skeið og af sömu rannsóknarlögreglumönnum og einkum komu við sögu í því máli sem ég hef nýlega lokið við að rekja. Þá gerist það m. a. að annar þeirra tveggja aðila, sem um ræðir og hlut átti að fyrra málinu, er kallaður til yfirheyrslu.

Hinn 3. febr. 1975 senda þessir aðilar báðir dómsmrn. bréf. Bréf þetta er birt í greinargerð dómsmrn. og verður því ekki lesið upp hér. Í bréfinu er hins vegar kvartað undan því að ýmsar grunsemdir og sögusagnir hafi spunnist um aðild þeirra að svonefndu Geirfinnsmáli og er þess m. a. farið á leit að dómsmrn. rannsaki tilurð söguburðarins. Þá segir einnig í grg. rn. að lögfræðingur þessara aðila, Ingi Ingimundarson, hafi sent rn. bréf um sama efni, dags. 18. febr. 1975. Bréf þetta er ekki birt í grg. rn., en ég hef afrit af þessu bréfi undir höndum. Er lögmaðurinn öllu ákveðnari í bréfi sínu en þeir tvímenningarnir, því auk þess að rekja nokkur dæmi um sögusagnir þær, sem ganga milli manna um meinta aðild tvímenninganna að Geirfinnsmálinu, segir lögmaðurinn orðrétt að „einhvers konar stórfelld mistök hafi átt sér stað við meðferð hins svonefnda Geirfinnsmáls og smyglmáls sem upp kom.“ Er leitt getum að því í bréfinu, að söguburðurinn á hendur tvímenningunum megi rekja til mistaka við meðferð málsins. Er nauðsynlegt að hafa þetta álit lögmannsins í huga þegar rætt er um viðbrögð dómsmrn. og þær ályktanir sem rannsóknarlögreglumenn drógu af þeim.

Nú líða tæpar fjórar vikur. Þá gerist það að dómsmrn. sendir bæjarfógetanum í Keflavík — því embætti einu og á það legg ég áherslu sem stjórnaði rannsókn málsins — bréf sem dómsmrn. birtir á bls. 1 í grg. sinni. Í bréfi þessu er lýst efnisatriðum í framangreindum bréfum tvímenninganna og lögmanns þeirra til dómsmrn. Svo segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Svo sem fram kemur í umræddum erindum telja hlutaðeigendur litt þolandi fyrir sig og fjölskyldur sínar að liggja undir þeim söguburði og illmælum er þeir hafa mátt þola vegna mála þessara án þess að eitthvað verði aðhafst af opinberri hálfu til þess að beina frá þeim grunsemdum sem ætla verði að beinst hafi að þeim að verulegu leyti vegna framkvæmdar á rannsókn ofangreindra mála.“

Þetta orðalag þykir mér loðið. Þessi hugsun þykir mér óskýr. Er rn. aðeins með þessu að gera rannsóknaraðila málsins viðvart um hvaða augum ákveðnir málsaðilar líta á hvernig hann stendur að rannsókninni? Eða er rn. með þessu að taka undir það álit? Það kann að orka tvímælis hvort þetta orðalag beri að skilja svo, að dómsmrn. þyki eitthvað athugavert við framkvæmdina á rannsókninni. Hins vegar var það skoðun þeirra lögreglumanna, sem að rannsókn málsins störfuðu, að svo væri. Í því sambandi vil ég lesa bréf sem ég hef í höndum og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Keflavík, 31. janúar 1976.

Skv. ósk Sighvats Björgvinssonar alþm. nú í dag um að ég geri grein fyrir viðbrögðum mínum við bréfi dómsmrn., dags. 11. mars 1975, vil ég taka fram eftirfarandi:

Ég var einn af þeim mönnum sem höfðu með höndum rannsókn þess máls sem vitnað er til í bréfi þessu. Ég hafði m. a. talað við annan manninn sem þar er tilgreindur.

Í ljósi fyrri afskipta dómsmrn. af máli veitingahúss þessa og vegna þess að mér virtist rn. vera að taka undir ummæli þess efnis að einhvers konar stórfelld mistök hefðu átt sér stað við rannsókn þessa máls túlkaði ég bréfið svo, — það má vera röng túlkun, — að rn. væri að fara þess á leit að draga úr yfirheyrslum og rannsóknum á þessum þætti málsins.

Við létum því yfirheyrslum og athugunum á þessum manni lokið á þessu stigi rannsóknarinnar. Dómsmrn. hlýtur að hafa verið um það kunnugt, en þaðan bárust engar frekari athugasemdir fyrr en með bréfi, dags. 4. júní 1975, þar sem ákveðið var að formlegri rannsókn yrði hætt.

Virðingarfyllst,
Haukur Guðmundsson,
rannsóknarlögreglumaður, Keflavík.“

Við þetta hef ég fáu einu að bæta. Þó þessu. Ekki verður séð að rn. hafi óskað eftir svörum þeirra aðila, sem rannsóknina önnuðust, við þeim umkvörtunum að framkvæmd rannsóknarinnar hafi með einhverjum hætti verið ábótavant, hvorki eftir að rn. ritaði bréfið til bæjarfógetans í Keflavík né á þeim fimm vikum sem liðu frá því rn. barst bréf þeirra og þar til það ritaði bæjarfógetanum til. Rn. þótti sem sé aldrei ástæða til þess að leita eftir áliti rannsóknarlögreglumannanna sjálfra eða spyrjast fyrir um það hjá þeim hvernig rannsókninni væri hagað.

Þá vil ég einnig vekja athygli á því, að í bréfum tvímenninganna og lögmanns þeirra er kvartað yfir sögusögnum sem höfðu orðið til ekki aðeins í umdæmi Keflavíkurlögreglunnar, heldur einnig og jafnvel að meiri mun í öðrum lögsagnarumdæmum. Samt sem áður telur rn. ekki ástæðu til að skýra neinu öðru lögregluembætti en því, sem rannsókn málsins hafði með höndum, frá óskum málsaðila um að þeir yrðu hreinsaðir af öllum söguburði. Einnig þetta atriði varð til þess að hafa þau áhrif á rannsóknarlögreglumenn-

ina, að þeir túlkuðu bréfið svo, að rn. væri að fara þess á leit að dregið yrði úr yfirheyrslum og rannsóknum á þessum þætti málsins, eins og Haukur Guðmundsson kemst að orði í yfirlýsingu sinni, þótt sú túlkun þeirra hafi vissulega getað verið röng, eins og hann einnig tekur fram.

Í framhaldi af þessu er þó eitt atriði enn sem ég hefði kosið að fá upplýst hjá rannsóknarlögreglumönnunum ef tími hefði gefist til, þ. e. hvort margumrætt bréf til bæjarfógetans í Keflavík sé einu afskiptin sem dómsmrn. hafi haft af umræddri rannsókn á þessu stigi eða þeim síðari. Ég hefði gjarnan viljað spyrja þessa menn, ef mér hefði gefist tími og tækifæri til, hvort þeim hefðu þar að auki borist nokkur munnleg skilaboð frá rn., annaðhvort símleiðis eða gegnum þriðja aðila, um að rannsóknarlögreglumenn aðhefðust eitthvað eða létu eitthvað ógert í sambandi við rannsókn sína á málinu.

Ástæðan fyrir því, að mál þetta kemur nú upp á ný, er m. a. sú, að við rannsókn á öðru afbrotamáli nýverið bárust lögreglunni nýjar upplýsingar af öðrum málum. Ekki hefur verið skýrt frá neinum málsatvikum í því sambandi opinberlega. Þó mun ljóst vera að yfirheyrslur af einhverju tagi hafa m. a. farið fram yfir hluta af þeim aðilum sem hér hefur verið um fjallað. Í þriðja sinn á fáum árum beinist rannsókn því í þessa sömu átt.

Fjölmargar sögusagnir og hvers kyns gróusögur eru á kreiki um aðild þessara aðila að þeim málum sem rannsóknin nú snýst um, mun alvarlegri en þær sem getið var um í bréfi til rn. frá 3. febr. 1975 og urðu til þess að rn. ritaði bæjarfógetanum í Keflavík bréfið dags. 11. mars 1975, sem varð til þess að frekari yfirheyrslum var hætt. Því kann vel að vera að viðkomandi aðilar finni hjá sér skiljanlega þörf fyrir að fá þeim söguburði hnekkt, sem nú gengur, og beini því til rn. sambærilegum umkvörtunum og undir svipuðum kringumstæðum og þeir gerðu á s. l. vetri Fari svo, er þá líklegt að dómsmrn. meðhöndli slíkt erindi með sama eða svipuðum hætti og það gerði í fyrra með bréfinu til bæjarfógetans í Keflavík dags. 11. mars 1975?

Virðulegi forseti. Ég fer nú að ljúka máli mínu. Ég held að það fari vart fram hjá neinum, sem á mál mitt hefur hlýtt, að ég tel að afskipti dómsmrn. af þeim málum, sem ég hef gert hér að umtalsefni, séu vægast sagt mjög óæskileg og hvað fyrra málið snertir, Klúbbmálið svonefnda, mun alvarlegri og raunar ósæmileg með öllu. Ég byggi þessa skoðun mína ekki á sérstakri þekkingu á lögum. Slíka sérþekkingu á ég ekki til frekar en aðrir leikmenn. Ég byggi hana hins vegar á réttlætiskennd minni og því, sem samviska mín og réttsýni segja mér — á þeirri réttlætistilfinningu sem verður að vera undirstaða þeirra laga, sem þjóðin setur sér, og athafna þeirra, sem lögin eiga að framkvæma og laganna að gæta í umboði almennings.

Ég get ekki talað fyrir munn annarra í þessu máli en sjálfs mín. En ég á þó bágt með að trúa því fyrr en ég tek á, að í hópi 60 þm. á löggjafarsamkundu þjóðarinnar sé aðeins einn sem sjái eitthvað athugunar- og ámælisvert við þá málsmeðferð sem ég hef hér lýst.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þingheimur hefur nú lifað hátíðlega stund, einkanlega þegar síðustu orðin voru sögð og mælt í þeim tón sem verið væri að lesa húslestur, að réttsýni og samviska þessa hv. vesalings þm., Sighvats Björgvinssonar, hefði leitt hann hér upp í pontuna til þess að endurtaka og flytja inn í sali Alþingis rógskrif Vísis. Í þessum rógskrifum eru bornar mjög alvarlegar sakir á dómsmrh. og dómsmrn. Þær eru að mínu mati mjög mismunandi alvarlegar. Annars vegar er ásökun um það, að dómsmrn. hafi fellt niður lokun veitingahússins Klúbbsins. Hins vegar er ásökun um það, að dómsmrh. hafi hylmað yfir og komið í veg fyrir rannsókn á mannshvarfi, og jafnvel látið liggja að því á milli línanna, að dómsmrh. hafi með því verið að reyna að hylma yfir morð og hindra að morð e. t. v. væri upplýst. Það er kannske táknrænt, hvað hv. ræðumaður eyddi miklu lengra máli í fyrri sökina, sem er miklu minni háttar, en þó virðingarvert kannske að hann færi hjá sér að fara mörgum orðum um hitt viðkvæma málið og róta í því og velta sér upp úr svaðinu í sambandi við þann óhróður sem borinn hefur verið fram í sambandi við það mál.

Ég mun e. t. v. víkja að því síðar, hvort það hefur bara verið samviskusemi og réttsýni sem hafi valdið þessari pílagrímgöngu þessa hv. þm. upp í þennan ræðustól að þessu sinni. En ég ætla fyrst að víkja að minni sökinni, sem hv. þm. eyddi lengstu máli í. Hann talaði reyndar hér nokkuð lengi skv. leyfi forseta utan dagskrár, svo að það má vel vera að ég tali hér líka nokkuð lengi.

Hv. þm. sagði að hann hefði viljað spyrja margra spurninga, hann mundi hafa viljað spyrja o. s. frv. ef tími hefði verið til. Hefði nú ekki verið skynsamlegra fyrir hv. þm. að gefa sér ofurlítið meiri tíma og undirbúa ræðuna ofurlítið betur og koma fram með spurningar? Þá hefði verið hægt að svara þeim um leið.

Ég get upplýst þennan hv. þm. strax um það, að þetta svokallaða Klúbbmál, sem hann gerði hér að umtalsefni, liggur hjá embætti ríkissaksóknara og hefur því miður legið þar allt of lengi, en það er ríkissaksóknari sem fer með ákæruvaldið, en ekki dómsmrh. Ég hygg að mest af þeim tíma, sem þetta mál hefur verið í höndum ríkissaksóknara, hafi það verið í höndum vararíkissaksóknara, Hallvarðs Einvarðssonar, sem hv. þm. gerði sér far um að nefna oft í sinni ræðu áðan, og það, sem mun hafa verið talið standa á í sambandi við þetta mál, er að það hefur staðið á bókhaldsrannsókn, að fá menn til þess að framkvæma hana. Nú mun að vísu hafa verið úr því bætt og maður fenginn til bókhaldsrannsóknar. Þess vegna getur hv. þm. alveg verið rólegur í því efni, að þetta mál hefur ekki verið hjá dómsmrn., heldur í höndum ríkissaksóknara.

En þá er að leggja út í það verkefni sem ég er voðalega hræddur um að mér verði ofraun, og það er að kenna hv. þm. Sighvati Björgvinssyni fáein undirstöðuatriði í lögfræði. Og þá skulum við koma strax að því ákvæði sem hér er um að tefla, 2. málsgr. 14. gr. áfengislaganna. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Áfengissölubúðir skulu vera lokaðar á helgidögum þjóðkirkjunnar og frá hádegi á laugardögum og aðfangadögum stórhátíða, einnig þá daga er almennar kosningar til Alþingis og sveitarstjórna fara fram, svo og sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst.“

Þetta var 1. málsgr. Hana hefði ekki þurft að lesa frekar en ýmislegt sem hv. þm. las upp úr grg. sem dómsmrn. hefur birt og öllum er kunnugt um. En í 2. málsgr. segir:

„Lögreglustjórum er heimilt að loka áfengisútsölu eða banna vínveitingar á veitingastöðum, sem leyfi hafa til áfengisveitinga, fyrirvaralaust um lengri eða skemmri tíma þegar sérstaklega stendur á. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins eða veitingamaður, sem í hlut á, getur skotið ákvörðun lögreglustjóra til dómsmrh. Ekki frestar málskot framkvæmd lokunarinnar“.

Þetta ákvæði hefur nú óbreytt staðið í áfengislögum alla tíð frá 1935 er þau voru fyrst sett. Það er komið inn í áfengislögin, þetta ákvæði um heimild lögreglustjóra til að loka vínveitingastað eða áfengisútsölu, skv. brtt. sem flutt var á Alþ. þá. Ég efast ekki um að hv. þm. hefur kynnt sér þetta mál til rótar, þar sem hann hafði, að því er virtist, gert sér mikið far um að rannsaka það. Flm. þessarar till. voru þm. Héðinn Valdimarsson og Stefán Jóh. Stefánsson, og í framsöguræðu um þessa brtt. segir Héðinn Valdimarsson, með leyfi hæstv. forseta, orðrétt svo:

„Annar liður þessarar 7. brtt., b.-liður, er um að lögreglustjórum skuli vera heimilt að loka útsölu- eða veitingastað vína fyrirvaralaust um einn eða fleiri daga þegar þeim virðist ástæða til. Þetta álítum við nauðsynlegt til þess að hægt sé að draga úr hættu á að drykkjuskapur gangi svo úr hófi fram að óspektum gæti valdið vissa daga eins og kosningadaga. Þetta hefur verið framkvæmt, en okkur virðist rétt að setja í lög heimild til þess.“

Það liggur sem sé ljóst fyrir, að það, sem vakti fyrir flm. þessa ákvæðis í upphafi, var öryggissjónarmið, en stóð ekki á neinn hátt í sambandi við hugsanlegar réttarransóknir. Þetta ákvæði hefur síðan verið endurtekið í lögum, en ekki verið breytt. Ég fullyrði að það hafi ekki verið tilgangur þeirra, sem að endurskoðun löggjafarinnar stóðu, að breyta í neinu þeim tilgangi sem á bak við þetta ákvæði bjó. Og það hefur svo verið endurtekið í reglugerðum með mismunandi orðalagi, en þó þannig að það gefur allt til kynna þá sömu skoðun á þessu efni. T. d. í reglugerðinni frá 1954, sem mun vera núgildandi reglugerð, segir svo í 6. gr.:

„Lögreglustjórum er heimilt að loka áfengisútsölu eða banna vínveitingar á veitingastöðum, sem leyfi hafa til áfengisveitinga, fyrirvaralaust um langan eða skamman tíma þegar sérstaklega stendur á. Skal lögreglustjóri tilkynna dómsmrn. slíka ákvörðun svo fljótt sem ástæður leyfa. Áfengisverslun ríkisins eða veitingamaður, sem í hlut á, getur skotið ákvörðun lögreglustjóra til dómsmrh.“ o. s. frv.

Það liggur þess vegna ljóst fyrir, að þetta ákvæði, heimildin til lögreglustjóra til þess að loka veitingastað, er sett í því skyni að tryggja það að misnotkun í sambandi við áfengisveitingarnar eigi sér ekki stað, þannig að óreglu valdi, en ekki í sambandi við réttarrannsókn. Hún er réttaröryggisúrræði, en ekki réttarransóknarúrræði. Ákvæði um réttarannsóknarúrræði, þau úrræði sem rannsóknarmenn og rannsóknardómarar mega beita, eru í allt öðrum lögum en áfengislögunum. Þau ákvæði eru í lögum um meðferð opinberra mála. Þau ákvæði eiga jafnt við um mál, sem að einhverju leyti standa í sambandi við áfengisverslun eða leyfishafa veitingastaðar, eins og önnur og eins við um brot, sem framin eru í sambandi við þau mál, og um önnur brot. Til þessara rannsóknarúrræða má grípa við tiltekin ákveðin skilyrði, og það er réttaröryggis vegna búið um þau með tilteknum hætti, þannig að sá, sem fyrir sökum er hafður, á þar líka vissan rétt og getur komið að vissum vörnum í því sambandi.

Ég vil að sjálfsögðu ekki segja neitt misjafnt um þá ágætu embættismenn sem hv. þm. vitnaði hér í. En ég leyfi mér að halda því fram að þeir hafi misskilið þetta lagaákvæði. Lögreglustjóri má ekki og á ekki að beita þessari heimild að geðþótta sínum. Hann má því aðeins beita þessu ákvæði að það séu fyrir hendi málefnislegar ástæður til þess, og hann á að beita því samkv. málefnislegum ástæðum og þeim úrskurði hans og ákvörðun um það efni má skjóta til dómsmrh. Það er dómsmrh. sem fer með lokaorðið í því efni. Og dómsmrh. er ekki frjálst að láta það vera að taka nokkra ákvörðun í slíku máli þegar því er til hans skotið. Málinu er áfrýjað til hans og honum er skylt að leggja sinn úrskurð á það eins og endranær þegar um er að ræða málefni, sem skotið er til æðra stjórnvalds. Það er ekki undir geðþótta dómsmrh. komið, hvort hann lætur vera að skipta sér af þessu máli eða ekki. Hann verður að leggja úrskurð á það, og hann verður einnig að leggja úrskurð á það eftir málefnislegum ástæðum.

Ríkissaksóknari hefur ekkert um þetta að segja. Þetta vald er algerlega í hendi dómsmrh. Til hans er ákvörðun lögreglustjóra áfrýjað, og það er eitt einfaldasta atriði sem menn læra í lögfræði — það er hin svokallaða valdþurrð, að eitt stjórnvald getur ekki gengið inn á svið annars stjórnvalds, komið í þess stað, farið að framkvæma athafnir sem eru í þess verkahring. Dómstólar geta ekki heldur gengið inn á það svið sem er óumdeilanlega lagt undir framkvæmdavaldshafa og framkvæmdavaldshafar auðvitað ekki inn á svið dómstóla. Í þessu lagaákvæði er valdinu skipað undir dómsmrh. og þess vegna hefur ríkissaksóknari ekkert um það að segja.

Það þarf ekki að eyða að því orðum, hvort jafngrandvar og heiðarlegur embættismaður og margreyndur og Valdimar heitinn Stefánsson ríkissaksóknari hafi farið að skrifa bréf til dómsmrh. og gefa honum, hvort sem dómsmrh. hefur heitið Ólafur Jóhannesson eða Jóhann Hafstein, leiðbeiningar um það, hvernig hann ætti að úrskurða í máli sem óumdeilanlega heyrir undir hann, hvað þá að fara að gefa honum fyrirmæli um það, hvernig hann ætti að úrskurða í málinu. Nei. Enda eru það skrök ein að það hafi Valdimar Stefánsson gert. Hann

sendi aðeins það skjal, sem Hallvarður Einvarðsson hafði skrifað, handa ríkissaksóknara í sambandi við rannsókn þessa máls.

Það er þess vegna alveg óumdeilanlegt að dómsmrh. hafði heimild til þess að kveða upp úrskurð í þessu máli og hafði heimild til, ef hann taldi málefnislegar ástæður standa til þess, að fella úrskurð lögreglustjóra úr gildi. Og mergurinn málsins er auðvitað sá, að það liggur fyrir í minnisblaði skrifstofustjóra dómsmrn. að hann talaði við þann mann, fulltrúa hjá sakadómi, sem með rannsóknina fór, og hann lýsti því yfir að frekari lokun þessa áfengisstaðar hefði enga þýðingu fyrir rannsókn málsins. Þetta getur hv. þm. lesið í grg. dómsmrn. Hann hefur kannske lesið það hér áðan upp. En það sakar ekki þó að hann lesi það aftur. Þetta er auðvitað höfuðatriðið, að lokun var, úr því sem komið var, gersamlega þýðingarlaus fyrir rannsókn málsins. Af hverju átti þá að halda lokun áfram? Átti að fara að beita lokun áfengisstaðarins í eins konar hefndarskyni, hafa það sem einhverja hefndarráðstöfun, ef einhverjum lögreglumönnum væri í nöp við þennan veitingastað, t. d. af því að það hefði verið róstusamt þar eða eitthvað slíkt? Þannig má ekki beita þessu ákvæði. Þannig mega yfirvöld ekki beita sínu valdi.

Það er fortíðin, sem þekkist frá Nasista-Þýskalandi og fleiri einræðisríkjum, að þannig megi yfirvöld og dómstólar fara með sitt vald. Kannske dreymir einhverja menn um það, að þeir tímar renni upp á Íslandi að þannig megi fara að. Engu er líkara af sumum skrifum sumra blaða en svo sé. Dyggilega vinna þeir í þá átt að grafa undan rótum lýðræðisins í þessu landi.

Mergurinn málsins, kjarni málsins er sem sagt þessi: að lokunar, sem hafði staðið í fjóra sólarhringa, var alls ekki lengur þörf vegna rannsóknar málsins. Á hverju átti þá að byggja? Ef hennar var þörf vegna rannsóknar málsins, þá átti að byggja hana á ákvæðum í réttarfarslögum og taka ákvörðun um það samkv. því. Það kemur fram í grg. dómsmrn. að til þess treysti sá dómari, sem með málið fór, sér ekki, taldi ekki ástæðu til. Það kemur einnig fram í því plaggi Hallvarðs Einvarðssonar sem hv. þm. las hér upp áðan.

Er það réttaröryggi meðmælanlegt sem vill láta loka og halda áfram að loka stöðum að geðþótta kannske lögregluyfirvalda, en heimild til þess er ekki í réttarfarslögum réttum? Ég segi nei. Það er ekki réttaröryggið sem við sækjumst eftir.

Hitt er svo kannske aukaatriði, sem að vísu hefur verið skrökvað upp í þessum rógskrifum Vísis, að ég hef aldrei fellt niður þessa lokun veitingahússins Klúbbsins. Það var nefnilega ekki beðið eftir mínum úrskurði þar um. — Það skiptir ekki nokkru máli þó að hv. þm. hristi höfuðið, kannske heyra þeir, sem næstir eru, hringla í einhverju, en það kemur ekki nokkurn hlut við mig.

Þessi hv. þm. er að gera svo lítið úr og ætlar að gera svo lítið úr frábærum og heiðarlegum embættismanni, margreyndum, lögreglustjóranum í Reykjavík, að hann hafi ekki viljað standa við sína sannfæringu af því að hann hafi verið búinn að heyra það hjá starfsmanni dómsmrn. að starfsmenn dómsmrn. litu svo á að þetta ætti að fella úr gildi. Þetta er ákaflega ómakleg ásökun í garð Sigurjóns Sigurðssonar lögreglustjóra. Hann felldi sjálfur niður lokunina og auðvitað samkv. sinni eigin sannfæringu þá, — sjálfsagt þegar hann var búinn að athuga málið betur. Að halda öðru fram væri að gera lítið úr þessum hæfa embættismanni, að hann fari bara eftir bendingu frá dómsmrn. og láti sannfæringu sína lönd og leið, ef hann telur sína lagatúlkun vera rétta.

Ég held að þetta nægi í raun og veru um þetta mál, sem ekki er stórkostlegt, því að þær sakargiftir, sem þarna var um að ræða, bókhaldsóreiða, skattsvik og því um líkt, voru þess háttar, að þær stóðu ekki í sambandi við meðferð áfengis í húsinu út af fyrir sig. Það var búið að taka öll bókhaldsgögn, og það gat ekki torveldað rannsókn málsins að þessu leyti á neinn hátt þó að húsið væri opið. Það hefði að mínum dómi verið út í bláinn að halda því lokuðu lengur, hrein geðþóttaákvörðun sem ekki gat stuðst við málefnisleg sjónarmið.

Ég hef rakið það áður, að bréf Valdimars heitins Stefánssonar er aðeins þetta: „Hér með sendi ég hinu háa dómsmrn. til athugunar afrit af skýrslu og umsögn Hallvarðs Einvarðssonar aðalfulltrúa, er hann hefur lagt fyrir mig um mál það, er þar um ræðir.“ Ekki eitt aukatekið orð meira, enda átti það ekki við. En því var skrökvað upp í þessum rógskrifum Vísis, að Valdimar heitinn Stefánsson hefði sent dómsmrh. bréf þar sem hann hefði átalið þetta. En hv. þm. las nokkuð úr skýrslu og umsögn Hallvarðs Einvarðssonar aðalfulltrúa, sem er ágætis embættismaður, en er ekki óskeikull fremur en aðrir menn. Og það er oft svo, að um lagaskilning og lagatúlkun ríkja mismunandi skoðanir hjá lögfræðingum. Mér dettur ekki í hug annað en hann hafi sett þetta á blað eftir sinni bestu sannfæringu og sínu sjónarmiði þá. En ég held að hann hafi haft rangt fyrir sér í þeirri lagatúlkun sem hann heldur þar fram. Ég ætla — með leyfi hæstv. forseta — að lesa ofurlítið úr þessu skjali. Ég held að skjalaritarinn hafi verið framsýnn þarna og séð það fyrir að hann átti eftir að verða varasaksóknari. Þegar hann talar um saksóknara þarna í grg., þá held ég að hann eigi við sjálfan sig, aðalfulltrúa saksóknara.

„Ákvað lögreglustjóri þá að leggja þegar bann við frekari áfengisveitingum í þessu veitingahúsi uns annað yrði ákveðið, og mun hann í því efni hafa stuðst við ákvæði 2. mgr. 14. gr. áfengislaga, nr. 82 1969. Sú ákvörðun lögreglustjóra var að áliti saksóknara sjálfsögð og eðlileg, eins og á stóð. Var það bæði á ýmsan hátt ótvírætt í þágu rannsóknar málsins, auk þess sem áframhaldandi starfræksla þessa veitingahúss, eins og málum þá var komið, var allsendis óviðeigandi frá sjónarmiði almennrar réttarvörslu.“ — Það er ekki heldur saksóknari sem sviptir veitingahús leyfi. Ef það er talið óviðeigandi að það haldi leyfi og fullnægir ekki lengur skilyrðum, þá er það dómsmrh. sem það gerir og hefur gert í ýmsum tilfellum, þannig að þessi orð eru nokkuð ofsögð hjá skjalaritaranum. — „Var tvímælalaust nærtækast að beita fyrr-

greindri heimild lögreglustjóra samkv. 2. mgr. 14. gr. áfengislaganna, enda hæpið að unnt hefði verið að grípa jafnskjótt til annarrar réttarheimildar til slíkrar sviptingar, eins og málum var háttað í upphafi rannsóknar.“ — Já, það var það. Það var hæpið, en nærtækast þetta. — „Eðlilegt var að tekið væri fyrir frekari áfengisveitingar í þessu veitingahúsi meðan rannsókn málsins stæði yfir eða a. m. k. á meðan hin eiginlega sakadómsrannsókn, svo sem yfirheyrslur, stæði yfir. Efni kynnu hins vegar að hafa getað orðið til endurskoðunar þessu banni á síðari stigi rannsóknarinnar, t. d. óvíst að bíða hefði þurft lokaskattsvikarannsóknar skattrannsóknarstjóra eða loka bókhaldsrannsókna.“

Það eru sannarlega nóg vínveitingahús í Reykjavík, og ekki hefði mér verið nokkur eftirsjá í því í sjálfu sér þó að eitt hefði horfið úr sögunni og það stæði lokað enn í dag. En bókhaldsrannsókninni er enn ekki lokið. Telur nú hv. þm. að það hefði verið skynsamleg ráðstöfun að halda því lokuðu allan tímann? Nei, ég held að aðalfulltrúi saksóknara hafi gengið þarna fulllangt. Það hefði verið frekar viðeigandi af hans hálfu að benda á að það ætti að beita þeim úrræðum sem í réttarfarslögum eru, lögum um meðferð opinberra mála, við rannsóknina. En *einmitt samkv. þeim ákvæðum var ekki talið* heimilt að beita lokun og ekki þörf á því fyrir þýðingu rannsóknarinnar, eins og sá dómari sagði sem með rannsókn málsins fór.

Svo segir: „En rn. aflétti þessu banni hinn 20. þ. m.“ o. s. frv. Ekki viðeigandi að orði komist, verð ég að segja, því miður, hjá aðalfulltrúa saksóknara, annars ágætum embættismanni, að segja að rn. hafi fellt niður bannið. Það er einn aðalkostur á embættismönnum að þeir séu nákvæmir, bæði í orðum og hugsunum. En eins og ég hef tekið fram, þá var það ekki dómsmrn. sem felldi niður bannið, heldur lögreglustjórinn sjálfur. Það hefði verið viðkunnanlegra að segja nákvæmlega rétt frá þessu í skjali sem gert er af varasaksóknara ríkisins. Ég hef ekki talað við Hallvarð Einvarðsson og skal ekkert segja um það, hvort hann er sömu skoðunar í dag og hann var þá um þessi efni. En undarlegt þætti mér ef hann hefði ekki þroskast eitthvað svolítið síðan að fenginni reynslu í lögfræði og réttarrannsóknum.

Ég ætla að láta mér í léttu rúmi liggja það, sem að er látið liggja í þessum rógskrifum, að tengsl Framsfl. eða þá mín við Klúbbinn séu fjárhagslegs eðlis. Ég er sem betur fer það bjargálna, að ég þarf ekki að vera í húsmennsku hjá einum eða neinum, kemst af, þarf ekki að leita á annarra náðir, hvorki Sigurbjarnar í Klúbbnum né neinna annarra auðjöfra. Og ég vil leyfa mér að fullyrða það, að Framsfl. hafi ekki fengið neinar greiðslur frá Klúbbnum. Það er hverjum og einum frjálst og sjálfsagt að fara og fá að skoða reikninga Framsfl. og sjá það. Og það má þessi hv. þm. gera, og hann má meira að segja hafa bókhaldsfróðan mann með sér.

Hitt er náttúrlega miklu alvarlegri aðdróttun, sem hv. þm. fór þó svolítið hjá sér að minnast á, eins og eðlilegt er, sem sé sú, að ég hafi komið í veg fyrir rannsókn eða lagt hömlur í veg fyrir rannsókn á mannshvarfi og jafnvel gerst sekur um það að reyna að koma í veg fyrir að hugsanlegt morð upplýstist og halda þannig verndarhendi yfir mönnum sem hefðu fengist við slíkt. Þessu atriði eru gerð ærið greinileg skil í grg. dómsmrn. Þar er í fyrsta lagi ákveðið, að þeim aðalrannsóknarmanni í Keflavík, sem fór með rannsókn þessa máls, var gefið frí, leyfi, orlof frá öllum öðrum störfum í fimm mánuði til þess að geta gefið sig að þessum störfum eingöngu. Hauki Guðmundssyni var gefið orlof frá öllum öðrum lögregluþjónsstörfum í fimm mánuði til þess að hann gæti gefið sig eingöngu að því að upplýsa þetta mál. Það var skipaður umboðsdómari, sérstakur, ágætur maður, Ásgeir Friðjónsson dómari í fíkniefnamálum, sem þar með fékk vald til að rannsaka málið hvar sem var á landinu og setja rétt í því hvar sem var í landinu. Bæjarfógetanum í Keflavík var skrifað bréf sem ég held að engir venjulegir menn geti skilið öðruvísi en á þá lund, að þar sé verið að ýta á að gera rannsóknina sem gagngerasta og ítarlegasta. *Það getur kannske verið að óvenjulegir* menn, eins og hv. síðasti ræðumaður, geti skilið það á eitthvað aðra lund. En hann hefur þó eitthvað öðruvísi skynfæri en venjulegir menn.

Nú það er rétt, að í grg. dómsmrn. er ekki birt þetta bréf frá lögmanni þeirra, þar sem þeir kvörtuðu yfir þeim miska sem þeir hefðu orðið fyrir í sambandi við gróusögur sem um þá hefði verið dreift. Þar er drepið á ýmis atvik til sönnunar þessu. Eina ástæðan fyrir því, að þetta bréf var ekki birt, sem vissulega hefði skýrt grg., var sú að það er það langt. Bréfið er frá Inga Ingimundarsyni hrl. og ef ég man rétt er getið um það í grg. að frá honum hafi komið bréf. Það er jafnframt sagt í grg. að hverjum og einum, þ. á m. hv. þm. Sighvati Björgvinssyni, er heimilt að koma í rn. og sjá öll skjöl sem þar liggja fyrir og þetta mál varða. Og ef til vill hefði verið skynsamlegra fyrir hann að koma áður en hann flutti ræðu sína áðan. En hann getur gert þetta síðar — alltaf velkominn — fengið að sjá allt og í marga daga, og ég veit ekki hvort það væri út af fyrir sig neinn skaði þó að hann eyddi einhverjum tíma í það frá öðrum ónytsamlegri störfum.

Það er ákaflega ógeðfellt að þurfa að vera að tala um þetta mál opinberlega og þurfa að vera að nefna nöfn í því sambandi. Það er svo ógeðslegt að maður undrast lundarfar þeirra sem geta lagt sig niður við slíkt. Hvað sem er um þessi efni, hvort menn eru saklausir eða sekir, þá eiga margir um sárt að binda í sambandi við svona mál, og það væri gott fyrir þá menn, sem gera að iðju sinni að bera út svona gróusögur, að leggja sér á minni orðin: „aðgát skal höfð í nærveru sálar“. Margar gróusögur eru í gangi og hafa verið í gangi um ýmis tilvik *sem hafa átt sér stað. Það er ekki víst* að allir yrðu glaðir ef upp í því yrði farið að hræra, það gæti komið nálægt einhverjum. Og yfirleitt eru þessar gróusögur ósannar, en gómsætar að smjatta á fyrir Gróu á Leiti og hennar líka. Það hafa verið nefnd hér nöfn svo að ég verð að gera það líka. Því er haldið fram, að ég hafi komið í veg fyrir rannsókn í sambandi við hvarf Geirfinns heitins (Gripið fram í.) — Einarssonar, — mér varð nú á að segja heitins, það var aldrei

upplýst og væri ánægjulegt ef svo væri ekki, — komið í veg fyrir það, að rannsókn ætti sér stað í sambandi við Magnús Leopoldsson og Sigurbjörn Eiríksson.

Hver er nú sannleikurinn um rannsókn á þessum mönnum af hálfu þeirra lögreglumanna sem með þetta mál fóru? Magnús Leopoldsson var einu sinni kallaður fyrir á lögreglustöðina í Reykjavík til þess að gefa skýrslu um bifreiðar og þess háttar, og þetta átti sér stað í janúarlok 1975. Og a. m. k. hefjast þau afskipti rn., sem hv. þm. vill telja að hafi eitthvað torveldað rannsóknina, drjúgum tíma síðar. Hvað var þá gert í millitíðinni? Kallaður einu sinni fyrir á lögreglustöðinni í Reykjavík. Sigurbjörn Eiríksson var aldrei kallaður fyrir.

Athuganir á þessum efnum, sem hér um ræðir, stóðu aðallega í jan. og febr. Rannsóknarmennirnir frá Keflavík höfðu húsnæði lánað í lögreglustöðinni í Reykjavík og lögreglumanninn Rúnar Sigurðsson sér til aðstoðar. Það húsnæði og aðstoðarmanninn höfðu þeir a. m. k. fram í maílok frá 10. des. og húsnæðið e. t. v. eitthvað lengur. Ekki bendir þetta til þess, að yfirvöld hafi viljað leggja hömlur á þessa rannsókn eða koma í veg fyrir hana eða draga úr henni — að greiða á þennan hátt fyrir henni: að lána húsnæði í Reykjavík undir hana og fá rannsóknarmönnunum úr Keflavík til aðstoðar einn lögreglmann úr Reykjavík. Lögreglumaðurinn Rúnar Sigurðsson, sem var þeim til aðstoðar þarna, fullyrðir að það hafi aldrei verið ýjað að því við sig að rannsóknin mætti ekki lengur beinast að Magnúsi Leopoldssyni og Sigurbirni Eirikssyni. Rannsóknarmönnunum úr Keflavík virðist því ekki hafa verið það ofarlega í huga, eða þá að þeir hafi verið þögulir sem gröfin um það. Að því er Haukur Guðmundsson rannsóknarlögreglumaður sagði Jóni Eysteinssyni í síma frá Reykjavík, þar sem hann er til aðstoðar sakadómi, svo og allar skýrslur, sem að málinu sneru og voru í hans höndum, minnir hann í þessu viðtali við Jón Eysteinsson að síðasta athugun, sem beinst hafi að þeim Klúbbmönnum, hafi gerst 5. mars.

Ég held að ljóst sé af því, sem ég hef lítillega rakið hér og hef enga löngun til þess að vera að velta mér upp úr þessu máli meira en nauðsynlegt er, sé ljóst að ég hef ekki reynt að torvelda rannsókn þess, enda er ég satt að segja hissa á því ef nokkrum hv. alþm. dettur það í hug í raun og veru. En þó veit maður aldrei hvað leynist í hugum manna. Lengi skal manninn reyna.

Haukur Guðmundsson rannsóknarlögreglumaður kannast ekki heldur við það að vera heimildarmaður að þessum rógskrifum Vísis. Það væri ákaflega æskilegt að sá, sem staðið hefur að þessum Vísisskrifum, tilgreini heimildarmann sinn. Ég get kannske vitað hver það er, en það er hans að segja til um það, og það væri ekkert slæmt að leiða þann kauða fram í birtuna. Hver veit nema hann hafi eitthvað á samviskunni?

Ég hef þá gert efnislega nokkra grein fyrir þessu máli og skal láta útrætt um þá þætti þess. Mér er mikil raun að því í sjálfu sér að hafa þurft hér á Alþ. að fara að tala um síðari þátt málsins. Hitt er ákaflega létt og kemur ekki við mig, að tala um lokun Klúbbsins og niðurfellingu lokunar hans. En að fara að hefja á Alþ. umr. um jafnviðkvæmt sakamál og hér er um að tefla og um slík mál yfirleitt, það er alltaf varhugavert. Við byggjum á þeirri þýðingarmiklu grundvallarreglu, að maður skuli talinn saklaus þangað til hann hefur verið sakfelldur, og við ættum að gæta okkar að hverfa ekki frá henni.

Ég hef ekki ætlað mér að nota þennan dag til þess að skjóta á þúfutittlinga. Vilmundur Gylfason er í þessu sambandi ekki nema eitt stórt núll. Gildi hefur núll ekkert ef það stendur út af fyrir sig. Gildi þess er alveg eftir því í hvaða afstöðu það stendur til annarra talna. Vilmundur Gylfason skrifar til að lifa. Hann er verkfæri — verkfæri í annarra höndum. Ég ætla ekkert að fara að eyða orðum að honum frekar í þessu sambandi. Það eru mennirnir sem á bak við standa, sem ábyrgðina bera. Það eru mennirnir, sem standa að Vísi, sem bera ábyrgð á því hvað birtist í því blaði. Þeir geta ekki skotið sér undan þeirri ábyrgð. Þeir bera ábyrgð á þeim rógskrifum sem þar hafa birst um mig og aðra, og ég hef leyft mér að kalla þann virðulega hóp, ef virðulegan skyldi kalla, „mafíu“ — ekki í þeim skilningi að hann standi í sambandi við mafíuflokkinn sem á rætur á Sikiley eða einhvers staðar á Ítalíu, heldur er þetta samheiti á mönnum og félagsskap sem beita þeim aðferðum sem þessir menn telja sér sennilega sóma að, leggja a. m. k. fyrir sig — kannske eru það aurarnir sem einhverju ráða. Það eru þessi skrif sumra blaða sem hafa verið þess háttar að þau hafa beinst að því, eins og ég áðan sagði, að grafa undan lýðræði í þessu landi.

Hvernig hafa þessi blöð, eins og Vísir, skrifað um þessa virðulegu stofnun, Alþingi íslendinga, dýrmætustu stofnun íslensku þjóðarinnar? Nefnt hana hvers konar ónefnum og óvirt hana á allan hátt og eru með því seigdrepandi að grafa undan traustinu á fulltrúasamkomu þjóðarinnar, — samkomu þar sem þjóðkjörnir menn sitja, menn sem hafa orðið að sækja traust sitt til kjósenda, traust sem þessir menn, sem hjá Vísi starfa, mundu aldrei fá — aldrei. Þeir mega þykjast góðir að hafa komist í krafti peninga í stjórn Vísis. Og hvernig hafa þessi blöð haldið áfram að naga rætur lýðræðisins á Íslandi? Jú, jú, ráðherrar eru náttúrlega landráðamenn upp og ofan, meira og minna. Huggulegur vitnisburður! Ég er ráðh. í dag, annar á morgun, það eiga margir eftir að verða. En hvaða traust verður borið til þeirra manna sem skipa þessar stöður þegar þannig er búið að grafa undan þeim? Og hvernig hefur verið talað um framkvæmdavaldið yfirleitt? Er það ekki allt á sömu leið? Og nú á að byrja á dómstólunum og dómstólakerfinu — grafa undan þeim, grafa undan dómsmrn., veikja traust almennings á þessum stofnunum sem eru hyrningarsteinar í íslensku þjóðfélagi, hyrningarsteinar undir íslensku lýðræði. Það er óþrifa- og óþverraverk sem þessir menn standa í, og þeir mega hafa skömm fyrir. Það þýðir ekkert fyrir þessa menn að ætla að skjóta sér á bak við Vilmund Gylfason. Það er bara lítilmannlegt af þeim. Þeir bera ábyrgðina. Og sjálfur ritstjóri Vísis skrifar á forsíðuna í Vísi í dag og setur

mér kosti: „Dómsmrh. gefinn kostur á að draga ummæli sín til baka". Kannast menn við svona vinnubrögð? Það skyldi aldrei vera að „Mafían" viðhefði svona vinnubrögð nokkuð víða, sendi hótanir í blöðum eða hótunarbréf ef á þarf að halda? Mafía er hún, og Mafía skal hún heita.

Það er svo annað mál, sem ég ætla ekki að orðlengja um hér, að auðvitað hafa oft verið úfar með Framsfl. og Sjálfstfl. Framsóknarforustumenn hafa oft fengið kaldar kveðjur í blöðum sjálfstæðismanna, og það hefur sjálfsagt verið gagnkvæmt. Það mætti rifja ýmis tilvik upp af því tagi — allt frá Kleppi og út í eyjar. Ég ætla að sleppa því núna, en ég hef það allt geymt og það fyrnist ekki. En það var allt í lagi. Þá börðust þessir flokkar hvor á móti öðrum. En nú er þetta málgagn, Vísir, gefið út af sjálfstæðismönnum, samstarfsmönnum Framsfl., og þá ræðst það á mig með rógskrifum æ ofan í æ. Sumir mundu kalla það rýtingsstungu í bakið. Það vill nú svo vel til, að ég er þannig skapaður að ég hef breitt bak og þykkt, svo að rýtingurinn gengur ekki í gegn og ég mun standa þetta af mér.

Svo má hv. þm. Sighvatur Björgvinsson tala jafnmikið og hann vill hér á eftir. Ég geri ekki ráð fyrir því að ég eyði meiri tíma í að ræða um þessi mál. Ég vorkenndi honum að þurfa að ganga hér upp í ræðustólinn. Ég sá fyrir mér röðina af erlendum og innlendum hjáleigubændum þegar þeir hafa staulast um aldirnar og bognað meira og meira með hverju árinu sem hefur liðið þangað til þeir hafa verið komnir í keng af því að hlýða húsbændunum á höfuðbólinu og ganga í skítverkin fyrir þá. Þessi hv. þm. er hjáleigubóndi orðinn, því miður vil ég segja, hjá dagblaðinu Vísi. Þess vegna varð hann að takast á hendur þessa skyldu, að ganga hingað upp í ræðupúltið og flytja inn í sali Alþ. rógskrifin sem í Vísi hafa staðið. Þau verða minnisvarði yfir honum hér á Alþ. og í þingtíðindum. Ég vil þó vona hans vegna að hann losni úr hjáleigubúskapnum áður en hann verður orðinn tvöfaldur af þrældómsokinu sem á hann er lagt.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Hæstv. forseti. Ég vildi taka ómakið af hv. þm. Sighvati Björgvinssyni. Hann sagðist mundu hafa spurt um það, ef hann hefði haft tíma til, hvað liði skattrannsókn hjá eiganda Klúbbsins, Sigurbirni Eiríkssyni, og skattaálagningu, en ég var yfirmaður þeirra mála þegar þetta atvik kom upp sem hann vitnaði til. Skattrannsókn var þá strax hafin og henni lauk þegar á eðlilegum tíma. Ríkisskattstjóri úrskurðaði á grundvelli þeirrar rannsóknar nýja álagningu á Klúbbinn, en þessi framteljandi hafði ekki talið fram 1971 og 1972. Þessi úrskurður var kveðinn upp hinn 18. sept. 1973. Síðan lagði framteljandi fram uppgjör á þessum rekstri sínum, þar með framtal bæði árin. Ríkisskattstjóri úrskurðaði aftur, eftir að það hafði borist, 22. jan. 1974 og lækkaði það frá fyrri áætlun sinni. Málið var síðan kært til ríkisskattanefndar, og úrskurður ríkisskattanefndar gekk 26. nóv. 1975. Endanlegir skattar þessa framteljanda, þ. á m. söluskattur, eru um 14 millj. kr. Af þeim er búið að greiða 2.7 millj. kr. og er það upp í söluskatt sem er 3.5 millj. tæpar. Lögtak hefur farið fram vegna þessara gjalda hjá gjaldanda, Sigurbirni Eiríkssyni, á jörðinni Álfsnesi, og frestur í fógetarétti er til 13. þ. m., þannig að niðurstaða þessa máls liggur fullkomlega fyrir og þarf ekki um það að spyrja.

Enda þótt það komi ekki þessu skattamáli við — og þó — vil ég svo aðeins bæta því við, að syni mínum var sagt í morgun að ég kynni vel að sitja hesta Sigurbjörns í Álfsnesi. Vegna þess vil ég taka fram, að ég kann ekki skil á neinum þeirra, hvorki veit um lit né hef á bak þeim komið. En ég sá hest þann sem hann átti á móti því sem fram fór í Austurríki í sumar, en hann var seldur að mótinu loknu. Hesturinn var fallegur og seldist víst fyrir hátt verð.

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi forseti. Ég held að það fari ekki hjá því að forseti sé mér sammála um það, að á mig hafa verið bornar sakir af því tagi sem ég þurfi af mér að bera. Ég skal reyna að vera eins stuttorður og ég mögulega get, en því miður get ég ekki lokið því á einni eða tveim mínútum. (Gripið fram í.) Nei, ég bíð ekki með það til morguns.

Ég verð fyrst að taka það fram, að ég er ekki einn um að undrast framkomu hæstv. dómsmrh. nú allra síðustu dagana. Hæstv. ráðh. er raunar orðinn eins og tveir gjörólíkir menn: annars vegar sá trausti, staðfasti og rólyndi maður sem hann var áður kunnur fyrir að vera, svo ber það allt í einu við, án þess að það geri nokkur boð á undan sér, að hann breytist í allt aðra manngerð, líkt og eitthvað illt hafi í hann hlaupið. Ég held að ég sé ekki einn um að hafa veitt þessu athygli. Mér þykir það mjög miður.

Ég er kannske yfirleitt veikur fyrir því eins og margir vestfirðingar að nota heldur stór orð, en ég tel að ég hafi reynt að gæta þess mjög vel í ræðu minni áðan að nota ekki slík orð. Ég vil leyfa mér að segja að framkoma hæstv. ráðh. af og til í þessum ræðustól áðan, þ. e. a. s. þegar hann virtist breytast í annan persónuleika en honum er eðlilegt, — slík framkoma var hæstv. dómsmrh. ekki sæmandi og ég ætla ekki að svara honum uppi með sama hætti, með því að nota sömu stóryrði, með því að viðhafa sömu framkomu. Það getur vel verið að slíkt skemmti einhverjum, en það sæmir ekki óbreyttum þm. að hegða sér þannig og það sæmir þó enn síður sjálfum dómsmrh. í landinu að láta þetta henda sig.

Ég get þó ekki annað en gert aths. við nokkuð af því sem fram kom hjá hæstv. ráðh. áðan, rétt til þess að lofa mönnum að sjá hvernig hann meðhöndlar staðreyndir.

Hann skýtur sér, hæstv. ráðh., á bak við núv. vararíkissaksóknara, Hallvarð Einvarðsson, og lætur í það skína að ástæðan fyrir því, að rannsókn þessa umfangsmikla máls, sem kom upp fyrir 4½ ári, er ekki lokið, sé hans sök. Þetta leyfir hæstv. ráðh. sér að segja, þó að hér hafi verið vitnað í ummæli sama manns, núv. vararíkissaksóknara, þar sem hann segir að niðurfelling dómsmrn. hafi verið „allsendis ótímabær, ástæðulaus og ekki studd almennum opinberum

réttarvörsluhagsmunum", og kvartar mjög undan þeim áhrifum sem þessi ákvörðun rn. hafi haft á rannsókn málsins. Síðan leyfir hæstv. dómsmrh. sér að láta í það skína úr ræðustól á Alþ. að það sé þessum embættismanni að kenna hversu seint og illa hefur til tekist að reka málið.

Þá hafði hæstv. ráðh. einnig þau orð um mig, að því er mér skildist, — ég held að ég hafi skrifað þau orðrétt, — að ég hafi komið hingað upp í ræðustól til þess að velta mér upp úr svaðinu. En hvað hef ég gert? Ég hef vitnað í bréf núv. vararíkissaksóknara. Ég hef vitnað í bréf lögreglustjórans í Reykjavík. Og ég hef fyrst og fremst vitnað orðrétt í grg. sjálfs dómsmrn. Þetta var meginefnið í ræðu minni áðan. Um þetta segir hæstv. ráðh. að ég sé að velta mér upp úr svaðinu. Hvers svaði? Svaði lögreglustjórans í Reykjavík, svaði núv. vararíkissaksóknara eða svaði dómsmrn.? Ég tek það fram, að ég hef ekki vitnað í ræðu minni áðan — ég á hana hér skrifaða — í eitt orð í þeirri grein, sem hæstv. dómsmrh. ræðir um að hafi komið í Vísi, þannig að telji hann það svað, sem þar var skrifað, þá hef ég ekki velt mér upp úr því svaði. Ég hef aðeins vitnað í bréf frá m. a. rn. hæstv. ráðh. sjálfs

Þá sagði hæstv. ráðh. einnig, hélt yfir mér fræðandi fyrirlestur um tilganginn með 14. gr. áfengislaganna. (**Forseti:** Ég vil biðja hv. þm. að ljúka máli sínu á örfáum sekúndum.) Ég mun ljúka máli mínu eins fljótt og ég mögulega get, virðulegi forseti, en hæstv. ráðh. hefur farið rangt með þær upplýsingar sem ég las upp áðan. Ég skal vera mjög stuttorður, en ég get ekki annað en leiðrétt það sem hann rangt fer með í því efni sem ég vitnaði orðrétt í. Ég get ekki annað. 2. mgr. 14. gr. hljóðar svo:

„Lögreglustjórum er heimilt að loka áfengisútsölu eða banna vínveitingar á veitingastöðum, sem leyfi hafa til áfengisveitinga, fyrirvaralaust um lengri eða skemmri tíma þegar sérstaklega stendur á."

Lengra er þetta ekki. Ég ætla ekki að deila við hæstv. ráðh. um túlkun á þessu atriði. Ég er ekki sérfræðingur í lögum eins og hann. Það eina, sem ég legg fram máli mínu til stuðnings, er álit víðkunns embættismanns í ríkiskerfinu, núv. vararíkissaksóknara. Hann er öndverðrar skoðunar við hæstv. dómsmrh. Í hans orð hef ég vitnað.

Þá er enn fremur haldið fram af hálfu dómsmrh. að ég hafi verið að gera aths. við það, halda fram að það væri ekki rétt að dómsmrn. eigi að taka lokaákvörðun í málinu. Ríkissaksóknari hefur ekkert um þetta að segja, sagði hæstv. ráðh. Ríkissaksóknari á ekki að gefa dómsmrh. leiðbeiningar eða fyrirmæli um það, hvernig honum beri að úrskurða. Þetta er auðvitað alveg rétt. En ég hef hins vegar aldrei hreyft andmælum við því, að lögum samkv. beri dómsmrn. að úrskurða um svona mál. Hvorki ég né vararíkissaksóknari, Hallvarður Einvarðsson, höfum haft uppi mótmæli við því, að lögum samkv. eigi dómsmrh. að úrskurða um þetta mál. Hins vegar hef ég, vararíkissaksóknari og fleiri mótmælt þessum úrskurði rn., og það finnst mér ansi hart, ef háttsettir starfsmenn í ríkiskerfinu, eins og núv. vararíkissaksóknari, þáv. aðalfulltrúi saksóknara ríkisins, hafa ekki leyfi til þess að hafa skoðun á aðgerðum dómsvaldsins og mótmæla aðgerðum þess, ef þeir telja þær aðgerðir á röngum grunni reistar. Ég vil enn fremur spyrja hæstv. ráðh. að því, hvernig stóð á því að hæstv. ráðh. lét ekki birta — (**Forseti:** Ég vil vekja athygli á því að fundartími er nú liðinn og það er ekki tími til frekari fsp. í dag.) Þá vek ég athygli aðeins á því, að hæstv. ráðh. lét ekki birta þessa grg. núv. vararíkissaksóknara sem ég er að ræða um.

Þá sagði hæstv. ráðh. einnig að rannsóknardómari hefði talið ástæðulaust að halda banninu áfram, hann hefði talið það ástæðulaust og þarflaust og þess vegna hefði bannið á rekstri vínveitingahússins Klúbbsins verið afnumið. Þetta er rangt. Ég vitna orðrétt í skýrslu rn. sjálfs: „Ekki taldi hann", þ. e. a. s. Þórir Oddsson fulltrúi í sakadómi, „bannið skipta lengur máli fyrir rannsóknina, en fannst þó rétt að láta það standa áfram." Hæstv. dómsmrh. ætti að fara rétt með tilvitnanir í sínar eigin skýrslur.

Þá hélt hæstv. ráðh. því enn fremur fram, að það hafi ekki verið að fyrirlagi rn. sem bannið hefði verið fellt niður, heldur hefði lögreglustjóri gert það, — lögreglustjóri hefði gert það, rn. hefði ekki komið nálægt þessu. Þetta er rangt. Ég er hérna með bréf lögreglustjórans í Reykjavík. Ég skal lesa það orðrétt, það hljóðar svo: „Hér með leyfi ég mér að senda yður, herra saksóknari, afrit af bréfi er ég hef að fyrirlagi dómsmrn. sent Sigurbirni Eiríkissyni veitingamanni" o. s. frv. Og ég get rökstutt það einnig með því að vitna í skýrslu hæstv. dómsmrh., að það er skoðun lögreglustjórans að rn. hafi úrskurðað í þessu máli, þótt úrskurðurinn hafi ekki verið formlega felldur.

Að lokum þetta, og ég skal ljúka máli mínu nú mjög fljótlega: Hér hélt hæstv. ráðh. langa tölu um það, hversu ógeðfellt lundarfar það væri að nefna nöfn í sambandi við rannsókn síðara málsins, sem nefnt hefur verið í mæltu máli Geirfinnsmálið, hvílíku ógeðslegu lundarfari það lýsti. Ég er með mína ræðu skrifaða hér frá orði til orðs. Ég nefndi eigi nöfn þeirra tveggja manna sem Ólafur Jóhannesson, hæstv. dómsmrh., ræddi um. Sá maður, sem fyrst nefndi þeirra nöfn hér á hinu háa Alþ., var hæstv. dómsmrh. sjálfur, með hans orðum lýsir það ógeðfelldu lundarfari að nefna nöfn í þessu sambandi.

Að lokum þetta: Ég get staðið jafnréttur eftir mitt framlag hér í dag eins og þegar ég gekk til þessa ræðustóls. Það hefur enginn komið að máli við mig til þess að biðja mig að gera það sem ég hef gert hér í dag. Þá ákvörðun mína tók ég einn og sjálfur, og ég veit ekki hvort einhverjir né heldur hversu margir standa á bak við mig í því máli sem ég hef hér flutt. En það skal ég segja hæstv. dómsmrh. Ólafi Jóhannessyni, að eigi ég einhvern stuðning í þeim málflutningi sem ég hef hér verið að lýsa, þá er hann kominn frá almenningi í landinu, en ekki aðilum eins og þeim sem hæstv. ráðh. valdi heitið „glæpahringur" í útvarpsþætti í gærkvöld og virtist hafa átt við hluta af samstarfsmönnum sínum í ríkisstj.

Forseti tók öll dagskrármálin af dagskrá.

Sameinað þing, 43. fundur.

Þriðjudaginn 3. febr., kl. 2 miðdegis.

Atvinnuleysistryggingar (fæðingarorlof), fsp. (þskj. 30). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Axel Jónsson): Herra forseti. Ég bar fram snemma í vetur svo hljóðandi fsp.:

„Hvað hyggst ríkisstj. gera til að fullnægja ákvæði til bráðabirgða í lögum um breyt. á l. nr. 57 27. apríl 1973, um atvinnuleysistryggingar (fæðingarorlof), er samþ. var á Alþ. 16. maí 1975, svo hljóðandi: Fyrir 1. jan. 1976 skal ríkisstj. láta kanna á hvern máta megi veita öllum konum á landinu fæðingarorlof og tryggja tekjustofn í því skyni?“

Eins og ég gat um, herra forseti, bar ég þessa fsp. fram mjög snemma á þessu þingi, en margvíslegar ástæður hafa valdið því að ekki hefur verið hægt að svara henni fyrr. Hefur það verið ýmist vegna þess að ég hef óskað eftir því að hún væri tekin út af dagskrá eða þá að ráðh. hefur gert það eða ekki verið viðlátinn.

Tilefni fsp. er fyrst og fremst það ákvæði til bráðabirgða sem ég vitna hér í. Þegar þetta mál var til umræðu á hinu háa Alþ. á s. l. ári urðu um það nokkrar umræður, en óhætt er að segja að allir, sem í umræðunum tóku þátt, lýstu fylgi sínu við tilganginn sem í frv. fólst. Menn greindi fremur á um hvaðan fjármagn ætti að koma til að standa undir greiðslu á fæðingarorlofinu. Ýmsir töldu að þá þegar væri búið að leggja það miklar byrðar á Atvinnuleysistryggingasjóð að hann væri þegar ásettur.

Megintilgangur Atvinnuleysistryggingasjóðs er að mæta atvinnuleysi ef upp kemur, og verður hann þá að geta staðið undir greiðslu bóta í því efni. Því miður er það oftast svo, að um eitthvert tímabundið og/eða staðbundið atvinnuleysi er að ræða, þó svo að í heild sé atvinnuástand á landinu gott. Atvinnuleysistryggingasjóður hefur reynt að lána fé til atvinnuaukningar á ýmsum stöðum, þ. e. vinna fyrirbyggjandi starf til að reyna að koma í veg fyrir að atvinnuleysi verði á tilteknum stöðum.

Á s. l. ári var atvinnuástand í landinu í heild talið fremur gott og þó þurfti að greiða verulegar upphæðir vegna tímabundins og staðbundins atvinnuleysis. Atvinnuleysistryggingasjóður gat á því ári að mjög óverulegu leyti sinnt beiðnum sem til hans bárust um lán og t. d. ekki frá einu einasta sveitarfélagi varðandi framkvæmdir á þeirra vegum. Nýjar álögur á sjóðinn, þó svo að þær séu til góðs málefnis, munu því taka enn frekar fyrir allar lánveitingar til atvinnuaukningar sem þó mun ávallt vera nauðsyn á að hægt verði að sinna að einhverju leyti, og nýjar álögur á Atvinnuleysistryggingasjóð til viðbótar þeim, sem áður voru á hann lagðar, geta reynst um of ef atvinnuástand í landinu almennt skipast til verri vegar.

Að þessu var vikið í þeim umr. sem urðu um málið á síðasta þingi, og bentu ýmsir á að þrátt fyrir nauðsyn þess að þetta mál næði fram að ganga, þá yrði að hafa í huga að annað tveggja þyrfti að koma til, að létt yrði byrðum af Atvinnuleysistryggingasjóði eða fjármagn yrði fundið til að standa undir þessum greiðslum á annan hátt. Við afgreiðslu málsins þróaðist það svo, að upphaflega var gert ráð fyrir því, að lögin tækju gildi um mitt ár eða svo, en síðan var gerð breyting á þeim þannig, að þau tækju gildi um síðustu áramót, og enn fremur var, eins og ég gat um, við lokaafgreiðslu málsins í hv. Ed. samþ. ákvæði til bráðabirgða sem ég vitnaði í í upphafi máls míns og er, eins og ég áður sagði, tilefni fsp. Bentu ýmsir á að nauðsyn væri að kanna málið betur með tilliti til stöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs og með tilliti til þess að nauðsynlegt væri að tryggja enn fleiri konum þá aðstoð, sem hér er um að ræða, heldur en í frv. fólst.

Nú veit ég að þegar er búið að ganga frá reglugerð í þessu efni og fsp. því í sjálfu sér kannske óþörf og nú of seint á dagskrá, en það er samt eðlilegt að þingheimi gefist kostur á að heyra svör ráðherra.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Á Alþingi voru 16. maí 1975 samþ. lög um breyt. á l. um atvinnuleysistryggingar (fæðingarorlof), þess efnis, að aftan við 5. málsgr. 10. liðar 15. gr. laganna komi nýr málsliður, svo hljóðandi: „Þó skulu þær konur, sem forfallast frá vinnu vegna barnsburðar, njóta atvinnuleysisbóta í 90 daga samtals.“ Þessi lög komu til framkvæmda 1. jan. 1976, og var gefin út í janúarmánuði reglugerð um framkvæmd laganna.

Um þessi lög hafa orðið nokkrar deilur, að þessi kvöð skyldi lögð á Atvinnuleysistryggingasjóð, vegna þess að ráðstöfunarfé hans minnkar mjög verulega, en auk þess að greiða atvinnuleysisbætur hefur þessi sjóður lánað til atvinnuveganna, sérstaklega þó til ríkisframkvæmda og þó sér í lagi til húsnæðisframkvæmda mjög mikið, svo að þessi lög hafa þrengt athafnasvið sjóðsins. Hins vegar eru þessi lög í gildi og ég sem heilbr.- og trmrh. gat hvorki né vildi annað en gefa út reglugerð um framkvæmd laganna.

Því ákvæði til bráðabirgða var bætt við þessi lög, að fyrir 1. jan. 1976 skyldi ríkisstj. „láta kanna á hvern máta megi veita öllum konum í landinu sambærilegt fæðingarorlof og tryggja tekjustofn í því skyni.“ Eins og öllum er kunnugt varð að draga eins og hægt var úr ríkisútgjöldum, og stefnt er að því að draga úr verðbólguhraðanum og tryggja hallalausan rekstur ríkissjóðs. Við þær aðstæður, sem nú eru, þótti ríkisstj. ekki fært að fara í nýja fjáröflun á þessu sviði, heldur reyna að halda eins og hægt er í horfinu í þessum efnum. Skal ég geta þess, sem allir þm. raunar vita, að framlög til sjúkratryggginganna hækkuðu á milli ára um hvorki meira né minna en 4000 millj. kr. Hitt var líka mikils virði, að láta ellilaun, örorkubætur og aðrar slíkar bætur fylgja kaupgjaldi, enda hefur nýlega verið ákveðið að hækka um 5% öll elli- og örorkulaun og enn fremur tekjutryggingu til þeirra sem tekjulausir eru, en sú ákvörðun kostar um 351 millj. kr. á ársgrundvelli.

Mér fyrir mitt leyti finnst rétt að sjá hvernig tekst til um framkvæmd fæðingarorlofslaganna fram eftir þessu ári, en tel einnig sjálfsagt og

eðlilegt að sú n., sem nú vinnur að endurskoðun almannatryggingalaganna almennt, taki þessi mál upp í sambandi við sína endurskoðun. Þetta starf er ekki komið nógu langt á leið. Hins vegar hefur sá maður, sem heilbr.- og trmrn. fól undirbúning að endurskoðun almannatryggingalaga, Guðjón Hansen, unnið mjög mikið starf og er nú langt kominn með sína undirbúningsvinnu, þannig að hægt er að herða mjög á starfi n. Ég fyrir mitt leyti hef mikinn hug á því að n. ljúki störfum fyrir næsta haust og þá verði lagt fram frv. að nýjum lögum, — eða breyt. á almannatryggingalögunum og þá verði þessi mál tekin til gaumgæfilegrar athugunar. Þetta er sem sé ástæðan fyrir því, að ákvæði til bráðabirgða kemur ekki í framkvæmd frá 1. jan. 1976, enda er það æðimikill og merkur áfangi að hafa tekið hið almenna fæðingarorlof til framkvæmda skv. þessum lögum frá 1. janúar 1976, þó að vissulega hvíli nokkrar ábyggjur á mönnum vegna þess hvað þrengdur hefur verið fjárhagur eða réttara sagt umsvif Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Vilborg Harðardóttir: Herra forseti. Þegar þau lög, sem hér er um rætt, voru drifin í gegn með vægast sagt óvenjulegum hraða miðað við það sem algengt er hér á þessum stað, þá leyfi ég mér að efast um að leitað hafi verið sem skyldi álits þeirra sem njóta eiga, þ. e. a. s. kvenna, og vitað er að ekki var tekið tillit til skoðana þeirra sem ráða eða raunar eiga Atvinnuleysistryggingasjóðinn, verkalýðshreyfingarinnar. Það kom oft fram í þessum umr. að ráðamenn þess sjóðs voru algjörlega á móti því að fæðingarorlofið yrði greitt úr Atvinnuleysistryggingasjóðnum (Gripið fram í). Ekki tefja mig, ég hef litinn tíma hér. — Enda er nú komið í ljós að þessi framkvæmd verður ómöguleg eins og hún var hugsuð og sennilega megum við bíða eitt ár enn eða tvö ef bíða á eftir þeirri n. sem hæstv. ráðh. talaði hér um. Það vill nú svo til að ég á sæti í henni, og það er algjörlega fyrir séð að hún verður ekki búin að skila neinu verki í haust og varla um næstu áramót. Ég ætla að leyfa mér að lesa hér, svo að fái fram að koma fyrir hv. þm., dæmi um vilja kvenna í þessum efnum. Hann kom fram oft á síðasta ári, á ýmsum fundum og ráðstefnum sem haldnar voru m. a. í tilefni kvennaárs, og ég ætla að leyfa mér að lesa hér upp það sem ég hef tíma til.

Það er fyrst ráðstefna A. S. B., Félags afgreiðslustúlkna í brauð- og mjólkurbúðum, Iðju, Starfsstúlknafélagsins Sóknar, Starfsmannafélags ríkisstofnana og Rauðsokkahreyfingarinnar um kjör láglaunakvenna sem haldin var í jan. Þar kom m. a. fram í áliti frá þeirri ráðstefnu:

„Ráðstefnan krefst þess, að allar konur njóti a. m. k. þriggja mánaða fæðingarorlofs á fullum launum, og lítur svo á að eðlilegast sé að framkvæmd falli undir tryggingakerfi ríkisins."

Og með leyfi forseta áfram: Ráðstefna um kjör kvenna til sjávar og sveita, sem haldin var í Neskaupstað í apríl, samþ. svo hljóðandi ályktun:

„Ráðstefnan telur sjálfsagt að allar konur í atvinnulífinu fái þriggja mánaða fæðingarorlof á launum, en mótmælir því harðlega að sjóðum verkafólks, svo sem Atvinnuleysistryggingasjóði, sé ætlað að standa undir slíkum greiðslum. Eðlilegt er að greiðslur falli undir almannatryggingakerfið. Sjálfsagt er að fæðingarstyrkur gangi óskertur til kvenna."

Það er litið eftir, herra forseti. Stóra kvennaráðstefnan í tilefni ársins, sem haldin var að Hótel Loftleiðum, samþ. svo hljóðandi ályktun:

„Ráðstefna kvennaárs, haldin á Hótel Loftleiðum dagana 20.—21. júní 1975, mótmælir því, að sú mismunun sé gerð á íslenskum konum að fé til að greiða fæðingarfrí verkakvenna skuli tekið úr sameiginlegum sjóði verkafólks sem ætlað er annað verkefni, meðan þær, sem vinna hjá ríki og bæ, fá það greitt af almannafé. Ráðstefnan telur eðlilegast að fæðingarfrí á launum til allra kvenna verði fellt inn í almannatryggingar."

Og að lokum samþykkti Verkamannasambandið svo hljóðandi ályktun:

„7. þing Verkamannasambands Íslands, haldið í Reykjavík dagana 21.—23. nóv. 1975, mótmælir því ranglæti sem íslenskum konum er gert með því að fé til greiðslu á fæðingarorlofi verkakvenna er tekið úr almennum sjóði verkafólks, Atvinnuleysistryggingasjóði, en sams konar orlof þeirra, sem vinna hjá ríkinu eða sveitarfélögum, er greitt af almannafé. Jafnframt vekur þingið athygli á því misrétti sem þeim konum er sýnt, er eingöngu sinna vinnu á heimilum sínum, en þær fá ekki greitt neitt fæðingarorlof. Þingið telur eðlilegt og sjálfsagt að fæðingarorlof allra kvenna greiðist af almannatryggingum, en fé til þeirra greiðslna komi frá atvinnurekendum."

Fyrirspyrjandi (Axel Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans og sérstaklega þar sem hann víkur að því að þessi merkilegu mál og nauðsynjamál séu í áframhaldandi skoðun. Ég endurtek það, sem ég sagði hér áðan, að þessi viðbótarkvöð á Atvinnuleysistryggingasjóð hlýtur eðlilega — og það hljóta allir að skilja — að verða þess valdandi að ráðstöfunarfé hans til þess að sinna tímabundnum vandamálum þar fyrir utan verður minna en áður var.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég áttaði mig ekki fyllilega á þessu viðrinistali í hv. 3. þm. Reykv. Hún þuldi hér upp ýmsar samþykktir. Þetta mál var rakið ítarlega, að vísu að hv. þm. fjarstöddum, þegar þessi mál voru afgr. Það er að vísu ekki rétt að Atvinnuleysistryggingasjóðurinn sé eign verkalýðshreyfingarinnar, enda þótt hann eigi að ganga til hennar þarfa. Það liggur alveg ljóst fyrir. Um hann var samið á sínum tíma eftir langt og stórt verkfall. Hann hefur gegnt hlutverki sínu með miklum sóma. En þegar rætt er um það — og sanngjarnt er að vísu að allar mæður njóti þessara kjara — þá lá hér fyrir fyrst að meta mestu nauðsynina. Það kom hvergi fram í ræðu hv. þm. hvar nauðsynin væri mest og fyrir hverja. Það voru menn sammála um, að fyrsta skrefið yrði þannig stigið að verkakonur nytu þessara kjara fyrstar að þessu leyti. Að vísu njóta starfskonur hins opinbera þessara kjara. Á þetta ráð var brugðið til þess að bæta úr brýnasta vandanum þar sem

ekki tókst og ekki voru talin tök á að stíga skrefið til fulls. — Þetta vildi ég aðeins rifja upp að þessu gefna tilefni, því að eins og áður hafði að vísu komið fram hjá hv. flokksbræðrum hv. þm., þá var, meðan þetta mál var á döfinni, hálfgerður holhljómur í flestu þeirra tali.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að endurtaka þau rök sem færð voru fyrir því á sínum tíma að Atvinnuleysistryggingasjóður ætti ekki að standa undir greiðslum þessa nauðsynjamáls. Ég ætla að mótmæla því, sem hér var sagt af næsta ræðumanni á undan mér, að Atvinnuleysistryggingasjóður sé ekki eign verkalýðshreyfingarinnar. Ég veit að hér er um umdeilt mál að ræða, en ég staðhæfi það enn einu sinni, að hann er eign verkalýðshreyfingarinnar fyrst og fremst, enda hluti af kjarasamningum og laun voru ekki að sama skapi hækkuð þá einmitt vegna framlags til Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Ég ætla að undirstrika enn, að hlutverk Atvinnuleysistryggingasjóðs er að greiða atvinnuleysisbætur, en ekki það eitt, heldur einnig að reyna að koma í veg fyrir atvinnuleysi. Og það er kannske það sem mest er um vert og það hefur hann reynt að gera með lánum til margs konar framkvæmda einkaatvinnurekstrar, sveitarfélaga og ríkis. Þetta hlutverk hans hefur nú verið skert svo verulega að á s. l. ári var lánastarfsemi hans mjög lítil. Og núna, þegar að þrengir og sjáanlegt er að atvinnuleysi fer vaxandi, þá er sjóðurinn magnlaus á þessu sviði.

Það er verið að tala um að við höfum verið andvígir fæðingarorlofinu, það lá í orðum síðasta ræðumanns. Þetta er mjög rangt og skal aðeins mótmælt hér. Ég hef ekki tíma til neinnar röksemdafærslu þar að lútandi hér. En ég vil skora á ríkisstj. að sjá þessum málum borgið á annan hátt en gert var hér á mjög flaustурslegan hátt í fyrra og enn er verið að gera með miklu flaustri og vanhugsuðum vinnubrögðum. Um það ætla ég ekki að fjalla núna, en skora á ríkisstj. og stjórnarflokka að sjá fyrir þessum málum á annan hátt en gert var í fyrra.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd þeirra kvenna í stéttarfélögum, sem nutu áður aðeins 2—3 vikna greiðslna vegna fæðingarorlofs, mótmæla því, að það sé ekki um kjarabót að ræða þegar þær eiga að fá samkv. núgildandi lögum þriggja mánaða greiðslur. Það er hægt að framkalla og biðja um alls konar samþykktir, en þegar þær samþykktir stríða gegn því að konur njóti réttarbóta, þá hlýt ég að mótmæla því hér á þingi. Það er ekkert sérfag alþb.-manna að mega flytja hér frv. til laga um réttarbætur öðrum til handa. En hins vegar skal það undirstrikað, að alþb.-menn börðust sérstaklega hart gegn því að þetta mál næði fram að ganga. Þó vil ég geta þess vegna fjarstadds þm., Magnúsar Kjartanssonar, að hann sagði þó við mig í einkaviðræðum þegar málið var til meðferðar á síðasta þingi, að þetta væri þó spor í áttina fyrir þær konur sem ekki hefðu notið þeirra kjara sem hér um ræðir. Ég vil að það komi fram, að sá ágæti maður Magnús Kjartansson skildi hvað hér var á ferðinni og hefði örugglega tekið þátt í og greitt atkv. með þessu máli svo sem það náði fram að ganga ef hann hefði verið hér í þingsölum.

En ég vil að gefnu tilefni, vegna þess að hér hefur verið talað um eignarréttinn að Atvinnuleysistryggingasjóði, óska eftir því við hæstv. trmrh., að 1. gr. laga um atvinnuleysistryggingar verði framkvæmd, en í 1. gr. segir svo m. a.: „Árlegar tekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs skulu færðar á sérreikning verkalýðsfélaganna við sjóðinn.“ Ég óska hér með eftir því, að þetta lagaákvæði verði framkvæmt þannig að í ljós komi hverjir þeir aðilar eru sem leggja sjóðnum til tekjjur.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Vegna furðulegrar rangfærslu í ræðu hv. síðasta ræðumanns sé ég mig knúna til þess að standa hér upp og hressa upp á minni hans. Atkvgr. um þetta mál fór þannig, að allir þm. Alþb. nema einn, að ég hygg, greiddu atkv. með þessu frv.

Alþb. hefur hvað eftir annað flutt till. um fæðingarorlof kvenna. Um það atriði hefur aldrei nokkurn tíma verið ágreiningur. Okkar till. fjölluðu um að fæðingarorlof yrði fjármagnað úr almannatryggingunum. Það var fellt. Þá báru stjórnarflokkarnir ekki þá umhyggju fyrir konum í þessu máli að þeir gætu sætt sig við að samþ. fæðingarorlof, enda þótt þeir væru óánægðir með fjáröflunina. Það gerðu þó þm. Alþb. Ég hygg að Magnús Kjartansson, sé rétt með farið hjá hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni, hafi talað þar fyrir munn okkar allra. Við fylgdum þessu frv. vegna þess að við vorum hlynnt fæðingarorlofi allra kvenna en við létum uppi í ræðum og málflutningi að við værum andvíg því að það yrði fjármagnað á þennan hátt.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Ég vil aðeins út af þeim ummælum, sem hér hafa komið fram, segja það, að ég tel að það sé bæði sjálfsagt og eðlilegt að endurskoða löggjöfina um atvinnuleysistryggingar. Að vísu er ekki langur tími síðan þessi lög voru endurskoðuð, en það er eins með þau og flest önnur lög, að þau þurfa alltaf endurskoðunar við. Það er ýmislegt í þessum lögum sem er rétt að fara betur yfir.

Varðandi þau lög, sem hér voru samþ. s. l. vor, þá voru þau samþ. svo að segja með shlj. atkv. Stjórnarandstæðingar báru fram till. um að greiða fæðingarorlofið úr almannatryggingum. Það hefði auðvitað þýtt að þurft hefði að hækka framlagið til almannatrygginga. En það vill verða svo hjá stjórnarandstæðingum á öllum tímum, að þá varðar lítið um það, hvernig á að afla fjár, en eru fullir áhuga á að koma á auknum útgjöldum. Og það var þannig í þessu máli.

Ég held að ef þessi mikli áhugi hefði verið fyrir hendi, þá hefði hann ekki þurft að vera nema einu ári fyrr. Þá var Alþb. í stjórnaraðstöðu og réði mjög miklu, að sagt var. Alþb.-menn hafa sagt sjálfir að a. m. k. í öllum umbótamálum réðu þeir öllu. Þá hefðu þeir átt að taka þetta mál upp á sinn óskalista og fá það í gegn. En það

gerðist ekki. Hins vegar má segja, að það megi alltaf, hvaða stjórn sem er, halda áfram félagslegri uppbyggingu. En það verður líka að taka tillit og taka mið af aðstæðum sem skapast hafa í þjóðfélaginu og landsmenn verða nú að sætta sig við, eins og fjölmargar aðrar þjóðir gera. Þess vegna er ekki núna og hefur ekki verið á s. l. ári og ekki sjáanlegt á þessu ári heppilegasti tíminn til að bæta við nýjum útgjöldum, vegna þess að það er mörg löggjöf frá síðustu árum sem er ekki komin til framkvæmda nema að mjög takmörkuðu leyti og þarf stórkostlega viðbót fjármagns til að framkvæma. Við höfum mikið af slíkri löggjöf að framkvæma, sem allir flokkar eru sammála um að gera.

Ingi Tryggvason: Herra forseti. Fæðingarorlof kvenna er vafalaust fullkomið réttlætismál. En þá fyrst verður það raunverulegt réttlætismál ef allar konur eru jafnar fyrir þeim lögum sem sett eru um fæðingarorlof kvenna. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að sett sé heildarlöggjöf um fæðingarorlof kvenna. Það er engin sönnun fyrir því eða staðfesting á því, að þær konur, sem nú njóta fæðingarorlofs samkv. lögum, séu þær sem helst þurfa þess. Þær þurfa þess vafalaust, en það eru margir aðrir hópar kvenna í þjóðfélaginu sem þurfa þess engu síður. Margar þessara kvenna vinna í atvinnulífinu þó að þær séu ekki launþegar í venjulegum skilningi, og margar þær konur, sem vinna á heimilum sínum, þurfa engu síður á slíku fæðingarorlofi að halda heldur en þær konur sem vinna úti. Ég vil vekja athygli á þessu og gleyma t. d. ekki sveitakonum í þessu sambandi.

Atvinnumál aldraðra, fsp. (þskj. 82). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. félmrh.. Fsp. er á þskj. 82 og er svona, með leyfi forseta:

„Hvað líður framkvæmd þál. frá 14. maí 1975 um atvinnumál aldraðra?“

Þessi samþykkt er frá 14. maí 1975, eins og stendur í fsp. og er samþykktin gerð á grundvelli till. frá hv. þm. Alþb., auk mín þeim Eðvarð Sigurðssyni og Helga F. Seljan. Þál. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að undirbúa í samráði við aðila vinnumarkaðarins frv. til laga um atvinnumál aldraðra og verði að því stefnt, að allir 67 ára og eldri, sem til þess hafa þrek og vilja, geti átt kost á atvinnu við sitt hæfi“.

Tilgangur okkar flm. með þessu var að reyna að koma á meiri sveigjanleika í atvinnumálum aldraðs fólks og veita því með því móti meira öryggi í atvinnumálum og þar með afkomu. Hér er að okkar dómi um mjög mikilvægt félagslegt viðfangsefni að ræða.

Eins og öllum hv. þm. er kunnugt, er mjög algengt orðið að fyrirtæki og atvinnurekendur segi mönnum upp starfi við sjötugsaldur, og í lögum um opinbera starfsmenn er skýrt kveðið á um aldurshámark. Ekki verður réttmæti þessara reglna dregið í efa. En á hinn bóginn verður ekki lengur horft fram hjá þeim persónulega og félagslega vanda sem það veldur mörgum að vera kippt úr starfi fyrir fullt og allt sakir aldurs, því að fjöldi þessa fólks býr yfir reynslu, talsverðri starfsorku og vilja til að halda áfram störfum í einhverjum mæli. Það er þó alkunna að þau lausastörf, sem öldruðu fólki standa til boða á almennum vinnumarkaði, krefjast yfirleitt af því fulls vinnudags og er því oft á tíðum ofraun fyrir það að sækja slíka vinnu. Þá er einnig hætt við að þróun atvinnumála skerði möguleika þessa fólks til að fá slíka vinnu. Hér þarf því skipulegar endurbætur á þessu sviði sem taki fullt tillit til allra þeirra breytinga á vinnumarkaði sem eiga sér stað, svo sem sívaxandi vélvæðingar og aukins hagræðingarskipulags. Ég hafði ímyndað mér að skipuð yrði n., sem í ættu sæti fulltrúar frá aðilum vinnumarkaðarins og e. t. v. fleiri aðilum, til þess að gera till. um fyrirkomulag á grundvelli þessarar samþykktar. En þegar ég kannaði málið hjá Alþýðusambandi Íslands fyrir að ég hygg tveimur vikum, þá höfðu engin tilmæli borist þangað um að skipa fulltrúa í n. Ég vil því leyfa mér að spyrja hæstv. félmrh., hvað hafi verið gert í þessu máli, og vona að nú sé komin hreyfing á það.

Ég vil í lokin benda á að farið hefur fram á vegum Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar ein, ef ekki tvær athuganir á atvinnumálum aldraðs fólks, þar sem koma fram ýmsar leiðbeiningar og nýjar athuganir. Tel ég sjálfsagt að notast verði við þá reynslu sem þar er að finna.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Út af fyrirspurn hv. 5. landsk. þm. vil ég taka þetta fram:

14. maí 1975 gerði Alþ. ályktun sem fól í sér áskorun á ríkisstj. um að undirbúa í samráði við aðila vinnumarkaðarins frv. til l. um atvinnumál aldraðra og skyldi að því stefnt að allir 67 ára og eldri, sem til þess hafa þrek og vilja, geti átt kost á vinnu við sitt hæfi.

Samkv. samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur hafði félagsmálaráð borgarinnar þá falið Jóni Björnssyni sálfræðingi að kanna atvinnuþörf og atvinnumöguleika aldraðra. Þessi könnun hófst á miðju ári 1974. Ráðuneytið taldi að athuguðu máli rétt að bíða með aðgerðir í þessu máli þar til þessari könnun væri lokið og niðurstöður lægju fyrir. Nú er þessari könnun lokið og munu niðurstöður og till. byggðar á henni verða tilbúnar um næstu mánaðamót. Þessi könnun hefur leitt í ljós að auk vanda þeirra, sem þegar eru hættir störfum vegna aldurs, er einnig mikilvægt að koma í veg fyrir of mikið vinnuálag á fólk innan 67 ára aldurs er stundar vinnu sem ofbýður breyttri vinnugetu þess á einn eða annan veg. Það virðist því einnig vera mikil þörf á fyrirbyggjandi aðgerðum í atvinnumálum aldraðra.

Á grundvelli þessarar könnunar verða settar fram till. á sviði almennrar vinnumiðlunar, endurhæfingar og starfsmenntunar og varðandi skipulagningu heimavinnu og samræmingu aðgerða á þessum sviðum öllum.

Félmrn. hefur gert ráðstafanir til þess að fá sem gleggstar upplýsingar um það, hvernig þessi vandamál aldraðra eru leyst á Norðurlöndum. Að fengnum þeim upplýsingum og skýrslu og till. Jóns Björnssonar sálfræðings mun hafist handa um samningu lagafrv. um atvinnumál aldraðra í samráði við aðila vinnumarkaðarins.

Fyrirspyrjandi (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. greinargóð svör. Ég fæ ekki annað séð en að þetta málefni sé vel á veg komið og vil eindregið hvetja hæstv. ráðh. til að flýta því og þakka honum fyrir undirtektir.

Sameinað þing, 44. fundur.

Þriðjudaginn 3. febr., að loknum 43. fundi.

Menningarsjóður Norðurlanda, þáltill. (þskj. 293). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Endurvinnsluiðnaður, þáltill. (þskj. 294). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fiskileit og tilraunaveiðar, þáltill. (þskj. 295). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Sykurhreinsunarstöð í Hveragerði, þáltill. (þskj. 297). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Iðnaður í tengslum við framkvæmdaáætlun fyrir Norðurlandskjördæmi vestra, þáltill. (þskj. 299). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Samkomulag við Belgíu um veiðar innan fiskveiðilandhelgi, þáltill. (þskj. 302). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Jafnrétti kynjanna, þáltill. (þskj. 64). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Áætlun fyrir Skeggjastaðahrepp, þáltill. (þskj. 79). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Jarðhitaleit á Snæfellsnesi, þáltill. (þskj. 91). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Frestun framkvæmda við Grundartangaverksmiðjuna, þáltill. (þskj. 48). — Frh. einnar umr.

Flm. (Jónas Árnason): Herra forseti. Mér hafði verið tjáð, að það hefði a. m. k. einn maður verið kominn á mælendaskrá, svo að mér kom það nokkuð á óvart að þetta mál ætti þegar að fara út af dagskrá og til n. Að vísu hefur þegar orðið alllöng umr. um málið og e. t. v. allt verið tínt til frá beggja hálfu sem máli skiptir, en ég vil þó ekki sleppa þessu tækifæri til þess að beina fyrirspurnum til hæstv. iðnrh.

Í fyrsta lagi: Hvaða horfur eru á framhaldi framkvæmda við Grundartanga?

Og í öðru lagi: Hvað er hæft í því, sem kom fram í einu dagblaðanna ekki alls fyrir löngu, að komnir væru til skjalanna nýir ráðamenn hjá auðhringnum Union Carbide og þeir legðu áherslu á að samningnum yrði breytt í þá átt, að auðhringurinn ætti meiri hluta í verksmiðjunni og íslendingar þar með minni hluta?

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Hv. þm. spurði hvort eitthvað mundi hæft í því, sem sagt hefur verið í blaði, að nýir menn væru komnir til valda í félaginu Union Carbide og þeir vildu breyta aðild þannig að Union Carbide eignaðist meiri hluta í verksmiðjunni. Ég hef ekki heyrt á þetta minnst og veit ekki til þess að nokkur fótur sé fyrir þessari fregn.

Varðandi hina spurninguna, um það hvað liði fyrirætlunum um framkvæmdir, þá var eins og kunnugt er, ákveðið af stjórn félagsins að endurskoða áætlanir um framkvæmdakostnað og rekstrarkostnað og þeirri endurskoðun er að mestu lokið. Stjórn félagsins mun halda fund nú á næstunni þar sem sú endurskoðun verður rædd og þá teknar frekari ákvarðanir.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Í tilefni af ummælum hv. 5. þm. Vesturl. um eignaraðild að Grundartangaverksmiðjunni, þá vildi ég gjarnan nota þetta tækifæri til að lýsa því yfir, að ég mundi telja — ég persónulega, eins og menn segja nú á dögum, — að eðlilegast væri að útlendingarnir ættu hana einir, ég held að það væri heppilegast, og við hefðum góða og trygga orkusölusamninga við þá. Ég hafði ekki heyrt það áður, að til greina kæmi að Union Carbide

óskaði eftir meirihlutaaðild að verksmiðjunni eða jafnvel að það ætti hana eitt.

Það vildi svo til að hv. 5. þm. Vesturl. flutti hér till. um frestun á framkvæmdum sama daginn, held ég, og þeir hjá Union Carbide fóru fram á eitt og hið sama. Hann virðist hafa góð tengsl við þessa menn — eða einhvern veginn hugartengsl alla vega, svo að ég vona að hann hafi rétt fyrir sér í því að þeir vilji eiga meira í verksmiðjunni en áður hefur komið fram og helst alla.

Flm. (Jónas Árnason): Herra forseti. Mér kemur ekki á óvart þessi yfirlýsing frá hv. þm. Eyjólfi K. Jónssyni, að hann mundi fagna því að Union Carbide vildi eiga verksmiðjuna án aðildar okkar Íslendinga. Ég ætla ekki að pexa við hann um þessi sjónarmið, en segja það aðeins, að nógu vond held ég hún muni reynast okkur þessi verksmiðja þó að við hefðum þá aðstöðu að fá þar einhver áhrif á með meirihlutaaðild.

Ég fagna þeirri yfirlýsingu ráðh., að það standi ekki til að breyta samningnum í þessa átt, að auðhringurinn eignist meiri hlutann. Hann getur hins vegar ekkert sagt ákveðið um það, hvað verði um áframhald við Grundartanga. Það er alltaf verið að endurskoða. Mikið held ég að það sé þreytandi að bera ábyrgð á svona framkvæmdum og þurfa að standa í þessari endalausu endurskoðun. Ég held að það væri réttast að létta af þessum endurskoðunaráhyggjum öllum saman með því að ákveða að hætta við að byggja þessa verksmiðju við Grundartanga, beini þessum vinsamlegu tilmælum til stjórnvalda.

Líka vil ég vekja athygli á því að þegar sumarið kemur, tíð gróandans, og ef ekkert verður aðhafst frekar þar efra og kannske verður þá ljóst að enn muni lengi dragast framkvæmdir, þá vil ég benda á það, að í landslögum segir að þegar gert hefur verið jarðrask af þessu tagi, þá sé viðkomandi aðilum skylt að græða upp sárin. Ég beini þessu til stjórnvalda, að láta ekki líða mjög langt fram á vorið án þess að safna liði upp að Grundartanga til uppgræðslu, til að sá í sárið.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég vil aðeins staðfesta það sem hæstv. iðnrh. hefur hér sagt varðandi þetta mál, að endurskoðun á því stendur nú yfir og er væntanlega senn lokið um framkvæmdahraða.

Varðandi þau önnur atriði, sem hv. þm. Jónas Árnason hefur hér minnst á, þá finnst mér rétt að minna á það, ef það er ákveðið í hugum manna, eins og hann virtist vilja vera láta, að þarna skuli framkvæmdir stöðvaðar eða hætt að fullu og öllu, þá verða menn líka að taka tillit til þess, sem ég efast ekki um að hann veit, að íslenska ríkið og Alþ. hefur tekist á hendur ákveðnar skuldbindingar í sambandi við þetta mál. Þær skuldbindingar eru ekki þess háttar sem hægt er að henda út um gluggann og segja: Nú er ég hættur, ég er farinn í fýlu eða er orðinn vondur og ætla ekki að hafast frekar að. Þarna eru skuldbindingar sem við verðum að standa við, rétt eins og hinn aðilinn, sem þarna á hlut að máli, verður að standa við sínar skuldbindingar. Þetta eru atriði sem eiga að vera öllum hv. alþm. ljós.

Það er ekkert launungarmál, að þetta efni, sem umrædd verksmiðja á að framleiða, ferrosilikon, fylgir stálverði. Stálverð hefur farið lækkandi á undanförnum mánuðum á heimsmarkaðnum og þar af leiðandi þetta efni líka. Ég efast ekki um að þetta kann að hafa einhver áhrif á hinn aðilann að fyrirtækinu og draga að einhverju leyti úr áhuga hans þótt ekki sé neitt staðfest um það. En alla vega er augljóst að sú endurskoðun, sem nú fer fram, eða þeir áfangar hennar, sem þegar eru ljósir, hafa leitt í ljós að hér er ekki um þá hættu að ræða að framkvæmdir verði stöðvaðar.

Forsögu málsins þarf ég ekki að rekja hér. Hana þekkir hv. þm. Jónas Árnason eins vel og ég og fyrir hverra forgöngu þessir samningar voru gerðir. En landslög eru það eigi að síður og opinberir samningar, og við þá verður að standa.

Flm. (Jónas Árnason): Herra forseti. Athugasemd mín er sú, að ég sé ekki hvaða ástæðu hv. síðasti ræðumaður hefur til þess að herma upp á mig eitthvað í sambandi við skuldbindingar sem við höfum tekið á okkur varðandi þessa verksmiðju. Þeir skulu bera ábyrgð á þessum skuldbindingum að mínum dómi sem bera ábyrgð á því að við Íslendingar höfum álpast út í þessa framkvæmd.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Í tilefni af orðum síðasta ræðumanns vil ég aðeins láta þess getið, að ég man í fljótu bragði ekki eftir öðru máli sem fastar var sótt í tíð vinstri stjórnarinnar af hálfu Alþb. að samþykkt yrði og hrundið í framkvæmd en þessu máli sem nú er á dagskrá. Þess vegna undrar mig nokkuð ákafi þessa hv. ræðumanns nú, þegar búið er að fresta framkvæmdum um sinn og allt málið er í nánari athugun miðað við breyttar aðstæður. Ég man að það var fast sótt á um það, — ég held að það hafi verið veturinn eða vorið 1974, meðan vinstri stjórnin sat að völdum, — að Sjálfstfl. gengi með fullum þunga að þessu máli ásamt vinstri stjórninni. Þess vegna er nú að mínum dómi, þegar aðstæður eru nokkuð breyttar, sjálfsagt að skoða þetta mál á nýjan leik, og ég vona að við getum allir verið sammála um það. (Gripið fram í.) Nei, það var sótt af svo miklum ákafa hér á hæstv. Alþ., að ég man ekki í annan tíma eftir ráðh. Alþb. beinlínis inni á gafli í flokksherbergi Sjálfstfl. til að reyna að knýja það fram og afla því fylgis.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég stend nú einungis upp til að mótmæla þeirri staðhæfingu sem hér er flutt, að þetta mál hafi verið sótt af einhverjum einstæðum þunga af hálfu Alþb. í tíð vinstri stjórnarinnar. Þetta er algjör rangfærsla staðreynda, og ég bið menn að leita eftir því í þskj. eða með öðrum hætti að það hafi nokkurs staðar komið fram í tíð vinstri stjórnarinnar að Alþb. væri hlynnt því að þessi verksmiðja yrði reist. Staðreyndin er sú, að í tíð vinstri stjórnarinnar hafði Alþb. enga afstöðu tekið til þessa máls — enga. Ég get vitnað til fjölmargra ummæla sem t. d. ég viðhafði á

opinberum vettvangi, þar sem ég var spurður um þetta mál og hver væri afstaða Alþb. til þess og ég svaraði því ævinlega á sama veg, að Alþb. hefði ekki tekið afstöðu til þessa máls.

Hitt er allt annað mál, að í tíð vinstri stjórnarinnar var að störfum svonefnd stóriðjunefnd á vegum iðnrh. sem hafði þetta mál til athugunar, og þessi ákveðna stóriðjunefnd kannaði málið allrækilega og setti upp ákveðnar ráðagerðir og undirbjó ákveðið frv. Hins vegar hafði engin ákvörðun verið tekin innan vinstri stjórnarinnar og enn síður innan stjórnarflokkanna um að þetta mál skyldi verða að lögum. Það, sem gerðist, var einungis, að menn kynntu sér allar staðreyndir málsins. Menn settu upp ákveðið prógram um að það gæti komið til greina að reisa þessa ákveðnu verksmiðju í tengslum við byggingu Sigölduvirkjunar, vegna þess að það var talið að mörgu leyti hentugt að geta selt til orkuvers ákveðið magn af orku. Hins vegar höfðu menn ekki gert upp við sig á þessum tíma hvort þetta væri endanlega hyggilegt með hliðsjón af öllum öðrum staðreyndum málsins. Ég get hins vegar upplýst það, — já, það er alveg velkomið að skjóta spurningum inn. (**Gripið fram í:** Var þetta ekki stjórnarfrv.?) Þetta var stjórnarfrv., flutt af núverandi stjórn, og ég tel að hv. þm. sé meira en lítið ruglaður í kollinum ef hann man ekki að þetta mál var aldrei flutt af vinstri stjórninni, heldur var það flutt af núv. stjórn, af núv. iðnrh. (**Gripið fram í:** Hver undirbjó það?) Það var að sjálfsögðu undirbúið af stóriðjunefndinni og síðar tekin ákvörðun um það í núv. stjórn hvort málið skyldi flutt.

Það er sem sagt rangminni ef einhverjir alþm. ímynda sér að þetta mál hafi verið flutt hér í þinginu í tíð vinstri stjórnarinnar. Ég get upplýst að lokum, vegna þess að minni ýmissa hv. þm. virðist eitthvað vera farið að ryðga, að Alþb. tók ekki afstöðu til þessa máls, taldi sig ekki fært að taka endanlega afstöðu til málsins fyrr en allar staðreyndir þess lægju skýrt og ljóslega fyrir, og það var ekki fyrr en haustið 1974. Þá tók Alþb. afstöðu til þessa máls, það var á landsfundi Alþb. sem haldinn var í nóv. 1974, og sú afstaða var neikvæð. Menn töldu að enda þótt ýmis rök hefðu verið færð fram fyrir gildi þess að byggja slíka verksmiðju, þá væru ókostirnir meiri, vægju þyngra, og þar við bættist að á haustinu 1974 voru aðstæður orðnar með nokkuð öðrum hætti en þær höfðu verið einu ári áður, fyrst og fremst vegna tilkomu olíukreppunnar og með hliðsjón af mörgum öðrum staðreyndum. Menn töldu að það væri ekki fjárhagslega hyggilegt að ráðast í byggingu þessarar verksmiðju, að íslendingar hefðu annað við sitt fjármagn að gera heldur en að eyða því í byggingu þessarar verksmiðju, og í öðru lagi að á komandi árum mundi vera óhagkvæmt að selja orku til þessarar verksmiðju á svo lágu verði eins og virtist vera að orkuverðið yrði og reyndar hefur komið á daginn.

Þetta vildi ég sem sagt upplýsa hér alveg skýrt og greinilega, þannig að menn séu ekki að fara með órökstuddar dylgjur um afstöðu Alþb. til þessa máls. Alþb. tók aldrei afstöðu til þessa máls fyrr en haustið 1974, og þá var sú niðurstaða neikvæð. Hitt er allt annað mál, að í tíð vinstri stjórnarinnar var þetta mál til undirbúnings og í athugun hjá ákveðinni n. sem starfaði og starfar á vegum iðnrn. og ber nafnið stóriðjunefnd.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Innanlandsflugvöllur á Reykjavíkursvæðinu, þáltill. (þskj. 96). — Fyrri umr.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Í fjarveru fyrri flm. þessarar þáltill. á þskj. 96, um innanlandsflugvöll á Reykjavíkursvæðinu, leyfi ég mér að mæla fyrir till. Ég get raunar haft um hana stutt mál, því að fyrri flm. flutti mjög ítarlega ræðu fyrir þessu máli á síðasta þingi og er sú ræða að sjálfsögðu prentuð í þingtíðindum. Einnig fylgir till. ítarleg grg. þar sem mjög vandlega er gerð grein fyrir þessu máli og ástæðum fyrir því að það er flutt.

Í fáum orðum má segja að meginástæðan er sú, að lengi hefur mönnum verið ljóst að Reykjavíkurflugvöllur, þar sem hann er nú, þjónar til frambúðar ákaflega illa að ýmsu leyti innanlandsflugi hér á landi og alls ekki utanlandsflugi. Því hafa menn lengi hugað að öðru flugvallarstæði. Athuguð var staðsetning á Álftanesi og einnig í hrauninu sunnan Hafnarfjarðar, en hvort tveggja hefur verið talið ófært. Þá er einnig ljóst að landssvæði það, sem Reykjavíkurflugvöllur nú er á, er ákaflega verðmikið fyrir Reykjavíkurborg og væri einnig af þeirri ástæðu æskilegt ef unnt væri að finna annað flugvallarstæði í nágrenni borgarinnar sem hefði einnig möguleika til stækkunar og gæti þá tekið við stærri vélum, sem eflaust eiga eftir að flytjast hingað jafnvel til innanlandsflugs á næstu árum, og jafnvel orðið að einhverju leyti flugvöllur fyrir millilandaflug.

Í þessari till. er vakin athygli á þeim möguleika að gera flugvöll við Löngusker í Skerjafirði með uppfyllingu þar. Í umr. um þetta mál hefur ýmsum þótt þarna seilst nokkuð langt og talið slíkt ærið kostnaðarsamt fyrirtæki, og hefur mér heyrst að margir vilji útiloka þennan möguleika strax og án frekari umr. Mér þykir það ekki eðlilegur háttur þegar um svo mikilvægt mál er að ræða. Sjálfsagt er að skoða það, enda er eingöngu farið fram á slíkt í þessari till. að ríkisstj. skipi n. sérfróðra manna til að kanna þessa hugmynd, og ætti þá að taka afstöðu til málsins að sjálfsögðu þegar niðurstöður slíkrar n. liggja fyrir. Mér virðist ekki vera farið fram á mikið þegar um svo stórt mál er að ræða og mikilvægt mál fyrir þennan ákaflega veigamikla þátt í okkar samgöngum.

Ég vil einnig vekja athygli á því, að frá því að þessi till. var lögð fram á síðasta þingi, þar sem hún var ekki útrædd, hefur málið verið til umr. hjá Þróunarstofnun Reykjavíkurborgar. Sú stofnun skrifaði 19. jan. s. l. skipulagsnefnd Reykjavíkur bréf sem ég vil — með leyfi hæstv. forseta — lesa upp úr, en þar segir:

„Við umræður í skipulagsnefnd undanfarið um

flugvöll í Reykjavík hefur komið fram sú skoðun að rétt sé að kanna frekar en gert hefur verið hugsanleg flugvallarstæði í nágrenni Reykjavíkur, kæmi upp sú staða að loknu næsta skipulagstímabili að flugvöllurinn yrði að víkja af núverandi stað. Staðsetning flugvallar á Löngu-skerjum er einn af þeim möguleikum sem bent hefur verið á í þessu sambandi, og teljum við ástæðu til að mæla með því að gerð verði athugun á því, hvort hér gæti verið um raunhæfan möguleika að ræða, svo og athugun á öðrum *þeim möguleikum sem fram kæmu og fýsilegir* þættu í næsta nágrenni Reykjavíkur."

Undir þetta skrifar fyrir hönd Þróunarstofnunar Reykjavíkurborgar *Hilmar* Ólafsson.

Hér er m. ö. o. tekið fyllilega undir það, að þessi hugmynd sé skoðuð, og sýnist mér það *mjög mikilvægt* framlag í þessu máli.

Ég vil geta þess að lokum, að mjög hefur verið kannað á hvern máta mætti gera þær breytingar á Reykjavíkurflugvelli að hann gæti fullnægt um nokkuð langa framtíð þörfum flugsins innanlands. En þær hugmyndir, sem fram hafa komið um breytingar, hafa ekki hlotið náð hjá skipulagsyfirvöldum, enda á þeim ýmsir annmarkar, og verður niðurstaðan sú, að flugvöllurinn verður a. m. k. fyrst um sinn óbreyttur frá því, sem nú er, að mestu leyti. Þarna er því enn óleyst ákaflega mikið og stórt vandamál sem þarf að skoða. Ég endurtek að með þessari till. er aðeins reynt að benda á eina hugsanlega lausn. Enginn dómur er kveðinn upp í þessari till. um þessa lausn. Hins vegar er lögð fram ítarleg grg. Málið er vandlega undirbúið og þar er bent á ungan mann sem hefur kynnt sér þessi mál sérstaklega á síðustu árum og mun áreiðanlega fús til þess að leggja fram þær upplýsingar sem hann hefur þegar aflað.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa um þetta lengra mál, því að eins og ég sagði, málið liggur mjög ítarlega fyrir, einnig í þeirri þingræðu sem um það var flutt á síðasta þingi, og legg til að málinu verði *vísað* til *hv. allshn.*

Umr. (atkvgr.) frestað.

Málefni vangefinna, þáltill. (þskj. 132). — Ein umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég hef ásamt fimm hv. alþm. öðrum leyft mér að flytja till. til þál. um heildarlöggjöf varðandi málefni vangefinna. Till. er svo hljóðandi:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að láta undirbúa og leggja fram frv. til l. um heildarskipulag varðandi öll málefni vangefinna.

Löggjöfin taki mið af þessum meginatriðum:

1. Stefnt skal að því að koma á heildarkerfi, framtíðarskipan í samræmi við þau viðhorf sem ríkja í þessum málum og þær þjóðir byggja á sem lengst eru á veg komnar.

2. Löggjöfin spanni þannig yfir heilsugæslu, kennslu og þjálfun og félagslega þjónustu hvers konar *og samræmi alla þessa þætti undir einni* heildarstjórn."

Ég hef áður leyft mér að flytja till. um skyld *málefni* ásamt hæstv. *menntmrh.* Vilhjálmi Hjálmarssyni og hv. þm. Karvel Pálmasyni. Þar var að vísu hreyft við einum afmörkuðum þætti þessara málefna, aðstöðunni á landsbyggðinni og úrbótum þar sérstaklega. Í kjölfar þeirrar till. fór fram ítarleg könnun á málefnum vangefinna *í heild, sú veigamesta sem hér hefur* fram farið. Könnunin leiddi margt í ljós sem fólk almennt mun ekki hafa áttað sig á og *þó það helst, hve mörgu er hér enn ábótavant* þrátt fyrir mikið starf margra. Í framhaldi af þessu var mér það verkefni hugleikið, sem hér *er nú reifað í tillöguformi, þ. e.* að hér skortir heildarlöggjöf sem á mætti byggja til frambúðar þá skipan þessara mála sem okkur væri sæmandi.

Það er að vísu rétt að taka það fram strax að í raun verða þessi mál ekki tekin fyrir einangruð svo að vel sé. Tengsl við menntaþátt seinþroska barna, sem nú fyrst er farið að sinna skipulega, eru nauðsynleg, því að oft eru mörk hér á milli óglögg og nauðsyn að hyggja að hvoru tveggja samhliða. Almenn félagsleg þjónusta í landinu og heilsugæslumálin almennt koma inn í þessa mynd á þann hátt að sérþörfum þessa fólks sé ævinlega sinnt í þeirri heildarlöggjöf á hverju sviði og framkvæmdin sé eftir því. Inn á það atriði er komið í grg. þar sem undirstrikað er höfuðmarkmiðið með þessum tillöguflutningi, þ. e. jafnrétti vangefinna á öllum sviðum samfélagsins eftir því sem kostur er. Sú stefna hefur ríkt hér að fjarlægja þetta fólk frá þjóðfélaginu, safna því saman og reyna þar að gera fyrir það sem unnt er, og ekki skyldi það vanmetið. En þegar um það er einnig að ræða að starfið beinist eingöngu inn á við án tengsla við þjóðfélagið, það líf sem við almennt lifum, í stað þeirrar aðhæfingar sem nauðsyn *er að sem allra flestir njóti, þá er tilganginum* aldrei að fullu náð. Mætti jafnvel segja að mikið af starfi væri unnið í of miklu tilgangsleysi.

Frændþjóðir okkar á Norðurlöndum hafa á seinni árum snúnið algjörlega frá þessari innhverfu stefnu, og nútímaviðhorf öll beinst að *því að þroska og þjálfa alla þá hæfileika, sem* finna má hjá hinum vangefna. Með því að hefja nógu snemma alhliða þjálfun telja þeir, sem best til þekkja, að möguleikarnir margfaldist fyrir stóran hóp af vangefnum til þess að eiga sér sjálfstæða tilveru, einkum þó þegar vakandi félagsleg aðstoð er fyrir hendi, eins og þar er nú orðið. Þar eru samstilltir kraftarnir á menntunar-, heilbrigðis- og félagslega sviðinu, svo sem best verður á kosið. Í Danmörku er sérstök yfirstjórn á vegum félmrn. danska, en það er mjög til fyrirmyndar því að skipulagið er gott. Landinu er skipt í 12 svæði, þar sem á hverju svæði er séð fyrir dagheimilum, skólum, barna- og unglingaheimilum, vinnustöðum, aðallega vernduðum, og stofnunum meira í ætt við *sjúkrahús fyrir þá sem bágast eru staddir*, þ. e. eru á örvitastigi eða eiga við sjúkleika að stríða ásamt andlegri fötlun sinni. Öll starfsemin beinist að því að gera þetta fólk sem allra flest fært um að lifa sem sjálfstæðustu lífi, starfa og búa í eðlilegu umhverfi þegar mögulegt er, þó að vel sé með því fylgst. Þess má t. d. geta að skólaskyldan sjálf er þar 14 ár fyrir þetta fólk. En þó vekur hitt meiri athygli, að skipulagið er hið sama og hjá heilbrigðum, þ. e. leik-

skóli, forskóli, skyldunám og atvinnuþjálfun eða beinn skipulagður undirbúningur undir ákveðið starf sem best þykir við hæfi. Svipaða sögu má segja frá Sviþjóð. Í Noregi er einnig unnið á sama hátt í anda nýrra viðhorfa sem óneitanlega hafa ekki náð hér eins mikilli fótfestu í starfi og æskilegt væri, þó að myndarlegur vísir sé hér á Reykjavíkursvæðinu sem gjörbreytt hefur aðstöðu og lífi fjölmargra vangefinna.

Áhugastarfið hér á landi hefur verið mikið og margir lagt þar á sig mikið erfiði, og mjög hefur fjölgað á síðari árum vel hæfu starfsliði bæði á sviði menntunar og verklegrar þjálfunar. En áhugastarfið hefur verið miklu ríkari þáttur hér en á hinum Norðurlöndunum — en nær væri að segja að forganga ríkisvalds hefði verið minni hér en á Norðurlöndunum. Á það jafnt við um löggjöf, skipulag og fjárhagslegan stuðning, þó að þar hafi ýmislegt verið vel gert. Gleggst dæmi hér um er vitanlega það, að heildarlöggjöf sú, sem þessi till. fjallar um, er ekki til, heldur aðeins úrelt og gömul löggjöf um fávitastofnanir án nokkurra skýrra markmiða eða framtíðaráforma, enda fyrst og fremst miðuð við eitt hæli, Kópavogshæli, og í samræmi við þau sjónarmið sem þá voru allsráðandi, að öllum vangefnum skyldi safnað á einn stað, og bera of mikinn keim af innilokun á hæli, útilokun frá þjóðfélaginu. Hér var þó á sínum tíma um ótvíræða bót að ræða eftir vanrækslu á málefnum þessa fólks — algjöra vanrækslu og í raun algjört skilningsleysi á möguleikum þessa fólks til aukins þroska, nýs og betra lífs.

Hugsunarháttur liðinna tíma er sem betur fer horfinn að miklu leyti. Afstaða til hins vangefna hefur gerbreyst, skilningurinn aukist, einkum á því hversu langt er í raun unnt að koma hinum vangefnu á þroskabraut ef nógu skjótt er við brugðið. Því verra er það að hér skuli engin heildarlöggjöf, aðlöguð nútíma viðhorfum, með sveigjanleika fyrir framtíðina, hún skuli ekki vera til, að markvisst starf skuli í raun stranda að verulegu leyti á vöntun þessarar löggjafar. Slíkt er okkur ekki sæmandi.

Í grg. er vikið að því, að tveir möguleikar hafa verið fyrir hendi: endurskoðun löngu úreltrar löggjafar og þá umbylting á mörgu eða jafnvel flestu sem þar er á byggt eða ný heildarlöggjöf byggð á því sem best gerist annars staðar, byggð á okkar reynslu einnig og við hæfi okkar sérstöðu um margt, m. a. vegna fámennis og strjálbýlis. Við völdum hiklaust síðari kostinn, og eins og ég hef minnst á er löggjöf Norðurlandanna tiltækust. Löggjöf þessara þjóða þriggja er um margt mjög lík, sömu meginstefnu er fylgt og þá meginstefnu leggjum við til grundvallar einnig hér.

Ég hef áður rakið ástand þessara mála almennt hér á þingi og skal aðeins að því vikið á ný. Kópavogshælið, aðalstofnunin hér, er t. d. ekki í dag fær um að veita þá lágmarksþjónustu sem telja verður sjálfsagða. Þar vantar ekki fjármagn fyrst og fremst heldur meira sérmenntað starfslið. Ég nefni sem dæmi, sakir þess hversu sá þáttur er mikilvægur, menntaþáttinn, að ég hygg að þar starfi nú 2 kennarar í stað 8 sem heimild er þó til. Þetta er því alvarlegra þegar þess er gætt, að af nær 200 manns eru um 50 börn yngri en 16 ára á þessu hæli og meginhlutinn á skyldunámsstiginu. Kópavogshælið er lýsandi dæmi um gömul og úrelt viðhorf um hæli fyrir vangefna. Þar eru allt of margir vistmenn, allt of fátt fólk til að sinna vistmönnum, menntaog heilbrigðisþjónusta því í algjöru lágmarki. Hér er þó um að ræða hinn mótandi aðila um öll málefni vangefinna samkvæmt núgildandi löggjöf. Það skal fram tekið, að það fólk, sem þar starfar og annast forstöðu, leggur sig fram og vill án efa sem best gera. Um það vitna ég af kynnum við þetta fólk. Það er skipulagið sem er rangt. Það er fjöldinn sem veldur erfiðleikum. Það er vanræksla vissra þátta sem afleiðing af ónógu starfsliði og þá sér í lagi vel menntuðu starfsliði.

Okkur er fullljóst að ein höfuðforsendan fyrir árangri af nýrri löggjöf er markvisst skipulag á menntun starfsfólks. Við erum nú að eignast töluverðan hóp sérkennara, þroskaþjálfa og félagsráðgjafa sem ásamt heilsugæsluliði gætu gert miklu meira en nú er gert ef við tækjum öðruvísi á málum. Þar ber hæst þroskun og þjálfun vangefinna í þá átt að gera sem flesta þeirra starfhæfa á einn eða annan hátt, gagnstætt innilokunaraðferð þeirri sem í raun er of ríkur þáttur í núgildandi lögum. Og í þessu skiptir mestu að hver einstakur fái sem fyrst þá umönnun og aðstoð sem nýtist til að verða sem fullgildastur þegn í þjóðfélaginu. Ein yfirstjórn í ákveðnu rn. er frumskilyrði. Samstarfsnefnd væri svo sjálfsögð frá hverjum þessara aðila: menntakerfinu, heilbrigðisþjónustunni og félagslegri ráðgjafarþjónustu, sem enn skortir að visu tilfinnanlega í þessu sem annars staðar. En við flm. teljum rétt að ganga út frá yfirstjórn félmrn., eins og er á hinum Norðurlöndunum. Ábyrgur aðili í stjórnkerfinu er nauðsyn. Eitt meginatriðið, sem á þarf að komast sem fyrst, er ráðgjafar- og greiningarstöð fyrir vangefna, því að hvert glatað ár hins vangefna er dýrt, oft nær óbætanlegt.

Ég held, eftir að hafa kynnt mér nokkuð hina merku löggjöf, sem norðmenn búa við og mjög er miðuð við sérþarfir strjálbýlisins, að þar af mættum við mikið læra. Í hverju fylki er þar skipulögð þjónusta þar sem fólki eru kynntir allir möguleikar sem fyrir hendi eru, þar sem aðstandendur hins vangefna geta fengið allar þær upplýsingar sem þeim geta að gagni komið, og alla aðstoð, sem unnt er í té að láta. Í hverjum landsfjórðungi þyrfti hér að koma á fót slíkri þjónustu, en hún gæti spannað yfir víðara svið og náð til fleiri aðila sem hjálpar og leiðbeiningar eru þurfi.

Reykjavík er nú komin nokkuð á veg, og alveg sérstaklega eru sérkennslumálin þar í örri þróun fram á við. En þar segja menn mér að í ýmsu strandi á ófullnægjandi löggiöf til hliðar við þau ákvæði sem nýju grunnskólalögin fela í sér, þ. e. fyrir það fólk sem er á mörkunum að vera seinþroska og vangefið.

Ég skal ekki hafa þessa almennu grg. öllu lengri. Við flm. treystum á framgang þessa máls. Við vitum að í dag eigum við hóp ágæts fólks sem vill takast á við þetta verkefni, sérfróða

aðila jafnt og áhugafólk. Allt of margt af þessu fólki hefur tjáð okkur að starfsgrundvöll vantaði um of. Þennan starfsgrundvöll erum við að reyna að leggja með þessari till. Jafnrétti er aðalatriðið. Sá vangefni nýtur ekki jafnréttis í dag. Of mörg vanræksludæmi mætti telja. Könnun Margrétar Margeirsdóttur félagsráðgjafa leiddi það berlega í ljós. Meira að segja í okkar þó um margt fullkomna tryggingakerfi hefur hinn vangefni ekki sama rúm og aðrir öryrkjar. Hann kann ekki heldur og getur ekki sótt rétt sinn sjálfur, og við höfum um of vanrækt skyldur okkar þar sem annars staðar þó að breytingin á hugarfari og skilningi sé geysileg.

Ég vitna í lokaorð grg. okkar, þar sem dregin eru saman veigamestu tildrögin og rökin að þessari till. Þar segir:

„Í heildarlöggjöf sem slíkri þarf margs að gæta. Heilsugæsla vangefinna er t. d. mun þýðingarmeiri og viðameiri en annarra, svo sem auðskilið er. Jafnrétti til fyllsta þroska til starfsmöguleika úti í þjóðfélaginu eða á vernduðum vinnustöðum hlýtur að vera sjálfsagt markmið. Menntunarþáttinn þarf að stórbæta, og eru þegar uppi till. í þeim efnum sem eru ærið verkefni ef framkvæmdar yrðu. Sá þáttur er auðvitað í nánum tengslum við atvinnuþáttinn, þ. e. á hvern hátt megi nýta sem best starfskrafta vangefinna í þágu þeirra sjálfra og þjóðarheildar. Menntunarþátturinn, sem að leiðbeinendum og ráðgjöfum snýr, er skammt á veg kominn enn, en hlýtur þó að teljast frumforsenda þess, að þjálfun og þroska vangefinna verði sem best sinnt. Ráðgjöf til aðstandenda þarf að stóraukast, tryggt þarf að vera að hinir vangefnu njóti fyllsta réttar í tryggingakerfi okkar og þar verði enginn út undan.

Sú heildarlöggjöf, sem till. þessi beinist að, á að vera rúm og af víðsýni gerð. Hún þarf að tryggja rétt hins vangefna, jafnrétti á við aðra þegna, og hún á að beinast að því að koma hverjum og einum sem lengst á þroskabraut — með námi og þjálfun — svo að hinn vangefni megi verða sem hlutgengastur í samfélaginu, eigi þar sína fyllstu mögugleika. Án samræmds, skipulegs átaks verður þessu marki seint eða ekki náð. Því er till. þessi flutt."

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að leggja til að þessari till. verði vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 45. fundur.

Þriðjudaginn 3. febr., að loknum 44. fundi.

Tilmæli Ríkisútvarpsins um að útvarpa skýrslu forsætisráðherra um viðræður við breta um fiskveiðideiluna og umræðu um hana.

ATKVGR.

Leyfi til að útvarpa skýrslu forsrh. og umr. um hana samþ. með 36 shlj. atkv.

Sameinað þing, 46. fundur.

Þriðjudaginn 3. febr., kl. 5 síðdegis.

Skýrsla forsætisráðherra um viðræður við breta um fiskveiðideiluna og umræða um hana (útvarpsumr.).

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Þriðjudaginn 27. janúar lauk fjögurra daga viðræðum mínum og samferðamanna minna við Harold Wilson forsætisráðherra Bretlands og aðra breska ráðherra um fiskveiðideilu Íslands og Bretlands. Til viðræðnanna var stofnað eftir að bresk herskip og herflugvélar höfðu verið kvödd út úr 200 mílna fiskveiðilögsögu Íslands og hætt aðstoð sinni við ólögmætar veiðar breskra togara innan lögsögunnar. Íslenska ríkisstjórnin hafði þá rætt við Joseph Luns framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins og leitað eftir stuðningi bandalagsríkjanna. Tilkynning breta um brottkvaðningu herskipanna var gefin út eftir fund framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins og James Callaghans utanríkisráðherra Bretlands. Jafnframt lá þá fyrir að stjórnmálasambandi Íslands og Bretlands yrði slitið 24. jan. s. l. ef bresku herskipin og flugvélarnar væru enn að störfum innan 200 mílnanna þann dag. Svo var ekki og kom því ekki til slita stjórnmálasambands landanna.

Á þeirri viku, sem liðin er síðan viðræðunum lauk, hef ég skýrt ríkisstj., forustumönnum stjórnarandstöðuflokkanna, utanrmn. og landhelgisnefnd frá gangi viðræðnanna. Þingflokkar hafa rætt málið. Á opinberum vettvangi hefur hvorugur aðili skýrt frá gangi viðræðnanna fram til þessa, í samræmi við samkomulag um það efni í viðræðulok.

Áður en ég hélt til fundar við breska ráðamenn lýsti ég því yfir, að til fundanna væri stofnað í þeim tilgangi að kanna allar hliðar landhelgisdeilunnar í því skyni að skilgreina ágreiningsefnin eins nákvæmlega og unnt væri. Mun ég nú gera stutta grein fyrir helstu efnisatriðum málsins, en vil áður þakka öllum samferðamönnum mínum fyrir mikilvægt framlag þeirra í viðræðunum og við undirbúning þeirra.

Í upphafi viðræðnanna lagði ég áherslu á að útfærsla íslensku fiskveiðilögsögunnar í 200 sjómílur byggðist á drögum að nýjum hafréttarsáttmála sem byggður væri á umræðum á Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna fram að þessu, en þessi drög eru jafnframt mat nefndarformanna ráðstefnunnar á afstöðu meiri hluta þátttökuríkja til efnisákvæða nýs hafréttarsamnings. Í 46. gr. þessara draga segir m. a.: „Efnahagslögsaga skal ekki ná lengra en 200 sjómílur frá grunnlínum sem landhelgi miðast við."

Í 50. gr. stendur m. a.: „Strandríki ákveður sjálft hámark sjávarafla í efnahagslögsögu sinni.

Að fengnum þeim bestu upplýsingum, sem völ er á, ber strandríki að tryggja með viðeigandi eftirliti og friðun að ofveiði stofni viðhaldi fisks og annarra sjávardýra á yfirráðasvæði sínu ekki í hættu ...

Ráðstafanir þessar skulu einnig stefna að því, að veiðiþol þeirra fisk- og dýrastofna, sem veiddir eru, verði jafnan í hámarki ... "

Og í 51. gr. draganna að hafréttarsáttmála stendur m. a.: „Strandriki ákveður sjálft getu sína til að nýta fisk og aðra stofna sjávardýra í efnahagslögsögunni ...“ Og þar stendur einnig að strandriki beri „að veita öðrum ríkjum aðgang að þeim hluta aflans, sem umfram er“.

Ég benti á, að við teldum að um engan umframafla væri að ræða, því að við gætum sjálfir veitt allan þann afla sem stofnarnir við Ísland þyldu.

Jafnframt vakti ég athygli á þeirri staðreynd, að bretar og íslendingar væru sammála um meginniðurstöður Hafréttarráðstefnunnar. Tóku bretar undir það, en sögðu um leið að drögin að hafréttarsáttmála væru aðeins frumvarp og enn væri ekki unnt að segja neitt ákveðið um endanlegt efni hafréttarsamþykktarinnar.

Í umræðum var í bili vikið til hliðar ágreiningi um, hvort um einkarétt eða forgangsrétt íslendinga væri að ræða, en rætt um, að ef bráðabirgðasamkomulag ætti að nást milli landanna yrði í því að taka tillit til 1) friðunarsjónarmiða, 2) forgangsréttar íslendinga og 3) að hve miklu leyti væri hægt að veita breskum fiskimönnum aðstöðu til þess að veiða mjög takmarkað magn af fiski við Ísland um einhvern taktakmarkaðan tíma.

Í hugsanlegu samkomulagi yrðu einnig að vera ákvæði um einhvers konar viðurkenningu á yfirráðum íslendinga yfir 200 mílunum, fjölda skipa, veiðisvæði, verndunaraðgerðir, svo sem möskvastærð og lágmarksstærð þorsks, gildistöku á protokolli 6 í samningi Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu, auk annarra atriða sem eiga heima í slíkum samningi.

Umræðurnar snerust um þessi málefni á viðræðufundunum. Fiskifræðingar beggja landanna héldu sérstakan fund og skiluðu áliti. Einnig komu lögfræðilegir ráðunautar saman til fundar til að ræða lagalega hlið málsins, og gerðu þeir m. a. tillögur um það, hvernig viðurkenningu gæti verið háttað.

Eins og kunnugt er mæltu íslenskir fiskifræðingar með 230 þús. tonna hámarksafla þorsks á yfirstandandi ári í skýrslu sinni, dags. 13. okt. s. l. Í sameiginlegri skýrslu breskra og íslenskra fiskifræðinga frá því í nóv. s. l. telja bretarnir fullnægjandi að miða við 250—265 þús. tonna ársafla, en í skýrslu, sem þeir sendu með orðsendingu Harolds Wilsons 20. jan. s. l., miða þeir við 300 þús. tonna ársafla þorsks á Íslandsmiðum.

Við bentum á þetta ósamræmi í skýrslum fiskifræðinga breta, en fiskifræðingar þjóðanna komust ekki að sameiginlegri niðurstöðu. Eftir umræður þeirra á milli sömdu þeir álit, þar sem segir:

„Allt frá árinu 1970 hefur hrygningarstofninn minnkað jafnt og þétt á Íslandsmiðum. Breskir og íslenskir fiskifræðingar eru sammála um að stofninn muni minnka enn frekar á næstu þremur árum, ef ekkert verði að gert, og viðkomubrestur sé þá yfirvofandi. Því er nauðsynlegt að koma í veg fyrir frekari hnignun hrygningarstofnsins og óhjákvæmilegt er að gera nauðsynlegar friðunarráðstafanir til að tryggja viðreisn hans. Íslenskir og breskir fiskifræðingar eru hins vegar ekki á einu máli að því er varðar hve róttækar slíkar verndunaraðgerðir þurfi að vera. Íslenskir fiskifræðingar telja að þorskstofninn sé þegar í hættu og markmið þeirra sé að stofninn rétti við eins fljótt og kostur er. Þeir hyggjast ná takmarki sínu með því a) leyfilegur hámarksafli þorsks árið 1976 verði 230 þús. lestir, b) lágmarksstærð þess þorsks, sem landa má, verði 50 cm í stað 43 cm, c) möskvastærð verði aukin í 155 mm og einungis verði heimiluð svokölluð pólsk klæðning á botnvörpupoka, d) loka svæðum þar sem togveiðar og í ýmsum tilvikum allar veiðar eru bannaðar. Slík svæði yrðu ýmist lokuð árið um kring eða um takmarkaðan tíma. Hámarksafli yrði breytilegur frá ári til árs, en íslenskir fiskifræðingar töldu ekki tímabært að ræða leyfilegan hámarksafla fyrir árið 1977 og síðar.

Breskir fiskifræðingar telja þorskstofninn við Ísland ekki eins mikla hættu búna og íslenskir starfsbræður þeirra halda fram. Þeir telja að stofninn muni rétta við ef leyfilegur hámarksafli 1976 yrði 300 þús. lestir og ekki yrði farið fram úr því marki um ókomin ár uns stofninn hefði rétt við. Þessu til viðbótar yrði tekin upp 135 mm lágmarksmöskvastærð og lágmarkslengd þess þorsks, sem landa má, yrði 43 cm. Auk þess yrði einungis leyft að nota svokallaða pólska klæðningu á poka, samkvæmt reglum Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðiráðsins.“

Í umræðum um þetta álit fiskifræðinganna kom fram, að þegar hefði verið ákveðið með reglugerð að lágmarksstærð þess þorsks, sem landa má af Íslandsmiðum, væri 50 cm. Einnig kom það fram, að bretar væru reiðubúnir til þess að fallast á friðunaraðgerðir íslendinga miðað við lokun svæða, möskvastærð og annað slíkt ef þessar friðunaraðgerðir næðu jafnframt til allra sem veiðar stunda á Íslandsmiðum. Voru bretum í því sambandi kynnt ákvæðin um þessi atriði í samningi íslendinga og vesturþjóðverja frá því í haust.

Kjarni viðræðnanna var eðlilega um það, hver skyldi vera leyfilegur hámarksafli á þorski á Íslandsmiðum og hvernig sá afli ætti að skiptast milli þeirra sem stundað hafa veiðar á þessum miðum. Eins og fram kom í áliti fiskifræðinganna, telja íslensku fiskifræðingarnir að aflinn megi ekki fara fram úr 230 þús. tonnum, en þeir bresku segja að hann megi vera 300 þús. tonn. Bresku ráðherrarnir sögðust skilja nauðsyn fiskverndar á Íslandsmiðum, en þeir sögðu einnig, að ef breskir togarar yrðu útilokaðir frá veiðum á þessum miðum mundi það leiða til atvinnuleysis og mikilla vandræða í breskum fiskibæjum.

Í lok umræðnanna um þennan þátt málsins lýstu bretar því yfir, að þeir gætu fellt sig við að íslendingar ákvæðu einhliða leyfilegan hámarksafla. Hins vegar færu þeir fram á að breskir togarar fengju hlutdeild í þessum afla og hagkvæmast væri að þeirra áliti að miða við ákveðna prósentutölu af aflanum í því sambandi, auk þess sem gert yrði ráð fyrir veiðum á öðrum fisktegundum en þorski.

Greinilega kom samt fram í viðræðunum, að ekki var unnt að leysa deiluna með því að heimila bretum veiðar annarra fisktegunda en þorsks í auknum mæli. Slíkar veiðar eru í augum breta aðeins til uppfyllingar.

Í öllum umræðum um hugsanlega skiptingu á leyfilegu hámarksaflamagni á Íslandsmiðum

lagði ég meginácherslu á forgangsrétt strandríkisins til veiða. Bretar yrðu að viðurkenna þennan forgangsrétt í verki, engu síður en þeir gerðu með atkvæði sínu á Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna 1958. En í samþykkt ráðstefnunnar segir, að hugtakið um forgangsrétt strandríkis feli í sér að strandríki skuli hafa forgangsrétt ef íbúar þess byggja fyrst og fremst afkomu sína á fiskveiðum.

Miðað við þær viðræður, sem fram fóru mánudaginn 26. jan. lagði íslenska sendinefndin fram eftirfarandi skjal í upphafi fundar þriðjudaginn 27. jan.:

„Heildar leyfilegur hámarksafli á Íslandsmiðum árið 1976—77 verði 265 þús. lestir. Aðrar þjóðir hafa eða munu fá heimildir til að veiða um 20 þús. lestir, þannig að eftir yrðu um 245 þús. lestir. Afli íslendinga nokkur undanfarin ár hefur verið um 240 þús. lestir. Ræddar voru ýmsar leiðir hvernig unnt yrði að skipta þessum 245 þús. lestum milli breta og íslendinga.

1. **Kanadiska „reglan“.** (Hér er átt við samning, sem gerður hefur verið á vegum Norðvestur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar um 50% niðurskurð fiskveiða allra ríkja nema kanadamanna undan ströndum Kanada). Samkvæmt þessari „reglu“ yrði afli strandríkis óbreyttur, þ. e. 240 þús. lestir, þannig að í hlut breta kæmu þá 5 þús. lestir. Augljóst er, ef tekið er tillit til þeirra viðræðna sem þegar hafa farið fram, að þessi „regla“ muni ekki leiða til lausnar núverandi deilu breta og íslendinga.

2. **Prósentu-„reglan“.** Samkvæmt þessari „rgelu“ mundu bretar og íslendingar deila aflarýrnun í sömu hlutföllum og afli þeirra var árið 1975, en þá varð þorskafli íslendinga um 240 þús. lestir, en þorskafli breta á Íslandsmiðum um 100 þús. lestir. Samkvæmt þessari reglu yrði þorskafli breta við Ísland árið 1976 72 þús. lestir, þ. e. a. s. hann minnkaði um 28 þús. lestir frá s. l. ári. Þorskafli íslendinga á þessu ári yrði 173 þús. lestir og minnkaði um 67 þús. lestir miðað við undanfarin ár. Heildarþorskafli breta árið 1975 var u. þ. b. 280 þúsund lestir (100 þúsund í Barentshafi, 100 þúsund við Ísland og 80 þúsund í Norðursjó). — Upphaflega var hér reiknað með 250 þús. lesta heildarþorskafla breta 1975. En við nánari athugun þóttu 280 þús. lestir nær sanni. — Þannig er 28 þús. lesta minnkun þorskafla breta á Íslandsmiðum 10% minnkun á heildarþorskafla þeirra miðað við árið 1975, en íslendingar yrðu samkvæmt þessari „reglu“ að minnka þorskafla sinn um 27.9% miðað við árið 1975. Þessi „regla“ getur ekki leitt til lausnar núverandi deilu, vegna þess m. a. að hún tekur á engan hátt tillit til forgangsréttar strandríkisins.

3. **Jöfn aflaminnkun breta og íslendinga.** Samkvæmt þessari „reglu“ yrði mismunurinn á afla breta og íslendinga 1975 (340 þús. lestum) og hinum leyfilega hámarksafla (265 þús. ÷ 20 þús. lestum) deilt jafnt milli þessara tveggja þjóða. Samkvæmt þessari „reglu“ yrði þorskafli breta á Íslandsmiðum 1976 52 500 lestir og afli íslendinga 192 500 lestir. Þessi 47 500 lesta aflaminnkun breta á Íslandsmiðum samsvarar 16.8% minnkun á heildarþorskafla breta miðað við árið 1975, en íslendingar mundu tapa sem svaraði 19.7% þess heildarþorskafla, sem þeir fengu á s. l. ári. Sem fyrr gerir þessi „regla“ ekki ráð fyrir forgangsrétti strandríkis og er því ekki aðgengileg.

4. **Forgangsréttur strandríkis.** Hugtakið um forgangsrétt strandríkis, eins og það var samþykkt á Genfar-ráðstefnunni 1958 (m. a. með atkvæði breta), felur í sér að strandríki skuli hafa forgangsrétt ef íbúar þess byggja fyrst og fremst afkomu sína á fiskveiðum. Samkvæmt þessari reglu eru þarfir íslendinga a. m. k. óbreyttur þorskafli, og eftir yrðu þá 5 þús. lestir til handa bretum. Núverandi deila verður augljóslega ekki leyst samkvæmt þessari reglu, en mergur málsins er að meta hve langt forgangsréttur strandríkis skuli ná. Fram hjá þessum forgangsrétti verður ekki gengið.“

Segja má, að í þessari greinargerð komi kjarni úrlausnarefnisins. Fiskveiðideilan við breta verður ekki leyst nema annars vegar þessi sjónarmið íslendinga og hins vegar óskir breta um framhald veiða togara þeirra innan íslenskrar lögsögu verði samræmd. Á þeirri viku, sem liðin er síðan viðræðunum lauk, hefur þetta úrlausnarefni einmitt verið til meðferðar hjá ríkisstjórn og stjórnmálaflokkunum. Hugmyndir breta um aflamagn togara þeirra á Íslandsmiðum eru á þann veg, að aflamagnið samrýmist ekki neinni af þeim „reglum“ sem settar eru fram hér að ofan. Hvernig sem reiknað er liggur fyrir að aflinn er ekki til skiptanna miðað við forgangsrétt strandríkisins og fulla framkvæmd hans.

Í hugmyndum lögfræðilegu ráðunautanna um viðurkenningu breta á útfærslunni í 200 mílur eru sett fram fimm sjónarmið. Í umræðunum um þessi sjónarmið beindist athyglin einkum að ákvæðum þar sem annars vegar kæmi fram að „samkomulagið væri byggt á 200 mílna svæðinu og enginn fyrirvari gerður“. Sögðu bretar að erfitt væri að neita þessu orðalagi sem viðurkenningu og mundu allir túlka þetta orðalag sem viðurkenningu. Hins vegar var einnig rætt um eftirfarandi viðurkenningarákvæði: „Ríkisstjórn Bretlands hefur athugað þær ástæður og aðdraganda þeirra, sem leitt hafa til hinnar íslensku reglugerðar frá 15. júlí 1975, og ákveðið að fallast á 200 sjómílna fiskveiðilögsögu Íslands sem þátt í samkomulagi því sem undirritað er í dag og heimilar breskum fiskimönnum, er byggja afkomu sína og efnahagslega velferð á áframhaldandi veiðum á Íslandsmiðum, að halda þeim veiðum sínum enn um skeið.“ En þetta orðalag felur í sér að þeirra áliti algera og skýra viðurkenningu.

Um gildistíma hugsanlegs samkomulags voru settar fram fjórar hugmyndir: 1) Að samningurinn yrði til ákveðins tíma. 2) Að samið yrði til ákveðins tíma eða miðað við lokadag Hafréttarráðstefnunnar, ef henni lyki áður en umsaminn samningstími yrði liðinn. Fram kom, að nauðsynlegt yrði að skilgreina nánar hvað fælist í orðinu „lokadagur“ Hafréttarráðstefnunnar ef slíkt ákvæði yrði notað. 3) Samningur gæti hugsanlega gilt þar til Hafréttarráðstefnunni lyki. Og 4) Samið yrði um 6 mánaða uppsagnarfrest, eins og er í samningi íslendinga og belga.

Varðandi prótokoll 6 og viðskiptasamning íslendinga við Efnahagsbandalagið komu fram þau sjónarmið, að bretar mundu beita sér fyrir

því, ef samkomulag tækist um fiskveiðar breskra togara innan 200 mílna lögsögunnar, að prótokoll 6 kæmi til framkvæmda og tollalækkunum yrði hagað þannig eins og samningurinn hefði verið í gildi allt frá því að hann var undirritaður Hins vegar töldu bretar að ákvæðin í prótokoll 6 mætti túlka á þann veg, að tollarnir á íslenskum sjávarafurðum byrjuðu fyrst að lækka frá og með gildistöku ákvæðisins, og þess vegna þyrfti að fjalla sérstaklega um þetta mál innan Efnahagsbandalagsins og í viðræðum við það.

Bretar lögðu á það áherslu, að ákvæði um önnur atriði en aflamagn í hugsanlegum samningi, svo sem viðurkenningu, mundu auðvitað ráðast af því að samkomulag tækist um aflamagn og hve mikið það yrði.

Þegar dregnar eru ályktanir af viðræðunum er eftirfarandi ljóst:

1) Bretar fallast á að íslendingar ákveði hver verði leyfilegur hámarksafli þorsks.
2) Bretar vilja fá ákveðið hlutfall af þessum þorskafla sem verði heldur lægra en aflahlutfall þeirra 1974 og 1975.
3) Varðandi aflamagn óska bretar eftir að fá 28% af leyfilegum hámarksafla þorsks, eða minnst 65 þús. lestir og mest 75 þús. lestir af þorski, en 85 þús. lestir þegar aðrar fisktegundir reiknast með.

Þótt bretar viðurkenni þannig einhliða rétt okkar til að ákveða hámarksafla, þá urðu þessi viðhorf breta mér mikil vonbrigði og mest af því:

1) Að forgangsréttur strandríkis er ekki metinn af þeirra hálfu eins og vera ber.
2) Að bretar gera sér enn ekki nægilega grein fyrir þeim mun sem er á mikilvægi fiskveiða breta annars vegar og íslendinga hins vegar í efnahagslífi landanna, þótt íslendingar byggi 80% útflutnings síns á fiskafurðum og helmingur þeirra sé þorskur.

Rétt hefur þótt að ætla sér rúman tíma til að kanna innihald viðræðnanna í London þrátt fyrir þetta, enda er hér um mikilvæg þáttaskil að ræða og máli skiptir með hvaða hætti lagt er upp í næsta áfanga.

Á fundi ríkisstj. í gær var gerð samþykkt sem kynnt var og leitað samráðs um í utanríkis- og landhelgisnefndum í morgun.

Hef ég í samræmi við þá samþykkt afhent sendiherra breta á Íslandi svo hljóðandi orðsendingu í dag:

„Með tilvísun til viðræðna forsætisráðherra Bretlands og Íslands og eftir könnun á efnisinnihaldi þeirra telur ríkisstjórn Íslands hugmyndir breta um fiskveiðiheimildir þeim til handa ekki aðgengilegar, en er reiðubúin til að taka upp viðræður um samkomulag til skamms tíma."

Þegar rætt er um samkomulag til skamms tíma í þessari orðsendingu er átt við t. d. 3 mánuði.

Íslendingar vilja með þessu enn sýna að þeir vilja gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að leitast við að leysa þessa deilu friðsamlega, en engu skal spáð um viðbrögð breta.

En ljóst er, hvernig sem fer, að við íslendingar þurfum að sýna stefnufestu og yfirvegun, þolgæði og jafnvægi, ef við eigum að ná takmarki okkar fyrr en síðar.

Hér duga engar upphrópanir eða æsingar, brigslyrði eða sundrungariðja.

Nú skiptir mestu að íslendingar sýni samhug inn á við og út á við og komi fram í samfélagi þjóðanna án minnimáttarkenndar, meðvitandi réttinda sinna og skyldna, eins og ábyrgri og sjálfstæðri þjóð sæmir.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Þá hefur hæstv. forsrh. loksins flutt Alþ. skýrslu um viðræður sínar í London við breska ráðh. og sérfræðinga þeirra um landhelgismálið. Sjö sólarhringar eru liðnir síðan forsrh. kom heim úr þessari ferð og um ellefu sólarhringar síðan hann lagði upp í förina. Þessa ellefu daga hefur svonefnt vopnahlé átt að gilda á fiskimiðunum. Mestan hluta þess tíma hafa breskir togarar stundað hér veiðar, suma dagana að fullu, aðra með talsverðum frátöfum. Varðskip okkar hafa fylgst með bresku togurunum og skipað þeim að hífa upp veiðarfæri sín annað slagið, en með tveimur undantekningum hefur klippunum ekki verið beitt. Í sjö sólarhringa frá því að forsrh. kom heim hefur málinu verið haldið leyndu fyrir þjóðinni og þm. hafa aðeins fengið óljósar fréttir af því sem gerðist á fundum forsrh. í London.

Alla þessa málsmeðferð verður að víta harðlega. Auðvitað er allt pukur með landhelgismálið af þessu tagi forkastanlegt með öllu og tilgangurinn getur ekki verið neinn annar en sá, að reyna að koma á samningum í andstöðu við vilja almennings og án þess að almenningur fái tækifæri til þess að láta í ljós afstöðu sína.

Þegar hæstv. forsrh. ákvað að taka boði forsrh. Bretlands um að koma til Lundúna til viðræðna um landhelgismálið, þá lýstum við Alþb.-menn því yfir, að við værum mótfallnir því að boðinu yrði tekið. Ástæður fyrir þessari afstöðu okkar voru aðallega þrjár:

Í fyrsta lagi bentum við á að við teldum að aðstæður til samninga um fiskveiðiheimildir til handa bretum í íslenskri fiskveiðilandhelgi væru í rauninni engar, hér væri ekki um neitt að semja, og við lögðum áherslu á að þetta ætti að segja bretum hreinskilnislega og umbúðalaust.

Í öðru lagi bentum við á að boðið til forsrh. væri gert á röngum eða fölskum forsendum og af því væri ekki hægt að taka þessu boði. Það, sem við áttum við með þessu, var það, að fram hefur komið skýrt í boðinu frá forsrh. Bretlands til forsrh. Íslands að boðið sé fram sett vegna ummæla dr. Luns, en í þessu boði stóð skýrum orðum að hann hefði túlkað það sem persónulegt álit sitt að ekki yrði hreyft við togurum breta í íslenskri fiskveiðilandhelgi á meðan á þessum viðræðum stæði. Og síðan stóð í boðinu til forsrh.: „Í þeirri vissu, að slíkt vopnahlé mundi stuðla að því að skapa grundvöll að árangursríkum samningaviðræðum, er mér ánægja" o. s. frv.

Í þriðja lagi bentum við á að hér væri í raun og veru ekki um neinar könnunarviðræður að ræða, heldur væri hér stefnt að því að koma á samningum. Nú liggur fyrir að hér var ekki aðeins um að ræða viðræður forsrh. tveggja. Af Íslands hálfu var á ferðinni 11 manna sendilið og af hálfu breta mættu í viðræðunum 13 manna lið og þar af 3 ráðh., enda var málið tekið fyrir á þeim grundvelli að ef samkomulag hefði getað orðið, þá var verið að búa til grundvöll að nýjum samningi.

Nú hefur hæstv. forsrh. gert hér grein fyrir því, hvað fram kom á fundunum í London. Og hvað er þá aðalatriði þess sem fram kom á þessum fundum? Í fyrsta lagi er það ljóst, að bretar hafa sýnt áfram ótrúlega kröfuhörku í málinu og óbilgirni. Þeir viðurkenna ekki forgangsrétt íslendinga til fiskveiða hér við land nema aðeins í orði. Um leið og komið er að kjarna málsins, hvernig eigi að framkvæma þennan forgangsrétt, þá víkja þeir sér undan og telja sig hafa jafnan rétt og íslendingar. Þeir gera kröfu um það að þeir fái um 30% af þeim þorskafla sem heimilað verði að veiða hér við land. Þessi tala, 30%, kemur orðrétt fram í þeirri skýrslu sem lögð hefur verið fram af fundarriturum sem skráðu fundargerðir þessara funda, eða með nánari túlkun, eins og kom fram hjá hæstv. forsrh., er krafa breta sú, að þeir fái að veiða hér á þessu ári 85 þús. tonn af fiski, þar af 65—75 þús. tonn af þorski. Þá kemur það einnig fram að bretar telja lágmarkssamningstíma vera tvö ár, en gera kröfur um lengri tíma. Það kemur einnig fram að sjónarmið breta í viðræðunum hefur verið það, að þeir ætlist til þess að halda áfram fiskveiðirétti hér við Ísland að afloknu þessu hugsanlega tveggja ára samkomulagstímabili, og það er mjög alvarlegt mál. Þá kemur einnig fram í grg. um þessar viðræður að bresku ráðh. höfðu uppi hótanir um að senda herskip aftur inn í íslenska fiskveiðilandhelgi og segja berum orðum að þeir muni fiska enn þá meira ef ekki verði af samningum, þá muni þeir taka hér 120 þús. tonn af þorski á ári eða jafnvel meira. Það er skoðun mín að undir slíkum hótunum eigi ekki að sitja og það eigi ekki að ræða um samninga við þá aðila sem beita slíkum vinnubrögðum. Þá kemur einnig fram að bretar eru á allt annarri skoðun en íslendingar um nauðsynlegar friðunaraðgerðir.

Þetta er megininntakið í því sem fram kom í samningaviðræðunum í London. Ég tel að út frá þessu hafi ekki verið nein ástæða til þess að draga málið á langinn, skýra ekki íslensku þjóðinni frá því, hverjar voru skoðanir breta í málinu, hverjar voru þeirra kröfur. Og hvers vegna höfum við í rauninni beðið allan þennan tíma?

Nú hefur hæstv. ríkisstj. tekið þá ákvörðun að tilkynna bretum að hún geti ekki fallist á þann grundvöll til samkomulags sem þeir lögðu til. En jafnhliða hefur ríkisstj. gert bresku ríkisstj. nýtt tilboð. Það tilboð er um samkomulag til stutts tíma, nánar tiltekið til þriggja mánaða, eða íslenska ríkisstj. hún býður til umræðna um þessa till. Hvað felst í þessu tilboði af íslendinga hálfu? Auðvitað geta bretar samþykkt þriggja mánaða samkomulag ef þeir fá að beita hér nægilega mörgum skipum, ef þeir fá þau fiskveiðisvæði sem þeir sækjast eftir og ef þeir mega taka það aflamagn sem þeir vilja fá.

Af hálfu ríkisstj. hefur ekkert komið fram um það, hvað hún hugsar sér í þessum efnum. En vitanlega geta bretar samþ. tilboð af þessu tagi vegna þess að það er um að taka upp viðræður um þetta efni. Þá kemur upp spurningin: Hvernig á að standa að framkvæmd íslensku landhelgisgæslunnar á meðan? Á að halda áfram sams konar ástandi á fiskimiðunum og verið hefur s. l. 11 daga, heimila bretum að veiða meira eða minna á meðan þeir segjast vera að íhuga hið nýja tilboð íslensku ríkisstj. og einnig kannske á meðan þeir halda áfram viðræðum við okkur um þessa hugsanlegu leið? Það hefur ekki fengist neitt svar við því, hvað hæstv. ríkisstj. hugsar sér í þesum efnum um landhelgisgæsluna, ekki annað en það, að hún telur að bretar hafi ekki haft mjög góða aðstöðu að undanförnu til þess að halda uppi fiskveiðum.

En hver á þá okkar stefna íslendinga að vera í landhelgismálinu eins og komið er? Við eigum að marka þá afstöðu okkar skýrt og greinilega, að við teljum að samningar við breta geti ekki komið til greina eins og ástatt er. Við eigum að koma okkur saman um nýja áróðurssókn af okkar hálfu í málinu til þess að sýna öllum þjóðum fram á óbilgirni breta og nauðsyn okkar á því sem við erum að gera. Ef herskipin verða nýjan leik send inn í íslenska fiskveiðilögsögu, þá hljótum við að slíta stjórnmálasambandi við Bretland og þá hljótum við að beita öllum þeim ráðum sem við getum beitt til þess að koma þeim út úr fiskveiðilögsögunni á nýjan leik. Við hljótum að taka fullt tillit til þess að við erum í NATO og eðli þess átti að vera að forða okkur frá árás annarra ríkja. Við hljótum einnig að taka tillit til þess, að það er í gildi varnarsamningur á milli Íslands og Bandaríkjanna. Og taki þessir aðilar ekkert tillit til þess, um hvað hefur verið samið, þá hljótum við að loka NATO-stöðinni hér á landi og tilkynna þeim að við munum a. m. k. taka til íhugunar áframhaldandi veru okkar í NATO. Ég hef sagt það og segi það enn: Ég er ekki í neinum vafa um að ef við tilkynnum bretum þetta, þá muni freigáturnar verða dregnar út fyrir 200 mílna mörkin aftur. Þessu vopni eigum við að beita. En að öðrum kosti eigum við að halda áfram okkar baráttu, efla okkar landhelgisgæslu, gera ráðstafanir til þess að kaupa til landsins eða taka á leigu hraðskreitt varðskip sem getur klippt veiðarfærin frá bresku togurunum þó að freigáturnar séu hér á miðunum. Og við eigum að reyna að efla samstöðu þjóðarinnar um það meginverkefni að landhelgin verði okkar eign.

Í þessum efnum hljótum við að hafa í huga hver er raunverulega aðstaða breta. Aðstaða breta er veik í málinu. Þeir vita að á næsta leiti eru fundir Hafréttarráðstefnunnar, þeir byrja eftir rúman mánuð. Á þeim fundum munu bretar halda fram að þeir styðji 200 mílna lögsöguregluna. Þeir eru ekki ánægðir með að á það sé bent að þeir standi í herskipaframkvæmdum á Íslandsmiðum gegn þessari reglu á sama tíma og þeir gera kröfu um að þessi regla sé viðurkennd sem alþjóðalög. Við vitum það líka að í

Bretlandi fer mjög vaxandi andstaða gegn stefnu bresku ríkisstj. í þessu máli. Við vitum það líka að sjómenn þeirra á fiskimiðunum eru mjög órólegir með aðstöðu sína og vilja ekki halda áfram veiðum — ekki einu sinni undir herskipavernd — nema stuttan tíma. Þeir hafa gert það vegna þess að þeim er tjáð að íslendingar muni koma að samningaborðinu tiltölulega fljótlega. Við vitum líka að Bandaríkjaþing er búið að samþ. eða mun samþ. útfærslu á fiskveiðilandhelginni þar og hún gengur í gildi eftir tæplega 1½ ár. Allt þetta gerir það að verkum að aðstaða breta er veik, aðstaða okkar fer batnandi.

Það er höfuðatriði í þessum máli að álit okkar alþb.-manna að takast megi samstaða, sterk samstaða allra landsmanna um afmarkaða og skýra stefnu í landhelgismálinu eins og nú er komið.

Hér er umræðutími mjög takmarkaður. Ég vil því að lokum segja þetta um afstöðu okkar alþb.-manna í landhelgismálinu, eins og málið stendur nú:

Við viljum að sú stefna verði mörkuð skýrt að um enga samninga við breta geti orðið að ræða um fiskveiðar í íslensku fiskveiðilandhelginni, einfaldlega af þeirri ástæðu að um ekkert er að semja þar sem við verðum sjálfir að draga úr okkar veiðum vegna ástands fiskstofnanna.

Við alþb.-menn erum reiðubúnir til samstarfs við aðra flokka um að efla landhelgisgæsluna og um aðrar ráðstafanir til þess að þjóðin geti haldið út í deilunni við breta. Við teljum að allt beri að gera til þess að þjóðin geti staðið saman í landhelgismálinu og í hörðum átökum fram undan í því máli og nái því marki sínu að vinna fullan sigur.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki syndga upp á náðina með ræðutímann og reyna meira að segja að tala fremur skemur heldur en lengur en leyft er.

Ég get vísað að miklu leyti til ræðu hæstv. forsrh. um efni þess svars sem ríkisstj. hefur nú ákveðið og er raunar búin að senda forsrh. breta. Ég vil segja það, að afstaða Framsfl. til þessa máls er í samræmi við það svar. Öll ríkisstj. og að ég hygg allir stuðningsmenn hennar á hv. Alþ. standa að þessu svari.

Þetta svar er í tvennu lagi, eins og menn hafa heyrt. Annars vegar er þar um að ræða allgjöra neitun á þeim uppástungum sem bretar hafa gert, enda eru þær, svo sem lýst hefur verið, algjörlega óaðgengilegar. Þær eru svo óaðgengilegar að bretar fara fram á meira að segja meiri afla en þau 65 þús. tonn sem ég leyfði mér með samþykki ríkisstj. að nefna í síðustu viðræðum sem haldnar voru hér í Reykjavík, með ýmsum skilyrðum, svo sem þeim að full viðurkenning breta á fiskveiðilögsögu okkar í 200 mílur kæmi þar á móti.

Þeir hafa sem sagt ekki lært það enn, bretar hversu ástandið á miðunum hvað þorskinn snertir er alvarlegt, og meðan svo er er að sjálfsögðu ekki hægt að tala við þá um þær hugmyndir sem hér hafa verið nefndar og þeir settu fram í viðræðunum í London. Það skal að vísu játað, að þær eru nokkru lægri en þær hugmyndir sem Roy Hattersley aðstoðarutanríkisráðherra breta setti fram hér í Reykjavík í nóvembermánuði s. l., en engu að síður eiga bretar eftir að læra mikið, það er ljóst.

Það kemur ekki til nokkurra mála að íslendingar gangi nokkru sinni að því að fiskveiðar breta verði einhvers konar prósenta af því sem íslendingar veiða sjálfir og ekki heldur að tekið verði upp hér það kerfi sem kalla má kvótakerfi, að íslendingar ræði það við aðrar þjóðir hversu mikinn afla þeir taka af Íslandsmiðum, því verða þeir að ráða sjálfir. Til þess er útfærslan gerð og til þess höfum við ráðist í þau stórvirki, sem við höfum gert undanfarin 4 ár, að færa landhelgina út, fyrst í 50 sjómílur og síðan í 200 sjómílur.

Hitt atriðið í svari ríkisstj. er það, að bryddað er upp á þeirri hugmynd að gerður verði mjög stuttur samningur um takmarkað aflamagn. Þessi samningur er hugsaður að gilda lengst í 3 mánuði. Þessi uppástunga er gerð í samræmi við þá stefnu, sem ríkisstj. hefur túlkað frá upphafi og ekki einungis sú að ríkisstj., sem nú situr, heldur einnig sú ríkisstj., sem sat á undan henni, að við vildum ræða við alla þá sem við okkur vilja ræða um fiskveiðilögsöguna. Ég geri ráð fyrir að við fáum innan tíðar í heimsókn færeyinga og norðmenn til viðræðna, og við munum einnig taka á móti þeim og ræða við þá um það, hvort við getum látið þá hafa nokkuð af því takmarkaða fiskmagni sem við ráðum yfir á fslandsmiðum, en ljóst er að það getur ekki heldur orðið mikið.

Í þessum stutta samningi, sem bryddað er upp á í svari ríkisstj., verður auðvitað að vera um verulega minnkun afla að ræða frá því sem bretar vildu fá í viðræðunum í London, enda hefur þeim tilmælum þegar verið hafnað, eins og ég áðan sagði. 65 þús. tonna tilboðið, sem tók til alls fisks, ekki einungis veiða á þorski, heldur einnig á öðrum fiski, sem mundi hafa þýtt um 50—55 þús. smálestir af þorski ef samþ. hefði verið, hefur verið dregið til baka og gildir ekki lengur, eins og margsinnis hefur verið tekið fram.

Ef gengið yrði að þessu tilboði eða uppástungu, þá er það auðvitað alveg ljóst, að við munum halda áfram að reyna að verja miðin með þeim ráðum sem við höfum tiltæk. Gæslu hefur verið haldið uppi, eins og allir vita, síðan hæstv. forsrh. fór til London, enda hefur á einni viku tvisvar sinnum verið klippt aftan úr breskum togurum, og ég hygg að það sé ekki undir meðallagi, þannig að allar getsakir og ásakanir á hendur ríkisstj. um það, að hún hafi samþ. eða gert einhvern leynisamning við breta um að halda einhvers konar vopnahlé á miðunum eru algjörlega úr lausu lofti gripnar og rangar. Það hefur verið haldið uppi gæslu allan tímann. Það hefur verið deilt um einn dag. Ég skal ekki segja hvernig það er, laugardaginn sem hæstv. forsrh. kom til London, en alla aðra daga fullyrði ég að gæsla hafi farið fram og breskir togarar hafi verið hindraðir í veiðum, og ég hygg að það muni vera mál manna að þeir hafi raunar sáralítið veitt þennan tíma sem þeir ekki hafa notið herskipaverndar. En það hefur hins vegar jafnframt sýnt sig,

að þegar herskipin eru kölluð inn og þegar þau vernda veiðiþjófana, þá geta þeir veitt. Og það er einmitt sú staðreynd sem við verðum að hafa í huga jafnframt þegar við metum það hvernig við getum best varið íslensku fiskimiðin, því að það er aðaltilgangur okkar og markmið með þeim ráðstöfunum sem hér er verið að fjalla um, þ. e. að vernda þorskstofninn og fiskstofnana, en ekki með hvaða aðferðum það er gert. Og það er mín trú og ég segi það alveg óhikað, að ef við getum náð viðunandi samningum, þá verjum við þorskinn betur og fiskinn betur með samningum en án ef í harðbakkann slær.

Menn hafa hér mikla trú á Atlantshafsbandalaginu og þeir sem kannske ólíklegt væri að hefðu þá trú. En ég segi það, að þretar munu halda áfram að veiða hér undir herskipavernd ef við getum ekki náð samningum. Það er mín trú. Auðvitað getur hver haft sína skoðun fyrir mér á því, en ég hef þessa skoðun. Þess vegna er það sannfæring mín og hefur lengi verið, að ef við gætum náð viðunandi samningum, þá sé það betra en ófriður, því að ófriði fylgir mikil áhætta og ég veit ekki hvort við erum allir menn til að bera þá byrði sem gæti lagst á bak okkar ef svo óheppilega tækist til sem hugsanlegt er í þessu sambandi og ég þori ekki einu sinni að hugsa til enda.

Ágreiningurinn við að gera þennan stutta samning gæti því verið sá fyrst og fremst að forða frá áhættu, minnka veiðar, auk þess sem það er rétt, sem hv. 2. þm. Austurl. sagði, að Hafréttarráðstefnan er fram undan, línur á henni kunna að skýrast á þrem mánuðum. Þeim kafla hennar, sem byrjar í mars, verður að vísu ekki lokið 1. maí, það skal ég viðurkenna, en hann verður þó langt kominn, og það má vel vera að línur hafi þá skýrst þannig að málið liggi ljósar fyrir. Auk þess gera fiskimenn í Bretlandi, heimafiskimenn, sífellt háværari kröfur til ríkisstj. sinnar um að færa út fiskveiðilögsöguna í 200 sjómílur. Og það er ekki að vita nema þretar sjái að sér og skilji það, að vænlegast fyrir þá sjálfa fjárhagslega og í áliti umheimsins sé einmitt að hætta að áreita íslendinga, leyfa þeim að lifa hér, en færa í staðinn út lögsöguna hjá sjálfum sér og útrýma þannig veiðum portúgala og annarra þjóða sem nú veiða á heimamiðum breskra fiskiskipa við strendur þess lands.

Ég held að við verðum þess vegna að skoða þetta mál mjög vel. Ég get ekki skilið þá óþolinmæði sem lýsir sér í því að menn gagnrýni svo mjög eins og gert hefur verið það að ríkisstj. tók sér viku — eina viku til þess að ákveða næsta skref í þessu mjög svo þýðingarmikla máli fyrir okkur. Mér finnst það ekki langur tími.

Það hefur verið talað um hulu yfir þessu máli. Það er rétt, að það varð samkomulag um að segja ekki frá því, hvernig viðræðurnar í London fóru fram, á hvorugum staðnum fyrr en ríkisstj. og þingflokkar höfðu athugað hvað í þeim fólst og gert sér grein fyrir hvernig því ætti að mæta. Hitt er svo annað mál, að þessi hula hefur ekki verið algjör eftir því sem mér skilst.

Ef freigáturnar koma hingað inn á ný, þá verðum við auðvitað að berjast og þá verðum við að athuga hvaða leiðir við höfum til þess að mæta óvini okkar, sem við þá hljótum að kalla, þretum. Og þá skal ég taka undir það, að m. a. koma til athugunar þær leiðir, sem hv. 2. þm. Austurl., Lúðvík Jósepsson, var að lýsa, enda ekki neitt nýtt í því, það er það sem allir hafa sagt hvað eftir annað þegar í hart hefur farið. En við þurfum auðvitað að athuga þessi skref vel, því að það er ekki endilega víst að okkar mesti ávinningur sé að standa aleinir og eiga hvergi aðstoðar að vænta.

Ég sagði, hæstv. forseti, að ég þyrfti ekki langan ræðutíma til þess að koma að sjónarmiði Framsfl., og ég skal standa við það með því að ljúka nú senn þessari stuttu ræðu. Ég endurtek það, að við höfum komist að þessari niðurstöðu sem felst í svari ríkisstj. Það hefur tekið okkur nokkurn tíma, ég skal viðurkenna það. En ég hygg að þjóðin muni ekki dæma okkur hart þó að við gefum okkur nokkra daga til þess að athuga það, hvaða skref séu líklegust til ávinnings fyrir Ísland í þessu þýðingarmesta máli þjóðarinnar.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Geir Hallgrímsson forsrh. hefur nú loksins flutt skýrslu um viðræður þær sem hann og sendinefnd, er honum fylgdi, áttu við Harold Wilson og breska ráðamenn í London. Yfir þessum viðræðum hefur hvílt óvenjulega mikil leynd, en athyglisvert er þó að það litla, sem lak út og fréttamiðlar sögðu frá, virðist hafa verið býsna nærri lagi.

Það kemur fram í frásögnum af þessum viðræðum að hinir bresku ráðh. hafa sýnt mikla óbilgirni og harla litinn sveigjanleika, svo að ég noti það orð sem þeir sjálfir hafa svo oft beitt og fullyrt að þeir ætluðu sér að sýna. Þeir hafa í þessum viðræðum sýnt að þeir hafa furðulega litinn skilning á eðli þessa máls og þýðingu þess fyrir íslendinga.

Það er óþarfi fyrir mig að rekja aftur meginatriðin sem fram komu, en þó verð ég að nefna örfá þeirra. Það var að sjálfsögðu lymskulegt af Wilson að skjóta inn hugmyndinni um prósentureglu. En um leið er það ánægjulegt, að fulltrúar okkar virðast hafa áttað sig á því strax að þessi hugmynd er stórhættuleg fyrir okkur og kemur ekki undir neinum kringumstæðum til mála. Þar að auki tel ég það vera hreina ósvífni að þretum skuli detta í hug að þeir geti fengið á þann hátt um 30% af þorskaflanum við Ísland. Þetta er hugsunarháttur sem er langt á eftir tímanum, og við hljótum að undrast það að forsrh. Íslands sé boðið til London til þess að bjóða honum slíkar hugmyndir sem þessar. Ef fylgt væri einhvers konar magnreglu, ef ég má nota það orð, þá virðist svo sem þretar geti hugsað sér að ganga lengst til móts við okkur með því að sætta sig við 65—75 þús. lestir af þorski og 20 þús. lestir af öðrum fiski, og fái þeir þá svæði sem nái allt inn að 15—20 mílum frá landi og samninga til tveggja ára.

Nú hafa fiskifræðingar okkar og þeirra deilt um það, hve mikið megi taka af þorski án þess

að skerða þorskstofninn, og eru þeir með áætlanir á bilinu frá 230—300 þús. lestir. Það er alveg sama hvaða tölur þar eru teknar, hið breska tilboð er með öllu óaðgengilegt vegna þess að það útheimtir að við íslendingar skerðum verulega þorskafla okkar frá því sem nú er, en það getum við ekki undir neinum kringumstæðum gert. Það er líka furðulegt að bretar skuli tala í þessum dúr, á sama tíma sem þeir hafa með öðrum þjóðum gengið inn á það við Kanada, að bæði þeir og aðrar þjóðir, sem fiska við strendur Kanada Atlantshafsmegin, minnki afla sinn um 50%, en kanadamenn fái að halda óskertum þeim afla sem þeir hafa tekið. Hér er ólíkum kjörum saman að jafna, og er ég þó ekki að segja að við getum hugsað okkur að fallast á reglu svipaða þeirri kanadisku, því að aðstæður eru hér allt aðrar.

Forsrh. hefur skýrt frá þeirri ákvörðun sem ríkisstj. tók í gær um að hafna þesum hugmyndum eða þessu tilboði breta. Ég tel rétt að staðnæmast andartak við þessa ákvörðun, vegna þess að síðan í gær eru allir stjórnmálaflokkar á Alþ. sammála um það, að að slíkum kjörum getum við ekki gengið. Og eins og landhelgismálið hefur verið í höndum okkar nú undanfarnar vikur, þá er það nýr og ánægjulegur viðburður að við skulum þó um eitt veigamikið, þýðingarmikið grundvallaratriði, standa öll saman.

En hvað tekur þá við eftir að þessum tilboðum er hafnað? Ég tel að það væri ekki hyggilegt af okkur íslendingum að skera algerlega á allar viðræður og segja að það sé ekki um neitt að tala, enda þótt í raun og veru sé ekki um það að ræða að skipta þeim þorskafla sem við getum tekið, þá er af diplómatískum ástæðum að minni hyggju nauðsynlegt að halda samtölum áfram, vegna þess að margir erlendir aðilar, sem koma til með að hafa áhrif á gang þessara mála, t. d. á Hafréttarráðstefnunni, dæma aðrar þjóðir að verulegu leyti eftir diplómatískri framkomu og hafa allflestir takmarkaðar hugmyndir um það eða takmarkaðan skilning á því, hver okkar afstaða raunverulega er og á hverju hún byggist.

Ríkisstj. hefur ákveðið að gera bretum gagntilboð um að tala við þá um samninga til stutts tíma, þ. e. til rúmlega þriggja mánaða. Um efnisatriði slíkra viðræðna vitum við ekkert. Um það hefur ríkisstj. lítið sem ekkert sagt, kom þó örlítið fram í ræðum ráðh., en svo lítið að Alþfl. hefur allan fyrirvara um efni, þó að við teljum að það sé rétt „taktik“ af okkur að ræða við þá áfram og höggva ekki á samband hvað þetta snertir. Við skulum minnast þess, að eftir aðeins 6 vikur hefst Hafréttarráðstefnan aftur í New York. Það er heldur ólíklegt að bretar sendi herskipin gegn okkur aftur rétt fyrir ráðstefnuna eða meðan á henni stendur. Slík tíðindi mundu væntanlega hafa slæm áhrif fyrir þá á þessari ráðstefnu, og ég efast stórlega um að þeir mundu taka þá áhættu.

Afstaða bresku stjórnarinnar í dag er annars orðin ákaflega furðuleg. Öðrum megin stendur hún í þorskastríði við okkur um 200 mílna fiskveiðilögsögu við Ísland. Hinum megin stendur hún í því að fá félaga sína í Efnahagsbandalaginu til þess að gera 200 mílna fiskveiðilögsögu að stefnu bandalagsins, og eftir síðustu fréttum munu þeir vera langt komnir með það.

Í hádegisfréttum í dag tók ég eftir því, að þar var sagt, að það væri hugmynd manna í Brüssel að Efnahagsbandalagið gerði 200 mílur að stefnu sinni til þess að gæta hagsmuna sinna á þeim grundvelli á Hafréttarráðstefnunni. Hvað halda menn að þetta þýði? Við erum vön því að hrópa húrra og gleðjast í hvert skipti sem einhver ný þjóð bætist við og segir: Nú ætla ég að styðja 200 mílur. — En það er ekki allt gull sem glóir og við ættum að athuga stöðuna dálítið betur. Efnahagsbandalagsþjóðirnar hafa flestar, ef ekki allar, verið með þeim þjóðum sem hafa barist harðast á móti stækkaðri landhelgi og 200 mílunum. Og hví skyldu þær snúa við blaði nú allt í einu, nokkrum vikum fyrir Hafréttarráðstefnuna? Það er til þess að skapa sér aðstöðu til þess að koma fram á ráðstefnunni takmörkun á 200 mílunum, það er enginn vafi á því. Þær telja að þær hafi betri aðstöðu til þess að reyna að vinna fylgi till. sem muni takmarka 200 mílurnar ef þær eru í grundvallaratriðum búnar að fallast á þær. En þær hafa auðvitað séð fyrir löngu að það var ekkert annað fyrir þær að gera, því að baráttan gegn 200 mílunum er töpuð. Hvað skyldi það svo vera sem þær eru líklegar til að berjast fyrir á fundum Sameinuðu þjóðanna? Það er hugsanlegt að þær komi fram með hugmyndir um sögulegan rétt. Þær eru gamlar, við þekkjum þær hugmyndir vel, og þó að ekki hafi mikið verið talað um þær á þessum ráðstefnum hingað til, þá geta þær komið upp enn.

Það er auðfundið þegar skýrslurnar um viðræðurnar í London eru lesnar, að bresku ráðh. finnst í hjarta sínu að þeir hljóti að eiga rétt á því að fiska áfram hér, ekki bara í tvö ár, heldur áfram og um óákveðna framtíð, og þeim finnst það vera ákaflega nýstárleg hugmynd að íslendingar ætli sér einkarétt í 200 mílna landhelginni. Það er hugsanlegt að fram komi hugmyndir um að einhver alþjóðasamtök eigi að ákveða veiðikvóta fyrir aðrar þjóðir hjá strandríki. Sú hugmynd er ekki ný og íslenska sendinefndin lenti t. d. í rimmu við ísraelsmenn einmitt út af því atriði skömmu áður en síðustu fundum Hafréttarráðstefnunnar lauk. Þá yrði sennilega Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndin gerð að hinum alþjóðlega aðila, og við vitum hvers konar reynslu við höfum af henni. Enn þá er hugsanlegt að það verði gert að skyldu að strandríki veiti landluktum ríkjum eða hálflandluktum, eins og Þýskalandi og Belgíu og fleirum, veiðirétt innan 200 mílnanna til að bæta þeim það upp að þau geta ekki fært út neina landhelgi. Að lokum er hugsanlegt, og það yrði sennilega eitt af því versta sem fyrir okkur gæti komið, að sett verði inn í samningana ákvæði um gerðardóm. Ef mönnum líst illa á deilur eins og þorskastríðið er alls ekki fráleitt að það gæti fengið byr að láta alþjóðlegan gerðardóm skera úr slíkum deilum og það mundi setja okkur í ákaflega erfiða stöðu.

Ég tel, að þessi atriði á Hafréttarráðstefnunni, sem er fram undan eftir örfáar vikur, séu nú að verða einn alveigamesti þáttur landhelgismálsins. Ég tel að við megum ekki gera neitt sem stuðlar að því að auka líkur á að settar

verði slíkar takmarkanir á 200 mílurnar. Við skulum íhuga fréttir sem berast utan úr heimi. Það er auðvitað ágætt að Bandaríkin og Mexíkó og fleiri ríki taki upp 200 mílna fiskveiðilögsögu. Við skulum ekki gleyma því samt, að svo að segja öll þessi ríki ætla sér að telja sjálfsagt að veita öðrum ríkjum fiskveiðiréttindi innan þessara 200 mílna. Við höfum sérstöðu að því leyti til, að við höfum engin áform um það. Efnahagsbandalagið hef ég nefnt, hvað fyrir því vakir með því að taka upp 200 mílna stefnuna.

Það fer mikið fyrir því í öllum fjölmiðlum, að okkur er sagt hversu gífurlega samúð við höfum og það sé alltaf að aukast stuðningur við málstað okkar. En við skulum trúa þessu varlega. Það er gott og blessað að við eigum talsmenn á kránum í London, en það er bara ekki það fólk sem ræður gangi þessara mála. Það eru stjórnvöld, sem skilja pólitíska pressu og pólitískar aðstæður, sem er við að eiga og munu ráða því, hvað fulltrúar hinna ýmsu þjóða munu gera í New York. Við skulum minnast þess, að þrátt fyrir alla samúðina hefur engin þjóð, ekki ein einasta þjóð, lyft litla fingri til að hjálpa okkur, nema það sem kann að hafa gerst bak við tjöldin í NATO, þar sem eitthvað hefur verið þrýst á bretana. Enda þótt tækist að koma málum okkar mjög vel fyrir á síðustu ráðstefnu og í því plaggi sem verður vinnuplagg er Hafréttarráðstefnan byrjar með nú um miðjan mars, þá er engan veginn víst að sú staða haldist, og það er rétt að minnast þess, að það er almenn skoðun manna þar að nú fyrst byrji alvarlegir samningar um einstök atriði, — nú fyrst byrji alvarlegir samningar.

Ég vil að lokum segja þetta: Við skulum fagna því að allir flokkar standa nú saman um að hafna þeim hugmyndum sem hér hafa komið fram og lagðar voru fram í London af hálfu breta. Ég legg áherslu á það, að næstu vikur eru afdrifaríkar, fyrst og fremst vegna Hafréttarráðstefnunnar, en auðvitað einnig varðandi það hvað gerist hjá okkur í samskiptum okkar við aðra og á sjálfum miðunum. Og hvað sem gerist á diplómatiska sviðinu og áróðurssviðinu, þá eigum við að halda áfram að byggja upp landhelgisgæsluna og styrkja hana og beita henni eins og við framast sjáum ástæðu til hverju sinni. Ég tel að við verðum að gera okkur ljóst hversu alvarleg hættan á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í raun og veru er, og við verðum að gæta þess að gera ekkert sem ýtir undir þá hættu. Það verður erfiðara við að eiga ef ⅔ hlutar þjóðanna þar, um 150 talsins, samþykkja einhverjar þær takmarkanir sem við getum ekki sætt okkur við. Þá eru alþjóðalög komin og verður erfitt fyrir okkur að standa einir gegn því.

Þegar á allt er litið hefur mikið áunnist í landhelgismáli okkar í þessari síðustu 200 mílna lotu. Lokamarkið er í sjónmáli. En það eru sker fram undan sem sigla verður fram hjá. Það gerum við aðeins með vandlega yfirveguðum aðgerðum og með sterkri og einlægri samstöðu hér heima fyrir. Ef þessi lokasigling tekst, þá hefur gæfan snúist í lið með okkur og þá höfum við með 200 mílunum unnið stórvirki fyrir framtíð Íslands. Ég vona að það takist.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Nú er lokið ótrúlega löngu og líklega á stundum ströngu þagnarstríði hæstv. forsrh. um efnislegar niðurstöður af þeim viðræðum sem hann átti við Harold Wilson og aðra breska ráðamenn í London fyrir rösklega viku. Það hefur að vonum verið talið óeðlilegt og átalið hversu mikil leynd hefur hvílt yfir því sem þarna hefur gerst, og ég hygg að margir aðrir en ég líti svo á, eftir að hafa heyrt niðurstöður þær sem fyrir liggja, að hér hafi ekki verið miklu að leyna af því sem fram kom af hálfu breskra ráðamanna í þessum viðræðum. Ég tek undir þær raddir sem hafa gagnrýnt það að það er vart sæmandi að halda slíkum hlutum leyndum um svo langan tíma sem raun ber vitni hér.

Hæstv. utanrrh. sagði áðan: Þetta er ekki langur tími. Þjóðin mun ekki dæma okkur hart fyrir að hafa tekið okkur þennan tíma til umhugsunar til þess að ákveða með hvaða hætti skyldi svara þeim hugmyndum eða tillögum sem fram komu af hálfu breta í þessum viðræðum. — Vel má vera að hæstv. utanrrh. verði að þessari ósk sinni, og í sjálfu sér get ég vel unnt honum þess. En ég tel þó að það hefði verið æskilegra allra hluta vegna að birta fyrr innihald þess sem þarna var og er um að ræða heldur en að halda þessu leyndu fyrir þjóðinni á aðra viku. Og það sem vekur kannske enn meiri furðu er að það skuli hafa tekið stjórnarflokkana heila viku að koma sér saman um að hafna þessum hugmyndum eða kröfum breta sem þeir settu fram í þessum viðræðum. Það er kannske enn óskiljanlegra að það skuli taka svo langan tíma að komast að samkomulagi um að hafna þessu.

Nú hefur ekkert farið á milli mála að allt frá því og raunar áður en sú ákvörðun var tekin að færa íslensku fiskveiðilögsöguna út í 200 mílur hefur þess berlega orðið vart að sterk áhrifaöfl innan stjórnarflokkanna hafa haft á því áhuga og talið á því nauðsyn að samningar yrðu gerðir og næðust við breta og aðrar þjóðir varðandi útfærslu fiskveiðilögsögunnar. Að mínu viti er það sem allt til þessa hefur komið í veg fyrir það, að stjórnarflokkarnir hafi þorað að ganga til beinna samninga eða gera samninga við breta í fiskveiðideilunni, — það sem fyrst og fremst hefur komið í veg fyrir að þetta hafi gerst, er almenningsálitið í landinu. Líklega hefur almenningsálitið sjaldan verið samstilltara og meira einróma en einmitt nú um að það sé í raun og veru ekki um að tala neina samninga við breta um veiðiheimildir hér í fiskveiðilögsögunni. Hversu velviljaðir sem einhverjir íslenskir aðilar vildu vera gagnvart bretum, þá er ljóst að ástand fiskstofna og efnahagslíf þjóðarinnar er með þeim hætti að það er um tómt mál að tala að gera neina samninga við breta í þessu máli.

Það er nokkuð ljóst, að markmið breta í þessum viðræðum, sem fóru fram, og raunar hefur verið ljóst áður, að markmið þeirra er í fyrsta lagi að tryggja sér rétt til veiða á Íslandsmiðum, ekki bara um tvö ár, heldur um margra ára bil. Slíkt kemur fram í skýrslu þeirri sem tekin verður saman af þessum viðræðum. Þetta er nr. eitt. Það virðist hafa komið breskum ráðh. á óvart þegar það kom fram hjá íslenskum aðilum að það væri hugsanlega í lengsta lagi hægt að tala um

tvö ár. Sjálfur forsrh. Bretlands, Wilson, mun hafa verið á því undrandi að menn væru um það að tala að veiðiheimildir hugsanlegar til breta mundu alls ekki gilda lengur en til tveggja ára.

Í öðru lagi er það ljóst, að bretar viðurkenna ekki nema í orði og kannske varla það ákvörðunarrétt strandríkis til þess að ákvarða aflamagn. Þetta er ljóst, því að strax þegar farið er að tala um það hugsanlega aflamagn sem gæti verið um að semja, þá heimta þeir prósentu af því aflamagni sem sannarlega hefur verið undirstrikað hér að ekki er um að ræða að minu viti af hálfu íslendinga að taka í mál.

Og nú í þessum viðræðum er í þriðja lagi krafa breta að þeir fái að veiða hér við land innan íslenskrar fiskveiðilögsögu 85 þús. tonn á ári. Og þeir sjálfir heimta tveggja ára samning, 85 þús. tonn bretum til handa næstu tvö árin og af því 65—75 þús. tonn af þorski, þ. e. a. s. um 30% af því sem talið er líklegt að heimilað verði að veiða, — 85 þús. tonn hugsanlega allt inn að 20 mílum innan fiskveiðilögsögunnar, þ. e. krafa um allt að 30 mílur inn fyrir það sem gamla 50 mílna línan var dregin. Ég var satt að segja að vona að almenningsálitið í landinu og þessar síðustu kröfur breta hefðu sannfært þá ráðandi menn á Íslandi, sem hingað til hafa verið vægast sagt mjög veikir fyrir því að semja við breta, — ég var að vona að þessar kröfur hefðu orðið þess valdandi að allir íslendingar væru nú um það sammála að ekki væri um það að ræða, hafandi í huga þessi síðustu viðbrögð breta, að um neitt væri að semja við þá aðila.

Auk þessa kemur það fram í skýrslu af þessum viðræðum, að breskir ráðamenn eru með hótanir um hernaðaraðgerðir ef íslendingar gangi ekki til samninga á þeim nótum sem bretar sjálfir vilja.

Þetta er í meginatriðum efnishlið þeirra viðræðna sem fram fóru í London fyrir rösklega viku. Ég er þeirrar skoðunar að það hefði ekki þurft að taka hæstv. ríkisstj. eða stjórnarflokka heila viku að koma sér saman um að hafna þessu. En þetta hygg ég að allir íslendingar, hvar í pólitískum flokki sem þeir standa, séu sammála um að ekki hafi komið til greina.

Hitt skal viðurkennt, að það er skiljanlegt að stjórnvöld þurfi einhvern tíma til þess að átta sig á því, hvaða skref eigi næst að stíga, að því gerðu að þessum kröfum — óbilgjörnu kröfum breta vægast sagt — var hafnað. Nú liggur það fyrir að hæstv. ríkisstj. hefur gert bretum tilboð um áframhaldandi viðræður um hugsanlega samninga til stutts tíma. Nánar er nefnt: þrír mánuðir. Ég sagði áðan að ég hefði talið að afstaða og framkoma breta í þessum síðustu viðræðum hefði átt að sannfæra alla íslendinga um að það er ekki um það að ræða að semja við þessa aðila. Hæstv. utanrrh. sagði áðan: Ég er meðmæltur því að gera samning ef við getum náð viðunandi samningum. — Hvað telja hæstv. ráðh., hæstv. utanrrh. og aðrir þeir sem telja að það eigi enn að þrautreyna samninga við breta, — hvað telja þeir viðunandi samkomulag? Á því hefur engin skilgreining verið gerð. Það hefur ekki fylgt þessu tilboði íslenskra stjórnvalda til breskra hvað hér væri í raun og veru um að ræða, innihald að hugsanlegu þriggja mánaða samkomulagi, skipafjöldi, veiðisvæði, aflamagn. Um þetta liggur engin vitneskja fyrir.

Það er haft eftir utanrrh. breta, Callaghan, að ef ekki verði gerður samningur við breta sem þeir uni, þá muni þeir taka hér á ársgrundvelli a. m. k. 120 þús. tonn. Hann er sem sagt töluvert lægri í tölunni um aflamagn á ársgrundvelli undir herskipavernd heldur en sumir hverjir hæstv. ráðh. í núv. ríkisstj. Þeir hafa nefnt töluna 200 þús. tonn hugsanleg sem bretar tækju við hliðstæðar aðstæður og þeir voru hér við veiðar áður en hið svokallaða vopnahlé var gert. Bretar sjálfir héldu því fram að þeir hefðu veitt milli 9 og 10 þús. tonn fyrsta mánuðinn eftir að samkomulagið frá 1973 gekk úr gildi. Þýðir þetta þriggja mánaða tilboð hæstv. ríkisstj. 30 þús. tonna afla á þessu þriggja mánaða tímabili? Eða hvað þýðir það? Við þessu þyrftu auðvitað að fást svör. Ríkisstj. hlýtur að hafa gert sér grein fyrir því, að hér er ekki einungis um það að ræða að bjóða samning til þriggja mánaða, án þess að hún hafi gert sér í hugarlund hvað annað yrði innifalið í slíkum hugsanlegum samningi.

Þetta liggur fyrir og er gert. Það er því ástæða til að hugleiða aðeins hvert framhald verður nú, hvert verður framhald eftir að hæstv. ríkisstj. hefur sent þetta tilboð til breskra stjórnvalda, hvað gerist á miðunum, menn spyrja um það. Verður áframhald vopnahlés, því að enginn mun andmæla því, að að hluta til a. m. k. hefur ríkt vopnahlé á miðunum frá því að hæstv. forsrh. fór til London? Fá bresk stjórnvöld næstu viku, hálfan mánuð til þess að hugleiða þetta tilboð hæstv. ríkisstj., og verður óformlegt vopnahlé á miðunum við Ísland á meðan? Ég held að það sé nauðsynlegt að einhver vitneskja liggi fyrir um slíkt. Þegar hæstv. forsrh. hélt til London voru gefnar yfirlýsingar um að áfram yrði haldið löggæslu innan fiskveiðilandhelginnar eins og verið hefði. Það kom í ljós síðar að yfirlýsingar annars ráðh. voru á aðra lund, og ég held að það sé nauðsynlegt að það liggi fyrir hvað hæstv. ríkisstj. ætlast fyrir í áframhaldi af því skrefi sem hún hefur nú tekið.

Ég vil taka undir það, sem hér hefur komið fram, að það er vissulega ánægjulegt út af fyrir sig að allir stjórnmálaflokkar í landinu hafa orðið um það sammála að kröfur breta í þessum síðustu viðræðum eru með þeim hætti að það er undir engum kringumstæðum hægt að ganga að þeim, það er undir engum kringumstæðum hægt að ræða við breta á grundvelli þeirra. Um þetta eru, að ég hygg, allir sammála, hvar í flokki sem þeir annars standa.

Herra forseti. Ég skal ljúka máli mínu, þar sem um það er talað að hafa a. m. k. hliðsjón af ákveðnum ræðutíma varðandi þessar umr. En ég vil að síðustu segja það, ítreka það, að ég var að vona að þessi síðustu viðbrögð breskra stjórnvalda gagnvart okkur íslendingum í landhelgismálinu mundu nægja og sannfæra ráðamenn á Íslandi á þann veg, að það væri sýnt að það væri ekki um neitt að ræða eða semja við breta úr því sem komið er.

Menn spyrja auðvitað: Hvert verður þá fram-

haldið í baráttunni fyrir okkar rétti? Og það er vissulega spurning sem ástæða er til að velta fyrir sér. Ég er um það sannfærður og ég vil láta það koma hér fram, — ég er um það sannfærður að ef þeirri einu réttu leið, sem ég tel vera, væri beitt, hún yrði farin, þá mundi ekki verða um það að ræða að bresk stjórnvöld mundu leyfa sér að halda uppi hernaðaraðgerðum innan íslenskrar fiskveiðilögsögu, þó svo að upp úr samningaviðræðum slitnaði. Sú leið er að mínu viti að gera þeim aðilum, sem tekið hafa á sig þá skyldu í samningum við íslensk stjórnvöld að verja landið, gera þeim aðilum, okkar samstarfsaðilum í NATO, sem eru bandaríkjamenn og hafa tekið þessa skyldu á herðar með samningi við stjórnvöld, — gera þeim grein fyrir því í fullri hreinskilni að ef þeir komi ekki í veg fyrir að slíkir atburðir gerist aftur af hálfu breta gagnvart aðildarþjóð í Atlantshafsbandalaginu, þá sé augljóst að íslenska þjóðin hljóti að taka til endurskoðunar mat sitt á því, hvort hún geti lengur verið í bandalagi með þjóð eða þjóðum sem halda uppi hernaðaraðgerðum gagnvart íslendingum í þessu lífshagsmunamáli.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Gagnrýnd hefur verið leynd sem hvílt hefur yfir niðurstöðum eða innihaldi þeirra viðræðna sem fram fóru í Lundúnum um síðustu helgi og hve langan tíma viðræðurnar og athugun þeirra hefur tekið. Þetta hefur komið fram sérstaklega hjá hv. þm. Lúðvík Jósepssyni og Karvel Pálmasyni.

Varðandi tímalengdina eru 7 eða 11 dagar alls ekki langur tími. Ef við erum í langri baráttu, eins og allt bendir til, er þetta ákaflega stuttur tími. Mér finnst það bera vitni nokkurrar taugaveiklunar hjá þessum hv. þm. að gerast óþolinmóðir þótt þessi tími sé tekinn til þess að kanna þennan þátt málsins og þann áfanga sem við höfum náð eða stöndum á.

Þessa daga hafa breskir togarar áreiðanlega veitt í algjöru lágmarki, eins og sýnir sig best, að togarasjómennirnir voru teknir á taugum engu síður en hv. þm. Lúðvík Jósepsson og Karvel Pálmason. Bresku sjómennirnir kröfðust þess af sinni ríkisstjórn að fá skaðabætur greiddar vegna þess að þeir gátu ekkert veitt. Er það ekki einhvers virði, ef þetta er taugastríð öðrum þræði, að reyna þannig á taugar andstæðingsins? En þá mega bara taugar okkar sjálfra ekki bila um leið eða á undan, eins og virðist vera hjá þessum hv. þm.

Varðandi leyndina er því til að svara, að ég hef gefið formönnum stjórnarandstöðunnar, utanríkis- og landhelgisnefnd ítarlega skýrslu um viðræðurnar, og í þingflokkunum hafa verið gefnar skýrslur um gang viðræðna. Það er venja í alþjóðlegum samskiptum að samkomulag sé um upplýsingar hvað snertir innihald slíkra viðræðna og ekki venja að þær upplýsingar séu gefnar fyrr en niðurstaða er fengin. Og nú hefur niðurstaða fengist, upplýsingar eru gefnar, og ég sé ekki að leyndin hafi á nokkurn hátt skaðað okkar málstað nema síður væri.

Það er rætt hér um að aðstaða okkar til samninga sé engin, og vissulega er það rétt, að ef við eigum að hlíta ráðleggingum fiskifræðinga okkar um hámarksafla þorsks á þessu og næsta ári, þá er ekkert til skiptanna. Þess vegna er e. t. v. mjög einfalt að afgreiða þessa deilu við breta eða aðrar þjóðir á þann veg, að við höfum ekkert að láta og getum því ekki um neitt samið. Þetta er stefna stjórnarandstöðunnar. Allir flokkar stjórnarandstöðunnar hafa lýst þessu yfir nema fulltrúi Alþfl. nú áðan, sem sagði að rétt væri að ræða við aðrar þjóðir þótt þessi væri staðreyndin. Þarna er um nokkra breytingu að ræða á stefnumörkun þess flokks, sem ég fagna. En hvað snertir þá stefnumörkun Alþb. og Samtaka frjálslyndra og vinstri manna, að við eigum ekki að ræða við aðrar þjóðir og að við eigum ekki að leita samkomulags til lausnar deilu við aðrar þjóðir, þá vil ég segja það, að menn stinga höfðinu í sandinn.

Kostirnir eru ekki þeir, að við getum einir tekið allan afla af Íslandsmiðum án þess að horfast í augu við að aðrar þjóðir taki svo og svo mikið í óleyfi. Þetta er reynsla okkar í þrem þorskastríðum. Þetta er reynsla okkar í þessu þorskastríði. Þess vegna eru valkostirnir annars vegar samningar og hvaða magn við getum látið aðrar þjóðir fá með samningum — eða engir samningar og hvað aðrar þjóðir taka upp af Íslandsmiðum án leyfis.

Ég vil bregða því upp, að fiskifræðingar okkar segja að með ótakmarkaðri veiðisókn sé unnt að veiða hér 330—340 þús. tonn af þorski. Ég hygg að við séum meira og minna sammála um að veita öðrum þjóðum en bretum allt að 20 þús. tonna veiðikvóta. Þá eru eftir um 310 þús. tonn. Þá er spurningin hvað bretar geta tekið í leyfisleysi. Ég skal ekki leiða getum að því, en þeir segja sjálfir a. m. k. 100 þús. tonn af þorski. Þá eru eftir fyrir okkur 210 þús. tonn, en þorskafli okkar var að lágmarki til á síðasta ári 240 þús. tonn. En þessi leið hefur í för með sér hrun þorskstofnsins að áliti fiskifræðinga. Þess vegna held ég að við séum öll sammála um að þessi leið er ófær.

Við skulum gera því skóna að við förum í þá hámarkstölu þorskafla sem fiskifræðingar hafa nefnt, 280 þús. tonn á ári, og drögum frá 20 þús. tonn fyrir aðrar þjóðnr en breta. Þá eru eftir 260 þús. tonn og við gerum því skóna að bretar nái upp 100 þús. tonnum í leyfisleysi. Þá eru eftir 160 þús. tonn fyrir okkur. Þetta er óviðunandi.

Ég ætla mér ekki að gera tölur breta að mínum, og ég vona að tölur þeirra séu allt of hátt metnar. En við skulum hugsa hver fyrir sig hve mikinn afla bretar mega taka í óleyfi til þess að það borgi sig að semja við þá, vegna þess að við erum að færa út fiskveiðilögsöguna til þess að vernda þorskstofninn, og það er ekki eingöngu magn þorskaflans, sem þarna er um að ræða, heldur líka samsetning þorskaflans. Taka bretar meira upp í óleyfi af smáfiski þegar þeir sinna hvorki friðunarsvæðum né kröfum okkar um gerð veiðarfæra? Það er mjög sennilegt, og má raunar afdráttarlaust svara þeirri spurningu játandi. Þetta mælir með samningunum.

En hvers vegna er ég að ræða um þetta núna þegar við erum í raun og veru að hafna þeim hugmyndum breta sem þeir hafa sett fram? Ég

segi þetta núna og ítreka það sem ég raunar hef áður sagt, að við íslendingar eigum fremstir allra þjóða að vilja leysa okkar deilumál með samningum. Við eigum ekki eingöngu að hrósa okkur af því í orði að við séum friðelskandi þjóð, við eigum að sýna það í verki. Hitt er svo annað mál, að okkur geta verið settir svo erfiðir samningskostir að það sé ekki unnt að ná samningum. Þá tökum við upp þá baráttu sem nauðsynleg er. En hún verður að vera háð með öðrum hætti en þeim sem sumir talsmenn stjórnarandstöðunnar hafa látið í veðri vaka hér á þessum þingfundi og endranær. Við verðum að sýna jafnvægi og rósemi. Við sigrum ekki andstæðinginn með afli eða valdbeitingu. Við höfum ekki afl til þess eða vald, við skulum gera okkur grein fyrir því, en við höfum rök og rétt okkar megin, og þótt við séum minni máttar getum við einmitt leikið á þá strengi að við sigrum að lokum. Það gerum við auðvitað ekki með því að hóta öðrum vestrænum ríkjum að við segjum okkur úr lögum eða félagsskap þeirra sem við um leið erum að leita skilnings og stuðnings hjá.

Það er alveg rétt, að auðvitað er það ekki ótakmarkaður skilningur eða stuðningur sem við njótum hjá öðrum þjóðum. Við skulum gera okkur grein fyrir því, að í alþjóðlegum samskiptum hugsar hver þjóð fyrst og fremst um sjálfa sig og hvaða hagsmuni hún hefur á hverjum tíma. Við erum að þessu leyti ekkert betri eða verri en aðrar þjóðir. Ég býst við því að við gerum okkur litla grein fyrir efni og innihaldi ýmissa alþjóðlegra deilna sem við heyrum þó mikið rætt í útvarpi og frásögnum þegar þessi deilumál eru til meðferðar hjá Sameinuðu þjóðunum eða öðrum alþjóðlegum stofnunum. Við skulum því gera okkur grein fyrir því, að við þetta takmarkast stuðningur og skilningur annarra þjóða við okkar málstað.

Við erum sjálfstæð þjóð og verðum að standa á eigin fótum. Það vinnur enginn þessa baráttu fyrir okkur nema við sjálf. Það er hlálegt að heyra þá menn, sem hafa barist á móti því að varnarliðið væri í landinu og öryggi landsins tryggt og að við séum í varnarsamtökum vestrænna ríkja, segja, að eina sem dugar sé að notfæra okkur þátttöku okkar í þessum samtökum og veru varnarliðsins til þess að vinna sigur í þessu máli. Það mætti spyrja þessa menn, ef það færi eftir sem þeir segja: Vilja þeir þá skuldbinda Ísland og íslendinga til þess að vera um aldur og ævi í þessum varnarsamtökum eða hafa varnarlið hér á landi? Ég vil það ekki. Ég vil að við íslendingar vinnum þetta stríð einir með skilningi og samúð annarra þjóða og stuðningi. Ég á ekki við það, að nein þjóð geti í raun og veru staðið ein í þessum heimi, þótt við verðum fyrst og fremst að treysta á mátt okkar og megin, og þá skiptir öllu máli að halda sálarró okkar og kjarki og þolinmæði á hverju sem gengur. Við skulum aldrei slá á útrétta hönd til samninga og skoða alla þá kosti sem fyrir hendi eru til þess að ná fram friðsamlegri lausn deilumála okkar. Í því eru hagsmunir okkar fólgnir.

Útvarpsumr. lokið, en umr. um skýrsluna fram haldið.

Jónas Árnason: Herra forseti. Séra Björn á Dvergasteini var karlmenni mikið, stilltur vel jafnaðarlega, en fastur fyrir ef því var að skipta. Hann vildi að menn gerðu greinarmun á kristilegu umburðarlyndi og roluskap. Þessu mætti ekki rugla saman. Kristilegt umburðarlyndi væri dyggð, roluskapur hins vegar ekki.

Eitt sinn kom til hans maður og bar sig upp við hann út af því, að ribbaldi nokkur hafði ráðist á hann. Maðurinn lýsti því, hvernig fanturinn hafði slegið hann í andlitið og hér og þar um skrokkinn, samtals 15 högg. „Hvað mörg högg sagðirðu?“ spurði klerkur. „Fimmtán,“ sagði maðurinn. Og þá varð séra Birni á Dvergasteini að orði: „En sú stilling að standa og telja.“

Ég skal ekkert um það segja hvort séra Björn á Dvergasteini hefði orðið góður forsætisráðherra. En í því stríði, sem við íslendingar höfum átt í nú að undanförnu út af lífsbjörg okkar, þá hef ég — það verð ég að játa, — þá hef ég oft saknað þess að núv. hæstv. forsrh. þessarar þjóðar sýndi þess merki að hann ætti tengsl að rekja til kempunnar á Dvergasteini. Mig grunar að svo framarlega sem séra Björn á Dvergasteini hefur aðstöðu til þess að fylgjast með háttalagi hæstv. forsrh. í þessu stríði, þá mun hann telja að þar hafi heldur betur ruglast saman þeir eiginleikar sem ég var að nefna.

Svo mikið er víst, að sú einurð og festa, sem þjóðin sjálf sýnir í þessu stríði, sbr. margítrekaðar og skýlausar kröfur almennings, fólks úr öllum stjórnmálaflokkum, þess efnis, að hvergi verði hopað fyrir ribbaldahætti breskra stjórnvalda og þeirra sjóræningja sem þau hafa sent á Íslandsmið, — sú einurð og festa er ekki til komin fyrir fordæmi, fyrir eitthvert lýsandi fordæmi æðstu valdamanna, allra síst mesta valdamanns þjóðarinnar, forsætisráðherrans, heldur þvert á móti. Þvert á móti er þessi festa og einurð til komin þrátt fyrir það að forsrh. og hans nánustu samstarfsmenn hafa hagað þannig aðgerðum sínum og málflutningi að svo hefur virst sem þeim væri mest í mun að draga kjark úr þjóðinni, telja henni trú um að hún ætti einskis annars kost en að beygja sig fyrir ofbeldinu. Öllum þessum úrtölum hefur þjóðin hins vegar svarað líkt og Grettir karlinn forðum. „Eigi skal skuturinn eftir liggja ef allvel er róið í fyrirrúminu.“

Er ekki óþarfi að minna menn á það, hve oft hæstv. forsrh. og þeir aðrir í fyrirrúminu hafa beinlínis kveinkað sér undan því hversu fast er róið í skut, jafnvel stundum sent út af þessu kaldar kveðjur aftur í skutinn? Dæmi um slíkt eru mörg, mýmörg, því miður, t. a. m. athugasemdir innan háðsmerkja um „svonefnt almenningsálit“, þegar úr öllum áttum drífur að harðorð mótmæli frá samtökum alþýðunnar gegn undanslætti. Einna mest held ég lágkúran hafi orðið í viðbrögðum þeirra fyrirrúmsmanna þegar suðurnesjamenn og þ. á m. ýmsir þekktir flokksmenn núv. hæstv. forsrh., þegar þeir fylgdu eftir kröfum sínum í þessu efni og lýstu jafnframt óbeit sinni á þeirri hræsni og tvískinnungi, sem svonefndar vinaþjóðir okkar í NATO hafa sýnt í sambandi við þetta mál, með

því að loka samgönguleiðum að herstöðinni á Miðnesheiði. Hæstv. forsrh. kom þá fram í sjónvarpi og leyfði sér að saka þá suðurnesjamenn um þjóðhættulegt athæfi! Þeir væru með þessu að magna upp einhver „einræðisöfl“ og stofna þannig í hættu sjálfu lýðræðinu! Mátti reyndar varla á milli sjá hvort þyngra vó í þessum viðbrögðum, takmarkalaus virðingin fyrir þeirri heilögu kú, sem heitir NATO, eða einfeldni í hugsun. ..

Þá er það staðan í málinu — landhelgismálinu — eftir skýrslu hæstv. forsrh.

Enn vilja þeir í fyrirrúminu fara að gera ofríkismönnunum tilboð. Hæstv. utanrrh. orðaði þetta áðan eitthvað á þessa leið: Við viljum sýna að við viljum tala við alla þá sem vilja við okkur tala. — Tala um hvað? Erum við ekki allir sammála um það, að það sé enginn þorskur til skiptanna? Til hvers ætti þá að gera bretum þetta tilboð upp á þrjá mánuði? Hverjar gætu orðið afleiðingar þess? Minn grunur er sá að með þessu mundi hefjast nýtt þóf, frekari svonefndar „athuganir“ og á meðan fengju bretar næði til þess að stunda ránskap sinn á miðum okkar, kannske alveg til vors, þegar þeir væru sloppnir út úr íslensku vetrarveðrunum.

Að sjálfsögðu eigum við aðeins einn kost: láta þessu lokið, láta lokið þessu þófi, tilkynna að við ræðum ekki frekar við breta, og búum okkur til aðgerða, búum okkur til átaka. Sumir hafa reynt að gera lítið úr gildi þess að við eflum landhelgisgæslu okkar með því t. d. að bæta í hana einhverjum af stóru, nýju skuttogurunum sem hafa allt upp í 17 mílna gang, svona álíka og bresku dráttarbátarnir. „Þetta gagnar ekkert,“ segja úrtölumenn. „Móti hverju slíku skipi munu bretar bara senda nýja freigátu.“

Kannske er þetta það fáránlegasta af öllu því fáránlegu sem maður heyrir í röksemdum úrtölumanna. Eða dettur nokkrum manni í hug að breskum stjórnvöldum muni haldast það uppi gagnvart breskum skattgreiðendum, að maður ekki tali um almenningsálitið í heiminum, mannorð breta, — að þeim mundi haldast það uppi að senda hingað upp á Íslandsmið kannske 4 eða 5 freigátur til viðbótar þeim sem þeir hafa haft hér í vetur til verndar veiðiþjófum sínum og til viðbótar dráttarbátunum 4 eða 5, sem eru reyndar í eigu sömu manna og eitt af bresku togarafélögunum, þannig að breskir skattgreiðendur verða að reiða fram of fjár beint ofan í vasa þessara manna fyrir það að þeir halda úti sínum eigin skipum, til þess að vernda veiðiþjófnað sinna eigin skipa? Þegar svo væri komið, ætli geti þá ekki skeð að breskum skattgreiðendum þætti nóg um, að ég ekki tali um almenningsálitið í heiminum, mannorð breta? Ætli gæti ekki skeð að breskum almenningi færi þá að blöskra verðið á hverjum þorski sem veiddur væri við þessar aðstæður, — blöskra þetta svo mjög að breskum stjórnvöldum héldist þetta ekki uppi lengur? Raunar telja kunnugir að hið gamla flotaveldi Jóns Bola sé nú þannig á sig komið að það sé af og frá að Jón Boli sé þess megnugur að auka hið allra minnsta freigátuútgerð sína á Íslandsmiðum. Ég vil skjóta því inn í svona til gamans, að nú fyrir nokkru komu opinberlega fram áhyggjur út af því á Bretlandi að freigátuútgerðin, eins og hún hefur verið stunduð hér á Íslandsmiðum í vetur, kynni að valda því að ekki væru tiltækar freigátur til þess að fylgja Elísabetu drottningu þegar hún fer í opinbera heimsókn vestur til Kanada nú alveg á næstunni og þar með væri stefnt í hættu heiðri og sóma bresku krúnunnar.

Bretar tala að vísu digurbarkalega um það, hvað þeir muni drepa mikinn þorsk fyrir okkur ef við göngum ekki að kröfu þeirra, og því miður hafa þessar hótanir fengið stuðning í röðum okkar íslendinga sjálfra, sbr. ræður beggja ráðh. hér áðan.

Ég vil hér gera athugasemd út af því, sem hæstv. utanrrh. sagði um þann háska sem fylgir átökunum á miðunum okkar. Vissulega væri hörmulegt ef til slysa leiddi, en ábyrgðina á þeim slysum mundu auðvitað engir aðrir bera en þeir sem hafa stofnað til þessara átaka, bresk stjórnvöld, breska útgerðarauðvaldið.

Nei, ef við tökum ærlega til hendinni varðandi landhelgisgæsluna og bætum í hana skipum, eins og ég var að tala um, ætli það gæti þá ekki skeð að bretar fengju sig fullsadda af brambolti sínu hér á þessum veðrasömu miðum okkar? Ég er ekki í neinum vafa um þetta. Ég er ekki í neinum vafa um það, að við getum takmarkað svo afla þeirra og gert þeim yfirleitt svo erfitt fyrir eða, m. ö. o. við getum háð svo magnað taugastríð gegn þeim með aðstoð vetrarveðráttunar hér, að jafnvel þó að þeir gæfust ekki upp núna í vetur, þá mundi veitast mjög erfitt ef ekki ómögulegt að fá breska togaramenn til þess að leggja út í veiðiskap á Íslandsmiðum enn einn vetur til viðbótar. Ég tel að við getum séð til þess að þetta verði síðasti veturinn sem ráðsmenn breska togaraauðvaldsins angra okkur íslendinga með nærveru sinni.

Þetta skilur þjóðin, hygg ég. Þetta skilja þeir sem í skutnum róa. Það sýna allar ályktanirnar og aðrar aðgerðir, sem samtök alþýðu hafa beitt sér fyrir. Spurningin er bara, hvernig róið verður í fyrirrúminu. Eitt er alveg víst, að ef þar verður róið jafnslælega og nú að undanförnu, þá mun enn magnast sú krafa þjóðarinnar, sem þegar er orðin ærið áberandi, að þar setjist nýir menn undir árar.

Ég vitnaði í upphafi ræðu minnar í klerkinn á Dvergasteini. Forsrh. okkar hefur sí og æ í þessu stríði og nú síðast í ræðu sinni áðan verið að flytja þjóðinni þann boðskap, að í þessu stríði sé óráðlegt að beita þeim vopnum sem líklegust væru til þess að knýja andstæðinga okkar til undanhalds. Ekki sýna taugaveiklun, sagði ráðh. Það, sem hann meinar, er þetta. Ekki raska ró þess herveldis sem hér hefur fengið ítök undir því yfirskini að það sé að vernda okkur íslendinga gegn ofríki. Ekki ónáða NATO-liðið á Miðnesheiði þó að NATO-herskip riðlist fram og aftur um fiskimið okkar til verndar þeim sem eru að ræna frá okkur lífsbjörginni. Ekki svo mikið sem láta í það skína að við kunnum að segja skilið við þetta hernaðarbandalag sem lætur þá ósvinnu viðgangast að tveir af voldugustu aðilum þess höggva hvað

eftir annað að rótum sjálfrar tilveru þeirrar þjóðar sem byggir þetta hrjóstruga land. Ekki einu sinni slíta stjórnmálasambandi við þau stjórnvöld sem belgja sig upp af freigátuhroka þegar við snúumst til varnar lífshagsmunum okkar, sjálfri undirstöðu þjóðartilveru okkar, — halda við þau „eðlilegu sambandi", eins og það er kallað, — umfram allt halda við þau „eðlilegu sambandi", jafnvel eftir að þessi stjórnvöld hafa í raun og veru lýst því yfir að þau séu staðráðin í því að gera það sem í þeirra valdi stendur til þess að ránsmönnum breska togaraauðvaldsins megi takast að gera út af við þorskstofninn okkar, svo framarlega sem við glúpnum ekki fyrir hótunum.

Sýna stillingu, segir hæstv. forsrh. Við verðum umfram allt að sýna stillingu. — Mér er sem ég heyri hann séra Björn á Dvergasteini segja: „En sú stilling að standa og telja."

Umr. frestað.

Sameinað þing, 46. fundur.

Miðvikudaginn 4. febr., kl. 2 miðdegis.

Skýrsla forsætisráðherra um viðræður við breta um fiskveiðideiluna og umræða um hana. — Frh. umr.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Á fundi Sþ. í gær gerði hæstv. forsrh. grein fyrir viðræðum sínum við forsrh. Bretlands um fiskveiðideilu breta og íslendinga. Hann gerði þar einnig grein fyrir þeim tilboðum sem fram hefðu komið af breta hálfu, — tilboðum sem voru þess eðlis að ríkisstj. þurfti eina viku til þess að hugsa sig um hvort hyggilegt væri að taka tilboðunum.

Við þær umræður, sem fram fóru í gær, kom ýmislegt athyglisvert fram, en enn þarf þó nokkru þar við að bæta.

Hvert var tilboð Wilsons forsrh. Bretlands? Í skýrslu, sem gefin var landhelgisnefnd og hv. utanrmn., er gerð grein fyrir því hvert það tilboð var sem Wilson gerði og má segja að gengið hafi lengst. Það var á þá leið, að íslendingar ákvæðu hámarksafla hér við land, og þá er fyrst og fremst átt við hámarksafla þorsks, og síðan fengju bretar 30% af þeim hámarksafla. Miðað við að hámarksaflinn sé skilgreindur sem 230 þús. tonn verða þetta 69 þús. tonn og miðað við að hámarksaflinn sé skilgreindur sem 240 þús. tonn verða þetta 72 þús. tonn. Nú munu að vísu hafa verið nefndar aðrar tölur í þessu sambandi, og í grg. sinni í gær mun hæstv. forsrh. hafa nefnt töluna 28%. Er mér ekki alveg ljóst hvernig hún er fengin því að hún kemur ekki fram í skýrslu forsrh. til utanrmn. og landhelgisnefndar, svo að þetta er svolítið ruglingslegt, en að sjálfsögðu skiptir þetta atriði ekki miklu máli. Það virðist ljóst að viðmiðunartölurnar eru eitthvað mismunandi og þar af leiðandi prósenttölurnar eitthvað mismunandi. Hér er verið að tala um þorskafla sem er einhvers staðar í kringum 70 þús. tonn, og þar til viðbótar kemur afli sem fólginn er í öðrum fisktegundum, þannig að talan er komin fast að 85 þús. tonnum þegar allt er talið, en það er einmitt sú tala sem Ríkisútvarpið nefndi upphaflega að fælist í þessu tilboði breta, en bretar neituðu fyrst í stað. Virðist hafa komið á daginn að sú tilgáta hafi verið rétt.

Þetta er sem sagt það tilboð sem bretar gáfu og má segja að nemi einhvers staðar í kringum 85 þús. tonn, — tilboð sem var þess eðlis að dómi hæstv. forsrh., að hann þurfti heila viku til þess að hugsa sig um hvort hann ætti að mæla með því við sinn flokk og flokkurinn að komast að niðurstöðu. Það er alveg ljóst af þessu, alveg ljóst af þeim gríðarlega langa tíma sem leið frá því að forsrh. kom heim og þar til svör hans lágu skýr fyrir, að hann hefur verið tölu-vert á báðum áttum, og það er bersýnilegt að það er fyrst þegar hæstv. dómsmrh. Ólafur Jóhannesson tekur af skarið og reynist ekki tilbúinn að samþ. þetta tilboð breta vegna mikils þrýstings sem hann verður var við úr ýmsum áttum, frá flokksmönnum sínum og frá landsmönnum flestum, að þá getur hæstv. forsrh. loksins komist að þeirri niðurstöðu, að tilboð breta sé óaðgengilegt. Síðan hafa allir flokkar lýst því yfir, að það hljóti að vera niðurstaðan, tilboðið sé óaðgengilegt, og sérstaklega hefur verið á það bent, að tilboð, sem feli í sér að bretar fái ákveðið hlutfall af heildaraflanum hér við land, sé fráleitt með öllu.

En nú er það stóra spurningin í þessu máli sem ég vil gera alveg sérstaklega að umtalsefni. Hvaða tilboð gerði hæstv. forsrh. sjálfur í London? Ég býst við að öllum hv. alþm. sé kunnugt um það, að forsrh. neitaði því fyrst í stað að hann hefði gert nokkurt tilboð í London. Hann hefur enga grein gert fyrir því opinberlega hver hafi verið hans málflutningur í London, fyrir utan almenn fiskifræðileg rök, og hefur gagnvart fjölmiðlum haldið fast við sinn fyrri framburð, að hann hafi engin tilboð gefið í London. Flestir munu þó telja mjög ólíklegt að þetta geti verið rétt, og flestir munu draga það í efa. Ég tel að það sé alveg óhjákvæmilegt, að það komi skýrt fram í þessum umr. að hæstv. forsrh. gerði tilboð í London. Hæstv. forsrh. hefur gefið utanrmn. og landhelgisn. skriflega skýrslu um viðræðurnar í London. Upphaflega var innihald þessarar skýrslu trúnaðarmál og var það rökstutt með því, að stjórnarflokkarnir ættu eftir að taka afstöðu til þess sem fram hefði komið í London, og eins hinu, að það væri ekki viðkunnanlegt að birta hér á Íslandi grg. um viðræðurnar meðan bretar hefðu ekki gert slíkt hið sama og því væru það samantekin ráð, að þessi mál lægju í þagnargildi þar til þessi ríki hefðu næst haft samband sín í milli eða forsrh. fyrir þeirra hönd.

Nú hafa stjórnarflokkarnir tekið afstöðu í þessu máli. Forsrh. hefur svarað forsrh. Bretlands. Það er því ljóst að sá tími er liðinn að þessi skýrsla geti talist trúnaðarmál, enda hefur hæstv. forsrh. gert Alþ. grein fyrir meginefni þessarar skýrslu. Hitt er mergurinn málsins, að sú skýrsla, sem hann hefur gefið hér á hv. Alþ., er ekki alveg eins nákvæm og sú skýrsla, sem hann gaf utanrmn. og landhelgisnefnd, og þ. á m.

er frásögnin um það tilboð sem hæstv. forsrh. gerði í London. Vil ég nú víkja að þessu tilboði.

Ég sé, að hæstv. forsrh. hefur brugðið sér frá, og verð eindregið að óska eftir því að hæstv. forseti geri ráðstafanir til þess að hann verði hér viðstaddur, þar sem málið snertir hann svo mjög að óhjákvæmilegt er að hann sé hér nærstaddur.

Það tilboð, sem hæstv. forsrh. virðist hafa gert í London, kemur fram á bls. 11 í þeirri skýrslu sem hann gaf utanrmn. og landhelgisnefnd, og með leyfi forseta hljóðaði það svo:

„Wilson spurði, hvort nú væri verið að ræða um að veiðum breta við Ísland væri lokið eftir tvö ár. Geir svaraði, að búist væri við að Hafréttarráðstefnan hefði lokið störfum á því tímabili og yrðu veiðar breta þá við Island á gagnkvæmisgrundvelli. Wilson sagði, að með því að skipta fyrirhugaðri aflalækkun til helminga milli landanna, eins og Geir Hallgrímsson hefði minnst á, mundu bretar einungis fá 53 þús. tonn á ársgrundvelli og væri það algjörlega óaðgengilegt af breta hálfu.“ — Ég les þessa setningu aftur: „Wilson sagði,“ þetta er það sem forsrh. skýrir utanrmn. og landhelgisnefnd frá, „að með því að skipta fyrirhugaðri atlalækkun til helminga milli landanna, eins og Geir Hallgrímsson hafði minnst á, mundu bretar einungis fá 53 þús. tonn á ársgrundvelli og væri það algjörlega óaðgengilegt af breta hálfu. Geir minnti á, að það væru aðrar tegundir en þorskur í sjónum við Ísland, en þorskur hefði undanfarið verið um 80% af afla breta af Íslandsmiðum og yrði í hugsanlegu samkomulagi að taka fram hversu mikið magn af þorski mætti veiða. Wilson kvaðst ekkert hafa á móti því að fá aðrar fisktegundir til viðbótar við þorskafla breta ef niðurskurður væri á prósentugrundvelli miðað við aflamagn, t. d. 1974 eða 1975. Geir sagði, að við gætum ekki samþykkt sömu prósentulækkun og vitnaði í forgangsrétt strandríkisins“ o. s. frv.

Ég les ekki þetta lengra, enda gerist þess ekki þörf. Hér kemur alveg skýrt og greinilega fram, að hér eru forsrh. að gera hvor öðrum tilboð. Í skýrslunni er það að vísu haft eftir Wilson hvert tilboð Geirs Hallgrímssonar hafi verið. En það er út af fyrir sig ekki lélegri vitnisburður um tilboð hæstv. forsrh. Geirs Hallgrímssonar, þar sem það er hæstv. forsrh. sjálfur, Geir Hallgrímsson, sem hefur þetta eftir Wilson.

Ég vek alveg sérstaklega athygli á því, ef menn kynnu kannske að vilja líta svo á að Wilson hafi mistúlkað eitthvað það, sem hæstv. forsrh. Geir Hallgrímsson hafi sagt í viðræðunum, og þannig megi skilja þessa setningu að hún sé ekki algjörlega rétt eftir hæstv. forsrh. höfð, að þá bendi ég á að setningin er alls ekki þannig orðuð að hún sé öll höfð eftir Wilson. Það er aðeins fyrri hluti setningarinnar sem hafður er eftir Wilson: „að með því að skipta fyrirhugaðri aflalækkun til helminga milli landanna“. Það er þetta sem er haft eftir Wilson, en framhaldið: „eins og Geir Hallgrímsson hafði minnst á“, er greinilega það sem skýrsluritari hefur til málanna að leggja. Ef ekki væri svo hefði hér verið þannig tekið til orða: „ eins og Geir Hallgrímsson hefði minnst á“. Ég vona að menn geri sér grein fyrir því, að viðtengingarhátturinn hefði þarna haft nokkra þýðingu, en hér um framsöguhátt að ræða, sem segir skýrt að hér sé einungis verið að segja það sem hæstv. forsrh. hafi boðið í viðræðunum.

Til frekari skýringar er rétt að benda hv. þm. á það, að sú hugmynd, sem hæstv. forsrh. virðist hér hafa varpað fram, er sama hugmyndin og hann gerði grein fyrir í umr. hér á Alþ. í gær, en þar sagði hann að ein sú hugmynd, sem fram hefði komið, væri sú að um jafna aflaminnkun væri að ræða af hálfu beggja þjóðanna. Þetta er nákvæmlega sama hugmyndin. Hann gerði reyndar enn gleggri grein fyrir henni hér í gær með því að segja, að ef miðað væri við að þjóðirnar hefðu veitt mest 340 þús. tonn, en hámarksaflinn yrði ákveðinn 265 þús. tonn og 20 þús. tonn væru ætluð öðrum þjóðum, þá kæmi þarna út mismunur sem næmi 95 þús. tonnum. Það væri sá afli sem þessar tvær þjóðir yrðu að skera niður sameiginlega og kæmu því 47 500 tonn í hlut hvorrar þjóðar. Miðað við það að bretar veiddu 100 þús. tonn á s. l. ári kemur út talan 52 500 eða nákvæmlega sama talan og hér er sögð eftir Geir Hallgrímssyni. Það er rétt að gera einnig grein fyrir því, að þetta er sá útreikningur sem kemur mjög berlega fram í einu af þeim fskj. sem fylgja skýrslu hæstv. forsrh. til landhelgisnefndar og utanrmn.

Sem sagt, ég tel að enda þótt allir hv. alþm. hafi ekki fengið þessa skýrslu í hendur þá hafi ég gert nægilega grein fyrir því hér, að skv. þessari skýrslu hefur hæstv. forsrh. gert bretum tilboð um að þeir mættu veiða á einu ári 53 þús. tonn af þorski, og miðað við það, að alltaf hefur verið gengið út frá því a. m. k. fimmtungi meira slæddist af öðrum fisktegundum en þorski, þá væri hér um að ræða u. þ. b. 65 þús. tonna afla, sem verið er að tala um, jafnvel meira, 65—68 þús. tonna afla.

Nú er rétt að rifja það hér upp, að hæstv. forsrh. lýsti því yfir í lok s. l. árs, að tilboðið um 65 þús. tonn til handa breskum veiðiskipum hefði verið dregið til baka. Seinast í gær lýsti hæstv. utanrrh. Einar Ágústsson yfir að 65 þús. tonna tilboðið hefði verið tekið til baka. Samt liggur það á borðinu að þetta sama tilboð hefur verið gert í viðræðunum við breta.

Ég held því að ekki sé vanþörf á því að hæstv. forsrh. bæti úr þeim upplýsingaskorti, sem hér er greinilega á ferðinni, og hann geri hv. alþm. nánari grein fyrir því, hvað hann hefur boðið í London, og ræði þá þessi mál af fyllstu hreinskilni.

Ég tel að það hljóti að koma í hlut fleiri aðila að gera grein fyrir afstöðu sinni til þessa tilboðs hæstv. forsrh. Geirs Hallgrímssonar. Ég vil eindregið mælast til þess við hæstv. dómsmrh. Ólaf Jóhannesson, að hann skýrði hv. alþm. frá því, hvort hann hafi vitað fyrir fram um að hæstv. forsrh. mundi gera þetta tilboð, sem ég hef hér gert grein fyrir, og hvort hann hafi þá verið samþykkur því að þetta tilboð væri gefið. Ég vil einnig spyrja hæstv. utanrrh. að því, hvort hann hafi vitað fyrir fram um, að þetta tilboð yrði gefið í þessum samningaviðræðum, og hvort hann hafi verið því samþykkur, vegna þess að þau orð, sem hann lét falla í umr. í gær, gengu í þveröfuga átt, eins og menn munu minnast, — þveröfuga átt.

Ég vænti þess fastlega að öðrum þm. en hæstv. forsrh. sé ljóst að það tilboð, sem hann gerði í samningaviðræðunum í London, var ekki síður fráleitt en það tilboð sem Wilson gerði og hér hefur verið hafnað. Þetta tilboð gerir sem sagt ráð fyrir því að við íslendingar og bretar skerum niður aflamagn okkar um jafnmikið magn. Við, sem veiðum 230 þús. tonn á ári, eigum að skera okkar afla niður um 47 500 tonn. Með þessu tilboði erum við sem sagt að bjóða það fram, að gerður verði samningur sem skuldbindi okkur sjálfa um að skera niður aflamagn okkar að ákveðnu marki.

Ég vona að sem flestum hv. þm. sé ljóst að það er ekki nema ein regla sem hægt er að hafa til viðmiðunar í sambandi við veiðar hér við land, þ. e. kanadíska reglan. Það er sú eina regla sem við getum og megum samþ., — sú regla að strandríkið hafi forgangsrétt, að strandríkið fái fyrst aflaþörf sinni fullnægt og þá a. m. k. því aflamagni sem viðkomandi strandríki hefur veitt á undanförnum árum, en sé þá eitthvað til skiptanna, þá komi erlend ríki fyrst til greina þegar þörf strandríkisins hefur verið fullnægt. Þetta er sú eina regla, sem við megum samþ. Og það vill ósköp einfaldlega svo til, að hér á Íslandi leiðir þessi regla til þess að erlendar þjóðþjóðir fái engan afla hér við land. Það er einmitt af þessari ástæðu sem við alþb.-menn og reyndar stjórnarandstöðuflokkarnir allir höfum tekið þá afstöðu að samningar við erlend ríki eigi engan rétt á sér. Þessa reglu verðum við að leggja höfuðáherslu á, og við verðum að gera allt sem í okkar valdi stendur til að innræta hana með öðrum þjóðum, öðrum ríkjum.

Ég lít svo á að landhelgisdeilan sé ekki fyrst og fremst spursmál um það hvort íslendingar eða bretar veiða nokkrum tugum þús. tonna meira eða minna hér við land. Ég tel að það atriði, sem öllu skiptir í landhelgisdeilunni, sé hvaða fordæmi við sköpum í sambandi við frekari þróun þessa máls á alþjóðavettvangi og hvort við erum að búa í haginn fyrir framtíðina eða að eyðileggja fyrir okkur hvað framtíðina snertir. Ég tel að það skipti sem sagt öllu máli hvort við stöndum við þann málstað, sem við erum að berjast fyrir á alþjóðlegu Hafréttarráðstefnunni, eða hvort við ætlum að svíkja samstarfsríki okkar þar. Ég tel að okkur beri skylda til að heyja þessa baráttu af fullri hörku og með öllum þeim vopnum sem við höfum yfir að ráða, án þess að svíkja okkar eigin málstað og málstað þeirra ríkja sem eins og við eiga lífshagsmuni sína undir því komna að á Hafréttarráðstefnunni verði ekki það ofan á að fiskiflotar stórveldanna haldi rétti sínum til að veiða á þeim svæðum þar sem þeir hafa veitt á undanförnum áratugum.

Hæstv. forsrh. ræddi í gær um þau úrræði sem við íslendingar gætum hugsanlega gripið til, og hann minntist í því sambandi á þær kröfur sem fram hafa verið bornar um lokun herstöðvarinnar í Keflavík og úrsögn Íslands úr NATO. Hæstv. forsrh. leist ekki sérlega vel á þær kröfur. Í því sambandi veittist hann sérstaklega að okkur alþb.-mönnum og undraðist að við skyldum leyfa okkur að tengja saman þessi tvö mál, landhelgismálið og herstöðvamálið, þar sem við hefðum alltaf verið eindregnir andstæðingar herstöðvanna hér á landi og eindregið fylgjandi því að herinn færi hið fyrsta úr landi, hvað svo sem öðrum málum liði.

Það, sem við alþb.-menn höfum sagt í þessu sambandi, er að sjálfsögðu að herinn eigi að fara, það sé ekkert gagn að herstöðvunum hér, en þeim fylgi margvísleg spilling, margvíslegt tjón fyrir íslenskt þjóðlíf og að það sé vansæmandi fyrir íslendinga sem sjálfstæða þjóð að hafa erlendan her í landinu. Við bætum því hins vegar við, að atburðirnir, sem gerst hafa í landhelgismálinu, hafa sýnt okkur og sannað það, sem við höfum löngum haldið fram, að það sé ekkert gagn í þessum erlenda her. Við teljum að landhelgismálið sé, ef svo mætti segja, lokasönnunin fyrir þá sem hafa kannske verið tregir til að skilja eðli þessa máls. Þess vegna er það krafa okkar einmitt í eðlilegu framhaldi af landhelgismálinu ítrekuð krafa að sjálfsögðu, að menn komi sér saman um að loka herstöðvunum hér á landi, ekki aðeins að hóta því að loka herstöðvunum, heldur að loka þeim fyrir fullt og allt. Það er okkar afstaða. Ég veit vel að fram hafa komið kröfur um að við ættum að láta herinn fara. Það er krafa sem blað okkar, Þjóðviljinn, hefur að sjálfsögðu vakið athygli á og talið gleðilegan vott þess að menn væru kannske að öðlast ofurlítinn skilning á eðli þessara svokölluðu varna hér á landi. En það þýðir ekki að við höfum orðað kröfur okkar á þennan veg. Okkar krafa er alveg hrein og klár: að herinn og herstöðvarnar víki af landinu og menn dragi réttar ályktanir af því sem hefur verið að gerast undanfarnar vikur og undanfarna mánuði. Um leið teljum við að brottför hersins og lokun herstöðvanna væri alvarleg áminning til Atlantshafsbandalagsins og henni mætti gjarnan fylgja hótun um úrsögn úr Atlantshafsbandalaginu, — hótun sem yrði að veruleika ef ekki yrði nein breyting á afstöðu NATO-ríkjanna og þá einkum NATO-ríkisins Bretlands til íslendinga.

Ég vil svo að lokum aðeins segja það eitt um það tilboð, sem seinast hefur verið gert til breta, að mér sýnist ekki að það sé ýkjamiklu álitlegra en þau tilboð sem áður hafa verið gerð af hálfu íslensku ríkisstj. Ég lít svo á að íslendingar hafi ekki þörf fyrir að gera samkomulag við breta, en aftur á móti séu bretar í mjög brýnni þörf — mjög brýnni innri þörf að fá þetta mál út úr heiminum. Það er enginn vafi á því að forsrh. breta, Wilson, á í mjög ört vaxandi erfiðleikum með þetta mál og að almenningsálitið í Bretlandi er hægt og þétt að snúast okkur í vil. Ég er því ekki í nokkrum vafa um það, að vopnahlé í brjá mánuði hér á miðunum er fyrst og fremst bretum í hag. Vetrartíminn, sem nú stendur sem hæst, er mjög erfiður fyrir breta. Ég tel því að það sé raunverulega að losa breta úr mestu klemmunni, bjarga þeim yfir erfiðasta tímann með því einmitt að gera núna bráðabirgðasamkomulag til þriggja mánaða og reyndar sé þá hætt við að sá samningur, sem væntanlega fylgdi í kjölfar bráðabirgðasamkomulagsins, yrði varla betri eftir að bretar væru sloppnir úr mestu klemmunni. Ég er ansi hræddur um að bráðabirgðasamkomulag við breta sé yfirlýsing af hálfu íslensku ríkissti. að hún sé tilbúin að veita þeim undanþáguheimildir á Íslandsmiðum á næstu árum.

Það, sem mest ríður á að erlendar þjóðir skilji, er að veiðum þeirra hér á Íslandsmiðum verður að ljúka. Því fyrr sem þær skilja þetta, því betra. Eina leiðin til þess að koma þeim í skilning um þetta atriði er að segja við erlend ríki í eitt skipti fyrir öll: Það verða engir samningar gerðir. — Það má vel vera að það taki sinn tíma að koma öðrum þjóðum í skilning um þetta og að þeim takist að kroppa upp á Íslandsmiðum nokkurn afla, en þá verður að hafa það. Aðalatriðið er að við gerum allt, sem í okkar valdi stendur, til þess að koma þeim í skilning um þetta meginatriði landhelgismálsins með því að hafna öllum frekari samningum. Þessi stefna er um leið nauðsynleg til þess að styrkja þá stefnu á alþjóðlegu Hafréttarráðstefnunni, að strandríki eigi að hafa algjöran forgang í 200 mílna lögsögu sinni.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að leiðrétta þegar síðasta ræðumann. Hann vitnaði í skýrslu um viðræðurnar í London sem lögð var fram sem trúnaðarmál á fundi utanrmn. og landhelgisnefndar. Ég lít svo á að þessi skýrsla sé trúnaðarmál þar til búið er að aflétta þeim trúnaði á þeim sama vettvangi og skýrslan er fram lögð og því sé ekki rétt að vitna til hennar eins og hún liggur fyrir, heldur þeirrar skýrslu er ég gaf hér í gær. Ég segi þetta ekki vegna þess að ég biðjist undan að gefa skýringu á þeim ummælum sem hann vitnaði til, þar sem mín var getið, heldur miklu fremur vegna hins, að þegar við eigum í viðræðum við aðra þjóð, þá er eðlilegt að frásögn af þeim viðræðum sé allnákvæm sem trúnaðarmál. En aðrar þjóðir verða og hljóta að geta treyst því, að í það, sem fram fer á viðræðufundum, sé ekki vitnað í umr. um málið á seinni stigum. Það, sem máli skiptir, eru niðurstöður viðræðnanna og í þær er sjálfsagt að vitna. Ég endurtek: Ég finn ekki að þessu hjá síðasta hv. ræðumanni, Ragnari Arnalds, mín vegna, heldur vegna þess að ég tel að okkur sé nauðsyn að gæta ákveðinna reglna í viðskiptum við aðrar þjóðir þótt þær séu okkur andstæðar og málflutningur þeirra okkur á móti skapi og léttvægur að rökum að okkar mati.

Það er í fyrsta lagi fundið að því, að ég hafi sagt að þegar Hafréttarráðstefnan hefði lokið störfum yrðu veiðar breta við Ísland á gagnkvæmisgrundvelli. Ég held að þetta liggi í augum uppi. Þá er ekki um neinar veiðar breta við Ísland að ræða nema við óskum eftir veiðum okkur til handa innan breskrar fiskveiðilögsögu, og þá er það mat á hagsmunum íslendinga hvort um slík gagnkvæm veiðiréttindi yrði samið.

Í öðru lagi er fundið að því, að ég hafi minnst á að skipta fyrirhugaðri aflalækkun til helminga milli landanna, og dregin af því sú ályktun að í því felist tilboð af minni hálfu eða íslendinga. Þetta er fjarri öllu lagi og öllum sanni og hreinn útúrsnúningur. Það, sem barna á sér stað í viðræðunum, er að það er verið að varpa fram ýmsum möguleikum og útreikningsaðferðum og m. a. svokallaðri prósentureglu og jafnri aflaminnkun beggja þjóðanna. Fyrir þessu gerði ég grein í skýrslu minni í gær. Þar sem hv. þm. vitnar í bls. 11 í skýrslu sem lögð var fram í utanrmn., þá er líka sagt á bls. 12 að ég hafi farið í stórum dráttum yfir ýmsar hugmyndir, sem ræddar höfðu verið og lagt fram fylgiskjal til fyllri skýringar á afstöðu íslensku sendinefndarinnar. Þetta fylgiskjal las ég upp frá byrjun til enda á fundinum í gær. Því lýkur, að því er varðar jafna aflaminnkun breta og íslendinga, á því, að sem fyrr geri þessi regla ekki ráð fyrir forgangsrétti strandríkis og sé því ekki aðgengileg. Ég held að fátt sýni meiri málefnafátækt hv. þm. en að byggja ræðu sína á þessu.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Hv. þm. Ragnar Arnalds beindi til mín fsp. sem sjálfsagt er að svara.

Ég álít að fsp. sé byggð á röngum forsendum. Því var lýst yfir, áður en forsrh. fór í þessa för, að þar væri aðeins um könnunarviðræður að ræða. Þar af leiðir að ekki hafa getað verið sett fram nein tilboð í þessum viðræðum, og það álít ég skýrsluna bera fullkomlega með sér. Það gefur auga leið, að þegar um könnunarviðræður er að tefla, þá tala menn vítt og breitt og nefna sitt hvað án þess að þar sé um nokkrar skuldbindingar að ræða. Ég vil láta það koma fram, að ég álít að hæstv. forsrh. hafi algjörlega staðið við og fylgt því umboði, eða það er kannske réttara að segja umboðsleysi sem hann hafði í þessum viðræðum, þ. e. a. s. að hann hafi komið heim án þess að semja um eitt eða neitt eða gera tilboð í eina eða aðra átt. Þetta held ég að hv. þm. hljóti að sjá við athugun.

Fyrst ég er staðinn hér upp, eins og menn segja nú gjarnan, þá er e. t. v. rétt að ég bæti tveimur eða þremur athugasemdum við.

Ég vil leiðrétta þann misskilning, sem kom fram í máli tveggja hv. þm. hér í gær, að það hafi ekki verið haldið uppi löggæslu á fiskimiðunum, eða eins og þeir orðuðu það, að það væri ríkjandi hér eins konar vopnahlé. Sannleikurinn var sá, að haft var það form á að togararnir voru ekki áreittir einn dag eða réttara sagt ekki höfð afskipti af þeim. Það var á laugardaginn, fyrsta viðræðudaginn í London. Á þeirri ákvörðun ber ég ábyrgð. Ég taldi eðlilegt að forsrh. væri gefið tóm til þess að hefja þessar viðræður án þess að átök ættu sér stað á miðunum fyrsta daginn og honum gæfist m. a. tóm til að setja fram þá kröfu okkar íslendinga að togararnir hlýddu fyrirskipunum varðskipa. Síðan hefur verið haldið uppi löggæslu á miðunum með venjulegum og eðlilegum hætti. Það var tekið fram í svarbréfi hæstv. forsrh. til forsrh. breta, að íslendingar mundu að sjálfsögðu halda uppi lögsögu á miðunum. Ég tel að þessi löggsaga og aðgerðir landhelgisgæslunnar hafi borið árangur þennan tíma. Þegar viðræðurnar hófust munu hafa verið hér 45 eða 46 togarar. Þeir eru nú komnir niður í u. þ. b. 30. Þeir hafa yfirleitt hlýtt fyrirmælum varðskipanna um að taka veiðarfæri upp úr sjó. Þeir stunduðu alls engar veiðar eða réttara sagt settu ekki veiðarfæri í sjó tvo og hálfan eða þriá sólarhringa. Og þegar þeir í undantekningartilfellum hafa ekki hlýtt, þá hefur klippunum verið beitt. Það hefur verið klippt a. m. k. tvisvar á þessu tímabili og gerðar einhverjar fleiri tilraunir. Ég tel þetta eðlilega löggæslu á þessu tímabili, að það hafi verið farið

að með þeim hætti að fyrst hafi verið skorað á togarana að hlýða fyrirmælum um að taka inn vörpurnar. Það er sams konar aðferð og fylgt var um langt skeið gagnvart þjóðverjum.

Ég tel að á þessu tímabili hafi verið komið mjög í veg fyrir veiðar breskra skipa innan okkar landhelgi, enda sést að þeir eru ekki ánægðir með þann hlut sem þeir hafa fengið. Þannig verður auðvitað að halda á málum. Ég geri ekki ráð fyrir því, að það hafi átt að felast í ummælum þessara hv. þm. nein ásökun til skipherra varðskipanna um að þeir drægju af sér við þessa gæslu. Þessar ásakanir, ef ásakanir skal kalla, — *ég vil leyfa mér að kalla þær bara misskilning* og vona að þeir átti sig á því að þarna er um misskilning að ræða hjá þeim, — þær ættu þá rætur að rekja til yfirstjórnar landhelgisgæslunnar. Ég vil algjörlega vísa því á bug. (Gripið fram í.) Ætli þeir heyri ekki sem þurfa að heyra. — Skipherrum og skipshöfnum varðskipanna hefur oft verið þakkað og það að verðskulduðu. En hitt ætti ekki heldur að gleymast, að þeir, sem í landi eru, forstjóri Landhelgisgæslunnar og þeir sem vinna á stjórnstöð Landhelgisgæslunnar, þeir vinna æðimikil störf þó að það hafi ekki þótt ástæða til að þakka þeim. Ég hygg t. d. að það megi segja að forstjóri Landhelgisgæslunnar taki sér í raun og veru engan frídag. Hann er jafnt helga daga sem aðra þarna viðstaddur. Fyrirmæli mín, sem ég hef gefið landhelgisgæslunni, eru auðvitað almenns eðlis. Ég hef áður tekið fram hver þau eru og þau liggja á borðinu. Það hefur því ekki verið um svonefnt vopnahlé að ræða á fiskimiðunum þennan tíma.

Ég vil þá gera aðra athugasemd, og hún varðar svar það sem bretum hefur verið sent. Um fyrri hlutan þarf ekki að ræða. Í honum felst synjun á samkomulagi á grundvelli þeirra hugmynda sem forsrh. breta setti fram. Um það er allur þingheimur sammála. Um niðurlagið aftur á móti vil ég segja það, að eðlilegt er að lesa það og skilja eftir orðanna hljóðan og leggja ekki meira inn í það en þar *stendur*. En þar *stendur*, með leyfi forseta: „en er reiðubúin til að taka upp viðræður um samkomulag til skamms tíma.“ Það kann að vera álitamál hvort hér eigi að tala um tilboð eða ekki tilboð, og það fer eftir málvenju manna. Ég mundi síður orða þetta sem tilboð, heldur er þetta yfirlýsing um að íslenska ríkisstj. sé reiðubúin til viðræðna þegar bretar óski þeirra. Það er auðvitað algjört aukaatriði, hver á eða talið er að eigi frumkvæðið að slíkum viðræðum, en þannig er þetta. Þarna er aðeins um að ræða viðræður. Getur nokkur í alvöru verið á móti því að viðræður eigi sér stað? Það kemur svo fram í þeim viðræðum, hvort nokkur *grundvöllur* er *finnanlegur* fyrir slíku skammtímafyrirkomulagi eins og þarna er nefnt. Það er að sjálfsögðu algjörlega óeðlilegt á þessu stigi að fara að nefna eða binda sig við einstök atriði í því sambandi. Hvort slíkur grundvöllur sé fyrir hendi eða ekki sést fyrst þegar viðræðurnar hafa farið fram, og verður að líta á heildarmyndina, sem fram kemur úr þeim viðræðum, þegar slíkt er metið.

Það er þó rétt að tala af fullri hreinskilni við breta að einu leyti áður en stofnað er til viðræðna, að gefnu tilefni frá utanrrh. breta, þar sem hann virðist setja fram þá barnalegu hugmynd að viðræðurnar séu því skilyrði háðar af þeirra hálfu að togarar megi veiða hér, á meðan á þeim standi, án nokkurra afskipta íslenskra varðskipa. Ef þetta er rétt, sem ég á bágt með að trúa að utanrrh. breta hafi látið svona frá sér fara, þá er það í meira lagi barnaleg hugmynd. Ef viðræður þessar stæðu dálítinn tíma og þeir hefðu alveg frjálsar hendur um það hve marga togara þeir sendu hingað þá gætu þeir *náð upp æðimiklum afla á fáeinum dögum* ef ekkert mætti eiga við þá. Það dettur auðvitað engum í hug að gengið sé að nokkru viðræðuborði með svona skilyrði.

Ég vona að þetta sé ekki réttur skilningur á ummælum utanrrh. breta og hann átti sig á þessu. Ef hann hefur látið slík ummæli falla þá verð *ég að leyfa mér að segja*, að það er ekki skynsamlegur undirbúningur undir viðræður.

Að sjálfsögðu verður að halda uppi löggæslu. Það er ekki með réttu hægt að tala um neitt vopnahlé, meðan á viðræðum stendur, nema með því einu móti að togararnir sigli út fyrir 200 mílna mörkin eða setji ekki veiðarfæri í sjó á meðan. Þá leiðir það af sjálfu sér að varðskipin hafa engin afskipti af þeim. Það er vopnahlé, en annað ekki. En við höfum ekki gert að skilyrði, að togararnir færu út fyrir eða hegðuðu sér á þann veg sem ég sagði, og þar af leiðir að bretar geta auðvitað ekki með neinni sanngirni sett fram þá kröfu að varðskipin láti ekkert til sín taka, á meðan slíkar viðræður standa yfir. Þetta verða bretar að gera sér ljóst. Og þeir verða að gera sér ljóst að það er ekki heppilegur málatilbúnaður eða líklegt til árangurs í viðræðum að viðhafa slík ögrunarorð.

Ég skal ekki á þessu stigi gera því skóna að bresk herskip komi inn fyrir mörkin. Ég get auðvitað ekkert fullyrt um það frekar en aðrir og allra síst ef þær yfirlýsingar eru marktækar, að herskipin séu komin undir, að manni skilst, einhvers konar sjálfvirka stjórn. Það er sagt að þau bara af sjálfu sér sigli inn ef eitthvað gerist. Það er kannske nokkuð djarft að viðhafa þau orð, að mér finnst þetta ekki skynsamlega mælt heldur af utanrrh. breta sem sjálfsagt er þó mjög hæfur maður. Ég held að það sé heppilegast að hæði við og bretar beriumst sem minnst í orði ef og meðan slíkar viðræður fara fram.

Eitt vil ég leggja áherslu á í þessum viðræðum og hugsanlegu skammtímasamkomulagi, ef til kemur. Það er þetta, að það má aldrei vera byggt á því sjónarmiði að bretar eigi hér einhvern rétt, að við séum að semja við þá af þeim ástæðum að þeir eigi hér einhvern rétt. Auðvitað getum við ekki komið í veg fyrir að þeir telji sig eiga rétt — og þeir um það. En við eigum aldrei að láta það koma fram í okkar samkomulagi, að við föllumst á það sjónarmið. Það er t. d. í síðasta samkomulagi skýrt tekið fram að hvor aðili um sig haldi fast við sín lagasjónarmið. Við töldum að við ættum réttinn, en bretar afsöluðu sér ekki heldur neinum rétti sem þeir töldu sig eiga. Það má að mínu viti aldrei viðurkenna það sjónarmið, að það sé samið við þá eða þeim veittar einhverjar tímabundnar veiðiheim-

ildir á þeim grundvelli að þeir eigi til þess einhvern rétt, heldur göngum við til slíks samkomulags, ef til kæmi, af þeim ástæðum að við teljum það þjóna best okkar hagsmunum og okkar markmiðum.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég verð að segja að ég varð heldur en ekki undrandi þegar hæstv. forsrh. leyfði sér að halda því fram, að það væri álit sitt að sú skýrsla, sem hann gaf landhelgisnefnd og utanrmn., væri að forminu til enn þá trúnaðarmál. Hann var áður búinn að lýsa því yfir opinberlega og þannig skildu það allir, að sá trúnaður, sem ætti að hvíla yfir þessu máli, stæði fyrst og fremst meðan stjórnarflokkarnir hefðu ekki tekið afstöðu til málsins. Þetta sagði hann stjórnarandstöðuflokkunum. Þannig skildu þetta allir. Og hann sagði að þessi trúnaður ætti að gilda meðan bretum hefði ekki verið svarað, meðan forsrh. hefðu ekki haft samband sín í milli. Hann sagði hér áðan: „Það sem fram fer á viðræðufundum, það á ekki að vitna opinberlega í það“ o. s. frv. En hæstv. forsrh. er þegar búinn að gera grein fyrir mjög mörgu sem gerðist á þessum viðræðufundum, m. a. því, hver voru tilboð Wilsons, þannig að hann hefur þá þegar brotið þessa meginreglu. Það er ekki ég sem geri það hér, það er hann sem hefur þegar gert það sjálfur. Það segir sig sjálft og við þurfum ekki að ræða það, að það er algjörlega útilokað að ætla sér að halda uppi þeirri reglu að það, sem hæstv. forsrh. langar til að segja úr þessum viðræðum, langar til að koma á framfæri, það sé ekki trúnaðarmál lengur, það megi segja, en það, sem stjórnarandstaðan vill hins vegar gjarnan vekja athygli á, nei, það megi setja bann á það, einstakar setningar eða einstakar málsgr., — það segir sig sjálft að slík regla stenst ekki. Það verður að gilda ein regla í þessum efnum bæði fyrir ríkisstj. og stjórnarandstöðu. Þar getur enginn munur verið á, þannig að ríkisstj. hafi einhver forréttindi og stjórnarandstaðan hafi síðan einhver annars flokks réttindi hvað þetta snertir.

Ég get ekki annað sagt en það eitt um þetta mál, að þau orð, sem ég las upp áðan, standa í skýrslunni, þau hafa verið sögð og þau verða ekki aftur tekin. Þau skulu hins vegar lesin hér aftur, þannig að öllum sé fyllilega ljóst hvað þarna var um að ræða. Þessi orð voru:

„Wilson sagði að með því að skipta fyrirhugaðri aflalækkun til helminga milli landanna, eins og Geir Hallgrímsson hafði minnst á, mundu bretar einungis fá 53 þús. tonn á ársgrundvelli og væri það algjörlega óaðgengilegt af breta hálfu.“

Það eru fleiri sem skilja mælt mál en ég og hæstv. forsrh. Ég býst við að öllum sé fyllilega ljóst að þetta felur berlega í sér að tilboð hefur verið gert, og þýðir ekkert að vera að neita því eða skjóta sér á bak við einhverjar furðureglur sem enginn botnar í.

Ég vil bæta því við, að staðreynd málsins er auðvitað sú, að málsmeðferðin öll hjá hæstv. forsrh. er ekki til sérlegrar fyrirmyndar. Fyrst er byrjað á því að lýsa yfir að engar upplýsingar verði gefnar um efni þessara viðræðna, og þeirri leynd er haldið í meira en heila viku. Það eru stöðvaðir allir fundir á Alþ. meðan á þessu stendur. Það er haldinn, frá því að forsrh. kemur til landsins, fundir líklega í nokkrar mínútur hér í Sþ. Það eru einu stundirnar sem Alþ. fær tækifæri til að koma saman. (**Gripið fram í:** Alþ. afgr. lög fyrsta daginn.) Já, það gerði það líka á fáum mínútum, eins og menn sennilega muna. Meðan hæstv. forsrh. og stjórnarflokkarnir eru að hugsa sig um í heila viku, þá fær enginn annar að hugsa sig um nema örfáir þm. sem bundnir eru trúnaðareiði. Og svo eftir á, þegar afstaða þessara aðila liggur fyrir, þá er mönnum ætlað að trúa því að hæstv. forsrh. hafi setið í viðræðum við forsrh. Bretlands þrjá eða fjóra daga og að Wilson hafi komið með hvert tilboðið af öðru á meðan forsrh. Íslands hafi ekki komið með neitt tilboð, ekkert svar af neinu tagi. Hver trúir þessu? Nei, þessu trúir auðvitað enginn, þó að menn vissu ekki annað. En ég hef nú þar að auki sýnt fram á það og það verður ekki aftur tekið, að viljandi eða óviljandi er skýrt frá því í skýrslu til utanrmn. og landhelgisnefndar að gert hafi verið tilboð um 65 þús. tonn. Hæstv. dómsmrh., sem að vísu taldi að fyrirspurn til hans væri á röngum forsendum byggð, gaf hins vegar berlega í skyn að slíkt tilboð hefði ekki verið með hans ráðum gert eða hans samþykki, ef það hefði verið gert, en það vildi hann draga í efa af skiljanlegum ástæðum.

Ég tel að hæstv. forsrh. hafi borið skylda til að svara þeirri fyrirspurn, sem ég bar fyrir hann áðan, með málefnalegum rökum, en ekki að svara því einu að hér sé um útúrsnúning að ræða og að öðru leyti að hér sé um trúnaðarmál að ræða. Hæstv. forsrh. verður að gera sér grein fyrir því, að hann hefur ekki aðeins skyldur gagnvart sjálfum sér og flokki sínum og samstarfsflokki, hann hefur líka skyldur gagnvart stjórnarandstöðunni, gagnvart Alþ. og gagnvart þjóðinni. Það þýðir ekki fyrir hann að ímynda sér að hann geti sloppið með að segja það sem honum sýnist og svara öðrum með villandi hætti. Hann verður að gera hreinskilnislega grein fyrir því, hvað gerðist og hvað gerðist ekki. Úr því að hæstv. forsrh. hefur gert tilboð í London eða — ef hann vill orða það þannig — lýst yfir fylgi við ákveðna hugmynd, — það er a. m. k. bersýnilegt að það hefur hann gert, — þá á hann að sjálfsögðu að viðurkenna það hreinskilnislega. Þjóðin verður sem sagt að fá fulla vitneskju um hvað gerðist í London, og það er ekki heiðarlegt — ég endurtek það — það er ekki heiðarlegt að ætla að skjóta sér á bak við það, að þessi sérstöku orð í skýrslunni séu trúnaðarmál, meðan hann upplýsir síðan flest annað sem í skýrslunni stendur. Það segir sig sjálft, að í samskiptum stjórnarandstöðu og ríkisstj., í samskiptum ríkisstj. og þjóðarinnar verður að gilda sú einfalda regla, að annaðhvort gefur hann greinargóða skýrslu um það, sem gerst hefur, eða ekki. Hann hefur ekki leyfi til þess að skjóta undan mikilvægustu staðreyndum málsins.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég ætlaði mér að víkja nokkuð að því sem fram hefur komið í þessum umr. Ég vil þá fyrst byrja á ræðu þeirri sem hæstv. dómsmrh. flutti hér nýlega. Mér þótti ræða hans um margt mjög athyglisverð, og ég vil strax segja: um marga hluti var þar um góða ræðu að gera. Ég var ánægður með ýmsar yfirlýsingar hans.

Hæstv. dómsmrh. vék í þessum efnum sérstaklega að samþykkt ríkisstj., þeirri sem hún hefur sent ríkisstj. Bretlands. Hann sagði að enginn ágreiningur gæti verið um fyrri hluta þessarar samþykktar, þar sem samningsgrundvelli þeim, sem bretar höfðu lagt til, var hafnað, og þetta er rétt. Síðari hluti orðsendingar íslensku ríkisstj. var hins vegar um að bjóða bretum til viðræðna um skammtímasamning. Varðandi þetta atriði sagði hæstv. dómsmrh., að að sjálfsögðu yrði haldið uppi fullkominni löggæslu á fiskimiðunum á meðan þessar viðræður færu fram. Um þetta hafði ég einmitt spurt áður og ekki fengið svar. Og hann undirstrikaði það, hvað hann ætti við með þessu, með því að segja að vopnahlé á miðunum, eins og það hefur verið nefnt í blöðum að undanförnu og fréttum fjölmiðla æ ofan í æ, það gæti ekki verið annað en það, að bresku togararnir færu út fyrir 200 mílna mörkin af miðunum eða settu ekki veiðarfæri sín í sjó. Þetta voru mjög skýr ummæli sem ber vitanlega að undirstrika. Æðsti maður landhelgisgæslunnar hefur lýst þessu yfir. Og hann undirstrikaði þessa afstöðu sína enn betur í sínu máli með því að víkja að þeim skilyrðum, sem bretar hafa sett fram varðandi þessar hugsanlegu viðræður eða væntanlegu viðræður. Það hefur komið fram af hálfu breskra ráðh., að þeir setji það sem skilyrði fyrir þessum viðræðum að togarar þeirra yrðu ekki áreittir á miðunum á meðan þessar viðræður færu fram. Hæstv. dómsmrh. taldi yfirlýsingar breskra ráðh. af þessu tagi fráleitar og víðs fjarri því að hægt væri að taka þær til greina og talaði beinlínis um þetta sem ögrunarorð í okkar garð. Hann notaði einmitt orðið ögrunarorð.

Ég hafði einmitt, um leið og ég heyrði um þessa fyrirætlun ríkisstj., að gera bretum tilboð um viðræður um skammtímasamning, þá hafði ég vikið að því að þetta vandamál hlyti að koma upp, hvað ætti að gerast á fiskimiðunum ef bretar samþ. að taka upp viðræður, því að vitanlega hlytu þessar viðræður að taka nokkurn tíma. Þeir þyrftu að komast að því, hvað íslenska ríkisstj. væri að fara í málinu, hvað hún ætlaði að bjóða, hvað hún gæti hugsað sér um efni skammtímasamnings, og allt hlyti þetta að taka talsverðan tíma. Og þá kom upp spurningin, hvað ætti að gerast á miðunum. Áttu bresku togararnir að halda áfram að veiða, átti að láta af því að halda uppi fullkominni löggæslu af okkar hálfu eða hvað höfðu menn yfirleitt hugsað sér? Nú sýnist mér að hæstv. dómsmrh. hafi tekið af öll tvímæli í þessum efnum. Ég gat ekki skilið hans mál á annan veg en þann, að hann vildi að þessi þáttur málsins lægi skýr fyrir strax í byrjun gagnvart bretum, að það ætti ekki að vera neinn misskilningur gagnvart þeim varðandi þetta atriði málsins. Og þetta ber vitanlega að segja. Þetta á að segja bretum hreinlega áður en þessar viðræður hefjast. Af okkar hálfu er till. sett fram af okkar ríkisstj. um þessar viðræður á þeim grundvelli að bresku togararnir verði að stöðva sínar veiðar á meðan þessar viðræður eiga sér stað. Það verður svo auðvitað að koma í ljós, hvort bretar geti fallist á viðræður um skammtímasamning á þessum grundvelli.

Það er eitt af því, sem ég hef mjög fundið að í sambandi við framkvæmd okkar í landhelgismálinu, það er allt það óákveðna sem komið hefur frá ríkisstj., það tvíræða. Hún talar um að taka upp viðræður, og þegar hún er nánar spurð að því, já, undir trúnaðareið, hvað hún ætli að ræða um, hvað hún geti hugsað sér að bjóða, um hvað eigi að ræða, þá er ekki nokkur leið að fá upp neinar upplýsingar um það. En samt á að taka upp viðræður. Þetta eru vitanlega engin eðlileg vinnubrögð. Að þessu hefur verið fundið. Við eigum að marka okkar stefnu og við eigum að láta hana koma fram og við eigum ekki að láta þann, sem við tölum við, misskilja okkur á neinn hátt. Það á ekki að endurtaka sig, það sem gerðist með dr. Luns, að hann kom hingað, talaði við íslenska ráðh., þeir töluðu sitt mál við hann, hann fór svo til London og sagði allt annað en það sem þeir segjast hafa sagt honum.

Ég held að það sé best fyrir alla aðila í þessu máli að tala alveg skýrt út og segja hvað þeir meina. Nú tel ég að hæstv. dómsmrh. hafi talað hreint út varðandi þetta mikilvæga atriði málsins, og ég vil undirstrika það. Við skulum ætla að a. m. k. fréttamiðlar heimsins, sem á hlýða, komi þessu þá til réttra aðila, ef okkar stjórnvöld geta ekki komið því eftir sínum boðleiðum, þannig að það fari ekkert á milli mála að bretar fái að vita um það á hvaða grundvelli þessar viðræður eru teknar upp af okkar hálfu. Það er best fyrir alla aðila að málin liggi þannig fyrir. Ég er sem sagt þakklátur hæstv. dómsmrh. fyrir það sem hann sagði í þessum efnum. Það tel ég mjög mikilvægt.

Þetta, sem hæstv. dómsmrh. sagði, var í nokkrum tengslum við það, að honum fannst að hér hefði í umr. í gærdag verið nokkuð ofsagt, líklega bæði af minni hálfu og fleiri aðila, um svonefnt vopnahlé á fiskimiðunum sem verið hafi undanfarna daga. Ég notaði þetta orð, „vopnahlé“, og sagði að líklega hefði það verið þannig að suma dagana hafi bresku togararnir veitt á miðunum meira eða minna, aðra daga ekki. Þetta, sem ég sagði, er í fullu samræmi við þær fréttir sem birst hafa í blöðum og hafðar hafa verið eftir fréttamönnum sem voru um borð í okkar varðskipum á þessu tímabili, lýsingar í fréttamiðlum á því hvað hefur verið að gerast. Í meginatriðum hefur verið sagt frá því, að okkar varðskip hafi fylgt bresku togurunum eftir, skipað þeim að hífa upp veiðarfæri sín þegar þau hafa komið að þeim. Ekki hafa þeir verið að hífa upp veiðarfæri sín nema af því að veiðarfærin hafa verið í sjó og þeir hafa verið að veiða. Það er enginn vafi á því, að við höfum ekki beitt okkar

fyllsta þunga í sambandi við gæsluna á miðunum. En ég skal ekkert um það segja, enda tel ég það ekkert höfuðatriði í þessu máli, hvort við höfum komið að fullu og öllu í veg fyrir veiðar breskra togara á þessu tímabili eða ekki. Ég held að hafi dregið mjög verulega úr veiðimöguleikum þeirra með aðgerðum okkar varðskipa, þó að aðeins tvisvar sinnum hafi veiðarfæri verið klippt frá skipum. En þetta tel ég ekkert höfuðatriði. Ég nefndi þetta eingöngu vegna þess, að þannig hygg ég að allir landsmenn hafi skilið þær fréttir sem birst hafa um ástandið á miðunum að undanförnu. En eins og ég sagði, þá er það ekkert höfuðatriði í þessu máli. Hitt er miklu þýðingarmeira, að hafa jafnskýrt og greinilega fyrir sér þá yfirlýsingu sem hæstv. dómsmrh. hefur gefið hér um fyrirætlanir hans um það hvernig verði staðið að því að verja okkar fiskimið á næstunni, á meðan þessar fyrirhuguðu viðræður geta átt sér stað.

Ég ætla svo að víkja nokkrum orðum að því sem fram kom hjá hæstv. forsrh. í hans máli bæði í gær og eins í dag.

Fyrst vil ég segja það um orð hæstv. forsrh. varðandi þá trúnaðarskýrslu, sem lögð var fram á sameiginlegum fundi landhelgisnefndar og utanrmn., að ég tel með öllu fráleitt að tala um að sú fundargerð, sem þar er til frásagnar af því, hvað gerðist á fundunum í London, sé eitthvert trúnaðarmál lengur. Hér hafa farið fram opinberar umr. um það, hvað gerðist í London, og auðvitað á sú skriflega frásögn um það, hvað þar gerðist, að vera í samræmi við það sem sagt hefur verið hér opinberlega. Þar getur því ekki verið lengur um neinn trúnað að ræða. Slíkt er auðvitað algjör útúrsnúningur. Ég vil einnig benda á það, að fundargerðir af þessu tagi, merktar trúnaðarmál, hafa hvað eftir annað verið lesnar hér upp án sérstaks leyfis þegar nokkur tími hefur liðið frá. Það er aðeins um það sama að ræða hér að þessu sinni.

Ég tel ekki út af fyrir sig þörf á því að ræða hér í ítarlegu máli vissar frásagnir sem koma fram í þessari skriflegu skýrslu og fara ekki að öllu leyti nákvæmlega saman við það sem fram kom í skýrslu hæstv. forsrh. á þingfundi í gær. Það er allt minni háttar. Í skýrslunni stóð t.d. orðrétt það sem ég sagði í minni ræðu, að bretar hefðu farið fram á 30% af þorskaflanum, og tilgreint er orðrétt í skýrslunni um þessi 30%, sem þeir krefjast, bæði er talan 30% nefnd og til frekari undirstrikunar sagt: eða 69 þús. tonn sé um að ræða heildarafla sem nemi 230 þús. tonna. Svo kemur hæstv. forsrh. hér og segir frá þessu á örlítið annan veg en segir í þessari skrifuðu skýrslu og nefnir 28% og 65 þús. tonn af þorski. Eflaust er þetta rétt hjá hæstv. forsrh. líka. Þetta hefur komið fram í frásögn hans, en í skýrslunni stendur hitt skrifað og er jafnrétt, nema það hafi verið sagt eitthvað rangt frá í hinni skrifuðu skýrslu. Ég vil aðeins undirstrika þetta, af því að ég hef bæði sagt þetta hér á Alþ. og víðar. Þessi tala er tekin upp úr skýrslunni og væri auðvelt að láta mynda hana fyrir hvern sem er ef nokkur efast um að rétt sé frá skýrt. Þetta er heldur ekkert aðalatriði. Ég tel hvort tveggja í rauninni rétt. Vissulega hafa bretar sett fram þessa kröfu um 30% af þorskaflanum og tilgreint hana eins og sagt er í hinni skrifuðu skýrslu, þó að þeir geti vitanlega hugsað sér að segja svo aftur í viðræðum: Ja, þessi 69 þús. tonn, ef við segjum það að þau verði 65. — Þetta er ekki til þess að gera neitt úr, en ég vildi þó segja þetta til þess að taka af öll tvímæli í þessum efnum.

Hæstv. forsrh. sagði í svarræðu sinni í gær, að hann teldi að 7—11 dagar, sem nefndir voru af mér varðandi þann tíma sem óvissa hefði ríkt hér á miðunum og málinu hefði verið haldið sem trúnaðarmáli gagnvart þjóðinni, þannig að þjóðin fengi ekki að vita um það hvað fram hefði komið á fundunum í London, þetta væri ekki langur tími og væri því ástæðulaust að eyða mörgum orðum að því. Ég tel fyrir mitt leyti enn eins og áður að það hafi verið óviðeigandi og engin þörf hafi verið á því að bíða í fulla 7 sólarhringa með að skýra opinberlega frá megininntaki viðræðnanna í London. Og ég trúi því ekki, að það hafi ekki verið auðsótt mál af okkar hálfu að fá samþykki breta fyrir því, að hægt væri að skýra frá meginatriðum málsins. En þessi dráttur að þessu sinni er svipaður því sem hefur gerst áður í málinu og hvað eftir annað, það er þessi mikla tilhneiging til þess að halda öllu leyndu og ganga frá öllum hnútum, ganga frá öllum samþykktum áður en almenningur í landinu fær að átta sig á því um hvað er að ræða.

Í svarræðu sinni í gær lét hæstv. forsrh. ýmis orð falla um það, sem er ekki nýtt af hans hálfu, að það gæti verið betra að ná samningum en að búa við samningsleysi. Hann kom hér með ýmsa útreikninga um það, hvernig gæti farið í sambandi við fiskveiðarnar hér á Íslandsmiðum ef ekki yrði samið. Hann nefndi það, að álit fiskifræðinga væri að þó að ekki yrði dregið neitt úr sókninni frá því sem verið hefur, ef hún yrði í hámarki, þá mætti búast við því að heildarþorskaflinn gæti ekki orðið á þessu ári meira en 330 þús. tonn. Síðan reiknaði hæstv. forsrh. með því, að af þessum heildarafla létum við til ýmissa annarra þjóða en breta um 20 þús. tonn, þá væru eftir 310 þús. tonn, svo gætu bretar sennilega tekið um 100 þús. tonn af þorski í óleyfi og þá væru aðeins eftir 210 þús. tonn, og sagði að þetta væri forkastanleg leið vegna þess að slík sókn í stofninn leiddi til hruns. Við þennan útreikning bætti síðan hæstv. forsrh. því, að það mætti hugsa sér þetta á annan veg, að við settum mörkin við það að ekki yrði tekinn meiri þorskafli á þessu ári en sem næmi 280 þús. tonnum, samkomulag yrði við ýmsa erlenda aðila um að þeir fengju 20 þús. tonn, þá væru eftir 260 þús. tonn, bretarnir tækju í óleyfi 100 þús. tonn og þá væru eftir 160 þús. tonn, og væri óaðgengilegt fyrir okkur að búa við slíkan niðurskurð. Hæstv. forsrh. tók að vísu fram að hann vildi ekki gera tölur breta eða útreikninga þeirra að sínum. En eigi að síður hefur

hann alltaf í frammi þessa útreikninga, sem eru útreikningar breta og eru í rauninni hótunartölur frá þeirra hálfu.

Það er rétt, að enginn okkar getur sagt um það með fullri vissu hvað bretar geta veitt mikið hér á miðunum í óleyfi undir herskipavernd. Enginn okkar getur sagt um það. Við vitum aðeins þetta, að þeir veiddu í kringum 100 þús. tonn af þorski á s.l. ári, rétt í kringum 100 þús. tonn af þorski, með því að hafa fullkomið frelsi á miðunum og samning allan tímann og þurftu ekki að verja sig fyrir einni eða neinni áreitni af okkar hálfu. Það er auðvitað fráleitt að setja upp útreikningsdæmi um það, að þegar um minnkandi fiskmagn á miðunum er að ræða, þá geti þeir undir slíkum kringumstæðum fiskað eins mikið og þeir gerðu á meðan þeir gátu staðið alveg frjálst að veiðunum. Slíkt er auðvitað alger fjarstæða.

Við vitum það, að þó að bretar beiti herskipum sínum togurum sínum til verndar, þá verða þeir að lúta því að láta sér nægja mjög þröngt veiðisvæði, binda togara sína við tiltölulega takmarkað svæði. Þannig hefur reynslan verið og það heftir auðvitað þeirra veiðimöguleika stórkostlega. Við höfum líka séð það, að varðskip okkar geta áreitt flotann svo mikið, þó að um freigátur sé að ræða á miðunum, að veiðarnar eru stórkostlega truflaðar. Um það er ekkert að villast. Og svo kæmi það auðvitað til viðbótar hvað við gætum gert meira en við höfum gert til þess að trufla veiðar þeirra. Ég er því ekki í neinum vafa um það fyrir mitt leyti, að útreikningar af þessu tagi, sem eru í rauninni aðeins gerðir til þess að halda uppi þessari bresku hótun um að þeir geti með valdi tekið svona mikið, ef við föllumst ekki á samninga, — þessir útreikningar eru fráleitir. Þeir mundu aldrei, þó að þeir beittu herskipum sínum, geta veitt hér nema litinn hluta af þessu, kannske helming eða svo. En það er rétt, ég hef vitanlega engar fullnaðarsannanir um það frekar en aðrir. Ég verð þar að draga ályktanir af vissum líkindastærðum.

En svo ber líka að hafa annað í huga, og það er að ekki er bægt að slá því föstu á neinn hátt að það sé auðvelt verk fyrir breta að senda freigátur sínar hingað aftur á miðin. Þeir eiga þar mjög óhæga aðstöðu eins og sakir standa — mjög óhæga. Við vitum að það er þegar af pólitískum ástæðum mjög erfitt fyrir breta að senda freigátur sínar á nýjan leik til Íslands. Þar brýsta ýmsir á þá, svo að þetta er mjög erfitt fyrir þá. Heima í Bretlandi er sívaxandi andstaða gegn freigátunum á Íslandsmiðum og áframhaldandi þorskastríði við íslendinga, á því er enginn vafi, og sífellt vaxandi kröfur þar um að bretar færi sjálfir út fiskveiðilögsögu sína a. m. k. á vissum stöðum við Bretlandseyjar. Auk þess er svo hitt, eins og margsinnis hefur verið bent á, að þeir munu hugsa sig um tvisvar áður en þeir fara að senda freigátur sínar á nýjan leik á Íslandsmið, rétt áður en fundir Hafréttarráðstefnunnar hefjast að nýju. Þeir vilja ógjarnan hafa bær hér í deilum við íslendinga á meðan þeir þurfa að fylgja eftir kröfu sinni á Hafréttarráðstefnunni um að það eigi að leiða í alþjóðalög eða samþ. sem alþjóðalög 200 mílna lögsöguregluna. Það fer ekkert á milli mála, að þetta er mjög óþægilegt fyrir breta, og satt að segja mjög óliklegt að þeir kysu að senda hingað herskip sín við þessar aðstæður. Og hér er um ýmis atriði að ræða sem gera það að verkum að það er vitanlega alveg fráleitt af okkar hálfu að slá því föstu að þeir muni senda hingað herskip sín og þeir muni ná að fullu þeim árangri sem er verið að stilla hér upp í útreikningsdæmum um það hvað þeir geti tekið með valdi.

Ég tel því að það, sem hæstv. forsrh. sagði í þessum efnum í svarræðu sinni í gær, og það, sem hann hefur sagt um þessi mál hvað eftir annað, þegar þau hafa verið rædd, og látið hafa eftir sér í blöðum, sé í rauninni alveg fráleitar fullyrðingar af aðalforsvarsmanni íslendinga í þessari deilu — alveg fráleitt — og þessar fullyrðingar hljóti að hafa það í för með sér hjá öllum þeim, sem taka þessar fullyrðingar alvarlega, að þær dragi í rauninni kjarkinn úr okkur íslendingum að takast á við þann vanda sem við stöndum frammi fyrir.

Það er svo enn annað mál, hvað við íslendingar eigum að gera komi til nýrra meiri háttar átaka okkar við breta á fiskimiðunum. Ég hef bent á það, að ég tel sjálfsagt að við svörum aukinni ásókn breta með því að styrkja okkar landhelgisgæslu, fjölga þar gæsluskipum. Á þetta hefur verið bent af skipstjórum landhelgisgæslunnar og landssamtökum skipstjórnarmanna í landinu. Þeir hafa lagt á þetta áherslu. Þetta er tiltölulega auðvelt fyrir okkur að gera. Ég hef líka bent á það, að við ættum að snúast þegar í því að reyna að taka á leigu eða kaupa verulega hraðskreitt gæsluskip. Við vitum í mörgum löndum af slíkum skipum sem ganga kaupum og sölum, og við hljótum að geta komist yfir eitt slíkt skip eða jafnvel tvö eins og aðrir, — skip sem ganga 40—45 mílur og stinga tiltölulega auðveldlega af sér freigáturnar bresku. Ef við hefðum slík skip með okkar gæsluskipum, þá mundum við klippa aftan úr bresku togurunum léttilega. Þetta hafa okkar skipstjórnarmenn á gæsluskipunum bent á, og við eigum að fá okkur slík skip. En þessu hefur ekki heldur verið sinnt, og það er eins og menn meti þetta tiltölulega litils, sérstaklega þegar þeir eru að gera mikið úr því hvað við íslendingar getum litið gagnvart bretum. En hér er um mikið að tefla, og því er fyllilega ástæða til þess að við snúum okkur að þessu verkefni.

Auk þess hef ég bent á það og við alþb.-menn, að það er vitanlega ofureðlilegt að við tökum tillit til þeirra staðreynda sem við búum við. Við erum aðilar að NATO. Þó að við í Alþb. höfum verið á móti þeirri aðild allan tímann og viljað losa Ísland út úr þessum samtökum, þá er það eigi að síður staðreynd. Við erum í þessum samtökum, og hvað er eðlilegra en að sú þjóð, sem sem er aðili að þessum samtökum, bregðist þannig við, þegar eitt af aðildarríkjunum að þessu bandalagi sendir herskip á hendur okkur til þess að reyna að brjóta niður okkar lög, að þá segjum við: Við munum loka hér á Íslandi, á meðan þessi leikur fer fram, þeirri NATO-herstöð sem hér er í gangi og þjónar ykkur. Við munum loka henni á meðan? — Ég efast satt að segja ekki um að allar þjóðir, sem

hefðu staðið frammi fyrir slíkum vanda eins og við stöndum í þessum efnum, hefðu beitt þessu á þessa lund.

Ég hef einnig bent á það, að það er líka staðreynd, að við erum með varnarsamning við Bandaríkin. Þau eru með her í okkar landi skv. ákveðnum samningi og skv. honum ber þeim beinlínis samningsleg skylda til þess að koma í veg fyrir árás á okkar land, en hún hefur átt sér stað. Það er því ofureðlilegt að þeir a. m. k., sem gert hafa þennan samning og vilja halda í þennan samning, láti reyna á það, hver alvara er í þessum samningi þegar á reynir. En þegar á þetta er minnst, þá gerist það að hæstv. forsrh. og ýmsir fleiri, sem hafa verið aðaltalsmenn þessara samninga og aðildarinnar að NATO, þá segja þeir: Nei, á þetta má ekki minnast. Það er hlálegt að vera að tala um þetta. Það má ekki blanda þessum málum saman. — Þetta er í rauninni alveg furðuleg afstaða.

Afstaða okkar alþb.-manna í þessum efnum hefur verið skýr. Við höfum sagt allan tímann og segjum enn: Landhelgisdeilu okkar við breta ætlum við að gera upp við þá einir og sjálfir. Við biðjum ekki NATO að skerast í þann leik, og við óskum ekki eftir því að ameríska varnarliðið skerist í þann leik. En þegar NATO-ríkið Bretland sendir herskip á hendur okkur, þá er það brot á eðli NATO-sáttmálans. Og þegar það er gert og meira að segja ráðist á okkur innan við hina óumdeilanlegu 4 mílna landhelgi, þá er líka komið að varnarsamningnum við Bandaríkin. Þegar þeir hafa svo drifið sín herskip út, þá skulum við gera upp afganginn af deilunni við breta sjálfir. — Þetta er auðvitað það eina sem er rökrétt í málinu, eðlilegt. En þá gerist bara þetta, að þeir, sem hafa verið helstir talsmenn varnarsamningsins við Bandaríkin og aðildarinnar að NATO, gerast taugaóstyrkir. Þá segja þeir: Nei, nei, það má ekki minnast á þetta. — Eða menn segja: Þessi ríkisstj. grípur aldrei til þessa ráðs, jafnvel þó að allur fiskur yrði tekinn úr höndunum á okkur. — Nei, auðvitað ætti að láta reyna á þetta, og verði bretum liðið það að ganga hér yfir okkur með herskip sín á hliðstæðan hátt og áður var, þá gerir það ekkert annað en að sanna í reynd algjört haldleysi þess að við séum aðilar að NATO og algjört haldleysi herverndarsamningsins við Bandaríkin.

Hæstv. utanrrh. mælti hér í gær nokkur orð af hálfu Framsfl. Ég verð að segja það, að ég var ekki jafnánægður með ræðu hans varðandi þetta og ræðu hæstv. dómsmrh. Ólafs Jóhannessonar áðan. Ég heyrði ekki betur en að hæstv. utanrrh. væri enn að klifa á því að samningar væru betri en ekki samningar. Hann orðaði þetta auðvitað, eins og honum var lagið, á mjög mjúklegan og penan hátt: „að samningar væru betri en ófriður". Það mundu margir geta tekið undir það út af fyrir sig. En spurningin er ekki um það, heldur þetta: Eigum við undir þeim kringumstæðum, sem við búum við, að ganga til samninga? Getum við samið um eitthvað? Þurfum við endilega að semja? Við vitum svo mikið um möguleika okkar og öll skilyrði að við eigum að geta svarað þessu. Og eftir allt, sem á undan er gengið, segjum við alþb.-menn: Það er enginn grundvöllur til samninga. Það eru engir möguleikar til samninga við breta. Við verðum að takast á við þann vanda sem því fylgir að búa þá við skilningsleysi við þá. Við álítum að við getum komið fram okkar rétti, þó að vitanlega taki nokkuð á okkur að ganga í gegnum þau átök.

Það er bara að það verði ekki haldið þannig áfram í þessu máli, eins og því miður hefur verið gert áður, að hæstv. forsrh. tali mikið um samninga, þrautreyni allar leiðir til samningagerðar við breta, þrátt fyrir allar þær staðreyndir sem liggja fyrir, hæstv. utanrrh. tali jafnvel um að hann vilji samninga frekar en ekki samninga og það beri að athuga það — og svo komi hæstv. dómsmrh. og láti klippa á og segi: Hingað og ekki lengra. Slík vinnubrögð hafa vitanlega ekkert upp á sig. Það er best að menn geri upp sín á milli hvað þeir ætli að gera í þessum efnum, og það er einmitt það sem þjóðin öll vill fá að vita.

Ég tel að eins og málum er nú komið sé aðalatriðið í þessari deilu okkar að það liggi alveg ljóst fyrir hvað ríkisstj. ætlast fyrir með þessu nýja tilboði sínu til breta um viðræður, um hvað hún ætlar að ræða, hvað hún ætlar að bjóða. Gefur það ekki auga leið, þegar íslenska ríkisstj. býður bretum upp á viðræður um skammtímasamning, að þá hljóta bretar, um leið og þeir samþ. að taka upp þessar viðræður, að segja: Hvað meinið þið með þessum skammtímasamningi? Hvað eruð þið að bjóða? Hvað mörg skip, hvað mikið aflamagn á þessum tíma? — Á að segja það, sem hæstv. dómsmrh. hefur sagt m. a. á hinni frægu „beinu línu", að það sé hans skoðun að það sé engin aðstaða til samninga og hann sé á móti samningum af því að það sé enginn grundvöllur fyrir samningum? Til hvers þá viðræður? Og á að segja mönnum alveg umbúðalaust, um leið og efnt verður til þessara viðræðna, að af íslendinga hálfu verði gengið að viðræðunum með það í huga að við höldum uppi fullkominni gæslu á okkar miðum, við klippum miskunnarlaust aftan úr þeim togurum, sem reyni veiðar, ef þeir ekki hætti, og hér verði ekki um neitt vopnahlé að ræða, nema togarar breta fari út fyrir 200 mílna mörkin eða setji ekki veiðarfæri í sjó? Verði af íslendinga hálfu talað svona skýru máli, eins og hæstv. dómsmrh. hefur gert hér, þá tel ég enga hættu á ferðum. Þá sýnist mér þetta vera ósköp eðlilegt. Þetta á að segja. Vonandi brygðust bretar þannig við, að þeir gæfust hreinlega upp af ýmsum ástæðum, tækju togara sína út fyrir, hættu þessu. Þá er sjálfsagt að tala við mennina á meðan. Eða þá að þeir segðu nei og segðust ekki tala við okkur á þessum grundvelli. Þá er þeim þætti lokið og þá hlýtur að koma að næsta þætti: Hvernig ætlum við að fara að í þeim átökum sem þá eru fram undan?

Ég sagði í ræðu minni í gær, að eitt af því þýðingarmesta, sem fyrir okkur lægi í deilunni eins og nú væri komið, það væri að reyna að ná sem mestri samstöðu allra landsmanna um aðgerðir í landhelgismálinu og að við alþb.-menn værum reiðubúnir til samstarfs við aðra stjórnmálaflokka um sameiginlegar aðgerðir og samstöðu í málinu, en bara á þeim grundvelli, að

við hefðum mótað skýra stefnu um það að samningar kæmu ekki til greina og við ætluðum að verja okkar landhelgi og ná þannig fullnaðarsigri. Það verður auðvitað engin samstaða með þjóðinni og stjórnmálaflokkarnir ná engri samstöðu um einhverjar viðræður um eitthvað sem enginn veit hvað á að vera. Um það verður engin samstaða. En þetta fer vonandi að skýrast, og þá skulum við vona að við náum þeirri samstöðu sem við þurfum. Þá hef ég mikla trú á því að við verjum okkar landhelgi og við náum fullnaðarsigri á tiltölulega skömmum tíma.

Soffía Guðmundsdóttir: Herra forseti. Í þeirri fiskveiðideilu, sem nú hefur staðið um skeið, hafa bretar að venju sýnt fádæma óbilgirni og hafa haft uppi ránskap og ofbeldi. Er óþarft að rekja þá sögu frekar. En nú síðustu dagana hafa alþm. og þjóðin öll beðið þess í ofvæni að fregna af því sem gerðist á samningafundum í London fyrir skömmu, en þangað var stefnt forsrh. Íslands, Geir Hallgrímssyni, til fundar við breska forsrh. Wilson, og aðra breska ráðamenn. Leið nú vika eftir heimkomu íslensku sendinefndarinnar og ekkert fréttist af því sem fram fór í London. En í gær rauf hæstv. forsrh. þögnina og greindi að nokkru frá samningaviðræðunum í London. Kom þá m. a. fram, að ríkisstj. var með samningstilboð til breta í fórum sínum, að vísu til skamms tíma eða þriggja mánaða og hafði þá þegar verið sent áleiðis til réttra aðila.

Um hvað er eiginlega verið að semja, þegar það er haft í huga, sem fram hefur komið skv. áliti færustu vísindamanna okkar, að þorskstofninn er í bráðri hættu ef ekki verður spyrnt við fótum og stöðvuð sú ofveiði sem ástunduð hefur verið á Íslandsmiðum? Það aflamagn, sem veiða má ef ekki á illa að fara, svarar til afla okkar íslendinga einna. Við höfum því ekki um neitt að semja. Ef við ljáum máls á fiskveiðiheimild til handa bretum hér við land, þá er um tvennt að velja: þ. e. a. s. hvert tonn af fiski, sem við ráðstöfum til breta eða annarra, þýðir að við verðum að skera niður afla okkar sjálfra sem því nemur og verðum að nokkru marki að leggja fiskiskipum okkar, sem hefði aftur í för með sér versnandi atvinnuástand í meira eða minna mæli, ellegar við brygðum á það óráð að taka þátt í því ásamt bretum að ganga af þorskinum dauðum og kipptum þar með grundvellinum undan okkar eigin tilveru í öllum skilningi.

Fiskveiðar breta hér við land skipta ekki sköpum fyrir þeirra þjóðarbúskap. En varla þarf að minna á það, að íslendingar eru háðari sjávarafla en nokkur önnur þjóð. Það er sjávarútvegurinn sem stendur undir allri framþróun hér á landi síðustu áratugina. Ella byggjum við hér við þröngan kost. Það mættu þeir gjarnan hugleiða sem nú lifa góðu lífi út á þau verðmæti sem fiskimenn okkar færa að landi. Fiskveiðar eru efnahagslegur grundvöllur fyrir tilvist okkar í þessu landi sem sjálfstæðrar menningarþjóðar. Það er m. ö. o. sjálfstæðisbarátta sem við heyjum þessa stundina, og sakar ekki að minna á þá hlið málsins nú þegar ríkisstj. Íslands hefur kunngert áform sín um samninga við breta, þótt aldrei nema svo heiti sem þeir eigi aðeins að standa um skamma hríð.

Það kom fram í gær í ræðu hæstv. forsrh. og raunar einnig hæstv. utanrrh. að við séum lítils megnug og fáum vart rönd við reist þegar stórþjóð beitir ofbeldishótunum, betra sé að semja, því að ella taki bretar og þá vísast með ránskap og yfirgangi meira aflamagn en semja mætti um að öðrum kosti. Þetta virðist ekki vera amalegur samningsgrundvöllur sem hæstv. ríkisstj. sættir sig við að standa á andspænis bretum. Slíkt tal er vitaskuld einkum til þess fallið að draga kjark úr þjóðinni þegar mest á ríður að sýna af sér einbeitni og manndóm.

Við höfum ýmis vopn í höndum, sem bíta mundu ef beita mætti, svo sem stjórnmálaslit við breta fari þeir með herskip inn í íslenska landhelgi, lokun herstöðvarinnar í Keflavík og endurskoðun á veru okkar í NATO með tilliti til úrsagnar.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að fram hafa komið fjölmargar samþykktir og ályktanir frá félagasamtökum, sveitarstjórnum og ýmsum hópum fólks með ólíkar stjórnmálaskoðanir. Þar er komið það sem nefnt hefur verið „svokallað almenningsálit". Almenningur í landinu hefur tekið af skarið í þá veru að ekki komi til mála að ljá máls á samningum af neinu tagi við breta. Þarna kynni hæstv. ríkisstj. að standa frammi fyrir a. m. k. broti af lýðræðislegum veruleika sem taka verður tillit til, að skepnan rís gegn skapara sínum. Dæmi eru um það, að þeir, sem um langt skeið hafa haft málflutning Morgunblaðsins að leiðarljósi og lotið andlegri forsjá hernáms- og NATO-sinna, einnig þeir tóku að ýfast og vefengdu réttmæti fyrri viðhorfa.

Þau mótmæli gegn hugsanlegum samningum sem fram hafa komið af hálfu fjölmargra samtaka, eru nokkur dæmi um það virka lýðræði sem er meira en nafnið tómt og þrátt fyrir allt býr með þessari þjóð. Slíkt lýðræði birtist ekki aðeins á fjögurra ára fresti, heldur með virkum athöfnum stjórnvöldum til aðhalds þegar um lífshagsmunamál er að tefla. En betur má ef duga skal, og nú reynir á það hvort lýðræðið er nægjanlega virkt til þess að hafa úrslitaáhrif á gang þessa máls. Til þess þarf öll alþýða manna að bindast öflugum samtökum þvert á öll flokksbönd og hindra að samið verði við breta. Nóg er þegar að gert með samningi við vestur-þjóðverja þó að ekki verði enn vegið í sama knérunn.

Herra forseti. Ég nefndi áðan að við hefðum ýmis vopn í höndum. Þar kemur fyrst og síðast til manndómur okkar sjálfra, sá manndómur sem ekki bognar fyrir hótunum og ofbeldi, en stendur fast á réttinum án undanlátssemi. Þessa baráttu verðum við íslendingar að heyja einir, og það er stefnufesta og reisn okkar sjálfra sem getur tryggt okkur sigurinn. — [Fundarhlé.]

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég verð að láta það álit í ljós, að það sé ekki hægt að halda áfram þessum viðræðum ef enginn ráðh. sýnir okkur í stjórnarandstöðunni þann sóma að vera viðstaddur. Ég vil mælast til þess að annaðhvort forsrh. eða dómsmrh. virði stjórnarandstöðuna þess, þegar beðið er um samstöðu í málinu, að vera viðstaddur. (**Forseti:** Ég skal

athuga hvort ráðh. eru í húsinu og láta ná í þá.) Annars mætti doka við í fáeinar mínútur. (**Forseti**: Já, það er allt í lagi á meðan. — Ráðh. eru væntanlegir innan stundar.) — Já, herra forseti. Hæstv. utanrrh. heiðrar okkur í stjórnarandstöðunni með nærveru sinni og vil ég þakka honum fyrir þann sóma.

Ég vil athuga málið lítils háttar. Í ljósi þeirra staðreynda nú, að tilboði breta hefur verið hafnað, er þetta ljóst: 1) Meiri hl. þm. vill að áfram sé haldið að ræða málið við breta. 2) Itrekuð yfirlýsing frá dómsmrh. og forsrh. um að landhelgin verði varin af fullri getu og einurð. 3) Utanrrh. breta segir skipun vera til skipherra herskipa þeirra um að sigla þegar inn fyrir 200 mílurnar og hindra varðskip okkar við réttmæta löggæslu við næstu klippingu. 4) Eftir þessar umr. í tvo daga á hv. Alþ. liggur ekkert fyrir enn um efni þeirra viðræðna sem ríkisstj. vor er að biðja um eða að hverju skal stefnt. Því spyr ég: Hvað á að bjóða nú? Það er kjarni málsins. Afstaða manna hér á Alþ. hlýtur að byggjast á því að vita hvað á að ræða nákvæmlega um. Svo mikill tími hefur farið í umr. áður að menn hljóta að hafa gert sér grein fyrir því, hve langt hægt er að ganga þegar semja á um málið. Héðan er boðið upp á viðræður, og mér finnst það réttmæt og eðlileg krafa að efnislega sé skýrt frá hvað hæstv. ríkisstj. hefur í huga. Auðvitað munu þeir segja að þetta sé viðkvæmt mál og það sé ekki rétt að spila öllu út. En svo mikill tími hefur farið í almennan undirbúning að málinu og svo mikið hafa menn sagt, að menn hljóta að gera sér grein fyrir því, hvað von er um að náist með samningum. Hvað á öll þessi þögn að þýða? Ef beðið er um samstöðu alþm. og samstöðu með þjóðinni, þá eigum við réttmæta kröfu á að vita hvað menn vilja ganga langt í samningsleiðinni. Ég legg á þetta mikla áherslu, ef hægt er að sýna fram á að aukinni vernd og minna aflamagni, þessu markmiði sé eina leiðin að ná í gegnum samninga.

Við í Alþfl. höfum lýst því yfir að við séum andvígir samningum, þar sem krafa breta hefur verið svo óbilgjörn að ekki er að sjá að sú leið hafi með nokkru móti getað tryggt það að við væri unandi. Við höfum heldur viljað berjast og taka á okkur það ok að verja fiskveiðilögsögu okkar og sætta okkur þá við þau úrslit sem verða með þeim hætti. Mér sýnist staðan jafnvel vera svo slæm í dag að það mætti líkja í svipinn við það að tveir andstæðingar stæðu saman — jafnvel skólastrákar — og segðu: Ég slæ þig ef þú slærð mig. — Það er ekki vænleg staða. Annars vegar er ljónslöppin fræga, þó að máttlaus sé orðin, og hinum megin spörfuglsfótur eða eitthvað ámóta. Ekki er nú líku saman að jafna, eins og hér hefur verið bent á, varðandi mátt og getu, og því er kannske samningsaðstaða okkar ekki sterk og því síður varnaraðstaða.

Grundvallarsjónarmið okkar hlýtur sú staðreynd að vera og á það hefur örugglega verið bent í öllum ræðum manna, að það þarf að vernda þorskinn, að hann gangi ekki til þurrðar. En hvað vilja bretar í því efni?

Það hefur komið fram hér í umr. að bretar sætti sig ekki við annað mark á fiski en 43 cm á móti því sem við viljum, 50 cm í möskva 120 mm, þó kannske eitthvað stærra með löngu aðlögunartímabili, en við stefnum að 150 mm möskva þegar 1. ágúst og 135 mm möskva 16. maí n. k. Hér er því verulega breitt bil á milli bara verndunarsjónarmiða.

Því hefur verið haldið fram að það mætti taka meiri afla af Íslandsmiðum en 330 þús tonn. Það kann að takast með þeirri tækni og þeirri sóknaraukningu sem fyrir hendi gæti verið. En hvað þýðir þessi aukning í samsetningu? Hún þýðir það, að við sækjum heldur í fiskstofninn varðandi stærð og tökum yngri fisk en nokkurt vit er í að gera, við sækjum þessa aukningu eingöngu í smáfisk og í stofninn frá 1973 sem er lífsspursmál að vernda. Um það held ég að enginn deili. Íslenskir fiskifræðingar hafa lagt fram óyggjandi rök máli sínu til stuðnings, að það sé ekki vit í því að auka sóknina frá því sem verið hefur, öllu fremur verði að draga úr sókninni. Við höfum fengið afla sem er kringum 330—350 þús. tonn undanfarin ár, og það er afar óskynsamlegt að taka meira. Við munum ekki geta ávaxtað okkar pund betur með nokkrum hætti en að varðveita þennan stofn, því að eftir 2—3 ár margfaldast hann að magni til og mun þá geta gefið okkur aukna sókn þegar á þriðja og fjórða ári frá þessu tímabili. Og þá munum við hafa sannanlega getu til þess að veiða allt sem leyfilegt er með fullum sóknarþunga frá okkur sjálfum.

Hér varð atvik á dögunum á miðunum sem hæstv. dómsmrh. túlkaði svo, að það mál væri það eina er bretar skildu. Nú hefur hann sagt hér í ræðu í dag að orð utanrrh. breta væru hótun ein. Það getur vel verið að báðum hæstv. ráðh. finnist hinn tala digurbarkalega, hvor á sínum stað, og vera með hótanir. Ég ætla ekki að dæma neitt um það. En þegar menn eru að reyna að ná samstöðu eða niðurstöðu með samningum, þá ættu menn að spara gífuryrði á báða bóga.

Mér virðist að ef nokkur leið eigi að vera að fá samstöðu hér á hv. Alþ. til skamms tíma um þetta viðkvæma mál, þá verðum við í stjórnarandstöðunni að fá að vita eitthvað hvað er í pokahorninu hjá hæstv. ríkisstj. Og það er útilokað að almenningur í landinu, eins og hann hefur tekið afstöðu til málsins undanfarið, sætti sig við neitt sem líklegt er að bretar geti fallist á, nema það sé rætt opinskátt og af hreinskilni við hinn almenna mann, sem á allt undir því að vel takist til í raun og veru. Það er ekki nóg að halda því fram og segja að samningaleiðin tryggi okkur hagkvæmari niðurstöðu varðandi aflamagn en að berjast á móti því ofbeldi sem við höfum orðið að berjast gegn undanfarin ár. Það er ekki nóg, meðan við vitum ekkert hvað hæstv. ríkisstj. vill fallast á. Hún getur ekki heldur beðið okkur um stuðning við það sem við vitum ekki hvað er.

Ég held mér enn við það, að ég er á móti samningum meðan ég veit ekkert um hvað á að felast í þeim samningum. Það er ekki hægt að biðja menn um stuðning við það sem þeir vita ekki hvað er. Ég vil heldur sætta mig við að vera kúgaður til að láta fisk af hendi en að segja já gagnvart því sem ég veit ekkert hvað

er og ekkert hvað kann að fela í sér. Ef hæstv. ráðh. hafa það þrek að segja okkur hvað þeir telja mögulegt að ná í gegnum skammtímasamninga, þá eiga þeir að gera það og leita eftir stuðningi a. m. k. um sinn varðandi þá hugmynd, þannig að þjóðin geti staðið saman um þá lausn sem þeir eru að reyna að finna á skammtímagrundvelli. Þetta er mín skoðun á málinu.

Ég held að það væri miklu hreinna að koma fram með þetta hugsanlega samningstilboð og segja þjóðinni það hreinskilningslega og standa og falla með því. Ef bretar hafna öllu, þá eigum við ekki annars úrkosta en að efla okkar landhelgisgæslu og takast á við þann vanda sem er í því fólginn að verja hana. Það hefur þegar verið sagt og margyfirlýst að hún verði varin. Ef á að framfylgja þessum orðum, þá stendur hin ógnunin af hendi breta, að herskipin komi inn fyrir strax. Hver er þá samningsaðstaðan, miðað við fyrri orð hæstv. ráðh? Hún er engin. Hún er fallin að sjálfsögðu á augabragði ef menn ætla að standa við orð sín. Þess vegna er, eins og ég sagði áðan, skynsamlegt að hafa ekki of hátt í þessu efni.

Málið er viðkvæmt, það eru allir sammála um það, og málið er erfitt, og við skulum ekki vera að hóta hinu og þessu á einn eða annan veg. Við skulum reyna að yfirvega málið af rósemi, eins og hæstv. forsrh. lagði áherslu á. En vilji hann fá okkur hina í lið með sér, þá er það lágmarkskurteisi að okkur sé sagt frá því hverju sé hægt að ná. Annars er ekki hægt að fara fram á það. Ef mér er ekki treyst fyrir því að fá að ræða í yfirveguðu máli hvað hægt er að ná með samningum, þá er tilgangslaust að biðja mig um stuðning í því efni. Það verður að koma fram, hvort við njótum þessa stuðnings og trausts — aðallega trausts — eða ekki í stjórnarandstöðunni.

Við í Alþfl. höfum verið á því, að það væri rétt að ræða við allar þjóðir og heyra, hvað hægt væri að komast langt, og taka síðan efnislega afstöðu til málsins eftir á, en ekki vera með neina fordóma fyrir fram. En við höfum lýst því yfir, að við séum ekki spenntir fyrir neinum samningum, og ég hef verið mjög ákveðinn í því að telja samningsleiðina ekki færa. Það hefur verið eytt mjög mikilli orku í að reyna að ná samningum og kanna samningsleiðina, svo mikilli orku að mér virðist að öll efnahagsmál okkar séu í hnút af því að ekki er um annað hugsað en landhelgismálið, og það er afsökun fyrir öllu, önnur frv. eru ekki einu sinni sýnd hér í þinginu. Það er jafnvel gengið svo langt að við sjálfir erum ekki búnir að afgr. þá löggjöf til fiskverndar okkar eigin skipa og fyrirkomulag við hagnýtingu okkar fiskveiðilögsögu, vegna þess að öll orkan fer í landhelgismálið gagnvart bretum, þó að daglega séu fregnir af því að við veiðum of mikið af smáfiski sjálfir. Þetta harma ég.

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. um of, en ég undirstrika það, að grundvöllur samkomulags hlýtur að byggjast á því einu að við tryggjum minni afla til handa bretum og jafnframt aukna vernd. Afstaða mín — ég ítreka það — mun byggjast á efni þess samnings sem hugsanlegt er að ná, og ég vil og fer fram á það að stjórnarandstöðunni sé sýndur sá trúnaður að hæstv. ríkisstj. gefi okkur það til kynna hvað hún vilji ganga lengst til að ná samkomulagi. Annars er tómt mál um að tala að fá fylgi frá okkur.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið, það eru aðeins örfá orð, að því er virðist í lok þessara umr.

Hæstv. dómsmrh. flutti hér ræðu í dag sem þegar hefur verið gerð að umtalsefni að hluta a. m. k. og ég vil aðeins víkja að.

Ég vil í fyrsta lagi taka undir þau orð hæstv. dómsmrh., að að *minu áliti hefur* hæstv. forsrh. staðið við umboðsleysið sem hann lýsti yfir að hann færi með til London, og það er meira en hægt er að segja um suma aðra sem fóru á svipaðan hátt og undir svipuðum kringumstæðum fyrir um röskum tveim árum, þegar menn gáfu sams konar yfirlýsingar og núv. hæstv. forsrh. um umboðsleysi til samningsgerðar eða samningsdraga, en komu til baka með ófrávíkjanleg skilyrði einmitt í því máli sem hér er nú verið að fjalla um. Hér er að mínu viti tvennu ólíku saman að jafna. Og það má núv. hæstv. forsrh. eiga, að hann hefur að mínu áliti staðið við þetta, að hér hefur aðeins verið um könnunarviðræður að ræða. Hitt stendur svo að sjálfsögðu óbreytt, að vilji hans til samninga er eftir sem áður fyrir hendi. Það er annað mál.

Ég tel ástæðu til þess að vekja hér sérstaka athygli á þeim skilningi sem hæstv. dómsmrh. lagði í það tilboð — segja menn, það skiptir ekki máli hvað það er kallað — sem hæstv. ríkisstj. hefur nú ákveðið að gera í áframhaldi af því að hafnað hefur verið kröfum breta, þ. e. a. s. að hún tjáir sig reiðubúna til viðræðna um samninga *til stutts tíma*. Það var um það rætt hér í gær, að menn vildu fá um það upplýsingar með hvaða hætti yrði framfylgt löggæslu á miðunum þann hugsanlega tíma sem þessar viðræður kæmu til með að standa. Það fór að mínu viti ekkert á milli mála hver meining hæstv. dómsmrh. er í þessu efni, og það er ástæða til þess að undirstrika það sérstaklega hér. Hann lýsti því yfir ótvírætt að mínu áliti að ekki yrði um neitt vopnahlé að ræða, nema því aðeins að bretar annaðhvort kölluðu togarana út fyrir 200 mílur meðan á þessum viðræðum stæði eða í öðru lagi að breskir togarar settu ekki veiðarfæri í sjó meðan þessar viðræður færu fram. Ef hvorugt þetta ætti sér stað, þá yrði haldið uppi fullri löggæslu á miðunum, þ. á m. klippingum. Þetta er að mínu viti mjög athyglisverð yfirlýsing hjá hæstv. dómsmrh. sem ástæða er til að vekja sérstaka athygli á, ekki síst vegna þess að fregnir herma að utanrrh. breta hafi lýst því yfir, eftir að hann hafði móttekið svar íslensku ríkisstj., að þeir mundu að sjálfsögðu taka þessu boði, eins og þeir kalla það, um viðræður, en breskar freigátur mundu sendar inn fyrir 200 mílna mörkin strax við fyrstu klippingu. Það er full ástæða til þess að hafa þetta í huga. Og ég vil mjög gjarnan spyrja bæði hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. hvort það sé ekki sami skilningur ríkjandi af þeirra hálfu á þessu

atriði málsins og hæstv. dómsmrh. lýsti hér að ég tel alveg ótvírætt yfir í ræðu áðan, þ. e. a. s. hvort það sé ekki alveg ótvíræður skilningur þeirra, eins og hæstv. dómsmrh., að því aðeins geti verið um vopnahlé að ræða að breskir togarar verði kallaðir út fyrir 200 mílna fiskveiðilögsöguna eða þá að þeir láti veiðarfæri ekki í sjó á meðan samningaviðræður hugsanlega standa yfir, ella verði landhelgisgæslunni beitt af fullri hörku.

Það var í raun og veru fyrst og fremst þetta sem ég vildi gjarnan koma hér á framfæri og óska mjög eindregið eftir því að fá að heyra álit bæði hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. á þessu atriði sérstaklega. Ég tek það fram, að komi ekkert fram af þeirra hálfu í þessum umr. hér á eftir, þá lít ég svo á að þeir séu í alla staði samþykkir því sem hæstv. dómsmrh. sagði hér í dag að því er þetta atriði málsins varðar.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Það er alveg sjálfsagt að svara fyrirspurnum hv. 5. þm. Vestf.

Ég sagði í gær í ræðu minni, sem hann hefur eflaust ekki tekið eftir, að við mundum að sjálfsögðu halda uppi fullri löggæslu á miðunum hvað sem liði svari breta við orðsendingu okkar. Ég endurtek það: Ég er þeirrar skoðunar að þetta eigum við að gera, og ég var ekki í neinum vafa um að það var einnig skoðun hæstv. dómsmrh. að svona ættum við að standa að málunum. Þess vegna eru ekki nein vandkvæði fyrir mig að svara þessari spurningu. Ég get látið duga að vísa í það sem ég hef áður sagt um það efni. Og við erum sjálfsagt sammála, ég og hv. 5. þm. Vestf., í þessu efni.

Aftur á móti er ég honum ekki sammála um það, að 1973 hafi þáv. forsrh., Ólafur Jóhannesson, komið með úrslitakosti í vasanum frá London. Það er rétt að hann kom með uppkast að samningi. En það uppkast var ítarlega rætt af þáv. ríkisstj. og stuðningsflokkum hennar, og ég tel víst að hv. 5. þm. Vestf. hefur verið einn af þeim sem ræddu þetta mál og skoðuðu það vandlega, og það var samþ. af þessum mönnum. En að hæstv. þáv. forsrh. hafi gert einhvern bindandi samning, það er að mínu mati ekki rétt og ég þykist muna þessa atburði nokkuð vel. Ég verð þess vegna að mótmæla því að Ólafur Jóhannesson, þáv. forsrh., hafi komið með samning upp á vasann frá London. Samningsuppkast kom hann með sem stuðningsflokkar þáv. ríkisstj. ræddu, eins og ég áðan sagði, og samþ. ásamt nokkrum mönnum öðrum, sem ég þarf ekki að rifja upp.

Það er í rauninni ekki margt sem ég vil segja til viðbótar. Ég stóð upp að gefnu tilefni eða út af fyrirspurn þeirri sem ég þykist nú hafa svarað. En fyrst ég er kominn hér í ræðustólinn, þá ætla ég að bæta við þetta aðeins örfáum orðum.

Ég tel að það sé ekki rétt að orði komist hjá hv. 1. landsk. að við höfum beðið um viðræður við breta. Í svari okkar stendur að íslenska ríkisstj. sé reiðubúin til þess að taka upp viðræður við breta um samning til mjög skamms tíma. Ég skil þessi orð á þann veg, að frumkvæðið að slíkum viðræðum eigi að koma frá bretum, en að það sé ekki verið að bjóða þær viðræður og þaðan af síður að biðja um þær. Þetta skiptir kannske ekki mjög miklu máli, en það er þó blæbrigðamunur þarna sem ég sé ástæðu til að benda á og leiðrétta, því að ég veit að hv. 1. landsk. vill hafa það sem sannast er í hverju máli.

Auðvitað kemur ekki til nokkurra mála að hv. þm. Jón Árm. Héðinsson eða nokkur annar hér inni, hvort sem hann styður ríkisstj. eða er henni andstæður, geti samþ. fyrir fram einhvern samning sem ríkisstj. kynni að gera. Ég hygg að það muni aldrei verða farið fram á það við nokkurn mann að gefa óútfylltan tékka í þessu máli. Auðvitað byggist afstaða manna til slíks á efni þess hugsanlega samnings sem fram verður lagður, og ég tel alveg víst að áður en nokkurt skref verður stigið, þá verði haft samband við stjórnarandstöðuna gegnum þær n. sem starfa að þessum málum, utanrmn. og landhelgisnefnd.

Hv. 2. þm. Austurl. sagði að bretar hefðu í fyrra veitt 100 þús. tonn af þorski og þó hefðu engar hömlur verið á þeirra veiðum. Ég er ekki sammála því að bretar hafi veitt hömlulaust 1975. Þeir veiddu í samræmi við samning sem við í þáv. ríkisstj. gerðum við þá 1973 og gilti mestallt árið 1975 eða til 13. nóv., og í þeim samningi voru vissulega hömlur á veiðar breta. Það var takmarkaður skipafjöldi, það voru lokuð svæði á vissum tímum árs og það voru fleiri ákvæði sem takmörkuðu veiðar breta. Til þess gerðum við samninginn 1973, bæði hann og ég, til þess að takmarka veiðar breta, til þess að setja hömlur á þær. Ég tel því að við eigum að horfast í augu við það, að það voru hömlur 1975 á veiðum breta. Þær voru annars konar en þær hömlur sem við höfum verið að ræða hér um báðir, þ. e. a. s. eftirlit varðskipa, en hömlur voru það vissulega.

Sami hv. þm. sagði alveg réttilega að það væru eflaust ýmsir sem þrýstu á breta um að senda freigáturnar ekki inn. En hverjir ætli það séu sem halda uppi þessum þrýstingi á breta? Ég hygg að við getum nokkuð svarað því sjálfir. Ætli það séu ekki þrátt fyrir allt hinar NATO-þjóðirnar? Eða vænta menn að það séu einhverjar aðrar þjóðir, Austur-Evrópuþjóðir eða enn þá austar? Ég hygg ekki. Ég held að þessi þrýstingur komi þrátt fyrir allt frá hinum NATO-þjóðunum, og við erum alveg sammála um að þessi þrýstingur er fyrir hendi.

Ég sé nú að hv. 5. þm. Norðurl. v., Ragnar Arnalds, er ekki viðstaddur, svo að ég mun nú ekki gera ræðu hans að umtalsefni nema að mjög litlu leyti. Ég verð þó aðeins að segja það, að mér skilst að hann hafi spurt mig að því hvort ég væri samþykkur því sem hann kallaði „tilboð Geirs Hallgrímssonar í London". En nú hefur verið upplýst og raunar alla tíð legið fyrir að hæstv. forsrh. Geir Hallgrímsson gerði ekkert tilboð í London, og sumir hv. stjórnarandstæðingar hafa meira að segja séð ástæðu til þess að þakka honum sérstaklega

fyrir að hafa ekki gert það. Þar af leiðir að sjálfsögðu að ég var ekki samþykkur því að hann gerði neitt tilboð. Ég var ekki samþykkur því að hann gerði tilboð, og ég er fullviss þess einnig að hann gerði ekkert tilboð. Þess vegna er þessi fyrirspurn að mínu mati algjörlega óþörf og út í hött.

Ég ætlaði ekki að lengja þessar umr. og ekki að kveikja neinn eld hér í salnum um þetta mál frekar en orðið er. Ég vildi aðeins að gefnu tilefni svara þeirri fyrirspurn sem hv. 5. þm. Vestf. beindi til mín. Ég tel mig hafa svarað henni í gær, en ég tel það ekkert eftir mér að svara henni aftur í dag.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það eru örfá orð bara. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir þetta. Ég er eigi að síður nokkuð undrandi á þeim ummælum sem hann viðhafði hér í sambandi við málið 1973, því að ég held að það sé öllum ljóst að úrslitakostir voru það, — samningsuppkast má það heita þegar það kom, en reyndist svo þegar á reyndi úrslitakostir og engu breytt. Ég er því nokkuð undrandi á því að hæstv. ráðh. skuli enn halda þessu fram.

Ég skal ekki hafa þetta öllu fleira. En ég á erfitt með að sætta mig við það að hæstv. forsrh. fáist ekki hér upp og tjái sig um efnislega hlið þeirra yfirlýsinga, sem hæstv. dómsmrh. gaf hér í sambandi við framkvæmd löggæslu á miðunum meðan hugsanlegar samningaviðræður standa yfir. Ég vænti þess fastlega að hæstv. forsrh. sjái sér fært að tjá sig um það.

Efri deild, 50. fundur.

Fimmtudaginn 5. febr., kl. 2 miðdegis.

Flokkun og mat ullar, frv. (þskj. 304). — 1. umr.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Árið 1972 skipaði landbrh. nefnd til þess að gera till. um flokkun og bæta meðferð og nýtingu ullar og gæru. Í n. voru skipaðir dr. Stefán Aðalsteinsson, sem var formaður hennar, Agnar Tryggvason framkvæmdastjóri, Ingi Tryggvason núv. alþm., Ragnar Ólafsson forstjóri á Akureyri og Sveinn Hallgrímsson sauðfjárræktarráðunautur.

Frv. á þskj. 304, sem liggur nú fyrir til 1. umr., er árangur af starfi þessarar n. og var n. sammála um málið. Lög um mat ullar eru úrelt, enda eru þau að stofni til frá 1933 og með breytingum sem gerðar voru 1947, og eru þau miðuð við heimaþvott á ull. Lagaákvæði skortir til að láta flokka alla ull frá framleiðendum. Oft er hún keypt án flokkunar þegar mikil samkeppni er um ullarkaupin. Þessi verslunarmáti hefur ýtt undir þann hugsunarhátt að mikil ullarþyngd sé aðalkeppikeflið, en minna hvatt til þess að auka gæði ullarinnar.

Á síðari árum hefur ullariðnaður stóraukist í landinu. Meginuppistaðan í iðnaðarútflutningi okkar, fyrir utan stóriðju, ál og kísilgúr, er ullariðnaður og gæru. Vegna lækkandi verðs á ull til bænda á sama tíma hefur gæðum ullarinnar stórhrakað. Mikið hefur skort á að ullin kæmi öll til skila og oft laklega hirt.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins telur að á búum hennar skili hver kind 2.2 kg að meðaltali á ári. Miðað við að hver kind í landinu skilaði 2 kg af ull eða nær 10% minna en er á þessum búum ætti innlagt ullarmagn að vera þetta: Árið 1972 var innlagt ullarmagn 1 400 tonn, en hefði átt að vera samkv. þessari formúlu 1 572 tonn. Til innleggs vantar því 11% eða 172 tonn. Árið 1973 var innlagt magn minna þrátt fyrir fjölgun fjár um 5.4%. Innlagt magn var þá 1 438 tonn, en hefði átt að vera 1 657 tonn. Til innleggs vantar því 219 tonn eða 13%.

Ullarverð til bænda þarf að vera hærra. Tillaga um að hækka ullarverð til bænda er í skýrslu um eflingu ullar- og skinnaiðnaðar frá iðnþróunarnefnd, enda er það ekki að ástæðulausu því að skinna- og ullarútflutningur var á árinu 1974 að verðmæti 1573.8 millj. kr., en 1975 2 milljarðar 547 millj., og voru þá landbúnaðarvörur 8% af útfluttum vörum íslendinga. Í þessum tölum er m.a. tekið tillit til þess sem selt var í gegnum Íslenskan markað og í Rammagerðinni, að því leyti sem um íslenskar vörur er að ræða. Ber því mikla nauðsyn til að efla ullarframleiðsluna og gæði ullarinnar. Talið er að með iðnaði mætti 7—8falda verðmæti ullar og gæru til útflutnings frá því sem nú er. Með fjórföldun yrði þessi útflutningur á ull og gærum jafnhár að verðmæti og útflutningur álversins var á s.l. ári. Á þessu vil ég vekja athygli, að það þarf ekki mikið til að ná þessu marki ef vel er að staðið. Það skortir á nú, auk þess hvað ullin er illa hirt af sauðfénu, að um 20% af henni fara í lakari gæðaflokka en nauðsyn bæri til. Árið 1974 voru flutt inn 203 tonn af hreinni ull, sem svarar til 300—350 tonna af óhreinni ull. Mikið er hægt að bæta ullarframleiðsluna og auka hana með bættri meðferð og umhirðu. Vetrarrúningur gefur betri hráefni fyrir ullariðnaðinn, en kefst einnig betri fóðrunar hjá bændum og góðra útihúsa. Þessa ull þarf að greiða hærra verði til bænda ef þeir eiga að skila henni á þessum árstíma.

Verðlagning og flokkun á ull er virkasta leiðin til þess að efla og bæta ullarframleiðsluna og með því að efla þann iðnað sem okkur er gagnlegur og vænlegur til gjaldeyrisöflunar. Breyting frá núv. flokkun er að bændum er ætlað að flokka ullina og gera sér betri grein fyrir meðferðargöllum á henni við það. Ódýrara er, ef vel tekst til, að nota þessa aðferð. Gert er ráð fyrir flokkun á ull við móttöku, en nú er það gert hjá þvottastöðunum löngu eftir að varan er afhent af bændum.

Yfirullarmatsmenn skulu vera fjórir á landinu og ákveðin svæði. Ullarmatsformaður skal vera skipaður af ráðh. Þetta er mjög líkt því fyrirkomulagi sem er með kjötmatið. Kostnaður við kjötmatið á s.l. ári var rúm 1 millj. kr., en kostnaður við ullarmatið var um 100 þús. kr.

Með þessum orðum hef ég, herra forseti, gert grein fyrir þessu frv. Ég vil endurtaka það, að brýna nauðsyn ber til að koma þessum málum í fast horf og flokka ullina til gæða-

mats á þann hátt sem hér er lagt til og ganga í það að ull verði betur hirt en nú er gert. Hér er um hagsmunamál fyrir framleiðendurna að ræða og fyrir þjóðarbúið í heild, því að ull er að verða verulegur útflutningur í ullariðnaði og skinn eru að verða verulegur útflutningsiðnaður ef vel er á málum haldið.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn. Ég leyfi mér að vona að hv. n. vinni að þessu máli með þeim hraða að við getum tekið þessi mál til meðferðar þegar ekki er mikið að gera í þinginu, því að eins og kunnugt er fæst nóg af málum í þinglokin. En þetta er einmitt gott mál til meðferðar á þessum tíma þingbaldsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og landbn. með 13 shlj. atkv.

Flokkun og mat á gærum, frv. (þskj. 305). — 1. umr.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa formála fyrir þessu frv. því að það er samið af sömu nefndarmönnum og sömdu frv. það sem ég talaði fyrir áðan, um mat á ull. Hér er um að ræða mat á gærum í frv. á þskj. 305 sem hér er nú til 1. umr.

Lög um gærumat eru frá árinu 1942 og fjalla þau um meðferð á gærum við slátrun, söltun, geymslu og frágang til útflutnings. Þá var meginhluti gæranna fluttur úr landi óunninn. Af útfluttum gærum, sem voru 900 þús. á árinu 1975, fóru rúmlega 350 þús. óunnar til útflutnings, en afgangurinn með meiri og minni háttar vinnslu innanlands.

Gærusútun og skinnaiðnaður hefur farið í vöxt á síðari árum og aðferðir við slátrun og fláningu hafa breyst, frágangur á gærum einfaldast við sölu, geymslutími þeirra innanlands lengst og hráefnakröfur aukist. Iðnaðurinn óskar eftir hreinni litum í gærum og betra ullarfari. Mikill mismunur er á vöndun við fláningu og meðferð gæranna í geymslu án þess að verðið taki sérstaklega til þess. Mikil verðmæti tapast við slæma vinnslu. Flokkun og mat á gærum eru fyrirhuguð við móttöku kindarinnar í sláturhús og við afhendingu á gærunni frá sláturhúsi. Innleggjandinn, bóndinn, á ekki að bíða skaða af lökum vinnubrögðum í sláturhúsi né hagnast á því, sé hann með lakara fé til frálags við þessa framleiðslu en að meðaltali.

Gærur eru mjög viðkvæm vara í meðferð. Þörf er á lögskipuðum matsmönnum, er setji reglur um og fylgist með vinnslu á gærum í sláturhúsum, til að koma í veg fyrir meðferðargalla og skaða af þeim. Skemmd getur komið á öllum ttigum framleiðslu: við slátrun, geymslu og flutning. Mjög mikil rýrnun er á gærum vegna afskurðar sem við sútun þarf að gera vegna verkunargalla. Við sláturhúsin skulu starfa gærumatsmenn, skipaðir af lögreglustjóra, en vera á launum hjá sláturhúsunum eða þeim sem taka á móti gærum af bændum. Yfirgærumatsmenn skulu vera fjórir og gærumatsformaður sé einn á landinu, launaður af ríkissjóði. Þetta er líkt og er með kjötmatið, aukakostnaður fyrir ríkissjóð er vegna yfirmatsins. Kostnaður við kjötmatið á s.l. ári var rúml. 1 millj. kr., en kostnaður af gærumatinu var sama og enginn, eins og áður hefur verið fram tekið.

Ekki orkar það tvímælis, að það mun margborga sig að koma á þessu mati á gærunum. Hér er um verðmæt hráefni í iðnaði okkar íslendinga að ræða, og auðvitað eigum við að stefna að því að vinna okkar gærur allar til fullnaðar, en selja þær ekki úr landi sem hráefni.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn., og það er einnig von mín, að þetta mál fái fljóta meðferð hjá n. svo að Alþ. geti afgreitt það nú þegar það hefur minna að gera en síðar verður.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og landbn. með 13 shlj. atkv.

Afréttarmálefni, fjallskil o. fl., frv. (þskj. 306). 1. umr.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Frv. á þskj. 306, sem hér er nú til 1. umr., er til breyt. á l. nr. 42 frá 1969, um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. Þetta frv. var eitt af þeim frv. sem landgræðslunefnd samdi á sínum tíma og ég lagði það fyrir hv. Alþ. á síðasta þingi, en það varð ekki útrætt þá. Ástæðan til þess, að það varð ekki, var einmitt sú, að það þótti rétt, að Búnaðarþing fengi þetta mál til meðferðar, og þess vegna var frestað að afgreiða það. Nú er það hins vegar lagt hér fyrir til þess að það geti farið til Búnaðarþings til umsagnar, en þetta mál getur verið að einhverju leyti hagsmunamál sem menn vilja fjalla nánar um en þau tvö frv. sem ég ræddi um áðan.

Hér er um að ræða að beita ítölu í sambandi við landsnotkun, og er hugsað með því að tryggja sem hagkvæmasta notkun landsins með því að beit og landvernd fari saman. Það, sem á að gera í þessu sambandi, er að fylgjast betur með nýtingu landsins, og eiga fjallskilafélög eða sveitarstjórnir að vera þar vel á verði, og eru þessir tveir aðilar gerðir ábyrgari en áður hefur verið. Einnig er gert ráð fyrir því, að sérstökum aðilum hjá Búnaðarfélagi Íslands verði falið beitareftirlit og beitarrannsóknir sem þetta frv. er miðað við, þar sem hér er um að ræða í sambandi við ítölu að telja í land í samræmi við hvað beitarþol er mikið, að byggja þessa ákvörðun á rannsóknum um beitarþol og mat á beitinni. Ítala þarf ekki endilega að þýða að takmarka þurfi búfjárfjölda frá því sem er, en hún getur hins vegar þýtt það. En það, sem mestu máli skiptir, er að nýta beitarhagana eins og frekast er hægt og á hagkvæmastan hátt. Það er nú þegar fyrir hendi að ítölum hafi verið beitt. Það mun hafa verið gert í Mýrdal, eins á Landmannaafrétti, og verið er

að vinna að ítölu í Mývatnssveit eða á löndum Skútustaðahrepps og ef til vill víðar, svo að þetta hefur átt sér stað. Bændur hafa því áhuga á að koma þessum málum hagkvæmlega fyrir, enda hafa þeir mikilla hagsmuna að gæta. Það skiptir náttúrlega öllu máli fyrir þá að fénaður þeirra hafi sem hagkvæmasta beit meðan hann er á fjöllum uppi, og það er orðið meira áberandi en áður, að síðla sumars fara bændur að girðingum til þess að fylgjast með því hvort fé er komið að þeim, og hefur það þá verið tekið niður og fært inn á láglendið, eins og átt hefur sér stað í Borgarfirði og víðar.

Með þessari rannsókn á beitarþoli á að vera hægt að fylgjast betur með þessum efnum en gert hefur verið, og frv. ráðgerir að láglendi verði betur nýtt í sambandi við beit en áður hefur átt sér stað. Einnig væri með þessum skipulega hætti hægt að ákveða um það, hvenær fé yrði rekið á fjall og hvenær það yrði það tekið. Sömuleiðis er þegar farið að útiloka stóðhross úr beitilöndum sauðfjár, og mundi það verða gert í ríkari mæli ef um hættu væri að ræða á að land væri ofbeitt.

Þetta frv. beinist því fyrst og fremst að því að gera ákvörðun um ítölu skýrari, einfaldari í framkvæmd og tengja öðrum gróðurverndaraðgerðum. Það yrðu í flestum tilfellum bændurnir sjálfir sem mundu beita sér fyrir sérstökum aðgerðum til þess að halda landgræðslunni og landverndinni. Hins vegar er gert ráð fyrir því í frv. að Landgræðslan geti gripið þar inn í ef þessum málum er ekki fullsinnt að hennar dómi af þeim aðilum sem eiga að sinna þeim, sveitarstjórnum og stjórnum afréttarlanda.

Ég sé ekki ástæðu til þess við þessa umr. að fara frekar út í þetta mál. Þetta er eins og ég gat um í upphafi máls míns, einn þátturinn í því að vernda land okkar, bæta það og nýta á hagkvæman hátt. En það er sú stefnumörkun, sem gerð var með ályktuninni á Þingvöllum hinn 28. júlí 1974.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn. og vænti eins og í hinum málunum góðrar fyrirgreiðslu af hálfu nefndarinnar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbn. með 14 shlj. atkv.

Skráning og mat fasteigna, frv. (þskj. 121). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Frá því í haust hefur í fjmrn. verið unnið að endurskoðun á frv. til l. um skráningu og mat fasteigna. Frv. þetta er á þskj. 121. Eins og hv. þm. rekur ef til vill minni til, var lagt fram í hv. deild haustið 1973 af þáv. hæstv. fjmrh., Halldóri E. Sigurðssyni, hliðstætt frv., en málið fékkst ekki afgr. á því þingi. Forsaga þessa máls er þó mun lengri og vil ég leyfa mér að rekja hana hér í nokkrum orðum.

Aðalmat fasteigna 1970, sem þáv. fjmrh. staðfesti á árinu 1971, var gert samkv. l. nr. 28 1963, um fasteignamat og fasteignaskráningu. Skipulagslega var allur undirbúningur og framkvæmd aðalmatsins 1970 annað en verið hafði við fasteignamat fyrr, einkum hvað snerti gagnasöfnun sem var mun umfangsmeiri og víðtækari en áður hafði þekkst, sérstaklega í Reykjavík. Auk þess var gerð alvarleg tilraun til þess að láta matsfjárhæðir spegla raunverulegt gangverð eigna á þeim tíma sem matið miðaðist við, og er matsverð fasteigna miðað við gangverð þeirra um áramótin 1969—1970.

Það, sem gerði kleift að ráðast í þá umfangsmiklu upplýsingasöfnun, sem áður hefur verið lýst, var að nýjasta tækni við vörslu og vinnslu slíkra gagna hafði gert meðhöndlun svo mikils magns upplýsinga viðráðanlega bæði tæknilega og fjárhagslega. Hefur í framhaldi af því verið leitast við að halda við þessu upplýsingasafni eftir því sem frekast hefur verið kostur.

Lengi hafði verið ljóst að lagagrundvöllur aðalmats 1970 gæti ekki dugað sem frambúðarstefna um þróun þessa viðfangsefnis sem hefur geysimikla þýðingu fyrir fjölmarga aðila, þeirra á meðal sveitarfélögin í landinu, en upplýsingasafn þetta hefur verið grundvöllur álagningar fasteignaskatta samkv. lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Hafa verið gerðar þrjár tilraunir til samningar lagafrv. um þetta efni og var það síðasta lagt fyrir Alþ., eins og fyrr segir, 1973, en fékkst þá ekki afgreitt enda þótt ekki virtist á þeim tíma teljandi efniságreiningur um þá stefnu sem mörkuð var í því frv. Ráðuneytisstjóri fjmrn., Jón Sigurðsson, hafði aðallega unnið að gerð þess frv. Öll þau verk, sem unnin hafa verið á þessu sviði, hafa átt þátt í að móta þá stefnu rn. sem fram kemur í þessu frv., en frv. er að meginstofni til byggt á fyrra frv. um sama efni sem fyrr var að vikið, en þó er í nokkrum atriðum um frávik að ræða, aðallega í framkvæmd matsins sjálfs.

Þess er fastlega vænst, ef frv. verður að lögum, að það leysi til nokkurrar frambúðar úr þeim hnút sem málefni fasteignamatsins hafa verið í síðustu missiri. Þar sem frv. er hins vegar nýsmíði á kerfi, sem ekki hefur verið reynt verður reynslan að skera úr um hvort einhverjar breytingar verði nauðsynlegar til þess að hin nýja tilhögun skili þeim árangri sem að er stefnt. Eins og frv. er lagt fram, felur það í sér einfalt kerfi til að viðhalda og leiðrétta fasteignaskrá eins og hún er á hverjum tíma. Framkvæmd skráningar byggist í megindráttum á gagnasöfnun aðila sem þegar eru starfandi á því sviði og þurfa að skrá hjá sér sambærilegar upplýsingar hvort sem er.

Í frv. felst m. a. sú breyting, ef borið er saman við gildandi lög, að aðaláhersla laganna hvílir á haldgóðri skráningu fasteigna og upplýsinga um þær, en mat á verðmætum þeirra kemur í annarri röð. Í gildandi lögum er þessu öfugt farið, því að þar er ákvörðun um matsverðmæti fasteigna meginmarkmið laganna. Þessi áherslumunur ber vott um að skráning upplýsinga um fasteignir hefur sívaxandi gildi fyrir æ fleiri aðila í nútímaþjóðfélagi, ekki einungis í sambandi við skattheimtu og fjármál, heldur og í vaxandi tengslum við önnur atriði í stjórn málefna opinberra aðila, áætlunargerðar og skipu-

lagningu, svo og í viðskiptum einkaaðila og við rannsóknir. Notagildi véltækra gagna af þessu tagi í tengslum við aðrar skrár, svo sem þjóðskrá og fyrirtækjaskrá, er einnig geysimikið og vaxandi.

Frv. gerir ráð fyrir sífelldri matsstarfsemi, þ. e. að eignir séu teknar til mats jafnharðan og þær verða til eða breytast, í stað þeirrar tilhögunar sem ríkir skv. gildandi lögum sem gerir ráð fyrir aðalmati á vissu árabili, en millimatskerfi þess á milli. Slík samfelld matsstarfsemi, sem á að leiða til þess að skráning og verðmætismat fasteigna sé á hverjum tíma eins nálægt sanni og kostur er, gerbreytir upplýsingagildi matsins og verður nánast að teljast markmið í sjálfu sér. Er með því opnaður möguleiki fyrir því að fasteignamatið komi í stað annars mats á ýmsum sviðum og hægt verði að nota það í hvers konar verðmætisviðmiðun.

Sú breyting er gerð í framkvæmd matsins frá fyrra frv. að horfið er frá sjálfstæðu matsmannakerfi, sem þá var gert ráð fyrir að starfaði skipulega innan Fasteignaskrár, en í stað þess er gert ráð fyrir að Fasteignaskrá annist mat fasteigna. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir heimild til að komið verði á fót sérstöku trúnaðarmannakerfi eftir kjördæmum sem aðstoði Fasteignaskrá við mat og/eða skoðun fasteigna. Verður reynslan að skera úr um hvort nauðsynlegt teljist að ráðist verði í uppsetningu slíks kerfis.

Skipun yfirfasteignamatsnefndar skv. frv. úr hópi 10 manna, sem Hæstiréttur tilnefnir, er að því leyti til frábrugðin fyrirkomulagi gildandi laga, að henni má jafna til dómkvaðningar, í stað þess að nú er n. skipuð af fjmrh. beint. Felur þessi breyt. í sér tilraun til að flytja matsstarfsemi með þessum hætti á einn stað í stað þeirra fjölmörgu aðila sem fást við mat fasteigna með mjög ósamræmdum hætti eftir sérstakri dómkvaðningu hverju sinni.

Frv. gerir ráð fyrir að Fasteignaskrá yfirtaki allar eignir og gögn Fasteignamats ríkisins í Reykjavík og utan. Hér er um formbreytingu að ræða, en ekki raunverulega verið að setja á fót nýja stofnun.

Ekki er gert ráð fyrir að kostnaður ríkissjóðs vegna þessara breytinga aukist frá því sem verið hefur. Þó má búast við auknum kostnaði vegna sérskráningar sérgreindra eignarhluta fasteigna sem Alþ. hefur sýnt áhuga á að geti orðið og er forsenda álagningar fasteignagjalda eftir eigendum svo og vegna árlegs framreiknings yfirfasteignamatsnefndar. Á móti kemur hins vegar að kostnaður við millimatið fellur niður. Það hins vegar ætti að tryggja að kostnaður við rekstur stofnunarinnar fari ekki fram úr því sem fjárlög gera ráð fyrir, að sérstakt ákvæði kveður á um að verðlagning á þjónustu Fasteignaskrár skuli miðast við endurheimt kostnaðar Fasteignaskrár að því marki sem fjárlög á hverjum tíma gera ráð fyrir. Skv. fjárl. ársins 1976 er gert ráð fyrir að sá kostnaður nemi 31 millj. kr.

Ég hef orðið var við að nokkrum mönnum er nafn stofnunarinnar þyrnir í augum. Að nokkru leyti er hér um smekksatriði að ræða, en ég vil þó gefa skýringu á nafngiftinni. Eins og fram hefur komið í þessu frv. er lögð áhersla á skráningu upplýsinga um fasteignir, en matið kemur í annarri röð. Þótti því eftir atvikum rétt að frekari áhersla yrði lögð á þetta í nafngift stofnunarinnar. Þá hafa margir tilhneigingu til að hengja orðið „ríkisins“ aftan við heiti stofnunar á vegum ríkisins. Slíkt er smekksatriði, en þó ekki algild regla, sbr. t. d. Þjóðskrá. Ekkert er því til fyrirstöðu að þessu verði breytt að vel athuguðu máli.

Eins og ég drap á áður er hér um fjórðu tilraunina að ræða til samningar lagafrv. um þetta efni og annað skiptið sem málið er lagt fyrir Alþ. Sá dráttur, sem orðið hefur á mótun frambúðarstefnu um skráningu og mat fasteigna, hefur valdið ýmsum erfiðleikum og ljóst er að við svo búið má ekki öllu lengur standa.

Um leið og ég legg til, herra forseti, að máli þessu verði að umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. vil ég mega mælast til þess við þá n. eða formann hennar að við yfirferð og upplýsingasöfnun vegna þessa frv. verði haft samstarf við hv. fjh.- og viðskn. Nd. Þannig væri hægt að auðvelda framgang málsins og tryggja að allar upplýsingar um þetta mál fáist, en það þurfi ekki að tefja málið, þegar það kemur til Nd., að þá þurfi að endurtaka það upplýsingastreymi inn til fjh.- og viðskn. Nd. sem þegar hafi farið fram hjá hv. fjh.- og viðskn. Ed.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju minni yfir því að lagt er fram að nýju frv. um skráningu og mat fasteigna. Mönnum er fullljóst, a. m. k. öllum þeim sem nokkuð hafa fjallað um fasteignamat og uppbyggingu þess eða notagildi fyrir sveitarstjórnir og aðra aðila, að nú er nokkur hætta á því að sú verðmæta vinna, sem lögð var í síðasta aðalmat fasteigna, fari forgörðum og gildandi mat og skráðar upplýsingar komi ekki að notum við endurnýjun fasteignamatsins, svo að ganga þurfi að nýju til umfangsmikillar vinnu við skoðun mannvirkja og annarra eigna. Er því mikilvægt að reyna, áður en lengra líður, að tengja þetta betur því framtíðar- og frambúðarskipulagi sem á skráningu og mati fasteigna verður.

Eins og fram kom hjá hæstv. fjmrh. hefur nú liðið nokkuð á þriðja ár frá því að frv. um skráningu og mat fasteigna var lagt fram í þessari hv. d. og fékk reyndar þá afgreiðslu, en náði ekki fram að ganga í Nd. Það er því ekki vonum fyrr að þetta mál kemur hér á dagskrá að nýju.

Ég vil strax undirstrika það, að ég tel frv. í því formi, sem það nú er lagt fram, taki nokkuð fram því frv. sem við fjölluðum um fyrir tveimur og hálfu ári. Ekki síst tel ég vera kost að fallið er frá því matsmannakerfi sem þá var gert ráð fyrir að yrði í gildi áfram, en var nokkuð gagnrýnt hér í deildinni og þó sérstaklega fyrir það, að það þótti hvorki vera fugl né fiskur og það mundi ekki valda því verkefni sem því var ætlað að inna af höndum.

Ég stend ekki upp hér til þess að gera aths. við efnisatriði frv. En við 1. umr., þegar fyrra frv. var lagt fram, gerði ég fáeinar aths.

við orðalag eða orð, sem í frv. eru notuð, og því miður rek ég mig á það að ekki hefur verið breytt frá því sem upphaflega var í frv. þeim orðum sem ég þá gerði aths. við.

Það má segja að orð hafi e. t. v. ekki allt að segja í þessu efni. Ég tel þó að við eigum hér á hv. Alþ. að kosta kapps um að viðhalda í lagafrv. málvenjum og góðum orðum sem áður hafa verið notuð af öllum almenningi um landið allt. Mér flaug í hug þá að e. t. v. væri það málvenja aðeins í minu byggðarlagi að tala um landamerki í staðinn fyrir landamörk og þess vegna væri ekki horfið að því að tala um landamerki í þessu nýja frv., eins og mér fannst að menn væru hér yfirleitt sammála um að gera. Ég sé að það hefur ekki verið eingöngu málvenja á Suðurlandi, því að í eldri lögum um fasteignamat er talað um það í 13. gr., að „geta skal þess hvort landamerki eða löðamörk séu ágreiningslaus". Aftur á móti í þessu nýja frv. stendur svo í 2. gr.: „Land, þ. e. hver sá skiki lands sem vegna sérgreinds eigna- eða afnotaréttar, hagnýtingar, auðkenna eða landamarka getur talist sjálfstæð eind." Enn fremur í 3. gr., þar sem taldar eru upp þær upplýsingar um land sem eigi að skrá í fasteignamat, þá er í 3. lið: „Landamörk eða vísan til hvar þau eru skráð."

Eins og ég hef bent hér á, gera eldri lög um fasteignamat ráð fyrir því að hafa hér yfir annað orð og er það endurtekið í þeim lögum aftur og aftur. T. d. ber I. kafli laganna heitið „Um gerð landamerkja, merkjalýsing og viðhald." II. kafli í eldri lögum heitir: „Um meðferð landamerkjamála." Og 10. gr. ákveður að sá dómur, sem geri út um ágreining um landamerki, heiti merkjadómur.

Ég vil með tilvísun til þessara atriða, sem ég hef hér tínt fram, beina því til þeirrar n., sem fær þetta frv. til meðferðar, að hún athugi hvort ekki sé rétt að hverfa til þessarar málvenju sem jafnan hefur verið viðhöfð um landamerki á Íslandi.

Að öðru leyti ætla ég ekki að fjölyrða um þetta frv. að þessu sinni. Ég gat um það hér áður, þegar þetta frv. var rætt í d., að mér sýndist nokkur vafi leika á því, hvort það væri rétt að telja upp í 3. gr. jafnmörg atriði og gert er, sem ættu að taka til skráningar við hverja fasteign, hvort ekki væri eðlilegra að fella það í reglugerð, því að svo gæti farið að það þyrfti að taka upp nýjar greinar eða ný atriði til skráningar, og til þess að það væri leyfilegt yrðum við að breyta lögunum. Annars þyrfti varla annað að gera en að gefa út nýja reglugerð.

Miklu minna atriði, en þó ekki algerlega þýðingarlaust, er það að hér eru nýyrði á ferð, sem ugglaust munu ryðja sér til rúms. Ég hef ekki fengið fyllilega upplýst hvort þau eru nauðsynleg á þessu stigi eða hvort það er samkomulag um að nota þau yfir höfuð í opinberum fyrirmælum. Svo segir í niðurlagi 5. gr. frv.: „Fasteignaskrá ber að annast gerð og samræmingu hvers konar greinitalnakerfa sem notuð eru um fasteignir við skráningu þeirra, þar með talin gerð staðgreinitölukerfis sem taki til landsins alls."

Ég fellst á það, að með tölvutækninni þurfi að sjálfsögðu að taka ýmis ný orð upp í fyrirmæli og lög. En mér þykir t. d. orð eins og „staðgreinitölukerfi" vera heldur leiðinlegt orð yfir þetta fyrirbæri.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 50. fundur.

Fimmtudaginn 5. febr., kl. 2 miðdegis.

Umferðarlög, frv. (þskj. 174). — Frh. 1. umr.

Karvel Pálmason: Virðulegi forseti. Það er nú orðið nokkuð langt um liðið síðan þetta mál var hér til umr. og líklega farið að fyrnast eitthvað yfir það sem þá var sagt í þeim efnum. En ég vil þó segja aðeins nokkur orð nú við 1. umr. þessa máls.

Nú er ég ekki í neinum vafa um að hv. flm. þessa frv. eru fullir áhuga í sambandi við umferðarmenningu og allt sem því við kemur að koma í veg fyrir umferðarslys. Ég er ekki heldur í neinum vafa um að þetta frv. er fyrst og fremst flutt til þess. Einnig tel ég mjög líklegt að báðir hv. þm. séu fremri mér í því að fjalla um slík efni og sjálfsagt margt í þessu frv. sem horfir til bóta. En það er þó a. m. k. eitt atriði sem ég vil sérstaklega gera að umræðuefni varðandi þetta frv. Það atriði er í 1. gr. frv. þar sem fjallað er um öryggisbelti í bifreiðum. Nú er það líklega nokkuð umdeilt eða a. m. k. skiptar skoðanir um það, hvort talið sé rétt að lögleiða notkun öryggisbelta í bifreiðum. Menn skiptast þar bæði með og móti. Ég vil ekki á þessu stigi tjá mig um það endanlega. Það er ýmislegt sem mælir sterklega með því að lögleiðing öryggisbelti í bifreiðum gæti hugsanlega komið í veg fyrir slys í umferðinni. En það, sem ég rak augun í í sambandi við þetta frv., er að í þessari gr. er gert ráð fyrir því, eins og segir orðrétt, að „þeim, sem eru undir 15 ára aldri eða eru að líkamsstærð undir 150 cm" sé ekki skylt að nota öryggisbelti.

Nú veit ég eigi hvað hv. flm. þessa frv. hafa í raun og veru fyrir sér í því eða hvað þeir meina, hver er orsökin fyrir því að þeir telja ekki jafnnauðsynlegt fyrir mann, sem er ekki nema 150 cm á hæð, að vera í öryggisbelti eins og hinn, sem væri kannske 151 eða 155 cm. Vel má vera að það liggi að baki svona ákvörðun einhverjar rannsóknir eða upplýsingar sem leiði til þess, að það sé hægt að sýna fram á, að ekki sé jafnnauðsynlegt fyrir einstaklinga af þessari stærð að nota slíkan öryggisbúnað. Ég fyrir mitt leyti hef ekki heyrt neitt, sem fram hefur komið, sem renni stoðum undir það að hér eigi endilega að skipta um öryggisútbúnað eftir því hver stærð viðkomandi einstaklings er sem nota á þetta tæki, þennan öryggisútbúnað. Ég vil því spyrja hv. 1. flm. frv. hvað liggi að baki því að þeir telji ekki nauðsynlegt fyrir menn, sem ekki eru hærri en 150 cm, að nota

öryggisbelti, ef það er á annað borð, sem ég skal ekki draga í efa, orðið sýnt að öryggisbelti hafi í reynd komið í veg fyrir líklega fjöldann allan af slysum í umferð. Ég vil gjarnan fá skýringu á þessu ákvæði. Eins og ég sagði áðan, þá má vel vera að hér liggi til grundvallar kannanir og niðurstöður þeirra í þessu sambandi, en ég vildi gjarnan fá um það að vita.

Það var fyrst og fremst þetta sem ég rak augun í við yfirlestur þessa frv., eins og ég sagði strax. Ég geri ráð fyrir því að margt í þessu frv. geti verið til bóta í umferðinni, og sannarlega veitir ekki af að huga að öllu því sem sýnist vera til bóta og í þá átt að koma í veg fyrir umferðarslys. Við höfum á undanförnum mánuðum kannske heyrt meira en fyrr um slíkt, og er því full ástæða til að gefa þessu fullan gaum.

Ég skal ekki hafa öllu fleiri orð hér um, en ég vil sem sagt mjög óska eftir að skýring yrði gefin á því, hver sé ástæðan fyrir þessu, sem hér er sett fram, að það sé ekki talin ástæða til að þeir einstaklingar, sem ekki séu hærri en 150 cm, noti öryggisbelti.

Flm. (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. Á sínum tíma í miðjum fjárlagaumr. fyrir jólin var flutt framsaga fyrir þessu máli og höfðu þá tveir eða þrír þm., að ég held, kvatt sér hljóðs um það. Ég vil þakka hv. 5. þm. Vestf. fyrir áhuga hans á málinu. Það er vissulega áhugaverð að mínu mati öll sú viðleitni sem miðar að bættri umferðarmenningu í okkar landi og fækkandi slysum og óhöppum, sem hafa á undanförnum mánuðum orðið óhugnanlega mörg.

Ég ætla strax að koma að því atriði sem hv. þm. vék að sérstaklega í 1. gr. um notkun öryggisbelta. Ég skal segja það strax, að mig raunar furðar ekki á því þó að komi fram athugasemdir við þetta. Mér fannst þetta sjálfri við samningu frv. dálítið torkennilegt, en ég spurði sérfróða menn um þetta sérstaklega, hvers vegna væri tekin þessi viðmiðun, 150 cm hæð og 15 ára aldur. Mér var svarað því til, að þetta þætti rétt, aðallega vegna þess að svona væri þetta alls staðar annars staðar á öllum Norðurlöndunum og þar sem öryggisbelti hafa verið lögleidd er þessi viðmiðun notuð. Ég tel rökin liggja nokkuð beint við að vissu leyti, þ. e. a. s. að fólk innan við 150 cm að hæð eða innan 15 ára aldurs á yfirleitt alls ekki að sitja í framsætum. Það á að vera í aftursætinu. Engu að síður, ef gert er ráð fyrir því að það sitji í framsætum, þá tel ég persónulega ekki ósennilegt og óeðlilegt að sömu reglur giltu um notkun öryggisbeltanna. Ég lét þetta standa samt sem áður í frv. með tilliti til þess, að ég veit að frv. á eftir að fara til rækilegrar umfjöllunar í n. og það mun verða sent til sérfróðra aðila, geri ég fastlega ráð fyrir, og þá munu þessar ábendingar vafalaust verða teknar til athugunar. Ég get lýst því yfir strax, að þetta er nokkuð sem mér er ekki fast í hendi, að þessari gr. verði ekki breytt eftir því sem nm. og umsagnaraðilum þykir tilefni til að breyta.

Almennt um öryggisbeltin vil ég segja það, að ég hef orðið vör við það, eftir að þetta frv. kom fram, að það eru mjög skiptar skoðanir um þetta atriði og það kom mér raunar alls ekki á óvart. Ég get viðurkennt það sjálf, að mér hefur til skamms tíma þótt að það væri kannske höggvið fullnærri persónufrelsi fólks að skylda það til að nota öryggisbelti í akstri. En við nánari umhugsun vaknar sú spurning: Getum við staðið þarna á móti með þær staðreyndir í huga og með þær skýrslur og sannanir fyrir augunum um að notkun öryggisbelta er stórkostlegt slysavarnatæki, eða eins og kemur fram í grg. og hefur margoft komið fram í yfirlýsingum frá Umferðarráði, að samkv. ítarlegum rannsóknum, sem gerðar hafa verið annars staðar en hér, afstýra öryggisbeltin slysum í 70% tilfella? Í þéttbýli hér á Íslandi verða samkv. rannsóknum Umferðarráðs 85% umferðarslysa og óhappa, en það er einmitt í þéttbýlinu sem öryggisbeltin hafa fram til þessa svo til alls ekki verið notuð hér. Þótt okkur þyki óhagræði að því og óþægindi að þurfa að spenna á okkur öryggisbelti, þó að við gerum ekki annað en að keyra á milli húsa, þá skulum við hafa í huga þessar staðreyndir sem ég benti á áðan. Ég er sannfærð um að það koma til með að verða deildar meiningar um þetta í þeirri þn., sem málið kemur fyrir, og væntanlega síðar í umr. á Alþingi.

Þessi mál um öryggisbeltin hafa verið mikið hitamál á þjóðþingum annarra Norðurlanda, mjög umdeild og langar og miklar umr. hafa spunnist um þetta atriði. Ég held ég hafi getið þess í framsögu fyrir jólin, að í norska stórþinginu greiddi ¼ norskra þm. atkv. gegn þessari lögleiðingu bílbeltanna. En í gegn fór það samt, og á Norðurlöndunum öllum er nú þessi notkun lögleidd. Ég minnist þess að s. l. vor dvaldi ég nokkra daga í Svíþjóð. Þar höfðu þau verið lögleidd um 6 mánuðum áður, um áramótin 1974—1975, og mér var sagt af fólki í Svíþjóð að því hefði verið fremur stirðlega tekið af almenningi fyrst í stað, en missiri síðar voru allir orðnir ásáttir um þetta og spenntu sín öryggisbelti trúverðuglega í hvert skipti sem sest var upp í bíl, sem sagt voru orðnir vanir. Þetta er auðvitað fyrst og fremst spurning um vana.

Ég get sem sagt ekki svarað hv. 5. þm. Vestf. öðru til en þessu. En ég geri ráð fyrir að í umr. um málið muni e. t. v. koma fram fleiri rök sem mæla með þessu ákvæði, en hins vegar eðlilegt að það verði tekið til endurskoðunar og jafnvel breytt í annað horf ef menn eru á eitt sáttir um það. En ég vil endurtaka að ég vona að þetta mál sem og önnur mál, — það eru ein þrjú önnur þingmál sem liggja nú fyrir þinginu um þetta sama efni, þar á ég ekki við öryggisbeltin, heldur um breytingar á umferðarlögum sem þykja nauðsynlegar og horfa til bóta, — ég vona að afgreiðslu þeirra verði flýtt svo sem verða má, þannig að þau verði afgr. á þessu þingi. Ég endurtek ósk mína um að málinu verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. allshn.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð til þess að þakka flm. þessa frv. fyrir að flytja það og lýsa yfir stuðningi mínum við meginatriði frv.

Ég held að það þurfi ekki að fara um það mörgum orðum, að umferðarmál okkar eru með þeim hætti að þar þarf að verða veruleg breyting á til bóta. Eftir því sem bílum fjölgar, eftir því sem hraðbrautum fjölgar og umferðarþungi og umferðarhraði vex, eftir því koma upp meiri og alvarlegri vandamál í sambandi við umferðina. Og ég er sannfærður um það af viðræðum, sem ég hef átt við þm. frá öðrum Norðurlöndum, að það er aðeins tímaspursmál þangað til verður talið sjálfsagt og algjörlega nauðsynlegt að koma hér á notkun bílbelta. Og ég vil aðeins undirstrika það, að hér er um alvörumál að ræða sem ég vona að sú hv. n., sem fær það til meðferðar, taki það fullkomlega alvarlega, kanni til hlítar, að hún afli sér þeirra upplýsinga sem þegar eru fyrir hendi um reynslu af þessu aðalatriði frv. annars staðar á Norðurlöndum. Sviar eru þegar komnir með meira en eins árs reynslu í þessu efni, og ég held að ég geti staðfest það, sem hv. fyrri flm. sagði áðan, að jafnvel margir þeir, sem töldu hæpið að lögfesta þetta atriði fyrir rúmu ári, telja nú að það hafi verið rétt og sjálfsagt að gera það og það muni alls ekki verða úr lögum numið.

Þetta eru aðeins örfá orð til þess að leggja áherslu á það, eins og hv. flm. hefur raunar gert bæði í mjög greinargóðri ræðu hér fyrir jól og svo aftur nú, að hér er hreyft mjög mikilvægu alvörumáli sem ástæða er til að leggja fulla rækt við. Ég treysti hv. allshn. til þess að gera það, kanna þetta mál niður í kjölinn og afgr. það síðan að þeirri könnun lokinni.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að blanda mér í umr. um þetta mál, en vil þó segja um það örfá orð.

Meginatriði þessa frv. er fólgið í því að skylda ökumenn og farþega í framsætum bifreiða til þess að nota svokölluð öryggisbelti. Það er sagt af flm. þessa frv. að staðreyndir, sannanir og skýrslur, eins og hv. flm. orðaði það, segi til um það að með notkun bílbelta megi draga úr slysum í umferðinni um allt að 70%. Þessar staðreyndir, sannanir og skýrslur eru þó sóttar til annarra þjóða en okkur Íslendinga, sóttar til aðstæðna sem eru ekki sambærilegar við það sem gerist hér á landi.

Ég vil láta það koma fram, að ég hef miklar efasemdir um að þessar svokölluðu staðreyndir eigi við okkar vegakerfi, eins og það er í flestum tilfellum úti á landsbyggðinni. Ég er nokkurn veginn sannfærður um það, að með notkun bílbelta megi stórlega draga úr slysum á fólki við umferðaróhöpp í þéttbýli og jafnvel á hraðbrautum, eins og þær eru bestar hér á landi, eða við aðstæður sem líkastar eru því sem gerist í umferð erlendis. En það er alkunna að þar sem vegakerfi er lakara, þá verða alvarlegustu umferðaróhöppin venjulega við þær aðstæður að bifreið er ekið út af eða bifreiðar rekast saman á mikilli ferð á blindhæðum eða blindbeygjum, sem venjulega leiðir til þess að þær lenda utan vegar, og alvarlegustu tilfellin eru þessum atvikum tengd. Það er a. m. k. mjög oft og jafnvel ótrúlega oft sem ökumenn og farþegar bifreiða sleppa við meiri háttar slys í slíkum tilvikum vegna þess að þeir kastast út úr bifreiðinni og losna við sýnilega mikil meiðsl eða dauða þegar bifreiðarnar leggjast saman. Af þessum orsökum held ég að það væri a. m. k. í allmörgum tilvikum beinlínis verið að bjóða heim meiðslum á fólki og dauða við umferðaróhöpp úti á vegum, ef notkun bílbelta yrði lögboðin.

Það má svo enn benda á það, að ef bifreið lendir utan vegar og á kaf í vatni, þá mun notkun bílbelta verða til þess að ökumenn og farþegar drukkna, en gætu mjög oft bjargað sér í slíkum tilvikum ef þeir væru lausir í sæti.

Þessi atriði verða til þess, að ég hef miklar efasemdir um þetta frv. eða a. m. k. þennan þátt þess. Ég vildi láta það koma fram þegar við 1. umr., enda þótt sjálfsagt sé að íhuga þetta mál til hlítar og freista þess eftir öllum leiðum og við mat á aðstæðum okkar íslendinga sjálfra að standa svo að umferðarmálum og umferðarmenningu að sem best megi verða til þess að tryggja líf og öryggi þeirra sem eru í umferðinni.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég þakka hv. fyrri flm. frv. fyrir það sem hann sagði hér áðan. Ég lít svo á, að eftir hans skoðun sé ekkert, sem liggur að baki þessu ákvæði í 1. gr. frv., annað en það að svona er þetta annars staðar, og vel má vera að rannsóknir annars staðar hafi leitt í ljós að það sé hyggilegt að hafa þetta með þessum hætti. En þó að oft á tíðum sé gott að hafa hliðsjón af því sem gerist í öðrum löndum, nágrannalöndum okkar, þá er ekki þar með sagt að það eigi allt saman við okkur, þannig að við getum tekið það bókstaflega, klárt og kvitt, þó að það sé svo þar.

En í áframhaldi af þessu sagði hv. fyrri flm. að rökin lægju beint við að sínu mati, þ. e. að þeir, sem eru undir þessari líkamsstærð, eigi ekki að sitja í framsætum bifreiða. Nú skal ég viðurkenna að mér er ekki alveg ljóst að ekki séu til ökumenn undir þessari líkamsstærð, en mér þykir það heldur óæskilegt sem með þessu væri sagt, að einstaklingur, sem ekki fullnægir þessu skilyrði, að hafa þennan vaxtarbrodd, hann væri þar með dæmdur til þess að sitja í aftursæti bifreiðar, mega ekki aka. Ég held því að það þurfi að skoða þetta aðeins betur. Ég er ekki að mæla eindregið gegn þessu, en eins og ég sagði strax, ég rak augun í þetta við yfirlestur frv., og ekkert hefur komið fram enn sem hefur sannfært mig um að svona eigi þetta að vera. Það er heldur á hinn veginn. Ég dreg mjög í efa að þetta eigi rétt á sér. Ef það er talið öryggi að lögleiða notkun bílbelta almennt talið, þá værum við með slíku ákvæði í löggjöf að marka spor sem ég fyrir mitt leyti tel vafasamt, sem sagt að það sé minni ástæða til þess að vernda öryggi þeirra sem eru fyrir neðan þetta lágmark að stærð. Ég vil a. m. k. skoða það mjög vel áður en ég stend að slíkri löggjöf.

Ég vænti þess fastlega að sú n., sem þetta mál fær til meðferðar, skoði þetta atriði ásamt öðrum atriðum frv. mjög vel, afli sér um það upplýsinga. Ég tek undir það, sem hér var sagt af hv. þm. Gils Guðmundssyni, að hér er sannarlega um alvörumál og það mikið alvörumál að

ræða. Það er ekki vanþörf á að auka umferðarmenningu á Íslandi, og enginn vafi er á því að það er hægt ef réttum leiðum og meðulum er beitt.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um málið, en vildi að þetta kæmi fram strax við 1. umr. málsins.

Flm. (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. Ég skal ekki hafa mörg orð um þetta frekar. Ég vil ekki láta hjá líða að þakka hv. 3. þm. Reykn. fyrir skeleggan stuðning og góðan skilning á þessu máli, sem og öðrum þm. sem hafa tjáð sig.

Það er rétt, sem hv. 5. þm. Vestf. sagði, við erum ásátt um að það atriði, sem hann nefndi, þurfi skoðunar við, og vel kann að vera að til *breytinga komi eftir þá skoðun.*

En í tilefni þess, sem hv. þm. Pálmi Jónsson sagði um þetta, þá kom mér í rauninni ekki á óvart, eins og ég sagði, þó að ýmsir yrðu til að gera aths. við 1. gr. frv., sem ég er þó efins um að sé aðalatriði frv. Ég vil biðja menn að athuga mjög gaumgæfilega þá grein sem fjallar um mistaka- og punktakerfi og ég tel ákaflega mikilvægan þátt og horfa til bóta komandi framkvæmdar. Hv. þm. Pálmi Jónsson gat þess m. a. að við skyldum ekki treysta um of á skýrslur annarra þjóða í þessu tilliti, akstursaðstæður væru það ólíkar þar og hér, ef við miðum við Norðurlöndin t. d., að þessar skýrslur væru kannske tæplega marktækar hér. Ég hygg að hv. þm. geri of mikið úr þessum mun á akstursaðstæðum. Enda þótt vegir séu betri þar yfirleitt heldur en hér, þá eru aðstæður við slys nokkuð líkar hvar sem er. Það er árekstur á veginum sjálfum, það er bílvelta út af veginum. Og víst er það rétt, sem hv. þm. benti á, að í bílveltu bjarga margir sér þannig að fleygja sér út úr bílnum. En það er líka mjög oft í þeim tilfellum að maðurinn fleygir sér út og bíllinn veltur ofan á hann. Sem sagt, tilvikin eru mjög mörg og margvísleg, og enda þótt við höfum ekki enn nákvæmar skýrslur til að byggja á til jafns við nágrannaþjóðir okkar, þá vitum við að þeir menn, sem á Íslandi vinna að umferðarmálum, hafa af sinni reynslu komist að raun um, að öryggisbeltin afstýra slysum í margfalt fleiri tilfellum heldur en þau valda þeim. Sé svo, þó að prósenttalan komist ekki í 70% eins og vitnað er til í skandinavískum skýrslum, þá ætti notkunin vissulega rétt á sér.

Það er annað atriði sem oft er talað um í þessu sambandi, þegar bíll fellur í vatn, og margir vilja álíta að ökumaður hljóti bana af drukknun vegna þess að hann komist ekki úr öryggisbeltinu. Sérfræðingar í þessum málum staðhæfa að þessi skoðun sé á misskilningi byggð, því að drukknun í vatni í bíl, sem hefur fallið í vatn, stafi oftast af því að menn missi *meðvitund af höfuðhöggi sem þeir fái er þeir kastast* fram í framrúðuna, þannig að þeir hafi ekki rænu á að bjarga sér. Það er fullyrt af íslenskum sérfræðingum í umferðarmálum, að í margfalt fleiri tilvikum sé drukknunarvaldurinn sá, að þeir hafa *misst meðvitund við högg sem þeir ekki hefðu* hlotið ef þeir hefðu verið í öryggisbelti.

En sem sagt, það eru margar hliðar á þessu máli, og ég tek að lokum undir þau ummæli annarra þm., sem hér hafa tjáð sig um, að þetta mál þarf að skoðast af alvöru og það þarf að ganga að því með oddi og egg að kanna það niður í kjölinn og koma þeim lagabreytingum í framkvæmd sem það gerir ráð fyrir.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Hér er til 1. umr. frv. til l. um breyt. á umferðarlögum. Þessu frv. verður væntanlega vísað til allshn., svo að það er óþarfi fyrir mig að hafa mörg orð um það á þessu stigi málsins. Ég tel mjög eðlilegt að alþm. velti þessum miklu vandamálum fyrir sér og leiti úrbóta með því að breyta umferðarlöggjöfinni. Það er mjög eðlilegt og sjálfsagt, því að vissulega er mikið undir því komið að löggjöfin sé vel úr garði gerð.

Þetta frv. hefur að geyma nokkra meginþætti, og nefna menn þá gjarnan fyrst bílbeltin. Ég álít að þau ákvæði, sem flm. ætla sér að lögleiða varðandi bílbeltin, þurfi mjög að athuga. Það er alveg tvímælalaust, að á því máli eru fleiri en ein hlið, og ég tel, að sá áróður, sem alltaf er nauðsynlegt að hafður sé uppi í sambandi við umferðina, hafi gengið allt of einhliða út á bílbeltin. Það er hin almenna gætni og umferðarmenning sem skiptir höfuðmáli. Ég vil þess vegna ekki á þessu stigi lýsa mig fylgjanda þess að bílbeltin verði lögfest, ekki á þessu stigi málsins að minnsta kosti.

En hér er hreyft öðrum atriðum sem eru athyglisverð. M. a. er minnst á mistakakerfið eða punktakerfiið svokallaða. Það var fyrst tekið upp í Connecticut í Bandaríkjunum 1947 og hefur síðan farið sigurför um ýmis lönd, því að vissulega er það svo að það þarf að sigta úr umferðinni þá ökumenn sem aldrei ná fullu valdi á því verkefni að aka bíl af öryggi í umferð. Þetta álít ég rétt að athuga. Það eru vafalaust ýmis fleiri atriði í frv. sem þarf að skoða mjög vandlega. En á það vil ég benda að síðustu, að það er sama hvernig við breytum umferðarlöggjöfinni. Það er fyrst og fremst hin vakandi og lifandi löggæsla í umferðinni sem skiptir höfuðmáli. En hún kostar peninga, og fram hjá því komumst við aldrei að það kostar mikla peninga að koma þessum málum í gott horf.

Vilborg Harðardóttir: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að blanda mér hér í deilurnar um notkun öryggisbelta eða ekki, en mig langar að koma á framfæri til athugunar fyrir n., sem mun fjalla um þetta frv., einu atriði sem mér hefur verið bent á af manni sem vinnur við útreikninga örorkubóta og skaðabóta vegna umferðarslysa fyrir tryggingafélög. Þetta atriði er aukin notkun svokallaðra höfuðpúða og jafnvel skylda til að þeir séu fyrir hendi í framsætum bifreiða.

Þessi ágæti maður benti á að mjög margir þeirra, sem fengju á sig hnykk, t. d. við ákeyrslu, hlytu varanlegan eða tímabundinn skaða á efstu hryggjarliðum og hálsi og oft talsverða örorku*prósentu vegna þessa.* Hins vegar sýndi reynslan, sagði hann, að höfuðpúðarnir drægju úr þessum hnykkjum og kæmu jafnvel alveg í veg fyrir þessa

tegund slysa. Þetta er eitt atriði náttúrlega af mörgum í sambandi við öryggisútbúnað bifreiða, en atriði sem vert er að gefa gaum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. (þskj. 208). — 1. umr.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Frv. það á þskj. 208, sem hér er til 1. umr., er samið af n. sem skipuð var hinn 31. mars 1973. Þessi n. var skipuð af landbrh. og í henni áttu sæti þessir menn: Þorsteinn Sveinsson kaupfélagsstjóri á Egilsstöðum, Hreinn Sumarliðason kaupmaður í Reykjavík, Ólafur Andrésson bóndi í Sogni, Bjarni Helgason, sem var tilnefndur af Neytendasamtökunum, Stefán Björnsson forstjóri Mjólkursamsölunnar og Sveinn Tryggvason framkvæmdastjóri Framleiðsluráðs landbúnaðarins, sem var formaður nefndarinnar.

Þetta frv. var upphaflega hugsað sem einn þáttur í framleiðsluráðslögunum, sem reyndar verður, en þá var gert ráð fyrir að leggja þau fyrir hv. Alþ. sem heildarlöggjöf. Á því hefur orðið nokkur dráttur að svo hafi verið gert, m. a. vegna þess að frá því að frv. að heildarlöggjöf var samið hafa orðið stjórnarskipti og atriði voru í hinu fyrra frv. sem þeir flokkar, sem mynda núv. ríkisstj., voru ósammála um, en þeir hafa nú málið til meðferðar. Það var hugsun mín að leggja ekki þetta frv. fram fyrr en ég gæti lagt það mál fram í heild, en vegna fundarsamþykktar, sem gerð var af stjórn Mjólkursamsölunnar 6. nóv. s. l., hef ég breytt þessari ákvörðun minni. En þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á fundi stjórnar Mjólkursamsölunnar í gær," þ. e. 6. nóv., „var rætt um breytingu þá sem fyrirhugað var að gera á framleiðsluráðslögunum og þó sérstaklega um mjólkursölumálin. Stjórnarmenn eru sammála um að leiða þurfi mjólkursölumálin til lykta sem allra fyrst, enda þótt aðrar breytingar á framleiðsluráðslögunum verði ekki gerðar samtímis."

Þegar þessi samþykkt lá fyrir þótti mér rétt að flytja frv., sem hér liggur nú fyrir til 1. umr., og fékk ráðuneytisstjórann í landbrn. ásamt því að ég fékk formann Stéttarsambands bænda til að lesa þetta yfir, og var það í raun og veru kaflinn eins og hann var saminn af n. þeirri, sem ég vitnaði til, með lítils háttar breytingum, sem nauðsyn bar til að gera á framleiðsluráðslögunum fyrst einhver breyting var á þeim gerð.

Eins og kunnugt er voru árið 1934 sett lög um mjólkursölu hér í Reykjavík. Áður hafði mjólkursalan ekki verið framkvæmd eftir sérstökum lögum og var á margan hátt ábótavant og nauðsyn bar til að gera þar breytingar á. Með þessum lögum var stefnt að því að Mjólkursamsalan í Reykjavík og mjólkursamlögin utan Reykjavíkur fengju einkarétt til sölu á mjólk og rjóma og nýju skyri. Áður hafði þetta, eins og ég gat um, verið í höndum nokkurra aðila. Það var mikill fjöldi verslana sem dreifði þá mjólkinni, og dreifingarkostnaðurinn var þá óeðlilega hár og gekk á hlut bænda, framleiðendanna í því tilfelli, þegar kostnaðurinn við dreifinguna var mikill.

Fyrir breytinguna, sem gerð var 1934, var mjólk seld í 100 verslunum í Reykjavík, en eftir breytinguna var hún seld á 30 stöðum. Meðalfjöldi kaupenda á búð var fyrir þessa lagabreytingu 340 íbúar, en eftir hana 1130. Meðalfjöldi á útsölustað í Reykjavík nú eða þegar n. vann að þessu máli var um 1000 manns. Frá því að mjólkursölulögin voru sett og síðar framleiðsluráðslögin hefur orðið hægfara þróun í verslunarháttum fólksins. Þegar n. vann að könnun sinni árið 1973 var talið að Mjólkursamsalan hefði innan síns dreifingarsvæðis 70 útsölustaði af 139 eða réttan helming, kaupmenn hefðu 52 og samvinnufélög 17. Rétt hefur þótt að færa verslunina á mjólk meira í almennar verslanir en áður var. Að sjálfsögðu hafa mjólkursamlögin sama rétt og áður til þess að selja mjólk í smásölu.

Ástæðurnar til þeirra breytinga, sem hér er lagt til að gerðar verði, skal ég nú rekja nokkru nánar, en að sjálfsögðu er eðlilegt að slík löggjöf sem þessi sé endurskoðuð, þar sem eru yfir 40 ár síðan upphaflegu lögin voru sett.

Þegar þetta sölufyrirkomulag var tekið upp 1934 bar það þann árangur að lækka dreifingarkostnaðinn. Þá var líka þannig ástatt, að það var óhugsandi að selja mætti mjólk í búðum sem dreifðu almennri matvöru, ef gæta ætti þess að mjólkin spilltist ekki í sölumeðferð. Umbúðir eru nú orðnar miklu fullkomnari til þess að halda gæðum mjólkurinnar. Allmikil sala fór fram án gerilsneyðingar á mjólk áður fyrr, en eftir að Mjólkursamsalan tók upp að selja ein mjólkina, þá seldi hún í þeim búðum einnig brauðvörur, sælgæti og gosdrykki og hafði af þessu tekjur sem urðu til þess að hækka útborgunarverð til framleiðenda eða koma til lækkunar á verði til neytenda. Það, sem hér er hins vegar um að ræða, er að taka upp verðskráningu á mjólk, rjóma, skyri og öðrum skyldum vörum í heildsölu. Álagning í smásölu verður einnig ákveðin á þessum vörum af Sexmannanefnd eins og nú á sér stað. Einkaréttur Mjólkursamsölunnar og mjólkurbúa til sölu á mjólk, rjóma, skyri og öðrum skyldum afurðum nái nú til heildsöludreifingar, en náði áður einnig til smásöludreifingar. En eins og ég gat um áðan, hefur orðið á þessu veruleg breyting þar sem fjöldi aðila dreifir mjólkinni, eins og kunnugt er. Það á að taka sérstakt losunargjald við hverja afhendingu á mjólk, rjóma og skyri og öðrum skyldum vörum er Sexmannanefnd, sem kveður á um verð á landbúnaðarvörum, ákveður. Þetta er gert til þess að spara óþarfa dreifingarkostnað og á sér hliðstæðu við dreifingu á mjólk t. d. í Svíþjóð. Heimilt er að selja mjólk í almennum matvöruverslunum er uppfylla kröfur um hreinlæti og annan aðbúnað þar að lútandi. Að sjálfsögðu hafa mjólkursamlögin sama rétt til þess að stofna eða reka mjólkurútsölustaði. Hagsmunir neytenda eru tryggðir svo sem verða má með ákvæði um að óheimilt sé að stöðva mjólkurútsölu til þess að krefjast hærri útsölulauna en Sexmannanefnd ákveður, og þær verslanir, er fá leyfi til mjólkur-

sölu, skulu einatt hafa nægt magn mjólkurvöru á boðstólum. Ákvæði um flutninga á mjólk til dreifbýlis, þar sem framleiðsluskortur er, eru mun ákveðnari en áður til þess að tryggja neytendur gagnvart vöntun á þeim vörum á þessum svæðum. Gerðar eru almennar breytingar á verðmiðlun á búvöru til þess að tryggja umfram það sem er að bændur fái sama verð fyrir sömu vöru. Nær það einkum til fjármagnskostnaðar í sláturhúsum og mjólkurbúum, en einnig til flutningskostnaðar. Jafnframt þessu er stefnt að því að koma á hentugri verkaskiptingu á milli vinnslustöðva vegna verðmiðlunarinnar. Ákvæði eru í frv. um að framleiðsluráði sé heimilt að taka verðjöfnunargjald af bændum til þess að mæta halla er verður við útflutning á búvörum og útflutningsbætur samkv. núgildandi lögum nægja ekki. Í öðrum tilvikum er reiknað með verðjöfnunargjaldi til dreifingarkostnaðar sem leggst við verð á vörunum. Þessi atriði, sem ég hef nú greint frá, eru aðalatriðin í frv. sem hér liggur fyrir.

Í sambandi við frv. vil ég segja það, að það þarf engan að undra þó að löggjöf, sem sett var fyrir meira en fjórum tugum ára, þurfi breytinga við. Það er skilningur þeirra, sem um hafa fjallað, bæði í n. þeirri, sem samdi frv. og m. a. var skipuð forstjóra Mjólkursamsölunnar, einnig framkvæmdastjóra Framleiðsluráðs og fleiri aðilum og fulltrúa mjólkurbúanna úti á landi, fyrir utan neytendafulltrúana, að þessi breyting sé eðlileg eins og nú sé högum komið. Enda er það svo að með kjörbúðafyrirkomulaginu hefur mjólkurdreifingin að meira eða minna leyti færst inn í kjörbúðir og þær búðir, sem Mjólkursamsalan hefur haft, því ekki verið jafnmikils virði og áður var. Ég vil í sambandi við þetta einnig geta þess, að þegar ég á sínum tíma kynnti þetta mál í þingflokki mínum, þá var formaður stjórnar Mjólkursamsölunnar hér á hv. Alþ. og lýsti skoðun sinni á því að þessi breyting væri eðlileg og nauðsynleg.

Mér er ljóst, enda eru ákvæði til bráðabirgða um það, að nokkurn tíma taki að koma þessu í framkvæmd. Hins vegar mun vera óformlegt samkomulag milli Mjólkursamsölunnar og Kaupmannasamtakanna um kaup á verulegum hluta af þeim búðum sem hún á hér. Hins vegar getur það verið til athugunar hjá hv. n. og reyndar fleiri atriði sem um þetta fjalla, hvort tímalengdin á að vera meiri en gert er þar ráð fyrir.

Þá vil ég og geta þess, að það þarf nokkurn tíma til og er líka í óformlegu samkomulagi að sjá starfsfólki, sem að þessum málum vinnur, fyrir áframhaldandi störfum eða koma högum þess fyrir á sem hagkvæmastan hátt, að því leyti sem Mjólkursamsalan þarf að breyta til frá því að hafa smásöluna yfir í heildsöluna.

Ég vil svo geta þess, að ég geri ráð fyrir því að skipa nú á næstu dögum n. til þess að endurskoða aðra þætti framleiðsluráðslaganna sem mundu þá verða veigameiri og líka tengdir því sem væri kjarni þeirra laga, en því máli hef ég ekki endanlega gengið frá.

Það er mat mitt eins og þeirra, sem undirbúið hafa þetta mál, og mat okkar í landbrn. að þessi breyting sé eðlileg, hún sé í takt við þróun þá, sem nú eigi sér stað í verslunarmálum, þrátt fyrir hana eigi að vera hægt að koma í veg fyrir að dreifingarkostnaðurinn verði nema eðlilegur, því að Sexmannanefnd hefur vald á honum eftir sem áður. Breytingin á því ekki að hækka verð til seljenda, og það á jafnframt með ákvörðun Sexmannanefndar að vera hægt að tryggja verð framleiðenda.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn. Ég vil við þetta tækifæri geta þess sama og ég gerði í hv. Ed. út af málum sem ég var þar að leggja fyrir, að ég vildi vona að hv. n. ynni að þessum málum núna, því að starfstíma þingsins er oft þannig varið að það koma stórar skorpur. Nú er hins vegar meira hlé á, og þess vegna vildi ég biðja hv. nm. að nota nú vel tímann til þess að koma þeim málum áfram til afgreiðslu sem ekki þurfa af öðrum ástæðum að verða í lokahrotunni, eins og oft vill verða. Þess vegna legg ég á það áherslu að ýta þessu máli áfram með þeim eðlilega hraða sem nm. telja og treysti þeim til að vinna vel að því.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég tel, þótt þetta frv. komi væntanlega til þeirrar n. sem ég á sæti í, ástæðu til að segja örfá orð við 1. umr. málsins.

Það er rétt, sem hæstv. landbrh. sagði áðan, að þetta frv. er aðeins lítill þáttur af því upphaflega frv. um breytingu á framleiðsluráðslögum sem flutt var hér í hv. d. fyrir nokkrum árum, í tíð vinstri stjórnarinnar. Í því frv. voru mörg ákvæði sem við sjálfstæðismenn gerðum aths. við, og frv. hefur ekki verið flutt síðan í því formi, sem það var. Nú boðar hæstv. ráðh. nefndarskipun til þess að athuga þetta mál nánar, og er að sjálfsögðu ekkert við það að athuga. Væntanlega verður sú n. þannig skipuð að hún hafi flest sjónarmið til athugunar í því máli og geri sér grein fyrir þeim ágreiningsatriðum sem upp komu um fyrsta frv.

Ég vil lýsa því yfir, að í aðalatriðum er ég samþykkur þessu frv. Ég vil þó benda á að í 2. gr. frv. er ákvæði sem ég tel ástæðu til að athuga í n. Tel ég alveg víst að hæstv. ráðh. hafi ekkert við það að athuga þótt gr. væri orðuð í samræmi við það sem III. kafli framleiðsluráðslaganna er. En 14. gr. framleiðsluráðslaganna hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Leyfi til slátrunar skal veita öllum félögum og einstaklingum, sem sláturleyfi höfðu haustið 1965, svo og þeim, sem eignast hafa sláturhús þessara aðila og tekið við rekstri þeirra."

Þetta ákvæði á að sjálfsögðu aðeins við sauðfjárslátrun. En það þótti eðlilegt að hafa bundið í lögum, að þeir, sem áður höfðu haft sláturleyfi og hafa sláturhús sem eru viðurkennd, fái leyfi áfram. Um stórgripaslátrun er það að segja, að Framleiðsluráð hefur ekki haft með að gera leyfisveitingu í því efni, heldur hefur landbrh. veitt leyfi til slátrunar stórgripa fram að þessu, en jafnframt gert kröfu til að þau sláturhús, sem fá slík leyfi, séu þannig úr garði gerð að héraðsdýralæknir og yfirdýralæknir telji forsvaranlegt að slátra í þeim húsum. Nú er hér lagt til að það verði gefin út leyfi til stórgripaslátrunar á sama hátt og sauðfjárslátrunar. Sé ég út af

fyrir sig ekkert við það að athuga. En ég tel eðlilegt að ákvæðið sé orðað líkt því sem nú er í 14. gr. framleiðsluráðslaganna, og tel ég alveg víst að hv. þm. að athuguðu máli telji það eðlilegt og réttmætt nú alveg eins og þegar framleiðsluráðslögin voru endurskoðuð 1966 og gr. var orðuð á þennan hátt. En þetta verður sjálfsagt athugað í landbn. þegar málið kemur þangað.

Annars er þetta frv. að mestu um breytingu á fyrirkomulagi á dreifingu mjólkur. Það mál hefur áður komið hér inn í Alþ. og það hefur tekið sinn tíma að sætta menn á sama sjónarmið í því máli. Nú virðist svo komið að flestir séu orðnir sammála um að eðlilegt sé að breyta til að þessu leyti. Stjórn Mjólkursamsölunnar hefur fyrir sitt leyti samþykkt það að vera aðeins heildsöluaðili í mjólkurdreifingunni, en það verði frjálst að veita öllum aðilum, sem uppfylla vissar kröfur, leyfi til að selja mjólk. Það var svo lengi vel á svæði Mjólkursamsölunnar í Reykjavík að það voru einungis búðir Mjólkursamsölunnar sem seldu mjólk í smásölu. Þetta var þannig allt til 1960. Árið 1960 voru aðeins örfáir aðilar aðrir en Mjólkursamsalan sem sáu um smásöluna. 10 árum seinna er aðeins helmingur dreifingaraðilanna frá Mjólkursamsölunni og helmingur kaupmenn og samvinnufélög sem önnuðust þessa dreifingu. Það kom til þegar kjörbúðirnar komu til sögunnar, að þá fengu þær ein og ein leyfi til þess að selja mjólk. Það var allmikil tregða á þessu fyrsta kastið. Mjólkursamsalan taldi heppilegast að hún hefði þessa dreifingu að mestu leyti. En nú hefur þetta breyst, og verslunaraðstaðan og verslunarmálin hafa breyst með tilkomu kjörbúðanna. Það er eðlilegt að húsmóðirin, sem fer út á morgnana að kaupa í matinn, geti líka fengið mjólk á sama stað, þannig að hún þurfi ekki að vera að fara í marga staði til þess að kaupa nauðsynjavörur til heimilisins.

Ég er sannfærður um að þetta verður ekki til þess að auka dreifingarkostnaðinn. Ég held að það ætti miklu fremur að geta lækkað dreifingarkostnaðinn. Sú verslun, sem er með flestar almennar vörur, þarf ekki að bæta við afgreiðslufólki þó að mjólkin komi einnig til sölu. Kostnaðurinn í þessari verslun við að hafa mjólkina er því aðeins stofnkostnaður. Það þarf að kaupa tæki, fullkomin tæki sem nauðsynleg eru talin í mjólkursölubúðum samkv. kröfum Heilbrigðiseftirlitsins. En afgreiðslufólki þarf ekki að fjölga þótt mjólkin komi til. Þess vegna ætti dreifingarkostnaðurinn alls ekki að hækka við þetta, heldur geta verið lægri undir þessum kringumstæðum heldur en í mjólkursölu Samsölunnar sem hefur ekki aðrar vörur með mjólkinni en kannske brauð og kökur.

Menn virðast vera sammála um það, að þessi breyting vegna breyttra staðhátta sé eðlileg og sjálfsögð. Ég held að með þessu fyrirkomulagi ætti sala á mjólk að geta aukist, með því að hún fáist nógu víða. Það er vitanlega miklu betra að fólk kaupi mjólk í stað þess að kaupa Coca Cola eða einhverja aðra drykki sem eru óhollari og miklu dýrari en mjólkin.

Eins og ég sagði tók það nokkurn tíma að samræma sjónarmiðin, og ég tel að það hafi ekki orðið fyrr en nú að þetta var raunverulega gerandi. Það var ekki eðlilegt, jafnvel þótt þingmeirihluti væri fyrir því að pressa breytingu fram eins og þessa á framleiðsluráðslögunum fyrr en bændasamtökin og stjórnir mjólkursamlaganna voru komin inn á þetta sjónarmið. Það er miklu farsælla að gera þetta á friðsamlegan hátt, með þeim hætti sem báðir aðilar geta fellt sig við, framleiðendur og neytendur, heldur en að pressa fram með einföldum þingmeirihluta lagabreytingu sem verður deilt um. Þess vegna var eðlilegt að bíða átekta á meðan menn voru að átta sig á því að breyting í þessa átt getur orðið báðum aðilum til góðs, bæði framleiðendum og neytendum.

Ég tel ekki ástæðu til, herra forseti, að fara öllu fleiri orðum um þetta, og allra síst af því að ég geri ráð fyrir að málið komi til þeirrar n. sem ég á sæti í. Ég vil endurtaka fylgi mitt við þetta mál, með þeirri aths. þó sem ég lýsti um 2. gr. frv.

Gunnlaugur Finnsson: Herra forseti. Áður en ég vík að efnisatriðum þess frv., sem hér liggur fyrir til umr., vil ég leyfa mér að koma að nokkrum atriðum öðrum sem varða sömu löggjöf.

Frv. til l. um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. var lagt fram hér á Alþ. einhvern tíman á útmánuðum 1972. Það var í samræmi við stjórnarsáttmála vinstri stjórnarinnar. Hér var um gagngera endurskoðun að ræða á gildandi lögum um sama efni. Stéttarsamband bænda hafði lagt mikla vinnu í endurskoðun þessa frv. Þetta varð þó aldrei að lögum. Samstaða náðist ekki um ýmis efnisatriði frv.

Þá mun þegar hafa komið upp krafa um að rjúfa tengsl milli launa bænda annars vegar og svokallaðra viðmiðunarstétta hins vegar. Þessi viðmiðun hefur verið nokkurt haldreipi í kjarabaráttu bænda enda þótt hún hafi aldrei staðist í raun. Besta hlutfall, sem mér er kunnugt um, er að laun bænda hafa numið 86% af launum viðmiðunarstéttanna, og þetta hefur sveiflast allt niður í 65%. Á árinu 1974 var þetta hlutfall 77.8,% en það er síðasta ár sem tölulegar upplýsingar liggja fyrir um. Þar við bætist, svo sem kunnugt er og fram hefur komið í blöðum á liðnu hausti, að bændur einir allra stétta fá ekki greiddan verulegan hluta tekna sinna fyrr en árið eftir að þeirra er aflað.

Enn er þessi áðurnefnda krafa uppi, að því er ég best hef heyrt, og hún hefur heyrst í sambandi við yfirstandandi kjarabaráttu daglaunafólks. E. t. v. er verið að fjalla um hana nú á þessari stundu. Ég þykist gera mér grein fyrir þeim erfiðleikum sem verkamaðurinn á við að stríða til að láta laun sín nægja fyrir nauðþurftum. En úr því að á þetta er drepið get ég ekki látið hjá líða að lýsa vanþóknun minni á þeirri kröfu, að vandamál verkalýðshreyfingarinnar verði leyst á kostnað þeirrar stéttar erfiðismanna sem annast frumframleiðslu landbúnaðarvöru, sér landsmönnum fyrir brýnum neysluvörum og hráefni til þýðingarmikils iðnaðar — iðnaðar sem m. a. skapar með ári hverju sí-auknar gjaldeyristekjur. En ég leiði hjá mér að

ræða þau mál frekar nú. Þar munu réttir aðilar standa fyrir sínu á réttum stað og á réttum tíma.

En á þeim tíma, sem áðurnefnt frv. var lagt fram, sem og fyrir þann tíma og enn í dag, var uppi hörð gagnrýni á stefnuna í landbúnaðarmálum. Löggjafinn hefur þó ekki fallist á að veita stofnunum landbúnaðarins auknar heimildir til stjórnunaraðgerða innan landbúnaðarins, þannig að yfirstjórn landbúnaðarins geti haft áhrif á þróun landbúnaðarframleiðslunnar, bæði á einstaka þætti hennar sem og héraðsbundna þróun. Það hafa stundum risið greinir með bændum sjálfum vegna verðhlutfalls milli sauðfjárafurða og nautgripaafurða. Á harðindaárunum 1965 og síðar urðu sauðfjárbændur einna harðast úti í ýmsum héruðum á Vestfjörðum og Norðausturlandi, svo að dæmi sé tekið. Þá ríkti mikil óánægja hjá sauðfjárbændum með þetta verðhlutfall sem þá var leiðrétt, og ég hygg að síðar megi segja að sættir hafi nokkurn veginn staðið um það. Hins vegar vaknar sú spurning hjá þeim, sem um þessi mál hugsa, hvort þetta hlutfall sé það eina og rétta, sem gilda skuli alls staðar og alltaf, og kem ég að því síðar.

Í núgildandi lögum er það meginsjónarmið staðfest, að sama verð skuli gilda til bænda um land allt. Hér má líka spyrja hvort það eitt fullnægi réttlætinu að ekki sé heimilt að víkja frá þessu meginsjónarmiði. Þá hugsun vantar að útfæra í lögum, að jafnhliða því að bændur skuli allir fá sama verð fyrir framleiðslueiningu skuli þeir einnig standa nokkurn veginn jafnfætis varðandi framleiðslukostnað, þótt ekki sé tekið tillit til veðurfars eða ræktunarskilyrða í því mati. Ekkert tillit er tekið til geysilegs mismunar sem er á verði rekstrarvara í ýmsum héruðum. Engin lagaheimild er til jöfnunar, enginn möguleiki til niðurgreiðslu á frumstigi framleiðslunnar.

Ég leyfi mér að nefna eitt dæmi um þennan aðstöðumun. Verulegur verðmunur er á fóðurmjöli eftir því hvort það er sekkjað eða ósekkjað. Fleiri atriði koma auk þess til.

Í athugun, sem gerð var í nóv. s. l. á verði á nokkrum tilteknum verslunarstöðum, kom í ljós að verðmismunur á sambærilegum fóðurtegundum var allt að því 9 400 kr. á tonn. Gerum ráð fyrir að bóndi, sem býr við hin lakari skilyrði, reki bú af meðalstærð, en þar sé jafnframt um hreint kúabú að ræða, 20 kýr. Ég hygg að þó að hóflega sé farið í sakirnar með fóðurbætisgjöf sleppi hann varla með minna en 16 tonn á ári af fóðurmjöli, en það mundi kosta hann hvorki meira né minna en 150 400 kr. umfram þann sem keypti á hagstæðasta verði. Þetta eina atriði rýrir afkomu hans um eigi lægri upphæð en ég áðan nefndi. Er hér þó aðeins nefnt eitt atriði af mörgum, en e. t. v. það veigamesta.

Ég dreg þetta fram hér vegna þess að hér er komið að einum þætti af fleirum sem skýra raunverulega orsök að búseturöskun í sveitum landsins. Hún er staðreynd, hvort heldur menn vilja gera sér grein fyrir orsökunum eða ekki og taka á þeim.

Í frv. því, sem áður er nefnt og lagt var fram 1972, voru fjölmörg umbótaatriði, m. a. atriði er heimila skyldu stofnunum landbúnaðarins og fleiri aðilum stjórnunaraðgerðir í jafnvægisátt.

Í 2. gr. 5. tölul. þessa frv. segir svo um aðalverkefni Framleiðsluráðs, með leyfi forseta:

„Framleiðsluráði ber að vinna að því að beina framleiðslu landbúnaðarins að þeim framleiðslugreinum sem landbúnaðinum eru hagfelldastar og samrýmast best þörfum þjóðarinnar á hverjum tíma. Framleiðsluráð skal því í samráði við Búnaðarfélag Íslands, búnaðarsamböndin og þær stofnanir sem vinna að áætlunargerð í þjóðfélaginu“ — ég bið menn að taka eftir því — „gera áætlanir um æskilega þróun landbúnaðarins til lengri tíma, t. d. allt að 10 ára. Áætlanir þessar skulu endurskoðaðar árlega með hliðsjón af áhrifum af árferði á þróunina svo og breytingum á markaðsskilyrðum.“

16. gr. frv. hljóðar svo, einnig með leyfi forseta:

„Stofna skal sjóð til styrktar í þeim landshlutum sem við sérstaka erfiðleika eiga að stríða, þar sem hætta er á eyðingu byggðar og skortur verður á búvöru. Ríkisstj. skal árlega tryggja framlag til sjóðsins úr Byggðasjóði eða á annan hátt er svari til 1% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar, sbr. 3. málsgr. 15. gr. Fé þessu ráðstafar sexmannanefnd, sbr. 7. gr., í samráði við og með samþykki þeirra aðila er tilnefna menn í n. Áður en ákvörðun er tekin um úthlutun fjárins skal fara fram nákvæm athugun á aðstöðu þeirra byggðarlaga sem til greina koma í þessu efni. Slík athugun skal fara fram í samráði við stofnun þá sem fjallar um byggðaþróunarmál. Fé sjóðsins má m. a. verja til flutningastyrkja, verðuppbóta eða framleiðslustyrkja, til niðurgreiðslu á áburði, til niðurgreiðslu á aðkeyptu fóðri og fleira þess háttar eftir mati n., einnig til að bæta úr tímabundnum skorti búvöru í þéttbýli viðkomandi byggðarlaga, sbr. ákvæði 28. gr. Leita skal álits og tillagna eða umsagnar Búnaðarfélags Íslands, rn. og stjórnar viðkomandi búnaðarsambanda og sveitarstjórnar áður en styrkir eru veittir úr sjóðnum.“

Ég sé ekki ástæðu til að rekja frv. efnislega í heild. Í því voru fleiri ákvæði en það, sem ég áður nefndi í ræðu minni, sem urðu að ágreiningsefni. En hv. þm. geta kynnt sér frv. á þskj. 517, 241. mál frá þessum tíma.

Það frv., sem hér liggur fyrir til umr., gerir ráð fyrir nokkrum minni háttar breyt. til bóta í anda magnefnds frv. Meginbreytingarnar eiga þó rætur að rekja til annars frv. sem hér var flutt af allt öðrum aðila og fjallaði um breytt fyrirkomulag á sölu mjólkur og mjólkurafurða. Hafi einhver misskilið það áðan sem fram kom hjá hv. fyrri ræðumönnum, þá voru þessar breytingar ekki í því frv. sem ég er að vitna til og var lagt fram árið 1972.

Þetta frv. var flutt að kröfum neytenda, að því er sagt var. Ég vil taka það fram, að ég tel sjálfsagt að sölufélög bænda komi til móts við neytendur svo sem kostur er, taki mið af breyttum aðstæðum og breyttum búnaði verslana. En það er að mínu mati rétt að neytendur geri sér grein fyrir því strax í upphafi, að það er mjög hæpið, — og ég er ekki alls kostar sammála hv. 1. þm. Suðurl. í því efni, — það er mjög hæpið, að ekki sé meira sagt, að það tákni lægra verð ef horft er til lengri framtíðar. Krafan var ekki

síður frá verslunarmönnum, sem telja að með því að hafa mjólkurvörur á boðstólum fáist aukin sala á öðrum vörum, en til þeirra sjónarmiða tek ég minna tillit.

En úr því að framleiðsluráðslögin eru opnuð á annað borð, þá treysti ég mér fyrir mitt leyti ekki til þess að standa að þessum breytingum einum án þess að þar verði gerðar frekari breytingar á. Ég fagna því að vísu, að hæstv. landrh. lýsti því yfir áðan að ný n. yrði skipuð til þess að taka til meðferðar þessa löggjöf í heild. Þetta tókst ekki hjá þeirri n. sem skipuð var 1971 og nú höfum við árið 1976. Ég tel að í því frv. hafi verið svo brýn hagsmunaleg efnisatriði, að þau þoli ekki bið, enda þótt ég sé bjartsýnn um árangur af störfum hinnar væntanlegu nefndar, þar sem ég tel að þessi atriði, sem ég hef í huga, skipti sköpum fyrir ákveðna framleiðsluþætti í þessum héruðum.

Ég skal fúslega viðurkenna að þær breyt., sem ég hef í huga að inn þurfi að koma, skipta e. t. v. mestu máli í minu nágrenni eða minu kjördæmi og þá einkum á sölusvæði Mjólkursamlags ísfirðinga. Þær kunna einnig að skipta máli annars staðar og síðar. Hv. þm. er það vafalaust kunnugt af fréttum, að á áðurnefndu svæði er skortur á nýmjólk og mjólkurvörum. Mjólkurframleiðslan hefur á undanförnum árum stöðugt dregist saman og á s. l. ári nam sá samdráttur 6.2%. Að sama skapi hafa aukist dýrir flutningar frá öðrum landshlutum og þá einkum frá Akureyri. Stopulir flutningar á sjó og ótrygg flugskilyrði orsaka það fyrst og fremst að eftirspurninni er ekki fullnægt. Hér fer sem oft að hagfræðilegar kenningar, þótt studdar séu rökum, standast ekki í raun. Sú skoðun hefur sem sagt heyrst, að ekki skipti máli þótt mjólkurframleiðsla falli niður á þessu svæði meðan nóg sé framleitt annars staðar í landinu. En málið á sér miklu fleiri hliðar. Það er ekki síður alvarlegt fyrir kauptún og kaupstaði á þessu svæði en þá tiltölulega fáu bændur sem þar búa. Þar getur hvorugur án hins verið, hvort heldur er í atvinnu, félagslegu eða menningarlegu tilliti.

Svar við spurningunni, hvað veldur samdrættinum, tel ég að megi finna m. a. í atriði sem ég kom að fyrr í ræðu minni: aðstöðumuninum, verði rekstrarvara langt umfram reiknað vegið landsmeðaltal.

Sem næst einróma álit allra, sem um þá spurningu hafa fjallað hvað verða megi til úrbóta, er að ekkert geti breytt þessari þróun annað en hærra verð á mjólk til þeirra er mjólk framleiða á þessu svæði, m. ö. o. annað verðhlutfall á milli búgreina en almennt gildir. Ég vil taka það fram til að forðast misskilning, að ég tel að sama skráð verð skv. verðlagsgrundvelli verði að gilda um land allt, en að um tímabundnar og staðbundnar aukagreiðslur verði að ræða til þess að hafa áhrif á þróunina, í þessu tilviki þessarar búgreinar á þessu svæði. En til þess skortir allar heimildir í lögum og ég tel brýnt og jafnvel brýnast af því, sem um var deilt, að þetta ákvæði komi inn nú þegar.

Ég vil að lokum láta þess getið, að þeir eru til sem hafa haldið að sér höndum með nýbyggingar og aukningu kúastofnsins þar til séð verður hverjar undirtektir þær hugmyndir fá á Alþ. sem voru boðaðar í frv. frá 1972 og ég drap á áðan. Þar kemur að vísu fleira til, svo sem samgöngur og flutningar, en það er önnur saga.

Ég vona svo, herra forseti, að þetta frv. dafni vel í höndum hæstv. landbn. og það komi þaðan í þeim búningi að ég fyrir mitt leyti treysti mér til að standa að samþykkt þess.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af því, sem hv. 1. þm. Suðurl. sagði áðan, þá tel ég sjálfsagt að þau atriði, sem máli skipta og nm. í landbn. telja nauðsyn bera til að skoða betur, fái þar eðlilega meðferð, eins og venja er hjá n. Ég hef ekkert við það að athuga þó að eitthvað í þessu frv. kunni betur að fara þegar betur er að gáð og verði lagfært. Það er það sjálfsagt.

Ég tek líka undir það, sem hv. 1. þm. Suðurl. sagði, að nauðsyn ber til að leysa svona mál með friðsamlegum hætti. Ég hef reynt að komast inn á það svið og hefði ekki tekið það út úr þessum lagabálki nema vegna samþykktar þeirrar sem stjórn Mjólkursamsölunnar gerði, eins og ég skýrði frá áðan.

Út af því, sem hv. 4. þm. Vestf. vék hér að, langar mig til að gefa á því nokkrar skýringar.

Í fyrsta lagi er það rétt hjá honum, að í frv. til framleiðsluráðslaga, sem lagt var hér fram, var þessi kafli ekki. Hins vegar var n. skipuð síðar og var búið að fella það inn í frv. sem hefur ekki verið lagt fram enn þá, en það var einn hluti frv. að heildarlöggjöf, eins og ég gat um áður. Ég vil líka segja út af því sem hann sagði um aðstöðumuninn, að vísu vék hann að því í lok sinnar ræðu, að eðlilegast væri og yrði að vera sama verð um land allt, þó að ýmis atvik gætu orðið að koma til að jafna þar um. Eitt af því var í frv. því sem ég á sínum tíma lagði hér fram að framleiðsluráðslögum. Ég vil líka segja að það er í samræmi við þessa stefnu að heykögglaverksmiðjum þeim, sem verið er að byggja í landinu og eiga eftir að verða verulegur þáttur í framleiðslu á fóðurbæti bænda, hefur verið dreift um landið með tilliti til þess að jafna flutningskostnaðinn og gera hann sem minnstan. Það er haft í huga við uppbyggingu þeirra.

Þá vil ég og segja það, að Inn-Djúpsáætlunin er einn þáttur í þessu. Þar hefur verið tekin upp sú stefna að greiða aukaálag á framleiðsluvörur þar framleiddar. Hins vegar verð ég jafnframt að segja það, að ég hef ekki verið alls kostar ánægður með það skipulag sem hefur verið á þeirri framkvæmd. T. d. taldi ég brýna nauðsyn til þess að auka þar mjólkurframleiðsluna, en ekki sauðfjárframleiðsluna, vegna þéttbýliskjarna eins og Ísafjarðar sem nú verður að flytja mikla mjólk til langvegu frá.

Ég lít líka svo á, að t. d. í heimabyggðarlagi hv. 4. þm. Vestf., í Önundarfirðinum, eigi að stefna að því að auka mjólkurframleiðsluna frá því sem nú er, en hún mun hafa dregist saman vegna þess atriðis sem ég gat um áðan.

Í þessu sambandi vil ég geta þess, að á vegum landbrn. starfar n. undir forustu deildarstjóra rn., Guðmundar Sigþórssonar, sem er að gera heildarúttekt á framleiðslu á sviði landbúnaðar-

mála og afkomu bænda á svæðunum hringinn í kringum landið. Það var og er skoðun rn. að það sé afskaplega óheppilegt að tína út einn og einn hrepp og gera sérstaka áætlun um hann, það sé ekki framkvæmanlegt að gera slíkt nema að undangengnu slíku heildaryfirliti sem nú er búið að vinna frumdrög að eða vel það. Í framhaldi af því hafa verið ákveðnar áætlanir, eins og í Árneshreppi í Strandasýslu og víðar sem ég man nú ekki alveg, ég hef ekki þessi gögn hér hjá mér. En þar er m. a. unnið að þessu skipulega og þá jafnframt að reyna að fá yfirlit yfir það, hvar heppilegast sé að hafa þessa og þessa framleiðslu, bæði með tilliti til markaðarins innanlands og einnig möguleikanna til útflutnings.

Í málum þeim, sem ég var að tala fyrir í dag í hv. Ed. kom það fram að útflutningur á ullar- og skinnavörum kemur næst útflutningi ál- og kísilgúrs af iðnaðarvörum landsmanna og hefur farið verulega vaxandi. Það eru verulegir möguleikar fyrir íslendinga að auka þennan útflutning, og er talið að það þurfi að fjór- til fimmfalda hann til þess að hann hafi svipað verðmætamagn og álframleiðslan hefur. Þetta kom fram hjá samtökum iðnaðarins í athugun á þessum málum. Þess vegna ber brýna nauðsyn til að aðlaga landbúnaðinn einmitt slíkum framleiðsluháttum, og að því er unnið á vegum landbrn. Ég vil jafnframt geta þess, að í stofnlánadeildarlögunum, sem voru afgr. hér á Alþ. 1973, held ég muni rétt, eru einmitt þeir möguleikar að jafna á milli eða taka tillit til aðstöðu bænda í sambandi við stofnlánin, svo að þessi stefna, sem hv. 4. þm. Vestf. ræddi hér um og réttmæt er, það er einmitt í þessa átt sem er verið að vinna. Þessi skipulags- og raunar rannsóknarnefnd á framleiðslumálum landbúnaðarins á að geta afhent grundvöll að því sem hægt verður að byggja á í sambandi við þessi mál.

Ég vil hins vegar segja það, að mér er ljóst af fyrri reynslu að endurskoðun framleiðsluráðslaganna í heild tekur nokkurn tíma og þar verða áfram uppi deiluatriði sem tekur tíma að jafna. Af þessum ástæðum féllst ég á að leysa þetta mál sérstaklega og án þess að heildarmálin verði leyst einnig. Hins vegar mun ég nú fljótlega ganga frá skipun n. til þess að athuga þessi heildarmál. M. a. hef ég dregið það af því að ég taldi nauðsyn að þessi skipulagsmál og framleiðslumál þeirrar n., sem að því vinnur, lægju nokkuð ljóst fyrir þegar væri farið að fjalla um þessi mál í heild. Ég tel að jafnhliða þessu, þrátt fyrir það að stutt sé síðan stofnlánadeildarlögin voru endurskoðuð, þurfi enn á ný að taka þau til endurskoðunar því að hraðinn í okkar þjóðfélagi á mörgum sviðum er svo mikill að nauðsyn ber til að fylgjast þar með ef eðlileg uppbygging á að eiga sér stað, eins og þarf að vera í landbúnaði ekki síður en öðrum atvinnugreinum. Mín skoðun er sú, að landbúnaðurinn geti orðið okkur verulega mikils virði sem útflutningsframleiðslugrein ef við tökum hann réttum tökum og leggjum meiri vinnu í sölumennsku á sviði landbúnaðarvara en við höfum gert hingað til, vegna þess að við höfum svo lítið þurft á því að halda. En það er á misskilningi byggt að það sé ekki hægt að vinna þá hluti upp, enda hefur það þegar sýnt sig, sbr. það álit sem ég vitnaði til frá iðnrekendum, að þeir átta sig á því að brýna nauðsyn ber til þess.

Ég vona að með þessum orðum hafi ég skýrt fyrir hv. 4. þm. Vestf., sem ég reyndar tók fram áðan, af hverju ég skildi þetta að. Mér er ljóst að það tekur þó nokkurn tíma að koma endurskoðun heildarlöggjafarinnar svo fyrir að vel verði við unað.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Þar sem hér er á dagskrá frv. til l. um breyt. á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins er ekki óeðlilegt þótt umr. snerti þau mál almennt sem um er fjallað í þeim lögum. En þetta frv., sem hér er á dagskrá, fjallar þó fyrst og fremst um einn þátt framleiðsluráðslaganna, þ. e. a. s. um dreifingu mjólkur. Ég vil nota þetta tækifæri til að fagna flutningi þessa frv. sem felur í sér fyrst og fremst rýmkun á sölu mjólkur í smásölu og afnám einkasöluréttar Mjólkursamsölu og mjólkursamlaga.

Eins og öllum hv. þm. er kunnugt um hefur þetta mál verið nokkrum sinnum áður á dagskrá hér á hv. Alþ. og hefur mönnum sýnst sitt hvað um breyt. á fyrirkomulagi á dreifingu mjólkur. Lögin um mjólkurdreifingu eru, eins og hér hefur komið fram, nokkuð komin til ára sinna eða rúmlega 40 ára gömul. Þau áttu sér réttmætar forsendur á sínum tíma og hafa vissulega þjónað sínum tilgangi. En eins og hér hefur líka verið drepið á, þá hefur í tímans rás verið nauðsynlegt að gera breyt. á þessum lögum til þess að koma til móts við breytta þjóðfélagshætti, nýja verslunarhætti og sjónarmið stærri og stærri hóps neytenda.

Niðurstaðan af þeim umr., sem fóru fram á þingi fyrir nokkrum árum, varð sú að hæstv. landbrh. þáv. og núv. ákvað og samþ. að setja á fót n. til að samræma hin ýmsu sjónarmið sem fram komu í þessu máli. Í n. voru skipaðir fulltrúar frá hinum ýmsu samtökum sem teljast hafa hagsmuna að gæta. Það kemur fram í aths. með þessu lagafrv., að í n. áttu sæti fulltrúar kaupsýslumanna, neytenda, Mjólkursamsölu og Framleiðsluráðs, svo að einhverjir séu nefndir. Niðurstaða þessarar n. er sú sem hér gefur að líta.

Ég mun ekki fjalla um einstök ákvæði þessa frv. Hér er sjálfsagt um samkomulagsfrv. að ræða, þar sem hver aðili um sig hefur reynt að koma til móts við hina. Það mætti kannske gera breyt. á þessu frv. þannig að einhverjum líkaði betur, en með hliðsjón einmitt af aðdraganda og tildrögum þessa frv. er ekki ástæða a. m. k. fyrir mig til þess að fara að ræða um einstök atriði, heldur er ég ánægður með, að þetta frv. hefur séð dagsins ljós, og mælist eindregið til þess að það fái skjóta og jákvæða afgreiðslu hér í þinginu.

Það kom fram í máli hv. 1. þm. Suðurl. að hann taldi að salan mundi aukast ef þetta frv. yrði samþ., og ég tel sjálfsagt að svo verði. Það er ekki nema eðlilegt að framleiðendur notfæri sér það dreifingarkerfi sem fyrir hendi er í þjóðfélaginu, og getur varla skaðað þá að fleiri selji

þessa framleiðsluvöru, svo framarlega sem þeim skilyrðum er fullnægt sem framleiðendur setja um heilbrigðisaðstöðu o. s. frv.

Eg er því sammála, sem fram kom í máli hv. 1. þm. Suðurl., að það var ekki heppilegt ef þurft hefði að pressa slíka breyt. í gegn. Það var ekki heldur mín ætlan, enda þótt ég hreyfði þessu máli fyrir nokkru, að þrýsta þessu máli fram gegn vilja framleiðenda. Þess vegna er ég mun ánægðari nú þegar samkomulag hefur náðst einmitt við framleiðendur um að breyta lögunum þannig að komið er til móts við sjónarmið þeirra sem neyta framleiðslunnar, þ. e. a. s. neytenda.

Í athugasemdum hv. 4. þm. Vestf. komu fram ýmis sjónarmið framleiðenda. Ég fyrir mitt leyti hef fullan skilning á því, að framleiðendur vilji fara með gát og séu kannske ekki fullkomlega sáttir við allar þær breytingar sem lagt er til að gerðar verði. Um það verð ég aðeins að segja, að ég tel að reynslan verði að skera úr um það og það sé áreiðanlega allra mál að breyt. séu gerðar til þess að lagfæra það sem miður kann að fara. Ég vil þó vona að fulltrúar framleiðenda og þá bænda setji ekki nein sérstök skilyrði um að önnur mál, sem snerta hagsmuni þeirra, fái framgang jafnframt þessu máli. Ekki þannig að ég sé á móti slíkum málum, heldur vegna þess, eins og fram hefur komið í máli hæstv. ráðh., að hér er um mjög viðamikið og viðkvæmt mál að ræða og ljóst er að ef á að leysa heildarhagsmunamál bænda og breyta framleiðsluráðslögunum í heild, þá þarf lengri tíma. Ég er þeirrar skoðunar og vil trúa því að menn séu sammála um að þessi breyt., sem hér er lögð til, sé öllum til góða sem frv. snertir. Hagsmunir framleiðenda eru vissulega mikilvægir. Bændur þurfa að halda vel á sínum rétti. En þeir þurfa líka að skilja sjónarmið þeirra sem þeir þurfa á að halda, þ. e. a. s. neytenda og þeirra sem dreifa þeirra vörum, þ. e. a. s. kaupmanna eða verslunarstéttarinnar, og vissulega er þetta frv. í samræmi við mjög ákveðnar till. úr þeirri átt.

Ég treysti því mjög á samstarfsvilja fulltrúa bænda og skilning hv. landbn. í meðferð á þessu máli og vil eindregið mælast til þess að afgreiðslu þessa frv. verði hraðað eftir föngum. Að samningu þessa frv. hafa staðið öll þau hagsmunasamtök sem málið snertir. Þess vegna tel ég að í sjálfu sér þurfi ekki mikinn tíma til þess að leita eftir umsögnum á nýjan leik og það ætti að geta flýtt fyrir afgreiðslu málsins í n. — Ég endurtek svo að lokum að ég fagna mjög flutningi þessa frv.

Vilborg Harðardóttir: Herra forseti. Það er einn þáttur þessa máls sem mig langar að gera að umtalsefni, og það er dreifing mjólkurinnar, þ. e. a. s. það, sem gert er ráð fyrir að breytist verulega, að einkaréttur Mjólkursamsölu eða mjólkursamlaga á sölu mjólkur, rjóma og skyri nái aðeins til heildsöludreifingar, en ekki til smásöludreifingar eins og verið hefur. Mig langar til þess að vekja athygli þingheims á því, að verði þessi regla að lögum, þá er hætt við því að heil atvinnustétt, a. m. k. hér á Reykjavíkursvæðinu, hreinlega leggist niður. Þessi atvinnustétt eru þær konur sem nú vinna í mjólkurbúðunum. Þær hafa sérstakt stéttarfélag, sem kallast ASB, Félag afgreiðslustúlkna í mjólkur- og brauðbúðum. Ég hef talað við formann þess félags og einnig hef ég rætt þetta mál við framkvæmdastjóra Mjólkursamsölunnar, og þeim ber báðum saman um að engar ráðstafanir hafi verið gerðar í þessu sambandi til þess að tryggja þessum konum vinnu ef mjólkurbúðirnar leggjast niður. Þetta er nokkuð stór stétt, og meginhluti af þeim, sem við þetta starfa, er rosknar konur sem eiga ekki mjög auðvelt með að fá vinnu annars staðar. Það er oft erfitt að skipta um starf þegar maður er orðinn fullorðinn, og sérstaklega hefur konum reynst erfitt að ganga inn í störf vegna þess að það er ekki um svo margt að velja. En eins og ég benti á, það er allt í óvissu um framtíð þessara kvenna.

Framkvæmdastjóri Mjólkursamsölunnar benti að vísu á að kaupmenn hefðu tryggt það að þeir mundu kaupa verslanir Mjólkursamsölunnar hér í Reykjavík, en hins vegar hefðu þeir ekki getað tryggt það að þeir réðu jafnframt starfsfólk, enda þyrftu þeir ekki á svo mörgu starfsfólki að halda. Ég spurði um það, hvort þeir mundu geta tekið þessar konur að einhverju leyti til vinnu í Mjólkursamsölunni sjálfri, en hann sagði á móti að þar væri náttúrlega allt mannað, það gæti komið til mála að nokkrar yrðu teknar. Þetta langar mig að benda þingheimi á.

Hitt atriðið, sem mig langar að gera að umtalsefni hér, er það sem snýr að okkur neytendum. Ég vil þá taka undir það með hv. þm. Gunnlaugi Finnssyni, að það er í meira lagi hæpið að þetta nýja fyrirkomulag tryggi lægra verð. Ég held að í reyndinni verði það einmitt hærra, því að ég er ekki farin að sjá að við höfum neina tryggingu fyrir því að kaupmennirnir muni ekki heimta sína álagningu. Það þarf ekki að ímynda sér að kaupmenn geri eitthvað fyrir ekki neitt, af því hefur maður reynsluna. Nú þykjast þeir geta tekið mjólkursöluna að sér aukalega til þess að veita með því viðskiptavinunum betri þjónustu. En það eiga þeir eftir að sjá, sem nú mæla með slíku fyrirkomulagi, að þegar kaupmannastéttin einu sinni hefur fengið einokunaraðstöðu um mjólkursölu og þarf ekki lengur að keppa við mjólkurbúðirnar, þá munu þeir krefjast þess að fá álagningu á þessa vöru eins og aðrar.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég ætla mér ekki á þessu stigi málsins að fara að ræða frv. sem hér er til umr. vegna þess að ég á sæti í þeirri n. sem kemur til með að fjalla um málið. Hins vegar hefur mér fundist á sumum hv. ræðumönnum að þeir hafi í raun og veru ekki gert sér grein fyrir þeirri þróun sem orðið hefur og hvernig á því stendur að Mjólkursamsalan hefur óskað eftir því að þetta frv. yrði flutt.

Þróunin á undanförnum árum hefur verið sú, eins og hv. 1. þm. Suðurl. sagði, að vaxandi hluti af mjólkinni hefur verið seldur af kaupmönnum. Þróunin er sem sagt orðin sú að Samsalan er búin í sjálfu sér að missa þessa sölu úr sínum höndum. Mér er nær að halda að frumástæðan sé sú, að í nýju hverfunum hafi hún ekki fengið möguleika til þess að opna þar búðir eða fengið

lóðir og ennfremur að stóru kjörbúðirnar hafa fengið mjólkina, og þróunin hefur orðið sú að Mjólkursamsalan sér ekki möguleika til að halda þessu áfram. Kaupmennirnir eru búnir að fá alla bestu og stærstu staðina, en Mjólkursamsalan er með þær búðir þar sem minnst er salan og bera sig verst. Ég er alveg sannfærður um það, þó að það sé auðvitað reynslan ein sem á eftir að sýna það, að það spor, sem er verið að stíga og er í raun og veru búið að stíga, mun verða til þess að dreifingarkostnaður vex á þessum vörum. En taflið er tapað að mínu mati fyrir neytendur og bændur e. t. v. líka vegna þess að neytendur skildu ekki þessa þróun í tíma.

Ég verð að segja það, að mér urðu það mikil vonbrigði að það skyldi ekki nást samkomulag, það skyldi ekki vera hér á hv. Alþ. skilningur á aðstöðu bænda og þar af leiðandi var ekki meiri hl. til á hv. Alþ. fyrir því frv. sem hæstv. landbrh. var búinn að semja. Það er hörmulegt, en það er staðreynd.

Það er allt önnur aðstaða í sambandi við þessi mjólkursölumál úti á landi heldur en hér, og þarf náttúrlega að taka það sérstaklega til athugunar. Það eru auðvitað til alls staðar heilbrn., það eru ekki heilbrigðisfulltrúar. Þessar heilbrn. eru ekki mikið starfandi. Og það, sem á við hér í þessum málum, á e. t. v. ekki við þar. Þar af leiðandi kemst ég ekki hjá því sem form. landbn. að senda þetta frv. til umsagnar til t. d. forráðamanna mjólkurvinnslustaðanna úti á landi til þess að fá þeirra viðhorf líka, því að það þarf að taka tillit til þeirra viðhorfa ekkert síður en til viðhorfa þeirra sem búa hér á þéttbýlissvæðinu og miða löggjöfina við allar aðstæður.

Ég verð að taka undir það, sem hv. þm. Gunnlaugur Finnsson sagði, að eitt af þeim atriðum, sem þarf að athuga er hinn mikli aðstöðumunur sem er á hinum ýmsu stöðum. Við athuguðum það t. d. í sambandi við Inn-Djúpsáætlunina. Þar var reynt að koma fram því sjónarmiði að láta þá, sem ætluðu að framleiða mjólk, fá hærra hlutfall í sínum fjárfestingarlánum heldur en þá sem ætluðu að framleiða sauðfjárafurðir. En það kom í ljós að ekki var vilji fyrir því nema hjá einum eða tveimur aðilum þar fyrir vestan að byggja t. d. fjós. Þeir vildu allir byggja frekar fjárhús og auka sauðfjárafurðir, þó að það væri í sjálfu sér andstætt því sem við töldum að hagsmunir þessa svæðis og raunar bændastéttarinnar í heild þyrftu á að halda, eins og þarna stendur á. Ég held að ég fari rétt með það, að flutningskostnaðurinn t. d. með flugvélum frá Akureyri sé 18—19 kr. á hvern lítra, þannig að vera þyrfti heimild í löggjöf um að það mætti hafa verðið hærra á þessum stöðum, þar sem alltaf er skortur á mjólk, heldur en annars staðar. Það tel ég að væri nauðsynlegt að gera, vegna þess að það mundi líka verða hagstætt fyrir bændastéttina ef væri hægt að framleiða mjólk á Vestfjörðum, en ekki flytja hana með svona miklum kostnaði. En þetta er enn eitt dæmið um það, hvað það mundi kosta ef ætti að fara að flytja mjólkina á milli landshluta eða jafnvel frá öðrum löndum eins og sumum spekingum hefur dottið í hug.

Ég er alveg sammála hæstv. landbrh. um að landbúnaðurinn á mikla framtíð fyrir sér ef skilningur ríkir hjá yfirvöldum á hverjum tíma og staðið er að þessum málum eins vel og hægt er. Veit ég að hann mun reyna að gera ráðstafanir til þess að t. d. framleiðsluráðslögin verði endurskoðuð. Ég vona þá að þeir, sem eru nú að vænta skilnings frá bændum í sambandi við þetta mjólkursölumál, sýni þeim skilning þegar er búið að fara yfir frv. og það verður lagt fram hér á Alþingi.

Gunnlaugur Finnsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins með örfáum orðum segja það í tilefni af ræðu hv. 11. þm. Reykv., að ef hann hefur skilið það svo að ég væri að setja einhverja kosti og vildi fá þetta í staðinn fyrir hitt, þá er það alger misskilningur. Það, sem ég vildi leggja áherslu á, er að þau atriði, sem ég tók fram og voru ágreiningsatriði varðandi stjórnun á þróun landbúnaðarframleiðslunnar, eru fyrir mér svo veigamikið og þýðingarmikið atriði að það þolir ekki þá bið sem hlýtur að verða við heildarendurskoðun á framleiðsluráðslögunum. Þróun og stefnumörkun á landbúnaðarmálum á að vera sívirk, og við komum aldrei á einhvern ákveðinn punkt þar sem búið er að marka landbúnaðarstefnuna, ef hún er rétt. Ég tel að við stöndum svo höllum fæti varðandi það atriði sem ég talaði um, að það mætti ekki geyma það og þess vegna ætti það að koma með þeim hætti sem nú er verið að afgr. vegna mjólkursölunnar í Reykjavík.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 51. fundur.

Mánudaginn 9. febr., kl. 2 miðdegis.

Meðferð einkamála í héraði, frv. (þskj. 47). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 51. fundur.

Mánudaginn 9. febr., kl. 2 miðdegis.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. (þskj. 208). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til landbn. með 27 shlj. atkv.

Álbræðsla við Straumsvík, frv. (þskj. 138, n. 226 og 308). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Ingólfur Jónsson): Hæstv. forseti. Frv. þetta er búið að vera nokkuð lengi hér fyrir hv. d., var afgr. frá iðnn. fyrir jólaleyfi.

Álsamningurinn við Swiss Aluminium var gerður árið 1966. Var það fyrsti samningurinn sem íslendingar gerðu við erlendan aðila um stóriðju í landinu. Virkjunarframkvæmdir höfðu miðast við orkuþörf til almenningsnota og þess iðnaðar, sem fyrir hendi var í landinu. Starf virkjana var á hverjum tíma í samræmi við orkumarkaðinn.

Til þess að unnt væri að ráðast í stórvirkjun og tryggja með því ódýra orku var nauðsynlegt að fá kaupanda að þeirri orku sem var umfram almenna orkuþörf.

Stjórnvöld höfðu gert sér fulla grein fyrir þeim auði, sem er í fallvötnum landsins ásamt óbeisluðum jarðhita í mörgum landshlutum. Ýmsir höfðu gert sér grein fyrir því, hversu mikla nauðsyn bar til þess að nýta innlendan orkugjafa til aukinnar framleiðslu í landinu, gjaldeyrisöflunar og til gjaldeyrissparandi framkvæmda. Það var með þetta í huga sem Bjarni Benediktsson skipaði viðræðunefnd um stóriðju árið 1960.

Víðtækar rannsóknir á virkjunarstöðu í Þjórsá hófust um svipað leyti. Kom fljótt í ljós að með stórvirkjun á Þjórsársvæðinu yrði virkjunarkostnaður miklu lægri en á öðrum minni virkjunarstöðum. Til þess að geta notið fyllstu hagkvæmni við Þjórsárvirkjanir varð að ráðast í stórvirkjun, miklu stærri virkjun en áður hafði þekkst hér á landi. Stóriðjunefnd ræddi á þessum tíma við margra aðila sem virtust hafa áhuga á því að koma hér upp orkufrekum iðnaði í nokkrum greinum. Unnu sérfróðir menn að því að kanna hvað hagkvæmast væri fyrir íslendinga og hvað helst kæmi til greina. Niðurstaðan varð sú eftir mjög nákvæmar athuganir, að hagkvæmast væri að semja við Swiss Aluminium um álframleiðslu hér á landi. Við samanburð við annan orkufrekan iðnað og kjör, sem hugsanlega væri völ á, þótti sá kostur, sem í boði var hjá svissneska álfélaginu, langbestur og gefa mestar tekjur fyrir Ísland. Þess vegna var álsamningurinn gerður 1966 og álverksmiðja reist í Straumsvík.

Eftir að orkufrekur kaupandi var fyrir hendi reyndist fært að ráðast í hagkvæmustu virkjun sem völ var á við Búrfell í Þjórsá. Var sú virkjun unnin í einum áfanga og orkan því um 70% ódýrari heldur en frá smærri virkjunum. Virkjunin við Búrfell er 210 mw. Ef orkufrekur iðnaður hefði ekki verið fyrir hendi til þess að nýta orkuna frá virkjuninni við Búrfell hefðu virkjunarframkvæmdir verið áfram með sama hætti og áður. Ef virkjað hefði verið við Búrfell með þeim hætti hefði virkjunin verið gerð í mörgum áföngum, 35 mw. í hvert sinn. Virkjun með þeim hætti hefði orðið miklu dýrari, eins og áður segir. Raforka til almenningsnota og iðnaðar hefði þá orðið miklu stærri útgjaldaliður hjá almenningi og framleiðslunni heldur en verið hefur síðan virkjunin við Búrfell tók til starfa.

Álsamningurinn var hagstæður miðað við aðstæður allar þegar samningurinn var gerður. Íslendingar hafa haft mikinn hagnað af samningnum frá því að álverksmiðjan tók til starfa. Greiðslur til innlendra aðila vegna rekstrar ISALs á tímabilinu 1. okt. 1969, þegar álverksmiðjan byrjaði framleiðslu, til 30. sept. 1975, færðar upp til gengis á Bandaríkjadollar eins og það var 30. sept. s. l., eru samtals 12 milljarðar 495.7 millj. kr. Frá því má draga skattinneign 1. okt. 1975, sem viðurkennd er með brtt. þeim, sem hér eru til umr. og viðræðunefnd um orkufrekan iðnað leggur til að verði lögfestar. Umrædd skattinneign er 4.4 millj. dollara eða 704 millj. kr. miðað við gengi dollars á þeim tíma sem áður var nefndur. Heildargreiðslur Álfélagsins til innlendra aðila á 6 árum, eftir að skattinneign hefur verið dregin frá, er 11 milljarðar 791.7 millj. kr. eða nærri 2000 millj. kr. á ári til jafnaðar í erlendum gjaldeyri.

Helstu greiðslur eru framleiðslugjald fyrir raforku, launagreiðslur og launatengd gjöld, farmgjöld til Eimskipafélags Íslands og ýmis önnur gjöld sem falla til greiðslu. Framleiðslugjaldið skiptist í tilteknum hlutföllum milli Byggðasjóðs Hafnarfjarðarkaupstaðar og Iðnlánasjóðs. Hlutur Hafnarfjarðar á að lækka samkv. gildandi samningum úr 25% í 20%. Þar sem nokkur tilfærsla verður á greiðslum ÍSALs hf. eftir þeim till., sem fyrir liggja, er nú að því unnið að gera nýtt samkomulag vegna umræddra breytinga, ef þær verða lögfestar. Verða þá flutt sérstök frv. til breyt. á þeim lögum sem kveða á um greiðslur ÍSALs til viðkomandi aðila.

Þótt álsamningurinn hafi verið hagstæður fyrir íslendinga og gefið miklar gjaldeyristekjur í þjóðarbúið frá því að álverksmiðjan hóf framleiðslu, þykir eigi að síður rétt og eðlilegt að fá fram nokkrar breyt. eftir að samningurinn hefur verið í gildi um 10 ára skeið. Forsendur

allar hafa breyst frá því að umræddur samningur var gerður. Orkuverð í heiminum hefur margfaldast, framkvæmdakostnaður og verðlag á flestu hefur farið úr skorðum.

Þótt ekki sé sérstaklega gert ráð fyrir endurskoðun í álsamningnum frá 1966 þótt vissar forsendur breytist, voru eigi að síður teknar upp viðræður við forsvarsmenn Álfélagsins um vissar breyt. á samningnum. Tekist hefur að fá fram ýmsar breyt. til samræmis við breytta tíma, sem gefa íslendingum auknar tekjur.

Með frv. því, sem hér er til umr., er lagt til að lögfest verði samkomulag sem tekist hefur með ríkisstj. og Alusuisse um tilteknar breyt. á fjárhagsatriðum í aðalsamningi þeirra frá 28. mars 1966, um álbræðslu í Straumsvík, samfara breyt. á rammasamningi milli Landsvirkjunar og Íslenska álfélagsins hf. er honum fylgir. Eru breyt. þessar settar fram við aðalsamning, dags. 10. des. 1975, sem iðnrh. hefur undirritað fyrir hönd ríkisstj. með fyrirvara um staðfestingu af hálfu Alþingis.

Enfisbreytingar þær á álsamningnum, sem hér um ræðir, varða annars vegar framleiðslugjald það, sem ÍSAL greiðir í stað almennra skatta, og hins vegar verð fyrir rafmagn til álversins frá Landsvirkjun, en hvort tveggja hefur verið endurskoðað.

Einnig hefur verið samið um heimild til stækkunar hjá ÍSAL sem svarar 1/7 hluta af núv. bræðslumannvirkjum álversins. Svarar það til allt að 10 700 tonna aukningu á álframleiðslu árlega. Gildir stækkunarheimildin til ársloka 1979. Mun þessi hluti bræðslunnar sæta sömu samningskjörum og þeir sem fyrir eru ef heimildin verður notuð innan tiltekins tíma. Fyrirhugað er að hin nýju fjárhagsákvæði gildi frá 1. okt. 1975 og er þess vegna nauðsynlegt að hraða staðfestingu þeirra.

Iðnn. þessarar hv. d. hefur haft málið til athugunar og meðferðar. Liggur fyrir nál. á þskj. 226 frá meiri hl. n. sem mælir með því að frv. verði samþ. óbreytt. Undir nál. skrifa Ingólfur Jónsson, Þórarinn Þórarinsson, Lárus Jónsson, Ingvar Gíslason, Benedikt Gröndal og Pétur Sigurðsson. Vilborg Harðardóttir skilar séráliti.

Iðnn. ræddi málið á þremur fundum og kynnti sér það rækilega. Á fundi hjá n. mættu Jóhannes Nordal seðlabankastjóri, Hjörtur Torfason hrl. og Garðar Ingvarsson hagfræðingur. Jóhannes Nordal er formaður viðræðunefndar um orkufrekan iðnað og auk þess formaður stjórnar Landsvirkjunar. Hjörtur og Garðar hafa unnið með viðræðunefnd að breyt. á álsamningnum. Fyrirspurnum um orkumál og margt fleira, sem við kemur væntanlegum breyt. á álsamningnum, svöruðu gestir n. skýrt og greinilega.

Á öðrum fundi n. mættu formaður Náttúruverndarráðs, Eysteinn Jónsson, og framkvæmdastjóri þess, Árni Reynisson, ásamt Vilhjálmi Lúðvíkssyni efnaverkfræðingi. Frá Heilbrigðiseftirliti ríkisins mætti fulltrúi þess, Eyjólfur Sæmundsson. Var sérstaklega rætt um mengunarmál á þeim fundi. Rætt var um þann drátt sem á því hefur orðið að setja upp hreinsitæki í álverksmiðjunni. Raddir komu upp um það, að aukin mengunarhætta gæti orðið að því að stækka verksmiðjuna um 1/7 eða auka framleiðsluna um 10 700 tonn á ári, eins og gert er ráð fyrir með þeim breyt. á álsamningnum sem fyrirhugað er að lögfesta. Var rætt ítarlega á fundinum um mengunarmál og mengunarvarnir. Voru menn sammála um að gera kröfur til þess, að fullkomnum hreinsitækjum verði komið upp í verksmiðjunni sem allra fyrst, auk þess sem væntanleg stækkun verksmiðjunnar verði einnig gerð með fullkomnum hreinsitækjum.

Á þriðja fundi n. mætti framkvæmdastjóri ÍSALs hf., Ragnar Halldórsson. N. gerði fyrirspurnir um mengunarvarnir og drátt á uppsetningu hreinsitækja. Gerði framkvæmdastjórinn grein fyrir því. N. óskaði eftir skriflegri grg. um álit frá stjórn ÍSALs. Varð framkvæmdastjórinn við þeirri ósk. Er sú grg. undirrituð af stjórnarformanni ÍSALs, Halldóri H. Jónssyni, og framkvæmdastjóra fyrirtækisins, Ragnari Halldórssyni. Var grg. prentuð með nál. Þykir rétt — með leyfi hæstv. forseta — að lesa grg. þar sem hún skýrir það mál, sem um ræðir, greinilega. Grg. er dags. 17. des. 1975 og fer hér á eftir:

„Í tilefni af fyrirspurnum yðar varðandi aðgerðir til hreinsunar á útblæstri á kerskálum áliðjuversins í Straumsvík leyfum vér oss hér með að staðfesta eftirfarandi:

Umræður og athugunanir um það málefni, hvaða aðgerða væri þörf í ofangreindu tilliti, hafa staðið nær samfellt frá því að framkvæmdir hófust við áliðjuverið á grundvelli aðalsamnings frá 1966 og einkum eftir að síðari kerskáli þess var tekinn í notkun haustið 1972. Af hálfu Íslenska álfélagsins hf. hafði þá verið tekin upp samvinna við íslenska uppfinningamanninn Jón Þórðarson um að fá úr því skorið, hvort hreinsitæki, sem hann hafði fundið upp, mundu henta til hreinsunar á útblástri frá kerskálum áliðjuversins. Hófst sú samvinna á árinu 1971, og í marsmánuði 1973 var svo komið að búið var að koma upp hreinsitæki ásamt tilheyrandi tilraunaútbúnaði á þak kerskála 1 í Straumsvík til prófunar á virkni þessarar hreinsiaðferðar. Með bréfi, dags. 28. mars 1973, til heilbr.- og trmrh., sem þá var jafnframt ráðh. iðnaðarmála, lýsti ÍSAL því yfir að sett yrðu upp hreinsitæki í Straumsvík í framhaldi af þeim umræðum sem þá voru hafnar.

Tilraunirnar stóðu yfir á annað ár og fylgdist Heilbrigðiseftirlit ríkisins með þeim allan tímann. Þær báru þó ekki þann árangur sem vænst hafði verið, og með bréfi, dags. 9. okt. 1974, var heilbrrn. tilkynnt að tilraunum með tæki Jóns Þórðarsonar hefði verið hætt af ástæðum sem þar voru nánar greindar, hins vegar væri nú ráðgert að setja upp svokölluð þurrhreinsitæki í kerskálunum að viðhöfðu samráði við Heilbrigðiseftirlit ríkisins. Var jafnframt ítrekuð sú yfirlýsing félagsins að hreinsitæki yrðu sett upp og því verki hraðað svo sem tæknilegar ástæður mundu leyfa. Lokaskýrsla um tilraunir við hreinsitæki Jóns Þórðarsonar var send Heilbrigðiseftriliti ríkisins með bréfi, dags. 21. nóv. 1974, og á fundi með fulltrúum þess og heilbrn. Hafnarfjarðar hinn 25. s. m. var lögð fram bráðabirgðaskýrsla um uppsetningu þurrhreinsitækja er Alusuisse hafði unnið að beiðni ÍSALs. Var óskað eftir því á fundinum að látið yrði í ljós

álit þessara aðila um það, hvort þurrhreinsitæki þau, sem lýst var í skýrslunni, mundu fullnægja þeim kröfum sem gerðar væru af hálfu Heilbrigðiseftirlits ríkisins varðandi loftmengunarvarnir við áliðjuverið. Beiðni þessi var síðan ítrekuð með bréfi, dags. 2. jan. 1975. Var henni svarað á þá leið með bréfi heilbrrn. hinn 20. s. m., að málið væri í athugun. Hjá ÍSAL var haldið áfram að vinna að framgangi málsins, og með bréfi hinn 11. júní 1975 var Heilbrigðiseftirlitinu send endurskoðuð framkvæmdaáætlun um uppsetningu þurrhreinsitækja ásamt framvinduskýrslu gefinni á stjórnarfundi ÍSALs í maí 1975. Voru upplýsingar þessar sendar í framhaldi af fundi sem haldinn var í lok aprílmánaðar með fulltrúa Heilbrigðiseftirlitsins, en þar kom fram að tækin mundu væntanlega teljast fullnægjandi.

Framkvæmdaáætlun ÍSALs um þurrhreinsitæki gerði ráð fyrir því, að unnið yrði að hönnun á kerþekjum og tilraunum með þær á tímabilinu apríl 1975 til júlí 1976, síðan yrði hafist handa um endanlega hönnun kerfisins í heild og útboðssmíði og uppsetningu og gangsetningu tækja og yrði þessu að fullu lokið í árslok 1978.

ÍSAL hefur unnið eftir þessari áætlun á undanförnum mánuðum og er hönnun og smíði á tilraunaþekjum nú lokið og uppsetning þeirra hafin. Jafnframt stendur ÍSAL enn að því að ljúka uppsetningu tækjanna samkv. þessari áætlun. Taka ber þó fram í því sambandi, að hér er um stórkostlega fjárfrekt fyrirtæki að ræða. Heildarkostnaður er 2200 millj. kr. samkv. núverandi áætlun, og getur hraði framkvæmda orðið háður því að lánsfé fáist til þeirra.

Umbeðin formleg umsögn frá Heilbrigðiseftirliti ríkisins um þurrhreinsitækin hefur ekki borist að svo stöddu. Hins vegar hefur Heilbrigðiseftirlitið lagt fram till. um tiltekna útblástursstaðla sem það hefur undirbúið að höfðu samráði við Náttúruverndarráð og Heilbrigðismálaráð Hafnarfjarðar, og eru þeir staðlar nú til umr. við Heilbrigðiseftirlitið.

Hin fyrirhuguðu þurrhreinsitæki eru fullkomnasti búnaður sem völ er á yfirleitt til hreinsunar á útblæstri áliðjuvera. Er því engin ástæða til þess að ætla annað en að fyllsta samkomulag geti orðið við heilbrigðisyfirvöld um uppsetningu og rekstur tækjanna.

Í samningum ríkisstj. og Alusuisse um annan viðauka við aðalsamning þeirra frá 28. mars 1966, sem nú liggur fyrir Alþ. til staðfestingar, er kveðið á um heimild handa ÍSAL til að stækka áliðjuverið í Straumsvík með lengingu á kerskála 2, eða sem svarar aukningu um 1/7 hluta, 20 mw., 10 þús. árstonn á núv. afkastagetu. Er notkun þessarar heimildar háð því skilyrði af hálfu ÍSALs að stækkunin geti talist fjárhagslega verjandi á þeim tíma, þ. e. til ársloka 1979. Fari svo, að þessi heimild verði notuð, er fyrirhugað að hafa umrædda viðbót kerskálans búna fullkomnum hreinsitækjum frá öndverðu og staðfestir ÍSAL það hér með í samræmi við skilning aðilanna meðan á samningaviðræðum stóð.

Virðingarfyllst
Íslenska álfélagið hf.

Halldór H. Jónsson, Ragnar S. Halldórsson."

Með því sem hér hefur sagt verið ættu hv. alþm. að vera sammála um að mengunarmálum í álverksmiðjunni muni verða gerð góð skil og að fullnægjandi skýringar eru gefnar á þeim drætti sem orðið hefur á uppsetningu hreinsitækja í verksmiðjunni.

Með fyrirhuguðum breyt. á álsamningnum er stefnt að auknum heildartekjum íslendinga af álverinu. Eftir breyt. verða tekjur einnig öruggari en verið hefur eftir gildandi samningum. Væntanleg stækkun verksmiðjunnar mun einnig verða til þess að auka tekjurnar, bæði vegna framleiðslugjalds og orkusölu. Orkusalan eykst um 20 mw., þar af eru 12 mw. afgangsorka.

Aðalbreytingarnar frá gildandi samningum eru þessar:

Nýtt orkuverð tekur gildi frá 1. okt. 1975, en þá átti rafmagnsverð að lækka til álversins úr 3 mill í 2.5 mill. Nýja orkuverðið verður tengt álverði og hækkar eftir settum reglum frá 1. jan. 1978 miðað við verð á áli. Frá 1. okt. 1975 er nýja verðið þannig samkv. rammasamningi: til ársloka 1975 3 mill, næstu 6 mánuði 3.5 mill, næstu 12 mánuði 4 mill, næstu 6 mánuði 4—5 mill eftir álverðinu. Frá 1. jan. 1978 til 1. okt. 1994 fylgir orkuverðið álverði, en fer þó aldrei niður fyrir 3.5 mill þótt álverð lækki frá því sem nú er. Allir gera ráð fyrir að álverð hljóti að hækka á komandi árum, en menn greinir á um hversu ört hækkunin kemur og hve mikil hún verður. Álverð er nú skráð 39 cent á enskt pund og samsvarandi orkuverð er þá 3.9 mill, en fer hækkandi skv. settum reglum eftir álverði.

Framleiðslugjaldi ÍSALs hf., sem hefði hækkað úr 12.50 dollurum í 20 dollara á tonn 1. okt. 1975, er breytt frá þeim tíma í lágmarksskatt sem greiða ber mánaðarlega eftir útskipunum. Er lágmarksskatturinn 20 dollarar á tonn eða sem nemur 1 millj. og 500 þús. dollurum á ári miðað við afkastagetu verksmiðjunnar, 75 þús. tonn á ári. Þessi skattur greiðist án tillits til afkomu verksmiðjunnar og myndar enga skattinneign, eins og gerist skv. eldri samningum, þegar reksturinn gengur ekki vel. Lágmarksskattur skv. fyrri samningi er 235 þús. dollarar á ári, en mun falla niður ef fyrirhugaðar breytingar á framlögum verða samþykktar. Við hækkanir á álverði, sem er umfram 40 cent á enskt pund, fer framleiðslugjaldið hækkandi eftir tilgreindum taxta í stiglækkandi hlutfalli. Með þeim ákvæðum, sem gilda um hækkun skatts eftir álverði, er skattlagningin gerð raunhæfari og öruggari og mun gefa íslendingum meiri tekjur.

Eins og fram er tekið í skýringum, sem prentaðar eru með frv. á þskj. 138, fellur viðbótarskatturinn vegna nýju ákvæðanna um leiðréttan taxta í gjalddaga í byrjun næsta árs eftir skattárið. Endanlegt uppgjör fer þá fram í samræmi við tekjur ÍSALs. Með breyt. er komið í veg fyrir að ný skattinneign geti myndast. Hækkun skattsins vegna stigbreytinganna á ekki að leiða til skattlagningar umfram 55% af nettóhagnaði ÍSALs. Einnig er tekið upp tekjulágmark, þannig að framleiðslugjaldið má aldrei vera lægra en 35% af nettóhagnaði fyrirtækisins. Fyrirtækinu er heimilað að mynda 20% varasjóð eftir svip-

uðum reglum og eru í gildi hér á landi um skatta.

Í álsamningnum frá 1966 eru sérstök ákvæði um skattgreiðslur, þannig að framleiðslugjaldið er lagt beint á framleiðslu vörunnar og er óháð ágóða eða tapi hjá félaginu að stofni til, en gjaldið er takmörkunum háð, þannig að skattinneign myndast við áramót ef greiðslur gjaldsins á liðnu ári hafa farið yfir 50% af nettótekjum félagsins eftir árið. Skattinneign, sem myndast hefur, er notuð til greiðslu á framleiðslugjaldi seinni ára skv. ákvæðum í álsamningnum.

Það er mikils virði að koma ákvæðinu um myndun skattinneignar út úr samningnum, eins og gert verður ef Alþ. samþ. brtt. þær sem fyrir liggja við álsamninginn. Vegna lélegrar afkomu ÍSALs árin 1974 og 1975 hefur myndast vegna rekstrartaps mikil skattinneign. Hefur verið samið um inneignina skv. eldri reglum vegna rekstrar fram til 1. okt. 1975. Inneignin nam 4.4 millj. dollara og greiðist með vöxtum sem miðast við forvexti bandarískra seðlabankans, sem eru skv. meðaltali síðustu ára 5.6%. Skattinneignin greiðist af framleiðslugjaldi sem er umfram 20 dollara á tonn. Fer því eftir álverði og afkomu ÍSALs hversu ört skattinneignin greiðist upp.

Gert er ráð fyrir að ÍSAL fái kauprétt á orku fyrir 1. apríl 1978 til 31. des. 1979 sem er 20 mw., og skiptist hún þannig, að 40% er forgangsorka, en 60% afgangsorka. ÍSAL verður að tilkynna Landsvirkjun með árs fyrirvara hvort kaupréttur inn verður notaður og ekki síðar en 31. des. 1978. Ef ÍSAL notar kaupréttinn um orkukaup gilda ákvæði nýja samkomulagsins til loka samningstímabilsins. Landsvirkjun hefur látið reikna út meðalverð viðbótarsölunnar árin 1978 og 1979, miðað við álverð 45 cent á pund, og er það 4.43 mill/kwst. Ef gengið er út frá því að verð til ÍSALs á afgangsorku verði það sama og ákveðið er til málmblendiverksmiðjunnar sömu ár, verður verð á forgangsorku á viðbótarsölunni 10.3 mill/kwst., sem er aðeins betra en til járnblendiverksmiðjunnar, a. m. k. fyrstu árin.

Viðbótartekjur Landsvirkjunar umrædd tvö ár yrðu 709 þús. dollarar hvort ár vegna fyrirhugaðrar stækkunar á álverksmiðjunni. Leyfi ég mér að vitna hér í nokkur atriði úr umsögn stjórnar Landsvirkjunar um breyt. á raforkusölusamningi eins og hann verður skv. brtt. þeim sem fyrir liggja. Þar segir:

„Tekjuaukning sú, sem um er að ræða skv. hinum breytta samningi, mun hafa mikil jákvæð áhrif á fjárhag Landsvirkjunar og auka til muna svigrúm fyrirtækisins til að mæta hækkuðum rekstrarkostnaði og til hæfilegrar eiginfjármögnunar nýrra framkvæmda. Þannig er þess að vænta, að þörf Landsvirkjunar til hækkana á orkuverði til almenningsrafveitna á hverjum tíma muni verða mun minni en ella og er t. d. ekki reiknað með að orkuverð til almenningsveitna verði hækkað nú um áramót."

Þessi umsögn er skrifuð fyrir áramót, enda var hugsað um það í byrjun að lögfesta frv. fyrir þinghlé, en ekki gafst tími til þess.

„Samningsuppkastið gerir ráð fyrir lengingu seinni kerskála ÍSALs til jafns við þann fyrri. Þessi lenging gerir það að verkum að Landsvirkjun getur selt sem svarar 20 mw. af afli í viðbót við þau 140 mw. sem núv. samningur gerir ráð fyrir. Af þessum 20 mw. verður hægt að selja 60% af samsvarandi orku sem afgangsorku með sömu skilmálum og í samningnum við járnblendiverksmiðjuna. Þessi aukna orkusala er Landsvirkjun mjög hagstæð. Forgangsorkuverð í ofangreindri viðbótarsölu samsvarar rúmlega 10 mill/kwst., sem er hliðstætt eða betra en það verð, sem samdist um til járnblendiverksmiðjunnar."

Hér hafa verið tilfærð nokkur atriði úr umsögn Landsvirkjunar um breyt. á raforkusölusamningnum. Eðlilegt er að gera nokkurn samanburð á gildandi samningi við ÍSAL og því sem verður eftir breytinguna.

Enginn mun efast um að rétt er sagt í umsögn Landsvirkjunar um rafmagnsverðið. Hagur Landsvirkjunar batnar og komist verður hjá að hækka orkuverð til almenningsnota eins mikið og annars hefði verið óhjákvæmilegt að gera.

Um framleiðslugjaldið er það að segja, að það að tryggja lágmarksgjald, hvernig sem rekstrarafkoma fyrirtækisins verður, er mjög mikils virði, um leið og ákvæði um myndun skattinneignar er fellt burt.

Greiðslur frá Álfélaginu verða með nýja fyrirkomulaginu öruggari, þar sem bæði orkuverð og skattar fylgja álverðinu og útreikningar allir verða einfaldari en áður. Með væntanlegri stækkun eru auk þess tryggðar samanlagt meiri tekjur. Fer ekki á milli mála að fengist hefur umtalsverð breyting til batnaðar á eldri samningi í samræmi við breyttar forsendur á þeim 10 árum sem liðin eru frá því að samningurinn var upphaflega gerður.

Í skýringum með frv. eru sett fram tvö dæmi, A og B. Ætla má að dæmi A gæti verið raunhæft. Það gerir ráð fyrir svipaðri verðþróun á áli og undanfarna tvo áratugi. En dæmi B gerir ráð fyrir örari verðhækkunum á áli eða um 5% á ári að meðaltali í dollurum. Einnig gerir dæmi B ráð fyrir mun meiri hagnaði. Dæmi B verður að teljast óraunhæft, enda sett fram af íslensku samninganefndinni í viðræðum við Alusuisse til stuðnings málstað Íslands.

Skv. dæmi A kemur skýrt fram að tekjur íslendinga aukast verulega við fyrirhugaðar breyt. á samningnum. Í dæminu eru áætlaðar greiðslur verksmiðjunnar á sköttum og orku í 5 ár, 10 ár og 19 ár, eða til loka samningstímans. Þykir rétt að nefna hér þær tölur sem í nefndu dæmi eru.

Þegar um er að ræða 5 ára tímabil er greiðsla skv. núgildandi samningum vegna orkusölu 14.1 millj. dollarar, skattgreiðslur 10.6 millj. dollarar, skattinneign 12 millj. dollarar, greiðslur samtals 12.7 millj. dollarar. En skv. nýju reglunum og 20 mw. stækkun verða tekjur af orkusölu í 5 ár 24.8 millj. dollarar í stað 14.1, skatttekjur verða aðeins minni, 8 millj. dollarar í stað 10.6, skattinneign verður 5.8 millj. og heildartekjur verða 27 millj. dollarar í stað 12.7 millj. skv. gildandi reglum.

Sé miðað við 10 ára tímabil verða tekjur af orkusölu skv. núgildandi reglum 28.1 millj. dollarar, en skv. nýju reglunum og stækkun verk-

smiðjunnar 55.6 millj. dollarar. Skattar verða 16.6 millj. eftir breyt., en skv. núg. reglum 18.1 millj. dollarar. Heildartekjur á 10 árum skv. gildandi reglum eru 30.4 millj. dollarar, en skv. nýju reglunum 64.6 millj. dollarar.

Sé miðað við 19 ára tímabil verða tekjur af orkusölu 53.4 millj. dollarar skv. núg. reglum, en 116.7 millj. eftir nýju reglunum. Skattar verða skv. gildandi reglum 37.1 millj. dollarar, en skv. nýju reglunum 32 millj. dollarar. Heildartekjur skv. gildandi reglum 62.6 millj. dollarar, en skv. nýju reglunum 136.3 millj. dollarar.

Það má ætla að þessir samningar verði endurskoðaðir á þessu 19 ára tímabili, enda þótt ekkert ákvæði sé í samningunum um það. En tímarnir breytast svo ört og allar forsendur að samningar til svo langs tíma eru vart hugsanlegir án þess að endurskoðun fari fram. Og eins og íslendingar óskuðu eftir endurskoðun á samningunum núna án þess að um það væri ákvæði í samningnum, svo geta þeir vitanlega gert eins eftir 5 eða 10 ár aftur ef forsendur breytast líkt því sem gerst hefur á s. l. 10 árum.

Hæstv. forseti. Ég tel ekki ástæðu til að draga fleira fram til stuðnings við það frv. sem hér er til umræðu. Ætla má að flestir hafi gert sér fulla grein fyrir því, að með því að samþ. frv. verði tekjur íslendinga af álverksmiðjunni verulega auknar og samningurinn í heild gerður auðveldari í framkvæmd. Ég vænti þess að frv. fái fljóta afgreiðslu í hv. þd. og verði samþ. óbreytt eins og meiri hl. iðnn. leggur til.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 48. fundur.

Mánudaginn 9. febr., að loknum deildarfundum.

Innanlandsflugvöllur á Reykjavíkursvæðinu, þáltill. (þskj. 96). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til allshn. með 35 shlj. atkv.

Málefni vangefinna, þáltill. (þskj. 132). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 39 shlj. atkv. og umr. frestað.

Umræður utan dagskrár.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Rétt fyrir hádegi tjáði skrifstofustjóri Alþingis mér að þm. stjórnarandstöðunnar hefðu spurst fyrir um það hvort þess væri að vænta, að ríkisstj. gæfi hér yfirlýsingu varðandi landhelgismálið, en þá mundi það gefa þeim tækifæri til þess að fjalla um þætti þess, ella óskuðu þeir eftir því að kveðja sér hljóðs utan dagskrár um málið í deildum. Af hagkvæmnisástæðum hef ég óskað eftir því, að forseti Sþ. boðaði til þessa fundar, og á þessum fundi vil ég láta koma fram og lýsa yfir á þessu stigi málsins fyrir hönd ríkisstj. eftirfarandi:

Ákvörðun um stjórnmálaslit við breta verður tekin að höfðu samráði við þingflokka og utanrmn., en kunnugt er að aðalritari Atlantshafsbandalagsins og ýmsar þjóðir innan þess leggja áherslu á að vinna að lausn málsins þessa dagana.

Ég þarf í sjálfu sér ekki að láta mörg orð fylgja þessari yfirlýsingu að svo stöddu, en vil aðeins rifja það upp með örfáum orðum, að ákveðið var að taka mál þetta upp á vettvangi Atlantshafsbandalagsins, í fastaráðinu, og sömuleiðis var ráðuneytisstjóra utanrrn. falið að fara sem fulltrúi ríkisstj. til höfuðborga Atlantshafsbandalagsríkjanna í Evrópu til þess að leita eftir stuðningi þessara ríkja á vettvangi Atlantshafsbandalagsins, krafist var fundar í fastaráði Atlantshafsbandalagsins og stofnað var til samræðna við aðalritara þess.

Ég skal ekki rekja gang mála frá því að þetta gerðist. Eins og öllum er kunnugt var hér til umræðu í síðustu viku sú ákvörðun ríkisstj. að hafna viðræðum við breta á grundvelli þeirra hugmynda er fram höfðu komið af þeirra hálfu í viðræðunum í London, en um leið að tilkynna að við værum reiðubúnir til viðræðna við breta um samkomulag til skamms tíma. Þótt í upphafi væri jákvætt undir það tekið af bretum og þeir tjáð sig reiðubúna til slíkra viðræðna, þá fylgdu aðrar athafnir í kjölfar þeirrar yfirlýsingar þeirra og þeir rufu allar samkomulagstilraunir með því að senda herskip sín enn á ný inn í 200 mílna fiskveiðilögsögu okkar. Eftir það eru ekki skilyrði til viðræðna við breta. Um það hefur verið gefin afdráttarlaus yfirlýsing.

Eftir þessa endurteknu flotaíhlutun breta s. l. föstudag tók fastaráð Norður-Atlantshafsbandalagsins málið upp að fyrra bragði, einkum fyrir frumkvæði vestur-þjóðverja, án þess að við færum fram á það. Þannig hafa þjóðir í Atlantshafsbandalaginu, sem við höfðum áður haft samband við og leitað eftir stuðningi hjá, haft frumkvæði um að taka málið til meðferðar og leita lausnar á því. Við teljum ekki rétt að torvelda þeim það starf sem þær sjálfar hafa tekist á hendur og munum fylgjast með frá degi til dags hvaða árangur verður af því starfi. En ríkisstj. mun vitaskuld hafa mál þetta áfram til meðferðar og gera sínar ráðstafanir þegar tími er til kominn.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Það er rétt, sem hæstv. forsrh. sagði, að við í stjórnarandstöðunni töldum eðlilegt og sjálfsagt, að hæstv. ríkisstj. skýrði nú frá breyttum viðhorfum í landhelgismálinu, og höfum gert ráðstafanir til þess að málið yrði rætt hér utan dagskrár ef ríkisstj. sæi ekki ástæðu til þess að gefa skýrslu um stöðu málsins.

Nú er öllum ljóst að það hefur orðið mjög veruleg breyting á stöðu landhelgismálsins nú á síðustu dögum eða frá því að þingfundir voru hér síðast. Síðan er sem sagt það komið upp,

að bresk herskip hafa verið send inn í íslenska fiskveiðilögsögu á nýjan leik, og með því hefur í rauninni verið svipt í sundur þeim möguleika, sem rætt var um, að halda áfram viðræðum um skammtímasamning. Nú það er greinilegt af hálfu breta að þeir sækja sitt mál af fyllstu hörku, því að þeir beina beinlínis skipum sínum inn á friðuð svæði og ganga því í rauninni enn þá harðar til verks en nokkru sinni áður.

Áður hafði hæstv. ríkisstj. gefið til kynna að hún mundi grípa til þess ráðs að slíta stjórnmálasambandi við breta ef þeir héldu áfram herskipaíhlutun sinni hér á fiskimiðunum. Ég hygg að allir hafi skilið þær yfirlýsingar þannig, að þær væru efnislegs eðlis, að þetta væri efni málsins og það breytti ekki þessari ákvörðun þó að bretar tækju skip sín út fyrir 200 mílurnar um stundarsakir, en sendu þau inn aftur litlu síðar. Nú hefur sem sagt komið í ljós að hæstv. ríkisstj. hikar enn einu sinni í málinu. Hún bíður enn, og nú er gefin sú skýring að það séu menn á vegum fastaráðs Atlantshafsbandalagsins að íhuga málið, þeir séu að vinna að málinu, og hæstv. ríkisstj. segist ekki vilja torvelda þeim á neinn hátt þeirra vinnubrögð. En skyldu bretar ekkert torvelda vinnubrögð þeirra með því sem þeir eru að gera, þegar þeir senda herskip sín hingað og þegar þeir ganga gegn öllum samþykktum og viðurkenndum reglum í sambandi við fiskveiðar, eins og þeir gera?

Það er skoðun okkar alþb.-manna, að þegar staða eins og þessi kemur upp skipti höfuðmáli að af okkar hálfu sé haldið fast á málinu og það komi fram alveg ákveðin stefna — ekki hikandi, óljós stefna. Það er beinlínis hætta á því, að andstæðingur okkar í þessum átökum skoði þessi viðbrögð hæstv. ríkisstj. sem bein veikleikamerki af okkar hálfu. Það er álit okkar að nú ætti ríkisstj. að sjálfsögðu að standa við fyrri samþykktir og tilkynningar og slíta strax stjórnmálasambandi við Bretland til þess að undirstrika hvaða augum við lítum á málið. Því endurtek ég það, að það er eindregin krafa okkar að þegar í stað verði staðið við fyrri samþykktir í þessum efnum og stjórnmálasambandinu verði slitið, þar á ekki að sýna neitt hik.

Í öðru lagi teljum við að það sé aðeins rökrétt framhald að tilkynna Norður-Atlantshafsbandalaginu að við munum loka stöðvum þeirra hér á landi ef herskip breta verði ekki dregin út úr landhelgi innan tiltekins stutts tíma. Það er vitanlega í hrópandi mótsögn að láta Atlantshafsbandalagið hafa þessa aðstöðu hér í landinu og þar með breta á meðan þeir beita hér herskipavaldi. Þetta á að tilkynna því og tilkynna strax.

Þá álítum við að það eigi einnig þegar í stað að taka ákvörðun um að efla landhelgisgæslu okkar, bæta strax við nokkrum skipum sem eru tiltæk í gæsluna, af því að við vitum að fleiri skip af okkar hálfu geta truflað veiðar bretanna mun meira en fá skip, þrátt fyrir það að freigáturnar séu togurunum til verndar. Ég álít að þessa ákvörðun eigi að taka strax, ekki bíða neitt með hana. Það ætti einnig að koma tilkynning frá okkar hálfu um það, að við leitum eftir kaupum eða leigu á hraðskreiðu gæsluskipi sem gengur örugglega meira en freigáturnar. Slík skip eru til. Við eigum að hefjast handa strax til þess að sýna andstæðingi okkar að við erum sannarlega ekki að hugsa um neitt undanhald í þessu máli. Viðbrögð af þessu tagi mundu ábyggilega styrkja okkar stöðu, hvað svo sem líður einhverjum viðræðufundum manna á vegum NATO. Það hefur ekkert komið fram um það, um hvað þeir herrar eru að ræða. Eru þeir kannske farnir að semja við breta um lausn á landhelgismálinu?

Ég hélt að sú afstaða hefði í rauninni verið mörkuð hér af meiri hluta Alþ., með því að ég tel að Framsfl. hljóti að fylgja eftir þeim yfirlýsingum, sem formaður flokksins hefur gefið, að telja að hér sé enginn grundvöllur til samninga, það sé ekki um neitt að semja, og hafi þannig í rauninni klippt á þá möguleika sem sumir héldu vera. Ég tel því, að það hafi komið fram vilji meiri hluta Alþ. gegn samningaviðræðum og gegn samningum, og það á að fylgja því eftir. Því er í rauninni alveg óskiljanlegt að menn séu nú að bíða og geti ekkert aðhafst í málinu, vegna þess að einhverjir menn í Brüssel séu að ræða um eitthvað varðandi landhelgismálið sem við höfum ekki fengið upplýsingar um, en getur varla verið annað en það að þeir séu farnir að fást við að gera samninga um okkar landhelgismál.

Ég undirstrika það, að ég tel að ríkisstj. eigi nú þegar að marka skýra afstöðu í málinu, og þessi viðbrögð, sem ég hef nefnt, væru þau sem eðlilegast væri að grípa til nú þegar. En allt hik er hættulegt í þessari stöðu. Að sjálfsögðu ættum við svo að fylgja þessu eftir með stórauknum áróðri af okkar hálfu til þess að sýna fram á það hvernig bretar ganga í einu og öllu gegn sínum samþykktum varðandi fiskveiðar og fiskvernd. Við þurfum auðvitað að fylgja því einnig eftir.

Hæstv. forsrh. sagði að ríkisstj. mundi standa að því að taka ákvörðun um stjórnmálaslit í samráði við aðra flokka og utanrmn. Þetta er auðvitað ekkert annað en eins og hver annar vandræðabiðleikur. Flokkarnir hafa tekið alveg skýra afstöðu til þess máls. Það liggur alveg skýrt fyrir hver er afstaða flokkanna til málsins. Utanrmn. hefur líka fjallað um málið. Hér er aðeins um vandræðabiðleik að ræða hjá þeim sem veit ekki hvað hann ætlast fyrir í málinu.

Ég vil nú enn einu sinni skora á hæstv. ríkisstj. að taka málið til athugunar og skjótrar athugunar á þeim grundvelli að mörkuð verði skýrari stefna og gerðar þær ráðstafanir af okkar hálfu sem sýna að við erum ekki í neinum hugleiðingum um að gefast upp fyrir ásóknum breta. Ég er hræddur við þetta hik, og ég er hræddur um að það verði skilið þannig af okkar andstæðingum að þeir herði aðeins sóknina gegn okkur.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Það er augljóst að deilan við breta er nú komin á nýtt stig og mun hættulegra en áður var, eftir að bretar sendu herskip sín aftur inn fyrir 200 mílna línuna. Það, sem gerist, er að Callaghan utanrrh. breta, sem er harðlínumaður í breska liðinu og mun harðari en Wilson, eftir því sem

best fregnir herma, hótar því að skipin fari inn fyrir ef við klippum einu sinni enn, og strax og klippt er stendur hann við þá hótun. Annað kemur ekki til mála þeim megin.

Nú hafa orðið nýir árekstrar á miðunum og eru það raunar atvik sem eru ákaflega áþekk þeim sem leiddu til þess, að það var samkomulag allra fyrir nokkru, að við yrðum að slíta út af því stjórnmálasambandi. Að vísu var þá gefinn frestur — um það má alltaf ræða, hvort það er hyggilegt hverju sinni eða ekki — og meðan á þeim fresti stóð gerðust þeir viðburðir sem urðu til þess að stjórnmálaslitin komu þá ekki til framkvæmda. En ég hygg að langflestir hafi búist við því nú, þegar nálega sams konar atburðir gerast á nýjan leik, að ríkisstj. mundi taka upp þráðinn og grípa nú til þess að slíta stjórnmálasambandinu. Í þess stað er hikað. Og það er enginn vafi á því, að þetta sífellda hik við það sem er almennt talið alvarlegasta skrefið sem við stigið getum á þessu stigi málsins — þetta hik verður til þess að hætt er við að menn fái þá trú erlendis, að íslensku ríkisstj. sé ekki alvara og hún sé að reyna að forðast í allra lengstu lög að slíta stjórnmálasambandinu. Ef svo er, þá er verra en ekki að hafa verið að hóta því og hafa verið að tala um stjórnmálaslit. Þá hefði verið betra að stjórnin segði hreinlega að það væri skoðun hennar að það væri ekki rétt að gera þetta. En eins og búið er að fjalla um þetta mál áður finnst mér að stöðugt hik í þessum efnum muni frekar skaða okkur heldur en hitt.

Nú vill svo til að ákvarðanir, sem utanríkisþjónustan hafði tekið fyrir allmörgum mánuðum um mikla tilflutninga á sendiherrum, eru látnar koma til framkvæmda eins og ekkert hafi í skorist hvað London snertir og Níels P. Sigurðsson er farinn þaðan til Bonn, jafnframt því sem aðrir sendiherrar flytja sig til. Þá hefur Sigurður Bjarnason, sem á að taka við í London, verið látinn koma hingað heim til Reykjavíkur, en ekki fara beint til London. Nú finnst mér að ríkisstj. ætti að segja það á einn eða annan hátt, í fréttatilkynningu, ef ekki formlegri tilkynningu, að Sigurður Bjarnason verði ekki látinn fara til Lundúna fyrst um sinn. Ég held að það væri bókstaflega hlægilegt ef við færum nú að senda nýjan sendiherra sem yrði þá mjög fljótlega að dubba sig upp í kjól og hvítt með allar sínar orður og pípuhatt og yrði sóttur frá Buckingham Palace í gömlum, gylltum vagni og dreginn fyrir drottningu til að færa henni skjöl ráðherra vors og flytja viðeigandi vináttu- og virðingarræður. Ég er hræddur um að ljósmyndararnir í London mundu hafa gaman af því sjónarspili. Það er raunar nógu hlægilegt undir venjulegum kringumstæðum þegar íslendingar ganga í gegnum þessa gömlu hirðsiði. En þetta finnst mér með öllu útilokað eins og ástandið er nú, þá sé best að segja að Sigurður Bjarnason fari ekki til Lundúna fyrst um sinn a. m. k., ekki fyrr en sambúðin við breta hefur batnað. Sú ráðstöfun mundi jafngilda fyrsta skrefinu í áttina að stjórnmálaslitum sem við höfum stigið í fyrri þorskastríðum, þegar dr. Kristinn var kallaður heim og sat hér í Reykjavík mánuðum saman, og er í sjálfu sér ekki nema eðlilegt að stíga það skref fyrst.

Ég var þeirrar skoðunar þegar dráttarbátarnir réðust inn fyrir 4 mílur, að þá hefðum við átt að kalla sendiherrann heim sem fyrra skrefið af tveim í sambandi við stjórnmálaslitin.

Ég vil að lokum taka undir það, að nauðsynlegt er að halda áfram eflingu landhelgisgæslunnar. Hæstv. dómsmrh. hefur skýrt opinberlega frá nokkrum fyrirætlunum í þeim efnum sem ég vona að verði framkvæmdar sem fyrst. Þetta verðum við að gera til að sýna alvöru okkar og búa okkur undir hvað sem fyrir getur komið. Ef deilan heldur áfram og ekkert lát verður á henni fram yfir 1. maí, þá renna þýsku samningarnir út líka og þá er við þýska togaraflotann að eiga fyrir utan þann breska, og er raunar hætt við því, hvort eð er, að togararnir muni með vorinu og batnandi veðri dreifast meira, þannig að skipakostur okkar mundi reynast ófullnægjandi þegar togurunum verður dreift yfir meira svæði kringum landið. Að sjálfsögðu geta þessi fáu skip okkar miklu frekar beitt sér og unnið saman þegar togararnir eru allir í einum hnapp.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Nú er um það bil ein vika liðin frá því að opinberlega var skýrt hér á Alþ. frá því, að allir stjórnmálaflokkar væru um það sammála að hafna þeim afarkostum sem bresk stjórnvöld höfðu þá sett fram í sambandi við hugsanlega lausn á landhelgismálinu. Í áframhaldi af því ákvað hæstv. ríkisstj. að gefa bretum kost á því að ræða enn frekar um lausn landhelgismálsins, þá á grundvelli þeirra sjónarmiða að hugsanlegir samningar yrðu gerðir til skamms tíma.

Frá því að þessir atburðir áttu sér stað hafa vissulega átt sér stað miklar breytingar í sambandi við landhelgismálið og deiluna um það. Það liðu, að ég held, ekki nema nokkrar klukkustundir frá því að hæstv. ríkisstj. sendi þessi boð til London og utanrrh. breta hafði móttekið hau, samþ. þau, en með því skilyrði og undir því fororði að íslendingar aðhefðust ekkert um gæslu landhelginnar á þessu tímabili. Það gerðist svo stuttu síðar, að bretar frömdu það ódæði sem eitt út af fyrir sig ætti að vera nægjanlegt til þess að stjórnvöld á Íslandi gripu til alvarlegra og róttækra aðgerða gagnvart bretum, þ. e. að þeir samkv. fyrirskipunum frá stjórnvöldum hefja veiðar á friðlýstu, algjörlega friðuðu svæði á Íslandsmiðum. Þetta eitt út af fyrir sig hefði átt að nægja til þess að gripið hefði verið til róttækra mótaðgerða af hálfu íslendinga. Auk þess hafði það áður gerst, að bresk stjórnvöld höfðu tekið þá ákvörðun að senda enn á ný bresk herskip inn í landhelgina til gæslu veiðiþjófa.

Hér var auðvitað um að ræða svo gjörbreytt viðhorf frá því sem málið stóð þegar það var var rætt hér síðast á Alþ., að varla hefði hvarflað að nokkrum íslendingi að ekki yrðu sýnd hastarlegri viðbrögð af hálfu íslenskra stjórnvalda en raun ber vitni. Það voru allir stjórnmálaflokkar um það sammála á sínum tíma, að ekki væri um annað að gera heldur en að

slíta stjórnmálasambandi við breta. Málinu var þó slegið á frest vegna þess að bresk stjórnvöld höfðu þá kallað freigáturnar út fyrir 200 mílna mörkin, í trausti þess að íslendingum yrði haldið góðum a. m. k. þann tíma sem reiknað var með að samningaviðræður stæðu yfir í London — eða könnunarviðræður réttara sagt. Það hefði því ekki hvarflað að neinum, þegar þessi ósköp höfðu átt sér stað, að þá yrði enn hikað við að taka ákvörðun, hreina og beina, um stjórnmálaslit við breta.

Ég skildi hæstv. utanrrh. svo í viðtali í sjónvarpinu, ef ég man rétt, sama kvöld og bretar höfðu tekið þessar ákvarðanir, að hann — að vísu sagði hann persónulega — liti svo á að þessar aðgerðir kölluðu fram skilyrðislaus stjórnmálaslit við breta. En ekki hefur orðið uppi á teningnum sú ákvörðun hjá hæstv. ríkisstj.

Hæstv. forsrh. segir nú að ákvörðun um stjórnmálaslit verði tekin í samráði við þingflokkana og utanrmn. Ég skil yfirlýsingu hæstv. ríkisstj. og forsrh. á þann veg að hún taki ekki þessa ákvörðun svo til eingöngu vegna þess að munnlegar óskir hafi komið fram um það af hálfu áhrifamanna innan Atlantshafsbandalagsins að þeim gæfist kostur á að ræða við breta um hugsanlega lausn eða a. m. k. ekki meiri spennu varðandi þessa deilu.

Ég held að það hljóti að liggja í hlutarins eðli, ef bretum líðst að ganga svo langt eins og þeir hafa nú gert, án nokkurra viðbragða af hálfu íslenskra stjórnvalda til þess að svara slíku ofbeldi og ódæði eins og hér er um að ræða, að þá er enginn vafi á því að lítið verður á slíka ákvörðun sem — væglega til orða tekið — hik af hálfu íslenskra stjórnvalda. Í stað þessa hefði auðvitað átt að svara með róttækum aðgerðum og ákvörðunum. Ég hef sagt það hér áður: stjórnmálaslit eru óumflýjanleg, og slíka ákvörðun á að taka strax og tilkynna, og í áframhaldi af því, hafi það ekki tilætluð áhrif, á að beita þeim aðila fyrir sig, Bandaríkjunum, sem eru stór og líklega stærsti eða áhrifamesti aðilinn innan NATO og hefur tekið að sér varnir á Íslandi, og gera þeim það ljóst í eitt skipti fyrir öll, að komi þau ekki í veg fyrir að bretum líðist slíkt athæfi eins og þeir hafa nú uppi innan íslenskrar landhelgi, þá geti það haft að öllum líkindum hær afleiðingar að meiri hl. skapist fyrir því á Íslandi og á Alþingi íslendinga að Ísland segi sig úr Atlantshafsbandalaginu. Þetta er sá lykill sem við höfum fyrst og fremst að þeirri lausn á þessari deilu sem okkur er í hag, og það er þetta sem á að nota.

Ég vil spyrja í áframhaldi af því, sem hæstv. forsrh. sagði hér áðan, að óskir hefðu komið fram af hálfu Atlantshafsbandalagsins, áhrifamanna þess, um að frestur yrði gefinn svo að þeim gæfist kostur á að kanna málin og ræða: Hvað er verið að ræða? Hvað ætla þessir menn að ræða? Ég trúi því ekki að íslensk stjórnvöld liái máls á frestun til svara gagnvart ofbeldi breta án þess að þau viti eða það sé látið í það skína hvað sé verið að ræða á bak við tjöldin til lausnar deilunni.

Ef forsvarsmenn Atlantshafsbandalagsins telja að skýlaus yfirlýsing íslenskra stjórnvalda um stjórnmálaslit við breta torveldi lausn deilunnar, hvað þá um þær aðgerðir sem bretar hafa sýnt gagnvart okkur nú síðustu daga? Skyldu þær aðgerðir og ákvarðanir ekki eiga sinn þátt í því að torvelda lausn þessarar deilu? Eða ber að skilja þetta svo, að bretum líðist að gera svo að segja hvað sem er gagnvart okkur, en síðan sé þess krafist af íslendingum að þeir sýni svo til ótakmarkaða biðlund gagnvart þessum háu herrum?

Ég held að það sé enginn vafi á því, að ef ekki verður brugðið við til andsvara gegn þessu ofbeldi eins og það blasir nú við, þá verður út á við litið á það sem hik af hálfu íslendinga, — hik sem þýðir auðvitað ekkert annað en að bretar færast í aukana og halda ekki aðeins áfram þeim yfirgangi sem þeir nú þegar hafa sýnt, heldur kannske miklu meiri. Og ég vil gjarnan spyrja hæstv. forsrh. hvort nokkur hefði upplýst um það af hálfu þeirra atlantshafsbandalagsmanna, hvað þeir teldu sig þurfa langan tíma til að ganga úr skugga um það með viðræðum bak við tjöldin hvort þeir teldu líkur á því að hægt væri að slíðra vopn í þessari deilu. Eða er það meining hæstv. ríkisstj. að bíða ótiltekinn tíma með að svara þessum ofbeldisárásum breta?

Ég er ekki í neinum vafa um að almenningur á Íslandi er farinn að líta á þetta þeim augum, að það verði ekki komist hjá því að taka á þessu máli af miklu meiri festu en hæstv. ríkisstj. hefur gert til þessa. Ég vil einnig spyrja hæstv. utanrrh. um það, hvort hann sé ekki enn sömu skoðunar og hann lét orð falla um í sjónvarpsviðtali fyrir nokkrum dögum, að hann teldi að sá yfirgangur, sem bretar höfðu þá sýnt, væri á þann einn hátt svara verður að um stjórnmálaslit yrði að ræða og það tafarlaust.

Hæstv. dómsmrh. lét þess getið hér á þingi fyrir nokkru að hann hefði lagt fram í ríkisstj. till. sem lyti að því að efla landhelgisgæsluna, ef ég man rétt, að skipakosti. Þegar það var síðast rætt hér hafði ekki verið tekin ákvörðun í því máli. Ég vil gjarnan spyrja hæstv. dómsmrh.: Hefur verið tekin ákvörðun í ríkisstj. um að efla landhelgisgæsluna annaðhvort að skipakosti eða flugvélakosti? Ef svo er ekki, hvað líður þá því máli og hver er ástæðan til þess að slík ákvörðun hefur ekki verið tekin? Það er löngu orðið ljóst mál, að það er hægt að mjög miklu leyti með eflingu landhelgisgæslunnar að koma í veg fyrir veiðar breskra togara hér á miðunum þrátt fyrir vernd herskipanna.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, herra forseti. En ég vil undirstrika það sérstaklega að áframhaldandi hik af hálfu hæstv. ríkisstj. skaðar okkar málstað og því fyrr sem hæstv. ríkisstj. mannar sig upp í það að standa upprétt og svara siendurteknum ágangi og árásum breta á okkur í þessu máli, því betra. Ég held að það sé tími til þess kominn að bretum skiljist að það er vonlaust að beygja okkur með valdi undir gínandi fallbyssukjöftum til þess að ganga að því sem bretar krefjast. Þetta á að segja þeim skýrt og skorinort, ekki bara í orði, heldur og í aðgerðum, í gagnsvörum við því sem þeir hafa haft uppi við okkur.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. sagði að það væri að áliti ríkisstj. ekki rétt að rjúfa nú stjórnmálasamband við breta og torvelda með því Atlantshafsbandalaginu störfin. Sannleikurinn í málinu er náttúrlega sá, að meginviðfangsefni okkar er að torvelda herskipum Atlantshafsbandalagsins störfin á miðunum hér í kringum land, — störfin við að vernda breska veiðiþjófa. Hvers konar hugklofi það er sem því veldur, að hæstv. ríkisstj. ímyndar sér að hún eigi vini í hópi Atlantshafsbandalagsins í þessari deilu okkar, veit ég ekki. Hitt er mér minnistætt, að það var eftir að stofnað var til viðræðna við Atlantshafsbandalagið, eftir að Jóseph Luns hafði komið hingað til lands, eftir að hann var byrjaður viðræður við breta á vegum Atlantshafsbandalagsins erlendis, sem íslenska ríkisstj. tók þá ákvörðun í samráði við þingflokkana, utanrmn. og landhelgisnefnd að rjúfa stjórnmálasambandið við breta ef herskipin færu ekki út fyrir. Það var eftir það að þessi ákvörðun var tekin. Nú á, að því er manni skilst vegna þess að umfjöllun þessi á vegum Atlantshafsbandalagsins um landhelgismál okkar stendur enn, — nú á á grundvelli þess að hika við að slíta stjórnmálasambandinu, eftir að bresku herskipin höfðu skroppið út fyrir 200 mílurnar svolitla stund og komu síðan rakleitt inn aftur.

Hæstv. utanrrh. fór ekkert dult með það, er hann var inntur eftir því hvað hann teldi að nú ætti að gera þegar herskipin kæmu inn aftur, hann fór ekki dult með þá skoðun sína að vitaskuld hlytum við að slíta stjórnmálasambandinu samkv. fyrri ákvörðun. Það var náttúrlega ekki gert. Enn þá höfum við ekki fengið svör um það, hvaða öfl það voru sem komu til leiðar þeirri grómtæku hugarfarsbreytingu hæstv. utanrrh. sem kemur fram í því að þetta var ekki gert. Líður nú og bíður, og atburðir gerðust á miðunum hérna sem gerðu það að verkum að við ímynduðum okkur að nú yrði beinlínis óhjákvæmilegt að gera eitthvað í málinu, láta a. m. k. í ljós einlægan vilja til þess að gera eitthvað annað en að hneigja sig. Þegar hæstv. utanrrh. var spurður álits á laugardagskvöld í Ríkisútvarpinu á því tiltæki breta að stefna togaraflotanum inn á friðaða smáfiskasvæðið undan Langanesi, þá sagði hann að þetta þætti sér bera vott um lítinn samkomulagsvilja af hálfu breta. Var þetta sagt í alvöru. Var þetta sagt í einhvers konar óskaplegum hálfkæringi eða var þetta kannske tilvitnun í nýfundið áður óþekkt handrit af skopleik eftir Aristofanes, skopleiknum um viðræður aumingjanna?

Herskipin komu. Það var tekin um það opinber ákvörðun af hálfu bresku stjórnarinnar, að nú skyldi ekki látið við það sitja að láta þau skrapa botninn undir friðaða svæðinu við Hvalbak, undan Gerpi, nú skyldu þeir fara inn á smáfiskasvæðið til þess að sýna íslendingum það, að ef þeir mökkuðu ekki rétt í herskipavaldinu, þá skyldu þeir ekki aðeins taka þann fisk, sem við þurfum okkur til lífsframfæris og þeir gætu tekið, þeir skyldu fara og eyðileggja smáfiskaslóðina hjá okkur, uppeldisstöðvarnar, í valdi herskipa NATO, þessarar stofnunar sem fer fram á það við íslensku ríkisstj. núna að spilla ekki tilraunum hennar til þess að leiða landhelgisdeiluna til lykta á þann hátt sem þessari sömu stofnun, sem gerir út herskip á miðin okkar, þóknast.

Hvað ætlar svo ríkisstj. að gera þegar Atlantshafsbandalagið sendir frá sér málamiðlunartill. sem efalaust verður nokkurn veginn mitt á milli breska tilboðsins um 110 þús. tonn og íslenska tilboðsins margáminnsta, endurtekna og afneitaða í senn, um 65 þús. tonn af þorski? Hverju ætlar ríkisstj. þá að svara, þegar stungið verður upp á því að íslendingar hætti þessum ólátum og leyfi bretum að veiða hér 75 þús. tonn á ári? Hvers konar umboð hefur ríkisstj. í fyrsta lagi til þess að leyfa NATO að fjalla um þetta mál og í öðru lagi til þess að svara þess háttar tilboði þegar þar að kemur? Við vitum það flestir, sem sitjum í þessum virðulega sal, að það er yfirgnæfandi meiri hl. þjóðarinnar sem krefst ekki aðeins þess að ekki verði samið við breta, heldur einnig að sú staða, sem við höfum nú gagnvart bretum í þessu máli, verði notuð til þess að losa okkur úr viðjum óheillasamnings sem gerður var með fláræði í vetur um heimild til handa þjóðverjum til að taka hér 60 þús. tonn af fiskstofnum sem við höfum ekki efni á því að láta af einn einasta ugga. Þennan möguleika eigum við, guði sé lof, þrátt fyrir allt.

Hér hefur verið vikið enn einu sinni að þeim möguleika sem við eigum á því þrátt fyrir allt að þvinga NATO til þess að láta af þessum ránskap á miðunum okkar með því að segja eins og er: Það hefur komið í ljós í þessari deilu að við eigum ekki heima í þessu kompaníi. Það hefu runnið upp fyrir alþýðu þessa lands eftir öll þessi ár að við eflum ekki okkar eigin hag með því að styðja árásaraðilann, styðja þá aðila, sem sækja á miðin okkar og ræna frá okkur lífsbjörginni, heldur segja hreint og klárt: Við segjum okkur úr þessum félagsskap, úr NATO. Við látum ekki þetta hernaðarkompaní hafa herstöð á Íslandi. Hypjið ykkur burt. Við munum af veikum kröftum gera þær ráðstafanir sem okkur sjálfum sýnast til þess að tryggja öryggi okkar á annan hátt en þennan.

Hæstv. forsrh. hefur æ ofan í æ lýst yfir því, að hann muni aldrei fallast á að það verði hótað úrsögn úr NATO, að það verði aldrei með hans vilja hótað af hálfu íslensku ríkisstj. að ameríski herinn verði rekinn úr landi vegna þessa máls. Þessi skoðun hæstv. forsrh. hefur verið áréttuð í postulabréfi sjálfs Morgunblaðsins, Reykjavíkurbréfinu, með yfirlýsingu um að íslendingar láti aldrei þorskastríð hafa áhrif á afstöðu sína í varnarmálunum, „þorskastríð" — í háðstón — hafa áhrif á sig í varnarmálunum. Hvað er að verja á þessu landi ef ekki lífsbjörg þjóðarinnar, sem hér er. Heitir það herlið með samningi á Íslandi varnarlið með réttu sem lætur sig slíkt engu skipta? Að vísu hefur fólkið leikið sinn leik í þessu máli. Sjálfstæðismenn úr hópi útgerðarmanna og sjómanna á Suðurnesjum og framsóknarmenn höfðu forgöngu um að sýna hvað hægt væri að gera. Þeir fóru inn á Keflavíkurflugvöll, stöðvuðu þar samgöngur við smáútvirki til þess að sýna að við gætum — fólkið

í þessu landi — þrátt fyrir deiga ríkisstj. lokað þessari herstöð, gætum sýnt NATO í tvo heimana þegar að okkur væri þrengt.

Auðvitað fordæmdi hæstv. forsrh. þessar aðgerðir, kallaði þær ólýðræðislegar, líklega til þess að kalla yfir þessa þjóð bellibrögð af hálfu kommúnista, svo sem hann gaf í skyn. Framkoma hæstv. forsrh. í sambandi við þessar aðgerðir sjómanna og útgerðarmanna á Suðurnesjum minnti mann óneitanlega á frásögnina í Gerplu af því, hversu fór Alráði konungi þegar erlendur her sótti að landi hans, Englandi. Þá fékk hann jafnan uppsölur stórar og lagðist í rekkju til þess að sleppa við að taka ákvörðun, til þess að geta undir feldi sínum litið þessi árásarmál „alvarlegum augum", — uppsölur stórar. En þegar fólkið reis upp án tilverknaðar hans eða ríkisstj. til þess að verja Lundúnaborg, þá stóð í honum spýgjan.

Ég sagði við umr. um landhelgismálið fyrir jólin í vetur að erfiðust kynni okkur að reynast sú hörmulega staðreynd, að við hefðum á ráðherrastólum eiðsvarna vini óvina okkar í þessu máli. Ef talað er um hina nauðsynlegu samstöðu þjóðarinnar á hættustund, þá er það ljóst mál að hún fæst ekki á meðan við höfum í forsrh.-stóli mann sem dregur hein um egg á hverju okkar sverði, kaðar egg á hverri okkar öxi og brýtur af sköftum öll okkar spjót í þessu máli. Við þurfum að fá nýjan mann í þann stól.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Þetta verða ekki nema örfá orð og sögð í tilefni af því, að mín hefur dálítið verið getið í fyrri ræðum um þetta mál. Og ég vil segja það strax, að ég tel að ekki verði hægt að komast hjá stjórnmálaslitum nema staðan gerbreytist frá því sem nú er.

Það er auðvitað gott í þessu máli eins og öðrum að hafa samráð við þingflokkana og utanrmn., og verður það gert vafalaust í dag fyrst tóm gefst til. En ástæður til þess, að stjórnmálaslit hafa enn ekki farið fram, eru þær sem hæstv. forsrh. greindi frá. Ég sá ekki ástæðu til annars en gefa þessum mönnum nokkurt tóm, til þess að vita hvort eitthvað kæmi út úr því sem þeir eru að gera.

Ég vil að það komi fram, að þegar ríkisstj. fjallaði um málið á föstudag hafði ásigling freigátunnar ekki átt sér stað og samþykktin um veiðar á friðuðu svæði, sem bresku skipstjórarnir gerðu, hafði ekki heldur komið fram. En herskipin voru komin og því ástæða til stjórnmálaslita ef ekki hefði annað komið til. Því endurtek ég það sem ég sagði í upphafi, að ekki sé hægt að komast hjá stjórnmálaslitum nema staðan gerbreytist.

Þeir hv. þm., sem hér hafa talað, hafa allir verið á einu máli um að stjórnmálaslitin ættu að fara fram hið fyrsta. Það er þeirra skoðun, og ég hef ekki neitt við það athuga þó að þeir lýsi henni og komi henni á framfæri.

En út af því, sem hv. þm. Benedikt Gröndal sagði áðan og lýsti svo skemmtilega og skáldlega, að Sigurður Bjarnason, nýskipaður sendiherra í London, mundi fara þangað með þeim hætti sem hann tiltók, þá vil ég segja það, að það verður ekki. Og ég hef t. d. þegar lýst því í dagblaðinu Vísi, sem talaði við mig kl. um hálfníu í morgun, að Sigurður Bjarnason mundi ekki fara til London fyrst um sinn. Ég vona því, að áhyggjur hv. þm. af þessu sjónarspili, sem hann talaði um, geti fallið niður, a. m. k. um stundarsakir.

Hv. þm. Karvel Pálmason sagði að við hefðum tekið við herskipunum án nokkurra viðbragða og við hefðum tekið við ásiglingu varðskipsins, að því er mér skildist, eins og þræll sem bara hneigir sig þegar hann er barinn. En Týr tók ekki svona við ásiglingunni. Hann hefur sjálfsagt brugðist við eins og frjálsborinn maður, því að hann klippti aftan úr þremur togurum rétt á eftir að siglt var á hann.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. talaði um að við ættum enga vini í Atlantshafsbandalaginu, að því er mér skildist. En ég vil minna á það sem dæmi, að á föstudag lýsti utanrrh. Noregs því yfir í fyrsta skipti að Noregur styddi Ísland heils hugar í landhelgisdeilunni við Breta. Þarna eigum við þó a. m. k. einn vin, og þeir kunna að vera fleiri. Ég sagði það, það var alveg rétt eftir haft af hv. þm., að ég teldi að veiðar breta á friðaða svæðinu sýndu lítinn samkomulagsvilja. Honum fannst þetta mjög fáránleg yfirlýsing. Ja, það verður að hafa það. Þetta sagði ég, þetta finnst mér og þetta meina ég. Við erum nýbúnir að samþykkja hér, að vísu gegn nokkrum atkv., að leita samninga til þriggja mánaða og gefa bresku ríkisstj. það til kynna. Viðbrögð bretanna eru þau sem hv. þm. lýsti. Mér fannst það á laugardaginn og finnst það enn lýsa litlum samkomulagsvilja, lýsa litlum vilja til þess að gera eitthvað sem gæti slegið þessari deilu á frest og jafnvel orðið til lausnar á henni.

Það er talið og ég hef um það nýjar upplýsingar, að Hafréttarráðstefnunni ljúki í júlí í sumar, það verði ekki unnt að ljúka henni á því tímabili sem ráðgert er að halda næsta fund, þ. e. a. s. mars til maí, heldur verði einn fundur enn og hann hefjist 15. júlí og standi allar vonir til þess að Hafréttarráðstefnan ljúki störfum á þeim fundi. Mér finnst sjálfsagt fyrir okkur að reyna sem mest að komast hjá illindum og ófriði þann tiltölulega skamma tíma sem eftir er þangað til Hafréttarráðstefnan lýkur störfum, vonandi á þann veg sem okkur er hagkvæmur. Það má vera að þetta lýsi lítilli bardagagleði. En fyrir mér hefur ófriðurinn aldrei verið neitt takmark, heldur ill nauðsyn sem við verðum að þola ef annað bregst.

Ég er enginn maður til þess að keppa við hv. 5. þm. Norðurl. e. um stóryrði og tilvitnanir í sögur sem hann telur hæfa þessu viðfangsefni. Þess vegna ætla ég ekkert að fara út í það. En ég vil leyfa mér að benda honum á það, að bretar halda áfram að veiða smáfiskinn líka þó að við slítum stjórnmálasambandinu. Ég geri ekki ráð fyrir því að stjórnmálaslit hafi svo djúpstæð áhrif á breta að þeir gefist upp og hætti að veiða. Það hygg ég alls ekki.

Ég vil líka segja það, að ef til einhverra samninga kemur við breta til skamms tíma, sem ég hef sagt áður og segi enn að mér finnst harla ósennilegt eftir þá atburði og framkomu breta sem við höfum horft upp á, þá verða þeir bornir

undir rétta aðila áður en þeir verða gerðir. Þeir verða bornir undir Alþ., það er enginn vafi á því, þannig að hv. 5. þm. Norðurl. e. þarf ekki að óttast að það verði gerður samningur sem hann fær þó a. m. k. ekki tækifæri til að mótmæla. Ég skil ekki hvað hann á við þegar hann segir að samnigarnir við þjóðverja í nóv. s. l. hafi verið þvingaðir upp á þjóðina með flæræði. Ég skil það ekki. Það var farið fullkomlega eðlilega með samningana við þjóðverja. Þeir voru ræddir í flokkunum, þeir voru ræddir á Alþ., það voru greidd um þá hér atkv. og þeir hlutu stuðning mikilis meiri hl. þm. Ég vil því leyfa mér að mótmæla því, að um flæræði hafi verið að tefla.

Hv. þm. talaði mikið um það, að við ættum að nota varnarstöðina, Keflavík, til þess að ná fram hagstæðum kjörum í landhelgismálinu, og hann er ekki einn um þetta. Það er fjöldi manns sem hugsar á þessa leið. En þegar vinstri stjórnin var að berjast fyrir 50 mílna landhelgi var þetta tæki aldrei notað, og ég hygg að það megi finna yfirlsýingar frá æðimörgum ráðh. í þeirri stjórn um það sem útilokaðan möguleika að versla með landhelgina á einn eða annan hátt. Ég a. m. k. tel mig muna þessi ummæli og ég tel þau alveg rétt. Ef við teljum að það sé eitthvert gagn í því að hafa hér varnarstöð fyrir okkur sjálfa, þá er það mál út af fyrir sig. 200 mílna efnahagslögsöguna eða fiskveiðilögsöguna vinnum við og það fyrr en síðar án þess að þurfa að skipta á henni og einhverju öðru. Við þurfum m. ö. o. ekki að versla með þetta mál, og það hafa margir ágætir menn staðfest.

Ég hygg að ég sé með þessu búinn að svara fsp. hv. 5. þm. Vestf. og hv. 5. þm. Norðurl. e. um það, að ég tel að stjórnmálaslit verði að fara fram nema — eins og ég orðaði það — staðan gerbreytist frá því sem nú er.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég ætla, af því að ég var inntur eftir skýringum af hálfu hæstv. utanrrh. á ummælum mínum um þýsku samningana frá því í vetur, að útskýra fyrir honum og öðrum sem á þyrftu að halda, hvað það var sem ég átti við með því að þeir hefðu verið með flæræði gerðir.

Við vitum það býsna margir í þessum sal og fleiri en þm. stjórnarandstöðunnar með hvaða hætti þm. stjórnarflokkanna, sumir hverjir a. m. k., voru handjárnaðir í þessu máli, enda dreifðu þeir því meðal kjósenda sinna úti um land, að því hefðu þeir fallist á þýsku samningana, sem þeir voru þó búnir á fundum um allt land að sverja að ekki yrðu gerðir, að staðhæfa og leggja við drengskap sinn að ekki yrði samið um fiskveiðar fyrir innan 50 sjómílurnar, því féllust þeir á þetta og létu það uppi hér í þingsölunum, að það væri vegna þess að ekki yrði samið við breta. Afsökunin var þessi: Með því að gera samninga við vestur-þjóðverja getum við einbeitt okkur að bretunum, vegna þess að við getum ekki leyft þeim að taka úr þorskstofnunum hjá okkur.

Í sömu andránni og svarið var fyrir það, að samið yrði við breta um 65 þús. tonna afla hér innan lögsögunnar hjá okkur, í sömu andrá og því var lýst yfir að 65 þús. tonna tilboðið stæði ekki lengur, þá voru sendiherra Bretlands úti í Lundúnum og utanrrn. hér að breifa fyrir sér um samninga við breta. Þetta hefur allt verið með slíkum ólíkindum og óheilindum að enginn heilvita maður með ærlega tilfinningu trúir lengur einu einasta orði sem hæstv. ríkisstj. lætur frá sér fara um þessi mál.

Ég óttast sams konar vinnubrögð í viðræðum við breta nú með milligöngu Atlantshafsbandalagsins eins og notuð voru í þýsku samningunum. Ég óttast að bresku samningarnir muni koma fyrir hv. Alþ. í sömu mynd og þeir þýsku, það verði búið að ganga frá þeim áður og koma sams konar járnum á þinglið ríkisstj. og þá og þau verði borin hér um þingsalina af sömu reisn og með sama árangri.

Ég minnist þess, að það er rétt, það er alveg dagsannað, sem hæstv. utanrrh. sagði, að það var endurtekið æ ofan í æ í sambandi við útfærsluna í 50 sjómílur að herstöðin á Keflavíkurflugvelli, herstöðin á Suðurnesjum og landhelgismálið væru sitt hvort málið. Þetta er alveg rétt. Hér er um tvö mál að ræða, en þó svo náskyld í sínum óskyldleika að í landhelgismálinu hefur það komið fram, sem ýmsir okkar hafa haldið fram í áratugi, að okkur sé ekki vörn, heldur hið gagnstæða af amerísku hersetunni hérna, að við eflum óvini okkar með því að vera í Atlantshafsbandalaginu, að við eflum það herveldi sem til þess er stofnað að beita því gegn fátækum og smáum í þágu hinna auðugu og ríku, til þess að hafa af þeim lífsbjörgina. Og ég spyr aftur eins og ég tæpti á í fyrri ræðu minni: Hvað á ameríski herinn, sem er kallaður varnarlið, með nokkurn veginn sömu heilindum í brjóstinu og hæstv. forsrh. leyfði sér að kalla bresku herskipin og dráttarbátana hérna á miðunum verndarskip, — varnarliðið sem er sams konar varnarlið fyrir íslensku þjóðina og bresku herskipin á miðunum okkar eru verndarskip fyrir íslensku þjóðina, — hvað á þetta varnarlið að verja ef það er raunverulega sannfæring æðstu valdsmanna þessarar þjóðar að aldrei skuli koma til þess að þorskastríð leiði til þess að íslendingar endurskoði afstöðu sína til varna landsins, eins og þessi ameríska herseta er kölluð hérna? Hvað á þetta herlið að verja? Ef við sjáum ekki amerísku hersetuna hér á landi og sókn NATO-herskipanna á miðin okkar núna í sömu andránni, í sama tilliti á þessari stundu, ef við treystum okkur til þess að ræða þessa ofbeldisárás, sem við nú sætum, án þess að ræða dvöl ameríska herliðsins á Keflavíkurflugvelli, þá hygg ég að það mál verði seint rætt.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég vil fyrst taka það fram, að ég álít það ekki virðingu Alþingis samboðið né hv. þm., þ. á m. mér, að eiga orðastað við hv. 5. þm. Norðurl. e. Ég vil hins vegar með mikilli ánægju svara þeim fsp. og aths. sem aðrir hv. þm. hafa varpað fram. Málflutningur þeirra var eðlilegur, virðulegur og samboðinn stjórnarandstöðu og að mínu viti sjálfsagt að ræða málin á þeim grundvelli er þeir gerðu.

Ég vil þá fyrst svara fsp. hv. 5. þm. Vestf. Karvel Pálmason spurði hvaða undirtektir till. hæstv. dómsmrh. um eflingu landhelgisgæslu hefðu fengið í ríkisstj. Það er óhætt að svara að þær fengu jákvæðar undirtektir. Landhelgisgæslan hefur tekið á leigu eftir atvikum og þörfum flugvél frá Flugfélagi Íslands til þess að sinna gæslustörfum, og tillögur að öðru leyti eru til úrvinnslu innan ríkisstj. og meðal embættismanna Landhelgisgæslunnar sjálfrar.

Þá var það spurning frá hv. 2. þm. Austurl. og 5. þm. Vestf. um hvað þessar þjóðir væru að ræða, þ. e. a. s. þjóðir Atlantshafsbandalagsins. Svarið er: Þær eru að ræða um það, með hvaða hætti unnt er að fá breta ofan af herskipaíhlutun sinni. Það er mergur málsins. Spurt var: Hvað ætla forráðamenn Atlantshafsbandalagsins sér langan tíma? Er hér um ótakmarkaðan tíma að ræða? varpaði hv. þm. Karvel Pálmason fram fsp. um. Ríkisstj. Íslands hefur ekki skuldbundið sig til þess að bíða einn dag eða fleiri daga. Hún mun ekki skuldbinda sig að einu eða neinu leyti að þessu leyti, ekki gefa neinn ákveðinn frest, heldur fylgjast með framvindu mála eftir því sem þróunin verður og miða aðgerðir sínar við það. En þessum mönnum til upplýsingar má segja, að Atlantshafsbandalagið lagði á það áherslu að aðalritari þess léti málið til sín taka og ræddi við forráðamenn ýmissa þátttökuríkja. Það er upplýst í fréttum, að Luns hefur átt viðræður við aðstoðarutanrrh. Bandaríkjanna og á viðræður við forseta og utanrrh. Bandaríkjanna í dag, og hann mun halda til Englands á morgun og eiga viðræður við forsrh. Bretlands á miðvikudaginn. Aðalatriðið er fyrir okkur að koma því til leiðar, að herskipin og þoturnar verði dregin til baka. Það skiptir mestu máli. Og stjórnmálaslitin við Bretland eru tæki í þá átt. Stjórnmálaslit eru fyrst og fremst vopn að þessu leyti. Ef bretum finnst nokkuð verra að úr þeim verði, þá hugsa þeir sig e. t. v. tvisvar um. Spurningin í þessu sambandi er sú: Með hvaða hætti getum við beitt þessu tæki á sem áhrifamestan hátt? Nú er þrýstingur á breta, spennan er þeirra megin, og við skulum láta næstu daga leiða í ljós hvort þeir láta af aðgerðum sínum á Íslandsmiðum, hernaðaríhlutun. Við eigum þess vegna að halda taugum okkar og jafnvægi og ganga úr skugga um hvort unnt er að ná markmiði okkar og áfanga að þessu leyti eða það tekst ekki.

Ég held þess vegna að það sé síður en svo og alveg fjarri lagi að tala um hik af hálfu íslensku ríkisstj. Hún hefur haldið fast á þessum málum. Hún hefur notað þá möguleika sem unnt er til þess að vinna að sigri málstaðar Íslands, og svo getur farið að enn á ný eigi sér stað vopnahlé á Íslandsmiðum. Við skulum engu spá um það. Það getur vel verið að þær tilraunir, sem nú er verið að gera til þess, fari út um þúfur. Þá er að taka því og þá er tæki eins og stjórnmálaslit ekki hlaupið frá okkur. Við höfum það í hendi okkar hvenær sem er að beita því og munum gera það þegar málstað Íslands kemur það best.

Mér finnst það síður en svo veikleikamerki að halda svo á málum að andstæðingurinn verði að svara fyrir sig, og það verður andstæðingur okkar í þessari deilu að gera nú. Hér er ekki um það að ræða að gefast upp fyrir bretum eða einum eða neinum. En það skiptir miklu máli, þegar til lengdar lætur og raunar einnig til skemmri tíma, að við eflum þá samúð og þann skilning sem ríkir með málstað okkar, bæði á vettvangi Atlantshafsbandalagsins og annars staðar í heiminum, með því að gefa þeim mönnum tækifæri, sem vilja leggjast á sveif með okkur, að ná árangri. Það er ekkert víst að þeim takist það sem þeir ætlast fyrir. Þá er að taka því, eins og ég sagði áðan, og þá heyjum við okkar baráttu áfram í þeirri trú að tíminn vinni með okkur. Við skulum þess vegna halda jafnvægi okkar umfram allt. Mér finnst sannast best að segja að bráðræði geti aldrei orðið okkur til gæfu og við glötum engu tækifæri með því að skoða framvindu mála frá einum degi til annars meðan þrýstingur er á andstæðinga okkar að láta af ofríki þeirra.

Ég skal svo ekki endurtaka það sem ég hef sagt hér áður í umr., fyrir tæpri viku. Ég tel að greina beri á milli aðildar okkar að Atlantshafsbandalaginu og dvalar varnarliðs á Íslandi og landhelgismálsins. Það er allt annað mál þótt við nýtum þann vettvang sem Atlantshafsbandalagið er til þess að efla skilning á málstað okkar í landhelgismálinu. Aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu og varnarstöðin á Íslandi eiga sér aðrar skýringar sem hæstv. utanrrh. gerði grein fyrir áðan og ég þarf út af fyrir sig ekki að ítreka. Það eru sjálfstæðir hagsmunir að varnrastöðinni og aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu sem við ætlum okkur ekki að versla með í sambandi við landhelgismálið. Og það kemur úr hörðustu átt þegar málsvarar Alþb. tala þannig, að ekki verður á þeim annað skilið en ef þessir aðilar gætu tryggt okkur 200 mílna fiskveiðilögsögu, þá væri allt gott og blessað með bæði aðild að Atlantshafsbandalaginu og þá staðreynd að varnarstöð er á Íslandi. Þetta er ekki hugsunarháttur að mínu skapi.

Ég vil svo ítreka það einnig, að afstaða okkar í fyrri þorskastríðum hefur verið með öðrum blæ en nú hvað snertir sérstaklega forsvarsmenn Alþb. Má þar til nefna að í landhelgisbaráttunni 1958—1961 kom ekki til róttækari aðgerða á stjórnartíma Alþb. en að sendiherra Íslands í Bretlandi var kallaður heim. Og sömuleiðis liðu margir mánuðir án þess að til sterkari eða róttækari aðgerða kæmi í landhelgisbaráttunni 1972—1973, og alþb.-menn luku þeirri baráttu með samningum við breta, sem ég áfellist þá ekki fyrir þar sem ég greiddi atkv. með þeim samningum.

Við höfum, eins og fram hefur komið í þessum umr., ástæðu til að ætla að línurnar skýrist í þessu máli, annars vegar hvað snertir næstu viðbrögð okkar gagnvart bretum á næstu dögum, allra næstu dögum, og hins vegar hvað snertir langtímamarkmið, að tryggja okkur 200 mílna fiskveiðilögsögu, þá muni viðhorfin skýrast jafnvel á næstu mánuðum og væntanlega á þessu ári. Við skulum þess vegna umfram allt halda þannig á málum að virðingu okkar sem sjálfstæðrar ábyrgrar þjóðar sé borgið og hagsmunum okkar í bráð og lengd.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Menn gerast nú stórorðir sumir hverjir hér í hita bardagans, og ekki skal ég blanda mér í þau mál sem hafa kannske fyrst og fremst orðið þess valdandi að menn höggva svo stórt sem raun ber vitni. En ég vil nú fyrst þakka bæði hæstv. utanrrh. og forsrh. fyrir að hafa gert að umræðuefni og svarað fsp. sem m. a. ég lét falla áðan.

Mér skilst á hæstv. utanrrh. að hann sé enn sömu skoðunar og hann lét í ljós í sjónvarpinu fyrir nokkrum dögum. Hann segir að vísu: Ekki er hægt að komast hjá stjórnmálaslitum nema staðan gjörbreytist í málinu. — Og þá er auðvitað spurningin í áframhaldi af þessu: Hvað þarf að gerast til þess að hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. þá í heild telji að gjörbreyting hafi átt sér stað í málinu? Nú á ég ekki von á því að hæstv. utanrrh. geri ráð fyrir að samningar detti af himnum ofan, sem hæstv. ríkisstj. geti undirskrifað, í sambandi við breta. Líklega meinar hann að það verði þrýst þannig á breta að herskipin verði dregin til baka, það sé það sem menn fyrst og fremst einblíni á og meini. En þetta er svolítið óljóst tal, hvað menn eiga við þegar þeir segja að staðan þurfi að gjörbreytast til þess að stjórnmálasambandinu verði ekki slitið.

Það er misskilningur hjá hæstv. utanrrh. að ég hafi látið að því liggja að varðskipsmenn hefðu hneigt sig. Ég hef aldrei verið í neinum vafa um það að ef ekki er haldið aftur af varðskipsmönnum, þá eiga þeir í fullu tré við óvininn. Það hefur sýnt sig. Ef ekkert hik er á stjórnvöldum, þá er engin hætta á því að landhelgisgæslan og varðskipsmennirnir þeir standi ekki fyrir sínu í þessum átökum. Bili hlekkur, þá verður það annars staðar en í herbúðum varðskipsmanna sem það á sér stað.

Hæstv. forsrh. sagði, að hugmyndir dómsmrh. um eflingu landhelgisgæslu hefðu fengið jákvæðar undirtektir í ríkisstj., og benti þar m. a. á að nú hefði verið leigð flugvél til gæslustarfa. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef heyrt, er hér um að ræða fyrst og fremst leiguflugvél á meðan flugvélin, sem gæslan á, er í skoðun, þannig að ég vil þá í áframhaldi af þessu spyrja: Er þetta til frambúðar, að tvær flugvélar verði í þjónustu gæslunnar? Er þetta ekki millibilsástand sem hefur skapast vegna þess að flugvél gæslunnar er í skoðun og er ekki starfhæf? Ef það er svo, þá er þetta engin efling á gæslunni út af fyrir sig eða flugflota gæslunnar. Þarna kemur bara flugvél í stað annarrar sem ekki er í notkun.

Ég skal ekki eyða frekari tíma í að ræða þetta. Ég fagna því að sjálfsögðu sem forsrh. upplýsti hér, að ríkisstj. hafi ekki skuldbundið sig til eins eða neins í sambandi við bið eftir úrslitum þeirra viðræðna sem nú eiga sér stað á bak við tjöldin meðal Atlantshafsbandalagsríkjanna og að hún geti því tekið sínar ákvarðanir hvenær sem er. Ég vænti þess að hún láti ekki langt líða þar til hún tekur afgerandi ákvarðanir í þessu máli.

Bæði hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. komu inn á það stóra spursmál, þeir segja: Við eigum ekki að blanda saman aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og landhelgisdeilunni. Við eigum ekki að krefjast þess að Atlantshafsbandalagið vinni fyrir okkur landhelgismálið. — Ég vil fyrir mitt leyti svara þessu á þann veg: Ég er ekki að segja að Atlantshafsbandalagið eigi að vinna sigur fyrir íslendinga í landhelgismálinu. Það, sem ég á við, er þetta: Við eigum að krefjast þess af því bandalagi, í þessu tilviki Atlantshafsbandalaginu sem við erum aðilar að, — við eigum að krefjast þess, að það komi í veg fyrir að við séum beittir flotaíhlutun herskipa þessa sama bandalags sem við erum aðilar að. Það er eðlileg krafa að mínu viti. Við getum ekki setið undir því að vera beittir flotaíhlutun, herskipavaldi af herskipum þess sama bandalags þar sem við höfum haslað okkur völl innan vébanda. Og þetta er spurningin. Komi Atlantshafsbandalagið í veg fyrir að bretar séu með herskip og flotaíhlutun hér á miðunum, þá vinnum við einir landhelgisstríðið. Við þurfum ekki frekari hjálp til þess. Það er þetta sem a. m. k. ég á við. Aðrir svara fyrir sig.

Hæstv. utanrrh. sagði áðan að hann minntist þess ekki að í tíð vinstri stjórnarinnar hefði verið á það minnst að það ætti að nota herstöðina eða NATO til þess að vinna sigra í landhelgismálinu. Vel má vera að þessi rök hafi ekki komið upp innan hæstv. þáv. ríkisstj. En það heyrðist þó í stuðningsliði þeirrar ríkisstj., þó að það hafi ekki komið upp hjá hæstv. ráðh. Ef ég man rétt, þá man ég ekki betur en ég læsi það einhvern tíma í viðtali við þáv. hæstv. utanrrh., hinn sama og nú, þar sem hann var um það spurður hvort leitað hefði verið eftir aðstoð varnarliðsins vegna herskipaíhlutunar breta á miðunum, og hann svaraði því, ef ég man rétt, — ég bið hæstv. utanrrh. að leiðrétta mig ef ég fer með rangt mál, — ef ég man rétt, þá man ég ekki betur en hann kvæði nei við þeirri spurningu og hann teldi að slíkt ætti ekki að gera. Ég ítreka það, að ég bið hæstv. ráðh. að leiðrétta ef þetta er rangt munað hjá mér. En það er einmitt þetta sem ég tel að eigi að gera, og nú tala ég auðvitað sem hálfgerður NATO-sinni, og menn líta upp stórum augum, sýnist mér. Ég tala hér ekki sem afgerandi málsvari þess að við séum ekki aðilar að Atlantshafsbandalaginu, þannig að þau orð, sem hæstv. forsrh. beindi til þeirra alþb.-manna eiga ekki alfarið við mig. Ég meina þetta af heilindum, að ég tel að við eigum á því kröfu, meðan við erum aðilar að þessu bandalagi, að það sjái til þess að við séum ekki beittir flotaíhlutun, herskipavaldi í þessari deilu af þeim ríkjum sem við erum meðlimir með innan Atlantshafsbandalagsins. Þetta er ósköp einfalt. Og ég ítreka það að síðustu: Það ætti að vera skýlaus krafa íslenskra stjórnvalda og íslensku þjóðarinnar að Bandaríkin sjái svo um, að aðildarríki innan Atlantshafsbandalagsins með okkur innanborðs líðist ekki að halda uppi herskipaárásum, vopnaðri íhlutun eða hvað menn vilja kalla það, á sama tíma og við teljumst fullgildir aðilar að þessu bandalagi. Við getum ekki þolað öllu lengur að bretum í þessu tilviki sem meðlimaþjóð Atlantshafsbandalagsins líðist að halda slíkum leik uppi.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs fyrst og fremst til þess að mótmæla sem alþm. því viðhorfi sem kom fram í upphafi ræðu hæstv. forsrh. áðan. Hann lýsti því yfir að hann teldi það ósamboðið virðingu sinni og reyndar taldi það ósamboðið virðingu þm. yfirleitt að eiga orðastað við einn tiltekinn þm. Ég vil gera þá aths. við þessa yfirlýsingu, að hún er ólýðræðisleg í hæsta máta og lýsir þess háttar hroka og yfirlæti að þess munu fá dæmi. Ég vil sem alþm. láta hæstv. forsrh. vita það, að til þess situr hann í þessum sal, eins og aðrir hæstv. ráðh., að eiga orðastað við okkur alþm. Hitt er svo annað mál, hvað hæstv. ráðh. blöskrar í málflutningi hv. þm. Stefáns Jónssonar. Ég get vel trúað því, að ýmsir hrökkvi við þegar þeir heyra nú allt í einu úr þessum stað talað mál sem ekki er nein tæpitunga, íslensku sem rís töluvert upp yfir flatneskjuna, þá flatneskju sem því miður æðioft einkennir ræður okkar hér á Alþ. Og það skal hæstv. forsrh. vita, að þó að honum blöskri þessi málflutningur, þá er ég sannfærður um að það, sem hv. þm. Stefán Jónsson sagði hér áðan, má heita að hafi verið talað fyrir munn þjóðarinnar. Ég hygg að íslenska þjóðin hefði svarað ef einhver hefði kunnað að segja henni frá viðbrögðum hæstv. forsrh. við þessari ræðu: Kemur vel á vondan. — Og af því að hann sagði áðan að hann teldi það ósamboðið virðingu sinni að eiga orðstað við þennan þm., þá ætla ég að láta hann vita það, að þeir eru æðimargir orðnir íslendingarnir sem telja það ekki samboðið virðingu þessarar þjóðar að eiga í sæti forsrh. þann mann sem þar situr núna.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Það er ekki ýkjamargt sem hefur komið hér fram efnislega til upplýsinga í þessu máli frá hæstv. forsrh. eða hæstv. utanrrh. Meginniðurstaðan er sú, að ríkisstj. ætlar enn að bíða um óákveðinn tíma, enginn veit hve langan tíma, með allar sínar aðgerðir í málinu, þó að bretar hafi sent á nýjan leik herskip sín inn í okkar fiskveiðilandhelgi og þó að þeir virði að engu lýst friðunarsvæði sem þeir hafa þó margsinnis tekið fram að þeir ætluðu sér að virða. Og skýringin af hálfu hæstv. ríkisstj. er sú, að hún ætli sér að bíða vegna þess að vinveittir aðilar, eins og hún orðar það, í Atlantshafsbandalaginu séu að ræða málið og það sé rétt að sjá til hvað þeir komist áleiðis. Það er sem sagt alveg augljóst, að ríkisstj. er aðeins að staðfesta það sem menn sáu og heyrðu. Hún bíður, hún hikar, hún stendur ekki við fyrri yfirlýsingar, hún grípur ekki til neinna nýrra ráðstafana. Þannig lítur málið út, og í rauninni veit enginn um hvað þetta ástand kann að standa lengi.

Ég hef sagt það hér áður, að það er mín skoðun að hér sé ranglega á málinu haldið af okkar hálfu og að ýmsu leyti hættulega að því staðið þegar svona er að farið. Þetta hlýtur að vera skoðað af breta hálfu sem veikleikamerki hjá okkur, enda segja ráðh. þeirra nú, þegar þeir eru spurðir að hvað muni nú gerast, þá orða þeir það þannig í fréttum, sem eru lesnir yfir okkur, að tekist hafi enn þá að koma í veg fyrir að íslenska ríkisstj. slíti stjórnmálasambandi. Þeim hefur tekist, bretum, að koma í veg fyrir að við gerðum nokkurn hlut af því tagi. (**Forsrh.:** Það var formaður stjórnarandstöðunnar, en ekki ráðh. sem sagði þetta.) Nú, var það? Ég geri ekki ýkjamikinn mun á þeim þarna, mér sýnist vera sami rassinn undir báðum þarna úti, stjórn og stjórnarandstöðu í Bretlandi. En þetta var erlend frétt, sem ég var að vitna í. Og þannig er það sem bretar líta á þetta, að þeim hafi nú tekist enn að koma í veg fyrir að íslendingar slitu stjórnmálasambandi eða gripu yfirleitt til neinna aðgerða af sinni hálfu. Það var einmitt það sem ég var að segja, ég teldi að það væri hættulegt þegar þessi staða hefði komið upp, að okkar andstæðingar gætu lesið út úr okkar viðbrögðum eða viðbragðaleysi það, að við værum hikandi, við vissum ekki hvað við ætluðum að gera eða ættum að gera og gerðum í rauninni ekkert sem gæti flokkast undir sókn af okkar hálfu. Þetta tel ég vera mjög háskalegt.

Það voru önnur atriði sem komu fram í þessum umr., sem ég tel ástæðu til að víkja að, en það eru túlkanir, sem komu fram bæði frá hæstv. utanrrh. og sérstaklega af hálfu forsrh., varðandi afstöðu okkar alþb.-manna í sambandi við hugsanlegar hótanir í sambandi við aðild okkar að NATO og aðgerðir í landhelgismálinu. Ég tel að þeir hafi rangtúlkað mjög það sem fram hefur komið af okkar hálfu í þessu máli, og því sé ég ástæðu til að taka þar fram aðalatriðin.

Vissulega erum við sammála öðrum um það og höfum margsinnis lýst því yfir, að landhelgismálið og aðild Íslands að NATO eða varnarsamningurinn svonefndi við Bandaríkin, þetta eru aðskilin mál. Það er rétt. Það er enginn vafi á því, að þeir menn eru til í landinu sem eru stuðningsmenn þess að Ísland sé aðili að NATO og einnig stuðningsmenn þess að hér sé í gildi þessi varnarsamningur við Bandaríkin, sem geta hins vegar verið traustir menn í baráttunni fyrir stækkun landhelginnar. Það er enginn vafi á því. En þó að þessi tvö mál séu aðskilin á þennan hátt eins og við höfum margsinnis tekið fram, þá þýðir það ekki varðandi aðild okkar að NATO, sem er staðreynd, að það verði ekki að taka tillit til hennar í hverju einu tilfelli fyrir sig þegar mál koma upp í sambandi við þá aðild. Það er staðreynd, að ein af NATO-þjóðunum sendir herskip inn á íslenskt lögsögusvæði til þess að brjóta þar niður íslensk lög. Og þegar þetta gerist sem íslendingar einmitt sem aðilar að NATO hljóta að gera þá kröfu til NATO að þessi hernaðarinnrás sé stöðvuð. Allt annað væri vitanlega í mótsögn við eðli málsins. En við, sem höfum verið og erum á móti aðild Íslands að NATO almennt séð og ekki í neinum tengslum við okkar fiskveiðilandhelgismál, við gætum auðvitað bætt því við, að það væri svo sem eftir öðru frá þessum samtökum að þeim þætti það bara sjálfsagt að við værum aðilar að þessu bandalagi, þó að eitt eða fleiri af bandalagsríkjunum sendi herskip á hendur okkur, og það væri líka sjálfsagt, að við leigðum þessu bandalagi eftir sem áður aðstöðu í okkar landi. Það er vitanlega staðreynd, að herskipainnrásin er í eðli sínu brot á aðildarsamningnum að NATO. Vegna þess hljótum við

að taka til okkar ráða og mótmæla þessari innrás og tilkynna þessum aðilum að við munum svipta þá allri aðstöðu sem þeir hafa haft hér samkv. þessum samningi. En ég spyr þá á móti: Eru þeir aðilar, sem barist hafa fyrir aðild Íslands að NATO, svo geðlausir og líta þeir þannig á þann samning að þeir gætu hugsað sér að mæla bót þessum aðildarsamningi þó að eitt eða fleiri NATO-lönd réðust hreinlega á Ísland? Hefði það engin áhrif á þá? Við alþb.-menn erum á móti aðild Íslands að NATO af allt öðrum ástæðum sem ná út fyrir þetta. En það er einmitt þessi staðreynd sem gerir það að verkum að við hljótum, þegar málin þróast á þennan hátt, að vitna í það að þetta er í rauninni svik á þessum samningi sem hljóta að kalla á aðgerðir af okkar hálfu til að svipta þetta bandalag þeirri aðstöðu í landinu, sem það hefur.

Hæstv. utanrrh. sagði, að í fyrri landhelgisdeilum, eins og t. d. árið 1973, hefði þetta ekki komið til greina. Það er ekki rétt með farið. Sannleikur málsins er sá, að þegar harðnaði í átökunum þá komu að sjálfsögðu upp þær kröfur hér í landinu að menn sögðu: Hér er augljóslega um brot að ræða af hálfu NATO, þar sem eitt af NATO-ríkjunum beitir okkur herskipaofbeldi. — Það voru einmitt framsóknarmenn sem tóku þetta inn í samþykkt sína og hafa oft verið að grobba af því í sambandi við svonefnda Hallormsstaðasamþykkt, að þeir mundu taka til endurskoðunar afstöðu sína til NATO-aðildar. Þegar þetta gerðist hrukku þeir við, eins og fyrri daginn, sem vissu upp á sig skömmina úti í Brüssel og beittu sér fyrir því að herskipin færu út fyrir mörkin og til samninga drægi. Það er vitanlega eins og hver önnur rangtúlkun að telja það, þó að við alþb.-menn tökum undir þessa almennu kröfu þjóðarinnar og þessa eðlilegu kröfu, að þess sé krafist af NATO að það sjái um að NATO-ríkið Bretland sendi ekki herskip inn á okkar lögsögusvæði, þá þýði það af okkar hálfu viðurkenningu á því, að ef þeir gerðu þetta, þá værum við orðnir samþykkir því að vera í NATO. Við erum á móti NATO-aðild af allt öðrum ástæðum, sem hæstv. ráðh. vita mætavel um og ég þarf ekki að rifja upp nú. En það breytir ekki því, að þegar samningur hefur verið gerður, þá sé hægt að margbrjóta hann og troða yfir okkur eigi að síður.

Ég vil einnig segja það, að auðvitað er alveg augljóst mál, hvað sem líður afstöðu manna til herverndarsamningsins svonefnda, það leikur enginn vafi á því, að það er brot á þeim samningi þegar þetta margumtalaða varnarlið gerir ekkert í því þegar íslensk lög eru brotin og ráðist er á okkur innan óumdeilanlegrar fjögurra mílna landhelgi, eins og átt hefur sér stað. Mér er vel ljóst að ástæðan fyrir því, að NATO-ríkin hafa nú áhyggjur af átökum okkar við breta, eins og þau lýsa, er sú að NATO vill halda hér þeirri aðstöðu sem það hefur á Íslandi. Það óttast að missa þessa aðstöðu. Það óttast ekki að missa hana okkar vegna, það óttast að missa hana sín vegna, og af því stafa þessar áhyggjur af málinu. En það er ekki hægt að skilja málflutning hæstv. forsrh. á annan veg en þann, að honum sé svo mikið í mun aðild Íslands að NATO að hann vilji svo að segja fyrirgefa því hvað sem er og halda áfram aðildinni eins og ekkert hafi í skorist, hvernig svo sem einstök NATO-ríki komi fram við okkur.

Ég skal ekki lengja þessar umr. frekar en orðið er. Ég get aðeins endurtekið það, sem ég sagði áður, af því að það tel ég aðalatriði málsins, að ég skora á ríkisstj. að láta af þessu hiki og ráðleysi í málinu og taka nú á sig rögg í samstarfi við alla þingflokka á Alþ. og grípa til þeirra ráðstafana sem okkar aðstæðingur í þessu máli kemur til með að líta alvarlegum augum. Það er enginn vafi á því, að ef við t. d. bregðumst við á réttan hátt til þess að efla okkar landhelgisgæslu, — það hefur ekki komið fram enn í þessum umr. að það standi til að efla hana á þann hátt sem bretar telja eiginlega nokkra alvöru vera í, — ef það væri brugðið rétt við og landhelgisgæslan verulega efld, jafnhliða því sem við slitum stjórnmálasambandi við breta og tilkynntum NATO að við mundum loka fyrir aðstöðu þess hér í landinu á meðan bresk herskip væru innan okkar lögsögu, þá er þetta auðvitað algert lágmark og þá þætti mér a. m. k. að við hefðum svarað á viðeigandi hátt og hefðum þá kannske einhvern tíma til þess að hugsa okkur um næsta leik þar á eftir. En þessi biðtími, sem nú virðist eiga að verða, veikir okkar málstað að mínum dómi hættulega, og því þarf ríkisstj. að taka þetta á ný til endurskoðunar.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég veit að hv. 2. þm. Austurl. hefur nýtt þann ræðutíma, sem honum er ætlaður, og mun þess vegna ekki segja nema aðeins örfá orð. Hann taldi, að ég hefði farið rangt með þegar ég sagði áðan í ræðu að fyrrv. ríkisstj. hefði ekki beitt því vopni, sem hér er verið að tala um, að hóta úrsögn úr NATO eða brottflutningi svokallaðs varnarliðs. Ef þetta hefur verið notað í tíð vinstri stjórnar, þá hefur það verið gert að mér fjarstöddum, því að ég minnist þess alls ekki að það hafi verið gert. Hitt má vera og það dreg ég alls ekki í efa, að ýmsir hópar, félagssamtök, hafi haft þessa leið á sinni stefnuskrá. Það var ekki meining mín að fara hér rangt með og þess vegna vildi ég nú koma þessu á framfæri, að ég minnist þess ekki — og endurtek það, að ég minnist þess ekki að fyrrv. stjórn, sem við áttum báðir sæti í, hafi tekið þá ákvörðun að nota þetta vopn í baráttunni við breta um 50 mílna útfærsluna. Ég tel mig muna það, að í sjónvarpsþætti, sem við tókum báðir þátt í, hv. 2. þm. Austurl. og ég, einhvern tíma í vetur, hafi þetta enn borið á góma og þá hafi hann enn staðfest það sem sitt álit að landhelgismálið og svokölluð varnarmál væru aðskilin mál sem ekki ættu að blanda saman. En ég vil ekki hafa þessi orð fleiri, vegna þess að ég veit að hv. 2. þm. Austurl. er, eins og ég áðan sagði, búinn með sinn ræðutíma.

Sameinað þing, 49. fundur.

Þriðjudaginn 10. febr., kl. 2 miðdegis.

Framkvæmd laga um ráðstafanir í sjávarútvegi, fsp. (þskj. 54). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Fyrirspurn mín er á þskj. 54 og er á þessa leið:

„1. Hvaða aðilar hafa fengið styrki og lán samkv. heimildum laga nr. 106 31. des. 1974 og nr. 55 27. maí 1975, um ráðstafanir í sjávarútvegi og ráðstöfun gengismunar? a) Hver var styrkur hvers nafngreinds aðila og hver var lánsupphæð hvers aðila? b) Hvaða reglur giltu um veitingu lána og styrkja? c) Hver voru lánskjör, þ. e. vextir, lánstími og tryggingar?

2. Hverjar reyndust eftirstöðvar samkv. g- og j- liðum laganna og hvernig hefur þeim verið ráðstafað?

3. Hverjir hafa fengið styrki samkv. d- lið laganna frá 1975? Fjárhæð tilgreind á nöfn hvers aðila."

Það er nú orðið æðilangt síðan þessi fyrirspurn var lögð fram hér á Alþ. Ástæður eru ýmsar til þess að það hefur dregist að svara fyrirspurninni endanlega. Í fyrsta lagi kom til fjarvera hæstv. sjútvrh. og veikindi hans, síðan miklar annir rétt fyrir jól og svo alllangt þinghlé, og sakast ég ekki um það við neinn þó að þessi dráttur hafi orðið.

Ég hef líka í millitíðinni fengið frá hæstv. sjútvrh. við meginefni af mínum fyrirspurnum skriflegt svar, sem hann afhenti mér nokkru fyrir jólaleyfi, og er það að mínum dómi fullnægjandi um meginatriði málsins. En vegna þess að hér er um margþættar spurningar að ræða og býsna viðamikið mál, þá hef ég talið eðlilegast, úr því sem komið er, að hæstv. sjútvrh. hefði viljað dreifa meðal þm. skriflegu svari sínu við þessum fyrirspurnum, Hins vegar óska ég eitir því, að til viðbótar því, sem fram kemur í hinu skriflega svari hans og hann kemur til með að gera grein fyrir eflaust á eftir, þá verði einnig því svarað sem um er spurt í mínum fyrirspurnum, þ. e. a. s. hvaða nafngreindir aðilar, einstaklingar og fyrirtæki, hafa fengið styrki samkv. þeim lögum, sem hér er um rætt, eða fengið lánsfyrirgreiðslu samkv. lögunum. Ég tel eðlilegt að þetta sé upplýst, og í fullu samræmi við það sem áður hefur verið hér gert, og ég vænti þess að hæstv. ráðh. sjái sér a. m. k. fært að láta það fylgja með í skriflegu svari sínu eða grg. sem útbýtt yrði til þm. um málið. Hér er um miklar fjárhæðir að ræða sem ráðstafað hefur verið eftir þar til settum reglum til útgerðaraðila í landinu og með þeim hætti, sem kannski var eðlilegt, að sumir útgerðaraðilar hafa fengið mikla lánsfyrirgreiðslu á sama tíma sem aðrir gátu ekki fengið þá fyrirgreiðslu, og enn aðrir hafa hlotið styrki eða óafturkræf framlög. Ég tel að það eigi einnig að koma skýrt fram, hvaða útgerðaraðilar það eru og hvað mikið hver þeirra hefur fengið.

Ég þarf ekki að gera frekari grein fyrir þessum fyrirspurnum, þær lýsa sér sjálfar. Ég vænti þess að hæstv. ráðh. sjái sér fært að verða við óskum mínum um það, hvernig þessu máli verði svarað.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Eins og hæstv. fyrirspyrjandi tók fram, afhenti ég honum svar við þessari fyrirspurn í desembermánuði eða nokkru fyrir jól, vegna þess að ekki var hægt að taka fyrirspurnina fyrir vegna anna og ég ætla að svara eða lesa það svar upp, en tek það fram í upphafi, að það svar er samið í byrjun desembermánaðar, en síðan eru nokkrar innborganir inn á gengismunareikning og svo nú um áramótin vextir af innistæðum.

1. spurning:

Samkv. a- lið 9. gr. laga nr. 106 1974 á að verja 600 millj. kr. „til að greiða hluta gengistaps erlendra skulda, eigenda fiskiskipa", og samkv. b- lið 1. gr. laga nr. 55 1975 950 millj. kr. „til þess að létta stofnfjárkostnaðarbyrði eigenda fiskiskipa sem orðið hafa fyrir gengistapi vegna erlendra og gengistryggðra skulda".

Ofangreindar gengisbætur hefur fiskveiðasjóður reiknað út og mun annast greiðslur á þremur árum, en bæturnar hafa verið ákveðnar 6% ógreiddra og ógjaldfallinna höfuðstólseftirstöðva samkv. eldri lögunum og 5,8% samkv. nýrri lögunum. Til frekari upplýsinga vísa ég til reglugerðar frá 14. okt. s. l.

Ég held, að það sé ákaflega erfitt að birta skrá yfir styrki sem ekki er búið að greiða út, þar sem þeir verða greiddir á 3 árum. Það er sama prósenta sem kemur á þessar erlendu skuldir til allra manna sem keypt hafa fiskiskip á þessu tímabili, það fer alveg eftir skuldarupphæð í erlendri mynt hverju sinni, og fiskveiðasjóður hefur það til afgreiðslu.

Samkv. umræddum greinum sem ég vitnaði hér í, er sjútvrn. heimilað að ráðstafa 400 millj. kr. í hvoru tilfelli, alls 800 millj. kr., til lánveitinga í sjávarútvegi til 2-3 ára til að bæta lausafjárstöðu fyrirtækja, þ.e. eigenda fiskiskipa og vinnslustöðva.

Af þessum fjármunum hafa 320 millj. kr. verið lánaðar Fiskveiðasjóði vegna „konverteringar" og 300 millj. kr. til Byggðasjóðs, sem ráðstafaði þeirri upphæð til fyrirtækja og einstaklinga, eða alls 620 millj. kr. til að bæta lausafjárstöðu aðila í sjávarútvegi. Þá var 70 millj. kr. ráðstafað með milligöngu Seðlabankans til Landsbankans og Útvegsbankans, sem þeir aftur ráðstöfuðu sem viðbótarrekstrarlánum til stóru skuttogaranna til þess að auðvelda þeim upphaf rekstrar að afloknu verkfalli. Lánin til Fiskveiðasjóðs og Byggðasjóðs eru til 2-3 ára með 13% og 12% ársvöxtum, en lánin til stóru togaranna bera sömu vexti og almenn rekstrarlán til skipa, eða 11% á ári, og eiga að endurgreiðast á 6 mánuðum. — Þessi lán eru nú þegar endurgreidd að mestu leyti.

Byggðasjóður ráðstafaði þessum 300 millj. og ábyrgist endurgreiðslu á þessum lánum innan tiltekins tíma, þannig að þau koma til fiskveiðasjóðs eins og lög gera ráð fyrir. Upphæðunum, sem Fiskveiðasjóður tekur og endurlánar viðskiptabönkunum, veit ég ekki hvernig hefur verið ráðstafað. Það hefur verið algjörlega í bankakerfinu, í gegnum Seðlabankann og milli viðskiptabankanna. Ég hygg, að það verði erfitt að fá það upp. Hins vegar er það mál Byggðasjóðs hvernig hann hefur ráðstafað þessum 300 millj. kr., en ég veit til þess að Byggðasjóður lánaði sérstaklega þeim sem fóru illa út úr „konverteringunni". Þar greiddi hann fyrir útgerðaraðilum, og ég hygg að stærstu upphæðirnar af

þessum 300 millj. hafi farið hér á Reykjanessvæðið og til Vestmannaeyja. En hvernig því var ráðstafað milli ákveðinna aðila veit ég ekki.

Samkv. lögum nr. 106 1974, b- lið 9. gr., var ráðstafað 250 millj. kr. sem óafturkræfu framlagi til bátaflotans vegna rekstrarerfiðleika á árinu 1974 til 15. sept., og samkv. c- lið sömu gr. 230 millj. kr. til skuttogara til að bæta rekstrarafkomu þeirra.

Með auglýsingum og tilkynningum var í okt. 1974 tilkynnt um fyrirhugaða „konverteringu" lána í sjávarútvegi og þá um leið kallað eftir reikningum fyrirtækjanna fyrir árið 1973 og bráðabirgðauppgjöri fyrir árið 1974.

Lög nr. 106, um ráðstöfun gengishagnaðar o. fl., voru samþ. 19. des. 1974. Daginn eftir sendi sjútvrn. út tilkynningu til útgerðaraðila um ráðstöfun gengishagnaðar til að bæta rekstrarafkomu bátaflotans, og þá um leið tilkynnt að þeir einir kæmu til greina við úthlutun sem sendu reikninga vegna „konverteringarinnar" og úthaldsskýrslur til Aflatryggingasjóðs. Síðan ítrekaði LÍÚ við sína meðlimi að senda umbeðin gögn og einnig trúnaðarmenn Fiskifélags Íslands beðnir að ýta á eftir umræddum skýrslum og reikningum.

Að höfðu samráði við Landssamband ísl. útvegsmanna og framkvæmdastjóra Aflatryggingasjóðs var ákveðið að úthlutun fjárins samkv. b.- lið færi fram í þrem þáttum:

1. Eftir úthaldsdögum skipanna, (mannúthaldsdögum) til allra skipa 20 brúttólestir að stærð og stærri, en undanskilið var úthald á loðnuveiðum, síldveiðum, rækjuveiðum, hörpudiskaveiðum og handfæraveiðum. Samkv. þessari reglu var úthlutað 89,6 millj. kr. til 450 skipa.

2. Eftir aflabrögðum bátanna á umræddu tímabili. Við ákvörðun kvóta var byggt á framangreindum reikningum og úthaldsskýrslum og auk þess útreikningum á því, hvað aflaverðmæti báta með hinum ýmsu veiðarfærum og áhafnafjölda þyrfti að vera til þess að viðkomandi skip aflaði fyrir kauptryggingu.

Þannig var fengin ákveðin viðmiðun við útreikninga á bótum til allra báta án tillits til stærðar. Síðan voru bætur frá Aflatryggingasjóði dregnar frá útreiknaðri bótaupphæð. Samkv. þessum lið voru greiddar 132.1 millj. kr. til 252 báta.

3. Samkv. þessum lið voru greiddar bætur vegna sérstakra óhappa, vélbilana o. fl., og annarra óbættra tjóna sem bátar urðu fyrir á úthaldstímunum. Aðalreglan var sú að bæta hluta af kauptryggingu áhafnar á meðan viðkomandi bátur var frá veiðum. Samkv. þessari reglu voru greiddar 25.8 millj. kr. til 58 skipa.

Alls var þannig greitt samkv. b- lið 9. gr. laganna 247,5 millj. kr. til 644 báta og skiptast greiðslurnar þannig eftir kjördæmum: Suðurland 48 millj. 729 þús. Reykjanes 54 millj. 36 þús. Reykjavík 11 millj. 337 þús. Vesturland 28 millj. 449 þús. Vestfirðir 48 millj. 452 þús. Norðurland vestra 7 millj. 26 þús. Norðurland eystra 33 millj. 398 þús. Austurland 16 millj. 80 þús.

Samkv. c- lið 9. gr. laganna var úthlutað til skuttogara eftir úthaldsdagafjölda 230 millj. kr. sem skiptust þannig, að til stóru skuttogaranna voru veittar 58.8 millj. kr. og til minni skuttogaranna 171.2 millj. kr. Allir þessir togarar fengu sama á úthaldsdag, þannig, að þar var ekki verið að mismuna neinum. Ég hef ekki skipt því eftir kjördæmum, en stóru skuttogararnir eru nú yfirleitt hér í Reykjavík, Hafnarfirði, á Akranesi og á Akureyri.

Aflatryggingasjóður annaðist greiðslur á umræddum bótum, en umsjón með öllum útreikningum höfðu framkvæmdastjóri Aflatryggingasjóðs og aðstoðarmaður sjútvrh. Skrár um greiðslur til báta og togara eru fyrir hendi hjá Aflatryggingasjóði og í sjútvrn.

2. spurning:

Samkv. uppgjöri hinn 5. des. voru innistæður á gengismunarreikningunum alls 266.8 millj. kr., en óráðstafað er samkv. umræddum lögum alls 369.5 millj. kr., þannig að enn vantar 102.7 millj. kr. upp í það sem ráðstafað var með lögunum.

Ég vil bæta því við hér, að þessi upphæð á gengismunarreikningi hefur með vaxtaútreikningi um áramót og því, sem farið hefur af birgðum frá því að þetta svar var undirbúið, vaxið um rúmar 100 millj. kr.

3. spurning:

Fiskveiðasjóði Íslands var falið fyrir alllöngu að gera till. um ráðstöfun 50 millj. kr. samkv. d- lið laganna frá 1975, en samkv. þeim lið átti að verja nefndri upphæð „til að bæta eigendum fiskiskipa það tjón sem þeir verða fyrir er skip þeirra eru dæmd ónýt, enda sé tjónið ekki bætt með öðrum hætti."

Till. um úthlutun fjárins eru fyrir nokkru tilbúnar, en þær voru samdar af starfsmönnum Fiskveiðasjóðs í samvinnu við Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og sjútvrn. Afstaða til umræddra tillagna hefur verið tekin og auglýst eftir umsóknum.

Þess skal getið, að allar reglur og ákvarðanir um ráðstöfun gengishagnaðar voru lagðar fyrir ríkisstj. í hverju tilfelli og enn fremur höfð samvinna við formenn sjútvn. beggja deilda Alþingis.

Ég skal fúslega verða við þeirri beiðni að láta fjölrita þetta svar með viðbótarupplýsingum og dreifa meðal allra þm.

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans og einnig fyrir þær undirtektir að vilja dreifa til þm. þessu skriflega svari, sem er þannig að það er erfitt fyrir menn að átta sig á því nema þeir fái það beint í hendur.

En hæstv. ráðh. minntist ekki á það, hvort hann treysti sér til að verða við þeirri beiðni minni að gefa upp nöfn þeirra fyrirtækja og aðila sem hafa notið styrkja og lána samkv. þessum reglum. Ég tel að það sé sjálfsagt að verða við þessum tilmælum, og það er hliðstætt við það sem hefur verið gert áður. Í rauninni tel ég ekki frambærilegt, þegar ákveðið er samkv. tilteknum lögum að heimilt sé að veita einstökum aðilum styrki, að þá séu ekki veittar upplýsingar um hverjir það eru og hvað mikið hver og einn hefur fengið.

Varðandi greiðslur til þeirra útgerðaraðila sem skulduðu erlendis við gengisfellingarnar, þá er ekki bein þörf á því að mínum dómi að gefa sérstaklega upp nöfn þeirra, þó að það væri að sjálfsögðu auðvelt, vegna þess að þar eru fastar reglur sem farið er eftir og hliðstætt því sem áður hefur verið gert. Þar sem hins vegar var um að ræða að rn. var heimilað að veita sem bráðabirgalán til einstakra aðila tvisvar sinnum 400 millj. kr. og lán voru þar veitt ýmist af Fiskveiðasjóði, Byggðasjóði eða eftir reglum sem Seðlabankinn, Landsbankinn og Útvegsbankinn settu, mjög flóknum reglum, þá tel ég að það sé eðlilegt og réttmætt að birta nákvæmlega hvaða aðilar fengu þessi lán og hvað mikið hver og einn fékk.

Ég skal svo ekki ræða frekar um þessi mál hér, en vil vænta þess að hæstv. ráðh. verði við óskum mínum og dreifi hinu skriflega svari sínu til þm.

Tómas Árnason: Herra forseti. Það hefur komið fram í svari hæstv. sjútvrh., að Byggðasjóður tók á s. l. sumri lán hjá gengismunarsjóði og endurlánaði til aðila í sjávarútvegi. Ég vildi aðeins veita þær upplýsingar að Byggðasjóðurinn annaðist þessa fyrirgreiðslu þannig, að hann er ábyrgur. Þetta var gert á þann hátt, að lán til einstakra aðila voru ákveðin af viðskiptabönkunum, ekki af stjórn Byggðasjóðs, og afgr. til bankanna og síðan það til þeirra aðila sem hlut eiga að máli.

Þessi lán eru í eðli sínu allt annars eðlis heldur en Byggðasjóðslán, sem eru fjárfestingarlán, lán til viðbótar við lán úr öðrum fjárfestingarlánasjóðum. En þau lán, sem hér er um að ræða, eru raunverulega rekstrarlán sem lánuð eru til þess að breyta skuldum í lengri lán og auðvelda þannig rekstur viðkomandi fyrirtækja.

Ég vildi aðeins upplýsa þetta í tilefni af þeim umr. sem hér hafa farið fram.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég vil aðeins út af síðustu orðum hv. fyrirspyrjanda taka fram, að ég get ekki lofað því að gefa upp hvernig bankarnir hafa lánað þessar upphæðir eða til hvaða aðila. Það hef ég ekki í mínum höndum og hef ekki heyrt eða séð. Ég geri ráð fyrir að bankarnir verði erfiðir viðureignar að gefa upp hvernig þeir lána. Þeir hafa aðeins skuldbundið sig til þess að endurgreiða þetta fé á 2—3 árum, eftir því sem bætur til þeirra, sem keypt hafa erlend skip, falla, og byrja að greiða nú í vor. Framkvæmdastjóri Byggðasjóðs hefur lýst því yfir að bankarnir hafi haft með meginhluta úthlutunar á þessum 300 millj. kr. að gera, og því hygg ég að verði erfitt fyrir sjútvrn. að fá það upp hjá Byggðasjóði eða bönkunum. Það er eins með þessi lán og öll önnur, sem bankarnir taka að sér, að þeir hafa ekki og telja sig ekki hafa þær skyldur að veita um þau upplýsingar. Það hef ég orðið var við á ýmsum öðrum sviðum að hefur gengið erfiðlega, og ég hygg að fyrrv. bankamálaráðh. þekki þessa sögu mjög vel, að það verður erfitt verk. En bankarnir heyra ekki, eins og hann veit, undir sjútvrh., heldur undir viðskrh., og ég veit ekki hvort hann treystir sér að ná betri árangri til þess að birta hvernig bankarnir verja umræddu fé. Bankarnir eru í ábyrgð fyrir endurgreiðslu að hluta og Framkvæmdasjóður fyrir þeim hluta sem hann tók að láni. En eins og ég sagði hér margoft við umr. um þetta frv., þá ætlaði ég sem sjútvrh. aldrei að fara að deila einni krónu af þessari upphæð. Við það hef ég staðið og meira að segja ekki notað heimildina að öllu leyti, enda er það ekki fært, því að lán Fiskveiðasjóðs falla það ört að nú eftir nokkrar vikur er komin 84 millj. kr. skuld við Fiskveiðasjóð, svo að við höfum teflt á tæpasta vað með þessi lán til þess að greiða fyrir í sjávarútvegi almennt með þessum hætti.

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Það var aðeins örstutt athugasemd. Ég tel að hæstv. sjútvrh. geti ekki skotið sér undan því að gefa upplýsingar um það, sem hér er um beðið, vegna þess að bankarnir hafi haft með endanlegan frágang á þessum lánum að gera. Í lögunum segir skýrum stöfum: „Sjútvrn. er heimilt að ráðstafa allt að 400 millj. kr. af þessum fjárhæðum“ o. s. frv. Þetta er í hvorum tveggja lögunum, þetta var heimild veitt af rn., og rn. á að standa skil á því með hvaða hætti þessum fjármunum hefur verið ráðstafað. Ef menn gætu vikið sér undan þessu á þennan hátt, þá er í rauninni ekkert annað en að ríkið feli afgreiðsluna einhverjum aðila sem segist svo ekki gefa neinar upplýsingar. Auk þess er svo í lögunum að rn. geti veitt eigendum fiskiskipa bætur vegna tjóns upp á 50 millj. Þetta eru auðvitað fjárgreiðslur sem á að upplýsa um. Ég sem sagt vona að sjútvrh. sjái að honum ber skylda til þess að veita upplýsingar um þessi atriði.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Það er meira en guðvelkomið að veita hv. þm. upplýsingar um úthlutun á þessum 50 millj. þegar hún hefur farið fram. Fyrr er ekki hægt að veita honum upplýsingarnar.

En í sambandi við hitt málið, þá er alls ekki hægt fyrir sjútvrn. að gefa upplýsingar um hvernig bankarnir lána, því að ef við hefðum ekki notað þessa heimild, þá kom hún engum að gagni. Ég hefði aldrei notað hana upp á það að eiga að innheimta á tveimur árum þessa upphæð hjá útgerðarfyrirtækjum eða fyrirtækjum í sjúvarútvegi. Ég hefði alls ekki treyst mér til þess að hafa öryggi fyrir því að fá þessa peninga inn á þeim stutta tíma og þá hefði ekki verið staðið við þau lög sem Alþ. setti. Þá hefði verið hægt að segja eitthvað við mig. En ég get ekki gefið upplýsingar um það sem ég hef ekki í höndum. Þessar upplýsingar liggja fyrir, þessum peningum hefur verið ráðstafað með þessum hætti, þetta er aðeins fé sem hefur verið lánað í örstuttan tíma og á að fara í annað samkv. lögum. Þetta er gert með samþykki ríkisstj. að hafa þennan hátt á. Þetta vona ég að hv. fyrirspyrjandi skilji.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að hefja deilur hér um útjöfnun á gengismunarsjóði. En það kom auðvitað fram, þegar gengið var fellt, og hefur komið fram oft áður, að þegar er verið að færa svona gífurlega fjármuni til í þjóðfélaginu, þá ætti það að vera a. m. k. siðferðileg skylda gagnvart alþm. að dreifa upplýsingum um hvernig þeim hefur verið ráðstafað alveg út í æsar. Það er atriði sem ég legg áherslu á, þegar það er almannamál að sumir hafa fengið marga tugi milljóna í gegnum þessa „konverteringu", svo að nemur allt að 100 milljónum, að því er manni er sagt, og það getur ekki verið neitt einkamál fárra manna, hvort sem þeir eru bankastjórar, forstjórar eða forstöðumenn Byggðasjóðs, hvernig svona miklu fjármagni er ráðstafað. Það er siðferðileg skylda gagnvart Alþingi a. m. k. að gera grein fyrir ráðstöfun á gengismunarsjóðnum alveg út í æsar. Það ætti ekki að þurfa pex um það lengi hér á Alþ. Almennar þyrðar eru lagðar á almenning sem þessu nemur og við alþm. hljótum að eiga aðgang að því. Byggðasjóður hefur sýnt gott fordæmi jafnan, að hann birtir með sinni ársskýrslu grg. um öll veitt lán. Ég reikna með að ef hann hefur tekið þetta á sig núna, þá komi það einnig fram í tímans rás, en það er til fyrirmyndar. Ég legg áherslu á þessa siðferðilegu skyldu, sem alþm. eiga rétt á, að full grg. eigi að liggja fyrir um ráðstöfun á gengismunarsjóði, svo miklir fjármunir eru hér á hreyfingu.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Hv. 4. þm. Austurl. gerði grein fyrir tildrögum þess að Byggðasjóður hafði með höndum ráðstöfun á verulegum hluta þess fjármagns sem varið var til skuldbreytinga í sjávarútvegi. Það kom í ljós að sú skuldbreytinganefnd, sem bankar og Seðlabanki settu á stofn, setti sér það strangar reglur að einvörðungu eftir þeim aðferðum var skuldbreytt um 320 millj. kr., þar sem bankarnir sjálfir töldu sig ekki hafa tök á eða beinlínis leyfi til að veita það sem kalla mætti áhættulán. Því var það að tekin var ákvörðun um að Byggðasjóður skyldi hafa afgreiðslu þessara 300 millj. kr. með höndum. Hún fór þannig fram. Og það er sjálfsagt að menn fái upplýsingar um hvert eitt lán sem afgreitt var þaðan, að bankarnir, sem höfðu haft með höndum rannsókn á stöðu allra fyrirtækja, sem til greina komu í þessu sambandi, skiluðu inn listum til Byggðasjóðs með þeim fyrirtækjum og till. um hvað háa fjárhæð skyldi veita til hvers og eins. Þetta var síðan afgreitt af Byggðasjóði með þessum hætti, að allar fjárhæðirnar varðandi hvert og eitt fyrirtæki voru greiddar beint til viðkomandi viðskiptabanka, þ. e. a. s. Landsbanka og Útvegsbanka, sem alfarið hafa með rekstur sjávarútvegsfyrirtækja að gera, auk eins láns sem fór til Búnaðarbanka Íslands á Sauðárkróki. En það er alveg ljóst, að hver og einn getur fengið upplýsingar um nöfn allra þeirra fyrirtækja, svo og fjárhæðir, sem afgreidd voru með þessum hætti í Byggðasjóði.

Ráðgjafarþjónusta, fsp. (þskj. 51). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Vilborg Harðardóttir): Herra forseti. Fsp. mín er svo hljóðandi:

„1) Hvað líður framkvæmd I. kafla núgildandi fóstureyðingarlöggjafar um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir?

2) Hve víða er vísir að slíkri ráðgjöf nú?"

Fsp. er borin fram þar sem þess hefur ekki orðið vart að neinar ráðstafanir hafi verið gerðar af hálfu heilbrrn. til framkvæmdar þessa lagakafla, þar sem gert er ráð fyrir að veita aðstoð sem hér segir, með leyfi forseta:

„1) Fræðsla og ráðgjöf um notkun getnaðarvarna og útvegun þeirra.

2) Ráðgjöf fyrir fólk, sem íhugar að fara fram á fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð.

3) Kynlífsfræðsla og ráðgjöf og fræðsla um ábyrgð foreldrahlutverks.

4) Ráðgjöf og fræðsla varðandi þá aðstoð, sem konunni stendur til boða í sambandi við meðgöngu og barnsburð."

Þá á að veita fólki, sem íhugar fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð, ráðgjöf um læknishjálp, þungunarprófanir, ráðgjafar- og stuðningsviðtöl, félagslega aðstoð og aðstoð við umsókn og tilvísun til sjúkrahúss.

Enn fremur skulu viðurkenndar getnaðarvarnir fást hjá ráðgjafarþjónustunni. Ráðgjöfina skal veita á heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum. Hún á að vera í starfstengslum við mæðranefnd, kvensjúkdómadeild, geðvernd, fjölskylduráðgjöf og félagsráðgjafaþjónustu, og að henni skulu starfa læknar, félagsráðgjafar, ljósmæður, hjúkrunarfólk og kennarar, eftir því sem þörf krefur.

Ég hef ekki orðið þess vör að þess sjáist nein dæmi að unnið sé að framkvæmd þessara laga. En þótt rn. virðist ekki hafa unnið að því, tók Reykjavíkurborg í febrúar í fyrra upp slíka þjónustu í tilraunaskyni og var hún opin tvisvar í viku fram í júlí, síðan lokað vegna sumarleyfa og opnuð aftur í haust, en þá aðeins opið einu sinni í viku í sparnaðarskyni, enda þurfti þá að borga starfsfólki. Starfsfólkið tók hins vegar ekki laun fyrsta hálfa árið sem þjónustan fór fram í tilraunaskyni. Þarna vinna nú tvær hjúkrunarkonur, einn félagsfræðingur, tveir læknar, sem skiptast á, og ljósmóðir tvær stundir í viku.

Sú ráðgjöf, sem nú er veitt, nær enn ekki því sem gert er ráð fyrir í lögunum, en veitt eru ráð, eftir því sem hægt er, um t. d. allar tiltækar getnaðarvarnir og notkun þeirra. Hins vegar hefur veist erfiðara að hjálpa þessu fólki til að ráða fram úr því sem flokka má til kynlífsvandamála, og vantar tilfinnanlega menntað starfslið í þessa þjónustu. Hefur komið í ljós að æskilegt væri að koma á námskeiðum fyrir þá sem ætla að starfa við þessa ráðgjöf í heilsugæslustöðvunum framvegis, eins og reyndar er gert ráð fyrir í lögunum, en framkvæmdaraðilar þessara mála hafa sjálfsagt ekki hugsað um þá hlið málsins frekar en aðrar.

Ég vænti þess að fá skýr svör frá hæstv. ráðh.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þessi löggjöf var sett á síðasta Alþ., og um I. kafla þeirrar löggjafar, sem fjallar um ráðgjöf og færslu varðandi kynlíf og barneignir, verður að hafa náið samstarf á milli menntmrn. og heilbrrn. hvað þessu viðvíkur. Hér er um ákaflega vandasamt mál að ræða sem hvílir auðvitað fyrst og fremst á menntmrn. Er talið að það muni taka alllangan tíma þar til hægt verður að taka upp þá framkvæmd sem þessi kafli laganna gerir ráð fyrir. Ég held að það sé óhætt að segja, menntmrh. leiðréttir mig þá, að það verði ekki hægt að taka þennan kafla laganna til framkvæmda á þessu ári. Þetta er, eins og ég sagði, til athugunar og undirbúnings í menntmrn. og verður haft fullt samráð við heilbrrn. hvað þetta snertir.

Ég vænti að hv. fyrirspyrjandi hafi fengið svar við fsp. sinni, en meira er ekki hægt að svara eða lofa á þessari stundu.

Fyrirspyrjandi (Vilborg Harðardóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. svörin, en harma það jafnframt sem hann sagði, að ekki væri hægt að setja neina reglugerð eða framkvæma neitt í sambandi við þennan kafla á þessu ári. Ég vil hins vegar benda honum á, að það er ekki rétt hjá honum að það þurfi að vinna að framkvæmd í samráði við menntmrn. Það er aðeins um framkvæmd 7. gr. sem kveðið er á, með leyfi forseta, að „fræðsluyfirvöld skulu í samráði við skólayfirlækni veita fræðslu um kynlíf og siðfræði kynlífsins á skyldunámsstigi í skólum landsins. Einnig skal veita þessa fræðslu á öðrum námsstigum.“

Þarna er að vísu gert ráð fyrir að fræðsluyfirvöld geri þetta í samráði við skólayfirlækni. Hins vegar er sérstaklega tekið fram í upphafi kaflans um ráðgjöf og fræðslu að landlæknir hafi á höndum yfirumsjón með framkvæmd og uppbyggingu slíkrar ráðgjafar og fræðslu. Get ég því ómögulega séð annað en að þetta heyri beint undir heilbrrn. Mig langar að koma því hér á framfæri, sem starfsfólk ráðgjafarþjónustu þeirrar, sem nú starfar í Reykjavík, hefur tjáð mér, að *greinilega er mjög mikil* þörf á þessari þjónustu og þangað koma nú á deildina í hverri viku, þegar opið er, um það bil 20—25 manns að meðaltali. Er þarna mest um að ræða unglinga og ungar konur.

Jöfnun símgjalda, fsp. (þskj. 82). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Á þskj. 82 höfum við hv. þm. Jónas Árnason leyft okkur að bera fram fsp. til hæstv. samgrh. sem er svo hljóðandi:

„Hvað líður framkvæmd þál. um jöfnun símgjalda samkv. samþykkt Alþ. frá 28. mars 1974?“

Það er rétt að rifja upp tildrögin að þessari till. og hvernig till. sjálf hljóðaði. Þessi till. var flutt af svokallaðri byggðanefnd. Þar voru þingmenn allra flokka á ferð og till. var einróma samþykkt og viljayfirlýsingin alveg ótvíræð. En þál. hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að haga endurskoðun gjaldskrár Landssímans þannig, að sem fyrst verði náð sem mestum jöfnuði með landsmönnum í kostnaði við notkun símans og dreifbýli og höfuðborgarsvæðið beri hlutfallslega sömu *byrði hinna sameiginlegu heildarsímaútgjalda.* Sérstaklega ber að stefna að því að: 1) símgjöld innan eins svæðisnúmers eða landshluta verði hin sömu um land allt, 2) gjöld fyrir símtöl úr dreifbýli til höfuðborgarsvæðisins lækki verulega.“

Ég þykist vita að gamla viðkvæðið um slæman fjárhag muni koma hér inn í umr. eins og ævinlega. Það mun að einhverju leyti vera rétt og mætti þá um leið athuga hvort í einhverju væri þá ekki um ofþenslu að ræða einnig. Hitt er annað mál, að ég álít að jöfnun símgjaldanna almennt eigi ekki að koma inn í almenna fjárhagsmynd Landssímans sem slík nema að litlu leyti. Ég held að það sé rétt munað hjá mér, að ein gjaldskrárbreyting hafi nokkuð gengið í þessa átt, mjög óverulega að vísu, og ég held að stofnunin hafi staðið jafnrétt eftir sem áður. Við starfið í byggðanefnd fengum við að kynnast skýrslu þar sem aðstöðumunurinn endurspeglaðist í umframgjöldunum fyrst og fremst, og hann var hreint ótrúlegur. Ég man ekki hlutföllin nákvæmlega, en ætli fimmfallt gjald hafi ekki verið næst sanni?

Nýlega fengu þm. — það mun sennilega hafa verið fyrir áramót — ítarlegt yfirlit yfir þetta stórmál frá Fjórðungssambandi norðlendinga, þar sem segir m. a. orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Tífaldur munur á símaþjónustu“. Og þá er miðað við Akureyri sem er þó betur í sveit sett en t. d. útkjálkar Austurlands og Vestfjarða, en þar segir, að sé hringt frá Akureyri eða fjarlægari svæðum til Reykjavíkur, telur teljari sjálfvirku stöðvanna tífalt miðað við skref innansvæðis í Reykjavík. Það er hægt að hringja í 10 númer í Reykjavík fyrir eina mínútu eða 10 skref frá Akureyri. Og sé tekið dæmi af fyrirtæki á Akureyri, sem mundi hringja 5 símtöl á dag til Reykjavíkur, miðað við 3 mínútur hvert, þarf að greiða fyrir það 274 þús. kr. á ári. Ef sama fyrirtæki er í Reykjavík og hringir sama símtalafjölda innansvæðis, er kostnaður 9—10 þús. kr. Fyrir sömu gjaldtöku má hringja 150 umframsímtöl á dag innan Reykjavíkur.

Ég skal ekki fara nánar út í þessa samþykkt Fjórðungssambands norðlendinga. En við vitum að miðstöð ríkisvalds og miðstöð ýmissar opinberrar þjónustu er hér í Reykjavík, og íbúar landsins alls þurfa á þessari þjónustu að halda og notkun símans í því efni fer mjög í vöxt. Því er eðlilegt að þetta mál sé brýnt og brenni á íbúum landsbyggðarinnar almennt.

Ég held að framkvæmd till. sé jafnbrýn í dag og við samþykkt hennar, og því er von að spurt sé hvernig mál standi nú, hvar framkvæmdum í þessa átt sé komið og í raun og veru hvort eitthvað miði í jafnaðarátt.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 82 er fsp. frá hv. þm. Helga F. Seljan og Jónasi Árnasyni sem ég ætla að leyfa mér að svara og upplýsa að því leyti sem fyrir liggur þar um.

Hv. fyrirspyrjandi gerði hér grein fyrir fsp. svo að ég þarf ekki að endurtaka það, eins og ég hafði þó gert ráð fyrir. Þess vegna snýr ég mér að svarinu og það verður á þessa leið:

Símgjöld eru í eðli sínu með tvennum hætti: innanstaðarsímgjöld, sem reiknast eitt teljaraskref fyrir hvert samtal, venjulega óháð tímalengd, og langlínusímgjöld milli símstöðva, þar sem gjaldið fer bæði eftir tíma og vegalengd. Síðari ár hefur verið stefnt að því í áföngum að jafna gjaldbyrðina milli gjaldenda innan staða og langlínustöðva. Hefur það verið gert með því að lengja teljaraskrefið úti um land, en fækka þeim skrefum sem eru innifalin í afnotagjaldi á höfuðborgarsvæðinu. Þetta verður þó ekki gert nema í sambandi við breytingar á gjaldskrá, og eðlilegast er um slíka tilfærslu á kostnaði að koma henni á í áföngum og hlýtur hún því að taka nokkurn tíma. Það er byggt á þeirri meginstefnu við setningu gjaldskrár Pósts og síma að tekjur standi undir rekstrar- og fjárfestingarkostnaði. Verður að gæta þess, ef dregið er úr gjöldum á einum stað, að á móti komi samsvarandi tekjuauki annars staðar.

Síðustu árin hefur verið reynt, er gjaldskrá hefur verið breytt, að færa gjaldskrárbyrðina í vaxandi mæli til, þannig að höfuðborgarsvæðið beri meira en áður af hinum sameiginlega heildarsímnotakostnaði. Við gjaldskrárbreytingar undanfarandi ár hefur skrefafjöldi sá, sem hvert númer á höfuðborgarsvæðinu getur notað án greiðslu, verið lækkaður úr 5.25 í 4 og loks í 3 í ár. Í sömu breytingum er gert verulegt átak, þótt ekki sé þar um neitt lokamark að ræða, í lengingu teljaraskrefa í dreifbýli. Voru t. d. á áföngum milli endastöðva og hnútastöðva, sem eru eins konar krossgötur á símaleiðum, mjög víða lengd skref úr 12 í 24 og jafngildir 50% hækkun. Milli hnútastöðva jafngildir lækkunin yfirleitt 20—30%. Með þessari breytingu í ársbyrjun 1975 voru færðar til um 70 millj. kr. af símgjaldabyrðinni af notendum í dreifbýli á notendur á höfuðborgarsvæðinu.

Það má einnig minna á næturtaxtana á langlínuvali, sem komið var á 1972. Var það hálfur dagtaxti frá klukkan 8 að kvöldi til klukkan 8 að morgni og frá klukkan 3 síðdegis á laugardögum til klukkan 8 að morgni á mánudögum. Athuganir Landssímans sýna að símanotendur hagnýta sér þessa ódýru þjónustu í mjög ríkum mæli.

Niðurstaðan er því sú, að nokkuð hefur þegar verið gert. Rétt er að halda áfram á sömu braut og stefna að því að sama verð komist á innan allra símasvæða eftir því sem tæknilega er framkvæmanlegt. Jafnframt er stefnt að því að koma upp tæknibúnaði þannig að símtöl, sem nú reiknast eitt tímabil eða teljaraskref óháð tímalengd, verði merkt með margfeldni á hæfilega löngum viðtalsbilum. Slíkur tækniútbúnaður er til, en kostar verulegt fé og sérfræðingar símans telja að það taki ein tvö ár að koma honum á hér í Reykjavík.

Þetta, sem ég hef rakið, er í samræmi við 1. tölulið þál. sem fsp. fjallar um.

2. töluliður þál. stefnir að því að ná fullum jöfnuði, þannig að jafndýrt verði fyrir fólk í dreifbýli og á höfuðborgarsvæðinu að tala við stjórnar- og þjónustustöðvar í Reykjavík. Það krefst mikillar og dýrrar fjárfestingar í langlínusamböndum, og var á það bent af fyrsta flm. og frsm. þáltill., að þótt slíkt væri markmið, sem stefna bæri að, væri naumast raunhæft að gera ráð fyrir því að unnt væri að stiga það skref að fullu, að jöfnuður næðist, án mikils undirbúnings.

Við þetta vil ég bæta því, að raunverulega hefur ekki átt sér stað nema ein gjaldskrárbreyting síðan ég varð ráðh. þessara mála. Þá var tekinn upp sá jöfnuður sem ég greindi frá áðan. Reyndar var byrjað á því áður, en þá í smærra mæli. En í sambandi við það mál vil ég vekja athygli á því, að í framkvæmdinni kom fram eitt atriði, að í vísitöluútreikningi, sem þá var í gildi, giltu aðeins taxtar á símtölum hér í Reykjavík, en ekki annars staðar á landinu, svo að hækkun þeirra var tekin inn í kaupgjaldsvísitöluna eftir þessa breytingu, en ekki var gert ráð fyrir því af okkar hálfu þegar að þessu var stefnt. Hins vegar vil ég segja það, eins og hefur verið upplýst, að nú er unnið að tæknilegri hlið þessa máls og í næstu gjaldskrárbreytingu verður haldið áfram á sömu braut. Ég vil hins vegar marka þá stefnu, sem ég mun fylgja í þessu efni, og þá er það fyrst að gera jöfnuð innan svæðanna, sem ég tel mikils virði og verulega var gert að síðast, þó að betur megi ef duga skal, í öðru lagi jöfnuð á milli svæðanna, en það verður að hafa í huga að þetta verður að gerast í sambandi við gjaldskrárbreytingu, vegna þess að það er ekki hægt að komast fram hjá því að Póstur og sími hafa ekki aðrar tekjur en þær sem þeir afla. Er það eina ríkisstofnunin sem er látin greiða af sínum framkvæmdum og öðru líku tolla og skatta til ríkissjóðs, alveg eins og um einkafyrirtæki væri að ræða. Ég er ekki heldur sammála því, að það eigi að hætta framkvæmdum í símamálum og þeir að sitja á hakanum sem ekki njóta nú sjálfvirkra stöðva eða búa við mjög slæm skilyrði vegna þess að línurnar eru orðnar gamlar og slitnar. Þess vegna verður þetta að fara saman, fjárhagur þessarar stofnunar og sú stefnumörkun sem ég hef hér lýst og hef unnið að, að því litla leyti sem ég hef komið fram breytingum á gjaldskrá Landssímans.

Þetta vona ég að nægi hv. fyrirspyrjanda.

Páll Pétursson: *Herra forseti. Ég vil þakka* fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þessu máli, hæstv. samgrh. fyrir svar hans. En þrátt fyrir það að þeir eigi þar báðir góðan hlut að máli, þá held ég að fari ekkert á milli mála að það þurfi að vinna að þessu áfram með talsvert miklum þrótti. Ég held að það kerfi, sem við búum við núna, þurfi breytinga við og það róttækra grundvallarbreytinga. Þetta kerfi hefur í för með sér óverjandi aðstöðumun fyrir landsbyggðina og þéttbýlisstaði hér á Faxaflóasvæðinu.

Það er ákaflega gamaldags aðferð að miða gjaldskrá að verulegu leyti við vegalengd. Það var eðlilegt að það væri stefnan 1906. En síðan er mikið vatn til sjávar runnið og búnaður símans allur orðinn með allt öðrum hætti. Nú er ekki handvirk afgreiðsla milli einstakra stöðva

nema í litlum mæli. Nú er fjarskiptabúnaður orðinn mikilvægur þáttur í símasamskiptunum, gerð símastrengja í jörðu er orðin með mjög fullkomnum hætti þannig að rásum hefur fjölgað. Skrefatalningin er gölluð, og jafnvel þó að unnið sé að því að hafa þau mislöng milli einstakra staða og ofurlitill jöfnuður náist með því og það sé þakkarvert í sjálfu sér, þá er það engan veginn nægilegt til úrbóta. Það eru tæknilegir örðugleikar á þessum úrbótum, mér er það fullkomlega ljóst, en það verður að leita leiða til þess að sigrast á þeim.

Það er enn fremur ástæða til þess að vekja athygli á misræmi sem er á milli staða, milli notenda innan sama verslunarsvæðis t. d. Þetta er miðað við einhvern vissan radíus, vissa línulengd frá símastöð, og það vekur óánægju og erfiðleika En ég hygg að hundurinn í þessu öllu saman liggi nú grafinn í því, að Reykjavíkursíminn er í visitölunni, en ekki síminn út á landi, og landsbyggðin er þannig með óbeinum hætti að greiða niður símaþjónustu fyrir Reykjavík.

Ég get ekki farið héðan úr ræðustólnum öðruvísi en að nota þetta tækifæri til þess að vekja athygli á sérstaklega afleitri símaþjónustu sem við verðum að búa við sem erum ekki komnir enn þá inn á þetta sjálfvirka kerfi, og það eru býsna mörg byggðarlög þó að stöðugt sé unnið að málinu. Þessi byggðarlög búa við afar mikið öryggisleysi. Þar þarf að auka stórlega næturvörslu og leita bráðabirgðaúrræða. Minn sími t. d. er lokaður frá klukkan 3 á sunnudag til klukkan 9 á mánudegi. Og ég má ekki láta brenna hjá mér og ég má ekki verða lasinn á þessum tíma.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. samgrh. svörin og sömuleiðis það hvað áunnist hefur þó, að því er hann upplýsti áðan, með gjaldskrárbreytingunni í ársbyrjun 1975. Ég vissi af þeirri breytingu. Miðað við það, sem ég upplýsti áðan frá norðlendingum, þá sýnir þetta aðeins hve hróplegt þetta hefur verið áður, fyrst ástandið er svona enn í dag þrátt fyrir þá leiðréttingu sem á þessu fékkst og ber vitanlega að meta og þakka.

Það er auðvitað margt fleira sem kemur hér inn í þessu sambandi og hv. síðasti ræðumaður minnti réttilega á. Þjónustan í sveitunum er auðvitað fyrir neðan allar hellur enn þá víðast hvar eða nær alls staðar, og það er margt fleira sem kemur hér inn í. Sambandið við Reykjavík, þegar loksins er búið að ná til Reykjavíkur, er oft hraklegt svo að ekki sé meira sagt, fyrir utan það hvað langan tíma tekur oft að ná á þetta miðstöðvarsvæði. Það getur oft þurft í raun og veru mann til þess að standa vakt við símann tímunum saman hjá einstöku fyrirtæki, svo að dæmi sé tekið, til þess að ná hingað suður. Maður er hreinlega bundinn í því. Ég fagna því ef hæstv. ráðh. ætlar að halda áfram á sömu braut og hann hóf átak í ársbyrjun 1975. Það væri mjög æskilegt, svo að ekki sé meira sagt.

Við fyrirspyrjendur leggjum á það aðaláherslu, að þetta er sú tegund þjónustu í þágu mannlegra samskipta sem fólk getur nú orðið síst án verið og þar sem mestur jöfnuður á í raun og veru að ríkja. Ég vil benda á það, að till. okkar, ef hún væri framkvæmd nokkurn veginn undanbragðalaust, var alls ekki um fullkominn jöfnuð. Við tókum tillit til margumræddra erfiðra aðstæðna, aukins álags, sem okkur var bent á að línulagnir í dag þyldu ekki. Okkur var bent á það t. d. af ágætum sérfræðingum að menn yrðu svo gráðugir í að hringja, ef það kostaði lítið úti á landsbyggðinni, að allar línur mundu bresta. Við lítum á erfiðan fjárhag, sem virðist jafnvel enn erfiðari nú en þá eftir upplýsingum frá póst- og símamálastjóra a. m. k. Tæknivandinn í þessu var sem sagt hugleiddur og við fórum aðeins fram á áfangalagfæringu í átt til jafnaðar. Því verð ég nú að segja, að ég held að við allir nm. höfum reiknað með því að þarna yrði meira aðhafst en þó hefur verið gert.

Ég veit fullvel að stofnunin sem slík er ekki sérstaklega hrifin af þessum jöfnuði í sjálfu sér, og ég hef heyrt það frá þeim ágætu mönnum að hér eigi að ríkja sama lögmál og um annað sem er dýrara úti á landsbyggðinni. Ég veit hins vegar eða þykist vita, og á þar sérstaklega við orð hæstv. ráðh. áðan, að hann er ekki á þessari skoðun forstöðumanna þessarar stofnunar. Ég vil því ítreka óskir mínar til hans, að hann geri hér á verulega bragarbót og það verði ekki látið við það eitt sitja, þá breytingu sem var gerð í ársbyrjun 1975, heldur verði nú aðhafst sem fyrst eitthvað í þá átt að þál. sjálf verði nokkurn veginn fullefnd.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Um leið og ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þær upplýsingar, sem hann veitti hér, og fyrir þann áfanga, sem náðst hefur, vil ég þó jafnframt taka undir þau orð hans, að betur má ef duga skal. Það er rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að í framsöguræðu, sem ég flutti fyrir þeirri þáltill. sem flutt var á vegum milliþn. um byggðamál og nefnd hefur verið í þessu sambandi, gerði ég grein fyrir því, sem n. sá, eftir að hafa kynnt sér þessi mál mjög vel, að um töluverðan stofnkostnað er að ræða til að jafna símgjöld að því leyti sem 2. liður þál. gerir ráð fyrir.

Nú eru hins vegar liðin u. þ. b. tvö ár frá því að þessi till. var samþ., og því get ég ekki annað en tekið jafnframt undir það með hv. fyrirspyrjanda, að gjarnan mætti koma nokkru meiri hraði á þetta mál. Í því sambandi hef ég einnig tilhneigingu til að taka undir það, sem kom fram hjá honum, að nokkur tregða mun e. t. v. ríkja í kerfinu í þessu sambandi. Ég stóð því upp til þess að spyrja hæstv. ráðh. hvort hann geti nokkuð sagt okkur um það sem fram mun hafa komið á fundi samtaka fjórðungssambandanna fyrir nokkru, þar sem lagt var til að sett yrði á fót n. með þátttöku þeirra til þess að skoða á hvern máta þessum málum mætti hraða. Ég vil taka fram fyrir mitt leyti, að það gæti verið eðlileg og æskileg skoðun á þessu máli.

Ég vil svo ljúka máli mínu með því að taka undir það, sem einnig hefur komið hér fram, að fleira þarf að sjálfsögðu að bæta heldur en að jafna þessi — sem ég vil kalla — sjálfsögðu mannréttindi allra íslendinga, að geta með sviptuðum kostnaði leitað til þess miðstjórnarvalds sem situr hér í Reykjavík.

Þá þarf einnig að athuga gæði símaþjónustunnar. Það veldur mér sannarlega orðið áhyggjum hve það verður stöðugt erfiðara að ná til dreifbýlisins og lakara samband. Símasambandið slitnar í tíma og ótíma og fylgir því óhemjumikill aukakostnaður og tímasóun.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég þarf að vísu ekki miklu að bæta við það sem ég sagði áðan, þar sem þeir hv. alþm., sem hér hafa talað, hafa í raun og veru staðfest það sem ég hef sagt, að það sé margþætt verkefni sem við þurfum að vinna í þessu. Við þurfum að tryggja betur það sjálfvirka kerfi, sem komið er, til þess að ná á milli staða. Við þurfum að dreifa því meira en orðið er. Mikið af gömlu línunum er orðið þannig, að það er orðinn hinn mesti vandi að nota þær og óöryggi afar mikið. Hitt vil ég svo endurtaka og vekja athygli á, að það er ekki fyrirstaðan við að breyta þessu sem gerir að verkum að seint gengur, heldur fjármagnið sem þarf til þess.

Eins og ég tók fram áðan hefur raunverulega ekki orðið nema ein breyting á gjaldskrá síðan ég kom í þetta starf, því að sú litla breyting, sem fékkst í sumar, var langt fyrir neðan það sem beinar launahækkanir voru við stofnunina, og ekkert að öðru leyti.

Þessi stofnun hefur byggt sitt kerfi upp sjálf og gerir enn. Hún hefur hins vegar fengið miklu minni hækkanir á sínum þjónustugjöldum en gerst hefur bæði um aðrar stofnanir og kaupgjaldstaxtar hafa hækkað á svipuðum tíma. Þetta held ég að ég hafi upplýst hér í fyrravetur, miðað þá við 1960, en ég gæti að sjálfsögðu látið hv. þm. þetta í té.

Ég vil svo bara endurtaka það, að ég tel brýna nauðsyn að halda áfram á þessari braut við að jafna þessi gjöld og halda áfram með uppbyggingu sjálfvirka kerfisins úti um landið. Hinu verða hv. þm. sem aðrir að gera sér grein fyrir, að þetta þýðir hærri meðalgjöld hjá okkur íslendingum og hærri meðaltaxta á iðgjöldum, eins og t. d. á sér stað í Noregi sem er kominn einna lengst í þessa átt. En þar eru líka taxtar langtum hærri en hér gerist. Þetta fer saman.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég hafði vonast til þess að geta komist hjá því að taka til máls í þessu máli, gerði ekki ráð fyrir að umræðan gæfi tilefni til þess. En eins og hæstv. ráðh. upplýsti hafa teljaraskref úti á landi aukist úr 12 og upp í 24, orðið um 50% lækkun, hann orðaði það þannig sjálfur og taldi sjálfsagt að höfuðborgarsvæðið bæri meira og meira af heildarkostnaðinum. Ég tel þetta mjög hættulega stefnu sem ráðh. þarna mótar — mótar þó ekki, því að þessi stefna hefur, að mér skilst, verið ríkjandi hér í sölum Alþ., enda held ég að útilokað sé að koma í veg fyrir hvaða till. til hagsbóta fyrir landsbyggðina sem er og kæmi hér fram, þrátt fyrir aðvaranir þm. þéttbýliskjarnans hér á höfuðborgarsvæðinu.

Það er tvímælalaust eitthvað að í opinberum rekstri þegar þjónustugjöld eru orðin almennt það þungbær fyrir landsbyggðina eða landsmenn alla, að það er þeim um megn að standa undir þeim. Og ég vil vara við því, að áfram sé fundin lausn á sama hátt hvað eftir annað, að auka gjöld á reykvíkingum og á þéttbýliskjarnanum hér á Suðurlandsundirlendinu. Hljóta allir að sjá það, að greiðslugetu og þolinmæði þess fólks, sem býr hér, eru takmörk sett. Það held ég hljóti að vera. Það er á nákvæmlega sama hátt og það virtist hafa verið í tísku um tíma, þangað til á það var bent, að hafa þá stefnu í vegagerð og fleira að gefa út síendurtekið ný og ný skuldabréf sem borgast svo með margföldu verði 10—12 árum seinna og koma ríkissjóði hreinlega á hausinn. Við erum ekki nokkrir menn til að standa undir þeim greiðslum sem við tókum á okkur þegar við gáfum út þau bréf.

Ég bið afsökunar, herra forseti. Ég skal stytta mál mitt og hætta við að tala um það sem ég er með hér skrifað. Tími minn er útrunninn. En ég vil vara við þessari stefnu, sem virðist vera uppi hjá landsbyggðarþm., að jafna kostnað með því að auka álögur á dreifbýliskjarnann hérna. Það er röng stefna. Það verður að finna eitthvað annað. Við lögðum niður viðtækjaverslunina þegar þjónustan var orðin of dýr. Er ekki kominn tími til að gera það sama í sambandi við þjónustu við síma? Einstaklingar geta ráðið við viðgerðir á þeim eins og öðrum rafmagnstækjum.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki fara að þreyta neinar kappræður hér um. En ég veit að hv. 12. þm. Reykv. er svo vel að sér í viðskiptum að hann áttar sig vel á því, að það er ekki hægt annað, ef á að rétta einum, þá er það að taka það af öðrum, og þá kemur alltaf spurningin um matið á því hversu réttmætt það er. Að minni hyggju er það ekki réttmætt að ég geti talað svo og svo oft í síma hér við hann t. d. eða einhvern annan ágætan mann án þess að þar komi nein teljaraskref til, en ef ég aftur fer upp í Borgarnes og tala þar við nágranna minn, þá komi þessi teljaraskref eða annað því um líkt. Þetta held ég að við munum verða sammála um þegar við erum búnir að gera okkur grein fyrir þessu. Það er í raun og veru þetta sem um er að ræða. Hitt er svo ekki nema eðlilegt, að þjónusta eins og þarna er látin í té kostar sitt, og báðir munum við líka vera sammála um það, að slíkar stofnanir verða að bera sig.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Hér er til umr. aðeins eitt af þeim mörgu stóru og erfiðu málum sem þjakað hafa og íþyngt landsbyggðarfólki um áraraðir. Ég vil strax taka það fram, að ég þakka hæstv. samgrh. fyrir þá örlitlu breyt. í réttari átt sem gerð var á árinu 1975. Það var vissulega í rétta átt þó að lítið væri, en í engu samræmi við það sem upphafleg þáltill., sem hér var samþ. 1974, gerði ráð fyrir og allir voru sammála um. Ég vil því taka sérstaklega undir það, sem hér hefur komið fram hjá þeim ræðumönnum, sem hafa ítrekað það við hæstv. ráðh. og ríkisstj. í heild að þáltill. verði framfylgt í því formi sem hún var samþ. og til var ætlast.

Það hefur margoft verið bent á það og ekki bara í þessu sambandi, að það fólk, sem býr úti

á landi í hinum dreifðu byggðum, þarf á ótalmörgum sviðum að borga miklu, miklu meira í ýmissi þjónustu og kostnaði heldur en hér á þéttbýlissvæðinu. Þetta er öllum ljóst og á þessu þarf að verða breyting. Ég er þeirrar skoðunar að í og með og kannske fyrst og fremst sé sú tregða, sem hefur verið á að gera leiðréttingu, sé tregða í kerfinu sjálfu sem þurfi að uppræta. (Gripið fram í). Ég held, ráðh., að hún sé ekki bara fjármálalegs eðlis. Ég þykist vita það af reynslu í viðtali við forsvarsmenn þessarar stofnunar og ýmissa aðra, að það er tregða í kerfinu sem þarf að koma í veg fyrir að haldi áfram eins og verið hefur.

Ég vil aðeins að lokum, herra forseti, vekja athygli dreifbýlisþm. hér á hv. Alþ. á þeim ummælum hv. 12 þm. Reykv. sem hann hafði hér áðan: Þetta er mjög hættuleg stefna, að jafna aðstöðumun með þessum hætti. Það er mjög hættuleg stefna að leiðrétta það herfilega ranglæti sem dreifbýlisfólk úti á landi hefur verið beitt á undanförnum árum og áratugum í þessu svo og mörgu öðru. Það er hættulegt að gera það á þann hátt að þéttbýlissvæðin þurfi að taka á sig einhverja ofurlítið aukna byrði frá því sem þau hafa haft og er hún þó ekki mikil. — Þessu ættu þm. dreifbýliskjördæma að velta fyrir sér, hvaða stefna kemur til með að ráða og ríkja ef þessi sjónarmið verða ofan á í stjórn landsins.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Það hefur nú ýmislegt verið sagt um þessa fsp. sem í rauninni leiðir í ljós, eins og alltaf þegar á góma ber aðstöðumun dreifbýlis og þéttbýlissvæðisins hér syðra, að hér er augljóslega þörf jöfnunaraðgerða. Ég get tekið undir það með samþm. mínum Karvel Pálmasyni, að viðhorf hv. 12. þm. Reykv. er sennilega í okkar augum jafnhættulegt og hann taldi hættulegt okkar viðhorf, að hér væri jöfnunar þörf. Mér fannst mjög athyglisvert dæmi sem hv. þm. Páll Pétursson tók, þar sem hann staðhæfði að hann mætti hreinlega ekki láta brenna hjá sér eða verða veikur á vissum tímum sólahringsins þegar allar bjargir væru bannaðar um að komast í símasamband. Þetta segir stóra sögu þótt stutt væri frá greint. Það er þetta öryggisleysi og sambandsleysi dreifðra byggða, sem ekki njóta fullnægjandi símaþjónustu, sem er mjög hættulegt atriði og ekki viðunandi fyrir fólk úti á landsbyggðinni.

Ég tek undir það með hæstv. samgrh., að þetta er auðvitað fyrst og fremst fjárhagsatriði. En það mun ekki einungis vera fjárhagsatriði. Það er um leið tregða og skilningsleysi í kerfinu á þeim þörfum sem þarna er um að ræða fyrir dreifbýlisfólkið, og ég hefði nú haldið að hv. 12. þm. Reykv. sem athafnamaður í viðskiptalífinu ætti að geta tekið til greina tölur sem ég get ekki borið brigður á og komu fram í framsögu fyrirspyrjanda um að maður á Akureyri, sem þarf að hafa samband við fyrirtæki í Reykjavík svo og svo oft — ég man nú ekki hve oft það var, hann þurfti á ári að borga 274 þús. kr. fyrir þjónustuna á meðan maður í Rvík þurfti að borga 10 þús. fyrir sömu þjónustu.

Ég vil aðeins segja það, úr því að minn tími er búinn, að sé þolinmæði þéttbýlisbúa og reykvíkinga hér á þrotum í þessum efnum, þá sé ég ekki annað ráð vænna fyrir þá en að flytjast út á landsbyggðina og sjá til hvað það er miklu betra og ódýrara og hagkvæmara á allan hátt að búa þar.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Öðruvísi mér áður brá þegar ég þurfti að hlusta á hv. þm. Sigurlaugu Bjarnadóttur í borgarstjórn. Ég veit ekki til að hún hafi flutt út á landsbyggðina þó að hún hafi sótt þangað stuðning til að sitja hér á Alþ. í staðinn fyrir borgarstjórn, og ég ætla ekki að fara karpa neitt um það. Hitt er annað mál, að ég vil ítreka, að það er hættuleg stefna sem hér á sér stað, og ég vil ítreka það líka, að það þarf að finna aðrar leiðir en að höggva alltaf í sama knérunninn og bæta kostnaði við reykvíkinga og þéttbýlissvæðin hér. Það er tvímælalaust skortur á hugmyndaflugi hjá utanbæjarþm. almennt að koma aldrei með aðrar hugmyndir en þessa einu þegar þarf að jafna gjöldum úti á landi og svo aftur við þá sem búa á þéttbýliskjarnanum hér. Komið með nýjar hugmyndir, og ég er ekki í nokkrum vafa um að bæði ég og aðrir þm. þess þéttbýliskjarna, sem hér er, munu standa að þeim með ykkur. En við verðum líka að standa vörð um hagsmuni okkar umbjóðenda hér á Suðurlandsundirlendinu.

Ég skal ekki segja um það hvort það eru meiri hættur við að búa úti á landi heldur en að búa í borg. Það skal ég ekki segja um. Það eru aðrar hættur. Það er öðruvísi líf. Og ég byggi úti á landi ef ég ætlaði mér að gera það. Það er hverjum frjálst að búa þar sem hann vill. En það bara liggur ekki fyrir mér að búa annars staðar en þar sem athafnir og líf og læti eru, að segja má. Það er minn „karakter". En það segir sig sjálft, að ef borgað er 10 sinnum meira gjald fyrir símaþjónustu þegar akureyringar hringja til Reykjavíkur heldur en þegar reykvíkingar hringja til Akureyrar, þá er sjálfsagt að finna einhverja leið til að bæta úr því og þá skal ég gefa samþm. mínum kennslustund í viðskiptum.

Ingi Tryggvason: Herra forseti. Það er kannske ekki ástæða til að lengja þessar umræður mikið, en það voru einmitt síðustu orð hv. 12. þm. Reykv. sem ýtti við mér, þau að hann væri tilbúinn að hlusta á það að gera breytingu á þessu ef það væri dýrara fyrir reykvíkinga að hringja norður á Akureyri heldur en akureyringa að hingja hingað suður. Það er alls ekki um þetta sem spurningin er. Aðalspurningin er einfaldlega sú, að við höfum stofnað höfuðborg í þessu landi og hún er hér í Reykjavík. Þangað þurfum við að sækja fjölmarga þjónustu og aðstaða fólksins sem býr í landinu, okkar allra sem erum íslendingar, til þess að njóta þessarar þjónustu á að vera sem allra jöfnust.

Ég álít það ákaflega óheppilegt að vera mjög viðkvæmur fyrir þeim ábendingum um lífskjarajöfnun sem jafnan koma utan af landsbyggðinni. Það er ákaflega varhugavert fyrir Reykjavík að

andmæla þeim óskum. Við þurfum örugglega að minnast þess hér í þessu landi, að við erum ein þjóð í einu landi sem þarf sjálfrar sín vegna að koma sér saman um sem sambærilegust kjör án tillits til búsetu. Það mun síður í reynd vera hagsmunamál höfuðborgarinnar að slíkt jafnræði fáist og að sem best samstaða og samvinna takist milli höfuðborgarbúa annars vegar og íbúa landsbyggðarinnar hins vegar.

Til viðbótar vil ég aðeins nefna þetta: Hvaða önnur leið er til, ef á að jafna kjör, heldur en sú að taka af þeim, sem betur býr, og rétta hinum, sem lakari aðstöðu hefur? Er einhver önnur leið til? Eru einhverjar aðrar leiðir til jöfnunar heldur en þessar innan okkar þjóðfélags? Ekki sækjum við peninga til útlanda til þess að jafna þetta eða á aðrar vígstöðvar. Ég vil auglýsa eftir fleiri leiðum. Það getur vel verið að það sé mikill hugmyndaskortur að finna þær ekki. En ég sé í fljótu bragði ekki aðrar leiðir en þessa. Ef við ætlum að jafna, þá verðum við að flytja á milli.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Vel má það vera að hugarfarsbreyting hafi átt sér stað hjá hv. 9. landsk. þm. frá því sem var þegar hún var hér í borgarstjórn Reykjavíkur. En ég fagna því þó, að hugarfarsbreytingin hefur orðið á þann veg sem mér virtist koma fram áðan. Sama verður ekki sagt um hv. 12. þm. Reykv. Hann er við sama heygarðshornið enn og ætlar sér að vera þar áfram greinilega.

Nýjar hugmyndir, sagði hann við okkur. Vissulega eru til nýjar hugmyndir. Það væri hugsanlegt að fara sömu leið og var gert með t. d. með olíustyrkinn, láta okkur dreifbýlisbúa borga fyrst í sameiginlegan sjóð, svo fáum við einhvern örlítinn hluta af því til baka aftur. Þetta er ekki sú leið sem við viljum. Við viljum láta reykvíkinga ásamt öðrum þéttbýlisbúum borga eitthvað til jafns við okkur, sem við erum búin að borga um áratugi. Það er auðvitað hægt að taka upp nýjan skatt, leggja hann á alla landsmenn, sem við borgum svo og svo stóran hluta af og fáum svo eitthvað lítið brot til baka. Það er ekki þetta sem við erum að biðja um. Við erum að biðja um að jafnaður verði sá mikli aðstöðumunur sem er í því fólginn í þessu tilviki og ótalmörgum öðrum að búa úti á landi miðað við þá sem búa hér í Reykjavík. Ef þetta er ekki réttlætissjónarmið, þá veit ég ekki hvað er réttlæti í þessu landi.

Ég skal ekki hafa þessi orð öllu fleiri, herra forseti. Þetta er allt í tímaþröng komið. En ég fagna því sérstaklega að hv. 9. landsk. þm. hefur tekið hugarfarsbreytingum frá því að vera í borgarstjórn í Reykjavík. Það er þakkarvert.

Sameinað þing, 50. fundur.

Þriðjudaginn 10. febr., að loknum 49. fundi.

Forseti tók öll dagskrármálin af dagskrá.

Neðri deild, 52. fundur.

Þriðjudaginn 10. febr., kl. 3.30 síðdegis.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 310). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Eins og kunnugt er óskuðu samninganefndir Sjómannasambands Íslands og Landssambands ísl. útvegsmanna eftir því í mars s. l., að ríkisstj. skipaði n. undir forustu Þjóðhagsstofnunarinnar til að endurskoða gildandi lög og reglur um sjóði sjávarútvegsins, auk þess sem samhengi milli sjóðanna og skiptaverð sjávarafla og þar með aflahluta áhafna yrði tekið til rækilegrar endurskoðunar. Ríkisstj. fagnaði þessum tilmælum, og skipaði ég s. l. vor menn í umrædda nefnd samkv. tilnefningum Landssambands ísl. útvegsmanna, Sjómannasambands Íslands, Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Alþýðusambands Austfjarða og Alþýðusambands Vestfjarða, en hagrannsóknastjóri var skipaður formaður nefndarinnar.

Hlutverk n., auk fyrrgreinds verkefnis, var að gera grein fyrir hugsanlegum samræmdum breytingum á starfsemi sjóðanna og gildandi hlutaskiptareglum. N. hefur lokið störfum og sent frá sér ítarlega skýrslu ásamt viðaukum og er þar gerð grein fyrir margvíslegum athugunum sem Þjóðhagsstofnun hefur unnið fyrir n. Vil ég þakka öllum þeim, sem hlut eiga í hinu mikla starfi sem liggur að baki skýrslunnar, og þá alveg sérstaklega Jóni Sigurðssyni hagrannsóknastjóra. Umrædd skýrsla hefur verið afhent öllum þm. og mun ég því ekki fjölyrða um hana nú, en vitna í bréf n. frá 19. f. m. og till. um sérstakt samkomulag aðila fyrir hönd sjómanna og útvegsmanna um breytingar á kjarasamningum í framhaldi af breytingum á lögum um útflutningsgjöld og sjóði sjávarútvegsins. Forsenda þessa samkomulags var yfirlýsing ríkisstj. um breytingar á lögum um útflutningsgjöld og sjóði sjávarútvegsins. Ríkisstj. hefur gefið út slíka yfirlýsingu og jafnframt óskað þess að n. starfi áfram til að auðvelda framgang þessa flókna máls.

Í framhaldi af því, sem ég hef sagt, leyfi ég mér að leggja fram þetta frv. til l. um útflutningsgjald af sjávarafurðum sem er óbreytt drög tillagna n. um sjóði sjávarútvegs og hlutaskipti, að viðbættu ákvæði til bráðabirgða, sem sett er til leiðréttingar á villu í lögum um Framleiðslueftirlit sjávarafurða.

Með frv. þessu eru öll ákvæði um útflutningsgjöld af sjávarafurðum numin úr núgildandi lögum og felld í ein lög, en frv. gerir ráð fyrir að lagt verði eitt útflutningsgjald á sjávarafurðir, þ. e. 6% af fob.-verði þeirra. Undantekningar frá þessari reglu eru selafurðir, en útflutningsgjald greiðist ekki af þeim, og sama gildir um niðursoðnar og niðurlagðar afurðir og söltuð grásleppuhrogn, en samkv. 6. gr. l. um

Sölustofnun lagmetisiðnaðarins eru þessar afurðir undanþegnar almennum ákvæðum um útflutningsgjöld í fimm ár frá árinu 1972 að telja, en mynda þess í stað sérstakan sjóð til eflingar lagmetisiðnaðinum. Þegar þessi tími er liðinn er reiknað með því að þessi gjöld renni til Iðnlánasjóðs. Um þessi ákvæði eru auðvitað mjög skiptar skoðanir, og að mínum dómi var rangt að skilja þessa starfsemi frá sjávarútvegi. Það er ákaflega erfitt í framkvæmd að undanþiggja lagmetisiðnaðinn öllum útflutningsgjöldum, en það er ekki hægt að öllu leyti í framkvæmd að undanþiggja hann frá því að njóta þessara sjóða. Því er álit þessarar sjóðanefndar að mínum dómi réttlátt. En það er erfitt að breyta þessari ákvörðun, þó að eftir séu tvö ár í sambandi við framlagið til Lagmetisstofnunarinnar. Hins vegar tel ég rétt að það verði athugað nánar og þó alveg sérstaklega að þeir, sem ekkert greiða til þessara sjóða, eigi þar af leiðandi ekkert að fá frá þeim.

Eins og kunnugt er hafa útflutningsgjöld verið mjög mishá af hinum ýmsu afurðum. Með þessu frv. eru gjaldskylduákvæðin samræmd og undanþágur og ívilnanir einstakra afurða felldar niður og í staðinn sett ein almenn regla varðandi afurðir.

Samkv. 3. gr. frv. er lagt til að sjútvrh. sé heimilt að lækka útflutningsgjaldið um allt að 0.3% fyrir hvert 1% sem hlutfall hráefniskostnaðar er lægra en 30% af fob.-verði hinnar útfluttu vöru, enda sanni útflytjandi að hráefniskostnaður sé lægri. Þó skal útflutningsgjald aldrei vera lægra en 1% af fob.-verði. Með frv. þessu er Olíusjóður fiskiskipa lagður niður, sömuleiðis sérstakt síldargjald. Aflatryggingasjóður mun starfa áfram með svipuðum tekjum, en Tryggingasjóður fiskiskipa er skertur um nálægt helming frá gildandi gjaldskrá útflutningsgjalda og verða greiðslur iðgjaldsstyrkja því skertar að sama skapi. Þá er gert ráð fyrir að tekjur af útflutningsgjöldum til Fiskveiðasjóðs og Fiskimálasjóðs verði sameinaðar, en ákveðnu hlutfalli af þeim tekjum verði varið til styrkveitinga, rannsókna, tilrauna og markaðseflingar.

Samkvæmt 4. gr. frv. er gert ráð fyrir að innheimta útflutningsgjaldsins verði í höndum ríkissjóðs, eins og verið hefur, og skilgreind skipting gjaldsins. Er miðað við áætlun um útflutningsverðmæti sjávarafurða á ári. Miðað við að gengi og verðlag í okt. 1975 er áætlað að skipting tekna af 6% útflutningsgjaldinu verði með eftirfarandi hætti, og til hliðsjónar fylgja tölur um tekjur samkv. núgildandi reglum í aths. með frv. Það er gert ráð fyrir því, að af þessu gjaldi fari 22% til almennu deildar Aflatryggingasjóðs og muni nema um 500 millj. kr., en miðað við núgildandi reglur er þetta 7.7% og þá áætlaðar 461 millj. Ahafnadeild er ætlað að fá 26% eða 590 millj., en hefur nú 9.3%, 554 millj. Tryggingasjóði fiskiskipa er ætlað að fá 27% af tekjunum, sem eru áætluð 613 millj. kr., en hann hefur nú 19.8% eða 1182 millj. kr. Fiskveiðasjóði og Fiskimálasjóði er ætlað að fá 21.9% samtals eða 497 millj. kr. Þar af eru 0.9% til styrkveitinga til rannsókna, tilrauna og markaðseflingar, eða um 20 millj. kr. Miðað við núgildandi reglur hafa þessir sjóðir 8.4% eða 497 millj. kr. Þeir fá eiginlega alveg það sama og er í núgildandi reglum. Til sjávarrannsókna og Framleiðslueftirlits sjávarafurða eru áætlaðar samkv. þessu frv. 2.3% eða 53 millj. kr., en er núna 62 millj. kr. Til samtaka sjómanna og útvegsmanna er áætlað 0.8% eða 18 millj. kr., en er í núgildandi reglum 0.2% eða 13 millj. kr. Hins vegar eru till. uppi um það að skiptingin á því, sem samtök sjómanna fá eða launþega, renni eingöngu til Sjómannasambandsins, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Alþýðusambands Austfjarða og Alþýðusambands Vestfjarða, en ekki til Alþýðusambands Íslands. Það er sameiginleg till. fulltrúa aðildarfélaga sjómanna að þessi breyting verði gerð með þessum hætti.

Þá er lagt til að Olíusjóður verði lagður niður, en miðað við núgildandi reglur hefur hann einn fengið 53.6% af heildarútflutningssjóðsgjaldi, sem nemur 3196 millj. kr. Olíusjóðurinn er því langstærsta og veigamesta breytingin og róttækasta breytingin. En þar fylgir að með því að leggja Olíusjóð niður, þótt fiskverð hækkaði verulega, mundi það raska mjög verulega hlutfalli á milli útgerðar og sjómanna. Því hefur þetta mál verið rætt mjög ítarlega í sjóðanefndinni, og allir aðilar viðurkenna að hér þurfi að gera breytingu á þann veg að sjómenn eða launþegar taki á einhvern hátt þátt í því að útgerðin tekur á sig þennan útgjaldakostnað allan. Þeir leggja, bæði fulltrúar sjómanna og útvegsmanna, áherslu á að þeir fái sérstaka aðild að ákvörðun verðlagsnefndar á olíuverði til íslenskra fiskiskipa, en eins og nú er eiga þessir aðilar ekki aðild að verðlagsnefndinni. Ég hef rætt þessa ósk við hæstv. viðskrh. eða komið henni á framfæri, og ég vil taka það fram að ég tel eðlilegt og sjálfsagt að fulltrúar útvegsmanna og sjómanna fái aðild að verðlagsnefnd, þegar tekin er til athugunar og ákvörðunar tillaga um olíuverð til íslenskra fiskiskipa. Nm. eru sammála um að vegna þeirra breytinga, sem till. eru gerðar um, þurfi að taka afstöðu í samningum til allra hlutaskipta- og aflaverðlaunaákvæða kjarasamninga sjómanna og útvegsmanna, bæði þeirra, sem nú eru lausir, og annarra. Annað kemur auðvitað ekki til greina, sjómönnum verði ekki mismunað á þann hátt.

Hins vegar greinir sérstaklega fulltrúa sjómanna á um það, hvaða leið eigi að fara, hvort eigi að taka inn sérstakan lið vegna breytingarinnar á Olíusjóðnum, sérstakan olíufrádrátt. Það hefur helst verið till. fulltrúa Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, en aftur fulltrúar undirmanna hafa verið á þeirri skoðun að breyta fremur hlutaskiptaákvæðum. En þetta eru mál sem aðilar vinnumarkaðarins verða að koma sér saman um. Þegar n. lauk sínum störfum, sendi hún sitt nál. til mín sem sjútvrh. og óskaði jafnframt eftir yfirlýsingu ríkisstj. um það, að hún beitti sér fyrir því að hraða afgreiðslu þessa máls. Við töldum rétt að n. starfaði áfram á meðan verið er að vinna að kjarasamningum, og nú fyrir tveimur dögum náðist það samkomulag, að Sjómannasamband Íslands, Alþýðusamband Vestfjarða, Alþýðusamband Austurlands og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands fyrir hönd sjómanna og Landssamband ísl. útvegs-

manna og Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda fyrir hönd útvegsmanna gera með sér samkomulag um eftirfarandi greind atriði:

„1. Þar sem ríkisstj. hefur lýst því yfir, að hún muni beita sér fyrir setningu laga og reglugerða í samræmi við till. og ábendingar tillögunefndar um sjóði sjávarútvegs og hlutaskipti, lýsa aðilar því yfir að þeir munu gera þá samninga sín á milli, sem nú eru lausir um kjör sjómanna, á grundvelli till. og ábendinga sem fram koma í skýrslu n., dags. 19. jan. 1976.

2. Aðilar lýsa því enn fremur yfir, að þeir munu beita sér fyrir því að heimildir verði veittar til þess að taka þegar upp samninga á þessum grundvelli um breytingar á þeim kjarasamningum aðila, sem ekki hefur verið sagt upp, með sama hætti og væru þeir lausir.

3. Aðilar þessa samkomulags gera ráð fyrir að ríkisstj. láti fara fram sérstaka athugun á kjörum áhafna og afkomu útgerðar á stærri togurum, þ. e. 500 brúttólestir og yfir, við þessar breytingar. Athugun þessi verði gerð í samráði við samtök sjómanna og útvegsmanna og fulltrúa þeirra byggðarlaga, sem sérstakra hagsmuna eiga að gæta, með það fyrir augum að tryggja atvinnu sjómanna og rekstur sjávarútvegsfyrirtækja á þessum stöðum sbr. og bréf sjútvrn. til Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda, dags. 3. júlí 1975."

Undir þetta bréf rita fulltrúar þessara samtaka allra.

Önnur höfuðbreytingin með þessu frv. er framlagið til Tryggingasjóðs fiskiskipa. Sjóðanefndin leggur til að tekjur sjóðsins verði skertar um nálega helming og verði um 600 millj. kr. á ári, greiðslur verði skertar þannig að tekjur nægi fyrir gjöldum. Til þess þarf að skerða greiðslureglur um meira en helming, þar sem útgjöld vegna ársins 1976 mundu að óbreyttum greiðslureglum nema um 1700 millj. kr.

Við samdrátt í veltu Tryggingasjóðs kemur upp vandamál sem felst í skuld sjóðsins vegna fyrra árs. Sjóðurinn hefur frá upphafi verið rekinn þannig, að liðlega helmingur af tekjum hans hvert ár hefur verið notaður til greiðslu iðgjalda ársins á undan og í árslok hefur jafnan verið í skuld liðlega helmingur af iðgjöldum ársins. Þetta mætti orða svo, að sjóðurinn hafi jafnan velt á undan sér skuld að upphæð um helming ársveltu. Skuld sjóðsins við tryggingafélög í árslok 1975 er áætluð um 600 millj. kr. af um 1500 millj. kr. greiðslum vegna ársins 1975. Þar við bætist yfirdráttur í Seðlabanka, 84 millj. kr. Á móti þessu mun sjóðurinn fá sinn hlut í útflutningsgjöldum af birgðum sjávarvöru í árslok 1975, lauslega áætlað um 200 millj. kr. Þegar það hefur verið dregið frá er skuld sjóðsins tæplega 500 millj. kr. Auk þess er gert ráð fyrir að sjóðurinn njóti tekna vegna framleiðslu í jan. 1976 og til miðs febrúar, því að það var framlengt, og greiði iðgjöld fyrir þennan 1½ mánuð á þessu ári með sama hætti og áður. Á því verður áreiðanlega halli, líklega á milli 50 og 100 millj. kr., sennilega um 100 millj. kr. Þegar sá halli er tekinn með, þá getur skuld sjóðsins að frádregnum óinnheimtum tekjum orðið nálægt 550—600 millj. kr. eða svipuð upphæð og ráðgerðar árstekjur í þessu frv. Verði till. n. fylgt og engar sérstakar ráðstafanir gerðar til að mæta greiðslubyrði sjóðsins er útlit fyrir að greiðsludráttur hans lengist skyndilega úr nálega 6 mánuðum í 12 mánuði.

Þetta er afar fráhrindandi útlit og fær auðvitað engan veginn staðist. Sjóðanefndin bendir á nauðsyn þess, að Tryggingasjóður geri fyrir hönd ríkisstj. sérstakt samkomulag við tryggingafélögin um endanlegt uppgjör iðgjaldastyrkja vegna ársins 1975 og til 15. febr. á þessu ári. Enn fremur segir í nál. að fulltrúar útvegsmanna leggi sérstaka áherslu á þetta atriði og bendi á að reynst geti nauðsynlegt að gera sérstakar ráðstafanir á umþóttunartíma til þess að greiða fyrir breytingum sem feli í sér röskun á fyrirkomulagi sem staðið hefur lengi. Í áliti sjóðanefndarinnar felst þannig óbeinlínis ábending um að með einhverjum hætti þurfi að útvega fjármagn til að laga stöðu sjóðsins svo að breytingin verði möguleg, enda virðist ekki unnt að gera samkomulag við tryggingafélögin um greiðslu eftirstöðva iðgjaldsstyrkja frá árinu 1975 nema tryggt sé fjármagn til að standa við slíkt samkomulag.

Það fer ekki á milli mála að þessi skuldbinding hvílir á ríkissjóði, að gera upp iðgjaldastyrkina til þess tíma að nýjar reglur ganga í gildi. Sjútvrn. hefur árlega ákveðið snemma á hverju ári með hvaða hætti iðgjöld skuli greidd úr iðgjaldasjóði og því hvílir sú skuldbinding á ríkisstj. að gera upp við tryggingafélögin samkv. þeim yfirlýsingum.

Nú kunna einhverjir að spyrja: Hvernig stendur á því að þessi mikli halli er á vátryggingunum? Er þetta nýtt fyrirbrigði eða hefur þetta verið frá því að þessi starfræksla hófst? Það má segja að þegar núgildandi fyrirkomulag var tekið upp, þá tók það gildi 1. ágúst það ár sem það var sett á hvað snertir tekjur til sjóðsins, en hins vegar voru lögð á sjóðinn útgjöld frá 1. jan. það ár, m. ö. o. að sjóðurinn byrjaði starfræksla sína með því að taka skuldbindingar 7 mánuði áður en var farið að afla tekna til hans. Það hefur leikið á 6—9 mánuðum sem sjóðurinn hefur verið eftir með greiðslur allan þann tíma sem hann hefur starfað, og þrátt fyrir það að varið var 100 millj. kr. af gengishagnaði við síðustu gengisbreytingu, þá er nú staða sjóðsins með þessum hætti.

Þetta vandamál verður ríkisvaldið að taka á sig. Hvernig það verður leyst get ég ekki fullyrt á þessari stundu, en það verður að leysa það á þann hátt að tryggingafélögin fá með eðlilegum hætti þessar greiðslur, en þær bitni ekki á þeim hluta sem verður framvegis, ef þessi frv. verða að lögum, ráðstafað til sjóðsins. Enn fremur er nauðsyn við þessa kerfisbreytingu að gera þá breytingu, að tekinn verði ákveðinn hundraðshluti af fiskverði og þá af bönkum hverju sinni til þess að greiða inn á reikninga viðkomandi skips hjá vátryggingafélögunum, því að ef það verður ekki gert, þá er hætta á því að þá myndist strax sá hali að það verði stöðvun hjá skipum þegar þau þurfa að fara í tjónaviðgerðir. Mér er kunnugt um það, að bæði fulltrúar útvegsins og fulltrúar sjómanna hafa mikinn hug á því að þetta fyrirkomulag verði tekið upp og ef til kemur, sem ég býst

við, þurfi að leita aðstoðar ríkisvaldsins og þá sennilega Alþingis til þess að taka upp þetta nýja form. En það er í sjálfu sér laust við þetta frv. sem hér liggur fyrir, en þó í beinum og óbeinum tengslum við það.

Með þessu frv. er lagt til að færðir verði 4 milljarðar kr. úr fjárráðstöfun sjóða sjávarútvegsins yfir í fiskverð til sjómanna og útvegsmanna, og er gert ráð fyrir að ákvæði frv. taki til útflutnings sjávarafurða sem framleiddar verða eftir 15. febr.

Ég taldi rétt að dreifa öllum þeim gögnum, sem sjóðanefndin vann að, í fyrsta lagi til nm. í sjútvn. beggja d. og til allra alþm., til þess að þeir gætu kynnt sér þessi mál áður en frv. kæmi inn á Alþ. Enn fremur hafa sjútvn. beggja d. haldið fund með fulltrúum sjóðanefndarinnar til þess að spyrja þá um nál. Þess vegna má segja, að áður en þetta frv. kemur til umr. hér á hv. Alþ. og í þessari hv. þd. hafi verið búið að kynna málið rækilega fyrir öllum alþm. sem hafa fengið öll þessi gögn í hendurnar, og sömuleiðis hafa sjútvn. beggja d. unnið að málinu, svo að það ætti að vera tryggt að málið fái fljóta afgreiðslu í gegnum þingið.

Ég vænti þess, að hv. sjútvn. haldi fljótt fund um málið og afgreiði það og helst sameiginlegan fund með sjútvn. hv. Ed. En ég tek það fram, að það er forsenda þessa máls að samningar náist á milli aðila vinnumarkaðarins um þessa róttæku breytingu, því að náist þeir ekki, þá er auðvitað með samþykkt þessa frv. séð að útgerðin heldur ekki áfram. Þess vegna er það forsenda þess, að þessi breyting verði gerð, að aðilar vinnumarkaðarins nái samkomulagi. En það er hvergi með flutningi þessa frv. gripið inn í þá samninga, enda er það mál sem þessir aðilar eiga að koma sér saman um. Ég vona það, að þótt nú séu uppi nokkuð skiptar skoðanir og þá einkum meðal aðildarfélaga sjómanna um hvaða leiðir eigi að fara í þessum efnum, þá náist samkomulag þó að nú sé orðið skammt til stefnu. En þrátt fyrir það tel ég að Alþ. eigi og þurfi að hraða þessu máli. Þetta er mjög merkt og mikilvægt samkomulagsmál á milli sjómanna og útvegsmanna. Það eru gerðar hér veigamiklar breytingar sem mikið hefur verið talað um, og það er vilji þessara aðila að gera þessar breytingar. Þá finnst mér auðvitað að Alþ. geti ekki annað en stutt að því að þær breytingar nái fram að ganga.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Lúðvík Jósepsson: Forseti. Eins og fram hefur komið í máli hæstv. ráðh. er hér um býsna stórt mál að ræða, yfirgripsmikið mál, og þær breytingar á gildandi lagaákvæðum, sem gert er ráð fyrir að gerðar verði, eru byggðar á till. sem sérstök n. hefur unnið að og hún hefur gert grein fyrir í alllöngu nál. Það má segja að þessar breytingar feli í sér að lækka eigi framlög til sjóðakerfisins, sem nú er í gildi, um 4 millj. kr., eins og kemur fram í grg. frv., en nú er talið að heildarframlag til þessa sjóðakerfis, miðað við áætlanir fyrir yfirstandandi ár, geti orðið eftir gildandi lögum tæpir 9 milljarðar eða 8.9 milljarðar kr. Hér er sem sagt um það að ræða að minnka mjög verulega framlög til þessa sjóðakerfis sem byggt hefur verið upp nú á síðustu árum.

Ég tel að það sé stefnt í rétta átt með þessu frv. og einnig frv. varðandi Stofnfjársjóð fiskiskipa. Hér er verið að draga úr hinum gífurlegu framlögum til sjóðanna. En þó verður að segja það, að hér er aðeins um áfanga að ræða að því marki sem væntanlega er stefnt að, að leggja þetta sjóðakerfi niður að langmestu leyti, þannig að eftir standi aðeins lítið af þessu sjóðakerfi, enda hygg ég að það hafi verið það sjónarmið sem fram kom hjá a.m.k. flestum þeim aðilum sem unnu í sjóðanefndinni að athugun á þessum málum, að það bæri í rauninni að stefna að því að draga miklu meira úr þessu sjóðakerfi en gert er með þessum till., þó að menn væru ekki á það sáttir að taka stærri áfanga en hér er um að ræða í þetta skiptið.

Mér er t.d. kunnugt að fulltrúar sjómanna í þessari sjóðanefnd lögðu á það mikla áherslu að Stofnfjársjóður fiskiskipa, en til hans renna um það bil 15% af aflaverðmæti fiskiskipanna, — þeir lögðu mjög mikla áherslu á að framlög til þessa stofnfjársjóðs yrðu lækkuð allmiklu meira en hér er gert ráð fyrir og að það lægi í rauninni fyrir að stefnt væri að því, að það yrði gert þótt síðar yrði. Það er enginn vafi á því, að framlög til þessara sjóða eru orðin svo mikil og þau hafa raskað svo mörgu í rekstri útgerðarfyrirtækja, að undan því verður ekki vikist lengur að draga nokkuð úr þessum framlögum, en eins og kunnugt er hafa þessi framlög verið hækkuð stórkostlega á síðasta ári, — alveg stórkostlega hækkuð á síðasta ári og segja má að þá hafi keyrt úr hófi fram í þessum efnum. En nokkuð hafa þessir sjóðir verið að vefja upp á sig um langan tíma.

En það er líka rétt að gera sér grein fyrir því, að þegar þessar ákvarðanir voru teknar á sínum tíma, að ákveða svona mikil framlög til þessara ýmsu sjóða, þá var raunverulega verið af hálfu ríkisvaldsins að setja lög um þessi atriði, þá var verið að hlutast til um að breyta þeim hefðbundnu skiptakjörum sem í gildi voru í kjarasamningum á milli sjómanna og útvegsmanna. Það var verið að ákveða að allmiklu af aflaverðmætinu yrði ráðstafað í ákveðnu skyni, þannig að það kæmi ekki til hlutaskipta og hlutur sjómanna yrði af þeim ástæðum minni en hefði annars orðið. Þótti nauðsynlegt að setja ákvæði um þetta, sérstaklega í sambandi við miklar gengisbreytingar á sínum tíma, og flest þessi stærstu atriði eru komin inn í löggjöfina í sambandi við slíkar breytingar. Þegar síðan er horfið að því að draga úr þessum miklu framlögum til sjóðanna, þá rís að sjálfsögðu aftur upp sá gamli ágreiningur á milli sjómanna og útgerðarmanna hvernig fara skuli með það aflaverðmæti, sem þá kemur út í aflaverðið sjálft, þegar að skiptum kemur. Nú er t.d. gert ráð fyrir því, að verði þessi frumvörp samþykkt til breytinga á gildandi fyrirkomulagi, þá geti fiskverð almennt séð hækkað frá því, sem verið hefur, um um það bil 24%. Sjónarmið útgerðar-

manna er að sjálfsögðu það, að þeir vilja þá að ráðstafanir séu gerðar um leið til þess að þetta hækkaða aflaverð lendi til þeirra áfram, eins og verið hefur í gegnum sjóðafyrirkomulagið, en komi ekki til skipta og sjómenn fái ekki aflahlut úr þessari fiskverðshækkun. Hins vegar koma af skiljanlegum ástæðum fram kröfur sjómanna um það, að um leið og þessi formbreyting er gerð, þá fái þeir aflahlut úr þessu hækkandi fiskverði.

Það er ljóst af því samkomulagi, sem þó er með margs konar fyrirvörum af hálfu þeirra sem að þessu standa í sjóðanefndinni, að enn hafa þeir ekki komið sér saman til hlítar um það, hvernig skuli fara með þessi mál. Er gert ráð fyrir því að þeir reyni að semja um það í sambandi við almenna kjarasamninga hvernig með skuli fara. Ég tel að það komi fram í sjónarmiði sjómanna að þeir geti fallist á það sem milliveg í þessum efnum að þeir fái ekki úr allri þessari fiskverðshækkun fullan aflahlut eins og um hefur verið samið áður, en gera kröfu um að fá nokkurn hluta. Hvort samningar takast um það eða ekki, skal ég láta ósagt eins og mál standa nú.

Ég tók eftir því að ræða hæstv. ráðh. sagði, að það væri beinlínis af hans hálfu forsenda fyrir þessum frv. að samkomulag næðist á milli sjómanna og útgerðarmanna um þessi atriði, því að ef það tækist ekki þá væri ekki hægt að standa að þeim breytingum sem felast í þessum frv. sem hér eru nú á dagskránni.

Ég tek undir það með honum, að það er eðlilegt að það séu einmitt fulltrúar sjómanna og útvegsmanna sem geri upp sín á milli við samningsborðið á frjálsan hátt, hvernig með þessi mál skuli fara, þetta hækkaða fiskverð, hvernig því verði skipt á milli aðila. Það er eðlilegt að það sé þeirra mál. Og ég tel að það sé í rauninni framför frá því, sem verið hefur, að ríkisvaldið sé ekki að grípa þarna inn í.

Ég er á þeirri skoðun að í meginatriðum sé stefnt í rétta átt með því frv., sem hér er til umr. um útflutningsgjald af sjávarafurðum — í meginatriðum sé stefnt í rétta átt — og einnig með hinu frv. sem er 1. mál á dagskrá. En í frv. eru þó nokkur atriði, sem ég vil minnast á strax við 1. umr. og ég tel að í rauninni komi þessu máli að litlu leyti við og sé heldur hæpið að blanda inn í málið.

Það er t. d. gert ráð fyrir því, að lítið framlag, sem verið hefur um langan tíma til Fiskimálasjóðs, verði lagt niður eða öllu heldur að það gangi framvegis til Fiskveiðasjóðs og í sambandi við þetta mál verði í rauninni tekin afstaða til þess að leggja Fiskimálasjóð niður, en fela Fiskveiðasjóði þau störf, sem hann hefur haft með höndum, í krafti þessara tekna sem Fiskimálasjóður hefur haft. Ég er fyrir mitt leyti á móti þessari breytingu og tel að hún eigi ekkert skylt við það mál sem hér er um að ræða. Það hefur verið haldið við þá stefnu, að Fiskveiðasjóður væri hreinn stofnlánasjóður, og hafa valist til stjórnunar á þeim sjóði þeir aðilar sem fyrst og fremst hafa komist þar inn í krafti þess að þeir væru að taka ákvörðun um lánveitingar. En Fiskimálasjóður hefur, þó að hann hafi ekki verið mjög öflugur nú um langa hríð, miklu víðtækari verkefni. Hann hefur aðstöðu til þess að veita styrki til viðbótar við lítil lán sem hann veitir, og hann á að vinna að ýmiss konar tilraunastarfsemi í þágu sjávarútvegsins. Ég tel mjög óheppilegt að blanda þessu hvoru tveggja saman, styrkveitingum og lánveitingum, og hefði því viljað að þetta atriði, sem kemur í rauninni ekkert þeirri meginbreytingu við sem felst í þessu frv., það yrði gerð breyting á því.

Þá vil ég einnig segja það, að ljóst er á heildargrg. frá sjóðanefnd að þar er ekki um fullnaðarsamkomulag aðila að ræða eða fastar till. Það eru sterkir fyrirvarar frá hálfu ýmissa þeirra aðila sem í sjóðanefndinni voru. Það er því ekki hægt að líta á allar þær ábendingar og till., eins og það er kallað í nál., sem þannig mótaðar till. að aðilar séu þar alveg bundnir af, enda er mér kunnugt um verulegan ágreining um viss atriði og það er líka viðurkennt í sjálfri aðalgrg. En ég vil vinna að því fyrir mitt leyti að reynt verði að hraða frekar afgreiðslu þessara mála, af því að ég veit að þau snerta mjög þá kjarasamninga sem nú eru í gangi á milli aðila, og ég tel sjálfsagt að það sé reynt að mæta óskum um það efni. Hins vegar er ekki hægt annað en benda á það, að hér er um mjög viðamikið mál að ræða og margþætt mál sem ágreiningur hefur staðið um lengi og stóð ekki síst um þegar þessi lög voru sett, svo að það er full ástæða til þess að sjútvn. gefi sér nokkurn tíma til að athuga einstakar till. í málinu og að málið verði síðan lagt þannig fyrir, eftir að það kemur úr nefndarathugun, að þm. geti áttað sig fyllilega á málinu. En af því að ég hef rætt hér nokkuð saman efni beggja þessara frv. sem hér eiga saman, þá geri ég ekki ráð fyrir að þurfa að eyða neinum tíma í að ræða um fyrsta dagskrármálið þegar það kemur fyrir, en vísa í þeim efnum aðeins til þess sem ég hef sagt um hitt frv., um útflutningsgjald. Ég tel, að frv. bæði stefni í rétta átt, en hef þó fyrirvara um stuðning við ýmis atriði varðandi bæði frv.

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi forseti. Eins og hæstv. sjútvrh. sagði áðan, hefur þetta mál átt sér nokkurn aðdraganda og þm. verið lengi kunnugt hvað til stóð, og þeir hafa fengið mjög nákvæmar upplýsingar um það sem hér býr að baki. M. a. hafa sjútvn. beggja d. átt fundi með n. þeirri sem samdi þær till. sem frv. þetta grundvallast á, þannig að ég býst við að þm. séu nokkuð vel heima í efni þessa máls og því ætti ekki að geta tekið langan tíma að afgreiða það héðan úr þinginu.

Eins og hæstv. ráðh. tók fram, eru frv. þessi bæði, sem eru á dagskrá þessa fundar, byggð á till. n. þeirrar sem hann setti í haust til þess að endurskoða sjóðakerfi sjávarútvegsins. Í þessari n. áttu sæti fulltrúar hagsmunaaðila, m. a. þeir sem nú sitja sitt hvoru megin við samningaborðið. Fullt samkomulag tókst á milli þessara aðila um efnisatriði í nál. sem frv. þetta er byggt á, og ber því að líta svo á að

hér sé um samkomulagsatriði milli hagsmunaaðila í sjávarútvegi að ræða. Hér er raunar um að ræða, eins og kom fram hjá hæstv. ráðh., nokkurs konar forsamning að þeim kjarasamningum sem yfir standa. Á þann veg hygg ég að Alþ. verði að líta á þetta mál, og það er mjög varhugavert að gera umtalsverðar breytingar á efni frv. sem þannig er til komið. Að sjálfsögðu ber að athuga einstakar gr. mjög vendilega í meðförum sjútvn., en ég legg áherslu á það, að ég tel mjög varhugavert að breyta mjög út frá efni frv. sem samkomulag hefur orðið um milli hagsmunaaðila í sjávarútvegi.

Þá finnst mér einnig rétt að taka það fram, þó að ég eigi sæti í þeirri n. sem fær þetta mál til meðferðar og geti fjallað um það nánar þar, að ég er meginstefnu þessara frv. samþykkur. Ég var einn af þeim stjórnarandstæðingum sem vöruðu mjög við því á síðasta Alþ. hversu hættulegt væri að byggja upp svo öflugt millifærslukerfi innan sjávarútvegsins, þetta sjóðakerfi væri komið á mjög hættulegt stig og bæri brýna nauðsyn til að taka það til endurskoðunar og reyna að vinda ofan af því aftur.

Það er að sjálfsögðu alveg ljóst, að þegar búið er einu sinni að byggja upp jafnöflugt millifærslukerfi í sjávarútveginum og gert hefur verið, þá getur verið nokkrum erfiðleikum háð að afnema það, enda hygg ég að ekki séu allir í útvegi á einu máli um það, að rétt sé að gera það sem hér er verið að gera, þó svo að meiri hl. útvegsmanna og sjómanna sé þeirrar skoðunar. En ég tel að það sé miklu heilbrigðara ástand að hafa ekki slíkt millifærslukerfi í sjávarútvegi heldur en hafa það og vil fyrir mitt leyti stuðla að því að það verði afnumið, m. a. með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir. Eins og ég sagði áðan, þá þarf að sjálfsögðu að athuga ýmsar gr. þessara frv. beggja nánar í meðförum n., en á þessu stigi málsins get ég lýst mig sammála meginatriðum frv. beggja.

Karvel Pálmason: Virðulegi forseti. Ég vil aðeins með örfáum orðum nú strax við þessa 1. umr. þessara mála gera grein fyrir meginsjónarmiðum mínum til þeirra. Ég tel að þótt formlega eigi að ræða hér annað dagskrármálið, þá sé þetta svo nátengt að það sé í raun og veru sjálfsagt að tala um bæði málin samtímis.

Eins og hér hefur komið fram bæði hjá hæstv. sjútvrh. svo og öðrum hv. þm., þá er hér um að ræða, má kannske segja, frv. sem til eru orðin vegna óska bæði frá sjómannasamtökunum og samtökum útvegsmanna um endurskoðun á sjóðakerfi sjávarútvegsins. Það hefur um nokkurn tíma verið ósk a. m. k. sjómannasamtakanna að hér yrði gerð á breyting og a. m. k. megnið af því sjóðakerfi, sem nú er í gildi, yrði lagt niður, og sú ósk mun einnig hafa verið a. m. k. um nokkurn tíma af hálfu útvegsmanna.

Það mun og vera rétt, sem hér hefur verið á minnst, að aðilar, þ. e. a. s. fulltrúar sjómanna og útvegsmanna í þeirri n. sem sjútvrh. tilnefndi á sínum tíma, leggja á það þunga áherslu að þessi frv., sem byggð eru á starfi þeirra og till., fari a. m. k. óbreytt í meginatriðum í gegnum þingið. Er það að sjálfsögðu eðlileg ósk, því að það verður að teljast eðlilegt að í þessu tilviki hafi fulltrúar sjómannasamtakanna og útvegsmanna, sem fjalla um þessi mál, mest um þau að segja. Sem sagt, bæði þessi frv. eru í meginatriðum a. m. k. byggð á till. hinnar svokölluðu sjóðanefndar. Hér er um að ræða að fella niður nokkuð stóran hluta af núverandi sjóðakerfi sjávarútvegsins. Sjálfsagt munu koma fram um það raddir, að þetta skref sé ekki stigið nógu stórt nú, en hér er þó alla vega byrjunin á því, sem allflestir eru, held ég, sammála um, að draga mjög úr þessu sjóðakerfi eins og það hefur verið. Ég er því þeirrar skoðunar, að í meginatriðum sé hér stefnt í rétta átt. Ég hef látið það í ljós áður hér á Alþ., að það bæri að hefjast handa um endurskoðun þessara mála með það sjónarmið í huga að minnka sjóðakerfið og gera það einfaldara í framkvæmd.

Vel má vera og líklegt kannske að nokkur atriði komi upp sem menn verði ekki alveg sammála um, þó að meginstefnan sé talin rétt.

Ég vil t. d. benda á það, að ég veit ekki betur en það sé skoðun sjómannasamtakanna eða fulltrúa þeirra að hér sé aðeins um að ræða byrjunarskref í þeim áfanga að leggja niður framlag í Stofnfjársjóð fiskiskipa, þannig að hér er um það að ræða að það er lækkað úr 15% í 10% nú. En það er skoðun sjómannasamtakanna a. m. k. að hér sé aðeins um fyrsta skref að ræða í þessum efnum, framhaldið eigi að vera að þetta verði tekið út, þó að ekki sé talið fært að stíga skrefið stærra í bili.

Einnig eru önnur atriði sem sjómannasamtökin annars vegar og útvegsmenn hins vegar eiga eftir að semja um á grundvelli þessara frv. og þá laga, ef samþykkt verða, því að eins og hér hefur komið fram og sjútvrh. tók fram, þá er forsenda þessara frv. sú, að samtök sjómanna og útvegsmanna nái samkomulagi í þeirri kjaradeilu sem nú stendur yfir. Það eru sjálfsagt nokkur veigamikil atriði, sem menn kunna þar um að deila og togast á um, og eitt af þeim atriðum verður sjálfsagt það, að eins og fram hefur komið eru hugmyndir uppi um að taka aftur upp það fyrirkomulag að greiða olíukostnað af óskiptu aflaverðmæti. Það var áratuga barátta sjómannasamtakanna að ná því marki, að sjómenn hættu að greiða útgerðarkostnað, og það er enginn vafi á því, að það verður talsvert togast á um það í þessum samningum hvort innleiða eigi þetta fyrirkomulag aftur.

Það er enginn vafi á því, að kröfur sjómanna um endurskoðun á sjóðakerfi sjávarútvegsins hafa verið settar fram í því skyni að sú endurskoðun leiddi af sér hagsbót til handa sjómönnum sjálfum. Á því er sjálfsagt enginn vafi, enda öllum ljóst að það hafa verið óskir og kröfur sjómannasamtakanna að breyting í þessa átt hefði í för með sér bætt kjör sjómönnum til handa. Er talið að þessi breyting, sem hér er um að ræða, lækkun um 4 milljarða í sjóði sjávarútvegsins, geti þýtt um 24% fiskverðshækkun. Og enginn vafi er á því, að sjómenn telja sig eiga að fá nokkuð verulegan hluta til sín úr þeirri hækkun. Aftur á móti er það einnig ljóst, að útvegsmenn eru á annarri skoðun. Um þetta

verður að sjálfsögðu togast á í kjarasamningunum og kannske ekki ástæða til þess að ræða það neitt frekar hér.

Ég vil sem sagt láta það koma fram strax nú við 1. umr., að ég lít svo á að hér sé stefnt í rétta átt, hér sé verið að stíga fyrsta skrefið og það hljóti að verða áframhald á þessari braut og hljóti að enda með því að a. m. k. verulegur hluti af sjóðakerfi sjávarútvegsins verði lagður niður. Þá verður a. m. k. að mínu viti að hafa það ríkt í huga, að með slíkri breytingu verður að ætlast til þess að sjómenn beri úr býtum nokkuð verulegar kjarabætur í sambandi við breytinguna og fái með henni nokkuð réttan sinn hlut, sem þeir hafa talið að væri ekki eðlilega stór miðað við ástandið eins og það hefur verið.

Ég sé ekki ástæðu til, hæstv. forseti, að hafa þessi orð fleiri að sinni. Þó að ég hafi hér lýst samþykki mínu við meginstefnu þessara frv., þá eru að sjálfsögðu í þeim atriði sem ég áskil mér rétt til þess að skoða betur og hugsanlega koma til með að greiða atkv. gegn. En sem sagt, meginstefna þessara frv. er að mínu áliti rétt og ætti að geta orðið til þess, ef sæmilega tekst til, að bæta stöðu sjómanna á flotanum, og er vissulega ekki vanþörf á í þeim efnum, a. m. k. á hluta flotans.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 24 shlj. atkv.

Stofnfjársjóður fiskiskipa, frv. (þskj. 309) — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð með 21 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Ég vísa til formála þess er ég flutti í sambandi við frv. til l. um útflutningsgjöld af sjávarafurðum, um leið og ég mæli með frv. því til l. um Stofnfjársjóð fiskiskipa sem hér er til umr. Frv. þetta er samhljóða drögum, sem tillögunefndin um sjóði sjávarútvegs og hlutaskipti gerði, en efni þess er að gjald til Stofnfjársjóðsins lækki og verði 10% af verðlagsráðsverði sjávarafla við heimalandanir, en 16% við landanir erlendis, en nú er gjaldið 15% og 21%. Með frv. þessu er lagt til, að inn í lög um Stofnfjársjóðinn verði sett ákvæði um tekjur sjóðsins, og eru þá öll ákvæði um hann, um tekjur og um ráðstöfun fjár úr honum, felld inn í ein lög, en nú eru tekjuákvæðin í öðrum lögum. Við samþykkt þessa frv. yrðu úr gildi numin öll eldri lög varðandi Stofnfjársjóðinn og þar með öll ákvæði varðandi hann í eldri lögum, en gert er ráð fyrir að ákvæðum þeirra verði breytt frá 16. febr. n. k. Varðandi frekari upplýsingar vísa ég til aths. með frv. og til skýrslu sjóðanefndarinnar, en legg til að frv. verði vísað að lokinni 2. umr. til hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til sjútvn. með 24 shlj. atkv.

Neðri deild, 53. fundur.

Miðvikudaginn 11. febr., kl. 2 miðdegis.

Innflutningsgjald af gas- og brennsluolíum, frv. (þskj. 313). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti. Eins og kunnugt er hefur að undanförnu verið unnið að endurskoðun á sjóðakerfi sjávarútvegsins. Í till. þeirrar n., sem um þau mál hefur fjallað, og frv. hæstv. ríkisstj., sem hæstv. sjúvrh. mælti fyrir við 1. umr. í gær, er m. a. lagt til að Olíusjóður fiskiskipa verði lagður niður. Fram til þessa hefur verð á gasolíu til íslenskra fiskiskipa verið greitt niður af Olíusjóði og hefur verðið til fiskiskipanna numið kr. 5.80 á hvern lítra. Skv. gildandi lögum og verðlagsákvörðunum skal greiða söluskatt af gasolíu til fiskiskipa. Ef niðurgreiðslu á gasolíunni til fiskiskipanna verður hætt mun verðið til þeirra því hækka úr kr. 5.80 í 29 kr. á hvern lítra.

Með lagafrv. þessu um innflutningsgjald af gas- og brennsluolíum er lagt til að söluskatti þeim, er íslensk fiskiskip mundu að óbreyttum lögum þurfa að greiða af gasolíunotkun sinni, verði jafnað niður á alla notendur gasolíu og brennsluolíu, enda er við það miðað að verði frv. þetta að lögum muni fjmrh. nota heimild í söluskattslögunum til að fella niður söluskatt af gasolíu til íslenskra fiskiskipa.

Hér er ekki um nein nýmæli að ræða. Frá 30. júlí 1971 til ársloka 1975 var framkvæmd jöfnun á verði gasolíu milli notenda, ekki ósvipað því sem lagt er til í frv. Verðlagsnefnd ákvað 30. júlí 1971 í kjölfar niðurfellingar á söluskatti af húshitunarolíu að innflutningsjöfnunarreikningur skyldi bera upphæð samsvarandi söluskatti á gasolíu til fiskiskipa. Af þessu leiddi að í raun var lagt gjald á alla gasolíu, einnig hina söluskattsfrjálsu gasolíu til húshitunar, og nam það gjald kr. 1.58 á hvern lítra við síðustu áramót.

Frá áramótum hefur hins vegar ríkt millibilsástand í verðlagningarmálum á gasolíu. Verðlagsnefnd felldi fyrri ákvörðun úr gildi eða réttara sagt fyrri ákvörðun var látin niður falla 15. des. s. l., en ákveðið um leið að olíuverði skyldi haldið óbreyttu vegna óhagstæðrar stöðu verðjöfnunarreiknings gasolíu.

Með frv. þessu er lagt til að lögfest sé í breyttu formi sú meginregla, sem gilti um söluskattsmeðferð á gasolíu til fiskiskipa frá 30. júlí 1971 til ársloka 1975, þó þannig, að skipan sú, sem lagt er til að upp verði tekin með frv. þessu, þ. e. að jafna gjaldinu einnig á svartolíu sem verður að telja eðlilegt, leiðir til lægra verðs á gasolíu til fiskiskipa og húshitunar en orðið hefði ef áfram hefði verið haldið á fyrri braut. Þannig mun verð til fiskiskipa nema óniðurgreitt kr. 25.30 á lítra skv. frv. þessu svo og til húsahitunar, en hefði numið kr. 25.75 á lítra ef ákvörðun sú, sem ég gat um frá 31. júlí 1971, stæði enn.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meir um frv. Það er nánar skýrt í grg. Ég vil þó geta þess, að ég hef orðið var við vissa gagnrýni á verðákvörðun olíu. Ég hef því gert ráðstafanir til þess, að á fundum fjh.- og viðskn. d.

verði lagður fram útreikningur af hálfu Verðlagsskrifstofunnar á því, með hvaða hætti verð á olíum er ákvarðað.

Ég legg svo til, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. Ég vil mega vænta þess að þetta frv. geti fengið afgreiðslu á sama tíma og þau frv., sem rædd voru við 1. umr. í gær, og geti orðið að lögum nú fyrir helgi.

Lúðvík Jósepsson: Forseti. Með frv. þessu er lagt til, eins og hér hefur fram komið, að tekið verði upp sérstakt nýtt gjald, innflutningsgjald á gas- og brennsluolíum, og verði það miðað við fast gjald af þungaeiningum. Ég er andvígur þessu frv. Ég tel að þetta sé ekki rétt aðferð. Það er skoðun mín að það eigi beinlínis að nota heimild í gildandi lögum um að fella niður söluskatt á olíu til fiskiskipa. Það var ætlunin að gera það þegar ákvörðun var tekin um að fella niður söluskattinn af olíu til húskyndingar, þó að sá háttur væri á hafður um stuttan tíma að notuð var til greiðslu á söluskatti af þessari olíu sérstök innistæða sem hafði myndast í Verðjöfnunarsjóði í sambandi við verðlagningu á olíu. Þótti eftir atvikum ekki óeðlilegt að þeirri innistæðu, sem þar hafði myndast, væri varið í þessu skyni um tíma til þess að greiða raunverulega sem samsvaraði söluskattinum. En auðvitað leið sá tími tiltölulega fljótt, og fyrst ekki var staðið við það, sem ætlað var, að fella niður söluskattinn af olíu til fiskiskipa, þá var orðið um það að ræða að þetta var orðið almennt verðlagsmál og olíufélögin komust upp með að verðleggja alla olíu í landinu á þann hátt að þau fengju fé til þess að geta greitt ríkissjóði söluskattinn. M. ö. o.: almenn verðlagning á olíu átti sér þá orðið stað með þeim hætti að olíufélögin voru búin að gera ráð fyrir viðbótarfjárhæð sér til handa sem næmi nokkurn veginn söluskattsgreiðslunni á þeirri olíu sem þarna var um að ræða eða til fiskiskipanna.

Það er skoðun mín að það eigi að standa þannig að þessum málum að nota heimild í gildandi lögum sem fjmrh. hefur til þess að fella niður söluskattinn á olíu til fiskiskipa eins og söluskatturinn er þegar niður felldur af olíu til húskyndingar og þessa leið eigi að fara. Að sjálfsögðu þýðir þetta eitthvað tekjutap fyrir ríkissjóð, það er rétt, en það er ekki rétt að víkja sér undan því að jafna þennan hluta á þennan hátt. Ég álít líka að það þurfi að taka upp alveg að nýju þær verðreglur sem í gildi hafa verið hjá olíufélögunum um verðlagningu á olíu, en mér sýnist að miklar líkur séu til þess að olíufélögin fái að halda svipaðri verðlagningu og verið hefur þrátt fyrir það skattgjald sem hér kæmi.

Hitt get ég tekið undir með hæstv. ráðh., að það er e. t. v. eðlilegt að þetta frv. fylgi í afgreiðslu öðrum frv. sem eru eðli málsins nokkuð skyld. Ég tel ekkert athugavert við það. En þetta er mín afstaða til málsins, að ég tel að þetta frv. sé óþarft, það eigi ekki að bæta við þessu gjaldi heldur eigi að fara hina leiðina, að afnema söluskattinn á þessari olíu eins og alltaf var ætlunin að gera.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti. Ég skal ekki fara út í skoðanamun við hv. þm. í sambandi við þetta mál, en vil aðeins vekja athygli á því, að það er gert ráð fyrir í fjárl. að tekjur ríkissjóðs af olíuinnflutningi nemi 1 milljarði á árinu 1976. Það fyrirkomulag, sem hér er hugsað að taka upp, gefur ríkissjóði nákvæmlega þá upphæð sem þar um ræðir. Ég tel, eins og nú er komið þessum málum, olíuverðsmálunum, ekki með nokkru móti mögulegt að koma fram öðrum breyt. en þessum, hvort sem menn hafa skoðanir á því að innflutningsgjald eigi að leggja á olíuna eða ekki. Hér er um að ræða aðeins breytingu á formi. Það eru sömu tekjur fyrir ríkissjóð fyrir og eftir þá lagabreytingu sem hér er lögð til.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Neðri deild, 54. fundur.

Miðvikudaginn 11. febr., að loknum 53. fundi.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 310, n. 315 og 317). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jón Skaftason): Virðulegi forseti. Sjútvn. Nd. fékk í gær til athugunar frv. til l. um útflutningsgjald af sjávarafurðum, sem er 148. mál þessa þings. Á fundi í morgun ræddi hún þetta frv. allítarlega og niðurstaðan í n. varð sú, að nm. urðu allir sammála um að mæla með því að frv. þetta yrði samþ. óbreytt, en einn nm., hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, óskaði þó eftir að skila nál sérstaklega og liggur það fyrir á þskj. 317. Aðrir nm. í hv. n. hafa skilað nál. á þskj. 315.

Ég tel að ekki sé þörf á því að ég fari að fjalla um þetta frv. við þessa umr. í ítarlegri ræðu. Hæstv. sjútvrh. gerði allrækilega grein fyrir aðdraganda að frv. og efni þess í gær, auk þess sem því fylgir allítarleg grg. Ég vil þó segja hér nokkur orð.

Eins og fram kemur í grg. þá var samið um kjör sjómanna á bátaflotanum í mars á s. l. ári, og þá komu fram óskir frá aðilum þeirra samninga, þ. e. a. s. sjómönnum annars vegar og útvegsmönnum hins vegar, að hið víðfeðma sjóðakerfi sjávarútvegsins yrði tekið til endurskoðunar. Á s. l. vori varð það úr að hæstv. sjútvrh. skipaði 10 manna n. undir forustu Jóns Sigurðssonar hagrannsóknastjóra til þess að endurskoða reglur um sjóði sjávarútvegsins. N. þessi skilaði síðan miklu áliti og stórri grg., sem þm., að ég held, eða a. m. k. þeim sem sjútvn. þingsins skipa, barst til yfirlestrar og athugunar fyrir u. þ. b. tveim vikum. Fyrir rúmri viku héldu svo sjútvn. beggja deilda fund með nm., sem unnu að þessum drögum að frumvarpsgerð, og voru þar gefnar ýmsar upplýsingar og skipst á

skoðunum um ýmis atriði þessa máls. Kom fram, held ég megi segja, frá flestum þeim fulltrúum sem þann fund sóttu af hálfu sjómanna og útvegsmanna, að þeir óskuðu þess eindregið að frv. byggðum á þeim till., sem þeir höfðu lagt fram í sjóðanefnd, yrði hraðað í gegnum þingið. Um það varð, held ég, algjört samkomulag, og það frv., sem hér er verið að ræða, er byggt algjörlega á till. sem frá sjóðanefnd eru komnar og hefur ekki verið breytt.

Frv. þetta gerir ráð fyrir því, og það er aðalefni þess, að hið margfalda kerfi útflutningsgjalda verði niður lagt, eftir að frv. þetta hefur verið lögtekið, og í stað mismunandi gjalda, sem nú eru í lögum, verði tekið upp eitt útflutningsgjald sem í hæsta lagi getur orðið 6% af fob.-verðmæti útfluttra sjávarafurða. Skv. frv. eru undanskildar niðurlagðar sjávarvörur og niðursoðnar sjávarvörur og einnig selafurðir.

Útflutningsgjöldin, eins og þau eru nú, eru aðallega í lögum nr. 19 frá 1973 og reglugerð nr. 51 frá 1975 og eru annars vegar magngjöld, þ. e. a. s. frá 3000 kr. til 5940 kr. á hvert tonn, og hins vegar gjald skv. hundraðshluta af fob-verði frá 4% til 8%, mismunandi eftir tegundum afurða. Þá eru einnig önnur útflutningsgjöld á lögð skv. sérlögum sjóða sjávarútvegsins og er yfirlit yfir þau gjöld að finna á bls. 5 í frv., frá miðri síðu og fram að grg. um 3. gr. frv., og tef ég ekki tíma d. með því að lesa þau ákvæði nánar upp.

Eins og ég gat um í upphafi er frv. þetta byggt á till. svokallaðrar sjóðanefndar og um það hefur náðst samkomulag í n., eins og ég hef áður greint frá. Það kom fram á hinum sameiginlega fundi sjóðanefndar og sjútvn. beggja d. að nm. allir í sjóðanefnd voru e. t. v. ekki í alla staði hæstánægðir með öll ákvæði í till. frá n., þó að þeir hefðu teygt sig til þess að gera það samkomulag sem ofan á varð. Ég segi það a. m. k. fyrir mig, að um sum atriði í frv., ef grundvöllur þess væri ekki eins og ég var áðan að lýsa, samkomulag aðila í sjávarútvegi, mundi ég vilja gera vissar brtt. En bæði vegna þess, sem ég var að geta um, og að tíminn er orðinn skammur, þá er ekki til þess nokkur aðstaða nú.

Ég vil aðeins í fáum atriðum gera grein fyrir þeirri till. sem ég gjarnan vildi sjá í framtíðinni að yrði lögtekin og lögunum breytt, en það er í sambandi við útflutningsgjald á sjávarafla sem landað er hér í landinu til vinnslu og síðan fluttur út, að útflutningsgjaldið er þá miðað, eins og ég hef áður sagt, við fob.-verðmæti slíkrar vöru. Gjaldið kemur þá til viðbótar hráefniskostnaði vörunnar einnig á þann vinnslukostnað sem til fellur í landinu. Hins vegar ef samkynja sjávarvöru er landað erlendis, þá er grundvöllur útflutningsgjaldsins aðeins söluverð í erlendri höfn að frádregnum löndunarkostnaði og öðrum slíkum kostnaði. Þetta gæti verið til þess fallið að minu viti að ýta undir að flytja hráefni óunnið úr landinu á erlenda markaði til vinnslu þar. Tel ég að sjálfsögðu að slíkt væri afar óæskilegt fyrir okkur íslendinga og fremur ættu reglur að vera öfugar að því leyti til, að þær stuðluðu að því að við ynnum allan þann sjávarafla í landinu sjálfu til útflutnings sem hagkvæmt er að vinna. Ég get aðeins um þetta hér. Þetta er sjónarmið sem ég vona að geti komið til athugunar síðar.

Að lokum vil ég gera grein fyrir örstuttri brtt. sem ég er með fyrir framan mig. Hún er skrifleg og of seint fram komin, virðulegi forseti, en ég ætla að lýsa henni. Hún hefur ekki inni að halda neinar efnisbreytingar á frv. er nánast aðeins formlegs eðlis. Brtt. skýrir sig sjálf, eftir að ég hef lesið hana upp, og þarf ég ekki að hafa um hana önnur orð, en hún er þannig:

„Við ákv. til brb. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 14. gr. skulu ákvæði l. nr. 19 1973 um útflutningsgjald á lagmeti og söltuð grásleppuhrogn halda gildi sínu, sbr. 3. málsl. 1. gr. l. nr. 69 1974, um breyt. á l. nr. 48 26. maí 1972, um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins."

Ég sé þá ekki, virðulegi forseti, ástæðu til að hafa þessa framsögu lengri.

Frsm. minni hl. (Sighvatur Björgvinsson): Virðulegi forseti. Eins og margoft hefur verið tekið fram í umr. um þetta mál er meginatriði þess tvíþætt. Annars vegar er um það að ræða, að Olíusjóður fiskiskipa er lagður niður. Hins vegar er um það að ræða að framlög til Tryggingasjóðs fiskiskipa eru lækkuð um um það bil helming. Þetta hefur svo aftur þær afleiðingar að útflutningsgjöld af sjávarafurðum lækka mjög verulega. Þessari meginstefnu frv. er ég sammála, ekki hvað síst að því er varðar að fella niður hinn margumræddu Olíusjóð. Ég tel að það sé tímabært að gera það og hafi raunar fyrir löngu verið orðið, og þarf ekki að lýsa því í mörgum orðum, að við Alþfl.-menn höfum áður lagt til á Alþ. að slíkt yrði gert. Það mun hafa verið um áramótin 1973—1974, nánar tiltekið í janúarmánuði að ég hygg árið 1974, sem stofnað var til þessa kerfis með stofnun Olíusjóðs fiskiskipa af þáv. sjútvrh. Lúðvík Jósepssyni. Þessi ákvörðun var rökstudd með því, að hinn nýi togarafloti landsmanna gæti þá ekki staðið undir verðhækkunum á brennsluolíu. Hins vegar leit út fyrir á þessum tíma að afkoman, fyrst og fremst hjá loðnuveiðibátunum og einnig hjá hluta þorskveiðiflotans, yrði það góð að þessir þættir veiðanna gætu tekið á sig verulegt álag til myndunar sjóðs til að greiða niður olíuverð. Hins vegar mun hafa komið í ljós að svo var ekki. Þetta álag var auk þess byggt á hlutfallslegri greiðslu af brúttóafla og hlaut því að koma mjög misjafnlega niður eftir aflamagni og verðmætasköpun hvers úthalds.

Það má sem sé segja að í janúarmánuði 1974 hafi verið lagður grundvöllur að þeirri feikilegu öfugþróun í sjávarútveginum sem hið risavaxna millifærslubákn er orðið og allir flokkar þingsins hafa heitstrengt að yrði lagt niður og nú er verið að stíga fyrstu sporin að. Og vissulega eru það merkileg og ánægjuleg spor.

Ég hef flett upp í umræðum frá þessu tímabili og rakst þar á þá athyglisverðu staðreynd, að í umr. um málið urðu þm. Alþfl. einir til þess að benda á hve hættuleg stefna þetta væri og vara við afleiðingum af henni. Á þau varnarorð var þó ekki hlustað, hvorki af þáv. né núv. ríkisstj., heldur þess í stað hlaðinn steinn við

stein uns millifærslukerfið var orðið það bákn sem við þekkjum nú. Áhrifum þess þarf ekki að lýsa. Það hefur verið þrándur í götu þess hjá mönnum í útvegi að þeir reyndu að spjara sig með eðlilegum hætti og sína þá forsjálni og það aðhald sem til þarf að sinna slíkum rekstri.

Um frv. þetta er það að segja, að það er flutt í framhaldi af víðtækri endurskoðun á sjóðakerfi sjávarútvegsins sem n. skipuð af hæstv. sjútvrh. hefur annast. Frv. er byggt á till. þessarar n. og er tvímælalaust mikilvægt spor í rétta átt. Alþfl. hefur frá upphafi verið andvígur millifærslukerfinu í útveginum og er eðlilega fylgjandi afnámi þessa ranga millifærslukerfis með þeim hætti sem hér er lagt til, en hefði þó kosið að ganga nokkru lengra í vissum atriðum en ráð er fyrir gert í frv. Ég ætla þó ekki að tefja tíma hv. dm. með því að fara nánar út í þá sálma. Nokkuð af því hefur komið fram hjá hv. þm. Jóni Skaftasyni sem talaði áðan.

Hins vegar lítum við Alþfl.-menn svo á, að frv. þetta byggist á samkomulagi hagsmunaaðila í sjávarútvegi, þ.e.a.s. sjómanna og útvegsmanna, og sé þáttur í lausn kjaramála- og fiskverðsákvörðunar, enda hefur mjög þung áhersla verið á það lögð af báðum þessum hagsmunaaðilum, bæði útvegsmönnum og sjómönnum, að Alþ. afgreiddi þetta frv. sem allra fyrst og efnislega óbreytt. Af þeim ástæðum mun Alþfl. fylgja þessu máli og greiða atkv. með því, jafnvel þó að hann hefði kosið að ýmislegt væri þar frekar gert en gert er.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. sjútvn. fyrir skjóta afgreiðslu á þessu máli, því að eins og ég tók fram í gær er mjög aðkallandi að afgreiða þetta mál frá Alþ.

Ég vil taka fram til þess að fyrirbyggja misskilning, að ég tel að þrátt fyrir öll ummæli um sjóðakerfi sé nauðsynlegt að viðhalda ákveðnum sjóðum í sjávarútvegi. Ég er þeirrar skoðunar að Aflatryggingasjóður hafi sannað tilgang sinn. En hann er ekki fullkominn frekar en aðrir sjóðir og það er nauðsynlegt að endurskoða lögin um hann eins og öll önnur lög.

Ég tel að Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins hafi sannað ágæti sitt, enda er ekki lagt til að hreyfa neitt við honum. Og þannig má lengi telja.

Ég held að það sé ekki ástæða til þess að vekja neina sérstaklega athygli á því að einhver einn stjórnmálaflokkur hafi barist á móti sjóðakerfinu, en aðrir tekið upp og margfaldað sjóðakerfið. Sjútvrh. hafa verið úr þremur flokkum síðustu 16—17 árin, og lengst af var sjútvrh. á þessu tímabili úr Alþfl. Þeir lögðu til að auka sjóðakerfið, ekki af því að þeim þætti vænt um sjóðakerfið eða tilfærslu í sjávarútvegi, heldur af illri nauðsyn, að við þær breytingar, sem urðu á hverjum tíma, þurfti að grípa til hliðarráðstafana. Þannig var það sjútvrh. Alþfl. sem lagði til að Stofnfjárssjóðurinn yrði stofnaður sem nú er verið að lækka framlag til verulega og sumir vilja lækka enn meira. Það var einnig að frumkvæði ráðh. úr Alþfl. aukið við Tryggingasjóðinn á sínum tíma. Og það var að frumkvæði fyrrv. sjútvrh. lagt á útflutningsgjöld til Fiskveiðasjóðs, sem ég var honum algjörlega sammála um og taldi sjálfsagt og eðlilegt mál og hef barist núna fyrir að það yrði ekki skert. Það féll svo í minn hlut við gengisbreytingarnar að leggja til að hækka gjöldin í þennan margillræmda Olíusjóð, ekki af því að mig langaði til þess að hækka þau heldur vegna þess að á meðan ekki náðist samkomulag um breytingu á hlutaskiptum var annað óumflýjanlegt. En nú er loksins að renna upp sú stóra stund, sem við stjórnmálamenn höfum þráð allan þennan tíma, að aðilar vinnumarkaðarins nái samkomulagi um verulegar breytingar frá þessu kerfi. Ég tel að ef þetta verður að veruleika og samkomulag næst, þá hafi mjög mikið áunnist.

Það er ekki hægt fyrir einn né annan að hvítþvo sig af afstöðu eða gerðum í sambandi við sjávarútveginn og þetta sjóðakerfi. Allt hefur þetta miðast við það að halda atvinnulífinu gangandi, hverjir sem hafa haldið um stjórnvölinn hverju sinni.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þessar viðræður. Ég tel að þessi mál öll þurfi að skoða mjög raumgæfilega í framkvæmd. Við erum með þessu og meiri hl. sjútvrn. að leggja blessun okkar yfir störf sjóðanefndarinnar. Við viljum styðja hana og samtök sjómanna og útgerðarmanna í því að falla að verulegu leyti frá þessu viðamikla sjóðakerfi. En við megum heldur ekki gleyma því, að það getur verið og er nauðsynlegt að gera tilfærslur bæði á milli atvinnugreina og innan einnar og sömu atvinnugreinar. Og þegar ég segi það, þá á ég við að nú þurfum við sannarlega að minnka ásóknina í þorskstofninn. Það gerum við ekki með því að hækka þorskinn í verði mest allra sjávarafurða. En þegar við þurfum aftur að auka veiðar á öðrum fisktegundum, sem við höfum lítt veitt, eins og t.d. spærlingi, kolmunna og loðnu, sem standast mjög illa samkeppni vegna þess hve lágt verð er á þessum afurðum, þá getur verið nauðsynlegt að færa á milli greina til þess að styrkja stöðu annarra veiðigreina. En til þess að það sé hægt þarf að ná samkomulagi innan greinarinnar og það liggur ekki á lausu.

Þetta vil ég aðeins benda á, þegar við tölum um friðun og minnkandi sókn í þorskstofnin og aðra ofnýtta fiskstofna, að við þurfum að skapa aðra atvinnu og aukna framleiðslu á öðrum sviðum. En til þess að það geti orðið að veruleika þurfum við að færa á milli og ná mjög víðtæku samkomulagi og samstarfi og skilningi innan atvinnugreinarinnar við ríkisvaldið og auðvitað við allan almenning í landinu.

Lúðvík Jósepsson: Forseti. Þegar mál þetta var til 1. umr. í gær urðu um það fremur stuttar umr. af eðlilegum ástæðum, þar sem unnið var að því að koma málinu til n. og greitt fyrir því að það gæti fengið hér tiltölulega fljóta afgreiðslu. En ekki hafði mér komið til hugar að það yrði tekið hér fyrir strax daginn eftir, eins og hér er um viðamikið mál að ræða, og það á sérstökum aukafundi, þar sem málið hafði

ekki einu sinni verið tilgreint á dagskrá. Ég tel að það sé að vísu sjálfsagt að greiða fyrir því að mál þetta nái fram að ganga, ef það gæti orðið að einhverju leyti að liði í sambandi við samninga um kjaramál á milli sjómanna og útgerðarmanna. En hitt tel ég líka alveg útilokað, að mál þetta verði afgreitt hér á þann hátt að litlar sem engar umr. fari fram um þetta viðamikla mál, allra síst þegar maður heyrir að ýmsir hv. þm., sem meira að segja hafa þó haft aðstöðu til þess að fjalla örlítið um málið í n., kunna ekki skil á undirstöðuatriðum þess máls sem hér er um að ræða. Þá er a. m. k. full þörf á að talað sé svolítið við þá um hvað málið fjalli. En eigi að síður fer eflaust svo að vegna þess hvað málið er komið í mikið óefni, vegna tímaskorts verða menn eigi að síður að stytta mál sitt og fara ekki eins nákvæmlega út í umr. um málið og vissulega væri ástæða til.

Eins og hér hefur komið fram, hafa menn rætt allmikið um svonefnt sjóðakerfi að undanförnu, um sjóðakerfi sjávarútvegsins, og að það væri mikil þörf á að breyta þessu sjóðakerfi, án þess þó að gera því ýkjamikil skil hvernig þetta vandamál er í raun og veru vaxið, hvenær það kom upp og hvers eðlis það er. Auðvitað er það rétt, að það eru starfandi á vegum sjávarútvegsins mjög margir sjóðir og eru búnir að vera það lengi. En það hafa ekki staðið neinar og standa í raun og veru ekki enn neinar sérstakar deilur um marga þessa sjóði. Hins vegar hafa staðið alveg frá upphafi eða frá tilkomu viðkomandi sjóða miklar deilur, sem hafa komið t. d. upp við samningaborð milli sjómanna og útvegsmanna í hvert skipti síðan þessir sjóðir voru lögfestir. Það eru miklar deilur um nokkra þessa sjóði.

Sjóður, sem sérstaklega hefur verið deilt um nokkuð mörg ár, er Stofnfjársjóður fiskiskipa sem lögleiddur var árið 1968 þegar tekin var upp sú regla, að vísu með nokkrum breytingum síðar, að greiða skyldi af því fiskverði, sem skipin áttu að fá fyrir upplagðan afla hér innanlands og einnig fyrir seldan afla erlendis, — þá ætti í stórum dráttum — það eru svolitlar breytingar á því — að taka um 10% af verði þessa upplagða afla og greiða inn á sérstakan sjóð hjá Fiskveiðasjóði, svonefndan Stofnfjársjóð, og skyldi nota þennan sjóð til þess að greiða afborganir og vexti af stofnlánum fiskiskipa. Þá fjárhæð, sem tekin var með þessum hætti, átti að draga frá skiptaverðinu. Það átti að taka af verði aflans áður en aflaverðmætið kom til skipta.

Það gaf auðvitað auga leið þegar þetta var sett í lög, að þá risu sjómenn upp og mótmæltu því kröftuglega og sögðu: Hér er verið að grípa inn í okkar kjaramál. Það er verið að skekkja okkar umsamda grundvöll til kaups. — Og þeir hafa síðan barist á móti þessu allan tímann.

Það er svo sjálfsagt að geta þess, að það var Alþfl. sem hafði sérstaka forustu í því að koma þessum sjóði á. Það er svona til samræmis við það sem hv. þm. Alþfl. sagði hér um afstöðu þess flokks til sjóðakerfisins. En rétt er að taka það fram, að Alþfl. hefur haft alveg sérstaka forustu í því hér á Alþ. að lögleiða þá sjóði sem deilurnar hafa staðið um.

Það hefur sem sagt verið baráttumál í langan tíma hjá sjómannasamtökunum að fá þessu aftur breytt. Í minni stjórnartíð var gerð á þessu talsverð breyting í áttina til krafna sjómanna, en hins vegar náðust ekki fram allar þær breytingar sem þeir heimtuðu. Það var dregið úr greiðslum allverulega, en sem sagt meginefnið stóð þó eftir.

Hinn sjóðurinn, sem deilur hafa staðið um í langan tíma, enn fleiri ár en um Stofnfjársjóðinn, er Tryggingasjóður fiskiskipa sem líka var lögleiddur fyrir forgöngu Alþfl., en auðvitað á ábyrgð þeirrar ríkisstj. sem það gerði á sínum tíma. Um þennan sjóð eru líka búnar að standa deilur í mjög mörg ár, og enginn hefur ábyggilega talað eins mikið á Alþ. og oft gegn þessum sjóði og ég. Þar var um það að ræða, að þessum sjóði var aflað tekna með sérstökum útflutningsgjöldum á allar útfluttar sjávarafurðir, misjafnlega hátt gjald á hinum einstöku útflutningsvörum. En sem sagt, tekna var aflað í þennan sjóð í því skyni að hann ætti síðan að standa undir greiðslum á vátryggingagjöldum fiskiskipa að langmestu leyti. Þetta var auðvitað gert af sömu ástæðum og áður, að hér var verið að taka af óskiptum afla ákveðna fjárhæð. Það var verið að lækka fiskverðið áður en það kom til skipta til sjómanna, og greiða tiltekinn rekstrarkostnað útgerðarinnar. Af þessum ástæðum hafa staðið deilur um þessa tvo sjóði.

Eins og ég sagði hafa þessir sjóðir verið miklu fleiri, og það er rétt að geta þeirra hér rétt aðeins. Þeir sjóðir, aðrir en þessir tveir, sem hafa staðið í alllangan tíma því að Olíusjóðurinn kom miklu seinna, ég vík að honum síðar, — hinir sjóðirnir hafa allir verið minni háttar og um þá hafa ekki verið neinar teljandi deilur.

Einn af hinum eldri þessara sjóða er Aflatryggingasjóður sem á þó í rauninni enn þá lengri sögu á meðan hann hét Hlutatryggingasjóður o. s. frv. Það litla gjald, sem lengst af rann í þann sjóð ásamt sérstöku framlagi úr ríkissjóði á móti, það átti að skapa visst öryggi fyrir því að sjómenn, sem eru hlutarráðnir, gætu fengið hlut sinn greiddan þegar út af bæri, þegar um aflaleysi væri að ræða eða aflabrest. Það hafa ekki verið neinar meiri háttar deilur um þennan sjóð sem slíkan. Deilurnar varðandi hann hafa einvörðungu svo að segja snúist um það hvernig reglum sjóðsins væri beitt. Það hefur stundum þótt við brenna að einstakir útgerðarmenn gætu hagað þannig rekstri skipa sinna að þeir kæmust í það að fá greiðslur úr þessum sjóði vegna aflabrests eftir reglum hans, kannske umfram það sem réttlátt hefði átt að teljast.

Sama er að segja um aðra deild sem síðar kom til við Aflatryggingasjóðinn, svonefnda áhafnadeild. Það er ekki ýkjastór deild heldur á mælikvarða þessara sjóða, en þar var um að ræða sérstaka deild sem fjár var aflað til og kom upp úr samningum milli sjómanna og útgerðarmanna og átti að hafa það hlutverk og hefur haft það hlutverk að greiða hluta af fæðiskostnaði sjómanna, sem þeir höfðu lengi gert

kröfu um að fá greiddan. Það er ekki heldur og hafa ekki verið neinar meiri háttar deilur milli sjómanna og útvegsmanna um þessa deild í Aflatryggingasjóði.

Þá hefur einnig verið í lögum í langan tíma minni háttar gjald, sem runnið hefur til Fiskveiðasjóðs, stofnlánasjóðs sjávarútvegsins, og framleiðslugjald sjávarafurða er í sambandi við mat á nýjum fiski upp úr bátum, og síðan smávægilegt gjald sem runnið hefur til Hafrannsóknastofnunarinnar í sambandi við starfsemi hennar og einnig í sambandi við byggingu á síldarleitarskipi og fiskrannsóknaskipi. En allt eru þetta minni háttar gjöld sem engar verulegar deilur hafa staðið um.

Málið hefur staðið þannig, að deilan í allmörg ár um sjóðakerfið hefur staðið um Tryggingasjóð fiskiskipa, en nú er svo komið að þessi sjóður, Tryggingasjóður fiskiskipa, er farinn að hafa tekjur nokkuð á annan milljarð, 1.1 milljarð á ári, samkv. nýjustu áætlunum sem liggja fyrir, af útflutningsgjöldum. Þarna er því um allverulega fjárhæð að ræða, sem tekin er af óskiptum afla og skerðir aflahlut sjómanna, í því skyni að borga einn tiltekinn gjaldalið fyrir útgerðina.

Svo er Stofnfjársjóðurinn, en nú er hann orðinn svo stór að talið er að tekjur hans mundu vera samkvæmt gildandi lögum á einu ári í kringum 3000 milljónir eða 3 milljarða kr. sem líka eru teknir af óskiptum afla og skerða þar af leiðandi aflahlut sjómanna.

Deilan hefur sem sagt staðið um þessa tvo sjóði. Svo kemur sá þriðji til, sem er nú þeirra stærstur og mestur, en það er Olíusjóðurinn sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson segir að ég hafi stofnað og rök fyrir því að til þessa sjóðs hafi verið stofnað hafi verið þau, að hinn nýi togarafloti landsmanna gæti ekki staðið undir verðhækkun á brennsluolíu. Allt er þetta eintómur þvættingur og vitleysa. Hið sanna er það, að lög um Olíusjóðinn eru ekki sett fyrr en í tíð núv. ríkisstj. seinni hluta ársins 1974 og síðan aftur með breytingum á árinu 1975. En það, sem hafði gerst í minni ráðherratíð í sambandi við olíuniðurgreiðslu, það er rétt að rekja hvað þar gerðist.

Það er rétt, að við fiskverðsákvörðun í janúarmánuði árið 1974, þegar sjómenn og útvegsmenn og fiskkaupendur í landinu höfðu komið sér saman um fiskverð og búið var að ákveða loðnuverð í landinu og verðbreyting á loðnu hafði orðið frá 70—90% hækkun, af því að talið var að rekstrarskilyrði væru mjög hagstæð hjá þeim sem framleiddu loðnuafurðir, þá voru allir aðilar sem stóðu að þessum samningum. Þeir voru sammála um að verðhækkunin sem orðin var með þeirra samkomulagi á loðnu, væri svo mikil að það gæti verið beinlínis hættulegt að hafa þá verðhækkun öllu meiri, miðað við þá verðhækkun sem menn höfðu komið sér saman um í sambandi við aðrar fisktegundir, enda var það svo, að þrátt fyrir þessa hækkun á loðnuverðinu frá 70—90% varð mikið fjármagn eftir sem átti eigi að síður að takast af loðnuframleiðendum í landinu og leggjast inn á Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins til geymslu. Það skipti nokkrum hundruðum millj. kr.

Þegar þessi mál stóðu svona komu aðilar í Verðlagsráði sjávarútvegsins, þ. e. a. s. fulltrúar sjómanna og fulltrúar bátaeigenda, sér saman um það að vegna fyrirsjáanlegrar hækkunar á olíuverði, sem þá blasti við, í upphafi árs 1974, þá sæktu þeir um heimild til þess að af áætluðu framlagi, sem átti að leggjast inn í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins af loðnuafurðum, eftir að loðnuafurðirnar höfðu hækkað svona mikið í verði, mætti taka 225 millj. kr. til þess að halda óbreyttu verði á gasolíu til fiskiskipaflotans, ekki bara til stóru togaranna eða annarra togara, heldur til fiskiskipaflotans alls. Á þetta var fallist sem samkomulag á milli þessara aðila, að þessi háttur skyldi á hafður. Það var sem sagt minnkuð sú fjárhæð sem annars átti að leggjast til geymslu í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins af loðnuafurðum. Eftir að loðnuafurðirnar höfðu hækkað miklu meira en aðrar afurðir, þá var fallist á að taka þessa upphæð og lögum var hér breytt í samræmi við þetta, að þessi fjárhæð skyldi ekki renna í Verðjöfnunarsjóðinn, heldur ganga til niðurgreiðslu á olíu, 225 millj. kr. áætlað. Það er rétt, á þetta var fallist af mér sem sjútvrh. á þessum tíma og af ríkisstj. á þeim tíma og staðfest hér á Alþ. Það má auðvitað segja það — það er alveg rétt — að þetta hafi verið upphafið að því að farið var inn á þá braut að greiða niður verð á olíu. En það var vitanlega grundvallarmunur á þessu og því sem síðar var gert með lögum frá Alþ. og núv. hæstv. sjútvrh. lagði hér fyrir og staðfest var á Alþ. 19. des. 1974, en þá er ákveðið að stofna sérstakan Olíusjóð fiskiskipa og þá er ákveðið að afla þeim sjóði tekna með almennu útflutningsgjaldi af öllum sjávarafurðum. M. ö. o.: það var settur upp sjóður sem átti einvörðungu að hafa tekjur frá sjávarútveginum og síðan átti að taka þessar tekjur, sem voru teknar af sjávarútveginum sjálfum, enginn annar borgaði neitt í sjóðinn, og dreifa þessum tekjum aftur út til sjávarútvegsins í formi þess að greiða niður olíu. Með þessari löggjöf var í fyrsta skipti stofnað til Olíusjóðs sem vitanlega hlaut að leiða til stórkostlegra vandræða. Á þetta benti ég hér í umr. margsinnis og reyndar fleiri en ég sem þá voru á móti þessari lagasetningu. Við bentum m. a. á það, sem þá vorum á móti þessu, að hér væri um það að ræða að byggja upp feiknalegt millifærslukerfi, því að ef þetta ætti að koma að verulegu gagni yrði að koma fjármagn einhvers annars staðar frá. Það er rétt, þetta gat að einu leiti komið að gagni fyrir útgerðina í landinu. Það var að því leyti til, að það var verið að skerða hlut sjómannanna með því að taka þetta af óskiptum afla. Á þann hátt mátti segja að sjómenn, sem voru ráðnir upp á aflahlut, borguðu raunverulega í þennan Olíusjóð, einhvers staðar á milli 40 og 50%, en útgerðarmennirnir sjálfir borguðu hinn hlutann, á milli 50 og 60%.

Síðan gerðist það á næsta ári á eftir, að núv. hæstv. ríkisstj. flutti á nýjan leik annað frv., enda kom þá til önnur gengislækkun. Þá var enn lagt til að auka framlagið í Olíusjóð og stækka hann upp í það sem talið er að hann sé eftir núgildandi reglum, rétt í kringum 3.2 milljarða kr. Það er sem sagt tekin af útgerðinni í land-

inu í þennan sjóð fjárhæð sem nemur 3.2 milljörðum kr., og upphæðinni er síðan deilt út til niðurgreiðslu á olíuverði. Afleiðingarnar urðu tvennar: Í fyrsta lagi, að það var verið að taka af sjómönnum verulegan hluta af því sem þeir töldu sig eiga í brúttó-aflaverðmæti. Og í öðru lagi var verið að taka upp millifærslukerfi sem hlaut að leiða til þess, að sumir aðilar í útgerð meðal útgerðarmannanna sjálfra hlutu að borga miklu meira en aðrir. T. d. þeir sem fiskuðu mikið, þeir borguðu eðli sínu samkv. meira en hinir, sem fiskuðu lítið, til þess að verðlækka olíu, þó auðvitað allt miðað við það, að það getur verið mjög breytilegt í hinum einstöku útgerðargreinum, hversu mikill olíukostnaður er miðað við endanlegt útflutningsverð þeirrar vöru sem þeir framleiða.

Það er auðvelt fyrir alla hv. þm. að kynna sér þær umr. sem hér fóru fram þegar lögin um Olíusjóð voru sett. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson var einn af þeim sem töluðu þar allmikið og auðvitað á alveg sama hátt og ég geri nú, þegar hann varaði við setningu þessara laga um Olíusjóð, þó að þetta hafi ruglast svona í kollinum á honum nú, að það hafi verið ég sem hafi sett upphaflega lögin um Olíusjóð. Minn hlutur í þessum efnum er ekki annar en sá sem ég hef greint, að við féllumst í janúarmánuði 1974 á þá till. sem bæði fulltrúar sjómanna og útgerðarmanna höfðu komið sér saman um og fiskkaupendur féllust á, að framlagið til Verðjöfnunarsjóðs af loðnuafurðum yrði þetta miklu minna sem ég hef greint frá og rynni til þess að verðlækka olíu á vetrarvertíðinni. Lengra náði það ekki.

Það var svo í tíð núv. stjórnar og núv. hæstv. sjútvrh., að meginefni till. hans í sambandi við gengislækkanirnar tvær, sem samþ. voru, var einmitt að stórefla þessa umdeildu sjóði sjávarútvegsins. Till. hans voru um að gera Olíusjóðinn svona gífurlega stóran og algjörlega almennan, þannig að öll útgerðin í landinu varð að borga í sjóðinn og öll útgerð landsmanna gat fengið greitt úr sjóðnum. Og hann lagði einnig til að framlögin í hinn umdeilda Stofnfjársjóð, sem greiðir afborganir og vexti af fiskiskipum, yrðu hækkuð um þriðjung, úr 10% upp í 15%. Auk þess lagði hann svo til og var hér samþ. að stórhækka framlögin til Tryggingasjóðsins. Málin eru því ofur auðveld og skýr fyrir þá sem þekkja hér til, að ofvöxtur í alla þessa sjóði varð í tíð núv. ríkisstj. og fyrir hennar forgöngu. Hún ákveður þetta og þarf að samþ. það hér á Alþ. í andstöðu við stjórnarandstöðu og gegn hennar atkv.

Auðvitað mótmæltu svo sjómannasamtökin í landinu þessari lagasetningu allri.

Þegar menn höfðu haldið þessu áfram um hríð fóru auðvitað að koma betur í ljós þeir annmarkar á þessu kerfi sem við höfðum verið að benda á, að hér væri farið inn á svo hrođalega millifærslu að það hlyti að koma einnig í höfuðið á útgerðarmönnum sjálfum. Og það hefur auðvitað komið fram. Þá varð það sem sjómenn tóku til sinna ráða. Þeir urðu svo óánægðir með sinn hlut í málinu að þeir grípa fram fyrir hendur á öðrum, sigla flota sínum í land og segjast ekki fara út á veiðar aftur nema þeir fái einhverja tryggingu fyrir því að þetta sjóðakerfi verði tekið til endurskoðunar. Og því var heitið, að sjóðakerfið skyldi tekið til endurskoðunar.

Nú stöndum við hér frammi fyrir áliti þeirrar n. sem hefur unnið að endurskoðuninni. Auðvitað komu fram í þessari n. mjög skiptar skoðanir og þær eru enn mjög skiptar á milli aðila um einstaka meginþætti málsins. En þar virðast þó allir vera á því máli, að úr því sem komið er beri að reyna að draga úr sjóðakerfinu, minnka það, það sé orðið allt of mikið.

Menn sjá auðvitað mikla annmarka á því að ætla að stíga út úr öllu sjóðakerfinu í einu lagi. Það sé ég líka. Ég býst við að það sé nær óframkvæmanlegt. Ég tek líka undir það með hæstv. sjútvrh., að ég dreg líka mjög í efa að það sé rétt að leggja alla þessa sjóði niður, þessa gömlu sjóði, sem ekki hafa verið umdeildir, og minni sjóði. Það er ekkert höfuðatriði og satt að segja mjög vafasamt að leggja suma þeirra niður. En það eru þessir eiginlegu millifærslusjóðir sem deilan hefur staðið um. Ég álít að það sé mikið þarfaverk að vinna að því að draga úr þeim og leggja þá niður. Það hefur lengi verið skoðun mín að Tryggingasjóðurinn sé ranglega upp byggður og hann iþyngi útgerðinni í landinu þegar allt er saman talið. Ég hef margsinnis túlkað þessa skoðun. Á meðan ég var ráðh. beitti ég mér fyrir því að reyna að fá fram samkomulag við aðila í sjávarútvegi um það að gera breytingar á þessu kerfi, skipaði sérstaka n. til þess, en því miður höfðu útvegsmenn ekki þá framsýni þá að geta fallist á breyt. á lögunum og hótuðu öllu illu ef lögunum yrði breytt án samkomulags við sig. Af því hikaði ég við að fara í deilu við þá frekar um málið, þó að ég margítrekaði það sem mína skoðun að vátryggingakerfið, eins og það væri upp byggt með þessum Tryggingasjóði, væri orðið afar óheppilegt. Og ég stóð gegn því að þessi sjóður héldi áfram að vaxa.

En þegar núv. ríkisstj. tók við, þá var stefnunni aftur snúið við og tekið upp á því að efla þennan sjóð, stórauka hann frá því sem hann var með auknum útflutningsgjöldum. Sem sagt stóraukin millifærsla í sambandi við greiðslur á vátryggingagjöldum.

Sama er að segja um hina sjóðina. Það má ýmislegt segja um Stofnfjársjóð fiskiskipa. Hann er ekki að mínum dómi að öllu leyti slæmur sjóður. Ég tel að það sé fullkomlega eðlilegt að slíkt innheimtukerfi eins og þar er byggt upp geti átt rétt á sér gagnvart útgerðarmönnum, þ. e. a. s. að ákveðinn hluti af aflaverðmæti skipanna sé tekin til tryggingar því að útgerðarmenn standi skil á afborgunum og vöxtum. Hinu verður aftur ekki neitað, að það kemur upp ágreiningsmál á milli sjómanna og útgerðarmanna hvort hægt sé að draga slíka upphæð af aflaverðmætinu áður en til skipta kemur. Það hlýtur að vera samningsmál þeirra á milli.

Nú er sem sagt lagt til að stíga skref í þessu sjóðavandamáli, og það er býsna athyglisvert hvað lagt er til sem fyrsti áfangi til að komast út úr þessu sjóðakerfi. Það er lagt til að minnka vátryggingakerfið um ca. helming, alveg öfugt við það sem núv. ríkisstj. hafði gert, þar sem

hún var alltaf að auka það. Það er lagt til að afnema alveg olíusjóðskerfið sem hún hefur alveg byggt upp og á þessum alranga grundvelli, að ætla að skattleggja alla útgerðina í landinu til þess að greiða svo fyrir hana allan tiltekinn kostnað, sem sagt að fara þarna inn á hreint millifærslukerfi á milli aðila.

Hitt var og er auðvitað allt annað. Ef upp kemur að ein grein í sjávarútveginum býr við slíka afkomu að fært þykir að skattleggja hana án þess að á henni sé níðst á nokkurn hátt, þá er allt annað hvort það er gert, að taka slíkan kúf af og ráðstafa í þágu sjávarútvegsins almennt. Það er allt annað mál. Það er alveg gjörólíkt kerfi. Mér er alveg ljóst, að ef t. d. sá grundvöllur, sem lagður var við ákvörðun loðnuverðsins í byrjun ársins 1974, hefði staðist, eins og menn trúðu þá á, þegar sú verðlagning fór fram, og ekkert hefði verið látið renna af þessu fé í Verðjöfnunarsjóð, þá hefðu auðvitað allir þeir, sem fengust við framleiðslu á loðnu, lent í gífurlegri skattlagningu til ríkisins og mikið af þessu fé hefði farið þangað. Það hefði verið skattlagt eigi að síður.

Nú er sem sagt þetta lagt til, að minnka Tryggingasjóðinn um helming, leggja Olíusjóðinn fullkomlega niður og draga úr framlagi í Stofnfjársjóð, að forminu til um þriðjung, úr 15% niður í 10%, en það verður ekki í reyndinni alveg svo mikið vegna þess að þessi 10%, sem nú er lagt til að eigi að renna í Stofnfjársjóð, reiknast af öðru fiskverði en 15% reiknuðust áður. Þarna er þó um að ræða talsverða minnkun á Stofnfjársjóði.

Ég hef með afstöðu minni til málsins lýst því yfir, að ég er samþykkur því að stefna að því að draga úr þessu sjóðakerfi. Ég er samþykkur þeim till., sem hér liggja fyrir, sem áfanga í þessum efnum, að minnka sjóðakerfið á þann hátt sem hér er lagt til. Þannig er ég sammála meginefni frv. að þessu leyti til. En ég hef bent á það, að sú deila, sem upp hefur risið í sambandi við sjóðakerfið, er ekki leyst með þessu frv. Deilan stendur eftir, því að megindeilan hefur alltaf snúist um það og snýst um það enn, hvernig á að fara með þá fjárhæð, sem dregin er úr sjóðakerfinu og á nú að setja út í fiskverð, hvernig á að fara með þá fjárhæð í skiptum á milli útgerðarmanna og sjómanna. Ef það gerist nú í kjölfar þessara breytinga á sjóðakerfinu að fiskverð hækkar almennt um 24%, eins og talið er að það geti gert, þá gefur auðvitað alveg auga leið út frá því, sem áður hefur gerst í þessum málum, að sjómenn ætlast til þess að fá aflahlut úr þessari fiskverðshækkun líka. En hitt er jafnaugljóst, að útvegsmenn, sem hafa fengið alla þessa fjárhæð til sín gegnum sjóðakerfið, vilja láta fiskverðið hækka út af fyrir sig, en gera um leið aðrar ráðstafanir til þess að sjómenn fái ekkert af þessari fiskverðshækkun. Um það snýst vandinn nú í dag við samningaborðið á milli sjómanna og útgerðarmanna. Ef þeir ná samkomulagi um það, hvernig þeir skipta þessari fiskverðshækkun sín á milli, þá hefur þetta náð fram að ganga og er leyst a. m. k. í bili. En nái þeir ekki heldur samkomulagi nú í sambandi við sína kjarasamninga um þetta atriði, þá kemur að því, sem hæstv. sjútvrh. sagði í framsögu fyrir málinu í gær, að hann segir að frá sinni hálfu sé sá fyrirvari í sambandi við þessi frv., að því aðeins geti þau tekið gildi að samkomulag verði á milli sjómanna og útvegsmanna í kjarasamningunum um skiptingu á þessum fjárhæðum. Aðalvandamálið, sem deilurnar hafa staðið um, er enn óleyst þrátt fyrir þessar breytingar á sjóðakerfinu. Ef dregið yrði úr sjóðakerfinu eins og hér er lagt til, þá mundi hins vegar ýmislegt af þeim millifærsluvandamálum, sem upp hafa komið á milli hinna einstöku greina í sjávarútveginum, a. m. k. minnka, og að þessu leyti til er hér stefnt í rétta átt að mínum dómi.

Ég vil því segja það, að ég vil nú vænta þess að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson láti leiðrétta þá vitleysu sem hann fer með í sínu nál. Og reyndar ætti hann að sjá sóma sinn í því líka að leiðrétta það, því að ég sé þá hvaðan það er komið, það sem birt hefur verið í blöðum á Ísafirði nýlega alveg í sömu átt. Hann ætti þá að leiðrétta það líka, því að þetta er með öllu rangt, að ég hafi staðið fyrir því að lög hafi verið sett um Olíusjóð. Það er rangt. Og það er líka rangt, að sú niðurgreiðsla, sem ég átti aðild að eða samþ. á sínum tíma, hafi verið rökstudd með einhverjum sérstökum vandræðum togaraflotans. Þar var um það að ræða að allur fiskiskipaflotinn fékk notið þessarar niðurgreiðslu á olíuverði, sem fékkst með því að taka tiltekna fjárhæð af loðnuafurðunum í það skiptið.

Hitt skal ég líka segja, að ég er ekki fyrst og fremst að ásaka núv. hæstv. sjútvrh. fyrir það hvernig þetta sjóðakerfi hefur vaxið. Það hefur eðlilega komið upp vegna vandamála sem upp komu í sambandi t. d. við gífurlega hækkun á olíu og hlutu að trufla mjög allan útgerðarrekstur, nema þá að verulegar breytingar yrðu í kjarasamningum. Það voru auðvitað ástæðurnar. Og svo eins og alltaf þegar miklar gengisbreytingar eiga sér stað, þá hefur margsinnis áður verið gripið í að gera raunverulega með lögum hreyfingu á hinni eiginlegu skiptaprósentu sem um hefur verið samið á milli sjómanna og útgerðarmanna. Ástæðurnar eru þessar. En hann stóð að því, eins og hans ríkisstj., að framkvæma þessar gengisbreytingar og fylgdi því á eftir á þennan hátt með því að byggja upp þennan sjóð á þessum grundvelli og gera hann svona stóran og aðra sjóði svona stóra eins og ég hef verið að lýsa.

Ég vildi að þetta kæmi hér skýrt fram vegna þess að þeir, sem hafa staðið að því að samþ. hér allar reglur varðandi sjóðakerfið frá upphafi, eiga að standa við þær samþykktir síðar og ekki reyna að fela sig á bak við neina aðra og segja að allir aðrir hafi staðið að þessu. Það er ekki rétt. Það var rétt sem hæstv. sjútvrh. sagði um eina greiðslu sérstaklega sem hann nefndi og ég stóð að, og það var að setja sérstök lög um það, að tiltekinn tíma skyldi 1% af verðmæti útfluttra sjávarafurða renna í Fiskveiðasjóð honum til eflingar með því skilyrði að ríkissjóður legði jafnmikið fjármagn á móti til eflingar Fiskveiðasjóði. Þetta var í sambandi við uppbyggingu flotans í landinu. Það er rétt, þetta var gert. Og auðvitað var það líka rétt,

að þessi fjárhæð verkaði á óbeinan hátt á skiptagrundvöll á milli sjómanna og útgerðarmanna. En ég hafði ráðgast við samtök sjómanna um þetta og þau mótmæltu þessu ekki. Þau höfðu það mikinn áhuga á því að hægt væri að standa að uppbyggingu fiskiskipaflotans að þetta var gert. Gjaldið var sett til tiltekins tíma. Núv. hæstv. sjútvrh. hefur síðan beitt sér fyrir því að halda þessu gjaldi áfram, og ég er honum alveg sammála um það. Ég álít að verkefni Fiskveiðasjóðs hafi verið með þeim hætti og séu þannig að það hafi verið fullkomlega eðlilegt. En að öðru leyti er það svo um hina umdeildu sjóði, að ég tel að ég hafi ekki tekið nokkurn tíma þátt í því, hvorki að setja um þá lög né heldur að efla þá, heldur þvert á móti. Ég hef einmitt varað við þessum sjóðum og bent á að það ætti að fara aðrar leiðir.

Í þessu frv., eins og það liggur fyrir, eru svo aðeins minni háttar atriði önnur sem ég hef hnotið um, af því að ég hef tekið hér fram að ég er samþykkur meginstefnu frv., þó að ég geri mér grein fyrir því að deilurnar á milli útgerðarmanna og sjómanna, sem tengst hafa sjóðavandamálinu, eru ekki leystar. Þær eru annars staðar til úrlausnar nú. En þau minni háttar atriði, sem ég hefi við skyndilestur strikað við, eru þessi m. a., að ég tek eftir því að sú nýja skipting á útflutningsgjaldinu, sem upp á að taka samkv. frv., gerir ráð fyrir því að Aflatryggingasjóður fái nokkru meira fé en hann mundi fá samkv. núgildandi reglum. Það er gert ráð fyrir því, að samkv. frv. geti hann fengið 500 millj. kr., almenna deildin, í tekjur, á móti 461 millj. samkv. núgildandi reglum. Ég sé nú ekki ástæðu til þess arna og hef hvergi séð bein rök fyrir því að þetta skuli vera gert. Þessu er smeygt hér inn á sama tíma og verið er að draga úr vexti sjóðakerfisins. Og þó að það hafi ekki verið aðaldeilur um Aflatryggingasjóðinn, eins og ég hef bent á, þá sé ég enga ástæðu til þess að í fylgd með þessu frv. sé verið að auka framlögin í þennan sjóð. Og það er ekki aðeins hin almenna deild Aflatryggingasjóðs, heldur einnig áhafnadeildin, sem greiðir hluta af fæðiskostnaði, það er gert ráð fyrir því að hún fái 590 millj. kr. samkv. frv., en 554 millj. samkv. núgildandi lögum. Ég sé ekki heldur ástæðu til þess arna. Ég hef lýst því yfir margsinnis áður, að ég er persónulega á móti þessari deild. Ég tel að hún sé mesta vandræðadeild, vegna þess að þarna er farið að reikna út fæðiskostnað á skipum eftir því, hvað menn fiska mikið, og greiða all verulega upphæð úr sjóðnum á þeim grundvelli, sem ég tel afar vitlaust og óheppilegt. Þarna er um millifærslukerfi að ræða, og ég er því litið glaður yfir að sjá það, þó að hér sé ekki um stóra upphæð að ræða. Hitt veit ég mætavel, að vegna þeirra samninga, sem sjómenn og útvegsmenn hafa gert um greiðslu á fæðiskostnaði, gerir hvorugur þeirra nú athugasemd við að halda þessu áfram. Þeir eru ásáttir um þetta. En við getum haft okkar skoðun á því, hvort kerfið er rétt.

Þá er einnig minni háttar atriði, að hér er lagt til að samtök sjómanna og útvegsmanna, sem hafa fengið örlítinn hluta af útflutningsgjaldinu til síns rekstrar, til sinnar starfsemi, það er verið að gera ráð fyrir því að þetta fé, sem rennur til þessara samtaka, og hefur satt að segja að mínum dómi alltaf verið heldur hæpið að þessi samtök fengju fé með þessum hætti, — það er verið að gera ráð fyrir því að samtökin fái nú samkv. frv. 18 millj. kr., en hefðu ekki fengið samkv. gildandi reglum nema 13 millj. kr. Ég er fyrir mitt leyti ekki með þessu. Ég álít að það hefði mátt líta fram hjá því ef það hefði verið það sama og áður, en ég sé ekki ástæðu til þess fyrir mitt leyti að hækka það. Fremur hefði átt að draga úr því. Auk þess eru svo þar gerðar vissar breytingar sem ég veit ekki hvernig verður tekið af viðkomandi aðilum, því að þessar tekjur hafa runnið til Landssambands ísl. útvegsmanna annars vegar, en hins vegar hefur gjaldið runnið til Sjómannasambandsins og Farmanna- og fiskimannasambandsins og Alþýðusambandsins að því leyti til sem það er allsherjarsamtök allmargra félaga sem hafa með sjómannamál að gera og eru ekki í Sjómannasambandinu. En nú er gerð sú breyting á, að þetta skuli ekki renna til Alþýðusambandsins lengur, heldur skuli það renna til Alþýðusambands Austurlands og Alþýðusambands Vestfjarða. Það má vera að þessir aðilar hafi verið eitthvað óánægðir með skiptinguna á þessum fjármunum frá Alþýðusambandinu, en þarna er allt í einu tekin upp regla um það, að skipta skuli þessum peningum til annarra aðila en verið hefur. Ég segi það líka, ég tel að það hafi verið heldur hæpið að fara að taka það upp í þetta frv.

Þá tek ég eftir því, að í till. eða í grg. þessarar endurskoðunarnefndar er lagt til að Fiskimálasjóður verði lagður niður eða sameinaður Fiskveiðasjóði, og síðan er gert ráð fyrir að þær tekjur, sem Fiskimálasjóður hefur haft, renni til Fiskveiðasjóðs. Eins og ég sagði í umr í gær, er ég alveg á móti þessari breyt., tel hana ekki rétta. Ég tel að þessar litlu tekjur, sem Fiskimálasjóður hefur haft, það hafi verið ætlunin að verja þeim í allt öðru skyni heldur en því sem Fiskveiðasjóður ráðstafar sínu fjármagni til. Hann er hreinn stofnlánasjóður sem veitir lán á hreinum lánagrundvelli, en Fiskimálasjóður hefur oft og einatt, eins og honum ber skylda til, stutt aðila með styrkjum til þess að gera veiðitilraunir og ýmsar verkunartilraunir og stutt margvíslega tilraunastarfsemi í þágu sjávarútvegsins. Ég óttast að þetta falli þá algjörlega niður, og ég sé enga ástæðu til að fara inn á þá braut að sameina þetta allt í Fiskveiðasjóði.

En þetta frv. fjallar ekki nákvæmlega um að gera þessa sameiningu. Það þyrfti þá sérstök lög til þess. Hins vegar er gert ráð fyrir því í 4. gr. eða í athugasemdunum við 4. gr. frv., að þessar tekjur, sem runnið hafa til Fiskimálasjóðs, skuli renna, eins og þar segir, til Fiskveiðasjóðs og Fiskimálasjóðs: a) til lánastarfsemi og b) til styrkveitinga. Mér er ljóst að það er hægt að halda þessu alveg aðgreindu, og ég þykist vita að hæstv. sjútvrh. sé mér í þessum efnum alveg sammála, að það eigi að halda

Fiskimálasjóði áfram og láta hann vinna að þeim verkefnum sem hann hefur haft. Sé tryggt að þessar tekjur renni eftir sem áður til Fiskimálasjóðs, þá er ég ásáttur með þetta. En ef í þessu felst að það sé verið að taka tekjurnar af Fiskimálasjóði til þess að koma þeim til Fiskveiðasjóðs, þá er ég því algjörlega andvígur.

Hæstv. forseti. Ég hef þá gert grein fyrir afstöðu minni til þessa máls og til þess sem hér hefur komið fram í sambandi við umr. um málið. Afstaða mín er þessi, að ég er sammála því að draga úr sjóðakerfinu og fellst því á meginatriði frv. að því leyti til. Ég vek hins vegar sérstaklega athygli á því, að þó að þessi breyt. sé gerð, er ekki þar með búið að komast út úr þeim vanda, sem við höfum staðið í vegna uppbyggingar sjóðakerfisins, því deilurnar eru eftir sem áður á milli útgerðarmanna og sjómanna.

Að öðru leyti hef ég svo aðeins minni háttar aths. að gera við frv. sjálft. En afstaða mín til frv. miðast við þessa grg. mína, að ég fellst á þetta sem áfanga að því marki að draga úr sjóðakerfinu, en ekki að ég sé þar með ásáttur með að hafa þetta í þessu formi. Það er ég ekki. En ég taldi líka rétt að fram kæmi hið sanna um það hvernig þetta sjóðakerfi hefur orðið til og hvaða deilur hafa á undanförnum árum staðið um þetta sjóðakerfi hér í raun og veru.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 320) samþ. með 24 shlj. atkv.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Það eru örfá orð um eitt atriði þessa frv. sem hv. síðasti ræðumaður taldi minni háttar, og ég get mjög vel fallist á að svo sé þegar allt málið er skoðað í heild. Það varðar 6. tölul. 4. gr. frv., en hann er þannig:

„Til samtaka sjómanna samkv. reglum, sem sjútvrn. setur, 0.4%."

Í framsögu hæstv. sjútvrh. í gær kom fram að skipting þess gjalds, sem hér er um að ræða, yrði með þeim hætti að það rynni til Sjómannasambands Íslands, tveggja fjórðungssambanda innan Alþýðusambandsins, þ. e. a. s. fjórðungssambandanna á Vestfjörðum og Austurlandi, og til Farmanna- og fiskimannasambandsins. Hér er gerð á allveruleg breyting, því að áður, eins og raunar var fram tekið áðan, rann þetta gjald, sá hlutinn sem fór til Alþýðusambandsfélaganna, annars vegar til Sjómannasambandsins og hins vegar til Alþýðusambandsins. Nú verð ég að segja það, að ég hef aldrei verið neinn sérstakur talsmaður þess að samtökin afli sér rekstrarfjár með þessum hætti. En hér er um að ræða mál sem er staðreynd í dag. Fyrst var hér um að ræða Landssamband ísl. útvegsmanna einvörðungu sem fékk vissa prósentu af útflutningsgjöldunum um árabil, en síðan komu sjómannasamtökin og einnig samtök verkafólks í landi.

Ef nú er ætlunin að breyta þeirri innbyrðis skiptingu sem hefur verið á þessu gjaldi, þá vil ég lýsa því yfir að það er gert án samráðs við einn þann aðila sem hefur verið með í þessu áður, þ. e. a. s. Alþýðusamband Íslands. Og þar sem hér er um að ræða mál sem hefur verulega breytingu í för með sér á högum þessa aðila, þá tel ég að það sé mjög slæmt að gera það á þennan hátt. Ég gæti vel fallist á að ef hér væri einvörðungu um að ræða aflahlut úr sjó sem sé kominn að landi, þá ættu sjómennirnir einir um það að fjalla, þá væri það kannske þeirra mál. En hér er um að ræða hluta af útflutningsverðmæti, og það vita náttúrlega allir hv. þm. hvaða breytingar verða á hráefninu frá því að það kemur upp úr sjó og þangað til það er orðið útflutningsvara, og það er annað fólk sem kemur til starfa við þær framkvæmdir.

Ég ætla ekki að fara að orðlengja hér um þessi mál. En ég vildi að hæstv. ráðh. — sjútvrh. a. m. k. — gæfu svigrúm til þess að skipting þessa fjár verði rædd við þá aðila sem áður hafa notið þess, áður en rn. setur þær reglur um skiptingu þessa fjár sem lögin gera ráð fyrir að það setji. Ég held að hér gæti annars orðið um mjög alvarlegt tilfinngamál að ræða sem óséð er um hvaða afleiðingar hefði.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Út af þeim orðum, sem hv. 7. þm. Reykv. lét falla varðandi 6. lið 4. gr., en þar segir að varið verði til samtaka sjómanna samkv. reglum, sem sjútvrn. setur, 0.4% af útflutningsgjaldinu, þá er ætlað samkv. þessu frv. að verja til samtaka í útvegi, til samtaka útvegsmanna og sjómanna, 0.8%, og varð samkomulag í n. um að leggja til að því yrði skipt jafnt á milli útgerðarmanna og sjómanna, 0.4% til Landssambands ísl. útvegsmanna og 0.4% til samtaka sjómanna samkv. reglum sem rn. setur. Hins vegar leggur sjóðanefndin til og er sammála um að þetta gjald til sjómannasamtakanna skiptist á þann veg, að 42% renni til Sjómannasambands Íslands, 40% til Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, 9% til Alþýðusambands Vestfjarða og 9% til Alþýðusambands Austurlands. Það er rétt hjá hv. 7. þm. Reykv., að hér er lagt til frá hendi sjóðanefndarinnar að taka af Alþýðusambandi Íslands þá hlutdeild sem sambandið hefur haft af þessum tekjum af útflutningsgjaldi. Ég fyrir mitt leyti sé ekkert athugavert við það og tel bæði sjálfsagt og skylt að ræða þessi mál við þá fjóra aðila sem hér eiga hlut að máli og Alþýðusamband Íslands. Ég tel að hlutur atvinnurekenda eða útgerðarmanna sé alveg afgreiddur. Þetta er mál sem varðar algerlega launþegasamtökin, og ég skal fúslega verða við þeirri ósk að ganga ekki frá þessum reglum nema halda fund með þessum aðilum eða fulltrúum þessara aðila.

Ég ætla ekki að fara að svara hér ítarlega ræðu hv. 2. þm. Austurl., en ég vil aðeins minna á það, að það er alveg hárrétt hjá honum, að það eru ekki nein lög til um Olíusjóð fyrr en seint á árinu 1974. En við þær olíuverðshækkanir, sem áttu sér stað síðast á árinu 1973 og ársbyrjun 1974, er gripið til þess ráðs að afla tekna af loðnuafurðum. En það er auðvitað ekki gert á kostnað verksmiðjanna einna, það er gert auðvitað á kostnað allra aðila sem framleiða þessa vöru, eins og allar aðrar sjávarafurðir til annarra sjóða. Það þótti þá nauðsyn og var talið

að loðnuafurðirnar væru best settar miðað við verðlag til þess að standa undir slíkum niðurgreiðslum. Eftir að þetta er gert heldur olían áfram að hækka, og það er ekki gerð nein breyting á, niðurgreiðslan á sér stað á því ári miðað við 5.80 kr. á lítra, sem hefur haldist óbreytt síðan. Við þær miklu hækkanir, sem urðu á olíunni eftir að núv. ríkisstj. tók við, þótti auðvitað ekki fært annað en að leggja slíkan skatt á allar sjávarafurðir, því að það var þá sjáanlegt og í raun og veru löngu áður en fyrrv. ríkisstj. fór frá að loðnuafurðirnar gætu ekki staðið undir þessum niðurgreiðslum.

Hitt er svo annað mál, sem hefur ekki verið umdeilt, að hvorki ég né fyrrv. sjútvrh. eða aðrir höfum talið þetta æskilega leið. En á meðan hlutaskiptareglum var ekki breytt, var sjáanlegt, bæði við hækkun á olíunni, sem varð á heimsmarkaði, og þegar við bættust gengisbreytingarnar, að ekki var hægt að leggja þennan skatt á útgerðina eina. Það vissu allir menn. Hitt hefur gengið seint og silalega og er ekki séð fyrir endann á því enn þá, hvort verður samkomulag á milli aðila útgerðar og launþega um breytta hlutaskiptaprósentu. Það er það sem hefur staðið í veginum, að þegar verður slíkur ofboðslegur tilkostnaður eins og hefur sýnt sig hvað olíuna snertir, þá hefur ekki verið hægt að leggja það á einn aðila, en sleppa öllum öðrum. Þess vegna hefur auðvitað orðið að breyta og verður að breyta kostnaðarskiptingunni.

Ég er alveg sammála hv. þm. hvað það varðar, að það er mjög óæskileg leið að ríkisvaldið þurfi nokkru sinni að grípa inn í kjarasamninga. En það er þó sú leið sem oft hefur orðið að fara vegna þess hve kjarasamningar ganga seint og hvað viðhorf manna eru oft rígbundin og menn þurfa langan tíma til þess að skilja að það verður alltaf að endurskoða bæði þessa samninga og svo margt annað í ljósi fenginnar nýrrar reynslu. Það er það sem hefur á skort.

Í sambandi við framlagið til Fiskveiðasjóðs og Fiskimálasjóðs vil ég láta koma hér fram, að þegar sjóðanefndin ræddi við mig, þá lýsti ég yfir að ég væri reiðubúinn til að það færi fram endurskoðun á báðum þessum sjóðum, en ég væri persónulega mjög andvígur því að leggja Fiskimálasjóð niður sem slíkan og láta stjórn hans vera þá sömu og stjórn Fiskveiðasjóðs. Í grg. með þessu frv. er tekið fram að lagðar séu til grundvallar framlögum af útflutningsgjaldinu þær till. sem komu frá sjóðanefndinni. En það er ekki þar með sagt að við höfum fallist á að leggja niður stjórn Fiskimálasjóðs. Ég er þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að það sé sjálfstæð stjórn hvað varðar styrkjastarfsemi, markaðsöflun, rannsóknastarfsemi og það eigi ekki heima undir stjórn hreins lánasjóðs eins og Fiskveiðasjóður er. Ég held að það sé óhætt að fullyrða, að Fiskimálasjóður hefur oft komið til hjálpar í mikilsverðum málum, og það er mikil nauðsyn fyrir sjútvrn. og sjútvrh., hver sem hann er á hverjum tíma, að hafa aðild að einhverjum slíkum sjóði til þess að geta leyst oft mjög aðkallandi verkefni sem ekki er hægt að bíða eftir að fjárlög leysi eða fjármálakerfi ríkisins. Ég er því hv. þm. alveg sammála hvað þetta snertir. En það sem sagt er hér að 0.9% af útflutningsgjaldinu verði varið til tilraunastyrktarstarfsemi, þá lít ég svo á að þar sé um algert lágmarksframlag að ræða, þær skuldbindingar fari aldrei niður fyrir 0.9%. Hitt er aftur á móti óskipt prósenta á milli Fiskveiðasjóðs og Fiskimálasjóðs. Ég hef ekki í hyggju að auka hlutfallið sem Fiskimálasjóður hefur núna, en ég hef mikinn áhuga á að skerða það ekki. Þetta vildi ég láta koma fram til þess að ekki væri um neinn misskilning að ræða.

Ég vil svo að síðustu benda á það, að þetta mál er flutt inn í þingið á þann hátt, að áður en frv. er lagt fram hafa allir þm. fengið málið á sitt borð á mjög ítarlegan hátt og sjútvn. hafði komið saman áður en frv. kemur hér til umr. En þetta gerði ég til þess að þm. gætu ekki sagt að þeir hefðu engan tíma haft til þess að kynna sér málið. Við sendum sjútvn.-mönnum öll þessi gögn, þessar grænu bækur þrjár, daginn eftir að ríkisstj. fékk þær í sínar hendur. Og ég veit að þm., sérstaklega þeir þm. sem áhuga hafa á þessum málum, hafa kynnt sér þessi mál vel og þess vegna er auðvelt að afgreiða þessi frv. En tíminn líður. Það stóð lengi á sjóðanefndinni, hún náði ekki samkomulagi. Henni var ætlað af hendi rn. að ljúka störfum fyrir 1. des. En ef rn. hefði sagt: Þið verðið að ljúka þessu fyrir 1. des., þá hefði aldrei neitt nál. komið frá sjóðanefndinni, svo að við urðum nauðugir viljugir að veita þessa fresti. Síðast náðist samkomulag um að ákveða óbreytt fiskverð til 15. febr. Nú er 11. febr. í dag. Þess vegna legg ég auðvitað svo þunga áherslu á það, að þessi mál verði afgreidd út úr þessari hv. þd. í dag, þannig að þau gætu legið fyrir Ed. á morgun, því að ég vil ekki að aðilar vinnumarkaðarins, hvorki útgerðarmenn né sjómenn, geti sagt að ríkisstj. eða Alþ. hafi látið standa á svari til þess að gera jafnveigamikla kerfisbreytingu og hér liggur fyrir.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég stóð aðallega upp að þessu sinni til þess að gera grein fyrir þeim fyrirvara sem ég hafði í sambandi við afgreiðslu þessa máls í sjútvn., en í því nál., sem n. lét fara frá sér, er þess hvergi getið að nokkur hafi haft fyrirvara um málið. Hins vegar var það bókað í fundargerðarbók, ég gáði að því, það er rétt, en það hefur ekki komið fram í nál. og ekki heldur í framsögu með málinu. Þetta sýnir einungis hver æðibunugangur er í sambandi við afgreiðslu þessa máls.

Þarna er verið að afgreiða mál sem er upp á marga milljarða kr., og það er ætlast til þess að afgreiðslu þess sé lokið á einum einasta fundi í sjútvn. Og ég verð að segja það, að fyrst það tekur svona stuttan tíma að afgreiða eitt stærsta mál þingsins, þá ætti ekki að vefjast fyrir núv. hæstv. ríkisstj. að leysa önnur minni háttar mál. Svo mikið lá á að mönnum var ekki gefinn kostur á því að setja saman nál. á nokkurn veginn eðlilegum tíma og þaðan af síður að n. fengi tækifæri til þess að kanna þetta mál, eftir að það var lagt fram í þinginu, nema í rúman klukkutíma.

Hæstv. ráðh. lauk máli sínu áðan með því að segja að sjútvn. hefði komið saman áður. Það er rétt. Sjútvn. beggja d. hafa einu sinni hist

vegna þessa máls áður og það með öllum sjóðanefndarmönnunum. Og hæstv. ráðh. segir að það hafi staðið á sjóðanefndinni. Það er rétt, það tók alllangan tíma að vinna þetta verk sem er yfirgripsmikið og tímafrekt. En ég vil benda á það, að það eru þó nokkrar vikur síðan þessi n. lauk störfum, og það væri fróðlegt að fá að vita hvers vegna frv. hefur ekki verið lagt fram fyrr. Hvað hefur tafið hæstv. ráðh. í þessum efnum? Frv. er nefnilega fyrir alllöngu tilbúið. En þessi vinnubrögð öll og þessi æðibunugangur og flýtir við afgreiðslu málsins er einungis eitt dæmið enn og í fullu samræmi við vinnubrögð núv. hæstv. ríkisstj. sem afgreiðir hin stærstu mál með þessum hætti og gerir hv. Alþ. að hreinni afgreiðslustofnun fyrir sig, þar sem hv. þm. eiga að afgreiða stórmál án þess að hafa fengið tækifæri til þess að skoða það náið.

Hitt er svo annað mál, að þeir, sem vissu það fyrirfram að þeir þyrftu að fjalla um málið hér í þinginu, hefðu auðvitað haft tækifæri til þess að skoða þetta og fylgjast með því. En ég er alveg viss um að mikill fjöldi hv. þm. hefur alls ekki kynnt sér málið og veit bókstaflega ekkert um það. Ég vil ekki fara að nefna nein dæmi hér, en mér er vel kunnugt um það. Það hefur aldrei verið litið í grænu bækurnar. Þm. sitja ekki hér einu sinni og hlusta á umr. um málið og vita ekkert um það, en rétta bara hendurnar upp í loftið eftir pöntun frá hæstv. ráðh. Matthíasi Bjarnasyni.

Ég hafði fyrirvara fyrir afstöðu minni við afgreiðslu þessa máls í þeim tilgangi að hafa tækifæri til þess m.a. að ræða nokkuð um sjóðakerfið í heild o~ hvernig það hefur orðið til og hvernig tilfærslur til þessa kerfis hafa sífellt, að vísu smátt og smátt, en þó stundum í nokkuð stórum stökkum, verið að þrengja hlut sjómanna. Og svo mikið hefur verið gengið á réttmætan hlut sjómanna, að nú er ástandið þannig að af aflaverðmæti upp úr sjó er fyrst tekinn helmingur eða rúmur helmingur sem síðan er skipt á milli sjóðanna í þessu bákni. Það er auðvitað gleðilegt að með þessu frv. og með þeim aðgerðum, sem nú er unnið að, sé verið að reyna að draga svolítið úr sjóðakerfinu, og síst vil ég vera á móti því. En hins vegar verður að gæta þess, þegar þessi breyting fer fram, að sjómenn hljóti í sinn hlut sanngjarnan part af þeirri fiskverðshækkun sem verður til við lækkun á tillögum til sjóðanna.

Það væri auðvitað ástæða til að rekja hér í fáum atriðum ýmislegt af því sem er í þessu frv., m.a. það, svo að tekið sé dæmi, að framlagið til Aflatryggingasjóðs hækkar um 75 millj. kr. Þetta er sá sjóður sem einna mest hefur verið gagnrýndur, sérstaklega þær reglur sem hann hefur unnið eftir og hvernig þær hafa komið út. En ég sé ekki ástæðu til að vera að eyða tíma þingsins í að rekja margt af þessu tagi, vegna þess að hv. 2. þm. Austurl. hefur rækilega gert grein fyrir skoðunum okkar Alþb.-manna í þessu máli.

Ég vil að lokum undirstrika það, að ég tel að þetta stefni í rétta átt, en árétta enn einu sinni að þegar sjóðakerfið er dregið saman, þá verði þess vandlega gætt að sjómannastéttin beri ekki skarðan hlut frá borði.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég hef skrifað undir nál. sjútvn. án fyrirvara og mun því fylgja frv. fram og greiða því atkv. Það er þó ekki þar með sagt, að ég hefði ekki kosið að í einstökum atriðum væri það á annan veg en nú er. Hins vegar liggur það ljóst fyrir, eins og komið hefur fram, að grundvöllur frv. er samkomulag sem náðst hefur milli sjómanna og útvegsmanna um breytingar á því sjóðakerfi sem nú er í lögum. Ef farið væri að flytja við frv. brtt., þá mundi það tefja framgang málsins og ekki að mínum dómi æskilegt nú að gera tilraun til þess að raska þeim samningsgrundvelli sem fyrir hendi er í sambandi við þetta mál.

Sjóðakerfið hefur að undanförnu mjög verið rætt meðal þeirra aðila sem við útgerðarmál fást, bæði sjómanna og útvegsmanna, og hafa menn verið sammála um að kerfið í heild hafi mjög þróast í óæskilega átt. Aðallega hafa það verið tveir sjóðir sem mjög hafa verið þyrnir í augum manna, en það er annars vegar Olíusjóðurinn og hins vegar Tryggingasjóðurinn. Með þessu frv. eru að fullu numin úr gildi ákvæðin um Olíusjóðinn, en eftir standa að nokkru, u.þ.b. að hálfu leyti, framlög í sambandi við Tryggingasjóðinn. Ég hefði sannarlega kosið að einnig sá sjóður hefði að fullu horfið út úr kerfinu, því að ég tel að hann sé nákvæmlega sama eðlis og Olíusjóðurinn, að það sé verið að færa á milli einstakra aðila innan sjávarútvegsins.

Menn, sem höfðu sýnt dugnað og forsjálni í rekstri, voru í gegnum Olíusjóðinn að greiða niður olíu fyrir aðra sem minna höfðu aflað og kannske ekki stundað útgerð eins fast og þeir sem betri útkomu og meiri afla höfðu náð. Ég tel að það eigi að vera grundvallaratriði í rekstri, sérstaklega í rekstri sjávarútvegs, að þar beri hver úr býtum í sem fyllstu samræmi við það sem hann aflar og leggur á sig til þess að afla sér aukinna tekna.

Eins og þetta kom út og liggur ljóst fyrir í sambandi við Olíusjóðinn, þá má segja að það liggi nokkurn veginn ljóst fyrir einnig í sambandi við Tryggingasjóðinn, að hann skapi órétt-mæta millifærslu milli aðila innan sjávarútvegsins. Ég tel að það hefði átt að stíga skrefið fullt og afnema einnig Tryggingasjóðinn að fullu, þannig að menn hefðu hver borið að fullu kostnað af vátryggingu sinna skipa, en ekki að þar væri verið að láta hvern bera annars byrðar að nokkru leyti.

Varðandi Aflatryggingasjóð er mér alveg ljóst og ég skal viðurkenna það, að sá sjóður hefur oft á tíðum komið mjög að notum og verið til hagræðis bæði fyrir útgerðarmenn og einnig sjómenn, þannig að þeir hefðu tryggingu fyrir að fá kaup sitt greitt ef um aflabrest hefur verið að ræða. Ég tel að sá sjóður eigi fullan rétt á sér og að hann beri að standa áfram. En ég tek mjög undir það, sem fram kemur í grg. með frv., að lögð er áhersla á að úthlutanarreglur þessa sjóðs verði endurskoðaðar og sérstaklega í þá átt, sem ætlað er, að hvert svæði um sig fái til ráðstöfunar það fjármagn sem það leggur í sjóðinn, en ekki verði þar í sumum tilfellum um eins mikinn hrærigraut að ræða og nú á sér stað. Ég tel að það sé næsta undarlegt að lögin um Aflatryggingasjóð skuli ekki hafa

verið endurskoðuð fyrr, en sennilega hefur ekki náðst um það samkomulag. Ég fagna því að þetta skuli liggja fyrir nú og sérstaklega að endurskoðunin skuli eiga að miðast við það sem fram kemur í grg. með frv., eins og ég hef bent á.

Ég skal ekki tefja umr. um þetta mál meira, en mun fylgja því fram eins og það er, þó að ég hafi óskað þess eða talið réttara að skrefið varðandi Tryggingasjóðinn hefði verið stigið að fullu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—14. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 320 samþ. með 21 shlj. atkv.
Ákv. til brb., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Stofnfjársjóður fiskiskipa, frv. (þskj. 309, n. 316 og 318, 319). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Mál þetta, sem nú er til umr., frv. til l. um Stofnfjársjóð fiskiskipa, er af sömu rótum runnið og það mál sem hér hefur verið til umr. Það á sér sama aðdraganda. Þeim aðdraganda lýsti hv. þm. Jón Skaftason í framsögu sinni fyrir frv. til l. um útflutningsgjald af sjávarafurðum og vísa ég til þess.

Á undanförnum mánuðum hafa umr. verið miklar manna í milli um hið svonefnda sjóðakerfi sjávarútvegsins, og ótrúlega margir hafa verið haldnir þeim misskilningi að af því að nokkrir þeirra sjóða, sér í lagi tveir þeirra, hafa reynst illa, þá hafa þeir tekið hluta fyrir heild og viljað þar með dæma allt annað sjóðakerfi sjávarútvegsins, enda þótt með sönnu megi færa rök að því að ýmsir sjóðir í því kerfi hafa verið hin mesta lyftistöng og lífakker sjávarútvegsins á undanförnum áratugum. Þennan misskilning þyrfti að leiðrétta. Þarna á ég bæði við Aflatryggingasjóð og þarna á ég við Stofnfjársjóð, enda þótt margur sé sá sem er í mikilli andstöðu við eðli hans. En ég tel eðlilegt á miklum byltingartímum í sjávarútvegi, þar sem ný tækni til veiða er tekin í notkun og stóraukið öryggi á sér stað, aukinn öryggisbúnaður á skipum og allar aðstæður við sjósóknina, þá sé eðlilegt vegna þess stóraukna kostnaðar, sem það hefur í för með sér, að tekið sé af óskiptu nokkurt fé til þess að standa undir þeirri nýsköpun.

Ég er fylgjandi endurskoðun á sjóðakerfinu og er samþykkur þeim frv. sem hér liggja frammi og marka þá stefnu og samin eru af hinni svokölluðu sjóðanefnd sem sett var á fót af hæstv. sjútvrh. á s. l. vori. Skrefið er stigið til fulls varðandi hinn mikla Olíusjóð, en að verulegu marki varðandi Tryggingasjóðinn, enda þótt ég hefði eins og hv. þm. Guðlaugur Gíslason verið reiðubúinn til að samþ. niðurfellingu hans með öllu. Þetta eru skyld mál og þess vegna vík ég aðeins að þeim, enda þótt segja megi að sum þessi orð mín hefðu kannske frekar átt heima undir fyrra dagskrármálinu.

Ég hjó eftir því að hv. þm. Lúðvík Jósepsson, hv. 2. þm. Austurl., bar mjög af sér þau spjótalög að hann hafi með nokkrum hætti tekið þátt í að setja á fót, allra síst að efla hina umdeildu sjóði, eins og hann sagði, — þvert á móti. Sá veldur nú miklu sem upphafinu veldur, og svo mikið er víst að þótt hann hafi kannske ekki kveðið Olíusjóðs-Liljuna, þá átti hann a. m. k. að henni mottóið, sem varð þegar tekið var fjármagn vegna hins mikla ágóða af veiðum loðnu og vinnslu árið 1974. Að sjálfsögðu greiddi ekki vinnslan þetta einvörðungu. Að sjálfsögðu var verð loðnunar ákveðið með beinu tilliti til þess arna. Að sjálfsögðu borguðu útvegsmenn og sjómenn þetta. Og nokkuð er það, að enda þótt hann í upphafi síns ráðherradóms lýsti því yfir að hann ætlaði að beita sér fyrir því t. d. að leggja niður Tryggingasjóðinn, þá varð minna úr efndum í því efni og ekkert að því ég best veit í hans ráðherratíð. En ég ætla ekki að víkja neitt sérstaklega frekar að því.

Hv. 5. þm. Suðurl., Garðar Sigurðsson, gagnrýndi málsmeðferðina, taldi þetta æðibunugang hinn mesta, þessum mönnum gæfist lítt ráðrúm til þess að skoða hug sinn til málanna eða athuga þau svo sem vert væri.

Satt best að segja eru það fá mál sem hafa átt sér rækilegri undirbúning, og það vill enn fremur svo til, að menn eru að kalla alfarið sammála um innihald þeirra og að sjálfsagt sé að þau nái fram að ganga. Því síður er ástæða til þess að gagnrýna málsmeðferðina, enda — eins og ég segi — varla hægt að benda á önnur mál sem hafa fengið jafnrækilegan undirbúning. N. vann frá því á vordögum 1975 að málinu, fjölmenn n., skipuð fulltrúum allra helstu hagsmunahópanna, og hún gekk mjög rækilega til verks. Fyrir alllöngu var öllum þm. send skýrsla þessarar n. með afar fróðlegum upplýsingum og margvíslegum sem snertu alla þætti málsins. Og ég læt mér ekki detta í hug annað en að jafnáhugamikill maður um sjávarútveg og málefni hans og hv. þm. Garðar Sigurðsson er kunni nokkurn veginn þessar skýrslur utanbókar. Ég læt mér ekki detta annað í hug, svo djúpt kafar hann venjulega í þessi hagsmunamál. Ég segi kannske ekki að hann kunni allar skýrslurnar utanbókar, enda má alltaf fletta slíku upp, en það mætti segja mér að flest af því sem þarna kemur fram, væri honum mjög nærtækt og þess vegna er ástæðulaust að finna að þessari málsmeðferð.

Sameiginlegur fundur sjútvn. hélt langan og fróðlegan fund með öllum nm. þar sem skipst var á skoðunum og málin rædd og skýrð. Þess vegna er það, að þetta mál og þessi mál bæði eru mjög vel undirbúin, enda sem betur fer — og mér kom það sannarlega á óvart — ótrúlega einfaldlega sett upp, og það er mikil breyting frá því sem áður var. Hér hefur þetta verið fært í mjög einfaldan búning og auðskilinn, líka lögin sem snerta útflutningsgjaldið.

En það má segja að frv., sem ég hef hér framsögu fyrir, sé í raun og veru einvörðungu breyting á lögum um Stofnfjársjóð fiskiskipa. Eðli

þess allt, eins og það liggur hér fyrir, er nálega einvörðungu breyting á tekjum Stofnfjársjóðsins, enda var svo ákveðið í þeim lögum, sem upphaflega voru sett um Stofnfjársjóð fiskiskipa, að tekjur hans skyldu ákveðnar með lögum hverju sinni. Hér er sem sagt lagt til að sú höfuðbreyting verði á, að til Stofnfjársjóðsins renni 10% af aflaverðmæti samkv. ákvörðun Verðlagsráðs, en aftur á móti 16% af sölu á afla erlendis, af bruttóafla. Má heita að þetta sé megininntak þess frv. sem hér liggur fyrir til laga um Stofnfjársjóðinn og sjútvn. d. tók til meðferðar á fundi sínum í morgun. Mælti meiri hl. n. með því að frv. yrði samþ. óbreytt, en hv. þm. Garðar Sigurðsson skilar séráliti.

Frsm. minni hl. (Garðar Sigurðsson): Virðulegi forseti. Þar sem ég skilaði sérstöku nál. um þetta frv. um Stofnfjársjóð fiskiskipa og brtt. í sama máli þykir mér rétt að gera í örfáum orðum nokkra grein fyrir afstöðu minni og brtt.

Eins og segir í nál. mínu á þskj. 318, þá var á stjórnartímum viðreisnarstjórnarinnar — og má kannske segja fyrri viðreisnarstjórnarinnar — tekinn upp sá háttur að taka af óskiptum afla allvæna fúlgu í Stofnfjársjóð fiskiskipa. Sú stjórn lét ekki bíða langt á milli stórra högga, eins og menn muna, í sambandi við þær gífurlegu gengisfellingar sem áttu sér stað tvö ár í röð, 1967 og 1968, og nam hækkun á erlendum gjaldeyri á annað hundrað prósent á einu ári, og var það vegna lækkandi verðs á afurðum og minnkandi fiskafla. En þeirri stjórn þótti ekki nægilega höggvið á hlut sjómanna með því að þeir þurftu að taka á sig minnkandi afla og lækkandi verð, heldur þurfti einnig að skera stórkostlega af hlutnum til þess að leggja í þennan sjóð. Með því að taka af óskiptum afla var sem sagt skipshöfnin látin greiða talsvert stóran hluta af útgerðarkostnaði.

Þegar vinstri stjórnin tók við var þetta stofnfjársjóðsgjald lækkað ofan í 10% af aflaverðmæti þegar landað var heima. En eftir að núv. hæstv. ríkisstj. tók við völdum, þá beið hún ekki lengi eftir því að hækka þessa tölu aftur um allháa prósentu.

Þó að talsmenn stjórnarflokkanna hafi talað hér um að það sé öðrum að kenna hversu mikið sjóðakerfið hefur þanist út, þá er sýnilegt hverjum manni, sem eitthvað hefur fylgst með þessum málum, að það hefur aldrei sprungið svo óskaplega út eins og nú á síðustu árum. Og þessi hækkun á framlagi í Stofnfjársjóð fiskiskipa varð líka til þess að efla þetta sjóðakerfi og þá á kostnað sjómanna.

Nú stöndum við frammi fyrir því að taka upp nýja stefnu í þessum málum, og er út af fyrir sig ekkert nema gott um það að segja að eigi að fara að hrista svolítið upp í þessu sjóðakerfi og þá í betri áttina. En ég vil leggja á það áherslu, eins og ég segi í nál. mínu að ég tel ekki nægilega mikið að unnið þó að skrefið sé allstórt að þessu sinni, þessu þurfi að halda áfram. Það var einnig till. sjómanna í sjóðanefndinni að framlagið í Stofnfjársjóð skyldi minnka jöfnum skrefum á nokkrum árum ofan í ekki neitt.

Nú er lagt til að lækka framlagið í Stofnfjársjóð úr 15% í 10%. En menn skyldu taka vel eftir því, að þarna er ekki um þriðjungslækkun að ræða í raun vegna þess að 10% eru miðuð við aðra stofntölu sem mun vera 24% hærri en áður var, þar sem fiskverðið hækkar nú um 24% með millifærslu á því fé sem fór í sjóðinn, en fer nú í fiskverðshækkunina. Þar af leiðir að lækkunin, sem hér er lögð til, er ekki um þriðjung, þ. e. a. s. að lækka þetta um 5% af afla, heldur aðeins um rúmlega 2½% af afla. Vegna þessa hef ég ákveðið að flytja brtt. á þskj. 319 þar sem gert er ráð fyrir því að sama komi út og það hefði verið lækkað úr 15 í 10% miðað við sama grunn, og sýnist mér að talan 8% sé þá nálægt lagi.

Fyrri brtt. mín er þess vegna um að lækka framlagið í Stofnfjársjóð úr 15% af aflaverðmæti í 8% af þeim afla, sem landað er hér heima, en af afla, sem landað er erlendis, lækki framlagið úr 16% í 13%.

Karvel Pálmason: Virðulegi forseti. Það er ekki ástæða til að lengja mjög þessar umr. Ég vil þó, vegna þess að við eigum ekki fulltrúa í þeirri n. sem um þessi mál hefur fjallað, segja um þau nokkur orð nú við 2. umr. eftir að þau koma frá nefnd.

Það hefur greinilega komið í ljós í þessum umr. og var raunar vitað fyrir, að efnislega eru þm. stjórnmálafl. um það sammála, að nú skuli horfið af braut hins mikla sjóðakerfis í sjávarútvegi og reynt að snúa því hjóli við, þannig að helst verði að sem mestu leyti afnumið það kerfi sem nú er í gildi. Um þetta eru ekki einungis samhljóða raddir efnislega hér á hv. Alþ., heldur hefur þetta og verið áréttað bæði frá samtökum sjómanna og útvegsmanna.

Það hefur verið rifjað hér upp í dag með hverjum hætti þetta sjóðakerfi var á sett á sínum tíma og hverjir eru fyrst og fremst höfundar að því. Að sjálfsögðu hefði ekki þurft að rifja þetta upp. Þetta er öllum þeim kunnugt sem með þessum málum hafa fylgst á undanförnum árum og áratugum kannske. Meginatriðið er auðvitað þetta, að menn eru orðnir um það sammála að hér skuli breytt til og úr þessu sjóðakerfi dregið. Það er auðvitað öllum ljóst, að upphaf að þessu sjóðakerfi átti sú ríkisstj. sem að völdum sat 1968, og þá var a. m. k. á fót komið þeim sjóði sem kannske hvað mest hefur verið umdeildur, þ. e. a. s. Stofnfjársjóði fiskiskipa, þar sem gert var ráð fyrir að taka nokkurn hluta af aflaverðmæti áður en það kæmi til skipta. Um þetta held ég að menn þurfi ekki að deila. Við vitum um höfundana í upphafi, og við vitum hverjir það hafa verið, nú síðast núv. hæstv. ríkisstj. og núv. hæstv. sjútvrh., sem hafa nokkuð utan á þetta hlaðið allt til þessa. En þetta er auðvitað ekki meginmálið. Meginmálið er þetta, að það hefur tekist að sannfæra núv. hæstv. ríkisstj. og þar með hæstv. sjútvrh., sem að vísu hefur lýst því yfir hér nokkru áður að hann væri á þeirri skoðun, að það bæri að draga úr þessu sjóðakerfi. En mergurinn málsins er sá, að nú hefur tekist að sannfæra hæstv. ríkisstj. um þetta og

nú á að brjóta blað að þessu leyti, draga úr þessu kerfi.

Menn getur auðvitað greint á um það, hversu langt eigi að ganga í þessum efnum. Í sambandi við Stofnfjársjóðinn er tekið hér nokkurt skref. Mörgum hverjum þykir það of lítið, en ég vil sérstaklega undirstrika það af minni hálfu, að ég tel að hér sé um byrjunaraðgerð að ræða í þessum efnum, þessu eigi að halda áfram, það eigi að minnka Stofnfjársjóðinn og Tryggingasjóðinn í áföngum þar til ekkert af því stendur eftir. Menn geta deilt um hversu stór skref eigi að stíga í hverju tilviki. En þó eru ekki allir hv. þm. sammála um þetta. Hv. 3. þm. Austurl. sagði hér áðan, að hann teldi að það ætti að viðhalda Stofnfjársjóði fiskiskipa og það væri eðlilegt að í þessu tilviki tækju sjómenn þátt í endurnýjun flotans og tilkostnaði sem af því leiddi. Ég út af fyrir sig er ekkert undrandi á þessari afstöðu hv. þm. af eðlilegum ástæðum sem ekki er þörf á að ég fari hér að lýsa. Hv. þm. vita sjálfsagt af hverju það er sem þessi afstaða kemur fram hjá hv. þm. En að þessu leyti er hann þó ósammála þeim sem hér hafa talað í þessum umræðum, vegna þess að a.m.k. allflestir ræðumanna hafa lýst þeirri skoðun sinni að þeir teldu að það bæri að afnema Stofnfjársjóðinn alveg.

En ég skal ekki fara fleiri orðum um þetta. Sem sagt, mergurinn málsins í þessu er að hér liggja fyrir frv. sem eru í meginatriðum eins og hin svokallaða sjóðanefnd gekk frá þessum málum. Sjálfsagt hefði hvor aðili um sig, bæði fulltrúar sjómanna og útvegsmanna, viljað hafa þetta með öðrum hætti að einhverju leyti. En þeir hafa í meginatriðum fallist á þessa meðferð mála að þessu sinni. Ég held því að það sé rétt að undirstrika það, að það væri æskilegast að efnislegar breyt., a.m.k. ekki verulegar efnislegar breyt., væru á þessu gerðar frá því sem þessir aðilar gengu frá því.

Það hefur líka komið hér fram að þær miklu deilur, sem átt hafa sér stað um sérstaklega tvo þessa sjóði, eru ekki leystar þrátt fyrir það að þessi frv. fari í gegnum þingið. Því er lýst yfir af hálfu hæstv. ráðh. að forsenda þess að þessi frv. nái fram að ganga sem löggjöf, sé að það takist að ná samkomulagi í yfirstandandi deilu milli sjómanna og útvegsmanna sem hlýtur að snúa mjög að þessum atriðum. Það er alveg ljóst, að það eru mjög skiptar skoðanir um þann hlut sem t.d. sjómenn ættu að fá úr því hækkaða fiskverði sem gert er ráð fyrir að þessi breytta löggjöf gæti skammtað, og það er enginn vafi á því að þar er mikil togstreita um milli sjómanna og útvegsmanna. Ég held því að Alþ. ætti að gera sem minnst í breytingunum. Ég hygg að það muni vera nógu erfitt fyrir þessa aðila að ná saman endum í þessari kjaradeilu þó að ekki verði með einhverjum hætti skorið upp það samkomulag sem þessir aðilar hafa nú gengið frá. Ég fyrir mitt leyti tel að það muni affarasælast, eins og málum er nú komið, að Alþ. gangi frá þessu eins og það nú liggur fyrir.

Ég vil aðeins segja það um brtt. hv. þm. Garðars Sigurðssonar, að ég hefði talið mjög æskilegt að framlag í Stofnfjársjóð hefði verið lægra en þetta frv. gerir ráð fyrir, og það hefðu sjómannasamtökin í heild ábyggilega talið. En hér er um samkomulag að ræða milli þessara aðila og því vafamál a.m.k. hvort það geri nokkra bót á þó að farið væri að breyta því hér. En ég vil ítreka það, að ég lít á þetta sem byrjun á uppskurði á sjóðakerfinu, en viðs fjarri að hér sé um neina endanlega lausn á því að ræða.

Ég vil aðeins, svo að ég þurfi ekki að tala hér við 3. umr. í sambandi við fyrra málið sem hér var á dagskrá, þ.e. í sambandi við útflutningssjóðinn, segja um það, að bæði hv. 2. þm. Austurl. og hv. 7. þm. Reykv. komu hér aðeins inn á þann lið í 4. gr. þess frv. sem gerir ráð fyrir ákveðnum hluta sem renna á til samtaka sjómanna skv. sérstökum reglum sem sjútvrn. kemur til með að setja. Að sjálfsögðu er það alveg rétt, að hér er um viðkvæmt mál að ræða. Hér er gert ráð fyrir breyt. frá því sem er. En ég fyrir mitt leyti vil segja það, að ég tel að þessi breyting sé eðlileg. Eins og þetta hefur verið, þá hafa sveðasamböndin, þ.e.a.s. Alþýðusamband Vestfjarða, Alþýðusamband Austurlands og félög, sem aðilar eru að Sjómannasambandi Íslands, fyrst og fremst og svo til eingöngu farið með samningamál sjómanna um langt árabil. Alþýðusamband Íslands hefur ekki haft með höndum samningsgerð fyrir sjómenn um langt árabil. Ég tel því ekki óeðlilegt, ef á annað borð er farið inn á þessa leið, að samtökin fái einhvern hluta úr þessu, að það sé gert með þessum hætti. En að þetta er e.t.v. viðkvæmnismál og síður en svo að ég sé að hafa á móti því að rætt verði við fulltrúa Alþýðusambandsins áður en hin væntanlega reglugerð verður út gefin. En mér finnst þetta sem sagt eðlileg breyting.

Ég skal ekki hafa þetta fleira, en ég ítreka það, að ég tel að hér sé stefnt í rétta átt. En betur má ef duga skal, og ég tel að ekki eigi að hætta fyrr en búið er að afnema a.m.k. þá sjóði sem fyrst og fremst og alla tíð hafa verið mjög umdeildir frá því að þeir voru á fót settir. Ég fyrir mitt leyti a.m.k. tel fráleitt að ætlast til þess að sjómenn taki þátt í útgerðarkostnaði, eins og gert var ráð fyrir í tíð viðreisnarstjórnarinnar. Það ætti þó hv. 3. þm. Austurl. að muna, að afnumin var í tíð vinstri stjórnarinnar þátttaka háseta eða skipverja í sérstökum útgerðarkostnaði, en eftir stóðu að vísu 10% í sambandi við Stofnfjársjóðinn. — Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, eins og ég sagði áðan, en ég held að það sé rétt að Alþ. geri ekki efnislegar breyt. á því samkomulagi sem þessir aðilar báðir hafa komið sér saman um

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2 gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 319,1 felld með 23:5 atkv.
3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 319,2 felld með 23:5 atkv.
4. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
5.—16. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Neðri deild, 55. fundur.

Miðvikudaginn 11. febr., að loknum 54. fundi.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 321). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Stofnfjársjóður fiskiskipa, frv. (þskj. 309). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Efri deild, 52. fundur.

Fimmtudaginn 12. febr., kl. 2 miðdegis.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 321). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Eins og kunnugt er óskuðu samninganefndir Sjómannasambands Íslands og Landssamband ísl. útvegsmanna eftir því í marsmánuði s. l. að ríkisstj. skipaði n. undir forustu Þjóðhagsstofnunarinnar til að endurskoða gildandi lög og reglur um sjóði sjávarútvegsins, auk þess sem samhengi milli sjóðanna og skiptaverðs sjávarafla og þar með aflahluta áhafna yrði tekið til rækilegrar endurskoðunar. Ríkisstj. fagnaði þessum tilmælum, og skipaði ég s. l. vor menn í umrædda n. samkv. tilnefningu Landssambands ísl. útvegsmanna, Sjómannasambands Íslands, Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Alþýðusambands Austfjarða og Alþýðusambands Vestfjarða, en hagrannsóknastjóri var skipaður formaður n. Hlutverk n. auk fyrrgreinds verkefnis var að gera grein fyrir hugsanlegum samræmdum breytingum á starfsemi sjóðanna og gildandi hlutaskiptareglum.

Nefndin hefur lokið störfum og sent frá sér ítarlega skýrslu ásamt viðaukum og er þar gerð grein fyrir margvíslegum athugunum sem Þjóðhagsstofnunin hefur unnið fyrir n. Vil ég þakka öllum þeim, sem hlut eiga í hinu mikla starfi sem liggur að baki skýrslunnar, og þá alveg sérstaklega Jóni Sigurðssyni hagrannsóknastjóra sem unnið hefur gífurlega mikið starf í þessu sambandi ásamt fleiri starfsmönnum stofnunarinnar.

Umrædd skýrsla hefur verið afhent öllum þm. og var það gert daginn eftir að ríkisstj. fékk skýrsluna til umfjöllunar. Mun ég því ekki fjölyrða frekar um hana núna, en vitna í bréf n. frá 19. jan. og till. um sérstakt samkomulag aðila fyrir hönd sjómanna og útvegsmanna um breytingar á kjarasamningum í framhaldi af breytingum á lögum um útflutningsgjald og sjóði sjávarútvegsins. Forsendur þessa samkomulags var yfirlýsing ríkisstj. um breytingar á lögum um útflutningsgjald og sjóði sjávarútvegs. Ríkisstj. hefur gefið út slíka yfirlýsingu og jafnframt óskað þess að n. starfaði áfram til að auðvelda framgang þessa flókna máls.

Í framhaldi af því, sem ég hef sagt, flyt ég þetta frv. til l. um útflutningsgjald af sjávarafurðum sem hér er til umr., en það eru óbreytt drög till. n. um sjóði sjávarútvegs og hlutaskipti, að viðbættu ákvæði til bráðabirgða sem sett er til leiðréttingar á villu í lögum um framleiðslueftirlit sjávarafurða.

Í Nd. var gerð breyting á frv. á þann hátt að við bættist ákvæði til bráðabirgða, að þrátt fyrir ákvæði 14. gr. skuli ákvæði laga nr. 19 1973 um útflutningsgjald af lagmeti og söltuðum grásleppuhrognum halda gildi sínu, sbr. 3. málsl. 1. gr. l. nr. 69 1974, um breyt. á l. nr. 48 26. maí 1972, um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins. Eins og kunnugt er gilda sérákvæði í sambandi við Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, þannig að greitt er til hennar af útflutningi þeirra afurða, en ekki í sjóði sjávarútvegs. Hefði þetta frv. stangast á við þau lög ef þessi breyting hefði ekki verið gerð eða þá gerð sérstök breyting á lögum um útflutningsgjald af lagmeti. En þessi háttur var hafður á og um hann var enginn ágreiningur í hv. Nd.

Með frv. þessu eru öll ákvæði um útflutningsgjald af sjávarafurðum numin úr gildandi lögum og felld inn í ein lög, en frv. gerir ráð fyrir að lagt verði eitt útflutningsgjald á sjávarafurðir, 6% af fob.-verði þeirra. Undantekningar frá þessari reglu eru selafurðir, en útflutningsgjald greiðist ekki af þeim, og sama gildir um niðursoðnar og niðurlagðar afurðir og söltuð grásleppuhrogn, en samkv. 6. gr. laga um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins eru þessar afurðir undanþegnar almennum ákvæðum um útflutningsgjöld í 5 ár frá árinu 1972, en renna þess í stað í sérstakan sjóð til eflingar lagmetisiðnaðinum.

Eins og kunnugt er hafa útflutningsgjöld verið mjög mishá á hinum ýmsu afurðum, en með þessu frv. eru gjaldskylduákvæði samræmd og undanþágur og ívilnanir vegna einstakra afurða felldar niður og í staðinn sett ein almenn regla varðandi afurðir sem hafa mikla vinnsluviðbót.

Samkv. 3. gr. frv. er lagt til að sjútvrh. sé heimilað að lækka útflutningsgjaldið um allt að 0.3% fyrir hvert 1% sem hlutfall hráefniskostnaðar er lægra en 30% af fob.-verði hinnar útfluttu vöru, enda sanni útflytjandi að hráefniskostnaður sé lægri. Þó skal útflutningsgjald aldrei vera lægra en 1% af fob.-verði.

Með þessu frv. er Olíusjóður fiskiskipa lagður niður og sömuleiðis sérstakt síldargjald. Aflatryggingasjóður mun starfa áfram með svipuðum

tekjum, en Tryggingasjóður fiskiskipa er skertur um nálægt helming frá gildandi gjaldskrá útflutningsgjalda, og verða greiðslur iðgjaldastyrkja því skertar að sama skapi. Þá er gert ráð fyrir að tekjur af útflutningsgjaldi til Fiskveiðasjóðs og Fiskimálasjóðs verði sameinaðar, en ákveðnu hlutfalli af þeim tekjum verði varið til styrkveitinga til rannsókna, tilrauna og markaðsöflunar.

Samkv. 4. gr. frv. er gert ráð fyrir að innheimta útflutningsgjaldsins verði í höndum ríkissjóðs eins og verið hefur og skilgreind skipting gjaldsins, en miðað við áætlun um útflutningsverðmæti sjávarafurða á ári, miðað við gengi og verðlag í okt. 1975, er áætlað að skipting tekna af 6% útflutningsgjaldinu verði með eftirfarandi hætti og til hliðsjónar fylgja frv. tölur um tekjur samkv. núgildandi reglum í Aflatryggingasjóði er ætlað að fá 48% af þessu gjaldi, þar af 22% til almennu deildarinnar eða því sem næst 500 millj. kr., en það er eftir núgildandi reglum 7.7% eða 461 millj. kr. Áhafnadeild Aflatryggingasjóðs eru ætluð 26% eða 590 millj. kr., en miðað við núgildandi reglur er það 9.3% og 554 millj. kr. M. ö. o.: framlagið, peningalega séð, til Aflatryggingasjóðs hækkar nokkuð frá gildandi reglum, bæði til almennu deildarinnar og sömuleiðis til áhafnadeildar.

Tryggingasjóði fiskiskipa er ætlað nú að fá 27% af gjaldinu eða 613 millj. kr., en hefur samkv. núgildandi reglum 19.8% eða 1182 millj. kr. Í sambandi við þá breytingu leggur n. til að tekjur Tryggingasjóðs verði skertar um nálega helming og verði tæpar 600 millj. kr. á ári, — greiðslur verði skertar þannig að tekjur nægi fyrir gjöldum. Til þess þarf að skerða greiðslureglur um meira en helming þar sem útgjöld vegna ársins 1976 mundu að óbreyttum greiðslum nema um 1700 millj. kr.

Við samdrátt í veltu Tryggingasjóðs kemur upp vandamál sem felst í skuld sjóðsins vegna fyrra árs. Sjóðurinn hefur frá upphafi verði rekinn þannig að liðlega helmingur af tekjum hans hvert ár hefur verið notaður til greiðslu iðgjalda ársins á undan, og í árslok hefur jafnan verið í skuld liðlega helmingur af iðgjöldum ársins. Þetta mætti orða svo, að sjóðurinn hafi jafnan velt á undan sér skuld að upphæð um helming ársveltu. Skuld sjóðsins við tryggingafélög í árslok 1975 er áætluð um 600 millj. kr. af um 1500 millj. kr. greiðslum vegna ársins 1975, þar við bætist yfirdráttur í Seðlabanka, 84 millj. kr. Á móti þessu mun sjóðurinn fá sinn hlut í útflutningsgjöldum af birgðum sjávarvöru í árslok 1975, lauslega áætlað 200 millj. kr. Þegar það hefur verið dregið frá er skuld sjóðsins tæplega 500 millj. kr. Auk þess er gert ráð fyrir, að sjóðurinn njóti tekna vegna framleiðslu í janúarmánuði á þessu ári og til 15. þ. m. og greiði iðgjöld fyrir þennan tíma með sama hætti og áður. Á því verður áreiðanlega töluverður halli, líklega á milli 50 og 100 millj. kr. Þegar sá halli er tekinn með getur skuld sjóðsins að frádregnum óinnheimtum tekjum orðið nálægt 550—600 millj. kr. eða svipuð upphæð og ráðgerðar árstekjur samkv. hinu nýja frv. Verði till. n. fylgt og engar sérstakar ráðstafanir gerðar til að mæta greiðslubyrði sjóðsins, þá er útlit fyrir að greiðsludráttur hans lengist skyndilega úr nálægt 6 mánuðum í 12 mánuði. Þetta er afar fráhrindandi útlit og fær tæplega staðist.

Sjóðanefnd bendir á nauðsyn þess, að tryggingarsjóður geri fyrir hönd ríkisstj. sérstakt samkomulag við tryggingafélögin um endanlegt uppgjör iðgjaldastyrks vegna ársins 1975 og þess tíma sem sjóðurinn starfar á þessu ári eða til 15. þ. m. Enn fremur segir í nál. að fulltrúar útvegsmanna leggi sérstaka áherslu á þetta atriði og bendi á að reynst geti nauðsynlegt að gera sérstakar ráðstafanir um umþóttunartíma til þess að greiða fyrir breytingum sem feli í sér röskun á fyrirkomulagi sem staðið hefur lengi. Í áliti sjóðanefndar felst þannig óbeinlínis ábending um að með einhverjum hætti þurfi að útvega fjármagn til að laga stöðu sjóðsins svo að breytingin verði möguleg, enda virðist ekki unnt að gera samkomulag við tryggingafélögin um greiðslu eftirstöðva iðgjaldastyrkja 1975 nema tryggt sé fjármagn til að standa við slíkt fyrirkomulag.

Ég tel það hiklaust skyldu ríkisvaldsins að ganga þannig frá þessu máli að skuldbindingar til útgerðarinnar verði inntar af hendi til þess tíma sem núgildandi reglur eiga að gilda eða til 15. febr. Á þessu stigi ætla ég ekki að fullyrða á hvern hátt þetta verður gert, en hér er um að ræða að gera sérstakt samkomulag við tryggingafélögin og greiða þá auðvitað verulegan hluta út á skömmum tíma til þess að ekki myndist eyða í starfsemi tryggingafélaganna og í viðskiptum þeirra við útgerðina í landinu. Enn fremur er nauðsynlegt að tryggja útgerðinni greiðslur upp í vátryggingagjöld þegar þetta nýja kerfi tekur gildi. Býst ég við að fram verði lagt fljótlega frv. um það efni, að viss hundraðshluti af fiskverði verði tekinn af útgerðinni og lagður á sérstakan reikning viðkomandi báts til þess að skuldahali myndist ekki um of og stöðvun verði í sambandi við viðgerðir skipa vegna skulda þeirra við vátryggingafélögin.

Liðurinn um Fiskveiðasjóð og Fiskimálasjóð er í einu lagi og er áætlaður um 477 millj. kr., en sérstaklega er afmarkað til styrkveitinga til rannsókna, tilrauna og markaðseflingar 0.9% eða 20 millj. kr. Sjóðanefnd leggur áherslu á það, að sameining þessara sjóða fari fram og þeir verði undir einni stjórn. Það mál er og verður til athugunar. En ég vil láta það koma hér fram sem mitt persónulegt álit, að ég tel að Fiskimálasjóður eigi að starfa áfram undir sérstakri stjórn eins og verið hefur. Hitt kemur vel til greina, að sameina starfsemi hans Fiskveiðasjóði eða öðrum. En ég held að það sé miklu betra að aðgreina þessa starfsemi. Styrkveitingar til rannsókna, tilrauna og markaðseflingar eiga að vera í höndum líkrar stjórnar og nú er, en ekki setja það undir hreina lánastofnun.

Til sjávarrannsókna og Framleiðslueftirlits sjávarafurða er ætlað að verja 2.3% eða 53 millj. kr., en núgildandi reglur gera ráð fyrir 1% eða 62 millj. kr.

Til samtaka sjómanna og útvegsmanna er ætlað 0.8% eða 18 millj. kr., en núgildandi reglur eru 0.2% eða 13 millj. kr. Það er fullt samkomulag um að þetta skiptist til helminga, þannig að Landssamband ísl. útvegsmanna fái 0.4%, en samtök sjómanna fái 0.4%. Aðilar sjómanna í

sjóðanefnd hafa lagt fram till. um að skiptingin fari fram á þann hátt, að Sjómannasambandið fái 42%, Farmanna- og fiskimannasambandið 40%, Alþýðusamband Austfjarða 9% og Alþýðusamband Vestfjarða 9%. Með þessari till. þeirra er horfið frá því að Alþýðusamband Íslands fái beint framlag, en það hefur samkv. gildandi reglum ⅓ af þessu framlagi á móti ⅓ til Farmannasambandsins og ⅓ til Sjómannasambandsins. Ég varð var við það í umr. í Nd. að einn þm. var óánægður með að slík breyt. yrði gerð og óskaði eftir því að haldinn yrði fundur, áður en rn. tæki endanlega afstöðu til skiptingarinnar, með þeim aðilum sem hafa fengið þetta fjármagn. Lofaði ég að það yrði gert áður en nýjar reglur yrðu gefnar út.

Þá kem ég að síðasta atriði þessa sjóðakerfis, sem er það langstærsta, en það er Olíusjóðurinn sem miðað við núgildandi reglur fær 53.6% af öllu útflutningsgjaldinu eða 3196 millj. kr. Með þessu frv. er lagt til að Olíusjóðurinn verði lagður niður, m. ö. o. að sjóðakerfið, sem talið er nema, miðað við núgildandi reglur, tæplega 6 milljörðum, eða nákvæmlega 5965 millj. kr., það er áætlað að það lækki niður í 2271 millj. og þar af er langstærsti liðurinn til Aflatryggingasjóðs, beggja deilda, um 1 milljarður 90 þús. kr., og hinir liðirnir eru til Tryggingasjóðsins 613 millj. og til Fiskveiðasjóðs og Fiskimálasjóðs 477 millj. kr. Forsendurnar fyrir þessari breyt. eru þær, að samkomulag náist á milli sjómanna og útgerðarmanna um breytingu á hlutaskiptum eða þátttöku í olíukostnaði.

Þessi frv. bæði, þetta frv. og frv. um Stofnfjársjóðinn, eru samkomulagsfrv. eða samkomulag sem hefur orðið í sjóðanefnd um þessi atriði á þennan hátt. En það þýðir ekki að þeir menn, sem í sjóðanefnd hafa starfað, séu ánægðir með þessa tilhögun. Það fékk enginn allt sem hann vildi, heldur var reynt að ná samkomulagi á þessum grundvelli og á þessum forsendum. 8. febr. sendu félögin eða samtökin, sem eiga aðild að þessu samkomulagi, frá sér til sjútvrn. eftirfarandi samkomulag:

„Sjómannasamband Íslands, Alþýðusamband Vestfjarða, Alþýðusamband Austurlands og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands fyrir hönd sjómanna og Landssamband ísl. útvegsmanna og Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda fyrir hönd útvegsmanna gera með sér samkomulag um eftirgreind atriði:

1. Þar sem ríkisstj. hefur lýst því yfir, að hún muni beita sér fyrir setningu laga og reglugerðar í samræmi við till. og ábendingar tillögunefndar um sjóði sjávarútvegs og hlutaskipti, lýsa aðilar því yfir að þeir muni gera þá samninga sín á milli, sem nú eru lausir um kjör sjómanna, á grundvelli tillagna og ábendinga sem fram koma í skýrslu n., dags. 19. jan. 1976.

2. Aðilar lýsa því enn fremur yfir, að þeir muni beita sér fyrir því að heimildir verði veittar til að taka þegar upp samninga á þessum grundvelli um breytingu á þeim kjarasamningum aðila, sem ekki hefur verið sagt upp, með sama hætti og væru þeir lausir.

3. Aðilar þessa samkomulags gera ráð fyrir að ríkisstj. láti fara fram sérstaka athugun á kjörum áhafna og afkomu úttgerðar á stærri togurunum, þ.e. 500 brúttólestir og yfir, við þessar breytingar. Athugun þessi verði gerð í samráði við samtök sjómanna og útvegsmanna og fulltrúa þeirra byggðarlaga, sem sérstakra hagsmuna eiga að gæta, með það fyrir augum að tryggja atvinnu sjómanna og rekstur sjávarútvegsfyrirtækja á þessum stöðum, sbr. og bréf sjútvrn. til Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda, dags. 3. júlí 1975."

Undir þetta bréf skrifa fulltrúar Sjómannasambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Alþýðusambands Austurlands, Alþýðusambands Vestfjarða, Landssambands ísl. útvegsmanna og Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda.

Þegar sjóðanefnd hafði lokið störfum og gengið frá sínu ítarlega nál., þá fannst mér rétt að senda það tafarlaust til allra nm. í sjútvn. beggja þd. og tveimur dögum síðar til allra alþm. til þess að þeir gætu kynnt sér efni þessa máls alls áður en frv. yrði formlega flutt. Því má segja að þm. hafi haft allgóðan tíma til að kynna sér þessi mál, þó að ég að sjálfsögðu leggi mikla áherslu á að frv., eftir að þau voru flutt, fái skjóta afgreiðslu. Það hafa verið haldnir að ég hygg tveir fundir sameiginlega með sjútvn. beggja d. Ég geri ráð fyrir því, að allir þm. geri sér grein fyrir að þetta nál., sem fyrir liggur frá sjóðanefnd, er samkomulagsmál sem ekki má breyta í neinum höfuðatriðum, samkomulagið sé þá niður fallið. Á þessum grundvelli hef ég lagt þessi mál fyrir í báðum þd. og óska mjög eindregið eftir því, að afgreiðslan geti farið fram helst í dag, því að fresturinn er að renna út þar sem gildistaka laganna á að eiga sér stað 15. febr. Hins vegar væri ekki neinn stór skaði þó að afgr. málsins biði til morguns, ef d. vill frekar koma saman aftur á morgun til afgreiðslunnar, þá tel ég að séu síðustu forvöð að afgr. málið. Málið hefur farið mjög fljótt í gegn frá því að það var sent síðustu dagana í janúar, en hér er um mjög stórt og mikið mál að ræða. Það getur verið og vafalaust hafa menn sínar skoðanir á því, sumir telja að skammt sé gengið í því, aðrir að í sumum tilfellum sé gengið of langt. En ég hygg líka að allir séu sammála um að langstærsta breytingin, niðurfelling Olíusjóðs, sé mjög æskileg og nauðsynleg, og menn fagna henni, enda eru það 53% af heildarútflutningsgjaldinu eins og það er nú.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Af hálfu Alþb. verður afgreiðsla þessa máls ekki tafin. Hér er um að ræða frv. sem stefnir í rétta átt. Eins og hæstv. sjútvrh. sagði eru menn e.t.v. ekki á einu máli um það, hvort nógu langt sé gengið í þessu frv., en að okkar dómi er hér stefnt greinilega í rétta átt. Þar sem hér er um að ræða frv., er raunverulega varðar að verulegu leyti undirstöðuatriði í kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna sem nú standa yfir og eru raunverulega komnir á

fremstu nöf, þá teljum við æskilegt að meðferð málsins verði hraðað.

Aftur á móti er ég ekki sammála hæstv. sjútvrh. um að þetta frv. hafi komið nægilega snemma fram, heldur tel ég að það hefði átt að koma fram mun fyrr. Raunar er það ekki nema með líkindum af hálfu þessarar ríkisstj. sem lætur nú flatreka upp á boða allsherjarverkfalla, treystir á guðsmildina sem leiðarljós. Hún er ekki forkastanleg sem slík, síður en svo. Þar er um að ræða miskunn fáráðlinganna þakkarverða, sem aftur á móti hefur ekki flokkast undir vandaða „navigasjón" fram að þessu. Annars verður sjálfsagt erfitt að velja íslensk lýsingarorð sem hæfa með öllu frammistöðu ríkisstj. í kjaramálunum og hæfa í senn viðkvæmu taugakerfi ráðh. sem þrátt fyrir allt hafa nú óljósan grun um það, að þeir hefðu e.t.v. getað gert betur.

Frv. mun ég ræða ítarlegar þegar n. skilar áliti.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég vil fullvissa hæstv. ráðh. um það, að ég mun reyna að gera það sem ég get til að hraða þessum málum í gegnum sjútvn. þessarar d. Ég er sjálfur heldur hlynntur þeim breyt. sem hér eru um að ræða, þó að ég hafi við þær nokkrar athugasemdir að gera, en vil þó jafnframt nú þegar leggja á það ríka áherslu, að ég er þeirrar skoðunar að viss samtrygging og samhjálp í íslenskum sjávarútvegi sé ákaflega nauðsynleg. Þannig er ég ekki með fylgi mínu við þessar breytingar að lýsa andstöðu minni við slíka samtryggingu að vissu marki. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, að þetta hafi gengið nokkuð langt hjá okkur íslendingum og um hættulega mikla tilfærslu á fjármagni að ræða, jafnvel svo mikla að verulega hefur á vissum sviðum dregið úr vilja einstaklingsins til þess að spjara sig eins og hann frekast má, en ég hygg að það hafi ávallt verið mjög svo nauðsynleg undirstaða í íslensku atvinnulífi og eigi að vera það.

Ég gæti gert vissar athugasemdir við það frv. sem hér liggur fyrir. T.d. hefði ég viljað sjá nokkru meiri breytingu á Aflatryggingasjóði en hér er gert ráð fyrir. Hann er raunar aukinn. Í grg. og sérstaklega í skýrslu þeirri, sem fylgdi frá sjóðanefnd, er þó lagt til að á þeim sjóði verði gerðar vissar breytingar, jafnvel honum skipt eftir landshlutum. Ég geri mér grein fyrir að hér er um mjög erfitt mál að ræða, en vil þó spyrja hæstv. ráðh. hvort hann hafi hugleitt það og hvort hann treysti sér á þessu stigi að segja nokkuð um framhald þess máls.

Það er rétt að þetta mál hefur ekki verið lengi fyrir Alþ. En staðreyndin er þó sú, að þeir, sem sitja í sjútvn., fengu fyrir nokkru ítarlegar skýrslur þeirrar n. sem undirbúið hefur þetta frv. Í þeim skýrslum er ákaflega mikinn fróðleik að finna, ég vil segja óvenjumikinn, og er mál þetta að þessu leyti vel undirbúið. Ég vil einnig geta þess, að báðar sjútvn. þessa þings hafa haldið sameiginlegan fund með sjóðanefnd þar sem viðbótarupplýsingar komu fram, og eitt af því mikilvægasta að mínu mati var að í þeirri fjölmennu n., sem í eiga sæti fulltrúar flestra þeirra greina sem hér koma við sögu, hefur náðst nær því, vil ég segja, samkomulag um þetta mjög svo viðkvæma mál. Það kom greinilega fram þar, að vissir aðilar hefðu viljað ýmsa hluti nokkuð á annan veg. En hitt var öllum ljóst, að þarna hafði verið gerð ítarleg tilraun til samkomulags, og ég hygg að öllum hafi jafnframt verið ljóst að vafasamt var að lengra yrði gengið á þeirri braut. Það kom einnig mjög greinilega fram á þeim fundi að þeir, sem sitja í sjóðanefnd, óskuðu beinlínis eftir því að fá að vita frá þm., sem þar voru mættir, hvort þeir gætu lýst sig fylgjandi þessu frv. eins og það lá fyrir frá n. og er nokkurn vegin það sama og nú, og töldu það raunar forsendu fyrir þeim samningum sem nú eru fram undan um kjaramál. Því er ljóst að hér er um ákaflega viðkvæmt mál að ræða og mál sem mjög erfitt er að gera á nokkrar verulegar eða jafnvel nokkrar efnisbreytingar. Slíkt gæti haft í för með sér mjög mikil vandkvæði í þeim viðkvæmu samningum sem nú eiga sér stað. Það er ekki síst að þessum niðurstöðum fengnum á þessum sameiginlega fundi sem ég, eftir að hafa kynnt mér málið þar og í þeim skýrslum sem fram hafa verið lagðar, hef ákveðið að fylgja frv. án efnisbreytinga, þótt, eins og ég hef sagt, ég gæti hugsað mér vissa þætti þess nokkuð á annan veg.

Ég vil einnig geta þess, að sjútvn. þessa þings hafa haft einn sameiginlegan fund um málið, þannig að þar einnig hafa sjútvn.-menn haft tækifæri til að kynnast afstöðu þm. til þess máls. Ég mun því gera það sem ég get til þess að hraða málinu í gegnum þingið.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Út af því, sem hv. 5. þm. Norðurl. e. sagði, hef ég ekki við að bæta að öðru leyti en því, að skýrsla sjóðanefndar er dags. 19. jan. Þá á eftir að fjölrita allar bækurnar, og þegar því var lokið var málið kynnt í ríkisstj., og frá því að ráðh. fengu skýrsluna og þangað til ríkisstj. endanlega afgr. málið liðu 6 dagar. Ég kalla það nokkuð góða afgreiðslu á þessu stóra og mikla máli og ekki gefa tilefni til ásakana í þeim dúr sem fram komu. Jafnframt var nm. í sjútvn. send skýrslan og tveimur dögum síðar þm. öllum til þess að menn fengju einhvern tíma. En svo átti eftir að semja frv., fara yfir það frá lögfræðilegu sjónarmiði, sem lögfræðingar í sjútvrn. gerðu, þannig að það ræki sig ekki hvað á annars horn því að hér er um afar viðamiklar breytingar að ræða. Ég held því að það sé hægt að finna einhver frekari ásökunarefni á ríkisstj. heldur en það, að hún hafi legið lengi á þessu máli. Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta.

En varðandi fyrirspurn hv. 2. þm. Vestf., þá er það rétt hjá honum, það kemur afar lítið fram varðandi breytingar á Aflatryggingasjóði. En lögin um Aflatryggingasjóð voru endurskoðuð fyrir nokkrum árum og þá var leitað umsagna um allt land varðandi endurskoðun Aflatryggingasjóðslaganna. Því miður létu mjög fáir til sín heyra í sambandi við þá endurskoðun, og þeirri endurskoðun lauk á þann veg, að það voru gerðar fremur lítilvægar breyt.

á Aflatryggingasjóði, þá á ég við almennu deildina. Áhafnadeildin, fæðiskostnaðurinn, er kapítuli út af fyrir sig. Ég hef hugsað mér að láta framkvæma nýja endurskoðun á lögunum, en velja ekki stjórnarmenn Aflatryggingasjóðs í þá n. eins og gert var síðast. Ég held að það hafi verið að mörgu leyti misheppnað, án þess að ég sé neitt að tortryggja þá eða gera lítið úr þeirra kunnugleika. En það er aldrei gott að láta menn endurskoða sjálfa sig. Ég mun leita samstarfs bæði hjá útgerðarmönnum og sjómönnum utan við stjórn Aflatryggingasjóðs. Það, sem ég tel persónulega koma frekast til greina og taldi, — ég átti þá sæti í stjórn Landssambands ísl. útvegsmanna, — ég hef alltaf talið að bótasvæðin væru allt of lítil og það ætti að fækka þeim. En það hefur ekki orðið ofan á fram til þessa. Hjá þeim, sem eru t. d. með lágan afla nokkur ár í röð, getur farið svo að þeir fái engar bætur úr Aflatryggingasjóði. En aftur þar sem sveifla á milli tveggja eða þriggja ára verður mikil fær bótasvæðið miklar bætur út á miklu hærri meðalafla en á svæði sem er jafnvel búið að þola langvarandi aflaleysi. Þetta mælir, finnst mér, mjög með því að stækka svæðin. Sumir, sem róttækastir eru, segja: Hvers vegna ekki eitt svæði? Ég get alveg tekið undir þá spurningu. Það þarf að huga að henni mjög alvarlega. Það er alls ekki útilokað að landið eða fiskveiðilandhelgin verði gerð að einu svæði. Ég vil ekki útiloka þann möguleika. En a. m. k. verða svæðin að vera stærri og færri en þau eru skv. núgildandi reglum.

Ýmislegt fleira kemur þarna inn í sem á hefur verið bent, en ég ætla ekki á þessu stigi að fara að lengja þessar umr. Ég vil aðeins út af þessari fyrirspurn taka þetta fram, að ég hef ákveðið að láta þessa endurskoðun fara fram og fela hana fulltrúum úr sjómannastétt og útgerðarmannastétt fyrst og fremst.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til sjútvn. með 14 shlj. atkv.

Stofnfjársjóður fiskiskipa, frv. (þskj. 309). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég vísa til formála þess er ég flutti í sambandi við frv. til laga um útflutningsgjald af sjávarafurðum um leið og ég mæli með frv. því til laga um Stofnfjársjóð fiskiskipa sem hér er til umr.

Frv. þetta er samhljóða drögum sem tillögunefnd um sjóði sjávarútvegs og hlutaskipti gerði, en efni þess er að gjöld til Stofnfjársjóðsins lækki og verði 10% af verðlagsráðsverði sjávarafla við heimalandanir, en 16% við landanir erlendis, en í dag er þetta gjald 15% og 21%.

Í þessu frv. er lagt til að inn í lögin um Stofnfjársjóðinn verði sett ákvæði um tekjur sjóðsins og eru þá öll ákvæði um hann, tekjur og ráðstöfun fjár úr honum, felld inn í ein lög, en nú eru tekjuákvæðin í öðrum lögum.

Með samþykkt þessa frv. yrðu úr gildi numin öll eldri lög varðandi Stofnfjársjóðinn og þar með öll ákvæði varðandi hann í þessum lögum, en gert er ráð fyrir að ákvæðum þeirra verði beitt frá 16. þ. m.

Varðandi frekari upplýsingar vísa ég til athugasemda með frv. þessu og til skýrslu sjóðanefndar, en legg til að frv. verði vísað að lokinni þessari umr. til hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 56. fundur.

Fimmtudaginn 12. febr., kl. 2 miðdegis.

Álbræðsla við Straumsvík, frv. (þskj. 138, n. 226 og 308). — Frh. 2. umr.

Frsm. minni hl. (Vilborg Harðardóttir): Forseti. Hv. þm. hafa nú heyrt álit meiri hl. iðnn. sem er samþykkur frv. Ég er ein í minni hl. og hef lýst mig andviga frv. og hef meira en lítið við það að athuga.

Frv. var til meðferðar á þremur fundum n. Þrátt fyrir lengd sína er það að mínu mati bæði óskýrt og yfirborðskennt og lagði ég því fyrir hönd Alþb. á fyrsta nefndarfundinum fram nokkrar spurningar varðandi viðskipti álversins við íslenska aðila, þ. e. a. s. um orkusölu til þess, skattgjaldsgreiðslur þess og mengunarvarnir, og óskaði eftir útreikningum Þjóðhagsstofnunar. Ekki fékkst í n. samþykki fyrir því, að Þjóðhagsstofnun annaðist útreikninga, en þess í stað var Garðari Ingvarssyni hagfræðingi, sem unnið hefur að breytingunum á álsamningnum með viðræðunefnd um orkufrekan iðnað, falið að svara spurningum sem snertu orkusölu og framleiðslugjald, en heilbrn. þeim er vörðuðu hreinsibúnað. Einnig gáfu forustumenn Náttúruverndarráðs og verkfræðingur Heilbrigðiseftirlitsins upplýsingar um mengunarvarnir eða öllu heldur skort á slíku er þeir mættu á fundi nefndarinnar.

Þótt heita eigi, að um frv. hafi verið rætt á þremur fundum iðnn., tel ég langt frá að um það hafi verið fjallað til hlítar. Mörgum spurningum um þetta mál er enn ósvarað, bæði sumum þeirra, sem lagðar voru fram, og öðrum, sem nm. komu ekki í hug þá, e. t. v. vegna þess hraða sem áhersla var lögð á að hafður væri við afgreiðslu frv. gegnum n. Hlýt ég reyndar að átelja slíkan afgreiðslumáta í jafnveigamiklu máli. En svo langt var gengið að reynt var að þrýsta frv. í gegnum n. á einum nefndarfundi sem haldinn var daginn eftir að mælt var fyrir frv. í d., og áttu nm. þá að vera búnir að kynna sér öll atriði málsins.

Meðal þess, sem aldrei bar á góma í n., var t. d. staða Hafnarfjarðarbæjar í þessu sambandi, en þótt bærinn sé stór aðili að álsamningnum og eigi þarna mikilla hagsmuna að gæta, var algerlega gengið fram hjá bæjarráði Hafnar-

fjarðar við endurskoðun samningsins. Einnig var gengið fram hjá Náttúruverndarráði og áttu fulltrúar þess sjálfir frumkvæði að fundum með nefndinni.

Eitt þeirra atriða, sem þurft hefði að upplýsa í sambandi við skoðun þessa máls í n., er raunveruleg rekstrarstaða álfyrirtækisins í Straumsvík, en sem kunnugt er er það sagt rekið með tapi og hefur þannig skv. fyrri samningi myndað skattinneign og það svo háa árin 1973 og 1974, að fyrrv. iðnrh. og núv. iðnrh. sáu ástæðu til að fara fram á endurskoðun reikninga fyrirtækisins. Sú endurskoðun varð að vinnast af svokölluðum viðurkenndum endurskoðendum, alþjóðlega viðurkenndum endurskoðendum, og var leitað til slíkra í London.

Að því er fram kemur í svari við spurningum Alþb. um, hvaða deilur hafi verið milli Álfélagsins og stjórnvalda varðandi útreikninga á skattgjaldi, var við endurskoðun reikninganna einkum athugað hvort viðskipti ÍSALs við móður- og systurfyrirtæki væru í samræmi við ákvæði samningsins um að slík viðskipti skyldu verða með sama hætti og tíðkast milli óskyldra aðila. Endurskoðunin 1973 gaf ekki tilefni til aths., segir í svarinu, en endurskoðunin 1974 leiddi til ágreinings um kaupverð á súráli. „Túlkuðu aðilar samningsákvæðin á mismunandi hátt," segir orðrétt í svarinu, og hætt er við að fleiri muni þau atriði vera sem aðilar túlka á mismunandi hátt ef til kastanna kemur. T. d. kom fram hjá Hirti Torfasyni, sem vann með viðræðunefnd um orkufrekan iðnað og kom á fund hjá iðnn., að mismunandi túlkun aðila er á því hvernig og hvenær skattinneignin greiðist í lokin.

Að því er ég hef næst komist hafa niðurstöður umræddrar endurskoðunar á reikningum ÍSALs hvergi birst opinberlega, og hljóta þm. að fara fram á að fá nánari upplýsingar varðandi þetta atriði. Það hefði ég reyndar sjálf gert í n. ef tækifæri hefði gefist til og reyndar viljað fá mun nákvæmari skýringar á ýmsum atriðum en gefnar voru í svörunum. En meðnm. minir höfðu því miður ekki áhuga á að fara nánar í þessi atriði, heldur vildu samþ. drögin strax og vísuðu til að ég gæti gert mínar aths. í nál. og á deildarfundi. Verð ég enn að harma slíka flaustursafgreiðslu, en vonast jafnframt til að hv. þm. Ed. og iðnn. þeirrar d. liggi ekki alveg eins mikið á og leyfi nánari skoðun.

Það er vissulega til bóta, að í þessum nýju samningsdrögum er stuðst við fyrri hrapallega reynslu og ekki tekið tillit til bókhaldslegs taps hjá fyrirtækinu ÍSAL sem er deild í auðhringnum Alusuisse, en áður voru íslendingar hvað skattgjaldið snertir háðir geðþótta hringsins, þ. e. a. s. hvernig honum þóknaðist að hagræða afkomu deildarinnar á Íslandi. Þetta kemur glöggt í ljós á því, að á starfstíma ÍSALs hefur fyrirtækið með framleiðslugjaldsgreiðslum sínum í rauninni aðeins verið að lána íslendingum fé, þannig að eftir fyrstu 6 starfsárin nemur skattinneign þess hærri upphæð en samanlagðar framleiðslugjaldsgreiðslur fyrirtækisins allan tímann, — hærri upphæð. Framleiðslugjaldsgreiðslur nema skv. upplýsingum ríkisbókhaldsins samanlagt árið 1970 til 1. nóv. 1975 rúmlega 617 millj. kr., en skattinneignin 748 millj. kr. skv. gengi í árslok 1975. Þetta kemur fram annars vegar í grg. með frv., á bls. 27, þar sem segir að inneignin fram til 1. okt. 1975 nemi 4.4 millj. dollara, og hins vegar í margnefndum svörum Garðars Ingvarssonar hagfræðings fyrir hönd viðræðunefndar um orkufrekan iðnað skv. bréfhausnum, — svörum við spurningum Alþb., en þar kemur fram að framleiðslugjaldsgreiðslur hafa verið sem hér segir, með leyfi forseta, þetta er skv. upplýsingum ríkisbókhaldsins:

„Árið 1970 41 136 057 kr.
— 1971 56 968 277 —
— 1972 52 989 912 —
— 1973 90 222 992 —
— 1974 256 192 446 —
— 1975 fram að 1. nóv. 119 726 338 kr.
Samanlagt rúmlega 617 millj. kr."

Ég ætla aðeins að halda áfram í sambandi við myndun inneignarinnar. Um hana segir svo:

„Framleiðslugjaldsinneign Álfélagsins myndaðist einkum á árunum 1973 og 1974. Ástæðan var sú, að verð á áli hækkaði mjög verulega, einkum 1974, en framleiðslugjaldið hækkar um 7 dollara fyrir hvert 1 cent sem skráð heimsmarkaðsverð á áli hækkar. Skv. samningum skal félagið ekki greiða meira framleiðslugjald en nemur 50% af hagnaði. Þó skal framleiðslugjald aldrei vera lægra en 235 þús. á ári. Vegna hækkandi framleiðslukostnaðar á undanförnum árum hefur hagnaður ekki aukist til jafns við hækkað álverð og því hefur 50% hámarksreglan orðið til að mynda inneign félagsins. Á yfirstandandi ári" — þ. e. a. s. árið 1975 — „hefur félagið verið rekið með verulegu tapi, þannig að jafnvel lágmarksframleiðslugjaldsgreiðsla hefur orðið til þess að mynda inneign."

Þetta verulega tap 1975 nýtist nú forsvarsmönnum álversins ekki aðeins til skattinneignar fyrir meiri hluta þess árs, heldur kemur sér einnig bærilega í yfirstandandi kjarasamningum, enda óspart notað í viðræðum við fulltrúa verkamannanna og iðnaðarmannanna sem hjá fyrirtækinu starfa, hef ég fregnað. Nokkrir hafa þegar verið látnir hætta störfum, enda hefur atvinnurekendum löngum þótt þægilegt að semja með atvinnuleysisógnunina að vopni.

Varðandi framleiðslugjaldið er það tvennt sem ég tel mjög ámælisvert í þessum samningsdrögum. Í fyrsta lagi, að þessi svonefnda skattinneign skyldi ekki vera strikuð út, heldur skuli þetta fært áfram sem eins konar lántaka íslenskra opinberra aðila frá auðhringnum og endurgreiðast með tiltölulega háum vöxtum. Í öðru lagi, hvernig samið var um stighækkun framleiðslugjalds eftir álverði. f fskj. frv. kemur fram að gert er ráð fyrir verðbólguhækkun á áli og kann það út af fyrir sig að vera raunhæft, en hins vegar á framleiðslugjaldið ekki að hækka í sama hlutfalli, heldur í sílækkandi prósentu af hlutfallslegri hækkun álverðsins. Með þessu móti verður framleiðslugjaldið sífellt minnkandi byrði fyrir auðhringinn eftir því sem almennt verðlag stígur, en að sama skapi minnkandi tekjur fyrir íslendinga í raunverulegum verðmætum. Um þetta geta hv. þm. sannfærst með því að líta á bls. 26 í frv. sem liggur fyrir framan þá, en þar er í aths. sýnd tafla

þar sem þetta kemur glöggt í ljós. Þar segir, með leyfi forseta:

„Frá 1. jan. 1978 til 1. okt. 1994 fylgir orkuverðið álverði þannig:

Alverð 40 cent eða minna (það er miðað við cent á pundið) 1%, þó ekki undir 3.5 mill. 40—50 0.85% af viðbót. 50—60 0.70% af viðbót. 60—70 0.55% af viðbót. Yfir 70 0.40% af viðbót."

Og ef hv. þm. vildu síðan fletta á bls. 30 sést útkoman. Tökum t.d. töluna 40 cent fyrir álpundið. Þá er framleiðslugjaldið 20 dollarar á tonnið, en 80 centa álverð gefur aðeins 35 dollara framleiðslugjald, en ekki helmingi hærra eins og ætla mætti.

Alls staðar í útreikningum í þessu frv. gefa semjendur sér að ál hækki um 2.5% á ári. En hvaðan fá þeir þá tölu og hvað felur hún raunverulega í sér? Talan stendur þarna algjörlega ein án tillits til annarrar verðþróunar, enda varla fært neinum að fullyrða að ál muni hækka né hafi hækkað um 2.5% umfram aðra vöru, svo að ekki er hægt að taka þessa hækkun nema sem hluta af almennri verðbólguhækkun. Á sama hátt má reikna hver sé líkleg prósentuhækkun á verðlagi rafmagns á heimsmarkaði nú eða hér innanlands, þar sem það mun fyrirsjáanlega hækka allmikið með nýjum og dýrari virkjunarframkvæmdum, fyrir utan almenna verðbólgu. Í þessu sambandi má benda á upplýsingar um framleiðsluverð á rafmagni sem fram koma í viðtali við Jakob Björnsson orkumálastjóra í jólablaði Þjóðviljans 1975, en þar segir hann m. a., með leyfi forseta:

„Búrfellsvirkjun er okkar langstærsta orkuver til þessa, tekið í notkun á árunum 1969—1972. Það er 240 mw að afli, en orkuframleiðslan í fyrra nam 1437 gwst. Sogsvirkjanirnar allar þrjár eru samtals 89 mw. og framleiddu í fyrra 558 gwst. rafmagns. Byrjað var að virkja við Sog fyrir um 40 árum og síðasta samstæðan tekin í notkun fyrir 12 árum. Virkjanirnar við Búrfell og Sog eru í eigu Landsvirkjunar sem einnig rekur varastöðvar í Reykjavík og í Straumsvík. Skv. reikningum Landsvirkjunar í fyrra nam heildarkostnaður fyrirtækisins á hverja framleidda kwst. þá tæpum 60 aurum að meðaltali, en vitanlega segir sú stærð ekki mikið í samanburði við einingarverð frá orkuverum, sem síðar eru byggð, vegna allt annars verðlags á byggingartíma.

Vatnsaflsstöðin við Sigöldu verður 150 mw. að afli og árleg orkuvinnslugeta á að nema 850 gwst. Gert er ráð fyrir að kwst. komi út með 1.80 kr. Jarðgufustöðin við Kröflu verður 70 mw. eftir nýjustu ákvörðunum og árleg orkuvinnsla talin geta orðið 580 gwst. Kostnaðarverð hverrar kwst. er metið 1.70—1.80 kr. Þessi tala er nokkuð óviss þar eð óvíst er hver rekstrar- og viðhaldskostnaður verður sökum þess að reynslu skortir enn af rekstri sambærilegra stöðva hérlendis.

Fyrirhuguð virkjun við Hrauneyjarfoss á að verða 230 mw. og árleg orkuvinnsla 950 gwst. Kostnaður á kwst. þar yrði svipaður og frá Sigöldu" — en hann hafði sagt að kostnaðurinn við Sigöldu yrði 1.80 kr. —" miðað við sama verðlag á byggingartíma. Framkvæmdir við Þórisvatn eru þá ekki að neinu leyti teknar með reiknuðum kostnaði þar og ekki heldur við Sigöldu, heldur falla þær allar á Búrfellsvirkjun.

Ég skal þá nefna þessar helstu stærðir fyrir þrjár virkjanir sem nokkuð eru í umtali og er þá farið eftir lauslegum áætlunum. Virkjun í Blöndu: 135 mw., árleg orkuvinnsla 800 gwst. kostnaðarverð 1.56 kr. á kwst. Virkjun við Villinganes í Skagafirði: 32 mw., árleg orkuvinnsla 175 gwst., kostnaðarverð 2.18 kr. á kwst. Dettifoss: 161 mw., 1140 gwst., 1.41 kr. á kwst.

Þess ber að geta", segir orkumálastjóri að lokum, „að ofangreindar tölur gefa ekki tæmandi samanburð milli orkuveranna þar eð hlutfallið milli árlegrar vinnslugetu og uppsetts afls (svonefndur nýtingartími uppsetts afls) er ekki hið sama í öllum dæmunum. Kostnaður á orkueiningu er mjög háður þessum nýtingartíma."

Þar með er rétt að snúa sér að raforkuverðinu til þessa erlenda fyrirtækis sem seld er orka á lægra verði en nokkrum innlendum aðila, einkaneytendum eða iðnfyrirtækjum, enda finnst almenningi óneitanlega oft sem það sé stefna ríkisstj. að virkja meira og meira til þess eins að geta séð erlendum orkufrekum iðnaði fyrir meira og ódýrara rafmagni. Látið er í veðri vaka að með því að selja svo og svo mikið til útlendinga sé verið að halda rafmagnsverðinu niðri fyrir okkur sjálf. En hver sér slíks merki? Mér er spurn. Ekki ber á öðru en rafmagnsverð til almennra neytenda hækki í sífellu.

Samningsdrögin fela í sér að í stað orkuverðsins 3 mill á kwst., sem gilti fyrstu 6 ár starfstímans, kemur lágmarksverðið 3.5 mill frá 1. jan. 1978 og hreyfist til hækkunar með nokkru tilliti til álverðs, en nú um tveggja ára skeið eiga að gilda sérstakar reglur. Þess má geta, að hér sem víðar er reynt að slá ryki í augu og í frv. talað um nýtt orkuverð frá 1. okt. 1975, og í svörunum til iðnn. er gengið svo langt að tala um hækkun 1. okt. og meira að segja reiknaðar prósentur út frá því, þótt í rauninni sé um að ræða óbreytt verð frá 1. okt. til 1. jan. frá því sem verið hefur öll 6 árin, 3 mill. Þótt verðið hafi skv. fyrri samningi átt að hækka 1. okt. og ekki gert það skv. þessu, er samt alls ekki hægt að tala um hækkun, þar sem ekki er um hækkun að ræða, og síst að reikna prósentustigshækkun út frá því. En þetta er bara smádæmi um vinnubrögðin. Hitt er varhugaverðara og athugaverðara, að hækkunin úr 3 í 3.5 mill er allt of lítil og ekki í nokkru samræmi við almenna hækkun á framleiðslukostnaði orku, hvort sem litið er til heimsmarkaðar eða ástands mála á íslenska raforkumarkaðnum, eins og fram kom áðan í því sem ég hafði eftir orkumálastjóra.

Eðlilegast hefði að sjálfsögðu verið að í orkusamningnum hefði verið tekið tillit til síhækkandi framleiðslukostnaðar í föstum verðmætum á rafmagni frá íslenskum orkulindum, sem stafar af því að taka verður til hagnýtingar æ óhagkvæmari virkjunarkosti eftir því sem tímar líða fram. En þetta er ekki gert og engin, alls engin ákvæði eru um endurskoðun raforkuverðsins á samningstímanum. Er það hreint og beint hneykslanlegt miðað við aðstæður allar.

Um raforkuverðið gildir einnig sama röksemd

og getið var í sambandi við framleiðslugjaldið, þar sem orkuverð hækkar um sílækkandi hlutfall af hækkun álverðs. Þetta er kannske svolítið flókið að skilja, en svona er þetta nú samt. Þetta sést í athugasemdunum með frv., á bls. 26 neðst, þar sem segir, með leyfi forseta:

„Álverð og orkuverð“ — fyrirgefið, ég hef víst lesið þetta áðan, ég ætla nú samt að endurtaka það: „40 cent eða minna 1% hækkun, þó ekki undir 3.5 mill. 40—50 cent 0.85% af viðbót. 50—60 cent 0.70% af viðbót. 60—70 0.55 af viðbót. Yfir 70 0.40 af viðbót.“

Ég sé að ég hef ruglast hér áðan, ég verð þá að leiðrétta það, að þegar ég var að lesa um framleiðslugjaldið, þá var það reyndar annars staðar, á bls. 27. Það er best að ég endurtaki það þá líka til að leiðrétta þetta. Þar er álverðið miðað við cent á pund 40—50, taxtahækkun í dollurum á tonn 90%, 50—60 80%, 60—70 70%, yfir 70 60%. Það er sem sagt notuð sama regla.

Ef við lítum á bls. 31, þá sést að ef álverðið er 40 cent á pundið, þá verður útkoman úr dæminu á sama hátt og ég reiknaði út áðan úr framleiðslugjaldsdæminu. Ef álverðið er 40 cent á pundið og síðan 80 cent, þá gefur 40 centa álverðið orkuverðið 4 mill á kwst., en 80 centa álverðið ekki nema 6.51 mill.

Það er rétt að geta þess hér til fróðleiks fyrir hv. þm. og ekki síst fyrir almenning, þótt það komi kannske ekki þessum samningsdrögum beinlínis við, hvert er hlutfall orkunotkunar Straumsvíkurverksmiðjunnar í heildarnotkun landsins. Í ritinu Orkumál er sýnd í myndriti skipting orkunnar milli helstu flokka notenda árið 1974, og þar kemur fram að notkun álverksmiðjunnar er hvorki meira né minna en 52.5% af heildinni, almenn notkun er 38.1% og það, sem kallast þar önnur notkun, þ. e. a. s. notkun Áburðarverksmiðjunnar, Sementsverksmiðjunnar og Keflavíkurflugvallar, er 9.4%. En myndin af hlutfalli í heildargreiðslunum fyrir þessa sömu raforku er heldur betur öðruvísi. Fyrir almenna notkun voru greiddar 2 935 millj. kr., álverksmiðjan greiddi 359 millj. kr. og fyrir aðra notkun var borguð 181 millj. Almennir notendur, sem fengu 38.1% orkunnar, greiddu hvorki meira né minna en 84.4% greiðslnanna. Þeir, sem flokkast til annarra notenda og ég nefndi áðan, greiddu fyrir sín 9.4% 5.3% verðmætisins, en álverksmiðjan, sem notar meira en helming allrar okkar orku eða 52.5%, greiddi aðeins 10.3% heildarupphæðarinnar. Meðalverð raforku á kwst. árið 1974 frá Landsvirkjun til þeirra, sem kaupa í heildsölu, var svo sem segir í svörum við spurningum Alþb., til Álfélagsins 31 eyrir á kwst., til allra annarra kaupenda, að almenningsveitum meðtöldum, 132 aurar á kwst., til almenningsveitnanna 154 aurar á kwst.

Samningsdrögin fela í sér heimild til stækkunar og eiga öll þau ákvæði, sem gilda um núverandi verksmiðju, einnig að gilda um þessa viðbót. Í þessu sambandi er sérstaklega athyglisvert að viðbótarsmiðjan á að fá raforku á sama verði og eldri verksmiðjan. Samkv. fyrirliggjandi orkuáætlun svokallaðs fjórða áfanga er gerður greinarmunur á fastbundnu rafmagni eða forgangsorku og rjúfanlegu rafmagni eða afgangsorku. En sé nánar skoðað kemur í ljós að hér er raunverulega ekki um neina afgangsorku að ræða í venjulegum skilningi þess orðs, þar sem Landsvirkjun má að jafnaði ekki rjúfa afhendingu afgangsorkunnar nema um sé að ræða vatnsskort eða truflanir í veitukerfinu, auk óviðráðanlegra afla. Afhendingarskilmálar afgangsorkunnar eru því a. m. k. eins harðir og þeir skilmálar sem nú gilda um orkusölu gagnvart þeim íslensku aðilum sem mestan forgang hafa til raforku frá orkuverum. Samkv. þessu eru afhendingarskilmálarnir enn harðari á forgangsorkunni til viðbótarverksmiðjunnar og skilmálarnir um raforku til eldri verksmiðjunnar eru væntanlega jafnharðir. Það má sem sagt ekki rjúfa rafmagn til álversins, jafnvel þótt vatnsskortur sé við orkuver Landsvirkjunar eða truflanir í veitukerfinu. Það eru innlendir notendur sem þá eiga að bera skellinn.

Athyglisvert er að enginn greinarmunur er gerður á verði forgangsorkunnar og afgangsorkunnar, enda þótt tilraun sé gerð í fylgiskjölum til að láta líta svo út. Og undan spurningu Alþb. um verðið á afgangsorkunni samkvæmt nýja samkomulaginu er farið í flæmingi. Svarið er svo hljóðandi: „Við útreikning á forgangsorkuverðinu hefur verið notað sama verð á afgangsorkunni eins og samið hefur verið um til járnblendiverksmiðjunnar.“ Engin tala nefnd. Hún er hvergi nefnd í frv. heldur og varla er það tilviljun. Sé reynt að reikna þetta dæmi út samkv. þeim loðnu skýringum sem grg. gefur, efst á bls. 28, kæmu út úr dæminu 0,5—0,6 mill, þ. e. a. s. tvö fyrstu árin. En slíkt dæmi þarf bara alls ekki að reikna því að hér er alls ekki um neina afgangsorku að ræða í venjulegum skilningi. Til þess eru afhendingarskilmálarnir allt of harðir.

Afgangsorkan til viðbótarsmiðjunnar í Straumsvík er afhent með harðari skilmálum en sjálf forgangsorkan til málmblendiverksmiðjunnar samkv. samningnum um hana. Um afhendingu orkunnar til málmblendiverksmiðjunnar segir svo í samningnum um hana, með leyfi forseta, og skal bent á að hér er ekki notað orðalagið „forgangsorka“ eða „afgangsorka“, heldur „tryggður grundvöllur“ og „ótryggður“. Hér kemur tilvitnunin í málmblendisamninginn:

„Orkan á ótryggða grundvellinum á að afhendast þannig, að á engu einstöku ári má orkuafhending fara niður fyrir 153 gwst. eða 50% af því hámarki sem verksmiðjan getur tekið af slíkri orku. Enn fremur er tiltekið að afgangsorkusalan megi ekki á neinu samfelldu 4 ára tímabili fara niður fyrir 734 gwst., sem jafngildi árlegu meðaltali um 60% af áðurnefndu hámarki. Og að síðustu er tekið fram að orkuafhendingin fari ekki niður fyrir 80% að meðaltali yfir samningstímabilið sem er 20 ár.

Um þessa skilmála má segja það, að þeir eru innan þeirra marka sem Landsvirkjunarkerfið með Sigöldu getur annað, þó að miðað sé við að öll forgangsorka sé seld í kerfinu. Þetta á þó ekki við um 50% tryggginguna í einstöku ári, en á því eru 5% líkur samkvæmt útreikningum að

ekki sé hægt að standa við hana, ef miðað er við fullnýtt kerfi. Hér kemur hins vegar á móti, að meiri hluti tímans er einhver óseld forgangsorka til í kerfinu og má líta á slíka orku sem afgangsorku. Einnig eru þurrkar og ísar taldir til óviðráðanlegra afla og er Landsvirkjun í slíku tilfelli heimilt að skerða forgangsorkusöluna líka.

Það er látið hjá líða að skilgreina þurrka og ísa í samningsdrögum þessum og verður það að teljast Landsvirkjun í hag, þar sem með því móti virðist Landsvirkjunin hafa skilgreiningu þessa töluvert mikið á eigin hendi.“ Ég bið hv. þm. að taka vel eftir þessu atriði. — „Af framansögðu er því ljóst, að óhætt virðist vera fyrir Landsvirkjun að gera ofangreindan samning um afgangsorkusöluna hvað öryggi afhendingarinnar snertir.“

Ekkert ákvæði sambærilegt því síðasta er í samningsdrögunum um álverksmiðjuna, en ég ætla að lesa það upp líka svo að hv. þm. megi heyra hve miklu harðari skilmálarnir eru þar, með leyfi forseta:

„Að áskildu því, sem mælt er í neðanskráðum ákvæðum þessarar bókunar, skal Landsvirkjun heimilt hvenær sem er og á hverjum tíma að skerða eða rjúfa algjörlega afhendingu afgangsrafmagns, svo fremi að sú skerðing eða rof minnki eigi þá afgangsorku, sem tiltæk verði í heild á neinu einu almanaksári, niður fyrir 50% þeirrar árlegu afgangsorku sem tilgreind er í 1. málsgr. bókunar þessarar, að afgangsorka sú, sem tiltæk verði í heild á hverju samfelldu 4 ára tímabili, sé eigi minni að magni en 254 gwst., og að afgangsorka sú, sem tiltæk verði í heild á fyrstu 20 árunum eftir AR IV, sé eigi minni að magni en 1696 gwst.

Landsvirkjun mun yfirleitt eigi beita skerðingu“ — takið eftir: „Landsvirkjun mun yfirleitt eigi beita skerðingu eða rofi samkv. 2. málsgr. nema um sé að ræða: a) vatnsskort við orkuver hennar eða b) truflanir í hinu samtengda veitukerfi hennar og óviðráðanleg öfl. Landsvirkjun mun veita ÍSAL aðvörun um það með þeim fyrirvara, sem við verður komið hverju sinni, hvenær ætla má að skerðing eða rof sé yfirvofandi og hvað ætla megi um hversu víðtækt og langvinnt það ástand verði. Ef vatnsskortur veldur skal fyrirvarinn eigi vera skemmri en einn mánuður, en í öðrum tilvikum skal hann eigi skemmri en ein klukkustund ef mögulegt er. Eftir að lokatilkynning um skerðingu eða rof hefur verið gefin skal ÍSAL minnka álag hjá sér þegar í stað, og ber að telja upphaf skerðingar- eða roftíma afgangsrafmagnsins frá þeim tíma. Skerðingar- eða roftímabili skal talið lokið strax og lokatilkynning hefur verið gefin þar að lútandi. Lokatilkynningar samkvæmt framanskráðu má gefa munnlega, enda séu þær síðan staðfestar skriflega.

Takmörkun á afhendingu afgangsrafmagns vegna skerðingar eða rofs skal eigi vera meiri en hlutfallsleg takmörkun afhendingar á sams konar rjúfanlegu rafmagni til annarra kaupenda en ÍSALs.

Sé skerðingu eða rofi beitt vegna vatnsskorts við orkuver Landsvirkjunar, er aðilum heimilt að óska þess, að afhendingu og notkun þeirrar föstu orku, sem áformað er að afhenda á skerðingartímunum, verði komið fyrir með þeim hætti sem veitir bræðslunni hagstæðust rekstrarskilyrði. Slíkt fyrirkomulag er háð gagnkvæmu samþykki.“

Það er athyglisvert í þessu sambandi og segir sína sögu, að það er verkfræðideild Landsvirkjunar sem stendur að því að semja um afhendingarskilmálana á rafmagni til málmblendiverksmiðjunnar, og dómur hennar er sá, að orkuafhendingarkvöðin sé innan marka sem hæfileg geta talist. Verkfræðideildin sem slík kemur hins vegar ekki nærri samningnum um afhendingarskilmálana til Straumsvíkur, hennar dóms er greinilega ekki óskað þar, né heldur leggur hún blessun sína yfir. Varla tilviljun — eða hvað?

Með þessum samanburði á afhendingarskilmálunum ætti að vera ljóst að í rauninni er öll raforkusalan til Straumsvíkur og þar með einnig til fjórða áfanga samanburðarhæf við forgangsorkusöluna til málmblendiverksmiðjunnar. Samkvæmt gildandi samningum málmblendiverksmiðjunnar er forgangsorka seld á u.þ.b. 10 mill og er það sagt vera eðlilegt heimsmarkaðsverð á raforku til nýrra iðjuvera. Sé orkan til fjórða áfanga í Straumsvík reiknuð á slíku verði er niðurstaðan sú, að orkan til gömlu smiðjunnar er áfram seld á 3 mill eða óbreyttu verði frá því sem nú er.

Í fylgiskjölum með frv. er hvergi að því vikið, hvaða verð væri eðlilegt á rafmagni til hins stækkaða álvers, þ.e a.s. til fjórða áfanga eins. Augljóst er að ábyrgðarmenn fjármagnsins hjá Alusuisse hljóta í sínum útreikningum að greina orkukaupin til Straumsvíkuriðjuversins sundur í tvo þætti: Annars vegar er orkan til þeirrar smiðju sem nú stendur þar og um var samið 1966—67 og 1969. Hins vegar er orkan til þeirrar viðbótarsmiðju sem ætlunin er að reisa þar á næstu missirum.

Alusuisse-mennirnir eru auðvitað ófúsir að greiða hærra rafmagnsverð til gömlu smiðjunnar. Það reiknast sem nýr kostnaðarauki á fjármagn sem ætlað er að skili í framtíðinni ekki minni arði en í fortíðinni. Varðandi nýju smiðjuna hugsa Alusuissarar sem svo: Á byggingartíma hennar gildir ákveðið heimsmarkaðsverð á raforku til nýrra iðjuvera. Í samningum getum við leyft okkur að fara upp að því marki, þótt æskilegra sé auðvitað að vera neðan heimsmarkaðsverðs nú sem áður í skiptum við íslendingana. Einhverju verði hljótum við þó að kaupa þessa heimild til stækkunar sem við sækjumst eftir. Spurningin er, hvort við sleppum við að greiða hærra verð fyrir rafmagnið til gömlu smiðjunnar. Séu íslendingar ekki orðnir þeim mun slyngari í viðskiptum, þá tekst okkur það.

Svona hljóta sem sagt hinir svissnesku viðsemjendur okkar að hugsa. Og nú þarf að reikna út úr þessu dæmi samkv. fyrirliggjandi samningsdrögum. Svissarar eru áreiðanlega búnir að því fyrir sig, og nú skulum við gera það fyrir okkur.

Fyrst þarf að gæta að því, hvert muni vera viðunandi heimsmarkaðsverð á raforku til nýrra iðjuvera um þessar mundir og hvernig

á að fara með svonefnda afgangsorku í þessu sambandi.

Vitnað var hér að framan til orkusölusamningsins til málmblendiverksmiðjunnar og sýnt fram á að allt rafmagnið til fjórða áfanga í Straumsvík á í reynd að afhenda með forgangssölukjörum. Rétt er því að miða við gangverð á forgangsorku. En hvert er það gangverð? Enn kemur málmblendisamningurinn okkur til hjálpar, því að af fylgigögnum hans sést að verðið 10 mill á kwst. muni vera hæfileg viðmiðun í þessu sambandi — 10 mill á kwst. til nýrrar stóriðju sé eftir atvikum sæmilega gott heimsmarkaðsverð á þessum missirum.

Í fylgiskjölum fyrirliggjandi frv. kemur fram það mat, að um það bil sem fjórði áfangi yrði tekinn í notkun í Straumsvík verði einingarverð á rafmagni til allrar bræðslunnar, þ. e. 1.—4. áfanga, gömlu smiðjunnar, sem nú stendur þar, og hinnar nýju sem ráðgert er að reist verði samkv. frv., — einingaverðið muni þá standa í u. þ. b. 4.43 mill, og er þá miðað við að álverð verði af verðbólguvöldum eða annars orðin nokkru hærra en það er nú.

Setjum okkur nú aftur í spor Alusuissara og spyrjum: Ef við reiknum svona fyrir sjálfa okkur allt rafmagnið til nýju smiðjunnar á 10 mill, hvert er þá eiginlega verðið sem við greiðum fyrir rafmagnið til gömlu smiðjunnar?

Þetta er einfalt reikningsdæmi sem hægt er að leysa án nokkurra hjálpargagna, og ég er viss um að margir hv. samþm. mínir geti reiknað það í huganum, ef ég gef þeim upp að orkunotkun gömlu smiðjunnar sveiflast í kringum 1100 gwst. á ári, en orkunotkun nýju smiðjunnar, fjórða áfanga, verði 176 gwst., eins og fram kemur í fyrirliggjandi samningsdrögum. Útkoman úr þessu dæmi er mjög fróðleg. Hún er sú, að rafmagnsverðið til gömlu smiðjunnar sé 3 mill — eða óbreytt frá því verði sem gilti fyrstu sex starfsár álbræðslunnar.

Alussuissarar hljóta að varpa öndinni léttar: Það kostaði okkur sem sé ekki neitt varðandi rafmagnsverð til gömlu smiðjunnar að kaupa af íslendingum þessa heimild til stækkunar. — En hvað um okkur þingmenn? Vörpum við öndinni léttar þegar við stöndum andspænis því, hvort við eigum að staðfesta eða staðfesta ekki þessi samningsdrög?

Þetta orkuverð, sem viðreisnarstjórnin samdi um á sínum tíma og almennt er viðurkennt að sé hneykslanlega lágt, getur Alþ. ekki staðfest.

Eitt af því marga, sem illþolandi er í samskiptunum við Straumsvíkurmenn, er að álbræðslan er ekki háð íslensku dómsvaldi og öllum deilumálum, sem upp koma, skal vísað til alþjóðlegs dómstóls. Þetta óviðunandi ákvæði virðist eiga að standa óbreytt og þarf Alþ. að koma í veg fyrir það.

Hve fráleitt þetta er hefur m. a. komið fram í viðskiptum ÍSALs við Náttúruverndarráð og Heilbrigðiseftirlitið. Forsvarsmenn verksmiðjunnar hafa ekki talið sig háða almennum íslenskum lögum í þessu efni, en aðeins lögunum um álsamninginn, þ. e. a. s. þann fyrri, en þar eru ákvæðin um mengunarvarnir allt of teygjanleg í túlkun, eins og sést á ákvæðinu um varnir, með leyfi forseta, það er svo hljóðandi:

„ÍSAL mun gera allar eðlilegar ráðstafanir til að hafa hemil á og draga úr skaðlegum áhrifum af rekstri bræðslunnar í samræmi við góðar venjur í iðnaði í öðrum löndum við svipuð skilyrði.“

En hver er það sem ætlar svo að dæma hvað eru „góðar“ venjur í öðrum löndum og hvað eru „svipuð“ skilyrði?

Reyndar koma heldur ákveðnari ákvæði í 13. gr. þessa gamla samnings þar sem segir að ÍSAL skuli byggja, útbúa og reka bræðsluna og halda henni við í samræmi við núgildandi og síðari lög og reglur á Íslandi varðandi öryggi í atvinnurekstri, heilbrigði og hreinlæti, og skal í þessum efnum vera háð eftirliti og opinberra stofnana sem ábyrgð bera á framkvæmd á slíkum reglum.

Þessi grein mætti gjarnan standa ein ef farið væri eftir henni. En þrátt fyrir þessi mislögðu ákvæði og þrátt fyrir samkomulag milli Álfélagsins og heilbrn. 1973, í tíð fyrri ríkisstj., hefur enn ekkert — nákvæmlega ekkert raunhæft verið gert varðandi uppsetningu hreinsitækja við verksmiðjuna, og forsvarsmenn fyrirtækisins telja sig ekki bundna íslenskum lögum. Auðsjáanlega hefur fyrirtækið viljað spara sér sem lengst að leggja í þann kostnað sem hreinsibúnaður hefur í för með sér, bæði stofnkostnað við uppsetningu og árlegan rekstrarkostnað.

Af reynslu er því ástæða til að efast um vilja fyrirtækisins, jafnvel þótt það segi nú, eins og fram kemur í bréfi þess sem meiri hluti iðnn. hefur séð ástæðu til að prenta með nál. sínu, að fyrirhugað sé að hafa viðbótarsmiðjuna, ef til kemur, „búna fullkomnum hreinsitækjum frá öndverðu“, og einnig að nú sé unnið að framkvæmdaáætlun um þurrhreinsitæki á núverandi verksmiðju, en reyndar líka tekið fram, að hraði framkvæmda sé háður lánsfjárútvegun. Já, vegurinn til vítis var löngum varðaður góðum áformum, eins og Shakespeare karlinn orðaði það, og þótt eiturspýjandi stromparnir í Straumsvík og visnaður gróður á Hafnarfjarðarsvæðinu ættu að vera varnaðarmerki, er ekki að sjá að íslenskir viðsemjendur veiti slíku athygli.

Að sjálfsögðu hefði það átt að vera lágmarkskrafa af Alþ. hálfu nú er Alussuisse sækist eftir heimild til frekari stækkunar, að fullkominn hreinsibúnaður sé kominn á alla verksmiðjuna sem nú er í Straumsvík áður en hafist er handa um stækkun hennar.

Ég hef nú dregið fram flest þeirra atriða sem ég hef við frv. að athuga. Ég geri ráð fyrir að fleiri eigi eftir jafnvel að finna önnur atriði. Ég býst við að hv. þm. Reykjaneskjördæmis eigi eftir að gera athugasemdir við það, hvers vegna Hafnarfjarðarbær var ekki hafður með í ráðum við endurskoðun þessa samnings Kannske koma skýringar á því. En ég hef gert grein fyrir því sem liggur að baki mínu nál.

Umr. frestað.

Neðri deild, 57. fundur.

Fimmtudaginn 12. febr., að loknum 56. fundi.

Innflutningsgjald af gas- og brennsluolíum, frv. (þskj. 313, n. 322 og 324, 323). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur athugað þetta mál og er álit meiri hl. n. á þskj. 322. Eins og þar kemur fram varð n. ekki sammála um afgreiðslu málsins. Fulltrúar stjórnarflokkanna, sem mættir voru á fundinum, leggja til að frv. verði samþ., en minni hl. er andvígur frv. og skilar séráliti.

Eins og fram kom í ræðu hæstv. fjmrh. í gær, er um það að ræða að lagt er innflutningsgjald á gasolíu og brennsluolíu, kr. 1.33 á hvert kg, og skal gjaldið innheimt með aðflutningsgjöldum. Með þessari gjaldtöku er gert mögulegt að aflétta söluskatti af gasolíu til fiskiskipa án þess að tekjutap verði hjá ríkissjóði, en um er að ræða 580 millj. kr. á ári sem sá söluskattur gefur. Ég þykist vita að allir vildu geta fellt niður söluskatt af gasolíu til fiskiskipa án þess að til þyrfti að koma sérstök skattlagning í staðinn, þ. e. að ríkissjóður tæki einfaldlega á sig tapið, og það hefur víst þegar verið nefnt að ríkissjóður eigi að taka þetta á sig. Mönnum ætti hins vegar að vera það ljóst, að fjárhagur ríkissjóðs er ekki þannig nú að slíkt sé mögulegt. Því er sú leið valin sem þetta frv. gerir ráð fyrir, þ. e. að söluskatti þeim, sem íslensk fiskiskip eiga að greiða samkv. gildandi lögum af gasolíunotkun sinni, verði jafnað niður á alla notendur gasolíu og svartolíu.

Samkv. frv. þessu verður verð á gasolíu til fiskiskipa og húsahitunar kr. 25.30 hver lítri, en hefði orðið kr. 25.75 eða 45 aurum hærra ef ákvörðun verðlagsnefndar frá 30. júlí 1971 stæði óbreytt, en samkv. þeirri ákvörðun var í raun lagt gjald á alla gasolíu, einnig hina söluskattsfrjálsu gasolíu til húsahitunar, og nam það kr. 1.58 á hvern lítra við síðustu áramót. Og samkv. þessu frv. verður verð á hverju tonni svartolíu 16 675 kr., en var áður komið í 15 300 kr.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál. Hins vegar hef ég levft mér, herra forseti, að bera fram brtt. við þetta frv. og er hún á þskj. 323. Hún er á þá leið, að í stað orðanna „sérstakt innflutningsgjald“ komi aðeins orðið: gjald í 1. gr. frv., og jafnframt að fyrirsögn frv. breytist til samræmis við það.

Rökin fyrir þessari brtt. eru þau, að orðalag það, sem notað er í frv., sé líklegt til að valda einhverri óánægju hjá Fríverslunarbandalaginu og að fyrirspurnum yrði beint hingað vegna þessa, en hjá því mætti komast með því að nota einungis orðið gjald. Ég gef að vísu lítið fyrir þessa ástæðu, en meira fyrir það, að það sem hægt er að komast af með eitt stutt orð í stað tveggja lengri án þess að merking breytist, þá skuli velja það fyrrnefnda. Einnig má segja að þetta sé til að samræma greinar frv. Ef við héldum 1. gr. óbreyttri ætti 2. gr. að hefjast á orðunum: „Þetta sérstaka innflutningsgjald“ o. s. frv., í stað: „Gjald þetta“, eins og er í frv.

Þessi rök ættu að nægja, og ég held ég megi segja að nm. í fjh.- og viðskn. séu þessari brtt. samþykkir þótt hún hafi ekki verið flutt í n.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þessi atriði frekar, en mæli með að frv. verði samþykkt með þeirri brtt. sem ég hef hér lýst.

Frsm. minni hl. (Lúðvík Jósepsson): Forseti. Í nál. á þskj. 324 gerum við í minni hl. fjh.- og viðskn. grein fyrir afstöðu okkar til þessa máls, en minni hl. skipum við hv. 9. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason.

Afstaða okkar til frv. er sú, að við erum andvígir frv. og leggjum til að það verði fellt. Hér er um það að ræða að leggja á nýtt skattgjald, þungagjald á alla brennsluolíu, gasolíu og svartolíu sem að mestu leyti er notuð af fiskiskipum, en nokkrir aðrir koma þar þó til greina líka. Er gert ráð fyrir að þetta nýja gjald eigi að gefa ríkissjóði á ári í kringum 580 millj. kr., en gjaldið yrði um 1330 kr. á hvert tonn.

Við teljum að það sé ekki ástæða til þess að ákveða þetta nýja gjald. Ríkissjóður hefur nú í mörg ár fengið að vísu tekjur sem þessu nemur vegna ákvæða um söluskatt á gasolíu til fiskiskipa, en það hefur tekist að greiða ríkissjóði þetta gjald í gegnum verðlagninguna almennt séð allan þennan tíma. Ég tel að það væri eðlilegra að gera það þá með sama hætti áfram, ef á annað borð er talið alveg óhjákvæmilegt að ríkissjóður haldi þessum tekjustofni lengur.

Við erum hins vegar á þeirri skoðun, að það eigi að framkvæma það sem áætlað var að gera í þessum efnum þegar ákvörðun var á sínum tíma tekin um að fella niður söluskatt á gasolíu til húsakyndingar. Þá var ætlunin, að fella niður söluskattinn einnig á gasolíu til fiskiskipa. Það er okkar skoðun að það eigi að framkvæma þetta formlega og ríkissjóður eigi að falla frá þessum sérstaka tekjustofni og það sem allra fyrst. Þetta er okkar afstaða til málsins, að við erum andvígir því að þetta nýja gjald verði tekið upp.

Þá þykir mér rétt að benda á það, að þetta nýja gjald hefur það í för með sér að það raskar nokkuð þeim verðgrundvelli sem verið hefur um alllangan tíma á milli gasolíu og svartolíu, þannig að hér verður um tiltölulega miklu þyngra gjald á svartolíunni að ræða en á gasolíu. En nú er einmitt stefnt í þá átt að auka notkun á svartolíu af því að það er á margan hátt þjóðhagslega hagkvæmara og rekstrarlega hagkvæmara að gera það, en með því að hverfa að sérstöku þungagjaldi er beinlínis verið að auka álögurnar sérstaklega á svartolíuna.

Einnig má hafa það í huga að söluskattur var aldrei á svartolíu, svo að það er enn þá minni ástæða til að taka upp þetta gjald með þeim rökstuðningi að það eigi að koma í staðinn fyrir söluskatt sem eitt sinn var, en meiningin var að fella niður að fullu og öllu til fiskiskipa.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja um þetta.

Hér er raunverulega verið að festa þetta gjald í nýju formi, sem sérstakan skatt á allri gas- og brennsluolíu. Við viljum ekki standa að slíkri skattlagningu og teljum að nóg sé komið af nýjum sköttum og það beri frekar að hverfa frá þessu en að auka þarna við.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Vegna vissra mistaka var þetta mál ekki rætt í þingflokki Framsfl. áður en það var lagt fram, eins og venja er um tekjuöflunarmál. Ég vil taka það fram, að ekki er sök fjmrh. að þannig hefur farið, en af þessum ástæðum hefur þetta mál ekki verið rætt í flokknum og afstaða tekin til þess þar.

Hins vegar hafa allmiklar umr. farið fram í flokknum um frv. um skylt efni sem liggur fyrir hv. Ed. og fjallar um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl.

Ég lít þannig á, að það sé eðlilegt að þessi mál séu rædd í nokkru samhengi og þar komi þær skoðanir fram sem uppi hafa verið í þingflokknum í sambandi við þessi mál. Ég hygg að nú sé ákveðið að um það fari fram frekari viðræður á milli annars vegar formanna fjh.- og viðskn. og hins vegar hæstv. fjmrh., viðskrh. og orkumálarh. og það takist því að finna lausn á þessu máli í hv. Ed.

Með þessum fyrirvara, að þessi mál verði íhuguð sameiginlega í Ed., er ég því samþykkur að þetta frv. fái afgreiðslu hér í deildinni.

Karvel Pálmason: Virðulegi forseti. Það er nú komið í ljós að það mál, sem hér er til umr., virðist ekki vera stjfrv. nema að hálfu leyti, eftir því sem formaður þingflokks framsóknarmanna segir, hv. 4. þm. Reykv., enda veittu menn því athygli strax í því nál., sem sagt er að meiri hl. fjh.- og viðskn. hafi staðið að, að þar er í fyrsta lagi enginn meiri hl. n., þar eru ekki nema 3 af 7, og í öðru lagi er það ekki nema annar helmingur stjórnarinnar, þ. e. a. s. þm. Sjálfstfl., þannig að segja verður að það sé með nokkrum ólíkindum að staðið þegar slíkt á sér stað. En hv. 4. þm. Reykv. hefur nú gefið þá yfirlýsingu að hann fallist á að málið fari í gegnum þessa d. í trausti þess að um þetta náist samkomulag milli stjórnarflokkanna í Ed.

Þó að þetta sé allkynlegt fyrir okkur sem fyrir utan stöndum þá sem ráða, þá hefur það líklega þann framgang sem hér er gert ráð fyrir, og verður þá að láta sjá til hver endalok málið fær í hv. Ed. En ég skal ekki ræða um það meira.

Ég vil aðeins geta þess nú við 2. umr. þessa máls, að við þm. SF munum greiða atkv. gegn þessu frv. Við teljum að nú þegar sé nóg komið af skattlagningu af hálfu hæstv. ríkisstj. þó að ekki sé enn bætt við. Hæstv. fjmrh. segir að vísu að eins og stendur þoli ríkissjóður ekki það tekjutap sem hér er gerð grein fyrir að hann verði fyrir, en stjórnarandstaðan hefur áður bent á ýmsa möguleika til tekjuöflunar, tekjustofna sem nýta beri, en hæstv. ríkisstj. hefur ekki fallist á.

Ég vil sem sagt með þessu gera grein fyrir því, að við munum greiða atkv. með fulltrúum Alþb. og Alþfl. og teljum að þetta gjald eigi ekki rétt á sér eins og nú stendur, það sé eðlilegra að áframhald verði á því sem gert var ráð fyrir þegar söluskattur var felldur niður á olíu til húsakyndingar og þá gert ráð fyrir einnig að fella niður söluskatt af olíu til fiskiskipa. Við teljum eðlilegt að við það verði staðið.

Þórarinn Þórarinsson: Hæstv. forseti. Það má vera að ég hafi ekki hagað orðum mínum nógu skýrt áðan, mér skildist a. m. k. af orðum síðasta ræðumanns að hann hefði skilið þau þannig, að það hafi verið ágreiningur á milli stjórnarflokkanna um þetta mál. En það er ekki rétt skilið, og ég ætlaðist a. m. k. ekki til þess að þetta yrði skilið á þá leið. Hitt er hins vegar rétt, að í flokki mínum hafa komið fram vissar óskir um breyt. á því frv. sem ég minntist á og liggur fyrir hv. Ed. En ég hygg að þær skoðanir eigi líka verulegt fylgi í Sjálfstfl., þannig að hér sé ekki um ágreining á milli stjórnarflokkanna að ræða, heldur vilji í báðum flokkunum fyrir því að fá fram vissar breyt. á því frv., sem að vísu er stjfrv. En það sýnir sig vonandi í sambandi við þessi mál eins og fleiri, að þó að hæstv. núv. stjórn sé góð stjórn, þá er hún ekki nein einræðisstjórn og hún tekur tillit til ábendinga frá sínum flokksmönnum þegar þær koma fram og hún álítur að þær séu réttmætar.

Karvel Pálmason: Virðulegi forseti. Ekki heyrist mér á síðustu ræðu hv. 4. þm. Reykv., að málið hafi neitt skýrst, því að eftir því sem hann talaði í sinni seinni ræðu, þá virðist vera um að ræða allsherjar ágreining þingflokka stjórnarflokka við ríkisstj. sjálfa. Það verður ekki annað skilið af því sem hv. þm. sagði áðan.

En kannske væri rétt til þess að botn kæmist í málið milli þingflokka ríkisstj. og hennar sjálfrar að þessu máli yrði nú frestað, ákvarðanatöku eða afgreiðslu málsins hér í hv. d., þangað til það liggur fyrir hvort ekki sé samkomulagsgrundvöllur í þessu máli milli aðila eins og kannske í mörgum öðrum.

Frsm. meiri hl. (Ólafur G. Einarsson): Hæstv. forseti. Ég vil taka það fram, að mér sýnist eðlilegt að þessi tvö mál verði skoðuð í samhengi og vettvangur til þess er auðvitað í hv. Ed., þangað sem þetta mál gæti farið nú í dag. Ég sé því enga ástæðu til þess að vera að fresta afgreiðslu málsins í þessari hv. d., eins og hv. síðasti ræðumaður var að tala um að gert yrði.

Svo held ég nú að það þurfi í sjálfu sér ekki að fara fyrir hjartað á hv. þm. Karvel Pálmasyni þótt stjfrv. þurfi nánari skoðunar við eftir að þau hafa verið lögð fram í þinginu. Hann ætti að vera minnugur þess sem gerðist hér á vinristjórnarárunum. Slíkt kom nokkuð oft fyrir.

Ég vil svo taka það fram, að það sýnist vafalaust fleirum en honum að nóg sé komið af skattlagningu. En eins og komið hefur fram og er

getið í grg. með þessu frv., þá yrði verð á olíulítra hærra en það verður samkv. þessu frv. ef ekkert væri gert.

ATKVGR.

Brtt. 323,1 (ný 1. gr.) samþ. með 21:1 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 20:7 atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 19:6 atkv.
Brtt. 323,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 21 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 21:2 atkv.

Neðri deild, 58. fundur.

Fimmtudaginn 12. febr., að loknum 57. fundi.

Gjald af gas- og brennsluolíum, frv. (þskj. 328). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19:7 atkv. og afgr. til Ed.

Efri deild, 53. fundur.

Fimmtudaginn 12. febr., kl. 3.30 síðdegis.

Gjald af gas- og brennsluolíum, frv. (þskj. 328). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Fjmrh. (Matthías A. Mathiesen): Herra forseti. Eins og kunnugt er hefur að undanförnu verið unnið að endurskoðun á sjóðakerfi sjávarútvegsins. Í till. þeirrar n., sem um þau mál hefur fjallað, og frv. hæstv. ríkisstj., sem hæstv. sjútvrh. hefur mælt fyrir hér við 1. umr., er m.a. lagt til að Olíusjóður fiskiskipa verði lagður niður. Fram til þessa hefur verð á gasolíu til fiskiskipa verið greitt niður af Olíusjóði og hefur verð til fiskiskipanna numið kr. 5.80 á hvern lítra. Samkv. gildandi lögum og verðlagsákvörðunum skal greiða söluskatt af gasolíu til fiskiskipa. Er niðurgreiðslu á gasolíu til fiskiskipa hefur verið hætt mun verð til þeirra því hækka úr kr. 5.80 í 29 kr. á hvern lítra.

Með lagafrv. þessu um gjald af gas- og brennsluolíum er lagt til að söluskatti þeim, er íslensk fiskiskip mundu að óbreyttum lögum þurfa að greiða af gasolíunotkun sinni, verði jafnað niður á alla notendur gasolíu og brennsluolíu, enda er við það miðað að verði frv. þetta að lögum muni fjmrh. nota heimild í söluskattslögum til að fella niður söluskatt af gasolíu til fiskiskipa.

Hér er ekki um nein nýmæli að ræða. Frá 30. júlí 1971 til ársloka 1975 var framkvæmd jöfnun á verði gasolíu milli notenda, ekki ósvipuð því sem lagt er til í frv. Verðlagsnefnd ákvað 30. júlí 1971, í kjölfar niðurfellingar á söluskatti af húshitunarolíu, að innflutningsjöfnunarreikningur skyldi bera upphæð samsvarandi söluskatti af gasolíu til fiskiskipa. Af þessu leiddi að í raun og veru var lagt gjald á alla gasolíu, einnig hina söluskattsfrjálsu gasolíu til húshitunar, og nam það gjald kr. 1.58 á hvern lítra við síðustu áramót.

Frá áramótum hefur hins vegar ríkt millibilsástand í verðlagningarmálum á gasolíu. Verðlagsnefnd felldi fyrri ákvörðun úr gildi eða réttara sagt, fyrri ákvörðun var látin niður falla 15. des. s.l., en ákveðið um leið að olíuverði skyldi haldið óbreyttu vegna óhagstæðrar stöðu verðjöfnunarsjóðsreiknings gasolíu.

Með frv. þessu er lagt til að lögfest sé í breyttu formi sú meginregla sem gilti um söluskattsmeðferð á gasolíu til fiskiskipa frá 30. júlí 1971 til ársloka 1975, þó þannig, að skipan sú, sem lagt er til að upp verði tekin með frv. þessu, þ.e. að jafna gjaldinu einnig á svartolíu sem verður að telja eðlilegt, leiðir til lægra verðs á gasolíu til húshitunar og til fiskiskipa en orðið hefði ef áfram hefði verið haldið á fyrri braut. Þannig mun verð til fiskiskipa nema óniðurgreitt kr. 25.30 á lítra samkv. frv. þessu, svo og til húshitunar, en hefði numið kr. 25.75 á lítra ef ákvörðun sú, sem ég gat um áðan, frá 31. júlí 1971 stæði enn.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um frv. Það er nánar skýrt í grg. Ég vil þó geta þess, að ég hef orðið var við vissa gagnrýni á verðákvörðun olíu og er að sjálfsögðu reiðubúinn til að láta nm. í té þær upplýsingar sem þeir kunna að óska varðandi útreikning af hálfu verðlagsskrifstofunnar, með hvaða hætti verð á olíum er ákvarðað.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni umr. verði þessu máli vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn., og vil óska eftir því að hv. þd. geti afgr. frv. samtímis þeim frv. sem ég gat um áðan og hæstv. sjútvrh. hefur mælt fyrir, en þessi frv. öll tengjast saman.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 321, n. 325 og 326). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Sjútvn. þessarar d. hefur fjallað um frv. til l. um útflutningsgjald af sjávarafurðum og skilað áliti á þskj. 326. N. mælir með samþykkt frv. án breytinga. Nm. eru allir sammála þeirri meginstefnu sem hér er mörkuð, ef má orða það svo, að vinda ofan af því kerfi sem hér hefur farið vaxandi upp á síðkastið. Þó að

einstakir nm. kunni að vilja gera nokkrar frekari eða aðrar breytingar er n. ljóst, að hér er um viðtækt samkomulag aðila sjávarútvegsins að ræða og ekki rétt að gera á þessu máli efnisbreytingar.

Það skal tekið fram að hv. þm. Stefán Jónsson skrifar undir með fyrirvara og séráliti skilar Jón Árm. Héðinsson. Fjarverandi við afgreiðslu málsins var Jón G. Sólnes.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Eins og nefndarformaður sagði skrifa ég undir nál. með fyrirvara.

Í þessu frv. er stefnt að því að leiðrétta nokkuð það sem misgert hefur verið með skyndiaðgerðum í sjávarútvegsmálum á undanförnum árum, ef ekki áratugum. Enda þótt ég telji að mikið vanti á enn þá að mistökin hafi verið leiðrétt að fullu, hin verstu þeirra, þá stefnir hér vissulega í rétta átt, fyrst og fremst með niðurfellingu Oliusjóðsins svonefnda sem valdið hefur miklum vandræðum í útgerðinni hjá okkur á undanförnum árum. Ég tel að of skammt, langtum of skammt sé gengið í sambandi við lækkun eða niðurfellingu Tryggingasjóðsins.

Hér standa enn eftir tveir sjóðir sem ég álít að hafi gert mjög mikið gagn og séu til þess fallnir að létta undir með útgerðinni á réttan hátt, þar sem eru Aflatryggingasjóður og Verðjöfnunarsjóður.

Ég er sammála því, sem fram hefur komið í umr. um sjóði þessa og þá aðallega Aflatryggingasjóðinn, að ágallar hans felist fyrst og fremst í framkvæmd, séu stjórnunaratriði. Nú hefur hæstv. sjútvrh. látið að því liggja sterklega að þessar reglur verði teknar til endurskoðunar og bót ráðin á helstu vandkvæðunum.

Því er ekki að leyna að þessi sjóður hefur verið misnotaður á liðnum árum. Þetta er sjóður sem gert hefur verið út á. Menn hafa fundið göt í lögum og reglugerðum sem þeir hafa getað smogið í gegnum, og það hefur verið gert út á þennan sjóð.

Þetta frv. er lagt fram raunverulega með atbeina bæði sjómanna og útvegsmanna. Svo sem kunnugt er knúðu sjómenn með verkfallsaðgerðum fram breytingar á sjóðakerfinu, kröfðust raunverulega afnáms sjóðakerfisins á s. l. hausti. Fyrr var ekkert gert í þessum málum.

Aðan sagði ég að þetta kerfi, þetta sjóðakerfi, sem hefur reynst einstaklega flókið og í sumum tilfellum hættulegt fyrir íslenskan sjávarútveg, væri til komið vegna skyndiaðgerða í vandamálum sjávarútvegsins á liðnum árum. Vegna breyttra tíma og vegna breyttrar tækni hafa orðið geysilega miklar breytingar á hlutaskiptalögum í þessu landi, jafnvel á minni skömmu ævi. Sum þessara laga voru ævaforn. Ýmis þeirra eiga rætur að rekja til Gulaþingslaga, önnur til Grágásar og Jónsbókar og enn önnur miklu eldri, og á ég þar við óskrifuð lög veiðimanna allra þjóða. Þróunin varð sú á stríðsárunum og eftir stríðsárin, að kjarasamningar sjómanna hnigu meira og meira í þá átt að minnka hlutdeild þeirra sjálfra sem hafði verið frá fornu fari í útgerðarkostnaði hálfgildings eða alger eignaraðild að útgerðinni. Síðan koma ný skip og dýrari með dýrari veiðarfærum, auknum kapítalkostnaði í útgerðinni, og þá dvínar aðild sjómannanna að útgerðinni enn meir. Og þá var ekki tekið tillit til þess, að í þessari útgerð, einkaútgerð, var e. t. v. óeðlilega lítið eigið fé, en tiltölulega mjög mikið lánsfé eða almannafé. Þessi þróun hefur leitt til þess að dvínað hefur persónuleg eignaraðild sjómanna að útvegi, einkum þó í stóru útgerðarplássunum og einkum hér við Faxaflóa.

Frá almennu sjónarmiði má segja að þessi þróun hafi verið mjög slæm. Fiskimiðin okkar eru almannaeign — almenningur, og æskilegt væri því að stefnt yrði að því að nýting fiskimiðanna yrði almenn. Um gildi þessa almennings, sem fiskimiðin eru, var m. a. fjallað á ráðstefnu sem haldin var á Hótel Loftleiðum hér í Reykjavík í haust og fjallaði um fæðubúskap íslendinga. Þar lýstu sérfræðingar gildi fiskislóðarinnar á þá lund, að grunnslóðin sjálf, hin eiginlegu fiskimið í kringum landið, jafngiltu að frjósemi þrautræktuðu túni um framleiðslu á eggjahvituefnaríkri fæðu, en djúpslóðin þar fyrir utan jafngilti grónum bithaga. Aðeins íshafssvæðin, svæði sjávar sem eru undir ís, jafngilda foknum eða örfoka öræfum. En auðlegð þessa almennings, fiskimiðanna í kringum landið, er slík, að ákaflega æskilegt væri að eignaraðild að þeim tækjum, sem notuð eru til þess að nytja þessa fiskislóð, yrði sem almennust.

Því er ekki að neita, að enn er það svo í ýmsum fiskiplássum í kringum landið, að eignaraðild sjómannanna sjálfra að skipunum og útgerðinni er talsverð. Ég leyfi mér að staðhæfa að einmitt í þeim sjávarplássum standi hagur útgerðarinnar með meiri blóma en þar sem eignaraðildin að skipunum er á höndum fárra. Ég tel æskilegt að miðað yrði að því, að sjómennirnir sjálfir á skipunum eignist að nýju hlutdeild í útgerðinni og taki þátt í kostnaði af henni, beri af henni gjöld og arð. Með frv. því, er hér liggur fyrir, er að vísu ekki miðað að slíku. En í frv. er sem fyrr segir miðað að leiðréttingu á meingöllum sem sjóðakerfið felur í sér, og enda þótt ekki sé gengið þar eins langt og æskilegt væri, þá er þetta stórt skref í rétta átt og skref sem leitt gæti til þess að auðveldara yrði að taka upp þráðinn, þar sem hann var látinn niður falla, og freista þess að efla að nýju almenningsaðild að útgerðinni.

Frsm. minni hl. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér sérstakt nál., þó að ég styðji efnislega frv. sem hér liggur fyrir til umr., og mun nú gera grein fyrri afstöðu minni í þessu stutta nál.

Frv. þetta fjallar um breytingu á gjaldi sem tekið skal við útflutning á sjávarafurðum. Um langan aldur hefur slík gjaldtaka átt sér stað og verið ráðstafað með lögum frá Alþingi eftir óskum útgerðaraðila. Í langan tíma var þetta gjald fyrst og fremst notað til að mynda tekjur fyrir Aflatryggingasjóð, var fremur lítil upphæð og kallaði ekki fram neinar deilur að ráði um það. Það, sem inn kom, fór aftur til þess að gera upp launahluti áhafna þegar afli brást.

Á erfiðleikaárunum 1967 og 1968 var gerð gengisbreyting, og einn þátturinn í því að rétta

við rekstur útgerðarinnar var að stofna sérstaka deild við Fiskveiðasjóð Íslands er fékk nafnið Stofnfjársjóður fiskiskipa. Um áramótin 1968—1969 var fyrst innheimt útflutningsgjald í þessa deild og þá ákveðið 10% af fiskverði — bolfisktegundum — og 20% af síldarafurðum. Við sölu erlendis var gjaldið 22% af brúttó-söluverði. Þessi mismunun olli strax deilum um gjaldið, en löggjöfin um Stofnfjársjóð fiskiskipa gerir ráð fyrir að tekjuöflun sé ákveðin í lögum hverju sinni.

Það er sameiginlegt þessum tveimur sjóðum, sem hér eru nefndir, að til þeirra rennur föst hlutfallstala af afla hvers skips. Þörfin á Stofnfjársjóðnum var löngu ljós, og hefur hann reynst til mikilla bóta fyrir Fiskveiðasjóð. Þetta tryggir Fiskveiðasjóði nokkuð örugga greiðslu á lánum frá sjóðnum, en gífurleg vanskil voru áður við Fiskveiðasjóð. Ef þetta fyrirkomulag hefði ekki gilt nú undanfarið, orkar ekki tvímælis að miklu minni uppbygging fiskveiðiflota okkar hefði átt sér stað. Eftirspurn eftir lánum hjá Fiskveiðasjóði er og hefur verið svo mikil, að án sem næst tryggra skila á lánum og vöxtum hefði Fiskveiðasjóður gersamlega verið vanefnum búinn til þess að mæta lánsfjárþörfinni við fiskiskipakaupin og uppbyggingu fiskvinnslustöðvanna. Það, sem menn hafa deilt um, er hve mikið gjald skuli tekið í þessu skyni. Einnig var ósanngjarnt að gera mönnum mishátt gjald eftir samsetningu aflans.

Samhliða frv. um breytingu á útflutningsgjöldum er frv. um breytingu á Stofnfjársjóðnum, en þar er gert ráð fyrir að gjaldið verði 10% fiskverðs, eins og það er ákveðið hverju sinni hér innanlands, en við löndun og sölu afla erlendis verði gjaldið 16%. Þetta ætti að vera raunhæf tala fyrir báða aðila og tryggja áfram gildi Stofnfjársjóðsins við Fiskveiðasjóð.

Gjaldið í Aflatryggingasjóðinn er mikið hagsmunamál og hefur ekki valdið átökum milli sjómanna og útgerðar um það, þar sem það á að tryggja betri skil á uppgjöri til áhafna.

En auk áðurnefndra tveggja sjóða hefur vaxandi hátt gjald verið tekið af útflutningi Tryggingasjóðs fiskiskipa og nú seinast í svonefndan Olíusjóð. Tilgangur þessara sjóða og gjaldtaka í þá er og hefur verið verulegt deiluefni, bæði á meðal útgerðaraðila og sjómanna. Á s. l. ári sauð upp úr um þessi efni og knúið var fram loforð frá hæstv. forsrh. um skipun n. til þess að kanna umfang sjóðakerfisins og úrbætur í því efni og afnám fyrst og fremst Olíusjóðs og Tryggingasjóðsins. Nú fyrir skömmu kom fram löng grg. um þessa sjóði alla. Frv., sem hér er flutt, felur í sér afnám Olíusjóðsins og mjög mikla lækkun, um helming, á gjaldstofni til Tryggingasjóðsins.

Til Olíusjóðsins var stofnað fyrir um það bil tveimur árum af þáv. sjútvrh., Lúðvík Jósepssyni, og voru sett ný útflutningsgjöld í þessu skyni, og fyrst og fremst átti loðnuaflinn að bera gjaldið. Þessi ráðstöfun var sögð réttlætanleg vegna erfiðleika hinna nýju togara vegna olíuhækkunarinnar og hins vegar vegna góðra möguleika í afla og verði hjá loðnuveiðiskipunum. Á Alþ. urðu um þetta langar umr. þá. Lögðust þm. Alþfl. eindregið á móti þessu gjaldi og bentu á hættuna sem í því fólst. En með furðulega góðu fylgi sjálfstæðismanna þá hér á hv. Alþ. komst þetta rangláta gjald á, sem hefur leitt af sér hin mestu vandræði og óánægju allra aðila. Nú er svo komið að enginn vill helst kannast við þetta fáránlega gjald eða þátttöku sína í að koma því á.

Þótt gjaldtaka til Tryggingasjóðs sé ekki afnumin er hér stigið verulegt skref til bóta og byggt á till. áðurnefndrar sjóðanefndar. Réttmætt getur talist að hafa nokkra tryggingasamhjálp, en reynslan sýnir því miður að ekki má gera um of í þessu efni, því að misnotkun kemur annars fljótt fram.

Gjaldtakan í Olíusjóðinn og Tryggingasjóðinn hefur leitt af sér mikið ranglæti og ósanngjarna millifærslu og haft miður góð áhrif á viðleitni manna til aðhalds og rekstrarhagkvæmni. Út í þá sálma skal ég þó ekki fara hér nú.

Frv. þetta er flutt í framhaldi af víðtækri endurskoðun á sjóðakerfi sjávarútvegsins, eins og fram hefur komið, sem n. skipuð af ráðh. samkv. kröfum aðila í sjávarútvegi hefur annast. Frv. er byggt á till. þessarar n. og er tvímælalaust spor í rétta átt. Alþfl. er eðlilega fylgjandi afnámi hins rangláta millifærslukerfis, en hefði kosið að ganga nokkru lengra í vissum atriðum en ráð er fyrir gert í frv. Hins vegar ber á það að líta, að frv. byggist á samkomulagi hagsmunaaðila í sjávarútvegi, sjómanna og útvegsmanna, og er þáttur í lausn kjaramála- og fiskverðsákvörðunar. Lögð hefur verið á það mikil áhersla hér á hinu háa Alþ. nú að frv. fengi skjóta afgreiðslu efnislega óbreytt, og því mun ég greiða frv. atkv.

Þótt ástæða væri til að fjalla um þessi mál allmiklu meira er vegna tímans ekki svigrúm til þess nema sérstakt tilefni gefist. Læt ég því nægja að gera þessa stuttu grein fyrir afstöðu minni til málsins og hvers vegna ég kaus að fjalla litils háttar um það í nál. En eðli þessara sjóða, eins og menn hafa gert sér grein fyrir, hefur verið nokkuð misjafnt og talið rétt að halda sumum við áfram, en fella niður þá sjóði, þótt þeir væru taldir nauðsynlegir á sínum tíma, sem orsakað hafa mikla togstreitu bæði í hópi útgerðaraðila og sjómanna.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég skal vera mjög fáorður, en hlýt að vekja athygli á smávegis missögn í nál. og ræðu síðasta hv. ræðumanns, Jóns Árm. Héðinssonar.

Ég undraðist það nokkuð á nefndarfundi, eftir að hv. þm. Jón Árm. Héðinsson hafði lýst yfir að hann mundi mæla með samþykkt frv., að hann skyldi ætla sér að skila sérnál. Það liggur nú hér frammi í alllöngu máli, og hann las það hér áðan. Í nál. kemur fram ástæðan fyrir því að hann kaus þessa aðferð við afgreiðslu málsins. Hann semur þessa löngu ritgerð til þess að koma að ósannindum um upphaf Olíusjóðsins. Ég hygg að þm. sé ljóst að Lúðvík Jósepsson stóð ekki að lagasetningu um Olíusjóðinn. Það, sem hv. þm. á við, er það, þegar teknar eru 220 millj. kr. á sínum tíma úr Verðjöfnunarsjóði til þess að greiða út til bráðabirgða úr vandræðum flotans vegna olíuhækkunarinnar. Ég

orðaði þetta áður svo, að sjóðakerfið hefði sprottið upp úr bráðabirgðaskyndiráðstöfunum til hjálpar útgerðinni. Þetta er að vísu ein af þessum skyndiráðstöfunum, en hitt er ósatt, að Lúðvík Jósepsson hafi staðið að gerð laganna um Olíusjóðinn.

Nú vill svo til að velflestir þessir sjóðir, svo til nær öll þessi sjóðaflækja, að Olíusjóðnum undanskildum, er til komin þegar Alþfl. átti sjútvrh. Ég er ekki þess umkominn að deila á fyrrv. sjútvrh. Alþfl. fyrir þær ráðstafanir sem þá voru gerðar til bjargar úr aðkallandi vandræðum. Þessi vandræði bar upp á hverju sinni. Þeim var mætt með bráðabirgðaráðstöfunum sem síðan var látið vallgróa yfir í löggjöf sem reynst hefur illa þegar til lengdar lét.

Ég vildi aðeins leiðrétta þessa missögn hv. þm. Jóns Árm. Héðinssonar.

Frsm. minni hl. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Það var rétt að hluta sem hann drap á, síðasti ræðumaður, Stefán Jónsson. Það var tekin, ef ég man rétt, ákveðin upphæð, föst upphæð til bjargar fyrst, en síðan var stofnað til Olíusjóðsins og urðu um það miklar deilur við verðákvörðun um áramótin 1973—1974. Um það þarf ekkert að deila. Það er langbest að fletta upp í skjölum Alþ. og sjá hvernig umr. áttu sér stað þá. Og það var byggt á þeirri von að loðnuaiurðir og loðnuafli í heild gæfu um það bil 1 000 millj. í nettóágóða fyrir þjóðarbúið. Ég var því samþykkur að taka hluta af þessari upphæð, það kemur skýrt fram í nál. mínu og ræðu, en ég taldi fásinnu að reikna með svona stórri tölu og skipta henni upp í þjóðarbúinu. Og af því að deilur standa nú um kjaramál má minnast þessara útreikninga, hverjum sem um er að kenna, en eðlilega hafði þáv. sjútvrh. forgöngu um málið sem slíkur hér á hv. Alþ., þar sem það heyrði undir hann. Kannske má segja að öll hv. vinstri stjórn hafi borið ábyrgð á því, sameiginlega a.m.k., og kannske hefur núv. hæstv. forsrh. verið nokkurs konar guðfaðir að gjaldinu, því að hann studdi það eindregið til þess að hjálpa úr tímabundnum erfiðleikum togaraflotans, eins og var sagt. En gjaldið var myndað og kjarasamningar voru gerðir á bjartsýni þeirra talna sem lagðar voru á borðið um afkomu á loðnuveiðum og um loðnusölu. En eins og allir muna reyndist það pappírsplagg eitt og þessi ímyndaði gróði varð aldrei til. En það var búið að gera kjarasamninga um hann, það var búið að stofna til Olíusjóðs, það var búið að stofna til breytingar með millifærslukerfi vegna þessarar ímynduðu tölu. Það ætla ég ekki að fara að rekja hér, þótt það væri kannske ástæða til, til varnaðar og upprifjunar. En þetta tókst mjög illa allt saman.

Mín skoðun var þá sú, að slíkt kerfi gæfi tilefni til þess, eins og ég man að ég orðaði það nokkurn veginn orðrétt, að t.d. járniðnaðarmenn, sem voru þá í kjarabaráttu og voru illa settir miðað við byggingariðnaðarmenn, þeir fengju sendan ákveðinn hluta til sín úr launaumslögum þeirra er voru í Breiðholti, uppmælingarmanna. Og kannske muna einhverjir þm., sem sátu hér í salnum, jafnvel deilu á milli okkar félaganna innbyrðis í Alþfl. þar sem annar var talsmaður uppmælingarmanna, en ég talsmaður tímamælingarmanna. En út í það ætla ég nú ekki að fara, en kannske muna einhverjir eftir þeirri deilu þegar ég tók þetta dæmi.

En það, sem ég átti við og allir eru í raun og veru sammála um, er að það getur orðið óheilbrigt ef slík millifærsla, sem dregur úr hvöt manna til að bjarga sér, á sér stað í of ríkum mæli. Því miður þróuðust þessir sjóðir upp í stóra tölu, og það var ekki verk eins eða neins manns. Það var alveg rétt hjá síðasta ræðumanni, að þetta kom stig af stigi, og kannske óþarfi af mér að vera að nefna nafn eins manns í því efni. En ég deildi á þetta kerfi mjög eindregið og það gerðu ýmsir fleiri, en við vorum bara ofurliði bornir. Það er staðreyndin í málinu. Um framgöngu þessa máls höfðu ákveðnir aðilar hlutverki að gegna, og fremstur í flokki var hæstv. þáv. sjútvrh. og núv. alþm., Lúðvík Jósepsson. Það var gert til þess að bjarga frá verðhækkuninni á olíunni, og gífurleg millifærsla átti sér stað og svo mikil að Olíusjóðurinn einn sér er langstærsti þátturinn í þessu kerfi. En áætlað er að Olíusjóður og Tryggingasjóður gæfi samtals á árinu 1976 4.6 milljarða kr., svo að við sjáum um hve gífurlegar upphæðir er hér að ræða í millifærslu.

Það, sem er ósanngjarnast í þessu, er að sumir menn hafa orðið að borga tugfalt gjald fyrir olíulítrann. Og einnig, eins og hv. ræðumaður Stefán Jónsson drap á, hafa komið fram misgerðir í sambandi við Tryggingasjóðinn. Þess vegna eru menn sammála um að velta ofan af þessu kerfi og reyna að hafa það á hreinu. Hinir sjóðirnir, sem bæði Alþfl.-ráðh. og líklega allra flokka ráðh. stóðu að því að mynda með árunum, hafa eilítið öðru hlutverki að gegna, og það hefur verið talið eðlilegra og rökréttara, þar sem hver útgerð nýtur þá að mestu þess er hún leggur fram, og skapar það áhuga og aukið aðhald til að hafa þá hluti fremur í lagi.

Ég skal svo ekki vera að elta ólar við önnur atriði í þessu sambandi, en fagna því að þessum áfanga er náð í þessu efni. Ég vona að það hafi þau jákvæðu áhrif sem menn eru sammála um að eigi að koma fram við þessa breytingu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—14. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Stofnfjársjóður fiskiskipa, frv. (þskj. 309, n. 327). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur haft til meðferðar frv. til l. um Stofnfjársjóð fiskiskipa og skilar áliti á þskj. 327. N. mælir með því, að frv. verði samþ.

óbreytt, en ég held að það hafi fallið niður og verður leiðrétt, ef ég fer skakkt með, að Stefán Jónsson væri þar með fyrirvara. En n. mælir með samþykkt frv. óbreytts. Þarf ég ekki að bæta neinu við það sem um þetta mál hefur áður verið sagt, enda málið náskylt því sem hér hefur verið til umr., 148. máli.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég þakka okkar ágæta formanni sjútvn. fyrir leiðréttinguna. Þetta var rétt, ég hugðist skrifa undir nál. með fyrirvara. Þessi fyrirvari varðar fyrst og fremst lækkunina sem ráð er fyrir gert. Þegar til kastanna kemur reynist fyrirhuguð lækkun hér ekki vera um 5%. Til þess að um raunverulega 5% lækkun væri að ræða þyrfti að standa 8% í staðinn fyrir 10%. Þetta er ekki nema liðlega 2.5% sem þarna er um að ræða. Ég tel sem sagt að lækkunin sé of lítil. En það sama gildir um þetta frv. eins og hið fyrra frv., sem við fjölluðum um nú fyrir nokkrum mínútum, það er stefnt í rétta átt. Þess vegna mæli ég með samþykkt þessa frv. og mun greiða atkv. með því, en sem sagt með þessum fyrirvara.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Aðeins ábending til hæstv. sjútvrh. 11. gr. er svo hljóðandi:

„Heimilt er stjórn Fiskveiðasjóðs að greiða skipseiganda innstæðu skips hjá Stofnfjársjóði, enda skuldi skipseigandi engar gjaldfallnar greiðslur, sbr. 8. og 9. gr., og eigi er fyrirsjáanlegt að hann hefji framkvæmdir þær, er um ræðir í 10. gr.“

Þetta orðalag: „heimilt“ og „eigi“ og þar fram eftir götunum, hefur verið túlkað dálítið þröngt að mati margra manna og þeim hefur sumum gengið illa að fá lausa innstæðu um áramótin í þessari deild. Þó að oft hafi mikill meiri hluti á einum stað verið látinn laus, þá hefur það tekið alllangan tíma og sumum hefur komið þetta mjög illa. Ég ræddi þetta á nefndarfundi og var þá látið í það skína að hugsanlegt væri að kveða eitthvað ákveðnar að í þessu efni. Nú veit ég ekki hvort hæstv. sjútvrh. hefur fengið um þetta umkvartanir eða hefur í hyggju að gefa út reglugerð um þetta. En ég vildi aðeins vekja athygli á því, að þarna er fjármagni og oft dálítið háum upphæðum haldið inni og hefur orsakað það, sérstaklega þegar þröngt er um rekstur, að menn hafa ekki getað gert upp fljótlega eftir áramót. Þá hafa þetta oft verið einu peningarnir sem lausir voru, en þeim hefur verið haldið föstum. Þetta gildir jafnt um skip sem hafa staðið reglulega í skilum og ætti ekki að vera mikil áhætta að láta féð laust því að næsti afborgunardagur er hjá flestum 1. maí eða 1. nóv.

Ég vildi aðeins vekja athygli á því, að mörgum hefur fundist ekki nægilega ákveðið að segja: „heimilt er stjórn Fiskveiðasjóðs“, vegna þess að langflestir aðilar hafa átt við mikla rekstrarfjárörðugleika að etja og það mætti telja nokkuð sanngjarnt mál að strax um áramót eða fyrir miðjan janúar væri innstæða um áramótin gefin laus hjá langflestum. Stjórn Fiskveiðasjóðs ætti að þora að taka þá áhættu að fenginni margra ára reynslu hjá viðkomandi aðila. En sem sagt, menn hafa kvartað undan þessu við mig oft og sjálfur hef ég nokkra reynslu í þessu efni. Það mætti bæta úr hér, og það er ábending til hæstv. ráðh. hvort hann telur fært eða ekki að fá þetta aðeins liðkað.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Út af þessari ábendingu hv. 1. landsk. þm., þá hefur það komið nokkrum sinnum fyrir að umkvartanir hafa borist í þessum efnum. Í flestum tilfellum, sem það hefur verið kannað nánar, hefur verið um misskilning að ræða, menn hafa talið sig eiga meira inni, það ekki komið, búið að taka af þeim og ekki komið til Stofnfjársjóðsins. Það hefur eiginlega oftar verið að mínum dómi ástæðan fyrir umkvörtunum. Menn hafa talið sig, eftir að þeir voru búnir að fá skil, að féð væri komið inn til Stofnfjársjóðsins, en þá verður dráttur á sem er auðvitað margra sök. Í einstaka tilfellum hafa ekki legið fyrir nægjanlegar upplýsingar varðandi önnur lán skipa. En ég held að það sé alveg óhætt að fullyrða, að það sé minna um þessar umkvartanir núna heldur en var, að það sé mun betri framkvæmd. Hins vegar er það, að ef þetta hefur við rök að styðjast, að menn geti með fullum rétti kvartað undan því, þá er auðvitað hægt að setja reglugerð þar sem kveðið er fastar á um þetta efni. Ég tek þessa ábendingu alveg eins og hún er hér sögð og skal hafa hana í huga, ef þessum aðfinnslum heldur áfram og þær hafa við rök að styðjast.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—16. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Efri deild, 54. fundur.

Fimmtudaginn 12. febr., kl. 6 síðdegis.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 321). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 334).

Stofnfjársjóður fiskiskipa, frv. (þskj. 309). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 335).

Gjald af gas- og brennsluolíum, frv. (þskj. 328, n. 329 og 330). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur tekið mál þetta til athugunar, m. a. á sameiginlegum fundi fjhn. beggja d. nú í morgun og síðan aftur á fundi nú fyrir stuttu. Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ., en minni hl. n., Jón Árm. Héðinsson, skilar sérálíti. Fjarverandi afgreiðslu málsins var Ragnar Arnalds, en Stefán Jónsson sótti fundi n. í fjarveru hans. Einnig hefur fallið niður að geta þess, að fjarverandi afgreiðslu málsins var Jón G. Sólnes.

Ég þarf í sjálfu sér ekki að hafa langa framsögu fyrir þessu máli. Forsaga þess er sú, að í júlí 1971 var ákveðið að fella niður söluskatt af olíu til húsahitunar og til fiskiskipa og svo var gert, en upphæð sem svaraði söluskatti af olíu til fiskiskipa var greiddur úr Verðjöfnunarsjóði sem er til þess stofnaður að jafna verð á olíu vegna hinnar miklu sveiflu sem verður oft á því verðlagi. Síðan gekk það svo til, að það var eigi hægt að greiða þessa upphæð úr þessum sjóði, og varð því úr, hvernig sem það hefur atvikast, að þessi upphæð kom inn í verðlag olíunnar og var jafnað þar út, þannig að olíufélögin hafa alla tíð skilað ríkissjóði sem nemur söluskatti af olíu til fiskiskipa, en þessum söluskatti hins vegar verið jafnað á olíu bæði til húshitunar og til fiskiskipa og annarra nota.

Um s. l. áramót gerði fulltrúi í verðlagsnefnd aths. við þetta fyrirkomulag og var þá ákveðið að þetta gæti ekki gengið lengur á þennan hátt. Í framhaldi af því átti í reynd olíuverð að hækka nú fyrri hluta ársins vegna verðhækkana, en þar sem þetta gjald var numið burt úr olíuverðinu, þá jafnaðist það út. Hins vegar hefur þessi upphæð, söluskatturinn, verið greidd úr Olíusjóði fiskiskipa frá áramótum. En þar sem sá sjóður er nú felldur niður er eigi hægt að halda því fyrirkomulagi áfram.

Með þessu frv. er í reynd verið að viðurkenna staðreynd sem hefur við gengist og staðreynd sem eigi verður vikist undan, og með þessu frv. er verið að koma þessu máli í eðlilegra horf með því að leggja þetta gjald á alla olíu í stað þess að dreifa söluskattinum á þann hátt sem ég áður gat um.

Hins vegar verður að segjast eins og er, að það er í sjálfu sér með öllu óeðlilegt að olía til húshitunar skuli vera tekjustofn fyrir ríkissjóð. Það liggur hér fyrir d. frv. til l. um jöfnun á hitunarkostnaði. Ég tel eðlilegt að taka þessi mál öll til athugunar varðandi meðferð á því frv., en í sjálfu sér hefði verið eðlilegra að afgreiða þessi mál samhliða. En þar sem mun vera nauðsynlegt að afgreiða nú héðan frá d. öll þau frv. sem koma inn á breytingar þær sem nú á að gera á sjóðakerfi sjávarútvegsins, þá er nauðsynlegt að þetta frv. verði afgreitt samhliða.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja þetta mál frekar, en endurtek að meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþykkt.

Frsm. minni hl. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 329, skilum við í stjórnarandstöðunni séráliti, og er það niðurstaða í okkar nál. að rétt væri að frv. verði fellt.

Samkv. frv. er lagt til að lagt verði á nýtt innflutningsgjald af brennsluolíu, 1330 kr. á hvert tonn. Áætlað er að gjald þetta gefi ríkissjóði um 580 millj. kr. á ári. Nú vitum við að vísu að staða ríkissjóðs er þröng á árinu, en eins og frsm. meiri hl. drap á í lok ræðu sinnar, þá er til meðferðar annað frv. hér á hv. Alþ. um olíukostnað húsa og tilhneiging í því frv. er að auka tekjur í sambandi við olíu og millifærslu til Orkusjóðs og það um verulegar upphæðir, jafnvel hátt í 100% til hans. En það verður rætt á öðrum vettvangi og ætla ég ekki að blanda því beint saman. En m. a. vegna þess, hve samtengt þetta er og um 78 þús. manns nota olíu enn til húshitunar, er rétt að gefa gaum að þessum málum saman, jafnvel þótt þetta mál tengist sérstaklega við breytinguna á því sjóðakerfi sem við vorum að ræða hér rétt áðan.

Söluskattur var felldur niður af olíum til húsakyndingar fyrir nokkrum árum, eins og kunnugt er, og heimild er til að færa þetta út. En ég býst við að rök hæstv. fjmrh. séu fyrir því að taka upp magngjald í staðinn, að ríkissjóður muni ekki standast niðurfellingu söluskattsstofnsins, sem á að gefa hátt í 600 millj., nema fá magntoll í staðinn. Í leiðinni vil ég spyrja hæstv. fjmrh. og reyndar einnig hæstv. forsrh., því að hann sagði í beinni línu að við mundum hittast á þessum vettvangi og ræða stöðu togaraflotans, og er nú einmitt gefið tilefni til þess, hvað mikil millifærsla á sér stað að mati hæstv. ríkisstj. nú við þessar breyttu aðstæður á yfirstandandi ári.

Það er kunnugt og það veit hæstv. ríkisstj. miklu betur en við, að um þriðjungur togaraflotans er nú rekinn með tugmilljóna halla á ári án afskrifta, og stærsti liðurinn í þessari hallamyndun á rekstri er olíukostnaðurinn. Einnig hefur hæstv. ríkisstj. gefið loforð um að jafna á milli þessa óhagstæða rekstrar með milligjöf úr ríkissjóði. Við allar þessar breytingar hlýtur þessi áætlun að hafa verið endurskoðuð, og það er fróðlegt að vita að hvaða tölu er stefnt í því efni nú. Þetta er mjög há tala, það liggur ljóst fyrir, en hversu hátt má áætla við þessar breytingar að þessi hjálp til togaraflotans verði nú úr ríkissjóði, það vildi ég gjarnan fá að vita. Það var eðlilegt að formaður fjh.- og viðskn. gæti ekki svarað því fyrirvaralaust. En þessi mál eru öll tengd, og þó að nokkur fljótaskrift þurfi að vera á afgreiðslu þessa máls, þá er varla hægt að hespa það svona af, án þess að nokkur meiri skýring fylgi. Við í stjórnarandstöðu höfum tekið þá afstöðu, að það væri réttmætt að fella þetta frv. fyrir bragðið.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Það er engin launung á því, að endurskoðun sjóðakerfisins eykur rekstrarvanda stóru togaranna frá því sem áður var. Það er talið að minni skuttogararnir, undir 500 smál. að stærð, muni koma nokkurn veginn jafnir hvað afkomu

snertir eftir endurskoðun sjóðakerfisins, en aftur á móti mun halli stóru togaranna aukast eftir þessa endurskoðun og eftir hækkun þá, sem verður á olíu til rekstrar þeirra.

Við lausn togaraverkfallsins á síðasta ári voru gerðar allvíðtækar ráðstafanir til þess að tryggja rekstur stóru togaranna þ. á m. var þeim veittur lengri lánstími af stofnlánum og enn fremur var svo fram tekið, að í stað 20% gjalds í Stofnfjársjóð fiskiskipa þyrftu þeir eingöngu að greiða 5%. Ég skal ekki tíunda allar þessar ráðstafanir.

Afstaða til þess, hvernig á að mæta hinum nýja vanda stóru togaranna, hefur ekki enn verið tekin, og þótt menn hafi reynt að gera sér grein fyrir hve stór hann er, vil ég á þessu stigi ekki fara með neinar tölur, því að nokkur von er í því fólgin að endurskoðun sjóðakerfisins sjálfs stuðli að hagkvæmari rekstri stóru togaranna eins og annarra fiskiskipa, þegar ábyrgð á rekstrarkostnaði, raunverulegum rekstrarkostnaði fiskiskipanna, fer yfir á þá sem þeim stjórna. Þá er einnig á það að líta, að sem betur fer hefur rekstrarafkoma stóru togaranna heldur skánað frá því sem gert var ráð fyrir á miðju síðasta ári, og veldur þar um að þeir hafa aflað meira og haft heldur stöðugra úthald en áður var. Byrjunarörðugleikar voru allmiklir á rekstri stóru skuttogaranna, eins og kunnugt er, bilanir tíðar og smíðagallar komu fram sem urðu til þess að togararnir hurfu frá veiðum. Það er varðandi stóru togarana sama sagan og var reyndar einnig um minni skuttogarana, að nokkur tími þurfti að líða eða reynsla að fást til þess að rekstur þeirra gengi bærilega. Hvort tveggja er því til að svara fsp. hv. þm., að vonir standa til þess að rekstrarafkoma stóru togaranna fari batnandi vegna aukinnar reynslu og þar af leiðandi aukins afla og stöðugra úthalds, en að öðru leyti er hér um óleystan vanda að ræða sem snúast verður við ef menn vilja á annað borð tryggja útgerð þeirra og atvinnu í þeim bæjum sem einkum byggja sjávarútveg sinn á útgerð stóru togaranna, þ. e. a. s. Akureyri, Akranesi, Reykjavík og Hafnarfirði.

Frsm. minni hl. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin, þó að þau væru hvergi tæmandi. En ég vona að áður en mjög langt um líður og þegar greiðist úr þeirri samningsflækju, sem fyrir hendi er nú, fái Alþ. að vita um nýjar áætlanir varðandi þessi skip. Eftir því sem ég hef heyrt, þá er talað um að 25—26 togarar verði sérstaklega erfiðir í rekstri. Og það er eins og hann drap á, að rekstur þessara skipa snertir mjög stór bæjarfélög og örugglega atvinnu í þeim bæjarfélögum, og það verður auðvitað að vera verksvið Alþ. að ráða fram úr slíkum vanda. Það þarf ekki að deila um það, að við tökumst á við vandann sem slíkan. Ég var aðeins að forvitnast um, hvort það lægi fyrir endurskoðuð áætlun um þetta. Það, sem hér um ræðir, eru tölur sem nema mörg hundruð millj. kr. og fara að öllum líkindum að mínu mati verulega hækkandi þrátt fyrir uppskurð á sjóðakerfinu. Þá er rekstur þessara skipa með þeim hætti, að ég sé ekki í fljótu bragði hvernig ætla má að úr rætist fyrir þeim á yfirstandandi ári. Það getur vel verið, að það þurfi að koma til sérstakar ráðstafanir fyrir vorið handa þessum skipum, þegar dæmið liggur ljóst fyrir. En ég vil bara undirstrika það, að það verður að vera sérstakt átak sem við gerum í því efni. Ef það er skattlagning á almenning í landinu, þá er nauðsynlegt, eins og ég drap á í umræddu viðtali við hæstv. ráðh., að það sé lykill til þeirra manna sem skortir fisk og taka á sig stórar kvaðir til þess að halda þessum togurum gangandi. Ég vildi aðeins vekja athygli á þeirri staðreynd, að þeir eiga þá síðferðilegu kröfu að fá eitthvað af aflanum til sín þegar þar skortir afla, eins og mun vera á nokkrum stöðum á vissum hluta af landinu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10:3 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 10:3 atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 10:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Efri deild, 55. fundur.

Fimmtudaginn 12. febr., að loknum 54. fundi.

Gjald af gas- og brennsluolíum, frv. (þskj. 328). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 336).

Efri deild, 56. fundur.

Mánudaginn 16. febr., kl. 2 miðdegis.

Ljósmæðralög, frv. (þskj. 314). — 1. umr.

Flm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Það frv. sem ég hef leyft mér að flytja ásamt hv. þm. Helga F. Seljan hefur áður komið fyrir þessa deild. Frv. var fyrst flutt á þinginu 1971—72 af Páli Þorsteinssyni og Helga F. Seljan. Því var þá vísað til ríkisstj. á þeim forsendum að nýrra ljósmæðralaga væri að vænta. Frv. var síðan endurflutt á þinginu 1974—75 af flm. þessa frv., en á ný var frv. vísað til ríkisstj. á þeim forsendum að breytinga væri að vænta. Það hefur ekki bólað enn á nýjum lögum eða öðrum breyt. frá heilbr.- og trmrn. og má að einhverju leyti vera um að kenna fjárskorti, en okkur flm. þykir rétt að endurflytja frv. óbreytt með svipaðri grg. þar sem hér er um brýnt hagsmunamál að ræða.

Ég tók það fram við framsögu málsins á síðasta þingi, að núgildandi lög um ljósmæður eru frá 1933 og því rúmlega 40 ára gömul og á þeim tíma hafa orðið mjög miklar breytingar í þjóðfélaginu, þannig að sum ákvæði ljósmæðralaga samrýmast engan veginn þeim öru breytingum sem hafa orðið og því hefur reynst óhjákvæmilegt að víkja frá þeim í framkvæmd.

Ég skal í stuttu máli gera grein fyrir þeim breyt, sem er lagt til í þessu frv. að gerðar verði á gildandi lögum.

Ljósmæður fá skipun til starfa af hendi sýslumanna eða bæjarfógeta. Umfang ljósmóðurstarfsins er mjög misjafnt. Nokkrar ljósmæður eru þannig settar, að um fullt starfssvið er að ræða, en flestar eru þannig settar, að ekki er um fullt starf að ræða, og launin miðuð við það að þau séu fremur þóknun en full starfslaun. Það er till. okkar sem berum fram þetta frv., að launakjör skipaðra ljósmæðra skuli ákveðin með kjarasamningum eða af kjaradómi á sama hátt og laun opinberra starfsmanna.

Þess skal getið, að í kjarasamningum, sem gerðir voru á árinu 1974, var ljósmæðrum skipað í 16. launaflokk, 2. þrep, byrjunarlaun, en það mun aðeins ná til þeirra örfáu einstaklinga í stéttinni sem hafa fullt starf, m. a. við heilsugæslustöðvar. Um kjör annarra ljósmæðra mun hafa skipast þannig, þegar almennar launabreytingar hafa orðið, að heilbr.- og trmrn. hefur gert till. um það, hverjar breytingar skyldu gerðar hverju sinni á þeirri þóknun eða því kaupgjaldi sem ljósmæður úti á landsbyggðinni fá, og síðan hafa þessar till. verið lagðar fyrir fjmrn. sem hefur raunverulega ákveðið nefndar greiðslur. Það er ekki í sjálfu sér nein ástæða til að ætla að rn. hafi tilhneigingu til að halla á þessa starfsmenn, en hins vegar teljum við það ekki eðlilega skipun að rn. ákveði launakjör þessara starfsmanna sem hafa fengið bréf um skipun í opinber störf. Við teljum eðlilegast að þetta verði lagt í hendur þeirra sem fara með kjarasamninga opinberra starfsmanna eða kjaradóm.

Önnur ákvæði í 4. gr. eru óbreytt í frv. okkar frá því sem er í gildandi lögum. Við teljum koma til álita að sú skipan verði tekin upp, að ríkissjóður greiði hluta af launum allra ljósmæðra í landinu hvort sem þær starfa í kaupstöðum eða sveitum. Það getur því komið til athugunar við meðferð málsins, en ekki er gerð till. um það í þessu frv.

2. gr. þessa frv. kveður svo á, að ljósmóðir, sem skipuð er í starf skv. frv., eigi rétt á orlofi ár hvert á sama hátt og aðrir opinberir starfsmenn. Það má telja sjálfsagt að þessi réttur sé veittur á sama hátt og öðrum stéttum, en það eru engin ákvæði um þetta efni í núgildandi ljósmæðralögum og því fá héraðsljósmæður ekkert orlof greitt.

Þá er gert ráð fyrir því í þessu frv., að aftan við lögin komi ákvæði til bráðabirgða, svo hljóðandi:

„Á árinu 1976 skal hver sýslunefnd endurskoða skiptingu sýslunnar í ljósmæðraumdæmi, sbr. 2. gr. laganna.

Að endurskoðun lokinni skal sýslunefnd í hverju lögsagnarumdæmi gera ráðh. grein fyrir till. um skiptinguna og leita samþykkis hans á þeim."

Í 2. gr. ljósmæðral., sem hér er vitnað til, segir svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Hverri sýslu landsins skal skipt í ljósmæðraumdæmi og gerir sýslunefnd það með samþykki ráðh. Skipa skal eina ljósmóður til að gegna hverju umdæmi og hefur hún þar aðsetur er sýslunefnd þykir hæfa."

Skipting í ljósmæðraumdæmi, eins og hún er nú í mörgum eða jafnvel flestum sýslum landsins, er miðuð við það, að hvert sveitarfélag sé ljósmæðraumdæmi út af fyrir sig. Því teljum við eðlilegt að sú skipting, sem gilt hefur, skuli tekin til endurskoðunar. Þessi skipting var eðlileg þegar samgöngur voru litlar sem engar, landið nær veglaust, vatnsföll óbrúuð og bifreiðaeign lítil. Með þeim breytingum, sem orðið hafa á samgöngukerfi landsins, og með þá staðreynd í huga, að mjög erfitt er að fá ljósmæður til að gegna starfi í mörgum fámennum byggðarlögum, teljum við eðlilegt að þessi mál verði tekin til endurskoðunar. Við leggjum á það áherslu, að slík endurskoðun verði fyrst og fremst í höndum sýslunefnda, en með því fæst trygging fyrir því að um þessi mál fjalli nefnd með staðgóðri þekkingu á staðháttum og aðstöðu hvers byggðarlags.

Þegar ákveða skal hvernig skipta skal héraði í ljósmæðraumdæmi, þá ber að dómi flm. að taka tillit til ýmissa sjónarmiða. Það ber að líta á sérstöðu einstakra byggðarlaga og hafa það í huga, að ávallt verði veitt svo góð þjónusta á þessu sviði sem kostur er. Það verður einnig að taka tillit til samgangna innanhéraðs, eigi aðeins á þeim árstíma þegar samgöngur eru bestar, heldur einnig og ekki síður að líta til samgangna eins og þeim er háttað að vetri til.

Þá er einnig rétt að hafa hliðsjón af fólksfjölda í sveitarfélögum og gera sér grein fyrir því að fenginni reynslu hvort auðveldara muni reynast að fá ljósmæður til starfa í allfjölmennum umdæmum fremur en hinum fámennustu.

Enn fremur verður að hafa í huga löggjöf um heilbrigðisþjónustu frá 27. apríl 1973, en þar

er gert ráð fyrir mikilli stækkun læknishéraða. Skv. lögum um heilbrigðisþjónustu er ætlunin að stofna 40 heilsugæslustöðvar og er því eðlilegast, sé starfandi héraðsljósmóðir í umdæminu fyrir, að þá sé henni gefinn kostur á starfi við heilsugæslustöð að undangenginni endurhæfingu.

Þótt þessi skipan verði tekin upp mun það ekki leysa vanda allra starfandi ljósmæðra og viðkomandi byggða. Bæði er það, að nokkur ár munu vafalaust líða þar til heilsugæslustöðvar munu taka til starfa um allt land, svo og sú staðreynd, að nauðsynlegt er að hafa ljósmæður starfandi utan heilsugæslustöðva, bæði vegna fjarlægða og farartálma. Þá virðist augljóst að í sambandi við skipulagsbreytingu á þessu sviði beri sérstaklega að athuga hvort hagkvæmt sé að auka verkefni ljósmæðra í umdæmum utan kaupstaða með því að þær jafnframt ljósmóðurstarfi veiti héraðslæknum aðstoð við almenna heilsugæslu. Þetta mundi sérstaklega eiga við og geta komið sér vel í byggðarlögum, sem eru í mikilli fjarlægð frá heilsugæslustöð, og í fámennum ljósmæðraumdæmum.

Á s. l. ári var þessu máli vísað til ríkisstj., og ég vil — með leyfi hæstv. forseta — vitna í orð hæstv. heilbr.- og trmh. sem fór mjög vinsamlegum orðum um þessi mál er hann svaraði fsp. hv. þm. Helga F. Seljan í Sþ. um þessi mál, en hæstv. heilbr.- og trmrh. sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég vil aðeins láta það koma fram að ég tel þennan starfshóp og þessa stétt það mikilvæga, að ég vil taka alveg fullt tillit til þeirra óska sem þar hafa komið fram. Þó að breytingar séu að verða, sérstaklega í þéttbýli, og breytingar verði óhjákvæmilega allmiklar á komandi árum með byggingu heilsugæslustöðva, þá á það svo langt í land að þessi stétt er nauðsynleg og verður að viðhalda eðlilegri fjölgun í henni, þannig að hún geti innt af hendi þetta starf í strjálbýli. Ég tel alveg sjálfsagt að þetta hafi þessi n. í huga“ — en þar vitnaði hæstv. ráðh. í nefnd sem hafði þessi mál til athugunar. — „Þegar hún hefur skilað uppkasti að reglugerð verður auðvitað farið yfir þá reglugerð í heilbr.- og trmrn. og þá mun ekki standa á mér að hafa samband við Ljósmæðrafélagið áður en reglugerð verður sett og gefa félaginu tækifæri til þess að gera aths. við væntanlega reglugerð.“

Það er því ljóst að hæstv. ráðh. hefur tekið mjög vinsamlega undir þetta mál.

Ljósmæður eru elsta launastétt kvenna á Íslandi. Árslaun þessarar stéttar eru afskaplega lítil og í mörgum tilfellum munu þau samsvara eins til tveggja mánaða launum þeirra lægst launuðu í stéttum opinberra starfsmanna, en ljósmæður munu vera skv. síðustu upplýsingum 72. Héraðsljósmæður njóta ekki orlofsréttinda. Taki þær sér frí þurfa þær að útvega ljósmóður í sinn stað og greiða laun hennar. Héraðsljósmæður greiða í Lífeyrissjóð ljósmæðra. Vegna lágra launa og ákvæðis laga um framlag ríkisins er sjóðurinn ljósmæðrum nánast einkis virði. Þessi merkilega stétt á annað skilið en að dragast aftur úr þeim kjarabótum sem orðið hafa á undanförnum árum. Fyrsti landlæknirinn kom því til leiðar fyrir u. þ. b. 200 árum að ljósmæður væru launaðar af opinberu fé, en áður var ætlast til þess að yfirsetukonur fengju greitt sanngjarnlega fyrir ómak sitt, en fátækum skydu þær hjálpa fyrir guðs sakir. Frá 1933 hafa ljósmæður litlar réttarbætur fengið. Margar af núv. héraðsljósmæðrum hafa unnið þrotlaust starf, en hverfa frá því án teljandi eftirlauna. Ég vil því eindregið mælast til þess, að bætt verði hér úr og frv. þetta fái afgreiðslu í hv. heilbr.- og trn.

Að svo mæltu vil ég leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 59. fundur.

Mánudaginn 16. febr., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 13. febr. 1976.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður Alþb. í Reykjaneskjördæmi, Karl G. Sigurbergsson skipstjóri, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni.

Gils Guðmundsson, 3. þm. Reykn.“

Ég býð Karl G. Sigurbergsson velkominn til starfa hér í deildinni.

Meðferð einkamála í héraði, frv. (þskj. 47). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv. á þskj. 47 var lagt fyrir Ed. og var mælt fyrir því 10. nóv. s. l. Það hefur gengið þar í gegnum þrjár umr. og verið samþ. þar óbreytt.

Frv. var samið af svokallaðri réttarfarsnefnd, en dómsmrn. óskaði þess haustið 1973 að hún tæki til athugunar till. sem fram hefur komið frá borgardómaraembættinu í Reykjavík um að lögfest yrði heimild til að beita hljóðritun á dómþingum í einkamálum. Slík heimild hefur um árabil verið í lögum um meðferð opinberra mála, reyndar fremur lítið notuð. Hins vegar er það svo, að nokkur síðustu ár mun slíkum hljóðritunum hafa verið beitt við borgardómaraembættið hér í Reykjavík í tilraunaskyni, en án þess að til þess hafi verið heimild í lögum. Er gert ráð fyrir því í þessu frv. að dómsmrh. verði veitt heimild til að ákveða að upp verði tekin slík hljóðritun við héraðsdómaraembætti. Meiningin með slíkri breytingu er að greiða fyrir meðferð dómsmála, þannig að þau geti tek-

ið skemmri tíma en nú á sér stað, og ég vænti þess að allir hv. dm. séu sammála um að nauðsyn sé að gera hverja þá ráðstöfun sem tiltæk er til þess að svo megi verða.

Ég leyfi mér, herra forseti, að öðru leyti að vísa til athugasemda með frv. og óska þess að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Álbræðsla við Straumsvík, frv. (þskj. 138, n. 226 og 308). — Frh. 2. umr.

Jóhann Hafstein: Virðulegi forseti. Við höfum hér til meðferðar 113. mál í Nd. Það er frv. til l. um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Suisse Aluminium um álbræðslu við Straumsvík.

Iðnn. hefur skilað áliti sínu, bæði meiri og minni hl., Ingólfur Jónsson frsm. meiri hl. og formaður iðnn. Nd. hefur haldið mjög góða og ítarlega ræðu um málið, sem ég er honum þakklátur fyrir. Frsm. minni hl., sem ég sakna nú hér í bili, Vilborg Harðardóttir, hefur einnig haldið sína framsöguræðu. Ætla ég ekki á þessu stigi málsins að blanda mér í deilur um málið svo að nokkru nemi. Hins vegar hefur Vilborg Harðardóttir skilað minnihlutanál. og þar fer hún lítt skiljanlegum ummælum um málið sem ég hygg að hún muni síðar sjá eftir. Segir hún m. a.:

„Áður voru Íslendingar hvað skattgjaldið snertir háðir geðþótta hringsins, þ. e. hvernig honum þóknaðist að hagræða afkomu deildarinnar á Íslandi.“

Þetta er mér algjörlega óskiljanlegt og ég fæ ekki skilið hvernig frsm. minni hl. getur komist þannig að orði. Það má hins vegar virða þessum hv. þm. til vorkunnar ef til vill, að hann er hér á Alþ. sem varamaður og var mér vitanlega ekki neitt viðriðinn gerð álsamningsins á sínum tíma eða umr. um hann hér á Alþ.

Í 27. gr. laganna um álsamninginn segir svo m. a. og stríðir það algjörlega á móti því sem segir í nál. minni hl. — 27. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Endurskoðun reikninga fyrir hvaða ár sem er ber Alusuisse fyrir ríkisstj. eigi síðar en 1. maí næsta ár á eftir, og kjósi ríkisstj. að láta athuga slíka reikninga og ársreikninga ber að ljúka þeirri athugun fyrir 1. sept. það ár.“

Í 27. gr. segir enn fremur:

„Útreikning nettóhagnaðar ÍSALs vegna 6. kafla samnings þessa ber að grundvalla á viðurkenndum bókhaldsreglum sem eiga við um iðnaðarfyrirtæki af sams konar stærð og tegund og ÍSAL og samkvæmt hlutlægum mælikvarða á viðskiptaháttum milli óskyldra aðila, að því er varðar öll viðskipti ÍSALs.“

Hér er mjög greinilega og ótvírætt tekið til orða og því langt fjarri að það sé hægt að hagræða algjörlega án okkar vitundar bókhaldi fyrirtækisins ÍSALs, miðað við það, sem segir í 27. gr.

Í fyrstu var raforkuverðið 26.4 aurar á kwst. En á það er að líta, að rafmagnið skyldi greitt í dollurum og upphaflega verðið mundi því nú vera 52 aurar vegna hækkunar á gengi dallars, þ. e. a. s. helmingi hærra. Gengi dollars mun hafa verið kr. 87.88 þegar samningurinn var gerður. Raforkuverðið hækkar síðan samkv. nýja samningnum á mjög stuttu tímabili, tveim árum upp í 77 aura á kwst. Raforkuverðið var frá öndverðu hærra en framleiðslukostnaðarverð þess, sem var um 20 aurar.

Eftir að vinstri stjórnin tók við völdum árið 1971 átti Þjóðviljinn viðtal við iðnrh. 22. sept. 1971. M. a. spyr blaðið: „Hvert yrði raforkuverðið frá Tungnaárvirkjun?“ En bæði lögin um Sigölduvirkjun og virkjun Hrauneyjarfossa í Tungnaá hafði ég fengið samþykkt á Alþ. á sínum tíma, í iðnaðarráðherratíð minni. Svar iðnrh. við þessari spurningu, sem ég las áðan, er þetta:

„Það er 32—35 aurar á kwst., þ. e. framleiðslukostnaðarverð.“ Hér er lagt til grundvallar sama sjónarmið sem gert var í öndverðu, þ. e. að miða við framleiðslukostnaðarverð. Síðar í sama viðtali segir þáv. iðnrh.: „Í þessu sambandi má nefna það, að þegar erlendir aðilar leita hófanna um starfrækslu orkufrekra fyrirtækja hér á landi nú þessa dagana, er þeim sagt að orkuverðið geti aldrei orðið lægra en 35 aurar á kwst. og þeir virðast telja það mjög eðlilegt.“

Nú skal ég víkja að atriði sem að vísu oft er búið að minna á, en jafnoft búið að gleyma.

Samkv. grg. um stofnkostnað og fjármál Búrfellsvirkjunar frá Landsvirkjun, formanni og framkvæmdastjóra, er áætlað meðalkostnaðarverð á rafmagni í aurum á kwst. frá Búrfellsvirkjun svo sem greinir í eftirfarandi töflu, sem er fylgiskjal með nál. á Alþ. 1969—70, 45. mál, þskj. 365, frá meiri hl. fjhn., bls. 9. Þá er áætlað meðalkostnaðarverð í aurum á selda kwst. frá Búrfellsvirkjun annars vegar með sölu til álbræðslu og hins vegar án sölu til álbræðslu. Það er auðvitað gert ráð fyrir því, að verði ekki samið við álbræðslu, þá verði Búrfellsvirkjunin framkvæmd í tveim til þrem áföngum í staðinn fyrir einn. Þá lítur dæmið þannig út, að árið 1970 var raforkuverðið með sölu til ÍSALs 47.4 aurar, en án sölu til ÍSALs 224 aurar, 1971 41.3 með sölu til ÍSALs, en 143.5 án sölu til ÍSALs, árið 1972 31.9 aurar með sölu til ÍSALs, en 105.5 aurar án sölu til ÍSALs, 1973 24.7 aurar á móti 84.5 aurum, 1974 22.7 aurar á móti 77.8 aurum, 1975 20.9 aurar með sölu til ÍSALs, en 64.2 aurar án sölu til ÍSALs eða án álbræðslu og 1976 20.2 aurar með sölu til ÍSALs, en 53.9 aurar án sölu til ÍSALs, 1977, 20.1 eyrir með sölu til ÍSALs, en þá er full nýting talin á raforkuverinu, en þetta ár, 1977, mundi það hafa verið 52.5 aurar án sölu til ÍSALs. 1978 er það 20.1 eyrir á móti 45.3, 1979 20.1 eyrir á móti 39.7 og 1980 20.1 eyrir með sölu til ÍSALs á móti 34.9 aurum án sölu til ÍSALs.

Þessi tafla sýnir mjög glöggt hversu mikill munur það er að geta strax hagnýtt alla orkuna með sölu til stóriðju.

Á þessu sést líka, að með sölu til ÍSALs fæst full nýting árið 1977, en hefði Búrfellsvirkjun eingöngu verið gerð fyrir almenna markaðinn hefði hins vegar þurft að bíða langt fram yfir

1980 þar til ávinningur hins hagkvæma orkuverðs hefði komið almenningskerfinu til fullra nota.

Það kemur einnig í ljós, að tekjurnar af raforkusölusamningnum nægja til þess að endurgreiða lán til virkjunarinnar er nema ¾ af stofnkostnaðinum á 25 árum með 7% vöxtum, enda þótt álbræðslan noti aðeins um ⅔ af framleiddri orku.

Það, sem sagt er hér er miðað við gengi dollars á þessum árum, 1969—1970, og einnig í eftirfarandi málsgr. úr sömu grg., bls. 11., en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Sé miðað við núverandi verðlag á áli, má reikna með því að skatttekjur af álbræðslunni muni næstu 25 árin nema nær 4000 millj. kr. eða um 50 millj. dollara, en tekjur af raforkusölunni um 6500 millj. kr. eða 74 millj. dollara. Samtals eru þessar gjaldeyristekjur nær 11 þús. millj. kr. eða hátt í þrisvar sinnum meiri en allur stofnkostnaður Búrfellsvirkjunar. Þrisvar sinnum meiri en allur stofnkostnaður Búrfellsvirkjunar. Munu gjaldeyristekjurnar af þessu tvennu fyrstu 15 árin nægja til þess að endurgreiða öll lán vegna virkjunarinnar með 7% vöxtum."

Nú vil ég minna á stuttar klausur úr grg. með álfrv. á sínum tíma. Þær eru þess virði að gleymast ekki og þá ekki síður fyrir þá sem aldrei hafa lesið þær. Á bls. 100 segir eftirfarandi:

„Bein áhrif álbræðslunnar á þjóðartekjur eru mjög svipuð hreinum gjaldeyristekjum af henni. Á hinn bóginn er rétt að hafa í huga, að álbræðslan er ný undirstöðuatvinnugrein, sem skapar viðbótargjaldeyristekjur sem aftur verða undirstaða frekari aukningar þjóðartekna. Reynslan hefur sýnt að aukning þjóðartekna hér á landi er mjög háð því, hver aukning á sér stað í gjaldeyrisöflun þjóðarinnar. Gjaldeyrisöflunin er á vissan hátt undirstaða annarrar tekjuöflunar, svo sem í formi framleiðslu á innlendum neysluvörum og hvers konar þjónustu. Reynslan hefur bent til þesss, að í grófum dráttum þurfi hrein gjaldeyrisöflun að nema um ¼ af þjóðartekjunum. Þetta þýðir m. ö. o. að aukning hreinna gjaldeyristekna skapi svigrúm til allt að fjórfaldrar aukningar þjóðartekna. Þetta hefur komið skýrt í ljós í því að undanfarin 20 ár hafa öll tímabil ört vaxandi þjóðartekna verið í beinu samhengi við mikla aukningu gjaldeyristekna."

Á bls. 99 í sömu grg. um álsamninginn segir svo:

„Hinn mikli hagnaður, sem í því felst að gera samning við álbræðslu nú, liggur einfaldlega í því að geta miklu fyrr en ella nýtt til tekjuöflunar fyrir þjóðarbúið stórfellda raforkuframleiðslu sem ella væri ekki markaður fyrir. Þetta mun svo aftur hafa í för með sér örari uppbyggingu orkuframleiðslunnar í framtíðinni ásamt þeim efnahagslegu tækifærum sem í því felst.

Loks er svo rétt að benda á það, að hér hefur aðeins verið rætt um afkomu Landsvirkjunar fram til ársins 1985, en eftir þann tíma mun rafmagnssamningurinn við álbræðsluna halda áfram að skila Landsvirkjun miklum umframtekjum árlega. Um 22 árum eftir að virkjunin tekur til starfa verða öll lán hennar fullgreidd, svo og allar tekjur frá álbræðslunni að frádregnum tiltölulega litlum árlegum rekstrarkostnaði munu þá vera hreinn greiðsluafgangur fyrir raforkukerfið."

Þetta er miðað við, eins og ég sagði áðan, aðstæðurnar sem þá voru, 1969—1970. Enn liggja fyrir eftirfarandi staðreyndir. Á bls. 109 í grg. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Sé hins vegar litið á það, hver áhrif eru á framleiðslukostnað hverrar raforkueiningar, kemur í ljós að á árunum 1969—1975" — þeim tíma sem liðinn er — „mundi viðbótarorkan kosta 62% meira ef álbræðsla væri ekki byggð, 22% meira á árunum 1976—1980, en 12% á árunum 1981—1985. Yfir allt tímabilið 1969—1985 mundi raforkukostnaður verða 28% hærri ef Búrfellsvirkjun væri eingöngu byggð fyrir almenningsnotkun og enginn sölusamningur verður við álbræðslu."

Þá er enn á það að líta, að „í rafmagnssamningnum við álbræðsluna er samið um sölu raforku til langs tíma með þeim skilmálum að greiðsla komi fyrir orkuna hvort sem álbræðslan þarf á henni að halda eða ekki eða hvort sem álbræðslan notar hana eða ekki. Með löngum og föstum samningi er stefnt að því að tryggja tvennt sem íslendingum er mjög nauðsynlegt. Í fyrsta lagi dregur hinn langi og fasti samningur úr áhættu þeirri sem íslendingar taka á sig með því að leggja í svo stóra og fjárfreka framkvæmd sem Búrfellsvirkjun er og afla að miklu leyti fjár til hennar með lánum. Í öðru lagi er samningurinn þess eðlis, að hann greiðir stórlega fyrir lántökum til virkjunarinnar, en segja má að hið erlenda fyrirtæki, sem ábyrgist rafmagnssamninginn, taki að verulegu leyti á sig áhættuna af erlendu lánunum. Það er því raunverulega ekki verið að nota lánstraust íslenska ríkisins."

Það er mjög mikilvægt að hér er ekki verið að nota lánstraust íslenska ríkisins, heldur slegið út á samninginn sem er ábyrgstur af erlendum aðila.

Í nál. minni hl., Vilborgar Harðardóttur, segir svo m. a. með leyfi hæstv. forseta:

„Þess vegna er öll raforkusala til Straumsvíkur og þar með einnig til fjórða áfanga" — þ. e. a. s. þeirrar hugsanlegu stækkunar annars kerskála — „samanburðarhæf við forgangsorkusölu til málmblendiverksmiðjunnar. Samkv. gildandi samningi um málmblendiverksmiðju er forgangsorka seld á hér um bil 10 mill." Það er ekkert smáræði! Og raforkusölusamningurinn við ÍSAL og viðbótarsamningurinn, sem nú er verið að leggja til að samþ. verði, á að vera sambærilegur við þessa forgangsorku sem er 10 mill. Hvað er nú að athuga við slíkar villandi upplýsingar? Ég spyr. Í fskj. 1. með frv. til laga um járnblendiverksmiðjuna er skýrsla frá viðræðunefnd um orkufrekan iðnað. Hún er með þessari fyrstu yfirskrift: „Skýrsla til ríkisstj. um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, dags. 23. nóv. 1974." Þar segir á bls. 21 um raforkusölu eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Orkuverð fer hækkandi á samningstímanum. Fyrstu tvö árin verður það 9.5 bandarísk mill á hverja kwst. forgangsorku, 0.5 mill fyrir afgangsorku og 5 mill að meðaltali."

Það segir sem sagt í sjálfu skjalinu um málmblendiverksmiðjuna, að meðalorkan sé 5 mill. Það kemur síðar fram í þessum kafla um raforkusöluna að forgangsorkan og afgangsorkan virðast vera nákvæmlega jafnar, því að heildarorkusala í meðalári er talin 488 gwst., en forgangsorkusalan helmingi minni, 244 gwst. Þar af leiðir að meðalorkuverðið verður fyrst í stað um 5 mill, en hækkar nokkuð þegar frá dregur. Þetta er nákvæmlega það sama og orkuverðið frá ÍSAL er núna með því gengi sem er á dollarnum. Hann er helmingi hærri en þegar samið var um 2½ mill, en 3 mill þó fyrstu 6 árin. Þó að þetta orkuverð hækki lítillega, eins og ég sagði, nokkru síðar, þá er algjörlega fráleitt og villandi að tala um 10 mill orkuverð því að meðalverðið er ekki nema 5 mill. Ummæli þm. í nál. minni hl. eru algjörlega röng og villandi, þess vegna tekur engu tali þegar hún segir í lok nál. eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta: „Staðfestingu á þessu orkuverði“ — og á hún þá við álverksmiðjuna — „sem viðreisnarstjórnin samdi um og almennt er viðurkennt að sé hneykslanlega lágt, getur Alþ. ekki samþ. að dómi Alþb.“

Vegna þeirra straumhvarfa, sem orðið hafa í efnahagsmálum almennt, hefur nú verið gerður nýr samningur um raforkuverð við álbræðsluna sem m. a. fer yfir 5 mill. Þar að auki eru hagstæðir samningar um framleiðslugjald, en með þeim er útkljáð deila sem stóð um það mál. Skipting framleiðslugjaldsins hér innanlands er allt annað mál, og skal ég þess vegna ekki eyða tíma í það hér.

Talsmenn Alþb. hafa stöðugt haldið því fram, að álbræðslan í Straumsvík lyti ekki íslenskum lögum. Talsmaður minni hl. telur ákvæði þar um óviðunandi og þurfi Alþ. að koma í veg fyrir að þau standi óbreytt. Hér er einfaldast að vitna til ákvæða laganna sjálfra, þar sem segir um lög þau, er fara skal eftir, í 45. gr., en þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Samning þennan“ — þ. e. a. s. aðalsamninginn og það á bara við um hann — „samning þennan ber að skýra, túlka og framkvæma samkv. ákvæðum hans, aðalsamningsins og hinna fskj., eftir því sem unnt er, og að öðru leyti fer um skýringu, túlkun og framkvæmd, gildi og áhrif samnings þessa að íslenskum lögum.“

Tvímælalausara getur þetta ekki verið. Ég sé að hv. frsm. minni hl. talar nú um íslenskt dómsvald, en Alþb.-menn fram að þessu hafa ævinlega verið að tala um að ekki væri farið að íslenskum lögum, og það er leiðrétting hjá henni. Hitt er rétt, að gerðardómur á að fjalla um deilur um aðalsamninginn ef til þess kemur. Hann er skipaður þrem aðilum, einum skipuðum af íslensku ríkisstj., einum af Alusuisse og einum af alþjóðlegum gerðardómstóli Sameinuðu þjóðanna. En þessum gerðardómi eru lögð þau fyrirmæli að fara að íslenskum lögum. Um önnur atriði, sem ÍSAL kynni að lenda í, t. d. vegna skaðabóta sem yrðu vegna farartækja eða verkfæra í Straumsvík eða brot á umferðarreglum eða eitthvað því um líkt fer nákvæmlega að íslenskum lögum og dæmt af íslenskum dómstólum, en alls engum gerðardómi. Það er aðeins ágreiningur um aðalsamninginn sem gerðardómur á að dæma um, en að íslenskum lögum. Allt hefur þetta verið misskilið, rangtúlkað og sagt um það af sumum ósatt, en það er reyndar jafnoft búið að leiðrétta þessar villur allar saman.

Nú hefur ÍSAL tvö síðustu árin þurft að draga úr framleiðslu sinni vegna þess að markaður fyrir ál hefur minnkað, en þó hefur ÍSAL dregið miklu minna úr framleiðslu sinni en langflestar aðrar álbræðslur Alusuisse. Árið 1975 varð ÍSAL að greiða fyrir 22.5 gwst. 67500 dollara þótt hún gæti ekki hagnýtt þær vegna samdráttar, og 1976 eða þetta ár er áætlað að ÍSAL þurfi að greiða fyrir 50 gwst., án þess að geta notað þær, sem kosta 221 þús. dollara. Þetta er samtals 81.5 gwst. sem kosta 288500 dollara eða 49 millj. ísl. kr. ÍSAL þarf þannig, eins og nú standa sakir, að greiða 50 millj. ísl. kr. fyrir raforku sem fyrirtækið ekki hefur not fyrir. Af þessu sést hversu mikla hagsmuni ÍSAL hefur af því að ekki eða sem allra minnst dragi úr framleiðslu þess hérlendis, enda þó álmarkaðurinn sé mjög takmarkaður.

Þessi viðaukasamningur, sem hér liggur fyrir og hér er til umr. og lagt er til að lögfestur verði, er til mikilla bóta og ber vott um, gott samkomuleg beggja aðilanna, Alusuisse og íslensku ríkisstj, þó að lengi hafi verið unnið að því að koma þessum endurbótum á eftir þau miklu straumhvörf sem orðið hafa í efnahagslífi bæði okkar og hins vestræna heims og þó að lengra væri leitað. Það má kannske segja, að það hafi verið yfirsjón af okkur, sem gerðum þennan samning við ÍSAL, sem var fyrstur sinnar gerðar, að hafa ekki einhver ákveðin tímamörk, hvenær skuli endurskoða raforkuverðið. En þegar slík straumhvörf verða í orkuframleiðslu eins og nú hafa orðið um allan heim, þá virðist ósköp auðvelt að ná samkomulagi sem bæði hækkar raforkuverðið og framleiðsluverðið, þ. e. a. s. skattinn. Og þannig mun einnig verða í framtíðinni.

Lúðvík Jósepsson: Forseti. Eins og þegar hefur komið fram í umr. um þetta mál, sem hér er nú á dagskrá, er hér um býsna stórt og þýðingarmikið mál að ræða, þar sem er gert ráð fyrir því að gera nýjan viðbótarsamning við ÍSAL varðandi stækkun á álverksmiðjunni í Straumsvík og þá um leið nýjan samning varðandi raforkuverð og skattgjald verksmiðjunnar og fleiri atriði sem hér koma inn í.

Frá því hefur verið skýrt í þessum umr., að upphaf málsins sé það, að haustið 1973 hafi þáv. iðnrh., Magnús Kjartansson, hafið viðræður við Alusuisse um að fá fram endurskoðun á gildandi samningum um raforkuverð til álversins og um önnur atriði sem íslendingar höfðu þá sérstakan áhuga á, en þó fyrst og fremst um raforkuverðið. Ástæðurnar til þessa voru þær, sem öllum er vel kunnugt um, að mikil óánægja var hér ríkjandi um það raforkuverð sem samið hafði verið um til álversins og menn töldu, alveg sérstaklega eins og orkumálum var þá komið, að þá væri varla viðunandi að búa við þann samning óbreyttan sem gerður var á sínum tíma. Þessar viðræður Magnúsar Kjartanssonar báru ekki árangur, en þeim var síðan haldið áfram af núv. hæstv. iðnrh., Gunnari Thor-

oddsen, í septembermánuði 1974 og síðan áfram af svonefndri viðræðunefnd um orkufrekan iðnað.

Það hefur komið fram í máli hæstv. iðnrh. Gunnars Thoroddsens og kemur enda fram í grg. með málinu, að megintilefnið af þeirra hálfu til þessara viðræðna hafi verið að reyna að koma fram breyt. á gildandi raforkusamningi og einnig að fá fram breyt. á skattgjaldssamningi fyrirtækisins og þá einnig til að leysa deilur sem upp voru komnar varðandi skattgjaldið og fleiri atriði. Einnig var svo ætlunin að ræða um hugsanlega stækkun á verksmiðjunni, en áhugi um það efni hafði komið fram frá eigendum verksmiðjunnar.

Það fer því ekkert á milli mála, að aðaltilgangurinn af hálfu Íslendinga var að reyna að fá fram umbætur á gildandi raforkuverðssamningi og skattgjaldssamningi. Og auðvitað voru menn að knýja á í þessum efnum vegna þess að hér var ríkjandi mikil óánægja um þessa samninga. Því er það í sjálfu sér í rauninni broslegt og alveg út í hött hjá hv. 6. þm. Reykv., sem talaði næstur á undan mér, að lesa upp allt það sem skrifað var og sagt um þessa samninga á þeim tíma sem þeir voru upphaflega gerðir, því að ég hygg að allir séu nú orðnir sammála um að það, sem þá var sagt, hafi ekki staðist í reynd og nú verði að byggja allar umr. um þetta mál á allt öðrum tölum og allt öðrum forsendum en þá var byggt á.

Á þeim tíma stóðu allmiklar deilur um það, hvort raforkuverðið, sem þá var samið um, næði því marki að vera framleiðslukostnaðarverð úr hinni nýju orkustöð sem var verið að byggja. Þeir, sem að samningnum stóðu, héldu því fram að miðað við áætlanir mætti telja að raforkuverðið, sem um var samið, jafngilti framleiðslukostnaðarverði, en aðrir héldu hins vegar fram að verðið næði ekki því að standa undir beinum framleiðslukostnaði. Það er er auðvitað enginn vafi á því og um það þarf ekki að deila, að þegar var verið að reikna út þetta framleiðslukostnaðarverð á sínum tíma voru ekki teknar með í stofnkostnað hinnar nýju virkjunar geysiháar fjárhæðir sem síðar reyndust vera óhjákvæmilegar í sambandi við miðlunarmannvirki. Hefðu þær tölur verið teknar inn, þá hefðu meira að segja tölur forsvarsmanna samningsins við ÍSAL á sínum tíma einnig sýnt að hér var samið um raforkuverð sem var alllangt undir framleiðslukostnaðarverði — ef tillit hefði verið tekið til þeirra miðlunarmannvirkja sem allir vissu að þurfti að gera og síðar hafa verið gerð.

En þetta, sem sagt gamla deilan um hvað hafi verið framleiðslukostnaðarverð um það leyti sem samið var við Alusuisse um þetta raforkuverð til þessa langa tíma, það er í rauninni ekki aðalatriði málsins, heldur það, að reynslan hefur sýnt okkur að önnur samningákvæði einnig varðandi raforkuverðið og fyrst og fremst varðandi raforkuverðið, því að það er það sem skiptir mestu máli, voru með þeim hætti að samningarnir verða, eins og nú er komið málum, að teljast okkur mjög óhagkvæmir. Það var ekki í samningunum gert ráð fyrir endurskoðun á orkuverðinu sem neinu nam og vegna þess var um fast verð að ræða til mjög langs tíma, og verðið er tvímælalaust komið í það að vera langt frá því sem nú telst vera framleiðslukostnaðarverð og við verðum nú að leggja til grundvallar í sambandi við orkusölu okkar. Ætlunin með þessari endurskoðun var sem sagt að reyna að fá hér á nokkrar umbætur, fá leiðréttingar á þessu orkuverði og einnig á skattgjaldinu.

En í ljós hefur einnig komið að ákvæði samningsins varðandi skattgjaldsgreiðslur fyrirtækisins reyndust í framkvæmd allmikið á annan veg en menn höfðu gert ráð fyrir, og ég held að enginn geti um það deilt nú, að ákvæðin varðandi skattgjald fyrirtækisins voru lítt viðunandi fyrir okkur Íslendinga, enda hefur reynslan sannað það mjög áþreifanlega. Eins og þegar hefur komið fram í þessum umr., hefur svo farið á þeim 6 árum, sem fyrirtækið hefur starfað, að segja má að það hafi nánast búið við algjört skattfrelsi. Hér hefur verið upplýst að frá því að verksmiðjan tók til starfa og fram til 1. nóv. s. l., 1975, hafi heildarskattgreiðslur fyrirtækisins numið 617 millj. kr. samkv. framleiðslugjaldsreglunum — 617 millj. kr. En hins vegar kemur í ljós að fyrirtækið á inni á svonefndum skattgjaldsinneignarreikningi, — ekki þessar 617 millj. sem það hefur borgað, heldur enn hærri upphæð eða 748 millj. Þetta stafar sumpart af því, að sú inneign, sem hefur myndast samkv. ákvæðum samningsins, hefur verið að hækka í krónum talið vegna gengisbreytinga. En alveg er ljóst mál að fyrirtækið hefur nánast búið við það samkv. þessum reglum, vegna þess að það hefur fært upp reikninga sína með allverulegu tapi, sérstaklega sum árin, að það hefur raunverulega sloppið við allar skattgjaldsgreiðslur. Um þetta verður ekki deilt. Það var einmitt af þessum ástæðum sem upp var kominn allmikill ágreiningur á milli íslenskra stjórnvalda og ráðamanna álversins og íslensk stjórnvöld gerðu kröfu um að sérstök athugun yrði látin fara fram á þessum málum, og af því beindist líka áhugi manna við endurskoðun samninganna að því að fá þessum ákvæðum breytt varðandi skattgjaldsgreiðslur. Þetta er sem sagt vert fyrir menn að hugleiða, að skattgjaldið skuli hafa verið með þessum hætti, að heildarskattur fyrirtækisins er mun minni í krónum talinn á öllu þessu tímabili en skattinneignin er að loknum þessum 6 árum.

Þetta er auðvitað ekkert svipað því sem önnur fyrirtæki hér á landi búa við eða hafa mátt búa við, þar sem þau verða jafnvel alveg án tillits til efnahagslegrar afkomu að borga sín gjöld í ýmsu formi, eins og menn þekkja.

Það samkomulag, sem nú hefur verið gert og hér er óskað eftir staðfestingu á, er ekki síst varðandi meginviðskiptin við þetta fyrirtæki sem snerta raforkusöluna. Að því er látið liggja, að endurskoðun hafi þó borið þann árangur að fengist hafi fram nokkru hagstæðara verð við raforkusölu til þessa fyrirtækis en áður var. Það get ég ekki séð að sé og tel rétt að hyggja nokkru nánar að því. Þá verður fyrst að hafa það í huga, að eins og það samkomulag liggur fyrir sem hér er nú til umr., þá er búið að gera ráð fyrir stækkun á álverinu, þannig að það geti framleitt um 10 700 tonnum meira á ári af áli, og þurfi þá að fá viðbótarorku sem nemur 20 mw. á móti í kringum 140 mw. sem fyrirtækið hefur

samningstímabilið út. Þá þarf auðvitað fyrst að hugleiða það, hvað sú raforka er raunverulega seld á sem nú er verið að semja um alveg að nýju og við höfum auðvitað alla aðstöðu til þess að krefja það verð fyrir sem verður að teljast sanngjarnt verð, fullt verð, framleiðslukostnaður nú í dag.

Í grg. með þessu frv. er sagt, að telja megi að það verð, sem hér sé samið um til viðbótarverksmiðjunnar, til stækkunarinnar, sé nokkuð sambærilegt við það sem samið hafi verið áður um orku til járnblendiverksmiðjunnar sem ætlað var að reisa. En gert var ráð fyrir því, eins og hér hefur komið fram, að sú verksmiðja greiddi um 10 mill fyrir kwst. af forgangsorku og um 0.5 mill fyrir svonefnda afgangsorku. Og að lokum mun það hafa verið svo, að gert var ráð fyrir að meðaltalsverð á forgangsorku og afgangsorku til járnblendiverksmiðjunnar yrði 5.7 mill.

Mér sýnist augljóst að það verð, sem hér er um að ræða til stækkunarinnar við álverið, nái því ekki að vera eins hátt verð og samið var um til Járnblendiverksmiðjunnar. Ef það er einnig haft í huga, að ákvæði varðandi afhendingu á raforku til stækkunarinnar við álverið eru með þeim hætti sem hér hefur verið dregið fram í þessum umr., þá er augljóst mál að þau ákvæði eru svo ströng í þessum nýja samningi, að það jafngildir því að nánast sé eingöngu um forgangsorku að ræða. Og þá væri samkv. þeirri grg., sem hér er miðað við, verið að ræða um að selja þessi 20 mw. fyrir meðaltalsverð sem væri í kringum 5—5.7 mill. En um það verður ekki deilt, að það er langt undir því framleiðslukostnaðarverði sem nú er miðað við í sambandi við framleiðslu á raforku.

Í grg. þessa frv. segir m. a. um þetta orkuverð á þessa leið, með leyfi forseta, orðrétt: „Landsvirkjun hefur reiknað út meðalverð viðbótarsölunnar árin 1978 og 1979 miðað við álverðið 45 cent á pund og er það 4.43 mill kwst.“ Nú er það fyrst við þetta að athuga, að álverðið er í dag ekki nein 45 cent á pund, heldur er það gefið upp 39 cent á pund. Það nær því alls ekki að vera 4.43 mill á kwst. En í þessari grein, sem ég vitnaði til, stendur enn fremur: „Ef gengið er út frá, að afgangsorkuverð til ÍSALs skv. þessari viðbót yrði hið sama og ákveðið er til járnblendiverksmiðjunnar sömu ár, verður forgangsorkuverð á viðbótarorkusölunni 10,3 mill/kwst., sem er hliðstætt eða jafnvel betra en til járnblendiverksmiðjunnar.“

Miðað við þetta, þegar menn eru búnir að gefa sér allt aðrar forsendur en þær sem við búum við, þá gæti það kannske náð því sem samið var um við járnblendiverksmiðjuna. En þó er þess að gæta, að í sambandi við afhendingu á þessari afgangsorku er um miklu strangari ákvæði að ræða en áttu að gilda til járnblendiverksmiðjunnar og því er hér augljóslega að mínum dómi um lakari samning að ræða en þar var gert ráð fyrir.

Þá er rétt að víkja nokkrum orðum að því, hvert er raunverulegt framleiðslukostnaðarverð sem við verðum nú að ganga út frá í sambandi við okkar orkusölu. Það er að vísu ekki auðvelt að koma þar með alveg óumdeilanlegar tölur, en til viðmiðunar um það, hvað við verðum að telja nú vera framleiðslukostnaðarverð á raforku, vil ég vitna til útreiknings sem gerður var af Landsvirkjun í sambandi við orkusölusamning til járnblendiverksmiðjunnar, en á bls. 50 í frv. um járnblendiverksmiðju, sem var lagt fyrir hv. Alþ., segir um þetta framleiðslukostnaðarverð orðrétt það sem hér skal greina:

„Þá hefur verkfræðideild reiknað út svokallað kostnaðarverð á raforku frá Sigöldu og Hrauneyjafossi. Sé reiknað með 40 ára annuitet og 9.1% reiknivöxtum og jafnframt gert ráð fyrir því, að rekstrarkostnaðurinn sé 0.5% og vextir á byggingartíma 12% af stofnkostnaði, kemur út verðið 9.4 mill/kwst. á forgangsorkunni. Í samningsdrögunum, eins og þau liggja fyrir, þýðir þetta kostnaðarverð sem jafngildir 4.95 mill/kwst., ef gert er ráð fyrir að kostnaðarverð afgangsorkunnar sé 0.5 mill/kwst.“

Það er því ekkert um að villast að á þessum tíma, en síðan þessar áætlanir voru gerðar er nú allmikið á annað ár, töldu sérfræðingar Landsvirkjunar að ef lagt væri til grundvallar framleiðslukostnaðarverð frá tveimur nýjustu virkjununum, sem þá lágu áætlanir fyrir um, þ. e. a. s. frá Sigöldu, sem þá var byggð að verulegu leyti, og síðan áætlanir um Hrauneyjafossvirkjun sem væri óhjákvæmileg virkjun til þess að hægt væri að selja þessa viðbótarorku, þá var reiknað út að miðað við 40 ára rekstrartíma og miðað við allmiklu lægri vexti en nú eru fáanlegir á lengri lánum, sem sagt allmiklu hagstæðari skilyrði en nokkur mundi reikna með í dag, var verið að reikna með framleiðslukostnaðarverði sem lægi eitthvað rétt undir 10 mill, enda er þetta í fullu samræmi við það sem nú er almennt sagt, að okkar hagstæðustu virkjanir geti gefið raforku sem miðað við framleiðslukostnaðarverð sé í kringum 1.70—1.80 kr. á kwst. eða í kringum 10—11 mill. Ég hygg að það yrði erfitt að fá nokkurn af sérfræðingum, sem gert hafa áætlanir um kostnað og rekstur orkuvera okkar, til þess að áætla það í dag, að framleiðslukostnaðarverð á raforku frá okkar hagstæðustu virkjunum væri ekki eitthvað talsvert yfir 10 mill, eitthvað talsvert yfir 1.70 kr. á kwst. En hér er sem sagt um það að ræða, að það er verið að gera hér samning sem miðar við að ráðstafa um 20 mw. í stækkun álversins fyrir rétt u. þ. b. helming af þessu framleiðslukostnaðarverði.

Um þessar tölur er í rauninni ekki hægt að deila með nokkru móti því að þær liggja alveg skjalfestar fyrir. Og þegar við stöndum þannig að vígi í sambandi við okkar raforkumál, að við teljum alveg óhjákvæmilegt að ráðast í eina virkjunina af annarri vegna þess að okkur skortir orku, þá er ekki hægt að halda því fram, að við þurfum að ráðstafa hér 20 mw. til þess endilega að geta komið út orkunni, af því að við getum ekkert fengið fyrir hana annars. Hér er um það að ræða, að við erum að ráðstafa til annars aðila orku sem við hefðum sjálf getað notfært okkur alveg óumdeilanlega eða notað á þann hátt að fresta nýrri fjárfestingu af okkar hálfu í sambandi við ný orkuver.

Miðað við það, sem sagt er hér í grg., þykir mér því einsýnt að verið sé að gera viðbótar-

samning við Alusuisse um orkusölusamning upp á 20 mw. á ári sem afgreiða á með sérstökum hætti á hálfvirði miðað við það framleiðslukostnaðarverð sem nú liggur fyrir hjá okkur varðandi þá orkuframleiðslu sem rætt er um í dag. En í sambandi við endurskoðunina á raforkusamningnum við ÍSAL gerist það, að um leið og gengið er til þess að samþ. viðbótarorkusölu til stækkunarinnar, þá er þessari orku, sem verið er að semja um, bætt við fyrri orkusölusamning til gömlu verksmiðjunnar og öll orkan síðan seld út á einu verði.

Það lítur því þannig út við fyrstu sýn að hér sé um samning að ræða sem geri ráð fyrir nokkurri hækkun á raforkusölunni til ÍSALS frá eldri samningi. En þegar betur er að gáð er hér ekki um neina hækkun að ræða, heldur er það raunverulega gamla verðið að viðbættu því verði sem samið er um fyrir viðbótarorkuna, öllu slengt saman og þannig er fengið út eitt nýtt meðaltalsverð.

Að vísu er gerð sú breyting, að skv. eldri samningi átti raforkuverð, sem hafði gilt fyrstu 6 árin eða til 1. okt. nú á árinu 1975, það raforkuverð átti að lækka úr 3 mill í 2.5 mill. En það hafði alltaf verið gert ráð fyrir þessu að sjálfsögðu, því að upphaflega var í rauninni samið um raforkuverð til álversins sem nam 2.5 mill fyrir tímann, en þá var líka gert ráð fyrir því að hið svonefnda framleiðslugjald, skattgjald verkmiðjunnar, yrði nokkru hærra fyrstu árin. Svo var þessu breytt þannig, að raforkuverðið var hækkað upp í 3 mill, framleiðslugjaldið á sínum tíma aftur lækkað úr 20 dollurum í 12.5 dollara, en gert ráð fyrir því að þetta færðist 1. okt. s. l. í það form sem upphaflega hafði verið samið um. Það var sem sagt gert ráð fyrir því í gamla samningnum að framleiðslugjaldið hækkaði 1. okt., en raforkuverðið lækkaði.

Það nýja verð, sem hér er samið um á allri orkunni, eins og kemur fram í grg. frv., er að frá 1. okt. 1975 til ársloka á heildarraforkuverðið að vera 3 mill, eins og það hafði verið s. l. 6 ár, en það átti skv. eldri samningi að falla ofan í 2.5. Þarna er því um lítils háttar hækkun að ræða frá því sem samningurinn gerði ráð fyrir. Síðan segir í grg. að á næstu mánuðum skuli raforkuverðið verða 3.5 mill, síðan á næstu 12 mánuðum þar á eftir 4 mill og svo á næstu 6 mánuðum þar á eftir 4—4.5 mill eftir verði á áli. Þá er farið að taka upp þá reglu, að verðið á raforkunni skuli að nokkru leyti miðað við verð á áli, og þá er það sem þessir ágætu reiknimeistarar, eins og fyrri daginn, fara að gefa sér bær forsendur að álverð hækki um 2.5 cent á hverju ári. En það er vitanlega ekkert hægt að segja um það. Það er aðeins áætlun út í bláinn sem ekki er hægt að byggja neitt raunhæft á.

Ég tel því, að það sé nokkuð augljóst öllum þeim, sem leggja það á sig að líta nokkuð í þessa samninga um raforkuverðið til álversins skv. eldri samningi og það raforkuverð, sem nú er lagt til grundvallar í nýja samningnum, að hér er í rauninni verið að semja um óbreytt raforkuverð frá því sem áður var og nýtt verð fyrir viðbótarorkuna og það verð er ekki nema hálft framleiðslukostnaðarverð miðað við framleiðslukostnað í dag. Það er því ekki hægt að segja að þessi endurskoðun, sem efnt var til við ÍSAL, hafi leitt til mikils árangurs í sambandi við raforkuverð. Hér er enn verið að gera ráð fyrir því að selja þessu fyrirtæki raforku langt undir framleiðslukostnaðarverði. Gamla verðið á raunverulega að haldast og nýja verðið er ekki betra en þetta.

Þessi endurskoðun átti að ná til fleira en raforkusölunnar. Hún náði einnig til skattgjaldsins, framleiðslugjaldsins. Mér sýnist, eins og ég hef tekið fram áður í umr. um málið, að þar sé samið á hagkvæmari grundvelli fyrir okkur en áður var, það séu meiri líkur til þess að fyrirtækið borgi þó nokkurt gjald, þó að það sé ekkert sambærilegt við það sem íslensk fyrirtæki verða almennt að borga í skattgjald. Ég tel því þá endurskoðun vera nokkuð til bóta. Hins vegar sýnist mér að þar hafi verið einkennilega að málum staðið, því að það hefur verið samið um það að við skyldum teljast skulda alla þá fjárhæð sem hafi verið reiknuð sem skattinneignargjald fyrirtækisins á þessum 6 árum. Því á nú að breyta í lán með vöxtum og auðvitað afborgunum á ákveðnu tímabili. Það á sem sagt að semja um það, að það hafi verið réttmætt að ganga út frá því að þetta fyrirtæki ætti ekki að borga neitt teljandi skattgjald fyrir rekstur sinn á liðnum árum. Nú er það svo, að skv. gildandi lögum átti þetta skattgjald að renna til ýmissa aðila og þeir voru auðvitað búnir að fá sinn hluta úr þessu gjaldi sem greitt var. Einn þessara aðila var Hafnarfjarðarbær. Hann var búinn að byggja allmikið á þessum tekjum sem hann fékk einn allra staða í landinu. Nú kemur hins vegar í ljós að hann hlýtur skv. eðli málsins, þó að hér hafi ekki verið gerð nein grein fyrir því hvernig með þessa upphæð skuli raunverulega fara, þá hlýtur Hafnarfjarðarbær að skulda þarna marga tugi millj. kr., því að hann hefur raunverulega verið að taka við peningum á undanförnum árum, ekki sem hreinum skatti, ekki sem hreinum tekjum handa Hafnarfjarðarbæ, heldur hefur hann verið að taka við þessu þannig að hann ætti síðar meir að endurgreiða það. Ég tel að það hafi verið full ástæða til þess að gera grein fyrir því hér við afgreiðslu málsins hvernig þessari upphæð, um 750 millj. kr., verður deilt á þá aðila sem hafa notið þessa skattgjalds að undanförnu. Hvað skuldar hver aðili af þessari fjárhæð? Hvað skuldar Byggðasjóður mikið? Hvað skuldar Hafnarfjarðarbær mikið og þeir aðrir sem þarna hafa fengið hluta af? Ég hef ekki kynnt mér það. En ég hef þó veitt því athygli, að bæjarstjórnin í Hafnarfirði hefur mótmælt því með harðri samþykkt, að hún skyldi ekki fá neina aðild að þessari endurskoðunarsamningagerð, og telur að það hafi verið staðið þannig að málinu að þetta hafi verið þeim mjög óhagstætt. Ég álít að það eigi að gera hér grein fyrir því við afgreiðslu málsins, hvernig þessu er í raun og veru varið, og það sé ekki boðlegt að láta það renna hér í gegn án þess að verði skýrt til hlítar.

Það er skoðun mín, enda kemur það auðvitað skýrt fram í fyrri umr., þegar samið var upphaflega við Alusuisse um þetta álver, að engum manni hafi komið til hugar að þetta framleiðslu-

gjald ætti ekki að skila nokkurn veginn þeim fjármunum sem hafa verið greidd í skattformi. Því er það, að ég tel að við þessa endurskoðun hefðu fulltrúar Íslands að sjálfsögðu átt að gera kröfu um að láta þessa útreiknuðu inneign Álfélagsins falla beinlínis niður, því að fyrirtækið hefði síður en svo borgað meira en innlend fyrirtæki verða yfirleitt að gera þó að þessi skattgreiðsla upp á rúmar 600 millj. kr. hefði verið raunveruleg skattgreiðsla, en ekki bara greiðsla inn á einhvern innstæðureikning.

Ég álít því, að það hafi verið staðið mjög illa að þessari endurskoðun, ekki einasta varðandi raforkusöluna, þar sem mest hefur gengið úrskeiðis að mínum dómi, heldur sérlega illa varðandi endurskoðunina á framleiðslugjaldinu að þessu leyti til, hvernig átti að fara með þann ágreining sem upp var kominn um framleiðslugjaldið, sem greitt hafði verið, og hina útreiknuðu inneign á skattgjaldsreikningi fyrirtækisins. Þetta er mikill galli, þó að hið nýja form, sem nú er gengið út frá varðandi greiðslu á skattgjaldi, sé allmiklu betra en það eldra, sem hefur reynst eins illa og ég hef verið að lýsa.

Mér sýnist því, að það hafi komið harla lítið út úr þessari endurskoðun okkar manna á eldri samningum. Við höfum enga leiðréttingu fengið á raforkuverðinu — enga, heldur höfum við lofast til þess að selja þeim meiri raforku á undirverði. Við verðum að viðurkenna það með nýjum samningi, að það verði að teljast rétt að þeir hefðu ekki átt að borga hér neitt skattgjald á liðnum 6 árum eða nálega ekkert. Og síðan verðum við við óskum þessa fyrirtækis um að fá það sem það var að keppa eftir, heimild til stækkunar og samning um nýja viðbótarorku og verð á henni.

Það, sem gerði okkar stöðu sterka í þessari endurskoðun, var einmitt það, að hið erlenda álfélag hafði áhuga á því að fá verksmiðjuna stækkaða. Þar vorum við ekki á neinn hátt bundnir af eldri samningi. Við gátum sett okkar skilyrði fyrir nýrri stækkunarheimild. Við gátum sett skilyrði í sambandi við raforkusölu og raforkuverð. Við gátum sett skilyrði um skattgreiðslur. Og við hefðum einnig getað sett fram skilyrði af okkar hálfu um önnur þau atriði sem við höfðum af reynslunni lært að höfðu verið okkur óhagstæð. Þar undir kom t. d. ágreiningur, sem verið hefur meiri og minni, varðandi mengunarvarnir þessa fyrirtækis. Það hafði verið rætt um það svo að segja frá upphafi hvað fyrirtækið ætti að gera til þess að koma í veg fyrir hættulega mengun á umhverfi sínu, og fyrirtækið er búið að fá æ ofan í æ undanþágu eða frest í þessum efnum af því að alltaf er verið að athuga um ný og ný tæki, nýtt og nýtt fyrirkomulag, og sem sagt, að 6 árum liðnum hefur ekkert verið gert áþreifanlegt í málinu. Þar hefur aðeins verið um loforð að ræða. Það gaf auðvitað auga leið, að við áttum nú við þessa endurskoðun að segja við hið erlenda fyrirtæki að það kæmi ekki til mála að samþ. neina stækkun á verksmiðjunni eða neinn nýjan orkusölusamning fyrr en fyrirtækið væri búið að leysa þetta stórvandamál þannig að það gæti þar ekkert vikið sér undan. Þetta er álit sem fram hefur komið hjá þeim mönnum íslenskum sem um þessi mál hafa aðallega fjallað, Náttúruverndarráði og öðrum, en eins og þessi endurskoðun nú liggur fyrir er augljóst að forsvarsmenn fyrirtækisins hafa sloppið enn undan öllum kvöðum í þessum efnum. Þeir halda að vísu áfram að lofa. Þeir lofa á nýjan leik því sem þeir voru búnir að lofa áður. En enn er engin trygging fengin fyrir því að þarna sé neitt gert í þessum efnum.

Að sjálfsögðu hefði einnig átt að taka upp í sambandi við stækkunaróskir eigenda verksmiðjunnar önnur atriði sem mjög voru umdeild á sínum tíma varðandi samninginn við Alusuisse, eins og ákvæðin um gerðardóm þar sem fyrirtækið vildi ekki lúta íslenskum lögum varðandi framkvæmd á samningnum. Það er auðvitað ekkert um að villast, við þurfum ekki um það að deila, að í samningnum eru ákvæði um að ágreiningur um skilning á samningnum á að úrskurðast af sérstökum gerðardómi. Þar átti ekki íslenskt dómstig að koma til með eðlilegum hætti, heldur voru þarna sérákvæði. Um það er ekkert að villat. (Gripið fram í.) Já, en það segir líka í öðrum greinum samningsins, að þessi gerðardómur skuli koma til, og það hefur verið í hann vitnað og við þurfum ekki að vera að deila neitt um það, því að þetta er alveg ljóst, enda mikið umdeilt á sínum tíma hvort þetta ákvæði ætti að vera, þar sem gert er ráð fyrir gerðardómi sem fer alveg út fyrir íslenskan lagaramma til þess að úrskurða um skilning á deilum varðandi samninginn. Ég álít fyrir mitt leyti að það hefði einnig átt að taka upp ákvæði um það, þó að ég játi að það hafi verið minni líkur til þess að hægt hefði verið að fá fram breyt. á ýmsum grundvallaratriðum gamla samningsins. En hin atriðin, sem ég hef minnst á, eru alveg augljós, að þar áttum við að halda fast á okkar máli þegar hinn erlendi álhringur þurfti á nýjum samningi að halda til þess að koma fram þeirri stækkun sem hann vildi. En þetta hefur tekist á þennan hátt.

Ég vil að öðru leyti segja um þau rök, ef rök skyldi kalla, sem oft hefur verið gripið til í sambandi við samninga við stórfyrirtæki, eins og t. d. álverið, að það verði að líta á samninga við slík fyrirtæki um raforkuverð út frá því sjónarmiði að sala til þeirra geri okkur kleift að koma upp orkuverum sem við jafnvel gætum ekki með öðrum hætti fjármagnað, og einnig hefur verið vitnað til þess, að sala á orku til slíkra aðila veitti okkur aðstöðu til þess að framleiða hér raforku og selja hana ódýrara verði til landsmanna sjálfra, — að þessi rök þau geti átt við á nokkurn hátt í því tilfelli sem hér er um að ræða. Hér er um það að ræða að selja af þeirri orku sem við höfum og við höfum meira en næg not fyrir. Hér er því verið hreinlega að selja af orku með þeim hætti að við þurfum sjálf að ráðast þeim mun fyrr í nýja framkvæmd. Það er rétt, að þegar ráðist var í Búrfellsvirkjun á sínum tíma var þessari röksemd beitt mikið og ekki að öllu leyti að ástæðulausu, að við gætum ekki ráðist í svona stóra og dýra virkjun nema með því að hafa stóran og öruggan kaupanda að raforku. Og þá var það svo, að það var a. m. k. túlkað hér fyrir okkur að við gætum ekki fengið þau nauðsynlegu stofnlán til orku-

versins, sem við þurftum á að halda, nema við gætum lagt fram einhvern slíkan samning um mikla orkusölu eins og þá var gert. En þegar ráðist var í Sigölduvirkjun kom þetta ekki til greina. Því var lýst þá yfir af hinum erlenda lánveitanda, að hann setti engar kröfur um það í sambandi við lán til Íslands, að við hefðum slíkan orkusölusamning. Það var lagt algjörlega á vald okkar að ákveða hvernig við seldum orkuna, hverjum við seldum hana eða hvernig við notuðum hana. Og varðandi þessi 20 mw., sem hér er um að ræða, gefur auga leið að ekkert af þessum röksemdum á við þau. En hér er bara um það að ræða: Eigum við að ráðstafa af þeirri takmörkuðu orku, sem við nú ráðum yfir, þetta mikilli orku á því verði sem hér er verið að semja um. Ég er sannfærður um að það verður ekki langt að bíða þess að innlend fyrirtæki og það fleiri en eitt fara að gerast hávær í kröfum sínum um að eiga kost á því að kaupa orku á svipaðan hátt og t. d. þarna er samið um við álverið. Þetta er þegar komið fram frá t. d. formanni Félags ísl. iðnrekenda, í samtökum ísl. iðnrekenda. Þetta er komið fram frá forstöðumanni Sambands ísl. samvinnufélaga. Og hví skyldu þessir aðilar ekki gera kröfu um að fá keypta orku upp á 20 mw. á alveg hliðstæðan hátt og þetta fyrirtæki fær? Hér er sem sagt ekki um það að ræða. Það er það miklu lakara en þetta var í fyrra tilfellinu.

Ég veit að við getum enn eflaust þráttað um það, ég og hv. 6. þm. Reykv. og aðrir, hvort samningurinn, sem gerður var við Alusuisse á sínum tíma, þegar ráðist var í Búrfellsvirkjun, hafi raunverulega gert ráð fyrir það háu raforkuverði sem nam framleiðslukostnaðarverði. Ég býst við því, að það hafi á þeim tíma ekki munað miklu, en er á þeirri skoðun enn sem ég var á þá, að verðið hafi þó tvímælalaust verið undir framleiðslukostnaðarverði. Hv. 6. þm. Reykv. og ýmsir fleiri, sem að þessu máli stóðu, geta auðvitað enn haldið því fram að verðið þá hafi miðað við útreikninga staðist framleiðslukostnaðarverð. En leggjum til hliðar þá deilu. En hvernig í himninum ætla þeir að halda því fram um þessa samninga, sem er verið að gera ráð fyrir 20 mw. orkusölu til ÍSALs nú, að þar sé samið um framleiðslukostnaðarverð? Hvernig ætla þeir að halda því fram? Ef þeir ætla að halda því fram, þá ætla þeir beinlínis að hrekja það sem ég hef lesið upp, álit verkfræðinga Landsvirkjunar um það og reyndar Orkustofnunar. Það er hægt að taka mörg dæmi frá henni líka, hvað sé að hennar dómi talið vera framleiðslukostnaðarverð frá okkar hagstæðustu virkjunum miðað við núverandi verðlag.

Það er því niðurstaða mín af því, sem ég hef verið að segja, að sá viðbótarsamningur, sem hér er verið að gera, er enn verri í sjálfu sér en gamli samningurinn var. 20 mw. samningurinn nú er enn óhagstæðari miðað við allar kringumstæður. Endurskoðun hefur því ekki borið mikinn árangur. Hins vegar hefur Alusuisse náð sínu marki, fengið fram stækkunina, fengið fram nýjan raforkusölusamning, mjög hagstæðan, en leiðréttingarnar á gamla verðinu höfum við ekki fengið, ekki a. m. k. að neinu teljandi ráði, ef nokkuð er.

Mér sýnist því að þessi endurskoðun hafi tekist heldur illa, og ég álít því að það, sem réttast væri að gera af okkar hálfu væri að segja við þá ágætu menn, sem stóðu eins og fyrri daginn í samningum við hina erlendu aðila sem eiga álverið í Straumsvík, að þeim hafi tekist illa til við þessa endurskoðun og Alþ. vilji því ekki staðfesta þennan samning og það sé best að taka málið upp á nýjan leik.

Það er annars alveg stórmerkilegt að mínum dómi hvernig fer yfirleitt hjá okkar samninganefndarmönnum. Þegar þeir fara að semja við erlenda aðila um stóriðjumannvirkin, þá er eins og að þeir tapi sér með öllu. Þá gilda ekki aldeilis reglurnar sem eru látnar gilda gagnvart heimamönnum, því að satt að segja sýnist mér að þegar þeir eru að ákveða verð hér, þá kunni þeir að verðleggja nokkurn veginn, en eitthvað tekst þeim alltaf illa til þegar þeir fara að semja við hina erlendu aðila. Þá er í rauninni hvorki miðað við það, hvað hlutirnir kosta okkur, né heldur hitt, að það sé lagt til grundvallar hvað sé sanngjarnt og eðlilegt verð á orku eins og nú er komið málum.

Ég held að við eigum að gera okkur grein fyrir því, að gamli orkusölusamningurinn var svo óhagstæður að við þurftum að taka á okkur verðhækkanir á rafmagni, landsmenn almennt, æ ofan í æ frá Landsvirkjun vegna þess að samningurinn við álverið var í rauninni þetta óhagstæður. Menn taka líka eftir því í grg., sem fylgir þessu frv., að nú er beinlínis á það minnst, að með því að selja rafmagn samkv. þessum nýja samningi og gera ráð fyrir þessari tilfærslu á raforkuverði frá eldri samningi, sem er að langsamlega mestu leyti tilfærsla, þá er beinlínis sagt að þá megi kannske sleppa við að samþykkja almenna raforkuverðshækkun á landsmenn. Hvernig skyldi standa á því, að það hefur staðið til einhver almenn raforkuverðshækkun frá Landsvirkjun? Ástæðan er hreinlega sú, að kjörin, sem Landsvirkjun bjó við samkv. eldri samningi, voru orðin svo óhagstæð að hún þurfti ekki einu sinni, heldur margsinnis að velta útgjöldum sínum út í raforkuverðið til almennings.

Ég skal svo ekki lengja þetta frekar að sinni, en niðurstaða mín er þessi, að ég er andvígur og við Alþb.-menn erum andvígir þessum nýja samningi. Við teljum að hér sé um óhagkvæma endurskoðun að ræða og því eigi ekki að staðfesta þann samning sem þarna hafi verið gerður, heldur eigi að fella hann og taka þá upp endurskoðunina á nýjan leik og miða við þær staðreyndir sem liggja orðið fyrir um orkuverð.

Frsm. meiri hl. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. 2. þm. Austf. hefur talað alllangt mál og telur að illa hafi verið staðið að endurskoðun samninganna. Hann komst að þeirri niðurstöðu að rafmagnsverðið hafi raunverulega ekkert hækkað. Ég geri ráð fyrir að hv. þingmenn hafi tekið eftir þessu og hver fyrir sig leiti nú í huga sér hvað maðurinn hafi raunverulega verið að fara. Hvar var hann? Var hann staddur í ræðustóli í hv. Alþingi íslendinga þegar hann sagði þessi orð? Og við hvað studdist hann?

Ég kem að því seinna, leitast við að finna það út hvernig hv. þm. hefur komist að þessari niðurstöðu.

Hv. 3. þm. Reykv., frsm. minni hl., talaði fyrir nál. sínu s. l. fimmtudag, og niðurstaða hv. þm var nokkuð á svipaða lund og hv. 2. þm. Austurl. Það var fátt um góða drætti, eins og þar stendur, í þessu nýja samningsuppkasti að áliti hv. frsm. Hv. þm. byrjaði á því að finna að því að frv. hefði ekki verið rætt ítarlega í iðnn. þessarar hv. d. Það voru þrír fundir og sex nm. af 7 vildu samþykkja frv. eftir þá athugun sem það hafði fengið í n., en einn, hv. 3. þm. Reykv., var vandlátari og vildi nánari athugun, en komst þó að þeirri niðurstöðu, enda þótt athugun hafi ekki verið lokið að hans áliti, að það væri best að vera á móti frv., það væri ekki til neins hagræðis fyrir íslensku þjóðina að fá þessa breytingu á samningunum. Þess vegna var hv. frsm. minni hl. á móti frv. og fékk nú í dag stuðning hv. 2. þm. Austurl. Það var e. t. v. eðlilegt að hv. þm. vildi vera góður stuðningsmaður, úr því að hann tók það að sér, væri ekki að verja það að þessar till., sem hér liggja fyrir, væru til bóta. En á þeim þremur fundum, sem voru haldnir í n., komu ýmsir ágætir menn til viðtals og svöruðu spurningum sem bornar voru fram.

Hv. frsm. minni hl., 3. þm. Reykv., taldi í framsöguræðu sinni að mörgum spurningum væri ósvarað. Hv. þm. kom með spurningalista. Spurningarnar voru milli 20 og 30 sem þm. lagði fram í n. Öllum þessum spurningum var svarað, það liggja fyrir skrifleg svör við þeim öllum. Þess vegna undrast ég að hv. þm. skuli segja að spurningunum sé ósvarað. Ég tel ekki ástæðu til að fara að lesa spurningarnar upp og svörin við þeim. Ég vona að hv. 3. þm. Reykv. geri það í annarri ræðu sinni, eftir að hafa gert sér grein fyrir að það var ekki rétt, sem sagt var í fyrstu ræðunni.

Hv. þm. minntist á Hafnarfjörð í þessu sambandi og hv. 2. þm. Austurl. gerði það reyndar líka: Á nú að fara eitthvað illa með Hafnarfjörð? Hvernig stóð á því að ekki var fulltrúi frá Hafnarfjarðarkaupstað þegar samið var við Alusuisse? Ég verð að segja hv. þm. að það kemur ekki samningunum við Alusuisse við hvernig skattgjaldinu er skipt á milli innlendra aðila. Það er nú verið að ræða við bæjarstjórn Hafnarfjarðar um þessi mál, og það er alveg áreiðanlegt að það dettur engum í hug að gera hlut Hafnarfjarðarkaupstaðar verri eftir að þessar brtt. verða samþ., ef það verður, heldur en áður var. Þess vegna er undir forustu hæstv. iðnrh. verið að leita eftir samkomulagi við Hafnarfjörð um skiptingu skattgjaldsins á þeim grundvelli að Hafnarfjarðarkaupstaður beri svipað úr býtum á eftir eins og áður. Og auðvitað verður flutt frv. hér á Alþ. til breytinga á þeim lögum sem ákvarða skattgjaldið. En það kemur samningum við Alusuisse ekkert við hvernig hér innanlands er farið með skattgjaldið. Þess vegna á það ekki heima í umr. um þetta og engin ástæða til að ætla annað en það náist fullt samkomulag við Hafnarfjarðarkaupstað, þar sem til samninganna er gengið með því hugarfari að finna það eðlilega og rétta út þegar skipting er ákveðin að nýju.

Hv. frsm. minni hl. minntist á Náttúruverndarráð. Mér skildist að ekkert samband hefði verið haft við það. En það voru formaður Náttúruverndarráðs og framkvæmdastjóri sem komu á fund iðnn. þegar þessi mál voru rædd, og það var enginn ágreiningur á milli nm. eða formanns Náttúruverndarráðs og framkvstj. um afstöðuna í þessum málum. Voru allir, sem á fundinum voru, sammála um að gera ætti fyllstu kröfur til þess að útiloka mengun í verksmiðjunni. Hér talaði hv. 2. þm. Austurl. um að hingað til hefðu ekkert verið nema loforð á loforð ofan frá hendi verksmiðjustjórnarinnar og enn ætti að byggja á loforðum.

Ég vek athygli á bréfi sem fyrir liggur og prentað er með nál. meiri hl., undirskrifað af formanni og framkvstj. ÍSALs, þar sem saga þessara mála er rakin, og þeir, sem lesa þetta bréf, gera sér grein fyrir því, hvers vegna hefur dregist að setja upp hreinsitækin. Það dróst einnig á meðan flokksmaður hv. 2. þm. Austurl. fór með þessi mál sem iðnrh. og ætla ég ekki að álasa honum fyrir það, vegna þess að hann var sömu skoðunar og ég held allir þm. á þeim tíma, að það bæri að athuga til hlítar hvort hægt væri að nota innlend hreinsitæki, sem verið var að reyna og vinna að. En það var ekki fyrr en haustið 1974 sem sýndist vera útilokað að nota þessi tæki. Drátturinn til ársloka 1974 ætti að vera eðlilegur að mati hv. 3. þm. Reykv. og hv. 2. þm. Austurl.

En hvað hefur gerst síðan? Síðan í árslok 1974, að innlendu tækin reyndust óhæf í þessu skyni, hefur verið unnið að rannsóknum og tilraunum í álverinu með ný hreinsitæki, svokölluð þurrhreinsitæki, sem eru það fullkomnasta sem nú er fáanlegt í þessu skyni. Þau hreinsa loftið inni í verksmiðjunni, sem önnur og eldri tæki hefðu ekki getað gert. Ég bið hv. 2. þm. Austurl. og hv. 3. þm. Reykv. að gera svo vel að lesa bréfið sem er prentað með nál. meiri hl. með ómenguðu hugarfari og heilbrigðri dómgreind. Þá sjá þessir hv. þm. að það hefur verið vel að staðið á árinu 1975 og því sem liðið er af þessu ári í þessu máli.

Það er verið að setja upp hreinsitæki í verksmiðjunni og unnið að því að fullkomnustu hreinsitæki komi þar. Hvað viðbótina snertir, þá er lofað um það, að um leið og stækkunin fer fram skuli í upphafi gert ráð fyrir fullkomnustu hreinsitækjum. Það liggur alveg ljóst fyrir að heilbrmrn. hefur í hendi sér að leyfa ekki framleiðslu í nýju verksmiðjunni, stækkuninni, nema settum reglum og skilyrðum verði fullnægt. Þess vegna er þessi ótti sem betur fer ástæðulaus, — sá ótti sem hv. 2. þm. Austurl. og hv. 3. þm. Reykv. virðast bera í brjósti vegna mengunarhættu og aðgerðarleysis í sambandi við uppsetningu hreinsitækja í verksmiðjunni. (Gripið fram í: Veit þm., hve háir reikningar hafa borist vegna skemmda af mengun?) Það liggja fyrir einhver bréf um að það sé hætta á mengun, en ekki um það, hvað hefur skemmst, vegna þess að það er víst ekki svo mikið.

Hv. 3. þm. Reykv. talaði um rekstur álversins og það væri einhver grímudansleikur í kringum það, að mér skildist á hv. þm. En þó var það svo, að á árinu 1973 óskaði þáv. iðnrh., Magnús

Kjartansson, eftir endurskoðun á rektsri fyrirtækisins. Ekki ætla ég að finna að því. Ég tel alveg sjálfsagt að sannfæra sig um það, hvernig reksturinn er og rekstrarútkoman, þar sem greiðslur til íslenska ríkisins fara eftir því að nokkru leyti hvernig rekstrarútkoman er. Það er endurskoðunarfyrirtæki á alþjóðlegan mælikvarða, hlutlaust, sem vann að þessari endurskoðun. Þá kom það fram, sem hv. 3. þm. Reykv. reyndar sagði, að það hefði ekkert fundist athugavert við reikninga fyrirtækisins á árinu 1973. Ég hef aldrei heyrt jafnmikið lof um fyrirtækið úr munni hv. Alþb.-manna eins og þetta. Það var ekkert að athuga við reikningana eftir að alþjóðlegt endurskoðunarfyrirtæki í London hafði yfirfarið þá. Þeir eru heppnir sem geta fengið svona kvittanir fyrir góða frammistöðu.

Reikningar ársins 1974 fóru í endurskoðun hjá sama fyrirtæki. Þá var uppi grunur um að súrálsverðið hefði verið reiknað ÍSAL á of háu verði, og það hefði vitanlega getað haft úrslitaáhrif á það, hvernig rekstrarútkoman yrði, ef hráefnið væri keypt á of háu verði. Þetta var rannsakað, og hv. 3. þm. Reykv. sagði að það væri alveg sjálfsagt að þessi endurskoðunarskýrsla væri birt og þm. fengju að sjá hana. Ég tel alveg víst að þetta sé ekkert leyniplagg og þeir, sem vilja kynna sér það, geti það. En það var minna athugavert að áliti endurskoðunarfyrirtækisins heldur en búist hafði verið við. Þó tel ég líklegt að það hafi hjálpað til að þrýsta niður hinni svonefndu skattinneign sem endanlega var samið um. En það er ekki stór upphæð sem var um að ræða, því að þegar súrálsverðið, sem reiknað var álverinu í Straumsvík, var borið saman við heimsmarkaðsverð, þá var það ósköp svipað.

Þá var það hin svokallaða skattinneign og skattgreiðslur sem hafa verið gerðar hér að umtalsefni. Hv. 3. þm. Reykv. komst að þeirri niðurstöðu að skattinneignin væri hærri en sú upphæð sem fyrirtækið hefði greitt í skatt á þessum 6 árum, hv. 2. þm. Austurl. staðfesti þetta, og þarf þá nokkuð meira við. Það eru tveir hv. þm. Alþb. sem hafa komist að sömu niðurstöðu: Skattinneignin er hærri en skattgjaldið sem álverið hefur greitt til íslendinga á þessum 6 árum. — En hvernig komast þeir að þessu, þessir hv. þm., að fá þessa útkomu? Jú, þannig að þeir reikna skattinneignina á því gengi sem nú er á dollar, en skattgreiðslurnar reikna þeir á því gengi sem var hverju sinni þegar skatturinn var greiddur. Fyrstu árin var gengi dollars eitthvað um 80 kr., en nú er gengi dollarans 170 kr. Ætli það sé nokkur hér sem segi að þetta sé góður og heiðarlegur málflutningur? (**LJós**: Sagði ég ekki frá þessu svona?) Nei, nei, nei, nei. Útkoman úr dæminu varð öfug vegna þess að svona var reiknað. (**LJós**: Þá hefur þm. ekki skilið mitt mál.) Ég held að það hafi enginn skilið þetta öðruvísi en ég geri, en fróðlegt væri að vita hvort lesendur Þjóðviljans gera sig ánægða með þetta — eða er því treyst að meiri hluti lesendanna átti sig ekki á því hvernig þetta er fundið út?

Það er rétt að geta þess, að framleiðslugjaldið nam 1 milljarði 60.1 milljón kr. þegar miðað er við gengi dollars eins og það var 1. okt. s. l. og skattinneignin á sama tíma með sama gengi 704 millj. Þarna munar 256.1 millj. kr. sem skattgreiðslan er hærri en hin svokallaða skattinneign. Það má segja að framleiðslugjaldið sé ekki nema lítill hluti af þeim greiðslum sem álverksmiðjan greiðir til íslendinga. Til 1. okt. s. l. var framleiðslugjaldið ekki nema 12.5 tollarar á tonn. Þess vegna voru framleiðslugjaldsgreiðslurnar ekki ýkjaháar fyrstu 6 árin. En 1. okt. s. l. hækkaði gjaldið í 20 dollara og verður þá framleiðslugjaldið *allmiklu hærra en það var*. Það hækkaði í 20 dollara, hvort sem gamli samningurinn verður í gildi áfram eða nýju till. taka gildi. Með nýju till. er lágmarksgjaldið 20 dollarar, en hækkar svo eftir álverði eins og sjá má í frv.

Það er vitað mál að gjaldeyristekjur af álverinu hafa verið mjög miklar á þeim 6 árum sem liðin eru. Sé reiknað aðeins til 1. okt. s. l. eru gjaldeyristekjurnar 12 495.7 millj. kr. miðað við gengi dollars eins og það var á þessum tíma. En þá er rétt að draga skattinneignina frá, sem verður samkv. mínum útreikningi nokkru hærri en sú upphæð sem hv. 2. þm. Austurl. nefndi. Samkv. mínum útreikningi er skattinneignin 704 millj. með gengi dollars á þessum tíma, en greiðslur álversins til íslendinga að frádreginni skattinneign til 1. okt. s. l. eru 11 791.7 millj. kr. eða nærri 2000 millj. kr. á ári á 6 árum, sé miðað við það gengi dollars sem ég nefndi. Til þess að fá réttan samanburð í tölum verður að reikna gengi erlendrar myntar út og miða það við sama tíma. Annars fæst ekki samanburður sem hægt er að átta sig á. Þegar þetta er nú athugað, þá held ég að flestir geti verið sammála um að íslenska þjóðin hefur hagnast mikið á álverinu. Álverið notar um það bil ⅔ af þeirri orku sem fæst frá virkjuninni við Búrfell, en borgar ¾ af kostnaðinum og stendur undir öllum þeim lánum, sem tekin voru erlendis til að byggja þetta orkuver, á 25 árum. Nú er talið nokkurn veginn öruggt að vatnsvirkjanir endist í 70—80 ár. Það verður ekki heldur rengt, að ef ekki hefði verið byggt þetta álver í einum áfanga, þá hefði orkan til almenningsnota í landinu orðið um 70% dýrari en hún varð. Ég hef hér þá töflu, sem hv. 6. þm. Reykv. las upp áðan yfir kostnaðinn á hverri kwst. frá Búrfellsvirkjun án þess að selja til ÍSALs og með því að selja til ÍSALs. Ég tel að sú skýrsla sanni kannske best að þær fullyrðingar, sem hér hafa verið í frammi hafðar um að rafmagnið hafi verið selt undir kostnaðarverði, séu staðleysa ein.

Hæstv. forseti. Ég er ekki nærri búinn með mína ræðu. En ég vil biðja hæstv. forseta afsökunar á því, hafi hann ætlað að halda fundinum eitthvað lengur áfram, að ég hef lofað mér á fund annars staðar af því að ég reiknaði með að fundi yrði slitið kl. 4. Ég vildi þess vegna mælast til að mega gera hlé á ræðu minni nú svo að ég geti farið. (**Forseti**: Hv. 1. þm. Suðurl. á það í sjálfsvaldi að gera hlé á ræðu sinni nú og vera fyrstur á mælendaskrá þegar þetta mál verður tekið fyrir á öðrum fundi. En hér er á

mælendaskrá annar hv. þm., sem kveðst vera með stutta aths., og hafi hv. 1. þm. Suðurl. ekki neitt við það að athuga, þá mundi ég hleypa honum að núna.) — [Frh.]

Umr. frestað.

Sameinað þing, 51. fundur.

Þriðjudaginn 17. febr., kl. 2 miðdegis.

Sjóefnaverksmiðja á Reykjanesi, fsp. (þskj. 136). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jón Skaftason): Herra forseti. Á þskj. 136 hef ég leyft mér að flytja svofellda fsp. til iðnrh. um sjóefnaverksmiðju á Reykjanesi. Fyrirspurnin hljóðar þannig:

„Hvað líður rannsóknum um byggingu og rekstur sjóefnaverksmiðju á Reykjanesi, og hvenær má vænta ákvörðunar um hvort og með hvaða hætti verksmiðjan verður byggð?"

Ég hef hreyft þessu máli samkv. nokkuð mörgum óskum íbúa á Suðurnesjum sem hafa nokkurn áhuga á að vita og fylgjast með framgangi þessa máls sem engan veginn er nýtt og hefur verið til umr. hér á hv. Alþ. Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. geti gefið ítarlegt svar við þessari fyrirspurn.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Rannsóknir til undirbúnings sjóefnaverksmiðju á Reykjanesi hafa staðið yfir í fullan áratug.

Rannsóknaráð ríkisins ákvað á árinu 1966 að beita sér fyrir könnun á þessu máli, en áður höfðu nokkrar byrjunarathuganir á saltvinnslu verið gerðar á vegum Raforkumálaskrifstofunnar, en aðallega í sambandi við önnur jarðhitasvæði en Reykjanes.

Fyrsta athugunin, sem Rannsóknaráð ríkisins lét gera, var almennt yfirlit um möguleika til framleiðslu salts og annarra efna úr sjó og skeljasandi. Á þeim grundvelli voru lagðar fram till. um nánari rannsóknir á einstökum þáttum. Á árinu 1968 hófust boranir og jarðfræðilegar rannsóknir á Reykjanesi. Árið 1970 var boruð þar um 1800 m djúp hola. Hún var talin gefa svo góðan árangur að hinar jarðfræðilegu forsendur saltverksmiðju væru traustar. Jafnframt þessum jarðfræðilegu athugunum hafa verið gerðar tæknilegar tilraunir og áætlanir um stofnkostnað og rekstur fyrirtækja sem gætu hagnýtt þessi verðmæti og framleitt ýmiss konar efni úr þeim. Um þessa möguleika er notað samheitið „sjóefnavinnsla", en með því hugtaki er átt við fjölþætta vinnslu úr sjó og heitum, söltum hveralegi frá jarðhitasvæðinu á Reykjanesi.

Aðalfrumkvöðull þessa máls hefur verið Baldur Líndal efnaverkfræðingur sem hefur unnið að því að staðaldri.

Haustið 1972 skilaði Rannsóknaráð ríkisins skýrslu til ríkisstj. um fyrsta stig vinnslunnar, saltverksmiðju á Reykjanesi, með áætlun um stofnkostnað og rekstur sem benti til þess að starfsemi verksmiðjunnar gæti orðið arðbær. Iðnrn. fól þá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens og hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunar að gera könnun á rekstrargrundvelli saltverksmiðjunnar. Verkfræðistofan fékk sér til *fulltingis bandarískt verkfræðifyrirtæki* til að kanna málið. Þessar umsagnir lágu fyrir í febr. 1974 og skömmu síðar gaf iðnrn. út yfirlitsskýrslu um málið. Umsagnir voru jákvæðar og áætluð arðsemi fyrirtækisins talin jafnvel betri en niðurstöður Rannsóknaráðs höfðu gefið til kynna.

Að beiðni þáv. iðnrh. lagði Iðnþróunarnefnd fram till. um meðferð málsins og áætlun um kostnað við nauðsynlegar undirbúningsframkvæmdir. Voru þær till. sendar rn. í apríl 1974. Samkv. till. n. fól iðnrn. viðræðunefnd um orkufrekan iðnað að gera till. um hvernig staðið skyldi að frekari undirbúningsframkvæmdum.

Afurðir verksmiðjunnar mundu verða fínsalt og fisksalt, kalí til áburðar, kalsíum-klóríð, bróm til notkunar í iðnaði. Gert er ráð fyrir, að til mundi falla verulegt magn af kísil, gipsi og koldíoxíði sem úrgangsefni. Líklegt er að sum eða öll þessi efni gætu skilað hagnaði ef þau væru nýtt á réttan hátt.

Talið er nauðsynlegt að gerðar séu frekari rannsóknir áður en endanleg ákvörðun verður tekin um byggingu sjóefnaverksmiðjunnar. Hafa því verið gerðar till. um rekstur tilraunaverksmiðju á Reykjanesi í þessu skyni. Stóriðjunefnd hefur lagt til að stofnað verði sérstakt könnunarfélag í þessu skyni.

Í iðnrn. er nú tilbúið frv. til l. um saltverksmiðju á Reykjanesi sem felur það í sér að stofnað verði hlutafélag sem hafi það markmið að kanna aðstæður til að reisa og reka saltverksmiðju og annast undibúning að því að koma slíku fyrirtæki á fót. Ríkisstj. hefur samþ. að frv. verði lagt fyrir Alþ. og verður það gert einhvern næstu daga.

Fyrirspyrjandi (Jón Skaftason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir það svar sem hann hefur gefið við fsp. minni og var á allan hátt ítarlegt og ljóst. Ég sé ástæðu til að fagna því sérstaklega að unnið hefur verið að framgangi þessa máls á undanförnum mánuðum. Af þeim upplýsingum, sem fram komu í ræðu hæstv. ráðh., má gera ráð fyrir að til þessa fyrirtækis verði stofnað og að rökstuddar vonir standi til þess, að þar verði um arðbært fyrirtæki að ræða sem væntanlega geti lagt sitt af mörkum til að styrkja þjóðarbúskap okkar, sem ekki er vanþörf á. — Ég þakka hæstv. ráðh. svarið.

Símaþjónusta, fsp. (þskj. 296). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja fsp. til hæstv. samgrh. Er fyrirspurnin í fjórum liðum og hljóðar fyrsti liðurinn þannig, með leyfi forseta:

„1. Hvernig verður símaþjónustu í strjálbýlinu háttað við áframhaldandi dreifingu sjálfvirka kerfisins?"

Um símaþjónustuna í strjálbýlinu spunnust talsverðar umr. s. l. þriðjudag, en þó var lítt komið inn á þann þátt málsins sem ég hef sér-

staklega haft í huga. Menn deildu þá eins og svo oft áður um það, hve langt bæri að ganga í því að jafna kostnað við langlínusamtöl. Sumum sýndist að sanngjarnt væri að sama gjald væri greitt hvort sem menn hringdu frá Reykjavík til Seyðisfjarðar eða til Hveragerðis, og sumir ganga jafnvel svo langt að telja eðlilegt að gjaldið yrði eitt og hið sama hvort sem hringt væri milli húsa eða þvert yfir landið. Vera má að við íslendingar verðum einhvern tíma svo efnaðir að þessi sjónarmið nái fram að ganga. En þótt ég sé þm. strjálbýliskjördæmis og leitist að sjálfsögðu við að gæta hagsmuna þess kemur mér ekki til hugar að í nánustu framtíð verði unnt að koma slíkum jöfnuði við né að það væri þjóðhagslega æskilegt, jafnmörg verkefni og úrlausnar biða og jafnerfiður og fjárhagurinn er.

Auðvitað segir sig sjálft, að það mundi kosta gífurlega fjármuni að efla svo símakerfið að menn gætu með því að greiða eitt skref, sem svo er nefnt, hringt hvert á land sem er og talað ótakmarkaðan tíma. Álag á Landssímann mundi margfaldast og allt fara úr böndum.

Sannast sagna finnst mér heldur hvimleiðar deilur sem einstakir hv. þm. alltaf öðru hverju halda hér uppi, þar sem einstrengingslegustu sjónarmið rekast á. Annars vegar er því haldið fram, að allt sé í dýrðinni í Reykjavík og reykvíkingar geti risið undir þessum byrðum eða hinum, og svo á hinn bóginn, að reykvíkingar séu einhver kúgaður minni hl. á þingi og umboðsmenn strjálbýlis leitist við að troða af þeim skóinn. Mér finnst satt að segja þeir þm., sem þannig tala sí og æ, síst bæta hag þeirra sem þeir eiga að vera umbjóðendur fyrir, heldur miklu fremur skaða hann. Við erum, sem betur fer, ein og óaðskiljanleg þjóð og eigum að taka heilbrigt tillit hver til annars, hvar sem menn eru búsettir. Og ég get sagt það eins og það er, að það hefur aldrei komið fyrir að ég hafi getað komið fram neinu hagsmunamáli fyrir mitt kjördæmi með því að reyna í leiðinni að klekkja á reykvíkingum, enda hef ég til þess enga löngun. Satt best að segja gengur stundum betur að fá þm. Reykjavíkur til stuðnings við margháttuð hagsmunamál úti um land en suma sem horfa aðeins á næsta nágrenni sitt. En nóg um þetta.

Eins og menn vita hefur sjálfvirk símaþjónusta hafið innreið sína í sveitum landsins, en því miður virðist enn ekki hafa verið ákveðið hvernig þeirri þjónustu verði hagað, fyrst og fremst að því er gjaldtöku varðar. Þannig hefur það t. d. gerst í Skagafirði að einn hreppur, Staðarhreppur, hefur verið klofinn í sundur og menn geta ekki lengur hringt milli bæja án þess að um langlínusímtöl sé að ræða. Hið sama hefur gerst í Hrútafirði. Það fólk, sem fyrir þessu hefur orðið, unir því að vonum illa og þess vegna tek ég málið hér upp. Ég vil vekja athygli á því, að bæði íbúar Staðarhrepps í Skagafirði og Staðarhrepps í Vestur-Húnavatnssýslu hafa sent póst- og símamálastjórn áskorun um að breyta þessu, en ég skal ekki víkja frekar að því vegna stutts tíma.

Hvað sem ágreiningi um gjaldtöku vegna langlínusamtala kann að líða vona ég að menn geti verið um það sammála, að óviðunandi sé að hreppar séu klofnir í sundur með þessum hætti og fólk geti ekki talað á milli næstu bæja, alveg eins og það getur talað á milli húsa í Reykjavík fyrir eitt skref svonefnt. Við þetta fyrirkomulag verður með engu móti unað og þess vegna er nauðsynlegt að skipuleggja þessi mál frá upphafi þannig að sanngjarnt og eðlilegt sé.

Ég vil leyfa mér að gera það að till. minni, að í meginatriðum verði símaþjónustunni þannig háttað að menn geti talað innan hvers héraðs um sig án þess að um langlínusamtöl sé að ræða, alveg á sama hátt og menn geta í Stór-Reykjavík hringt hvert sem er fyrir eitt skref. Sumir hafa bent á að eðlilegt væri að menn gætu, án þess að um langlínusamtöl væri að ræða, talað innan hvers núverandi símasvæðis, en ég geri ekki kröfu um að svo langt verði gengið í fyrsta áfanga. Mér finnst eðlilegt að menn greiði eitthvað hærra fyrir að hringja á milli héraða en þeir þurfa að greiða innanbæjar eða innan eigin héraðs, þótt síðar verði sjálfsagt um meiri jöfnun símgjalda að ræða eftir því sem okkur vex fiskur um hrygg.

Ég skal ekki fjölyrða um þetta atriði. Ég tel að hér sé um svo augljóst réttlætismál að ræða, að því er hreppana varðar innbyrðis a. m. k., að útilokað sé annað en að úr verði bætt og það hið bráðasta. Vænti ég þess, að hæstv. samgrh. sé mér sammála í þessu efni og þess vegna verði sú stefna mörkuð í símamálum sem ég hér hef bent á eða eitthvað í þá áttina.

„2. Hvenær verður neyðarþjónustu síma komið á í Skagafirði?“

Eftir að fyrirspurn þessi kom fram hefur ötullega verið unnið að því að koma upp neyðarþjónustu fyrir síma í Skagafirði og er hún þegar komin til framkvæmda, þannig að símstöðin er nú opin allan sólarhringinn. Ég leyfi mér að þakka hæstv. samgrh. sérstaklega fyrir forustu í því efni, enda var þar um brýna nauðsyn að ræða.

„3. Hvenær má gera ráð fyrir stækkun sjálfvirku stöðvanna á Siglufirði og Sauðárkróki?“

Bæði á Siglufirði og Sauðárkróki eru sjálfvirku stöðvarnar fyrir allnokkru fullnýttar og langur biðlisti eftir símum. Mér er fullljóst að við erfiðleika er að kljást í efnahags- og fjármálum og víðar er þörf á þessu sviði en á þeim tveimur stöðum sem ég nefndi. Engu að síður væri æskilegt að unnt reyndist að gefa upplýsingar um það, hvenær úrbóta megi vænta, því að vissulega bíður fólkið eftir að fá úr því skorið.

„4. Hvenær má vænta úrbóta hlustunarskilyrða útvarps í Skagafirði?“

Í Skagafirði eru hlustunarskilyrði útvarps oft afleit. Skilyrðin til að hlusta á langbylgju er mjög slæm, en sett hefur verið upp svonefnd FM-þjónusta, sem er á fjölsíma annaðhvort á milli Akureyrar og Varmahlíðar eða Reykjavíkur og Varmahlíðar. En á þessari þjónustu er því miður tvíþættur ágalli. Bæði er um að ræða truflanir á línusendingunni sjálfri og eins er þess að geta, að ekki er um að ræða fullt hljómsvið. Að vonum una skagfirðingar þessu illa og þess vegna er að því spurt, hvenær úrbóta megi vænta.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 296 er fsp. frá hv. 4. þm. Norðurl. v. sem ég mun nú svara.

Út af fyrsta atriðinu vil ég segja það, að það verður leitast við að koma sjálfvirkri símaþjónustu út í strjálbýlið eftir því sem fjárhagur stofnunarinnar leyfir. Ég vil til viðbótar þessu segja það, að ég lét það koma fram í því, sem ég sagði hér í umr. um daginn um hliðstætt mál, að ég teldi að ekki mætti ganga það langt í að jafna kostnað að menn gleymdu þeim sem eftir væru að fá bót á sínu símakerfi, og ég tel það jafnbrýnt og ekki síður en að jafna kostnaðinn, þó að það þurfi að gera. Ég mun því hafa það hugfast að reyna að vinna að framkvæmd á sviði þessara mála eins og nokkur kostur er fjárhagsins vegna, en því miður verður að fara þar hægar en ég hefði kosið.

Í öðru lagi út af því, sem hv. þm. spurði um stöðvarnar í Hrútafirði og Skagafirði, þar sem innansveitar er um að ræða tengingu við sitt hvora stöðina, vil ég geta þess, að fyrir jól í vetur ræddi hv. 3. þm. Norðurl. v. þetta mál við mig út af hrútfirðingum og ég ræddi við póst- og símamálastjóra um að gera þar bætur á, en frá tæknilegu sjónarmiði voru talin ýmis vandkvæði á að breyta þessu á milli stöðva eins og þarna væri um að ræða. Hins vegar er nú verið að vinna að því að finna skynsamlega leið til þess að leysa þetta. Og þá vil ég endurtaka það, sem ég tók einnig fram um daginn, að ég taldi að það bæri þó fyrst að reyna að jafna inni í sveðunum sjálfum, það væri fyrsta atriðið, og í annarri röð kæmi svo að jafna á milli svæða og þá náttúrlega fyrst og fremst þar sem um er að ræða, eins og í þessum tilfellum, að það er innansveitar sem þar er verið að fást við.

Út af því, sem spurt er um í 2. lið þessarar fsp., um neyðarþjónustuna, þá er hún komin nú bæði á Sauðárkróki og Húsavík. Verið er að koma henni í framkvæmd á Patreksfirði og Kirkjubæjarklaustri, og ef hún er ekki komin á Patreksfirði verður það alveg næstu daga, og ég vona að einnig verði stutt í það með Kirkjubæjarklaustur. Þetta varð að minni hyggju lengur á leiðinni en ég hafði til ætlast. En nú er þetta þó komið og verður haldið áfram að taka fyrir viss svæði með þessum hætti. Minnir mig að Blönduós sé ein af þeim stöðvum sem eigi að taka næst, það átti að taka aðrar fjórar með tilliti til þess sem póst- og símamálastjórnin taldi heppilegast og eðlilegast að gera í þessu sambandi.

Út af sjálfvirku stöðvunum og stækkun þeirra á Sauðárkróki og Siglufirði er það að segja, að fjárhagsins vegna hefur ekki verið gengið frá pöntun á efni enn þá í þessar stöðvar. Eru um 20 stöðvar sem þarf að stækka hliðstætt og þessar. Það er nú verið að gera áætlun um fjárhag símans og greiðslugetu á yfirstandandi ári og verða í sambandi við það teknar ákvarðanir um þær stöðvar sem hægt verður að stækka, en því miður er mjög lítið fé til þeirra hluta á þeim fjárlögum sem nú gilda. En það er ábyggilegt, að öllum er ljóst að þessu þarf að halda áfram og að því verður unnið.

Út af 4. lið fsp., um hlustunarskilyrði útvarps í Sakagfirði, þá er því til að svara að þetta er ekki mál símans. Ríkisútvarpið er stofnun sem heyrir undir menntmrh., og enda þótt Landssíminn hafi tekið að sér framkvæmdir fyrir Ríkisútvarpið er aðeins um eins konar verktakastarfsemi að ræða, en ákvarðanir um hvað gera eigi og hvenær eru á valdi verkkaupans og hljóta m. a. að velta á því hvenær Ríkisútvarpið telur sér fjárhagslega kleift að ráðast í þær endurbætur. Það er ekkert á valdi Landssímans nema að framkvæma það, sem beðið er um, og innheimta þegar búið er að vinna verkið, sem hefur gengið, eins og innheimta gerist almennt, með ýmsum hætti, en hefur þó skilað sér.

Þá held ég að ég hafi svarað þessum spurningum.

Fyrirspyrjandi (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hæstv. samgrh. fyrir svör þau sem hann hefur gefið.

Ég var að vísu ekki alveg fyllilega ánægður með svörin varðandi símaþjónustuna í Staðarhreppi í Hrútafirði annars vegar og Staðarhreppi í Skagafirði hins vegar. Ég held að það sé svo augljóst mál, að það sé ekki hægt að hafa langlínusamtöl á milli bæja innan hreppa, að því máli verði að kippa í liðinn. Ef ekki er hægt að hafa tengingar beint í gegnum stöðvar, og ég er enginn kunnáttumaður á því sviði, eða tæknimaður að neinu leyti, þá hlýtur þó að vera hægt að hafa gjaldtökuna með þeim hætti að menn borgi ekki langlínusamtöl á milli næstu bæja innan sama hrepps. Ég vona, að þessu máli verði kippt í lið, og treysti því raunar og veit að það hlýtur að verða, vegna þess að þetta er svo fullkomið ranglætismál að það getur enginn maður stutt það, hvorki sá sem í dreifbýli né hinn sem í þéttbýli býr. Það veit ég að allir eru sammála um, jafnt reykvíkingar og sveitamenn, að þeir vilji, jafnvel þótt einhver kostnaður sé því samfara, kippa slíku óréttlæti í liðinn.

Að því er varðar svar við síðustu fyrirspurninni, um útvarpssendingarnar, þá er það að vísu laukrétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að síminn sér aðeins um framkvæmd þessara mála. Ég taldi engu að síður rétt að hafa þá fyrirspurn með hinum þremur til þess að ýta á það mál, vegna þess að það er auðvitað óviðunandi að nú á öld sjónvarps skuli ekki einu sinni vera hægt sæmilega að ná í útvarp í einu byggðarlagi. Ég veit raunar að hæstv. samgrh. mun koma því á framfæri við kollega sinn í ríkisstj., að þarna sé úrbóta þörf.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það er talsvert talað um símamál hér á hv. Alþ. og er út af fyrir sig eðlilegt. Ástæðan til þess, að ég kem hér upp núna, er sú, að hér hefur verið minnst á neyðarþjónustu sem búið væri að koma á í Skagafirði. Það er mjög gott að það er byrjað á því. En í gær var hringt til mín frá Hvolsvelli og mér tjáð að þar hefði verið neyðarþjónusta, eins og ég raunar vissi, en nú liti út fyrir að henni yrði hætt. Hrepparnir í kringum Hvolsvöll hafa sjálfir greitt hluta af kostnaðinum við að halda þessari þjónustu uppi. Ég

ræddi við póst- og símamálastjóra í gær og sagði honum þessi tíðindi og bað um að þessu yrði bjargað. Ja, fjárráð okkar eru nú ekki góð, sagði póst- og símamálastjóri. Það er sama sagan, fjárráðin eru ekki góð. Ég vil eigi að síður láta hæstv. samgrh. vita um þetta og treysti honum til að kippa þessu í lag, að ekki verði stigið spor aftur á bak og neyðarþjónustan tekin af þeim sem áður hafa haft hana.

Það er talað um fjárskort og það er mikið ógert í símamálum. Eigi að síður hefur mikið áunnist á undanförnum árum. 1960 var gerð áætlun um sjálfvirkar símstöðvar víðs vegar um landið og einnig línulagnir. Þá var gerð áætlun um að 1970 skyldu vera hér 50 sjálfvirkar stöðvar og einnig skyldi unnið að stækkun á hinum eldri stöðvum. Árið 1971 voru 52 sjálfvirkar stöðvar. Áætlunin frá 1960 var endurskoðuð 1965, og þá var gert ráð fyrir að sjálfvirkar stöðvar yrðu 67 á árunum 1974—1975. Hefur verið unnið að uppsetningu sjálfvirkra stöðva og líklega er hér um bil búið að ná þessari áætlun. En í áætlun 1960—1965 hefur annar þátturinn dregist aftur úr. Það eru línurnar, lagfæringar á þeim og fjölgun talrása milli byggðarlaga og innan þeirra, og það er þess vegna sem símasambandið er svo slæmt víðs vegar um landið. En fjárskorturinn háir þessari stofnun nú ekki síður en áður og líklega fremur en áður, því að í síðasta blaði Landssímans er sagt að síðan 1971 hafi fjárhagur stofnunarinnar verið sérstaklega slæmur, og það er vegna þess að í árslok 1971 var ákveðið að taka söluskatt af Landssímanum.

Nú er fimmta hver króna af gjöldum Landssímans söluskattur sem verður að skila í ríkissjóð. Talsímagjöldin eru há og stjórnvöld hafa ekki treyst sér til að leyfa frekari hækkun. Ef söluskatturinn væri ekki, þá væri fjárhagur Landssímans allt annar en hann nú er. Á s. l. ári greiddi Landssíminn 600 millj. kr. í söluskatt til ríkissjóðs. Með óbreyttum gjöldum eins og þau nú eru án söluskatts væri fjárhagur Landssímans rúmur og þá hefði verið hægt að halda áfram fyrri áætlunum og bæta þjónustuna og samræma gjöldin.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af því, sem hv. 4. þm. Norðurl. v. sagði, vil ég ekki, fyrst ekki er komin endanleg lausn á málinu, kveða fastar að orði um lagfæringuna á þjónustugjöldunum í þessum tveimur hreppum sem um er að ræða. En ég tel víst að það sé ekki langt undan, þó að ég segði ekki meira, enda á það að skila sér jafnt fyrir það þó að ég gæfi ekki of mikil fyrirheit.

Út af því, sem hv. 1. þm. Suðurl. sagði um neyðarþjónustuna á Hvolsvelli, vil ég segja það, að Hvolsvöllur var einmitt einn af þeim stöðum sem áttu að koma næst í þessum fjögurra flokka stöðum sem átti að taka nú næstu árin, og ástæðan til þess, að hann var ekki í fyrra, var einmitt sú neyðarþjónusta sem þar var haldið uppi. Hitt held ég að mér sé alveg óhætt að fullyrða, að það verður séð um að hún falli ekki niður.

Það verður að segjast eins og er, að enda þótt mönnum finnist dreifing á sjálfvirka kerfinu hjá Landssímanum gangi ekki nógu hratt, þá hefur hún þó gengið með undraverðum hraða. Landssíminn hefur skilað sínum verkum með miklum myndarskap og dugnaði, og hann er ein af þessum fáu ríkisstofnunum sem bera alveg uppi kostnaðinn af dreifingunni. Hann gerði það ekki fyrir einum 16—17 árum, þá var honum lagt fé úr ríkissjóði, en síðan hefur hann gert það og meira að segja skilað til ríkissjóðs öllum söttum, eins og um einkafyrirtæki væri að ræða, og þar á meðal söluskatti.

Ég verð að segja það eins og er, að þó að ég vildi hag Landssímans sem allra best, þá mundi ég samt ekki treysta mér til að gera till. um að fella niður söluskattinn og minnka þannig tekjur ríkissjóðs, nema þá að þar kæmi eitthvað annað á móti. Hins vegar held ég að það sé líka hægt að segja það með sanni, eins og ég tók fram síðast, að símaþjónustugjöldin eru tiltölulega lág hér og þau hafa hækkað miklu minna en önnur þjónustugjöld og kaupgjald í landinu. Þess vegna er ekki undarlegt þó að síminn þurfi að huga að sínum fjármálum eins og aðrir aðilar. Það er hægt að breyta því með því að hækka þessi gjöld, en það hefur áhrif, eins og kunnugt er, og frá mínum bæjardyrum séð er ekki hægt að komast hjá því til þess að halda þessari starfsemi sæmilega vel áfram. En ég endurtek það, að símaþjónustan í landinu hefur verið byggð upp af miklum myndarskap og hún er sér í flokki með það, að hér er um að ræða starfrækslu sem almenn er á borð við hvert annað fyrirtæki og verður að greiða skatta og skyldur eins og einkaaðili í þessum efnum.

Gunnlaugur Finnsson: Herra forseti. Af því að hér hefur komið á dagskrá neyðarþjónusta vil ég aðeins minnast á það, að í fyrra var samþykkt hér á Alþ. þáltill. varðandi neyðarþjónustu Landssímans. Það, sem síðan hefur gerst, hefur einkum beinst að því að auka neyðarþjónustuna með því að taka upp sólarhringsvaktir á nokkrum símstöðvum.

Ég vil hins vegar vekja athygli á því, að í umr. um þetta mál í fyrra var bent á fleiri leiðir sem ég tel vera mjög virkar og kosta tiltölulega minna, því að neyðarvaktir á landssímastöðvum víða um land eru býsna dýrar í framkvæmd. Þá er ég með í huga þær byggðir, sem hafa ekki bein tengsl við hinar stærri landssímastöðvar. Þess vegna verði gerð athugun á því, hvernig þetta skipulag yrði á annan hátt en hér um ræðir, þ. e. a. s. að landið verði skoðað í heild, í sveitum verði gerðar ráðstafanir til þess, að þar verði tengdur sjálfvirkur sími sem hægt er að hringja úr á staði aðra en símstöðvar, þar sem hvort sem er eru sólarhringsvaktir, og þá á ég við sjúkrahús og heilsugæslustöðvar. Ég tel að með þessu móti væri hægt að ná verulegum árangri í neyðarþjónustunni. Við skulum segja sem svo, að fyrir hverja 5—10 bæi væri einn sími eða á einum bæ væri sími sem er sjálfvirkur, það kostaði eina línu í sjálfvirka kerfið og þar með væri hægt að hringja eiginlega hvert á land sem er og þá fyrst og fremst að sjálfsögðu í

næstu heilsugæslustöð eða næsta sjúkrahús. Mér er ekki kunnugt um að það hafi verið gerð sérstök athugun á þessu, en ég vildi vekja athygli á því að hér er leið sem ég tel vera tiltölulega ódýra í framkvæmd, en geta leyst þetta mál mjög mikið.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða hér efnisatriði þess máls sem til umr. er. Það, sem varð þess valdandi að ég kvaddi mér hljóðs, var inngangur að ræðu hv. 4. þm. Norðurl. v. þar sem hann lét að því liggja að sú harða afstaða þingmanna dreifbýlisins, sem hann vildi telja til þess að jöfnuð yrðu metin á þessu sviði svo sem öðrum í sambandi við þann ójöfnuð sem ríkt hefur, þessi harka spillti fyrir því að árangur yrði af þessu starfi.

Ég vil fyrir mitt leyti a. m. k. mótmæla þessu harðlega. Hitt má segja, að það má kannske frekar búast við því, að ef dreifbýlisfólk léti eftir sem áður traðka á sér í þessum efnum, hefðist ekkert að, sæti þegjandi, þá kæmi ekki þessi mótleikur frá þéttbýlissvæðunum. En þeir virðast koma upp æðivíða nú með beinum eða óbeinum hætti, málsvarar þessa ójafnaðar í sambandi við þetta mál og mörg önnur að því er varðar mismun milli dreifbýlis og þéttbýlis.

Mér finnst þó að þessi liðsmaður, óbeini, komi úr hörðustu átt. En skiljanlegt er það kannske, vegna þess að hann er þm. dreifbýlis, en búsettur á þéttbýli, þannig að hann er e. t. v. einn af þeim sem í hvorugan fótinn geta stigið, væflast sitt á hvað, vill vera góður við alla. Þetta er kannske skiljanlegt. En ég held nú samt að fulltrúar dreifbýlisins hér á hv. Alþ. verði að taka af skarið í þessum efnum, verði að vita hvað þeir vilja og hvað þeir vilja áorka fyrir sína umbjóðendur. Í þessu tilviki vænti ég þess fastlega að hv. 4. þm. Norðurl. v. skipi sér í hóp okkar hinna, þessara sem kallaðir eru harðir dreifbýlisþm., og láti af þeim úrtölum sem hann flutti áðan í þeim efnum, að geta verið góður við alla. Það verður að taka afstöðu, og ég vænti þess að hann verði okkar megin þegar sú afstaða kemur.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Af þeim umr., sem hér hafa farið fram bæði nú og fyrir nokkrum dögum, skyldi maður halda að allt væri í hinu besta lagi þegar hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu.

Mér fannst rétt að láta aðeins heyra í mér sem búanda í Reykjaneskjördæmi og finnst ég hafa þá sögu að segja, að fleiri gætu kvartað en þeir sem búa úti í hinum dreifðu byggðum. Það er nú þannig hjá okkur, sem búum í norðaustur frá höfuðstöðvunum, í Mosfellssveitinni, svona 10 km í norðaustur frá höfuðstöðvunum, að við verðum að borga 20 sinnum meira gjald fyrir hálftíma símtal, skulum við segja, heldur en þeir sem búa 10 km í suðvestur frá höfuðstöðvunum. Látum þetta nú vera. Það er ekki öll sagan sögð með því. Í okkar símtölum heyrast oft um miðjan daginn, þegar mest er að gera, sérkennileg hljóð og þessi hljóð eru mjög lík vissri elektróniskri tónlist sem við heyrum oft í útvarpinu, ýmist ískur eða öskur, og eru mjög óþægileg og áberandi. Á meðan þetta stendur yfir er vonlaust að ná sambandi. Þetta getur staðið mjög lengi. Gárungarnir í sveitinni okkar segja að ef það kviknaði í um miðjan dag uppi í Mosfellssveit, þá væri besta ráðið til að ná til okkar slökkviliðs, sem er slökkvilið Reykjavíkur, að hringja til Akureyrar og biðja um að ná sambandi fyrir okkur, því að það virðist vera greiðara að hringja áfram í norðaustur.

Þetta er okkar saga af þessu. Það er sem sagt eitt hörmungarástand og byggist vafalaust á tvennu:

Í fyrsta lagi eru þessar sveitir hér í nágrenni Reykjavíkur eitt atvinnusvæði, Reykjavík og nágrannasveitirnar. Þess vegna eru símtölin svo miklu fleiri en maður skyldi halda og gera það að verkum að línurnar eru allt of fáar.

Í öðru lagi eru einhverjir óskapa vankantar á stillingum. Segja sumir að þeir hjá símanum séu ekki búnir að læra á þau nýju tæki sem þeir eru búnir að fá og takist ekki enn þá að stilla þau sem skyldi. Eitt er víst, að það kemur alloft fyrir þegar að símnotandi A hringir, að þá er það síminn hjá B sem telur skrefin. Þetta er ekki bundið við okkar svæði, heldur mun þetta vera víðar, en getur komið sér mjög illa. Ég gæti haldið lengur svona áfram. En það er ekki eingöngu úti í dreifbýlinu sem ýmislegt getur verið að, þó að við látum ekki eins oft í okkur heyra og þeir sem þar eru.

En eitt vil ég þó segja um það sem kom hér fram fyrir nokkrum dögum. Það var varðandi þá annmarka landsmanna að ná til höfuðborgarinnar og þeirrar þjónustu sem hún hefur að bjóða. Því verður ekki neitað að það getur verið mjög erfitt og dýrt. Mér datt þess vegna í hug hvort ekki mætti til bráðabirgða, meðan beðið er eftir jöfnun á símgjöldum sem mér finnst vera sjálfsagt að stuðla að, hvort það væri ekki leið að viss númer, við skulum segja númerin hjá aðalþjónustustofnunum ríkisins, væru jafndýr fyrir alla landsmenn, þ. e. a. s. að frá Akureyri væri hægt að hringja í 25000, í stjórnarráðið, ekki í sjálfvirka símanum, heldur gegnum símstöðina, og það kostaði aldrei nema eitt skref, hvort sem það er á Austurlandi, Norðurlandi eða hér í nágrenninu. Þetta væri auðvelt að gera, hvort sem það er Vegagerð ríkisins, Húsnæðismálastofnun ríkisins, eða stjórnarráðið. Á þennan hátt mætti aðeins bæta ástandið frá því sem nú er.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég mun nú í upphafi taka aðallega undir það sem hv. þm. Karvel Pálmason gerði fyrst og fremst að umræðuefni og tilgreindi sem ástæðuna fyrir því að hann sté upp í þennan stól. Ég skil ekki þessa samúð, þessa meðaumkun með Landssíma Íslands í sambandi við fram komnar hugmyndir um jöfnun á símgjöldum á Íslandi, þetta muni leiða til óhæfilegs álags á veslings Landssímann eða jafnvel upplausnar. Ég hef samúð með fólkinu sem þarf að borga margföld gjöld fyrir afnot af þessu bráðnauðsynlega tæki, situr ekki við sama borð og helmingur landsmanna í þessu tilviki og þarf þó mest á þessu tæki að halda.

Ég vil vekja athygli á vandamáli sem hv. 1. þm. Suðurl. gerði hér að umtalsefni, þar sem

er skortur á línum í sambandi við sjálfvirka kerfið sem komið hefur verið upp. Sannleikurinn er sá, að þetta sjálfvirka símstöðvakerfi, sem hv. þm. var að vissu leyti að hrósa sér af, ég get vel skilið það, það hefur ekki leitt til úrbóta, það hefur ekki verið framför í símamálum landsins. Það hefur vegna skorts á línum beinlínis leitt til afturfarar. Og af því að rætt var hér um öryggiskerfið, um öryggisþjónustu Landssímans, þá ber þess að geta í þessu sambandi, að þess eru dæmi að einmitt þar sem komnar eru sjálfvirkar stöðvar hefur verið eyðilagt eitt helsta og besta öryggiskerfi landsins, þar sem var sá möguleiki að hringja í alla síma samtímis á þjónustusvæði og kalla menn til hjálpar í neyð. Nú er svo komið á ýmsum stöðum, þar sem sjálfvirka kerfið er komið upp, að ef svo vill til að 3—4 menn á þessu þjónustusvæði þurfa að tala í síma samtímis, þá er ekki, þó að menn eigi lífið að leysa, hægt að ná sambandi, þá eru allar línur uppteknar.

Með þessum hætti hefur sjálfvirka kerfið, sem sóst hefur verið eftir, orðið beinlínis til bölvunar. Og ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. samgmrh. hvort ekki hafi verið tekinn til athugunar möguleikinn á því að samstilla þetta átak, þannig að sjálfvirkar stöðvar komi ekki fyrr en línurnar, þannig að símasamband versni ekki stórlega við tilkomu sjálfvirku stöðvanna.

Fyrirspyrjandi (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Þegar ég áðan vék örfáum orðum að því, að ég teldi óæskilegt að verið væri að ala á úlfúð á milli reykvíkinga annars vegar og dreifbýlisbúa hins vegar og að þeir, sem það gerðu, sköðuðu venjulega málstað þeirra sem þeir ætluðu að vinna fyrir, þá nefndi ég ekki hv. 5. þm. Vestf. á nafn. Hitt kann að vera, að það hafi verið fyllsta ástæða til þess að einmitt hann bæri blak af þessum málflutningi. Ég tel hann ekki vera til sóma og ekki heldur til gagns fyrir dreifbýlið — og endurtek það.

Ég vona að þessi hv. þm. skilji það fyrr en síðar, að það er ekki til góðs að reyna að æsa reykvíkinga upp á móti landsbyggðinni með, — ja, mér liggur við að segja, ef ég verð ekki víttur úr forsetastól, með kjafthætti. Það er ekki til góðs að vera sífellt að klifa á því, að reykvíkingar eigi að gera þetta og eigi að gera hitt. Þegar ég hef þurft að sækja hagsmunamál míns kjördæmis undir reykvíkinga hafa þeir undantekningarlaust tekið því vel. Við skulum gæta þess, að allir þm. Reykv. samþykktu að 2% af heildarupphæð fjárlaga rynni í Byggðasjóð. Við skulum ekki halda þannig á málum, að fólkið hér snúist gegn þessari stefnu sem það stóð með okkur að því að marka.

Ég talaði ekki um hörku þm., ég er ekkert á móti því að menn séu harðir, ég talaði um einstrengingshátt. En úr því að ég nefndi hörku, þá hygg ég að rétt væri fyrir bæði þennan þm. og suma aðra að hugleiða það, að hörkunni mega gjarnan fylgja svolítil hyggindi. Og að lokum að því er varðar hv. síðasta ræðumann, ég öfunda 5. þm. Vestf. ekkert af því að hann skyldi taka undir með honum.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Símamálin virðast vera kærkomið umræðuefni hér á hv. Alþingi og ég gerði ekki ráð fyrir svo almennum umr. sem raun hefur orðið á.

Út af því, sem hv. 4. þm. Vestf. sagði áðan um símaþjónustuna og tengingu við sjúkrahús og annað því um líkt, þá vil ég taka það fram að einmitt staðirnir, sem nú eru að fá næturvörsluna, eru staðir sem áður höfðu slíkar tengingar og töldu þær alls ekki vera það æskilega eða heppilega til að bæta úr þessu. Það vill svo til að nú er verið að athuga í sérstakri sveit í kjördæmi þessa hv. þm. um tengingu við kauptún úr einu sveitarfélagi og á því eru taldir einhverjir vankantar, en ég vona samt að úr þessu verði hægt að bæta. En ég efast ekki um að það muni ekki vera talið fullnægjandi nema skamma stund. Enn fremur var það svo á s.l. ári, að því miður var ekki hægt að gera eins mikið í símamálunum og til var ætlast vegna þess að kostnaðurinn reyndist meiri en reiknað hafði verið með þegar teknanna var aflað.

Út af því, sem hv. 2. þm. Reykn. sagði, þá er þetta sönn saga og ég hef heyrt af henni látið. Hitt finnst mér nú, að það sé ekki neitt óskiljanlegt, þegar byggist svo ört upp eins og hefur byggst upp í Mosfellssveit nú á tveim árum, þó að símakerfið sé ekki komið í það lag sem þarf að vera. En unnið er nú að því að bæta þar úr, og vona ég að fyrr en seinna þurfi ekki A að greiða fyrir B, heldur greiði bara A fyrir A og B fyrir B. En þessu er blandað saman stundum þegar við á, A og B o. s. frv., og það hefur getað verið eitthvað þess háttar þarna á ferðinni.

Hv. þm. 5. þm. Norðurl. e. talaði um meðaumkun með Landssímanum. Nú verð ég að segja það alveg eins og er, að ég er afskaplega lélegur í allri tæknifræði og ég kann ekki skil á því að hafa meðaumkun með Landssímanum. Ég hélt það væri meðaumkun með þeim sem þyrftu að greiða notendagjöldin sem væri um að ræða, ef menn ætla að hafa meðaumkun, því að það verður hvorki hjá Landssímanum né annars staðar neitt framkvæmt án fjármagns. Og spurningin er ekki um annað en það, hvað það fjármagn á að vera mikið sem á að taka fyrir þessa notkun til þess að hægt sé að koma kerfinu á.

Það, að sjálfvirka kerfið hafi ekki bætt úr símaþjónustunni í landinu, kannast ég ekki við. Hitt getur rétt verið, að fyrst eftir að það hafi verið komið hafi ekki verið nægar línur, en úr því hefur þá verið fljótlega bætt með einum eða öðrum hætti og hefur fyrst og fremst verið reynt að gera það á sviði tækninnar.

Það að hringja á alla bæi í sveitinni samtímis, þekki ég frá því að ég var stöðvarstjóri í sveit. Hlustendunum þótti þjónustan þá ekki góð, þegar kannske voru komnir 10 eða 12 hlustendur á eina línu. En það var hægt í vissum tilfellum að nota þessa leið, en það sviði mundu nú fáir kjósa að fara og í einu eða tveimur tilfellum á langri ævi væri hægt að hugsa sér að það kæmi að notum. Svo held

ég að ef sjálfvirka kerfið ætti að fara að verða þannig, þá væri erfitt fyrir A, B og C og alla að tala samtímis, því að þá vissu þeir ekki við hverja þeir væru að tala.

Það, sem máli skiptir og ég heyri á því sem fram hefur komið hjá hv. þm., er að þeir vilja meiri hraða í útbreiðslu Landssímans og þar með um leið hærri taxta á símaþjónustunni, því að án þess verður þessu ekki komið í verk. Og það þykir mér gott að heyra, því að það get ég haft að leiðarljósi.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Mér virðist að þau tiltölulega meinlausu orð, sem ég lét hér falla áðan, hafi orðið til þess að hv. 4. þm. Norðurl. v. hefur tekið afstöðu í málinu. Ég fagna því út af fyrir sig að vita hvar ég hef menn. Það er alltaf betra að vita um það, hvort maður hefur menn á móti sér eða með. En ég held samt að hann hefði ekki þurft að láta sér mislíka svo meinlaus orð eins og þarna var um að ræða, að hann þyrfti að gera svo mikið úr því sem hann gerði áðan.

Hann talaði um að við værum að vekja úlfúð milli annars vegar dreifbýlis og hins vegar þéttbýlis. Er það í raun og veru skoðun þessa hv. þm. dreifbýliskjördæmis sem ekki er vel sett í þessum efnum, að það þurfi að vekja úlfúð þó að farið sé fram á að jafnaður sé munurinn sem er í þessum efnum milli dreifbýliskjördæmis og þéttbýliskjördæmis, sem er allt upp í tuttugufaldur? Er það til þess að vekja úlfúð? Er það til þess að fá í þessu tilviki Reykjavík eða Reykjavíkurhringinn upp á móti sanngjörnum óskum þess fólks sem býr úti á landsbyggðinni? Ég held að það komi ekki til mála. Ég held að reykvíkingar séu ekki þeirrar skoðunar almennt að þetta sé til þess að vekja úlfúð. Það eru einstaka broddar í þjóðfélaginu sem láta í veðri vaka að með því að krefjast meira jafnréttis í þessum efnum en verið hefur sé verið að vekja úlfúð og stefna landsbyggðinni gegn Reykjavík. En þetta er ekki svo. Þetta er einvörðungu gert til þess að láta fólk halda þetta úti á landsbyggðinni, fá það til að þegja. Og ég harma það, að hv. þm. 4. þm. Norðurl. v. skyldi falla í þessa gryfju, vera tvístigandi fyrst, en taka svo afstöðu með broddunum sem vilja kveða þessar sanngirnisraddir niður.

Páll Pétursson: Herra forseti. Það er náttúrlega gott að taka sér stund í það aftur að rabba um símann, úr því að við höfum ekki nóg til að tala um, við þurfum ekki að eyða honum í að tala um landhelgismál eða um vinnudeilur, hvað þá efnahagsmálin á breiðum grundvelli.

Ég vil hins vegar láta það í ljós, að ég er engan veginn sammála fyrirspyrjanda um að það sé þjóðhagslega óæskilegt að jafna símgjöldin. Mér finnst að það sé þjóðhagslega æskilegt markmið. Hitt er annað mál, að við verðum náttúrlega að taka tillit til kringumstæðna, hvað mikið fjármagn við höfum tiltækt á hverjum tíma til þess að stefna að þessu markmiði. En að því markmiði tel ég að við verðum að stefna. Og ég er þeirrar skoðunar, að það sé þjóðhagslega óæskilegt og það sé mjög óeðlilegt að dreifbýlið sé látið greiða niður símann í Reykjavík, og þarf ekki að koma til nein hreppapólitík eða togstreita milli dreifbýlis og þéttbýlis. Þetta er kannske ekki reykvíkingum að kenna, þetta er vegna þess að Reykjavíkursíminn er í vísitölunni, símakostnaður fjölskyldu í Reykjavík, hann er í vísitölunni, en ekki símakostnaður fjölskyldu sem býr úti á landi. Þess vegna gætir þeirrar tilhneigingar að halda niðri símakostnaðinum hér í Reykjavík.

Einstakir ræðumenn hafa drepið hér á mörg athyglisverð atriði. Stefán Jónsson og Ingólfur Jónsson, hv. þm., deildu um, hvort að nýskipan símamála hefði tekist svo vel sem vonir stóðu til. Vissulega hafa annmarkar fylgt henni og vaktin hefur verið lögð niður á mörgum símstöðvum og afgreiðslutími handvirkrar afgreiðslu hefur verið styttur, jafnframt því að sjálfvirki síminn hefur tekið til starfa á einhverjum hluta af því kerfi. Ég vil hins vegar ekki blanda mér í það, hvort hv. 4. þm. Norðurl. v. tekst að þjóna hér tveim herrum, þ. e. a. s. kjósendum í Norðurlandskjördæmi vestra og reykvíkingum, en allt um það, þá er þetta landsföðurlegur tónn sem hann hafði hér í ræðustólnum áðan og ég kann að vissu leyti vel við hann.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég tók eftir því, þegar ég reis úr sæti mínu, að það gladdi hjörtu ýmissa þm. að sjá að ég tók með mér svona merkilega bók sem er á næstum hverju heimili í landinu og meira lesin jafnvel heldur en sjálf Biblían. En það er einmitt vegna þess að það er verið að ræða þau mál sem snerta þessa bók, að ég vil aðeins vekja athygli á örfáum atriðum í sambandi við það sem um er talað.

Hv. þm. Reykv. Albert Guðmundsson og hv. þm. Eyjólfur K. Jónsson hafa mikið verið að býsnast yfir því hve illa væri farið með Reykjavíkurfólkið og þéttbýlisfólkið. Ég vil leyfa mönnum að heyra nokkrar tölur um það hve hroðalega er níðst á reykvíkingum og hafnfirðingum og öðrum þeim sem búa hér á svæðinu. Það hafa ýmsir minnst á það að mismunurinn á milli símakostnaðar hjá fólkinu í dreifbýlinu og fólkinu í Reykjavík væri upp í 20-faldur, og urðu skelfilegir í framan þegar þeir nefndu þessa háu tölu. En ég vil leyfa mér að leiðrétta það. Þessi mismunur getur verið mörg-þúsundfaldur. Það er eftir því hve talað er lengi. Við skulum hugsa okkur að útgerðarmaður á Ísafirði, Akureyri, Neskaupstað eða einhverjum slíkum stað þyrfti að ná í þrjár stofnanir hér í Reykjavík sama daginn, t. d. Fiskveiðasjóð, Fiskifélagið eða Útvegsbankann, til þess að sinna mikilvægum erindum, og ekki má reikna með því að þeir tali styttri tíma við hvern mann en 20 mínútur. Fyrir þessar 20 mín. í þrjá staði þurfa þessir menn að greiða 3180 kr. Ef útgerðarmaður í Hafnarfirði gerir alveg það sama og talar nákvæmlega jafnlengi við sömu aðila, þá kostar það kr. 15.90. Í þessari bók eru fjöldamargar upplýsingar af nákvæmlega sama tagi, svo að ef menn vilja leyfa sér að skoða fyrstu bls. í símaskránni og líta yfir þetta, þá

sjá þeir glögglega hversu hróplegt ranglæti er hér á ferðinni. Og það er ekkert sanngjarnara en að símtöl innan þessa gífurlega svæðis, sem hefur næstum alla síma landsins eða langmestan hluta síma alls landsins á svona lágum skala, það verði farið að telja þau í skrefum ekki síður en annars staðar á landinu. Með því móti gæti fengist veruleg tekjubót fyrir Landssíma Íslands án þess að nokkurri ósanngirni yrði beitt.

Starfsemi I.B.M. hér á landi, fsp. (þskj. 127). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Vilborg Harðardóttir): Herra forseti. Fsp., sem ég hef lagt hér fram, er til komin vegna sívaxandi hlutverks tölvuvinnslu í opinberri stjórnsýslu og rekstri fyrirtækja hér á Íslandi sem annars staðar, og má raunar telja að svo sé komið, að flest lykilverkefni í þjóðfélaginu séu unnin af tölvum. Sem dæmi um tölvuvinnsluna má nefna allt viðskiptabókhald bankanna, skattútreikninga og útskrift ýmissa skattgagna, reikninga opinberra þjónustufyrirtækja, svo sem síma og rafveitna. launabókhald flestra opinberra aðila og stórra fyrirtækja, bókhald ríkisins, Reykjavíkurborgar, Sambands ísl. samvinnufélaga o. fl. o. fl. Þar sem þessi lykilverkefni munu allflest unnin á tölvum eins framleiðanda, þ. e. a. s. International Business Machines, erlends auðhrings sem er svo öflugur að velta hans er mörg hundrað sinnum meiri en fjárlaga íslenska ríkisins og starfsmennirnir fleiri en allir íslendingar, er vert að staldra við og gera úttekt á ástandi þessara mála hér áður en til vandræða kemur. Í þessu sambandi langar mig til að vitna í skýrslu stofnunar á vegum Sameinuðu þjóðanna, Intergovermental Bureau for Informatics, sem Háskóli Íslands er aðili að fyrir Íslands hönd, þar sem áhersla er lögð á mikilvægi þess, að einstök ríki fylgist betur með *þróun tölvumála og fái beislað hana þannig að* tölvutæknin nýtist í þágu þeirra sjálfra. Þar stendur m. a., með leyfi forseta, í lauslegri þýðingu:

„Nú á sér stað mikil samþjöppun og einokun á tölvutækni. Þar sem gagnavinnslutækni er sú grein stjórnunar sem safnar upplýsingum og geymir þær og þar sem upplýsingar eru eins konar náttúruauðlind sem hvert ríki þarf að hafa algjört vald á ef það á að ráða þróun sinni, þá er augljóst að ríki eru háð þessu grundvallartæki í þágu þróunar. Þetta kallar að sjálfsögðu á stjórnmálaleg afskipti.“ Og síðar segir, með leyfi forseta: „Nú á dögum er gagnavinnslutækni talin með mikilvægustu liðum í stjórnmála-, efnahags-, *félags- og menningarlífi ríkja* vegna þess að hún hefur meiri áhrif á skipan og venjur samfélagsins en nokkur önnur tækni síðan á tímum iðnbyltingarinnar.“

Einokun erlends aðila í þessu efni hlýtur að bjóða hættunni heim, enda eru margir að gera sér það ljóst, eins og t. d. ráðamenn ríkja Efnahagsbandalagsins þar sem nú er unnið að þróun sjálfstæðrar tölvutækni og framleiðslu gagnavinnslutækna. Í riti útgefnu á vegum Efnahagsbandalagsins um stefnumótun í tölvuvinnslu, Community Political Dataprocessing, er enda bent á hættuna af aukinni forgangsaðstöðu I. B. M. á tölvumarkaðnum og erfiðleika annarra í samkeppninni vegna þess að þetta fyrirtæki hefur nú það forskot að ráða yfir fullkomnari tækni en nokkur annar framleiðandi í heiminum.

Með tilliti til þeirrar aðstöðu, sem fyrirtækið I. B. M. hefur skapað sér á Íslandi, hef ég borið fram spurningarnar á þskj. 127 sem ég tel óþarfi að lesa hér sérstaklega upp, en ég vil skýra þær nánar.

Í fyrsta lagi: Ekki hefur fyrirspyrjandi fundið gögn um að Alþ. hafi veitt erlenda fyrirtækinu I. B. M. lagaheimild til starfa á Íslandi. Það er því fróðlegt að fá fram hvernig heimildin kom til og hvort sambærilegar heimildir hafa verið veittar og þá hverjum.

Starfsleyfi til I. B. M. er ekkert smámál. Þessi auðhringur hefur meiri umsvif í heiminum og e. t. v. meiri ítök í daglegu lífi landsmanna en þær stóriðjur erlendar, sem Alþ. hefur leyft að starfa hér á landi. I. B. M. er stærra en Union Carbide, stærra en Alusuisse, stærra en John Mansfield. Má kannske búast við eftir fordæmið með I. B. M. að fleiri auðhringir fái hér forréttindi á sama hátt?

Eins og fram kemur í annarri spurningu eru leigusamningar I. B. M. á Íslandi miðaðir við erlendan gjaldeyri, þó svo að fyrirtækið sé skráð hér á landi og lúti íslenskri löggjöf, að manni skilst. Flestar tölvur og gagnavinnsluvélar, sem I. B. M. *lætur viðskiptavinum í té, eru leigðar og* leigan greidd mánaðarlega skv. samningi sem gerður er í bandarískadollurum. Þannig tryggir I. B. M. sig gegn gengisfellingum og hafa ýmsir aðilar látið í ljós undrun yfir þessum forréttindum I. B. M. umfram keppinauta sína á íslenskum tölvumarkaði, — keppinauta sem yfirleitt eru íslensk innflutningsfyrirtæki. Er kannske meiningin að leyfa einnig öðrum aðilum á tölvusviði eða öðrum sviðum atvinnulífsins að gera gengistryggða samninga við íslensk fyrirtæki? Tökum sem hugsanlegt dæmi fyrirtæki sem leigir út vélskóflur eða steypuvélar.

Þriðja spurningin er um viðskiptatengsl I. B. M. á Íslandi við móðurfyrirtækið og útibú þess erlendis. I. B. M. erlendis selur I. B. M. hér tölvur og önnur tæki eftir pöntunum og héðan flytur I. B. M. þá út gjaldeyri. Með tilliti til þess hvernig fjölþjóðaauðhringar eru almennt reknir er stjórn á gjaldeyristilfærslunum milli útibúsins hér og höfuðstöðvanna eða útibúa sjálfsagt í höndum höfuðstöðvanna. Æskilegt er að fá vitneskju um hvers konar eftirlit er af Íslands hálfu með þessum fjármagnsflutningum og hve miklir þeir eru, bæði sem heild og sem hlutfall af tekjum I. B. M. á Íslandi.

Fjórða spurning er fyllilega tímabær þar sem leigufyrirkomulagið leiðir til síaukinna gjaldeyrisútgjalda og sýnist dýrara til lengdar. Einnig verða svokallaðar tækniframfarir, sem allar nýjar vélar eru ævinlega kenndar við í auglýsingaáróðri, til þess að leigjendur freistast oft til að skipta um tölvur án tillits til raunverulegra þarfa og fá þá gjarnan dýrari tölvur, eins og þróunin hér á landi sýnir. Líklega mundu margir hugsa sig betur um ef kaupa ætti ný tæki.

Tilgangurinn með síðustu spurningunni er tví-

þættur. Hann er í fyrsta lagi að almenningur fái að vita hvaða aðilar, ekki síst í opinbera kerfinu, fá að gera samninga sem miðast við erlendan gjaldeyri. Í öðru lagi er nauðsynlegt að við gerum okkur grein fyrir ítökum og umsvifum erlenda fyrirtækisins I. B. M. í athafnalífi landsins. Einokunar- eða forgangsaðstaða slíks fyrirtækis getur haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar varðandi öryggi og hgkvæmni þeirrar lykilstarfsemi í landinu sem gagnavinnslutækni er á leið með og á eftir að verða í okkar landi sem öðrum. Séu ítök umræddS fyrirtækis raunverulega að verða jafnmikil og grunur leikur á gætu einhliða ákvarðanir þess neytt viðskiptavinina til óhagkvæmari samninga. Um slíka notkun aðstöðunnar höfum við reyndar þegar smádæmi. Það var þegar gengi íslensku krónunnar hækkaði örlítið, aldrei þessu vant. Þá svaraði I. B. M. með hækkun leigutaxtans. Gengistryggingin var sem sé aðeins þeirra megin. Séu ítök slíkra aðila nægilega mikil getur líka þjónustuleysi þeirra haft skaðleg áhrif á efnahag landsins ef þeim býður svo við að horfa, eins og sumar þjóðir hafa mátt reyna.

Þegar spurt er um markaðshlutdeild I.B.M. hér á landi er hugsað til þess, að með öðrum þjóðum er litið á hlutdeild I. B. M. í tölvumarkaðnum sem einokunaraðstöðu ef hún er yfir 60%. Ég legg áherslu á, að hér er átt við hlutdeild að verðmæti til, en ekki í fjölda tölva.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þessi fsp. er í 5 liðum. Svar við fyrsta lið er svohljóðandi:

I.B.M. World Trade Corporation í New York sótti um leyfi til að stunda atvinnurekstur á Íslandi 19. des. 1966. Með bréfi félmrn., dags. 5. jan. 1967, var félaginu veitt heimild til atvinnurekstrar á sviði skýrsluvélaþjónustu skv. 6. gr. l. nr. 39/1951, um rétt erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi. Félagið stofnaði útibú hér á landi skv. lögum um hlutafélög og tók það til starfa 1. maí 1967. Leyfi félagsins til atvinnurekstrar hefur síðan verið framlengt og gildir nú til 31. des. 1977. Útibú félagsins sér um allt sem viðkemur tölvum nema sölu á þeim, en hana annast umboðsmaður I.B.M. World Trade Corporation hér, Ottó Michelsen.

Svar við 2. lið:

Áður en útibú félagsins var stofnað hér á landi árið 1967 voru leigusamningar um vélar gerðir beint við aðalskrifstofu félagsins í New York með milligöngu umboðsmanns hér. Var þetta fyrirkomulag frá 1951 er leiga véla hófst hér á landi. Samningar voru um leigu í dollurum og fór greiðsla fram með yfirfærslu mánaðarlega til New York í gegnum íslenskan banka. Eftir að útibúið kom varð sú breyting gerð, að leigusamningar voru undirritaðir hér á landi og leigugreiðslur inntar af höndum til útibúsins, en ekki beint til New York. Jafnframt varð starfsemin skattskyld hér á landi. Mikill hluti kostnaðar í sambandi við leigu vélanna er í erlendum gjaldeyri. Leigureikningar eru miðaðir við hina föstu mánaðarleigu í dollurum og gerðir í ísl. kr. eftir gengi á útgáfudegi reikninga. I. B. M. hefur aldrei gert kröfu um að reikningsupphæð í krónum væri breytt þótt gengisbreyting yrði eftir að reikningur var gefinn út, segir í þessu skjali sem ég hef fengið í hendur, þannig að það má segja að í reyndinni hafi þetta verið þannig, að dollaragrundvöllur leigunnar hafi verið einungis verðstaðall, en ekki sem greiðslustaðall gagnvart leigutökum. Það hefur ekki komið kvörtun, svo að kunnugt sé, yfir þessu greiðslufyrirkomulagi frá viðsemjendum I. B. M. hér á landi. Augljóst hagræði virðist af starfsemi útibúsins hér á landi fyrir viðskiptamenn fyrirtækisins, auk þess sem það greiðir skatta af starfseminni eins og áður var sagt.

Svar við 3. lið a er svo hljóðandi:

Þegar útibú I. B. M. World Trade Corporation tók til starfa hinn 1. maí 1967 var því falin umsjón með skýrsluvinnsluvélum og varahlutum sem móðurfyrirtækið hafði leigt íslenskum aðilum. Útibúið hér getur leitað eftir fjárhagsstuðningi móðurfyrirtækisins í New York að tilskildu samþykki íslenskra gjaldeyrisyfirvalda í hvert skipti. Ef frá er talinn skrifstofubúnaður til eigin nota hefur útibúið ekki fjárfest í öðru en eigin vélum og varahlutum sem flutt eru inn frá móðurfyrirtækinu eða deildum þess. Félagið á engar fasteignir hér á landi og mundi þurfa sérstakt leyfi stjórnvalda til þess.

Um 3. lið b:

Útibú I. B. M. World Trade Corporation hér á landi yfirfærir rekstrarafgang, þ. e. leigutekjur og aðrar rekstrartekjur að frádreginni fjárfestingu, rekstrarkostnaði og opinberum gjöldum, til móðurfyrirtækisins í New York um íslenskan gjaldeyrisbanka samkv. heimildum sem fengnar eru hjá íslenskum gjaldeyrisyfirvöldum hverju sinni.

Svar við 4. lið er svo hljóðandi:

Skýrsluvinnsluvélar eru boðnar til sölu jafnt og til leigu. Reynsla hér og erlendis hefur verið sú, að flestum notendum þykir hagkvæmara að leigja þessar vélar en að kaupa þær.

Við 5. lið er svarið þetta:

44 aðilar hér á landi munu nú hafa á leigu skýrsluvinnsluvélar frá I. B. M. Helstu aðilar eru: Skýrsluvélar ríkisins og Reykjavíkurborgar. S. Í. S. Flugleiðir hf. Reikningsstofa bankanna. Háskóli Íslands. Landsbanki Íslands. Olíufélagið hf. Olíuverslun Íslands hf. Skeljungur hf. og Sjóvátryggingarfélag Íslands hf. saman. Almennar tryggingar hf. og Iðnaðarbanki Íslands hf. saman. Verslunarbanki Íslands hf. og hf. Eimskipafélag Íslands saman. Auk þess eru smærri aðilar.

Rn. er ekki kunnugt um hlutdeild I. B. M. í íslenska tölvumarkaðnum, en auk I. B. M. eru hér á markaði tölvur frá Barrows Corporation, Texas Instruments, D. P. E., Wang og fleiri aðilum.

Þeta eru þær upplýsingar sem ég get í té látið til svars við fsp. hv. þm.

Fyrirspyrjandi (Vilborg Harðardóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir svör hans, svo langt sem þau náðu. En ég verð að segja það sem mína meiningu og sjálfsagt fleiri, að ég tel það í hæsta máta óeðlilegt að Alþ. skyldi ekki þurfa á sínum tíma að staðfesta slíkan samning sem hann sagði hér frá að félmrn. hefði gert, — að Alþ. skyldi ekki þurfa að staðfesta slíkan samning við erlendan auðhring, einkum og sér í lagi þar sem kemur fram, eins og reyndar kom fram hjá mér áðan

og allir vita, að samningar við þennan auðhring eru gerðir í erlendum gjaldeyri.

Í sambandi við gengisbreytingu hef ég aðrar upplýsingar frá leigjendum heldur en hæstv. ráðh. Þar er staðhæfing gegn staðhæfingu. Ég ætla ekki að halda minni til streytu. Það mætti kannske biðja um að það væri rannsakað betur. Það er áreiðanlegt, að það er í fyllsta máta óeðlilegt að miða leiguna við erlendan gjaldeyri.

Í svari sínu við þriðju spurningu, um flutning fjármagns frá útlöndum vegna fjárfestingar og annars stofnkostnaðar hérlendis, virðist ráðh. telja að þar sé allt með felldu, það sé ekki borgað annað út en það sem flutt er inn. En mér er spurn: Hver er það sem fylgist með þessu? Hver sér um að I.B.M. flytji ekki út meira fjármagn en markaðsverðmæti vélarinnar. Er þess gætt af hálfu gjaldeyrisyfirvalda að þeirri reglu sé fylgt að ekki sé flutt út meira en markaðsverðmæti vélarinnar? Ég tel að það geti verið mjög erfitt að fylgjast með þessu í raun vegna þess að hér er um leigusamning að ræða og það er ekki greitt fyrir vélina þegar hún kemur inn í landið, heldur löngu eftir á, jafnóðum og leigutekjur koma. Er kannske fylgst með að ekki sé borgað meira í leigutekjur en nemur því verðmæti, sem vélin er skráð fyrir?

Ég vildi beina því til ráðh. að svara á hvaða hátt þetta er tryggt.

Í svari sínu við fjórðu spurningunni telur ráðh. að komið hafi í ljós að hagkvæmara sé að leigja vélar heldur en að kaupa þær. Mér er aftur spurn. Hann svaraði því ekki, hvort það hefur verið rannsakað. Ég hef ekki orðið vör við að það hafi verið rannsakað. Hann taldi hér upp ýmsa aðila, mjög marga og stóra aðila, einmitt þá aðila sem vinna lykilhlutverk á tölvur hér á landi, og staðfesti þar með það sem ég sagði áður, að þeir, sem nota I.B.M. tölvur og hafa þær á leigu miðaða við erlendan gjaldeyri, það eru þeir sem vinna stærstu verkefnin í tölvum. Ráðh. kvaðst þó ekki vita hlutdeildina. Það er mjög slæmt að hann skuli ekki vita hlutdeildina, en ætla má eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið um hlutdeild I.B.M. á tölvumarkaði hér á landi, að þar sé um að ræða um eða yfir 90%. En eins og ég benti á áðan er 60% hlutdeild sama aðila á tölvumarkaði erlendis nánast talin jafngilda einokun. Telur ráðh. að slíkt hlutfall sem hér um ræðir sé æskilegt og eðlilegt, ef ekki, er þá ekki kominn tími til að gera einhverjar ráðstafanir til að breyta þessu?

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það er náttúrlega rétt, sem hv. fyrirspyrjandi sagði um þetta atriði í 2. lið, að þar stendur staðhæfing gegn staðhæfingu. Ég veit ekki annað um þetta heldur en það sem ég hef fengið upplýsingar um og það er sjálfsagt að hafa það í því efni sem sannara kann að reynast. En þetta eru þær upplýsingar sem ég hef fengið um þetta og hefur verið safnað af rn.

Viðvíkjandi því, hver hefði eftirlit með því eða tryggði það að ekki væri yfirfært meira en markaðsverðmætið, þá verð ég að svara því, að það eru gjaldeyrisyfirvöld sem hafa eftirlit með því. Hvort hægt er að komast svo að orði um það að það sé tryggt, það vil ég ekki beinlínis bera mér í munn, það er kannske erfitt að segja til um það, en það ætti að vera eins vel tryggt og kostur er á. Það eru rétt gjaldeyrisyfirvöld sem um þetta fjalla.

Hvort það sé hagkvæmara að leigja eða kaupa þessar tölvur, það get ég ekki dæmt um af eigin reynd, en þær upplýsingar, sem ég las hér upp, eru byggðar á reynslunni bæði hérlendis og erlendis, að notendur vilja frekar leigja heldur en kaupa. Hvort einhver hefur óskað eftir að kaupa sem ekki hefur fengið það, það skal ég ekki segja um. Ég hygg þó að það muni tæplega geta komið til, því að vélarnar eru bæði til leigu og sölu. Menn geta valið á milli, eftir því sem mér er tjáð. En reynslan er þessi, að menn kjósa af einhverjum ástæðum frekar að taka þær á leigu.

Hvað hlutdeild I.B.M. sé hér mikil, ég gat ekki svarað þeirri spurningu af því að ég hafði ekki upplýsingar um það og þori ekki að fara með tölur í því sambandi. Það er alveg rétt, að það eru langstærstu vélarnar sem eru frá I.B.M. En sú tala, sem ég hef þó aðeins heyrt nefnda í þessu sambandi, en þori ekki að fara með og hef ekki viljað fara með hér, hún er þó ekki í samræmi við þá tölu sem hv. fyrirspyrjandi nefndi.

Það er alveg rétt hjá hv. fyrirspyrjanda, að það er ekki óeðlilegt að menn velti því fyrir sér hvort það fyrirkomulag, sem er í þessum leigusamningum, brjóti ekki í bága við lög nr. 71/1966, um verðtryggingu fjárskuldbindinga. Ég vil ekki kveða fastar að orði en ég sagði áðan, að þetta hefur tíðkast þennan tíma hér án þess að vitað sé um að neinar kvartanir hafi borist. Hins vegar mun rn. athuga þetta atriði nánar, því að það getur vel verið að það væri ástæða til þess að setja löggjöf eða ákvæði í löggjöf um þetta atriði.

Fyrirspyrjandi (Vilborg Harðardóttir): Herra forseti. Eins og kemur fram í máli hæstv. ráðh. eru ýmsar mismunandi upplýsingar hér á kreiki, virðist vera — og sýnir það ekki einmitt hversu lítið er vitað í raun um þessi mál? En ég vil gera þá aths. í sambandi við eftirlit gjaldeyrisyfirvalda með markaðsverðmætinu, að ég efast stórlega um að þau geti vitað hvert markaðsverðið er í raun. Hér er um að ræða bókhald innan sama fyrirtækis, innan sama auðhrings, og það er ákaflega auðvelt að hagræða slíku bókhaldi, eins og hefur sést hjá öðrum samsvarandi hringum. Og í sambandi við leigu eða kaup vil ég ítreka það, eiginlega skora á hæstv. ráðh. að láta fara fram hagkvæmniskoðun á þessum hlutum. Þetta skiptir ekki litlum fjármunum fyrir íslendinga.

Að síðustu vil ég þakka hæstv. ráðh. fyrir að hann lofaði að þetta verði athugað, og ég vil benda honum og öðrum hv. þm. á að hér á þingi hefur einmitt verið lagt fram lagafrv. um að sett verði tölvulög og tel ég ekki vanþörf á því.

Útgjöld til menntamála, fsp. (þskj. 60). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sighvatur Björgvinsson): Virðulegi forseti. Fsp., sem ég flyt á þskj. 60, lagði ég fram í nóv. s.l., að mig minnir, svo að það hefur dregist allnokkuð að fá við henni svör. En það breytir þó ekki því, að hún er ekki síður tímabær nú en þegar hún var fram borin. En fsp. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Hver hafa verið útgjöld hins opinbera til fræðslumála, menningarmála og rannsókna (samtals rekstrarútgjöld og stofnkostnaður) sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu á árunum 1972, 1973, 1974 og 1975?

2. Hverjar eru nýjustu sambærilegar tölur fyrir lönd í Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku og meðaltal slíkra útgjalda fyrir lönd í Vestur-Evrópu í hlutfalli við þjóðarframleiðslu samkv. skýrslum OECD?“

Það er talinn gildur mælikvarði á stöðu menningar og mennta meðal þjóðar hversu miklu fé er varið úr sameiginlegum sjóðum landsmanna til menntamála. Þjóðir, sem telja sig menningarþjóðir, leggja áherslu á að efla mennt í landi sínu með ríflegum fjárframlögum. Það mun vera viðurkennd viðmiðun um fjárframlög til menntamála að reikna hana í hlutfalli af þjóðarframleiðslu. Þannig fæst gildur samanburður um stöðu menntamálanna milli ára innan sama þjóðríkis og þá ekki síður raunhæfur samanburður á stöðu menntamála í einstökum þjóðlöndum. Þar sem hér er um hlutfallstölur að ræða, en ekki magntölur, verður ekki ósamræmi í samanburði milli fámennrar þjóðar og fjölmennrar, svo að dæmi sé tekið. Hlutfallstölur þessar sýna aðeins þá áherslu sem hver þjóð leggur á uppbyggingu menntamála í landi sínu. Því hærra sem hlutfall útgjaldanna til menntamála er af þjóðarframleiðslu, þeim mun meiri áhersla er lögð af hálfu viðkomandi ríkis á uppbyggingu menningar og mennta í landinu.

Ég tók eftir því mér til furðu í nóv. s.l., að þar var nokkuð fjallað um menningarmál á Íslandi í dagblaðinu Tímanum, málgagni hæstv. menntmrh. Þar var því haldið fram m.a. að hlutur Íslands í menntamálum, þ.e.a.s. framlög til menntamála reiknuð sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu, væri talsvert lægri en í Noregi og talið kostur að svo væri, því að þetta sýndi hve mikillar sparsemi væri gætt. Þetta kom mér nokkuð á óvart því að ég mundi ekki betur en ég hefði undir höndum upplýsingar sem sýndu að Ísland væri í fremstu röð Evrópuríkja í þessu tilliti. Ég fór að leita að þessum upplýsingum og vildi til gamans leyfa þm. að heyra að hverju ég komst.

Efnahagsstofnunin þáverandi gerði skýrslu um ástandið í menntamálunum og fjárframlög til menntamála, að mig minnir árið 1971. Þar kom m.a. fram að útgjöld til menntamála sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu stóðu svo til í stað á árunum frá 1946—1956. Á árinu 1946 nam þetta hlutfall 3.1%, á árinu 1956 nam hlutfallið 3.4%. Þetta ár, 1956, tók Alþfl. við stjórn menntamála. Þegar hann lét af stjórn þeirra árið 1971 hafði hlutfall þetta, hlutfall framlaga hins opinbera til fræðslumála, menningarmála og rannsókna, hækkað úr 3.4% upp í 6%. Þar af hafði hlutfall framlaga til fræðslumála tvöfaldast og hlutfall framlaga til rannsóknarmála einnig tvöfaldast.

Í þessari sömu skýrslu er einnig gerður samanburður á slíkum prósentum framlaga til menntamála af vergri þjóðarframleiðslu í ýmsum Evrópulöndum. Þar kemur m.a. í ljós að árið 1970 er þetta hlutfall á Íslandi 5.0%. Þá er það í Svíþjóð 4.7%, í Bretlandi 4.7%, Danmörku 3.9%, Noregi 4.4%, Þýskalandi 3.2%, Kanada 4.9%, Bandaríkjunum 5.3%. Ísland er sem sé af þessum ríkjum, sem ég hef hér talið upp, árið 1970 komið í annað sæti hvað varðar framlög til menningar- og menntamála, næst á eftir Bandaríkjum Norður-Ameríku. Nú leikur mér forvitni á að vita, hver þróun þessara mála hefur orðið á þeim árum sem liðið hafa frá því að Alþfl. lét af stjórn menntamálanna á Íslandi.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Það hefur dregist lengi að svara þessari fsp. og ég vil, að svo miklu leyti sem mér er um að kenna, biðja hv. þm. velvirðingar á því. Í því sambandi vil ég varpa fram þeirri spurningu hér, hvort það er ekki orðið eitthvað bogið við þessa fsp.-tíma, hvernig þeir hafa farið fram að undanförnu. Ekki svo að skilja, að ég sé að beina því að forseta eða hv. þm., að þingsköp séu brotin á nokkurn hátt. En ég spyr: Væri ekki eðlilegra að nýta þessa tíma fyrst og fremst til fsp. og svara, en ekki til þess að skeggræða. „Skáldið klökknar af innvortis ánægju yfir öllum þessum hörmum sem svo gott er að yrkja um,“ segir Tómas. Það vitum við vel, að það er fullt af vandamálum sem er ákaflega þægilegt — og áhugavert að ræða, en það er bara spurningin, hvort það á að nota fsp.-tímana í það. Ég dreg það í efa. Ég held að hitt væri heppilegra og mundi nýtast okkur betur. Menn kynnu þá e.t.v. að þurfa að setja upp einhvern nýjan vettvang fyrir umr. af almennu tagi eins og fsp.-tímar hafa svo mjög farið í.

Ég vil leyfa mér að svara fsp. hv. þm. í heild án beinnar sundurgreiningar eftir töluliðum og þá á þessa leið:

Eins og kunnugt er fara útgjöld til menntamála, þ.e. bæði fræðslumála, rannsóknastarfa og annarra almennra menningarmála yfirleitt vaxandi í flestum löndum, þótt nokkru kunni að muna frá ári til árs um þróunina í þessu efni eftir fjárhagsástæðum á hverjum tíma.

Árið 1971 námu útgjöld til fræðslumála í eftirgreindum 12 löndum, sem hlutfallslega verja einna mestu fé til fræðslumála, svo sem hér segir, og þá eru það útgjöld hins opinbera til fræðslumála þetta ár sem prósentur af vergri þjóðarframleiðslu: Svíþjóð 7.9, Holland 7.9, Danmörk 7.6, Noregur 6.4, Finnland 6.3, Bretland 5.5, Belgía 5.4. Upplýsingar frá þessum fimm löndum eru að vísu frá 1969. Ísland 5.1, Frakkland 4.7% og þær upplýsingar eru sagðar frá 1970. Vestur-Þýskaland 4.5% og einfalt meðaltal á milli landa 6.1%. Svo eru aftur Kanada með 8.5% og Bandaríkin með 6.7%.

Meðaltal fyrir þau 10 Evrópulönd, sem talin

eru hér að framan, er 6.1% á árinu 1971 að því er fræðslumál varðar, en talan fyrir Ísland var á því ári 5.1%. Síðan hefur talan að því er Ísland varðar hækkað um 5.4% fyrir árið 1972 í 5.2% á árinu 1973 og í 5.7% á árinu 1974.

Þetta verður að nægja sem fyrst og fremst svar við 2. tölul. Nánari upplýsingar hef ég ekki getað fengið um þetta. Ég vil benda á það og leggja áherslu á það, að það er ekki víst að samanburður milli landa sé alls kostar réttur, þar sem ekki er víst að hin einstöku lönd flokki þessi mál á nákvæmlega sama veg. Þetta er álit þeirra manna sem um þessi mál fjalla hér hjá okkur.

Út af því, sem hv. fyrirspyrjandi minntist á ummæli í Tímanum, þá man ég ekki nákvæmlega hvernig þetta var þar fram sett, og kannast ég ekki við að það hafi þar verið talið okkur sérstaklega til gildis að þessi gjöld væru hér lægri en í tilteknum löndum. Ég man að ég minntist á þetta í útvarpsræðu í vetur og þá að sjálfsögðu til þess að vekja athygli á því, að enda þótt oft væri talað um háar fúlgur á fjárl. til menntamála, þá væri síður en svo að þar væri um nokkra ofrausn að ræða því að við værum ekki nema í meðallagi í samanburði við önnur lönd. Í þeim tilgangi minntist ég á þetta, og ég geri ráð fyrir að það hafi verið sett fram í svipuðu formi í Tímanum þó að ég muni ekki gjörla.

Opinber framlög til fræðslumála, rannsóknarstarfsemi og annarra menningarmála á Íslandi árin 1972—1974 hafa verið sem hér segir: 1972 eru fræðslumál 5.4%, rannsóknir 0.5%, önnur menningarmál 0.7%, samtals 6.6% af vergri þjóðarframleiðslu. Árið 1973 eru þessar sömu tölur 5.2, 0.5, 0.8, og 6.5%, og 1974 eru þær þessar: Fræðslumál 5.7%, rannsóknir 0.5%, önnur menningarmál 0.8%, samtals 7%, hafa þá hækkað um 0.4% frá 1972. Árið 1975 er ekki hægt að gera upp með vissu fyrr en ríkisreikningur liggur fyrir og svo reikningar helstu sveitarfélaga.

Benda má á að Efnahagsstofnunin og menntmrn. gáfu út skýrslu um menntamálaútgjöld hins opinbera og skólahald árin 1946—1971, eins og hv. fyrirspyrjanda mun kunnugt um. Þar er að finna sundurliðað yfirlit um útgjöld til fræðslumála, rannsóknarmála, menningarmála tiltekin ár: 1946, 1951, 1956, 1961, 1966 og 1971. Og það er í ráði og undirbúningi að semja skýrslu um þetta efni fyrir þau ár sem síðan eru liðin.

Ég vil taka það fram, að yfirleitt telur menntmrn. æskilegt að teknar verði saman tölfræðilegar upplýsingar um menntamál á Íslandi í meira mæli en gert hefur verið. En slíkt kallar vitanlega á nokkuð aukna fjármuni og aukna vinnu.

Ég vænti að hv. fyrirspyrjandi telji spurningum sínum svarað að mestu leyti með því sem hér hefur verið sagt. Ég vil geta þess að rn. hefur haft samband við Þjóðhagsstofnunina um þær upplýsingar sem hér hafa verið fluttar. Nýrri tölur varðandi 2. tölulið fsp. gat stofnunin ekki látið í té þegar við báðum hana um upplýsingar í sambandi við þessa fsp.

Fyrirspyrjandi (Sighvatur Björgvinsson): Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin. Eins og hann réttilega tók fram, þá felast ekki í hans svörum nein svör við seinni lið fsp. minnar, þ. e. a. s. hvar Ísland sé statt í samanburði við önnur lönd. Það felast ekki í hans svörum jafnnákvæmar upplýsingar um þetta efni eins og í skýrslu Efnahagsstofnunarinnar sem ég vitnaði í áðan, töflu 21, þar sem talin eru upp öll lönd í Vestur-Evrópu, síðan Vestur-Evrópumeðaltalið, síðan Ísland sérstaklega, þar næst Norður-Ameríkulöndin tvö og loks Sovétríkin. Heimild að þessu er OECD-stofnunin sjálf, þannig að þarna er reiknað eftir sömu aðferðum fyrir öll þessi lönd. Þessi samanburður árið 1970 leiðir í ljós, eins og ég sagði áðan, að Ísland stendur í öðru sæti, næst á eftir Bandaríkjunum sem það land sem ver mestum fjármunum í hlutfalli af þjóðartekjum til mennta- og menningarmála. Mér finnst mjög leitt að hafa ekki getað fengið svör um hvernig ástandið í þessum efnum er nú, en ég tek undir með hæstv. ráðh. að það er að sjálfsögðu rétt að það er mikið verk að gera slíkar tölulegar skýrslur. En mér fyndist eðlilegast, jafnmikill og snar þáttur í okkar þjóðlífi og mennta-, menningar- og fræðslumál eru, að slíkar skýrslur, samanburðarskýrslur, bæði við önnur lönd og eins skýrslur um ástandið í skólakerfinu sjálfu tölfræðilega, séu gerðar sem oftast og sem jafnast til þess að þm. geti haft þær í sínum höndum og fái séð hvort eitthvað hefur þokað fram á veg, hvort um hefur verið að ræða kyrrstöðu eða afturför.

Sameinað þing, 52. fundur.

Þriðjudaginn 17. febr., að loknum 51. fundi.

Brúargerð yfir Eyjafjarðará, þáltill. (þskj. 311). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Heyverkunaraðferðir, þáltill. (þskj. 312). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Bann við geymslu kjarnorkuvopna á íslensku yfirráðasvæði, þáltill. (þskj. 337). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Sjónvarp á sveitabæi, þáltill. (þskj. 139). — Ein umr.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt 7 öðrum hv. þm. að bera fram till. til þál., þá sem er á þskj. 139. Þessi till. er um sjónvarp á sveitabæi með að-

stoð Byggðasjóðs. Þar er gert ráð fyrir að Alþ. feli ríkisstj. að hlutast til um að Ríkisútvarpið komi upp endurvarpsstöðvum fyrir þá sveitabæi sem nú njóta ónothæfra eða engra sjónvarpsskilyrða. Í þessu skyni skuli leita til Byggðasjóðs um óafturkræft framlag.

Þessi till. er gamall kunningi hér í hv. Alþ. Þegar hún var fyrst flutt, efnislega sama till., á löggjafarþinginu 1972—73, náði hún ekki að fá afgreiðslu. Hún var flutt á næsta þingi á eftir og enn fór á sömu leið. Og hún var flutt í hið þriðja sinn, það var á síðasta þingi, og enn fór á sömu leið. Nú var þess freistað að bera þessa till., sem er efnislega sama till., fram í hið fjórða sinn í þeirri von að nú takist betur en áður. Er ástæða til að ætla að svo geti orðið þegar haft er í huga að í öll þau skipti, sem þessi till. hefur komið til umr. hér í hv. Sþ., hefur henni verið tekið ákaflega vel. Ég ætla að enginn hafi mælt gegn henni. Þvert á móti hafi till. hlotið eindreginn stuðning í umr. En sá stuðningur hefur ekki nægt til þess að fá afgreiðslu málsins hér á þingi.

Það er engin furða þó að till. fái góðar undirtektir því að hér er um mál að ræða sem er óvenju augljóst að því leyti, hvað um mikið réttlætismál er að ræða. Það er um það að ræða að gera þeim þegnum þjóðfélagsins kleift að njóta sjónvarps sem ekki eiga þess kost nú. Hér er um að ræða fólk á sveitabæjum víðs vegar um landið, fólk sem er einmitt búsett flest í mesta strjálbýli og þyrfti því frekast af öllum að njóta sjónvarpsins og þess sem það hefur að bjóða. Það þarf ekki að fjölyrða hér um mikilvægi sjónvarpsins. Það er öllum ljóst. Það er kannske ekki öllum eins vel ljóst, en ætti að vera það, að einmitt þeim, sem búa í mesta strjálbýlinu, er ef eitthvað er, enn þá meiri þörf á en öðrum að njóta þeirrar þjónustu sem sjónvarpið hefur að bjóða. Það er svo augljóst mál að ég ætla ekki að fara að fjölyrða um það.

Ég hafði hugsað mér reyndar að halda ekki langa ræðu fyrir þessari till. í þetta sinn. Ég hef reifað málið að mínu viti allítarlega í þrjú skipti áður, og ég tel að það sé ekki ástæða til að ræða það svo ítarlega sem ég hef áður gert nú í þetta sinn. Ég vil aðeins vekja athygli á því, hvert er umfang þess verkefnis sem hér er um að ræða, hvað það eru margir sveitabæir sem hér koma við sögu og þurfa að fá sjónvarpsskilyrði sem menn njóta ekki nú.

Fyrir nokkrum árum gerði Landssíminn áætlun um þetta, og þá var gert ráð fyrir að sveitabæirnir væru um 470 og þyrfti um 150 endurvarpsstöðvar til þess að koma þeim í sjónvarpssamband og það mundi kosta að meðaltali um 1 millj. á hverja sendistöð. Þessi áætlun er nokkurra ára gömul, ekki margra ára. Það er ekki jafnnákvæm áætlun nú eins og var þá gerð og þó var hún ekki sérlega nákvæm. En ástæðan til þess er sú að það hefur svo til ekkert skeð í þessum málum á undanförnum árum, að það hefur ekki þótt ómaksins vert að gera nákvæma áætlun um þetta eins og ástandið er í dag. En það er óhætt að fullyrða að ástandið í dag er svo svipað, að sú mynd sem dregin var upp í hinni fyrri áætlun, breytist ekki verulega. Að vísu hafa sjónvarpsskilyrði komið á nokkra bæi sem þá var reiknað með að þyrftu að fá aðstöðu til sjónvarps, en það hafa komið bæir á móti, svo sem nýbýli eða bæir sem hafa komið aftur í byggð, þannig að það skeikar ekki miklu frá því sem áður var talið vera í þessu efni, þ. e. a. s. hvað það væru margir bæir sem þyrftu á sjónvarpsskilyrðum að halda en hefðu ekki. Að sjálfsögðu hefur kostnaður á síðustu árum aukist frá því sem áætlað var fyrir nokkrum árum. Það var reiknað þá með að kostnaðurinn væri um 1 millj. að meðaltali. Nú er álitið að sá kostnaður sé jafnvel hátt á aðra millj. á hverja sendistöð. En á móti kemur að reynsla er fengin fyrir því, að það er hægt að koma þessu í framkvæmd á kostnaðarminni hátt en áður, þannig að hér er nú kannske ekki um eins mikla hækkun á kostnaði að ræða og virðist vera við fyrstu sýn. En ég sé ekki ástæðu til þess að vera að fara hér út í slík tæknileg atriði.

Ég sagði áðan að þessi till. væri að efni til eins og fyrri till. sem fluttar hefðu verið um þetta efni. Það eru þó tvær breytingar á gerðar. Í fyrsta lagi það, að nú er ekki gert ráð fyrir í þessari till., eins og gert var áður, að þessu verki verði lokið á tveim árum. Og í öðru lagi er nú bent á að leita til Byggðasjóðs til þess að fá fjármagn í þessa framkvæmd. Hvor tveggja þessi breyting frá því, sem áður var, er gerð í því trausti að þetta stuðli nokkuð að því að till. fái jákvæða afgreiðslu á þessu þingi, þ. e. a. s. menn sjái ekki eins mikil vandkvæði á málinu ef það er ekki bundið í till. að þessari framkvæmd skuli lokið á tveim árum. Og svo er í till. núna bent á Byggðasjóð til bjargar í þessu efni, en áður var ekki bent á neinn sérstakan aðila, heldur gert ráð fyrir að ríkisstj. sæi fyrir að útvega fjármagn.

Nú er ekki gert ráð fyrir því hér eða talað um ákveðna upphæð sem yrði varið til þessara framkvæmda á þessu ári. Það er gert með ráðnum hug. Ég geri ekki ráð fyrir að eins og málum er nú háttað sé hægt að ljúka þessu í skyndi, þó að ekki sé um risavaxið verkefni að ræða, og það yrði að fara eftir atvikum, m. a. hvað Byggðasjóður treystir sér að gera í þessum efnum. En ég legg áherslu á það, að það er ekki tilviljun að hér er vísað til Byggðasjóðs. Hér er raunverulega um byggðamál að ræða. Það er ekki hægt að gera ráð fyrir því, að Ríkisútvarpið — sjónvarpið standi undir þessum framkvæmdum af sínum venjulegu tekjustofnum. Í fyrsta lagi er fjárhag Ríkisútvarpsins þannig varið að það eru ekki tök á því, enda hefur reynsla undanfarinna ára sýnt það. En í öðru lagi verður að viðurkenna það, að í sambandi við að koma á sjónvarpi til þessara sveitabæja, sem hér um ræðir, er ekki hægt að leggja því til grundvallar nein arðsemissjónarmið af hálfu Ríkisútvarpsins. Það styrkir ekki stöðu Ríkisútvarpsins. Þetta eru svo fáir sveitabæir sem um er að ræða og fjárfestingarkostnaðurinn tiltölulega mikill. Hins vegar er hér að mínu viti um byggðamál að ræða og einmitt þess eðlis sem er eðlilegt að Byggðasjóðurinn láti til sín taka. Því er í till. gert ráð fyrir þeirri leið að leitað verði til Byggðasjóðs um fyrirgreiðslu í þessu efni.

Ég sagði áðan að ég ætlaði ekki að vera langorður í framsögu fyrir þessari till. í þetta sinn og ég ætla að standa við það, en leyfi mér að óska þess að till. verði vísað til hv. fjvn. þegar umr. hefur verið frestað.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það með hv. 1. flm. þessarar till., að það er satt að segja til skammar að ekki skuli hafa náðst samstaða um að gera það tiltölulega litla átak sem nauðsynlegt er til þess að koma sjónvarpi á hvern sveitabæ í okkar landi. Ég get ekki að því gert, að mér hefur stundum þótt að þeir, sem fengið hafa sjónvarp, hafi glatað skilningi á því hvað það er sjálfsögð og eðlileg jafnréttiskrafa fyrir alla landsmenn, að hafa aðgang að þessu menningartæki, þessu tæki sem tengir áreiðanlega þjóðina á ýmsan máta betur saman en fjölmargt annað, ekki síst þar sem ófærð er mikinn hluta ársins. Um þetta hafa verið fluttar margar till. hér á hv. Alþ. og þær hafa ekki fengið afgreiðslu. Við höfum báðir, hv. 1. flm. þessarar till. og ég, verið fyrstu flm. að slíkum till. árum saman.

Okkur er ljóst, eins og koma fram hjá honum, að þetta hefur, m. a. strandað á því, að menn hafa ekki af einhverjum ástæðum séð sér fært að leggja fram annaðhvort á fjárlögum eða með öðrum tekjum Ríkisútvarpsins það fjármagn sem nauðsynlegt hefur verið til þess að ljúka þessu tiltölulega litla átaki, þ. e. að koma sjónvarpi á um 150 sveitabæi.

Það var með þetta í huga sem við þrír þm. í Ed. lögðum þar fram frv. til l. um breyt. á útvarpslögum og er það frv. komið þar til n. Við bendum þar á þá leið að leggja 10% viðaukagjald á afnotagjald af hljóðvarpstækjum og sömuleiðis af sjónvarpstækjum til þess að afla tekna í þessu skyni. Við gerum jafnframt ráð fyrir að eitthvert mótframlag geti komið þar á móti, þannig að þessu átaki megi ljúka á tiltölulega skömmum tíma.

Í grg. með þessari þáltill. kemur fram að áætlun var gerð fyrir nokkrum árum og talið að það mundi kosta um 150 millj. kr. að ljúka þessu verki. Nýrri áætlun liggur að vísu fyrir. Hún kom fram í skýrslu sem hæstv. menntmrh. lagði fram á síðasta þingi. Samkv. þeirri áætlun var talið að kostnaður við nýjar stöðvar fyrir færri en 8 notendur yrði um 220 millj. kr., en aftur á móti við nokkrar stöðvar, sem gætu þjónað fleiri en 8 notendum, tæpar 50 millj. Auk þess var talið nauðsynlegt að gera vissar endurbætur á bráðabirgðastöðvum og öðru sem ekki hefur verið fyllilega gengið frá, þannig að heildarkostnaður við það, sem má telja nauðsynlegast og óhjákvæmilegt vegna þess verkefnis, að koma sjónvarpi til þessara sveitabæja, yrði að því er mér sýnist um 330 millj. kr. Sú áætlun er hins vegar ársgömul og hefur að sjálfsögðu hækkað nokkuð. Hér er því um nokkur fjárútlát að ræða, af stærðargráðunni nokkur hundruð millj. Þó er vitanlega ljóst að þetta má vinna í áföngum, og t. d. væri það mikill áfangi að koma þeim stöðvum upp sem þjóna fleiri en 8 notendum og talið er samkv. þessari áætlun að mundu kosta um 50 millj., en samkv. áætlun frá s. l. hausti í kringum 80 millj. Allt er þetta góðra gjalda vert, og ég get raunar tekið undir það, sem hv. flm. sagði áðan, allt nema þá hugmynd flm. að leita til Byggðasjóðs um framlag í þessu skyni. Ég tek undir það, að þetta er byggðamál, eins og ég hef hvað eftir annað lagt áherslu á. Ég gerði það í upphafi minna orða. En ég efast í fyrsta lagi um að Byggðasjóði sé þetta heimilt nema með breytingum á lögum. Þó má vera að finna megi þar einhvern möguleika til slíks, ég efast þó um það. Byggðasjóði hefur fyrst og fremst verið varið til þess að efla atvinnulíf um landið og það hefur stjórn Framkvæmdastofnunar talið hans meginhlutverk.

Í öðru lagi er allt of mikið um það, að vísað sé á Byggðasjóð án þess að því er mér virðist skoðað sé hve margt liggur þar fyrir. Stjórn Framkvæmdastofnunar er nú, ef ég má orða það svo, að reyna að burðast við að skipta því fjármagni, sem þar er fyrir, á allt of margar hendur. Ég hafði orð á því í morgun, að það eru ekki efni þar til þess að leggja fjármagn í svo stórkostlega mikilvægar framkvæmdir eins og dreifingu heits vatns til hinna ýmsu staða þar sem borað hefur verið og sjálfsagt — um það getum við eflaust öll verið sammála — að hraða dreifingu vatns sem þegar er fengið. En þar er ekki fjármagn til slíks jafnvel. Þar er fjármagn af mjög skornum skammti til uppbyggingar iðnaðar um landsbyggðina sem hlýtur að vera eitt meginverkefni í atvinnumálum þessarar þjóðar, ekki síst ef leggja þarf, svo sem allt bendir til, vaxandi áherslu á iðnvæðingu á næstu árum. Ég ætla ekki að telja upp þau mörgu verkefni sem fá þarna allt of lítið fjármagn, því miður. Þau eru mjög mörg og umsóknirnar skipta hundruðum sem liggja fyrir Byggðasjóði. Því verð ég að segja, að því miður er það að fara úr öskunni í eldinn að ætla Byggðasjóði að kosta þessa framkvæmd án þess þó að útvega honum meira fjármagn. Ef við sameinuðumst um að auka framlag til Byggðasjóðs úr 2% af útgjaldahlið fjárlagafrv. í 3%, þá gæti ég tekið undir atriði eins og þetta. En það er alveg ljóst að það yrði að gera.

Ég vil einnig benda á, að það hafa verið hér hugmyndir um það — og meira að segja komist til ríkisstj. í frv.-formi — að fela Byggðasjóði að sinna öðru ekki síður mikilvægu verkefni, að hraða íbúðarbyggingum og veita viðbótarlán til íbúðarbygginga um landið. Þetta er verkefni sem þá, fyrir tveim árum, var talið nema nokkur hundruð millj. Þannig getum við talið upp fjölmörg verkefni sem sannarlega væri verðugt fyrir Byggðasjóð að sinna. En það verður ekki gert án þess að auka fjármagn þangað, a. m. k. ekki ef Byggðasjóður á að sinna því sem hefur verið talið hans frumverkefni, að stuðla að eflingu atvinnuuppbyggingar um landið .

Ég komst því að þeirri niðurstöðu, að eina leiðin til að ná þessu fram væri að finna sérstakt gjald í þessu skyni, sérstakan gjaldstofn, og því lögðum við fram það frv. sem ég hef áður nefnt og ég vona að geti orðið til þess að koma þessum málum a. m. k. af stað. Ég geri mér grein fyrir því, að það þarf meira fjármagn en þar er gert ráð fyrir. En mér sýnist ekki óeðlilegt að ætla að fjárveiting fáist á fjárlögum á móti slíku viðaukagjaldi á afnotagjald ef það fæst samþ.

Ég vil svo að lokum segja það, að ég vona að sameiginlegt átak okkar 1. flm. þessarar till. geti orðið til að hraða framkvæmd þessa máls.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Mér þykir gott að heyra að hv. 2. þm. Vestf. segist hafa áhuga á þessu máli. Ég hef hins vegar gengið út frá því. Það er rétt sem hann sagði, hann hefur verið fyrsti flm. till. til þál. á undanförnum þingum sem hefur gengið í sömu átt og þær till. sem ég og mínir félagar hafa verið flm. að. En því miður verð ég aðeins að gera athugasemdir við málflutning hans í þessu máli.

Ég sagði áðan, að þetta mál hefði fengið einstaklega góðar undirtektir af skiljanlegum ástæðum á undanförnum árum, samt hefði ekkert skeð. Hvers vegna hefur ekkert skeð? Af því að menn hafa alltaf haft tilhneigingu til þess að blanda inn í þetta mál öðrum málum ekki óskyldum, en þó annars eðlis. Menn hafa sagt að það þyrfti að gera þetta fyrir þessa sveitabæi sem ekki hafa sjónvarpsskilyrði, en það væri svo margt annað sem þyrfti að gera, það þyrfti að bæta sjónvarpsskilyrði líka þar sem þau væru fyrir, en væru ekki nægilega góð, það þyrfti að bæta hlustunarskilyrði hljóðvarps o. s. frv. og nú kom einmitt hv. 2. þm. Vestf. inn á þetta og lagði áherslu einmitt á þetta sjónarmið, að breiða sig út yfir allt og ætla að laga allar meinsemdir í sambandi við þetta mál þegar hann var að rekja hve verkefni Byggðasjóðs væru mikil. Ég held ef mönnum er alvara með að vilja leysa þetta mál með sveitabæina, sem ekki hafa sjónvarpsskilyrði, þá verði menn að taka það sérstaklega fyrir og leyfa sér ekki þann munað í leiðinni að ætla að leiðrétta og gera margt annað gott í sama mund.

Það er góðra gjalda vert og ég hef lýst í Ed. ánægju minni yfir frv. því sem hv. 2. þm. Vestf. er fyrsti flm. að og hann vék að í ræðu sinni áðan, þar sem gert er ráð fyrir, eins og hann orðaði það, sérstökum tekjustofni til þess að sinna dreifikerfi Ríkisútvarpsins. En ég ætla ekki að fara að ræða það frv. núna. Það gengur að vissu leyti alveg í sömu átt og gert var ráð fyrir í till. minni og minna meðflm. á síðasta þingi, þar sem gert er ráð fyrir að varið yrði ákveðnum hundraðshluta af afnotagjöldum Ríkisútvarpsins til þess að bæta dreifingu þessara fjölmiðla. En ég hef alltaf lagt áherslu á að það væri annað mál og að vissu leyti miklu meira mál en að koma sjónvarpinu á sveitabæina, því að það eru geysileg verkefni sem bíða Ríkisútvarpsins í sambandi við dreifinguna, og þau vandamál verða ekki leyst í einni svipan. Þess vegna þurfum við að halda því undanskildu frá hugmyndinni um að leysa þarfir þessara fáu sveitabæja fyrir sjónvarpsskilyrði. Við megum ekki leyfa okkur þann munað að vinna að málum Ríkisútvarpsins almennt burt séð frá þessu. Og það, sem ég finn athugavert við frv. hv. 2. þm. Vestf. og hans félaga í hv. Ed., er að þeir halda þessum viðfangsefnum ekki aðskildum, eins og var hugmynd mín og minna meðflm. Ég óttast að ef við finnum nýjan tekjustofn eða skiptum tekjum Ríkisútvarpsins þannig, að þar sé ákveðinn hluti sem varið sé til að styrkja dreifikerfið, þá verði því fjármagni, sem kemur inn með þessu móti, varið til þess að styrkja dreifikerfið fyrst og fremst þar sem fjölmennið er mest, sjónvarp á þá sveitabæi, sem till. okkar fjallar um, verði útundan eins og hefur verið hingað til.

Ég vona nú að hv. 2. þm. Vestf. og aðrir góðir menn, sem ég efast ekki um að vilja hið besta í þessu efni, leggi sig fram um að leysa mál þessara fáu sveitabæja sérstaklega. Við skulum svo sameinast um að leysa hið stóra vandamál fyrir Ríkisútvarpið varðandi dreifikerfið almennt. Við skulum gera það, en ekki láta þá viðleitni verða til þess að drepa þetta, eins og hlýtur að verða að mínu mati ef við stöndum ekki á verði gegn þessari hættu.

Ég ætla ekki að fara að ræða um hlutverk Byggðasjóðs og verkefni hans. Ég skil lögin um Byggðasjóð þannig, að það sé enginn vafi á því að Byggðasjóður hafi heimild til þess að láta þetta sérstaka mál til sín taka. Í lögunum um Byggðasjóð eða Framkvæmdastofnun ríkisins segir, að mig minnir í 30. gr., eitthvað á þá leið, að það sé heimilt að veita óafturkræf framlög ef sérstaklega stendur á. Mér finnst það hafið yfir allan vafa að hér standi sérstaklega á, og ég ber það mikið traust bæði til þeirra, sem eru í stjórn Byggðasjóðs, og framkvæmdastjóra Byggðasjóðs, að við athugun á þessu máli finni þessir mætu menn einhvern flöt á þessu máli þannig, að till. sem þessi, sem hér er borin fram, verði raunhæf.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Hv. 1. flm. þeirrar þáltill., sem hér liggur fyrir, gat þess í upphafi framsögu sinnar að hér væri ekki nýr gestur á ferð í þingsölum. Þetta mun vera í fjórða skiptið sem þessi þáltill. svo að segja óbreytt er lögð fyrir, og vel get ég tekið undir það, að undarlegt má telja að þetta mikla og þarfa réttlætismál skuli ekki hafa fengið meiri og betri byr í gegnum Alþ. en raun hefur borið vitni. Alla vega hefur harla lítið og ekki neitt orðið úr þeim framkvæmdum sem stefnt er að með tillöguflutningnum.

Ég tek fyllilega undir þau orð hv. 3. þm. Vestf. að hér er um byggðamál að ræða. Byggðamál eru fleiri mál en bein atvinnumál. Þau mál, sem snerta félagslega og menningarlega aðstöðu fólks, hvar á landinu sem það er búsett, eru engu síður mikilvæg, og ég hygg að einmitt þessi þáttur, hinn félagslegi, sé ekki síður ráðandi um það, hvort fólk tollir til lengdar í þessum afskekktu byggðum, heldur en hitt, hvort þær fá byggt upp sitt atvinnulíf, hvort sem það eru skuttogarar eða landbúnaðarvinnslustöðvar eða eitthvað annað í þeim dúr.

Ég get hins vegar líka tekið undir þau orð hv. 2. þm. Vestf., að ég hef áhyggjur af að þetta stóra verkefni mundi ekki ná nægilega fljótt fram að ganga með því að treysta algjörlega á Byggðasjóð, hversu velviljuð málefninu sem stjórn Byggðasjóðs væri í sjálfu sér. Hér er vafalaust, að því er ég ímynda mér, um mörg hundruð millj. kr. verkefni að ræða. Það var talað um 150 millj. kr. kostnað fyrir 2—3 árum við að koma í sjónvarpssamband þessum 400—

500 sveitabæjum, sem ekki hafa enn sjónvarp. Ég hygg að sú upphæð muni hafa tvö- eða þrefaldast nú. Þess vegna finnst mér að bæði séu málin góð, þessi þáltill., sem ég er meðal annarra meðflm. að, og frv. til l. flutt af hv. 2. þm. Vestf. sem fyrsta flm., og þau eigi bæði að geta náð fram að ganga og þjóna sama tilgangi. Þá á ég við beinlínis að það, sem lagafrv. gerir ráð fyrir, sérstakt gjald samkv. útvarpslögum á viðtækjanotendur og sjónvarpstækjanotendur, kæmi þessu verkefni til góða, enda þótt það hrökkvi alls ekki nógu langt, því að það er að mínu mati mjög hógværlega farið í sakirnar í þessu lagafrv. Því tel ég einsýnt mál að þarna geti þetta tvennt hjálpast að, það verði lagt á þetta sérstaka gjald, sem hv. þm. Steingrímur Hermannson gerir ráð fyrir í sínu frv., og Byggðasjóður komi á móti, þannig að ég get ákaflega vel stutt bæði þessi mál. Þau eru það mikilvæg í sjálfu sér, að við hljótum að beita okkur að því að þau nái bæði fram að ganga. Þess vegna vil ég engan veginn fallast á að þessi mál vinni hvort á móti öðru. Þau eiga að vinna saman að sama markmiði.

Ég tek undir það með hv. 3. þm. Vestf. að í lagafrv. er of óljóst markað til hvers þessi aukni tekjustofn Ríkisútvarpsins eigi að fara. Ef það gengur, eins og hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson telur, í það almennt að endurbæta dreifikerfið, þá er ég eins og hann hrædd um að þeir sveitabæir, sem við erum fyrst og fremst að hugsa um, sitji á hakanum. En það er ekkert álitamál, það eru einmitt þessi sveitabýli, mörg þeirra í afskekktustu afkimum íslenskra byggða, sem við fyrst og fremst viljum leggja áherslu á að fái þessa þjónustu og það sem allra fyrst úr þessu. Ég tel þess vegna eðlilegt að það kæmi til greina að þessu lagafrv. yrði breytt í þá átt, að þessar tekjur af nýju gjaldi til viðbótar útvarpsgjaldi rynnu tryggt og ákveðið til þessa verkefnis, að koma sveitabæjunum fyrst í samband. Dreifikerfið almennt þarf endurbóta við og það þarf að koma, en það liggur ekki eins mikið á því að fá fullkomið dreifikerfi almennt eins og að leiða til lykta þetta nauðsynja- og réttlætismál. Þess vegna vil ég vænta þess, að við flm. þessarar till. getum fallist á að bæði þessi mál, sem hér liggja fyrir Alþ. nú, þjóni sama tilgangi og að okkur beri að vinna að framgangi þeirra beggja.

Ég vil, úr því að ég er komin hér upp til umr. í þessu máli, láta þess getið að mér segir illa hugur um það, sem í rauninni hefur þó verið hemlað á miðri leið, að kasta nú hundruðum millj. í innflutning litsjónvarpstækja á meðan við höfum ekki haft efni á því að veita glætu af sjónvarpi til allra landsmanna. Þetta hef ég áður bent á sem forkastanlega mismunun. Það er enginn vafi á því, að við höfum ekki efni á að kosta miklum fjármunum til þeirrar aukaánægju sem sjónvarpsnotendur á tiltölulega afmörkuðu svæði á landinu hefðu af lit á sjónvarpsskerminum sínum, á meðan afskekktasta fólkið á Íslandi hefur enga mynd, hvorki svarthvíta né litaða. Þetta ætti að liggja í augum uppi og ég vænti þess, að ekki verði farið frekar út í innflutning litsjónvarpstækja á meðan þessu máli eru ekki gerð þolanleg skil, þ. e. a. s. stefnt sé að því að sjónvarpið nái til allra landsmanna.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Mér finnst rétt að komi hér fram ein rödd utan Vestfjarðakjördæmis. Hér hafa vestfirðingar látið ljós sitt skína og ber ekki að lasta það. Þeir eru miklir málafylgjumenn, og ég get gjarnan getið þess í leiðinni að þeir hafa jafnan reynst mér góðir grannar svo ég ann þeim alls góðs. Þykir mér því rétt að taka örlítið undir þeirra mál og minna á það, að ég er einn af flm. þessarar þáltill., að vísu sá síðast taldi af átta, en eigi að síður flm.

Hér er þessari till., sem borin er fram í fjórða sinn, hreyft í nokkuð breyttu formi, og ég hygg að það sé vel við hæfi að minna á Byggðasjóð í þessu efni. Okkur er öllum kunnugt um hvaða hlutverki Byggðasjóður á að sinna og þekkjum þá löggjöf sem um hann hefur verið sett. Þess vegna tel ég fulla ástæðu til þess að nefna hann í þessu sambandi. Við vitum auðvitað að Byggðasjóður hefur í mörg horn að líta. Hann hleypur undir bagga víða og léttir mönnum byrði hér og þar um landið. En hér er um mál að ræða sem minnir mjög á sig og slíkt mál að það skírskotar til þess að þar er ójöfn aðstaða manna. Málið er bæði skýrt vel í grg. og hefur auk þess skýrst í ræðuflutningi manna, sem hér hafa tekið til máls, svo að ég þarf ekki að fara langt út í þá sálma. En ég ítreka það, að ég mun styðja þetta mál og vænti þess að það nái sem fyrst fram að ganga, þannig að þessi lífsþægindi, sem nú eru talin nokkuð sjálfsögð, nái jafnt til allra landsmanna.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Mér var legið á hálsi fyrir að dreifa kröftunum um of og mér skilst í því sambandi, af því að Byggðasjóður var sérstaklega nefndur, að Byggðasjóður ætti eiginlega að snúa sér alhliða að þessu verkefni og ætti ekkert að vera að hugsa um annað. Ég vil mótmæla því. Ég hef hvergi látið það koma fram, sem skilja mátti á hv. fyrsta flm. þessarar till., að í frv. því, sem ég flutti ásamt nokkrum öðrum félögum mínum í Ed., sé gert ráð fyrir alhliða endurnýjun á dreifikerfi sjónvarps. Segir í 1. gr. frv. um það verkefni, sem þar er um að ræða, að Ríkisútvarpinu skuli skylt að leggja áherslu á að koma fullnægjandi hljóðvarps- og sjónvarpssendingum til allra landsmanna og til sjómanna á fiskimiðunum í kringum landið. Þarna eru sjómennirnir teknir með, enda er ég þeirrar skoðunar að þörf þeirra sé ákaflega mikil og vafasamt að skilja þá frá í þessu verkefni, því að sums staðar má jafnframt með tiltölulega litlum aukakostnaði fullnægja hvoru tveggja, eins og kemur fram í þeirri skýrslu sem hæstv. menntmrh. lagði fram á s .l. ári. Sums staðar má með því að hækka aðeins sjónvarpsmastur og beina því rétt bæði ná til sveitabæja, sem þess njóta ekki nú, og til sjómanna alllangt út á miðin. Og einnig til frekari áréttingar eru í grg. með þessu frv., þar sem rætt er um kostnaðinn í áætlun sjónvarpsins, taldir ýmsir liðir sem varla geta talist til

þess verkefnis sem hér um ræðir, að koma sjónvarpssendingum til þeirra landsmanna sem ekki njóta sjónvarps nú. Ég get að vísu vel skilið að hv. 9. landsk. þm. hafi ekki fylgst með þessu, hún situr í Nd. En mér kemur undarlega fyrir sjónir að hæstv. forseti vor í Ed. skuli ekki hafa tekið eftir þessu. Þar segir jafnframt: „að koma örbylgjusambandi og varasendum upp hlýtur að teljast til eðlilegrar þróunar sjónvarpskerfisins og því ekki innan þessa verkefnis sem hér um ræðir.“ Ég vil fyrst og fremst leiðrétta þann misskilning að hér sé ekki verið að leggja áherslu á sama viðfangsefnið, en að vísu sjónvarp til sjómanna tekið þarna inn í og það viðurkenni ég að er töluverð aukning á verkefnum. En ég tel eðlilegt að hafa það hvort tveggja saman.

Það er líka víðs fjarri að ég sé að leggjast gegn þessari þáltill. Ég hef hvað eftir annað, eins og ég hef getað fundið orð til, lagt áherslu á að hér er um mikið byggðamál og mannréttindamál og nauðsynjamál og fleira að ræða. En ég er aðeins að gera athugasemd við það, að ég tel að fjáröflunin í till. sé ekki raunhæf. Hver sem leggur þetta til verður að mínu mati annaðhvort að benda á viðbótartekjur fyrir Byggðasjóð eða benda á það sem Byggðasjóður á þá að láta ógert. Ég verð að viðurkenna það, að ég er í mjög miklum vandræðum með að benda á það sem Byggðasjóður ætti að láta ógert. Ég held ég geti mælt fyrir hönd allra, sem þar sitja í stjórn, að við erum allir í mjög miklum vandræðum með það. Viðfangsefnin eru svo gífurlega mörg. Mér finnst að við séum að taka frá einum mikilvægum þætti byggðamála í annan með þessari tilfærslu sem hér er gert ráð fyrir. Við erum að skaða einn þótt við bætum annan, og það finnst mér ekki rétta leiðin. Mér sýnist engin goðgá að ætla þetta þjóðinni sem slíkri í heild, *því að fyrir því er gert ráð með þessu gjaldi.* Það leggst á alla sjónvarpsnotendur, hvar sem þeir eru á landinu, og þeir eru sem betur fer á fleiri stöðum en í Reykjavík, svo að það þarf ekki að segja að sé eingöngu verið að leggja þetta á reykvíkinga, það er verið að leggja á landsmenn alla. Mér sýnist að þessir menn og svo Alþ. með fjárveitingu í þessu skyni ættu að lyfta þessu litla átaki sem hér er eftir. Þetta er ekki verið að taka frá neinum þætti byggðamála í þennan þó mikilvæga þátt byggðamála. Þetta er mín athugasemd og vildi ég gjarnan að það lægi ljóst fyrir.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég verð að vissu leyti fyrir meiri vonbrigðum með minn ágæta félaga, hv. 2. þm. Vestf. eftir því, sem hann talar oftar í þessu máli, þannig að ég vona nú að þessum umr. fari senn að ljúka. Hann vildi gefa í skyn að ég hefði misskilið frv. það sem hann ásamt fleiri flutti í Ed. En hann var auðvitað svo mikill „kavaler“ að taka það fram, að hv. 9. landsk. þm. hefði ekki misskilið. Auðvitað misskildi hann þetta ekki. Ég held að ég hafi ekki heldur misskilið þetta. — Ég fór miklu nánar inn á þetta atriði í hv. Ed. og var þá ómótmælt því sem ég sagði þar.

Ég hygg raunar að það sé naumast hægt að mótmæla því sem kemur fram í þessu frv., að það er ekki gert ráð fyrir að taka frá sérstakt fjármagn til þess að leysa hinar sérstöku þarfir sveitabæjanna sem hér um ræðir. Þetta er mergurinn málsins. Ég hygg að ég hafi tekið rétt eftir þegar hv. 2. þm. Vestf. vitnaði í grg. fyrir hans frv. á þá leið sem hér segir: „Flm. þykir ljóst að úr þessu verði ekki bætt nema með því að tryggja sérstakt fjármagn til slíkra framkvæmda.“ Ég hygg að hann hafi lesið þetta upp. (**Gripið fram í:** Nei.) Lastu ekki þetta upp? (**Gripið fram í:** Tveimur málsgr. ofar.) Tveimur málsgreinum ofar, nú, en ég hygg að það breyti ekki því sem ég vildi hafa sagt, því að ég ætla að lesa upp næstu setningu úr grg., með leyfi hæstv. forseta. Hún er þannig: „Því er horfið að því ráði að flytja frv. til l. um breyt. á útvarpslögunum.“ Þ. e. a. s. það er gert ráð fyrir að tekjustofninn samkv. þessu frv. nái til allra framkvæmda, hvort sem er flutningskerfið almennt eða það sem þarf að gera sérstaklega í sambandi við sveitabæina. Og það er þetta sem er mergurinn málsins. Við eigum sjálfsagt eftir að ræða þetta frekar í hv. Ed., og ég skal ekki þreyta menn á þessum fuundi með því að fjölyrða frekar um það. En mér þykir að hv. 2. þm. Vestf. hefði átt að svara þessum málflutningi sem ég hef hér við og fór miklu ítarlegar út í við 1. umr. um þetta frv. í hv. Ed.

Þá kom hv. 2. þm. Vestf. aftur inn á Byggðasjóðinn. Það var þá kannske sem ég varð fyrir mestum vonbrigðum, því að ég held að hitt atriðið, sem ég var að fara í, hafi kannske verið mælt af óaðgæslu hjá hv. 2. þm. Vestf. Hv. 2. þm. Vestf. slær hér fram kröfu um það til mín, að ef ég leggi til að Byggðasjóður leggi eitthvað af mörkum til að leysa þetta sérstaka verkefni sem hér um ræðir, þá þurfi ég að gera hér till. um hverju sjóðurinn ætti að sleppa af öðrum verkefnum. Þetta er ef svo má segja of „billegur“ *málflutningur til þess að það sé ástæða til* að fara frekar út í það. Slíkt er ekki hægt. Ef hv. þm. hefur áhuga á að leysa þetta mál, þá vil ég láta verða mín síðustu orð, að ég treysti hv. 2. þm. Vestf. og vonast til þess að hann athugi nú gaumgæfilega hvort það sé ekki fær leið sem hér er lögð til. Og ég vil að það komi fram, að *ég hef orðið var* við skilning bæði hjá öðrum stjórnarmönnum í Byggðasjóði og framkvæmdastjórum í þessu máli.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að blanda mér inn í þessar einkaumr. þeirra þm. Vestf., en með leyfi forseta, ég leyfi mér að lesa upp þessa till. eins og hún hljóðar:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um að Ríkisútvarpið komi upp endurvarpsstöðvum fyrir þá sveitabæi sem nú njóta ónothæfra eða engra sjónvarpssskilyrða. Í þessu skyni skal leita til Byggðasjóðs um óafturkræft framlag.“

Ég tel þessa þáltill. alveg óþarfa. Ég tel sjálfsagt að ríkisstj. eða þeir, sem vinna að útbreiðslu sjónvarps á Íslandi, hafi það sem sjálfsagt hlutverk að breiða út sjónvarp og útvarp við sem best skilyrði, eins og fjárhagsleg geta leyfir hverju sinni.

Ég vil taka það strax fram, að ég tel alveg

sjálfsagt að koma öllum þeim þægindum sem hægt er, og við skulum þá bæta við: öllum þeim þægindum sem reykvíkingar búa við, á hvern einasta sveitabæ sem allra fyrst. En það verður að ráðast svolítið eftir fjárhagslegri getu þjóðarinnar. Og ég vil segja það, að ég er furðu lostinn yfir öllum þeim till. og þeirri heimtufrekju sem kemur í tillöguflutningi hér á Alþ. hvað eftir annað. Ég lít á þennan tillöguflutning sem hreinan áróður fyrir þingsæti hvers og eins, flutning á till. sem þeir vita fyrir fram að þjóðin ræður ekki við, en hver einasti þm. og hver einasti landsmaður vildi gjarnan hafa efni á að samþykkja. Þetta er því bara hrein sýndarmennska og langt frá því að það sé samboðið Alþ. að flytja svona till. á þeim tíma — sérstaklega á þeim tíma sem við lifum í dag.

Ég vil fá upplýst hjá flm. hvernig á að fjárfesta í þessum útbreiddu sjónvarpsendurvarpsstöðvum, eins og ástandið er núna. Á maður virkilega að þurfa að taka því hvað eftir annað, að engin önnur hugmynd komi fram en að bæta við þau gjöld, sem fyrir eru, á þá sem hafa viðkomandi þægindi? Nú er ég ekki sérstaklega að tala um reykvíkinga. Ég held að afnotagjöld yfirleitt séu orðin alveg nógu þung, bæði fyrir útvarp og sjónvarp. Landið er í þrengingum, fjárhagsþrengingum, ég held að okkur sé það vel ljóst. Við höfum undanfarið gefið út skuldabréf, við höfum gefið út spariskírteini sem við getum svo ekki endurgreitt þegar þau falla á gjalddögum. Við höfum þurft að fá ný erlend lán til að standa undir framkvæmdum, nauðsynlegustu framkvæmdum. Við höfum þurft að taka ný erlend lán til að standa undir afborgunum af öðrum erlendum lánum sem falla í gjalddaga. Samt sem áður koma þeir fram á Alþ. í auknum mæli með till. um kostnaðarsamar — mjög kostnaðarsamar framkvæmdir sem gætu beðið. Ég álít, því miður fyrir fólkið sem bíður eftir þessum þægindum, að það eigi að bíða með fjárfestingu í þessum endurvarpsstöðvum þangað til við getum á eðlilegan hátt í gegnum fjárlög tekið þetta sem forgangsframkvæmd — ef það er þá talið að þetta skuli vera forgangsframkvæmd — þegar við stöndum í fjárlagagerð. Ég vil hreinlega vara við áframhaldi á þessum tillöguflutningi.

Ég skal ekki segja hvort það er hægt að finna einhverjar nýjar tekjulindir fyrir Byggðasjóð, þannig að Byggðasjóður geti staðið undir þessu. Ég lít á fjárlögin sem einn heildarbyggðasjóð og svona eins og desert á eftir Byggðasjóðinn eins og hann er. Ég veit ekki betur en að þm. raði sér á fjárlögin, á framkvæmdaliði fjárlaganna a.m.k., þau tvö þing sem ég hef tekið þátt í gerð fjárlaga. Svo kemur Byggðasjóður á eftir. Það er opin leið sem sagt inn í hluta af fjárlögunum eftir að þeim hefur verið lokað. Og þar er sérstök stjórn sem ég vildi gladur taka þátt í að leggja niður. En ef það eru einhverjar aðrar tekjulindir fyrir Byggðasjóð, sem hægt er að finna, án þess þó að um frekari álögur á fólkið almennt sé að ræða, þá skal ég glaður samþykkja þær. Það er þó eitthvað nýtt sem kæmi hér fram á Alþ.

Ég vil taka undir það, sem kom hér fram, ég held hjá 2. þm. Vestf., að það verður að passa að skaða ekki einn til að hygla öðrum. Það er mergurinn málsins í mínum málflutningi og ég vil undirstrika það.

Það var talað um, ég held af hv. landsk. þm., að þetta hefði aðeins kostað — ég vona að ég fari með rétt mál — aðeins kostað um 150 millj. kr. fyrir fjórum árum. (Gripið fram í.) Já, sem væri orðin enn þá stærri. Ef okkur munar ekkert í dag um samsvarandi upphæð 150 millj. kr. fyrir fjórum árum, þá værum við alls ekki í þeim vandræðum sem við erum í sem þjóð.

Ég vil vara við þeim síauknu álögum sem felast í till. sem fluttar eru þessa dagana á þinginu. Og ef hv. 3. þm. Vestf. verður fyrir vonbrigðum og meiri vonbrigðum eftir hverja ræðu 2. þm. Vestf., þá verð ég að segja að ég verð fyrir síauknum vonbrigðum með málflutning þeirra þm. Vestf. sem hér hafa talað fyrir þessu máli. Þeir eru allir í sama bát hvað mig snertir.

En sem sagt, ég held að við ættum að reyna að ljúka einhverju af fjárfrekum framkvæmdum, sem þegar eru á fjárlögum, og taka þá þessa framkvæmd sem næstu framkvæmd sem fjárlög þola, en alls ekki bæta henni á ástandið eins og það er í dag.

Páll Pétursson: Herra forseti. Hv. 12. þm. Reykv. hefur orðið fyrir sárum vonbrigðum með þá hv. þm. Vestf. sem hér hafa talað og þeir svo fyrir vonbrigðum hver með annan. Ég hef ekki orðið fyrir neinum vonbrigðum og það liggur sæmilega vel á mér enn þá. Auðvitað eru vestfirðingar að ræða hér sjónvarpsmál af því að þeim eru kunnir þeir vankantar sem eru á framkvæmd þessara mála, og þeir eru e.t.v. að berjast fyrir því sem þeir telja vera hagsmunamál þeirra byggðarlaga sem hafa sent þá til starfa í þessari stofnun, og það er náttúrlega hv. 12. þm. Reykv. líka að gera. Hann er með sínum málflutningi að gæta hagsmuna þeirra sem hann telur sína umbjóðendur.

Hver eru þessi sjónvarpsmál, sem vestfirðingar hafa verið hér að ræða? Það eru hér í þinginu tvö mál um útbreiðslu sjónvarps á ferðinni, till. til þál. hér í Sþ. og enn fremur frv. til l. um breyt. á útvarpslögum í Ed. Þetta eru tvær leiðir að sama marki og mér finnst að báðar geti vel komið til greina og kannske væri eðlilegt að reyna að samræma þær, samræma kraftana þannig að það sé ekki endilega um tvær leiðir að velja, heldur megi fara þær báðar að nokkru leyti. Meginatriðið er náttúrlega það að framkvæmdum verði hraðað. Það er alveg áreiðanlegt að það er vel fær sú leið að taka 10% af afnotagjöldunum og verja til þessarar uppbyggingar. Byggðasjóður hefur auðvitað fjármagn til ráðstöfunar, þó að ég hins vegar vilji undirstrika að þörfin fyrir það fjármagn sé mjög víða og sé mjög brýn. En hann hefur fjármagn til ráðstöfunar og gæti hugsanlega hlaupið undir bagga til bráðabirgða. Ég er ekki svo áræð-

inn að nefna óafturkræft framlag, eins og stendur í þáltill., en ég tel vel geta komið til greina að hann lánaði fé til verksins og síðan yrði það smám saman endurgreitt eftir því sem félli til ef farin væri þessi prósentuleið.

Þegar íslenskur sjónvarpsrekstur hófst, þá var hafist handa um myndarlega — ótrúlega myndarlega uppbyggingu dreifikerfisins um landið. Framkvæmdir þessar voru fjármagnaðar, eins og menn vita, með því að til þeirra var varið innflutningsgjöldum af sjónvarpstækjum. Þetta gaf góða raun og framkvæmdahraðinn var mjög góður. En þegar sjónvarpstækin voru komin á allan þorra heimila í landinu hvarf að mestu leyti sá tekjustofn sem staðið hafði undir uppbyggingunni, og þegar uppbygging dreifikerfisins stöðvaðist höfðu þó ekki verið sköpuð skilyrði til viðtöku sjónvarpsefnis í nokkrum byggðarlögum. Skv. áætlun, sem póst- og símamálastjórnin lét gera haustið 1974 og er dags. 15. nóv., vantaði 14 nýjar endurvarpsstöðvar sem þjóna ættu 50 eða fleiri notendum hver og var þá áætlaður kostnaður við byggingu þeirra tæplega 50 millj. kr. Þá þurfti skv. áætluninni nauðsynlega að endurbæta 16 bráðabirgðastöðvar og áætlaður kostnaður við það var þá 35 millj. Auk þess var gerð áætlun um endurbætur nokkurra endurvarpsstöðva á 23 millj. Enn fremur var gerð áætlun um endurvarpsstöðvar vegna nokkurra fiskimiða. Það er að sjálfsögðu geysimikið og kostnaðarsamt verkefni og gerði áætlunin ráð fyrir 600 millj. kr. kostnaði.

Það þarf ekki að fjölyrða um það hvílíkt réttlætismál það er að skapa öllum landsmönnum sem jafnasta möguleika til nota þessa fjölmiðils sem er í ýmsum tilfellum veigamikið menningartæki. Það er skylda ríkisins og ríkisfyrirtækja að skapa þegnunum öllum sem jafnasta lífsaðstöðu í hvívetna, og þetta er vitaskuld einn þáttur þess máls. Að sjálfsögðu er þetta kostnaðarsamt verkefni og það er nauðsynlegt að tryggja til verksins traustan tekjustofn. Ef við athugum hvað afnotagjöld sjónvarpsins eru, þá kemur í ljós að innheimt afnotagjöld sjónvarps árið 1974 voru 259.6 millj. kr. Árið 1975 er áætlað að innheimtist ca. 390 millj., þannig að 10% af afnotagjöldunum gæti reynst eðlilegt að verja til uppbyggingar dreifikerfisins. Það er ekkert fráleit tala að hugsa sér þessi 10%.

Flm. frv. í Ed., frv. á þskj. 105, leggja til að viðaukagjald verði lagt á sjónvarpsgjöldin til þess að mæta þessu. En það er skoðun mín að sjónvarpsgjöldin þyrftu ekki endilega að hækka um 10%, þyrftu ekki endilega að hækka verulega þó að tekinn væri póstur út til þessa sérstaka verkefnis, heldur mætti að skaðlausu spara nokkuð á sumum liðum í sjónvarpsrekstrinum. Og þar er ég sammála hv. 12. þm. Reykv., að auðvitað mega menn ekki eyða í tóma ráðleysu. Þeir verða auðvitað að afla teknanna eða spara á öðrum liðum til þess að geta framkvæmt málin. Og hún var alveg laukrétt hjá honum, hugvekjan sem hann flutti um erlendar lántökur, mikilvægt umhugsunarefni fyrir okkur hér á hv. Alþingi.

Ingiberg J. Hannesson: Herra forseti. Mér þykir rétt að leggja hér orð í belg úr því að svo miklar umr. hafa orðið um þá þáltill. sem hér liggur fyrir um sjónvarp á sveitabæi, vegna þess að hér er um mjög merkt mál að ræða og mál sem við hljótum að taka alvarlega.

Ég vil leyfa mér að þakka flm. þessarar þáltill. það framtak að hafa lagt hana hér fram enn þá einu sinni. Ég efast satt að segja um að allir þm. geri sér ljóst hversu stórt mál þetta í rauninni er fyrir þá sveitabæi sem um er að ræða. Og ég held að það sé alveg fráleitt að menn, sem aldrei hafa átt heima í sveit, geri sér nokkra grein fyrir því, hvað hér er um að ræða.

Við skulum athuga eitt, að byggðaþróun hefur orðið þannig í sveitum, að fyrir svo sem tveimur áratugum og ekki lengra síðan, þá voru heimili yfirleitt fjölmenn. Bæði var þá margt um vinnufólk og kynslóðirnar bjuggu saman á heimilinu, þannig að heimilin voru með allt öðrum svip þá en nú er og þess vegna ekki eins mikil þörf á tilbreytingu og á heimilum í dag, þar sem kannske er um að ræða bara hjónin og börnin. Þess vegna eru heimilin með allt öðrum svip og því miklu meiri nauðsyn á tæki eins og sjónvarpinu sem raunverulega færir nýtt líf inn á sveitaheimilin og sérstaklega hin afskekktu, því að það eru einmitt þau sem hér er um að ræða í mörgum tilfellum, heimili sem ekki ná sjónvarpssendingum. Ég vil þess vegna taka undir þetta mál.

Ég vil taka það fram, að ég legg engan dóm á þá deilu sem hér hefur verið um það hvernig beri að fjármagna þetta. Það er fyrst og fremst vegna þess að ég er málinu ekki nógu kunnugur til þess að geta gert mér grein fyrir því í fljótu bragði og leiði því þá leið hjá mér. Það, sem auðvitað er stóra spurningin í þessu öllu saman, hvernig hægt er að fjármagna fyrirtækið. En ég hef alltaf skilið það svo, að Byggðasjóður væri á einn og annan hátt til þess stofnaður að stuðla að eðlilegri þróun í byggð landsins og að létta undir með þeim byggðarlögum sem erfiðast eiga á ýmsan hátt. Það hefur komið fram og kemur auðvitað alltaf fram þegar um fjármagn er að ræða, að þá er svarað ýmsum þarfamálum á þann veg að fjárhagsleg geta leyfi ekki að þetta sé gert. Þetta heyrum við víða og það er eðlilegur hlutur. Og manni dettur stundum í hug að þegar um er að ræða að framkvæma eitthvað, þá séu það stóru svæðin sem eigi að njóta fjármagnsins, en hinir geti svo verið út undan sem búa í hinum dreifðu byggðum landsins. Ég er ekki að segja að þetta sé ásetningur nokkurs manns, heldur verður þetta einhvern veginn svona í framkvæmd. Og það er kannske ekki óeðlilegt að þeir, sem ekki heyrist mikið í, úti um landsbyggðina gleymist meðan hinir, sem eru nær, láta til sín heyra og heimta kannske stærsta bitann af kökunni.

Að öðru leyti ætla ég ekki að fara að blanda mér í deilur hv. þm. sem kalla sig dreifbýlisþm. og svo aftur þéttbýlisþm. Ég er of nýr í þessu hlutverki til þess að geta það með nokkrum rétti. En ég kom hér upp aðeins til þess að flytja stuðning minn við þetta mál sem ég

tel mjög merkt og mjög þýðingarmikið að því verði ráðið til lykta á sem farsælastan hátt fyrir þá sveitabæi sem hér er um að ræða.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég er mjög ánægður með það, hvað þetta mál, sem ég og meðflm. mínir hafa borið fram, hefur hlotið ítarlegar umr. hér. Ég er ánægður með ræðumenn yfirleitt. Þó að ég segði að ég væri ekki of ánægður með hv. 2. þm. Vestf., þá er það nú kannske vegna þess að ég geri mestar kröfur til hans. En orðaskipti, sem við höfðum, voru málefnaleg, en það verður hins vegar ekki sagt um hv. 12. þm. Reykv. og þess vegna stend ég upp. Hann kemur hér inn í umræðurnar á síðustu stundu og það er allt firrur sem kemur frá þessum hv. þm. Aðalatriðið í því, sem hann sagði, var í fyrsta lagi að till. væri óþörf, í öðru lagi að hún væri óábyrg vegna þess að það væri ekki séð fyrir sérstöku fjármagni í þessar þarfir. Hvort tveggja er rangt. Till. er ekki óþörf. Það sýnir það ástand, að það hefur ekkert verið gert í þessum málum á undanförnum árum. Þess vegna er hún þörf og brýn. Það er ekki heldur rétt að það sé verið að leggja á sérstök gjöld í þessu sambandi. Það er lagt til í till. að tekið sé af fjármagni því sem Byggðasjóður hefur til umráða, og hv. 12. þm. Reykv. hefur sjálfur samþ. með fleirum hér í þinginu að það sé varið 2% af fjárlagaupphæð til Byggðasjóðs. Hér er því aðeins verið að ræða um hvernig eigi að ráðstafa þessu fé sem hann og aðrir hafa ákveðið að færi til byggðamála.

Ég ætla svo ekki hér að ræða um það, hvort sá dómur hv. 12. þm. Reykv. að ég sýndi sýndarmennsku í þessu máli sé réttur. Ég læt hann um að dæma sem honum sýnist. Ég ætla ekki að dæma í þessu máli. Ég læt þingheim dæma um það sjálfan.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil fyrst svara hv. 2. þm. Vestf., síðustu orðum hans. Ég geri það með því að endurtaka það sem ég sagði áðan, að þjóðin er þannig stödd fjárhagslega að við höfum þurft að gefa út skuldabréf, spariskírteini, til þess að standa undir nauðsynlegum framkvæmdum. Spariskírteini þessi og skuldabréf hafa fallið í gjalddaga og ríkissjóður ekki verið fær um að standa í skilum. Við höfum tekið erlend lán, við höfum tekið erlend lán til þess að greiða þessi erlendu lán og við höfum tekið erlend lán til þess að standa undir nýjum framkvæmdum innanlands. Á sama tíma leyfir hv. þm. sér að koma með nýjar og kostnaðarsamar till. Þjóðin getur sjálf dæmt um hvort það er ábyrgur flutningur eða ekki. Ég ætla ekki að eyða orðum í að dæma um það.

Ég talaði aldrei um að það væri óþörf till. sem hér væri flutt. Ég talaði um það í upphafi máls míns, og vitnaði í till. sjálfa, að ég teldi það sjálfsagt verkefni ríkisstj. og þeirra manna sem fara með þessi mál, þ. e. a. s. útbreiðslu á sjónvarpi og hljóðvarpi um landið allt, að vinna að þessum málum með þeim hraða sem fé leyfir hverju sinni. Þar af leiðandi er þessi till. óþörf í sjálfu sér. Ég taldi hana ótímabæra og það er dálítið annað en óþörf. Ég tel þetta rangfærslu sem er ekki samboðin hv. þm.

Það upplýstist frá einum stjórnarmanni Byggðasjóðs að hann gæti ekki, þ. e. a. s. sjóðurinn, tekið á sig viðbótarverkefni, og þetta er hv. flm. vel kunnugt um. Ég tel mig alls ekki hafa verið þarna neitt annað en málefnalegan. Og ég vil ítreka það, að ég mun standa að till. til að auka þægindi og skapa þá þeim sveitabæjum og helst sem allra flestum eins mikil þægindi og reykvíkingar búa við hverju sinni. En það verður að fara eftir getu þjóðarinnar hverju sinni hvernig að fjárframkvæmdum er staðið.

Hv. þm. Ingiberg J. Hannesson flutti hér hjartnæma ræðu um það, hvað þörfin fyrir litasjónvarp eða fyrir sjónvarp, fyrirgefið, sé mikil fyrir einstæðinga sem eiga heima langt upp til dala, — ekki endilega litasjónvarp, en það getur komið að því að krafan verði um það seinna meir, og ég vona að þegar að því komi, þá verði búið að fullnægja kröfunni um sjónvarp. Það er út af fyrir sig enginn ósammála um það. Það kom ekki fram í minni ræðu að ég væri ósammála um þörfina fyrir sjónvarpstæki inn á hvert einasta heimili í landinu. Spursmálið er enn þá fjármögnunin. Við viljum gera allt, en við verðum að hafa efni á því. En hv. þm. sagðist leiða fjármögnunina alveg hjá sér! Það er það sem verið er að gera þegar svona till. eru fluttar. Það er það sem ég tel alvarlegt. Það er spursmálið um hvenær við höfum efni á framkvæmdum, en ekki hvort við viljum framkvæma.

Ég vil þá að lokum svara hv. 3. þm. Norðurl. v., Páli Péturssyni. Ég var ekki að gæta hagsmuna minna umbjóðenda. Ég tala hér stundum um reykvíkinga þegar er verið að leggja á þá álögur sem ég tel óréttlætanlegar. Ég er bara að tala um álögur á þjóðina alla. Við erum öll á sama báti. Við erum öll í vanda stödd fjárhagslega og ekki síst í dag, þar sem allt atvinnulíf er lamað vegna þess að atvinnuveitendur hafa ekki bolmagn til að standa undir mannsæmandi launum fyrir fólkið. Ég kalla það ekki mannsæmandi laun. Það kom fram í sjónvarpsþætti í fyrrakvöld í samtali við verkamann, sem virtist vinna í Hampiðjunni, að hann hefði 54 þús. kr. á mánuði. Ég held að við séum þannig stödd efnahagslega að við eigum ekki hér á Alþ. að vera að koma með kostnaðarsamar till. sem við vitum að eru sýndarmennska vegna þess að við höfum ekki efni á að framkvæma þær. — Hann talaði líka um að meginatriðið væri framkvæmdarhraði. Það er það sem ég er alveg sammála honum um. Þarna er komið að sama málinu allan tímann, það er fjármögnunin. En ég skildi ekki almennilega hugmynd hans um fjármögnun, að það ætti að taka prósentur af afnotagjöldunum. Ég veit ekki hvort ég átti að skilja að það ætti að bæta einhverju gjaldi ofan á afnotagjöldin eða hvort á að taka einhverja ákveðna prósentu af afnotagjöldunum eins og þau eru í dag. Ef Ríkisútvarpið — sjónvarpið — þolir þann tekjumissi, þá get ég fyrir mína parta vel samþ. það. En ég efast um að fjárhagur útvarps eða hljóðvarps, eins og það er víst kallað núna, og sjón

varps sé þannig að það sé hægt að taka frá því eitthvað af þeim afnotagjöldum sem það hefur í dag og telur sig þurfa.

Páll Pétursson: Herra forseti. Út af orðum hv. 12. þm. Reykv. um till., sem væru sýndarmennska, vil ég láta það í ljós, að ég tel að við höfum efni á að framkvæma þetta verk og ég tel að okkur beri skylda til að gera það. Ég mun ekki rökstyðja það nánar á þessum vettvangi hér, því að það eru aðrir sem hafa drepið á það, að við erum ein þjóð í þessu landi okkar og við eigum að reyna að hafa aðstöðu þegnanna sem jafnasta á allan hátt. Ég hygg að svo kunni að fara að sjónvarpsgjöld þyrftu eitthvað að hækka. En ég held líka að í rekstri sjónvarpsins mætti spara þannig að einhverjum prósentum næmi og þyrfti ekki að ganga eins langt og segir í frv. þeirra í Ed. um að leggja 10% viðaukagjald á afnotagjald af hljóðvarpstækjum, eins og það er ákveðið hverju sinni vegna annarra fjárþarfa Ríkisútvarpsins, og skuli því fjármagni varið til framkvæmda á sviði hljóðvarps. Einnig skuli leggja 10% viðaukagjald á afnotagjald af sjónvarpstækjum, eins og það er ákveðið hverju sinni vegna annarra fjárþarfa Ríkisútvarpsins, og skuli því fjármagni ráðstafað til framkvæmda á sviði sjónvarps. Ég held að það þurfi ekki að hafa þessa tölu svona háa. En ég held að það þurfi að merkja til uppbyggingar dreifikerfisins ákveðna upphæð.

Ég styð þessa till. til þál. um aðstoð Byggðasjóðs. En ég vil leyfa mér að bera fram við hana skriflega brtt. sem er á þessa leið:

„Í stað orðanna „Í þessu skyni skal leita til Byggðasjóðs um óafturkræft framlag“ komi: Í þessu skyni skal leita til byggðasjóðs um lánsfé þar til fjár hefur verið aflað með öðrum hætti.“

Mér finnst endilega að það sé skynsamlegt að fara þessa leið, vegna þess að mér finnst útvarpið eiga að vinna verkið og greiða verkið, en hins vegar þurfi að aðstoða það við að framkvæma verkið, t. d. með því að Byggðasjóður hlaupi undir bagga. Ég held að einmitt á þennan hátt verði fljótast og best unnið að framkvæmdum.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég er einn af þeim sem telja ekki vansalaust hve lítið hefur þokast að koma sjónvarpinu út um landið. Það eru orðin, held ég, 2—3 ár síðan t. d. átti að setja upp senda á vissum stöðum á landinu og það hefur ekki enn þá verið gert. Fólkið var búið að kaupa tæki í þeirri trú að við þetta yrði staðið, en fjármagn hefur ekki verið talið vera fyrir hendi til að vinna þetta verk. Ég held að á ýmsum stöðum sé sjónvarpið þannig, að það sé svo léleg mynd, aðstaðan sé svo slæm, að ég er ekki viss um að þeir, sem eru hér á Reykjavíkursvæðinu, mundu sætta sig við að borga t. d. full afnotagjöld af slíkri þjónustu. En þetta verður fólkið úti í strjálbýlinu víða að gera. Ég veit ekki betur en þeir, sem eru búnir að kaupa tæki, t. d. úti um land, hafi staðið að því eins og aðrir með tollum og afnotagjöldum af sínum sjónvarpstækjum að koma sjónvarpinu á þá staði sem það er sæmilegt nú og þeir eigi siðferðilega heimtingu á að fá líka sjónvarp til sín. Ég held að það verði þá bara að hækka gjöldin á öllum til að ljúka þessu verkefni, það sé réttlátasta og eðlilegasta leiðin. Ég vænti þess, að það verði farið að vinna að því og gera sér grein fyrir hvað það er mikið fjármagn sem til þess þarf að ljúka þessu verkefni. Og það þarf auðvitað að gera áætlun um það, hvað hægt er að ljúka því á löngum tíma, og afla fjár til þess.

Við höfum heyrt raddir um það, gerðum það a. m. k. í gamla daga þegar var verið að koma rafmagninu út um dreifbýlið, þá heyrði maður það, að einhver sagði hér í Reykjavík að það þyrfti ekki að lýsa upp fátæktina. En ég vona að þeir tímar séu liðnir og hv. alþm. hugsi yfirleitt þannig, að í þessum málum eins og í ýmsum öðrum eigi að minnka aðstöðumuninn og sjá til þess að menn geti orðið þessara og annarra þæginda aðnjótandi hvar sem er á landinu.

Það er alveg rétt að það eru erfiðleikar í þjóðfélaginu þessa stundina. En við megum ekki mikla þá svo fyrir okkur að við hættum að þora að hugsa eitthvað fram í tímann og taka ákvarðanir um að halda áfram þróuninni. Ég held að við megum ekki mikla svo hlutina fyrir okkur.

Ég tel að þessi till. eigi fullan rétt á sér. Hins vegar hefði ég viljað hafa hana á annan veg. Ég held að sjónvarpið og útvarpið eða þau gjöld, sem þegnarnir borga til að reka þau, eigi líka að borga þann kostnað sem af því leiðir að koma dagskránni sómasamlega til þjóðarinnar. Það er sjálfsagt rétt hjá hv. 3. þm. Norðurl. v., að það má spara ýmislegt í rekstri bæði útvarps og sjónvarps, og þá væri athugandi að fara ofan í saumana á því, hvort það væri ekki hægt að spara einhverjar milljónir á rekstrinum, gera þetta sem sagt á þann veg og svo leggja á fyrir því sem vantar. Þannig eigum við að standa að þessu máli.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Það er enn út af ræðu hv. 12. þm. Reykv. sem ég kveð mér hér aftur hljóðs. Mér heyrðist nú að það gætti greinilegs misskilnings hjá honum varðandi þessar umr. Við erum hér að tala um till. til þál., en hann blandaði greinilega inn í frv. til l. sem hefur verið til umr. í Ed. og það höfum við raunar gert fleiri í þessum umr., enda málin náskyld og sams konar.

Það var rétt sem kom fram hjá síðasta ræðumanni, hv. 3. þm. Norðurl. e., að það eru auðvitað ekki bara reykvíkingar sem eiga að bera þann kostnað sem felst í lagafrv. um 10% álagningu á afnotagjald útvarps og sjónvarps. Það er auðvitað ekkert síður fólkið úti um land og þá þeir sem búnir eru að borga sína tolla og álagningu á þessi tæki, en sitja svo með þau ónýt heima í stofunni sinni af því að það eru ekki veitt skilyrði til þess að þau taki við því, sem ætlast er til, vegna hins ófullkomna dreifikerfis sem raunar er sums staðar alls ekki fyrir hendi.

Það var líkt hv. 12. þm. Reykv. er hann sagði sem svo af höfðingskap og örlæti, sem ég veit að hann á til í ríkum mæli, að það væri sjálfsagt og hann væri því manna hlynntastur að koma öllum þægindum, sem reykvíkingar hafa, inn á

hvern einasta sveitabæ. Þetta var vel og drengilega mælt. En í næstu setningu snerist hann öndverður gegn málinu og sagði: Við höfum bara enga peninga til þess, og þið verðið að bíða, góðir menn þarna úti á landi, þangað til við höfum einhverja peninga í buddunni. Við höfum nú fjárlög upp á 60 milljarða sem við erum að enda við að afgreiða frá Alþ., og það er stór upphæð. Það er hér sem fyrr spurningin um hvernig þetta á að koma til skiptanna. Raunar er ekki farið fram á það hér að taka neitt af fjárveitingum fjárl., heldur einungis að leggja þetta aukagjald á hvern útvarps- og sjónvarpsnotanda á öllu Íslandi, vel að merkja ekki bara hér í Reykjavík eða á Reykjavíkursvæðinu. Afnotagjald sjónvarps er í dag 8400 kr., afnotagjald hljóðvarps er 3800 kr. 10% af þessu samanlögðu gerir sem sagt 1220 kr. Það eru nú öll ósköpin.

Mér kemur í hug í þessu sambandi að það var í dagblöðunum nú á dögunum talað um að ein steik á veitingahúsi í Reykjavík kostaði 3000 kr., — ein steik, eins og tekið var til orða, 3000 kr. Mér virðist að það sé spurningin um hvort við, sem höfum aðstöðu til að fá svona fína steik, viljum í eitt skipti panta okkur hálfan skammt, spara hálfan skammt eða kannske afneita fínu steikinni í eitt skipti. Þá erum við komin með tvöfalt gjald á við það sem lagt er til í umræddu lagafrv. að renni til þeirrar framkvæmdar sem hér er um að ræða.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta öllu meir. En ég man ekki betur, af því að ég er nú enn að víkja að máli hv. 12. þm. Reykv., — ég man ekki betur en hann stæði nálægt þeim hópi sem á s. l. ári lét eins og væri verið að rífa hjartað í brjóstinu á þeim þegar átti að loka fyrir Keflavíkursjónvarpið sem þeir höfðu til viðbótar við okkar litla, vesæla íslenska sjónvarp. Ég held að þeir menn, sem leggja þetta mikið upp úr sjónvarpi á annað borð, ættu að geta sett sig inn í það, að það eru fleiri íslendingar en við hér í nágrenni Miðnesheiðar sem telja það nokkurs virði að hafa þetta menningartæki í seilingarfjarlægð. Þess vegna kemur þetta því hlálegar út, þetta skilningsleysi á högum þeirra sem búa við gróflega ólíkar aðstæður að því er félagslegar og menningarlegar aðstæður snertir.

Ég endurtek það enn, að ég er sammála um að við eigum ómögulega að vera að deila hart hvert á annað, eftir því hvar við erum búsett á landinu. Og það er óvinafagnaður, það get ég tekið undir, að stofna til úlfúðar og togstreitu milli þéttbýlis og strjálbýlis. En eins og ég hef áður sagt hér í ræðustól á Alþ., það er ákaflega greinilegt að fólk, sem ekki þekkir annað en Reykjvaík og þéttbýlið hér með kostum þess og göllum, virðist engan veginn geta sett sig inn í málefni þess fólks sem við dreifbýlisþm. erum að reyna að bera fyrir brjóstinu. Því get ég enn sagt: Þessu góða fólki væri hollt að flytja sig um set í nokkur ár og sannreyna hvað það er sem landsbyggðarfólk fer á mis við og hvað það er sem það hefur líka fram yfir Reykjavík og svæðið hér í kring.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég held að það sé nú svolítið illa gert að vera að koma inn í þessa umr. hv. stjórnarsinna hér í Sþ. um þetta mál. Það er kannske að bera í bakkafullan lækinn einnig eftir þær umr., sem hér hafa orðið um þetta mál.

Varðandi þessi mál hefur nokkurt kapphlaup verið hér í þinginu um till. varðandi sjónvarpsdreifinguna milli þeirra framsóknarmanna og sjálfstæðismanna, og skal ég síst amast við því þegar um góð mál er að ræða að þeir keppist við að flytja um það till., þó að okkur, sem erum núna í stjórnarandstöðu, finnist náttúrlega öllu nær að þeir beittu sínum miklu og ótvíræðu áhrifum, sem þeir hafa í stjórnaraðstöðunni, til að hrinda þessu máli í framkvæmd, koma því ekki bara í tillöguform hér, heldur láta ríkisstj. sína gera þetta. Það væri náttúrlega það allra æskilegasta. Ekki trúi ég því a. m. k. að hv. 12. þm. Reykv. sé svo voldugur maður innan þessa hóps að hann sé hér alger þröskuldur í vegi og komi í veg fyrir þessi góðu áform hinna, þó að ég heyri það að honum sé allilla við þetta mál.

Sannleikurinn er nú sá, að fyrst eftir tilkomu sjónvarps hjá okkur fór dreifing sjónvarpsins töluvert hratt um landið. Það var tekið allmyndarlega á þessu af Ríkisútvarpinu sjálfu. Nú hin síðustu ár hefur dofnað mjög hér yfir og nær ekkert gert. Ég stórefa það t. d. að síðustu tvö árin hafi nokkurt átak, sem teljandi er, verið gert í þessum dreifingarmálum. Ég hygg að það sé rétt, að það hafi nær ekkert verið gert. Og það stafar af því, eins og margoft hefur verið bent á af hálfu Ríkisútvarpsins, að það vantar tekjur til þess að standa undir þessum kostnaði. Það kann vel að vera að Ríkisútvarpið þyrfti að búa við betri fjárhag að ýmsu leyti. En ég held að það sé líka rétt, sem kom fram í máli hv. þm. Páls Péturssonar, og það hef ég oft bent á, að það mætti einnig huga að ýmsum sparnaði. Það er auðvitað alltaf spurning varðandi tekjur stofnunar eins og Ríkisútvarpsins hvernig á að verja þeim. Á að verja þeim eingöngu í dagskrána, eins og hefur verið gert síðustu tvö árin, eða á að láta þótt ekki nema væri 10%, eins og hér hefur verið talað um, af þessum tekjum renna beint til dreifikerfisins og til þess að efla og bæta sjónvarpsskilyrði þar sem þau eru ónóg eða nær engin? Ég held sem sagt, að það ætti að skylda Ríkisútvarpið til þess að verja ákveðinni prósentuupphæð af tekjum sínum til þess að sjá um þetta verkefni. Það væri engin ofraun. Það mætti þá gjarnan huga að einhverjum sparnaði innan þessarar stofnunar um leið, og það mætti þá gjarnan innan þeirra veggja láta niður falla draumana um litsjónvarpið sem nú virðist æðsti draumurinn í þeim herbúðum og svo áberandi að c. t. v. falla svona vesæl verkefni eins og sjónvarp á sveitabæi og bætt sjónvarpsskilyrði í þeim landsfjórðungum, þar sem þau eru verst, þau falla væntanlega þar í skuggann. Mér skilst það og það er áreiðanlega rétt að þetta sé æðsti draumur þeirra í dag, og ég spái því að þegar þar að kemur verði fjárhagur Ríkisútvarpsins miklu betri talinn af forráðamönnum þess, þegar þeir fara að ráðast í þá framkvæmd, þá muni ekki vera mikið til fyrirstöðu eftir að þeir hafa fengið leyfi stjórnvalda til þess að ráðast í þá framkvæmd.

Ég er samþykkur þessari till. varðandi þá

meginhugsun sem í henni felst, að hér megi einskis láta ófreistað til þess að koma sjónvarpi til þeirra sem ekki njóta þess í dag. Einangrun þessa fólks er alveg nægileg þó að hún væri rofin af þessum fjölmiðli sem þó er um margt menningartæki, þótt margt mætti þar betur fara.

Spurningin er auðvitað um það, hver eigi hér að greiða, og vitanlega er það Ríkisútvarpið sjálft sem þar á til að koma alveg sérstaklega. Það hefur gert þetta, það á að sinna þessu verkefni áfram, það á að verja til þess ákveðnum hluta af sínum tekjum að sjá um þetta skylduverkefni sitt, — skylduverkefni sitt sem opinberri stofnun ber að rækja.

Það kann vel að vera að það þyrfti eitthvert viðbótarfjármagn og þá væri sjóður eins og Byggðasjóður ekki óeðlilegasti aðilinn. Hann hefur sinnt ýmsum verkefnum sem eru hliðstæð þessum, og það mætti vel hugsa sér hann sem viðbótaraðila. En fyrst og fremst þarf Ríkisútvarpið að annast þetta sjálft og verja til þess ákveðnum hluta af sínum tekjum. Það var að vísu, að mig minnir, till. um þetta flutt við fjárlagaafgreiðsluna hér af hv. þm. Lúðvík Jósepssyni, um það að ákveðnum hluta af tekjum Ríkisútvarpsins yrði varið í þessu skyni. Sú till. var vitanlega felld, m. a. auðvitað með atkv. flm. að þessari till. án efa, allra þeirra eða flestra, eins og þeirra stjórnarsinna í heild. Var þó ekki hér um neina viðbót á fjárl. að ræða, heldur aðeins spurning um ráðstöfun á vissum tekjupósti fjárlaga.

Ég hef áður rætt í Ed. um það frv. sem þar er til meðferðar nú um viðaukagjald og ég get svarað því frv. á sama hátt og ég hef gert hér, að Ríkisútvarpið eigi að verja ákveðnum hluta af heildartekjum sínum til þessa verkefnis. Mér finnst nefnilega hlálegt að leggja hér á viðbótargjald til þess að láta þá greiða sem búa við óhæf sjónvarpsskilyrði. Ég held að þeim, sem sjá sjónvarp ekki nema svona bærilega annan hvern dag, eins og t. d. hjá okkur eystra í fyrravetur, og varla það, þeim muni þykja býsna kyndugt að eiga nú að fara að greiða viðaukagjald ofan á þetta sjónvarpsgjald sitt til þess að mega halda áfram að horfa á þokuna og snjóinn. Fyrsta skilyrðið er að Ríkisútvarpið sinni þessu sjálft af eigin tekjum, en sé ekki verið að bæta við það tekjum, sem auk þess eru í frv. tæpast nógu skýrt afmarkaðar til þessa verkefnis, þ. e. a. s. það mun vera orðað svo. Ég er ekki með frv. hérna hjá mér, en það mun vera orðað á einhvern hátt þannig, að þetta viðaukagjald eitt skuli notað í þessu skyni, en þegar kemur að framhaldinu, þá er sagt: að viðbættu fjármagni sem veitt er til slíkra framkvæmda af öðrum tekjum Ríkisútvarpsins og á fjárl. Það er sem sagt ekkert ákveðið um það, að af núverandi tekjum Ríkisútvarpsins þurfi að verja nokkru til þessa verkefnis, þar eigi þetta viðaukagjald alveg að nægja. En það er rétt að fara ekki nánar út í það hér, því að ég sé að það er enginn flm. hér inni af þessum þrem mönnum sem fluttu þetta frv. Ég hef lýst yfir andstöðu minni við það að því leyti til, að ég vildi hafa annan hátt á sem ég hef áður lýst, en verkefnið er jafnmikilvægt fyrir því.

Meginhugsunina að baki þessari till. og öðrum till., sem fram hafa komið, get ég stutt. En ég tel, eins og ég hef áður sagt, eðlilegast að Ríkisútvarpið sjálft sjái um þetta og það væri skyldað blátt áfram til þess að verja ákveðnum hluta af tekjum sínum til þess að sinna þessu brýna verkefni, og mér heyrðist áðan að við hv. þm. Páll Pétursson værum býsna sammála um þetta atriði.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Aðeins nokkur orð um mál þetta. — Ég vil vekja athygli á því, að við stríðslok síðustu tókst Ríkisútvarpinu á einum 4 árum að koma sér upp myndarlegum sjóði með því að marka ákveðinn hluta af afnotagjöldum — sjóði sem nægt hefði til þess að byggja og kosta að öllu smíði útvarpshúss sem nú er talið, miðað við núverandi verðlag, að mundi kosta tvo milljarða. Með svo skjótum hætti tókst Ríkisútvarpinu með heimild frá Alþ. til þess að hækka eðlilega afnotagjöld sín í 100 kr. á ári úr 60 kr. og marka 40 kr. af heildargjaldinu til sjóðsöflunar, — með svo skjótum hætti tókst Ríkisútvarpinu að koma sér upp slíkum sjóði. En svo var búið að teikna húsið. Og það var á þeim dögum þegar Landsbankinn stimplaði sem innistæðulausar ávísanir frá ríkissjóði árin 1948 og 1949, þá var náttúrlega þessi sjóður Ríkisútvarpsins tekinn til annars konar framkvæmda og honum skilað mjög seint aftur og svo illa að hann var orðinn harla verðlítill.

Ég er eins og síðasti ræðumaður þeirrar skoðunar að það eigi að láta Ríkisútvarpið sjálft um að bæta dreifikerfi sitt. Ég er efalaus um að það yrði metnaðarmál þeirrar stofnunar að koma sjónvarpsdagskránni á hvert sveitabýli ef Ríkisútvarpinu væri aðeins heimilað að afla á eðlilegan hátt þeirra tekna sem til þess arna þarf. Ég starfaði við Ríkisútvarpið í tíð þriggja útvarpsstjóra sem allir höfðu þetta sem metnaðarmál: að bæta dreifikerfi Ríkisútvarpsins. Og alveg er ég efalaus um það, að hefðu þeir fengið að ráða og þau útvarpsráð, góð eða slæm eftir ástæðum, sem sátu þennan tíma, þá hefði ég ekki þurft að þola það frá sjö ára aldri til fimmtugs að ekki heyrðist útvarp sæmilega á öllu Austurlandi og nær gervöllu Norðausturlandi, eins og nú er.

Ég heyrði fyrst í útvarpi árið 1930. Þá heyrðist illa í útvarpi á Austurlandi. Það heyrist ekki miklu betur í útvarpi á Austurlandi núna heldur en heyrðist þá — ekki miklu betur. (**Gripið fram í:** Það heyrðist illa í Reykjavík á þeim tíma.) Það fer náttúrlega eftir heyrn hvers og eins talsvert, en þó hygg ég að músikprógram hafi komist þá þegar svona sæmilega til skila í húsakynni reykvíkinga. Útvarpið heyrist ekki enn þá á Austurlandi þannig að menn geti hlustað á konserta sér að gagni. Eftir kl. 8 á kvöldin heyrist á stórum stöðum varla mælt mál svo að skiljanlegt sé. Ég lít enn þá svo til, að meðan þetta tiltölulega einfalda tæknilega vandamál er óleyst, þá þurfum við, með fullri virðingu og umhyggju fyrir einstökum sveitabæjum þar sem ekki sést sjónvarp, a. m. k. jafnframt að hugleiða lausn á þessu vandamáli sem lýtur að útvarpinu sjálfu.

Nú vill svo til að samkv. upplýsingum sem ég hef frá tæknifróðum mönnum, m. a. á vegum

Ríkisútvarpsins, lægi beint við að leysa samtímis þessi vandamál, þ. e. a. s. dreifingu hljóðvarps með últrabylgjum og sjónvarps, og færi þá saman að hægt yrði að koma lýtalausu útvarpsefni til hinna ýmsu staða og sjónvarpsefninu.

Ég veit ekki, af því að ég hef verið hér skamma hríð í sölum Alþ., hversu ungir menn hafa heimild til að vera, hversu ungir menn mega vera í mati sínu á sögulegum félagslegum aðstæðum á landi hér. Ég sé nú að hv. þm. Ingiberg J. Hannesson er farinn héðan. Ég ætlaði aðeins að vekja athygli á því atriði, að fyrir 20 árum var náttúrlega líkt ástatt í sveitum landsins og nú er. Þar sátu einyrkjar, karl og kerling með börn sín, og þá var fólksfæðin svipuð og nú er á einstökum bæjum. Þá hygg ég aftur á móti að löggjafinn hafi þrátt fyrir allt verið fáanlegur til að leggja meira af mörkum fyrir þetta fólk heldur en nú er, og umfram alla muni, þá hygg ég jafnvel að á þeim tíma þegar áhrifa sósíalista gætti kannske ekki öllu meira en núna, en meðan áhrifa félagshyggjumanna í hópi framsóknarmanna gætti meira en nú á Alþ., þá hygg ég að engum hafi komið til hugar að leysa svona mál á kostnað reykvíkinga sérstaklega. Þetta er áleitinn misskilningur hjá sumu fólki, — við nefnum engin nöfn til þess að valda ekki misskilningi, — þegar minnst er á ráðstafanir til þess að bæta stöðu fólksins í dreifbýlinu, koma henni eitthvað í áttina við það sem hún er í þéttbýlinu að ýmsu leyti, þá hrökkva menn upp, slá því bara alveg föstu að þetta verði gert á kostnað reykvíkinga. Í ákaflega mörgum tilfellum er hægt að bæta félagslega stöðu fólksins úti á landi án þess að skerða félagslega stöðu fólks annars staðar, meira að segja án þess að það kosti þéttbýlisfólkið nokkurn skapaðan hlut annan en jákvæð viðhorf og góðvilja.

Ég sé að hv. þm. Albert Guðmundsson hefur tekið þetta til sín. Ég meinti þetta ekki sem gagnrýni á hann. Af kynnum mínum við hann þykist ég geta gengið út frá því sem vísu að hann verði manna fyrstur til þess að ljá lið góðum málum sem stuðla að bættri aðstöðu í dreifbýlinu, að því tilskildu sem það kosti ekkert fyrir umbjóðendur hans.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég þyrfti að fá leyfi til að hafa þetta heldur meira en stutta aths., þar sem þm. bætast hér í salinn hvað eftir annað og gera aths. án þess að hafa hlustað á málflutning sem á undan er genginn.

Ég vil taka það strax fram, að það er misskilningur hjá hv. 5. þm. Norðurl. e., Stefáni Jónssyni, að ég hafi talað um að þetta verkefni, sem hér er nú til umr., ætti að vera á kostnað reykvíkinga sérstaklega. Það er rétt hjá honum, ég tók til mín þegar hann hvessti á mig augun og lét þau orð falla áðan. Ég var að vara við, — ég sé ekki að tími minn leyfi að ég endurtaki það, — ég var að vara við þeirri miklu skuldasöfnun sem hefur átt sér stað í þjóðfélaginu. Ég tók fram, hvernig hún hefur orðið til. Og þegar þm., hvort sem þeir eru reykvíkingar eða aðrir, koma með kostnaðarsamar till. á tímum sem við lifum nú fjárhagslega sem þjóð, þá eru það sýndartill. Þetta get ég útskýrt aftur ef forseti gefur mér tíma til að gera það, en ég reikna ekki með því.

Ég sé ekki ástæðu til að svara hv. 9. landsk. neitt frekar en ég gerði um daginn. Ég vildi gjarnan sjá hana búsetta í sínu kjördæmi, en það er annað mál. En ég hef ekki hugsað mér að flytja út á land.

Hvað Keflavíkursjónvarpið snertir, þá sé ég ekki heldur ástæðu til að draga það inn í þessa mynd sem við erum hér að mála af sjónvarpsþörf úti á landi. En ég held að ég fari með rétt mál, að í Reykjavík er ríkjandi talsvert verðeftirlit á öllum hlutum. Og ef steik kostar 3000 kr. einhvers staðar, þá held ég að ég fari að daðra við þá hugmynd að þeir, sem framleiða kjötið, geti komið sér upp sínum eigin sjónvarpsstöðvum. En hvort er rétt hjá hv. 9. landsk. þm. að draga þetta mál inn í myndina skal ég ekki segja um.

En hér talaði bankaráðsmaður eins af ríkisbönkunum með mikilli athygli (Gripið fram í.) Hver er það? segir einhver. Það er bankaráðsmaður Búnaðarbankans, það er hv. 3. þm. Norðurl. e. Hann talaði um það rétt eins og aldrei hafi verið til fátækt í Reykjavík, að sumir — hefur líklega átt við þm. Reykjavíkur þess tíma — hafi talið óþarfa að lýsa upp fátæktina á landi. Ég get upplýst þennan hv. þm. um það, að hér var talsverð fátækt fram eftir öllu og fram til 1939 að striðið byrjaði og sú verðbólga hófst sem kannske hefur farið úr böndum. Fátæktin hefur verið víðar en úti á landi. Hún er ekkert sérfyrirbæri fyrir fólk úti á landi. Hún er líka þekkt í Reykjavík, hún er þekkt enn í dag, það get ég fullvissað viðkomandi um.

En hann sagði annað, — ég verð að hlaupa yfir flest af því sem hann sagði, því að það er ekki þess virði að svara því mörgum orðum, — en hann sagði annað sem sló mig og ég held að hann hafi ekki átt að segja. Hann sagði: Við erum hættir að hugsa fram í tímann — og þess vegna værum við á móti þeirri þróun, sem hér væri til umr., að reisa sjónvarpsstöðvar og fara út í kostnaðarsamar framkvæmdir. Ég skal endurtaka þetta. Hann sagði að við værum hættir að hugsa fram í tímann. Þessi orð skrifaði ég orðrétt eftir hv. þm. En ég held að við ættum að fara að hugsa fram í tímann, því að eins og ástatt er og ég taldi upp áðan, með þeirri skuldasöfnun og hvernig við stöndum í skilum sem þjóð með síuknum erlendum lánum, þá ættum við að fara varlega í framkvæmdir eins og þær sem hér er um að ræða, þrátt fyrir það að ég viðurkenni að þær eru nauðsynlegar strax og við höfum efni á. Auðvitað á fólkið úti á landi að búa við eins góð skilyrði og hægt er og sem fyrst eins nálægt þeim skilyrðum sem eru hér í Reykjavík. En náttúrlega er samtakamáttur fjöldans alltaf meiri heldur en fámennisins. Það er aldrei hægt að jafna það alveg. Það er ekki hægt, alveg sama hvaða góðvilja við höfum til þeirra sem búa inni í innstu dölum, við getum aldrei gefið þeim alla þá þjónustu sem fæst í höfuðborgum hvers lands fyrir sig. Það þýðir ekkert að hugsa svona. En hv. 3. þm. Norðurl. e. endaði mál sitt með því að æpa inn í hljóðnemann: Bara að leggja á. — Og það er það sem ég hef verið að vara við.

Páll Pétursson: Herra forseti. Það er út af þessu með steikina. Hún kostar 3000 kr., frétti ég, og hv. 12. þm. Reykv. lagði til að þeir, sem framleiddu svona steikur, byggðu sínar sjónvarpsstöðvar sjálfir, endurvarpsstöðvar sjálfir. Ég vil upplýsa hv. 12. þm. Reykv. um það, að fyrir eitt kg af 1. flokks dilkakjöti á bóndinn samkv. verðlagsgrundvelli frá 1. des. 1975, þ. e. a. s. þeim verðlagsgrundvelli sem gildir í dag, að fá kr. 402.70. Af þessari 3000 kr. steikarmáltíð fær bóndinn sem sagt kr. 402.70 fyrir hvert kg. Og svo geta menn reiknað hvað drjúgdeilt verður þessu kjötkílói. Það er sem sagt töluvert sem ber á milli, og kannske væri þá ekki óeðlilegt að ekki einasta framleiðendur, sem fá einungis 402.70 fyrir kg af þessum dýra málsverði, heldur einnig steikarkaupandi og matreiðslumenn, þjónar og allir þeir aðrir sem ábata hafa af þessum viðskiptum öllum, legðu nú saman í púkkið, þannig að hægt væri að sýna öðrum kjötframleiðendum, sem fá 402 kr. gjald fyrir hvert kg dilkakjöts, ofurlítið sjónvarp.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 57. fundur.

Miðvikudaginn 18. febr., kl. 2 miðdegis.

Sálfræðingar, frv. (þskj. 332). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þetta frv. um sálfræðinga er undirbúið að tilhlutan menntmrn. af Hrafnhildi Stefánsdóttur fulltrúa þar og Andra Ísakssyni prófessor, sem jafnframt er formaður Sálfræðingafélags Íslands, og það er raunar undirbúið og flutt að ósk Sálfræðingafélagsins. Þessu frv. fylgja nokkuð ítarlegar aths. þar sem bæði er greint frá þróun þessara mála hér á landi og eins í nálægum löndum og greint frá þeirri löggjöf sem þar hefur verið sett varðandi sálfræðinga. Ég sé þess vegna ekki ástæðu til að hafa langa framsögu fyrir þessu frv. hér í hv. deild. Ég vil aðeins minna á það, að þrátt fyrir að sálfræðingar hafi í vaxandi mæli verið ráðnir til starfa, einkum innan skólakerfis og heilbrigðisþjónustu, þá hafa ekki verið sett nein lagaákvæði um starfsemi þeirra og starfsheitið sálfræðingur hefur ekki notið lögverndar. Aftur á móti setti síðasta Alþ. slík lög um félagsráðgjöf, þ. e. lög nr. 41 frá 1975. En eins og kunnugt er, þá eru störf félagsráðgjafa og sálfræðinga nokkuð hliðstæð, a. m. k. að öllum jafnaði mjög nátengd, því að þeir starfa mikið saman. Ég hygg að það sé alveg eðlilegt í framhaldi af því, sem gert var hér á Alþ. í fyrra, þ. e. lagasetningu um félagsráðgjöf, að setja nú lög í þá stefnu sem lagt er til með þessu frv.

Með vísun til þess að aths. eru ítarlegar hef ég þessi orð ekki fleiri, en leyfi mér að leggja til, að frv. verði að umr. lokinni vísað til hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Vátryggingariðgjöld fiskiskipa, frv. (þskj. 339). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. til l. er um greiðslu vátryggingariðgjalda fiskiskipa. Efni þess er að viðskiptabanka útgerðarmanns skal skylt að halda eftir fjárhæð sem nemi 5% af heildarsöluverðmæti afla, sem landað er hérlendis, og 4% af heildarsöluverðmæti afla, sem landað er erlendis, og á að verja þessu fé til greiðslu iðgjalda af vátryggingum viðkomandi fiskiskips. Er ætlunin að viðskiptabankarnir skili andvirði þessa gjalds inn á reikning samtaka útvegsmanna hjá viðkomandi banka og síðan verði mánaðarlega gerð skil til tryggingarfélags viðkomandi báts.

Þetta frv. er flutt til þess að tryggja það að vátryggingariðgjöld verði greidd reglulega af aflaandvirði viðkomandi skips. Með lögum um útflutningsgjöld er verulega skertur Tryggingasjóður fiskiskipa eða um meira en helming og mun meira en um helming miðað við tryggingarverðmæti skipa, og til þess að koma í veg fyrir að strax myndist óvenjumiklar skuldir í iðgjöldum fiskiskipanna er þetta frv. flutt. Það er flutt með vitund og vilja viðskiptabankanna, en þeir vildu heldur fá bein lagafyrirmæli um að halda eftir af fiskandvirði. Það er líka flutt fyrir áeggjan útgerðarmanna sem vilja koma þessu formi á. Sömuleiðis er mér óhætt að fullyrða að það er einnig með vitund og vilja sjómanna. Ég hygg að hér sé ekki um neitt ágreiningsmál að ræða, en sjálfsagt og eðlilegt að gera þessa breytingu þegar í upphafi við þá breytingu sem gerð hefur verið á sjóðakerfinu og kemur til framkvæmda þegar útgerð hefst að nýju með eðlilegum hætti.

Herra forseti. Ég vil leggja til að að lokinni þessari umr. verði þessu frv. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Efri deild, 58. fundur.

Miðvikudaginn 18. febr., að loknum 57. fundi.

Aðild Íslands að samningi um aðstoðarsjóð Efnahags- og framfarastofnunarinnar, frv. (þskj. 338). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir um aðild Íslands að samningi um stofnun aðstoðarsjóðs á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar, hefur verið samið í viðskrn. Þótti rétt að hafa þetta frv. til l., en ekki þáltill., þar sem skv. samningnum eru hugsanlega nokkrar ábyrgðarskyldur á lántökuheimildum.

Á síðasta vetri var unnið að samningi þeim, sem hér er lagt til að fullgiltur verði af Íslands hálfu, á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París. Leiddu viðræður og at-

huganir sérfræðinga aðildarríkjanna til samningsgerðarinnar, en samningurinn var undirritaður af flestum aðildarríkjum, þ. á m. Íslands, í París 9. apríl s. l., að áskildri fullgildingu eftir reglum hinna einstöku landa. Öll aðildarríkin hafa nú undirritað samninginn og nokkur gengið frá fullgildingu.

Aðalröksemd fyrir stofnun sjóðsins er sú, að þeir gjaldeyriserfiðleikar, sem stafa af olíuverðhækkunum og fleiri orsökum, hafi ekki ýkjaalvarlegar afleiðingar fyrir aðildarríkin sem heild, þar sem olíuútflutningslöndin muni aftur yfirfæra fjármuni sína til OECD-landanna, en þetta geti komið illa niður á einstökum ríkjum og gæti þá aðstoðarsjóður komið til hjálpar.

Gert er ráð fyrir að sjóðurinn afli sér fjár með lántökum innan aðildarríkjanna eða á alþjóðlegum fjármagnsmarkaði, en endurláni fé til einstakra aðildarríkja. Mundu aðildarríkin bera ábyrgð á lántökum í hlutfalli við kvóta sinn í sjóðnum. Þó er gert ráð fyrir að ríki, sem á í mjög miklum gjaldeyriserfiðleikum, geti verið undanþegið slíkri ábyrgð.

Útlánskjör sjóðsins miðast við lánskjör sem hann þarf að sæta. Gert er ráð fyrir því að aðildarríki, sem sækir um lán úr sjóðnum, hafi gengið verulega á eigin gjaldeyrisforða og notað aðra lánamöguleika sem bjóðast með sanngjörnum skilmálum.

Uppbygging sjóðsins er miðuð við að skipta byrðunum eftir getu hvers aðildarríkis. Kvótarnir eru byggðir á svokallaðri vergri þjóðarframleiðslu og utanríkisviðskiptum hvers aðildarríkis.

Sjóðurinn er 20 milljarðar sérstakra dráttareininga, þannig að hluti Íslands er 20 millj. sérstakra dráttareininga, en það mun samsvara á gengi í dag um 4 þús. millj. kr. Ekki er gert ráð fyrir greiðslu stofnframlaga. Sérstakar dráttareiningar eru vegnar eftir reglum eða kerfi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og hafa verið notaðar í skiptum við hann.

Hámarkslánstími er 7 ár og vextir a. m. k. jafnháir þeim sem sjóðurinn þarf að greiða í hverju tilfelli. Heimilt er að reikna lántökugjald til þess að standa undir kostnaði við stjórn sjóðsins.

Vegna hinna miklu verðhækkana, sem orðið hafa á olíu og ýmsum öðrum vörum, hefur mjög gengið á gjaldeyrisforða landsins eins og kunnugt er. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur veitt fyrirgreiðslu í þessu sambandi síðustu tvö ár. *Ríkisstj. telur rétt að taka þátt í stofnun þessa* aðstoðarsjóðs og eiga þannig kost á lánum hjá honum, en jafnframt verðum við að vera reiðubúnir að taka þátt í ábyrgð á lánum annarra aðildarríkja ef til kemur.

Það hefur þótt rétt að viðskrh., sem fer með skipti Íslands við þau alþjóðlegu efnahags- og viðskiptasamtök, sem hér er um að ræða, skipi fulltrúa Íslands í stjórn sjóðsins.

Að öðru leyti leyfi ég mér, herra forseti, að vísa til aths. við frv. og þó fyrst og fremst til samningsins sem fylgir því sem fskj.

Ég vil svo að lokum leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 60. fundur.

Miðvikudaginn 18. febr., kl. 2 miðdegis.

Álbræðsla við Straumsvík, frv. (þskj. 138, n. 226 og 308). — Frh. 2. umr.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Ég biðst afsökunar. Hefði ég vitað að hv. 1. þm. Suðurl. var staddur í miðri ræðu, þegar umr. var frestað, hefði ég að sjálfsögðu leyft honum að halda áfram þeirri ræðu sinni nú í upphafi framhaldsumræðunnar. En varaforseti sá um síðasta fund, þannig að ég hafði ekki um þetta vitað. Ég veit að hv. 1. þm. Sunnl. tekur því með ljúfu geði að halda áfram ræðu sinni þegar hv. 3. þm. Norðurl. v. hefur lokið sinni ræðu.

Páll Pétursson: Herra forseti. Í þessu frv. til laga um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Suisse Aluminium Ltd. um álbræðslu við Straumsvík sýnist mér sumt vera til bóta frá fyrra samkomulagi. Rafmagnsverð er fært nær raunveruleikanum en það hefur verið. Sem kunnugt er hafa 50% af tiltækri notkun raforku farið til álversins og fyrir það fengist tæp 10% af verði. Nú hækkar það úr 3 eða 2½ mill í 3½ eða 4 eða jafnvel 4½ mill, gæti síðan lækkað niður í 3½ mill eftir álverði eða hækkað ofurlítið ef lukkan væri með okkur. Þetta finnst mér nú ekki geysileg úrbót, en þó ber að þakka hana og fagna þeim árangri, þó að ég sé þeirrar skoðunar að þetta verð sé enn þá of lágt. En hagur Landsvirkjunar skánar væntanlega eitthvað í bili.

Það er rétt að geta þess, að Áburðarverksmiðjan og Sementsverksmiðjan knúðu fram á sínum tíma að komast undir sama orkuverð og ÍSAL. Þeim samningi hefur nú verið sagt upp við Áburðarverksmiðjuna. Hann hækkar og hækkar þar með áburðarverð fyrirsjáanlega talsvert vegna þess.

En það fylgja fleiri bögglar þessu skammrifi. Skattgjaldstekjur lækka, en verða þó með nokkrum hætti nærtækari íslendingum vegna breytinga á endurgreiðsluákvæðum. Endurgreiðsluákvæðin á framleiðslugjaldinu í gamla samningnum eru lærdómsríkur kapítuli og sýnishorn um það hvernig ekki eigi að gera samninga, eins og raunar margt fleira í álsamningnum gamla. Viðurkenningu á því sjónarmiði er að finna á bls. 11 í grg. 29.09:

„Ríkisstjórn Íslands skal færa ÍSAL til eignar miðað við 30. sept 1975 fjárhæðina 4.4 millj. Bandaríkjadollara, er svarar til skattinneignar ÍSALs á þeim degi samkv. málsgrein 27.05 í aðalsamningnum, eins og sú málsgrein átti við áður en honum var breytt með öðrum viðauka við aðalsamninginn. Fjárhæð þessi flyst með ársvöxtum, er séu jafnháir forvöxtum Seðla-

banka Bandaríkja Norður Ameríku, eins og þeir eru birtir á hverjum tíma, og ber að nota hana til greiðslu með skuldajöfnuði á framleiðslugjaldsskuldbindingum ÍSALs vegna almanaksára eftir 30. sept. 1975, að því leyti sem þær skuldbindingar eru umfram heildarfjárhæð framleiðslugjalds fyrir viðkomandi ár þegar gjaldið er reiknað á grunntaxta. Sérhverjar eftirstöðvar fjárhæðarinnar, sem ekki er unnt að nota með þessum hætti, skulu endurgreiddar ÍSAL þegar samningur þessi rennur út eða honum er slitið."

Þarna kemur það sem sé fram, að Álfélagið á endurkröfurétt, sem hér er viðurkenndur af íslendingum, fyrir hátt í 700 millj.

Ég sakna þess að ekki er minnst á mengun í þessum samningi. Það vandamál hefur horfið í skuggann fyrir öðrum, en er þó enn þá til. Nál. meiri hl. fylgir bréf frá ÍSAL, þar sem þeir segja að þeir muni einhvern tíma setja upp hreinsitæki. „Já, margt er nú bréfið," sagði gamall maður úr Bláskógaheiðinni. Ég geri ekki mikið með þetta bréf. Bréf um þetta efni hafa gengið frá Heródesi til Pílatusar fram og til baka um árabil, en úrbæturnar eru jafnfjærri og þegar fabrikkan andaði sínu fyrsta pústi.

Ég furða mig á því, að ekki einu sinni hvað varðar stækkunina skuli hafa verið sett skilyrði um mengunarvarnir sem hald er í. Mig undrar að Heilbrigðiseftirlitið, heilbrmrn. og þó sérstaklega hæstv. heilbr.- og trmrh. skuli láta þetta óátalið. Ráðh. hlýtur með því að telja að einungis sé um meinlaus úrgangsefni að ræða í Straumsvík.

Þá kem ég að því atriði, sem mér finnst lakast í þessum samningi, heimildinni til stækkunar álversins. Ég er þess fullviss að lítils háttar leiðrétting á rafmagnsverðinu er dýru verði keypt þótt ekki kæmi annað til en þessi stækkun. Við höfum mjög slæma reynslu af þessu fyrirtæki og þeim atvinnuháttum og þeirri atvinnuuppbyggingu þjóðfélagsins sem þar var hafin. Þess vegna sé ég enga ástæðu til þess að fara að heimila stækkun þessa iðjuvers, jafnvel þótt nokkur hækkun raforkuverðs fengist fyrir það og það sé vissulega jákvætt að íslenskir raforkunotendur þurfi ekki að borga eins mikið með raforkusölunni til álversins á næstu árum og þeir hafa gert til þessa. Landsvirkjun hefur, sbr. bls. 27 í aths. við frv., reiknað út meðalverð viðbótarsölunnar árin 1978 og 1979 miðað við álverð 45 cent á pund, og það er 4.43 mill á kwst. Þetta fyrirtæki hefur alla tíð verið skorbildur í þjóðarbúinu, sögð til sín meira en helmingur af tiltæku rafmagni og ekki goldið fyrir nema hluta af framleiðslukostnaðarverði þess. Framleiðslukostnaðarverð á raforku við Sigöldu er áætlað 180 aurar á kwst., og að vera nú að gera samninga um ráðstöfun á hluta þeirrar orku fyrir meðalverð viðbótarsölunnar á ca. 75.3 aura, það þykir mér ekki skynsamlegt. Þannig tel ég að ekki eigi að haga vinnubrögðum við uppbyggingu atvinnulífs á Íslandi og það er útilokað að selja raforkuna á verði sem er neðan við framleiðslukostnaðarverð á hverjum tíma, a. m. k. þegar ekki er um innlend þjóðþrifafyrirtæki að ræða.

Ég tel að reynslan hafi sannað okkur það rækilega, að sú uppbygging atvinnulífs á Íslandi að laða hingað erlend auðfélög til þess að koma á fót iðjuverum, sem eru ýmist alfarið í eigu útlendinga eða þá með snöru hringanna um hálsinn, sé röng, svo röng að fjarstæða sé að halda lengra á þeirri braut. Ég bið menn að hugleiða hvernig ástandið væri núna ef við hefðum hleypt útlendingum í fiskiðnað eða útgerð á Íslandi. Þetta er að mörgu leyti hliðstætt. Nú þegar áliðnaður dregst saman, þá losar álverið sig náttúrlega við drjúgan hluta af starfsmönnum sínum. Í Straumsvík hafa menn unnið erfiða og óholla vinnu, en þar hafa menn líka fengið hátt kaup. Starfsmenn annarra fyrirtækja hafa farið að miða sig við það og krafist sömu launa. Þegar ríkisstj. vildi ekki fallast á þessar kröfur í áburðarverksmiðjunni og sementsverksmiðjunni í fyrravor og setti brbl., þá neitaði verkalýðshreyfingin að hlýða þeim lögum og „þau fóru í bága við réttarvitund almennings" að sögn forseta ASÍ. Og verkalýðshreyfingin braut á bak aftur rétt kjörin stjórnvöld í landinu og fyrirkom í eitt skipti fyrir öll úrræðum brbl. í vinnudeilum. Þarna kom fram enn einn þáttur í áhrifum álversins á íslenskt efnahagslíf.

Álverið hefur reynst okkur illa í flestu tilliti, svo sem framsóknarmenn bentu á við stofnun þess. Ég vísa til nál. 2. minni hl. álbræðslunefndar í Nd., þskj. 501, 1966, undirritaðs af Ingvari Gíslasyni og Þórarni Þórarinssyni, og nál. á þskj. 608 frá 1. minni hl. álbræðslunefndar í Ed., undirritaðs af Helga Bergs og Ólafi Jóhannessyni. Ingvar og Þórarinn gengu svo langt að leggja fram rökstudda dagskrá við frv. Hrakspár framsóknarmanna þegar viðreisnarstjórnin gerði álsamninginn hafa að öllu leyti reynst réttar. Í stað þess að álverið skyti sterkari stoðum undir afkomu þjóðarinnar hefur það reynst ómagi á þjóðarbúinu. Gjaldeyristekjum hefur starfsorka og heilsa starfsmanna í Straumsvík að vísu skilað, en gjaldeyrir hefði myndast eða sparast vegna starfsorku þeirra, hvort þeir hefðu unnið þjóð sinni til sjós eða lands, og hamingja þeirra vafalaust ekki orðið minni.

Frsm. meiri hl. iðnn., hv. 1. þm. Suðurl. Ingólfur Jónsson, fjölyrti mjög um gróðann af þessu álveri, bæði fyrr og þó sérstaklega í framtíðinni. Hann rakti dæmi, sem stóriðjunefnd hafði látið reikna út og prentuð eru á bls. 29 og 30 í aths. við frv. Bæði þessi dæmi gera ráð fyrir gróða íslendinga. Í ræðu hv. 1. þm. Suðurl., sem birt er í Morgunblaðinu, vil ég leyfa mér að rifja upp þessi orð: „Í skýringum með frv. eru sett fram tvö dæmi, A og B. Ætla má að dæmi A gæti verið raunhæft, sem gerir ráð fyrir svipaðri verðþróun á áli og undanfarna tvo áratugi, en dæmi B gerir ráð fyrir örari verðhækkunum á áli eða um 5% á ári að meðaltali í dollurum. Einnig gerir dæmi B ráð fyrir mun meiri hagnaði. Dæmi B verður að teljast óraunhæft, enda sett af íslensku samninganefndinni í viðræðum við Alsuisse til stuðnings málstað Íslands." Ég verð að játa að upp í svona röksemdafærslu næ ég ekki. Ég vona bara að hæstv. fjmrh. og hans menn setji ekki fram algjörlega óraunhæf dæmi til að styrkja málstað Íslands. Læðist nú ekki að einhverjum stjórnarþm. öðrum en mér lúmskur grunur um það, að dæmi A kunni að

vera óraunhæft líka, eins og dæmi B og þau dæmi sem sett voru fram með álsamningnum gamla og járnblendisamningnum í fyrravetur og hafa rækilega sannast að voru óraunhæf? Þrátt fyrir það að formanni stóriðjunefndar hafi tekist að fá fram lítils háttar lagfæringu á orkusölusamningi fyrir formann Landsvirkjunar og bætt nokkuð úr mistökum þeim sem formaður viðræðunefndar um orkufrekan iðnað gerði 1966 og þar með ef til vill létt af seðlabankastjóra einhverjum áhyggjum vegna Landsvirkjunar, þá tel ég að sú leiðrétting sé of dýru verði keypt með því að heimila þessa stækkun og þvælast enn þá lengra út í ófæruna, út í stóriðjufenið. Ég mun samkvæmt því sjónarmiði mínu leggjast gegn samningi þessum.

Frsm. meiri hl. (Ingólfur Jónsson) [frh.]: Hæstvirtur forseti. Ég átti eftir að taka nokkur atriði til athugunar vegna ræðuflutnings hv. 2. þm. Austurl. og hv. 3. þm. Reykv. um þetta mál þegar hlé var gert á fundi hér í fyrradag.

Það var ágætt að hv. 3. þm. Norðurl. v. fékk að tala á undan mér. Það var sannarlega upplífgandi að hlusta á hann og heyra hans dóm um álverksmiðjuna, rekstur hennar og hvernig hefur þróast í þjóðlífinu síðan verksmiðjan byrjaði rekstur. Það er enginn vafi á því að hv. 3. þm. Norðurl. v. slær út hv. 2. þm. Austurl. og hv. 3. þm. Reykv. þegar um þetta mál er rætt. Ég held nú satt að segja að hv. 2. þm. Austurl. hafi orðið svolítið afbrýðisamur þegar hann hlustaði á ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v. En hvað sem því líður þá geri ég ráð fyrir að hv. 2. þm. Austurl. standi það af sér og hugsi sér að bæta þá úr því næst þegar hann tekur til máls.

Ég hafði rætt nokkuð um þann hag sem íslendingar hafa haft af álverksmiðjunni og einnig hvernig viðhorfið verður ef þær till., sem hér liggja frammi, verða samþykktar. Ég býst við því, að allir hv. þm. séu sammála um að till. færi íslendingum auknar tekjur bæði í orkusölu og einnig í skattheimtu. Hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði reyndar áðan að skattarnir lækkuðu við þessa breytingu. En það er nú eftir því hvernig á það er litið. Það má fullyrða að skattarnir eru miklu öruggari nú en eftir gamla fyrirkomulaginu, því að nú er kveðið svo á að það skuli vera lágmarksskattur af hverju tonni, 20 dollarar, hvernig sem reksturinn gengur. Það skal borga þetta framleiðslugjald hvernig sem reksturinn gengur, þótt tap sé á rekstrinum. En sá galli var á fyrri samningi, þótt hann hafi verið að mörgu leyti góður, að þegar tap var á rekstrinum myndaðist skattinneign samkv. þeim ákvæðum sem ekki var hægt að komast hjá.

Hv. 2. þm. Austurl. spurði að því um daginn hvernig skattinneignin ætti að greiðast? Hann taldi að samninganefndin hefði staðið sig illa, að það skyldi ekki vera bara strikað út, það sem kallað var skattinneign. Það var náttúrlega ekki hægt, vegna þess að svo er kveðið á í samningnum að skattinneignin myndist þegar illa gengur og of mikið hefur verið borgað árið áður, en skattinneignin greiðist með 5.6% vöxtum, eins og tekið er fram í grg. með frv., og það verður ekki farið að greiða af þessari skattinneign fyrr en framleiðslugjaldið kemur yfir 20 dollara á tonn. Þar sem skattgjaldið fylgir álverðinu, þá er öruggt talið að skatturinn fari yfir þetta mark, því að með þeim tilkostnaði, sem nú er á álframleiðslu, er talið öruggt að ekki sé nokkur leið að framleiða ál með því álverði sem nú er skráð á heimsmarkaði, álverðið verði því að hækka ef framleiðsla á þessum dýra málmi eigi að halda áfram.

Og hvernig á að greiða skuld Hafnarfjarðarbæjar, Iðnlánasjóðs og Byggðasjóðs? spyr hv. þm. Þetta greiðist af óskiptu, sem er umfram 20 dollara.

Þetta er ekki flókið dæmi, og ég er viss um að hv. 2. þm. Austurl. skilur þetta og þarf ekki að biðja um frekari skýringar.

Hv. þm. talaði talsvert um orkuverðið og sagði að það væri óhæfilega lágt, næstum því til skammar. Getur það verið að hann hafi sömu skoðun og hv. 3. þm. Norðurl. v. sem sagði áðan að álverksmiðjan fengi 50% af orkunni, sem seld er í landinu, fyrir aðeins 10% af því sem inn kemur fyrir orkusöluna? Ef menn trúa því að dæmið sé svona, að þetta sé staðreynd, þá er eðlilegt að mönnum finnist orkuverðið lágt, óhæfilega lágt. En þetta er bara ekki svona, og skal ég koma að því áður en langt líður.

Hv. 2. þm. Austurl. sagði að orkuverðið samkvæmt eldri samningi væri þó miklu skárra en það sem samið hefði verið um til aukningar álverinu, þessi 20 mw. sem er ætlað að selja nú til viðbótar. Og eftir að hann var búinn að ræða eldri samninginn og eldra orkuverðið, þá komst hann að þeirri niðurstöðu að líklega hefði orkuverðið í upphafi verið sem næst kostnaðarverði. Þetta byggir hann vitanlega á því, að það voru sérfræðingar til aðstoðar við þessa samninga og reiknuðu út kostnaðarverð frá virkjuninni við Búrfell og gáfu ráðleggingar um það, hvað hægt væri að selja orkuna fyrir til álversins til þess að það yrði ekki undir kostnaðarverði. Það var misskilningur hjá hv. þm. þegar hann talaði um að það hefði ekki verið reiknað með miðlunarmannvirkjum í Þórisvatn. Það var gert. En nokkrum hluta af þeim kostnaði var deilt á Sigölduvirkjun sem nýtur þessara framkvæmda og einnig fyrirhuguð Hrauneyjarfossvirkjun og aðrar virkjanir í Þjórsá sem kynnu að koma fyrir neðan Þórisvatn. En mér finnst það virðingarvert hjá hv. þm. þegar hann eftir vangaveltur kemst að þeirri niðurstöðu að orkuverðið, eins og samið var um frá virkjuninni við Búrfell, hafi verið sem næst kostnaðarverði. Og hann furðaði sig ekkert á því að við, sem hefðum talað um þessi mál, bæði ég og hv. 6. þm. Reykv., hefðum getað sannað að þetta var ekki undir kostnaðarverði, heldur ríflega kostnaðarverð.

Það er rétt, aðeins til upprifjunar, að minna á það að kostnaðarverð á kwst. frá virkjuninni við Búrfell var 20 aurar, en það var samið um 26 aura greiðslu til 1. okt. 1975 og 22 aura eftir það, eða 2.5 mill, og það vita vitanlega allir hv. þm. að 1 mill er einn þúsundasti úr dollar og aurafjöldinn breytist eftir því hvernig gengi dollars er. Enn er rétt að rifja það upp að til 1. okt. var framleiðslugjaldið aðeins 12.5 doll-

arar á tonn, en eftir 1. okt. átti það að verða 20 dollarar á tonn, en þó með þessum fyrirvara um rekstrarútkomu og skattinneign sem gæti myndast.

Orkuverðið samkvæmt þeim till., sem nú liggja fyrir, er, eins og menn hafa vitanlega veitt athygli, að frá 1. okt. 1975 samkvæmt þeim till. sem fyrir liggja, verður það 3 mill til ársloka 1975 og frá 1. jan. 1976 til 1. júlí 1976 3.5 mill, næstu 12 mánuði 4 mill og næstu 6 mánuði 4—5 mill eftir verði á áli. Og frá 1. jan. 1978 fylgir orkuverðið álverði eins og tilgreint er í grg. með frv.

Það hefur verið talað um þetta lága orkuverð í öðru orðinu sem álverksmiðjan greiðir og það séu aðeins 10% af því sem fæst fyrir orkusölu, þótt álverksmiðjan noti 50% af orkunni. Mér þykir rétt að skýra þetta nánar fyrir þeim hv. þm. sem halda að þetta sé svona. Ég er sannfærður um að hv. 3. þm. Reykv., þegar hann heldur þessu fram, trúir því að þetta sé þannig. Og hv. 2. þm. Austurl., mér dettur ekki í hug að halda að hann tali gegn betri vitund og alls ekki hv. 3. þm. Norðurl. v. Allir þessir þm. kappkosta að hafa það sem sannara reynist. Þess vegna er það, að ég vil koma með það í þessum umr. sem ætti að sannfæra menn um það sem rétt er. Mér dettur ekki í hug að vera að draga hlut álverksmiðjunnar fram neitt betri en hann raunverulega er.

Eins og ég sagði áðan, hækkar orkuverðið samkv. nýju till. fyrstu árin eins og skýrt er í aths. að frv., þ. e. í áföngum, fyrst um 20% og 1. júlí 1977 um 80% og fylgir síðan álverði. Samanburður á greiðslu ÍSALs og annarra orkunotenda er að hætti Þjóðviljamanna, þ. e. greiðslur ÍSALs fyrir orkuheildsölu eru bornar saman við greiðslur almennings til orkuveitna. Sé hins vegar borið saman heildsöluverð til ÍSALs annars vegar og heildsöluverð til Rafmagnsveitu Reykjavíkur hins vegar kemur í ljós að ÍSAL greiðir um 52% af heildsöluverði til Rafmagnsveitu Reykjavíkur miðað við orkuverð til ÍSALs frá 1. júlí 1976. Það eru 52% miðað við það sem Rafmagnsveita Reykjavíkur greiðir, en ekki 10%. Og það er náttúrlega reginmunur hvort það er heildsöluverð eða smásöluverð. Þetta hlutfall er þó of lágt ef tekið er tillit til þess, að ÍSAL tekur við 220 kw. spennu en Rafmagnsveitan ýmist 132 kw. spennu eða baðan af minni. ÍSAL sér sem sagt um eigin spennustöðvar og að sjálfsögðu dreifikerfið. Og það er stóra málið, að ÍSAL sér um dreifingarkerfið og spennustöðvarnar. En til þess að fá þessa háu tölu fyrir orkusölu til almennings í landinu hefur orðið að grípa til dreifikerfisins og það verður algjörlega rangur samanburður ef annars vegar er miðað við heildsöluverð og hins vegar við smásöluverð. Ég veit að hv. þm. taka þetta til greina og sjá, að þetta getur ekki reynst rétt, þegar þeir átta sig á þessu.

Tilkostnaður við framleiðslu, flutning og dreifingu raforkunnar hér við innlendar aðstæður, vatnsaflsvirkjanir, er að langmestu leyti háður uppsettu afli, en að mjög litlu leyti háður nýtingartíma þess, þ. e. orkusölunni. Af þessum sökum er eðlilegra að bera saman greiðslur miðað við afl heldur en orku, og sé það gert verður hlutfallið ÍSAL enn meira í vil en ef það er gert eins og ég sagði áðan. ÍSAL hefur nýtingartíma um 8200 klst á ári og greiðir því frá 1. júlí 1977 6300 kr. árskw. Rafmagnsveita Reykjavíkur hafði á árinu 1975 nýtingartímann 4965 kwst. á ári og greiðir miðað við þann nýtingartíma 12 100 kr. árskw. ÍSAL greiðir því um 52% af því sem Rafmagnsveita Reykjavíkur greiðir fyrir afnot af sama afli. En þess ber jafnframt að geta, að ÍSAL tekur við allri sinni orku með 220 kw. spennu, en Rafmagnsveita Reykjavíkur tekur við helmingi sinnar orku með 132 kw. spennu, en hinum helmingnum með 6—66 kw. spennu. Til þess að lækka spennuna fyrir afhendingu þarf að sjálfsögðu spennustöðvar sem auka tilkostnaðinn fyrir Landsvirkjun. Er talið að þegar um 132 kw. spennu er að ræða í stað 220, þá hækki orkukostnaðurinn raunverulega um 7%.

En það er þessi afgangsorka og 20 mw. sem fara til stækkunar á álbræðslunni, það er nú það versta, sagði hv. 2. þm. Austurl. Það mátti skilja á honum að hitt væri hægt að fyrirgefa. En afgangsorkan, hvað segir Landsvirkjun um hana? „Afgangsorka sú, sem átt er við í samningunum við járnblendiverksmiðjuna og ÍSAL, er unnin úr vatni sem tiltækt er hverju sinni þegar forgangsorkubörfinni hefur verið fullnægt. Þannig verður orkukaupandi, sem eingöngu kaupir afgangsorku, að sætta sig við í vatnsleysisárum að fá alls enga orku um margra mánaða skeið yfir vetrarmánuðina. Afgangsorkusala hefur ekki áhrif til flýtingar næstu virkjana og hefur þannig ekki aukakostnað í för með sér fyrir orkuöflunarfyrirtæki. Sala afgangsorku er ákaflega hagkvæm fyrir orkuöflunarfyrirtæki, þó að verðlagning á slíkri orku sé lág, þar sem hér er um hreinar aukatekjur að ræða af sömu fjárfestingu eins og ef afgangsorkuafhendingin hefði ekki komið til.“ Þetta er nú það sem Landsvirkjun segir um þetta, og 60% af þessum 20 mw. eru afgangsorka. Og á bls. 36 í fskj. frv. vitnar Landsvirkjun enn um hagkvæmnina á því að selja þessi margumræddu 20 mw., og ég ætla ekki að fara aftur að vitna í það þar sem allir hv. þm. hafa þetta skjal fyrir framan sig. Og nú veit ég að hv. 2. þm. Austurl. og fleiri, sem hafa rætt um rafmagnsmálin, eru sannfærðir um að það er hagræði fyrir Landsvirkjun að selja 20 mw. á því verði sem hér hefur verið rætt um.

Ég tel ekki ástæðu til að fara nánar út í rafmagnsverðið. Það liggur fyrir að það er hagnaður að því sem hér hefur verið lagt til að lögfesta og að með því fær Landsvirkjun og þjóðarbúið aukinn hagnað af álverksmiðjunni.

Hv. 3. þm Norðurl. v. minntist á dæmið A og B sem greint er frá í fskj. með frv. Honum fannst það skrýtið að dæmið B skyldi vera þarna með, þar sem það væri ekki álitið raunhæft. Ég held að það sé algengt í samningum að koma með ýmis dæmi sem ekki geta talist raunhæf þegar til alvörunnar kemur, en þykir samt sem áður gott að hafa þau til umræðu og hafa sem útspil, eins og það er orðað, þótt það endi ekki með því að byggja áætlanir á því í lok samningsumr. Og ég lagði ekki út af dæmi B, vegna þess að ég taldi það ekki vera raunhæft. Ég lagði

út af dæmi A sem við teljum vera raunhæft vegna þess að það byggist á þróun á verði áls síðustu 20 ár og allir, sem þekkja til þessarar framleiðslu, telja að það sé varleg áætlun að byggja á dæmi A. Og með því að byggja á dæmi A kemur í ljós mikill hagnaður bæði af orkusölu og einnig meira öryggi af skattgjaldi heldur en er samkv. eldri samningum.

Ég ætla ekki að fara að deila við hv. 3. þm. Norðurl. v. út af fullyrðingum hans um að þjóðin hafi tapað á álbræðslunni, hún hafi reynst illa, hún hafi sogið til sín vinnukraft og fjármagn og þjóðarbúið hafi skaðast. Ég ætla ekki að deila við hv. þm. um þetta vegna þess að fullyrðingar hans stangast algjörlega á við staðreyndir.

Hæstv. forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða öllu meira um þetta mál. Ég held að ég hafi komið inn á flest þau atriði bæði nú og í fyrradag, sem hv. 3. þm. Norðurl. v., hv. 2. þm. Austurl. og hv. frsm. minni hl., 3. þm. Reykv., gerðu athugasemdir við. Ég tel að það, sem stendur í fskj. með frv., og það, sem fram hefur komið bæði hjá mér og hv. 6. þm. Reykv., sé nægilegt til að sanna að þjóðarbúið hefur hagnast á álverksmiðjunni frá því fyrsta, að till. þær, sem fyrir liggja, verða til þess að auka tekjur þjóðarbúsins, til þess að auka hag Landsvirkjunar, til þess að koma í veg fyrir miklar hækkanir á almenning frá Landsvirkjun nú í bráð, og ég tel að með þeim breyt., sem hér er lagt til að lögfestar verði, sé stigið stórt spor til þess að auka hagnað af þessu fyrirtæki sem frá upphafi hefur verið íslensku þjóðarbúi til hagnaðar.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Það hafa nú orðið alllangar umr. um þetta mál og er út af fyrir sig ekkert að undra á því. Hér er auðvitað um mikið mál að ræða. En þó verð ég að játa það, að ég bjóst ekki við að umr. yrðu alveg svona viðfeðmar, svona miklar eins og þær hafa orðið. Ég hef ekki tekið þátt í þessum umr. Ég taldi að þessu máli mundi nokkurn veginn ljúka með þeirri vinnu sem lögð var í það í iðnn., þar sem ég á sæti, og bjóst ekki við því að umr. yrðu alveg svona viðfeðmar eins og þær hafa orðið. En vegna þess einmitt hvernig umr. hafa lagst, þá finnst mér rétt að segja hér nokkur orð eða gera smáathugasemdir í sambandi við þetta mál.

Eins og fram kemur í nál. stend ég að áliti meiri hl. ásamt hv. þm. Þórarni Þórarinssyni. Við höfum stutt álitið í þeirri trú og þeirri vissu að þetta sé til hagsbóta þegar á heildina er litið. Ég tel að þessi breyt., sem hér er rætt um, feli þó í sér vissar endurbætur á álsamningnum frá 1966, og mér finnst það vera nokkuð mikið atriði, að það er gerð tilraun til þess nú loksins að bæta nokkuð úr þeim ágöllum sem voru á þessum samningum við Alusuisse fyrir 10 árum. Þess vegna finnst mér eðlilegt að vera meðmæltur þessu frv.

En af því að álsamningana almennt hefur borið hér mjög á góma, vil ég taka það alveg skýrt fram, að það er fjarri því að við þessar breyt. verði álsamningarnir — upphaflegu álsamningarnir — fullkomnir. Min skoðun er alveg óbreytt um það, að álsamningarnir hafi verið stórgallaðir þegar þeir voru gerðir.

Eins og hér hefur verið rifjað upp nú af einum hv. þm., þá átti ég sæti á Alþ. fyrir 10 árum og var í þeirri n., sem fjallaði sérstaklega um þetta mál og var kölluð álbræðslunefnd, og ég var fulltrúi míns flokks í þeirri n. með hv. þm. Þórarni Þórarinssyni. Við eigum báðir enn sæti í iðnn. Við höfðum aðstöðu til þess að fylgjast vel með þessu máli, og þá sendum við frá okkur mjög ítarlegt nál., sem fór í þá átt að við vorum andvígir þessum samningum þá. Ég hef ekki breytt um skoðun á þessu máli síðan, og ég hygg að hið sama gildi um félaga minn, Þórarin Þórarinsson, hann hafi ekki heldur skipt í sjálfu sér neitt um skoðun á þessu máli. En ég vil benda á það hins vegar, að við stöndum nú frammi fyrir gerðum hlut. Það var á sínum tíma samið við Alusuisse. Álbræðslan er staðreynd í dag, við verðum auðvitað að standa frammi fyrir því og við hljótum að gera okkur ljóst að hún verður ekki lögð niður á næstunni, hvað sem verða kann þegar samningstíma er lokið. Og ég teldi það ákaflega undarlegt og í rauninni fáránlegt ef við höfnuðum endurbótum á viðskiptum okkar við Alusuisse. Hins vegar teldi ég æskilegt að það væru gerðar miklu fleiri endurbætur á þessum gömlu samningum, því að enn þá stendur það, sem við sögðum hér fyrir 10 árum, að það væri margt mjög óviðfelldið í þessum samningum, og sú skoðun mín hefur ekki breyst neitt með árunum. En það er eins og oftar, að það er hægara að koma á einhverju ástandi heldur en að breyta því, en ég fagna þeim breytingum sem eru til bóta.

Ég kemst ekki hjá því vegna þess, hvernig þessar umr. hafa lagst, að minna svolítið á afstöðu okkar framsóknarmanna almennt til álsamningsins 1966, hver afstaða okkar var þá. Hún var sú, að við vildum hafna álsamningunum, og það var af ótalmörgum ástæðum og margvíslegum ástæðum sem við töldum að þessir samningar væru óhagstæðir, óviðfelldnir og slíkir að það ætti ekki að ganga að þeim. Í fyrsta lagi er það svo, að framsóknarmenn eru og hafa verið andvígir stóriðjurekstri útlendinga, nema þá í alveg sérstökum undantekningartilfellum og með mjög ströngum skilyrðum. Þá töldum við líka orkusamninginn óhagstæðan. Við vorum á móti þeirri skattlagningaraðferð sem beitt var og valin var í þessu tilfelli, einkum þó hvernig að því var staðið, hvernig aðferðirnar voru við að finna út framleiðslugjaldið. Við gátum ekki heldur fellt okkur við að taka ágreiningsmál út af samningunum undan íslenskri lögsögu, sem raunar er gert. Við vorum þannig á móti gerðardómsákvæðunum og okkur þótti þau vera óviðfelldin, ekki viðeigandi. Við vorum á móti því, að Íslenska álfélagið nyti viðtækra tollfríðinda, bæði hvað snerti efni og tæki til byggingar álversins, og einnig að erlendir starfsmenn nytu tollfríðinda í sambandi við innflutning á heimilismunum. Og við töldum óeðlilegt og óvarlegt að undanþiggja álbræðsluna þeirri kvöð að byggja gaseyðingartæki á verksmiðjuna. Þetta eru nokkur atriði sem ég vil minna á í sambandi við þessa

upphaflegu samninga, að því fer víðs fjarri að við framsóknarmenn höfum breytt í nokkru skoðun á því að þessir álsamningar, eins og þeir voru gerðir 1966, hafi verið óheppilegir. Hins vegar tel ég að sú breyting, sem hér liggur fyrir í frv.-formi, sé til bóta, þó að því fari fjarri að þarna sé um að ræða einhverja fullkomna endurskoðun á þessum samningum. En ég held þó að þetta frv. miði í rétta átt, þó að stutt gangi. Ég held að það bæti að nokkru úr ágöllum upphaflegu samninganna. Ég a. m. k. tel liggja ljóst fyrir, að nú sé samið um hagstæðara orkuverð, og ég er sannfærður um að þau ákvæði, sem nú eiga að gilda um framleiðslugjaldið, eru miklu hagfelldari en áður var. Það er búið að lagfæra þessi ákvæði þannig, að við getum vel við það unað, og þau eru í rauninni komin í það form núna sem ég hygg að við framsóknarmenn höfum á þeirri tíð bent á að vera skyldi.

Hér hefur verið mikið deilt um orkuverðið og ég skal ekki taka mikinn þátt í þeim deilum, en ég býst við að það kunni að vera að einhverju leyti rétt, sem hv. 2. þm. Austurl. hefur látið hér uppi, að orkuverðið sé lágt miðað við kostnaðarverð nú. Ég býst við að það megi leiða að því rök. Vissulega fær álbræðslan enn orkuna á mjög svo lágu verði. Það er út af fyrir sig alveg rétt. Og því miður er haldið við forréttindaaðstöðu, sem þetta fyrirtæki hefur, sem þessi erlendi stóriðnaður hefur. Þessari forréttindaaðstöðu er haldið áfram, ef miðað er við þau kjör sem iðnaðurinn almennt í landinu hefur. En sem sagt, þó að ég fylgi þessu frv., sem hér liggur fyrir, er ég alls ekki að lýsa fylgi mínu við slík forréttindi stóriðjunnar yfirleitt, hvort sem hún er alútlend eða hálfinnlend, eins og járnblendiverksmiðjan á að verða eða er. Ég held að það sé mjög óheppilegt að veita stóriðnaði sérréttindi fram yfir almennan iðnað. Ég tel það í rauninni hættulega stefnu og ég mun standa gegn henni að svo miklu leyti sem mér er unnt.

Ég benti á það í ræðu minni á síðasta þingi, þegar ég talaði hér í járnblendimálinu, að ef íslenskur framleiðsluiðnaður almennt nyti sömu kjara um orkuverð og tollfríðindi og stóriðnaðurinn í Straumsvík og svo þessi fyrirhugaða járnblendiverksmiðja, þá mundi íslenskur iðnaður blómgast og verða samkeppnisfær á erlendum mörkuðum. Ég hef lengi haft sannfæringu fyrir því, að það er ekki hægt að byggja upp útflutningsiðnað hér á landi öðruvísi en að veita innlendum iðnaði slík kjör eða sem næst því. Að mínum dómi ætti iðnaðurinn auðvitað að gera harða kröfu á ríkisvaldið í þessa átt. Það eru því gleðitíðindi, sem hv. 2. þm. Austurl. benti á í sinni ræðu, að forustumenn iðnaðarins eru að átta sig á því að þetta ætti að vera öflug krafa iðnaðarins. Bæði Davíð Scheving Thorsteinsson, formaður Félags ísl. iðnrekenda, og Erlendur Einarsson, forstjóri SÍS, hafa hreyft þessari kröfu nú alveg á síðustu vikum. Og ég álít, að ríkisvaldið eigi að hlusta á þessar kröfur iðnaðarins.

En svo ég snúi mér aftur að efni þessa frv., þá eru í því þrjú höfuðatriði. Það er samið um breytingu á orkuverði, það er samið um breytingu á framleiðslugjaldi og það felur í sér heimild fyrir Álfélagið að stækka álbræðsluna um 20.7 þús. tonn og loforð um aukna orkusölu upp á 20 mw. Ég ætla aðeins hér að minnast á þessa stækkun. Ég ætla ekki að minnast meira á framleiðslugjaldið og orkuverðið, en mig langar hér að minnast örlítið á þessa stækkun.

Þegar kom til þess fyrir mig að taka afstöðu til stækkunarheimildarinnar, þá var það fyrst og fremst eitt atriði sem ég vildi fá úr skorið og það var um mengunarvarnirnar, því að það er ekkert launungarmál að það var sýnd linkind í upphaflega samningnum frá 1966 hvað þetta snerti, þá var sýnd hrein linkind í þessu máli. En að vissu leyti var þetta kannske afsakanlegt á þeirri tíð vegna þess að þá vissu menn miklu minna um iðnaðarmengun en menn vita nú. Og óneitanlega hefur það tekið óhæfilega langan tíma að koma upp gaseyðingartækjum í álverinu. Þó finnst mér rétt að geta þess, að það var gerð virðingarverð tilraun í þessu máli á árunum 1972—1974, en sú tilraun mistókst. Ég held að öllum hv. þm. hljóti að hafa verið kunnugt um þessa viðleitni Álfélagsins og það sé ekki nein ástæða til að vanmeta hana.

Ég fylgdi því mjög fast eftir í iðnn. að mengunarvarnirnar yrðu sérstaklega ræddar þar og kannaðar, enda komu strax fram óskir um það frá Náttúruverndarráði, og fulltrúar Náttúruverndarráðs og fulltrúi frá Heilbrigðiseftirlitinu mættu á fundi iðnn. og þar voru þessi mál mjög rækilega rædd. Því miður var þetta frv. þannig úr garði gert að þar var mjög litlar upplýsingar að finna, í grg. sjálfs frv., um fyrirhugaðar mengunarvarnir álbræðslunnar, og ég held að það liggi alveg á borðinu, að ég hefði ekki fylgt þessu frv. ef ekki hefði komið fram fullnægjandi grg. um mengunarvarnir. En eins og fram kemur á fskj., sem fylgir nál. okkar meirihlutamanna, barst skýrsla frá Íslenska álfélaginu og þar kemur fram að verið er að vinna að því að koma upp þurrhreinsibúnaði svokölluðum til gaseyðingar. Það er fullkomnasta tæki sem völ er á í þessu skyni og er áætlað að þessi tæki verði tekin í notkun eftir tvö ár eða 1978. Um það fjallar áætlun fyrirtækisins. Eftir að þetta bréf kom fram sá ég ekki ástæðu til að véfengja það sem þeir höfðu um þetta að segja. Ég sá enga ástæðu til þess. Það verður þá að sýna sig hvað íslenska álfélagið gerir í því að efna þetta. Ég treysti því á þessari stundu að svo verði. Það kemur einnig fram í þessu bréfi, að sú fyrirhugaða nýbygging eða viðbót, sem á að byggja við álverið, verður búin slíkum hreinsitækjum frá upphafi. Það voru þessar upplýsingar sem höfðu úrslitaáhrif á afstöðu mína til þessa máls.

Mér þótti rétt, herra forseti, eins og þessar umr. hafa fallið, að gera grein fyrir afstöðu minni, þó að hún komi út af fyrir sig skýrt fram í því að ég skrifaði undir meirihluta álitið. En þetta mál hefur verið rifjað upp á svo almennum grundvelli, að ég sá mér ekki annað fært en að lýsa minni almennu afstöðu til álsamninganna í upphafi og til stóriðju yfirleitt, erlendrar stóriðju, sem ég er persónulega andvígur og tel að ætti að grandskoða í hverju tilfelli mjög gaumgæfilega áður en ráðist er í,

og raunar ætti helst aldrei að ráðast í slíkan iðnað, heldur ættum við að snúa okkur að því að byggja hér upp íslenskan smáiðnað, margs konar smáiðnað, og veita þá iðnaðinum í því sambandi þau góðu kjör, bæði um orku, tollfríðindi og kannske fleira, sem erlendri stóriðju eru veitt. Ég tel að það sé mjög óeðlilegt að veita erlendri stóriðju yfirleitt slík forréttindi, og þess vegna er ég andvígur því almennt talað að ráðist sé í slík fyrirtæki.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Síðan ég talaði síðast í þessu máli hafa orðið þó nokkrar umr. um málið og ýmislegt komið hér fram sem ég vildi gjarnan víkja að. Það er sérstaklega það sem hefur komið fram í máli hv. 1. þm. Suðurl., Ingólfs Jónssonar, frsm. meiri hl. iðnn., þær athugasemdir sem hann hefur gert við mitt mál og reyndar annarra líka, sem gefur mér nokkurt tilefni til að víkja að ýmsum aðalatriðum málsins.

Í mínu máli lagði ég á það aðaláherslu, að mér sýndist að sú endurskoðun, sem fram hefði farið á álsamningnum við ÍSAL, hefði ekki borið tilætlaðan árangur, einkum á þann hátt að þeir samningar, sem nú væri beðið um staðfestingu á varðandi raforkuverð, fælu í rauninni ekki í sér neina teljandi hækkun á raforkuverði frá því sem áður hefur verið. Að þessu atriði vék hv. 1. þm. Suðurl., Ingólfur Jónsson, nokkuð, en varðist þó með öllu að víkja að mínum röksemdum varðandi þetta mál. Í málflutningi sínum sagði hv. 1. þm. Suðurl. að ýmsir hefðu hér uppi rangan málflutning varðandi mat á raforkuverðinu á þeim grundvelli að menn töluðu um að álverið fengi rúmlega 50% af allri raforku Landsvirkjunar, en greiddi hins vegar ekki nema í kringum 10% af verði þeirrar orku sem seld væri af Landsvirkjun, og hann vildi telja að hér væri verið að jafna saman nokkuð misjöfnum hlutum. Á þetta atriði minntist ég ekki einu orði í minni ræðu, — ekki einu orði. Ég veit, að það er vel hægt, og kannast vel við það af málflutningi hv. 1. þm. Suðurl., Ingólfs Jónssonar, að það er hægt að halda uppi langri spilamennsku, heilmikilli lönguvitleysu, með því að ræða málið á þennan hátt og villa um a. m. k. fyrir velflestum. En ég kaus að ræða málið á öðrum grundvelli, á þeim grundvelli sem ég vissi að væri heldur óhægt fyrir þá, sem reyna að verja þetta verð, að víkja sér undan að taka afstöðu til vegna þess að þar liggja fyrir ummæli Landsvirkjunar sjálfrar og fyrri upplýsingar sem hafa verið gefnar á Alþingi.

Í máli mínu benti ég á að það lægju fyrir ákveðnar upplýsingar um það, hvað væri talið vera framleiðslukostnaðarverð á raforku nú frá okkar hagstæðustu virkjunum, og það lægi m. a. fyrir umsögn frá verkfræðideild Landsvirkjunar um það, hvað hún teldi vera framleiðslukostnaðarverð á tilteknum grundvelli reiknað út á þeirri raforku sem nú væri hægt að framleiða á Íslandi. Ég vitnaði í þessum efnum til þess sem Landsvirkjun sagði í grg. sem fylgdi frv. sem lá fyrir Alþ. fyrir stuttu varðandi raforkusölu til járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði. Í umsögn Landsvirkjunar stóð þar, og það var þetta sem ég las hér upp, úr þeirri grg., og skal gera aftur. Í grg. þeirra segir orðrétt á þessa leið:

„Þá hefur verkfræðideild reiknað út svokallað kostnaðarverð á raforku frá Sigöldu og Hrauneyjafossi. Sé reiknað með 40 ára annuitet og 9.1% reiknivöxtum og jafnframt gert ráð fyrir því, að rekstrarkostnaður sé 0.5% og vextir á byggingartíma 12% af stofnkostnaði, kemur út verðið 9.4 mill kwst. á forgangsorkunni."

Og síðan segir áfram í þessari sömu grg., að á sama hátt megi reikna með því að afgangsorkan ætti að reiknast á 0.5 mill eða nánar tekið eftir þeirra útreikningum 4.95 mill.

Hér var um það að ræða að gerð var grein fyrir okkar hagstæðustu virkjunum sem nú liggja fyrir: Sigölduvirkjun, sem valin hafði verið og búið var að standa að framkvæmd á að hálfu leyti og rúmlega það, en síðan tekin næsthagstæðasta virkjunin sem þá lágu athuganir fyrir um, en það var Hrauneyjafossvirkjun, þær lagðar saman, reiknað út hvað væri framleiðslukostnaðarverð á orkunni frá þessum orkuverum, það miðað við 40 ára rekstur og vaxta- og kostnaðargreiðslur sem allir vita að eru langt undir því sem er nú orðið í dag. Það leikur því enginn vafi á því, að það verður að telja framleiðslukostnaðarverð á raforku í dag eitthvað yfir 10 mill eða eitthvað yfir kr. 1.70 á kwst., sennilega, eins og ég sagði, ekki undir því að vera 11—12 mill eða kr. 1.80 og allt upp í 2 kr. á kwst. Þetta kemur líka alveg saman við það sem orkumálastjóri hefur gefið út frá sér varðandi framleiðslukostnaðarverð frá öðrum hagstæðum virkjunum. Þetta eru þær staðreyndir sem ég legg á borðið. Þetta eru þær staðreyndir sem við verðum auðvitað að taka afstöðu til. Spurningin er þá: Erum við að selja þá viðbótarorku sem nú á að fara að selja álverinu, þegar álverið vill stækka verksmiðju sína sem nemur 10 700 tonna framleiðslu á ári, vill fá 20 mw. af raforku til viðbótar við 140 sem verksmiðjan hefur samning um, — erum við þá að selja þessa raforku á kostnaðarverði eins og það er í dag? Það er alveg augljóst skv. upplýsingum sem liggja fyrir í grg. þessa frv., að það er ekki verið að selja viðbótarorkuna á þessu framleiðslukostnaðarverði. Það hrekkur ekki til. Þar vitnaði ég einnig aðeins í það sem stendur í grg. þessa frv. um hvað áætla megi að fáist fyrir þessa viðbótarorkusölu á fyrstu tveimur árum rekstrarins. Það er tilgreint í grg. frv. og það er augljóslega lægra en þetta framleiðslukostnaðarverð sem ég hef minnst á. Ég segi: Þetta er svo einfalt dæmi að það er engin leið að snúa sér út úr því með einhverjum vafningum.

Hv. 1. þm. Suðurl., Ingólfur Jónsson, gerði að vísu tilraun til þess að fara nokkrum orðum um það, að hluta af þessum 20 mw. mætti afhenda sem afgangsorku, — enda er þá búið að verðleggja þessa afgangsorku á lítið sem ekki neitt eða 0.5 mill, þó að framleiðslukostnaðarverðið sé einhvers staðar á milli 10 og 12, — og þetta sé svo mikið hagræði, að geta selt þetta mikið af þessum 20 mw., allt upp í 12 mw., sem afgangsorku. Og hann tók þá til að lesa upp gamla klausu um hvað felist raunverulega í afgangsorkusölu og las þá m. a. um að afgangsorkan væri seld þannig að ef það væri lélegt

vatnsár hjá orkuverinu og auðvitað framleiðslan miklu minni, þá væri hægt að taka fyrir þessa orkuafhendingu og menn væru því ekki skyldaðir til þess að afhenda þessa orku. Þetta er hið almenna „prinsip“ varðandi afgangsorku. En í þessum orkusölusamningi, sem hér er um að ræða, eru ákveðin skilyrði sem taka þetta allt saman af. Hér eru ákveðin skilyrði, mjög ströng, um að það verði að afhenda þetta orkumagn, nema því aðeins að það sé um beina bilun að ræða eða við getum alls ekki framleitt orkuna. Hér eru, eins og bent hefur verið á, skilyrði um það, að við verðum að afhenda þetta heildarorkumagn á tilteknum tíma og það verðum við að gera skv. samningnum og getum ekki farið algjörlega að okkar eigin geðþótta. Við erum því tvímælalaust að láta af okkar orkumagni 20 mw. til álversins með býsna ströngum afhendingarskilyrðum, og það þýðir að við getum ekki notfært okkur sjálfir þessi 20 mw. sem við höfum þó fulla þörf fyrir, sbr. það að við erum í sífellu að ráðast í viðbótarorkuframkvæmdir víða á landinu, og enn standa fyrir dyrum dýrar framkvæmdir í þessum efnum af því að okkur vantar orku sjálf.

En svo er sá háttur hafður á, eins og ég benti á, að þetta, sem við eigum að fá fyrir 20 mw. sem við ætlum að selja þeim til viðbótar við það magn sem þeir hafa samkv. eldri samningum, þetta orkumagn er blandað saman við eldra orkumagnið eða eldri samning, orka skv. gamla samningnum og orka skv.. þeim nýja, allt afgreitt í einu lagi, kemur eitt blöndunarverð út úr öllu saman, og blöndunarverðið er auðvitað dálítið hærra en var í gamla samningnum, og það gefur mönnum auðvitað tilefni til að tala um að hér sé um hækkun að ræða. Ég hef ekki viljað algjörlega fortaka það, ég hef ekki haft aðstöðu til að athuga það alveg nákvæmlega, að hér gæti ekki verið, þegar allt kæmi til alls, um einhverja minni háttar hækkun að ræða. En hún virðist vera mjög óveruleg, ef hún er nokkur. Sannleikurinn er því sá, að við höfðum í höndunum orkusölusamning við álverið sem allir landsmenn voru á að væri orðinn okkur mjög óhagstæður, og Landsvirkjun ógnaði okkur með því nú enn einu sinni, hún hefur gert það margsinnis áður, að það yrði að hækka hið almenna raforkuverð í landinu til þess að Landsvirkjun hefði nægar tekjur, af því að *fjárhagur hennar væri farinn að hallast af* viðskiptunum við álverið. Þá er farið í það að gera þennan viðbótarsamning og breyta orkuverðinu að meðaltali til frá því sem áður var, þannig að Landsvirkjun fær inn dálitið auknar tekjur nú í byrjun. En þetta breytir ekki því, sem ég hef bent á, að við höfum ekki í þessari samningsendurskoðun náð því marki okkar að neinu teljandi marki að fá fram hagstæðara raforkuverð fyrir þá raforku sem við seljum álverinu, og sú orka, sem þeir eiga að fá nú til viðbótar, þar sem er raunverulega um nýjan samning að ræða, sú viðbótarorka er greinilega seld á undirverði miðað við það sem nú kostar að framleiða orku. Þetta kalla ég lélega endurskoðunarvinnu, jafnvel þó að það hafi komið út úr dæminu, eins og hér hefur verið bent á, að form. þeirrar n., sem stóð í þessum samningum, nefndarinnar um orkufrekan iðnað, sem jafnframt er formaður landsvirkjunarstjórnar og enfremur seðlabankastjóri, hann hafi séð að hann hafi fengið þarna nokkurn viðbótarpening sem honum lá á að fá til viðbótar við það sem eldri samningur hafði ákveðið, sem hann hafði nú reyndar gert sjálfur á sínum tíma. Það breytir því ekki, að með þessum samningi erum við raunverulega að endurnýja gamla óhagstæða orkusölusamninginn og ákveða að afhenda með nýjum samningi viðbótarorku á óhagstæðu verði.

Ég sem sagt hafði gert þessar aths. og það, sem hv. 1. þm. Suðurl. hefur haft að segja hér um orkuverðið, hnekkir ekki þessu, sem ég hef sagt, í einu eða neinu. Hann hefur bara tekið einn stóran hring í kringum málið, eins og hann er býsna laginn að gera, en það breytir auðvitað engu um það, það hljóta allir að sjá, hvað er kjarni þessa máls. Hann er þessi sem ég hef lýst. Við höfum ekki í þessum viðbótarsamningi komið neinu fram til umbóta sem teljandi er.

Ég tók eftir því að hv. þm. Ingvar Gíslason sagði þrátt fyrir margar og stórar aths. sem hann hafði að gera almennt við samningana við ÍSAL eða álverið, þá sagði hann að hann félli sig þó á þennan viðbótarsamning af því að honum sýndist að hér væri þó heldur um umbætur að ræða frá því sem verið hefði. Og það er eins og ég segi, það má kannske finna það út að hér sé um einhverja minni háttar bót að ræða. En ég álít að það séu ekki nægilega sterk rök fyrir því að ljúka þessari endurskoðun, sem við ætluðum að láta fara fram, með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir, vegna þess að álverið eða eigendur þess þurftu á því að halda að fá viðbótarsamning, fá stækkunarleyfi, þeir þurftu á því að halda að fá nýjan orkusölusamning um viðbótarorku, *og þá höfðum við allt valdið í okkar höndum og* áttum auðvitað að segja við þessa aðila: Þið fáið ekkert leyfi til stækkunar, þið fáið ekki nýjan samning um orkukaup nema með ákveðnum skilyrðum. — En mér sýnist að þessi staða okkar hafi ekki verið nýtt á neinn hátt eða að svo litlu leyti að það taki því varla að tala um það.

Það er orkusalan sem er að mínum dómi aðalatriði málsins, en það eru fleiri atriði sem koma inn í þessa endurskoðun og ég hafði vikið að. Skattgjald álversins er býsna stórt mál líka. Það hafði komið í ljós, eins og minnst hefur verið allrækilega á í þessum umr., að fyrri reglur, sem *um var samið um skattgreiðslur fyrirtækisins,* voru alveg óviðunandi frá okkar hálfu. Það var á sínum tíma deilt mikið um það, þegar álsamningurinn var gerður, að skattgjaldssamningurinn gerði raunverulega ráð fyrir miklum fríðindum fyrir þetta fyrirtæki, fyrir þetta erlenda stórfyrirtæki, umfram það sem íslensk fyrirtæki yrðu að búa við varðandi skattgreiðslur. En engum okkar hafði komið til hugar þegar deilurnar um þessi skattgjaldsákvæði voru, að hægt væri að lesa út úr þeim flóknu samningum, sem þá voru lagðir fyrir, aðra eins fjarstæðu og reynslan hefur sýnt að út úr þeim var hægt að lesa. Það er staðreynd sem hefur komið fram í þessum umræðum og hv. þm. Ingólfur Jónsson hefur auðvitað ekki getað neitað, því að hér er um tölur að ræða sem eru nákvæmlega réttar og eru gefnar upp af þeim aðilum sem með málið hafa að gera, að það hefur komið í ljós að

skattgreiðslur fyrirtækisins frá því að það tók til starfa og fram að 1. nóv. s. l. eða í 6 ár, þá greiddi fyrirtækið í svonefnt framleiðslugjald eða alla sína beinu skatta samtals 617 millj. kr. Auðvitað eru þessar 617 millj. kr. miðaðar við það eins og þær voru taldar í krónum á hverju ári. Það er auðvitað hægt að fara að umreikna þetta, eins og þeir hafi greitt á núv. gengi, og finna út úr því að greiðslan hafi farið eitthvað yfir 1000 millj. Það er rétt. En þeir höfðu bara greitt 617 millj. kr. og er ekki ýkjamikið eftir 6 ára rekstur hjá slíku fyrirtæki sem þessu. En svo kemur bara í ljós þegar þessi 6 ár eru liðin, að þá á fyrirtækið inni á skattinneignarreikningi, ekki 617 millj. eins og það borgaði, heldur 748 millj. Þetta eiga þeir inn á skattinneignarreikningi.

Mönnum finnst þetta næstum ótrúlegt, að þeir skuli eiga meira inni en þeir hafa greitt allan tímann og þó skuli þetta eiga að heita skattgreiðsla. Ég benti á það í fyrri ræðu minni að þetta stafaði sumpart af því að þessi skattinneign, sem hefur verið að myndast árlega, er reiknuð á núverandi gengi og þannig hefur inneignin hækkað í krónum talið. En þegar nú var farið í þessa endurskoðun og hafði komið upp mikill ágreiningur af hálfu íslenskra stjórnvalda um það, hvað væri lesið út úr þessum skattgjaldsreglum, menn voru óánægðir með að Álfélagið gæti átt inni alla þessa upphæð í sambandi við sínar skattgreiðslur, þá lýkur þessari endurskoðun þannig, að það er fallist á að öll þessi inneignarupphæð sé rétt og raunveruleg og við eigum að endurborga þeim þessa upphæð á ákveðnu árabili með tilteknum vöxtum. Ég taldi að þarna hefði verið staðið mjög laklega að endurskoðuninni. En hv. þm. Ingólfur Jónsson segir: Það var ekki hægt annað. (Gripið fram í.) Nei, þetta stóð í gamla samningnum, samningi sem hann er búinn að lofa og prísa allan tímann, en hann varð þó að segja nú í sinni ræðu að sá samningur hefði verið gallaður varðandi skattgreiðslur. Já, hann var heldur betur gallaður. Hann var gallaður svona, að raunverulega hefur þetta stórfyrirtæki, sem býr við þau fríðindi að þurfa ekki að borga tolla af óteljandi vörutegundum sem það þurfti á að halda til stofnkostnaðar og rekstrar, það hefur ekki borgað nema örlítið framleiðslugjald á þessu tímabili. Það, sem það hefur verið að borga og hefur heitið framleiðslugjald, það hefur að mestu leyti verið fært upp sem skuld okkar við þá, við höfum verið að taka af þeim lán. Svo koma þeir nú við endurskoðunina og segjast vilja fá samning um það hvernig við eigum að endurborga þetta.

Ég álít að það hefði verið eðlilegt af hálfu okkar íslendinga að krefjast þess, að þó að eldri samningurinn hafi verið svona illa gerður, þá ættu þeir þó að viðurkenna það, hver hafi verið hin raunverulega meining með þeim ákvæðum sem sett voru í skattgjaldssamninginn, og við hefðum átt að gera kröfu um að þeir féllu frá þessari kröfu sinni, þetta yrði strikað út og síðan yrði tekið upp nýtt skattgjaldsform. En okkar menn beygðu sig auðvitað undireins, allt út frá þessu almenna sjónarmiði, að þeir líta á erlenda stóriðju eins og æðri máttarvöld sem menn verði að beygja sig fyrir, og þeir telja alltaf að þessi erlendi stóriðjurekstur sé svo þýðingarmikill fyrir okkur að þeir verði að njóta sérréttinda og fríðinda á öllum sviðum og við þurfum að ganga undir þeim, svo að segja borga með þeim. Svo er atriði sem við þekkjum ekki í nokkru öðru tilfelli en þegar verið er að ræða um hina erlendu stóriðju. Þá gera menn sér leik að því, eins og hv. 1. þm. Suðurl., Ingólfur Jónsson, og fleiri, þá finna þeir það út þegar búið er að semja, gera nógu vitlausa samninga, jafnvel allt upp í 45 ára samninga um aðstöðu hér til rekstrar, þá fara þeir að reikna út hvað hugsanlegar tekjur af verksmiðjunni, sem reynast reyndar sumar svona í framkvæmd, mundu vera há summa ef maður reiknaði þetta 30—40 ár fram í tímann. Auðvitað kemur út úr slíkum reikningum svo há upphæð að það segja flestir: Nú, þetta er bara nokkuð góður „bisness“ að eiga við þessa menn. — En það mætti fá býsna háar tölur um það, hvað ýmsar innlendar atvinnugreinar gefa í okkar þjóðarbú, ef við reiknuðum þetta allt fram í tímann, að ég tali nú ekki um ef við gæfum okkur forsendur svipaðar þeim sem þeir sem tala fyrir munn þessara stóriðjuaðila, — ef við gæfum okkur jafnrangar forsendur og þeir gefa sér og síðar meir eiga eftir að sannast að vera alrangar og fá ekki staðist.

Hv. 1. þm. Suðurl., Ingólfur Jónsson, lét að því liggja að ég hefði verið að gefa hér rangar hugmyndir um það, hverjar hefðu raunverulega verið skattgjaldsgreiðslur þessa fyrirtækis, með því að nefna rétta inneignartölu þeirra og hvað fyrirtækið hefur greitt. Ég gat þess í ræðu minni að inneignartalan væri að sjálfsögðu miðuð við núverandi gengi, en greiðslutalan hefði auðvitað verið miðuð við gengi á hverjum tíma, svo að það fór ekkert á milli mála í minni ræðu. Ég gaf meira að segja skýringu á því, hvers vegna skuldin væri hærri nú en öll greiðslan. En þó að tekið sé tillit til þessa í sambandi við gengisútreikninga, þá er auðvitað alveg ljóst að skattgjaldsgreiðslur þessa fyrirtækis eru hverfandi litlar. Ég hef sagt það líka í þessum umr., að ég tel að nýju ákvæðin, sem koma út úr endurskoðuninni, nýju ákvæðin varðandi skattgreiðslur fyrirtækisins séu auðvitað miklu skárri en þessi ósköp sem ég hef verið að ræða hér um. Þau ákvæði eru miklu betri. Væntanlega gefa þau hér einhverjar fastar tekjur, eitthvert fast gjald. En þó eru augljóslega á þessum ákvæðum enn miklir gallar, — gallar sem eru býsna stingandi í augu, þar sem gert er ráð fyrir því að skattgjaldið eins og raforkuverðið eigi raunverulega að fara sílækkandi miðað við álverð eftir því sem lengra líður fram. Það er gert ráð fyrir því, að á þennan hátt fari skattgjaldið sjálft, miðað við verðlagsþróun, t. d. á áli, alltaf sílækkandi hlutfallslega. Önnur fyrirtæki hér í landinu verða auðvitað að greiða t. d. sitt umsetningargjald eða aðstöðugjald í prósentum af umsetningu á hverjum tíma eða þeim reglum sem þar er farið að miða við. En þetta fyrirtæki nær strax samningum um að það skuli ekki á komandi árum þurfa að greiða skattgjald í hlutfalli við það verðlag sem þá verður. Sömuleiðis er ákvæði um að rafmagnsverðið fari sílækkandi í hlutfalli við t. d. þróun álverðs.

Menn gefa sér það, að álverðið muni hækka um 2.5% að jafnaði á ári, reikna allt út frá því, og eru hér í grg. auðvitað strax komnir samkv. þessu álverði upp í 45 cent pundið, en nýlegar upplýsingar, sem liggja hér fyrir, eru um að álverðið er ekki nema 39 cent pundið. En þá hefur hv. 1. þm. Suðurl., málsvari þessara stóriðjusamninga, strax svar á reiðum höndum. Fyrst álverðið er í dag ekki nema 39 cent pundið, en þeir eru farnir að reikna strax í þessum dæmum, sem hér eru sett upp, 45 cent pundið mjög fljótlega, þá segir hann: Ja, það er ekki hægt að reka álverksmiðju með 39 cent á pund, það er ekki hægt. Það gefur því auga leið að það hlýtur að hækka. Það er ágætt að gefa sér svona forsendur. Það færi betur ef hægt væri að gera það í fleiri tilfellum. Það kæmi sér líklega nokkuð vel hjá okkur núna í sambandi við okkar sjávarútveg, eftir því sem menn bera sig illa þar margir hverjir, að segja: Það gefur auga leið að það er taprekstur á þessu, af því hlýtur fiskverðið að hækka og verður hækkað og við reiknum bara með því. — Nei, það er vitanlega engin ástæða til þess að reikna í þessum dæmum með öðru en því sem er, ganga út frá því sem er, og að því leyti sem er verið að miða bæði skattgjald við álverð eða raforkuverð við álverð, þá er eðlilegt að hvort tveggja fylgi þá sömu verðlagsþróun. Allt annað þýðir það að maður er að semja um að fara aftur á bak. En þrátt fyrir þessar aths., sem ég hef gert, þá segi ég það, að miðað við þá athugun sem ég hef getað gert á ákvæðunum nú og áður um skattgjald, þá tel ég að nú sé miðað við miklu öruggari ákvæði en áður var og þannig megi búast við því að skattgjaldið skili sér betur en eftir eldri samningum. Það sem sagt játa ég.

En þriðja meginathugasemd mín var varðandi mengunarvarnir. Ég benti á að upphaflegur samningur okkar hefði ekki gert ýkjamikið ráð fyrir að hægt væri að skylda fyrirtækið til að koma upp tækjum til að draga úr mengunarhættu. Og reynslan hefur orðið sú, að þrátt fyrir ýmis tilmæli eða jafnvel fyrirskipanir á öllum þessum starfstíma sem liðinn er hefur fyrirtækið ekki leyst þetta mál enn þá. Það er alltaf í athugun, það er alltaf í prófun, það eru alls konar tilraunir hafðar þarna uppi, reksturinn í fullum gangi, en úrbætur hafa ekki orðið. Ég benti á að það hefði verið full ástæða til þess nú við þessa endurskoðun að setja beinlínis í viðbótarsamninginn alveg örugg ákvæði um að viðbótarstækkunin á verksmiðjunni gæti ekki átt sér stað nema búið væri að koma upp þessum hreinsitækjum á eldri verksmiðjunni. En það var ekki gert. Það er talið að það sé nokkuð fast loforð um viðaukann, sem hér er samið um eða stækkunina, að það verði að koma til hreinsibúnaður áður en sú stækkun er tekin í notkun. En varðandi eldri verksmiðjuna, sem meginmálið hlýtur að snúast um, er í rauninni ekkert annað en loðin loforð áfram. Það var ekkert sett inn í samninginn sem bindur. Hv. 1. þm. Suðurl., Ingólfur Jónsson, vitnaði í það, að þeir hefðu fengið bréf frá Íslenska álfélaginu sem fylgdi í nál. þeirra, dags. 17. des. 1975 og meira að segja stílað á Ingólf Jónsson sjálfan, og samkv. þessu bréfi ætti þetta allt að vera í lagi. En ekki get ég fallist á þessa skýringu. Það atriði í þessu bréfi, sem um þetta fjallar, er á þessa leið, með leyfi forseta, orðrétt, það er tölul. 3 í þessu bréfi — þar segir:

„Framkvæmdaáætlun ÍSALs um þurrhreinsitækin gerði ráð fyrir því, að unnið yrði að hönnun á kerþekjum og tilraunum með þær á tímabilinu apríl 1975 til júní 1976.“ — Ég má til með að stöðvast aðeins við þessa setningu, en ætla mér að lesa áfram. Hér er skýrt frá því, að þeir háu herrar hafi gert áætlun um áframhaldandi tilraunir sem eigi að eiga sér stað á tímabilinu frá apríl 1975 til júní 1976. Jú, þeir eru áður búnir að skýra frá því, að fleiri áætlanir hafi svo verið gerðar, fleiri loforð hafi verið gefin. Ekkert er bindandi í þessu. En svo segir hér áfram: „Síðan yrði hafist handa um endanlega hönnun kerfisins í heild“ — eftir tilraunirnar, þá á að fara að hanna. „Síðan yrði hafist handa um endanlega hönnun kerfisins í heild, útboð, smíði, uppsetningu og gangsetningu tækja, og yrði þessu að fullu lokið í árslok 1978.“ Þetta sagði áætlunin. En í lok þessa 3. tölul. segir orðrétt um þessar áætlanir og þessar fyrirhuguðu framkvæmdir til mengunarvarna: „Taka ber þó fram í því sambandi, að hér er um stórkostlega fjárfrekt fyrirtæki að ræða (heildarkostnaður er kr. 2200 millj. samkv. núv. áætlun), og getur hraði framkvæmda orðið háður því að lánsfé fáist til þeirra.“

Svo kemur hv. 1. þm. Suðurl., Ingólfur Jónsson, og segir: Þetta er allt á sléttu, þessu verður kippt í lag, þetta er allt í lagi. Ég veit að hv. þm. sannfærist um það, þegar hann er búinn að heyra mitt mál, segir hann, að þetta er allt rétt. — En hv. þm. má nú heyra það, að ég hef ekki sannfærst, ég get ekki lesið annað út úr þessu en það að þetta sé allt í nákvæmlega sömu óvissunni og það hefur verið í 6 ár: Nýtt loforð, ný áætlun, síðan hönnun, síðan útboð, kostar mikið, vitum ekki um lán, getur orðið dráttur. Svona er þetta. Sannleikurinn er sá, að þeir, sem stóðu að þessari endurskoðun, kærðu sig ekki um að setja það sem skilyrði fyrir stækkunarheimild að þetta mál yrði leyst að fullu. Það er svipað með þetta atriði að mínum dómi eins og endurskoðun á raforkuverðinu og eins og endurskoðun á skattgjaldinu, okkar menn virðast hafa verið afskaplega linir af sér í þessari endurskoðun — afskaplega linir af sér. Og þá er það sem gerist venjulega, þegar þeir eru linir í samningunum við útlendinga, þá verða þeir tilsvarandi harðir við íslendinga þegar þeir þurfa að fara að semja við þá á eftir. Einhvers staðar verður þetta að koma niður. Þegar á síðan að fara að ákveða raforkuverðið til okkar, þá verður að gæta að því að það sé ekki of lágt. Og þegar farið er að skattleggja íslensk fyrirtæki, þá verður að hafa allan vara á að skatturinn verði ekki of lítill. En þegar þessir ágætu menn eru að semja við útlendingana, þá er eins og allt leki niður í gegnum greiparnar. Ég tel því að það standi fyllilega sem ég hef sagt hér, að þessi endurskoðun hefur mistekist, þó að í endurskoðunarnefndinni séu hinir æðstu menn landsins, þeir sem áður hafa verið að semja við útlend-

ingana æ ofan í æ og tekist svona, eins og menn eru nú farnir að viðurkenna. Jafnvel hv. 1. þm. Suðurl., Ingólfur Jónsson, verður að játa að það voru stórgallaðir samningar, einkum varðandi skattgjaldið, sem ekkert kom út úr eða lítið. Þeir eiga að viðurkenna að þessi endurskoðun hafi tekist illa, segja þessum háu herrum: Þið verðið að gera betur. Þið skuluð bara segja að þið hafið ekki fengið staðfestingu á samningnum á Alþ. og þið séuð komnir aftur og ætlið að tala við þá upp á nýtt. — Það er þetta, sem á að gera.

Ég held líka að það væri hollt fyrir fleiri en hv. 1. þm. Suðurl., sem hér hefur fengið það illa hlutskipti að tala fyrir þessu máli, að átta sig á því. T. d. mætti formaður þeirrar n., sem hafði með samningana að gera, fara að átta sig á því líka, að málið er ekki lengur svo einfalt að það sé hægt að semja um allt of lágt raforkuverð til útlendinga, undir framleiðslukostnaðarverði, og mikil skattfríðindi o. s. frv., í trausti þess að það sé þó hægt að láta íslendinga borga það sem upp á vantar.

Nú eru komnar fram mjög alvarlegar kröfur um það, og ég vænti að hv. 1. þm. Suðurl. hafi veitt því athygli að hv. þm. Ingvar Gíslason tók mjög undir þessar kröfur sem ég hafði minnst hér á, — nú er formaður Félags ísl. iðnrekenda, Davíð Scheving Thorsteinsson, kominn fram á völlinn og studdur af forstjóra Sambands ísl. samvinnufélaga, Erlendi Einarssyni, og nú segja þeir: Við gerum kröfu um að fá raforku til okkar framleiðslu á hliðstæðu verði og erlendu fyrirtækin fá. — Þá fer nú að vandast málið. Ef við ættum að selja öllum innlendum atvinnurekstri raforku á eitthvað hliðstæðu verði og hér er verið að semja um í sífellu til útlendinga, þá er ég hræddur um, að það þyrfti að fara að hækka heldur betur raforkuverðið til landsmanna sjálfra, til heimilanna í landinu. Það er sem sagt ekki hægt að halda áfram öllu lengur að horfa á að það sé verið að semja við erlenda aðila hér um verðlag sem er langt undir framleiðslukostnaðarverði, því verði sem við verðum að ganga út frá. Hv. 1. þm. Suðurl. veit að þegar er verið að reikna út framleiðslukostnaðarverð samkv. þeim reglum sem ég hef hér vitnað til, þá er miðað við svo að segja hámarksnýtingartíma orkuveranna. Auðvitað verður raforkuverðið miklu dýrara frá virkjunum þegar nýtingartíminn fellur verulega niður frá þessum útreikningum. En þeir útreikningar sem ég hef vitnað til og eru byggðir á kostnaðargreiðslum og vaxtagreiðslum, sem við verðum að ganga út frá í dag og miða við 40 ára rekstrartíma þessara orkuvera, eru langt fyrir ofan það verð sem hér er verið að semja um á viðbótarorkunni. Mér datt auðvitað aldrei í hug að við gætum fengið þá endurskoðun á raforkusamningnum við Álfélagið, að við gætum komið því fram að selja þeim þau 140 mw., sem þeir hafa eldri samninga um, á núverandi framleiðslukostnaðarverði. Það hafði mér aldrei dottið í hug. Það þótti víst sæmilegt að koma því orkumagni í það að vera á framleiðslukostnaðarverði, eins og reynslan sýndi að það var miðað við byggingu t.d. Búrfellsvirkjunar.

Ég hafði einnig vikið hér að því vegna sérstaks tilefnis, að það hefðu verið miklar deilur um það þegar samið var um orku til álverksmiðjunnar á sínum tíma, að þeir samningar hafi verið of lágir miðað við framleiðslukostnaðarverð. Hv. 1. þm. Suðurl., Ingólfur Jónsson, gat þess að þeir hefðu haldið því fram að raforkuverðið hafi raunverulega verið 22 aurar á kwst., þegar þeir samningar voru gerðir við Álfélagið á sínum tíma, en framleiðslukostnaðarverðið hafi ekki verið nema 20 aurar. Ég kannast vel við þessar tölur. Þetta eru þær tölur sem þeir notuðu mikið þá. En við héldum hinu fram, að samningarnir næðu því ekki á þeim tíma að gera ráð fyrir framleiðslukostnaðarverði, og við töldum að það lægi skýrt fyrir að framleiðslukostnaðarverðið lægi þó nokkuð fyrir ofan 22 aura sem þarna var raunverulega samið um. En þessi deila, eins og ég hef sagt hér áður, er ekki lengur aðalatriðið. Við játum að þessi samningur var gerður á svona lágu verði. Við erum bundnir við þann samning. En við þurfum ekki að semja við Álfélagið um viðbótarorku eða heimild til stækkunar án þess að knýja fram endurskoðun á þessum óhagstæða samningi, — endurskoðun sem skilaði okkur einhverju. Við vissum að þeir þurftu á stækkunarheimildinni að halda. Þeir vildu fá hér samning um meiri orku, og í þessum efnum höfðum við trompin á okkar hendi. En þau voru ekki notuð, því að raunverulega felur þessi endurskoðun í sér litla sem enga verðbreytingu á því orkumagni sem áður var samið um, og verð á þeirri orku, sem selja á til viðbótar, er greinilega undir framleiðslukostnaðarverði, eins og ég hef bent á. Því er ekki um miklar umbætur að ræða varðandi orkusölusamninginn, einhverjar minni háttar hagsbætur að ræða varðandi framleiðslugjaldið, en þó eru þar á miklir gallar.

Ég skal svo ekki eyða frekari orðum að þessu máli að sinni. En það er nauðsynlegt að hv. alþm. geri sér fulla grein fyrir því, hvað raunverulega felst í þeim samningi sem hér er óskað eftir staðfestingu á, því að þessi ákvæði, sem ég hef gert að umtalsefni, koma svo mikið inn í önnur mál sem við höfum með að gera. Hér er ekki á ferðinni sú gamla deila, hvort við hefðum átt að semja yfirleitt um byggingu álversins, það er orðin staðreynd, eða semja á þeim grundvelli sem þá var gert, en við hljótum að verða að taka fullt tillit til þess, hvað við fáum fyrir þá orku sem við seljum þessu fyrirtæki, að ég tali nú ekki um þá orku sem verið er að fá til viðbótar við eldri samning. Við hljótum að taka fullt tillit til þess, þegar endurskoðun á að fara fram, eftir hvaða reglum þeir eiga að borga skatta. Líti menn fram hjá þessu, þá komast menn fljótlega í vanda gagnvart öðrum þeim sem þarf ýmist að skattleggja eða selja raforku úr því sem nú er komið.

Frsm. minni hl. (Vilborg Harðardóttir): Herra forseti. Það er vissulega gleðilegt að meira að segja stjórnarþm. eru nú farnir að viðurkenna að orkuverð til álversins sé of lágt og það erlenda fyrirtæki, sem hér um ræðir,

njóti óeðlilegra forréttinda, eins og fram kom í máli þeirra hv. framsóknarþm. Páls Péturssonar og Ingvars Gíslasonar. En munurinn á þeim félögum er sá, að hv. þm. Páll Pétursson dregur af hlutunum niðurstöðu og myndar sér sjálfstæða skoðun og tekur afstöðu samkv. því, en hv. þm. Ingvar Gíslason telur sig rígbundinn af stjórnarsamstarfinu.

Hv. þm. Ingvar Gíslason tók hér fram að sumt væri til bóta í þessum nýju samningsdrögum, en viðurkenndi þó að fjarri væri því að samningarnir væru orðnir fullkomnir. Það er vissulega eðlilegt að þm. reyni að afsaka það nú að hafa skipt um skoðun. Það gera framsóknarþm. gjarnan um þessar mundir og framsóknarmenn yfirleitt. Þeim er kannske vorkunn. Það er vonandi að þeir hafi líka kraft og áræðni til þess að áskilja sér rétt til þess að skipta um skoðun aftur, eins og hæstv. utanrrh. gerði í sjónvarpsumræðum í gærkvöld.

Hv. þm. Ingvar Gíslason telur okkur bundin af gamla samningnum, og hann sagði að æskilegt hefði verið að miklu fleiri breytingar hefðu orðið á þessum nýju samningsdrögum. Um það eru allir sammála. Það hefði verið æskilegt að það hefðu orðið miklu meiri breytingar. En hvers vegna í ósköpunum var það þá ekki reynt? Hvers vegna reyndi t. d. þessi hv. þm. ekki að koma fram neinum breytingum þegar málið var skoðað í n.? Það gerði hann ekki.

Hv. þm. Jóhann Hafstein sagði hér að fjarri væri því að hægt væri að hagræða bókhaldi án okkar vitundar, eins og ég leyfði mér að halda fram fyrr í umr. Hann á þá væntanlega við að fjarri sé því að hægt sé að hagræða bókhaldinu án vitundar ríkisstj. Á þá sem sagt að ályktа að bókhaldinu sé hagrætt með hennar vitund? Ekki batnar það við það, nema síður sé. Hins vegar vita þeir, sem eitthvað vilja vita um starfsaðferðir auðhringa, að það er einmitt ekki síst þessi hagræðing bókhalds frá landi til lands sem skapar gróðaaðstöðu þeirra. Ef hið svokallaða tap álversins hér á landi er raunverulegt, hvernig samræmist það þá þeirri stefnu alúsvissara að sækjast samt eftir stækkun Straumsvíkurverksmiðjunnar? Er það þá til að tapa meiru? Ætli það? Enda er tapið bókhaldslegt. Við hverja ætli álverið versli mest. Það er aðallega tvenns konar hráefni sem það flytur inn, súrál og rafskaut, kannske eru hlutföllin 9:1 í verðmætum, ég giska á eitthvað slíkt. Og súrálið kaupir verksmiðjan frá hringnum sjálfum, frá fyrirtækjum Alusuisse. Og hver ákveður þá verðið? Og hvert er svo hráálið selt héðan? Kaupendur eru náttúrulega ýmsir. Meira að segja kom einhvern tíma kínverskt skip og var mikið gert með það í fréttum. En stærstu kaupendurnir munu þó vera fyrirtæki í Englandi og Þýskalandi, flest þeirra að líkindum dótturfyrirtæki Alusuisse. Það er einmitt á svona fyrirkomulagi sem sjálf tilvera auðhringanna byggist, yfirráðum að því marki að þeir geti hagrætt og meira og minna ráðið verðinu á sinni vöru.

Hv. þm. Jóhann Hafstein rakti hérna líka ýmsa kafla úr grg. með fyrri álsamningi. M. a. vitnaði hann í áætlanir um raforkuverð með eða án sölu til ÍSALs o. s. frv. Það ætti að vera óþarfi að vitna í þessar fyrri áætlanir. Þær gilda ekki lengur, þær hafa ekki staðist, það er honum kunnugt um eða ætti að vera. Eins gerði hann aths. við það, að ég hefði sagt að álverið færi ekki að íslenskum lögum, leiðrétti sig reyndar og sagði, eins og ég hafði sagt, að það lyti ekki íslensku dómsvaldi, og það er tvímælalaust rétt. Ég þarf ekki annað en vitna í ummæli sjálfs forstjóra álversins, Ragnars Halldórssonar, þegar hann kom á fund hjá n. Aðspurður sagði hann að hann liti svo á að álverið heyrði ekki undir íslensk lög, önnur en þau sem samningurinn er sjálfur.

Hv. þm. Ingólfur Jónsson lagði mikla áherslu á það, að 6 af 7 nm. í iðnn. hefðu viljað samþykkja samningana eftir þá athugun sem þeir hefðu fengið í n. Ég verð nú að leiðrétta hv. nefndarformann. Þeir vildu það bara alveg strax án þess að það hefði fengið nokkra einustu athugun. Þeir vildu samþykkja þetta strax á fyrsta fundi. Hann gerði líka grín að því, að ég hefði tekið hér fram að enn væri ósvarað mörgum spurningum, þrátt fyrir það að sjálf hefði ég lagt fram svo og svo margar — ég held að hann hafi talið 30. Ég skal ekki deila um það. Ég hef ekki talið það sjálf, þær eru í ýmsum liðum. En ég vil benda hv. nefndarformanni á það, að einmitt svörin við þessum spurningum gáfu tilefni til frekari spurninga og þeirra hefði ég viljað spyrja á þriðja fundinum eftir að tími hafði unnist til að vinna úr svörunum, en á þær hafði n. ekki nokkurn áhuga að hlýða og því síður að leita svara við þeim.

Þessi hv. þm. sagði líka að ég hefði sagt að ekkert samband hefði verið haft við fulltrúa Náttúruverndarráðs. Ég tók einmitt fram að þeir hefðu sjálfir átt frumkvæðið. Ég hygg að ég þurfi ekki að fara að endurtaka það hérna.

Hv. þm. Ingólfur Jónsson sagði líka að allir hefðu verið sammála um að það ætti að gera fyllstu kröfur. Auðvitað eru allir sammála um að það ætti að gera fyllstu kröfur, meira að segja hv. þm. Ingólfur Jónsson, og það tel ég nú dálítið nýtt hjá honum. Hitt er annað, að það eru líka sumir sem vilja að það sé gengið eftir kröfunum og að loforð í því sambandi séu haldin, þ. á m. fulltrúar Náttúruverndarráðs. Ég hef áður rakið það, að af fyrri reynslu legg ég lítið upp úr þeim loforðum, sem nú eru gefin, eða þeim fyrirheitum, sem prentuð eru í bréfi álversins með nál. meiri hl. Þessi fyrirheit eru háð lánsfjárútvegun, eins og áður hefur verið rakið hér. Það er áreiðanlega hægt að hagræða slíku eftir þörfum, ekki síður en bókhaldinu um taprekstur.

Hv. nefndarformaður benti líka á að við hefðum hér í okkar málflutningi, sem eru á móti þessum samningi, reiknað skattinneignina út eftir núverandi gengi. Að sjálfsögðu reiknum við hana eftir núverandi gengi. Þetta er skattinneign sem stendur nú í 4.4 millj. dollara. Það gerir 748 millj. kr. íslenskar. Auðvitað reiknum við eftir því gengi sem hún stendur í þegar hún er reiknuð út. Ég tók það mjög skýrt fram í minni ræðu að reiknað væri á því gengi sem gilti í árslok 1975 enda stendur heldur hvergi að inneign eigi að reiknast á einhverju öðru gengi. Og í þessu sambandi má kannske líka

koma inn á það, að talað er um að það leggist á hana vextir samkv. vöxtum bandarískra banka sem hv. þm. sagði hér að væru 5.6%. Um það stendur ekki neitt. Það stendur að þeir hafi s.l. 10 ár verið að meðaltali 5.6%. Ætli þeir hafi ekki farið hækkandi eins og aðrir vextir almennt, hvar sem er í heiminum? Ég býst við að séu þessir 5.6% vextir meðaltal, þá hafi þeir kannske byrjað í miklu lægri tölu og hafi síðan hækkað, og guð má vita hvað þeir eru núna eða hvað þeir verða þegar við eigum að borga þessa reikninga.

Sama gildir náttúrlega um það sem hann sagði um framleiðslugjaldið. Honum fannst óréttlátt, fyrst þetta væri reiknað í núverandi gengi, að framleiðslugjaldsgreiðslurnar skyldu þá vera reiknaðar á því gengi sem þá gilti. Þetta er það sem gefið var upp af ríkisbókhaldinu, og eðlilega eru greiðslurnar miðaðar við það gengi sem þær voru í þegar þær voru greiddar, en ekki einhvern tíma löngu eftir að þær hafa verið greiddar, nema þá að hv. þm. Ingólfur Jónsson telji að það sé alls ekki lengur hægt að reikna út í íslenskum peningum, það verði að miða allt við þennan elsku hjartans dollar hans.

Hv. þm. Jóhann Hafstein og reyndar líka Ingólfur Jónsson töldu að hlutfallið á milli íslendinga og álversins í heildargreiðslum kæmi ekki málinu við. Það kannske kemur ekki beint þessum samningsdrögum við sem slíkum. En vissulega kemur það málinu við hvað við íslendingar borgum af heildargreiðslunum og hvað erlendir aðilar borga af heildargreiðslunum. Þar með er ekki endilega verið að halda því fram að þegar selt er rafmagn í miklum mæli til stóriðju, hvort sem hún er erlend eða innlend, þá eigi hún að borga það sama og borgað er fyrir raforku til heimilisnota. En að hún noti yfir 50% af rafmagni og borgi ekki nema um 10% af greiðslunum, það getur hreinlega ekki staðist heilbrigt mat. Það kom fram í svörum sem okkur voru gefin um verðið til þeirra sem kaupa í heildsölu, — svörum frá viðræðunefnd um orkufrekan iðnað, — ég leyfi mér að lesa það hér, með leyfi forseta, að eftirfarandi aðilar borga: a) Álfélagið 31 eyri á kwst., b) allir aðrir kaupendur, að almenningsveitum meðtöldum, 132 aura á kwst. og c) almenningsveitur einar 154 aura á kwst. — og beri hv. þm. saman ef þeir vilja.

Að lokum vil ég enn benda á að í öllum útreikningum sínum í frv. gefa semjendur sér að álverð hækki um 2.5% á ári. Þeir segjast reyndar taka þar mið af þeirri verðþróun sem orðið hefur áður og má það vel vera. En eftir sem áður er ekki tekið tillit til annarrar verðþróunar og er því ómögulegt að taka þessa verðhækkun á áli nema sem hluta af almennri verðbólguhækkun, þ.e.a.s. hækkun á öllum vörum og þar með á rafmagni líka. Alls ekkert tillit er tekið til fyrirsjáanlegrar stórhækkunar á framleiðslukostnaði raforku hér innanlands. Það er ekki einu sinni gert ráð fyrir endurskoðun á samningstímabilinu með tilliti til þessa. Eins og ég hef bent á áður í þessum umr. er í útreikningi á raforkuverðinu ekki einu sinni miðað við sömu hlutfallshækkun á verði áls og rafmagns, heldur hækkar orkuverðið um sílækkandi hlutfall af álverðshækkuninni. Er því í rauninni um að ræða minna tekjuhlutfall fyrir íslendinga í raunverulegum verðmætum eftir því sem verðlag stígur, og að sama skapi léttari greiðslur fyrir álhringinn eftir því sem verðlag stígur.

Við útreikninga mína geng ég út frá því álverði sem er í dag, þ.e.a.s. 39—40 cent á pund. Það var gefið 1975 30 cent á pund. Segjum að það hafi aðeins hækkað, það er ekki komið heilt ár, — segjum að það sé 39—40 cent á pund. Eftir þeim ákvæðum, sem samningsdrögin gera ráð fyrir, gefur það orkuverðið 3.95 mill fyrir kwst. til álversins í heild. Og hér er rétt að vekja sérstaka athygli á því, að þegar Landsvirkjun gerir ÍSAL reikning fyrir raforkunotkun, þá ber henni, Landsvirkjun, að verðleggja allt rafmagnið á einu og sama verði. Þetta má sjá í orðalagi 13. og 14. gr. rafmagnssamningsins á bls. 44 í þessum samningsdrögum. Ég tel óþarfa að lesa það hér upp. Í þessum útreikningi er ég hins vegar að slá mati á það, við hvaða verði rafmagnið til gömlu smiðjunnar er selt að gefnum ákveðnum forsendum um verðlag á raforkunni til nýja hlutans, fjórða áfanga. Ég hef áður lýst því hér í umr. hvernig ég teldi rétt að taka verðið 10 mill fyrir viðbótarsöluna til fjórða áfanga, en það byggist á athugunum á afhendingarskilmálunum sjálfum sem hljóta að vera eitt af grundvallaratriðunum þegar þetta mál er skoðað. Og ég skal svo reikna þetta dæmi einu sinni enn. Ég geri ráð fyrir 1100 gwst. notkun gamla hlutans, þ. e. a. s. ákveðnu meðaltali, en neyslan hefur stundum verið minni og stundum aðeins meiri. Viðbótarsmiðjan á að fá 176 gwst. Samanlagt gerir þetta 1276 gwst. — ég vona að hv. þm. fylgist með — sem á núverandi verði, 3.95 mill, gerir 5040. 176 gwst. á 10 mill gera 1760. Drögum frá. Útkoman er 3280. Svo er einfalt að deila 1100 í þá upphæð. Útkoman er 2.98 eða segjum 3 mill. 3 mill er sem sagt raforkuverð til gamla hlutans, 3 mill áfram. Það er svo áfram hægt að halda því fram að 10 mill sé ekki heildarverð til nýja hlutans, vegna þess að skipt sé í forgangsorku og afgangsorku. En afhendingarskilmálarnir tala bara sínu máli. Þeir eru svo harðir að hér er ekki um neina afgangsorku að ræða í neinum venjulegum skilningi þess orðs. Ég hef áður í þessum umr. lesið upp til samanburðar afhendingarskilmálana í samningnum um járnblendiverksmiðjuna og í þessum samningsdrögum, og ég tel óþarfa að endurtaka þá lesningu nú. Hv. þm. geta lesið það sjálfir. Ég ætla ekki að tefja tímann.

Hv. þm. Lúðvík Jósepsson endurtók það áðan, sem við bæði höfum reyndar bent á fyrr í umr., að jafnvel orkuverðið 10 mill er undir framleiðslukostnaðarverði. Hvað þá um 3 mill eða jafnaðarverðið 4.43 1978? Það er greinilegt að hvernig sem litið er á dæmið, þá er orkuverðið langt undir því marki sem eðlilegt hefði verið að gera kröfu um, langt undir heimsmarkaðsverði og langt undir því marki sem við íslendingar hljótum að gera kröfu um þegar við tökum mið af því hve gífurlega framleiðslukostnaðurinn er að hækka hjá okkur og mun hækka á næstu

árum. Þetta er smánarlegt verð í einu orði sagt. Bæði út af því og öðru, sem við höfum nefnt hér áður, getur Alþ. ekki staðfest þennan samning. Það er ekki hægt að staðfesta hann eins og hann er. Það þarf að vísa honum til baka og aftur í endurskoðun.

Páll Pétursson: Herra forseti. Það eru bara örfá atriði úr ræðu hv. 1. þm. Suðurl. sem mig langar til að gera aths. við. Hann sló því föstu að við vildum allir kappkosta að hafa það sem sannara reynist. Ég er hjartanlega sammála honum. En þá kemur upp í hugann þessi sígilda gamla spurning Pílatusar heitins: „Hvað er sannleikur?“ Ég get ekki fallist á, eftir að hafa hlýtt með mikilli athygli á röksemdafærslu hv. 1. þm. Suðurl., að hann hafi höndlað neinn stórasannleik varðandi þetta orkuverð. Hann bar brigður á þær tölur sem ég og e. t. v. fleiri þm. fórum með um heildarnotkun rafmagns og um verð á rafmagni. Hann skýrði þennan verðmun þannig, að ÍSAL sér um dreifikerfi og aðveitustöðvar, sagði hv. þm. RARIK sér náttúrlega líka um sitt dreifikerfi. Það er að vísu alveg rétt, að álverið fær á annarri spennu rafmagn heldur en Rafmagnsveitur ríkisins. En ég er þess fullviss að Rafmagnsveitur ríkisins væru fúsar til þess að spenna niður aflið frá Landsvirkjun ef þær ættu kost á að fá það keypt á svipuðu verði og álverið, en það hygg ég að Rafmagnsveitum ríkisins standi ekki til boða. Og það er alveg ábyggilegt, ef litið er á þær tölur sem síðasti ræðumaður var að vitna til hér áðan beint frá Landsvirkjun um verðmun á orku til álversins og til annarra kaupenda, að Rafmagnsveiturnar mundu hafa verulegan hag af því að spenna þetta niður. Auk þess er búið þannig um hnútana með miklu öruggari hætti, að álverinu er skapað varaafl með allt öðrum skilmálum heldur en Rafmagnsveitur ríkisins þurfa að búa við. Ég vil nú biðja hv. 1. þm. Suðurl. að athuga vandlega töflur og línurit og skýringarmyndir í ársskýrslum Landsvirkjunar undanfarin ár, hún hefur gefið út sérstaklega vandaðar og litprentaðar skýrslur, og þá mundi hann sannfærast um það, að ég fer með rétt mál.

Það hefur verið bjartsýni ríkjandi og glaðar vonir hér á Alþ. við gerð samningsins 1966. Þá fylgdu þeirri samningsgerð í frv. yfirlit um þjóðhagsleg áhrif af byggingu álbræðslu, m. a. áhrif af bræðslu á þróun raforkumála. Ég ætla — með leyfi forseta — að lesa örstutta klausu úr þeim kafla á bls. 96. Þar segir:

„Sé litið á rekstrarafkomu Landsvirkjunar fram til ársins 1985, eins og hún mundi verða samkv. hvorri leiðinni fyrir sig, kemur í ljós að samanlagður tekjuafgangur fram til ársins 1985 mundi án vaxta verða 700 millj. kr. meiri ef gerður yrði rammasamningur við álbræðsluna. Er þá þegar búið að reikna inn í dæmið allan kostnað af byggingu nýs orkuvers er kæmi í stað hluta Búrfellsvirkjunar er framleiddi raforku fyrir álbræðsluna. Sú mikla lækkun á framleiðslukostnaði raforku fyrir innanlandsmarkað, sem samningur við álbræðslu gerir mögulegan, gæti að sjálfsögðu komið fram annaðhvort í lægra raforkuverði eða örari uppbyggingu raforkukerfisins, eftir því hvað þætti þjóðhagslega hagkvæmara.“ — Ég endurtek: „Sú mikla lækkun á framleiðslukostnaði raforku fyrir innanlandsmarkað, sem samningur við álbræðslu gerir mögulega, gæti að sjálfsögðu komið fram annaðhvort í lægra raforkuverði eða örari uppbyggingu raforkukerfisins, eftir því hvað þætti þjóðhagslega hagkvæmara.

Að því er raforkuverðinu viðkemur sýna útreikningar að raforkukostnaður á árunum 1969—1980 mundi verða 28% hærri ef Búrfellsvirkjun væri eingöngu byggð fyrir almenningsnotkun og enginn sölusamningur gerður við álbræðsluna. Fyrstu árin mundi þó raforkuverðið þurfa að hækka enn þá meira en þetta umfram það, sem nauðsynlegt yrði ef álbræðsla væri byggð.“

Þar lýkur þessari tilvitnun. Ég held nú að ef við lítum af sæmilegri rósemi hugans yfir liðna tíð, þá hafi þessar vonir ekki ræst, því miður. Enn þá ræður bjartsýnin ríkjum. Enn þá er verið að gera útreikninga. En ég óttast að menn verði enn þá fyrir vonbrigðum. Og þrátt fyrir þessa bjartsýnu samninga frá 1966, og það erum við allir sammála um, þá reyndist raforkusamningurinn stórgallaður, og það er auðvelt að sanna að hann var það gallaður að viðræðunefnd um orkufrekan iðnað þurfti að leggja það á sig að standa í heilmiklu samningastússi við Alusuisse um leiðréttingu á samningnum. Og það mundi nefndin ekki hafa gert ef henni hefði þótt þetta viðunandi sjálfri, jafnvel þótt hv. 1. þm. Suðurl. geri mikið úr því hér á Alþ., hvað þetta hafi allt saman gengið vel, og hann ætli sér raunar bara að láta það ganga enn þá betur eftir nýja skipulaginu.

Hvað varðar gjaldeyristekjur af framleiðslu álversins, sem hefur forréttindaaðstöðu í þessu þjóðfélagi, þá eru þær ekki óskaplegar. Þær eru t. d. ekki nema nokkru meira en helmingi hærri en gjaldeyristekjur af útfluttri ull og gærum, sem eru þó einungis aukageta í landbúnaðarframleiðslu okkar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 53. fundur.

Fimmtudaginn 19. febr., kl. 2 miðdegis.

Virkjun Skaftár og Hverfisfljóts, þáltill. (þskj. 341). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Vantraust á ríkisstjórnina, þáltill. (þskj. 348). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Umræður utan dagskrár.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs í tilefni af því máli sem hér var nú á dagskrá til ákvörðunar umr., en það er þáltill. um vantraust á ríkisstj. Það hefur ekki enn

náðst samkomulag á milli flokka um það, hvenær umr. um þessa till. geti farið fram.

Við í Alþb. leggjum á það mikla áherslu að umr. um þessa till. geti farið fram hið allra fyrsta. Þessi vantrauststill. er flutt við nokkuð sérstakar aðstæður í okkar landi, þegar allsherjarverkfall er skollið á, nær öll framleiðslutæki þjóðarinnar hafa stöðvast og upp hefur komið hið alvarlegasta ástand. Það er því full ástæða til þess að vantrauststill., sem fram kemur, sé rædd svo fljótt sem við verður komið.

Þessi till. kom fram hér á Alþ. á miðjum degi í gær. Ég tel því að það hefði verið mjög auðvelt að koma því við að hafa umr. um till. á föstudagskvöld í þessari viku, þegar það er einnig haft í huga að fundir hér í þinginu eru ekki yfirleitt nú um þetta leyti á föstudögum. Það kom fram í viðræðum á milli flokkanna í gær, að fulltrúar allra flokka nema Sjálfstfl. gátu fallist á það að umr. færi fram um till. á föstudagskvöld. Formaður Framsfl. tók þar undir og sagði að ekkert væri að vanbúnaði frá hans hálfu að taka þátt í umr. um till. þá. En hins vegar var það forsrh. sem skoraðist undan, bar ýmsu við og vildi fá frestun á umr. Ég tel að það sé með öllu óviðeigandi að forsrh. komi í veg fyrir umr. eins og þessa, að hún geti farið fram hið fyrsta, og sé enga frambærilega ástæðu til að skjóta umr. á frest.

Ég hefði að vísu óskað eftir því að hæstv. forsrh. hefði tekið álit sitt, sem fram kom varðandi umræðutíma, til endurskoðunar og það hefði getað orðið samkomulag á milli flokkanna um það hvenær umr. færi fram, eins og jafnan áður um slíkar till. Hitt þykir mér líka augljóst, að takist ekki samkomulag, þá er réttmætt að þessi umr. fari fram eigi að síður á föstudagskvöld þar sem mikill meiri hl. virðist styðja þá hugmynd. Það eru því tilmæli mín til hæstv. forseta, sem að sjálfsögðu ræður því endanlega hvenær till. er tekin á dagskrá og umr. geta farið fram, að hann hlutist til um að þessi umr. fari fram á föstudagskvöld eða beiti sér að öðrum kosti fyrir því að samkomulag geti tekist um það, hvenær umr. fer fram, og að hún geti farið fram hið allra fyrsta.

Ég veit að það eru mörg dæmi þess, að nokkur dráttur hafi orðið á umr. á vantrauststill. sem fram hafa komið. Það breytir engu í sambandi við deilu þá sem nú hefur komið upp um það, hvenær þessi umr. eigi að fara fram. Það hefur alltaf áður, allan þann tíma sem ég hef fengist við þessi mál, orðið samkomulag um það á milli flokkanna hvenær umr. færi fram. Stundum hefur það komið fyrir að þeir, sem flutt hafa vantrauststill., hafa sjálfir óskað eftir því að fresta umr. um langan tíma og þá hefur það að sjálfsögðu orðið ofan á. En ég minnist þess ekki að neinn forsrh. hafi beinlínis hlutast til um að tefja umr. um vantraust á ríkisstj., og mér þykir það óviðeigandi í meira lagi.

Með hliðsjón af því, hvernig mál standa nú í okkar landi, og að sjálfögðu með það í huga, hver staða ríkisstj. er varðandi þá alvarlegu atburði sem komnir eru upp í okkar landi, þá tel ég að leggja beri áherslu á það að umr. fari fram hið fyrsta. Ég get ekki séð að það sé neitt til fyrirstöðu að þessi umr. fari fram á föstudagskvöld nú, ella á laugardag, en að skjóta þessu á frest eitthvað fram í næstu viku, ég mótmæli því fyrir hönd míns flokks, að það sé gert, og tel að þá sé ekkert samkomulag um það á milli flokka, hvenær umr. fer fram, og þá hljóti það að vera hæstv. forseti sem sker úr hvenær till. verður tekin á dagskrá og umr. ákveðin.

Ég endurtek sem sagt þá ósk mína til hæstv. forseta að hann hlutist til um að þessi umr. geti farið fram annað kvöld og í fullu samræmi við þingsköp um umr. um vantrauststillögur.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Út af ummælum hv. 2. þm. Austurl. vil ég taka það fram, að enda þótt umr. um vantrauststill. fari fram á mánudag, þá er sá tími, sem líður frá útbýtingu till. til mánudags, með þeim skemmsta tíma sem dæmi eru til um, því að venjulega hefur umræða farið fram innan vikutíma frá því að till. hefur komið fram um vantraust, þannig að hér er ekki um neitt óeðlilegan langan tíma að ræða. Og dæmi eru þess líka, að það hafi liðið nokkrar vikur. Hitt er rétt hjá hv. þm., að yfirleitt hefur náðst samkomulag um það, hvenær umr. skuli fram fara. Hins vegar er það ekki nú, eins og þegar hefur komið fram. Hæstv. ríkisstj. hefur talið að það yrði heppilegast að hafa umr. á mánudag, og ég fyrir mitt leyti hef ekkert við það að athuga. Hins vegar, ef einhverjir möguleikar væru á því að það gæti fundist annar tími, þá skal ég gera mitt í því, en ég reikna ekkert frekar með því að það geti orðið. Þegar þessi mál voru rædd í gær og einnig í morgun, þá virtist mánudagskvöldið vera heppilegasti tíminn. Mér finnst eðlilegt að taka tillit til hæstv. ríkisstj. þegar umr. um vantraust á hana kemur fram.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að taka undir þau ummæli hv. 2. þm. Austurl., Lúðvíks Jósepssonar, að fyrst vantraust er komið fram á hæstv. ríkisstj., þá er eðlilegt og öllum fyrir bestu að það fari fram sem fyrst. Hins vegar geri ég mér algjörlega ljóst að það er á valdi hæstv. forseta að ákveða hvenær slík umr. fer fram, og ég mun og minn flokkur að sjálfsögðu sætta mig við úrskurð hans í þeim efnum.

En fyrst á annað borð er vakið máls á þessu efni hér utan dagskrár í Sþ., þá tel ég rétt að það komi fram, að það er að sjálfsögðu ekki, getur ekki verið og má ekki vera tilgangur flutnings vantrausts á ríkisstj. að gera neina tilraun til þess af stjórnmálaflokkanna hálfu að hafa áhrif á lausn þeirrar alvarlegu kjaradeilu sem nú er uppi með þjóðinni, allra síst þegar eins háttar í viðskiptum okkar við aðrar þjóðir og nú á sér stað þessa dagana og um þessa helgi. En þó að stjórnmálaflokkarnir eigi að sjálfsögðu ekki og geti ekki verið þeirra eðlilega ætlun að hafa nein afskipti af kjaradeilunni og þeirri lausn hennar sem æskilegt er að eigi sér stað sem allra fyrst, þá kemst ég ekki hjá að vekja athygli á því, að nokkru öðru máli gegnir um hæstv. ríkisstj. Henni, sem löglega kjörinni stjórn í landinu hlýtur að bera skylda til að reyna

að hafa heillavænleg áhrif á það að þessi alvarlega deila leysist sem fyrst. En hingað til hefur því miður kveðið lítið að því að hún hafi látið sig ágreiningsefni deiluaðilanna nokkru skipta. Ég minni í þessu sambandi á að af hálfu launþegasamtakanna í framhaldi af kjararáðstefnu þeirra voru ríkisstj. afhentar till. sem að dómi launþegasamtakanna hefðu átt að geta stuðlað að skjótri og skynsamlegri lausn á þeim erfiðu kjaramálum sem við er að etja. Einnig fóru fram viðræður milli fulltrúa launþegasamtaka og fulltrúa vinnuveitenda og a. m. k. varðandi nokkur mikilvæg atriði varð samstaða af þeirra hálfu um að bera fram vissar óskir gagnvart ríkisstj. Að því er fram hefur komið í fjölmiðlum hefur ríkisstj. enn sem komið er ekki tekið undir þessar óskir, hvorki óskir af hálfu launþegasamtaka né þær óskir sem reyndust vera sameiginleg sjónarmið launþegasamtaka og vinnuveitenda. Hér tel ég að ríkisstj. hafi farið of hægt, hafi haft of hægt um sig, hafi haft of lítið frumkvæði, og þeim mun fyrr sem hún lætur málið til sín taka og þá að sjálfsögðu í því skyni að hafa skynsamleg og heillavænleg áhrif á sem skjótasta og réttlátasta lausn deilunnar, þeim mun betra.

Þetta taldi ég rétt að kæmi fram fyrst á annað borð var vakið máls á þessum atriðum hér utan dagskrár í dag.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég skil þannig yfirlýsingu hæstv. forseta að hann muni athuga möguleika á því, hvort hægt er að koma á samkomulagi um að umr. um vantrauststill. geti orðið fyrr en á mánudag í næstu viku, en viðurkenni að sjálfsögðu að það er á hans valdi að ákveða hvenær þessi umr. fer fram.

Hæstv. forseti sagði að hann teldi eftir atvikum eðlilegt að taka tillit til hæstv. ríkisstj. í þessum efnum. Það er að sjálfsögðu einnig nauðsynlegt að taka tillit þar til fleiri, og það verður þá ekki skilið á annan veg en þann, að hæstv. ríkisstj. sé ekki við því búin, hún sé ekki tilbúin að ræða vantraust á sjálfa sig, hún þurfi að fá enn þá lengri umhugsunartíma, hvernig hún eigi að bregðast við slíku, því að ég efast ekkert um að hæstv. ráðh. hafa tíma til að mæta hér á Alþ. og flytja sínar hálftíma ræður í sambandi við vantraust. Þeir hafa þegar látið auglýsa sig á ýmsum fundum úti í bæ, a. m. k. seinni partinn á laugardag, og þeir gætu alveg eins mætt hér og svarað til saka í sambandi við vantrauststill., nema þeir þurfi að fá eina helgi og kannske einhverja daga í viðbót til að lesa sér til áður en þeir svara hér til saka.

Ég vil sem sagt ítreka fyrri beiðni mína, en undirstrika að það er vægast sagt óvenjulegt, þegar vantraust er flutt við hliðstæðar kringumstæður og hér er gert, að þá beiti hæstv. forsrh. sér fyrir því að fá fram drátt á umr. um mál eins og þetta. Það er alveg óvenjulegt, fyrst samstaða gat myndast á milli allra annarra aðila. Það er mjög furðulegt, og ég held að þar sé um venju að ræða sem ekki ætti að taka upp, því að hver veit nema næsti forsrh. fyndi upp á því, þegar vantrauststill. kæmi, að hann segði að hann þyrfti að bíða enn þá lengur. En vitanlega er eðli vantrauststill. þannig, að það er ætlast til þess að hún sé tekin fyrir til umr. og afgreiðslu eins fljótt og tök eru á með góðu móti. Auðvitað geta mál legið þannig — og hafa oft legið þannig — þegar vantrauststill. eru fluttar, að þeir, sem flytja þær, geta vel sætt sig við að þær komi ekki til umr. fyrr en eftir viku eða jafnvel hálfan mánuð. Og þá er ekkert við því að segja. En nú standa málin hins vegar þannig, að þeir, sem að vantrauststill. standa, óska eftir að fá umr. flýtt og það er full aðstaða til þess að koma umr. við. Þá er, eins og ég segi, vægast sagt óviðeigandi að sjálfur hæstv. forsrh. fari að draga úr því að umr. geti farið fram. Ég vænti nú þess að hæstv. forsrh. sjái að þetta er ekki frambærilegt og geti fallist á það að umr. fari fram á föstudagskvöld.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Í gær milli kl. tvö og þrjú kom fyrsti flm. vantrauststill. að máli við mig og spurðist fyrir um hvort samkomulag gæti náðst um að hafa umr. um vantrauststill. samkv. ósk hans á föstudagskvöld. Ég sagði þá strax að ég skyldi sjá svo um að það yrði alla vega á mánudagskvöld, en taldi vandkvæði á því að þessi umr. færi fram á föstudagskvöld. Ég ræddi enn fremur um sama bil við annan flm. þáltill. um vantraust á ríkisstj. og gat um afstöðu mína, og hann gerði enga athugasemd við það út af fyrir sig að umr. um þáltill. færi fram á mánudagskvöld. Þegar ég hitti forsvarsmenn flm., þ. e. a. s. fyrsta og annan flm. vantrauststill. og formann þingflokks SF í stað formanns flokksins, sem er þriðji flm. vantrauststill., báru þeir sameiginlega fram þá ósk að umr. yrðu á föstudaginn. Ég ítrekaði afstöðu mína, en kvaðst mundu hafa samráð við ríkisstj. og stuðningsflokka hennar. Að höfðu því samráði var sú afstaða tekin, að eðlilegast væri að þessi umr. færi fram á mánudagskvöld, það væri í fullu samræmi við þingvenjur og þingsköp og eigi liði lengri tími frá framlagningu till. til umr. en svo að fulls réttlætis væri gætt og tilhliðrunarsemi gagnvart flm.

Ég hef enn ekki heyrt neina efnislega ástæðu fyrir því að flýta þurfi svo mjög umr. um till. sem hér hefur fram komið. Það er rétt, sem hv. 2. þm. Austurl. sagði, að nú er hið alvarlegasta ástand þar sem er allsherjarverkfall. En það breytist ekki við flutning þessarar vantrauststill. né heldur við umr. um hana. Og miðað við það, sem hv. 9. þm. Reykv. sagði áðan um það að stjórnmálaflokkar eigi ekki að hafa áhrif á eða afskipti af lausn kjaradeilu, þá verður því ekki trúað að þessi vantrauststill. sé flutt í skjóli kjaradeilunnar eða í þeim tilgangi, en hins vegar læðist sá grunur að manni vegna þess óðagots sem er á flm. varðandi umr. um málið.

Ég bendi á það sem hv. 9. þm. Reykv. sagði, að þótt stjórnmálaflokkar eigi ekki að hafa áhrif á eða afskipti af lausn kjaradeilu, þá gegni öðru máli um ríkisstj. Ég held sannast best að segja að ríkisstj. eigi að verja tímanum í dag og á morgun og um helgina eða svo löngum tíma sem nauðsyn krefur, þar til kjaradeilan er leyst, til þess að stuðla að lausn hennar. Og ég vil að því leyti segja mig ósammála sjónarmiði hv. 9.

þm. Reykv., að stjórnmálaflokkar eigi ekki að hafa áhrif á lausn kjaradeilunnar, að ég teldi mjög æskilegt að stjórnmálaflokkar hefðu jákvæð áhrif á lausn kjaradeilunnar. En aftur á móti efa ég að það sé í þeim tilgangi gert, að þessi vantrauststill. er borin fram. En um það getum við rætt síðar.

Ég vil einnig leiðrétta það sem fram kom í máli hv. 9. þm. Reykv., að ríkisstj. hefði hvorki svarað till. launþegasamtakanna né heldur sameiginlegum till. launþegasamtakanna og vinnuveitenda. Þetta er algjörlega rangt. Ríkisstj. hefur haldið fundi með þessum aðilum og svarað þessum till. þeirra lið fyrir lið, fyrst till. launþegasamtakanna einna og síðan sameiginlegum till. launþegasamtakanna og vinnuveitenda. Varðandi hið síðara hefur ríkisstj. sent minnisgrein frá sér til Alþýðusambands Íslands og samtaka vinnuveitenda, frásögn af sameiginlegum fundi fulltrúa þessara aðila sem haldinn var 5. febr. s. l. vegna hinna sameiginlegu till. sem eru dags. 20. jan. s. l. Það kom ekki fram nein rödd á þessum sameiginlega fundi að ríkisstj. hefði ekki svarað hinum sameiginlegu till. Það var mismunandi afstaða að vísu til einstakra till., og ríkisstj. gat ekki svarað öllum till. þeirra jákvætt, en almennt má segja að saman hafi farið afstaða launþegasamtaka og vinnuveitenda annars vegar og ríkisstj. hins vegar í veigamestu málunum, eins og þeim að tryggja fulla atvinnu og hamla á móti vaxandi verðbólgu. Hitt er rétt að fram komi, að bæði í till. launþegasamtakanna út af fyrir sig og í sameiginlegum till. vinnuveitenda og launþegasamtakanna var mjög um almennar ábendingar og till. að ræða, meira og minna í ályktunarformi, þar sem ekki voru sérgreindar þær ráðstafanir sem grípa skyldi til. Vitaskuld er góðra gjalda vert að fá slíkar ábendingar og till. Hins vegar er og ljóst, að það er erfiðara að grípa á afgreiðslu slíkra almennra ábendinga en beinna sundurgreindra og sundurliðaðra till.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta efni, en ítreka það, að hér er farið að þingsköpum og réttum reglum. Það er engin efnisleg ástæða fyrir þeim flýti sem farið er fram á, og við getum, þegar umr. um vantrauststill. fara fram, fjallað frekar um einstök efnisatriði málsins.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég hefði ekki farið að blanda mér í þessar umr. um dagsetningu á umr. um vantraust ef ekki hefði gætt nokkurs misskilnings hjá hv. 2. þm. Austurl., þar sem hann vildi kenna hæstv. forsrh. um það, að af þessari umr. gæti ekki orðið fyrr en á mánudag, og lét orð falla eitthvað á þá lund, að formaður Framsfl. hefði tjáð að sér væri ekkert að vanbúnaði þegar við hann var rætt um þetta. Þetta vil ég nú leiðrétta. Hins vegar má segja að þetta sé e. t. v. afsakanlegur misskilningur, af því að rétt er það, að þegar ég var rétt kominn inn í þinghúsið eða salinn hér í gær og hafði ekki séð neina vantrauststill., þá átti formaður Alþb., einn af flm. þessarar till., viðtal við mig og skýrði mér frá þessu. Og það er alveg rétt, að ég sagði um leið eitthvað á þessa leið: Ja, það er allt í lagi — eða eitthvað á þá lund, en sagði jafnframt: Talaðu við forsrh. — Ég vona að hv. þm. kannist við að þessi hafi verið mín viðbrögð eða eitthvað á þá lund. Mér fannst ákaflega eðlilegt að fyrst væri haft samband um þetta við forsrh. þar sem hér er um að ræða vantraust á ríkisstj. Síðan ræddum við saman, forsrh. og ég, og síðan var þetta rætt í ríkisstj. og væntanlega í þingflokkum ríkisstj. líka, og þá var það sammæli manna að það væri eðlilegt og á engan hallað þó að þessi umr. biði til mánudags. Hér er því ekki á neinn hátt við hæstv. forsrh. að sakast einan sér. Þetta vildi ég að kæmi fram.

Auðvitað er það laukrétt, að það er sjálfsagt að vantrauststill. séu ræddar sem fyrst, og þeirri reglu hefur verið fylgt yfirleitt á Alþ. það ég best veit, nema þá ef einhverjar alveg sérstakar ástæður hafa verið fyrir hendi. Um það er enginn ágreiningur að svo eigi þetta að vera. En við lítum svo á að ekki sé þetta óeðlileg töf á því að umr. um vantraust fari fram þó að það dragist fram á mánudag. Þess verður að gæta, að þarna koma helgidagar á milli eða dagar sem þing er venjulega ekki háð á, og þá er ekki ýkjamikill dráttur sem á þessu verður. Ég held því að staðhæfa megi að þetta sé algerlega eðlileg og venjuleg meðferð á vantrauststill. Ég er satt að segja hissa á því, að þessarar óþolinmæði skuli gæta, reyndar ekki hjá hv. flm. till., heldur hafa það verið aðrir sem hafa komið hér upp og sagt nokkur orð um þetta.

Ég vona nú að athuguðu máli að það geti orðið sættir um þetta atriði og menn þurfi ekki að vera að deila svo mjög út af því. Ég vil varla gera því skóna að hv. flm. geri sér von um að þessi vantrauststill. verði samþykkt, og þá held ég að það megi nokkuð einu gilda hvort það dregst fram á mánudaginn eða á sér stað á föstudegi, þannig að ég vil nú vænta þess að um þetta geti þrátt fyrir þennan lítilfjörlega ágreining, sem upp hefur komið, tekist gott samkomulag.

Það er e. t. v. hugsanlegt að þeir lifi í þeim heimi, hv. stjórnarandstæðingar, að þeir haldi að þessi vantrauststill. verði samþykkt. Þá er það, eins og hér hefur verið réttilega tekið fram, að tímarnir eru ákaflega alvarlegir og ég býst varla við að það yrði talin mikil forsjá í því að gera landið stjórnlaust á þessum alvarlegu tímum. Það gæti hvarflað að manni vegna þess ákafa sem um þetta er, að fá þessa till. afgreidda, að stjórnarandstæðingar væru viðbúnir að mynda nýja stjórn, hún væri tilbúin að taka við. Og þá skipti það kannske einhverju máli hvort það væri á laugardaginn eða mánudegi eða þriðjudegi. (Gripið fram í: Það er sjálfsagt hægt að flýta umr. ef ný stjórn er til.) Ef ný stjórn er til, já, sjálfsagt að flýta umr. Þetta þarf að upplýsa. Ég gæti vel trúað því, að það yrði spurning sem yrði borin fram í umr. um þessa vantrauststill., hvort svo væri eða ekki, og þá er kannske gott að hafa vissa „generalprufu“ um það hér. Ég veit að hv. stjórnarandstæðingar geta ekki einir sér myndað þingræðislega ríkisstj. Ég veit líka að þeir hafa ekkert leitað til Framsfl. um myndun slíkrar stjórnar, ég get vottað það. Ég veit að þeir geta með

góðri samvisku svarið það, að þeir hafa ekki haft nokkur sambönd við Framsfl. Hafa þeir haft slík sambönd við Sjálfstfl.? Það væri fróðlegt að fá það upplýst hér. Mér þætti t. d. fróðlegt að heyra það frá flm., hv. formanni Alþfl., Benedikt Gröndal, hvort það væri tilbúin slík stjórn, — ég nefni hann nú til af því að hann hefur oft að mínum dómi talað mjög skynsamlega um mikilvæg málefni sem hér hafa verið til meðferðar á Alþingi.

Þetta var nú útúrdúr og í sjálfu sér óþarfur, vegna þess að ég ætlaði bara að bera vitni og reyna að leiðrétta þennan misskilning sem kom fram hjá hv. 2. þm. Austurl. og kann að eiga sér skiljanlegar orsakir vegna þess hvernig ég brást við í fyrstu þegar hv. þm. Ragnar Arnalds, formaður Alþb., talaði við mig. En sem sagt, það er ekki við hæstv. forsrh. í þessu efni að sakast. Við erum alveg sammála um þetta atriði og teljum að það sé ekki á neinn hátt hallað á neinn þó að þetta dragist til mánudags. Það má vel vera að okkur ráðh. veiti ekki af tímanum til að undirbúa okkur. En ef til vill gæti það komið sér vel fyrir hina, hv. stjórnarandstæðinga sem fara í umr., að fá þennan lengri frest til þess að undirbúa sínar ræður.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er nú kannske ekki ástæða til að hafa mörg orð vegna þess sem hér hefur verið rætt í sambandi við tímasetningu á umr. um þá vantrauststill sem fram er komin. Sjálfsagt er það rétt hjá hæstv. forseta og öðrum, sem það hafa sagt hér, að þó að mánudagur yrði valinn, þá yrði það með styttri tíma sem slík till. lægi frá því að hún hefur komið fram og þangað til hún væri tekin til umr. Og ekki á ég von á því að hylli hæstv. ríkisstj. vaxi svo á þeim fáu dögum sem til mánudagsins eru að það sé nein ástæða til að ætla að hún standi betur að vígi á mánudag en á morgun. Ég held að þurfi kraftaverk til að hylli hæstv. ríkisstj. vaxi héðan af hjá almenningi á Íslandi (Gripið fram í.) Nei, ég held hún sé ekki mikil. Ég held því sé öfugt farið, hæstv. utanrrh. Og kannski hefur hæstv. utanrrh., sem greip fram í, orðið hvað mest var við það, að hylli hæstv. ríkisstj. er ekki mikil meðal almennings.

Hitt er auðvitað rétt, sem hér hefur komið fram, að vantrauststill. hefur líklega sjaldan, ef nokkurn tíma, verið borin fram við slíkar kringumstæður eins og nú eru. Það er slíkt ástand í þjóðfélaginu að það er ekki að ástæðulausu sem slík till. kemur fram. Það er því full ástæða til að ítreka það að till. verði tekin til umr. svo fljótt sem verða má. Og vel má vera að hæstv. ráðh., dómsmrh. og öðrum hæstv. ráðh., veiti ekki af tímanum fram til mánudags til þess að undirbúa varnarræður fyrir hæstv. ríkisstj. Ég get vel unnt þeim þess að hafa þann tíma til umráða.

En út af því sem hæstv. dómsmrh. sagði hér áðan, þá var á engan veg annan hægt að skilja hans ræðu, þegar hann talaði um hvort rætt hefði verið við Sjálfstfl. um aðra væntanlega ríkisstj., ekki hefði það verið gert við Framsfl., en að það gæti kannske oltið á því hver afstaða framsóknarforingjanna yrði til umræðu um þessa till., hvort það væri von fyrir þá að komast í aðra ríkisstj. eftir að þessi væri fallin. Það mátti a. m. k. skilja orð hæstv. dómsmrh. á þann veg, að hann vildi hafa það tryggt hvort Framsókn ætti inngöngu í aðra ríkisstj. að þessari fallinni. Vonandi verður formaður Alþfl. til þess að svara honum um það, hvort hafi verið rætt við Sjálfstfl. um þetta. Það var greinilega ótti af hálfu hæstv. dómsmrh. að það hafi verið gengið fram hjá Framsókn og rætt beint við Sjálfstfl. Þetta vænti ég að form. Alþfl. upplýsi hér á eftir, þannig að dómsmrh. geti þá verið rólegri eftir en áður.

Ég skal ekki fara öllu fleiri orðum um þetta. En ástæðan fyrir því, að ég kvaddi mér hljóðs, voru fyrst og fremst þau orð hæstv. forsrh., sem hann lét falla áðan um afskipti eða sem ég vil kalla afskiptaleysi hæstv. ríkisstj. af þeim kjaradeilum sem nú standa yfir í þjóðfélaginu. Hann vildi láta í það skína a. m. k., að ríkisstj. hefði lagt sitt af mörkum til lausnar þessum deilum og ríkisstj. hefði átt viðræður bæði við launþegasamtökin sér og við aðila vinnumarkaðarins saman, og vildi gefa í skyn að þau ummæli, sem hv. 9. þm. Reykv. lét falla áðan um að ríkisstj. hefði verið aðgerðalítil, vægast sagt, í þessum málum, væru ekki á rökum reist.

Í Þjóðviljanum 17. febr., þ. e. a. s. daginn sem allsherjarverkfall skellur á hér á landi, víðtækasta verkfall sem átt hefur sér stað í sögu þjóðarinnar frá upphafi, er viðtal við forseta Alþýðusambands Íslands þar sem hann er m. a. spurður um marga þætti þeirra krafna, sem launþegasamtökin hafa sett fram, og hugsanleg viðbrögð og hugsanlega meðferð málsins að mörgu leyti. Í lok þessa viðtals við forseta Alþýðusambands Íslands þann dag sem verkfallið er skollið á segir hann orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. hefur hundsað allar þær stjórnmálalegu aðgerðir sem við höfum bent á að gætu liðkað fyrir samningum og orðið gætu okkar umbjóðendum til bóta. Því eigum við nú ekki annars kost en leggja niður vinnu.“

Þetta eru ummæli forseta Alþýðusambands Íslands og ég væni hann ekki um að fara hér með rangt mál. Það liggur því a. m. k. ljóst fyrir í mínum augum og huga, að ríkisstj. hefur í þessum efnum sem og flestum, ef ekki öllum öðrum setið aðgerðalaus, ráðlaus og villt og hefur vart vitað sitt rjúkandi ráð. Og það er kannske alvarlegast að hún skuli vera svona ráðvillt í þessum efnum. Það kemur kannske þjóðarheildinni hvað verst. Ég taldi nauðsynlegt að þetta kæmi hér fram vegna ummæla hæstv. forsrh., að það er rangt að ríkisstj. hafi að neinu verulegu marki lagt fram till. til úrlausnar þessari yfirstandandi kjaradeilu, því miður. Það er ekki hægt að segja að það sé fyrst og fremst hægt að skamma hæstv. ríkisstj. fyrir rangar ákvarðanatökur. Það er fyrst og fremst hægt að skamma hana fyrir engar ákvarðanatökur, að hún geri bókstaflega ekki neitt, hún væflist sitt á hvað, viti oftast nær ekki í hvorn fótinn hún eigi að stíga.

Ég vil svo að lokum aðeins láta það koma hér fram, að það er ljóst að það er fyrst og fremst hæstv. forsrh. sem kemur í veg fyrir að umr. um vantrauststill., sem fram er komin, geti

farið fram nú í þessari viku. Það er nauðsynlegt að öllum sé það ljóst, og það er nokkuð einkennilegt að hugsa til þess, að hæstv. forsrh., oddviti ríkisstj., sé ekki til þess reiðubúinn nánast hvenær sem er að hefja umr. og verja hæstv. ríkisstj. gegn ásökn, ef menn vilja hafa það orð um okkar stjórnarandstæðinga, með vantraustsumr. Það er furðulegt.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. Ég sem sagt legg ekki ýkjamikið upp úr því hvort þessar umr. færu fram annað kvöld, þó að ég teldi það miklum mun æskilegra vegna þess ástands sem í þjóðfélaginu ríkir. En ég held að það breyti sáralitlu, kannske engu um það, að vinsældir hæstv. ríkisstj. verða vart meiri á mánudagskvöld en þær verða á föstudagskvöldi n. k.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Það skyldi þó aldrei vera óttinn við það, að vinsældir ríkisstj. verði einmitt meiri á mánudagskvöldið heldur en þær eru í dag eða annað kvöld, sem fær flm. þáltill., stjórnarandstöðuþm., til þess að þrýsta svo þétt á umr. og þá sjónvarpsumr. líklega um þessa vantrauststill. (Gripið fram í.) Já, ég reikna með því að þeim verði útvarpað og sjónvarpað.

Ég vil, herra forseti, lýsa furðu minni á því ábyrgðarleysi sem fram kemur í flutningi slíkrar till. sem þessarar á þeim erfiðleikatímum, sem þjóðin stendur frammi fyrir, og þessum annatímum, sem þeir hljóta að vera fyrir ríkisstj. Ríkisstj. á ekki eingöngu í baráttu við að leysa deilur á vinnumarkaðnum, því að það hvarflar ekki að mér eitt augnablik að ríkisstj. hugsi ekki í þá átt að hjálpa til við að finna lausn deilna á vinnumarkaðnum þrátt fyrir það að heppilegast þyki að aðilar vinnumarkaðarins komi sér saman um lausn. Hún hlýtur að eyða miklum tíma í að aðstoða aðila vinnumarkaðarins til að finna þá lausn sem heppilegust telst og allir geta sætt sig við. Ég held að við séum öll sammála um það, að barátta okkar við erlenda aðila, breta, um fiskveiðilögsöguna hljóti að taka mjög mikinn tíma hjá ríkisstj., auk þess að við eigum í erfiðleikum með efnahagsvanda okkar. Þar höfum við allir reynt að leggja okkur fram til að finna lausn á, en ekki tekist betur en orðið er. Og sameiginlega erum við öll, a. m. k. við sem hér erum, hvort sem það eru stjórnarandstæðingar eða stjórnarliðar, ábyrg fyrir þeim fjárl., sem fram hafa komið, og þeim vanda, sem þjóðin er í á því sviðinu. Ég held því að ríkisstj. hafi annað við sinn tíma að gera og þm., hvort sem þeir eru stjórnarliðar eða stjórnarandstæðingar, eigi ekki að auka á þann vanda sem ríkisstj. er þegar í. Ég tel flutning þessarar till. ábyrgðarleysi, vitandi það að till., eins og kom fram hjá hæstv. dómsmrh., verður að sjálfsögðu felld vegna þess að það er ekki brestur í því samstarfi sem stendur að ríkisstj., ég hef ekki orðið var við hann.

Ég tek undir orð hæstv. ráðh., að ég hef ekki orðið var við það sem sjálfstæðismaður, því að hann talaði sem framsóknarmaður, að farið hafi verið fram á það við Sjálfstfl. að hann sviki Framsfl. Ég tel ólíklegt að það sé á döfinni.

En vegna till. sjálfrar, þá held ég að öllum þeim, sem standa að stjórninni, sé jafnljóst og öllum þeim, sem standa gegn stjórninni hér á Alþ., að þessi ríkisstj. hefur aldrei haft traust þessara flm. eða stjórnarandstöðunnar, þannig að vantrauststill. gat komið á hvaða tíma sem var. En af hverju tímasetja þeir hana einmitt nú þegar þjóðin öll stendur frammi fyrir mesta vanda sem hún hefur staðið frammi fyrir í langan tíma? Það er ekki nema til eins, þ. e. að koma ríkisstj. í eins mikinn vanda og mögulegt er, að auka vandann ef mögulegt er. Það þjónar ekki nema andstæðingunum.

Ég vil því ljúka þessum orðum mínum með því að fara þess á leit við flm. till., — ég vil taka undir orð hæstv. dómsmrh., að þeir hafa allir stundum verið skynsamir hér á Alþ., — að þeir dragi þessa vantrauststill. til baka.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég skal fúslega taka til greina óbein tilmæli forseta um að þessar umr. dragist ekki á langinn, enda hef ég ekki hér mörgu við að bæta. Ég stend nú aðallega upp vegna ummæla hæstv. dómsmrh. Hann kom hér í ræðustól til þess að staðfesta það, að það væri ríkisstj. í heild sem bæri ábyrgð á þessari ákvörðun, að umr. færu ekki fram fyrr en á mánudag, og ég held að það sé alveg óumdeilt, að það er sem sagt ríkisstj. í heild sem hefur tekið þá ákvörðun að fá umr. þessari slegið á frest fram yfir helgi. Um hitt held ég að sé enginn misskilningur, hvað fór okkar í milli í samtali okkar í gær, milli mín og hæstv. dómsmrh. Ég ræddi við hann sérstaklega um fram komna till. og þá ósk okkar stjórnarandstæðinga að umr. um hana færu fram án ástæðulauss dráttar, nefndi sérstaklega nokkra möguleika, þ. á m. föstudagskvöldið sérstaklega. Hann lýsti því yfir að það væri allt í lagi, þessi till. væri fram komin og sér væri ekkert að vanbúnaði í þessum efnum, eins og haft var hér eftir hv. þm. Lúðvík Jósepssyni. En það er reyndar rétt, að hann vísaði mér á forsrh. í þessu sambandi, og að sjálfsögðu hafði ég þá gert ráð fyrir að eiga einnig viðræður við hann, en hann var ekki kominn í húsið.

Ég held að af þessu sé alveg ljóst, að allir flokkar aðrir en Sjálfstfl. — eða forustumenn allra flokka — hafa í sjálfu sér verið reiðubúnir til að láta þessar umræður fara fram á föstudegi, og það er sem sagt hæstv. forsrh. sem ræður því og hefur komið því til leiðar að umr. dregst fram yfir helgi, enda þótt hann hafi fengið ríkisstj. í heild til þess að fallast á þessa niðurstöðu sína og styðja sig í því að fá umr. frestað.

Það hefur verið spurt nokkuð um það í þessum umr. hvers vegna stjórnarandstæðingar óski eftir því að þessum umr. sé flýtt. Ég vil benda hv. þm. á að hér er ekki um neinn óeðlilegan flýti að ræða. Ég minni á það, að mikilsverðar till. og frv. eru oft tekin fyrir daginn eftir að þau eru lögð fram, og jafnvel kemur það fyrir að frv. og till. séu tekin fyrir samdægurs. Þess eru jafnvel ýmis dæmi og það meira að segja nú frá seinustu vikum, að frv. séu afgr. í gegnum þrjár umr. í hvorri d. fyrir sig. Ég sé því ekki að það sé með nokkrum rétti hægt að kalla

það einhvern óeðlilegan flýti, ef till. er lögð fram á miðvikudegi, að umr. um hana fari fram á föstudegi.

Ég held að það fari ekkert á milli mála, að ástandið í þjóðfélagi okkar hefur verið býsna alvarlegt á undanförnum mánuðum, en þó keyrir nú um þverbak þessa dagana, eins og öllum mun ljóst vera. Það er skoðun æðimargra og þ. á m. okkar stjórnandstæðinga, að hæstv. ríkisstj. beri ekki svo litla ábyrgð á því hvernig komið er og að það séu afskipti hennar og þá öllu heldur afskiptaleysi hennar af þeim kjaradeilum, sem nú standa yfir, sem gera það að verkum að hún verði að bera þar þunga ábyrgð og eigi þar stóra sök. Þar á ég að sjálfsögðu fyrst og fremst við hin neikvæðu viðbrögð ríkissjt. gagnvart till. sem Alþýðusamband Íslands lagði fram fyrir tveimur og hálfum mánuði og hafa að vísu fengið einhverja meðferð af hálfu forsrh., en öllum mun víst bera saman um að þau viðbrögð hafa verið harla neikvæð. Það segir sig sjálft, að þegar hundruð millj. kr. fara í súginn á degi hverjum vegna allsherjarverkfalls sem m. a. má rekja til afskiptaleysis og neikvæðrar afstöðu ríkisstj., þá er svo sannarlega þörf á því að ræða það mál hér á hv. Alþ. á formlegan hátt. Það er það sem við förum fram á og vonumst þá til þess að sú umr. geti með einhverjum hætti leitt til þess að endir verði bundinn á þessar alvarlegu kjaradeilur.

Ég ætla ekki hér að fara að gera að umtalsefni gamanmál hæstv. dómsmrh. um hugsanlega nýja stjórnarmyndun. Ég veit að hæstv. dómsmrh. þekkir öllum mönnum betur stjórnmálasögu íslendinga og hvaða aðdraganda það hefur haft að vantrauststill. hafa verið fluttar. Og hann veit það jafnvel og ég, að það mun aldrei hafa gerst að þeir menn, sem borið hafa fram vantrauststill. á Alþ., hafi jafnhliða haft nýja ríkisstj. í handraðanum. Það hefur víst aldrei gerst. Hitt er ljóst, að á öllum sviðum þjóðfélagsins er nú hin mesta óstjórn ríkjandi. Það getur ekki farið fram hjá neinum. Og af þessari ástæðu verður núv. ríkisstj. að víkja. Það er með þetta í huga að sjálfsögðu sem umrædd till. er flutt.

Fæðingarorlof bændakvenna, þáltill. (þskj. 200). — Ein umr.

Flm. (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. Þáltill. sú á þskj. 200, sem hér liggur nú fyrir til umr., felur það í sér að ríkisstj. láti kanna möguleika á því að Lífeyrissjóður bænda greiði bændakonum allt að þriggja mánaða fæðingarorlof við barnsfæðingu, skuli í því skyni leitað samráðs við Búnaðarfélag Íslands, Stéttarsamband bænda og Lífeyrissjóð bænda og ráð fyrir því gert að álit og niðurstöður þessara aðila liggi fyrir áður en Alþ. kemur saman haustið 1976.

Það fer ekkert á milli mála eftir þær umr. sem orðið hafa hér á Alþ. um þessi mál, bæði á síðasta þingi og nú nýverið í sambandi við fæðingarorlof kvenna innan ASÍ, að þm. allir líta á fæðingarorlofið sem mikilvæga og sanngjarna réttarbót til handa þeim konum sem þátt taka í atvinnulífinu, en þær, sem ekki njóta fæðingarorlofs, verða fyrir tilfinnanlegum tekjumissi við barnsburð ef þær á annað borð leyfa sér þann sjálfsagða munað að vera heima við til að annast nýfædd börn sín fyrstu vikurnar af ævi þeirra.

Fram til þessa hafa konur, sem eru á launum hjá ríkinu, verið þær einu hér á landi sem notið hafa þessara fríðinda, en með lögum frá 1954 fengu þær rétt á 90 daga launuðu orlofi í sambandi við barnsburð. Hér er það ríkið sem er atvinnuveitandinn og því eðlilegt að það standi undir þessum greiðslum. Þegar að öðrum atvinnustéttum kemur hefur hingað til ekki þótt gerlegt að bæta greiðslum til fæðingarorlofs ofan á þau risavöxnu útgjöld almannatrygginga sem hafa undanfarið bólgnað svo út sem raun ber vitni. En ýmsir hafa verið þeirrar skoðunar, að greiðsla á fæðingarorlofi ætti að falla undir almannatryggingar.

Það kom fram í svari hæstv. heilbr.- og trmrh. nú fyrir skemmstu í fsp. um tekjustofna til að tryggja öllum íslenskum konum fæðingarorlof, að hækkun til sjúkratrygginga einna saman nemi 4000 millj. kr. milli áranna 1975 og 1976. Ríkisstj. sæi sér því ekki fært við þær aðstæður, sem nú eru, að finna aðra tekjustofna samkv. viðaukaákvæði laganna frá s. l. vori um greiðslu fæðingarorlofs úr Atvinnuleysistryggingasjóði til launakvenna innan Alþýðusambands Íslands. En þetta viðaukaákvæði hljóðaði svo, eins og hv. þm. mun kunnugt, að ríkisstj. skyldi fram til síðustu áramóta leita tekjustofna til þess að allar konur á Íslandi yrðu þessara fríðinda aðnjótandi.

Hjá nágrannaþjóðum okkar á Norðurlöndum kemur fæðingarorlofið yfirleitt undir sjúkratryggingar. Þar á móti kemur svo það, að þar er þátttaka atvinnurekenda allmiklu meiri til sjúkratrygginganna heldur en gerist hjá okkur, þar sem þær eru fjármagnaðar, að því er mig minnir, að 90% frá ríkinu. Mér finnst sjálfri að fæðingarorlofið eigi ekki heldur að heyra undir sjúkratryggingar. Mér finnst það heldur ógeðfellt, því að ekkert er heilbrigðara og sjálfsagðara heldur en það teljist eðlilegur þáttur í lífi fjölskyldunnar að konan fjölgi mannkyninu, alla vega meðan okkar háþróuðu vísindum hefur enn ekki tekist að leysa konuna undan þeirri kvöð og framleiða börn í tilraunaglösum eða eitthvað á þá leið. Mér finnst hin leiðin, að láta lífeyrissjóðina annast þessa greiðslu, margfalt eðlilegri.

Mér er engin launung á því, að þegar við flm., við hv. 5. þm. Reykv., Ragnhildur Helgadóttir, lögðum fram þessa þáltill. nokkru fyrir jólin, þá var okkur kunnugt um að ekki höfðu fundist neinir nýir tekjumöguleikar til að standa undir greiðslum fæðingarorlofs til þeirra kvenna, þ. á m. bændakvenna, sem ekki eru ríkisstarfsmenn né heldur launþegar innan ASÍ. En með því að mig rekur minni til þess, að allmargir hv. þm. gagnrýndu frv. um greiðslu fæðingarorlofs úr Atvinnuleysistryggingasjóði, ekki síst og sumir aðallega vegna þess að það náði ekki til kvenna í sveit, þá fannst mér full ástæða til að leita annarra leiða til að bæt þar úr og ná þar með viðbótaráfanga að því lokamarki að

allar íslenskar konur njóti fæðingarlauna. Í þeirri leit staðnæmdist ég við Lífeyrissjóð bænda, raunar fyrir ábendingu frá bónda sem fannst þessi leið eðlileg og sjálfsögð. Taldi ég ástæðu til að ætla að aðrir stéttarbræður hans væru sama sinnis eða þætti hugmyndin a. m. k. athugunarverð.

Nú er Lífeyrissjóður bænda að vísu ungur sjóður, stofnaður árið 1970, en allfjársterkur þó, enda mun hann vera sá áttundi eða jafnvel ofar í röðinni að eignum þremur árum eftir stofnun hans af hartnær 100 lífeyrissjóðum landsmanna í dag. Iðgjöld til sjóðsins á árinu 1974, en það eru nýjustu tölur sem liggja fyrir, námu 77 millj. kr., að viðbættu mótframlagi að upphæð 115 millj. kr., samtals 192 millj. kr., og höfuðstóll sjóðsins var í byrjun árs 1975 401 millj. kr. Tekjur sjóðsins eru lögum hans samkv. iðgjöld bænda, sem eru sjóðfélagar, og eru innheimt af búvöruverði sem ákveðinn hundraðshluti þess. Á móti iðgjöldum sjóðfélaga kemur og sérstakt gjald sem lagt er á allar búvörur og nemur ákveðnum hundraðshluta ár hvert, þannig að hann samsvari 6% framlagi af reiknuðum heildarlaunum allra bænda er þeim ber að greiða iðgjald af samkv. lögum. Sjóðfélagar eiga rétt á greiðslu ellilífeyris við 67 ára aldur samkv. ákveðnum reglum svo og örorkubótum ef til kemur örorkutap til langframa eftir læknismati. Þá er í lögum sjóðsins, eins og bent er á í grg. með till., gert ráð fyrir nokkurri lánastarfsemi til sjóðfélaga. Þannig er þar að finna ákvæði um að Stofnlánadeild landbúnaðarins eigi rétt á lánum er nemi 25% af árlegum iðgjöldum og framlögum í sjóðinn fyrstu 15 starfsár hans. Sjóðsstjórn er einnig heimilt að veita lán til íbúðabygginga fyrir sjóðfélaga gegn veðrétti í fasteigninni og enn fremur í samráði við Stofnlánadeild landbúnaðarins til vinnslustöðva landbúnaðarins, gróðurhúsa og fleiri stofnana á vegum sjóðfélaga. Bent er á í grg. með till. að allt þetta, sem talið var hér að ofan, séu vissulega þörf og verguð verkefni, en jafnframt er látið í ljós það álit flm. till. að konur til sveita, er fæða bændum sínum börn og taka virkan þátt í framleiðslustörfum búsins, væru ekki síður vel komnar að stuðningi frá sjóðnum í sambandi við barnsburð sem óhjákvæmilega og eðlilega leggur á þær mikið aukaerfiði og útgjöld.

Það hefur réttilega verið á það bent, að hin miklu lánaumsvif ýmissa lífeyrissjóða hafi í rauninni fært þá frá sínu upprunalega hlutverki, að tryggja fólki viðunandi lífsviðurværi á gamalsaldri að starfsævi lokinni, að þarna fari í rauninni fram tilfærsla á fé frá lífeyrisþegum til fólks í blóma lífsins sem er að koma sér upp þaki yfir höfuðið eða stendur í öðrum stórræðum. Ég fæ ekki betur séð en að greiðsla fæðingarorlofs til sjóðfélaga, kvenna og karla, standi í margfalt nánara og eðlilegra sambandi við hlutverk sjóðanna heldur en slík umsvif þótt þörf séu í sjálfu sér.

Samkv. upplýsingum frá Hagstofu Íslands var fjöldi giftra kvenna á Íslandi í árslok 1974 41 681, þar af eiginkonur bænda 2900. Fjöldi barnsfæðinga yfir landið var það sama ár 4733. Samkv. þessum tölum ætti fæðingartala í bændakvennastétt það ár að vera eitthvað um 240 og reikna ég þá með nokkru lægra fæðingarhlutfalli en þegar á heildina er litið, m. a. vegna þess að meðalaldur bænda er allmiklu hærri en annarra atvinnustétta. Við síðasta útreikning á verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara voru eiginkonum bænda reiknaðar 600 vinnustundir af framleiðslu búsins, að verðmæti 184 681 kr. á ársgrundvelli. Ef þessi útreikningur væri lagður til grundvallar við greiðslu fæðingarorlofs í þrjá mánuði, eins og till. gerir ráð fyrir, þá mundi það þýða 46 170 kr. við hverja fæðingu eða samtals rétt yfir 11 millj. kr. sem Lífeyrissjóður bænda mundi þurfa að greiða árlega í þessu skyni. Ég fæ ekki betur séð en að sjóðurinn gæti hæglega staðið undir þessum greiðslum, svo öflugur sem hann er fyrir.

Það er annars býsna erfitt þessa stundina að henda reiður á okkar lífeyris- og kjaramálum, svo mjög sem þau eru nú í lausu lofti, á meðan ekki hefur verið komist að niðurstöðu við gerð almennra kjarasamninga, en þar hafa lífeyrismálin einmitt verið eitt af hinum mikilvægustu samningsatriðum. En ég get ekki skilið við þetta mál án þess að láta getið lagafrv. þess um Lífeyrissjóð Íslands sem nýlega hefur verið lagt fram hér á Alþ. af hv. 6. landsk. þm., Guðmundi H. Garðarssyni. Hér er annars vegar viðamikið og athyglisvert frv. sem felur í sér gerbreytingar á meingölluðu lífeyrissjóðakerfi sem við búum við í dag. Frv. gerir ráð fyrir rétti allra íslenskra kvenna til fæðingarlauna sem miðuð eru við meðallaun síðustu þriggja ára og skulu greidd í þrjá mánuði við fæðingu og aldrei lægri en 18 550 kr. á mánuði miðað við núverandi vísitekjur. Vafalaust mun það vera ýmislegt í þessu gagnmerka frv. sem þarf nánari athugunar og e. t. v. breytinga við, en frv. er engu að síður að mínu mati merkilegt framlag til þeirrar gagngerðu endurskoðunar á lögum um lífeyrissjóði og almannatryggingar sem nú stendur yfir. Nái meginmarkmið þess fram að ganga munu bændakonur sem aðrar íslenskar konur að sjálfsögðu njóta þess í framtíðinni. Till., sem hér liggur fyrir, er í rauninni mjög í anda þessa frv., þótt hún að sjálfsögðu nái til takmarkaðra sviðs.

Ég vona og treysti því að íslenskir bændur og þau samtök þeirra, sem till. verður vísað til til athugunar og ákvörðunar, taki henni vel og skoði hana með jákvæðum hug og góðum skilningi. Hún er fram borin til þess að reyna að tryggja það að húsfreyjan í sveit þurfi ekki í þessu tilliti að búa við lakara hlutskipti en þær konur aðrar á Íslandi sem þegar njóta þessara fríðinda.

Herra forseti. Ég vil gera það að till. minni að þáltill. verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. allshn.

Jón Helgason: Herra forseti. Eins og hv. þm. er kunnugt voru á s. l. vori samþ. lög um fæðingarorlof verkakvenna. Þessi lög urðu mjög umdeild og einkum af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi var það álit margra að sú leið, sem þar var farin til greiðslu á fæðingarorlofi, að láta Atvinnuleysistryggingasjóð greiða það, — sú leið var mjög umdeild þar sem margir töldu að það væri ekki hlutverk Atvinnuleysistryggingasjóðs

að gera þetta og hann hefði ekki nægilegt fjármagn til að inna af hendi þessa skyldu. Og svo í öðru lagi að með þessu móti var gert upp á milli stétta, þarna var aðeins ætlað að finna lausn á því að greiða fæðingarorlof til takmarkaðs hóps kvenna. Margir töldu að það væri réttara að reyna að finna leið til þess að gera hér öllum konum jafnt undir höfði og fresta þess vegna málinu til haustsins og leggja þá fram frv. hér á Alþ. um fæðingarorlof sem tryggði öllum konum þennan rétt, þar sem líka var kveðið svo á í frv. að lögin öðluðust ekki gildi fyrr en um s. l. áramót, þannig að það átti að vera þar nokkur tími til stefnu. Ég var fylgjandi því að þessi leið væri valin. Hins vegar varð nú niðurstaðan sú, að frv. var samþ. og lögin öðluðust gildi.

En í þessum lögum var einnig það ákvæði að ríkisstj. skyldi fyrir síðustu áramót finna leið til þess, að allar konur gætu fengið fæðingarorlof, og leggja frv. um það efni fyrir Alþ. Eins og fram kom í svari hæstv. heilbr.- og trmrh. hér fyrir skömmu hafði ríkisstj. ekki fundið leið til þess að gera þetta nógu fljótt, þannig að frv. hefur ekki verið lagt fram enn þá. En hins vegar hefur n. þeirri, sem nú er að endurskoða tryggingalöggjöfina, verið falið að reyna að finna lausn á þessu atriði eins og fleirum.

Á þskj. 200 hefur verið flutt þáltill. sú, sem hér er til umr., og þá bent á þá leið að Lífeyrissjóður bænda tæki að sér það hlutverk að greiða bændakonum allt að þriggja mánaða fæðingarorlof. Ég get ekki fallist á það að þessi leið verði valin, vegna þess að hér er einnig verið að mismuna. Hér er Lífeyrissjóði bænda lögð einum lífeyrissjóða þessi kvöð á herðar. Hv. flm. sagði áðan að Lífeyrissjóður bænda væri allsterkur lífeyrissjóður. Ég verð því miður að segja aðra sögu, því að samkv. því sem tryggingafræðingur hefur sagt nú fyrir stuttu, þá telur hann að Lífeyrissjóður bænda sé einhver veikasti lífeyrissjóðurinn til þess að gegna sínu hlutverki. Það byggist m. a. á því hvað það eru margir fullorðnir bændur sem eiga þegar rétt á bótum úr lífeyrissjóði bænda eða munu bætast í þann hóp á næstunni. Þetta er augljóst ef við athugum það, að á s. l. ári nutu 1049 einstaklingar bóta úr Lífeyrissjóði bænda, en í bændastétt eru hins vegar 4—5 þús., þannig að það er allhátt hlutfall bótaþega miðað við þá sem greiða í sjóðinn, og ég a. m. k. rengi ekki þennan vitnisburð tryggingafræðingsins.

Ég held því að það verði að finna aðra leið til þess að leysa þennan vanda, og ég vil undirstrika það, að ríkisstj. reyni að gera það sem allra fyrst, að uppfylla þessa skyldu sem lögin leggja henni á herðar. Ríkisstj. hefur ekki talið fært að fara þessa leið til þess að uppfylla lögin, og það sýnir að hún telur þetta ekki réttmætt.

Það var bent á það áðan að Lífeyrissjóðurinn lánaði til bænda, og það er alveg rétt. Þetta gera allir lífeyrissjóðir. Þeir reyna að gera tvennt í einu, að ávaxta sína eign og styðja eigendur hvers lífeyrissjóðs með því að veita þeim lán. Og Lífeyrissjóður bænda hefur gert mögulegt að veita bændum ýmsa lánaflokka sem annars hefði ekki verið hægt. Hann veitir viðbótarlán til íbúðahúsabygginga. Á s. l. ári voru það 350 þús. kr. á hvert íbúðarhús og eru till. uppi um að hækka þá upphæð verulega á þessu ári. Hann hefur einnig veitt frumbýlingum bústofnskaupalán og er þar miðað við að það sé veitt lán samkv. skattmati búfjár allt að helmingi bústofns miðað við verðlagsgrundvallarbúið. Hann hefur veitt lán til jarðarkaupa. Nú er einnig rætt um að reyna að veita frumbýlingum enn þá meiri lán. Það byggist á því að það er mat bændastéttarinnar að kynslóðaskiptin á jörðum séu eitthvert alvarlegasta vandamálið, vegna þess að stöðugt vex það fjármagn sem þarf til bústofnsmyndunar og þess vegna er þetta mjög brýnt verkefni.

Ég vil láta í ljós þá von að ríkisstj. sjái sér fært sem allra fyrst að uppfylla þá lagaskyldu sem lögin frá s. l. vori leggja henni á herðar. Ég tel að sú lagaskylda sé miklu þyngri heldur en þótt Alþ. færi nú að samþykkja þáltill. um að ríkisstj. færi nú að skoða einhvern einstakan möguleika. Mér finnst það skrýtið ef við eigum að efast svo um að ríkisstj. framkvæmi þessa lagaskyldu, að það sé ástæða til þess að fara að benda á einn möguleika sem ég tel alls ekki réttlátan.

Tómas Árnason: Herra forseti. Þegar lög um fæðingarorlof kvenna voru til umr. hér á seinasta þingi, þá var ég einn af þeim þm. sem töldu það mikla meinbugi á þeirri lagasetningu að m. a. bændakonur voru þar afskiptar, og voru allmargir þm. sömu skoðunar. Þess vegna fagna ég því, að það er búið að taka þetta mál upp nú og till. komin fram um að bændakonur skuli njóta fæðingarorlofs eins og verkakonur sem gert er ráð fyrir að njóti þess í þegar settum lögum. Hins vegar var ég ekki sammála flm. þess máls á seinasta þingi, að Atvinnuleysistryggingasjóður skyldi greiða fæðingarorlof kvenna. Ég taldi ekki þá og tel ekki enn að það sé hlutverk Atvinnuleysistryggingasjóðs. Og það var að mínum dómi skaði að málið skyldi verða samþ. þannig vegna þess að Atvinnuleysistryggingasjóður hefur haft mjög þýðingarmikið hlutverk í því efni að lána til uppbyggingar og atvinnuaukningar víðs vegar um landið. En síðan þessi lög voru samþ. um fæðingarorlof kvenna, þá má segja að Atvinnuleysistryggingasjóður hafi hreinlega verið lokaður í þessum efnum vegna þeirra auknu byrða sem honum voru lagðar á herðar.

Ég er þeirrar skoðunar að fæðingarorlof kvenna eigi að greiða úr almannatryggingakerfinu ef það er tekið upp. En það er spurning um aðferð, en ekki hitt, meginmálið, að ég er fylgjandi fæðingarorlofi kvenna almennt séð.

Mér virðist að þessi till., sem hér kemur fram um aðferðina, geri ráð fyrir að Lífeyrissjóður bænda greiði fæðingarorlof bændakvenna, og að vissu leyti er þessi till. að sumu leyti í svipuðum farvegi og sú fyrri um að greiða fæðingarorlof kvenna úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Mér virðist einmitt að þessar till. og raunar ýmsar fleiri till. um útgjöld miði ákaflega mikið að því að sjúga merginn úr möguleikum innanlands til fjármagnssöfnunar til að standa undir nauðsynlegri fjárfestingu og framförum í atvinnulífi þjóðarinnar. Og það er sýnileg óheilaþróun í þessum efnum, sérstaklega nú á allra seinustu árum.

Ef við lítum á möguleikana sem menn hafa hér í landinu til þess að afla fjármagns til að byggja upp atvinnulífið eða til þess að efla atvinnulífið eða til þess að fylgjast með framförum í atvinnulífinu, tækniþróun og öðru slíku, þá eru möguleikarnir fólgnir í fyrsta lagi hjá fjárfestingarlánasjóðunum, og sterkustu sjóðirnir í því efni eru Fiskveiðasjóður Íslands, Stofnlánadeild landbúnaðarins og Iðnlánasjóður sem lána til hinna þriggja helstu atvinnugreina þjóðarinnar. Þessir sjóðir hafa tiltölulega lítið og minnkandi eigið fé — mjög minnkandi eigið fé. Þeir fá að vísu veruleg framlög frá ríkinu, annaðhvort í gegnum fjárlög eða með öðrum hætti, eða frá atvinnugreininni sjálfri, en þrátt fyrir það er geta þeirra minnkandi og hefur verið svo, m. a. vegna þess hversu framkvæmdakostnaður hefur hækkað geysilega mikið á undanförnum árum. Fyrir utan þeirra eigið fé hafa þessir sjóðir fengið að láni fjármagn frá Framkvæmdasjóði Íslands.

En Framkvæmdasjóður Íslands hefur ekki marga möguleika til þess að afla fjár. Það er alveg eins háttað með hann og með fjárfestingarlánasjóðina, að eigið fé Framkvæmdasjóðs fer minnkandi — mjög minnkandi. Og möguleikarnir, sem Framkvæmdasjóður hefur til þess að afla fjár, eru aðallega fjórir. Það er í fyrsta lagi ákaflega lítið eigið fjármagn, sem nemur ekki meiru en 150 millj. eða eitthvað slíkt á þessu ári. Það eru í öðru lagi lán frá viðskiptabönkunum sem eru þannig, að 10% af innlánsaukningu viðskiptabankanna er lánað til Framkvæmdasjóðs sem síðan endurlánar það. Í þriðja lagi er það lán frá lífeyrisjóðunum í landinu og í fjórða lagi erlend lán.

Þetta eru þeir fjórir möguleikar sem Framkvæmdasjóður hefur til þess að afla fjár til starfsemi sinnar og til endurlána við uppbyggingu atvinnulífsins. Mér sýnist að það sé verið að þrengja meir og meir að þessum möguleikum. Í fyrsta lagi fer eigið fé Framkvæmdasjóðs minnkandi. Í öðru lagi hefur verðbólgan þau áhrif í landinu að fólk leggur minna fyrir af fé. Þess vegna verður innstæðuaukning bankanna minni hlutfallslega heldur en áður, og niðurstaðan verður sú, að þessi 10%, sem ég minntist á áðan og hafa verið tekin að láni af innstæðuaukningunni, þetta fer minnkandi. Í þriðja lagi hefur það verið svo allra seinustu árin að Framkvæmdasjóður hefur fengið í vaxandi mæli lán frá lífeyrisjóðakerfinu og byggir mjög fjáröflun sína t. d. á þessu ári á því, gert ráð fyrir að Framkvæmdasjóður taki 1400 millj. kr. að láni hjá lífeyrissjóðunum ef samningar nást um það. Það er stefnt að því. Og svo að lokum eru það erlendu lánin, en það hefur verið þrautalendingin undanfarin ár að tryggja fjáröflun Framkvæmdasjóðs með erlendum lántökum. Sá kostur er mjög að þrengjast, þannig að þetta virðist allt í eina átt þ. e. a. s. að þrengja möguleika þjóðarinnar til þess að efla atvinnulífið, til þess að tryggja fjármagn til uppbyggingar í atvinnugreinum, bæði nýjum og þróa þær sem fyrir eru. Þetta hefur að sjálfsögðu lamandi áhrif á undirstöðu efnahagslífsins í landinu eftir því sem tímar líða fram.

Varðandi lífeyrissjóðina hafa verið miklar umr. um þá undanfarið. Mér sýnist að þær umr. hafi fallið í þann farveg að menn séu farnir að nefna talsvert róttækar breytingar á starfsemi lífeyrissjóðanna í þá átt að í stað hins svokallaða uppsöfnunarkerfis, þ. e. a. s. að lífeyrissjóðirnir safna fjármagni sem síðar er notað til greiðslu lífeyris og hefur verið notað í stórum stíl í lánastarfsemi, þá eigi að hverfa að einhverju leyti frá því, en taka aftur upp svokallað gegnumstreymiskerfi, sem þýðir það að uppsöfnun fjármagns hjá lífeyrissjóðunum hlýtur að fara stórkostlega minnkandi og allir möguleikar til þess að afla fjár úr lífeyrissjóðakerfinu til uppbyggingar í atvinnulífinu fara þá auðvitað minnkandi að sama skapi.

Nú er það svo, að lífeyrissjóðirnir í landinu geta fyllilega sinnt sínu hlutverki þótt þeir láni út ef lánin eru verðtryggð. Ef lán lífeyrissjóðanna eru verðtryggð, þá geta þeir fyllilega sinnt sínu hlutverki að greiða verðtryggðan lífeyri. Það sem hefur farið verst með lífeyrisjóðina er auðvitað það, að lánastarfsemi þeirra hefur verið óverðtryggð og þeir fá aftur jafnmargar krónur til baka í greiddum lánum og þeir lánuðu, miklu, miklu verðminni krónur, sem hefur þau áhrif að möguleikar lífeyrissjóðanna til þess að greiða verðbættan lífeyri hafa verið sáralitlir.

Þó að þetta mál sé nú ekki beint á dagskrá, þá finnst mér það koma nokkuð við sögu þegar gert er ráð fyrir því í þessari till. að gerð verði athugun á því hvort rétt sé að greiða bændakonum fæðingarorlof úr Lífeyrisjóði bænda. Það er rétt að hafa það í huga að lífeyrissjóðaféð er gífurlegt fjármagn og ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna á þessu ári, þegar þeir hafa greitt lífeyri til sinna félagsmanna og öll gjöld af sinni starfsemi, eru 7 milljarðar. Og ég kemst ekki hjá því að vekja athygli á þessu máli. Þó að þessi till., sem hér er til umr., hafi kannske ekki mikil áhrif þegar á heildina er litið, þá stefnir hún í þá sömu átt sem ég hef verið að lýsa, að minnka möguleika innanlands til þess að skapa fjármagn sem hægt er að nota til uppbyggingar í atvinnulífi landsmanna.

Ég vil endurtaka það sem ég sagði hér í upphafi, að ég er almennt fylgjandi fæðingarorlofi kvenna, þó að vissu marki. Ég sé enga ástæðu til þess að efnafólk t. d. fái sérstakar greiðslur þegar konur eiga börn sín, — sé enga ástæðu til þess. Ég held að það standi engin efni til þess, þannig að slíkt mál sem þetta álít ég að hljóti að eiga sín takmörk, alveg hiklaust. En ég held að það sé eðlilegt að fæðingarorlof sé greitt af almannatryggingakerfinu og jafnframt því, sem sú athugun færi fram sem hér er gert ráð fyrir og er góðra gjalda verð, þá fari fram athugun á því hvort ekki sé rétt að endurskoða hreinlega lögin, sem sett voru á síðasta þingi um það að greiða fæðingarorlof úr Atvinnuleysistryggingasjóði, á þá leið hreinlega að greiða fæðingarorlof úr almannatryggingakerfinu. Ég beini því til þeirrar n., sem fær þetta mál til meðferðar, að hún athugi einnig hvort ekki sé skynsamlegt að breyta til frá því, sem ákveðið var hér í fyrravetur, á þá leið að fæðingarorlof þeirra kvenna, sem lögum samkvæmt verður ákveðið að skuli njóta fæðingarorlofs, verði greitt af almannatryggingum.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég get alfarið stutt þá hugmynd, sem er að baki þessari till., fæðingarorlof bændakvenna. Ég get sagt eins og síðasti hv. ræðumaður, að ég einmitt gerði aths. við það frv. sem í fyrra var hér á ferðinni um fæðingarorlof til handa verkakonum eða konum í launþegastétt, benti þá á að bændakonur væru hér útundan, þarna væri um mismunun að ræða og að henni þyrfti að hyggja. Ég veit að hér er góð hugsun að baki, eins og kom glögglega fram í máli hv. fyrra flm. þessarar till. Spurningin er auðvitað um það, hvernig eigi að greiða þetta fæðingarorlof. Aðalatriðið varðandi fæðingarorlofið er auðvitað að finna frambúðarlausn, varanlega frambúðarlausn á málinu í heild. Með því að taka þetta svona eitt af öðru, þá er ég hræddur um að við fjarlægjumst frekar það meginmarkmið, þó að ég viti að það sé alls ekki meining þeirra sem eru að flytja þessi mál hér inn. Meining þeirra er áreiðanlega sú að með þessu móti séu þær að þoka málinu í heild áleiðis. Ég óttast hið gagnstæða, að einmitt þessir áfangar, sem hér er verið að taka og það á óskyldan máta að mörgu leyti, heldur tefji fyrir heildarlausn.

Ég tek undir það með síðasta hv. ræðumanni, Tómasi Árnasyni, og ítreka þar skoðun mína frá því í fyrra, að eðlilegasta formið á greiðslu fæðingarorlofs hlýtur að vera úr almannatryggingunum. Þetta er hreint tryggingamál, það fer ekkert á milli mála. Og ég hygg að það séu nú allir í raun og sannleika sammála um það atriði, að það sé eðlilegast ef málið væri tekið fyrir í heild.

Ég var uppi með allmikinn fyrirvara á síðasta þingi um það form, sem þá var samþykkt gagnvart verkakonum eða konum í launþegastétt, m. a. varðandi þá mismunun sem þar kom óneitanlega fram, og benti þar alveg sérstaklega í Ed. á vanda bændakvennanna. Hér er þetta mál svo komið upp aftur varðandi þær og enn á þann veg, að ég tel að ekki sé um eðlilegustu leiðina að ræða, það sé farið svolítið á svig við það eðlilega í þessu, þ. e. a. s. að tryggingakerfið sjálft taki þetta á sig. Ég vil þó taka það fram að ég studdi í fyrra algerlega frv. sem þá var um það að Atvinnuleysistryggingasjóður tæki þetta að sér. Ég studdi það vegna þess að það var túlkað og rökstutt sem eina hugsanlega og mögulega leiðin þá til þess að ná þessu réttindamáli verkakvenna fram. Vel kann það að hafa verið, og það vissu auðvitað flm. betur en ég vegna þess að þeir eru aðilar að núv. ríkisstj. og vita hvaða möguleika hún hefur í þeim efnum á að framkvæma þessa hluti. En ég trúði því þá að þetta væri eina leiðin þá, sem hægt væri að fara, og vildi þess vegna ekki bregða fæti fyrir þetta mál, eins gott og það er í eðli sínu.

Ég held að ég geti sagt það sama um þetta mál nú. Ég mundi ekki treysta mér til þess, þótt ég sé ekki sammála um það form, sem er á þessu, í alla staði, — ég mundi ekki treysta mér til að bregða fyrir það fæti, ég mundi greiða því mitt atkv. sem áfanga í frambúðarlausn fæðingarorlofsmálsins í heild, því að svo miklu hefur nú verið þyrlað upp um afstöðu manna í þessu efni, stuðning eða andstöðu, að það er óþarfi að fara nánar út í það. Það er rétt að taka þetta hins vegar skýrt fram, og ég og minir flokksbræður í Ed. stóðum algerlega með lokaafgreiðslu þess máls þá, þó að við hefðum kosið annan hátt á lausn málsins en ofan á varð.

Það er rétt, sem hv. þm. Tómas Árnason sagði, að öðru aðalhlutverki Atvinnuleysistryggingasjóðsins, þ. e. a. s. að koma í veg fyrir atvinnuleysið, sem er ekki síðra og kannske enn brýnna verkefni í raun og veru til þess að komast hjá því að þurfa að greiða atvinnuleysisbætur, — því aðalhlutverki sjóðsins hefur ekki verið sinnt nú á þessu ári, m. a. vegna þessara auknu byrða sem á sjóðinn voru lagðar. Ég er ekki að segja að þær byrðar hafi verið það miklar að sjóðsstjórnin hafi endilega þurft að taka svona djúpt í árinni eins og hún hefur gert. Það er matsatriði. Engu að síður er það m. a. skoðun þess mæta manns sem veitir þessum sjóði forstöðu og ég veit að allir hv. þm. treysta til heiðarleika og réttsýni í hvívetna, Hjálmars Vilhjálmssonar fyrrv. ráðuneytisstjóra, og hans skoðun í þessu efni vegur nokkuð þungt í mínum huga. Hér þarf sem sagt að finna á frambúðarlausn, og ég held að því fyrr sem það gerist, því betra. Það er vitanlega ríkisstjórnarinnar að sjá um það, ef innan þingliðs hennar er um svo mikinn áhuga, siendurtekinn áhuga að ræða fyrir einstökum þáttum þessa máls. Og til þess verð ég nú, þrátt fyrir það að ég beri lítið traust til hennar, — til þess verð ég þó að treysta henni, einkanlega þó vegna þess að í fyrra var hreint lagaákvæði sett um það að ríkisstj., eins og áðan var bent á, brygði hér við og kannaði — og var beinlínis skylda að hún aflaði Atvinnuleysistryggingasjóði tekna hér á móti að nokkru leyti.

En varðandi Lífeyrissjóð bænda, sem hér er komið inn á sem greiðsluaðila, þá verð ég að segja það, að vitanlega er þetta hlutverk kannske ekki síðra en sum önnur sem þessi sjóður hefur tekið að sér. Það má vel satt vera. Ég held þó að það sé óhætt að segja það, að Lífeyrissjóður bænda hafi yfirleitt ekki farið út í nein vafasöm verkefni. Þau verkefni, sem hann hefur unnið að og mér er kunnugt um, hafa verið hin þörfustu og hafa greitt mjög myndarlega fyrir t. d. þeim, sem eru að byrja búskap, og stuðlað að því að þeir gætu hafið sinn búskap allsæmilega við viðunandi lífskjör. En hitt er rétt, sem kom fram í máli hv. þm. Jóns Helgasonar, að sjóðurinn er veikburða. Það er rétt. Og það eru hörmulega smáar greiðslur sem úr þessum lífeyrissjóði koma. Þeir bændur, sem eru með einhvern smábúskap sér til hugarhægðar fram á elliár, fá ekki, þótt um lítinn búskap sé að ræða og kannske ekki hægt að kalla það einu sinni búskap, eitthvert smáhokur, — þeir fá ekki rétt til greiðslna úr þessum sjóði fyrr en við 75 ára aldur. Og þegar þeir fá þessar greiðslur við þetta aldursmark, þ. e. a. s. þeir sem ná því, það er nú því miður minni hluti þeirra vitanlega sem nær því aldursmarki, þá eru greiðslur úr þeim sjóði í dag, að því er ég hygg, ársgreiðslur, eitthvað í kringum 90 þús. kr. Það er allt og sumt, ársgreiðslan. Ég a. m. k. sá þá tölu hjá tveim bændum nú á dögunum, rétt rúmar 90 þús. kr. á ári og höfðu þeir þó stundað búskap alla sína ævi. Og þeir tóku þennan lífeyri 75 ára gamlir. Nú kann að vera að það séu einhver önnur laga-

ákvæði sem hafa þarna komið í veg fyrir með þessa tvo menn sem ég veit um. En þetta sýnir aðeins það, hvað greiðslurnar geta a. m. k. verið grátlega litlar.

Nei, ég held að ég verði að leggja aðaláherslu á það varðandi þetta mál, þótt ég vilji engan veginn bregða fyrir það fæti, að ríkisstj. taki nú til sinna ráða og hv. flm. ýti nú dálítið við sinni ríkisstj. og láti hana standa a. m. k. við þá skuldbindingu, sem hún tók á sig í fyrra, og til viðbótar því reyni að koma þessu máli, fæðingarorlofinu í heild, á þann rekspöl að við sjáum fyrir endann á því, að við sjáum frambúðarlausn í þessu efni. Hér má við marga sakast, bæði okkur sem studdum fyrrv. stjórn og þá sem nú eru við stjórnvölinn, að hafa ekki komið þessu réttlætismáli í gegn. En þrýstingurinn vex sífellt, og ég held að aðaláherslan, sem við eigum að leggja á þetta mál í heild, sé að koma þessu inn í tryggingakerfið alfarið, þetta er tryggingamál, og finna á því lausn fyrir konur í landinu, kannske ekki þær efnuðustu, sem hv. þm. Tómas Árnason var að tala um, það kann vel að vera, að við eigum að vera með vissan fyrirvara gagnvart þeim. Ég held nú samt sem áður að það sé ekkert aðalatriði. Ég held að allar konur eigi að njóta þessa fæðingarorlofs þegar það væri komið í framkvæmd, jafnvel þótt þær séu loðnar um lófana eða þeirra makar.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég er mjög sammála ýmsu því sem fram kom í ræðu hv. síðasta ræðumanns, og ég minnist drengilegs stuðnings hans við lagafrv. sem samþ. var á s. l. vori um fæðingarorlof til handa þeim konum sem eru innan vébanda launþegasamtakanna, öðrum en þeim sem eru í samtökum opinberra starfsmanna. Hins vegar finnst mér dálítið undarleg röksemd sem fram kom í ræðu þessa sama hv. þm. Um leið og hann tjáði sig mjög fylgjandi frambúðar- og heildarlausn þessa máls, fæðingarorlofs til handa öllum konum, kvað hann það tefja fyrir frambúðarlausn að samþ. væru lög um þessi atriði — hvern áfangann af öðrum. Ég get satt að segja ekki séð öruggari leið til að koma málinu í höfn heldur en samþykkja lög um að leysa það, þótt í áföngum sé. Sú hefur verið raunin á um margar réttarbætur í okkar þjóðfélagi, að okkur hefur ekki reynst unnt að gleypa stóra bita í einu að því er fjárútlát varðar. Höfum við því þurft að koma ýmsum umbótum á í áföngum.

Ég kvaddi mér nú annars hljóðs undir ræðu hv. 4. þm. Austurl., og ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, var sú, að mér fannst orðið ástæða til, er hann hafði haldið alllanga ræðu, að útskýra fyrir hv. þm. hvaða mál væri á dagskrá. En eftir að ég hafði kvatt mér hljóðs gat hann þess að hann væri að tala um fæðingarorlof bændakvenna. Hann var sem sé búinn að útlista fyrir hv. þm. í löngu máli þá staðreynd, að ef ákveðið er að leggja tiltekin útgjöld á sjóð, þá hlýtur fjármagn þess sjóðs til annarra hluta að verða að sama skapi minna. Þetta er auðvitað ákaflega viturlega mælt og ágætt að fá þetta vel útskýrt, eins og hv. þm. gerði. En hitt held ég að sé ofmælt, sem mátti skilja á ræðu hans, að greiðslur til fæðingarorlofs bændakvenna geti með nokkru móti orðið til þess að lama atvinnulíf landsmanna, hvorki í landbúnaði né öðrum greinum atvinnulífs. Ég held að það sé engin ástæða til þess að hafa af því þungar áhyggjur. Fremur ætti það að verða til að greiða fyrir því fólki sem við landbúnað starfar og þar með að efla landbúnaðinn, ef nokkuð væri.

Sömu sögu var að segja um það, er hann fjallaði um þau lög sem samþ. voru hér á s. l. vori um að fá þá lausn á fæðingarorlofsmáli margra kvenna í þjóðfélaginu að það fæðingarorlof yrði greitt úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Það er alveg rétt, sem hv. þm. sagði, að Atvinnuleysistryggingasjóður hefur oft veitt lán til atvinnuuppbyggingar víða á landinu, og vitanlega minnkar fjármagn til slíks að sama skapi eða öllu heldur að því litla leyti sem þetta mál kostar. Það er alveg ljóst. En það gerir ekkert til þó að ég minni hv. þm. á það, að hann á nú talsverðan hlut að sjóði sem stofnaður var mörgum árum eftir að Atvinnuleysistryggingasjóður kom til sögunnar einmitt með það hlutverk efst á sinni verkefnaskrá að efla atvinnulíf víðs vegar um landið og lána til uppbyggingar atvinnufyrirtækja. Með þeim mun minni eftirsjá eða öllu heldur þeim mun meiri rausn ætti hv. þm. að geta horft á það, að fjármagni verði varið lögum samkv. úr þeim sjóði sem lögin frá því í vor um fæðingarorlofsgreiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði kváðu á um.

Hv. 4. þm. Austurl., svo og margir aðrir þm. og raunar ákaflega margir sem tjá sig um þessi mál, bæði utan þings og innan, eru óþreytandi að lýsa því yfir, hversu sjálfsagt þeim finnist að greiða konum fæðingarorlof. Í fyrsta lagi sé sjálfsagt að sjá svo um að konur missi ekki af launum við það að verða forfallaðar vegna barnsburðar, svo og sé sjálfsagt að greiða konum yfirleitt fæðingarorlof, hvort sem þær missa af beinum launatekjum eða ekki. Um leið og þessar yfirlýsingar hafa verið uppi hafðar benda menn á sjóði, sem þeir vita að ekki er nokkur skapaður hlutur aukreitis til í, og minna á að svo einfalt sé það, að fylgismenn ríkisstj. geti nú veitt sinni ríkisstj. aðhald um einfaldlega að endurskoða lögin um almannatryggingar á þann veg að öll þessi mál verði leyst í einu lagi. Ég hef satt að segja leitt það hjá mér að taka þátt í umr. um þetta mál eftir að lögin um fæðingarorlofsgreiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði voru samþ. á s. l. vori. Ég sá þá að málið mundi verða framkvæmt, og ég hygg raunar að andstöðuraddir muni fljótlega hljóðna. En ég get samt ekki á mér setið að benda á hversu fráleitt það er að menn séu ævinlega að tala um þetta mál eins og vandinn sé leystur með endurskoðun laga um almannatryggingar. Þetta er ekki spurning um endurskoðun laga. Þetta er einfaldlega spurning um fjármagn. Það gagnar ekkert að endurskoða lög og segja að þessi mál skuli leyst með einum eða öðrum hætti sem þar greinir ef ekki er til fjármagn til að standa undir greiðslum. Það kann vel að vera að einhvern tíma komist menn að þeirri niðurstöðu að einhver annar háttur sé enn heppilegri. Aðalatriðið er þó að til séu peningar til að greiða það sem um er að ræða.

Hv. 4. þm. Suðurl. gat þess í sambandi við þá þáltill., sem hér liggur fyrir til umr. um fæðingarorlof bændakvenna, að það geti ekki verið að ríkisstj. telji að þessi leið sé æskileg til að standa undir þessum greiðslum vegna þess að hún hafi ekki bent á þessa leið fyrir áramót, eins og lög frá því í vor gerðu þó ráð fyrir. Hann á þá við það bráðabirgðaákvæði sem samþ. var í lögum um fæðingarorlof úr Atvinnuleysistryggingasjóði, að ríkisstj. skyldi leita leiða til þess að greiða öllum konum á landinu sams konar fæðingarorlof. Ég efast ekkert um að ríkisstj. hafi framkvæmt þá lagaskyldu sína að leita þessara leiða. En það vildi bara svo til, að það fór fyrir ríkisstj. eins og okkur mörgum öðrum nú á tímum í þessu þjóðfélagi, að það var erfitt að finna fjármagnið. Hins vegar datt hv. 9. landsk. þm. það snjallræði í hug að leysa þennan hluta málsins með þeim hætti sem bent er á í þessari þáltill. Sú er ástæðan fyrir því að þetta mál liggur hér fyrir, en ekki önnur afstaða ríkisstj. sérstaklega.

Aðalatriði málsins er það, sem hv. 7. landsk. þm. sagði raunar í sinni ræðu og ég tek fyllilega undir og ætti að verða til þess að menn geti fylgt þessu máli, jafnvel þótt þeim finnist að ýmsar aðrar leiðir kæmu til greina ef færar væru, — aðalatriðið, sem hann nefndi, var að þetta hlutverk er sannarlega ekki síðra en sum önnur hlutverk sem þessi sjóður hefur tekið að sér. Svo er og um aðra sjóði sem hafa tekið að sér sams konar hlutverk, að hlutverk sem þetta er svo sannarlega ekki síðra og í raun og veru fyllilega tímabært, ef menn vilja ekki láta það ástand vara sem raunar var orðið hér, að Ísland var eitt landa norðan Alpafjalla sem hafði ekki sett slík ákvæði í sína löggjöf, að konum, sem misstu af tekjum vegna barnsburðar, væru tryggð laun í fæðingarfríi sínu.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég er þakklátur þeim tveimur hv. alþm. sem hafa átt frumkvæði að því að flytja þetta mál inn á hv. Alþ. Mér sýnist að þarna sé verið að leitast við að leysa úr þörf sem má ekki dragast öllu lengur að úr verði bætt.

Í þessum umr. og fyrri umr. um fæðingarorlof kvenna hafa ræður manna jafnan hnigið í þá átt, að það málefni sé tryggingamál og heyri undir tryggingakerfið, og ég get vel fallist á að svo sé. En í því sambandi þykir mér rétt að banda einnig á það, að ég hef aldrei heyrt svo talað um lífeyrissjóði og lífeyrissjóðsgreiðslur, hvorki hér á Alþ. né annars staðar, að það þyki ekki einnig heyra undir tryggingakerfið og vera tryggingamál.

Þrátt fyrir það að menn virðast vera sammála um þetta hefur lífeyristryggingakerfið verið byggt upp í áföngum og heyrir ekki allt undir einn hatt. Og vegna þess að við höfum ekki einu sinni í því efni fundið eina fullnaðarlausn til frambúðar sem leyst væri í einu hvað lífeyrissjóðina snertir, þá er fullkomlega eðlilegt, að ég ekki tali um réttlætanlegt, að málefni, sem þessi till. fjallar um, sé einnig leyst á sama hátt.

Ég ætla ekki að fella um það nokkurn dóm, hvort lífeyrissjóður bænda er fær um að sinna því hlutverki sem honum er hér ætlað. Till. gerir ekki heldur ráð fyrir því, að það skuli hann gera skilyrðislaust, heldur er hér verið að leita að leið til að leysa þessa miklu þörf, og bent á þessa leið, en gert ráð fyrir því í leiðinni að það skuli kannað af fleiri aðilum, þeim sem mesta þekkingu hafa á því, hver geta sjóðsins er. Ef sjóðurinn væri um það fær, þá hygg ég að allir menn væru sammála um að þetta verksvið væri ekki fjarri því að falla undir eðlilega starfsemi hans. Vil ég leggja áherslu á að ég er þeirrar skoðunar að hann sé það fyllilega, en að sjálfsögðu verður að kanna hvort sjóðurinn er fær um það.

Menn hafa bent á það hér að sjóðurinn væri veikur. Ég þori ekki að segja um það. Það er alltaf matsatriði hver er sterkur og hver er veikur. Það er eftir því hvaða hlutverk hverjum og einum er ætlað. Það var bent á það hér í ræðu áðan að greiðslur til lífeyrissjóðsþega úr sjóðnum væru ekki háar. Eftir því sem þar kom fram er það rétt, að svo er ekki. Hins vegar er líka vitað að sjóðurinn sinnir ýmsum öðrum þörfum. Hann lánar út. Hann styður að því að hægt sé að greiða fyrir frumbýlingum og þeim sem standa í framkvæmdum við landbúnað. Þetta þarf að sjálfsögðu að meta. Á þessi lífeyrissjóður að gera það eða á að ætla það einhverjum öðrum sjóði, og væri eðlilegra að Lífeyrissjóðurinn sinnti þá frekar þessum þörfum, að greiða fæðingarorlof bændakvenna? Á þessu stigi get ég ekki kveðið upp úr um það hvort þessa leið eigi skilyrðislaust að fara eða ekki. En ég er mjög ákveðið samþykkur því að þessi till. verði samþ. til þess að könnun verði gerð á því hvort þessi leið sé fær og hvort hún sé betri en aðrar. Ég tel nauðsynlegt að kanna allar hugsanlegar leiðir til úrbóta í þessu efni. Meðan ekki hefur fundist allsherjar eða endanleg lausn þessara mála sem spannar yfir allt verkefnið, — það hefur ekki enn séð dagsins ljós, — tel ég fulla þörf á því að till. eins og þessi verði samþykkt til þess að leitað verði allra hugsanlegra leiða sem mönnum koma til hugar.

Tómas Árnason: Herra forseti. Það var raunar í tilefni af ræðu hv. 5. þm. Reykv. sem mig langaði til að segja örfá orð til viðbótar. Hv. þm. vitnaði til ummæla minna um að greiðslur úr Lífeyrissjóði bænda sem fæðingarorlof bændakvenna stefndu í hættu möguleikum til öflunar fjármagns til uppbyggingar í atvinnulífinu, eitthvað á þessa leið. Þó að ræða mín væri óundirbúin og ekki skrifuð, þá skrifaði ég samt eina setningu og það kom sér vissulega vel, vegna þess að hún snerti nákvæmlega það sem ég gerði að umræðuefni í sambandi við þetta atriði, en hún var svona:

„Mér virðist að ýmsar till. um útgjöld miði að því að sjúga merginn úr möguleikum innanlands til fjármagnssöfnunar til að standa undir nauðsynlegri fjárfestingu og framförum í atvinnulífi þjóðarinnar."

Ég held að hv. 5. þm. Reykv. hafi dregið dálítið djúpt drættina í þessu efni þegar hann

vitnaði til ummæla minna, því að ég var að ræða almennt um þetta mál og fjarri því að ég sé þeirrar skoðunar að þetta mál sem slíkt mundi hafa mikil áhrif í þessum efnum. En mér sýnist margir lækir renna í sömu áttina í sambandi við þessi mál, og þó að það sé auðvitað ljóst að útgjöld úr Lífeyrissjóði bænda mundu að sjálfsögðu skerða möguleika hans til útlána, það er ljóst, þá hef ég ekki kunnáttu á því hve mikil útgjöld væri hér um að ræða, og þarf auðvitað að athuga það sérstaklega. En það, sem ég vildi leggja áherslu á og ræddi um í nokkru máli, var þetta, að mér sýnist það virkilega íhugunarefni og alvörumál fyrir þjóðina að ekki sé sífellt gengið á möguleika til fjársöfnunar til þess að standa undir framförum og uppbyggingu.

Það þarf ekki að lýsa því, hvaða áhrif verðbólgan hefur í þessum efnum. Hún hefur náttúrlega skelfileg áhrif og ég álít að þetta séu kannske einhver alhættulegustu áhrif verðbólgunnar. En til viðbótar við verðbólguna koma ýmsar ákvarðanir sem stefna í sömu áttina, þar á meðal t. d. það ef tekið væri upp gegnumstreymiskerfi lífeyrissjóðanna og hætt við svokallað uppsöfnunarkerfi. Ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna á þessu ári er 7 milljarðar og fer vaxandi með hverju ári sem líður. Ef þessi sparnaður, sem þarna er um að ræða, væri verulega skertur, þá mundi það minnka möguleikana til þess að afla nauðsynlegs fjármagns til að standa undir atvinnulífinu í landinu, því að það er alveg augljóst að við erum raunar þegar a. m. k. að mjög miklu leyti sokknir djúpt í erlendri skuldasöfnun, þannig að við verðum að spyrna við fótum í því efni. Okkar atvinnulíf, okkar efnahagur stendur ekki undir öllu meiri skuldasöfnun við útlönd en þegar hefur verið stofnað til, nema þá hreinlega í beinum tengslum við uppbyggingu atvinnustarfsemi sem stendur undir sér sjálf og bætir ekki við neinum greiðslubyrðum.

Það var þessi báttur sem ég lagði út í að hugleiða í sambandi við þetta mál og benti á að hér væri um að ræða eina af mörgum tillögum og ráðstöfunum sem gerðar hafa verið og hníga allar í þá átt að minnka möguleikana til þess að safna saman fjármagni sem geti staðið undir nauðsynlegri uppbyggingu og nauðsynlegum framförum í atvinnulífi þjóðarinnar og hægt og bítandi hafa þau áhrif að atvinnulífið slappast, það verður þróttminna og framleiðir minni verðmæti. Þetta veikir smátt og smátt efnahag þjóðarinnar, ekki síst þegar til lengdar lætur.

Flm. (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið. Ég vil þakka þeim hv. þm. sem hafa sýnt málinu áhuga og hafa tekið til máls, og þá sérstaklega vil ég þakka hv. 6. þm. Suðurl. sem mér fannst sýna réttastan skilning á till. sem hér liggur fyrir. Hann benti á það, sem auðvitað er rétt og augljóst, að þessi þáltill. gengur ekki út á það að við ætlum að skikka Lífeyrissjóð bænda eða bændasamtökin til að samþykkja að Lífeyrissjóðurinn greiði þetta fæðingarorlof. Hún gengur einfaldlega út á það að athuga og kanna málið. Mér fannst það í rauninni sjálfsögð háttvísi af okkur flm., af því að við vitum að þetta er nokkuð stórt mál og krefst fjármuna og kemur sérstaklega við þennan sjóð, að við færum ekki að leggja til ákveðið að þessa greiðslu skyldi hann taka á sig, heldur einfaldlega að kanna viðhorf aðstandenda sjóðsins til þess að þetta mál næði fram að ganga.

Mér kom í rauninni einkennilega fyrir fullyrðing hv. 4. þm. Suðurl., Jóns Helgasonar, að þessi sjóður væri með veikari lífeyrissjóðum. Ég hef það frá einum helsta forsvarsmanni sjóðsins, sem leiðrétti mig er ég sagði eftir gögnum, sem ég hafði aflað mér, að hann mundi vera áttundi sjóðurinn, — hann sagði nei, ætli hann mundi ekki vera sá sjötti? Ég get upplýst þetta hér og án þess að nafngreina manninn sem ég bar fullt traust til. Alla vega hef ég tekið trúanlega þá tölu sem formaður Lífeyrissjóðs bænda gaf mér upp, að höfuðstóll sjóðsins hefði numið 401 millj. um áramótin 1974—1975, og það er engin smáupphæð þó að krónan okkar sé orðin lítil. Sami hv. þm. gat um að á s. l. ári hefði 1049 einstaklingar hlotið lífeyrisgreiðslu úr sjóðnum. Það er nokkuð há tala, finnst mér, og kemur heim við það sem ég sagði áðan og mun vera staðreynd, að meðalaldur bænda er hærri en annarra stétta og þess vegna koma fleiri inn þarna á lífeyrisaldri.

Ég vil minna á þá tölu sem ég benti á og ég hef reiknað, að vísu ekki óyggjandi, ég hef áætlað hana, á vissum forsendum þó, sem ég hef fyrir mér að árlega mundu það vera um 240 konur sem kæmu til með að njóta þessa fæðingarstyrks og upphæðin mundi vera rétt rúmlega 11 millj. Þetta er því ekki mjög stórt fjárhagslegt verkefni. En ég vil taka undir með hv. 5. þm. Reykv., að auðvitað er þetta fyrst og fremst spurning um fjármagn, og það er eins og það sé töfraorð að vísa þessu til almannatrygginga og segja að almannatryggingar skuli borga þetta, — almannatryggingar sligaðar af útgjöldum sem á þær leggjast með sívaxandi þunga. Almannatryggingar þarf að fjármagna, við höfum fundið það tilfinnanlega, og einhvers staðar frá þurfa þessir peningar að koma. Ég hef talið að bændum mætti vera það að vissu leyti metnaðarmál að þeirra lífeyrissjóður greiddi eiginkonum bænda þessa litlu greiðslu við fæðingu nýrra þjóðfélagsþegna sem hugsanlega fremur öðrum kæmu til með að verða framtíðarbændur í sveit, og við eigum sannarlega ekki of mikla möguleika í þeim efnum. Ég vil leggja áherslu á það, sem kom fram hjá mér og raunar öðrum þm. sem hér hafa talað, að vitaskuld eru þetta allt mjög brýn og aðkallandi verkefni, þessi verkefni Lífeyrissjóðs bænda utan við sjálfar lífeyrisgreiðslurnar. Ég lagði á það sérstaka áherslu. Hér er einfaldlega um mat að ræða, og ég verð að segja að ég hef orðið að vissu leyti vonsvikin yfir því að heyra á bændum hér að það að greiða bændakonum fæðingarorlof sé í rauninni heldur lítilmótlegra verkefni en að byggja hlöður og rækta jörðina og þar fram eftir götunum, gróðurhús og fleira sem búskap tilheyrir. Að sjálfsögðu eru þetta

allt þörf og mikilvæg verkefni. En það er spurningin um hvort metið er meira að bændakonum beri þessi réttur eða það sé hægt að veita nokkur hundruð þúsunda út á íbúðarhús, sem byggt er, eða út á aðrar framkvæmdir, sem búskap tilheyra.

Það kom fram hjá hv. 4. þm. Austurl. að það væri verið að sjúga merginn úr fjárfestingarsjóðum með alls konar aukaverkefnum. Ég tók það alls ekki svo að hann ætti fyrst og fremst við þessar fæðingarorlofsgreiðslur til bændakvenna. En nærri liggur að ætla að öðrum fjárfestingarsjóðum atvinnuveganna bæri í rauninni miklu meiri skylda til þess að standa undir þessum verkefnum, sem á er minnst, heldur en lífeyrissjóðum. Og þá kem ég að því, sem ég minntist á í minni framsöguræðu, að lífeyrissjóðirnir allir, ekki bara Lífeyrissjóður bænda, hafa tekið að sér verkefni, þörf og nauðsynleg í sjálfu sér, sem eru í eðli sínu miklu óskyldari þeirra frumhlutverki heldur en þessar orlofsgreiðslur í sambandi við fæðingu, og ég stend enn við þá skoðun mína sem ég veit að ég er raunar ekki ein um.

Ég skal ekki hafa þessi orð mín fleiri. En ég tel einsýnt að það væri fyrir neðan virðingu Alþingis að samþykkja ekki þessa till. Hún gengur ekki út á annað en að fara fram á skoðun og athugun á möguleikum til þess að bændakonur sitji þarna við sama borð og fjöldi annarra íslenskra kvenna nú og vonandi allar að nokkrum tíma liðnum.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Það er alveg rétt, okkur veitir ekki af að fjármagna almannatryggingakerfið okkar. Það þarf vissulega að gera það vel, og það þarf að standa vel að öllum þáttum þess kerfis. Það er einhver mesta samfélagsskylda okkar að standa vel að því kerfi, og því fjármagni, sem til þess er varið, er vissulega vel varið. Einmitt út af því vil ég segja það, að varðandi fæðingarorlofið sem slíkt sem heildarmál, þá er þar ekki um síðsta verkefnið hjá almannatryggingakerfinu að ræða. Og ef við lítum til Norðurlandanna, þá fer það ekkert á milli mála hvernig frændþjóðir okkar þar skilja þetta mál um fæðingarorlofið. Þær skilja það sem hreint tryggingamál og leysa það samkv. því. Það, sem ég átti við þegar ég sagði að ég óttaðist að afgreiðsla á þessu máli og málinu í fyrra gætu tafið fyrir frambúðarlausn, var þetta, að ég tel að þegar áfangarnir eru teknir á þennan veg, sitt á hvað, með sitt hverjum hætti, með að sumu leyti óheppilegra formi en því sem t. d. Norðurlöndin hafa tekið upp, þá óttast ég að við það verði látið sitja og meira verði ekki í málinu gert og frambúðarlausnin verði þannig fjær. Ef áfangarnir væru hins vegar teknir beint í því formi sem ég álít tvímælalaust réttast og best, þ. e. a. s. í gegnum tryggingakerfið, þá er auðvitað engin spurning um það, að það stuðlar að frambúðarlausn á málinu. Þá stuðla áfangarnir að því sjálfkrafa. En með þessum hætti, sem var samþ. í fyrra og eins núna, þá dreg ég nokkuð í efa og hef þess vegna haft nokkurn fyrirvara á um þetta, þrátt fyrir það að ég hafi stutt þetta á sínum tíma.

Jón Helgason: Herra forseti. Eins og hefur verið tekið fram áður eru nú í gildi lagafyrirmæli sem fela ríkisstj. að leggja fyrir Alþ. frv. um fæðingarorlof fyrir allar konur, bændakonur eins og aðrar. Og ég vil sérstaklega taka undir með hv. 6. þm. Suðurl., að ég vil láta skoða allar leiðir til þess að ná því marki. Það er þess vegna sem ég get ekki fallist á það að Alþ. nú í þáltill. skori á ríkisstj. að athuga sérstaklega einhverja eina leið, þar sem það bætist þar við, að ég tel þá leið ekki heppilega og færa vegna þeirra atriða sem ég benti á áðan.

Hv. 9. landsk. þm. endurtók það í síðustu ræðu sinni að Lífeyrissjóður bænda væri stór. En stærð er ákaflega afstætt hugtak. Hún hlýtur að fara eftir því hvaða verkefni sjóðnum eru falin. Það verkefni, sem Lífeyrissjóður bænda á að rækja, er honum þungt vegna þess hvað það er tiltölulega stór hópur bænda sem á rétt á lífeyrisgreiðslum, miðað við þá sem greiða í sjóðinn.

Ég held að hér hafi dálítið verið blandað saman málum þegar talað hefur verið um önnur hlutverk Lífeyrissjóðs bænda. Þar er talað um útlán hans. Sjóðurinn er byggður upp eins og aðrir lífeyrissjóðir sem söfnunarsjóður til þess að geta síðan tekið á sig þær skyldur sem á hann falla, og þá þarf hann að ávaxta sitt fé. En það er allt annað hvort hann lánar út fé til að ávaxta það eða hvort hann greiðir það út án þess að eiga þess kost að fá það aftur, eins og hann gerir með lífeyrisgreiðslunum og mundi einnig gera með því að greiða fæðingarorlof.

En ef undir þessum kringumstæðum hefur þýðingu að samþ. þáltill. í þessu máli, þegar lagafyrirmæli eru nú í gildi um að ríkisstj. skuli leggja þetta mál fyrir hv. Alþ., — ef það hefur þýðingu að samþ. þáltill., þá vil ég samþ. þáltill. sem kveður fastar að orði og einskorðar sig ekki við þessa einu leið sem ég tel ekki rétta. Ég vil þá hreinlega að samþ. sé þáltill. sem skorar á ríkisstj. — ekki að kanna möguleika á því, heldur skorar á ríkisstj. að leggja fyrir Alþ. frv. um fæðingarorlof bændakvenna. Mér finnst að það sé þá nær því viðhorfi sem ég hef til þeirra hluta, að þar verði réttur bændakvenna og bændastéttarinnar jafn á við aðrar stéttir.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég var einn af þeim sem voru ekki alls kostar ánægðir með breytinguna á lögunum um atvinnuleysistryggingar, þar sem sú breyting fól í sér að það væru aðeins þær konur, sem tilheyrðu launþegasamtökunum, sem fengju fæðingarorlof, en t. d. ekki konur í sveitum landsins. Að því leyti tel ég þessa þáltill. góða, þó að ég hefði viljað hafa hana á annan veg en hún er.

Því miður hlustaði ég ekki á allar þessar umr., en ég þykist heyra að þessi þáltill. sé orðuð á þennan veg sem hún er vegna þess að það kenni hér nokkurs misskilnings um hvernig er með Lífeyrissjóð bænda. Lífeyrissjóður bænda hefur alls ekki tekið til starfa. Hann tekur ekki til starfa fyrr en árið 1986 — og hvers vegna? Vegna þess að hann er það veikur að hann er ekki fær um að sinna því hlutverki, sem honum er ætlað, fyrr en 1986. Þær greiðslur, sem nú eru úr sjóðnum, koma með tvennum hætti. Það

er Stofnlánadeildin sem borgar 37.5% af þessum greiðslum og úr ríkissjóði koma 62.5%. Þetta er vegna þess að Lífeyrissjóðurinn er ekki fær um að sinna sínu hlutverki fyrr en í ársbyrjun 1986. Ég vil að menn hafi þetta til athugunar þegar þeir taka afstöðu til þeirrar þáltill. sem hér liggur fyrir.

Ég hefði viljað láta þessa till. hljóða frekar á þessa leið, með leyfi forseta: „Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að kannaðir verði möguleikar á því að bændakonum verði tryggt allt að þriggja mánaða fæðingarorlof við barnsfæðingu.“ Þar með yrðu kannaðar allar þær leiðir sem tiltækar eru.

Ég heyri það á máli hv. þm., að þeir hafa ekki kynnt sér þessi lög eða þá stöðu sem þessi lífeyrissjóður er í. Það eru milli 90 og 100 lífeyrissjóðir í landinu, og að þetta sé sjötti sterkasti sjóðurinn, það fer eitthvað á milli mála. Ég held að það sé langt frá því þó að ég hafi ekki alveg í höfðinu hvernig þetta er. Ég held að það sé langt frá, enda er þetta sjötta árið síðan var farið að borga í sjóðinn og fyrstu fjögur árin var þetta í áföngum. Það var bara ¼ af greiðslunum fyrsta árið, helmingur næsta ár, það fór ekki full greiðsla í þennan sjóð fyrr en árið 1974. Og þá geta menn séð hvað þetta er sterkur sjóður, þar sem þegar þessi lög voru samin og samþ. var ekki gert ráð fyrir að hann gæti valdið hlutverki sínu fyrr en í ársbyrjun 1986. En til fróðleiks ætti ég e. t. v. að lesa upp 19. gr. laganna sem er þannig, með leyfi forseta:

„Til ársloka 1985 skal fé til lífeyrisgreiðslna samkv. 18. gr. greitt að 37.5% af Stofnlánadeild landbúnaðarins en 62.5% úr ríkissjóði. Frá 1. jan. 1986 skal Lífeyrissjóður bænda standa undir lífeyrisgreiðslum þessum.“

Ég vil bara biðja flm. að athuga þetta, og það hefði verið miklu skemmtilegra að lesa yfir lögin áður en þáltill. var samin.

Flm. (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. Aðeins örfá orð til viðbótar. — Ég verð að segja að ég varð dálítið óþægilega undrandi við orð hv. 3. þm. Norðurl. e., og ég vil tjá honum það og öðrum hv. þm. að það er algjörlega óréttmæt ásökun að flm. hafi ekki kynnt sér lögin um Lífeyrissjóð bænda. Ég hef lesið þau yfir og oftar en einu sinni og oftar en tvisvar, og ég veit það raunar, það er rétt hjá hv. þm. að þessi lífeyrissjóður verður ekki fullmegnugur einn og óstuddur að standa undir þessum greiðslum, sem honum er ætlað, fyrr en árið 1985. Engu að síður liggur sú staðreynd fyrir að þegar eru hafnar greiðslur úr sjóðnum, að vísu í smáum stíl, og ég skal ekki uppáleggja þeim neina ákvena upphæð í þessu, lífeyrissjóðsmönnum. Þeir sníða sinn stakk eftir vexti þarna, og ég endurtek að ég tel ekki óeðlilegt að þessi samtök bænda, sem vísað er til í till., geri sínar till. og athugasemdir. Það er rétt, hv. þm. las upp þessa lagagr., ég hef lesið hana líka og þarf ekki að lesa hana aftur.

Ég verð að lýsa því yfir, að mér finnst ansi hart ef bornar eru til baka upplýsingar sem ég hef frá forsvarsmönnum bændasamtaka og Lífeyrissjóðs bænda sjálfs, og ég vil ekki gera mér það að góðu að ég geti ekki treyst þeim upplýsingum sem þarna eru fyrir hendi. Ég vil líka taka fram og endurtaka, að þetta um styrkleika sjóðsins hef ég nú bara úr Tímanum. Ég las mjög viðamikla grein upp á 2—3 síður eftir Jóhannes Nordal, þar sem voru 3—4 töflur, mjög smátt skrifaðar, og þar var Lífeyrissjóður bænda í áttundu röð að styrkleika hvað eignir snertir. Þetta er staðreynd sem þá verður að verða hrakin betur en hér hefur verið gert, svo að ég geti fallist á það. Ég tók það fram áðan að ég var leiðrétt þegar ég spurði forsvarsmenn Lífeyrissjóðsins hvort þetta mundi vera rétt, og satt að segja kom það mér nokkuð á óvart að Lífeyrissjóður bænda, svo ungur sem hann er, skyldi þegar vera kominn í áttundu röð hvað snertir eignir. Hann sagði, svo að ég hafi rétt eftir honum: Ætli hann sé ekki í sjötta sæti fremur en áttunda? (**Gripið fram í:** Hver sagði það?) Ég get upplýst hv. þm. um það. Ég vil það ekki hér, því að það gæti hugsanlega komið viðkomandi starfsmanni illa sem sýndi mér lipurð og skilning á erindi mínu, þegar ég leitaði til hans.

En ég endurtek og ítreka: Þessi till. felur ekki í sér meiri hættu en þá að skjóta þessu til bænda sjálfra, hver sé hugur þeirra til þessa máls og hverjar þeirra till. Og mér finnst bændum lítt sæmandi að vilja skjóta sér svo algjörlega undan þessu máli eins og hér hefur komið fram í máli bænda fyrst og fremst, og vil ég þá enn benda á ummæli hv. þm. Steinþórs Gestssonar, að vitanlega eru lífeyrissjóðir tryggingamál, þeir eru tryggingamál svo greinilega að ekki verður um villst.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta. En ég vænti þess að þessi úrtölusjónarmið, að því er mér finnst að ósekju og óverðuglega, sem hér hafa komið fram, muni ekki ráða framvindu þessa máls.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Í máli mínu áðan gat ég um það alveg sérstaklega að ég hefði verið einn af þeim sem hefðu verið mjög óánægðir þegar lög voru afgreidd á s. l. ári í sambandi við atvinnuleysistryggingarnar, þar sem mörgum konum var tryggt fæðingarorlof. Það var e. t. v. af þeim ástæðum, að við vorum margir óánægðir með afgreiðsluna, sem var sett inn í þau lög bráðabirgðaákvæði sem í raun og veru gerir flutning þessarar till. alveg óþarfan. Bráðabirgðaákvæðið hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Fyrir 1. jan. 1976 skal ríkisstj. láta kanna á hvern máta megi veita öllum konum í landinu sambærilegt fæðingarorlof og tryggja tekjustofn í því skyni.“

Þetta er bráðabirgðaákvæði og þetta skal ríkisstj. gera. Það stendur hér. Ég efast um, þó að samþ. verði þáltill. sem hefur minni rétt en lög og minna gildi, að hún hafi meira að segja. Þetta eru þó lög og þar stendur: „skal“.

En í sambandi við grein Jóhannesar Nordals, þá fer það náttúrlega alveg eftir því umfangi sem lífeyrissjóðurinn hefur, það þýðir ekki að horfa á krónutöluna eina. Það er alrangt mat. Ég vil benda hv. 9. landsk. þm. á að það þýðir ekkert að horfa á krónutöluna, heldur það umfang sem lífeyrissjóðurinn þarf að hafa, þannig að þessi tala, sem þm. vitnar í, segir okkur ekki

nokkurn skapaðan hlut — ekki neitt. Ég bara endurtek það sem ég sagði áðan, að það var mat þeirra, sem stóðu að samningu þessara laga á sínum tíma, að hann yrði ekki megnugur að taka við þessum greiðslum fyrr en eftir 10 ár. Það var mat okkar þá. Það fé, sem hefur komið í hann þessi ár, eins og ég var að segja áðan, er ekki nema lítill hluti af því sem þarf að vera til þess að ráða við verkefni hans.

Það er alrangt að við séum með einhverjar úrtölur um að konur í sveitum landsins fái þetta fæðingarorlof. Það er hreinn útúrsnúningur. Það hafa sjálfsagt engir meiri áhuga á því en við. En það þýðir auðvitað ekkert að koma hér með svona till. sem er bara sýndarmennska og ekkert annað, í fyrsta lagi óþörf og í öðru lagi byggð á algjörum misskilningi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 59. fundur.

Fimmtudaginn 19. febr., kl. 2 miðdegis.

Flugvallagjald, frv. (þskj. 350). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Í fjárlögum fyrir árið 1976 er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af flugvallagjaldi nemi 235 millj. kr. á þessu ári. Ég gerði grein fyrir því við 1. umr. fjárlaga að til þess að sú áætlun stæðist yrði að framlengja gildistíma lagaákvæða um flugvallagjald, en þau renna út um næstu mánaðamót. Flugvallagjald var sem kunnugt er sett með l. nr. 11 1975 um ráðstafanir í efnahags- og fjármálum. Tilgangur þeirra lagaákvæða var tvíþættur: annars vegar flugvallagjaldið lagt á sem liður í þeim almennu ráðstöfunum í efnahagsmálum sem gerðar voru þá, en hins vegar til þess að þeir, sem um flugvellina ferðuðust greiddu eitthvert gjald fyrir þá þjónustu sem þar er veitt.

Flugvallagjald það, sem nú er innheimt, nemur 2500 kr. fyrir hvern fullorðinn farþega frá Íslandi til annarra landa, en vegna ferða innanlands hefur gjaldið almennt numið 350 kr. fyrir fullorðna, þó þannig að lægra gjald er innheimt vegna ferða til og frá öðrum flugvöllum en í Reykjavík og Keflavík.

Með frv. því, sem hér er lagt fram, er lagt til að flugvallagjaldið frá Íslandi til útlanda verði framlengt ótímabundið, en verði lækkað verulega frá því sem nú er. Lagt er til að gjaldið fyrir utanferðir lækki úr 2 500 kr. í 1 500 kr. og verður gjaldið eftir þessa breytingu hliðstætt sams konar gjöldum í nágrannalöndum okkar, t. d. í Noregi. Í farþegaflugi innanlands og til Færeyja og Grænlands er hins vegar lagt til að flugfélögunum verði gert að greiða 200 kr. fyrir hvern farþega. Flugfélögunum er heimilt að hækka verð farmiða í innanlandsflugi sem gjaldinu nemur og skal gjaldið vera ósérgreint í farmiðaverðinu. Noti flugfélögin heimild sína til að hækka farmiðaverð sem gjaldinu nemur mun farmiðaverð eins og það er í dag til og frá Reykjavík lækka um 150 kr. við þessa breytingu. Í þessu sambandi leyfi ég mér að benda á að áætlaðar tekjur ríkisins af flugvallagjaldi í innanlandsflugi samkv. þessu frv. nema 40 millj. kr.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um frv., vísa til grg. og legg til að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Í frv. þessu er gert ráð fyrir að endurnýja flugvallagjald og jafnframt gert ráð fyrir að það renni í ríkissjóð, og eins og kom fram hjá hæstv. fjmrh. er svo gert ráð fyrir í frv. til fjárl. Ég er því ekki með neinar athugasemdir út af fyrir sig við þessa ákvörðun nú, við höfum raunar tekið hana. En almennt sýnist mér hér um mál að ræða sem þurfi að skoða betur, a. m. k. á næsta fjárlagaári. Mér sýnist óeðlilegt að slíkt flugvallagjald renni beint til ríkissjóðs og æskilegra að komið verði á fót flugvallasjóði, svipuðum Vegasjóði, sem hljóti þessar tekjur ásamt ýmsum öðrum beinum tekjum af flugmálum, enda standi þá sá sjóður eins og hann getur, að viðbættu því framlagi sem fjárveitingavaldið kýs að veita á fjárl. til þess sjóðs, undir framkvæmdum á sviði flugmála. Ég held að fyrr takist ekki að koma þeim framkvæmdum í viðunandi horf en ákveðin tekjustofn er þarna fyrir hendi.

Mér sýnist að ein af ástæðunum fyrir því, að okkur hefur tekist sæmilega a. m. k. að gera vegáætlun til nokkurra ára og gera okkur þannig grein fyrir því fram í tímann hvað við getum þar gert, — ég viðurkenni að verðbólgan hefur svipt því úr skorðum, — sé einmitt sú ráðstöfun í vegamálum að láta aðrar tekjur af vegamálum en þær, sem fást með tollum og innflutningsgjöldum, renna í Vegasjóð. Ég vil nota þetta tækifæri til að láta í ljós þessa skoðun mína. Ég tel að gjald sem þetta og aðrar beinar tekjur af flugmálum eigi að renna í framkvæmdasjóð flugmála.

Ég veit að þessu hefur verið hreyft áður. Mig minnir að því hafi verið hreyft einmitt þegar þetta gjald var á lagt. Og ég vil gjarnan spyrja hvort mig minni það ranglega að hæstv. fjmrh. hafi þá ekki tekið því fjarri að þessi háttur yrði á hafður.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég skal ekki fortaka að ég hafi minnst á þetta eða komið fram með það sjónarmið sem hv. þm. vék að áðan, að þetta kæmi til athugunar. En ég held að ég hafi áður í því sambandi lýst skoðunum mínum, að ég væri fremur andvígur mörkuðum tekjustofnum til handa ríkisframkvæmdum. Ég hef látið það koma fram oftar en einu sinni, enda þótt ég hafi ekki neitað því, að það sjónarmið, sem hér hefur komið fram, sé fullkomlega til athugunar. Ég hef sjálfur, eins og ég sagði áðan, þá skoðun að markaðir tekjustofnar séu ekki hið æskilega í sambandi við fjármögnun í ríkisframkvæmdum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 61. fundur.

Fimmtudaginn 19. febr., kl. 3 miðdegis.

Álbræðsla við Straumsvík, frv. (þskj. 138, n. 226 og 308). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25:5 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 20:7 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20:1 atkv.

Neðri deild, 62. fundur.

Fimmtudaginn 19. febr., að loknum 61. fundi.

Álbræðsla við Straumsvík, frv. (þskj. 138). — 3. umr.

Lúðvík Jósepsson: Forseti. Það er um þingsköp sem ég vildi ræða. Hér hefur verið efnt til nýs fundar til þess að taka fyrir mál sem rétt var verið að ljúka við atkvgr. um til 3. umr. Þetta er afbrigðilegt og ég sé enga ástæðu til að taka fyrir 3. umr. þessa máls með þessum hætti. Það er ekkert sem rekur á eftir með það. Ég get því ekki fallist á, að 3. umr. málsins fari fram með þessum hætti, og tel eðlilegt að málið komi á dagskrá eins og þingsköp gera ráð fyrir og með fullum og eðlilegum fyrirvara og hér geti farið fram 3. umr. um málið. Ég óska því eftir að hæstv. forseti fallist á það að falla frá því að taka fyrir 3. umr. um málið nú á þessum aukafundi og málið verði tekið fyrir á næsta auglýstum fundi með venjulegum hætti og þá tekið til 3. umr. Þetta er eindregin ósk mín. Annars get ég ekki fallist á að afbrigði verði veitt.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Það er hverju orði sannara hjá hv. þm., að það er vitanlega afbrigðilegt að taka frv. til 3. umr. rétt eftir að 2. umr. lýkur. Það er ekki hægt nema með afbrigðum. Ákvæði eru um það í þingsköpum að þingdeild þurfi að leyfa afbrigði til að svo megi verða. Hins vegar liggur fyrir eindregin ósk þm. um að þetta mál verði tekið út af dagskránni, og ég sé í sjálfu sér ekkert því til fyrirstöðu að verða við þeirri ósk. Því verður þetta mál tekið út af dagskránni nú, en verður á dagskrá næsta reglulegs fundar deildarinnar.

Forseti tók málið af dagskrá.

Sameinað þing, 54. fundur.

Mánudaginn 23. febr., kl. 8 síðdegis.

Vantraust á ríkisstjórnina, þáltill. (þskj. 348). — Ein umr. (útvarpsumr.).

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Umræðan fer þannig fram, að hver þingflokkur fær til umráða 30 mín., er skiptast í tvær umferðir, 15—20 mín. í þeirri fyrri og 10—15 mín. í hinni síðari. Röð flokkanna verður þessi: Í fyrri umferð: Alþb., Sjálfstfl., Alþfl., Framsfl. og SF. Í síðari umferð: Alþfl., Framsfl., SF, Sjálfstfl. og Alþb. Ræðumenn verða: Fyrir Alþb. í fyrri umferð Ragnar Arnalds, 5. þm. Norðurl. v., í síðari umferð Lúðvík Jósepsson, 2. þm. Austurl. Fyrir Sjálfstfl. í fyrri umferð Geir Hallgrímsson forsrh., í síðari umferð Gunnar Thoroddsen iðnrh. Fyrir Alþfl. í fyrri umferð Benedikt Gröndal, 2 landsk. þm., í síðari umferð Gylfi Þ. Gíslason, 9. þm. Reykv. Fyrir Framsfl. í fyrri umferð Einar Ágústsson utanrrh., í síðari umferð Ólafur Jóhannesson dómsmrh. Fyrir SF í fyrri umferð Magnús T. Ólafsson, 3. landsk. þm., í síðari umferð Karvel Pálmason, 5. þm. Vestf. — Hefst nú umr. og tekur fyrstur til máls hv. 1. flm., Ragnar Arnalds, 5. þm. Norðurl. v., og talar af hálfu Alþb.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Góðir hlustendur. Fáir munu neita því, að dimmt er um að litast í efnahags- og atvinnulífi þjóðarinnar um þessar mundir. Eftir endurteknar efnahagslegar kollsteypur, eftir að erlendur gjaldeyrir hefur hækkað í verði um 70—80% á aðeins 18 mánuðum og meðfylgjandi óðaverðbólga hefur farið eldi um efnahagslífið, eftir að gjaldeyrisvarasjóður þjóðarinnar hefur runnið stjórnlaust úr höndum ráðamanna og miklar gjaldeyrisskuldir hafa staflast upp í óreiðu, þá bætist nú ofan á allt annað að mestallt atvinnulíf landsmanna hefur verið lamað í heila viku. Þetta mun vera eitt víðtækasta verkfall sem nokkru sinni hefur orðið hér á landi. Áætlað er að tap þjóðarinnar miðað við glataðar útflutningstekjur nemi hátt á annað þús. millj. kr. þá viku sem verkfallið hefur staðið.

Nú eins og alltaf áður, þegar vinnudeilur standa, er mikið reynt til að gera baráttu verkalýðshreyfingarinnar tortryggilega. Þolir þjóðarbúið frekari kauphækkanir og tapa ekki allir á verkfalli? Þetta eru þau áróðursstef sem þessa dagana eru kyrjuð af miklum krafti með ýmsum tilbrigðum.

Vafalaust eru ýmsir sem láta blekkjast. Sumir virðast jafnvel enn ekki hafa áttað sig á því, að þessi kjaradeila snýst alls ekki um raunverulega kauphækkun, hver sem krónutalan verður. Krafa verkalýðssamtakanna er fyrst og fremst sú, að kjararýrnunin, sem orðið hefur að undanförnu, fáist bætt og launþegum verði tryggðar bætur í þessum samningum vegna þeirra verðlagshækkana sem fyrirsjáanlegar eru á þessu ári. Kröfur verkalýðshreyfingarinnar eru því hreinar varnaraðgerðir og þeir, sem standa gegn slíkum kröfum, eru beinlínis að heimta almenna kauplækkun.

Undanfarna viku hefur athygli manna einkum beinst að till. sem sáttanefnd ríkisins setti fram nokkru áður en verkfallið hófst. Í þessum till. er gert ráð fyrir 13—16% launahækkun í krónutölu á einu ári. „Þetta hefði einhvern tíma þótt álitleg kauphækkun," skrifaði Þórarinn Þórarinsson í leiðar Tímans og bætti við, að lengra yrði tæpast gengið. Þó hefur legið fyrir það álit efnahagssérfræðinga, að verðlag á nauðsynjavörum muni hækka a. m. k. um 17% á árinu, jafnvel þótt engar kauphækkanir verði á sama tíma. Með því að samþykkja þessa till. óbreytta hefðu verkalýðssamtökin ekki aðeins verið að afsala sér bótum fyrir þá stórfelldu kjararýrnun sem varð á s. l. ári, heldur væru þau einnig að samþykkja að taka á sig beina kauplækkun miðað við fyrirsjáanlegar hækkanir á verði nauðsynjavara. En svo mikil hefur óbilgirni atvinnurekenda verið, að jafnvel þessar till. sáttanefndar fengust þeir ekki til að samþykkja fyrr en eftir rúmlega viku umhugsun og það með skilyrðum og breytingum.

Það er því ljóst að þessi mikla vinnustöðvun, sem nú hefur staðið í viku og kostað hefur þjóðina þúsundir millj. kr., hefur fyrst og fremst einkennst af sóknaraðgerðum atvinnurekenda til að knýja fram enn frekari kauplækkun. Gegn slíkum árásum eiga launamenn og sjómenn ekki nema eitt svar, að treysta á samtakamátt sinn. Það er staðreynd sem almennt er viðurkennd af efnahagssérfræðingum ríkisstj., að enda þótt samanlagðar heildartekjur þjóðarinnar miðað við fast gengi hafi heldur minnkað á s. l. tveimur árum, þá hafa þær í mesta lagi minnkað um 8—9%, en hins vegar hafa lífskjör almennings versnað margfalt meira, þannig að launakjör þyrftu almennt að hækka um 25—30% til að endurheimta þann kaupmátt sem var í tíð vinstri stjórnarinnar.

Þrátt fyrir versnandi kjör hafa verkalýðssamtökin sýnt ítrustu þolinmæði, svo að ýmsum hefur þótt nóg um, og tvívegis á s. l. ári var allsherjarverkföllum aflýst á seinustu stundu.

Nú hafa samningaviðræður staðið í rúma tvo og hálfan mánuð og haldnir hafa verið rúmir 40 viðræðufundir með ríkisstj. og atvinnurekendum. En allt fram til þess að verkfallið hófst var ekki minnsta lát á atvinnurekendum eða ríkisstj. Það var eins og að tala við vindinn.

Sannarlega er ekki efnilegt fyrir láglaunafólk með 50—60 þús. kr. mánaðarlaun að leggja út í verkföll með tvær hendur tómar. Það er auðvelt verk að fá fólk til að játa að ekki hafi það minnstu efni á að fara í verkfall, og vafalaust er leitun að þeim launamönnum sem vilja verkfall. Hitt er flestum ljóst, að þegar önnur leið er ekki til er verkfallsvopnið neyðarréttur hins vinnandi manns.

Þeir, sem eiga framleiðslutækin og hirða af þeim arð, eiga hins vegar mörg vopn á hendi. Sterkasta vopn þeirra er samspil gengislækkana og verðbólgu. Þessu vopni hafa þeir óspart beitt á seinustu 18 mánuðum í skjóli vinveittrar ríkisstj. til að ná til sín sem stærstum hluta þjóðarteknanna. Og þeir hafa sannarlega haft árangur sem erfiði. Tekjuskiptingin hefur breyst í grundvallaratriðum á kostnað launamanna, sjómanna og bænda. Íslenskt launafólk kýs vinnufrið og

samningaleiðina, ef þess er nokkur kostur. Það sýndi sig best í tíð vinstri stjórnarinnar þegar verkföll voru óvenjulega fátíð, enda litu þá stjórnvöld á það sem frumskyldu sína að bæta lífskjörin, tryggja vinnufrið og forðast atvinnuleysi. En nú er öldin önnur. Það vakti ekki litla athygli þegar hæstv. forsrh. Geir Hallgrímsson lýsti því yfir samkv. kvöldfréttum útvarpsins daginn sem verkfall landverkafólks skall á að þessi mikla kjaradeila væri einfaldlega ekki í verkahring ríkisstj., deiluaðilar yrðu sjálfir að finna á henni lausn. Í þessum orðum birtist kjarni þessara dýrkeyptu átaka sem kostað hafa þjóðina þúsundir millj. kr. á einni viku. Hér er um að ræða kjaraátök sem snúast fyrst og fremst um verðlagsuppbætur á laun fyrir liðna tíð og fyrir komandi samningstímabil. Það er ríkisstj. og meiri hl. Alþ. undir forustu Geirs Hallgrímssonar sem hefur komið í veg fyrir með lögum frá Alþ. að greiddar séu verðlagsuppbætur á laun. Það er sjálf ríkisstj. sem hefur vísvitandi skert launakjörin svo sem raun ber vitni með endurteknum gengisfellingum og stórhækkuðum skattaálögum samfara afnámi vísitölubóta. Það er ríkisstj. og Alþ. sem skert hafa hlut sjómanna. En svo þegar þannig er komið að verk Geirs Hallgrímssonar og samráðh. hans hafa sett mestallt atvinnulíf landsmanna í einn hnút, þá er svarað af fullkomnu purkunarleysi: Þetta er mál, sem deiluaðilar verða sjálfir að leysa.

Auðvitað vita allir að þessi deila verður ekki endanlega leyst nema við samningaborðið. Samninssfrelsið verður að virða. En ríkisstj. getur auðveldað lausn þessarar hörðu deilu með því að breyta efnahagsstefnu sinni. Það er einmitt þetta, sem Alþýðusambandið hefur farið fram á. Fyrir tveimur og hálfum mánuði setti Alþýðusambandið fram óskir sínar í 14 liðum um breytta stefnu ríkisvaldsins í efnahagsmálum til að liðka fyrir samningum. Meðal þess, sem Alþýðusambandið lagði sérstaka áherslu á, voru gjaldeyrismálin, skattalögin, vaxtalækkun, lífeyrisgreiðslur og félagslegar íbúðabyggingar. En þegar verkföll hófust hafði ríkisstj. ekki goldið samþykki sitt við einni einustu af þessum 14 kröfum, heldur hafnað þeim flestum.

Vinnuveitendasambandið og Alþýðusambandið lögðu einnig fram sameiginlegar kröfur um efnahagsaðgerðir í 15 punktum. En það fór allt á sömu leið. Ríkisstj. veitti ekki jákvæð svör um eitt einasta atriði og raunar var kvartað yfir því, bæði úr hópi atvinnurekenda og launamanna, daginn áður en verkfallið skall á, að ríkisstj. gæfi sér tæpast tíma til viðræðna við deiluaðila. Hún var sem sagt önnum kafin að rembast við að taka ákvörðun um það, hvort slíta ætti stjórnmálasambandi við breta.

Allsherjarverkfallið skall yfir í og með vegna þess að landið er stjórnlaust, forustulaust, ríkisstj. er neikvæð í einu og öllu og heldur að sér höndum. Þess vegna er komið sem komið er. Það er einmitt megineinkenni þessarar ríkisstj. fyrir utan að vera hægrisinnuð og íhaldssöm, að hún er forustulaus og hikandi í flestum málum og lömuð af innri og utanaðkomandi togstreitu. Þáttur ríkisstj. í yfirstandandi verkföllum er aðeins eitt dæmi. Landhelgismálið er annað dæmi.

Stefnuleysi ríkisstj. og hringlandaháttur í landhelgismálinu er, eins og kunnugt er, frægt að endemum langt út fyrir landssteina. Þar eru tvö öfl að verki sem togast á um gerðir ríkisstj.: Annars vegar fólkið í landinu, hins vegar NATO. Annars vegar sá vilji alls þorra landsmanna að fylgt sé harðri og einarðri stefnu í landhelgismálinu og ekki sé samið við breta, hins vegar undirlægjuháttur einstakra ráðh. gagnvart NATO. Í stað þess að efla landhelgisgæsluna og fá henni hraðskreiða báta og þjálfa fleiri áhafnir á varðskipin til að þau nýtist betur er stöðugt stefnt að því að gera samning við breta til tveggja ára um 65 þús. tonn, eins og forsrh. virðist hvað eftir annað hafa boðið bretum, seinast í London fyrir fáum vikum. Í stað þess að bregðast við með eðlilegum hætti, þegar herskip NATO gera skipulagðar árásir á íslenska löggæslumenn með lífshættulegum ásiglingum, og manna sig upp í að rjúfa samstarfið við NATO og loka herstöðinni á Miðnesheiði, lætur forsrh. augnaráðið nægja, þessi margumræddu alvarlegu augu sem vakið hafa bros um land allt. Forsrh. hikar í hverju skrefi. Hann þurfti t. d. heila viku til að ákveða að hafna tilboði breta um 85 þús. lesta veiðiheimild þeim til handa.

Þó kom það nokkuð á óvart þegar þessi till. um vantraust á ríkisstj., sem hér er til umr., var lögð fram s. l. miðvikudag, að hæstv. forsrh. skyldi einn manna vera mótfallinn því að taka hana til umr. fyrir helgi þótt aðrir lýstu sig reiðubúna, því að óneitanlega er sú till. þess eðlis að sjaldnast þurfa forsrh. að hugsa sig lengi um.

Sama ráðleysið birtist í efnahagsmálum, t. d. gjaldeyrismálum. Þar er tvennt sem togast á, og útkoman verður fálm og hik meðan gjaldeyrissjóðurinn tæmist. Annars vegar er óttinn við gjaldeyrisvandræði sem leitt hefur til þess, að innflutningur hefur verið stöðvaður á nokkrum kextegundum — út af fyrir sig skynsamleg ákvörðun svo langt sem hún nær. Hins vegar er óttinn við innflytjendur, helsta stuðningslið Sjálfstfl., sem veldur því að kexbann ríkisstj. verður lítið annað en kákið eitt sem ekkert munar um. Og þess vegna heldur óreiðan áfram í gjaldeyrismálum þjóðarinnar.

Enn eitt dæmi er tollalækkunin á vörum frá EFTA og Efnahagsbandalagslöndum að uphæð 800 millj. kr. sem átti sér stað um s. l. áramót. Alþýðusambandið óskaði eftir því við ríkisstj. að tollalækkun þessari yrði frestað af ýmsum ástæðum, m. a. til að veikja ekki gjaldeyrisstöðuna enn frekar með lækkun á verði erlendra vara sem keppa við innlenda framleiðslu. Iðnrekendur og Vinnuveitendasambandið fóru fram á það sama, þar sem varhugavert væri að veikja samkeppnisaðstöðu innlends iðnaðar. Auk þessa virðist fráleitt með öllu að lækka tolla á vörum frá ríkjum sem beita okkur viðskiptaþvingunum og neita sjálf að lækka tolla á vörum frá Íslandi þrátt fyrir gerða samninga. Nær hefði verið að hækka tolla á vörum frá þessum löndum meðan þetta ástand varir. En þrátt fyrir þessar almennu kröfur frá aðilum vinnumarkaðarins hyggst ríkisstj. ekki breyta fyrri ákvörðun sinni. Ráðh. sátu enn sem fyrr með hendur í skauti og tollarnir lækkuðu. Afleiðingin verður enn versnandi gjaldeyrisstaða, tekjutap fyrir ríkissjóð sem nemur 800 millj. kr., versnandi samkeppnisað-

staða íslensks iðnaðar og samdráttur í iðnaði víða um land og þar með versnandi atvinnuástand.

Þetta eru aðeins fáein dæmi af mörgum, sem nefna mætti. Þetta eru sýnishorn um hinn einstæða hæfileika núv. ríkisstj. til að snúast í kringum vandamálin án þess að leysa þau og vinda þau utan um sig í risavaxna flækju. Það er að sjálfsögðu unnt að bæta kjör láglaunafólksins verulega án þess að það kosti áframhaldandi verðbólgu og efnahagslega kollsteypu. En til þess þarf stjórnarstefnan að breytast.

Það er öllum kunnugt, að Alþb. leggur áherslu á sósíalíska grundvallarbreytingu í íslensku efnahagslífi. En jafnvel þótt ekki sé þingmeirihl. fyrir þeirri leið, er hitt eftir sem áður nærtækt viðfangsefni að skapa samstöðu um aðra og gæfulegri stjórnarstefnu en nú er fylgt. Gengislækkunaræði núv. stjórnar má ekki lengur ráða ferðinni. Uppbygging erlendra atvinnuvega er afar hægfara þessa stundina og þar að auki á villigötum erlendra stóriðjudrauma. Skattalöggjöfin er óréttlát og útkoman úr álagningu tekjuskattsins hreint hneyksli, eins og margoft hefur verið rakið. Vandamálin í íslensku efnahagslífi eru og verða gífurleg meðan ekkert er gert til að reyna að leysa þau. Ef hvergi má hreyfa við kerfinu og hvergi má taka spón úr aski þeirra, sem mest bera úr býtum, þá verður allt við það sama: áframhaldandi gengislækkanir, kjaraskerðing, verkföll og vinnudeilur, vaxandi atvinnuleysi, vaxandi gjaldeyrisvandræði, vaxandi fjármálaóreiða.

Það er af öllum þessum ástæðum, sem ég hef hér talið, að flutt er till. um vantraust á ríkisstj. Það er ekki aðeins vegna þess að ríkisstj. á bersýnilega stóran þátt í því að til þessara miklu verkfalla hefur komið. Það er engu síður vegna stefnu eða stefnuleysis ríkisstj. í landhelgismálum og efnahagsmálum. Hins vegar er aðdragandi þessarar miklu vinnustöðvunar seinasta dæmið um stórfelld mistök ríkisstj., — glapræði sem þegar hefur valdið þjóðinni þúsunda milljóna tjóni.

Vonandi styttist nú í það að vinnuveitendur slaki til og verkföllin leysist. En ábyrgð ríkisstj. á því, sem gerst hefur, minnkar ekki við það. Hvort sem verkföllin standa lengur eða skemur úr þessu hlýtur öllum að vera ljóst að viðunandi vinnufriður fæst ekki með þessari stjórn, stefnu hennar og starfsháttum. Hún á því að víkja, enda eru landsmenn fullsaddir af 18 mánaða óstjórn. Fyrr en síðar þarf þjóðin að fá færi á að kveða upp dóm sinn að fenginni reynslu. Ekki þarf að efast um að hvaða ný stjórn sem tæki að sér að stjórna landinu til bráðabirgða, hvort sem það yrði embættismannastjórn eða einhver önnur bráðabirgðastjórn, þá yrði hún a. m. k. skömminni til skárri en núv. stjórn.

Það leynir sér ekki, hvar sem menn fara, að núv. ríkisstj. þykir forustulaus stjórn og með afbrigðum ógæfuleg í öllum verkum sínum. Fólkið vantreystir henni. Þess vegna er þessi till. flutt.

Þessi stjórn verður að víkja, því fyrr, því betra, svo að grundvöllur geti skapast að heilbrigðara stjórnarfari í landinu.

Ég þakka þeim sem hlýddu.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Það bar við sama dag og till. um stjórnmálaslit við Breta var til umr. í utanrmn. og landhelgisnefnd að stjórnarandstöðunni þótti hæfa að flytja vantrauststill. á ríkisstj. Stjórnarandstaðan hefur sjálfsagt viljað með þessum hætti sýna hinum erlenda andstæðingi hversu mikil og sterk eining væri hér á landi í baráttunni við hann og styrkja með slíku móti stöðu okkar út á við.

Þá var það einnig á öðrum degi almennasta verkfalls hér á landi sem þessi till. var lögð fram hér á Alþ. Ekki ber að efa að það hafi verið gert einnig í þeim tilgangi að styrkja okkur íslendinga inn á við, samheldni okkar og möguleika til þess að ná sáttum í yfirstandandi kjaradeilu. Ekki verður hv. stjórnarandstaða væntanlega grunuð um það að vilja nota sér svo almenna kjaradeilu í pólitískum tilgangi stjórnmálaflokkum sínum til framdráttum.

En fleirum en mér finnst hátterni og framkoma stjórnarandstöðunnar lítt bera vitni ábyrgðartilfinningu þegar við íslendingar stöndum í örlagaríkri baráttu út á við og viðkvæmri kjaradeilu inn á við. Og óneitanlega læðist að mönnum sá grunur, að stjórnarandstaðan hafi í rauninni ætlað að notfæra sér þá stöðu, sem við vorum í út á við og inn á við, til pólitísks ávinnings. Gríman féll a. m. k. af stjórnarandstöðunni þegar bráðræðið var svo mikið að fjölrita þurfti till. svo að hún næði framlagningu á miðvikudag og krafist var að umr. færu fram um vantrauststill. innan tveggja daga. Það var eins og stjórnarandstæðingar væru hræddir um að kjaradeilan yrði e. t. v. leyst og því væri ekki hægt að nota verkfallið lengur sér til framdráttar ef umr. drægjust.

Því miður stendur kjaradeilan enn yfir, þótt töluvert hafi þokast í samkomulagsátt og vonir standi til að henni fari að ljúka. En víst er um það, að okkur íslendingum ber brýn nauðsyn til að setja niður deilur okkar inn á við, hvort sem það eru kjaradeilur eða pólitískar deilur, til þess að standa sterkir og sameinaðir út á við í baráttunni fyrir lífshagsmunum okkar og sigri í 200 mílna fiskveiðilögsögunni.

Stjórnarandstaðan hefur hlutverki að gegna. Því hlutverki hefur núv. stjórnarandstaða gersamlega brugðist. Það væri því nær að samþykkja vantraust á stjórnarandstöðuna en ríkisstj. Vantrausti á stjórnarandstöðuna verður fyrst fram komið í næstu almennu kosningum, og það er trú mín að það litla traust, sem stjórnarandstaðan kunni að hafa haft, sé nú ekki fyrir hendi hjá kjósendum og þeir muni sýna það í verki.

Við höfum nú heyrt rökstuðning 1. flm. vantrauststill., hv. þm. Ragnars Arnalds. Haft er á orði að ríkisstj. hafi ekki haldið á landhelgismálinu eins og vera ber.

Núv. ríkisstj. lýsti því yfir 28 ágúst 1974 að fiskveiðilögsaga Íslands yrði færð út í 200 mílur fyrir árslok 1975. Með reglugerð frá 15. júlí s. l. var ákveðið að útfærslan ætti sér stað 15. okt. s. l. Ríkisstj. hefur þess vegna staðið að fullu og öllu við það fyrirheit í stjórnarsáttmálanum að færa fiskveiðilögsöguna út í 200 mílur.

Þess er skemmst að minnast, að stjórnarandstaðan gekk með hangandi hendi og lítilli hrifningu til þess að vinna að framgangi 200 mílnanna, eins og þegar hv. þm. Lúðvík Jósepsson sagði, með leyfi forseta: „Í dag stöndum við í baráttu um 50 mílna landhelgi. Þessi barátta skiptir nú öllu máli. Hitt er allt annað mál, hvort við íslendingar tökum okkur 200 mílna landhelgi einhvern tíma í framtíðinni þegar slíkt er heimilt samkv. breyttum alþjóðalögum eða að aflokinni Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna."

Virða má þó við núv. stjórnarandstöðu, að hún sá að sér í afstöðu sinni til 200 mílnanna. Á hinn bóginn urðu einkum alþb.-menn til þess að reyna með ýmsum hætti að gera útfærsluna örðugri en ella með því að ekki ætti að ræða við aðrar þjóðir eða a. m. k. skyldi ekki gera samning um fiskveiðiréttindi erlendra þjóða innan 200 mílnanna.

Afstaða stjórnarandstöðunnar var algerlega gagnstæð þessu þegar fiskveiðilögsagan var færð út í 50 mílur. Þá stóðu þeir allir að margra mánaða samningaviðræðum við aðrar þjóðir um fiskveiðiréttindi innan þeirra og síðan að samningsgerð um fiskveiðiréttindi á því svæði. Lítið samræmi er í þessum málflutningi.

Núv. ríkisstj. hefur ekki látið þessa óábyrgu framkomu stjórnarandstæðinga á sig fá. Eftir að reglugerðin um 200 mílna útfærslu var gefin út lét ég í ljós eftirfarandi:

„Við megum ekki færa andstæðingum okkar vopn í hendur með því að vilja ekki ræða við aðrar þjóðir og kanna möguleika á því, hvort við náum samkomulagi við þær. Það er ekki síst nauðsynlegt með tilliti til þess að störfum Hafréttarráðstefnunnar er ekki lokið og varðveita þarf einhliða rétt strandríkis til yfirráða innan fiskveiðilögsögunnar. Ósveigjanleg stefna gagnvart viðræðum við aðrar þjóðir kynni að leiða til þess, að þau öfl fengju stuðning við málstað sinn sem vilja skerða sem mest rétt strandríkisins, t. d. með því að fela gerðardómi ákvörðunarvald um skiptingu fiskveiða innan 200 mílna. Við verðum af kaldri skynsemi að meta hvort við í raun náum aukinni hlutdeild í fiskafla á Íslandsmiðum með samningum eða án samninga."

Viðræður við aðrar þjóðir hafa farið fram. Nú er svo komið að allar þjóðir viðurkenna í raun yfirráð okkar yfir 200 mílna fiskveiðilögsögu með því að halda sér utan þeirra eða hafa gert samning um fiskveiðiréttindi innan þeirra, með einni undantekningu. Óbilgirni breta í samningaviðræðum okkar hefur verið slík, að óviðunandi hefur verið, og þeir hafa slitið samningaviðræðunum með því að senda herskip sín inn í íslenska fiskveiðilögsögu í þriðja sinn á 18 árum.

Stjórnarandstaðan telur að um hik hafi verið að ræða hjá íslenskum stjórnvöldum við stjórnmálaslitin. En það er síður en svo hik að hugsa vel ráð sitt og haga aðgerðum sínum þannig að málstað okkar verði að sem mestu gagni.

Slit á stjórnmálasambandi eru annars vegar tæki til að knýja breta til að láta af ofbeldi sínu og hins vegar, ef það ekki dugar, til að mótmæla ofbeldi þeirra út á við með áhrifamiklum hætti. Fyrra markmiðinu hefði verið æskilegra að ná, og meðan gengið var úr skugga um það í viðræðum við breta, hvort það væri unnt, var auðvitað ekki gengið til slita stjórnmálasambandsins. Þegar fullreynt þótti að lágmarkssamkomulagsvilji var ekki til staðar hjá bretum og vegna ítrekaðra ásiglinga þeirra á íslensk varðskip og veiðar þeirra á friðuðum svæðum var stjórnmálasambandi slitið. Þessi tími hefur orðið til þess, að athygli hefur verið vakin á málstað okkar og honum hefur verið unnið fylgi. Þeir, sem tala um hik, hafa hins vegar verið of bráðir og ekki gefið sér tíma til þess að nota stjórnmálaslitin og aðdraganda þeirra sem tæki í þágu okkar eigin málstaðar. Þeir hafa þannig látið taka sig á taugum.

Hv. þm. Ragnar Arnalds taldi ekki nóg að gert að slíta stjórnmálasambandi við breta, heldur vildi segja okkur úr Atlantshafsbandalaginu og hefja aðgerðir gegn varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli. Það kemur ekki á óvart. Þetta er stefna þeirra alþb.-manna án tillits til landhelgismálsins. Þeir nota því það lífshagsmunamál til þess að koma varnarleysisstefnu sinni fram. Menn skyldu þess vegna varast að ljá till. þeirra eyra. Þær eru ekki settar fram af góðum huga. Við eigum að taka afstöðu til þátttöku okkar í Atlantshafsbandalaginu miðað við öryggishagsmuni landsmanna á hverjum tíma. Annað á þar ekki að vera ákvörðunarástæða.

Sá er munurinn á slitum stjórnmálasambands við breta og öðrum aðgerðum sem alþb.-menn hafa nefnt, að slit stjórnmálasambands er aðgerð sem beinist gegn andstæðingi okkar í deilunni, en aðrar aðgerðir beinast gegn öðrum þjóðum sem við eigum ekkert sökótt við í sambandi við útfærsluna í 200 mílur og hafa raunar sýnt málstað okkar skilning og þrýst á breta í því skyni að fá þá til að láta af flotaíhlutun sinni.

Við eigum bæði á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og Atlantshafsbandalagsins og annarra alþjóðlegra samtaka að efla að mun upplýsingar um málstað okkar. Við eigum að upplýsa önnur ríki um allt atferli breta, hvernig þeir ganga gegn fiskverndunarsjónarmiðum sem þeir í orði þykjast játa, hvernig þeir beita herskipum sínum málstað okkar. Við eigum að upplýsa önnur þjóð. Með þeim hætti skulum við skapa áframhaldandi þrýsting á breta til þess að þeir fyrr en seinna hverfi á brott úr 200 mílna fiskveiðilögsögunni.

Við eigum að leggja áherslu á störfin á vettvangi Hafréttarráðstefnunnar til verndar hagsmunum okkar til að koma í veg fyrir gerðardómsákvæði eða hefðarréttarákvæði. Við eigum ekki að grípa til aðgerða umfram það sem við höfum þegar ákveðið ef ekki ber nýrra við. Við skulum sjá hvaða árangur verður á fyrsta fundi Hafréttarráðstefnunnar á þessu ári, sem standa mun frá 15. mars til 7. maí, og taka þá málið til yfirvegunar að nýju.

Við eigum að semja við færeyinga og norðmenn auk vestur-þjóðverja og belga. Með þeim hætti kemur í ljós enn skýrar en ella að við íslendingar viljum gjarnan leysa deilumál okkar við aðrar þjóðir friðsamlega og það er breta sök, en ekki okkar, að þetta hefur ekki tekist í deilu okkar við þá.

Við eigum að efla landhelgisgæslu okkar eftir

megni. Það hefur sumpart þegar verið gert og verið er að vinna að tillögugerð hvernig frekar skuli að því unnið.

Landhelgisgæslan getur þó ekki með valdi komið algerlega í veg fyrir veiðar breskra togara. Þótt sjálfsagt sé að kosta kapps um eflingu landhelgisgæslunnar er ljóst að við vinnum ekki sigur á bretum með valdbeitingu. Fyrir hvert eitt skip, sem við bætum við varðskipaflota okkar, geta þeir auðveldlega bætt tveimur. En auðvitað getum við takmarkað veiðar breta og það hlýtur að verða keppikefli okkar. Það verður að hafa að leiðarljósi fyrst og fremst að hætta ekki mannslífum og enn fremur að koma í veg fyrir tjón á varðskipunum sem mega ekki verða fyrir stöðvun vegna viðgerða í langan tíma. Við skulum ekki vara óþolinmóð. Hlutverk Davíðs er sigurstranglegt. Lipur skæruhernaður er sigurvænlegri en opin orrusta.

Öðrum þræði er nú haft á orði í þessum umr. að meðferð ríkisstj. á efnahagsmálunum sé ástæða vantrauststillögunnar.

Við ræðum gjarnan kaup og kjaramál eins og við getum sjálfir skammtað okkur kjörin, hvort sem hlut eiga að máli einstaklingar, fjölskyldur eða þjóð. En sannleikurinn er sá, að kjör okkar ráðast af afla og framleiðslu innanlands, sem oft er undir náttúruöflum komið, og hins vegar því verði sem við fáum greitt fyrir útflutning og þurfum að greiða fyrir innflutning okkar. Við ráðum ekki náttúruöflunum og því verðlagi erlendis sem við verðum að búa við, bæði í útflutningi og innflutningi okkar. Þess vegna er rangt að láta í veðri vaka og telja fólki trú um að við getum sjálf einhliða skammtað okkur kjörin, þótt við getum með framtaki og vinnusemi aukið framleiðsluna og skapað grundvöll bættra kjara.

Í þessum umr. og oftar er stundum talað um að kaupmáttarskerðing sé um 25% frá kjarasamningum í febr. 1974, sem allir eru sammála um að hafi verið verðbólgusamningar. En sá kaupmáttur var aðeins skráður á pappír einn dag þegar kaupið var samþykkt, en hvarf fljótlega í hít verðbólgunnar og ýmiss konar verðhækkana sem fyrirsjáanlegar voru. Þessa kaupmáttar naut því enginn. Þessi kaupmáttur var falskur vegna þess að hann byggðist ekki á verðmætasköpun í þjóðfélaginu og bættum viðskiptakjörum. Alþb.-menn sjálfir viðurkenndu þetta í fyrri ríkisstj. með því að taka kaupgreiðsluvísitöluna úr sambandi, því að það var ekki ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar, sem tók kaupgreiðsluvísitöluna úr sambandi, heldur ríkisstj. sem alþb.-menn sjálfir sátu í.

Alþb.-menn nefna heldur aldrei hina hlið málsins, að viðskiptakjörin hafa versnað frá ársbyrjun 1974, á síðasta ári um 16% og 10% árið áður. Viðskiptakjörin hafa því versnað um nær 30% á tveim árum frá því að þau voru best. Auðvitað hlýtur það að koma niður einhvers staðar. Að vísu neituðum við lengi að horfast í augu við þessi versnandi viðskiptakjör, og þrátt fyrir 10% verri viðskiptakjör 1974 en árið áður jukum við þjóðarútgjöldin um 10%. Núv. ríkisstj. hefur snúið við blaði og aðgerðir hennar hafa orðið til þess að þjóðarútgjöldin minnkuðu um 10% á síðasta ári, en vegna samsvarandi lækkunar þjóðartekna leiddi það átak ekki til umtalsverðs bata viðskiptahalla.

Ljóst er að viljum við ná árangri við stjórn efnahagsmála þarf að samræma aðgerðir í fyrsta lagi í ríkisfjármálum með samþykkt fjárlaga, í öðru lagi peningamálum með gerð útlánaáætlunar sem í fyrsta sinn var gerð nú fyrir árið 1976 og tekur til útlána banka, fjárfestingarlánasjóða og erlendra lána, og í þriðja lagi við ákvörðun kaups og kjaramála í kjarasamningum. Með ákvörðunum í þessum þremur málaflokkum er kveðið á um það, hve þjóðarútgjöldin verða mikil.

Ríkisstj. hefur sett sér það mark að lækka hallann á viðskiptajöfnuðinum niður í 6—7% af þjóðarframleiðslu á yfirstandandi ári úr 12% undanfarin tvö ár og byggst gera með því að samneysla og einkaneysla sé óbreytt að magni frá fyrra ári, en dregið verði úr fjárfestingu og framkvæmdum hins opinbera og einkaaðila til þess að draga úr þjóðarútgjöldum. Einkaneyslan stóð að mestu undir samdrætti þjóðarútgjalda á síðasta ári og þykir ekki fært að gera ráð fyrir að unnt sé að draga hana meira saman. Þess vegna er við það miðað að kaup- og kjarasamningar þeir, sem nú er verið að gera, hafi ekki meiri kauphækkanir í för með sér en sem nemur því að halda óbreyttum kaupmætti frá því sem hann var seint á síðasta ári, þó þannig, að einkum sé hægt farið í sakirnar fyrst framan af árinu.

Nú er spurningin hvort vantrauststill. er flutt af hálfu stjórnarandstöðunnar vegna þess að hún sé ósammála þeim markmiðum, sem ríkisstj. og Alþ. hafa sett þjóðarbúinu á þessu ári. Þótt stjórnarandstaðan gagnrýni erlendar lántökur, þá hefur hún ekki bent á, að unnt væri að lækka hallann á viðskiptajöfnuði á einu ári meira en ætlunin er að gera. Hins vegar hefur stjórnarandstaðan gagnrýnt það við afgreiðslu fjárlaga að eigi var veitt til ýmiss konar útgjalda hærri upphæð en gert var. Stjórnarandstaðan hefur einnig gagnrýnt það að dregið hafi verið úr opinberum framkvæmdum, og varla líður svo vika hér á Alþ. að þessi gagnrýni heyrist ekki eða fárast sé yfir útlánatakmörkunum. Loks telur stjórnarandstaðan að kaup þurfi að hækka meira en sem nemur því að halda óbreyttum kaupmætti, þ. e. a. s. stjórnarandstaðan vill hærri þjóðarútgjöld. Ef farið væri eftir gagnrýni stjórnarandstöðunnar leiddi það til þess að halli á viðskiptajöfnuði yrði meiri, verðbólgan yxi og atvinnuleysi skapaðist.

Þriðja málsástæðan fyrir flutningi þessarar vantrausttill. er sú að núv. kjaradeila sé ríkisstj. að kenna, vegna þess að hún hafi ekki viljað hlusta á ábendingar aðila vinnumarkaðarins er hefðu getað komið í veg fyrir verkföllin. Í des. samþykkti Alþýðusamband Íslands kjaramálaályktun og var hún rædd á sameiginlegum fundi fulltrúa ríkisstj. og Alþýðusambandsins. Ríkisstj. gerði þá grein fyrir að hve miklu leyti hún gæti tekið tillit til þeirra ábendinga. Síðan ræddu aðilar vinnuveitenda og Alþýðusambandið saman og sendu sameiginlegar till. til ríkisstj. 20. jan. s. l., sem ríkisstj. svaraði á fundi 5. febr. s. l. Í svari ríkisstj. kemur fram að ríkisstj. og aðilar vinnumarkaðarins eru sammála um nauð-

syn þeirra þriggja meginmarkmiða sem ríkisstj. frá upphafi hefur sett sér: í fyrsta lagi að tryggja fulla atvinnu, í öðru lagi að hamla á móti verðbólgu og í þriðja lagi að bæta viðskiptajöfnuðinn við útlönd og greiðslustöðu landsins.

En ríkisstj. bendir á að skilyrði til þess að þessum markmiðum verði náð sé að vinnufriður haldist og launabreytingum verði mjög í hóf stillt.

Rétt er að það komi fram, að ríkisstj. hefur tekið jákvætt undir endurskoðun lífeyrissjóðakerfisins og raunverulega haft frumkvæði og atbeina að samkomulagi því sem nú hefur verið gert. Þá hefur ríkisstj. haft forgöngu um og veitt atbeina til endurskoðunar sjóðakerfis sjávarútvegsins sem er grundvöllur þeirra kjarasamninga sem nú eiga sér hér stað og hagkvæmari rekstrar sjávarútvegsins í framtíðinni.

Það, sem á milli bar ábendinga aðila vinnumarkaðarins og undirtekta ríkisstj., var einkum varðandi lækkun ríkisútgjalda annars vegar og lækkun söluskatts, launaskatts og fasteignaskatta hins vegar. Ríkisstj. benti á að við gerð fjárlagafrv. fyrir yfirstandandi ár var beitt ítrasta aðhaldi í útgjaldaákvörðunum og þeirri stefnu fylgt eftir við meðferð fjárlagafrv. á Alþ.

Ég er að vísu þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að beita áfram fyllsta aðhaldi við ákvörðun ríkisútgjalda og vonir standi þá til að unnt sé að lækka ríkisútgjöld sem hlutfall af þjóðarframleiðslu með auknu aðhaldi, skipulagsbreytingum og sparnaði og að því verði stöðugt að vinna.

Þegar á heildina er litið er ljóst að það hefur ekki við rök að styðjast að ríkisvaldið hafi tekið neikvætt undir ábendingar aðila vinnumarkaðarins, heldur að meginhluta til svarað þeim jákvætt. En að svo miklu leyti sem um neikvæð svör var að ræða getur stjórnarandstaðan á Alþ. ekki gagnrýnt þau. Stjórnarandstaðan hefur ekki treyst sér til þess að standa að lægri ríkisútgjöldum, heldur þvert á móti viljað hafa þau hærri. Stjórnarandstaðan er því sjálfri sér ósamkvæm. Hún vill í senn hærri ríkisútgjöld og lægri skatta.

Áður en ég lýk máli mínu vil ég láta það koma skýrt fram, að ég tel hagsmunasamtök í þjóðfélaginu hafa veigamiklu hlutverki að gegna og vera nauðsynlegan þátt lýðræðisskipulagsins.

Það er hlutverk stjórnvalda, ríkisstj. og Alþingis, að undirbúa, samþykkja fjárlög og gera heildaráætlun um útlán sem og að marka viðhorf sitt almennum orðum til kaups og kjaramála án þess að um bindandi valdboðnar fyrirskipanir sé að ræða. Hagsmunasamtökin sjálf, launþegar og vinnuveitendur, verða í samningum sín á milli fyrst og fremst að semja um kaup og kjör. Hvor aðili fyrir sig, ríkisvald og hagsmunasamtök, verður að virða verksvið hins.

Vegna þess að þrír málaþættir: fjármál ríkisins, peningamálin og kjaramálin, segja fyrir um þróun efnahagsmála þarf að vera náið samráð og samvinna milli stjórnvalda og hagsmunasamtaka. Án slíks samráðs næst ekki sú samræming í stjórn efnahagsmála sem nauðsynleg er til þess að ná þeim markmiðum sem allir tjá sig í orði samþykka, þ. e. a. s. að tryggja fullt atvinnuöryggi, bætta greiðslustöðu út á við og stöðugt verðlag.

Yfirstandandi kjaradeilur sýna ljóslega að mikil þörf er endurbóta við gerð kjarasamninga, þegar út í verkföll er komið áður en aðilar hafa rætt nægilega ágreiningsmál sín og áður en gengið er úr skugga um hvort unnt sé að leysa þau án vinnustöðvunar sem öllum er til tjóns.

Í þessum kjarasamningum má ekki glata þeim árangri sem náðst hefur í baráttunni gegn verðbólgunni. Sé litið á tímabilið frá maí í fyrra til febr. nú er hækkunin um 19%, en það svarar til 26% hækkunar á einu ári miðað við 50% áður, og síðustu þrjá mánuðina er hækkunin mun minni.

Framhald þessarar þróunar er launþegum og þjóðarbúinu nauðsynleg. Hagsmunasamtökin hljóta að gera sér grein fyrir því.

Herra forseti. Okkur íslendingum er gjarnt, bæði þegar við ræðum mál okkar á milli og við aðrar þjóðir, að bera fyrir okkur að við séum fáir, fátækir og smáir. Víst erum við það. En það er okkur engin afsökun. Við verðum að standa jafnir öðrum þjóðum ef við viljum vera sjálfstæð og ábyrg þjóð í samskiptum þjóða á milli. Það verðum við ekki nema við treystum efnahagsgrundvöll okkar og kunnum okkur hóf í samskiptum sjálfra okkar á milli, leitumst við að leysa deilumál okkar með friði inn á við og út á við.

Fram komin vantrausttill., þegar við stöndum í alvarlegri baráttu við breta og kjaradeilum inn á við, er ekki til þess fallin að styrkja stöðu okkar. Hún skiptir e. t. v. ekki miklu máli að öðru leyti en því að afhjúpa veika, ráðvillta og fljótfærna stjórnarandstöðu á Íslandi 1976.

Ég þakka þeim sem hlýddu.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Íslendingar höfðu ekki lengi haft innlenda stjórn í landinu þegar alþm. notuðu í fyrsta skipti rétt sinn til þess að flytja till. um vantraust árið 1909. Allar götur síðan þá hafa till. um vantraust á einstaka ráðh. eða heil rn. verið fluttar öðru hverju og hafa fáar ríkisstj. komist hjá því að ganga undir slík próf. Till. um vantraust hafa þó aldrei fellt meirihlutastjórnir, þær hafa fallið án þess, heldur hefur stjórnarandstaða jafnan beitt þessu vopni til þess að knýja fram útvarpsumr. án tafar þegar mjög alvarleg vandamál hafa blasað við þjóðinni. Á þann hátt geta stjórnarandstöðuflokkar gegnt skyldum sínum best og af mestri áherslu.

Eins og einn þm. orðaði það í byrjun aldarinnar hér í þessum sama sal, gagnrýnum við stjórnarandstæðingar nú ríkisstj. fyrir „istöðuleysi gagnvart útlenda valdinu og fyrir lélega stjórn og athafnaleysi innanlands."

Ekki verður á þessu herrans ári sagt að íslendingar búi við frið eða farsæld. Hvarvetna blasa við okkur hrikaleg vandamál sem við sjáum engan veginn fram úr á þessari stundu.

Í landhelgismálinu eigum við í ófriði við voldugan nágranna og sjómenn okkar hætta lífi sínu við gæslustörf dag hvern.

Efnahagur þjóðarinnar er svo bágborinn að við lifum að heita má á erlendu lánsfé, og það þykir varla tíðindum sæta þótt boðið sé út nýtt milljarðalán fyrir okkur suður í París. Innanlands hefur 50% verðbólga á ári riðið húsum, valdið stórfelldri röskun á þjóðlífinu, ýtt undir spákaupmennsku og brask og stóraukið misrétti landsmanna.

Nú standa sakir þannig, að þótt launþegar fái alls enga kauphækkun er samt vitað um 13—17% verðhækkanir sem eru fram undan fyrir 1. okt. n. k. og fara tölurnar eftir því hvaða stofnun hefur reiknað þær út.

Svo til öll framleiðsla og mestöll þjónusta liggja niðri vegna verkfallanna, og loðnan syndir lítt truflið með landi. Barátta launþegasamtakanna snýst nú ekki lengur um bætt kjör frá því, sem er í dag, heldur fyrst og fremst um að halda óbreyttum kaupmætti launa í þeirri verðbólgu sem þegar er sjáanleg og mælanleg fram undan.

Meðan öllu þessu fer fram hefur Alþ. setið aðgerðalítið og haldið stutta fundi fimm daga vikunnar. Hér eru ekki haldnir 28 klst. fundir. Er þá að undra þó að stjórnarandstaðan blási í þá lúðra, sem hæst hljóma, og knýi ríkisstj. til umr. frammi fyrir landslýð um það, hvert þessi óheillaþróun muni leiða og hvað sé til ráða til þess að spyrna við henni.

Tilefnið er ærið þótt aðeins væru talin efnahags- og utanríkismál sem ég mun koma aftur að innan skamms. En fleira kemur þó til. Það hefur nú undanfarið komið í ljós, sem kunnuga hefur lengi grunað, að hér á landi hafa starfað víðtækir og voldugir hringar afbrotamanna sem stundað hafa stórfellt smygl, fjármálasvindl og aðra glæpastarfsemi, e. t. v. allt til manndrápa. Enda þótt dugandi og samviskusamir löggæslumenn starfi að rannsókn þessara mála hafa þau leitt í ljós alvarlegar veilur á dómkerfi ríkisins. Þetta kerfi hefur ekki brugðist við hinum mikla vanda með árverkni og festu, eins og nauðsynlegt var. Það hefur ekki sent nauðsynlegan liðsauka til að hraða og ljúka þessum málum, heldur hefur það haldið á sumum þeirra með seinagangi og tregðu. Smyglmálið mikla og það, sem því fylgir, getur reynst þjóðinni hættulegra, þegar fram líða stundir, en allt annað sem við deilum um í dag á sviði efnahagsmála og jafnvel utanríkismála. Er ekki betra að vera aðþrengd þjóð í samfélagi, sem er heiðarlegt, réttlátt og heilbrigt, heldur en að vera efnuð þjóð í samfélagi sem er mergsogið af spákaupmennsku, glæpum og misrétti?

Afbrotahamfarir geta valdið þjóðinni meira tjóni en náttúruhamfarir, og hvers vegna eru þá ekki viðbrögð yfirvalda svipuð? Af hverju mætir ekki dómsmálakerfið þeim ótíðindum, sem gerst hafa, með því að fjölga rannsóknarliði, aðskilja lögreglu og dómstóla og hindra að málin rykfalli hjá saksóknara? Það er ógerningur að líta yfir svið íslenskra þjóðmála í dag án þess að gefa þessum málum líka gaum og draga þau fram, því að enn er ekki upplýst hvert hin sanna mafía hér á landi hefur teygt arma sína. Það skiptir meginmáli að þjóðin geti borið óskorað traust til allra þátta dómsvaldsins þegar slík mál koma fram í dagsljósið.

Efnahagslíf okkar íslendinga er þeim annmörkum háð, að hér eru hagsveiflur meiri en gerist með öðrum þjóðum. Því er það að góðæri og velmegun truflast alltaf öðru hverju af miklum efnahagserfiðleikum þegar þjóðin verður að taka á sig þungar álögur til að rétta hag sinn. Undanfarin tvö ár hefur þungbær kreppa gengið yfir allan hinn vestræna heim og höfum við ekki farið varhluta af henni. Nú er sjáanlegur verulegur bati hjá mörgum öðrum þjóðum, en hér hefur sáralítil breyting orðið enn og spáð er áframhaldandi erfiðleikum. Þjóðin þekkir þessar sveiflur og allur þorri landsmanna hefur ekki skorast undan því að bera sínar byrðar, heldur sýnt þolinmæði og langlundargeð. En eina kröfu gerir þjóðin til valdhafa sinna, og hún er að byrðunum sé réttlátlega dreift og misrétti þjóðfélagsins a. m. k. ekki aukið á slíkum tímum. Á þessu hefur orðið alvarlegur misbrestur í tíð núv. ríkisstj. Misréttið hefur farið vaxandi á mörgum sviðum og þess vegna skortir mikið á að þjóðin beri traust til stjórnarinnar.

Það fer ekki á milli mála að bilið milli þeirra, sem eru vel efnaðir, og hinna, sem eru litlum efnum búnir, hefur farið vaxandi. Enda þótt reynt hafi verið að hygla láglaunafólkið dálítið umfram aðra hefur hlutskipti þess samt sem áður farið versnandi, en margir hinna, sem alltaf bjarga sér, hafa beinlínis grætt á verðbólgunni. Þá hefur misrétti í skattamálum farið sívaxandi og er það nú svo stórfellt að það spillir trausti manna á þjóðfélaginu og dregur úr vilja þeirra til að taka á sig byrðar. Félög og fyrirtæki greiða sáralítinn og oft engan tekjuskatt, svo að dæmi sé nefnt. Þúsundir einstaklinga lifa góðu lífi, en greiða samt engan tekjuskatt, og er þá von að hinum gremjist, sem skattinn greiða. Enn er að nefna það misrétti í almennri aðstöðu til að bjarga sér og sínum sem kemur skýrast, þó á örlítið öfgakenndan hátt, fram í því að fjárglæframenn skuli geta „spilað á bankakerfið“ í a. m. k. áratug og ráðskast með milljónir af sparifé landsmanna, eins og einn af aðstoðarbankastjórum Seðlabankans hefur nýlega viðurkennt að hér hafi gerst.

Fáir hafa orðið eins fyrir barðinu á vaxandi misrétti undanfarinna ára og gamla fólkið sem hefur mátt þola að verðbólgan æti upp lífeyri þess. Það er sannarlega ánægjulegt að verkalýðshreyfingin skuli nú krefjast úrbóta á þessu sviði og fá þær, enda er þjóðfélagsleg skylda að gæta hagsmuna gamla fólksins. Við megum aldrei láta það bera byrðar verðbólgu og kreppu meðan yngri kynslóðir hirða verðbólgugróða af íbúðum sem eru margar hverjar reistar að verulegu leyti fyrir sparifé eldri kynslóðar. Það er spá mín að verkföllin, sem nú standa yfir, muni verða talin merkust fyrir það, að þau voru notuð til að knýja fram veigamiklar umbætur á lífeyrismálum til að bæta hag lífeyrisþega og endurskipuleggja lífeyrismál þjóðarinnar í heild. Þetta eitt er mikill árangur sem þjóðin mun lengi njóta góðs af. Þessi árangur næst

að vísu með því einu að ganga á stóran stofn sparifjár — ekkert fáum við fyrir ekkert — sem notaður hefur verið til fjárfestingar, en það er vandamál sem við verðum að leysa á annan hátt í framtíðinni.

Ríkisstj. hefur átt við mikla erfiðleika að etja og hún hefur beitt gegn þeim heföbundnum hagstjórnartækjum með sorglega litlum árangri. Hitt er þó verra, að stjórnarflokkarnir hafa látið það viðgangast að í stjórnartíð þeirra hefur margs konar misrétti milli landsmanna farið ört vaxandi. Það hefur verið vaxandi misrétti í tekjuskiptingu. Það hefur verið vaxandi misrétti í skattamálum. Það hefur verið vaxandi misrétti milli ungra og gamalla. Það hefur verið vaxandi misrétti milli þeirra fáu, sem kunna á kerfið, og hinna mörgu, sem bera kerfið uppi með vinnu sinni. Af þessum sökum hefur vantraust á ríkisstj. verið mikið og fer vaxandi eftir því sem mánuðir hafa liðið án þess að spyrnt væri gegn slíkri óheillaþróun.

Ef ríkisstj. vill breyta vantrausti almennings í traust, þá verður hún að ráðast gegn meinsemdum hins vaxandi misréttis og uppræta þær. En því hefur ekki verið að heilsa, því að launþegar hafa orðið að beita allsherjarverkfalli til að knýja fram umbætur er veita gamla fólkinu nokkra vernd gegn óréttlæti óðaverðbólgunnar. Af hverju gerði ríkisstj. ekki þessar breytingar á lífeyrissjóðunum með sinn mikla þingmeirihluta fyrir ári? Af hverju hefur stjórnin ekki gert teljandi umbætur í skattamálum á þriggja missira starfstíma? Alþfl. hefur flutt till. varðandi báða þessa stóru málaflokka og gert grein fyrir hugmyndum sínum og till., og það hafa raunar fleiri gert. Stjórnarandstaðan hefur lagt fram sinn skerf. En þeir sitja eftir sem með völdin fara.

Aðdragandi þeirra verkfalla, sem nú standa yfir, hefur verið með öðru móti en oftast áður og er mikils vert að allir geri sér grein fyrir þeirri þróun. Það var ljóst þegar eftir samningana í fyrrasumar að nýir stórsamningar mundu verða nú í byrjun þessa árs. Forusta Alþýðusambands Íslands tók því snemma að búa sig undir þessa samninga og ræða þær leiðir sem fara mætti að þeim. Kaupmáttur launa hefur um tveggja ára skeið farið ört lækkandi, svo að lítill vandi væri að rökstyðja miklar kröfur um kauphækkanir, jafnvel þótt ekki væri reynt að fá allt það bætt upp í einu sem tapast hefur. En augljóst var og er að mikil bein kauphækkun á þessu ári mun óhjákvæmilega leiða til þess, að verðbólgan magnast enn meir og getur aftur farið upp í 50% hraðann eða svo. Sú þróun væri þjóðarógæfa og kauphækkanirnar mundu fljótt hverfa í hítina. Forustumenn Alþýðusambandsins völdu því aðra og ábyrgari leið. Þeir hófu að undirbúa tillögugerð um margvíslegar þjóðfélagslegar aðgerðir sem ríkisvaldið gæti gert og mundu bæta hag launþega svo að þeim kæmi að raunhæfum notum. Fór svo að þessar till. voru ræddar og endanlega afgr. af Alþýðusambandinu um mánaðamótin nóv.-des. s. l.

Með þessum till. má segja að verkalýðshreyfingin hafi rétt fram höndina og boðist til að taka ábyrgan þátt í mótun efnahagsaðgerða sem gætu komið í stað og gert svipað gagn og krónuhækkanir kaups.

Í þessu sambandi er fróðlegt að leiða hugann rúmlega áratug aftur í tímann. Þá sat að völdum ríkisstj. Bjarna Benediktssonar, viðreisnarstjórnin svonefnda. Henni tókst að gera víðtækt samkomulag um ráðstafanir í efnahagsmálum við verkalýðshreyfinguna og afstýra þá um sinn stórátökum á vinnumarkaðinum. Þá brunnu húsnæðismálin hvað mest á almenningi og var gert samkomulag um stórfelldar íbúðabyggingar fyrir frumkvæði ríkisins og í samvinnu við verkalýðsfélögin. Þúsundir manna búa í dag í góðum og tiltölulega ódýrum íbúðum sem eru ávöxtur af þessu júnísamkomulagi, eins og það hefur verið kallað.

Þegar Alþýðusambandið bauð fram till. sínar og hugmyndir um efnahagsmál í byrjun des. gafst ríkisstj. tækifæri til að gera annað júnísamkomulag, grípa til margvíslegra efnahagsráðstafana er hefðu létt lífsbaráttu launþega og dregið verulega úr misrétti, en forðað þjóðinni frá þeim átökum er nú hafa dunið yfir. Því miður bar ríkisstj. ekki gæfu til að skilja hvílíkt tækifæri henni bauðst, og hún missti af því. Till. voru ræddar stuttlega og undirtektir ráðh. voru litlar, að því er forustumönnum Alþýðusambandsins fannst.

Þróun þessa máls varð að mestu mistökum sem ríkisstj. hefur gert, og ekkert gat hindrað verkföllin þar eð þetta tækifæri var ekki notað. Ríkisstj. hefur það eitt sér til afsökunar, að landhelgismálið hafi tekið mikinn tíma á þessum sömu vikum. Það er að sjálfsögðu rétt, en það er ekki boðleg afsökun. Ráðh. eru 8 talsins og ráðgjafar þeirra legio, svo að það var óverjandi að vanrækja kaupgjaldsmálin eins og gert var. Og stæðum við ekki sterkari í landhelgismálinu ef friður ríkti í landinu og þjóðinni hefði auðnast að leysa vandamál tekjuskiptingar og annan efnahagsvanda eins og þroskuð þjóð með ríka ábyrgðartilfinningu á að gera?

En nú er komið sem komið er. Verkföll standa yfir og reynt er að ná samkomulagi um hóflegar kauphækkanir til viðbótar þeim árangri sem náðist í lífeyrismálum. En hvað er þá verkalýðsfélögunum óhætt að fara fram á án þess að þau hætti á að valda stórkostlega aukinni verðbólgu? Í stefnuræðu sinni í upphafi þings, í októbermánuði, sagði forsrh. þetta: „Horfur um hag þjóðarbúskaparins eru nú þannig að kjaraaákvarðanir fyrir næstu ár geta aðeins miðast við að tryggja núverandi rauntekjur heimilanna og fulla atvinnu.“ Til þess að þetta, sem forsrh. telur vera mögulegt, geti gerst þurfa kauphækkanir nú að sjálfsögðu að vera eins miklar og þær verðhækkanir sem fram koma á næstu mánuðum fram eftir árinu og þegar er vitað um, að ekki sé talað um það sem kann að bætast við. Sú miðlunartillaga, sem sáttanefnd lagði nýlega fram, nær ekki þessum tölum og gerir því ráð fyrir að rauntekjur heimilanna falli niður fyrir það, sem þær voru seint á s. l. ári, en forsrh. taldi mögulegt að það kæmi ekki fyrir. Var því sannarlega ekki eðlilegt að verkalýðsfélögin gætu sætt sig við það með tilliti til þeirra yfirlýsinga sem fram höfðu komið. Ríkisstj. missti af gullnu tækifæri til að

gera nýtt júnísamkomulag og fyrirbyggja þau verkföll er nú standa yfir. Það voru mikil mistök og fyrir þau uppsker ríkisstj. vantraust landsmanna.

Sjálfstfl. og Framsfl. hafa áður setið saman í ríkisstj. árin 1950—1956. Þá komu fljótlega fram svo sterkar andstæður á milli flokkanna og svo mikið kapphlaup hagsmunaafla að samstarfið varð aldrei heilt og slitnaði tvívegis upp úr því þegar eitt ár var eftir af kjörtímabilinu. Ætli það fari ekki eins að þessu sinni? Þeir treysta ekki hvorir öðrum, og því getur þjóðin ekki treyst stjórn þeirra. — Góða nótt.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Hv. áheyrendur. Hér er til umr. till. um vantraust á ríkisstj. og gefst þá gott tækifæri til að ræða þau helstu málefni, sem mestu skipta íslensku þjóðina, og jafnframt er ekki úr vegi að vikja nokkuð að þeim *ávirðingum sem stjórnarandstæðingar* bera ríkisstj. á brýn og eiga að mati þeirra að valda því að hún skuli fara frá. Eftir því sem fram hefur komið í kvöld eru það einkum tvö málefni sem talið er að farið hafi illa úr hendi hjá ríkisstj., en þau eru landhelgismálið og efnahagsmálin. Og m. a. telja stjórnarandstæðingar að ríkisstj. beri ábyrgð á því verkfalli sem nú stendur yfir. Mig langar að athuga þetta örlítið nánar og vík þá fyrst að landhelgismálinu.

Það var auðvitað gefið mál að einhliða útfærsla íslensku landhelginnar í 200 sjómílur mundi mæta verulegri andspyrnu. Hitt höfðu menn nokkra von um, að Hafréttarráðstefnan mundi ekki draga ast svo sem raun hefur á orðið. Framsfl. beitti sér þess vegna fyrir því að útfærslan skyldi gerast síðari hluta árs 1975, en ekki fyrir árslok 1974, eins og margir höfðu haft á orði. En þær vonir, sem íslendingar bundu við lok Hafréttarráðstefnunnar, rættust sem kunnugt er ekki, og m. a. vegna ástands fiskstofnanna gátum við ekki dregið útfærsluna. Skapaðist því fljótlega á miðunum það ástand sem við öll þekkjum.

Eftir að skýrsla Hafrannsóknastofnunarinnar var birt fékkst staðfesting á því, sem menn hafði raunar áður grunað, að fiskstofnarnir á miðum okkar voru í yfirvofandi hættu vegna ofveiði. Brýnasta verkefni okkar íslendinga og þar með *ríkisstj.* hlaut því að vera að vernda þá með öllum tiltækum ráðum. Ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar litu svo til, að raunhæfasta friðunaraðgerðin fælist í því að semja um miklar aflatakmarkanir við þær þjóðir sem undanfarið hafa fiskað á þessum miðum. Því var samið við belga um 6 þús. tonna ársafla og vestur-þjóðverja um veiðar á þeim fiskstofnum sem helst voru taldir þola veiðarnar, þ. e. ufsa og karfa. Nú eru í undirbúningi samningar við norðmenn og færeyinga um mjög takmarkað aflamagn til skamms tíma.

Ég leyfi mér að varpa fram þeirri spurningu, hvernig menn héldu að ástandið væri á miðunum ef við værum í ófriði við allar þessar þjóðir og hvort mönnum finnist ekki að Landhelgisgæslan hafi nóg að gera eins og er að berjast við bresku landhelgisbrjótana, þótt hún þurfi ekki til viðbótar að gæta allra hinna líka.

Auk þess hafa þessir takmörkuðu samningar einnig þá þýðingu samkv. mati okkar, að þeir sýna umheiminum að íslendingar eru ekki svo einráðir að ómögulegt sé við þá að semja. Mun það vafalaust hafa heillavænleg áhrif á niðurstöður Hafréttarráðstefnunnar sem væntanlegar eru síðari hluta þessa árs.

Ég dreg enga dul á það og hef aldrei gert það, að ég hef talið að raunhæfasta friðunaraðgerðin gagnvart bretum hefði einnig átt að geta náðst eftir samningaleiðinni. Mér er ljóst að um þetta eru mjög skiptar skoðanir meðal fólks í landinu og vel má vera að þeir séu fleiri sem vilja enga samninga. En hitt er svo annað mál, að ég hef aldrei verið þeirrar skoðunar í þeim viðræðum, sem farið hafa fram við breta, að þeir hafi getað fallist á neitt viðunandi aflamagn, og þess vegna hafa samningar alla tíð verið útilokaðir.

Það olli mér vægast sagt vonbrigðum þegar Hattersley, sá sem nú fær vart vatni haldið út *af áhyggjum af framtíð íslensku ríkisstj.*, skyldi haldinn þeirri blindu í samningaviðræðum okkar að unnt væri að framlengja samninginn frá 1973 því sem næst óbreyttan, á sama tíma sem breskir fiskifræðingar féllust í öllum meginatriðum á niðurstöður íslenskra starfsbræðra sinna um ástand þorskstofnsins. Þá þegar var ljóst að bretar höfðu ekkert lært og samningar við þá mundu verða erfiðir. Þegar svo bretar bættu gráu ofan á svart með því að senda inn herskipin, auka togaraflotann og skipuleggja smáfiskveiðar á alfriðuðu svæði, var sýnt að slíkir samningar kæmu ekki til greina. Þess vegna höfum við nú slitið stjórnmálasambandi við þá. Það er vissulega alvarleg aðgerð, en hún var óhjákvæmileg eins og málin stóðu og ætti að færa öðrum þjóðum heims sanninn um að okkur er full alvara í þessu máli.

Það má vel vera að stjórnarandstæðingar hefðu treyst sér til að halda betur á þessum málum en við höfum gert. En ég efast stórlega um að ástandið væri betra þótt þeirra ráðum hefði verið fylgt og alla vega hafa þeir nú fengið sitt indæla stríð. Við skulum vona að þetta fari allt vel, og ég er sannfærður um að við vinnum sigur að lokum. Það er bara að hann verði ekki of dýru verði keyptur.

Bent hefur verið á það í blaðagrein hér af *a. m. k. einum manni*, að við *erum* með fiskverndaraðgerðum okkar ekki einvörðungu að sjá eigin hag borgið. Við erum jafnframt að vernda matvælaframleiðsluna fyrir hungraðan heim. Undir þetta vil ég taka. Og hverjir ættu í raun inni að skilja þetta betur en bretar, — eða eru þeir e. t. v. búnir að gleyma því hvað Íslandsfiskurinn reyndist þeim mikil björg í bú á styrjaldarárunum þegar íslenskir sjómenn hættu og fórnuðu lífi og limum til að færa þeim þessa björg heim?

Ég hef nú í stórum dráttum lýst því sem gerst hefur í landhelgismálinu og segi að lokum að ríkisstj. hefur ekkert að fela og ekkert að skammast sín fyrir í sambandi við það. Og ég er sannfærður um að þjóðin skilur þetta þegar hún athugar málið í ró og næði og án áhrifa frá æsingamönnum sem nota vilja þetta lífshagsmunamál okkar í annarlegum tilgangi.

Um efnahagsmálin vil ég segja það, að skylt er að játa að ýmislegt hefur farið þar á annan

veg en menn hefðu kosið. Er þá fyrst að nefna verðbólguna sem hefur ætt áfram með ógnarhraða. Þó ber að hafa í huga að síðustu mánuðina hefur tekist að veita henni talsvert viðnám, og ríður því á miklu að ekkert verði gert sem eykur snúningshraðann að nýju. Þá er þess og að gæta að viðskiptakjör okkar hafa versnað og aflabrögð miðað við sókn og tilkostnað minnkað. Auðvitað rýrir þetta tekjur þjóðarheimilisins, og það lýsir því ekki miklu raunsæi að halda því fram að allt geti verið óbreytt, allir geti haft jafnmikla peninga til ráðstöfunar og enginn þurfi að slaka á kröfunum í neinu.

Stjórnarandstæðingar klifa á því sýknt og heilagt að fjárlögin séu allt of há og þau beri að lækka til þess að fólk geti haft meira fé til ráðstöfunar. Þessir menn vita þó vel að yfirgnæfandi hluti fjárlaganna gengur til óhjákvæmilegra útgjalda, — eða hvaða liðir eru það sem helst ætti að skera niður? Eru það framlög til heilsugæslu, eru það framlög til menntunar eða máske laun opinberra starfsmanna — eða niðurgreiðslur, kannske á að hætta þeim? Það mundi e. t. v. bæta hag fólksins. Svo eru tryggingarnar, þær eru hár liður. Stjórnarandstæðingar telja líklega að þar megi að skaðlausu spara. Þá eru það verklegar framkvæmdir. Þær eru sjálfsagt of miklar að mati þessara ágætu manna. Ég gæti auðvitað nefnt fleiri liði svo sem dómgæslu og réttarfar. Það er eflaust óbarfur flýtir á þeim málum. Þó heyrðist mér það nú ekki á formanni Alþfl. áðan. Hitt kann að vera rétt, að eitthvað megi draga úr öðrum þáttum hins opinbera rekstrar, en ósköp er ég hræddur um að þær upphæðir, sem þannig kynni að mega spara, dygðu skammt til þess að brúa bilið.

Og enn eru gerðar kröfur á hendur ríkinu. En vilja þá stjórnarandstæðingar auka — ekki minnka — hlut ríkissjóðs af tekjum manna. Hér rekur sig eitt á annars horn í málflutningi stjórnarandstöðunnar.

Það er óraunhæft að loka augunum fyrir þeirri staðreynd að vegna versnandi viðskiptakjara og minna aflamagns hefur fjárhagsstaða þjóðarbúsins versnað undanfarin tvö ár, og þegar undirstaðan bilar verður yfirbyggingin að minnka í bili a. m. k.

Mér kemur í hug gömul saga. Maður nokkur var að mála geðveikrahæli og stóð í stiga. Þá kemur vistmaður til hans og hugar vandlega að því hvað verið er að gera, segir svo allt í einu við málarann: „Haltu þér fast í pensilinn því nú tek ég stigann.“

Athæfi stjórnarandstæðinga minnir mig á þessa hugsun. Þeir ríghalda í pensilinn enda þótt stiginn sé að fara. Raunsærra væri að játa staðreyndir og leggja lið sitt til að komast út úr þeim erfiðleikum sem við er að etja. En e. t. v. er til of mikils mælst af núv. stjórnarandstöðu að hafa raunsæi að leiðarljósi. En skylt er þó að geta þess að þeir eiga þar ekki allir sama vitnisburðinn. Til eru í röðum þeirra raunsæir og góðviljaðir menn sem ætla mætti að fúsir væru til góðra verka, en játa ber að félagsskapurinn er þeim nokkuð erfiður.

Mér dettur ekki í hug að neita því, að til eru í landinu þær stéttir sem óhjákvæmilega verða að fá kauphækkun. En jafnfjarstætt finnst mér hitt vera, að slík kauphækkun eigi að ganga hlutfallslega upp allan stigann, þannig að t. d. ráðh. fái fimmfalda eða hvað það nú er kauphækkun á við þann sem lægst hefur launin. Sem betur fer er það svo að mjög margir búa hér enn við allgóð kjör, og það er býsna táknrænt að sama daginn og þessi vantrauststill. kom fram á Alþ. birtist í málgagni eins af flm. hennar, Alþýðublaðinu, frétt er ber yfirskriftina: „Nota verkfallið til að panta Mallorkaferðir.“ Það eru nú tæpast neinir fátæklingar sem þarna er um að ræða. Einhverjir eru það þó enn, sem betur fer, sem hafa nokkra peninga aflögu ef þessi frétt er rétt, en að vísu kom hún í Alþýðublaðinu.

Við meðferð fjárlaganna á hv. Alþ. héldu líka stjórnarandstæðingar uppteknum hætti og fluttu margar og miklar hækkunartill., bæði um beinar hækkanir og í heimildarformi. Eins brugðust þeir illa við þeim lækkunartill. sem ríkisstj. þó bar fram og hér hefur raunar verið minnst á áður. Þar var þó gullið tækifæri fyrir þá til að feta þann veg sem þeir nú telja hinn eina rétta, að lækka fjárlögin og spara í ríkisrekstrinum. Þetta tækifæri var látið ónotað. En nú tveim mánuðum síðar eru þeir orðnir alvitrir og hafa lausnarorðið á hraðbergi. Tæpast er von að þjóðin geri mikið með svona málflutning. En þrátt fyrir mikla hækkun fjárlaga milli ára er þó hitt staðreynd, sem vert er að gera sér grein fyrir, að þau hafa ekki hækkað í samræmi við verðlagshækkanir, þannig að ríkisstj. hefur óumdeilanlega spyrnt við fótum, og áfram verður að halda á þeirri braut.

Það er vissulega hörmulegt til þess að vita, að á sama tíma sem við eigum í baráttu við erlenda aðila, sem varðar líf eða dauða okkar litlu þjóðar, skulum við standa í innbyrðis styrjöld, sem — ef ekki ræðst fram úr — fyrr eða síðar getur orsakað enn þá alvarlegra ástand í efnahagsmálum okkar heldur en þegar er orðið og er þó nægilega alvarlegt svo að ekki sé meira sagt.

Í þessu sambandi ber enn fremur að minnast á afstöðu atvinnurekenda og þann hátt sem hér er ævinlega hafður á verkalýðssamningum. Það er nákvæmlega sama hvernig á stendur, ávallt er fyrsta svar vinnuveitenda það, að alveg ómögulegt sé að hækka laun um nokkurn skapaðan hlut, atvinnureksturinn þoli nákvæmlega enga hækkun, allt sé á heljarþröminni. Þegar svo búið er að sitja að þeirra dómi hæfilega lengi yfir samningaborðinu, vaka þangað til menn eru komnir að fótum fram, þá kemur í ljós að líklega sé nú kannske hægt að sletta einhverju ofan á kaupið. Á sama hátt byrja verkalýðsfélögin sína kröfugerð á miklu hærri nótum heldur en nokkur von er til að verði gengið að og menn vænta að fá sem niðurstöðu samninga. Hefst síðan hin mikla þráseta þar sem mestu virðist gilda að vera duglegur að vaka og halda út, sem kallað er, og þykir mikið til koma. Allt minnir þetta á þá þekktu frásögn af viðræðum drengjanna í Sumarhúsum um það, hvort presturinn hætti yfirleitt nokkurn tíma að tala, og þá skarplegu niðurstöðu annars þeirra, að þegar prestinn fari að langa í kaffi, þá segi hann amen. Væri nú ekki skynsamlegt hjá báðum aðilum að hætta

þessu pókerspili og byrja heldur fyrr á því að gera sér grein fyrir hvað menn raunverulega meina að hægt sé að gera? Ég held að þessum vinnubrögðum þurfi að breyta og því fyrr sem það er gert, þeim mun betra fyrir alla, ekki aðeins hina svonefndu aðila vinnumarkaðarins, heldur ekki síður fyrir þjóðarheildina.

Ég vil svo að lokum minnast með örfáum orðum á þá staðhæfingu stjórnarandstæðinga að verkfall það, sem nú stendur yfir, sé ríkisstj. að kenna. Öllu meiri fásinnu hafa þeir tæpast látið sér um munn fara og skal þó viðurkennt að samkeppnin er hörð.

Er það virkilega meining þessara manna, sem flestir telja sig velunnara og verndara verkafólksins, að fella beri samningsréttinn niður og taka upp þá aðferð að ríkið skammti launin með lögum eða á annan hátt? Ég játa að þessi aðferð þekkist í ýmsum löndum, en satt að segja hélt ég að íslensk verkalýðsfélög óskuðu ekki eftir því.

Það er afar auðvelt fyrir alþýðusamtökin og vinnuveitendur að sameinast um það að varpa vandanum frá sér og gera kröfur á hendur ríkisvaldinu. En menn þurfa þá jafnframt að átta sig á því hvað ríkið er. Það er ekkert annað en samfélag okkar allra, þessara manna líka, og auknar byrðar þess eru í reynd lagðar á alla landsmenn, þar með talda aðila vinnumarkaðarins. Ef þeim finnst eitthvað auðveldara að bera byrðarnar á þann hátt að leggja þær fyrst á ríkið og síðan á þá, þá er það auðvitað aðferð sem hægt er að athuga. En mér hefur virst að verkalýðsfélögin a. m. k. vilji ógjarnan afsala sér þeim samningsrétti sem þau hafa aflað sér á undanförnum árum, oft með miklu erfiði og í strangri baráttu. Þannig hefur það verið ævinlega þau ár sem ég hef átt sæti hér á Alþ., að aldrei hafa verkalýðsfélög brugðist harðara við heldur en þegar hafa verið sett lög sem höfðu það hlutverk að ákvarða kaup og kjör. Er þess raunar skemmst að minnast, að þegar sett voru lög um kaup og kjör starfsmanna Áburðarverksmiðjunnar, þá var gripið til þess ráðs að meina þeim, sem vildu vinna samkv. þeim, að gegna störfum sínum.

Ég get vel skilið þá afstöðu að menn vilji standa vörð um samningsrétt verkalýðsfélaganna, en þá verða menn líka að gera sér grein fyrir þeim skyldum, er honum fylgja, og ráða fram úr vandamálunum sjálfir. Það mun ekki standa á ríkisstj. þeirri, er nú situr, að leggjast á sveif með til að greiða fyrir lausn þessa verkfalls þegar raunhæf úttekt liggur fyrir á því hverjir samningar koma til greina og hver hlutur ríkisins á þá að verða til að endar nái saman. En áður en aðilar samninganna vita sjálfir hvað þeir raunverulega vilja eða neita að segja það er þess trauðla að vænta að ríkisstj. hafi mikil afskipti af vinnudeilunni, enda minnist ég þess, að þegar fyrri ríkisstj. hafa verið með fingurinn í vinnudeilum hefur það mætt misjafnlegum viðtökum svo ekki sé meira sagt.

Mér segir svo hugur um, að þetta verkfall sé miðlungi þokkað af öllum almenningi sem gerir sér grein fyrir því að verkföll eru allra tjón, einnig þeirra sem sagt er að fái eitthvað út úr þeim. Fólk er yfirleitt gagnrýnið á þau vinnubrögð sem tíðkast hafa og tíðkast enn í þessum málum og vill breytingu á þeim. Allir íslendingar sameinast þó í þeirri ósk að þeim mönnum, sem í eldinum standa að þessu sinni, megi auðnast að vinna verk sitt þannig að allir geti eftir atvikum bærilega við unað og að vinnufriður geti orðið á ný, því að íslensku þjóðarinnar bíða sannarlega svo mörg önnur og mikilvæg verkefni að hún má ekki við því að dreifa kröftunum á þennan hátt. Í þeirri von, að svo megi takast, býð ég hlustendum góða nótt.

Magnús T. Ólafsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Einlægur stuðningsmaður og fölskvalaus aðdáandi núv. ríkisstj., Styrmir Gunnarsson Morgunblaðsritstjóri, finnur hvöt hjá sér að gera grein fyrir stöðu stjórnarinnar í Reykjavíkurbréfi í blaði sínu í gær. Þar segir hann m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. þarf ekki að kippa sér upp við það þótt hún verði fyrir gagnrýni. Að sjálfsögðu skamma menn ríkisstj. þegar illa gengur. Þannig er það alltaf. En stuðningsmenn stjórnarinnar þurfa ekki að hafa of miklar áhyggjur af því. Stjórnmálabaráttan gengur í bylgjum, stundum vel, stundum illa. Og skjótt skipast veður í lofti."

Svo mörg eru þau huggunarorð Morgunblaðsritstjórans til ríkisstj. sinnar. Hann biður hana að æðrast ekki þótt á móti blási því að eitthvað gæti nú hugsanlega einhvern tíma gengið henni í hag. Máttlausari getur uppörvunin varla verið þótt trauðla verði efast um góðan vilja höfundar. En eftir að hafa talið kjark í ríkisstj. á þennan sérkennilega hátt tekur ritstjóri helsta stjórnarmálgagnsins að gefa henni heilræði. Þau eru á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Þeir, sem stjórna landi, eiga ekki að sækjast eftir vinsældum. Þeir eiga að ávinna sér traust. Það er grundvöllur sterkrar landsstjórnar — ekki vinsældir."

Er þá nóg komið af tilvitnunum í Styrmishugvekju, enda orðið ljóst að meginniðurstaða ritstjóra Morgunblaðsins er sú að ríkisstj. sé illa liðin, en hún geti bætt úr því á þann hátt að taka sig til og vinna sér traust.

En það er of seint að iðrast eftir dauðann. Ríkisstj. hefur þegar haft nægan tíma og kappnóg tækifæri til að vinna sér traust. Tíminn hefur bara farið í súginn og tækifærin gengið stjórninni úr greipum. Því er nú komið sem komið er. Ríkisstj. hefur ekki aðeins bakað sér óvinsældir, hún hefur líka fyrirgert trausti sem margir báru til hennar í öndverðu.

Fátítt er hérlendis að ríkisstj. geti státað af jafnöflugum þingmeirihluta og sú sem nú situr að völdum. Stuðningsflokkar hennar telja rúmlega ⅔ þingheims En landsmenn hljóta líka að ætlast til mikils af stjórn sem styðst við svo yfirgnæfandi þingmeirihl. Slík stjórn ætti tvímælalaust að hafa öll skilyrði til að framfylgja yfirlýstri stefnu, standa við orð sín. Orðheldnin er líka undirstaða trausts, hjá ríkisstj. jafnt og einstaklingi. Hvernig hefur núv. ríkisstj. staðið sig á því prófi? Hefur hún unnið til trausts eða fyrirgert trausti? Lítum á nokkur úrslitaatriði stjórnarstefnunnar, annars vegar hátíðlegar yfirlýsingar og fyrirheit, hins vegar efndirnar.

Þegar ríkisstj. tók við völdum birti hún almenna stefnuyfirlýsingu þar sem rakin voru markmið sem hún setti sér. Nokkur hin helstu voru þessi, með leyfi hæstv. forseta: Að bæta gjaldeyrisstöðu, treysta hag fjárfestingarsjóða og ríkissjóðs, sporna við hinni öru verðbólguþróun og tryggja sem best lífskjör almennings. Ríkisstj. mun taka ýmsa þætti efnahagsmála til gagngerðrar endurskoðunar í því skyni að tryggja afkomu atvinnuveganna, atvinnuöryggi og vaxandi almenna velmegun samfara réttlæti í tekjuskiptingu og aðstöðu manna. Gætt sé ítrasta sparnaðar í rekstri ríkisins og opinberra stofnana. Á almennar launatekjur skal ekki lagður tekjuskattur.

Þetta voru nokkur kjarnyrði á við og dreif úr fyrstu stefnuyfirlýsingu ríkisstj. Ekki var lítið færst í fang, enda stjórnin sjálf viss um að hún væri sterk og til átaka fallin. Nú er komin hálfs annars árs reynsla á það hversu ríkisstj. er verki farin að koma ásetningi sínum í framkvæmd. Á því hlýtur að velta hvort menn bera til hennar traust eða vantraust.

Ríkisstj. ætlaði sér að bæta gjaldeyrisstöðu þjóðarbúsins. Þegar hún tók við völdum var nokkur gjaldeyrisvarasjóður í handraða. Sá forði þvarr gersamlega á fyrstu mánuðum valdaferils stjórnarinnar og síðan hefur verið bullandi halli á utanríkisviðskiptum. Verulegur hluti af neyslu þjóðarinnar á síðasta ári var greiddur með erlendu lánsfé, og í árslok var skuld á gjaldeyrisreikningi álika mikil og inneignin hafði verið þegar stjórnin tók við. Í sérstakri stefnuyfirlýsingu ríkisstj. fyrir árið 1975 var gert ráð fyrir 9 milljarða viðskiptahalla við útlönd, en hann varð eftir því sem næst verður komist 22 milljarðar. Ríkisstj. gerði því skóna í sama plaggi að greiðslujöfnuður við útlönd kynni að nást á síðasta ári, en greiðsluhallinn reyndist 4.8 milljarðar.

Nú má segja, að hér sé um að ræða þjóðhagsþætti, sem engin ríkisstj. getur haft full tök á, þar sem viðskiptakjör og útflutningsmagn ráðast af markaðsaðstæðum. En auk óviðráðanlegra atvika geta einnig komið við sögu óforsjálni og röng viðbrögð þegar áætlanir fara jafnstórkostlega úr skorðum og hér hefur verið lýst. Mat manna á því, að hve miklu leyti um er að ræða sjálfskaparvíti á þessu sviði hlýtur að fara eftir frammistöðu ríkisstj. gagnvart verkefnum sem eðli málsins samkv. eiga að vera algerlega á hennar valdi. Þar eru ríkisfjármálin marktækust.

Í stefnuyfirlýsingunni fyrir árið 1975 hét ríkisstj. því að beita samræmdum aðhaldsaðgerðum á sviði ríkisfjármála til að styrkja fjárhagsstöðu ríkissjóðs. Sett var það mark að lækka yfirdráttarskuld ríkissjóðs við Seðlabankann um fjórðung frá því sem ætla mátti að hún yrði í árslok 1974. Í stefnuræðu á Alþ. gerði ríkisstj. ráð fyrir að skuldin við Seðlabankann yrði þá einn milljarður. En þótt komið væri fram í nóv. þegar þau orð voru sögð reyndist forsjálnin og raunsæið ekki meiri en svo, að áramótauppgjör sýndi að skuldin var þrem og hálfum sinni meiri eða sem næst hálfur fjórði milljarður. Og heldur varð lítið úr fyrirheitinu um að lækka þessa skuld á árinu 1975. Þvert á móti margfaldaðist hún enn og nam um síðustu áramót 12 milljörðum og 157 millj. kr., hafði rúmlega þrefaldast á árinu. Þvílíkur greiðsluhalli ríkissjóðs þvert ofan í allar áætlanir ber vott um að ríkisstj., sem í hlut á, hefur gersamlega misst tök á fjármálum ríkisins.

Þegar reikningar ríkisbúsins votta slíkt sleifarlag liggur nærri að álykta að fleira en aðsteðjandi vandi eigi sök á kröggum þjóðarbúsins út á við. Við valdatökuna hét ríkisstj. því, eins og áður er sagt, að sporna við hinni öru verðbólguþróun og tryggja sem best lífskjör almennings. Hér mætti tilfæra ýmsar tölur sem sýna hver raunin hefur á orðið. En lestur á talnarunum á illa heima í útvarpi og þar að auki gerist slíks ekki þörf því að hver og einn ykkar, hlustendur góðir, getur dæmt um það af eigin reynslu hver verðbólguþróunin hefur orðið og hversu kjörunum er komið.

Orðskrúðið í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. er orðið argasta öfugmæli. Ríkisstj. sjálf gerir sér mætavel ljóst að viðureign hennar við verðbólgu og hallabúskap hefur síður en svo borið tilætlaðan árangur. Þetta kom glöggt í ljós í stefnuyfirlýsingunni sem flutt var í upphafi þess þings sem nú situr. Þar lýsti ríkisstj. yfir þeim ásetningi að ná víðtækri samstöðu um sameiginlegt viðnám gegn verðbólgunni. Vinnubrögðum við að ná því marki var lýst svo í stefnuræðunni, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. mun beita sér fyrir viðræðum allra aðila um samræmda launastefnu og leiðir til að komast fyrir rætur verðbólgunnar. Jafnframt þarf að vinna að því að móta nýjar reglur um meðferð vinnudeilna og lausn kjaramála í ljósi reynslu undanfarinna ára.“

Þetta stefnumark setti ríkisstj. sér með tilvísun til kjarasamninga sem þá fóru í hönd og nú standa sem hæst, með þeim hætti sem ekki þarf að lýsa fyrir neinum. En eins og fyrri daginn hefur ríkisstj. látið sitja við góðan ásetning og fögur orð. Efndir hafa alls engar orðið. Hver hefur orðið við það var að ríkisstj. hafi nokkuð það aðhafst sem talist geti uppfylla hátíðlegt loforð um að beita sér fyrir viðræðum allra aðila um samræmda launastefnu og leiðir til að komast fyrir rætur verðbólgunnar, svo að enn sé — með leyfi hæstv. forseta — vitnað orðrétt í stefnuyfirlýsingu hennar sjálfrar, flutta þjóð og þingi úr þessum ræðustól fyrir réttum fjórum mánuðum? Ekki nokkur lifandi maður hefur orðið slíks var. Stefnuyfirlýsingin hefur reynst innihaldslaust orðagjálfur. Ekki síst fyrir þá sök er nú komið sem komið er. Allsherjarverkfall á sjó og landi búið að standa í viku, einmitt þegar loðnuvertíð ætti að standa sem hæst og sjór er sagður svartur fyrir Suðurlandi af þessum eina meiri háttar nytjafiski okkar sem ekki er fullnýttur.

Alltaf hlýtur að vísu að vera álitamál hversu náin afskipti ríkisstj. á að hafa af kjarasamningum á almennum vinnumarkaði og niðurstaðan að mótast af aðstæðum hverju sinni. En þegar boðað hefur verið hátíðlega að ríkisvaldið muni eiga frumkvæði að allsherjarsamráði aðila um tiltekin grundvallaratriði, eins og gert var í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. í haust, hlýtur það að teljast kórvilla, sem hefnir sín óþyrmilega,

að láta sitja við orðin tóm, hafast ekkert að til að framkvæma gefið fyrirheit.

Framleiðslutap gerir vonda stöðu þjóðarbúsins enn verri. Tekjutap rýrir enn frekar bága afkomu lágtekjuheimila í landinu. Ráðleysi ríkisstj. skerðir traust á æðstu stofnunum þjóðarinnar. Innanlandsátök um tekjuskiptingu stéttanna skella yfir á versta tíma, þegar sýnt er að ekki er annars úrkosta en heyja enn um sinn harða baráttu fyrir mesta lífshagsmunamáli okkar íslendinga, fullum yfirráðum yfir veiðum á fiskimiðunum sem landinu heyra til. Fulltrúar allra flokka eru loks á einu máli um að ekki er nokkur grundvöllur fyrir undanþágusamningum við bresku stjórnina og því ekki annarra kosta völ en heyja enn einu sinni vandasama baráttu á miðunum með takmörkuðu bolmagni okkar við ofurefli breska flotans.

Ljóst er af ummælum breskra áhrifamanna og blaða að þvergirðingsháttur bresku stjórnarinnar stafar m. a. af því að hún geri sér von um að íslenska ríkisstj. sé svo veik vegna erfiðrar stöðu þjóðarbúsins og innbyrðis ósamkomulags stjórnarflokkanna að unnt sé að knýja hana til undanhalds.

Eins og menn hafa mátt heyra, halda sumir talsmenn stjórnarflokkanna í þessum umr. því fram, að till. um vantraust á ríkisstj. og opinskáar umr. um þau rök, sem til slíks tillöguflutnings liggja, séu óvinafagnaður, eins og nú stendur á í landhelgisdeilunni. En það er að hafa endaskipti á hlutunum að slá slíku fram. Eins og nú er komið málum er það mestur ógreiði við íslenskan málstað í landhelgismálinu og íslensku þjóðina að láta sem ekkert sé, að draga fjöður yfir þá erfiðleika sem við er að etja. Mesta ábyrgðarleysið og óvinafagnaðurinn, eins og nú er komið, er að loka augunum fyrir því að með áframhaldi á sömu lausatökum á þýðingarmestu þáttum þjóðmála og viðgengist hafa undanfarin missiri er ekki aðeins teflt í voða fjárhagslegu sjálfstæði þjóðarinnar, atvinnuöryggi og afkomu almennings. Slíkur ófarnaður væri þar á ofan næstum það eina sem megnaði að svipta okkur aðstöðunni sem nú er fengin til að vinna innan skamms endanlegan sigur í landhelgismálinu. Til slíks má með engu móti koma nú þegar langþráð markmið er loks í sjónmáli.

Öllum er fyrir bestu að talað sé tæpitungulaust um það sem á hefur bjátað öðru fremur hjá ríkisstj. Engar eða lélegar efndir á fyrirheitum hennar og stefnumálum stafa ekki af því að ráðh. vanti vilja til að gera betur.

Það, sem háir ríkisstj., er að stjórnarflokkarnir styðjast við hagsmunahópa sem sæta sérhvers færis að bregða fæti fyrir aðkallandi kerfisbreytingar, svo sem í skattamálum, fjárfestingarlánamálum og verðlagsmálum, sem eru skilyrði fyrir því að ráðin verði bót á misrétti sem stuðlar að sífelldu jafnvægisleysi í fjármálum og tekjuskiptingu. Þessir sérhagsmunir fléttast saman við ágreining og valdatogstreytu í stjórnarflokkunum og á milli þeirra, sem veldur því allt í sameiningu að ríkisstj. er haldin úrræðalömun á háu stigi í mörgum hinum þýðingarmestu málum þrátt fyrir yfirgnæfandi meiri hluta á þingi. Henni notast ekki þingstyrkurinn vegna þess að þinglið hennar er sjálfu sér sundurþykkt. Átakanlegast hefur úlfúðin og tortryggnin innan stjórnarliðsins komið í ljós í því hvernig haldið hefur verið á landhelgismálinu síðustu vikur. Þar hefur dráttur á ákvörðunum og ósamhljóða yfirlýsingar flokksmálgagna vakið almennar efasemdir um stjórnhæfni ríkisstj.

Vantrauststill., sem hér er til umr., er því borin fram að ærnu tilefni, herra forseti. Stjórnarandstöðu ber að segja ríkisstj. til syndanna, og eins og nú er komið málum verður það ekki gert eins rækilega og tilefni krefst nema með því að efna til vantrauststumr. í áheyrn alþjóðar. Enn má gera sér vonir um að þrátt fyrir það, sem úrskeiðis hefur farið og ég hef lýst með dæmum, sé enginn óbætanlegur skaði skeður fyrir þjóðina. En flestra dómur er að miklar hættur leynist fram undan. Þinglið stjórnarflokkanna ræður því að sjálfsögðu hvert framhaldið verður. Það hefur meiri hlutann og ber ábyrgðina. Á þess valdi er að taka sig á og gera betur. En það má engan tíma missa. Reynist slíkt ekki gerlegt situr ríkisstj. óhagganlega föst í því óheillafari sem hún hefur skorðast í. Verður að vona að nógu margir stjórnarþm. geri sér grein fyrir að þá er vænsti kosturinn fyrir þjóðina að spilin séu stokkuð á ný, því að við svo búið má ekki lengur standa ef ekki á verr að fara.

Þökk þeim sem hlýddu.

Forseti (Friðjón Þórðarson): Hv. 3. landsk. þm., Magnús T. Ólafsson, lauk máli sínu. Hefst þá síðari umferð og hefur hver þingflokkur til umráða 10—15 mín. Röð flokkanna verður þessi: Alþfl., Framsfl., SF, Sjálfstfl. og Alþb. Næstur talar hv. 9. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason. Hann talar af hálfu Alþfl.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Góðir íslendingar. Í síðustu bók sinni, „Í túninu heima", segir Halldór Laxnes: „Þjóðfélagið var ekki einu sinni til þegar ég var að alast upp: við skulum vona að það sé til núna svo hægt sé að bæta það þó áritun þess sé óþekkt og ekki hægt að fara í mál við það. Um daginn spurði ég gáfaðan kunningja minn hvaða félagsskapur þetta væri — hvort það væri þjóðin eða ríkið, eða ríkisstj. eða Alþ., kannske summan af öllu þessu. Þessi gáfaði vinur bretti heldur en ekki brúnirnar og svaraði að lokum: Ætli það sé ekki einna helst lögreglan? Eitt er víst, að oft þegar menn tala um þjóðfélag, meina þeir stríðsfélag eða ófriðarfélag, þar sem einlægt er verið að jagast og fljúgast á: annað ekki. Einu sinni var kot í Hafnarfirði og hét Ófriðarstaðir af því þar bjuggu karlar sem voru einlægt í áflogum. Betri menn skírðu bæinn upp og kölluðu hann Jófriðarstaði. Ef þjóðfélagið er sama og ófriðarfélag mætti kannske skíra það Jófriðarfélagið."

Svo mörg eru þau orð skáldsins. Skyldi hugsandi mönnum ekki koma hitt og þetta í hug þegar þeir heyra þessi orð? Er ekki kominn tími til þess að menn hugleiði í alvöru hvernig þjóðfélagið á Íslandi er orðið, hvers konar þjóðfélag hefur verið að þróast á Íslandi á undanförnum árum, hvers konar gervimynd af réttlátum þjóð-

félagsháttum og heilbrigðu réttarríki hér er orðið um að ræða? Þegar Alþingi ræðir till. um vantraust á ríkisstj., er þá ekki einmitt rétti tíminn til þess að gera nokkra úttekt á þjóðfélaginu og stjórnarháttum?

Engum sanngjörnum manni dettur í hug að kenna ríkisstj. um allt það sem aflaga fer í þjóðfélagi. En þegar við blasir annar eins glundroði og nú einkennir íslenskt þjóðfélag, þegar sumir komast upp með að raka saman fé og svíkja undan skatti meðan eldra fólk á erfitt með að draga fram lífið, meðan augljóst er að menn eru ekki jafnir fyrir lögunum, þannig að réttlætiskennd heiðvirðs borgara ofbýður, er þá óeðlilegt að spurt sé hvort stjórn landsins hafi reynst vanda sínum vaxin?

Við skulum byrja á því að líta stuttlega á efnahagsmálin. Á s. l. ári var hér 45—50% verðbólga, sem hefur þó, sem betur fer, farið nokkuð minnkandi. Hún brennir á báli verulegan hluta af sparifé landsmanna. En jafnvel sú verðbólga, sem nú er hér, hefur ekki þekkst nema með frumstæðum þjóðum sem búa annaðhvort við stjórnleysi eða spillt stjórnarfar. Í hóp slíkra ríkja er menningarþjóðin íslendingar nú komin.

Og hvernig er háttað viðskiptum þjóðarinnar við önnur lönd? Í fyrra var viðskiptahalli við útlönd 22 milljarðar. Um s. l. áramót höfðu íslendingar safnað skuldum erlendis sem námu 73 milljörðum. Innan fárra ára verðum við að greiða fimmtu hverja krónu, sem við öflum okkur með útflutningi, í afborganir og vexti af erlendum skuldum.

Skyldi nú ekki allt þetta hafa valdið því að stjórnvöld rönkuðu eitthvað við sér og tækju að beita aðsjálni í meðferð ríkisfjár, sameiginlegs fjár okkar allra landsmanna? Ekki aldeilis. Á s. l. ári var greiðsluhalli ríkissjóðs yfir 5 milljarða. Um áramótin var skuld ríkissjóðs við Seðlabankann hvorki meiri né minni en 10 milljarðar. Í fyrra varð ríkissjóður að greiða Seðlabankanum 900 millj. kr. í vexti og afborganir af skuldaaukningu á því ári.

En skyldi þá ekki þetta botnleysi í efnahagsástandinu hafa opnað augu ríkisstj. fyrir því að fyrirhyggju þurfi að gæta varðandi opinberar framkvæmdir? Ekki er því heldur að heilsa. Skal eitt dæmi nefnt því til sönnunar, málefni Kröfluvirkjunar. Hér skal látið liggja milli hluta að mikið skortir á að tæmandi og skýr grein hafi verið gerð fyrir vafasömum viðkiptaaðferðum í sambandi við undirbúning þessara framkvæmda. Hins vegar skal bent á nokkrar staðreyndir í sambandi við virkjunina.

Á þessu ári er gert ráð fyrir því að ríkisframkvæmdir, sem fjármagna á með lánsfé, nemi tæpum 10 milljörðum. Ríkisstj. afladi sér skömmu fyrir jól heimildar til þess að nota rúma 4 milljarða af þessari fjárhæð vegna Kröfluvirkjunar, og er þar um að ræða stærstu framkvæmdina sem áætluð er að muni kosta alls um 7 milljarða kr. Kröfluvirkjun er byggð af þremur aðilum: Kröfluvirkjunarnefnd, sem skipuð er út frá stjórnmálasjónarmiðum og byggir orkuverið, Jarðhitadeild Orkustofnunar sem borar og virkjar gufuholur og Rafmagnsveitum ríkisins sem byggja háspennulínur og sjá um orkuflutninginn. Hins vegar hefur enn engin ákvörðun verið tekin um það, hvaða aðili eigi að reka þetta risafyrirtæki. Það kann að eiga sér eðlilegar skýringar. En hitt er alþjóð eflaust ekki kunnugt, að engin rekstrar- eða greiðsluáætlun er til um þetta risafyrirtæki fram í tímann. Slíkt hefur aldrei gerst áður í sambandi við meiri háttar virkjunarframkvæmdir hér á landi og er vafalaust einsdæmi með þjóðum þar sem telja má sómasamlegt stjórnarfar og efnahagskerfi. Því hefur verið marglýst opinberlega af sérfræðingum, að framleiðslugetan verði fyrstu árin langt umfram rafmagnsþörfina, jafnvel þótt Austurland verði tengt virkjuninni. Afleiðingin er augljós: annaðhvort gífurlegur rekstrarhalli eða geysihátt rafmagnsverð. En hvað varðar pólitíska spákaupmenn um slíkar staðreyndir? Þeir eru í kapphlaupi um að eyða sem mestu fé í framkvæmdir í sínu kjördæmi. Og þó er sagan ekki öll sögð með þessu. Hörmulegar náttúruhamfarir hafa valdið því að vísindamenn hafa hvatt til varkárni varðandi áframhaldandi framkvæmdir. En hvað skyldi stjórnmálamenn, sem eru í kapphlaupi um kjósendur, varða um slíkt?

Eigum við að líta svolítið á ástandið í skattamálum ríkisins? Á þessu ári er gert ráð fyrir því að einstaklingar greiði 5.6 milljarða í tekjuskatt, en öll félög í landinu aðeins 1 milljarð. Í fyrra greiddu aðeins 55—60% þeirra félaga og einstaklinga, sem stunda atvinnurekstur, tekjuskatt, alls um 1600—1700 millj. kr. Talið hefur verið að af 100—130 milljarða veltu í ýmsum atvinnurekstri hafi í fyrra alls enginn tekjuskattur verið greiddur. Hins vegar verður launamaðurinn að greiða skatt af svo að segja hverri krónu sem hann aflar sér. Er við því að búast að talað sé um félagslegt réttlæti í slíku þjóðfélagi?

En verðbólgan, sem ríkisstj. hefur ekki ráðið við, er samt ekki hið versta sem verið hefur að gerast, ekki heldur skuldasöfnunin erlendis sem ríkisstj. hefði átt að geta haldið í skefjum, ekki sukkið hjá ríkissjóði og ekki einu sinni glæframennskan í Kröflumálinu sem nokkrir stjórnmálamenn bera ábyrgð á. Það, sem er mest ógnvekjandi í þróun mála á Íslandi undanfarið, er að það hefur verið að gerast sem varla nokkur maður hefði trúað fyrir fáeinum árum að gæti gerst á Íslandi. Það hriktir í sjálfum siðferðisgrundvelli þjóðfélagsins. Til hafa orðið hópar afbrotamanna sem safna auði á smygli, fikniefnasölu, að ekki sé talað um skattsvik, og virðast jafnvel ekki skirrast við óhugnanlegustu glæpum. Engum dettur í hug að kenna stjórnvöldum þessa þróun mála. En sá uggur lædist nú að æ fleirum að hvorki þau né þjóðin sjálf hafi verið nægilega vel á verði. Viðskiptafrömuðir, sem til skamms tíma virtust njóta virðingar í þjóðfélaginu og voru vinmargir og veitulir og umgengust jafnvel áhrifamenn í stjórnmálum, hafa nú orðið að sæta alvarlegum ákærum og verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald. Um suma gildir það að þeir hafa fengið stórt bankalán nokkru áður en þeir voru hnepptir í gæsluvarðhald, um aðra að þeir hafa gefið út háar innistæðulausar ávísanir rétt áður. Slíkir menn hafa orðið uppvísir að nokkurra ára gömlum skattsvikum án þess þó að hafa enn verið ákærðir, hvað þá að þeir hafi greitt hinn ógoldna skatt eða sekt. Getur hjá því farið að almenning setji hljóðan við slík tíðindi? Hvað er hér á ferðinni? Erum við ekki lent á ægilegum villigötum?

Samtímis því að þessir ógnvekjandi hlutir eiga sér stað er farið að nota orðið „mafía“ í ríkari mæli á Íslandi en nokkru sinni fyrr. Það var sjálfur dómsmrh. Íslands sem var upphafsmaður að umr. um mafíu á Íslandi. En hann notaði ekki mafíu-orðið um þá menn sem rætt var um hér að framan. Hann notaði það um aðstandendur dagblaðs hér í Reykjavík, — dagblaðs sem ýmsir telja næststærsta blað landsins, — blaðs sem í ritstjórnargreinum styður samstarfsflokk dómsmrh. í ríkisstj.

Eg held að óhætt sé að segja að þjóðina hafi sett hljóða þegar hún heyrði dómsmrh. sinn í ríkisútvarpinu kenna aðstandendur eins aðalblaðs þjóðarinnar við glæpahringi. En öllum mönnum getur orðið á að segja orð í ógáti og allir eiga leiðréttingu orða sinna. Þess vegna trúðu menn varla eigin eyrum þegar dómsmrh. þjóðarinnar endurtók þessi orð á Alþ. daginn eftir og meira að segja með sýnu meiri þunga. Tilkynnt hefur verið að aðstandendur blaðsins og ritstjóri þess höfði mál á hendur ráðh. og verður þeim ekki láð það. En er nú von að menn spyrji einnig að gefnu þessu tilefni hvað sé eiginlega að gerast á Íslandi, hvar á vegi við íslendingar séum staddir?

Í þessu sambandi verður ekki komist hjá að nefna að formaður Framsfl. lýsti því yfir fyrir skömmu hér á Alþ. að engin fjármálatengsl væru milli flokks hans og veitingastaðar hér í bæ sem gerst hefur sekur um margvísleg afbrot. Rétt á eftir birti ein af stofnunum flokksins, Húsbyggingasjóður hans, yfirlýsingu um að hann hefði átt fjárhagsviðskipti við þetta veitingahús. Þau voru vægast sagt undarleg og áttu sér einmitt stað meðan veitingahúsið var lokað að fyrirmælum lögregluyfirvalda og rétt áður en það var opnað aftur að tilhlutan dómsmrh. Hann hefur sagt að hér séu engin tengsl á milli. Áratugalöng kynni mín af Ólafi Jóhannessyni valda því að það hvarflar ekki að mér eitt andartak að hann segi annað en það sem hann veit sannast og réttast. Hitt er opinber staðreynd, að milli einnar stofnunar Framsfl. og veitingahúss, sem þá þegar stundaði vægast sagt vafasama starfsemi, hafa átt sér stað undarleg fjármálaviðskipti. Er jafnskýrum mönnum og forustumönnum Framsfl. virkilega ekki ljóst að venjulegum borgurum með heilbrigða dómgreind og réttlætiskennd finnst að hér þurfi nánari skýringa við? Er nema von að menn spyrji hvort öll kurl séu komin til grafar í þessu sambandi? Hvers vegna biður Framsfl. ekki sjálfur um rannsókn á þessu máli öllu til þess að firra sig öllum grunsemdum og sanna sakleysi sitt? Er það líklegt til þess að auka virðingu manna fyrir stjórnmálaflokkunum og efla traust á þeim að hann skuli ekki gera það?

Ég held að allt þetta, sem ég hef nefnt, hljóti að verða hugsandi mönnum á Íslandi alvarlegt íhugunarefni og það sé einmitt sérstök ástæða til þess að hugleiða þessi mál öll nú þegar Alþingi íslendinga ræðir stöðu ríkisstj. hér á þingi og með þjóðinni. Það er gömul saga að tveim stærstu flokkum þjóðarinnar hefur aldrei gengið vel að vinna saman. Milli þeirra ríkir áratugagömul tortryggni og reynslan hefur margleitt í ljós að þegar þeir standa saman að ríkisstj. magnast sundrung innan þeirra sjálfra sem gerir þeim erfitt að halda á málum af nægilega mikilli festu og með nógu heilsteyptu hugarfari. Oft hefur verið við alvarleg vandamál að glíma á Íslandi þegar þessir flokkar hafa farið með völd. Er skemmst að minnast áranna 1950—1956 þegar tvær ríkisstj. þessara flokka fóru með völd á 6 árum og sundruðust báðar áður en venjulegu kjörtímabili væri lokið. Það hafði örlagaríkar afleiðingar að þessar tvær ríkisstj. voru sjálfum sér sundurþykkar þótt þær hefðu mikinn þingmeirihluta að baki sér. Nú eru vandamálin á öllum sviðum margfalt alvarlegri en þá og auk þess komin til kjalanna ný vandamál sem þá voru óþekkt og enginn lét sér til hugar koma að upp gætu komið.

Hafi nokkurn tíma verið þörf á styrkri, samhentri og heiðarlegri stjórn á Íslandi, þá er það nú. Það þarf að stuðla að sanngjarnri lausn vinnudeilnanna sem nú geisa, víðtækustu vinnudeilna sem um getur í sögu þjóðarinnar. Auðvitað er hér fyrst og fremst um að ræða mál aðila vinnumarkaðsins sjálfs, en í öllum vinnudeilum undanfarinna áratuga hafa ríkisstj. átt hlut að máli er deilurnar hafa leyst. Engin ríkisstj. hefur fram til þessa verið jafnathafnalítil í þessu efni og sú, sem nú situr. Það verður að draga úr verðbólgunni og viðskiptahallanum við útlönd, það verður að hafa hemil á útgjöldum ríkissjóðs og erlendri skuldasöfnun, það verður að tryggja atvinnuvegunum traustan grundvöll að starfa á svo að öruggt sé að allir hafi verk að vinna. Á tæplega tveggja ára starfsferli sínum hafa núverandi stjórnarflokkar sýnt að þeim er um megn að leysa þetta verkefni.

En síðast, en ekki síst er nauðsynlegt að þjóðin glati ekki trú á það að hún búi í réttarríki. Íslendingar ætlast til þess að komið verði í veg fyrir starfsemi einstakra afbrotamanna og afbrotamannahópa. Hún krefst þess að þau sakamál, sem nú eru á döfinni, verði rannsökuð niður í kjölinn og ekki slegið þar slöku við, heldur hafður á fyllsti hraði, samtímis því auðvitað að réttaröryggis sé gætt. Takist ekki að upplýsa þau mál sem um er að ræða og sjái almenningur ekki svart á hvítu að þeir, sem sekir kunna að reynast, hljóti sinn dóm hefur íslenskt þjóðfélag hlotið það sár sem seint mun gróa. Það er skylda ríkisstj. og þá fyrst og fremst dómsmrh. að auðvelda rannsóknarlögreglu og dómstólum störf þeirra að þessum málum með því að láta þeim í té alla þá viðbótarstarfskrafta sem þeim eru nauðsynlegir, en opinberlega hefur verið undan því kvartað að skortur á starfskröftum tefji rannsóknarstörfin. Þjóðin vill láta vinna af hörku og alvöru gegn skattsvikum og smygli, fíkniefnaviðskiptum og fjársvikum, en ekki með neinum vettlingatökum. Ef ríkisstj. léti hendur standa fram úr ermum í þessum efnum hefði hún stuðning allra góðra manna á landinu.

Herra forseti. Til þess að geta tekist með árangri á við mikil vandamál er ekki nóg að hafa að nafninu til mikinn meiri hl. á Alþ. Stjórnvöld þurfa að hafa vit og vilja til þess að leita samstöðu við þau þjóðfélagsöfl sem geta stuðlað að því að snúa óheillaþróun í æskilegar framfarir og haft samstarf við þau. Nú þarf samstaðan og samstarfið að vera víðtækara en nokkru sinni fyrr því að nú er þjóðinni ekki aðeins efnahagsvandi á höndum, heldur siðferðilegur vandi. Spurningin er nú ekki aðeins um það hvort

hér eigi að komast aftur á heilbrigt efnahagskerfi. Spurningin er einnig sú, hvort okkur tekst að halda uppi ótvíræðu réttarríki á Íslandi, hvort við megnum að varðveita þann siðgæðisgrundvöll þjóðfélagsins og þar með sjálfsvirðingu okkar. En án þess verða allar kjarabætur og allar efnahagsframfarir lítils virði þegar til lengdar lætur.

Ég á enga ósk heitari þjóð minni til handa en að takast megi að efla efnahagskerfið, varðveita réttarríkið og treysta það siðgæði sem þjóðfélag okkar verður að byggjast á og andleg heill okkar er undir komin. Með þessum orðum lýk ég máli mínu.

Ég þakka þeim, sem hlýddu.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Út af orðum síðasta ræðumanns vaknar sú spurning hvort öll sú óheillaþróun í þjóðfélaginu, sem hann var að lýsa, hafi þá fyrst komið til sögu þegar hann vék úr ríkisstj. Var þá eintómt englasamfélag hér á landi þegar hann sat í ríkisstj.? Ég sé nú ekki enn að það séu farnir að vaxa á honum neinir vængir.

Ég held að vantrauststill. hafi sjaldan verið borin fram í minni alvöru eða af meira ábyrgðarleysi en sú sem hér liggur fyrir.

Ég efast um að nokkru sinni áður hafi við hliðstæðar aðstæður verið stefnt að stjórnleysi að kalla um skemmri eða lengri tíma, því að stjórnarandstæðingar hafa lýst því yfir að þeir hefðu ekki nýja ríkisstj. í handraðanum.

Svokallaðar röksemdir flm. vantrauststill. eru í hnotskurn þær að ástandið sé svo alvarlegt, bæði út á við og inn á við, að stjórninni beri að víkja, enda sé sýnt að hún fái ekki við það ráðið, hvorki við landhelgismálið né efnahagsmálin, ný stjórn þurfi að koma til.

Ásakanir Benedikts Gröndals á hendur dómstólum og dómsyfirvöldum tel ég hér ekki með. Væri þar um einhverjar misfellur að ræða, ætti ég einn að bera ábyrgð þar á, en ekki ríkisstj. í heild. Það væri því drengilegra að bera fram vantraust á mig einan. Það skal ég með ánægju ræða hvenær sem er.

Það er vissulega rétt að við margvíslega erfiðleika er að etja, bæði út á við og innanlands. Þjóðin stendur nú í alvarlegri landhelgisdeilu við breta en nokkru sinni fyrr. Á fáu ríður meir en þjóðin standi einhuga saman í þeirri baráttu sem fram undan er. Það er illt verk að stofna þar til sundrungar og vil ég ekki ætla stjórnarandstæðingum það. Það er og sannleikurinn að til þessa hefur þjóðin öll átt samleið í þessu máli. Það er, að ég ætla, ekki ágreiningur um að landhelgisgæsluna þurfi að efla. Ég vænti að samstaða verði á þingi um nauðsynlega fjáröflun í því skyni. Það hefur ekki verið ágreiningur um þær aðgerðir sem gripið hefur verið til, t. d. við stjórnmálaslitin. Stjórnarandstæðingar hafa ekki verið þeim andstæðir, nema þá Alþb. að því er varðar heimsókn dr. Luns. Ég fæ því ekki séð að þar geti þeir fótað sig á vantrausti. Það hefði þó skömminni til verið skárra þá að flytja vantraust í sambandi við Þýskalandssamninginn á sínum tíma.

Hitt er annað mál, að þeir kunna að vilja að gripið sé til enn frekari aðgerða, og liggur þó ekki ljóst fyrir hvort þeir eru allir á sama máli. En þá eiga þeir vitaskuld að flytja um það till. og kanna hvort um hana eða þær geti náðst samstaða. Ef svo reyndist ekki, þá væri fyrst ástæða til vantrauststill. af þeim sökum, ef menn þá teldu það horfa til heilla fyrir íslenskan málstað að flíka slíkum ágreiningi. En hvað sem um það er, held ég að það yrði ekki til að létta okkur róðurinn í landhelgisbaráttunni — þessu lífshagsmunamáli — ef núv. ríkisstj. væri vottað vantraust og sest niður við stjórnarmyndunartilraunir, sem enginn veit hvenær eða hvernig kynnu að enda. Ég held að slíkt yrði vatn á myllu breta.

En svo mikil ævintýramennska sem það er að ætla að steypa stjórninni í miðju landhelgisstríðinu við breta, þá er það þó enn meira ábyrgðarleysi með tilliti til þjóðfélagsástandsins hér innanlands að stofna til stjórnarupplausnar með öllu því er þar mundi sigla í kjölfarið.

Það er rétt að margt hefur verið mótdrægt í þjóðmálum hér á landi hin síðari missiri. Má þar til nefna versnandi viðskiptakjör, vaxandi verðbólgu, gjaldeyrishalla, rýrnun lífskjara og nú síðast, en ekki síst vinnudeilur og verkföll, svo að nokkuð sé nefnt. En verður ríkisstj. með nokkurri sanngirni kennt um þessi áföll? Ég held varla, nema þá út frá svipuðum sjónarmiðum og fyrrum er konungum var kennt um uppskerubrest og náttúruhamfarir. Þau eiga að verulegu leyti rætur að rekja til óviðráðanlegra utanaðkomandi ástæðna. Önnur má rekja til innanlandsaðstæðna sem ekki hafa verið á valdi stjórnvalda eða þá ekki nema að litlu leyti. Að sjálfsögðu hafa þessari stjórn eins og öllum öðrum orðið á einhver mistök. Og satt er það, að á þessum sviðum getur oft verið erfitt að greina á milli orsakar og afleiðingar. Auðvitað geta verið skiptar skoðanir í ríkisstj. um einstök mál. En er líklegt að önnur og veikari stjórn hefði verið betur í stakk búin að takast á við vandamálin? Það er ósennilegt, svo að ekki sé meira sagt. Og eitt er víst, að ekkert hefur fram komið sem bendir á að stjórnarandstæðingar hafi átt nein haldbetri úrræði í handraðanum. Þvert á móti, allur þeirra málflutningur og öll þeirra tillögugerð hefur miðað að því að skapa hér meiri vanda á svo að segja hvaða sviði sem er. Uppistaðan hefur ætíð verið sú hin sama: kröfugerð á hendur því opinbera, og ívafið þversagnakennt óraunsæi.

Sannleikurinn er auk þess sá að í sumum þeim efnum, sem ég nefndi, er nokkuð farið að rofa til eða a. m. k. leit svo út að nokkuð væri að birta til nema ný vandræði kæmu til.

Þannig hefur t. d. nokkur breyting í bataátt á viðskiptakjörum átt sér stað. Verðlag á sumum útflutningsafurðum hefur talsvert hækkað, t. d. á Bandaríkjamarkaði, verð á skreið hefur lyft sér, saltfisksverðið hefur verið viðunandi þrátt fyrir ýmsa erfiðleika á því sviði. Hægt var að fá gott verð fyrir frysta loðnu, sem e. t. v. kemur að visu að litlu gagni ef hún fær að ganga óveidd hjá garði. Þannig mætti fleira nefna. Verðlag á innfluttum vörum hefur hins vegar færst í stöðugra horf og í sumum tilfellum hefur verið um nokkra lækkun að ræða.

Verðbólgan hefur hægt á sér upp á síðkastið. Þannig má t. d. nefna að á síðasta þriggja mánaða tímabili hækkaði vísitalan um 3.2%. Á sömu mánuðum í fyrra hækkaði vísitalan hins vegar um 8.8%. Vísitöluhækkun síðustu þriggja mánaða samsvarar því að verðbólgan aukist um tæp 13% á heilu ári, en árið 1974 og fram á mitt ár 1975 var verðbólguaukningin um 50%. Þessar tölur tala sínu máli og þeim hefur tæpast verið nægur gaumur gefinn. Vitaskuld getur þessi þróun farið úr böndum ef óskynsamlega er á málum haldið.

Þróun gjaldeyrismála virðist einnig hafa stefnt í rétta átt allra síðustu mánuðina. Janúar og febrúar munu að jafnaði vera taldir einna erfiðustu mánuðirnir í gjaldeyrislegu tilliti. Þessir mánuðir í ár munu í þessum efnum verða miklum mun hagstæðari en sömu mánuðir í fyrra. Gjaldeyrisviðskipti viðskiptabankanna voru að vísu nokkuð fyrir neðan strikið í janúar, en það sem af er febrúar hafa gjaldeyriskaupin verið nokkru meiri en gjaldeyrissalan, þannig að miðað við síðasta daginn, þ. e. 19. þ. m., sem ég hef tölu um, voru viðskiptin hjá þessum bönkum hagstæð í mánuðinum um 310 millj. kr. Ég þarf auðvitað ekki að taka fram að þarna eru ekki lántökur taldar með.

Þegar mál hafa þannig nokkuð þokast til réttrar áttar, má það seinheppni kallast að fara einmitt þá að flytja vantrauststillögu.

Hinu er ekki að leyna, að um þessar mundir hvílir þungur skuggi yfir þjóðarbúi þar sem eru hinir óleystu kjarasamningar og víðtækar vinnustöðvanir sem lama um sinn allt athafnalíf í landinu. Ég held að það sé unnið að lausn þessara erfiðu deilumála af fullum krafti. Fundir eru haldnir linnulaust og í rétta átt virðist miða. Vonandi tekst að leysa þau sem allra fyrst svo að hjól atvinnulífsins taki aftur að snúast. Það hljóta allir góðviljaðir menn að vona. Það þarf ekki að eyða orðum að því hvert tjón vinnustöðvunin hefur í för með sér fyrir þjóðarbúið. Það getur tekið langan tíma að vinna það upp, og það er staðreynd, sem ekki verður komist í kringum, að vegna þessarar stöðvunar verður minna til skiptanna en ella. Fram hjá því komast menn ekki, hver sem niðurstaða samninga verður, að hver vinnustöðvunardagur þýðir að kakan til skiptanna verður minni en ella og lífskjör fyrir heildina þar af leiðandi eitthvað lakari fyrst um sinn.

En ég held að á því viðkvæma stigi sem deilan er á sé engum greiði ger með því að fjölyrða um hana á þessum vettvangi. Ég vil aðeins segja að það er fáranlegt að ætla að varpa ábyrgð á deilunni á annan hvorn aðila. Vinnubrögð í þessari deilu virðast ekki hafa verið frábrugðin því sem áður hefur verið. Vinnubrögð á því sviði virðast satt að segja vera komin í fastar skorður — óþarflega fastar skorður að mörgum finnst. Það er engin ný bóla að slík deila leysist ekki fyrr en eftir vinnustöðvun. Það er alltaf jafntilfinnanlegt og ég vil segja hörmulegt. En við byggjum á frjálsum samningsrétti á vinnumarkaðinum. Vill nokkur í raun og veru hverfa frá því skipulagi? Ég býst ekki við því, þó að e. t. v. mætti setja nánari reglur um starfsaðferðir. En menn verða þá líka að taka þeim afleiðingum, sem kerfinu geta fylgt, og það þýðir ekki að horfa fram hjá því að málin eru margslungin og það tekur sinn tíma að ná endum saman á hinum ýmsu sviðum.

En eitt er víst, að vantraust á ríkisstj. verður ekki sérstaklega byggt á afskiptum eða afskiptaleysi hennar í þessum málum. Hún hefur haft þau skipti ein af þessum kjaramálum sem eðlileg má telja, og hafa vinnubrögð hennar að því leyti verið mjög á sömu lund og fyrri ríkisstj. Hún eða Þjóðhagsstofnunin hafa annast upplýsingamiðlun til aðila. Ég held að sú upplýsingamiðlun sé að verða æ fullkomnari. Ríkisstj. skipaði sáttanefnd. Í henni eiga sæti hinir ágætustu menn sem ég hef ekki heyrt neina gagnrýni á frá deiluaðilum. Sáttanefnd hefur sett óformlegar sáttatillögur, auðvitað sjálfstætt og óháð ríkisstj. Alþýðusambandið setti á sínum tíma fram 15 punkta, ef ég man rétt. Ég hef marglýst því yfir opinberlega að ég teldi ýmsa þeirra skynsamlega og athyglisverða. Síðar lögðu aðilar sameiginlega 14 atriði fyrir ríkisstj. sem hún tók afstöðu til, fyrst munnlega og síðar skriflega. Fallist var á sum, önnur tekin til vinsamlegrar athugunar, en nokkrum hafnað.

Til hverra frekari afskipta er hægt að ætlast af ríkisstj.? Vilja stjórnarandstæðingar að ríkisstj. hefði gripið inn í deiluna með öðrum hætti, t. d. með einhvers konar lagasetningu? Því trúi ég vart, enda hefur það ekki verið stefna þeirra hingað til. Og hinu er ekki hægt að halda fram, að ríkisstj. hafi haft nokkur ótilhlýðileg afskipti af þessum kjaramálum. Það er og víst, að ef á einhverjum einstökum atriðum stendur á lokastigi til þess að endar náist saman og til stjórnarinnar verður leitað mun hún gera það sem í hennar valdi stendur til þess að leysa hnútinn.

Það er óþurftarverk að ætla að reyna að blanda pólitík í þessar vinnudeilur. Ég hygg að flestir stjórnmálaflokkar eigi fylgismenn báðum megin borðsins. Ég vil alls ekki ætla hv. þm. stjórnarandstöðunnar slíkt. En hitt er víst, að málgögn þeirra eru ekki saklaus í því efni.

Ástandið er alvarlegt. Það má öllum vera ljóst. Þjóðfélagið stendur andspænis miklum vandamálum, sumum sem enn liggja ekki ljóst fyrir. Er nú skynsamlegt, þegar þannig stendur á, að ætlast til þess að þingræðisleg stjórn, sem á 42 þm. að stuðningsmönnum, hlaupi undan böggum og varpi frá sér vandanum? Nei, það væri ráðleysi og það hvarflar auðvitað ekki að neinum stjórnarþm. Það væri eins og að ætla að stíga af hestinum í miðju straumvatni.

Stjórnarandstæðingar loka augunum fyrir staðreyndum og vaða reyk. Þeir krefjast þess að stjórnin segi af sér. Þeir vilja nýja stjórn. Þeir vilja vera í þeirri stjórn. En hvernig á sú stjórn að öðru leyti að vera skipuð? Hvers konar stjórn vilja þeir? Þar er ekki milli margs að velja. Það er ekki til of mikils mælst að þeir gefi skýr og ótvíræð svör um það hvers konar stjórn þeir óski eftir í stað þeirrar sem nú situr, og eru þeir stjórnarandstæðingarnir allir þar á sömu línu? (StJ: Við viljum kosningar, Ólafur). Já, kosningar, já, það var töfraorðið, að setja þjóðina út í kosningar á þessum tíma, Jesús minn góður. — Það verður hlustað á svör þeirra um þetta efni. Það er ekki nema eðlilegt að menn biðji fyrir sér þegar menn heyra slíkt. Og það dugar

ekki að vera með neina vafninga eða útúrsnúninga við þessum spurningum því að af slíkum viðbrögðum verður líka ályktun dregin.

Það hefði kannske verið skiljanlegt og viðurkenningarvert ef stjórnarandstæðingar hefðu boðist til að hlaupa undir bagga með okkur, axla byrðarnar með okkur á þessum viðsjárverðu tímum, m. ö. o. óskað eftir þátttöku í stjórn allra flokka, svokallaðri þjóðstjórn. Það má vera að það hafi átt að skilja orð hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar eitthvað á þá lund að hann væri til í slíkt. En þó var þar töluð tæpitunga. Vera má nú, þótt þeir byðust til þess arna, að þá þætti í þeim lítill fengur eins og stendur, ef málflutningur þeirra er spegilmynd af hugarfarinu. En hvað um það, þeir hafa ekki óskað eftir að leggja hönd á plóginn með þeim hætti. Nei, þeir vilja stjórnina frá og út í óvissuna og jafnvel nýjar kosningar. Það er ekki þjóðráð á þessum tíma, það er Lokaráð.

Það má e. t. v. segja að það hafi verið óþarft að taka þessa vantrauststill. alvarlega. Það er fyrir fram vitað að hún er andvana fædd. Hún fær auðvitað ekki nema í hæsta lagi 18 atkv., þ. e. stjórnarandstæðinga. En auðvitað er þeim frjálst og ekki of gott að efna til þessarar almennu umr. Má þó vera að þeir hafi ekki erindi sem erfiði. Landsmönnum ætti að vera ljósara eftir en áður hvílíkt loddarahlutverk þeir hafa kosið sér, og þessi vantrauststill. er auðvitað ekkert annað en frumhlaup og fljótræðisflan.

Það, sem þjóðin þarf nú umfram allt, er að vera samtaka, en ekki sundurlynd. Kjörorðið á að vera: Samtaka þjóð. — Góða nótt.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Góðir hlustendur. Það er rangt, sem hæstv. dómsmrh. sagði áðan, að ríkisstj. hafi gert allt sem í hennar valdi stóð til þess að koma í veg fyrir þau verkföll sem nú hafa staðið í vikutíma. Í viðtali við dagblaðið Þjóðviljann s. l. þriðjudag sagði forseti Alþýðusambands Íslands, Björn Jónsson, m. a., með leyfi hæstv. forseta: „Ríkisstj. hefur hundsað allar þær stjórnmálalegu aðgerðir sem við höfum bent á að gætu liðkað fyrir samningum.“ Svo mörg eru þau orð og ég a. m. k. trúi því sem forseti Alþýðusambands Íslands hefur sagt um þessi mál, þannig að þessi ummæli hæstv. dómsmrh. eru röng.

Hvers vegna flytja formenn stjórnarandstöðuflokkanna hér á Alþ. nú till. um vantraust á ríkisstj.? Þannig hafa ýmsir spurt síðan sú till. til þál. um vantraust á ríkisstj., sem hér er til umr., var lögð fram s. l. miðvikudag, og margir bæta við: Af hverju var slík till. ekki flutt fyrr? Og víst er mjög eðlilegt að þannig sé spurt.

Stjórnarandstæðingar hafa frá upphafi verið í eindreginni andstöðu við meginatriði raunverulegrar stefnu núv. ríkisstj. og þeir hafa beitt sér af ákveðni gegn neikvæðum ráðstöfunum hennar, t. d. í efnahags- og kjaramálum, í byggðamálum og í samningamakki við erlend stórveldi um lífshagsmunamál þjóðarinnar, landhelgismálið. Og fullyrða má að ríkisstj. hafi fyrir alllöngu misst allt traust almennings í landinu.

Það er vitað mál að verulegur hluti kjósenda stjórnarflokkanna var andvígur núverandi stjórnarsamstarfi frá upphafi og taldi að samstarf þessara flokka kallaði fram það versta í þeim báðum. Og ferill ríkisstj. hefur sannfært fjölmarga til viðbótar um það að hún sé einskis trausts verð.

En þótt allur þorri landsmanna hafi þegar kveðið upp sinn vantraustsdóm yfir ríkisstj. og þótt stjórnarandstaðan hafi frá upphafi verið andvíg helstu aðgerðum stjórnarinnar, þá hefur það fyrst og fremst komið áþreifanlega í ljós nú síðustu vikurnar hversu hættulegt það er fyrir farsæld íslensku þjóðarinnar í nútíð og framtíð að þessi dáðlausa, úrræðalausa og sjálfri sér sundurþykka ríkisstj. sitji áfram við völd. Stjórnarandstæðingar flytja því ekki vantraust á ríkisstj. eingöngu vegna þess að þeir séu andvígir stefnu hennar, heldur fyrst og fremst til þess að vekja sérstaka athygli þjóðarinnar á þeirri miklu hættu sem framtíðarheill landsmanna stafar af áframhaldandi setu þessarar ríkisstj.

Núv. ríkisstj. var mynduð í ágústmánuði 1974 og hefur því verið við völd í um það bil 1½ ár. Formaður Framsfl., Ólafur Jóhannesson, myndaði þessa ríkisstj. fyrir Geir Hallgrímsson eftir að hafa komið í veg fyrir myndun vinstrisinnaðrar ríkisstj. Þetta var gert í óþökk verulegs hluta kjósenda Framsfl., og innan Sjálfstfl. var einnig umtalsverð óánægja með stjórnarmyndunina. Ríkisstj. naut þess vegna strax í upphafi stuðnings einungis hluta þeirra kjósenda sem veitt höfðu stjórnarflokkunum brautargengi í síðustu kosningum. Þessi hópur stuðningsmanna hefur síðan farið stöðugt minnkandi eftir því sem getuleysi ríkisstj. hefur orðið augljósara og öngþveitið vegna stjórnleysis hennar í efnahags- og kjaramálum alvarlegra.

Eina afsökun forustumanna Framsfl. vegna myndunar þessarar ríkisstj. var þjóðsagan um hina sterku ríkisstj. Þetta átti að vera sterk stjórn sem gæti leyst efnahagsmálin og önnur brýn úrlausnarefni íslensks þjóðfélags. Ekki er að efa að ýmsir fylgismenn stjórnarflokkanna sættu sig við þessi rök. En þeim og landsmönnum öllum varð brátt ljóst að styrkleiki ríkisstj. fer ekki endilega eftir þingmannafjölda. Það kom fljótlega í ljós að þótt ríkisstj. hefði 42 þm. var hún veikari og þar með óhæfari til að takast á við vandamálin en nokkur önnur meirihluta stjórn hér á landi um áratugaskeið. Ríkisstj. skorti nefnilega allt sem gerir ríkisstj. sterka og hæfa til að leysa vandamálin, nema þingmannafjöldann, hann var fyrir hendi. En styrkleiki ríkisstj. varð í reynd í öfugu hlutfalli við þingmannafjöldann og talið um hina sterku stjórn varð brátt aðhlátursefni jafnt á meðal stjórnarsinna sem stjórnarandstæðinga, líkt og hin mjög svo alvarlegu augu Geirs Hallgrímssonar nú síðustu vikur.

Fyrsta árið, sem ríkisstj. sat að völdum, gerði hún tilraunir til þess að leysa vanda efnahagsmálanna. Aðgerðir hennar höfðu þó yfirleitt öfug áhrif við það sem boðað var og sköpuðu því fleiri vandamál en þær leystu.

Annars vill ríkisstj. reyna að fara eftir mjög einfaldri formúlu við lausn efnahagsmálanna,

sem sagt þeirri að öllum erfiðleikum skyldi mætt með kauplækkun hjá almenningi og niðurskurði á lífsnauðsynlegum framkvæmdum úti á landsbyggðinni. Kjörum alþýðunnar og uppbyggingu landsbyggðarinnar var því fyrst fórnað. Aðrir aðilar í þjóðfélaginu, atvinnurekendur og ýmis gróðaöfl, sem virðast forustumönnum beggja stjórnarflokkanna kærkomin, voru mikilvægari að dómi ríkisstj. Hagsmuni þeirra varð að vernda. Launafólk og þá alveg sérstaklega þeir þegnar þjóðfélagsins, sem lakast voru settir, og íbúar landsbyggðarinnar fengu að taka á sig byrðarnar. Ríkisstj. taldi það augsýnilega skipta minna máli að vernda hag þeirra.

Þær aðgerðir, sem ríkisstj. greip til í þessu skyni, og afleiðingar þeirra þekkir allur almenningur af biturri reynslu: ítrekaðar gengisfellingar, gengissig, afnám verðtryggingar á laun í mestu óðaverðbólgu sem um getur hér á landi, stórhækkun á ýmsum álögum á almenning, svo sem söluskatti, vörugjaldi, hækkun lyfja hjá sjúkum og öldruðum, bein skerðing á kjörum sjómanna, niðurskurður á fjárveitingum til opinberra framkvæmda úti á landsbyggðinni á sama tíma og tugum milljóna er varið í stórframkvæmdir á suðvesturhorni landsins. Og svo mætti lengi telja. En slíkt er óþarft því að launþegar og íbúar landsbyggðarinnar þekkja þessar aðferðir vel. Þeir hafa fengið að finna fyrir afleiðingum þeirra á hverjum degi í síharðnandi lífsbaráttu sinni.

Með þessum aðgerðum tók núv. ríkisstj. þegar í upphafi af öll tvímæli um það, hverjir væru óskabörn hennar og hverjir ekki. Landsbyggðarfólk og launþegar þurftu ekki lengi að vera í vafa um það að við veisluborð þessarar ríkisstj. var þeim ekki ætlað neitt sæti. Þar var óskabörnum ríkisstj., gróðaöflunum í landinu, einum boðið til að gæða sér á sífellt stærri hluta þjóðarkökunnar.

Þessi ferill ríkisstj. er öllum kunnur og um hann þarf því ekki að fara fleiri orðum. Þótt aðgerðir ríkisstj. hafi þannig haft mjög alvarleg áhrif á kjör almennings í landinu, þá er þó sú lömun, sem einkennt hefur ríkisstj. síðustu vikur og mánuði, jafnvel enn alvarlegri fyrir framtíð íslenskrar þjóðar. Það er engu líkara en ríkisstj. sé orðin gersamlega óstarfhæf. Hún virðist ekki geta náð samkomulagi um bráðnauðsynlegar aðgerðir í ýmsum þýðingarmestu málum þjóðarinnar. Þetta á við um landhelgismálið þar sem undanhaldið og aðgerðaleysið gegn erlendu valdi er þvílíkt að þjóðinni hefur hvað eftir annað ofboðið. Og þetta á ekki síður við um efnahags- og kjaramálin þar sem ríkisstj. hefur með stefnu- og aðgerðaleysi sínu orðið meginorsök þeirra verkfalla sem nú hafa stöðvað allt atvinnulíf í landinu í heila viku, — verkfalla sem eru þau víðtækustu sem orðið hafa hér á landi.

Ríkisstj. fékk nokkuð á þriðja mánuð til þess að fjalla um og taka jákvæða afstöðu til megintill. Alþýðusambands Íslands um aðgerðir í efnahags- og kjaramálum og afstýra þar með verkfalli. Þetta gerði ríkisstj. ekki. Hún einfaldlega gerði ekki neitt. Það er því ekki að furða þótt komið hafi fram hjá ýmsum að það sé engu líkara en engin ríkisstj. sé til í landinu.

Þetta gerðist á sama tíma og verkalýðshreyfingin ákvað að taka upp að ýmsu leyti ný vinnubrögð í sambandi við kjaramálin. Forustumenn verkalýðshreyfingarinnar lýstu því yfir að þeir teldu nauðsynlegt að leysa kjaramálin að verulegu leyti með sameiginlegum aðgerðum verkalýðshreyfingarinnar, ríkisstj. og atvinnurekenda í efnahagsmálum. Í samræmi við þetta samþykkti verkalýðshreyyfingin ítarlega stefnuyfirlýsingu þar sem lögð var áhersla á aðgerðir í 15 liðum til þess að tryggja fulla atvinnu, bæta kjörin og draga verulega úr verðbólgunni. Verkalýðshreyfingin var reiðubúin til viðtæks samstarfs við ríkisstj. á grundvelli þessara till., m. a. vegna þess að þannig væri frekar hægt að tryggja kjör alþýðunnar og skynsamlega stjórn efnahagsmála en með hinni hefðbundnu kauphækkunaraðferð einni saman. Og verkalýðshreyfingin stóð ekki ein að slíku tilboði því að stjórnarandstöðuflokkarnir lýstu allir yfir samþykki sínu við þessa stefnumótun. Till. verkalýðshreyfingarinnar voru skýrðar fyrir ríkisstj. þegar í byrjun des. og ráðh. gert ljóst að viðbrögð ríkisstj. við þeim mundu ráða úrslitum um gang viðræðna við atvinnurekendur um kaup og kjör.

Dagar og vikur liðu og urðu að mánuðum án þess að ríkisstj. fjallaði af alvöru um till. Verðin var slík að engu var líkara en engin ríkisstj. væri til. Með þessari furðulegu afstöðu hafnaði ríkisstj. í raun og veru till. Alþýðusambandsins. Hún vísaði í reynd á bug tilboði verkalýðshreyfingarinnar um samstöðu til lausnar vandanum í efnahags- og kjaramálum og það varð til þess að viðræður drógust á langinn. Verkalýðshreyfingin neyddist til að fara hina hefðbundnu leið til að knýja fram leiðréttingu launafólki til handa með verkföllum. En auðvitað þurfti ekki svo að fara. Ríkisstj. hafði augsýnilega um tvo kosti að velja. Hún gat tekið í útrétta hönd verkalýðshreyfingarinnar og tryggt vinnufrið í landinu og skynsamlega stjórn efnahagsmála með samvinnu launþega og ríkisvalds eða þá hafnað slíku samstarfi og kallað allsherjarverkfall yfir þjóðina.

Valið var því skýrt. Með aðgerðaleysi sínu valdi ríkisstj. síðari kostinn. Hún hafnaði samstarfinu og neyddi verkalýðshreyfinguna til verkfalls. Þótt ekki væri nema fyrir það eitt á núv. ríkisstj. vissulega vantraust skilið.

Við skulum vona að yfirstandandi allsherjarverkfall leysist sem fyrst og að þessi neyðarráðstöfun verkalýðshreyfingarinnar færi launþegum a. m. k. umtalsverðan hlut þess sem af þeim hefur verið tekinn með kaupránsaðgerðum ríkisstj. frá því að hún komst til valda.

En fleira kemur til en aðgerðaleysi ríkisstj. í efnahags- og kjaramálum sem leitt hefur allsherjarverkfall yfir þjóðina. Sama aðgerða- og stjórnleysið hefur einkennt meðferð annarra mála. Það hefur m. a. birst í óákveðni og ístöðuleysi gagnvart erlendum aðilum í landhelgismálinu. Og það ístöðuleysi hefur vakið almenna reiði meðal þjóðarinnar. Það hefur auðvitað verið vitað mál að innan stjórnarflokkanna hafa verið og eru sterk öfl sem alltaf hafa viljað samninga við breta um landhelgismálið og þessi öfl hafa því miður átt um of greiðan aðgang að núv. forsrh., sjútvrh. og jafnvel fleiri hæstv. ráðh. sem ekki hafa

einungis verið veikir fyrir hinum erlendu aðilum, heldur og að því er virðist sjálfir mjög áfjáðir í samninga. En andspænis þessum öflum hefur þorri þjóðarinnar staðið. Ríkisstj. hefur ekki verið í takt við almenningsálitið þótt hún hafi ekki þorað að ganga að öllu leyti í berhögg við það. Afleiðingin hefur verið stefnuleysi, óákveðni, hik og aðgerðaleysi. Forsrh., oddviti ríkisstj., hefur ævinlega litið mjög alvarlegum augum á málið, en gert sem allra minnst. Hafi eitthvað jákvætt gerst, hefur það gerst vegna mikils þrýstings frá almenningi.

Sem dæmi má nefna að það var fyrst eftir margra vikna háværar kröfur almennings að ríkisstj. mannaði sig loks upp í að hóta bretum slitum á stjórnmálasambandi. Þegar sú hótun hafði loks verið lögð á borðið hófst mikill skollaleikur. Bretar kölluðu herskipin út fyrir 200 mílurnar og Landhelgisgæslan fékk fyrirmæli um að láta bresku veiðiþjófana í friði um tíma á meðan forsrh. ræddi við Wilson í London. Að vísu var reynt að sverja fyrir þetta, en um síðir játaði þó dómsmrh., sem ekki kallar allt ömmu sína, að hann hefði gefið slík fyrirmæli. Þó er það fyrst nú þegar bretar hafa hafnað hugmyndum ríkisstj. um þriggja mánaða samning og Jóseph Luns framkvæmdastjóri NATO hefur sett fram hugmyndir um lausn deilunnar sem Þórarinn Þórarinsson segir í forustugrein í Tímanum að séu jafnvel enn óaðgengilegri fyrir íslendinga en tilboð breta, og þegar bretar hafa sýnt enn meiri dólgshátt í ásiglingum á varðskipin, þá er það fyrst eftir allt þetta að ríkisstj. ákveður að standa við fyrri orð sín um stjórnmálaslit. Það er auðvitað augljóst hverjum manni að þetta gerir ríkisstj. tilneydd. Hún veit að vegna almenningsálitsins er henni ekki lengur stætt á því algera aðgerðaleysi sem einkennt hefur framkomu hennar í landhelgismálinu.

Góðir tilheyrendur. Ég hef hér rakið í stuttu máli hversu alvarlegar afleiðingar stjórnleysi ríkisstj. í efnahagsmálum, kjaramálum og landhelgismálinu hefur haft fyrir almenning í landinu og mun hafa ef núv. ríkisstj. fer áfram með völd. Tímans vegna hef ég þó orðið að fara mjög fljótt yfir sögu og aðeins fjallað um megineinkenni stjórnarfarsins. Auðvitað kemur þetta aðgerða- og stjórnleysi ríkisstj. fram á fjölmörgum öðrum sviðum sem snerta hag almennings beint eða óbeint. Þó að ekki sé tími til hér að rekja það alvarlega ástand sem ríkir af þessum sökum á mörgum sviðum, er ástæða til að benda alveg sérstaklega á þá hættulegu stöðu sem skapast hefur vegna stjórnleysis í gjaldeyrismálum og þeirrar taumlausu skuldasöfnunar erlendis sem ríkisstj. hefur staðið að og hlýtur að setja efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar í mikla hættu ef áfram verður haldið á sömu braut.

Það er einnig rétt að minna á þann mikla samdrátt sem átt hefur sér stað að fyrirlagi ríkisstj. í bráðnauðsynlegum framkvæmdum úti á landsbyggðinni. Þessi samdráttur af mannavöldum hlýtur að leiða til nýrrar og enn alvarlegri byggðaröskunar og hún er þó ærin fyrir. Ekkert bendir til þess að hægt verði að koma núv. valdhöfum í skilning um þetta. Það er því brýnt hagsmunamál þeirra, sem vilja öfluga byggðastefnu, að koma núv. ríkisstj. frá.

Þá mun ljóst að aldrei fyrr hafa dómsmál og réttarfar í landinu verið undir jafnmikilli og harðri gagnrýni og nú að undanförnu. Og ekki er stjórnarfarið betra hér á hv. Alþ. undir handarjaðri hæstv. ríkisstj. Mörg mála liggja óafgr. í n. þingsins. Dæmi eru þess að aðeins einn fundur hefur verið haldinn í sumum n. þingsins frá upphafi þings s. l. haust, og það virðist heyra til undantekninga að fundir hafi verið haldnir í n. þingsins frá því að þing kom saman í lok janúar s. l.

Allt ber því að sama brunni, stjórnleysið er allsráðandi. Það er nauðsynlegt fyrir almenning að velta því fyrir sér hvers vegna svo er komið fyrir núv. ríkisstj. með 42 þm. að baki að hún skuli í reynd vera óstarfhæf. Hvað veldur og hvers vegna halda stjórnarflokkarnir samstarfinu áfram eftir að slík upplausn í stjórnarliðinu hefur átt sér stað? Vafalaust eru margar ástæður þess valdandi að ríkisstj. er orðin óstarfhæf. Nokkrar blasa þó við. Í fyrsta lagi nýtur ríkisstj. ekki stuðnings helstu samtaka fólksins í landinu og hún hefur ekki heldur borið gæfu til að taka upp samstarf við þau. Þess vegna er hún þrátt fyrir þingmeirihlutann ófær um að leysa vandamál efnahagslífsins. Í öðru lagi er sundurlyndið innan stjórnarflokkanna sjálfra og þá sérstaklega Sjálfstfl. mjög alvarlegt og leiðir til þess, að langan tíma og mikið samningamakk þarf til að ná samstöðu um einföldustu aðgerðir. Í þriðja lagi hefur upplausn skapast á stjórnarheimilinu vegna þeirra hatrömmu deilna sem risið hafa milli stjórnarmálgagnsins Vísis og formanns Framsfl. og undrar það víst engan. Í fjórða lagi hafa árekstrar milli einstakra ráðh. gert samstarf þeirra vægast sagt stirt. Það var því ekki að ástæðulausu að formaður Framsfl. líkti veru sinni í ríkisstj. við það að kyssa gamlan karl með tóbakslög í skegginu, og ekki er samlíkingin slæm. En þannig er samstarfið orðið milli forustumanna ríkisstj. Þar er hver höndin upp á móti annarri. Afleiðingin er aðgerðaleysi, forustuleysi, stjórnleysi. Slík ríkisstj. er lítið annað en nafnið tómt.

Fyrir nokkru sagði hæstv. dómsmrh. í umr. hér á Alþ. um skrif aðstandenda dagblaðsins Vísis: „Mafía er hún og mafía skal hún heita“. Um hæstv. ríkisstj. má segja: Úrræðalaus er hún og úrræðalaus skal hún vera. Slíkri stjórn ber auðvitað að víkja. — Góða nótt.

Jónrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Góðir hlustendur. Hv. 9. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason, staðfesti í ræðu sinni það, sem raunar var alþjóð kunnugt, að Alþfl. á eitt brennandi áhugamál og það er að vera á móti Kröfluvirkjun. Hv. þm. viðhafði gífuryrði um glæframennsku og vafasamar viðskiptaaðferðir sem ég ætla ekki að svara hér, enda eru þessi ummæli ákaflega ólík honum, það eru einhver annarleg áhrif sem þar gætir. Hann minnti einna helst á miðil sem aðrir tala í gegnum, að vísu lífs, en ekki liðnir. En það voru fjögur atriði í ræðu hv. þm. sem mér þykir rétt að svara til upplýsinga fyrir áheyrendur.

Í fyrsta lagi taldi hann óvíst hvaða aðili ætti að reka Kröfluvirkjun. Því máli hagar þannig, að sérstök n. er starfandi að því að undirbúa löggjöf um Norðurlandsvirkjun, og mun hún væntanlega taka við rekstri Kröfluvirkjunar. Ef það fyrirtæki, Norðurlandsvirkjun, verður ekki tilbúið í tæka tíð, þá kemur mjög til greina að Laxárvirkjun taki við rekstri Kröfluvirkjunar og hefur það þegar verið rætt við forráðamenn Laxárvirkjunar.

Í öðru lagi sagði hv. þm. að engar rekstrarefna greiðsluáætlanir væru til. Ég vil í því sambandi upplýsa það, að gerð hefur verið áætlun um framleiðslukostnað frá Kröfluvirkjun, en þar er gert ráð fyrir að þegar hún er fullbyggð verði framleiðslukostnaður 1.75 kr. á kwst., en til samanburðar má nefna að framleiðslukostnaður hjá hagstæðustu virkjunum sem hér er nú um að ræða, eins og Sigöldu-, Hrauneyjafoss- og Blönduvirkjun, er milli 1.50 og 1.60, þannig að framleiðslukostnaður Kröfluvirkjunar yrði mjög nærri því sem gerist við hinar hagstæðustu vatnsvirkjanir.

Í þriðja lagi taldi hv. þm. að framleiðslugeta Kröfluvirkjunar yrði langt umfram eftirspurn. Þar er því til að svara, að í fyrsta lagi er ákveðið fyrir alllöngu að aðeins verði tekin í notkun nú fyrri vélasamstæðan, en hinni frestað um stund. Samkv. áætlunum og orkuspám er gert ráð fyrir því að þessi fyrri vélasamstæða verði fullnotuð á árunum 1977—1978, þannig að ekki er nú hægt að segja að verið sé að virkja að óþörfu eða framleiðslugetan sé langt umfram eftirspurn.

Í fjórða lagi sagði hv. þm. að vísindamenn hefðu varað við þessum framkvæmdum, en hvað varði stjórnmálamenn um það, þeir haldi áfram. Hér er farið villandi með. Það var í janúar sem fjórir jarðvísindamenn rituðu mér bréf þar sem þeir sögðu að meðan jarðskjálftahrinan stæði yfir teldu þeir óráðlegt að ráðast í aðrar framkvæmdir en þær sem miðuðu að því að styrkja og vernda þær byggingar sem unnið væri að. Þetta er nákvæmlega það sem þá var verið að gera og fyrirhugað að gera og þess vegna hefur ráði þessara vísindamanna verið fylgt. Það má ekki villa hv. þm. þó að sumir frétta- og blaðamenn hafi túlkað þetta á allt annan veg heldur en stendur í bréfinu.

Þegar þjóðin öll stynur undan víðtækum vinnudeilum og verkföllum, þá verður sú spurning áleitin hvort ekki þurfi að endurskoða aðferðir við undirbúning og gerð kjarasamninga. Ekki svo að skilja að einn eða annan sé um að saka hve seint hefur miðað. Þeir mörgu menn, sem að samningum vinna, hafa lagt á sig mikið erfiði og vökur. Forustumenn á báðar hliðar vilja að fyrr og fljótar gangi og hafa lýst áhyggjum yfir hægagangi. Sáttamenn vinna störf sín af kostgæfni undir leiðsögn ríkissáttasemjarans Torfa Hjartarsonar sem hefur á löngum ferli leyst marga deilu við traust og tiltrú aðila. En hin venjubundnu vinnubrögð eru þunglamaleg og úrelt. Ýmis mikilvæg deiluatriði nú hefði þurft að leysa áður en til verkfalls kæmi. Því ber að fagna að tekist hefur að ná niðurstöðu í því mikla réttlætismáli að tryggja öldruðu fólki í verkalýðsfélögunum lífeyri sem miðast við laun eins og þau eru á hverjum tíma, en ekki prósenta af löngu liðnu kaupi. Þetta mál leystist ekki fyrr en verkfall hafði staðið um stund. Samt kemur í ljós að þótt ríkissjóður komi nokkuð við þetta dæmi, þá reyndist þetta fyrst og fremst vera samningsmál milli lífeyrissjóðanna innbyrðis.

Annað dæmi um úrelt og þunglamaleg vinnubrögð eru hinar fjölmennu samninganefndir. Í gær var t.d. talið að samningafólkið á Hótel Loftleiðum frá báðum aðilum væri hátt á þriðja hundrað manns: landssambandsnefndir, félagsnefndir, baknefndir, hópar og oft sami maðurinn í mörgum. Um mörg atriði þarf hvert einstakt félag að semja og heildarsamtökin hafa takmarkað umboð. Aðilar vinnumarkaðarins hafa oft sakað gagnaðila um að leggja of seint fram ákveðnar kröfur og um drátt á svörum eftir að kröfur eru komnar fram.

Hér er margt, sem verður að ráða bót á og til þess eru margar leiðir. M.a. þarf að gera starf sáttasemjara að aðalstarfi. Sáttasemjari þarf að vera að verki árið um kring, hafa vakandi auga á því, ef vinnudeila er í uppsiglingu, og beita áhrifum sínum svo sem verða má í tæka tíð til þess að samkomulag náist. Það þarf að leggja á sáttasemjara ríkari skyldur til að hefjast handa um sáttastörf en nú er og fela honum svipað vald og er með öðrum Norðurlandaþjóðum. Einnig þarf að opna betur mögleika til þess að stéttarfélagasambönd, heildarsamtökin, geti staðið að gerð kjarasamninga og verið aðili að þeim, og fjölmörg önnur atriði þarf að endurskoða. Þegar þessari kjaradeilu er lokið sem nú stendur yfir verða samtök launamanna og atvinnurekenda ásamt fulltrúum ríkisins að taka til við það verkefni af fullri alvöru að finna ný og bætt form fyrir undirbúning og gerð kjarasamninga.

En eitt er að bæta vinnubrögð við kjarasamninga til að tryggja vinnufrið og forðast verkföll, annað er lífskjörin sjálf, hvernig auka megi þjóðartekjur og draga úr þjóðarútgjöldum. Það er mikið áhyggjuefni hversu dökkar horfur eru nú um þá fiskstofna sem verið hafa uppistaðan í þjóðarframleiðslunni. Þær skoðanir hafa komið fram hjá sumum framámönnum í sjávarútvegi að leggja beri a. m. k. hluta úr ári nokkrum hluta fiskiflotans. Það er spáð samdrætti og minnkun fiskveiða og minnkandi þjóðarframleiðslu. Ef svo er, sem margt bendir til, þá er að bregðast við þessum nýja vanda með fyrirhyggju og hugdirfð: „Leitið og hér munuð finna, knýið á og fyrir yður mun upp lokið verða," stendur þar. Það verður að leita nýrra leiða og finna þær, reyna að veiða nýjar tegundir fisks í stað þeirra sem ofveiddar eru. Það þurfti hugkvæmni og áræði á sínum tíma til að leggja út á nýjar brautir, svo sem að veiða humar, rækju og hörpudisk. Það er ekki ýkjalangt síðan þær veiðar hófust.

Við þurfum að vera óhræddir við að prófa nýjar brautir. Auk þess að byggja upp hina hefðbundnu fiskstofna þarf á næstu árum að nýta meira þá stofna sem þegar eru þekktir og kannaðir hafa verið að nokkru, en verið lítt nýttir af okkur. Þar má nefna t. d. loðnu, því að talið er að auk hinnar venjulegu loðnu-

vertíðar í janúar til mars mætti veiða nokkur hundruð þúsunda lesta um sumar- og haustmánuðina fyrir norðan. Það má nefna kolmunna, sem lítt hefur verið nytjaður hér við land, en fróðir menn telja að þar geti verið um að ræða fjölbreytta vinnslumöguleika, stofninn er mjög stór og af miklu að taka. Þá binda margir vonir við frekari veiðar og vinnslu rækju á djúpslóð. Það er talið að veiða mætti meira af spærlingi. Við útfærslu landhelginnar skapast meiri möguleikar til veiða grálúðu. Nefndar eru ýmsar djúpfisktegundir sem lítt eru kannaðar enn. Þannig eru óteljandi möguleikar sem fiskifræðingar og fróðir menn í þessum efnum telja að við eigum að prófa og reyna, og þetta verður þjóðin að gera. En einnig þarf að efla rannsóknir á fiskrækt og þá fyrst og fremst hvort fiskeldi getur beinst að því að hjálpa náttúrunni sjálfri á eðlilegum slóðum. En fiskrækt og fiskeldi er eitt af okkar mikilvægu málum fram undan.

Þær erfiðu aðstæður, sem íslensk þjóð býr við, undirstrika það mikilvæga hlutverk sem iðnaðurinn gegnir í efnahagslífinu. Eftir síðustu gengisbreytingu tók iðnrn. upp viðræður við Landssamband iðnaðarmanna og Félag ísl. iðnrekenda um það, á hvern hátt mætti efla sölu á íslenskum iðnaðarvörum og glæða almennan skilning á mikilvægi iðnaðarins, — glæða skilning á þeirri miklu atvinnu sem hann veitir gjaldeyrisöflun og gjaldeyrissparnaði. Þegar hefur verið gerð áætlun um slíka tilkynningu og fræðslustarfsemi á vettvangi iðnaðar. Í fjárl. fyrir þetta ár er veitt nokkurt fé til iðnkynningar. Stjórnvöldin þurfa að sjálfsögðu að sýna áhuga á eflingu iðnaðarins, — iðnrekendur, iðnaðarmenn og verksmiðjufólk sýna dugnað og árvekni í störfum sínum. Framtíð iðnaðarins fer ekki aðeins eftir mörkuðum erlendis, heldur ekki síst eftir jákvæðum viðtökum þjóðarinnar sjálfrar. Með því að kaupa íslenskar vörur efla menn þjóðarhag, og það er vert að þjóðin íhugi mikilvægi iðnþróunar á Íslandi. Með því að landsmenn auki kaup á íslenskum iðnaðarvörum stuðla þeir að aukinni atvinnu, atvinnuöryggi og velmegun.

En til þess að draga úr kaupum á erlendum vörum og spara gjaldeyri þarf einnig að gefa fólki tryggingu fyrir því að sparifé, sem það leggur í banka og sparisjóði, rýrni ekki, heldur haldi gildi sínu ekki síður en ef það fé væri notað til að kaupa erlendar vörur, bíla, frystikistur eða annað. Og nú, þegar verið er að verðtryggja lífeyri aldraðra, þá er næsta verkefnið að verðtryggja sparifé landsmanna.

Þökk þeim er hlýddu.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Í þessum umr. hafa fulltrúar ríkisstj. haldið því fram að efnt hafi verið til vantrausts-umr. af hálfu stjórnarandstöðunnar í þeim tilgangi að veikja ríkisstj. og spilla fyrir því að hún gæti unnið að lausn hinna alvarlegu vinnudeilna. Sagt er að ríkisstj. hafi sterkan meiri hl. á Alþ. og örugglega verði vantrauststill. felld. Og hæstv. dómsmrh. sagði að vantrauststill. væri flutt af ábyrgðarleysi vegna þess að tillögumenn hafi ekki tilbúna nýja ríkisstjórn. Hann virðist ekki muna eftir því þegar hann og hans flokkur hafa staðið að því áður að flytja vantrauststill. án þess að hafa tilbúna ríkisstj.

Hér er um grundvallarmisskilning að ræða í málflutningi ríkisstjórnarmanna. Það er skylda stjórnarandstöðu að halda uppi réttmætri gagnrýni á ríkisstj., eins og það er skylda þjóðarinnar allrar að veita ríkisstj. aðhald og krefjast þess að hún starfi í samræmi við þjóðarvilja. Engin ríkisstj. verður sterk af því einu að hún hafi meirihl. á Alþ., og engin ríkisstj. getur skorast undan að mæta gagnrýni eða getur neitað því að standa ábyrg gerða sinna.

Það, sem verið hefur að gerast í landhelgismálinu að undanförnu, sannar þessa kenningu best. Ekki hefur ríkisstj. vantað meiri hl. á Alþ. í landhelgismálinu og hefur hún þó hrökklast úr einu í annað og hvað eftir annað orðið að láta af fyrirætlunum sínum vegna gagnrýni stjórnarandstöðunnar og eindreginnar andstöðu þjóðarinnar.

Í landhelgismálinu hefur ríkisstj. gert hvert glappaskotið af öðru. Hún knúði í gegn óheillasamninginn við vestur-þjóðverja og samdi um veiðar þeirra hér við land í næstu tvö ár og um meira aflamagn en þeir höfðu veitt hér s. l. ár. Sá samningur er svo hrapallega vitlaus að þó að alþjóðasamkomulag verði um 200 mílna fiskveiðilandhelgi á Hafréttarráðstefnunni eftir 2 eða 3 mánuði eða eftir 4 eða 5 mánuði, þá halda þjóðverjar samt áfram fiskveiðiréttindum sínum hér við land út tveggja ára tímabilið.

Ríkisstj. ætlaði að semja við breta á svipuðum grundvelli til tveggja ára og hafði í upphafi viðræðnanna boðið bretum 65 þús. tonna ársafla, og hún hafði einnig undirbúið samninga við ýmsar aðrar þjóðir. Það var gífurleg andstaða almennings um allt landið sem stöðvaði þessa samningagerð.

Framkoma núv. ríkisstj. í landhelgismálinu hefur verið ein samfelld raunasaga.

Þegar deilan við breta hófst var það sjálfur forsrh. og síðan einnig sjútvrh. sem lýstu því yfir opinberlega að þeir teldu að íslendingar gætu ekki varið landhelgina og að bretar gætu veitt hér í óleyfi eins mikinn fisk og þeir vildu og af þeim ástæðum gætu íslendingar ekkert annað gert en að semja við breta. Sömu ráðh. hafa síðan æ ofan í æ tekið upp í málflutningi sínum áróður breta um hvað þeim gangi vel veiðarnar í skjóli herskipanna og hvað við séum máttlausir í tilraunum okkar til þess að trufla veiðar þeirra. Og af hálfu ríkisstj. hefur nær öllum till. stjórnarandstöðunnar og almennings í landinu um gagnráðstafanir og gagnsókn gegn bretum verið hafnað. Kröfum um viðbótarskip í gæsluna hefur ekki verið sinnt, þó að reynslan hafi sannað að þegar 4 varðskip eru saman á veiðisvæði er allt í uppnámi hjá breska veiðiflotanum. Við gætum auðveldlega haft 6—8 skip í gæslunni í stað fjögurra, og við hefðum getað verið búin að útvega okkur eitt hraðskreitt skip sem gengi hraðar en bresku freigáturnar gera.

Ríkisstj. hefur brugðist við herskipaíhlutun breta og ásiglingum þeirra á íslensk varðskip af dæmafáum aumingjaskap. Hún hefur nuddað og röflað, hangið í pilsi NATO. Hún hefur frestað og beðið, athugað málið, lagt fram hlægileg

sýndarmótmæli, sagst vera að athuga málið vandlega og sagt svo að hún liti málið alvarlegum augum. Og þegar stjórnin loksins hefur sig í það að slíta stjórnmálasambandi við árásarþjóðina, þá gerir hún það þannig að öllum er ljóst hér heima og erlendis að hún gerir það til neydd, rekin áfram af öðrum. Og hver getur tekið stjórnmálaslitin alvarlega þegar forsrh. sjálfur og aðalmálgagn hans segja að stjórnmálaslit séu þýðingarlaus og merki í rauninni ekkert annað en það, að skipt sé um spjöld á sendiráðshúsum í London og Reykjavík?

Frá hálfu ríkisstj. kemur ekki fram nein alvarleg hótun, enda eiga Hattersley hinn breski og forustumenn NATO ekki nægilega stór orð og góð til að hæla Geir Hallgrímssyni fyrir góðan vilja hans til að semja. Og ég býst við að menn hafi tekið eftir því í þessum umr. hér í kvöld, að það, sem hæstv. forsrh. Geir Hallgrímsson hafði um landhelgismálið sérstaklega að segja, var þetta: Gripum ekki til fleiri aðgerða í landhelgismálinu. Nei, í guðanum bænum gerum ekki meira. — Og svo þetta, í angist sinni sagði hann: Beinum ekki reiði okkar gegn öðrum en bretum. — Hann var víst eitthvað hræddur um NATO í þessu tilfelli.

Í landhelgismálinu hefur ríkisstj. þrátt fyrir meiri hl. sinn á Alþ. verið að tapa, en stefna stjórnarandstöðunnar og mikils meiri hl. þjóðarinnar hefur verið að vinna á. Ríkisstj. varð að taka aftur tilboð sitt um 65 þús. tonn til breta. Hún varð að hætta við samningamakk sitt og er vonandi hætt slíku makki fyrir fullt og allt. Hún var knúin til þess að slíta stjórnmálasambandið við breta. Og í dag stendur málið þannig að þeir, sem fyrir rúmum mánuði, eins og t. d. Jón Olgeirsson, íslenskur konsúll í Grimsby, töldu að breskir togarar fiskuðu mikið við Ísland og bretar mundu ekki kæra sig um neina samninga því að allt gengi svo vel, þeir segja nú, m. a. Jón Olgeirsson, að bresku togararnir komi nú hálftómir heim af Íslandsmiðum og að bresku sjómennirnir séu alveg að gefast upp í taugastríðinu við íslensku landhelgisgæsluna.

Nú klippa varðskip okkar þrátt fyrir freigátuvernd og mundu auðvitað klippa miklu meira ef fleiri varðskip okkar væru á miðunum. Og nú eru bretar komnir í hina mestu klípu með stefnu sína í landhelgismálinu. Þeir standa nú orðið í deilum við Efnahagsbandalagsríkin og krefjast 100 mílna fiskveiðilandhelgi við Bretland, en berjast þó á sama tíma fyrir 12 mílum sér til handa hér við Ísland og krefjast svo 200 mílna fiskveiðilögsögu fyrir strandríki á Hafréttarráðstefnunni. Það er ofureðlilegt að öll stærstu blöðin í Bretlandi hafi snúist gegn stefnu ríkisstjórnar hennar hátignar í deilunni við íslendinga.

Og nú er staðan orðin sú að öll NATO-hersingin skelfur á beinunum af hræðslu um að íslendingar loki NATO-stöðinni þrátt fyrir vilja forsrh. og gangi úr hernaðarbandalagi því sem leyfir herskipum sínum að beita ofbeldi innan íslenskrar lögsögu.

Landhelgismálið er dæmigert mál um það hvernig réttmæt gagnrýni stjórnarandstöðu og meirihlutavilji þjóðarinnar getur gripið inn í og knúð skammsýna ríkisstj., sem er að svíkja gefin loforð og í þann veginn að glutra niður stórmáli, til þess að beygja sig og snúa inn á rétta braut.

Í landhelgismálinu blasir nú við sigur íslendinga ef rétt er á málum haldið. Eina hættan er sú að ríkisstj. gefist upp eða komi í veg fyrir að þau vopn verði notuð sem örugglega mundu færa okkur sigur.

Ekki er forusta ríkisstj. í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar betri en forusta hennar í landhelgismálinu. Eftir eins og hálfs árs stjórnartímabil veður allt á súðum í fjárhags- og efnahagsmálum. Á fyrsta starfsári stjórnarinnar jókst dýrtíðin um 54.4% og hafði auðvitað aldrei vaxið annað eins á einu ári, þar af um 40% samkv. beinum ákvörðunum ríkisstj. sjálfrar, vegna tveggja gengislækkana hennar og gengissigs, vegna hækkunar á söluskatti, álagningar sérstaks innflutningsgjalds og verðlagshækkana á þjónustugjöldum, aðallega opinberra fyrirtækja sem ríkisstj. ákvað sjálf. Þrátt fyrir það að ríkisstj. hafi staðið svona að þýðingarmestu efnahagsmálum, þá skilur hæstv. dómsmrh. ekki með nokkru móti að það sé ástæða til af flytja vantraust á ríkisstj. Þetta þykir honum harla gott.

Ríkisstj. er orðin að athlægi allra vegna óstjórnar í fjármálum ríkissjóðs. Fyrstu fjárlög stjórnarinnar, fjárlögin fyrir árið 1975, stóðu í einn og hálfan mánuð, þá varð að rífa þau upp þar sem þau voru fyrirsjáanlega alröng. Þá var gengið lækkað rétt einu sinni. Sú gengislækkun entist í þrjá mánuði. Þá þurfti að leggja á sérstakt 12% innflutningsgjald. Tveimur og hálfum mánuði síðar var þó tilkynnt af ríkisstj. að það mundi verða 1 milljarðs kr. halli á ríkisbúskapnum. Tveimur mánuðum síðar tilkynntu forsrh. og fjmrh. á Alþ. að hallinn hjá ríkissjóði yrði 3.5—4 milljarðar kr. En svo leið mánuður og þá kom tilkynning frá fjmrn. um að hallinn hafi reynst 5 milljarðar kr. á árinu. En nú er Seðlabankinn búinn að endurskoða þetta og segir að hallinn hafi orðið 6.8 milljarðar kr. Þannig hefur fjármálayfirsýn ríkisstj. birst þjóðinni.

Nú stendur yfir allsherjarverkfall og nær öll framleiðsla í landinu er stöðvuð. Samkv. opinberum skýrslum rýrnaði kaupmáttur launa á s. l. ári um 17% og hefur rýrnað um 25% í tíð núv. ríkisstj. Þessi rýrnun er langt umfram minnkun þjóðartekna og verður ekki afsökuð með versnandi viðskiptakjörum nema að litlu leyti. Það er vegna þessarar þróunar sem nú stendur yfir allsherjarverkfall. Launafólk krefst launabóta vegna dýrtíðarflóðsins. Og svo kemur fram í þessum umr. einn af ráðh. Framsfl. og segir að vinnudeilurnar komi ríkisstj. ekkert við, þær séu deilur atvinnurekenda og verkafólks, þeir eigi að gera út um þetta, ríkisstj. eigi ekki að vera að skipta sér af þessu, — hvað séu menn að tala um? Og hann bætir því við að verkfallið sé miðlungi vel þokkað, eins og hann hafi þarna hvergi komið nærri. Veit hæstv. ráðh. Framsfl. ekki að nú blasir við sú staðreynd samkv. nýlegum útreikningum Hagstofu Íslands og Þjóðhagsstofnunar að verðlag mun hækka á þessu ári, á næstu mánuðum, um 13—17%, — það eru til tvær spár, önnur upp á 13%, hin upp á 17%, — þó að engar launahækknir

kæmu til, eigi launafólk hins vegar að halda óbreyttum kaupmætti launa þyrftu laun að hækka nokkuð yfir 20%? Ég endurtek. Þó að nú verði samið um rúmlega 20% launahækkun mundi launafólk aðeins tryggja sig gegn nýjum þegar ákveðnum, fyrirsjáanlegum verðlagshækkunum, en kaupmáttur launa stæði eftir sem áður óbreyttur. Þannig er málum nú komið eftir eins og hálfs árs íhalds-framsóknarstjórn.

Samtök launafólks eru því nú í varnarstríði gegn afleiðingunum af stefnu ríkisstj. Og svo koma hér hæstv. ráðh. og þykjast ekkert skilja í þessum vandræðum, ekkert skilja í þessum þrætum á milli launafólks í landinu og atvinnurekenda.

Það er staðreynd sem allir þekkja í þessu landi að laun á Íslandi eru nú helmingi lægri en í öllum nálægum löndum. En samt, þrátt fyrir þessi laun, er okkur sagt að allur rekstur hér á Íslandi skili tapi. Iðnaðurinn tapar, sjávarútvegurinn tapar, verslunin tapar og mestu tapar þó auðmagnið í ríkissjóður. Hvert fer allt þetta tap? Hver græðir? Svarið er að finna í því að stefna ríkisstj. er alröng. Hún leiðir til minnkandi framleiðslu, til minnkandi þjóðarköku sem til skiptanna kemur. Það, sem gera þarf til að snúa þessari óheillaþróun við, er að hafna með öllu samdráttarstefnu, kauplækkunarstefnu, dýrtíðar- og gengislækkunarstefnu ríkisstj.

Svo spyr hæstv. dómsmrh.: Hvaða stjórn vilja þeir fá sem flytja hér vantraust? Því er fljótsvarað: Við viljum ekki svona vonda stjórn eins og þá sem hér hefur verið. Næstum allar stjórnir sem kæmu hlytu að vera eitthvað skárri en þessi. Það þarf að takast samstarf á breiðum grundvelli sem flestra frjálslyndra manna um nýja stefnu, — stefnu sem stærstu og þýðingarmestu fjöldasamtök í landinu, samtök launafólks, gætu stutt. Sú stefna, sem taka þarf upp, ætti m. a. að miðast við eftirfarandi:

1) Engir samningar verði gerðir við breta um fiskveiðiheimildir og unnið að niðurfellingu þýsku samninganna. Þetta er grundvallaratriði.

2) Höfuðáhersla verði lögð á aukna framleiðslu, einkum útflutningsframleiðslu. Í því skyni verði fjármagni þjóðarinnar fyrst og fremst beint til atvinnuveganna.

3) Vextir verði lækkaðir a. m. k. um 4—5% strax og vaxtalækkuninni fylgt eftir með verðlagslækkunum. Við eigum ekki að láta það sjást lengur að vaxtaútgjöld margra fyrirtækja í okkar landi séu orðin hærri en öll vinnulaun sem fyrirtækin greiða.

4) Innflutningur á óþarfavörum verði stöðvaður á meðan gjaldeyrisstöðunni er kippt í lag og öflugar ráðstafanir gerðar til þess að styðja við innlenda framleiðslu.

5) Söluskattur verði lækkaður strax um 3—4 stig í stað þess að hækka söluskattinn eins og núv. ríkisstj. hefur nýlega gert.

6) Skattar á atvinnurekstri verði hins vegar hækkaðir og stranglega gengið eftir því að þeir greiði réttlátan hlut af sköttum sem nú skjóta sér undan allri skattgreiðslu. Þannig er hægt að jafna tekjurýrnun ríkissjóðs við lækkun á söluskatti.

7) Gert verði öflugt átak til þess að draga úr eyðslu ríkisins og opinberra stofnana, — það er tvímælalaust hægt, — og þeir, sem við atvinnurekstur fást, verði miskunnarlaust látnir bera ábyrgð á rekstri sínum í stað þess að varpa vandanum yfir á þjóðarheildina eins og nú er allt of oft gert.

Grundvallaratriði nýrrar stefnu þarf að vera aukin framleiðsla, full atvinna, full nýting allra framleiðslutækja þjóðarinnar og réttlátari skipting þjóðarteknanna.

Hér þarf til að koma ný framfarasókn. Við þurfum að vinna okkur fram úr vandanum í stað þess að grafast dýpra og dýpra í efnahagsfenið með vaxtaokurspólitík, samdrætti og launaniðurskurði eins og nú á sér stað.

Núv. ríkisstj. er óhæf til að leysa þann vanda sem við er að fást. Það hefur best sannast í þessum umr. í kvöld, því að ráðh. virðast ekki einu sinni skilja að það er þeirra stefna, það er það sem þeir hafa verið að gera sem reyrir hnútinn fastan. Ráðh. virðast telja að þeir hafi staðið sig vel í landhelgismálinu, þeir hafi staðið sig vel í dýrtíðarmálunum, — þeir hafa staðið sig vel í því að eyða gjaldeyrinum, — og þeir hafi staðið sig vel í launa- og kjaramálum. Auðvitað þarf stjórn, sem skipuð er ráðh. sem svona hugsa, að víkja. Sú stjórn er afturhaldsstjórn sem getur ekki notið trausts vinnandi fólks. Hún á að víkja og því fyrr því betra. — *Góða nótt.*

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 55. fundur.

Þriðjudaginn 24. febr., kl. 1.30 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 20. febr. 1976.

Þorv. Garðar Kristjánsson, ritari þingflokks Sjálfstfl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Samkv. beiðni Jóhanns Hafsteins, 6. þm. Reykv., sem að læknisráði verður fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður hans, Geirþrúður Hildur Bernhöft félagsmálafulltrúi, taki á meðan sæti hans á Alþingi.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Ragnhildur Helgadóttir,
forseti Nd.“

Geirþrúður H. Bernhöft hefur áður setið á þingi og býð ég hana velkomna til starfa.

Vantraust á ríkisstjórnina, þáltill. (þskj. 348).— Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Tillgr. felld með 41:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VilbH, MÓ, RA, SighB, StJ, SvJ, BGr, EðS, EggÞ, GS, GeirG, KGS, GÞG, HFS, JÁH, JónasÁ, KP, LJós.

nei: MB, MÁM, OÓ, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, PS, RH, SigurlB, SV, StH, StG, SvH, TÁ, VH, ÞK, ÞS, ÞÞ, AG, AJ, EÁ, EBS, EKJ, FÞ, GH, GuðlG, GHG, GTh, GF, HÁ, HES, IT, IngJ, IG, GHB, IH, JHelg, JSk, JGS, ÁB,

Einn þm. (LárJ) fjarstaddur.

Sjónvarp á sveitabæi, þáltill. (þskj. 139). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 58 shlj. atkv. og umr. frestað.

Fæðingarorlof bændakvenna, þáltill. (þskj. 200). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 56 shlj. atkv. og umr. frestað.

Hrognkelsaveiðar, þáltill. (þskj. 349). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Landhelgisgæslan, þáltill. (þskj. 354). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Sameinað þing, 56. fundur.

Þriðjudaginn 24. febr., að loknum 55. fundi.

Náttúrugripasafn, fsp. (þskj. 109). — Ein umr.

Jón Helgason: Herra forseti. Á þskj. 109 hefur Guðmundur G. Þórarinsson flutt svo hljóðandi fsp., sem ég vil í fjarveru hans mæla fyrir nokkrum orðum:

„Hvaða áform eru uppi um úrbætur í húsnæðismálum náttúrugripasafns Náttúrufræðistofnunar Íslands?“

Náttúrugripasafnið í Reykjavík var stofnað árið 1886. Það var fyrst í eigu Hins íslenska náttúrufræðifélags, en 1947 tók ríkið við rekstri þess og hefur það síðan verið ríkisstofnun. Lengst af hefur það verið í leiguhúsnæði, fyrstu árin á ýmsum stöðum, en 1908 var það flutt í Safnahúsið við Hverfisgötu sem þá var nýbyggt. Því húsnæði var sagt upp 1917 og hefur safnið síðan verið í stöðugum húsnæðisörðugleikum. Þrátt fyrir uppsögnina var það þó í safnahúsinu í nokkra áratugi í viðbót þar sem mál þess urðu ekki leyst á annan hátt.

Árið 1942 leitaði Náttúrufræðifélagið samvinnu við háskólaráð um lausn húsnæðismála safnsins, og samþykkti háskólaráð að hús fyrir náttúrugripasafn yrði reist á háskólalóðinni. 1943 sótti háskólarektor til Alþingis um framlengingu á einkaleyfi háskólans til happdrættisrekstrar og tilgreindi þrjár ástæður fyrir því. Það er í fyrsta lagi, að háskólinn þurfi að byggja leikfimishús, í öðru lagi að háskólinn þurfi að byggja hús fyrir náttúrugripasafn og í þriðja lagi að lagfæra þurfi háskólalóðina. Tveimur þessara verkefna er löngu lokið, en hús fyrir náttúrgripasafn er óbyggt. Í ársbyrjun 1945 var ráðinn arkitekt til þess að gera uppdrátt að fyrirhugaðri safnbyggingu og lauk því verki, en leyfi fékkst ekki til að hefja framkvæmdir.

Árið 1957 var orðið óumflýjanlegt að gera eitthvað í húsnæðismálum safnsins og þá keypti háskólinn 3. hæð hússins að Laugavegi 105 og Hverfisgötu 116. Var þar komið fyrir 100 fermetra sýningarsal og hafist handa um að flytja safnið þangað eða réttara sagt að koma upp nýju safni, þar sem aðbúnaðurinn að því í fyrrv. húsnæði var svo lélegur að flestir hinna eldri muna voru orðnir ónothæfir. Við þetta ástand í húsnæðismálum býr safnið enn, enda þótt safngripirnir nálgist nú 100 þús.

Í lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands segir að hún skuli m. a. koma upp sem fullkomnustu vísindalegu safni íslenskra og erlendra náttúrugripa og varðveita það og koma upp sýningarsafni er veiti sem gleggst yfirlit yfir náttúru Íslands og sé opið almenningi. Stofnuninni er ógerlegt að sinna þessu hlutverki vegna húsnæðisleysis. Sýningarsafn er þó lögum samkv. *aðeins einn þáttur í starfsemi Náttúrufræðistofnunar Íslands.* En henni hefur ekki heldur verið kleift að rækja aðra þætti skyldu sinnar. Á síðustu árum hafa verið starfandi nefndir til að athuga þessi mál, og hefur komið fram í áliti þeirra að vegna þess að fleiri aðilar en Náttúrufræðistofnunin vinni að svipuðum málum sé nauðsynlegt að koma á samvinnu milli þeirra og gera sér grein fyrir hvernig því samstarfi verði hagað í framtíðinni, áður en ráðist verður í byggingu húsnæðis yfir þá starfsemi. En betri skipulagning náttúrurannsókna er tvímælalaust nauðsynleg til þess að nýta sem best bæði starfskrafta og fjármagn. Það er því augljóst að mikill undirbúningur verður að fara fram áður en hægt er að hefja byggingarframkvæmdir.

Ég held að óhætt sé að fullyrða að margir íslendingar hafi áhuga á náttúru landsins og kemur m. a. fram í því hve marga sjálfmenntaða menn á þeim sviðum við höfum átt. Stafar það sjálfsagt bæði af því hvað þjóðin hefur búið í nánum tengslum við landið og hvað náttúruöflin hafa oft verið íbúum þess óblíð, eins og *við höfum glöggt verið minnt á hvað eftir annað* að undanförnu, og þá um leið nauðsyn þess að við kynnumst náttúru landsins sem best. Þetta mál er því ekki aðeins menningaratriði, heldur hefur það beinlínis hagnýtt gildi fyrir þjóðfélagið.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Fsp. er þannig: „Hvaða áform eru uppi um úrbætur í húsnæðismálum náttúrugripasafns

Náttúrufræðistofnunar Íslands?“ Svar mitt er á þessa leið:

Náttúrufræðistofnun Íslands eða Náttúrugripasafnið, eins og hún hét áður, er til húsa við Hlemmtorg, þ. e. að Laugavegi 105 og Hverfisgötu 116. Náttúrugripasafnið var upphaflega í eigu og umsjá Hins íslenska náttúrufræðifélags og lengi til húsa í Safnahúsinu við Hverfisgötu. Í ársbyrjun 1947 var Náttúrugripasafnið gert að ríkisstofnun og jafnframt ráðnir að því fastir starfsmenn. Safnið var um skeið til húsa í Þjóðminjasafnsbyggingunni við Melaveg, en í ráði var að reisa sérstakt hús yfir stofnunina og átti hluti af happdrættisfé að ganga til þeirrar framkvæmdar, eins og fram kom í ræðu hv. fyrirspyrjanda. En síðar var horfið að því ráði að kaupa húsnæði handa safninu þar sem það er nú, og var lagt fram fé af happdrættistekjum til þeirra kaupa.

Í núverandi húsakynnum Náttúrufræðistofnunarinnar er m. a. sýningarsalur sem að vísu er lítill, en vel úr garði gerður, að ég tel, og sýningarmunum er þar vel fyrir komið. Má segja að allt beri gott vitni þeim ágæta starfsmanni Kristjáni Geirmundssyni sem lengi var í þjónustu Náttúrugripasafnsins sem hamskeri. Telja verður, að Náttúrufræðistofnun Íslands búi við allgóðan húsakost, þótt vafalaust megi segja að hún hefði þörf fyrir meira rými og þá fyrst og fremst fyrir stærri sýningarsal og betri aðstöðu á alla grein í því sambandi. En hitt verður þó að teljast meginmál í svipinn, að kanna hvort og þá á hvern hátt starfsemi stofnunarinnar ætti að tengjast Háskóla Íslands. Er þetta mál sem þarf að kanna til þrautar í samráði við forráðamenn háskólans og Náttúrufræðistofnunarinnar. Í því sambandi mundi að sjálfsögðu húsnæðismál og önnur starfsaðstaða koma til nýrrar yfirvegunar.

Jón Helgason: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir svar hans. Í svari hans kom fram það sem ég sagði áðan, að það er þörf á að athuga þessi mál nákvæmlega vegna þess samstarfs sem þarf að leita við Háskóla Íslands og fleiri aðila, að ég tel, í þessum málum. Þetta mál hlýtur því að þurfa alllangan undirbúning áður en hægt er að hefja þær framkvæmdir til úrbóta í húsnæðismálum sem að mati þeirra, sem skoðað hafa þessi mál, er þörf á.

Vasapeningar vangefinna, fsp. (þskj. 351). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram svo hljóðandi fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh.:

„1. Hvað veldur því, að önnur framkvæmd gildir um vasapeninga til vangefinna en annarra þeirra er á hælum dveljast?

2. Er breytinga að vænta á þessari framkvæmd?“

Fsp. þessi er borin fram að ósk fjölmargra þeirra sem að þessum málefnum starfa og í tilefni mjög ákveðinna krafna og blaðaskrifa reyndar um sama rétt til handa vangefnum varðandi svonefnda vasapeninga og aðrir vistmenn á hælum njóta. Hér er um að ræða heimild í 50. gr. almannatryggingalaga um sérstakar bætur til handa öldruðum og öryrkjum sem á hælum eru og er svo hljóðandi, niðurlag hennar, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef hlutaðeigandi er algerlega tekjulaus er Tryggingastofnuninni heimilt að greiða honum sjálfum allt að 25% lágmarksbóta.“

Þessar bætur munu yfirleitt greiddar samkv. umsóknum og veit ég ekki um nein dæmi takmarkana á þessum bótum nema til vangefinna. Það kann þó að vera og upplýsist þá ef svo er um fleiri. Tryggingaráð mun úrskurða hér um og úrskurður þess mun vera á þann veg, að ég best hef fengið upplýst, að vangefnir njóti um helmings þeirra bóta sem hér um ræðir. Réttlætingu þessa hef ég helst heyrt þá, að vangefnir eigi þess ekki sama kost að koma þessum vasapeningum í lóg, þarfir þeirra m. ö. o. svo ólíkar þörfum venjulegs fólks, að á þá skuli líta sérstaklega með umræddri niðurstöðu, takmörkun sem ég kem ekki auga á að sé í neinu réttmæt. Við nánari athugun kemur í ljós að á árinu 1969 taldi tryggingaráð í samþykkt sinni að öryrkjar á fávitastofnunum ættu sama rétt til aukabóta samkv. 26. gr. almannatryggingalaga þá og aðrir vistmenn, en þá var upphæðin að vísu 10% í stað 25% nú.

Ég kem ekki auga á það að lögin geri hér neinn mismun á. Þau eru án alls efa um sömu heimild til allra. Ég hef fyrir því allgóðar heimildir að einstök vistheimili hafi sent fullnægjandi grg. um fulla þörf vistmanna fyrir þessa vasapeninga, og mun það meira en um aðra aðila ýmsa sem ekki þurfa neina sérstaka grg., en fá samt heimildina að fullu svo sem sjálfsagt er. Hér er ótvírætt um einstaklinga að ræða með langanir og þarfir rétt eins og hjá okkur öllum, persónulegar þarfir til klæða og muna ýmissa, og sem dæmi nefni ég oft mikinn tónlistaráhuga þessa fólks og söfnunaráhuga sem hvort tveggja krefst fjármuna. Varðandi örvitana, sem mörgum þykir að hæpnast sé að þessi heimild nái til, þá er margt hægt að gera fyrir þessa peninga sameiginlega í þágu þessa hóps. M. a. veit ég að vistheimili, eins og Sólborg á Akureyri, hafa óskað eftir að fá þessar aukagreiðslur til að leggja í sameiginlegan sjóð til að sinna ýmsum verkefnum beinlínis í þágu þessa fólks til þess að gera því lífið bærilegra, m. a. með skemmtiferðum og öðru í því skyni. En aðalatriðið er að samkv. blaðaskrifum og upplýsingum, sem legið hafa fyrir, á sér stað mismunun sem ég hafði hreinlega enga hugmynd um. Ég hlýt að telja hana ósæmilega okkur, og því spyr ég hæstv. ráðh. þessara tveggja spurninga hér um.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Vegna þessarar fsp. er nauðsynlegt að rekja lagareglur almannatrygginga um þau málefni sem hér um ræðir. Í 50. gr. almannatryggingalaga frá 1971, sem nú er 51. gr., segir svo:

„Ef elli-, örorku- eða ekkjulífeyrisþegi dvelst lengur en einn mánuð á stofnun, þar sem sjúkratryggingar greiða fyrir hann, fellur lífeyri hans niður, ef vistin hefur verið lengri en 4 mánuðir undanfarna 24 mánuði. Heimilt er þó tryggingaráði að víkja frá þessum tímamörkum ef sérstaklega stendur á. Sé dvölin ekki greidd að fullu er heimilt að greiða lífeyri allt að því sem á vantar. Ef hlutaðeigandi er algerlega tekjulaus er Tryggingastofnuninni heimilt að

greiða honum sjálfum allt að 25% lágmarksbóta.“

Samkv. þessari lagagr. eru bætur þær, sem um er rætt í þessari fsp. og kallaðar eru vasapeningar, heimildarbætur, og samkv. 6. gr. sömu laga er það tryggingaráð sem ákveður meginreglur um notkun heimildarbóta.

Á s. l. ári bárust fsp. til rn. í sambandi við greiðslur þessara heimildarbóta til vistmanna á heimilum vangefinna og í tilefni af því ritaði rn. Tryggingastofnuninni hinn 15. júlí og spurðist fyrir um ákvarðanir tryggingaráðs í sambandi við notkun þessa heimildarákvæðis. Svar barst frá Tryggingastofnun ríkisins hinn 7. ágúst s. l. og þykir mér rétt að taka hér upp til frekari skýringa kafla úr svari forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins í því bréfi. Þar segir svo m. a.:

„Á úthlutun vasapeninga eru þau vandkvæði að þörf þeirra einstaklinga, sem þeirra eiga að njóta, er mjög misjöfn og möguleikar til að nýta þá. Upphæð þessi er nú 36 þús. á ári og er það vafalaust knappt skammtað þegar um er að ræða einstaklinga sem á einhvern hátt geta notið lífsins í þessum skilningi. En oft eru þessir möguleikar alls ekki fyrir hendi vegna vanheilsu. Almennt er ógerningur að framkvæma persónubundið mat á þessum þörfum, en reynt er, eftir því sem við verður komið, að afhenda sjúklingnum sjálfum þessa upphæð. Í öðrum tilvikum eru þessar bætur í vörslu forstöðumanna hæla um lengri eða skemmri tíma eða hjá vandamönnum. Í heild er hér um verulegar upphæðir að ræða af almannafé og nokkurt áhyggjuefni hve litlir möguleikar eru á að hafa eftirlit með því að það fé komi að tilætluðum notum.

Vangefnir og hæli þeirra eru í þessu sambandi alveg sérstakt vandamál. Framkvæmdin hefur orðið sú að forstöðumönnum hælanna hefur verið afhent þetta fé og þeim í sjálfsvald sett hvort það hefur verið notað að einhverju eða öllu leyti til sameiginlegra þarfa eða einstaklingsbundið. Komið hefur í ljós að mat forstöðumanna er ákaflega misjafnt í þessu efni. Til eru þau hæli sem nýta þetta fé eingöngu einstaklingsbundið og nær eingöngu til kaupa á eiginlegum munum, svo sem plötuspilurum, húsgögnum o. s. frv. Önnur nota þetta meira sameiginlega, til dansleikja, ferðalaga, gosdrykkja o. s. frv. Kennir þar vissulega margra grasa og er ekkert við það að athuga, enda varla um annað að ræða en hlíta mati forstöðumanna hvað þetta snertir. Til eru þau hæli sem ekki hafa óskað eftir fé í þessu skyni.

Vasapeningar eru að jafnaði greiddir ársfjórðungslega. Það er rétt, að greiðslur til hæla vangefinna hafa verið óreglulegri og í reynd hafa þau ekki nýtt hámark bóta hvað þetta snertir. Það eitt skilyrði hefur verið sett af hálfu stofnunarinnar og tryggingaráðs, að hverri beiðni um úthlutun vasapeninga til þessara stofnana fylgi skilagrein um notkun fyrri úthlutunar, enda gilda þar líka frjálsari reglur um meðferð fjárins en á öðrum hælum. Engin aths. hefur verið gerð um ráðstöfun forstöðumanna á þessu fé og vægar kröfur um fskj. með skilagreinum, enda oft erfitt að koma því við.

Sá misskilningur virðist hafa komist á kreik að í gildi væri einhver ákvörðun um að vangefnir fái aðeins hálfa vasapeninga. Stafar þetta sennilega af því, að oft hefur það skeð að þessi heimili hafa átt inni fleiri ársfjórðunga án þess að ný umsókn eða skilagrein bærist og hefur þá að jafnaði aðeins verið greiddur helmingur inneignar að svo stöddu. Það er því ekkert því til fyrirstöðu að þessi heimili fái fulla vasapeninga eftir því sem þarfir, umsóknir og skilagreinar forstöðumanna gefa tilefni til. Kvörtun um þetta fyrirkomulag hefur aðeins borist frá umboðsmanni stofnunarinnar á Akureyri vegna Sólborgar á sama stað.“

Eins og fram kemur í þessu bréfi, þá liggur ekki fyrir nein sérstök ákvörðun tryggingaráðs um að önnur framkvæmd skuli gilda um vasapeninga til vangefinna en annarra þeirra sem dveljast á hælum. Hins vegar kemur skýrt fram í bréfi forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins að tryggingaráð hefur litið nokkuð öðrum augum þörf þeirra, sem dveljast á hælum fyrir vangefna, en þörf annarra langdvalarsjúklinga. Þetta er í sjálfu sér ekki undarlegt þegar litið er á skyldur hæla vangefinna annars vegar við vistmenn sína og skyldur sjúkrahúsa, sem annast vistun langdvalarsjúklinga, hins vegar. Í lögum um fávitastofnanir frá 22. apríl 1967 segir svo í 4. gr.: „Fávitahæli skulu sjá vistmönnum fyrir þurftum þeirra, þar með talinni læknishjálp, aðhjúkrun og gæslu.“ Í lögum um almannatryggingar, um sjúkrahúsvist í 42. gr., segir svo: „Sjúkrasamlög tryggja ókeypis vist að ráði samlagslæknis í sjúkrahúsi sem samist hefur við, sbr. 45. gr., eins lengi og nauðsyn krefur, ásamt læknishjálp, lyfjum svo og annarri þjónustu sem sjúkrahúsið veitir.“

Af þessum tveim tilvitnunum er auðsætt að vistheimili fyrir vangefna eiga að sjá vistmönnum sínum fyrir öllum þurftum þeirra og þar með töldum öllum fatnaði. Hins vegar eiga sjúkrahús og hjúkrunarstofnanir eingöngu að sjá vistmönnum fyrir vistunarrými, fæði, lyfjum og læknishjálp. Það er því í sjálfu sér ekkert undarlegt, meðan þessar mismunandi skyldur hvíla á þessum viststofnunum, að tryggingaráð líti nokkuð öðrum augum á þörf einstaklinganna fyrir heimildarbætur eftir því á hvaða stofnun þeir dveljast.

Ég tel að ég hafi með þessum orðum svarað fyrri lið fsp. Um síðari liðinn vil ég segja þetta:

Ég tel að vel komi til greina að breyta þeim bótum, sem hér um ræðir, í skyldugreiðslur, en hafa þær hins vegar til tekjuviðmiðunar á svipaðan hátt og tekjutrygging almannatrygginga er, þannig að þeir einir fái greiðslurnar sem ekki hafa aðrar tekjur. Ég mun í tilefni af þessari fsp. beina því sérstaklega til þeirrar n. sem nú fjallar um endurskoðun laga um almannatryggingar hvort ástæða sé til að breyta lögum um almannatryggingar að þessu leyti.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin og sérstaklega þakka honum fyrir það að hann skuli hafa tekið þetta mál upp við tryggingaráð annars vegar og hins vegar svo aftur beint þessum ákveðnu tilmælum til þeirrar n. sem

fjallar nú um endurskoðun tryggingalaganna. Það væri vissulega æskilegt að hér yrði um skyldugreiðslur að ræða og þessu yrði komið í það form sem ég tel sjálfsagt og eðlilegt.

Í sambandi við svör hans kom það í ljós, sem mig grunaði nú jafnvel, að hér væri um vanrækslu að ræða hjá forstöðumönnum viðkomandi hæla og þá kannske alveg sérstaklega þess hælis sem á að vera forustuhæli í þessum efnum, mótandi aðili, þ. e. Kópavogshælisins. Ég hef einmitt grun um að þar séu hvað mest vansmíði hér á og vanræksla. Er illt að svo skuli vera og ég treysti heilbrigðisyfirvöldum og tryggingaráði til hreinlega að ýta á þessa aðila. Að vísu hafa þeir fengið á sig nokkurn þrýsting núna frá ungu starfsfólki sem á þessum hælum er og sér þá miklu þörf sem vangefnir hafa fyrir þessa vasapeninga ekki síður en aðrir til þess einmitt að geta, eins og var tekið fram áðan, notið lífsins, því að þeir eiga vissulega til þess kröfu eins og aðrir.

Ég held að það séu nánast allir, sem hér þekkja til, sammála um að þörf vangefinna fyrir þessa vasapeninga, fyrir utan þennan fasta klæðnað sem hæstv. ráðh. minntist á, sé ekki síðri en annarra. Þarfir þeirra og þrár eru ærið líkar okkar, og um leið er það ljóst að til þess þarf nokkurn stuðning frá samfélaginu sem þykir sjálfsagður til handa öðrum vistmönnum andlega heilum og á þá einnig að vera sjálfsagður til handa þessu fólki. Og það er illt ef það er aðeins þetta eina hæli, sem er úti á landsbyggðinni, og forstöðumenn þess, þ. e. a. s. forstöðumenn Sólborgar á Akureyri, sem hafa sýnt þessu máli fullan áhuga og gert sér grein fyrir því hvað mikilsverðir þessir peningar geta oft á tíðum verið fyrir þetta fólk. Ég er engu að síður á því að hér eigi tryggingaráð hreinlega að ýta á eftir og sjá til þess, ef um vanrækslu er að ræða hjá þessum aðilum, að þeir gæti ótvíræðrar skyldu sinnar gagnvart því fólki, sem þeir eru að annast. Ég hlýt að treysta hæstv. ráðh. til að ráða hér á bót svo sem mögulegt er og þeirri n., sem hér fjallar um, og einnig tryggingaráði.

Ég held að jafnrétti til handa vangefnum á hvaða sviði sem er sé það markmið sem sjálfsagt hlýtur að teljast. Um það hefur nú verið flutt till. þingmanna úr öllum flokkum. Það fyrirkomulag, sem hér hefur verið gert að umræðuefni, þar sem vangefnum er skipað skör lægra en öðrum þegnum þjóðfélagsins, þó að það eigi sínar skýringar, hjá þeim aðilum sem síst skyldi, og sú framkvæmd, sem nú viðgengst, er í hrópandi mótsögn við þessa jafnréttiskröfu. Því þarf að ráða á þessu bót og ég geri mér vonir um það af svörum hæstv. ráðh. að svo verði.

Efri deild, 60. fundur.

Þriðjudaginn 24. febr., að loknum fundum í sameinuðu þingi.

Umræður utan dagskrár.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég finn mig knúinn til þess að minna á það að fyrir jól lagði ég fram frv. í þessari hv. d. um framlengingu á söluskattsstigi sem fyrst og fremst fer til niðurgreiðslu á olíu til húshitunar. Þetta mál var algjörlega óbreytt frá því sem það hafði verið s. l. ár. Þau lög, sem um þetta gilda nú, renna út 29. febr. Það er því skammur tími til stefnu til þess að afgr. þetta mál, ef ekki er ætlast til þess að þessi skattgreiðsla og þessi styrkur falli niður, þar sem það á eftir að fara gegnum tvær umr. í þessari hv. d. og síðan í gegnum Nd.

Ég vona og ég veit það reyndar að n. beggja d. munu hafa unnið að þessu máli með góðum vilja. Það er sjálfsagt hægt að afgr. það á þeim dögum vikunnar sem eftir eru. En hér má engu skeika og eins og ég sagði, þá finn ég mig neyddan til þess að vekja athygli hv. dm. á því, að hér er um að ræða að koma þessu máli í gegn eða að þetta söluskattsstig falli niður og þá þar af leiðandi olíustyrkurinn og fjárveitingar í önnur þau verkefni sem gert er ráð fyrir í þessu frv.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Þar sem það mál, sem hér var rætt um af hæstv. viðskrh., er í þeirri n. sem ég er formaður fyrir, þá sé ég ástæðu til þess að segja um þetta nokkur orð.

Fjh.- og viðskn. beggja d. hafa starfað saman að afgreiðslu þessa máls. Eins og frv. var þegar það var lagt fram, þá gerði það ráð fyrir því að olíustyrkur yrði óbreyttur. En við starf n. hefur komið í ljós að upphitun með olíu hefur hækkað mjög stórlega og bilið breikkað varðandi kostnað við kyndingu húsa með hinum ýmsu aðferðum, þ. e. a. s. rafmagni, hitaveitu og olíu. Við töldum nauðsynlegt að reyna að finna einhverja leið til þess að gera það kleift að hækka þennan styrk eitthvað og höfum unnið að því. Ég geri mér fyllilega grein fyrir því og mun leggja áherslu á að n. skili áliti í fyrramálið, þannig að það verði hægt að koma þessu máli áfram í þessari d. á morgun.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Það kemur oft fyrir að við stjórnarandstæðingar sjáum okkur neydda til að kvarta yfir vinnubrögðum í n. þingsins, því að staðreyndin er sú að vinnubrögðin í n. þingsins eru mjög slæm. Ég get leyft mér að kvarta yfir því að sumar n. deildarinnar hafa komið allt of sjaldan saman, og á það sem sagt við þær flestar. Hitt er harla óvenjulegt, að ráðh. sjái sig tilneyddan að kvarta yfir því við d. að vinnulið hans í n. standi ekki í stöðu sinni og afgr. ekki mál. Og þeim mun óvenjulegra er það sem formaður n. er í sama flokki og ráðh. Ég vil sem sagt einungis af þessu tilefni fullvissa hæstv. ráðh. um að það stendur síður en svo á stjórnarandstöðinni að afgr. þetta mál. Það fer ekki á milli mála að olíukostnaðurinn er gífurleg byrði á því fólki sem verður að hita hús sín með olíu og því ber brýna nauðsyn til þess að samb. áframhald olíustyrksins, enda þótt það sé skoðun okkar í stjórnarandstöðinni að sú upphæð, sem hæstv. ráðh. hefur ætlað til þeirra þarfa, sé allt of lág og þurfi að hækka. En sem sagt, ef ráðh. getur náð árangri í því að fá liðsmenn

sína til að standa í stöðu sinni, þá stendur sannarlega ekki og hefur ekki staðið upp á stjórnarandstöðuna að afgr. þetta mál.

Flugvallagjald, frv. (þskj. 350, n. 360). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur tekið til athugunar frv. til laga um flugvallagjald, og leggur n. til að frv. verði samþ., en Jón Árm. Héðinsson og Ragnar Arnalds undirrita nál. með fyrirvara.

Það var gert ráð fyrir því við afgreiðslu fjárlaga að tekjur af flugvallagjaldi mundu nema 235 millj. kr. Þetta frv. er í samræmi við þá afgreiðslu sem fjárlög hlutu, og hér er gert ráð fyrir því að þessar tekjur nemi 235 millj. kr. eða gjaldið verði 1500 kr. á hvern farþega sem ferðast frá Íslandi til annarra landa, en 200 kr. í innanlandsflugi. Hér er því um allmikla lækkun á þessu gjaldi að ræða. Það má vissulega um það deila hvort ástæða sé til að lækka þetta gjald, en það var ekki gert ráð fyrir meiri tekjum af þessu gjaldi við afgreiðslu fjárlaga.

Ég vil láta það koma fram, að það var álit margra í n. að það væri æskilegt að tekjur af slíku gjaldi rynnu til flugmálanna og fjármagnið yrði notað til þess að byggja upp flugvelli og bæta öryggi flugvalla. Hins vegar er ljóst að það er ekki svigrúm til þess nú að taka ákvörðun um að þessar tekjur skuli leggjast í sérstakan sjóð. En ég hef tekið eftir því að allshn. Sþ. hefur lagt til að samþ. verði þáltill. um áætlunagerð í flugmálum, og þegar slík áætlanagerð er framkvæmd þarf jafnframt að hafa í huga tekjur til að standa undir henni. Ég vænti þess að stefnt verði að því að tekjur af þessu gjaldi renni til flugmála, hvort sem það verður gert við afgreiðslu fjárlaga eða tekjustofn þessi verði markaður.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Um þetta frv. er ástæðulaust að hafa mörg orð. Flugvallaskatturinn var á lagður fyrir einu ári og þá studdum við þá breytingu, ekki síst með það í huga að jafnhliða því að skatturinn var á lagður var söluskattur af flugfarmiðum afnuminn. Það var því um að ræða breyt. sem tvímælalaust var til mikilla hagsbóta fyrir þá sem langt eiga að sækja með flugvélum hér innanlands. Hins vegar hef ég undirritað nál. um þetta frv. nú með fyrirvara vegna þess að það er og var skoðun mín, að þetta sérstaka flugvallagjald ætti að leggja í sérstakan sjóð til þess að hraða flugvallagerð innanlands. Sú var skoðun mín fyrir einu ári og sú skoðun mín er óbreytt.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mjög, en ég vildi taka undir það sem kom fram bæði hjá hv. frsm. n. og hv. síðasta ræðumanni, að leggja beri þetta gjald í flugvallasjóð til framkvæmda að flugmálum. Vil ég endurtaka það, sem ég sagði við 1. umr., að ég tel ákaflega nauðsynlegt að tryggja framkvæmdum á sviði flugmála tekjur á svipaðan máta og gert er um vegamál. Ég er þeirrar skoðunar að fyrr komist ekki gott lag á áætlanagerð á þessu sviði, en stefna ber að því að gera áætlanir til nokkurra ára. Ég tel reyndar að í slíkan sjóð ætti fleira að renna, eins og t. d. tekjur af Keflavíkurflugvelli, og annað mætti nefna. En ég ætla ekki að fara út í það hér, ekki til þess staður né stund, en fyrst og fremst lýsa fylgi mínu við þær hugmyndir sem hér hafa komið fram og ég hef reyndar gert að mínum áður.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Efri deild, 61. fundur.

Þriðjudaginn 24. febr., að loknum 60. fundi.

Flugvallagjald, frv. (þskj. 350). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Námslán og námsstyrkir, frv. (þskj. 364). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um Lánasjóð ísl. námsmanna. Milliþn. hefur haft lög um Lánasjóðinn til skoðunar undanfarna mánuði. Á árunum 1972—1973 voru þessi lög einnig til endurskoðunar og þá var lagt fram frv. að nýrri löggjöf, en það hlaut ekki afgreiðslu á Alþ. Það eru aðeins örfáir dagar síðan námslánanefnd skilaði af sér til menntmrn. og þeir dagar hafa verið notaðir til þess á vegum ríkisstj. að vinna úr drögum n. og ganga frá tækniatriðum ýmiss konar með aðstoð Hagstofu og ríkisskattstjóra. Þannig er í sem allra fæstum orðum aðdragandi eða undirbúningur þess frv. sem hér liggur nú fyrir.

Fyrsta löggjöfin um Lánasjóð ísl. námsmanna mun vera frá 1961, en áður störfuðu tveir lánasjóðir, annar vegna stúdenta við Háskóla Íslands og hinn vegna stúdenta við nám erlendis. Ljóst er af umr. og skjölum málsins frá 1960—1961 að þeim, sem stóðu að lagasetningunni þá, 1961, hefur verið ofarlega í huga sú hugsun að byggja upp kerfi námslána sem innan fárra ára gæti orðið sjálfu sér nóg fjárhagslega, að mestu leyti a. m. k. Það er sem sagt alls ekki ætlunin þá

að námslán skuli fjármagna ár hvert svo til eingöngu með beinum framlögum úr ríkissjóði, þótt svo hafi til tekist að sú hafi orðið raunin á. Árið 1967 voru lögin endurskoðuð í heild og síðan hefur þeim verið breytt tvívegis. En ég hygg að mér sé óhætt að segja það, að menn *hafi aldrei staðið fjær því marki að eignast sterkan* lánasjóð námsmanna en einmitt nú. Er nú svo komið að glöggir menn telja sig geta fært líkur að því a. m. k. að sjóðurinn endurheimti að raungildi innan við 10% af útlánuðu fé miðað við meðalverðbólgu á Íslandi. M. ö. o.: því fer svo fjarri sem hugsast getur að fyrirætlun manna við upphaf námslánakerfisins hafi orðið að veruleika.

Samhliða þessari óheillaþróun hefur eftirspurn eftir námslánum aukist gífurlega, sem von er, því hver er sá að hann þiggi ekki lán sem endurgreiða skal á 20 — allt upp í kannske 30 — árum frá því að byrjað er að taka lán og til þess að því er að fullu lokið, greitt upp, og endurgreiða það í raun og veru með 10% raungildi eða minna? Það þarf engan að undra.

Árið 1970 eru veittar á fjárl., að ég hygg, 75 millj. kr. til námslána, en á fjárl. 1976 er þessi upphæð 840 millj. og þar að auki 600 millj. kr. lántökuheimild, heimild fyrir ríkissjóð til að ábyrgjast 600 millj. kr. lán fyrir Lánasjóð námsmanna. Aftur á móti hefur það komið fram hjá *fulltrúum námsmanna að þeir telja sig geta fært* rök að því að til þess þyrfti allt að 2600 millj. kr. að fullnægja að þeirra dómi eðlilegri þörf. Þessi *gífurlega þensla stafar m. a. af því að námslánin* hafa í reynd þróast í styrki sem einnig þeir taka á móti að fullu sem þurfa ekki nauðsynlega á því að halda til þess að komast fram úr námskostnaði sínum, og lái ég engum það, eins og ég hef þegar tekið fram.

Þessu frv. er í senn ætlað að draga úr óeðlilegri og óæskilegri eftirspurn eftir námslánum og að treysta fjárhagsgrundvöll Lánasjóðsins. Því er það að nú er gert ráð fyrir að verðtryggja lánin fyllilega til jafns við það sem mest gerist í öðrum lánasjóðum, en hins vegar er ekki gert ráð fyrir að reikna neina vexti af lánunum. Fleiri ákvæði í þessu frv. eiga að stuðla að eflingu Lánasjóðsins og þar með að því takmarki verði náð að námsmenn, sem í raun þurfa þess með, geti fengið fulla aðstoð. Verður farið örlítið nánar inn á þetta um leið og vikið verður að einstökum greinum frv.

Auk verðtryggingarinnar hygg ég að það sé höfuðnýmæli þessa frv. að endurgreiðslur lánanna skuli að verulegu leyti miðaðar við tekjur lánþega að námi loknu. Þó eru í frv. ákvæði um tiltekna lágmarksgreiðslu án tillits til tekna. Ákvæðin um tekjuviðmiðun eru komin inn í frv. fyrir atbeina og að tillögu fulltrúa námsmanna í lánasjóðsnefnd, en þeir voru hins vegar andvígir lágmarksákvæðinu og töldu réttara, ef inn á þessa braut væri farið á annað borð, að miða alfarið við tekjur. Ég vil láta koma fram hér að ég hef verið og er mjög gagnrýninn á þessa tilhögun. Mér þykir satt að segja illt að byggja *endurheimtur námslána á sama grunni og tekju*skatturinn byggir á nú. Þar veldur hvort tveggja, að réttmæti hans er mjög dregið í efa, vægt til orða tekið, og svo hitt, að stöðugt má auðvitað vænta breytinga á skattkerfinu. Ég vil þó til samkomulags reyna slíka tilhögun, enda sé þá í lögunum ákvæði um lágmarksgreiðslur. Það er frá minni hálfu ófrávíkjanlegt skilyrði að það sé. Um þá tölu, sem sett er í frv., má vitanlega endalaust deila. Hún verður seint vísindalega bundin. En *það er mitt mat* að sá, sem lokið hefur námi fyrir þremur árum, eigi að vera þess umkominn, ef allt er með felldu um hans ástæður, að greiða hið minnsta 50 þús. kr. árlega afborgun til Lánasjóðsins og er þá miðað við verðgildi peninga eins og það er í dag. En í frv. er svo einnig gert ráð fyrir því að sjálfsögðu að lánasjóðsstjórn geti veitt frávik þegar sérstaklega stendur á. Ég segi: að sjálfsögðu, því að þessi lán eru ekki veðtryggð. Og þó að það sé gert ráð fyrir ábyrgðarmönnum, þá tel ég óhjákvæmilegt og í alla staði eðlilegt að hafa slíkt undantekningaákvæði.

Ég skal þá víkja — í sem allra fæstum orðum þó — að einstökum gr. frv. og þá einkum gera grein fyrir þeim helstu breytingum sem þar er að finna.

Í 1. gr. er meginhlutverk Lánasjóðsins skilgreint.

Í 2. gr. er heimild fyrir ráðh. að ákveða með reglugerð hvaða skólar eða einstakir námsárgangar þeirra verði námsaðstoðar aðnjótandi. Hér er horfið frá því að telja þessa skóla upp í löggjöfinni sjálfri, enda er skólaskipan ævinlega breytingum háð og einmitt núna er nokkuð mikil hreyfing á tilteknum sviðum skólamálanna a. m. k.

Í 3. gr. frv. segir að stefnt skuli að því að opinber aðstoð við námsmenn nægi hverjum námsmanni til að standa straum af *eðlilegum* náms- og framfærslukostnaði þegar tillit hefur verið tekið til námsmanns og maka hans, fjölskyldustærðar, framfærslukostnaðar í viðkomandi námslandi, lengdar árlegs námstíma og annarra atriða er áhrif kunna að hafa á fjárhagsaðstöðu námsmanna. Ekki þótti fært, eins og allt er nú í pottinn búið með fjárhag ríkissjóðs, að ákveða í lögum að Lánasjóður láni fulla svokallaða umframfjárþörf. Hins vegar þótti rétt að binda í lögum það, sem þegar hefur verið farið inn á í framkvæmd, að fjölskyldustærð og tekjur maka skuli hafa áhrif á upphæð lánanna. Nánari ákvæði um úthlutun námslána og styrkja skuli svo sett í reglugerð.

4. gr. frv. fjallar um stjórn sjóðsins. Með hliðsjón af því, að nemendur annarra skóla en Háskóla Íslands hafa í vaxandi mæli notið aðstoðar úr sjóðnum, er hér lagt til að þessir skólar, aðrir en Háskólinn, tilnefni mann í sjóðsstjórn í stað þess er háskólaráð hefur tilnefnt áður. Í gildandi lögum er sagt, að sjóðsstjórn ráði starfsmenn, en nú hefur sú skipan komist á að framkvæmdastjóri er ráðinn sérstaklega og þá til nokkurra ára. Er hér gert ráð fyrir að menntmrh. ráði framkvæmdastjóra til fjögurra ára að fengnum till. sjóðsstjórnar, en sjóðsstjórn ráði svo annað starfsfólk að fenginni heimild rn., svo sem venja er nú.

5. gr. er *efnislega óbreytt að mestu leyti.*

Í 1. málsgr. 6. gr. segir að fyrsta námsaðstoð skuli aldrei veitt fyrr en námsmaður hefur skilað vottorði um tilskilda skólasókn og námsárang-

ur á yfirstandandi skólaári. Þessi ákvæði eru nokkuð hert frá því sem gilt hefur að undanförnu. En jafnframt er svo tekið upp ákvæði er heimili sjóðsstjórn að veita námsmönnum erlendis og raunar hérlendis einnig í vissum tilvikum víxillán, ef sérstaklega stendur á, eða eins og segir í niðurlagi 7. gr. „til greiðslu á tímabundnum námskostnaði, enda uppfylli námsmenn almenn skilyrði til námsaðstoðar, og endurgreiðist fjárhæðin með námsaðstoð sem veitt verður síðar skv. almennum reglum.“ Þetta er hugsað til þess að fyrirbyggja að námsmaður geti í krafti þess, að hann hefur aðeins hafið nám, innritast í skóla, orðið námsaðstoðar aðnjótandi með venjulegum hætti þó að hann t. d. hverfi frá námi á fyrsta ári. Þetta ákvæði er sett til þess að koma í veg fyrir það, en hins vegar opnaður möguleiki til víxilláns ef óhjákvæmilegt er að veita fyrirgreiðslu til þess að nám geti hafist.

Um 6.—11. gr. er annars það að segja, að hér er lagt til að gerð verði róttæk breyting á núgildandi endurgreiðslukjörum Lánasjóðsins. Sú mikla verðbólga, sem ríkt hefur hér á landi hin síðari ár, hefur í raun leitt til þess að núverandi námslán hafa aðeins að litlu leyti komið til endurgreiðslu á raunvirði, eins og ég áðan minntist á, og þau hafa því nánast komið lánþeganum að gagni sem styrkir að langmestu leyti. Með þessum greinum er hins vegar ætlunin að snúa af þessari braut og tryggja það í senn að Lánasjóðurinn fái umtalsverðan hluta námslána endurgreiddan á raunvirði og raunar mikinn hluta og að engum lánþega verði þó ofþyngt með endurgreiðslu. Í því skyni eru afborganir miðaðar við fasta tiltölulega lága fjárhæð árlega annars vegar og hins vegar við aukaafborganir, eins og það er orðað, sem einungis koma til greina ef tekjur lánþega eru ofan við það sem ætla má að sé meðaltalsframfærslukostnaður, og þá fara þær stighækkandi við vaxandi tekjur lánþega. Hugtakið grunntala framfærslukostnaðar er notað í frv. um þennan meðaltalsframfærslukostnað og var hann í maí 1975 1 146 577 kr. fyrir visitölufjölskyldu. Lánþegi í hjúskap með tvö börn hefði því enga aukaafborgun þurft að greiða í ár vegna tekna sinna 1975 hefðu þær verið jafnar eða lægri en þessi upphæð, en hins vegar þurft að greiða lágmarksfjárhæðina. Lágmarksfjárhæðin er verðtryggð. Menntmrh. er veitt heimild til að ákveða nánar með reglugerð útreikningsreglur aukaafborgana, en þó er sett það hámark að þær megi aldrei valda því að heildarafborganir fari yfir 10% af vergum tekjum lánþega til skatts.

Lánin eru sem sagt vaxtalaus, en visitölutryggð, eins og ég hef þegar tekið fram. Engar afborganir skulu vera af lánum fyrstu 3 árin eftir námslok, miðað er við 5 ár í núgildandi lögum, en endurgreiðslutími þeirra skal vera allt að 20 árum eftir að afborganir hefjast. Þá er, sem fyrr segir, gert ráð fyrir heimild til veitingar bráðabirgðalána með víxilkaupum, en sá háttur mun alveg sérstaklega nauðsynlegur þegar um er að ræða námsmenn erlendis sem veitt er lán í fyrsta skipti, en getur einnig komið til greina innanlands, eins og ég áður gat um.

Í 12., 13., 14., og 15. gr. eru, að ég hygg, ekki verulegar efnisbreytingar frá gildandi lögum.

En þá er það 16. gr. Í 1. málsgr. hennar er gert ráð fyrir að ráðh. setji í reglugerð frekari ákvæði um framkvæmd laganna og er drepið á nokkra meginþætti sem þar þurfi m. a. að mæla fyrir um. En að sjálfsögðu verður vikið að ýmsum fleiri atriðum í reglugerð. Í 2. málsgr. er það nýmæli að ráðh. getur ákveðið í reglugerð að námsmenn utan Háskóla Íslands skuli greiða hagsmunasamtökum sínum félagsgjald og megi halda gjaldi þessu eftir af lánum þeim og styrkjum sem greiddir eru úr Lánasjóðnum. Stúdentaráð Háskóla Íslands fær nú þess háttar gjöld til sinna nota, til sinnar félagslegu starfsemi, greidd sem hluta af innritunargjöldum til Háskólans. 3. málsgr. 16. gr. er nýmæli. Hún gerir ráð fyrir að til viðbótar reglugerð komi reglur um smærri atriði úthlutunar settar af sjóðsstjórn. Þá er og kveðið á um að úthlutunarreglur sjóðsins í heild skuli gefnar út árlega, svipað og verið hefur í framkvæmd.

Þá hef ég að vísu mjög stuttlega vikið að einstökum greinum frv. og helstu breytingum sem það hefur inni að halda, en ég vil að lokum leyfa mér að minna á eftirfarandi:

Verulegur hluti þess fjármagns, sem Lánasjóði ísl. námsmanna er ætlað til umráða á yfirstandandi skólaári, er lánsfé, sbr. afgreiðslu fjárl. í vetur. Af þessu leiðir að útilokað er, ég segi: að útilokað er að lána úr sjóðnum að þessu sinni með sömu kjörum og áður, þ. e. án allrar verðtryggingar. Nú er langt liðið á febrúarmánuð. Venja hefur verið að hefja úthlutun svokallaðra vorlána eða aðallána upp úr miðjum janúarmánuði. Það er því orðið ákaflega brýnt að hefja úthlutun lánanna að þessu sinni og má raunar ekki dragast og hefur satt að segja dregist allt of lengi. Með vísun til þess, er ég nú hef greint, vil ég eindregið fara þess á leit að menntmn. beggja deilda geri allt sem unnt er til þess að hraða afgreiðslu málsins hér á hv. Alþ., og ég vil sérstaklega mælast til þess að menntmn. beggja d. ræði málið á sameiginlegum fundi sínum eða fundum. Þetta er oft gert og er ekkert afbrigðilegt við það. Þetta er oft gert þegar talið er nauðsynlegt að flýta sérstaklega afgreiðslu tiltekinna mála.

Herra forseti. Ég vil svo að lokum leggja til að frv. verði að lokinni þessari 1. umr. vísað til hv. menntmn.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Það er allefnismikið frv. sem hér hefur verið lagt fram til umr., en hins vegar hefur ekki gefist mikill tími til að kanna það. Ég var farinn af fundi Sþ. í gær þegar frv. var útbýtt og átti þess ekki kost að lesa þetta frv. fyrr en u. þ. b. sem fundir voru að hefjast hér í dag.

Um það leyti sem fundir hófust í dag var útbýtt bréfi til þm. frá kjarabaráttunefnd námsmanna. Það er opið bréf til allra alþm. með gagnrýni á það frv. sem hér er til umræðu. Þetta er allmikil lesning, eins og þm. munu sjá, 11 síður ásamt fjórum þykkum fskj., og er því ljóst að það er ýmislegt sem menn þurfa að at-

huga áður en þeir geta fjallað endanlega um þetta mál og tekið afstöðu til þess.

Ég vil þó ekki láta hjá líða að segja það sem skoðun mína að þetta frv. hafi svo áberandi galla að ekki sé árennilegt að samþ. það óbreytt. Ég tel að frv. beri það svo bersýnilega með sér, að ekki þurfi langrar umhugsunar við, að það sé meingallað í ákveðnum greinum, og þá á ég fyrst og fremst við hið harðneskjulega endurgreiðslukerfi sem gert er ráð fyrir að tekið sé upp með samþykkt þessa frv.

Endurskoðun námslánakerfisins hefur staðið yfir um margra ára bil eða allt síðan 1972 og núverandi kerfi hefur verið gagnrýnt með margvíslegum rökum. Á það hefur verið bent, ekki hvað síst af námsmönnum, að um sé að ræða algjörlega ófullnægjandi lánafyrirgreiðslu og að setja þurfi ákveðnari fyrirmæli um það hvenær umframtjárþörf námsmanna verði fullnægt að fullu. Það orðalag, sem enn er í lögum, var sett árið 1967 og þá var kveðið svo á að stefnt skyldi að því að opinber aðstoð við námsmenn nægði hverjum námsmanni til að standa straum af eðlilegum náms- og framfærslukostnaði þegar eðlilegt tillit hefði verið tekið til allra aðstæðna, tekna og framfærslukostnaðar. Að þessu marki var stefnt í nokkrum áföngum fyrstu árin eftir setningu laganna. En staðreynd er að á seinustu árum hefur þessi þróun stöðvast og umframfjárþarfarprósentan, sem hefur komið út úr afgreiðslu fjárlaga hin seinni ár, hefur staðið nokkuð í stað og raunar lækkað á því ári sem nýlega er hafið. Menn hafa því talið að ekki yrði undan því vikist að Alþ. og ríkisstj. tækju af skarið um það hvenær þessu marki yrði náð, þannig að ekki drægist úr hömlu að umframfjárþörf námsmanna yrði fullnægt. Þar til viðbótar hafa námsmenn mjög kvartað yfir því að það kostnaðarmat, sem miðað hafi verið við, sé rangt og þarfnist endurskoðunar.

Í öðru lagi hefur verið á það bent, að núverandi námslánakerfi næði ekki til allra þeirra sem þyrftu þess með að fá lán. Hefur verið bent á ýmsa framhaldsskóla í því sambandi.

Í þriðja lagi hefur verið kvartað yfir því og þá að sjálfsögðu meira af hálfu fjárveitingavaldsins að endurgreiðslur námslána væru hverfandi litlar vegna verðbólguáhrifa og þörfin fyrir nýtt fjármagn yrði því stöðugt meiri, sjóðsmyndunin væri mjög lítil og færi því of mikið fjármagn á ári hverju til þessara þarfa. Námsmenn hafa að sínu leyti orðið að viðurkenna það með sjálfum sér að endurgreiðslukerfið hefur orðið til þess að draga úr möguleikum þess til að gegna hlutverki sínu vegna þess að fjárveitingavaldið hefur ekki útvegað nægilegt fjármagn. Þeir hafa því einnig litið á það sem vankant kerfisins að endurgreiðslan væri svo lítil sem raun ber vitni.

Í þessu sambandi er rétt að skýra hér frá því að í tíð vinstri stj. var lagt fram frv. um námslán og námsstyrki og við afgreiðslu þess frv. í menntmn. Ed. fóru fram miklar athuganir á því hvernig unnt væri að tryggja meiri endurgreiðslu lánanna en verið hefur. Í því sambandi voru settar fram till. sem gerðu ráð fyrir því að lánin væru að hluta til verðtryggð. Þar sem ég bar nokkra ábyrgð á því að till. þessar urðu til þykir mér rétt að segja frá þeim í stuttu máli, enda var það svo að n. var komin á fremsta hlunn með að bera fram till. þessar og mátti heita að samstaða hefði tekist um það í n. að þær yrðu fluttar sem brtt. n. En á seinustu stundu skarst annar stjórnarandstöðuflokkurinn, Sjálfstfl., úr leik og vildi ekki taka þátt í afgreiðslu þessara till., og niðurstaðan varð sú að þing var rofið áður en til afgreiðslu málsins kæmi.

Ég tel ástæðulaust að gera hér grein fyrir hinum ýmsu afbrigðum þeirra till. sem þarna voru á ferðinni vegna þess að það er fyrst og fremst sögulegt atriði. Einu till., sem ástæða er til að gera hér að umtalsefni, eru þær endanlegu till. sem n. var með. Þær voru í grófum dráttum á þann veg að hver námsmaður skyldi eiga þess kost að fá tvenns konar lán úr Lánasjóðnum. Annars vegar V- lán, þ. e. verðtryggð lán, hins vegar U-lán, þ. e. lán miðuð við umframfjárþörf hvers námsmanns. V-lánin eða verðtryggðu lánin voru hugsuð sem föst fjárhæð á ári hverju og var gert ráð fyrir að sú fjárhæð næmi 30% af meðalframfærslukostnaði námsmanna á Íslandi, þessi lán yrðu vaxtalaus, en miðuð við framfærsluvísitölu, afborganir þeirra hæfust þrem árum eftir námslok og þau skyldu að öðru jöfnu greiðast á þrefalt lengri tíma en svaraði þeim fjölda verðtryggðra lána sem námsmaðurinn hefði tekið. U-lánin voru, eins og ég áðan sagði, lán sem miðuð voru við umframfjárþörf hvers einstaks námsmanns þegar frá hefði verið dregin upphæð V-láns. Gert var ráð fyrir því að meginhluti þeirra lána, sem námsmaðurinn tæki, væri lán af þessu tagi með að sjálfsögðu miklu hagstæðari kjörum en verðtryggðu lánin eru og að vextir af þeim yrðu 3% lægri en almennir innlánsvextir á hverjum tíma. Einnig var það ákvæði í þessum brtt. að samtals skyldi greiðsla námsmanns á hverju ári aldrei fara fram úr 8% af tekjum hans. Gert var ráð fyrir því að lánin gætu verið í endurgreiðslu í allt að 25 ár, en hefði greiðslum þá ekki verið lokið skyldu eftirstöðvarnar falla niður.

Hér er einnig rétt að gera grein fyrir því, að stúdentar við Háskóla Íslands hafa mikið látið þessi mál til sín taka og reynt að gera sér grein fyrir því hvert væri hyggilegasta fyrirkomulag þessara mála. Þeir hafa sett fram till. sem ganga að nokkru í svipaða átt og þær till. sem ég gerði nú grein fyrir enda þótt þær séu um annað nokkuð frábrugðnar. Það gildir reyndar svipað um till. stúdenta og um þær till. sem ég gerði grein fyrir áðan, að þar hafa margar hugmyndir verið á ferðinni og það mundi flækja málið býsna mikið ef farið væri að gera grein fyrir mörgum þeirra. Hér geri ég einungis grein fyrir einu ákveðnu frv. sem m. a. er með í þeim gögnum sem stúdentar hafa sent þm. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því að lán til námsmanna séu verðtryggð. En námsmenn og stúdentar leggja höfuðáherslu á að þeir hafi sett fram þá hugmynd miðað við að endurgreiðsla lánanna yrði í ströngu samræmi við greiðslugetu þeirra sem lánin tækju, og skal á það bent að í grg. með þessu frv. stúdentanna segir m. a.: „Það skal tekið skýrt fram til að forða frá algengum misskilningi að þessi vísitölubinding jafngildir engan veginn venjulegri vísitölubindingu. Námsmenn hafa

aldrei verið reiðubúnir að fallast á vísitölubindingu nema jafntramt sé tryggt að endurgreiðslur séu í ströngu samræmi við greiðslugetu. Við teljum að vísitölubinding geti aðeins verið réttlætanleg sem tæki til að ná endurgreiðslum af hátekjumenntamönnum, en munum snúast gegn henni af alefli ef hún á að bitna af einhverjum þunga á lágtekju- og meðaltekjumönnum.“ Þeir segja einnig hér á öðrum stað: „Við teljum það grundvallaratriði að lágmarkstekjur, sem samsvari eðilegum framfærslulífeyri, séu friðhelgar undan endurgreiðslum.“ Með þetta í huga hafa stúdentar sett upp ákveðið endurgreiðslukerfi, sem er í grófum dráttum með þessum hætti. Þeir setja upp hugtakið viðmiðunartekjur sem er miðað við vísitölu og orðað svo í 7. gr. þeirra frv.: „Viðmiðunartekjur eru grunntala framfærsluvísitölunnar leiðrétt til samræmis við ársmeðaltal framfærsluvísitölu.“

Án þess að ég fari að orðlengja um þessa hugmynd nægir að láta þess getið að viðmiðunartekjur hjóna með tvö börn á árinu 1976 hefðu samkv. þessum útreikningi numið 1147 þús. kr. Og þá segja stúdentar: „Endurgreiðslan á að nema 3.5% af tekjum umfram viðmiðunartekjur.“ Þegar tekjur viðkomandi námsmanna eru orðnar tvöfaldar viðmiðunartekjurnar, sem sagt í þessu tilviki hjá hjónum með tvö börn komnar upp í 2 300 þús. kr., skuli 10% af tekjunum greiðast í Lánasjóð. Það er sem sagt alveg ljóst að lágtekjufólk greiðir lítið samkv. þessu kerfi og það skiptir því ekki ýkjamiklu máli þó að lánin hafi verið verðtryggð á sínum tíma. Fólk, sem aldrei nýtur þess í stórhækkuðum launum að hafa fengið þessi lán, kemur til með að greiða mjög lítið og kannske í einstaka tilviki ekki neitt. En þeir, sem hins vegar greiða að fullu, geta greitt allt upp í 100% verðtryggingu ofan á lánin ef tekjur þeirra eru nægilega háar.

Eins og menn sjá er hér um grundvallarmun að ræða, annars vegar á verðtryggingarkerfi, sem þannig er hugsað að það kemur einungis niður á hátekjumönnum, og hins vegar því verðtryggingarkerfi sem kemur jafnt niður á öllum.

Nú kynnu menn að segja sem svo að þetta kerfi stúdenta tryggði ekki nægilegar endurgreiðslur í Lánasjóð námsmanna. En mér þykir rétt að láta þess getið að þetta hefir verið nákvæmlega útreiknað af færustu mönnum og samkv. þeim útreikningum kom í ljós að 56% lánanna mundu skila sér að raungildi jafnvel þótt endurgreiðslukerfið væri með þeim takmörkunum sem ég hef hér lýst. Mér er sagt að meðal þeirra manna, sem ræddu um endurskoðun lánakerfisins, bæði meðal námsmanna, meðal fulltrúa rn. og þm., hafi ekki þótt neitt eðlilegt keppikefli að lánin skiluðu sér 100% að verðgildi, það hafi ekki verið talið neitt keppikefli í sjálfu sér að tryggja svo fullkomna endurheimtu fjárins að það ekki aðeins skilaði sér að krónutölu, heldur kannske 100% að verðgildi. Menn töldu að endurgreiðslan gæti verið hæfileg ef hún næmi milli 50 og 60%, og mér er sagt að menn hafi almennt ekki nefnt hærri tölu en 60%. Mér virðist ljóst að till. námsmanna í þessum efnum séu mjög raunhæfar og mundu tákna gjörbyltingu frá því sem nú er í endurheimtu lána til sjóðsins.

Í bréfi stúdenta, sem kjarabaráttunefnd námsmanna hefur sent hv. þm., er frá því greint að við meðferð málsins í n. hafi skapast samstaða milli 5 nm. af 7 um öll meginatriði frv. Ég vil lesa þennan part úr bréfinu:

„Nú fyrir skemmstu virtust allar líkur á að samstaða gæti náðst meðal 5 nm. af 7 um öll meginatriði frv. Þá gerðist það undarlega að málið var í raun tekið úr höndum n. Og það frv., sem nú liggur fyrir, ber öll merki þess að vera samið af embættismönnum í fjmrn. út frá því meginsjónarmiði að láta sem minnst, en taka sem mest. Í frv. er gengið þvert á öll fyrirheit ráðamanna um að samfara herðingu endurgreiðslna verði full brúun fjárþarfar námsmanna lögfest. Einungis skal stefnt að því marki, en af því ordalagi hafa námsmenn slæma reynslu frá gildandi lögum. Jafnframt þessu eru endurgreiðslukjör námslána hert umfram öll skynsamleg rök.“

Ég ætla þá að víkja að frv. sjálfu og nefna helstu vankanta þess. Það fer auðvitað ekkert milli mála að stærsti gallinn á frv. er endurgreiðslukerfið, en þar er greinilega á ferðinni hugmynd um endurgreiðslu sem er miklu harðneskjulegri en nokkur sú hugmynd, sem áður hefur verið sett fram í þessu sambandi, og miklu harðneskjulegri en virðist hafa verið rætt um meðal nm. fimm sem áður var getið. Í þessu sambandi er auðvitað vert að hafa í huga að enda þótt verðtrygging lána hafi töluvert tíðkast í seinni tíð, þá er það hvergi svo að nokkur þjóðfélagshópur eða hópur lántakenda þurfi að lúta því að endurgreiða lánin með 100% verðtryggingu. Ég nefni bara sem dæmi húsbyggjendur. Lán húsnæðismálastjórnar eru aðeins verðtryggð að hluta til, eins og mönnum mun kunnugt. Eins er um lán úr sjóðum atvinnuveganna, að þau eru að vísu mörg hver verðtryggð að nokkru, en yfirleitt ekki 100%, og þar við bætist að yfirleitt eiga atvinnurekendur þess kost að fá lán úr mörgum sjóðum samtímis. Þeir fá oft lán úr Byggðasjóði til að mynda þar sem lán eru algjörlega óverðtryggð, og þeir fá auk þess bankalán, venjulega í ríkum mæli. Heildarniðurstaðan er því ævinlega sú að lánin eru ekki nema að hluta til verðtryggð. En hér er um það að ræða að lánin verði verðtryggð að fullu.

Einnig er rétt að benda á það að nám stendur ýmist lengur eða skemur og fyrir þá, sem stunda stutt nám og hafa fengið tiltölulega lítið lán, verður greinilega um að ræða 100% endurgreiðslu þessara lána með verðtryggingu vegna þess lágmarksfjárhæðaákvæðis sem sett hefur verið inn í frv. Þetta mun hins vegar væntanlega koma eitthvað öðruvísi út hvað snertir þá sem stunda nám óvenjulega lengi.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta atriði að öðru leyti vegna þess að hér er um mjög flókið mál að ræða sem vonandi gefst nægilegt ráðrúm til að ræða og skoða í n. Það er varasamt að vera að fjalla um svo flókið atriði við 1. umr. málsins og full ástæða til að ætla sér tíma til að skoða það betur. En ég vil ítreka það, að það fer ekkert milli mála að sú breyt., sem hér er gerð till. um, að miða við ákveðna lágmarksfjárhæð, 50 þús. kr. á ári í hverju ein-

asta tilviki þegar um endurgreiðslu er að ræða, veldur því að um verður að ræða svo harðneskjulega endurgreiðslu að algjörlega er óviðunandi. Það er því alveg sérstaklega þetta atriði sem þarf að taka til nánari athugunar í hv. menntmn.

Um frv. að öðru leyti ætla ég ekki að fjölyrða mikið. Það hefur ýmsa aðra vankanta en þennan. Eins og ég hef þegar tekið fram kvarta námsmenn yfir því að réttur þeirra sé ekki aukinn með þessu frv., það standi óbreytt í frv. að stefnt skuli að því að opinber aðstoð við námsmenn nægi til að standa straum af eðlilegum náms- og framfærslukotsnaði o. s. frv., en það er ekkert tiltekið um það í lögunum hvenær þessu marki skuli náð. Þetta er auðvitað gríðarlega mikill galli á frv. Þetta gat gengið fyrir 8—9 árum þegar lögin voru sett í fyrsta skipti og var kannske ekkert óeðlilegt á þeim tíma að setja ákvæði af þessu tagi, þó að ég reyndar minnist þess að þegar ég ræddi það frv. á sínum tíma, þá kvartaði ég yfir því að ekki skyldi vera miðað við ákveðinn árafjölda, t. d. 5—6 ár. En það segir sig sjálft að nú, 8 árum síðar, er þetta algjörlega óviðunandi, að ríkisvaldið skuli ekki treysta sér til að setja sér eitthvert ákveðið takmark í þessu efni.

Annar galli á frv. er bersýnilega sá að gerð er allveigamikil breyting á skipan stjórnar sjóðsins. Breytingin er fyrst og fremst í því fólgin að í stað þess að háskólaráð hefur tilnefnt einn af fulltrúum í sjóðsstjórn, skuli nú tveir tilnefndir af menntmrh. Ríkisstj. tilnefnir því samanlagt 3 af 6 stjórnarmönnum. Þar sem formaður stórnar er skipaður af menntmrh. og verði atkv. jöfn við afgreiðslu mála í stjórn sjóðsins sker atkv. formanns úr, þá er ljóst að með þessari breyt. ætlar ríkistj. að tryggja sér algjöran meiri hl. í sjóðsstjórninni. Þetta hefur ekki verið svo, eins og mönnum er kunnugt. Ríkisstj. hefur ekki haft alger yfirráð yfir sjóðsstjórninni, heldur hefur ríkisvaldið haft 2 fulltrúa af 6 og formaður hefur síðan haft úrskurðarvald ef atkv. hafa orðið jöfn. En segja má að í vissum tilvikum hafi fulltrúi háskólaráðs getað lent í oddaaðstöðu, en hann á sem sagt ekki lengur að vera á stjórnarfundum. Þetta tel ég að sé bersýnilega breyting til hins verra og ég þarf ekki að segja neinum þau tíðindi að námsmenn eru mjög ósáttir við þessa breyt., því að þeir túlka aukin yfirráð ríkisvaldsins yfir sjóðsstjórninni sem minnkandi rétt þeirra og má það til sanns vegar færa.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að fara að lesa hér bréf kjarabaráttunefndar námsmanna til alþ., enda hef ég nú þegar lesið töluvert úr því og gert grein fyrir öðrum atriðum. Ég vænti þess fyrst og fremst að hv. þm. og hv. menntmn. kynni sér vandlega sjónarmið námsmanna áður en ákvörðun verður tekin um þetta efni.

En segja má að kjarni þess sjónarmiðs, sem námsmenn setja fram, sé að þeir hafi gefið undir fótinn að þeir væru tilbúnir til þess að fallast á verðtryggingu lána og beri því kannske nokkra ábyrgð á því að þessar hugmyndir eru hér komnar fram í frv.-formi, en þeir hafi alltaf gengið út frá því sem algerri grundvallarforsendu í þessu sambandi, að ekki yrði um að ræða verðtryggingu sem kæmi jafnþungt niður á hátekjumönnum og lágtekjufólki, og þeirra till. hafi ævinlega verið við það miðaðar að endurgreiðslurnar yrðu með þeim hætti að lágmarkstekjur, sem samsvara eðlilegum framfærslulífeyri, yrðu friðhelgar fyrir endurgreiðslu. Þetta sjónarmið vil ég leggja þunga áherslu á.

Það er eins með okkur alþb.-menn, að við erum og höfum lengi verið til viðræðu um það að námslán yrðu að einhverju leyti eða jafnvel öllu leyti verðtryggð. En við höfum bundið það allströngum skilyrðum. Við vorum hlynntir þeirri hugmynd sem hér var á ferðinni á sínum tíma, en þá var einungis um það að ræða að 30% af lánunum yrðu verðtryggð og þá með því skilyrði að endurgreiðslurnar færu aldrei fram úr 8% af tekjum viðkomandi lántakanda. Ef aftur á móti er farið út í það að lánin séu algjörlega verðtryggð, þá er bersýnilegt að hverfa verður að einhvers konar fyrirkomulagi sem er í anda þeirra till. sem námsmenn hafa hér sett fram, að lágtekjufólk sé verndað gegn þeim gífurlegu byrðum sem mundu leggjast á þá menn sem tekið hefðu slík lán, en hefðu ekki haft um ævina tekjur í neinu samræmi við þau lán sem þeir hefðu tekið.

Ég vil í þessu sambandi minna á að það er mjög misjafnt hversu vel lán skila sér í hærri launum, og svo ég nefni bara dæmi, þá er auðvitað fjarri lagi að t. d. fóstrur eða barnakennarar ellegar ýmsir þeir, sem stundað hafa húmanísk fræði um langt skeið, njóti þess í stórhækkuðum launum eftir að þeir hafa lokið námi. Það er ekki svo. Og því er bersýnilegt að það er ekki hægt að ganga út frá því að slíkir menn skili aftur fullu verðgildi þeirra lána sem þeir hafa neyðst til að taka á námstímanum öðruvísi en að slíkt fyrirkomulag leiði til snarminnkandi náms á þessum sviðum, menn hreinlega treysti sér ekki til þess að taka lán vegna þessara hörðu endurgreiðsluskilmála.

Ég vil sem sagt lýsa því yfir að lokum, herra forseti, að við alþb.-menn erum sannarlega til viðræðu um að breyt. verði gerðar á lögum um námslán og námsstyrki. Við teljum að vísu að þær till., sem hér hafa verið lagðar fram, gangi ekki nægilega langt í mörgum atriðum. Og eitt af þeim atriðum, sem ég hef ekki þegar nefnt, er að nauðsynlegt er að tryggja að lögin nái til fleiri aðila en þau hafa gert og þetta frv. gerir ráð fyrir. Ég nefni bara sem dæmi að þegar menntmn. á sínum tíma var að undirbúa frv. til laga eða till. sína til breytinga á því frv. sem þá lá fyrir, þá gerðum við ráð fyrir því að framhaldsdeildir verknámsskóla iðnaðarins og Fiskvinnsluskólans yrðu teknar með inn í lánakerfið með skýrum orðum. Ég veit að vísu að í því frv., sem hér hefur verið lagt fram, er heimild fyrir ráðh. til þess að taka fleiri inn í lánakerfið heldur en beinlínis er kveðið á um í 1. gr. og verður auðvitað að vænta þess að svo verði gert. Mér er sagt að hæstv. menntmrh. hafi verið mjög jákvæður gagnvart því sjónarmiði. En að sjálfsögðu væri mjög æskilegt að fá yfirlýsingu hans um það atriði. Kannske kemur þetta fram í grg. (**Gripið fram í:** Í athugasemdum um 1. gr.) Já, um 1. gr. Það eru sem sagt þeir sem fengið hafa K-lán. En mér er nær að halda að þeir, sem ég

nefndi nú seinast, hafi ekki allir notið þeirra. Eg held að þeir, sem stundað hafa nám í framhaldsdeildum verknámsskóla iðnaðarins, hafi ekki fengið þessi K-lán, en ef það er misskilningur hjá mér, þá verður það leiðrétt. Þetta atriði er hægt að skoða nánar í n. Og eins og ég segi, það eru ýmsir aðrir vankantar á frv. sem þörf er á að lagfæra. Við erum sannarlega reiðubúnir að athuga um nýtt endurgreiðslukerfi í stað þess sem nú gildir, en við viljum hins vegar alvarlega vara við mjög hroðvirknislegum vinnubrögðum í því sambandi sem kynnu að leiða til þess að teknar yrðu upp óviðunandi harðneskjulegar endurgreiðslureglur sem gætu haft hinar alvarlegustu afleiðingar fyrir menntakerfið.

Eg vil að lokum segja það eitt vegna þeirra orða hæstv. menntmrh. að hann óskaði eftir því að menntmn. flýttu afgreiðslu þessa máls, að ég get vel skilið óskir hans í þeim efnum. En ég vil samt benda honum á að hér er um býsna flókið mál að ræða og er auðvitað sýnu brýnna að málið verði skoðað vel í n. og til þess þarf auðvitað að gefast nokkur tími. Ég heyrði að hann nefndi að úthlutun lána hefði lengi staðið til, og mér skilst að 1. mars hafi verið nefndur í því sambandi. Eg slæ því nú föstu að hæstv. ráðh. láti sér ekki til hugar koma að frv. verði afgr. í þessari viku. Það er auðvitað gjörsamlega útilokað mál með öllu. En ég vil segja það sem mína skoðun að ekki þurfi að vera neitt sérstakt samhengi milli úthlutunar lána á næstu vikum og svo aftur afgreiðslu þessa frv. Mér sýnist að það hafi orðið svo mikill dráttur nú þegar á framlagningu þessa frv. að útilokað sé að ætla sér að fara að tengja þetta tvennt saman og því verði stjórn Lánasjóðsins og rn. að gangast fyrir því að afgreiða lánin nú um mánaðamótin, burt séð frá afgreiðslu þessa frv., enda veit ég ekki betur en við afgreiðlu fjárlaga hafi ekki legið fyrir með hvaða hætti nýtt námslánakerfi yrði og því hafi ekki nauðsynlega verið meiningin að tengja þetta tvennt saman þegar frv. til fjárlaga var afgr.

Eg vil sem sagt leggja á það áherslu að ekki verði flaustrað afgreiðslu þessa máls, heldur gefi n. sér góðan tíma.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Þar sem ég hef tekið þátt í því að vinna að undirbúningi laga um námslán og námsstyrki tel ég nauðsynlegt að segja um þetta mál nokkur orð, þar sem ég á ekki sæti í þeirri n. sem fær mál þetta til meðferðar.

Það yrði allt of langt mál að fara að rekja það starf sem hefur verið unnið af n. sem var skipuð til að endurskoða núgildandi lög, en í þeirri n. voru ýmsir menn og þ. á m. fulltrúar námsmanna sem lögðu sig mjög fram um það að vinna starf sitt þar af kostgæfni og lögðu í það mikla vinnu.

Það má segja að þau meginmarkmið, sem voru höfð í huga við störf n., voru að mönnum skyldu tryggð lán og þá jafnframt tryggðir möguleikar til að stunda nám án tillits til þess hvort þeir væru efnaðir eða ættu efnaða að. Einnig var það sjónarmið mjög ríkjandi, að stefnt skyldi að því að sjóðurinn yrði fjárhagslega sjálfstæður og sjálfum sér nægur í framtíðinni að nokkru leyti. Það er vissulega ljóst með tilliti til reynslu undanfarinna ári, að til þess að ná slíku markmiði er nauðsynlegt að taka upp verðtryggingu í einhverju formi, því að það var einnig hugmyndin þegar núgildandi lög voru sett á sínum tíma að sjóðurinn yrði fjárhagslega sjálfstæður innan tiltekins árafjölda. En ef ég man rétt, þá er áætlað að inn í Lánasjóðinn komi nú í ár í endurgreiðslum og vöxtum um það bil 15 millj., en áætlað mun vera að lána út a.m.k. 1500 millj. Ég skal ekki fullyrða hvort tölur þessar eru algjörlega réttar, en þær munu vera nærri sanni. Menn voru því almennt sammála um að það bæri að setja í lög að verðtrygging yrði tekin upp í einhverju formi.

Það eru nokkur atriði sem ég vil minnast á og benda hv. menntmn. á og æskja þess að hún taki þau sérstaklega til athugunar með breytingar í huga.

Það hefur orðið nokkuð tíðrætt hér um 3. gr. laganna, þ.e.a.s. að stefnt skuli að því að opinber aðstoð við námsmenn samkv. lögum þessum nægi hverjum námsmanni til að standa straum af eðlilegum náms- og framfærslukostnaði. Það er alveg ljóst að þetta er ekki ákveðið orðalag. Það er svipað og er í núgildandi lögum og ekki sagt til um það hvenær þessu marki skuli náð. Það hefur verið rætt um að hér hafi ekkert miðað í áttina. En ég vil taka fram að það eru ýmsir skólar sem hafa bæst inn í námslánakerfið, og hlýtur það að teljast veruleg bót. Ég er alveg sammála um að það á að stefna að því að opinber aðstoð verði 100%, enda kom það fram í þeirri n. sem ég starfaði í. En ég tel það einnig mikilvægt og mikilvægara að bæta inn í þessi lög og þessa námsaðstoð ýmsum aðilum sem enga aðstoð hafa haft og hafa því borið verulegar byrðar. Þetta verða menn einnig að hafa í huga þegar rætt er um umframfjárþörf. Það er einnig ljóst að þegar umframfjárþörf er reiknuð út, þá eiga sér stað ýmsir umreikningar. Tekjur eru t.d. ekki dregnar frá að fullu, heldur eru þær endurreiknaðar og yrði of langt mál að tala um það hér. Lán eru í dag um 83.7% af umframfjárþörf, og þótt námsmenn og aðrir ræði um að að því skuli stefnt að lána 100% af umframfjárþörf, þá þarf það í sjálfu sér ekki að þýða mjög mikla fjármuni fyrir ríkissjóð. Fyrst og fremst er ljóst að ef verða gerðar breytingar á útreikningum tekna, þá verði það helst í þá átt að lækka umframfjárþörfina og þar með það fjármagn sem Lánasjóðurinn þarf að lána. Einnig er það ljóst að eftirspurn eftir lánum mun væntanlega eitthvað minnka við afgreiðslu þessa frv., þannig að ég vænti þess að unnt verði að ná þessu marki á næstu árum, sérstaklega eftir að sjóðurinn verður nokkuð sjálfstæður þegar endurgreiðslur fara að koma inn í hann, væntanlega að fjórum árum liðnum. Þá skapast meira svigrúm til að bæta þarna um.

En það, sem ég ætlaði aðallega að minnast á og benda menntmn. á, eru ákvæði frv. um endurgreiðslukerfi, þ.e.a.s. 8. gr. Þar er við það miðað að lágmarksendurgreiðsla verði 50 þús. kr., og þar segir einnig að séu hjón bæði

lánþegar, þá skuli þau greiða tvöfalda lágmarksafborgun. Ég held að það sé alveg rétt og menn séu sammála um að það verður ekki stefnt að því og á ekki að stefna að því með þessum lögum að tryggja að allt það fjármagn, sem Lánasjóðurinn lánar út, komi að fullu til baka. Ég held að það sé ljóst að það verði að gera ráð fyrir allnokkurri rýrnun á því fjármagni. Við vorum nokkuð sammála um það í n., og ég vil taka fram að það gæti verið skynsamlegt að miða þetta mark við u.þ.b. 60%, og ég vil láta koma skýrt fram að það er mín skoðun, þ.e.a.s. þegar hefur verið tekið tillit til þeirra styrkja sem Lánasjóðurinn veitir.

Ef þessi lágmarksgreiðsla er 50 þús. kr., sem ég tel vera lítið eitt of hátt, þá verður tilgangur þessara ákvæða ekki sá sami og hann var hugsaður. Meðalnámslán í dag mun vera u.þ.b. 2 millj., og ef 50 þús. kr. lágmarksgreiðsla verður árlega, þýðir það að viðkomandi aðili mun a.m.k. greiða 1 millj. þ.e.a.s. um 50% af því fjármagni sem hann hefur fengið. Ef við miðum við það að við gerum þá kröfu, að heildarendurgreiðslur verði a.m.k. 60% af því fjármagni sem sett hefur verið út, og gefum okkur þá forsendu að styrkir séu um það bil 10%, þá munu þeir, sem umfram þetta mark greiða, þurfa að greiða upphæð sem svarar því að bilið frá 50% til 70% náist. Ég vil leggja til að þetta lágmark verði 40 þús. Ég tel eðlilegt að þarna sé eitthvert lágmark. Það má vel vera að í flestum eða öllum tilfellum sé hægt að miða við tekjur. En við vitum að tekjuhugtakið er nokkuð afstætt og er ekki óeðlilegt að þarna sé eitthvert lágmark. Og ég er þess fullviss að slíkt lágmark kemur ekki illa við marga sé því stillt í hóf. Ég vil sem sagt beina til menntmn. að hún taki þetta til athugunar og einnig það ákvæði að séu hjón bæði lánþegar, þá skuli þau greiða tvöfalda lágmarksafborgun. Ég tel að það færi mun betur á því að hjón greiddu ekki nema eina lágmarksafborgun.

Nú halda menn e.t.v. að slíkar breyt. hefðu gífurleg áhrif á fjármál sjóðsins. En ég held að svo sé ekki. Ég held að það sé alveg ljóst að flestir af þeim, sem koma til með að greiða til sjóðsins, muni greiða meira og mun meira en þessum lágmarksupphæðum nemur. Það munu aðeins verða fáir sem munu greiða minna, því að yfirleitt er sá hópur manna, sem langskólanám stundar, nokkuð tekjuhár hópur í þjóðfélaginu og oft á tíðum mjög vel aflögufær.

Ég vil einnig benda hv. menntmn. á 12. gr. þar sem segir að fé því, sem veitt er á fjárl. til námsstyrkja, skuli m.a. varið til þess að vega upp á móti kostnaðarauka hjá þeim námsmönnum sem fara utan til náms og skuli þeir að jafnaði ganga fyrir er stunda nám er eigi verður stundað hérlendis. Ég vil leggja til að þessi grein verði athuguð að nýju. Þær umr., sem fóru fram í n., gengu einkum í þá átt að greinin hljóðaði eitthvað á þessa leið og þar yrði til að byrja með um heimild að ræða, því að það er t.d. ekki ljóst á þessu ári hvað fjármagn Lánasjóðsins nægir til að veita styrki, þannig að þess er ekki að vænta að það geti orðið í verulegum mæli á þessu ári, — en þessi grein gæti hljóðað eitthvað á þá leið:

„Lánasjóði er heimilt að veita aðstöðujöfnunarstyrki til námsmanna sem verða að kosta sig fjarri eigin heimili vegna náms sem er aðstoðarhæft skv. 1. gr., enda verði sams konar nám ekki stundað þar sem umsækjandi á heima. Jöfnunarstyrki til námsmanna á Íslandi skal ákveða með tilliti til ferðakostnaðar og húsnæðiskostnaðar á dvalarstað."

Þarna er gert ráð fyrir því að það sé möguleiki á að jafna að einhverju leyti námskostnað þeirra sem verða að sækja nám til Reykjavíkur utan af landsbyggðinni. Það er alveg ljóst að námskostnaður þeirra er mun hærri. Þeir þurfa að borga sínar ferðir og þeir þurfa að leigja sé húsnæði. Þess vegna er æskilegt að það sé skapað svigrúm til þess að jafna þessa aðstöðu. Það má á það benda að ferðakostnaður er styrktur milli Íslands og annarra landa, og væri ekki óeðlilegt að styrkja ferðakostnað á sama hátt milli Reykjavíkur og annarra hluta landsins, því að á þessu er lítill eðlismunur þegar ekki er um það að ræða að stunda nám nema fjarri heimili.

Í framhaldi af þessu yrði síðan heimild til að veita jöfnunarstyrki til námsmanna erlendis sem skuli ákveða með tilliti til ferðakostnaðar og hugsanlegs mismunar á dvalar- og námskostnaði í Reykjavík og meðaltali hliðstæðs kostnaðar á Norðurlöndum ef viðkomandi nám er hægt að stunda á Norðurlöndum, annars með tilliti til hliðstæðs kostnaðar í viðkomandi námslandi. Það er svo um margt nám að ekki er hægt að stunda það hér á landi og því er eðlilegt að það sé heimild til að minnka þann mismun sem þarna um ræðir.

Þetta eru þau aðalatriði sem ég vildi koma á framfæri við menntmn.

Það hefur verið rætt um það nokkuð hér að mikill ágreiningur ríki um þetta mál. Ég er þess fullviss að ef þessar breyt. verða teknar inn í lögin, þá muni það verða verulega til bóta án þess að það hafi veruleg áhrif á sjóðinn eða fjárþörf hans.

Önnur ágreiningsatriði, sem hefur verið rætt um, eru m.a. sjóðsstjórnin. Námsmenn hafa lagt áherslu á að sjóðsstjórnin yrði óbreytt, og hv. þm. Ragnar Arnalds taldi að hér væri um það að ræða að ríkisstj. vildi ná tökum á þessari stjórn. Ég held að það geti vart verið um það að ræða. Ég vil m.a. nefna það að námsmenn skipa í dag tvo fulltrúa í sjóðsstjórnina. Það er annars vegar SÍNE og hins vegar stúdentar í Háskólanum eða á vegum stúdentaráðs. Menntmrh. tilnefnir formann og hann tilnefnir einnig mann sem skal hafa sérþekkingu varðandi málefni þeirra námsmannahópa sem stunda nám í öðrum skólum en Háskóla Íslands. Menntmrh. hefur skipað þennan mann úr röðum námsmanna við þessar stofnanir, en það er ekki þar með sagt, að honum beri nokkur skylda til þess. Þess vegna, ef hann vildi sérstaklega leggja sig fram um það að ná sérstökum tökum á þessum sjóði, þá gæti hann væntanlega skipað þarna annan mann. Svo vil ég einnig benda á að það er skylt að leggja úthlutunarreglur og önnur mál námslánasjóðs til samþykktar í menntmrn. Þess vegna getur rn. og ríkisstj. í sjálfu sér gert það sem þeim

þykir best henta ef þau kæra sig um. (Gripið fram í.) Jú, það er að vissu leyti alveg nóg. En það, sem hefur ráðið þessu og hefur komið skýrt fram hjá ráðh., er það að honum finnst óeðlilegt að Háskóli Íslands skipi þarna sérstakan fulltrúa, að það skuli vera sérstaklega á valdi Háskólans að skipa þarna fulltrúa, en ekki annarra menntastofnana. Ég ætla ekki að gera mikið úr þessu máli. Ég held að þetta sé atriði sem skipti tiltölulega litlu máli. Það er alveg ljóst að námsmenn hafa og koma til með að hafa mjög veruleg áhrif á stjórn þessa sjóðs. Þeir koma til með að hafa þrjá menn af sex. Ég er þeirrar skoðunar að þeir eigi að hafa þarna veruleg áhrif, og ég held að það sé nokkuð ljóst að þeir muni hafa þau í framtíðinni. En hitt er svo annað mál, að það hefur komið greinilega fram að þeir telja algjöran óþarfa að breyta þarna til.

Ýmis önnur ágreiningsatriði hafa komið upp sem ég ætla ekki að rekja hér frekar. En ég vil einnig að lokum benda menntmn. á það að allmikilvægt er að það komi fram á einhvern hátt, t. d. í framsögu hvað skuli stefnt að miklu innheimtuhlutfalli. Ég sagði áðan að ég teldi eðlilegt að það yrði miðað við það að 60% af því fjármagni, sem Lánasjóður lánaði út og léti út í formi styrkja, kæmu til baka. Það á eftir að semja ýmis atriði varðandi innheimtu lánanna og ganga frá í reglugerð, og þess vegna þykir mér eðlilegt að það sé tekin afstaða til þess hvað innheimtuhlutfallið skuli vera hátt til þess að þeir, sem vinna þetta verk, geti haft af því hliðsjón.

Ég ætla í sjálfu sér ekki að hafa mál mitt miklu lengra, en ég vildi aðeins koma inn á nokkur atriði sem hv. þm. Ragnar Arnalds gat um. Ég er þess fullviss að hann hefur ekki haft nægilegan tíma til þess að kynna sér þetta frv. og þau málefni sem þar koma fram, enda alls ekki við því að búast eða eðlilegt að neinn, sem hér á sæti í þessari d., hafi haft svigrúm til að setja sig inn í þessi mál. (Gripið fram í: Þá var of snemmt að leggja það fram.) Það er nú ekki vani að menn kynni sér mál fyrr en þau hafa verið lögð hér fram. En hann gat þess að endurgreiðslukerfi það, sem hér væri um að ræða, væri mjög harðneskjulegt og vitnaði í því sambandi í frv. sem kom fram á sínum tíma, á árinu 1972 eða 1973, og þær brtt. sem voru unnar í menntmn. Ed. Alþ. Ég held að það sé nokkuð ljóst, sérstaklega ef það verða gerðar breytingar á því lágmarki, sem ég gat um áðan, þ. e. a. s. lækkað úr 50 í 40% og ekki innheimt tvöfalt hjá hjónum, að þá voru þær till., sem þar var um að ræða, mun harðneskjulegri en hér er um að ræða. Ég held að það fari ekkert á milli mála, enda voru námsmenn almennt sammála um að þær till. væru algjörlega óaðgengilegar. Ég ætla ekki að ræða það frekar á þessu stigi málsins, en mun gera það síðar ef tilefni gefst. Þær till., sem þar komu fram, gengu á engan hátt í svipaða átt og námsmenn hafa lagt til og fram kemur í þessu frv. Þær till. gengu í aðra átt. Það var ákvæði þess efnis að lánin skyldu endurgreidd á 15 árum, lágmarksgreiðsla yrði 8% af brúttótekjum og ekki á neinn hátt tekið tillit til fjölskyldustærðar eða framfærslukostnaðar, þannig að ég held að hér sé um misskilning að ræða og vænti þess að hv. þm. sjái það þegar hann hefur kynnt sér málið nánar. (RA: Það var ekki nema ⅓ verðtryggður. Þarna sérður muninn.) Það er alveg rétt að það var ekki lagt til að það væri nema ⅓ verðtryggður. Að vísu var í upphafi lagt til af n. að 50% væru verðtryggð, en sú n., sem vann að samningu frv., taldi það ekki vera eðlilegt þar sem verðtrygging væri ekki á öðrum sviðum, og mér skilst að menntmn. Alþ. hafi fallist á það og hugsað sér að leggja til að hér yrði um 30% verðtryggingu að ræða. En það er einnig jafnljóst að það átti að innheimta allháa vexti. Það átti að innheimta allháa vexti af hinum 70%. Og ég vil benda á það að í þessum till. er ekki gert ráð fyrir því að vextir verði innheimtir, og þótt verðbólga hafi verið allveruleg nú á undanförnum árum eða allt að á bilinu 40—50%, þá skulum við vona okkar allra vegna að sú verðbólga lækki að einhverju verulegu marki, þannig að það verður einnig að taka tillit til vaxtanna þegar þessi atriði eru metin.

Ég sé ekki ástæðu til þess að gera fleiri aths. á þessu stigi málsins, en ég vil mælast til þess við formann menntmn. að hann taki þessi atriði til athugunar, sérstaklega að því er varðar lágmarksendurgreiðslu og að því er varðar styrkjakerfið. Ég held að þar megi koma við allverulegum bótum án þess að það þurfi að raska þessu frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 63. fundur.

Þriðjudaginn 24. febr., að loknum fundum í sameinuðu þingi.

Álbræðsla við Straumsvík, frv. (þskj. 138). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14:7 atkv. og afgr. til Ed.

Lífeyrissjóður Íslands, frv. (þskj. 301). — 1. umr.

Flm. (Guðmundur H. Garðarsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um Lífeyrissjóð Íslands. Ástæður þess, að frv. þetta er lagt fyrir hið háa Alþ. í ársbyrjun 1976, eru margþættar. Hinar helstu eru þær sem hér segir:

1. Núverandi ellilífeyristryggingagreiðslur til aldraðra hafa verið algjörlega ófullnægjandi um árabil. Stafar það m. a. af skipulags- og úrræðaleysi beirra aðila, opinberra sem annarra, sem helst bera ábyrgð á stefnumörkun og framkvæmd bessara mála. Nokkur bót verður þó væntanlega á þessu á næstunni vegna samkomulags þess

sem aðilar vinnumarkaðarins hafa komið sér saman um sem bráðabirgðarúrlausn á þessum málum fyrir næstu tvö árin, en svo sem kunnugt er hefur slíkt samkomulag tekist núna í yfirstandandi deilum.

2. Af þeim ástæðum hversu ellilífeyrisgreiðslur hafa verið ófullnægjandi og vegna langvarandi verðbólguþróunar hérlendis búa þúsundir aldraðra og öryrkja við léleg lífskjör og mikla óvissu varðandi afkomu sína á hverjum tíma.

3. Leiðréttingar á tryggingagreiðslum til ellilífeyrisþega, öryrkja og annarra, sem eru afkomulega háðir greiðslum úr almanna- og lífeyristryggingakerfinu, koma jafnan eftir á og seint og eru því miður oft á tíðum ekki í samræmi við aukinn og stórhækkaðan framfærslukostnað.

4. Í nútímaþjóðfélagi eru lífeyristryggingar veigamikill þáttur í samfélagslegri hjálp fólksins. Til þeirra er ýmist stofnað með beinum framlögum viðkomandi einstaklinga til ákveðins sjóðs, lífeyrissjóðs, er síðar endurgreiðir viðkomandi einstaklingi til baka framlag hans eftir tiltekinn tíma á grundvelli reglugerðar lífeyrissjóðanna þar að lútandi, eða að skattgreiðendur greiða í sameiginlegan sjóð almannatrygginga sem síðar greiðir þeim einstaklingum, er þörf hafa fyrir tryggingar, jafna tryggingu, þó með ákveðnum frávikum sem ekki skal farið út í að ræða að svo stöddu.

5. Í ljós hefur komið að núverandi fyrirkomulag lífeyristrygginga á Íslandi er stórgallað. Mikil knýjandi þörf er fyrir endurskipulagningu þessara mála. Engin löggjöf hefur verið sett um starfsemi lífeyrissjóða til þessa, og má segja að löggjafarsamkoma þjóðarinnar hafi verið furðanlega áhuga- og afskiptalítil varðandi þróun og uppbyggingu þeirrar miklu félagslegu samhjálpar sem þarna er á ferðinni. Að vissu marki á þetta sér eðlilegar og rökréttar skýringar, m. a. þær, að fólkið hefur yfirleitt sjálft stofnað til þessara tryggingaréttinda í frjálsum samningum. Hefur því ekki verið þörf til þessa fyrir bein afskipti löggjafans af þessum málum

6. Í ljós hefur komið og viðurkennt af flestum að það lífeyristryggingakerfi, sem meginhluti þjóðarinnar ætlaði að treysta á, óverðtryggðu lífeyrissjóðirnir, er byggt á sandi og fær ekki staðist. Meginorsök þess er viðvarandi verðbólga sem að því er virðist kemst ekki niður á það hundraðshlutfallsstig að reikningslegar forsendur sjóðanna gagnvart tryggingaskuldbindingum geti staðist.

7. Eigi verður lengur umflúið, ef hv. Alþ. vill vera forustustofnun þjóðarinnar sem fólkið raunverulega krefst, að lífeyristryggingamálin í heild verði tekin hér til umr. og afgreiðslu með þeim hætti að sérhver einstaklingur, hvort sem hann er í stéttarfélagi eða ekki, öðlist þann rétt og tryggingu í lífeyrisgreiðslum að hann þurfi ekki að kvíða ellinni. Ef það kemur hins vegar í ljós að Alþ. eða alþm. hafi ekki áhuga á þessum málum, þá get ég fullvissað viðstadda þm. að það eru til þeir aðilar í þessu þjóðfélagi sem munu gera sínar ráðstafanir til þess að tryggja a. m. k. því fólki sem er í stéttarfélögunum að það þurfi ekki að kvíða ellinni.

Við endurskipulagningu á lífeyriskerfi landsmanna verður að stefna að eftirfarandi:

1. Að tryggja öllum, sem eru komnir á ellilífeyrisaldur, að lokinni starfsævi viðunandi og mannsæmandi lífsviðurværi.

2. Að veita örorkulífeyrisþegum öryggi og viðunandi tryggingabætur.

3. Að auka barnalífeyri og bæta aðstöðu þeirra sem verr eru settir í þjóðfélaginu.

4. Að tryggja öllum konum, sem hafa þörf fyrir það, fæðingarlaun.

5. Að einfalda lífeyriskerfi þjóðarinnar og útrýma misrétti.

Skipulagslega séð er æskilegast að það lífeyriskerfi, sem myndað verður, sé þannig að fyrir þorra manna verði ekki þörf fyrir einhverja viðbótarsjóði eða kerfi til þess að auka hin almennu réttindi sem fólk öðlast samkv. því.

Þá er óumflýjanlegt að kerfið geri ráð fyrir nokkurri lífeyrisjöfnun, þannig að lífeyrishlutfall hinna tekjulægri sé hærra en hinna tekjuhærri. Til þess að hið nýja kerfi verði ekki hemill á eðlilega framþróun á sviði lífeyrismála þarf að taka sem mest tillit til einstaklingsbundinna og stéttarlegra þarfa. Verður vikið nánar að þessum atriðum síðar í tengslum við skýringar á því frv. sem hér er lagt fram.

Ég hef orðið þess var að sumum finnst það mikið í fang færst að einn þm. skuli leggja fram jafnumfangsmikið frv. og hér um ræðir. Það, að ég skuli leyfa mér að gera slíkt, tel ég að eigi sér eðlilegar og rökréttar ástæður sem ég vil greina nokkuð frá.

Allt frá árinu 1966 hef ég átt sæti í stjórn stærsta einkalífeyrissjóðs landsmanna, sem er Lífeyrissjóður verslunarmanna. Sjóðfélagar eða félagsmenn í þeim sjóði eru nú um 15 þús. talsins og höfuðstóll sjóðsins 31. des. 1975 var um 2.5 milljarðar króna og eykst væntanlega um 1 milljarð kr. á yfirstandandi ári. Þessi sjóður hefur vaxið hratt á síðustu árum. Hefur hann haft yfir miklu ráðstöfunarfé að ráða, en tryggingabætur til lífeyristaka hafa ekki aukist hlutfallslega að sama skapi og ráðstöfunarfé. Reglugerð og reikningslegar forsendur fyrir uppbyggingu sjóðsins, en það mun einnig eiga við um marga aðra óverðtryggða sjóði, er hér brándur í götu. Miklum erfiðleikum er bundið að ná fram breytingum í sambandi við auknar tryggingargreiðslur úr lífeyrissjóðum sem byggðir eru upp á grundvelli lengri tíma uppsöfnunar, og skal ekki farið nánar út í það á þessu stigi.

Þróun verðbólgu á Íslandi á síðustu áratugum hefur valdið forráðamönnum lífeyrissjóða miklum áhyggjum og þó alveg sérstaklega þeim sem eru ábyrgðarmenn óverðtryggðu sjóðanna. Útilokað hefur verið að tryggja hag sjóðanna með ávöxtun sem hefði getað mætt neikvæðum áhrifum verðbólgunnar á raungildi þess fjármagns sem hér um ræðir þegar komið hefur að bótagreiðslum til sjóðfélaga.

Við, sem höfum borið ábyrgð á Lífeyrissjóði verslunarmanna, höfum haft mjög miklar áhyggjur af þróun þessara mála. Það stéttarfélag, sem er sá aðili er stendur að baki þessum sjóði, Verslunarmannafélag Reykjavíkur, hefur lagt mikla áherslu á að sá hluti í kjörum fólksins, sem

lífeyrisréttindin eru, skilaði þeim árangri sem til var efnt við stofnun sjóðsins árið 1956.

Fyrir nokkrum árum var okkur ljóst að núverandi fyrirkomulag þessara mála gat ekki staðist. Þess vegna var sú ákvörðun tekin af hálfu Verslunarmannafélags Reykjavíkur og Landssambands ísl. verslunarmanna að rækilegar athuganir skyldu hafnar á lífeyrissjóðsmálum, bæði með tilliti til hugmynda að jákvæðri heildarlausn þessara mála og með sérstöku tilliti til sjóðfélaga Lífeyrissjóðs verslunarmanna. Formanni VR og tryggingafræðingi félagsins, Pétri H. Blöndal, var falið þetta verkefni.

Hluti þessa starfs birtist í framlögðu frv. til l. um Lífeyrissjóð Íslands. Má líta á það sem framlag verslunarfólks til hugsanlegrar lausnar á þess eigin vandamáli á sviði lífeyristrygginga á breiðum grundvelli og einnig á vanda þjóðarinnar í heild í lífeyrismálum. Það var mat okkar að fengnum tryggingafræðilegum niðurstöðum að rétt væri á þessu stigi málsins með tilliti til velferðar alls þorra landsmanna að formaður VR, sem á sæti á Alþ., freistaði þess að tekin yrði upp nýskipan í lífeyrismálum á grundvelli gegnumstreymiskerfis, eins og það birtist í framlögðu frv. Fái sú hugmynd ekki hljómgrunn á hinu háa Alþ. liggur það næst fyrir af hálfu þeirra aðila, er standa að baki flm. við gerð og undirbúning frv., að vinna að breyttri skipan þess lífeyrissjóðs er ég gat um hér áðan, þannig að sjóðurinn veiti sínum lífeyrisþegum þær lífeyrisbætur, sem frv. þetta gerir ráð fyrir á grundvelli gegnumstreymis.

Að sjálfsögðu hafa margir aðrir en þeir, sem að þessu frv. standa, haft mikinn áhuga á því að nýskipan yrði tekin upp í lífeyrissjóðsmálum þjóðarinnar er tryggði meiri og betri lífeyrisbætur. Ég minni á störf Haralds Guðmundssonar fyrrv. alþm. og ráðh. á sviði tryggingamála. Sérstaklega ber þá að hafa í huga hina miklu og góðu athugun hans á lífeyrissjóðsmálum á Norðurlöndum. Birtust hugmyndir Haralds og athuganir í merkri skýrslu er kom út, að því er mig minnir, árið 1966. Árið 1967 sagði þáv. heilbrrh. Jóhann Hafstein í merkri ræðu á Landsfundi Sjálfstfl. er hann ræddi um hugmynd af lífeyrissjóði fyrir alla landsmenn: „Eitt veigamesta atriðið á þessu sviði er að nú er unnið að undirbúningi löggjafar um lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn.“

Það, að þessu máli var ekki hrundið í framkvæmd á þessum árum, mun m. a. stafa af því að verkalýðshreyfingin var þá sjálf að hefja undirbúning að því að semja um þessi réttindi á grundvelli eigin lífeyrissjóða, enda varð niðurstaðan sú er samningar voru undirritaðir milli aðila vinnumarkaðarins í maí 1969. Með þeim samningum var lagður grundvöllurinn að lífeyrissjóðum þeirra félaga innan ASÍ sem ekki höfðu þá þegar öðlast þessi réttindi. Hófu þessir sjóðir síðan starfrækslu 1. jan. 1970 á grundvelli reglugerða er aðilar höfðu komið sér saman um.

Margir aðrir þm. hafa sýnt lífeyrissjóðamálunum mikinn áhuga, þar á meðal hv. þm. Magnús Kjartansson og varaþm. Bjarnfríður Leósdóttir. Þau hafa bæði flutt hér á þingi þáltill. um verðtryggingu ellilífeyris. Þá hefur hv. 7. þm. Reykv., Eðvarð Sigurðsson, formaður Dagsbrúnar, unnið mikið að þessum málum og stutt þau. Síðast, en ekki síst finnst mér viðeigandi að minnast þáltill. Ólafs Jóhannessonar núv. dómsmrh. er fram kom á þingi árið 1957 um athugun á stofnun lífeyrissjóðs fyrir alla landsmenn. Sem sagt, góðir og merkir þm. hafa lagt þessu máli lið á liðnum árum. Það, sem á hefur vantað til þessa, er að fyrir Alþ. lægi tæknilega útfært frv. er tryggði framgang þeirra hugsjóna á sviði lífeyrismála sem þm. úr öllum flokkum hafa tjáð sig fylgjandi.

Frv. það um Lífeyrissjóð Íslands, sem hér liggur fyrir, byggist á gegnumstreymiskerfi. Frv. felur í sér algjöra byltingu í framkvæmd lífeyrissjóðsmála þjóðarinnar. Með því eru þau vandamál, sem við blasa í sambandi við lífeyristryggingar, tekin allt öðrum tökum en ráð var fyrir gert við myndun og upphaf núverandi lífeyrissjóðakerfis. Í ljós hefur komið að það kerfi, sem menn hugðust notast við, hentar ekki nútíma kringumstæðum og alls ekki þeim verðbólguaðstæðum sem íslendingar hafa búið við í áratugi og búa að öllum líkindum við á næstu árum.

Uppsöfnunarkerfið hefur brugðist vonum fólksins sem stofnaði til lífeyrisréttinda á þeim grundvelli. Þess vegna vill mikill meiri hl. þjóðarinnar örugglega taka upp nýrra, betra og hagkvæmara lífeyriskerfi sem tryggir öldruðu fólki fullnægjandi lífeyristryggingar og veitir það öryggi sem fólk hefur þörf fyrir í ellinni.

Við gerð þessa frv., sem hér liggur fyrir, var m. a. stuðst við reynslu vestur-þjóðverja á sviði tryggingamála, en þeir hafa búið við svipað lífeyriskerfi og frv. gerir ráð fyrir með mjög góðum árangri um árabil.

Með þessu frv. um Lífeyrissjóð Íslands er lagt til að grundvallarbreyting verði gerð á lífeyristryggingakerfi þjóðarinnar. Markmið breytingarinnar er að allir hafi sama rétt til fullnægjandi ellilífeyristrygginga á grundvelli ævitekna.

Jafnframt því sem tryggt er að allir njóti ákveðins lágmarksellilífeyris, er sé í samræmi við framfærslukostnað og verðlagsþróun á hverjum tíma, er það veigamikið atriði í þessu frv. að það tryggir öllum konum jafnan rétt til ellilífeyris á við karla, óháð því hvert er starf þeirra eða staða í þjóðfélaginu. Þar með er öllum húsmæðrum tryggður fullur réttur til ellilífeyris á við annað vinnandi fólk og lífsstarfi húsmæðra þar með gefið ákveðið verðmætisgildi.

Með frv. er í fyrsta skipti gerð till. um að fæðingarlaun séu felld inn í lífeyristryggingakerfi þjóðarinnar með eðlilegum hætti.

Flm. gerir sér grein fyrir að hér er um viðamikið mál að ræða er krefst nákvæmrar umr. og samráðs við mikinn fjölda aðila. En með því frv. til l. um Lífeyrissjóð Íslands, sem hér er lagt fram, eru lögð drög að nýrri uppbyggingu þessara mikilvægu trygginga fyrir alla landsmenn. Hljóti frv. hljómgrunn og skilning hjá hv. Alþ. er þess að vænta að það taki þeim breytingum í meðferð Alþ. er nauðsynlegar kunna að teljast til þess að lögin geti komið til framkvæmda 1. júní 1977, svo sem ráð er fyrir gert.

Nú hefur sú breyting orðið að mínu mati frá því að þetta frv. var lagt fram, með væntanlegu samkomulagi aðila vinnumarkaðarins um endurskipulagningu lífeyrissjóðsmála, að sú tímasetning, sem ég gerði ráð fyrir, færist hugsanlega til 1. jan. 1978.

Það er mikilvægt að eigi sé lengur látið dragast að koma lífeyrissjóðamálum Íslendinga í viðunandi horf. Einnig er það mat verkalýðshreyfingarinnar og vinnuveitenda, svo sem fram kemur í samkomulagi því sem birt hefur verið þjóðinni í fjölmiðlum síðustu dagana.

Frv. þetta felur í sér þá grundvallarbreytingu frá núverandi trygginga- og lífeyrissjóðakerfi að í stað svonefnds uppsöfnunarkerfis, er felst í tugum smárra og stórra sjóða, er tekið upp einfalt en árangursríkt gegnumstreymiskerfi er byggist á iðgjöldum sem ákveðin eru á hverjum tíma í samræmi við tryggingaþörf og verðlag er greiðslur eiga sér stað. Eins og nú er háttað safnast upp milljarðar kr. í 95 smáum og stórum lífeyrissjóðum. Verðbólguþróun undangenginna ára og grundvallaatriði í reglugerðum sjóðanna, eins og ég vék að áðan, varðandi langs tíma sjóðamyndun útiloka að hinir svonefndu óverðtryggðu sjóðir geti innt af hendi fullnægjandi lífeyrisgreiðslur. Þrátt fyrir hugmyndir um verðtryggingu á útlánum sjóðanna er fyrirsjáanlegt að það eitt út af fyrir sig mun ekki nægja til að greiða viðunandi ellilífeyri úr fjölda sjóða. Fé lífeyrissjóðanna brennur því stöðugt í báli verðbólgunnar, en aldrað fólk komið á ellilífeyrisaldur situr eftir með sárt enni. Er þetta gjörsamlega óviðunandi ástand sem verður að breytast.

Af umr. og því, sem skeð hefur í sambandi við yfirstandandi samningagerð hjá aðilum vinnumarkaðarins, er greinilegt að ef Alþ. hefur ekki forustu um að beina þróun þessara mála inn á heilbrigðari og betri brautir mun þjóðin innan tíðar sitja uppi með gjaldþrota lífeyrissjóði og mikinn fjölda lífeyrisþega er búa við mjög kröpp kjör.

Þetta segi ég þrátt fyrir það samkomulag sem ég hef tekið þátt í að gera vegna verkalýðshreyfingarinnar nú síðustu dagana, því að það er hvergi nærri fullnægjandi þó að það sé auðvitað betra en það sem fólk þurfti áður að búa við.

Ég vil þá skýra nokkuð núverandi lífeyristryggingakerfi. Það hvílir einkum á tveim meginstofnum. Annars vegar er um að ræða greiðslur ellilífeyris úr lífeyristryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins og hins vegar greiðslur úr nær 100 lífeyrissjóðum, eða 95 nánar tiltekið, sem eru í eigu ýmissa samtaka og félaga. Lífeyrir Tryggingastofnunarinnar er svo sem kunnugt er almennur lífeyrir sem allir landsmenn eiga rétt á samkv. gildandi lögum. Er um að ræða ákveðinn grunnlífeyri sem frá 1. júlí 1975 hefur verið 16 139 kr. á mánuði. Að auki er sérhverjum elli- og örorkulífeyrisþega veitt ákveðin tekjutrygging til viðbótar við ellilífeyri ef aðrar tekjur ellilífeyrisþega fara ekki fram úr ákveðinni upphæð á ári. Frá 1. júlí 1975 hefur óskert tekjutrygging verið 13 084 kr. á mánuði. Ellilífeyrir og óskert tekjutrygging voru með smáhækkun, sem varð 1. des., 29 223 kr. á mánuði fyrir einstakling og 52 601 kr. fyrir hjón eða 90% af tvöföldum lífeyri einstaklings. Lífeyrisgreiðslur úr hinum einstöku lífeyrissjóðum eru mjög mismunandi. Sameiginlegt einkenni lífeyrissjóðanna er að lífeyrisgreiðslur eru háðar tekjum lífeyrisþega fyrir töku lífeyris og starfsaldri. Með hvaða hætti lífeyrir er háður tekjum er afar mismunandi eftir sjóðum. Sumir lífeyrissjóðir greiða ákveðinn hundraðshluta af meðaltekjum síðasta starfsárs, aðrir af meðaltekjum síðustu 5 starfsára og enn aðrir taka tekjur yfir lengra tímabil inn í dæmið.

Lífeyrissjóðunum má skipta í tvo meginflokka eftir því hvort lífeyrisgreiðslur eru verðtryggðar eða ekki. Meginþorri allra landsmanna er í óverðtryggðum sjóðum, en opinberir starfsmenn, bankamenn og nokkrir aðrir starfshópar í sambærilegri aðstöðu njóta verðtryggðs lífeyris. Gífurlegur aðstöðumunur er á milli lífeyrisþega er njóta verðtryggðs lífeyris annars vegar og þeirra er taka greiðslur úr óverðtryggðu sjóðunum hins vegar. Eftir því sem verðbólgan er meiri eykst þessi munur í lífeyrisgreiðslum. Er nú svo komið að í þessu fyrirkomulagi felst gífurlega mikið þjóðfélagslegt ranglæti gagnvart sjóðfélögum óverðtryggðu sjóðanna. Vísa ég til ræðu minnar á síðasta þingi um þetta efni og þeirra dæma sem þar voru gefin. Ranglætið getur verið gífurlega mikið, þannig að sá, sem er með lífeyri úr óverðtryggðum, getur verið með aðeins ⅓ eða jafnvel ¼ af því, sem sá er með sem fær ellilaun úr verðtryggðum sjóði. Er ég þá að tala um sjóðfélaga sem hafa unnið sambærileg störf.

Fjárhagsleg uppbygging hinna einstöku lífeyrissjóða í núverandi kerfi grundvallast á þeirri meginreglu að sérhver sjóðfélagi inni af hendi iðgjaldagreiðslur sem í langs tíma uppsöfnun og ávöxtun, venjulegast á 30 árum, nægir til að standa undir væntanlegum lífeyrisgreiðslum til viðkomandi lífeyrissjóðsfélaga. Er því um að ræða hreint uppsöfnunarkerfi.

Í sambandi við ellilífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins á sér ekki stað nein uppsöfnun fjármagns. Árlegar tekjur í formi skatta eru látnar mæta áætluðum útgjöldum vegna þessara þarfa. Hér er því um að ræða gegnumstreymiskerfi, sem allir skattgreiðendur standa að baki á hverjum tíma.

Vil ég þá ræða nokkuð um galla núverandi lífeyrissjóðakerfis.

Sem fyrr er frá greint hefur óhagstæð verðlagsþróun og mikil verðbólga á síðustu árum leitt í ljós vangetu lífeyrissjóða í núverandi mynd til að standa við skuldbindingar sínar, auk þess sem ranglætið vegna mismunandi réttinda, sem þeir veita, kemur stöðugt skýrar fram. Iðgjöld til lífeyrissjóðanna eru yfirleitt um 10% af dagvinnutekjum félagsmanna. Iðgjaldatími er yfirleitt um 30 ár. Þegar til fullrar lífeyrisgreiðslu kemur við 67 ára aldur hafa sjóðfélagar almennt greitt sem svarar 3 árslaunum í iðgjaldagreiðslum til lífeyrissjóðs. Við 67 ára aldur nú er ólifuð meðalævi talin vera um 14 ár. Vegna ákvæða núverandi reglugerða lífeyrissjóðanna sem gera ráð fyrir að sjóðfélagar fái ellilífeyrisgreiðslur á grundvelli launa síðasta

starfsárs eða síðustu starfsára fyrir töku lífeyris er dæmið mjög alvarlegt í reynd.

Ávöxtunarmöguleikar sjóðanna eru bundnir við hæstu leyfilega vexti sem undanfarin 30—40 ár hafa verið mun lægri en vöxtur verðbólgunnar. Um jákvæða ávöxtun á iðgjöldum hefur því ekki verið að ræða. Eftir því sem næst verður komist nægja iðgjöld lífeyrissjóðsfélaga sem hefur töku lífeyris nú, varla til að greiða lífeyri hans í 12 mánuði þrátt fyrir hæstu leyfilega vexti.

Lífeyrissjóðirnir í núverandi mynd geta því ekki staðið við skuldbindingar sínar og veita lífeyrissjóðsfélögum ófullnægjandi lífeyri. Kemur þetta skýrar í ljós eftir því sem sjóðurinn er eldri og ellilífeyrisþegum fjölgar í viðkomandi lífeyrissjóði.

Verðtryggðir sjóðir hins opinbera vernda sjóðfélaga sína gegn verðbólgunni. Hið sama gildir ekki um sjóðfélaga hinna óverðtryggðu sjóða. Auk hins mikla misréttis, sem þetta hefur í för með sér, getur þetta tvöfalda kerfi misréttis í ellilífeyrisgreiðslum haft afar óæskileg áhrif á eðlilegt streymi fólks milli starfsgreina. Hlýtur núverandi fyrirkomulag að verka eins og hvati á fólk að leita eftir atvinnu hjá hinu opinbera sem veitir hið mikla afkomuöryggi í ellinni sem verðtryggður lífeyrir er. Lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga verðtryggðu lífeyrissjóðanna taka síðan hlutfallslegum breytingum í samræmi við umsamdar launabreytingar á þeim launaflokki, sem viðkomandi bjó við, þegar taka ellilífeyris hófst.

Í óverðtryggðu sjóðunum fær ellilífeyrisþegi ákveðna krónutölu á grundvelli áunninna réttinda. Tekur þessi krónutöluupphæð engum breytingum síðar hvað sem líður verðlagsþróun eða kaupgjaldsbreytingum. Með tilliti til þessa eru lífeyrisþegar óverðtryggðu sjóðanna afkomulega mjög háðir ákvörðunum Alþ. á hverjum tíma varðandi heildarupphæð ellilífeyris. Við núverandi aðstæður ráða greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins algjörlega úrslitum fyrir þetta fólk. Þrátt fyrir mikla uppsöfnun fjár í óverðtryggðu sjóðunum greiða þeir óverulegan ellilífeyri. Sem dæmi mætti taka ellilífeyrisþega óverðtryggðs lífeyrissjóðs sem hóf töku ellilífeyris árið 1970. Almennur láglaunamaður hefði þá getað fengið 7200 kr. á mánuði úr lífeyrissjóði sínum á grundvelli þáverandi kaupgjalds og miðað við 60% réttindi og 5 ára meðaltal. Nú, 5 árum síðar, fengi hann enn óbreytta krónutölu úr sjóðnum, 7200 kr., að viðbættum 16 139 kr. sem grunnlífeyri og 11 150 kr. í tekjutryggingu, eða samtals 34 489 kr. Þetta þýðir að viðkomandi ellilífeyrisþegi fengi 27 289 kr. á mánuði í ellilífeyri frá Tryggingastofnuninni eða yfir 79% ellilífeyrisins. Þetta hlutfall og þar með þáttur almannatryggingakerfisins hækkar eftir því sem lengra líður frá töku lífeyris. Í reynd er það því Tryggingastofnun ríkisins, sem tekur að sér meginmagn allra ellilífeyrisgreiðslna annarra en til þeirra, sem fá greiðslur úr verðtryggðu sjóðunum. Til þess að mæta þessum greiðslum þarf árlega að skattleggja landsmenn sérstaklega. Við aukna verðbólgu og fjölgun ellilífeyrisþega verður slík skattlagning jafnt og þétt þyngri. Á sama tíma fara 10% af svo til öllum launagreiðslum í landinu í uppsöfnun fjármagns í lífeyrissjóðunum. Tiltölulega lítill hluti þessa fjármagn fer í ellilífeyrisgreiðslur og mun vikið að því síðar.

Ég álít að íslenskar aðstæður þoli ekki þetta tvöfalda álag vegna tryggingamála við það gífurlega ósamræmi sem þarna á sér stað í tilflutningi fjármagns. Er það tímaspursmál hvenær þessi spilaborg hrynur til grunna, bæði af peningalegum og félagslegum ástæðum. Hinar peningalegu ástæður eru þær, að þeir, sem eiga að bera ábyrgð á fjármagni lífeyrissjóðanna, geta ekki horft upp á það að þessi mikli sparnaður verði að engu í báli mikillar verðbólgu eða að peningarnir séu teknir og þeim ráðstafað með öðrum hætti en upphaflega var gert ráð fyrir. Hugsanleg verðtrygging á fjármagni sjóðanna í formi útlána og kaupa á verðtryggðum skuldabréfum mundi hvergi nægja til að tryggja stöðu sjóðanna, auk þess sem mjög ber að draga í efa að íslenskir lántakendur, hvort sem um er að ræða launafólk eða atvinnufyrirtæki, geti staðið undir þeirri miklu verðtryggingu sem mikil verðbólga hefur í för með sér. Er það auðvitað mál út af fyrir sig sem alþm. ættu að huga að og ræða meira hér á þingi.

Félagslegar og stjórnmálalegar afleiðingar þessarar þróunar eru augljósar hverjum manni sem þekkir eitthvað til afkomu manna. Það er gjörsamlega óviðunandi að skylda fólk til mikils sparnaðar, *lána því svo eigið fé með háum* vöxtum og greiða því síðan að lokum ófullnægjandi ellilífeyri að loknu ævistarfi. Slíkt kerfi stenst ekki. Þess vegna ber hið fyrsta að hverfa frá núverandi söfnunarkerfi og taka upp nýtt lífeyrisgreiðslukerfi sem mætir þörfum tryggingaþega miðað við hinar hröðu, óvissu breytingar sem hafa verið og eru í efnahagslífi þjóðarinnar. Jafnframt þurfa allir landsmenn að njóta sama réttar til ellilífeyris á grundvelli ævitekna og tekjuhlutfalls, óháð því hvað þeir starfa. Þá eiga allar konur að njóta fulls og sama réttar til ellilífeyrisgreiðslna án *tillits til* stöðu, en *í fullu samræmi* við ævitekjur sem geta verið annað tveggja til orðnar vegna vinnu utan heimilis eða innan þess.

Sú kerfisbreyting á lífeyrismálum þjóðarinnar, sem hér er gerð tillaga um, tryggir konum, er vinna heimilisstörf, ellilífeyri á grundvelli tekna heimilisins. Felur það í sér mikla og sjálfsagða réttarbót og því misrétti þá jafnframt útrýmt sem ríkt hefur í þessum efnum. Með tilliti til álagningargrundvallar þess kerfis, sem frv. gerir ráð fyrir, þ. e. a. s. gegnumstreymiskerfis, en það byggist á tekjum manna á hverjum tíma, er sjálfsagt og eðlilegt að ellilífeyrir miðist við ævitekjur. Hins vegar er nauðsynlegt að hið nýja lífeyriskerfi sé þannig uppbyggt að tekjulitlu eða tekjulausu fólki verði tryggður ákveðinn lágmarksellilífeyrir, og er það gert í þessu frv. En það þarf væntanlega að vera hærra en reiknað var með þegar gengið var frá reikningslegum forsendum þess. Skal vikið nokkru nánar að því hér á eftir.

Ég vil fara nokkrum orðum um hina tæknilegu hlið frv., þ. e. a. s. hinar tæknilegu skýringar þess, og vil þá jafnframt vísa til grg. sem fylgir lagafrv. Með þessu frv. eru sett upp nokkur

dæmi til þess að skýra á einfaldan hátt hvað í þessu kerfi raunverulega felst. Lífeyrisgreiðsla samkv. frv. þessu er háð tveimur meginatriðum. Í fyrsta lagi byggist greiðsla á ævitekjum einstaklings og er lífeyrisprósentan mælikvarði á vinnuframlag hans. Í öðru lagi er greiðslan háð svokölluðum vísitekjum, þ. e. a. s. verðtryggð. Lífeyrisprósentan er meðaltal tekjuhlutfalla einstaklings um starfsævina, leiðréttra. Prósentan er því mælikvarði á það hvað einstaklingurinn hefur haft að meðaltali í tekjur um ævina samanborið við samtíðarmenn sína. Leiðrétting tekjuhlutfallanna, hækkun í 0.5 eða lækkun í 3.0 ef þau eru undir 0.5 eða yfir 3.0, er tilraun til að meta vinnuframlag hinna tekjulitlu eða tekjulausu og um leið stuðlar hún að tekjujöflun, því að þeir, sem að hafa mjög háar tekjur, greiða af lífeyri sínum til hinna sem eru mjög tekjulágir. Þetta á að tryggja að enginn fái lægri lífeyri en sem nemur 30% af vísitekjum eða helming meðallífeyris, en það er, eins og ég gat um áðan, ef til vill of lág prósenta.

Skv. frv. skipta hjón með sér þeim lífeyrisréttindum sem þau afla í sambúðinni, enda er erfitt að meta sérstaklega vinnuframlag þess er vinnur á heimilinu, og hins aðilans, sem aflar tekna utan heimilis. Þessi tilhögun stuðlar að frekara jafnrétti kynjanna þar sem húsmóðirin hefur til þessa búið við skarðan hlut. Með hliðsjón af þessu er óþarft að hafa sérstök ákvæði um makalífeyri í frv.

Á grundvelli skattaframtala er tekjuhlutfallið fundið út. Þetta fyrirkomulag hlýtur að stuðla að því að skattaframtöl verða nákvæmari.

Með vísitekjum er gerð tilraun til að meta meðaltekjur á hverjum tíma til þess að lífeyrir hækki í hlutfalli við aðrar tekjur. Lífeyrisþegar eiga með þessum hætti að vera tryggðir gegn áhrifum verðlagshækkana og verðbólgu. Það, að lífeyrisprósentan í elli- og örorkulífeyri er ævitekjuhlutfallið margfaldað með 60, þýðir að ellilífeyrisþeginn fær 60% af meðaltekjum sínum verðtryggðum í lífeyri. Sá, sem aldrei hefur haft neinar tekjur, fær ævitekjuhlutfallið 0.5 og þar með 30% af meðaltekjum á hverjum tíma.

Í frv. eru tekin nokkur dæmi og vil ég vísa til þriggja í þessari framsögu.

Við útreikninga er stuðst við gróft mat á vísitekjum í janúar, febrúar og mars 1976. Samkv. upplýsingum í Hagtíðindum voru heildarbrúttótekjur árið 1974 88.5 milljarðar kr. Tala framteljenda var 103 274, þar af voru 42 030 kvæntir, 12 469 lífeyrisþegar og eignafólk var með heildartekjur að upphæð 4 775 millj. kr. Samkv. þessu voru 127 760 manns á aldrinum 16—67 ára með samanlagðar tekjur að upphæð 83.7 milljarðar kr., eða meðaltekjur 655 190 kr. Gert er ráð fyrir sama giftingarhlutfalli eilllilífeyrisþega og annarra. Hækkun vísitölu framfærslukostnaðar frá 1. júlí 1974 til 1. jan. 1976 nam 69.9%. Vísitölutekjur eru þá samkvæmt þessu nálægt 1 millj. og 113 þús. kr. frá 1. jan. 1976 eða 92 750 kr. á mánuði. Í samræmi við þessar forsendur fást eftirfarandi niðurstöður í þeim dæmum sem ég kem með hér á eftir.

1. Gert er ráð fyrir einhleypum launamanni sem vinnur frá 17 ára aldri til 67 ára aldurs og með ævitekjuhlutfallið einn heilan. Þessi maður mundi samkv. framangreindu fá 55 650 kr. í ellilífeyri á mánuði.

2. Ef tekið væri annað dæmi um launamann með sama tekjuhlutfall er kvæntist 27 ára gamall og að eiginkona væri jafngömul og ynni ekki úti eftir giftingu, en annaðist börn og heimili, þá mundi ævitekjuhlutfall mannsins verða 0.805, en konunnar 0.765, eins og fram kemur í grg. Ellilífeyrir mannsins yrði 44 798 kr., en konunnar 42 572 kr., eða samtals hjá þeim báðum 87 370 kr. á mánuði. Yrði um verulega bót að ræða, fyrir slík hjón frá því, sem nú er, miðað við þær greiðslur sem þetta fólk fær úr almannatryggingakerfinu og úr óverðtryggðum lífeyrissjóði, ég tala nú ekki um úr óverðtryggðum sjóði.

3. Þá skal tekið dæmi um einstakling sem er í vel launaðri stöðu. Það er reiknað út frá upplýsingum úr opinbera kerfinu um háembættismann þar sem hvort tveggja hjóna ynni úti. Eiginmaðurinn fær ævitekjuhlutfall 1.49 og konan 1.56. Ellilífeyrir mannsins yrði 82 919 kr., en konunnar 86 814 kr. Samanlagður lífeyrir þessara hjóna ef bæði væru í góðum stöðum, yrði þá 169 733 kr. á mánuði.

Að sjálfsögðu væri hægt að finna og búa til mörg fleiri dæmi, en ég læt þetta nægja.

Hins vegar vil ég taka fram eftirfarandi í sambandi við útreikning um það hvað einstaklingur mundi fá sem aldrei hefði haft neinar tekjur. Í grg. er gert ráð fyrir að ævitekjuhlutfall 0.50 og 30% reglan mundi skila þessum einstaklingi 27 825 kr. Það er að mínu mati of lágt. Það þyrfti að hækka þá prósentu og það lágmark sem hér um ræðir. Varðandi þetta atriði áskil ég mér allan rétt til þess að endurskoða þau hlutföll, er hér um ræðir á síðari stigum þessa máls.

Þá vil ég víkja nokkuð að því atriði í frv. sem snýr að fæðingarlaunum. Í frv. þessu er tekið upp það nýmæli að veita konum hið minnsta þriggja mánaða fæðingarlaun, hvort sem um er að ræða konur sem vinna utan heimilis eða innan. Til þessa hafa konur búið við mjög misjöfn kjör fjárhagslega séð þegar svo hefur verið ástatt um þær sem hér um ræðir. Sumar konur njóta nú þegar þriggja mánaða fæðingarlauna, en svo eru aðrar sem fá engar greiðslur. Til þess að leiðrétta þetta misrétti hefur verið gripið til ýmissa úrræða. M. a. hafa verið samþ. lög frá Alþ. sem skylda Atvinnuleysistryggingasjóð til að greiða fæðingarorlof til kvenna sem starfa úti í atvinnulífinu og eru aðilar að almennum verkalýðsfélögum. Fyrir Alþ. liggur nú till. til þál. um fæðingarorlof bændakvenna. Þótt þessum konum verði tryggt fæðingarorlof er enn mikill fjöldi kvenna sem flokkast ekki undir nein lög eða reglur sem tryggja þeim fæðingarlaun. Með þessu frv. er viðurkenndur réttur allra kvenna til fæðingarlauna.

Í frv. er gert ráð fyrir því að þær konur, sem ekki eru útivinnandi, fái ákveðna lágmarksupphæð sem er 18 550 kr. á mánuði, miðað við núverandi vísitekjur. En ég vil taka það fram að þessi upphæð er of lág og þarfnast endurskoðunar til samræmis við hækkun á prósentunni um lágmarksellilífeyri sem ég gat um áðan.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að iðgjaldagreiðslum.

Grundvallaratriði frv. varðandi tekjuöflun til að fullnægja þeim tryggingaskuldbindingum, sem í frv. felast, er að á hverjum tíma sé lagt á iðgjald er mæti þeim tryggingagreiðslum, sem Lífeyrissjóður Íslands á að inna af hendi. Tryggingafræðingum skal falið það verkefni sérstaklega að reikna út iðgjaldið á grundvelli tölfræðilegra upplýsinga þar að lútandi. Samkv. frv. er gert ráð fyrir að iðgjald til Lífeyrissjóðsins verði ákveðin prósenta af heildartekjum einstaklings. Þetta verður að teljast eðlilegt þar sem lífeyrir er einnig háður heildartekjum. Þá er sá háttur á hafður að viðkomandi einstaklingur greiði allt iðgjaldið sjálfur, en ekki vinnuveitandi hluta eins og nú tíðkast. Hins vegar er gert ráð fyrir því að laun hækki sem nemi iðgjaldaprósentu vinnuveitandans í núverandi kerfi lífeyrissjóða. Í dag mun hin almenna regla um greiðslu iðgjalda í lífeyrissjóði vera sú að vinnuveitandi greiði 6% af launum viðkomandi starfsmanns, en starfsmaður sjálfur 4%, eða samtals 10%. En þess eru dæmi að iðgjaldaprósentur séu hærri. Þessi háttur á iðgjaldagreiðslu er eðlilegri en sá að hafa iðgjaldagreiðsluna tvískipta, auk þess sem hann gefur viðkomandi manni betra tækifæri til þess að fylgjast með þróun þessara mála og hugsanlegum breytingum. Þá mundi iðgjaldið verða að fullu frádráttarbært til skatts hjá viðkomandi einstaklingi.

Um það, hvað iðgjaldaprósenta þyrfti að vera há miðað við forsendur frv., er eftirfarandi að segja:

Ef ellilífeyrir er tekinn fyrst, þá er þess fyrst að geta að framreikningar yfir aldursdreifingu íslendinga næstu 15 árin hafa sýnt að fjöldi þeirra, sem eru eldri en 67 ára, er um það bil 13% af fjölda þeirra sem eru á aldrinum 16—67 ára. Ef gert er ráð fyrir að ævitekjudreifing breytist ekki verulega milli kynslóða og að ellilífeyrir sé 60% af meðaltekjum þarf iðgjald fyrir ellilífeyri að vera 7.8%. Um örorku- og barnalífeyri er það að segja, að upplýsingar um tíðni og hæð örorku svo og dreifingu barnalífeyris eru af mjög skornum skammti hér á landi. Þó má ætla samkv. upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins að örorku- og barnalífeyrir færi ekki fram úr helming upphæðar ellilífeyris. Iðgjald fyrir þessar lífeyrisgreiðslur þarf því ekki að vera hærri en 3.9%. Um fæðingarlaunin er það að segja, að árlegar fæðingar á Íslandi eru nú um 4000 talsins. Ef gert er ráð fyrir að helmingur mæðra sé með meðaltekjur, en hinar með 20%, fæst 0.65% iðgjald miðað við 93 000 iðgjaldagreiðendur.

Á grundvelli framangreindra forsenda má búast við að væntanlegt iðgjald vegna þeirra trygginga, sem þetta frv. nær til, þyrfti að vera 12.4% af heildartekjum allra einstaklinga í landinu. Nú greiða vinnuveitendur beint 6% í hina ýmsu lífeyrissjóði vegna starfsmanna sinna og óbeint 1.5% til Tryggingastofnunarinnar. Launafólk greiðir sjálft beint í lífeyrissjóðina 4% af dagvinnutekjum. Auk þess greiða þessir aðilar sameiginlega háar upphæðir í formi skatta til Tryggingastofnunar ríkisins til að mæta ellilífeyris-, örorku- og barnalífeyrisgreiðslum.

Ég mun ekki fara nánar inn á það að ræða um lífeyrissjóðina, iðgjöld þeirra og iðgjaldagreiðslur né ávöxtun sjóðanna. Þó get ég ekki látið hjá líða að vekja athygli þm. á því að samkv. upplýsingum, sem fengist hafa frá þeim aðilum sem annast upplýsingasöfnun um þróun lífeyrissjóða í landinu, mun mjög óverulegur hluti af þeim peningum, sem safnast upp í lífeyrissjóðunum, fara til lífeyrisgreiðslna. Sem dæmi vil ég geta þess að árið 1974 fóru aðeins 7.66% af eignum sjóðanna til slíkra greiðslna, en miðað við tekjur sjóðanna á því ári var um að ræða 25.38% eða ¼ af árlegum tekjum þeirra. En eins og ég gat um áðan fer meginhlutinn af fjármagninu til útlána í formi óverðtryggðra lána.

Ég vil þá að lokum víkja nokkuð að þeim kafla frv. þar sem fjallað er um stjórn og tryggingaráð.

Gert er ráð fyrir mjög fjölmennu tryggingaráði sem er samansett af fulltrúum þeirra aðila sem hér eiga helst hagsmuna að gæta. Ég vil taka það strax fram, að það kemur auðvitað til greina að þeir aðilar, sem mynda tryggingaráð, öðlist rétt gegnum þetta frv. að eiga aðild að stjórn Lífeyrissjóðs Íslands, þannig að Alþ. gæti annaðhvort fjölgað kjörnum fulltrúum í stjórninni eða fækkað þeim sem væru kjörnir hér og aðilar fengju þá tilnefningarrétt um ákveðinn fjölda fulltrúa.

Það atriði hefur mjög verið til umræðu meðal þeirra sem bera ábyrgð á peningamálum þjóðarinnar, að ef þetta frv. yrði að lögum mundi minnka sú uppsöfnun fjármagns sem þeir telja nauðsynlega vegna peningakerfisins. Ég mun ekki hafa mörg orð um þetta atriði að svo stöddu í sambandi við þetta frv., en get þó ekki látið hjá líða að segja þetta:

Það var aldrei tilgangurinn hjá þeim stéttarfélögum, sem þurftu að fórna, ég segi: þurftu að fórna í stöðunni kauphækkunum fyrir það að öðlast þessi réttindi, að með því ætti verkalýðshreyfingin eða það fólk, sem stendur að baki lífeyrissjóðanna, að leggja grundvöll að skyldusparnaðarkerfi þjóðarinnar. Það er hins vegar annað mál ef það hefur orðið þjóðinni til góðs að þessi sjóðamyndun hefur leitt til þess. En það hlýtur að vera meginatriði og meginstefna bæði þeirra, sem standa að sjóðunum og hafa myndað þá og einnig Alþ. að þetta sjóðakerfi skili þeim tilgangi og þeim meginmarkmiðum sem lífeyrissjóðunum er ætlað, sem er að vera tryggingasjóðir vegna ellinnar, en ekki peningastofnanir til þess að tryggja peningakerfi þjóðarinnar á hverjum tíma. Um stöðu peningakerfisins við breyttar aðstæður hlýtur þó Alþ. að fjalla þegar þar að kemur ef vandamálið er jafnmikið og þeir aðilar halda fram sem bera ábyrgð á fjármála- og peningakerfi þjóðarinnar. Alþ. hlýtur að fjalla um það þegar þar að kemur hvaða leiðir koma til greina til þess að veita þær tryggingar sem máli skipta í sambandi við nauðsynlegan sparnað í þjóðfélaginu.

Ég gat um það áðan og skal ekki vera langorður um það að aðilar vinnumarkaðarins hafa væntanlega gert með sér samkomulag um bráðabirgðalausn í sambandi við fyrirhugaða endurskipulagningu lífeyriskerfisins. Er um að ræða tveggja ára tímabil. Hér er auðvitað ekki um samning að ræða enn sem komið er vegna þess að enn hefur ekki verið staðið upp frá samninga-

borðinu og samningar undirritaðir. Það samkomulag, sem birt hefur verið þjóðinni í fjölmiðlum varðandi þetta efni, er öllum kunnugt um þannig að ég tel mig ekki brjóta trúnað þótt ég greini hér frá nokkrum atriðum úr þessu samkomulagi sem ég tel æskilegt fyrirkomulag á meðan þetta stóra mál er í meðförum Alþ. og einni hjá þeim aðilum sem hér eiga hlut að máli úti í þjóðlífinu.

Það samkomulag, sem aðilar hafa gert með sér varðandi endurskipulagningu lífeyriskerfisins, er, eins og ég gat um áðan, algjört bráðabirgðasamkomulag a. m. k. skil ég það þannig. En markmið þess er að á næstu tveimur árum verði unnið að því að koma á samfelldu lífeyriskerfi sem taki helst til allra landsmanna. Tel ég það vera alveg í samræmi við megintilgang þess frv. sem hér er til umræðu.

Enn fremur er það í samkomulaginu að lífeyrissjóðir og almannatryggingar tryggja öllum lífeyrisþegum viðunandi lífeyri er fylgi þróun kaupgjalds á hverjum tíma. Er það í samræmi við það atriði í frv. sem lýtur að vísitekjum.

Þá er það einnig í samkomulaginu að auka skuli jöfnuð og öryggi meðal landsmanna sem lífeyris eiga að njóta. Það atriði er einnig í framlögðu frv.

Þá er í samkomulaginu ákvæði um að lífeyrisaldur geti innan vissra marka verið breytilegur eftir vali hvers og eins lífeyrisþega, en án þess að það hafi áhrif á útgjöld kerfisins, þ. e. a. s. lífeyrir verður því lægri sem taka hans hefst fyrr.

Þá er og gert ráð fyrir í samkomulaginu að unnt verði að finna réttlátan grundvöll fyrir skiptingu á unnum lífeyrisréttindum milli hjóna. Ég skil það þannig að sá réttláti og rétti grundvöllur sé sá grundvöllur sem er í framlögðu frv.

Þá er gert ráð fyrir því að aðilar vinnumarkaðarins ásamt fulltrúum ríkisins skipi n. til þess að fjalla um þessi mál, þ. e. a. s. lífeyrismálin, og þeir komi sér saman um ákveðnar till. eða hugmyndir fyrir septemberlok 1976. Í sambandi við síðari framkvæmd þessara stefnumarkmiða er gerð sú úrlausn til bráðabirgða að lífeyrissjóðirnir hafa fallist á að greiða 4% af iðgjaldatekjum hvors árs, þ. e. a. s. áranna 1976 og 1977, í sameiginlegan sjóð til þess að bæta þann ellilífeyri sem hefur verið algjörlega ófullnægjandi. Ég vil taka það strax fram að þetta fyrirkomulag felur í sér mjög misjafnlega háar greiðslur frá einstökum lífeyrissjóðum og einnig koma misjafnlega háar upphæðir til baka til sjóðfélaga úr einstökum stéttarfélögum. En það skiptir auðvitað ekki höfuðmáli. Aðalatriðið er að allir, sem þessara réttinda þurfa að njóta, njóti þeirra þó svo að framlag einstakra lífeyrissjóða í þennan heildarsjóð sé mismunandi þennan takmarkaða tíma, þar til nýja kerfið kemst í framkvæmd.

Ég vil undirstrika það og taka fram af hálfu okkar sumra sem höfum staðið að þessu bráðabirgðasamkomulagi varðandi ellilífeyrismálin að við teljum það ekki fullnægjandi þó að í samkomulaginu felist bót frá því sem áður var. Við tökum þátt í þessari bráðabirgðalausn með þeim fyrirvara að tekið verði upp annað og betra kerfi eigi síðar en 1. jan. 1978, gegnumstreymiskerfi sem tryggi frambúðarlausn á þessum málum.

Ég vil svo að lokum segja þetta:

Það er mín skoðun að Alþ. hljóti og verði að hafa forustu í þessum málum. Þúsundir manna eru í engum stéttarfélögum. Mikill fjöldi ellilífeyrisþega, sem voru í stéttarfélögum áður fyrr, eru hættir afskiptum af málum sinna gömlu félaga og geta þar af leiðandi ekki gætt hagsmuna sinna og stöðu sem skyldi innan þeirra, þar sem áhrif þeirra hafa farið þverrandi af skiljanlegum ástæðum. Alþ. verður nú að þora að hafa skoðun og taka afstöðu til þessara almennu og mikilvægu hagsmunamála, hafa jákvætt frumkvæði, ekki aðeins í orði, heldur einnig í verki. Hér er um mál að ræða sem varðar ekki aðeins stéttarfélög, heldur þjóðina í heild.

Í trausti þess, að hv. þm. skoði þetta mál gaumgæfilega, vona ég að þeir sýni nú þjóðinni einu sinni, eftir, að því er ég vil segja, margra ára eða áratuga athugun, að þeir geti hjálpað — ég segi: hjálpað og stutt við bakið á öldruðu fólki og öryrkjum sem búa við óverðtryggðan ellilífeyri. Hv. þm. hlýtur að vera það kappsmál, sérstaklega þegar það er haft í huga að alþm. hafa sjálfir búið við þessi réttindi, verðtryggðan ellilífeyri, að því er mér skilst á annan áratug. Það, hvort alþm. taka nú af skarið og hafa skoðanir á þessu og koma ellilífeyrismálum í höfn, getur verið nokkur mælikvarði á það hvort alþm. eru raunverulega þeir forustumenn þjóðarinnar sem ég álít að fólkið í landinu geri kröfur til — og ég vil bæta við: þjóðin hefði þörf fyrir.

Ég er sannfærður um að í þessu frv. felist sú leið sem hlýtur að verða farin í lífeyristryggingamálum íslensku þjóðarinnar á komandi árum. Það er auðvitað óhjákvæmilegt og sjálfsagt að málið taki breytingum í meðförum og aðrir aðilar komi þar að og fjalli um þessi mál. En það er mitt mat og margra annarra að sú grundvallarhugsun, sem felst í þessu frv., muni sigra að lokum öldruðum íslendingum til blessunar. Það verður að tryggja eldra fólki réttlátari hluta þjóðartekna en verið hefur hingað til, og það verður að verja eldra fólk gegn verðbólgu og sjá til þess að gamla fólkið þurfi ekki alltaf að eiga undir því ár frá ári hvernig styrkur stéttarfélaganna er á hverjum tíma til þess að tryggja því þessi sjálfsögðu réttindi. Til þessa hefur Alþ. ekki haft frumkvæði í málinu og það er tími til kominn að svo verði.

Það er ósk mín og von að alþm. taki vel í þetta frv. og gangi þannig til verka varðandi afgreiðslu þess að hinir öldruðu geti búið við öryggi og góða lífsafkomu að lokinni starfsævi á grundvelli þess.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Á undanförnum árum hefur mikið verið rætt um vandamál lífeyrisþega og þá alveg sérstaklega vandamál hinna óverðtryggðu lífeyrissjóða. Meginorsök þessa vanda liggur í augum uppi. Það er sú ofsalega verðbólga sem hrjáð hefur okkar þjóðarbúskap.

Eins og hv. frsm. þessa frv. um Lífeyrissjóð Íslands, hv. 6. landsk. þm., gat um er lífeyris-

kerfi landsmanna nú uppbyggt aðallega með tvennum hætti. Höfuðstoðir þess eru aðallega tvær. Það eru í fyrsta lagi almannatryggingarnar sem skiptast í grunnlífeyri og tekjutryggingu til þeirra sem litlar sem engar aðrar tekjur hafa en tryggingabæturnar, og svo í öðru lagi lífeyrissjóðirnir, en þeir skiptast hins vegar í verðtryggða og óverðtryggða lífeyrissjóði. Tryggingabætur þeirra, sem ekki hafa neitt annað en almannatryggingarnar og það litla sem fengist hefur úr óverðtryggðu lífeyrissjóðunum fram til þessa eru alls ófullnægjandi, eins og hv. frsm. tók fram áðan, og lífeyrir þeirra, sem eru í verðtryggðum lífeyrissjóðum annars vegar og óverðtryggðum hins vegar, er í svo hrópandi mótsögn og ójöfnuðurinn svo mikill að slíkt getur ekki gengið og verður að ráða bót á. Ég ætla ekki að fara að endurtaka nein dæmi hér um. Þetta þekkja allir hv. þm. og kom enda mjög lýsandi dæmi fram í framsöguræðu hv. 6. landsk. þm.

Í maímánuði 1969 gerðu almennu verkalýðsfélögin samninga um lífeyrissjóði. Það má segja að þar hafi í rauninni í fyrsta sinn verið gerðir almennir samningar sem náðu til verkalýðshreyfingarinnar í heild á þessu sviði. Á næstu árum þar áður hafði farið fram mikið umtal um lífeyrissjóði fyrir alla landsmenn og samin hafði verið ágæt grg. þar um af Haraldi Guðmundssyni. En hér var aðeins um umr. og undirbúningsvinnu að ræða. Á tímum þeirrar ágætu viðreisnarstjórnar varð ekkert úr framkvæmdum og verkalýðsfélögin, sem voru fyrst og fremst hlynnt hugmyndinni um einn lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn, sáu fram á að hér yrði ekki um neinar framkvæmdir að ræða. Allar framkvæmdir virtust ævinlega og alltaf í blámóðu fjarskans vegna þess að menn sáu ekki möguleika til að fjármagna slíkt kerfi. Því var það að verkalýðsfélögin sömdu um lífeyrissjóðina í maímánuði 1969.

Með þessum samningum má segja að lífeyrissjóðakerfið í landinu hafi í rauninni gjörbreyst og þá fyrst og fremst vegna þess að nú var tekin upp skylduaðild allra launþega að lífeyrissjóðum. Þegar skylduaðildin var komin hefur komið í ljós, sem að sjálfsögðu var sjáanlegt, að sjóðasöfnun mundi verða mjög mikil, enda hefur orðið svo að það skiptir milljörðum á ári sem safnast í sjóði lífeyrissjóðanna og þessi þáttur er nú orðinn einn ríkasti þátturinn í sparifjársöfnun landsmanna. Samhliða samningunum um lífeyrissjóðina var einnig samið um að koma skyldi sérstakur lífeyrir til aldraðra í stéttarfélögum, þeirra sem sjáanlegt var að aldrei gætu notið lífeyrissjóðanna. Þessi lög eru nr. 63 frá 1971. Á þessu ári er gert ráð fyrir að varið verði í þessar sérstöku lífeyrisgreiðslur sem nemur röskum 200 millj., og það var ráðstöfun ríkisstj. á sínum tíma, þegar þessi lög voru sett, að Atvinnuleysistryggingasjóður skyldi greiða 3/4 af þessum kostnaði og ríkissjóður 1/4.

Allt frá stofnun þessara almennu lífeyrissjóða, en þeir tóku til starfa 1. jan. 1970, hefur það blasað við að þeir mundu verða alls ómegnugir að standa undir viðunandi lífeyrisgreiðslum vegna þess hve hin mikla verðbólga hefur gjörsamlega brennt upp fjármuni þeirra ár frá ári. Verkalýðsfélögin hafa á tímanum frá því að samið var um lífeyrissjóðina oftlega gert ályktanir um að gera þyrfti ráðstafanir til að verðtryggja þá, og í samningunum, sem gerðir voru við atvinnurekendur 1974, var það yfirlýsing beggja aðila að vinna á samningstímabilinu að verðtryggingu lífeyrissjóðanna með einhverjum hætti.

Um þetta mál hefur verið æðimikið fjallað og nú undanfarin 3—4 ár hefur verið starfandi á vegum fjmrn. sérstök nefnd, allfjölmenn, sem hefur haft það verkefni að ræða þessi mál og raunar æðimikið meira. Hún hefur verið umræðuvettvangur líka varðandi sérstaka ráðstöfun á fé lífeyrissjóðanna til kaupa á verðbréfum og ýmislegt fleira. Þessi n. hefur safnað ýmsum gögnum sem að gagni geta komið fyrir hverja þá sem að þessum málum vinna.

Varðandi verðtryggingu lífeyris hefur fyrst og fremst verið rætt um tvær leiðir: annars vegar verðtryggð útlán úr sjóðunum, kaup á verðtryggðum bréfum ríkissjóðs, og svo hins vegar að taka upp gegnumstreymiskerfið svokallaða, þ. e. a. s. að nota peningana á meðan þeir halda verðgildi sínu. Það mætti tala langt mál um þessar tvær leiðir eða hvora fyrir sig. En það ætla ég ekki að gera að þessu sinni, en aðeins minna á að um hina svokölluðu verðtryggingarleið, þ. e. a. s. með verðtryggðum útlánum bæði til sjóðfélaga, til atvinnuvega og ríkisins, vakna margar spurningar og þá kannske fyrst og fremst sú spurning, hvaða bagga við erum að binda framtíðinni með slíkri leið. Mundu þeir, sem við eiga að taka, verða okkur mjög þakklátir fyrir að hafa farið þessa leið. Þetta held ég að sé spurning sem er skylda hvers einasta manns að velta fyrir sér og þá ekki hvað síst hv. alþm. Það má spyrja hvort sjóðfélagarnir, sem fá lán til íbúðarbygginga, íbúðarkaupa, standi undir verðtryggðum lánum frá lífeyrissjóðunum til viðbótar þeim verðtryggðu lánum sem þeir nú verða að taka hjá Byggingarsjóði ríkisins. Í öðru lagi: Er ástand atvinnuveganna slíkt að þeir standi undir fullverðtryggðum lánum úr fjárfestingarsjóðum. Og síðast, en ekki síst mætti kannske spyrja hvernig ríkisstj. ætli að fara að því að standa skil á stöðugt auknum verðbréfasölum með fullri verðtryggingu, eins gert hefur verið nú undanfarið.

Hins vegar varðandi gegnumstreymiskerfið, sem svo hefur verið nefnt og er eiginlega andstæða sjóðjöfnunarkerfisins, er óhætt að fullyrða að með fjármagni almannatryggingalaganna, eins og það er nú, og lífeyrissjóðanna mætti strax veita landsmönnum viðunandi lífeyristryggingar sem væru í samræmi við verðlag og kaupgjald á hverjum tíma, en það er auðvitað það markmið sem lífeyristryggingar verða að hafa.

Með því frv., sem hér liggur fyrir, frv. til l. um Lífeyrissjóð Íslands, er gerð virðingarverð tilraun til að benda á lausn þessa mikla vandamáls og ég vil strax lýsa því hér yfir að ég er fylgjandi þeirri meginstefnu sem mörkuð er með þessu frv., þ. e. að taka upp gegnumstreymiskerfið og að myndaður verði einn lífeyrissjóður fyrir alla landsmenn sem greiði verðtryggðan lífeyri. Ég hygg, að meginþorri forustumanna í verkalýðshreyfingunni sé þessarar skoðunar.

Ég vil í þessu sambandi geta þess að alþb.-menn hafa æði oft hreyft þessum málum hér á hv. Alþ. En alveg sérstaklega vil ég geta framlags fyrrv. trmrh., hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar, en í ráðherratíð sinni gerði hann ráðstafanir til að unnið yrði að lagasetningu um lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn.

Ég ætla ekki hér eða nú að ræða einstaka þætti þessa frv. Það þarf í meðferð þingsins að fá rækilega skoðun og nákvæma. Sannarlega á þetta frv. það skilið að þn. skoði það vel, og ég vænti þess að það fái þá meðferð sem efni standa til, en ég tel þetta eitt merkasta þmfrv. sem býsna lengi hefur komið fram hér á hv. Alþ.

Hins vegar liggur í augum uppi að þetta frv. svarar ekki öllum spurningum, og ég veit að hv. flm. er það einkar ljóst. Starf lífeyrissjóðanna hefur verið tvíþætt: Í fyrsta lagi, og það er að sjálfsögðu höfuðverkefni lífeyrissjóðanna og má aldrei gleymast, að standa undir viðunandi lífeyrisgreiðslum. Þetta er að sjálfsögðu frumverkefni lífeyrissjóðanna. Hins vegar hafa þeir haft með höndum víðtæka lánastarfsemi og þó einkum og sér í lagi til sjóðfélaganna til þess að standa undir hvers konar íbúðarkostnaði. Enn fremur vil ég geta þess að í samningunum 1974 var beinlínis um það samið við þáv. ríkisstj. að 20% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna skyldu renna til þess að kaupa verðbréf Byggingarsjóðs, verðtryggð, gegn því að unnið yrði að tilteknum íbúðabyggingum á félagslegum grundvelli. Núv. ríkisstj. hefur — gerði það í fyrravetur þegar við þá stóðum í samningum — lýst því yfir að hún muni standa við þessa yfirlýsingu fyrrv. ríkisstj., þó með fyrirvara um fyrirkomulag lána, þannig að ég vonast til þess að þetta verði ekki pappírsplaggið eitt og staðið verði við þessa yfirlýsingu þó að við sjáum ekki enn neitt af framkvæmdum í því efni. En verði ekki svo munu lífeyrissjóðirnir að sjálfsögðu endurskoða afstöðu sína til þeirrar yfirlýsingar sem gefin var um kaup á verðbréfum.

Ef tekið verður upp gegnumstreymiskerfi er augljóst að þessi þáttur í starfi lífeyrissjóðanna fellur niður. Þá verður að sjálfsögðu að gera aðrar og fullnægjandi ráðstafanir til þess að fyllt verði í það mikla tómarúm sem þá myndaðist varðandi fjármögnun, einkanlega íbúðabygginga. En að sjálfsögðu hafa lífeyrissjóðirnir með hinni miklu fjársöfnun, sjóðsöfnun, staðið undir margs konar öðrum framkvæmdum í landinu vegna þess hve stór þáttur hún er orðin í sparifjársöfnuninni.

Ég held að það sé alveg augljóst, að ef þetta kerfi verður upp tekið svo sem ég álít að eigi að gera, sé ekki hugsanlegt að nema aðeins örfáir af þeim lífeyrissjóðum, sem nú eru til í landinu, geti haldið áfram lánastarfsemi til sjóðfélaga, nema þá með einhverjum sérstökum ráðstöfunum. Þeir sjóðir, sem stofnaðir voru með samningunum 1970, mundu ekki á neinn hátt geta staðið undir áframhaldandi lánastarfsemi. Þetta liggur ljóst fyrir og þetta er einn sá þáttur þessa vandamáls sem að sjálfsögðu verður að skoða í leiðinni, vegna þess að það er ekki hægt að láta verða þarna ófyllt skarð. Þetta tvennt yrði að haldast í hendur: að taka upp nýtt kerfi lífeyristrygginga sem tryggði lífeyrisþegum fullnægjandi bætur, verðtryggðar bætur, og eins hitt, að séð yrði fyrir fjármagni til íbúðabygginga, alveg sérstaklega, í stað þess sem lífeyrissjóðirnir hafa gert á því sviði til þessa.

Í þeim samningaviðræðum, sem nú hafa staðið yfir, hafa lífeyrissjóðirnir og mál þeirra verið býsna ríkur þáttur. Þau mál hafa verið afgreidd núna. En það er auðvitað öllum ljóst að framtíðarlausn þeirra mála getur ekki orðið nein skyndiákvörðun og verður ekki gerð í einni svipan.

Það samkomulag, sem gert hefur verið í samningunum núna, felur aðallega í sér tvennt, eins og hv. flm. kom inn á áðan. Það er í fyrsta lagi frambúðarmarkmið, en það er hins vegar ekki neitt nákvæmlega markað, mjög rúmt. Höfuðatriðið í því er að helst öllum landsmönnum verði tryggður viðunandi lífeyrir sem væri í beinum tengslum við verðlag og kaupgjald á hverjum tíma. Þetta er eitt grundvallarmarkmiðið sem aðilar hafa komið sér saman um að stefnt skuli að með því starfi sem lagður er grundvöllur að einnig í þessu samkomulagi. Þar er gert hvort tveggja, að aðilar setja á stofn n. af sinni hálfu, sem gert er ráð fyrir að starfi síðan með eða verði hluti af n. sem ríkisstj. skipi til þess að vinna að þessum málum, og sett upp einnig starfsáætlun og við það miðað að hið nýja lífeyriskerfi geti tekið gildi 1. jan. 1978. Hins vegar er svo lausn til bráðabirgða sem ég ælta ekki að fara að rekja nákvæmlega hér, en hún felur í sér, þessi lausn, meginstefnu. Það má segja að í þeirri lausn felist nokkur meginatriði. Það er í fyrsta lagi að sá viðbótarlífeyrir, sem gert er ráð fyrir að komi úr lífeyrissjóðunum, verði verðtryggður, verði í beinum tengslum við kaupgjald og verðlag á hverjum tíma. Og í öðru lagi er sú meginstefna mörkuð að lífeyrissjóðirnir taki sameiginlega á sig meginhluta þess kostnaðar sem hér er um að ræða. En eins og hv. frsm. tók fram áðan er aðstaða lífeyrissjóðanna í þessum efnum ákaflega misjöfn. Sumir lífeyrissjóðir eru með mikið af ungu fólki. Aldursskipting er sem sagt ákaflega misjöfn. Aðrir sjóðir hafa hins vegar mikið af öldruðu fólki innan sinna vébanda. En án tillits til þessarar skiptingar taka lífeyrissjóðirnir nú allir eða flestir á sig þennan viðbótarkostnað sameiginlega. Ég vil geta þess að hv. flm. þess frv., sem hér er til umr., átti góðan hlut einmitt að lausn þessara mála.

Til þess að þessi viðbótartrygging frá lífeyrissjóðunum komi að notum verður hins vegar að breyta almannatryggingalögunum hvað varðar tekjutrygginguna. Það verður að hækka þau mörk sem eru nú fyrir þeim frjálsu tekjum sem menn mega hafa án þess að tekjutryggingin skerðist. Samkomulag er um að þetta hækki nú í 10 þús. kr. á mánuði eða 120 þús. kr. á ári fyrir einstakling og fyrir hjón 14 þús. kr. á mánuði eða 168 þús. kr. á ári, þannig að hér er um verulega rýmkun að ræða sem tekur til allra án tillits til þess á hvern hátt teknanna er aflað. Hér er sjáanlega um að ræða nokkurn kostnaðarauka áreiðanlega fyrir ríkissjóð, vegna þess að það verða fleiri sem komast undir tekjutryggingu með þessu móti heldur en nú er. Það er rétt að geta þess að tekjutryggingin er nú fyrir einhleypa, ef ég man rétt, 46 þús. kr. á ári og eitthvað rétt

um 80 þús. fyrir hjón, þannig að þetta hækkar allverulega. Að vísu er það rétt að þessir samningar eru ekki enn þá undirskrifaðir frekar en annað í samningamálunum þó að samkomulag sé orðið um það, og einnig eru yfirlýsingar frá hæstv. ríkisstj. um að hún muni flytja þau frumvörp sem á þarf að halda til að þessi mál nái fram að ganga og nái markmiði sínu.

Allt þetta er í fullu samræmi við þá meginstefnu sem felst í frv. sem hér er nú til umr., þannig að það er, má segja, áfangi á þeirri leið sem mörkuð er sem meginstefna með þessu frv. Ég veit að ýmis atriði þessa frv. geta orkað tvímælis, en eins og ég sagði áðan, þá ætla ég ekki að fara inn á að ræða neitt einstök atriði þess, heldur einvörðungu þá meginstefnu sem í því felst.

Ég vil svo að lokum leggja áherslu á það að hér er um stórmál að ræða og jafnframt mjög fjölþætt mál og vandasamt úrlausnarefni. Það er augljóst að það verður ekki leyst nema þar komi til margir aðilar, því að svo margþætt er málið, og mætti þar nefna margt til sem ég ætla ekki að gera núna. En ég vil aðeins endurtaka fylgi mitt við þá meginstefnumörkun sem í þessu frv. um Lífeyrissjóð Íslands felst.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Hér er um að ræða eitt mikilvægasta mál sem til umr. er á vettvangi íslenskra félagsmála. Hér er um að ræða eitt brýnasta hagsmunamál íslenskra launþega og þá sérstaklega aldraðs fólks sem á döfinni er. Hér er um það að ræða að leiðrétta eitt alvarlegasta misrétti sem um hefur verið að ræða í íslenskum félagsmálum á undanförnum árum og hefur farið vaxandi á allra síðustu árum, misréttið milli þeirra lífeyrisþega, sem notið hafa verðtryggðra lífeyrisgreiðslna, og hinna, sem hafa orðið að sætta sig við að fá lífeyri sinn greiddan í krónum með síminnkandi verðgildi.

Ég vil þegar við 1. umr. þessa máls lýsa yfir mjög eindregnu fylgi mínu við meginstefnu þessa frv., þ. e. þá að koma á einum Lífeyrissjóði Íslands, einum lífeyrissjóði fyrir alla landsmenn, þar sem allir njóta sömu eða hliðstæðra réttinda og þeirra verðtryggðra.

Það þarf raunar engum að koma á óvart þótt af hálfu Alþfl. sé lýst yfir fylgi við þá grundvallarstefnu sem í þessu frv. felst, svo lengi hefur það verið eitt af mestu áhugamálum Alþfl. að grundvallarhugmynd þessa frv. næði fram að ganga. Ég minnist þess að þegar Alþfl. gerðist aðili að samsteypustjórn Hermanns Jónassonar sumarið 1956 eftir að hafa verið í stjórnarandstöðu í sjö ár, þá var einmitt þetta mál, endurbætur á tryggingamálum og þ. á m. samræmdur lífeyrissjóður fyrir alla landsmenn, eitt af þeim málum sem Alþfl. nefndi þegar rætt var um stjórnarmyndunina. Hins vegar varð niðurstaða þeirra viðræðna að þar sem heill áratugur væri liðinn síðan lögin um almannatryggingar voru sett, en það var gert árið 1946, en þá hafði verið áratugur liðinn síðan allra fyrstu lögin um alþýðutryggingar höfðu verið sett, þá væri brýnna viðfangsefni að endurbæta almannatryggingalögin frá árinu 1946 en að leitast við að koma á jafnalgeru nýmæli og þá þótti að nefna hugmyndina um lífeyrissjóð allra landsmanna. Hins vegar fór það svo því miður í ríkisstj. Hermanns Jónassonar vegna þeirra efnahagserfiðleika, sem við var að etja, og þó sérstaklega fjárhagserfiðleika ríkissjóðs á þessum árum, að ekki komst í framkvæmd að hrinda fram neinum umtalsverðum umbótum á almannatryggingakerfinu.

Þegar mynduð var samsteypustjórn Sjálfstfl. og Alþfl. undir forustu Ólafs Thors um áramótin 1959—1960 voru það einkum þrjú mál sem Alþfl. lagði sérstaka áherslu á að tekið yrði tillit til í sambandi við þá gerbreytingu efnahagsstefnu sem þá var mótuð og kennd var við viðreisn. Það var í fyrsta lagi að gerð yrði gagngerð endurbót á almannatryggingalöggjöfinni frá 1956 sem þá var orðin næstum hálfs annars áratugs gömul. Í öðru lagi að tryggðar yrðu auknar fjárveitingar til menntamála og skólakerfið endurskoðað. Og í þriðja lagi að lækkaðir yrðu skattar af almennum launatekjum. Þetta skyldi allt saman gert í beinum tengslum við gengisbreytinguna, sem gerð var, og þá stefnubreytingu að öðru leyti í efnahagsmálum sem viðreisnarstjórnin svokallaða á þeim tíma beitti sér fyrir. Um þetta varð samkomulag og þess vegna var það einmitt eitt af meginverkefnunum á fyrstu árum ríkisstj. Ólafs Thors að gerð var gagngerð breyting á almannatryggingakerfinu, mjög mikil aukning á því kerfi, sem ég þarf ekki að rifja nánar upp.

Við alþfl.-menn í ríkisstj. héldum ávallt vakandi hugmyndinni um lífeyrissjóð allra landsmanna. En það mikið var í fang fært á fyrstu árunum eftir 1960 að ekki þótti fært að gera tilraunir til þess að hrinda þeirri hugmynd í framkvæmd. Þó voru gerðar margvíslegar athuganir í þessu sambandi, eins og raunar kom fram hjá frsm., og sú merkasta var sú þegar Haraldi Guðmundssyni fyrrv. forstjóra Tryggingastofnunarinnar var falið að kanna þá löggjöf, sem um þetta efni gilti á Norðurlöndum, og semja frv. sem henta mundi Íslendingum í því sambandi. Það gerði hann um miðjan sjöunda áratuginn. Þá fóru í hönd erfiðleikaár, eins og síðasti ræðumaður gat um og því miður komust hugmyndir þær, sem í grg. Haralds Guðmundssonar fólust og við alþfl.-menn þá studdum, ekki til framkvæmda. Svo fór, eins og hv. síðasti ræðumaður tók fram, að lífeyrissjóðamálin tóku aðra stefnu en a. m. k. við í Alþfl. höfðum hugsað okkur eða hefðum talið heppilegasta. Þau tóku þá stefnu, eins og báðir síðustu ræðumenn hafa rakið með greinagóðum hætti í ræðum sínum, að lífeyrissjóðamálið varð að samningsatriði milli verkalýðshreyfingar annars vegar og vinnuveitenda hins vegar. Það var komið á fót fjöldamörgum einstökum lífeyrissjóðum sem þó var ekki gert ráð fyrir að greiddu verðtryggðar bætur.

Ýmsir þóttust á þeim árum þegar sjá að hér stefndi því miður ekki í rétta átt, og það er nú komið í ljós að þó að auðvitað hafi samningarnir um lífeyrissjóðina 1969 og 1970 verið stórkostlegt framfaraspor frá sjónarmiði launþega og stórkostlegt hagsmunamál þeirra að fá þetta viðurkennt í sinni samningsgerð, þá sáu samt

ýmsir menn, sem höfðu sérstaka þekkingu á fjármálum og tryggingamálum, að þetta var ekki kerfi til frambúðar. Sem betur fer hafa nú að því er virðist allir sannfærst um það, svo sem viðræðurnar um samningana sem nú standa yfir hafa sýnt, að nauðsyn er hér á endurbótum. Þetta frv., sem hér er til umr., sýnir og fullkominn skilning á því að hér er þörf gagngerra breytinga og bóta.

Ástæðan til þess, að til þessa hefur illa gengið að ná samkomulagi um hverjar breytingarnar skyldu verða og yfirleitt um hugmyndina um að koma á fót einum allsherjarlífeyrissjóði í stað þeirra fjölmörgu lífeyrissjóða sem starfræktir hafa verið, hefur í raun og veru verið spurning um valddreifingu, um áhrif yfir því fjármagni sem safnast hefur í þessa sjóði. Ýmis verkalýðsfélög hafa ekki viljað afsala sér því mikla valdi, þeim miklu áhrifum sem umráð yfir lífeyrissjóðnum hljóta að hafa. Aðrir hafa aftur á móti bent á að frekar bæri að taka tillit til heildarsjónarmiðs launþega og eldra fólksins heldur en hins, að taka tillit til sérhagsmuna einstakra stéttarfélaga eða meðlima þeirra. Um það efni skal ég ekki fjölyrða. En þessi ágreiningur — það er best að tala alveg tæpitungulaust um það — hefur auðvitað orðið til þess að síðar hefur verið gripið til skynsamlegri ráðstafana í þessum efnum heldur en annars hefði átt sér stað og efni raunverulega stóðu til. Þetta hefur okkur þm. Alþfl. verið ljóst á undanförnum árum, og þess vegna var það að við á þinginu 1972—73 fluttum till. til þál. þar sem gerð var tilraun til þess að sætta þessi andstæðu sjónarmið, einmitt til þess að hrinda málinu áfram. En till. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta undirbúa og leggja fyrir Alþ. frv. til l. um Lífeyrissjóð allra landsmanna. Aðilar að honum skulu vera þeir lífeyrissjóðir sem nú starfa í landinu, og skulu þeir áfram lúta sömu stjórn og nú á sér stað og starfsreglur þeirra haldast óbreyttar uns öðruvísi kynni að verða ákveðið. Hins vegar skal Lífeyrissjóður allra landsmanna skipa sérstakt fulltrúaráð og sérstaka stjórn. Í fulltrúaráðinu skulu eiga sæti fulltrúar þeirra lífeyrissjóða sem aðild eiga að Lífeyrissjóði allra landsmanna, en í stjórn hans fulltrúar kjörnir af fulltrúaráði, forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins og fulltrúi fjmrh. sem skal vera formaður stjórnarinnar. Hlutverk Lífeyrissjóðs allra landsmanna skal vera að vinna að því“ — og hér er kjarni málsins — „að þeir, sem nú njóta ekki lífeyrisréttinda, öðlist þau og að samræma störf þeirra lífeyrissjóða sem nú starfa, bæði að því er varðar réttindi þau, sem þeir veita, og ráðstöfun á fjármagni þeirra. Enn fremur skal Lífeyrissjóður allra landsmanna stuðla að því að rekstur lífeyrissjóðanna verði sem hagkvæmastur.“

Hér lýkur till. sjálfri. Það þarf enga frekari skýringa við að hér er gerð greinileg tilraun til þess að sætta þau ólíku sjónarmið sem uppi voru, annars vegar sjónarmið þeirra, sem vildu ekki afsala sér umráðarétti yfir fjármagni sjóðanna, og hin, að tryggja öllum, sem þá nutu ekki lífeyrisréttinda, full verðtryggð réttindi og að samræma störf lífeyrissjóðanna sem þá störfuðu, bæði að því er varðar réttindi og ráðstöfun á fjármagni þeirra.

Þessi till. var rædd á þessu þingi og hlaut einróma meðmæli þeirrar n. sem um þau fjallaði, allshn., í því formi að till. var vísað til ríkisstj. sem var auðvitað jákvæð afgreiðsla á málinu. Það var hinn 3. apríl 1973 sem þeirri till., sem ég nú las, var vísað til þáv. ríkisstj. En síðan eru liðin næstum þrjú ár og frá þeirri ríkisstj., sem þá sat, heyrðist ekkert og frá þeirri ríkisstj., sem nú situr, hefur ekki heldur heyrst neitt. Þeim mun þakkarverðara er það að einstakur þm. skuli með stuðningi síns stóra og volduga stéttarfélags eiga frumkvæði að því að færa þær hugmyndir, sem eru náskyldar þeim sem í þáltill. voru, í frv.-form.

Nú kunna aðstæður auðvitað að breytast nokkuð í framhaldi af því samkomulagi sem gert hefur verið og ég skil á þann veg að það sé skuldbinding af hálfu ríkisvaldsins um það að innan tveggja ára skuli hafa verið komið á lífeyrissjóði fyrir alla landsmenn, svo að ég orði það einfaldlega og stutt. En til bráðabirgða skil ég samkomulagið þannig að þegar eigi að taka upp stórauknar greiðslur til þeirra sem undanfarið hafa farið mjög varhluta af sanngjörnum lífeyrisgreiðslum. Þessu samkomulagi fagna ég af heilum hug.

Sú endurbót, sem koma á til framkvæmda strax, var brýn og bráðnauðsynleg, og ég endurtek það enn að ég lýsi ánægju minni yfir því að fullt samkomulag skuli hafa náðst um það og rengi ekki að ríkisstj. muni leggja það af mörkum sem nauðsynlegt er að hún geri til þess að samkomulagið geti þegar í stað komið til framkvæmda. Hitt vefengi ég ekki, að málið er mjög umfangsmikið og mjög flókið og það er ekki hægt að búast við því að á örfáum mánuðum sé hægt að ganga frá frv. sem fullnægi öllum sjónarmiðum, sem til greina geta komið, og grundvalli fullkomið skipulag í þessum efnum. En það breytir engu um það, að því framtaki, sem felst í flutningi þessa frv., ber mjög eindregið að fagna. Ég tel það geta orðið mjög gagnlega undirbúningsvinnu, eins og síðasti hv. þm. tók fram, að þn. hefji þegar athugun á málinu á grundvelli þessa frv. Það gæti flýtt fyrir þeirri lausn sem ég tel að felist í því samkomulagi sem gert var milli launþega og vinnuveitenda fyrir skömmu, og ég endurtek að ég skoða aðild ríkisstj. að því sem fyrirheit um að innan tiltekins tíma verði komið á fullkominni löggjöf um lífeyrissjóð allra landsmanna sem sannarlega hefur verið þörf á um langan aldur.

Ég lýk máli mínu með því að endurtaka stuðning minn við meginstefnu þessa frv.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja mikið þessar umr. Ég vil þó aðeins segja nokkur orð nú við þessa 1. umr. málsins, en áður en ég kem að því vil ég aðeins fara nokkrum orðum um annað sem kannske má segja að ekki komi þessu máli beint við, en þó getur talist heyra óbeint til þess.

Ég er einn af þeim sem hafa gagnrýnt nokkuð mikið vinnubrögð hér á hv. Alþ. og hef talið

að þau væru á ýmsan hátt mjög óeðlileg, seinagangur á málum og slíkt. Nú hefur það gerst fyrst í dag, eftir því sem ég best veit, að einn af hæstv. ráðh. kvaddi sér hljóðs utan dagskrár í hv. Ed. og kvartaði þar mjög undan starfsleysi nefnda — eða nefndar kannske réttara sagt sem hafði mál til umfjöllunar sem þurft hefði að vera búið að ljúka afgreiðslu á á hv. Alþ. í þessari viku, fyrir mánaðarlok. Þetta var hæstv. viðskrh. sem virtist vera orðinn svo óþreyjufullur vegna þessa starfsleysis nefnda í þinginu að hann kvaddi sér hljóðs utan dagskrár til þess að gera það að umræðuefni.

Og ekki nóg með það. Í dag, þegar verið er að ræða hér svo stórt og mikið mál eins og það sem hér er nú til umr., sem ég hygg að allir geti verið sammála um að er stórmál, þá stuðlar einn hæstv. ráðh. að því að draga nær helming þingsins í bíltúr austur fyrir fjall og gera þar með báðar deildir þingsins næstum því óstarfhæfar. Það mun vera hæstv. samgrh. Mér sýnist hæstv. ráðh., a. m. k. sumir hverjir, í núv. ríkisstj., starfsbræður hv. flm. frv., ekki sýna tilhlýðilega virðingu því frv. sem hér er til umr. Og mér er næst að spyrja hæstv. forseta d. hvort haft hafi verið samráð við hann um þetta. Ég a. m. k. fordæmi mjög slík vinnubrögð, að það skuli vera svo nú annan daginn í röð að þingið er í raun og veru óstarfhæft, þingfundir felldir niður í gær og síðan stuðla hæstv. ráðh. sumir hverjir að því að báðar d. þingsins eru óstarfhæfar í dag. Þetta eru furðuleg vinnubrögð, a. m. k. að mínu áliti, og ég hygg að meira að segja sumum hverjum hv. stjórnarþm. og hæstv. ráðh. jafnvel mörgum hverjum þyki þetta furðuleg vinnubrögð.

Ég taldi ástæðu til að hreyfa þessu hér nú vegna þess að ég tel að það mál, sem hér er til umr., sé a. m. k. þess vert að því sé meiri gaumur gefinn af hæstv. ríkisstj. en mér virðist gert vera með því sem ég hef nú þegar lýst. (**Forseti:** Út af því, sem hv. 5. þm. Vestf. beindi til mín um hvort samráð hefði verið haft um ferðalög sem ráðh. hefði beitt sér fyrir, þá get ég aðeins sagt að mér hefur ekki verið tilkynnt á neinn hátt um þau, hvað sem vera kann um aðra forseta. En hvað varðar þau ummæli hans að þingið sé gert óstarfhæft, þá þykir mér ótímabært að fullyrða það áður en á það hefur reynt hvort þessi d. getur afgreitt a. m. k. það frv. sem nú er verið að fjalla um ef umr. lýkur.) Já, út af þessum ummælum hæstv. forseta hvarflaði að vísu að mér að ekki hefði verið haft samráð við hann um þetta ferðalag, og ég efast mjög um að það hafi verið haft samráð við aðalforseta, fyrsta forseta hv. d. En út af hinum orðum hæstv. forseta, að d. sé gerð óstarfhæf, þá lít ég svo á að með því að draga stóran hluta þdm. út úr þinginu á meðan umr. um slíkt stórmál eins og hér er til umr. að mínu viti eiga sér stað sé í raun og veru — við skulum orða það svolítið vægar — verið að koma í veg fyrir að margir hverjir þm. þessarar hv. d. geti tekið til máls um málið sem gjarnan vildu það.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta. Ég taldi nauðsynlegt að hreyfa þessu hér því að ég tel þetta ótæk vinnubrögð. En það má kannske segja að hér sé verið að vekja máls á atviki sem ætti frekar að gera þegar — ja, kannske sökudólgarnir eru nær en þeir nú eru, hér sé verið að skamma vitlausa menn, ef svo má orða það. Það væri nær að skamma hina sem eiga sök á þessu.

En ég vil strax segja um það frv., sem hér er til umr., og það innlegg, sem hv. flm. þess hefur hér innt af hendi, að það er lofsvert að einstakur þm. skuli taka sér fyrir hendur að leggja fram frv. í því formi, sem hér er gert, um svo veigamikið, fjölþætt og stórt mál sem lífeyrissjóðsmálið og málið í heild er. Í þeim umr., sem hér hafa átt sér stað, og þeim ræðum, sem haldnar hafa verið, hefur verið komið að flestum hverjum meginþáttum þess máls, sem hér er um fjallað, og lífeyrissjóðsmálanna í heild. En ég vil aðeins segja það, að í mínum huga er enginn vafi á því hver tilgangurinn var með stofnun hinna fjölmörgu almennu lífeyrissjóða á sínum tíma. Tilgangurinn var vissulega sá fyrst og fremst að koma málum þann veg fyrir að lífeyrisþegar fengju sem mesta tryggingu fyrir bótum eftir að þeir væru komnir á það aldursmark að þeir ættu til þess rétt. Því miður hefur reynslan sýnt það og allir, að ég held, orðnir um það sammála að bótagreiðslur úr hinum almennu lífeyrissjóðum, sem stofnaðir voru, hafa verið með þeim hætti að þær eru allt of lágar til þess að koma að verulegum notum, miðað við það sem tilgangurinn með stofnun lífeyrissjóðanna var. Þetta byggist fyrst og fremst á því að bótagreiðslur, lífeyrisgreiðslur úr þessum lífeyrissjóðum, hafa ekki verið verðtryggðar. Og það gefur auga leið að í ástandi, eins og ríkt hefur hér á landi á því tímabili frá því að lífeyrissjóðir voru stofnaðir, þessir almennu, og til dagsins í dag, eru bótagreiðslur sáralitlar í hlutfalli við það sem þær þyrftu að vera. Reynslan hefur sem sagt sýnt þetta og allir eru, held ég, orðnir um það sammála að vart verður lengur við annað unað heldur en breyting eigi sér stað á þessu. Nú er og vitað að þetta hefur vakið miklu meiri deilur vegna þess að fyrir eru í landinu lífeyrissjóðir sem eru verðtryggðir, lífeyrissjóðir opinberra starfsmanna, og að ég held líka lífeyrissjóður þm. Þetta skapar auðvitað mikið ósamræmi í lífeyrisgreiðslum til félaga innan lífeyrissjóðanna almennt talað. En um þetta mál hefur verið mikið fjallað í verkalýðshreyfingunni á þessum tíma og ótal samþykktir gerðar varðandi það að verðtrygging verði tekin upp á lífeyrisgreiðslum úr hinum almennu lífeyrissjóðum. Og eins og hér hefur verið áður frá greint hefur nú náðst samkomulag, sem að vísu er ekki formlega í gildi gengið, milli annars vegar launþegasamtakanna og hins vegar vinnuveitenda um að bæta stórlega hlut hinna verst settu aðila innan lífeyrissjóðanna. Í þessu samkomulagi er gert ráð fyrir að hlutur þeirra vaxi í lífeyristryggingunum. En auðvitað er hér, eins og fram hefur komið, aðeins um áfangaskref að ræða í þessum efnum og jafnframt gert ráð fyrir því að innan tveggja ára eða svo verði kerfið orðið breytt á þann veg að komið verði á fót lífeyrissjóði sem allir hafi jafnan rétt til.

Ég vil segja það fyrir mitt leyti að ég lýsi stuðningi mínum við þá meginstefnu sem felst

í þessu frv., þótt að sjálfsögðu kunni að vera í því og séu ýmis ákvæði sem orki tvímælis, en meginstefnuna tel ég fyrir mitt leyti vera rétta.

Eins og hv. þm. Eðvarð Sigurðsson kom inn á áðan, hefur hlutverk hinna almennu lífeyrissjóða verið tvíþætt, þ. e. a. s. annars vegar lífeyrisgreiðslurnar og hins vegar lánastarfsemin. Verði horfið að því ráði, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, hinu margumtalaða gegnumstreymiskerfi, og með því bættur hlutur lífeyrisþeganna sjálfra, þá stendur eigi að síður eftir hinn þátturinn sem þessir lífeyrissjóðir hafa sinnt og hefur verið að verulegu leyti nauðsynlegur, a. m. k. víða, þ. e. a. s. lánafyrirgreiðslan varðandi íbúðarhúsabyggingar. Þá leiðir það af sjálfu sér að þeim þætti þarf að gera ráð fyrir að verði sinnt áfram. Það er því nauðsynlegt, þegar þetta mál verður skoðað, sem ég a. m. k. vonast til að verði skoðað í fyllstu alvöru, að það sé haft í huga með hverjum hætti megi koma þessum og öðrum þætti núverandi starfsemi lífeyrissjóðanna sem best fyrir, þannig að áfram verði tryggt að sinnt verði þessu veigamikla hlutverki sem hinir almennu lífeyrissjóðir hafa sinnt til þessa.

Ég skal ekki fara út í það að gera að umræðuefni hina ýmsu þætti þessa frv. Þetta er geysiviðamikið mál, margslungið, og þarf að verulegu leyti sérfræðiþekkingu til þess að komast fram úr og geta um fjallað. En ég vil sem sagt nú strax lýsa samþykki mínu við meginstefnu þess, eins og það liggur fyrir. Ég vænti þess að þær n., sem koma til með að fjalla um þetta mál og ég vona að skoði það vel, kynni sér og taki til greina þau sjónarmið sem komið hafa fram í verkalýðshreyfingunni. Ég geri mér ljóst að hér er kannske um ótalmörg mismunandi sjónarmið að ræða, sum mikilvæg, önnur smærri, en eigi að síður þarf að þeim að huga ef það á að vera framkvæmanlegt að ná sem viðtækustu samstarfi um þá breytingu sem mér a. m. k. sýnist að hljóti að verða á þessum málum nú á allra næstu tímum.

Ég skal ekki, herra forseti, hafa þessi orð fleiri, en ég ítreka, að ég er fylgjandi meginstefnu þessa frv. og ég tel ástæðu til að þakka hv. flm. fyrir að hafa hér hafið verkið. En ég hefði mjög gjarnan viljað að hæstv. ríkisstj. hefði sýnt meiri skilning a. m. k. við umr. málsins í dag.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Út af aths. hv. síðasta ræðumanns varðandi það atriði að þetta væri annar dagurinn í röð sem Alþ. væri óstarfhæft, fundir hefðu fallið niður í gær, þá minnist ég þess ekki að það hafi nokkurn tíma verið fundir í d. eða Sþ. þann dag sem útvarpsumr. fara fram, svo að þetta er ekkert nýtt atriði. Það hefur verið talið svo sjálfsagt að láta útvarpsumr. nægja þann daginn sem þær færu fram.

Í sambandi við það að einn ráðh. hafi dregið hálft þingið með sér, þá finnst mér þm. vera að gera heldur lítið úr þm. ef einn ráðh. getur dregið þá eins og hverja aðra skynlausa skepnu hvert sem hann ætlar sér. Mér sýnist að þessi þm. sé að verða fullrostafenginn. En hitt er alveg rétt, að hann var ekkert að skamma vitlausa menn, ef hann hefur talið að þeir, sem ráðh. dró með sér, væru þeir vitlausu. Ég er alveg sannfærður um að þeir hafa heyrt til þm. því að honum liggur ekki svo lágt rómur, sérstaklega ef mennirnir hafa ekki farið nema austur að Þorlákshöfn, þá er alveg öruggt að hann hefur komið þessum aths. sínum áleiðis, hann þarf ekki síma, þessi þm.

Annars temja sumir menn sér það að vera alltaf með rosta og belging, og þessi hv. þm. er að verða frægur fyrir það. En ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta. Ég tel ekki svona framkomu svaraverða. Ég tel hana til minnkunar hverjum þeim þm. sem lætur sér slíkt um munn fara.

Ég minnist þess líka að hvert einasta ár, sem ég hef setið á þingi, hafa verið uppi aths. um það hvað nefndir störfuðu illa fyrri hluta þings og þangað til rétt að þingi er að ljúka. Það er alveg sama hverjir hafa verið í stjórn, þessar aths. hafa verið uppi á hverju einasta þingi. En látum þetta nægja.

Það frv., sem hér liggur fyrir um Lífeyrissjóð Íslands og flutt er af hv. 6. landsk. þm., er mjög veigamikið frv. sem ber að þakka hv. þm. fyrir að flytja hér. Þetta frv. er mjög mikið að efni og vandmeðfarið. Það er farið hér inn á nýjar brautir, — braut sem ég er sannfærður um að verður ekki farið inn á að öllu leyti þegar þessi mál verða afgreidd. Það verður að fara hér nokkuð bil beggja. En þetta er mjög mikilvægt frv. og mikilvægt innlegg í þessi mál öll.

Lífeyrissjóður fyrir alla landsmenn hefur verið til umr. um langan tíma. Það, sem hefur tafið fyrir ákvarðanatöku Alþ. og ríkisstj. á undanförnum árum er auðvitað hin mikla verðbólga sem hefur verið lengst af ríkjandi í okkar landi, hvernig eigi að sigrast á verðbólgunni til þess að verðtryggja lífeyrissjóð fyrir landsmenn alla.

Það er mjög oft minnt á verðtryggðan lífeyrissjóð opinberra starfsmanna. En það hefur verið eitt af því sem hefur verið bent á þegar opinberir starfsmenn kvarta undan launum sínum, að þau fylgi ekki alltaf hinum almenna launamarkaði og séu lægri en gengur og gerist hjá fjölmörgum öðrum stéttum, þá hefur verið á það minnst og það oftar en einu sinni af stjórnvöldum á hverjum tíma að þar njóti þeir fríðinda fram yfir aðra að eiga rétt á verðtryggðum lífeyrissjóði. En þetta breytir ekki þeirri staðreynd og þeirri sjálfsögðu ósk að hraða ákvarðanatöku í sambandi við verðtryggðan lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn.

Ég er sannfærður um að flutningur þessa máls hér inn á Alþingi verður mjög mikilvægur fyrir það sem nú er verið að vinna að. Ég tel rétt að sú n., sem fær þetta frv. til meðferðar, væntanlega heilbr.- og trn. eða fjh.- og viðskn. jafnvel, ég held að flm. hafi ekki gert neina till. í málinu, ég man ekki betur en hann hafi ekki lagt til neina ákveðna n., — þessi n., sem fær málið til meðferðar, kanni alla þætti þess, hún kynni sér það samkomulag, sem þegar liggur fyrir eða menn vita um og ákveðnir þm. hafa gert hér að umræðuefni, — þó að ekki sé gengið frá því opinberlega, þá er samkomulag á milli

aðila vinnumarkaðarins, á milli vinnuveitenda og launþega, og fyrir liggur yfirlýsing ríkisstj., — og verði þessi mál öll skoðuð og þá jafnframt breytingar á almannatryggingalögunum sem auðvitað fylgja í kjölfar þessa. Þess vegna getur þetta frv. orðið mjög mikilvægt í þessum undirbúningi öllum og geta fulltrúar flokkanna komið aths. sínum fram í þessari n., þó að ég reikni ekki með að þetta frv. eða frv. um framtíðarheildarlausn fyrir lífeyrissjóð allra landsmanna verði afgreitt á þessu þingi og ég hygg að enginn þm. reikni með að þetta þing afgreiði. Þetta mál er miklu stærra og veigameira en það.

Ég ætla ekki að eyða tíma í ræða efnislega um þetta frv. Ég tel að sú stefna, sem það markar, sé í meginatriðum mjög mikils virði. Ég er ekki samþykkur henni að öllu leyti, vegna þess, eins og ég sagði áðan, að ég vil stiga minna skref hvað snertir þetta gegnumstreymiskerfi, þannig að lífeyrissjóðirnir almennt eigi einnig eftir fé til ráðstöfunar til lánastarfsemi. Hitt er aftur hárrétt hjá flm., að það, sem nú er við að eiga, er löngu orðið úrelt og launþegar almennt geta ekki sætt sig við að lífeyrisfé þeirra brenni á báli verðbólgunnar eins og verið hefur á undanförnum árum.

Eitt er það líka sem ég tel mjög mikils virði. Þegar frv. um lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn verður lagt fram að fengnum öllum þessum athugunum, þá er ólíkt betra að leggja fram slíkt frv. á tímum, þegar er uppgangur í atvinnulífi og góðæri í fjármálum, heldur en þegar jafnmiklir erfiðleikar eru eins og núna. En þá höfum við yfirleitt alltaf farið fram hjá því að leggja fram slík frv. En þó að ástandið sé ekki og verði ekki upp á það besta þegar frv. liggur fyrir, þá held ég að við eigum ekki að setja það fyrir okkur. Við verðum auðvitað að taka mið af því, hvað hægt er að ganga langt í þessum efnum, og þá er alltaf hægt að bæta við, gera þetta kerfi fullkomnara eftir því sem þjóðarheildinni og atvinnuvegunum vex ásmegin. Það eigum við að gera, en ekki að stíga of stórt skref og þá á þann veg að við þurfum jafnvel fljótlega að stíga skref aftur á bak.

Það hafa verið samþykkt lög í tryggingamálum og fjölmörgum öðrum málaflokkum sem ekki var byrjað að framkvæma þegar syrti yfir í atvinnulífi, og það eru miklir erfiðleikar á því að afla fjár til margra þessara hluta. Það er ekki nóg að eiga hugsjónir og það er ekki nóg að sýna áhuga á hverju framfaramáli, hverju öryggismáli fyrir þá sem minnst mega sín og geta síst tekið skakkaföllum. Það verður einnig að hvíla sú ábyrgð og skylda á þm. almennt að þeir standi þá að fjáröflun með skynsamlegum hætti til þess að framkvæma hugðarefni sín. Það er ekki nóg að vera bara annars vegar með auknum útgjöldum úr ríkissjóði, auknum álögum á atvinnulífið, á skattborgarana í landinu. Það verður líka að hugsa um fjáröflun hverju sinni, taka mið af því, sem er að gerast í kringum okkur og hvað hægt er að ganga langt í hverju máli fyrir sig. Þetta er það sem ég álít að sú n., sem fær þetta mál til athugunar, verði einnig að gera upp við sig.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri nú við þessa umr., en ég endurtek ánægju mína með að þetta mál er hér flutt og tel, að hv. þm, sem málið flytur, hv. 6. landsk. þm., eigi þakkir skilið fyrir að hafa flutt málið hér inn á Alþingi.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Það er nú orðið áliðið dags og ég skal ekki m. a. af þeim ástæðum tefja ákaflega mikið þessa umr. En ég vil segja það einkum, að ég tel að hér sé hreyft ákaflega merkilegu og athyglisverðu máli, og ég vil, eins og menn hafa gert hér margir, lýsa stuðningi mínum við aðalhugsunina í frv. En þessi aðalhugsun er sú, að það verði stofnaður lífeyrissjóður fyrir alla landsmenn. Ég vil í því sambandi minnast þess, að þetta er fyllilega í samræmi við yfirlýsta stefnu Framsfl. nú mjög lengi. Það hefur verið ályktað um það á flokksþingum okkar bæði fyrr og síðar, a. m. k. svo lengi sem ég hef starfað í Framsfl., að rétta stefnan sé að það starfi einn lífeyrissjóður fyrir alla landsmenn og að lífeyrissjóðskjör manna séu nokkurn veginn jöfn eða að það ríki eðlilegt jafnræði í sambandi við lífeyriskjör allra lífeyrisþega. Að þessu leyti til get ég fyllilega tekið undir þá meginstefnu sem kemur fram í þessu frv.

Því miður hefur þessi stefna um almennan lífeyrissjóð eða um einn lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn aldrei komist í framkvæmd. Ég hygg þó að hún eigi mikið fylgi þegar allt kemur til alls. En eigi að síður hefur hún í reyndinni af einhverjum ástæðum sætt andstöðu, a. m. k. hefur verið mjög erfitt að koma henni í framkvæmd. Ég minnist þess t. d. fyrir mörgum árum, nærri 10 árum, — þó er kannske ofsagt að það séu 10 ár, en það fer að nálgast það, — þá var ég í mþn., sem fjallaði um lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn, ásamt mörgum öðrum ágætum þm. Sú n. lauk störfum sínum, — ég man ekki nákvæmlega ártalið hvenær þetta var, það kynni að hafa verið 1967, kannske 1968, — þá lauk þessi n. störfum sínum og að þá var verkalýðshreyfingin komin mjög á rekspöl með stofnun sinna lífeyrissjóða og vann að því máli í samningum við atvinnurekendur og ríkisstj. En ég held sem sagt að þó að þá hafi menn vonast til þess að þróun lífeyrissjóðanna upp úr þeim samningum, 1967 eða 1968 eða hvenær þetta var nú, — þó að menn hafi búist við því að þetta leiddi til eðlilegrar og góðrar þróunar, þá hygg ég að flestir muni einhuga um að þróun lífeyrissjóðanna hafi verið á annan veg og í rauninni sorgleg. Það hafa risið hér upp ákaflega margir sjóðir, einkum þó á síðustu árunum, í stað þess að hafa einn öflugan allsherjarlífeyrissjóð þar sem gætt er eðlilegs jafnræðis á milli lífeyrisþeganna.

Því miður hefur ekki verið nein heildarstefna í þessu máli, og auk þess verður það að segjast eins og er, að skilningurinn á því, hvert skuli vera hlutverk lífeyrissjóða og hvert sé gildi lífeyrissjóða, hefur oft verið nokkuð einkennilegur. Það hefur af fjölda fólks í landinu verið litið á lífeyrissjóði sem eins konar sparisjóði. En þetta hlýtur auðvitað að vera algert aukahlutverk slíkra sjóða. Þó að ljóst sé að sjóður ávaxtar sitt fé, þá má ekki eingöngu, eins og margir hafa gert, líta á þetta sem eins konar sparisjóði eða þá sem lánasjóði sérstaklega.

Ég held að menn verði að fara að átta sig á hvert er meginhlutverk lífeyrissjóðanna. Það er einfaldlega að tryggja því fólki, sem af ýmsum ástæðum telst óvinnufært, tryggja því tekjur. Það þarf að tryggja mönnum ellitekjur og það þarf að tryggja mönnum örorkulífeyri. Þetta er hlutverk lífeyrissjóða, og ég fagna mjög einmitt í sambandi við þetta frv., sem hér liggur fyrir, að þar er rækilega undirstrikað þetta meginhlutverk lífeyrissjóðanna.

Hins vegar er það svo, að nú á síðari missirunum, eftir að hin mikla óðaverðbólga varð til og hún hefur geisað nú um nokkurt skeið, hafa gallar þessa lífeyriskerfis orðið lýðum ljósir og sérstaklega þetta, að ranglæti gagnvart óverðtryggðu sjóðunum er mjög áberandi við þær aðstæður sem við nú búum við í sambandi við verðbólguna, þannig að sjóðirnir brenna upp í óðaverðbólgunni, eins og hæstv. ráðh. sagði áðan. Og þetta frv. er einmitt rækileg áminning um þetta ástand. Eins og ég segi, þá undirstrikar það líka hvert skuli vera meginhlutverk lífeyrissjóðanna, og ég tel að að því leyti til geri flm. mikið gagn með flutningi þessa máls. Þess vegna, herra forseti, ég skal ekki teygja lopann neitt um þetta, ég held að mín meginafstaða til þessa frv. sé komin nægilega skýrt fram um það að ég tel að hér sé um meginstefnu að ræða í þessu frv. sem sé ástæða til að taka undir og ég hygg að þetta frv. geti orðið til þess að umr. um þessi mál færist inn á nýjan grundvöll og leiði til þess að það verði tekið upp nýrra, betra og réttlátara skipulag á þessum lífeyrissjóðsmálum, því að óneitanlega er þetta eitthvert stærsta réttlætismál sem um er fjallað í okkar þjóðfélagi.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Út af því, sem hæstv. heilbr.- og trmrh. sagði áðan, vil ég aðeins segja það, að það er út af fyrir sig ánægjulegt að hæstv. ráðh. hefur rumskað. Það er orðið æðilangt síðan hann hefur tekið fjörkipp hér í þinginu. Það var nokkuð títt meðan hann var í stjórnarandstöðu að um hann færu fjörkippir hér í ræðustól, og ég hef að verulegu leyti saknað þess nokkuð síðan hann náði þeirri upphefð sem hann hefur nú haft í um hálft annað ár. En vel má vera að hann sé enn í þeirri sæluvímu eftir þá upphefð að hann sjái ekkert athugavert við það sem hér hefur verið að gerast á þessum tíma og þá kannske fyrst og fremst nú hinar síðustu vikur. Þó að ekki sé langur tími síðan hann settist í ráðherrastól hefur oft á þeim tíma hvarflað að mér, þegar mér er hugsað til hans, sagan um Palla sem var einn í heiminum. Mér hefur fundist þessi hæstv. ráðh. allt of oft láta í — **(Gripið fram í:** Þú átt þá bókina.) Ég hef lesið hana a. m. k. Þess vegna segi ég nú þetta: Mér hefur oft fundist þessi hæstv. ráðh. vera með því marki brenndur að telja kannske oftast það eitt satt og rétt sem hann hefur sjálfur viljað fram halda. En þetta er sem betur fer ekki svona einfalt. Það hefur verið æðioft sem þessum hæstv. ráðh. hefur skjátlast. Hann er eins og hver annar mannlegur og getur skjátlast, og þess vegna er ástæðulaust og ég ræð honum heilt þegar ég ráðlegg honum að breyta nú um og fara svolítið vægar í sakir í þessum efnum.

Hæstv. ráðh. sagði hér áðan að hann mundi ekki til þess að fundir hefðu verið í d. eða Sþ. þann dag sem útvarpsumr. væru haldnar. Ég er að vísu ekki búinn að vera lengi hér á hv. Alþ., en ég held að ég minnist þess þó að slíkt hefur gerst. Og ekki finnst mér slíkt vera óeðlilegt, a. m. k. þegar það er haft í huga að ákvörðun um útvarpsumr. er tekin á föstudegi, en umr. á að fara fram á mánudegi, þannig að menn hafa laugardag og sunnudag til þess að undirbúa sig. Eg þykist vita að hæstv. ráðh. hefði nægt sá tími til þess að undirbúa sig þó að þingfundir hefðu verið haldnir á mánudeginum. Ég held að það sé ekki rétt hjá hæstv. ráðh. að undantekningarlaust hafi það verið svo að þingfundir hafi ekki verið haldnir þann dag sem útvarpsumr. eru.

Hann taldi að ég hefði verið hér með rosta og belging. Það má vel vera að hæstv. ráðh. finnist þau vinnubrögð, sem viðhöfð hafa verið hér í þinginu á undanförnum vikum, vera ósköp eðlileg. Eg er bara allt annarrar skoðunar. Og það er ekki bara ég, sem er þessarar skoðunar, heldur og fjöldinn af þm., meira að segja inn í raðir stjórnarflokkanna. Og ef hann telur það rosta og belging af mér að vekja máls á þessu hér, þá er hann jafnframt að hirta hæstv. dómsmrh. sem fann sig til þess knúinn að gera þetta að umræðuefni í hv. Ed. áðan, þannig að ég held að þetta sé rangt einnig hjá hæstv. ráðh. Hér er ekki um neinn rosta eða belging að ræða. Hér er verið að vekja máls á óeðlilegum vinnubrögðum sem verða að skoðast á reikning hæstv. ríkisstj. Og hvort sem hæstv. ráðh. telur þetta svaravert eða ekki, þá a. m. k. féll hann í þá gryfju að svara þessu og með talsvert miklum myndugleika.

Hann sagði líka, að hann minntist þess að það hefði alltaf verið kvartað undan litlu starfi í nefndum nema þá í lok þinghalds. Vel má vera að þetta sé rétt. En það er ekki til fyrirmyndar eigi að síður þó að það hafi verið svo. Og ég hef sagt það hér áður, að það er ekki að búast við bótum í þessum efnum ef þeir, sem ráða ferðinni, eins og hæstv. ráðh., nú síðast hæstv. heilbr.- og trmrh., eru þeirrar skoðunar að hér sé allt með felldu, hér sé allt eins og það eigi að vera. Ef það er sannfæring þeirra sem ráða, þá er ekki við því að búast að það verði komið umbótum á.

Ég held samt sem áður að það finnist líklega fá dæmi þess að þingstörf hafi gengið eins og þau hafa gengið nú og þá kannske fyrst og fremst nefndarstörf, því að það eru dæmi þess að í nefnd, kannske nefndum innan þingsins, þar sem liggja tugir mála og hafa legið, hefur verið haldinn aðeins einn fundur frá því að þing kom saman s. l. haust. Þetta eru kannske þau vinnubrögð sem hæstv. heilbr.- og trmrh. vill viðhafa. En þetta eru a. m. k. ekki að mínu viti hin æskilegu vinnubrögð. Og það er þetta sem er verið að benda á. Hæstv. ráðh. er svo sjálfráður um það, hvort hann metur þetta sem rosta og belging. Það verður hann að gera upp við sig sjálfan. En þetta eru staðreyndir sem hægt er að sýna hæstv. ráðh. hvenær sem er og

hann getur gengið úr skugga um. Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum hér um.

Um það, að ég hafi hátt í eyrum hæstv. ráðh., þá má það vel vera. En hann er nú ýmsu vanur í baráttu sinni vestra. Það hefur ekki alltaf verið blæjalogn og ládeyða í kringum hans baráttu þar, þannig að hann ætti að vera því vanur þó að hátt láti í sumum, enda held ég að það verði vart talinn mikill ljóður á einum eða neinum að hann komi því, sem hann vill á framfæri koma, með þeim hætti að þeir, sem ætlast er til að heyri það, heyri það, þannig að það sé þá a. m. k. öruggt að hvorki hæstv. ráðh. né þm. dotti undir umr. Mér hefur satt að segja fundist, — það er rétt að bæta því við hér nú, — mér hefur satt að segja fundist það nokkuð sammerkt með allt of mörgum hæstv. ráðh. að það er varla að maður heyri orðaskil í ræðum þeirra hér úr þessum stól á hv. Alþ., og ég tel það miklu meiri ljóð heldur en hitt, þó að menn haldist þó vakandi á meðan ræður eru haldnar.

Umr. frestað.

Efri deild, 62. fundur.

Miðvikudaginn 25. febr., kl. 2 miðdegis.

Fullorðinsfræðsla, frv. (þskj. 333). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um fullorðinsfræðslu. Þetta frv. var lagt fram á síðasta Alþ. og varð þá ekki útrætt, eins og hv. dm. muna. Með því fylgja mjög ítarlegar athugasemdir og yfirgripsmikið nál. frá milliþn. Og þegar ég mælti fyrir þessu frv. á síðasta Alþ. gerði ég nokkra grein fyrir einstökum efnisatriðum þess. Ég vil því leyfa mér að vitna til bæði athugasemdanna og ræðu minnar sem prentuð er í 4. hefti Alþingistíðinda 1974. Læt ég nægja að rifja upp í örstuttu máli undirbúning frv., minna á örfá efnisatriði og gera grein fyrir þeirri einu breytingu, sem upp var tekin í frv. frá því að það var flutt hér síðast. auk þess kannske aðeins koma inn á viðhorf nálægra þjóða til þessara mála einnig.

Hinn 26. okt. 1971 skipaði þáv. menntmrh., Magnús T. Ólafsson, n. til þess að gera till. um hvernig skipuleggja skuli fræðslustarfsemi fyrir fullorðna. N. var falið að skila till. sínum í frv.-formi svo fljótt sem við yrði komið. Séra Guðmundur Sveinsson skólastjóri var formaður þessarar n., en ýmsir aðilar tilnefndu í n. og sátu í henni ásamt með formanni Andrés Björnsson útvarpsstjóri, Jónas B. Jónsson fræðslustjóri og síðar Ragnar Georgsson skólafulltrúi, dr. Matthías Jónasson, frú Sigríður Thorlacius, Gunnar Grímsson starfsmannastjóri og Stefán Ögmundsson prentari. Þessi n. skilaði sínu áliti sumarið 1974 og þar með þessu lagafrv. sem hér er nú lagt fram öðru sinni.

Eins og ég sagði áðan varð málið ekki útrætt á síðasta Alþ., en það var nokkuð athugað í n. og komu fram ýmsar athugasemdir og ábendingar frá mörgum aðilum, bæði til þn. og beint til menntmrn.

Eftir þinglok í fyrra fór ég þess á leit við milliþn. að hún ásamt tveimur nm. úr menntmn. þessarar hv. d., þeim Axel Jónssyni og Inga Tryggvasyni, liti á athugasemdir og ábendingar þær sem fram höfðu komið og legði það niður fyrir sér hversu með skyldi fara, hvort t. d. væri skynsamlegt að breyta frv., áður en það yrði lagt fyrir Alþ. á ný, með tilliti til hinna ýmsu umsagna og ábendinga eða með tilliti til breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu, t. d. á hinu fjárhagslega sviði. Það kom m. a. til tals hvort ætti að taka e. t. v. einhverja einstaka þætti út úr og flytja frv. um þá og láta aðra bíða o. s. frv. Niðurstaðan af þessum umþenkingum og athugunum varð sú, að skynsamlegast væri að leggja frv. fyrir Alþ. óbreytt að öðru leyti en því að aftan við 39. gr. komi sú viðbót sem þar greinir og felur það í sér að um framkvæmd laganna fari eftir fjárveitingu hverju sinni, nema hvað 30. og 31. gr., sem fjalla um námsflokka og námshópa svo og bréfaskóla, komi til framkvæmda eigi síðar en á árinu 1977. Með því að hafa þennan hátt á ætti að vera unnt að byrja að fikra sig áfram með að framkvæma þá stefnu, sem í frv. felst, þó að fjárhagsástæður ríkissjóðs leyfi ekki framkvæmd allra þátta þess í einni svipan. Það er ekki heldur í sjálfu sér eðlilegt að svo verði, en æskilegt að geta farið að hefjast handa um aukinn stuðning við það sem við höfum kallað fræðslu fullorðinna.

Þegar frv. var lagt fram í fyrra var gerð grein fyrir áætluðum kostnaði af framkvæmd þess í heild. Endurskoðun þeirrar áætlunar liggur ekki fyrir á þessari stundu, en ég mun hlutast til um að slík endurskoðun fari fram hjá hagsýslustofnun ríkisins og að menntmn. þessarar hv. d. verði þá gerð grein fyrir niðurstöðum fljótlega.

Í sem allra fæstum orðum er meginefni þessa lagafrv. að bæta skilyrði til þess að menn geti aukið háttum í menntun sína, helst alla ævi, að loknu eða þá utan hins venjulega skólanáms. Þetta er af ýmsum ástæðum mjög mikilvægt. Vegna síbreytilegra starfshátta í hjóðfélögum nútímans þurfa menn að eiga þess kost að endurhæfa sig í starfi, m. a. þeir sem um sinn hafa horfið frá vinnu utan heimilis, en hefja þau störf á ný þegar aðstæður breytast, svo sem nú er orðið algengt. Þótt menn af ýmsum ástæðum hverfi frá náminu við lok skyldufræðslu, þá á að vera unnt að taka upp þráðinn á ný ef áhugi er á því. Oft er nauðsynlegt líka að geta búið sig undir störf á alveg nýjum vettvangi, sbr. það sem allir þekkja og er mjög algengt, að menn óski og jafnvel þurfi bókstaflega að breyta um störf af ýmsum og oft persónulegum ástæðum. Einnig er mjög æskilegt að menn geti átt þess kost að verja tómstundum sínum til náms hreinlega sér til aukins þroska og ánægju almennt talað. Það fer svo ekki milli mála að það er miklum vandkvæðum bundið að búa skilyrði til slíks náms þannig að bæði verði auðvelt fyrir þá, sem þess vilja njóta, og þó ekki um of kostnaðarsamt fyrir hið opinbera, ríki, sveitarfélög og raunar einnig einstaklinga, t. d. vinnuveitendur og aðra sem hafa staðið undir kostnaði við þá fullorðinsfræðslu sem hér hefur verið á boðstólum og

koma til með að gera það samkv. frv. Það er ekki ætlast til þess að gera fullorðinsfræðsluna, sem til þessa hefur verið frjáls áhugastarfsemi í mörgum greinum, að ríkisrekinni starfsemi, heldur að auka stuðninginn við einstaka þætti hennar. Hér verður því að leitast við að þræða meðalveginn milli þarfanna og óskanna og svo fjárhagsgetunnar.

Það hefur verið upplýst að skólaárið 1972—73 vörðu danir til fræðslu fullorðinna sem svaraði 20 milljörðum ísl. kr. eða um 4000 ísl. kr. á hvern íbúa Danmerkur. Í Finnlandi var framlagið nokkru minna, eða sem svaraði 3000 ísl. kr. á hvern íbúa. Í Noregi er mér tjáð að það hafi numið 3500 ísl. kr. og í Svíþjóð 5500 ísl. kr. á hvern íbúa. Af þessu er ljóst að nálægar þjóðir verja nú þegar nokkuð miklum fjárhæðum til þessa þáttar menntunar. Það er svo eftirtektarvert að þrátt fyrir þessa þróun, sem þar hefur orðið á þessu sviði skólamálanna, ræða forsvarsmenn menntamála í nálægum löndum mjög mikið um nauðsyn þess að efla enn fræðslu fullorðinna. Og sannleikurinn mun vera sá, að flestar nálægar þjóðir leggja mjög mikla áherslu á þetta atriði.

Menntmrh. aðildarríkja Evrópuráðsins héldu t. d. 9. fund sinn 9.—12. júní 1975 í Stokkhólmi, og þar var einmitt fjallað um fræðslu fullorðinna. Mér finnst ástæða til að rifja aðeins upp það sem gerðist á þessum fundi. Þar segir í fundargerð m. a. að „minnt var á ályktanir sem gerðar voru í Brüssel 1971 og Bern 1973 þar sem samþykkt var meginstefna um endurmenntun og viðurkennd nauðsyn þess að tækifæri til menntunar veittist alla ævi í samræmi við hugmyndir um símenntun". Þetta er ekki fyrsta ráðstefnan að sjálfsögðu sem um þetta fjallar. Þá er því lýst í áliti að endurmenntun muni auka frelsi og ábyrgð hvers einstaklings við að taka ákvarðanir um menntun og störf og hún muni einnig auka jafnrétti til menntunar og þar með jafnrétti innan þjóðfélagsins yfir höfuð. Og enn er bent á í fundargerð þessa ráðherrafundar að endurmenntun sé að vissu marki nú þegar farin að hafa veruleg áhrif og sanna ágæti sitt í aðildarríkjum Evrópuráðsins, en þó ekki nægilega til að kostir hennar sem sveigjanlegs endurmenntunarkerfis geti notið sín að fullu. Í beinni ályktun eða yfirlýsingu þessa fundar segir enn fremur þetta:

„Höfuðmarkmið endurmenntunar er að veita hverjum einstaklingi færi á að taka eigin ákvarðanir um framtíð sína. Hún vinnur gegn misrétti í ríkjandi menntakerfi og að tækifæri til menntunar veitist mönnum alla ævi. Endurmenntunarkerfi, sem nota má við framtíðarskipulagningu menntunar, á einkum við í framhaldsnámi, en áhrifa hennar mun gæta annars staðar í menntakerfi. Henni skal koma á með ýmsum styttri og lengri framkvæmdaáætlunum. Endurmenntun er nauðsynlegur þáttur í víðtækum félagslegum og efnahagslegum aðgerðum við að koma símenntun í framkvæmd. Endurmenntun hefur áhrif á skipulag starfs og tómstunda. Þörf er á samræmingu milli stefnu í menntamálum og stefnu á sviði félagsmála og efnahagsmála. Einnig er nauðsynlegt að samræma hina ýmsu þætti menntamála, svo sem hefðbundið nám og svo nýjar aðferðir við nám, verknám og bóknám, en þessir þættir eru oft í ónógum tengslum hver við annan."

Þetta er orðrétt úr ályktun ráðherrafundarins sem ég áðan nefndi. Það greinir náttúrulega margt fleira í ályktunum fundarins sem eru býsna ítarlegar. Þar er m. a. bent á það hlutverk framhaldsmenntunar að mæta þörfum fólks með mjög ólíka fortíð. Það er lögð sérstök áhersla á þetta atriði. Og einnig er atriði, sem mér finnst eftirtektarvert, að endurskoða inntökureglur til æðri menntunar þannig að aukið tillit verði tekið til starfsreynslu. Mér finnst þetta atriði mjög athyglisvert og einmitt í samræmi við það sem einnig er okkar raunverulega yfirlýsta stefna hér nú þegar endurskoðun framhaldsskólastigsins er hafin af fullum krafti. Mér sýnist það koma glöggt fram í þessum punktum frá þessum ráðherrafundi, auk þess hversu gífurlega mikla áherslu þeir leggja á fullorðinsfræðsluna, að það eru nánast alveg sömu vandamálin sem við er að etja í skólakerfum þessara grannþjóða eins og hér á heimaslóðum okkar.

Þegar lög um grunnskóla og lög um skólakerfi hafa verið samþykkt og unnið er að því fullum fetum að framkvæma þessa nýju löggjöf og jafnframt er svo hafin endurskoðun á framhaldsskólastiginu almennt með sérstakri áherslu á verkmenntaþættinum, þá fer ekki á milli mála, held ég, að það er nauðsynlegt að huga einnig að því, sem við höfum kallað fræðslu fullorðinna, og leitast við að koma hagfelldara skipulagi á þá fræðslu en nú er.

Við skulum jafnframt gera okkur það alveg ljóst, að þegar hér er lagt fram viðamikið frv., þá er ekki svo að skilja að það hafi ekki þegar verið töluvert aðhafst í þessa stefnu hér á landi. Fræðsla fullorðinna hefur farið fram á mörgum stöðvum í raun og veru. Kunn eru form eins og námskeið og námsflokkar, bréfaskóli, útvarpskennsla o. s. frv. Sjónvarpið hefur allt of lítið verið tekið til þessara nota, en það er starfandi vinnuhópur, sem undirbýr till. um úrbætur á því sviði. Já, það er raunar ekki vansalaust hvað lítið hefur verið gert að því að nýta sjónvarpið til kennslu. Ekki þarf orðum að því að eyða hversu öflugt tæki það á að geta verið til þeirra hluta. Einnig eru það svo öldungadeildirnar sem nú þegar starfa, bæði við Hamrahlíðarskólann hér í Reykjavík og svo nú í vetur við Menntaskólann á Akureyri. En einmitt aðsóknin að þessum svokölluðu öldungadeildum á þessu eina afmarkaða sviði, menntaskólasviði, hefur verið gífurleg og hún sannar það eða gefur a. m. k. sterka bendingu um það, að þörfin á fræðslu fullorðinna er ótvírætt fyrir hendi í vaxandi mæli. Og af þessu, sem ég aðeins tæpi á, og þeirri vinnu, sem unnin er nú þegar á þessu sviði, þá er auðvitað ljóst að það er varið töluvert miklum fjármunum til þessara hluta nú þegar. Og það, sem reynt er að færa í form í þessu frv., eru ekki tómar nýjungar. Þetta er nokkuð sem menn hafa starfað að þó að sé hins vegar gert ráð fyrir því að veita aukinn stuðning sem auðvitað kostar meira fé.

Í þessu frv. eru ýmis ákvæði um þátttöku ríkisins, svo sem að fræðsla í formi námsflokka og námshópa skuli fá 75% sannanlegs kostn-

aðar greiddan úr ríkissjóði, að viðurkennd fræðslusambönd, sem starfa eftir nánar tilteknum reglum, skuli einnig fá 75% tiltekins kostnaðar og kennslufræðilegar stöðvar í fræðsluumdæmum skuli njóta 50% ríkisstyrks vegna launa sérmenntaðs starfsliðs og vegna skrifstofukostnaðar. Þá er einnig gert ráð fyrir því sem aðalreglu að ríki eða sveitarfélög láti í té húsnæði og tæki, ljós og hita og þess háttar fyrir starfsemi af þessu tagi. En út í einstök efnisatriði skal ég sem sagt ekki fara nánar. Hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, skoðar þau að sjálfsögðu og þá að fengnum þeim upplýsingum um fjármálahliðina sem ég var búinn að vikja að.

Ég hef þegar minnst á þessa einu breytingu sem gerð var á frv. frá því að það var lagt fram á Alþ. í fyrra. Það er annars vegar að taka það beinlínis fram að hinir ýmsu þættir fullorðinsfræðslunnar, sem um er fjallað í frv., komi þá fyrst til framkvæmda þegar fé er veitt á fjárl., til þeirra nema þessir tveir, sem ég einnig nefndi, þeir komi til framkvæmda á næsta ári, þ. e. a. s. stuðningur við námsflokka og námshópa og svo bréfaskólakennsluna.

Hér eru sem sagt teknir fram fyrir tveir þeir þættir sem ég hygg að hafi hvað minnstan aukinn kostnað í för með sér. En þetta eru þættir sem hafa reynst ákaflega vel og hafa komið mörgum til hjálpar, ekki síst þeim sem ýmissar aðstöðu vegna eiga sérstaklega erfitt með að stunda nám á annan hátt eftir að þeir eru komnir á fullorðinsaldur. Okkur er sjálfsagt öllum kunnugt um það, hv. þm., að einmitt þessi starfsemi berst nú mjög í bökkum og sjálfsagt allir sammála um að hún mætti með engu móti niður falla, og ef Alþ. á annað borð treystir sér til að taka ákveðna afstöðu til einstakra þátta í frv., að þeir komi til framkvæmda á næsta ári, þá gæti ég trúað að menn yrðu sammála um að einmitt þessir ættu að verða fyrir valinu. — Já, herra forseti. Ég hef þessi orð ekki fleiri, en legg til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. menntmn.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég tók til máls um þetta frv. í fyrra og skal reyna að endurtaka sem minnst af því nú, árétta aðeins fáein atriði, en vísa að öðru leyti til ræðu minnar þá.

Hér er um merkt lagafrv. að ræða út af fyrir sig, það er a. m. k. nóg lesefni, ekki vantar það. Spurning er auðvitað um hversu tímabært það er, miðað við aðra þætti okkar menntakerfis. Ég hygg að það sé ekki síðra að huga að því einnig í leiðinni. Það er sannarlega nauðsynlegt að gefa fullorðnum möguleika á að afla sér menntunar, bæði að afla sér nýrrar menntunar og auka við fyrri menntun, sem er oft brýn nauðsyn í takt við tímans rás. Hin eina og sanna lausn í þessum efnum er vart fundin, en vegvísir mun þetta vera og vel virðist undirbúningur vera vandaður til þessa ef marka má þau ósköp af lesmáli sem við höfum hér fyrir framan okkur. Og vafalaust er margt af því þörf lesning þó að ég hafi aldrei komist yfir það í fyrra að lesa nema hluta af því, það sem mér sýndist markverðast.

Ég vil taka undir þau þrjú markmið sem koma fram í 1. gr., þau eru réttmæt, hvernig fullorðinsfræðsla getur verið: skólanám, hliðstæða frummenntunar, starfsnám, viðbótarmenntun, endurmenntun og ummenntun — nýyrði — í tengslum við atvinnulífið í víðtækustu merkingu og frjálst nám og fristundamenntun til þekkingar- og menningarauka. Ég tek þar sem sagt fyllilega undir. Það þarf að finna hér eðlilegan farveg og sýna þessum vanrækta þætti sóma. Spurning er auðvitað aðeins um það, þegar þetta á að komast í framkvæmd, hvort hér er að einhverju of geyst af stað farið, vegna þess að samhliða vakna spurningar um aðra þætti fræðslukerfisins: Eru þeir ræktir sem skyldi eða er þar um vanrækslu að ræða?

Annars vegar er um að ræða stöðu menntakerfis okkar á framhaldsstigi, þar sem alla heildarskipulagningu vantar í framhaldi grunnskólastigsins. Við hv. þm. Ragnar Arnalds höfum flutt um það hér till. tvívegis að heildarendurskoðun á framhaldsstiginu og skipulagningu í framhaldi af því verði hraðað. Þessi till. hefur ekki fengist afgreidd. Hér er um brýnt verkefni að ræða og sjálfsögð og rökrétt þróun hlýtur þetta að vera eftir grunnskólastigið.

Hins vegar, og á það legg ég enn meiri áherslu, er verkmenntunin vanrækt og litils metin. Hún er skör lægra, svo að ekki sé meira sagt, hinu almenna menntaskólakerfi með langskólapróf sérfræðinnar að einu markmiði. Verkmenntunin og gildi hennar hefur reyndar verið mjög í sviðsljósinu að undanförnu og n. hefur starfað þar að. Ég tel að endir starfa þeirrar n. hafi verið fremur dapurlegur. Það munu hafa komið fram þrjú álit, og mér sýnist af þeim fréttum, sem ég hef af þeim álitum, að þá sé það hvað dapurlegast sem telst til meirihlutaálits varðandi þá menntun. Ég hygg að það verði erfitt fyrir okkur að ganga inn á það form sem þar er verið að tæpa á. Ég skil því vel, úr því að svona fór um þessa n. sem mikils var vænst af, að þá sé hæstv. ráðh. í töluverðum vanda og hans starfsmenn í menntmrn. með meirihlutaállt þessarar n., ég vil segja: eins neikvætt og eins fáránlegt í sumum greinum og það í raun og veru er.

En nauðsyn fræðslu fullorðinna er ótvíræð í einhverju formi, og hún er auðvitað ekkert algjörlega nýtt fyrirbrigði, eins og hæstv. ráðh. benti á áðan. Við höfum verið að fikra okkur í sumum greinum þar fram á við. En báðir ofannefndir þættir: framhaldsstigið og verkmenntunin, eru ekki síðri nauðsyn sem að ber að hyggja og að þarf að hyggja jafnhliða. Ég hefði gjarnan viljað fá samhliða þrjú frv. um þetta, þ. e. a. s. um framhaldsstigið, um verkmenntunina sérstaklega og þá fullorðinsfræðsluna einnig.

Ég verð að vona að þessi frv. sjái dagsins ljós, þótt, eins og ég sagði áðan, þar hafi heldur syrt í álinn eftir örlög þessa nefndastarfa í sambandi við verkmenntunina.

Ég mun flytja frv. um nauðsynlegustu breytingar á annars vegar iðnskólalöggjöf okkar og fjölbrautalöggjöfinni ef ekkert bólar á úrbótum á hvorugu sviðinu, þ. e. a. s. heildarúrbótum. Þar verður auðvitað aðeins um að ræða bær brýnustu breytingar sem ég held að séu algjörlega óhjákvæmilegar hvað sem líður svo aftur

síðari heildarlöggjöf. Og alveg sérstaklega er þetta nauðsynlegt gagnvart okkar iðnskólalöggjöf og í raun og veru líka vegna vaxandi áhuga á þeim þætti menntunar sem snýr að fjölbrautaskólum, þar sem ég álít að sé mjög stefnt í rétta átt.

Hér hefur verið mjög leitað, eins og við sjáum, til Norðurlandanna og ég efast ekki um að það sé gagnlegt og sjálfsagt að gera það. Þar er margt til fyrirmyndar einmitt í þessum efnum. En þá verðum við líka að gæta að einu. Þá verðum við að gæta að því hve langt á veg Norðurlöndin eru komin í þeim þáttum sem ég taldi hér áðan, þ. e. a. s. varðandi framhaldsmenntunina almennt og tækni- og verkmenntun og menntun í beinum tengslum við atvinnuvegina.

Varðandi fullorðinsfræðsluna sjálfa er nauðsyn að reisa sér ekki hurðarás um öxl þó að myndarlega megi af stað fara. Annars vegar þarf aðlögun að almennu fræðslukerfi, en það þarf þá að vera fastmótað í hvívetna á öllum stigum. Ef svo er ekki, þá er hætt við því að fullorðinsfræðslan verði í sumum tilfellum nokkuð fálmkennd.

Hins vegar legg ég áherslu á það að fullorðinsfræðslan verður að ná sem víðast. Landsbyggðarfólk verður að njóta hér jafnréttis, en ekki bíða mörg ár einhverra úrbóta eins og víðar í fræðslukerfinu. Hitt er ekki síður, að það verður að tryggja varðandi fullorðinsfræðsluna að erfiðisfólkið verði ekki út undan, ekki vegna þess að nein lagaheimild komi þar í veg fyrir, heldur einfaldlega vegna þess langa vinnudags og strjálla og stopulla tómstunda. Þetta fólk vill oft gjarnan eins og annað leita sér viðbótarmenntunar eða starfsmenntunar, en á þess hreinlega ekki kost vegna þess hvernig að því er búið í okkar þjóðfélagi. Það dugar sem sagt engin löggjöf hér um sérstaklega. Það eru bætt kjör þessa fólks vitanlega sem eru frumforsenda þess að það megi njóta hér til jafns við aðra.

Ég sé að inn í þetta frv., fylgirit þess, er komið álit, sem ég held að hafi verið mjög vel unnið á sínum tíma, frá skólanefnd Neskaupstaðar, þar sem formaður skólanefndar, Hjörleifur Guttormsson líffræðingur, setti fram nokkur meginatriði um það hvað athuga yrði þegar svona löggjöf væri sett. Ég held að ég vilji, þrátt fyrir það að þetta sé í frv., árétta þessi atriði öll hér. Þau eru fljótlesin, og þau eru ábyggilega mjög verð til umhugsunar, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Þótt æskilegt sé að Alþ. móti á næstunni stefnu um fullorðinnafræðslu og hlúi að henni á ýmsan hátt er ekki rétt að leggja umrætt frv. til grundvallar slíkri löggjöf nema þá eftir rækilega endurskoðun.

2. Nauðsynlegt er að setja samræmda löggjöf um framhaldsskólastigið að meðtalinni verk- og tæknimenntun áður en sett verða yfirgripsmikil lög um fræðslu fullorðinna.

3. Æskilegt er að reynsla fáist af starfi fræðsluráða í landshlutum að því er tekur til grunnskóla áður en þeim verða falin ný og umfangsmikil verkefni varðandi önnur skólastig eða fullorðinnafræðslu.

4. Stuðningur ríkisins við fullorðinnafræðslu verði fyrst um sinn í margs konar óbeinu formi, en ekki þau 75% af sannanlegum kostnaði sem frv. gerir ráð fyrir."

Þetta er svo ítarlegar og betur rökstutt í grg. sem fylgir hér með.

„5. Menntmrn. verði heimilað að starfrækja fullorðinnadeildir við skóla framhaldsstigsins fyrir fólk 21 árs og eldra, enda veiti þær fræðslu hliðstæða frummenntun og kostnaðurinn verði þá greiddur af ríkinu á sama hátt og við frummenntun.

6. Hvatt verði til að sveitarfélög komi sem víðast á námsflokkum með fjölbreyttu sniði undir stjórn skólanefnda og fulltrúa áhugaaðila með fjárhagsstuðningi sveitarsjóða og annarra heimaaðila, en óbeinum stuðningi ríkisins.

7. Atvinnurekendur standi straum af kostnaði við starfsþjálfun fullorðinna sem er í beinum tengslum við atvinnurekstur og vinnustaði."

Mér þótti rétt að lesa þetta upp hér, þó að það sé komið hér inn í þetta kraðak af umsögnum og grg. sem hér eru með, vegna þess að við fljótan yfirlestur á því tel ég að hér sé um athyglisverðustu og skynsamlegustu ábendingarnar að ræða. Vil ég þó ekki dæma þar um fyllilega vegna þess að þetta er vitanlega það álit sem ég hef kynnt mér best.

Að síðustu þetta: Alls staðar í menntakerfi okkar er hrópað á aukið fjármagn. Versta staðreyndin í þessu efni er sú, að verkmenntun okkar og menntun í tengslum við mikilvægustu atvinnuvegi okkar er svelt. Í þessu frv. er djarflega að staðið. Það kann að vera rétt, en á öðru má það ekki bitna. Ég get lýst stuðningi við meginhugsunina hér að baki. Hér er um ómissandi þátt í fullkomnu fræðslukerfi að ræða, en að öðru þarf jafnhliða að hyggja og mikilvægi þess er slíkt að það þolir enga bið.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Ég verð að gera þá játningu, og ég býst við að svo sé um fleiri hv. þdm., að mér hefur ekki gefist tími til að lesa þetta frv. eða grg. þess frá upphafi til enda. Ég hef séð þetta frv. einu sinni eða tvisvar á dagskrá hér og ég hafði heitið því að ég skyldi reyna einhvern veginn að þvælast í gegnum þann langhund sem fylgir þessu frv., en þetta er ákaflega seinlesið, að ég segi ekki hversu margt af þessu er einhvern veginn tormelt. Einhvern veginn er þó búið að festast í huga mér að einhver fröken Inga Tusvik hefur verið formaður einhverrar nefndar í Noregi 1970 sem tók til athugunar málefni sem þetta og ritari þeirrar n. hét Astrid Gran, svo að ekki hefur þó allt farið fyrir ofan garð og neðan hjá mér í sambandi við þetta mál.

Ég verð að játa það að fyrstu viðbrögð mín við þessum mikla frv.-bálki, sem hér er á ferðinni, eru nú svona og svona. Einhvern veginn finnst mér, að þróunin hafi verið í menntamálakerfi þjóðarinnar á þann veg á undanförnum árum, og hef þar fyrir mér álit manna sem hafa menntun og hæfileika til að meta slíka hluti, að við búum sem þjóð við mjög háþróað menntakerfi eða fræðslukerfi. Og ef tekið er tillit til þess, hversu gífurlegum fjármunum ekki fjölmennari þjóð en við Íslendingar erum eyðir til hins víðtæka og viðfeðma skólakerfis okkar,

þá verð ég að segja það, að eins og tímarnir eru núna, þá finnst mér að það gefi fyllstu ástæðu til þess að a. m. k. sé staldrað við áður en tekin er endanleg ákvörðun um að bæta ofan á þá miklu skólakerfisbyggingu viðbótarkerfi sem áreiðanlega mun koma til með að kosta þjóðina stórkostlegar upphæðir.

Í gær var hér á dagskrá hv. þd. frv. að lögum um námssjóð eða lánasjóð stúdenta og námsfólks. Ég hafði af vissum ástæðum ekki aðstöðu til að sitja þann fund til enda og taka þátt í umr. um það málefni. Ég get þó ekki varist því að vekja athygli á, að ég held að það sé ekki að ósekju að mönnum eru allmikið farnar að vaxa í augum þær miklu upphæðir sem farið er að verja til þess að styrkja námsmenn til náms. Ég er ekki með þessum orðum á neinn hátt að sjá eftir þessu, en því hljóta þó að vera takmörk sett hvað fámennt og efnahagslega veikburða þjóðfélag getur leyft sér í slíkum málum.

Með því frv., sem hér er á dagskrá, er gert ráð fyrir að þeir, sem taka þátt í því menntunarkerfi sem á að setja á stofn samkv. ákvæðum þessa frv., eigi að geta orðið aðnjótandi lána úr þessum svokölluðu lánasjóðum með sömu réttindum og aðrir. Gefur þá við slíkt fyrirkomulag auga leið að ofan á þær miklu fjárhæðir, sem framkvæmd þessa lagabálks mundi óumflýjanlega hafa í för með sér fyrir þjóðfélagið, þá yrði einnig að taka tillit til þess að verulega mundi þurfa að auka það fé sem svokallaðir lánasjóðir námsmanna hafa til umráða.

Það er stundum sem það hvarflar að manni að við hér á hinu háa Alþ. höfum ekki annað að gera en að samþ. hin og þessi lagafrv. sem hafa mikil útgjöld í för með sér, alveg eins og við hefðum úr einhverjum ótæmandi sjóðum að ausa, á sama tíma sem hinir færustu menn þjóðarinnar eru að hinu leytinu að leggja höfuðið í bleyti og reyna að finna úrlausnir til þess að koma þjóðinni út úr þeim efnahagslegu þrengingum sem á stundum virðast vera að ríða allt efnahagskerfi þjóðarinnar til falls. Ég held að það séu þá ekki nema hæfileg varnaðarorð að á það sé bent, að eins og nú er háttað högum þjóðarinnar væri ekki úr vegi a. m. k. að flýta sér hægt á þeim vettvangi að samþ. mjög víðfeðma lagabálka sem hafa í för með sér útgjöld sem geta skipt þegar hundruðum millj. kr. og áður en nokkur veit kannske milliörðum.

Ég ætla ekki á neinn hátt að fara að efast um það eða gerast andófsmaður gegn því að það sé hverjum og einum hollt að bæta við þekkingu sína þó að hann hafi náð fullorðinsaldri. Hins vegar er mér það persónulega mjög til efs hversu vel það nær tilgangi sínum að fara að setja slíka fræðslu í einhvern stórkostlegan lagabálk og binda í einhverju stórkostlegu fræðslukerfi. Ég held að eins og nú er almennt komið högum þjóðarinnar og eins og undirbyggingin að almennu menntakerfi hennar er orðin traust og umfangsmikil, þá sé engin ofraun hverjum þjóðfélagseinstaklingi að afla sér nauðsynlegrar menntunar. Og ef menn af einhverjum ástæðum og einhverra hluta vegna hafa ekki séð sér fært eða hafa ekki getað ákveðið sig á sínum tíma að fara hinar hefðbundnu leiðir í skólakerfinu, þá ætti það ekki að vera mönnum ofraun að afla sér slíkra hluta og menn gera það ef þeir hafa áhuga á því. En að lagabálkur sem þessi létti eitthvað við að menn verji tómstundum sínum til aukins náms, ég efast um að það verði í sama hlutfalli árangur sem af því næðist, miðað við þá gífurlegu fjármuni sem þarna mundu verða á ferðinni. Og að lagasetning sem þessi og framkvæmd hennar með öllum þeim kerfiskostnaði, sem henni mundi fylgja, verði til þess að auka jafnrétti í þjóðfélaginu, það er mér mjög til efs.

Ég get nú ekki sérstaklega komið auga á að það sé áberandi hér í okkar þjóðfélagi misrétti hvað þetta snertir. Ég held einmitt að það sé á fáum sviðum meira og við stöndum jafnvel mörgum þjóðum framar, við íslendingar, einmitt hvað jafnrétti er mikið hjá þjóðfélaginu um að afla sér menntunar. Það hefur verið rætt um að þessar svokölluðu öldungadeildir, sem stofnaðar hafa verið við menntaskólana, hafi gert eitthvert geysilega mikið gagn og hafi verið mikil uppörvun og annað. Það getur vel verið að ég sé svo rótgróinn og markaður af íhaldsmennsku, en ég hef ekki orðið var við það mikla gagn sem öldungastúdentar hafa gert, hvorki sér sjálfum né þjóðfélaginu. Það hafa ekki verið lagðar á borðin hér neinar skýrslur sem sýna að þetta hafi orðið sérstaklega til vaxtar og eflingar eins eða annars í þessu þjóðfélagi. Ég er hins vegar ekki að mæla því neitt á móti að fólki, sem einhverra hluta vegna hefur á unga aldri þráð að verða stúdentar og einhvern veginn orðið útundan við það, kunni að líða eitthvað betur við að hafa lagt það á sig og að ná þessum áfanga. En að þetta sé eitthvert þjóðfélagsspursmál, að húsmæður þjóti burt frá húsverkum sínum til þess að fara að ná sér í stúdentshúfu, það er atriði sem ég sé ekki að skipti miklu máli.

Hitt get ég svo tekið undir með fullum krafti, að það væri miklu réttara að gefa gaum, eins og hv. 7. landsk. þm. lagði hér áherslu á áðan, verkmenntuninni í þjóðfélaginu. Ég held að það sé einmitt réttilega fram tekið hjá honum, að það er sá hátturinn sem beinlínis hefur verið vanræktur af því opinbera, en gæti orðið til mjög mikillar eflingar bæði einstaklingunum sjálfum og atvinnuvegunum, sem eiga að koma til með að njóta góðs af aukinni verkmenntun, og þá þjóðfélaginu í heild.

Samkv. ákvæðum þessa frv., sem hér liggur fyrir, er talið nauðsynlegt að þegar um n. k. áramót taki gildi ákvæði um stuðning við námsflokka og bréfaskóla. Áður en á að fara að verja milljónatugum í sambandi við þetta, — en út af fyrir sig finnst mér að það megi styðja þessa viðleitni sem hefur verið starfrækt á vegum ýmissa bæjarfélaga á annan hátt en gert er með uppbyggingu þessa frv., — hefði ég viljað sjá skýrslur um það hvað hefur áunnist í sambandi við þetta. Mér er dálítið kunnugt um starfsemi námsflokka, og ég veit að í því bæjarfélagi, sem ég á heima í, eru oft skiptar skoðanir um hver árangur hafi orðið af starfsemi þeirra. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að námsflokkar og bréfaskólar geti gert sitt gagn. Hins vegar vil ég þó jafnframt taka fram, að mönnum, sem

vilja njóta menntunar, er engin ofraun að greiða fyrir það. Það er mesti misskilningur að halda að það komi að bestum notum að rétta einstaklingum, hvort það er menntun eða eitthvað annað, rétta þeim það á diski endurgjaldslaust. Ég held að í mörgum tilfellum nái einstaklingurinn, hvort sem er á sviði menntunar eða annars, betri árangri ef hann hefur haft fyrir því og orðið að leggja af mörkum fram yfir starf sitt og annað þær fjárhagslegu kvaðir sem slíku fylgja.

Eins vil ég taka undir það, sem kom fram áðan í ræðu hæstv. menntmrh., að það er áreiðanlega einn vettvangur sem hefur verið mjög vanræktur í okkar þjóðfélagi og við gætum náð miklu betri árangri með, og það er að nota sjónvarpið. Ég er ekki í nokkrum vafa um að þar er tækifæri til þess að skapa menntunaraðstöðu jafnt fyrir unga sem aldna. Ég hef lítillega kynnst því og séð það, og ég held að það hafi verið talin ein með allramerkustu ráðstöfunum, sem gerðar voru t. a. m. af bresku verkamannastjórninni þegar hún opnaði svokallaða opna háskóla í gegnum breska sjónvarpið. Það er áreiðanlega leið sem væri verðugt verkefni þeirra sem vilja stuðla að aukinni menntun, fullorðinsfræðslu, að athuga þann möguleika betur sem felst í því að opna dyr sjónvarpsins og nota þær aðstæður.

Það var skýrt frá því áðan, — ég á eftir að kynnast því ef ég næ þeim ásetningi að komast svo langt í fullorðinsfræðslunni að komast yfir að lesa alla grg. þessa frv., — að það er ákaflega mikið vitnað í reynslu Norðurlandanna á þessum sviðum. Nú skal ég ekkert efast um að Norðurlöndin séu sá vettvangur sem við í ákaflega mörgum atriðum leitum til sem fyrirmyndar um skipun okkar mála. En ég er ekkert öruggur um að þarna sé það besta að finna, *við eigum endilega að láta þá vera okkar leiðarljós á sviði þess málefnis* sem hér er til umr. Ég held að það væri ýmislegt fleira sem við gætum tekið eftir þeim og okkur væri nærtækara, sem gæti orðið okkur til varanlegrar uppbyggingar og halds og trausts. Og einkennilegt er það, að það er ekki sama hvað það er sem maður minnist á að við gætum sótt gott til Norðurlandanna. Það er eins og það sé algjört bannorð ef minnst er á það í sölum hins háa og virðulega Alþ. að við höguðum okkur t. a. m. í fjármálaviðskiptum og efnahagslífi svipað og hefðum svipaðar leikreglur um meðferð fjármagns og bankakerfis og stjórnun peningamála og gilda á Norðurlöndum. Ég skal fúslega vera til umræðu um að taka þau mál til athugunar og leita til Norðurlandanna og reyna að samræma okkar stjórn á peningamálum því sem best gerist þar. Það held ég að mundi veita okkur skjótari og betri og almennari árangur, þó að það væri á kostnað þess að láta þetta frv. stöðvast.

Ég skal ekki þreyta hv. þdm. með lengra máli að sinni. Aðeins vil ég leggja áherslu á að þetta mál verði athugað gaumgæfilega. Sjálfsagt hefur það, eins og hefur komið fram í ræðum þeirra hv. þm. sem talað hafa hér á undan mér, mörg ákvæði að geyma. En ég vil mæla með því að hér verði farið að með hinni fyllstu gát og við skulum gæta þess a. m. k. að við séum ekki að stofna hér til einhverrar stórkostlegrar yfirbyggingar sem geti orðið okkur allerfið, að ég tali ekki um kostnaðarsöm í framkvæmd.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þessar málefnalegu ræður tveggja hv. þm., sem hér hafa talað, gefa mér tilefni til að segja fáein orð til viðbótar því sem fram kom í minni framsögu.

Hv. 7. landsk. þm. talaði hér fyrr og mér virðast undirtektir hans við þetta frv. vera efnislega jákvæðar. Hins vegar er það skoðun hans að það sé skynsamlegra að ganga fyrst frá lagasetningu um framhaldsskólastigið í heild og ekki síst þá um verkmenntaþátt þess, áður en tekið er til við að setja löggjöf um skipulag fullorðinsfræðslu. Ég skal ekkert deila við hv. þm. um það hvort ætti fyrr að koma, þessi lögin eða hin. En hins vegar held ég að það sé ekki rétt að liggja alveg niðri með einn þáttinn fremur en annan. Ég held að þeir séu báðir ákaflega nauðsynlegir. Ég held, að það gildi sama hjá okkur og í nálægum löndum, og ég tel, að álit ráðherrafundarins, sem ég vék að í framsögu, sé nokkuð rétt, að það sé mikil nauðsyn að huga að þessum fullorðinsfræðslumálum og vaxandi nauðsyn vegna þeirra breytinga sem eru að verða í þjóðfélögunum, hvort sem okkur, þessum gömlu, gráhærðu, líkar það betur eða verr. Þá *á ég einkum við það sem snýr að útivinnu* kvenna.

Hv. 7. landsk. minnti á tiltekna umsögn um þetta frv. sem borist hefur frá skólanefnd á Austurlandi. Sú umsögn er einmitt dæmi um það, hversu smiði þessa frv. og meðferð þess það sem af er hefur vakið menn til umhugsunar um þetta mál og orðið til þess að menn hafa *á mörgum stöðum leitast* við að brjóta það til mergjar og sett fram margar skynsamlegar ábendingar og till. varðandi þetta verkefni. Og hvað sem líður afgreiðslu þessarar löggjafar, hvort sem menn eru kannske á því, að afgr. heildarlöggjöf um þetta eður ei og hvenær sem hún yrði sett, þá held ég að sú frumvinna, sem í þetta mál hefur verið lögð, hafi tvímælalaust verið mjög gagnleg.

Hv. þm. Jón G. Sólnes, 2. þm. Norðurl. e., var nú kannske ekki alveg eins jákvæður. Hann flutti hér nokkur varnaðarorð fjárhagslegs efnis, og undir það vil ég auðvitað taka, ekki síst þegar þau koma að norðan. Þar fara menn gætilega í sakirnar um þessar mundir eins og vera ber og kunnugt er og alltaf skyldi gera. En varðandi það sem hann varpaði hérna fram og er auðvitað alveg satt, að við höfum lagt mikla fjármuni í menntakerfið miðað við okkar getu hér í okkar fámenna þjóðfélagi, þá er það nú svo, eftir því sem næst verður komist, að við erum þar ekki nema einhvers staðar nálægt meðallagi í hópi nálægra og skyldra þjóða í hlutfalli af meðaltekjum, að ég held þar sé ekki um neina ofrausn að ræða. Og ef menn fara að huga að *nánar á ýmsum stigum og sviðum* skólamálanna, þá koma hvarvetna í ljós mjög sárar vantanir á aðstöðu fyrir þessa eða hina skólastofnunina. En það er rétt, sem hv. þm. bendir á, að m. a. með tilliti til annarra verk-

efna hljótum við að fara okkur hægt í að efna til nýrra útgjaldaliða, enda taldi ég mig hafa gert grein fyrir því, þegar ég mælti fyrir frv., að min hugsun er sú að menn fari hægt í þetta, hugi vel að og reyni að leita lags að þoka fram einstökum þáttum.

Ég held að það sé mjög erfitt og óæskilegt varðandi þetta mál, eins og yfirleitt önnur mál, að láta þau liggja, láta þau bíða í þeirri von að við ljúkum einhverju öðru alveg og getum þá tekið þau upp. Þetta er kannske þverstæðukennt fljótt á litið. En ef við hyggjum betur að, þá er það svo t. d. í skólamálunum að við höfum unnið þar stórvirki án þess nokkurn tíma að huga að því hvort ekki væri nú einhvers staðar hálfunnið verk sem skynsamlegra væri að ljúka áður en byrjað væri á því næsta. En í okkar strjálbýla landi og með okkar miklu félagslegu þarfir hefur þetta verið unnið svona — og gefist vel.

Það er náttúrlega erfitt að benda á alveg ákveðinn árangur af námi þessara eða hinna námshópanna. Hvað snertir öldungadeildirnar, þá er nú önnur bara á fyrsta ári, hin er búin að starfa lengur, en ég held að það sé alveg nýskeð að hún útskrifaði sína fyrstu stúdenta. Það er því kannske ekki von á að þeir hafi staðið í stórræðum enn, þeir sem þar voru að bæta við sig menntun.

Ég er þakklátur öllum jákvæðum undirtektum í sambandi við sjónvarpsmálin. Ég finn sjálfur hjá mér nokkra sök að hafa ekki rekið meira á eftir störfum þeirrar n., sem að þeim vinnur, heldur en ég hef gert því að þetta er mikið nauðsynjamál. Það er svo alveg augljóst að sjónvarpskennslan kostar peninga. Bæði verður þá enn brýnna, eftir að sjónvarpið batnar, dagskrá þess, að koma sjónvarpi til allra landsmanna, og auðvitað kostar allt sjónvarpsefni mikið fé. Hins vegar álít ég að kennslan ætti ekki að koma sem hrein lenging, því ég tel það mætti leggja niður sumt af því, sem þar hefur verið að undanförnu alveg að skaðlausu. Á ég sérstaklega við sumt erlent efni sem þar er sýnt og ég tel ekki uppbyggjandi.

Ég skal nú ekki eyða miklu fleiri orðum að því að ræða það sem fram kom í máli þeirra hv. þm. sem hér töluðu. En ég vil taka það fram, að ég er alveg sammála hv. 2. þm. Norðurl. e. um það, að þenslan í námsaðstoðinni hefur verið bæði óeðlileg og svo náttúrlega óæskileg að því leyti að hún hefur kostað mikið fé og jafnvel meira fé en við teljum okkur með góðu móti geta af hendi látið. Ég minnti á það, þegar ég talaði fyrir frv. um námsaðstoð í gær, að fyrir sex árum voru þetta 75 millj. kr. í fjárlögum. Nú segja námsmenn að þurfi 2600 millj. kr. ef sæmilega sé gert að. Þarf ekki orðum að því að eyða að þetta er miklu meiri þensla en við höfum efni á að þola og líka óeðlileg. Þetta getur ekki verið eðlilegt þó fjölgað hafi námsmönnum og krónan smækkað. Og það, sem er megintilgangurinn með þessu nýja frv., er annars vegar að treysta stöðu Lánasjóðsins og jafnframt að draga úr hinni óskaplegu eftirspurn með því að taka upp þau lánskjör að menn hugsi sig um áður en þeir taka lánin, þessi lán eins og öll önnur lán, og taki þau ekki nema þeir þurfi þeirra raunverulega með. En það er auðvitað höfuðtilgangurinn með allri námsaðstoð að tryggja þeim, sem þess þurfa, aðstoð til þess að þeir geti numið fræðin.

Það er kannske von að menn segi sem svo, að það líti út fyrir að alltaf sé nóg fé til þess að ausa út, og séu ætíð með útgjaldatill. En í tilefni þessara orða hv. þm. vil ég láta það koma fram hér, að það er fátt sem ég óttast meira af því, sem fram kemur í áróðri um þessar mundir, heldur en þessi óskaplegi þrýstingur frá launþegasamtökum, frá blöðum sem teljast hægrisinnuð og raunar hvar sem er, að það verði að minnka það fé sem notað er til sameiginlegra þarfa til þess að menn geti haft meira fé til einkanota. Þetta finnst mér skelfilegur sónn í þjóðfélagi eins og okkar íslendinga þar sem sameiginlegu þarfirnar hljóta að vera dýrar vegna fámennis og strjálbýlis og þar sem þær eru eins brýnar og þær eru hér á mörgum sviðum, hvort sem eru skólamál, heilbrigðismál eða hvað annað. Allt lýtur að því hreinlega að hefta tekjuöflun hins opinbera, já hefta hana, koma í veg fyrir hana. Menn vita vel að það verður ekki sópað út úr opinbera kerfinu, við leggjum ekki niður banka eða ráðuneyti eða aðrar stofnanir. Þó að það sé kannske hægt að koma við einhverjum sparnaði, þá er það ekki í stórum stíl. Og þá hlýtur þessi stefna að bitna á framkvæmdunum. En að þessu einbeita menn sér, fólk af ýmsum stéttum, úr öllum áttum, eins og nú standa sakir. En ég er hins vegar sannfærður um það, að almennt líður okkur betur, hverjum um sig, já, öllum þjóðum með svipaðan hugsunarhátt og við, með því móti að sinna sameiginlegu þörfunum nokkuð vel, þó að það kosti einhvern samdrátt í einkalífi frá því sem verið hefur á okkar bestu árum. Ég veit að það eru ekki allir sem hafa afgang, en þetta er nú samt mín skoðun.

Ég sé að hv. 7. landsk. er nú horfinn úr d. Hann um það. En mér finnst í tilefni af orðum hans og raunar líka hv. 2. þm. Norðurl. e. að þá sé rétt að ég víki aðeins að því sem þrátt fyrir allt er verið að leitast við að vinna og hefur verið unnið í sambandi við verkmenntunina. Báðir þessir hv. þm. minntust réttilega á að hún hefði ekki fengið nóga fyrirgreiðslu og ég get algjörlega tekið undir það. En mér finnst ástæða til þess í tilefni af orðum þeirra að rifja aðeins upp hvað hefur verið gert. En ég skal reyna að fara fljótt yfir sögu.

Ég vil þá fyrst benda á það að sá tölulegi samanburður, sem stundum er gerður á framlögum ríkisins til bóknáms og til verkmenntar, er oft fram settur á algjörlega villandi hátt. Það tekur náttúrlega engu tali t. d. að segja að öllu því fé, sem varið er til grunnskóla, sé varið til bóknáms. Bæði eru kenndar verklegar greinar og þar að auki á grunnskólinn að undirbúa nemendur undir nám og starf, bæði í bóknáms og verknámsskólum, þannig að hann þjónar hvoru tveggja. Á sama hátt er auðvitað ekki heldur hægt að segja að allt, sem til Háskólans fer, þjóni eingöngu bóknámi, því að þar eru greinar eins og verkfræðigreinar o. fl. sem ekki er hægt að flokka undir bóknám fremur en verkmenntir. Þetta gerir samanburðinn mjög villandi og ó-

raunhæfan eins og hann er venjulega settur fram þegar menn bera þetta tvennt saman.

Og það eru líka ýkjur að lítið sem ekkert hafi verið gert á undanförnum árum til þess að efla verkmenntun íslendinga, þó að ég sé því sammála að það hafi verið of lítið aðhafst þá er það nú samt nokkuð. Ég vil í því sambandi minna á stofnun Tækniskóla Íslands 1964. Sá skóli hefur aukið merkum þætti í okkar menntakerfi og eflt okkar verkmenntun. Hann hefur þegar útskrifað marga tæknifræðinga og í þó nokkuð mörgum greinum. Fiskvinnsluskólinn í Hafnarfirði var stofnaður 1971. Hans hlutverk er að mennta fiskiðnaðarmenn, bæði bóklega og verklega auðvitað, en til starfa í fiskiðnaðinum. Hann hefur þegar brautskráð 35 fiskiðnaðarmenn, 12 af þeim stunda framhaldsnám og munu ljúka fisktækniprófi næsta vor, er mér sagt. Hins vegar býr þessi skóli við mjög erfiðar aðstæður, það er satt, og hans hag þyrfti að bæta bæði fljótt og að mjög verulegu leyti. Nýi Hjúkrunarskólinn var stofnaður 1972. Hann hefur fengið sæmilegt húsnæði og þar starfar námsbraut í hjúkrunarfræðum sem stofnuð var í tengslum við læknadeild Háskóla Íslands. Þar er haldið uppi ýmissi kennslu á þessu sviði, sem ég leyfi mér að kalla verklegt svið, sem ekki var unnt að veita við þá aðstöðu sem fyrir var í gamla hjúkrunarskólanum. Auðvitað hafa menn unnið töluvert að eflingu iðnskólanna, ekki síst í Reykjavík og hinum fjölmennari stöðum á undanförnum árum. Óhagstæð löggjöf um skiptingu kostnaðar á verkmenntunarstiginu er ákaflega mikill hrándur í götu fyrir þessa uppbyggingu, sérstaklega úti í dreifbýlinu, síður hér þar sem sveitarfélögin eru sterkari. En þrátt fyrir það hafa verið gerð mjög myndarleg átök á þessu sviði, við skulum segja t. d. á Akureyri, þar sem verknámshús hefur verið byggt á undanförnum árum. Og á Selfossi hafa menn hafið byggingu á slíku húsi. Og þar hafa menn nú náð samstöðu, sveitarfélögin öll á Suðurlandi að undanskildum Vestmannaeyjum standa að uppbyggingu iðnskóla á Selfossi.

Svo er ekki heldur hægt að neita því að skipan iðnnámsins hefur þegar verið hagrætt í mjög verulegum atriðum og er komin af stað fyrir nokkru vinna í námsskrárgerð fyrir iðnskólastigið. Það verk verður ekki unnið í skyndi, en vinnan er komin af stað og það er unnið að því fullum fetum, þó að e. t. v. væri hægt að hafa á því meiri hraða ef nógir peningar væru til. Verkið er ákaflega yfirgripsmikið, en hér á landi eru hvorki meira né minna en 50—60 viðurkenndar iðngreinar. Þá má enn fremur nefna verknámsskóla iðnaðarins sem teknir eru til starfa við nokkra iðnskóla, en það eru eins árs skólar sem veita undirstöðumenntun í iðngreinum. Og það hafa verið stofnaðar framhaldsdeildir við verknámsskóla Iðnskólans í Reykjavík í útvarpsvirkjun, rafvirkjun og bifvélavirkjun t. d., og fyrstu nemendur hafa þegar lokið námi úr þessum framhaldsdeildum. Raunar starfa verknámsskólar við fleiri iðnskóla, t. d. í Hafnarfirði og á Akureyri, og það er verið að undirbúa stofnun slíkra deilda víðar, t. d. á Akranesi og Ísafirði. Og í þessu sambandi vil ég minna á stuttan, en greinagóðan þátt sem Óskar Guðmundsson framkvæmdastjóri iðnfræðsluráðs sýndi í sjónvarpinu í gær um sumar þær skipulagsbreytingar sem hafa verið gerðar á iðnfræðslustiginu.

Ég vil enn minna á, til þess að sýna fram á nokkra hreyfingu í verkmenntamálunum, samvinnu skyldra skóla sem hefur verið tekin upp víða úti á landi svo að auðveldara verði að halda uppi kennslu í sérnámi utan Reykjavíkur. Þetta hefur verið gert t. d. í Vestmannaeyjum, á Akranesi, Ísafirði og Neskaupsstað. Og þarna er tengt saman fyrsta stigs nám hjá t. d. vélstjórum, stýrimönnum og iðnaðarmönnum, sums staðar öllum þessum þremur, sums staðar færri. Þetta ber þó allt vott um örlitla hreyfingu á þessu sviði sem mér finnst ástæða til að rifja upp fyrst þetta bar á góma hér í ræðum hv. þm. Ég vil líka minna á það að á síðasta skólaári var Flensborgarskólinn í Hafnarfirði gerður að fjölbrautaskóla. Hann hefur nú ekki miklar verknámsbrautir enn, en það mun vaxa. Og Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, fjölbrautaskóli sem byggður er upp með því sniði frá grunni, er tekinn til starfa. Hann tók til starfa í haust, og þar er verið að byggja upp mikla aðstöðu fyrir verknámið. Það má skjóta því hér inn í að ég hef nýlega fengið til tvo ágæta verkfræðinga að gera sérstaka úttekt á því hvað Iðnskólinn í Reykjavík getur annast af verklegu kennslunni og hvort ekki er hægt að koma við einhverjum sparnaði með því að samnýta að einhverju leyti aðstöðu sem nú þegar er fyrir hendi í Iðnskólanum fyrir báða skólana. Fjölbrautaskólann og Iðnskólann. Ég skal ekki segja um niðurstöðuna, en það er verið að kanna þetta. Svo má aðeins minna á að það eru núna gerðar ýmsar tilraunir með nánari tengsl námsins við atvinnulífið en áður hefur verið. Þannig fer fram kennsla í sjóvinnubrögðum, er mér fortalið, í nær 40 gagnfræðaskólum. Á Akureyri er gerð sérstök tilraun með kynningu á iðnaði meðal gagnfræðaskólanema, bæði að því er varðar stöðu iðnaðarins í atvinnulífinu og menntun fólks til iðnaðarstarfa. Og í Neskaupsstað t. d. er leitast við að kenna og kynna sjávarútveg alveg sérstaklega og tengja skólanum og á Reyðarfirði bifvélaiðnað.

Þetta er nú samt það helsta sem ég kann að greina á þessu sviði, fyrir svo utan það, að í Reykjavík er í mjög vaxandi mæli haldið uppi starfsfræðslu í gagnfræðaskólum. Vogaskólinn hafði um þetta mikla forustu og naut þar ágætra starfskrafta sem höfðu mjög góðan skilning á þessu. Þetta hefur verið tekið upp í vaxandi mæli hér í Reykjavík og er talið að menn þurfi mjög að fara að huga að föstu skipulagi, þannig að forðast megi þröng í fyrirtækjunum þegar leitað er til þeirra um nokkurra daga kynningu. Síðan vinna nemendur úr þessu verkefni ritgerðir og reyna að brjóta það til mergjar sem þeir sjá og heyra í slíkum kynnisferðum úti í atvinnulífinu. Þessi starfsfræðsla hygg ég að hljóti að glæða mjög skilning ungs fólks á hinum margbreytilegu störfum og nauðsyn alhliða menntunar og dreifingar í menntun og stuðla að því, að fleiri en áður leggi stund á það sem við almennt höfum kallað verkmenntun og við álítum að þurfi að rækja í vaxandi mæli.

Ég skal ekki fara lengra út í þessa sálma varðandi verkmenntunina, en mér fannst rétt að vekja athygli á þessu, því að við megum ekki vera of dökk í okkar áróðri, þá missum við marks. Það er vissulega heldur engin ástæða til þess að á þessu sviði eigum við mjög margt ógunnið, á því er enginn vafi.

Hitt er svo annað mál, að mér þótti það dálítið, ja, ég veit ekki hvort ég á að segja skemmtileg tilbreyting í þessum dálítið einhliða þrýstingi í þá veru að efla verkmenntun og bæta stöðu verknámsskólanna sérstaklega, að til mín komu í morgun upp í rn. fulltrúar frá Landssambandi íslenskra menntaskólanema. Þeir hafa haldið sinn fund og gefið út sitt blað, verið mjög málefnalegir á þann hátt að binda sig við málefni skólanna, og sýndu mér fram á það með ljósum rökum hvers konar gífurleg húsnæðisvandræði steðjuðu að menntaskólunum og hversu þeir hefðu verið vanræktir ofboðslega á undanförnum árum. Þeir minntu á það að á Ísafirði er kennt í mjög lélegu kennsluhúsnæði frá aldamótum þó að menn búi þar í góðum heimavistum, að í Kópavogi er engin íþróttaaðstaða fyrir menntaskólann og mjög erfið fyrir aðra skóla og á Laugarvatni hafa kennarar ekki þak yfir höfuð sér o. s. frv. Og eins og fram hefur komið í blöðum skildu þeir ekki hverju það sæti að nú skuli vera byrjað á menntaskóla á Austurlandi með öll þessi vandræði annars staðar.

Mig langar einnig í tilefni af þeim umr., sem hér hafa orðið um endurskoðun framhaldsskólastigsins, að lýsa því hvernig háttað er með endurskoðun á þessu skólastigi. Það er beinlínis gert ráð fyrir því, trúi ég, í löggjöfinni frá 1974 um grunnskóla og skólakerfi að endurskoðun á framhaldsskólastiginu verði sinnt þegar að settum þeim lögum sem þar var frá gengið. Í beinu framhaldi af þessari lagasetningu og kannske líka að nokkru samhliða henni hefur farið og fer fram endurskoðun á framhaldsskólastiginu, bæði einstökum þáttum þess og í heild. Frv., sem hefur verið lagt hérna fram um viðskiptafræðslu, snertir þessi mál, en aðeins einn einstakan þátt þeirra. Það er nú annað útgjaldafrv. frá sem ég er hræddur um, því miður, að erfitt verði fyrir þetta þing að afgreiða nema þá skilorðsbundið varðandi gildistöku þeirra þátta þess sem íþyngja ríkissjóði.

Nú ég vil fyrst, úr því ég minnist á þetta, láta það koma hér fram að er sammæli allra, sem um þessi mál fjalla í menntmrn., að meginmarkmið endurskoðunar framhaldsskólastigsins eigi að vera í sem allra fæstum orðum að auka fjölbreytni í framboði námsefnis, þannig að sem allra flestir fái nám við sitt hæfi, og gera námið sem allra mest hagnýtt og þroskandi, að flétta saman svo sem best verður gert bóknám og verknám og tengja verkmennt og auðvitað námið allt sem allra traustustum böndum við atvinnulífið í landinu og það starf almennt talað sem fram fer í þjóðlífinu á hverjum tíma. Megináhersla verði lögð á það að eyða blindgötum, sem nú ber mikið á í menntakerfinu, og greiða leið milli mismunandi námsbrauta, þannig að nemendur geti flutt sig til og haldið áfram stig af stigi og eins komið inn á ný þó að þeir hætti um stund. Og svo er ljóst að það verður að breyta og umfram allt að samræma þátttöku ríkisvaldsins og sveitarfélaga í kostnaði við hina ýmsu skóla á framhaldsskólastiginu, hvort sem það eru verkmenntaskólar, menntaskólar eða aðrir.

Ég held að það sé óhætt að segja það, að langmest forvinna í sambandi við endurskoðun á framhaldsskólastiginu hafi farið fram á verkmenntasviðinu. Eins og hv. 7. landsk. þm. minntist á, hafa starfað tvær nefndir að þeim málum. Sú fyrri skilaði áliti 1971, verk- og tæknimenntunarnefnd sem kölluð var. Það er mjög ítarlegt álit og það er í samræmi við skoðun okkar í rn. um stefnu í þessum málum í heild. Síðar var sett önnur n. beinlínis til þess að endurskoða lög um iðnfræðslu. Og það er alveg rétt hjá hv. þm., hún skilaði áliti í þrennu lagi, því miður. Að vísu er nokkuð stór meiri hl., en það koma fram sérálit frá tveim nm. og athugasemdir frá þeim þriðja.

Fleira hefur verið gert á þessu sviði, sbr. námsskrárgerð o. fl.

Þá vil ég láta það koma fram hér, sem ég hygg raunar að hafi verið sagt frá áður, að haustið 1974 var innan rn. skipuð n. til þess að athuga framhaldsskólastigið í heild. Í henni hafa starfað fjórir deildarstjórar í rn. undir formennsku Harðar Lárussonar deildarstjóra, og ég vonast til að þessi n. skili áliti innan örfárra vikna. Ekki alls fyrir löngu gerði einn af nm. grein fyrir viðhorfum n., eins og málið stóð þá, í tiltölulega fáum orðum. Þar segir að starf n. hefði einkum beinst að fjórum meginþáttum: skipulagi framhaldsskólastigsins, námsefni skólanna, nýtingu kennslustofnana sem til eru í landinu og fjármagnsþörf framhaldsskólastigsins. Þá kom það einnig fram, það er skoðun n., að stefna beri að því að leggja fram á Alþ. till. um heildarlöggjöf um allt framhaldsskólastigið og að n. miði að því í sínum till. að sá vinnuháttur verði á hafður. Ég skal ekki fara frekar út í það, en það er hins vegar ætlan mín að þegar framhaldsskólanefndin hefur skilað till. sínum til rn. og eins og áður segir vonast ég til þess að það verði innan mjög fárra vikna, þá er það ætlun mín að það verði rækilega um þær fjallað á hinum ýmsu skólastigum og af sem allra flestum þeim sem láta sig þessi mál varða og þá með umr. og athugunum í ýmsu formi.

Ég veit að það má deila um það hvort þessi skipan sé skynsamleg, að setja tiltölulega þrönga n. til þess að frumvinna málið og svo að vinna úr þeim gögnum sem lögð hafa verið fram, t. d. á verkmenntastiginu. En ég held að þetta séu ekki óskynsamleg vinnubrögð. Slík n. á að geta unnið tiltölulega hratt. En það verður auðvitað engin endanleg mynd málsins sem hún skilar, því að margir hafa áhuga á þessum málum og hafa vafalaust mismunandi skoðanir á þeim. Með þessu er ég ekki að draga það í efa, að það séu hinir ágætustu menn sem þarna eru að verki, og ég gæti þess vegna vel trúað þeim til þess að koma með góðar till. En þetta er nú bara gangur mála. En sem sagt, að það er ekki ætlunin að halda þessu innan þröngra marka, t. d. innan rn., þessari endurskoðun, heldur þvert á móti á þetta að vera frumvinna og grundvöllur og þetta er gert til þess að reyna heldur að flýta fyrir

málinu á þennan hátt án þess að reiknað sé með því að skipulagið komi fullskapað út úr þessu nefndarstarfi.

Ég hef leyft mér, herra forseti, að reyna nokkuð á þolinmæði d. með því að fara út í þessar skýringar. Mér finnst ástæða til þess að láta þetta koma fram og eðlilegt að það einmitt tengist umr. um frv. sem hér liggur fyrir. Þetta er hvort tveggja mál sem brenna mjög heitt á mönnum, bæði verkmenntunin, efling hennar, og svo endurskoðun framhaldsskólastigsins í heild. Ég get tekið undir það að hvort tveggja þetta hefur heldur hægt miðað, a. m. k. hægar en æskilegt væri, þó að ég geti ekki fallist á hvað snertir verkmenntun að lítið sem ekkert hafi verið gert á því sviði. Það hefur verið gert töluvert þó að betur megi ef duga skal.

Umr. frestað.

Efri deild, 63. fundur.

Miðvikudaginn 25. febr., að loknum 62. fundi.

Ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl., frv. (þskj. 172, n. 371 og 372). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur tekið til athugunar frv. til l. um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl. N. hefur fjallað um málið á nokkrum fundum, m. a. einum sameiginlegum fundi nefnda beggja d. Það hefur komið fram hér í umr. að málið komi seint frá n. Það er rétt. En hins ber að gæta, að n. verða einnig að fá tíma til að sinna og starfa að þeim málum sem þeim berast, og það er vissulega margt sem mætti betur fara í starfsháttum og skipulagi Alþ., bæði varðandi nefndarstörf og önnur störf, og vonandi getum við tekið það upp að reyna að bæta úr þeim málum. En okkur hefur samt aðeins farið fram frá því í fyrra því að málið kemur þó frá n. 25. febr. í ár, en á s. l. ári var það lagt fram í d. 25. febr., þannig að okkur hefur aðeins farið fram. Og það eru vissulega margar hliðstæður fyrir slíku hér á hv. Alþ.

Með l. nr. 5 frá 1974 var heimiluð álagning sérstaks gjalds til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana og með l. nr. 47/1974 var mælt fyrir um hvernig tekjum af gjaldinu skyldi varið. Það var ákveðið að gjaldinu skyldi varið til þess að styrkja sérhvern einstakling, sem hitar húsnæði sitt með olíu, um 7 200 kr. á ári og u. þ. b. 50 millj. skyldi varið til rafveitna, eða samtals u. þ. b. 700 millj. Ákveðið var með lögum í lok febr. á s. l. ári að hækka nefndan olíustyrk í 8 200 kr. á hvern mann. Jafnframt var ákveðið að verja hluta af tekjum af einu söluskattsstigi til að hraða hitaveitu- og raforkuframkvæmdum. Það er vissulega umdeilanlegt hvort rétt sé að verja hluta gjaldsins til þessara nota, en í þröngri fjárhagsstöðu og á erfiðleikatímum verður að gera fleira en gott þykir í þeim efnum.

Á s. l. ári var kostnaður við upphitun húsnæðis á hvert mannsbarn sem hér segir ef litið er á hinar mismunandi aðferðir til að kynda upp hús: Með hitaveitu, miðað þá við hitaveitu í Reykjavík, en það er langstærsta hitaveita landsins, 6 811 kr. Með rafmagni 15 042 kr. Og með olíu 23 998 kr., að frádregnum olíustyrk 8200 kr. eða nettó 15 798 kr.

Kostnaður elli- og örorkulífeyrisþega er minni vegna hærri styrkfjárhæðar, eins og um er getið í lögunum.

Kostnaður við hitaveitu var því u. þ. b. 43—44% af því sem kostar að kynda með olíu. Þessar tölur lágu fyrir þegar samsvarandi mál var afgreitt á s. l. ári. Samanburður nú er mjög erfiður þar sem ekki hefur orðið nein hækkun á upphitun með rafmagni nú á annað ár og Hitaveita Reykjavíkur hefur ekki fengið hækkun á töxtum sínum þrátt fyrir margar beiðnir. Hins vegar hefur verðlag á olíu farið hækkandi, m. a. vegna hækkunar á erlendu verðlagi. Núv. taxti Hitaveitu Reykjavíkur er 39.36 kr. fyrir hvert tonn, en það er einsýnt að þetta gjald mun hækka. Hitaveita Reykjavíkur fór fram á 32% hækkun frá s. l. áramótum eða 41.8% frá 1. mars. Þótt ekki sé gert ráð fyrir því að Hitaveita Reykjavíkur og aðrar hitaveitur, — því að hún er vissulega ekki ein um það að hafa farið fram á hækkun, en þess ber að geta að taxti margra hinna nýrri hitaveitna er mun hærri, — en þótt ekki sé gert ráð fyrir því að Hitaveita Reykjavíkur og aðrar hitaveitur fái umbeðnar hækkanir er ekki ólíklegt að vatnsverð á tonn verði a. m. k. 50 kr. Með því hækkaði kostnaður á hvert mannsbarn miðað við Hitaveitu Reykjavíkur í 10 643 kr. úr 8 377 kr. í dag. Þessa staðreynd hljótum við að þurfa að hafa í huga þegar um samanburð er að ræða hér á milli. Olíukostnaður hefur hins vegar hækkað á árinu úr 23 998 kr. á hvert mannsbarn að meðaltali í 30 056 kr. eða um 6056 kr. Með þeirri hækkun olíustyrks, sem hér er lagt til, þ. e. a. s. hækkun úr 8200 í 9500 kr., verður þessi hækkun nettó 4756 kr. og er þá upphitunarkostnaður á hvert mannsbarn með olíu að frádregnum olíustyrk 20 556 kr., en heldur lægri hjá elli- og örorkulífeyrisþegum vegna hærri styrkfjárhæðar.

Upphitun með rafmagni hefur hins vegar ekki hækkað, eins og ég hef áður getið um. þótt það sé ljóst að framleiðslukostnaður á viðkomandi rafmagni hefur hækkað, m. a. vegna þeirrar staðreyndar að hluti af því rafmagni er framleiddur með olíu sem hefur hækkað verulega.

Mismunur á upphitunarkostnaði frá hitaveitu annars vegar og með olíu hins vegar var þegar síðasta breyting var afgr., þ. e. a. s. hækkun úr 7 200 í 8 200 kr., — mismunurinn var þá 8987 kr. á hvert mannsbarn, en með þeim till., sem hér koma fram, má vænta þess að mismunurinn verði ca. 9900 kr. ef vatnsverð Hitaveitu Reykjavíkur hækkar ekki meira en í 50 kr.

tonnið, en hins vegar minnkar þessi munur ef gengið verður að öllum beiðnum Hitaveitu Reykjavíkur. Það er því ljóst að líkur eru á að þessi mismunur muni aukast lítillega.

Hitt er hins vegar staðreynd, að sá mikli munur, sem er á kyndingarkostnaði með olíu annars vegar og hitaveitu hins vegar, verður ekki að fullu jafnaður við núverandi aðstæður með styrkjum. Það er hins vegar nauðsynlegt að ráðast af krafti í framkvæmdir sem tryggi upphitun alls húsnæðis með hitaveitum og með raforku, því að það er einsýnt að allnokkur hluti landsins hefur litlar líkur til að fá hitaveitu.

Með þessu frv. er gert ráð fyrir að til olíustyrkja fari u. þ. b. 750 millj., en ekki liggur ljóst fyrir hvað þurfi til rafveitna, en áætla má u. þ. b. 50 millj. kr. Er því gert ráð fyrir því að u. þ. b. 450 millj. fari til Orkusjóðs. Það er alveg ljóst að Orkusjóður þarf mikið fé til að standa undir því forgangsverkefni sem við höfum sett okkur, þ. e. að nýta innlenda orkugjafa. Gert er ráð fyrir að Orkusjóður greiði u. þ. b. 125 millj. í afborganir og vexti umfram það sem inn kemur í lánum og vöxtum. Ríkissjóður hefur staðið undir þessum mismun. Það kom fram í n. að talið er nauðsynlegt að ríkisstj. taki upp málefni Orkusjóðs í því skyni að mæta þessum greiðslum og tryggja honum nauðsynlegt fé. Einnig ber nauðsyn til að ákveða skiptingu þessa fjár í því skyni að tryggja sem bestan árangur fyrir þjóðarbúið í heild.

Ég gat þess áður að meira fé þyrfti til orkumála. Ég hafði vænst þess að náðst gæti um það samstaða að þeir, sem búa við bestan hag í dag í orkumálum, væru reiðubúnir að leggja nokkuð á sig til að tryggja meira fjármagn til hitaveitu- og raforkuframkvæmda. Þar má nefna að með sölugjaldi á heitt vatn, eins og var hér áður mætti tryggja verulegar tekjur til orkuframkvæmda. Um þetta er vissulega ekki samstaða, en ég vænti þess að hæstv. ríkisstj. taki slík mál til gaumgæfilegrar athugunar í þeim vanda sem við erum í.

Ég vil t. d. benda á það, að olía er að hluta til skattlögð með sérstöku innflutningsgjaldi. Þessi skattur nemur u. þ. b. 1300 kr. á hvert mannsbarn. Þessi skattur er hins vegar ekki nýr. Hann hefur verið allt frá 1971 og var áður en þetta sérstaka innflutningsgjald var lagt á, þá var sams konar skattur um 1800 kr. Svipað gjald á þá aðila, sem nota aðra orkugjafa, svo sem heitt vatn, mundi gefa a. m. k. 200 millj. Ég bendi aðeins á þetta án þess að þessi mál hafi verið sérstaklega rædd ofan í kjölinn í fjh.- og viðskn.

Meiri hl. n. leggur sem sagt til að frv. verði samþ. með þeirri breyt. að olíustyrkur verði hækkaður úr 8 200 kr. í 9 500 kr. N. taldi nauðsynlegt að koma að einhverju leyti til móts við þær miklu hækkanir sem hafa orðið á árinu við olíukyndingu, þótt hins vegar sé ljóst að það sé aðeins lítið skref í þeirri viðleitni að jafna þann mun.

Frsm. minni hl. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Eins og kunnugt er voru lög um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða upphaflega sett í þeim tilgangi að jafna þessum mikla aukakostnaði, sem féll á íbúa olíuhitunarsvæðanna, á landsmenn í heild, þar sem talið var að um yrði að ræða óbærilega byrði fyrir þá íbúa sem enn hafa ekki fengið rafhitun eða jarðhita til að hita *híbýli sín*. Í þessu skyni var söluskattur hækkaður um 1% og komist að samkomulagi við launþegasamtökin um að þessi hækkun hefði ekki áhrif á kaupgreiðsluvísitölu. Nú er verið að framlengja þessi lög í annað sinn og eru áreiðanlega allir sammála um að það sé nauðsynlegt og sjálfsagt.

Þegar lögin voru framlengd fyrir einu ári kom hins vegar fram sú ákveðna tilhneiging hjá hæstv. núv. ríkisstj. að taka hluta af þessu fjármagni til allt annarra þarfa og af þessum sökum hækkaði styrkurinn á s. l. vetri aðeins um 1000 kr., eða úr 7200 í 8200 kr., enda þótt þá hefðu orðið mjög miklar hækkanir á verði olíunnar. Hins vegar var afgangurinn. sem við þetta myndaðist, rúmlega 300 millj. kr. lagður í Orkusjóð og ætlað að verja honum til fjárfestingarframkvæmda og rannsóknastarfa á sviði orkumála.

Í því frv., sem hér hefur verið lagt fram af hæstv. viðskrh., er gert ráð fyrir því að enn verði gengið á lagið hvað þetta snertir. Í frv., eins og hann lagði það fyrir, var ráð fyrir því gert að olíustyrkurinn hækkaði hreint ekki, enda þótt auðvelt sé að sýna fram á að olía til húshitunar hefur hækkað um hvorki meira né minna en 25% á því ári sem liðið er síðan lögin, sem nú eru að falla úr gildi, voru sett og enda þótt sýna *megi* að sjálfsögðu fram á það að söluskattsstigið gefur talsvert miklu hærri fjárhæð á komandi ári en það hefur gert á liðnu ári.

Við meðferð málsins í n. hefur meiri hl. fjh.- og viðskn. fallist á það að frv. verði breytt, þannig að styrkurinn hækki úr 8 200 kr. á einstakling í 9 500 kr. og er það út af fyrir sig góðra gjalda vert. En það er skoðun mín að þessi hækkun sé algjörlega ófullnægjandi og í engu samræmi við hækkun olíuverðs, en hækkun þess er, eins og ég gat um rétt áðan, 25% milli ára, nánar til tekið úr 20.20 kr. fyrir einu ári í 25.30 kr. sem er núverandi verð. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því að miðað við þá útreikninga, sem nm. fengu frá Þjóðhagsstofnun, er gert ráð fyrir því að olíukostnaður á hvern íbúa, miðað við þá sem verða að nota olíu til kyndingar húsa, verði 30 056 kr., og jafnvel þó að olíustyrkurinn verði hækkaður í 13 500 kr., eins og ég geri hér till. um, verður kostnaður við olíukyndingu tvöfalt hærri en kostnaðurinn við að kynda hús með jarðvarma, þ. e. a. s. 16 500 kr. þegar olían á í hlut, en 8379 kr. þegar jarðvarminn á í hlut.

Ég skal fúslega viðurkenna það að orkumál þjóðarinnar eru hennar brýnustu mál ef litið er á innlendar fjárfestingu sem ráðast verður í á næstu árum og þar hljóta hitaveitu framkvæmdir og hitaveiturannsóknir að teljast brýnni en flest annað. Það stendur því ekki á því að við alþb.-menn séum hvatamenn að því að varið sé miklu fjármagni til þessara þarfa, bæði til þess að kanna til hlítar á sem allra skemmstum tíma, hvar unnt er að nota

jarðvarma til kyndingar húsa, og eins hitt, að koma hugsanlegum hitaveitum í gagnið. En það er ósköp einfalt mál. Það er ekki alveg sama hvaðan peningarnir yrðu teknir, og hér er verið að breyta máli sem upphaflega var mál sem snerti útgjaldajöfnun milli landsmanna. Það er verið að breyta því í fjárfestingarstarfsemi. Upphaflega fór allt það fé, sem þetta söluskattsstig gaf, til að greiða niður olíukyndingu húsa, en nú á að verja hvorki meira né minna en ⅓ af þessari upphæð til Orkusjóðs. Þetta teljum við alþb.-menn algjörlega fráleitt, og við minnum á að það var fyrst og fremst á þeirri forsendu, að hér væri um að ræða útgjaldaminnkun fyrir fólk sem illa stæði á fyrir, að launþegasamtökin féllust á að þessi upphæð yrði ekki reiknuð með við útreikning kaupgreiðsluvísitölu.

Það er því ljóst að einmitt sömu dagana sem stendur yfir einhver erfiðasta kaupgjaldsdeila sem þjóðin hefur orðið að horfa upp á um mjög langt skeið, afar erfið og viðkvæm deila, að þá skuli hnífurinn lenda í bakinu á verkalýðshreyfingunni með því að enn frekar á að skerða þessa upphæð sem upphaflega var samið um að eingöngu rynni til þessara afmörkuðu nota og af þeim ástæðum yrði ekki reiknuð með í kaupgreiðsluvísitölu. Það segir sig sjálft að launþegasamtökin hljóta að líta allt öðrum augum á þetta skattgjald þegar það á fyrst og fremst að nýtast til að auka tekjur ríkissjóðs og ríkisstofnana í stað þess að upphaflega var þetta gjald sem kom inn og fór jafnóðum út aftur.

Ég vil sem sagt láta það eitt bætast við þessi orð mín, að þessi aðgerð ríkisstj. er ekki til þess fallin að auðvelda þá kjarasamninga sem nú eru á döfinni. Það er ljóst að sú gífurlega hækkun á olíuverði, sem átt hefur sér stað á seinustu árum, er að sjálfsögðu sérstaklega þungbær fyrir tekjulítið fólk og þá um leið fólk, sem hefur fáa í heimili og fær þar af leiðandi lítinn olíustyrk. Þetta á hvort tveggja alveg sérstaklega við aldrað fólk og mjög oft einnig við öryrkja sem hafa gjarnan fámenna fjölskyldu og fá tiltölulega lítinn olíustyrk. Það er nú svo að frá upphafi var tekið tillit til þessa með því að þeir lífeyrisþegar, sem njóta tekjutryggingar skv. 19. gr. laga um almannatryggingar, hafa fengið 1½ styrk einstaklings. En ég tel að ekki veiti af að þessar greiðslur nemi a. m. k. tvöföldum styrk einstaklings.

Að þessu athuguðu hef ég flutt brtt. á þskj. 372. Í fyrsta lagi þá till., að í stað upphæðarinnar 8200 kr. til einstaklings komi 13 500 kr., og í öðru lagi, að í stað þess að lífeyrisþegar, aldraðir, og öryrkjar fái greiddan styrk sem nemur 1½ styrk einstaklings, þá verði um tvöfaldan styrk einstaklings að ræða. Að öðru leyti mælum við alþb.-menn með samþykkt þessa frv. breytts eða óbreytts.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Því miður var ég bundinn að störfum í fjvn. og gat því ekki setið síðasta fund fjh.- og viðskn. og ekki tekið endanlega afstöðu til málsins, ella hefði ég fylgt till. Ragnars Arnalds um breyt. í tölum í þessu frv. Það er viðurkennt og verður ekki á móti mælt að upphaflegur tilgangur laganna var að minnka þá byrði sem þeir urðu fyrir, er notuðu olíu til húshitunar, er hin mikla verðhækkun á olíu skall hér á. Um þetta var ekki ágreiningur hér á Alþ. Síðan hafa lögin verið framlengd. Þá var nokkur ágreiningur vegna þeirrar tilhneigingar að auka verulega hlut Orkusjóðs í þeim afgangi sem kæmi fram við uppskipti á gjaldinu til einstaklinga og rafveitna og afgangur félli síðan í Orkusjóð. Það var eðlilegt að áætla þetta nokkuð nálægt lagi, eins og menn vissu best að 1% söluskattsstig gæfi í brúttó-tekjur, áætla síðan einstaklingum ákveðna upphæð og síðan rafveitum og afgangur félli í Orkusjóð. Nú er upplýst skv. frv. að Orkusjóður muni fá rúmlega 300 eða 315 millj. kr. á árstímabili, og enn er reiknað með að þetta hlutfall aukist. Fyrst er frv. var sett fram og lögin voru samþ. var reiknað með að Orkusjóður fengi nokkra tugi millj. sem afgangstölu.

Engir hér á Alþ. deila um nauðsyn á því að styrkja Orkusjóð. En við deilum um aðferðina til þess að styrkja Orkusjóð. Og ef við munum eftir því að 78 þús. manns í landinu búa við olíuhitun enn þá, þá er það um ⅓ landsmanna, og ef við ætlum að taka af landsmönnum með einu söluskattsstigi rúmlega 1200 millj. kr., þá borgar þessi ⅓ landsmanna sinn þátt í því söluskattsstigi. Ekki ímynda ég mér að við ályktum að þetta fólk hafi svo kröpp kjör að það hafi ekki eðlilega neyslu. Og hvað fær þetta fólk þá til baka? Jú, það fær sennilega við breyt. á frv. um eða yfir 800 millj. kr., en það borgar ¼ af þeirri upphæð svo að nettó-talan er ekki ýkjastór og hvergi nærri til að jafna þann aðstöðumun sem olían er á móti heita vatninu. Það er útilokað, enda treystum við okkur ekki til að fara svo langt að það sé gert.

Mér skildist á frsm. meiri hl. að Orkusjóður mætti eiga von á um 450 millj. kr. Eins og frv. var fyrst mátti vænta þess að hann fengi yfir 500 millj. jafnvel, svo að hér er nokkur bragarbót gerð á. En ég tel að í sambandi við upphaflegan tilgang frv. eigum við ekki að auka afgangstölu í þessu efni til Orkusjóðs, heldur að hækka eins og unnt er til einstaklinga og jafnvel til rafveitna sem verða að framleiða rafmagn til hitunar með olíu. Ég trúi ekki öðru en hægt væri að bjarga vanda Orkusjóðs með sérstakri lántöku. Ef sú tala er um 150—250 millj., jafnvel þó að hún væri nokkru hærri, þá hlyti að vera hægt að útvega hana þar sem nokkurt öryggi ætti að vera í því efni að sú upphæð skilaði orku er drægi verulega úr kostnaði, ég tala nú ekki um hvað við mundum spara mikinn gjaldeyri um leið og heita vatnið færi að renna til notkunar fyrir einstaklingana, svo að lántaka eða sérstök fjáröflun í því skyni er sannarlega réttlætanleg. Þess vegna tel ég að við séum að gera hér skakkt að sinna ekki meira þörfum þeirra einstaklinga er búa við þessa rándýru olíukyndingu sem er u. þ. b. þrefalt hærri en upphitun með heitu vatni og jafnvel þó að heita vatnið hækki eitthvað.

Til þess eru nokkur rök að hitaveiturnar verði að fá gjaldhækkun til sín vegna uppbyggingar og umsvifa. Samt sem áður er mismunurinn svo mikill á að hafa heitt vatn og olíu að ég tel

ekki rök fyrir því að láta svona stóra afgangstölu renna til Orkusjóðs. Við verðum að leysa vandamál Orkusjóðs með annarri fjármagnsmyndun, það er útilokað annað. Því var varpað hér fram af frsm. meiri hl. að hugsanlegt væri sérstakt orkugjald á heita vatnið. Það er auðvitað aðferð eins og hver önnur til þess að tryggja Orkusjóði fjármagn. Hún er rökréttari, finnst mér í fljótu bragði, heldur en að láta einstaklinga, er búa við olíunotkun, borga stóra bita í Orkusjóð í gegnum söluskattinn. Hún er rökréttari.

Það er eðlilegast, virðist mér vera, að útvega sérstakt lán handa Orkusjóði svo að hann geti skilað verkefni sínu sem best og tryggt mönnum sem mest af heitu vatni. Ég get því ekki verið ánægður með þá stefnu sem mér virðist að meiri hl. sé að taka hér, að vilja ekki koma til móts við þarfir einstaklinganna, og styð því till. Ragnars Arnalds á þskj. 372, en mun ekki verða á móti frv. vegna þess að það er óhjákvæmilegt að lögin verði framlengd. En ég harma það og ítreka það að vandamál Orkusjóðs hefði átt að leysa með öðrum hætti en frv. gerir ráð fyrir. Um það hefði áreiðanlega verið samstaða og ég trúi ekki öðru en að fjármagn til slíkra hluta hefði verið fáanlegt með einu eða öðru móti.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég hef raunar fáu við það að bæta sem kom hér fram af hálfu frsm. minni hl. fjh.- og viðskn., Ragnars Arnalds. Ég styð vitanlega þær till. sem hann hefur komið með um breyt. á þessu frv.

Ég tók hér örstutt til máls við 1. umr. þessa máls og þá kom það fram, sem gladdi mig mjög, hjá hæstv. viðskrh. að það stæði ekki á honum að upphæðin, sem í frv. var þá, yrði hækkuð og það væri algjörlega á n. valdi hvað við hana yrði gert. Mér þóttu viðbrögð hans mjög jákvæð og fagnaði þeim og vænti hins besta þar af. Ég heyrði það einnig glögglega á hv. frsm. meiri hl. að honum fannst ekki nógu langt gengið. Hann hefði gjarnan viljað ganga lengra í breytingaátt en meiri hl. leggur til. Ég skil það mætavel. Honum er jafnljóst og mér hve sárt þetta brennur á okkar umbjóðendum á Austurlandi, og hann veit einnig að þar ætlast fólk til þess að hinum upphaflegu lögum sé fylgt undanbragðalaust og það fái í sinn hlut réttmætan skerf miðað við það, sem auðvitað var einn upphaflegur tilgangur laganna, eins og hér hefur verið bent á, aðeins einn, sá einn að bæta fólki þessa gífurlegu byrði og þó aðeins að hluta. Breytingin, sem varð á þessu í fyrra, var vægast sagt varhugaverð. Ég gagnrýndi þá harðlega það fyrirkomulag. Ég gagnrýndi það sérstaklega vegna þess að ég var sannfærður um að það kæmi mínum landshluta að litlu gagni. Sú hefur orðið raunin á og hefur kannske en betur sannast á því ári, sem nú er að byrja, því að ekki kemur mikið í okkar hlut af hálfu Orkusjóðs á þessu ári. Það er greinilegt. Og vitanlega á annars staðar að taka peninga til Orkusjóðs, eins og hér hefur einnig verið bent á, heldur en frá þessu fólki sem sannarlega átti að fá þessa upphæð alla til þess að minnka þá fjárhagslegu byrði sem á það var lögð með hinni stórfelldu olíuverðshækkun.

Ég benti í fyrra sérstaklega á Austurland og hve lítil not menn mundu hafa þar af því framlagi sem ráð var fyrir gert til Orkusjóðs og ranglega var tekið af þessu söluskattsstigi. Ég held mig við það enn þá og þykist hafa fengið enn frekari sönnun fyrir því nú á þessu ári. Það eru ekki stórar upphæðir sem til Austurlands munu renna úr Orkusjóði nú á þessu ári. Það er fyrirsjáanlegt.

Ég sem sagt ítreka þá eindregnu kröfu, og ég veit að ég mæli þar fyrir munn íbúanna á köldu svæðunum yfirleitt, að það verði að fullu staðið við upphaflegan tilgang laganna og menn fái þær bætur sem þeim vissulega ber og þeir eru ekki ofhaldnir af.

Hér er mikið talað um meðaltal og það er auðvitað rétt að gera sér grein fyrir því. Það kom fram í máli hv. frsm. meiri hl. n. og síst skal ég lítið gera úr slíkum meðaltalsreikningi. Hann var einnig með samanburð milli ára, örugglega réttan samanburð milli ársins í ár og ársins í fyrra. En vitanlega sagði það ekki alla sögu vegna þess að mismununin kom auðvitað gleggst fram í fyrra, einmitt í fyrra þegar hluti af þessu framlagi var þá tekinn til Orkusjóðs. Það hefði því e. t. v. verið betra og skýrara fyrir okkur að fá mismuninn á árinu 1974 og svo aftur á árinu 1976. Þá hygg ég að mismununinn hefði orðið enn hrikalegri. En út frá þessum meðaltalsreikningum öllum, þá held ég að mér sé óhætt að taka hrein dæmi, sem ég hef séð fyrir skömmu, um kostnað þess fólks sem býr við olíukyndinguna.

Ég sá reikninga aldraðra hjóna fyrir s. l. ár. Olíustyrkurinn til þeirra nam 24 600 kr. eða því sem næst. Heildarkostnaður þessara öldruðu hjóna við kyndingu á húsi þeirra var rúmar 165 þús. kr. Þetta hús er allstórt og gamalt, það er rétt, og það er því miður þannig að það er lítill möguleiki eða enginn fyrir þetta aldraða fólk að leigja þetta húsnæði út nema þá e. t. v. eitt herbergi í húsinu. Og þetta fólk á einnig í erfiðleikum með og vill ekki losa sig við þetta gamla hús sitt til að flytjast í annað ódýrara varðandi kyndinguna. En þetta er auðvitað mjög hátt dæmi, en heildarhitakostnaður þessa fólks varð, þegar olíustyrkurinn var kominn, þá var heildarhitakostnaður þessa fólks um 140 þús. kr. Þetta er aðeins eitt dæmi, að vísu mjög hrikalegt, og ég efast um að það séu mörg önnur slík sem má finna, en þó er ég ekki grunlaus um að þau séu fleiri. Ég held a. m. k. að engum detti í hug að þetta sé algert einsdæmi. Og ég gæti nefnt sjálfur persónulegt dæmi sem er býsna hrikalegt líka, ekki út af fyrir sig fyrir mig vegna þess að það vita allir hv. dm. hér hvað þm. eru vel launaðir og eiga auðvelt með að bera sínar fjárhagsbyrðar, en talan er nokkuð há. Ég er með stóra fjölskyldu og þar af leiðandi háan olíustyrk, en samt er kostnaður minn ekki mjög fjarri því sem var hjá þessum öldruðu hjónum.

Ég hef reynt hvort tveggja, að greiða kyndingu með olíu heima hjá mér austur á landi og svo aftur að greiða hitaveitugjöld hér í Reykjavík, og á því er sá reginmunur að einu sinni, þegar ég athugaði mánaðarreikning, í hitteðfyrra þó, þá var á þessu fimmfaldur munur. Og það skal

tekið fram að húsnæðið, sem ég var í hér syðra, var auðvitað nokkru minna, ekki þó mikið, en húsið að vísu nokkru betra. Engu að síður var hér um fimmfaldan mun að ræða.

Ég held að menn séu almennt sammál um það að hér sé síður en svo of langt gengið til móts við þetta fólk sem býr á þessum svokölluðu köldu svæðum.

Það er gott og blessað að varið sé miklu fé til Orkusjóðs og Orkusjóður fái meira fé til sinna nauðsynlegu framkvæmda þannig að við getum búið við frambúðarlausn í þessu efni. Ég óskaði eftir því einu sinni að það kæmi fram hvers austfirðingar hefðu sérstaklega notið af þessu sérstaka framlagi sem af þeim var sannarlega tekið. Ég hef ekki fengið nein svör við því, enda kannske ekki von. Það hefur að vísu verið gerð á s. l. ári ein heiðarleg tilraun á Austurlandi til þess að leita annarra leiða en hinna hefðbundnu varðandi vatnsorkuna þar, þ. e. a. s. þar hefur ein borun verið framkvæmd. Von um árangur er að vísu næsta veik, en þarna er um lítið hlutverk að ræða og litla hlutdeild í heildarathugunum af þessu tagi. Því er von að fólk á Austurlandi sé almennt mjög óánægt hvernig verðgildi olíustyrksins er sífellt rýrt, en lítið sem ekkert gert í því að gera þennan landshluta sjálfbjarga um rafmagnshitun, því að litla trú hef ég á því að önnur lausn henti okkur. Því miður gengur það mjög hægt og enn sjáum við ekki fyrir endann á lausn okkar orkumála. Ég ætla ekki að fara út í það náið hér þrátt fyrir það að ég veit að hæstv. iðnrh. situr uppi með eflaust töluvert mikinn og nýjan fróðleik varðandi þann möguleika sem okkur hefur verið hugleiknastur nú um stundir. Því mun verða svarað á næstunni í Sþ. og þá fáum við að vita það. En hitt er alveg ljóst, að við verðum um langan tíma enn afskiptir í þessum efnum, Austfirðingar. Það fer ekkert á milli mála. Því endurtek ég það: Ég held að fólk ætlist til þess þar að það fái sem allra mesta hlutdeild í samræmi við upphaflegan tilgang laganna, — hlutdeild í þessari fjárhæð til þess að jafna þann mikla mismun sem það verður að búa við, og ef það fæst ekki, ef þarf að taka svona mikinn hluta til Orkusjóðs, þá vilji það þá einnig sjá einhvern árangur frá þeim sama Orkusjóði, eitthvert skref fram á við til að það sjái þá fram á lausn á sínum kyndingarmálum í framtíðinni.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Aðeins örstutt aths. Ég skal ekki verða til þess að lengja umr. þessa máls.

Þegar þetta mál var til meðferðar í fjh.- og viðskn., þá held ég að það sé engum vafa bundið að við höfðum allir ríka tilhneigingu til þess að reyna að hækka þá upphæð sem kemur til hvers íbúa, sem þarf að nota olíu til hitunar íbúðar sinnar, eins mikið og frekast væri unnt. Hins vegar voru hendur nm. allmikið bundnar þar sem þegar hafði verið tekin ákvörðun í sambandi við afgreiðslu fjárl. um verulega upphæð til Orkusjóðs sem ég held að allir hv. þm. séu sammála um að komi þjóðarheildinni að mjög miklu gagni að verði efldur sem allra mest.

Aðeins vil ég nota hér tækifærið til að lýsa þeirri tilhögun sem ég kom á framfæri þegar þetta mál var afgr. í n., en hún var á þann veg að greiðslu þessa olíustyrks yrði hagað á þann veg að fyrstu tveimur meðlimum hverrar fjölskyldu væri borguð verulega hærri upphæð en ráð er gert fyrir í þessu frv., en öðrum meðlimum fjölskyldunnar mun minni upphæð. Með þessari tilhögun tel ég að hefði náðst miklu meira jafnrétti, heimilin hefðu fengið verulega hækkun á greiðslu bóta í sambandi við kostnað við að nota olíu til hitunar íbúðanna, því að það má með sanni segja að kostnaðurinn sé nokkurn veginn hinn sami hvort sem fjölskyldumeðlimirnir séu tveir, þrír eða fjórir. Að vissu leyti hefði með þessari tilhögun, sem ég hér hef nefnt, verið hægt að ná mun meira réttlæti og tryggja að þessar greiðslur kæmu að mörgu leyti að betri og réttlátari notum. En áður en ég lýk máli mínu vil ég geta þess, að ég styð fram komið nál. meiri hl. fjh.- og viðskn.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil taka undir þann málflutning sem hér hefur verið fram borinn af stjórnarandstöðunni og þá sérstaklega frsm. nál. minni hl., Ragnari Arnalds. Ég held að hver einasti þm., alveg sama hvar í flokki hann er, vildi gjarnan að ríkissjóður eða Orkusjóður eða þessir olíulindapeningar, sem við erum að dreifa hér út, væru það mikilr að við gætum orðið við fyllstu kröfum þeirra stjórnarandstæðinga og hækkað þennan olíustyrk upp í 13 500 kr. eða kannske meira. En ástandið í fjármálum ríkisins og þá Orkusjóðs er bara ekki þannig að við getum leyft okkur að fara upp í þá tölu í olíustyrkjum sem þar er farið fram á. En ég efast ekkert um að viljinn er fyrir hendi hjá öllum þm. til að gera það.

Orkumrh. hefur hingað til verið talinn velviljaður þeim sem minni máttar eru. Vitna ég þar í hans ágætu störf sem borgarstjóra á sínum tíma og þarf ekki að fara nánari orðum um þau, þannig að ég held að það sé enginn þannig sinnaður að hann vilji ekki hækka þennan styrk sem mest.

Ég vil taka undir með frsm. okkar í meiri hl. fjh.- og viðskn., þau orð sem hann lét hér fylgja okkar nál. En ég vil þó undirstrika það álit mitt, sem kom fram á nefndarfundinum í morgun, þ. e. a. s. að við þrír nm. beittum okkur fyrir því að sú greiðslubyrði, sem ríkissjóður hefur lagt á Orkusjóð og nemur um 125 millj. eða alla vega yfir 100 millj. kr., þ. e. greiðslur afborgana af lánum og vaxta af lánum, sem tekin hafa verið til raforkuframkvæmda og hingað til hafa verið greiddar af ríkissjóði, verði áfram greiddar af ríkissjóði, en ekki fluttar yfir á Orkusjóð eins og komið hefur fram að ákveðið hefur verið við gerð fjárlaga. Ég bind samstöðu mína um þessa hækkun upp í 9500 kr. frá 8200 kr. nokkuð við þá trú, að ríkissjóður sjái sér fært að draga til baka greiðslukvöð sem Orkusjóður hefur orðið að þola.

Ég tel hættulegt að skerða afkastagetu Orkusjóðs á þennan gífurlega hátt, fyrst með því að ríkissjóður færi þessa greiðslubyrði, sem er um 125 millj. kr., af sér á Orkusjóð og síðan að draga úr þeirri unpphæð sem orkumrh. gerði ráð fyrir að Orkusjóður hefði til ráðstöfunar við framkvæmdir á yfirstandandi ári. Ég held að það

sé ekki rétt að takmarka meira en orðið er með þessari hækkun um 100 millj. kr. framkvæmdagetu Orkusjóðs. Það segir sig sjálft að eftir því sem framkvæmdageta Orkusjóðs er meiri, þeim mun fyrr fær sá hluti landsmanna sem nýtur ekki hitaveitu á þann hátt sem við njótum hennar hér í Reykjavík, skulum við segja, þeim mun fyrr fá þeir jarðvarma og þar með lækkandi tilkostnað við húshitun.

Ég byggi sem sagt samstöðu mína um þetta nál. meiri hl. á þeirri von að ríkisstj. taki til baka þá ákvörðun sína að velta yfir 100 millj. kr. aukagjaldi eða nýju gjaldi á Orkusjóð.

Ég vil vara við því sem kom fram hjá frsm. okkar meiri hl., að mér fannst hann boða nýja athugun á því hvort sérstakt sölugjald yrði lagt á notendur hitaveitna. Það getur hljómað réttilega, en ég vil þó vara við því og tel ekki ástæðu til þess að hafa um það fleiri orð. Ég undirstrika það að ég vara við slíku.

Hv. 5. þm. Norðurl. v., Ragnar Arnalds, taldi fráleitt að láta ⅓ af söluskattsstiginu renna í Orkusjóð. Ég aftur á móti tel það sjálfsagt og tel mjög áríðandi að þm. séu sammála um að styrkja Orkusjóð til þess að flýta framkvæmdum á þann hátt sem ég gat um. Ég tel ekki að sú skerðing, sem hér sé um að ræða, sé nokkurs konar rýtingsstunga í launþegasamtökin, og harma að formaður Alþb. skuli á þessu viðkvæma stigi samninga við verkalýðsfélögin draga þau inn í þessar umr. um niðurgreiðslu á olíukostnaði til húshitunar og get ekki séð á hvern hátt það getur orðið til þess að auka á erfiðleika um samstöðu í samningum við verkalýðssamtökin núna.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð lengri. Ég lýsi stuðningi mínum við nál. sem ég hef undirskrifað og formaður fjh- og viðskn. hefur talað fyrir, en ítreka að ég vona að það náist samstaða með fjmrh. og ríkisstj. um að draga til baka þá ákvörðun sem virðist hafa verið tekin um að velta nýjum byrðum yfir á Orkusjóð og þar með skerða framkvæmdagetu hans.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þeir landsmenn, sem eiga við olíuhitun að búa, hafa orðið fyrir þungum búsifjum eftir að olíuverð hækkaði svo mjög eins og upphófst fyrir 2—3 árum. Það var því eðlileg ráðstöfun að leggja á sérstakt söluskattsstig til að létta þessari þungu byrði að einhverju leyti af þeim sem búa við slíka húshitun. En ég held að sé óhætt að fullyrða að það er tvenns konar áhugamál og hagsmunamál sem það fólk, sem býr við olíuhitun, hefur: annars vegar að fá beina peningalega aðstoð til þess að standa undir þessum kostnaði og hins vegar að aðrir möguleikar til ódýrari hitunar og þá sérstaklega hitaveitur geti orðið að veruleika sem allra fyrst.

Ég þykist vita að fjöldi þeirra manna, sem búa við olíuhitun, eigi sér þann draum að sem fyrst geti þeir fengið að nota hitaveitu. Þetta tvennt er í rauninni reynt að sameina í því frv. sem hér liggur fyrir, því að á síðasta þingi var mótuð sú stefna að þetta fé skyldi annars vegar notað til að greiða olíustyrki til að lækka kostnað við olíuhitun, en nokkur hluti þessa fjár skyldi notaður til þess að reyna að hraða hitaveituframkvæmdum, auka jarðhitaleit og undirbúning að hitaveitum til handa þeim sem verða að búa annað hvort við olíuhitun eða e. t. v. dýra rafhitun, þó að á ýmsum stöðum sé álitamál hvort eigi fremur að fara út í. Hins vegar held að það sé ljóst, að yfirleitt hlýtur niðurstaðan að verða sú að hitaveitur eru hagkvæmasta hitunaraðferðin, bæði fyrir einstaklingana sjálfa og fyrir þjóðfélagið í heild, vegna hins mikla gjaldeyrissparnaðar sem af því leiðir.

Ég veit að hv. fjh.- og viðskn. hefur verið mikill vandi á höndum að leysa úr þessu máli, þar sem annars vegar hafa verið að mörgu leyti eðlilegar og rökstuddar óskir um hækkun á þessum olíustyrk og hins vegar þetta viðhorf, að reyna að fá sem mest fé til að undirbúa og hraða jarðhitaleit og nýjum hitaveitum. Í því sambandi er vissulega lærdómsríkt að líta til þess hversu mikið hefur áunnist og mikil breyting hefur orðið nú á örskömmum tíma.

Það var vorið 1974 sem þáv. iðnrh. lagði fyrir Alþ. grg. um nýtingu innlendra orkugjafa og var byggt á rannsókn sem hafði farið fram í þeim efnum í einni kunnustu verkfræðistofu hér í borg. Þá var niðurstaðan sú að það mundu vera um 2/3 hlutar landsmanna sem gætu í fyrirsjáanlegri framtíð notið hitaveitna, aðrir yrðu að notast við aðrar hitunaraðferðir, fyrst og fremst rafhitun. Hins vegar hefur sú breyting orðið á vegna aukinnar jarðhitaleitar og rannsóknar og könnunar og aukins borkosts í þessu efni, að niðurstaðan hefur orðið sú, að nú eru það ekki 2/3 landsmanna sem talið er að muni geta fengið hitaveitur á næstu árum, heldur munu það vera yfir 80%. Þetta er ákaflega ánægjuleg þróun og breyting. Má sérstaklega nefna í þessu sambandi þá gjörbreytingu sem orðið hefur á varðandi höfuðstað Norðurlands. Vorið 1974 var talið í þessari skýrslu iðnrh. að Akureyri mundi ekki geta fengið hitaveitu, heldur væri á rafhitunarsvæði. Nú liggur hins vegar fyrir eftir nýjustu rannsóknir og boranir að það er öruggt að Akureyri muni geta fengið hitaveitu.

Þannig er sem betur fer um marga aðra staði. Sem dæmi má nefna Vestfirði, þar sem hefur verið talið að væru mjög takmarkaðir möguleikar til hitaveitna. Þar hafa þeir stóraukist við síðustu boranir. Austurland er eitt af þeim svæðum sem þarf á næstunni að kanna rækilega. Þar hafa menn ekki verið bjartsýnir á að unnt yrði að finna jarðhita sem nægði að nokkru ráði til hitunar með jarðvarma, en menn hafa séð að svo miklar breytingar hafa orðið frá fyrri skoðunum og áætlunum í þessu efni að allt verður þetta kannað til hlítar. Ég vil því undirstrika að það er hagsmunamál og áhugamál þeirra, sem búa við olíuhitun, hvort tveggja að fá nokkurn stuðning til að greiða niður olíukostnaðinn, en um leið að varið sé nokkru fé til að reyna að hraða þessum rannsóknum og könnun og undirbúningi hitaveitna.

Ég vil svo í þessu sambandi einnig nefna það, að gert er ráð fyrir að af því fé, sem Orkusjóður fær í þessu skyni, fari nokkuð til rannsókna og nokkuð beinlínis til framkvæmda við hitaveitur. Í sambandi við það síðast nefnda vil ég taka fram að á s. l. sumri hreyfði ég því í ríkis-

stj. og átti raunar tal um það við forráðamenn Lánasjóðs sveitarfélaga að eðlilegt væri að fjármögnun hitaveitna sveitarfélaganna gengi miklu meir um hendur Lánasjóðs sveitarfélaga en verið hefði, jafnvel að sá lánasjóður yrði miðstöð fyrir þessa fjármögnun. Þess vegna tel ég mjög eðlilegt að það af þessu fé, sem ætlað verður til hitaveitufram kvæmda, gangi um hendur Lánasjóðs sveitarfélaga. Það er aðeins framkvæmdaratriði og út af fyrir sig ekki þörf á að festa það í lögum.

Ég vil svo aðeins að lokum þakka meiri hl. n. og hv. formanni og frsm. fyrir það, hvernig þeir hafa leyst af höndum það vandasama starf, sem hér hefur verið unnið, og vænti þess að hv. d. afgr. málið eins og meiri hl. n. hefur lagt til.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 372 felld með 11:6 atkv.
— 371 samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
3.—5. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Efri deild, 64. fundur.

Miðvikudaginn 25. febr., að loknum 63. fundi.

Ráðstafanir til að draga úr áhrifum oliuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl., frv. (þskj. 374). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 64. fundur.

Miðvikudaginn 25. febr., kl. 2 miðdegis.

Lífeyrissjóður Íslands, frv. (þskj. 301). — Frh. 1. umr.

Flm. (Guðmundur H. Garðarsson): Herra forseti. Ég vil byrja með því að þakka fyrir góðar undirtektir við frv. það, sem hér er til umr., af hálfu þeirra þm., sem tóku til máls um það í umr. í gær.

Þegar þetta frv. átti að afgreiða til n. kom upp nokkur ágreiningur, að vísu ekki undir umr., heldur áður en hún hófst, um það til hvaða n. ætti að vísa frv. Það kom til álita að frv. færi annaðhvort til heilbr.- og trn. eða fjh.- og viðskn., þar sem segja má að mál það, sem hér er til umr., sé tvíþætt, annars vegar er um að ræða atriði sem eru fjármálalegs eðlis og hins vegar atriði sem eru tryggingalegs eðlis.

Samkv. auglýsingu um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 96 frá 31. des. 1969, 5. gr., á fjmrn. að fara með mál er varða lífeyrissjóði. Í sömu reglugerð segir einnig í 7. gr. að heilbr.- og trmn. fari með mál er varða hvers konar tryggingar og vátryggingarstarfsemi. Að athuguðu máli leyfi ég mér að líta þannig á að mál það, sem hér um ræðir, heyri undir fjh.- og viðskn. og leyfi mér, herra forseti, að leggja til að frv. verði vísað til þeirrar nefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 21 shlj. atkv.

Flugvallagjald, frv. (þskj. 350). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á Mathiesen): Herra forseti. Í fjárl. fyrir árið 1976 er gert ráð fyrir, að tekjur ríkissjóðs af flugvallagjaldi nemi 235 millj. kr. á þessu ári. Ég gerði grein fyrir því við 1. umr. fjárl. að til þess að sú áætlun stæðist yrði að framlengja gildistíma lagaákvæðanna um flugvallagjald, en þau renna út um næstu mánaðamót.

Flugvallagjald var sem kunnugt er sett með lögum nr. 11/1975, um ráðstafanir í efnahags- og fjármálum. Tilgangur þeirra lagaákvæða var lagt á sem liður í þeim almennu ráðstöfunum í efnahagsmálum sem gerðar voru þá, en hins vegar til þess að þeir, sem um flugvelli ferðuðust, greiddu eitthvert gjald fyrir þá þjónustu sem þar er veitt.

Flugvallagjald það, sem nú er innheimt, nemur 2500 kr. fyrir hvern fullorðinn farþega frá Íslandi til annarra landa, en vegna ferða innanlands hefur gjaldið almennt numið 350 kr. fyrir fullorðna, þó þannig að lægra gjald er innheimt vegna ferða til og frá öðrum flugvöllum en í Reykjavík og Keflavík.

Með frv. því, sem hér er til umr., er lagt til að flugvallagjaldið frá Íslandi verði framlengt ótímabundið, en verði lækkað verulega frá því sem nú er. Lagt er til að gjaldið verði fyrir utanferðir 1500 kr. í staðinn fyrir 2500 kr. og verður þá gjaldið eftir þessa breytingu hliðstætt sams konar gjöldum í nágrannalöndum okkar. Í farþegaflugi innanlands og til Færeyja og Grænlands er hins vegar lagt til að flugfélögunum verði gert að greiða 200 kr. fyrir hvern farþega. Flugfélögunum er heimilt að hækka verð farmiða í innanlandsflugi sem gjaldinu nemur og skal gjaldið vera ósérgreint í farmiðaverðinu. Noti flugfélögin heimild sína til að hækka farmiðaverð sem gjaldinu nemur mun farmiðaverð, eins og það er í dag til og frá Reykjavík, lækka um 150 kr. við þessa breytingu. Í þessu sambandi leyfi ég mér að benda á að áætlaðar tekjur ríkisins af flugvallagjaldi í innanlandsflugi voru áætlaðar 40 millj. kr.

Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til að fjölyrða um frv., vísa til grg. og legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. Ég leyfi mér að vona að hv. n. og hv. þd. sjái til þess að þetta frv. verði að lögum fyrir n. k. mánaðamót.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Vegna þess að við eigum ekki fulltrúa í þeirri hv. þn. sem þetta mál mun fara til og fá umfjöllun í, þá vil ég nú strax við 1. umr. segja um það nokkur orð.

Ég er fyrir mitt leyti samþykkur því sem hér er lagt til um lækkun á flugvallagjaldi. En það, sem ég vildi fyrst og fremst koma á framfæri nú strax við 1. umr., er að ég tel eðlilegt að þeir fjármunir, sem inn koma vegna þessa gjalds, séu notaðir til þess að byggja upp aðstöðu vegna flugmálanna hér á landi. Nú er öllum hv. þdm. kunnugt að það er síður en svo að viðhlítandi hafi verið gert í sambandi við flugreksturinn, öryggismál fyrst og fremst og annað sem tilheyrir flugrekstri, nú hin síðari ár. Meira að segja var það svo við afgreiðslu fjárl. fyrir árið 1976, að þá var yfirlýst af hálfu flugmálayfirvalda að með þeim naumu fjárveitingum, sem skammtaðar voru á fjárl. ársins 1976 til flugmála, væri bersýnilegt að loka þyrfti mörgum flugvöllum úti á landi vegna fjárskorts til rekstrar flugvalla. Þetta er að mínu viti mjög alvarlegt mál, og ég tel að það sé í raun og veru mjög eðlilegt að tekjur, sem innheimtar eru á þennan hátt, með sérstöku gjaldi vegna flugsins, renni til þess að byggja upp þessa aðstöðu, sem er í sívaxandi mæli mjög áhrifamikil fyrir allar samgöngur hér á landi, ekki síst að því er varðar landsbyggðina. Sumir landshlutar eiga svo til allt undir flugsamgöngum. Það er því mjög áríðandi og nauðsynlegt að gerðar séu ráðstafanir til að sjá fyrir tekjum vegna þessarar starfsemi.

Ég vildi koma þessu á framfæri strax nú við 1. umr. Ég vænti þess að hv. n., sem málið fær til umfjöllunar, skoði þetta og leyfi mér að vænta að nm. þeirrar n. séu mér sammála í því að eðlilegast sé að þessar tekjur renni til uppbyggingar varðandi flugmálin hér á landi. Ég vil ekki nú strax við 1. umr. flytja um þetta till., en vil segja það strax við umr. að ef engin slík till. kemur fram eða málið verður ekki tekið upp þannig í n., þá mun ég að öllum líkindum flytja brtt. um það við 2. umr. málsins.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég vil gjarnan vekja athygli á því og undirstrika það, sem ég sagði í ræðu minni áðan, að við gerð fjárl. er gert ráð fyrir þessum tekjum til ríkissjóðs ómörkuðum, þannig að í því tilfelli, sem hér um ræðir, held ég að það sé ekki unnt að framkvæma þá hugmynd sem hv. þm. vék að í ræðu sinni áðan. Það er að sjálfsögðu hugmynd um það með hvaða hætti skuli nýttar þær tekjur sem skattborgararnir greiða, ef um er að ræða markaða tekjustofna í hverju einstöku tilfelli. Ég er andvígur því og tel að það sé ekki rétt stefna í sambandi við tekjustofna ríkissjóðs að þeir séu markaðir um of. Vel má vera að undir vissum kringumstæðum sé það réttlætanlegt, en regla held ég að ætti þar aldrei að koma til.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Í útvarpsfréttum í gærkvöld var frá því skýrt að tvær breskar freigátur hefðu ráðist að íslenskum varðskipum með nokkuð sérstökum hætti og á hættulegri hátt en dæmi eru til um áður í þeirri deilu sem nú stendur yfir við breta. Það var einnig skýrt frá því að breskt herskip hefði jafnvel farið inn fyrir 12 mílna landhelgismörkin, sem þau munu ekki hafa gert allt fram að þessu, til þess að reyna að koma þar fram árásum sínum. Hér er auðvitað um mjög alvarlega atburði að ræða sem kalla á andsvör af okkar hálfu og það fljótt. Í tilefni af þessu vil ég beina þeirri fsp. til hæstv. ríkisstj. eða þeirra ráðh., sem hér eru staddir, hvort ríkisstj. hafi ekki rætt um þessa atburði á fundi sínum og hvort hún hafi ekki tekið ákvarðanir um viðbrögð af okkar hálfu þegar jafn alvarlegir atburðir gerast eins og þessir.

Það er skoðun mín að það sé mikil nauðsyn á því að bregðast fljótt við í slíkum tilfellum og svara á þann hátt sem tekið verður eftir, ekki með þeim gömlu, formlegu mótmælum sem hafa ekkert gildi eins og komið er, heldur með beinum aðgerðum af okkar hálfu.

Ég tel að vegna þess að hér er um beina árás að ræða af herskipaflota NATO, breska hluta þess flota, þá væri sjálfsagt af okkar hálfu að kalla heim sendiherra okkar hjá NATO tafarlaust og lýsa því jafnframt yfir að við slítum öllu samstarfi við það bandalag á meðan það líður herskipum frá einu af bandalagsríkjunum að halda uppi slíkum árásum eins og hér er um að ræða. Ég efast ekkert um að slík viðbrögð af okkar hálfu mundu vekja athygli og eflaust hafa talsvert mikið gildi.

Ég tel líka að það væri rétt af okkar hálfu að tilkynna að ef bresku herskipin yrðu ekki dregin út úr 200 mílna fiskveiðilandhelgi okkar tafarlaust, þá mundum við fylgja þessu eftir með því að loka fyrir alla aðstöðu NATO hér á landi, við mundum loka þeim herstöðvum sem NATO hefur hér. Það er í rökréttu framhaldi af því sem gert hefur verið, og þá yrði yfirmönnum bandalagsins ljóst hvernig við metum árás af þessu tagi.

Það er allt of mikil hætta sem því fylgir ef hæstv. ríkisstj. lætur dragast úr hömlu að bregðast á réttan hátt við slíkum atburðum sem þessum. Þá er verulega mikil hætta á því að árásir af þessu tagi haldi áfram á miðunum. Og sé það rétt, sem sagt hefur verið, að yfirmenn herskipanna gefi það opinberlega út að þeir hafi fengið frjálsar hendur um aðgerðir sínar á fiskimiðunum gagnvart íslensku landhelgisgæslunni, þá er það út af fyrir sig mjög alvarlegt, því að það að herskipin hafi fengið frjálsar hendur til aðgerða, slíkt getur ekki komið til nema yfirmenn þeirra, sem stjórna flotanum, þ. e. a. s. breska ríkisstj., hafi heimilað slíkt og í slíku felst eflaust að það eigi að ganga mun harðar fram en gert hefur verið til þessa.

Þetta kallar auðvitað á viðbrögð af okkar hálfu, — viðbrögð sem ekki mega vera nafnið tómt.

Ég beini þessum fsp. til hæstv. ríkisstj., hvort

hún hafi ekki á fundi sínum rætt um þessa alvarlegu atburði og hvort hún hafi tekið ákvarðanir um viðbrögð af okkar hálfu og hvaða viðbrögð það séu þá og hvort hún telji ekki eðlilegt að grípa m. a. til þeirra ráða sem ég hef bent hér á.

Það komu á ný fréttir nú í hádegisútvarpi um að þessum árásum bresku herskipanna, mjög dólgslegum árásum þeirra væri haldið áfram gagnvart okkar varðskipum, svo að það er sýnilegt að allt bendir til þess að bretar ætli sér hreinlega að taka gæsluskip okkar úr umferð, sökkva þeim eða gera þau óstarfhæf.

Ég legg á það áherslu að hér er í rauninni um annað mál að ræða en okkar eiginlegu fiskveiðideilu við breta. Hér er um það að ræða að eitt af NATO-ríkjunum sendir herskip á hendur okkur og virðir hér engar reglur. Það er ekki aðeins að almennar siglingareglur séu þverbrotnar, heldur það að þau landhelgismörk sem virt hafa verið til þessa, nú er farið að neita að virða þau. Hvað á þetta lengi að halda áfram án þess að við bregðumst við á eðlilegan hátt gagnvart svona herskipaíhlutun?

Ég vil nota þetta tækifæri um leið til að spyrjast fyrir um það, hvað sé rétt í frétt sem kom í einu dagblaðanna nú í morgun um að nú væri beðið eftir viðbrögðum íslensku og bresku ríkisstj. við ákveðnum till. sem utanrrh. norðmanna hafi gert til lausnar á landhelgisdeilunni. Er hér rétt frá skýrt? Hefur ríkisstj. fengið till. frá norska utanrrh. um þetta efni? Hefur ríkisstj. rætt þær till.? Eða verða þær ræddar á fundi utanrmn. og landhelgisnefndar nú strax eða mjög fljótlega? Hvað vill hæstv. ríkisstj. upplýsa hér um þennan þátt málsins?

Ég vil vænta þess að hæstv. ríkisstj. sjái sér fært að svara þessum fsp. mínum eftir því sem aðstæður eru til á þessum fundi.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég skal svara að nokkru leyti þeirri fsp. sem hv. þm. Lúðvík Jósepsson bar hér fram, en önnur atriði hennar standa nær öðrum ráðh. en mér.

Það er vissulega rétt sem hann sagði, að í gær var gerð mjög fólskuleg og allra fólskulegasta árásin á varðskip sem gerð hefur verið til þessa. Það er líka rétt sem hann sagði, að herskipin hafa fengið nýjar skipanir um að þyrma í engu varðskipunum. Þessu verður af landhelgisgæslunnar hálfu svarað á þann veg sem í hennar valdi stendur, að reyna að gera það sem unnt er áfram til að hindra veiðar togaranna, og verður í engu slakað til. Sem betur fer eru sárin á Þór ekki meiri en svo að hann verður ekki lengur óvígur. Ég geri ráð fyrir að hann geti farið aftur á vígstöðvarnar í dag. Þá verða fjögur varðskip á þessum slóðum og þau munu gera það sem hægt er. En hitt hefur líka heyrst, sem reyndar hefur alltaf verið vitað, að bretar hafa ráð á fleiri skipum en þeir hafa haft hingað til og ætla að bæta við einu herskipi, að því er þeir segja, einmitt af því að varðskipin séu nú fleiri á þessum slóðum en áður fyrr. Það er því mjög hætt við því að við verðum að horfast í augu við þá staðreynd, að þó að við fjölgum varðskipum, þá geta þeir sjálfsagt bætt við nýjum skipum.

En það verður áfram haldið og er í fullri athugun nú hvernig efla má gæsluna þannig, að hún geti mætt þeim nýju viðbrögðum sem koma fram af hálfu breta. Það eru bretar sem þannig setja mun meiri hörku í þessa deilu en áður.

Það var spurt að því hvort ríkisstj. hefði rætt þetta eftir að þetta hefði átt sér stað. Svarið við því er nei af þeirri einföldu ástæðu að það hefur ekki verið ríkisstjórnarfundur síðan.

Ég ætla ekki að fara út í þær ábendingar sem hv. þm. setti hér fram varðandi önnur úrræði sem e. t. v. kynnu að vera tiltæk til þess að hafa áhrif í þessari deilu. En eins og ég sagði áðan, þá hafa bretar hert þessa deilu, og það er rétt að þeir beri ábyrgðina á því. Og ég verð að segja það, að ég tel þá menn blinda sem sjá ekki hvað skrifað er á vegginn sem afleiðing af þessu.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég var ekki viðstaddur þegar hv. 2. þm. Austurl. kvaddi sér hljóðs og hlýddi því ekki nema á lokaorð hans, en hann beindi til ríkisstj. þeirri fsp., sem reyndar hefur verið svarað af hæstv. dómsmrh., hvort ríkisstj. hefði fjallað um síðustu atburði. Svarið er neitandi. En ríkisstj. mun vitaskuld ræða þau atvik og þá atburði, sem áttu sér stað á miðunum í gær og í morgun, og fjalla þá um þær ráðstafanir sem tiltækilegt er að grípa til nú þegar í tilefni þeirra. Ég tel sjálfsagt að taka þá atburði upp af hálfu okkar og kynna þá og kæra gagnvart öðrum aðildarríkjum í Atlantshafsbandalaginu og tel sjálfsagt að fastafulltrúi okkar flytji það mál. Það eru tímamót að þessu leyti ef bretar eru með nýjum fyrirskipunum að koma af stað orrustu sem er á alvarlegra og hættulegra stigi en hún þó hefur verið, og hefur okkur þó fundist nóg um.

Ég vil þá líka svara þeirri fsp. að ríkisstj. hefur ekki fjallað um hugmyndir Frydenlunds utanrrh. norðmanna. Það, sem við vitum best um þær, er að það sé e. t. v. of sterkt að tala um að um till. sé að ræða á þessu stigi málsins, heldur hugmyndir sem leitað er undirtekta við innan Atlantshafsbandalagsins og því að mínu viti ekki tilefni af okkar hálfu að svara þeim nú þegar. Þar af leiðandi hefur ekki sérstakur ríkisstjórnarfundur verið haldinn til að fjalla um þær, en vitaskuld verður um þær rætt á ríkisstjórnarfundi og í framhaldi af því, ef þetta verður eitthvað annað en hugmyndir, einnig í utanrmn. og e. t. v. landhelgisnefnd.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þessa atburði frekar á þessu stigi málsins. Ég vil þó taka það fram að atburðir slíkir sem þessir gátu ávallt átt sér stað. Okkur hefur verið ljós sú hætta sem er á miðunum. Þau þáttaskil, sem hér er um að ræða, eru hins vegar fólgin í beinum fyrirskipunum breskra stjórnvalda sem við höfum e. t. v. ekki sönnur á aðrar en þær blaðafregnir sem birst hafa og verið gerðar opinberar í fjölmiðlum.

Það er sjálfsagt að kynna þáttökuríkjum Atlantshafsbandalagsins og e. t. v. fleiri al-

þjóðasamtökum þetta viðhorf breta sem lýsir fádæma virðingarleysi fyrir mannslífum, — slíku virðingarleysi sem verður kröftuglega að mótmæla og mæta á alþjóðavettvangi svo að þeir láti af slíkri ósvinnu.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég vil fyrst þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svör hans hér og einnig hæstv. forsrh., — hæstv. dómsmrh. fyrir að hann lýsti því hér yfir að það yrði í engu slakað á okkar landhelgisgæslu, heldur væri nú unnið að því að athuga um eflingu hennar og það tel ég út af fyrir sig rétt. Ég vil líka leyfa mér að skilja ummæli hans í lok hans máls, þar sem hann sagði að hann teldi þá menn vera blinda sem ekki sæju hvað skrifað væri á vegginn í þessu máli, þannig að þar komi fram mjög alvarlega hótun frá íslensku ríkisstj. í sambandi við hugsanlegar aðgerðir hennar, þó að ég hafi ekki aðstöðu til þess að ráða nákvæmlega hvað þarna er á bak við. Ég hlýt þó að skilja þetta þannig að hér sé um þýsna alvarlega hótun að ræða. En hún mætti gjarnan koma fram nokkru skýrar að mínum dómi til þess að þeir skilji hvað fyrir okkur vakir sem þurfa að skilja það mál.

Ég verð að segja það, að mér þykir heldur miður að hæstv. ríkisstj. hefur ekki enn þá fundið tíma til að ræða slíka atburði eins og þá, sem gerðust í gær á fiskimiðunum. Ég tel það, eins og ég sagði áður, mikinn veikleika og í því felist viss hætta af okkar hálfu að geta ekki brugðist fljótt við þegar slíkt gerist eins og það sem gerðist í gær og aftur í dag á miðunum. Slíkir atburðir kalla á skjót viðbrögð og að sjálfsögðu á réttar aðgerðir. Ég tel að það sem kom fram hjá hæstv. forsrh. um að þetta mál verði tekið upp í fastaráði NATO og málið verði kært þangað, allt slíkt sé í rauninni ekkert annað en hégómin einn. Það er búið að eltast svo lengi við slíkar leiðir, slíkar aðfarir, að við vitum að þær gera ekkert gagn. Hér þarf aðgerðir af okkar hálfu, og við vitum vel að við getum gripið til ýmiss konar aðgerða sem eflaust yrði tekið tillit til.

Hæstv. forsrh. svaraði því hér til að hann teldi að hér væri ekki um beinar till. hjá utanrrh. norðmanna að ræða til lausnar á deilunni, heldur lauslegar hugmyndir, — hugmyndir sem fyrst og fremst væri verið að fjalla um innan NATO, eftir því sem ég skildi hans mál, og ekki væri hægt að tala um að lægju fyrir íslensku ríkisstj. til ákvörðunartöku. En fréttin, sem ég vitnaði til, var um það samkv. símtali, sem skýrt var frá í einu blaðanna, einmitt við höfuðstöðvar NATO í Brüssel, að þeir á þeim stað teldu sig nú bíða eftir viðbrögðum íslensku ríkisstj. og þeirrar bresku við þessum hugmyndum. En ég vil láta það koma fram í þessu sambandi að eitt af því, sem ég tel líka allt of veikt í framkomu okkar í slíkum átökum eins og yfir standa, sé þegar í sífellu er verið að ræða um samningagerð við árásaraðilann, í hvert skipti sem hann greiðir okkur nýtt og nýtt högg. Þegar bretar taka hér upp alveg ný vinnubrögð, ósvífnari en áður, þá segja menn: Nú erum við að athuga um nýjar hugmyndir um samninga. — Þetta þýður að mínum dómi hættunni heim. Bretar trúa því þá enn að þeir geti knúið okkur til samninga, þeir geti lamið okkur til hlýðni, og það sama er auðvitað uppi á teningnum ef við bíðum óhæfilega með okkar viðbrögð, okkar svör, þegar slíkir atburðir gerast. Það býður aukinni hættu heim.

Ég endurtek það sem ég hef sagt hér áður, að ég beini því til hæstv. ríkisstj. að hún taki þessi mál alvarlegum tökum, hún leiti eftir samstarfi einnig við stjórnarandstöðuna um hvað eigi að gera, til þess að sem mest samstaða geti verið okkar megin um aðgerðir í málinu, hafi fullt og náið samráð við utanrmn. Alþ. og landhelgisnefnd og reynt verði sem sagt að fá samstöðu um þær aðgerðir sem gripið verður til. Ég hef lýst mínum hugmyndum, og ég efast ekkert um að það er mikill meiri hluti landsmanna sem gerir kröfu um að við beitum þeim ráðum sem ég hef minnst á, vegna þess að menn trúa því að þau ráð mundu gera gagn í deilunni.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég vil undirstrika það mjög sterklega, sem hér hefur komið fram, að þau tíðindi, sem nú berast af hafinu fyrir austan landið, eru mjög alvarleg. Þegar farið er að tala um það hér að fram undan sé orrusta á hafinu úti fyrir Austurlandi, þá vona ég að menn geri sér allir ljóst hvað það þýðir og hvaða aðstöðu sjómenn okkar, sem þar eru, hafa, miðað við þá sem á móti þeim standa. Það eru auðvitað geigvænleg tíðindi ef bresku skipstjórarnir, sem voru nógu slæmir fyrir, hafa fengið skipanir um að ganga harðar fram en þeir hafa þó gert hingað til. Svo virðist þó eftir fréttum, og er það vafalaust af því að varðskipunum hefur undanfarna daga tekist að skera aftan úr allmörgum togurum.

Við höfum nokkrum sinnum í þessu þorskastríði heyrt frásagnir víðfrægra blaða erlendra sem sum hver, eins og Times í London, njóta heimsvirðingar fyrir það að vera áreiðanleg fréttablöð og gæta fyllstu óhlutdrægni og alvöru í fréttum sínum, og við getum ekki betur séð en að frásagnir í slíkum blöðum séu þveröfugar við það sem hefur gerst. Nú hefur þetta komið fyrir aftur, og verð ég að segja að það hefur snúist til hins verra eftir að okkur hafði tekist að sækja á í þessu fréttastríði. Ég tel að það sé mjög mikilvægt, ekki síst ef búast má við jafnvel alvarlegri árekstrum á næstunni, að við slökum ekki á því að koma á framfæri sem skjótustum og réttustum upplýsingum einhvern veginn. Við verðum þá að fara fram hjá bresku pressunni ef búið er að sjá svo um að hún segi fréttirnar ekki á sannan hátt, heldur á breskan hátt og láta sér nægja að prenta það sem talsmenn flotamálaráðuneytisins í London segja þessum blöðum.

Það er augljóst af fréttum í morgun að bretar hafa það fram yfir okkur að það eru ljósmyndarar í skipum þeirra og þeir hafa tæki til að senda myndirnar þráðlaust frá skipunum til lands. Hér er ekki um að ræða mjög fyrirferðarmiklar eða dýrar fréttaframkvæmdir, hvorki ljósmyndarana né þessi tæki. En aðstaða okkar er sú að myndir af þessum árekstrum eru ekki einu sinni komnar til Reykjavíkur enn þá. Ég vil beina því til hæstv. ríkisstj. að það verði haldið áfram að fylgja mjög eftir á þessu sviði

ekki síður en sviði hinna raunverulegu aðgerða landhelgisgæslunnar, því að verði áframhald á árekstrum og komi fyrir enn alvarlegri árekstrar en hingað til hafa orðið, þá er mikilvægara en nokkru sinni að okkur takist að koma á framfæri erlendis sannleikanum um það hvernig þessir árekstrar hafa gerst.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég ætla ekki að tala langt mál, vek þó athygli á því að ég tók ekki eftir því að hv. formaður Alþfl. minntist í ágætri ræðu sinni áðan á möguleika þá sem hér hefur verið bent á að séu þeir einu sem mundu hrifa verulega í átökunum við breta, en það er að við kölluðum sendiherra okkar heim frá aðalstöðvum NATO og lýstum yfir að áframhald á þessu hlyti að leiða til þess að við færum úr NATO og við mundum loka fyrir aðstöðu NATO hér á landi. Ég sakna þess að formaður stjórnmálaflokks láti við þessar kringumstæður í ljós ákveðna afstöðu til svo þýðingarmikils máls.

Aðalerindi mitt hingað í stólinn að þessu sinni var að inna hæstv. dómsmrh. nánar eftir því sem hann sagði í lok ræðu sinnar. Hv. þm. Lúðvík Jósepsson hefur drepið á það, en bent jafnframt á að þar væri ekki mjög skýrt að orði kveðið. Hins vegar gætu menn velt því fyrir sér, hvað þetta táknaði, og hann lét í ljós ákveðna skoðun um það. Ég tek nú undir það, en tel að einfaldast sé að hæstv. dómsmrh. taki af allan vafa.

Hann segir að fyrirmæli breskra stjórnvalda til herskipanna fyrir austan tákni það að þau muni engu þyrma og það séu blindir menn sem sjái ekki hvað skrifað sé á vegginn sem afleiðing af þessu. Þessa setningu mælti hæstv. ráðh. sem svar við þeim ábendingum hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar að ráðið væri það sem ég áðan nefndi varðandi NATO: sendiherrann heim, tilkynning um úrsögn og að loka yrði aðstöðu NATO hér á landi. Ég vil spyrja hæstv. dómsmrh. hvort það sé ekki rétt skilið að með þessu eigi hann við það, það sé a. m. k. hans persónulega skoðun, — látum vera afstöðu ríkisstj. í heild, það sé a. m. k. skoðun hans að þetta eigum við að gera.

Til hæstv. forsrh. vil ég einnig beina fsp. Í leiðara Morgunblaðsins í morgun, þar sem vitnað er í ræðu sem hæstv. ráðh. flutti nú nýlega, segir svo:

„Í þriðja lagi sagði forsrh. að ekki yrði gripið til aðgerða umfram þær sem þegar hafi verið teknar ákvarðanir um, en beðið árangurs næsta fundar Hafréttarráðstefnunnar sem stendur frá 15. mars til 7. maí og málin þá tekin til yfirvegunar."

Táknar þetta það að hæstv. forsrh. telji að þær aðgerðir, sem íslensk stjórnvöld hafa þegar gripið til til andsvara við aðferðum breta, séu fullnægjandi?

Karvel Pálmason: Herra forseti. Nú hefur það gerst sem raunar margir og jafnvel allir reiknuðu með, að bresk stjórnvöld, og ég endurtek það: bresk stjórnvöld virðast einskis ætla að svífast til þess að koma íslendingum á kné í þessari deilu, jafnvel ekki heldur þess að tortíma mannslífum. Frammi fyrir þessu stöndum við íslendingar nú, að það er yfirlýst stefna breskra stjórnvalda, að því er best verður séð, að þyrma engu í þeim átökum og því stríði sem staðið hefur yfir. Það er frammi fyrir þessu sem við stöndum. Mér eru það mikil vonbrigði að hæstv. ríkisstj. hefur ekki þrátt fyrir þessa alvarlegu atburði og alvarlegu yfirlýsingar af hálfu breskra stjórnvalda, sem verður að taka svo, hún hefur ekki enn rætt þá alvarlegu atburði sem gerðust á miðunum fyrir austan í gær. Ég trúi því ekki, en ég vænti þess að hæstv. forsrh. svari því hér á eftir sem hv. 5. þm. Vestf. var að spyrja um áðan, — ég trúi því ekki að það sé skoðun hæstv. forsrh. né annarra hæstv. ráðh. í ríkisstj. að það eigi ekkert að gera til andsvara gegn slíku fyrr en að lokinni Hafréttarráðstefnunni í maí. Ég tel, að það væri með ólíkindum ef slíkt hugarfar ríkti innan hæstv. ríkisstj.

Ég er sömu skoðunar og kom fram hjá hv. 2. þm. Austurl., að ég óttast að hinar harðsvíruðu árásir breskra herskipa og dráttarbáta í skjóli skipana breskra stjórnvalda séu í og með svo harkalegar að bretar telji enn að hægt sé að beygja íslendinga í þessu máli, telji það enn vegna þess hversu linlega hefur verið á málum haldið af hálfu hæstv. ríkisstj.

Nú er komið svo að jafnvel gömlu 12 mílna mörkin eru ekki lengur virt. Ég held því að það verði ekki hjá því komist að nú verði brugðist við af festu, eins og hæstv. forsrh. hefur sjálfur sagt, harkalega, og að nú sé ástæða til þess að láta á það reyna hvort kannske sá lykill einn, sem gildi í þessu máli, sé samstarfið innan Atlantshafsbandalagsins og þá kannske fyrst og fremst, eins og ég hef áður sagt, samkomulagið við Bandaríkin um varnir landsins í gegnum NATO. Það er a. m. k. kominn tími til að loka fyrir upplýsingamiðlun herstöðvarinnar á Miðnesheiði til breta sem og annarra aðila innan Atlantshafsbandalagsins meðan þeir beita slíkum vinnubrögum eins og þeir hafa gert. Og það er a. m. k. kominn tími til þess að gera bandarískum stjórnvöldum ljóst að meðan þau hafa með samkomulagi við íslendinga tekið að sér varnir landsins, þá verði það ekki liðið að slíkar árásir af hálfu eins aðildarríkis NATO séu látnar óátaldar, eins og hér hefur átt sér stað.

Ég hef sagt áður að ég teldi að þetta hefði átt að vera búið að gera. En síðustu atburðir hafa enn knúið á frekar um að hér sé tekið til höndum og árásaraðilanum sýnt fram á að það sé um tómt mál að tala að lemja íslendinga til hlýðni, þrátt fyrir þær harkalegu aðfarir og hótanir sem bresk stjórnvöld beita. Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta.

Í framhaldi af því, sem hér hefur verið minnst á norska utanrrh., vil ég aðeins spyrja hæstv. forsrh. — eða utanrrh. kannske frekar, veit þó ekki: Hefur norski utanrrh. haft þau afskipti sem hann virðist hafa haft af þessari deilu, — hefur hann haft þau með samþykki íslensku ríkisstj.? Eða ber að skilja þetta svo að það geti hver og einn einstaklingur, hvar í heiminum sem er, tekið upp málamiðlunaraðgerðir milli ríkja hvar sem er án þess að fyrir liggi nokkurt samþykki þeirra deiluaðila sem um er að ræða?

Sem sagt, eru þau afskipti, sem norski utanrrh. hefur haft af þessu máli, gerð með samþykki hæstv. ríkisstj. Íslands?

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Það er rétt sem hér hefur komið fram, að þau verða nú tíð þáttaskilin í fiskveiðideilu okkar. Fyrir nokkru ruddust bretar inn á okkar friðuðu fiskisvæði sem hingað til hafa verið virt af bretum sem okkur sjálfum. Síðan nú í gær hefja þeir árásir innan 12 mílna landhelgi, sem þó er raunar endurtekning á fyrri atburði sama eðlis.

En það, sem kom mér til að kveðja mér hljóðs hér, voru ummæli hæstv. dómsmrh. þar sem hann lýsti þeirri skoðun að það að kveðja til fleiri skip í íslenska varðskipaflotann mundi trúlega hafa lítið gildi því að bretar eiga nóg herskip til að fjölga í sínum flota á móti. Þetta er að sjálfsögðu hárrétt, það vitum við öll. En það, sem mér sýnist blasa við núna, hvort bretar ætli sér ekki hreinlega nú að gera okkar varðskipaflota, sem við eigum, algerlega óvígan, þannig að það væri ekki um það að ræða að fjölga okkar varðskipum, heldur að halda í horfinu. Það er með þessa hættu í huga sem ég tel og ég veit að við erum öll sammála um að við hljótum að leggja mikla áherslu á það að setja okkar aðgerðir í gang til þess að tryggja að við stöndum ekki uppi enn þá varnarlausari en við gerum í dag með okkar fáu varðskip og djörfu varðskipsmenn.

Ég hlýt að viðurkenna að það sló mig nokkuð undarlega er útvarpsfréttir gátu þess nú fyrir helgina að n., sem hafði verið kjörin fyrir sennilega viku til 10 dögum til þess að athuga hvað við gætum gert í þessu, að styrkja okkar varðskipaflota, hún væri ekki enn komin saman. Ég held að okkur sé nauðsynlegt allt annað í þessu máli en þessi seinagangur.

Það var talað hér um af hv. 2. þm. Austurl. að það lægi beint við að kalla heim okkar fastafulltrúa hjá NATO og í áframhaldi af því að segja okkur úr NATO. Þetta er ekkert nýtt, þetta kemur okkur ekki á óvart, slíkar yfirlýsingar. Ég er enn sem fyrr þeirrar skoðunar að við megum ekkert gera sem veiki okkur í þessari baráttu, og ég held að það mundi tvímælalaust veikja okkur ef við einangruðum okkur frá okkar bandalagsþjóðum. Það er rétt að það er þversögn í þessari baráttu allri, að aðildarþjóðir í varnarbandalagi skuli standa í hörkustríði. En ég vil líta öðrum augum á þetta mál heldur en hv. 2. þm. Austurl. Ég lít á breta í þessari deilu sem hvern annan undanvilling úr bandalagi okkar Norður-Atlantshafsbandalagsþjóða sem böðlast áfram eins og raun ber vitni nú í krafti vanmáttugrar stórveldisstefnu sem þeir vita fullvel sjálfir að muni bíða ósigur að lokum.

Hér eigum við auðvitað ekki mörg vopn, við íslendingar, vopnlaus þjóð, annað en okkar góða og sterka málstað. Og það vil ég leggja áherslu á, að við kynnum þann málstað án afláts og ekki síst núna, að við látum einskis ófreistað að gera umheimi kunnugt um hvað er að gerast nú og þá sérstaklega með þessum síðustu fólskuaðgerðum breta innan íslenskrar 12 mílna landhelgi, sem hingað til hefur ekki verið umdeild. Því tek ég sterklega undir þau ummæli, sem hér hafa komið fram, að við hljótum að beita okkur af alefli nú í upplýsingastríði okkar út á við. Það mun koma okkur til góða á Hafréttarráðstefnunni, þegar fundir hennar hefjast nú innan skamms, að þær upplýsingar hafi ekki verið geymdar á kistubotninum hjá okkur, heldur fái alheimur að vita um það. Og þá hlýt ég að lýsa því yfir, að ég tel að vettvangur Atlantshafsbandalagsins þjóni þar mikilvægum tilgangi sem við skulum ekki einangra okkur frá.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Vegna tilmæla hæstv. forseta um að við takmörkum ræðutíma, þá er ekki annað en sjálfsagt að fara eftir því. Ég get lofað hæstv. forseta því að ég skal nú við þessar umr. utan dagskrár tala miklu styttri tíma heldur en sú frú sem við fengum senda af Vestfjörðum hér um árið og fékk heilan eftirmiðdag til þess að niðurlægja Alþ. og alþm. á allan hátt.

Mér fannst sérstaklega athyglisvert í máli hæstv. forsrh. þegar hann sagði að hæstv. ríkisstj. hefði ekki fjallað um árás breta á íslenska sjómenn. Hvenær og við hvaða tækifæri er ástæða fyrir svokallaða hæstv. ríkisstj. að koma saman og ræða málin ef ekki í slíkum tilfellum, þegar ráðist er á þjóðina og þegar gerðar eru morðárásir á íslenska sjómenn? Við höfum oft heyrt það frá hæstv. forsrh. að okkur beri að sýna stillingu, við megum ekki láta taugakerfið fara í hnút, við verðum að reyna að sýna skilning og við verðum að reyna samningaleiðina, — betri eru samningar en ófriður. — Það hefði ekki orðið mikið í heimsstyrjöldinni síðari af átökum bandaríkjamanna og japana ef eftir árásina á Pearl Harbour, sem olli bandaríkjamönnum að vísu miklu tjóni, en þó ekki eins miklu og bresku herskipin hafa valdið okkur núna ef tekið er tillit til stærðar þjóðanna, ef hægt hefði verið að setjast að samningaborði við japani, hvort það væri nú ekki hægt að settla þetta í rólegheitum með því að sýna skilning, en jafnframt að líta árásina alvarlegum augum, bjóða þeim upp á 30% af stálframleiðslunni og 20% af annarri framleiðslu Bandaríkjanna, eins og til stendur nú að gera samninga við þessa bandítta úti í Englandi.

Hæstv. forsrh. talaði um að við ættum að fjalla um þetta mál á vettvangi Atlantshafsbandalagsins á diplómatískan hátt. Sannleikurinn er sá að árásir NATO-herskipanna á íslensk varðskip eru gerðar með fullri vitund og vilja NATO. Þaðan hefur ekkert jákvætt komið í okkar garð. Þessum herrum virðist þykja sjálfsagt að hernaðarstórveldi, sem var fyrir nokkrum áratugum, sýni okkur yfirgang með herskipum, — okkur sem erum algerlega vopnlaus þjóð.

Ég varð dálítið hissa þegar hæstv. forsrh. fór að minnast á hugmyndir Frydenlunds. Hver hefur beðið þennan Frydenlund að skipta sér af íslenskum innanríkismálum? Ég veit ekki til þess að það hafi nokkurn tíma komið a.m.k. fyrir hv. Alþ. að honum yrði falin nein milliganga í þessu máli. Ég get ekki séð að afskipti þessara NATO-vina okkar hafi orðið okkur að neinu leyti til góðs.

Frydenlund býðst til að annast milligöngu milli okkar og árásarmannanna og bendir á að við þurfum að gera við þá samninga. Ég get ekki séð að nokkur grundvöllur sé fyrir hinum minnstu samningum við bresku stjórnina eftir framkomu hennar að undanförnu. Við höfum ekki fengið neinn stuðning frá neinu NATO-ríki og alls ekki heldur frá Noregi. Norðmenn hefðu getað boðið okkur raunhæfan stuðning með því að lána okkur eitthvað af flota sínum til þess að mæta bretum hér á miðunum. Og það, sem kom út úr till. Luns eftir ferðalag hans til Evrópu og Ameríku, var, eins og við vissum, þess eðlis að hann kom með miklu verra tilboð en þá lá fyrir eftir viðræðurnar í London, þannig að hann hefur hreinlega haft hæstv. ríkisstj. að fíflum. Við slíkan mann eigum við alls ekki að tala meira, hvorki í þessu máli né öðrum.

Hér er sem sagt um mjög alvarlega atburði að ræða. Það er verið að reyna að sigla niður skip okkar með þeim afleiðingum sem því fylgja, að við slíka atburði hljóta íslenskir sjómenn að láta lífið ef þessu heldur áfram. Bretar hafa boðið okkur að semja, þeir séu alltaf tilbúnir hvar sem er, hvenær sem er og hvernig sem er að ræða við okkur um samninga. Þeir samningar, sem þeir bjóða, eru þannig að þeir segja: Þið skuluð semja um það sem við heimtum. Ef þið gangið ekki að okkar kröfum, þá beitum við gegn ykkur herskipum.

Hvers konar fólk er það sem býður svona samninga? Það eru byssubófar á götum úti og það eru fasistastjórnir, enda er breska ríkisstj. ekkert annað en hrein fasistastjórn, svo sem kemur fram í slíkum tilboðum og kemur einnig fram í þeirri heiftarlegu ritskoðun sem ríkir þar í landinu, þar sem ritskoðað er miskunnarlaust allt það sem er á móti þeirra hagsmunum. Sýnir það okkur og sannar einu sinni enn að það er ekkert að marka breskar fréttastofur í þeim málum sem varða hagsmuni Bretlands, hefur aldrei verið og mun ekki verða. Við vitum að einn ráðh. í bresku ríkisstj., einn fasistakratinn til, Hattersley, reynir að sverta málstað íslendinga á allan hátt, m. a. með því að skrökva því — eða ljúga því, eins og það heitir á góðri íslensku, að við hefðum valdið stórslysum á þýskum sjómönnum með togaraklippingum. Þetta voru tilbúin ósannindi og alveg í stíl við hugmyndir breskra og jafnvel annarra krata í þessum efnum. Callaghan, svokallaður utanrrh. breta, hefur hagað sér á svipaðan hátt. Hann er svo mikill ruddi í öllu því sem hann hefur sagt í þessum efnum, að Von Ribbentrop var miklu kurteisari og diplómatískari utanrrh. heldur en Callaghan getur nokkurn tíma orðið.

Við alþb.-menn höfum sagt það að fiskveiðideilan við breta tengist varnarliðinu ekki á nokkurn hátt. Við kærum okkur ekkert um að biðja þá um aðstoð í þessum efnum. Hitt er svo annað mál, að samkv. varnarsamningi, sem við höfum staðið við og þeir eiga að standa við, eru þeir skyldugir til þess að verja Ísland gegn utanaðkomandi árásum, og þar er ekki tekið fram að árásarmennirnir megi vera breskir. Bretar hafa a. m. k. tvívegis farið inn fyrir okkar lögsögu, okkar fjögurra mílna línu. Þeir gerðu það í Seyðisfjarðarmálinu. Þá aðhafðist varnarliðið ekkert þó að því bæri tvímælalaust skylda til þess. Það er hluti af Íslandi. Þeim bar skylda til þess að sökkva Leoydsman samkv. samningnum. Þyrla frá herskipinu Yarmouth flýgur inn fyrir þessa sömu línu samkv. útvarpsfréttum. Þá átti varnarliðið líka að grípa í taumana og ráðast alveg umsvifalaust á bæði þyrluna og Yarmouth. Þetta eru þeir samningar sem þeir hafa gert við okkur, og það erum ekki við einir sem eigum að standa við gerða samninga milli ríkja, sem ég tel sjálfsagt að gera, það verða þeir líka að gera.

Ég vildi leyfa mér að spyrja hæstv. utanrrh., — hann er víst ekki við hér, þá þýðir víst ekki að spyrja neinn, — en ég vil þá aðeins segja það, að ég sé ekki nokkur skynsamleg rök fyrir því að við getum verið í bandalagi með einu óvinunum okkar sem eru raunverulegir óvinir og hafa beitt okkur hernaðarofbeldi. Mér þætti forvitnilegt að heyra það frá einhverjum hv. þm. hvaða rök geti verið fyrir því að við séum í bandalagi með þeim sem ráðast á okkur með hernaðarofbeldi hvað eftir annað. Þetta er ekki í fyrsta skipti. Ef þetta væri í fyrsta skipti, þá væri kannske hægt að fyrirgefa þessum vesalingum vegna þess að þeir viti ekki hvað þeir séu að gera. En þeir vita vel hvað þeir eru að gera. Og á sama hátt og eftir því sem ég sagði áðan, þá sé ég ekki heldur nein rök fyrir því að við höfum hér varnarlið sem grípur ekki inn í þó það litla sem þetta mál snertir sem þeir hafa heitið að gera samkv. samningi.

Hæstv. dómsmrh. sagði hér fyrir stuttu að það væri búið að skipa n. til þess að kanna hvernig væri best að efla landhelgisgæsluna. Það var líka skipuð n. til þess að kanna þessa hluti fyrir nokkrum mánuðum, hvernig við gætum eflt landhelgisgæsluna, og eftir mikil heilabrot allra þessara sérfræðinga komust þeir að því að það, sem kæmi okkur að mestu gagni væntanlega væri að kaupa eins og eina farþegaflugvél á móti herskipunum. Sannleikurinn er sá að okkur vantar miklu betri búnað. Okkur vantar hraðskreitt skip, sem gengur miklu meira en freigáturnar, til þess að geta klippt aftan úr breska fiskveiðiflotanum á svipaðan hátt eins og gert er hér á stærri rakarastofum, þ. e. a. s. það væri hægt að klára ganginn fyrir hádegi. En ef bretar hafa nú frjálsar hendur, þannig að þeir geti siglt skip okkar niður meðan við keppumst við að sýna stillingu í málinu og ætlum að skoða málin og megum ekki styggja vini okkar og bandamenn sem skjóta á okkur úr byssum, þá þurfum við annað. Við þurfum að fá a. m. k. 5 stóra tundurspilla, við höfum nógan mannskap á þá. Ég get ekki séð nokkur vandkvæði á því að manna þessi skip. Hvað haldið þið að bretar gerðu, ef þeir sæju fjóra 5—6—7 þúsund tonna tundurspilla hér á miðunum? Haldið þið að þeir færu að skjóta á okkur? Nei, bretar hafa aldrei þorað að senda flota sinn móti neinum öðrum en þeim sem hafa miklu minni eða helst engan útbúnað. Ef við kynnum okkur sögu breska flotans nú á þessari öld, þá getum við svo sem skoðað Gallipoli-ævintýrið, Narvíkurævintýrið, Dunkerque-ævintýrið og hvert svo sem er. Ís-

lenska ríkisstj. ætti sérstaklega að geta skilið það hver viðbrögð breta verða þegar þeir sjá þessi herskip, ósköp einfaldlega vegna þess að bretar eru gungur og hugsunarhátt þeirra manna ætti hún að skilja mjög vel.

Það hneyksli hefur viðgengist hér marga mánuði að bretar hafa notað þotur til njósnastarfa. Við eigum engan mótleik gegn því nema við höfum þotu líka. Það dugar ekki að senda Fokker F-27 farþegaflugvél til þess að fylgjast með þotunni. Hún sendir allar sínar upplýsingar þrátt fyrir það. Við þurfum ekki annað en 1—2—3 þotur, sem fljúga álíka hratt, til þess að ýta þessari flugvél burt. Þær eru til hér á landinu, og ef þær fást ekki lánaðar, þá er sjálfsagt hægt að útvega þær annars staðar frá og þarf ekki að borga þær út í hönd.

Það er staðreynd, að við getum ósköp lítið gert með þessum hæggengu skipum okkar sem ekki eru einu sinni útbúin í upphafi til þess að geta snúist á miðunum eins og þau þyrftu. Sérfræðingar ríkisstj. og Landhelgisgæslunnar í sambandi við útbúnað skipa hafa ekki skilið það m. a. að hliðarskrúfur, bógskrúfur, hafa ósköp lítið að segja á skipum á fullri ferð. Það eina sem dugar, og það vitum við sjómenn, er að hafa stór stýrisblöð aftan við hverja skrúfu eða þá hjálparskrúfu á stýrinu sjálfu. Allar bógskrúfur og annað slíkt eru einungis til þess að snúa skipi á hægri ferð eða þegar það er stansað. Þetta hefðu þessir menn átt að vita. En sjóliðsforingjar menntaðir í Danmörku fyrir lifandi löngu hafa lært herfræði danska flotans frá 19. öld og haft það fyrir aðallærdóm að pússa fallbyssur, þeir skilja þetta ekki. Það skilja þeir sem hafa þurft að standa í því sjálfir að snúa skipum á þröngu svæði.

Ég get ekki séð annað en við verðum að leita eftir tundurspillum frá þjóðum sem hafa þó það glöggt auga og þann skilning að þeim finnist ekki sanngjarnt að við séum að mæta bretum með ekkert í höndunum á meðan bretar eru með fimm herskip á miðunum. Og við eigum ekki að ljá þeim aðstöðu á Íslandi ef þau vilja ekki láta okkur hafa herskip, þ. e. a. s. ef við ætlum að vera í einhverju hernaðarbandalagi áfram. En alla vega ættum við að sýna bretum hnefann í þessu. Og ég er ekki í nokkrum vafa um að þeir yrðu fljótir að bregða sér út fyrir ef þeir sæju einhverja mótstöðu hér. Við eigum að sjálfsögðu að ganga úr NATO. Það er svo ósköp eðlilegt og sjálfsagt að það kemur ekki til mála að þurfa að rökstyðja það nánar. Það eru NATO-herskip, sem hafa verið að skjóta á okkur hér eða keyra á okkur, og með það höfum við ekkert að gera. Við eigum a. m. k. að loka þessari herstöð þangað til við fáum þá hernaðaraðstoð sem okkur dugar. Og síðast en ekki síst vil ég benda hæstv. dómsmrh. á það, að við getum fært landhelgi okkar út í 12 mílur, sem ég tel að sé mikilvægt meðan við eigum í átökum við breta.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég verð nú að lýsa furðu minni á því hvers konar samkoma Alþingi íslendinga er að verða. Á meðan sjómenn okkar á varðskipunum eiga í lífshættulegu stríði við erlend innrásaröfl, þá eru þeim sendar þær „trakteringar“ héðan frá Alþ. að ræða málin í jafnmiklu alvöruleysi og gert var hér áðan og hálfur þingheimur situr hérna hlæjandi að. Hér er ekki um neitt gamanmál að ræða, ekki mál til þess að hlæja að, ekki mál til þess að reyta úr sér brandara um rakarastofur og Ribbentrop. Svona framferði er bæði hv. þm., sem hér talaði, og þeim þm., sem bregðast við eins og sumir þm. brugðust við áðan, til háborinnar skammar. Og ég vil lýsa miklum áhyggjum mínum yfir því bæði sem ungur þm. og almennur borgari hvers konar samkoma hér er að verða, þegar ekki er hægt einu sinni að ræða svona alvarleg mál eins og síðaðir menn.

Það, sem gerst hefur nú upp á síðkastið á miðunum við Ísland, eru kaflaskipti, tímamót í landhelgisdeilu okkar íslendinga. Ég held að við séum ekki viðbúnir því sem gerst hefur, einfaldlega vegna þess að við höfum vonast til þess allt frá upphafi að til þessa ástands þyrfti ekki að koma og við höfum ekki einu sinni þorað að leiða hugann að því hvað upp kæmi þegar varðskipsmenn okkar, íslenskir löggæslumenn að skyldustörfum, standa frammi fyrir því að lífi þeirra er ógnað. Ég held að það sé réttur tími fyrir okkur nú, bæði ríkisstj. og stjórnarandstöðu, að athuga í sameiningu hvaða vopn séu nú eftir í vopnabúri okkar, hvaða aðgerðir það séu sem við getum gripið til. Ég held að við ættum að láta allar væringar okkar á milli niður falla rétt á meðan og reyna að huga að þessu saman, annaðhvort á vettvangi utanrmn. eða landhelgisnefndar, reyna að ná samstöðu um hvað gert er, reyna að gera okkur grein fyrir því hvað við getum gert, reyna að gera okkur grein fyrir því hver séu líkleg áhrif þess sem við getum gripið til, hver sé gagnsemi þess, hvort þær aðgerðir geti leitt til góðs eða leiði okkur út á einhverja blindgötu.

Það hefur margoft verið tekið fram, m. a. af hæstv. utanrrh., að meðal þeirra úrræða, sem við getum vissulega gripið til, sé úrsögn úr NATO og lokun varnarstöðvarinnar. Hingað til hefur því verið haldið fram, m. a. af hv. 2. þm. Austurl. á meðan hann gegndi ráðherraembætti í síðustu ríkisstj., að landhelgismálið og varnarmálin væru tvö óskyld mál. En það getur svo farið að þau verði skyld, og það getur vel svo farið að við teljum rétt að tengja þau að einhverju leyti saman. Hins vegar verðum við að gera okkur ljóst í því sambandi að við eigum hvorki í baráttu við NATO né Bandaríkin í landhelgismálinu. Þvert á móti. Við eigum í baráttu við breta og við höfum verið að krefjast þess af bæði NATO og Bandaríkjunum að þau sýni okkur stuðning í þeirri baráttu.

Er úrsögn úr NATO og lokun herstöðvarinnar líkleg til þess að hjálpa okkur í þeirri baráttu? Þeirri spurningu verðum við auðvitað að reyna að fá svarað. Er líklegt að slíkt hafi áhrif á þá sem við eigum í styrjöld við, þ. e. a. s. breta sjálfa? Við höfum þegar slitið stjórnmálasambandi við þá. Sumir héldu að sú aðgerð mundi leiða til þess að þeir breyttu aðferðum sínum og hugarfari. Það hefur ekki orðið. Fyrst slit stjórnmálasambands við breta hafa ekki leitt til þess að þeir hafi breytt sínum hugsunarhætti, er þá líklegt að slit á sambandi við NATO mundi hafa þau áhrif á þá? Og er líklegt

að slík slit mundu verða til þess að hvetja þjóðirnar í NATO og bandaríkjamenn til frekari aðstoðar og hjálpar við okkur heldur en við höfum getað fengið með öðrum ráðum? Og við verðum líka að gera okkur grein fyrir því hvað er næsta skrefið sem við getum stigið ef við grípum til úrsagnar úr NATO og lokunar varnarstöðvarinnar og hvorug þessara aðgerða ber árangur. Hvað getum við þá gert? Hvaða skref getum við þá stigið þar næst á eftir? Þetta held ég að menn verði að hugleiða þegar þeir velta fyrir sér tengslum þessara tveggja mála. Auðvitað eru skoðanir skiptar um þetta. En ég legg enn áherslu á það, að ég held að aðstæður séu þannig að rétt sé að bæði stjórn og stjórnarandstaða leiti sameiginlega að leiðum sem færar eru og reyni að koma sér saman um úrræði sem grípa á til.

Svo vil ég enda þetta mál mitt með þeirri ósk, sem ég lét uppi í upphafi míns máls, að ég vona að varðskipsmönnum okkar og íslenskum sjómönnum og íslensku þjóðinni verði forðað frá því að þurfa að hlusta á ræðu eins og hjá hv. ræðumanni sem talaði hér áðan, þar sem menn eru að slá um sig með misheppnuðum bröndurum út af landhelgismálinu, og jafnframt að þm. gæti þó þess sóma síns að hlæja ekki að slíku eins og götustrákar.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Það var farið fram á það við þm. að þeir eyddu ekki of miklum tíma Alþ. á þessum fundi til umr. um það mál sem hér liggur fyrir. Ég get mjög vel orðið við þessum tilmælum vegna þess að ég ætlaði mér aldrei annað en segja hér aðeins örfá orð. En ég verð að segja að mér finnast þetta næsta furðuleg tilmæli hjá forseta þegar Alþ. er að ræða eitthvert mesta hagsmunamál sem nú liggur fyrir íslensku þjóðinni, þ. e. hvernig við eigum að komast fram úr deilum við breta og hvernig við eigum að svara bretum í ásókn þeirra á íslensku þjóðina. Ég held að það væri alveg eðlilegt að Alþ. eyddi fullum tíma og kannske dag eftir dag til þess að ræða þessi mál í stað þess að fá tilmæli frá hæstv. forseta um að stytta mál sitt þegar þetta er til umr.

Það hefur komið enn á ný fram hjá fulltrúum Alþb. að við ættum að kalla sendiherra okkar hjá Atlantshafsbandalaginu heim og segja okkur úr NATO og annað slíkt. Ég verð að segja að ég tel yfir þessu ákaflega litla reisn. Þegar á okkur er sótt af bretum, þá eigum við að láta þá hrekja okkur frá þessum stað. Við eigum að láta hrekja okkur til að kalla sendiherrann heim og láta þá hrekja okkur til að segja okkur úr varnarbandalaginu. Ég held að það væri miklu meiri reisn hjá þessum mönnum yfir því að setja fram þá kröfu að bretar yrðu reknir úr Atlantshafsbandalaginu, en við ekki hraktir þaðan. Það hefur sýnt sig, aðgerðir breta hafa sýnt að það er tæplega hægt að telja þá hæfa í bandalögum meðal siðaðra þjóða, eins og þeir hafa hagað sér í baráttunni við íslendinga, þannig að það væri fullkomin ástæða til þess og hægt að rökstyðja að það væri eðlileg krafa íslendinga að þeir yrðu reknir úr bandalaginu, en við ekki hraktir þaðan (**Gripið fram í:** Mundi það ekki veikja NATO?)

Hér hefur komið fram hjá einstaka ræðumanni og einnig hv. 5. þm. Suðurl. að við ættum að kaupa herskip og fara í stríð. Ég held að það geti enginn þm. tekið slíkt alvarlega. Ég held að við verðum að meta aðstöðu okkar.

Hæstv. dómsmrh. sagði áðan að það yrði í engu slakað til í baráttunni við breta. Ég tel þetta mjög góða yfirlýsingu. En eins og ég sagði, ég held að við eigum að meta okkar aðstöðu og þá reyna að gera okkur ljóst hvernig við getum best staðið að því að ná sem mestum árangri í því stríði sem við eigum nú í við breska flotann. Ég held að öllum hljóti að vera ljóst að bretar hafa verulega yfirburði í sínum skipastól hér á Íslandsmiðum. Þeir eru hér með stór og gangmikil herskip. Þó að við reiknum ekki með því að þeir muni nota þá aðstöðu sem þeir hafa til að beita skotvopnum, þá eru þeirra skip miklu stærri og gangmeiri. Við höfum þó eitt í okkar aðstöðu fram yfir breta, en það er sú aðferð, sem landhelgisgæslan hefur beitt að undanförnu með mjög góðum árangri, að koma í veg fyrir og tefja veiðar breta með því að klippa veiðarfæri aftan úr þeirra skipum. Það hefur sýnt sig að varðskipin, ekki gangmeiri en þau eru og í baráttu við það ofurefli sem þau eiga við að etja, hafa náð þarna verulegum árangri, eftirtektarverðum árangri og ég vil segja undraverðum árangri í starfi sínu.

Spurningin er: Er hægt að ná meiri árangri með öðrum hætti en við höfum nú aðstöðu til? Það hefur verið mjög um það talað, að með því að fá hraðskreiðari skip — skip sem ganga meira en bresku freigáturnar, þau þyrftu alls ekki að vera vopnuð, en þau þyrftu að vera mjög lipur í allri meðferð, — þá er talið að mætti ná meiri árangri að klippa aftan úr breskum togurum ef slík skip væru fengin.

Hæstv. dómsmrh. hefur lýst því yfir að það hafi verið skipuð n. til þess að kanna hvaða möguleikar séu á því að efla landhelgisgæsluna. Ég held að þetta sé það sem hlýtur að verða kannske fyrst og fremst kannað, hvort ekki sé þess að vænta að enn betri árangri verði náð í sambandi við baráttu okkar við breta með því að fá nýja gerð af skipum sem gætu náð meiri árangri en okkar íslensku varðskip hafa tök á í dag. Það er alveg rétt sem hæstv. dómsmrh. sagði áðan, að þó að við fjölgum skipum af þeirri gerð sem við höfum yfir að ráða hér innanlands, þá eigum við von á því að bretar muni svara því með því að senda hingað fleiri freigátur. Þeir eiga án efa nóg af slíkum skipum sem þeir gætu sent hingað á Íslandsmið, þannig að þess er ekki að vænta að við næðum meiri árangri með því.

Ég hef þá trú að ef við slökum ekki til í neinu, skoðum frekar þann möguleika sem ég hef rætt hér, getum við skapað það ástand meðal breskra togarasjómanna að þeir muni neita því hreinlega að fara hingað á Íslandsmið til veiða. Þeir eru hér á Íslandsmiðum vegna þess að þeir hafa lifað í þeirri von og þeirri trú að það mundu nást samningar við íslendinga um tiltekið aflamagn þeim til handa sem þeir vildu við una. Ég hef ekki trú á því eftir það breytta viðhorf, sem

nú hefur skapast, að neinir samningar séu fram undan við breta. Við verðum að búa okkur undir það að eiga í baráttu við þá, harðnandi baráttu, og við verðum að búa okkur undir það að beita öllum þeim tiltæku vopnum sem við höfum til þess að gera þeim veiðarnar sem allra örðugastar. Ef breskir togarasjómenn sjá fram á að þeir geti ekki stundað veiðar á Íslandsmiðum nema með árangri alveg í lágmarki, þá hygg ég að það verði erfitt þegar til kemur að manna skip á veiðar hér við land.

Ég held að þetta sé það svar, sem næst liggur, að kanna hvort ekki sé eðlilegt og sjálfsagt og líklegt til árangurs að herða sóknina að þessu leyti með því að fá skip af annarri gerð heldur en við höfum nú yfir að ráða til þess að torvelda veiðarnar. Og ég endurtek að það er mín sannfæring að með því móti getum við jafnvel unnið baráttuna við breta, við gætum skapað það hugarástand hjá breskum sjómönnum að þeir hreinlega neiti að fara til veiða á Íslandsmið. Ég held að við hljótum að stefna að þessu, og ég vildi mjög alvarlega beina til hæstv. dómsmrh. að einmitt þessi hlið málsins verði mjög nákvæmlega skoðuð af honum og hans rn. og þeirri n. sem hann hefur skipað til þess að kanna möguleika á eflingu landhelgisgæslunnar.

Forseti (Magnús T. Ólafsson): Vegna ummæla í upphafi ræðu hv. 3. þm. Suðurl. sé ég mig til knúinn að taka þetta fram:

Ég vona að hv. þm. átti sig á því við umhugsun, þegar hann leiðir hugann að því hvernig fundartíma er háttað á miðvikudögum, að mér gekk ekki það til með því að biðja menn að vera gagnorða að ég vildi hindra umr. um þetta mál. Ég vísa því algerlega á bug að orð mín hafi mátt skilja á þann hátt. Ég lít á það sem skyldu forseta að leitast við að haga umr. svo að sem flestir þm. geti komið að sjónarmiðum sínum á þeim takmarkaða tíma sem til umráða er. Það verður aðeins gert ef menn stytta mál sitt eftir föngum.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Okkur er öllum heitt í hamsi vegna þeirra fólskulegu árása sem átt hafa sér stað bæði í gær og í dag. Tilfinningar okkar fá útrás, okkar allra, hvar í flokki sem við stöndum. Hins vegar er spurning hvort það sé ekki einmitt tilgangur breta að reyna á taugar okkar með slíkum aðgerðum? Þess vegna held ég að við eigum að halda höfði þrátt fyrir að slíkir atburðir gerist og láta tilfinningar ekki hlaupa með okkur í gönur, eins og því miður hefur orðið vart við þessa umr.

Við ræðum nú nokkuð um það til hvaða aðgerða við sjálfir eigum að grípa vegna aðgerða breta. Í því sambandi minni ég á, eins og aðrir ræðumenn hafa gert hér, að við slitum stjórnmálasambandi við breta og töldum okkur trú um að það gæti verið sterkt vopn og gæti borið þann árangur að bretar hugsuðu sitt ráð. En afleiðingarnar hafa verið þveröfugar, eins og hér hefur verið vakin athygli á. Þeir hafa sótt enn frekar inn á friðuð svæði, þeir hafa brotið allar siglingareglur, viðurkenndar siglingareglur, og þeir hafa gert augljósar og umbúðalausar tilraunir til þess að stíma á skip okkar og þeim hefur tekist það.

Athygli okkar margra beinist að því hvort við getum sett fram einhverjar hótanir um úrsögn úr Atlantshafsbandalaginu. Vitaskuld hafa allir hugleitt þann möguleika og reynt að gera sér grein fyrir því hvort það bæri þann árangur að bretar létu af aðgerðum sínum. Auðvitað er það illur kostur að sitja í slíku bandalagi með þjóð sem hagar sér með þeim hætti sem raun ber vitni. En með hliðsjón af framhaldinu vegna stjórnmálasambandsslitanna og með hliðsjón af því, sem við getum þó gert enn á vettvangi NATO tel ég ekki skynsamlegt að setja fram slíka hótun. Ég tel þvert á móti að við eigum núna að láta mjög á það reyna hvaða gagn við höfum af þátttöku okkar í bandalaginu. Við eigum að nota hvert tækifæri til að mótmæla framferði breta og gera bandalagsþjóðunum grein fyrir því hvers konar framferði þetta er og hvaða afleiðingar það getur haft fyrir áframhaldandi samstarf.

Við getum auðvitað sagt sem svo, að rétt sé að endurskoða þátttöku okkar í bandalaginu. En ég vildi, ef út í slíkt væri farið, endurskoða afstöðu okkar og aðild með þeim hætti að samningarnir og þátttaka okkar gerði ráð fyrir því að við gætum haft gagn af því að vera í bandalaginu ef til slíkra atburða kemur eins og hér hafa átt sér stað. Aðild okkar í bandalaginu er með þeim hætti að þar er skuldbinding af hálfu aðildarríkja að bregðast við þegar ráðist er á eina þjóðina. En það er ekki gert ráð fyrir því að ein bandalagsþjóðin ráðist á aðra. Við eigum núna að mínu viti að taka upp viðræður um það og krefjast þess að þátttaka okkar í bandalaginu sé bundin því skilyrði að bandalagið geti veitt okkur einhverja aðstoð þegar vopnlaus þjóð eins og við verður fyrir slíkum árásum. Það bíður svo síns tíma, til næstu kosninga, hvort þjóðin er þeirrar skoðunar að við höfum gagn af því að vera í bandalaginu. Með hliðsjón af því, hvernig þróun mála verður á næstu vikum og mánuðum, mun auðvitað þjóðin sem slík kveða upp sinn dóm um það hvort hún hefur áhuga á að vera í bandalaginu áfram eða ekki.

Atlantshafsbandalagið getur ekki bannað bretum að grípa til hernaðaraðgerða, frekar en bandalagið getur bannað okkur að beita okkar varðskipum undir þessum kringumstæðum og öðrum. Við erum ekki í stríði við Atlantshafsbandalagið, eins og hér hefur komið fram. Við erum í stríði við eina af þeim þjóðum sem þar eiga sæti, og við eigum að bregðast við samkv. því.

Erindi mitt hingað upp í ræðustólinn var að lýsa þessari skoðun minni svo og að lýsa því yfir að það er mín skoðun að eftir þessa atburði komi ekki til greina fyrir okkur íslendinga að setjast að samningaborði við breta, taka upp viðræður. Við munum að sjálfsögðu hlusta á það ef einhverjir aðilar hafa milligöngu um að reyna að ná einhverju samkomulagi. Við munum hlusta á það ef bretar t. d. samþykkja að veiða aflamagn sem er innan við það sem við getum hugsað okkur. Við getum hlustað á það, við getum kannske eftir atvikum fallist á að heimila slíkt, algerlega eftir því hvernig við metum það sjálfir. En við eigum ekki eftir þessa atburði að

setjast að samningaborði við breta. Það kemur ekki til greina. Okkar málstaður mun sigra að lokum og hann felst í æðruleysi og réttlæti.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Aðeins örstutt, þótt ekki væri nema til þess að sýna að ég er alveg fullkomlega rólegur á taugum, eins og hv. þm. Ellert B. Schram var að vikja að hér áðan.

Ég vil aðeins leiðrétta það sem hv. þm. Guðlaugur Gíslason sagði áðan, að ég væri að leggja til að við færum að kaupa okkur herskip. Ég geri mér grein fyrir því að við ráðum ekkert við það. Hins vegar var ég að benda á það að við leituðum eftir því að fá slík skip lánuð eða leigð, og það er alls ekki útilokaður möguleiki.

En aðalerindi mitt hingað upp var að segja örfá orð við síðabótamanninn Sighvat Björgvinsson, hv. þm., sem mátti varla vatni halda af hneykslun yfir því að ég hefði verið með minn málflutning á allt of lágu plani. Ég hefði getað tekið því með mestu rósemi, ef einhver annar þm. af þeim 40 í Nd. hefði sagt þetta, og ekki séð ástæðu til að standa upp þess vegna. En fyrst það var þessi hv. þm. sem kom með þessi orð, að ég hefði verið hér með gamanmál, — ég tel það ekkert gamanmál þegar ég var að segja að við þyrftum að sýna bretum hörku. Það er ekkert gamanmál að í Bretlandi skuli sitja slík fasistastjórn, samansett af misheppnuðum krötum. Það er síður en svo gamanmál. Ég átti svo sem von á því að þessi hv. þm. tæki upp hanskann fyrir þessa bresku mafíu. Krötunum rennur blóðið til skyldunnar hvar sem þeir eru staddir, þótt þeir séu hér blessunarlega fáir og fari vonandi enn fækkandi, þó að það sé varla mögulegt.

Þessi hv. þm., Sighvatur Björgvinsson, hefur nefnilega vakið á sér sérstaka athygli hér í sölum þingsins með óskaplegum ræðum sem ég nenni ekki að útskýra frekar. Hann flutti hér einu sinni eina dómadagsræðu þar sem flest orðin voru skammaryrði, gífuryrði, upphrópanir og svo sagnirnar að hausa og skera og blæða út og ég veit ekki hvað það var allt saman. En ég vil ekki þessum ágæta þm. að öðru leyti svo illt að mér detti í hug að fara að lesa upp úr þingtíðindum þessa ræðu. Sú ræða verður lengi í minnum höfð vissulega. Hún er til á prenti og til hennar má vitna hvenær sem er. Sú ræða var þessum hv. þm. til mikillar skammar og hún verður ekki af honum tekin. En ef einhver vill vanda um við mig eða aðra hv. þm. hér, ef þeir taka sterkt til orða og vilja kveða fast að þegar þeim er mikið niðri fyrir og þegar mikið er í húfi, þá ætla ég að leyfa mér að benda þessum hv. þm. á að gera það ekki aftur því að hann er svo sannarlega og vitanlega síðasti þm. í þessari hv. d. sem hefur efni á því.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Mér er ljóst að það er ekki tími hér til langra umr. og allra síst fyrir mig sem er nú að tala hér í þriðja sinn. En það eru nokkur atriði, sem hafa komið fram í þessum umr., sem ég tel ástæðu til að víkja að með örfáum orðum vegna þess að hér er verið að ræða mjög alvarlegt mál. Það er verið að ræða um það til hvaða aðgerða við eigum að grípa í miklum vanda sem við stöndum nú í í okkar landhelgisgæslu við breta.

Ég setti fram í minni fyrri ræðu hugmyndir um hvað ég teldi að við ættum m. a. að gera. Þessar hugmyndir mínar hafa fengið misjafnar undirtektir. En ég verð að segja það, að mér finnst viðbrögð þeirra hv. þm., sem ekki hafa getað fallist á mínar hugmyndir, vera býsna furðuleg.

Á það hefur verið bent að ég og minir flokksbræður hefðum bent á það áður að landhelgisdeila okkar við breta væri annað mál en spurningin um aðild að NATO eða spurningin um það hvort við ættum að hafa erlenda herstöð í okkar landi. Þetta liggur alveg ljóst fyrir og eru engar deilur eða þrætur um það. En hitt hefur líka margsinnis komið fram hjá mér og mínum flokksbræðrum, að vitanlega verðum við að taka afstöðu til hinna einstöku mála eftir því hvernig þau ber að. Það er staðreynd út af fyrir sig að við erum í NATO. Vegna hvers erum við í NATO? Þetta á að vera varnarbandalag til þess að tryggja varnir okkar lands, er sagt. Og í þeim sáttmála, sem þar var gerður, segir að árás á eina þjóð bandalagsins beri að skoða sem árás á þær allar. Hér koma menn með þá þekktu speki og segja: Ja, það segir ekkert um það í samningum að ef einhver ein bandalagsþjóð ræðst á aðra þá þurfi bandalagið ekki neitt að gera. Það stendur heldur ekkert í þessum samningi um það að bandalagið eigi að verja okkur ef einhver og einhver annar ræðst á okkur, t. d. Kínverjar. Þá væri hægt að segja: Það stendur ekkert um þetta í samningnum, það er best að láta Ísland eiga sig, kínverjar taka Ísland af því að það stendur ekkert um það. (**Gripið fram í:** Kínverjar eru ekki í NATO). Kannske færi það nú svo? En það geta verið einhver önnur lönd sem þá kæmu til. — Auðvitað er hér um hártogun að ræða og hreina fjarstæðu. Bandalagið tók þessar skyldur á sig með þeim sáttmála sem gerður var, og spurningin er hvort á að halda þessari ábyrgð að bandalaginu eða ekki.

Nú er auðvitað augljóst mál að til þess getur komið að einhver af bandalagsþjóðum NATO ráðist á okkur eða einhverja aðra þjóð í bandalaginu, ekki bara vegna fiskveiðideilu, heldur af einhverjum öðrum ástæðum. Og þegar það gerist að bretar senda sinn herskipaflota inn á íslenskt lögsögusvæði, ráðast á okkur, brjóta jafnvel reglur í óumdeilanlegri íslenskri landhelgi, þá kemur spurningin: Getum við verið í því bandalagi sem bretar eru í, án þess að gera nokkurn skapaðan hlut? Jafnvel hæstv. ríkisstj., sem virðist vera býsna viðkvæm fyrir NATO-aðildinni, hefur litið þannig á að það bæri að kæra þetta fyrir NATO. Hún hefur litið þannig á að þetta mál ætti að takast upp við NATO. Þetta var ekki NATO óviðkomandi að dómi ríkisstj.

En þegar það fór þannig að NATO gerði ekkert í málinu, nema sagði að þeir vildu athuga málið, þá kemur eðlilega hin spurningin upp: Eigum við þá að láta mótmælin ein duga og halda áfram að vera í þessu bandalagi og sitja fundi með árásarþjóðinni eins og ekkert hafi í skorist. Það gefur auga leið að allar þjóðir, sem svona staða kæmi upp hjá, mundu auðvitað byrja á því að slíta stjórnmálasambandi við árásarþjóðina, það

þætti auðvitað sjálfsagt. En menn mundu líka fylgja eftir mótmælum sínum og kærum við hernaðarbandalagið, sem menn voru aðilar að, með því, ef það gerði ekki neitt, að hætta ákveðnu samstarfi við bandalagið, t. d. með því að kalla sendiherra sinn heim frá bandalaginu. Í till. minni reyndi ég, af því að ég vissi um viðkvæmni manna í sambandi við NATO og alla þá endileysu sem menn eru búnir að flækja sig í í sambandi við þetta hernaðarbandalag, þá minntist ég aldrei á það í ábendingum mínum nú að við skyldum segja okkur úr NATO. Því miður er málið þannig að það þarf eflaust að gerast miklu meira af einhverju NATO-ríkinu gagnvart okkur íslendingum áður en menn virðast vilja taka það á dagskrá. En ég talaði um það í mínu máli að við skyldum slíta samstarfi okkar við þá á meðan eitt af bandalagsríkjunum hefði her í okkar landi eða væri með herskip sín á íslensku lögsögusvæði, kalla sendiherrann heim í mótmælaskyni auðvitað og neita samstarfi við bandalagið, sem þarna bregst skyldum sínum, og síðan segja við þetta bandalag: Við getum ekki látið ykkur hafa sérstaka aðstöðu í okkar landi undir þessum kringumstæðum. Við lokum fyrir þá aðstöðu. — Auðvitað er þetta það eina rökrétta. Þetta mundu allar þjóðir gera sem standa raunverulega uppréttar, ef þær mættu svona aðstöðu, — allar.

Sannleikurinn er auðvitað sá hér hjá okkur, að ef hæstv. ríkisstj. heldur ekki á málinu á þennan hátt, að fylgja eftir kæru sinni og mótmælum, þegar ekkert er að gert hjá NATO, með því að kalla sendiherrann hjá NATO heim og með því að hætta samstarfi við bandalagið og með því að loka fyrir aðstöðu þess hér á landi, — ef hæstv. ríkisstj. gerir þetta ekki þá vitum við að þá gera landsmenn það fyrir ríkisstj. Mér er sagt að það sé nýlega búið að grípa til þess í annað sinn að loka fyrir vegarsambandið upp að NATO-stöðinni við Grindavík, það hafi verið gert nú í dag. Það kemur mér ekkert á óvart. En ríkisstj. getur auðvitað valið sér þann kost að sitja aðgerðalaus, stara á málið, gera raunverulega ekki neitt og segja, eins og hæstv. forsrh. sagði hér, að málið yrði tekið upp í NATO-ráðinu aftur, eða þá að leika sér að slíku, eins og hér hefur komið fram hjá einstökum hv. þm., að segja að við íslendingar ættum að leggja fram till. í NATO um að bretar yrðu reknir. Jú, það er út af fyrir sig ágæt till., og ég held að ríkisstj. ætti að beita sér fyrir því að leggja hana fram strax. En hvað ætlar hún að gera þegar allir í þessu bandalagi hlæja að till., enginn vill samþykkja hana, í mesta lagi einhverjir örfáir menn segja: Við höfum samúð með ykkur íslendingum fyrir að flytja þessa till.? Spurningin er þá hvað við ætlum að gera áfram.

Ég verð að segja, eins og ég hef sagt hér áður, að það furðulegasta í þessu máli er einmitt að þeir, sem mest hafa prédikað hér gildi þess fyrir íslendinga að vera í NATO, gildi þess að hafa hér erlenda herstöð í landinu, þeir skuli lyppast niður á þann hátt sem menn gera nú þegar eitt af þessum bandalagsríkjum ræðst á okkur með sínu hervaldi. Það er alveg furðulegt. Það er auðvitað í áttina þegar einstakir þm., sem standa með aðildinni að NATO, segja hér, eins og hv. þm. Ellert B. Schram, að það sé vissulega slæmur kostur, það sé vondur kostur að þurfa að vera í þessu bandalagi. Hv. þm. finnur það. Og þegar hann athugar það betur, þá finnur hann að það er meira en slæmur kostur, það er í rauninni alveg ómögulegt að vera í slíku bandalagi áfram.

Ég vil fyrir mitt leyti taka undir það sem kom fram hjá hv. þm. Guðlaugi Gíslasyni um að við þurfum að útvega okkur hraðskreitt skip sem gæti gengið meira en bresku freigáturnar gera. Þannig gætum við torveldað veiðar breta og jafnvel komið í veg fyrir veiðar af því tagi sem bretar treysta sér til þess að halda hér áfram. Ég tek undir þetta. Ég hef margsinnis bent á þetta áður, og ég álít að við eigum að hafa hraðar hendur í þessum efnum. En þó að við gætum með áframhaldandi klippingum og aðgerðum okkar á fiskimiðunum gert veiðar breta ómögulegar, þá breytir það ekki því, ef við viljum halda reisn okkar, þá getum við ekki þolað það að eitt af bandalagsríkjum okkar í NATO sendi herskipaflota hingað til lands til þess að hlutast um okkar innri mál. Það er alveg sérstakt mál sem á að gera upp.

Ég vil svara því sem kom fram í ræðu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar. Hann spyr í miklum vandræðum, því að hann spurði fyrst og fremst, en lagði ekki til neitt sjálfur, hvað ætti að gera. Hann spyr: Já, en ef ekkert gerist í landhelgismálinu við það að við köllum sendiherrann heim, hvað gerum við þá? Ef ekkert gerist í landhelgisdeilunni við það að við förum úr NATO og ef ekkert gerist í landhelgisdeilunni við það að við lokum herstöðinni hér við Keflavík, hvað gerum við þá? Mér hefur aldrei komið annað til hugar, ef þetta lokaðist allt fyrir okkur og það kæmi ekkert út úr þessu, en við mundum halda okkar striði áfram, fá þetta hraðskreiða skip sem hv. þm. Guðlaugur Gíslason hefur bent hér á og ég hef gert nokkrum sinnum áður. Mér hefur aldrei komið annað til hugar. (**Gripið fram í**: Hvað er unnið við að ganga úr bandalaginu?) Vegna þess, sem ég hef verið að segja og hv. þm. hlýtur að skilja, að við verðum að krefjast þess af því bandalagi, sem við erum í, að það standi við sína samninga við okkur. Við getum ekki þolað það að vera í hernaðarbandalagi með þjóðum sem brjóta á okkur samninga. Það er að lítillækka sjálfan sig að láta bjóða sér slíkt.

Ég vil segja það, sem ég hef sagt hér áður, að það er auðvitað höfuðnauðsyn í þessu máli, eins og sakir standa nú, að það komi viðbrögð frá okkar hálfu strax við því sem hefur verið að gerast, að menn séu ekki að bíða, því að slík bið býður hættunni heim. Af því segi ég: Ríkisstj. á að kalla saman fund í utanrmn. og landhelgisnefnd, og hún á að taka þetta mál upp við stjórnarandstöðuna og reyna að fá sem breiðasta samstöðu um aðgerðir, — aðgerðir sem væru líklegar í málinu. Það getur ýmislegt komið til. Ég hef bent á nokkur atriði sem mér finnst vera sjálfsögð. En dráttur og allar yfirlýsingar í þá átt að við megum ekki hóta neinu gagnvart NATO, — allar slíkar yfirlýsingar auka raun-

verulega á hættuástandið hér hjá okkur. Þær eru að mínum dómi stórhættulegar. Ég vænti nú þess, enda hef ég ekki ástæðu til annars, miðað við þær undirtektir sem fram hafa komið hjá ríkisstj., en hún taki þetta mál nú til athugunar og í fullu samráði við stjórnarandstöðuna, hvað á að gera og hvað er hægt að gera strax í málinu.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það eru allir sammála um að landhelgismálið sé stærsta mál íslensku þjóðarinnar. Hins vegar verð ég að segja það, að þegar sú ákvörðun var tekin að færa fiskveiðilandhelgina út í 200 mílur, þá var undanfari þess nokkuð misjafnt viðhorf ákveðinna stjórnmálamanna. Sumir vildu bíða, bíða eftir ákvörðun, lokaákvörðun Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, og töldu að hér væri um of fljótfærnislega ákvörðun að ræða sem mætti bíða, þrátt fyrir það að okkar sérfræðingar á sviði fiskveiða, fiskifræðingar, hefðu alvarlega varað íslensk stjórnvöld við því á árinu 1972 að ásókn í þorskstofninn og fleiri nytjafiska væri allt of mikil og þyrfti sannarlega að draga úr sókninni. Stjórnvöld létu þessar aðvaranir sér í léttu rúmi liggja, og í stað þess að draga þá þegar úr sókn í fullnýtta og ofveidda fiskstofna, þá hófst eitt gegndarlausasta kapphlaup um byggingu fiskiskipa til þess að auka ásóknina í þessa full- og ofveiddu fiskstofna. Þetta er mál sem allir hv. þdm. þekkja og þarf ekki að fara frekar út í. Þetta liggur fyrir. Og þetta er nú eitt af okkar mestu vandamálum sem við eigum nú við að stríða.

En í stað þess að standa saman í framkvæmd landhelgismálsins, standa að þeirri mikilvægu ákvörðun sem tekin var með útfærslu í 200 mílur, vernda fiskistofnana og reyna að ná heildarstjórnun á veiðunum umhverfis Ísland, þá taka menn sig hér saman, sem eru í stjórnarandstöðu, og það meira að segja flokkur sem alltaf hefur verið ábyrgur í þeim efnum, og segja alveg skilyrðislaust: Enga samninga við útlendinga, fiskveiðilandhelgina algerlega fyrir okkur íslendinga og það strax.

Um það er enginn ágreiningur að íslendingar ætla sér að nýta fiskveiðilandhelgina, 200 mílna fiskveiðilandhelgi, fyrir sig eina. Það fer ekki á milli mála. Þar þurfa engar leiðir að skiljast. En hitt er ekki á borð leggjandi, að þegar Hafréttarráðstefnunni er ekki lokið, þá höfum við það ekki í hendi okkar á sama augnabliki og við færum út í 200 mílur að allir aðrir sætti sig við að fara út fyrir 200 mílur. Þá var það skoðun ríkisstj. að við yrðum að reyna að ná samkomulagi og samstöðu með öðrum þjóðum, — þjóðum sem tækju fullt tillit til þeirrar sérstöðu okkar að við byggjum líf okkar og lífsafkomu á sjávarútvegi og sölu sjávarafla, og jafnframt, að við yrðum sjálfir að draga verulega úr sókninni á fiskimiðin. Þegar þessar þjóðir viðurkenndu þessar augljósu og einföldu staðreyndir, þá ættum við að gera samninga við þær til mjög takmarkaðs tíma um mjög takmarkað veiðimagn.

Við vorum líka með þessari stefnu að marka stefnu og samstarf með strandríkjum heims sem staðið hafa með okkur og við með þeim á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Við vorum að styðja við bakið á okkur sjálfum, styðja við bakið á þessum þjóðum til þess að ná víðtæku samstarfi og samvinnu, að það nái fram að ganga, að 200 mílna auðlindalögsaga verði viðurkennd á Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Ef við hefðum sagt: Við viljum ekki ræða við eina einustu þjóð, — þá værum við hreinlega að ráðast að þeim þjóðum sem með okkur hafa staðið. Við værum að veikja þeirra málstað og okkar málstað á sviði alþjóðamála. Þess vegna urðum við, hvort sem okkur var það ljúft eða leitt, að reyna til hlítar að ná samkomulagi á þessum grundvelli og á þessum punktum, sem ég nefndi hér áðan. Á þessum grundvelli er náð samningum við vestur-þjóðverja, sem ekki náðust samningar við eftir útfærsluna 1972 fyrr en í lok s.l. árs. Við gerðum samning við belga um mjög takmarkaða veiði og stórum færri skipt en voru í samkomulaginu frá 1973. Þá voru belgum leyfðar veiðar með 19 skipum hér við land, að vísu öllum litlum togveiðiskipum, en nú í þessu samkomulagi með 12 skipum. Tvær þjóðir fyrir utan breta eru eftir sem gerðir voru samningar við. Það eru norðmenn, smávægilegur samningur um takmarkaðar linuveiðar innan íslenskrar fiskveiðilögsögu, og sá samningur var einnig gerður 1973, í tíð fyrri ríkisstj., og svo samningur við færeyinga sem var gerður 1973 og endurnýjaður í tíð núv. ríkisstj. Þá voru gefin mjög ákveðin fyrirheit frá okkur tveimur ráðh., sem stóðum að þeim samningum ásamt öðrum, að við teldum eðlilegt og sjálfsagt að þjóð eins og færeyingar, sem eiga allt sitt líf undir fiskveiðum komið, fái takmörkuð réttindi innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi.

Við þurfum auðvitað að leggja á það höfuðáherslu að minnka veiðar eða aflakvóta þessara þjóða hér við Ísland, þó að hann sé ekki hár eða mikill, eins og við verðum sjálfir að gera. En mín skoðun er sú, að við eigum að gera samninga við báðar þessar þjóðir — og ég vil ekki fara neitt í launkofa með það — og það áður en Hafréttarráðstefnan hefst í New York 15. mars. Þá getum við sagt og okkar fulltrúar á Hafréttarráðstefnunni: Við íslendingar höfum ekki verið með einstrengingshátt í samskiptum við þær þjóðir sem hafa veitt innan 50 mílna fiskveiðilandhelgi. Við höfum verið reiðubúnir til þess að ræða við þessar þjóðir um takmarkaðar veiðar í stuttan tíma meðan ekki liggja fyrir alþjóðasamþykktir um nýtingu 200 mílna fiskveiðilandhelgi. — Við getum þá sagt, ef þetta nær fram að ganga: Við höfum samið við allar þær þjóðir sem samið var við eftir að landhelgin var færð út í 50 mílur 1972, við höfum samið við allar þessar þjóðir og við lifum í friði og sátt og samlyndi við þær, nema eina og það eru bretar. — Af hverju höfum við ekki getað samið við breta? Er það fyrir það að við höfum ekki verið reiðubúnir til viðræðna við breta strax á s.l. hausti hér í Reykjavík, síðan úti í London og svo margvíslegar aðrar viðræður sem hér hafa verið rifjaðar upp? En það, sem kemur þar upp, er að bretar hafa verið það óbilgjarnir í þessum samningaviðræðum að það er ekki nokkur leið

að ná samkomulagi við þá. Þess vegna er nú ekki fyrir hendi nokkur möguleiki til að taka þær viðræður upp að nýju. Ég hygg að bretar hafi með þessu framferði sínu verið að sýna okkur íslendingum að þeir vilji ekkert láta undan, og mín skoðun er sú að breska ríkisstj. hafi aldrei ætlað sér við okkur að semja. Þeir hafa gjarnan viljað halda þessari samningaleið áfram. Þeir hafa viljað gjarnan koma inn í frv. á Hafréttarráðstefnunni að þegar ágreiningur verði á milli þjóða, eins og kemur til með að verða í Norðursjónum á milli þeirra og nágrannaþjóðanna, þá eigi að vísa þessum ágreiningi til gerðardóms og gerðardómur eigi að fjalla um þann ágreining, en strandríki eigi ekki að hafa einskorðaðan rétt til þess að semja eða fullnýta sína fiskveiðilandhelgi. Ég er fyrir löngu kominn á þá skoðun að þetta hafi verið tilgangur breta, þeir hafi aldrei viljað semja við okkur, aðeins láta líta svo út. Þeir vildu gjarnan að við íslendingar hefðum sagt að við vildum ekki við þá tala. Þá gátu þeir sagt við allar þjóðir: Svona eru þessir íslendingar. Við vorum fullir vilja til samstarfs, að semja við þá og ná friðsamlegum árangri, en þeir vildu ekkert við okkur tala. — Við höfum talað við þá. Við höfum sýnt þeim fram á að við vildum semja, en það yrði að taka fullt tillit til þeirra aðstæðna, sem hér væru, og þess hættulega ástands sem er á fiskstofnunum umhverfis Ísland.

Nú eru samningar eins fjarri og samningar geta verið á milli tveggja ríkja. Þessir samningar eru því ekki fyrir hendi. Það er ekkert að óttast fyrir þá, sem alltaf hafa óttast samninga frá byrjun, að þessar samningaviðræður eigi sér stað. En ef við hefðum farið að ráði sumra manna sem eru með langa reynslu í stjórnmálum, að tala ekki við eina einustu þjóð, þá gef ég lítið fyrir málstað Íslands á Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem byrjar 15. mars. Ég tel því ekki ástæðu til þess að ráðast æ ofan í æ á stefnu ríkisstjórnarinnar í sambandi við framkvæmd landhelgismálsins eins og oft hefur verið gert.

Nú segja menn: Það hefur verið slitið stjórnmálasambandi við Bretland og það var ekki vonum fyrr, því að sumir voru orðnir órólegir. — Og nú er sagt: Nú verður að kalla sendiherra Íslands hjá NATO heim. — Það verður gaman fyrir breta ef við látum þá koma heim hvern á fætur öðrum, sendiherrana, að láta breta vera eina um að skýra deilur og árekstra á Íslandsmiðum, fá einhliða fréttaflutning á fundum NATO í Brüssel, láta breta ráða algjörlega ferðinni, — það væri sennilegt eða hitt þó heldur. Hvað meina menn sem segja: Kallið þið sendiherrann heim frá Brüssel, Ísland á að segja sig úr NATO vegna þess að þar er þjóð sem fremur á okkur ofbeldi, beitir okkur þvingunum og herskipum? — Við erum líka í Sameinuðu þjóðunum og þar eru bretar einnig. Við höfum kært breta fyrir Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Er þá næsta skref Íslands að segja sig úr Sameinuðu þjóðunum af því að bretar eru þar? Eigum við að kalla sendiherra Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum heim af því að bretar eru í Sameinuðu þjóðunum og eiga sæti í öryggisráðinu? Eigum við að segja okkur úr samstarfi og samfélagi þjóðanna ef bretar eru einhvers staðar í þessu samfélagi? Eigum við þá að vera einir og sér?

Hvert eigum við að selja afurðir okkar ef við slítum öllum tengslum við allar þjóðir? Við ættum kannske að lifa á því að vera í verkfalli? Þá get ég skilið þennan hugsunarhátt. En ég held að það sé ekki hægt. Ég held að verkfalli verði að ljúka og við verðum aftur að fara að framleiða vörur og lifa eðlilegu lífi í okkar landi.

Þetta vil ég benda mönnum á þegar þeir tala með þessum hætti. Mín skoðun er sú að við eigum ekki að sitja í NATO til þess að vera þar eins og hvert annað atkvæði eða dauður meðlimur. Við eigum að láta til okkar heyra með okkar fulltrúa í NATO, gera athugasemdir við það sem okkur sýnist án þess að spyrja hvorki breta né aðrar þjóðir þar um. Við eigum að gagnrýna þessar þjóðir. Og fyrst og fremst eigum við að gagnrýna og ráðast harðlega að bretum fyrir þeirra framferði.

Um það deilum við ekki að bretar hafa gengið svo langt að ég hygg að enginn hefði trúað því þegar ákvörðun var tekin um að færa landhelgina út í 200 mílur. Þá trúðu því fæstir að bretar mundu beita okkur herskipavaldi. Hvað hefur gerst áður? Bretar hafa beitt okkur herskipavaldi bæði 1958 og 1972. Þá var hv. 2. þm. Austurl. í ríkisstjórn í bæði þessi skipti, og hann sat í ríkisstjórn án þess að slíta stjórnmálasambandi við breta í bæði þessi skipti. Það er ekki samið við breta í seinna skiptið fyrr en 13. nóv. 1973, en landhelgin er færð út 1. sept. 1972. Þá var hægt að sitja í ríkisstjórn án þess að slíta stjórnmálasambandi við breta. En af hverju var það ekki gert? Menn töldu að það hefði verið fyrsta skrefið að kalla um tíma sendiherra Íslands heim. Það var metið og vegið af ráðh. í þessum ríkisstjórnum báðum og þetta töldu þeir skynsamlegast að gera og ganga ekki lengra þá. Hins vegar má segja að atburðarásin nú í þessari deilu við breta hefur verið miklu hraðari og kom öllum á óvart. Það hefur verið gengið svo langt í þessum efnum að það var útilokað annað, eftir að reynt var að ná hvað eftir annað samkomulagi, en að slíta stjórnmálasambandi við breta. Það sem gerði það að verkum fyrst og fremst að ég var því hlynntur og ákveðinn að slíta stjórnmálasambandi við breta, það var sú fáheyrilega ósvífni þegar breska togaraflotanum var beint inn á friðað svæði. Og þar er haldið enn áfram veiðum. Það er í sjálfu sér ekkert um það að segja umfram það sem áður hefur verið sagt, að fiska í óleyfi innan 200 mílna. En að sýna þessari þjóð, sem á allt sitt undir fiskveiðum, þá algjöru fyrirlitningu og svívirðingu að skaka eins og hægt er á friðuðu svæði, — svæði þar sem við höfum bannað okkar eigin skipum að veiða, þar skutu bretar yfir markið. Það verður þeim að falli og þeirra málstað á Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna að hafa gengið svo langt. Við erum öll sammála um það að við fordæmum þetta framferði og herskipaíhlutun breta. Um það þarf ekki að tala meira hér.

Við verðum auðvitað að hugsa af stillingu okkar mál, hver verður okkar næsti leikur. Það sem mest ríður á að gera og hefur verið gert og þarf að halda áfram að gera, það er að tryggja sigur strandríkjanna, tryggja sigur okkar íslendinga á

Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Þá vitum við að það verður ekki langt að bíða að bretar missa af strætisvagninum hér. Þeir hafa misst af honum víða annars staðar. Þeir eru á hröðu undanhaldi En þeir hafa með framferði sínu hlotið fyrirlitningu allra þeirra þjóða sem bera skynbragð á fiskveiðar og verndun fiskstofna.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég skal vissulega reyna að stytta mjög mál mitt og verð ekki lengi í ræðustóli.

Hæstv. sjútvrh. lét svo ummælt áðan að hann undraðist hvers vegna ábyrgur flokkur, og ég vænti að hann hafi átt þar við Alþfl., hvers vegna hann hafi tekið þá afstöðu að íslendingar fengju að hafa fiskveiðilandhelgina hreina. Það er að vísu hægt að halda langa ræðu um nauðsyn þess, þar sem hægt er að rökstyðja þá stefnu okkar Alþfl.-manna. Í hnotskurn er ástæðan þessi:

Við íslendingar, eins og allar aðrar þjóðir sem fært hafa út í 200 mílur, höfum gert það í einu skyni: til þess að vernda forgangsrétt okkar sem strandríkis til þeirra auðlinda sem við teljum okkur eiga. Ástandið á fiskstofnum íslendinga er nú þannig að þar er ekki talið óhætt að veiða öllu meira af helstu nytjafiskum heldur en íslendingar geta sjálfir veitt. Ef þeir afsala sér með samningum einhverjum hluta af þessum afla, þá eru þeir þar með að afsala sér forgangsréttinum sem var frumskilyrði og grundvöllur sjálfrar útfærslunnar. Þá yrðum við íslendingar eina þjóðin í 200 mílna hópnum sem neydd hefði verið með samningum til þess að afsala sér sínum frumburðarrétti, sínum forgangsrétti, sem útfærsla allra þessara ríkja hefur byggst á.

Þetta er kjarninn í þeirri röksemdafærslu Alþfl. að það eigi ekki að ganga til samninga við þau ríki sem virða ekki forgangsrétt okkar íslendinga til veiða í íslenskri fiskveiðilögsögu. Og ég tel að þessi skoðun sé fyllilega í samræmi við stefnu ábyrgs stjórnmálaflokks.

Þá hefur hv. 2. þm. Austurl. rætt nokkuð frekar um hugsanlega úrsögn úr NATO og lokun varnarstöðvarinnar. Þjóðinni hefur að vísu verið það lengi ljóst að Alþb. er þeirrar skoðunar að tíðindi þau hafi gerst í landhelgismálinu sem séu þess eðlis að við eigum að beita hótunum um úrsögn úr NATO og lokun varnarstöðvarinnar til þess að reyna að knýja sigur fram á okkar málstað í landhelgismálinu. Sem sé, Alþb. er þeirrar skoðunar að þessar hótanir mundu nægja til þess að bretar létu hugfallast. Þá hlýtur það að sjálfsögðu að vera í beinu framhaldi af þeirri skoðun Alþ. að ef þessar hótanir nægðu til þess að bretar skiptu um skoðun, þá bæri að sjálfsögðu að fella hótanirnar úr gildi og við íslendingar halda áfram varnarsamstarfi vestrænna ríkja og halda áfram að hafa her á Miðnesheiði. Þetta er að sjálfsögðu í beinu, rökréttu framhaldi af þeirri stefnu sem ég hef verið að lýsa.

Ef svo bæri nú við að þessi hótun mundi ekki nægja til þess að bretar skiptu um skoðun, þá býst ég við að Alþb. sé á þeirri skoðun að það eigi að fylgja hótununum eftir með því að stíla sambandi við NATO og loka varnarstöðinni og senda varnarliðið burt af Miðnesheiði. Vænti ég þess. Ef slík vinnubrögð duga ekki, er þá ekki ósköp eðlilegt að menn spyrji þá Alþb.-menn, hvað eigi að gera næst? Hvaða spor á að stiga næst ef þessi þeirra leið í landhelgismálinu nægir ekki til þess að færa okkur sigurinn heim? Að vera þá að fjasa um að kaupa skip og efla landhelgisgæsluna er auðvitað alveg út í hött. Hvaða stjórnmálaleg spor eigum við að stiga næst í landhelgismálinu ef þessar aðgerðir bera ekki árangur? alþb.-menn hafa haft það langan tíma til að hugleiða þessi mál og gera þau upp við sig að þeir hljóta að hafa svar við þessu.

Og að sjálfsögðu, jafnframt því að við gerum slíka aðgerð, þá hljótum við, eins og hæstv. sjútvrh. benti á áðan, að grípa til sambærilegra aðgerða gagnvart Sameinuðu þjóðunum. Við kærum fyrir Öryggisráðinu, við óskum milligöngu Sameinuðu þjóðanna um að leysa landhelgisdeiluna. Ef Sameinuðu þjóðirnar neita að verða við þeirri bón okkar vegna þess að bretar beita sínu áhrifavaldi í Öryggisráðinu til þess að neita óskum okkar að ganga fram, eigum við þá ekki að hóta að segja okkur úr Sameinuðu þjóðunum?

Hvað um norrænt samstarf? Nú er fyrir höndum þing Norðurlandaráðs. Eigum við ekki þar að sjálfsögðu að leggja fram þá kröfu að Norðurlandaþjóðirnar fáist okkur til stuðnings í landhelgismálinu, til afdráttarlauss stuðnings? Við teljum að við eigum þá siðferðilegu kröfu á hendur þeim. Ef þær verða ekki við því, hvað eigum við þá að gera? Eigum við að hætta samskiptum okkar við þær? Auðvitað verðum við að gera okkur ljóst, áður en við hyrjum einhverja aðgerð, hvaða afleiðingar hún kann að hafa, hvert hún kann að leiða okkur. Ef við hótum því að segja okkur úr NATO í krafti þess að það leysi fyrir okkur landhelgismálið og það gerir það ekki, þá eigum við auðvitað að vera búin að gera upp hug okkar um það fyrirfram, að ef þessi leið nægi ekki, þá eigum við auðvitað að láta hótunina ganga í gildi og fara. Og hvað eigum við þá að gera næst? Við þurfum að vita það líka.

Ég tel að þessar umr. hafi leitt það í ljós að það er nauðsynlegt að allir þingflokkar, stjórn og stjórnarandstaða, hafi samráð og samstarf um leitun að þeim leiðum sem til greina koma nú. Og ég held að því fyrr sem slíkt samráð og samstarf tækist, því betra. Vil ég í því sambandi taka mjög undir orð hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar, að það er rétt og tímabært að hafa samráð milli stjórnar og stjórnarandstöðu um það hvað gera beri í landhelgismálinu.

Að lokum örfá orð í sambandi við það sem hv. þm. Garðar Sigurðsson sagði hér áðan. Í athugasemdum mínum við hans fyrri ræðu tók ég alls ekki upp hanskann fyrir breska mafíu eða breska krata. Undrar mig það raunar mjög, að það virðist orðið þannig með suma hv. þm. að það má vart ýta við þeim öðruvísi en að þeir fari að hrópa: mafía, mafía. En ég var hvorki að taka upp hanskann fyrir neina breska mafíu né breska krata. Ég taldi, að hluti ræðu hv. þm. og þau viðbrögð, sem við henni komu fram hér á Alþ., væru Alþ. ekki til sóma. Ég taldi mig vera að reyna að taka upp hanskann fyrir Alþingi íslendinga. Ég taldi mig vera að reyna að taka upp hanskann fyrir sjómenn okkar á varðskipunum sem eiga það ekki skilið í þeirri baráttu, sem

þeir heyja nú úti á miðunum, að fá slíkar kveðjur frá Alþ., eins og þær sem héðan voru sendar við það tækifæri. Ég skal líka fúslega taka upp hanskann fyrir hv. þm. og lýsa þeirri skoðun minni að síðari ræða hans var honum miklu meira að skapi og miklu meira til sóma, hvaða skoðanir svo sem hann hafði á mér og mínum málflutningi. Um það kæri ég mig kollóttan.

Neðri deild, 65. fundur.

Miðvikudaginn 25. febr., að loknum 64. fundi.

Ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl., frv. (þskj. 374). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv. er um framlengingu laga um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl. Þau lög, sem nú eru í gildi um þetta efni, renna út nú um mánaðamótin og þess vegna er verið að fara fram á að hv. þdm. sýni þann velvilja að afgr. þetta frv. fljótt, enda hygg ég að nm. í fjh.- og viðskn. Nd. hafi unnið að málinu ásamt með n. í Ed., a. m. k. að einhverju leyti.

Þegar þetta frv. var lagt fyrir þingið var það lagt fram óbreytt samkv. lögunum. En í Ed. hefur verið gerð breyting á einni gr., og hún er á þá leið að í staðinn fyrir að gert var ráð fyrir styrk eins og er í lögunum, 8200 kr. ef ég man rétt á hvern íbúa, þá er það hækkað upp í 9500 kr. Það er, að ég hygg, eina breyt. sem gerð var á frv. í hv. Ed. Þar af leiðir auðvitað að það verður minna eftir afgangs til þeirra þarfa sem gert var ráð fyrir eftir frv. þegar það var lagt fyrir.

Þetta mál er annars vel þekkt meðal þm. af því að það hefur verið samþ. tvisvar sinnum, og ég held að það sé alveg óþarfi að ég fari að ræða um málið hér. Menn þekkja allir þá þörf, sem hér er fyrir hendi, og ástæðurnar, sem lágu til þess að þetta söluskattsstig var lagt á á sínum tíma. Það er sem sagt þetta söluskattsstig sem fellur niður nú um mánaðamótin, það þarf að framlengja það til þess að lögin geti haldið áfram að gilda.

Ég sé nú ekki, herra forseti, af því að ég fer fram á að málinu sé hraðað, ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð, en leyfi mér að óska eftir því að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og til fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Þær umr. sem hófust hér í dag, svo til strax í upphafi þingfundar, snerust upp í það að verða almennar umr. um landhelgismálið. Áttu þar hlut að máli ekki hvað síst sumir hæstv. ráðh. að málið tók þá stefnu.

Ég spurðist fyrir um það hér fyrr í dag hvort það væri með samþykki hæstv. ríkisstj. að utanrrh. norðmanna hefði nú tekið upp málamiðlunarstarf í deilunni milli íslendinga og breta í sambandi við landhelgismálið. Mér þykir það talsverðu skipta hvort hæstv. ríkisstj. hefur gefið samþykki sitt fyrir því að þessi tiltekni ráðh. tæki upp slík störf eða ekki. Ég vil því ítreka þessa spurningu mína til annaðhvort hæstv. utanrrh. eða hæstv. forsrh., sem var hér í dag þegar spurningin var fram borin, og ég vænti þess að við henni fáist svör, því að ég held að það eigi ekki að þurfa að vera neitt launungarmál hvort hæstv. ríkisstj. hefur gefið samþykki sitt til þess eða ekki. Það ætti að geta legið ljóst fyrir.

Eins og ég sagði áðan hafa þessar umr. tekið þá stefnu að verða almennar umr um landhelgismálið. Hæstv. sjútvrh. flutti hér ítarlega og nokkuð langa ræðu um málið í heild, ítrekaði þar sínar fyrri skoðanir um það, að hann teldi að samninga ætti að gera. En þegar hæstv. ráðh. var kominn þar í ræðu sinni að lýsa því að nú stæðu mál þannig að samningar væru svo fjarri sem hægt væri að hugsa sér, þá gekk hæstv. dómsmrh. í salinn og virtist greinilega ánægður yfir þessum orðum hæstv. sjútvrh., að hann teldi að nú væru samningar hvað fjærst því að nást sem verið hefði.

Hæstv. sjútvrh. og fleiri hæstv. ráðh. og þm. sumir hverjir hafa talað svo að það væru svo til eingöngu alþb.-menn eða hv. þm. Alþb. hér á Alþ., sem litu svo á að nú ætti að láta á það reyna hvert gagn okkur íslendingum væri í því að vera innan vébanda hinnar vestrænu samvinnu. Þetta er auðvitað mesti misskilningur. Það vita allir að hv. 2. þm. Austurl., Lúðvík Jósepsson, er harðsnúinn andstæðingur Atlantshafsbandalagsins. Það er öllum ljóst. En það eru ekki bara alþb.-menn sem eru þeirrar skoðunar að það þurfi að láta á það reyna hvert gagn er í því fyrir okkur íslendinga að vera innan Atlantshafsbandalagsins og vera aðilar að NATO. Þetta kom m. a. fram hjá hv. þm. Ellert B. Schram. (Gripið fram í.) Ég skal koma að því síðar biddu bara rólegur. Þetta kom m. a. fram hjá þessum hv. þm. Það er því greinilegt að það eru meira að segja sumir hverjir hv. stjórnarþm. farnir að hugsa á þennan veg. Og það er enginn vafi á því að ef fram heldur í þessu máli sem horfir, þá mun bretum innan ekki langs tíma takast að fá mikinn meiri hl. íslensku þjóðarinnar upp á móti aðild að Atlantshafsbandalaginu, upp á móti samstarfi vestrænna þjóða, að íslendingar taki þátt í slíku. Þess vegna vil ég láta það koma skýrt fram að ég tala hér sem nokkuð vinveittur vestrænni samvinnu og ég vil ekki á nokkurn hátt láta túlka það svo að það séu einvörðungu alþb.-menn sem telja það sjálfsagða kröfu okkar íslendinga að það verði látið á það reyna að það komi í ljós hvaða gagn við höfum af slíkri samvinnu. Það er enginn vafi á því að þeim fer ört fjölgandi, íslendingum sem hafa verið vinveittir því, jákvæðir í því að íslendingar tækju þátt í slíkri sam-

vinnu, — þeim fer ört fjölgandi sem verða í vafa um það ef svo heldur áfram sem gengið hefur til í sambandi við afstöðu breta og NATO vegna landhelgismálsins.

Bæði hæstv. sjútvrh. og einnig hv. þm. Sighvatur Björgvinsson komu hér inn á í þessum umr., ef við íslendingar tækjum þá ákvörðun að segja okkur úr NATO, hvort því fylgdi þá ekki — sjálfkrafa skildist mér — ákvörðun um að segja okkur úr Sameinuðu þjóðunum. Ég held að þetta sé mesti misskilningur. Ég held að það sé ekki hægt að leggja það að jöfnu, Atlantshafsbandalagið og veru okkar þar eða veru okkar innan Sameinuðu þjóðanna, í þessum skilningi. Aðildarríki Atlantshafsbandalagsins, Bandaríkin, hefur skuldbundið sig til að taka að sér varnir landsins með sérstökum samningi við íslensk stjórnvöld. Þeim ber því skýlaus skylda til þess að sjá um varnir landsins vegna aðildar okkar að NATO og með samningi sínum við íslensk stjórnvöld. Mér er ekki kunnugt um að neinu líku sé til að dreifa í sambandi við aðild íslendinga í Sameinuðu þjóðunum, þannig að frá mínum bæjardyrum séð a. m. k. er ekki neinu líku saman að jafna varðandi þessi tvö tilvik. Það hefur komið fram hér í dag og oft áður að samkv. sáttmála Atlantshafsbandalagsins skoðast árás á eitt aðildarríki þess sem árás á þau öll, og það höfum við Íslendingar orðið að þola af aðildarríki.

Ég sagði áðan að hv. þm. Ellert B. Schram væri greinilega farinn að hugsa sig um hvort það bæri ekki að athuga betur okkar gang í þessum efnum ef svona héldi áfram. Þessi hv. þm. sagði í fyrri hluta ræðu sinnar að að sínu mati kæmu nú engir samningar til greina við breta af okkar hálfu. Síðan dró hv. þm. svolítið í land, kannske hefur hann talað af sér, því að hann sagði að það væri hugsanlegt að taka til athugunar ef einhverjir aðrir kæmust að samkomulagi sem við gætum svo tekið afstöðu til um samninga við breta. Mér er ekki alveg ljóst hvað þessi hv. þm. var að fara, hvort hann meinti það í raun og veru að við sjálfir ættum ekki að koma nálægt neinni samningsgerð við breta, en gætum síðan hugsað okkur að taka afstöðu til samkomulags sem einhverjir aðrir hefðu gert — væntanlega fyrir okkar hönd þá eða svo skildi ég það. Þetta er að mínu viti mikil hugsanavilla, ef þetta er meiningin. Ef menn eru á annað borð hlynntir samningum, þá eiga þeir auðvitað að sjá til þess að það séu íslendingar sjálfir sem standi í því að gera þá, standi að þeim, en ekki að fá aðra til þess. En kannske fæst úr þessu skorið frekar hér á eftir.

En ég vil sem sagt — og það var aðalerindið — ítreka þessa spurningu til hæstv. utanrrh., því að hann situr hér og heyrir, um það hvort ríkisstj. hafi veitt samþykki sitt fyrir því að utanrrh. norðmanna væri málamiðlunaraðili í deilum milli íslendinga og breta.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég vil biðja hv. 5. þm. Vestf. afsökunar á því að ég heyrði ekki fyrri ræðu hans og þá spurningu sem hann setti fram, og það er af augljósum ástæðum því að ég var ekki í húsinu. En nú hef ég heyrt spurninguna og ég vil gera mitt til þess að hv. þm. þurfi ekki að gera sér erindi í þriðja sinn í þennan ræðustól til að spyrja þessarar spurningar. Og ég vil gera það með því að upplýsa bæði hann og aðra um það, að ríkisstj. hefur ekki veitt samþykki sitt til þess að utanrrh. norðmanna eða neinn annar maður yrði milligöngumaður í landhelgismálinu.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Að nokkru leyti kvaddi ég mér hljóðs til þess að spyrja þeirrar spurningar sem hv. þm. Karvel Pálmason beindi til hæstv. utanrrh. áðan, og nú hefur komið svar við því, þannig að það er óþarfi að fara mörgum orðum um það. En ég ætla ekki að eyða ákaflega löngum tíma í að ræða þetta mál sem hér hefur verið til umr. utan dagskrár. Ég tók eftir þeim orðum hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar hér í dag að hann taldi mikla nauðsyn á því að fá sem breiðasta samstöðu í landhelgismálinu. Ég held ég muni það rétt að hann hafi orðað það á þann hátt. Og ég vil auðvitað taka mjög undir þessi orð hv. þm., því að allir hljóta að vera sammála um að það, sem okkur ríður hvað mest á, er að fá breiða og trausta samstöðu í landhelgismálinu. Ég held að allir hljóti að vera sammála um það. Enda hefur það ævinlega verið svo í öll þessi mörgu ár sem við höfum staðið í landhelgisdeilum við breta og raunar margar fleiri þjóðir, þá höfum við ævinlega reynt að leggja áherslu á að hafa sem víðtækasta þjóðarsamstöðu í landhelgismálinu. Við eigum hér í mjög harðri baráttu út á við og þess vegna er alveg augljóst mál að samstaða inn á við er nauðsyn. Og ég vil nú vegna þessara orða hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar minna á það, að stjórnarandstaðan getur ráðið ákaflega miklu um hvernig fer um þessa samstöðu. Og þó að ég ætli ekki að fara fram á það að stjórnarandstaðan hv. virði ríkisstj. í hverri grein, þá hygg ég þó að það sé mjög mikils virði að stjórnarandstaðan virði forustu ríkisstj. í þessu máli. En það segir sig auðvitað sjálft að ríkisstj. hefur sínar skyldur einnig gagnvart stjórnarandstöðunni í þessu máli og sjálfsagt að taka fullt tillit til skoðana hennar.

Hér hafa menn verið að velta fyrir sér þeirri spurningu hvað hægt sé að gera nú og hvað eigi að gera nú. Ég held að það sé ekki nema eitt í rauninni sem við getum gert eins og er. Það er aðeins eitt sem við getum gert og það er það, að við eigum eins og við erum nú að gera, við eigum að verjast þeirri ásókn, sem bretar sýna okkur m. a. með herskipainnrás. Við verðum að verjast þeirri ásókn með þeim tækjum sem við höfum. Við verðum að beita landhelgisgæslunni eins og hægt er, fyrst og fremst með því að beita þeim skipum, sem við þegar höfum, og auk þess hljótum við að vinna að því að efla landhelgisgæsluna eftir því sem frekast er hægt og m. a. með því að afla nýrra skipa, eins og ýmsir hafa bent á. Í því sambandi kemur manni til hugar að það væri e. t. v. eðlilegast að leita til vina okkar og nágranna norðmanna í því efni og ræða það efni við þá.

En einmitt vegna þess sem ég er að segja nú, að ég tel að það sé aðeins eitt fyrir okkur að gera, að verjast innrásinni með þeim tækjum sem við höfum, þá vil ég líka bæta því við, að

ég tel að tími samninga við breta sé með öllu liðinn. Við höfum að mínum dómi réttilega leitast við að finna lausn á þessu með samningaviðræðum. Ég tel að ríkistj. hafi þar í engu hegðað sér óeðlilega, heldur fullkomlega eðlilega, og menn munu sjá það, þó kannske síðar verði, og allir munu um síðir viðurkenna það, hygg ég. En ég held líka að nú sé tími samningaviðræðna við breta algjörlega liðinn, því að bretar hafa sýnt að þeir hafa ekki annað að bjóða í þessu en fullkomna óbilgirni.

Menn hafa rætt um ýmsar pólitískar aðgerðir í þessu máli og það hefur raunar komið ein stór pólitísk ákvörðun til framkvæmda, og hún er sú að slíta stjórnmálasambandi við breta. Það er ekki litið að gert. Ég er ekkert á móti því að við ræðum það að grípa til annarra utanríkispólitískra aðgerða í þessu máli. Og ég tel að það komi fyllilega til greina, að við beitum okkur gagnvart NATO enn á ný, að við beitum okkur enn þá gagnvart NATO t. d. með því að kalla heim sendiherrann sem situr í Brüssel. Mér finnst að það komi vel til greina ef það ætlar að sýna sig að meðalganga Atlantshafsbandalagsins dugir í engu. Og ég tel líka, að við getum ekki varist því, hvort sem við viljum það eða viljum það ekki, þá getum við ekki varist því að menn fari að hugsa eitthvað upp á nýtt um veru okkar í þessu bandalagi. Ég hygg þess vegna að við hljótum að ræða það hvort ekki sé kominn tími til að tilkynna NATO um að við viljum endurskoðun á tengslunum við NATO. Mér finnst þetta komi mjög til greina. Við hljótum að fara að spyrja okkur þeirrar spurningar, eins og nú er komið, hvort það sé ekki einhver ágalli á þeim samningi sem við höfum gert við NATO um varnir landsins, um þátttöku í varnarsamstarfi, m. a. og fyrst og fremst um varnir Íslands.

Þetta vil ég að komi fram. Hér er ég auðvitað að lýsa persónulegri skoðun minni, en ég vona hins vegar að ég tali ekki á „skjön" við þau viðhorf sem framsóknarmenn hafa almennt í þessum málum. En því fer fjarri að ég telji að við eigum að krefjast slíkrar endurskoðunar algjörlega vanhugsað. Ég tel það í rauninni hálfgerðan — ja, ég vil nú ekki nota sterk orð, en ég tel að það sé mjög óeðlilegt af okkur að ræða ekki sambandið við NATO í grundvallaratriðum eins og nú háttar samskiptum við bandalagið.

Ég vil svo endurtaka það sem ég sagði áðan, í upphafi míns máls, og var eiginlega að nokkru leyti tilefni þess að ég kvaddi mér hljóðs. Af því að ég tók vel eftir þeim orðum hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar þar sem hann talaði um breiða samstöðu um aðgerðir eða um afstöðu í landhelgismálinu, þá hlýt ég að taka undir það og ég vil beina því til stjórnarandstöðunnar í heild að það veltur ekki litið á hvernig hún tekur á þessu máli og hvaða samstarf hún vill hafa við ríkisstj. um þessi mál.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð til þess að fyrirbyggja misskilning, sem fram hefur komið vegna fyrri ræðu minnar í þessum umr.

Það er í fyrsta lagi vegna fyrirspurna og ummæla hv. 5. þm. Vestf. um það hver afstaða mín væri til samninga. Ég lýsti því mjög skilmerkilega fyrr í dag að ég liti svo á að samningaviðræður við breta kæmu ekki til greina frekar. Hins vegar gat ég þess, að ef fram kæmi einhver till. eða möguleiki á því að samkomulag væri um veiðar þeirra, um ákveðið aflamagn sem væri langt fyrir neðan það sem við höfum talað um hingað til í viðræðum við þá, þá væri það til athugunar fyrir okkur hvort ekki væri rétt að samþ. slíkt. Við skulum t. d. segja að bretar, hvort sem það væri fyrir milligöngu einhvers aðila eða hvort þeir tækju það upp hjá sjálfum sér að bjóðast til þess að fækka hér skipum sínum á Íslandsmiðum og veiða t. d. 10—15 þús. tonn af þorski, þá teldi ég það vitaskuld koma til greina og koma til álita fyrir okkur að heimila þeim slíka veiði. (Gripið fram í.) Þetta er það sem ég átti við og vona að það misskiljist ekki frekar.

Þá hafði hv. 2. þm. Austurl. þau orð eftir mér að ég hefði talið það slæman kost að vera í bandalaginu, þ. e. a. s. Atlantshafsbandalaginu. Ég held ég muni það rétt, að ég sagði orðrétt í minni fyrri ræðu að ég teldi það illan kost að vera í bandalaginu með bretum, og þá er það illur kostur vegna bretanna, en ekki endilega vegna bandalagsins. Hvernig sem menn vilja túlka það, þá hef ég auðvitað eins og allir sæmilega ábyrgir íslendingar velt fyrir mér þeim aðgerðum og þeim viðbrögðum, sem hugsanleg væru af okkar hálfu í þessu máli, og þ. á m. hef ég auðvitað velt fyrir mér hvort það kemur til greina að hafa í frammi einhverjar aðgerðir gagnvart Atlantshafsbandalaginu upp á það, að við næðum meiri árangri í fiskveiðideilu okkar við breta. Ég hef komist að þeirri niðurstöðu, að það væri ekki skynsamlegt vegna fiskveiðideilunnar að hóta því að segja sig úr Atlantshafsbandalaginu. Ég lít svo á að það sé rétt að reyna til þrautar að koma okkar máli á framfæri og ná einhverjum árangri á vettvangi NATO nú á næstu vikum og mánuðum, gera það með þeim tiltækum ráðum sem þar eru möguleg. Síðan verðum við að loknum þeim tilraunum og að lokinni þessari deilu að gera það upp við okkur, þegar þar að kemur, hvort við teljum áfram gagn vera að því fyrir íslendinga að vera í þessu bandalagi eða ekki. Ég gat þess líka í minni ræðu að ég teldi m. a. koma til greina að við íslendingar óskuðum endurskoðunar á samningnum á þann veg að þátttaka okkar byggðist á því, að ef til slíkra árekstra kemur eins og nú hafa orðið milli okkar og breta, ef kemur til árekstra á milli sem sagt bandalagsþjóða, þá séum við í þeirri aðstöðu sem vopnlaus þjóð að geta óskað eftir aðstoð með einu eða öðru móti af bandalaginu. Þetta þýðir auðvitað ekki að ég vilji segja mig úr bandalaginu eða sé á þessu stigi málsins að velta því fyrir mér að við eigum að ganga úr því.

Ef ég tek á leigu íbúð í húsi þar sem önnur íbúð er líka á leigu til annars aðila og hinn leigutakinn gerir eitthvað á minn hlut, þá hefur það takmarkaðan tilgang gagnvart honum að ég hóti því gagnvart húseiganda að ég segi upp leigunni og fari úr húsinu. Það hefur litla þýð-

ingu gagnvart hinum sem áreitti mig. Við verðum að beina spjótum okkar að þeim sem við erum í stríði við og eru að áreita okkur, þ. e. a. s. bretum í þessu tilviki. Við eigum ekki að beina spjótum okkar að bandalaginu eða hafa í frammi hótanir gagnvart því, því að ég tel að með hliðsjón af þeirri reynslu sem hafðist af stjórnmálaslitunum, þá sé vafasamur árangur af slíkum hótunum.

Hv. 2. þm. Austurl. gerði nokkurt gys að því hvernig viðbrögð manna yrðu ef við legðum fram till. hjá NATO um að bretum yrði vísað úr bandalaginu. Hann sagði að menn mundu sjálfsagt taka því með samúð og þættust hafa skilning á því, en síðan mundi enginn greiða síkri till. atkv., þannig að við stæðum áfram í okkar deilu án þess að slík till. skilaði nokkru af sér. Með sama hætti held ég að hægt sé líka að gera gys að hótunum um það að við gengjum úr bandalaginu, því að ef við gerðum alvöru úr þeim hótunum, þá gæti svo farið að við stæðum uppi án þess að vera í NATO og áfram með bretana á okkar miðum og þeirra herskip. Þetta verðum við að meta mjög kaldrifjað og af fullri skynsemi og raunsæi. Og við megum undir engum kringumstæðum missa sjónar á aðalatriði þessa máls, þ. e. a. s. að við erum að reyna að tryggja okkur yfirráð yfir 200 mílunum. Við erum að reyna að vernda fiskstofnana vegna framtíðarinnar. Þess vegna má ekki blanda saman þátttöku okkar í Atlantshafsbandalaginu og þeirri deilu sem við eigum í við breta um þessar mundir.

Sameinað þing, 57. fundur.

Fimmtudaginn 26. febr., kl. 2 miðdegis.

Heyrnarskemmdir af völdum hávaða í samkomuhúsum, þáltill. (þskj. 368). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Aðgerðir til að draga úr tóbaksreykingum, þáltill. (þskj. 74, n. 153). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Á þskj. 74 er borin fram svo hljóðandi till.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa n. til þess að gera till. um samhæfðar aðgerðir af hálfu opinberra aðila til þess að draga úr tóbaksreykingum íslendinga. N. skal sérstaklega taka til umfjöllunar annars vegar tillögugerð um fyrirbyggjandi ráðstafanir, svo sem með hvaða hætti árangursríkast verði hagað upplýsingastarfsemi um skaðsemi tóbaksreykinga, og hins vegar gerðar till. um skipulagt námskeiðahald á vegum hins opinbera eða með þátttöku þess fyrir tóbaksneytendur er vilja hætta eða draga úr tóbaksneyslu sinni. Í þessu sambandi verði sérstök áhersla lögð á baráttu gegn tóbaksneyslu skólafólks.

Í störfum sínum hafi n. samráð við þá aðila, er um slík mál sem hér um ræðir hafa fjallað til þessa. Niðurstöður n. verða síðan grundvöllur aðgerða hins opinbera til aukinnar baráttu gegn tóbaksreykingum."

Allshn. Sþ. hefur skoðað þessa till., rætt við nokkra aðila, sem að þessum málum vinna, og sérstaklega kynnt sér ritgerð eða skýrslu, sem dr. Jón Sigurðsson fyrrv. borgarlæknir tók saman um reykingar skólabarna. Þar kemur fram að ástandið á þeim vettvangi er allalvarlegt. Í ljós kemur og að það eru ýmsir aðilar, áhugasamtök og aðrir, sem vinna gott verk. En nauðsynlegt er að samræma og sameina þessi störf og það fjármagn sem til þeirra fer. Allshn. er þeirrar skoðunar að hér sé till. á ferðinni sem sé bæði þörf og tímabær. Því telur hún eðlilegt, að heilbrmrn. skipi n. sem geri till. um samhæfðar aðgerðir, og leggur til að þessi till. verði samþykkt.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég tel alveg sjálfsagt að það verði unnið að því og allt gert af hálfu opinberra aðila til þess að draga úr tóbaksreykingum landsmanna, og ætla ég ekki að fara út í skaðsemi þeirra. En það væri mjög gott ef alþm. almennt tækju það til fyrirmyndar að draga úr tóbaksreykingum og þá alveg sérstaklega flm. málsins. Það væri ólíkt skemmtilegra fyrir þá að vera allir algerir bindindismenn á reykingar, og það væri kannske fyrsta skrefið til þess að kenna öðrum að varast skaðsemi tóbaksreykinga þegar menn, sem hafa áhuga á að vara aðra, sýna það í breytni sinni.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 384).

Fiskileit og tilraunaveiðar, þáltill. (þskj. 295). — Ein umr.

Flm. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja till. til þál. um fiskileit og tilraunaveiðar á þskj. 295, svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að hún beiti sér fyrir því að skipulögð leit verði gerð að kolmunna og spærlingi á þessu ári. Veiðiskip verði tekið á leigu í þessu skyni og hefji það jafnframt tilraunaveiðar. Enn fremur verði hert á leit og tilraunaveiðum á loðnu síðari hluta sumars og næsta haust."

Miklar umr. hafa farið fram um það undanfarið, hver afrakstur íslenskra fiskistofna og annarra sjávardýra hér við landið er, hvaða fisktegundir eru fullnýttar eða ofveiddar svo og hvaða fisktegundir það eru sem ekki eru fullnýttar. Þær fisktegundir, sem eru fullnýttar eða ofveiddar, eru fyrst og fremst þorskurinn, ýsan, ufsi, langa, keila, steinbítur, lúða, grálúða, skarkoli og síldin, enn fremur humar og rækja á grunnmiðum og hörpudiskur og e. t. v. karfi eða einhverjar tegundir af karfa, en það eru fleiri en ein tegund, eins og kunnugt er, sem hafa verið veiddar.

Þær fisktegundir, sem hins vegar eru ekki full-

nýttar, eru loðna, spærlingur, kolmunni, úthafsrækja — og kem ég nánar að því síðar — og svo nokkrir djúpfiskar, eins og t. d. langhali, snarpalanghali, og það mætti nefna sandsíli einnig í þessu sambandi.

Það er ástæða til að geta þess að Rannsóknaráð ríkisins hefur beitt sér fyrir athugun á stöðu íslensks sjávarútvegs og fiskiðnaðar og spáð um þau efni fram til ársins 1980. Sérstakur starfshópur vann að skýrslu um þessi málefni sem nú hefur komið út, eins og kunnugt er, og heitir Þróun sjávarútvegs, yfirlit yfir stöðu íslensks sjávarútvegs og fiskiðnaðar og spá um þróun fram til 1980. Í inngangi þessarar skýrslu kemur fram að íslendingar hafa varið 0.35—0.50% af brúttóþjóðarframleiðslu á ári hverju til rannsókna og tækniþróunarmála. En hjá flestum öðrum þjóðum, sem búa í nágrenni við okkur og við keppum við um markaði, framleiðslu og almenn lífskjör, er þessi tala um 1—1½% og jafnvel upp í 2½% af þjóðarframleiðslunni. Þetta er vissulega íhugunarefni fyrir Alþ. þegar það í framtíðinni markar stefnu í þessum efnum.

Það er réttilega bent á það í þessari skýrslu að íslendingar hafa litið á Íslandsmið sem ein fengsælustu fiskimið heimsins, og það hefur að sjálfsögðu mótað viðhorf okkar til sjávarútvegsins fram til þessa dags. Nú hafa menn hins vegar gert sér það ljóst, og er það vonum seinna, að flestar helstu fisktegundir, sem íslendingar byggja sinn sjávarútveg á, eru ofveiddar í verulegum mæli. Það eru aðeins örfáar, eins og ég nefndi hér áður, sem ekki eru taldar fullnýttar. Við erum því staddir á tímamótum í þessum efnum. Við höfum skyndilega gert okkur glögga grein fyrir því að við stöndum andspænis nýjum viðhorfum í þessum málum, — viðhorfum sem krefjast nýrra úrræða og aðferða í okkar sjávarútvegsmálum.

Það er skylt að geta þess að þegar á árinu 1972 mun Hafrannsóknastofnunin hafa sent sjútvrn. viðvörun um ástand íslenskra fiskstofna. Þegar þetta var upplýst vakti það mikla athygli vegna þess að svo virðist sem þessari aðvörun hafi ekki verið verulega sinnt, og væri ástæða til fyrir þá, sem hana fengu, að gera þjóðinni grein fyrir því af hverju þessari aðvörun virðist hafa verið stungið undir stól að verulegu leyti og henni ekki sinnt. Ég sé að hv. 2. þm. Austurl. er ekki hér í salnum, en hann var sjútvrh. á þessum tíma, og ég hefði áhuga á því að heyra hann skýra frá því hvaða afdrif þetta mál fékk á sínum tíma, hvort t. d. málið var tekið upp í ríkisstj. þá og hvort það var rætt, hvort þetta mál var tekið inn í viðræður við útlendinga á árunum 1973 og 1974 um heimildir þeim til handa til fiskveiða í íslenskri fiskveiðilögsögu o. s. frv. Ég er ekki nægilega kunnugur þessu til þess að geta um það sagt, en hefði hins vegar áhuga á því að vita nánar um það.

Forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn, vék að fiskveiðimálum í nýársboðskap sínum til þjóðarinnar á nýársdag. Hann minnti á það m. a., að í Aldamótaljóðum Hannesar Hafsteins segir svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Auðlindir sjávar ótæmandi bruna.“ Og hann ræddi talsvert um þetta mál í sínum boðskap og komst svo að orði m. a., að það hefði fyrst verið komið fram undir aldarkvöld þegar íslendingar sáu nakinn sannleikann í þessu efni og gerðu sér ljóst að það yrði að snúast við þessum háska með snarræði og einurð ef ekki ætti allt að verða um seinan.

Það þarf í sjálfu sér ekki að lá neinum sem ekki sá það fyrir um aldamótin að ástand fiskstofna hér á Íslandsmiðum yrði með þeim hætti sem nú er raunin á. En hins vegar er ástæða til að finna að því hve seint menn tóku við sér í þessum efnum hér á landi og alveg sérstök ástæða til þess að gera að umræðuefni þá viðvörun sem ég minntist á áðan frá Hafrannsóknastofnuninni til sjútvrn. á árinu 1972, hvaða viðtökur hún fékk og hvaða meðferð hún fékk, því að það er fyrsta aðvörunin sem ég veit um varðandi þorskstofninn alveg sérstaklega sem var geysilega alvarleg, þar sem ráðlagt var að minnka sóknina í þorskstofninn um allt að helming í þeirri viðvörun.

Þá vildi ég víkja nokkru nánar sérstaklega að loðnunni.

Fyrir nokkrum áratugum, allt frá 1920, var loðna nýtt til beitu á vertíðum á Hornafirði. Löngu síðar eða eftir miðjan fjórða áratuginn var almennt farið að nota hana til beitu á Suðurnesjum. Í raun og veru voru loðnuveiðar fyrst og fremst takmarkaðar við beituþarfir línubáta allt fram til ársins 1964. En árið 1965 verða straumhvörf í þessum efnum því að loðna er þá veidd í fyrsta sinn í stórum stíl til bræðslu. Það ár munu hafa verið veiddar tæpar 50 þús. lestir af loðnu. Næstu árin var loðnuaflinn um 100 þús. tonn á hverju ári. Fyrstu árin var veiðitímabilið frá því um miðjan febr. til marsloka og veiðisvæðið algerlega takmarkað við suðaustur- og suðurströndina og svo vesturströndina. Það var raunar ekki fyrr en skipulögð loðnuleit hófst sem veiðarnar jukust til mikilla muna. S. l. þrjú ár hefur loðnuaflinn verið um 450 þús. smálestir á ári. Veiðitímabilið hefur verið frá jan. og fram í seinni part aprílmánaðar. Það hefur því lengst verulega frá byrjunarárunum.

Það er talið að loðnustofninn þoli a. m. k. 600—800 þús. tonna afla á ári, þannig að langt er í land að stofninn sé fullnýttur, sem betur fer. Á Alþ. árið 1968—69 flutti ég till. til þál. um rannsóknir á loðnugöngum sem fjallaði einfaldlega um það að Alþ. ályktaði að láta rannsaka og fylgjast með loðnugöngum að landinu og með ströndum fram. Núv. hæstv. menntmrh. flutti viðbótartill. við þessa till. mína á þá leið að ríkissti. væri heimilt að leigja á því ári skip til rannsókna, leitar og tilraunastarfa í allt að 6 mánuði til viðbótar þeirri fiskileit sem þegar hefði verið veitt fé til. Ýmsir þm. fleiri fluttu svipuð mál á þessum árum. En þessi þáltill. var samþ. á sínum tíma og af þessu má raunar sjá hversu afar stutt er síðan íslendingar gerðu sér grein fyrir því að nauðsynlegt væri að halda uppi öflugu rannsóknastarfi og skipulagðri leit að þessum fiskstofnum og fylgja fiskgöngunum eftir í þeim tilgangi að auðvelda auknar veiðar. Það var raunverulega ekki fyrr en 1960 að hafist var handa um skipulegar heildarrannsóknir á íslensku loðnunni, en menn höfðu áður verið uppteknir við síldina sem eðlilegt var.

Til þessa hafa loðnuveiðar eingöngu verið stundaðar á tímabilinu jan. til apríl eða skömmu fyrir og um sjálfan hrygningartímann. Seinustu þrjú árin hefur aflinn verið um það bil 450 þús. tonn á ári, eins og ég gat um áður, og takmarkast fyrst og fremst af afkastagetu síldarverksmiðjanna, auk þess sem veður og veðurfar hefur nokkur áhrif á aflabrögð. Frá árinu 1969 hefur verið fylgst með göngum og hegðun loðnunnar frá því í ársbyrjun og þar til vertíð lýkur. Rannsókna- og leitarskip hafa leiðbeint fiskiflotanum um göngur loðnunnar og ný veiðisvæði. Sú upplýsingamiðlun, sem rannsókna- og leitarskipin hafa veitt, er ómetanleg fyrir veiðiflotann og raunar fyrir efnahagslíf þjóðarinnar, auk þess sem hún hefur þýðingu við rannsókn á líffræði loðnunnar. Og það er ástæða til þess að veita þessari starfsemi fulla viðurkenningu, og má raunar segja að hún hafi þegar hlotið fulla viðurkenningu almennings. Hins vegar má alltaf gera betur og eflaust ástæða til þess að efla loðnuleit og enn fremur aðstöðu til þess að fylgjast með loðnugöngunum á sjálfri vertíðinni.

Eins og kunnugt er nær loðnan ekki háum aldri, yfirleitt ekki meira en sem svarar 3—4 árum. Með hliðsjón af þessu og svo hinu, að miklar sveiflur eru í stærð einstakra árganga, er ákaflega nauðsynlegt að fylgja eftir öflugu rannsóknarstarfi á ungloðnunni og loðnugöngunum til þess að menn geti gert sér sem gleggsta grein fyrir því hvers er að vænta um stofnstærðir og mögulegar veiðar á næstu árum.

Hafrannsóknastofnunin gerir árlega sérstaka áætlun um notkun skipa stofnunarinnar. Ég hygg að um þessar mundir séu tvö skip í loðnurannsóknum og loðnuleit, þ. e. a. s. Árni Friðriksson og Bjarni Sæmundsson. Þau svæði, sem lögð er áhersla á, eru fyrst og fremst loðnuleitin, möguleikar til veiða og merkingar á loðnu við Norðausturlandið og þar norður og austur af landinu, þá veiðimöguleikar við austur- og suðausturmiðin. Síðan er leitað að loðnu við Suður- og Suðausturlandið og jafnframt athugaðar hrygningar. Þegar kemur fram í marsmánuð snúa rannsóknaskipin sér að rannsóknum á magni og útbreiðslu á ungloðnu við Vesturlandið og á Austurdjúpinu. Í jan. og febr. mun einnig vera leitað á Vestfjarðamiðum. Þegar svo kemur lengra fram á er einnig leitað út af Vestfjörðum og á Breiðafirði og Faxaflóa. Á sumrin og alveg fram á haust er loðna rannsökuð á djúpmiðum norðanlands og norðvestanlands. Það hefur oft fundist mikið loðnumagn út af Strandagrunni, við Kolbeinsey, norður af Melrakkasléttu og jafnvel austur að Jan Mayen, og stundum gengur loðna vestur fyrir Vestfirði á sumrin. Síðan mun vera gert ráð fyrir loðnuleit fyrir veiðiflota á djúpmiðunum norðan- og norðvestanlands. Hygg ég að meiningin sé að bæði Bjarni Sæmundsson og Árni Friðriksson verði í þessum rannsóknum og loðnuleit á komandi sumri.

Þessi þáltill. gerir ráð fyrir því að tekið verði á leigu veiðiskip til leitar og tilraunaveiða. Á ég þar alveg sérstaklega við það að unnt verði að fá úrvalsskip og áhöfn til þess að taka að sér þetta verkefni. Það mætti nefna einstök skip, eins og t. d. Eldborgu, Sigurð, Börk og efalaust fleiri, en ég nefni þessi aðeins sem dæmi. Ég held að það sé fullkomlega tímabært að gera alvarlega tilraun til þess að fá úrvalsveiðiskip til þessara tilraunaveiða til að ganga úr skugga um hvort ekki sé virkilega mögulegt að lengja úthaldstímann á loðnuveiðum síðari hluta sumars og fram á haustið án þess að nokkur hætta sé á því að loðnustofninn verði ofnýttur. Raunar þyrftu fleiri skip að koma til við slíkar veiðitilraunir.

Um kostnað af þessum tilraunum er það að segja, að m. a. þyrfti að setja lágmarkstryggingu fyrir tilraunaveiðiskipin. Færi þá kostnaðurinn eftir því hve mikið fiskaðist. Raunar væri ástæða til sérstakrar fjáröflunar — ja, ég vil segja bæði til eflingar landhelgisgæslunnar, eins konar landhelgisskatts á þjóðina eins og nú er ástatt, og einnig raunar til að standa straum af kostnaði við tilraunaveiðar, því að hér er verið að renna fleiri stoðum undir efnahag þjóðarinnar. Og þetta mál er allt saman í raun og veru sama málið, ef svo mætti að orði komast, því að hér er um að ræða að vernda fiskstofna og viðhalda þeim og jafnframt að gera okkur íslendingum sjálfum kleift að stjórna veiðum hér við landið.

Þáltill. gerir ráð fyrir aukinni starfsemi á þessum vettvangi til viðbótar við þá talsverðu starfsemi sem nú fer fram á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar. Er raunar sérstök áhersla lögð á veiðitilraunir. Fiskifræðingar telja mjög æskilegt að halda áfram leit eftir að vertíð er lokið. Það mun vera tveggja til þriggja ára loðna sem fylgir hinni eldri eða þriggja til fjögurra ára loðnunni eftir í kraftgöngunum upp að landinu. Ungloðnan verður svo eftir út af Norðaustur- og Austurlandi og fer að síga norður á bóginn aftur í aprílmánuði. Hana þarf að elta og athuga hvernig hún hagar sér og gera veiðitilraunir. Það hefur verið reynt að veiða loðnu norður- og norðvestur af landinu á sumrin.

Næst vildi ég víkja að kolmunnanum. Í grg. fyrir þáltill. segir svo um kolmunnann:

„Kolmunninn er þorskfiskur á stærð við síld og einn stærsti fiskstofn í Norður-Atlantshafi. Hrygningarstöðvar kolmunnans eru einkum við djúpkantinn vestur af Íslands- og Skotlandsströndum. Þó er talið hugsanlegt að hluti stofnsins hrygni nær Íslandi og þá sennilega út af suðaustur- og suðurströndinni. Veiðar þessa fisks hafa farið vaxandi á seinni árum og er þegar hafin vélflökun á kolmunna og framleiddur úr honum frystur marningur. Íslendingar hafa veitt svolitinn kolmunna, en alls ekki leitað nægilega að honum né gert nægar tilraunir til veiða. Talið er líklegt að bjóða megi stofninum hér í grennd við landið a. m. k. 100 þús. tonna veiðar á ári. Þó vita menn hvergi nærri nóg um þennan fisk. Svo er raunar um fleiri fiska."

Kolmunninn mun sennilega halda sig meira í hlýjum sjó. Þó varð vart við geysilega mikið magn af kolmunna á venjulegum síldarmiðum við Austurland seinni hluta sumars 1960.

Gunnar Hermannsson skipstjóri á Eldborgu, þjóðkunnur afla- og dugnaðarmaður, skrifaði grein í tímarit Fiskifélags Íslands, Ægi, 1973 um tilraunaveiðar Eldborgar árið 1972. Þar segir á einum stað, með leyfi hæstv. forseta:

„Mergð kolmunnans í hafinu milli Íslands og

Noregs er flestum hlutaðeigandi kunn, enda setti hann a. m. k. einu sinni endahnút á síldarvertíð alllöngu áður en henni hefði að öllu jöfnu verið lokið. Þá var oft að sumarlagi vandratað milli kolmunna- og síldartorfa austanlands, jafnvel eftir að leitartækni hafði náð þeirri fullkomnun er síðar varð og alkunna er.

S. l. vor tilkynntu norðmenn, að þeir hefðu fundið 10 millj. lesta af hrygnandi kolmunna á tiltölulega takmörkuðu svæði skammt norðvestan Bretlandseyja, og ályktuðu að nokkurn afla hlyti að mega fá úr slíkum fiskstofni. Ekki þótti íslendingum stofnstærðin tiltökumál og miðuðu þá við fyrri reynslu sína í Noregshafi sem þegar hefur verið drepið á. Hins vegar voru íslendingar almennt sammála norðmönnum í því að álitlegt væri að reyna kolmunnaveiðar og þar með nýtingu *nýs fiskstofns.*"

Þetta sagði Gunnar Hermannsson í sinni Ægisgrein.

Jakob Jakobsson fiskifræðingur skrifaði grein um bræðslufiska í Ægi 1969 og segir þar að kolmunninn hafi stundum leitað inn að kjarna hins kalda Austur-Íslandsstraums á hafsvæðinu milli Íslands og Jan Mayen. Síðan 1960 hefur hans svo orðið vart í mismunandi magni austur og norðaustur af landinu. Það verður að segja það eins og er, að þrátt fyrir mikið magn, einkum á djúpmiðum austanlands, hefur orðið heldur lítill árangur leitar og veiðitilrauna fram að þessu. Í júlímánuði sumarið 1975 kom í ljós talsvert magn af kolmunna á tiltölulega grunnu vatni, t. d. út af Héraðsflóa og raunar víðar við Austfirði. Vegna veðurs var erfitt að athuga þetta mjög náið eða gera *miklar veiðitilraunir.* Þó var ljóst að unnt reyndist að veiða 10 tonn af kolmunna í 15 mínútna tilraunatogi á því sumri.

Sveinn Sveinbjörnsson fiskifræðingur segir í bók Þjóðhagsstofnunarinnar, Þjóðarbúskapnum, að hrygningartíminn vestan og norðvestan Bretlandseyja sé í mars- og maímánuði og hrygni kolmunninn þar á 400—500 m dýpi. Norðmenn, færeyingar, bretar og rússar hafa rekið þar tilraunaveiðar um 2—3 ára skeið með flotvörpu og með talsverðum árangri. Sveinn Sveinbjörnsson telur ekki útilokað, að kolmunni hrygni við suðurströnd Íslands, og mögulegt að allstór stofn hrygni við landgrunnsbrúnina suðaustanlands. Þá vita menn að rússar veiddu verulegt magn í flotvörpu í utanverðu Reyðarfjarðar- og Norðfjarðardýpi á árunum 1970 og 1971. Eldborgin fékk röskar 600 lestir af kolmunna í nót á þessum slóðum í júnímánuði 1972 og meðalafli í kasti var þá um 20 lestir.

Mér er kunnugt um að í ráði er að Árni Friðriksson verði sendur til kolmunnaleitar og veiðitilrauna á austur- og suðausturmið í maí og júnímánuði n. k. Gunnar Hermannsson skipstjóri segir í áður tilvitnaðri grein í Ægi 1973 um tilraunaveiðar Eldborgar, með leyfi hæstv. forseta, svo hljóðandi:

„Til þess að marktækur árangur náist, hvort heldur jákvæður eða neikvæður, þarf þó meira til en 1—2 veiðirannsóknaskip í 3 vikur eða mánuð af og til. Það er áreiðanlega engin ástæða til að gefast upp að svo stöddu, enda mættu menn hafa í huga að markaðsmál geta breyst til hins betra með litlum fyrirvara. Ef almenn *neysla kolmunna ykist* skyndilega yrði sannarlega annað uppi á teningnum með verðlag afurðanna og 600—1000 tonna mánaðarafli varla litinn hornauga. Þá er enn fremur ósvarað þeirri spurningu, hvort kolmunninn er veiðanlegur í júlí og ágúst eða á þeim tíma sem hann var að eyðileggja veiðarfærin fyrir okkur hér á árunum, eins og drepið var á í upphafi."

Þetta segir Gunnar Hermannsson, sem hefur manna mest fengist við tilraunaveiðar á kolmunna hér við landið.

Hafrannsóknastofnunin mun, eins og áður segir, ætla Árna Friðrikssyni að stunda kolmunnaleit og veiðitilraunir á austur- og suðausturmiðum í mánaðartíma í maí og júní þessa árs.

Efni þáltill. minnar er m. a. að veiðiskip verði tekið á leigu til að leita að kolmunna og hefja *tilraunaveiðar. Mér er það vel ljóst, enda í* samræmi við niðurstöður Gunnars Hermannssonar skipstjóra, að það þyrfti meira en eitt skip til viðbótar til að leita að og gera tilraunaveiðar á kolmunna. Ég vil leyfa mér að vekja athygli þeirrar n., sem fær þetta mál til meðferðar, á þessu og jafnframt er e. t. v. ástæða til þess að á hennar vegum fari fram athugun á því hvort ekki sé unnt að gera meira en gert er ráð fyrir í þessari þáltill. En það hafsvæði, sem kolmunninn gengur á, er gífurlega víðáttumikið og miklu víðáttumeira en svo að eitt veiðiskip geti komist yfir það með sínar tilraunaveiðar. Þeirri hugmynd hefur verið skotið að mér af manni, sem hefur tekið þátt í ýmsum veiðitilraunum og fiskileit á undanförnum árum, hvort ekki væri hægt að koma við leit að kolmunna úr þyrlu og haga því þannig að renna niður fiskleitartæki og komast á þann hátt yfir miklu stærra svæði heldur en nokkur fiskiskip geta og hreyfa sig til eða hoppa á milli svæða eftir því sem fréttir kunna að berast um möguleika á að finna kolmunna. En eitt er víst, að við fáum sjálfsagt aldrei fulla vitneskju um göngur kolmunnans öðruvísi en að leggja í það talsverða vinnu og fé. Ég skal þó ekki dæma um hvort það er raunhæf hugmynd að leita í þyrlu, en hún er kannske þess verð að kanna hana.

Ég hef átt nokkrar viðræður við Björn Dagbjartsson forstjóra Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins um hagnýtingu kolmunna og spærlings. Sennilega mundi kolmunni, ef hann veiddist í stórum stíl, fara að mestu í mjölvinnslu. Hann er talinn betri til bræðslu en loðna seinni hluta vertíðar. Þá er vitað um a. m. k. framleiðanda í í Noregi sem vélflakar kolmunna og framleiðir úr honum frystan varning. Vélasamstæða til flökunar kom hingað til lands í septembermánuði s. l. til tilraunavinnslu, en Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Meitillinn hf. í Þorlákshöfn stóðu saman að tilraunum með vinnslu á kolmunna til manneldis. Vélasamstæðan var sett niður í Þorlákshöfn hjá Meitlinum hf., en hún hausar og slógdregur, og þá tekur hún innan úr og getur einnig flakað kolmunna. Vélavinnsla kolmunnans gekk nokkuð vel og betri nýting náðist en bæði bretar og norðmenn hafa fengið. Vélin er það fljótvirk að hún getur unnið úr 12—15 tonnum af hráefni á dag, en það samsvarar um 5—6 tonnum af marningi.

Kolmunnamarningur er talinn standa ufsa-

marningi á sporði að gæðum til, en þorsk- og ýsumarningur er auðvitað miklu betri vara og verð á honum leikur líklega á 20—25 centum á Bandaríkjamarkaði, en ufsamarningur mun þó ekki vera langt undir 20 centum. Marningur hefur verið frystur og einnig kolmunnaflök, sem afhent hafa verið Sölumiðstöð hraðfrystiiðnaðarins til prófunar og markaðsleitar. Þá hafa verið gerðar tilraunir með að vinna kolmunna sem skreið, og tilraunasending hefur þegar farið til Nígeríu á vegum Samlags skreiðarframleiðenda.

Spærlingurinn, sem er þriðji fiskstofninn, sem minnst er á í þessari þáltill., er eins og kunnugt er lítill fiskur af þorskætt og verður kynþroska tveggja vetra og yfirleitt ekki eldri en þriggja vetra. Þó getur Bjarni Sæmundsson, sem rannsakaði þessa fisktegund, fjögurra vetra spærlings. Jakob Jakobsson fiskifræðingur segir í grein í Ægi frá 1969 um spærlinginn, með leyfi hæstv. forseta „að heimkynni spærlings séu í norðanverðu Atlantshafi, einkum við vesturströnd Bretlandseyja, í Norðursjó og þaðan allt inn í dönsku sundin, við vesturströnd Noregs sunnanverða og svo við Færeyjar og Ísland.“

Gunnar Jónsson fiskifræðingur segir um spærlinginn í Þjóðarbúskapnum, með leyfi hæstv. forseta:

„Mest er af honum hér við land á svæðinu frá Háadjúpi að Eldeyjarbanka.“ Ég held, að Háadjúp sé skammt austan við Vestmannaeyjar. „En hann hefur einnig fundist frá Papagrunni vestur og norður á Strandagrunn. Spærlingsveiðar byrjuðu hér við land 1969 og hefur verið haldið áfram síðan. Aflinn hefur verið sem hér segir: 1969 886 lestir, 1970 2890 lestir, 1971 3030 lestir, 1972 40 þús. lestir, 1973 8464 lestir og 1974 um 10 þús. lestir. Seinni árin hafa verið um 6—9 bátar sem hafa stundað þessar veiðar. Veiðarnar hafa einkum verið stundaðar á tímabilinu frá maí til nóv. í Háadjúpi og á Selvogsbanka og aflinn oft blandaður smáum kolmunna, einkum s. l. sumar.“

Um framtíð spærlingsveiða er erfitt að segja. Meðan spærlingur er aðeins veiddur til bræðslu hlýtur áhugi á veiðum hans að fara mikið eftir mjölverði, og ástand annarra fiskstofna hefur einnig sín áhrif. Líkur eru þó á að spærlingsveiðar eigi eftir að aukast enn til muna á næstu árum. Um stofnstærð er lítið vitað enn sem komið er, en veiðiþol spærlingsstofnsins er til bráðabirgða áætlað 50—100 þús. lestir. Spærlingurinn er fyrst og fremst veiddur í botnvörpu og því hætta á að þorsk- og ýsuseiði kunni að slæðast með. Þess vegna verður að hafa strangt eftirlit með veiðunum ef þær aukast verulega.

Spærlingurinn fer yfirleitt allur í mjölvinnslu. Hins vegar hafa framleiðendur boðið flökunarvélar fyrir spærling, en hann er mjög smár fiskur, stærstur um 20 cm á lengd. Eins og ég gat um áðan, hafa Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Meitillinn hf. staðið saman að vinnslu á kolmunna til manneldis, en sá fiskur var veiddur skammt suður af Þorlákshöfn. Ísaðan kolmunna má geyma með sæmilegu móti í a. m. k. 6 sólarhringa, en spærlingurinn er orðinn lélegt hráefni eftir 4 sólarhringa. Þá er eflaust erfiðara að vélvinna spærlinginn. Tilraunir, sem hafa verið gerðar með lagmetisvinnslu úr spærlingi, lofa fremur góðu. Þótt talsverðir möguleikar séu á vinnslu afurða til manneldis úr kolmunna og spærlingi verður samanburður á veiðum og vinnslu ekki sambærilegur við verð hráefnis og afurða á okkar helstu nytjafiskum.

Ég minntist áður á það að úthafsrækjan, sem ég nefndi svo, væri ein af þeim fisktegundum sem ekki væri ofveiddar hér við landið. Að vísu er nú talið að úthafsrækjan sé raunar sami stofninn og rækjan sem veiðist á grunnmiðum og mikið er veidd, eins og kunnugt er. En það er ástæða til þess að ætla að það megi veiða talsvert magn af úthafsrækju án þess að ganga á stofninn. Þetta er lítið kannað mál hér við land, en þó er ljóst að ýmsir fiskar nærast á rækjunni, þ. á m. þorskurinn, grálúða og sjálfsagt fleiri fiskar. Helst er álitið að hún mundi veiðast í djúpkantinum við Norður- og Austurland og í Kolluál og eflaust víðar í kringum landið.

Norskt blað, Fiskaren, sem er málgagn norskra fiskimanna og útgerðarmanna, segir 1. des. s. l. frá því, að 65 togarar af ýmsu þjóðerni veiði á árinu 1975 70 þús. tonn af úthafsrækju í djúpkantinum við Grænland. Verðmæti þessa afla er talið nema 850 millj. norskra kr. eða 26 milljörðum 350 millj. ísl. kr. Fiskifræðingar telja þetta fjórum sinnum meira magn en þessi stofn muni þola við Grænland. Í sama blaði frá 6. nóv. 1975 segir frá norskum skuttogara, 148 feta löngum, sem fékk 213 tonn af rækju við Grænland í 6½ viku veiðiferð. Meðalaflahlutur háseta varð 30—40 þús. n. kr. eða 900—1200 þús. kr. á 1½ mánuði. Þá hef ég fengið fréttir af því að færeyskur bátur, 34 m langur, — ég veit ekki hvað það er stórt skip, það er kannske 200—250 tonna skip, gæti ég trúað, — hafi á tímabilinu frá 6. jan. til 1. des. 1975 veitt rækju við Grænland fyrir 13 millj. danskra kr. eða nálægt 390 millj. ísl. kr. Íslenskir útgerðarmenn hafa nokkrir mikinn áhuga á þessu máli, og það væri vissulega þess vert, þó að það sé ekki nefnt í þessari þáltill., að það væri gert verulegt átak í því að ganga úr skugga um möguleika á veiðum á úthafsrækju hér við Ísland. Enginn vafi er á því að möguleikar eru á verulegri veiði án þess að ganga um of á sjálfan stofninn.

Það munu vera 100—120 skip sem taka þátt í loðnuveiðum í vetur. Þau hafa að vísu lítið verið úti um þessar mundir, en mér hefur verið sagt þetta. Loðnuvertíð lýkur seinast í aprílmánuði. Hugsanlegt væri, ef rannsóknir og kraftmiklar veiðitilraunir gæfu góðan árangur, að hægt væri að beita þessum skipakosti á kolmunna- og spærlingsveiðar á sumrum svo og loðnuveiðar norður af landinu síðari hluta sumars og fram á haust og ljúka svo árinu með sívaxandi síldveiðum við suðurströndina. Eins og komið hefur fram mætti auka loðnuveiðina um 150—350 þús. tonn án þess að ofveiða stofninn. E. t. v. mætti veiða 100 þús. tonn af kolmunna á ári. Meiri þekking á þessum stærsta fiskstofni í Norður-Atlantshafi kynni að leiða í ljós að óhætt væri að veiða miklu meira af þessum fiski án þess að ofveiða stofninn. Þá mætti auka spærlingsveiðar um 40—90 þús. tonn á ári. Hér virðist því vera möguleikar á að veiða allt að 540 þús. tonnum af loðnu, kolmunna og spærlingi án þess að ofveiða stofnana og e. t. v. mætti veiða meira magn án þess að skaði yrði af.

Sú hugsun, sem raunverulega býr að baki flutningi þessarar þáltill., er að vinna að því að skapa skilyrði fyrir hluta af okkar skipastóli til veiða allt árið um kring. Ég hef áður vikið að úthafsrækjunni og þeim möguleikum sem kunna að vera til verulegra veiða á henni. Ég er því þeirrar skoðunar að áður en við íslendingar grípum til þess ráðs að leggja hluta af okkar fiskiflota eigum við að grandskoða alla möguleika til veiða á fiskstofnum sem ekki eru ofveiddir, en jafnframt stefna ákveðið að því að tryggja framtíð okkar helstu nytjafiska.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að leggja til að þessari þáltill. verði vísað til hv. allshn.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að vera langorður, en ég sé ástæðu til að standa upp og lýsa ánægju minni með þann mikla áhuga sem nú kemur fram í tillöguflutningi á hv. Alþ. fyrir auknum rannsóknum, og ég ætla að vonast til þess að menn minnist þess þegar kemur að afgreiðslu fjárlaga næst. Ég held að a. m. k. þrjár till. liggi fyrir um miklar rannsóknir, allar mjög nauðsynlegar, sem allar krefjast ekki milljóna, heldur líklega milljónatuga útgjalda.

Það er alveg rétt, sem kom fram hjá hv. frsm., að við íslendingar verjum til rannsókna líklega innan við 0.5% af þjóðartekjum. Þetta kom einnig fram í skýrslu hæstv. menntmrh. nýlega. Eru aðeins tvö lönd í Vestur-Evrópu sem eru okkur lakari að þessu leyti, og það eru Portúgal og Grikkland. Nú veit ég ekki hvort mönnum þykir mikill sómi að því að vera í þeim félagsskap.

Það, sem er um að ræða í þessari till., eru auknar rannsóknir og tilraunir með nýjar fisktegundir, og tek ég undir mikilvægi slíkra athugana. Ræðumaður vitnaði nokkuð í skýrslu þá sem hefur komið út á vegum Rannsóknaráðs ríkisins um þróun sjávarútvegs. Skýrsla þessi er unnin af einstaklingum í starfshópi sem þar var tilnefndur, og þótt eflaust megi finna margt að þessu frumverki, þá tel ég þó að þarna sé tvímælalaust farið út á mjög athyglisverða braut sem ber að halda áfram og reynt sé stöðugt að *skoða hver framtíðarþróun er líkleg í okkar mikilvægustu atvinnugreinum.* Mikið hefur verið vitnað til þeirrar skýrslu og fagna ég því út af fyrir sig. Ég held að þessi skýrsla sýni og sanni að við íslendingar viljum líta á okkar atvinnugreinar, m. a. þessa mikilvægu atvinnugrein, sjávarútveginn, af raunsæi og líta vel fram í tímann og koma við þeirri virku stjórn sem er nauðsynleg ef þessi atvinnugrein sem og aðrar eiga að vera þeir hornsteinar í íslenskum þjóðarbúskap sem við viljum. Þarna kemur fram að þorskstofninn er í hættu. Ég fagna því, sem er e. t. v. aðalatriðið í þessari þáltill., að gert er ráð fyrir að leggja ekki upp laupana, gefast ekki upp og leggja meginhlutanum af flotanum, kannske um lengri tíma, heldur leita að nýjum möguleikum til að nýta þennan flota. Er bent á fiskstofna sem gætu þjónað því markmiði. Þarna er sem sagt um stefnubreytingu að ræða, en ekki uppgjöf, og undir þetta vil ég sérstaklega taka.

Þær tegundir eru þarna nefndar, loðnan og kolmunninn, sem fyrst og fremst koma til greina, og vafalaust er að kolmunninn mun á næstunni nýtast miklu meira en verið hefur til manneldis. Þar fara fram athyglisverðar tilraunir. Ég get t. d. getið þess mönnum til fróðleiks að fyrirtæki það í Skotlandi, sem kaupir þara héðan og framleiðir úr honum alginöt, er nú að gera tilraunir með að búa til úr kolmunnamarningi fisk eða sem sagt líma hann saman aftur, og þeir sögðu okkur nýlega að af 8 mönnum, sem fengu að reyna þetta, gátu fimm ekki fundið muninn á góðum þorski og kolmunnanum þegar hann var settur í svipaða lögun. Þetta sýnir kannske hvað er hægt að gera með nýrri tækni. E. t. v. verður þarinn okkar til þess að búa til þorsk úr kolmunna. Ég held að það eigi að auka þessa leit verulega.

Ég má ekki hafa um þetta allt of mörg orð, því að fundatíminn er senn útrunninn. Ég stóð fyrst og fremst upp, eins og ég segi, til að fagna þessari till., þeim áhuga sem fram hefur komið. En ég vil líka vekja athygli á því um leið að Hafrannsóknastofnunina vantaði 30 millj. á síðasta ári til að ná saman endum fjárhagslega, og eftir því sem ég best veit, þá er hún enn þá 18 millj. undir. Ég hygg að búið sé að veita aukafjárveitingu upp á eitthvað í kringum 12 millj.

Hafrannsóknastofnunin hefur aðeins tvö fullkomin hafrannsóknaskip til umráða. Þau eru mikið notuð. Hafrannsóknastofnunin gerir áætlun um starfsemi sína og leggur þar að sjálfsögðu kannske nokkuð mismunandi áherslu á einstaka þætti sem allir eru ákaflega mikilvægir. Hafrannsóknastofnunin hefur sinnt þeirri leit, sem hér um ræðir, í litlum mæli því að hún hefur ekki haft fjármagn og aðstöðu til þess. Þess vegna vil ég ljúka þessum orðum með því að leggja á það höfuðáherslu að ef sinna á þessum mikilvægu þáttum verður að stórauka fjárveitingu til Hafrannsóknastofnunarinnar, ekki með sérstökum skatti á þjóðina í þessu skyni, ég get ekki tekið undir það, heldur með ríflegri fjárveitingu og með fleiri tilrauna- og rannsóknaskipum.

Umr. frestað.

Neðri deild, 66. fundur.

Fimmtudaginn 26. febr., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Forseti tók dagskrármálin af dagskrá.

Neðri deild, 67. fundur.

Fimmtudaginn 26. febr., að loknum 66. fundi.

Námslán og námsstyrkir, frv. (þskj. 375). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á l. um námslán og námsstyrki. Ég vil geta þess að ég kynnti þetta frv. formönnum þingflokkanna í gær og fór þess á leit að greitt yrði fyrir

framgangi þess. Það var síðan kynnt í öllum þingflokkunum í gær.

Frv. til nýrra laga um námslán og námsstyrki var lagt fyrir Alþ. í þessari viku, en hefur að sjálfsögðu ekki hlotið afgreiðslu enn þá. Í aths. með þessu frv. segir aðeins: „Óhjákvæmilegt er að úthluta námslánum nú þegar. Vart kemur til greina að veita lengur óverðtryggð lán. Því er lagt til að gera þá breytingu á lögum um námslán og námsstyrki sem felst í þessu frv.“ Aths. eru ekki lengri og ég orðlengi þetta ekki frekar, herra forseti, og geri ekki till. um nefnd.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Þetta frv. er fram komið vegna þess að enn er komið í óefni með úthlutun námslána. Eins og kom fram í máli hæstv. menntmrh., kom nýtt frv. um námslánasjóð og endurskoðun á reglum um endurgreiðslu ekki fyrir Alþ. fyrr en fyrir nokkrum dögum og hafði þó verið boðað fyrir jól. Menntmn. beggja d. hafa á tveim fundum fjallað um þetta frv., og það er sýnt að það mun kosta mikla vinnu og vitaskuld algerlega ókleift að afgreiða það fyrir 1. mars, en við þá dagsetningu hefur hæstv. menntmrh. miðað úthlutun vorlána. Það er því að mínum dómi mjög skynsamlegt af hæstv. menntmrh. að hann skyldi falla frá þeirri beiðni að það frv. yrði afgreitt fyrir 1. mars. Það var vitanlega ókleift. En með þessu frv., sem hér liggur fyrir, er ljóst að koma á aftan að námsmönnum varðandi vorlánin. Í stað þess að greiða vorlánin samkv. gildandi reglum og lögum, þá á nú að fara nýja leið. Í þessu frv. felst fyrst og fremst það að veita á lánin gegn almennum útlánsvöxtum bankanna og síðan á lánþegum að gefast kostur á að greiða bréfin með því að gangast undir skuldbindingu um endurgreiðslu samkv. reglum sem enginn og allra síst lánþegar sjálfir vita hverjar verða. Hér er sem sagt ætlast til að menn taki lán án þess að hafa hugmynd um endurgreiðslukjör. Það er raunar sagt við námsmenn: Gerið þið svo vel, hér eru lánin, en um endurgreiðslukjör getum við ekkert sagt. — Þetta er algjört einsdæmi í lánaviðskiptum og jaðrar við siðleysi. Það er að mínum dómi frumskilyrði, að menn viti að hverju þeir ganga, þegar þeir taka lán.

Við alþb.-menn erum andvígir þessu frv. og treystum okkur ekki til að standa að samþykkt þess. Við sáum þó ekki ástæðu til að tefja framgang frv. á þingi, því að við erum vissulega þeirrar skoðunar að óhjákvæmilegt sé að úthluta námslánum nú þegar. En úr því að ríkissti. var ekki tilbúin með endurskoðun námslánakerfisins í heild í tæka tíð, þá teljum við eðlilegt að úthluta nú vorlánum samkvæmt gildandi lögum, í stað þess að fara þá leið sem hér er lögð til. Við teljum að hér sé námsmönnum ætlað að kaupa köttinn í sekknum og það sé óverjandi að Alþ. ætlist til slíks.

Störfin í menntmn. d. við námslánafrv. eru ekki það langt komin að við alþb.-menn getum metið hvort okkar sjónarmið verða þar tekin til greina. Af þeirri ástæðu og öðrum, sem ég hef hér tilgreint, munum við greiða atkvæði gegn þessu frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Neðri deild, 68. fundur.

Fimmtudaginn 26. febr., að loknum 67. fundi.

Námslán og námsstyrkir, frv. (þskj. 375). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22:4 atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Neðri deild, 69. fundur.

Fimmtudaginn 26. febr., að loknum 68. fundi.

Námslán og námsstyrkir, frv. (þskj. 375). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21:6 atkv. og afgr. til Ed.

Flugvallagjald, frv. (þskj. 350, n. 377 og 378). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur athugað þetta mál, frv. til l. um flugvallagjald, og er álit meiri hl. n. á þskj. 378. Hér er um að ræða framlengingu á flugvallagjaldinu, í nokkuð breyttri mynd þó, auk þess sem gjaldið er lækkað frá því sem er í gildandi lögum. Það er lækkað vegna utanlandsferða úr 2500 kr. í 1500 kr. fyrir hvern fullorðinn og vegna ferða innanlands úr 350 og 175 kr. í 200 kr. fyrir þá sem eldri eru en 12 ára.

N. varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþ. óbreytt.

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi forseti. Eins og fram kom hjá frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. varð n. ekki sammála um afgreiðslu þessa máls. Fulltrúar stjórnarandstöðunnar í n., þeir hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason og Lúðvík Jósepsson, leggja til á þskj. 377 að 3. gr. frv. falli niður. Verði sú till. samþ. munu þeir flytja brtt. við aðrar greinar frv. til samræmis við þá afgreiðslu.

Sú 3. gr., sem lagt er til að falli niður, er um flugvallagjald innanlands, þ. e. a. s. fulltrúar stjórnarandstöðunnar í n. leggja til að flugvallagjald í innanlandsflugi verði fellt niður.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að höfuðborg landsins, Reykjavík er sameiginleg þjónustumiðstöð fyrir landið allt. Aðeins þar er hægt að fá ýmsa sérhæfða þjónustu, t. d. í sambandi við heilsugæslu og heilbrigðismál. Þar eru auk þess allar meiri háttar stjórnsýslu-, lána- og fyrirgreiðslustofnanir sem fólk þarf að eiga erindi við, svo og ýmis önnur fyrirtæki sem landsmenn allir þurfa að leita til. Af þessum sökum þarf fólk, sem býr úti á landsbyggðinni, oft að koma til Reykjavíkur til þess að sinna erindum sem hvergi annars staðar er hægt að reka en einmitt þar.

Þá er það einnig alkunna að því fjær Reykjavík sem fólk býr, þeim mun meira verður það að notfæra sér þjónustu flugfélaga til og frá Reykjavík. Íbúar nágrannabyggðarlaga Reykjavíkur geta með auðveldum hætti farið landleiðis til þess að sækja sér þjónustu eða fyrirgreiðslu til Reykjavíkur, en hins vegar þurfa þeir, sem lengri leið eiga, yfirleitt að fara flugleiðis. Innheimta flugvallagjalds af farþegum í innanlandsflugi er því í raun og veru samgönguskattur á dreifbýlið því að gjaldið er aukakostnaður fyrir þá sem fjarri Reykjavík búa, en eiga þangað erindi, — aukakostnaður sem íbúar nágrannasveitarfélaga Reykjavíkur þurfa ekki að greiða í sama skyni. Verkar flugvallargjaldið því sem einn aukakostnaðarliðurinn enn ofan á aðra umframkostnaðarliði íbúa dreifbýlisins, svo sem hærra vöruverð, hærri kyndingarkostnað og annað því um líkt. Þá samrýmist það ekki heldur að leggja slíkan skatt á íbúa mjög fjarri Reykjavík rétt eftir að það hefur gerst að hér á hinu háa Alþ. hafa verið felldar till. um veggjald, annað form samgönguskatts á þá íbúa sem eiga greiðasta akleið til Reykjavíkur og búa hér í grenndinni. Það fer að sjálfsögðu ekki saman að leggja samgönguskatt á íbúa dreifbýlis, sem búa fjarri Reykjavík, með flugvallagjaldi og fella niður samgönguskatt af íbúum t. d. Reykjaneskjördæmis og Suðurlandskjördæmis sem eiga yfirleitt greiða leið til Reykjavíkur, helstu þjónustumiðstöðvar landsins, landleiðis. Því er eðlilegt, að annaðhvort séu bæði ráðin höfð uppi, veggjald og flugvallaskattur, eða hvorugt.

Ég flutti fyrr í vetur á þskj. 40 frv. til l. um breyt. á l. um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum o. s. frv. Það frv. mitt var í því skyni að fella algjörlega niður flugvallaskattinn. Frv. þessu var á sínum tíma vísað til n., en hefur ekki komið þaðan aftur. Að vísu skal viðurkennt að nokkrar bætur hafa orðið í þeim till. sem eru í frv. til l. um flugvallagjald, þar sem flugvallaskatturinn er lækkaður úr 350 kr. niður í 200 kr. En engu að síður er hér enn um óréttláta gjaldtöku að ræða og því er lagt til af fulltrúum stjórnarandstöðunnar í fjh.- og viðskn. þessarar hv d. að flugvallaskatturinn á innanlandsflugi verði algjörlega afnuminn.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Eins og hér hefur komið fram, þá er á þskj. 377 komin fram brtt. frá minni hl. fjh.- og viðskn. varðandi það frv. sem hér er til umr., frv. til laga um flugvallagjald.

Eins og hv. síðasti ræðumaður vék að, er í því frv., sem hér um ræðir, um verulega lækkun að ræða frá því sem áður var og þess vegna er það jákvætt svo langt sem það nær. Menn greinir hins vegar á um hvort eigi að taka slíkt gjald eða slíka skattlagningu á þessum tilteknu leiðum. Um það er deildar meiningar. Fulltrúar stjórnarandstöðunnar í fjh.- og viðskn. gera till. um að slík gjaldtaka verði felld niður á innanlandsflugi. Og það er rétt, sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson vék hér að, að það er í raun og veru ekki raunhæft að taka upp slíka skattheimtu á sama tíma og neitað er um af meiri hl. alþm. að gera þá slíkt hið sama á öðrum samgönguleiðum, þó að þar sé um bifreiðar að ræða og þá gjaldtöku vegna veggjaldsins.

Ég á hins vegar ekki von á því að þessi brtt. stjórnarandstæðinga verði samþ. hér á hv. Alþ. Ég sem sagt geri ráð fyrir því að hún verði felld. Ég hef því leyft mér að flytja brtt. á þskj. 382 sem er á þá leið að tekjum af þeim skatti, sem innheimtur er af innanlandsfluginu, verði varið til framkvæmda í flugmálum hér innanlands.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að framkvæmdir og ástand í flugmálum: flugvallagerð, öryggisútbúnaður flugvalla og annað slíkt, er í miklum ólestri.

Ég vitnaði til þess í gær við 1. umr. þessa máls að á s. l. hausti, þegar fjárl. voru afgreidd fyrir árið 1976, þá var rækilega á það bent af hálfu flugmálastjóra að ef ekki yrði veitt meira fjármagn til framkvæmda í flugmálum heldur en fjárlagafrv. og síðan fjárl., eins og þau voru samþ., gerðu ráð fyrir, þá stefndi í algjört óefni í sambandi við flugmál og ekki síst í sambandi við öryggismálin. Í viðtali við flugmálastjóra, sem átti sér stað í dagblaðinu Tímanum í desembermánuði, gerir hann sérstaka grein fyrir því að með slíkum niðurskurði á fjárveitingum til flugmála, eins og fjárlagafrv. og fjárl., eins og þau voru afgreidd hér á Alþ. fyrir árið 1976, gera ráð fyrir, sé stefnt í stóraukna slysahættu í innanlandsfluginu vegna fjárskorts og að það sé fyrirsjáanlegt að verði ekki bót á ráðin með frekari fjárveitingu til flugmála, þá muni þurfa að loka flugvöllum úti á landi, en flugsamgöngur eru, eins og hv. þm. mun flestum kunnugt, aðalsamgönguleið og samgöngutæki heilu landsfjórðunganna. Ég tel því sjálfsagt og rökrétt að sé skattheimta tekin eins og hér er gert ráð fyrir í sambandi við flugvallagjaldið, þá renni tekjur af því til framkvæmda í flugmálum innanlands. Og út á það gengur þessi brtt. mín.

Ég þarf ekki að hafa öllu fleiri orð um þetta. Þetta er öllum hv. alþm., að ég vona, ljóst og þessi till. er flutt vegna þess að ég geri ekki ráð fyrir að brtt. minni hl. fjh.- og viðskn. nái hér samþykki, þannig að stjórnarliðar haldi beint sem horfir og þeir hafa markað. Og það verður þá látið á það reyna hvort þeir vilji ekki jafnframt þessari gjaldtöku leggja sitt af mörkum til þess a. m. k. að minnka þá slysahættu, sem flugmálastjóri taldi að stefnt væri í með naumum fjárveitingum til flugmála, með því að láta andvirði þessa skatts renna til framkvæmda í flugmálum.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Þar sem fulltrúi Alþb. í fjh.- og viðskn. getur ekki verið á þessum fundi hef ég hugsað með að segja örfá orð varðandi þetta frv. til l. um flugvallagjald.

Þegar flugvallagjaldið var lagt á í upphafi og ég heyrði aðeins um það að til stæði að afla fjár af flugmálunum, þá gladdist ég vissulega fyrst í stað. En sú gleði rann fljótt af þegar kom í ljós að ekki átti að nota peningana til framkvæmda í flugmálum.

Sannleikurinn er sá, að með mörgum öðrum þjóðum tíðkast að leggja ýmsa skatta á flugfarmiða og flugstarfsemi, sem síðan eru allir eyrnamarkaðir á þann veg að þeir fjármunir, sem þannig er aflað, renna einvörðungu til framkvæmda í flugmálum. Ég veit að nú, þegar vel árar í fjármálum og hæstv. fjmrh. fer að hafa rýmri tíma til að sinna öðrum verkefnum, lætur hann sig ekki muna um að kynna sér hvernig þessum málum er háttað í Svíþjóð t. d., þar sem skatttaka af þessum atvinnuvegi er meiri en annars staðar gerist. Og þar nota þeir þetta fé til þess að fullkomna sína flugvelli, til þess að bæta öryggisþjónustuna, flugleiðsögutæki, vita, ljós, stefnuvita og annað sem þessi mál varðar þar meðal svía. En sannarlega þarf alltaf á miklum fjármunum að halda í þessum efnum hjá öllum þjóðum. En ég vil leyfa mér að benda á það, að ef mikil þörf er á að beita þessum aðferðum hjá svíum, þá er sú þörf *auðvitað miklu meiri hér* vegna þess að ástandið í þessum efnum í Svíþjóð er margfalt betra en hér og raunar áratugum á undan okkur í þróun.

Ástandið í öryggismálum flugsins á Íslandi er því miður hið hörmulegasta, og maður kann varla við af ýmsum ástæðum, a. m. k. ekki svo að þjóðin heyri, að lýsa því ástandi í smáatriðum og allra síst að teikna það með svörtum litum, og ég veit að menn hér á hv. Alþ. skilja hvers vegna. En ástandið er *sannarlega bágborið*.

Við getum hugsað okkur að það er stundað áætlunarflug hér á Íslandi til margra flugvalla allt árið um kring, og þá náttúrlega dettur mér helst í hug hinn dimmi vetrartími, í erfiðri veðráttu og svartasta skammdegi á stað sem varla er hugsanlegt á þessum tímum að stunda flug til nema þar komi til fullkomnustu tæki. Sannleikurinn er sá að á alla flugvelli landsins vantar þessi tæki nema á Keflavíkurflugvöll og að allmiklu leyti í Reykjavík. Á flugvelli norður í landi vantar svo einfaldan útbúnað sem ljós á brautirnar. Þar vantar aðflugsvita. Þar vantar radar. Þar vantar ýmislegt fleira sem ég fer ekki að eyða tíma í að rekja hér. En þörfin er geysilega mikil og hörmulegt til þess að vita að við skulum ekki með 50 milljarða fjárl. sjá færi á að leggja meira til framkvæmda í flugmálum og flugöryggismálum en tæpar 200 milljónir á ári. (Gripið fram í.) Já, guð má vita hvað, maður fylgist nú ekki með þessum stórstökkum á fjárlögunum.

Á sama tíma og þessum fjárhæðum er varið í þessu skyni, þá koma hér tveir hv. bjartsýnismenn, þm., og flytja till. um gerð nýs flugvallar úti í hafi sem kostar a. m. k. hundraðfalda þá upphæð sem er á fjárl. til framkvæmda í flugmálum, eða milli 15 og 20 þús. millj. kr. Slíkur tillöguflutningur er auðvitað algjörlega úr lausu lofti gripinn og svo óraunsær að varla tekur nokkru tali.

Sú brtt., sem hv. minni hl. fjh.- og viðskn. er með, er ósköp hógvær. Hún er vinsæl og kostar ríkið litla peninga. Þarna er verið að lækka flugvallaskattinn innanlands úr 375 kr. í 200 kr. Þessar 175 kr., sem á milli ber, munu vera um 20 millj. kr. aðeins á ári. Með því að halda þessari skatttöku áfram má segja að lítið dregur vesælan í þessum efnum í fjármálastjórn ríkisins, ef þessu skal haldið til streitu þrátt fyrir góðar og skynsamlegar og hógværar ábendingar. Þess vegna er alls ekki óeðlilegt þótt gjaldið í innanlandsfluginu falli niður vegna þess að það kostar svo lítið. Hæstv. fjmrh. gæti bætt þar úr, fengið jafnmikið í ríkissjóð, þó að þetta yrði fellt niður, með því að lækka flugvallaskattinn ekki eins mikið í utanlandsflugi. Ég bendi hér með hæstv. fjmrh. á þessa leið svo að hann missi ekki peninga *úr sínum kassa sem er áreiðanlega ekki of* vel staddur eins og við öll vitum.

Ég verð að segja það hér sem mína meiningu, að þegar ég sá þetta frv., sem hér liggur fyrir, þá datt mér fyrst í hug, það var mín fyrsta hugmynd, að gjaldtakan hefði mátt vera óbreytt. Það er á fjárl. hvað ríkið ætlar sér að taka í þessu. Ef við hefðum haldið þessu óbreyttu, þá hefði ríkið getað tekið þennan skatt, þar sem það ætlar sér að taka, en mismunurinn á því *gjaldi, sem áður var, og því gjaldi*, sem nú er lagt til, hefði þó numið á annað hundrað millj. kr. sem hefði sannarlega komið sér vel til þess að bæta úr ákveðnum, brýnum verkefnum í öryggisþjónustu við flugið.

Þetta vil ég einnig leyfa mér að benda hæstv. fjmrh. á til skoðunar. Með þeirri hugmynd er þá sannarlega ekki verið að draga peninga úr þeim kassa sem vantar þá, heldur verið að benda á það að þarna væri fjáröflunarleið til þess að standa undir bráðnauðsynlegum hlutum.

Ég hygg að það verði ekki sagt að með þeirri hugmynd hafi verið farið fram á ósanngjarna hluti. En eins og þetta frv. lítur nú út, þá get ég með góðri samvisku fallist á að fella niður þetta gjald á farmiðum í innanlandsflugi, ósköp einfaldlega vegna þess að það dregur svo lítið, *það er aðeins 20 millj. og þær millj.* má fá í staðinn af örlítið minni lækkun á farseðla í millilandaflugi.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. þessar um of, en ég vildi í tilefni af því, sem komið hefur hér fram hjá hv. þm., aðallega hjá hv. þm. Karvel Pálmasyni, benda á það að með þessu frv. er verið að draga mjög úr skattheimtu af farmiðum í flugi á innanlands*leiðum frá því sem var í tíð þeirrar ríkisstj.* sem hv. þm. studdi og stóð fyrir því þá að lagður var söluskattur á flugmiða í innanlandsflugi. Þessi söluskattur, sem hv. þm. studdi að var lagður á í hans stjórnartíð og meira að segja var samgrh. sjálfur úr hans eigin flokki, hann hefði numið núna um 1400 kr. á farmiða fram og til baka milli Akureyrar og Reykjavíkur. Nú er lagt til í þessu frv. að lækka þennan flugvallaskatt niður í 200 kr. aðra leiðina, 400 kr. báðar. Um er að ræða sem sagt með þessu frv., ef það verður að

lögum, að það er tekinn 1000 kr. minni skattur af farmiða fram og til baka á flugleiðinni Akureyri—Reykjavík heldur en var í stjórnartíð flokks þessa ágæta manns sem var að tala áðan og manni virtist að fyndi þessu frv. allt til foráttu.

Ég vil aðeins benda á þetta og eins það, að flugvallagjaldið, sem lagt var á á innanlandsleiðum, var arftaki söluskattsins, og var strax spor í rétta átt að það skyldi vera jafnað á milli allra landsmanna, hvar sem þeir bjuggu, en að ekki skyldi lagður þyngri skattur t. d. á egilsstaðabúa heldur en akureyringa ef þeir notuðu flugvél o. s. frv. Ég lít því bæði á þetta frv. og eins þegar upp var tekið flugvallagjald í staðinn fyrir söluskattinn sem spor í rétta átt. Sjálfsagt væri gott og blessað ef við treystum okkur til að fella þetta flugvallagjald niður með öllu. Ég get að mörgu leyti tekið undir það. Hins vegar er hér um að ræða ákveðinn áfanga í rétta átt og því styð ég þetta frv.

Nú ég skildi ekki hv. 5. þm. Suðurl. Hann ýmist ráðlagði hæstv. ráðh. að halda þessum flugvallaskatti óbreyttum eða vildi leggja hann niður með öllu. Ég mundi, ef ég væri hæstv. ráðh., ekki telja svona ráðleggingar mjög stefnumarkandi um það hvað ætti að gera. Og hans ræða var öll slík að ég efast um að nokkur hv. þm. hafi skilið hvað hann meinti. (**Gripið fram í:** Ráðh. skilur það.) Það getur verið. Það er oft talað um þetta, að leggja gjald á flugmiða í innanlandsflugi og söluskatt t. d. á póst og síma, sem var gert líka í tíð fyrrv. ríkisstj. undir forustu Hannibals Valdimarssonar sem ég veit að hv. 5. þm. Vestf. þekkir mætavel. Hann tók upp söluskatt á símgjöld sem leggst mjög þungt á fólkið úti á landi sem þarf að borga hærri símgjöld en höfuðborgarbúar, eins og hér hefur oft komið fram. Auðvitað þarf að vinna að því að breyta þessu. En þetta verður ekki gert í einu vetfangi. Ég lít svo á að með þessu frv. sé stefnt í þá réttlátu átt að draga úr skattheimtu á þá þjónustu sem fyrst og fremst er í þágu landsbyggðarinnar. Því styð ég þetta frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj atkv.
Brtt. 377 felld með 22:6 atkv.
Brtt. 382 felld með 22:4 atkv.
3. gr. samþ. með 22:2 atkv.
4.—7. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl., frv. (þskj. 374, n. 379 og 380). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur athugað þetta frv. og er álit meiri hl. n. á þskj. 379. Eins og þar kemur fram varð n. ekki sammála um afgreiðslu málsins. Minni hl., hv. þm. Lúðvík Jósepsson, skilar séráliti og hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason skrifar undir álit meiri hl. með fyrirvara. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþ. eins og frv. er komið frá hv. Ed., en þar var gerð sú breyting, að olíustyrkurinn var hækkaður úr 8200 kr. í 9500 kr. Að öðru leyti er frv. óbreytt frá því sem það var lagt fram og raunar að mestu samhljóða l. nr. 6/1975. — Meiri hl. leggur til að frv. verði samþ.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Þar sem hv. 2. þm. Austurl. getur ekki verið hér til að mæla fyrir sínu nál., þá vil ég fyrir hönd okkar Alþb.-manna gera nokkra grein fyrir því nál. og þeim brtt. sem minni hl. n. flytur.

Það var ljóst þegar olía hækkaði skyndilega mjög í verði fyrir hálfu þriðja ári að þá yrði ekki komist hjá því að finna úrræði til þess að hjálpa þeim nokkuð sem þurftu að kynda hús sín með olíu. Til þess ráðs var þá gripið að leggja á 1% söluskattsstofn til þess að nota í þessu skyni. Það má segja, að þá var mikil þörf á að gera þetta, en nú hins vegar brýn nauðsyn vegna mikilla olíuhækkana á tímabilinu. Á s. l. ári gerði eitt söluskattstig um 1200—1250 millj. kr., og þá skiptust þessir fjármunir þannig niður að einstaklingar fengju til þess að létta á sínum kostnaði 750 millj. kr. af þessari upphæð. Hinar 500 millj., sem eftir voru, fóru til rafveitna 55 millj. og til Orkusjóðs rúmar 400 millj.

Það er nauðsynlegt að framlengja þessi lög, þ. e. a. s. halda áfram þessum stuðningi, og álitið að á næsta tímabili muni söluskattsstigið gefa af sér um 1250 millj. kr. Við þær breyt., sem gerðar hafa verði á frv. í hv. Ed., að hækka olíustyrkinn úr 8200 kr. í 9500 kr., þá lítur útkoman úr því dæmi þannig út að til einstaklinga, sem eru 78 þús., munu renna 741 millj. kr. Til rafveitna er álitið nauðsynlegt að hækka nokkuð í krónutölu það framlag sem var veitt í fyrra og sú upphæð verður um 85 millj. kr. Eftir verða þá til Orkusjóðs 424 millj. kr.

Upphaflegur tilgangur laganna var að hjálpa þeim sem mest voru hjálpar þurfi í þessum efnum, þ. e. a. s. því fólki sem úti um landsbyggðina þurfti að kynda með olíu. Nú er ljóst, að með frv., eins og það kemur frá Ed., fá einstaklingar ekki nema 741 millj. kr. af allri upphæðinni. Þessir 78 þús. einstaklingar eru 36% þjóðarinnar. Þessi 36% þjóðarinnar greiða í söluskatt eins og aðrir. Hlutur þeirra í söluskatti mun vera, ef reiknað er með meðaltali, um 450 millj. kr. Þeir eiga sem sagt að fá skv. frv. 741 millj., láta af hendi 450 millj. og fá þess vegna einungis í sinn hlut 291 millj. kr. Þarna er á ferðinni mjög mikið óréttlæti að mínu mati. Ég lít svo á að sú hækkun, sem gerð var í Ed., sé allt of lítil, þannig að til einstaklinga verði upphæðin hækkuð úr 9500 kr. í 13500 kr. Ef það dæmi er reiknað til enda, þá kemur það út, að ef miðað er við 78 þús. einstaklinga, sem fengju í sinn hlut 13500 kr., þá fengju þeir 1053 millj. kr. Til rafveitna færu þá 85 millj., eins og gert er ráð fyrir, en afgangurinn yrði að öllum líkindum um 112 millj. kr. Hluti þessa afgangs færi til þess að greiða lífeyrisþegum meira en öðrum í bætur ef brtt. minni hl. fjh.- og viðskn. verður samþ., þar sem lagt er til að lífeyrisþegar fái ekki aðeins 1½ styrk einstaklings, heldur tvöfaldan. Afgangurinn af því rynni þá til Orkusjóðs.

Sannleikurinn er sá, að ef hafður er í huga hinn upphaflegi tilgangur þessarar lagasetningar, þá virðist vera augljóst að það er með öllu óeðlilegt að þeir, sem kynda með olíu, standi undir svo miklum kostnaði við hitaveituleit, enda hafa þeir fjármunir verið notaðir til alls kyns greiðslna til þess fyrirtækis. Ég lít svo á að mikill hluti þeirra, sem þurfa að kynda með olíu, sjái ekki fram á, hvorki í náinni framtíð né þó að lengra sé litið, að þeir hafi möguleika til að fá heitt vatn til kyndingar, og er þess vegna óeðlilegt að þeir standi svo mjög undir þeim kostnaði. Mér finnst hins vegar eðlilegra að þeir, sem kynda sín hús með miklu ódýrari aflgjafa, þ. e. a. s. heitu vatni, sem er a. m. k. þrisvar sinnum ódýrara eða allt að fjórum sinnum ódýrara en að kynda með olíu, þeir verði skattlagðir að einhverju leyti til þess að standa undir auknum hitaveituframkvæmdum og hitaveituleit. Ég get þess vegna stutt þá till., sem hv. þm. Karvel Pálmason hefur flutt á þskj. 381, að lagt verði aukagjald á gjaldskrá hitaveitna og það fjármagn notað í þessu skyni, enda í alla staða réttlátara og verður til meiri jöfnunar á kyndikostnaði, og við stöndum væntanlega allir að því hér, jafnaðarmenn á hv. Alþingi.

Ég vil biðja hv. þm. að athuga mjög vel afstöðu sína til þeirra brtt. sem bornar eru fram af minni hl. hv. fjh.- og viðskn. á þskj. 380. Þær brtt., eins og ég sagði áðan, eru fólgnar í því að veita langtum stærri hluta af söluskattstekjunum til þess að styðja einstaklinga til olíukaupa, en skera hins vegar niður þann hluta sem rennur til Orkusjóðs. Ef þeir skoða hug sinn vel, sérstaklega þeir sem eru úr dreifbýlinu og hafa margsinnis látið í það skína að þeir bæru hag dreifbýlisins fyrir brjósti, þá vona ég að ég eigi ekki eftir að sjá hendur þeirra á lofti gegn þessum brtt. því að þá eru þeir að greiða atkv. gegn hagsmunum sinna umbjóðenda.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því að hluti af þeim tekjum, sem hér á að afla, skuli renna til Orkusjóðs til að hraða hitaveitu- og raforkuframkvæmdum vegna hitunar íbúða. Ég vil sérstaklega í tilefni af ræðu síðasta hv. ræðumanns taka það fram, að vitaskuld er þetta fé fyrst og fremst vegna þeirra sem ekki búa við hitaveitur, heldur hafa dýrari upphitun eins og olíuhitun. Tilgangurinn með þessu er sá að hraða hitaveituframkvæmdum, undirbúningi og framkvæmdum, má segja.

Það hefur orðið ákaflega mikil breyting nú á skömmum tíma í þessum efnum, því að vorið 1974 lagði þáv. iðnrh. fyrir Alþ. skýrslu um nýtingu innlendra orkugjafa, og kom þar fram að þá var talið að um ⅔ hlutar landsmanna mundu í fyrirsjáanlegri framtíð geta notið hitaveitna, um þriðjungur landsmanna yrði að fá upphitun með öðrum hætti og þá einkum með rafhitun. Á s. l. ári hefur verið lögð áhersla á aukna jarðhitaleit og rannsóknir og auknar boranir, m. a. með því að kaupa nýja og stórvirka bora til landsins. Árangurinn hefur þegar komið í ljós, því að í stað þess, að um ⅔ landsmanna áttu að geta notið hitaveitna skv. áætlunum fyrir tæpum tveimur árum, er nú talið að það séu yfir 80% landsmanna sem muni á næstunni geta fengið hitaveitu. Má þar m. a. nefna höfuðstað Norðurlands, Akureyri, sem í áætluninni frá 1974 var talinn á rafhitunarsvæði. Nú er það gjörbreytt, þannig að nú er öruggt að Akureyri fær hitaveitu. Þannig er um aðra staði sem áður voru taldir hafa litla möguleika á hitaveitu.

Það er auðvitað öllum þeim, sem búa utan núverandi hitaveitusvæða, mikið hagsmunamál að þessum undirbúningi öllum sé hraðað, bæði könnun og leit að jarðhita og framkvæmdum í þessu efni. Ég tel því ákaflega mikilvægt að nokkur hluti af þessu fé skuli renna til Orkusjóðs í þessu skyni.

Ég vil taka það fram að á s. l. sumri átti ég viðræður við formann og framkvæmdastjóra Lánasjóðs sveitarfélaga um fjármögnun vegna hitaveitumála, og fundur var haldinn til að ræða við þessa forráðamenn Lánasjóðsins um það atriði, hvort ekki væri eðlilegt að stefna að því að Lánasjóður sveitarfélaga hefði með höndum samræmingu og samhæfingu í þessum efnum fyrir sveitarfélögin. Það hefur verið þannig að undanförnu að þegar sveitarfélög hafa viljað ráðast í hitaveitur, — Reykjavíkurborg hefur yfirleitt sjálf útvegað sér fé í þessu efni, en varðandi önnur sveitarfélög hefur það oft verið þannig að sumpart er leitað til ríkisstj. og fengið þá lán úr ríkissjóði eða fyrir hans milligöngu, enn fremur leitað til ýmissa einstakra sjóða sem hafa getað hlaupið undir bagga. Ég held að það sé eðlilegt að þar sem hitaveitur eru yfirleitt á vegum sveitarfélaganna, þá verði lánasjóður þeirra miðstöð í þessu efni. Ég get þessa hér vegna þess að ætlunin er að sá hluti af því fé, sem fer til Orkusjóðs og verður varið til hitaveituframkvæmda, gangi um hendur stjórnar Lánasjóðs sveitarfélaga.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég held, að að það sé nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því við umr. um þetta mál, hver var í raun og veru tilgangur þessarar lagasetningar á sínum tíma og til hvers það fé var ætlað sem þarna var gert ráð fyrir. Þegar þetta átti sér stað hafði olíuverð hækkað mjög, og ég á ekki von á því að neinn ágreiningur sé meðal hv. þm. um það, að tilgangurinn með lagasetningunni var sá og sá einn að létta byrði þeirra sem verst urðu úti vegna þess háa olíuverðs. Þetta á ég ekki von á að menn greini neitt á um. Þessi þróun hefur því miður haldið áfram, og er því ekki neitt minni ástæða til þess nú heldur en þá var að gera til þess ráðstafanir að því fólki sem við þær aðstæður býr að þurfa að nota olíu til þess að kynda upp sitt íbúðarhúsnæði, komi þessi lagasetning að sem bestum notum.

Nú er það athyglisvert, af því að margir hv. stjórnarliðar hafa mjög oft tekið sér í munn „stóraukna byggðastefnu", það er eitt af kjörorðum stjórnarsáttmála núv. hæstv. ríkisstj.: „Stórefling byggðastefnu." (Gripið fram í.) Já ég ætlaði nú að koma að því hversu góð stjórn það er í sambandi við byggðamálin. (Gripið fram í.) Það er nógur tími, hv. þm. — Það er athyglisvert þegar þetta er haft í huga, „stóraukin byggðastefna" sem kjörorð hæstv. ríkisstj.,

að þá skuli það frv., sem lagt var fram hér að vísu fyrir jól, held ég að ég muni rétt, gera ráð fyrir sömu krónutölu í styrk til einstaklings og hann var ákveðinn fyrir ári, þrátt fyrir það að olíuverð hafi hækkað a. m. k. um 25% á þessum tíma. Þetta er góða stjórnin sem hv. 9. landsk. þm. er að flíka. Hann ætti að segja umbjóðendum sínum á Vestfjörðum og útlista það fyrir þeim hversu góð slík stjórn er í garð þeirra.

En hv. Ed. hefur nú sem betur fer gert bragarbót á þessu frá því að hæstv. ríkisstj. lét málið frá sér fara. En þar er að mínu viti síður en svo nógu langt gengið, miðað við það sem til var ætlast í upphafi og hlýtur að vera ætlast til enn. Ég held að það sé öllum ljóst og a. m. k. ætti hv. þm. öllum að vera það ljóst að við þá gífurlegu breytingu, sem hefur átt sér stað á þessu tímabili og orðið þess valdandi að það er gífurlega þungur baggi sem það fólk býr við sem verður að kynda sitt húsnæði upp með olíu, þá fer ekki hjá því að það verði að gera ráðstafanir til þess að létta þessa byrði hjá þessu fólki.

Það er t. d. þannig núna að það er á bilinu frá 20—25 þús. kr. á hverjum einasta mánuði sem kostar að kynda venjulegt íbúðarhúsnæði t. d. vestur á fjörðum — 20—25 þús. kr. á mánuði — og sjá allir að slík þróun hefur gífurleg áhrif í þá átt að raska enn frekar en orðið hefur byggð hér á landi. Það fer ekki hjá því ef ekki eru gerðar ráðstafanir til þess að minnka þann gífurlega kostnað sem þarna hefur átt sé stað, að það verður sífellt meiri ásókn utan af landsbyggðinni á þéttbýlið hér syðra og þá staði sem búa við þær kringumstæður að geta nýtt jarðvarma til upphitunar á íbúðarhúsnæði. Þetta hygg ég að öllum hv. þm. sé ljóst. Ég geri a. m. k. ráð fyrir því að þeim brygði í brún hér á Suðurlandssvæðinu ef þeir þyrftu að snara út 20—25 þús. kr. á hverjum einasta mánuði vegna kostnaðar við upphitun síns húsnæðis. Það mundi þá eðlilega koma einhvers staðar hljóð úr horni.

Ég vil sem sagt taka undir það, að það er mín skoðun að það eigi að ráðstafa því fé, sem inn kemur vegna þessarar skattheimtu, til niðurgreiðslu á olíuverði hjá þeim einstaklingum sem við þær kringumstæður búa, það sé ekki réttlætanlegt að taka svo og svo stóran hluta af því. Þó að ég viðurkenni að það sé til góðs málefnis að hraða framkvæmdum í sambandi við hitaveitu- og raforkuframkvæmdir, þá hvílir þessi skattur svo þungt á tiltölulega stórum fjölda úti á landi að það er ekki framkvæmanlegt annað en að gera ráðstafanir til þess að létta þessa byrði og það verulega.

Ég vil taka það fram strax að ég styð því þær brtt. sem fluttar eru á þskj. 380 og eru fluttar af hv. þm. Lúðvík Jósepssyni, þar sem gert er ráð fyrir því í fyrsta lagi að breytt verði frá því sem hv. Ed. lagði til, þ. e. a. s. í stað 9500 kr. komi 13 500 kr., og í öðru lagi, sem ég vil taka mjög sterklega undir, að elli- og örorkulífeyrisþegar fái tvöfaldan styrk miðað við aðra einstaklinga, — tvöfaldan, — sem nú er 1½. Það gefur auga leið að svo erfitt sem það er að standa undir slíkum gífurlegum kostnaði við upphitun hjá fólki sem getur haft og hefur atvinnutekjur, þá er það augljóst að það er nær ókleift fyrir þá einstaklinga, sem einungis hafa úr að spila lífeyristekjum, að standa undir slíkum kostnaði. Það er því lágmark að mínu viti að þeir einstaklingar, sem þannig er ástatt um, fái tvöfaldan styrk.

Ef þessar breytingar yrðu samþ. yrði frv. í þeirri mynd að svo til allir þeir fjármunir, sem inn koma vegna þessa 1% stigs á söluskattsstofn, færu í niðurgreiðslur, plús það að rafveitur fengju nokkurn hluta þar af. Þá stendur eftir að það eru ekki til fjármunir til þess að láta renna til c-liðar, sem frv. gerir ráð fyrir, þ. e. a. s. til Orkusjóðs til þess að hraða hitaveitu- og raforkuframkvæmdum. Ég sagði áðan að þetta er að mínu viti líka mjög nauðsynlegur þáttur. En ég tel að hann sé ekki með þeim hætti að það réttlæti að skerða stórkostlega greiðslu olíustyrks til þeirra sem hækkun á olíuverði hvílir svo mjög á sem öllum mun ljóst vera. Ég tel hins vegar að það sé réttlætanlegt, eins og hv. þm. Garðar Sigurðsson ræddi hér um áðan að til þess að afla fjár í þann c-lið, sem frv. gerir ráð fyrir, sé lagt sérstakt aukagjald á þá sem búa við þær kringumstæður að hægt er að hita upp með jarðvarma, sem er a. m. k. fjórum sinnum ódýrara en hjá þeim sem búa við olíukyndingu, — það sé réttlætanlegt að leggja tiltölulega lágt gjald á þá til þess að fá fjármuni til þeirra framkvæmda, sem þarna er gert ráð fyrir, og um leið að jafna þann aðstöðumun sem hér um ræðir. Ég hef því leyft mér að flytja brtt. á þskj. 381 sem einmitt fjallar um þetta. Það er brtt. við 1. gr. frv. þar sem gert er ráð fyrir að leggja 20% aukagjald á gjaldskrár hitaveitna, og í öðru lagi við 2. gr., þar sem gert er ráð fyrir því að tekjum af þessu 20% aukagjaldi verði varið til Orkusjóðs til þess að hraða hitaveitu- og raforkuframkvæmdum vegna hitunar íbúða.

Ég flutti álíka till. fyrir ári þegar sams konar mál var hér til meðferðar í þinginu. Því miður fékk þessi till. atkv. aðeins þriggja hv. þdm. Þá Ég vænti þess að þeir, sem þá greiddu henni atkv., séu enn sömu skoðunar Ég fagna því eftir ræðu hv. þm. Garðars Sigurðssonar að hann bætist í hóp okkar hinna, og ég vænti þess að fleiri muni sjá, að hér er um réttlætismál að ræða, og að þeir bætist einnig í þennan hóp, ekki hvað síst þeir þm. sem eru frá þeim svæðum þar sem þessi mikli þungi hvílir á þeirra umbjóðendum.

Ég hef ekki nákvæmar tölur um hvað slíkt mundi gefa. En eftir því sem ég fékk upp gefið fyrir ári og ef tekið er tillit til þess, sem gerst hefur síðan, þá hygg ég að hér mundi verða um að ræða um það bil 250—300 millj. kr. sem þetta 20% aukagjald á gjaldskrár hitaveitna mundi gefa. Og ég tel að það sé verulegt skref í þá átt að fá einnig fé til þess að hraða framkvæmdum í sambandi við hitaveitu- og raforkuframkvæmdir. Ég sagði áðan að ég teldi þetta brýnt verkefni, og eins og lögin voru afgr. frá Alþ. fyrir ári, þá var varið til þessa verkefnis nokkuð stórum hluta af söluskattsstiginu. Nú hefði mér þótt vænt um ef hægt væri að upplýsa í hvaða framkvæmdir þessir fjármunir, sem teknir voru af söluskattsstiginu, hefðu farið, þannig að það væri þá hægt að benda á að þeir fjármunir, sem teknir voru óréttmætt, að ég tel, af þeim sem áttu að fá þá vegna niðurgreiðslu á

olíu, ef það væri hægt að sýna okkur fram á að þeir hefðu orðið þessum sömu einstaklingum og aðilum til góðs. Þá má vel vera að það breyttist viðhorf einhverra þm. sem eru svipaðrar skoðunar og ég í þessu máli. Ég vildi a. m. k. mjög gjarnan óska eftir því, ef hægt væri, að fá upplýst um það hvernig þessum fjármunum hefði verið varið, í hvað þeir hefðu farið.

Ég þarf ekki að hafa öllu fleiri orð hér um. Ég sem sagt styð þær brtt. sem minni hl. fjh.- og viðskn. flytur á þskj. 372, en hef leyft mér auk þess að flytja brtt. um það sem ég hef hér gert að umræðuefni. Ég held að það sé alveg augljóst mál, hvað sem menn vilja kalla það, hvort þeir kalla það uppvakningu á togstreytu milli dreifbýlis og þéttbýlis, eins og sumum er tamt í munni nú, þá sé augljóst mál að Alþ. getur ekki gengið fram hjá þeim geigvænlega mismun sem er á því að búa úti á landsbyggðinni á þeim stöðum sem verða að hita hús sín með olíu, borið saman við hina, sem hafa þá aðstöðu að geta nýtt sér jarðvarma og þurfa þannig að borga miklum mun og margfalt sinnum minna en hinir aðilarnir. Það verður að koma til móts við þessa aðila, og því fyrr sem valdhöfum skilst að það þarf að gera, því betra.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Mig langar til þess í örstuttu máli að gera grein fyrir afstöðu minni til þessa frv. Ýmislegt hef ég við það að athuga, bæði við meginefni frv., það eitt að halda því áfram að leggja 1% gjald á söluskattsstofninn, og svo hitt atriðið, er varðar fyrirkomulag á útborgun þeirrar aðstoðar til þeirra sem búa í olíukyntum húsum sem þetta frv. fjallar um.

Nú kom það fram þegar þetta mál var fyrst til umr. í hv. Alþ. að um það voru mjög skiptar skoðanir með hvaða hætti ætti að veita mönnum aðstoð vegna hinna miklu verðhækkana á olíu. Ýmsir voru þeirrar skoðunar að þessa aðstoð ætti að framkvæma með beinni niðurgreiðslu á olíunni. Sú aðferð finnst mér liggja beinast við og vera í rökrænustu samhengi við orsakir sem til flutnings þessa máls liggja. Eins og þetta hefur verið framkvæmt og ætlunin er að halda áfram að framkvæma, þá er í raun um að ræða eins konar fjölskyldubætur til þeirra sem búa í olíukyntum húsum. Ég vil ekki gera lítið úr því að það sé ástæða til þess að koma á kjarabótum til þessa fólks sem og annarra sem í landinu búa. Það væri raunhæf kjarabót að draga úr skattlagningu hins opinbera. Það væri raunhæf kjarabót að fellla niður þetta söluskattsstig. Þess vegna mun ég greiða atkv. gegn 1. gr. þessa frv.

Ég vil færa örlítið nánar rök fyrir þessu. Eftir stendur þó, jafnvel þótt fellt væri niður þetta söluskattsstig, að það er gífurlegur mismunur á tilkostnaði þeirra, sem búa í olíukyntum húsum, og hinna, sem búa við hitaveitu. Sá mismunur væri töluverður, jafnvel þótt þeir, sem hitaveitunnar njóta, greiddu afnotagjöld í samræmi við tilkostnað. Sem reykvíkingur hlýt ég að skýra frá þeirri afstöðu minni að mér virðist óeðlilegt að Hitaveita Reykjavíkur þurfi að búa við stórfellt tap og fái ekki að láta kostnaðinn vera borinn uppi af þeim sem hitaveitunnar njóta. Það væri þvert á móti mjög eðlileg aðferð og mundi greiða fyrir vexti og viðgangi Hitaveitunnar að rekstur hennar væri með fullkomlega eðlilegum hætti að þessu leyti.

Mér finnst það skjóta skökku við að afla fjár með skattlagningu, m. a. á þá sem hitaveitu njóta, til þess að undirbúa eða setja á laggirnar hitaveitu annars staðar, á meðan rekstur þeirrar hitaveitu, sem þegar er fyrir hendi, gengur jafnóðuglega og hann gerir nú. Nú er mér ljóst að það liggja til þess viss rök að örðugt hefur þótt að leyfa Hitaveitu Reykjavíkur að láta allan sinn tilkostnað lenda á notendum Hitaveitunnar. Hitunarkostnaður húsa í Reykjavík gengur inn í vísitölugrundvöllinn. Það mætti því spyrja, — ég veit að það er kannske örðugt eins og nú standa sakir, — en það mætti spyrja hvort ekki væri eðlilegra að sá vísitölugrundvöllur væri reiknaður út frá hitunarkostnaði allra húsa á landinu, ekki einvörðungu þeirra sem eru í Reykjavík og eru með lægri hitunarkostnað.

Ég vildi aðeins skjóta þessum sjónarmiðum fram, annars vegar vegna þess að ég hef áhyggjur af rekstri og viðgangi Hitaveitu Reykjavíkur og hins vegar vegna þess að ég tel að það væri mjög jákvætt spor af hálfu Alþingis og ríkisstj. í átt til kjarabóta að létta þeirri skattbyrði af almenningi sem felst í álagningu þessa söluskattsstigs.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það var út af orðum hv. síðasta ræðumanns þar sem hann lét að því liggja að rekstur Hitaveitu Reykjavíkur væri a. m. k. ekki vel á vegi staddur. Ég vil nú ekki kveða svo fast að orði. Það að hefði kannske mátt skilja það svo að rekstur Hitaveitu Reykjavíkur væri ekki í lagi. Ég hygg nú að það sé ekkert ofmælt að Hitaveita Reykjavíkur sé með best reknu fyrirtækjum, og ég held að það sé ekki hægt að segja að rekstur hennar sé í ólagi. Það er í þeirri áætlun, sem fyrir liggur og hefur verið lögð fram í sambandi við beiðni um hækkun hitaveitugjalda hér í Reykjavík, gert ráð fyrir því, ef ég man rétt, að uppbygging hitaveitunnar eigi sér stað þannig á þessu ári að til framkvæmda hafi hún 79% af eigin fé og 21% aðeins lánsfé. Ég hefði ákaflega gaman af að mér væri bent á eitthvert einkafyrirtæki hér í landinu sem væri þannig á vegi statt að það gæti byggt sig upp af eigin fé að því er varðar 79% af framkvæmdum, sem það þyrfti að leggja í, og þyrfti ekki að fá nema 21% að láni. Ég held því að það sé ekki ástæða til neinnar vorkunnar að þessu leyti gagnvart Hitaveitu Reykjavíkur. Hitt er annað mál, að Hitaveita Reykjavíkur stendur í samvinnu við nágrannabæjarfélög að lagningu hitaveitu. Þær framkvæmdir kosta fjármagn, og Hitaveitan hefur farið fram á hækkun á gjaldskrá. Vitaskuld verður litið á það og tekin um það ákvörðun. Ég held að það sé alveg ástæðulaust fyrir Hitaveitu Reykjavíkur að bera nokkurn ugg í brjósti í sambandi við það að þær framkvæmdir geti ekki haldið áfram með eðlilegum hætti. Ég held að það sé engin ástæða til að ætla að það verði á neinn hátt kreppt þannig að Hitaveitu Reykjavíkur.

Hitt er annað mál, að það getur verið lagt mismunandi mat á hvað sé eðlilegt að fyrirtæki leggi fram beinlínis af eigin fé og að hve miklu leyti það eigi að notast við lánsfé, gerandi þá ráð fyrir að það sé unnt að afla fjár með lánum.

Þetta vildi ég aðeins taka fram af því að mér þótti kenna misskilnings í máli hv. þm. að því er varðar Hitaveitu Reykjavíkur. En hitt er auðvitað rétt, sem hún benti á, hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir, að vísitalan er miðuð við Hitaveitu Reykjavíkur eingöngu. Það er auðvitað eitt af því sem er óeðlilegt í sambandi við útreikning vísitölu. Ég býst við því að ef fallist væri alveg á þá beiðni sem hefur komið fram frá Hitaveitunni um gjaldskrárhækkun, þá mundi það þýða hækkun a. m. k. á milli 3 og 4 stig, þannig að það er ekkert óeðlilegt þó að menn vilji aðeins velta vöngum yfir því áður en samþ. eru ítrustu kröfur í þessu efni.

Hitt er aftur á móti rétt, sem hefur komið fram í máli manna, að þrátt fyrir að það væri leyfð slík hækkun hjá Hitaveitu Reykjavíkur, þá er samt ódýrari hitun, sem reykvíkingar byggju við, heldur en margir aðrir landsmenn búa við og miklu ódýrari en unnt er að gera sér vonir um að þeir verði að búa við sem eru núna að byggja upp hitaveitu og leggja heitt vatn á sín svæði. Þetta má segja að sé mjög óeðlilegt, og þess vegna getur út af fyrir sig verið rétt hugsun í því, sem hér hefur komið fram, að það væri eðlilegt að jafna þarna á milli. En ég held að það þurfi nokkuð ítarlegrar athugunar við, og t. d. getur ekki komið til greina að leggja það almennt á allar hitaveitur vegna þess að það er einmitt svo misjafnt hvernig þær koma til með að standa. Þeir, sem nú eru að leggja hitaveitu, verða að greiða há hitaveitugjöld vegna þess að kostnaðurinn við þær reynist mikill.

Það má að sjálfsögðu segja að það mundi verða nokkur hagsbót fyrir alla að fella niður þetta söluskattsstig. En það, sem á bak við býr þetta söluskattsstig og ráðstöfun á því, hefur verið jöfnun, en menn geta auðvitað deilt um hvort sá tilgangur hafi náðst. Hann hefur auðvitað ekki náðst fyllilega, þannig að tekjur af þessu söluskattsstigi hrökkva ekki til að jafna þennan mismun jafnvel þó að þeim væri öllum varið í þessu skyni. En þar að auki hefur verið farið inn á þá braut, sem menn geta haft líka skiptar skoðanir um, að greiða fyrir jarðhitaleit og framkvæmdum á því sviði og verja nokkru af þessu fé í því skyni.

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. frekar. Þetta er í sjálfu sér einfalt mál að taka afstöðu til þessa frv. Það, sem auðvitað liggur á núna, er að framlengja söluskattsstigið ef menn vilja á annað borð hafa þessa fjármuni til ráðstöfunar. Hitt má auðvitað taka upp seinna, ef menn vilja, nánari ákvæði um ráðstöfun á þessu, vegna þess að þetta er ekki greitt út fyrr en eftir á, að nokkrum tíma liðnum. En ég hefði ekki staðið upp nema af því að mér fannst e. t. v. hallað á Hitaveitu Reykjavíkur, af því að það var látið liggja að því að hún væri ekki eins vel á vegi stödd og ég held að hún sé, — ég held að hún sé einmitt mjög vel rekin með tilliti til þess að sjá hennar fjárhagslegu þörf borgið — og svo hitt, að segja það, að auðvitað verður þessi beiðni, sem fyrir liggur frá Hitaveitu Reykjavíkur um gjaldskrárhækkun, tekin til afgreiðslu.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það er að sjálfsögðu alveg rétt hjá hæstv. ráðh., sem talaði hér áðan, að þær ráðstafanir, sem hér er verið að fjalla um, eru gerðar í því skyni að reyna að jafna aðstöðu manna. Það er einnig að mínu viti alveg rétt ábending hjá honum, að þessar aðgerðir nægja hvergi nærri til þess að jafna þann mikla aðstöðumun sem er milli þeirra annars vegar sem búa hér á Reykjavíkursvæðinu og njóta hitaveitu, og hinna hins vegar, sem búa utan þess svæðis og þurfa að notast við olíukyndingu. Þá finnst mér það líka í þriðja lagi rétt, sem bent hefur verið á hér, að að undanförnu, bæði með þessari breyt. og breyt., sem gerð hefur verið áður, hefur verið að draga úr þessari jöfnun smátt og smátt, þannig að hækkun olíuverðs hefur ekki verið fylgt eftir með hækkun olíustyrks og auknum jöfnuði.

En það er ekki aðeins það sem deilt er um. Það er einnig mjög veruleg óánægja með hvernig reglurnar um greiðslu niðurgreiðslnanna eru. Þar er t. d. lítið sem ekkert tillit tekið til raunverulegs kyndingarkostnaðar sem getur verið mismunandi ekki aðeins eftir stærð íbúða, heldur einnig eftir aldri íbúða. Því mun þannig vera farið á flestum olíukyndisvæðunum að þar eru hús að meðaltali miklum mun eldri heldur en á hitaveitusvæðunum, sérstaklega í Reykjavík, og þar með dýrari í kyndingu. Sá munur á aðstöðu, sem þarna er, verður til þess að auka enn á misréttið í húshitunarmálum. Þá hefur heldur ekkert tillit verið tekið til íjárhagsaðstæðna fólks í sambandi við niðurgreiðslu á olíu. T. d. er það nokkuð algengt úti á landi að aldrað fólk býr eitt sér í tiltölulega stórum timburhúsum, gömlum húsum, sem er óhemjulega dýrt að kynda. Ég kom inn á eitt slíkt heimili fátækra aldraðra hjóna fyrir nokkrum mánuðum. Þetta voru hjón sem aðeins höfðu fyrir sig að leggja lífeyri frá almannatryggingum og tekjutryggingu og það stóð nokkurn veginn á endum af þeim reikningum, sem þetta aldraða fólk sýndi mér fyrir framfærslukostnað sinn, að helmingurinn af tekjum þess fór í það eitt að greiða olíukostnað vegna upphitunar íbúðarhúsnæðis. Og það segir sig auðvitað sjálft hversu gífurleg áhrif þetta hlýtur að hafa á aðstæður fólks, hversu mikil áhrif þetta hlýtur að hafa á þá ákvörðun sem fólk tekur um það hvar það vill vera búsett á landinu. Þetta aldraða fólk, sem vildi eyða sínum síðustu ævidögum í sínum gamla heimabæ, talaði um það í fullri alvöru að það væri nauðbeygt til þess að selja ofan af sér húsið, segja skilið við börn sín og barnabörn og reyna að koma sér fyrir á elliheimili eða gamalmennahæli hér í Reykjavík, einfaldlega vegna þess að það hefði ekki fjárhagslegt bolmagn til þess að framfleyta sér þar eð helmingurinn af tekjum þess færi í það eitt að halda á sér hita.

Þá er einnig ljóst að þær ráðstafanir, sem gerðar eru með þessu niðurgreiðslukerfi eins og það er framkvæmt, eru til algjörra bráðabirgða og voru frá upphafi hugsaðar sem bráða-

birgðaráðstafanir. Hins vegar eru þessar bráðabirgðalausnir nú farnar að standa nokkuð lengi. Það er þegar orðið ljóst að olíuverðhækkanirnar miklu, sem orðið hafa undanfarin fá ár, hafa ekki verið verðsveifla sem á eftir að fjara út. Það virðist mega treysta nokkuð örugglega á að það olíuverð, sem nú er á heimsmarkaði, muni haldast nokkuð óbreytt, það muni hækka með auknum hækkunum á öðrum hráefnisvörum. Við verðum því að horfast í augu við það að til nokkuð langrar framtíðar þurfum við að borga það olíuverð sem við greiðum nú, þ. e. a. s. við getum ekki gengið lengur að því gruflandi að bráðabirgðaráðstafanir til þess að leysa þetta vandamál duga ekki.

Hvaða ráð eru það þá, sem til greina koma?

Í fyrsta lagi ber að sjálfsögðu brýna nauðsyn til þess að auka virkjanir og hagnýtingu íslenskra orkulinda, fyrst og fremst jarðhita og einnig raforku að nokkru leyti. Það er alveg hárrétt, sem kom fram hjá hæstv. iðnrh. áðan, að það hefur á örfáum árum, jafnvel örfáum mánuðum, orðið um miklar breytingar að ræða í því hvað talið hefur verið hægt að virkja, hvar á landinu og hvað. Til dæmis að nefna lærði ég og mín kynslóð í skóla að það væri með öllu útilokað að gera sér nokkrar vonir um að það væri hægt að fá heitt vatn til virkjana í nokkrum mæli á Vestfjörðum. Samkvæmt síðustu upplýsingum, sem ég hef, munu vera taldar líkur á því að hægt sé að finna jarðhita í nágrenni allra kaupstaða og kauptúna á Vestfjörðum og möguleikar séu á því að innan fárra ára verði hægt að virkja slíkar orkulindir til húshitunar í öllum kauptúnum og kaupstöðum þar vestra. Þessi tíðindi hafa borist á örfáum undanförnum mánuðum. Að sjálfsögðu ber okkur að leggja áherslu á að leita frekar að slíkum virkjunarsvæðum, hraða rannsóknum og virkjunarframkvæmdum.

Í öðru lagi kemur fyllilega til greina, eins og ég hef raunar áður bent á í sambandi við þetta mál, þegar það var til meðferðar fyrr á Alþ., þá kemur fyllilega til greina að taka upp jöfnuð, hreinan jöfnuð í kyndikostnaði yfir landið allt, þannig að þeim, sem til frambúðar verða að horfast í augu við það að kynda hús sín með olíu og greiða upp í fimmfalt hærra verð fyrir húshitun heldur en þeir íbúar landsins sem njóta jarðvarma, þeim verði bættur sá skaði með því að taka upp jöfnun á kyndikostnaði um land allt. Þetta er alls ekki fráleit lausn. Og ég vil í því sambandi minna á að hér á Alþ. hefur verið samþ. þáltill. um jöfnun flutningsgjalda. Hér hefur verið rætt mjög mikið um jöfnun símagjalda. Allar þessar ráðstafanir eru gerðar í því skyni að það skipti ekki máli fyrir afkomu manna hvar á landinu þeir kjósa að hafa búsetu. Hitunarkostnaðurinn skiptir miklu meira máli fyrir fólk nú orðið heldur en nokkurn tíma flutningskostnaður eða sími. Sé talin ástæða til þess að jafna aðstöðu hvað varðar flutningskostnað og síma, þá er að sjálfsögðu, eins og nú standa sakir, enn meiri ástæða til þess að jafna aðstöðu fólks hvað varðar kyndikostnað.

Í þriðja lagi þurfum við svo að sjálfsögðu að leita nýrra aðferða í sambandi við upphitun húsnæðis. Við þurfum t. d. að athuga mjög vendilega hagkvæmnina við að reisa kyndistöðvar á stöðum þar sem ekki kemur til greoina eða ekki þykir líklegt að hægt sé að virkja jarðhita. Mér er kunnugt um að nokkrir útreikningar á slíku hafa verið gerðir fyrir einstaka staði á landinu og þar hefur komið í ljós að þessar kyndistöðvar, jafnvel kyndistöðvar kyntar á stöðum þar sem ekki kemur til greina kvæmari að sögn heldur en kyndistöðvar sem ganga fyrir rafmagni og gætu lækkað kyndikostnað mjög verulega. Þá er mér einnig kunnugt um að fundin hefur verið upp hér á landi ný tegund af miðstöðvarkatli sem hlotið hefur heitið „Nýtill“. Hagkvæmni þessa miðstöðvarketils er nú í athugun hjá iðnrn. og hefur verið þar til athugunar um nokkurt skeið. Þær rannsóknir, sem gerðar voru á þessum katli áður, bentu til þess, að hann mundi geta sparað um 10% í olíu. Þessi nýi ketill, sem íslenskur uppfinningamaður hefur fundið upp, er þannig gerður að hann getur notað jöfnum höndum raforku og olíu. Hann er búinn sjálfvirkum búnaði, þannig að hann getur t. d. notað olíu á daginn þegar álag á rafveitur er mikið, skipt svo með sjálfvirkum hætti yfir á rafhitun á nóttunni þegar álagið á raforkuverum minnkar og mikil umframorka er í framboði, þannig að með þessu móti væri hægt að nýta afgangsorku ýmissa raforkuvera yfir næturtímann til húshitunar með mjög ódýrum hætti. Þær frumathuganir, sem gerðar hafa verið á þessari nýju uppfinningu, benda til þess að það gæti sparað í venjulegu íbúðarhúsnæði milli 4 og 5 þús. kr. í kyndikostnað á mánuði. Það eru svona nýjar aðferðir sem við sjálfsögðu verðum að gaumgæfa og full ástæða til þess að iðnrn. hraði athugun sinni á hagkvæmni þessarar nýju uppfinningar, en allverulega hefur dregist að þeirri athugun rn. sé lokið. Fyrir liggur einkaleyfisumsókn þess aðila sem hefur þessa uppfinningu með höndum, þar sem hann sækir um einkaleyfi á þessum miðstöðvarkatli. Hann hefur enn fremur lagt fram ákveðnar till. um það, ef niðurstöður iðnrn. á hagkvæmnisathugunum yrðu eins og hans athuganir hafa bent til að yrðu, hvernig hið opinbera gæti þá stuðlað að því að slík tæki gætu komist í notkun á þeim svæðum þar sem fyrirsjáanlegt er að nota verður olíu til frambúðar.

Ég ætla ekki að hafa öllu fleiri orð um þetta mál. Ég vil aðeins ítreka það, að sá jöfnuður, sem hér er verið að gera till. um, er bráðabirgðaráðstöfun sem búin er að standa of lengi og tímabært er að ljúki þannig að einhver önnur og raunhæfari lausn finnist. Þá vil ég einnig ítreka þá skoðun mína að það sé ekki lengur við það unað að dregið sé eins mikið úr þessum niðurgreiðslum og gert er ráð fyrir í frv. Mun ég því að sjálfsögðu fylgja till. hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar. Þá tel ég einnig að till. hv. þm. Karvels Pálmasonar boði ákveðna stefnu í þessum málum, þannig að ég get fyrir mitt leyti greitt atkv. með henni nú eins og ég gerði síðast þegar hún var upp borin, ekki endilega vegna þess að ég sé samþykkur till. í öllum atriðum, heldur vegna hins að með því að greiða henni

atkv. vil ég láta í ljós skoðun mína á því hvernig beri að marka stefnu í þessum húshitunar- og orkuvinnslumálum, en ég tel að till. hans sé fyrst og fremst flutt í slíku skyni.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég hef áður í þessum umr. sagt mest af því sem ég vildi sagt hafa í tengslum við þetta mál. En mér finnst rétt að gera örfáar aths. við það sem fram hefur komið í máli ræðumanna síðan.

Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir hafði mikið að athuga við þetta frv. og sagðist vilja leggja til að söluskattsstigið yrði fellt niður, — það söluskattsstig sem gefur þær 1250 millj. sem notaðar hafa verið og nota skal til þess að jafna olíukostnað landsmanna. Hins vegar gat ég ekki heyrt í hennar máli að hún benti á nokkra aðra leið til þess að afla fjár í þessu skyni. Útkoman hlýtur þá að vera sú, að hún sé á móti þeirri jöfnun sem hefur átt sér stað. Ég hef hér við höndina skýrslu frá Þjóðhagsstofnun þar sem greinilega kemur fram hvílíkur jöfnuður er á ferðinni í þessum efnum ef ekki er greidd niður olían. Þar segir m. a. að kostnaður við að hita upp einn rúmmetra af vatni sé í hitaveitum 84.62 kr., með rafmagni 151.94 kr., en með olíu á verðinu 25.40 kr. 304 kr. rúmlega. Þetta segir það, að þeir, sem njóta þess að hafa hitaveitu, þurfa að greiða fyrir rúmmetran 84.60 kr., en hinir 304 kr. Hlutfallið þarna á milli er 3.6 — þrisvar komma sex sinnum dýrara að kynda þennan rúmmetra upp með olíu heldur en að fá hann úr hitaveitu. Þetta er jöfnuðurinn, og virtist mér koma greinilega fram í máli hv. 5. þm. Reykv., Ragnhildar Helgadóttur, að svona vildi hún hafa það. Ég get ekki skilið slíkt hugarfar eða málflutning sem veitist þannig að tilraunum til þess að leitast við að jafna olíukostnaðinn að nokkru.

Annað atriði, sem þessi hv. þm. hafði við frv. að athuga, sú aðferð sem notuð hefur verið til þess að greiða olíuna niður. Á sínum tíma, þegar þetta frv. kom fyrst fram, komu fram ýmsar hugmyndir um hvaða aðferð ætti að nota til þess að koma þessum fjárhagsstuðningi á framfæri. Það voru hugmyndir m. a. um að greiða olíuna beint niður. Ef það er gert, að greiða olíuna beint niður, þá er kostnaðurinn við þá niðurgreiðslu notaður í annað en það sem hún átti að fara í upphaflega, þ. e. a. s. að lækka kyndingarkostnað hjá fólki, því að olía er notuð til margs annars en að kynda hús einstaklinga.

Hv. þm. hafði einnig mikið við það að athuga að fólk fengi meira eftir sem fleira væri í heimili. Ég skal að vísu viðurkenna að það eru ýmsir gallar við þessa aðferð. En sú aðferð, sem hún bendir á, er síður en svo betri að mínu mati. Ætli það sé ekki svo, að þeir, sem hafa flest börnin á framfæri sínu og stærstu fjölskylduna, eigi að jafnaði minnst eftir til þess að bera hinn gífurlega hunga skatt sem felst í því að kynda með svo dýrri olíu.

Allt það tal hjá hv. þm., sem kom þar á eftir um Hitaveitu Reykjavíkur, skal ég alveg leiða hjá mér. En ég hef ekki orðið þess var hingað til að hún þurfi að reka sitt fyrirtæki með stórkostlegu tapi, enda kom fram í ágætri ræðu hæstv. viðskrh. að fjárhagsstaða þess fyrirtækis sýnist mér vera miklu betri en nokkurs annars fyrirtækis sem ég þekki til, þar sem eigið fé fyrirtækisins er upp undir 4/5 af því fé sem það hefur á milli handanna.

Mér finnst skylt að taka það fram, að ég var mjög ánægður með að heyra það af vörum hæstv. viðskrh. að hann fellst á þá hugmynd sem kemur fram í till. hv. þm. Karvels Pálmasonar, þó að hann hafi ekki beinlínis lýst stuðningi við till. eins og hún er, heldur að þarna sé kannske um heppilega hugmynd að ræða, að leggja nokkurt gjald á hitaveitur til jöfnunar. Hins vegar er ég alveg sammála hæstv. ráðh. í því að annað form þyrfti að vera á slíkri till., hún þyrfti að vera nánar útfærð og það þyrfti að liggja betur fyrir hvernig að þessu skyldi unnið. En ég gat ekki heyrt betur en að hæstv. ráðh. gæti fellt sig við það að jafnað yrði með þessum eða líkum hætti.

Þegar hæstv. ráðh. Gunnar Thoroddsen flutti mál sitt hér sem iðnrh. um þetta orkumál, sem óneitanlega er hér á ferðinni í aðra röndina, voru aðeins 12 þm. hér í salnum og þar af aðeins tveir hv. þm. úr dreifbýlinu sem eru taldir fylgja meiri hl. sem styður ríkisstj. enn sem komið er. Þetta fannst mér bera vott um afar lítinn áhuga þessara hv. dreifbýlisþm. á svo mikilvægu máli sem þetta er fyrir fólkið úti á landi og það fólk yfirleitt sem þarf að kynda með olíu. Þetta er aðeins eitt dæmið um það í viðbót hvaða álit sumir þessara hv. þm., því miður margir úr stjórnarliðinu, — hvaða álit þeir hafa á lýðræði. Þegar fólkið úti um allt land hefur látið í sér heyra í sambandi við mikilvæg mál á hinu háa Alþ. og þau mál sem varða þjóðina mestu, t. d. eins og landhelgismálið o. fl., og samdóma álit allrar þjóðarinnar eða langstærsta hluta þjóðarinnar kemur fram, þá blása þeir hreinlega á það álit. Sýnir það að þeir eru ekki lýðræðissinnar í raun.

Hæstv. ráðh. Gunnar Thoroddsen talaði um, að það væri nauðsynlegt að hraða hitaveituframkvæmdum, og sagði, sem rétt var, að hluti þess fjár, sem tekinn var af þeim peningum sem komu út úr þessu söluskattsstigi, hefur verið notaður til þess að vinna að því að koma hitaveitum í gang úti um land. Ég er alveg sammála hæstv. ráðh. í þeim efnum, að það þarf að finna peninga til þess að hraða hitaveituframkvæmdum. Hæstv. ráðh. talaði um það að innan skamms gætu allt að 2/3 hlutar þjóðarinnar notið hitaveitu og áður en mjög langt liður væri hugsanlegt að um 80% þjóðarinnar gætu fengið slíka orku á þann hátt. En hvers eiga þá hinir að gjalda, þessi briðjungur og síðar fimmtungur, sem aldrei fær hitaveitu? Þeir greiða sinn hluta af þessum söluskatti og þeir fá því miður allt of lítið af honum til baka til útjöfnunar á sínum olíukostnaði.

Ég gat ekki heyrt betur á hæstv. ráðh. Gunnari Thoroddsen en að hann væri á móti auknum jöfnuði í þessum efnum, því að með þessu frv. eins og það liggur fyrir, svo að ég tali nú ekki um eins og það var áður en það var bækkað í 9500 kr., þá átti að auka ójöfnuðinn með því að hafa sömu krónutölu, því að allir vita að krónan okkar fer síminnkandi. Það er hins vegar annað mál. Með því að gera þetta eru stöðugt

lagðar þyngri byrðar á þá sem hafa þær þyngstar fyrir í þessum málum. Því verður ekki á móti mælt.

Ég er sem sagt sammála hæstv. ráðh. Gunnari Thoroddsen að það beri að hraða þessum framkvæmdum. Hins vegar greinir okkur mjög á um hvaða tekjustofna er hægt að nota. Okkar leið, þeirra sem standa að brtt. á þskj. 380, er leið til jöfnunar, til aukins jafnaðar. Leið hæstv. iðnrh. er ójafnaðarleið.

Hv. þm. Karvel Pálmason nefndi hér tölur um hvað það kostar í peningum að kynda hús með olíu. Það er auðvitað afar misjafnt, fer eftir aldri og gerð og stærð húsa og eftir því hvar þau eru á landinu, eftir veðurfari, en hann nefndi 20—25 þús. kr. á mánuði og það eru þá 240—300 þús. kr. á ári. Það er mikill skattur. Það fer ekkert á milli mála. Þess vegna ber að mínu mati að leita allra úrræða til þess að reyna að jafna þennan mismun. Á sama tíma og fólk borgar, svo að við segjum nú ekki meira en 15 þús. kr. til jafnaðar til þess að kynda hús sín eða íbúðir, þá borga menn með svipaðri tölu milli 3 og 4 þús. á mánuði í hitaveitukostnað í Reykjavík. Þetta er gífurlegt óréttlæti þar sem hér býr mestur hluti þjóðarinnar. Þess vegna finnst mér að hugmyndin, sem felst í till. hv. þm. Karvels Pálmasonar hljóti að vera rétt, að meiri hl. þjóðarinnar, sem býr við lítinn tilkostnað, fái að leggja nokkuð af mörkum til að létta undir með þeim sem búa við mikinn tilkostnað og leggja áreiðanlega hlutfallslega miklu meira til þjóðarbúsins en þeir sem búa á þessu svæði, og verður ekki um deilt, hvað sem hv. þm. úr Reykjavík og þéttbýlinu segja.

Ég vil enn einu sinni, þó að ég hafi gert það tvívegis áður í mínu fyrra máli, minna hv. þm. dreifbýlisins á að þeir 78 þús. einstaklingar, sem kynda með olíu, greiða í söluskatt, þennan 1% söluskatt, 450 millj. kr. Þeir fá skv. þessu frv. til sín til að borga olíuna 741 millj. kr. Ég vil vekja athygli á að mismunur á þessum tveimur tölum er 291 millj. kr. Hver er olíustyrkurinn þá? Ef við reiknum þetta dæmi svona, þá sjáum við vel að ef við skiptum 291 millj. kr. milli 78 þús. einstaklinga, sem er einfalt deilingardæmi, þá er olíustyrkurinn í raun ekki 9500, þaðan af síður 13500, eins og við leyfum okkur að leggja til, heldur 3730 kr. (Gripið fram í.) Það er öll dýrðin. (**Gripið fram í:** Á hve löngum tíma?) Á ári. (Gripið fram í.) Upp í þær 250—300 þús. kr. sem kostar að kynda húsið.

Hér eru ekki nein gamanmál á ferðinni. Fólkið úti á landsbyggðinni, sem hefur kosið sína þm., það ekki aðeins skilur þetta, það finnur það og finnur því miður harkalega fyrir þessum skatti. Þess vegna hljóta þessir þm. ef þeir starfa hér skv. samvisku sinni, en ekki handjárnum sinna stjórnarflokka, að geta stutt þær till. sem eru fluttar hér í því skyni að stefna til meiri jafnaðar og sanngirni í þessu máli.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs eingöngu til þess að ræða hér brtt. hv. þm. Karvels Pálmasonar á þskj. 381. Ég vil að afstaða mín til þeirrar till. komi hér skýrt fram.

Í till. hans felst það að lagður verði sérstakur skattur á gjaldskrár hitaveitna, þ. e. a. s. sérstakur skattur sem skuli lagður á reykvíkinga og þéttbýlisbúa. Ég hlýt að segja það, að hér er um mjög vanhugsaða till. að ræða og andinn í henni er í algjörri andstöðu við þá yfirlýsingu hv. þm. að hann styðji brtt. hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar að lífeyrisþegar skuli fá greiddan tvöfaldan styrk einstaklinga.

Ég hlýt að harma það að þeir þm., sem hér hafa talað og lýst yfir fylgi við báðar þessar till., skuli ekki hugsa rökréttara en þeir gera. Ég vil benda á að verðbólgan, sú mikla dýrtíð sem nú geisar í landinu, bitnar mjög harkalega á lágtekjufólki, lífeyrisþegum og öryrkjum í Reykjavík ekki síður en slíku fólki annars staðar á landinu. Hér er beinlínis verið að leggja til af þeim, sem telja sig jafnaðarmenn, svo að ég noti orð hv. þm. Garðars Sigurðssonar, að á þetta fólk í Reykjavík verði lagður skattur. Margt af þessu fólki býr í eigin íbúðum, líklegast flest af þessu fólki í Reykjavík býr í eigin íbúðum, og hitakostnaður er þessu fólki nú þegar ákaflega þungbær útgjaldaliður. Ég leyfi mér að fullyrða að eins og nú er ástatt í efnahagsmálum, þá mundi þetta fólk ekki rísa undir því að sérstakur skattur yrði enn lagður á hitakostnað þess. Við vitum afskaplega vel, að ef slíkar álögur eru einu sinni komnar á, þá verða þær tæplega aftur teknar, og það, sem felst í þessu frv. um olíustyrkinn, er vissulega engin frambúðarlausn. Hér er um ráðstöfun að ræða sem er til komin vegna sérstakra aðstæðna. Það væri ákaflega mikið fljótræði ef hlaupið væri til að leggja 20% aukagjald á gjaldskrá hitaveitu í Reykjavík vegna sérstakra aðstæðna í orkumálum.

Ég vil vara Alþ. alvarlega við því að samþ. þessa till. Ég lýsi mig algjörlega andvíga henni og tel að þeim hv. þm., sem hér hafa talað af skammsýni, væri nær að finna aðra fjáröflunarleið en þá að auka enn skattheimtu á lágtekjufólk, öryrkja og lífeyrisþega í Reykjavík.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Hér er á dagskrá frv. til l. um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl. Þetta frv. gerir ráð fyrir framlengingu á 1% söluskattsgjaldi og gerir jafnframt grein fyrir skiptingu á því fé sem þannig aflast. Ég hef í sjálfu sér ekkert á móti þessum tilgangi frv. En ég hef áður lýst þeirri skoðun minni að sú aðferð, sem gildir um niðurgreiðslu eða styrk vegna olíukostnaðar, vegna kyndingarkostnaðar á íbúðarhúsnæði, sé bæði ógeðfelld og ófær. Ég var á sínum tíma algjörlega andvígur þessum lögum þegar frv. um þau var flutt hér í fyrsta sinn, og af þessari ástæðu greiddi ég einn þm. atkv. gegn þessu frv. Ég vil lýsa því yfir að ég mun áfram gera það, greiða atkv. gegn þessu frv., til þess að lýsa andstöðu minni á þeirri aðferð sem notuð er við niðurgreiðslu á hitunarkostnaði. Sú aðferð, eins og öllum er kunnugt af umr. og af lestri þessa frv., er í því fólgin að greiða niður kostnað vegna olíukyndingar miðað við tölu þeirra sem í viðkomandi íbúð búa, algjörlega án tillits til stærðar íbúðarinnar, húsagerðar eða húsakynna, algjörlega

án tillits til þess hvort kostnaðurinn sé mikill eða lítill, hvort húsnæðið sé í notkun — eða yfirleitt ekki tekið tillit til raunverulegs kyndingarkostnaðar og þarfar viðkomandi húseiganda til þess að fá olíuna greidda niður. Niðurstaðan hefur líka verið sú í framkvæmd að þetta fyrirkomulag hefur verið misnotað. Það hefur boðið upp á ranglæti og jafnframt valdið ákaflega miklum erfiðleikum og vandamálum fyrir þá aðila sem framkvæma eiga lögin, þ. e. a. s. viðkomandi sveitarfélög.

Hv. þm. Garðar Sigurðsson taldi að þetta væri rétt, að ýmsir gallar væru á þessu fyrirkomulagi, en lýsti því svo að ófært væri að grípa til annarra aðferða, m. a. þeirrar, sem bent hefur verið á, að greiða almennt niður olíuna. Ég hef ekki sannfærst um að það sé rétt, að ekki sé hægt að greiða niður olíuna almennt. Ég er þeirrar skoðunar að vel mætti framkvæma af olíufélögum eða þeim, sem selja olíuna, þá aðferð að greiða olíuna almennt niður og sjá svo til að sú olía, sem sé greidd niður, sé notuð til þess að kynda upp íbúðarhúsnæði. Það er áreiðanlega mögulegt. Vitaskuld má gera ráð fyrir að það verði einhver misnotkun á því. Það er aldrei hægt að fyrirbyggja það með lögum að ekki sé misnotað eða mismunað. En ég held að sú aðferð væri réttlátari og mundi sneiða hjá því hróplega ranglæti og þeirri misnotkun sem nú á sér stað og ég held að öllum sé kunnugt um.

Hér hefur verið lögð fram till. af hv. þm. Karvel Pálmasyni að leggja 20% aukagjald á gjaldskrár hitaveitna og nota þetta gjald til þess að hraða hitaveitu- og **raforku**framkvæmdum vegna hitunar íbúða. Hann hefur lýst því svo að á því sé mikill munur hvað fólk borgar til kyndikostnaðar eftir því hvort það notar olíu eða hitaveitu, og ég tek undir það, það er ákaflega mikill munur og óeðlilegur hvað þetta snertir. En ég lýsi mig algjörlega andvígan þessari till. vegna þess að hún gerir ráð fyrir því að þeim, sem hafa komið sér upp ódýrara kerfi, sé refsað með því að þurfa að greiða sérstakt gjald. Ef við viljum jafna þann mun, sem á þessum vettvangi er eins og annars staðar, þá eigum við náttúrlega ekki að gera það með því að leggja sérstök gjöld á þá sem sleppa ódýrara í dag, heldur eigum við að reyna að lækka þann kostnað sem á þeim er sem hærri kostnað hafa.

Það er öllum ljóst að olía eða kol eða rafmagn eða hvað það er sem notað er til upphitunar er miklu dýrara en heita vatnið. Það var einmitt af þeim ástæðum sem ráðist var í þær framkvæmdir hér í Reykjavík á sínum tíma að kynda hús upp með heitu vatni. Það framtak var mjög lofsvert og varð til þess að aðrir fetuðu í fótspor reykvíkinga. Fyrir að lækka þannig kostnaðinn með sjálfsstæðu framtaki og átaki á sínum tíma má auðvitað ekki refsa reykvíkingum með því að leggja sérstakt gjald á þá núna til þess að minnka þann mun sem sannarlega er fyrir hendi. Eða til hvers eiga sveitarfélög eða byggðarlög að vera að koma sér upp hitaveitu eða fyrirkomulagi sem er ódýrara en að kynda upp með olíu ef það er allt saman jafnað upp og gert jafndýrt eins og fyrir þá sem nota olíuna? Það auðvitað dregur úr því að sveitarfélög eða byggðarlög leggi almennt út í það. Borgararnir hafa ekki mikla löngun til þess að reyna að ráðast í slíkar framkvæmdir og koma sér upp hitaveitu ef það er strax sett á þá sérstakt gjald, sem auðvitað er ekkert annað en sérstakt refsigjald. Ég vek líka athygli á því að þessi till. Karvels Pálmasonar er ekki til þess að lækka kyndikostnaðinn strax nú á þeim sem hafa olíukostnað, heldur er það til þess að veita þessu fé í Orkusjóð og hraða hitaveituframkvæmdum fyrir framtíðina. Ég er sammála því að það skuli setja fé í Orkusjóð til þessara framkvæmda, og það er líka gert ráð fyrir því í því frv. sem hér liggur fyrir. Þá aðferð má viðhafa áfram.

Hér var aðeins vikið að Hitaveitu Reykjavíkur og rekstri á því fyrirtæki. Ég skal ekki blanda mér í þær umr. Ég er sammála því að það fyrirtæki er vel rekið. En auðvitað er sá rekstur háður því að fyrirtækið fái samþ. þá gjaldskrá sem það leggur fram og telur sig þurfa að hafa til að reksturinn haldi áfram með viðeigandi hætti. Ég minni aðeins á í þessu sambandi að nú standa yfir hitaveituframkvæmdir í nágrenni Reykjavíkur sem framkvæmdar eru af Hitaveitu Reykjavíkur, og þessi sama hitaveita, sem er í eigu reykvíkinga, hefur farið fram á hækkun á gjaldskrá sem stafar af þessum framkvæmdum. Ef þessi gjaldskrá verður nú samþ. þessi hækkunartill. verður samþ., þá eru það aukin útgjöld fyrir þá sem búa í Reykjavík og njóta hitaveitunnar hér og það er beinlínis gert til þess að lækka kyndikostnað hjá öðrum og til þess að koma á hitaveitu hjá þeim. Af þessu má sjá að reykvíkingar hafa nú þegar og munu sjálfsagt í framtíðinni leggja sinn skerf til þess að lækka kyndikostnað hjá þeim sem nú búa við mjög háan kostnað vegna olíukyndingar.

Herra forseti. Ég vildi strax við þessa umr. lýsa því yfir að ég er andvígur þeirri aðferð, sem notuð er við niðurgreiðslu á olíukostnaði, og mun því greiða atkv. gegn þessu frv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Ég fagna þeirri yfirlýsingu sem hæstv. iðnrh. gaf hér áðan um að sá hluti þess fjár, sem fer til Orkusjóðs og ætlaður verður til framkvæmda við hitaveitur, fari um Lánasjóð sveitarfélaga. Ég held að þarna sé ótvírætt farið inn á rétta braut. Orkusjóður hefur hingað til aðeins lánað til jarðhitaleitar. Það hefur hins vegar Lánasjóður sveitarfélaga ekki gert. Lánasjóður sveitarfélaga hefur lánað til hitaveituframkvæmda. Þess vegna fagna ég þessari yfirlýsingu. Ég tel að þarna sé staðið einmitt rétt að málum.

Mér fannst hv. þm. Garðari Sigurðssyni takast vel upp hér áðan að tala fyrir munn hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar. Það voru næstum því sömu hreyfingarnar og sami tónninn og jafnvel sömu tilfæringarnar á gleraugunum, svo að þetta tókst allt mjög vel. En þegar hann hafði reiknað út hvað kæmi út úr dæminu þegar olíustyrkurinn hefði verið hækkaður í 13500 kr. og til rafveitnanna færu 85 millj., þá væru eftir 112 millj. af söluskattsstiginu, og mér skildist að það ætti þá að mestu að fara til þess að greiða lífeyrisþegum tvöfaldan styrk, þá var sem sagt ekkert eftir. Þannig var málið afgr. Það átti ekkert að

fara í Orkusjóð, ekkert til jarðhitaleitar og ekkert til að hraða hitaveituframkvæmdum. En það bjargaði honum að hann fann till. hv. þm. Karvels Pálmasonar sem kveður á um 20% skatt á hitaveitur, og sem sönnum jafnaðarmanni sæmir, þá náttúrlega lýsti hann yfir stuðningi við þessa till. Og síðan lýsti hv. þm. Karvel yfir stuðningi við till. sem hv. þm. Garðar var að mæla fyrir. Þannig styðja þeir hvor annan í kross og er sjálfsagt ekkert nema gott um það að segja. En vegna þess verðsamanburðar, sem hv. þm. Garðar Sigurðsson var að gera í seinni ræðu sinni, þá vil ég segja að sá verðsamanburður var í hæsta máta villandi. Hann miðar við verð á heitu vatni kr. 39.36 sem er samkv. gildandi gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur. Sú gjaldskrá hefur verið í gildi frá því á miðju ári 1975. Það liggur í augum uppi að sú gjaldskrá hlýtur að hækka. Þá miðar hann við verð á olíu 25.40, sem er rangt verð. Það er 25.30. Og hann tekur ekki tillit til olíustyrksins sem er, ef hann verður samþ. 9.500 kr. Það má reikna með að það séu um 30% sem hann lækkar olíuverðið. Þannig er þessi verðsamanburður rangur og villandi.

Hv. þm. Karvel Pálmason talaði hér um að tilgangur þessara laga hefði í upphafi verið að létta byrði þeirra sem búa við hæstan kyndingarkostnað, og það er vissulega rétt. Og það er tilgangurinn enn. En það þýðir ekki það, að þessu eina söluskattsstigi skuli um aldur og ævi varið til þess að greiða niður olíu þeirra sem kynda hús sín með olíu. Á því tímabili, sem liðið er frá því að þessi lög gengu fyrst í gildi, þá hugsa ég að segja megi að fast að 25 þús. manns hafi fengið hitaveitu. Það þýðir að sjálfsögðu það, að hluta af þessum söluskatti mætti nú fara að verja til hitaveituframkvæmda, og það er það sem ætlunin er að gera í auknum mæli með þessu frv.

Um hitaveituskattinn, sem hv. þm. mælti hér með, þarf ég ekki að fara mörgum orðum. Þeirri till. hans hefur verið svarað af hv. þm. Svövu Jakobsdóttur og Ellert B. Schram, og ég þarf ekki þar miklu við að bæta. Hv. þm. og skoðanabræðrum hans hefur vafalaust þótt sem þarna hefðu þeir fundið góða leið til þess að koma lagi á íbúa höfuðborgarsvæðisins. En þeim skýst yfir það, þeim góðu herrum, að það eru víðar hitaveitur en í Reykjavík og þær búa ekki allar við sömu gjaldskrá. Við þurfum ekki að fara lengra frá Reykjavík en út á Seltjarnarnes þar sem rekin er sérstök hitaveita. Þar er gjaldskráin talsvert hærri en hjá Hitaveitu Reykjavíkur. Það eru hitaveitur líka norður í landi og fyrir austan fjall. Með þessum skatti virðist mér, að þessi dreifbýlisþm. hv. ætli enn að auka á mismuninn. 20% skattur kemur auðvitað harðast niður á þeim hitaveitum sem hafa hæstar gjaldskrárnar. Gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur er lægst. Þessi hugmynd held ég að þurfi nánari skoðunar við.

Um ræðu hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur skal ég ekki fara mörgum orðum. Þm. kvaðst mundi greiða atkv. gegn 1. gr. frv. Það sýnist mér ekki skynsamlegt að gera vegna þess að þar er komið í veg fyrir að fé fáist til jarðhitaleitar og til að hraða hitaveituframkvæmdum og það er komið í veg fyrir að hitunarkostnaður verði jafnaður.

Um þá aðferð, sem þetta frv. gerir ráð fyrir að viðhöfð verði við greiðslu olíustyrksins, skal ég ekki fara mörgum orðum. Hún er sú sama og gilt hefur undanfarin ár. Og ég get endurtekið það, sem ég hef áður sagt, að ég er ekki ánægður með hana. En ég veit að það þýðir ekki um það að tala, henni verður ekki breytt núna og þess vegna skal ég ekki fara fleiri orðum um það.

Hitaveita Reykjavíkur hefur komið hér nokkuð til umr. Ég tek undir með hæstv. viðskrh. að ég held að óhætt sé að fullyrða að rekstur þess fyrirtækis sé ekki í neinu ólagi. Þvert á móti er það fyrirtæki rekið með miklum sóma. En hæstv. ráðh. nefndi hér að árið 1976 væri gert ráð fyrir að 79% af framkvæmdum Hitaveitunnar yrði fjármagnað með eigin fé, en 21% með lánsfé. Þessar tölur eru réttar ef tekið er tillit til þess að ákveðin hækkun verði á gjaldskrá Hitaveitunnar, — hækkun sem ekki hefur enn verið samþ. En jafnframt held ég að megi fullyrða að þessar tölur hljóti að breytast. Hlutfall lánsfjárins hlýtur að hækka þar sem miðað er við verðlag á s. l. hausti. Þetta er að vísu hátt hlutfall í eigin fé, en það hefur ekki verið svo á undanförnum árum. Árið 1974 voru framkvæmdir Hitaveitu Reykjavíkur fjármagnaðar með eigin fé að 27.3%, en lánsfé þá 72.7%. Á s. l. ári, 1975, var eigið fé 21.2%, en lánsfé 78.8%. Þetta sýnir að Hitaveita Reykjavíkur hefur á undanförnum árum safnað geysilega miklum skuldum og þau lán, hafa verið tekin til þess að hraða hitaveituframkvæmdum í Reykjavík og í nágrannabæjunum. En það kallar að sjálfsögðu á hækkun gjaldskrár að gengisbreytingar hafa orðið frá því að þessi lán voru tekin.

En nóg um þetta. Ég vil að lokum aðeins segja það, að þegar úr takmörkuðu fjármagni er að spila verðum við að velja og hafna hvernig við ætlum að verja því fjármagni. Ég hygg að menn geti verið sammála um að markmiðið sé að virkja heita vatnið alls staðar þar sem það er mögulegt. Með þessu frv. er ætlunin að verja nokkru fé í þessu skyni. Ef við gerum það ekki, þá tefjum við fyrir þessum nauðsynlegu framkvæmdum.

Tómas Árnason: Herra forseti. Ég á sæti í fjh.- og viðskn., en var því miður ekki viðstaddur þegar þetta mál var afgr. frá n. Ég er samþykkur afgreiðslu málsins og tel að það samkomulag, sem náðist í fjh.- og viðskn. Ed., sé með þeim hætti að það sé rétt að samþ. það. Eigi að síður langar mig til að segja örfá orð almennt um þetta mál vegna þess að hér hafa orðið miklar umr. um málið og komið fram mismunandi sjónarmið. Og vildi ég segja það fyrst, að ég er almennt fylgjandi þeirri stefnu, að verðjafna hitunarkostnað íbúðarhúsnæðis í landinu. Það er auðvitað gjörbreytt viðhorf sem skyndilega varð með olíukreppunni. Það hefur gerst að upphitunarkostnaður íbúðarhúsnæðis í landinu hefur orðið af atvikum, sem enginn getur við gert hér á landi, geysilega ójafn, þannig að þeir sem njóta hitaveitna jarðvarmans fá hitað húsnæði sitt upp með broti af kostnaði þeim sem aðrir verða að standa undir. Hér er því mikið vandamál á ferð. Og ég álít að það sé rétt stefna, sem Alþ. hefur þegar markað og gerði á seinasta þingi og er að staðfesta núna, og ég tel vera fyrsta stigið, ef svo mætti að orði komast, í því

efni að koma á verðjöfnun upphitunarkostnaðar húsnæðis.

Það hefur verið upplýst hér hver munur er á í þessum efnum, og hann er hrikalegur í raun og veru. Það fer ekki hjá því, að ef ekkert yrði að gert í þessum málum, þá hlýtur þetta að hafa í för með sér, þegar tímar líða, verulega byggðaröskun í landinu. Menn hljóta að flytjast frá þeim svæðum þar sem menn verða að hita upp híbýli sín með margfalt meiri kostnaði, kannske þrefalt meiri kostnaði eða hver veit hvað. Það kann að vera að þessi munur eigi eftir að aukast enn, olíuverð fari hækkandi, og þetta hlýtur, ef ekki verður neitt að gert, að leiða til þess að menn flytjast yfir á þau svæði landsins, sem fá notið upphitunar með ódýrari hætti. Ég held því að það sé alveg hárrétt stefna hjá Alþ. að stíga fyrsta skrefið í þessum efnum, sem ég vildi kalla að verðjafna hitunarkostnaðinn, eins og gert er með samþ. þessa máls og lýst hefur verið af öðrum.

Við erum í miklum vanda varðandi þessi mál því að þarna togast á tvö sjónarmið. Annars vegar er það sjónarmið að nota það fé, sem fæst inn af einu söluskattsstigi í ríkissjóð, til þess að verðjafna að fullu og hægja þá á framkvæmdum sem miða að því að leggja hitaveitur sem víðast um landið og sem hljóta að minnka þann heildarvanda sem þjóðinni er á höndum varðandi þessi mál. Þeim mun fyrr sem hægt er að koma því við að leggja hitaveitur, þeim mun fyrr minnkar sá heildarmismunur sem er milli þeirra, sem ekki njóta hitaveituupphitunar, og hinna, sem verða að hita upp með olíu.

Hæstv. iðnrh. hefur upplýst að með nýrri tækni kunni að verða mögulegt að hita upp híbýli um 80% þjóðarinnar með jarðvarma, þegar búið er að nýta alla möguleika. Það er hugsanlegt að með aukinni tækni í þessum efnum verði hægt að vinna enn meira á í þessum málum og jafnvel enn fleiri geti, þegar tímar líða, notið upphitunar híbýla með jarðvarmanum. Þess vegna held ég að það sé skynsamlegt sjónarmið, vegna þess að menn hafa úr takmörkuðu fjármagni að spila til framkvæmda og þurfa að skipta því á milli nauðsynlegra framkvæmda í landinu, að nýta nokkuð af því fé, sem inn kemur af þessum tekjustofni, til þess að hraða framkvæmdum við lagningu hitaveitna. Það má sjálfsagt deila um það lengi hvað langt á að ganga í þessu efni, og ég get vel játað að ég vildi ganga lengra í þá áttina að verðjafna meira en gert er samkv. þessu frv., en felli mig við að sættast á þá leið sem hér hefur orðið ofan á. Ég held að það sé tímabært að undirbúa til framtíðar verðjöfnunarstefnu í þessum málum til þess að fólkið, sem býr á þeim svæðum þar sem sennilega verður aldrei kostur á að nýta jarðvarma til upphitunar, sannfærist um að verðjöfnunarstefna í auknum mæli verði tekin upp og sannfærist um að þjóðin telji þýðingarmikið að stuðla að því að þar verði búseta áfram. Það er hægt að nefna heila landsfjórðunga sem þarna koma til greina, eins og t. d. Austurland að nær öllu leyti og að mjög verulegu leyti Vestfirði. Ég er ekki í nokkrum vafa um að það er þjóðhagslega æskilegt að þessir landshlutar verði byggðir áfram og þess vegna þýðingarmikið að stuðla að því að búa fólki viðunandi búsetu í þessum landsfjórðungum og annars staðar þar sem eins stendur á. Það er því þjóðhagslega hagkvæmt að marka verðjöfnunarstefnu í þessum málum.

Það kann að vera að söluskatturinn sé gallaður gjaldstofn í þessu efni vegna þess að allir greiða hann, það væri eðlilegra að þeir, sem njóta ódýrari upphitunar, greiði verðjöfnunargjald. En ég vil leggja á það áherslu í fyrsta lagi að hér er um að ræða fyrsta stig verðjöfnunarstefnu í þessum málum. Næsta stig, sem raunar er unnið að jafnhliða, er að flýta hitaveitufram kvæmdum um allt land til þess að minnka þann vanda sem fylgir olíukreppunni, e. t. v. í vaxandi mæli, um það veit raunar enginn. Og síðan í þriðja lagi að menn fari þegar að huga að því að marka framtíðarstefnu í þessum málum.

Ég sé ekki beinlínis ástæðu til þess að fara að rökræða við einstaka hv. þm. um sjónarmið þeirra, en ég get ekki stillt mig um að minnast aðeins á sjónarmið hv. þm. Ellerts B. Schram. Mér finnst það æðimikil þröngsýni að vilja ekki ljá máls á því að verðjafna að hluta til, eins og gert er ráð fyrir hér í þessu frv. og gera þeim, sem olíukreppan leggst þyngst á, léttara að lifa. Ég held að það sé ekki sanngjarnt, enda sem betur fer — (**Gripið fram í:** Þm. hefur ekki hlustað á ræðu mína.) Jú, ég þóttist skilja þetta þannig að hann væri á móti þessu máli, en var það misskilningur? (Gripið fram í.) Nú, ætlar hv. þm. þá að greiða atkv. með málinu? (Gripið fram í.) Já, annaðhvort er hv. þm. með málinu eða á móti málinu. Og ef hann er á móti málinu, sem mér skilst, og mun greiða atkv. á móti því, þó að hann rökstyðji það þannig að það sé vegna aðferðarinnar, þá vil ég átelja þessa afstöðu því að mér finnst hún fram úr hófi ósanngjörn vegna þess að hér er um að ræða gífurlega mikið vandamál fyrir þá sem olíukreppan skellur á. Það er margt fólk í landinu sem er í miklum vanda statt, vil ég segja, mjög miklum vanda statt. Þess vegna vil ég átelja þá afstöðu að vilja ekki greiða þessu máli atkv. þó að aðferðin kunni að vera eitthvað gölluð að mati hv. þm. Eigi að síður er hér um þó nokkuð verulega verðjöfnun að ræða, og ég ætla að vonast til þess að afgreiðsla þessa máls sé fyrsti liður í almennri verðjöfnunarstefnu í þessum málum. Það er kannske ekki sanngjarnt að ætlast til að það sé hægt að mæta þeirri gífurlegu breytingu, sem orkukreppan hafði í för með sér, á mjög stuttum tíma, menn þurfi dálítinn tíma til þess. En ég ætla að vonast til þess að þetta mál sé fyrsta stigið, fyrsta þrepið, í áttina að fullkominni verðjöfnun í þessum efnum.

Gunnlaugur Finnsson: Herra forseti. Mér þykir rétt að gera grein fyrir afstöðu minni til þessa máls nú við þessa umr.

Ég tel að varðandi það frv., sem liggur fyrir, miðað við 9500 kr. á íbúa á ári, sé gengið nokkuð til móts við verðbreytingar, en þó ekki jafnlangt og að mínu mati er æskilegt. Ég vil þó taka það fram, að ég mun styðja frv. eins og það hefur komið frá Ed. að því er þetta snertir, og það, að ég fellst á það fyrir mitt leyti, mótast af því, að sá hluti sölugjaldsins, sem varið er til orkuframkvæmda, hefur haft svo mikla þýðingu

fyrir rannsóknir að ég tel réttlætanlegt að nota aukinn hluta, aukið vægi til þessara rannsókna og til þess að flýta hitaveituframkvæmdum.

Hér liggja fyrir brtt. og hér liggur fyrir m. a. brtt. frá Karvel Pálmasyni um sérstakt aukagjald á hitaveitur sem varið verði til hitaveituframkvæmda eða rannsókna orkumála. Ég vil leyfa mér að minna á það, að á síðasta þingi voru þessi mál mjög hér til umr. og hart um þau deilt. Ég hafði þá afstöðu þá, að ég taldi rétt að þau svæði á landinu, ekki bara Reykjavík, heldur og önnur þau svæði á landinu, sem þegar hafa af hálfu hins opinbera blotið þá fyrirgreiðslu að búa við margfalt betri kjör um hitun húsa, — þau svæði legðu líka sitt fram á móti til þess að flýta þessum framkvæmdum. Mér þykir heldur hvimleitt þegar verið er að ræða um slíkan jöfnuð og við komumst ekki hjá því að hafa þá stefnu, sem hv. 4. þm. Austurl. talaði um áðan, að jafna á milli olíu, raforku og heits vatns, þeirra orkuforma sem við eigum völ á, — þegar verið er að tala um að jafna þarna á milli skuli bæði nú og í umr. í fyrra vera gripið til þess að það sé verið að níðast hér sérstaklega á láglaunafólki, ellilífeyris- og örorkulífeyrisþegum í Reykjavík, rétt eins og þetta fólk búi ekki annars staðar en í Reykjavík. Hvað megum við þá segja um það lágtekjufólk sem býr úti á landi kannske í sínum íbúðum, af því að allir aðrir úr fjölskyldunni eru farnir, hver og einn sér í sinni íbúð og þarf að greiða á mánuði 25 þús. kr. í hitunarkostnað? Ég get þess vegna ekki tekið þetta sem gild rök.

Ég get þess vegna ekki varðandi þetta mál haft aðra afstöðu nú en þá sem ég hafði í fyrra. M. ö. o.: ég tel eðlilegt að þeir, sem nú þegar hafa hlotið sérstaka fyrirgreiðslu og búa við orkuverð til húshitunar sem er ¼, að sagt er, ég segi ⅙ af kostnaði þar sem dýrast er, þ. e. þar sem hitað er með olíu, að þessi svæði leggi sitt af mörkum til þess að flýta framkvæmdum. Ég hef ekki haft aðstöðu til þess nú að kanna hvort 20% eru endilega sú prósenta sem er eðlileg til mótvægis við það sem tekið er af söluskattsstiginu. Ég gæti hugsað mér að þetta gjald yrði ekki stighækkandi fyrir þau hitaveitusvæði þar sem heitt vatn kostar mun meira en hér á Reykjavíkursvæðinu, sem mun vera ódýrasta svæðið að því er ég best veit.

Ég held þess vegna að það sé mikilvægt í stefnumörkun, sem við verðum að láta koma fram gagnvart því fólki sem við versta aðstöðu býr, að þarna komi báðir aðilar nokkuð hvor á móts við annan. Og með tilliti til þess hef ég getað fallist á fyrir mitt leyti að hluti söluskattsins, sem fer beint til niðurgreiðslu á olíu, lækki nokkuð tiltölulega frá því sem var, og a. m. k. að sá hluti, sem sparast vegna aukinna hitaveituframkvæmda, renni til þessara þarfa.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið, þó að hér sé um að ræða mál sem er vissulega þess virði að ræða það. Ég hugsa að umræðutíminn, sem í þetta hefur farið hér í dag, skiptist þannig að hv. stjórnarliðar eigi þar drýgri þátt í en við stjórnarandstæðingar, og út af fyrir sig er ég ekkert að lasta það. Þetta er mál sem er þess vert og það fer ekki hjá því að það þarf talsverðrar umr. við.

En af því að sumir hverjir hv. ræðumanna hér hafa vikið örfáum orðum að mér og því sem ég sagði fyrr í dag, þá tel ég ástæðu til að segja aðeins örfá orð. Mér kemur í sjálfu sér ekkert á óvart sú hin mikla þröngsýni sem hv. þm. Ellert B. Schram og hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir búa yfir í þessu máli. Þessi þröngsýni þeirra hefur komið fram á Alþ. fyrr, þannig að ég átti ekki von á því að þessir hv. þm. hefðu neitt skipt um skoðun frá því að þessi mál hafa verið hér til umr. áður.

Hv. þm. Ranghildur Helgadóttir sagði að kannske raunhæfasta kjarabótin væri sú að fella niður söluskattsstigið alveg. Líklega er það hugsað í tengslum við þá þróun sem endurgreiðsla á olíuskattsstiginu hefur tekið í höndum núv. hæstv. ríkisstj., sem hefur verið í þá átt að draga alltaf úr endurgreiðslunni og gera því þann jöfnuð, sem stefnt var að, í öfugu hlutfalli við það sem átti að gerast. Ég þykist vita að þessi hv. þm. hefur haft hliðsjón af þessu þegar hann sagði þetta. En eins og hér hefur verið tekið fram, ekki bara af mér, heldur og öðrum hv. þm., þá var þetta gert á sínum tíma til jöfnunar, til þess að jafna, og á auðvitað að halda áfram á þeirri braut.

Hv. þm. Ellert B. Schram sagði að hér væri verið að refsa þeim sem hefðu komið sér upp framkvæmdum með sjálfstæðu átaki. Er þetta nú rétt? Ég held að þessi hv. þm., af því að hann er ungur og upprennandi eins og fleiri, ætti að hafa svolítið víðari sjóndeildarhring en þetta. Hann á ekki að vera svona aftur í grárri forneskju að hugsunarhætti. Það er alls ekki um það að ræða að hér sé verið að refsa þessum aðilum. Það er síður en svo. Það er ekki heldur verið að gera jafndýrt að hita húsnæði á þeim svæðum, sem hitaveita er til staðar á, þó að lagt sé á 20% aukagjald, miðað við það sem þarf að borga úti á landi þar sem olía er notuð til upphitunar. Það er víðs fjarri að verið sé að gera það jafndýrt.

Hv. þm. Svava Jakobsdóttir — ég sakna hennar nú úr salnum — vék nokkrum orðum að mér og flokksbróður sínum, hv. þm. Garðari Sigurðssyni, og fleirum sem lýst hafa yfir stuðningi við þá till. sem ég stend hér að, og taldi að hér væri um vanhugsaðan tillöguflutning að ræða, — þversögn, sagði hún, hugsa ekki rökrétt, vara hv. Alþ. mjög við að taka upp slíkan hugsunarhátt. — Og sú röksemdafærsla, sem hv. þm. beitti, var að dýrtíðin bitnaði líka á lífeyrisþegum í Reykjavík. Ég tek undir þetta með hv. þm. Þetta er alveg rétt. Dýrtíðin bitnar á þeim líka. Hún sagði líka að hitaveitukostnaður væri nú þegar nógu þungbær í Reykjavík. Vel má vera að þetta sé rétt, að þetta sé hjá lífeyrisþegum. En hv. þm. Svava Jakobsdóttir virðist ekki vera á sömu skoðun og hv. þm. Ragnar Arnalds, form. Alþb., þegar hann lýsti því yfir að Alþb. væri hinn eini og sanni jafnaðarflokkur á Íslandi. Þarna er ekki jöfnuðinum fyrir að fara eða jafnaðarstefnunni hjá þessum hv. þm. Ég skal taka undir það með hv. þm. Svövu Jakobsdóttur að dýrtíðin hjá lífeyrisþegum hér á Reykjavíkursvæðinu — eða ef við tölum ekki

bara um Reykjavíkursvæðið líka á þeim svæðum þar sem hitaveitu nýtur við, — dýrtíðarþunginn er ærið mikill. En hvað með lífeyrisþega á hinum svæðunum sem þurfa að borga fjórum og fimm sinnum meira vegna þessa þáttar í lífsbaráttunni heldur en gerist hér á þéttbýlissvæðinu? Hvað með þá? Nú hefði ég gjarnan viljað að hv. þm. hefði verið í salnum vegna þess að ég tel mig vera ekki síður en þennan hv. þm. málsvara þeirra, sem minnst mega sín í þjóðfélaginu. Ef þetta er eina ástæðan fyrir því að þessi hv. þm. getur ekki greitt atkv. með minni till., að hún bitni svo hart á elli- og örorkulífeyrisþegum hér í Reykjavík, þá er ég reiðubúinn til að gera samkomulag við þennan hv. þm. um að undanskilja þessa aðila á þeim stöðum þar sem hitaveitu nýtur við, en leggja 20% aukagjald á alla aðra. Þá kæmi í ljós hvort það er í raun og veru það, sem ræður hjá þessum hv. þm. að hann ætli að vera á móti till., að hann sé fyrst og fremst að hugsa um elli- og örorkulífeyrisþega. Mér þykir miður að hv. þm. skuli ekki vera í salnum því að ég hefði mjög gjarnan viljað fá svör við þessu. Ef þetta er eina ástæðan sem er þess valdandi að hún mun ekki greiða þessari till. atkv., þá er ég reiðubúinn að gera þá breyt. á till. að undanþiggja elli- og örorkulífeyrisþega á þessum svæðum þessu 20% gjaldi, og þá ættum við að geta verið sammála. Þá sýnist mér kominn grundvöllur fyrir því og við það mætti ég vel una eitt út af fyrir sig, að þá mundi væntanlega fjölga um helming þeim sem greiða till. atkv. frá því sem síðast var. Það er gott skref í áttina ef tekst að fjölga um helming þeim sem vilja greiða slíkri till. atkv. frá því sem síðast var. Ég tók a. m. k. hv. þm. Gunnlaug Finnsson sem svo að hann væri jákvæður í þessu máli. Að vísu lýsti hann ekki beint yfir hvort hann greiddi till. atkv. eða ekki, en ég tók hans ræðu á þann veg að hann væri hlynntur slíkri meðferð málsins. Ég sem sagt vænti þess, að þeir hv. þm. Reykv., sem bera fyrst og fremst fyrir brjósti hag elli- og örorkulífeyrisþega á þessu svæði, sem er lofsvert, — ég vænti þess að þeir muni þá fallast á þessa meðferð málsins og síðan ljá till. þannig breyttri fylgi. Þess vegna hefði ég óskað að hv. þm. Svava Jakobsdóttir hefði verið í salnum og heyrt þetta tilboð mitt til hv. þm. og hefði þá getað svarað og við breytt till. í samkomulagi um þetta þannig að hún fengi þá aukinn stuðning.

Þetta var aðallega það sem ég vildi hér koma á framfæri. Það eru aðeins örfá orð út af ummælum hv. þm. Ólafs G. Einarssonar, þar sem hann taldi að ég og þeir, sem væru svipaðrar skoðunar og ég í þessum efnum, værum að reyna að koma lagi á íbúa höfuðborgarsvæðisins, eins og hann orðaði það. Ja, sér er nú hvert lagið! Mér er það alveg ljóst, eins og ég hygg að öllum öðrum hv. þm. sé það ljóst, að það eru víðar hitaveitur en hér á Reykjavíkursvæðinu. (Gripið fram í.) Það er ekki bara verið að tala um höfuðborgarsvæðið. (Gripið fram í.) Og það er síður en svo að við séum hér að stefna að einu eða neinu lagi í garð þeirra íbúa sem hafa þá stöðu að geta búið við betri kjör að þessu leyti en aðrir landsmenn. Það er einungis verið að gera tilraun til þess að jafna þann gífurlega mikla aðstöðumun, sem við höfum staðið frammi fyrir og stöndum frammi fyrir, með því að þeir, sem hafa þetta betri aðstöðu, leggi ofurlítinn hluta af mörkum til þess að létta byrði hinna sem eru miklu, miklu verr settir.

Ég skal ekki, herra forseti, hafa þessi orð fleiri. Ég vænti þess að enn aukist skilningur á þeim sjónarmiðum, sem ég og þeir aðrir, sem sömu skoðunar eru, hafa sett hér fram, og enn haldi áfram að vaxa fylgi við þetta sjónarmið þannig að það verði ekki langur tími þar til þetta jafnréttissjónarmið nær fram að ganga.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Mér kemur kemur ekki á óvart eða kippi mér ekki upp við það þó að hv. 5. þm. Vestf. taki stórt upp í sig og kalli mig þröngsýnan. Við erum vanir slíkum gífuryrðum af hans hálfu hér í d. og hlustum á það af mátulega mikilli tillitsemi. Hins vegar þykir mér það nokkuð miður þegar 4. þm. Austurl., Tómas Árnason, notar sömu orð um minn málflutning. Ég sé nú því miður ekki hv. þm. í salnum. Ég hefði gjarnan viljað beina til hans einni ákveðinni spurningu.

Hann talar hér mikið um verðjöfnunarstefnu og vill fylgja henni fram og telur að því leyti Alþ. vera á réttri leið. Þetta hef ég ekkert við að athuga. En ég hefði í því sambandi viljað spyrja hann, ef hann hefði verið við, hvort hann væri samþykkur þeirri till. sem hv. þm. Karvel Pálmason hefur borið fram á þskj. 381 og felur í sér 20% aukagjald á þá, sem njóta hitaveitu, og skv. rökstuðningi hv. þm. á að vera til þess að jafna verðmun milli einstakra byggðarlaga. Ég á von á því að hv. þm. Tómas Árnason mundi svara fsp. minni á þá leið, að hann mundi greiða atkv. gegn þessari till. vegna þess að till. væri óaðgengileg. Hún er ekki skynsamleg, jafnvel þó að þessi rök búi að baki henni. M. ö. o. hv. þm. Tómas Árnason getur verið hlynntur þessari stefnu þó að hann sé á móti einni einhverri ákveðinni till. eða ákveðinni aðferð til þess að ná henni fram.

Með sama hætti hef ég lýst því yfir að ég sé óánægður með og andvígur þeirri aðferð sem notuð er til þess að jafna þann mun, sem sannarlega er á milli þeirra annars vegar, sem nota olíu, og þeirra, sem nota heitt vatn

Ég tók fram áðan og hef áður tekið fram þegar ég hef rætt um þetta mál, að ég er fylgjandi því að reyna að koma til móts við þá sem hafa mjög mikinn kostnað af olíukyndingu, það sé ekkert óeðlilegt við það þó að fjárveitingarvaldið og hv. Alþ. sem slíkt komi til móts við þetta fólk og það skuli þá gert með þeim aðferðum sem eru réttlátar og koma sanngjarnlega niður. Ég hef ríka ástæðu til þess að fullyrða að sú aðferð, sem frv., sem hér er lagt fram og er til umr., felur í sér, bjóði upp á misrétti, misnotkun og ranglæti. Við það verður ekki unað. Og ég hef reynt að benda á aðrar leiðir og ég vil láta í ljós þessa skoðun mína með því að greiða atkv. gegn þessu frv., því að ég vænti þess að þegar frá líður sjái menn að það verður að taka upp aðra aðferð við þessa verðjöfnun.

Fleiri orð vildi ég ekki hafa að sinni og tefja þennan fund frekar. Ég vildi aðeins taka fram

enn einu sinni að vitaskuld eigum við að framkvæma hér sanngjarna og víðsýna byggðastefnu. Vitaskuld eigum við að jafna mun milli fólks þannig að það búi við sömu kjör án tillits til búsetu. En það má ekki gera með því að leggja sérstök aukagjöld á einn ákveðinn hóp í þjóðfélaginu eða ákveðin byggðarlög. Það á ekki að jafna muninn með því að hækka kostnað hjá þeim sem betur eru staddir í augnablikinu. Það á að gera með því að lækka kostnaðinn hjá þeim sem hafa hærri kostnað eins og nú er. Að því leyti er ég andvígur þeirri skoðun sem felst t. d. í till. hv. þm. Karvels Pálmasonar, að leggja skuli sérstakt gjald á þá, sem búa við hitaveitu, til þess að jafna þennan mun Ég vil frekar fara þá leið að lækka þann kostnað með almennum niðurgreiðslum og með öðrum aðferðum fyrir þá sem hærri kostnað hafa og búa við skarðan hlut hvað þetta snertir í dreifbýli þessa lands.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Í fyrsta lagi finnst mér einkar athyglisvert að svo til hver einn einasti þm., sem hér hefur talað, að örfáum undanteknum, en þar með ekki hv. þm. sem hér talaði síðast, hafa lýst sig fylgjandi því að tekin yrði upp verðjöfnun á húshitun á landinu milli þeirra annars vegar, sem nota jarðvarma til húshitunar, og hins vegar þeirra sem nota olíu. Ég vek sérstaka athygli á því að hv. þm. Ellert B. Schram virðist vera mér og fleiri þm. sammála um þessa stefnu. Ég sakna þess mjög, fyrst hann er á móti þeirri aðferð, sem er lýst í þessu frv., og greiðir atkv. á móti frv. eingöngu vegna aðferðarinnar, en ekki tilgangsins, þá skuli hann ekki reyna að benda á einhverja aðra og betri aðferð til að ná sama markmiði.

Fyrst flestir alþm. eru þeirrar skoðunar, að verðjöfnun beri að hafa, og þá ekki síst sá hv. þm. sem talaði hér síðast, þá finnst mér vissulega vera orðið athugandi fyrir hæstv. ríkisstj. að beita sér fyrir því að semja frv. um verðjöfnun á hitakostnaði og kyndingarkostnaði og leggja það fyrir þessa hv. deild.

Í annan stað skil ég það ekki sem hv. þm. Ellert B. Schram sagði, hvernig hægt er að jafna aðstöðu fólks með öðru móti en því að taka af þeim sem við betri aðstöðu búa, til þess að bæta hinum upp, sem verr eru leiknir. Það er varla hægt að jafna aðstöðu með öðru móti en því. Það er að vísu hægt að fara óbeinar leiðir að þessu, en það er varla hægt að jafna aðstöðu tveggja hópa, þar sem annar hópurinn býr við lakari aðstöðu en hinn, nema þá að taka frá þeim, sem betur eru settir, og bæta hinum upp, sem verr settir eru. (**Gripið fram í:** Taka úr sameiginlegum sjóði.) Sameiginlegum sjóði, segir hv. þm., og þá kemur spurningin sú: Eiga báðir hóparnir að greiða jafnt í þann sameiginlega sjóð. Ef svo er, þá er að sjálfsögðu ekki verið að jafna neina aðstöðu. Þá er aðeins verið að flytja frá einum vasa sama manns yfir í hinn. Meginmarkmiðið með aðstöðujöfnun er að sjálfsögðu að flytja til milli hópa, frá þeim, sem betur mega sín, og yfir til hinna, sem verr standa. Það er ekki hægt að jafna aðstöðu með öðru móti.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað að blanda mér í þessar umr. En þær hafa dregist allmjög á langinn og ég hef undrast nokkuð sumt sem þar hefur komið fram.

Eins og frv. greinir, þá fjallar það einvörðungu um að framlengja um eitt ár eitt söluskattsstig til þess að jafna að nokkru kyndingarkostnað þeirra sem þurfa að sæta því að kynda hús sín með olíu, og hinna, sem nota jarðvarma — eða rafmagnskyndingu. Frv. hefur tekið þeim breytingum að greiðsla til einstaklinga á olíuhitunarsvæðum verði hækkuð úr 8200 kr. í 9500 kr. Ég verð satt að segja að lýsa því yfir, að ég harma það að hér í þessari hv. d. skuli hafa komið fram raddir sem mæla gegn þessu frv. og þm. hafa lýst því yfir að þeir muni greiða atkv. gegn 1. gr. frv., en þar á ég við hv. 11. þm. Reykv. og hv. 5. þm. Reykv.

Ég ætla ekki að hafa um þetta mörg orð. Það er búið að segja raunar flest sem máli skiptir í þessu máli. En mér er kunnugt um það, bæði af minni eigin raun og annarra, að kyndingarkostnaður fyrir meðalhús á olíuhitunarsvæðum úti á landi er, eins og hér hefur verið sagt, 20—25 þús. kr. á mánuði eða 250—300 þús. kr. á ári. Ef þetta frv. verður samþ. með áorðnum breytingum, þá verður olíustyrkur til 5 manna fjölskyldu 47 500 kr. Það liggur sem sagt fyrir, að þrátt fyrir að hér sé um nokkra hækkun að ræða á olíustyrknum verður kyndingarkostnaður þeirra, sem búa á olíusvæðunum, 200—250 þús. kr. á ári. Miðað við þær tölur, sem hér hafa verið gefnar upp um kostnað t. d. á sveði Hitaveitu Reykjavíkur, er gert ráð fyrir því, miðað við núgildandi gjaldskrá, að húshitunarkostnaður á meðalíbúð sé 36—48 þús. kr. á ári. Þrátt fyrir það að t. d. þessi gjaldskrá væri hækkuð um 25% eða þar um bil, þá yrði hitunarkostnaður á slíka íbúð ekki nema 50—60 þús. kr. á ári. Ég verð að segja það, að hér er svo mikill munur að mig undrar að tveir af hv. þm. Reykv. skuli sjá sér fært að rísa hér upp í deildinni og lýsa andstöðu við þetta frv.

Ég vil einnig segja það við hv. 5. þm. Reykv., sem sagði áðan að mesta kjarabótin væri í því fólgin að fella niður þetta eina söluskattsstig, að ef horfið væri að þeirri leið, þá væri hún að kalla yfir sig skatt á hitaveitur. Þá væri hún að kalla eftir orkuskatti. Því verður ekki unað að ekki verði með einhverjum hætti að því unnið að jafna nokkuð þennan gífurlega mismun sem er á milli íbúa, sem eru á olíuhitunarsvæðum, og hinna, sem njóta hitaveitna.

Ég vil lýsa því yfir fyrir mitt leyti, að ég tel að hér sé það skemmsta gengið sem ég get sætt mig við. Ég mun fylgja þessu frv. óbreyttu. Ef um það er að tefla að huga að öðrum leiðum nýjum gjaldstofnum og nýju fyrirkomulagi á framkvæmd þessa máls, þá er rétt að taka það til athugunar síðar eins og raunar hæstv. viðskrh. hefur getið um. Til þess vinnst ekki tóm að þessu sinni, vegna þess hve skammur tími er eftir þangað til þetta frv. þarf að afgr. ef á að halda áfram við þessa jöfnunarstefnu.

Ég þarf í rauninni ekki að segja hér meira, en ég undraðist það nokkuð í seinni ræðu hv. 11. þm. Reykv., að hann taldi að hann væri fylgj-

andi jöfnunarstefnu í þessum efnum, en það þurfti hvergi að taka fjármagn til þess að ná jöfnuði fram. (**Gripið fram í:** Sagði ég það?) Ja, það lá í orðunum. Það mátti ekki taka fjármagn af þeim sem byggju við betri aðstæður. Það átti að ná þessum jöfnuði fram með því að lækka kostnaðinn hjá þeim sem væru verr settir og alls ekki með því að ná neins staðar fjármagni, heldur bara lækka kostnaðinn. Eins og allir vita, þá stenst ekki svona málfærsla, vegna þess að ef á að lækka kostnaðinn hjá einhverjum, þá verður það einhvers staðar að koma niður. Þetta undraðist ég nokkuð og ég get bæst í hóp þeirra hv. þm. sem telja að afstaða þessa hv. þm. og hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur byggist á skammsýni.

ATKVGR.

Brtt. 381,1 felld með 26:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GS, GF, KP, SighB, MÓ.
nei: SigurlB, SV, SvJ, SvH, TÁ, ÞS, ÞÞ, EBS, EKJ, KGS, GuðlG, GHG, GTh, HES, IngJ, IG, GHB, LárJ, VilbH, MB, MÁM, ÓE, ÓJ, PP, PJ, RH.

9 þm. (VH, BGr, EðS, FÞ, GÞG, JSk, JónasÁ, LJós, PS) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 28:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já: GTh, GF, HES, IngJ, GHB, KP, LárJ, VilbH, MB, MÁM, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, SighB, SigurlB, SV, SvJ, SvH, TÁ, ÞS, ÞÞ, EKJ, GS, KGS, GuðlG, GHG, MÓ.
nei: RH, EBS.

10 þm. (GÞG, IG, JSk, JónasÁ, LJós, PS, VH, BGr, EðS, FÞ) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ellert B. Schram: Ég hef ekki á móti framlengingu þess gjalds, sem um er rætt í frv. né heldur skiptingu þess til einstaklinga, rafveitna og Orkusjóðs. Ég er fylgjandi skynsamlegri verðjöfnunarstefnu og vil stuðla að henni. En ég tel þá aðferð, sem viðhafa á um úthlutun þessa fjár, bjóða upp á ranglæti og misnotkun og stríða gegn tilgangi frv. Til að undirstrika þessa skoðun mína greiði ég atkv. gegn þessu frv. og segi því nei.

Brtt. 381, 2 kom ekki til atkv.

Brtt. 380, a felld með 23:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvJ, GS, KGS, KP, VilbH, SighB, MÓ.
nei: SigurlB, SV, SvH, TÁ, ÞS, ÞÞ, EBS, EKJ, GuðlG, GHG, GTh, GF, HES, IngJ, GHB, LárJ, MB, MÁM, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, RH.

10 þm. (VH, BGr, EðS, FÞ, GÞG, IG, JSk, JónasÁ, LJós, PS) fjarstaddir.

Brtt. 380, b felld með 22:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KP, VilbH, SighB, SvJ, GS, KGS, MÓ.
nei: GHB, LárJ, MB, MÁM, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, SigurlB, SV, SvH, TÁ, ÞS, ÞÞ, EBS, EKJ, GuðlG, GHG, GTh, GF, HES, IngJ.

11 þm. (JSk, JónasÁ, LJós, PS, RH, VH, BGr, EðS, FÞ, GÞG, IG) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

3.—5. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Neðri deild, 70. fundur.

Fimmtudaginn 26. febr., að loknum 69. fundi.

Flugvallagjald, frv. (þskj. 350). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Það var svo sannarlega ekki mín meining að halda hér uppi neinu málþófi til þess að koma í veg fyrir afgreiðslu þessara frv. og allra síst frv. sem miðar að því að jafna olíukostnað.

En hér er tekið til 3. umr. viðstöðulaust frv. til l. um flugvallagjald. Ég vil vekja athygli hæstv. forseta á því að í nál. frá minni hl. fjh.- og viðskn. á þskj. 377 segir svo, með leyfi forseta:

„Við undirritaðir“ — þar er átt við hv. þm. Gylfa Þ. Gíslason og hv. þm. Lúðvík Jósepsson sem skrifar undir nál. ásamt Gylfa Þ. Gíslasyni — „erum andvígir því, að ríkissjóður innheimti flugvallagjald af innanlandsflugi. Í samræmi við það leggjum við til að 3. gr. falli niður. Verði sú till. samþykkt munum við flytja brtt. við aðrar greinar frv. til samræmis við það við 3. umr.“

Þessir tveir hv. þm. segja sem sagt að ef 3. gr. verði samþ., eins og nú hefur verið gert, þá muni þeir flytja brtt., og með því að taka málið nú til afgreiðslu að þeim báðum fjarstöddum finnst mér vera farið aftan að þessum tveimur ágætu hv. þm. (**Gripið fram í:** Hvar eru þeir? Er Lúðvík að semja?)

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að karpa við Framkvæmdastofnunina á þessum fundi, en í upphafi fundarins var þess getið að hv. 2. þm. Austurl., Lúðvík Jósepsson, sæi sér ekki fært að koma á þennan fund vegna veikinda.

Ég vil þess vegna fara þess á leit við hæstv. forseta að 3. umr. um þetta mál verði ekki lokið fyrr en þessir tveir hv. þm. hafa átt þess kost að leggja fram áður boðaðar brtt. sínar um málið.

Forseti (Magnús T. Ólafsson): Ég vil tjá þegar þegar í stað skoðun mína á nál. hv. fjarstaddra dm. sem hafa haft allgóða staðgengla við umr. í dag. Þeir segja í nál. sínu:

„Við undirritaðir erum andvígir því að ríkissjóður innheimti flugvallagjald af innanlandsflugi. Í samræmi við það leggjum við til, að 3.

gr. falli niður. Verði sú till. samþ., munum við flytja brtt. við aðrar gr. frv. til samræmis við það við 3. umr.“

Síðan kemur brtt. þess efnis að 3. gr. falli niður.

Í þessum orðum felst að verði till. þeirra hv. þm., sem undirrita nál., samþykkt muni þeir flytja brtt. til samræmis við það við 3. umr. En þessi brtt. var felld, svo að forsenda þeirra fyrir brtt. við 3. umr. er ekki fyrir hendi.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 390).

Ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl., frv. (þskj. 374). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 391).

Efri deild, 65. fundur.

Fimmtudaginn 26. febr., kl. 3.30 síðdegis.

Námslán og námsstyrkir, frv. (þskj. 375). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. og frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á l. um námslán og námsstyrki, en það var lagt fram í Nd. og hefur hlotið afgreiðslu þar. Ég vil geta þess, að ég kynnti þetta frv. fyrir þingflokkunum í gær og fór þess á leit að greitt yrði fyrir framgangi þess. Það var síðan kynnt í öllum þingflokkunum. Frv. til nýrra l. um námslán og námsstyrki var lagt fyrir Alþ. í þessari viku, en það hefur að sjálfsögðu ekki hlotið afgreiðslu ennþá. Í aths. með þessu frv. segir aðeins:

„Óhjákvæmilegt er að úthluta námslánum nú þegar. Vart kemur til greina að veita lengur óverðtryggð lán. Því er lagt til að gera þá breyt. á lögum um námslán og námsstyrki, sem felst í þessu frv.“

Herra forseti. Ég orðlengi þetta ekki frekar og með vísan til þess, sem ég áðan sagði um kynningu málsins, þá geri ég ekki till. um að vísa málinu til nefndar.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Eins og kunnugt er var lagt hér fram fyrir tveimur dögum frv. um námslán og námsstyrki og gert ráð fyrir að það yrði að lögum innan tíðar. Nú stendur hins vegar svo á að nauðsyn er talin bera til að veita námslán um n. k. mánaðamót, og er sjálfsagt laukrétt að ekki megi það dragast. Þar sem ljóst er að það frv. til l., sem lagt var fram fyrr í vikunni, verður ekki búið að hljóta afgreiðslu fyrir þann tíma, virðist beinast liggja við að úthlutun námslána fari fram eftir gildandi lögum, og sé ég og við Alþb.-menn ekkert því til fyrirstöðu að svo verði gert. Núgildandi lög kunna að vera gölluð í ýmsum efnum, en þau eru þó ekki gallaðari en svo að Alþ. hefur látið þau duga sem gildandi lög á þessu sviði á undanförnum árum. Ég sé ekki að aðstaðan hafi í einu eða neinu breyst svo að það geri knýjandi að taka upp mjög svo afbrigðilega lánaúthlutun, úr því að menntmrn. varð svo síðbúið með flutning frv. sem felur í sér nýskipan lánamálanna.

Ég bendi á það, að þó þessi bráðabirgðaúthlutun lána sé kannske ekki í sjálfu sér neitt voðalegt fyrirbrigði, þar sem lánin verða veitt með almennum útlánsvöxtum banka, þá er þar um að ræða talsvert miklu lakari kjör en námsmenn hafa búið við fram að þessu. En það, sem er þó verra, er að menn eiga að taka ákvörðun um þessi lán án þess að hafa hugmynd um með hvaða kjörum þau verða til frambúðar. Menn eru sem sagt að kaupa köttinn í sekknum. Menn hafa ekki hugmynd um það hvernig endurgreiðslu þessara lána verður raunverulega háttað síðar meir vegna þess að þau mál eru sem sagt í deiglunni. Ég held að fáum, ef nokkrum almennum lántakendum hér á landi hafi verið boðið slíkt, að taka lán í stórum stíl án þess að hafa hugmynd um hvernig endurgreiðslum yrði í raun háttað. Ég tel þess vegna að það sé ekki viðunandi að bjóða slíkt, síst af öllu þar sem ekkert virðist í sjálfu sér vera því til fyrirstöðu að úthlutun lánanna fari fram með eðlilegum hætti eins og verið hefur undanfarin ár.

Af þessari ástæðu sjáum við Alþb.-menn enga nauðsyn bera til og enga ástæðu bera til að samþ. þetta frv. En þar sem mjög brýnt er að úr því fáist skorið á næstu dögum hvaða lánareglur verða viðhafðar og að ekki dragist að þessi lán verði veitt, þá sjáum við Alþb.-menn enga ástæðu til að tefja framgang þessa máls. Og þar sem þetta mál liggur ósköp einfaldlega og skýrt fyrir og skoðanir okkar á því liggja hér einnig fyrir, þá höfum við ekkert við það að athuga þó að þetta mál fari ekki til n., heldur verði nú afgr., en við treystum okkur ekki til að standa að samþykkt þess.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv.

Efri deild, 66. fundur.

Fimmtudaginn 26. febr., að loknum 65. fundi.

Námslán og námsstyrkir, frv. (þskj. 375). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11:4 atkv.
2. gr. samþ. með 11:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Efri deild, 67. fundur.

Fimmtudaginn 26. febr., að loknum 66. fundi.

Námslán og námsstyrkir, frv. (þskj. 375). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 385).

Efri deild, 68. fundur.

Mánudaginn 1. mars, kl. 2 miðdegis.

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 344). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. það til breyt. á almennum hegningarlögum, sem hér er lagt fyrir hv. Ed., fjallar einungis um viðauka við 6. gr. almennra hegningarlaga og er borin fram vegna fyrirhugaðrar fullgildingar Íslands á milliríkjasamningi frá 14. des. 1973 um varnarráðstafanir og refsingar vegna glæpa gegn einstaklingum er njóta alþjóðlegrar verndar, þ. á m. sendierindrekum. Er lagt til að unnt verði að refsa eftir íslenskum hegningarlögum fyrir þá háttsemi sem greinir í fyrrnefndum milliríkjasamningi, enda þótt hún hafi átt sér stað utan íslenska ríkisins og án tillits til þess hver er að henni valdur.

Ísland hefur undirritað fyrrgreindan milliríkjasamning og að ósk utanrrn. var hegningarlaganefnd falið að gera könnun á því hverjum ákvæðum íslenskra laga þyrfti að breyta eða hvernig ákvæði þyrfti að setja svo að unnt væri að fullgilda umræddan milliríkjasamning. Niðurstaða n. varð sú, að ekki þyrfti að koma til lagabreyt. annarra en þess viðauka við almenn hegningarlög, sem hér er lagt til að settur verði. Brtt. þessi er flutt sem sérstakt frv. svo að unnt verði að láta meðferð þess fylgja meðferð væntanlegrar þáltill. um fullgildingu nefnds milliríkjasamnings sem utanrrh. mun á næstunni væntanlega bera fram.

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv

Meðferð opinberra mála, frv. (þskj. 373). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það frv., sem hér er um að tefla, er mjög einfalt í sniðum. Það fjallar um breytingu á sektarheimild lögreglustjóra og lögreglumanna. Skv. gildandi lögum er sektarheimild lögreglustjóra bundin við 10 þús. kr. og sektarheimild lögreglumanna við 3 þús. kr. Þessar fjárhæðir hafa staðið óbreyttar frá því 1973, en eins og öllum hv. dm. er kunnugt hafa orðið verulegar breytingar á verðlagsþróun á þessum árum og þess vegna þykir nauðsynlegt að þessi sektarmörk verði hækkuð. Það er óhætt að segja að það er talið að þessi skipan hafi gefið góða raun og létt verulegu starfi af dómstólum.

Lagt er til í þessu frv. til breyt. á l. um meðferð opinberra mála eða þeim ákvæðum þess, sem um þetta efni fjalla, að sektarheimild lögreglumanna verði hækkuð úr 3 þús. kr. upp í 7 þús. kr. Hins vegar er lagt til að sektarheimild lögreglustjóra verði hækkuð úr 10 þús. kr. upp í 60 þús. kr. Er það nokkru meiri hækkun hlutfallslega en í hinu tilfellinu og meiri hækkun en svarar í sjálfu sér til verðlagsbreytinga. En það er lagt til að þessi breyt. sé gerð vegna þess að þá geti sektarheimild lögreglustjóra náð til nokkru fleiri tilvika heldur en hún hefur náð, t. d. náð til tiltekinna brota á umferðarlögum, t. d. að því er verðar brot á ákvæðinu um hámarksþunga ökutækja, en það er vitaskuld æskilegt fyrir alla að ákvörðun um þau efni sé tekin sem fyrst og að slík mál séu gerð upp án nokkurrar tafar.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta litla frv., en leyfi mér að óska eftir að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil aðeins beina þeirri spurningu til hæstv. ráðh. hvað í því felst að hækka úr 3 þús. kr. í 7. þús. kr. sektarheimild lögreglumanna. Ég veit ekki til þess að lögreglumenn geti sektað menn á staðnum, þ. e. a. s. tekið greiðslu á staðnum við brot, umferðarbrot eða önnur, heldur gefa þeir út kvittanir og þessar kvittanir verður að greiða á skrifstofu lögreglustjóra. Ég sé því ekki ástæðu til að gefa lögreglumönnum heimild til að sekta á þann hátt sem ég skil — vonandi misskil það sem stendur í aths. við það frv. sem hér er til umr. Hitt er svo annað mál, að ég er persónulega á móti þessari aðferð. Ég tel að þetta sé sú aðferð sem kannske hvað síst er réttlætanleg. Lögreglustarf hér á Íslandi er komið út í það átakanlega starf annaðhvort að sekta eða setja upp skilti að þetta og hitt sé bannað, að öðrum kosti skuli menn þola fjártjón. Ég held að það sé röng leið.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta ákvæði eða ákvörðun um þetta efni er algjörlega óbreytt frá því sem er í núgildandi lögum nema að því er varðar fjárhæðina. Þess vegna gilda áfram alveg sömu skilyrði fyrir þessari sektarheimild og er eftir núgildandi lögum. Kjósi hlutaðeigandi að vísa máli til dómstóla og ekki fallast á þetta, þá er það opinn vegur, þannig að það er ekki nein breyting á efni ákvæðisins nema að því er varðar fjárhæðina.

Auðvitað geta menn haft skiptar skoðanir á því hvort slík heimild sem þessi sé heppileg eða ekki. Ég held að hún sé heppileg, vegna þess að með þessum hætti fæst miklu skjótari úrlausn en ella um þessi tiltölulega einföldu mál. En í flestum tilfellum er það svo að þarna er um að tefla að það er enginn vafi sem getur leikið á hvort maðurinn er brotlegur eða ekki. Þá er honum auðvitað fyrir bestu að játa brot sitt og greiða sína sekt heldur en að fara að standa í málrekstri út af því, sem gæti tekið langan tíma fyrst að vísu, en mundi enda á þá leið að hann yrði fyrir miklu meiri útgjöldum. Eins og ég sagði áðan, þá er ekki vafi á því að þessi aðferð hefur létt miklu verki af dómstólum, og ég vil segja það, að þessi mál eru í flestum tilfellum svo einföld og þess háttar að það er algjör óþarfi að vera að fara með þau til dómstóla. Dómstólar hafa nóg að gera við önnur stærri, veigameiri og alvarlegri mál.

Ég get ekki fallist á þau orð sem hv. þm. Albert Guðmundsson lét falla um störf lögreglumanna almennt. Ég held að starf þeirra sé allt annað og miklu meira en hann vildi vera láta, sem sagt að setja upp skilti eða segja við borgarana: Þetta skaltu þola eða annars. — Ég held að þetta sé *mikið vanmat á störfum lögreglumanna.* Auðvitað er starf lögreglumanna fyrst og fremst hér eins og annars staðar að stemma stigu við lögbrotum og koma í veg fyrir að lögbrot séu framin. Það er ekki vafi á því að með almennu eftirliti vinna þeir mjög að því, t. d. í umferðarmálum, og auðvitað verður því ekki á móti mælt að í umferðarmálum vinna lögreglumenn mjög mikið verk.

En því miður verða lögreglumenn líka að sinna öðrum og æði-óskyldum störfum. Þeir verða t. d. að skerast í leikinn þegar drykkjumenn valda óspektum á almannafæri eða eru líklegir til þess að fara sér eða öðrum að voða. Hitt er víst, að þau eru líka ófá tilfellin þar sem lögreglumenn eru kvaddir inn á heimili að beiðni *hlutaðeigandi til þess að skakka leikinn* vegna drykkjuskapar og uppivöðslu manna þar, kannske stundum húsráðanda sjálfs. Það eru vissulega óskemmtileg tilfelli. En ég býst við því að menn hefðu gott af að kynna sér skýrslur lögreglunnar þar að lútandi, og ef þeir athuguðu önnur þau brot, sem stafa af meðferð áfengis, þá gæti farið svo að á menn færu að renna tvær grímur um það hvort rétt væri upp gerður ríkisreikningurinn, að telja það allt til nettó-ágóða sem fæst af áfengissölu ríkisins. Eg er á því að þegar öll kurl kæmu til grafar og það væri metið sem það kostar að halda þessari áfengisveislu hér á landi gangandi, þá mundi hliðin verða neikvæð, ekki aðeins vegna þess mikla löggæslukostnaðar sem þetta hefur í för með sér, heldur vegna *þeirra alvarlegu og tilfinnanlegu* afbrota sem framin eru í ölæði, þeirra óskaplegu slysa sem ölóðir menn valda á sér og öðrum vegna alls þess fjölda lækna sem verður að vera bundinn við að sinna slysum sem af þessu hljótast, vegna þess feiknarlega eignatjóns sem þessir menn valda og vátryggingarfélög verða að bæta, og ofan á þetta hleðst með *mörgu móti.* Auðvitað verður að harma að lögreglumenn geti ekki komið í veg fyrir öll þvílík brot. En ég held að það standi tæpast í mannlegu valdi.

Hitt er víst, að lögreglumenn þurfa að hafa afskipti af mörgum málum og þeir sinna þeim, að ég hygg, yfirleitt þannig að þeir gera það af stillingu, en þó með festu og koma þannig fram á allan hátt sem góðum löggæslumönnum sæmir, enda hefur verið kappkostað að bæta menntun löggæslumanna hér að undanförnu. **En hitt er annað mál, að það má í þessu efni alltaf gera betur, og það er vissulega þörf á fleiri löggæslumönnum.**

Það hefur borið á því að undanförnu að það hafi verið kvartað, jafnvel hér á hv. Alþ., yfir slælegri löggæslu. Ég held að það hafi æðimikið staðið á hv. Alþ. að veita fjárveitingar í þessu skyni. Þar af leiðandi er það að þeir eru æðimargir þeir stjörnumerktu, sem svo hafa verið kallaðir, sem eru löggæslumenn. Það stafar af því að hlutaðeigandi lögreglustjórar hafa blátt áfram neyðst til að ráða lögreglumenn án þess að hafa haft nægjanlegar heimildir fyrir hendi. Nú er það komið undir og á ábyrgð hv. fjvn. meðal annars hversu margir af þessum stjörnumerktu mönnum eiga að lifa áfram eða ekki. Það er vel líklegt að það heyrist kvartanir frá ýmsum lögreglustjórum ef mikið kveður að því að felld séu niður störf á þessu sviði, og ég verð að segja það, að það væri í litlu samræmi við aðrar þær raddir sem hafa komið fram á Alþ. um meðferð lögreglumála og dómsmála.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Mig langar aðeins *til að taka undir þau orð hæstv. dómsmrh.* að það væri ekki allt nettó-ágóði sem stæði í fjárl. um gróðann af áfengissölu ríkisins. Í því sambandi og í samræmi við það umtal, sem hefur orðið um það hver breyting varð á framkomu fólks í þessu landi þegar lokað var áfengisverslunum hér nú í verkfallinu, þá langar mig fyrst og fremst til að þakka hæstv. dómsmrh. fyrir það frumkvæði og í öðru lagi til að benda hæstv. ráðh. á að á síðasta Alþ. var vísað til ríkisstj. frv., sem gerði ráð fyrir því, að nokkru af tekjum — örlitlu þó — af tekjum Áfengisverslunar ríkisins yrði varið til þess að sinna þeim málum sem nú þykir mest vanta, þ. e. a. s. meiri áróðri gegn drykkjuskap og sérstakri slysavarðstofu fyrir drykkjusjúklinga. Ég held að það sé núna, eins og á *stendur í okkar þjóðfélagi, fullkomin* ástæða til að taka það til athugunar hvort ekki væri rétt að líta aftur á þetta frv. Því var vísað til ríkisstj. eins og ég sagði, og ég fyrir mitt leyti verð að segja að mig langar mikið til að vita hvort ekki er ástæða til að eitthvað verði gert í fjármögnun til aukinna áfengisvarna.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þau svör sem hann gaf hér við spurningum mínum. En hann fór talsvert út fyrir svörin sjálf og að mínu mati út í önnur og almennari vandamál lögreglunnar. Að sjálfsögðu tvinnast þá inn í umr. um hana og hennar störf áfengisvandamálið, og er það ekki nema eðlilegt. Ég átti hér einungis við að þessar sektir lögreglumanna næðu yfir umferðarbrot. Ég geri ekki ráð fyrir að lögreglumönnum almennt verði heimilað að taka upp kvittanahefti og sekta fólk í heimahúsum þó að þeir séu þangað kvaddir vegna áfengislagabrota, þannig að nú fléttast hér inn í þessar umr. miklu stærra og meira vandamál.

Ég vil aðeins vara við því að lögreglumenn hafi of rúma heimild til þess að taka upp kvittanahefti og sekta fyrir brot sem ég álít að sé orðið erfitt að komast hjá, skulum við segja, vegna hinna sífjölgandi banna sem eiga sér stað og þá sérstaklega kannske hér á Reykjavíkursvæðinu, þar sem umferðin er orðin mikið vandamál fyrir löngu með alls konar umferðarskiltum eða skiltum, sem gera það að verkum að fólki er tæplega ætlandi að brjóta ekki þau lög. Ég hef sjálfur orðið fyrir því að vera sektaður á sama korterinu *bæði af stöðumælaverði og lögreglumanni.* Þarna er gat, að ég held, á almennum notum á þessum sektarheimildum.

Ég vil taka undir með ráðh. að það er sorglegt að það er miklu meiri óhagur en hagur að því að reka Áfengisverslun ríkisins, og ég vil taka undir það, að það er blettur á okkar þjóðfélagi að við skulum þurfa á þeirri tekjulind að halda í ríkum mæli. Og ég vil á sama hátt fagna því hugrekki sem ráðh. hefur í þeim málum. Hann hefur sýnt það oftar en einu sinni. Ég held, þó að hann hafi orðið fyrir aðkasti nú undanfarna daga vegna lokunar Áfengisverslunarinnar, að það sé miklu stærri hluti þjóðarinnar sem hann átti sér að baki í þeim málum. Og ég mundi fagna því ef ráðh. sæi einhverjar aðrar leiðir til þess að skapa ríkissjóði tekjur heldur en af áfengissölu.

Ég vil líka koma í veg fyrir þann misskilning, ef hætta er á honum, að ég hafi í mínum málflutningi áðan höggvið að einu eða neinu leyti að lögreglunni eða lögregluþjónum. Ég held að þeir séu ágætir menn og hafi komið hér fram í mörgum erfiðum, vandasömum málum, þegar þeir voru kvaddir í heimahús til að eiga við ölóða menn, og þá hafi þeir sýnt mikla þjónustulund og aðgætni. Ég hef séð þá að störfum og þekki svolítið til þeirra.

Sama má segja um þá lækna sem hafa starfað að þessum vandamálum. Við heyrðum í sjónvarpinu í gær viðtal við einn þeirra, sem lýsti þessu vandamáli og gerði okkur kannske betri grein fyrir því, hvað þetta er stórt og óhugguleg vandamál.

En ég vil ljúka máli mínu með því að ítreka að ég átti hér eingöngu við umferðarlagabrot, því að ég reikna ekki með því að lögreglumenn fái nokkurn tíma heimild til þess að sekta á staðnum fyrir önnur brot en umferðarlagabrot, og vil þá um leið vara við þeirri staðreynd að það er orðið erfitt að ferðast í gegnum borgir eins og t. d. Reykjavík, ég tala nú ekki um ef menn ætla sér að stöðva sín farartæki einhvern tíma til þess að gegna þeirri skyldu, sem opinberir aðilar leggja á hvern og einn, að koma á ákveðnar þjónustustofnanir og gjalda sín gjöld, þá eru allar þessar stofnanir í miðborg Reykjavíkur nú og án þess að vera sektaður er bókstaflega ekki hægt að komast að þessum stofnunum. Það er alveg sama hvaða innheimtustofnun á vegum ríkisins er. Þá er orðið ansi þröngt um svigrúm fyrir fólkið.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra for- Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið. Mín orð almennt um lögreglumenn voru sprottin af þeim ummælum sem hv. 12. þm. Reykv., Albert Guðmundsson, lét falla á þá lund, að manni gat skilist, að lögreglumenn fengjust helst ekki við annað en að setja upp skilti og ógna mönnum með einhverjum bönnum eða boðum. Ég held nú að þetta hafi leiðrést og hann fallist á það nú í sinni síðari ræðu að lögreglumenn fengjust við margt fleira. Að sjálfsögðu er ekki hægt að koma í veg fyrir það, að hvort tveggja geti komið til greina, að lögreglumaður sekti fyrir brot á umferðarlögum og stöðumælavörður sekti fyrir brot. (Gripið fram í.) Já, já, jafnvel það, ef maður er skjótur í ferðum og hefur lagt ranglega við stöðumæli. Stöðumælasektirnar eru allt annars eðlis. Ég hygg að það sé Reykjavíkurborg sem hefur sett upp stöðumælana og stendur fyrir því að innheimta gjald fyrir stöðumæla og þá líka sektir ef lagt er of lengi á því stæði sem úthlutað er. A. m. k. var það svo í upphafi að það var borgarstjórnin og bargarsjóður sem umferðarmálastjórn Reykjavíkur sem stóð fyrir því að setja ákvæði um þetta. (Gripið fram í.) Já, ég þori nú ekki að segja um hvernig því er háttað með brot og stöðumælasekt. Ég er þetta haminjusamari en hv. 12. þm. Reykv. að ég hef ekki lent í þessu. En auðvitað getur hvaða maður sem er lent í því að fá stöðumælasekt og maður fær enga slaufu á sakavottorðið fyrir það.

En ég vil geta þess, ég gleymdi því áðan, vegna þess að hv. þm. var að telja hæpið að það ætti að veita lögreglumönnum þessa heimild, að auk þess sem það gildir nú, sem ég áðan sagði, að það er í engu breytt hinum efnislegu ákvæðum um þetta og hann getur alltaf óskað eftir því að þetta fari til dómstóla, þá er það auk þess svo að saksóknari gefur út ákveðnar leiðbeiningar um þessar sektargreiðslur til handa lögreglumönnum. Ef þetta frv. verður að lögum og sektirnar verða hækkaðar svo sem þar segir, þá mun hann gefa út nýja leiðbeiningaskrá um þetta, þannig að það verða nokkurs konar taxtar útbúnir af saksóknara sem lögreglumenn hafa í höndum varðandi þessi brot.

En til þess að menn geti gert sér ofurlitið í hugarlund hvernig þessu mundi öllu reiða af, ef þetta ætti allt að fara til dómstóla og sæta dómstólameðferð, þá vil ég geta þess, að á s. l. ári voru þess háttar mál, sem lögreglumenn og lögreglustjóri afgreiddu, sektir fyrir brot á lögreglusamþykkt og brot á umferðarlögum, 7160 að tölu, og þarna eru ekki taldar með stöðumælasektir og stöðumælabrot.

Ég er þeirrar skoðunar að skilti séu til mikils öryggis í umferðinni og umferðin væri miklu hættulegri ef þeim væri ekki til að dreifa. Það er hægt að segja að það sé óttalega leiðinlegt með öll þessi boð eða bönn. En ég held bara að við komumst ekki hjá því í lífinu að hlíta því að við verðum að sætta okkur við ýmis boð eða bönn, ekki bara boðorðin í sinni gömlu og góðu mynd, heldur kemur ýmislegt annað til og sumt sem lífið og nýir lífshættir kalla á. Það getur ekki verið allt frjálst þannig að hver og einn megi gera allt sem hann vill eða fara fram hverju sem hann vill. Ef það væru afnumin öll boð eða bönn yrði náttúrlega miklu einfaldara fyrir dómstóla eða lögreglu. Þeir þyrftu ekkert að vera að snúast í því að fást við mál af því tagi. Það yrði þá væntanlega réttur frumskógarins sem réði lögum í landi, þ. e. a. s. sá sterkasti kæmist helst leiðar sinnar, svo að maður haldi sig við umferðina. Ég held nú að það hafi ekki verið það, sem hv. 12. þm. Reykv. átti við, heldur hitt, að honum hafi verið eitthvað sérstaklega þungt í skapi einmitt þessa stundina vegna þess að hann hafi orðið var við einhver boð eða bönn sem komið hafi illa við einhvern. En þannig er það nú með boð eða bönn, að þau geta alltaf komið misjafnlega við, en menn verða að sætta sig við þau samt sem áður.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég held að í sambandi við þetta frv. og raunar aðrar lagagr., sem eru tengdar umferðarlögunum, sé einmitt rétt að gefa lögreglumönnum heimild til að sekta menn á staðnum og uni menn því ekki, þá hafa menn málsvörn, eins og hæstv. dómsmrh. drap eðlilega á. Það mætti útbúa ákveðnar prentaðar kvittanir þar sem tekið væri fram um hvaða brot er að ræða og hvaða upphæð, og menn borga þetta á staðnum og það er búið að gera mönnum einfaldara fyrir að taka út sín brot strax og einnig hinum almenna borgara sem verður var við brot. Að vísu má segja að það sé hættuleg leið. En þegar maður stendur einhvern í umferðinni, og fleiri en einn og fleiri en tveir geta vottfest það á staðnum, að mjög alvarlegum og grófum brotum og lögregla er í námunda, þá á að vera hægt að kæra hann. Og af því að menn hafa hér minnst á persónulega reynslu sína í þessu efni og talið sig vera óheppna, þá get ég sagt frá því að ég ásamt öðrum í umferðinni utan við Reykjavík á einum helgidegi sagði lögreglumanni á bifhjóli frá mjög alvarlegu broti bíls sem hann marglék á leið sinni. En ég reyndi það ekki aftur vegna þess hve málið var flókið og þungt í vöfum og skýrslugerðir og yfirheyrslur. Það var hægt að ná í manninn, sem margbraut af sér á leið sinni í margra manna sýn, en lögregluþjónninn var þannig staðsettur að hann sá það ekki. Við, sem sögðum frá, urðum að gefa skýrslur og komumst í mikið málaþras, og ég reyndi það ekki framar. Það hefði verið miklu einfaldara að geta sagt frá því á staðnum, vottfesta það, ef á þyrfti að halda, að láta manninn sæta verulegri sektarupphæð. Það á að hækka hér sektir fyrir brot við fullkomna stöðvunarskyldu. Það er rétt. Og það á að sekta menn á staðnum og margt fleira. Ég vil þakka hæstv. dómsmrh. fyrir að gera það. Það heldur umferðinni niðri ef sektað er fyrir of mikinn hraða og þar fram eftir götunum. Og hvaða toll tekur umferðin bæði af fólki og bifreiðum? Það eru óhugnanlega stórar tölur, og vinið á sinn þátt í því. Hæstv. ráðh. á mínar þakkir fyrir að hafa tekið af vínveitingar nú undanfarna daga við það ástand sem ríkti í þjóðfélaginu og hefði mátt halda því allströngu áfram.

Ég undirstrikaði við afgreiðslu fjárlaga seinast hversu háar tekjur ríkissjóður tryggði sér í gegnum vínið og taldi að það væri sýnd veiði, en ekki gefin að ýmsu leyti, eins og hæstv. ráðh. kom inn á. Það væri sannarlega verk, sem ætti að veita fé til, að gera heildarúttekt á áhrifum vínsins, bæði í umferðinni og lögreglukostnaði, því að mín spá er sú að það sé ekki lítill þáttur sem það kostar að halda slíku gangandi.

Hæstv. ráðh. drap aðeins á að fjvn. bæri ábyrgð á því að tryggja nægilega marga lögregluþjóna. Honum er kunnugt um það að frá embættum úti um allt land liggja beiðnir fyrir fjvn., sem við höfum reyndar þegar fjallað um, að fá að halda stjórnumerktum mönnum. Þetta er nú ekki alveg svona einfalt. Þó að umsögn fjvn. skuli vera í því efni, þá ber hún ekki endanlega ábyrgð á fjárlögum eða því um líku. Það gerir Alþ. Fjárlög eru þegar til og innan ákveðins ramma var okkur í fjvn. falið að vinna að ákveðnum niðurskurði, bæði á lögreglumönnum og öðrum mönnum. Við höfum nú setið við þetta nokkra undanfarna daga og er enn of erfitt mál og viðkvæmt mál og virðist ætla að koma við suma heldur ónotalega. En út í þá sálma vil ég ekki fara nú, það á eftir að birtast síðar. En ég vil þakka aftur að lokum hæstv. ráðh. fyrir að hefta vínneyslu hér í landinu með lofsverðum og góðum árangri.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil aðeins leiðrétta þann misskilning sem virtist hafa komið fram hjá hæstv. ráðh. og kannske fleirum, það er ekki það að ég hafi sjálfur persónulega reynslu af þeirri vinnu lögreglunnar að sekta menn á staðnum, heldur benti ég á að ég hefði fengið tvær stöðumælasektir á sama korterinu, annars vegar frá stöðumælaverði og hins vegar frá lögregluþjóni. Þar var réttlætiskennd minni misboðið. Þar var verið að dæma mig á staðnum tvisvar sinnum fyrir sama brotið. Það er þess vegna sem ég tók þetta sem dæmi um hvað getur komið fyrir þegar menn geta sektað fólk fyrirvaralaust á staðnum og jafnvel í fjarveru viðkomandi.

Ég varaði líka við því að of mikið af boðum og of mikið af bönnum geri fólki erfiðara fyrir að vera löghlýðið þó að það sé í raun og veru löghlýðið. Og ég vara við því að taka það upp sem algilda reglu að setja upp skilti og segja svo við fólk ef það brýtur: Nú skaltu borga peninga af því að þú fórst ekki eftir því sem einhver og einhver sagði að þú ættir að gera. — Ég kalla að það sé að misbjóða réttlætiskennd fólksins. Og það hefur verið gert í þeim tilfellsem sektir á staðnum hafa verið leyfðar. Við vitum það allir að þessar sektir, sem hafa verið takmarkaðar við nokkur hundruð kr., hafa hreinlega ekki verið greiddar og lögreglustjóraembættið hefur ekki nokkurn mannskap til þess að fylgja því eftir að innheimta þær, og það skiptir áreiðanlega þúsundum, ef ekki tugþúsundum af óinnheimtum umferðarlagabrotum. Við erum að tala hér um innheimtu á uppæð, sem er þó nokkru stærri en sú, sem fyrir var. Það hækkar úr 3000 upp í 7000 kr. og það er talsverð upphæð fyrir fólk sem vill vera löghlýðið. (**Gripið fram í:** Mælir þm. þarna af eigin reynslu?) Nei, ég mæli ekki af eigin reynslu þarna vegna þess að ég hætti að greiða. Ég get tekið það fram hér, eins og auðvelt er fyrir dómsmrh. að finna út, að þegar minni réttlætiskennd var misboðið á þann hátt, sem ég hef hér lýst, þá hætti ég að greiða. En hæstv. dómsmrh. getur líka fundið út að áður en það skeði, hugsa ég, að ég hafi kannske verið einn af stærstu greiðendum stöðumælasekta hér í borginni, en síðan ég var sektaður tvisvar fyrir sama brotið hef ég líklega orðið sá versti. En sem sagt, ég ætla ekki að fjölyrða um þetta.

Ég er bara að vara við að það er ekki alltaf ríkt fólk, sem brýtur umferðarlög, kannske án þess að hafa hugmynd um það, því að menn vita ekki hvaða umferðarlög gilda. Þau eru mismunandi innan Reykjavíkur og utan Reykjavík-

ur t. d. Og ef það eru sett svona lög, sem misbjóða réttlætiskend fólksins, þá verður ekki farið eftir þeim.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Skipan sóknarnefnda, frv. (þskj. 342). — 1. umr.

Flm. (Ingiberg J. Hannesson): Herra forseti. Frv. það til l., sem ég hef lagt hér fram á þskj. 342, um breyt. á l. nr. 26 16. nóv. 1907, um skipan sóknarnefnda o. fl., er flutt vegna þess að ýmissa breytinga er nú þörf á lögum þessum, enda eru þau komin fast að sjötugu. Það má í rauninni segja að aðalhluti laganna sé enn í fullu gildi og muni sennilega verða fyrst um sinn.

Í grg. með frv. þessu segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Lög um skipun sóknarnefnda eru frá 16. nóv. 1907, og er því augljóst, að sitthvað er þar, sem ekki stenst miðað við aðstæður og þarfir nútímans. Þó má segja að meginhluti laganna þjóni tilgangi sínum enn í dag, en nokkrar greinar nefndra laga þarfnast þó endurskoðunar.

Kirkjuþing hinnar íslensku þjóðkirkju hefur fjallað um þetta mál og er frv. það, sem nú er lagt fram, byggt á samþykkt kirkjuþings árið 1972.

Lagt er til í frv. þessu að eftirtaldar gr. laganna þarfnist endurskoðunar."

Er þar fyrst og fremst um það að ræða að færa tilhögun og skipan mála í það horf er þjóni þörfum nútímans best og þeirri starfsemi sem um er að ræða og lögin kveða á um.

Eins og hv. þm. mun kunnugt, er starfssvið sóknanefnda fyrst og fremst fólgið í því að hafa umsjón með viðhaldi og rekstri kirkju í viðkomandi sókn, svo og að vera sóknarpresti til trausts og halds í starfi hans meðal safnaðarins, enn fremur að hafa umsjón með fjárhaldi kirkju og kirkjugarða og sjá um að starfslið sé fyrir hendi í kirkjunni, svo sem organisti, meðhjálpari og söngfólk. Þetta starf vinnur sóknarnefndin í samráði við sóknarprest og það starfsfólk annað sem er í tengslum við safnaðarstarfið hverju sinni. Því er mikilvægt að þau lagaákvæði er snerta störf og starfssvið sóknarnefnda svo og starfstíma þeirra, séu í samræmi við þær þarfir sem um er að ræða í þessu sambandi.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir að fjórum gr. laganna verði breytt.

1. gr. frv. fjallar um breyt. á 2. gr. l. og er sú breyting aðallega fólgin í því að setja nánari ákvæði um það, hvenær sóknarnefndarfundur sé lögmætur, svo og ákvæði um það, að viðkomandi sóknarprestur og safnaðarfulltrúi skuli starfa með sóknarnefnd og sitja fundi hennar og hafa þar málfrelsi og tillögurétt. Er þarna kveðið nánar á um þetta atriði og lögð aukin áhersla á mikilvægi samstarfs prests og sóknarnefndar og safnaðarfulltrúa, en það er auðvitað afar mikilvægt eigi að vera um að ræða gott og farsælt starf í þágu safnaðarins.

2. gr. frv. fjallar um breyt. á 4. gr. l. Þar er um að ræða nánari viðbótarákvæði um fjölda sóknarnefndarmanna í hverri sókn miðað við íbúatölu. — Er þessi breyting nauðsynleg þar sem sóknir eru nú orðnar miklu fjölmennari en áður var.

3. gr. frv. lýtur að 6. gr. l. og er um styttingu kjörtímabils sóknarnefndarmanna úr 6 árum í 4 ár. Þessi breyting er gerð með hliðsjón af reynslu á öðrum sviðum þjóðfélagsins svo og þeirri staðreynd að 6 ár eru fulllangur tími með tilliti til þess, að starfsáhugi haldist og eðlileg endurnýjun eigi sér stað í n. Enn fremur er í gr. fjallað nánar um það hvernig kosningu í n. skuli hagað, og er ekki ástæða til að fjalla nánar um það, enda er þar um smávægilegar breytingar að ræða frá gildandi lögum.

4. gr. frv. fjallar svo um breytingu á 16. gr. l. og er um kjör safnaðarfulltrúa. Er kjörtímabil þeirra einnig stytt í 4 ár og nánar kveðið á um kjör þeirra og er þar um smávægilegar breytingar að ræða.

Í heild má segja að í frv. þessu sé ekki um að ræða neinar stórbreytingar. Hér er miklu fremur um það að tefla að gera nauðsynlegar breytingar miðað við breytt viðhorf frá því að gildandi lög voru samin. Því virðist mér, að hér geti ekki verið um neina ásteytingarsenu að ræða og legg því frv. fram til 1. umr.

Mörg lög þau og reglugerðir, er kirkjuna varða, eru komin til ára sinna og sum svo að um munar og er þar víða endurskoðunar þörf. N. skipuð af ráðh. hefur undanfarin ár unnið að endurskoðun þeirra og væri gleðilegt ef árangurs þess starfs færi að gæta sem fyrst. Hér er aðeins um að ræða smáræði sem lagfæra þarf, og vænti ég þess að hv. þm. skoði þetta með skilningi og velvilja.

Að svo mæltu legg ég til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 14 shlj. atkv.

Flokkun og mat ullar, frv. (þskj. 304, n. 352). — 2. umr.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Frv. til l. um flokkun og mat ullar hefur verið til athugunar hjá landbn. þessarar hv. d. og hefur n. orðið sammála um að mæla með því að frv. verði samþ. óbreytt. Ég þarf að sjálfsögðu ekki að hafa mörg orð um afgreiðslu frv. eða efni þess. Hæstv. landbrh. skýrði efni þess gaumgæfilega við 1. umr. málsins og vil ég vísa til þeirrar ræðu um efnisþætti að mestu leyti.

Það eru þó örfá atriði, sem ég vil minna á í þessu sambandi, og þá fyrst það, að landbn. sendi ekki að þessu sinni frv. til umsagnar Búnaðarþings eins og jafnan hefur verið gert um hliðstæð málefni. Er það fyrir þá sök að Búnaðarþing hafði áður fjallað um frv. og vilji þess því kominn fram og vitaður.

Annað vil ég taka fram líka í sambandi við afgreiðslu málsins, að það lá ekki fyrir hver

kostnaðarauki yrði af því fyrirkomulagi sem nú er tekið upp við mat ullar frá því sem áður hafði verið, og óskuðum við eftir að fá upplýsingar um það. N. fékk í einu lagi áætlun um árlegan kostnað vegna þeirra tveggja frv. sem hér eru samferða í gegnum d., um ullarmat og gærumat. Það mat, sem fram hefur farið á þessum framleiðsluvörum, hefur verið ákaflega takmarkað og haft lítið gildi, enda kostnaður við það verið sáralítill, eitthvað á annað hundrað þús. kr. á ári. Með þeirri skipan, sem hér er tekin upp, má ætla að kostnaður verði árlega vegna framkvæmdar þessara laga hvorra tveggja um 3.4 millj. kr.

Ég vil taka fram að það fyrirkomulag, sem *hér er ætlað að koma á, er mjög í samræmi* við það sem gerist við mat á kjötvörum. Þessi kostnaður er sem sagt að mínum dómi hverfandi lítill miðað við verðmæti þeirra vöruflokka sem hér er fjallað um, og vænta má að hið nýja mat og matsaðferðir muni stuðla mjög að auknum verðmætum í því sambandi.

Ég vil geta þess t. d. í sambandi við ullina, að árið 1975 var útflutningur ullarvara, bandlopi, teppi og ýmsar prjónavörur, 1 milljarður 361 millj. kr., en óunnin ull er flutt út fyrir 59.6 millj. Það fer ekki á milli mála að ef betur væri vönduð öll meðferð á ullinni, þá mundi einnig þessi óunna ull geta orðið mjög verðmætur efniviður í iðnaðarvörur og aukið útflutningsverðmæti fengist með því móti. Auk þess vil ég minna á það, sem hæstv. landbrh. tók fram við 1. umr. málsins, að nú vantar á að öll ull komi til innleggs, sennilega um 260 tonn, sem vænta má að standi í beinu sambandi við það að ekki fer fram eðlilegt mat á ullinni þegar hún kemur til meðferðar.

Ég tel ekki þörf á því að hafa fleiri orð um þetta frv., en endurtek að n. varð sammála um að mæla með því að frv. verði samþ. óbreytt, en þess ber að geta að Jón Árm. Héðinsson og Axel Jónsson voru fjarverandi þegar málið var afgreitt.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Með örfáum orðum vil ég leggja áherslu á þá skoðun mína að hér sé um ákaflega mikilvægt mál að ræða. Mér þykir ljóst af ýmsu sem fram hefur komið, m. a. af skýrslu iðnþróunarnefndar um ullariðnað, að mjög miklir möguleikar eru hjá okkur íslendingum að efla verulega framleiðslu úr innlendri ull, jafnvel svo að skipt getur nokkrum þúsundum millj. kr. Ég vil því taka undir það, sem ég hygg að hafi komið fram hjá hæstv. landbrh. við 1. umr. um þetta mál, að kanna þarf hvort ekki er rétt að færa niðurgreiðslur í landbúnaði yfir á ullarframleiðsluna, þannig að niðurgreiðslan megi verða hvetjandi fyrir bændur til að framleiða sem best hráefni í þennan mikilvæga iðnað okkar íslendinga. Sýnist mér að með þessu frv. sé lagður grundvöllur að því að slíkt verði unnt. Ég fagna því að þetta mun vera í athugun hjá hæstv. ráðh., og ég vona að við fáum fljótlega að sjá þær breytingar þar á sem geta skapað þennan grundvöll sem ég hef hér minnst á.

Ég hygg, að það sé staðreynd að við íslendingar þurfum mjög á næstu árum að auka ýmiss konar iðnaðarframleiðslu okkar, og það er áreiðanlegt að farsælast mun það reynast sem byggt er á innlendu hráefni. Er vel ef svo er hægt að auka ullarframleiðsluna eins og fram kemur í þeim athugunum sem nú hafa verið sýndar. Ég vil því fyrir mitt leyti fagna þessu frv. og legg áherslu á það sem ég vona að á eftir fylgi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
3.—8. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Flokkun og mat á gærum, frv. (þskj. 305, n. 353). — 2. umr.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Ég get við umr. um þetta mál, sem hér liggur fyrir, vitnað algerlega til þess máls sem var verið að afgreiða. Þau urðu samferða og hér er verið að efna til hliðstæðra aðgerða í meðferð þeirra vöruflokka sem hér er rætt um þ. e. ull og gærur. Mér þykir þó rétt að minna á það, sem ég held að verði ekki of oft sagt, að e. t. v. erum við hér að ræða um vöruflokk sem á einna mesta framtíð fyrir sér að því leyti að auka megi verðmæti þess í meðförum hér í landi. Loðskinn og loðsútuð skinn voru flutt út á árinu 1975 fyrir 663.8 millj. kr. En það er varla vafa undirorpið, ef við værum fær um að vinna þessar vörur í feldi og flíkur, að þá væri hægt að stórauka verðmæti þeirra.

Þá vil ég einnig minna á það, að við flytjum út óunnar gærur í allmiklum mæli, eða fyrir 296.6 millj. kr. og er í þeim fólginn mikill fjársjóður sem hægt væri að margfalda ef rétt væri að staðið. Og það er einmitt þetta mat, sem hér er efnt til, sem mestar vonir eru bundnar við til þess að fá fram rétt vinnubrögð við þessa vöruflokka. Það getur munað miklu, þegar um feldskurð er að ræða, á hvern hátt rist er fyrir skinnið þegar kindinni er slátrað. Þess vegna er það geysilega mikilvægt að menn kunni rétt handtök og þeim sé sagt rétt til sem verkið vinna.

Mér þótti rétt að láta þetta koma hér fram um leið og ég legg málið fyrir fyrir hönd landbn. sem hefur rætt frv. á nokkrum fundum sínum og leggur til að frv. verði samþ. óbreytt. Jón Árm. Héðinsson og Axel Jónsson voru fjarverandi þegar málið var afgreitt úr nefndinni.

Ingi Tryggvason: Herra forseti. Ég vil, áður en 2. umr. um þetta mál lýkur í hv. d., fara um það örfáum orðum.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, ásamt því frv., sem hv. d. hefur nú fyrir stuttri stundu afgr. til 3. umr., miða bæði að því að setja reglur sem miða að *bættri meðferð á hráefni sem okkur* öllum er verðmætt. Verðmæti þessa hráefnis liggur ekki hvað síst í því, að úrvinnsla þess, hvort sem um er að ræða ull eða skinn, krefst mikillar vinnu og fullunnin verðmæti úr þessum vörum standa yfirleitt í háu verði.

Ullariðnaður okkar er kominn vel á veg

og skinnaiðnaður að vísu líka. En þó er það enn svo að ýmsar þær vörur, sem unnar eru úr ull og skinnum, eru fluttar út litt unnar. Mig langar að segja frá því hér, að ég rakst nýlega á auglýsingu um fatnað úr íslenskum gærum í dönsku tímariti, þar sem flíkurnar voru auglýstar með verði, og kom í ljós að verð í Danmörku var um það bil helmingi hærra en verð á sambærilegum flíkum hér ef miðað er við gengi íslensku krónunnar.

Þetta bendir mjög eindregið til þess að ef við gætum framleitt þessar vörur, fullunnið þessar vörur til sölu á erlendum mörkuðum, þá gætum við aukið mjög stórlega gjaldeyrisöflun í sambandi við þessi hráefni. Það bendir líka til þess og minnir á það, að það er mjög nauðsynlegt að gera stórátak til þess að kynna iðnaðarvörur okkar á erlendum mörkuðum. Ef til vill er eitt stærsta vandamálið í sambandi við aukinn iðnað úr innlendu hráefni að vinna þessum vörum markað og finna leiðir til þess að ná þessum mörkuðum erlendis.

Ég gerði það að gamni mínu að slá á það hvað íslensk lambskinn mundu færa okkur mikinn gjaldeyri ef við gætum flutt þau út fullunnin með því verði, sem auglýst var í umræddri auglýsingu, og ef við fengjum helming í okkar hlut af útsöluverði, sem er sennilega nokkuð hátt, af fullunninni vöru og þá mundi það vera einhvers staðar á milli 6 og 8 milljarðar kr. E. t. v. er ekki sérlega skynsamlegt að setja dæmið upp á þennan veg og er það aðeins gert til þess að sýna fram á að jafnvel þótt ekki væri um svona hátt verð að ræða, þá er þarna mjög verðmætt hráefni, sem vissulega væri hægt að skapa mikinn gjaldeyri úr ef fullunnin væru.

Svipaða sögu má segja um ullina. Þó erum við miklu lengra komnir í því að fullvinna ullina heldur en gærurnar og mjög mikill hluti af þeim gærum, sem við seljum úr landi, er ýmist selt óunnið eða hálfunnið og mjög lítið magn selt sem fullunnin vara, þannig að búið sé að breyta hráefninu í fatnað eða aðra þá vöru sem neytendur nota án frekari vinnslu erlendis.

Ég vil láta í ljós ánægju mína yfir þeim undirtektum, sem umrædd frv. hafa fengið í d., og vonast til að verði þau að lögum, þá verði þau til framdráttar fyrir íslenskan landbúnað og íslenskan iðnað.

Eitt vil ég þó enn nefna, áður en ég fer héðan úr ræðustól, og taka undir orð hv. þm. Steingríms Hermannssonar að til þess að nýting ullarinnar megi verða nægilega góð álít ég alveg nauðsynlegt að hækka verð hennar til framleiðenda. Ýmsar breyttar þjóðfélagsástæður valda því að það kostar mikið að ná ullinni af fénu á hinum gamla, hefðbundna rúningstíma, og annað hvort hlýtur að verða, að fé verði vetrarrúið meira en verið hefur eða verðlagsákvæði verði þannig að menn telji svara kostnaði að leggja á sig mikið erfiði til þess að ná ullinni á sæmilega heppilegum tíma að vorinu. Meginhlutinn af þeirri ull, sem nú er flutt óunnin úr landi, er ull sem er orðin svo léleg vegna þess að hún er tekin af fénu á röngum tíma eða hefur ekki hlotið nægilega góða meðferð, að hún er ekki eftirsótt af íslenskum verksmiðjum. Þess vegna er það hvort tveggja í dag, að hluti ullarinnar nýtist alls ekki vegna þess að framleiðendum þykir ekki svara kostnaði að ná henni af fénu á heppilegum tíma og nokkuð af þeirri ull, sem næst, hefur þegar spillst, svo að hún er ekki verðmætt hráefni til þeirrar framleiðslu sem við höfum með höndum hér.

Þetta þarf að breytast og það breytist varla svo að fullnægjandi sé nema á þann hátt, sem hér hefur verið nefndur, að verðhlutföllum verði breytt þannig að ullin verði meiri hluti af heildartekjum af sauðfénu en nú er í dag.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að þakka hv. landbn., frsm. og öðrum nm., fyrir afgreiðslu á þessum málum og að hafa hraðað þeim svo, og ég vona að þau geti orðið hér til 3. umr. sem allra fyrst. Ég þarf ekki að endurtaka það, sem ég sagði hér um gildi þessara mála tveggja, því að það rökstuddi ég við 1. umr. málsins, en mér er það fullkomlega ljóst að hér eru á ferðinni mál sem miklu máli munu skipta.

Út af því, sem fram kom í ræðum tveggja síðustu hv. ræðumanna um meðferð í sambandi við verð á ull, þá hefur það mál nú verið reiknað út í landbrn. og gæti komið inn í umr. sem e. t. v. fara hér fram í hv. Alþ. á morgun. En ég mun gera hæstv. ríkisstj. grein fyrir þeim niðurstöðum sem hafa komið fram við útreikning og samanburð á verði á ull og kjöti og þeim breytingum sem ég tel að heppilegt að gera þar um.

Ég endurtek svo þakkir mínar til hv. landbn. fyrir afgreiðslu á þessum málum og vona að hv. d. afgreiði þau hið fyrsta frá sér.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
3.—8. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Álbræðsla við Straumsvík, frv. (þskj. 138). — 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. var lagt fyrir Nd., fékk þar ítarlega athugun í iðnn. og hefur nú verið afgreitt frá þeirri hv. d. við þrjár umr.

Það munu vera um það bil 10 ár síðan gerður var samningur um byggingu álversins við Straumsvík. Á síðustu árum hafa orðið mikil umskipti á orkumörkuðum, fyrst og fremst á þá lund að olía hefur hækkað stórlega í verði, en sú hækkun hófst haustið 1973. Þegar samningurinn um álverið var gerður hafði hins vegar verið og var nokkuð stöðugt verðlag á orku, og þá mun hafa verið gert ráð fyrir að það héldist. Voru því gerðir samningar um nokkuð fast verð á orku eða rafmagni til álbræðslunnar. Hins vegar þótti eftir hin snöggu umskipti varðandi olíuverð og orkuverð rétt að taka upp viðræður við svissneska álfélagið til þess að reyna að fá breytingu á rafmagnsverðinu.

Haustið 1973 átti þáv. iðnrh., Magnús Kjartansson, viðræður við fulltrúa Álfélagsins um endurskoðun á rafmagnsverði. Þær viðræður leiddu ekki til árangurs.

Skömmu eftir stjórnarskiptin hóf ég viðræður við fulltrúa Álfélagsins í sept. 1974. Þessum viðræðum hefur síðan verið haldið áfram. Fyrst og fremst hefur viðræðunefndinni um orkufrekan iðnað verið falið að fylgja þessu máli eftir í samráði við iðnrn. N. hefur unnið ötullega að þessu máli, en í henni eiga sæti þeir dr. Jóhannes Nordal formaður, Ingi R. Helgason hrl., Ingólfur Jónsson alþm., Ragnar Ólafsson hrl., Sigþór Jóhannesson verkfræðingur og Steingrímur Hermannsson alþm.

Niðurstaðan af þessum viðræðum, sem stóðu nokkuð samfellt á annað ár, liggja nú fyrir í þessu frv. Ef dregin eru saman meginatriði málsins, þá er stefnt að því að fá hærra rafmagnsverð en samið hafði verið um áður, að auka heildartekjur íslendinga af álverinu og gera þær öruggari og að leysa ýmis ágreiningsmál, sem upp höfðu komið, einkum í sambandi við framleiðslugjald. Þá er enn fremur með þessu frv. stefnt að því að stækka álverið.

Ef vikið er fyrst að rafmagnsverðinu, þá er svo ákveðið í gildandi samningi, að verð fyrir hverja kwst. rafmagns skuli vera 3 mill, en mill er, eins og kunnugt er, þúsundasti hluti af Bandaríkjadal. Þetta verð átti að gilda frá byrjun og til 1. okt 1975. Þá skyldi verðið breytast úr 3 í 2½ mill og standa þannig fram til 1. okt. 1984. Eftir það skyldi verðið vera áfram 2½ mill, en þó að viðbættri hækkun sem kynni að leiða af breytingum á rekstrarkostnaði Búrfellsvirkjunar. Um þessi verðákvæði, sem nú eru greind, var í upphafi samið til 25 ára.

Ég skal ekki rekja hér ítarlega þessar viðræður, en niðurstaðan er sú, að í þessum samningsdrögum er gert ráð fyrir að nýtt orkuverð gildi frá 1. okt. 1975, þ. e. frá þeim degi þegar rafmagnsverðið átti að lækka í 2½ mill. Þessi drög fela það í sér að sú lækkun komi ekki til framkvæmda, heldur skuli rafmagnsverðið 3 mill gilda til loka ársins 1975. En við áramótin, þ. e. 1. jan. 1976, á rafmagnsverðið að hækka í 3½ mill um 6 mánaða skeið. Frá 1. júlí 1976 á það að hækka upp í 4 mill. 1. júlí 1976 yrði því rafmagnsverðið orðið 60% hærra en það skyldi vera samkv. gildandi samningi, eða úr 2½ í 4 mill. Síðan mundi það frá 1. jan 1978 fylgja *álverði eftir sérstökum reglum miðað við verð á áli.*

Þá er gert ráð fyrir því í samkomulaginu að verksmiðjan verði stækkuð þannig að fullgerður verði svokallaður annar kerskáli. Það þýðir, að framleiðslan mundi aukast um 10700 tonn á ári, en til þess þarf rafafl, 20 mw. Þessi 20 mw. skiptast þannig að 8 mw. yrðu forgangsafl, en 12 afgangsorka.

Í umsögn Landsvirkjunar, sem prentuð er sem fskj. með þessu frv., segir m. a. að samningsuppkastið sé mikil bót frá núverandi samningi sem hafi ekki teljandi verðhækkunarákvæði á raforku. Landsvirkjun telur að þessi samningur mundi leiða til þess að ekki þyrfti nú að fara fram á hækkun á orkuverði til almennings sem Landsvirkjun hefur talið óhjákvæmilegt að gera ella, en mundi falla frá og telja óþarfa ef tekjuauki kæmi frá álverinu samkv. þessum samningi.

Varðandi stækkun verksmiðjunnar telur Landsvirkjunarstjórn að sú aukna orkusala, sem af stækkuninni leiði, sé Landsvirkjun mjög hagstæð, eins og komist er að orði.

Þá er gert ráð fyrir í þessum samningsdrögum, að framleiðslugjaldinu verði breytt verulega. Því er breytt frá núgildandi ákvæðum í lágmarksskatt sem greiða ber mánaðarlega á skattárinu, og er lágmarksskatturinn eða grunntaxti gjaldsins 20 dalir á tonn eða sem svarar 1½ millj. dala á ári við fulla framleiðslu, þ. e. 75 þús tonn án stækkunar.

Þau ár, sem álverið hefur starfað, hefur risið ágreiningur um svonefnda skattinneign. Ég skal ekki fara út í það mál hér frekar. Það er eins og önnur þau atriði, sem ég hef drepið á, skýrt ítarlega í grg. og fskj. frv. En með þessum nýja samningi er gert ráð fyrir að semja um ákveðna lausn á þeim vanda, sem þegar hefur skapast í sambandi við skattinneign, og auk þess reynt að koma í veg fyrir slíkan ágreining framvegis *með skýrari og einfaldari ákvæðum.*

Þegar litið er á þessi samningsdrög í heild tel ég að þau leiði til meiri og öruggari tekna í heild fyrir íslendinga heldur en ef áfram stæðu óbreytt samningsákvæði þau sem nú gilda. Auk þess felur samningurinn það í sér að eytt er vissum ágreiningsmálum og margt gert einfaldara í framkvæmd.

Ég vil að öðru leyti vísa til grg. og fskj. með frv. og vænti þess að frv. fái góðar undirtektir í þessari hv. d. eins og í hv. Nd. Ég legg til að því verði vísað til 2. umr. og iðnn.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég hygg að það sé óhætt að lofa hæstv. iðnrh. því, að frv. þetta muni fá af hálfu okkar alþb.-manna í Ed. álíka góðar undirtektir og af hálfu alþb.-manna í Nd. þar sem samningsgerð, sem hér er um fjallað, var talin fráleit. Þó kann svo að fara að umfjöllun í Nd. muni leiða til þess að hún fái hér öllu verri undirtektir, því að ýmislegt það kom í ljós við lokaafgreiðslu málsins í Nd. sem gerir mál þetta öllu verra en það virtist þegar frv. var lagt fram í fyrstu.

Ég mun ekki halda hér langa ræðu að sinni, aðeins vekja athygli á því að hér er svo ráð fyrir gert að við heimilum Alusuisse að stækka verksmiðju sína í Straumsvík um 1/7 hluta eða því *sem næst með skilyrðum, efnahagslegum og* pólitískum, sem ekki ná neinni átt.

Það er rétt, sem hæstv. iðnrh. sagði, að þegar við gerðum samninginn við Alusuisse árið 1966 hafði orkuverð verið allstöðugt um langa hríð, og það er ekki fyrr en upp úr 1973, sem orkuverð fer svo ört hækkandi sem raun ber vitni. Eigi að síður var fráleitt að binda landsmenn fram til ársins 1990 um svo til óbreytt eða mjög lítið breytt orkuverð, og þó það allra fráleitasta að fela það á vald erlendum dómstólum að fella úrskurð í deilumálum sem rísa hlutu um framkvæmd þessa samnings á svo löngum tíma.

Ég tel að það tækifæri, sem okkur gafst nú þegar Alusuisse sótti á okkur um meiri raforku til aukinnar framleiðslu á áli í Straumsvík, — tækifæri, sem okkur gafst nú til þess að knýja á um raunverulegar breytingar á þessum samningi sem okkur hefur reynst mjög illa, hafi hvergi nærri verið notað sem skyldi. Einnig liggur í augum uppi að sú verðhækkun á raforku,

sem hér fæst fram, er langt frá því sem hlyti að teljast eðilegt við okkar gefnu aðstæður, að við sættum okkur við orkuverð fyrir neðan 50 aura kwst. Á sama tíma og þó öllu heldur nokkrum missirum eftir að talið var hæfilegt að semja við nýtt fyrirtæki í tengslum við erlendan auðhring hér á landi, málmblendiverksmiðjuna í Hvalfirði, um orkuverð sem samsvarar 10 mill og samtímis því sem norðmenn boða samkv. síðustu fréttum hækkun á raforkuverði til orkufreks iðnaðar upp í 1.80 ísl. kr., þá liggur í augum uppi að fyrirhugað verð á raforku okkar til Alusuisse er fyrir neðan allar hellur.

Þá vek ég athygli á að í frv. því, sem hér um ræðir, er alls ekki frá því gengið að Alusuisse komi upp nauðsynlegum hreinsitækjum við verksmiðju sína. Að vísu er kveðið á um að það verði við viðbótarhluta verksmiðjunnar, en það er alls ekki frá því gengið að bætt verði úr þeirri hróplegu vanrækslu sem okkar samningamönnum varð á, þegar samið var við Alusuisse 1966, þegar ekki var kveðið á um fullkomin hreinsitæki við þessa verksmiðju. Afleiðingin blasir nú þegar við okkur í bláa flúormekkinum í kringum verksmiðjuna og í gróðri hið næsta verksmiðjunni.

Mér skilst að við umfjöllun um þetta mál í iðnn. Nd. hafi þrátt fyrir hólið, sem hæstv. ráðh. bar á n. fyrir störf, nokkuð brostið á að til væru kvaddir allir þeir aðilar sem leita ætti ráða til í þessu máli. Þar á meðal virðist mér að á hafi brostið að rætt hafi verið við bæjarstjórn eða bæjarráð Hafnarfjarðar um þetta mál, en á hafnfirðingum mæðir nú mest mengunin frá þessari verksmiðju.

Eins og ég sagði áðan, þá ætla ég ekki að halda hér langa ræðu um frv. að þessu sinni, mun e. t. v. halda hana lengri þegar skilað verður nál., og vil bera fram þá ósk mína að frv. fái ítarlega meðferð í iðnn. Ed.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IT, JHelg, JÁH, OÓ, StG, AG, AJ, ÁB, EÁ, StH.

HFS, StJ greiddu ekki atkv.

8 þm. (GH, HÁ, IH, JGS, RA, ÞK, EggÞ, GeirG) fjarstaddir.

Frv. vísað til iðnn. með 12 shlj. atkv.

Útvarpslög, frv. (þskj. 355). — 1. umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Við hv. þm. Stefán Jónsson höfum leyft okkur að flytja frv. til l. um breyt. á útvarpslögum svo hljóðandi:

„Í stað fyrri málsl. síðustu málsgr. 15. gr. laganna komi: Í reglugerð má ákveða að þeir, sem njóta tekjutryggingar samkv. lögum nr. 67 1971, verði undanþegnir afnotagjöldum. Rn. skal auglýsa eftir umsóknum samkv. þessari heimild, þannig að allir eigi jafnan kost á undanþágum þessum hvar sem þeir búa á landinu.“

Til að fyrirbyggja hugsanlegan misskilning þykir okkur rétt að taka fram í upphafi að síðasti málsliður 15. gr. um afnotagjöld til blindra verður áfram síðasti málsliður, eins og nú er, þó að breyt. þessi sé á gerð.

Kjör aldraðra og öryrkja eru mjög til umr. og er það vel. Að því fólki eigum við á hverjum tíma að búa sem allra best, og vissulega hafa þar verið stigin stór skref fram á við þó að ekki fari á milli mála að þeir, sem minnst hafa, tekjutryggingarfólkið sem ég svo kalla, sé langtum neðar í kjörum en þeir láglaunahópar á hinum almenna launamarkaði sem þó búa við alls óviðunandi kjör í dag. Tekjutryggingin var þó ein veigamesta réttarbót, sem aldraðir og öryrkjar hafa fengið frá upphafi almannatrygginganna, og bætti kjör þeirra verst settu að miklum mun.

Í verðbólguflóði liðinna ára hafa engir farið jafnilla og þetta fólk. Sparifé þess hefur á einni nóttu rýrnað um tugi prósenta með þeirri almáttugu lækningaaðferð sem gengislækkun nefnist. Sakir þess að grunnur sá, sem reiknað er út frá, er enn svo lágur sem raun ber vitni og enn neðar en almennt tímakaup hinna lægst launuðu, fer ekki hjá því að prósentuhækkanir vega minna þó að jafnar séu hinni almennu hækkun launa í landinu. Allt hjálpast því að til að skerða og þrengja kjör þessa fólks þegar verðbólgan er svona mikil, og því er von að leitað sé einnig leiða til þess að létta útgjöldum af þeim öldruðu og öryrkjum sem minnstar hafa tekjurnar. Skylduútgjöld þeirra geta verið ærin, útgjöld sem þetta fólk getur á engan hátt losnað við. Ég minni aðeins á þá aldraða sem búa á köldu svæðunum, olíukyndingarsvæðunum, og hafa orðið fyrir þungum búsifjum af hinum stórkostlegu olíuhækkunum sem enn sér ekki fyrir endann á. 50% álag á olíustyrkinn bætir þar lítið úr skák. Ég nefndi hér í umr. um daginn dæmi um útgjöld hjóna með tekjutrygginguna eina sem nemur 140 þús. kr. yfir árið þegar olíustyrkurinn hefur verið dreginn frá, en oft verður þetta fólk að búa í óhæfilega stóru og um leið dýru húsnæði, eins og reyndin er varðandi það dæmi sem ég minntist á í umr. um olíustyrkinn um daginn.

Annars er óþarft að hafa hér um mörg orð. Grg. þessa frv. segir flest sem segja þarf um tilgang þess og eðli. Hér er um að ræða rýmkun núgildandi heimildar sem eingöngu nær til þess fólks sem fær uppbót ofan á tekjutrygginguna vegna sérstaklega erfiðra aðstæðna. Í þess stað leggjum við til að tekjutryggingin verði sett sem skilyrði fyrir þessari heimild. Við teljum að það sé næst því sem upphafleg heimild tók til, en þá var miðað við uppbót á venjulegan lífeyri, til komin alllöngu áður en tekjutryggingin kom til sögunnar. Reglugerðartúlkun er hins vegar ótvírætt þannig að aðeins þeir, sem fá þessa sérstöku uppbót ofan á tekjutrygginguna, skuli njóta þessarar undanþágu.

Sannleikurinn um þessa sérstöku uppbót er sá að víða úti á landi a. m. k. er hún nær óþekkt. Fólk veit ekki af rétti sínum, telur fullum rétti náð þegar það hefur fengið tekjutrygginguna, einkum af því að hún er þó veruleg hækkun ofan á elli- og örorkulífeyri. Upplýsingar og leiðbeiningar til þessa fólks eru stórum lakari en t. d. hér á Reykjavíkursvæðinu þar sem ýmsir aðilar, m. a. á vegum borgarinnar sjálfrar, sjá um að hjálpa fólki til að ná þó ótvíræðum rétti. Mér er þó ljóst að stórbætt upplýsingaþjónusta Tryggingastofnunar ríkisins hefur hér um bætt veru-

lega. En þó fékk ég nýlega upp í hendurnar dæmi sem ég ætla ekki að fara að rekja hér. Það vakti furðu mína og hlaut að vísu að skrifast á viðkomandi tryggingaumboð sem alvarlegt andvaraleysi, ef ekki vítaverð vanræksla. En því miður munu fleiri slík dæmi vera og skal ekki nánar út í það farið.

Ég hygg að við getum verið um það fyllilega sammála að fjölmiðlar eins og hljóðvarp og sjónvarp eru þessu fólki flestu ærið miklu mikilvægari en öðrum sem betur geta fylgst með öllu sem er að gerast og eiga meiri og fjölbreyttari afþreyingarmöguleika en aldrað fólk og öryrkjar sem oftlega búa í furðulegri einangrun, stundum sem gleymt af samfélaginu og sínum. Ég held að þetta fólk eigi að njóta þessara fjölmiðla án þess að greiða fyrir það býsna tilfinnanlegan hluta af árslaunum sínum.

Ekki veit ég nákvæmlega hve mikill fjöldi er hér sem njóta mundu til viðbótar, ef heimild fengist til, með þeim ákvæðum vitanlega sem reglugerð segði til um. Um það voru þó nýlega gefnar upplýsingar hér í d. hve margir nytu tekjutryggingar og auðvelt fyrir n. að kynna sér það nánar, þó að sú tala sé vitanlega allt of há miðað við fjölda þeirra sem mundu hugsanlega njóta þeirrar undanþágu sem hér um ræðir, m. a. vegna þess að mjög mörg hjón njóta bæði tekjutryggingar, mig minnir eitthvað um 1250, og eins hitt, að margt af þessu fólki býr hjá sínum og nýtur þar þessara fjölmiðla.

Samkv. þeim tölum, sem hér var um að ræða, minnir mig að fjöld einstaklinga hafi verið nokkuð mikill, um 8800, en hjónin aftur um 1250 eins og ég sagði áðan. En frá þessari tölu dragast vitanlega þeir sem uppbótar njóta þegar í dag, en þar er um að ræða, eftir því sem ég hef komist næst, um 15—20% af þessu fólki eða þeirri tölu sem ég nefndi.

En þegar ég minntist á fólkið sem getur notið þessara fjölmiðla hjá sínum, þá er einmitt komið að þeirri margumtöluðu misnotkunarhættu sem oft er notuð sem mótbára gegn undanþágu sem þessari. Sú misnotkunarhætta felst vitanlega einnig í núgildandi undanþáguheimild, en auðvitað eykst hún nokkuð þegar fleiri koma til. Það er skoðun okkar flm. að umboðsmenn Ríkisútvarpsins geti tiltölulega auðveldlega gengið úr skugga um réttmæti undanþágubeiðni, Tryggingastofnunin svo og sveitarfélögin geti þar veitt upplýsingar einnig sem tryggðu réttmæti þeirra undanþága sem veittar yrðu. En misnotkunarhættan er víða og ef hana ætti ætíð að setja í öndvegi sem mótbáru, þá væru fá réttlætismál sem í gegn kæmust eða hefðu komist.

Ekki höfum við flm. hins vegar neitt á móti því, síður en svo, að reglugerðin yrði þannig útbúin að þessi hætta yrði sem minnst. Við höfum viljandi sett það svona rúmt, þannig að í reglugerðinni megi ákveða að þeir, sem njóta tekjutryggingarinnar alfarið, verði undanþegnir þessum afnotagjöldum. Við höfum ekkert að athuga við það út af fyrir sig þó að þetta verði þrengt nokkuð, en við viljum þó að hér verði töluvert mikil breyting á frá núgildandi skipan.

Menn munu án efa ræða tekjutap viðkomandi stofnunar sem löngum ber við lélegum fjárhag, hversu réttmætt sem það nú er þegar öll kurl koma til grafar. Manni sýnist það nú kannske ekki alveg þegar maður sér þessa fallegu ársskýrslu þeirra myndum prýdda hér á borðum. A. m. k. hefur Ríkisútvarpið haft efni á því að gefa hana út. Það er fagnaðarefni. Rétt er að skoða fjárhagsdæmið vel. Við flm. erum reiðubúnir — og lýsum því yfir í grg. — til að finna leiðir til að bæta hér úr og þó að ég hafi áður gert þar við nokkra athugasemd vegna annars frv. í þessari hv. d., þá þætti okkur ekki ósanngjarnt a. m. k. að bæta hér einhverju ofan á gjaldið sem aðrir betur stæðir greiddu. Athugasemdin, sem ég gerði vegna þeirrar viðbótar hér áður, var vegna þeirra sem njóta þessara fjölmiðla misjafnlega vel í dag, og það á vitanlega við um þetta einnig. En þetta teljum við að allt beri að skoða.

Mönnum þykir e. t. v. undarlegt að við skulum vera með þessa auglýsingaskyldu rn. varðandi umsóknir um undanþágu. En um það er það að segja, að við flm. viljum í lögum ganga sem tryggilegast frá því að allir, sem hér hefðu rétt, eða sem allra flestir væru á þetta minntir með beinni auglýsingu. Við reiknum með því t. d. að reglugerð um þetta efni, þ. e. þessa heimild, geti þrengt að einhverju leyti eða sett vissar skorður við heimildinni sem slíkri, vegna þess að þarna er um heimild að ræða, og það er þá gott að það sé ljóst fyrir fólki hvort það á þarna rétt eða ekki. Hér á nefnilega við það sem ég sagði áðan um misjafna upplýsingastarfsemi og þjónustu eftir því hvar á landinu er. Auðvitað kæmi eins til greina að Tryggingastofnunin sjálf annaðist þessa hlið málsins.

Ég minnist þess t. d. varðandi tekjutryggingunna á sínum tíma, að hálfu ári eftir að hún komst í gildi sendi ég austur til ýmissa aðila þar eyðublöð sem til þurfti. Ég held að út úr því hafi komið milli 40 og 50 fullgildar umsóknir fólks sem áður hafði ekki athugað þennan ótvíræða rétt sinn. Ég held því að þetta ákvæði, sem hér er sett inn um auglýsingaskyldu rn. sé fyllilega réttmætt þó að um form megi athuga betur og við séum vissulega til viðtals um breyt. á því ef ástæða þykir til.

Ég hef ekki ástæðu til að gera þessu máli frekari skil. Ég held að hér sé ekki um að ræða neina ofrausn. Þessi fríðindi koma sér jafnvel eða betur en bein hækkun á útborguðum upphæðum til þessa fólks. Ég vísa aðeins til grg. okkar, niðurlags hennar, þar sem segir: „Samfélagið á að koma til móts við þetta fólk þar sem þess er kostur og á heim sviðum þar sem þörfin er brýn. Allt. sem þokar á einhvern hátt burt einmanaleik allt of marga úr þessum hópi, telst til brýnustu samfélagsþarfa þessa fólks. Því er lagt til að heimild þessi verði rýmkuð svo að fleiri njóti hér góðs af."

Ég veit að þetta frv. mun út af fyrir sig eða meginhugsun þess eiga sér góðan hljómgrunn. Við væntum því skjótrar og farsællar afgreiðslu þess. Og að lokinni þessari umr. leyfi ég mér að óska þess að frv. verði vísað til hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 71. fundur.

Mánudaginn 1. mars, kl. 2 miðdegis.

Kafarastörf, frv. (þskj. 31, n. 365, 366). — 2. umr.

Frsm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Efni þessa frv. er, að setja lög um kafarastörf. Lög um þessi störf hafa ekki verið fyrir hendi fram að þessu og er talin þörf á því að fastákveða í lögum hvaða skilyrðum viðkomandi þurfi að fullnægja til þess að fá að stunda slík störf í atvinnuskyni.

Allshn. hefur leitað umsagna þriggja aðila, þ. e. a. s. Félags ísl. kafara, öryggismálastjóra og Siglingamálastofnunar ríkisins. Allir þessir aðilar hafa mælt með samþykkt frv.

Gert er ráð fyrir í því frv. að Siglingamálastofnun ríkisins hafi eftirlit með því að reglum sé fullnægt, og í umsögn sinni hefur Siglingamálastofnunin lagt áherslu á það að jafnframt samþykkt frv. þyrfti að bæta við starfslið þeirrar stofnunar. Allshn. telur það vera álitamál, en þrátt fyrir að eitthvað þurfi að bæta við starfslið stofnunarinnar, þá sé engu að síður nauðsynlegt að samþ. þetta frv. Þá verður að skoða málefni Siglingamálastofnunar sérstaklega þegar þar að kemur.

Mál þetta er að mati n. nauðsynlegt og mælir hún því með samþykkt frv. Þess má geta að í Félagi ísl. kafara munu vera um 30 einstaklingar, en aðeins um 6 menn sem stunda kafarastörf sem atvinnu og leggja þeir mikla áherslu á nú sem áður að frv. verði samþ. sem lög.

Allshn. mælir með frv., sem fyrr segir, en leggur til að tvær breyt. verði gerðar á því. Breyt. á 6. gr. frv. er fyrst og fremst breyt. á orðalagi, þannig að sú gr. sé betur og skýrar orðuð. Er ekki ástæða til að skýra það frekar. Hin breyt. er á 3. gr., þar sem segir að hver sá, er stunda vill köfun, skuli fullnægja eftirtöldum skilyrðum, þ. á m. að hann sé fullra 16 ára. N. leggur til að þetta aldursmark sé hækkað í 20 ár, telur þetta vera áhættusamt starf og erfitt og því eðlilegt að gera kröfu til þess að kafarar hafi náð þessum aldri.

Í frv. eru, eins og fyrr segir, skýrð þau skilyrði, sem fullnægja þarf, og jafnframt gert ráð fyrir að settar séu reglur um útbúnað tækja, eftirlit, ábyrgð o. s. frv., sem ég mun ekki lýsa hér. Fyrir hönd allshn. lýsi ég því yfir, að n. mælir með samþykkt þessa frv. með þeim breyt., sem ég hef gert grein fyrir.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. allshn. fyrir að hafa skilað þessu áliti. Ég tel það mikla nauðsyn að mál, sem almenn samstaða er um, séu afgr. á þeim tíma þegar minna er að gera um afgreiðslu þingmála en vill vera þegar líður að þinglokum. Ég vil líka segja það, að ég tek undir þær breyt. sem fyrir liggja. Ég tel þær til bóta og mun því styðja þær. Ég endurtek þakklæti mitt til n. og vona að hv. d. láti þetta frv. ná fram að ganga sem fyrst.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 366,1 samþ. með 23 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
4.—5. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 366,2 (ný 6. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
7.—11. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Sauðfjárbaðanir, frv. (þskj. 362). — 1. umr.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 362 er frv. til laga um sauðfjárbaðanir. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er að meginefni til samið af milliþn. Búnaðarþings vegna margra og ítrekaðra áskorana um breyt. á löggjöf um baðanir í þá átt að létta böðunarskylduna. Frv. gerir ráð fyrir því að þetta verði gert á þann hátt að ráðh. verði heimilt að veita undanþágu í tilteknum hólfum þar sem óþrif hafa ekki sést á fé um árabil. Til þess að auka öryggi um að böðunarundanþágan verði ekki til þess að stuðla að óþrifum á sauðfé er sett í frv. ákvæði um vottorðsgjafir frá tilteknum opinberum og hálfopinberum starfsmönnum og meðmæli með undanþáguheimild. Þeir aðilar, sem hér er um að ræða, eru í fyrsta lagi sýslunefndir á viðkomandi svæði, yfirdýralæknir og héraðslæknir. Meðmæli þessara aðila allra þurfa að liggja fyrir til þess að hægt sé að veita þessar undanþágur. Þetta tel ég að eigi að vera nægjanleg trygging til þess að ekki verði farið með gáleysi að í þeim efnum. A. m. k. verður þá að verða allmikil breyting á ef svo ætti að vera.

Það ákvæði í frv., að ekki skuli að öllu jöfnu baða fyrr en fé er komið á hús, á að sporna við að óbaðað og baðað fé renni saman og um leið að minnka líkur á dreifingu óþrifa í sauðfé frá einum bæ til annars. Ákvæði í núgildandi lögum um sérsmölun vegna baðanna er því fellt niður.

Meginbreytingin, sem í frv. felst, er undanþáguheimildin sem er í 3. gr. sem ég vitnaði til áðan. Verður hún að teljast réttmæt því að hún á að geta sparað fjáreigendum fé og fyrirhöfn, og þess má vænta að hún verði rík hvatning fjáreigendum á landssvæðum, sem ekki fá undanþágu frá böðunarskyldu, til þess að herða sóknina og útrýma óþrifum í fé sínu með öllu. Væri vel ef svo tækist til.

Ég sé ekki ástæðu til að skýra frekar þetta frv. því að það skýrir sig sjálft. Ég tel eðlilegt að rýmka böðunarskylduna frá því, sem er, vegna þeirrar reynslu sem þegar er fengin.

Ég vona, herra forseti, að n. sú, sem fær þetta mál til meðferðar, landbn., noti nú tímann til þess að skila áliti sem fyrst svo að þetta mál megi ná fram að ganga nú meðan störf þingsins eru í meiri rólegheitum en síðar verður. Ég leyfi mér svo að leggja til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til landbn. með 25 shlj. atkv.

Meðferð einkamála í héraði, frv. (þskj. 47, n. 370). — 2. umr.

Frsm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Frv. til l. um breyt. á lögum nr. 85 frá 1936, um meðferð einkamála í héraði, hefur verið til meðferðar í allshn. Frv. felur í sér þá breyt. að aðalefni til að heimilt sé að nota hljóðritanir við meðferð dómsmála.

Þetta frv. var til meðferðar hér í hv. d. á s. l. vetri, en fékk ekki afgreiðslu. Það kom þá til meðferðar allshn., og voru nokkrar efasemdir þá uppi í n. um það hvort rétt væri að stíga þetta skref. Þar komu m. a. fram þau sjónarmið að ef slík heimild væri fyrir hendi í lögum, þá mundi verða minna úr varðveislu skráðra gagna og sögulegt gildi um gang mála yrði ekki nægilega traust. Þess vegna var þessu frv. á s. l. vetri vísað til aðila eins og Sögufélagsins, þjóðskjalavarðar og Háskólans, en umsagnir frá þessum aðilum bárust ekki, svo að þessir aðilar virðast ekki líta svo á að þetta hafi teljandi áhrif á starfsemi viðkomandi aðila.

Fyrir hendi er nú þegar heimild í lögum til þess að nota segulbönd og hljóðritanir við dómsmál eða á dómþingum, en sú heimild er í lögum um meðferð opinberra mála. Sú heimild hefur verið mjög lítið notuð. Fyrir nokkrum árum, eða nánar til tekið 1972, hófst hljóðritun á dómþingum í Bæjarþingi Reykjavíkur eða Borgardómi Reykjavíkur, en þær hljóðritanir voru notaðar af fáum dómurum og í tiltölulega sérstæðum málum. En af þeirri reynslu, sem fengist hefur við meðferð hljóðritana, þykir nú ástæða til að setja lagaákvæði um þessa aðferð og þá hvernig með skuli farið.

Borgardómarar hafa lagt til að hljóðritanir séu látnar koma að öllu leyti í stað bókana í sumum þinghöldum, en réttarfarsnefnd, sem hefur útbúið þetta frv., hefur talið rétt að stíga þetta skref aðeins skemmra og tekur fram að jafnan skuli færð tiltekin atriði til bókar þegar ástæður þykja til, en þessu megi þó breyta síðar meir.

Enginn vafi er á því að með þessari breytingu má hraða málsmeðferð mjög. Það dregur úr því að mál gangi of seint fyrir sig, sem hefur nú loðað við dómstóla hér á landi þeim til tjóns og réttaröryggginu sömuleiðis. Það er því án efa til bóta fyrir málsaðila, bæði þá, sem vinna að málum, lögmenn og dómara, svo og aðila mála, að þessi breyting sé gerð, þannig að hraða megi gangi mála. Réttaröryggi ætti að vera hið sama þrátt fyrir breytinguna. Tiltrú almennings ætti að aukast með því að mál gangi hraðar og úrskurður sé kveðinn fyrr upp en nú er raun á.

Þetta er aðalefni frv., og allshn. hefur mælt með því, að frv. verði samþ. Eina breyt. leggur n. til, en hún er sú að við frv. bætist ný gr., svo hljóðandi: „Lög þessi öðlast þegar gildi.“ Þetta virðist hafa fallið niður og vill allshn. bæta hér úr. Að öðru leyti er sem sagt lagt til að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 370 (ný gr., verður 5. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi, frv. (þskj. 331). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi. Samhljóða frv. var lagt fyrir 94. og 96. löggjafarþing, en varð ekki útrætt. Það er undirbúið af n. sem fyrrv. menntmrh. skipaði 29. apríl 1971. Nál. og umsagnir voru prentaðar með frv. við fyrri flutning og eru ekki endurprentaðar hér.

Meginstefna þessa frv. er sú að nemendur, sem lokið hafa skyldunámi, eigi þess kost að afla sér sérmenntunar til undirbúnings fyrir störf í viðskiptalífinu um leið og þeir treysta almennt þekkingargrundvöll sinn, eins og gengur og gerist. Með vísun til ítarlegra athugasemda, sem þessu frv. fylgja, svo og til ræðu, er ég flutti við 1. umr. hér í hv. d. í fyrra og prentuð er í 5. hefti Alþingistíðinda 1974, þá mun ég ekki eyða tíma hv. d. í að rekja einstök efnisatriði málsins að þessu sinni.

Þörf traustrar menntunar á viðskiptasviðinu hefur vaxið hröðum skrefum með auknum umsvifum á þjóðarbúinu og æ fjölþættari atvinnu- og viðskiptaháttum. Ríki og sveitarfélög hafa haft forustu um útfærslu og eflingu menntakerfisins í flestuum greinum. Um viðskiptafræðsluna er hins vegar þá sögu að segja, að þungi hennar hefur hvílt á samtökum verslunarinnar sem rekið hafa tvo einkaskóla: Verslunarskóla Íslands og Samvinnuskólann í Bifröst, með verulegum styrkjum úr ríkissjóði. Í þessu frv. er gert ráð fyrir að þessir skólar haldi áfram að starfa á vegum samtakanna, en með auknum stuðningi ríkisvaldsins. Jafnframt er ætlast til að námið verði þáttur í meira eða minna samræmdri menntun á framhaldsskólastiginu almennt og geti t. d. farið fram í fjölbrautaskólum, þegar þeir koma til skjalanna, og svo í sérstökum verslunarskólum eftir því sem sérhæfing námsins gerir kröfur til.

Starfs- og rekstraraðstaða Verslunarskólans og Samvinnuskólans er orðin mjög erfið. Fráleitt er, held ég sé óhætt að segja, að gera ráð fyrir rekstri þessara skóla til langframa á svipuðum grundvelli og nú á sér stað. Ég hygg að það verði ekki undan því vikist að ríkið taki vaxandi þátt í rekstri þeirra eins og annarra skóla á framhaldsskólastiginu. Hvenær og að hve miklu leyti, það er kannske álitamál, en ég vona að Alþ. það, er nú situr, geri það dæmi upp áður en þingi lýkur í vor.

Eins og áður segir er frv. flutt óbreytt frá fyrra formi. Er þá t. d. gert ráð fyrir því, að aukin þátttaka ríkissjóðs í rekstri einkaskólanna falli á í einum áfanga. Þetta tel ég að þurfi sérstakrar skoðunar við, eins og nú er ástatt um fjármál ríkissjóðs, og vænti góðrar samvinnu við hv. menntmn. og hv. þdm. yfir höfuð um meðferð þessa máls.

Ég mun láta menntmn. þessarar hv. d. í té

endurskoðaða áætlun um kostnaðarauka ríkissjóðs af framkvæmd þessa frv. ef það yrði að lögum.

Á útmánuðum 1974 afgreiddi Alþ. lög um grunnskóla. Þetta var umfangsmikil löggjöf sem inniheldur mörg nýmæli, enda er beinlínis gert ráð fyrir því í löggjöfinni sjálfri að það taki allt að 10 ár að koma þeim öllum í framkvæmd. Unnið er að reglugerðum og öðrum nauðsynlegum undirbúningi og einstökum þáttum hefur raunar þegar verið hrundið í framkvæmd. Í beinu framhaldi af þessari lagasetningu og í raun að nokkru samhliða henni hefur farið fram og fer fram endurskoðun á framhaldsskólastiginu, einstökum þáttum þess í heild. Frv. um viðskiptafræðslu á að geta fallið inn í þá heildarendurskoðun í megindráttum, að ég ætla.

Mér þykir rétt að rifja hér upp með örfáum orðum hvað líður þessari endurskoðun, af því að það tengist vissulega því frv. sem hér er til umr. og einnig vegna þess að það er mjög oft spurt um þetta.

Ég vil þá fyrst taka fram að það er sammæli þeirra, sem um þessi mál fjalla í menntmrn., að meginmarkmið endurskoðunar framhaldsskólastigsins sé að auka fjölbreytni í framboði námsefnis, þannig að sem allra flestir fái nám við sitt hæfi, og gera námið hagnýtt og þroskandi, flétta saman bóknám og verknám, tengja sem best verkmenntun skólanna og lífandi atvinnu og athafnalíf í landinu, eyða blindgötum sem nú ber mikið á í menntakerfinu og greiða leið milli mismunandi námsbrauta, þannig að nemendur geti flutt sig til þegar það þykir henta og komist inn í nám að nýju þótt þeir hætti um stund.

Það fer svo ekki á milli mála að óhjákvæmilegt er að samræma kostnaðarþátttöku ríkis og sveitarfélaga á hinum ýmsu sviðum framhaldsskólastigsins, en þar er mjög mikið ósamræmi eins og nú standa sakir, eins og menn vita, sbr. að menntaskólar eru kostaðir að fullu af ríkissjóði, iðnskólar 50% af ríkissjóði, fjölbrautaskólar 60% af ríkissjóði o. s. frv. Þetta verður að samræma fyrr en síðar.

Langmest forvinna hefur farið fram á verkmenntasviðinu. Verk- og tæknimenntanefnd starfaði eitt ár og skilaði ítarlegu nál. 1971. 15. febr. 1973 var skipuð n. til að enduskoða lög um iðnfræðslu. Hún skilaði áliti 19. des. 1975 sem meiri hl. n. stóð að, en sérálit bárust frá tveim nm. og athugasemdir frá þeim þriðja. Fleiri álitsgerðir liggja fyrir sem snerta með einum eða öðrum hætti verkmenntaþáttinn og einstaka afmarkaða liði hans.

Þá má enn geta þess, að hafin er umfangsmikil vinna við gerð nýrrar námsskrár fyrir iðnfræðslustigið.

Fleiri einstakir þættir framhaldsskólastigsins hafa verið teknir til sérstakrar skoðunar, sbr. það frv. sem hér liggur fyrir o. s. frv. Þá er þess að geta að 25. nóv. 1974 var skipuð n. til þess að endurskoða skólaskipan framhaldsskólastigsins í heild. N. þessa skipa nokkrir deildarstjórar menntmrn. og er Hörður Lárusson formaður hennar. Er gert ráð fyri að þessi n. geti lokið störfum innan fárra vikna og ég er raunar að vona að það geti orðið í þessum mánuði.

Nýlega gerði einn nm. nokkra grein fyrir þeim viðhorfum sem einkum eru uppi í þessari nefnd. Ég vil leyfa mér að rifja upp ummæli hans, en hann sagði á þessa leið:

„Starf framhaldsskólanefndar hefur einkum beinst að eftirtöldum fjórum meginþáttum: 1) Skipulagi framhaldsskólastigsins. 2) Námsefni skólanna. 3) Nýtingu kennslustofnana sem til eru í landinu. 4) Fjármagnsþörf framhaldsskólastigsins.

Framhaldsskólanefnd telur að stefna beri að því að leggja fram á Alþ. till. að heildarlöggjöf um allt framhaldsskólastigið. N. hefur því í tillögugerð sinni gert till. um samræmdan framhaldsskóla sem í megindráttum greinist í 8 námsbrautir sem hver fyrir sig taki til ákveðins hluta framhaldsskólans og með ákveðnu yfirfærslugildi á aðrar námsbrautir sem ákvarðast af námsefni samkv. námsskrá. Kosti þessa skipulags telur n. vera einkum þá, að allar námsbrautir hafa jafnt vægi í framhaldsskólunum, blindgötur verða ekki og allir nemendur, sem hafa löngun og getu, eiga þess kost að búa sig undir háskólanám, burt séð frá því af hvaða braut þeir koma. En námsmagn það, sem til boða stendur, getur verið mismunandi mikið. Nýting kennsluefnis á að aukast og námseftirlit að verða auðveldara. Með þessari námsskipan á að vera unnt að fullnýta allar menntastofnanir, sem til eru í landinu núna, og fá þeim sérstök verkefni að vinna, eins og þær hafa í kerfinu nú. Fjölga mætti námsþáttum skóla frá því sem nú er án þess að tilkostnaður aukist, en það nýttist betur mörgum stöðum á landinu sem hafa upp á mjög fábreytt námsval að bjóða."

Þegar þessi framhaldsskólanefnd hefur skilað till. sínum til rn., en eins og áður segir er þess að vænta innan mjög fárra vikna, þá verður rækilega um þær fjallað á hinum ýmsu skólastigum og af sem allra flestum þeim sem láta sig þessi mál varða og þá með umr. og athugunum, hliðstætt því sem gert var við setningu grunnskólalaganna, eða þá á annan hátt.

Ég mun sérstaklega hlutast til um að menntmn. hv. Alþ. verði strax gerð grein fyrir niðurstöðum þessarar n. þegar þær liggja fyrir, því að líklegt má telja að heppilegt þyki að gefa þeim niðurstöðum auga um leið og fjallað er um frv. eins og t. d. þetta frv. sem ég er nú að mæla fyrir.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa þessi orð öllu fleiri. Mér fannst ástæða til að víkja að þessu í sambandi við einmitt þetta frv. Setning löggjöfar um framhaldsskóla er vissulega ákaflega vandasamt verk og umfangsmikið. Það ríður áreiðanlega á mjög miklu að gott samstarf takist um framkvæmd þess með skólamönnum, með forsvarsmönnum atvinnulífsins og forustumönnum í stéttasamtökum, í sveitarstjórnarmálum, í landsmálum og öðrum þeim sem einkum láta sig þessi mál varða og um þau fjalla.

Ég vil svo, herra forseti, leggja til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. menntmn.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. A. m. k. var framsaga hæstv. menntmrh. heldur rýr varðandi það frv. sem hér er til umr. enda þótt margt annað athyglisvert kæmi fram í ræðu hans.

Honum láðist að geta þess hversu mikinn kostnaðarauka þetta frv. hefði í för með sér. Að vísu hét hann því að menntmn. mundi fá kostnaðaráætlun í hendur, en það er vitaskuld alls ófullnægjandi. Áætlun um kostnaðarauka ríkissjóðs hefði átt að liggja fyrir við 1. umr., því að í raun og veru er einn stærsti þáttur þessa frv. ríkisútgjöldin sem það hefur í för með sér.

Eins og kom fram í máli hæstv. ráðh. er þetta í þriðja sinn sem frv. til laga um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi er lagt fram hér á Alþingi.

Í þessu frv. er annars vegar kveðið á um skipulag viðskiptamenntunar á framhaldsskólastigi og hins vegar er kveðið á um lögbundin fjárframlög til tveggja skóla í landinu, Verslunarskóla Íslands og Samvinnuskólans. Hér er gert ráð fyrir því að ríkið greiði að fullu rekstrarkostnað þessara tveggja skóla, 80% af rekstrarkostnaði heimavista og 80% af stofnkostnaði skólahúsnæðis og heimavistar. Hér er því, eins og ég áður sagði, um mjög umtalsverða þátttöku ríkisins að ræða í starfsemi þessara tveggja skóla.

Í grg. frv. kemur fram að miðað við starfsáætlanir skólanna fyrir árið 1973—74 er reiknað með að ríkisframlagið til rekstrar verði 12—15 millj. vegna Samvinnuskólans, en vegna Verslunarskólans 45—50 millj. Ég hygg að það megi örugglega hækka þessar upphæðir nú um 100%, ef ekki meira. En við höfum sem sagt ekkert fengið að vita um það hér við 1. umr. hvað þetta kæmi til með að kosta.

Enda þótt ég sé hlynnt því að samræmd sé uppbygging og námsskrá viðskiptamenntunar í landinu og sams konar menntun sé veitt í einkaskólum og almennum framhaldsskólum, þá hlýt ég að segja það, að ég varð meira en lítið undrandi þegar ég sá að þetta frv. var komið á borð þingmanna. Mín fyrsta hugsun var sú, svona skömmu eftir afgreiðslu fjárl.: Lumar hæstv. menntmrh. á einhverjum peningum sem verja má til menntamála, og ef svo er, er þetta þá að hans dómi brýnasta viðfangsefnið um þessar mundir? Er þá ekkert mikilvægara við þá peninga að gera?

Okkur þm. er afgreiðsla fjárl. enn í fersku minni. Framlög til skóla og menntamála voru skorin miskunnarlaust niður. Ég skal aðeins rifja upp nokkur dæmi. Í fjárveitingum til grunnskóla um land allt var við það miðað að enginn aðili, sem á fyrri fjárlögum hlaut fjárveitingar til undirbúnings bygginga, megi hefja framkvæmdir á þessu ári. Reykjavík fékk t. d. til skólamála aðeins um það bil helming þess sem borgin hafði vænst til að standa undir sinni framkvæmdaáætlun. Á s. l. sumri var tekin ákvörðun um fækkun kennslustunda í grunnskólum og er ekki enn séð hvaða afleiðingar það kemur til með að hafa fyrir starfsemi grunnskólanna. Og síðast, en ekki síst má minnast þess hvernig farið var með iðnskólana við afgreiðslu fjárlaga. Í því sambandi vil ég leggja áherslu á að verði þetta frv. að lögum mun Verslunarskólinn einn fá margfalt meira ríkisframlag en allir iðnskólar í landinu fengu til sinna framkvæmda á þessu ári. Hæstv. menntmrh. hefur þó lýst því yfir að hann telji það eitt brýnasta verkefnið í menntamálum að efla verkmenntun í landinu, og hann lofar því að vísu enn. En með ráðstöfun fjármuna af þessu tagi er þess ekki að vænta að sú uppbygging muni ganga mjög hratt.

Ég hlýt að segja það, að mér er af þessum ástæðum nánast óskiljanlegt að hæstv. menntmrh. skuli leggja áherslu á að fá þetta frv. samþykkt eins og nú er komið.

Til viðbótar þessum samanburði við iðnskólana má einnig benda á að til iðnskóla greiðir ríkið aðeins helming stofnkostnaðar. Með þessu frv. hyggst ríkið greiða 80% af stofnkostnaði Verslunarskólans og Samvinnuskólans. Af heildarrekstrarkostnaði til iðnskóla greiðir ríkið 85—90%, en samkv. frv. á ríkið að greiða allan rekstrarskostnað Verslunarskólans og Samvinnuskólans. Hér á að gera talsvert betur við þessa tvo skóla en iðnskólana. Ég gat ekki greint að fram kæmu hjá hæstv. ráðh. nein rök fyrir því hvers vegna þetta mál væri svona brýnt. Í rauninni horfir málið á hinn veginn fyrir mér.

Eins og ég hef getið um hér áður, þá hef ég á fyrri þingum ekki verið andvíg meginefni þessa frv. vegna þess að ég tel nauðsynlegt að samræma þessa menntun. En í báði skiptin, sem þetta hefur verið til meðferðar hér á þingi, það mun raunar hafa verið í Nd. í fyrra og í Ed. árið áður, hef ég talið þetta frv. í veigamiklum atriðum svo meingallað að það væri engan veginn hægt að samþykkja það eins og það lægi fyrir, jafnvel þó menn vildu framgang þess á þingi.

Í fyrra hefði verið hægt að afgreiða þetta frv. Ég hygg að tímaskortur hafi ekki ráðið því að frv. náði ekki fram að ganga. En ég minnist þess að hæstv. menntmrh. lagði ekki sérstaka áherslu á að það yrði afgreitt, m. a. vegna þess að það fól í sér mikil fjárútlát fyrir ríkið. Ég er í rauninni sömu skoðunar nú og hæstv. menntmrh. var í fyrravor. Ég tel að forsendur fyrir samþykkt þessa frv. séu gjörbreyttar, og ég sé enga ástæðu til þess að afgreiða þetta mál á þessu þingi.

Þetta er fyrst og fremst spurning um forgang í mínum huga. Vegna efnahagsstefnu ríkisstj. býr skólakerfið á öllum stigum við fjárskort svo að horfir til stór vandræða. Og ég tel að hér sé engan veginn um að ræða það forgangsverkefni í menntamálum, að nauðsynlegt sé að knýja á um framkvæmd þessa máls.

Um einstök atriði frv. má kannske segja að ég þurfi ekki að fjalla, þar sem afstaða mín er þegar komin fram til afgreiðslu þess nú. En til viðbótar því tel ég samt rétt við 1. umr. að benda á að þrátt fyrir þau miklu ríkisútgjöld, sem þarna á að lögbinda, er ekki gert ráð fyrir því að eignarhluti ríkisins í Verslunarskóla Íslands og Samvinnuskólanum sé viðurkenndur né er gert ráð fyrir því að hið opinbera eigi nokkra hlutdeild í stjórnun skólanna. Í öllum lögum um skólastofnanir, sem ríkið á og stendur að með öðrum, t. d. sveitarfélögum, er skýrt kveðið á um að slík skólamannvirki skuli vera eign ríkis og sveitarfélaga í sömu hlutföllum og stofnkostnaður er greiddur. Af þessu frv. er ekki annað að skilja en framlög ríkisins eigi að vera

eign skólanna, og ég hygg að slíkt sé alveg fordæmalaust. Ég fæ ekki komið auga á nein þau rök er mæli með því að einkaaðilar njóti forréttinda umfram sveitarfélög að því er varðar eign og umráð yfir almannafé.

Það væri líka eðlilegt að hið opinbera hefði fulltrúa í skólanefndum, en ákvæði um skólanefndir við þessa tvo skóla vantar alveg í frv. Þar ætti auðvitað að vera skólanefnd, sem menntmrn. eða hið opinbera ætti fulltrúa í, og raunar óhjákvæmilegt að mínum dómi að hið opinbera hafi hönd í bagga með því hvernig því fé, sem veitt er til skólanna, er varið. Ég minnist þess, að þegar frv. var fyrst lagt fram og þá fyrir Ed., þá kom fram í ræðum manna að Samvinnuskólinn gat vel hugsað sér slíkt fyrirkomulag, en Verslunarskóli Íslands mun hafa verið því mótfallinn. Hér virðist mér það vera skylda þm. að gæta samræmis.

Hæstv. menntmrh. vék að endurskoðun á heildarskipulagi framhaldsmenntunar, og var ánægjulegt að heyra að það starf er vel á veg komið og tillagna er að vænta innan nokkurra vikna, eins og kom fram í ræðu hans. Hins vegar vantaði alveg rök fyrir því hvers vegna nauðsynlegt er talið að taka þennan eina þátt út úr í stað þess að bíða eftir tillögum um heildarskipulag. Ef það starf gengur vel og ekkert verður til að tefja það, þá virðist mér vel hugsanlegt að slík heildarlöggjöf yrði lögð fyrir næsta Alþ. Ég skildi mál hæstv. menntmrh. svo. Þess vegna er í rauninni verið að fara hér aftan að hlutunum með því að taka þennan þátt framhaldsmenntunar út úr.

Í fréttabréfi menntmrn. frá 31. des. 1975 er greint frá þessari n. í rn. og þar er greint frá því að þessi framhaldsskólanefnd hafi haft til hliðsjónar ýmsar álitsgerðir og með m. a. þetta frv. Síðan segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„N. er nú langt komin með gerð tillagna um skipan námsbrauta á framhaldsskólastigi og vinnur jafnframt að undirbúningi framkvæmdaáætlunar og athugun á hvernig núv. stofnanir og skólahúsnæði falli að nýrri og samræmdri skipan.“

Hér virðist mér vera komið að kjarna málsins, að það séu eðlilegri vinnubrögð að hyggja fyrst að samræmingu og heildarskipulagi og sjá síðan hvernig hinir ólíku þættir falla inn í það. En með þeim vinnubrögðum að afgreiða einstaka þætti fyrst er hætt við að ýmislegt muni raskast, sem ella hefði fallið inn í heildarlöggjöfina, og þá sé ekki fyrir hendi sá sveigjanleiki í mótun heildarskipulagsins sem þurft hefði að vera.

Þetta hefði ég talið eðlilegri vinnubrögð, bæði fyrir skólamálin í heild og eins fyrir alþm. Það hefði verið traustari grundvöllur fyrir þá til þess að móta afstöðu til þessa máls og annarra.

Herra forseti. Ég orðlengi þetta ekki frekar, en ég ítreka óánægju mína með að það skuli ekki hafa legið kostnaðaráætlun fyrir hér strax við 1. umr. Og ég endurtek það sem ég sagði, að ég tel óeðlilegt að veita svona mikið ríkisfjármagn til tveggja skóla í landinu þegar skornar hafa verið niður fjárveitingar til skóla á öllum stigum skólakerfisins.

Umr. frestað.

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 345). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. það til breytinga á almennum hegningarlögum, sem hér er lagt fyrir hv. Nd., fjallar um breytingu á allmörgum gr. almennra hegningarlaga.

Frv. er samið af svokallaðri hegningarlaganefnd, sem nú vinnur að endurskoðun á ýmsum þáttum hegningarlaga. Í þessari hegningarlaganefnd sitja sérfróðir menn í refsiréttarfræðum. Ég hef talið rétt að leggja frv. fram eins og það kom frá henni, enda verð ég að játa að ég er ekki neinn sérfræðingur í þeim fræðum. En ég get hins vegar sagt það, að mér persónulega finnst sumt í þessu frv. orka tvímælis.

Veigamestu breytingarnar eru varðandi sektarákvæði, sem fjallað er um í 4.—7. gr. frv., og um rangan framburð, sem fjallað er um í 12.—15. gr. þessa frv. En auk þess fjallar frv. um nokkrar minni háttar lagfæringar og breytingar sem ég mun aðeins víkja hér að á eftir.

Í 50. gr. hegningarlaganna er kveðið á um hver skuli vera lágmarks- og hámarksupphæð sektar. Segir þar nú að ekki megi gera manni á hendur lægri sekt en 4. kr. og ekki hærri en 30. þús. kr., nema sérstök lagaheimild sé fyrir því að ákveða sekt hærri eða lægri. Þetta ákvæði hefur staðið óbreytt frá setningu hegningarlaganna 1940, en með l. nr. 14 frá 1948 var svo fyrir mælt að þar sem fésektir eru ákveðnar í lögum án tillits til núgildandi verðlags skuli lágmark þeirra og hámark breytast eftir vísitölu sem kaupgjald er greitt eftir á hverjum tíma. Þar sem ekki hefur verið um að ræða samfelldan útreikning á slíkri vísitölu kaupgjalds hefur dómstólum reynst örðugt að reikna út sektarfjárhæðir í samræmi við framangreint ákvæði. Er því lagt til nú að hegningarlagagr. verði breytt þannig að felld verði niður lágmarkssekt, en hámarkssekt 4 milljónir. Miðast sú fjárhæð við útreikning sem gerður hefur verið á þróun vísitölu vöru og þjónustu frá árinu 1939 til byrjunar nóv. 1975. Ekki er þá tekið tillit til þeirrar kaupmáttaraukningar sem orðið hefur á tímabilinu, þannig að ætla má að 4 millj. kr. sektarhámark í dag sé síst hærra en 30 þús. kr. hámarkið var 1939.

Sektarmörk þau, sem greind eru í þessari gr. hegningarlaganna, ákveða ekki einungis sektir sem fjallað er um í hinum almennu hegningarlögum, heldur einnig sektir sem greindar eru í sérrefsilögum og ekki er tilgreint hámark eða lágmark á í viðkomandi lögum. Þau sérrefsilög, sem kveða á um tiltekið sektarlágmark eða hámark, halda hins vegar gildi sínu, en ljóst er að þörf er á breyt. á slíkum ákvæðum, sérstaklega í eldri lögum.

Það, sem leikmanni gæti sjálfsagt dottið í hug í þessu sambandi, er hvort það sé nauðsynlegt að ákveða hámark sektar í lögum, hvort það sé ekki hægt að láta það vera algjörlega á valdi dómstóla, þannig að þeir geti metið hæfilega sekt hverju sinni eftir því sem þeir telja við eiga. Frá því sjónarmiði hefði getað komið til greina að fella niður sektarhámarkið eins og sektarlágmarkið. Þetta mun hins vegar stangast á „teoríu“ refsiréttarfræðinga sem telja að það

verði að vera tiltekið í lögum hámark fyrir þeirri refsingu sem dæma má. Ekki vil ég vefengja að það sé rétt, þó að mér sýnist að hitt gæti út af fyrir sig komið til greina, að fela dómstólunum vald til þess að dæma þær sektir sem þeir teldu við eiga í hverju falli, án þess að þetta væri bundið við ákveðið hámark eða lágmark.

Fljótt á litið virðist þetta hámark, sem þarna er sett, 4 millj. æðimikið. En það samsvarar þó, eins og ég var að segja, ekki nema 30 þús. kr. 1939. Og sannleikurinn er sá að sum þeirra brota, sem framin eru í dag og varða fjárhagsmisferli, geta leikið á svo háum fjárhæðum að það gæti hugsanlega komið fyrir tilfelli þar sem ekki þætti óeðlilegt að hægt væri að dæma hærri sekt en þetta. En þetta eru að sjálfsögðu atriði sem sú n., sem fær frv. til meðferðar, tekur til nánari athugunar.

Enn fremur er í frv. þessu lagt til að nokkrar aðrar breyt. verði gerðar á sektarákvæðum hegningarlaganna, svo sem á 49. gr., þar sem lagt er til að heimilað verði að dæma fésekt jafnframt refsivist þegar ákærði hefur aflað sér eða öðrum fjárvinnings með brotinu eða það hefur vakað fyrir honum. Þetta er nýmæli og það tel ég til bóta tvímælalaust.

Í 7. gr. þessa frv. er lagt til að staðfest verði sú dómvenja, sem myndast hefur, að sé maður sektaður fyrir háttsemi, sem honum sé ósaknæm, þá skuli vararefsing ekki ákveðin.

Í 12. gr. frv. er lagt til að 142. gr. verði breytt þannig að felld verði niður lágmarksrefsing, sem nú eru 3 mánuðir, fyrir rangan framburð fyrir rétti eða stjórnvaldi sem heimild hefur til heitfestingar. Sömuleiðis er lagt til að felld verði niður 2. málsgr. sem fjallar um aukna refsingu við heitfestri skýrslu, en þar er nú kveðið á um allt að 8 ára fangelsi fyrir slíkt athæfi.

Breytingar þær, sem lagt er til að gerðar verði á 143., 145. og 148. gr., sem allar fjalla um rangan framburð, eru einungis gerðar til samræmis við breytingu sem lagt er til að gerð verði á 142. gr. Þau rök, sem færð eru fram fyrir þeirri breytingu sem hér er lagt til að gerð sé, eru samræmi við breytingar sem gerðar hafa verið á hinum Norðurlöndunum á samsvarandi refsiákvæði í lögum þeirra landa. Að sjálfsögðu er æskilegt að það gæti sem mest samræmis í refsilöggjöf landa sem eiga mikið saman að sælda eins og Norðurlöndin. En þó má vafasamt telja að það eigi að taka allt eftir þeim í þessum efnum fremur en öðrum. En þessi ákvæði kemur n., sem frv. fær til meðferðar, að sjálfsögðu til með að skoða einnig.

Það má segja, að aðrar brtt., sem felast í þessu frv. séu minni háttar og kannske geti þær sumar orkað tvímælis. Í 1. gr. er lagt til, að niður verði felld nokkur ákvæði, svo sem viðurlög við banni um neyslu áfengis, um mætingu hjá lögreglu fyrir þá sem dæmdir hafa verið fyrir auðgunarbrot, eða það má skylda þá til þess að mæta og láta fylgjast með sér, að lýsa refsiverða háttsemi sem fólgin er í að valda hættu á sýkingu af kynsjúkdómi, sem sagt að fella niður þessi ákvæði. Allt er þetta víst gert eftir erlendri fyrirmynd og eftir því sem ákveðið hefur verið í hegningarlögum nágrannalanda okkar og er því vonandi allt til bóta.

Í 9. gr. er lagt til að auknir verði möguleikar á að dæma í fleiri tegundir refsinga í sama dómi, svo sem að hafa dóm að hluta óskilorðsbundinn og að hluta skilorðsbundinn, dæma óskilorðsbundna fésekt í tengslum við skilorðsdóm og þannig almennt að skapa dómstólum aukna möguleika á vali refsinga. Þarna tel ég vera farið inn á alveg rétta braut.

Þá eru ýmis önnur minni háttar ákvæði, sem er gerð grein fyrir í athugas. með frv. sem hegningarlaganefnd hefur samið, og ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að fara rekja þau ákvæði nánar. Það eru að nokkru leyti lagatæknileg atriði sem mundi taka of langan tíma að fara út í hér að ræða í hv. d. En ég vænti þess sem sagt að sú hv. n., sem fær þetta frv. til meðferðar, taki það til nákvæmrar athugunar. Ég vil svo leyfa mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21. shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv

Sameinað þing, 58. fundur.

Þriðjudaginn 2. mars, kl. 2 miðdegis.

Forseti tók öll dagskrármálin af dagskrá.

Sameinað þing, 59. fundur.

Þriðjudaginn 2. mars, að loknum 58. fundi.

Jarðstöð, þáltill. (þskj. 389). — Hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Veiting prestakalla, þáltill. (þskj. 367). — Fyrri umr.

Flm. (Ingiberg J. Hannesson): Herra forseti. Till. sú til þál. á þskj. 367, er ég hef leyft mér að leggja hér fram ásamt fleirum, um n. til að endurskoða lög um veitingu prestakalla, er svo hljóðandi:

„Alþ. ályktar að kjósa n. 7 þm. er hafi það verkefni að endurskoða lög um veitingu prestakalla, nr. 32 frá 3. nóv. 1915.

N. skal ljúka störfum fyrir 1. okt. 1976.

Kostnaður vegna n. greiðist úr ríkissjóði."

Eins og hv. alþm. er kunnugt, hefur áður verið fjallað um þetta mál hér á Alþ., en þó aldrei nægilega mikið til þess að það yrði afgreitt endanlega og fengi þannig þinglega meðferð. Af þeim sökum er þessi þáltill. flutt hér nú og vænta flm. þess að með samþykkt hennar, ef af verður, sé komið til móts við þær almennu óskir að breyta núgildandi lögum um veitingu prestakalla.

Til þess að rifja lítillega upp forsögu þessa máls hér á Alþ. leyfi ég mér að vitna í grg., sem fylgdi frv. því til laga um veitingu prestakalla sem lagt var hér fram árið 1973, svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Frv. um þetta efni voru lögð fyrir Alþ. 1962—1963 og 1964 og voru flutt af menntmn. Nd. að

beiðni kirkjumrh. Frv. komu aðeins til 1. umr., en ekki aftur úr n. Frv. höfðu áður verið samþykkt á Kirkjuþingi 1962 með 10:5, 1964 með 10:4 atkv. Kirkjuþing 1972 hefur nú enn samþykkt slíkt frv. með 14:1 atkv. Frv. þessi eru öll mjög lík í aðalatriðum og höfuðeinkenni þeirra er að leggja niður hina almennu prestskosningu. Í hennar stað kemur 1) Heimild sóknarnefnda prestakalls til að „kalla" prest til embættis, þ. e. ef ¾ sóknarnefndarmanna og safnaðarfulltrúa eru sammála um val löghæfs prests eða guðfræðings eiga þeir rétt á að fá hann skipaðan í embætti án auglýsingar. 2) Ef til kjörs kemur fer það fram með þeim hætti að þessir sömu kjörmenn kjósa og ef umsækjandi fær ⅔ er kosning hans lögmæt, en annars gerir biskup till. um tvo umsækjendur ef umsækjendur eru tveir eða fleiri, í þeirri röð sem hann metur, en ráðh. skipar annan hvorn. Ef meiri hluti kjörmanna óskar ekki eftir að kjör fari fram, sem mundi langoftast vera, ef aðeins er einn umsækjandi, ráðstafar kirkjumrh. embættinu að fengnum till. biskups, sbr. 3. gr. frv."

Ljóst er af þessu að þetta mál hefur verið vandlega undirbúið af hálfu kirkjunnar og benda má til frekari upplýsinga á það, sem raunar kemur fram í grg. með þessari þáltill., að Kirkjuþing hefur a. m. k. fjórum sinnum mælt með slíkri breytingu á lögunum og síðast einróma árið 1974. Á sama hátt hefur prestastefna oftar en einu sinni mælt með slíkri breytingu, enda um eða yfir 90% starfandi presta í dag meðmæltir afnámi prestskosninga. Enn fremur er skylt að geta þess, að nokkuð einróma álit barst á sínum tíma frá héraðsfundum prófastsdæmanna í landinu, en þar eiga sæti auk sóknarpresta fulltrúar safnaðanna í viðkomandi sóknum, svonefndir safnaðarfulltrúar, og oft einnig ýmsir sóknarnefndarmenn. Liggur því í augum uppi að það er ekki að ástæðulausu sem farið er af stað með þær óskir að téðum lögum verði breytt, og má raunar furðulegt heita að ekki skuli vera búið að gera hér breytingu á fyrir löngu, svo stór blettur sem margar prestskosningar hafa verið á skipulagi kirkjunnar í landinu.

Nú er það alveg ljóst að um þetta mál eru skiptar skoðanir á meðal manna, og er auðvitað aldrei hægt að fullyrða um það hvorum megin meiri hl. liggur í þessu máli ef út í það væri farið. En grun hef ég um að stór hluti þjóðarinnar vilji breytingu í þessum efnum og styðst ég þar við kynni mín af svo ótal mörgum sem ég hef átt tal við um þessi mál. Enn fremur verðum við að líta á þá staðreynd að nokkur hluti þjóðarinnar lætur sig þessi mál litlu eða engu skipta og stendur á sama hvernig þessum málum er háttað. Kirkjunnar menn hljóta að viðurkenna þetta þótt ekki sé hér um ánægjulega staðreynd fyrir þá að ræða. En héraðsfundirnir í landinu gefa okkur allgóða mynd af skoðun almennings og við hljótum að taka verulegt mark á þeim niðurstöðum sem þar koma fram.

Ég ætla mér ekki á þessu stigi málsins að halda hér langa ræðu um galla prestskosningafyrirkomulagsins, en vil þó fara um þau atriði nokkrum orðum.

Þeir menn, sem starfa sem sóknarprestar á Íslandi, hafa flestir gengið í gegnum þann hreinsunareld, sem prestskosningarnar eru, a. m. k. þeir sem eru starfandi á hinum þéttbýlli stöðum. Og þeir vita að þeir geta ekki vænst þess, ef þá fýsir að breyta til, að fá stöður öðruvísi en að taka þátt í þessum leik. En þetta er auðvitað vandamál, fyrst og fremst fyrir þá presta sem hefja þjónustu í hinum fámennari stöðum úti á landi, en fýsir svo að fenginni reynslu að takast á við viðameiri verkefni og fá starf í þéttbýlinu. Þeir verða þá að taka þátt í undirbúningi og rekstri kosningabaráttu, sem í fyrsta lagi kostar oft stórfé, sem þeir verða oftast að greiða úr eigin vasa, og í öðru lagi tekur drjúgan tíma frá starfi þeirra í þeim prestaköllum sem þeir þjóna. Ef þeir eru svo óheppnir að falla, þá sitja þeir eftir á sama stað og verða að búa sig undir næstu lotu þegar þar að kemur og freista gæfunnar öðru sinni með því að leggja undir bæði mannorð sitt og sinna og verulegt fjármagn. Mér er kunnugt um það að þeir eru margir prestarnir, sem hætt hafa prestskap einungis vegna þessa fyrirkomulags, og enn fremur hafa margir guðfræðingar farið í önnur störf að loknu námi til þess að losna við þessi ósköp. Þannig missir kirkjan oft og tíðum af góðum starfskröftum, og þess vegna hlýtur það að vera sjónarmið kirkjunnar að breyta hér um til þess að hún geti vænst þess að njóta þeirra krafta sem vilja starfa á hennar vegum án þeirra afarkosta sem prestkosningarnar eru. Auk þess á yfirstjórn kirkjunnar svo til enga tilfærslumöguleika á sínum starfsmönnum með þessu fyrirkomulagi, en það liggur þó í augum uppi að slíkt er oft nauðsynlegt til þess að sem bestur árangur náist. Þeir menn, sem mest eru á móti afnámi prestkosninga, hafa einkum bent á að það sé ekki í anda lýðræðis að taka þennan helga rétt, eins og þeir kalla það, af söfnuðunum að velja sér sálusorgara. Út af fyrir sig væri hægt að fallast á slík sjónarmið ef fylgt væri þeim reglum lýðræðisins þar sem allir hefðu jafnan rétt og jafna möguleika. En svo er ekki, það vitum við, og skal ég nú víkja að nokkrum atriðum því til stuðnings.

Það gefur ekki sanna mynd af lýðræði þótt söfnuður geti valið sér prest sem hann að öllu jöfnu þekkir lítið sem ekkert þegar hann er kosinn og verður svo að sitja uppi með hann hvernig svo sem hann reynist, ef til vill ævilangt. Það eru ekki heldur lýðræðisleg vinnubrögð sem víða tíðkast, að prestar eða guðfræðingar geta undirbúið kosningu sína og fengið loforð um stuðning hjá fólki sem hefur ekki hugmynd um hverjir muni sækja á móti þeim, og því er ekki um neitt val að ræða. Þeir sem seinna koma hafa ekki möguleika á við þann eða þá sem höfðu vaðið fyrir neðan sig og aðstöðuna til þess að undirbúa jarðveginn. Þá vitum við mætavel að auk þess koma hér ýmis tengsl, svo sem vinátta, sifja- og jafnvel stjórnmálatengsl, sem oft hafa jafnvel úrslitaáhrif í þessum efnum. Prestkosningarnar eru því æðioft hálfgerð skrípamynd af lýðræði vegna þess að þar er oft ekki um það að ræða að leikreglum lýðræðisins sé fylgt.

Það er sjálfsagt flestum ljóst að þetta fyrirkomulag var á sínum tíma réttarbót, þegar lögin voru sett, og miðaði að því að fá landsmönnum þetta vald og draga það úr höndum danska valdsins. En í dag horfir málið öðruvísi við. Auðvitað

er okkur ljóst að ekkert veitingarvald er óskeikult, hvort sem um yrði að ræða kjörmenn af hálfu safnaðanna sjálfra eða beina skipan frá biskupi eða ráðherra. Það verður trúlgea seint fundið það fyrirkomulag sem ekki er hægt að deila um.

Eg hef ávallt litið svo á að það væri ekki góð byrjun hjá sóknarpresti að byrja á því að róta til í þeim söfnuði, sem hann síðar á að starfa með, fá ef til vill hálfan söfnuðinn á móti sér eftir kosningabaráttuna og eiga svo að vera sálusorgari þessa fólks á eftir. Eg held að það sé ekki góður grundvöllur til að hefja starf, enda þótt þessi mál jafni sig venjulega, sem betur fer, fljótlega eftir orrahríðina. Og þó eru margar undantekningar frá því. Nú skal ég taka það fram í leiðinni að einn kost hef ég þó séð við þetta fyrirkomulag, svo að ég komi með einhvern ljósan punkt líka, og það er sú staðreynd að með stuðningsmönnum sínum hefur presturinn eignast góðan hóp fólks sem hann á að geta átt von á að fá með sér til starfa ef hann nær kosningu, þótt reynslan sýni nú raunar hins vegar oft að margt af þessu fólki hefur gaman af því að standa í kosningum og njóta þess spennings sem þeim er samfara, en lætur svo prestinum eftir kirkjulega starfið þegar spenna kosninganna er afstaðin.

Ef við lítum nú ögn nánar á þessi mál frá sjónarmiði prestsins persónulega, þá hljótum við að geta verið sammála um að óæskilegt sé að prestar einir opinberra starfsmanna skuli eiga undir högg að sækja með lífsstarf sitt á þennan hátt. Nú kunna kannske hv. alþm. að hugsa sem svo: Þurfa þeir ekki líka að gera þetta? Jú, auðvitað er það rétt. Og ég þarf ekki að efast um að það sé þeim svo mjög á móti skapi, svo mjög sem þeir margir sækjast eftir því að taka þátt í þeirri baráttu. Við skulum einnig líta á það að barátta og skoðanir á þjóðmálum annars vegar og vangaveltur og hugmyndir um persónulegt gildi eins sóknarprests hins vegar er tvennt ólíkt. Í stjórnmálum snýst þetta um stefnumál flokkanna og mismunandi skoðanir og viðhorf í þjóðmálum, en í prestkosningum er um það að ræða að vega og meta einn prest og velta vöngum yfir kostum hans og ávirðingum, og þar dregst oftast fjölskylda hans með. Ég hef raunar sjálfur reynslu af hvoru tveggja. En það er allt annað mál og utan við það sem um er að ræða.

Mér er vel ljóst að það eru skiptar skoðanir um þetta mál hér á hinu háa Alþ. og er það í sjálfu sér ekki undrunarefni þegar um er að ræða að breyta fyrirkomulagi sem staðið hefur í rúm 60 ár. En hitt dylst engum, sem um þetta vill fjalla af einlægni, að málið verður að fá afgreiðslu hér á Alþ. hvernig svo sem niðurstaðan verður. Það er í raun og veru ekki hægt að skjóta sér undan samþykktum Kirkjuþings sem á að móta stefnuna í málefnum kirkjunnar, auk skoðana fjölmargra leikmanna um land allt fyrir utan presta og prófasta. Það er í raun og veru lítil virðing við þjóðkirkju Íslands ef löggjafarþing þjóðarinnar fjallar ekki á eðlilegan hátt um málefni hennar, þannig að úr því fáist raunverulega skorið hver sé vilji þingsins í þessum efnum.

Að lokum vil ég segja þetta: Frá mínu sjónarmiði er prestkosningafyrirkomulagið oft til þess fallið að lítilsvirða kirkjuna sem stofnun og gera að dægurþrasi þau málefni sem eru ekki þess eðlis að um þau sé fjallað á þennan hátt. Um það má deila með hvaða hætti velja skuli prest til embættis. Mér finnst sjálfum að um presta ætti að gilda hliðstæð aðferð og um veitingu annarra opinberra embætta, við skulum nefna t. d. kennara og lækna, og það mælir engin sanngirni með því að nauðsynlegra sé að velja — við skulum segja prest fremur en t. d. lækni. Báðir eru trúnaðarmenn fólksins sem þeir starfa með og mikilvægi beggja í störfum verður vonandi ekki vefengt.

Í því frv., sem oftar en einu sinni hefur verið lagt fyrir Alþ. án þess að fá viðunandi afgreiðslu, er gert ráð fyrir að sóknarnefndarmenn og safnaðarfulltrúar ásamt viðkomandi prófasti séu kjörmenn og geti þeir ákveðið, ef ⅔ þeirra eru um það sammála, að kalla eða kjósa ákveðinn prest sem þeir mæla síðan með til biskups og ráðherra. Það má auðvitað spyrja hvort ekki sé alveg eins rétt, ef á að breyta þessu, að taka þá skrefið að fullu og fá þetta vald alfarið í hendur biskupi og ráðherra. En með þessu kjörmannafyrirkomulagi er vissulega farin millileið milli þeirra, sem ánægðir eru með ríkjandi fyrirkomulag, og þeirra, sem vilja breyta.

Á þessu stigi er ekki ástæða til að fara nánar út í þetta mál hér, því að sú n. þm., sem Alþ. kýs, ef þess þáltill. verður samþykkt, mun væntanlega skoða þessi mál gaumgæfilega og gera um þau tillögur sem leggja mætti fyrir næsta reglulegt Alþ. ef ástæða þætti til.

Ég vænti þess, að mál þetta fái sanngjarna og eðlilega meðferð, og leyfi mér að óska eftir því að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og allshn.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég er íhaldssamur að því leyti að mér sýnist að það þurfi að gæta mikillar varkárni í að fara að breyta því fyrirkomulagi sem verið hefur um prestkosningar. Það er sjálfsagt rétt hjá frummælanda að prestkosningar hafi ýmsa galla og einkum ef prestar kunna sér ekki hóf í kosningabaráttunni. Ég held að það hljóti að vera einstaklingsbundið alveg eins og með alþm., og ég er ekki fyrir mitt leyti tilbúinn til að fallast á það að afsala mér þeim lýðræðislega rétti sem ég tel mig hafa til þess að hafa áhrif á val prests.

Ég er ekki að draga í efa að kirkjan hefur mikilhæfa forustu. Kirkjuyfirvöld okkar eru mikið fyrirmyndarfólk og í sóknarnefndir velst áhugafólk um kirkjumál og þar er sjálfsagt hvert rúm vel skipað. En ég fæ ekki séð að með þeim hugmyndum, sem efst hafa verið á baugi um breytingar í þessu efni, sé fullkomlega girt fyrir átök, fullkomlega girt fyrir það að einhver klíkuskapur geti skotið upp kollinum, eins og annars staðar í þjóðfélaginu, ellegar óæskilegur og harðsnúinn áróður. Við höfum orðið varir við mjög snarpar deilur meðal kirkjunnar manna innbyrðis nú á síðasta ári, og þar hafa sannarlega prestar og guðfræðingar ekki vandað hver öðrum kveðjurnar og þeir hafa ekki verið síður stórorðir en stjórnmálamenn þegar þeir eru að kasta hnútum á milli sín.

Frsm., hv. 2. þm. Vesturl., bar hér saman starf

presta, lækna og kennara. Þetta kann að vera réttmætt að nokkru leyti, þó ekki að öllu leyti. Eg held að starf presta sé með nokkrum hætti sér á parti. Hvers vegna erum við að hafa presta? Hvert er þeirra verksvið? Eg lít svo á, að hlutverk prestsins sé ekki einungis boðun fagnaðarerindisins. Hann þarf að eiga mikið og gott samstarf við söfnuð sinn og því aðeins verður starf hans að gagni að hann haldi góðum kynnum og góðu samstarfi við sinn söfnuð, ekki einungis við sóknarnefndarmenn, ekki einungis við héraðsfundarmenn, heldur við sóknarbörn sín, helst öll. Eg fyrir mitt leyti met mest þann þátt í starfi prestsins sem unninn er utan kirkjunnar, unninn er ekki kannske beint í hempu. Og ég vil vekja athygli á því, að ég tel að ríkisvaldið láti okkur í té í dreifbýlinu mjög mikilvægan starfsmann, embættismann með allgóða húmaníska menntun sem hefur góðan tíma til að sinna fleiru en prestskap í því samfélagi þar sem hann er að starfa. Við höfum sjálfsagt öll þekkt marga góða presta í dreifbýlinu sem hafa gefið sig þar að sveitarstjórnarmálum og hverju sem fyrir kemur í hinu daglega lífi, hafa verið þar góðir liðsmenn sem fengur hefur verið í að hafa að störfum.

Frsm. lét þess getið að slagurinn um þessi brauð hér á Reykjavíkursvæðinu yrði óskaplega harður þegar þyrfti að leita til fólksins um kjörfylgi til þess að ná kosningu í þessi embætti. Eg hef aldrei fyrir mitt leyti skilið það að prestur væri endilega miklu nær Drottni hér í Reykjavík heldur en úti á landi.

Jónas Árnason: Herra forseti. Mér þótti síðasta ræðumanni mælast vel. Ég er í stuttu máli sagt alveg sammála honum og lýsi yfir andstöðu minni við þær hugmyndir um ráðstöfun prestakalla sem hv. frsm. þessarar till. lýsti hér áðan.

Það mætti flytja langt mál um hlutverk prests í dreifbýli. Ég tek undir það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að þar er um að ræða ýmislegt fleira en að boða fagnaðarerindið. Góður dreifbýlisprestur er jafnframt forustumaður í félagslífi hvers konar og þeim mun betri prestur að okkar dómi úti í dreifbýlinu sem hann tekur meiri þátt í slíku, jafnvel þó það sé iðulega á kostnað þess tíma sem hann hefur til að boða fagnaðarerindið.

Ég tilheyri stjórnmálaflokki sem af ýmsum er talinn ekki mjög hlynntur prestum. En ég vil nota þetta tækifæri til að segja það hér, að dreifbýlisprestar, sem ég hef kynnst, eru að mínum dómi margir hverjir einhverjir nýtustu þegnar þessa þjóðfélags. Og þá er ég að tala einmitt um þá sem ekki veigra sér við að taka þátt í lífi fólksins, félagsstarfi hvers konar og ýmsu veraldarvafstri, líka með þátttöku í hreppsnefndum o. s. frv. (**Gripið fram í:** Vélaviðgerðum.) Vélaviðgerðum, já og fleiru. Slíkir prestar, eins og þeir sem mönnum koma nú í hug þegar þetta innskot kemur hér fram, þeir eru prestar bestir að okkar dómi margra.

Nú er þetta að sjálfsögðu ekki endilega mótbára gegn því að hafa þá skipan á sem hv. frsm. ræddi hér áðan. Þó held ég að gamla fyrirkomulagið tryggi okkur frekar presta af þessu tagi úti í dreifbýlinu. Ég álít að sá prestur, sem veigrar sér við að ganga út í þá hríð, ganga í þann slag sem prestkosningar eru, muni líka veigra sér við að sinna mörgum þeim störfum sem skapa góðan prest í dreifbýli. Ef ég mætti leyfa mér að nota orðið „pempíuskapur“ í þessu sambandi, þá er það einmitt það sem dreifbýlisprestur má ekki láta vefjast mikið fyrir sér. Hann má ekki láta pempíuskap ráða of miklu í sínum störfum. En eins og ég segi, þetta eru ekki endilega mótbárur gegn því sem hv. frsm. till. sagði hér áðan.

Hins vegar vil ég gera mjög ákveðna athugasemd við eitt af því sem hann sagði, og það var að prestkosningar væru „skrípamynd af lýðræði“. Hvers vegna skrípamynd af lýðræði? Það er, segir hann, í fyrsta lagi vegna þess að fólk er oft að kjósa menn sem það þekkir lítið sem ekki. Það er skrípamynd af lýðræði. Þá er það að sjálfsögðu líka skrípamynd af lýðræði, segjum t. d., ef kennari úr Reykholti er allt í einu kominn í framboð til þings í stóru kjördæmi eins og t. d. Vesturlandskjördæmi. Þar þekkja hann fáir náið, nema kannske reykdælir og nokkrir menn í uppsveitum Borgarfjarðar. Eins er um prest, t. d. vestan úr Saurbæ. Ef hann kemur í framboð á vegum stjórnmálaflokks, þá er hann lítið þekktur fyrir utan Saurbæinn og Dalina, — óþekktur í afganginum af kjördæminu, álíka og hann mundi vera þegar hann væri að bjóða sig fram til prests. Þetta er þá hvort tveggja skrípamynd af lýðræði. Hv. frsm. talar um tengsl og vináttu, þetta á líka að valda því að prestkosningar séu skrípamynd af lýðræði. Ég held að þetta ráði einnig ansi miklu í sambandi við alþingiskosningar. Ef við eigum að viðurkenna að prestkosningar, eins og þeim hefur verið háttað undanfarið, séu skrípamynd af lýðræði, þá eru alþingiskosningar það líka.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég hlýt að taka undir það sem sagt hefur verið um hlutverk presta í dreifbýlinu. Svo langt sem ég veit af lestri Íslandssögu og síðan af persónulegum kynnum, þá treysti ég mér til að staðhæfa að þar hafa margir góðir þegnar unnið merkilegt starf, sumir gerst sveitarhöfðingjar, miklir uppfræðarar, og engan veit ég, sem hefur staðið sig verr en það að vera þá a. m. k. athyglisverður karl.

Við breytta tíma hefur hlutverk prestsins í samfélaginu úti í hinum dreifðu byggðum breyst og það meira að segja svo mjög að ég væri til viðtals um að leggja prestsembættið niður. Einhvern veginn hefur æxlast svo til, að ég hef aldrei tekið þátt í prestkosningum, en ýmsir góðir kunningjar mínir og vinir hafa orðið að taka þátt í prestkosningum sem frambjóðendur.

Ég tel, að í þáltill. þeirri, sem hér er lögð fram, sé stefnt að því að ýmsum ágætismönnum, sem finna hjá sér köllun til prestskapar, verði gert kleift að komast í embættið einhverja aðra leið en að vera dregnir þangað eftir göturæsinu og mér finnst það æskilegt. Ég hygg að sá munur sé þrátt fyrir allt, ef nánar er að gáð, á starfi prests og alþm., að við ættum að geta unnt prestunum okkar þess að komast þurrfættir í stólinn að þessu leyti. Og ég get ekki

skilið hví dreifbýlisprestar geti ekki tekið hressilegt starf í lífi fólksins þó að þeir verði kosnir eftir þeirri leið sem að er stefnt í þessari þáltill.

Gunnlaugur Finnsson: Herra forseti. Þær umr., sem hér hafa átt sér stað til þessa, hafa beinst meira að almennum umr. um prestkosningar heldur en raunverulega viðhorfum gagnvart þáltill., nema þá því aðeins að það sé hörð afstaða sumra ræðumanna að engar breytingar verði hér gerðar á.

Það er út af fyrir sig mál að ræða málefni kirkjunnar og veitingu prestakalla á víðari grundvelli, svo sem hér hefur verið komið inn á, og ég vil í því sambandi aðeins leggja hér orð í belg.

Mig langar þá til að koma fyrst að lokaorðum hv. þm. Jónasar Árnasonar varðandi skrípamynd af lýðræðinu, hvort hér er um að ræða skrípamynd af lýðræðinu eða eigi, þar sem talað er um prestkosningar og samanburð á þeim og kosningum til Alþingis eða til sveitarstjórna. Hér er einn meginmunur á. Við skulum segja sem svo að það hafi farið fram prestkosningar í minu prestakalli þegar ég var tvítugur, og við skulum segja sem svo að viðkomandi prestur eigi langan embættisferil og sitji í 40 ár. Þá á ég ekki kost á því að neyta atkvæðisréttar míns í lýðræðisþjóðfélagi fyrr en ég er sextugur. Það er þetta atriði sem er um að ræða og það er það atriði líka, hvort þessir menn einir íslenskra embættismanna eiga að byggja lífstarf sitt á síendurteknum kosningum, ef við þokum þessu í þá átt að presta skuli kjósa með vissu árabili.

Kirkjuþingið er orðið um 20 ára gömul stofnun. Ef litið er á lögin um Kirkjuþing og hvers eðlis það á að vera og er, þá á það að vera ráðgjafandi stofnun fyrir Alþ. á svipaðan hátt og Búnaðarþing og Fiskiþing, enda þótt þau þing tvö starfi á atvinnulegum grundvelli, en kirkjuþing aftur á móti á kirkjulegum grundvelli. En meginhlutverk Kirkjuþings er að hafa frumkvæði og gefa umsagnir um þau löggjafaratriði sem hér er fjallað um á Alþ. varðandi kirkjuna. Ég held satt að segja að það sé ekki alveg hneisulaust fyrir hv. Alþ. hve fá mál, sem hafa verið afgr. á Kirkjuþingi síðan 1957, hafa verið tekin hér til meðferðar og afgreiðslu. Að vísu voru afgr. hér lög um nýja skipan prestakalla, ég man ekki glöggt hvenær, af því ég sló ekki upp á því, ég hygg fyrir um það bil 10 árum. Þar var að sjálfsögðu gert ráð fyrir því, miðað við breytt þjóðfélag, að prestsembætti yrðu lögð niður, prestum fækkað vegna þess að miðað við breyttar aðstæður gátu þeir nú sinnt stærri svæðum en áður og þar að auki víða fækkað fólki. Í samræmi við það var líka breytt skipan prófastsdæma í landinu og prófastarnir urðu mun færri en áður var. En þrátt fyrir ítrekuð tilmæli Kirkjuþings, svo sem hv. frsm. kom að, um endurskoðun á þessum lögum hefur ekki fengist af hálfu Alþ. það mál tekið fyrir af neinni alvöru og afgr. Þar var þetta mál mjög vel undirbúið og var leitað umsagna allra héraðsfunda og ég þori nokkurn veginn að fullyrða að öllum sóknarnefndum í landinu hafi verið skrifað og beðið umsagna þeirra um málið.

Viðhorf prestanna sjálfra hefur breyst. Það hafa verið mjög skiptar skoðanir þeirra á meðal um það hvort halda ætti í hið eldra form, þ. e. núgildandi form, eða taka upp nýtt form. En þeim hefur sífellt fækkað sem vilja halda í gamla formið. Hér er ekki aðeins um það að ræða hvort prestar þurfa að leggja út í orrahríð, deilur og annað því um líkt. Ég tel að margar prestkosningar hafi farið fram með fullum drengskap og án þess að frambjóðendur hafi átt í orðakasti miklu eða baktali varðandi sína meðframbjóðendur. En það er annað atriði sem menn í prestastétt hafa áhyggjur af og það sérstaklega á hinum fjölmennari stöðum, þar kostar þetta ærna fjármuni. Þetta fer e. t. v. að vera spurning um það hvort á bak við þá stendur fjármagn, hvort þeir geta fjármagnað slíkar kosningar, hvort við erum að hverfa til þess sem gerist með stærri þjóðum, að það er spurt fyrst um peningana og síðan um manninn. (Gripið fram í.) Alþm. hafa miklu fremur komist áfram vegna þess að þar standa heilir flokkar að baki þeim og ég hygg að þar sé ekki um sambærilega hluti að ræða. Og prestar hafa tekið á sig, a. m. k. á stærri stöðum og fjölbýlli stöðunum tiltölulega meiri kostnað heldur en þeir sem hafa lagt sig í alþingiskosningar, og það hefur sýnt sig að þar eru á vettvangi menn, sem ekki hafa sterkan fjárhagslegan bakhjarl.

Hvað sem segja má um afstöðu prestanna sjálfra sem eru starfandi, þá er hitt eindregið, ég hef ekki heyrt eina einustu rödd þeirra manna, sem nýlega eru komnir í prestsembætti eða eru að læra til prests — ekki einu einustu rödd, sem vill viðhalda núverandi fyrirkomulagi. Þess vegna er spurning um það hvort ungir menn vilja leita á þessi mið og hvort þeim er gert mögulegt að taka upp þennan starfa. En þá komum við að sjálfsögðu að því mati hvort viðhalda á þessu starfi eða ekki. En það er önnur saga og það ætla ég ekki að ræða á þessum stað og nú í þessari umr.

Spurningin er sú, hvort Alþ. fellst á það á þessu stigi að skipuð sé n. til þess að gera tilraun til að gera breyt. til sátta á gildandi lögum eða að þoka því frv., sem lagt var fram á þinginu 1973—1974, í átt til — ja, við skulum segja lýðræðislegra forms, að það geti náðst samstaða um skynsamlegar breytingar.

Ég lýsi þeirri skoðun minni eindregið að Alþ. geti ekki skotið sér undan því að gera þetta. Og ég vil taka það fram í leiðinni að ef einhverjar slíkar breyt. næðust, þá tel ég að það þurfi að athuga um skipan sóknarnefnda. Það hefur enda verið lagt fram í Ed. frv. þar að lútandi og þá kemur til mats á því hvort eigi að ákveða lágmarksfjölda sóknarnefndarmanna, hvort eigi að ákveða eftir hvaða leiðum sóknarnefndarmenn og safnaðarfulltrúar vinna við ákvörðun um ráðningu prests, t. d. með skoðanakönnunum, hvort á þann veg er hægt að tryggja þátttöku almennings varðandi val á presti. En ég hygg að allar þessar breytingar verði mjög til bóta frá því fyrirkomulagi sem nú er.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Till. sú til þál., sem hér er til umr., gerir ráð fyrir að Alþ. kjósi 7 manna nefnd sem hafi það verkefni að

endurskoða lög um veitingu prestakalla. Í till. er ekki gert ráð fyrir öðru. En í grg. og af því, sem ég heyrði í framsöguræðu hv. 1. flm. þáltill., er hér komið inn á mál sem ég vil strax fyrir mitt leyti lýsa yfir að ég er algjörlega andvígur, breytingu í þá átt sem hér er gert ráð fyrir, því að ég skil það a. m. k. svo á grg. að það sé meiningin að breyta þessu til þeirrar áttar sem frv. hafa legið hér frammi á Alþ. að ég hygg tvívegis.

Í því frv., sem hv. 4. þm. Vestf. vitnaði til, held ég að ég muni það rétt að þar var gert ráð fyrir að færa þetta vald á hendur 5—7 manna sóknarnefndar, að velja prest. (Gripið fram í.) Auðvitað, það má vera breytilegt. Það má vel vera að þessum hv. þm. nægi 14 menn til þess að velja fyrir 1000 manna byggðarlag. Ég er andvígur slíku. Ég vil í þessu tilviki segja það, að ég lít á prest öðrum augum en t. d. lögregluþjón eða lækni eða eitthvað slíkt. Ég vil hafa meiri áhrif til þess að velja mér sálusorgara heldur en ég hef til þess að ákvarða hvaða tiltekinn einstaklingur gegnir lögregluþjónsstarfi eða einhverju álíka á þeim stað sem ég bý á. Ég legg þetta svo sannarlega ekki að jöfnu.

En einmitt í þessu formi held ég að ég muni rétt að frv. var sem var hér til umr. á Alþ. síðast. Og það er rétt, held ég, að Kirkjuþing hafi lagt blessun yfir það og stutt það eindregið að þessu yrði breytt í þetta form. Ég er algjörlega andvígur slíku. Ég held að sú þjónusta, sem prestar veita, sé þess eðlis og eigi að vera þess eðlis að sóknarbörn almennt eigi að fá að taka þátt í því að velja sér slíka menn. Ég a. m. k. lít svo á og ég fagna því svo sannarlega að hv. þm. Jónas Árnason virðist vera mér alveg sammála í þessum efnum, þó að ég hafi kannske ekki reiknað með því að ég ætti eftir að heyra það hér á Alþ. að þeir góðu vinir, hv. þm. Stefán Jónsson og Jónas Árnason, yrðu svo algjörlega ósammála í einu máli eins og hér ber raun vitni. En nú hefur það gerst.

Hv. þm. Stefán Jónsson sagði áðan að hann teldi að það ætti að leggja prestsembættið niður hreint og beint, og hann vill sýnilega ganga enn þá lengra en grunnurinn að þeirri þáltill., sem hann er hér meðflm. að, gerir ráð fyrir. Hann sagði líka að hann gæti vel unnt prestum þess að þeim gæfist kostur á að komast í embætti án þess að vera dregnir eftir göturæsunum. Hvað á hv. þm. við með þessu? Ég fyrir mitt leyti skil það ekki. Ég hef tekið þátt í tvennum alþingiskosningum og ég vil ekki viðurkenna fyrir mitt leyti að ég hafi verið dreginn eftir göturæsum til þess að geta tekið þátt í lýðræðislegum kosningum. Það er ekkert hér um að ræða annað. Hér er um lýðræðislegar kosningar að ræða. (Gripið fram í.) Það er líklega. Það hlýtur að vera. Það er þá á þeim stað á landinu sem ég þekki ekki a. m. k. Það er rétt hjá hæstv. utanrrh.

Hv. þm. Stefán Jónsson sagði líka að hann gæti vel unnt prestum þess að þeir yrðu kosnir eftir þeirri kosningaleið sem hér væri gert ráð fyrir. Ég sé ekki að það sé í þessari þáltill. gert í raun og veru ráð fyrir neinni kosningaleið. Hér er í raun og veru, skilst mér, eftir því sem grg. gerir ráð fyrir og af því sem mér hefur skilist á stuðningsmönnum breytingar í þá átt sem hér er um að ræða, gert ráð fyrir beinni skipun, þ. e. a. s. það verði einn einstaklingur í landinu sem skikkar þennan og þennan klerk til þess að þjóna þessum og þessum, og ég vil ekki sætta mig við það.

Ég vildi sem sagt taka þetta fram strax við 1. umr. þessarar þáltill. Þó að ég sjái ekki að hún geri í raun og veru neina eindregna grein fyrir því hvað hv. flm. vilja í raun og veru, þá sýnist mér að hún sé byggð á því sem hér hefur legið fyrir í þeim frv. sem fyrir þinginu hafa legið nú tvívegis. Það er í þá átt að þrengja a. m. k. ef ekki algjörlega koma í veg fyrir lýðræðisleg vinnubrögð í sambandi við val á prestum, og því er ég andvígur.

Geirþrúður H. Bernhöft: Herra forseti. Ég vil taka það strax fram, að ég fagna þeirri till. sem hér er fram komin og tel það vissulega tímabært og hefði mátt vera mun fyrr. Ég er mjög fylgjandi því að þetta mál nái fram að ganga og er algjörlega sammála flm., hv. 2. þm. Vesturl., þeim málflutningi sem hann flutti hér, og tel því ekki mikla ástæðu til að endurtaka það.

Allir hv. þm. vita og þarf því ekki að lýsa, að prestkosningar eru slagur. Í þéttbýlinu er slagurinn verstur. Af ýmsum ástæðum hlýtur það að gerast, hjá prestum eins og öðrum opinberum starfsmönnum, að þeir kjósa kannske að skipta um og vera ekki alla ævi í starfi á sama stað. Ekki er hægt að setja neitt út á það. Þetta er lífsins gangur og getur ýmislegt orðið þess valdandi. En prestkosningar, eins og þær eru í dag, ýta undir ósamkomulag, sundurlyndi, rógburð og ósannindi. Þær ýta oft undir það lægsta sem í hverjum manni býr. Er mér hulin ráðgáta að stór hópur manna skuli geta verið sammála um að slíkt sé æskilegt. Sérstaklega vil ég benda á að prestar eru einu ríkisstarfsmennirnir sem þurfa að standa í slíkum slag er þeir sækja um embætti. En þeir eru einnig einu ríkisstarfsmennirnir sem eiga að vinna að sáttfýsi og umburðarlyndi, en verða að hefja starfið með því að koma öllu í bál og brand. Ég tel að þau lög, sem nú eru ríkjandi, séu svo algjörlega í andstöðu við starfið sjálft að teljast megi furðulegt að maður, sem á fyrst og fremst að boða fagnaðarerindið, stuðla að sáttfýsi, umburðarlyndi, góðri samvinnu og skilningi í sinni sókn, hann sé skyldugur til að setja allt á annan endann áður en hann byrjar í starfi. Og hugsið ykkur hann unga mann sem nær svo kosningu. Hann þarf að byrja á því að sætta alla þá sem urðu óvinir einungis vegna hans. Þetta er ekki til neins staðar í sambandi við önnur störf, og er það gott. Ég er hræddur um að það væru margir sem vildu sækja um ýmis önnur störf ef byrjunin væri svona. Jafnvel helmingurinn af kjósendum og kannske meira hafa kosið annan mann og hafa unnið að því baki brotnu í langan tíma að koma einhverjum allt öðrum manni að. Þar af leiðandi má segja að þeir verði að bíta í það súra epli að taka við manni sem þeir alls ekki vildu fá. Ástæðurnar til þess, að þeir vildu hann ekki, geta svo verið margar, eins og frsm. lýsti áðan.

Hv. 2. þm. Norðurl. v. og hv. 5. þm. Vesturl.

höfðu dálítið undarlegan málflutning frá minu sjónarmiði séð. Það var eins og þeir væru að ræða um að kjósa það sem kallað var hér áður fyrr „altmuligmand“, en alls ekki prest. Mér finnst það enginn ljóður á presti að hann sé hagur maður og verkfær o. s. frv. Það hlýtur að vera kostur við hvern mann að hann sé fjölhæfur. En að það sé verið að kjósa mann til prestsembættis af því hann sé kannske mjög duglegur að gera við báta og vélar og ýmislegt annað, því get ég ekki verið sammála. (Gripið fram í.) Ég tók það fram, það sakar ekki, það sakar engan að vera fjölhæfur.

Ég vil eindregið styðja þessa þáltill. Þetta er aðeins till. til þál. og hér er farið fram á að Alþ. kjósi 7 manna n., þingmannanefnd. Þykist ég vita hvert verkefni hennar eigi að vera, og það hlýtur öllum að vera ljóst. Ég styð þetta mál eindregið og vona að Alþ. beri gæfu til að samþ. einnig frv. þegar það sér dagsins ljós.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég má til með að segja hér örfá orð þó að ég hafi nú fengið aðvörun frá sessunaut minum, hv. þm. Geir Gunnarssyni, um það að aldrei mætti svo tala um trúmál hér að ekki væri hálfur þingfl. Alþb. kominn í þær umr. Sannleikurinn er nú sá, að þó að mönnum þyki það e. t. v. ótrúlegt og sitji síst á mér að fara að tala um þessi efni og það sem snertir trúmál, þá hef ég þó komist það langt á því sviði að vera bæði meðhjálpari og sóknarnefndarmaður og tel mig þess vegna geta af nokkurri reynslu talað í þessum efnum, þó auðvitað ekki af eins mikilli og þeir sem hafa mælt hér mest með samþykkt þessarar till.

Ég vildi aðeins koma einu atriði að hér til viðbótar því sem hefur komið fram í þessum umr. Það er í raun og veru alls ekki rétt að vilji þingsins hafi ekki komið fram, — auðvitað ekki beggja d., það er rétt, — en í Ed., þar sem þetta mál hefur tvisvar borið að með þeim hætti að lagðar hafa verið til róttækar breytingar á fyrirkomulagi þessu, þá hefur Ed. verið alveg einróma í því máli. Hún hefur sem sagt hafnað till. um breytta skipan, einfaldlega hafnað þeim. Og þrátt fyrir það að meðal flm. séu nú Ed.-menn, þá hefur þar engin rödd heyrst hingað til sem hefur mælt með breytingu, en margar andmælaraddir þar. Menn hafa verið þar á einu máli um að það væri ekki til bóta að hverfa frá núgildandi fyrirkomulagi, þrátt fyrir þá óskaplegu lýsingu sem hér hefur verið gefin á prestkosningunum, sem ég verð nú að segja að er mjög orðum aukin.

Það vill nú svo til innan okkar kirkju að þar togast á ákveðin öfl. Það er þess vegna alls ekki rétt að það sé bara verið að kjósa um persónur. Innan kirkjunnar togast á mjög andstæð öfl: frjálslynd öfl annars vegar og þröngsýn öfl hins vegar, og milli þessara afla hefur aðalslagurinn staðið allajafna og ekki hvað síst hér á höfuðborgarsvæðinu. Það, að þarna sé bara verið að velja á milli persóna, er alrangt. Það hefur verið fyrst og fremst valið um stefnur, um það hvort menn væru þröngsýnir í trúmálum eða frjálslyndir í trúmálum, a. m. k. hér á þessu svæði. Og þróunin hefur orðið sú, því miður, að ég held að hún sé okkur alþm. mjög til umhugsunar, því að þróunin á síðustu árum hefur verið mjög í þröngsýnisátt innan kirkjunnar, mjög í átt til þröngrar trúartúlkunar, þó að maður gangi nú ekki inn í það svartnætti sem Skálholtsrektor boðaði hér fyrir nokkru. En sú stefna, sem hann var þar að boða, á einmitt ört vaxandi fylgi innan kirkjunnar og það meðal margra æðstu manna hennar, og það er miður að svo skuli vera.

Ég skal svo aðeins vikja að því, af því, eins og ég sagði áðan, að ég hef verið í sóknarnefnd, að það er mikill misskilningur ef menn halda að þá hverfi þessi sori allur brott þegar sóknarnefndir og safnaðarfulltrúar eiga að fara að velja prestana í staðinn fyrir að þeir séu valdir í almennum kosningum. Þá fyrst held ég nú að klíkuskapurinn færi að trollríða húsum, eftir að það væri á valdi aðeins örfárra manna að velja prestinn.

Hitt er svo annað, sem ég hef orðið var við núna og er ekki til bóta innan íslensku kirkjunnar, og það er að mér sýnist sú þróun fara að verða ansi áberandi að ákveðinn prestur er settur um stundarsakir í eitthvert ákveðið prestakall og síðan að nokkrum tíma liðnum, þegar hann er búinn að kynna sig, vonandi þokkalega, þá er prestakallinu slegið lausu. Mér er ekki örgrannt um að sú stefna, sem hér er verið að boða m. a., sé einmitt í þessa átt, að færa þetta vald í hendur yfirstjórnar kirkjunnar, að færa þetta vald meira og minna í hendur biskups, hvernig hann ráðstafi prestunum og hvert. Ég vara við þessari þróun eins og allri einstefnu í þessum efnum, alveg sérstaklega þegar mér sýnist allt benda til þess innan kirkjunnar að hún sé að hverfa meira og meira aftur í svartnætti miðalda.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Þessi þáltill. fjallar að vísu aðeins um það að skipa n. til þess að hugleiða fyrirkomulag á skipan veitingar prestakalla og er út af fyrir sig ekkert nema gott um það að segja. Hins vegar hafa umr. snúist um það hvort prestskosningar ætti að afnema eða ekki. Þess vegna vil ég nota tækifærið og lýsa því yfir, eins og raunar kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að í Ed. hafði ég fyrir nokkrum árum tækifæri til þess að greiða atkv. um hvort prestkosningar ætti að leggja niður. Ég var því mótfallinn og er það enn. Ég tel, að fólk eigi tvímælalausan og skilyrðislausan rétt á því að kjósa sér sálusorgara, og legg það þess vegna ekki að jöfnu við aðrar þær embættaveitingar sem hér hafa verið gerðar að umtalsefni.

Það hefur verið minnst á að prestarnir ættu að vera sáttasemjarar, en til þess að komast í sáttasemjaraembætti þyrftu þeir fyrst að standa í slag. Þetta minnir mig á sögu af gömlum presti sem var uppi fyrir nokkrum árum, sterkur maður og duglegur í alla staði. Hann sagði, þegar hann lauk sínum prestskap, eitthvað svona: Ég sætti þá alla, en hnefana varð ég að nota við suma. Gæti það þá ekki verið bara góður undirbúningur undir prestsstarfið að taka þátt í kosningunum?

Jónas Árnason: Herra forseti. Hv. 6. þm. Reykv. hitti naglann á höfuðið áðan þegar hún sagði að við þessir úr dreifbýlinu virtumst vera að sækjast eftir prestum sem væru það sem nefnt hefur verið „altmuligmand". Við erum að sækjast eftir slíkum mönnum, í mjög góðri merkingu þessa orðs. Yfirleitt duga þeir menn best úti í dreifbýlinu sem eru næst því að vera „altmuligmænd" hvort sem það eru prestar eða aðrir.

En ég stend upp í þetta sinn til þess að vekja athygli á því að þeir tveir guðfræðingar, sem hafa tekið þátt í umr. hér, gera sér mjög tíðrætt um eðli prestkosninga og þær mannskemmdir sem fylgja prestkosningum. Og annar þessara guðfræðinga, hv. 6. þm. Reykv., sagði áðan að prestkosningar ætti að afnema vegna þess að þær ýti undir ósamlyndi og rógburð og allt það lægsta sem í manneskjunum býr. Það hefur verið fært fram sem rök fyrir því, að við ættum að samþykkja þá breytingu sem hér er til umr., að Kirkjuþing hefur mælt með því. Ég held að Kirkjuþing ætti að byrja á því að athuga hvernig í ósköpunum stendur á því að það eru einmitt prestkosningar, samkv. þessari kenningu, sem æsa upp, að því er virðist, allar lægstu hvatir íslendinga. Þetta gæti sannarlega orðið merkilegt rannsóknarefni.

Flm. (Ingiberg J. Hannesson): Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umr. miklu meira, en vil víkja að örfáum atriðum sem hafa komið fram hjá hinum ýmsu ræðumönnum.

Ég vil þá fyrst koma að atriði í ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v. þar sem hann var að tala um að prestar kynnu sér ekki hóf í kosningabaráttunni. Hann þekkir sjálfsagt kosningabaráttu nokkuð vel úr alþingiskosningum, og auðvitað veit hann að þar þurfa frambjóðendur að beita sér eins og þeir geta sínum málstað til stuðnings. Það þurfa prestarnir raunar að gera líka í prestkosningum. En yfirleitt eru það stuðningsmenn prestanna sem kunna sér oft ekki hóf í þessum kosningum, en ekki prestarnir sjálfir. Og ég get sagt það hér, af því að ég hef sjálfur tekið þátt í prestkosningu hér á þéttbýlissvæðinu, þ. e. a. s. í Kópavogi, fyrir nokkrum árum og fór í sjálfu sér vel út úr þeirri kosningu hvað snertir mannorðið, því að það hafa margir farið verr út úr því oft og tíðum, og ég á margar ánægjulegar minningar um þá baráttu, ég skal játa það. En stuðningsmennirnir þar og alls staðar benda prestinum á að kynna sig meðal væntanlegra sóknarbarna, og hann verður auðvitað að reyna það eftir fremsta megni, þótt þessi barátta standi yfirleitt ekki nema kannske hálfan mánuð eða þrjár vikur. Presturinn er yfirleitt ekki lengri. Og mér er sama þótt ég segi frá því hér, að ég hef líklega farið inn á yfir 300 heimili á þremur vikum í þessari kosningabaráttu. Hvernig haldið þið nú, hv. alþm., að ykkur mundi líða ef þið ættuð að standa í þessu? Þið standið náttúrlega í þessu sem þm., en það er allt öðruvísi að gera það í nafni heils flokks heldur en í eigin persónu. Og ég held að ef þetta er hugsað í alvöru, þá hljóti að vera ljóst að þarna er óliku saman að jafna.

Ég skal játa það, að ef fyrirkomulaginu yrði breytt á þann veg að sóknarnefndirnar fengju að kjósa sóknarprest, eins og gert er ráð fyrir í því frv. sem hér hefur legið fyrir þinginu á undanförnum árum, þá getur vel átt sér stað að þar muni ríkja klíkuskapur og jafnvel harðsnúinn áróður, eins og hv. þm. nefndi sem ég áðan vísaði til. Við því getum við aldrei spornað, það er ekki hægt. Hitt er allt annað mál, að presturinn losnar þá við að standa í þessu skaki og getur sótt um embætti án þess að þurfa að yfirgefa sitt eigið kannske allt að mánaðartíma og vanrækja þar með embættið þar sem hann situr til þess að standa í kosningabaráttu annars staðar, með öllu því sem því fylgir.

Ég er auðvitað sammála því, sem hefur komið fram við þessar umr., að samband prests og safnaðar þarf að vera gott eigi árangur að nást í starfi. Og ég gat um það í framsöguræðu minni að það væri kannske eini ljósi punkturinn við prestkosningarnar frá mínu sjónarmiði að presturinn kæmist í snertingu við margt fólk meðan hann stendur í þessari orrahríð. En ég held nú að ef presturinn er sæmilega vandanum vaxinn, þá hljóti hann að geta komist í snertingu við sitt sóknarfólk eftir að hann hefur verið skipaður eða kosinn af sóknarnefnd, ekkert síður en þótt hann þurfi að standa í harðvítugri baráttu áður en hann hlýtur embættið.

Um það, hvort presturinn kemst nær Drottni hér á Reykjavíkursvæðinu eða úti á landi, skal ég ekki dæma og er kannske síst maðurinn til að dæma um það. Ég held að það skipti raunverulega engu máli í þessu sambandi, því það fer eftir manninum sjálfum, en ekki því hvernig hann er valinn til embættisins, hversu nærri Guði hann kemst. Og það er hans sérmál, trúi ég, hann leitar hans trúlega í bæn í einrúmi, en þarf ekki hjálp Alþingis til þess að nálgast hann.

Það voru ýmis fleiri atriði sem komu hér inn í, sum skemmtileg, eins og hjá hv. 5. þm. Vesturl., þar sem hann taldi það jafnvel kost að ýmis önnur störf prestsins en boðun fagnaðarerindisins væru meira virði og það gerði ekkert þó að þau væru unnin á kostnað boðunarinnar. Það kann vel að vera að þetta sé einlæg skoðun hans. En þetta má ekki vera skoðun þeirra sem taka að sér prestsembætti í þjóðkirkjunni. Og ég held ekki að gamla fyrirkomulagið, þ. e. a. s. það fyrirkomulag sem er í lögum nú, tryggi neitt betri presta í dreifbýlinu heldur en þótt þeir væru kosnir af viðkomandi sóknarnefndum eða skipaðir af biskupi og ráðh. Reynslan hefur orðið sú undanfarin ár og áratugi að úti á landsbyggðinni hefur yfirleitt ekki sótt nema einn prestur og þá hefur söfnuðurinn auðvitað ekkert val, svo að það skiptir þá ekki miklu máli. Það má líka geta þess í þessu sambandi að mjög margar prestkosningar undanfarið hafa verið ólögmætar vegna þess að enginn einn umsækjenda hlaut helming greiddra atkv. Og þótt venjan sé sú að ráðh. skipi þann sem flest atkv. fær, þá er hann ekki bundinn af slíku og getur skipað annan og dæmi eru til um slíkt.

Ég stend fast við það, sem ég sagði áðan, að prestkosningar séu skrípamynd af lýðræði oft og tíðum, og ég get ekki fundið samhengið á milli þeirra og alþingiskosninga, hverju svo sem hv. 5. þm. Vesturl. heldur fram um þau mál.

Ég vil árétta það, sem hv. 4. þm. Vestf. lagði

áherslu á, að prestkosningarnar væru oft spurning um fjármagn hjá umsækjanda, spurning um það hversu mikið fjármagn hann gæti lagt undir til þess að geta unnið sem best að sínu kjöri. Þarna hefur hann nefnt veigamikið atriði, því að það væri heldur ömurlegt ef prestar gætu ekki átt jafnan rétt hvað það snertir að sækja um embætti.

Hv. 5. þm. Vestf. ræddi þetta mál og kvaðst ekki vilja færa þetta vald í hendur 5—7 sóknarnefndarmanna. Nú er það svo að í prestaköllum úti á landsbyggðinni, þar sem eru kannske 4, 5 eða 6 sóknir og 3—5 sóknarnefndarmenn í hverri sókn, þá getur þarna verið um að ræða 15—20 manns, það fer eftir stærð prestakallanna á hinum ýmsu stöðum, og þar fyrir utan eru safnaðarfulltrúar, einn úr hverri sókn, þannig að þetta getur farið yfir 20 manns og auk þess viðkomandi prófastur. Þannig er þetta orðinn nokkuð stór hópur til að fjalla um þetta.

Hv. þm. sagði einnig að hann vildi hafa áhrif og eiga sjálfur val á sínum sálusorgara og honum stæði ekki á sama hvaða sálusorgara hann fengi. Ég hlýt auðvitað að vera þakklátur fyrir þau ummæli. En þetta breytir ekki þeirri staðreynd sem snýr að sjálfum prestinum sem sækir um embættið. Hann verður að ganga þessa sömu leið og ganga í gegnum ýmsar þrengingar oft og tíðum til þess að öðlast embættið. Og það er ákaflega hart og erfitt fyrir mann, sem hefur kannske þjónað dyggilega úti í hinum dreifðu byggðum landsins þar sem fáir hafa viljað vera, — a. m. k. var það svo þegar ég fór út í prestskap þótt það hafi sem betur fer lagast síðan, — ef það á að refsa slíkum starfsmanni fyrir kannske 15—20—25 ára dygga þjónustu úti á landsbyggðinni með því að láta hann sitja þar það sem hann á eftir að starfa. En það verður hann að gera nema hann komist til embættis í gegnum erfiða kosningu sem oft og tíðum ræðst af ýmsu því sem ég áðan nefndi.

Hv. 7. landsk. þm. nefndi mörg athyglisverð atriði og ýmsum þeim atriðum er ég sammála. Hann gat þess að vilji þingsins hefði þegar komið fram í þessum efnum. Það er sjálfsagt rétt að vilji Ed. hefur komið fram hvað þessu máli viðvíkur. En þingið sem heild hefur ekki fjallað um það, og þetta hefur alltaf strandað í annaðhvort nefndum eða þá, eins og síðast var, að því var vísað til ríkisstj., og það hefur mér verið sagt að væri kurteisleg aðferð til þess að svæfa eða drepa mál. Þess vegna hlýtur það að vera krafa þjóðkirkjunnar að Alþ. fjalli um þetta mál á eðlilegan hátt og fá að vita hver sé í raun og veru vilji þingsins í þessum efnum. Meira getur hún ekki farið fram á. Hún verður svo að lúta þeim vilja hvernig svo sem hann er.

Sami hv. þm. talaði um að það væri ekki alltaf verið að velja um persónu prestsins í prestkosningum, heldur væri oft val um stefnur í trúmálum. Þetta er oft og tíðum rétt. Þetta kemur oft til greina og ekki síst hér í þéttbýlinu. — Ég er því sammála, svo langt sem það nær. Ég get líka verið sammála því að þeir straumar í trúmálum, sem hefur borið nokkuð á að undanförnu og risu nokkuð hátt í deilum kirkjunnar manna á s. l. ári, stefna að ýmsu leyti í þröngsýnisátt og ekki skal ég verða til þess að mæla því bót.

Ég vil svo að lokum víkja að orðum hæstv. utanrrh. í þessu sambandi. Hann sagði að réttur fólksins væri tvímælalaus í þessu sambandi og hann vildi ekki að fólkið missti þennan rétt. Þetta er auðvitað eðlilegt sjónarmið. En mig langar bara til að spyrja í þessu sambandi: Hver er réttur prestsins? Er hann enginn? Á hann að sækja þessa erfiðu leið til síns embættis eða er hægt að afgreiða þetta mál bara með skemmtilegri gamansögu? Þær eru góðar, svo langt sem þær ná. En við megum ekki gera gaman að öllu því sem frá kirkjunni kemur. Við verðum að taka svolitið alvarlega á því líka. — Ég held að ég láti þetta svo nægja í bili.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Það er ekki ástæða til þess að hefja langar rökræður um málið að þessu sinni. En ég kemst ekki hjá því að vekja athygli á því að mér finnst hv. ræðumenn ýmsir hafa skotið nokkuð yfir markið með því að líta fram hjá þessari till., sem hér liggur fyrir, og fara þess í stað að ræða málið í heild á víð og dreif. Það er náttúrlega ekki að spyrja að því með jafneinlæga áhugamenn eins og hv. 5. þm. Vesturl. og 5. þm. Norðurl. e., þótt þeir segi hér örfá orð í byrjun umr., þó að þeir láti nú í það skína að þeir séu fyllilega til viðræðu um að leggja allan prestskap og kristnihald niður, — kannske ekki hv. 5. þm. Vesturl. Hann er e. t. v. ögn mildari í þeirri afstöðu. Og hv. 7. landsk. þm., sem bæði hefur verið í sóknarnefnd og Ed., enda kom það fram af máli hans, taldi sig hafa ráð Ed.-manna í hendi sér nokkurn veginn. Og sjálfur hæstv. utanrrh. ýtir fleyi sínu á flot nú þegar í upphafi málsins og segir ágæta sögu af sterkum klerki. Það er svo sem ekkert um þetta að sakast. Þetta sýnir bara hvað menn eru knúðir áfram af brennandi áhuga á þessum málum.

Hér er þó ekki um annað að ræða en einfalda till. til þál. um að endurskoðuð séu 60 ára gömul lög. Þetta er atriði, sem Kirkjuþing hefur oft samþykkt. Það hafa komið áskoranir frá prestastefnum, héraðsfundum, sóknarnefndum hvaðanæva að af landinu. Ég tel, eins og hér hefur komið fram, að Alþ. geti ekki vikið sér undan því að ræða málið og taka afstöðu til þess, það sé ekki nóg að stinga það svefnþorni, eins og hv. Ed.-menn gerðu síðast. Hér er sem sagt aðeins um það að ræða að 7 alþm. verði valdir til að skoða 60 ára gamla löggjöf samkv. eindregnum tilmælum og samþykktum viðkomandi aðila, og það verð ég að telja sjálfsagt.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er ekki ástæða til þess að lengja þetta mikið. Það eru aðeins örfá orð sem ég vil bæta við út af því sem hv. síðasti ræðumaður sagði um að hér væri einungis um að ræða einfalda till. til þál. Það er út af fyrir sig rétt, og ég gat þess áðan líka. En grg. með till. bendir þó til þess til hvers er ætlast af hv. flm. þessarar þáltill. að gert verði, og í framsöguræðu hv. 1. flm. till. skildi ég a. m. k. svo að hann teldi að endurskoðun ætti að leiða af sér breytingu í þá átt sem frv. voru

sem hafa legið hér tvisvar fyrir þinginu. Ég skildi það svo. Hér erum við komin inn á efnisatriði málsins, strax í upphafi ræðu hv. 1. flm. till., og það er ekki óeðlilegt að efnisleg hlið málsins sé rædd einmitt með hliðsjón af þessu. En till. sjálf er ekki um annað en að leggja til að skipa n. Ég tel mig a. m. k. vita til hvers hv. flm. ætlast af þeirri n. sem þeir gera ráð fyrir að kosin verði.

Hv. 6. þm. Reykv. sagði áðan að prestkosningar ýttu undir ósamkomulag, sundurlyndi, rógburð og allt það lægsta sem í manneskjunni býr. Nú má vel vera að þetta hafi gerst hér á þessu svæði. Ég þekki ekki til þessa. Ég efast um að það fyndust dæmi slíks þó að leitað væri úti á landsbyggðinni, að þar fyndust dæmi um þetta. En vel má vera að slíkur hugsunarháttur ríki hér á þessu svæði. (SvJ: Gættu að þínum fullyrðingum.) Hv. þm. þarf ekki að hafa neinn andvara á sér til þess að passa munninn á mér. Það væri trúlega þörf á því gagnvart hv. þm. sem standa honum nær en ég, þannig að ég ábyrgist það, sem ég segi, og hann þá það, sem hann segir. En ég sem sagt hef ekki orðið var við þetta, ekki þar sem ég hef heyrt til, fyrr en nú, að þetta er sagt hér, að slíkar ótrúlegar kenndir, ómanneskjulegar kenndir vakni upp á þessu svæði þegar prestkosningar ber að garði. Og þá hlýtur að vera eitthvað meira en litið að þegar slíkt kemur upp eins og hér er lýst. Og það væri þá nær að huga að breyttu hugarfari þeirra, sem þannig bregðast við, heldur en að setja okkur hina á þennan sama bát og skikka þennan eða hinn til þess að gegna hjá okkur sem viljum eiga þann rétt að velja okkur sjálfir sálusorgara. (Gripið fram í.) Það efast ég stórlega um. Ég efast stórlega um að þetta sé leiðin til þess. Hér er verið að þrengja mjög að lýðræðinu sem a. m. k. ég vil halda í heiðri, og ég vil hafa ákvörðunarrétt um að velja mér þann sem boðar fagnaðarerindið á því svæði sem ég lifi og starfa á. Og þó að það væri svo, eins og hv. 2. þm. Vesturl. sagði, að það kæmu 15—20 menn sem ættu að ákvarða hvaða sálusorgari væri á þessu og hinu svæðinu, — þótt þeir væru 15 eða 20 eða helmingi fleiri, þá er það allt of lítil mynd af því sem í ljós kæmi ef fjöldinn fengi sjálfur að ákvarða með kosningu hvernig hann vildi velja.

Ég þekki t. d. dæmi þess að það eru aðeins 7 menn í 1000 manna byggðarlagi sem mundu eftir þessari reglu segja til um það klárt og kvitt hvaða klerkur kæmi til með að þjóna. Ég þykist vita að það yrði ekkert minna um togstreitu heldur en menn eru að lýsa hér við þær kringumstæður sem nú gilda. Og ég vil segja fyrir mitt leyti við hv. 2. þm. Vesturl., að miklu betur kynni ég við það eftir að hafa farið inn á 300 heimili á þrem vikum að hljóta kosningu út á eigin persónu heldur en út á einhvern ákveðinn flokk. Ég kysi það miklu frekar. Og ég trúi ekki öðru en í prestastéttinni sé almennt það viðhorf ríkjandi að þeir vilji umfram allt treysta á eigin dómgreind og eigin verðleika og fá að starfa á þeim stöðum sem það fólk, sem þar býr, hefur fengið tækifæri til að segja til um þeirra eigin verðleika.

Hv. 2. þm. Vesturl. sagði að prestkosningar væru skrípamynd af lýðræðinu. En ég kannast ekki við slíka skrípamynd og ég segi: sem betur fer. Þar sem hún er ríkjandi, þar þarf að uppræta hana, en ekki með þessum leiðum, að svipta menn kosningarétti til þess að ákvarða sér sálusorgara. Það þarf að fara aðrar leiðir til þess að uppræta þennan ósóma, ef hann er fyrir hendi, heldur en þá leið að svipta menn lýðræðislegum kosningum.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég er einn af flm. þessa máls og hlýt því að styðja till. eins og hún er borin fram. Því miður hef ég ekki haft aðstöðu, af sérstökum ástæðum, til þess að hlusta á allar þær ræður sem hér hafa verið fluttar og hef kannske ekki alveg getað áttað mig á því hvernig landið liggur gagnvart þessari till.

Ég get ekki sagt það beinlínis um sjálfan mig að ég sé ákaflega brennandi í andanum um að það skuli afnema prestkosningar. Það get ég ekki sagt. Hins vegar hefur mér ekki dulist nú í mörg ár að prestkosningar eru stórgallað fyrirkomulag. Það má vel vera að það sé ekki til neitt betra fyrirkomulag. En ef svo er, þá finnst mér illa komið. Þess vegna var það að ég féllst á það þegar til mín var leitað um að vera með í því að þessu máli yrði hreyft hér í Sþ. Þetta mál hefur borið undir þingdeildir áður, oftar en einu sinni, en undir sameinað Alþ. hefur þetta ekki borið svo að ég muni. Og vitað er að Kirkjuþing hefur fjallað mjög um þessi mál og að því er ég best veit hefur það gert það mjög ítarlega, þeir menn sem þar sitja, leitað víða fanga um þessi mál, og mér finnst margt benda til að það sé ástæða til þess fyrir Alþ. að skoða þessi mál í fullri alvöru.

Ég tók eftir því að sá hv. þm., sem talaði hér á undan mér, hv. 5. þm. Vestf., tók svo til orða að það væri verið að þrengja að lýðræðinu með því að afnema prestkosningar. Ég verð að segja að mér finnst þetta vera mjög vafasöm fullyrðing. Ég held yfirleitt að prestkosningar séu mjög vafasamt lýðræði. Það er a. m. k. aldrei nema önnur hliðin á lýðræðinu. Það, sem þarna er verið að gera, er það að við erum að kjósa mann til lífstíðar í raun og veru. Þetta minnir helst á kosningar í fasistaríki, það er miklu líkara þess háttar „lýðræði“ heldur en því lýðræði sem við aðhyllumst. Þeir eru ekki kosnir til ákveðins kjörtímabils, prestarnir, það er síður en svo. Þeir eru kosnir nánast til lífstíðar, og svo eiga þeir það undir sjálfum sér hvort þeir eru í því embætti, sem þeir hafa verið kosnir til, eða hvort þeir sækja annað, þannig að það er tæpast að við gætum haldið í þessa ágætu presta okkar þótt við vildum eða losnað við þá. Við getum engin áhrif haft á það, og endurkjör kemur ekki til greina, þannig að ég held að þetta sé ákaflega mikið vafamál. Og það er einmitt það sem þessi n. ætti að skoða. Hún á að skoða það hversu lýðræðislegt þetta er í raun og veru, svo að það sé ekki bara út í bláinn þegar við erum að tala um að prestkosningar séu lýðræðislegar. Og eins og þessi till. er orðuð, þá er hún orðuð svo rúmt og hlutlaust að hún fjallar alls ekki um að það skuli afnema

prestkosningar, heldur er farið fram á það að lög, sem voru sett fyrir meira en 60 árum, að ég hygg, verði endurskoðuð. Þau eru orðin 60 ára gömul, þessi lög.

Einu sinni kunni ég svolítið fyrir mér í sögu prestkosninga. Ég er búinn að gleyma henni að mestu leyti, en ég hygg að þetta hafi átt sér sínar merkilegu rætur, ef ég man rétt. (Gripið fram í.) Jú, ég hygg að svo hafi verið, t. d. fríkirkjuhreyfingin á Austurlandi og hér í Reykjavík og víðar. Þetta var mjög merkilegur þáttur í okkar menningarsögu. En ég ætla ekki að fara að rifja það upp núna, enda hef ég ekki gert það svo lengi og man þetta ekki fyllilega. En hins vegar held ég að tímarnir séu stórlega breyttir frá því að þetta var.

Þá hef ég heyrt hv. þm. halda því fram að það sé verið að takast á um trúarstefnur í þessum prestkosningum. Það held ég að sé nú sjaldnast. Það má vel vera að það komi fyrir, en í færri skiptin mun það vera. Þess vegna held ég að það sé ákaflega tvíeggjuð aðferð, þetta að velja prest með kosningum.

Ýmsir aðilar í lýðræðisþjóðfélagi hljóta að berjast í kosningum fyrir stöðum sínum. Við gerum þetta, alþm., og við vitum að hverju við göngum. Við gerum þetta með glöðu geði. En hins vegar held ég að það sé ákaflega vafasamt að það sé góður undirbúningur undir starf prests að hann lendi í harðvítugri kosningabaráttu. Ég held, að það sé mjög vafasamur undirbúningur undir starf hans. Og ég hygg að við vitum allir dæmi þess að það hefur aldrei gróið um heilt eftir prestkosningar. Við vitum mörg dæmi þess að það hefur aldrei gróið um heilt, því að vitanlega fer það svo að einhver af umsækjendum ber sigurorð yfir hinum og það er nú einu sinni mannlegt að láta sér verða nokkuð um ef menn tapa orrustu. Ég er ekki að segja endilega að það séu prestarnir sjálfir sem þarna líði mest fyrir eða að deilurnar séu kannske harðastar þeirra í millum. Þetta er kannske miklu fremur þannig, að það er verið að efla fylkingar sem betur væri að væru ekki til.

En ég sem sagt ætlaði að benda á það, eins og kannske aðrir hafa gert, að þessi till. er ekki fortakslaust um að það skuli afnema prestkosningar, heldur er það hugsun okkar, sem þetta flytjum, að alþm. setjist á rökstóla og kynni sér þessi mál sögulega m. a. og á allan þann hátt sem má verða til stuðnings fyrir okkur hina til þess að taka skynsamlega afstöðu til málsins. Ég held því miður að menn hafi ekki litið á allar hliðar þessa máls, heldur sjái aðeins á því kostina. Það er vissulega kostur að hafa slíkan rétt að mega kjósa sér sálusorgara, kjósa sér embættismann o. s. frv. En ég held líka að við ættum að athuga skuggahliðarnar sem eru á þessu, og það er eins og ég sagði hvað prestkosningarnar varðar, þá eru þær miklu líkari kosningum í fasistaríki heldur en venjulegum lýðræðislegum kosningum. Þarna er verið að kjósa menn til lífstíðar, en alls ekki til ákveðins tímabils, eins og er einn þáttur lýðræðislegra kosninga og verður ekki undanskilið í skilgreiningu þess hugtaks.

Hitt skal ég játa, að ég hef ekki tekið fulla afstöðu með því frv. sem lagt var fram hér á sínni tíð, enda bar það undir d. sem ég á ekki sæti í. Það má vel vera að það sé ýmislegt í því frv. sem þyrfti að lagfæra, það sé ekki nákvæmlega rétta lausnin. Það má vel vera að það sé ekki eðlilegt að falið sé sóknarnefndum einvörðungu að kjósa prestinn. Það kann vel að vera að það sé óeðlilegt að fela sóknarnefndum slíkt vald. Og þá finnst mér einmitt að það sé hlutverk þeirra alþm., sem eiga að skoða þetta, að kanna það atriði ofan í kjölinn.

Svo hlýtur maður auðvitað að benda á það, að aðrir starfsmenn og embættismenn ríkisins eru ekki kosnir. Hví þá ekki að kjósa aðra embættismenn sem við eigum ekki síður samband við og eigum mikið undir? Hvers vegna fáum við ekki að kjósa sýslumenn og lögreglustjóra og dómara o. s. frv.? Við eigum nokkuð mikið undir þessum mönnum, að ég nú ekki tali um læknana. Það eru starfsmenn í þjóðfélaginu sem mjög er leitað til og flestir leita til meira og minna. Við verðum að sætta okkur við það oft og tíðum að þurfa að leita til lækna sem við höfm ekki löngun til að tala við, höfum ekki traust á, höfum jafnvel hálfgerð leiðindi af að þurfa að standa frammi fyrir og trúa fyrir okkar málum. Hvers vegna megum við þá ekki kjósa lækni?

Nei, ég held að eins og þessi till. er orðuð, þá þurfi menn ekki að láta mikið. Hér er í rauninni alls ekki farið fram á að Alþ. samþykki það að prestkosningar verði afnumdar. Það eina, sem hér er farið fram á, er að 7 alþm. verði valdir til þess að skoða þetta mál ofan í kjölinn, gefa um það skýrslu sem getur síðan orðið grundvöllur að því að við getum tekið skynsamlega afstöðu til þessa máls.

Og svo vil ég bæta því við í lokin að við megum ekki láta ævinlega svo, ef minnst er hér á önnur mál en efnahagsmál, eins og það megi helst ekki um þau tala. Þetta er að verða hér á Alþ. þannig að ef minnst er á menningarmál, félagsmál, ég tala nú ekki um kirkjunnar mál, þá annaðhvort setja menn upp hundshaus eða þá það setur að þeim hlátur. Ég efast um að svona bragur sé á nokkru öðru þjóðþingi. Ég efast stórlega um það. Hér fjalla allar okkar umr., má heita, um peningamál. Ef minnst er á annað, þá eru þeir menn, sem á því hafa áhuga og vilja um það ræða, varla taldir hæfir í þessum ágæta félagsskap hér. Og ég vil þakka þeim góðu mönnum sem beita sér fyrir því að hreyfa þessu máli. Ég tel sjálfan mig ekki í þeim hópi beinlínis. Ég er að vísu meðflm. till. og held að ég hafi haft viss áhrif á efni hennar, það að það skyldu verða alþm. sem fjölluðu um málið. Ég held að mitt eina framlag í þessu máli sé það. En ég vil þakka þeim ágætu mönnum, sem hafa „bendlað" mig við þetta mál og „vélað" mig til flutnings þessa máls, og ég held að við, sem að þessu stöndum, þurfum síst að skammast okkur fyrir það að hafa hreyft hér málum kirkjunnar.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Ég hygg nú að hv. flm., séra Ingiberg J. Hannessyni, megi vera það nokkur hvatning að þessi till. hans og þeirra, sem hana flytja með honum, hefur vakið mikinn áhuga hér í þingsölum. Það sannar raunar það, sem við vitum öll, að prestar

og prestastétt hefur löngum verið virt hér á okkar landi, enda hafa prestar löngum gegnt þýðingarmiklu hlutverki. Meðal þeirra hafa verið skörungar miklir, mannbótamenn. M. a. hér í sölum Alþ. hefur sérstaklega fyrr á tímum kveðið mikið að þeim, og okkur er alls ekki sama hvernig um mál kirkjunnar og mál presta er fjallað.

Ég hlýt að taka undir orð þeirra hv. þm. sem benda á að að sjálfsögðu erum við ekki hér með afstöðu okkar til þessarar till. að taka neina ákvörðun um framtíðarskipan í þessum málum, heldur einfaldlega um að það verði rýnt ofan í málið og Alþ. sjái sóma sinn í að taka afstöðu til þess.

Ég vil eindregið taka undir orð hv. 1. þm. Norðurl. e., sem benti á að mörg mál, sem ekki beint snerta peningamál, efnahagsmál, varnarmál eða þessi mál sem við erum að þvarga um sí og æ, — þau eru afgreidd hér eða alls ekki afgreidd raunar, það er fjallað um þau sem nokkurs konar feimnismál sem engum kemur í raun og veru við. Þ. á m. vil ég nefna áfengismálin sem ýmist eru svæfð eða hreinlega stungið undir stól. Þess vegna get ég heils hugar mælt með því að þessi till. fái jákvæða þinglega meðferð og það verði tekin afstaða til hennar. Og ég get lýst fylgi mínu við hana óhikað, till. sem slíka, að hún verði samþykkt hér á þingi. Ég er hins vegar ekki búin að gera upp við mig fullkomlega það atriði, sem umr. hafa snúist um hér aðallega, og ég tel í rauninni ekkert óeðlilegt þó að í þessum umr. sé farið út fyrir efni till. af því að það er vitað hvað liggur að baki, þ. e. a. s. breytt skipan prestkosninga.

Það er alveg rétt að prestkosningar hafa í framkvæmd oft verið með allt öðrum hætti en við teldum æskilegt. Ég held að fulldjúpt sé kannske tekið í árinni með því að kalla þær skrípamynd lýðræðisins, eins og einn eða jafnvel fleiri hafa komist að orði. En þar hefur verið beitt aðferðum sem þeim, er voru að kjósa prestinn, geðjaðist síður en svo að. Ég held að þarna sé ekki fyrst og fremst og kannske alls ekki prestana sjálfa um að saka, heldur er það fólkið sem á bak við stendur, alls konar klíkur sem myndast í sambandi við slíkar kosningar. Og ég er sannfærð um að það hefur oft verið viðkomandi umsækjendum, viðkomandi prestum til sárrar raunar hvernig prestkosningar hafa í raun oft og tíðum orðið. Og mér dettur nú í hug hvort einmitt prestar, með tilliti til þess að þeir eigi að okkar mati að hafa kannske öllu meiri þroska og ábyrgðartilfinningu undir þessum kringumstæðum heldur en þegar alþm. eða frambjóðendur til Alþ. eru að kljást fyrir kosningar, — hvort prestarnir sjálfir, umsækjendur hverju sinni, gætu ekki beinlínis haft bætandi áhrif í þessu efni og haft samtök um það sín á milli að framkvæmdin yrði með því móti sem þeir gætu fellt sig við, þannig að þessar væringar og gauragangur allur, sem við verðum oft vitni að, hyrfu beinlínis úr sögunni fyrir ákveðnar óskir og tilmæli prestastefnanna sjálfra.

Það hefur verið talað um að lýðræðinu skuli fullnægt, og öll viljum við hlut lýðræðisins sem mestan. Það kann líka að þykja fyllilega eðlilegt að við alþm., sem förum með umboð kjósenda okkar, gerum út um þessi mál, og þannig verður það sjálfsagt í raun að frv. frá Alþ., hvenær sem það verður afgreitt, leiðir málið til lykta. En mér hefur komið í hug, einmitt með lýðræðið í huga, hvort ekki væri eðlilegt í þessu máli að það væri farið víðar til þess að kanna hug fólksins í landinu til þessa máls, hvort ekki væri hugsanlegt að söknarnefndir í hverri sókn létu beinlínis fara fram skoðanakönnun í sínum söfnuðum. Þetta væri hægt að gera, að ég hygg, með auðveldu móti. Kirkjugestir, hverju sinni sem þeir kæmu til kirkju, mundu einfaldlega leggja inn atkv. sitt, hvort þeir vildu afnema prestkosningar eða ekki. Með þessu móti kæmumst við örugglega nær vilja fólksins. Og ég er alveg sammála þeim ræðumönnum, sem hér hafa talað, um að það horfir dálítið öðruvísi við gagnvart fólki almennt hvort það er að kjósa prest í söknina sína eða hvort það er að fá nýjan lækni eða jafnvel lögreglustjóra, sýslumann eða aðra opinbera starfsmenn. Mér finnst hlutur prestsins, — og ég hygg, að við séum öll sammála um það, — mér finnst hann allt annar og meiri, ef við hugsum um það samneyti, sem hann á að hafa við sín söknarbörn, og það hlutverk, sem honum er ætlað. Þess vegna finnst mér þetta leið sem væri eðlilegt að benda á og hafa a. m. k. sem framlag í málið þegar til ákvörðunar kemur.

Það hefur verið talað um hér að það væri óeðlilegt að þarna væri gerður mismunur á prestum, læknum, sýslumönnum og öðrum opinberum starfsmönnum. Þetta er að vísu rétt. Þá komum við að þessari stóru, almennu spurningu sem hefur verið m. a. rædd hér á Alþ., hvort ekki er tími til kominn að gera breytingu á lögum og reglum um ráðningartíma opinberra starfsmanna, að þeir verði ekki nauðsynlega kosnir eða skipaðir um lífstíð í sín embætti, heldur kæmu þar viss tímamörk til. Ef af þeirri breytingu yrði, sem ég er ákaflega hlynnt, þá væri auðvitað eðlilegt og sjálfsagt að prestarnir kæmu þar undir líka.

Einhver sagði og átti sjálfsagt að vera í grín að prestar hér á þéttbýlissvæðunum væru taldir nær Drottni heldur en úti í dreifbýlinu. Ég held nú að erfitt sé að dæma um þetta, enda í gáska sagt. En hitt er víst, að sé það nauðsynlegt að presturinn sjálfur sé nálægt Drottni, þá er það auðvitað fyrst og fremst hlutverk hans að þoka söknarbörnum sínum eitthvað nær Drottni, hvað sem honum sjálfum líður, þó að sjálfsagt verði hann að ganga þar á undan með góðu fordæmi.

Og ég vil að endingu segja þetta, af því að ég er á þessari stundu ekki viss um að ég vilji afnema prestkosningar, en ég mundi vilja mælast til þess og skjóta því til 1. flm. hvort hann gæti ekki í sinni stétt orðið þess valdandi að framkvæmd prestkosninga breyttist frá því sem nú er. Hugsanlega gæti það gefið okkur alþm. gott fordæmi.

Gunnlaugur Finnsson: Herra forseti. Það hefur nú verið drepið á flest þau atriði sem ég var með í huga þegar ég kvaddi mér hljóðs og mun

ég því ekki þurfa að segja mörg orð nú. Ég vil aðeins vikja að því sem hv. síðasti ræðumaður sagði, hv. 9. landsk., varðandi skoðanakönnun meðal fólksins.

Ég vil ítreka það, sem ég sagði í ræðu minni áðan, að það var af hálfu Kirkjuþings leitað mjög umsagna um allt land, og ég hygg að fá frumvörp hafi verið betur undirbúin hvað þetta snertir, þ. e. a. s. að leita eftir raunverulegum viðhorfum fólksins um landið. Ég lít svo á að sú n., sem verður kosin til starfa ef þessi þáltill. verður samþykkt, muni eiga greiðan aðgang að þeim gögnum, sem fyrir Kirkjuþing voru lögð, og hún taki sjálf ákvörðun um það hvort hún hefst handa um frekari aðgerðir í ljósi þess sem hún kann þar að verða áskynja.

Ég hygg að það taki nú að líða á þessar umr., og ég tel tómt mál að þessu sinni að deila um það hvort hér er verið að framfylgja lýðræði eða ekki lýðræði. Svo mikið er víst, að lýðræðið í prestkosningunum er allt annað en það lýðræði sem við hugsum um þegar kosið er með vissu millibili til sveitarstjórna eða þings. Það fer ekki á milli mála. Við getum e. t. v. verið í eitt skipti fyrir öll, eins og ég benti á áðan, að kjósa til 40 ára og enginn möguleiki á breytingu þar á því tímabili.

Ég vil aðeins segja það í sambandi við umr. um deilur um trúmálastefnur, að sem betur fer eru lærðir menn ekki allir sammála né heldur leikir hvað það snertir. Ég tek undir það, að ég hygg, að það sé ekki endilega kosið um það í prestkosningum. Það var látið liggja orð að því áðan. En hefur enginn heyrt talað um að það kunni einhver að hafa snúið í gang apparati sem stundum er kallað kosningamaskína stjórnmálaflokka og hún kunni að hafa verið í gangi vegna þess að viðkomandi stjórnmálaflokkar hafi talið æskilegt að þessi eða hinn frambjóðandinn væri kosinn af pólitískum ástæðum? Ég tel mjög æskilegt að slík áhrif kæmu ekki til.

En ástæðan fyrir því, að ég kvaddi mér hljóðs, var líka sú að hér kom fram í ræðu hv. 7. landsk. þm. og hæstv. utanrrh., að þegar málið kom til Ed. þar sem þeir sitja og sátu, og komið til menntmn., að það var n. sem svæfði málið með því að leggja til að því yrði vísað til ríkisstj. Að öðru leyti, efnislega séð, mun það ekki hafa komið til atkvgr. þar. Ég hygg að það séu forsendur fyrir því að máli sé vísað til ríkisstj. vegna þess að það þurfi líka frekari athugunar við, og ég er ekkert viss um að skoðanir alþm. nú, eins og þingið er samansett, falli endilega saman við þær skoðanir sem voru á því þingi. Sem betur fer endurnýjast þingið sífellt. Og ég hef þá trú að enda þótt ekki muni hafa verið fyrir hendi meiri hl. fyrir breytingu á síðasta þingi, þá bæði vegna umr. á Alþ. og meðal manna þokist skoðanir þm. í sömu átt og skoðanabreyting hefur átt sér stað á meðal hinna almennu sóknarbarna um landið í heild sem og hjá prestum.

Ég vildi leita eftir því hvort andmælendur þessarar þáltill. eru alfarið á móti því að þáltill. verði samþykkt, hvort þeir eru svo á móti allri breytingu að þeir geti ekki frestað því að taka afstöðu til málsins þar til sýnt er hvort þessi 7 manna þingmannanefnd nær samkomulagi um einhverjar þær breytingar frá þeim hugmyndum, sem eru á jöðrum í þessu máli, nær samkomulagi um breytingar sem viðunandi eru fyrir báða málsaðila.

Flm. (Ingiberg J. Hannesson): Herra forseti. Aðeins örfá orð, einkum í tilefni af orðum hv. 9. landsk. þm. þar sem hann talaði um að prestar ættu að beita sér í þá átt að hafa bætandi áhrif á stuðningsfólk sitt í sambandi við prestkosningar. Auðvitað dreg ég það ekki í efa að prestar reyni eftir mætti að gera sínu stuðningsfólki ljóst að því beri að fara að þessu af hógværð og stillingu og réttum leikreglum, og ég veit mörg dæmi um að prestar hafa í lengstu lög staðið á móti því t. d. að opna kosningaskrifstofu í sambandi við svona kosningu, sem er nú orðið þó nokkuð algengt, en þrýstingur stuðningsmanna þeirra hefur orðið þess valdandi að þeir hafa orðið að láta undan og setja upp þá aðstöðu sem var sigurvænlegust fyrir þann hóp til þess að geta unnið kosninguna.

Eins og hefur verið getið um áður er búið að kanna þetta mál mjög rækilega meðal fólksins í landinu. Hv. þm. hlýtur að vera ljóst að þeir, sem sitja í sóknarnefnd, og safnaðarfulltrúar vita nokkurn veginn vilja fólksins í þessum efnum eins og mörgum öðrum því að það eru haldnir safnaðarfundir a. m. k. einu sinni á ári í hverri sókn og sums staðar oftar á ári þar sem ýmis málefni eru rædd. Þetta mál var sent öllum sóknarnefndum til umsagnar á sínum tíma og safnaðarfulltrúarnir hafa að sjálfsögðu túlkað þau sjónarmið sem fram komu á hinum almennu safnaðarfundum. Ef þm. gera sér það ekki almennt ljóst, þá eru héraðsfundir þær stofnanir þar sem saman koma safnaðarfulltrúar viðkomandi prófastsdæmis ásamt prestum og prófasti til þess að ræða ýmis kirkjunnar málefni, — koma saman einu sinni á ári í þessu skyni. Og þetta mál var lagt fyrir alla héraðsfundi á landinu, í öllum prófastsdæmunum, og fékk jákvæðar undirtektir víðast hvar, — ekki þori ég nú að segja að það hafi verið alls staðar, en víðast hvar var það svo. Þess vegna tel ég ekki þörf á því að fara að láta kjósa um þetta í kirkjum landsins á meðal kirkjugesta. Það mætti þá alveg eins hafa þjóðaratkvgr. hreint og beint um málið.

Ég mun ekki vinna að því við kirkjuyfirvöld eða prestastétt að breyta framkvæmd prestkosninga í betri átt nema það sé sýnilegt að þessu fyrirkomulagi verði ekki breytt. Þá veit ég að ég og aðrir reynum að sjálfsögðu að hafa góð áhrif á það eins og unnt er. En ég vil beita mér fyrir því fyrst og fremst að afnema þetta fyrirbirgði. Og ég verð að trúa því að hv. þm. hafi nægilega mikla víðsýni til að horfast í augu við þetta án þess að láta þröngsýn sjónarmið binda sig um of. Við þurfum auðvitað að vera íhaldssamir að vissu marki í ýmsum efnum og halda því, sem gott er, og hljótum að gera það. En þarna hafa komið fram svo margir hnökrar og svo margir þættir sem eru blettur á fyrirkomulagi prestkosninganna að við hljótum að líta á þetta svolítið nánar og gera tillögur um að breyta þarna um. Á hvern hátt þær till. verða er auð-

vitað í valdi þeirrar n., sem verður kosin, ef þáltill. verður samþykkt. Og ég held að það sé ekkert hættuspil að kjósa þessa n. Hún skilar sjálfsagt sínu áliti og við verðum svo að sæta því hvert það verður.

Páll Pétursson: Herra forseti. Það er á þeim að heyra sem fastast mæla með þessari till. og framgangi þess skipulags sem hún víkur að að það sé einhver voðalegur bransi, þessi kirkjubransi, og það gildi um hann einhver allt önnur lögmál heldur en um önnur félagsleg samskipti manna. Ég fæst bara ekki til að trúa því að þetta sé svona.

Einn hv. þm., Geirþrúður H. Bernhöft guðfræðingur, orðaði það svo að þessar prestkosningar ýttu undir allt það versta sem í manneskjunni byggi: ósáttfýsi, rógburð og ósamlyndi. Ég skil þetta bara ekki. Ég held að það sé verið að mála ljóta karlinn á vegginn.

Það komu líka fram mótmæli við því að presturinn ætti að vera einhver „altmuligmand" í söfnuðinum. Ég held enn við þá skoðun, sem ég lét í ljós hér fyrr í dag, að kannske væri þar unnið meginstarf prestsins. Það kann að vera að hann tefjist að einhverju leyti við að boða fagnaðarerindið á því að sinna öðrum störfum. En ég á bágt með að trúa því t. d. að þær séu neitt í hers höndum, sálirnar í Saurbænum, þó að sálnahirðirinn sitji hér um stund suður á Alþ. og vinni þar þjóðnytjastörf. Sagan sýnir okkur einmitt að íslenskir prestar hafa verið í fararbroddi um þjóðnytjastörf, hvort heldur þeir hafa setið hér á Alþ. ellegar þá staðið að „viðgerð hraðfrystihúsanna," ellegar þá læknað hunda. Hvert starf, sem unnið er af samviskusemi og ósérhlífni, getur verið þjóðnytjastarf.

Það bryddi í ræðu hv. frummælanda, 2. þm. Vesturl., séra Ingibergs, á mikilli vorkunnsemi við prestinn sem slíkan, það væri farið svo voðalega illa með prestinn að vera að láta kjósa um hann, og eins og Steinn sagði: „skyldi ekki manninum leiðast að láta krossfesta sig." Víst er það kannske nokkur mannraun að koma inn á 300 heimili, heilsa upp á fólkið og drekka kaffi hjá því og ná svo ekki kjöri. En þó hygg ég nú að sá prestur, sem tekur þátt í kosningabaráttu, hvort sem hann vinnur eða tapar, öðlist dýrmæta reynslu, hann eignist vini, hann eignist nýja kunningja, og þá er alls ekki til einskis barist. En þó að tekið yrði upp nýtt og breytt skipulag, erum við þá viss um það að enginn prestur verði út undan, erum við þá viss um að allir fái sín óskabrauð og eigum við von á því að það verði „rúm fyrir þá í gistihúsinu" alla?

Ég hygg að það gildi enn hið forna máltæki, að það verði enginn óbarinn biskup. Og ég hygg að það verði engir óbarðir prestar frekar, ekki endilega eftir nýju skipulagi. Flokkadrættir og klíkuskapur er áreiðanlega síður en svo útilokað með því. Við höfum horft upp á mjög snarpar og illvígar deilur kirkjunnar manna nú að undanförnu. Við gætum sett dæmið upp þannig að hér væri t. d., svo að maður noti þeirra eigin talsmáta, grautartrúarbiskup sem skipaði svo grautartrúarpresta sem svo kysu nýjan grautartrúarbiskup. Ég held að það yrði ekki siglt út fyrir deilur, klíkuskap og óþægilegheit heldur með því.

Ég hef það traust á íslenskri prestastétt að henni sé óhætt að taka þátt í almennri kosningabaráttu. Og allir þeir prestar, sem ég hef kynnst, eru prýðilega færir um það, án þess að fara sér á nokkurn hátt siðferðilega að voða. Það kann að vera að það sé stundum óþægilegt að hafa hemil á ákveðnum stuðningsmönnum, að þeir gerist ekki offari í sínum málflutningi, en þeir eru nú sóknarbörn allt um það.

Jónas Árnason: Herra forseti. Hv. 6. þm. Reykv., Geirþrúður H. Bernhöft, ég hygg að hún hafi ekki komist þannig að orði að við værum eingöngu að heimta, „altmuligmand" sem presta úti í dreifbýlinu. Hins vegar taldi hún að það væri kannske ýmislegt þýðingarmeira í fari presta heldur en geta gert við mótora og annað slíkt. Við megum ekki snúa út úr orðum hennar. Þetta vildi ég segja út af því sem hv. þm. Páll Pétursson var að segja hér áðan. Að öðru leyti tek ég algjörlega undir það sem hann sagði fyrr á þessum fundi. Ég held að hvert það starf, sem unnið er af trúmennsku, samviskusemi og góðum hug, hvort heldur um er að ræða lærða eða leika, trúmenn eða trúleysingja, það sé hinn sanni boðskapur fagnaðarerindisins. Og þetta er okkur afskaplega mikils virði úti í dreifbýlinu.

En það hefur verið sagt hér á móti prestkosningum að þær séu ólýðræðislegar, og eitt af mörgu, sem hefur verið tínt til marks um þetta, er að presturinn sé kosinn til ótiltekins tíma og geti setið, ef hann sjálfur vill, meðan honum endist örendið. Söfnuðurinn getur ekkert við því gert. Þetta er að vísu rétt. En það stæði ekki á mér að styðja það, ef flutt yrði hér frv. um að stíga enn þá lengra í lýðræðisátt og kveða svo á að prestar skuli aðeins kosnir til fjögurra eða fimm ára. En sérstaklega vildi ég styðja það og beini því til hv. þm., hvort þeir væru ekki fáanlegir einhverjir til þess að flytja það mál hér fram að slík ákvæði verði látin gilda um mann sem situr í embætti biskups, jafnvaldamiklu embætti og það er, jafnáhrifamiklu, til góðs að sjálfsögðu, en sagan kennir okkur líka að mikil völd í slíkum embættum hafa oft leitt til ills. Ég tel það sjálfsagt að maður eins og biskup sé aðeins kosinn til 4—5 ára.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 30 shlj. atkv. og til allshn. með 30 shlj. atkv.

Stofnlánasjóður vegna stórra atvinnubifreiða, þáltill. (þskj. 228). — Ein umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Við hv. þm. Karvel Pálmason og hv. þm. Páll Pétursson höfum leyft okkur að flytja till. til þál., svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að hlutast til um að komið verði á fót stofnlánasjóði eða stofnlánadeild, sem hefði það hlutverk að veita stofnlán til kaupa á vörubifreiðum, langferðabifreiðum og stórvirkum vinnuvélum."

Till. þessi er nú flutt í þriðja sinn.

Þörfin á stofnlánasjóði eða stofnlánadeild, sem sinnti þessum verkefnum, eykst stöðugt. Vandi einstaklinga vex að sama skapi. Hér er um margmilljónaatvinnutæki að ræða sem víxilfyrirgreiðsla ein, allra síst eins og henni er háttað í dag, leysir ekki á nokkurn hátt.

Till. hlaut þegar mikinn stuðning þeirra aðila, sem hér eiga erfiðasta aðstöðu, og m. a. lá fyrir síðasta þingi eindregin stuðningur Landssambands vörubifreiðastjóra við aðalefni þessarar tillögu.

Vörubifreiðar með fullkomnum útbúnaði kosta nú á annan milljónatug. Vöruflutningar með bifreiðum fara sífellt vaxandi. Deila má um hve rétt sú stefna er og hversu vel vegir okkar þola þá miklu þungaumferð, en staðreyndin er ótvíræð engu að síður.

Farþegaflutningar með bifreiðum eru ómissandi þáttur í okkar samgöngukerfi. Skipulagning þeirra mætti um margt betur fara, en nauðsynin er mikil, einkum úti í strjábýlinu, þó að farþegafjöldi á ýmsum leiðum þar fari fjarri því að standa undir hinum mikla kostnaði. Þar er oft notast við úrelt og léleg samgöngutæki, eðlileg endurnýjun dregst vegna fjármagnsskorts, enda er einkabílismin þungur í skauti í samkeppninni þar eins og annars staðar. En þegar á reynir, þegar færð versnar eða þegar eitthvað annað bjátar á, þá vilja menn hafa þessa þjónustu tiltæka og til sérleyfishafanna eru gerðar vaxandi kröfur sem hinir smærri og efnaminni ráða alls ekki við, m. a. vegna þess að öll eðlileg stofnlán vantar. Sums staðar liggur við að þjónusta þessi leggist niður, annars staðar er hún nánast nafnið eitt. Erfiðasti hjallinn fyrir alla þessa aðila er hinn gífurlegi stofnkostnaður án allrar eðlilegrar fyrirgreiðslu lánakerfisins í landinu.

Ekki skal vinnuvélunum gleymt sem ryðja sér æ meira til rúms, létta af mannshöndinni mörgu erfiðu verki og eru ómissandi við hvers kyns veigameiri framkvæmdir. Kranar, gröfur, ýtur, svo að eitthvað sé nefnt, kosta of fjár og ekki á margra færi að eignast annars þessi nauðsynlegu tæki af eigin rammleik. Ég bendi þó á góða fyrirgreiðslu Byggðasjóðs til þeirra aðila sem uppfylla tiltölulega þröng skilyrði þess sjóðs, m. a. hlutdeild sveitarfélags eða stuðning sveitarfélags í einhverju formi. Eins og bent er á í grg. er hér ekki um eðlilegt verkefni að ræða fyrir Byggðasjóð nema þá sem viðbótaraðila hjá þeim sem erfiðasta hefur aðstöðuna og brýnasta frá byggðasjónarmiði.

Við gerum enga till. um það hversu há lán í hlutfalli við kaupverð þessara tækja sjóður eða deild ætti að veita. Það er þó skoðun okkar að lægri prósenta en 50 kæmi vart til greina, og samkv. reynslu okkar hér af mun það síst of mikið. Við gerum ekki heldur till. um fjármögnun sjóðsins, en þar hlyti að verða að fara troðnar slóðir, sem líkastar þeim sem gilda um aðra stofnlánasjóði. Við bendum á tvær leiðir í grg.: annars vegar að Framkvæmdasjóður leggi til lánsfé og í öðru lagi komi til gjald frá eigendum þessara atvinnutækja sem þeir skiluðu til sjóðsins eftir vissum reglum. Á s. l. ári mun Framkvæmdasjóður hafa veitt, að því er mér er tjáð, um 40 millj. kr. í þessu skyni, sem algera bráðabirgðaráðstöfun þó, og mun Iðnaðarbankinn hafa haft þar milligöngu eða annast þá útdeilingu. Mér er sagt að þetta hafi nánast verið í því formi sem líkast er venjulegri víxilfyrirgreiðslu, og annar framkvæmdastjóra Framkvæmdastofnunarinnar hefur tjáð mér að þessi leið þyki ekki fær, það sé jafnvel einskis að vænta á þessu ári. Reynslan hefur e. t. v. ekki verið nógu hagstæð eða þá að hið algera peningaleysi, sem alltaf er viðbrugðið, segi hér til eins og víðar. En hinu verður ekki snúið við, að öll þessi tæki eru orðin ómissandi og það er alrangt að svelta eigendur þeirra með öllu varðandi stofnlán. Að öðrum kosti verða það eingöngu stærri og öflugri fyrirtæki og verktakar sem þessi tæki eiga, en hinn venjulegi maður hverfur úr leiknum með öllu. Ég held að þessi ráðstöfun Framkvæmdasjóðs í sumar hafi undirstrikað nauðsyn á frambúðarlausn: stofnun sjóðs eða stofnlánadeildar til að sinna þessu verkefni af fullum myndarskap.

Andmæli og aths. hafa vissulega heyrst. Það er komið nóg af sjóðum, segja menn. Vissulega má það satt vera. En hér er engu að síður um alvarlega eyðu að ræða varðandi eðlilega lánsfyrirgreiðslu, og þetta mál ber á einhvern hátt að leysa. Margmilljónatæki geta ekki verið án eðlilegra stofnlána með sæmilegum kjörum, ekki nema þá, eins og ég sagði áðan, í eigu nógu voldugra aðila sem þá mundu fljótt einoka þetta, svo sem þegar vill við brenna með sumar dýrari vinnuvélarnar og reyndar fleira. Okkur hefur verið á það bent að þessi stóru fyrirtæki, þessir stórverktakar, sem í dag eiga t. d. mikinn hluta vinnuvélanna, muni einoka þennan sjóð. Sú hætta er að vísu fyrir hendi ef ekki er rétt að staðið í upphafi, ef hinn venjulegi maður, sem ætlar sér aðeins að eignast gott atvinnutæki fyrir sig til eigin lífsframfæris, fær ekki sama rétt og að okkar áliti og vilja forgang til lána. Við flm. viljum einmitt undirstrika þetta. Við erum með þessu móti að koma til móts við hinn almenna mann, hvort sem atvinna hans er bundin jarðýtu, vörubifreið eða langferðabíl. Þeirra vandi er mestur. Hann þarf að leysa. Bankakerfið leysir hann ekki, þó að það leysi vanda hinna stóru og öflugu aðila í þessum greinum. Þeir eiga þar auðveldari leið sakir stærðar og ýmissa áhrifa.

Við flm. erum sannfærðir um nauðsyn eðlilegrar fyrirgreiðslu til hins almenna ýtustjóra eða vörubílstjóra, einmitt til þess að atvinnutæki þau, sem till. snýst um, verði ekki í einokun fárra aðila. Öll þróun stefnir einmitt í þá átt. Og auðvitað leggjum við eðlilega áherslu á að þeir njóti hér bestrar fyrirgreiðslu sem við verstu aðstæðurnar búa, svo sem er um sérleyfishafa ýmsa úti á landsbyggðinni. Með þessari till. erum við að reyna að þoka þessu máli í réttlætisátt. Við væntum þess að hún fái nú jákvæða afgreiðslu loksins. Andmælarödd hefur aldrei heyrst nein við aðalatriðum þessarar till. Form hennar er viljandi haft rúmt, aðeins skorað á ríkisstj. að hún hlutist til um þetta verkefni. Aðalatriðið er að gröfueigandinn eða bifreiðarstjórinn geti aflað sér síns atvinnutækis á eðlilegan hátt eins og bóndi eignast sína dráttarvél eða fiskimaðurinn sína trillu. Það er höfuðtilgangur okkar með þessum tillöguflutningi.

Ég legg svo til, herra forseti, að þessari till. verði vísað til hv. atvmn.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að láta hér örfá orð falla til þess að lýsa yfir stuðningi við þessa till. og málflutning hv. 7. landsk. þm., 1. flm., sem fylgdi henni úr hlaði.

Það er lagt til að stofnaður verði sjóður eða stofnlánadeild til þess að veita stofnlán til kaupa á vörubifreiðum, langferðabifreiðum og stórvirkum vinnuvélum. Það er hverju orði sannara að þeir menn, sem þennan atvinnurekstur stunda, eiga hvergi höfði sínu að að halla í þessum efnum, og það er ekki einungis erfitt fyrir þá að kaupa ný atvinnutæki, það er einnig mjög erfitt að skipta um atvinnutæki. Þetta þekkjum við margir af eigin raun, má segja. Það hefur verið bent á Byggðasjóð í þessu efni. Það er nú orðin tíska og raunar sjálfsagt að nefna nafn hans þegar slík vandamál ber á góma sem snerta landsbyggðina sérstaklega. Og Byggðasjóður mun á s. l. ári hafa hlaupið undir bagga í þessu máli, en einungis til bráðabirgða, þannig að enn er ekkert form komið á þessar fjárveitingar.

Flm. benda á tvær leiðir: annars vegar að Framkvæmdasjóður leggi til lánsfé og í öðru lagi komi til gjald frá eigendum þessara atvinnutækja sem þeir skiluðu til sjóðsins eftir vissum reglum. Þetta er rétt ábending þegar hafðir eru í huga ýmsir aðrir stofnlánasjóðir. En aðalatriðið er það, sem ég vil ítreka, að þessir menn hafa verið ákaflega illa staddir á undanförnum árum, eins og mörg dæmi sanna, og það er full ástæða til þess að athuga vandamál þeirra að þessu sinni af fullu raunsæi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Samkomulag við Belgíu um veiðar innan fiskveiðilandhelgi, þáltill. (þskj. 302). — Ein umr.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að mæla hér fyrir till. til þál. um staðfestingu á samkomulagi við Belgíu um heimildir til að veiða innan fiskveiðilandhelgi Íslands. Tillgr. er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að staðfesta samkomulag það, sem gert var við Belgíu hinn 28. nóv. 1975."

Till. sú til þál., sem hér liggur fyrir, staðfestir, ef samþ. verður, samkomulag það sem ríkisstj. hefur gert við ríkisstj. Belgíu varðandi heimildir til að veiða innan fiskveiðilandhelgi Íslands. Er hér um að ræða takmarkaða framlengingu á veiðiheimildum fyrra samkomulags við Belgíu er féll úr gildi hinn 13. nóv. 1975. Eitt veiðisvæði fellur niður, sem áður var svæði 3 og var fyrir Suðurlandi, en svæðin hafa verið númeruð á ný á meðfylgjandi korti og eru veiðisvæðin birt á fskj. II. Sett er hámarksaflamagn, sem ekki var áður og er nú 6500 tonn og þar af ekki meira en 1500 tonn af þorski. Áður voru 19 skip leyfð, en nú eru 12 og eru nöfn þeirra birt sem fskj. með þáltill., fskj. merkt nr. I. Enn fremur eru ný ákvæði um verndun fiskstofna, þ. á m. um möskvastærð, að hún skuli eigi vera stærri en 135 mm. Samkomulag þetta er uppsegjanlegt af beggja hálfu með 6 mánaða fyrirvara.

Það má segja eflaust að þessa till. hefði átt að leggja fyrir hv. Alþ. fyrr og jafnvel áður en samkomulagið var látið taka gildi. En hér er hafður sami háttur og var þegar fyrra samkomulagið var gert, að staðfestingar Alþ. var ekki leitað fyrr en síðar. Að þessu má sjálfsagt finna, en það er ekki fordæmalaust eins og ég segi.

Ég tel ekki þörf á því, nema tilefni gefist til, að hafa um þetta fleiri orð, en legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði umr. frestað og till. vísað til hv. utanrmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Endurvinnsluiðnaður, þáltill. (þskj. 294). — Ein umr.

Flm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja till. til þál. um endurvinnsluiðnað. Till. er flutt til þess að vekja athygli á verkefni sem þörf er á að sinna. Verði till. samþ. liggur vilji Alþ. fyrir um það að rannsókn skuli fara fram á því hvort endurvinnsluiðnaður geti orðið arðvænlegur og átt rétt á sér hérlendis.

Till. sú, sem hér um ræðir, á þskj. 294, er þannig:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta fram fara ítarlega athugun á því, hvort endurvinnsluiðnaður í ýmsum greinum gæti orðið arðvænlegur hér á landi, dregið úr gjaldeyrisсyðslu og veitt mörgum örugga atvinnu."

Hér á landi fellur mikið til af úrgangi og afgöngum sem mætti nýta. Skortur er að verða á ýmsum undirstöðuefnum í heiminum. Í kjölfar þess hefur komið ört hækkandi verðlag sem valdið hefur mikilli röskun og erfiðleikum. Eitt höfuðvandamál heimsins á þessum tímum er hin mikla eyðsla hráefnisbirgða jarðar og stóraukinn kostnaður við að ná til þeirra. Hér skulu nefnd nokkur dæmi um áætlaða endingu hráefnisforðabúrs jarðarinnar af ýmsum mikilsverðum hráefnum: alúmínium 30 ár, eir 20 ár, járn 90 ár, blý 20 ár, nikkel 50 ár, tin 15 ár, zink 16 ár og olía 30 ár. Það sem hér hefur verið sagt, kemur fram í riti sem alþjóðasamtök endurvinnsluiðnaðarins gefa út. Aðalmarkmið þeirra samtaka er að vinna skipulega að því að endurunnið hráefni verði sem víðast fyrir hendi. Með því er unnið að því að nauðsynleg undirstöðuefni, sem ört gengur á, endist lengur og að miklum verðmætum verði bjargað.

Fyrirtæki innan nefndra samtaka vinna að söfnun og vinnslu á eftirtöldum efnum: brotajárni og stáli, hvers konar málmum, pappír, tuskum, plasti, gúmmíi, gleri og fleiri efnum sem finnast og til falla. Grundvallaratriði endurvinnslu er stöðug endurnýjun á uppruna mikilvægra hráefna. Hráefni í endurvinnslu þýðir minni orkunotkun. Hráefni í endurvinnslu þýðir minni mengunarvandamál og þjóna hugsjón náttúruverndar. Endurvinnsla þýðir aukna verðmætaöflun og lengri endingartíma hráefnisforða á jörðinni.

Hér á landi hefur farið lítið fyrir endurvinnslu. Má þó ætla að fyrr á tímum hafi verið betur haldið á en nú. Um síðustu aldamót keyptu nokkrir járnsmiðir strandað skip. Ætlunin var að fá nothæft járn til smíða. Einnig munu þeir hafa selt til útflutnings 10—15 tonn af brotajárni. E. t. v. var þetta fyrsta salan til útlanda á brotajárni frá Íslandi.

Innflutningur á járni til landsins fram eftir öldum var mjög lítill og aðeins 40—50 tonn árlega um 1800.

Á liðnum tíma fer lítið fyrir söfnun járns og málma þar til fyrir 25 árum að fyrirtæki í Reykjavík, Sindri hf., byrjaði reglulega söfnun og síðar sundurgreiningu og vinnslu. Hefur þessi starfsemi aukist verulega í seinni tíð. Liggur nú fyrir áætlun um söfnun og vinnslu brotajárns og málma fyrir allt landið. Framkvæmd þessarar áætlunar er þegar hafin að nokkru leyti. Mestur hluti þess hráefnis, sem þannig safnast, er seldur til útflutnings, en nokkuð er selt innanlands til járnsteypufyrirtækja. Með flokkun og sundurgreiningu þess, sem safnast af brotajárni og málmum, hefur fengist mun hærra verð en áður var, þegar hráefnið var selt óflokkað. Hefur Sindri hf. haft virðingarverða forgöngu í þessu máli að undanförnu. Ýmsir fleiri aðilar hafa fengist við járn- og málmsöfnun um árabil, en í litlum mæli sé miðað við þann aðila sem áður er nefndur.

Skilgreining á hugtakinu endurvinnsla er sú að breyta úrgangsefni í vinnsluhæft hráefni og enn fremur fullvinnsla iðnaðarframleiðslu úr þeim efnum. Það er nauðsynlegt að áfram verði unnið að söfnun járns, málma og annarra hráefna sem gæti orðið undirstaða að mikilli verðmætaaukningu og nýjum atvinnugreinum í landinu.

Íslendingar eru fátækir af hráefnum til iðnaðar. Það liggur í augum uppi að hér á landi muni endurvinnsluiðnaður gegna margþættu hlutverki, m. a. spara erlendan gjaldeyri og auka atvinnumöguleika fjölda fólks. Hráefnin eru upphaflega keypt erlendis frá og ætti því að vera enn þýðingarmeira fyrir íslendinga en aðrar þjóðir, sem hafa undirstöðuefnin í landinu, að safna saman og nýta það sem hæft er til endurvinnslu.

Í landi allsnægtanna, Svíþjóð, og víðar er margs konar endurvinnsluiðnaður kominn á hátt stig. Má m. a. nefna pappír, brotajárn, gúmmí o. fl. Við endurvinnslu járns og málma þarf miklu minni orku heldur en við frumvinnslu. Með stórauknum orkukostnaði í seinni tíð mun sá þáttur í framleiðslunni gera hlut endurvinnslunnar enn betri í samanburði við frumvinnsluna.

Áhugi manna hér á landi fyrir ýmiss konar iðnaðarframleiðslu hefur farið vaxandi undanfarin ár. Skilningur á möguleikum í endurvinnsluiðnaði eykst með fræðslu og upplýsingum á því sviði sem er nú orðin þýðingarmikil atvinnugrein í nágrannalöndunum og víðar. Áhugi manna hér á landi hefur komið m. a. fram í því að stofnuð hafa verið félög áhugamanna um endurvinnsluiðnað. Stálfélagið hf. er dæmi um þetta. Það var stofnað fyrir fáum árum af 60 áhugamönnum til þess að athuga grundvöll fyrir því að stofnsett yrði hér á landi fyrirtæki sem safnaði og bræddi allt brotajárn sem til félli árlega. Ætlunin er að valsa úr því steypustyrktarstál og spara þannig gjaldeyri sem eytt er vegna innflutnings á steypustyrktarjárni sem nú er mjög dýrt. Gert er ráð fyrir að árlega falli til allt að 15 þús. tonn af brotajárni og aukist á næstu árum í 20 þús. tonn.

Stærstu brotajárnsgjafar eru smíðaefni, plötur, prófílar, vinnuvélar, skip og bifreiðar. Stálfélagið hf. hefur látið gera áætlun um stofn- og rekstrarkostnað fyrir járnbræðslu. Ekki er enn vitað, hvenær eða hvort af framkvæmdum verður. Vegna mikilla verðbreytinga og af öðrum ástæðum mun fyrri áætlun verða endurskoðuð.

Svíar hafa mikið af undirstöðuefnum til iðnaðar í landinu. Eigi að síður leggja þeir mikið kapp á endurvinnsluiðnað. Árið 1974 var endurvinnsla á pappír í Svíþjóð 500 þús. smálestir eða ca. 28% af hráefnisþörf pappírsiðnaðarins í Svíþjóð það ár. Endurvinnsla járns í Svíþjóð 1974 var 800 þús. tonn. Innflutningur var það ár ca. 337 þús. tonn, en nærri 50% hráefnis, sem svíar nota til stálframleiðslu sinnar, er brotajárn. Svíar leggja mikið kapp á að ná til endurvinnslu enn stærri hluta af því úrgangsefni sem til fellur. Kemur það skýrt fram í nýrri orku- og iðnaðaráætlun svía sem lögð var fram á síðasta ári.

Hér á landi var eitt sinn gerð tilraun til rekstrar pappaverksmiðju með úrgangspappír sem hráefni. Rekstur þessi lagðist niður þar sem hann skilaði ekki arði. Nokkuð hefur þó verið endurunnið af pappír í landinu og það selt sem hráefni úr landi. Glerúrgangur var nýttur hér fyrir nokkrum árum til framleiðslu á flöskum, en sá iðnaður lagðist niður. Tuskur hafa eitthvað verið nýttar, en þó að óverulegu leyti. Framleiðsla á rúðugleri byrjaði hér fyrir nokkrum árum. Meiningin var að endurvinna gler í þeirri verksmiðju þótt reiknað væri með innfluttu hráefni að verulegu leyti.

Tilraunir til endurvinnsluiðnaðar, sem hér hefur verið minnst á, heppnuðust ekki eins og vonir stóðu til. En síðan hefur margt breyst í framleiðslutækni og verðlagi. Gæti því verið grundvöllur fyrir arðbærum endurvinnsluiðnaði hér á landi nú við breyttar forsendur þótt það hafi naumast verið fyrir tveimur áratugum eða meira. Nauðsynlegt er að byggja á þeirri reynslu sem fengin er. Nýta verður fyllstu tækniþekkingu og hagræðingu í rekstri til þess að vel megi fara. Með endurvinnslu í huga verður að halda til haga öllu sem nýtilegt er og til fellur.

Athugun, sem gerð hefur verið í Bandaríkjunum, sýnir að sorp úr heimahúsum inniheldur eftirtalin efni: pappír 59%, blikk, stál og ál 16%, gler 6%, plast 6% og annað 13%. Þetta ásamt öðru, sem til fellur, er tiltölulega dýrt hráefni. Talið er að a. m. k. 500 kg af ofangreindum efnum í sorpi falli til á mann yfir árið. Fer ekki á milli mála að miklum verðmætum er á glæ kastað meðan endurvinnslu er ekki hrundið af stað til þess að nýta úrgangsefnin.

Auk þess, sem hér hefur verið nefnt, eru mikil verðmæti í ýmsu öðru sem kastað er, t. d. í sláturhúsum og vinnslustöðvum. Má m. a. nefna horn, bein og innyfli sem ekki eru enn að fullu nýtt. Úr hornum og beinum er unnin verðmæt framleiðsla erlendis. Er vissulega ástæða til þess að gera fullnaðarathugun á því máli hér á landi.

Pappírinn er fyrirferðarmestur í sorpinu. Virðist vera verðugt verkefni að hefja endurvinnslu á umbúðapappír og pappa hér á landi. Íslendingar eiga ekki trjávið til pappírsgerðar eins og svíar sem endurvinna þó blaðapappír og annan papp-

ársúrgang. Úrgangspappir er verðmætt hráefni sem þarf að nýta hér á landi ekki síður en í Svíþjóð og öðrum þjóðlöndum. Í alþjóðlegu riti er frá því skýrt að eitt tonn af góðum pappír jafngildi 15 grænum trjám 30 ára gömlum eða 0.4 hekturum af skógi. Þetta virðist vera ótrúlegt þegar um það er lesið, en það mun eigi að síður vera sannleikur, enda sagt frá því í viðurkenndu alþjóðlegu riti. Allur sá pappír, sem fer árlega til ónýtis hér á landi, er á við mörg tré og stóran skóg.

Síðan till. á þskj. 294, sem nú er til umr., var lögð fram hafa margir komið að máli við mig og talið að með tillöguflutningnum sé vakin athygli á nauðsynlegu og mikilvægu máli. Áhugamaður um iðnað, sem einnig er uppfinningamaður, hefur skrifað mér um endurvinnslu málma og segir hann m. a.:

„Hér á landi falla til tugir og hundruð tonna af góðum málmi: eir, stál, kopar, blý, zink, ál, hvítmálmur. Eg undirritaður hef nokkur síðustu ár in rannsakað möguleika verksmiðjuiðnaðar hér úr þessum málmum og verða því ekki gerð verulegskil að þessu sinni, enda aðrar hliðar þessara mála mikið rannsóknarefni. Eitt af því, sem ég hef í athugun, er framleiðsla rafmagnsvíra úr úrgangi. Hér á landi eru tvær verksmiðjur sem líklega gætu annast þetta og mundu tækjakaup, sem bæta þyrfti við aðra þeirra, nema 4—5 millj. kr. Við þetta mundu sparast tugir millj. kr. í gjaldeyri og auk þess skapast mikil atvinna. Þessa athugun mína gæti ég lagt fram eftir nokkurra vikna frekari rannsókn. Benda má enn fremur á hliðstæða nýtingu annarra málma. S. l. 3 ár hef ég gert tilraunir með varahluti í bíla úr blýi. Þessum tilraunum lýk ég eftir nokkrar vikur. Eg hef kynnt mér sölu á þessu erlendis og allt það sem þarf til þess að framleiðslan sé samkeppnishæf á erlendum mörkuðum. Ég reikna með því að geta þannig flutt út blý sem fullkomlega samkeppnishæfa vöru, enda er hér um patent að ræða."

Þetta er stuttur kafli úr bréfi áhugamannsins sem vill gera allt sem í hans valdi stendur til þess að nýta þau verðmæti sem fyrir hendi eru til hagsældar fyrir þjóðina.

Borgarstjórn Reykjavíkur gerði svofellda ályktun samhljóða á fundi borgarstjórnar 19. f. mán.:

„Borgarstjórn beinir þeim tilmælum til Alþ. að samþykkja till. til þál. frá Ingólfi Jónssyni um endurvinnsluiðnað. Jafnframt beinir borgarstjórn þeim tilmælum til ríkisstj. að hraðað verði þeirri athugun, sem till. gerir ráð fyrir, og að Reykjavíkurborg gefist kostur á að fylgjast með athuguninni."

Það er ánægjulegt að borgarstjórn Reykjavíkur virðist hafa góðan skilning á því málefni sem hér um ræðir.

Herra forseti. Það er nauðsynlegt að rannsaka til hlítar það sem hér hefur verið drepið á. Safna þarf skýrslum um það sem árlega fellur til af þeim efnum sem helst koma til greina í endurvinnslu. Gera þarf áætlun um stofn- og rekstrarkostnað fyrir endurvinnsluverksmiðjur og gera sér fulla grein fyrir því hvaða vonir má binda við þennan nýja iðnað. Með till. þeirri til þál., sem hér um ræðir, er lagt til að ríkisstj. láti fara fram itarlega athugun á því hvort tiltækilegt sé að hefja endurvinnsluiðnað hér á landi. Virðist vera eðlilegt að fela Iðnþróunarstofnun Íslands að framkvæma umrædda athugun, fremur en skipa sérstaka n. í því skyni.

Að lokum vil ég leggja til að umr. um till. verði frestað. En þar sem gera verður ráð fyrir að athugun sú, sem till. gerir ráð fyrir að fram fari, geti haft nokkurn kostnað í för með sér, legg ég til að málinu verði vísað til fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Takmörkun þorskveiða, þáltill. (þskj. 236). — Ein umr.

Flm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Á þskj. 236 hef ég leyft mér að bera fram till. til þál. er hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að sjá svo um að ekki verði veiddar meira en 250 þús. lestir af þorski á Íslandsmiðum árið 1976."

Þessi till. var lögð fram hér á Alþ. á árinu 1975, og má því segja að það sé erfiðara viðfangs nú heldur en ég ætlaðist til að ræða hana, þar eð nú er þriðji mánuður þess árs sem hún átti að hjálpa til að takmarka veiðina á.

Öllum hv. þm. mun vera ljóst tilefni þessa tillöguflutnings. Á undanförnum árum hafa fiskifræðingar og sjómenn hvað eftir annað vakið athygli á gegndarlausri ofveiði okkar bolfiskstofna og þá einkum þorskstofnsins. Árið 1972 rituðu fiskifræðingar sjútvrn. tvisvar sinnum bréf þar sem vakin var athygli á alvarlegu ástandi þorskstofnsins, einkum hve hrygningarstofninn færi ört minnkandi. Fyrra bréfið ritar Sigfús Schopka sjútvrn. 22. mars 1972, að afloknum fundi í Charlottenlund í Danmörku. Það var fundur í sameiginlegri vinnunefnd Alþjóðahafrannsóknaráðsins og Norðvestur-Atlantshafsnefndarinnar um ástand þorskstofnanna í Norður-Atlantshafi og horfur í þeim efnum með sérstöku tilliti til sóknarbreytinga. Eftir að hafa lýst því, hvernig afköst fiskiflotans hafa aukist um a. m. k. 3% á ári eða um 30% á undanförnum 10 árum vegna endurbóta á veiðarfærum, siglinga- og fiskleitartækjum, komust sérfræðingarnir að þeirri niðurstöðu að allir stærri þorskstofnarnir í Norður-Atlantshafi væru fullnýttir eða ofveiddir, og segja þeir síðan í lok bréfsins: „Það er því ljóst að þorskafli í Norður-Atlantshafi verður ekki aukinn meira en orðið er. Minnkandi sókn dregur að vísu aðeins úr aflamagni, en hins vegar mun afli á sóknareiningu vaxa, sem aftur stuðlar að aukinni hagkvæmni fiskveiðanna. Æskilegt er því að draga úr sókninni í þorskinn, í sumum tilvikum jafnvel nauðsynlegt. Reiknaðist okkur til að æskilegasta sóknin sé um helmingur af núverandi sókn."

Þetta sagði fiskifræðingurinn í bréfi sínu 22. mars. 1972.

14. júní 1972 gefa þeir Þórður Ásgeirsson og Jakob Magnússon rn. skýrslu um ársfund Norðvestur-Atlantshafsnefndarinnar sem haldinn var í Washington 25. maí til 2. júní 1972. Staðfestir skýrslan að þau sömu sjónarmið um fullnýtingu eða ofveiði stofnanna í Norður-Atlantshafi voru

ríkjandi á aðalfundinum, sömu og ríkt höfðu á fundinum í Charlottenlund.

Þessar viðvaranir virtust þó ekki hafa veruleg áhrif á íslensk stjórnvöld. Sókn okkar hélt áfram að aukast og sókn útlendinga stóð nokkurn veginn í stað þrátt fyrir útfærslu landhelginnar í 50 mílur. Sókn útlendinga var um 50% á þessum árum og 1973 sömdum við við eina af þessum þjóðum um 130 þús. tonna ársafla í tvö ár. Er því sýnilegt að þarna var stigið mjög alvarlegt spor til viðhalds ofveiðinni.

Síðan kom svarta skýrslan svonefnda sem varð til að hrista upp í hugum margra íslendinga. Þar var loks kveðið fast að orði um framtíð fiskveiða okkar ef svo væri haldið áfram sem nú horfði. Þar kom fram að þrátt fyrir hina miklu sóknaraukningu hefur afli staðið í stað nokkurn veginn síðustu árin. Enn fremur var lögð áhersla á þá staðreynd, að aðeins 1973-árgangurinn af þorski má teljast sterkur og hrygningarstofninn fer stöðugt minnkandi. Hvert stefnir má nokkuð sjá af neðangreindum tölum:

Árið 1958 veiddust hér 510 514 lestir af þorski, árið 1963 409 þús., árið 1968 379 þús. og árið 1974 374 987 lestir. Að sjálfsögðu er sagan ekki nema hálfsögð með þessum tölum því að á greindu tímabili hefur orðið gífurleg tækniþróun, bæði varðandi gerð veiðarfæra, mælitækja og skipa. Ef sömu aðstæður varðandi þessi tæknilegu atriði hefðu verið 1974 og þau voru 1958, þá hefði aðeins verið um óverulega veiði hér að ræða.

Hlutur útlendinga í heildarveiðunum við Ísland hefur farið minnkandi síðustu árin, en þó ekki neitt verulega. Árið 1960 mun hlutur Íslands hafa verið um 50% í heildarbotnfiskaflanum, en árið 1974 um 55%. Það er því nokkuð augljóst að það er fyrst og fremst hlutur útlendinganna sem við þurfum að minnka sem allra mest, en þar er við ramman reip að draga.

Á undanförnum árum hefur aflahlutur okkar af þorski verið sem hér segir: Árið 1972 veiddum við 229 þús. lestir, árið 1973 236 þús. lestir og árið 1974 um 239 þús. lestir. Árið 1975 mun það vera um 330 þús. lestir sem við veiðum. Þessi aflaaukning hefur, svo sem öllum er kunnugt, fengist með gífurlegri sóknaraukningu sem byggist bæði á tækniþróun og á fjölgun og stækkun skipa.

Það, sem uggvænlegast er þó, er það að gífurleg sókn í þriggja og fjögurra ára þorsk hefur skapað þessa miklu veiði, en afleiðingar munu aftur á móti koma fram í minnkandi afla á næstu árum og frekari rýrnun hrygningarstofnsins. Fiskifræðingarnir spá því að ef við sjáum ekki að okkur og takmörkum þorskveiðina nú þegar, þá muni verða hrun í þorskstofninum með að sjálfsögðu ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Öllum er ljóst að þjóðfélag okkar þolir ekki hrun þorskstofnsins. Slíkt mundi riðla öllu okkar efnahagskerfi og árafjölda mundi taka að færa atvinnulífið inn á nýjar brautir. Þess vegna er okkur lífsnauðsyn að sporna við því svo sem unnt er að þorskveiði fari að marki fram úr þeirri tölu er Hafrannsóknastofnunin telur æskilega. Hún telur 230 þús. tonna ársafla árið 1976 æskilegan, en ég geri ráð fyrir því að okkur sé óhætt að láta veiða um 250 þús. tonn á Íslandsmiðum og byggi það á því að í fyrsta lagi mun 1972-stofninn vera heldur vanmetinn í áætlun fiskifræðinganna og í öðru lagi er líklegt að við getum veitt meira af Grænlandsþorski heldur en gert er ráð fyrir og það án hættu á stórkostlegri ofveiði.

Nú er ekki því að neita, að frá því að þessi till. var lögð fram á Alþ., þ. e. a. s. í des. 1975 hafa aðstæður breyst nokkuð. Líklegt er að afli breta hafi verið meiri en ég hafði reiknað með, og enn hafa engar takmarkanir verið gerðar á okkar eigin þorskveiði enda þótt nú séu rúmir tveir mánuðir liðnir af árinu. Ég hafði verið svo bjartsýnn að búast við því að takast mætti að semja við breta um 35 þús. tonna þorskafla árið 1976 og að frændur okkar færeyingar mundu skilja vanda okkar og draga úr veiðum sínum hér sjálfviljugir þetta eina ár, því að sú ljósglæta er í svörtu skýrslunni að ef við gætum náð okkar afla niður á árinu 1976, þá eigum við að geta leyft okkur 280—300 þús. tonna ársafla úr því og það strax árið 1977. En nú virðist aftur á móti ekki líklegt að þessu marki verði náð.

En hvernig getum við þá unnið að þessu svo að gagn verði að enda þótt aðstæður séu svo erfiðar? Við verðum í fyrsta lagi að gera okkur grein fyrir því að framtíð okkar velferðarríkis er undir því komin að okkur takist að bjarga þorskstofninum, í öðru lagi að ef við stígum skrefið til fulls og látum ekki veiða meira en 250 þús. tonn af þorski á árinu 1976, þá er líklegt að framtíð stofnsins sé tryggð enda þótt við veiðum upp undir 300 þús. tonn strax á árinu 1977. Hvernig er þá líklegt að þetta megi ske?

Í fyrsta lagi verðum við að friða miklu stærri svæði en áður og stærri en gert hefur verið, — svæðin þar sem smáfiskurinn heldur sig. Í öðru lagi verðum við að gefa ákveðnum aðilum fullkomið vald til skyndifriðana sem geta komið til framkvæmda þegar er vart verður ofveiði á smáfiski. Og í þriðja lagi verðum við að friða stærri hrygningarsvæði en áður hefur verið gert og í lengri tíma en áður, — svæði sem tryggja það að hrygningarstofninum verði við haldið og hann fari nú að stækka og snúa við þeirri öfugþróun sem verið hefur á undanförnum árum. Við verðum að veita Hafrannsóknastofnuninni meira vald en hún hefur áður haft og þannig að hún geti gripið til róttækra ráðstafana með litlum fyrirvara, — ráðstafana sem hún álítur að að haldi muni koma. Í fjórða lagi verðum við eins og gert hefur verið þegar ráð fyrir, að stækka möskvana, og ýmsar aðrar ráðstafanir, sem Hafrannsóknastofnunin hefur í undirbúningi, er okkur nauðsynlegt að komi til framkvæmda sem allra fyrst.

En auk þessara aðgerða mun okkur nauðsynlegt að gera ráðstafanir vegna þess að við búum nú við of stóran flota. Líklegt er að togaraflotinn okkar, skuttogaraflotinn, muni veiða a. m. k. tvo af hverjum þrem þorskum sem veiddir verða á árinu 1976, og þess vegna eru allar okkar aðgerðir lítils virði ef við snúum okkur ekki alvarlega að takmörkunum á þorskveiðum þess flota. Það, sem við getum gert í því efni að mínu áliti er í fyrsta lagi að stuðla að því að ákveðinn hluti togaraflotans okkar verði jafnan á veiðum fyrir

erlendan markað. Með því móti fiska þeir aðeins helming tímans og dregur á þann hátt verulega úr aflamagninu. Í öðru lagi er hugsanlegt, að nokkur hluti af okkar togaraflota geti verið á saltfiskveiðum, en það mun einnig draga verulega úr heildaraflamagninu á þorski. Í þriðja lagi ættum við að geta sent nokkurn hluta af okkar togaraflota á önnur mið en Íslandsmið, Grænlandsmið, Nýfundnalandsmið og með því móti hlíft okkar viðkvæmu miðum. Og loksins er okkur mikil nauðsyn að halda jafnan einhverjum hluta af okkar togaraflota á ufsa- og karfaveiðum. Þetta samanlagt held ég að mundi geta fært okkur nokkurn árangur einmitt á sviðum þar sem hættan er mest, þ. e. a. s. afla togaranna.

Hins vegar verður það að segjast að okkar óhamingju virðist ætla að verða allt að vopni á þessu ári. Það hafði verið ein af till. mínum að auka nú stórlega loðnuveiðina, setja fleiri skip á loðnuveiðar og jafnvel að þau skip, sem væru á loðnuveiðum, færu ekki á netafiskveiðar eftir að loðnuveiðinni yrði lokið. Nú vitum við allir hvernig farið hefur um slík áform. Loðnutímabilið er senn hálfnað og lítið farið að veiðast af loðnu enn af ástæðum sem okkur eru öllum kunnar, og þess vegna verður ekki gripið til slíkra ráða.

Eitt er víst, að ráðstafanir, sem við gerum til að vernda og tryggja framtíð okkar þorskstofns, eru ráðstafanir sem gerðar verða fyrst og fremst vegna framtíðarhags okkar sjómanna, okkar útgerðarmanna og okkar þjóðfélags í heild. Þess vegna er okkur siðferðileg skylda að gera allt sem í okkar valdi stendur til að tefla ekki í tvísýnu, heldur að gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru, enda þótt sársaukafullar kunni að vera í bráðina, til þess að tryggja það að við getum viðhaldið okkar velferðarþjóðfélagi.

Ég legg svo til, herra forseti, að þessari till. verði vísað til atvmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Iðnaður í tengslum við framkvæmdaáætlun fyrir Norðurlandskjördæmi vestra, þáltill. (þskj. 299). — Ein umr.

Flm. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Á þskj. 299 hef ég ásamt hv. 4. þm. Norðurl. v. leyft mér að flytja till. til þál. um sérstaka athugun á eflingu iðnaðar í tengslum við framkvæmdaáætlun fyrir Norðurl. v. Till. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um að í tengslum við framkvæmdaáætlun Norðurlandskjördæmis vestra verði sérstaklega gerð ítarleg athugun á þróunarmöguleikum iðnaðarins í ljósi nýrra viðhorfa í orkumálum kjördæmisins.

Athugun þessi, sem gangi fyrir öðrum þáttum áætlunarinnar, verði unnin af Framkvæmdastofnun ríkisins í nánu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög og stofnanir iðnaðarins. Skýrsla um niðurstöður verði birt þegar að athugun lokinni. Skal þar m. a. koma fram:

1. Ástand og framþróunarmöguleikar hinna ýmsu iðnfyrirtækja sem nú eru starfandi, þ. á m. fiskiðnaðarins.
2. Uppbygging nýrra fyrirtækja, þ. á m. fyrir orkufrekan iðnað af heppilegri stærð við hæfi heimamanna.
3. Fjármögnunarleiðir.“

Áður en ég hef að ræða efnislega um þá till. sem hér er flutt vil ég leyfa mér að fara örfáum orðum um nokkra af þeim þáttum sem setja svip sinn á ástand í Norðurlandskjördæmi vestra að því er tekur til hinna svokölluðu byggðamála. Alkunnar eru hinar gífurlegu breytingar á búsetu fólksins í landinu á síðari áratugum. Fjölgun þjóðarinnar hefur nær einvörðungu orðið við sunnanverðan Faxaflóa á sama tíma sem fólksfjöldi hefur staðið í stað og jafnvel orðið um fækkun að ræða í sumum öðrum landshlutum. Telja verður að á áratugnum 1940—1950 hafi mesta sveiflan orðið í þessari þróun. Þá fjölgaði íbúum í Reykjavík og hinu núverandi Reykjaneskjördæmi um 47.8% á meðan fjölgun í öðrum landshlutum varð aðeins tæplega 0.2%. Þessi mikla sveifla á einum áratug virðist marka þáttaskil í bólfestusögu þjóðarinnar. Orsakirnar hafa vafalaust verið margar og samverkandi, svo sem að ný tækni var að ryðja sér til rúms, — tækni sem leiddi af sér aukna verkaskiptingu þjóðarinnar, nýjar þjónustugreinar að rísa á legg, sem þá eins og endranær áttu einkum í fyrstu mest vaxtarskilyrði á höfuðborgarsvæðinu. Enn fremur og ekki síst áttu sinn mikla þátt í búseturöskun þessa áratugs umsvif breta og bandaríkjamanna á stríðsárunum og upp úr því sem höfðu í för með sér mikla og áður óþekkta atvinnumöguleika.

Það er athyglisvert að við upphaf áratugsins hófst einnig það verðbólguskeið sem enn stendur. Eftir 1950 hefur þróunin í heild gengið öll í sömu átt enda þótt búseturöskunin hafi ekki verið jafnhraðskreið og á áratugnum á undan. Þó virðast á lofti á allra síðustu árum nokkur teikn um breytingar. Hvert framhaldið verður skal ekki um spáð, enda þótt ég líti með vaxandi bjartsýni á framvinduna fyrir hina strjálbýlli landshluta. Hitt er víst, að um áratugi hafa flutningar fólks milli landshluta orðið hinum strjálbýlli byggðarlögum blóðtaka sem mikil og alkunn vandræði hafa fylgt.

Norðurl. v. hefur ekki farið varhluta af þessari þróun. Árið 1974 var aðeins 182 íbúum fleira í þeim landshluta en 1930. Frá 1940—1974 hafði fólki hins vegar fækkað þar um 402. Þetta þýðir að sem svarar hlutdeild kjördæmisins í fjölgun þjóðarinnar hefur flust á brott til annarra landshluta og meira en það frá 1940. Á 10 árum, frá 1964—1973, fluttu brott úr kjördæminu 1528 manns umfram þá sem fluttu að á sama tímabili, eða rúmlega 150 manns á ári.

Erfitt er að meta hvaða hluti fólksins það er sem þannig hefur flust brott úr þessu kjördæmi og öðrum svipuðum landshlutum. Allmikið hefur þó verið rætt um hinn svokallaða atgervisflótta, þ. e. að mikil brögð séu að því að þeir flytji til þéttbýlissvæðanna við Faxaflóa sem búnir séu óvenjulegu atgervi, meðfæddu eða áunnu. Talið er að oft sé misbrestur á því að atorkusamt

fólk og menntafólk finni hæfileika sína og þekkingu næg tækifæri úti á landsbyggðinni og þess vegna leiti það þangað sem þau bjóðast betri. Hvað sem um þetta má segja er hitt víst, að mikill hluti þessa fólks, sem þannig yfirgefur sína heimabyggð, er í blóma lífsins og við upphaf starfsaldurs.

Í Norðurl. v. varð brottflutningur fólks umfram innflutta á árunum 1965—1970 langsamlega mestur í aldursflokknum 20—24 ára. Þannig varð tap kjördæmisins á þessum árum 28.2% kvenna og 26.1% karla í þessum aldursflokki og komast aðrir aldursflokkar þar hvergi nærri. Er því ljóst að þetta tjón í brottfluttu fólki, sem Norðurl. v. og ýmsir aðrir landshlutar hafa orðið fyrir á liðnum áratugum, er mun meira og sárara en svo að talið verði í tölum einum um mannfjölda. Brottflutningurinn verður langsamlega mestur rétt í þann mund sem heimabyggðir hafa fóstrað sitt æskufólk til manndómsára.

Um allmörg ár eða a. m. k. frá 1963 hafa meðalbrúttótekjur á framteljanda í Norðurl. v. verið verulega lægri en landsmeðaltal. Hefur sá mismunur oft verið 15—20%. Árið 1973 var þetta hlutfall 85% meðal brúttótekna um land allt eða 15% lægra en landsmeðaltalið, og var Norðurl. v. þá lægst allra kjördæmanna. Ekki sýnist mér að þetta hlutfall hafi lagast á árinu 1974 þótt ég hafi ekki reiknað það út nákvæmlega, því að enn er Siglufjörður lægstur allra kaupstaðanna og Sauðárkrókur næstlægstur. Þá er það nýlunda á þessu ári, árinu 1974, frá því sem áður hefur verið, að Skagafjarðarsýsla er orðin lægst allra sýslnanna með rúmlega 620 þús. í brúttótekjur á framteljanda, á sama tíma sem meðaltal allra sýslnanna er 788 þús. og landsins í heild 856.7 þús. Þessar staðreyndir blasa við þrátt fyrir það að á árinu 1974 megi telja að atvinnuleysi sé horfið úr kjördæminu.

Hér skal ekki reynt að meta til neinnar hlítar hvaða orsakir liggja til þess að Norðurl. v. er slíkt lágtekjusvæði. Það er þó ljóst að orsökin er að hluta til fólgin í skiptingu mannaflans eftir atvinnugreinum. Ef hlutfallstölur eru notaðar sést að árið 1973 er Norðurl. v. mesta landbúnaðarkjördæmi landsins því að 36.3% framteljenda hafa tekjur sínar af landbúnaði. Suðurland gengur næst með 33.7%. Er þetta hlutfall langhæst í þessum tveimur kjördæmum. Alkunna er að tekjur bænda eru lægri en annarra stétta og hefur þetta að sjálfsögðu veruleg áhrif á meðaltekjur í kjördæminu í heild. Einnig segja til sín áhrif af því að aðeins 4.8% mannaflans eru bundin fiskveiðum, sem er mjög lágt, en tekjur þeirra, sem stunda fiskveiðar, eru verulega hærri en meðaltal tekna. Á sama hátt má segja að hlutfall úrvinnslugreina hvers konar sé fremur lágt. Allt er þetta meðal skýranlegra orsaka lágra meðaltekna í þessu kjördæmi.

Ég hef talið nauðsynlegt að draga fram þær staðreyndir, sem hér hafa verið raktar, til þess að öllum megi vera ljóst hver nauðsyn er að nýta alla hagræna möguleika, sem völ er á, til þess að breyta þessu ástandi í kjördæminu í þá átt að bæta afkomu fólksins og treysta framtíðarbyggð. Að mínum dómi ber að hafa þennan bakgrunn í huga þegar sú till. er metin sem hér er flutt. Að sjálfsögðu vil ég taka það fram, að ég er ekki að kasta rýrð á eða vanmeta á nokkurn hátt það sem vel hefur verið gert og áunnist hefur á undanförnum árum af hálfu núv. og fyrri ríkisstj. og annarra opinberra aðila annars vegar og heimamanna hins vegar, enda kæmi það úr hörðustu átt. Sumt af því eru almennar aðgerðir stjórnvalda í svokölluðum byggðamálum og tel ég þar merkasta stofnun Atvinnujöfnunarsjóðs sem síðar var breytt í Byggðasjóð og eflingu Byggðasjóðs í tíð núv. hæstv. ríkisstj.

Fjölmargir einstaklingar og félagsheildir hafa heima fyrir klifið þrítugan hamarinn á undanförnum árum við að treysta og byggja upp atvinnulífið í kjördæminu til þess að vinna bug á fólksflóttanum og oft erfiðri afkomu. Atorka og bjartsýni þessara aðila er aðdáunarverð. Staðreyndin er samt sú, að þrátt fyrir að ég telji að vörn hafi verið snúið í sókn með þrotlausri baráttu fyrir málefnum kjördæmisins, þá er ástandið ekki betra en raun ber vitni og ég hef lýst hér að framan, t. d. árin 1973 og 1974.

Árið 1972 flutti Pétur Pétursson, þáv. landsk. þm. till. til þál. um sérstaka framkvæmdaáætlun fyrir Norðurl. v. Þessi till. var samþ. á Alþ. og afgr. sem ályktun Alþ. 2. maí 1972. Síðan hefur heldur lítið um þessa áætlun heyrst og enda þótt nokkuð hafi verið unnið að henni af og til af starfsmönnum Framkvæmdastofnunar ríkisins, þá hefur ekkert af þeirri vinnu komið enn fyrir almenningssjónir. Á undanförnum mánuðum hefur sérstakur starfsmaður Framkvæmdastofnunar ríkisins sinnt þessu verki nokkuð og mun nú vera langt komið því verki að skila til prentunar fyrsta hluta þessarar áætlunar, sem er eins konar skýrsla þar sem fram kemur í fyrsta lagi yfirlit yfir landshætti og náttúrufar í kjördæminu, í annan stað íbúaþróun, atvinnuskiptingu og atvinnuhætti og annað þess háttar sem byggja má á þá áætlun sem hér er ætlað að vinna.

Enda þótt hér hafi verið vikið að nokkrum þeim þáttum, sem verður að finna í þessari skýrslu, þá er vitaskuld augljóst mál að í þeirri skýrslu verður miklu nákvæmari og fjölþættari upplýsingar að finna um stöðu einstakra atvinnugreina og um afkomu fólksins í kjördæminu heldur en hér hefur verið rakið.

Ég tel að sú till. og sú ályktun, sem samþ. var á Alþ. 1972, hafi stefnt að því að betur væri unnið að þessum málum heldur en raun hefur orðið á. Um það þýðir þó ekki að sakast, enda er það mála sannast að ályktunin var með þeim hætti að hún spannaði yfir allar framkvæmdir: framkvæmdir á vegum einstaklinga, félaga, sveitarfélaga og opinberra aðila. Hún spannaði að réttu lagi yfir atvinnuþróun, uppbyggingu atvinnulífs í öllum atvinnugreinum, félagsleg málefni, menningar og menntamálefni, heilbrigðismál og annað þess háttar. Það er því ekki óeðlilegt að kveðið væri á um það að þeim verkefnum, sem þessi áætlun gerir ráð fyrir, verði skipað í einhverja röð, þannig að einn þáttur hennar hefði forgang fram yfir annan.

Með þeirri till., sem hér er flutt, er gert ráð fyrir því að í tengslum við þessa áætlun verði nú gerð sérstök og ítarleg athugun á þróunarmöguleikum iðnaðarins í Norðurl. v. í ljósi nýrra

viðhorfa í orkumálum kjördæmisins. Með yfirlýsingu iðnrh. frá því í árslok 1975 hafa opnast gersamlega ný viðhorf í orkumálum Norðurl. v. Í þeirri yfirlýsingu gefur iðnrh. fyrirheit um að hann muni beita sér fyrir því að fá samþykkt á yfirstandandi Alþ. heimildarlög um virkjun Blöndu og síðan að í framkvæmdir verði ráðist.

Þessi yfirlýsing og þau fyrirheit, sem hún felur í sér, hafa gerbreytt viðhorfum fólksins í kjördæminu til framtíðarinnar. Það er óþarft að rekja hér þann orkuskort sem við hefur verið að búa í þessu kjördæmi og raunar um Norðurland allt. Allir þekkja það, að iðnþróun verður ekki án orku og ekkert er slíkur aflvaki framfara sem orka og þá ekki síst ef um stórvirkjun er að ræða. Gildir þar einu hvort um er að ræða framkvæmdir, atvinnuþróun eða daglegt líf fólksins í þeim landshluta sem hlut á að máli. Þetta gildir vitaskuld ekki síst þar sem við hefur verið að búa orkuskort eða raunar orkusvelti á undangengnum árum. Þessi orkuskortur hefur að mínum dómi mjög hindrað eðlilega uppbyggingu atvinnuhátta í þessu kjördæmi og þá sérstaklega að því er tekur til iðnaðarins. Því er eðlilegt og nauðsynlegt að nú sé brugðist við hinum nýju viðhorfum með þeim hætti sem þessi till. greinir, að hefja þegar í stað undirbúning að því að hefja atvinnulífið og þó einkum iðnaðinn á það stig að hann geti tekið við sem allra mestri orku, þannig að orkan verði nýtt að sem allra mestum hluta heima fyrir í kjördæminu sjálfu. Með því vinnst vitaskuld margt, en þó fyrst og fremst tvennt: orka nýtist frá orkuverinu og það er verið að gerbreyta því ástandi í kjördæminu sjálfu, sem ég hef rakið hér að framan, og gerbreyta framtíðarmöguleikum fólksins sem byggir þetta kjördæmi.

Í þessu sambandi er vert að hafa það í huga, að vaxtarmöguleikar atvinnugreina eru mjög mismunandi í okkar landi. Það er talið að fiskstofnar séu margir hverjir ofnýttir, aðrir fullnýttir, tiltölulega fáir sem séu vannýttir. Þess vegna eru ekki miklar líkur til þess að veruleg aukning verði í sjósókn á komandi árum og að fiskveiðar eða fiskvinnsla geti tekið við mjög mikilli aukningu mannaflans á komandi tíð. Ef litið er til landbúnaðarins, þá telja ýmsir að landbúnað á Íslandi eigi að miða við það að hann fullnægi þörfum þjóðarinnar sem mest fyrir innanlandsmarkað og litið eigi að stefna að framleiðslu þar fram yfir. Ljóst er að ef miða á við þessi sjónarmið, þá er ekki hægt að gera ráð fyrir að mannaflaaukning verði í landbúnaði á komandi árum. Við þetta bætist það að sjálfsögðu, að með aukinni tækniþróun má reikna með að færri hendur þurfi til þess að vinna þau verk sem skila þjóðarbúinu því framleiðslumagni sem þessar atvinnugreinar gefa í dag.

Það er fyrst og fremst iðnaðurinn sem á sér ófluga vaxtarmöguleika í okkar landi. Hann er enda þegar orðinn sá atvinnuvegurinn sem veitir mestum fjölda fólks atvinnu. Er það aðeins byrjun á þróun, en ekki neitt lokatakmark sem náð hefur verið í þróun þess atvinnuvegar.

Í sambandi við þá till., sem hér er flutt og bundin er hinum nýju viðhorfum í orkumálum kjördæmisins, er nauðsynlegt að fyrirhyggja og forsjálni sé viðhöfð við undirbúning slíkrar iðnþróunar sem hér er gert ráð fyrir að verði. Öllum er ljóst að það tekur ár og það tekur oft mörg ár að undirbúa það að koma á fót atvinnufyrirtæki, e. t. v. öflugu iðnfyrirtæki, sem er reist til þess að geta staðið af sér byrjunarörðugleika og hafið öfluga vinnslu á framleiðslu sinni og orðið þannig máttarstólpi í sinni byggð. Við þekkjum allt of mörg dæmi þess að fyrirtæki eru sett upp í miklum flýti án verulegs undirbúnings. Með því fjármagni, sem reitt er saman til stofnkostnaðar, er e. t. v. búið að ganga á þá möguleika sem nauðsynlegir eru til öflunar rekstrarfjármagns, tækniþekkingu vantar og annað slíkt er verður þess valdandi að fyrirtækið gengur í upphafi á brauðfótum og gefst stundum upp og stundum tekst að láta það hjara, en slíka sögu hygg ég að menn þekki víða úr hinum ýmsu landshlutum.

Þessi till. miðar að því, að um leið og orka frá stórvirkjun í Blöndu fer að streyma um þessar byggðir, þá verði með margra ára fyrirvara búið að undirbúa rækilega að taka við þessari orku og nýta hana til iðnaðar í þessu kjördæmi fyrst og fremst. Ég vil leggja mikla áherslu á að sá tími, sem er til þeirrar stundar er Blönduvirkjun tekur til starfa, hvenær svo sem það verður, er alls ekkert of langur til þess að undirbúa sem rækilegast þetta mál.

Nú er of snemmt að ræða í sjálfu sér um Blönduvirkjun og hvenær hún taki til starfa. Það er þó von mín að það geti tekist á fyrri hluta næsta áratugs. Þó er ekkert höfuðatriði eitthvert sérstakt ártal í þessum efnum, heldur er hitt miklu meira virði, að stefnan sé örugglega tekin, að undirbúningur allur sé vandaður og ekki síst það sem þessi till. greinir, að að því sé stefnt af fullri fyrirhyggju og nægilega tímanlega að undirbúa að við þessari orku verði tekið og hún notuð til þess að byggja upp atvinnulíf í þessum landshluta að sem mestu leyti og styrkja þannig framtíðarbyggð og gerbreyta afkomumöguleikum fólksins.

Á fjölmennum fundi á Blönduósi, sem haldinn var af áhugamönnum um virkjun Blöndu hinn 17. jan. s. l., kom fram mjög sterkur áhugi fundarmanna úr báðum Húnavatnssýslum á að hefja nú þegar undirbúning að því að nýta svo sem kostur er orku frá Blönduvirkjun til þess að koma upp atvinnuuppbyggingu og þá fyrst og fremst iðnaðaruppbyggingu í kjördæminu. Á þessum fundi tóku fjölmargir til máls og meginuppistaðan í ræðum flestra ræðumanna var ótvírætt sú að með því tækifæri, sem byðist með 135 mw. virkjun Blöndu, yrðu svo gersamlega ný viðhorf í sambandi við atvinnulíf í þessu kjördæmi og afkomumöguleika fólksins að hér væri um að ræða stærsta hagsmunamál sem að höndum þess landshluta hefði borið a. m. k. um ár, ef ekki áratugi eða jafnvel frá öndverðu.

Í ályktun sem samþ. var á þessum fundi segir m. a. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fundurinn leggur á það höfuðáherslu að orka Blönduvirkjunar verði notuð til alhliða iðnaðaruppbyggingar smærri og stærri þéttbýlisstaða Norðurl. v. og skorar á sveitarstjórnir þeirra að hefja nú þegar samstarf til þess að koma upp orkufrekum iðnaði af viðráðanlegri stærð í þessum sveitarfélögum í samvinnu og samráði við

þm. kjördæmisins, Framkvæmdastofnun ríkisins og stofnanir iðnaðarins.“

Í ýmsum sveitarstjórnum í kjördæminu hafa verið gerðar samþykktir sem ganga allmjög í sömu átt. Hér skal ég ekki rekja slíkar samþykktir. Þær hafa allajafna verið bundnar því að lýsa yfir stuðningi við virkjunarmálið sjálft. En ég get þó t. d. vitnað í hluta af samþykkt frá sveitarstjórn Höfðahrepps á Skagaströnd, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá leggur hreppsnefndin áherslu á að samfara byggingu stórs orkuvers á Norðurlandi vestra verði unnið að áætlun um nýtt eða ný öflug iðnfyrirtæki á svæðinu sem nýti þá orku sem fæst og á þann hátt stutt að vexti og viðhaldi þeirra byggða sem svo lengi hafa átt við ramman reip að draga í atvinnumálum, en nú eygja möguleika til verulegs vaxtar og uppbyggingar.“

Segja má að þetta sé grunntónninn í umræðum fólksins og samþykktum sveitarstjórna á þessu svæði.

Í Norðurl. v. er eins og öðrum landshlutum auðvitað þegar um verulegan iðnað er að ræða. Þó er það svo, eins og raunar hefur komið fram í máli mínu fyrr, að iðnaðaruppbygging hefur þar verið hægari en í ýmsum öðrum landshlutum og hlutfallslega minna af vinnuafli þessa kjördæmis er bundið iðnaði heldur en víðast hvar annars staðar. Á síðustu árum hefur þó verið verulega að því unnið að bæta stöðu iðnaðarins í kjördæminu, þar á meðal t. d. fiskiðnaðarins, sem þó eðli málsins samkv., þar sem ekki nema 4.8% vinnuaflsins vinna að fiskveiðum, hlýtur að vera minni háttar heldur en víða annars staðar gerist. Fiskiðnaðurinn er þó of veikur og þarf að stuðla að betri og öruggari framvindu í málefnum hans en nú er. Ýmsar þjónustugreinar og byggingariðnaður hafa dafnað sæmilega í þessu kjördæmi. Framleiðsluiðnaður er hins vegar miklum mun veikari en efni standa til og á það verulegan þátt í því að þetta kjördæmi er meðal láglaunasvæða á landinu. Þó er það svo að á síðustu árum hafa risið upp tiltölulega öflug framleiðsluiðnfyrirtæki, einkanlega þau sem vinna úr hráefnum landbúnaðarins. Þessi fyrirtæki eru að mínum dómi dæmi um áfanga á þeirri leið sem hægt er að fara, en alls ekki að hægt sé að benda á þau sem nokkurt lokamark í þeim greinum sem þau fást við. Ég þekki ærið vel fyrirtæki af þessu tagi sem á síðasta ári og jafnvel hinu næsta á undan skiluðu verulegum hagnaði og virðast eiga mjög mikla framþróunarmöguleika. Þetta gerist þrátt fyrir það að þarna er um mjög veika stöðu framleiðsluiðnaðar að ræða í heild og er, eins og ég áður sagði, lýsandi dæmi um að hægt er, ef vel og skipulega er að málum unnið, að komast í ýmsum smærri iðngreinum verulega úr þeirri kreppu sem iðnaðurinn hefur verið í í þessum landshluta.

Í ályktun fundarins á Blönduósi er vikið að því að nauðsynlegt sé að koma upp orkufrekum iðnaði sem víðast um kjördæmið af heppilegri stærð við hæfi heimamanna. Það hefur verið tíska að tala um stóriðju hér á landi sem bær iðngreinar sem fást við að bræða ál eða málmgrýti og það gjarnan nefnt öðru nafni: orkufrekur iðnaður. Það er vafalaust að fjölmargt annað getur fallið undir orkufrekan iðnað af minni gerðum heldur en það sem hér hefur verið kallað stóriðja eða orkufrekur iðnaður til þessa. Og það er ljóst að um mjög stór fyrirtæki af þessari tegund verður tæpast að ræða í þessum landshluta því að til þess skortir fólksfjölda nú fyrsta kastið. Hins vegar þarf að hafa vakandi auga með því í sambandi við þá athugun og þá iðnþróunaráætlun, sem hér er lagt til að gerð verði, hvaða möguleikar eru á þessu sviði til þess, eins og raunar markmið með till. í heild er, að nýta sem mest þá orku sem kemur frá Blönduvirkjun, um leið og mannafli er nýttur heima fyrir og afkomumöguleikar og búsetuskilyrði í kjördæminu eru treyst.

Vafalaust er á fjölmörgum sviðum framleiðsluiðnaðar um mjög mikla möguleika að ræða. Ég vil t. d. nefna sérstaklega matvælaiðnaðinn, sem að vísu er verulegur í þessu kjördæmi, en blasir þó við að þyrfti að stórefla. Í sambandi við matvælaiðnaðinn og ýmsan annan atvinnurekstur á þessu landssvæði þarf einnig að taka það til athugunar hvort ekki beri að nota raforku í meira mæli en gert hefur verið í stað olíu. Það má segja t. d. í sambandi við mjólkuriðnaðinn, að þar er notuð svartolía í miklu magni. En það hlyti a. m. k. að koma til álita þegar rutt verður úr vegi þeim mikla orkuskorti, sem þarna hefur ríkt um árabil, að taka raforku til þeirrar starfsemi. Svo er í rauninni í mörgum fleiri atvinnugreinum, að ef raforka væri fyrir hendi, þá væri ástæða til þess að nota hana miklu meira en gert hefur verið til þessa.

Í sambandi við meðferð þessa máls er að því vikið í till. sjálfri að Alþ. álykti að fela ríkisstj. að hlutast til um að í tengslum við framkvæmdaáætlun Norðurl. v. verði þessi athugun gerð á iðnaðaruppbyggingu í kjördæminu. Sú athugun gangi fyrir öðrum þáttum framkvæmdaáætlunar Norðurl. v. og verði unnin af Framkvæmdastofnun ríkisins í nánu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög og stofnanir iðnaðarins. Að sjálfsögðu, þó að þetta form sé sett upp, yrði ríkisstj. í sjálfsvald sett hvaða leiðir hún færi til þess að hrinda þessu máli áfram og skapa því sem traustastan grundvöll.

Ég vil láta það koma fram hér undir lok míns máls, að eftir yfirlýsingu hæstv. iðnrh. um virkjun Blöndu og að hann hygðist beita sér fyrir heimildarlögum þar um, þá hefur ríkt mikil bjartsýni í þessu kjördæmi. Það má segja að þegar maður hitti mann á næstu dögum og næstu vikum, þá var naumast um annað rætt en þetta stórmál og þá margvíslegu möguleika sem það hefur í för með sér. Þessi bjartsýni er mikilsverð ef gera á mikið átak til þess að byggja upp atvinnulíf og treysta líf fólks í heilum landshluta. Þessari bjartsýni þarf að mæta með stuðningi ríkisvalds, með stuðningi í svipuðu formi í fyrsta lagi eins og þessi till. gerir ráð fyrir og síðan að fylgja eftir þeirri athugun, sem gerð verður á grundvelli till., með enn frekari stuðningi til þess að koma málum í framkvæmd. Bakgrunnur þessa máls er, eins og ég gat um í fyrri hluta minnar ræðu, það alvarlega ástand sem ríkt hefur í þessum landshluta um áratugi, — ástand sem barist hefur verið við að vinna bug á með misjöfnum árangri. Stundum hefur

miðað nokkuð á leið og stundum aftur á bak, en þó virðist mér að hafi miðað fram á við nú á síðustu árum. En allt um það er þetta ástand bakgrunnur alls þessa máls, og í ljósi þessa bakgrunns og í ljósi hinna nýju viðhorfa í orkumálum þessa kjördæmis þarf að nýta þau tækifæri, sem stórvirkjun í kjördæminu býður, og stefna að öflugri uppbyggingu iðnaðarins í þessu kjördæmi, — uppbyggingu sem hefði í för með sér trausta búsetu og trausta afkomu fólksins sem það byggir.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að leggja til að að loknum þessum umr. verði umr. frestað og till. vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Landhelgisgæslan, þáltill. (þskj. 354). — Ein umr.

Flm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. 2. þm. Reykn. leyft mér að flytja á þskj. 354 till. til þál. um eflingu Landhelgisgæslunnar. Till. hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Í sambandi við áætlun um eflingu Landhelgisgæslunnar samþ. Alþ. að skora á ríkisstj. að athugað verði sérstaklega um leigu eða kaup á einu eða tveimur hraðskreiðum skipum erlendis frá til gæslustarfa."

Eftir að íslendingar hafa slitið stjórnmálasambandi við breta hefur deilan við þá færst mjög á nýtt stig og harðnað verulega, eins og kunnugt er. Segja má að þorskastríðið svokallaða sé einn sérkennilegasti sjóhernaður sem háður hefur verið. Báðir aðilar beita vopnuðum skipum þótt bretar hafi þar langsamlega yfirburði, en vonandi kemur ekki til að skoti verði hleypt af. Íslendingar hljóta að meta aðstöðu sína í samræmi við þetta og einbeita sér að því að finna leiðir til að koma í veg fyrir ólöglegar veiðar þeirra innan 200 mílna markanna, jafnt á hinum friðuðu svæðum sem annars staðar, með þeim tækjum, sem þeir hafa yfir að ráða, og þeim tækjum, sem þeir kunna að geta aflað sér og líklegust geta talist til árangurs.

Íslenska þjóðin veit öll og viðurkennir að starfsmenn Landhelgisgæslunnar hafi unnið þrekvirki við að verja landhelgina og tefja fyrir og draga úr veiðum breta innan fiskveiðimarkanna. Hafa störf Landhelgisgæslunnar vakið alveg sérstaklega athygli vegna þess að öllum, sem til þekkja, er ljós hinn geysilegi styrkleikamunur sem er á herskipum breta, sem á Íslandsmið hafa verið send, og skipum Landhelgisgæslunnar. Verður ekki annað séð en aðeins vanti herslumuninn á að íslensku varðskipin hafi tök á að koma í veg fyrir veiðar breta á Íslandsmiðum með þeim takmarkaða skipastól sem gæslan hefur yfir að ráða. Er því mjög eðlilegt að íslendingar íhugi mjög vel með hvaða hætti aðstaða Landhelgisgæslunnar verði bætt svo að hún geti náð því marki, sem að er stefnt, að koma alveg í veg fyrir veiðar breta innan 200 mílna markanna.

Í fyrsta lagi kemur til greina að fjölga skipum gæslunnar með leigu á innlendum skipum sem til þess bykja henta. Sá galli verður að teljast á þessari leið að ekki er hér úr að velja nema skipum sem hafa minni ganghraða en bestu skip gæslunnar og mun minni ganghraða en bresku freigátunar. Vitað er að bretar geta mætt slíkri aukningu á skipastól gæslunnar með því að senda enn fleiri herskip, sem þeir eiga nóg af, hingað á Íslandsmið og geta þeir þannig jafnað leikinn á ný með fleiri skipum frá sér, því að engin ástæða er til að ætla að þeir horfi neitt í kostnað í þessu sambandi ef þeir ætla að halda átökunum áfram. Vel má vera að sú leið gæti orðið til að torvelda bretum veiðarnar ef þeir íslenskir togarar, sem nú kunna að vera í verkföllum, yrðu sendir á veiðisvæðin til þess að hamla þar á móti yfirgangi bresku togaranna.

Önnur leið, sem einnig hefur verið mikið rædd, er sú till. sem hér er til umr. og gerir ráð fyrir að fengið verði á leigu eða keypt erlendis frá eitt eða tvö hraðskreið skip til aukningar skipastól Landhelgisgæslunnar. Stærð og gerð slíkra skipa yrði að sjálfsögðu að ákvarðast í samráði við ráðamenn Landhelgisgæslunnar. Af þeirri reynslu, sem þegar er fengin, er auðsætt að það vopn, sem íslendingar geta beitt með mestum árangri, eru klippur varðskipanna. Telja flm. till. að ef hægt væri að útvega hraðskreið skip, og eiga flm. þá við skip sem gengju nokkru meira en bresku herskipin eða a. m. k. 35—40 sjómílur og hentuðu vel í þessu sambandi, þá mætti ná enn meiri árangri en áður með klippum varðskipanna og gæti það orðið til þess að skipstjórnarmenn á hinum bresku togurum hreinlega treystu sér ekki til að stunda veiðar hér á Íslandsmiðum við þær aðstæður. Það er þetta sem liggur á bak við flutning till. okkar hv. 2. þm. Reykn. um að sérstaklega verði athugað með leigu eða kaup á hraðskreiðum skipum erlendis frá í sambandi við eflingu Landhelgisgæslunnar.

Ég tel ekki að það þurfi langar umr. í sambandi við þessa till. því að málið var rætt hér allítarlega í síðustu viku utan dagskrárumr., en síðan þá og síðan till. var lögð fram hefur ýmislegt gerst sem þó er athyglisvert. Má þar í fyrsta lagi benda á fréttir erlendis frá um löndun breta á smáfiski, veiddum á hinum friðuðu svæðum, sem þeir hafa ekki getað selt til manneldis, en hafa látið í gúanó. Það hlýtur að vakna sú spurning hvort ekki sé rétt fyrir hæstv. ríkisstj. Íslands að koma einmitt þessu atriði mjög á framfæri við fjölmiðla erlendis. Þá má einnig geta fregna erlendis frá sem kannske má taka sem hugmynd frekar en að um raunhæfa áætlun sé að ræða, en það er fregnin um að tilteknir aðilar í Danmörku séu um þessar mundir að safna liði og ætli sér að manna eitt varðskip dönsku strandgæslunnar á Íslandsmið íslendingum til stuðnings. Auðvitað liggur á bak við þetta mjög góð hugmynd, en ég vona þó að það hendi ekki íslendinga að þar blandi sér aðrir í leikinn, en þeirra eigin landhelgisgæsla.

Ég tók eftir því í fréttum fyrir nokkru að hæstv. forsrh. Geir Hallgrímsson lýsti því yfir á fundi Norðurlandaráðs að ekki mundu verða teknar upp viðræður við breta fyrr en að lokinni Hafréttarráðstefnu, þ. e. a. s. þegar er komið fram í miðjan maímánuð. Það er því sjáanlegt að fram undan er örugglega tveggja mánaða barátta fyrir landhelgisgæslu okkar á þeim stöð-

um þar sem bretar sækja á um veiðar á Íslandsmiðum innan 200 mílna markanna. Það hlýtur því að koma mjög til athugunar hvort málin séu ekki komin á það stig að sérstaklega verði athugað einnig hvort ekki verði að létta eitthvað á starfsmönnum varðskipanna með því að skipta þar tíðar um áhafnir en gert hefur verið og aðstaða hefur verið til. Ég hygg að íslendingar allir hafi mjög fylgst með hinu ágæta starfi landhelgisgæslunnar. Þetta hlýtur því að verða mjög athugað, þar sem fyrirsjáanlegt er að enn þá komi deilan við breta til með að standa a. m. k. í mánuði áður en farið verður hugsanlega að ræða við breta um þessi mál frekar, sbr. yfirlýsingu hæstv. forsrh. Hlýtur þá að koma til sérstakrar skoðunar hvort ekki sé þörf á að fjölga mönnum í sambandi við landhelgisgæsluna.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. En, herra forseti, ég tel að aðeins beri að skoða till. þá, sem hér er til umr., sem viljayfirlýsingu Alþ. í sambandi við áætlun ríkisstj. um eflingu Landhelgisgæslunnar og hef ég því ekki gert till. um að henni verði vísað til n., þar sem hér er aðeins um viljayfirlýsingu Alþ. að ræða, ef samþ. verður, varðandi eitt tiltekið atriði í sambandi við störf Landhelgisgæslunnar og eflingu hennar, en vil leggja það á vald hæstv. forseta að ákveða hvort nauðsynlegt sé að till. verði vísað til nefndar.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Ég stend hér upp aðeins til þess að lýsa yfir eindregnu fylgi mínu við þessa till. Hún felur í sér atriði sem raunar kemur ekki á óvart. Þetta er mál sem hefur verið mjög mikið rætt hér í sambandi við okkar fiskveiðideilu, hvernig við getum brugðist sem áhrifaríkast við í okkar hörðu baráttu við breta. Það stendur í till. að ríkisstj. skuli athuga sérstaklega um leigu eða kaup á einu eða tveimur hraðskreiðum skipum erlendis frá til gæslustarfa. Ég veit að það er mikið atriði að skipin séu hraðskreið, en ég vil þó engu að síður benda á að e. t. v. ættum við að líta okkur nær með það fyrir augum að geta framkvæmt þessa aukningu landhelgisgæslunnar á skemmri tíma. Á ég þar sérstaklega við að handhægasta og fljótvirkasta leiðin kynni að vera að taka til gæslunnar togara til viðbótar við þann stóra togara, sem við nú höfum í landhelgisgæslunni, Baldur, grípa til þeirra nú. Það ætti að geta gerst með styttri fyrirvara heldur en ef við leituðum til útlanda um kaup eða leigu á hraðskreiðu skipi sem till. sérstaklega bendir á. Það hefur sýnt sig að Baldur hefur staðið sig mjög vel á miðunum. Hann hefur gert óvíga eina af freigátum breta og staðið jafnréttur eftir, að því er virðist. Hann varð fyrir svo til engum skemmdum, þar sem aftur hann olli mjög miklum skemmdum á bresku freigátunni. Ég álít að þótt við litum sérstaklega til þessa möguleika, að taka nú fljótlega einn viðbótartogara til þessara þarfa, þá þyrfti þessi hugmynd um hraðskreið skip, alls ekki að vera úr sögunni og sjálfsagt er að slík athugun fari fram. Við sjáum ekki fyrir endann á þorskastríðinu svonefnda, þannig að allar ráðstafanir, sem horfa til framtíðarinnar, eiga fullan rétt á sér.

Ýmislegt bendir til þess nú að bretar séu að linast í stríði sínu gagnvart okkur. Síðustu fregnir af miðunum herma að þeir hafi breytt nokkuð hátterni sínu, herskipin hafi ekki verið eins árásargjörn og geri lítið annað en að dóla þarna í kringum togaraflota sinn, en hafist ekki að. Hvað sem um það má segja og hvaða ályktanir sem við drögum af þessu, þá hygg ég að ekki væri rétt að vera svo bjartsýnn að þeir séu í alvöru að draga sig til baka frá sínum árásaraðgerðum. Þess vegna megum við ekki láta deigan síga í okkar baráttu og búa okkar varðskipaflota eins vel út og okkur er framast unnt.

Það kom fram í ræðu hv. 1. flm., Guðlaugs Gíslasonar, að athugandi væri, hvort við þyrftum ekki að huga meir að auknum mannafla til okkar landhelgisgæslu, og ég vil taka sterklega undir þessi orð. Við vitum að okkar menn á varðskipunum kvarta ekki fyrr en í fulla hnefana. En með tilliti til þess að það er staðreynd að það hefur ekki verið bætt við lið okkar á varðskipunum þrátt fyrir óvenjuharða sókn, sem að þeim hefur verið gerð, þá virðist augljóst mál að að þessu þurfi að huga alveg sérstaklega.

Ég veit það frá heimildum, sem ég treysti, að menn á varðskipunum, sérstaklega þeim sem ekki eru mjög vel útbúin, eins og okkar eldri skip, gerast nú mjög þreyttir. Það er hættuspil og okkur ekki sæmandi að hafa í þessari hörðu hríð örþreytta menn sem kannske eru að því komnir að bresta undan því álagi sem þeir búa við. Þess vegna vil ég leggja mjög mikla áherslu á að þessi mál verði athuguð og verði athuguð strax. Ég veit ekki betur en t. d. Þór, sem er eitt af okkar elstu varðskipum, sé mjög mikið laskað eftir 12 árekstra og ásiglingar sem það hefur orðið fyrir. Ég hef skoðað skipið sjálf. Mér sýnist og mér fróðari menn segja að það sé álitamál hvort sé forsvaranlegt að senda það aftur á miðin. Þess vegna hefur mér dottið í hug að það væri einmitt athugandi að við gripum nú skjótlega til einhverra af togurunum okkar sem enn liggja aðgerðalausir í höfn, mönnuðum þá nýjum mönnum að einhverju leyti og reyndum mönnum ásamt þeim til þess að við gætum létt á hinum, sem í slagnum hafa staðið og hljóta að vera búnir að fá nóg í bili. Ég tek fram að ég get þessa ekki hér af því að ég hafi ástæðu til þess að ætla að þeir séu að gefast upp, þessir menn, heldur einfaldlega vegna þess að við hljótum að taka tillit til hvað við megum leggja mikið á þá. Ég veit að öll aukning og styrking á okkar landhelgisgæslu kostar peninga, og ég veit líka að við eigum við þröngan hag að búa hvað fjárhag snertir nú. En álit mitt er að við megum hvergi spara síður heldur en einmitt að því er varðar þetta lífshagsmunamál okkar núna og við megum hreinlega ekki láta peningaleysi valda því að við sendum okkar stríðsmenn út á miðin verr búna að tækjum, aðbúnaði og skipakosti heldur en nauðsyn krefur.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Með þessari till. er hreyft athyglisverðu máli, þ. e. um leigu eða kaup á einu eða tveimur hraðskreiðum skipum erlendis frá til gæslustarfa á vegum Landhelgisgæslunnar. Vegna þess að

hæstv. dómsmrh., sem er yfirmaður Landhelgisgæslunnar, gat ekki sótt þennan þingfund vil ég aðeins skýra frá því að fyrir nokkru lagði hæstv. dómsmrh. fram till. í ríkisstj. um eflingu og aukningu Landhelgisgæslunnar. Var ákveðið að fela hæstv. dómsmrh. og hæstv. fjmrh. að kanna þau mál nánar og gera till. til ríkisstj. um framkvæmdir. Síðast var þetta mál rætt á ríkisstjórnarfundi í morgun. Meðal þess, sem hér hefur komið til greina, eru kaup eða leiga á innlendum og/eða erlendum skipum, enn fremur m. a. skipti á áhöfnum varðskipanna, sem eins og hér hefur komið fram er brýn nauðsyn. Auk þess hefur verið rætt um nokkur fleiri atriði. Ég geri ráð fyrir því, að till. ráðh. og grg. þeirra liggi mjög skjótlega fyrir.

Ég vildi taka þetta fram í sambandi við till. og umr. og taka eindregið undir að það er hin brýnasta nauðsyn að efla landhelgisgæsluna sem mest.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Hv. 1. flm. till. þeirrar, sem hér er til umr., hefur nú gert rækilega grein fyrir efni hennar og markmiði og þarf ég ekki miklu við að bæta. Mig langaði þó aðeins til þess að vekja athygli hv. þm. á því að breski flotinn hefur lengi verið nátengdur stærð fiskveiðilögsögu okkar. Fyrr á öldum var það svo að það var miðlínukenningin sem gilti og breskir valdhafar urðu þá að leita til danskra valdhafa ef þeir vildu láta skip sín veiða í norðurhöfum. En eftir því sem veldi bretanna óx á hafinu, þeim mun minni varð lögsaga bæði Íslendinga og annarra strandríkja og endaði svo með samningnum 1901, eins og við þekkjum, með 3 milna landhelgi sem eftir það varð viðurkennd, og stóð svo meðan veldi breta á hafinu var mest.

Eftir síðari styrjöld, þegar valdahlutfallið raskaðist nokkuð, má segja að þetta hafi farið öfuga leið til baka. Því minna sem veldi bretanna varð á hafinu, þeim mun stærri varð bæði lögsaga Íslands og lögsaga fleiri ríkja.

Enn stöndum við í styrjöld við breta, — styrjöld sem er háð, eins og getið hefur verið, með nokkuð óvenjulegum hætti. En þetta er raunveruleg styrjöld þótt baráttuaðferðir séu óvenjulegar. Það er ekkert óvenjulegt að styrjaldir séu háðar á mismunandi hátt. Í fyrri heimsstyrjöldinni notuðu aðilar eiturgas, í síðari heimsstyrjöldinni komu þeir sér saman um að nota það ekki. Bretarnir nota ekki byssur gegn okkur nú, en þeir nota aðrar mjög sterkar baráttuaðferðir til þess að sigra okkur. Það eru efnahagsþvinganir og aðgerðir til þess að hefta hráefnaöflun. Slíkar aðgerðir hafa oft reynst þeim einna sterkastar til þess að koma andstæðingunum á kaldan klaka. Þetta gera þeir m. a. með því að fiska á okkar friðunarsvæðum.

Ég gat þess hér í dag, þegar ég ræddi um till. mína um takmörkun þorskveiða, að ef okkur tækist ekki að forða frá hruni okkar þorskstofns, þá væri okkar velferðarþjóðfélag í mikilli hættu, þá mundum við ekki á næstu árum eiga þess kost að láta okkar þjóð í té þá heilbrigðisþjónustu, þá menntunaraðstöðu og þá félagslegu aðstöðu sem við höfum í dag. Allt þetta vita bretarnir, og þeir vita að ef þeir geta eyðilagt okkar þorskstofn, þá koma þeir okkur á kaldan klaka. Því er nú að duga. Það er ekkert að tala um að duga eða drepast, nú verðum við að duga.

Þessi till. er borin fram í þeim tilgangi að sýna ríkisstj. fram á það að Alþ. stendur einhuga á bak við hana í því áformi hennar að efla landhelgisgæsluna. Við verðum að gera ráðstafanir til þess að ná í fleiri skip, hraðskreið skip, sem geta truflað veiðar bretanna svo sem unnt er. Við skulum líka gera okkur grein fyrir því, að þó að við séum alltaf að tala um að við séum smáir og vanmáttugir, þá er ekki þar með sagt að er við höfum stofnað til félagsskapar við aðra, þá séum við vanmáttugir. Við höfum stofnað til félagsskapar við okkur stærri þjóðir um að tryggja okkar öryggi, bæði efnahagslegt og pólitískt. Sú aðgerð ætti að veita okkur vernd gegn yfirgangi breta.

Ég vildi aðeins bæta þessum orðum við. Ég vona að við sjáum okkur fært, þrátt fyrir örðugleika — tímabundna örðugleika — að efla okkar landhelgisgæslu frekar. Við flm. höfum um það talað að við værum tilbúnir til þess að gera till. um tekjuöflun í þessu skyni ef eftir því yrði leitað, en það er sjáanlegt að þetta er till. sem að sjálfsögðu krefst allmikils fjármagns.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Virkjun Skaftár og Hverfisfljóts, þáltill. (þskj. 341). — Ein umr.

Flm. (Jón Helgason): Herra forseti. Í málefnasamningi núv. ríkisstj. er kveðið á um að framkvæmdir í orkumálum skuli sitja fyrir við ráðstöfun á því fjármagni, sem verður til fjárfestingar á þessu kjörtímabili, og horfur eru á að svo verði eitthvað lengur. Það er því mikilvægt, — ekki síst þegar svo miklu af takmörkuðu fjármagni þjóðarinnar er varið í þessu skyni, — að allar framkvæmdir verði undirbúnar sem best og jafnan verði reynt að velja hagkvæmustu leiðina. En því miður virðist slíkt ekki alltaf hafa verið gert, þar sem þörfin fyrir að hefja framkvæmdir hefur stundum verið talin svo brýn að nægur tími hefur ekki gefist til undirbúnings verkefnunum. En til þess að þannig fari ekki í þessu máli, sem hér er á dagskrá, hef ég leyft mér að flytja á þskj. 341 till. til þál. um rannsókn á möguleikum til virkjunar Skaftár og Hverfisfljóts.

Skaftá mun fljótt hafa verið nefnd í yfirlitsáætlun um stórvirkjanir á Íslandi vegna vatnsmagns hennar, en nokkrir erfiðleikar voru taldir á að fá nægilega mikið nýtanlegt fall á einum stað. Þess vegna beindist athygli þeirra, sem athuguðu þetta, að þeim möguleika að veita Skaftá vestur í Tungnaá, þar sem þá var að hefjast undirbúningur að virkjun Þjórsár og Tungnaár, og auka á þann hátt orku þeirra virkjana sem þar rísa. Í þessu skyni var efsti hlutinn af vatnasviði Skaftár mældur og kortlagður, en niðurstaðan af þessum rannsóknum sýndi að ekki var hagkvæmt eða ekki unnt að veita Skaftá í Tungnaá. Þegar það lá fyrir fóru

starfsmenn Orkustofnunar að athuga nánar aðra virkjunarmöguleika og í samvinnu við þá hefur Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsens nú gert drög að virkjunaráætlun fyrir Skaftá og Hverfisfljót. Þar er gert ráð fyrir að stífla útfallið á Langasjó og fá þannig mikla vatnsmiðlun þar sem möguleikar eru á a. m. k. 15 m vatnsborðsmismun. Síðan verði upptakakvíslar Skaftár stíflaðar og þeim veitt í Hverfisfljót. Hverfisfljót verði síðan stíflað og það virkjað með 350—450 m fallhæð að stöðvarhúsi neðanjarðar með frárennslisgöngum annaðhvort niður á Síðu eða Fljótshverfi. Orka slíkrar virkjunar er talin geta orðið 300—400 mw.

Hér er vitanlega aðeins um lauslega áætlun að ræða, þar sem eftir er að mæla og kortleggja stóran hluta svæðisins og fer ég því ekki að lýsa nánar þessum virkjunarhugmyndum. Hins vegar gefur þetta þó glöggt til kynna að þarna er um mikla möguleika að ræða. En auk þess sem rannsaka þarf aðstæður til virkjunar miklu nánar, þá þarf einnig að athuga hvort vatnsveitur, sem henni fylgdu, hefðu skaðlegar afleiðingar eða röskuðu gróðurfari í héraðinu. Gróðurlendi ætti ekki að neinu ráði að fara undir vatn, þar sem uppistöðulón yrði í svo mikilli hæð að þar er um lítt gróið land að ræða.

Það er augljóst að hér er um svo stóra framkvæmd að ræða að í hana verður ekki ráðist án mikils undirbúnings. En þar sem hér eru e. t. v. einhverjir hagkvæmustu virkjunarmöguleikar okkar íslendinga, þá tel ég nauðsynlegt að kanna þetta til hlítar og fá það staðfest. Þegar það liggur fyrir þarf vitanlega að gera áætlanir um á hvern hátt er hagkvæmast að nýta þessa miklu orku. Í því sambandi verði fyrst og fremst athugað hvernig hægt væri að styrkja byggðina í þessum landshluta, en eins og öllum er kunnugt er atvinnulíf á austurhluta Suðurlands mjög einhæft þar sem eingöngu er um landbúnað að ræða. Það væri því æskilegt ef þarna gæti risið þjóðhagslega hagkvæmt fyrirtæki og lyftistöng fyrir strjálbýlt hérað, og þess vegna vænti ég þess að sem fyrst verði hægt að halda áfram þessum rannsóknum.

Að lokinni þessari umr. óska ég eftir að umr. verði frestað og málinu vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 69. fundur.

Miðvikudaginn 3. mars, kl. 2 miðdegis.

Vátryggingariðgjöld fiskiskipa, frv. (þskj. 339, n. 393). — 2. umr.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur fjallað um frv. til l. um greiðslu vátryggingariðgjalda fiskiskipa, 158. mál, og mælir shlj. með samþykkt frv. eins og það liggur fyrir. Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Jón G. Sólnes, Halldór Ásgrímsson og Stefán Jónsson.

Frv. það, sem hér um ræðir, er afkvæmi sjóðanefndar, sem svo hefur verið kölluð, eða þeirra breytinga á sjóðakerfi sjávarútvegsins sem um hefur verið fjallað og lögfest á Alþ. Samkv. þeirri breyt. lækka mjög verulega tekjur Tryggingasjóðs fiskiskipa og hrökkva hvergi nærri til greiðslu á þeim hluta iðgjalda sem sjóðurinn hefur áður staðið undir. Því er ljóst að færa þarf töluvert af þessum greiðslum yfir til útvegsmanna, og hefur Landssamband ísl. útvegsmanna í því sambandi óskað eftir því að sett verði sérstök lög í þessu skyni um fyrirkomulag á innheimtu iðgjalda af vátryggingu fiskiskipa og hefur jafnframt óskað eftir að viðskiptabankar sjávarútvegsins hafi milligöngu þar um.

Ég vil segja það sem mitt persónulega álit að að ýmsu leyti hef ég talið æskilegra að útvegsmenn stæðu sjálfir án þvingunar af hálfu löggjafans og án milligöngu viðskiptabanka undir þessum greiðslum. Hins vegar er, eins og ég sagði, hér um ósk landssambands þeirra að ræða, og má vel vera að þetta fyrirkomulag sé nauðsynlegt. Því hef ég og þeir aðrir nm., sem mættir voru, fallist á að mæla með að þessi háttur verði á hafður.

Samkv. frv. er gert ráð fyrir því að viðskiptabanka útgerðarmanns verði skylt að halda eftir fjárhæð er nemi 5% af heildarsöluverðmæti afla sem landað er hérlendis og 4% af heildarsöluverðmæti afla sem landað er erlendis. Gert er ráð fyrir að þessar upphæðir fari á reikning Landssambands ísl. útvegsmanna hjá viðkomandi banka þegar greiðsla bankans hefur farið fram og verði síðan árlega gert upp við viðkomandi útvegsmann. Hér er því fyrst og fremst um fyrirkomulag á greiðslu að ræða og um að ræða tryggingu fyrir því að greiðsla iðgjalda verði innt af hendi eins og nauðsynlegt er.

Um þetta mál hefur hæstv. sjútvrh. haft framsögu hér í d. og ég sé ekki ástæðu til að hafa orð þessi fleiri, en endurtek að sjútvn. d. mælir með því að frv. verði samþ. óbreytt.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég var því miður ekki staddur á nefndarfundi þegar fjallað var um þetta mál og því olli frómt frá sagt gleymska. Ég tel enga ástæðu til þess að amast við hugmyndinni um form á innheimtu sem hér er ráð fyrir gert, og af hálfu Alþb. verður ekki tafið fyrir afgreiðslu þessa máls hér í deildinni.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Efri deild, 70. fundur.

Miðvikudaginn 3. mars, að loknum 69. fundi.

Vátryggnigariðgjöld fiskiskipa, frv. (þskj. 339). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Saltverksmiðja á Reykjanesi, frv. (þskj. 376). — 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur nú fyrir til umr., er um saltverksmiðju á Reykjanesi. Í 1. gr. þess er gert ráð fyrir að ríkisstj. skuli beita sér fyrir stofnun hlutafélags er hafi það markmið að kanna aðstæður til að reisa og reka saltverksmiðju á Reykjanesi og annast undirbúning þess að slíku fyrirtæki verði komið á fót.

Rannsóknir til undirbúnings saltverksmiðju eða sjóefnaverksmiðju á Reykjanesi hafa staðið yfir alllengi. Það mun hafa verið fyrir réttum 10 árum að Rannsóknaráð ríkisins hóf könnun á þessu máli, en áður höfðu nokkrar byrjunarathuganir verið gerðar á vegum Raforkumálaskirfstofunnar. Fyrsta athugunin, sem Rannsóknaráð ríkisins lét gera, var almennt yfirlit um möguleika til að framleiða salt og vinna önnur efni úr sjó og skeljasandi. Á árinu 1968 hófust boranir og jarðfræðilegar rannsóknir á Reykjanesi. Það var borað um 1800 m djúp hola og hún gaf það góðan árangur að metið var að hinar jarðfræðilegu forsendur saltverksmiðju væru fyrir hendi og væru traustar. Jafnframt þessum jarðfræðilegu athugunum voru gerðar tæknilegar tilraunir og áætlanir um stofnkostnað og rekstur fyrirtækja sem gætu hagnýtt sér þessi verðmæti og framleitt ýmiss konar efni úr þeim. En samheitið sjóefnavinnsla hefur verið notað um þessa möguleika og er þá átt við fjölþætta vinnslu úr sjó og heitum söltum hveralegi frá jarðhitasvæðinu.

Frá upphafi hefur Baldur Líndal efnaverkfræðingur verið helsti frumkvöðull þessa máls og hefur unnið að því að staðaldri.

Þegar athuganir Rannsóknaráðs ríkisins höfðu staðið yfir nokkur ár gerðist það haustið 1972 að ráðið skilaði skýrslu til ríkisstj. með áætlun um stofnkostnað og rekstur og benti áætlunin til þess að starfsemi verksmiðjunnar gæti orðið arðbær. Iðnrn. fól þá verkfræðistofu og hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunar að gera könnun á rekstrargrundvelli saltverksmiðjunnar. Umsagnir lágu fyrir í febr. 1974. Var þá gefin út yfirlitsskýrsla um málið. Þessar umsagnir voru jákvæðar og talið að fyrirtækið ætti að geta skilað góðum arði.

Þá fór málið til iðnþróunarnefndar til athughugunar og lagði hún fram till. um meðferð málsins og áætlun um kostnað við undirbúningsframkvæmdir. Vorið 1974 fól svo iðnrn. viðræðunefnd um orkufrekan iðnað að gera till. um hvernig staðið skyldi að frekari undirbúningsframkvæmdum.

Það er gert ráð fyrir að afurðir verksmiðjunnar verði fyrst og fremst salt, þ. e. a. s. fisksalt og finsalt, enn fremur kalí til áburðar, kalsíum klórið og bróm til notkunar í iðnaði, en einnig er gert ráð fyrir að til muni falla verulegt magn af öðrum efnum, svo sem kísli, gipsi, koldíoxíði, sem úrgangsefni, en líklegt að sum eða öll þessi efni gætu skilað hagnaði ef þau væru hagnýtt á réttan hátt. Talið er nauðsynlegt að gerðar séu frekari rannsóknir og tilraunir áður en endanleg ákvörðun verður tekin um byggingu sjóefnaverksmiðjunnar. Stóriðjunefnd hefur gert till. um að á Reykjanesi verði reist tilraunaverksmiðja í þessu skyni. Á s. l. ári sendi stóriðjunefnd iðnrn. till. um þetta efni og frv. sem síðan hefur verið til nánari athugunar og liggur nú hér fyrir.

Aðalefni þessa frv. er það, sem ég gat um í upphafi, að ríkisstj. skuli beita sér fyrir stofnun hlutafélags sem hafi það markmið að kanna aðstæður til að reisa og reka saltverksmiðju og annast undirbúning þess að slíku fyrirtæki verði komið á fót. Hér er því gert ráð fyrir undirbúnings- eða könnunarfélagi, og eru það fyrst og fremst frekari tilraunir og bygging tilraunaverksmiðju sem það á að hafa með höndum.

Í 2. gr. frv. segir um samvinnu um stofnun hlutafélags, að ríkisstj. skuli heimilt að kveðja til innlenda aðila sem áhuga hafa á málinu. Á fyrri stigum var um það rætt að heimilt væri einnig að kveðja til erlenda aðila, en við nánari athugun var horfið frá því að kveðja til erlenda aðila og er því skv. frv. eingöngu heimilt að innlendir aðilar verði þátttakendur í þessu hlutafélagi.

Þá er í 3. gr. sagt, að hlutafélaginu sé heimilt að framkvæma eða láta framkvæma hvers konar athuganir og aðgerðir til undirbúnings að byggingu og rekstri saltverksmiðju. Skuli að því stefnt að unnt verði að framselja árangurinn af starfsemi félagsins í hendur aðilum sem takist á hendur að fullbyggja saltverksmiðju og annast rekstur hennar til frambúðar. En þá skuli stefna að því að þetta könnunarhlutafélag fái tilkostnað sinn að fullu endurgoldinn frá þeim sem taka svo við starfseminni til frambúðar.

Þá er gert ráð fyrir því í 3. gr. að þessu könnunarhlutafélagi skuli slitið þegar hlutverki þess samkv. 1. gr. er lokið og að óheimilt sé að selja árangurinn af starfsemi hlutafélagsins til annarra en íslenskra aðila, nema samþykki Alþingis komi til.

Í 4. gr. eru ýmsar heimildir ríkisstj. til handa: Í fyrsta lagi að leggja fram allt að 60 millj. kr. sem hlutafé í þessu væntanlega félagi. Í þessu sambandi vil ég taka fram að gert er ráð fyrir því að hlutafé verði sem næst þessari upphæð. Hins vegar er ætlunin sú að öðrum aðilum en ríkissjóði einum verði gefinn kostur á að vera þátttakendur í þessu könnunarfélagi og aðilar til þess hvattir. En ef til þess kæmi að ekki væri áhugi eða möguleikar hjá öðrum aðilum að verða hlutbafar í þessu félagi að neinu ráði, þá mundi það geta lent hjá ríkinu að verulegu leyti og því er þessi upphæð þannig ákveðin. En við undirbúning og stofnun félagsins verður að því stefnt að fá aðra aðila inn í hlutafélagið.

Þá skal heimilt að leggja til félagsins mannvirki og undirbúningsrannsóknir sem unnið hefur verið að á kostnað ríkissjóðs, skuli þetta metið á kostnaðarverði og teljist til hlutafjárframlags ríkissjóðs.

Þá er veitt heimild fyrir ríkisábyrgð fyrir láni allt að 100 millj. kr. til starfsemi könnunarfélagsins.

Í 4. lið 4. gr. er ríkisstj. heimilað að veita könnunarfélaginu heimildir til hagnýtingar á jarðhitaréttindum og vinsluréttindum á Reykjanesi í eigu ríkisins í þágu athugana og aðgerða

samkv. 3. gr. Og loks er heimilað að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af byggingarefni, búnaði og vélum til þessara framkvæmda.

Að því leyti sem ríkissjóður verður hluthafi í þessu könnunarfélagi, þá skulu skv. 6. gr. iðnrh. og fjmrh. tilnefna fulltrúa á hlutafélagsfundi. Aðalfundur félagsins kýs sér síðan stjórn og iðnrh. skipar formann stjórnarinnar.

Í 7. gr. er ákvæði um mengunarvarnir og varúðarráðstafanir. Þar segir, að hlutafélaginu beri að gera varúðarráðstafanir sem við verður komið til þess að varna tjóni á umhverfinu við framkvæmdir á þess vegum, og skal starfsgrundvöllur saltverksmiðjunnar miðaður við að fyrirtækið fullnægi því skilyrði.

Þá er það tekið fram í 2. mgr. 7. gr. að framkvæmdir undirbúningsfélagsins og hönnun sjálfrar saltverksmiðjunnar, bygging og rekstur skuli vera í samræmi við núgildandi og síðari lög og reglugerðir varðandi mengunarvarnir, öryggi, heilbrigði og hreinlæti á vinnustað og staðla þá sem settir eru samkv. þeim. Um þessi mál hefur verið haft fullt samráð við heilbrmrn.

Þetta mál hefur verið til athugunar hjá Náttúruverndarráði. Til frekari áréttingar ritaði iðnrn. áður en frv. var lagt fram bréf til Náttúruverndarráðs þar sem óskað var eftir nýrri athugun ráðsins og skriflegri grg. um afstöðu þess til þessa máls.

Kostnaðaráætlun um framkvæmdir, sem fylgdi till. viðræðunefndarinnar um orkufrekan iðnað frá í fyrra, hefur verið endurskoðuð nú í febrúarmánuði. Er gert ráð fyrir að kostnaður við framkvæmdir félagsins verði 137.5 millj. kr., sem dreifist á árin 1976, 1977 og 1978. Hér er fyrst og fremst um að ræða byggingu tilraunaverksmiðju og smíði véla og tækja í slíka verksmiðju. Af þessari upphæð fellur minnstur hluti á árið 1976 eða um 3.2 millj. kr. Sú upphæð er fyrir hendi samkv. fjárl. 1975 og fjárl. 1976. Eru þessar tvær fjárveitingar samtals 3.3 millj. kr.

Ég vænti þess, að þetta merka mál fái góðar undirtektir á Alþ. Eins og komið hefur fram í þessu yfirliti og í grg frv. hefur það verið lengi til athugunar. Það er skoðun þeirra, sem kunnugastir eru, að hér sé um merkilegt iðnaðar- og iðjufyrirtæki að ræða sem geti orðið þjóðarbúinu í heild til hags vegna gjaldeyristekna og aukinnar atvinnu í landi. Standa vonir til þess að hér sé um þjóðþrifafyrirtæki að ræða.

Ég vil leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Mig langar til að þakka hæstv. iðnrh. fyrir þátt hans í þessu máli. Ég álít að hér sé um mjög merkilegt og mikið mál að ræða. Þetta er mál sem búið er að vera í undirbúningi mjög lengi og hefur verið þrautrannsakað, og að því er ég best veit hafa bæði erlendir og innlendir aðilar, sem að þessu hafa unnið, komist að þeirri niðurstöðu að hér væri um fjárhagslega hagkvæmt fyrirtæki að ræða, — fyrirtæki þar sem orkan er innlend, þar sem hráefnið er innlent og þar sem verulegur hluti af markaðnum er innlendur einnig og því mjög mikilvægt fyrirtæki bæði til atvinnuaukningar og til sparnaðar gjaldeyris.

Suðurnesin hafa lengst af verið þekkt fyrir framleiðslu sína á fiski og fisköflun. Hlutur þeirra fer nú minnkandi í því efni af tveim ástæðum: Í fyrsta lagi vegna þess að aðrir staðir hafa öðlast betri möguleika en þeir höfðu áður til fisköflunar og nýtingar og í öðru lagi vegna þess að fiskgengd fer nú þverrandi við Suðurnesin og enn fremur eru þær fisktegundir, sem Suðurnesjamenn fiska, ekki eins verðmætar og þær fisktegundir sem þeir fiskuðu mest af áður fyrr. Af þessum ástæðum og fleiri er mikil nauðsyn að koma aukinni fjölbreytni í atvinnulífið á Suðurnesjum, og þessi væntanlega verksmiðja ætti að geta verið verulegt framlag í því efni. Eins og ég tók fram áðan, þá held ég, að það sé mjög tímabært að þetta mál komi fram, og vona að það fái greiðan gang í gegnum hv, Alþingi.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég sé eins og hv. síðasti ræðumaður ástæðu til þess að þakka hæstv. ráðh. fyrir frv. það sem hér er lagt fram. Að dómi okkar alþb.-manna er mjög mikið í húfi að við kostum kapps um að nýta orkulindir landsins og hráefni þess og vinnuafl til þess að auka hagsæld landsmanna, slíkt sé höfuðmarkmið. Ég fæ ekki betur séð en tilraunir þær, sem gerðar hafa verið með sjóefnavinnsluna á Suðurnesjum, séu til alls þess arna fallnar, en eins og liggur í augum uppi mjög mikið í húfi að afraksturinn bæði af þessum tilraunum, sem kostaðar hafa verið af opinberu fé, og eins af þeim fyrirtækjum og þeirri framleiðslu, sem hér er miðað að, komi landsfólkinu öllu til góða, verði ekki til þess að auðvelda einstökum aðilum auðssöfnun, og enn þá síður að afraksturinn af þessum tilraunum og síðan sú framleiðsla, sem á þeim byggist, falli á einhvern hátt útlendum peningamönnum í skaut.

Ég ítreka það að ég er þakklátur fyrir frv., sem hér hefur verið lagt fram, og treysti því, að þannig verði að unnið að sú framleiðsla, sem þarna mun hefjast, verði þjóðinni allri til blessunar.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég stend upp til þess að lýsa ánægju minni með framkomið frv. Mál þetta hefur, eins og fram kom hjá hæstv. iðnrh., verið lengi í athugun og er ein af mörgum athugunum á nýtingu náttúruauðæfa þessa lands til nýrra atvinnuvega og atvinnugreina. Þær athuganir hafa mjög beinst að nýtingu jarðhitans sem er mjög mikill hér hjá okkur, eins og hv. þm. vita, og ekki nema að ákaflega litlu leyti nýttur enn.

Sá iðnaður, sem hér um ræðir, byggist á mjög sérstæðu jarðhitasvæði, því eina hér á landi sem er þeim eiginleikum búið að vera háhitasvæði, en gefa jafnframt af sér saltan jarðlög, eins og fram kom í ræðu hæstv. ráðh. Málið hefur verið lengi í rannsókn, og ég vil leyfa mér að fullyrða að það hafi hlotið meiri athugun en ýmislegt sem við íslendingar höfum farið af stað með.

M. a. er það mín skoðun að sú rannsókn, sem gerð var á jarðhitasvæðinu og Orkustofnun annaðist, sé að mörgu leyti til fyrirmyndar. Þar

voru boraðar 8 holur. Miklir erfiðleikar urðu við þá jarðborun, m. a. þegar notaður var gufuborinn svonefndi, sem var sá stærsti sem við áttum þá. Þá hrundu saman tvær djúpar holur og fór þar mikið fjármagn forgörðum, að því er sumum hefur kannske virst. En þó varð niðurstaðan sú að það tókst að ráða við þau lausu jarðlög, sem þarna eru, og háan hita og er það í fyrsta sinn sem hér á landi hefur verið gripið til þess ráðs að fóðra borholu niður í botn og hleypa gufunni gegn á ákveðnum svæðum með götum sem til þess eru sett á fóðrunina. Þarna lærðist sem sagt að nota enn eina aðferð við beislun okkar jarðhita, og var þetta svæði að mati Orkustofnunar það vel kannað og þær aðferðir, sem þar þarf að nýta, að sæmilega öruggt er af sérfræðigum talið að við það megi vel ráða og þar fá þá orku sem nauðsynleg er fyrir verksmiðjuna. Ég held að það væri satt að segja betur ef við gæfum okkur oftar tíma til þess að rannsaka sum grundvallaratriði í okkar framkvæmdum eins vel og þarna var gert um þetta svæði.

Ýmsar aðrar athuganir voru jafnframt framkvæmdar, bæði tæknilegar og einnig markaðsathuganir sem ég ætla ekki að rekja hér. Einnig var framkvæmd þar í litlum stíl athugun á ýmsum áhrifum jarðgufunnar á þau tæki sem þarna yrði að nota, gerð tiltölulega lítil tilraun að vísu með tæringu og útfellingu úr jarðlegi og jarðgufu. Það eru hins vegar ákaflega kostnaðarsamar rannsóknir og þótt niðurstöður yrðu jákvæðar af þeim athugunum og ætla megi að þar sé ekki um verulega erfiðleika að ræða var þó sá varnagli sleginn í þeirri lokaskýrslu, sem skilað var, að ráðlegt væri og raunar sjálfsagt að reisa tilraunaverksmiðju, sem kosti þó töluvert fjármagn, til þess að ganga endanlega úr skugga um þessa eiginleika og þessi áhrif og afla í því sambandi nauðsynlegra hönnunarforsendna fyrir endanlega verksmiðju.

Að gefinni þeirri niðurstöðu að þetta sé viðráðanlegt, sem eins og ég sagði allar líkur benda til, virtist rekstrarafkoma þessarar verksmiðju vera góð. Og það var sérstakt ánægjuefni að iðnrh. lét skoða þessar athuganir mjög gaumgæfilega bæði af innlendum og erlendum aðilum og þær niðurstöður voru jákvæðar. Ég hef fylgst vel með þessu máli og ég leyfi mér að fullyrða að ef nokkuð er, þá hafi útkoman heldur færst í betri átt síðan, m. a. vegna þess að aðrar orkulindir, eins og olía, hafa hækkað mjög í verði.

Með þessu frv. er verið að stíga lokaskref í þessum tilraunum með því að reisa þessa tilraunaverksmiðju. Ekki er vert að staðhæfa neitt um niðurstöður af þeim tilraunum sem þessi verksmiðja á að framkvæma, en eins og ég sagði áðan, þá eru líkur allar mjög góðar.

Ég fagna því að fallist er á þá till. að reisa slíka tilraunaverksmiðju, en ekki að reisa þegar endanlega verksmiðju, þó að varið sé til þessarar tilraunar á annað hundrað millj. Ég tel hér enn haldið áfram á þeirri braut að kanna allar forsendur sem best og undirbúa á allan máta þá endanlegu verksmiðju, sem þarna kann að verða byggð, sem best, og það hygg ég að sé leið sem við ættum, eins og ég sagði áðan, að leggja ríka áherslu á. Ég vil því þakka þetta fram komið frv, en legg jafnframt ríka áherslu á að hér er ekki um endanlega ákvörðun að ræða. Hér er um lokaþátt tilraunanna að ræða sem ekki var talið fært að ráðast í fyrr en hagkvæmni verkverksmiðjunnar að gefnum þessum niðurstöðum væri vel athuguð.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Síðasti ræðumaður tók fram í lok sinnar tölu einmitt það sem ég ætlaði að benda sérstaklega á, að mér finnst varla gæta samræmis í heiti frv. og því sem segir í 1. gr. En síðasti ræðumaður orðaði þetta réttilega, að hér er um lokaskref í þessum tilraunum að ræða að reisa tilraunaverksmiðju. En frv. heitir frv. til laga um saltverksmiðju á Reykjanesi. Hins vegar segir 1. gr.: „er hafi það markmið að kanna aðstæður til að reisa". Hér er því ekki um neina saltverksmiðju að ræða í þeim skilningi sem mér finnst frv. bera í nafni sínu. Þess vegna finnst mér að frv. eigi að heita frv. til l. um tilraunasaltverksmiðju. Það er það sem það fjallar um að mínum skilningi. Þetta er þess vegna einn áfangi í löngum undirbúningi í rannsóknum sem stefna hingað til í rétta átt, að það komi að því að við reisum saltverksmiðju og það stóra verksmiðju. Samkv. þeim gögnum, sem fyrir liggja, verður hún meira en saltverksmiðja. Hún verður verksmiðja er skilar ýmsum öðrum þáttum í framleiðslu sem ég fer ekki hér út í, en til falla í ákveðnu hlutfalli þegar saltið er unnið og m. a. gefa okkur vonir um að mikið verðmæti skapist í því sambandi.

Um þátt ríkisins er fjallað í 4. gr. og í lið 4 segir svo: „Að veita félaginu heimildir til hagnýtingar á jarðhitaréttindum og vinnsluréttindum á Reykjanesi í eigu ríkisins." Nú leikur mér forvitni á að vita hvað ríkið á þarna stórt land og hvað ríkið á þarna mikil hitaréttindi og er þegar um þetta fjallað á milli einhverra eigenda eða á ríkið þetta svæði sem borað hefur verið á, ég er því ekki nógu kunnugur? En ég vil gjarnan fá upplýsingar um þetta strax því að ég á ekki sæti í iðnn., en fari svo að ríkið þurfi að semja um þessi réttindi, þá sýnist mér að talan 60 millj. muni duga skammt, ef framfylgja á þeirri stefnu sem upp kom í Svartsengi, því að ég ætla að orkubitinn hér verði allstór og þurfi stærri tölu til að kyngja heldur en þessar 60 millj. Ég vil jafnframt undirstrika skoðun okkar í Alþfl. að svona orka, sem sótt er niður jafnvel á annan km, er auðvitað eign landsmanna og engra annarra, ekki nokkurra annarra manna. Eða hvað mundu menn segja ef í 100 m fjarlægð færi að spú eldgígur sem er ekki langt frá borholum þarna og heitir Eldborg? Hver skyldi þá hemja þá orku og borga hana eða tjón af þeim eldsvoða ef upp kæmi? Þess vegna er best að allir beri sameiginlega ábyrgð og sameiginlegt tjón, sameiginlegan ávinning og sameiginlegan ábata, ef úr verður, sem ég vænti eindregið að megi vel til takast um, að saltverksmiðja komi sem fyrst. Því er ég meðmæltur frv. sem slíku, og er þakkarvert að það kom fram, en ég vildi aðeins vekja athygli á þessum þáttum efnis þess.

Albert Guðmundsson: Herra forseti: Ég vil á sama hátt og aðrir, sem hér hafa tekið til máls, að undanskildum síðasta ræðumanni, þakka iðnrh. fyrir fram komið frv. og þá þeim sem hafa staðið að undirbúningsvinnu að þessu frv. Ég vona að framkvæmdir geti sem fyrst hafist, og tek undir það með 2. þm. Reykn. að þetta sé stórt framfaraspor, ekki bara fyrir hans kjördæmi og Suðurnesin, heldur fyrir þjóðina alla. Ég vona að þetta fyrirtæki eigi eftir að verða gjaldeyrissparandi eins og fram kom hjá hæstv. ráðh. og hv. 2. þm. Reykn.

Ég vil aðeins biðja um skýringar á 1. gr. frv. Það er talað um að ríkisstj. skuli beita sér fyrir stofnun hlutafélags er hafi það markmið að kanna aðstæður til að reisa og reka saltverksmiðju á Reykjanesi og annast undirbúning þess að slíku fyrirtæki verði komið á fót. Ég get ekki skilið hvernig ríkisstj. ætlar að standa að þessu. Ég reikna með að hún, eins og reyndar kemur fram í frv., sækist eftir þátttöku einstaklinga, að þarna komi einkakapital með ríkisframlagi. En það er vafasamt að það fé einstaklinga gefi einstaklingunum arð þar sem þetta hlutafélag á að kanna aðstæður til að reisa verksmiðju og reka verksmiðjuna og framselja svo samkv. 3. gr. í hendur annars félags sem yrði þá félag til að reka verksmiðjuna. En í 3. gr. segir: „Skal að því stefnt, eftir því sem fært þykir, að unnt verði að framselja árangur af starfsemi félagsins í hendur aðila eða aðilum sem takast á hendur að fullbyggja verksmiðjuna og annast rekstur hennar til frambúðar.“ Þarna kemur líka fram að það ber að stefna að því að hlutafélagið, þ. e. a. s. það hlutafélag sem stofnað er í upphafi til að kanna aðstæður, fái tilkostnað sinn að fullu endurgoldinn frá þeim sem við starfseminni tekur með hlut í vinnslufyrirtækinu eða á annan hátt. Mér finnst það ekki vera gæfulegt til árangurs að það sé stefnt að því að þeir, sem stofna upphaflega hlutafélag, fái tilkostnað sinn kannske endurgreiddan, en ekki arðsvon í upphafi.

Það kemur líka fram í 3. gr. að þessu upphaflega hlutafélagi skuli slíta þegar hlutverki þess samkv. 1. gr. er lokið, nema Alþ. heimili framhald á starfsemi þess í öðrum tilgangi. Mér finnst stangast þarna dálítið á.

Annars hefði ég frekar hallast að því að ríkið hefði átt að ljúka við þennan undirbúning og þessar undirbúningsframkvæmdir eitt og selja svo niðurstöðurnar í hendur hlutafélags, ef ríkið hefði ekki stofnsett þessa verksmiðju sjálft eða rekið hana. Ég er dálítið hræddur um að þarna gæti hugsanlega verið bremsa á framkvæmdunum með þessu fyrirkomulagi.

En hvort sem þetta er hugsunarvilla hjá mér eða ekki, þá vil ég mótmæla því, sem kom fram hjá hv. 5. þm. Norðurl. e., að það eigi að fyrirbyggja að einstaklingar geti á einhvern hátt auðgast á því að taka þátt í annaðhvort þessari verksmiðju eða annarri. Ég vona að sem flestir, bæði þjóðin öll og svo einstaklingar, ef þeir á annað borð taka þátt í verksmiðjurekstrinum, geri það af því að þeir sjái sér hag í því og það verði þá hagkvæmt og gróðavon bæði fyrir ríki og einstaklinga. En ég tek undir með honum að þarna sé mikið í húfi og það sé sjálfsagt að nota sem mest af þeim möguleikum sem landið býður með sinni orku í iðrum jarðar og þá náttúrlega landinu og landsmönnum öllum til hagsbóta. En ég verð að segja að mér kemur ekki neitt undarlega fyrir sjónir þetta sjónarmið hv. þm. En það stangast bara á lífsskoðanir okkar, pólitiskar lífsskoðanir, svo að ég reikna ekki með að ég breyti honum frekar en hann breyti mér. En úr því að hann kom fram með sína skoðun, þá vil ég koma fram með mína.

Rannsóknirnar hafa staðið lengi yfir og ég vil vona, án þess að ég sé fær um að meta hvort allt er rétt sem komið hefur hér á blað, ýmsar niðurstöður, en ég vona að afgreiðsla þessa frv. á Alþ. verði skjót þannig að úr framkvæmdum geti orðið sem allra fyrst.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Vegna ummæla hv. þm. Alberts Guðmundssonar um eignarhald á þeirri verksmiðju sem hér er um að ræða vil ég náttúrlega fyrst og fremst undirstrika þetta atriði, að það, sem fyrir mér vakir, er að ef í ljós kemur, sem ég vænti, að rekstur fyrirhugaðrar sjóefnaverksmiðju reynist arðbær þannig að í það verði ráðist að koma henni upp, þá verði það sem allra, allra flestir íslenskir einstaklingar sem eigi jafnan hlut í því arðbæra fyrirtæki, nánar tiltekið 218 þús. eins og talan stendur í dag, en ekki verði við það miðað að sérréttindamenn, sem einhverra hluta vegna hafa vald á kapítali, fái að kaupa þennan rétt af öðrum með því að gerast stærri eignaraðilar að verksmiðjunni en gengur og gerist. Sem sagt, ég legg áherslu á þetta atriði, að reynist svo sem við vonum, að þarna geti orðið um mjög arðbært fyrirtæki að ræða, þá verði það þjóðareign.

Ég hef ekkert að athuga við hið fyrirhugaða fyrirkomulag, að hlutafélagsform verði á þessu bráðabirgðafélagi sem stofnað verði til þess að fullkomna þessar athuganir. Mér hefði þótt eðlilegt að það hefði verið ríkið sem héldi þessum tilraunum áfram, eins og hv. þm. Albert Guðmundsson raunar taldi líka, að ríkið sjálft fullkomnaði þessar tilraunir. Hitt finnst mér aftur á móti ekki eðlilegt, ef í ljós kemur að verksmiðja sú, sem reist verður á grundvelli þessara tilrauna, muni reynast arðbær, þá verði farið að selja niðurstöðurnar, selja réttinn til þess að reisa þarna verksmiðju einhverjum einstaklingum sem útiloka þá almenna eða sem allra almennasta aðild að verksmiðjunni. Ég tel að ef niðurstaðan verður sú að þarna megi reisa verulega arðbæra verksmiðju, þá sé eðlilegt að eignaraðilinn verði íslenska ríkið, sem sagt almenningur. En fyrst aðstandendur frv., hæstv. iðnrh. og ráðunautar hans, telja það umfangsminnst og eðlilegt að það verði hlutafélag sem ljúki þessum rannsóknum finnst mér það augljóst mál að langstærsti hluthafinn og sennilegast raunar sá aðilinn, sem eigi alla hlutina, verði ríkið. En ég tel ekkert athugavert við það þó að þetta form verði á eignaraðild eða framkvæmdaaðild á lokastigi rannsóknanna.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. 1. landsk. þm. gerði heiti þessa frv. að umræðuefni og taldi að réttara væri, miðað við efni frv., að ræða um tilraunaverksmiðju. Það er sjálfsagt að það mál verði athugað í n. Það var ákveðið að halda því heiti sem viðræðunefndin um orkufrekan iðnað hafði gert till. um þegar hún gerði drög að þessu frv., en það skiptir ekki miklu máli og má kanna það í meðförum málsins hvort rétt þætti að breyta heiti frv. eða fyrirsögn. En efni þess og tilgangur kemur auðvitað skýrt fram bæði í 1. gr. og öðrum greinum þess.

Sami hv. þm. minntist á eignarrétt að jarðhita og landi á þessu svæði. Út af því vil ég taka fram að nú að undanförnu hefur verið unnið að grg. í iðnrn. um það mál og munu þær upplýsingar liggja fyrir skjótlega og verða lagðar fyrir hv. iðnn.

Ég vil svo flytja þakkir þeim þm. öllum, ég held 5 að tölu, sem hér hafa lýst fylgi sínu við málið. Ber það vissulega vott um að þetta mál muni fá greiðan gang í gegnum þingið. Við skulum vona að það verði þjóðinni til gagns að til slíkrar iðju verði stofnað eins og hér er gert ráð fyrir.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. iðnrh. fyrir þær upplýsingar að í rn. hans sé unnið að því hvernig fara megi um hitaréttindin. Mér finnst liggja á bak við þessi orð að einhver eigi þarna alllangt niður, þótt ekki séu nefndar neinar tölur, þó varla norður og niður fyrir Húsavíkur-Jón, því að það vita flestir hvar hann er dysjaður. En hér skiptir miklu máli hvernig til tekst. Ég vil að það komi skýrt fram, a. m. k. sem mín skoðun og minna flokksmanna. Það skiptir sköpum bæði um þetta mál og margt fleira, því að það er grundvallaratriði.

Hv. 12. þm. Reykv., Albert Guðmundsson, sagði: Ríkið á að ljúka við allt fyrst, svo eiga þeir að fá það, sem eiga kapítalið, og græða. (AG: Sagði ég þetta virkilega?) Það á að selja það, sagði hann, til þeirra. Ég skrifaði það orðrétt. Það á að selja það. Ríkið lýkur við allt fyrst og síðan á að framselja. Það má sem sagt fá úr ríkissjóði ótalin hundruð millj. til orkurannsókna og beislunar orku, sækja hana 1, 2 og jafnvel 3 km niður og borga einstaklingum fyrir það, og síðan eiga vissir einstaklingar að fá að hagnýta það. Ég vil að ríkið ráði hér mestu um og yfirgnæfandi mestu og styð tal 5. þm. Norðurl. e. auðvitað í því efni þegar um slíkar aðstæður er að ræða.

Við erum þó allir sammála um að þetta verði þjóðþrifafyrirtæki þegar það kemst á fót og mali bæði salt og malt dag og nótt fyrir þjóðarbúið og efli byggð bæði á Suðurnesjum og annars staðar. En það skiptir meginmáli frá mínu sjónarmiði hvernig farið verður með eignarrétt að þeirri orku, sem þarna finnst, og eignaraðild og stjórnun á þessu fyrirtæki, því að það er ekki á færi nokkurs annars en ríkisins og ríkisvaldsins að útvega það fjármagn og vera í ábyrgð fyrir því, og þá á ríkið að eiga yfirgnæfandi meiri hl. og raunar allt að mínu mati. Annars væri þarna auðnin eins og verið hefur um 1100 ár í okkar sögu, ef ríkið kæmi ekki til. Þetta er grundvallarágreiningur í okkar lífsskoðun. Ég undirstrika mína eins og hann undirstrikaði sína og mun fylgjast með hvernig þessu vindur fram.

Ég vil leggja á það áherslu, og það var aðaltilgangur minn með að standa upp, að þeirri athugun, sem ráðh. sagði frá að væri í gangi, lyki sem fyrst svo að það lægi fyrir, áður en frv. kemur úr n., hvernig fer um hitaréttindi á Suðurnesjum varðandi fyrirhugaða aðalverksmiðju sem þetta frv. er undanfari að.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég gerði nú satt að segja ekki ráð fyrir því að þurfa að standa hér upp aftur til að verja mína lífsskoðun því að með þessum fáu orðum, sem ég lét falla um hana, hélt ég að ég hefði snúið báðum hv. síðustu ræðumönnum yfir á mína lífsskoðun. En þeir eru víst ekki enn þá orðnir sjálfstæðismenn, svo að ég vil endurtaka það að ég tel ekki óeðlilegt, þegar um kostnaðarsamar framkvæmdir eða tilraunir er að ræða, að ríkið standi að þeim, að ríkið finni út hvað hægt er að gera hér á landi, hvaða nýjungar er hægt að skapa í atvinnuháttum. Og ég tel ekkert því til fyrirstöðu að þegar ríkið hefur, með sameiginlegu átaki okkar allra að sjálfsögðu, fundið út einhverja nýjung í atvinnuháttum, þá gefi einstaklingum eða hlutafélögum úr hópi einstaklinga kost á að reka það. Ég tel jafnsjálfsagt að þeir hagsmunahópar, þau hlutafélög sem gert er ráð fyrir samkv. frv. að stofnuð verði, greiði útlagðan kostnað ríkisins, en hafi þá e. t. v. einkarétt til ákveðins árafjölda. Ég sé ekkert að því. Það getur vel verið að þar stangist á lífsskoðanir. Ef hv. tveir síðustu ræðumenn eru andstæðingar þessarar hugsunar, þá stangast lífsskoðanir okkar verulega á. En aftur á móti ef ríkið treystir sér til að reisa og reka verksmiðju eftir að hafa fullkannað hagkvæmnina, þá er náttúrlega mat ríkisstj. og Alþ. hvort ríkið á að fara út í það.

En ég vil taka undir það með hv. síðasta ræðumanni, 1. landsk. þm., að það er orðið ansi lítið svigrúm sem einstaklingurinn hefur. Ríkið hefur séð fyrir því að það er enginn einstaklingur það öflugur að hann geti tekið að sér hlutverk í líkingu við það sem við erum að tala hér um. Það getur vel verið að hægt sé að hópa saman mörgum einstaklingum í hlutafélög, og þá á ríkið að láta reksturinn af hendi í hendur þessara hlutafélaga sem um er rætt og gert er ráð fyrir í frv.

Til þess að það fari ekki neitt á milli mála, þá er mín skoðun sú að taki einstaklingar þátt í að finna út að hér sé um arðbæra framleiðslu að ræða, eigi þeir að njóta góðs af í hlutfalli við framlag sitt. Ég bara efast um að það finnist einstaklingar til þess að koma í samstarf við ríkið um slíka verksmiðju. Og það er alls ekki að ástæðulausu sem ég ber þær efasemdir í huga, sérstaklega ef við tökum t. d. hvernig farið var með hluthafana í Áburðarverksmiðjunni sem voru með dómum neyddir til þess að láta af hendi hlutafé sitt. Ég vona, að það eigi ekki eftir að ske aftur í sambandi við þessa verksmiðju.

Ég vil endurtaka það að þetta er tímabært frv. Það hefur verið lengi í rannsókn, eins og komið hefur fram, og um leið og ég fagna því að iðnrh. nú leggur það fram, þá vona ég að það fái skjóta og góða afgreiðslu hér á Alþingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til iðnn. með 11 shlj. atkv.

Flokkun og mat ullar, frv. (þskj. 304). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Flokkun og mat á gærum, frv. (þskj. 305). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Iðnfræðsla, frv. (þskj. 387). — 1. umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Þetta frv., sem er flutt samkvæmt beinni beiðni frá vissum aðilum sem starfa að iðnfræðslumálum, alveg sér í lagi á Austurlandi, þarfnast út af fyrir sig ekki langrar framsögu umfram það, sem í grg. segir.

Ég hef nýlega rætt hér nokkuð almennt um stöðu verkmenntunar okkar, hversu veik og ófullnægjandi hún er. Hæstv. menntmrh. hefur hér nýlega einnig gert ítarlega grein fyrir þeim breytingum sem á hafa þó orðið, þeim áföngum sem t. d. hafa fengist fram í tengslum við framhaldsstigið almennt, þar sem fyrsti hluti iðnmenntunar hefur verið felldur inn í hið venjulega nám, einnig með verknámsskólunum sem a. m. k. geta með leyfi ráðh. skilað sveinum fullmenntuðum frá sér bæði á bóklegu og verklegu sviði, þó að þar hafi ekki langt verið gengið, að því er ég best veit. Að lokum hefur verið á það minnt að í fjölbrautaskólunum opnaðist leið en þar á eftir að finna hinum verklega þætti eðlilegan farveg til lokanáms.

Þessar umr. urðu vegna frv. um fullorðinsfræðslu sem hér liggur nú fyrir og þá boðaði ég frv.-flutning af þessu tagi, sem fæli í sér þær breytingar til bóta sem nauðsynlegastar kynnu að teljast. Þar skiptir efni 2. gr. frv. vitanlega höfuðmáli, en skoðun okkar flm. er sú að hvað sem líður þessum breytingum sem við erum hér með og hljóta að teljast brýnar, þá verði hér til að koma algjör uppstokkun þessa kerfis í heild og þá vitanlega í tengslum við heildarlöggjöf um framhaldsmenntun að grunnskólanámi loknu.

Ég vil leyfa mér að vitna hér orðrétt til grg. okkar flm., en hún hljóðar svo:

„Frv. þetta felur í sér þá grundvallarbreytingu á kostnaðarákvæðum gildandi laga um iðnfræðslu að ríkissjóður greiði að fullu stofnkostnað iðnfræðsluskóla hliðstætt því sem lög um menntaskóla — og raunar fleiri skóla á framhaldsstigi — kveða á um. Það er skoðun flm. að það ákvæði gildandi laga, að sveitarfélögin beri helming af stofnkostnaði við iðnfræðsluskóla, hafi um langt skeið verið stærsta hindrunin í vegi eðlilegrar þróunar verknámsskóla í landinu.

Að því er varðar rekstrarkostnað við iðnfræðsluskóla er í frv. gert ráð fyrir þeirri breytingu að einvörðungu það sveitarfélag, sem jafnframt er aðsetur skóla, beri nokkra fjárhagslega ábyrgð á rekstri skólans, þó aðeins að því marki að ekki verði fjötur á eðlilegu skólastarfi. Hér er því aðeins gert ráð fyrir að sveitarfélagið kosti húsvörslu, ræstingu og lýsingu svo og hitun að vissu marki. Flm. telja að hið sama eigi að gilda um alla skóla á framhaldsskólastigi, einnig menntaskóla.

Þá er með frv. lagt til að gerðar verði til einföldunar nokkrar breytingar á kjöri skólanefnda, en reglur þar að lútandi hafa verið nokkuð á reiki. Áfram er þó gert ráð fyrir að heimamenn tilnefni meiri hl. fulltrúa í skólanefnd.

Á þíðasta þingi gerði menntmrh. grein fyrir störfum iðnfræðslunefnda sem rn. skipaði hinn 15. febr. 1973 til að endurskoða iðnfræðslulögin, en n. var jafnframt falið að skila frv. til nýrra iðnfræðslulaga. Þar kom fram að nefndarstörfin hefðu dregist á langinn, en vonir stæðu þó til að unnt yrði að leggja nýtt frv. um þetta efni fyrir Alþ. það sem nú situr.

N. skilaði áliti 19. des. s. l., en náði ekki samstöðu um tillögugerð eða frv. að nýjum iðnfræðslulögum. Ástæða er því til að ætla að umrætt frv. verði ekki lagt fyrir þetta þing.

Þar sem svo illa hefur til tekist um undirbúning þessa þýðingarmikla máls, telja flm. að menntmrn. verði að hafa forgöngu um endurskoðun iðnfræðslulaganna. Í þeim efnum er eðlilegt að höfð verði hliðsjón af þeim hugmyndum og ábendingum, sem fram komu í álitsgerð meiri og minni hl. iðnfræðslulaganefndar og telja má að samrýmist þeirri grundvallarstefnu að starfsemi allra skóla og námsbrauta á framhaldsskólastigi verði samræmd undir einni yfirstjórn.

Sú heildarendurskoðun iðnfræðslulaganna, sem hér um ræðir, þarf ekki að áliti flm. að hindra að strax verði á grundvelli framangreindrar stefnumörkunar gerðar ýmsar breytingar á lögunum. Þar virðist brýnast að taka til endurskoðunar þau kostnaðarákvæði sem eru meginefni þessa frv."

Varðandi einstakar gr. skal tekið fram að megintilgangur 1. gr. er að koma á fastari skipan en verið hefur um tilnefningu fulltrúa í skólanefndir. Víða hefur hér orðið um nokkurt vandamál að ræða sem jafnvel hefur staðið eðlilegu starfi fyrir þrifum. Lagt er til í 1. gr. að tveir fulltrúar í 5 manna skólanefnd skuli tilnefndir af sveitarstjórn þess sveitarfélags sem skólinn starfar í, einn af fræðsluráði viðkomandi fræðsluumdæmis og nemendur kjósi svo einn fulltrúa í skólanefnd samkv. reglugerð sem ráðh. setur. Einnig er skilyrði um það áfram að fulltrúar

þeir, sem sveitarstjórn kýs í skólanefnd, skuli vera iðnlærðir eða með víðtækari verk- eða tæknimenntun.

2. gr. er, eins og ég áður hef sagt, veigamest, þ. e. að sama gildi um stofnkostnað iðnskóla og menntaskóla. Þetta er ekki eingöngu fjárhagsleg spurning, heldur fyrst og fremst um mat á menntun, viðurkenning á því að iðnmenntunin sé í engu síðri hinni sem eftir bóknámi einu fer og endar á stúdentsprófi. Ég held að við eigum hér að hafa jafnaðarmerki á milli og hefja þannig verkmenntunina til aukins vegs. Ekki kemur okkur flm. til hugar að þessi breyting verði einhlít. Auðvitað þarf fleira til að koma: aðbúnaður, menntunarkröfur og síðast en ekki síst gjörbreyting á verklegum þáttum menntunarinnar þar sem horfið væri sem mest frá hinu um flest úrelta meistarakerfi og verklega námið fellt inn í skólastarfið sjálft sem allra mest, sömuleiðis með því að skipa verkmenntabrautinni jafnhliða öðrum í fjölbrautaskólunum. Allt kallar þetta á heildarendurskoðun og meiri og minni umbyltingu ríkjandi kerfis. En hér teljum við þó óumdeilanlegt að gera eigi breytingu strax. Heimaaðilar, sem nú eiga að sjá um 50% stofnkostnaðar, eru mjög misáhugasamir. Samstarf þeirra getur oft verið afleitt og kemur hinn leiði hrepparígur þar oft við sögu. En aðalatriðið er þó að flestum er þetta ofviða eða mjög erfitt og þá hefur það oftar en hitt orðið dapurleg staðreynd að þessu verkefni hefur verið ýtt til hliðar eða það þokast þangað sjálfkrafa.

Um 3. gr. segir svo í athugasemdum:

„Hér er lagt til að horfið verði frá þeirri tilhögun að deila þeim rekstrarkostnaði, sem ríkissjóður ekki greiðir, á mörg sveitarfélög. Hins vegar er talið eðlilegt að leggja nokkra fjárhagslega ábyrgð á það sveitarfélag sem aðsetur skóla tilheyrir og binda hlut sveitarfélagsins við afmarkaða rekstrarþætti: húsvörslu, ræstingu, lýsingu og hitun. Um hitun er þó lagt til að gildi sú regla að hlutur sveitarfélagsins verði aldrei hærri en sem svarar meðalkostnaði við hitun skólahúsnæðis á hitaveitusvæði, en ríkið taki á sig þann kostnað sem umfram kann að vera. Um þetta atriði verði settar sérstakar reglur."

Varðandi þessa breytingu kunna að verða deildar meiningar. En þó fer það ekki á milli mála að það er ekki lítið atriði fyrir eitt sveitarfélag að hafa skólastofnun sem slíka með tilheyrandi starfsliði, einkum eftir að iðnskóli eða verkmenntaskóli yrði mikilvæg stofnun og mikilsvirt um leið, svo sem við hljótum að stefna að. Á móti beinum og óbeinum tekjum og hlunnindum sveitarfélagsins af stofnuninni telst sanngjarnt og eðlilegt að það komi hér á móti varðandi þá rekstrarliði sem um er rætt, svipað og gildir um grunnskóla. Hið sama álítum við að gildi um menntaskólana. Hver slík stofnun er sveitarfélagi, einkum úti á landsbyggðinni, afar mikilvæg lyftistöng, og um leið og stofnkostnaði er hér að fullu aflétt þykir okkur þessi skipan eðlileg fyrir viðkomandi sveitarfélag.

Varðandi hitunina er beint vísað til frv. sem hér var flutt í haust öðru sinni um jöfnun hitakostnaðar sem ríkið stæði nokkurn straum af á köldu svæðunum okkar svokölluðu. Þetta frv. var í fyrra flutt af Sigurði Blöndal og hlaut í upphafi öflugan stuðning sveitarfélaga, ekki aðeins þeirra sem góðs kynnu að njóta af, heldur og heildarsamtaka þeirra. Okkur þykir því rétt að gera ráð fyrir þessari breytingu hér einnig því að einhver lausn er hér nauðsynleg fyrir þá aðila sem þyngstar byrðar bera.

Þetta frv. skýrir sig að öðru leyti sjálft og er fram sett í þeim tilgangi að koma hreyfingu á málið og reyna, ef unnt væri, að knýja fram allra nauðsynlegustu lagfæringar á iðnfræðslulögunum. Um þetta höfðum við flm. haft náið samráð við aðila sem þekkja gerst til hvar skóinn kreppir og hafa að vísu uppi hugmyndir um aðra heildarlausn í samræmi við nýtt skipulag framhaldsnámsins alls, en telja þó að hér megi lagfæra mestu annmarkana við núverandi aðstæður einmitt á þann veg sem hér er lagt til.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að leggja til að að lokinni þessari umr. verði þessu máli vísað til hv. menntmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 72. fundur.

Kafarastörf, frv. (þskj. 395). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Efri deild, 71. fundur.

Fimmtudaginn 4. mars, kl. 2 miðdegis.

Iðnfræðsla, frv. (þskj. 387). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Aðild Íslands að samningi um aðstoðarsjóð Efnahags- og framfarastofnunarinnar, frv. (þskj. 338, n. 359). — 2. umr.

Jón Helgason: Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur rætt frv. til l. um aðild Íslands að samningi um stofnun aðstoðarsjóðs á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar á tveimur fundum. N. var sammála um að mæla með samþykkt frv., eins og það liggur hér fyrir, en fjarverandi við afgreiðsluna var Albert Guðmundsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Kafarastörf, frv. (þskj. 395). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Fullorðinsfræðsla, frv. (þskj. 333). — Frh. 1. umr.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Hér höfðu farið fram mjög áhugaverðar umr. þegar þetta mál var til 1. umr. hér. En það, sem mig langaði til að vekja athygli á, er að það er til stór hópur fólks í þessu landi sem hefur að mínu viti öðrum fremur þörf fyrir fullorðinsmenntun eða aðstöðu til fullorðinsmenntunar. Þetta er hópur öryrkja. Að svo er byggist fyrst og fremst á því, að margir verða öryrkjar vegna slysa eða vegna sjúkdóma á fullorðinsárum, þ. e. þegar venjulegum skólaaldri er lokið, og þessi örorka getur orðið til þess að gjörbreyta lífsviðhorfum þeirra og gjörbreyta þörfinni fyrir viðbótarmenntun hjá þessu fólki. Við skulum taka dæmi um mann sem hefur verið hljómlistarmaður og fær síðan liðagigt í hendur. Hann hefur kannske enga aðstöðu til þess að geta stundað sín fyrri störf áfram, en hann getur haft mikla möguleika til starfs ef hann fær aðra menntun. Þetta getur þýtt fyrir þennan mann fullkomna endurmenntun, og það er vegna þessa fólks sem mér finnst að við þurfum að gera betur en gert hefur verið hvað varðar fullorðinsfræðslu.

Fyrir nokkrum árum var sett á stofn n. á vegum félmrn. Sú n. heitir Endurhæfingarráð. Hennar hlutverk er í raun og veru að undirbúa öryrkja undir ævistarf, og þetta er gert með því í fyrsta lagi að láta fram fara hæfnispróf á þessu fólki. Ef það kemur í ljós við hæfnispróf að þetta fólk er til einhverra hluta nytsamlegt og getur starfað með aukinni menntun eða aukinni þjálfun, þá er það þessa ráðs að sjá til þess að sú aðstaða sé til í landinu sem þarf til að það geti hlotið menntun.

Þegar ég las 5. gr. frv., ákvæðið í a-lið 5. gr., um að ríkið veiti styrki til aðila atvinnulífsins, svo og til félagasamtaka og fræðslusambanda, þá kom mér í hug að þarna þyrfti í raun og veru að bæta við Endurhæfingarráði, vegna þess að það má kannske segja að Endurhæfingarráð sé hvorki aðili atvinnulífsins né heldur félag eða samtök, en það hefur nokkra sérstöðu og væri því ástæða til að það væri þarna sérstaklega tekið fram, einkum þar sem fjárskortur hefur háð starfsemi Endurhæfingarráðs á undanförnum árum.

Það, sem minnst er á fatlaða í þessu frv., er fyrst og fremst í 17. gr., þar sem segir svo: „Rn. setur reglur um skipan og fyrirkomulag þessara aðalfræðsluþátta, svo og annarra er styrkhæfir teljast, svo sem námskeiða, stuðningskennslu, fullorðinsfræðslu á stofnunum fyrir fatlaða og fleira.“

Þarna er tekið fram að fatlaðir skuli njóta aðstoðar þessara laga og er það vel. Ég minnist þess að um árabil, a. m. k. tvo til þrjá áratugi, hafði ég á hendi stjórn á nokkurri fræðslu fyrir fatlaða á stofnun. Þetta gekk stundum vel og stundum ekki vel, en lengst af vorum við í hálfgerðu basli með fjárhagsinn. Þó var þetta komið í allgott lag á tímabili og vorum við komnir upp á Reykjalundi með iðnskóla sem útskrifaði ágætis iðnaðarmenn. Síðan var skipulagi fræðslumála eitthvað breytt og þetta lagðist niður. En á svona stofnunum, sem hafa öryrkja innan sinna vébanda, er a. m. k. alltaf mikil þörf fyrir námskeið og ýmiss konar stuðningskennslu, jafnvel þótt iðnskólafræðsla eða framhaldsskólafræðsla geti farið fram í skólum nágrennisins, eins og reyndar í nágrenni Reykjalundar nú. Þar hefur fræðsla fyrir fatlaða verið tekin upp í nálægum gagnfræðaskóla. En vegna þess hvað þarna er náið samband á milli og hvað mér finnst að öryrkjar hafi mikla þörf fyrir aðstoð skv. þessum lögum, þá hef ég lagt til og vil vekja athygli hæstv. menntmn. á því, að mér fyndist athugandi hvort ekki væri rétt að samtök öryrkja fengju einn af þeim mörgu fulltrúum sem eiga að starfa í svonefndu fræðsluráði. Það eru þarna fjórir fulltrúar frá aðilum vinnumarkaðarins, það eru þrír fulltrúar fræðslusambanda og tveir fulltrúar hins opinbera, og mér finnst ekki óeðlilegt þó að þessi stóri hópur, sem á mjög mikið undir framkvæmd þessara laga, fengi einn mann í þetta fræðslusamband.

Þetta var nú það helsta sem mig langaði til að vekja athygli á. Ég held að þessi löggjöf geti reynst okkur mjög merkileg og gagnleg, ekki síst ef hún hjálpar þarna hóp sem hingað til hefur átt í erfiðleikum, ekki síst á sviði starfsmenntunar og reyndar allrar menntunaraðstöðu.

Í umr. þegar þetta mál var áður til 1. umr. var minnst á ýmsa áhugaverða þætti fræðslunnar og þ. á m. endurskoðun framhaldsskólastigsins í heild og tekið fram af hæstv. ráðh. að sú endurskoðun væri í gangi og mætti vænta till. frá endurskoðunarnefnd innan skamms. Þegar grunnskólalögin voru hér í hv. d. til umr. 1973 lét ég þess getið að mér fyndist það ekki í samræmi við nútímann hvernig skyldufræðslunni hjá okkur skv. þeim lögum er hagað. Mitt álit var það, að skólaskyldan ætti að hefjast fyrr, við 5—6 ára aldur, en henni ætti að vera lokið um fermingaraldur, um 14 ára aldur. Ég lagði til að skyldunámið hæfist fyrr vegna þess að það er nú að verða mjög almennt að börn á þessum aldri, 4—7 ára aldrinum, séu á dagheimilum. Síðan er svo það að á mörgum heimilum hafa foreldrarnir enga aðstöðu til þess að sinna börnunum eins og skyldi, og það er okkur gífurlega mikils virði að þessi dagheimili séu ekki geymslustofnanir, heldur sé þetta forskóli sem hæfir þeim árgöngum sem þar dveljast. Það er orðið vitað mál og sannað að börn á þessum aldri eru mjög móttækileg fyrir hvers konar fræðslu ef henni er beitt af þar til hæfum kennslukröftum. Þess vegna vegna lít ég svo á að skyldunámið eigi að hefjast fyrr, en hins vegar sé ég enga ástæðu til þess að eftir 14 ára aldur sé um skyldunám að ræða. Mér finnst að þegar endurskoðun framhaldsskólastigsins í heild fer fram, þá eigi að gera ráð fyrir því að um 14 ára aldur geti skólafólkið okkar tekið lokapróf í skyldunáminu og farið í framhaldsskóla, það sem þess óskar.

Ég er enn fremur á því að okkar langa skólaganga unglinga sé óþörf og jafnvel hættuleg og eftir 14 ára aldur eigi unglingarnir ekki að vera meira en 6 mánuði í skóla á ári og þá helst tvisvar sinnum 3 mánuði og hinn tímann, undanteknum venjulegum sumarleyfum, taki þeir þátt í atvinnulífinu. Það er ekki nokkur vafi á því að sú tilraun, sem gerð hefur verið á Norðurlöndum og í Ameríku, að lengja námið sí og æ, er að ýmsu leyti varhugaverð. Það hefur verið gert meira og minna vegna ástands atvinnulífsins miklu frekar en með þarfir unglinganna í huga. En ég held að það sé af ótta við atvinnuleysi unglinga sem þessi stöðuga aukning er og lenging á árlegum skólatíma, en alls ekki að það sé skoðun lærðra manna að það sé nokkrum til gagns að þeir séu 10 mánuði á ári í skóla.

Eins og nú lítur út fyrir bæði hjá okkur og ekki síður í okkar nágrannalöndum, þá er líklegt að 20, 22, 25 ára gamlir æskumenn og konur komi til starfa án þess í raun og veru að þekkja nokkurn skapaðan hlut til annarra þátta þjóðfélagsins en mjög takmarkaðs skóla og þess fólks sem þar er hægt að umgangast. Þetta er að mínu viti mjög hættuleg þróun, og ég er sannfærður um að ef unga fólkinu væri gert það að skyldu að taka þátt í atvinnulífinu allt frá 14—15 ára aldri og fram úr, þar til menn taka að sér það lífsstarf sem þeir hafa ákveðið, þá mundum við fá allt aðra kynslóð, miklu fjölbreyttara fólk að þekkingu og menntun, og þar að auki mundi þetta verða fjárhagslega miklu léttara á öllum aðilum sem um fjárhag þessa fólks eiga að sjá.

Í öðru lagi hef ég þá skoðun að þetta sé líka heilsufarslega, bæði líkamlega og andlega, mjög mikil nauðsyn, því að það má mikið passa upp á heilsu þessa fólks, ekki síst líkamlega heilsu, til þess að geta haft það í skólum frá 5—7 ára aldri og fram á 25—26 ára aldur, þannig að það komi jafngott að líkamlegri heilsu út úr skólanum. En þátttaka í atvinnulífinu mundi aftur á móti sjá fyrir þeirri þjálfun sem er hverjum manni nauðsyn og þar að auki mundi sú fjölbreytni í umgegni við venjulegt fólk skapa þá andlegu þjálfun, sem er hverju ungmenni nauðsynleg, og miklu fjölbreyttari en skólinn hefur aðstöðu til að veita.

Þetta var það sem mér datt í hug að vekja hér athygli á vegna þess að getið var um það að endurskoðun framhaldsskólastigsins væri í gangi. Það gladdi mig mjög að heyra að nú væri lögð áhersla á að fara að hagnýta sjónvarpið betur í fræðslunni. Það er ekki nokkur vafi á því að hvað sem skólavist og öðrum menntunarstofnunum líður, þá fá bæði ungir og aldnir mjög mikla fræðslu gegnum fjölmiðlana, mjög miklu meiri fræðslu en áður var, og þetta er eins konar fullorðinsfræðsla að verulegu leyti og því betur sem hún er rækt, að því meira haldi getur hún komið okkur öllum.

Í sambandi við fullorðinsfræðsluna má einnig geta þess að aldraðir geta haft af henni mikil not, ekki fyrst og fremst til þess að búa sig undir starf, heldur fyrst og fremst sem tómstundaiðju sem marga aldraða vantar. En það er nú víða svo komið að farið er að hafa sérdeildir, eins konar dagheimili fyrir aldraða, þar sem nám og einhvers konar fullorðinsfræðsla er mikill þáttur í því að láta daginn líða, og það er talið af þeim, sem reynt hafa, að þetta geti skapað gamla fólkinu aukna lífsfyllingu.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., var lagt fram á síðasta þingi, en náði þá ekki fram að ganga. Ástæðan mun hafa verið sú, að mönnum sýndist að hér væri um kostnaðarsöm nýmæli að ræða sem út af fyrir sig væru allrar athygli verð, en meðan margt væri svo ófullkomið í skólakerfi okkar sem raun ber vitni og þá ekki hvað síst á sviði verknáms og iðnfræðslu, þá væri ekki tímabært að ráðast í þann mikla kostnað sem fylgt hefði samþykkt þessa frv.

Nú hefur þetta frv. verið endurflutt, en þó með nokkurri breytingu. Ég vil vekja athygli á þessari breytingu og lýsa því yfir hér að ég tel miklu álitlegra að samþykkja frv. í þeim búningi sem það birtist hér í, vegna þeirrar breytingar sem á því hefur verið gerð. Breytingin felst í viðaukagrein sem er 39. gr. frv., en þar segir:

„Lög þessi öðlast þegar gildi, en komi til framkvæmd þegar fé er veitt á fjörlögum til hinna ýmsu þátta fullorðinsfræðslunnar, er þau kveða á um. Þó skulu ákvæði 30. og 31. gr. l. koma til framkvæmda eigi að síður en á fjárhagsárinu 1977."

Hér er sem sagt gert ráð fyrir því að sú meginstefna, sem í frv. felst, verði lögfest, en hins vegar er gengið út frá því að markmiði laganna verði náð í áföngum og að ekki sé ráðist í þann mikla kostnað, sem fylgir framkvæmd laganna, í einni svipan, heldur er lögð áhersla á 30. og 31. gr. Þessar greinar fjalla í fyrsta lagi um fullorðinsfræðslu í formi námsflokka og námshópa, sem ríkið mun styrkja allt að 75% af sannanlegum kostnaði, og svo hins vegar fullorðinsfræðslu í formi bréfaskólakennslu, sem skal hljóta ríkisstyrk sem nemur 75% rekstrarkostnaðar og útgáfukostnaðar, eins og segir í 31. gr. frv.

Ég tel mig hafa fulla vitneskju um að Bréfaskóli Samb. ísl. samvinnufélaga og Alþýðusambands Íslands eigi í mjög miklum fjárhagskröggum um þessar mundir og að allar horfur séu á að þjónusta hans verði skorin niður allverulega ef ekki kemur til opinber tilstyrkur nú þegar, og þar sem ég tel að þar sé um að ræða mjög gæfulega starfsemi og gagnlega, sem síst megi fara nú að skera niður, þá tel ég alveg nauðsynlegt að Alþ. setji nú þegar ákvæði um styrk til þessarar starfsemi, og ákvæði um það efni er einmitt í þessu frv. sem hér er til umr. Það er alveg sérstaklega með þetta í huga sem ég vil óska eftir því við hv. menntmn. að hún taki til athugunar, hvort ekki væri hugsanlegt, að afgreiða frv. með þessari breytingu sem gerð hefur verið á því frá því að það var lagt fram í fyrra.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð í tilefni af ræðu hv. 2. þm. Reykn. Ég tek alveg undir það sem hv. þm. sagði um nauðsyn þess að styðja öryrkja til þátttöku í fræðslu fullorðinna. Mér þykir trúlegt að það sé alveg rétt hjá honum að það sé

eðlilegt að einmitt Endurhæfingarráð yrði beinn aðili ekki síður en stjórnir og forsvarsmenn atvinnuveganna og annarra sem um er rætt í frv. Þetta frv. er í rauninni annars vegar rammi og form fyrir fullorðinsfræðsluna í heild og ákvæði um lágmarksstuðning við ýmsa þætti hennar. Mér sýnist það fljótt á litið mjög eðlilegt að ákvæði um Endurhæfingarráð verði bætt þarna inn í. Einmitt þessi þörf sem einatt verður — vegna heilsubrests meðal annars — á því að afla sér menntunar til þess að takast á hendur ný störf, hún hlýtur að vera alveg sérstaklega almenn meðal öryrkja.

Hv. þm. vék aðeins að endurskoðun löggjafar um framhaldsskólastigið. Í höfuðatriðum er ég honum alveg sammála. Menn vilja sjálfsagt velta því mjög fyrir sér að vísu, áður en horfið er að því að stytta skólaskylduna. En um hitt virðast menn nú vera orðnir sammála yfirleitt, að það sé næsta brýn nauðsyn að auka tengsl skólafólksins á hinni löngu skólagöngu, hvort sem hún er einu ári eða tveimur lengri eða skemmri, — auka tengsl þessa fólks við atvinnulífið og við það starf sem unnið er í þjóðfélaginu utan veggja skólanna, já, og um leið má segja utan veggja eða marka heimilanna, eins og nú er komið, því að þau eru ekki lengur þær atvinnustöðvar sem þau áður voru. Ég held hins vegar að í þessum efnum hljótum við að verða að fara okkur gætilega og það af mörgum ástæðum sem ég ætla ekki að fara að eyða tíma í að rekja hér. Það hafa sagt mér ýmsir skólamenn sem fylgjast betur með því, sem skrifað er og talað um skólamál í nálægum löndum heldur en ég hef gert á undanförnum árum, — þeir hafa sagt mér einmitt það sama og fram kom í ræðu hv. þm., að í þeim löndum, þar sem skólaskyldan hefur verið gerð lengst og hléin að sumrinu eru nánast aðeins sumarfrí, þar séu menn mjög alvarlega og í vaxandi mæli að gera sér grein fyrir því að þessi þróun er ekki æskileg. Það er því óhapp sem ætti að vera óþarfi fyrir okkur að láta henda hér, einmitt á þessu landi. En vel má vera að við höfum þegar farið helst til langt í þessu efni.

Það hefur komið fram, bæði í umr. hér og í ábendingum út af þessu frv., sem hafa komið fram utan þings, að það væri æskilegra að tengja fullorðinsfræðsluna og skipan hennar meira og betur við sjálft skólakerfið í landinu heldur en hugsað er í þessu frv. Menn segja: Þarna er stefnt að því að koma upp sérstöku kerfi utan við hið almenna skólakerfi, en það ætti að vera óþarfi. Það er heppilegra að tengja fræðslu fullorðinna enn betur og nánar við sjálft skólakerfið og við þær skólastofnanir sem fyrir eru í landinu. Þetta eru ábendingar sem er eðlilegt að menn gefi gaum að og velti fyrir sér. Og ég hygg að þegar sjást þau drög sem væntanleg eru frá framhaldsskólanefndinni, þá verði einmitt sérstaklega eðlilegt að taka þetta atriði til skoðunar, alveg sérstaklega.

Ég vil svo bara árétta það sem ég ætla að hafi komið fram í framsöguræðu minni, að tilgangur minn með flutningi þessa frv. núna í litið breyttri mynd frá því sem það áður var lagt fram er ekki sá að fá á þessu yfirgripsmikla máli hraðafgreiðslu í nokkru formi, heldur að hv. Alþ. taki málið til meðferðar og ef unnt þykir eftir ítarlega skoðun nú og áður að þoka fram einstökum þáttum. Og ef fært þykir að afgreiða málið í heild svona í eitthvað líkri mynd og það er lagt fram, þá teldi ég það mikils virði. En jafnvel þó að svo færi ekki, þá álít ég það líka nokkurs virði að þetta mál sé til skoðunar hjá hv. Alþ. og annars staðar samhliða annarri þeirri endurskoðun á menntakerfinu sem fram fer um þessar mundir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Tollur á vörum frá Bretlandi, frv. (þskj. 399). — 1. umr.

Flm (Stefán Jónsson): Herra forseti. Við flytjum á þskj. 398, hv. þm. Ragnar Arnalds, Helgi F. Seljan, Geir Gunnarsson og ég, frv. til l. um sérstakan toll á vörum frá Bretlandi. Ég vil lesa frv.

„1. gr. Af öllum vörum, sem fluttar eru til landsins frá Bretlandi, skal greiða sérstakt gjald er nemi 25% af því verði vörunnar, sem tollur er lagður á sbr. 2. gr.

2. gr. Um álagningu gjaldsins gilda reglur laga um tollskrá o. fl.

3. gr. Gjald þetta renni í Landhelgissjóð.

4. gr. Ríkisstj. er heimilt að fella niður þetta sérstaka gjald er bretar hafa viðurkennt 200 sjómílna efnahagslögsögu íslendinga í orði og á borði.

5. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi.“

Nú það skal tekið fram nú þegar, að mér varð á skyssa við endanlega hreinskrift uppkastsins að þessu frv., og hún var sú að setja þar ekki inn sérstaka grein með ákvæði um að ekki mætti leggja verslunarálagningu ofan á þann sérstaka toll sem hér um ræðir og á að renna óskiptur í Landhelgissjóð. Þessi skyssa var því alvarlegri sem aðild a. m. k. eins félaga míns, ef ekki fleiri að flutningi frv. var bundin því skilyrði að kveðið yrði á um þetta, sem ég er einnig sammála. Á þessa aths. ber að líta sem munnlega brtt. sem lögð verður fram skriflega á eftir til leiðréttingar á frv.

Ég ætla að lesa grg. með frv.:

„Ljóst er að landsmenn þurfa á næstu mánuðum að takast á herðar þungar efnahagslegar byrðar til þess að standa straum af eflingu landhelgisgæslunnar, samtímis því sem þeir sæta áníðslu af hálfu breta á ofveidda fiskstofna og hernaðarofbeldi í ofanálag. Þá er hitt ótalið, að við höfum lækkað innflutningstolla á breskum varningi samkvæmt sérstökum samningi við Efnahagsbandalag Evrópu, sem bretar eru aðilar að, og skyldum njóta sams konar kjara varðandi útflutningsvörur okkar til ríkja Efnahagsbandalagsins, sem þó hefur ekki orðið um aðalútflutningsvörur okkar, sjávarafurðir, beinlínis vegna aðgerða breta. Vöruskiptajöfnuður okkar við breta hefur verið svo óhagstæður á liðnum árum að til óskapa má telja. Þannig nam innflutningur okkar frá Bretlandi 8 milljörðum og 7 millj. kr. árið sem leið, en útflutningur okkar þangað aðeins 4.7 milljörðum.

Ef miðað er við innflutning okkar frá Bretlandi í fyrra mundi gjald það, sem ráðgert er í frv. þessu, nema hvorki meira né minna en 2 milljörðum kr. Hins vegar er ljóst að tollur af þessu tagi mundi beina viðskiptum okkar inn á aðra markaði að verulegu leyti, en slíkt hlýtur að teljast æskilegt eins og nú er að okkur búið af breta hálfu. Hefði raunar verið sæmst að dómi flm. að leggja algjört bann við verslunarviðskiptum við Stóra-Bretland, ef ekki hefði leitt af slíkri ráðstöfun vandræði fyrir ýmsa sem lítið hafa til slíks unnið, og þá fyrst og fremst í sambandi við kaup á varahlutum í ýmsar vélar. Aftur á móti þykir eðlilegt, að þeir landsmenn, sem fyrir einhverjar sakir kjósa að halda áfram að kaupa breskar vörur við núverandi aðstæður, verði látnir minnast landhelgisgæslunnar sérstaklega í því sambandi."

Það kæmi mér ekki á óvart þótt frv. þessu yrði andmælt á þeim forsendum að við séum að svo miklu leyti háðir innflutningi frá Bretlandseyjum, að svo margir þegnar séu beinlínis bundnir vörukaupum þaðan, að ósanngjarnt sé að skattleggja þá sérstaklega til stuðnings landhelgisgæslunni.

Í grg. með frv. segjum við flm., eins og ég las áðan, að það hefði verið að okkar dómi sæmst að leggja algjört bann við innflutningi þaðan, eins og nú er ástatt, en með sérstöku tilliti til þeirra, sem hafa keypt breskar vélar og þurfa varahluti í þær, teljum við að þessi sérstaki tollur sé æskilegri ráðstöfun, en eðlilegt sé aftur á móti að þeir, sem vilja halda áfram að kaupa breskar vörur, verði látnir minnast landhelgisgæslunnar í því sambandi. Þetta á raunar einnig við um þá sem þurfa beinlínis að kaupa varahluti í breskar vélar. Við eigum í styrjöld við breta. Við höfum átt í stöðugum átökum við þá allar götur frá 1958, að við færðum fiskveiðilögsöguna út í 12 sjómílur. Til sanns vegar mætti jafnvel færa að við höfum átt í deilum við þá, allsnörpum, allar götur síðan við færðum út í 4 sjómílur frá grunnlínum samkv. lögum frá 1948 og bretar settu höft við íslenskum innflutningi. Það verður að teljast mjög svo óeðlilegt að við skulum ekki hafa beint viðskiptum okkar gagngert til annarra landa allar götur síðan. Það verður að teljast óeðlilegt að íslenskir innflytjendur skuli ekki hafa leitað fanga fremur í öðrum löndum síðasta aldarfjórðunginn, eins og samskiptum okkar við breta hefur verið háttað, og svo að við göngum enn þá lengra í skilgreiningunni á siðferðilegri hlið utanríkisviðskipta okkar og þeirri pólitísku, þá bera tölur Hagstofunnar, sem nefndar eru í grg. með þessu frv., vægast sagt vott um nokkurn slappleik af hálfu almennings á landi hér, ef tekið er tillit til þess atlætis sem við höfum sætt í meira en aldarfjórðung af valdsmönnum Stóra-Bretlands. Ég er þeirrar skoðunar að það sé tími til kominn að allur almenningur fái að gera sér grein fyrir því við vöruval, hverjir eru vinir okkar og hverjir ekki, og láti sér þetta mál að kenningu verða.

Nú er svo komið að allur þorri fólks finnur meira til þess en áður á þessu aldarfjórðungsskeiði hvernig þjóðarhagur og þar með hagur hvers einstaklings er tengdur fiskveiðum. Flest skynibornið fólk gerir sér nú grein fyrir því að eyðilegging fiskislóðarinnar við landið mundi kalla neyð yfir alþýðu manna. Það má vera að stöku aðili í hópi innflytjenda trúi svo á mátt sinn og megin að hann ímyndi sér að honum prívat og persónulega muni takast að lifa góðu lífi þrátt fyrir þetta. Það má vera, en þó vil ég nú ekki trúa því að nokkur ímyndi sér slíkt. Ég vil ekki heldur trúa því að hagsmunir innflytjenda muni ráða nokkru um afstöðu hv. þm. til þessa máls. Það hefur orðið talsverð breyting á viðhorfi síðan á haustmánuðunum 1959, þegar við stóðum í stríði við bresk herskip innan 12 mílna markanna okkar og sá atburður varð á þingi Bandalags starfsmanna ríkis og bæja að fulltrúar tveggja ónefndra stjórnmálaflokka, sem nú eru tveir ónefndir stjórnmálaflokkar, báru fram till. þar sem lýst var yfir því að landhelgismálið væri kjörum opinberra starfsmanna óviðkomandi og því bæri ekki að gera neinar neinar samþykktir um það á þingi BSRB — og fengu till. samþykkta.

Ég vék áðan sérstaklega að málefnum þeirra manna, sem þurfa að flytja inn varahluti í framleiðsluvélar, í aflvélar eða bifreiðar frá Bretlandi og tilgreindi hagsmuni þeirra sem meginástæðuna fyrir því að við félagar, sem stöndum að þessu lagafrv., leggjum ekki beinlínis til að innflutningur frá Stóra-Bretlandi verði bannaður. Það eru hagsmunir þessara aðila sem hafa keypt breskar vélar, — ég vil ekki nota orðið „glæpst" til að kaupa breskar vélar, þ. á m. framleiðsluvélar, og þurfa að fá keypta varahluti í þær. Ég er þeirrar skoðunar að einnig þeir, sem eiga breskar vélar, dráttarvélar, aflvélar í bátum og bifreiðum, eigi að greiða þennan sérstaka toll af vörum frá Bretlandi. En samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar nemur innflutningur á varahlutum í hvers konar hreyfla og í bíla sáralitlum hluta af þessum 8 milljörðum sem hér um ræðir. Samkvæmt þessum upplýsingum Hagstofunnar voru fluttir inn varahlutir í hvers konar hreyfla, hreyfla í dráttarvélum, bílum skipum, fyrir 66 millj. kr. árið sem leið frá Bretlandi, og er það sáralítill hluti af 8 milljarða innflutningi. Aðrir varahlutir í bíla fluttir inn frá Bretlandi námu 103.4 millj. kr. eða þessir varahlutir samtals 169.4 millj. kr. af 8 milljarða innflutningi.

Ég ítreka það enn, að ég er þeirrar skoðunar að þeir, sem eiga breskar vélar, hafa keypt þær og þurfa á varahlutum að halda í þær, þeir megi þakka fyrir að fá þessa varahluti við núverandi aðstæður með því að greiða 25% toll til Landhelgissjóðs í því sambandi. Aftur á móti þó að tollur væri felldur niður af varahlutum í hreyfla í framleiðsluvélum okkar, gerð yrði undanþága með tolla af þessum varahlutum, þá myndi sú upphæð nema sáralitlu. Eigi að síður gætum við fengið með þessum hætti, miðað við óbreyttan innflutning frá Bretlandi frá því sem hann var í fyrra, allt að því 2 milljarða í Landhelgissjóð.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég leyfi mér að taka til máls um þetta frv. sem hér er lagt fram um sérstakan toll á vörum frá Bretlandi. Þrátt fyrir það að ég hef ekki haft tíma til þess að kynna mér málið nægjanlega vel til þess að segja það sem ég hefði viljað segja og þá sérstaklega við hv. flm. Stefán Jónsson,

þá held ég að þetta frv. sé ekki sérstaklega flutt til þess að íslenska þjóðin sem slík eða íslenskt efnahagslíf græði á till., heldur kannske meira af heift út í breta, eins og ástatt er í okkar samskiptum við breska heimsveldið vegna þeirrar landhelgisdeilu sem við stöndum í. Ég sé hér margt sem ég hefði viljað láta kanna miklu betur áður en þetta frv. kæmi til afgreiðslu hér. Ég sé ekkert að því að því verði vísað til n. og mönnum gefist þá tækifæri til að kynna sér rök og mótrök áður en frv. kemur til endanlegrar afgreiðslu.

Flm. bendir á í grg. að við seljum til breta fyrir 4.7 milljarða, miðað við síðasta ár geri ég ráð fyrir, en aftur kaupum við frá bretum fyrir 8 milljarða 7 millj. kr. árið sem leið. Ég reikna með því að þessi 8 milljarða kr. innkaup hafi verið gerð frá Bretlandi vegna þess að kaupin hafi þá verið hagstæðust þar. Venjulega er það nú þannig að sérstaklega einstaklingar gera sín innkaup þar sem þau eru hagstæðust vegna þess að þeir eru í beinni samkeppni við innkaupastofnanir sem reknar eru á vegum ríkisins og vegum bæjarins eða Reykjavíkurborgar, þannig að þar er um talsverða samkeppni að ræða. Ég reikna því ekki með að þessi innkaup verði hagstæðari annars staðar frá. Útflutningur okkar til Bretlands nam samkv. grg. flm. 4.7 milljörðum, og það er enginn smámarkaður fyrir Ísland, markaður upp á 4.7 milljarða. — Við yrðum þá að selja þær afurðir okkar einhvers staðar annars staðar. Við verðum þá að finna markaði með hraði, og ef slíkir markaðir liggja á lausu, þá held ég að við höfum þegar framleiðslu til þess að beina henni þangað. En ég held að það verði erfiðleikum bundið að finna nýja markaði í skyndi til að koma í staðinn fyrir þann markað sem við höfum á mörgum áratugum unnið upp í Bretlandi.

Það er sagt í grg., sem ég var að lesa í fyrsta sinn, því miður, um leið og ég kvaddi mér hljóðs, — ég hafði vonast til að einhver annar talaði í millitíðinni til þess að ég hefði heldur lengri tíma til að lesa grg., — en þar stendur: „Ef miðað er við innflutning okkar frá Bretlandi í fyrra mundi gjald það, sem ráðgert er í frv. þessu, nema hvorki meira né minna en 2 milljörðum kr.“ Ef aftur á móti við færum eftir þessu frv. og því sem seinna stendur í grg., að réttast væri að leggja algjört bann við verslunarviðskiptum við Stóra-Bretland, þá yrði ansi lítið úr þessu gjaldi sem við fengjum af innflutningi frá Bretlandi, því að þetta gjald er eingöngu miðað við innflutning frá Bretlandi. Mér finnst þetta því vera dálítið mótsagnakennt þarna.

Þetta er sem sagt flutt til þess að koma helst í veg fyrir nokkur viðskipti, nokkur innkaup frá Bretlandi, og þess vegna álít ég að þessi till. sé frekar flutt af heift í garð breta heldur en af skynsemi. Þess vegna er ég samþykkur því að henni verði vísað í n. og þegar hún hefur fengið sína meðferð þar komi hún hér til frekari umr.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég skal vera mjög stuttorður. Ég styð raunar það markmið, sem mér finnst felast í þessari till., að öllu leyti nema einu. Ég álít að við eigum að stöðva innflutning frá Bretlandi á meðan við stöndum í þeim deilum, sem við erum nú í, og mér er enginn akkur að því að gera innflutning frá Bretlandi að féþúfu fyrir okkar landhelgisgæslu. Ég vildi heldur spara þann gjaldeyri sem þangað fer. Ég nefnilega lít þessa landhelgisdeilu ákaflega alvarlegum augum, ef ég má nota það svo, meira að segja svo alvarlegum, að ég vil á sem flestum sviðum rifta sambandi okkar við breta.

Ég get skýrt frá því hér að ég hef í flugráði beitt mér fyrir því að ekki yrðu keypt flugskýli frá Bretlandi. Þeir voru lægstbjóðendur. Þetta var samþ. og ég hygg að það verði ekki gert. Ég álít þetta eðlilegt á meðan svo stendur á sem nú er og bretar hafa þá framkomu á miðunum og gagnvart sjálfum hornsteini okkar efnahagslífs. Ég held við verðum sem sagt að taka þetta mjög föstum tökum. Ég vil ljúka þessum orðum með því sem ég sagði í upphafi, að ég fylgi þessari meginstefnu, en ég er efins um, að við eigum að gera þennan innflutning að féþúfu, heldur loka alveg fyrir hann sem stendur.

Flm. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Síðasti ræðumaður, hv. þm. Steingrímur Hermannsson, mælti að vísu það sem mér og okkur flm. þessa frv. er einnig skapi næst, eins og segir í grg. með frv., en þar segir: „Hefði raunar verið sæmst að dómi flm. að leggja algjört bann við verslunarviðskiptum við Stóra-Bretland, ef ekki hefði leitt af slíkri ráðstöfun vandræði fyrir ýmsa sem lítið hafa til slíks unnið, og þá fyrst og fremst í sambandi við kaup á varahlutum í ýmsar vélar.“ Undir þetta viðhorf hv. þm. Steingríms Hermannssonar get ég fyllilega tekið. Mér er kunnugt um að þetta, að loka gjörsamlega fyrir innflutning frá Bretlandi, hefur komið til umr., gerði það í tíð vinstri stjórnarinnar a. m. k., en menn komust að þeirri niðurstöðu að það væri búið að flytja inn svo margar Massey Ferguson vélar og við værum með svo margs konar vélbúnað í fiskiskipunum okkar, að við mundum þurfa að fara krókaleiðir til þess að ná varahlutum í þessar vélar erlendis frá. Af þeim sökum voru talin tormerki á að fara þessa leið.

25% skatturinn á allan innflutning frá Bretlandi mundi að sjálfsögðu leiða til þess að viðskipti okkar mundu beinast að ákaflega miklu leyti annað. Hv. þm. Albert Guðmundsson sagði það alveg dagsatt. Ég sá það þegar hann kom hingað inn í þessa d. að hann hafði ekki tíma til að lesa grg. með frv. og ekki frv. sjálft til hlítar og það ber að virða honum til vorkunnar. Aftur á móti staðhæfi ég það, að hann hefði átt að lesa grg. á enda áður en hann hélt ræðu sína. Þá hefði hann hlíft mér við nauðsyn þess að leiðrétta hann í einu grundvallaratriði. Ég ætla að lesa fyrir hann niðurlag grg. aftur:

„Ef miðað er við innflutning okkar frá Bretlandi í fyrra mundi gjald það, sem ráðgert er í frv. þessu, nema hvorki meira né minna en 2 milljörðum kr.“ Svo heldur áfram í grg. og segir: „Hins vegar er ljóst að tollur af þessu tagi mundi beina viðskiptum okkar inn á aðra markaði að

verulegu leyti, en slíkt hlýtur að teljast æskilegt, eins og nú er að okkur búið af hálfu breta. — Hefði raunar að dómi flm. verið sæmst að leggja algert bann við verslunarviðskiptum við Stóra-Bretland“ o. s. frv.

Þarna kemur þetta fram. Ég fer alls ekki dult með þá skoðun mína, — raunar gerði ég grein fyrir henni í framsöguræðu áðan, — að það sé siðlaust athæfi hjá okkur eins og á stendur að versla við breta upp á þau kjör sem við höfum sætt af þeirra hálfu hin síðari árin og það er ekki aðeins nú síðasta ár. Við höfum verið undir fallöxi þeirra allar götur síðan 1948. Það hefði heldur borið vott um pólitíska þroska og sæmilega reisn af hálfu íslendinga að beina ekki svo mjög verslunarviðskiptum sínum til Bretlands eins og við höfum gert á þessum árum þrátt fyrir hugsanlegan hagnað af slíkri verslun.

Ég hef áður sagt frá því hversu tiltölulega lágar upphæðir það eru sem fara til kaupa á varahlutum í framleiðsluvélar okkar frá Stóra-Bretlandi skv. upplýsingum Hagstofunnar um þessi verslunarviðskipti í fyrra, að kaup á varahlutum í hreyfla í dráttarvélum, fiskibátum og bílum námu ekki nema 66 millj. kr. Og ef við ætlum nú að taka sérstakt tillit til vesalings fólksins sem á breskar bifreiðar og hlífa því, en láta það þó minnast þess með framlagi í Landhelgissjóð, við hvaða land þessir aðilar versla, þá nemur sú upphæð, sem við keyptum aðra varahluti í bifreiðar fyrir frá Stóra-Bretlandi, ekki nema 103 millj. Þetta er samtals ákaflega lítill hluti af heildarinnkaupum okkar frá Bretlandi sem voru, eins og fyrr segir, 8 milljarðar.

Ég andmæli því að við flm. þessa frv. flytjum það af heift út í breta. Persónulega vil ég lýsa yfir því úr þessum ræðustól að ég hata ekki breta. Ég geri mjög ljósan greinarmun á bretum — bresku þjóðinni — annars vegar og útgerðarauðvaldinu On the Humberside sem hefur fengið bresku stjórnina til þess að gera út herskip á miðin okkar fram að þessu, — mjög stóran mun á þessum tveimur aðilum. Og guði sé lof, liggur mér nær að segja, þá er það ekki aðeins á Íslandi sem er talsverður munur á þjóð og ríkisstj. Hann er mjög mikill í Bretlandi, í þessu máli ekki síður en ýmsum öðrum.

Ég andmæli því að þetta frv. sé flutt af heift í garð breta. Aftur á móti er þetta frv. flutt til þess að undirstrika þá nauðsyn að fólkið í þessu landi taki af fullkominni alvöru þátt í vörn hinnar nýju fiskveiðilögsögu okkar og geri sér grein fyrir því, að það verður nokkuð á sig að leggja til þess að okkur megi takast að sigra í þeim átökum sem við eigum í núna. Og ég ítreka niðurlagsorðin í grg., að ég tel að það fólk, þeir íslendingar sem vilja þrátt fyrir allt halda áfram að kaupa breskan varning, það eigi að gefa því mjög gott tækifæri til þess að minnast landhelgisgæslunnar sérstaklega með sérstöku framlagi í sjóð hennar.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Mér finnst ekkert óeðlilegt þó að svona frv. komi fram. Þegar við áttum í deilu við þjóðverja kom fram frv. um hækkun á innflutningsgjöldum á þýskar vörur, og þetta er ekki óeðlilegt. En hins vegar verðum við að sjálfsögðu að hugsa hlutina til enda, t. d. hvaða áhrif þessi vöruhækkun hefur á okkur hér innanlands. Hvað þýðir þetta fyrir okkar vísitölu og hvað þýðir þetta á ýmsum öðrum sviðum? Og þá hugsa ég þetta ekki frá sjónarmiði innflytjenda, eins og flm. gat um, heldur frá sjónarmiði neytenda og þetta eru hlutir, sem e. t. v. mætti gera ráð fyrir. Slík gífurleg hækkun á vörum mætti ekki hafa allt of víðtæk áhrif í okkar þjóðfélagi önnur en að gefa okkur peninga í Landhelgissjóð og lýsa óánægju okkar með framferði breta.

En ástæðan til að ég kom hér upp er sú, að mig langar til að vekja athygli n., sem fær þetta mál til meðferðar, á þeirri staðreynd að þær vörur, sem keyptar eru frá þeim ríkjum sem kaupa mest af okkar fiskafurðum og fyrir hagstæðast verð, þær eru ekki samkeppnisfærar við enskar vörur, m. a. vegna þess af þeim eru borgaðir hærri tollar. Lága verðið á flugskýlinu frá Bretlandi byggist mjög líklega á því, að þeir kæmu til með að borga af því lægri tolla en t. d. ef flytja ætti flugskýlið inn frá Bandaríkjunum. Þetta er náttúrlega algjör óhæfa, en vafalaust er þetta í sambandi við samninga okkar við Evrópuríki.

Ég held að nú sé svo langt gengið í þessum efnum að við verðum að taka til fullrar athugunar hvort það er sanngjarnt að þær þjóðir, sem kaupa mest af okkar afurðum og fyrir hagstæðast verð, njóti ekki bestu kjara í innflutningsviðskiptum við okkur.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég hafði vonast til þess að hv. 2. þm. Vestf. kæmi ekki með það hér inn í umr. að af tveimur tilboðum, sem lögð voru fram í flugmálastjórn, var annað frá Bretlandi og það kom till. frá honum að því boði yrði ekki tekið, þrátt fyrir það að breska boðið hafi verið lægra. Ég gerði aths. við þá málsmeðferð, en fór ekki lengra í aths. mínum á þeim vettvangi vegna þess að það liggur á að koma flugskýli upp, hvaðan sem það kemur, því fyrr því betra. En sú málsmeðferð að fyrir skyldu liggja aðeins tvö tilboð, er svo annað mál. Hvers vegna lágu ekki fyrir fleiri tilboð. Hver veit hvort breska tilboðið hefði verið það lægsta ef leitað hefði verið á fleiri markaði? Ég held að það sé ekki rétt að taka það mál hér til umr. En ég er honum sammála, að mér finnst óþægilegt að þurfa að sitja undir þeirri samþykkt að vegna landhelgisdeilunnar verði settur sérstakur tollur á breskar vörur. Það er, eins og hv. 2. þm. Vestf. sagði, farið að gera landhelgisdeiluna að féþúfu. Ég tek undir það með honum.

Ég er búinn að lesa grg. með frv. núna, en ég sé ekki að það breyti miklu. Það er alveg rétt að það getur komið sér mjög illa á mörgum sviðum og þá sérstaklega í varahlutainnkaupum ef stöðva þarf mestallan þann flota eða vélvæðingu sem átt hefur sér stað úti um landsbyggðina, hjá bændum og víðar. Ég veit að hjá Reykjavíkurborg er afskaplega mikið af vélum sem keyptar eru frá Bretlandi. Ef við þurfum að fara að kaupa varahluti inn annars staðar frá en Bretlandi, þá verður að kaupa í gegnum milliliði í þriðja landi sem hafa lagt sitt gjald á

fyrir þá þjónustu, svo að þetta stefnir að því að gera vöruna enn þá dýrari en flm. upphaflega ætluðust til, nema þeir ætlist til þess að kaupa bara hreinlega ný tæki og vörur almennt annars staðar frá og hætta að skipta við breta.

En við skulum vera sammála um að það beri að líta á þetta mál og eins landhelgismálið af þroska og reyna að sýna þá reisn sem flm. talaði um. En ég er þeirrar skoðunar að þar sem deila er í gangi, þar er líka lausn að finna. Ég er líka sammála um að við verðum að sýna festu í þeirri baráttu sem við eigum í við breta. Og ég er líka sammála um að ef við gerum það og notum þau meðul sem við höfum yfir að ráða, þá berjumst við til sigurs. Bendir allt á það að við séum langt komnir í þeirri píslargöngu okkar sem landhelgisdeilan er. Ég held að sigur blasi þar við án þess að fara að grípa til slíkra ráðstafana sem þessi till. gerir ráð fyrir.

En það er eitt sem gleymist flm. alveg og það er að við getum ekki gert þær ráðstafanir sem við teljum heppilegastar. Ég tel að sú hugsun, sem þarna liggur á bak við, sé vanhugsuð, till. sé vanhugsuð, vegna þess að að sjálfsögðu gera bretar þá einhverjar gagnráðstafanir. Við getum ekki valið um, eins og segir hér í grg., að setja bann á allt annað en varahluti. Af hverju skyldu bretar þá ekki setja bann á útflutning til Íslands? (Gripið fram í.) Ég skal lesa hana fyrir þig. Hefði raunar verið sæmst að dómi flm. að leggja algjört bann við verslunarviðskiptum við Stóra-Bretland, ef ekki hefði leit af slíkri ráðstöfun vandræði fyrir ýmsa sem lítið hafa til slíks unnið, og þá fyrst og fremst í sambandi við kaup á varahlutum í ýmsar vélar.“ Ég tek hér upp nákvæmlega það sem stendur í grg. hv. flm. Og þá er ég ansi hræddur um að ef við settum viðskiptabann á einhverjar sérstakar vörutegundir, en ekki það sem okkur kemur verst að geta ekki keypt, mundu bretar hreinlega koma með gagnráðstöfun og segja: Ef þið viljið viðskiptabann, þá skulum við hafa viðskiptabann á öllu. — Þá er það komið út í það sem flm. segir. Það er rétt að hann segði þá: Það á að setja algjört verslunarbann á Bretland. — En ég er á móti því og tel það vanhugsað.

Flm. (Stefán Jónsson): Ég tek hér til máls í þriðja sinn og með því á víst að fylgja að hér verði aðeins um örstutta athugasemd að ræða.

Ég ítreka það enn sem ég sagði áður, að mér dylst það ekki að 25% tollur á breskar vörur mundi að sjálfsögðu beina innkaupum okkar til annarra landa, enda, eins og segir í grg., teljum við flm. slíkt æskilegt eins og nú er í pottinn búið.

Hv. þm. Albert Guðmundsson spurði í fyrri ræðu sinni með hvaða hætti við ætluðumst til þess að við gætum selt vörur okkar í Bretlandi fyrir röska 4 milljarða ef við settum innflutningsbann á breskar vörur hingað til okkar. Sannleikurinn er náttúrlega sá, að þegar hefur verið loku fyrir það skotið að við getum selt ísfiskinn okkar í Bretlandi, okkar aðalverslunarvöru þar, auk þess sem við segjum, eins og stendur í fyrrnefndri grg. sem ég tortryggi hv. þm. um að hafa lesið enn þá, a. m. k. ekki með neinum skilningi, — auk þess sem á það er bent að komið hefur verið í veg fyrir það að við njótum eðlilegra viðskiptakjara í Bretlandi, enda þótt við höfum haldið okkar ákvæði í samningi okkar við Efnahagsbandalagið um lækkun á tollum á vörum þaðan.

Ég varð þess ekki var að hv. þm. Steingrímur Hermannsson bæri okkur flm. á brýn að við vildum gera landhelgismálið að féþúfu, þótt hv. þm. Albert Guðmundsson virtist leggja þann skilning í orð hans. Við viljum alls ekki gera landhelgismálið að féþúfu. Við viljum að við sýnum það í viðskiptum okkar, m. a. í vöruinnkaupum okkar, að okkur sé þetta mál nokkur alvara, og við gerum okkur grein fyrir því hvað hér er í húfi og að hugsanlegir hagsmunir einstakra innflytjenda fái ekki lengur að lama okkur í þessu máli. Féþúfa, sagði Albert Guðmundsson, hv. þm., með fyrirlitningu. Þetta orkaði á mig eins og hann væri að afneita sjálfu föðurlandi sínu.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég vil aðeins leiðrétta það hjá hv. 12. þm. Reykv. að ég hafi gert kaup á skýli á Reykjavíkurflugvelli að umræðuefni hér. Það gerði ég að sjálfsögðu ekki. Það er annað mál. Ég nefndi aðeins eitt atriði við þau kaup, það eina atriði að þar var — og ég fagna því mjög — samþ. till. frá mér að hafna tilboðinu frá Bretlandi, sem þó var lægst, vegna þessa ástands sem nú ríkir við breta. Tilboðin voru fleiri en tvö. Það voru nokkur tilboð önnur sem voru stórum hærri, en það voru tvö sem komu til álita. Ég ætla ekki að ræða það frekar. Þessu var hafnað vegna þessa ástands sem núna ríkir, og ég held að það sama eigi að gilda um annan innflutning frá Bretlandi nú.

Rétt er að e. t. v. er erfitt að loka fyrir allan innflutning. Þó er það staðreynd að við þurfum að þola ýmis óþægindi af þessari deilu, og ég held að við eigum bara að bera þau, satt að segja. Ég lít svo á málið. Ef við ætlum að hafa engin óþægindi af deilunni, aðeins útiloka það sem er óþægindalaust, þá er ekki mikil alvara í þessu máli hjá okkur. Ef það er alvara í þessari deilu, þá hljótum við að taka á okkur ýmis óþægindi, kannske mikil óþægindi. Því er ég enn helst á þeirri skoðun að rétt sé að stöðva innflutning. E. t. v. mætti fara þá millileið að setja þann innflutning undir leyfi og meta hverju sinni, þó að það sé mér ekki að skapi, satt að segja. Það mætti kannske hugsa þá leið. En ég er sem sagt alveg samþykkur því meginsjónarmiði að það beri að skerða sem allra mest viðskipti okkar við breta á meðan svo stendur sem nú er.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Hv. 1. flm. þessarar till. hefur gert skýra og glögga grein fyrir þessu máli og er þar ekki miklu við að bæta. Þó get ég ekki orða bundist þegar hv. þm. Albert Guðmundsson, 12. þm. Reykv., kemur hér í ræðustól og heldur því fram að þetta sé vanhugsuð till., það sé vanhugsað að hækka tolla á vörum frá þeirri þjóð sem beitir okkur hernaðarofbeldi hér á miðunum í kringum landið.

Ég vil leyfa mér að minna á í þessu sambandi, vegna þess að ég held að það hafi ekki komið fram í þessum umr., að við íslendingar höfum gert viðskiptasamninga við lönd Efnahagsbandalagsins, þ. á m. Bretland, þar sem gert er ráð fyrir því að báðir aðilar lækki tolla á vörum sem fluttar eru inn frá þessum aðilum. Við íslendingar stóðum við okkar hluta þessa samnings með því að lækka tolla á vörum frá löndum Efnahagsbandalagsins í ársbyrjun 1974. En svo brá við að Efnahagsbandalagið sveik sinn hluta samningsins og neitaði að lækka tolla á vörum frá Íslandi, og við það hefur setið allt fram á þennan dag, að Efnahagsbandalagið hefur algjörlega neitað að standa við sinn þátt í þessum gagnkvæmu skuldbindingum. Það vakti því ekki litla undrun um s. l. áramót þegar íslenska ríkisstj. ákvað að stiga enn eitt skref í sömu átt með því að lækka tolla á vörum frá Efnahagsbandalagslöndunum, þ. á m. frá Bretlandi, á sama tíma og þessi ríki beita okkur beinum viðskiptaþvingunum.

Ég þarf ekki að orðlengja þetta mál frekar, en mig langar bara ósköp einfaldlega til að spyrja hv. þm. Albert Guðmundsson, og ég vona að hann treysti sér til að svara því: Var það vel hugsuð eða vanhugsuð ákvörðun af íslensku ríkisstj. að lækka tolla á vörum frá Efnahagsbandalagslöndunum og Bretlandi um s. l. áramót sem nam 800 millj. kr.? Þessi ráðstöfun er ekki aðeins óskiljanleg frá því sjónarmiði í hvaða aðstöðu við erum gagnvart þessum ríkjum í landhelgisdeilunni, heldur líka frá mörgum öðrum sjónarmiðum, m. a. því sjónarmiði að samkeppnisaðstaða íslensks iðnaðar á eftir að versna mjög verulega af þessum sökum á næstu *mánuðum og missirum og var þó ekki á bætandi* við þá erfiðu aðstöðu sem íslenskir atvinnuvegir hafa verið í. Þar að auki þýðir þetta að sjálfsögðu tekjutap fyrir ríkissjóð sem nemur 800 millj. kr. En hv. þm. hefur einmitt verið einn af þeim sem hafa haft hvað mestar áhyggjur af fjármálum ríkisins hér á hv. Alþ. og talað mikið um að þar þyrfti að halda betur á spilunum.

Ég vil sem sagt leyfa mér að spyrja hv. þm., úr því að hann var svona snöggur til að dæma þessa till. sem vanhugsaða, hvort hann er þá jafnreiðubúinn að lýsa því yfir að hin ákvörðunin, að lækka tolla á þessum vörum, eins og gert var fyrir aðeins tveim mánuðum, hafi verið að sama skapi vel hugsuð ráðstöfun.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessar umr. að neinu marki. Ég tel eðlilegt að þessi till., svo sem aðrar till. hér, fari til n. og fái þinglega meðferð og menn geti þá gert það upp við sig, þegar þar að kemur, hvernig þeir bregðast við henni. Þess vegna ætla ég ekki að gera till. að sérstöku umtalsefni. En mig langar bara til þess að rifja það upp í sambandi við ræðu síðasta hv. ræðumanns að þeir samningar við Efnahagsbandalag Evrópu, sem hann vitnar til, voru gerðir í tíð fyrrv. ríkisstj. og í þeim samningum var margumrædd bókun 6 á allra vitorði, ríkisstj. sem annarra. Það var sem sagt skilyrði frá Efnahagsbandalaginu til þess að tollalækkun á sjávarafurðum kæmi til greina að samkomulag, viðhlítandi samkomulag, held ég að hafi verið orðað, í fiskveiðideilu þeirri, sem þá stóð yfir, hefði náðst.

Það má vel vera að menn séu þeirrar skoðunar að þessum samningum beri að segja upp. En meðan það er ekki gert af Alþ. eða ríkisstj., þá tel ég að ríkisstj., hver sem hún er, verði að standa við þá milliríkjasamninga, sem gerðir hafa verið, þótt í tíð annarrar ríkisstj. hafi verið. Þess vegna var ég samþykkur því fyrir mitt leyti að halda áfram með þessa tollalækkun, að ég taldi það skuldbindingu, og ég verð að leyfa mér að vona að þessi landhelgisdeila taki enda og að við förum þá að njóta lækkaðra tolla í Efnahagsbandalagslöndunum og það geti orðið framkvæmt þannig, sem ég vona a. m. k., tollalækkunin geti orðið á þann veg að hún verði jafnmikil og hún hefði verið ef tollalækkunin hefði allan tímann verið í gildi, en það er náttúrlega mjög mikið atriði fyrir okkur og við verðum að leggja höfuðáherslu á það í áframhaldandi samningum ef einhverjir verða. Ég er ekki svo svartsýnn að halda að landhelgisdeilan standi að *eilífu og alls ekki mjög lengi heldur*. Ég hef fyllstu trú á því að við séum að hafa þetta landhelgismál í höfn, ef ekki fyrr, þá a. m. k. á Hafréttarráðstefnu, og þá kemur til kasta Efnahagsbandalagsins að standa við þá samninga sem voru undirritaðir af mér fyrir hönd ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar og gerðir höfðu verið af viðskrn. þáv. stjórnar undir forustu hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar.

Ég sem sagt treysti því að þegar sá tími rennur upp, sem vonandi verður bráðlega, þá takist ríkisstj. Íslands, hver sem hún verður, að fá samningana við Efnahagsbandalagið þannig *framkvæmda að tollalækkanirnar* verði þá jafnmiklar og þær hefðu verið miðað við að samningarnir hefðu verið í gildi allan tímann. — Ég vildi aðeins upplýsa þetta, herra forseti.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég veit ekki hvað það er langur tími sem fer í örstutta athugasemd, en til mín hefur verið beint spurningum og einnig talsverðum ásökunum sem ég hafði haldið að forseta bæri að víta. Ég vil þó ekki svara þeim ásökunum á annan hátt. (**Forseti:** Ég vil taka fram að það er í þingsköpum að þegar hv. þm. hefur talað tvisvar, þá hefur hann ekki leyfi til þess að tala oftar nema forseti veiti honum leyfi til að gera örstutta athugasemd.) Já, forseti lætur mig þá vita hvenær hann vill að ég fari úr ræðustólnum. En þegar þm. er borinn þeim ásökunum að hann sé í ræðuhöldum í þessari hv. d. að afneita sínu föðurlandi, þá *tel ég* það ásökun sem *ég lít á* sem vítaverða.

Ég ítreka það að ég álít að þessi till. sé vanhugsuð, vegna þess að hún kemur, eins og hún segir sjálf, fram vegna landhelgismálsins eingöngu og á að falla niður þegar bretar hafa viðurkennt 200 sjómílna efnahagslögsögu íslendinga í orði og á borði.

Ég lít enn þá og mun halda áfram að líta á þessa till. sem flutta eingöngu til þess að skapa stigvaxandi deilu við breta. Það kemur mér ekki á óvart úr þessari átt.

Spurningu þeirri, sem hv. 5. þm. Norðurl. v. beindi til mín, hefur nú verið svarað að mestu leyti á þann hátt sem ég hefði sjálfur gert, þó að vísu í fyllra máli af hæstv. ráðh., en ég vil þó bæta því við sem skoðun minni, að ég hefði ekki greitt því atkv. að lækka hér aðflutningsgjöld á sama tíma sem Efnahagsbandalagið gerir það ekki. Ég hefði viljað láta það haldast í hendur. Það er mín persónulega afstaða, en ekki sú afstaða sem ríkisstj. tók, þrátt fyrir það að ég hafi ekki greitt atkv. gegn því á sínum tíma vegna þess að ríkisstj. taldi sig bundna, eins og hæstv. ráðh. skýrði frá, af samþykkt fyrrv. ríkisstj., því miður.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Það er að sjálfsögðu alveg laukrétt ábending hjá hæstv. utanrrh. að samningurinn við Efnahagsbandalagið var gerður í tíð fyrri ríkisstj. og þar áttu ráðh. Alþb. hlut að eins og aðrir ráðh. sem lutu samþykktum þáv. stjórnarflokka. Hitt er allt annað mál, og ég efast ekki um að hæstv. utanrrh. minnist þess, að á sínum tíma var mönnum ekki fyllilega ljóst hvort Efnahagsbandalagið mundi gera alvöru úr því að beita fyrir sig svokallaðri bókun 6 og láta ekki samningana koma til framkvæmda af sinni hálfu. Það var, minnist ég, töluvert umdeilt atriði hvort til þess kæmi. En síðan hefur reynslan sýnt að Efnahagsbandalagið skirrist ekki við að beita þessari bókun og það ekki aðeins í nokkrar vikur eða mánuði, eins og kannske einhverjir höfðu ímyndað sér að raunin yrði í mesta lagi, heldur í mjög langan tíma, fyrst tæp tvö ár vegna deilu Íslendinga við vestur-þjóðverja og síðan nú í framhaldi af því vegna deilu okkar við breta. Ég held því að það sé jafnljóst og verða má, hvort heldur er frá lögfræðilegu sjónarmiði eða bara frá sjónarmiði almennrar heilbrigðrar skynsemi, að það þurfti og það þarf ekki neina uppsögn þessara samninga, það þarf ekki að rifta þessum samningum með formlegum hætti af hálfu Alþ. eða ríkisstj. til þess að komast hjá því að lækka tolla af vörum frá þessum löndum. Hér er einfaldlega um að ræða brostnar forsendur, breyttar aðstæður frá því sem var þegar samningurinn var gerður. Ég er sannfærður um að ekki mundi nokkur erlendur aðili telja Íslendingum það til hnjóðs þó að þeir frestuðu því að lækka enn frekar tolla á vörum frá löndum Efnahagsbandalagsríkjanna, úr því að reyndin hefur orðið sú að þau lækkuðu alls ekki tolla á vörum frá okkur. Ég held sem sagt að ríkisstj. hefði ekki þurft að styðja sig við neina formlega breytingu á samningum til þess að taka þá sjálfsögðu ákvörðun að fresta þessari tollalækkun, heldur hefði þar einfaldlega verið um að ræða brostnar forsendur.

Ég ætla svo ekki að orðlengja um þetta atriði. Það er kannske rétt að minna á það hér, að Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands, báðir þessir aðilar, gerðu kröfu til þess á hendur ríkisstj. að þessari tollalækkun yrði frestað, en hún ákvað samt að láta hana koma til framkvæmda, og þetta tel ég persónulega hneyksli, ég er ekkert að skafa utan af því.

Það gleður mig einnig að enda þótt hv. þm. Albert Guðmundsson væri nú heldur mjúkmálli, þegar hann ræddi um gerðir ríkisstj., heldur en þegar hann svo aftur ræddi um tillöguflutning okkar stjórnarandstæðinga, þá virðist hann samt ekki sjá sér annað fært en að fallast á það sjónarmið mitt að þessi tollalækkun um s. l. áramót hefði ekki átt rétt á sér. Ég held að allir hljóti að hafa skilið orð hans á þennan veg. Og úr því að hann er okkur sammála um að tollalækkunin um s. l. áramót ætti ekki rétt á sér, þá held ég að hann hljóti við nánari umhugsun, — því að nú liggur það fyrir í málinu að hann hefur alls ekki hugsað málið og kom hér upp áður en hann hafði almennilega kynnt sér málið, — ég held sem sagt að það hljóti að koma í ljós eftir að hann hefur kynnt sér málið og eftir að hann er nú búinn að fallast á að tollalækkunin um áramótin hafi verið mistök, að það sé rétt að fallast á þessa till. um að hækka þessa tolla aftur.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég sat að segja nenni ekki að lengja þetta mál að neinu marki, en ég ætla að láta duga hér eins og eina setningu í framhaldi af því sem hv. 5. þm. Norðurl. v. sagði áðan.

Hann sagði að ríkisstj. hefði ekki þurft neina breytingu á samningi eða neina niðurfellingu hans, hvorki frá Alþ. né ríkisstj., til þess að lækka ekki tollana um s. l. áramót. Þetta er vissulega alveg rétt hjá honum: ef menn vilja svíkja samninga, þá þurfa þeir engar samþykktir til þess, þá bara gera þeir það.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Þar eð þessar umr. hafa nú komist inn á svolítið víðara svið og m. a. farið að ræða um bókun 6 og þannig vildi til að ég hafði þessa bókun við hendina, þá langar mig til að lofa ykkur að heyra hana. Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að það séu mjög vafasamar forsendur fyrir neitun um að láta hana koma til framkvæmda. Þau atriði bókunar 6, sem hér er um að ræða, hljóða svona, það er í fyrsta lagi fyrsta atriði 2. gr.: „Efnahagsbandalagið áskilur sér rétt til að láta ákvæði þessarar bókunar ekki koma til framkvæmda ef ekki næst viðunandi lausn fyrir aðildarríki Efnahagsbandalagsins og Íslands í efnahagserfiðleikum sem leiðir af ráðstöfunum Íslands varðandi fiskveiðirétt.“ Þetta er meginklásúlan í þessari 2. gr. Og síðan kemur nr. 2.: „Nú fæst ekki viðunandi lausn fyrr en eftir þetta tímamark og þá getur Efnahagsbandalagið frestað ákvörðun um framkvæmdaákvæði þessarar bókunar, enda tilkynni það Íslandi þá ákvörðun.“ — Að okkar ráðstafanir varðandi fiskveiðiréttindi valdi Efnahagsbandalagsríkjunum efnahagserfiðleikum, því held ég að sé mjög erfitt að færa rök fyrir. En mig langaði bara til að lofa hv. d. að heyra hvernig þetta hljóðar, vegna þess að þetta er grundvöllurinn að okkar erfiðleikum með tollana við Efnahagsbandalagið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv

Neðri deild, 73. fundur.

Fimmtudaginn 4. mars, kl. 2 miðdegis.

Vátryggingariðgjöld fiskiskipa, frv. (þskj. 339). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. er um greiðslu vátryggingariðgjalda fiskiskipa og er þess efnis að viðskiptabanka útgerðarmanna skal gert skylt að halda eftir fjárhæð sem nemi 5% af heildarsöluverðmæti afla sem landað er hérlendis, um 4% af heildarsöluverðmæti afla, sem landað er erlendis og skal þeirri fjárhæð varið til greiðslu iðgjalda af vátryggingu fiskiskipa.

Eftir að sú kerfisbreyting var gerð nú fyrir skömmu að stórlækka tekjur Tryggingarsjóðs þannig að iðgjöld verða nú ekki greidd úr honum nema að litlu leyti þykir nauðsynlegt að tryggja að af aflaandvirði verði greitt jafnóðum og afli er greiddur inn á reikning hvers báts hjá viðkomandi tryggnigarfélagi. Það er ætlunin samkv. þessu frv. að viðskiptabankarnir skili andvirði þessa á sérreikning Landssambands ísl. útvegsmanna hjá viðkomandi banka þegar greiðsla til bankans hefur farið fram og síðan mun Landssamband ísl. útvegsmanna skila þessu andvirði mánaðarlega til viðkomandi vátryggingarfélaga inn á reikning viðkomandi báts.

Þetta er talið nauðsynlegt að gera til þess að koma í veg fyrir að það myndist stórskuldir við þessa kerfisbreytingu. Að þessu standa samtök útvegsmanna og vilji sjómannasamtakanna sömuleiðis, að koma þessum hætti á.

Um þetta mál var enginn ágreiningur í Ed. N. var þar sammála. Hér er um sjálfsagt fyrirkomulagsatriði að ræða sem ég held að eigi ekki að valda neinum ágreiningi.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til sjútvn., og vænti þess, að hv. sjútvn. afgr. þetta mál sem fyrst til þess að þegar fyrsta greiðsla fer fram verði þetta orðið að lögum, þannig að viðskiptabönkunum sé gert skylt að halda þessu eftir af fiskandvirðinu.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Með þessu frv. er lagt til að viðskiptabankar skuli innheimta sérstakt gjald af brúttósöluverðmæti afla, sem landað er hér innanlands og erlendis af íslenskum fiskiskipum í því skyni að þetta gjald renni síðar til greiðslu á vátryggingariðgjöldum skipanna.

Ég vil lýsa því strax yfir við 1. umr. að ég er sammála þeirri meginstefnu sem felst í þessu frv. Ég tel að eftir atvikum sé varla hægt að komast hjá því að gera sérstakar ráðstafanir til þess að tryggja það að eigendur fiskiskipa standi sómasamlega í skilum með iðgjaldagreiðslur vegna vátryggingar á skipunum. Með þeirri breytingu að Tryggingasjóður fiskiskipa er minnkaður eins og þegar hafa verið gerðar ráðstafanir til, minnkaður um u. þ. b. helming, þá er sýnilegt að hér verður um það háar fjárhæðir að ræða, sem útvegsmenn eiga að greiða í vátryggingariðgjöld af skipum sínum, sem þeim er ætlað að greiða beint, fyrir utan það sem Tryggingasjóðurinn heldur áfram að greiða, að það er ekki óeðlilegt að gerðar séu ráðstafanir til þess að fá fram meiri tryggingu á því að staðið sé í skilum með þessi vátryggingariðgjöld.

Sem sagt, ég er samþykkur meginatriði frv. En ég hef ekki áttað mig til hlítar á ýmsum ákvæðum í frv. um fyrirkomulag það, sem ætlað er að taka upp, og sýnist við fyrstu athugun að það geti orkað mjög tvímælis að hafa þennan hátt á. Í fyrsta lagi er það, að hér er gert ráð fyrir að innheimta 5% af andvirði alls þess afla, sem landað er innanlands, og 4% af brúttósöluverði aflans, sem landað er erlendis, þetta skuli tekið af öllum fiskiskipum jafnt og síðan ráðstafað á sérstakan reikning á vegum Landssambands ísl. útvegsmanna sem síðan á að sjá um að koma þessu gjaldi til skila inn á reikning hvers og eins útgerðaraðila til greiðslu á vátryggingariðgjöldum hans. Þarna kemur það fyrst upp, að nú er vitað að ýmsir aðilar fást við útgerð og leggja inn afla, nokkurn afla jafnvel, þó að fiskibátar þeirra séu ekki vátryggðir. Dæmi eru um það. Í öðru lagi er það og sérstaklega á það við smábáta, að tryggingar þeirra eru það litlar og þannig að það sýnist ekki vera þörf á því að taka af þeim 5% af öllu aflaverðmæti þeirra og binda það á þennan hátt. Þá er einnig þess að gæta, að talsverður hluti útgerðarinnar í landinu, og það á einkum við smábátana, er ekki í Landssambandi ísl. útvegsmanna. Ég sé því ekki bein rök fyrir því að vera að taka þetta gjald af þeim og vísa því inn á sérstakan reikning hjá Landssambandi ísl. útvegsmanna. Mér finnst að það hefði í raun inni verið nærtækast að bankarnir, sem ætlað er að innheimta þetta gjald, hefðu skilað því til Tryggingasjóðs fiskiskipa sem á að starfa eins og hann hefur starfað að undanförnu þó að hann hafi minni fjárráð, — á að starfa áfram og hafa með greiðslu að gera á ákveðnum hluta vátryggingargjaldanna. Ég held að það hefði verið miklu vafningaminna að þetta fé hefði runnið beint til þessa aðila sem hefði að sjálfsögðu orðið að halda sérgreindum reikningum hvers og eins aðila. Þannig hefðu þau iðgjöld, sem raunverulega koma frá útgerðaraðilum ýmist í gegnum útflutningsgjöldin, sem nú renna áfram til Tryggingasjóðs, eða þá samkv. þeirri gjaldtöku sem þetta frv. gerir ráð fyrir, þetta hefði allt verið á einum og sama stað og þá hefði verið auðveldara að sjá hvort viðkomandi aðili var búinn að greiða allt sem honum bar að greiða og átti þá orðið rétt á endurgreiðslu þess sem umfram var, heldur en að knýja hann til þess að ganga á milli margra aðila sem vísa hver frá sér. Mér sýnist við fyrstu athugun að þetta fyrirkomulag orki mjög tvímælis, og ég sé ekki neina þörf á því að vera að blanda Landssambandi ísl. útvegsmanna inn í þetta mál, þar sem það liggur fyrir, eins og ég hef nefnt, að allmargir útgerðaraðilar í landinu stórir og smáir og þó fyrst og fremst þeir smáu, standa fyrir utan þau samtök og eðli þeirra samtaka er allt annað en að fást við greiðslur af þessu tagi. En þetta kemur að sjálfsögðu allt til athugunar í þeirri n. sem fær málið til athugunar.

Ég hefði einnig óskað eftir því að fram kæmi, þegar jafnviðamikið mál er að ræða og þetta, miklu gleggri grg. sem yrði þá væntanlega birt með nál. sjútvn. um málið, um hvernig þessu hefur verið fyrir komið, hvað tryggingaiðgjöld skipaflotans hafa reynst mikil t. d. á síðasta tryggingaári, hvað Tryggingasjóður fiskiskipa hefur greitt mikið og hvað einstaklingarnir sjálfir og hvaða áætlanir liggi fyrir um það hvernig þetta verði á næsta ári, hvort þörf er á því að innheimta svo hátt gjald sem hér er lagt til eða ekki.

Ég vil líka leggja á það áherslu, að ég álít að þegar innheimtukerfi af þessu tagi er tekið upp, þá þurfi það að vera með þeim hætti að það sé ekki verið að innheimta af aðilum gjald sem þeim ber í raun og veru ekki að greiða og þannig sé hægt að halda fyrir mönnum tekjum þeirra og eignum um lengri eða skemmri tíma, þar til beðið er eftir einhverju uppgjöri sem kann að koma miklu síðar. Mér kemur til hugar að það hefði átt að duga í þessu tilfelli að þeir, sem eiga raunverulega að innheimta vátryggingariðgjöld fiskiskipanna, þ. e. a. s. vátryggingarfélögin, hefðu fengið lagalegan rétt til þess að gera kröfur, t. d. í gegnum bankana, eins og hér er lagt til, eða til þeirra sem greiða útvegsmönnum andvirði fisksins, — gera kröfur um að haldið sé eftir af andvirði aflans til tryggingariðgjaldsgreiðslu, en að sjálfsögðu hefðu þau aldrei rétt til að fastsetja meira gjald en viðkomandi er krafinn um.

Þetta voru aðeins nokkrar lauslegar athugasemdir við málið við 1. umr. Ég endurtek að ég er samþykkur meginstefnu frv., sem miðar að því að reyna að tryggja betur en nú er að vátryggingariðgjöld af fiskiskipaflotanum séu innt af hendi, þau séu greidd, svo að tryggingarnar geti fullkomlega verið í lagi. Ég er samþykkur þessu og þá því að grípa til ákvæða svipaðra þeim sem er að finna í frv. En spurningin er hins vegar um formið á þessu og framkvæmdina, að hún sé eðlileg og réttlát og það sé ekki á neinn hátt verið að innheimta af mönnum fé, sem þeir eiga ekki að greiða þegar endanlega er staðið upp, eða verið að gera á neinn hátt ráðstafanir til þess að halda fé um lengri eða skemmri tíma að þarflitlu. Við vitum að iðgjaldagreiðslur af hinum einstöku skipum eru mjög breytilegar, sumir þurfa að borga há iðgjöld, og þyrfti því að vera hægt að innheimta af þeim allmikið, en aðrir greiða lág iðgjöld og gildir þá allt annað um það hvað þeir eiga að greiða. Svo ber auðvitað að taka tillit til smábátanna í landinu sem þarna hafa talsverða sérstöðu.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég held að það séu ekki nokkrar líkur á því að þetta 5% gjald nægi fyrir meðalbátinn og þá, sem eru fyrir neðan meðallag í afla, til greiðslu vátryggingariðgjalda. Þá á ég við dekkbáta og allt til togara.

Ég held að það sé ekkert áhorfsmál að með breytingu á sjóðakerfinu er lagt til að lækka tekjur Tryggingasjóðsins um helming, en þýðir í raun og veru mun meira í reynd vegna hækkandi vátryggingarverðs á fiskiskipaflotanum, svo að ég gæti trúað því að það, sem greitt verður í gegnum Tryggingasjóðinn, fari aldrei yfir 40% af heildargreiðslu iðgjaldanna, það sé algjört hámark.

Í sambandi við að það sé tekið of mikið af mönnum með þessum hætti, þá er ákaflega erfitt að ákvarða það fyrir fram. Þetta er nákvæmlega sama reglan og hefur verið í gildi í sambandi við Stofnfjársjóðinn. Þar er ekki gerður neinn greinarmunur á. Farið hafa 10% af aflaandvirði eða 15% nú upp á síðkastið í gegnum Stofnfjársjóðinn, alveg jafnt hvort viðkomandi skip hafa skuldað Fiskveiðasjóði eða öðrum stofnlánasjóðum. Menn hafa svo fengið þetta endurgreitt eftir ákveðnum, vissum reglum.

Ég hygg að það séu allir bátar tryggðir, meira að segja eru tryggðir opnir bátar. Ef menn eiga báta, þó að þeir séu opnir, þá finnst mér það lítil hyggindi hjá hverjum manni að tryggja ekki sínar eigur, og það á ekki að vera til fyrirstöðu að það eigi að sleppa þeim sem hafa eigur sínar ótryggðar. Það voru líka til menn sem tryggðu ekki sjálfa sig og hefur verið reynt að ná til þeirra á þennan hátt og voru allir sammála um.

Ég sé ekkert á móti því að Landssamband ísl. útvegsmanna taki við þessum greiðslum. Ég kæri mig ekki um að Tryggingasjóður fiskiskipa taki þessi umsvif öll á sig. Það kostar töluvert fé og töluverða fyrirhöfn. Ef Landssamband ísl. útvegsmanna lýsir yfir að það skuli taka þetta að sér, og þá verður að standa mánaðarlega í skilum við tryggingarfélag viðkomandi báts. Það er alveg rétt, það eru ekki líkt því allir minni bátar félagsbundnir í þeim samtökum, en eigi að síður, samkv. þessu frv. er skylda LÍÚ að koma þeim iðgjöldum áleiðis og vinna það fyrir ekki neitt. Það á að fá vexti af innistæðum á bankareikningi fyrir sína fyrirhöfn, og ég hygg að það sé nokkuð vel sloppið.

Enn fremur vil ég minna á að í 5. gr. frv. segir að sjútvrn. geti sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara. Þá er auðvitað hægt, ef það kemur í ljós að einhverjir agnúar eru í framkvæmd, að setja fyllri og ákveðnari reglur. Best hefði verið ef hægt hefði verið, eins og frv. gerir ráð fyrir, að skylda viðskiptabankana til þess að halda eftir 5% af aflaandvirði. Þá hefði það auðvitað verið best og fyrirhafnarminnst, að viðskiptabankarnir hefðu tekið á sig þessa kvöð. En það þykir nokkuð djarft að leggja stórfellt skrifstofuhald á ákveðnar stofnanir, að gera það fyrir ekki neitt, og þegar heildarsamtök útvegsins vilja sjálf og bjóðast til að annast þennan þátt málsins, þá gátum við í sjútvrn. ekki sett okkur upp á móti því og vildum ekki setja okkur upp á móti því. Þetta er ástæðan fyrir því að farið er inn á þessar brautir. En hitt er alveg rétt, eins og hv. síðasti ræðumaður gat um, það má hafa framkvæmdina með ýmsu móti. En ég sé ekki að framkvæmdin geti orðið einfaldari og ódýrari í senn heldur en sú sem frv. gerir ráð fyrir.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð til athugasemda við það sem hæstv. sjútvrh. sagði. Hann sagði að ástæðan til þess, að hér væri gert ráð fyrir því að þessar greiðslur færu til Landssambands ísl. útvegsmanna, væri sú að þau samtök væru reiðubúin til að

taka að sér þetta starf án sérstakrar þóknunar og hann teldi í rauninni of mikið lagt á Tryggingasjóð fiskiskipa að taka við þessu starfi. Enginn þarf að segja mér að L. Í. Ú. taki að sér neitt í þessum efnum án greiðslu. Þá reynslu hef ég af þeim samtökum, að þau fara ekki að taka að sér neitt þannig, enda er hér gert ráð fyrir því, sem ég var líka að segja að er mjög á móti minni skoðun, það er beinlínis sagt í 4. gr. frv. að vextir af innistæðum á bankareikningum Landssambands ísl. útvegsmanna skuli renna til greiðslu kostnaðar við innheimtu og skil iðgjaldagreiðslna samkv. lögum þessum, að svo miklu leyti sem þeir hrökkva til. M. ö. o.: Landssambandið hefur beinan hag af því að halda þarna inni greiðslum, kannske umfram það sem réttmætt ætti að vera eða þörf er á. Það var einmitt þetta sem ég var að benda á. Það ber að varast það með svona almennri innheimtuaðferð, þar sem sama prósentan er innheimt af öllum þó að greiðslur þeirra eigi að vera mjög mismunandi, að við slík tilfelli sé í rauninni hægt að halda fyrir mönnum fjármunum á þeirra kostnað, að ég tali nú ekki um að bjóða einhverjum að hann geti haft enn þá meira í sinn hlut ef hann heldur enn þá fastar í féð. Þetta er form, sem ekki er heppilegt að mínum dómi. Hitt gefur auðvitað alveg auga leið að Tryggingasjóður fiskiskipa varður rekinn áfram, hann verður með allmiklar tekjur og hann þarf að standa í uppgjöri á þessum málum, og það verður miklu auðveldara að finna út hvort viðkomandi útgerðaraðili á rétt á endurgreiðslu af þessu innheimta gjaldi ef það hefur allt runnið á einn stað til viðbótar þeim fjármunum sem þar voru fyrir handa hverjum og einum. Þá verður miklu auðveldara að finna það út hvort hann á rétt á endurkröfu eða ekki. En ef ákveðinn hluti af þessu liggur á reikningi hjá L. Í. Ú. og annar hluti liggur svo hins vegar hjá Tryggingasjóði fiskiskipa, þá held ég að það verið lítill vandi að láta þá, sem hafa greitt og telja sig hafa greitt umfram það sem þeim ber að greiða, bíða og bíða alllangan tíma þar til þeir hafa fengið greitt úr sínum málum. Ég verð því að segja að mér fannst það, sem hæstv. ráðh. sagði um þetta fyrirkomulag, ekki sannfærandi, nema síður væri.

Það er svo auðvitað allt annað mál hvort það væri rétt að alla fiskibáta, allar fleytur, sem á sjó fara til fiskveiða, ætti að tryggja. Hitt er eigi að síður staðreynd, að þeir eru allmargir þessir bátar sem gerðir eru út án þess að vera tryggðir af því að það hefur verið miklum vandkvæðum bundið, að fá þá tryggða. Og útkoman hefur sem sagt orðið þessi, að því miður er talsvert af þeim fyrir utan tryggingarnar. Það er því ekki ástæða til þess að vera að innheimta mikið af þeim út af fyrir sig, og auk þess er svo hitt sem ég nefndi, að það er vægast sagt hæpið að skipa svo fyrir með lögum að innheimta á þennan hátt fé af aðilum og setja það inn í reikning hjá ákveðnum landssamtökum sem menn eru alls ekki aðilar að á neinn hátt. En það á sér stað, eins og ég sagði, ekki aðeins um litlu bátana, heldur einnig um marga af stóru bátunum. En eigi að síður erum við alveg sammála um það, ég og hæstv. ráðh., að það sé þörf á því að gera hér breytingu á gildandi reglum í þá átt sem frv. fer.

Ég ítreka svo ósk mína til hv. sjútvn., að hún birti ítarlegri grg. hvernig þessum málum er í raun og veru fyrir komið og hvaða áætlanir liggja þar fyrir um og einnig að hún athugi hvort ekki sé rétt að hafa nokkuð annað fyrirkomulag á uppbyggingu þessa kerfis heldur en gert er ráð fyrir í frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til sjútvn. með 24 shlj. atkv.

Meðferð einkamála í héraði, frv. (þskj. 396). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og endursent Ed.

Flokkun og mat ullar, frv. (þskj. 304). — 1. umr.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Frv. á þskj. 304 var flutt í Ed. og fór í gegnum þá d. án breytinga með shlj. atkv. Ég tel samt rétt, af því að hér er um verulegt mál að ræða, að gera þessari hv. d. einnig grein fyrir málinu.

Árið 1972 skipaði landbrh. n. til þess að gera till. um flokkun og mat og meðferð á ull og gærum. Í n. voru dr. Stefán Aðalsteinsson, sem var formaður hennar, Agnar Tryggvason framkvæmdastjóri, Ingi Tryggvason núv. alþm., Ragnar Ólafsson forstjóri á Akureyri og Sveinn Hallgrímsson sauðfjárræktarráðunautur. Frv. þetta er árangur af störfum þeirrar nefndar.

Lög um mat ullar eru úrelt, enda eru þau að stofni til frá 1933 og með breyt. sem gerðar voru vorið 1947 og eru því miðaðar við heimaþvott á ull. Lagaákvæði skortir til að láta flokka alla ull frá framleiðendum, en oft hefur hún verið keypt án flokkunar þegar mikil samkeppni hefur verið um ullarkaupin. Þessi verslunarmáti hefur ýtt undir þann hugsunarhátt að mikið ullarmagn sé aðalkeppikefli, en minna hvatt til þess að auka gæði ullarinnar.

Á síðari árum hefur ullariðnaður stóraukist í landinu. Meginuppistaðan í iðnaðarútflutningi okkar fyrir utan stóriðju, ál og kísilgúr, er ullariðnaður og gærur. Vegna lækkandi verðs á ull til bænda hefur gæðum ullarinnar stórhrakað. Mikið hefur skort á að ull komi öll til skila og oft laklega hirt. Rannsóknastofnun landbúnaðarins telur að á þeim búum, sem eru í hennar þjónustu, komi 2.2 kg að meðaltali eftir hverja vetrarfóðraða kind. Miðað við það ættu a. m. k. að vera á landinu um 2 kg eftir hverja kind eða nær 10% minna en þekkst hefur á búum hjá Rannsóknastofnuninni. Árið 1972 var innlagt ullarmagn 1400 tonn, en hefði átt að vera samkv. þessari formúlu 1572 tonn. Til innleggs vantar því um 11% eða 172 tonn. Árið 1973 var innleggsmagn-

ið minna þrátt fyrir fjölgun fjár um 5.4%. Innlegg var þá 1438 tonn, en hefði átt að vera 1657 tonn. Vantar því um 219 tonn eða 13%. Ullarverð til bænda þyrfti að vera hærra. Í skýrslu um eflingu ullariðnaðar og skinna frá Iðnþróunarstofnuninni er einmitt vakin athygli á þessu. Á árinu 1974 nam ullarútflutningur 1573.8 millj. kr., en á árinu 1975 var hann rúmir 2 milljarðar eða aukningin var 547 millj. kr. og voru þá landbúnaðarvörur um 8% af útfluttum vörum íslendinga. Í þessum tölum er m. a. tekið tillit til þess sem selt var í gegnum Íslenskan markað og í Rammagerðinni þar sem eingöngu er um íslenskar vörur að ræða að því er ullarvörur varðar. Það ber því mikla nauðsyn til að efla ullarframleiðslu og gæði ullarinnar.

Ég hef nú nýlega lagt fyrir ríkisstj. athugun á því að hækka verð ullarinnar með tilfærslu á milli niðurgreiðslna á kjöti og ull, með því að hækka verð ullarinnar, en lækka aftur verð á kjöti. Það mál er nú til athugunar hjá hæstv. ríkisstj. og ég geri mér vonir um að fá þar jákvæðar undirtektir, enda mundi þessi leið, ef valin yrði, verða hagkvæmari og kosta minni niðurgreiðslur en að öðrum kosti er og spara bæði niðurgreiðslur og útflutningsuppbætur. Það er talið að það ætti að vera tiltölulega auðvelt að sjö- til áttfalda ullariðnað hér á landi, og með fjórföldun á framleiðslu á ull og gærum sem iðnaðarvörum hér ætti að vera hægt að ná svipuðum gjaldeyristekjum og með álframleiðslunni. Ég vil vekja athygli á að hér er því um stórmál að ræða. Það, sem skortir nú á, auk þess að ullin er illa hirt af sauðfénu, er að um 20% af henni fer í lakari gæðaflokk en ástæða er til að ætla að þyrfti að fara.

Árið 1974 voru flutt inn 203 tonn af hreinni ull, sem svarar til 300—350 tonna af óhreinni ull.

Mikið er hægt að bæta ullarframleiðsluna og auka hana með bættri aðferð og umhirðu. Vetrarrúningur gefur betra hráefni fyrir ullariðnaðinn og kefst einnig betra fóðurs hjá bændum og góðra útihúsa. Þessa ull þarf að greiða hærra verði til bænda ef þeir eiga að skila henni á þessum árstíma.

Verðlagning og flokkun á ull er virkasta leiðin til þess að efla og bæta ullarframleiðsluna og með því að efla þann iðnað sem okkur er gagnlegur og vænlegur til gjaldeyrisöflunar. Breyting frá núverandi flokkunaraðferðum er að bændum er ætlað að flokka ullina. Með því ættu þeir að gera sér betri grein fyrir nauðsyn þess að hafa ullarmeðferðina betri en að öðrum kosti er. Gert er ráð fyrir flokkun á ull við móttöku, en nú er hún eingöngu flokkuð hjá ullarþvottastöðvum eftir að hún hefur oft og tíðum legið þar um langan tíma.

Yfirullarmatsmenn skulu vera 4 á landinu með ákveðin svæði, og formaður skal skipaður af rn. sérstaklega. Þetta er mjög líkt fyrirkomulag og er með kjötmatið. Kostnaður við kjötmatið á sl. ári var rúm milljón kr., en kostnaður við ullarmat um 100 þús.

Með þessum orðum hef ég, herra forseti, gert grein fyrir þessu frv. Ég vil endurtaka það, að brýna nauðsyn ber til að koma þessum málum í fast horf og flokka ullina til gæðamats á þann hátt, sem hér er lagt til, og ganga í það að ull verði betur hirt en nú er gert. Hér er um hagsmunamál fyrir framleiðendur að ræða og fyrir þjóðarbúið í heild því að ullin er að verða verulegur útflutningur. Í ullariðnaði og skinna er um veruleg verðmæti að ræða sem við megum ekki glata.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn. Eg leyfi mér að vona að þessi hv. d. verði eins hröð í afgreiðslu á þessu máli og reyndin varð í Ed. og það þurfti því ekki að vera til tafar þegar líður að þinglokum, heldur geti það orðið afgreitt sem fyrst.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbrh. með 24 shlj. atkv.

Flokkun og mat á gærum, frv. (þskj. 305). — 1. umr.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Frv. á þskj. 305 um flokkun og mat á gærum er samið af sömu n. og ég greindi frá áðan að hefði samið frv. til l. um flokkun og mat á ull, svo að ég þarf ekki að eyða tíma í að gera grein fyrir formála þess.

Lög um mat á gærum eru frá 1942 og fjalla þau um meðferð á gærum við slátrun, söltun og geymslu og frágang til útflutnings. Þá var meginhluti gæranna fluttur úr landi óunnin sem hráefni. En á sl. ári féllu til um 900 þús. gærur. Fóru rúmlega 350 þús. þeirra óunnar til útflutnings, en afgangurinn meiri og minni háttar til vinnslu innanlands.

Gærusútun og skinnaiðnaður hefur farið í vöxt á síðari árum og meðferð við slátrun og fláningu hefur því breyst, frágangur á gærum einfaldast við sölu, geymslutími þeirra lengst og hráefnakröfur aukist. Iðnaðurinn óskar eftir hreinum litum í gærum og betra ullarfari. Mikill mismunur er á vöndun við fláningu og meðferð á gærum í geymslu án þess tekið sé sérstaklega tillit til þess í verði. Mikil verðmæti tapast því við slæma vinnslu. Flokkun og mat á gærum eru því fyrirhuguð við móttöku kindarinnar í sláturhús og við afhendingu á gærunni frá sláturhúsi. Innleggjandi, bóndinn, á ekki að bíða skaða af lökum vinnubrögðum í sláturhúsi né hafa hagnað af því ef hann afhendir lakari hráefni í gærur en meðaltalið gerir ráð fyrir. Þess vegna er þörf á því að hafa þetta mat, að metið sé hvort tveggja áður en gæran er tekin af kindinni og einnig eftir það.

Þörf er á lögskipun matsmanna er setji reglur um og fylgist með vinnslu á gærum í sláturhúsum til að koma í veg fyrir meðferðargalla og skaða af þeim. Skemmd getur komið á öllum stigum framleiðslunnar: við slátrun, geymslu og flutning. Mjög mikil rýrnun er á gærum vegna afskurðar sem við sútun þarf að gera vegna verkunargalla. Við sláturhúsin skulu starfa gærumatsmenn skipaðir af lögreglustjóra á staðnum og vera á launum hjá sláturhúsunum eða þeim sem taka á móti gærunum.

Yfirgærumatsmenn skulu vera 4 og gærumats-

formaður sé einn á landinu, launaður af ríkissjóði, líkt og er um kjötmatið. Aukakostnaður fyrir ríkissjóð er því aðeins vegna launa yfirgærumatsmannsins.

Kostnaður við kjötmatið var um rúma milljón á s. l. ári, en kostnaður við gærumat var sama og enginn, eins og áður er fram tekið. Ekki orkar tvímælis að það muni margborga sig að koma upp þessu mati á gærum. Hér er um verðmæt hráefni til iðnaðar okkar íslendinga að ræða, og auðvitað eigum við að stefna að því að vinna okkar gærur allar fullnaðarvinnslu, en selja þær ekki úr landi sem hráefni.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn. og vonast til skjótrar afgreiðslu af hálfu hv. nefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til landbn. með 27 shlj. atkv.

Rannsóknarlögregla ríkisins, frv. (þskj. 356). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er lagt fyrir hv. Nd. um rannsóknarlögreglu ríkisins, er samið af n. sem ég skipaði í okt. 1972 til að endurskoða dómstólakerfi landsins á héraðsdómsstiginu og gera till. um hvernig breyta mætti reglum um málsmeðferð í héraði til að afgreiðsla mála yrði hraðari. Í grg. með frv. segir hverjir voru skipaðir í þessa n. og hafa starfað þar, en það eru menn með mjög fjölbreytta reynslu á þessu sviði. Það eru þeir Björn Fr. Björnsson sýslumaður, sem ég hygg, að sé elsti starfandi sýslumaður í embætti hér á landi nú, var auk þess formaður Dómarafélagsins eða Sýslumannafélagsins þegar n. var skipuð. Það er í öðru lagi Sigurgeir Jónsson bæjarfógeti í Kópavogi sem hefur að baki mjög langa reynslu við embættisstörf í einum stærsta kaupstað landsins, en hafði auk þess áður starfað í dómsmrn. Það er í þriðja lagi Björn Sveinbjörnsson hæstaréttardómari, sem er formaður n., en hann hefur að baki langa reynslu bæði í dómarastörfum og sem lögmaður. Og í fjórða lagi er það Þór Vilhjálmsson, nýskipaður hæstaréttardómari, sem hefur að baki alllanga reynslu í dómarastörfum við borgardóminn hér í Reykjavík, en hefur auk þess gegnt dósentsembætti og prófessorsembætti um allmörg ár og kennslugrein hans hefur einmitt verið réttarfar. Ég tel því að hjá þessari n. sé saman komin mjög víðtæk þekking og reynsla varðandi það málefni sem n. var falið að fjalla um.

Nefndin hefur unnið mikið undirbúningsstarf að hinu umfangsmikla verkefni sínu og er þess vænst að innan tíðar og hugsanlega á þessu þingi verði unnt að leggja fram í lagafrv. till. n. um höfuðverkefni hennar, þ. e. a. s. endurbætur á dómskólakerfi landsins á héraðsdómsstiginu. Ég get búist við að um þær till. verði skiptar skoðanir. Umdæmaskipting landsins, sem bundin er við þau embætti sem hér er um að tefla, er orðin ákaflega gömul og á sér djúpar rætur. Ég get þess vegna búist við því að menn verði nokkuð fastheldnir á þá umdæmaskiptingu. Hins vegar segir heilbrigð skynsemi okkur að það er ekki hægt að loka augunum fyrir því að það hafa orðið umfangsmiklar breytingar í þessu þjóðfélagi frá því að þessi umdæmaskipun komst á og að hún er í ýmsum tilfellum þannig að hún svarar ekki til þeirra þarfa sem nú eru fyrir hendi á þessu sviði. Ég hygg að hér verði að reyna að brjóta upp á nýrri leið til að leysa þetta mál. En það er ekki ástæða til að fara að ræða það á þessu stigi þar sem það liggur ekki hér fyrir. Það er þá fyrst tímabært að ræða þær till. þegar þær hafa séð dagsins ljós og verða lagðar fyrir hv. Alþingi.

Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er aðeins fjallað um afmarkaðan þátt málsmeðferðar í opinberum málum. N. taldi efni þess svo skýrt afmarkað að unnt væri að ljúka fyrr meðferð þessa mikilvæga málefnis með því að greina það frá öðrum verkefnum sem n. vinnur að.

Það má segja að flutningur frv. í þessa átt eigi sér nokkuð langan aðdraganda þótt ekki hafi það áður verið borið fram með því nafni sem það nú hefur, þ. e. um rannsóknarlögreglu ríkisins. Með frv. til l. um meðferð opinberra mála, sem lagt var fyrir Alþ. árið 1948, var stefnt að mjög umfangsmikilli endurnýjun á réttarfari í opinberum málum. Var með því frv. ráðgert að ákæruvaldið skyldi fengið sérstökum embættismanni, saksóknara ríkisins. Einnig var gert ráð fyrir því að sérstakur embættismaður, rannsóknarstjóri, er lyti saksóknara ríkisins, skyldi taka við yfirstjórn rannsóknarlögreglu í Reykjavík, en einnig skyldi hann fjalla um rannsóknir mála annars staðar á landinu þegar saksóknari teldi þess þörf. Þessar till. náðu ekki fram að ganga, fyrst og fremst af kostnaðarástæðum vegna hinnar fyrirhuguðu embættaskipunar. Réttarfarsbálkurinn var síðan lögtekinn 1951, en hin nýja embættaskipan, sem sérstakt frv. fjallaði um, fékk ekki framgang. Embætti saksóknara ríkisins fékkst fyrst stofnað 10 árum síðar, árið 1961.

Í lagafrv., sem lagt var fyrir Alþ. 1969—1970 á grundvelli þál. frá 1968, var ráðgert að stofnað yrði embætti rannsóknarstjóra er lyti lögreglustjóra í Reykjavík og skyldi stýra lögregluannsókn brotamála og fara með stjórn rannsóknarlögreglu. Verkefni við framkvæmd sérstakra þátta löggæslu eða lögregluannsókna utan Reykjavíkur mátti einnig fela þessum aðilum. Frv. þetta náði ekki fram að ganga.

Ýmsar ástæður hafa valdið því hve treglega hefur gengið að afla stuðnings við þá nýskipan á stjórn rannsóknarlögreglu sem greint hefur verið frá. Hafa kostnaðarsjónarmið ráðið mestu, þótt fleira hafi komið til. Í grg. þessa frv. er bent á nokkur atriði hinna áformuðu breytinga sem valda því að frv. horfir engan veginn alfarið til aukins kostnaðar. Telja höfundar frv. jafnvel ekki víst að stofnun rannsóknarlögreglu ríkisins í þeirri mynd, sem frv. gerir ráð fyrir, hefði í för með sér aukinn kostnað. Ég skal hins vegar hreinskilnislega játa að ég tel líklegra að af breytingum þessum muni leiða aukinn kostnað, sérstaklega við þá þróun málsmeðferðar sem af breytingunum mun leiða. Ég tel hins vegar ekki áhorfsmál að leita beri lögfestingar á hinum fyrirhuguðu skipulagsbreytingum á rann-

sóknarmeðferð opinberra mála þar sem með þeim yrði stigið markvert spor í átt til nýtískulegri hátta í réttarfarslegri meðferð opinberra mála og til hagkvæmari og skjótvirkari vinnubragða við rannsóknir mála.

Höfuðþættir frv. eru tveir. Með stofnun rannsóknarlögreglu ríkisins skapast betri möguleikar en áður á að beina sérhæfðum starfskröftum sérfróðra rannsóknarmanna að meðferð þeirra mála sérstaklega, bæði í Reykjavík og annars staðar á landinu. Mestu varðaði að hinir færustu menn, jafnvel í sérgreindum verkefnum, gætu þegar á frumstigi rannsókna verið til taks, bæði til sjálfstæðrar rannsóknar á vandasömum málum og til stuðnings starfsfélögum við önnur lögreglustjóraembætti.

Mér þykir rétt að benda á það að þegar sagt er í 1. gr. frv. að rannsóknarlögregla ríkisins lúti yfirstjórn dómsmrh., þá er þar að sjálfsögðu átt við embættislega yfirstjórn, en um rannsóknir mála ber rannsóknarlögreglustjóra eins og öðrum lögreglustjórum nú að hlíta fyrirmælum ríkissaksóknara samkv. réttarfarslögum.

Hinn höfuðþáttur frv. þessa er að með því er *yfirsakadómarinn* í Reykjavík leystur frá því að vera yfirmaður rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík. Er með því stigið markvert spor í átt til þess að skilja að dómsvald og rannsóknarstjórn í opinberum málum og með því enn stigið spor í átt frá hinu forna rannsóknarréttarfari til ákæruréttarfars. Þótt dómarar utan Reykjavíkur yrðu áfram stjórnendur lögreglumanna mundi þátttaka rannsóknalögreglu ríkisins í meðferð hinna veigameiri málsrannsókna einnig þar stuðla að því að dómararnir stæðu nokkru meira en nú er utan við rannsóknarstjórnina.

Eins og ég sagði áðan á mál þetta nokkuð langa forsögu. Er í sjálfu sér eðlilegt að öll slík þróun taki sinn tíma, ekki síst í okkar landi þar sem svo mjög þarf að gæta þess vegna fámennis að reisa sér ekki hurðarás um öxl. Ég tel þó víst að hv. alþm. ættu að geta fallist á að tímabært sé að fljótlega verði enn eitt skref stigið til úrbóta á dómsmálakerfi landsins, og mér býður í grun að miðað við það, hve takmörkuð sú umbreyting þó er, sem hér er fyrirhuguð, muni hún geta valdið meiri straumhvörfum í meðferð opinberra mála en auðvelt er að þreifa á fyrir fram.

Það hefur nokkuð borið á gagnrýni á meðferð dómsmálayfirvalda og lögreglu varðandi rannsókn mála. Það er út af fyrir sig ekki ný bóla. Sjálfsagt er sú gagnrýni í ýmsum tilfellum á rökum reist, en hins vegar getur verið að hún sé stundum nokkuð úr lausu lofti gripin og stundum getur hún e. t. v. stafað af misskilningi og nokkurri vanþekkingu á því hvernig meðferð þessara mála er háttað. Það er auðvitað svo að það er jafnan manna á milli í gangi umtal um það að eitthvert ímyndað eða raunverulegt misferli hafi átt sér stað, einhver ímynduð eða raunveruleg afbrot hafi verið framin. Þá er oft fundið að því að það skorti á frumkvæði af hálfu dómsyfirvalda og lögreglu að skerast hér í leikinn. Ég held að oft geti verið erfitt fyrir dómsyfirvöld og lögreglu að fara eftir slíkum sögusögnum. Ég er hræddur um að það þætti oft og tíðum vera nokkuð mikil hnýsni sem í því fælist um einkahagi manna. Ég efast um að því yrði alltaf vel tekið.

Ég ætla að vona að við hér á Íslandi lifum aldrei þá tíð að hér rísi lögregluríki, heldur réttarríki, þó að við verðum þá jafnframt að þola það að nokkur seinagangur geti fylgt afgreiðslu mála. En eins og ég sagði áðan, þá held ég að sú gagnrýni, sem fram er borin, eins og ég sagði líka oft sjálfsagt með rökum, sé einnig oft á vanþekkingu byggð.

Það er auðvitað ekki hægt að ætlast til þess að almenningur eða jafnvel hv. alþm. geti farið að lesa langar bækur um réttarfar og kynna sér hvernig þessum málum er fyrir komið og hefur verið fyrir komið. En ég get bent mönnum á ákaflega stutta og glögga grein um þetta efni að mínu mati, og það er grein sem Bjarni heitinn Benediktsson skrifaði á sínum tíma um ákæruvaldið í tímaritið Ulfljót, tímarit laganema, árið 1955. Auðvitað hefur sú breyting orðið á síðan sú grein var rituð, að saksóknari er kominn til sögunnar og ákæruvaldið ekki lengur að neinu leyti í höndum dómsmrh. eða dómsmrn. En að breyttu breytanda held ég að sú lýsing, sem þar er *gefin í mjög stuttu máli, geti veitt nokkurn fróðleik* um það hvernig meðferð þessara mála er og hefur verið oftast. Ég held líka að margar skynsamlegar athugasemdir, sem greinarhöfundur gerir varðandi þetta efni, séu enn í fullu gildi og þær eru m. a. áreiðanlega byggðar á alllangri reynslu hans þá sem dómsmrh. Ég býst við því að það, sem hann segir m. a. um ákæruvaldið og saksóknaraembættið í því sambandi, eigi nokkurt erindi til manna og að það hafi sýnt sig að hann sá þar nokkuð rétt, þó að flestir eða allir kannske séu sammála um að með stofnun saksóknaraembættisins hafi verið stigið spor í rétta átt.

En hvað sem um það er, þá er það leiðinleg staðreynd, sem við verðum að horfast í augu við, að afbrotum hefur fjölgað hér á landi síðustu árin. Ég held að til þess liggi ýmsar og mismunandi ástæður. Ég held t. d. að á þeim árum hafi komið til tiltölulega nýtt vandamál sem menn þekktu ekki áður. Það eru fíkniefnin, smygl á þeim og þau afbrot sem unnin eru í sambandi við þau og undir áhrifum þeirra. Þetta var sem betur fer óþekkt áður.

Þá er það einnig svo, að því miður á sjálfsagt vaxandi áfengisþamb okkar íslendinga sinn þátt í ýmsum þeim afbrotum sem unnin eru, ekki síst ofbeldis- og hryðjuverkum og slysum sem þar hljótast einatt af.

Þjóðfélagið hefur líka tekið margvíslegum breytingum á síðustu árum. Það er orðið umfangsmeira. Ýmiss konar viðskiptastarfsemi hefur vaxið, og það er rétt, að í sambandi við það hafa skotið upp kollinum sjálfsagt meiri fjársvikamál en áður og lítt þekktar tegundir af þeim, eins og t. d. það óskaplega tékkamisferli sem nú orðið á sér stað í viðskiptum. Nú er reynt að gera ráðstafanir til þess að reisa þar nokkra rönd við, vegna þess að að þeim málum starfar nú sérstök nefnd af hálfu bankanna og viðsk.- og dómsmrn., og er vonandi að það takist að setja þar einhverjar skorður við.

Þessar ástæður og margar fleiri eiga sjálfsagt

sinn þátt í því að við verðum að horfa á þessa staðreynd, að ýmiss konar afbrotum hefur farið fjölgandi og ný afbrot hafa komið til sögunnar sem áður voru lítt þekkt. Og þá verðum við líka auðvitað að hafa í huga að við erum komin í meiri þjóðbraut en áður. Það er alþekkt fyrirbæri að sumar tegundir brota eiga sér stað ekki hvað síst í sambandi við flugvelli, alþjóðaflugvelli, t. d. smygl. Og sjálfsagt bætir það ekki aðstöðu Keflavíkurflugvallar í þessu sambandi að hann hefur þá sérstöðu að þar dvelur jafnframt erlent varnarlið.

Þessi orð mín ber náttúrlega ekki að skilja á þá lund að það hafi ekki þekkst afbrot hér á landi fyrr en allra síðustu árin. Það hafa afbrot verið framin á Íslandi sjálfsagt frá því að sögur hófust, en í misjöfnum mæli. T. d. hefur smygl þekkst lengi hér á landi. Ætli það sé nema svo sem áratugur síðan var gert út sérstakt skip til þess að flytja þann varning til landsins, þannig að þó að menn festi sjónir á það nú að um allmikil afbrot sé að ræða, þá er alveg óþarfi að gleyma því, sem á undan var gengið. Og því miður áttu sér líka stað, við skulum segja á s. l. áratug, 1960—1970, manndráp og morð hér á landi — morð, sem því miður upplýstist ekki og er ekki upplýst enn í dag. Þetta er rétt að menn hafi í huga.

En hitt er skiljanlegt, að hv. alþm. séu áhyggjufullir yfir þeirri þróun sem átt hefur sér stað í þessum efnum, og þar breytir engu um þó að hægt sé að rekja rætur þeirrar þróunar með ýmsum hætti, eins og ég hef hér gert. Og e. t. v. væri ekki ofaukið að bæta hér einni ástæðunni eða a. m. k. spurningunni við. Og hún er sú, hvort allt sé í lagi í okkar uppeldismálum, hvort meðferð okkar á ungmennum þessa lands í okkar glæsilegu skólum eigi kannske ekki einhvern þátt í því að þeir lenda því miður of margir á villigötum. Íhugunarefni er það a. m. k. En allt ber hér að einum brunni, að mér sýnist, að hv. alþm. hljóta að vera fullir áhuga að reyna að bæta úr þessu á allan þann hátt sem kostur er. Þess vegna vil ég vona að þeir taki þessu frv. vel. Það er viðleitni í rétta átt. Það er sannfæring mín að það sé stórt spor í rétta átt. Og þegar svo er, þá mega menn ekki stara um of á kostnað sem er því samfara.

Samfara þessu frv. eru borin fram tvö lagafrv. til samræmingar við efni þessa frv. Er annað þeirra um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 74 frá 1974, en hitt um breyt. á l. um skipun dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjóra o. fl., nr. 74 frá 1972. Ég tel ekki ástæðu til að geta þeirra lagafrv. frekar í þessu sambandi, en mun segja um þau aðeins örfá orð hér á eftir, að lokinni umr. um þetta frv.

Ég tel rétt að benda á að þó að ég hafi að sjálfsögðu mikinn áhuga á fljótum framgangi þessa máls, þá muni vera rétt fyrir þá hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, að leita umsagnar ýmissa aðila um efni þess, svo sem ríkissaksóknara, lagadeildar Háskólans og annarra sem henni þætti rétt að fjölluðu um málið. Slíkrar formlegrar umsagnar hefur ekki verið leitað af réttarfarsnefndinni né dómsmrn. þó að n. hafi efalaust borið saman ráð sín við ýmsa aðila um einstaka þætti málsins.

Ég vil svo, herra forseti, óska þess að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Það hefur varla farið fram hjá nokkrum manni að um langt skeið hefur athygli þjóðarinnar beinst að framkvæmd dómsmála í landinu í ríkari mæli en oftast áður. Það mun einnig vera flestum ljóst að tilefni þessa er án efa að upp hefur komist um stórfelld smyglmál sem virðast gefa tilefni til að ætla að hér kunni að starfa skipulagðir hringar afbrotamanna, enn fremur að upp hefur komist um mjög alvarleg afbrot sem virðast vera tengd þessum smyglmálum og í þriðja lagi að upp hefur komist um fjármálaóreiðu og skattalagabrot hjá fyrirtækjum og einstaklingum sem einnig virðast vera tengd þessum sömu smyglmálum.

Nú er það svo að við íslendingar höfum lengi lifað í þeirri sælu og góða trú að þjóðfélag okkar væri að mestu laust við ýmsar tegundir stórafbrota og glæpa sem ekki eru óalgengar í öðrum löndum. En þróun undanfarinna ára og þá alveg sérstaklega nú nýlega þau mál, sem ég nefndi, hafa orðið til þess að marga hefur sett hljóða og menn hafa velt því fyrir sér hvort þessi gamli skilningur okkar sé ekki á misskilningi byggður.

Hæstv. dómsmrh. gerði mjög skýra grein fyrir því í framsöguræðu sinni hverjar breytingar hafa orðið á þjóðfélagi okkar á síðustu áratugum og að þessar breytingar hafa því miður haft í för með sér stórfellda aukningu á margvíslegum tegundum afbrota. Það er því von að margir hugsandi menn spyrji hvort það kerfi, sem dugði okkur í fortíðinni og allt fram undir síðustu áratugi á dómsmálasviðinu, dugi við núverandi aðstæður. Menn spyrja hvort þetta kerfi valdi, þótt ýmsar endurbætur hafi verið á því gerðar, verkefnum eins og þeim sem nú krefjast úrlausnar, ef mögulegt er skjótrar og afgerandi úrlausnar.

Ég vil taka það fram, af því að hæstv. ráðh. sá sérstaka ástæðu til að nefna að það hefðu líka verið framin afbrot síðasta áratug, að ég vil ekki ræða þetta mál í neinu samhengi við, hvaða ríkisstj. hafa setið hér á landi, og held að það hafi ekki áhrif á þetta mál sem úrslitum ráða. Enn fremur vil ég benda á sama vandamál er fyrir hendi í nálega öllum nágrannaríkjum okkar, hvernig sem stjórnarfar þeirra er, þ. á m. í bestu lýðræðisríkjum, mörgum þeim sem eru stórum betur búin að lögregluliði og öðru slíku starfsliði heldur en við höfum verið. Það er svo alvarlegt ástand í þessum efnum að orðin „lög og réttur, friður og öryggi einstaklinganna“ eru orðin kosningaslagorð í löndum ekki langt frá okkur, þannig að sennilega er rétt og óhjákvæmilegt, ekki síst með tilliti til nútímasamgangna, að líta á hin stórvaxandi vandamál á þessu sviði hér á landi í samhengi við það sem því miður hefur gerst einnig í öðrum löndum.

Það hefur lengi verið ljóst, sérstaklega lærðum mönnum, en leikum líka, að á dómskerfi okkar eru ýmsir alvarlegir gallar sem margir hverjir eru arfur frá löngu liðnum tímum. Þetta er sérstaklega í sambandi við það að dómsvald og

framkvæmdavald er ekki fullkomlega aðskilið. Hér eru enn í dag einstaklingar sem bæði eru lögreglustjórar, eiga síðan að dæma í þeim málum sem eru rannsökuð undir stjórn þeirra, en hafa þar að auki umfangsmikla stjórnsýslu fyrir þjóðfélagið. Þetta var e. t. v. eðlilegt á sínum tíma, bæði af því að menn hugsuðu á annan hátt um réttarfarsmál og einnig af því að þjóðfélag okkar er smátt, við verðum að gæta kostnaðar og höfum því verið seinir til þess að skipta þessum verkefnum sem þó í mörgum atvikum eiga mjög illa saman.

Gagnrýni á dómsmálakerfið hefur verið margþætt. Oftast heyrist þó talað um hinn mikla seinagang mála, bæði í rannsóknum og ekki síst fyrir dómurum, sem hér á landi hefur verið, að vísu landlæg plága um allar jarðir, en mjög slæm hér. Þarf ég ekki að útmála ferkar hversu slæmt það er, ef alvarleg mál dragast. En það er líka mjög hvimleitt og dýrt fyrir einstaklinga, sem þurfa að leita réttar síns í smærri málum er geta verið þýðingarmikil fyrir þá, að þurfa að bíða árum eða jafnvel áratugum saman eftir úrlausn.

Þá er algengt að heyra þá gagnrýni að hér á landi sé hart gengið fram í því og af miklum dugnaði að koma upp um smáafbrot og oft afbrot ungs fólks sem í fyrsta skipti leiðist út á slíka óheillabraut, nöfn slíkra manna og kvenna séu jafnvel birt, en stórlaxarnir sleppi. Það kann að vera nokkurt ábyrgðarleysi að sletta slíkum palladómum eins og þessu, að stórlaxarnir sleppi, og ég vil taka það fram að ég er sammála hæstv. dómsmrh. um það að oft er talað af takmarkaðri þekkingu um þessi mál. En almannarómur af slíku tagi getur engu að síður verið hættulegur, af því að hann grefur undan tiltrú fólksins á dómsmálakrefinu og því þjóðfélagi sem það býr í. Ég hygg, að þessi hugmynd, sem er svo algeng og við heyrum svo oft í daglegu lífi, að litla fólkið verði að taka út refsingu og sé dæmt, en stórlaxarnir sleppi, standi að verulegu leyti í sambandi við það, sem hæstv. ráðh. einnig minntist á, að fjárhagsleg afbrot af ýmsu tagi hafa farið stórkostlega vaxandi. Það er kannske ekki síst í sambandi við þá hluti sem fólki finnst það sjá fyrir sér framferði fjársterkra einstaklinga er hljóti að brjóta í bága við lög, t. d. skattalög, án þess að þeir þurfi nokkurn tíma að svara fyrir það, hvað þá að taka út refsingar og þetta sé það sem veldur því að hugmyndin um, að stórlaxarnir sleppi í íslensku réttarfari, er jafnútbreidd og raun ber vitni.

Kunnugt er hversu ófullkominn fangelsiskostur okkar Íslendinga er. Nú vil ég taka það fram, að ég hef samúð með skoðunum þeirra manna sem hafa látið í ljós að fangelsi séu óskemmtilegar stofnanir og það séu miklu þyngri refsingar heldur en flestir gera sér grein fyrir að loka menn inni, þó að það sé ekki í mikinn fjölda ára. Þrátt fyrir þetta hygg ég að það sé óhjákvæmilegt að sjálfstætt nútímaþjóðfélag verði að hafa nokkurn fangelsiskost. Og sérstaklega hefur það verið gagnrýnt, að minni hyggju með miklum rétti, að í þessum litlu og ófullkomnu fangelsum okkar er stundum blandað saman allforhertum, gömlum afbrotamönnum, sem hafa átt í útistöðum við þjóðfélagið mestalla sína ævi, og ungum og kannske lítt hörðnuðum unglingum sem verða fyrir þeirri ógæfu að brjóta lög og hljóta dóm í fyrsta skipti. Það er kunnugt að dómsmrh. hafa um nokkurt árabil íhugað þessi mál og látið vinna ýmiss konar undirbúningsvinnu, en þetta hefur verið eins og hálfgert feimnismál. Ég hygg, að a. m. k. svo langt aftur sem ég þekki til hafi fangelsismál sjaldan eða aldrei fengið neinar undirtektir hér á hv. Alþ. Er það vafalaust rétt, sem oft er fært fram okkur alþm. til gagnrýni, að við séum áhugasamari um að draga fé í einhverjar framkvæmdir í kjördæmum okkar sem við getum hælt okkur af til að reyna að vinna fylgi, en láta fram hjá okkur fara stofnanir eða óhjákvæmileg útgjöld, sem snerta þjóðfélagið allt og verða aldrei til þess að neinn maður vinni fyrir það atkv.

Í sambandi við lagasetningu og lög, sem eiga að vera undirstaða þjóðfélags okkar, er það gömul viska að ekki þýðir að setja lög sem ekki finna hljómgrunn í réttlætistilfinningu alls þorra landsmanna. Það er ógæfa þegar löggjafinn telur óhjákvæmilegt að setja lög sem fólkið síðan ber ekki almenna virðingu fyrir og eru brotin í stórum stíl. Hér á landi er nokkuð af slíkum lögum, og má þar nefna tvo flokka: lög, sem fjalla um smygl, annars vegar og lög, sem fjalla um skattamál, hins vegar. Það er eðlilegt að smygl sé vandamál í litlu eylandi þar sem siglingar til og frá eru miklar og flug nú orðið mikið, en þjóðfélagsaðstæður hafa valdið því að t. d. áfengi og tóbak er selt af ríkinu á mjög háu verði. Skapast því óhjákvæmilega möguleikar fyrir allmikinn gróða af smygli, jafnvel þó að smyglararnir standi sig vel í samkeppni um verð á móti ríkinu. Mun ekki ofsögum af því sagt að allur almenningur lítur mildum augum á smyglmál almennt, telur að dálítið smygl af hendi sjómanna, flugmanna og hinna gífurlega mörgu ferðamanna sé ekki nema gott og gilt. Hitt er annað mál, að þetta getur orðið að mjög alvarlegri þjóðfélagsmeinsemd ef smyglið verður, eins og Pétur heitinn Benediktsson orðaði það, að starfsemi „bófahringa“ og þær upphæðir, sem velt er í þeirri starfsemi, verða svo stórar að menn seilast til hinna svívirðilegustu afbrota til þess að reyna að hindra, að upp komist.

Ég vil taka undir það með hæstv. ráðh., að þróunin í þessum málum öllum hefur verið mjög til hins verra hér á landi eins og í nágrannalöndum okkar og það er rík ástæða til að dómsmálakerfinu sé breytt til þess að það verði vel undir það búið að mæta þessari auknu afbrotaöldu og halda uppi lögum og reglu með skaplegum hætti. Umbætur hafa vissulega verið gerðar á dómsmálunum, eins og öllum er kunnugt, t. d. þegar embætti saksóknara ríkisins var sett upp, sem var mjög merkilegt skref, með því að setja upp fíknilyfjadómstólinn og ýmsu fleiru. Skilningur á þörfum slíkra umbóta kom að sjálfsögðu fram þegar skipaðar voru nefndir til þess að endurskoða þessi lög á árinu 1972 af hæstv. núv. og þáv. dómsmrh., en frv. þau, sem hér liggja fyrir, munu öll vera samin af þeim nefndum.

Ég tel að það sé mjög tímabært að frv. það, sem við nú ræðum, kemur fram. Ég vil taka

undir þá skoðun að samþykkt þess muni reynast stórt spor í rétta átt á þessari braut. Þó að margir einstaklingar vinni vel á sviðum lögreglu- og tollamála hér á landi tel ég ástæðu til að styrkja þessa sveit, ekki síst með því, sem er sérstaklega nefnt í grg., bókhaldsrannsóknum og öðru slíku til þess að þessar stofnanir þurfi ekki að stöðvast algerlega ef þær fá í hendur vitlaust og vanrækt bókhald fyrirtækis, eins og við höfum því miður heyrt dæmi um.

Það er algert grundvallaratriði fyrir farsæla þróun þjóðfélags okkar að hér ríki fullkomin tiltrú einstaklinganna til ríkisvaldsins, og sú tiltrú verður að vera undanbragðalaust traust á því, að réttarfar sé eins fullkomið og hægt er að hafa það og mál fái skjóta og góða rannsókn og síðan dóm eftir efnum og ástæðum, án þess að þau dragist eða nokkur geti fundið tilefni til að halda fram að ekki gangi sömu lög yfir alla einstaklinga. Þegar þróunin verður á þá lund sem hefur verið lýst, að stórfelld aukning svo til allra tegunda afbrota gengur yfir þjóðina og hér fer að bera bæði á afbrotahringum og stórafbrotum af því tagi sem við höfum blessunarlega talið okkur laus við til skamms tíma, er ástæða til að ætla að ef ekki verður spyrnt við fótum geti tiltrú einstaklinganna á ríkisvaldinu, þjóðfélaginu og réttarkerfinu minnkað.

Við höfum sparað okkur kostnað af dómskerfinu á liðnum tímum vegna þess að fólkið hefur ekki fundið eins ríka þörf fyrir það og ég tel að sé fyrir hendi í dag. En þegar þróunin verður á þessa lund og ástæða er til að óttast um tiltrú almennings á réttarkerfinu, þá tel ég að það sé tvímælalaus skylda Alþ. að láta ekki standa á þeim fjármunum sem að bestu manna yfirsýn eru nauðsynlegir til þess að ráða bætur á kerfinu, svo að það geti valdið þessum auknu verkefnum.

Ég vil að lokum taka undir það sem hæstv. ráðh. sagði, að jafnframt því sem við höldum áfram að þróa og bæta réttarkerfið skulum við hafa í huga að við viljum öll búa við jafnrétti og réttarríki, en við viljum ekki fá yfir okkur neins konar lögregluríki.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Mér finnst rétt að segja örfá orð um þetta frv. nú þegar við þessa umr.

Með lögum skal land byggja. Þau orð eru lögð í munn Njáli hinum spakvitra á Bergþórshvoli, og þar er þau fyrst að finna í íslenskum heimildum, að ég ætla, en voru áður alþekkt í norrænni löggjöf. Þessi orð hafa öldum saman verið yfirskrift og markmið í löggæslu- og réttarfarsmálum okkar íslendinga.

Hæstv. dómsmrh. hefur nú reifað þetta frv. allítarlega og skýrt frá því að það á sér langan aðdraganda. Hann vék m. a. að frv., sem lagt var fyrir Alþ. árið 1948 um meðferð opinberra mála og á þeim tíma var samið af hinum færustu mönnum, en náði ekki fram að ganga nema að hluta. Þannig hefur þróunin verið í þessum málum. Þau taka yfirleitt ekki stökkbreytingum, en hafa þróast eftir því sem byggðin hefur eflst, fólki fjölgað á höfuðborgarsvæðinu og öðrum aðstæðum.

Án þess að ég ætli að fara að þakka mér eitthvað í þessu frv. sem ég fagna, þá vil ég þó aðeins minnast á það að hinn 17. apríl 1968, eins og raunar er bent á í grg., samþykkti Alþ. að fela ríkisstj. að undirbúa breytta skipan á yfirstjórn lögreglunnar í Reykjavík, þannig að bæði hin almenna lögregla og rannsóknarlögregla heyri framvegis undir lögreglustjóra. Þetta var ályktað samkv. till. til þál. sem ég hafði flutt um þetta efni.

Það var svo borið fram frv. samkv. þessari ályktun á Alþ. 1969—1970, einnig samið af hinum hæfustu mönnum á þessu sviði, en náði ekki fram að ganga. Mér finnst rétt að vitna í grg. þessa frv., því að þar eru tekin upp atriði sem ég gerði að meginmáli í mínum rökstuðningi á sínum tíma. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðalatriðið, sem í frv. felst, er að yfirsakadómarinn í Reykjavík verður eigi lengur yfirmaður rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík svo sem nú er. Er þar með stigið spor í þá átt að aðskilja dómsvald í opinberum málum og lögreglustjórn þó að eigi þyki fært að stíga það skref til fulls. Tæplega verður um það deilt að rétt sé að fylgja fordæmi annarra þjóða um slíkan aðskilnað. Vísast um þetta til þess sem tekið var upp hér að framan úr grg. með frv. frá 1948."

Þetta kemur nákvæmlega heim við minn rökstuðning og mitt álit á þessum málum sem styðst við nokkra reynslu.

Ég hef jafnan talið að lögreglan ætti að vinna sem mest í einni heild, en vera þó skipt í deildir skipaðar sérhæfðum mönnum sem annist hin mestu viðfangsefni hvers tíma. Og að því er vikið í grg. á bls. 5, þar sem bent er á að eðlilegt sé að lögreglan hafi með höndum rannsóknir í ávana- og fíkniefnamálum. Gæti sérstök deild innan rannsóknarlögreglu ríkisins haft þau mál með höndum. Skapaðist þá möguleiki til þess að unnt yrði að leggja niður stofnun þá sem nú annast rannsókn þeirra mála.

Ég man eftir því að þegar lög voru sett um sérstakan dómara í fíkniefnamálum, þá benti ég einmitt á þetta atriði, að í staðinn fyrir nýtt embætti, sérdómstól, og setja á stofn sérstakan aðila, sem færi með þessi mál, væri eðlilegra að fela þetta verkefni almennum dómstólum og sérhæfðum lögreglumönnum. Ég verð því einnig að fagna þessu atriði frv. Frv. er að vísu ekki nákvæmlega eins og ég hafði gert mér í hugarlund á árunum 1967—1968, en það er ofureðlilegt, því að þróun þessara mála hefur orðið svo ör að hún kallar á breytta skipan svo til með hverju ári sem líður. Við þurfum ekki að fara ýkjalangt aftur í tímann til þeirra tíma þegar nánast engin afbrot voru framin hér á landi eða a. m. k. hin stærri afbrot voru mjög fátíð. En einnig að þessu leyti höfum við þróast áfram með öðrum menningarþjóðum og höfum þess vegna við ýmis viðfangsefni að fást í dag sem voru nánast óþekkt fyrir nokkrum árum eða áratugum.

Þetta frv. verður að sjálfsögðu að skoða vandlega og senda það ýmsum aðilum til umsagnar. Svo er með allar breytingar á löggjöf í þess-

um efnum. En það er samið af hæfum og reyndum mönnum, það bendir á leiðir og breytt skipulag sem líklegt er til að bæta réttarkerfið og samræma það kröfum tímans.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Þar sem ég á sæti í þeirri n. sem fær þetta frv. til meðferðar, þá mun ég ekki hafa mörg orð um frv. nú við 1. umr. þess, en skoða það gaumgæfilega í n. og mun gera mitt til þess að það fái ítarlega meðferð og fái afgreiðslu ef umsagnir, sem berast, reynast jákvæðar og þá afgreiðslu sem talin er skynsamlegust og réttust. Ég vil þó strax taka fram að ég lít svo á að hér sé um að ræða mjög merkilegt frv. sem ég vil sérstaklega lýsa ánægju minni með að flutt sé, og ég vil jafnframt þakka hæstv. dómsmrh. fyrir ágæta og efnismikla framsöguræðu.

Þetta frv. er merkilegt að því leyti að hér er um að ræða aðskilnað á rannsókn mála og dómsvaldinu. Fram að þessu hafa þessir tveir þættir verið undir einum og sama hattinum, og það hefur verið mat manna að það fyrirkomulag væri óviðunandi og vekti ekki nægilega mikla tiltrú hjá almenningi um að mál fengju réttláta meðferð. Þar að auki hefur verið gagnrýnt hversu seinagangur hafi verið mikill á meðferð slíkra mála.

Hvort hins vegar sé rétt að stofna sérstakt rannsóknarlögregluembætti er annað mál, því að auðvitað kemur til greina að setja rannsóknarlögreglustjóra ríkisins eða þau verkefni, sem hann á að hafa, undir t. d. lögreglustjórann í Reykjavík. Um það hefur oft verið rætt og er eðlilegt að sú leið sé athuguð. Ég tek fram að ég hef ekki mótað mér skoðanir um það á þessu stigi málsins, en vek athygli á því að slíkt kæmi að sjálfsögðu til greina að hafa rannsóknarmálin alfarið hjá embætti lögreglustjórans í Reykjavík.

Hæstv. dómsmrh. vakti hér athygli á því áðan að alls konar afbrot færu mjög vaxandi í þjóðfélaginu. Það hefur líka verið vakin athygli á því af hv. 2. landsk. þm. og tekið undir það sem hæstv. ráðh. sagði, að þessi brot væru að miklu leyti auðgunarbrot, fjársvikamál alls konar. Með því að efla rannsóknarstörf, rannsóknarlögreglustörf, þá eiga þau mál að sjálfsögðu að fá skjótari og betri meðferð, en sú rannsóknarstarfsemi kemur ekki í veg fyrir afbrotin og leysir þess vegna vandann að mjög takmörkuðu leyti hvað það snertir. Það er rétt, sem fram kom hjá hæstv. ráðh., að þar verður að líta lengra og dýpra, m. a. til uppeldismála hjá þjóðinni, og við þurfum að efla allt fyrirbyggjandi starf og móta æskuna strax í skólum þannig að hún beri virðingu fyrir lögum og rétti.

Ég vek líka athygli á því að við höfum haft rannsóknarlögreglu hér á landi um langan tíma og enda þótt þau rannsóknarstörf hafi heyrt undir sakadóm og lögreglustjóra, þá hafa þau að sjálfsögðu verið framkvæmd, þ. e. a. s. rannsóknarstörfin, þessi lögreglustörf, og hefðu getað verið í betra horfi en þau eru nú ef við hefðum eflt viðkomandi deildir löggæslunnar. Það væri þess vegna óþarfi út af fyrir sig að stofna sérstakt embætti rannsóknarlögreglustjóra ríkisins til þess að taka þessi mál fastari tökum en gert hefur verið, því að við getum að sjálfsögðu eflt rannsóknarlögregluna eins og hún er núna. En engu að síður stefnir þetta frv. í rétta átt að því leyti til, eins og ég sagði áðan, að það gerir ráð fyrir aðskilnaði rannsóknar- og dómsvalds.

Vegna þess að hæstv. ráðh. vekur réttilega athygli á hinum auknu afbrotum í þjóðfélaginu, — afbrotum sem eru refsiverð samkv. hegningarlögunum, þá er líka vert og eðlilegt að vakin sé athygli á annars konar brotum eða a. m. k. ásökunum um slíkt, en þar á ég við vaxandi ásakanir, bæði hér í þessu landi og annars staðar þar sem við þekkjum til, um alls kyns spillingu í stjórnkerfinu, um ákvarðanir bæði stjórnmálamanna og embættismanna sem almenningsálitinu finnast orka tvímælis. Þessar ásakanir eru að sjálfsögðu mjög alvarlegar fyrir lýðræðið í þjóðfélaginu, og það er skylda stjórmálamanna að grípa með einhverjum hætti á þessum ásökunum og bregðast við þannig að tiltrú einstaklinganna, borgaranna, minnki ekki á því réttar- og lýðræðiskerfi, sem við viljum búa við. A s. l. ári hafa m. a. komið upp ásakanir á hendur stjórnmálamönnum, sem eru mjög áberandi í þjóðfélaginu, um afskipti af málum, sem síðan aftur tengjast ýmiss konar öðrum sakamálum, og ásakanir um að hafa misnotað aðstöðu sína með einum eða öðrum hætti. Að sjálfsögðu tek ég ekki undir neinar ásakanir á einstaklinga, hverju nafni sem þær nefnast, og lýsi ekki yfir neinni sekt á hendur neinum fyrr en sú sekt er sönnuð. En ég hef hins vegar tekið undir óskir um að slík mál séu rannsökuð með einhverjum hætti. Þessar ásakanir eru kannske ekki beint um það að framin hafi verið brot samkv. hegningarlögum, heldur eru þau kannske frekar siðferðislegs eðlis. Með því að taka undir óskir um að slík mál séu rannsökuð, þá felst auðvitað ekki í því nein ásökun, heldur af minni hálfu a. m. k. áhyggjur vegna þeirra sem fyrir slíkum ásökunum verða og að menn séu bornir slíkum ámælum að ósekju.

Í þessu sambandi hefur verið bent á ákvæði í stjórnarskránni sem segir til um að Alþ. eða **deildir Alþ. geti skipað** sérstakar rannsóknarnefndir þegar rannsaka þarf mikilvæg atriði. Ég hef einmitt litið svo á að þetta ákvæði væri sett til þess að gefa þjóðþinginu möguleika á því að rannsaka mál sem heyra kannske ekki beint undir hegningarlögin í þeim skilingi sem við skiljum það orð.

Nú hafa hins vegar margir verið efins í að skynsamlegt væri fyrir Alþ. að fara út í þá sálma að setja á stofn slíkar rannsóknarnefndir, og á því eru að sjálfsögðu bæði kostir og gallar að efla slíka starfsemi á vegum þingsins. Við þurfum að skoða þetta vel og athuga hvað við getum komist áfram í þessum efnum. Ég minni líka á að við höfum haft til meðferðar hér á undanförnum þingum frv. um upplýsingaskyldu stjórnvalda og ekkert komist áfram með það frv. Það frv. á að þjóna borgurunum þannig að embættismönnum, opinberum starfsmönnum, sé gerð sú skylda að upplýsa ýmislegt sem borgararnir óska eftir, þannig að það sé ekki hulið einhverjum leyndardómi hvað fram fari hjá embættismönnum og í þeirra embættissýslu. Jafnframt höfum við samþykkt till. um að stofna embætti umboðsmanns Alþ., en ekki komist heldur lengra áfram með það mál.

Ég minni á þetta þrennt: rannsóknardeildirnar, upplýsingaskylduna og umboðsmanninn, til þess að undirstrika að ég held að þessi mál öll hafi verið viðleitni Alþ. og þá almennings til þess að standa vörð gegn yfirgangi stjórnmálamanna og embættismanna, að það sé einhver vörn í þessum atriðum fyrir borgarana til þess að ekki sé misnotað vald. Auðvitað á það að vera hlutverk Alþ. að uppræta hvers konar spillingu, hvort sem hún er lagalegs eða siðferðilegs eðlis, og ég álít að það sé eitt mest áríðandi hlutverk Alþ. að gegna þeirri skyldu sinni.

Rannsókn, hvers eðlis sem hún er og hvert sem sem hún beinist, felur það ekki alltaf í sér að sanna sekt á viðkomandi, heldur líka og kannske miklu frekar til þess að sanna sakleysi. Með því að rannsaka mál, með því að kanna mál, upplýsa þau, er oft hægt að sýna fram á sakleysi og sýna fram á að heiðarlega hefur verið staðið að málum.

Ég taldi ástæðu til þess að minnast á þennan þátt rannsóknarmála við þessa umr., þó að það heyri ekki beinlínis undir þetta frv., vegna þess að þetta hefur mjög verið á döfinni í þjóðfélaginu og leitar mjög á almenning. Og það er eðlilegt og skylt fyrir Alþ. að taka á því með sama hætti og þetta frv. gerir ráð fyrir, að taka á og reyna að laga til hvað snertir rannsóknir á málum sem snerta og eru talin vera brot á hegningarlögunum. Það er vissulega ákaflega seinvirkt, það kerfi sem við höfum í dag. Það er illa búið að rannsóknarlögreglunni. Þetta þurfum við að laga. Við þurfum að efla þessa starfsemi, reyna að auka tiltrú almennings á réttarríkinu. Það er rétt, sem fram kom hjá hæstv. dómsmrh., að við viljum ekki búa hér við lögregluríki, heldur réttarríki, en það getur orðið lögregluríki, þegar menn eru ásakaðir eða lokaðir inni og fá síðan aldrei niðurstöðu í sín mál og liggja undir ámælum og ákærum um langan tíma.

Ég held, herra forseti, að ég hafi ekki þetta mál mitt öllu lengra að sinni. Eg fagna þessu frv. og tek fram að ég sem formaður allshn. mun leggja mig fram um að það fái ítarlega meðferð í nefndinni.

Tómas Árnason: Herra forseti. Þetta frv., sem hér er til umr., er óvenjulega vel undirbúið. N. hefur starfað að undirbúningi málsins um árabil og þess vegna ekki þess að vænta að menn geti í sjálfu sér undirbúningslítið, eins og ég er, í sambandi við þetta mál lagt mikið fram. En ég vildi sérstaklega fagna framkomu þessa máls, sem felst í því meginatriði að leggja til stofnun rannsóknarlögreglu ríkisins og rannsóknarlögreglustjóra ríkisins og einnig að lögfesta það að rannsóknarlögregla ríkisins skuli hafa á að skipa starfsfólki er sé sérhæft til að rannsaka ýmsar tegundir brota. Eg er þeirrar skoðunar að það felist mikil framför í þessu frv., ef það verður að lögum, og þá í réttarfarsmálum þjóðarinnar.

Það hefur réttilega verið bent á það í umr. að íslenskt þjóðfélag hefur tekið miklum breytingum, stórstígum breytingum á skömmum tíma, og sérstaklega að því leyti til að vaxandi þéttbýli og raunar stórborgarmyndun hér við Faxaflóann hefur leitt af sér talsvert annað þjóðfélag en það gamla dreifbýlisþjóðfélag sem íslendingar hafa löngum búið við. Og þessari breytingu fylgir að sjálfsögðu ýmislegt, bæði gott og vont. Ég geri ráð fyrir að í þéttbýli aukist möguleikar manna á því að fremja afbrot af ýmsu tagi, ekki síst fjármálalegs eðlis, án þess að ég telji ástæðu til að fara nánar út í það. Þess vegna er auðvitað vaxandi þörf á því að þjóðfélagið hafi á að skipa sérþjálfuðu starfsliði til þess að sinna málum af því tagi, sem þetta frv. fjallar um, þ. e. rannsóknarmálunum. Auk þess sem þjóðfélagið hefur tekið stórstígum breytingum á undanförnum áratugum hafa einnig samskipti íslendinga við útlönd vaxið stórkostlega, eins og kunnugt er, og þjóðin hefur komist í miklu nánari snertingu við aðrar þjóðir og það hefur fætt af sér ýmislegt sem einmitt eykur möguleika á ýmiss konar afbrotum.

Það hefur verið rætt talsvert um það hér hvað rannsókn mála gengur seint, og ég held að allir séu sammála um að það væri æskilegt að flýta meðferð dómsmála og um það er raunar ekki deilt. En það er skylt að geta þess, sem raunar hefur komið fram, að rannsókn mála í lýðræðisríki eins og hér á Íslandi er þess eðlis að það er oft á tíðum erfitt að rannsaka mál vegna þess að enginn er sekur fyrr en sekt er sönnuð og það getur vafist fyrir mönnum að sanna sekt. Það liggur ekki alltaf í augum uppi. Og það sem er kannske meira um vert er það, að það kostar mikið fjármagn, vil ég segja, að standa sómasamlega að réttarfarsmálum.

Ég hef tekið eftir því að áhugi almennings á þessum málum er tiltölulega lítill nema þegar þau snerta þjóðmálin og valda deilum á vettvangi þjóðmála. Ég hef t. d. aldrei orðið var við það, á t. d. framboðsfundum eða stjórnmálafundum, sem ég hef tekið þátt í um stjórnmál, væri rætt um þessi mál. Ég hef ekki orðið var við það. Og mér finnst það einmitt benda til þess að almenningur í landinu hafi sýnt þessum málum tiltölulega lítinn áhuga, minni áhuga en vert væri að minni hyggju, því að einmitt þessi mál og meðferð þessara mála eru einn af þýðingarmestu hyrningarsteinum undir lýðræðislegu þjóðfélagi. Ég veit ekki heldur, hvað alþm. hafa haft mikinn áhuga á þessum málum. Ég vil ekkert um það segja. En ég vonast til þess að þetta mál fái góðar viðtökur hér á Alþ., því að enginn vafi er á að í því felst mikil framför. Þeir, sem hér hafa tekið til máls, hafa verið mjög jákvæðir til málsins. En ég held að það sé rétt að við alþm. gerum okkur strax grein fyrir því að samþykkt þessa máls kostar fé, eins og hæstv. dómsmrh. réttilega tók fram í sinni ítarlegu og ágætu framsöguræðu. Og ef við lítum t. d. á eina tegund mála, sem hefur verið talsvert um á undanförnum árum, þ. e. skattrannsóknamál, þá er enginn vafi á því að það kostar mikið fé að gera þeim málum eðlileg skil og standa að rannsókn þeirra mála með æskilegum hraða. Það kostar mikið fé, sennilega miklu meira fé en til þess hefur verið veitt á fjárl. ríkisins. Þess vegna held ég að við ættum að gera okkur grein fyrir því þegar í upphafi að til þess að bæta um þessi mál þarf í fyrsta lagi að sjálfsögðu skynsamlegt kerfi, en í öðru lagi þarf verulegt fjármagn til þess að slíkt kerfi verði virkt. Og ég er þeirrar skoðunar og tala um þetta af nokkrum kunnug-

leika, vegna þess að ég hef starfað sem lögmaður nokkurt árabil, að það þurfi talsvert verulegra meira fjármagn til þessara mála en veitt hefur verið. Og ég held að hv. Alþ. ætti í engu að hika í því efni að afla fjár til þess að koma á enn þá traustara og virkara réttarfari í landinu en verið hefur fram að þessu hér á landi.

Það hefur verið rætt dálítið um fangelsismál, komið aðeins inn á þau og réttilega bent á það að fangelsi eru ekki skemmtileg. En þá vaknar spurningin: Hvað á að gera til þess að reyna að koma í veg fyrir að menn fremji afbrot? Fram til þessa hefur helsta ráðið verið að refsa mönnum fyrir afbrot, ýmist með frelsissviptingu, fésektum eða það séu dæmd af mönnum réttindi, sem menn hafa af ýmsu tagi. Ég segi fyrir mína parta að ég er ekki að tala fyrir því að það sé beitt ómannúðlegum aðferðum í sambandi við fangelsismál og að fangelsi séu ekki tilhlýðilega úr garði gerð. En ég er þeirrar skoðunar alveg hiklaust, og vil tala alveg tæpitungulaust í þeim efnum, að það þurfi að halda uppi talsvert strönguum refsingum til þess að nægilegt aðhald fáist í þjóðfélaginu gagnvart þeim, sem hafa tilhneigingu til þess að brjóta af sér, og til þess að um nægilega vernd sé að ræða fyrir venjulega löghlýðna borgara.

Það mætti auðvitað flytja langt mál um þetta, en það er ekki meining mín. Ég vildi aðeins undirstrika það, að ég fagna komu þessa máls inn á hv. Alþ. Það er verið að styrkja með framlagningu þess rannsóknarstörfin og flýta meðferð rannsóknarmála, og það er enginn vafi á að sú stofnun, sem hér er lagt til að stofna, mun þróa upp þjálfaðra starfslið á þessum vettvangi heldur en verið hefur. En fyrst og seinast vildi ég leggja áherslu á það og skora á hv. alþm. að styðja málið þannig að standa að fjáröflun til þess að rannsóknarmál og dómsmál yfirleitt og réttarfar í landinu fái þann stuðning almannavaldsins sem ég álít að vert sé.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég vil sérstaklega þakka hv. þm. fyrir jákvæðar undirtektir og ég vil enn fremur þakka þeim fyrir þær umr. sem hér hafa farið fram um þetta efni. Það er ekkert aðalatriði að menn séu endilega alveg á sama máli í þessum efnum, og það er ekkert óeðlilegt þó að fram komi aths. sem horfa eitthvað í aðra átt en er í frv. Það versta, sem getur mætt frv. eins og þessu og öðrum slíkum, er tómlætið. En einmitt það, að umr. hafa þannig farið fram, sýnir að menn eru vakandi í þessum efnum, og það gleður mig að þeir hafa áhuga á þessum málum, og það er ánægjulegt, því þessi mál má vitaskuld ekki fremur en svo mörg önnur þjóðfélagsmál vanrækja. En sjálfsagt er það rétt að þau hafa stundum viljað falla í skuggann, eins og hv. 2. landsk. þm. vék að. Ég skil það afskaplega vel að hv. alþm. vilji leggja meiri áherslu á byggingu sjúkrahúsa og skóla heldur en fangelsa. En það er nú samt sem áður svo, að fangelsi þurfa að vera til, og á meðan við þurfum að hafa fangelsi og það er trúlegt að það verði um sinn, þá þurfa þær stofnanir að vera þannig úr garði gerðar að þær séu mannsæmandi, að þær séu ekki þannig úr garði gerðar að þær séu líklegri til að spilla þeim, sem þar eru settir inn, heldur en bæta. Og þá þarf að verja til þeirra einhverjum fjármunum. En það hefur gengið heldur treglega að fá fram umbætur í fangelsismálum. Þó hafa verið gerðar þar á talsverðar umbætur sem má vel nefna. Það var gerð talsverð viðbygging við Litla-Hraun og þar er aðbúnaður allur annar en var áður í þeim þröngu húsakynnum sem þar voru. En samt sem áður er það auðvitað út af fyrir sig allsendis ófullnægjandi. Það þarf að byggja fangelsi. Og ég vil leyfa mér að minna á að ég fékk einmitt á sínum tíma samþykkt hér lög um fangelsi. Þá var það ákvæði í þeim, sem kannske skiptir ekki minnstu máli, það var lögboðið að verið skyldi 15 millj. á ári til þess arna, þannig að fjárveitingavaldið hefur hér ekki frjálsar hendur lengur. Það á að leggja til hliðar 15 millj. í þessu skyni. En auðvitað getur löggjafinn ekki bundið hendur sjálfs sín og hann getur komið og tekið eitthvað af þessu aftur og skorið eitthvað af fjárveitingu hvers árs. En þarna er þó fyrir hendi vísir og það er unnið að því að hanna fangelsi í grennd við Reykjavík og vænti ég að það geti komist upp áður en langir tímar líða.

Það er sagt og kvartað yfir því og hefur löngum verið kvartað yfir því að hér væri seinagangur í dómsmálum. Ég held að þar hætti mönnum líka til að blanda saman — og mér fannst ekki laust við það hjá hv. 2. landsk. þm. — einkamálum og opinberum málum. Þegar um opinber mál er að tefla, þá er það rannsóknin sem dregst og stendur lengi yfir. Þegar rannsókninni er lokið, þá held ég að undir venjulegum kringumstæðum þurfi dómsmeðferðin sjálf ekki að taka langan tíma. Hitt er allt annað mál, þegar um einkamál er að tefla, þá eru þau dregin, ég vil segja óskiljanlega árum saman. En ég held að þar sé ekki aðeins við dómstólana að sakast, heldur held ég að aðilar sjálfir og lögmennirnir eigi þar nokkurn þátt í með því að taka fresti. Það hefur e. t. v. verið of mikil linkind í því að líta svo á að aðilar ættu að hafa algert forræði í einkamálum og mættu því ráða hversu langan tíma þau tækju. En það er einmitt að því er varðar opinberu málin sem þessu frv. er ætlað úr að bæta, að hraða rannsókn, og það er það sem stendur á þar.

Það má vel vera að almannarómur segi að þeim stóru sé hlíft, en þeim litlu refsað. Þetta hefur e. t. v. lengi viljað við brenna. Ég held nú að því er varðar unga menn sem lenda á glapstigum, þá sé ekki í fyrsta skipti farið að þeim með mikilli hörku. Ég ætla að það heyri til undantekninga að þeir séu settir strax í fangelsi. Það verður þá að vera mjög alvarlegt brot sem þar er um að tefla. Við höfum heimild til skilorðsbundinna dóma og hún er notuð einmitt þegar um slík brot er að tefla. Með þeim skilorðsbundnu dómum var stigið mjög stórt skref í rétta átt, vegna þess að ég er sannfærður um að það er líklegra til þess að bæta hlutaðeigandi mann að fá þannig skilorðsbundinn dóm og mega þó eftir sem áður ganga frjáls, þó að hann sé undir eftirliti, heldur en vera settur í fangelsi.

Það hafa líka verið gerðar nokkrar umbætur á seinustu árum sem hafa miðað að því almennt að hraða dómsmálum og meðferð þeirra. Ég vil

þannig nefna að það hefur verið fjölgað mjög dómurum með lögum, stofnuð sérstök héraðsdómaraembætti, fjölgað dómaraembættunum hér í Reykjavík, og við tiltekin embætti utan Reykjavíkur, þar sem er mikið þéttbýli, eru settir sérstakir héraðsdómarar. Þannig hefur bæði borgaradómurum hér verið fjölgað mikið, sakadómurum líka og borgarfógetum. Utan Reykjavíkur hefur verið bætt við héraðsdómara í Kópavogi, tveimur í Hafnarfirði, einum í Keflavík, einum á Akureyri. Allt þetta miðar auðvitað að því að málin þurfi ekki að tefjast hjá dómstólunum, þeir geti afgreitt þau hraðar en áður. Til þess voru a. m. k. þessi spor stigin. Á Hæstarétti hefur líka verið gerð sú endurbót að þar hefur verið bætt við einum dómara, þannig að þeir eru 6, og jafnframt verið gerð sú breyting að í minni háttar málum megi þrír aðeins dæma. Þetta ætti að geta greitt fyrir því að mál gengju þar tiltölulega fljótt, en ég hygg að yfirleitt hafi ekki staðið á afgreiðslu mála í Hæstarétti.

Stundum vilja menn kannske setja of mikið undir dómstólana og eigna þeim það sem ekki heyrir undir þá. Þannig er það með skattamálin t. d., að það er yfirleitt annar aðili, sem þar kemur til, heldur en dómstólar, þó að svo geti farið að skattamál endi hjá dómstólum.

Það er fjarri mér að ég vilji bendla nokkra ríkisstj. sérstaklega við það hvort afbrot eru fleiri eða færri. Ég held að það standi ekki í sambandi neitt við það hver ríkisstj. er. Að sjálfsögðu hefur ástandið í þjóðfélaginu á hverjum tíma sín áhrif í því efni, en ég hef ekki trú á því að það sé bundið sérstaklega við hvaða menn eru í stjórn eða hvaða stjórn situr, hvort afbrotahneigð almennt er meiri eða minni eða hvort fleiri eða færri afbrot eru framin. Og þó að þetta sé staðreynd, sem ég held að sé rétt, að afbrotum hafi farið fjölgandi á seinustu árum og það sé a. m. k. örugglega víst að það eru aðrar tegundir afbrota, sem nú eru framdar, heldur en áður átti sér stað, þá held ég að það væri fróðlegt og til gamans að fletta hæstaréttardómum og t. d. dómum landsyfirréttarins og bera þá saman. Ég er ósköp hræddur um að flestir landsyfirréttardómarnir fjalli um sakamál og hlutfallið sé orðið heldur annað núna hjá hæstarétti. Það munu nú vera fleiri einkamálin, sem þar eru dæmd, heldur en sakamál, þannig að þetta skiptist á með ýmsum hætti. En síðaskoðunin breytist, lögin fylgja á eftir. Það fer lítið fyrir í dag sumum þeim afbrotum sem fylla dómsmálabækur landsyfirréttarins, en þeir þekktu þá ekki heldur mörg þeirra afbrota sem nú eru hættulegust og alvarlegust. En jafnvel á fyrri tíð þekktust svo sem brot sem litin voru alvarlegum augum þá, já, jafnvel glæpahringir og glæpafélög, bæði á Suður- og Norðurlandi. Það þarf ekki annað en fara til aldarinnar sem leið, þannig að það er ekki allt til hins verra endilega. Þetta breytist og kemst í annað horf. En kannske er mannskepnan innst inni alltaf talsvert sjálfri sér lík þrátt fyrir breytt umhverfi. Vissulega eru núna tímar fjársvikamála, má segja. Það eru alvarleg mál. Í mínum augum eru þó hin málin miklu alvarlegri, ofbeldismálin, hryðjuverkamálin. Þau eru stórum alvarlegri og hættulegri að mínu mati, og þau fara því miður vaxandi. Þar getur margt komið til greina. Oft er um ofnautn áfengis að tefla. Svo getur sjálfsagt ávana- og fíknilyf komið þar við sögu líka. Það eru þessi mál sem þarf að hafa miklar gætur á.

Auðvitað er ekkert við það að athuga að menn velti ýmsum leiðum fyrir sér í sambandi við þetta mál og skoði það frá mörgum hliðum og fái að sjálfsögðu um það umsagnir ýmissa aðila. En ég vil þó segja út af því sem hv. 11. þm. Reykv. sagði, þar sem hann var að tala um að e. t. v. mætti setja þetta undir lögreglustjórann í Reykjavík, að það held ég sé vafasamt, þó að það megi skoða. Ég held að sú lögregla, sem hér er um að ræða, og það embætti, sem hér er um að tefla, verði að vera óháð umdæmum. Ég held að það gæti aldrei blessast að lögreglustjórinn í Reykjavík færi að hafa á hendi stjórn rannsóknarlögreglu sem ætti að taka til landsins alls. Ég held, að lögreglustjórinn í Reykjavík hafi ærið verk að vinna við önnur þau verkefni sem honum eru falin, og efast um að nokkrum manni verði greiði gerður með því að tvinna það saman. En hitt er líka að mínum dómi jafnrétt, að skilja rannsóknarlögregluna, eins og hér er gert ráð fyrir, frá sakadómaraembættinu í Reykjavík. Það er heppilegt að skilja þarna á milli.

Ég skal ekki að öðru leyti tefja tímann með því að ræða um þau atriði sem fram komu hjá hv. 11. þm. Reykv. t. d. og tvímælis geta orkað. Ég vil þó segja það, að ég teldi til bóta ef lögfest yrði frv. um upplýsingaskyldu, þó að því væri breytt frá því sem það var lagt hér fram og ég lagði tvisvar fram. Það fékk ekki náð fyrir augum hv. Alþ., án þess þó að Alþ. sæi sér fært að gera á því þær breytingar sem það taldi rétt vera. Sama er að segja um umboðsmann Alþingis. Ég lét á sínum tíma semja frv. um það efni og ég man ekki betur en ég legði það hér fram. Síðan hefur það ekki séð dagsins ljós. (Gripið fram í.) Nei, nei. Ég læt þessa aðeins getið.

Ég sé ekki beint ástæðu til að fara að ræða það efni, sem hann vék að, spillingu í embættismannakerfinu og hjá stjórnmálamönnum. Ég held að það sé gert of mikið úr því að það sé spilling hjá embættismannakerfinu. Hins vegar verða stjórnmálamenn auðvitað að þola það að þeim sé sitthvað fundið til foráttu og ættu ekki að bogna í baki af þeim sökum. En stjórnmálamenn vinna störf sín yfirleitt fyrir opnum tjöldum og verða að svara til saka hér á Alþ., og það má gagnrýna þá fyrir hvað eina og lýsa á þá vantrausti. Ég efast um að hægt sé að segja að á þá skorti smásjá. Þeir vinna yfirleitt störf sín undir smásjá og verða að þola það og sæta því ef þeir á annað borð gefa sig í að sinna þessum störfum. En sjálfsagt mætti hugleiða það að taka upp rannsóknarnefndir hér í stærri stíl en gert hefur verið. Þær hafa ekki verið mikið notaðar hér, en eru notaðar sums staðar annars staðar, t. d. í Bandaríkjunum. Ég er ekki sannfærður um að það væri til bóta hér hjá okkur að taka upp svipaðar aðferðir. Ég held að Alþ. með sínum fsp., með sínum þál. og með því að þm. hafa yfirleittt frjálsan og ríflegan rétt til þess að tala hér utan dagskrár um hvert það málefni, sem þeir vilja um tala sé tryggt sæmilegt aðhald að

stjórnmálamönnum þeim sem á Alþ. sitja. En síst skal ég hafa á móti því að það sé reynt að betrumbæta það allt saman.

Ég vil að lokum þakka hv. þm., sem hér hafa talað, fyrir góðar undirtektir við þetta mál og vona, að það nái fram að ganga fyrr en seinna.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég held að það sé ekki rétt hjá hæstv. dómsmrh. að þessi fundur hafi sýnt einhvern sérstakan áhuga Alþ. á því máli sem hér er til umr. Að vísu hafa æðimargir menn tekið til máls. (**Dómsmrh.:** Viðstaddir.) Já, áhugi viðstaddra hefur að vísu komið fram í því, en hinir viðstöddu hafa verið næsta fáir. Mér telst til að lengst af á þessum fundi hafi verið eins og fjórðungur þeirra sem eiga sæti í þessari hv. d. En þetta er að sjálfsögðu eftir öðru. Mál af þessu tagi virðast ekki njóta af hálfu Alþ. þess áhuga sem vert væri, því miður.

Það væri að sjálfsögðu hægt að flytja langt mál um það frv., sem hér liggur fyrir, en ég er ekki undir það búinn. Mér virtist hins vegar óviðkunnanlegt að það kæmi ekki a. m. k. einn maður úr mínum flokki hér upp í stólinn til þess að hæstv. dómsmrh. fyndi þó að það væri nokkur áhugi líka í þeim flokki fyrir málinu.

Ég vil víkja aðeins að fáum atriðum sem rædd hafa verið. Það er t. d. þetta með fangelsismál. Menn eru að tala um að það þurfi að auka rýmið í fangelsunum og það eigi að leysa svo og svo mikinn vanda. Ég hygg að fyrir hæstv. dómsmrh. vaki hið sama í þessum málum eins og okkur ýmsum sem höfum sýnt þeim áhuga. Það, sem fyrir okkur vakir, er ekki endilega að meira pláss verði í fangelsum, að aukið verði plássið til þess að svipta menn frelsi, heldur að slíkar stofnanir verði menningarlegri og manneskjulegri heldur en þær hafa verið hér á landi og líklegri til þess að bæta menn, en ekki spilla þeim, eins og mér sýnist að hafi verið, því miður, lengstum. Stendur ekki á mér að játa það að í tíð hæstv. núv. dómsmrh. hefur þessu þokað nokkuð svo í rétta átt.

Annað vildi ég drepa á. Það hefur verið talað hér um skilorðsbundna dóma. Afbrotamönnum er oft sleppt skilorðsbundið, og ef þeir brjóta svo aftur af sér, þá verða þeir að taka út þá refsingu sem þeir áttu óafplánaða. Ég tel mig vita dæmi þess að óafplánaðir dómar hafi valdið því að viðkomandi maður komst aldrei á rétta braut, en hefði hins vegar komist það ef öllu hefði verið af honum létt. Stundum hefur mér virst að þetta hafi valdið vissri truflun í sálarlífinu. Þessir menn komast aldrei í sátt við samfélagið vegna þess að á þeim hvílir þetta stöðuga farg.

Eitt sinn í sumar hringdi til mín ágætur vinur minn, sem ég kynntist þegar ég fór að skoða þessi fangelsismál, — maður sem ég tel að hafi notið mikils skilnings af hálfu þeirra yfirvalda sem um þessi mál fjalla. Hann hafði náð sér vel á strik, eins og sagt er á vondu máli, og var orðinn hinn hamingjusamasti maður, heimilisfaðir með ágætum o. s. frv. En svo vill svo til að hann fær sér aðeins í staupinu. Ég hef það fyrir satt að það hafi verið ósköp lítið. En svo er hann — hann hafði ráðið sig á bát — svo er hann allt í einu kallaður í róður og bregður sér í bíl til næstu verstöðvar. Og þá er hann tekinn fyrir ölvun við akstur. Eins og ég segi, hef ég það fyrir satt að það hafi ekki verið um raunverulega ölvun að ræða. En hann hafði neytt áfengis. Því næst gerist það að maðurinn er drifinn hér upp á Skólavörustíg. Þaðan hringdi hann svo til mín í dauðans ofboði. Það eru góðir menn og skilningsríkir sem þar ráða húsum. Hann fær að fara í símann. Og hann hringir til mín í dauðans ofboði og segir mér að sá aðili, sem fjallar um óafplánaða dóma, hafi tilkynnt honum að nú sé hann hér kominn inn til þess að taka út óafplánaðan dóm upp á nokkuð á annað ár. Honum er sem sé svipt allt í einu út úr því góða lífi, sem hann hefur lifað undanfarið, inn í tugthús, og þetta eru kveðjurnar sem hann fær. Ég vil taka það fram að dómsmrh. bar enga sök á þessu né heldur hans ráðuneytisstjóri. Þvert á móti. Ráðuneytisstjórinn kippti þessu strax í lag og manninum var sleppt. En ég hygg að við getum öll farið nærri um það hvílíkt áfall þetta er fyrir menn, að það dynur allt í einu yfir þá að þeir eigi að sitja í fangelsi í eitt eða kannske tvö ár, — menn eins og þennan sem eru að ná sér á strik í lífinu, eru á góðri leið með að verða hinir nýtustu þjóðfélagsþegnar.

Rætt hefur verið um misréttið í refsimálum. Við skulum ekki gerast þeir hræsnarar að neita því, að eins og allt er í pottinn búið í réttarkerfi okkar, þá fara litlu afbrotamennirnir miklu verr út úr því heldur en hinir stóru. Þetta er ekki bara almannarómur. Þetta er staðreynd. Og upp á þetta horfa hinir minni afbrotamenn, að þeir, sem hafa gerst sekir um mjög alvarleg afbrot, ekki brotist inn til þess að tæma einn peningakassa eða stela nokkrum karamellum úr hillu í búð, heldur gerst sekir um þess háttar brot að það er sambærilegt við margra, margra tuga milljóna þjófnað, — slíkir menn eru næsta fáséðir gestir á Litla-Hrauni. Og eftir þessu taka hinir minni afbrotamenn. Og þetta gæti verið ein skýringin á því sem hefur verið nefnt siafbrotahneigð eða eitthvað slíkt. Það kann að vera ein skýring á því að þessir hinir minni afbrotamenn, innbrotsþjófar og aðrir slíkir, komast ekki á réttan kjöl. Til þess liggja eflaust ýmsar sálrænar orsakir og m. a. kannske þessi, að þeir telja sig rangindum beitta af hálfu samfélagsins.

Ég ítreka það sem ég sagði, að það er að mínum dómi hræsni að játa þetta ekki. Ég vil bæta því við að ég trúi hæstv. dómsmrh. vel til þess að laga þetta, færa það til þess horfs að hinir stóru afbrotamenn fái að kenna á réttlætinu í þessu þjóðfélagi ekki síður en hinir minni.

Það hefur verið talað hér um afbrotahringi og samtök manna um hvers konar lögbrot. Stundum hefur verið talað um mafíur hér úr þessum stól. Það er gott og blessað, ekki veitir nú af. Ekki veitir af að ræða þau mál og láta þjóðina skilja, hvað hér er á ferðinni. En ég undrast það að þeir menn, sem vandlætast út af slíku, skuli ekki nefna ein slík samtök, eina mafíuna sem hefur komið mest við sögu víða um heim, og það er bandaríska leyniþjónustan, CIA.

Ég geri mér ljóst að það kunni að vera erfitt að kanna þau mál. En eftir því sem ég les í blöðum og ekki hvað síst í blaði hæstv. dómsmrh.,

þá er þessi leyniþjónusta orðin æði-umsvifamikil hér á landi. A. m. k. þrisvar hafa birst greinar í blaði hæstv. dómsmrh. þess efnis að bandarísk leyniþjónustan hafi staðið á bak við þær ásakanir eða þá hríð sem nýlega hefur verið gerð að dómsmrh. í sambandi við tiltekin afbrotamál, í sambandi við slælegan rekstur hans rn. varðandi rannsókn þeirra mála. Þarna hafi hann algerlega verið hafður fyrir rangri sök. Um það skal ég ekkert segja. Náttúrlega verður það að rannsakast eins og annað. Og dómsmrh. er, eins og aðrir þegnar þessa þjóðfélags, saklaus þangað til það sannast að hann sé sekur. En ég tel að hér sé um svo stórar fullyrðingar að ræða að það sé sjálfsagt að minnst sé á þær þegar verið er að ræða þessi mál almennt.

Ég fyrir mitt leyti tek alveg undir það sem skrifað hefur verið í Tímann um leyniþjónustuna bandarísku og nauðsyn þess að starfsemi hennar sé könnuð. Ég er ekki í neinum vafa um að hún hefur látið mikið til sín taka hér á Íslandi eins og í öðrum löndum. Það er fylgst hér með mönnum bæði eftir löglegum og ólöglegum leiðum. Og ég segi það sama og ég sagði hér einu sinni í vetur, að þetta gildir eflaust um leyniþjónustu fleiri stórvelda. En við erum hér að ræða um skrif í tilteknu blaði um eina tiltekna leyniþjónustu og það er sú bandaríska. Í morgun birtist enn ein greinin um þetta. Greinarhöfundur skrifar undir dulnefninu Svarthöfði. Það er sama dulnefnið og dálkahöfundur Tímans notaði meðan Indriði G. Þorsteinsson, starfaði við Tímann. Hann notaði þetta dulnefni, Svarthöfði. En Svarthöfði kemst svo að orði: „Það er till. mín að skipuð verði á Alþ. opinber rannsóknarnefnd er kanni aðdraganda og upphaf þessa máls," það er það mál, sem ég nefndi áðan, atlöguna að hæstv. dómsmrh. nú ekki alls fyrir löngu, — „og þá sérstaklega verið rannsakað hvort leyniþjónusta Bandaríkjanna hafi átt einhvern þátt í að koma rógsherferðinni af stað eða haft önnur afskipt af íslenskum málum á seinni árum."

Ég nota þetta tækifæri, sem hér gefst, til þess að lýsa yfir eindregnum stuðningi mínum við þessa till.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég vil í upphafi máls míns taka það fram að ég fagna mjög þessu frv., sem hæstv. ráðh. hefur lagt fram, og mun að sjálfsögðu fylgja því í öllum meginatriðum, vegna þess að ef af samþykkt þessa frv. verður, þá verður m. a. hægt að koma í veg fyrir það, sem virðist hafa gerst núna að undanförnu, ýmis furðuleg atvik varðandi rannsókn mála þar sem deilur hafa orðið um, hvaða aðili eða hvaða lögsagnarumdæmi eigi að hafa rannsóknina með höndum, og jafnvel komið gagnstæðar yfirlýsingar frá rannsóknaraðilum tveggja ólíkra lögsagnarumdæma um mál af því tagi. Ég held að farið sé inn á rétta braut með því að setja upp rannsóknarlögreglu ríkisins og leysa þar með þann vanda sem þarna hefur skapast.

Hins vegar hafa orðið hér nokkrar umr. um afbrotamál almennt, og í því sambandi langar mig til þess að vekja athygli á tvennu: Í fyrsta lagi þeim mikla vanda sem steðjar að þjóðfélaginu vegna síaukinna afbrota og óknytta barna og unglinga. Í mörgum slíkum tilvikum stendur sá, sem fyrir verður, uppi algerlega varnarlaus og getur hvergi fengið bætt það tjón sem kann að hljótast af slíku. Það vill oft verða þannig að börn og unglingar taka ákveðna menn fyrir, ráðast að eignum þeirra kvöld eftir kvöld og spilla, foreldrar neita að greiða bætur, lögreglan stendur uppi máttvana gegn þessu, viðkomandi sjálfur veit ekki til hvaða ráða hann á að grípa. Mér er kunnugt um einn góðborgara í Reykjavík, lækni einn, sem átti fallegan lystigarð sem aldrei fékk að vera í friði fyrir óknyttum og skemmdarverkum unglinga og barna. Þegar hann var búinn að ganga á milli Heródesar og Pílatusar til þess að reyna að fá leiðréttingu sinna mála, þá fékk hann loksins þau ráð hjá einum helsta forsvarsmanni lögreglunnar í Reykjavík að hann skyldi láta sem hann sæi ekki athæfi barnanna og vita hvort það mundi ekki enda með því að þau yrðu leið á því að spilla og skemma fyrir honum og sæju hann í friði, vegna þess að lögreglan gæti ekkert í málinu gert og hann gæti hvergi leitað neinna bóta.

Fyrir um það bil 7 árum, þegar ég hóf störf á ritstjórn Alþýðublaðsins, gerði ég mér það til fróðleiks að eiga viðtal við nokkra lögreglumenn héðan úr borginni. Þeir skýrðu mér frá ýmsum atvikum eins og ég hef hér lýst og sögðu m. a. að þeir óttuðust mjög hvað mundi gerast innan 8—10 ára þegar börn, sem alist hefðu upp við þetta andrúmsloft, væru komin til fullorðinsára og hefðu vanist því frá barnæsku og komist á þá skoðun að í íslensku réttarfari væri raunverulega ekkert afbrot refsivert, vegna þess að sem börn og unglingar hefðu þau sloppið við allar refsingar fyrir þá óknytti sem þessi börn hefðu drýgt. Þessir lögreglumenn sögðu að þeir væru sannfærðir um að ef svo héldi áfram sem nú horfði, þá ætti innan 8—10 ára eftir að skella yfir landið bylgja afbrota og ofbeldisverka ungra manna og kvenna sem hefðu vanist því frá barnæsku að lögin næðu ekki til þess.

Þetta er ég hræddur um að sé að gerast einmitt núna og að þessir lögreglumenn hafi þarna orðið sannspáir, vegna þess að annað alvarlegasta málið í okkar afbrotamálum er, eins og hæstv. ráðh. talaði um áðan, hin óhugnanlegu hryðju- og ofbeldisverk sem hafa stöðugt verið að færast í vöxt, og ég vil vekja athygli á því að þau eru flest drýgð af fólki sem nýlega er komið á sakhæfisaldur. Flest af þessum ofbeldisverkum, eins og árásir á saklaust fólk að næturþeli úti á götum eða jafnvel inni í íbúðum, rán og annað slíkt, eru drýgð af ungu fólki sem er nýlega komið á sakhæfisaldur, — fólki sem frá barnæsku hefur verið á skrám lögreglunnar og hefur vanist því og alist upp við að það sé raunverulega sama hvað það brjóti af sér, þá sé slíkur verknaður ekki talinn refsiverður. Svo þegar þetta fólk kemst til fullorðinsára, þá heldur margt af því að sjálfsögðu áfram sinni iðju, nema hvað hún verður öllu alvarlegri en hún var áður, og þá fyrst á að fara að kenna þessu fólki að til séu á Íslandi refsilög.

Þá er það líka orðið mjög áberandi að almennir borgarar eru orðnir uppfullir af ugg og ótta

við þetta ástand, vegna þess að það virðist vera að réttarkerfið í landinu sé þess ekki umkomið að verja saklausa borgara fyrir slíkum ofbeldis- og hermdarverkum. Ég vil í því sambandi lesa litla frétt sem birtist í Dagblaðinu mánudaginn 2. febr. s. l. og varpar nokkru ljósi á hvað hér er að gerast. Þar er sagt frá atburði sem gerðist haustið 1973. Sá, sem þátt tók í því ofbeldisverki sem þar var drýgt, er nafngreindur í fréttinni. Ég ætla samt ekki að nefna nafn hans, en að sögn blaðsins situr sá aðili nú í gæsluvarðhaldi og hefur játað aðild að morði. Frásögn eða frétt Dagblaðsins af þessu máli hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Nánari málsatvik varðandi atburðinn við Hlemm haustið 1973 voru þau að þessi tiltekni afbrotamaður og félagi hans töldu að ungi maðurinn, sem hér segir sögu sína, hefði komið upp um stuld þeirra á gítar úr Hljóðfærahúsinu þá um haustið.

Þessir tveir, afbrotamaðurinn og félagi hans, sátu fyrir unga manninum við Tónabæ og neyddu einhvern, sem ungi maðurinn gat ekki nafngreint, til þess að aka sér um bæinn. Tvisvar sinnum þjörmuðu þeir að honum á leiðinni, en er niður að Hlemmi var komið var hann hrakinn út úr bílnum. Sögðu þeir honum að nú ætluðu þeir að drepa hann.

Afbrotamaðurinn og félagi hans börðu nú unga manninn og spörkuðu í hann þar til hann missti meðvitund.

„Ég man ekki hvað gerðist eftir það, en þeir héldu áfram að sparka," segir ungi maðurinn. „Það eina, sem ég veit, er að ég vaknaði allur blautur og kaldur og mér tókst einhvern veginn að komast út á Hlemm þar sem einhver fann mig. Uppi á slysavarðstofu kom í ljós að ég var allur mjög brotinn í andliti, brákað nef og kinnbein brotið. Allar tennur voru lausar, en verst hefur mér gengið að ná mér að fullu í baki. Eymslin þar taka sig alltaf upp aftur þrátt fyrir sprautur og nudd."

Afbrotamaðurinn og félagi hans fengu skilorðsbundinn fangelsisdóm fyrir þetta athæfi og lét afbrotamaðurinn sér það greinilega ekki að kenningu verða. Ungi maðurinn sagði í viðtalinu að hann hefði upp frá þessu alltaf farið á dansleiki eða önnur mannamót í fylgd vina og það hefði einu sinni komið fyrir að þeir hefðu hist síðan atburður þessi gerðist. Var það í Þórskaffi, en þá gátu vinir hans komið í veg fyrir árás afbrotamannsins.

Þá hefur þessi afbrotamaður einnig verið dæmdur fyrir árás á eldri konu hér í bæ, og vitað er um mörg önnur afbrot sem maðurinn er aðili að.

„Þetta er allt dómskerfinu að kenna," sagði ungi maðurinn. „Þeir vita það að þeir fá bara skilorðsbundinn dóm og geta því gengið um frjálsir ferða sinna eftir sem áður.""

Það má vel vera, að menn sem lenda í því að fremja afbrot, ódæðis- eða ofbeldisverk á öðrum verði fyrir áfalli ef þeir þurfa að sæta refsingu fyrir. En ég held að almennir borgarar verði fyrir enn þá meira áfalli ef sú lýsing, sem er í þessari frétt Dagblaðsins, er rétt, — ef það er rétt, sem þessi ungi maður heldur fram sem lenti í klónum á þessum vanaafbrotamanni, að fólk, sem kemst í kast við slíka menn, þurfi helst að hafa um sig sveit lífvarða til þess að verja sig hefndum frá þeim upp á síðari tíma. Ef þessi lýsing í frétt Dagblaðsins er rétt, þá er ástandið í hryðjuverka- og ofbeldismálum hér á Íslandi orðið miklum mun alvarlegra en menn hafa haldið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Meðferð opinberra mála, frv. (þskj. 357). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir um breyt. á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 74 frá 1974, er fylgifrv. með frv. um rannsóknarlögreglu ríkisins sem var áðan til umr. Hér er að mestu um að ræða breyt. sem eru bein afleiðing af aðskilnaði sakdómaraembættisins í Reykjavík og rannsóknarlögreglu í Reykjavík sem með tilkomu rannsóknarlögreglu ríkisins hverfur til nýs embættis og til lögreglustjóraembættisins í Reykjavík að nokkru. Breyting á verksviði sakadómara í Reykjavík verður við þetta mjög veruleg. Utan Reykjavíkur verður breyting um þetta efnislega lítil, en nokkur að formi. Eins og lýst var við umr. áðan er hér um að ræða mikilsvert skref til nútímalegra réttarfars.

Ég tel ekki ástæðu til að hafa um þetta frv. fleiri orð, en óska þess að það fái samhliða meðferð og fyrrgreint frv. og verði að umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Skipan dómsvalds í héraði, frv. (þskj. 358). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr. um breyt. á lögum nr. 74 1972, um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl., er annað fylgifrv. lagafrv. um rannsóknarlögreglu ríkisins sem hér var fyrr rætt og er aðeins um að ræða orðalagsbreyt., að því undanskildu að framkvæmd refsidóma er flutt frá embætti sakadómara til lögreglustjóra í Reykjavík. Er það sjálfgefin afleiðing af hinni breyttu skipan.

Ég vil óska þess að frv. þetta fái sömu meðferð og hin fyrri og verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 72. fundur.

Mánudaginn 8. mars, kl. 2 miðdegis.

Aðild Íslands að samningi um aðstoðarsjóð Efnahags- og framfarastofnunarinnar, frv. (þskj. 338). —3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Fjölbrautaskóli, frv. (þskj. 386). — 1. umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Við þm. Alþb. í þessari hv. d. höfum leyft okkur að flytja frv. til l. um breyt. á heimildarlögum um fjölbrautaskóla.

Fyrri breytingin er í raun áréttíng ein, þ. e. að „að iðngreinum meðtöldum“ er bætt aftan við 1. gr. laganna. Þetta er gert til þess að herða á því og leggja aukna áherslu á það að í fjölbrautaskólunum, sem vonandi verða það framtíðarskólaform sem mest verður á byggt á næstunni, verði iðngreinar einmitt í hávegum hafðar ásamt greinum beint tengdum öðrum höfuðatvinnuvegum okkar. Þetta innskot eða viðbót er um leið nokkur aðvörun gegn því að þessir skólar beinist um of að áður hefðbundnum undirbúningi undir langskólanám, bóknám.

Aðalbreytingin kemur hins vegar fram í 2. gr. frv. þar sem fjallað er um kostnaðasskiptinguna, en í heimildarlögunum frá 1973 var ákveðið að ríkið skyldi greiða 60% og viðkomandi sveitarfélag 40%, í því tilfelli Reykjavík. Hér var í raun ekki um óeðlilega skiptingu að ræða miðað við það hvernig það mál var til komið, ósk um skóla, sem næst tilraun um nýtt form sem eitt sveitarfélag stóð að, þó að nú þegar séu fleiri að njóta góðs af þessu nýja og um margt bætta skólaformi, enda nú uppi mikil hreyfing í þá átt. Ég bendi aðeins á Flensborgarskóla í Hafnarfirði, minni á nýlega samþykkt þeirra á Suðurnesjum og að ég hygg ákvörðun um stofnun slíks skóla í Keflavík. Menntaskólinn fyrirhugaði á Austurlandi er alfarið hugsaður á beinni fjölbrautalínu, einmitt með sérstakri áherslu á tengingu við iðngreinarnar. Og á fleira mætti benda. Hins vegar er það rétt, að þetta skiptir litlu máli varðandi þann skóla, menntaskólann á Austurlandi, því að hann félli bara nafnsins eins vegna undir hina hefðbundnu kostnaðarskiptingu fyrir menntaskólana. Okkur flm. þykir tvímælalaust rétt að breyta þessum nú föstu hlutföllum, 60% annars vegar og 40% hins vegar, sem allar nýjar heimildir eru samkv. lögunum bundnar við. Ekki síst sýnist okkur þetta einsætt ef þetta form verður tekið upp í ríkum mæli, svo sem allar horfur eru á. Hlutur heimaaðilans er allt of hár samkv. lögunum og óviðráðanlegur í raun og ekki í neinu samræmi við aðra sambærilega skóla, nema þá iðnskólana, en þar eru hlutföllin enn lakari, enda höfum við flm. jafnhliða þessu frv. talið fulla ástæðu til að gera þar á róttæka breytingu sem vikið var að í framsögu fyrir því frv.

Nú er hér fyrir þessari d. frv. um fullorðinsfræðslu, sem gerir ráð fyrir mjög afgerandi þátttöku ríkissjóðs eða 75% af öllum kostnaði. Frv. liggur fyrir Nd. um stóraukna þátttöku ríkissjóðs í einkaskólum í viðskiptamenntun á framhaldsstigi. Hvort tveggja eru skýr dæmi um að enn frekar er hér breytinga þörf.

Við flm. leggjum til að kostnaðarhlutföllin verða ekki bundin, heldur verði þau samningsbundin hverju sinni, en fari eftir meðaltali samkv. gildandi lögum um kostnaðarhlutföll í þeim námsbrautum sem við fjölbrautaskólann eru ráðgerðar. Hér getur verið um ýmsar námsbrautir að ræða. Ég nefni aðeins sem dæmi fiskvinnslubraut, tæknibraut, búfræðibraut, viðskiptabraut, hjúkrunarbraut, almenna iðnnámsbraut og svo almenna menntabraut vitanlega til þess að sýna að hér getur verið nauðsyn að hafa á vissan sveigjanleika hverju sinni eftir því hvaða brautir á að starfrækja við viðkomandi skóla. Þróunin kann hins vegar að verða sú að allt framhaldsnám verði hér á sama báti, kostnaðarhlutföll alls staðar þau hin sömu, og þá fellur fjölbrautaformið að sjálfsögðu þar inn í sjálfkrafa.

Upphafleg lög um fjölbrautaskóla, þ. e. þau sem gilda í dag, voru til komin vegna þegar gerðs samkomulags milli ríkis og eins sveitarfélags. Það hlýtur að teljast brýnt að breyta þeim lögum og gera þau almenn og færa þau í átt til annarra gildandi laga um framhaldsskóla. Við flm. teljum að það svigrúm, sem gefið er í 2. gr., sé fullnægjandi og frjálslegt í meira lagi fyrir báða aðila og því viðunandi sem bráðabirgðalausn þar til allsherjarlög um skólaskipan á þessum stigum yrðu sett, sem vonandi verður sem fyrst. Um aðrar leiðir erum við að sjálfsögðu reiðubúnir að ræða. Hér er nokkur vandi á höndum um algilda lausn. Enn er þetta skólaform í algerri frummótun, en reynslan þó slík, að hún bendir í átt til þess að þetta kerfi verði fyrr en varir mestu ráðandi í okkar skólalöggjöf, enda til stórbóta. En núgildandi kostnaðarskipting ein til viðmiðunar er óviðunandi með öllu og því er í raun frv. þetta flutt.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að leggja til að að lokinni þessari umr. verði þessu máli vísað til hv. menntmn.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég vil aðeins fagna framkomu þessa frv. Mér er kunnugt um það að í minum heimabæ eru vangaveltur um að efna til skiptingar á skóla á menntaskólastig og fjölbrautastig, en einmitt það ákvæði, sem um er fjallað í 2. gr., stendur nokkuð í veginum fyrir því að taka ákvörðun um það mál, en það er þáttur kostnaðarskiptingar á milli ríkis og bæja. Þess vegna er mjög nauðsynlegt að það liggi á hreinu að um þessi efni, kostnað við stofnun fjölbrautaskóla, komi sömu reglur og á öðru fræðslustigi. Það má teljast sanngjarnt og eðlilegt og því er þetta frv. áreiðanlega nauðsynlegt. Ég vænti þess að það fái jákvæða afgreiðslu hér í hv. deild og Alþingi.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Þegar lög um fjölbrautaskóla voru sett á árinu 1973 gerði ég að umræðuefni, þegar þau voru til meðferðar hér í hv. d., að eðlilegt væri að fleiri sveitarfélögum en Reykjavík gæfist kostur á því að efna til fjölbrautaskóla. Ég bar þá fram till. um að sú heimild gæti náð til fleiri skóla og um það fjallar 6. gr. eins og hún er núna í lögunum.

Hv. 1. flm. þess frv., sem hér er til umr., hefur nú gert grein fyrir því hverra breytinga hann telur þörf til að gera fjölbrautaskólann aðgengilegri fyrir hin ýmsu sveitarfélög. Get ég að sjálfsögðu fallist á þau rök. Hins vegar verður að viðurkenna að form fjölbrautaskóla er mjög í deiglunni og við vitum ekki nægilega vel hvernig hann á að starfa til þess að hann komi að fullum notum. Og þó að í þessu frv. sé gert ráð fyrir að tengja betur en er gert í lögum iðnfræðslu og aðra fræðslu í landinu, þá er það eigi að síður svo, að margir bera þann ugg í brjósti að til að byrja með verði iðnfræðslan ekki í því lagi innan fjölbrautaskólanna sem hún þarf að verða. Ég er ekki að mæla gegn því að breyting verði gerð á kostnaðarhlutföllum milli ríkis og sveitarfélaga varðandi fjölbrautaskóla, en ég tel að það sé rétt að fara að öllu þessu með gát og að þeir aðilar, sem eru að þreifa sig áfram um skólaform í þessu efni, möguleika til þess að semja um þetta sín á milli, og að því leyti til virðist þetta frv. ekki ganga langt út fyrir það sem mér finnst eðlilegt í þessu efni.

Ég ætla ekki að tefja umræður frekar en orðið er vegna þessa máls. Ég vil aðeins lýsa því að ég tel að það hafi komið í ljós og hafi ásannast með flutningi þessa frv. að sú heimild, sem ég fékk komið inn í lögin á sínum tíma, hafi átt fullan rétt á sér. Og ég vona að þessi mál þróist í þá átt að hægt verði áður en langt um líður að finna eðlilega kostnaðarskiptingu milli þeirra aðila sem þessa skóla reka.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 14 shlj. atkv.

Meðferð einkamála í héraði, frv. (þskj. 396). — Ein umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 404).

Vinnsla mjólkur í verkföllum, frv. (þskj. 399). — 1. umr.

Flm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Á þskj. 399 ber ég fram frv. til l. um að bjarga mjólk frá eyðileggingu í vinnslu þegar verkfall er. Frv. er stutt og mun ég lesa það, eins og það liggur fyrir:

„1. gr. Heimilt er forstöðumanni mjólkurbús að kveðja til starfa nægilegt vinnuafl 3½ sólarhring eftir að vinnsla mjólkur stöðvast vegna verkfalls, svo að mögulegt sé að bjarga og vinna mjólkina í smjör, ost og undanrennu.

2. gr. Þær afurðir, sem kunna að verða framleiddar undir aðstæðum í verkfalli, skulu seldar í samráði við heilbrigðisyfirvöld á hverjum stað.

3. gr. Hver sá, er hindrar með einhverjum hætti af ásettu ráði vinnslu mjólkur við þær aðstæður, er 1. gr. byggir á, skal sæta sektum minnst 100 þús. kr. og varðhaldi samkvæmt hegningarlögum sé um endurtekið brot að ræða.

4. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að mjólkin hefur um aldaraðir bjargað þúsundum mannslífa á Íslandi frá hungri og dauða. Það eru því óverjandi vinnubrögð og glæpi næst að standa þannig að kjarabaráttu að mjólk sé hellt niður að óþörfu. Þetta er því hörmulegra þegar hungur sverfur að milljónum manna víða um heim. En við hér á landi getum nú fagnað því, að hungurvofan er flosnuð upp og ætti ekki að eiga afturkvæmt, sé rétt á málum haldið hér innanlands. Sú þjóð, sem misst hefur tugþúsundir úr hungri á liðnum öldum, getur ekki verið þekkt fyrir að eyðileggja matvöru, sem þegar er til sem slík, vegna átaka aðila er skilja ekki sinn vitjunartíma. Það má aldrei endurtaka sig að mjólk sé hellt niður á Íslandi. Þess vegna flyt ég þetta frv.

Í 1. gr. þessa frv. er forstöðumanni mjólkurbús heimilað að kveðja til nægilegt starfslið svo að takast megi að koma mjólk í gegnum vinnslu og koma þannig í veg fyrir að henni verði hellt niður. Ekki er unnt að kveða svo á að tiltaka ákveðinn fjölda manna, það verður að fara eftir aðstæðum hverju sinni. Hugsanlegt gæti verið að bændur sjálfir kæmu hér til, þar sem þeir eiga mjólkurbúin í mjög mörgum tilfellum. Það skal undirstrikað, að þessi heimild er ekki fyrir hendi fyrr en 3½ sólarhring eftir að til stöðvunar kemur, svo þarna er veitt nokkurt svigrúm til að ná sættum í vinnudeilum auk þess tíma sem vonandi hefur verið fyrir hendi áður en til verkfalls kom.

Í 2. gr. er kveðið á um hvernig með skuli fara þær afurðir er kunna að verða framleiddar. Kröfur eru strangar um gæði við eðlilegar aðstæður og réttmætt tel ég að heilbrigðisyfirvöld fái að fylgjast með gæðum á þeim vörum sem kunna að verða framleiddar við þessar erfiðu aðstæður.

Í 3. gr. er fjallað um sektir. Ef á annað borð á að ná þessu fram á að vera sektarhæft að hindra það.

Í 4. gr. tel ég rétt að gildistími sé þegar fyrir hendi svo að mönnum sé ljóst að hverju stefni ef til slíks ástands kemur að yfirvofandi er að mjólkurvinnsla stöðvist og menn þurfi að fara að hella mjólk niður.

Ég vil undirstrika það að hér er um viðkvæmt mál að ræða. Einnig gæti talist nauðsynlegt að kveða á um að það væri heimilt að taka mjólk í vissa bíla frá tank á bændabýli að vinnslustöð. Raunar tel ég að það felist í 1. gr. En þetta mun landbn. athuga betur og fjalla um. Ef að menn telja nauðsynlegt að setja inn ákvæði um að lágmarksflutningar séu fyrir hendi, þá

tel ég það eðlilegt. En frá mínu sjónarmiði er heimildin til flutnings frá geymslutank í vinnslustað nauðsynleg.

Að svo mæltu, herra forseti, vil ég leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og landbn.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Frv. til l. á þskj. 399 er að mínu mati mjög athyglisvert og ég vil leyfa mér að færa flm., hv. 1. landsk. þm. þakkir fyrir að hafa tekið þetta upp í frv.-formi. Ég vil hins vegar geta þess, að það er ljóst mál að hér er um að ræða viðkvæmt mál og það er mál sem við höfum ekki þurft að horfast í augu við fyrr en nú í síðasta verkfalli. Venjulega hefur verið komist fram hjá því að bændur landsins hafi þurft að hella niður mjólk. Því hefur verið bjargað þangað til nú, að það var gert í nokkuð ríkum mæli. Mér er ekki fullkomlega ljóst í hvað ríkum mæli það var gert, en ég hygg að muni vera talið að verðmætið geti verið 100—200 millj. kr. Ber því brýna nauðsyn til að finna leið til þess að bjarga frá því að slíkt hendi. Meðal annars er ástæðan fyrir þeim rökstuðningi að þarna sé veitt undanþága að það er ekki um að ræða að það sé verkfall við bændur sem framleiða mjólkina og þeir geta því á engan hátt haft áhrif á það hvenær þessi mál kunna að leysast, það séu aðrir aðilar sem hafi þar áhrif og þess vegna sé ekki hægt að taka þá inn í þessi átök eins og aðra af því að átökin séu ekki við þá. Hins vegar ber að líta á það að með þetta mál verður sem önnur slík mál að fara með mikilli varfærni.

Það er rétt hjá hv. flm. að það, sem hér á að leggja fyrst og fremst áherslu á, er að vinna þessa mjólk í smjör og ost og aðrar vinnsluvörur. Aftur ef á að selja hana sem neyslumjólk meðan á verkföllum stendur, eins og farið var að gera nú, þá þarf að setja um það ákveðnar reglur. Það er miklu meiri vandi að fást við það en að vinna mjólkina til geymslu. Sala á henni mundi svo ekki koma til sem slíkri fyrr en að verkfalli loknu. Yfirleitt mun það verða þannig að nægjanlegt sé til af þessum vörum fyrir verkfall, þannig að fólk þurfi ekki að þola skort á þeim þann tíma, og þá er fyrst og fremst verið að bjarga verðmætunum. Nú stendur hins vegar þannig á að það er allt útlit fyrir að það verði ekki til nóg smjör í landinu til að selja hér á innanlandsmarkaði og verði farið fram á það, sem reyndar hefur verið gert með óformlegum hætti, að flytja inn smjör.

Það segja þeir, sem til þekkja, að það sé langt frá því að mjólkurframleiðsla sé nú orðin eðlileg eftir verkfallið. Nyt hefur dottið niður í kúnum, m. a. vegna þess að bændur höfðu ekki fóðurbæti til að nota meðan á verkfallinu stóð, og sumir hafa af eðlilegum ástæðum dregið úr notkun hans vegna þess að þeir sáu fyrir að þeir voru að framleiða mjólk sem þeir urðu að hella niður.

Ég tek undir það með hv. flm., að matvæli eins og mjólkurvörur hafa alltaf verið litin þeim augum hér á landi að menn vildu ekki hugsa til þess að mjólk yrði hellt niður. Ég held líka að það hafi verið skoðun þeirra, sem fyrir verkföllum stóðu, að til þess þyrfti ekki að koma nú, þó að það gerðist, og það mál hafi ekki verið hugsað svo sem skyldi í upphafi verkfallsins. Þess vegna tel ég að það sé brýn nauðsyn að ákveða með lögum hvernig með skuli fara í þessum tilfellum. Þá þarf náttúrlega jafnframt að gæta þess að um misnotkun geti ekki verið að ræða, — ef um sölu yrði að ræða í undanþágutilfellum, þá yrði þar ekki misnotkun, en alltaf er nokkur hætta á að það geti átt sér stað.

Hins vegar er megintilgangur þessa frv. sá að bjarga þessum verðmætum frá eyðileggingu og það er hægt með því að vinna þau í mjólkurbúum á þann hátt sem hér er tilgreint, svo að því verði afstýrt að neyslumjólk þurfi að hella niður.

Ég vona að sú nefnd, sem fær þetta mál til meðferðar, gæti fullrar sanngirni og varfærni í meðferð málsins vegna viðkvæmni þess, en gæti þess að höfuðtilgangur þess nái fram að ganga, að þessum verðmætum verði bjargað frá eyðileggingu, og hafi þá í huga að hér er um að ræða aðila sem á engan hátt geta haft áhrif á gang mála í slíkum átökum eins og verkföll eru. En það geta bændur ekki því að þeir eru í þessum tilfellum ekki viðsemjendur.

Ég skal ekki þreyta hv. dm. með því að segja fleiri orð um þetta. Ég endurtek að ég er flm. þakklátur fyrir flutning þessa máls og tel það ekki síður virðingarvert þar sem það er maður úr hópi neytenda sem hér er að verki. En þetta mál hefur að sjálfsögðu valdið mér og öðrum, sem að þessum málum vinna, miklum áhyggjum og verið um það rætt hvernig því mætti koma við að slíkt óhapp endurtæki sig ekki. Ég vona því að skilningur hv. þm. verði fyrir því að gera þennan þátt í þjóðarbúskapnum áhrifalausan í verkföllum á þann hátt að bjarga verðmætunum frá eyðileggingu án þess að þurfa að koma inn í þau átök sem þar eiga sér stað.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég vil taka undir þau orð sem hv. flm. þessa frv. lét falla um það ástand, sem skapaðist á búum bænda við verkfallsaðgerðirnar meðan síðustu kjarasamningar stóðu yfir. Bændur urðu fyrir mjög tilfinnanlegu fjárhagstjóni og þarf ég ekki að rifja það upp.

Tjón er tvíþætt. Annars vegar verða bændur að halda áfram fullum tilkostnaði við fóðrun kúnna og hins vegar að kasta á glæ verðmætri framleiðslu sem full þörf er á í landinu og jafnvel vöntun á sumum tegundum hennar. Allir sjá því hversu fráleitt þetta er og að ég hygg allsendis óþekkt fyrirbæri í öðrum atvinnugreinum.

Margir vilja jafna saman aðstöðu bændanna og aðstöðu frystihúsanna við þessar aðgerðir. Það er að nokkru leyti rétt, en þó er á því stigsmunur. Ef vélstjórar frystihúsanna legðu niður vinnu jafnskilyrðislaust og mjólkurfræðingar hafa gert mundu að sjálfsögðu fara fljótlega forgörðum þær framleiðsluvörur sem þar væru innan dyra. En frystihúsin eru ekki

undir þá sök seld, eins og bændur, að þurfa jafnframt að standa undir þeim kostnaðarþáttum sem er undirstaða framleiðslu þeirra, svo sem kaupum á hráefni til vinnslu eða rekstrarkostnaði véla og frystitækja húsanna. Þarna skilur mjög á milli. Þrátt fyrir þennan mun hygg ég að ekki hafi komið til stöðvunar á vélum frystihúsanna um langt skeið. Hygg ég að um það gildi samkomulag eða samningur milli aðila, þannig að ekki komi verkfall til framkvæmda hjá vélstjórum þeirra svo að þau verðmæti, sem eru innan veggja, spillist ekki. Mér er ekki alveg kunnugt um þetta, en ég fæ ekki betur séð en þannig hljóti í málunum að liggja. Eðlilegast væri að ná einnig slíkum samningi milli mjólkurbúa og mjólkurfræðinga. Um það hljóta menn að vera sammála. En reynslan sýnir okkur, að slíkt samkomulag er ekki til.

Mjólk var hellt niður í stórum stíl í síðasta verkfalli og ótalið magn mjólkur spilltist svo að stóraföll urðu á verðmæti hennar, en bændur máttu standa undir rekstrarkostnaði í jafnríkum mæli og þegar mjólkin nýtist með venjulegum hætti.

Ef ekki fæst samkomulag, sem tryggir áfallaminni tilhögun í mjólkurbúunum á verkfallstímum, tel ég alveg sjálfsagt að láta reyna á það hvort hér á Alþ. er ekki fylgi fyrir því að setja löggjöf sem tryggi bændur að þessu leyti, — löggjöf sem gengur í sömu átt og frv. það sem hv. 1. landsk. þm., Jón Árm. Héðinsson, flytur á þskj. 399 og hann mælti fyrir hér áðan. Ég vil lýsa því yfir að ég er því fylgjandi að það verði athugað gaumgæfilega í n. og samþ., ef meðferð málsins leiðir ekki til lausnar eftir öðrum leiðum á vanda mjólkurframleiðenda eins og hann blasti við allra augum í síðasta verkfalli.

Ég vil þakka flm. fyrir að hafa flutt þetta frv. Ég vil líta á það með jákvæðum hætti og láta reyna á það hvort nauðsyn er á lögfestingu í þessu eða öðru formi til þess að bjarga frá þeim voða sem við blasti og menn urðu fyrir í síðasta verkfalli.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Með 14. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur er launþegum tryggður réttur til að berjast fyrir bættum kjörum með því að leggja niður vinnu, hætta að selja vinnuafl sitt, án þess að atvinnurekendur megi í slíkri vinnudeilu láta aðra aðila taka upp störf sem tiltekinn hópur launþega hefur lagt niður. Þennan rétt hefur almenningur í landinu talið ein sín helgustu réttindi, grundvallarréttindi. Jafnvel þótt ýmsar óæskilegar afleiðingar hafi af slíkri lífskjarabaráttu hlotist, svo sem að spillt væri verðmætum um tímabundið skeið, hafa sjálf réttindin til að ráðstafa eigin vinnuafli, réttindin til lögverndaðrar verkfallsbaráttu verði talin til grundvallarmannréttinda hér á landi.

Það er ekki óeðlilegt að ýmsum hefur blætt í augum hið beina tímabundna fjárhagstjón sem stundum hefur hlotist af slíkri verkfallsbaráttu þegar atvinnurekendur hafa fremur kosið að láta koma til vinnustöðvunar en semja um launahækkanir eða aðrar kjarabætur.

Í því frv., sem hér er til umr., er sérstaklega fjallað um það tjón sem hlotist getur af því að við sérstakar aðstæður tekst ekki að nýta alla þá mjólk sem til fellur á meðan verkfall varir í mjólkurbúum. Skal ég síst af öllu gera lítið úr vandkvæðum bænda í því sambandi þegar samtök þeirra sem aðilar að vinnuveitendasambandinu kjósa þann framgang mála fremur en semja við starfsfólk mjólkurvinnslufyrirtækja. En við þær aðstæður tapa fleiri verðmætum en bændur. Það fólk, sem nær ekki samningum um kaup og kjör m. a. við vinnslustöðvar bænda og neyðist til þess að grípa til þess lögverndaða réttar að fella niður vinnu, verður að afsala sér á meðan allri lífsbjörg sinni til að heyja barátttuna fyrir bættum kjörum, eða eins og nú í síðasta verkfalli til þess einungis að reyna að viðhalda kaupmætti launanna. Það er reyndar svo, að sú kjarabarátta, sem krefst fórna af þessu fólki, er um leið kjarabarátta fyrir þá bændur sem fá ekki mjólk sína unna. 40% af afurðaverði landbúnaðarvara eru laun bóndans og þau hækka, að mér skilst sjálfkrafa í réttu hlutfalli við laun þess fólks sem afsalar sér allri sinni lífsbjörg á meðan á kjarabaráttunni stendur, svo að bændurnir færa ekki fórnina til einskis fremur en launafólk ef árangur næst í verkfallsbaráttu.

Ég skal síst gera lítið úr þeim vandkvæðum sem af því hljótast að mjólk er spillt. En með þessu frv. er fjallað um viðkvæmt mál þar sem lagt er til að skerða þau réttindi sem starfsfólki í mjólkurbúum eru sem öðrum landsmönnum tryggð í vinnulöggjöfinni. Og hvað mun á eftir fylgja?

Breytingar á þessari löggjöf í líka átt og hér er stefnt að hafa verið eftirsóknarverðar ýmsum aðilum í þjóðfélaginu, — aðilum sem hafa viljað rétt verkafólks og annarra launþega til þess að berjast fyrir bættum kjörum stórum minni en hann þó er nú. Það er dálítið einkennilegt að sjá hér frv. frá þm. Alþfl. þar sem verið er að gera tilraun til að draga úr rétti launafólks í þessu efni, þar sem verið er jafnvel að opna dyrnar fyrir öðru meira en í þessu frv. felst. Það er einkennilegt að sjá þetta mál bera þannig að þegar haft er í huga að jafnvel forustumenn atvinnurekenda gera sér ljóst að þannig verður ekki staðið að breytingum á ákvæðum vinnulöggjafarinnar. Þeir hafa gert ljóst um alllangt skeið að eigi að endurskoða þessi mál, og á því kann vissulega að vera þörf varðandi einstök atriði, verður þar til grundvallar að leggja samstarf og samkomulag fulltrúa vinnumarkaðarins, launafólks og atvinnurekenda. Þessu til áréttingar vil ég aðeins minna á orð Barða Friðrikssonar skrifstofustjóra Vinnuveitendasambands Íslands sem fram kom í afmælisriti Vinnuveitendasambandsins sem gefið var út í fyrra, en Barði segir þar, með leyfi hæstv. forseta:

„Síðan lífeyrissjóðirnir komust á laggirnar hef ég persónulega haft mestan áhuga á breytingum á vinnulöggjöfinni. Þær hafa raunar alltaf verið mitt áhugamál. Ég skal ekki rekja hverjar þær breytingar þurfa að vera að mínum dómi, enda er hægt að sjá það í mörgum ályktunum Vinnuveitendasambands Íslands, einkum frá síðustu árum. Ég vil aðeins segja það, að ég tel að til grundvallar þessum breytingum eigi að

liggja samkomulag milli vinnuveitenda og launþega sem síðan öðlist e. t. v. lagagildi.“

Ég held að farsælast væri að tekið yrði á þessu máli, sem hér er til umr., á þann hátt sem forustumenn aðila vinnumarkaðarins hafa verið sammála um, að fyrir þurfi að liggja samkomulag þessara aðila áður en hróflað er við ákvæðum gildandi laga. Þetta tel ég aðalatriðið varðandi þetta frv. Það vantar þennan grundvöll.

Hitt er svo annað, en skiptir minna máli, að eins og þetta frv. er sett fram, þá fullnægir það áreiðanlega ekki því sem hv. flm. stefnir að, þ. e. a. s. að unnið sé úr mjólk í mjólkurbúum þrátt fyrir verkfall starfsmanna þar. Ég fæ ekki séð að hv. flm. nái tilgangi sínum með öðrum hætti en þeim að skylda þjálfað fólk í mjólkurbúum til að starfa áfram þrátt fyrir að það hafi ákveðið á löglegan hátt að leggja niður vinnu. Þessi störf verða án efa ekki unnin með þeim hætti að kveðja til bændur úr sveitum til að vinna sérhæfð störf mjólkurfræðinga og annars þjálfaðs starfsliðs í mjólkurbúum. Ætlun hv. flm. virðist vera sú, að þessi störf verði unnin í verkfalli, og það er einkennilegt að hann skuli ekki orða ákvæði frv. í samræmi við að það þjóni þeim tilgangi, þ. e. a. s. með því að banna verkföll þess sérhæfða starfsliðs. Till. hans er í líkingu við það að hann hygðist t. d. tryggja áframhaldandi siglingar farskipa í verkfalli með því að heimila að hluthafar Eimskipafélags Íslands mættu sigla skipunum þótt þeir hefðu aldrei á sjó komið. En þetta er ekki aðalatriði málsins, eins og ég hef áður lagt áherslu á, heldur hitt, að lagasetningu, sem snertir ákvæði vinnulöggjafarinnar, á að bera að með þeim hætti að undanfari hennar sé samkomulag aðila vinnumarkaðarins, launafólks og atvinnurekenda.

Flm. (Jón Árm. Héðinsson): Hera forseti. Ég vil þakka fyrir undirtektir undir þetta frv. Þó að síðasti ræðumaður hafi eðlilega fundið ýmislegt að þessu frv. og jafnvel þeirri hugsun sem lægi á bak við, þá viðurkenndi hann þó kjarna málsins. Þess vegna er þetta frv. til orðið, að það er vandamál og það mjög viðkvæmt vandamál að hella niður mjólk. Og hann fann það á sér, það heyrði maður á honum, að það er óverjandi. Mjólkin verður til, hvað sem hver segir og hvernig sem við stöndum að þessu, og þá er að finna lausn á því að samkomulag sé fyrir hendi milli deiluaðila. Bændur eru reyndar ekki deiluaðilar, eins og kom skýrt fram áðan hjá 6. þm. Suðurl. og hæstv. ráðh., en hins vegar starfsfólkið sem vinnur í mjólkurbúunum. Það á í vinnudeilum við atvinnuveitendur. (Gripið fram í.) Jú, samtök bænda eru aðilar. (Gripið fram í.) Ég vil minna hv. 5. þm. Norðurl. e. á að hann á kost á að tala hér á eftir og rifja þá upp sínar ferðir í kosningabaráttunni í fjós bænda og hvernig hann talaði við þá á sínum tíma. Til þess mun honum gefast nóg tækifæri svo að hann þarf ekki að grípa fram í fyrir mér.

Það, sem vakir fyrir mér, er að finna lausn á þessu máli. Ég mun ekki halda því fram að þetta sé eina patentlausnin sem til greina komi. Ef önnur lausn er betri eða samkomulag fyrir hendi, þá verður þetta frv. auðvitað dregið til baka.

Ég skammast mín ekkert fyrir að berjast fyrir því að mjólk verði ekki hellt niður á Íslandi. Ég tel að menn eigi að hafa þá sannfæringu, hver og einn fyrir sig, að tryggja það með einum eða öðrum hætti. Það er langsótt skýring og fellur sem hreint vindhögg að hugsa sér að samlíkja því að hluthafar í Eimskip geti siglt skipum eða það megi bjarga mjólk í gegnum vinnslu, eins og tæknin er orðin í dag. Þetta er slík vélvæðing að það er næstum því sjálfkrafa sem mjólkin fer í tank frá tanki og í gegnum vinnslustigið, og þarf ekki gífurlega mikla þjálfun til, enda eru mjólkurfræðingar, að mér skilst 30—40 manns, ég verð þá leiðréttur ef þeir eru miklu stærri stétt. Það þarf þá eilítið verkafólk í viðbót. Ef það fæst ekki sýnist ekki úr vegi að bændur, sem kunna yfirleitt vel til verka á ýmsum sviðum, fengju að bjarga vörunni frá því að fara í súginn, öllum til leiðinda, hverjum einasta manni og ekki síst verkafólki.

Ég held að það sé ekki saknæmt að skýra frá því að mjög margir menn — það er talið í tugum — hafa haft samband við mig, og það eru tölur sem þessir ágætu menn, sem mundu helst vilja gagnrýna þetta frv., þekkja frá öðrum vettvangi, — ég get sagt að 99.9% segja já við efni þessa frv. En þar sem slíkar tölur koma upp í kosningum, þar er ekki um það að ræða að hafa neitt verkfall. Út í þessa sálma ætla ég nú ekki að fara.

Ég tók það fram og við viðurkennum allir að málið er viðkvæmt og raunar erfitt líka. Menn finna það þó á sér að það er ekki réttmætt og eðlilegt að mjólk sé hellt niður. Hvort sem er um mikil verðmæti eða lítil verðmæti að ræða, þá er það ekki réttmætt. Við íslendingar höfum talið það stolt okkar að vera matvælaframleiðsluþjóð. Ég hef sjálfur staðið í verkfallsbaráttu fyrir að fá betri kjör og einnig sem atvinnurekandi, og ég lít á það allt öðrum augum þó að fiskur syndi fram hjá í bili eða tún sé ekki slegið í bili vegna þess að bensín sé ekki afgr. á einhverjar vélar.

Ég sætti mig ekki við að búa við það samkomulag, ef menn vilja orða það svo, eða þá löggjöf, sem kveður svo að mjólk skuli hellt niður að óþörfum. Ég undirstrika að hér er gefið ákveðið svigrúm. Endurskoðun á vinnulöggjöfinni er allt annað mál og miklu stærra mál og mikið deiluatriði hvernig það á að gerast og með hvaða hætti á að breyta henni. Það er ekki til umr. hér, finnst mér, í þessu sambandi. Það má vel vera að það sé mögulegt að hártoga eitthvað í þessu máli og fara langt út fyrir efni þessa frv. til að reyna að halda fram að ég sé að opna hér dyr fyrir einhverju og einhverju sem verði launþegum til mikils ama og tjóns í framtíðinni í baráttu fyrir sínum réttmæta og helga rétti sem síðasti ræðumaður drap eðlilega á og ég er honum sammála um. En það vakir ekki fyrir mér í þessu frv. og ég mun aldrei verða orsök til þess á nokkurn hátt. Spurningin er um að bjarga mjólk frá því að eyðileggjast hjá þeim aðilum sem hafa ekki tök á því að hafa áhrif á gang mála í kjarabaráttu. Það er gefið þarna ákveðið svigrúm. Þarna er veitt ákveðin heimild. Vilja menn standa að því eða standa ekki? Menn fara í þessu efni

eftir sannfæringu sinni. Ég skammast mín ekkert fyrir að telja þetta rétt og er enn ákveðnari en þegar ég var fyrst að hugsa um þessi mál, miðað við þann fjölda manna sem ég hef heyrt í eftir að frv. kom fram.

Ingi Tryggvason: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. 1. landsk. þm. fyrir flutning þessa frv. Það er rétt, sem hér hefur komið fram, að vissulega er það viðkvæmt mál sem hér er hreyft. Það er viðkvæmt mörgum, bæði bændum, sem hafa orðið að hella niður verðmætum og verið varnarlausir gagnvart þeirri atburðarás sem til þess leiddi, og ég skil vel að þetta er líka viðkvæmt mál gagnvart þeim sem finnst vera gengið á sinn rétt til vinnustöðvunar. En við megum ekki hér á þessum stað leiða hjá okkur öll mál sem eru viðkvæm og vandasöm, og ég held að það sé mjög nauðsynlegt einmitt að Alþ. fjalli þannig um þetta mál og e. t. v. raunar um fleiri atriði vinnulöggjafar að Alþ. sé sómi að og allir þeir, sem hlut eiga að máli, geti fellt sig við lausnirnar.

Það kom fram áðan að bændur væru aðilar að rekstri vinnslustöðvanna og vissulega er það rétt. Hins vegar finnst mér oft gleymast hvernig þessi starfsemi er raunverulega byggð upp, einmitt sú starfsemi, að taka við mjólk og vinna hana og dreifa henni til neytenda. Samkv. framleiðsluráðslögunum, sem kveða á um verðlagningu landbúnaðarvara, þ. á m. mjólkurvara og vinnslukostnað, þá er það í reynd svo að lögin ætlast til þess að vinnslustöðvarnar geti skilað bændum ákveðnu verði fyrir vöru þeirra, en sá kostnaður, sem til fellur í vinnslustöðvunum, greiðist af neytandanum. Þess vegna er það sannarlega ekki síður hagsmunamál neytandans heldur en bóndans að rekstur vinnslustöðvanna sé hagkvæmur. Og auðvitað hlýtur það að koma niður á verði vörunnar, bæði vinnslukostnaði og heildarverði vörunnar, ef þannig tekst til að varan eyðileggst í meðförum, eins og nú hefur orðið í verulegum mæli um mjólkina. Samkv. lögum eru það alls ekki bændurnir einir sem eiga að bera kostnaðinn af því að mjólk var hellt niður. Ég er líka viss um að þeir gera það ekki einir, þeir bera ekki einir þann kostnað. Hins vegar hlýtur svo að fara að bændurnir beri hann að mjög verulegu leyti og mjög misjafnlega eftir ýmsum ytri aðstæðum sem þeim eru óviðráðanlegar. Þar á ég t. d. við það að mjög misjafnlega stendur á um það hversu mikil mjólkurframleiðsla var á þeim tíma sem hér um ræðir. Þeir bændur, sem hafa mikla mjólkurframleiðslu á þessum tíma og hafa verið að leitast við að haga sínum búskap þannig að fullnægt yrði nýmjólkurþörf landsmanna, þeir fara sérstaklega illa út úr vinnustöðvun eða framleiðslustöðvun eins og þarna verður, þegar ekki er hægt að taka við mjólkinni í mjólkurbúum.

Nú er það vafalaust rétt, sem kom fram áðan, að mjólkurbú verður ekki rekið með eðlilegum hætti þegar meginþorri starfsliðs þess er í verkfalli. Ég er ekki sérfræðingur á þessu sviði og ætla mér ekki þá dul að gera grein fyrir því í einstökum atriðum. Hitt er mér kunnugt um, að í nútímamjólkurbúum eru vissir þættir í vinnslu sem krefjast hlutfallslega lítils vinnuafls og með tiltölulega takmarkaðri hagræðingu er hægt að koma að mjög verulegu leyti í veg fyrir eyðileggingu vörunnar án þess að þurfa að kalla beinlínis til fólk til að koma í stað þeirra sem í verkfall hafa farið. Ég veit t. d. að smjörgerð er nógu einföld vinnsla mjólkur til þess að lítið starfslið getur annað því verki að breyta mjólkinni í smjör og bjargað þar með meginverðmætum mjólkurinnar, þó að undanrennan færi e. t. v. forgörðum.

Það kom líka fram í ræðu hv. 11. landsk. þm. að bændur nytu þeirra kjarabóta sem fást í gegnum verkföll. Það er rétt að laun bænda í verðlagsgrundvelli eru tengd launum verkafólks, hvort sem það eru iðnaðarmenn eða aðrir verkamenn. Hins vegar er það svo, að þetta er launanum tengt á þann veg að þær kjarabætur, sem fást í krónum, koma yfirleitt miklu seinna til bóndans heldur en verkafólksins. Má benda á það í þessu sambandi t. d., að þannig er um samið að launahækkanirnar, sem verða samkv. síðustu samningum, koma, ef ég man rétt, 1. júlí og 1. okt., auk þeirrar hækkunar sem kemur nú. Þetta verður t. d. til þess að bændur fá ekki hækkanir á sínum vörum fyrr en tveim mánuðum eftir að kaupið hefur hækkað til verkamanna. Þetta er aðeins dæmi um það, að þó að gert sé ráð fyrir því í lögum að kaupgjald bóndans fylgi kaupi verkamannsins, þá hefur það í reynd orðið svo að þeim mun meiri sem verðbólgan er og því örari sem kauphækkanirnar verða, þeim mun erfiðara er að láta kaupgjald og tekjur bóndans fylgja hinu almenna kaupgjaldi og hinum almennu tekjum í landinu. Það verður alltaf svo að ýmsar framleiðsluvörur og rekstrarvörur bænda taka á sig örari hækkanir heldur en þær sem koma út í verðlagið, og þessu verður bóndinn að mæta annaðhvort beint eða óbeint með tekjutapi. Það má líkja þessu við það að þegar verðbólga er ör, þá hækkar verð á landbúnaðarvörum í þrepum, en hið almenna verðlag hækkar í línu sem ætti að snerta brúnir þrepanna. Þeim mun hærri sem þrepin eru, þeim mun stærri verður geirinn sem myndast á milli þrepanna og línunnar. Það bil, sem þar er á milli, verður bóndinn að greiða af eigin kaupi ef hann á að halda áfram rekstri búsins.

Ég ætla ekki að halda lengri ræðu um þetta mál. Ég vil endurtaka það, að ég er mjög þakklátur fyrir að þetta mál skuli hafa verið borið hér upp, og ég vænti þess að Alþ. megi lánast að fjalla um það á þann hátt að héðan komi lög sem stemmi stigu við því að mjólk verði eyðilögð, þessi undirstöðufæðutegund sem íslenska þjóðin hefur öðrum þræði lifað á allt frá upphafi, og að takast megi að gera það á þann veg að það brjóti ekki í bága við hugmyndir og réttlætiskennd verkalýðsins í landinu.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af því, sem fram hefur komið hér í þessum umr., vil ég segja það, að hv. alþm. hafa yfirleitt rætt þessi mál með hófsemi og skilningi. Við gerum okkur allir grein fyrir því að hér er á ferðinni vandamál sem verður að fara með fullri aðgætni að, og ég vil taka það fram að mér dettur ekki í hug að halda

því fram að öðrum aðilum sé um að kenna þegar tveir deila, í þessum tilfellum frekar en öðrum. Hins vegar hefur þróunin á síðari árum breyst nokkuð verulega þannig að það hefur færst meira yfir í að vera um allsherjarsamninga að ræða um landið allt, en ekki samninga á einstökum stöðum. Þetta hefur haft veruleg áhrif í sambandi við mjólkurbúin, og þó að bændur eigi aðild að mjólkurbúunum, þá er það ekki nema á vissan hátt sem því væri bjargað í gegnum þá aðild. Þó að tækjust samningar við mjólkurfræðingana og starfsfólk mjólkurbúanna og á milli bænda og þeirra, þá mundi það ekki nægja til þess að hægt væri að reka mjólkurbúin, vegna þess að það yrði að vera flutningur á mjólkinni til þeirra líka.

Á síðari árum hefur færst yfir í það að gera allsherjarsamninga. Þess vegna held ég því fram, sem ég sagði áðan, að bændur eru í raun og veru ekki aðilar að slíkum kjarasamningum. Þeir hafa enga möguleika til að ráða niðurstöðum þeirra. Framleiðsla þeirra heima í fjósunum á sér stað þó að verkfall sé og kostnaður við reksturinn, eins og hér hefur komið fram.

Meginatriði þessa frv. gengur út að bjarga verðmætum frá eyðileggingu. Alveg hliðstætt því sem hv. 6. þm. Suðurl. benti réttilega á, að það væri leyft að láta vélstjóra vinna í frystihúsum til þess að skemma ekki matvæli, eins yrði með þetta að fara, það yrði að bjarga matvælunum frá eyðileggingu. Það er hægt með því að leyfa takmörkuðum hópi fólks — það yrði auðvitað að vera fólk úr mjólkurbúunum — að vinna að því að bjarga verðmætunum. Á annan hátt yrði þetta ekki gert. Ef um sölu neyslumjólkur ætti að vera að ræða, þá yrði það að vera eftir reglum eitthvað í átt við það sem gert var í síðasta verkfalli, en ekki með öðrum hætti, fyrst og fremst til að hafa áhrif á að heilsufar ungbarna og annars lasburða fólks biði ekki tjón við mjólkurleysið. En meginmálið hér er að bjarga verðmætunum frá eyðileggingu, alveg eins og á sér stað með frystihúsin þar sem haldið er áfram að keyra vélarnar þrátt fyrir verkfall. Þessu má ekki blanda saman, og það er ekki hægt með rökum að halda því fram að bændur gætu bjargað þessu með sérsamningum. Slíkt væri ekki framkvæmanlegt.

Ég tek svo undir það, sem fram kom hjá hv. 11. landsk. þm., að það ber brýna nauðsyn til að endurskoða vinnulöggjöfina, og æskilegasta leiðin í þeim efnum er samkomulag milli aðila vinnumarkaðarins. Þessi lög eru orðin það gömul að það er ekki undarlegt þótt þau þurfi endurskoðunar við. Það breytir engu um það þó að komist verði að niðurstöðu um þennan þátt. Ég lít svo á að ef hægt er að bjarga því með samkomulagi, þá þurfi löggjafinn ekki til að koma. En við skulum gera okkur fullkomlega grein fyrir því, að bændur verða fyrir tekjumissi þó að þetta frv. verði að lögum. En verðmætunum verður bjargað og tekjumissirinn verður minni. Það er kjarni málsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 13. shlj. atkv.

Neðri deild, 74. fundur.

Mánudaginn 8. mars, kl. 2 miðdegis.

Rannsóknarlögregla ríkisins, frv. (þskj. 356). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Meðferð opinberra mála, frv. (þskj. 357). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. me ð26 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Skipan dómsvalds í héraði, frv. (þskj. 358). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til alshn. með 27 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 18, n. 383). — 2. umr.

Frsm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, var samið af hegningarlaganefnd sem nú vinnur að endurskoðun á ýmsum þáttum hegningarlaganna, en þetta frv. hefur verið flutt sérstaklega þar sem ekki þykir ástæða til að bíða með það eftir heildarniðurstöðu endurskoðunar fyrrgreindrar hegningarlaganefndar.

Að meginefni til er þetta frv. um breyt. á 40.—42. gr. hegningarlaganna þar sem gefið er meira svigrúm til þess að nota svokallaða reynslulausn, en reynslulausn er fólgin í því að eftir að afplánaður hefur verið ákveðinn hluti af refsitíma, þá er fanga veitt reynslulausn. Hann fær að vera frjáls ferða sinna og er þá undir honum sjálfum komið hvort ástæða er til þess að beita refsingunni frekar.

Í núgildandi hegningarlögum er heimild til þess að veita reynslulausn, en samkv. 40. gr. almennu hegningarlaganna er lágmarkstími afplánunar 8 mánuðir. Fyrr getur viðkomandi fangi ekki fengið reynslulausn. En lagt er til í þessu frv. að tíminn sé styttur í 4 mánuði. Þá er og gert ráð fyrir því að reynslulausn megi veita er helmingur refsitíma hafi verið tekinn út, en í gildandi lögum er ávallt áskilið að fangi hafi tekið út ⅔ hluta refsitímans. Þessi breyt. er, eins og fyrr segir, til þess að veita meira svigrúm í refsidómum og hefur, að svo miklu leyti sem heimildin hefur verið notuð bæði hérlendis og erlendis, gefist vel.

Á þeim tíma sem liðinn er síðan frv. þetta var samið hefur finnska ríkisþingið samþ. að stytta þennan refsitíma úr 4 mánuðum í 3 mánuði og hefur norræna refsilaganefndin svo og

íslenska hegningarlaganefndin lýst sig sammála um að það spor sé stigið í annarri norrænni refsilöggjöf, en eins og kunnugt er, þá er verið að reyna að samræma norræna refsilöggjöf í öllum aðalatriðum og þetta frv. er liður í því.

Vegna þeirra ákvæða, sem nú eru í gildi, og vegna dómafordæma hafa dómarar á Íslandi ekki talið sér kleift að dæma skilorðsbundið eða taka tillit til félagslegra aðstæðna. Reynslan hefur líka verið sú, að fyrir vikið hefur þurft að grípa meira til náðana hér á landi heldur en víða annars staðar. Tilgangurinn með náðunum er ekki sá að til þeirra sé gripið í tíma og ótíma, heldur þegar mjög sérstaklega stendur á og við sérstakar aðstæður. Reynslulausn er miklu aðgengilegri og sveigjanlegri aðferð fyrir dómara sem vilja taka tillit til þeirra sem ákærðir hafa verið og eiga dóm yfir höfði sér.

Allshn. leggur til að frv. verði samþ. eins og það var lagt fram, með þeirri breyt. að í staðinn fyrir 4 mánuði sé talað um 3 mánuði og að því leyti til farið að fordæmi finnska ríkisþingsins.

Þá er ein breyt. í þessu frv. sem er annars eðlis, en hún er breyt. á 232. gr. hegningarlaganna. Er lagt til að sú gr. orðist svo:

„Ef maður þrátt fyrir áminningu lögreglunnar raskar friði annars manns með því að ásækja hann, ofsækja með bréfum eða ónáða hann á annan svipaðan hátt, þar á meðal með símhringingum, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum. Áminning lögreglunnar hefur gildi í 5 ár."

Refsing fyrir slík brot er ekki fyrir hendi í löggjöfinni, en lögð nokkur áhersla á, að þetta ákvæði sé samþ. til þess að bregðast við með ákveðnari hætti gagnvart ofsóknartilraunum eins og þarna um ræðir heldur en nú er mögulegt.

Lagadeild Háskóla Íslands, Lögmannafélag Íslands og Lögfræðingafélag Íslands, allir þessir aðilar hafa mælt með samþykkt frv., bæði aðalefnis þess og þeirrar brtt. sem ég nefndi síðast. Allshn. leggur til að málið verði samþ. með þeirri breyt. sem fram kemur á þskj. 383 og fjallar sem sagt um þá breyt. að í stað orðanna „4 mánuðir" komi: 3 mánuðir.

ATKVGR.

Brtt. 383 samþ. með 22 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
4.—5. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi, frv. (þskj. 331). — Frh. 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Það eru fyrst örfá orð út af ummælum sem féllu hér í upphafi 1. umr.

Það kom fram í ræðu hv. 5. landsk. þm. samanburður á þátttöku ríkisins í kostnaði við verkmenntaskólana, sem almennt eru kallaðir svo, og aðra skóla, þ.á m. viðskiptaskólana. Þessi samanburður var ofurlítið villandi að því leyti að verkmenntaskólarnir, við skulum segja iðnskólarnir, eru ekki kostaðir af ríkissjóði nema að hálfu leyti, en síðan að hálfu af sveitarsjóðum. Þessir skólar eru því kostaðir af opinberum aðilum að fullu. Þetta breytir ekki því að það ósamræmi, sem er í þátttöku ríkisins í kostnaði við hina ýmsu skóla framhaldsskólastigsins, er ótækt og verður að leiðréttast strax þegar menn sjá sér færi á eða koma því í verk. En ég vildi vekja athygli á þessu. Aftur á móti viðskiptaskólarnir tveir, sem hér voru aðallega gerðir að umtalsefni og haldið hafa uppi viðskiptafræðslu í landinu fram til þessa, eru einkaskólar og kostaðir af einkaaðilum og reknir af einkaaðilum með styrk úr ríkissjóði.

Það er ekki reginmunur á því í sjálfu sér hvort skóli er kostaður af ríki eða sveitarfélagi að meira eða minna leyti. Gjöldin eru í báðum tilvikum lögð á skattborgarana eftir þar til gerðum reglum. En hitt er svo annað mál, að samræmi þarf að vera í þessu innbyrðis og það er atriði sem hv. alþm. og stjórnvöld verða að snúast við og leiðrétta.

Ég drap aðeins á það þegar ég mælti fyrir frv. að þetta mál og fleiri mál, sem hér liggja fyrir þingi núna, t.d. frv. um fullorðinsfræðslu, það er eðlilegt að skoða þau í nokkru samræmi við almenna endurskoðun framhaldsskólastigsins. Það breytir svo ekki því að það getur verið nauðsynlegt og e.t.v. reynst óhjákvæmilegt að taka út úr einstaka þætti þessarar endurskoðunar, einstaka málaflokka, og afgr. þá áður, en best væri að afgr. endurskoðun framhaldsskólastigsins í heild. Það getur þó farið svo. Og ég álít að við gætum staðið frammi fyrir því einn góðan verðurdag, einmitt varðandi þennan málaflokk, að það reyndist óhjákvæmilegt að taka þennan þátt nokkru fastari tökum en ríkisvaldið hefur þurft að gera til þessa vegna þess að einkaaðilar hafa staðið sig vel að þessu leyti. Öllum þeim, sem eitthvað hafa fylgst með þeirri óskaplegu aðsókn sem er að þessum tveimur skólum annars vegar og hins vegar gert sér grein fyrir hvað þörfin fyrir viðskiptamenntað fólk hefur vaxið gríðarlega með breyttum atvinnuháttum og aukinni þjónustustarfsemi í þjóðfélaginu, getur ekki komið þetta mál á óvart.

Í ræðu hv. þm. var aðeins vikið að því að nær lægi að hefja aðgerðir á öðrum skólasviðum fremur en þessum, t.d. varðandi verkmenntaþáttinn. Það er mikið rætt og ritað um nauðsyn þess að hefjast þar handa og gera þar betur en gert hefur verið. Mér finnst ástæða til þess af þessu tilefni og út af mörgum fyrirspurnum og athugasemdum, sem oft koma fram einmitt varðandi verkmenntaþáttinn, að rifja upp, í sem allra fæstum orðum samt, hvað við höfum þó á undanförnum missirum, undanförnum árum verið að gera til þess að bæta úr á þessu sviði.

Ég vil fyrst vekja athygli á því að sá töluiegi samanburður, sem oft er gerður á framlögum ríkisins til verkmenntaskóla og annarra skóla, bóknáms, er oft mjög villandi. Það tekur t.d. engu tali álít ég, að telja allan kostnað við grunnskóla til kostnaðar við bóknám. Vitanlega eru í grunnskólanum og í vaxandi mæli

kenndar ýmsar verklegar menntir. Og að öðru leyti verður að líta svo á að á grunnskólastigi sé nemandinn búinn undir það almennt að taka til starfa á þeim skólasviðum sem við taka, hvort sem það eru fremur bókmennta- eða verkmenntaskólar. Eins er að mínum dómi alveg fráleitt að telja allan kostnað við Háskólann og t.d. Tækniskóla Íslands til kostnaðar við bóknám. Innan Háskólans starfar verkfræðideildin t.d. En þetta er þó oft gert þegar verið er að bera þessar tölur saman. Ég dreg ekkert úr því að við þurfum að taka til hendi á verkmenntasviðinu, en menn verða þó að reyna að líta á hlutina nokkuð raunhæfum augum.

Ég vil svo varðandi það, sem hefur verið aðhafst á verkmenntasviðinu á undanförnum árum, rifja þetta upp:

Ég vil í fyrstu minna á stofnun Tækniskóla Íslands 1964, en sá skóli hefur alveg tvímælalaust gegnt mjög merkum þætti í menntakerfi okkar. Hann hefur brautskráð á s.l. 5 árum 86 tæknifræðinga, er mér tjáð, en margir nemendur skólans hafa orðið að ljúka tæknifræðinámi sínu erlendis vegna þess að aðeins hefur verið unnt að hafa fyrri hluta námsins hér á landi. Þá hefur skólinn brautskráð 27 rafmagnstækna og 5 véltækna, en tæknanámið þarna er 2½ ár. Og það er áætlað að bæta þarna við nýjum brautum fyrir tækna. Má vel minna á það að skólinn hefur útskrifað marga meinatækna á undanförnum árum og þeir gegna auðvitað margir mikilvægum rannsóknarstörfum fyrir sjúkrahús og aðrar stofnanir. Þessi skóli hefur nú fengið til afnota húsnæði sem ég hygg að sé talið ágætt og gefur honum góð vaxtarskilyrði.

Fiskvinnsluskólinn í Hafnarfirði var stofnaður 1971 og hlutverk hans er að mennta fiskiðnaðarmenn, eins og kunnugt er, bæði bóklega og verklega auðvitað, til starfa í fiskiðnaði. Sá skóli hefur brautskráð 35 fiskiðnaðarmenn. Af þeim stunda 12 framhaldsnám og ljúka fisktæknaprófum næsta vor. Þessi skóli býr hins vegar við mjög erfið starfsskilyrði að flestu leyti og þar er brýnna úrbóta þörf.

Árið 1972 var stofnaður nýr hjúkrunarskóli. Hann hefur fengið húsnæði á Suðurlandsbraut 18, sem er að vísu ekki stórt, en það er talið mjög vel við unandi. Þar er líka til húsa námsbraut í hjúkrunarfræðum sem var stofnuð í tengslum við læknadeild Háskóla Íslands. Og það má minna á að þar hefur verið efnt til kennslu fyrir röntgentækna, lyfjatækna. Og svo hafa verið stofnaðir sjúkraliðaskólar.

Auðvitað hefur á undanförnum árum þrátt fyrir allt verið unnið töluvert að eflingu iðnskólanna, einkum í Reykjavík og hinum fjölmennari stöðum. En þar er þetta, sem ég áðan aðeins vék að, óskaplegur þrándur í götu, hin óhagstæða löggjöf um skiptingu kostnaðar við hina ýmsu skóla á framhaldsskólastiginu. Það má minna á, að það hefur verið byggt myndarlegt hús fyrir iðnskólann á Akureyri og það er hafin bygging á verknámshúsi á Selfossi sem á að tengja saman iðnskólann og efstu bekki grunnskólans. Þar á Suðurlandi hefur þó tekist að koma á samstöðu með fjórum sýslufélögum. Allt Suðurlandskjördæmið að undanskildum Vestmannaeyjum stendur að þeim skóla. En þetta hefur ekki tekist í öðrum landshlutum svo að ég viti til, að ná þeirri samstöðu sem lög um iðnfræðslu gera ráð fyrir. Þau gera ráð fyrir einum aðalskóla í hverju kjördæmi. Það eykur enn vandræðin í sambandi við uppbyggingu iðnskólanna úti á landi. Það er ekki nóg með það að þeir njóti aðeins helmingsframlags frá ríkissjóði á meðan menntaskólar eru greiddir að fullu o.s.frv., heldur hefur ekki tekist að koma á samstöðu með heimaaðilum um að standa að einum iðnskóla í hverju kjördæmi nema á þessum eina stað. Og sums staðar hefur þetta orðið þannig — og kannske víðast hvar, að einungis það sveitarfélag, þar sem skólinn er til húsa, stendur að kostnaði við hann heima fyrir.

Skipan iðnnáms hefur þegar verið hagrætt í mjög verulegum atriðum og er nú hafin og komin í nokkuð góðan gang námsskrárgerð fyrir iðnfræðslustigið. Það verk er hins vegar ákaflega yfirgripsmikið. Viðurkenndar iðngreinar eru eitthvað á milli 50 og 60 talsins og þetta er auðvitað gríðarlega mikið verk. Væri hægt að vinna það hraðar en gert er nú ef meira fé væri til þess veitt. En verkið er þó hafið og eins og ég sagði, það er í fullum gangi.

Verknámsskólar iðnaðarins hafa verið stofnaðir, eru teknir til starfa við nokkra iðnskóla. Þetta eru eins árs skólar sem veita undirstöðumenntun í iðngreinum. Það hafa verið stofnaðar framhaldsdeildir við verknámsskóla Iðnskólans í Reykjavík í útvarpsvirkjun, rafvirkjun og bifvélavirkjun. Fyrstu nemendur þessara skóla hafa þegar lokið iðnnámi þarna úr framhaldsdeildunum.

Í sjónvarpi nú fyrir nokkrum dögum kynnti Óskar Guðmundsson framkvæmdastjóri Iðnfræðsluráðs nýja skipan iðnnáms sem nú er a.m.k. komin á hér í Reykjavík, já, og raunar víðar. Honn gerði það mjög greinilega. Menn telja mikla bót að þeim breytingum sem þar er verið að taka upp.

Þá vil ég enn minna á það að nokkuð víða á landinu hefur verið tekin upp samvinna með skyldum skólum. Menntmrn. hefur unnið að því að samræma nám skyldra brauta svo að auðveldara verði að halda uppi kennslu í sérnámi utan Reykjavíkur. Þannig hefur iðnskólunum í Vestmannaeyjum, á Akranesi, á Ísafirði og í Neskaupstað verið gert fært að annast fjölbættari kennslu og er nú í vetur kennt vélstjórum og stýrimönnum við suma þessa skóla — eða þá a.m.k. öðrum hópnum — ásamt iðnnemunum á fyrstu námsönnunum. Í Neskaupstað t.d. annast iðnskólinn nám fyrir stýrimenn. Í Vestmannaeyjum er þetta þrennt tengt saman o.s.frv. Og þó að ekki sé unnt að ljúka nema lægri stigum t.d. vélstjóranáms og stýrimannanáms við þessa skóla, þá eru kostir þessarar skipunar, hygg ég, alveg augljósir. Og það eru vissulega fleiri staðir, miklu fleiri staðir sem þegar eru farnir að huga að svona skipulagi.

Þá er enn ástæða til að minna á það að á s.l. skólaári var Flensborgarskóla í Hafnarfirði

breytt í fjölbrautaskóla og til starfa tók s. l. haust fjölbrautaskólinn í Breiðholti, fyrsti skólinn sem byggður er upp með fjölbrautasniði frá grunni. Fjölbrautaskólinn í Breiðholti mun í vetur starfa á fjórum aðalsviðum: menntaskólasviði, iðnfræðslusviði, viðskiptasviði og samfélags- og uppeldissviðum. Hvert þessara sviða greinist svo seinna niður í námsbrautir, eins og kunnugt er. Það má enn í sambandi við þetta minna á að það er áformað að þoka Menntaskólanum í Kópavogi yfir á fjölbrautasvið með tíð og tíma. Hann býr nú í leiguhúsnæði sem hann hefur aðeins til tveggja til þriggja ára og lítið hægt að hreyfa sig fyrr en síðar. En þetta er áformað, að taka þar einnig upp verkmenntabrautir. Og varðandi uppbyggingu menntaskóla á Egilsstöðum stefna menn að því sama, þó að þar verði sennilega eins og í Kópavogi með fyrstu viðfangsefnum að taka upp kennslu í menntadeild, en þetta er sem sagt stefnan þar.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta miklu frekar, en ég vil árétta að í grunnskólanum er fyrsti grunnur verkmennta lagður með alhliða þjálfun huga og handar. Auk þess eru svo gerðar í vaxandi mæli tilraunir með nánari tengsli námsins við atvinnulífið. Kennsla í sjóvinnubrögðum fer t. d. fram núna, er mér sagt, í 40 gagnfræðaskólum víðs vegar um landið. Á Akureyri er gerð tilraun með sérstakri kynningu á iðnaði meðal gagnfræðaskólanema, bæði að því er varðar stöðu iðnaðarins almennt í íslensku atvinnulífi og svo menntun fólks til iðnaðarstarfa. Og hliðstæðar tilraunir fara fram í Neskaupstað í sjávarútvegi og Reyðarfirði og því er varðar bifreiðir. Og næsta haust er ráðgert að taka fyrir landbúnaðar- og viðskiptastörf með sama hætti, gera sams konar tilraunir á því sviði og halda þeim áfram sem þegar hafa verið gerðar og tvímælalaust hafa gefist vel.

Starfsfræðslan, sem Vogaskólinn í Reykjavík hafði forustu um að taka upp hér á höfuðborgarsvæðinu, hefur líka gefist vel. Nemendur fara í skipulagðar kynnisferðir út í atvinnulífið eins og það birtist í umhverfinu og fá tækifæri til að fylgjast með einhverja daga og vinna síðan úr því efni, sem þeir þannig afla sér, þegar í skólann kemur. Þetta, þ. e. forustu Vogaskólans hérna í Reykjavík í þessu efni, hefur orðið til þess að þessi starfsemi hefur færst í vöxt og nú er svo komið að það er vissum erfiðleikum bundið að fá aðstöðu fyrir skólanema til þess að líta inn og fylgjast með á þeim stöðum þar sem mest er spurt eftir á þessu sviði.

Ég held að það sé ljóst af þessu, sem ég hef nú aðeins drepið á, að á undanförnum árum hefur ekki verið setið alveg auðum höndum á sviði verkmenntunar, eins og oft er haldið fram þegar þessi mál ber á góma í fjölmiðlum. En það breytir auðvitað engu um það, að þarna eigum við óskaplega mikinn akur óunninn og gífurlega mikil verkefni fram undan. Hv. þdm. mega ekki taka orð mín svo að ég sé að draga úr þörfinni á auknum þunga í aðgerðum á þessu sviði, þó að ég hafi notað þetta tækifæri, sem gafst hér eðlilega þegar verið er að ræða um einn þátt framhaldsskólastigsins, til þess að rifja þetta upp.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Mér er raunar óskiljanlegt að hæstv. ráðh. skyldi segja þær tölur, sem ég fór með í ræðu minni við fyrri umr. um þett mál, villandi. Ég bar þar saman framlag ríkisins til iðnskóla og framlag ríkisinss til viðskiptamenntunar, eins og það er fyrirhugað í frv., og það er rétt, af því að nokkuð langt er liðið frá því að umr. þessar hófust, að ég endurtaki þessar tölur hér. Til iðnskóla greiðir ríkið í rekstrarkostnað 85—90%, en skv. þessu frv. á ríkið að greiða 100%. Til stofnkostnaðar iðnskóla greiðir ríkið 50%, en skv. þessu frv. er ætlunin að greiða 80% til Verslunarskólans og Samvinnuskólans. Ég vakti athygli á því að hér væri um mjög mikinn kostnaðarmun að ræða, að ríkið hygðist gera allmiklu betur við Verslunarskólann og Samvinnuskólann en við iðnskólana. Þennan samanburð hefur hæstv. ráðh. ekki hrakið, en hann taldi samanburðinn villandi vegna þess að framlagið greiddist í öðru tilfellinu af sveitarfélögum, en hinu tilfellinu einkaaðilum. Mér er gjörsamlega óskiljanlegur þessi hugsunarháttur hæstv. ráðh. og get ekki dregið aðra ályktun af þessum málflutningi en þá, að honum finnist eðlilegt að ríkið greiði einkaaðilum meira en sveitarfélögum. Ég er alls ekki þessarar skoðunar. Ég held að ef á að gera þarna upp á milli, þá eigi þau verkefni, sem sveitarfélögin inna af hendi, að eiga forgangskröfu til almannafjár, en því sé ekki öfugt farið.

Það kom fram í máli hæstv. ráðh. að það hefði verið allmikið gert í skólamálum á framhaldsskólastigi og ýmsu hnikað áleiðis og margs konar samvinna komin á. Þetta er vitaskuld alveg rétt. En af þessu má líka draga aðra ályktun sem liggur í augum uppi eftir ræðu hæstv. ráðh. Hér er raunar um algjört frumkvæði skólanna sjálfra að ræða og öll sú starfsemi, sem fer fram hér og hvar í hinum ýmsu skólum, fer alls ekki fram eftir neinni heildarstefnu. Ég hygg það væri ekki of sterkt til orða tekið að segja að í þessum efnum ríkir heilmikil ringulreið sem erfitt verður að greiða úr þegar setst er niður að semja heildarlöggjöf.

Það er enn eitt sem verður að huga að áður en samþ. er frv. eins og þetta sem hér liggur fyrir. Hvernig á yfirleitt á framhaldsskólastiginu að haga tengslum skólanáms og atvinnulífs þegar um er að ræða starfsmenntun. Ég hygg að það vanti alveg í þetta frv. ákvæði um slíkt, og það munu vera skiptar skoðanir um hvernig þessu á að haga. Ég er þeirrar skoðunar að það sé vissulega sjálfsagt að nám og reynsla í atvinnulífinu fari fram jafnhliða skólanámi. En ég er þeirrar skoðunar að skólarnir verði sjálfir að hafa fulla stjórn á því hvernig þessu er hagað. Við sáum dæmi um það í vetur í hvert óefni er komið þegar ekki er gengið frá þessum málum. Þegar Fiskvinnsluskólinn ætlaði að senda nemendur sína á rannsóknastofur að venju, þar sem þeir eiga að fá starfsþjálfun, þá voru það atvinnurekendur sem settu skólanum stólinn fyrir dyrnar og settu skilyrði um hvers konar nemendur þeir vildu fá. Þeir vildu ekki konur og þeir settu skilyrði um einkunn. Þetta voru skilyrði sem komu frá atvinnurekendum og skólinn virtist a. m. k. í fyrstu hafa beygt sig undir. Hvernig það mál hefur farið er mér því miður ókunnugt um ennþá. En þetta

sýnir að hér vantar skýrar línur til að starfa eftir. Og það eru vissulega mörg slík atriði sem þarf að huga að áður en farið er að fastmóta einn þátt framhaldsmenntunar eins og hér stendur til að gera og koma þar með kannske í veg fyrir að unnt verði að framfylgja þeirri heildarstefnu sem menn munu væntanlega koma sér saman um áður en mjög langt líður.

Ég get endurtekið það líka í samanburði iðnskóla við Verslunarskólann og Samvinnuskólann, að þegar hæstv. ráðh. segir að mjög vel hafi verið gert við iðnskóla á ýmsan hátt, þá má vel benda á Iðnskólann í Reykjavík sem hefur að eigin frumkvæði byrjað á því að fikra sig með námið allt inn í skólann til þess að reyna að afnema hið alræmda meistarakerfi, en til þess að sú uppbygging gæti haldið áfram þurfti skólinn að fá 50 millj. á fjárl. þessa árs til sinnar framkvæmdaáætlunar, en honum voru veittar 9 millj., sem þýðir að þarna er um algjöra stöðvun að ræða.

Það hefði verið fróðlegt að fá það upp hjá hæstv. ráðh., þegar hann ræddi um það sem hann kallaði villandi samanburð hjá mér án þess þó að hrekja það að hér væri ætlað að gera betur við Verslunarskólann og Samvinnuskólann, hvort honum sjálfum þætti eðlilegt að framlög ríkisins, sem ætlað er að veita skv. þessu frv., yrðu eign þessara einkaaðila — allt þetta fjármagn yrði einkaeign þeirra — og hvort honum þyki það eðlilegt að hið opinbera hafi engin áhrif á stjórn bessara skóla úr því á að veita þeim svona mikið fé. Ég saknaði þess að hæstv. ráðh. tæki afstöðu til þessa máls eða svaraði því, þar sem ég hafði komið inn á það í fyrri ræðu minni.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég ætlaði mér ekki að taka til máls um þetta frv., sem hér er rætt, við 1. umr., en ýmislegt, sem hæstv. menntmrh. sagði áðan, varð til þess að ég gat ekki á mér setið.

Hæstv. ráðh. ræddi talsvert um nauðsyn þess að tengja skóla og skólanám við atvinnulífið. Við skulum bara líta á hvað er að gerast í skólakerfi okkar í því sambandi. Það hefur verið talið nauðsynlegt af yfirvöldum fræðslumála og verið gert að lengja stöðugt skólaárið. Niðurstaðan hefur orðið sú að menn hafa uppgötvað að árlegt orlof skólanemenda er orðið það stutt að það er fleiri og fleiri í þeim hópi sem nota ekki það orlof til þess að stunda vinnu. Þá kemst skólakerfið að þeirri gáfulegu niðurstöðu að þetta sé að sjálfsögðu ekki vel gott, að fólk skuli geta farið í gegnum íslenska skólakerfið án þess að kunna að vinna úti í atvinnulífinu. Þá dettur því það snjallræði í hug að fara nú að kenna fólki að vinna í skólum með því að taka upp alls konar námskeið, í sjóvinnu og iðnaði og tækinstörfum, og flytja það inn í skólana, m. ö. o. að lengja kannske eilítið hinn árlega námstíma til þess að geta kennt nemendum vinnu sem þeir stunduðu áður fyrr í sínum eðlilegu frítum.

Það er sem sé smátt og smátt verið að koma í veg fyrir að árið nýtist nemendum til alhliða menntunar því að menntun fer ekki bara fram í skóla. Það er líka fólgin menntun í því fyrir ungan mann eða unga konu að þekkja til frumatvinnuframleiðslu þjóðarbúsins, þekkja hugsunarhátt fólksins sem þar starfar, aðbúð og kjör. Þessi hluti menntunar lærist ekki í skólum, ekki einu sinni á fræðslunámskeiðum um sjóvinnu, iðnað eða tæknistörf. Ég vara mjög við því, að ég tel að hér séu fræðsluyfirvöld að fara út á ranga braut, að vera stöðugt að lengja hið árlega skólanám og komast síðan að þeirri niðurstöðu að þetta árlega skólanám sé orðið svo langt að það verði að fara að flytja vinnukennslu inn í skólana til þess að kenna nemendum að vinna störf sem unnin eru á hinum frjálsa vinnumarkaði. Ég held það væri rétt fyrir hæstv. menntmrh. — og tala ég þar af eigin reynslu sem faðir skólabarna — að kynna sér t. d. hér í Reykjavík hvernig þetta skólaár er notað, hvenær hið raunverulega skólastarf reykvíska skóla hefst á haustin, hversu algengt það er að þegar skólabörn eru kvödd til skólastarfs í byrjun septembermánaðar sé ekki einu sinni til fullfrágengin stundatafla og ekki farið að vinna að töflugerð fyrr en nemendurnir eiga að vera mættir, hversu algengt það er orðið í íslenskum grunnskólum að nemendur séu kallaðir til skóla úr atvinnulífinu eða úr sveitum til þess eingöngu að vera við skólasetningu og eru svo sendir heim og sagt að mæta ekki aftur í skóla fyrr en að 10 dögum eða hálfum mánuði liðnum og hvað mikill árlegur skólatími fer í alls konar próf, skyndipróf, miðsvetrarpróf og annað slíkt. Ég held að hæstv. ráðh. ætti að athuga þessi mál og sjá hvernig skólatíminn er nýttur.

Þá vil ég einnig að því víkja og get tekið undir margt það, sem hv. þm. Svava Jakobsdóttir sagði hér áðan, að það virðist vera í íslensku skólakerfi að það grípi um sig þar einhvers konar tískuorðafaraldur. Menn detta ofan á eitthvert nýtt skólaheiti eða starfsheiti á námi og það fer eins og farsótt gegnum allt íslenska skólakerfið. Ég þekki ekki nokkurt annað skólakerfi í nokkru landi sem er algjörlega undirlagt alls kyns tilraunastarfsemi eins og það íslenska. Það virðist ekki vera stjórn á nokkrum sköpuðum hlutum þar lengur. Allt kerfið er undirlagt í eintómri tilraunastarfsemi.

Tískuorðið, sem nú ber hæst, sem allir ætla að keyra í gegn og framkvæma, er fjölbrautaskóli. Allir eru að berjast við að taka upp fjölbrautaskóla. En hvað er fjölbrautaskóli? Fjölbrautaskóli er skóli sem gefur nemendum tækifæri á því að ljúka við ýmislegt nám innan sinna vébanda. Það hefur verið settur upp fjölbrautaskóli hér í Reykjavík. Það var auglýst með hástemmdum orðum að einn þátturinn í námi þessa fjölbrautaskóla væri að veita verklega menntun á iðnnámsstigi. Guð almáttugur hjálpi mér! Það eru yfir 60 löggiltar iðngreinar í landinu. Þessi skóli lýsir því yfir að hann ætli að taka til við að kenna nemendum, sem inn í hann koma, leysa þá út frá sveinsprófi í 60 löggiltum iðngreinum. Hvað eru menn að hugsa? Íslenska þjóðin hefur verið að baksa í því um áratugaskeið að reyna að koma verkstæðisnámi inn í iðnskólana. Okkur hefur tekist á öllum þessum tíma að byggja upp örfá fullkomin verkstæði, — ja, maður ætti kannske ekki einu sinni að segja fullkomin, en örfá skólaverkstæði við eina stóra iðnskólann í landinu, Iðnskólann í Reykjavík, og svo eru menn að prédika núna að það eigi að reisa fjölbrautaskóla úti um hvippinn og hvappinn sem eigi að taka að

sér að kenna nemendum, sem inn í þessa skóla koma, til sveinsprófs í yfir 60 iðngreinum og það eigi bara að vera einn þátturinn af mörgum í námi þessara skóla. Þetta er svo algjörlega stjórnlaust og vitlaust að ég held að þess séu fá dæmi að mönnum geti dottið annað eins í hug og þetta.

Nei, við eigum ekki að vera að flýja vandamálið með að grípa til svona pappírslausna sem líta vissulega vel út þegar þær eru settar fram. Það er hægt að auglýsa svona starf upp ansi skemmtilega fyrir saklausa foreldra og saklausa nemendur, hægt að telja þeim trú um að það sé hægt að stofna skóla á einu eða tveimur árum sem m. a. geti boðið nemendum að ganga þar inn að loknu barnaskólaprófi og koma þaðan út aftur eftir þetta og þetta mörg ár sem fullgildur sveinn í hinni eða þessari iðngrein. Þetta lítur ákaflega vel út á pappírnum, en þetta er bara ekki hægt að framkvæma og með því að vera að segja slíkt við nemendur, sem vita ekki hvernig málum er hagað, er hreinlega verið að gabba þá. Það er verið að plata þá nemendur, sem ganga inn í slíka skóla, vegna þess að slíkir skólar geta ekki staðið við þau loforð sem þeir gefa þessum nemendum í upphafi. Það er hrein svívirða að vera að flýja fjárhagsvandamál iðnfræðslukerfisins með því að vera að búa til pappírstígrisdýr eins og þessa fjölbrautaskóla sem aldrei koma til með að geta gegnt því hlutverki sem þeir eru að lofast til að gegna.

Það er að vissu leyti rétt að það er ýmislegt nytsamlegt við hugmyndina um fjölbrautaskóla. Þetta getur komið að gagni í löndum þar sem til eru sérstakir fagskólar í ýmsum verknáms- og bóknámsgreinum og þar sem rétt þykir að sameina slíka fagskóla undir einn hatt, þannig að nemendur þurfi ekki að hlaupa á milli mismunandi sjálfstæðra skólastofnana til þess að leita sér náms, heldur geta leitað sér náms síns í kannske fjölmörgum skólum, en undir einum hatti. En þessir skólar, sem eru grundvöllur slíks kerfis, eru ekki til á Íslandi. Þessir verkstæðisskólar, sem eru forsenda þess að hægt sé að setja fjölbrautaskóla á fót, eru ekki til hér og það vandamál, að þeir séu ekki til, verður ekki leyst með því að samþ. einhver lög hér á hinu háa Alþ. eða reglur sveitarstjórna um að setja upp eitthvert pappírstígrisdýr sem heitir fjölbrautarskóli. Það er kannske talsverð lýsing á því hvernig íslendingar leysa gjarnan fjárhagsvanda í sínum menntamálum að þegar þeir ekki geta ráðið við að fjármagna iðnfræðslukerfið, þá á að leysa það með því að búa til eitthvert pappírstígrisdýr, eins og fjölbrautaskóla, til þess að geta gabbað saklausan almenning.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég ætlaði ekki að taka þátt í þeim umr. sem hér fara fram, en það er eitt atriði sem ég vil aðeins drepa á. Það er 7. gr. þessa frv. sem hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Stofna skal, eftir því sem þörf krefur og fé er veitt til í fjárl., sérskóla á vegum ríkisins er veiti viðskiptamenntun, sbr. 6. gr. Skal fyrsti skóli þeirrar tegundar stofnaður á Akureyri."

Það er enginn vafi á því að í sambandi við viðskiptamenntun er þörfin mjög brýn. Mér er t. d. tjáð að það fái ekki nema ⅓ skólavist á Bifröst af þeim sem sækja, og gefur það auðvitað dálitla hugmynd um hvað þörfin þarna er brýn. Síðan þetta frv. var lagt fram hafa fjölmargir haft samband við mig í sambandi við þetta atriði, um 7. gr., og hvort það sé ekki einhver leið nú þegar að koma á fót slíkum skóla á Akureyri eða þar í grennd. Ég er einmitt með þáltill. sem ég er að reyna að ganga frá um að það verði athugað að koma slíkum skóla á í húsakynnum Húsmæðraskólans á Laugalandi í Eyjafirði. Þar er húsnæði sem er lítið eða ekkert notað, og eins og er nú ástatt hjá okkur er sjálfsagt að nota það húsnæði sem er fyrir hendi, og það væri hægt miklu fyrr en ella að koma slíkum skóla á ef til þessa ráðs yrði gripið.

Ég held að þurfi að gefa fólki tækifæri á þessu sviði eins og öðrum að undirbúa sig undir lífið, og síðasti hv. ræðumaður sannfærði mig ekki um að það þyrfti ekki meira val í þessu efni. Hitt er svo annað mál, hvernig á að koma þessu námi fyrir.

Ég held að það sé ekkert nýtt í okkar skólamálum, það sem við þurfum nú að horfast í augu við. Ég held að það sé ekkert nýtt. Ég held það hafi ekki orðið nein skyndibreyting í þessu efni. Mér skildist á hv. síðasta ræðumanni að það væri einhver fyrirmyndarskóli, iðnskólinn hér í Reykjavík, og þar þyrfti ekki mikil breyting að verða á. Því miður hef ég aðra reynslu, — því miður og mjög á annan veg.

Ég vil beina því til hæstv. menntmrh. í sambandi við að stofna skóla á Akureyri sem allra fyrst eða þar í kring, hvort það væri ekki hugsanlegur möguleiki t. d. að nota hús Húsmæðraskólans á Laugalandi og hvort það væri ekki hægt að láta hann taka til starfa jafnvel á næsta hausti því að það er mjög mikil þörf á þessu sviði, eins og ég gat um áðan, og ástæða til þess að nýta þá möguleika sem eru fyrir hendi.

Jónas Árnason: Herra forseti. Það eru aðallega Maó formaður og hans félagar þarna austur í Kína sem tala um pappírstígrisdýr. Ég er ekki viss um að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hafi lagt alveg réttan skilning í þau fræði þegar hann talaði um fjölbrautarskóla sem pappírstígrisdýr. Ég sé nú að hann er horfinn úr salnum, svo að ég get ekki farið nánar út í þessi fræði við hann. En þegar Maó og þeir kumpánar tala um pappírstígrisdýr, þá eru þeir að tala um stórveldi kapítalismans sem muni reynast álíka þrekmikil og hættuleg, þegar til komi, eins og tígrisdýr úr pappír. Ég get ekki séð að þetta eigi neitt skylt við fjölbrautaskóla hér uppi á Íslandi.

Hins vegar er ég að mörgu leyti sammála því sem hv. þm. sagði. Reyndar er ég sannfærður um að hæstv. menntmrh. er líka alveg sammála því mörgu. Ég hygg að gagnrýni þá, sem hv. þm. setti hér fram, eigi aðrir frekar skilið en núv. hæstv. menntmrh. Ég er alveg sannfærður um að núv. hæstv. menntmrh. skilur það, eins og ég tel mig líka skilja það, að það er mikil nauðsyn fyrir okkur að halda því gamla kerfi sem kom m. a. fram í sumarmenntuninni sem hv. þm. talaði um. Ég býst við að flestir hv. þm, hvar sem þeir eru nú staddir í þjóðfélaginu með sitt ævistarf, geti borið því vitni hvað

mikla þýðingu það hafði að ungt fólk, — og þá er ég að tala sérstaklega um þá sem fóru í langskólanámið, — að þetta unga fólk fór á sumrin annaðhvort upp í sveit eða til sjós eða í bæjarvinnuna hér í Reykjavík og vann með alþýðu þessa lands. Ég er sannfærður um að fátt er þýðingarmeira en þetta að því er varðar viðhald þessa þjóðfélags og menningar þessarar þjóðar. Það voru hin nánu kynni milli stétta, milli fólks af ýmsum uppruna, sem þetta tryggði, og ég tek undir með hv. þm. Sighvati Björgvinssyni að þetta er mjög þýðingarmikið. En lenging skólatímans hins vegar miðar að því að afnema þetta ágæta kerfi. Og það er rétt, sem hann segir, að því unga fólki fjölgar nú ískyggilega sem gengur í gegnum allan sinn skóla og síðan til starfa í þjóðfélaginu, í einhverju embætti t. d., án þess að hafa kynnst þjóðinni eins og kynslóðirnar gerðu á undan.

Ef ég væri spurður um það hvert væri grundvallarviðhorf mitt til þessara mála, þá mundi ég svara að okkur beri að viðhalda eins lengi og mögulegt er þessu gamla kerfi og stytta ekki sumarfrið, gefa skólafólki okkar sem allra mest tækifæri til þess á sumrin að fara út á meðal bænda, sjómanna, verkamanna til þess að menntast.

Ég get líka tekið undir það með hv. þm. Sighvati Björgvinssyni að það er að verða satt að segja óþolandi hvað hér vaða upp ýmiss konar týskufyrirbæri. Það er verið að sækja handa þessu sérstæða þjóðfélagi okkar og ekki bara á sviði skólamála, — það er verið að sækja fyrirmyndirnar endalaust til annarra þjóða. Menn koma sprenglærðir úr einhverjum útlendum háskólum með bóklærðar kenningar sem síðan, skv. þeim bókum sem þeir hafa lesið, eiga að duga til að leysa tiltekin vandamál. Í skólamálum hygg ég að það sé iðulega þannig, að þessir lærðu menn koma heim með lausnina á vandamálinu, en raunveruleikinn segir þeim þá ef þeir skyggnast í hann, að vandamálið er ekki fyrir hendi. Og þá er bæði meðvitað og ómeðvitað farið að finna upp vandamálið til þess að það stemmi við lausnina. (Gripið fram í.) Þetta er ekki íhaldsmennska. Þetta er bara skilningur á kringumstæðum.

En hér er verið að ræða frv. sem stefnir að því að taka inn í ríkiskerfið, — setja á ríkisframfæri, skulum við segja, — tvo skóla sem hingað til hafa verið á framfæri annarra aðila. Þetta eru Samvinnuskólinn og Verslunarskólinn, þessir tveir verslunarskólar. Ég hygg að það sé ekki hægt að meta þessa tvo skóla að jöfnu þegar við veltum þessu máli fyrir okkur. Mér sýnist það sé nokkur munur á hvort skóli er rekinn af aðila eins og samvinnuhreyfingunni, fjöldahreyfingu, eða rekinn af Verslunarráði eða kaupsýslustéttinni íslensku. Þetta er að mínum dómi ekki alveg það sama. Með þessu er ég ekki að segja að ég sé andvígur að báðir þessir skólar yrðu teknir inn í kerfið á þennan hátt. En ég vil strax segja það að ég er ekki í neinum vafa um að það er rétt að taka Samvinnuskólann inn í kerfið á þennan hátt. Að meginstofni til er Samvinnuskólinn í mínu kjördæmi, í mínu héraði, og ég er alltíður gestur þar, hef fylgst nokkuð með þessum skóla, veit t. d. að þrátt fyrir mikil fjárframlög frá samvinnuhreyfingunni kostar það gríðarlega mikið að vera á þeim skóla. Frv. þetta stefnir að sjálfsögðu að því að auðvelda mönnum að standast þann kostnað, — fólki sem hefur ekki mikil auraráð. Skólinn sjálfur er líka að mínum dómi fyrirmyndarskóli, rekstur hans allur, andrúmsloft þar allt til fyrirmyndar. Ég hef fáum stofnunum kynnst sem mér sýnast eins líklegar til þess að auka þroska ungs fólks, og þá er ég ekki bara að tala um verslunarmenntunina sem það fær þarna, heldur það andrúmsloft sem þarna ríkir. Og veit ég það reyndar af nokkuð náinni reynslu. Sem sé, ég hef nokkurn fyrirvara varðandi Verslunarskólann í þessu máli, en ég er eindreginn stuðningsmaður þess að Samvinnuskólinn fái þennan ríkisstuðning.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Ég hygg að um það mál, sem hér liggur fyrir til umr., frv. til l. um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi, séu í grundvallaratriðum ekki mjög skiptar skoðanir um að eðlilegt væri að þessi þáttur framhaldsmenntunar komi inn í skólakerfið með sama hætti og aðrir framhaldsskólar. Það blandast engum hugur um það að menntun á viðskiptasviði er nauðsynleg og ómissandi í nútíma þjóðfélagi og fyllilega eðlilegt að ríkið komi á sama hátt inn í þarna með greiðslu kostnaðar eins og til annarra framhaldsskóla. Hins vegar vil ég segja það varðandi einmitt kostnaðarhliðina — og mér skilst að einmitt um það atriði sé hik á mönnum hér, að ég tel mig ekki geta tekið fullnaðarafstöðu til þess fyrr en ég hef fengið kostnaðaráætlun um hvað sú ráðstöfun kosti að taka Verslunarskóla Íslands og Samvinnuskólann á framfæri ríkisins að því marki sem frv. gerir ráð fyrir. Ég tel að ég geti ekki sagt minn hug allan fyrr en ég einfaldlega veit hvað það þýðir í auknum útgjöldum fyrir ríkið.

Ég á sæti í menntmn. Nd. sem fær þetta frv. til nánari umfjöllunar, — við höfum raunar haft það nú þegar, — og ég vænti þess að n. fái þá áætlun í hendur til þess að auðvelda okkur að taka afstöðu til þessa atriðis.

Ég verð að segja að mér fannst dálítið skrýtin afstaða sem hv. síðasti ræðumaður, hv. 5. þm. Vesturl., tók Það var einna helst að skilja á honum, að hann ætlaði að styðja Samvinnuskólann af því að hann væri í kjördæminu hans og svo væri hann auðvitað miklu betri á allan hátt en Verslunarskóli Íslands. Ég legg þessa skóla alveg að jöfnu, þeir veita báðir sams konar menntun, og þess vegna tel ég eðlilegt að það sama gangi yfir þá báða í þessu efni. Ég treysti mér ekki til þess að gefa þessum skólum einkunn út á eitt eða neitt, hvort annar er betri en hinn. Þeir eiga báðir að vera góðir, eins og allir skólar eiga að vera góðir, og eðlilegt er og sjálfsagt að þarna fylgist þessir skólar að.

Ég get fyllilega tekið undir þau rök, sem komu fram hjá hv. 5. landsk., að að sjálfsögðu hljótum við að hika gagnvart því að leggja út í nýj útgjöld til þessara skóla á meðan okkur tekst ekki betur en okkur tekst nú að fjármagna t. d. okkar verkmenntun sem við erum hástöfum að lofa að við ætlum að gera vel við. En að

sjálfsögðu verður þetta framtíðarskipan, að viðskiptamenntunarskólarnir koma inn í menntakerfið á sama hátt og annars konar framhaldsmenntun.

Það hefur ýmislegt annað verið sagt hér um skólakerfi okkar. Hv. 8. landsk. þm. hafði allháværar umr. um það. Mér fannst satt að segja sumt af því sem þar kom fram, nokkuð vanhugsað.

Það er ekki óalgengt að heyra háværa gagnrýni um þá lengingu skólatíma sem nýju grunnskólalögin fela í sér. Ég hefði haldið að þessum hv. þm., af því að hann lét sér mjög annt um þessi mál eða svo var að heyra á hans málflutningi, ætti að vera kunnugt um að í grunnskólalögunum er ákvæði sem heimilar að stytta skólatíma í grunnskóla niður í allt að því 7 mánuði og þetta ákvæði er einmitt komið inn í lög fyrir óskir úr dreifbýlinu. Og ég get heils hugar tekið undir það sem hér hefur komið fram, bæði hjá 8. landsk. og 5. þm. Vesturl., að ég er ákaflega óhress yfir þeirri þróun sem er að verða t. d. úti í sveitum landsins, börnunum er kippt burt úr sínu umhverfi og sinni vinnu, frá sínum sveitaheimilum, til þess að setjast á skólabekk um miðjan september og þeim er haldið út maí. En þetta þyrfti ekki að vera, vegna þess að það er heimild fyrir því í lögunum að stytta skólatímann eftir hentugleikum og eftir því sem þörf þykir krefja. En auðvitað er ekki allur vandinn leystur með því. Styttri skólatími í strjálbýli útheimtir auðvitað allt aðra skipulagningu námsins. Það segir sig sjálft, námið þarf að verða miklu samþjappaðra. Það er þetta atriði sem ég hef verið dálítið hrædd um að yrði ekki gætt nógu vel að. Það er ekki nóg að stytta bara skólatímann fyrir fólkið úti um sveitirnar. Það verður að haga náminu samkv. því, þannig að nemendur þar verði ekki beinlínis á eftir, þeir verði afskiptir í því námi sem skólinn á að veita þeim, einfaldlega vegna þess að þeim er kippt á undan félögum þeirra hér í þéttbýlinu burt úr skólanum. Mér býður í grun að þarna hafi enn sem komið er ekki verið nógu vel á málum haldið. Maður heyrir mjög oft að nemendur, sem koma úr skólunum utan af landi, grunnskóla og héraðsskólunum gömlu, séu á eftir sínum félögum hér og standi ákaflega miklu verr að vígi þegar þeir eiga að ganga undir sömu próf og félagar þeirra í kaupstöðum þar sem skólatíminn er í fullri lengd.

Við vitum mætavel hve aðstæður eru gjörólíkar til sveita og svo aftur í kaupstöðum, ég tala nú ekki um Reykjavík sem hefur sérstöðu, skólatíminn þar er lengdur hreinlega — og það hefur verið viðurkennt — til þess að skapa nemendum athvarf, beinlínis að þessi börn, þegar skólanum lýkur eigi eitthvert athvarf til að hverfa að. Og þá á ég sérstaklega við það að með hinum mikla tilflutningi íslendinga úr strjálbýli í þéttbýli er að verða úr sögunni að fólk í kaupstöðum eigi sína nánustu, fjölskylduna eða náið ættfólk úti á landsbyggðinni. Þegar verið er að tala um að það eigi að stytta skólana og láta börnin fara út í sveitirnar og vinna, þá er það ákaflega miklu hægara sagt en gert. Bændur eru ekki við því búnir nú orðið að taka við hópi óviðkomandi barna bara til þess að kenna þeim að vinna og lofa þeim að njóta sveitalífsins. Bændur hafa orðið að laga sig að breyttum tímum. Búin eru vélvædd. Þeir þurfa ekki lengur á léttastrákum og stelpum að halda í sama mæli og áður fyrr þegar mannshöndin var virkari en hún er í dag. Forsendan fyrir langri skólavist í þéttbýli er því til komin af skiljanlegum ástæðum, út af gerbreyttu þjóðfélagi. Þetta verðum við að hafa í huga. Og einmitt vegna þess hefur þetta ákvæði, að ég hygg, komið inn í grunnskólalögin, að þarna megi ríkja sveigjanleiki og þeim, sem treysti sér til að hafa skólatímann styttri, sé það leyfilegt. En þá megi þeir, sem úti í strjálbýlinu búa, ekki kvarta á sama tíma og segja: Okkar börn fá minna námsefni. Þarna verður að vera jafnræði. — Það verður það ekki nema skólanámið úti um hinar strjálli byggðir landsins verði skipulagt með þeirri viðmiðun að tíminn er styttri.

Hv. 8. landsk. ræddi nokkuð um fjölbrautaskólann og spurði: Hvað er fjölbrautaskóli? Ég held að honum sé ekki nægilega ljóst sjálfum hvað fjölbrautaskóli er og kannske er mér það ekki heldur. Þetta er, eins og hann sagði, tilraunaskóli, — tilraunaskóli sem á þó að vinna í þeim anda sem við öll teljum æskilegt, að gera hinni verklegu menntun jafnhátt undir höfði og bóknáminu og lofa þessu námi að fara fram undir sama þaki og hvað verklega námið snertir í mjög nánu sambandi við þá verklegu skóla sem fyrir eru.

Það hefur í þessu sambandi mikið verið talað um gerbreytingu iðnmenntunar, það eigi að leggja meistarakerfið niður og allt eigi að byggjast upp frá grunni. Mér er kunnugt um að hugmyndir um verklegt nám í fjölbrautaskólanum miða m. a. að því að nýta iðnskólana sem fyrir hendi eru, nýta kennslukraftana sem þar eru, og jafnvel, meðan fjölbrautaskólanum hefur ekki vaxið fiskur um hrygg, að nýta þar þá verkstæðisaðstöðu sem fyrir hendi er á hverjum stað. Við þurfum ekki að ímynda okkur að fjölbrautaskólinn rísi upp fullmótaður á fáeinum árum. Þetta er langtímaverkefni sem þarf að fá að þróast með jákvæðu hugarfari þeirra manna er að menntamálum standa.

Ég skal heils hugar taka undir það, að það er hæpið að gína við öllum nýjungum í skólamálum. Við skulum taka þeim með vara og reyna að byggja enn sem fyrr á okkar gömlu reynslu og okkar gamla skólakerfi, því að það átti marga kosti umfram það nýja sem verið er að lofsyngja nú stundum með þeim hætti að ekki er mjög trúverðugt. En ég held líka að með tilliti til þeirra feiknalegu breytinga og byltinga á sumum sviðum sem okkar þjóðfélag hefur gengið í gegnum, þá sé ákaflega hættulegt að ímynda sér að skólakerfið standi í stað og það getur boðið hættunni heim um afturhaldssemi og stöðnun. En hitt er alveg rétt, að það hefur komið upp stundum oftrú á alls konar tískufyrirbæri í skólakerfinu, einhverjar patentlausnir sem hafa átt að leysa allan vanda. Það hefur átt að ýta til hliðar öllu því gamla. Ég þekki af eigin reynslu úr kennarastarfi t. d. það, sem talið var það eina rétta í tungumálakennslu fyrir eins og einum áratug, en nú með fenginni reynslu af því er að koma greinilegt afturhvarf til hinna

eldri hátta og það hefur sýnt sig að það leysir ekki allan vanda, langt frá því. Hér verðum við að fara að með gát, vinsa úr það sem er til gagns af nýjungum, en hafna hinu. Hér sem annars staðar er það hinn mikli vandi. Sama máli gegnir um stærðfræðikennslu. Mengi þótti það eina sem vit var í fyrir nokkrum árum. Foreldrar stóðu ráðþrota. Þeir gátu ekki og máttu ekki lengur kenna börnum sínum margföldunartöfluna, af því að það varð að gerast eftir allt öðrum leiðum en þeir höfðu lært upp á gamla mátann. En að sjálfsögðu megum við ekki hafna öllu því sem nýtt er og frá öðrum þjóðum komið sem fyrir fram óhæfu og einskis nýtu. Þarna verðum við að beita okkar gagnrýni og umfram allt að reyna að tileinka okkur það sem jákvætt er og heppilegt fyrir okkar aðstæður. Það vil ég líka leggja áherslu á, að við í okkar litla þjóðfélagi þurfum, ekki hvað síst í menntamálunum, að miða okkar skólakerfi við okkar sérstæðu aðstæður, og það á ekki hvað síst við um hinn mikla mun, sem ríkir á aðstöðu á þéttbýlum landssvæðum og hins vegar í útkjálkahéruðum landsins, þar sem allar aðstæður eru eins gjörólíkar og hugsast getur. En ég endurtek það sem ég sagði í upphafi: Mér finnst 9. gr. umræddS lagafrv. þurfa nánari athugunar við, og ég sem meðlimur í menntmn. vænti þes að við fáum eithvað frekar til að fóta okkur á hvað kostnaðinum viðvíkur áður en við þurfum að taka endanlega afstöðu.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ekki hef ég hugsað mér að blanda mér í almennar umr. um menntamál. Ég hef að vísu ekki á móti því að fram komi íhaldsöm sjónarmið í þeim efnum, en finnst fulllangt gengið þegar verið er að kalla fjölbrautaskólana tískufyrirbrigði. Enginn vafi er á því að fjölbrautaskólarnir eru ákaflega merkileg tilraun og merkilegt spor sem stigið hefur verið í menntaskólamálum, og ég er þess fullviss að við erum þar á réttri braut og þetta skólahald á eftir að þróast með jákvæðum hætti.

Ég ætlaði aðeins að segja nokkur orð um þetta frv. sem hér er á dagskrá. Ég skal viðurkenna að þegar skólar, sem maður sjálfur hefur alist upp í, eru á dagskrá, þá kunna tilfinningarnar að blandast inn í umræðuna og hafa áhrif á skoðanirnar. Ég geri ráð fyrir að svo sé um alla. Það er að einhverju leyti þess vegna sem ég hef fylgst með gangi þessa frv. á þessu þingi og tveim undanfarandi þingum með nokkurri athygli og áhuga, og það er kannske þess vegna sem mér leiðist þegar þm. reka hornin í þetta frv. og tala um viðskiptamenntun með lítilsvirðingu.

Hv. þm. Jónas Árnason féll sem oftar í þá gryfju að hræsna fyrir alþýðuhreyfingunni og upphefja Samvinnuskólann á kostnað Verslunarskóla Íslands. Þetta er að sjálfsögðu mjög ómaklegt, bæði fyrir Samvinnuskólann og Verslunarskólann. Þessir skólar eiga sér langa sögu, þeir standa á gömlum merg og hafa vissulega gegnt mjög merkilegu hlutverki í skólasögu Íslands og þá vitaskuld mest í þeirri menntun og þeim störfum sem námið þar snýst um. Ég vil taka fram vegna tilefnis frá hv. þm. Jónasi Árnasyni um að skólar eigi ekki að vera of lengi á hverju ári, sem ég er honum sammála um, þá minni ég á að í Verslunarskóla Íslands hefur það tíðkast um mjög langt árabil að hafa námið þar styttra en í öðrum skólum, og ég sem nemandi þar naut góðs af því að komast fyrstur á vinnumarkaðinn og út í sveit þegar ég var unglingur og geta verið þar lengur en aðrir nemendur á hverju ári. Ég held að sá háttur sé enn þá hafður á í þessum skóla, að hafa námið styttra en gengur og gerist í öðrum skólum, og ég held að það sé til góðs.

Ég fagna að sjálfsögðu frv. þessu, en tel að það sé fullseint á ferðinni, vegna þess að þetta frv. hefur verið hér fullmótað, eins og það a. m. k. liggur fyrir núna, á tveimur undanfarandi þingum og var komið langleiðina með að fá afgreiðslu hér á síðasta þingi, en ekki vannst til þess tími. Ég hefði því haldið að það hefði mátt flytja fyrr á þessu þingi því að það er orðið mjög brýnt að fá frv. samþykkt.

Það má vel vera að einhverjir hafi ímugust á viðskiptamenntun og telji hana vera lítilfjörlegri eða eigi minni rétt á sér en annars konar menntun í þjóðfélaginu. Ég læt mig engu varða um það, vegna þess að sjálfur er ég sannfærður um og veit að þessi menntun stendur annarri menntun fyllilega á sporði og á nákvæmlega sama rétt á sér. Ef þjóðfélagið og fræðsluyfirvöld hafa á annað borð áhuga á því að hér sé sæmilega menntuð viðskiptastétt, fólk í verslunarstörfum, verður auðvitað að kenna viðskiptafræði eins og önnur fræði í skólum landsins. Ég leyfi mér að fullyrða að ef ekki verður núna brugðist skjótt við varðandi báða þessa skóla, Samvinnuskólann og Verslunarskólann, þá er fyrirsjáanlegt að þeir munu leggjast niður. Þessir skólar munu leggjast niður vegna fjárhagserfiðleika. Svo langur er halinn orðinn og svo erfiður. Um leið og ég geri mér grein fyrir því að það kostar fé fyrir ríkið að taka þátt í rekstri þessara skóla, meira heldur en nú er, þá spyr ég: Hvað mundi það kosta fyrir ríkið ef þessir skólar yrðu lagðir niður og þá að þurfa að eyða fé til að setja sambærilega skóla á stofn og til þess að reka þá alfarið? Er ekki nokkurs virði sú reynsla, sem fengist hefur í þessum skólum á undanförnum áratugum, og er það ekki nokkurs virði fyrir fræðsluyfirvöld að fá til afnota þær skólabyggingar og það starfslið sem nú þegar er fyrir hendi í þessum skólum? Ég held að svo sé. Ég held að það sé ósanngjarnt og stafi af skilningsleysi eða einhverjum öðrum annarlegum ástæðum þegar þm. fetta fingur út í þetta frv.

Á síðasta þingi gerði menntmn. Nd. breytingar á frv. og lagði fram sínar till. þar að lútandi sem komu nokkuð til móts við það sjónarmið, sem m. a. kom fram í máli hv. þm. Svövu Jakobsdóttur. (Gripið fram í.) Nei meiri hl. menntmn. lagði fram till. sem komu til móts við þessi sjónarmið. Þær snerust í fyrsta lagi um að menntmrh. tilnefndi fulltrúa í stjórn skólanna og í öðru lagi að ef þessir skólar legðust niður eða húsnæði þeirra yrði hagnýtt með öðrum hætti en í þágu skólanna, að þá fengi ríkið eignaráð yfir hlutaðeigandi húsnæði í samræmi við stofnkostnaðarframlög sín. M. ö. o.: þarna var ætlunin að tryggja að menntmrn. hefði fullkomna

aðstöðu til að fylgjast með rekstri skólans og í öðru lagi að það fé, sem rynni úr ríkissjóði, kæmi þá til góða ef til þess kæmi að skólarnir yrðu lagðir niður í núverandi formi og af núverandi eignaraðilum. Þetta hlýt ég að minna á, vegna þess að ég hef talið að það hefði verið eðlilegra að frv. hefði verið lagt fram nú með þessum breytingum. Ég vona að ég þurfi ekki að skilja framlagningu frv. svo að hæstv. ráðh. hafi verið andvígur þessum breytingum.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta, herra forseti, að sinni. Ég vek athygli á því að í fréttabréfi frá menntmrn., sem dagsett er í febrúar, kemur fram að í verslunarskólum, og gerj þá ráð fyrir að þar sé átt við Samvinnuskólann og Verslunarskólann, hafi verið rétt tæplega 300 nemendur á síðasta skólaári. Það er með allra hæsta nemendafjölda sem gerist í framhaldsskólum. Þessi tala mundi sennilega vera miklum mun hærri ef aðgangur að þessum skólum væri ekki mjög takmarkaður vegna rekstrarörðugleika skólanna. Þetta gefur vísbendingu um að ungt fólk sækir í þessa menntun og þjóðfélagið hefur þörf fyrir hana. Auðvitað á það, að vera hlutverk okkar hér á hinu háa Alþ. og skylda okkar að koma til móts við þessar þarfir þjóðfélagsins og greiða fyrir þessari menntun með nákvæmlega sama hætti og allri annarri menntun í þessu landi.

Jónas Árnason: Herra forseti. Sjö óbreyttir þm., *einn hæstv. ráðh. og einn hæstv. forseti*, fáir í þingsalnum eins og fyrri daginn þegar verið er að ræða þau mál, sem ekki gefa þm. tækifæri til að láta ljós sitt skina um efnahagsmálin eða önnur hin æðri tilverusvið stjórnmálanna.

Ég verð að gera athugasemd við ræðu hv. þm. Ellerts B. Schram hér áðan. Hann sagði að ég hefði *með ummælum mínum um Samvinnuskólann* verið að hræsna, ég hefði fallið, sagði hann, enn einu sinni í þá gryfju að hræsna fyrir alþýðunni. Ég var að segja álit mitt á þessum ágæta skóla og stend við það. Ég rökstuddi þann fyrirvara sem ég hafði varðandi Verslunarskólann í þessu sambandi, að það væri ekki alveg sambærilegt hvort skólinn væri rekinn af fjöldahreyfingu, eins og samvinnuhreyfingin er, eða af Verslunarráði Íslands eða kaupsýslustéttinni. Í framhaldi af þessu lét hv. þm. þess getið, þegar hann tók undir skoðanir okkar sem höfum talið að ekki mætti lengja skólatíma hjá ungu fólki, þá nefndi hann það sem dæmi að hann hefði sem nemandi í Verslunarskóla snemma á vorin komist út á vinnumarkaðinn og þar með fengið tækifæri til þess að kynnast hinu vinnandi fólki þessa lands. Ég verð að segja að ég tel hv. þm. einmitt mjög gott dæmi um það, hvað þetta gamla kerfi var hollt og mannbætandi, og vona að með þessu telji hann ekki að ég sé að hræsna fyrir íhaldsþingmönnum almennt.

Hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir vék hér að atriði sem ég tel mjög þýðingarmikið. Það er fyrirkomulag tungumálakennslunnar eins og það er orðið í skólum yfirleitt. Þar hafði lengi viðgengist gamla fyrirkomulagið, að nemendum var sett fyrir eitthvað í bók að lesa heima og síðan hlýtt yfir þetta. Þetta var að vísu gallað kerfi að því leyti til, að nemendum gafst ekki mikill tími til þess að læra að tala viðkomandi tungumál. Svo var alveg söðlað um og öll áherslan lögð á það að æfa fólk í að tala viðkomandi mál. Það varð aðalatriðið í tungumálakennslu að menn gætu lært að tala málið. Þetta hefur eflaust borið nokkurn árangur. En það, sem gerist um leið, er að tungumálakennararnir rækja ekki sama hlutverk og þeir gerðu fyrrum varðandi móðurmálið sjálft. Ég er alveg sannfærður um að ein aðalástæðan fyrir því að margt ungt fólk hefur að miklu leyti glatað tilfinningunni fyrir móðurmálinu er þetta nýja kerfi í tungumálakennslu. Tungumálakennararnir hér fyrrum þeir voru jafnframt móðurmálskennarar, og þegar nemandi var látinn þýða upp úr bók yfir á íslensku gekk kennarinn eftir því að það væri þýtt á gott mál. Og jafnframt var þetta tilsögn varðandi gildi málsins og um leið efling tilfinningarinnar fyrir málinu, æfing í því að tala móðurmálið

Þetta er núna horfið. Og ég spyr: Væri ekki betra að hafa svolítið hóf á og halda þessu gamla kerfi að einhverju leyti? Væri ekki rétt að hafa hóf á þegar teknir eru upp hinir nýju siðir og þá sérstaklega í þessu tilfelli, — halda einhverju af þessu gamla fyrirkomulagi þar sem gengið var eftir því að nemandinn gæti skilað merkingu þess, sem honum hafði verið sett fyrir heima í erlendu tungumáli, yfir á gott íslenskt mál.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið, en mig langar þó að víkja að örfáum atriðum af því sem hér hefur komið fram.

Ég vil taka undir það sem fram kom hjá síðasta hv. ræðumanni og fleiri ræðumönnum hér: Við eigum ekki að fleygja því sem hagnýtt er í okkar skólakerfi og skólastarfi þó við hugum að nýjungum. Við höfum töluvert mikla sérstöðu hér á þessu, eylandi okkar og eigum ekki að gleypa allt hrátt sem að höndum ber.

Það hefur aðeins verið minnst á skólana sem nú starfa á viðskiptasviðinu, Samvinnuskólann og Verslunarskólann, og hvort þetta væru góðar stofnanir eður ei. Ég er fyrir mína parta sannfærður um að þetta eru hvort tveggja mjög góðar stofnanir. Ég hef af tilviljun átt leið í Verslunarskólann hérna í Reykjavík nokkrum sinnum síðan ég kom í rn. og hafði óbeint nokkur kynni af skólastarfi þar áður. Og ég er sannfærður um það að á báðum þessum stöðum er vel starfað og það ríkir góður skólaandi á þessum stöðum, þar er mikið félagslíf og mikið lifrænt starf. Auðvitað eru þetta hlutir sem erfitt er að fullyrða um. Þetta er e. t. v. meira tilfinning, en mín tilfinning er svona.

Það er enginn vafi á því að þetta fyrirkomulag, sem hefur verið á viðskiptafræðslunni á Íslandi, hefur verið ódýrt fyrir ríkissjóð, því að fyrir utan það að ríkið greiðir ekki nema lítinn hundraðshluta til þessara skóla, þá virðast þeir hafa verið reknir á hagkvæman hátt og heildarkostnaður við fræðslu í þessum skólum á nemanda mun vera nokkuð miklu minni en almennt á hliðstæðu skólastigi.

Hv. 5. landsk. þm., — ég vil ekki að það sé neinn misskilningur okkar í milli, — ég var ekki að vefengja tölur hennar á neinn hátt, en ég vildi bara benda á að þó að ríkið greiði ekki

nema helming kostnaðar í iðnskólunum, þá er það hið opinbera sem kostar þá. Og ég man nú eftir því í vetur, þegar verið var að afgreiða fjárlögin og færa verkefni yfir á sveitarfélögin, að þá sögðu hv. flokksbræður þessa hv. þm. að það væri ekki allur munur á hvort skattarnir væru lagðir á á þessum staðnum eða hinum, því að frá almenningi kæmu auðvitað peningarnir. En ég vil enn leggja áherslu á það, að þó ég bendi á þetta, þá má það ekki verða til þess að skyggja á hitt, að það eru stórkostleg vandkvæði og vandræði bókstaflega hvernig nú háttar þátttöku ríkisins í kostnaði við skóla framhaldsstigsins, þar sem í sumum tilvikum er greitt að fullu, í öðrum að hálfu o.s.frv. Á þessu verðum við að ráða bót með einhverjum hætti og koma á samræmi.

Hv. 5. landsk. talaði um að allt frumkvæði varðandi það sem gerst hefði í verkmenntamálum kæmi frá skólamönnunum, ekki frá því opinbera, ráðuneytinu. En ég er nú eiginlega þarna á nokkurn veginn á sama báti og Jón hrak sem „hugði ei sannleik hóti betri hafðan eftir Sankti-Pétri heldur en ef svo hending tækist, að húsgangurinn á hann rækist". Þetta álít ég að skipti ekki miklu mál. En það er nú líka verið að puða í höfuðstöðvunum. Sumt af því, sem gert hefur verið, á upptök sín þar og annað úti á vinnustöðunum og tel ég einmitt æskilegt að þar komi hvort tveggja til.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson, 3. þm. Norðurl. e., minntist á þann möguleika að hefja viðskiptamenntun norðanlands þegar í haust og þá í húsakynnum Laugalandsskóla. Ég skal ekki segja um það hvort þetta er möguleiki. Ég skal ekkert segja um það á þessu stigi. En hitt er auðvitað alveg ljóst, að það er þörf á meiri möguleikum til þess að nema viðskiptafræði. Það sýnir aðsóknin að þessum skólum. Þó að hún byggist að einhverju leyti á því að þeir njóta viðurkenningar og eru í áliti báðir, þá er aðsóknin einnig til komin af því að þarna er mikil þörf — aukin þörf og vaxandi.

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti byrjaði með viðskiptafræðslu og það kannske slakar aðeins á spennu, en hann tekur ekki við nema litlu einu af eftirspurninni, það er ég sannfærður um. Það er því ástæða til að huga að öllum möguleikum þarna.

Það verða ýmsar breytingar í skólamálum okkar, hvort sem okkur líkar betur eða verr og hvort sem þær eru undirbúnar af einhverjum stjórnvöldum eða verða fyrir þróun úti í lífinu sjálfu. Þannig gerist það t.d. að húsmæðraskólarnir sumir standa auðir þó að aðrir séu fullsetnir vetur eftir vetur. Þetta hefur t.d. gerst norður frá varðandi Laugalandsskóla. Hann er ekki rekinn í vetur. Það verða áreiðanlega breytingar varðandi t.d. stöðu héraðsskólanna, og það er fyrirhugaður fundur nú á næstunni með skólastjórum héraðsskólanna til þess að ræða sérstaklega um þau mál. En það hefur mér aldrei blandast hugur um, að þó að breytingar verði að þessu leyti, líkt og ég var að nefna dæmi um í sambandi við húsmæðrafræðsluna, þá verður stöðugt þörf fyrir þann húsakost og aðbúnað sem fyrir hendi er til nota í fræðslukerfinu, jafnvel þó að það kunni að koma einn vetur eða tveir með eins konar millibilsástandi á þessum staðnum eða hinum.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, 8. landsk. þm., virtist verða eitthvað órólegur þegar ég fór að rifja það upp að það hefði verið aðeins hreyfing í sambandi við verkmenntamálin! Hann ræddi um ýmsa þætti varðandi skólastarfið í landinu og stjórnun skólamálanna. M.a. ræddi hann um lengingu skólaársins og inná það hafa fleiri hv. þm. komið í ræðum sínum hér. Eins og bent hefur verið á er hér um að ræða langa þróun. Hér er í raun og veru um að ræða þróun í þessa átt allt frá því að fyrstu fræðslulögin voru sett á Íslandi, að það er sífellt verið, svona smátt og smátt, að lengja skólaárið. Við erum sjálfsagt ekkert einangrað fyrirbrigði að þessu leyti, Íslendingar. Þetta er samstiga þróun því sem gerst hefur í öllum nálægum löndum, að ég ætla, á sama tíma, nema þar hefur víða verið farið enn lengra í þessa átt annars staðar. Við erum skemmra á veg komin í þessa átt hér heldur en á Norðurlöndum, heldur en í Bandaríkjunum og Bretlandi o.s.frv. Ég held að það hafi ekki sakað þó að við höfum flýtt okkur hægt í þessu efni. Og það eru allir sammála um það, að mér heyrist, hvar sem þessi mál eru rædd, að það sé full þörf á því að huga vel að og jafnvel stinga hér við fótum. Það er ekki einasta að þessar raddir heyrast hér í þingsölum frá mörgum hv. alþm. Þær heyrast líka víðs vegar, bæði frá ungum og gömlum, frá fólki, sem hefur eytt skömmum tíma á skólabekk, og langskólafólki. Eru mér þá í minni ummæli í ræðu rektors Háskóla Íslands á háskólahátíð fyrir nokkru þar sem hann lét þá skoðun í ljós að það væri höfuðatriði fyrir okkur Íslendinga að halda áfram þeim hætti að unga fólkið samtímis sinni skólagöngu ynni við vegar á hinum ýmsu vinnustöðum í atvinnulífinu í breiðustu merkingu. Og þegar grunnskólalögin voru afgr. vorið 1974 kom þessi hugsun greinilega í ljós. Það var sett inn í löggjöfina ákvæði um að lengja skólaskylduna, en jafnframt er gert ráð fyrir að fjallað sé um lenginguna sérstaklega á Alþ. innan fjögra ára frá setningu löggjafarinnar, áður en hún komi til framkvæmda. Hér í þingsölum voru menn þá mjög með það í huga að við skyldum flýta okkur hægt að þessu leyti.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson var að óskapast yfir alls konar tilraunastarfsemi sem fram færi í skólanum. Ég er nú eiginlega vanari að sjá gagnrýni um það að ekkert sé verið að gera og þar sitji allt í sama farinu, en hann tók þennan pól í hæðina núna. Auðvitað er sífellt verið að reyna að þoka málum á leið, fylgjast með þróun og þróa málin í skólakerfinu eins og annars staðar í þjóðlífinu. Ég er alls ekki kominn til með að samþ. það að t.d. sú starfsemi, sem hefur verið unnin á vegum menntmrn., skólarannsóknadeildar á undanförnum árum í sambandi við endurskipulagningu námsefnis, og þá á ég sérstaklega við grunnskólastigið, að hún hafi verið neitt sérstaklega fálmkennd þegar á heildina er litið. Sjálfsagt hafa orðið þar mistök eins og í flestu öðru mannlegu starfi. Ég dreg það ekki í efa. Og það er sjálfsagt hægt að benda á þau. En þegar á heildina er litið

álít ég að þar hafi verið unnið jákvætt og lifrænt starf undir forustu þeirra manna sem þar hafa starfað, Andra Ísakssonar fyrst og Harðar Lárussonar síðar. Það er búið að fara yfir marga þætti námsefnisins á grunnskólastiginu, bæði með samningu nýrra kennslubóka og endurskoðun á námsskrám og með því að gera fyrstu tilraunir í nokkrum skólum með hið nýja fyrirkomulag og nýtt námsefni og síðan að færa þetta út. Það má nefna þætti eins og eðlisfræði, eins og mál, þ. á m. móðurmálið. Það hefur verið mjög mikil vinna lögð í að reyna að leiða til þess, sem við öll viljum auðvitað leggja kapp á, að gera móðurmálskennsluna á grunnskólastiginu lifrænni og jákvæðari en mönnum fannst hún vera orðin. Og varðandi verkmenntaþáttinn á grunnskólastiginu hefur einnig töluvert verið aðhafst. Ég álít fráleitt að skopast hér á Alþ. að þessum tilraunum, sem verið er að gera, með því að glæða skilning og kynna börnum og unglingum hina ýmsu starfsþætti þjóðfélagsins. Við búum í allt öðru þjóðfélagi hér að þessu leyti en var fyrir nokkrum áratugum. Þá lifði meginhluti þjóðarinnar í strjálbýli. Unglingarnir voru með í vinnu, fengu sína þjálfun og þekkingu á atvinnulífinu beint í gegnum lifandi starf með foreldrum sínum. Nú erum við komin inn í allt annað samfélag þar sem heimilið er ekki lengur atvinnustöð á sama hátt og það áður var, og þó að ýkt sé dæmið sem einn hv. þm. hefur sett upp í bók sinni ágætri, þ. e. hv. þm. Stefán Jónsson, um hjónin sem bjuggu í Hveragerði: Maðurinn vann í Reykjavík, þau áttu tvö börn, enn fremur hund sem hét Lappi. Hundurinn varð undir bíl. Móðirin varð mjög kvíðandi þegar börnin komu úr skólanum og segja þeim frá þessum hrakförum hundsins sem þeim þótti mjög vænt um. En þegar til kom kipptu börnin sér ekkert upp við þetta og spurðu kalt og rólega: „Hvar léstu hann?“ Og hann var þá látinn í bílskurinn. Konan fór að sýsla við matinn handa börnunum. En þá komu þau með háum hljóðum og veinuðu: „Mér heyrðist þú segja pabbi!“

Þó að þetta sé mjög afstrakt mynd, þá er hún fyllilega alvarlegs eðlis, raunhæf. Svo mikil gjörbreyting hefur átt sér stað, að það er ekki einungis að börnin séu slitin úr tengslum við atvinnulífið og kynnast því ekki lengur, heldur er þessi hætta yfirvofandi, að þau slitni úr tengslum a. m. k. við þann aðila fjölskyldunnar sem mest sækir vinnu utan heimilis. Og mér finnst alveg fráleitt að vera að skopast að starfskynningunni og tilraunum til þess með námskeiðum, styttri eða lengri, að þróa með nemendum grunnskólans, börnum og unglingum, skilning — og um leið efla þekkingu þeirra — á hinum ýmsu atvinnugreinum sem verið er að vinna við í landinu. Það má aðeins minna á það hér, af því það hefur verið skrifað um það þó nokkuð, að skólinn sé stirnaður í bekkjakerfinu svokallaða, að einnig á því sviði er verið að gera skipulegar tilraunir og kannanir í hinum svokallaða opna skóla. Menn greinir á um þetta, og ég álít að menn verði að fara sér hægt í þessu, en það er sjálfsagt að gefa gætur að öllum möguleikum.

Það hefur komið hér fram í ræðum manna, og gott ef ekki sami hv. þm., Sighvatur Björgvinsson, vék að því einnig, um nauðsyn þess að hafa góð tengsl með hliðstæðri kennslu í fjölbrautaskólunum og í iðnskólum. Já, hv. þm. sagði að það væri lofað að kenna þar 60 iðngreinar! Maður sér nú hvað þess háttar upphrópanir eru viskulegar — og svo þetta um pappírstígrisdýrin. En sleppum því nú alveg. En geta má um að nýlega hef ég sett menn til þess sérstaklega að huga að því hvernig Fjölbrautaskólinn í Breiðholti geti unnið saman með Iðnskólanum og notað kannske aðstöðu sem þar er e. t. v. fyrir hendi án þess að vera fullnýtt. Og það er áreiðanlega þörf á að huga að slíkum tengslum víðar, t. d. á milli Tækniskólans og verkfræðideildar Háskólans. Þetta eru skólar sem starfa á líku sviði, og það er fullþörf á því að þarna sé hagsýni gætt og hugað að nauðsynlegum tengslum.

Og ég vil enn minna á það sem ég vakti athygli á áðan og ég hygg að hafi komið fram í kynningarþætti Óskars Guðmundssonar í sjónvarpinu, að við hina nýju tilhögun á fræðslunni er beinlínis gert ráð fyrir því að meiri hlutann af síðasta og fjórða skólaárinu starfi nemendurnir úti í atvinnufyrirtækjunum, úti í verksmiðjum og á öðrum vinnustöðum. Menn eru að tala um að leggja niður meistarakerfið, en það þýðir vitanlega að bóklega kennslan fer fram í skólunum, en eitthvað verður að koma í staðinn fyrir meistarann og þá gjarnan hugsa menn sér að hluti af náminu fari beinlínis fram úti á vinnustöðunum.

Já, það er leiðinlegt að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson er ekki hér við. En hann les Alþt. og ég vil láta það koma hér skýrt fram út af ummælum hans um að kennarar á grunnskólastigi hér í Reykjavík vanræki sín störf, séu ekki með undirbúna stundaskrá þegar skóli byrjar á haustin, — ég veit ekkert um þetta og get ekkert um þetta sagt, — en mér finnst að hv. þm. eigi fremur að kvarta um þetta beint og bréflega til rn. og tiltaka ákveðin dæmi, kvarta um þetta beint til menntmrn. heldur en að koma með þetta inn á Alþ. á þann hátt sem hv. þm. gerði áðan. En ef hann hefur einhver ákveðin dæmi í huga og ber fram ákveðnar kvartanir, þá er auðvitað sjálfsagt að taka þær til athugunar.

Ég skal þá ekki hafa þessi orð öllu fleiri. Það er stundum talað um að það sé allt stjórn- og stefnulaust í skólamálunum. Grunnskólalöggjöfin er ekki nema tæplega tveggja ára. Ég álít að með þeirri löggjöf og með framkvæmd hennar, sem nú fer fram eftir því sem geta leyfir, hafi verið mörkuð stefna varðandi fræðslumálin á þessu skólastigi. Ég álít það. Þá var gert ráð fyrir því og því slegið föstu að framhaldsskólastigið skyldi taka til meðferðar í beinu framhaldi af þessari lagasetningu. Það hefur verið gert, eins og ég vék að hérna á dögunum þegar þessi umr. hófst. Sérstaklega hefur verið lögð mikil undirbúningsvinna í verkmenntaþáttinn. Verk- og tæknimenntanefnd, sem starfaði 1971, skilaði mjög ítarlegu og greinagóðu og samhljóða áliti. Iðnfræðslulaganefnd, sem starfaði frá 1973 og þangað til nú um áramótin, hefur einnig skilað

yfirgripsmiklu áliti, en var ekki sammála. Meira hefur verið gert á þessu sérstaka sviði. N. til þess að endurskoða þessi mál í heild var sett í nóv. 1974, og ég vona að á allra næstu vikum komi frá henni frumtill. sem síðan þarf að ræða ítarlega, eins og ég hef áður vikið að. Ég tók það ráð að skipa samstæðan hóp manna sem er með fingurna í þessum málum dagsdaglega. En vitanlega þurfa svo þeirra störf að skoðast ítarlega og á mörgum sviðum í hópi þeirra manna, sem um þessi mál fjalla almennt og áhuga hafa á þeim, þegar þessi frumvinna liggur fyrir. En sú endurskoðun er vitanlega bæði stórmál og vandasamt mál.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 60. fundur.

Þriðjudaginn 9. mars, kl. 2 miðdegis.

Minning látinna sjómanna.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Mánudagskvöldið 1. þessa mánaðar lagði skipið Hafrún á Eyrarbakka ÁR-28 út frá Þorlákshöfn til loðnuveiða. Fullvíst þykir nú að það hafi farist með allri áhöfn 3—4 sjómílur suður af Hópsnesi í ofviðri því sem gerði þá um nóttina. Þriðjudaginn 2. mars fann báturinn Jóhannes Gunnar GK-268 lík eins skipverjans af Hafrúnu. Síðan hefur annarra skipverja verið leitað stanslaust með skipum og flugvélum og fjörur gengnar án þess að annað fyndist en smávegis brak úr skipinu.

Með þessu skipi eigum við nú á bak að sjá 8 mönnum sem allir voru á besta aldri, 19—45 ára. Fimm þeirra voru heimilisfastir á Eyrarbakka, svo að hér hefur átt sér stað tilfinnanleg blóðtaka fyrir kauptúnið, sem fann eftirminnilega til náttúruhamfara á síðasta ári, þó að smámunir þyki hjá því sem nú er orðið. En þó að þessir válegu atburðir séu tilfinnanlegastir fyrir þá, er næstir standa, finnum við eins og jafnan að hér hefur þjóðin öll orðið fyrir manntjóni sem vekur þjóðarsorg. 6 börn eru föðurlaus og 8 móðurlaus eftir sjóslys þetta.

Ég vil biðja þingheim að votta þessum vösku mönnum, sem látið hafa líf sitt við skyldustörf til þjóðarheilla, virðingu og syrgjandi ástvinum þeirra samúð með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Virkjun Bessastaðaár, fsp. (þskj. 307). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram svo hljóðandi fyrirspurn til iðnrh. um virkjun Bessastaðaár í **Fljótsdal:**

„Hverjar eru meginniðurstöður athugana á orkuvinnslugetu Bessastaðaárvirkjunar í Fljótsdal? Hvenær verður hægt að taka ákvörðun um virkjun Bessastaðaár og hvaða stærð virkjunar mundi verða hagstæðust?“

Á síðasta þingi voru samþ. lög um virkjun Bessastaðaár. Samkvæmt þeim lögum var ríkisstj. heimilt að fela Rafmagnsveitum ríkisins að reisa og reka vatnsaflstöð við Bessastaðaá í Fljótsdal í Norður-Múlasýslu með allt að 32 mw. afli og gera nauðsynlegar ráðstafanir á vatnasvæði árinnar til að tryggja rekstur virkjunarinnar, enn fremur að leggja þaðan aðalorkuveitu að Egilsstaðakauptúni til tengingar þar við veitukerfi Grímsárvirkjunar og Lagarfossvirkjunar.

Á árinu 1975 átti að verja allt að 150 millj. kr. til rannsókna á Bessastaðaárvirkjun. Samkvæmt upplýsingum hæstv. iðnrh. var varið samtals 136.3 millj. til þessara rannsókna á árinu 1975.

Í desembermánuði s. l. áttu allir alþm. Austurl. fund með verkfræðingunum Leifi Benediktssyni, Finni Jónssyni og Sverri Ólafssyni svo og Erlingi Garðari Jónssyni framkvæmdastjóra Rafmagnsveitna ríkisins á Austurlandi um orkumál Austurlands. Verkfræðingarnir hafa unnið úr þeim gögnum, sem fyrir liggja eftir rannsóknirnar frá fyrra ári, og sögðu okkur að væntanlega mundu upplýsingar liggja fyrir fyrri part þessa árs sem væru nægjanlegar til þess að hægt væri að taka ákvörðun um framhaldið. Þess vegna hef ég talið tímabært að flytja þá fyrirspurn sem hér liggur fyrir á þskj. 307.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um hversu alvarlegt ástand er í raforkumálum Austurlands. Það er algjörlega teflt á tæpasta vað í þeim efnum að raforka sé nægileg mesta álagstímann. Frá janúarmánuði og fram til vors er einmitt viðkvæmasti og hættulegasti tíminn í þessu efni. Þá fer saman mikil orkunotkun til heimila og einnig til atvinnurekstrarins á Austurlandi.

Það mætti margt fleira segja um raforkumál í Austfirðingafjórðungi, en þau voru rædd allítarlega hér á hv. Alþ. í fyrravetur, svo að ég sé ekki ástæðu til að endurtaka þær umr. nú, en vonast eftir því að hæstv. iðnrh. svari greiðlega fyrirspurninni.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Fyrirspurnin er í tveim liðum. Fyrri liðurinn er svo hljóðandi:

„Hverjar eru meginniðurstöður athugana á orkuvinnslugetu Bessastaðaárvirkjunar í Fljótsdal? Hvenær verður hægt að taka ákvörðun um virkjun Bessastaðaár og hvaða stærð virkjunar mundi verða hagstæðust?“

Í lögum um virkjun Bessastaðaár í Fljótsdal frá des. 1974 er gert ráð fyrir allt að 32 mw. virkjun þar. Sú stærð virkjunar var valin með hliðsjón af þeim gögnum sem þá lágu fyrir. Aflið 32 mw. er byggt á meðalársrennslisorku árinnar sem áætluð var 185 gwst. á ári miðað við 68 millj. teningsmetra miðlun.

Á s. l. ári var unnið að ferkari rannsóknum á svæðinu, svo sem nákvæmari kortagerð, jarðborunum og jarðfræðirannsóknum, svo og reiknaðar rennslisraðir árinnar, byggðar á úrkomumælingum, og gerðar frekari verkfræðilegar athuganir. Einnig var gerð rekstrareftirlíking í tölvu fyrir virkjunina. Ráðgjafaverkfræðingar, Helgi Sigvaldason o. fl., unnu það verk. Slíkar athuganir hafa á undanförnum árum verið gerðar

fyrir ýmsa virkjunarkosti hér á landi og hafa gefið mikilsverðar upplýsingar um eiginleika einstakra virkjunarmöguleika, m. a. að því er varðar orkuvinnslugetu og aflþörf í samrekstri við það kerfi sem virkjunin tengist.

Við slíka athugun eru notaðar upplýsingar um virkjunaraðstæður, m. a. rennsliseiginleika og miðlunarmöguleika þess vatnsfalls sem virkja á, svo og sömu upplýsingar um þær virkjanir sem fyrir eru í kerfi því sem væntanleg virkjun tengist. Þá er stuðst við upplýsingar um orkumeðferð og orkuspá. Með þessu fæst stærðfræðilegt líkan af orkukerfinu. Er síðan gerð svokölluð rekstrareftirlíking í tölvu fyrir ákveðið tímabil, þ. e. athugað hver orkuvinnslugeta kerfisins muni verða eftir tilkomu væntanlegrar virkjunar og hvaða afl sé æskilegt að sé fyrir hendi í virkjuninni.

Slík athugun sem þessi veitir mikilsverðar upplýsingar um eiginleika þess raforkukerfis sem athugað er, en er þó vissum takmörkunum háð, m. a. hvað snertir takmörkun á flutningsgetu háspennulína.

Með orkuvinnslugetu virkjunar er hér átt við þá aukningu í orkuvinnslugetu sem fæst úr því kerfi sem virkjunin er tengd inn á. Þessi aukning orkuvinnslu þarf ekki að vera bundin við orkunvinnslu í þeirri virkjun sem verið er að athuga. Samreksturinn getur haft í för með sér aukningu á orkuvinnslu annarra virkjana í kerfinu, t. d. ef fyrir er skortur á miðlun eða rennsliseiginleikar vatnsfalla mjög álíkir.

Orkuvinnslugeta Bessastaðaárvirkjunar var athuguð miðað við tvo kosti:

1) Að Bessastaðaárvirkjun tengist við núverandi Austurlandskerfi.

2) Að Besastaðaárvirkjun tengist við landskerfi, þ. e. þegar Austurland hefur verið tengt við Norðurland og Suðurland eftir að Sigölduvirkjun og Kröfluvirkjun hafa verið teknar í notkun.

Orkuvinnsla er mjög háð því hve mikilli miðlun verður við komið í Bessastaðaárvirkjun. Helstu niðurstöður eru þessar:

1) Sé Bessastaðaárvirkjun tengd núverandi Austurlandskerfi: Með 30 millj. rúmmetra miðlun í Bessastaðaá vex orkuvinnslugeta kerfisins um 135 gwst. á ári og aflþörf Bessastaðaárvirkjunar er þá 37 mw. Með 70 millj. rúmmetra miðlum vex orkuvinnslugetan um 195 gwst. á ári og þá er aflþörfin 55 mw. Með 100 millj. rúmmetra miðlun vex orkuvinnslugetan um 215 gwst. á ári, þá er aflþörf virkjunarinnar 65 mw.

2) Sé Bessastaðaárvirkjun tengd landskerfi sem að framan greinir: Þá vex orkuvinnslugeta kerfisins með 30 millj. rúmmetra miðlun um 130 gwst. á ári og aflþörf Bessastaðaárvirkjunar er þá 22 mw. Með 70 millj. rúmmetra miðlun vex orkuvinnslugetan um 235 gwst. á ári og aflþörf virkjunarinnar er þá 39 mw. Með 100 millj. rúmmetra miðlun vex orkuvinnslugetan í 310 gwst. á ári og aflþörf er þá 52 mw.

Aukin miðlun umfram 90—100 millj. rúmmetra skilar ekki tilsvarandi aukningu í orkuvinnslugetu.

Niðurstaða þessara athugana er því sú að með virkjun Bessastaðaár aukist verulega nýting þeirra rennslisvirkjana sem fyrir eru á Austurlandi, þ. e. Grímsár og Lagarfoss, og að æskilegt sé að uppsett afl í virkjuninni verði nokkru meira en upphaflega var ráð fyrir gert.

Jafnframt bendir athugunin til þess að virkjunin falli vel að samrekstri við aðrar virkjanir í landinu þegar komist hefur á örugg tenging hennar við virkjanir á Norður- og Suðurlandi.

Þá er um það spurt hvenær hægt verði að taka ákvörðun um virkjunina og hvaða stærð muni verða hagstæðust.

Þær athuganir á afli og orkuvinnslugetu, sem greint var frá, eru miðaðar við breytilega stærð miðlunar. Kostnaðarathuganir sem nú er verið að gera, benda til þess að hagkvæm stærð virkjunar muni vera á bilinu 30—60 mw. með samsvarandi orkuvinnslugetu og miðlunarþörf. Virkjunina má byggja í tveimur eða fleiri áföngum og aðlaga þannig framkvæmdarkostnað á hagkvæman hátt að aukinni afl- og orkueftirspurn.

Unnið er nú að áætlun um virkjunina og er ráðgert að sú áætlun verði tilbúin í þessum eða næsta mánuði. Á grundvelli hennar verður væntanlega hægt að meta hvenær í virkjunina skuli ráðist og hvaða stærð endanlega verður valin.

2. liður fsp. hljóðar svo:

„Hvað líður framkvæmd þingsályktunar um rannsókn á byggingu Fljótsdalsvirkjunar?“

Sú þál., sem vitnað er til, var samþykkt á Alþ. 15. maí s. l. og er svo hljóðandi:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að hlutast til um að Orkustofnun ljúki eins fljótt og við verður komið rannsókn á byggingu Fljótsdalsvirkjunar.“

Fljótsdalsvirkjun mundi nýta um 600 m fall af Fljótsdalsheiði niður í Fljótsdal, þ. e. rennsli Jökulsár á Fljótsdal og að auki rennsli ýmissa fleiri vatnsfalla sem renna til Fljótsdals að sunnanverðu. Hugsanlegt er talið að auka megi rennsli til virkjunarinnar enn frekar en þetta með vatni sem nú rennur til austurs og suðurs af Hraunum, hálendisrananum austur úr Vatnajökli.

Aðalmiðlun virkjunarinnar mundi verða við Eyjabakka. Inn í hana yrði veitt framangreindum vatnsföllum.

Stærð Fljótsdalsvirkjunar mundi væntanlega verða um 350 mw. og orkuvinnslugeta um 2100 gwst. á ári.

Fljótsdalsvirkjun mundi nýta sama fall og Bessastaðaárvirkjun og má líta á Bessastaðaárvirkjun sem fyrsta áfanga hennar.

Varðandi Fljótsdalsvirkjun hefur verið unnið að ýmsum forrannsóknum á væntanlegu virkjunarsvæði, svo sem kortagerð, vatnamælingum og jarðfræðirannsóknum. Á s. l. sumri var unnið að jarðfræðirannsóknum og borunum, vegna Bessastaðaárvirkjunar og koma þær rannsóknir að miklum notum við rannsókn á Fljótsdalsvirkjun.

Mikið verk er enn eftir við jarðboranir og aðra neðanjarðarkönnun. Þetta er umfangsmesti og kostnaðarsamasti hluti þeirra rannsókna sem eftir eru, enda þótt boranir vegna Bessastaðaárvirkjunar séu góð byrjun. Fljótsdalsvirkjun er það umfangsmikið og stórt mannvirki að verulegar jarðboranir eru óhjákvæmilegar, svo sem boranir við Bessastaðaá á s. l. sumri sýndu greinilega.

Reikna má með því að þessar jarðboranir taki þrjú sumur ef hægt væri að halda þeim áfram af fullum krafti. Samtímis mætti vinna að nákvæmniskortum af einstökum mannvirkjasvæðum, þegar þau hafa verið ákveðin, eftir því sem rannsókn miðar áfram. Slík nákvæmniskort liggja þegar fyrir af mikilvægasta hluta svæðisins, þ. e. af umhverfi Gilsárvatna og hluta af skurðleið þaðan upp að Eyjabökkum.

Enn hafa einungis verið gerðar lauslegar verkfræðiáætlanir um Fljótsdalsvirkjun, enda hafa tiltæk gögn ekki leyft annað. Þessar áætlanir benda til þess að Fljótsdalsvirkjun geti verið það álitleg að full ástæða sé til að rannsaka hana itarlega, svo sem fyrirhugað er, eftir því sem fjármagn og aðrar aðstæður leyfa.

Fyrirspyrjandi (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir glögg svör við fsp. mínum. Það sem vakti athygli mína af hans svörum var í fyrsta lagi það að þess er að vænta í þessum mánuði eða þeim næsta að menn verði í stakk búnir til þess að taka ákvarðanir um virkjun Bessastaðaár- eða ég vildi heldur kalla Fljótsdalsheiðarvirkjunar því að þessi virkjun byggist fyrst og fremst á miðlun á Fljótsdalsheiði, kannske fullt eins mikið eða meira en á sjálfri Bessastaðaánni.

Í öðru lagi kom fram í svari hæstv. ráðh. að svo lítur út sem virkjun Bessastaðaár gæti orðið með þeim hætti að hún væri ákaflega hagstæð virkjun til þess að þjóna því markmiði að framleiða rafmagn inn á landskerfið, að hún gæti þjónað sem toppstöð á þann hátt að það yrði safnað saman vatni á Fljótsdalsheiði á þeim tímum þegar Þjórsárvirkjanirnar hafa nægilegt vatn og nota síðan á þeim tíma þegar Þjórsárvirkjanir hafa takmarkað rennsli. Á þann hátt mætti nýta Fljótsdalsvirkjun inn á landskerfið þannig að það sparaði ef til vill verulega fjármuni vegna þess að það væri hægt að fresta eitthvað stórum virkjunum sem eru fyrirhugaðar, eins og t. d. Hrauneyjarfossvirkjun.

Ég hef fengið í hendur álitsgerð ráðgefandi verkfræðinga, þeirra Helga Sigvaldasonar, Skúla Jóhannssonar og Gunnars Ámundasonar, sem hafa unnið að athugunum á þessu fyrir Rafmagnsveitur ríkisins, og þeir komast að þeirri niðurstöðu, sem er raunar í aðalatriðum sú sama sem kom fram hjá hæstv. iðnrh. þó að hann nefndi ekki alveg tiltekna möguleika af skiljanlegum ástæðum, — þeir komast að þeirri niðurstöðu að með því að virkja 60 mw. virkjun á Fljótsdalsheiði og tengja hana við landskerfið, þá væri hugsanlega hægt að fresta framkvæmd eins og Hrauneyjarfossavirkjun um 2—3 ár, en það er vitanlega stórt mál með tilliti til þess að talið er að Bessastaðaárvirkjun mundi kosta milli 5 og 6 milljarða, en aftur á móti Hrauneyjarfossvirkjun mundi kosta líklega á milli 18 og 19 milljarða. Ef hægt væri að ráðast svolítið seinna í þá virkjun, þá væri hægt að spara mikið fé af skiljanlegum ástæðum.

Auk þess er kannske vert að hafa í huga að það er auðvitað mikið öryggisleysi fólgið í því fyrir hin þéttbyggðu svæði hér í kringum Reykjavík að þurfa að byggja algjörlega á línulögnum af þessu svæði yfir Suðurlandið, allt úr einni átt, og það væri viss trygging fólgin í því fyrir þetta svæði að geta byggt að einhverju leyti á raforku sem kæmi úr öðrum áttum. — Ég vildi aðeins minnast á þetta vegna þess að mér finnst þetta mjög athyglisvert og er mjög ánægður yfir að þessi rannsókn hefur beinst einnig inn á þessar brautir, að hún er ekki einvörðungu bundin við Austurlandið, heldur einnig í leiðinni við þann möguleika að það væri hugsanlegt að virkja stærri virkjun en nauðsynleg er í svipinn fyrir Austurland með það í huga að hún gæti þjónað sem toppstöð fyrir landskerfið í heild.

Atvinnuleysistryggingar (fæðingarorlof), fsp. (þskj. 363). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram við hæstv. heilbr.- og trmrh. eftirfarandi fsp.

„Hvað hefur ríkisstj. gert til þess að framkvæma könnun um það á hvern hátt megi veita öllum konum í landinu fæðingarorlof sem um ræðir í ákvæði til bráðabirgða í l. nr. 56 1975 um breyt. á l. nr. 57 27. apríl 1973, um atvinnuleysistryggingar (fæðingarorlof)."

3. febrúar s. l. svarðaði hæstv. heilbrrh. þessari fsp. sem hv. þm. Axel Jónsson hafði lagt fram snemma á þessu þingi. Ég leyfi mér að bera þessa fsp. aftur fram þar sem mér fannst hæstv. ráðh. ekki hafa gert lagalega skyldu sína í þessu máli, þ. e. a. s. að láta kanna hvaða valkostir eru fyrir hendi til að allar konur í landinu geti hlotið fæðingarorlof. Þessi könnun átti að fara fram fyrir 1. jan. 1976, en í svari hæstv. ráðh. kom fram að ekkert væri farið að kanna þetta mál þrátt fyrir bein lagafyrirmæli að það skyldi gert. Í umr. um þessa fsp. 3. febr. s. l. kom ekki fram hvað mikill hluti kvenna býr við það öryggi að verða þeirra hlunninda aðnjótandi að fá fæðingarorlof og hvað stór hluti býr við öryggisleysi að þessu leyti. Ég veit ekki til þess að gerð hafi verið athugun á því hvað slíkt mundi kosta t. d. fyrir almannatryggingakerfið, ef að því væri horfið að þær yrðu látnar bera kostnað af fæðingarorlofi þeirra kvenna sem engar slíkar greiðslur fá nú.

Þó að miklir fjárhagsörðugleikar hrjái okkar þjóðfélag nú, þá réttlætir það ekki að mismuna konum á þennan hátt, því að eins og þessi mál standa nú get ég ekki betur séð en að þær konur, sem eru í mestri þörf fyrir fæðingarorlof, fái það ekki. Það væri líka hægt að hugsa sér að ná þessu marki í áföngum á einhverju árabili, t. d. á þremur árum, fyrsta árið fengju þær konur, sem nú fá ekkert fæðingarorlof, greiðslu í einn mánuð, á öðru ári tvo mánuði og þriðja árinu fengju þær fullt fæðingarorlof eða greiðslu í þrjá mánuði. En umfram allt, það þýðir ekki að samþ. lög hér á hv. Alþ. ef þeim er svo ekki framfylgt. Því skora ég á hæstv. heilbrrh. að láta þessa könnun fara fram nú þegar og gera hv. alþm. grein fyrir niðurstöðum hennar strax og þær liggja fyrir. Þá fyrst er grundvöllur fyrir því að gera ákveðnar till. um lausn þessa máls, en fyrr ekki.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég leyfði mér að skrifa hæstv. forseta Sþ. bréf varðandi þessa fsp. og í því bréfi segir að vegna þessarar fsp. leyfi ég mér að benda á að ég svaraði fsp. um sama efni á 43. fundi í Sþ. hinn 3. febr. 1976. Fyrirspyrjandi var þá Axel Jónsson alþm. Ég leyfi mér að vísa til svars við fyrrgreindri fsp., eins og það birtist í Alþt. frá 3. febr., 12. hefti 1975—1976, dálki 1666—1667. Ég tel óeðlilegt að fsp. berist um sama efni eiginlega fund eftir fund. Ég tel það ósamboðið vinnubrögðum og virðingu Alþ. að leyfa slík vinnubrögð. Einhver þriðji þm. getur svo aftur tekið þessa fsp. upp í næstu viku, ef honum líkar ekki umr. sem fram fóru, og þannig má halda áfram. Þannig má fara með fleiri fsp.

Nú ætla ég ekki að tala meira um þetta efni, en koma inn á það sem hv. fyrirspyrjandi — núv. fyrirspyrjandi — sagði að ég lýsti því yfir við þessar umr., eins og sjá má í Alþt. sem ég vitnaði til, að ríkisstj. hefði ekki við afgreiðslu fjárl. treyst sér til að taka inn í till. fæðingarorlof fyrir allar konur í landinu. Það var fyrst og fremst ákvörðun um að endurskoða lög um almannatryggingar. Sú endurskoðunarnefnd hefur þegar hafið starf, eins og fram kom í þessum umr. Hitt er svo annað mál, að mér hefur ekki líkað alls kostar vel að það hefur ekki verið nógu mikill hraði á þeirri endurskoðun. En þetta mál verður ekki að mínum dómi, hvað sem líður lagafyrirmælum, tekið upp og framkvæmt eitt og sér, ef við þurfum að stíga svo aftur skref aftur á bak í ýmsum öðrum liðum tryggginganna. Þetta verður allt að skoða í einu lagi, eins og sú breyt. á atvinnuleysistryggingalögunum, sem samþ. var á s. l. ári, varð að bíða framkvæmda til 1. jan. 1976. Hitt er alveg hárrétt hjá hv. fyrirspyrjanda, að skv. lögunum átti að gera þessa könnun.

En við skulum ekki líta á þetta eina mál, heldur marga tugi mála, þar sem kannanir hefur átt að gera af stjórnvöldum og þær hafa ekki verið inntar af hendi á tilskildum tíma. Þetta eru ástæðurnar fyrir því að þessi könnun hefur ekki átt sér stað. Könnunin er ákaflega lítils virði og hún verður sængurkonunum, sem ekkert fá af fæðingarorlofi atvinnuleysistryggingganna, ekki að nokkru gagni. Aðalatriðið er hvernig á að framkvæma og afla fjár til þess að að greiða þessa fæðingarstyrki.

Ég er algjörlega sammála hv. fyrirspyrjanda í því að það er ranglátt að allar konur í landinu njóti ekki styrks með sama hætti. En það var samþ. á s. l. ári, frv. um breyt. á atvinnuleysistryggingalögunum, og það kom til framkvæmda í janúarmánuði. Það voru erfiðar fæðingarhríðir að koma þeirri reglugerð áleiðis. Sú reglugerð fæddist ekki á einum og sama degi. En þar vorum við í heilbr.- og trmrn. að framfylgja landslögum. En þetta atriði hvað varðar könnunina verður að bíða heildarendurskoðunar á almannatryggingalögunum. Ég hef beðið formann þeirrar n. að taka upp í heildarendurskoðunina þetta mál allt í heild og það fyrir alllöngu.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Áður en ég gef orðið vil ég taka það fram út af ummælum hæstv. heilbr.- og trmrh. að fyrirspyrjanda var skýrt frá því er stóð í bréfi hæstv. ráðh. til mín, en hann taldi það, sem til var vísað, ekki vera fullnægjandi svar við sinni fsp. og óskaði þess að fsp. yrði rædd þar sem hann þyrfti að fá miklu víðtækari upplýsingar í málinu. Þá vil ég líka geta þess að hæstv. heilbr.- og trmrh. var þetta kunnugt áður en kom til þessa fundar í dag.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Ég vil nú þakka ráðh. fyrir svör hans. En það, sem ég lagði áherslu á, er í bráðabirgðaákvæði laga nr. 57 frá 27. apríl 1975, að fyrir 1. jan. 1976 skal ríkisstj. láta kanna á hvern máta megi veita öllum konum í landinu sambærilegt fæðingarorlof og tryggja tekjustofn í þessu skyni. Það, sem ég fann að, var fyrst og fremst þetta, að könnunin var ekki gerð. Þegar könnunin lá fyrir var það auðvitað Alþingis að meta hvort væri hægt að taka eitthvað af þessu eða taka þetta í skrefum, eins og ég minntist á áðan, ekki síst þegar það liggur fyrir og ég gat ekki betur heyrt en að hæstv. ráðh. væri mér alveg sammála um að þær konur, sem þyrftu helst á þessu orlofi að halda, fá það ekki nú. Þegar hér á hæstv. Alþ. er samþ. að gera slíkt, þá á hæstv. ríkisstj. eða sá ráðh., sem málið heyrir undir, að láta slíka könnun eins og í þessu tilfelli fara fram. Það var aðeins þetta sem ég vildi ræða. Og ég endurtek áskorun mína til ráðh. að láta þessa könnun fara fram, þannig að hv. alþm. geti metið á hvern hátt er hægt að verða við því að konur fái fæðingarorlof, fyrst er búið að taka stóra hópa af þeim og þær njóta þess. En það verður auðvitað ekki gert ef menn vita ekki hve vandinn er stór, og það verður ekki gert öðruvísi en með samkomulagi ýmissa um hvernig þetta sé framkvæmt.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Aðeins örfá orð. — Orlofsmál heyra ekki undir heilbrrh. en hins vegar gerir Atvinnuleysistryggingasjóður það. Þess vegna var það verksvið heilbr.- og trmrn. að semja og gefa út reglugerð um framkvmd þeirra laga. En þó að þessu ákvæði hafi verið hnýtt þar til viðbótar um könnun á greiðslu fæðingarorlofs fyrir allar konur, þá er ekki þar með sagt, að Alþ. hafi tekið þá stefnu að greiða fyrir allar fæðingar úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Hitt er svo annað mál, að skyldan í þessu efni hvíldi auðvitað á ríkisstj. í heild. Og það var rætt á ríkisstjórnarfundi í haust við gerð fjárl., bæði þetta atriði og önnur, og þá varð þessi niðurstaða. Hins vegar hefði verið hægt að breyta því við meðferð fjárl., áætla til almannatrygginga eða á einhvern annan hátt til greiðslu á fæðingarorlofi þeirra sem ekki fá fæðingarorlof annars staðar greitt. En engin slík till. kom, hvorki frá ríkisstj. né einstökum þm., ekki að því er ég man best.

Ég held að við þurfum ekki að orðlengja frekar um þetta mál. Ég hef sagt mína skoðun og jafnframt minn vilja í því að þetta verði tekið í heildarendurskoðun með almannatryggingarlögunum.

Sjálfvirkt símakerfi um sveitir landsins, fsp. (þskj. 340). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ingiberg J. Hannesson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram á þskj. 340 fsp. til hæstv. samgrh., svo hljóðandi:

„Hefur verið gerð tímaáætlun um dreifingu sjálfvirka símakerfisins um sveitir landsins?"

Að undanförnu hafa átt sér stað hér á Alþ. nokkrar umr. um símamál og þá þjónustu sem landsmenn ætlast til að síminn veiti úti um hinar dreifðu byggðir landsins. Enn fremur hafa orðið hér umr. um þann aðstöðumun sem ríkir í þessum efnum milli þéttbýlissvæða og hinna dreifðu byggðarlaga. Það er því e. t. v. að sumra áliti að bera í bakkafullan lækinn að innleiða hér enn umr. um þessi mál. Ég álít þó að þessi fsp. snúist um sérstakt svið þessara mála, sem er dreifing sjálfvirka símakerfisins um sveitir landsins, þau byggðarlög einmitt sem verða að mörgu leyti afskipt hvað þjónustu snertir af hálfu hins opinbera og er það að mörgu leyti að vonum, svo erfitt og kostnaðarsamt sem það tíðum er að veita þar þá þjónustu sem sambærileg getur kallast miðað við hinar fjölmennari byggðir.

Það er augljóst mál að lega landsins og aðstæður allar skapa óhjákvæmilega aðstöðumun sem erfitt er að ráða við. En ef við eigum að byggja þetta strjálbýla land, þá verða þeir, sem í dreifbýlinu búa, að gera þá kröfu að sinnt sé um hagsmuni þeirra til jafns við hagsmuni þéttbýlisins, að svo miklu leyti sem kostur er, þó auðvitað sé aldrei hægt að uppræta þann mun að fullu.

Í öllum samskiptum manna hefur síminn sitt mikla gildi, og við, sem búum úti á landi, þurfum á þjónustu hans að halda engu síður en íbúar á höfuðborgarsvæðinu og öðrum þéttbýlisstöðum landsins. Það er því ekki að ástæðulausu að við íhugum öðru hvoru þá spurningu, hvenær við verðum þeirra þæginda aðnjótandi að fá sjálfvirkan síma inn á sveitaheimilin og komumst þannig í snertingu við umheiminn á mun áþreifanlegri hátt en raun er á í dag, þar sem sveitasímstöðvar eru yfirleitt opnar frá 4 og upp í 8—10 tíma á dag, en algengast mun vera í sveitum 4—6 tímar. Utan þess tíma er okkur illmögulegt að ná sambandi við önnur byggðarlög, nema til komi hjálpsemi og skilningur þess fólks sem við stöðvarnar vinnur.

Mörgum þeim, sem þekkja sveitasímann, er auðvitað ljóst að með tilkomu sjálfvirks síma í sveitir landsins er trúlega útilokaður sá möguleiki, sem þekkist í dag víða, að geta notfært sér það að hlera símtöl náungans og fylgjast með viðburðum líðandi stundar með því að taka upp tólið og hlusta. Þetta þekkjum við úr sveitunum og finnst raunar ekkert athugavert. Ég er þess því fullviss að svolítil eftirsjá mundi mörgum þykja að því að missa sveitasímann og komast þannig úr snertingu við umræðuefni nágrannanna. En ég er líka jafnviss um að þessi tilhögun hlýtur að hverfa og — gamanlaust — þá liggur það auðvitað ljóst fyrir að sjálfvirkur sími er það sem koma skal og tengir hinar dreifðu byggðir saman og skapar meira öryggi í öllum samskiptum manna. En til þess að svo geti orðið verður auðvitað að gera áætlanir sem geta staðist og eru til þess að auka á öryggið, en ekki draga úr því. Á ég þá við þá staðreynd, sem stundum hefur komið í ljós eftir að búið var að setja upp sjálfvirkan síma í einhverju þorpinu, að eftir það var illmögulegt að ná sambandi við fjarlæg byggðarlög af því að álagið var of mikið og línurnar of fáar. En í þessu er ég auðvitað leikmaður og þarna hljóta þeir ráðum að ráða sem betur kunna, og árangurinn verður að vera í samræmi við það.

Eins og við vitum dreifist sjálfvirkur sími hægt og bítandi um byggðir landsins. Þar sitja auðvitað þéttbýliskjarnarnir í fyrirrúmi, en sveitirnar á hakanum, og jafnóðum og þéttbýlið eykst á höfuðborgarsvæðinu og víðar þar sem gott er undir bú, þá eru settar upp stöðvar til að koma til móts við fólkið sem þar býr. Þetta er auðvitað gott og blessað og raunar eðlilegt þegar horft er á tekjurnar sem strax koma þarna til baka þar sem notendurnir eru nógu margir. En þá er von að einhver spyrji: Hvers á sveitafólkið að gjalda? Hvað er orðið um hina margumtöluðu byggðastefnu? Ég veit að hæstv. samgrh. skilur þetta manna best þar sem hann þekkir það af reynslu að búa við þetta símakerfi í sveitum landsins. Ef engin tímaáætlun hefur verið gerð um uppbyggingu og dreifingu sjálfvirka símans um sveitirnar, þá er ekki vonum seinna að farið verði að hugsa að því. En sé þessi áætlun til, þá væri fróðlegt að fá að sjá hana eða heyra og er þá tilgangi þessarar fsp. náð.

Niðurstaða þessara orða minna er því þessi: Því verður varla unað af dreifbýlisfólki í sveitum landsins að einhver happa- og glappaaðferð sé viðhöfð í sambandi við dreifingu sjálfvirka símans í sveitunum. Dreifbýlisfólk hefur lagt þann skilning í orðið byggðastefna að stjórnvöld vilji stuðla að byggð sem víðast á landinu og jafna aðstöðumun svo sem kostur er. Þess vegna er þess óskað að einnig á þessu sviði sé unnið markvisst að því að jafna muninn og skapa sem flestum jafnréttisaðstöðu, að svo miklu leyti sem slíkt er unnt í landinu.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af fsp. hv. 2. þm. Vesturl. á þskj. 340 vil ég taka eftirfarandi fram:

Það hefur ekki verið gerð tímaáætlun um sjálfvirka símakerfið um sveitir landsins og ekki hefur heldur verið gerð áætlun um ýmsa aðra staði en sveitirnar, að það sé búið að ákveða hvenær framkvæmdir skuli vera þar. Ástæður fyrir þessu eru tvær: Í fyrsta lagi að fjárhagur símans hefur ekki leyft að fara með meiri hraða en orðið er, og svo hitt, að áætlanagerðir, sem gerðar hafa verið síðustu árin, hafa allar brenglast vegna hinnar miklu verðbólgu. Þess vegna hefur komið að litlu gagni þó að hafi verið búið að gera áætlanir, vegna þess að þær hafa ekki haldið gildi sínu þegar til framkvæmdanna kom. En út af fsp. hv. þm. vil ég vitna til ræðu sem ég hélt í sambandi við jöfnun símgjalda og er á dálki 1813 í Alþt. Þar segir m.a. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég þarf að vísu ekki miklu að bæta við það sem ég sagði áðan þar sem þeir hv. alþm., sem hér hafa talað, hafa í raun og veru staðfest

það sem ég hef sagt, að það sé margþætt verkefni sem við þurfum að vinna í þessu. Við þurfum að tryggja betur það sjálfvirka kerfi, sem komið er, til þess að ná á milli staða. Við þurfum að dreifa því meira en orðið er. Mikið af gömlum línum er orðið þannig að það er hinum mesta vanda bundið að nota þær og óöryggi afar mikið. Hitt vil ég endurtaka og vekja athygli á, að það er ekki fyrirstaða við að breyta þessu sem gerir það að verkum að seint gengur, heldur fjármagnið sem þarf til þess.

Eins og ég tók fram áðan hefur raunverulega ekki orðið nema ein breyting á gjaldskrá síðan ég kom í þetta starf, því að sú litla breyting, sem fékkst í sumar, var langt fyrir neðan það sem beinar launahækkanir voru við stofnunina."

Þessu til viðbótar vil ég geta þess að þessi stofnun hefur byggt sitt kerfi upp sjálf og gerir enn. Hún hefur hins vegar fengið miklu minni hækkanir á sínum þjónustugjöldum en gerst hefur bæði um aðrar stofnanir og kaupgjaldstaxtar hafa hækkað á sviðuðum tíma. Þetta held ég að hafi verið upplýst hér í fyrravetur miðað við 1960 og síðan, og ég get að sjálfsögðu látið hv. þm. það í té.

Ég vil svo endurtaka það, að ég tel brýna nauðsyn bera til að halda áfram á þessari braut, þ. e. bæði að jafna gjöldin og eins að dreifa sjálfvirka kerfinu út um landið, bæði til þéttbýlisstaða og einnig til sveitanna. Þess vegna er það mín skoðun að það megi ekki draga svo úr töxtunum að það dragi úr dreifingu kerfisins. Og ég vil vekja athygli á því að t. d. í Noregi, þar sem dreifing símans er orðin verulega mikil, eru símataxtarnir líka háir, enda er þar jafnað á milli og hefur símakerfinu verið dreift út um landið.

Ég vil endurtaka þetta, þó að ég verði að hryggja hv. þm. með því að segja honum eins og ástatt er, og það er auðvitað ekki nema sjálfsagt því að sannleikurinn er jafnan sagna bestur og hann er svona. En ég vil jafnframt taka það fram, að það er ekki af viljaleysi sem þessi dreifing gengur svo hægt, heldur er þar um fjárhagsmöguleikana að ræða sem munu ráða þar mestu um. Hins vegar er unnið að því hjá Landssímanum að athuga með hvaða hætti er ódýrast að dreifa þessu kerfi út um landsbyggðina og því verður haldið áfram.

Fyrirspyrjandi (Ingiberg J. Hannesson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. samgrh. fyrir greinagóð svör við fsp. minni. Svo sem vænta mátti er hér við ýmsan vanda að etja og ætti okkur, sem úti á landi búum, að vera það vel ljóst. Það dylst ekki heldur að fjármagn þarf til þess að hrinda þessu í framkvæmd, um það er enginn í vafa, og þess er ekki að dyljast heldur að oft hefur verið rýmra um fé en nú er, þar sem þjóðin á við ýmsan vanda að stríða í þeim efnum. En þó að svo sé, þá verðum við að halda áfram að skapa sem jöfnust lífsskilyrði til búsetu í landinu. Þar verður þéttbýlið, sem um áraraðir hefur notið þeirra gæða sem hér hafa verið til umr., að koma til móts við dreifbýlið, því að öðruvísi getur ekki orðið um að ræða uppbyggingu í landinu en dreifa byrðunum á alla. Verður þá þéttbýlið að gjalda nokkurn skatt fyrir þann aðstöðumun sem það hefur haft fram yfir sveitirnar, því að nógur er munurinn samt. Ég vil því vona að að þessum málum verði unnið með hagsmuni dreifbýlisins fyrir augum og þannig verði skapað sem eðlilegast jafnvægi í byggð landsins. Hér er því ekki um það að ræða beinlínis hvort fjármagn er fyrir hendi til þessara hluta í dag, heldur hvort stjórnvöld hugsa sér að gera áætlun um dreifingu sjálfvirka símakerfisins í sveitunum og afla þá til þess tekna í samræmi við slíka áætlun. Það hlýtur að vera krafa þeirra, sem í dreifbýlinu búa, að áætlun sé gerð um þessi mál þannig að það liggi fyrir hvenær vænta megi vissra áfanga í þessum efnum í hinum ýmsu byggðum landsins.

Jónas Árnason: Herra forseti. Drjúgur hluti af fundartíma hér í dag hefur farið í það að ráðh. hafa endurtekið fyrri svör við fyrri fsp. Þetta átti sér stað áðan þegar hæstv. samgrh. svaraði fsp. um símamál. Það er segin saga að þegar svarað er fsp. um þessi mál, þá hlióða svörin upp á mjög góðan vilja til að laga þetta, en þm. fá litlar fréttir af því að raunverulega sé unnið að því.

Ég vil skjóta því til vinar míns, hæstv. samgrh., að það er ekki skemmtilegt afspurnar að ástandið hefur stórum versnað síðan hann tók við þessum málum. Þá gat að vísu verið vandkvæðum bundið að ná sambandi við Vesturland héðan úr Reykjavík. Nú hins vegar er þetta orðið þannig að það er alveg undir hælinn lagt hvort við þm. náum yfirleitt nokkru sambandi við kjósendur okkar á Vesturlandi héðan úr Reykjavík. Ég vona nú að hæstv. ráðh. fari að taka rækilega til hendinni áður en svo fer, — ef við Vesturl.-þm. ætlum á annað borð að halda sambandi við kjósendur okkar, — að þá verðum við að fara og tala við þá persónulega, hætta að nota þetta merkilega tækniundur sem nefnist sími.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Það er afskaplega langt frá því að ég vilji koma í veg fyrir að hv. 5. þm. Vesturl. geti náð til kjósenda sinna, því að maðurinn hefur oft sýnt sig að því að vera skemmtilegur og ég vil auðvitað að þeir njóti þeirrar ánægju sem hann hefur fram að færa. Hins vegar út af því, að einhver sérstök breyting hafi orðið í þessum efnum síðan ég varð samgrh., þá mundi ég telja að ef svo væri, þá ætti hún að vera til batnaðar því að það hefur þó verið fjölgað verulega línum á þessu svæði á þessu hálfa öðru ári sem ég er búinn að vera í þessu starfi og það er unnið að því að laga þetta meira. En það tekur sinn tíma. Auðvitað er það svo að það eru fleiri en þessi hv. þm. sem eiga erfitt með að ná til sinna kjósenda. Úr þessu viljum við bæta. En það er afskaplega erfitt að komast fram hjá því þegar svarað er fsp. um sama efni, að nota þá ekki nokkuð svipuð svör,

nema maður sé svo hagorður og skáldmæltur að geta sett þetta á svið eftir geðþótta, en það get ég ekki.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég er ekki að vanþakka það að fjölgað sé símalínum á Vesturlandi. En ég held því fram að þetta hafi stórversnað á einu eða tveimur síðustu árum, versnað stórum. Ég á hér við sjálfvirka kerfið sem var þegar komið á er hæstv. ráðh. tók við. Og ég segi: Ef nýjar línur eiga að kosta það að gamla kerfið ónýtist, þá held ég að við verðum að láta okkur nægja gamla kerfið og varast að bæta við nýjum línum.

Bæklunarlækningadeild Landsspítalans, fsp. (þskj. 363). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Í febrúarmánuði 1972 tók til starfa á Landsspítalanum ný deild, bæklunarlækningadeild. Þær aðgerðir, sem þessi nýja deild átti að framkvæma, voru að nokkru leyti áður framkvæmdar í handlækningadeild þessa sama sjúkrahúss. Deildin hefur í þjónustu sinni mjög góða lækna sem standa fullkomlega jafnfætis læknum í þessari grein í Vestur-Evrópu. Áður en deildin tók til starfa urðu ýmsir bæklunarsjúklingar að fara til erlendra sjúkrahúsa til aðgerða. Og því má slá föstu að þeir hafi verið æðimargir sem enga læknismeðferð tókst að fá við þær aðstæður sem hér voru áður en þessi deild tók til starfa. En brátt kom í ljós að aðsóknin og þörfin var mjög mikil fyrir slíka stofnun. Þegar deildin tók til starfa fékk hún í hendur biðlista frá handlækningadeild Landsspítalans, en á þessum lista voru 236 sjúklingar. Í ársbyrjun 1973 var biðlistinn kominn upp í 430 og þó höfðu verið gerðar 465 aðgerðir 1972. Í ársbyrjun 1974 var biðlistinn orðinn 614, en aðgerðir 1973 voru 576. 1. jan. 1975 var biðlistinn orðinn 708, en aðgerðir 1974 733. Og nú er þessi biðlisti kominn upp í 769, en á síðasta ári voru framkvæmdar 777 aðgerðir eða 201 fleiri en 1973, án þess þó að deildin hefði fengið aukið húsrými til umráða.

Þegar þessi deild hóf starfsemi sína fékk hún 23 rúm til afnota og árið eftir til viðbótar 10 rúm, en síðan hefur engin viðbót fengist þrátt fyrir margendurteknar tilraunir til þess. Erlendis er talið að til slíkra aðgerða sem á þessari deild eru framkvæmdar þurfi fjöldi rúma að vera um 0.5‰ af þeim íbúafjölda sem deildin á að þjóna. Hér mundi því þurfa um 109 rúm. Á Borgarsjúkrahúsinu eru 15 rúm sem ætluð eru fyrir bæklunarsjúklinga, en eins og áður sagði eru á bæklunarlækningadeild Landsspítalans 33 rúm, eða samtals 48 rúm. Eftir þessu vantar 61 rúm til þess að fullnægja þörfinni á þessu sviði, enda er biðlistinn orðinn það langur til þess að komast í aðgerð á þessari deild að ekki verður við unað lengur. Munu dæmi vera til þess að sjúklingar þurfi að bíða 2 eða jafnvel 3 ár til að komast í slíkar aðgerðir.

Fólk, sem er með brjósklos eða ónýta mjaðmaliði hefur venjulega miklar og sárar þjáningar og er alveg hjálparvana og þá mun slík bið reynast flestum ofraun. Munu þess mörg dæmi að slík bið hefur brotið fólk algjörlega niður. Fyrir fólk, sem er komið um eða yfir sjötugt og veit að það þarf að bíða svo að árum skiptir til að fá sjúkrahúsvist, er alltaf sú hætta fyrir hendi að það grípi algert vonleysi og að hjálpin berist of seint. Af mannúðarástæðum er mjög brýnt, að bæklunarlækningadeild Landsspítalans fái sem allra fyrst þá aðstöðu að fólk þurfi ekki að bíða langtímum saman eftir að komast í aðgerð, og að láta fólk, sem er á vinnualdri, bíða eftir slíkri aðgerð langtímum saman hlýtur að vera þjóðhagslega óhagkvæmt og óþolandi ástand.

Ég hef orðið þeirrar reynslu aðnjótandi að dveljast á þessari deild og sjá hvað illa margir sjúklingar hafa verið komnir er þeir lögðust þar inn, og ég var vitni að því að gerð voru hrein kraftaverk á mörgum þessum sjúklingum. Ég hef því leyft mér að bera fram þessa spurningu til hæstv. heilbr.- og trmrh: „Hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að bæklunarlækningadeild Landsspítalans fái aukið húsrými til þess að geta án óhæfilegs dráttar gert aðgerðir á þeim sjúklingum sem til hennar leita?“

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Bæklunarlækningadeild Landsspítalans tók til starfa árið 1972. Meðan á byggingu Landsspítalans ans stóð var upphaflega gert ráð fyrir því að bæklunarlækningadeild hefði til umráða sem svaraði tveim deildum, þ. e. a. s. 46 rúmum. Á byggingarstigi var þessari ákvörðun síðan breytt þannig að gert var ráð fyrir að bæklunarlækningadeildin hefði eina deild, 23 rúm, en jafnframt yrði stofnuð endurhæfingardeild með 23 rúmum. Þegar síðan bæklunarlækningadeildin tók til starfa var sú ákvörðun tekin af stjórnarnefnd að bæklunarlækningadeildin fengi til umráða auk 23 rúma á eigin deild 10 rúm á endurhæfingardeild og er svo enn. Að sjálfsögðu höfðu aðgerðir vegna bæklunarsjúkdóma farið fram á Landsspítala áður en deildin tók til starfa og deildin tók við allstórum biðlista frá skurðdeild strax við opnun. Mjög fljótlega sýndi sig að deildin hafði ekki við og biðlistar deildarinnar hafa aukist ár frá ári.

Á árinu 1973 gerði rn. till. um það til stjórnarnefndar að athuga möguleika á því að bæklunarlækningadeild fengi til umráða einnig rúm þau á endurhæfingardeild sem fyrr getur, en það var mat læknaráðs Landsspítala að jafnmikil og e. t. v. meiri þörf væri fyrir rúm fyrir endurhæfingu en viðbót við bæklunarlækningadeildina. Var því engin breyting gerð í þessu efni.

Það liggja fyrir skýrslur bæklunarlækningadeildar fyrir árið 1974, og sýnir sig við samanburð á árunum 1973 og 1974 að starfsemi deildarinnar er komin í mjög fastar skorður. Þannig voru legudagar á árinu 1974 13 629, en á árinu 1973 12 318. Fjöldi innlagðra sjúklinga var á árinu 1974 615 og nýting sjúkrarúma 100%.

Vegna stækkunar biðlista á bæklunarlækningadeild tók stjórnarnefnd ríkisspítalanna þetta mál upp á árinu 1974 og komst að þeirri niðurstöðu

að ekki væru tök á því að auka rými deildarinnar innan Landsspítalans sjálfs nema það yrði svo mjög á kostnað annarrar starfsemi spítalans að ekki yrði við unað. Þá var leitað þess ráðs að ná samkomulagi við endurhæfingardeild á Reykjalundi um að ákveðin rúm þar yrðu til afnota fyrir bæklunarlækningadeild til framhaldsmeðferðar sjúklinga þannig að hægt yrði að útskrifa þá frá Landsspítala fyrr en ella hefði verið. Beint samkomulag hefur ekki verið gert um þessar ráðstafanir, en í reynd hefur þetta orðið svo að nokkru leyti og líklegt að ákveðið samkomulag náist um þetta innan ekki langs tíma.

Þegar till. var gerð að staðli fyrir vistunarrýmisþörf hinna ýmsu sérgreina, þá var gert ráð fyrir því að fyrir bæklunarlækningar þyrfti 36 rúm miðað við 100 þús. íbúa eða um 75 rúm fyrir allt landið, eins og háttar hér í dag. Eru þá börn, sem þurfa aðgerða við, ekki talin með þar sem þau vistast á barnadeildum. Á þrem stórum sjúkrahúsum í Reykjavík má gera ráð fyrir að nú séu um 60 sjúkrarúm fyrir bæklunar-lækningar, þar með talin slys. Nokkrir slíkir sjúklingar vistast að jafnaði á sjúkrahúsum utan Reykjavíkur, enda þótt sérfræðingar séu þar ekki starfandi, svo að gera má ráð fyrir að það vanti um 10 sjúkrarúm á landinu öllu til þess að fullnægja þeim staðli sem ég gat hér um. Margir telja þó þessar tölur of lágar og benda á vaxandi slysatíðni, sérstaklega umferðarslysa, sem taka upp rúm bæklunarlækningadeilda, svo og aukna möguleika til skurðaðgerða í bæklunarlækningum sem hafa þróast á síðustu árum, og hafa jafnvel gengið svo langt að telja að í stað 36 rúma miðað við 100 þús. íbúa þurfi 50 rúm. Miðað við þann staðal vantar hér í Reykjavík um 30 sjúkrarúm til þess að fullnægja þörf.

Í bæklunarlækningum eins og allri annarri læknisfræði þá eru það bráðu sjúkdómarnir sem hafa forgang og eru þar slysin langstærsti hópurinn. Því er það svo að þeir sjúklingar, sem hafa langvarandi sjúkdóma, þurfa að bíða lengst *og dæmi eru til þes, að sjúklingar þurfi að bíða* mánuðum, jafnvel árum saman eftir skurðaðgerð við slíkum meinum.

Þetta er að sjálfsögðu ekkert einsdæmi hér á landi og heldur ekkert einsdæmi í sambandi við skurðaðgerðir, hvorki hér á landi né annars staðar. Biðlistar eru á öllum sjúkrahúsum og sjúkradeilum, misstórir að vísu eftir því hvers konar starfsemi er rekin. Biðlistar sjúkrahúsanna í Reykjavík eru þó mun stærri en sjúkrahúsa utan Reykjavíkur, enda fer meginhluti sérhæfðrar læknisþjónustu og skurðaðgerða fram í Reykjavík. Biðlisti bæklunarlækningadeildar hefur verið mjög nálægt eins árs umsetningu deildarinnar. Fjöldi innlagðra sjúklinga var á árinu 1974 615, *en biðlisti í lok ársins 1974 708, en í* lok ársins 1973 614.

Til samanburðar má geta þess að biðlisti handlæknisdeildarinnar var í árslok 1975 1056 sjúklingar, þar af vegna skapnaðarlækninga 392 sjúklingar, en sérstök deild vegna skapnaðarlækninga tekur til starfa á Landsspítala nú alveg á næstunni með 12 rúmum. Sá biðlisti, sem skapnaðarlækningadeild tekur við þegar hún tekur til starfa, er því hlutfallslega ekki minni en sá sem er á bæklunarlækningadeild í dag.

Þessar upplýsingar sýna að ástand á bæklunarlækningadeild er mjög svipað því sem er á öðrum skurðdeildum Landsspítalans í dag og er tæplega að vænta breytinga á því fyrr en nýjar sjúkradeildir rísa á Landsspítala eða við aðra spítala í Reykjavík sem geta tekið þessa sjúklinga til meðferðar.

Með byggingu nýrra sjúkrahúsa annars staðar á landinu á að draga úr eftirspurn eftir spítalaplássum hér í höfuðborginni og þá eiga að skapast möguleikar til stækkunar þeirra deilda sem verst eru settar, eins og bæklunarlækningadeildarinnar.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli hér. Ef mig rekur rétt minni til, þá hreyfði hv. 2. þm. Reykn. þessu sama máli í fsp. fyrir nokkru. Það kemur í ljós nú, eins og hann greindi frá þá, 2. þm. Reykn., Oddur Ólafsson læknir, að ástandið var slæmt og grátlega lítið hefur miðað í þá átt að laga hér um, og það er tæpast verjandi. Eins og fyrirspyrjandi drap á bíða margir mikið tjón bæði á líkama sínum og sál við það ástand sem skapast hjá þessum sjúklingum og er ekki sæmandi annað en taka þetta mál til alvarlegrar athugunar og reyna að mæta þeirri eftirspurn sem er þegar biðtími er að jafnaði á annað ár og sumir miklum mun lengur eftir eðli sjúkdómsins.

Fram kom í máli hæstv. ráðh. að með eðlilegri þróun virtist vanta um 30 rúm svo að lágmarksþörf væri mætt. Held ég að hv. Alþ. ætti að taka það til athugunar eða fá um það nánari skýrslu hvað það mundi kosta — og þá auðvitað í samráði við stjórnarnefnd ríkisspítalanna — að bæta úr þessu í áföngum, segjum á 2—3 árum. Það er mikið verk og búið að standa lengi yfir að gera skipulegt átak við uppbyggingu Landsspítalans og út í það er ekki hægt að fara í þessum stutta ræðutíma, en það mun rétt vera *að deildar meiningar eru innan stofnunarinnar* um hvar mest þörf er til úrbóta. En mér virðist sem svo að sjúklingar, er bíða lækningar með bæklunarmein, eigi sannarlega rétt á því að vera efstir eða a. m. k. mjög ofarlega á blaði.

Ég vil þakka aftur bæði fyrirspyrjanda og hæstv. ráðh. fyrir að gefa þessar upplýsingar og vænti þess að hæstv. ráðh. líti þetta mál það alvarlegum augum að úrbætur verði gerðar á næstunni og þær undirbúnar strax.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Ég mun ekki lengja þessar umr. að ráði. Það er vafalaust alveg rétt að það eru margir sem bíða tjón við það að komast ekki inn á bæklunardeild Landsspítalans. Það kom fram í svari hæstv. heilbrrh. að þessi deild mun þó ekkert einsdæmi, því miður. Sjálf rak ég mig á það s. l. sumar, er ég reyndi að greiða fyrir manni utan af landi sem að ég hygg þurfti einmitt að komast inn í þessa deild eða til svipaðrar aðgerðar og sú deild veitir og yfirlæknir þeirrar deildar sagði mér að það væru 200—300 manns sem biðu. Og þetta er slæmt ástand. Nú er það samt svo, og það vil ég sérstaklega benda á hér, að

við höfum hvað eftir annað heyrt staðhæfingar fróðra manna um þessi mál um að við íslendingar ættum yfir heildina nægilegt sjúkrarými til þess að fullnægja sjúkraþörf landsmanna. Ég verð að segja, að manni hefur hnykkt við að heyra þessar upplýsingar með það fyrir augum hve oft við rekum okkur á einstök dæmi sem virðast sanna hið gagnstæða.

Ég vil þess vegna benda á það, sem ég veit að er staðreynd, að það, sem okkur vantar helst í dag, er kannske ekki fyrst og fremst fleiri sjúkrarúm, heldur breytt skipulag sjúkrahúsamála, þ. e. a. s. að það sjúkrarými, sem við eigum, sé ekki nýtt sem skyldi. Það hefur, að ég tel sem leikmaður, réttilega verið bent á að það, sem okkur vantar tilfinnanlega, eru göngudeildir við sjúkrahúsin og deildir fyrir langlegusjúklinga, því að oft á tíðum er það svo að fólk, sem í raun og veru þarf engra aðgerða við, en hjúkrunar og umönnunar, tekur upp sjúkrarými sem eru í raun og veru ætluð sjúklingum með alvarlegri sjúkdóma og jafnvel bráða sjúkdóma. Ég vil þess vegna, af því að ég veit að hæstv. heilbrrh. hefur fullan hug á að bæta þarna úr, að tekin verði til alvarlegrar athugunar uppbygging sjúkrahúsa og skipulagning í rekstri og að áhersla verði lögð á rétta þætti okkar heilbrigðisþjónustu, þá vil ég eindregið leggja áherslu á að okkar heilbrigðisyfirvöld taki þennan þátt til rækilegrar athugunar með úrbætur fyrir augum.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans, en ég vil leggja áherslu á að aðgerðir sem þessar, það er ekki eðlilegt að þær séu framkvæmdar nema á einum stað á landinu. Við höfum á Landsspítalanum fjóra lækna mjög vel menntaða, og eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, mundu þeir geta gert miklu meira en helmingi fleiri aðgerðir en þeir gera ef þeir hefðu aðstöðu til. Og það er langur tími fyrir mann, sem er t. d. með skemmdan mjaðmarlið, að bíða í 2—3 ár, en það mun vera algengur biðtími fyrir þessa menn. Það er alveg rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að auðvitað verður bæklunardeildin að taka inn ýmis tilfelli, bæði ef slys verða og eins þegar kannske þarf að bjarga limum af því að aðgerð má ekki dragast, en t. d. þessir sjúklingar, sem eru þó mjög þjáðir oft á tíðum, verða að bíða þennan tíma. Ég efast ekkert um það sem hæstv. ráðh. segir í sambandi við biðina annars staðar, en það verður líka eitthvað að líta á þessi mál frá mannúðarástæðum. Ég var þarna í 5 vikur og ég sá hvernig þeir sjúklingar voru á sig komnir sem þarna komu inn, menn á kannske miðjum aldri, voru búnir að bíða tvö ár til þess að fara í svona aðgerð og eftir hálft ár voru þeir menn komnir í vinnu, þannig að þarna þyrfti áreiðanlega að gera stórt átak.

Ég skil ekki hæstv. ráðh. þegar hann er að miða við 100 þús. íbúa. Ég lít svo á að svona deild þurfi að þjóna landinu öllu, og eftir þeim upplýsingum, sem ég hef aflað mér t. d. frá Norðurlöndum, þyrftu að vera a. m. k. 109 rúm til að sinna aðeins þeim aðgerðum sem eru nú gerðar á bæklunarlækningadeildinni. Þá á ég ekki við ýmis slys — alls ekki — því að beinbrot og þess háttar geta auðvitað önnur sjúkrahús annast.

Ég hef rætt þetta mál í rúmt ár við þessa lækna sem ég er nú orðinn málkunnugur þarna á handlækningadeildinni, og ég hef sannfærst um að það er gert þar allt sem hægt er til þess að drífa sjúklingana út, um leið og það er hægt, t. d. á aðra staði þar sem þeir geta jafnað sig, endurhæfingarstaði. Það líka sýnir það að þeir hafa gert 200 aðgerðum meira 1975 heldur en 1973. En þrátt fyrir það lengist biðlistinnn alltaf stöðugt og er kominn, eins og ég sagði áðan, í 769 sem bíða eftir svona aðgerð.

Ég held að þetta mál þurfi meiri rannsóknar við, og ég vona það að hæstv. ráðh. athugi hvort ekki eru einhverjir möguleikar á því að sá læknahópur, sem þjónar þessari bæklunarlækningadeild Landsspítalans, geti fengið aukið rými þannig að biðtíminn styttist fyrir þetta fólk.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Það er sannarlega rétt að þetta er eitt af okkar stærstu heilbrigðisvandamálum og mjög torleyst vandamál. Það hefur verið rætt hér áður, eins og getið var um, og því er ekki að leyna að það liggja alveg ákveðnar ástæður til þessað úrbætur hafa ekki orðið. Í fyrsta lagi er það, að það eru þrír hópar af sjúklingum sem hér er um að ræða, sem koma til meðferðar þarna. Það eru slysin, það eru meðfædd örkuml og það eru gamalmenni. Allir þessir hópar eiga það sameiginlegt að þeir eru stækkandi: Öryrkjum vegna slysa fer fjölgandi eins og við vitum, meðfæddum örkumlum sömuleiðis, vegna þess að nú lifa miklu fleiri hlutfallslega en áður var af þeim sem fæðast með örkuml, og í þriðja lagi verður fólkið eldra og skapast hafa möguleikar á síðustu árum til þess að gera ýmislegt fyrir það sem áður var talið óhugsandi. Allt þetta veldur því að þörfin fyrir bæklunaraðgerðir hefur á fáum árum stórvaxið. Og það er að sjálfsögðu ekki bara hjá okkur sem erfiðleikar eru með að leysa úr þessum vanda. Það er líka í nágrannalöndunum, enda þótt þau séu vel stödd með sjúkrarúm. Það er rétt, að við eigum að eiga nægilega mörg sjúkrarúm í þessu landi fyrir okkar fólk, en þrátt fyrir það er ástandið slíkt að biðlistinn lengist í raun og veru alltaf á þessu sviði.

Ég er ekki sammála hv. 3. þm. Norðurl. e. í því að við eigum aðeins að gera þetta á einum stað. Það held ég að sé algjör misskilningur. Við eigum á öðrum sjúkrahúsum en Landsspítalanum bæklunarlækna sem hafa unnið áratugum saman við þetta starf og unnið það mjög vel. Ég held að ef við ætlum eitthvað að höggva skarð í biðlistann sé einasta leiðin að víkka þetta út þannig að það sé gert víðar og lögð meiri áhersla á þessar aðgerðir einmitt á þeim stöðum þar sem þær hafa verið gerðar áður, sérstaklega á Landakoti og við bæklunarlækningadeildina, og svo að til séu staðir sem þetta fólk getur komist á til endurhæfingar eins fljótt og unnt er eftir uppskurð.

Verið að gera og hafa verið gerðar verulegar tilraunir í þá átt að leysa þetta. En þörfin er

mikil og þetta er sem sagt mikill annmarki í okkar heilbrigðisþjónustu. Það tekur langan tíma að byggja upp þannig að við fáum fleiri sjúkrarúm. Hitt er rétt, sem hæstv. ráðh. gat um, að ef við fáum stækkuð sjúkrahúsin í Keflavík, á Akureyri, Ísafirði og víðar úti um landið, á Selfossi, þá er enginn vafi á því, að það má vinna viss verk, sem nú eru unnin á bæklunarlækningadeild Landsspítalans, á þessum stöðum og þar með bæta ástandið í þessu efni. Ég vona að það verði gert allt sem unnt er til lagfæringa á þessu sviði á næstu árum.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður tók af mér ómakið í sambandi við þá skoðun hv. fyrirspyrjanda að þessar lækningaaðgerðir ættu að fara fram á einum stað. Ég held að það séu allir á því, sem best þekkja þessi mál, að við eigum auðvitað að nýta sem flest sjúkrahús til sem flestra aðgerða. Hins vegar verða auðvitað vandameiri aðgerðir framkvæmdar af sérfræðingum, og þá auðvitað er þessi bæklunarlækningadeild fyrst og fremst. En í sambandi við þrengslin, sem þarna eru, verða menn að líta í kringum sig, líta á það hvað verið er að byggja upp annars staðar, hvað hefur verið gert á annan hátt.

Á s. l. ári var tekin í notkun í Hátúni, þar sem ríkið leigir þrjár hæðir, legudeild fyrir aldraða. Það hefur aðeins ein hæð verið tekin í notkun þó að þær séu allar þrjár til. Það hefur vantað starfsfólk, sérstaklega sérhæft starfsfólk, þ. e. hjúkrunarfræðinga, sem hefur vantað þar og gert það að verkum að þessar deildir eru ekki allar komnar í notkun. Þannig geta alltaf myndast einhverjir erfiðleikar á því að halda áfram eðlilegri uppbyggingu. Þegar þessar hæðir allar eru komnar í notkun er ætlunin að létta á öllum sjúkrahúsunum hér í Reykjavík hlutfallslega jafnt, og það á auðvitað að skapa möguleika fyrir því, þegar hægt er að taka langlegusjúklinga af þessum dýru „akút"-sjúkrahúsum á heimili fyrir langlegusjúklinga, að deildir, sem eru jafnilla settar og bæklunarlækningadeildin, fái fleiri sjúkrarúm.

Nú er langt komið að taka í notkun fæðingardeildina og kvensjúkdómadeildina. Það léttir á ýmsum öðrum deildum vegna þeirra miklu þrengsla sem þar voru. Þarna er ekki lítil aukning sem verður á sjúkrarúmum.

Svo er í byggingu og verður orðin fokheld um mitt þetta ár geðdeildin, sem er á landspítalalóðinni. Unnið er að byggingu sjúkrahúss á Selfossi af fullum krafti, stækkun sjúkrahúss í Keflavík, stórfelld stækkun við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, ný sjúkrahúsbygging á Ísafirði, stækkun í Neskaupstað og svo auðvitað bygging margra heilsugæslustöðva sem Alþ. hefur þegar veitt nokkurt fjármagn til, en allt er þetta háð fjármagni.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég skil mjög vel að slík fsp. sem þessi komi hér fram. Það eru ýmsir erfiðleikar við innanhússaðbúnað sem eru í veginum, en ég tel ekki rétt að fara neitt að tíunda hér og engum til góðs. Ég hef fullan hug á því að reyna að ná þarna betri samvinnu og samstarfi til þess að fjölga þarna sjúkrarúmum bæði á þessari deild og nokkrum öðrum. En það tekur tíma. Hins vegar þykir mér vænt um það og bið menn að muna vel eftir því við afgreiðslu fjárl. næst að standa þá fast með mér í auknum fjárveitingum til sjúkrahúsabygginga og heilsugæslustöðva.

Sameinað þing, 61. fundur.

Þriðjudaginn 9. mars, að loknum 60. fundi.

Jöfnun á kostnaði við kyndingu húsa, þáltill. (þskj. 394). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Hafnarsjóður, þáltill. (þskj. 401). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Stofnlánasjóður vegna stórra atvinnubifreiða, þáltill. (þskj. 228). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Takmörkun þorskveiða, þáltill. (þskj. 236). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Endurvinnsluiðnaður, þáltill. (þskj. 294). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Iðnaður í tengslum við framkvæmdaáætlun fyrir Norðurlandskjördæmi vestra, þáltill. (þskj. 299). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Samkomulag við Belgíu um veiðar innan fiskveiðilandhelgi, þáltill. (þskj. 302). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Virkjun Skaftár og Hverfisfljóts, þáltill. (þskj. 341). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Landhelgisgæslan, þáltill. (þskj. 354). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Viðgerðar- og viðhaldsaðstaða flugvéla á Keflavíkurflugvelli, þáltill. (þskj. 25, n. 392). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Jón Skaftason): Virðulegur forseti. Hjá allshn. Sþ. hefur legið nokkrar undanfarnar vikur till. til þál. um viðgerðar- og viðhaldsaðstöðu flugvéla á Keflavíkurflugvelli, en hún er 22. mál þessa þings. Till. hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að láta athuga í samráði við Flugleiðir hf. og önnur flugfélög, er hagsmuna hafa að gæta, á hvern hátt hagkvæmast sé að koma upp aðstöðu til viðgerða og viðhalds flugvélum á Keflavíkurflugvelli."

N. sendi þessa þáltill. til umsagnar til tveggja aðila, þ. e. a. s. til flugmálastjórnar og til Flugvirkjafélags Íslands, og fyrir nokkru hafa henni borist umsagnir þessara aðila beggja sem eru jákvæðar. Með leyfi hæstv. forseta, langar mig til að lesa örlítinn kafla upp úr umsögn þessara umsagnaraðila og byrja þá á umsögn flugmálastjórnar, en þar segir svo m. a.:

„Ég," þ. e. a. s. flugmálastjóri „ég er till. þessari eindregið fylgjandi og tel að brýnt sé að koma á fót fullkominni viðgerðar- og viðhaldsþjónustu fyrir stærri gerðir millilandaflugvéla á Keflavíkurflugvelli. Töluverður fjöldi vel menntaðra flugvirkja er fyrir hendi hér á landi og hafa á undanförnum árum sýnt að þeim er vel treystandi fyrir viðgerðum og viðhaldi loftfara af ýmsum gerðum og stærðum. Slík viðhaldsaðstaða hér á landi mundi geta sparað töluverð útlát gjaldeyris og jafnframt skapa aukna vinnu fyrir það tæknilið sem að þessum málum mundi starfa."

Í umsögn frá Flugvirkjafélagi Íslands segir m. a. svo:

„Að lokum er rétt að geta þess, að hér er ekki eingöngu um atvinnuöryggi og gjaldeyrissparnað að ræða. Einn veigamikill þáttur þessa máls er sá að tækniþekking sé ekki látin hverfa úr landinu vegna þess að gamalt og af sér gengið flugskýli hafi brunnið, heldur sé reynt að skapa þau skilyrði að hún megi vaxa hér og dafna. Mikilvægt er að málið verði tekið nú þegar föstum tökum."

Þegar ég mælti fyrir þessari þáltill. fyrir nokkrum mánuðum vék ég nokkrum orðum að upplýsingum sem var að finna í umsögn með álitsgerð sem félagið Hagvangur hf. hafði gert að beiðni Flugvirkjafélags Íslands um þessi mál. Þar kom m. a. fram það álit að við það að færa þessa viðhalds- og viðgerðarþjónustu að sem mestu leyti inn í landið væri hægt að spara mjög verulegan gjaldeyri og á því þurfum við sannarlega að halda nú, auk þess væri um að ræða möguleika til þess að mæta óskum sem uppi eru frá íslenskum flugvirkjum sem nú starfa erlendis, en vilja gjarnan koma heim til að vinna í fagi sínu hér.

Ég ætla ekki að eyða tíma hv. þings í dag með því að fara nánar inn á þetta. Það er getið um þessi atriði, m. a. um gjaldeyriseyðslu í sambandi við viðgerðar- og viðhaldsaðstöðu flugfélaganna stóru, tveggja, þ. e. a. s. Flugfélags Íslands og Loftleiða, á árunum 1971—1974, í þeirri grg. sem till. fylgir og vísa ég til hennar um það atriði og þess sem ég hef áður sagt með upplestri úr skýrslu Hagvangs hf.

Nefndarmenn, sem á fundi voru, þeir voru 6, hafa allir skrifað undir nál. sem er á þskj. 392 og mæla þeir samhljóða með því að till. verði samþ. Einn nm., hv. 1. þm. Suðurl., var ekki á fundinum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðum, þáltill. (þskj. 77). — Fyrri umr.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þessi till., sem flutt er af þm. Alþfl., fjallar um það að Alþ. feli ríkisstj. að láta kanna hvort ekki sé hægt að verja því fé, sem nú er greitt úr ríkissjóði til þess að lækka söluverð innlendra landbúnaðarafurða á innlendum markaði, þannig að það komi neytendum að betri notum og meiri notum en nú á sér stað, og þá sérstaklega að það stuðli að aukinni kjarajöfnun, og svo hins vegar að það komi í veg fyrir þá mismunun sem núgildandi niðurgreiðslukerfi veldur milli einstakra greina í landbúnaði, og eins hvort ekki megi beita þessu almannafé betur til þess að styðja við þá bændur sem við erfið kjör búa. Gerir till. ráð fyrir því að könnunin sé falin fulltrúum kjörnum af þessum samtökum: Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Bandalagi háskólamanna, Stéttarsambandi bænda, Framleiðsluráði landbúnaðarins og Búnaðarfélagi Íslands, einum frá hverjum þessara samtaka. Síðan skipi ríkisstj. formann nefndarinnar.

Það er grundvallarhugsunin, sem hér liggur að baki, að í stað niðurgreiðslna á innlendu verði landbúnaðarafurða komi beinar peningagreiðslur til neytenda, að niðurgreiðslufénu verði ekki varið til þess að lækka útsöluverð þessara tilteknu afurða, heldur fái neytendur féð til frjálsrar ráðstöfunar til kaupa á þessum afurðum eða öðrum afurðum ef þeim sýnist svo. En með því móti má segja og það má rökstyðja að þá komi féð neytendum að betri og meiri notum en núgildandi kerfi gerir ráð fyrir.

Það er rétt að láta þess getið að þessi hugmynd var ein af þeim hugmyndum sem settar

voru fram af hálfu launþegasamtakanna í des. s. l. gagnvart ríkisstj. og launþegasamtökin voru á einu máli um að mundi fela í sér kjarabót og kjarajöfnun fyrir launþega. En því miður taldi ríkisstj. sig, á því stigi a. m. k. ekki þess umkomna eða ekki reiðubúna til að framkvæma slíka breytingu. Út af fyrir sig skal henni ekki láð það að vilja ekki framkvæma jafngagngera breytingu og hér er um að ræða án undangenginnar rækilegrar athugunar. Einmitt þess vegna hefur þessi till. verið flutt, að sú athugun skuli fara fram.

Það getur varla farið fram hjá nokkrum hugsandi manni að þörf er á endurbótum á því niðurgreiðslukerfi og raunar útflutningsbótakerfi líka sem nú á sér stað. Íslenskar landbúnaðarafurðir hafa verið greiddar niður á innlendum markaði í áratugi. Upphaflega var farið inn á þessa braut til þess að koma í veg fyrir hækkun verðs landbúnaðarafurða og þar með hækkun á vísitölu framfærslukostnaðar sem laun hafa lengst af verið tengd með einum eða öðrum hætti. Í fyrstu voru þessar niðurgreiðslur ekki verulegar, en þær hafa smám saman farið mjög vaxandi. Á þessu ári er gert ráð fyrir að ríkissjóður verji 4600 millj., 4.6 milljörðum kr. til niðurgreiðslna á verði innlendra landbúnaðarafurða. Í fyrra voru niðurgreiðslurnar nokkru meiri eða rúmir 5 milljarðar kr.

Auðvitað hafa niðugreiðslurnar fyrst og fremst verið *hagstjórnartæki stjórnvalda í baráttu við* vaxandi dýrtíð. Því hefur aldrei verið haldið fram af neinum ábyrgum aðila hér á Alþ. að þessar niðurgreiðslur væru styrkur til bænda. Hitt væri sanni nærri, að segja að þær væru styrkur til launþega, að vísu í formi sem nú er orðin mikil nauðsyn að endurbæta. Hitt er annað mál, að framleiðendur landbúnaðarafurða hafa notið niðurgreiðslunnar á óbeinan hátt í verulegum mæli því að vegna þeirra hefur söluverð innlendra landbúnaðarafurða á innlendum markaði orðið mun lægra en ella og þær þess vegna mun samkeppnishæfari en ella við t. d. erlendar matvörur og raunar hvers kyns aðrar vörur sem menn nota tekjur sínar til kaupa á.

Þegar niðurgreiðslur eru hvorki verulegur hluti af framleiðsluverði afurðanna né heldur af tekjum þeirra neytenda sem þær kaupa, þá má segja að þær hafi ekki nein veruleg efnahagsáhrif umfram það sem þeim er ætlað, þ. e. a. s. að valda verðlækkun frá því sem vera mundi ef ekki væri um niðurgreiðslu að ræða. En þegar niðurgreiðslur eru orðnar jafnmiklar og hér á sér stað, þá fara smám saman að koma fram alls konar aukaverkanir og þær hafa komið fram í vaxandi mæli á undanförnum áratugum.

Það er óhætt að fullyrða að niðurgreiðslur á íslenskum landbúnaðarvörum séu nú hér á landi orðnar hlutfallslega meiri en tíðkast í nokkru nálægu landi og á það við hvort sem niðurgreiðslurnar eru bornar saman við framleiðslukostnað þeirra innanlands eða tekjur neytendanna. Á síðasta framleiðsluári, sem skýrslur eru til um, þ. e. árin 1974—1975, nam heildsöluverð íslenskra landbúnaðarafurða 16 500 millj. kr., 16.5 milljörðum kr. Niðurgreiðslur á þessum vörum námu 450 millj., 4.5 milljörðum eða um 27% heildsöluverðsins. Finnast ekki dæmi í nálægum löndum um jafnmikla niðurgreiðslu á heildsöluverði innlendra landbúnaðarafurða. Á framleiðsluárin 1975—1976 má gera ráð fyrir að heildsöluverð afurðanna verði um 22 milljarðar. Miðað við þær reglur, sem í gildi voru þegar þessi áætlun var gerð, nema niðurgreiðslurnar 5200 millj. kr., 5.2 milljörðum eða um 24% heildsöluverðsins, sem er eilítið lægra en árið áður, en þó mjög há tala. Ráðstöfunartekjur heimilanna má á s. l. ári áætla um 105—110 milljarða kr. og nema því niðurgreiðslurnar um 5% af heildarupphæð allra tekna heimilanna. Ég hef hvergi séð jafnháa hlutfallstölu niðurgreiðslna á innlendum landbúnaðarafurðum af ráðstöfunartekjum heimilanna og hér er um að ræða, hvorki meira né minna en 5%.

Áhrif niðurgreiðslnanna á einstakar vörur sjást auðvitað best ef athugað er hvað það mundi kosta ef varan væri ekki niðurgreidd. Niðurgreiðsla á súpukjöti nemur nú 28% af verðinu óniðurgreiddu. Niðurgreiðsla á mjólk nemur 53%, meira en helmingi af verðinu óniðurgreiddu. Niðurgreiðsla á 45% osti er hlutfallslega mun minni eða aðeins um 12%. Hins vegar er niðurgreiðslan á smjöri miklu meiri eða *hvorki meira né minna en* 44% eða næstum helmingur hins raunverulega verðs. Á hinn bóginn er hvorki svínakjöt né alifuglakjöt greitt niður. Þessar landbúnaðarafurðir greiða neytendur fullu verði. Hér er auðvitað um að ræða *mikið misrétti milli þeirra bænda sem* framleiða svínakjöt og alifuglakjöt annars vegar og aðrar landbúnaðarafurðir hins vegar.

Þegar niðurgreiðslur eru orðnar svo miklar sem hér er um að ræða hljóta ýmsar efnahagsspurningar að vakna. Að því er neytendur snertir hlýtur meginspurningin að teljast sú, hvort svo mikil niðurgreiðsla, 5% af ráðstöfunartekjum heimilanna, torveldi ekki neytendunum að hagnýta sér tekjur sínar á þann hátt að þær hafi sem mest notagildi fyrir tekjuhafann, neytandann. Til þess að njóta þess hagræðis, sem niðurgreiðslunum er ætlað að veita honum, verður hann að kaupa hinar niðurgreiddu vörur, annars nýtur hann ekki hagræðis. Hann nýtur hagræðisins ef hann t. d. kaupir súpukjöt, en nýtur einskis hagræðis ef hann kaupir kjúkling. Liggur ekki í augum uppi að hér er um kerfi að ræða sem þarfnast mikilla endurbóta? Hann nýtur mikils hagræðis ef hann kaupir súpukjöt, en hann gæti ekki notið þessa sama hagræðis ef hann kysi ekki að kaupa kjöt, væri t. d. ekki kjötæta, heldur væri grænmetisæta og vildi heldur nota tekjur sínar til þess að kaupa hreinlætisvörur eða húsgögn. Þá nýtur hann einskis hagræðis.

Hér er um einföld, en augljós dæmi að ræða, sumpart meint í alvöru og sumpart í gamni, til þess að sýna fram á að kerfið þarfnast endurbóta. M. ö. o.: hið opinbera, sem annast niðurgreiðslurnar, setur neytandanum ákveðið skilyrði fyrir því hvaða vörur hann skuli kaupa til þess að njóta hagræðisins. Hann verður að kaupa vissar vörur ef hann á að njóta þeirra tæpra 5 milljarða sem ríkið ver og ætlar honum til hagræðis.

Þetta lýtur að hagsmunum neytendanna, en að því er sjálfa framleiðendurnar snertir þá

vakna líka spurningar í þessu sambandi. Niðurgreiðslur eru mjög misjafnar á einstakar landbúnaðarafurðir og engar á sumar landbúnaðarafurðir. Þetta veldur misrétti milli framleiðendanna. Ef um niðurgreiðslur er að ræða á annað borð og þannig er málum yfirleitt hagað annars staðar, þá verður að hafa þær hlutfallslega jafnmiklar á einstakar landbúnaðarafurðir og þá allar afurðir sem geta fullnægt svipuðum þörfum, einmitt í því skyni að mismuna ekki einstökum framleiðendum.

Enn eitt sjónarmið verður að hafa í huga í þessu sambandi. Á undanförnum árum hefur framleiðsla landbúnaðarafurða vaxið mun meir en eftirspurn innanlands. Enginn vafi er á því að eftirspurn innanlands hefur þó vaxið meira en ella mundi vera einmitt vegna niðurgreiðslnanna, en vöxtur landbúnaðarframleiðslunnar hefur valdið því að útflutningur landbúnaðarafurða hefur farið mjög vaxandi á undanförnum árum. Sú var tíðin, að bændur urðu sjálfir að bera tjón af því ef selja þurfti afurðir þeirra úr landi og minna fékkst fyrir þær á erlendum markaði en innanlands. Á þessu hefur orðið sú breyting að bændum er tryggt sama verð fyrir þær vörur, sem fluttar eru úr landi, þó þannig að útflutningsuppbæturnar í heild mega ekki nema meiru en 10 af 100 af heildarverðmæti framleiðslunnar. Um það hefur að vísu verið deilt hvort þetta ákvæði laganna eigi við hverja einstaka vörutegund eða landbúnaðarframleiðsluna í heild. Í mörg ár hefur það verið túlkað þannig að þetta eigi við landbúnaðarframleiðsluna í heild, og skal ég ekki gera það mál að deiluefni hér.

Útflutningsbæturnar eru líka orðnar vandamál. Útflutningur kjöts var á síðasta framleiðsluári, á árinu 1974—1975, 2800 smálestir eða hvorki meira né minna en 21% af heildarframleiðslunni sem nam 13 500 smálestum. M. ö. o.: fimmta hvert kíló kjöts, sem framleitt var í landinu, var flutt úr landi og það verð, sem fékkst fyrir útflutta kindakjötið, nam 49%, nam tæpum helmingi af innlendu kostnaðarverði. Það þarf vonandi ekki að nefna aðrar en þessar einföldu tölur til þess að opna augu allra hugsandi manna fyrir því að hér er vandamál á ferðinni sem verður að taka á með raunhæfum skilningi.

Að því er snertir útflutta osta, sem talsvert er flutt út af, eru tölurnar enn þá alvarlegri. Verðið, sem fékkst fyrir útflutta osta, nam á síðasta framleiðsluári aðeins 27%, aðeins rúmum fjórðungi af framleiðslukostnaðinum innanlands. Auðvitað er ástæðulaust að íslenskir bændur séu að framleiða kjöt og osta og aðrar mjólkurafurðir fyrir erlenda neytendur og selja við verði sem er frá fjórðungi og upp í helming af kostnaðarverði, og ennþá ástæðulausara fyrir íslenska skattgreiðendur að standa undir kostnaðinum við jafnfáránlega framkvæmd og hér er um að ræða.

Það ætti satt að segja varla að geta verið ágreiningur um það meðal skynsamra manna sem vilja gera sér grein fyrir íslenskum efnahagsvandamálum, jafnt efnahagsvandamálum landbúnaðarins og öðrum efnahagsvandamálum, að það er brýnt úrlausnarefni þegar niðurgreiðslur á innlendum landbúnaðarafurðum eru orðnar upp undir 5000 millj. kr. og greiða þarf í heild um 1000 millj. kr. með þeim landbúnaðarafurðum sem fluttar eru á erlendan markað, þó að hér sé að vísu ólíku saman að jafna. Niðurgreiðslurnar eru ætlaðar neytendum til hagsbóta, þessar 5000 milljónir, en útflutningsbæturnar eru beinn tekjuauki til bænda, sem niðurgreiðslurnar eru að sjálfsögðu ekki, því að þeir hafa fullan rétt á því að selja sínar vörur á innlendum markaði við því verði sem opinberir aðilar ákveða. En hér er orðið um svo stórkostlegar upphæðir að ræða, 5000 milljóna niðurgreiðslur og 1000 milljóna útflutningsuppbætur, þótt ólíks eðlis séu auðvitað, að það hlýtur að vera orðið umhugsunarefni hvort ekki megi ráðstafa þessu fé þannig að það komi neytendum að betra gagni, það sem þeim er ætlað, 5000 milljónirnar, og hvort ekki megi losa skattgreiðendurna við byrðina af 1000 milljónum sem eru teknar úr sameiginlegum sjóði sem tekjuauki fyrir bændur.

Ég ræði ekki frekar um útflutningsuppbæturnar því að þar er um að ræða stórt og flókið efnahagsvandamál sem snertir þá framtíðarstefnu sem reka á í landbúnaðarmálum og það tel ég ekki vera umræðuefni hér. En spurningin er: Má ekki nota tæpar 5000 millj. kr., sem nú ganga til niðurgreiðslu á innlendum vörum og ætlaðar eru neytendum til hagsbóta, — má ekki nota það fé betur en nú er gert? Má ekki nota það þannig að það komi neytendum að betra haldi en nú á sér stað?

Í því sambandi hefur sú hugmynd komið fram sem ég gat um í upphafi máls míns og skal ljúka máli mínu með að rekja örlítið nánar, hvort ekki væri skynsamlegra hreinlega að greiða neytendum þessa upphæð, skipta upphæðinni milli neytenda og láta þá sjálfa um það hvort þeir kaupa súpukjöt, sem er niðurgreitt um helming, eða hvort þeir kaupa kjúkling, sem ekki er niðurgreiddur, eða hvort þeir kaupa sér fatnað, ef þeir telja sig ekki þurfa á þeim mat að halda sem vísitölufjölskyldunni er reiknaður, eða hvort þeir vilja kaupa sér húsgögn eða ráðstafa tekjum sínum með einhverjum öðrum hætti. Allir menn, sem ofboðlitla nasasjón hafa af hagfræði, vita að tekjur eru taldar nýtast þeim mun betur sem þeir eru frjálsari að því hvernig þeir skipta þeim á milli hinna ýmsu notkunarmöguleika. Það er einmitt það sem verið er að gera ráð fyrir hérna, að skylda neytendur ekki til að kaupa súpukjöt, mjólk og nokkrar aðrar afurðir til að geta orðið hluttakandi í þeim 5 milljörðum sem ríkið ætlar þeim til hagsbóta.

Til að sýna, hvaða tölur hér er um að ræða, er þess að geta að nú er talið að landsmenn eldri en 16 ára séu um 147 þús. og yngri menn um 71 þús. Það væri ekki eðlilegt að láta alla, fullorðið fólk, börn og unglinga, fá sömu greiðslu í hendur, en sé sem reikningsdæmi gert ráð fyrir því að þeir, sem eru eldri en 16 ára, fengju helmingi hærri greiðslu en þeir sem eru yngri en 16 ára, þá gæti greiðslan, miðað við núverandi aðstæður, orðið 28 þús. kr. til hvers íslendings eldri en 16 ára og 14 þús. kr. til hvers íslendings yngri en 16 ára, þannig að 5 manna

fjölskylda, hjón með 3 börn yngri en 16 ára, mundi geta fengið um 100 þús. kr. til frjálsrar ráðstöfunar án þess að það kostaði ríkissjóð *einn eyri umfram það sem hann borgar nú.*

Nú beini ég þeirri spurningu til hugsandi þm. og annarra manna sem hugsa af alvöru um íslensk efnahagsmál og afkomu launþega: Hvort halda menn að sé launþegum hagstæðara að eiga kost á því að kaupa kjöt, mjólk og nokkrar aðrar landbúnaðarafurðir við því stórlega niðurgreidda verði, sem nú á sér stað, eða fyrir 5 manna fjölskyldu að fá í hendurnar 100 þús. kr. greiðslu í peningum einu sinni, tvisvar, þrisvar eða fjórum sinnum á ári og mega ráðstafa því sjálf eins og henni sýnist? Á því er ekki nokkur vafi að fjölskyldunni yrði að þessu hagsbót.

Ég lýk máli mínu með því að undirstrika enn að þetta er skoðun alþýðusamtakanna, þetta hefur reynst skoðun Alþýðusambandsins, að með þessu móti væru bæði kjör launþegans bætt og þó einkum og sér í lagi kjör launþeganna jöfnuð, því að nú nýtur ríki maðurinn jafnmikillar niðurgreiðslu á kjötinu, á mjólkinni og hinn tekjulægsti. En með þessu breytta kerfi fengi tekjulági maðurinn jafnmikla upphæð og hinn tekjuhái. En það er enginn vafi á því að núverandi kerfi ívilnar hinum tekjuháu vegna þess að gera má ráð fyrir að þeir noti meira af t. d. smjöri og dýru kjöti heldur hinir tekjulágu. Núverandi kerfi bætir þá hag hins tekjuháa meira heldur en hins tekjulága. Það er af þessum sökum sem það mundi ekki aðeins vera kjarabót að taka upp greiðslukerfið heldur líka vera kjarajöfnun.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að óska þess að að lokinni þessari umr. verði till. vísað til 2. umr. og ég vænti hv. fjvn. Er það ekki eðlilegast?

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 77 er þáltill. flutt af þm. Alþfl. og hefur nú fyrsti flm., 9. þm. Reykv., gert grein fyrir henni hér í framsöguræðu. Ég held að það sé ástæða til í tilefni af þessu máli, sem hér er nú til umr., að víkja nokkuð að sögu þess, því að það er búið að vera í gildi hér á fjórða áratug og hafa á þeim tíma setið margar ríkisstjórnir og í þeim hafa verið þm. úr öllum flokkum. Þetta kerfi hefur verið notað með mismunandi hætti, eins og fram mun koma í því sem ég ætla að segja. Ég ætla því að byrja á því, að víkja að þessu áður en ég vík að þáltill. sjálfri.

Það fyrirkomulag, sem viðhaft er, er búið að vera á fjórða tug ára, að greiða niður verð á nauðsynjavörum og þá einkum búvörum. Upphaflega var þetta gert 1943, var valið til þess kindakjöt, nýmjólk, smjör og kartöflur. Til viðbótar voru teknar upp niðurgreiðslur á smjörlíki og saltfiski 1947, en það mun hafa verið þegar stjórn Stefán Jóhanns Stefánssonar var mynduð, og nýjum fiski árið 1957. Verð á skyri og rjóma, mjólkurosti og mysuosti var byrjað að greiða niður 1956 og hélst sú niðurgreiðsla fram til 1960. Auk þess var verð á nokkrum innfluttum vörum greitt niður í tengslum við lög um efnahagsmál frá 20. febr. 1960. Niðurgreiðslur hafa komið á heildsöluverð varanna, annarra en mjólkur og rjóma, en þar kemur niðurgreiðslan á útsöluverð.

Aðeins verð á mjólk og smjöri hefur verið greitt niður óslitið frá því að niðurgreiðslur voru hafnar. Verð á öðrum vörum, sem nefndar hafa verið, hefur verið greitt niður tímabundið. Árið 1943 voru niðurgreiðslur, svo sem fyrr er nefnt, teknar upp í föstu formi. Það ár var heimilað að leggja á svonefndan verðhækkunarskatt er kom á skattskyldar tekjur manna, hliðstætt og tekjuskattur. Skatttekjurnar átti að nota annars vegar til þess að lækka vísitölu kauplags í landinu með niðurgreiðslum á búvöruverði og hins vegar til að efla alþýðutryggingar.

Í reynd voru niðurgreiðslurnar beint framhald aðgerða er miðuðu að því marki að lækka framfærslukostnaðinn í landinu og sporna gegn ört vaxandi dýrtíð. Þessar aðgerðir hófust árið 1974 með lækkun eða niðurfellingu á tollum á nauðsynjavörum og hækkun beinna skatta og tolla á lúxusvörum. Árið 1945 var ákveðið að greiða útflutningsbætur á verð útfluttra búvara ef á þyrfti að halda. Það var gert svo að ekki þyrfti að hækka verð búvaranna innanlands til að mæta lægra verði fyrir útfluttar afurðir og einnig til að tryggja að bændur fengju það verð fyrir afurðir sínar sem þeim var þá ákvarðað, til að kjör þeirra rýrnuðu ekki meira en orðið var, en þetta ár var tekin sú ákvörðun að lækka búvöruverð til landbúnaðar um 9.4%, sem kunnugt er. Á þessu ári var horfið frá að greiða verð á kindakjöti niður í beinu framhaldi af þáttaskilum í stjórnmálum við dýrtíðina, en í stað þess var tekin upp bein greiðsla til neytenda. Kjötverðshækkun var ekki látin hafa áhrif á útreikning á kauplagi í landinu, en í stað þess var greiddur til fólks ársfjórðungslega styrkur úr ríkissjóði er átti að nema til hvers einstaklings verðhækkun um 40 kr. á hvert kg af kindakjöti, svo að þessi regla er ekki ný af nálinni sem hv. 9. þm. Reykv. stakk hér upp á. Þessar greiðslur fengu þó ekki þeir sem stunduðu sauðfjárrækt, vissir atvinnurekendur og aðilar með tekjur yfir ákveðnu marki. Þetta fyrirkomulag hélst fram yfir árið 1950, en þá var verð á kjöti í vísitölu framfærslukostnaðar fært til samræmis við markaðsverð og vísitalan látin hækka til samræmis.

Árið 1947 var tekin upp skömmtun á einstökum niðurgreiddum búvörum og meðan það gilti var um tvenns konar verð að ræða. Markmið þessa fyrirkomulags var að niðurgreiðslur féllu nokkuð jafnt til neytenda, en ekki meira til þeirra sem höfðu hlutfallslega meiri neyslu á niðurgreiddum vörum. Niðurgreidda verðið gilti við útreikning á vísitölu framfærslukostnaðar eftir nánari reglum þar um. Niðurgreiðsla verðs gegn skömmtunarseðlum hélst lengst á smjöri, en var felld niður 1960.

Til þess að gera ljósa þróun niðurgreiðslna á helstu búvörum eftir 1950 skal ég taka dæmi þar um. Til hliðsjónar til að meta gildi þeirra fylgir þróun vísitölu framfærslukostnaðar sömu ár. Ber þó að nefna við þann samanburð að neikvæð fylgni er milli vísitölu framfærslukostnaðar og upphæðar niðurgreiðslu hverju sinni. Háar niðurgreiðslur þýða lægri framfærsluvísitölu og öfugt. Þau ár, sem sérstaklega skera sig úr — og nú bið ég hv. þm. að taka vel eftir,

— þau ár, sem sérstaklega skera sig úr um samanburð á niðurgreiðslum við framfærslukostnað, eru árin 1959, er Alþýðuflokksstjórnin sat, 1964, 1967 og 1971. Öll þessi ár er gildi niðurgreiðslna verulega umfram meðaltalið. Til þess að gera hér nokkurn samanburð á verða raktar í stuttu máli orsakir þessa mismunar og gefnar nokkrar hugmyndir um reikningslega niðurfærslu á vísitölu framfærslukostnaðar hverju sinni með niðurgreiðslu á vöruverði. Þar á undan skal minnst á tvennt: Í fyrsta lagi, að grundvöllur vísitölu framfærslukostnaðar er föst stærð sem sýnir samsetningu á neyslu ákveðinnar fjölskyldueiningar ákveðið ár. Með þeirri þróun á neysluvenjum, sem var og er, hlýtur sá grundvöllur að skekkjast og einkum á þann hátt að matvöruþáttur minnkar hlutfallslega ár frá ári. Það leiðir hins vegar til þess að niðurgreiðslur á verði matvaranna fá með árunum og óbreyttum grundvelli reikningslega meira vægi í framfærslukostnaði neytenda en þær höfðu í hans daglegu neyslu. Grundvöllur þeirra vísitalna framfærslukostnaðar, sem nefndar verða, er frá 1. mars 1950, 1959 og 2. jan. 1968. Í öðru lagi, að kaupgjald og allir verðútreikningar tengdir framfærslukostnaði í landinu eru gerðir eftir vísitölu framfærslukostnaðar og því eru áhrif niðurgreiðslnanna sem hagstjórnartækis þau sömu og útreiknuð áhrif þeirra hverju sinni á reiknaðan framfærslukostnað. Við eftirfarandi útreikning á áhrifum niðurgreiðslna á framfærsluvísitölu er reiknað með að smásöluálagning héldist óbreytt þó að þær yrðu afnumdar. Í reynd var og er hins vegar höfð hliðsjón við ákvörðun smásöluálagningar á búvöru af því, að hækkandi verði fylgir meiri rýrnunarkostnaður.

Í okt. 1950 er reikningsleg áhrif niðurgreiðslna á reiknaðan framfærslukostnað þau, að með niðurgreiðslum á búvörum er greitt 4.91 vísitölustig og á öðrum neysluvörum 2.43 eða samtals 7.34 stig. Framfærslukostnaður án niðurgreiðslna hefði þá orðið 130 stig og nam niðurgreiðslan samkvæmt þessu 5.7% af honum. Lækkun útgjalda af matvörukaupum vegna niðurgreiðslna nam hins vegar 11.2%. Þetta hlutfall hélst að miklu leyti óbreytt fram undir 1956, en þá fóru niðurgreiðslur ört hækkandi.

Árið 1959 voru niðurgreiðslur auknar mjög verulega sem liður í umfangsmiklum efnahagsráðstöfunum er hófust það ár. Sá niðurgreiðsluauki, sem ákveðinn var það ár, átti að lækka vísitölu framfærslukostnaðar úr 220 stigum í 212 stig eða um 3.6%. Árið 1960 hækkuðu niðurgreiðslur að gildi frekar en lækkuðu og voru í okt. það ár jafngildi 11.2 stiga í vísitölu framfærslukostnaðar. Lækkun á vísitölu framfærslukostnaðar vegna þessa nam 10% og lækkun á matvörum í vísitölunni 22.5%. Lækkunin skiptist þannig að með niðurgreiðslum á búvöru voru greidd 8.5 stig, með lækkun á öðrum matvörum: smjörlíki, kaffi, fisk o. fl. 2.5 stig og með niðurgreiðslu á verði innfluttra fóðurvara og áburði ½ stig. Þessum niðurgreiðslum, sem voru hafnar á verði innfluttra vara, var ætlað að vega á móti miklum hækkunum á verði þeirra sem urðu vegna lækkunar gengis þetta ár. Frá þeim tíma og fram á seinni hluta ársins 1964 fóru niðurgreiðslur lækkandi að verðgildi og voru í maí það ár niðurgreidd 10 vísitölustig eða 5.8%. Eftir það fóru þær vaxandi og náðu hámarki 1967 sem bein afleiðing af verðstöðvuninni sem hófst í lok ársins á undan. Til marks um það er að í jan. 1967 voru niðurgreidd reikningslega séð 24.7 stig af vísitölu framfærslukostnaðar, en samkv. því hefði hún átt að vera án niðurgreiðslna 220 stig. Lækkunin nam því 11.2%. Lækkun matvörukostnaðar í vísitölunni vegna þessara niðurgreiðslna nam hins vegar 22.6%

Í árslok 1967 hófst á ný breyting á niðurgreiðslum og í ársbyrjun 1968 var búið að lækka niðurgreiðslur ivið meira miðað við verðgildi en hækkun þeirra nam fyrrnefnt tímabil og héldust þær að því marki fram undir árslok 1970, en þá er á ný hafin verðstöðvun með hækkun á niðurgreiðslum.

Eftirfarandi tölur sýna niðurgreiðslur á framfærsluvísitölu og vísitölu matvöru í þeirri vísitölu í stigum og prósentum í febrúar ár hvert síðan 1968. Niðurgreiðslur hafa einnig komið á búvöruverð þessi ár. Í febr. 1968 eru þetta 4.14 stig eða 3.9% á framfærsluna, en hins vegar 15.50 stig á matvöruna og 13.3% 1969 eru líka 4.14, 3.3% aftur í prósentutölu, 15.50 stig í matvörunni, en 11.2% af verðgildi hennar. 1970 eru það líka 4.14 stig, þá er prósentan 2.9, 15.50 er svo stigið í matvörunni, en þá er það að verðgildi 9.7. 1971 fer þetta upp í 10.40 stig eða 6.4%, 38.9 af matvörunni og 9.7% af verðgildi hennar. 1971 eru þetta 10.40 stig, 6.4, 38.9 og 20.1 stig aftur prósenta af matvöru. 1972 er þetta 11.6 stig, 6%, 41.4, 40 stig og 20.2% af matvörunni. 1973 er þetta 16.15, 8.1%, 60.45 af matvöru og 23.4. 1974 er þetta 15.9, 5.9%, 56 af matvöru og 16.3% af henni.

Fram kemur að reikningslegt gildi niðurgreiðslnanna á niðurfærslu matvöruverðs var orðið með lægra móti í ársbyrjun 1970, enn lægra en það var í okt. 1950. Í febr. 1971 eru áhrif þeirra tvöfölduð miðað við árið á undan og vaxa fram til 1973, en dragast saman á næstu árum.

Önnur aðgerð af opinberri hálfu til að færa niður verðlag í landinu er niðurfelling söluskatts af einstökum nauðsynjavörum. Þær búvörur, sem söluskattur var felldur niður af, voru mjólk og mjólkurafurðir og kartöflur. Aðrar nauðsynjavörur, sem voru valdar, hafa verið t. d. fiskur, dagblöð, olía, heitt vatn til húshitunar o. fl.

Svo sem fram hefur komið eru breytingar á niðurgreiðslum á búvöruverði og verði annarra nauðsynja fyrst og fremst tengdar efnahagslegum ráðstöfunum hverju sinni. Niðurgreiðslur eru í eðli sínu andstæða tolla í því að með þeim er verið að lækka verð ákveðinnar vöru til neytenda á kostnað ríkisins í stað þess að leggja á tolla í tekjuöflunarskyni. Af því ætti að leiða hliðstæð sjónarmið ríki við val á vörum til niðurgreiðslu og vörum með hátollum. Þar kemur fyrst og fremst til álita hve nauðsynleg varan er neytendum, í öðru lagi hvort dreifingarkerfið getur tekið ábyrgð á að framkvæmd þessara aðgerða sé án misferla. Hvort tveggja þessara atriða mæla með, sé talin nauðsyn á að greiða niður verðlag, að mjólk og mjólkurafurðir séu valdar, og dreifingaröryggi mælir einnig með því að kindakjöt sé valið fremur en fiskur.

Áhrif af niðurgreiðslum á búvöruverð eða verð annarra neysluvara er tvenns konar. Annars

vegar snerta þær hag neytenda við það að við niðurgreiðslu lækka vörurnar í verði sem magn vörunnar kostar minna en áður, en á móti því er aukin gjaldheimta ríkisjóðs. Hins vegar geta niðurgreiðslur á verði ákveðinnar vöru haft áhrif á hag framleiðenda ef um þröngan markað er að ræða fyrir viðkomandi vöru og ef kaup á vörunni er háð verðlagi hennar. Hin síðar nefndu áhrif eru yfirleitt háð því, hvort til staðar eru skyldar vörur sem neytendur geta horfið til eða frá með kaup á við verðbreytingu, og því, hvort umrædd vara er svokölluð nauðsynjavara eða háð neyslu fólksins. Hér má t. d. taka mjólk annars vegar og kindakjöt hins vegar. Áhrif verðbreytinga á neyslumjólk eru almennt talin mjög lítil þar sem ekki er um aðrar vörur að ræða hliðstæðar mjólk og mjólkin er nauðsynleg í daglegum kosti. Um kindakjöt gegnir nokkuð öðru máli. Margar tegundir kjöts, annars en kindakjöts, er um að ræða fyrir neytendur. Einnig getur fiskur komið í stað kjöts. Almennt má segja um áhrif búvöruverðs á sölu að þau séu lítil og fari lækkandi við það að kaupmáttur fólks fer sívaxandi og útgjöld til búvörukaupa af heildarútgjöldum fara því minnkandi. Hins vegar munu þessi áhrif verðsins á kaup fólksins á búvöru misjöfn hjá fjölskyldum með misjafnar tekjur til ráðstöfunar og þannig að verðbreytingar ráða meiru um kaup fjölskyldna á búvörum, sem hafa lægri tekjur, en hjá hinum tekjuhærri.

Þessu vil ég vekja athygli hv. 9. þm. Reykv. á, að neytendur komast yfirleitt ekki hjá því að kaupa mjólkina þó að hún sé í nokkuð háu verði og þess vegna hefur þetta veruleg áhrif.

Með hliðsjón af því, að tekjuöflun hins opinbera fer að miklu leyti eftir efnahag fólks, virðist hagur fyrir lágtekjufjölskyldurnar að niðurgreiðslunum. Ef meta skal jákvæð áhrif niðurgreiðslna á hag búvöruframleiðenda verður dæmið flóknara. Þá koma til álita áhrif þeirrar verðlækkunar, sem niðurgreiðslurnar valda, á það magn, sem innlendi markaðurinn tekur á móti, og hvort sú markaðshækkun er lítils eða mikils virði fyrir framleiðendur. Þar á móti vegur svo röskun á sölumagni frá einu ári til annars sem mismiklar niðurgreiðslur geta valdið ef áhrif þeirra eru veruleg á sölumagn, og einnig eru þau áhrif neikvæð bændum sem niðurgreiðslur geta haft í kaupgjaldsvísitölunni. Þá hafa áhrif niðurgreiðslna á eftirspurn og framboð búvara verið fólgin í því að sporna gegn breytingum á neysluháttum. Til dæmis má taka að ómögulegt hefði reynst að taka upp nokkra niðurgreiðslu á verði nautakjöts fyrr en það var gert í sumar þó að æskilegt hefði talist að gera það, þar sem magn af því í grundvelli fyrir vísitölu framfærslukostnaðar var verulega minni hluti þess í daglegri neyslu. Þar af leiðandi kostaði niðurfærsla á verðlagi með niðurgreiðslu margfalt meira en væri grundvöllurinn réttur. Þetta mun hafa verið þannig að stigið í nautakjötinu kostaði um 600 millj., en í kringum 200 í dilkakjötinu.

Sé litið á þróun þessara mála á s.l. áratug og reynslu er innlendur markaður og sá markaður utanlands, sem útflutningsbótum er studdur, nægur fram undir 1966 þrátt fyrir mjög öran vöxt á framleiðslu búvöru, einkum mjólkur. Að svo var má að einhverju leyti rekja til hækkunar á niðurgreiðslum fram á árið 1967, svo sem áður er fram komið. Við stórlega lækkun á niðurgreiðslum á næstu árum vegna lækkandi ráðstöfunartekna dró úr neyslu á búvörum innanlands og það svo að misvægi komst á milli framleiðslu og markaðar. Við það urðu útflutningsuppbætur ónógar verðlagsárin 1967—1968 og 1968—1969. Bændur fengu ekki grundvallarverð fyrir afurðir sínar. Á ný komst á jafnvægi milli markaðs og framleiðslu 1969—1970 og við bættan hag almennings og stórauknar niðurgreiðslur árið 1971. Jókst þá búvöruneyslan á ný svo að jaðraði við að framleiðsla á mjólk yrði ónóg þá mánuði sem hún var minnst.

Önnur áhrif á hag bænda af niðurgreiðslum eru þau að þær koma á óbeinan hátt í stað kaupgjalds. Í þau skipti sem verðlag og þar með kauphækkun hefur verið stöðvað með niðurgreiðslum hafa þær verðbætur, sem niðurgreiðslurnar eru, aðeins að hluta eða tiltölulega lítið fallið til bænda. Nær allur niðurgreiðsluauki á mjólk hefur ekki komið þeim til hagsbóta sem öðrum þjóðfélagsþegnum, þar sem bændur neyttu yfirleitt mjólkur sem þeir framleiddu sjálfir, en á þessu mun nú vera einhver breyting orðin.

Af þessu má sjá að gildismat niðurgreiðslna frá einstökum sjónarhornum er erfitt. Þær raska verðhlutföllum milli einstakra vara og eðlilegum framleiðslukostnaði þeirra og hafa meiri og minni áhrif á vöruval neytenda ótvírætt, þó að notkun þeirra sem hagstjórnartækis yfirskyggi allt mat á áhrifum þeirra á öðrum sviðum, jákvæðum sem neikvæðum framleiðendum eða neytendum búvara.

Svo sem áður er nefnt var komið föstu formi á útflutningsbætur á verð útfluttra vara 1960. Það var meginsjónarmið, sem ríkti við setningu reglna þar um, að framleiðslan umfram innlenda markaðsþörf gæti verið það rúm eða afurðir sem þyrfti að greiða útflutningsbætur af, að þrátt fyrir sveiflur í markaði eða árferðisáhrif á framleiðslu, þá verði jafnan til nægilegt magn af neysluvörum innanlands. Það, sem einkum hefur ráðið upphæð útflutningsbóta hverju sinni auk magns útflutningsins, er sá hluti framleiðslukostnaðar sem greiða þarf niður, og hefur það ráðist af stöðu verðlags hérlendis og erlendis, hagkvæmni þeirra markaða á búvöru erlendis. T. d. má nefna að innganga í EFTA opnaði markaði fyrir íslenskt dilkakjöt í Svíþjóð og Noregi sem gáfu 115% hærra meðalverð en markaður í Bretlandi sem var aðalmarkaður fram að þeim tíma.

Þetta er í stuttu máli saga þessara mála sem ég hef hér vikið að og er að finna í þessari till. og fyrst og fremst í grg. þeirra hv. flm. sem að henni standa.

Ég vil í fyrsta lagi vekja athygli á því, sem hv. 9. þm. Reykv. vék hér að, að niðurgreiðslur kæmu bændum að óbeinum notum. Það þýðir það einnig, að það verður að gæta hófs um meðferð á þeim, því að sveiflur í niðurgreiðslum eru mjög hættulegar fyrir bændastéttina sem þarf að selja sínar vörur, eins og ég hef þegar

bent á. Auk þess er það svo að fram undir þetta hafa framleiðendur orðið að kaupa þessar vörur dýrara verði en þeir sem hafa getað notið niðurgreiðslnanna.

Þá kom það fram í ræðu hv. þm. að niðurgreiðslur hér á landi væru miklu hærri en gerðist hjá öðrum löndum í nágrenni við okkur. Þær eru ekki meiri en í nágrannalöndum okkar, eins og í Noregi og Svíþjóð. Niðurgreiðslurnar hafa stöðugt sveiflast í hlutfalli við heildarverðmæti búvara. Þegar hefur þurft að hægja á verðlagshækkunum hafa þær gjarnan numið um 25%. 1960 námu þær í Noregi 27% og í Svíþjóð 22%. 1961 námu þær hins vegar 32%. 1964 voru þær aftur komnar niður í 18% og 1969 niður í 12%.

Þá talaði hv. 9. þm. Reykv. um það hvað niðurgreiðslurnar væru orðnar mikill hluti af framfærslukostnaði og af ríkisútgjöldum núna. Það mun vera svo að ráðstöfunartekjur heimilanna í ár má ætla að verði 130—135 milljarðar. Niðurgreiðslur verða um 3.5 milljarðar miðað við það sem er á fjárl. nú. Ef litið er á þetta frá fyrri árum, þá eru niðurgreiðslur á ríkisreikningnum 1960 23.8 millj. eða 1.8%. 1961 eru þær 25 millj. eða 1.7%. 1962 eru þær 40 millj. eða 2.3%. 1963 eru þær 75 millj. eða 3.5%. 1964 209 eða 5.5. 1965 eru þær 178 eða 5.2. 1966 eru þær 217 eða 5.6. 1967 eru þær 229 eða 4.9. 1968 eru þær 3.7%. Þetta eru útflutningsbæturnar sem ég er hér með nú. 1970 eru þær 332 millj. eða 3.2%. 1971 eru útflutningsbætur 404 millj. eða 3%, 1972 378 millj. eða 2.1%. 1973 eru þær 438 millj. eða 1.7%. 1974 eru þær 927 millj. eða 2.3%. Og það er gert ráð fyrir því, ef þær yrðu núna um 900 millj. að þá yrðu þær 1.5%.

Þegar þetta er borið saman kemur í ljós að það er ekki rétt, sem hv. 9. þm. Reykv. reiknaði út, að hér væri um vaxandi tölur að ræða, því að auðvitað er ekki hægt að miða við krónutöluna í þessu tilfelli heldur verður það að vera hlutfallið, og ef við tökum samanlagt þessi ár niðurgreiðslur og útflutningsbætur, þá eru þær 27% 1960, 22% 1961, 22% 1962, 19% 1963, 18% 1964, 20% 1965, 21% 1966, 20% 1967, 12% 1968, 10% 1969, 10% 1970, 15% 1971, 11% 1972, 10% 1973 og 11% 1974 og mundu verða 9% núna miðað við þær tölur sem eru í fjárlögum. Það er því ekki rétt að hér sé um vaxandi útgjöld að ræða, eins og hv. 9. þm. Reykv. vildi vera láta.

Þá kom hv. 9. þm. Reykv. að því að svína- og alifuglaframleiðsla væri ekki greidd niður eins og dilkakjöt. M.a. er það um þá vöru að segja að hún hefur ekki verið í vísitölunni. Það hefur ekki verið ákveðið verðlag á henni, heldur hefur það verið frjálst. Auk þess hefur framleiðsla á svínakjöti og alifuglakjöti notið þess að lágir tollar sem engir eru á fóðurbæti, en innfluttur fóðurbætir er aðalfóður þessara tegunda.

Út af því, sem hv. 9. þm. Reykv. talaði um að það væri betra að fólk fengi þessa peninga í hendurnar og mætti ráðstafa þeim, þá var í sambandi við það, sem aðilar vinnumarkaðarins fóru fram á í haust í þessu sambandi, reiknað út hvaða áhrif það hefði ef hætt væri að greiða niður og menn gætu notað þetta eftir frjálsu vali. Þá kom í ljós að þetta þýddi verðhækkun upp á röskar 600 millj. kr. vegna þess að það breytti álagningu og fleiru í sambandi við sölumeðferð þessara vara. Auk þess er það svo, að ég fæ ekki skilið að þetta ætti frekar að snerta lágtekjufólkið heldur en hátekjufólkið, því að mér sýnist að með því að fá þessar krónur í hendurnar væri alveg eins hægt að fara til Mallorka eða eitthvað annað því um líkt fyrir þessar krónur, sem íslenskar vörur eru keyptar fyrir, svo að við slíkt frjálsræði sem þar væri, þá værum við komnir nokkuð af leið um höfuðtilganginn um að hafa áhrif á efnahagsstefnuna.

Þá vil ég einnig benda á það, og það er að ég held að dómi allra, að það eru fjölmennustu heimilin, barnmörgu heimilin sem nota mest af mjólkinni, og hún er sú vörutegund sem mest er greidd niður. Þess vegna sé ég ekki annað að þeir, sem hafa eðlilega dýrasta heimilishaldið, njóti mest í þessu, og ég sé ekki að það sé hægt að telja þetta fráleitara en ýmsa þætti tryggingamálanna sem eru líka frjálsir og sumir njóta, en aðrir ekki. Auk þess veit ég ekki betur en að skattgreiðsla kæmi þá til af þessu, ef þetta væri greitt beint, og yrði þá sá, sem njóta ætti, að greiða aftur til ríkisins hluta af þeim tekjum sem hann þannig fengi.

Þessu vona ég að hv. 9. þm. Reykv. og þeir Alþfl.-menn átti sig á þegar þeir fara að skoða þetta mál betur en enn hefur verið gert. Ég held að það sé á algjörum misskilningi byggt að þau séu þeir betur settu sem njóti meira í þessu tilfelli. Ég held að það sé alveg öfugt.

Þá kom hv. 9. þm. Reykv. að því að framleiðsla á landbúnaðarvörum hefði aukist verulega á síðustu árum. Það er um það að segja að málið stendur þannig nú að allt útlit er fyrir að við verðum að flytja smjör inn í landið. Eins og nú horfir er smjör á þrotum og það hefur verið lögð fram beiðni hjá landbrn. um leyfi til að flytja inn smjör. Það verður nú eitthvað dregið og skoðað vel áður en gert verður. En ég vil líka vekja athygli á því að þær útflutningsvörur okkar, sem mest hækkun varð á að undanteknum sjávarafurðum á s.l. ári, voru ullarvörur og skinnavörur. Og það er talið að með tiltölulega lítilli hagræðingu væri hægt að ná því magni af útfluttum ullar- og skinnavörum að það jafngilti útflutningi álverksmiðjunnar. Það þarf ekki nema að fjórfalda það til þess að ná því marki. Þetta er tiltölulega auðvelt. Eitt af því, sem er verið að athuga nú, er einmitt að reyna að hagnýta sér þetta með því að færa verð á milli ullar og gæru annars vegar og kjöts hins vegar til þess að gera þessar vörur hagkvæmari í útflutningi. En það vita allir, sem til þekkja — og þarf ekki mikið til að þekkja, að við flytjum ekki út ull eða gærur ef því fylgir ekki kjötskrokkur. Það er ekki hægt að framleiða ull og gærur án þess að kjöt sé með.

Það er einnig um kjötið það að segja, að á s.l. ári og það sem af er þessu ári hefur á vegum landbrn. verið unnið verulega að því að reyna að leita eftir markaði fyrir dilkakjötið og nú er unnið að því víðar að gera það og ég geri mér vonir um að það takist að ná þar

árangri ef vel er að gengið. T. d. hefur rn. leitað eftir og er verið að athuga möguleika á þessu bæði í Ítalíu, Frakklandi, Austurríki, Þýskalandi, og það er talið að verð á dilkakjöti og dilkakjötsneysla í Frakklandi og á Ítalíu sé mjög hagstæð. Að vísu er það að athuga að þetta eru Efnahagsbandalagslönd og það getur auðvitað valdið okkur verulegum erfiðleikum í framkvæmdinni, en það má samt ekki verða til þess að við reynum ekki að vinna að þessu máli eins og frekast er kostur á.

Eins og áður hefur komið fram í ræðu minni var á s. l. ári fært á milli dilkakjöts og nautakjöts til þess að gera hagkvæmari söluna hér innanlands. Nú er verið að vinna að því að færa á milli ullar og gæru og dilkakjötsins, og það er einnig verið að athuga möguleika á því hvort hagkvæmt reynist að borga niður vöruna á frumstigi eins og áburðinn, en ekki sölustigi, eins og gert hefur verið.

Áður en ég lýk máli mínu, sem ég þarf nú að fara að gera því að ég er búinn að vera nokkuð langorður, þá vil ég vekja athygli á því að ef niðurgreiðsla er borin saman við framfærslukostnað, þá var hún 1950 5.7% af framfærslukostnaði. 1959, þegar Alþfl.-stjórnin sat, var hún 10%. Seinni hluta árs 1964 var hún 5.8. Í janúar 1967 var hún 11.2 og er það hæst. 1968 er hún 3.9%. 1969 er hún 3.3%. 1970 er hún 2.9%, 1971 6.4%, 1972 6.6%, 1973 8.1%, 1974 5.9% og 1976 7.6%. Þessu vil ég vekja athygli á til að sýna fram á, að það er ekki rétt að þessi útgjöld fari vaxandi nema í krónutölu, en ef litið er á verðmæti framfærslukostnaðar fjölskyldunnar eða á fjárl. í heild, þá eru þau lægri prósenta en verið hefur. Þetta bið ég hv. þm. að hafa í huga.

Ég verð að segja það að lokum að ég sé ekki að nefnd sú, sem hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason og félagar hans í Alþfl. leggja til að skipuð verði, muni breyta nokkru hér um. Ég hef sýnt fram á það í ræðu minni, að sú leið, sem notuð hefur verið nú, hefur kannske hvað mest verið notuð þegar hans ráð hafa verið mest í þessum efnum. Ég hef líka sýnt fram á það, að ef ætti að greiða þetta beint til neytenda, þá yrði varan dýrari en hún er nú vegna þess að umsetningin og sölukostnaðurinn yrðu þá meiri en ella og þá yrði líka engin trygging fyrir því að þessir fjármunir yrðu notaðir til þess að styðja íslenskt efnahagslíf. Og það er mikill misskilningur að halda því fram að einmitt þeir verst settu muni njóta minna en þeir betur settu, því að ég held að það orki ekki tvímælis að þeir, sem eru betur settir, fara t. d. meira í utanlandsferðir en hinir og neyta þess vegna minna af íslenskum mat.

Það, sem skiptir mestu máli fyrir íslenskan landbúnað og íslenskt þjóðfélag er að vinna að því af alefli að gera landbúnaðarframleiðsluna sem hagkvæmasta, — vinna að því einnig að vinna upp markaði fyrir íslenska framleiðslu í öðrum löndum. Það þurfum við að gera með því að nota okkur þessa leið sem niðurgreiðslurnar eru til þess að hagræða framleiðslunni og greiðslunum miðað við það sem best er út að flytja frá þjóðhagslegu sjónarmiði. Ég vil líka vekja athygli á því, að nú horfir þannig í heiminum að það er meira útlit fyrir skort á matvælum heldur en hefur verið um langt árabil og færustu sérfræðingar heimsins telja einmitt að það, sem sé framundan, sé, að menn muni líða skort vegna fæðuleysis. Það væri að fara aftan að siðunum ef við ættum hér að fara að draga úr matarframleiðslu sem mannkynið þarf sannarlega á að halda. Ég óttast að það sé stutt í það að við höfum ekki nóg smjör handa okkar fólki af okkar framleiðslu nú í vetur. Ég vona að betur fari en á horfist. En till. sú, sem er á þskj. 77, er ekki til þess að bæta úr neinu, heldur gaf hún tilefni til þess að rifja upp þessa sögu sem menn eru e. t. v. búnir að gleyma. Hún er líka þannig gerð, að það eru jafnir partar, það eiga að vera 6 menn í henni svo að enginn á að hafa þar oddastöðu, og ríkisstj. á öll að skipa formanninn. Ekki hefði mér fundist óeðlilegt þó að það hefði tilheyrt viðskrh. og að einn maður hefði komið frá ríkisstj. inn í slíka n., ef menn tækju skipun hennar alvarlega, sem flm. munu ekki gera.

Páll Pétursson: Herra forseti. Þar sem flm. eru allir farnir úr húsinu, væntanlega heim til sín að sjóða niðurgreiddar landbúnaðarafurðir, þá óska ég eftir því, að þessu máli verði frestað þangað til þeir sjá sér fært að sækja hér fund í hv. Sþ. (**Forseti:** Ég tel sjálfsagt að verða við tilmælum um að fresta umr. og geri það hér með.)

Efri deild, 73. fundur.

Miðvikudaginn 10. mars, kl. 2 miðdegis.

Lögsagnarumdæmi í Austur-Skaftafellssýslu, frv. (þskj. 388). — 1. umr.

Flm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. flm. Helga F. Seljan leyft mér að flytja frv. til l. um sérstakt lögsagnarumdæmi í Austur-Skaftafellssýslu. Frv. þetta er flutt samkvæmt eindregnum tilmælum íbúa Austur-Skaftafellssýslu og má í því sambandi vitna til fjölda fundarsamþykkta sem gerðar hafa verið á undanförnum árum. Frv. er flutt í samráði við alla þm. Austurl. og með vitund dómsmrn. og félmrn. Svo hljóðandi grg. fylgir frv.:

„Íbúar Austur-Skaftafellssýslu hafa um langt skeið óskað eftir því að sérstakur sýslumaður sé starfandi í sýslunni. Með auknum fólksfjölda kom sífellt betur í ljós að sýslumaður Skaftafellssýslu í Vík hafði ekki möguleika til að veita viðhlítandi þjónustu vegna mikillar fjarlægðar og farartálma, þrátt fyrir góðan vilja.

Ýmsar leiðir voru athugaðar til úrbóta, og var niðurstaðan sú að stofnað var embætti lögreglustjóra í Hafnarhreppi með l. nr. 15 13. apríl 1973. Með þessu móti færðist mestur hluti verkefna sýslumanns í Skaftafellssýslu fyrir íbúa Hafnarhrepps yfir til lögreglustjóraembættisins á Höfn. Lögreglustjóraembættið hefur einnig á höndum ýmsa starfsemi sem varðar aðra hreppa í Skaftafellssýslu, þ. e. Bæjarhrepp, Nesjahrepp, Mýrahrepp, Borgarhafnarhrepp og Hofshrepp.

Þar má nefna umboð almannatrygginga í sýslunni, umboð sýslusamlags, verulegan hluta innheimtu ríkissjóðs, dómgæslu í opinberum málum, löggæslu o. fl. Hins vegar eru veðmálabækur og bifreiðaskráningar í höndum sýslumanns Skaftafellssýslu í Vík."

Við þetta má bæta að í höndum sýslumanns í Vík er einnig sýslusjóður og dómgæsla í einkamálum.

„Íbúar Austur-Skaftafelssýslu sækja alla sína verslun til Hafnar. Þar eru allar þjónustumiðstöðvar héraðsins, banki, kaupfélag, elli- og hjúkrunarheimili og heilsugæslustöð er að rísa. Sameiginlegt menntasetur sveitahreppanna fimm er í nágrenni Hafnar. Austur-Skaftafellssýsla er því ein félagsleg heild. Flestir þræðir liggja til miðstöðvarinnar á Höfn og því er erfitt og illgerlegt vegna fjarlægðar að sækja þjónustu til Víkur sem er í 300 km fjarlægð frá Höfn.

Eftir að lögreglustjóraembættið var stofnað á Höfn hefur þróunin verið í þá átt að íbúar Austur-Skaftafellssýslu leita æ meir til embættisins, en hins vegar er verulegt óhagræði að þar skuli ekki unnt að veita alla þjónustu sem sýslumannsembætti veita.

Ekki er talið að umtalsverður kostnaðarauki verði að breytingu þessari og er því svo komið, að hér er fyrst og fremst um formbreytingu að ræða."

Með frv. þessu er gert ráð fyrir því að Austur-Skaftafellssýsla verði sérstakt lögsagnarumdæmi og Vestur-Skaftafellssýsla annað lögsagnarumdæmi. Saga þessara tveggja sýslna að því er varðar stjórnsýslu og sveitarstjórnarmálefni hefur tekið ýmsum breytingum í gegnum aldirnar. Fyrr á öldum voru sýslurnar tvö lögsagnarumdæmi og höfðu hvor sinn sýslumann. Sýslumenn hafa setið á ýmsum stöðum, eins og t. d. í Hoffelli, Bjarnanesi, Felli í Suðursveit, Kirkjubæjarklaustri og í Vík. Má m. a. geta þess að á tímabilinu 1730—1740 var síðar landfógeti Skúli Magnússon sýslumaður í Austur-Skaftafellssýslu í 3 ár og sat hann þá í Bjarnanesi.

Skaftafellssýslur voru gerðar að einu lögsagnarumdæmi samkvæmt lögum frá 1877, en þá var Skaftafellssýslu skipt í tvö sýslufélög að því er sveitarmálefni varðaði. Í lögum þessum segir:

„Skeiðaársandur (skilur) sýslufélög Skaftafellssýslu eins og sýslur að fornu. Hvort þessara sýslufélaga hefur sinn fjárhag og sveitarmálefni út af fyrir sig."

Skipan þessi er óbreytt í dag. Austur-Skaftafellssýsla og Vestur-Skaftafellssýsla eru eitt lögsagnarumdæmi, en sýslufélögin hafa hvor sinn fjárhag og sveitarmálefni út af fyrir sig.

Eins og ég gat um áður var það ákveðið með lögum frá 13. apríl 1973 að stofna lögreglustjóraembætti á Höfn. Þessari ákvörðun var að sjálfsögðu fagnað og stórbætti alla þjónustu þar. Stærsti galli þessarar skipunar var hins vegar sá, að þjónusta við sveitarhreppana batnaði ekki að sama skapi. Sú skoðun var mjög rík þá að það bæri að stofna sýslumannsembætti í Austur-Skaftafellssýslu, en niðurstaðan varð samt sú að stofnað var sérstakt lögreglustjóraembætti sem var millileið. Reynslan af lögreglustjóraembættinu er vissulega góð, en reynslan hefur sýnt að rétt hefði verið að stofna sérstakt sýslumannsembætti í Austur-Skaftafellssýslu, og með þessu frv. er að því stefnt að svo verði.

Í þessu sambandi skal á það minnst að íbúar á Höfn og í Austur-Skaftafellssýslu hafa ekki óskað eftir kaupstaðarréttindum fyrir Höfn og stofnsetningu bæjarfógetaembættis sem yrði óhjákvæmilegt samhliða því. Sýslan er ein félagsleg heild og þessa heild ber að festa í sessi, en ekki kljúfa í sundur. Engin sýsla hefur verið jafnklofin frá náttúrunnar hendi með vatnsföllum og ófærum. Fólkið hefur ávallt staðið fast saman og stofnað samtök á grundvelli sýslumarkanna, t. d. kaupfélag, menningarfélag, bændasamtök, samstarf í skólamálum, samstarf í heilbrigðismálum o. s. frv. Sú breyting, sem hér er gert ráð fyrir, festir þessa heild, enn betur í sessi.

Það hefur verið á það minnst að réttasta lausn þessa máls sé sú að færa sýslumannsembættið frá Vík til Hafnar. Sýslumannsembætti hefur verið á mörgum stöðum í Austur- og Vestur-Skaftafellssýslu og því hefur sýslumannsembætti færst til í reynd. Þessi lausn gæti sjálfsagt komið til móts við íbúa Austur-Skaftafellssýslu, en nýr vandi væri þá skapaður í Vestur-Skaftafellssýslu. Slík lausn er því að mínum dómi óraunhæf. Fjarlægðir eru gífurlegar í þessum landshluta og taka verður tillit til þess. Það væri t. d. jafnlangt fyrir íbúa Víkur að sækja þjónustu til Hafnar og að sækja þjónustu til Akraness, eða nákvæmlega 288 km. Og ég hygg að mönnum þætti það óraunhæft ef íbúar í Vík færu að sækja sína þjónustu til Akraness.

Íbúar Austur-Skaftafellssýslu voru samkv. bráðabirgðatölum 1. des. s. l. 1876, þar af á Höfn 1196. Íbúar Vestur-Skaftafellssýslu voru þá samkv. sömu bráðabirgðartölum 1359. Vestur-Skaftafellssýsla verður hins vegar ekki minnsta sýslufélagið með eigin sýslumann. Íbúar Strandasýslu voru samkvæmt bráðabirgðatölum 1. des. s. l. 1178 og Dalasýslu 1151. Fólksfjöldi getur ekki heldur verið algildur mælikvarði í þessum efnum fremur en öðrum, náttúruaðstæður, vegalengd og samgöngur skipta einnig miklu máli.

Kostnaðarauki samfara þessari breytingu er óverulegur og jafnvel enginn. Líklegt er talið að nauðsynlegt sé að bæta við stúlku í hálft starf við embættið á Höfn og samsvarandi fækkun gæti orðið við embættið í Vík. Húsnæði og öll aðstaða er nægileg hjá lögreglustjóraembættinu á Höfn til að taka á móti þessari breytingu.

Ég vil að lokum geta þess að íbúar Austur-Skaftafellssýslu binda miklar vonir við að mál þetta nái fram að ganga, sérstaklega með tilliti til þess að hér er ekki um kostnaðarauka eða a. m. k. ekki neinn umtalsverðan kostnaðarauka að ræða. Í Austur-Skaftafellssýslu er ört vaxandi byggð. Það eru aðeins liðin 78 ár síðan fyrstu húsin voru byggð á Höfn, en þá voru reist þar 3 hús. 1946, eða fyrir um það bil 30 árum, varð Höfn síðan sjálfstætt sveitarfélag, en var áður hluti af Nesjahreppi. Þá var íbúafjöldinn 335. Íbúafjöldinn hefur því nær fjórfaldast á þessum tíma. Þessi þróun hefur verið stöðug, en þó hefur fjölgunin aldrei verið meiri en nú síðustu árin, og fullvíst er að þessi þróun heldur

áfram takist okkur að nýta auðæfin í hafinu á réttan máta, en ein auðugastu fiskimið landsins liggja undan þessum slóðum.

Landbúnaður hefur einnig stóraukist í sveitahreppunum. Ég skal geta þess að 1953 var slátrað um 11 þús. fjár í Austur-Skaftafellssýslu, en nú 1975 um 30 þús. fjár. Auk þess eru framleiddar um 1.9 milljónir lítra af mjólk, þannig að landbúnaðarframleiðslan hefur stórlega aukist. Auk þess hefur verið reist þar heykögglaverksmiðja.

Sú breyting, sem hér er lagt til að verði gerð, er því í fullu samræmi við þróun tímans og til mikilla hagsbóta fyrir ört vaxandi byggðarlag, sem byggir á traustri undirstöðu. Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að rekja þetta mál frekar, það er í sjálfu sér einfalt og liggur mjög hreint fyrir. Að svo mæltu leyfi ég mér að leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Neðri deild, 75. fundur.

Miðvikudaginn 10. mars, kl. 2. miðdegis.

Sveitarstjórnarlög, frv. (þskj. 343). — 1. umr.

Flm. (Gunnlaugur Finnsson): Virðulegi forseti. Ég mun ekki setja hér á langa tölu varðandi það frv. sem hér er flutt. Það var flutt á síðasta þingi, að vísu í þinglok sem næst, og náði þá hvorki að fá afgreiðslu úr n. né héðan af Alþ. Frv. er sem sagt flutt algjörlega óbreytt og ég leyfi mér að vísa til þeirra fáu orða sem ég þá sagði um frv.

Ég hygg að hér sé ekki um mikinn ágreining að ræða. Ákvæði frv. mundu ná til um 180 oddvita í landinu, þ. e. a. s. til þeirra sveitarfélaga þar sem sveitarstjórar eða bæjarstjórar og borgarstjóri eru ekki starfandi.

Ég vil aðeins vekja athygli á því að þetta frv. gerir raunar ekki aðra leiðréttingu en þá að innheimtukostnaður er færður til samræmis við það sem tíðkast um alla innheimtu. Það eru orðin löngu úrelt ákvæði að þeir, sem annast raunar fjárreiður og umsýslu alla auk innheimtu, hafi ekki nema 4% af stofni sem innheimtulaun. Það má nefna ýmis fordæmi fyrir því að 6% eru hin almenna regla sem gildir í dag.

Ég vil auk þess aðeins vekja athygli á því að í grg., sem fylgir frv., eru breyt. frá því frv. sem flutt var í fyrra. Þar er tekið mið af breyttum tölum. Þar er tekið annað úrtak en gert var í fyrra. Það úrtak, sem er hér tekið til leiðbeiningar eða til að gefa hugmynd um hvernig þetta mundi breytast, er unnið hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga. Menn hafa e. t. v. veitt því athygli að það kann að gæta nokkurs misræmis varðandi heildartekjur og íbúafjölda. Það stafar af því að úrtakið er tekið bæði úr dreifbýlishreppum eða sveitahreppum sem og þéttbýlishreppum, en í þéttbýlishreppum eru yfirleitt þyngri álögur og tekjur sveitarsjóðanna þar þess vegna meiri á íbúa heldur en í strjálbýlli sveitarfélögum. Á þessu vildi ég aðeins vekja athygli.

Ég vil svo leyfa mér, virðulegi forseti, að leggja til að málinu verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og til félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til félmn. með 23 shlj. atkv.

Jafnstaða kvenna og karla, frv. (þskj. 402). — 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Hæstv. forseti. Kvenréttindafélag Íslands gefur út ársrit sem heitir 19. júní. Árið 1974 fór ritstjóri þess fram á að ég ritaði grein í þetta ársrit um stjórnarskrána í tilefni af 100 ára afmæli hennar. Í lok þeirrar ritgerðar eru talin upp nokkur atriði sem þurfi sérstaklega að taka til athugunar við endurskoðun stjórnarskrárinnar. Í 20. lið segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Taka þarf í stjórnarskrána ákvæði um jafnstöðu milli karls og konu, eins og Kvenréttindafélag Íslands og samband norrænna kvenréttindafélaga hafa samþ. á ráðstefnum sínum."

Ég nefni þetta vegna þess að um leið og lagt er hér fram frv. um jafnstöðu kvenna og karla er rétt að minna á að inn í stjórnarskrána þarf að koma á sínum tíma skýrt ákvæði um jafnrétti og jafnstöðu kvenna og karla. En í öðru lagi nefni ég þetta vegna þess að hér er notað orðið jafnstaða milli karls og konu í stað jafnréttis sem löngum hefur meir verið notað. En ástæðan er sú að það er ekki nægilegt að jafnrétti ríki að lögum í þessu efni. Það hefur víða komið fram að þó að konur og karlar njóti lagalegs jafnréttis, þá njóta konur ekki jafnrar aðstöðu eða stöðu í framkvæmd. Þetta orð jafnstaða er því víðtækara og með því lögð áhersla á að bið lagalega jafnrétti er ekki nægilegt ef því fylgir ekki jöfn aðstaða í framkvæmd.

Í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er notað orðið jafnstaða yfirleitt bæði í fyrirsögn og í greinum frv., og það ber heitið: Frv. til laga um jafnstöðu kvenna og karla.

Á s. l. sumri var ákveðið að fela frú Guðrúnu Erlendsdóttur hrl., sem er formaður Jafnlaunaráðs og formaður kvennaársnefndar, og ráðuneytisstjóra félmn. Hallgrími Dalberg að semja frv. til laga um jafnrétti og jafnstöðu kvenna og karla. Árangurinn af því starfi liggur fyrir í þessu frv. Áður en frv. var lagt fram hér á Alþ. var það sent samtökum kvenna til kynningar og ætlunin er sú varðandi meðferð málsins að sú n., sem fær frv. til meðferðar, fái formlegar umsagnir samtakanna, annaðhvort skriflegar eða með því að boða forustumenn þessara samtaka á fund til sín.

Það er hlutverki og tilgangur þessa lagafrv. að stuðla að jafnrétti og jafnstöðu kvenna og karla á öllum sviðum. Þótt konur og karlar búi við sama lagalegan rétt til menntunar, atvinnu og launa, þá skortir í raun nokkuð á að jafnstaða og jafnrétti kynjanna ríki á þessum sviðum.

Það er staðreynd að atvinnulíf landsmanna greinist að verulegu leyti í ákveðin kvennastörf og karlastörf. Konur sinna heimilisstörfum, barnagæslu og ýmiss konar þjónustustörfum, karlar fremur ríkjandi við stjórnun, tæknistörf og aðalatvinnuvegi þjóðarinnar. Þrátt fyrir laganna rétt skipa konur á mörgum sviðum ekki sama sess og karlar og veldur þar miklu um hin rótgróna og hefðbundna hlutverkaskipan í þjóðfélagi okkar sem viðgengst án þess að aðilar eigi oft á tíðum í raun nokkurt val.

Lýðræðislegt þjóðfélag byggir á jafnrétti og frelsi til að velja sér lífsstarf. Flestir eru sammála um að nauðsynlegt sé að gera konum auðveldara um val á lífsstarfi, en til þess að slíkt sé mögulegt telja flestir óhjákvæmilegt að karlmenn verði virkari þátttakendur við heimilisstörf en verið hefur.

Vorið 1975 lá fyrir niðurstaða af könnun sem námsbraut í þjóðfélagsfræðum við Háskóla Íslands hafði verið falið af félmrn. að gera. Þessi skýrsla fjallar um raunverulegt jafnrétti karla og kvenna að því er varðar menntun, störf, launakjör og hvers konar þátttöku í félagslegum verkefnum. Í skýrslunni kemur fram að konur hafi almennt minni og einhæfari menntun en karlar. Þar kemur einnig fram að þjóðfélagsleg forusta á Alþ., í sveitarstjórnum, í embættismannakerfi, í stjórnmálaflokkum og hagsmunasamtökum er nær algerlega í höndum karla. Í niðurstöðum skýrslunnar kom fram að án nýrra aðgerða og breyttra viðhorfa verði ekki um að ræða umtalsverðar breyt. í jafnréttismálum kynjanna í náinni framtíð.

Hvað snertir sömu laun fyrir sömu störf til handa konum og körlum voru opinberir starfsmenn fyrsta starfsstéttin sem hlaut lögverndað launajafnrétti, en það var á árinu 1954. Í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38 frá 1954, 3. gr., segir svo: „Konur og karlar hafa jafnan rétt til opinberra starfa og til sömu launa fyrir sömu störf.“ Á árinu 1961 voru sett lög um almennan launajöfnuð kvenna og karla og skyldi honum náð 1967. Þessi lög voru í samræmi við fullgildingu á samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 100 sem fullgilt var af Íslands hálfu 17. febr. 1958. Með henni skuldbatt Ísland sig til að tryggja jöfn laun til kvenna og karla fyrir jafnverðmæt störf. Á árinu 1964 fullgilti Ísland fyrir sitt leyti samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 111, um útrýmingu á hvers konar misrétti í atvinnu eða starfi. Á árinu 1973 voru sett lög um Jafnlaunaráð er kveða á um að konum og körlum beri að fá sömu laun fyrir jafnverðmæt störf og atvinnurekendum sé óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði. Jafnlaunaráði er ætlað að tryggja framkvæmd laga um jafnrétti kynjanna í atvinnulífinu og hefur starfsemi Jafnlaunaráðs gefið góða raun.

En þrátt fyrir lagalegt jafnrétti til menntunar, atvinnu, launa og stjórnmálalegrar þátttöku ríkir hér enn nokkurt misrétti milli kvenna og karla á ýmsum sviðum. Til þess að flýta þeirri jafnréttisþróun ákváðu Sameinuðu þjóðirnar að árið 1975 yrði útnefnt alþjóðlegt kvennaár. Á kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, sem haldin var í Mexikó dagana 19. júní til 2. júlí í fyrra, var samþ. framkvæmdaáætlun til næstu 10 ára. Í þessari framkvæmdaáætlun voru ríkisstj. hvattar til að stuðla að jafnrétti kynjanna á öllum sviðum m. a. með lagasetningu sem kveði á um fullt jafnrétti í vinnumálum, menntamálum o. fl.

Mörg ríki hafa sett löggjöf sem hefur þann tilgang að útrýma slíkri mismunun. Lagaákvæði þessi eru nokkuð mismunandi, allt frá almennu banni gegn mismunun til lagaákvæða sem beinast að sérstökum tegundum mismununar og þá aðallega á sviði atvinnulífs. Lög um jöfn laun fyrir sambærilega vinnu hafa verið sett í mörgum löndum, og jafnréttislöggjöf er mjög þróuð t. d. í Vestur-Þýskalandi og Bandaríkjunum. Á Norðurlöndum hafa ekki enn verið sett almenn lög sem banna mismunun kynjanna. Í marsmánuði 1975 var lagt fram í Noregi fyrir Stórþingið frv. til laga um jafnstöðu kynjanna, en það frv. hefur ekki enn hlotið afgreiðslu. Jafnréttismál hafa mjög verið til umr. á Norðurlöndum, og á fundi Norðurlandaráðs, sem haldinn var í Reykjavík 1975, var samþ. að skipa sérstaka samstarfsnefnd um jafnréttismál til að fylgjast með því sem er að gerast í þessum efnum á Norðurlöndum. Norðurlöndin hafa líka öll staðfest alþjóðasamninga sem skuldbinda þau til að koma í veg fyrir hvers konar mismunun kvenna og karla.

Frv. því, sem hér liggur fyrir, er ætlað að útrýma þeirri mismunun kvenna og karla sem á sér stað í þjóðfélagi okkar í dag. Það má búast við því og er vonast eftir því að verði frv. að lögum geti það markað verulegt spor í þá átt að breyta ríkjandi viðhorfum og flýta fyrir því að fullt jafnrétti og jafnstaða náist.

Í 1. gr. þessa frv. kemur fram stefnuyfirlýsing, þar sem tekið er fram að tilgangur laganna sé að stuðla að jafnstöðu kvenna og karla á öllum sviðum. Samkv. því er hvers konar mismunun vegna kynferðis óheimil, hvort heldur er í atvinnulífi, á sviði menntunar eða á hverju því sviði, þar sem hætta er á mismunun. Innan veggja heimilis er mikil hætta á ójafnri stöðu kvenna og karla, eins og reynslan sýnir. Það er atriði sem löggjafinn hefur ávallt verið ófús að skipta sér af. Heimilislíf og fjölskyldusambönd eru þau lífssambönd sem erfiðast er að setja fastskorðaðar reglur um og líka óæskilegt. Þarna grípa líka inn í reglur stjórnarskrár um friðhelgi einkalífs. Það er ekki tilgangur þessara laga að við framkvæmd þeirra verði farið að hnýsast í einkamál fólks og segja því til um hvernig það skuli haga sínu einkalífi. Aftur á móti er það trú og von þeirra, sem að frv. standa, að með þeirri stefnuyfirlýsingu, sem felst í 1. gr. þess, svo og öðrum ákvæðum frv., sérstaklega þeim sem snerta fræðslumálin, verði viðhorfi almennings breytt smám saman í það horf að full samstaða náist með tímanum einnig innan veggja heimilanna.

Það, sem hér var sagt um friðhelgi einkalífs, gildir að miklu leyti einnig um ýmis einkafélög og mannúðarfélög. Samkv. stjórnarskránni er hér félagafrelsi og ekki felst í þessu frv. að hægt sé að þvinga slík einkafélög, sem eingöngu eru fyrir karla eða eingöngu fyrir konur, til að taka inn félaga af hinu kyninu. Hins vegar hefur þróunin sýnt að slík kvennafélög og karlafélög verða æ færri og væntanlega breyta slík félög með tímanum samþykktum sínum og heimila báðum

kynjum aðgang, a. m. k. í miklu fleiri félögum en nú er.

Til þess að tilgangi laganna verði náð er þýðingarmikið skref í þá átt að konum og körlum verði veittir jafnir möguleikar til atvinnu og menntunar og greidd jöfn laun fyrir jafnverðmæt og að öðru leyti sambærileg störf. Ljóst er að konur hafa, eins og ég gat um áðan, almennt minni og einhæfari menntun en karlar og að atvinnulíf landsmanna hefur löngum skipst í ákveðin kvennastörf og ákveðin karlastörf, kvennastörfin oft minna metin en karlastörfin. Tilgangurinn með 2. gr. frv. er að reyna að koma í veg fyrir þá mismunun kynjanna sem ríkir í atvinnulífinu og í þjóðfélaginu yfirleitt. Þessum lögum er ætlað að vera liður í þeim tilraunum að breyta viðhorfum almennings til þessara mála. Auðvitað fer því fjarri að löggjöf sem þessi leysi öll vandamál varðandi jafnrétti kynjanna því að svo margt annað grípur þar inn í, svo sem fjárhagur ríkis og sveitarfélaga, t. d. varðandi byggingu dagheimila, og margt fleira.

Það kemur skýrt fram í 2. gr. frv. að konum og körlum skuli veittir jafnir möguleikar til atvinnu og menntunar. Með slíkri yfirlýsingu er lögð áhersla á að opinberir aðilar eigi að leggja áherslu á jafnrétti kynjanna við framkvæmd mála. Orðalagið „jafnverðmæt og sambærileg störf“, sem nú er í lögum um Jafnlaunaráð, er einnig í samræmi við samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem fjallar um jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf og fullgilt var af Íslands hálfu 17. febr. 1958. Það er vissulega oft á tíðum matskennt hvaða störf eru jafnverðmæt og sambærileg. Það verður að meta það á hlutlausan hátt eftir verðmæti starfsins. Þetta er auðvelt þegar karl og kona vinna sama starf. Einnig ætti það yfirleitt að vera auðvelt þegar um er að ræða störf sem að öllu ytra umfangi svipar hvoru til annars. Það verður að meta alla þætti hvers starfs fyrir sig, t. d. vinnuaðstöðu, menntun, hæfni, reynslu, ábyrgð í sambandi við starfið o. fl. Það er einnig ljóst að í mörgum tilvikum er erfitt að meta hvort launamismunur eigi rót sína að rekja til þess að verið sé að mismuna kynjunum eða hvort launamunurinn stafar af öðrum ástæðum.

Þegar rætt er um jöfn laun verður að hafa í huga að stundum er unnt að hækka laun með viðbótarmenntun, starfsreynslu o. s. frv. Þá skiptir meginmál að sömu reglur gildi fyrir karla og konur um möguleika til slíks þegar laun eru ákveðin af þessum ástæðum. Ef konum og körlum eru ekki veittir sömu möguleikar í þessum efnum og til ýmissar tekjuöflunar að öðru leyti, t. d. oft á tíðum í sambandi við eftirvinnu, þá geta þessi lagaákvæði komið til. Þegar talað er um laun í greininni er ekki aðeins átt við grunnlaun, heldur einnig hvers kyns launatengd fríðindi.

3. gr. frv. styðst við samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar frá 1958 er varðar misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs. Með fullgildingu þeirrar samþykktar árið 1964 hefur íslenska ríkið skuldbundið sig til að fylgja stefnu sem miði að því að koma á jafnrétti um vinnumöguleika eða meðferð í atvinnu og starfi og útrýma hvers konar misrétti í þessum efnum. Þetta er einnig í anda alþjóðasáttmála Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi sem Ísland undirritaði 30. des. 1968. Benda má á það að í 3. gr. samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 111 hefur hvert aðildarríki skuldbundið sig til þess að setja þau lög sem telja megi að tryggi að stefnan um jafnrétti í þessum efnum verði viðurkennd og virt.

Í þessari gr. frv. segir að atvinnurekendum sé óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði. Oft er í auglýsingum um starf aðeins auglýst eftir karlmanni. Gefur það þá vísbendingu í þá átt að þar sé starfsfólki mismunað eftir kynferði við ráðningu eða skipun í starf. Þessi grein á við alla atvinnurekendur, hvort sem um er að ræða einkarekstur eða opinberan rekstur. Það skiptir ekki máli hvort um langtímastarf er að ræða eða starf um stundarsakir, heilsdagsstarf eða starf hluta úr degi. Þess munu dæmi að konum hafi verið mismunað með því að búin hafi verið til ný stöðuheiti fyrir karlmenn sem í raun gegna sama starfi og konur. Ákvæðum 3. gr. er m. a. ætlað að koma í veg fyrir slíkt háttarlag.

4. gr. frv. er efnislega í beinu framhaldi af 3. gr. Það kemur oft fyrir að auglýsingar eru orðaðar á þann hátt að ljóst er að atvinnurekandi óskar frekar eftir karli en konu í starfi, stundum öfugt. Greininni er ætlað að taka af allan vafa um að starf, sem auglýst er til umsóknar, skuli vera opið jafnt körlum sem konum, auglýsingar, sem ganga í gagnstæða átt, óheimilar.

Í 5. gr. er gert ráð fyrir að atvinnurekandi hafi vissa upplýsingaskyldu gagnvart umsækjendum þegar bæði karl og kona sækja um sama starf. Án slíkrar upplýsingaskyldu væri erfitt fyrir þann, sem ekki hefur fengið starfið, að vita hvort um er að ræða brot á jafnstöðulögunum. Nú er það vitanlegt að val atvinnurekenda á starfsfólki er oft matskennt, og það væri mjög tímafrekt að eiga að fara að sundurgreina í smáatriðum á hvaða ástæðum slíkt mat er byggt. Þess vegna er ekki gert ráð fyrir að atvinnurekandi geri grein fyrir öllum þeim ástæðum sem val hans hvílir á, heldur eingöngu, eins og segir í frv., að hann upplýsi hvaða menntun, starfsreynslu og aðra sérstaka hæfileika sá hefur til að bera sem ráðinn er í starfið. Upplýsingaskylda hvílir á atvinnurekendum í þeim tilvikum þegar sá umsækjandi, sem krefst upplýsinga, er af gagnstæðu kyni við þann sem starfið hefur hlotið. Tilgangurinn með þessu ákvæði er að koma í veg fyrir mismunun, og á því ákvæðið aðeins við í þeim tilvikum þar sem upplýsingaskyldan getur haft þýðingu við framkvæmd jafnstöðulaganna.

Ein aðalástæðan fyrir því, að konur eru víða verr settar en karlar í atvinnulífinu, er sú að konur hafa oft minni menntun en karlar. Mikilvægi menntunar fyrir jafnstöðu kvenna og karla er áréttað í 2. gr. frv., þar sem sagt er að konum og körlum skuli veittir jafnir möguleikar til menntunar. Fræðslumálum er yfirleitt stjórnað af opinberum aðilum og af þessari aðalreglu í 2. gr. leiðir að jafnstaða kynjana til menntunar gildir við allar menntastofnanir, jafnt hjá hinu opinbera og einkaaðilum.

Í 6. gr. frv. er í framhaldi af þessu ákveðið að konur og karlar, sem starfa hjá sama atvinnu-

rekanda, skuli njóta sömu möguleika til framhalds starfsþjálfunar og til að sækja námskeið sem haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings annarra og betri starfa, þótt segja megi að þetta felist að vissu leyti í 2. gr.

7. gr. frv. kveður á um að í skólum og öðrum menntastofnunum skuli veita fræðslu um jafnstöðumál kvenna og karla og að kennslubækur og kennslutæki, sem þar eru notuð, skuli vera þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað. Það er almennt viðurkennt að eitt af verkefnum skólanna sé að stuðla að jafnrétti kvenna og karla. Þetta kemur m. a. fram í 7. gr. laga um skólakerfi, nr. 55 frá 1974, þar sem segir:

„Í öllu starfi skóla skulu konur og karlar njóta jafnréttis í hvívetna, jafnt kennarar og nemendur."

Öll fræðsla um jafnstöðumál kvenna og karla svo og kennslutæki, sem notuð eru í skólum, hafa mikil áhrif á mótun viðhorfs barna til jafnstöðumála. Þess vegna er eðlilegt að krefjast þess að öll fræðsla, kennslubækur og önnur kennslutæki, sem notuð eru í því sambandi, séu þannig úr garði gerð að þau byggi á jafnstöðusjónarmiði. Þar sem í gr. er talað um skóla er átt við grunnskóla og framhaldsskóla, menntaskóla, háskóla, bréfaskóla o. s. frv. og allar aðrar fræðslustofnanir. Einnig er ætlast til að leikskólar og dagheimili falli hér undir. Þar sem talað er um kennslutæki og áhöld, sem notuð eru við kennslu, er átt við kennslubækur, tímarit, segulbönd, kvikmyndir sem framleiddar eru í þeim tilgangi að nota við kennslu. Leikir og leikföng í leikskólum og dagheimlium teljast og til kennslutækja í þessu sambandi.

Í 8. gr. er auglýsendum bannað að birta nokkrar þær auglýsingar í orðum eða myndum sem geti orðið öðru kyninu til minnkunar eða lítilsvirðingar. Það skiptir ekki máli hvar auglýsingin birtist, hvort heldur í dagblöðum, tímaritum, auglýsingaspjöldum, kvikmyndum, útvarpi, sjónvarpi. Einnig er ætlunin að ljósaskilti, auglýsingar í verslunum eða á vörum teljist til auglýsinga í þessu sambandi þótt ekki birtist þær í fjölmiðlum.

Í 9. gr. frv. er gert ráð fyrir skipun fimm manna Jafnstöðuráðs til þess að annast framkvæmd laganna. Það kemur í stað Jafnlaunaráðs, sem skipað var skv. l. nr. 37 frá 1973 og hefur starfað síðan og hefur, eins og ég gat um áður, gefið góða raun. Er ætlast til að framkvæmd þessara laga heyri undir Jafnstöðuráð.

Í 10. gr. eru talin í 6 tölul. verkefni Jafnstöðuráðs. Það á í fyrsta lagi að sjá um að lögunum sé framfylgt. Það tekur á móti ábendingum um brot á ákvæðum laganna, rannsakar mál af því tilefni til að komast að raun um hvort um brot sé að ræða. Upplýsingaskylda hvílir á opinberum stofnunum og félagssamtökum gagnvart Jafnstöðuráði.

Af þessari grein má sjá, að verkefni Jafnstöðuráðs eru margvísleg, fyrst og fremst að hafa eftirlit með því að jafnréttisákvæðum laganna sé framfylgt. Auk þess á það að vera ráðgefandi gagnvart stjórnvöldum, stofnunum og félögum í málefnum sem varða aðstöðu kynjanna. Jafnstöðuráð skal fylgjast með þjóðfélagsþróuninni í jafnréttismálum og stuðla að góðri samvinnu við samtök atvinnurekenda og launafólks svo og aðra þá aðila sem jafnstöðumál varða. Gera má ráð fyrir því að Jafnstöðuráð standi að ýmsum félagslegum könnunum. Ef Jafnstöðuráð kemst að þeirri niðurstöðu að rannsókn lokinni að ákvæði laganna hafi verið brotin, þá á ráðið að beina rökstuddum tilmælum um ákveðnar úrbætur til hlutaðeigandi aðila. Ætlunin er sú, að unnt verði að leysa sem flest deilumál á þennan hátt, þannig að ábendingar ráðsins verði teknar til greina. Ef aftur á móti verður ekki fallist á tilmæli ráðsins er því heimilt, í samráði við hlutaðeigandi starfsmann, að höfða mál í umboði hans til viðurkenningar á rétti hans. Einstaklingur, sem leitar til ráðsins, á að geta notið allrar lögfræðilegrar aðstoðar ef svo langt gengur að málið fari fyrir dómstóla. Mál af þessu tagi eru í eðli sínu mannréttindamál ekki síður en kjaramál og þykir því eðlilegt að almennir dómstólar fjalli um slík mál.

Í 12. gr. er kveðið á um skaðabótaskyldu þess sem af ásettu ráði eða gáleysi brýtur gegn lögunum og hún fer eftir almennum reglum, enn fremur að brot gegn lögunum skuli varða fésektum nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum. Brot á jafnstöðulögunum getur haft í för með sér fjárhagstjón fyrir einstaklinga, t. d. umsækjanda sem hefur ekki fengið starf og af þeim sökum verið atvinnulaus um tíma eða starfsmann sem hefur ekki fengið laun í samræmi við 2. gr. frv. Ef sá sem er skaðabótaskyldur skv. þessum lögum greiðir ekki bætur af fúsum vilja verður tjónþoli að leita til dómstóla til að ná rétti sínum. Almenningur mundi í mörgum tilvikum hika við að fara þá kostnaðarsömu leið og ætti því Jafnstöðuráð að aðstoða tjónþola við að leita réttar síns, annaðhvort með því að reka málið sjálft í umboði hans eða sjá um að hið opinbera greiði kostnað við málið.

Í 13. gr. segir að héraðsdómari skuli kveðja til tvo meðdómendur þegar hann fer með mál út af brotum á lögum þessum. Kveðja skal öðrum fremur til menn sem hafa víðtæka þekkingu á kjaramálum launþega og jafnstöðumálum.

Það er von mín, að þetta frv. fái góðar undirtektir á Alþ. Ég legg til að því verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Geirþrúður H. Bernhöft: Virðulegur forseti. Tilgangur frv. þess, sem hér hefur verið lagt fram, er, eins og segir í 1. gr. frv., að stuðla að jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla á öllum sviðum. Í lögum um Jafnlaunaráð, sem samþ. voru á Alþ. í apríl 1973, en það voru merk lög sem mörkuðu tímamót, er fjallað um að körlum og konum skuli greidd jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Starfsemi jafnlaunaráðs hefur gefið góða raun svo langt sem það nær. Enn ríkir þó nokkurt misrétti milli karla og kvenna á ýmsum sviðum. Það er ósköp eðlilegt, því að ríkjandi viðhorfi á þessu sviði sem öðrum verður ekki breytt snögglega með neinni lagasetningu, hversu réttmæt og sanngjörn sem sú lagasetning kann að vera.

Lagafrv. því, sem hér er til umr. um jafnstöðu kvenna og karla, er ætlað, ef að lögum verður, að stuðla að og flýta fyrir því að fullt jafnrétti kynjanna á öllum sviðum náist í reynd.

Í 2. gr. frv. er rætt um jafna möguleika til atvinnu, menntunar og launa. Segja má að konur og karlar hafi nú þegar lagal. rétt á þessu sviði. Sennilega á þó nokkuð langt í land að jafnrétti ríki í raun. Þessi lagagr., ef samþ. verður, mun þó hafa mikil áhrif í þá átt að breyta ríkjandi viðhorfum. Með lögum er hægt að tryggja jafnan rétt til vinnu og launa og stuðla að jöfnum rétti til menntunar með því að allar námsbrautir séu opnar fyrir bæði kynin með jöfnum rétti til námslána, námsstyrkja, fyrirgreiðslu í húsnæðismálum o. s. frv. Líklega breytir þó engin lagasetning viðhorfum foreldra til menntunar barna sinna í skjótri svipan, en smám saman mun lagasetning þó hafa sín áhrif, — ef vilji er fyrir hendi og markvisst er unnið að því að hún nái tilgangi sínum. Komið hefur fram í skýrslu námsbrautar í þjóðfélagsfræðum við Háskóla Íslands að konur hafa almennt minni og einhæfari menntun en karlar. Í niðurstöðum þessarar skýrslu kemur einnig fram að nýrra aðgerða sé þörf sem stuðli að því að breyta ýmsum ríkjandi viðhorfum ef jafnrétti eða jafnstaða kynjanna í raun eigi að nást í náinni framtíð.

Í 3. gr. frv. segir að atvinnurekendum sé óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði. Íslenska ríkið hefur skuldbundið sig til að setja lög sem telja megi að tryggi jafnrétti í þessum efnum, þ. e. um vinnumöguleika, bæði með fullgildingu samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar frá júní 1958, sem var samþ. hér 1964, og einnig má benda á alþjóðasáttmála Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi sem Ísland undirritaði í árslok 1968. Eðlilegt er því að þetta ákvæði verði lögbundið.

Í 4. gr. segir að starf, sem auglýst er til umsóknar, skuli standa opið jafnt konum sem körlum. Svo til öll störf í atvinnulífi landsmanna hafa til skamms tíma verið aðgreind í kvennastörf og karlastörf. Hin hefðbundna hlutverkaskipting kynjanna á heimilunum er sennilega þyngst þar á vogaskálunum. Sú kynbundna verkaskipting á heimilunum fylgir svo einstaklingum fjölskyldunnar út af heimilunum inn í skólana og út í atvinnulífið og á vinnumarkaðinn. Hins vegar ættu allir þjóðfélagsþegnar í lýðræðislegu þjóðfélagi að hafa sama rétt til að velja sér námsleið og í framhaldi af því að velja sér lífsstarf. Flestir munu vera þeirrar skoðunar að konur eigi að hafa þetta valfrelsi ekki síður en karlar. Rótgróin hlutverkaskipan kynjanna hefur þó verið og er enn þarna þrándur í götu. Ef bæði hjóna, heimilisfaðir og húsmóðir, vinna fullan vinnudag utan heimilis og annað þeirra, þ. e. húsmóðirin, á svo að bæta við sig öllum heimilisstörfunum, þegar heim kemur, minnkar og þrengist valfrelsi hennar af eðlilegum ástæðum. Ég tel þó að hin hefðbundna hlutverkskipan á heimilinu hafi tekið miklum breytingum hér á landi á s. l. 10—15 árum. Margir ungir heimilisfeður telja nú jafnsjálfsagt að taka þátt í heimilisstörfum eins og feðrum þeirra þótti það fráleitt.

Það er staðreynd að konur eru yfirleitt langlífari en karlar. Margir telja að aðalorsökin sé sú að konur hafi yfirleitt meiri hreyfingu, þar sem þær vinni öll almenn heimilisstörf meðan heilsa og starfsþrek leyfir. Skv. þessu yrðu karlmenn bæði heilsubetri og langlífari ef þeir tækju þátt í heimilisstörfunum og væri það vel.

Einnig segir í 4. gr. frv. að í auglýsingu sé óheimilt að gefa til kynna að vinnuveitandi óski frekar eftir starfsmanni af öðru kyninu en hinu. Frv. þessu er ætlað að vinna að því að breyta rótgrónum og ríkjandi viðhorfum. Varla getur það sakað neinn þótt umsóknir um auglýst starf berist frá báðum kynjum. Vinnuveitandinn fær fleiri umsóknir og þar af leiðandi meiri valmöguleika. Ekki er heldur ólíklegt að margur fari að gera sér betur grein fyrir að við ýmis störf, sem hingað til hafa verið unnin eingöngu af körlum eða eingöngu af konum, eru bæði kynin jafnfær að inna starfið vel af hendi. Ef að er gáð kemur einnig í ljós að hæfni til að gegna ýmsum störfum er einstaklingsbundin, en ekki kynbundin.

5. gr. frv. er í beinu áframhaldi af 4. gr. og fjallar um upplýsingaskyldu atvinnurekenda. Tilgangurinn með þessu ákvæði er einungis sá að koma í veg fyrir mismunun kynjanna. Ákvæðið um upplýsingaskyldu á aðeins við í þeim tilvikum þar sem sú skylda getur haft þýðingu við framkvæmd laganna. og karlar hafa auðvitað sama rétt til að óska eftir upplýsingum.

Í 6. gr. segir að konur og karlar, sem vinna hjá sama vinnuveitanda, skuli hafa sama rétt til starfsþjálfunar, áframhaldsmenntunar o. s. frv. Konur hafa oft minni menntun eða starfsþjálfun en karlar. Mikilvægi þjálfunar og menntunar er óumdeilanlegt. Í 2. gr. frv. er m. a. fjallað um jafna möguleika til menntunar við allar menntastofnanir. Ef konur eiga að hafa sömu möguleika og karlar, t. d. til stöðuhækkunar í starfi, er nauðsynlegt að þær hafi sömu möguleika eða jafnan rétt til framhaldsþjálfunar eða til að sækja námskeið.

Í 7. gr. er kveðið á um, að í skólum og öðrum menntastofnunum skuli veita fræðslu um jafnstöðumál kvenna og karla, enda kemur það fram í 7. gr. laga um skólakerfi frá 1974. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Í öllu starfi skóla skulu konur og karlar njóta jafnréttis í hvívetna, jafnt kennarar sem nemendur.“

Augljóst er að öll kennsla, kennslutæki og fræðsla, sem fram fer í skólunum, hefur mikil áhrif á mótun viðhorfs barna til jafnstöðumála kvenna og karla. Þess vegna er mjög eðlilegt að þess sé krafist að öll fræðsla, kennslubækur og kennslutæki, sem notuð eru við kennslu, séu þannig að þau stuðli að jafnstöðusjónarmiði, en ekki öfugt. Ljóst er að allt tekur sinn tíma. T. d. má nefna að í Noregi er í gangi sífelld endurskoðun námsbóka. Þetta mun taka sinn tíma hér sem annars staðar.

8. gr. frv. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Auglýsendum er óheimilt að birta nokkrar þær auglýsingar í orðum eða myndum, er orðið geti öðru kyninu til minnkunar eða lítilsvirðingar.“

Grein þessi höfðar, tel ég, fyrst og fremst til dómgreindar og sjálfsvirðingar hvers og eins. Í öllu því auglýsingaflóði í myndum og orðum, sem yfir okkur dynur dag hvern, er vandfund-

inn mælikvarði á hvað sé til minnkunar og lítilsvirðingar. Er því vandi að setja auglýsendum skorður um hversu langt megi ganga í að setja fram aðstæður í auglýsingum sem geta virst lítillækkandi eða til minnkunar fyrir konur eða karla. E. t. v. er besti mælikvarðinn sá að hver og einn spyrji sjálfan sig hvort hann kysi að setja sig eða sína nánustu inn í sumar þær auglýsingar er okkur birtast. Nefna mætti dæmi. Það virðist t. d. vera vinsælt að auglýsa hjólbarða með því að skreyta myndina með fáklæddri stúlku. Sú hugsun læðist að manni hvern sé verið að lítilsvirða. Væntanlega kaupanda hjólbarða með því að draga athyglina frá vörunni, sem verið er að auglýsa, og gera tilraun til að slæva dómgreind hans — eða einstaklinginn sem notaður er sem tálbeita. Einnig læðist sú hugsun að manni hvort gæði hjólbarðans séu í réttu eða öfugu hlutfalli við fönguleik fatafellu.

9.—13. gr. í þessu frv. eru að mestu leyti samhljóða lögum um Jafnlaunaráð, enda er í þeim lögum lögð rík áhersla á að konur og karlar standi jafnt að vígi með tilliti til launa. Lög um Jafnlaunaráð fólu í sér staðfestingu á því að lögin frá 1961 um almennan launajöfnuð karla og kvenna, sem tóku endanlegt gildi 1967, höfðu ekki náð tilgangi sínum til fulls, áréttingar var þörf og lögin um Jafnlaunaráð voru slík áréttíng. Frv. til l. um jafnstöðu karla og kvenna gengur lengra en lögin um Jafnlaunaráð og er það eðlileg þróun mála. Má nefna 4. gr. þar sem skýlaust er kveðið á um að öll störf skuli standa opin jafnt konum sem körlum, 5. og 6. gr. þar sem konum er tryggður sami réttur til starfs, starfsþjálfunar, áframhaldsmenntunar og körlum, enn fremur 7. gr. þar sem vinna á markvisst að því að tryggja að ekki verði viðhaldið venjubundinni verkaskiptingu milli karla og kvenna, — verkaskiptingu sem á sér aðeins að litlu leyti stoð í því þjóðfélagi sem við búum við í dag. Jafnrétti til atvinnu, menntunar og launa er í eðli sínu mannréttindamál. Lagafrv. því, sem hér er til umr., er ætlað að stuðla að og flýta fyrir því að konur ekki síður en karlar njóti þeirra mannréttinda.

Á kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, sem haldin var s. l. sumar í Mexikó, var samþ. framkvæmdaáætlun til næstu 10 ára. Í þessari áætlun voru ríkisstj. hvattar til að stuðla að jafnrétti kynjanna, m. a. með lagasetningu sem stuðli að jafnrétti kynjanna á öllum sviðum, vinnumálum, menntamálum o. s. frv.

Hæstv. forseti. Ef þetta verður samþ. mun það flýta fyrir því að fullt jafnrétti kynjanna í reynd nái fram að ganga. Ég fagna því að frv. þetta skuli vera fram komið. Ég vil styðja bette frv., þótt ég áskilji mér rétt til að stuðla að eða svðja einhverja þá brtt. sem kynni fram að koma síðar í þessum umr.

Svava Jakobsdóttir: Hæstv. forseti. Ég á sæti í þeirri n., sem mun fá þetta frv. til athugunar, og mun því ekki ræða að þessu sinni hin einstöku atriði þess, en ég vil þó að það komi skýrt fram hér við 1. umr. að ég fagna þessu frv. Ég fagna því að það er fram komið, og styð það heilshugar.

Kjarni þessa frv. eru lög um Jafnlaunaráð, og fyrir mér er þetta svipuð reynsla og að sjá barnið mitt eftir nokkra fjarveru og komast að raun um mér til ánægju að það hefur þroskast og dafnað og því hefur farið vel fram í fjarveru sinni. Það gekk ekki alveg þrautalaust á sínum tíma að koma fram frv. um Jafnlaunaráð. Mörgum, bæði utan þings og innan, fannst algjör óhæfa að reyna að tryggja jafnrétti með lögum. Þeim fannst sóun á fjármunum að stuðla að stofnun ráðs eða stofnunar til þess að framfylgja þeim lögum, og margir gátu engan veginn hugsað sér að þetta gæti á nokkurn hátt stuðlað að jafnrétti kynjanna. Ég man eftir því að þegar ég var að vinna að frv. um Jafnlaunaráð, þá átti ég tal við einn ágætan dómara hér í bæ og hann spurði mig hvort það væri virkilega ætlun mín að ætla að fara að leiða það í lög að atvinnurekandi mætti ekki mismuna kynjum. Ég sagði já, það væri ætlun mín. Og hann sagði: Ja, segjum svo, að það stæði næst að hækka konu í starfi, hún hefði starfsaldur til þess, hún hefði hæfni til þess, en ef atvinnurekandanum þætti hún svo ljót að hann gæti ekki hugsað sér að hafa hana nálægt sér, ætti þá virkilega að skikka hann til þess með lögum? — Ég sagði þessum ágæta dómara að ef málum væri komið svo, þá væri ekki lengur um að ræða jafnrétti í atvinnumálum, heldur fegurðarskyn atvinnurekandans. Ég gæti fallist á það með honum að slíkt væri ekki hægt að leiða í lög.

Þetta er bara eitt dæmi um ýmislegt skemmtilegt sem menn létu sér um munn fara þegar Jafnlaunaráð var hér á döfinni. Það þurfti að yfirvinna ýmsa tregðu af margs konar tagi sem nú er til allrar hamingju ekki fyrir hendi því að það hafa orðið þær umr. um þessi mál á síðustu árum. Íslenskar konur hafa verið mjög samhentar í því að þoka sínum málum áleiðis og ég hygg að þetta frv. sé einn árangurinn af þeirri samvinnu. Ég lít svo á að þetta frv. sem hér liggur fyrir til umr., sé sönnun þess að grundvöllurinn hafi verið réttur. Þau ákvæði, sem hér koma til viðbótar lögum um Jafnlaunaráð, eiga tvímælalaust rétt á sér. Hin auknu verkefni, sem ráðinu er ætlað að inna af hendi, eru nokkuð umfangsmikil og sannarlega mikilvægt að leiða þessi ákvæði í lög.

Ég vil hins vegar benda á það, að til þess að ráð af þessu tagi geti rækt starf sitt á þann veg að það beri árangur og veki traust, þá verður að koma til nægilegt fjármagn. Góður vilji ráðsmanna dugir ekki til ef fjármagnið vantar til þess að unnt sé að framfylgja lögunum til fulls. Jafnlaunaráð hefur því miður ekki haft nægilegt fé, og því brýnna er að hvetja til þess að fjármagnið sé veitt þegar þessi verkefni bætast við.

T. d. er í þessu frv., í 10. gr., enn þá ætlast til þess að ráðið fylgist með þjóðfélagsþróun sem varðar þetta lagaefni. Til þess að geta gert það þarf vitaskuld starfsmann eða starfsmenn. Það er ekki hægt að ætlast til þess að ráðsmenn geti gefið sig að þessu verkefni og öðrum, sem ætlast er til af þeim, í hjáverkum því að hér er um oft flóknar rannsóknir að ræða, tímafrekar athuganir og mikið starf. Ég nefni sem dæmi eitt atriði sem hefur nýlega komið fyrir og ég hef áður nefnt úr þessum ræðustól í öðru samhengi.

Það gerðist í jan. s. l. að Fiskvinnsluskólanum voru sett skilyrði. Ef rannsóknarstofur ættu að taka nemendur þaðan til þjálfunar, eins og gert hefur verið undanfarin ár, þá voru þau skilyrði sett að það yrði eingöngu karlkyns nemendur, stúlkur voru útilokaðar og þetta tel ég að hafi verið, ef ekki brot á lögum um skólakerfi, þá vissulega brot á lögum um Jafnlaunaráð og hér hefði Jafnlaunaráð átt að grípa inn í. Það eru slík atvik sem ráð af þessu tagi, hvort sem þau heita Jafnlaunaráð eða Jafnstöðuráð, eiga að skipta sér af og kippa til betri vegar. Hér eiga sannarlega persónulegir fordómar ekki að fá að ráða þar sem við eigum skýr lög sem banna slíkt.

Hæstv. ráðh. fór nokkrum orðum um orðið jafnstöðu og ég hef velt því nokkuð fyrir mér. Það er vissulega rétt myndað orð, en ég verð að játa að mér finnst það ekki fallegt orð og ég hefði fremur kosið að þarna stæði frv. til l. um jafnrétti og orðið jafnréttisráð verið notað frekar en Jafnstöðuráð. Ég mun síðar í ræðu minni víkja að meginrökum mínum fyrir þessu, en láta nægja að þessu sinni að benda á að ég hygg að það sé ekki alveg rétt hjá hæstv. ráðh. að jafnrétti þýði aðeins lagalegur réttur. Ég hygg að til sé réttur þó að hvergi sé bundinn í lögum og sá réttur geti ef til vill verið öllu dýrmætari en lagalegur réttur. Það er réttur sem byggist á siðferði og siðgæðisþroska og að því leyti til held ég að við þurfum ekki að einskorða orðið jafnrétti eingöngu við Lagasafnið.

Hins vegar felst í þessu orði, jafnstaða, að kynin eigi að standa jafnt að vígi í menntakerfinu og í atvinnulífinu. En spurningin er í mínum huga hvort orðið í þessu samhengi sé ekki beinlínis villandi, því að þó að öll þessi ákvæði séu góð og gild, sjálfsögð, eðlileg og nauðsynleg, þá eru það ekki þessi ákvæði ein sem tryggja jafnstöðu, sem tryggja það að kynin standi jafnt að vígi í menntakerfi og í atvinnulífinu. Hér þarf vissulega meira að koma til.

Ég vil minna á það að vorið 1971 var gerð samþykkt hér á hinu háa Alþ. um rannsókn á jafnrétti þegnanna. Eins og hæstv. ráðh. vék að, kom út úr þeirri rannsókn bók sem námsbraut í þjóðfélagsfræðum við Háskóla Íslands samdi. En ég vil minna á það að sú bók var ekki niðurstaða samþykktarinnar allrar. Samþykktin var lengri. Samþykktin var á þá leið að gerð skyldi rannsókn á jafnrétti þegnanna og jafnframt skyldi rannsakað hvaða breytingar þyrfti að gera á gerð þjóðfélagsins til þess að raunverulegt jafnrétti næðist. Þessa rannsókn er eftir að gera. Ég vil beina þeim tilmælum til hæstv. ráðh. að hann athugi hvort það sé ekki tímabært að framfylgja þessum þætti samþykktarinnar. Þessi bók, Jafnrétti kynjanna, var ansi svartsýn. Höfundar hennar drógu þá ályktun, að eins og nú væri háttað væri ekki séð að breyting yrði í átt til aukins jafnréttis um ófyrirsjáanlegan tíma. Ég hygg að þessi niðurstaða þjóðfélagsfræðideildar hafi ekki verið nægilega rædd, og ég held að við ættum ekki að gera okkur ánægð með að ljúka umr. þarna, heldur reyna að finna leiðir.

Það, sem hér þarf að koma til, eru vitanlega ýmsar þjóðfélagslegar umbætur, — þjóðfélagslegar umbætur sem stuðla að jafnrétti og hafa þannig áhrif á einkalíf manna. Ég er alveg sammála hæstv. ráðh. um að ekki sé hægt að leiða í lög hvernig menn skuli haga sér á heimilum. En hitt er annað mál, að ýmsar þjóðfélagslegar úrbætur geta með óbeinum hætti bætt úr misrétti sem tíðkast á heimilum. Ég vil í fyrsta lagi nefna dagvistunarheimilin, leikskóla, dagheimili og skóladagheimili. Við ættum að setja okkur það mark að fullnægja þörfum fyrir dagvistunarheimili á vissu árabili. Skortur á dagvistunarheimilum er tvímælalaust hinn mesti þrándur í götu jafnréttis. Það er vissulega uppeldi barnanna sem kemur í veg fyrir að konu nýtist menntun, vegna þess að hún hefur ekki hjálp við uppeldið, og enn þá er miklu hagkvæmara fyrir föðurinn að vinna úti heldur en hitt. Með þessu er ég sannarlega ekki að segja að foreldrarnir eigi að koma uppeldinu öllu yfir á dagvistunarheimilið og fóstrur. Ég hef rætt það oft um þessi mál að ég hygg að það fari ekki á milli mála að ég lít á dagheimili og fóstrur sem ákaflega mikla hjálp við heimilin, — að þau eigi að starfa með foreldrunum að uppeldi barnanna. En til þess að geta komið þessum málum áleiðis þarf vissulega mikið fjármagn. En því miður fór svo í vetur að hv. stjórnarsinnar sviptu dagvistunarheimilin öllu ríkisframlagi til rekstrar og gerir það sveitarfélögum miklu erfiðara fyrir að reka þessi heimili. Ég frétti af því fyrir skömmu að einn kaupstaður úti á landi hefði sem beina afleiðingu af þessari lagabreytingu ríkisstj. — sem beina afleiðingu hennar hækkað daggjöldin á einu bretti úr 7000 kr. upp í 17 000 kr. Og ef þróunin á að vera þessi, þá er vitaskuld svo komið að það getur ekki nokkur maður notað sér dagheimilin nema hann hafi mjög háar tekjur. Þarna er komin mismunun á þjóðfélagsþegnum eftir efnum og ástæðum. Annað atriði, sem er öllu flóknara, sem þarf að gerast í þjóðfélaginu til þess að raunverulegt jafnrétti komist á, er stytting vinnutímans. Ég geri mér það vitanlega alveg ljóst að hér þarf að komast á samkomulag milli aðila vinnumarkaðarins til þess að svo geti orðið, en styttri vinnutími gerir hvort tveggja í senn: hann minnkar vinnuálag konu sem býr oft við tvöfalt vinnuálag, allt of langan starfsdag, hann minnkar þann tíma sem barnið er á dagheimilinu og hann eykur tímann sem fjölskyldan öll getur verið saman og starfað þá samtímis að heimilisstörfum. Svíar eru að hugsa um að fara inn á þessa braut og taka upp 6 stunda vinnudag í stað 8, einmitt með jafnrétti kynjanna í huga.

Auk þessara atriða mætti nefna ýmiss konar þjónustu til heimilanna sem er mjög ábótavant hér hjá okkur. En öll þessi atriði: styttri vinnutími, fleiri dagvistunarheimili, betri þjónusta við heimilin, þau falla undir það sem norðurlandabúar kalla familiepolitik eða fjölskyldupólitík og eiga öll að stuðla að því að taka alla þætti inn í myndina til þess að bæði lagalegt jafnrétti og þjóðfélagslegar umbætur geti haldist í hendur og þar með komið á raunverulegu jafnrétti. Það eru þessar mismunandi aðstæður, þessi atriði sem koma í veg fyrir að konur geti notfært sér nám og stundað störf til jafns við karlmenn.

Að síðustu vil ég nefna eitt atriði sem mér

finnst ekki hafa verið rætt nægilega vel. Í lögum um Jafnlaunaráð er í fyrsta sinn talað um jafnverðmæt störf, fram að því var alltaf talað um sömu laun fyrir sömu vinnu. Mönnum hættir til að túlka þetta svo að karl og kona yrðu að standa hlið við hlið og vinna nákvæmlega sömu vinnuna til þess að réttlætanlegt væri að greiða þeim sama kaup. Ef þau stóðu ekki hlið við hlið og einhver mismunur var á störfum þeirra, þá þótti mönnum þeir vera lausir allra mála og réttlætanlegt að greiða þeim mismunandi laun og konum miklu lægri laun. Orðalagið jafnverðmæt störf kallar vissulega á nýtt gildismat. Hér þarf ný viðhorf. En ég held að það þyrfti að leggja áherslu á það við þá, sem vinna að starfsmati, að það er leitt í lög hér á Íslandi að konur og karlar skuli fá jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf.

Ég hef þessi orð þá ekki fleiri, hæstv. forseti, en vil ítreka ánægju mína með þetta frv.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Hæstv. forseti. Ég kem nú hér upp í ræðustól aðallega til þess að láta í ljós ánægju mína yfir því, að þetta frv. er komið hér fram, og tjá þakkir mínar til hæstv. félmrh. sem hefur átt frumkvæði um samningu þess og einhvern þátt í því jafnframt. Það er enginn vafi á því að hér eru mörg merk nýmæli á ferðinni. Sumt af því er raunar endurbót á fyrri löggjöf, eins og ákvæðið um Jafnstöðuráð sem hét áður jafnlaunaráð, og ég vil meina að það sé einn merkasti þátturinn í þessu frv. hvað raunhæfar umbætur á högum kvenna í atvinnulífinu snertir. Fyrri hluti frv. hefur einnig mjög margt jákvætt og nauðsynlegt að geyma. Vil ég þá sérstaklega nefna 2. gr. um jafna möguleika karla og kvenna til atvinnu og menntunar. Ég vil nefna 3. gr. sem segir í rauninni flest það sem þarf að segja í þessu máli til þess að réttlæti sé fullnægt, en hún kveður svo á að atvinnurekendum sé óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði. Sérstaklega vil ég einnig nefna 6. gr. um að konur og karlar hjá sama atvinnurekenda skuli njóta sömu möguleika til framhaldsstarfsþjálfunar og til að sækja námskeið o. s. frv. Einnig 7. gr. tel ég sjálfsagða, og raunar eru skólar landsins farnir að vakna til meðvitundar um að þarna þurfi að verða breyting á í skólanámi. Það eru hins vegar einnig þarna í fyrri hluta frv. ákvæði sem ég er ekki alveg jafnsannfærð um að eigi ótvíræðan rétt á sér. Ég geri ráð fyrir að þessar greinar — þá á ég við 4. gr., 5. gr. og 8. gr. — hljóti að koma til frekari athugunar í þeirri hv. n., sem um frv. mun fjalla, og mér kæmi ekki á óvart þó að kæmu fram einhverjar athugasemdir við þessar sérstöku greinar.

Ég vil nefna fyrst 4. gr. Raunar er búið að túlka þetta allt mjög vel og skýra í framsöguerindi og af þeim ræðumönnum sem hér hafa talað áður. 4. gr. hljóðar þannig að starf, sem auglýst er laust til umsagnar, skal standa opið jafnt konum sem körlum og í slíkri auglýsingu er óheimilt að gefa til kynna að fremur sé óskað starfsmanns af öðru kyninu en hinu. Þetta lítur út fyrir að vera svo sem gott og blessað. En eins og staða okkar í þessum málum er nú er ég ekki viss um nema þetta kunni að hafa í för með sér vissa erfiðleika. Mér er t. d. ekki kunnugt um ef heilsugæslustöð eða heilsugæsluumdæmi þarf að auglýsa eftir ljósmóður, hvernig komist skal fram hjá því að þarna skuli auglýst eftir konu. Ég skal raunar ekki fullyrða um nema það séu einhverjir karlar í ljósmóðurstétt, mér vitanlega er það ekki. Mér dettur í hug saumaverkstæði sem þarf aukinn starfskraft í að sauma og þarf að fá saumakonu. Ég veit ekki hvernig þeir ætla að koma ósk sinni á framfæri: saumakarl kannske eða saumari eða eitthvað því um líkt. Ég tek þessi dæmi af handahófi. Ég játa að ég hef ekki kafað dýpra um önnur dæmi sem þarna kynnu að koma inn, en mér sýnist alla vega að þetta muni leiða til nokkurrar nýyrðasköpunar í íslensku máli. Það út af fyrir sig er kannske ekki til að amast við. En þarna er um smáhnökra að ræða sem ég tel ekki varða miklu um heild þessa máls, en mér finnst kannske að orki tvímælis að setja í lög.

Það var tekið hér fram af einhverjum ræðumanni hér að það gæti komið upp sú staða að atvinnurekandi gæti ekki hugsað sér að ráða konu því að hún væri svo hræðilega ljót. Ég gæti alveg eins ímyndað mér að það kæmi upp á hinn veginn, að kona eða karl, þurfi að ráða karl til starfa og karlinn gæti verið svo hræðilega ljótur að það væri ekki nokkur leið að horfa á hann í nágrenni við sig.

Einnig 5. gr. finnst mér full-afdráttarlaus til þess að hún sé ekki líkleg til að geta valdið árekstrum og sárindum og vandræðum sem við viljum öll stýra fram hjá, en þar er tekið fram að atvinnurekandi skuli veita skriflegar upplýsingar um hvaða menntun, starfsreynslu og aðra sérstaka hæfileika sá hefur til að bera er ráðinn var í starfið, og þessi réttur er jafn til handa konu og karli. Vissulega hefur starfsreynsla og menntun og aðrir sérstakir hæfileikar, sem eru tilteknir þarna, mikið að segja um hæfni starfsmanns. En þarna kemur fleira og raunar ótalmargt fleira til sem ekki er hægt að gefa fulla skýringu á, ýmislegt svo persónulegs eðlis að það kann að vera hverjum meðalmanni í stétt atvinnuveitenda ofraun að tjá sig um það. Ég er ekki viss um nema þarna sé höggvið fullnærri persónufrelsi einstaklinga og rétti einstaklinga til að taka persónulegar ákvarðanir sem við a. m. k. í Sjálfstfl. höfum hingað til viljað leggja mikið upp úr, svo fremi auðvitað að ekki sé hallað á annan einstakling með ákvörðun hins.

Varðandi 8. gr. er talað um að auglýsendum sé óheimilt að birta nokkrar þær auglýsingar í orðum eða myndum er orðið geta öðru kyninu til minnkunnar eða lítilsvirðingar. Að sjálfsögðu — og ég hygg að við séum öll sammála um það — er þarna fyrst og fremst um það að ræða að almenns velsæmis sé gætt. Og ég verð að segja það sem mína meiningu, að ég held að við séum að gera lífið bragðdaufara og leiðinlegra ef það má ekki lengur bregða upp skopteikningu af konu, jafnvel þó að barmurinn sé í þrýstnara lagi, af karlmanni með meira en meðalstóra ístru og þar fram eftir götunum. Ég held að þetta geri okkur ekkert til, hvorki karli né konu, þó að jafnvel hjólbarði, svo hversdagslegur hlutur sem hjólbarði sé settur í samband við skopmynd af þessu tagi, hvort sem í hlut á karl eða

kona. Við vitum það mætavel að maður gripur oft blað eða tímarit í hönd og getur fengið fullt eins mikla sálubót af því að hlæja að smellnum auglýsingum eins og læsilegu og snjöllu lesefni. Og ég spyr: Hver á að meta hvar á að draga mörkin þarna? Er hægt að framkvæma þessa lagagrein svo að í raun og veru sé mark á takandi?

Þessar greinar vil ég vænta að hv. þingnefnd taki sérstaklega til athugunar. Ég fyrir mitt leyti, — og þá er ég kannske full-íhaldssöm eða róttæk — hefði talið að þessar greinar allar, 4. gr., 5. gr. og 8. gr., mættu fara út úr frv., því að umfram allt verðum við að hafa auga á aðalatriðunum, en vera ekki að eltast við smáatriði. Ég held að ef hinar greinar frv. væru framkvæmdar eins og lögin gera ráð fyrir, þá væru þessar, sem ég tiltók, óþarfar.

Það hefur verið talað hér almennt um jafnrétti og jafnstöðu kvenna. Það er enginn vafi á því að bæði þessi lög og annað í umr. um þessi jafnréttismál, sem hafa verið mjög á döfinni að undanförnu, þá ekki síst á okkar nýliðna kvennaári, það felur í sér grundvallarbreytingar sem, eins og hér hefur réttilega verið bent á, verða ekki framkvæmdar með einu pennastriki eða lagaboði. Ég held að við þurfum að fara með nokkurri gát í áhuga okkar á að koma á hinni fullkomnu jafnstöðu, það geti verið óheillavænlegt að fara of geyst, við kunnum að missa jafnvægið og jafnvel tapa áttunum. Við skulum hafa í huga að t. d. kvennaársáform Sameinuðu þjóðanna tekur yfir 10 ár þess vegna kannske ástæða til að hafa í huga að það er hyggilegra að fara sér nokkuð hægt í að fastbinda í lögum atriði sem stríða á móti rótgrónum venjum gegnum margar kynslóðir sem erfitt verður að breyta með lagabókstaf einum saman. Hugsunarháttur og viðhorf manna eru margfalt erfiðari viðureignar til breytingar heldur en ótalmargar breytingar þótt grundvallarbreytingar séu. Við getum tekið breytta kennsluhætti og skólakerfi, gagngerar breytingar í atvinnuháttum, skuttogara í stað síðutogara og fjöldamargt annað. Þetta er nokkuð sem við framkvæmum eftir því sem við höfum hugvit og fjármagn til. En það þarf annað og meira til þess að gerbreyta rótgrónum og hefðbundnum viðhorfum í lífsviðhorfum manna.

Hv. 5. landsk. minntist á styttan vinnutíma sem hugsanlega lausn á þeim erfiðleikum, sem konur sérstaklega eiga við að stríða enn í dag, við að taka fullgildan og eðlilegan þátt í atvinnulífi okkar. Ég mæli því óhikað í gegn að stytta vinnudaginn almennt í 6 tíma á dag. Ég held að það hljóti að verða aðrar leiðir sem við leitum í þessu skyni, ekki aðeins til þess að konan geti verið lengur úti á vinnumarkaðinum, heldur að karlmennirnir þurfi að vera þar skemur. Þess vegna hef ég frá upphafi verið því mjög hlynnt og haft þá skoðun að þetta vandamál leystum við hvað best með sveigjanlegri vinnutíma en við eigum við að búa í dag, og ég veit raunar að þetta er atriði sem hefur í vaxandi mæli komið á dagskrá nú á okkar atvinnumarkaði. Ég vil líka minna í þessu sambandi á könnun sem getið var um í íslenskum dagblöðum og hafði farið fram í Noregi á s. l. ári, framkvæmd af norskri félagsmálastofnun, en hún gekk í þá átt einmitt að skipta vinnudeginu milli konu og karls, giftra hjóna. Það kom þannig út að þau beinlínis skiptu deginum til hálfs, konan vann helming dagsins úti og karlmaðurinn helming. Þetta hafði það í för með sér — og það var að sjálfsögðu eðlilegt — að tekjur heimilisins rýrnuðu. En sá hópur fólks, sem tilraun var gerð á í þessu tilliti, kom út mjög ánægður. Hin almenna niðurstaða fólksins, sem þessi tilraun var gerð á, var sú: Við berum minna úr býtum peningalega, en við fáum ýmislegt í staðinn sem ekki verður metið til peninga. — Þetta tel ég, ákaflega jákvæða niðurstöðu og gleðilega um leið.

Það eru nýafstaðnir hjá okkur víðtækir kjarasamningar þar sem við vorum að keppast við að ljá hinum verst settu í þjóðfélaginu, svokölluðum láglaunahópum, skaplegar úrbætur. Það fór nú eins og það fór, ekki meira en svo vel frekar en fyrri daginn. En þetta vekur upp hjá okkur hugleiðingar og vangaveltur hvernig vinnu almennings er í raun orðið háttað. Við tölum um það réttilega að 60 þús., jafnvel 60—70 þús. kr. laun á mánuði hrökkvi engan veginn fyrir framfæri fjölskyldu. Þetta er hárrétt. En ég veit ekki hvort það liggja tölur fyrir um það hve margar fjölskyldur, nema þá einstæðir foreldrar, ég veit að þeir eru þarna einir á báti, — hve margar fjölskyldur í raun og veru þurfa að framfleyta sér á þetta litlum launum, einfaldlega vegna þess að fyrirvinnurnar á íslenskum heimilum og ekki hvað síst í hinum stærri kaupstöðum eru yfirleitt orðnar tvær, þannig að í mörgum tilfellum er þarna um helmingi meiri tekjur að ræða en almennt er látið í veðri vaka. Dæmin eru svo vafalaust mörg um að það er aðeins ein fyrirvinna og með alls ófullnægjandi tekjur. En engu að síður væri athugunarefni einmit þetta, hvað stór hópur það er raunverulega sem við þurfum að þessu leyti sérstaklega að greiða fyrir. Það er enginn vafi á því að hin hraðvaxandi sókn kvenna út í atvinnulífið sem við öll viljum styðja að og gera það mögulegt að þær eigi þarna val, hvort þær vinni á sínum heimilum eða fari út í atvinnulífið, — þessi stórfellda sókn hefur á margan hátt raskað okkar atvinnumarkaði. Þetta er atriði sem við skulum horfast í augu við af fullri hreinskilni. Nú eru meira en 50% allra íslenskra kvenna sem stunda vinnu utan heimilis.

Í einu Evrópulandi, Frakklandi, veit ég til að hin sívaxandi ásókn kvenna út í atvinnulífið hefur leitt til offramboðs á vinnumarkaðinum í þeim mæli að frönskum húsmæðrum er boðin borgun fyrir að hypja sig af vinnumarkaðinum og heim til bús og barna. Auðvitað voru það konurnar sem var vísað heim fyrst, áður en hróflað var við karlmönnunum. Þetta leiðir hugann að því, sem raunar hefur oft verið fjallað um, hvort ekki væri tími til kominn að meta störf húsmæðra til peninga eitthvað á svipaðan hátt og gerist á almennum vinnumarkaði.

Ég vil ekki lengja þessar umr. meira, en ég vil aðeins segja það, að á meðan við erum að vinna að auknum mannréttindum í okkar þjóðfélagi, og þar tel ég að jafnstöðumál karla og kvenna heyri undir, þá skulum við umfram allt ekki hætta að vera manneskjuleg og einblína

ekki um of á það sem við metum til peninga, heldur er það ótalmargt sem þarna kemur inn í myndina sem of oft er litið fram hjá. Það hefur stundum verið talað um í hópi hörðustu kvenréttindakvenna að kveneðlið sem slíkt sé talið annars flokks, konur í okkar þjóðfélagi séu annars flokks verur. Af hverju? Af því að konur hafa til skamms tíma haldið sig innan veggja heimilisins. Ég tel að þarna sé ákaflega rangt á litið og illa farið ef gera á húsmóður- og móðurstarfið annars flokks starf í augum kvenna sem karla. Þar fyrir er ég heils hugar fylgjandi því að barnauppeldi og heimilisstörf færist margfalt meira en nú er yfir til karlsins. Ég held að honum væri þægð í því líka. En uppeldisstarf, sem unnið er á heimilunum, má ekki vanmeta, og þá tek ég heimilið fram yfir dagheimili og leikskóla, þó að ég sé alls hugar hlynnt þeim og vilji að við getum fjölgað þeim sem mest. Ég held raunar að konur séu almennt að gera sér grein fyrir því upp á nýtt, að það er ekkert minnkunarvert við að vera bara húsmóðir, hvað sem hver segir. Ég vil líka benda á — og kannske er þetta mín persónulega afstaða og sennilega talin ákaflega gamaldags og úrelt, en ég hef alltaf ímyndað mér að það hlutverk, sem náttúran leggur konunni á herðar, að ganga með og ala upp börn, hafi beinlínis frá náttúrunnar hendi, áður en nokkrar þjóðfélagshefðir, venjur eða kreddur komu til, haft þau áhrif á sálarlíf hennar allt og lífsviðhorf, að það sé ekki alveg út í bláinn að tala um kveneðli annars vegar og eðli karlsins hins vegar. Jafnframt vil ég benda á það, að ég tel hörmulega rangsnúið mat og heimskulegt að stimpla þennan eðlismun sem annars flokks eðli. Þetta er atriði sem ég held að við þurfum að hugleiða í allri okkar viðleitni til þess að skapa sem mesta og heilbrigðasta jafnstöðu milli kynjanna, hvort sem er á heimilinu við heimilisstörfin eða úti í atvinnulífinu.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til þess fyrst og fremst að láta með fáeinum orðum í ljós sérstaka ánægju yfir því, að þetta frv. skuli hafa verið flutt, og eindregnu fylgi mínu og míns flokks við meginstefnu frv. Til þess hefur að vísu ekki gefist aðstaða, enda ekki til þess ætlast við 1. umr., að tekin sé afstaða til einstakra atriða í frv. Það mun verða gert í n. og við 2. og 3. umr. En meginstefnu þess tel ég tvímælalaust ganga í rétta átt og lýsi þess vegna þegar við 1. umr. fylgi mínu og míns flokks við þá meginstefnu sem í frv. er mörkuð. Þetta þarf í sjálfu sér ekki að koma á óvart þegar hliðsjón er höfð af því að við þm. Alþfl. fluttum snemma á þessu þingi till. til þál. um setningu löggjafar um jafnrétti kynjanna þar sem gert var ráð fyrir að Alþ. fæli ríkisstj. að láta semja frv. um jafnrétti kynjanna. Ég get vel á það fallist að það sé til bóta, það nafn sem á frv. hefur verið valið, að tala um jafnstöðu kvenna og karla. En í tillgr. var sú stefna mörkuð í meginatriðum sem er hliðstæð þeirri sem fram kemur í þessu frv.

Mér er kunnugt um það þegar þessi till. var flutt að félmrn. hafði í samningu frv. sem ég hafði ástæðu til að halda að stefndi að sama marki og tillgr. gerði ráð fyrir. En mér var jafnframt kunnugt um að þá, þegar till. var flutt, hafði ríkisstj. ekki tekið afstöðu til þess að flytja frv., þó að mér væri um það kunnugt að hæstv. félmrh. væri því fylgjandi, að svo yrði gert, og mundi beita sér fyrir því. En vegna þess að kunnugt var að ákvörðun hafði ekki verið tekin í ríkisstj. um málið, þá ákváðum við þm. Alþfl. að flytja till. Nú hefur þetta frv. verið flutt sem stjfrv., og miðað við þær undirtektir, sem það hefur fengið af hálfu stjórnarandstöðuflokkanna, ættu því að vera miklar líkur á því að það að meginstefnu til nái fram að ganga og er það fagnaðarefni.

Vilborg Harðardóttir: Herra forseti. Ég vil lýsa því yfir að ég fagna mjög þessu frv. komna frv. Mér finnst það ákaflega jákvætt að hæstv. félmrh. skuli þannig sýna vilja í verki og ég vil þakka honum það. Þótt ég efist ekki um hæfni og góðan vilja þeirra, sem falið var að semja frv., verð ég að harma að ekki skyldi vera leitað víðara samstarfs, ekki skipuð fjölmennari n. til þess að undirbúa þetta frv. og leitað álits og ábendinga þeirra aðila t. d. sem hæstv. ráðh. segist nú hafa sent frv. til kynningar. Í bréfi frá rn., sem fylgdi frv. til þessara aðila til kynningar, er ekki beðið um umsögn, en vonandi verður bætt úr því við meðferð málsins í n. og fengið álit sem flestra aðila sem málið varðar.

Í sambandi við þetta frv., svo ágætt sem það er að þessi mál skuli nú tekin hér á dagskrá, langar mig að mæla fáein varnaðarorð.

Skilyrði til jafnstöðu kynjanna eða jafnréttis kynjanna, hvort sem fólk kýs nú að nefna það, — ég ætla ekki að blanda mér í þá deilu, — er að bæta í raun stöðu kvenna með ákveðnum aðgerðum, m. a. með því að tryggja konum atvinnu í námunda við heimili sín, e. t. v. með styttri vinnutíma, einkum þó fyrir foreldra ungra barna, og með nægum dagvistunarplássum fyrir börn þeirra foreldra sem það kjósa, aukna þjónustu við heimili og fullkomið sjálfræði kvenna varðandi barneignir. Hér er þörf aðgerða á ýmsum sviðum, og almenn formleg lög um jafnrétti eða jafnstöðu mega ekki skyggja á þessa þörf eða leiða athyglina frá henni.

Í umr. um þáltill. um skipun n. til þess að semja jafnréttisfrv. fyrr á þessu þingi benti ég á að e. t. v. væri árangursríkara að fá fremur löggjöf gegn misrétti, eins og ýmsir þeir álíta sem fjallað hafa um sams konar frv. sem nú liggja fyrir þingum víða á Norðurlöndum. Í frv. því, sem nú liggur fyrir framan okkur, er varla kveðið nógu sterkt á um ýmis atriði til þess að koma í veg fyrir mismunun, en slíka annmarka má vafalaust laga í meðförum þingsins og í meðförum n. Það er greinilegt með samanburði að þetta frv. er að miklu leyti sniðið eftir norska frv. um sama efni og kveður á um flest sömu atriði. Það er þó heldur ónákvæmara. Mér finnst frv. sýna mjög góðan vilja, en kannske ekki ná nógu langt. Ég vil nefna nokkur dæmi.

Í 1. gr. er talað um að tilgangur laganna sé að stuðla að jafnrétti. Þarna álít ég að mætti segja hreint og beint „koma á“ eða „tryggja“

jafnrétti. Það er náttúrlega túlkunaratriði hvað eru jafnverðmæt og sambærileg störf og jafnir möguleikar til menntunar, ekki er nóg að segja að þeir skuli veittir. Ég hygg að svo sé kveðið á í lögum sem þegar eru gildandi í landinu og nægir þó ekki. Í þessu sambandi get ég nefnt sem dæmi ýmis ákvæði í sambandi við verkmenntun. Þar verður að líta á hver það er sem ræður. Þar gengur ekki hvaða kona eða hvaða karl sem er og segir: Ég vil læra þessa iðn. — Það gengur hreinlega ekki, vegna þess að eins og nú er, þá eru það ekki fræðsluyfirvöld, heldur meistarar, sem ráða hverjum er hleypt inn í viðkomandi námsbraut.

Ég er samþykk atriðum 3., 4. og 5. gr., þótt allt slíkt sé túlkunaratriði og verði það ætíð í framkvæmd, en þá er bara eftir að sjá hvernig fer. Ég vil gera smáathugasemd við 6. gr. Þar er talað um möguleika til þess að sækja námskeið og fá starfsþjálfun í þeim tilgangi að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings annarra og betri starfa. Ég tel dálítið hættulegt að fara að meta störf betri eða verri. Ég býst við að þarna sé átt við betur launað starf og tel líka hæpið að tala um slíkt. Ég held að það, sem í raun og veru vakir fyrir þeim sem samið hafa frv., og hugsunin, sem þarna liggur að baki, sé að fólk geti fengið tækifæri til þess að nýta þá hæfileika sem það hefur áunnið sér með þeirri þjálfun, sem það hefur þegar fengið í starfinu, og með viðbótarþjálfun, en ekki endilega til þess að fá meira kaup.

Í 7. gr. er kveðið á um að veita skuli fræðslu um jafnstöðu kvenna og karla í skólum og að kennslubækur og kennslutæki, sem þar eru notuð, skuli þannig úr garði gerð og hönnuð að kynjum sé ekki mismunað. Þetta hygg ég að muni eiga að vera skilningurinn í 7. gr. laga um skólakerfi líka, en þar er ekki kveðið nógu hart á um þetta og varla hér heldur. Ég held að þarna sé ekki nógu langt gengið og að þarna þyrfti líka að taka fram að það verði að koma í veg fyrir að viðhaldið sé að óþörfu úreltri kynskiptingu starfa og beinlínis að það þurfi að brjóta þessa tilhneigingu niður í kennslubókum.

Í sambandi við auglýsingarnar, sem ekki mega vera öðru kyninu til minnkunar eða lítilsvirðingar, er ég vissulega sammála hv. þm. Sigurlaugu Bjarnadóttur að þetta er túlkunaratriði, en ég get ómögulega litið á þetta sem eitthvert skop. Ég geri ráð fyrir að það, sem þarna vakir fyrir semjendum frv., séu ekki skopmyndir þar sem kannske er gert grín að karli fyrir að vera með stóra bumbu eða konu með stór brjóst, heldur auglýsingar þar sem konulíkaminn er beinlínis notaður til að selja vöru sem í raun og veru kemur konulíkamanum alls ekki neitt við. Ég held að þarna gæti misskilnings hjá hv. þm.

Í sambandi við menntastofnanir vil ég líka taka það fram, að auk þess sem ég álít að það þurfi að kveða hart á um að ekki megi viðhalda úreltri kynskiptingu, þá þurfi beinlínis að reyna að beina kynjunum inn á námsbrautir sem áður hafa einkum verið fyrir hitt kynið. Dæmi um hið gagnstæða, sem ég tel að sé mjög illa farið, er í hinum nýja fjölbrautaskóla hér í Reykjavík eða í Breiðholtinu, þar sem stúlkum er nú beint inn á svokallaða snyrtiiðnbraut. Ég hef ekki heyrt að neinum strák hafi verið boðið slíkt og þvílíkt.

Þá er það Jafnstöðuráð. Það er sjálfsagt ágætt að skipa það 5 mönnum. En ég tel að ef árangur á að nást og ef við ætlum virkilega að bæta stöðu kvenna, þá verði það að vera skilyrði, að þarna séu a.m.k. tvær konur og helst þrjár, a.m.k. þessi 10 ár sem við ætlum samkv. samþykkt Sameinuðu þjóðanna að vinna að því að kynin nái jafnstöðu. Þá vil ég líka benda á, að völd Jafnstöðuráðs eru í raun og veru mjög óljós eftir þessum lögum. Það hefur í raun og veru ekki úrskurðarvald. Þá er ekki heldur kveðið neitt á um fastan starfsmann né hvaðan þetta Jafnstöðuráð á að fá fjármagn til starfa. Af reynslunni af Jafnlaunaráði má ráða að slíkt er nauðsynlegt að taka fram strax í upphafi.

Í 11. gr. er talað um að fallist atvinnuveitandi ekki á tilmæli ráðsins um úrbætur þegar brotið er, þá sé ráðinu heimilt í samráði við hlutaðeigandi starfsmann að höfða mál. Þarna tel ég að ætti að standa hreint og beint að ráðinu sé það skylt.

Auk þeirra atriða, sem ég hef nú nefnt, finnst mér lögin ekki ná nógu langt. Þau ná t.d. ekki, eins og hæstv. ráðh. tók fram, til einkalífsins, þ.e.a.s. heimilanna væntanlega, þar sem undirokun kvenna hefur þó verið hvað mest fyrr og síðar. Ég veit ekki nema það þyrfti hér kannske sérstaka fjölskyldulöggjöf, eins og sums staðar hefur verið sett í öðrum löndum. En ég tel að það hljóti að vera krafa að heimilisstörfunum sé skipt réttlátlega á milli kynjanna eða fulltrúa kynjanna sem á heimilinu búa. Sama gildir um ýmiss konar félagsstörf, bæði einkafélög og mannúðarfélög, eins og hæstv. ráðh. nefndi. Ég tel ekki eðlilegt að ákveðin félög eða ákveðnir hópar séu undanþegnir lögunum. Það gæti gengið allt of langt. Það gæti orðið til þess, eins og er reyndar þegar í norska lagafrv., að trúfélög séu undanþegin lögunum. Þetta gæti sem sagt gengið mjög langt, og ekki síst finnst mér að þetta geti verið hættulegt í sambandi við stéttarfélög. Ég tel það vera sjálfsagða kröfu, að beinlínis sé kveðið á um það í lögunum að í stjórnum og nefndum slíkra félaga séu konur í réttu hlutfalli við fjölda þeirra af heildarfélagatölunni. En eins og hv. þm. er vafalaust kunnugt, þá er langt frá því að svo sé. Síðast, en ekki síst þykir mér það galli á frv., svo góður sem tilgangurinn er annars, að svo virðist sem gengið sé út frá að staða karla og kvenna sé jöfn nú og það sé verið að vernda hana og tryggja jafnan rétt og skyldur áfram. En eins og raunar flestir viðurkenna er langt frá því að jafnstaða sé ríkjandi nú þrátt fyrir margs konar lagaákvæði. Þess vegna þurfa þau lög, sem sett verða, ekki aðeins að viðhalda „status quo“, heldur beinlínis að verka þannig að metin jafnist, verka til hvatningar og uppörvunar fyrir konur.

Lög um kosningarrétt og kjörgengi kvenna hafa verið í gildi hér um áratugi. Það var lengi búið að berjast fyrir því áður en árangur náðist. Áreiðanlega hafa þeir, sem í fararbroddi voru í þeirri baráttu, vænst mikilla breytinga.

En hver er raunin? Hv. þm. þurfa ekki annað en að líta yfir þennan sal — svona venjulega, en ég skal taka fram að aldrei þessu vant lítur út fyrir að fleiri konur séu hér staddar nú en karlar, en líklega stafar það af áhugaleysi karla fyrir þessu máli, því miður. En það mætti spyrja: Hvar eru konurnar á Alþingi íslendinga? Eða eigum við kannske frekar að spyrja: Hvers vegna eru þær hér ekki þrátt fyrir þessi lög?

Eins og hv. þm. Geirþrúður H. Bernhöft benti á breytast viðhorf ekki á svipstundu með lagasetningu. Aldalangri kúgun og undirokun verður ekki velt af sér með einu handtaki. Vegna þess ástands, sem nú er ríkjandi, þ. e. a. s. þeirrar mismunandi stöðu sem karlar og konur búa við nú, er ástæða til að íhuga hvort ekki sé nauðsynlegt að grípa til sérstakra aðgerða til að jafna metin. Já, nú skulu hv. þm. halda sér fast. Ég er hér sem sagt að ýja að því hvort ekki skuli beita tímabundinni mismunun, þ. e. a. s. veita konum ákveðin forréttindi um tíma á meðan þær eru að ná karlmönnunum. Slíkt tímabil gæti t. d. staðið þann tíma sem Sameinuðu þjóðirnar hafa sett sér til að jafna rétt og stöðu kynjanna og væri reyndar mjög í anda þeirrar samþykktar, sem Sameinuðu þjóðirnar hafa gert um þetta, bæði 10 ára starfsáætlunina, sem samþ. var á kvennaráðstefnunni í Mexíkó, og fleiri yfirlýsingar. Svo að hv. þm. verði nú ekki allt of hræddir vil ég benda á sem dæmi um slík forréttindi ákvæði gegn réttindaskerðingu kvenna vegna barneigna eða uppeldisskyldna, og eins það, sem ég reyndar kom inn á áðan, að beina konum inn á áður hefðbundnar karlanámsbrautir með vægari inntökuskilyrðum, t. d. í sambandi við tæknimenntun, og öfugt, þ. e. reyna að beina körlum inn á t. d. hjúkrunarbrautir og í fóstrumenntun o. s. frv. með vægari inntökuskilyrðum en fyrir konur. Sama gæti gilt um atvinnugreinar. Þar mætti a. m. k. biðja atvinnurekendur, — það er kannske ekki hægt að skylda þá til þess, — að taka í vinnu einhverja lágmarkstölu kvenna eða karla eftir því hver atvinnan er.

Í norska lagafrv. er aðeins ýjað að því að beita megi slíkri mismunun. Ég ætla að leyfa mér að lesa þá grein, með leyfi forseta. Þar stendur, — ég ætla nú að lesa það á norsku ef ég má: „Som forskjellsbehandling regnes ikke ulik behandling som i overensstemmelse med lovens formål fremmer likestilling mellom kjönnene“ — þ. e. a. s. að mismunun, sem beitt er til að jafna stöðu kynjanna, telst ekki misrétti. Er þar reyndar vísað í tilgangsgrein frv., þar sem tilgangurinn telst ekki aðeins vera að stuðla að jafnrétti kynjanna, heldur og að bæta stöðu kvenna. Með leyfi forseta, þá hljóðar gr. þannig: „Denne lov skal fremme likestilling mellom kjönnene og tar særlig sigte på å bedre kvinnens stilling“. Ekkert slíkt fyrirfinnst í því frv. sem liggur nú fyrir framan okkur. En vissulega má úr því bæta.

Þessu frv. var dreift hér í d. á síðasta fundi og hefur því lítill tími gefist til þess að skoða það nákvæmlega. En ég vil láta koma fram í þessum umr. að ég fagna mjög þeirri ágætu viðleitni, sem hér hefur verið sýnd, og ég vona, að leitað verði umsagna og ábendinga fleiri aðila en þegar hafa fengið um þetta frv. að fjalla, og boða, að ég mun fyrir 2. umr. leggja fram brtt.

Gunnlaugur Finnsson: Virðulegi forseti. Mig langar til að leggja nokkur orð í belg við þessa umr. enda þótt ég eigi sæti í þeirri n. sem kemur til með að fjalla um frv.

Ég get tekið undir margt af því sem sagt hefur verið í síðustu ræðum. Það þarf enginn að ætla að margra alda hefð verði kollvarpað í einni svipan. Það er enginn efi á því að íslendingar hafa verið í forustusveit hvað snertir kvenréttindi, en eigi að síður hefur verið hér viss tregða af hálfu margra aðila. Og hér er ekki við neinn einn að sakast. Það er, að ég hygg að megi segja, eðlislæg, en því e. t. v. jafnframt hefðbundin hneigð konunnar að vera hlédræg, og það hygg ég að hafi valdið því að konur hafa oft á tíðum verið mjög tregar til að taka að sér störf, sérstaklega á hinu opinbera sviði. Þetta hefur að vísu tekið miklum breytingum hin síðari ár. En ég veit að víða hefur ekki staðið á karlmönnum, sem leitað hafa eftir góðu starfsliði, t. d. til þess að starfa að sveitarstjórnarmálum, að leita til kvenna, en oft á tíðum reynst erfitt að fá þær til þess, vegna þess að það, sem ég vil kalla hefðbundna hlédrægni, hefur valdið því að þær hafa ekki gengið þar fram fyrir skjöldu.

Það hefur líka gengið illa að opna mörgum atvinnurekendum nýja sýn, þ. e. a. s. þá sýn að konur eru oft á tíðum jafnhæfar og karlar til líkamlegra starfa, ef undan eru skilin erfiðustu störfin sem unnin eru í þjóðfélaginu. Þar hygg ég, að konur geti aldrei náð til jafns við karlmenn, þ. e. a. s. í þessum vissu störfum, og þar hlýtur áfram sem hingað til að verða mat þeirra, sem stjórna viðkomandi fyrirtækjum, hvernig fer um ráðningar. Það hefur líka verið hefðbundin blinda, vil ég segja, hjá mörgum atvinnurekendum fyrir því að konur eru fullkomlega eins færar um að stjórna vélum og tækjum og karlmenn. Á síðustu árum hefur þetta þó þokast þannig smátt og smátt að fleiri og fleiri atvinnurekendur eða forstöðumenn opinberra stofnana eða sveitarfélaga hafa ráðið til sín konur, til að byrja með til reynslu, og gefist vel. Mér er raunar í minni að verkstjóri hjá sveitarfélagi sagði mér á s. l. sumri að hann réð til sín stúlku í holræsagerð út af neyð vegna þess að annan starfskraft var ekki að hafa, og þegar upp var staðið og ræsum lokað gat hann þess að hann hefði ekki annan betri starfskraft fengið heldur en þessa stúlku. Þetta tek ég hér sem dæmi. Mér finnst ástæða til þess líka að vekja athygli á því að þessi aðstöðumunur kvenna og karla í atvinnulífinu er e. t. v. mestur og verstur hjá því unga fólki sem að sumri til er að vinna fyrir sínum skólakostnaði. Þar kemur að sjálfsögðu margt til. Sumt af því er hefðbundið. Það er ekki tekið tillit til þess í úthlutunarreglum lánasjóða eða annarri fyrirgreiðslu, en það mun ekki óalgengt að sumartekjur stúlkna séu rétt um það bil helmingurinn af því sem sumartekjur pilta eru. Þess vegna vil ég sérstaklega fagna framkomu þessa frv. og fagna

öllum þeim umr. sem leiða til aukins jafnréttis, hvort heldur það er á sviði atvinnu eða á öðrum sviðum þjóðfélagsins.

Ég vil taka það fram, eins og hv. þm. frú Geirþrúður H. Bernhöft, að ég vil ekki á þessu stigi lýsa mig samþykkan öllum greinum frv. Ég vil áskilja mér rétt til þess að standa að ýmsum breytingum sem kunna að koma upp í umr. um frv. Ég lít fyrst og fremst á þetta frv. sem stefnumarkandi frv., en ekki frv. þar sem hægt verður nákvæmlega að túlka ákvæði hverrar greinar út af fyrir sig til hlítar. Þar má t. d. minnast á 8. gr. um auglýsingar. Mig rekur minni til þess að útvarpið í eina tíð setti bann við því að auglýsa dansleiki. Hvernig verkaði það? Það hafði engin áhrif önnur en þau að orðið dansleikur var ekki nefnt í útvarpsauglýsingunum, en það komu allir sínum auglýsingum á framfæri. Og hvernig mundi verka ákvæðin í 8. gr.? Mundu þau þýða að það yrði aldrei auglýsing með karlmanni í fötum eða konu með mismunandi mikið af fötum á líkamanum? Ég held að þetta sé óframkvæmanlegt, að hugsa sér að það verði ekki haldið áfram að auglýsa með myndum. En þá kemur þetta túlkunaratriði, hvað er ósæmilegt og hvað er sæmilegt.

En það er annað atriði sem mig langaði aðeins til að drepa hér á, en ekki hefur verið hreyft í þessum umr. Það snertir ekki nema að litlu leyti atvinnumálin — en þó. Það er um hin almennu réttindi í sambandi við félagsstarfsemi í landinu. Segjum sem svo að því marki verði náð að hér komist á algjört jafnrétti. Er þá heimilt karlmönnum eða konum að eiga með sér félagsskap sem er því skilyrði háður að hitt kynið fái ekki inngöngu? Ég tel vera alveg tvímælalaust í mörgum tilvikum rétt að það sé heimilt. Ég tel alveg fráleitt að setja um það lög að t. d. kvenfélögin verði opnuð karlmönnum. Ég tel alveg fráleitt líka að þeim, sem hafa ánægju af því að vera í leynilegum reglum samkv. erlendri fyrirmynd, þar sem alþjóðareglan bannar að konur stígi fæti sínum inn fyrir nema á systrakvöldum eða einhverju slíku, — þeim sé meinað að koma saman sér til ánægju eitthvert kvöld. (Gripið fram í.) Ég ætlaði að koma að því um bændasamtökin. Spurning er um hagsmunafélög sem eru bundin ákveðnu kynferði. Hvað um þau? Og spurning er um það hvort verði talið eðlilegt að hagsmunasamtök starfsgreina starfi áfram, þar sem ákveðið kynferði er skilyrði fyrir inngöngu. Einmitt í því sambandi ætla ég að vekja athygli á því að bændasamtökin riðu á vaðið á myndarlegan hátt í tilefni kvennaárs. Hagsmunasamtök þeirra voru þannig byggð upp að þar áttu ekki aðrar konur aðild að en þær sem voru skráðar bændur á lögbýlum. En ef kona var á annað borð skráður bóndi á lögbýli, og þær eru þó nokkuð margar á Íslandi, þá áttu þær þar full réttindi, en gert ráð fyrir því að annars færi sá bóndi, sem skráður er, með atkv. fyrir viðkomandi hjón. En á aðalfundi Stéttarsambandsins á liðnu hausti var sú samþykkt gerð að opna þetta algjörlega, þannig að bæði hjónin eiga algjörlega jafnan rétt. Hingað til veit ég ekki til þess að nokkur kona hafi setið á aðalfundi þessara hagsmunasamtaka, en ég vona að með þessari breytingu verði breyting á og að bændakonur komi til með að mæta þar sem fulltrúar, en ekki aðeins sem gestir.

Mér er raunar ekki kunnugt um að það séu til lokuð hagsmunasamtök karlmanna, enda þótt það séu eingöngu karlmenn í sumum þeirra. Það stafar eflaust af því að konur eru þar ekki starfandi — eflaust að sumu leyti fyrir hefð — eða þá að það eru hreinar undantekningar, ein eða tvær. En mér er ekki kunnugt um að þeim sé lokaður aðgangur að þessum hagsmunafélögum. Spurning er um það hvort kunni að koma upp sú staða að það verði stofnuð hagsmunasamtök karla þar sem konum verði meinaður aðgangur, og þá kemur líka upp spurningin: Stenst það skv. þessu og skv. anda laganna og framkvæmd að það séu starfandi hagsmunasamtök kvenna þar sem karlmönnum er meinaður aðgangur? Ég vil vekja athygli á þessu.

Konur hafa verið í sjómannastétt allt frá landnámsöld. Þær Þuríður sundafyllir og Þuríður formaður hafa getið sér ódauðlegt orð í sjómannasögu Íslands, og við vitum að það eru nokkrar konur í sjómannastétt í dag. En spurning er um það hvort þær komi til með að stofna sér félag sem heiti Sjókvennafélagið, þar sem karlmenn hafi ekki aðgang. Og þá er spurning um það líka hvort önnur félög, eins og t. d. félög starfsstúlkna eða félög verkakvenna, halda áfram að starfa á þeim grundvelli sem þau starfa í dag. Ég vil taka það fram, svo að ekki verði misskilið, að ég tel það hafa verið fullkomlega eðlilegt á sínum tíma að þessi félög voru stofnuð, á meðan réttur kvenna var mun minni en hann er í dag. En þessu vil ég varpa fram til hugleiðingar, hvernig á þessu verði tekið þegar til framkvæmdar laganna kemur og þegar innan tíðar — skulum við reikna með — anda þeirra verður fullnægt.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Eins og hv. síðasti ræðumaður tók fram er þetta frv. fyrst og fremst stefnumarkandi og má vel vera að sitt sýnist hverjum um ýmis einstök ákvæði frv. Ég vil taka það fram út af þeim ábendingum, sem hér hafa komið fram, að þær verða að sjálfsögðu vandlega skoðaðar í þeirri n. sem málið fær til meðferðar. En fyrst og fremst vil ég þakka þeim þm., sem tekið hafa til máls, fyrir undirtektir þeirra. Ég vænti þess, miðað við þær ágætu undirtektir undir þetta frv., að það eigi góðu fylgi að fagna í Alþ. og nái að verða að lögum á þessu þingi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 62. fundur.

Fimmtudaginn 11. mars, kl. 2 miðdegis.

Viðgerðar- og viðhaldsaðstaða flugvéla á Keflavíkurflugvelli, þáltill. (þskj. 25, n. 392). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun frá Alþingi (þskj. 413).

Áætlanagerð í flugmálum, þáltill. (þskj. 90, n. 361). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Allshn. Sþ. hefur haft til athugunar að undanförnu till. til þál. um áætlanagerð í flugmálum, sem er 83. mál þessa þings. Till. hljóðar þannig:

„Alþ. ályktar að fela samgrh., að láta gera fjögurra ára framkvæmda- og fjármögnunaráætlun um flugmál."

N. hefur athugað þessa till. og hafa henni borist umsagnir frá samgrn. og flugráði sem báðar eru jákvæðar gagnvart þeirri hugmynd að láta semja fjögurra ára framkvæmda- og fjármögnunaráætlanir um flugmál. Það kemur fram í umsögn samgrn. að það hafi, skömmu eftir að þessi þáltill. var flutt, skipað 5 manna nefnd til þess að gera úttekt á íslenskum flugvalla- og flugöryggismálum, og að í nýjum reglum flugráðs er gert ráð fyrir því að það geri heildaráætlun um framkvæmdir flugmála til fjögurra ára í senn. Með hliðsjón af þessum upplýsingum, sem n. bárust, leggur hún einróma til að þar sem tilgangi till. er náð, þá verði henni vísað til ríkisstj.

ATKVGR.

Till. á þskj. 361 um að vísa þáltill. til ríkisstj. samþ. með 36 shlj. atkv.

Fiskileit og tilraunaveiðar, þáltill. (þskj. 295). — Frh. einnar umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það er nú alllangt liðið frá því að hv. frsm. þessarar þáltill. talaði fyrir henni. Hann kom mjög víða við í sinni framsöguræðu og vil ég mjög gjarnan ræða lítillega um það sem hann ræddi þar um. En till. er þess efnis að Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að hún beiti sér fyrir því að skipuleg leit verði gerð að kolmunna og spærlingi á þessu ári, veiðiskip verði tekið á leigu í þessu skyni og hefji það jafnframt tilraunaveiðar, og enn fremur að hert verði á leit að tilraunaveiðum á loðnu síðari hluta sumars og næsta haust.

Ég held að það sé enginn vafi á að það hefur ekkert staðið á því að leita að spærlingi og kolmunna. Hins vegar er rétt að geta þes, að á árinu 1974 voru veidd 14 100 tonn af spærlingi, en á árinu 1975 aðeins 4345 tonn. En það er örugglega ekki vegna þess að það hafi skort leit að spærlingi, heldur var mjölverð það lágt að skip og verksmiðjur sáu sér alls ekki fært að veiða þennan fisk nema með töluverðri fyrirgreiðslu. Það eru því fyrst og fremst markaðsmálin og söluverð á þessum afurðum sem gera það að verkum að þessar veiðar hafa dregist verulega saman. Veiði á kolmunna hefur svo að segja engin verið, var 118 tonn árið 1974 og 170 tonn á árinu 1975.

Það, sem um er að ræða einnig í sambandi við kolmunna eru auðvitað langvarandi rannsóknir á því hvernig er hægt að framleiða og auka verðmæti á þessum fiski. Og þá vil ég geta þess að á s. l. ári stóðu Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Meitillinn hf. í Þorlákshöfn, saman að tilraunum með vinnslu á kolmunna og spærlingi til manneldis, haustið 1975. Kolmunninn var veiddur af rannsóknaskipinu Bjarna Sæmundssyni úti fyrir Austfjörðum í tveim leiðangrum og fluttur ísaður í kassa til Þorlákshafnar, en spærlinginn veiddi báturinn Þorlákur í Þorlákshöfn skammt suður af Þorlákshöfn. Þessar tilraunir tókust vel, og ég held að það sé óhætt að segja að það eru meiri möguleikar á að vinna kolmunna til manneldis heldur en spærling. Það var reynt að styrkja þessar tilraunir. Fiskimálasjóður veitti Meitlinum hf. styrk að upphæð 1 millj. kr. til tilrauna til mjölvinnslu og manneldis á spærlingi og kolmunna. Enn fremur má geta þess að Fiskimálasjóður veitti 400 þús. kr. vegna tilrauna til frostþurrkunar. Nú hefur fyrirtækið Meitillinn hf. í Þorlákshöfn ákveðið að kaupa flökunarvél. Fyrirtækið sneri sér til sjútvrn. um að það reyndi að greiða fyrir því að það gæti keypt þessa flökunarvél, og ráðuneytið sendi þegar í stað meðmæli til þeirra fjárfestingarlánasjóða sem hér áttu hlut að máli.

Það má því af þessu sjá, að það hefur ekki staðið á stjórnvöldum að greiða fyrir þessum tilraunum. Hins vegar vitum við af langri reynslu að allar nýjar vinnsluaðferðir og vinnsla á nýjum tegundum fiska taka langan tíma. Það þarf að skapa markað fyrir þessar afurðir, og það er ekki gert á einum eða tveimur árum. Þá sögu þekkjum við flestir frá því að unnið var að undirbúningi á sölu frystra fiskafurða, að það tók langan tíma, mörg ár, að byggja þá markaði upp og fullkomna þá. Það var ekki farið í stórum stíl út í framleiðslu fyrr en búið var jafnhliða að byggja upp markað. Það er ekki nóg að fiska og vinna afurðirnar, það verður einnig að selja þær, og þetta verður að haldast í hendur. Ég tel sjálfsagt og eðlilegt að leit að spærlingi sé viðhöfð, en til þess þó aðeins að það sé öruggt að það teljist borga sig og standa undir rekstri báta að fara á þessar veiðar. Þá auðvitað á ekki að standa á Hafrannsóknastofnuninni að sjá um að leita að þessum fiski. Og sama er að segja um kolmunnann.

Nú er margt sem bendir til þess að það séu heldur betri söluhorfur en voru á s. l. ári. Það eru batamerki víða sem maður getur treyst á, þó að þau haldist kannske ekki í hendur við dýrtíðaraukninguna sem er í þessu blessaða landi. En það er erfitt að ná sama hraða í batamerkjum á viðskiptasviðinu hjá öðrum þjóðum og í hraða verðbólgunnar hér heima, þó að við sjáum sennilega ekki nokkra von um að ná frú Peron í Argentínu í þeim efnum. Þetta verður að haldast í hendur. Þegar við tölum um að leigja skip, leita að þessum fiski og hinum, þá verðum við auðvitað að ákveða í hvaða röð við tökum þessa fiskleit.

Ég fyrir mitt leyti tel alveg tvímælalaust að það, sem nú liggur langmest á að gera, er að

setja kraft í það að leita að nýjum karfamiðum, því að það er hryggilegt til þess að vita að frá árinu 1974 hefur karfaveiðin minnkað mjög verulega eða úr 37 600 tonnum í 30 300 tonn. Hafrannsóknastofnunin leggur áherslu á leit að karfa, og ég er þeirri ákvörðun mjög sammála. Það er sú fiskleit sem ég vil leggja höfuðáherslu á. Hitt verður svo að ráðast, hvenær hægt er að hefja leit að þeim tveimur fisktegundum sem þessi þáltill. gerir fyrst og fremst ráð fyrir.

Í þessari till. er enn fremur lögð áhesla á leit og tilraunaveiðar á loðnu síðari hluta sumars og næsta haust. Það voru gerðar rannsóknir á loðnu fyrir Norðurlandi og leit að henni á s. l. sumri af Árna Friðrikssyni, skipi Hafrannsóknastofnunarinnar, og sömuleiðis voru skip sem hófu þar tilraunaveiðar. Þessar tilraunir gáfu því miður ákaflega lélega raun og það er fyrst og fremst því að kenna að hafís lá fyrir Norðurlandi á þessum tíma. Og mjög lágt verð á loðnuafurðum gerði það að verkum að þessi skip fóru illa út úr þessum veiðum. Jafnhliða voru töluverðir erfiðleikar á því fyrir skipin að losna við þennan afla, og þó alveg sérstaklega kom það í ljós að þeir, sem aflann áttu að kaupa, síldarverksmiðjur ríkisins, voru mjög andvigir því verðlagi, sem var á loðnunni. En þrátt fyrir það að þetta gaf ekki betri reynslu í fyrra, þá er sjálfsagt að halda þessum tilraunum áfram og taka þær upp í vaxandi mæli, enda hefur rn. fyrir löngu gert ráðstafanir til þess og rætt ítarlega við þá fiskifræðinga Hafrannsóknastofnunarinnar sem fyrst og fremst fara með þessi mál.

Fyrir röskum mánuði héldum við í sjútvrn. fund með fiskifræðingum um verkefni Hafrannsóknastofnunarinnar á þessu ári og þ. á m. varðandi leit að loðnu fyrir Norðurlandi. Í framhaldi af þeim viðræðum var gefin út reglugerð um loðnuveiðar 20. febr. þar sem bannað er að veiða smáloðnu minni en 12 cm að lengd sé hún verulegur hluti af loðnuafla fiskiskips. Þessi reglugerð var gefin út samkv. till. fiskifræðinga. Og það er mikil áhugi á því að þessar rannsóknir haldi áfram og það er áhugi á því hjá útgerðaraðilum að gera tilraunir með þessar loðnuveiðar. Hinu er ég á, að það er of dýrt og ekki fjármagn fyrir hendi að leigja veiðiskip að öllu leyti til þessara veiða. En það er sitt hvað hvort útgerðarmenn sjálfir hafa áhuga á þessum veiðum og það opinbera komi eitthvað til móts við þá, tryggi þeim ákveðið lágmark í sambandi við þessar veiðar og þá auðvitað með þeim hætti að þeir fái vissar bætur í gegnum Aflatryggingarsjóð, því að þetta geta ekki talist tilraunaveiðar þó að loðnuveiðar hafi litlar verið á þessu tiltekna svæði við Ísland.

Hv. frsm. þessarar till. minntist á ýmislegt fleira, en fram kemur í sjálfri tillgr. og m. a. rækjuveiðar á úthafinu, fór þar töluvert inn á rækjuveiðarnar og gat þess jafnframt að með rækjuveiði hafi ekki verið gerðar nema fábrotnar tilraunir hjá okkur íslendingum. Og það er rétt, þær hafa verið gerðar þó nokkuð margar, en mjög fábrotnar, á bátum frá 50—103—140 tonna og þá einstaka sinnum með smástyrk úr Fiskimálasjóði, en í flest skiptin á kostnað þeirra sem áhuga höfðu á því að kanna þessa veiði og rækjuverksmiðjur eiga.

Fyrir nokkrum mánuðum kom bréf frá danska utanrrn. til utanrrn. sem sendi það bréf til sjútvrn., þar sem danir fara þess á leit að íslendingar sendi ekki skip til rækjuveiða við Grænland vegna þess að vísindamenn telji að rækjustofninn þar þoli ekki þá miklu sókn sem er í rækjuna, og er talið að til þess að skerða ekki stofninn megi veiðarnar ekki fara yfir 17 þús. lestir. Ég sá fyrir nokkru í Fiskaren, að þar er skýrt frá því að 65 skip muni stunda rækjuveiðar við Grænland og veiða um 70 þús. lestir af rækju á ári eða meira en fjórum sinnum meira en stofninn þolir. Við sjáum á þessu hve gegndarlaus rányrkja á sér stað í rækjustofninn, og veiða erlendar þjóðir ¾ af þessu magni. Norðmenn veiða einir 22 þús. tonn, spánverjar 20 þús. tonn, Sovétríkin 13 þús. tonn og danir 5 þús. tonn, en grænlendingar áætla að veiðar þeirra á þessu ári verði aðeins 10 þús. lestir. Við getum þrátt fyrir þetta farið í veiðar á rækju innan okkar 200 mílna og það finnst mér sjálfsagt að við íslendingar gerum. En hins vegar hljótum við að bera nokkurn kvíðboga fyrir þeirri gegndarlausu rányrkju sem þarna á sér stað. Það eru ein af okkar stærstu og sterkustu rökum að fiskveiðiþjóðir, sem eiga líf og afkomu sína undir fiskveiðum, eigi að færa landhelgi sína út. Ef grænlendingar færðu sína landhelgi út og reyndu að friða bæði miðin fyrir rækjuveiðum og annarri veiði, þá er um leið verið að tryggja okkar eigin afkomu þegar hafsvæðið á milli Íslands og Grænlands hefur verið friðað. Þá koma þessar þjóðir, sem nú stunda þarna rányrkju, ekki til með að moka þannig upp og eyðileggja fiskimiðin. Þetta er eitt af því sem ýtir undir það og hvetur þjóðir eins og okkur, sem eigum allt okkar undir fiskveiðum, að hvetja aðra til svipaðra aðgerða. Þær munu mjög treysta okkar fiskstofna og fiskigöngur, eins og göngu þorsks af Grænlandsmiðum til Íslands.

Ég ætla ekki að ræða þessa till. eða þær skoðanir sem komu fram hjá hv. flm. Ég hygg að ýmsir aðrir vilji svara þó nokkru af því sem kom fram hjá flm. till. í hans framsögu. En ég vildi aðeins láta koma fram hvað gert hefði verið í þessum málum, hvaða ástæður liggja til grundvallar því að spærlingsveiðin dróst svona saman. Ég tel að þær tilraunir, sem áttu sér stað á s. l. hausti varðandi framleiðslu á kolmunna til manneldis, haldi áfram. Ég fyrir mitt leyti tel sjálfsagt og skylt að standa við bakið á því fyrirtæki sem er að gera þessar tilraunir, þar sem er Meitillinn hf. í Þorlákshöfn, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins geri allt sem hægt er til þess að aðstoða við þessar tilraunir, og unnið verði þegar að því að byggja upp markað fyrir kolmunna til manneldis og leita markaða. En eins og ég sagði í upphafi máls míns, þá tekur þetta allt langan tíma. En á meðan verið er að byggja upp þessa hlið þurfum við ekki að leggja mjög mikla áherslu á leitina að þessum fiski, nema við ætlum að vinna hann til bræðslu, og eins og ég sagði áðan eru mun meiri möguleikar á því nú en voru á s. l. ári. En þá voru þeir nánast engir, þeir möguleikar, vegna þess lága verðs sem var á mjöli á s. l. ári.

Það þriðja, sem flm. minntist á og ég gerði

einnig, var í sambandi við úthafsrækjuna. Þar hefur ekkert myndarlegt átak verið gert. Tek ég alveg undir hans orð að þar verðum við að gera myndarlegt átak. En við verðum líka að hafa í huga hvað er að gerast norðan við okkur í þessum efnum, eins og ég gerði að umræðuefni.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Þegar mál þetta var hér síðast til umr. var ég ekki á fundi og fylgdist því ekki með þeim umr. sem þar fóru fram. En ég hef veitt því athygli að hv. flm. till., Tómas Árnason, vék að því í ræðu sinni fyrir till. að hann vildi gjarnan beina spurningum til mín varðandi fiskfriðunarmál og upplýsingar sem sjútvrn. hefðu borist um þau mál frá Hafrannsóknastofnuninni á árinu 1972. Í ræðu sinni komst hv. þm. þannig að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég sé að hv. 2. þm. Austurl. er ekki hér í salnum, en hann var sjútvrh. á þessum tíma og ég hefði áhuga á því að heyra hann skýra frá því hvaða afdrif þetta mál fékk á sínum tíma, hvort t. d. málið var tekið upp í ríkisstj. þá og hvort það var rætt, hvort þetta var tekið inn í viðræður við útlendinga á árunum 1973 og 1974 um heimildir þeim til handa til fiskveiða í íslenskri fiskveiðilögsögu."

Það hafa orðið hér nokkrar umr. um þessar upplýsingar sem Hafrannsóknastofnunin gaf um ástand fiskstofna á árinu 1972. Þær hafa orðið hér áður og þá í þeim tón að helst hefur verið látið að því liggja að ég sem sjútvrh. hafi í rauninni lagst á þessar upplýsingar og ekkert gert með þær. Þegar fullyrðingar um þetta efni komu hér fram áður gerði ég strax opinberlega aths. við þær og benti á að þær væru með öllu rangar. En ég sé á því, sem hv. þm. Tómas Árnason vikur að í sinni ræðu, að það hefur a. m. k. farið fram hjá honum hvaða upplýsingar ég hafði gefið áður um þetta mál. Mér þykir því full ástæða til þess að rekja hér málið nokkru nánar og þá til upplýsingar bæði fyrir hann og aðra.

Það, sem hér er um að ræða, er að á vegum Alþjóðahafrannsóknaráðsins fór fram allsherjarúttekt á stöðu þorskstofna í Norður-Atlantshafi á árinu 1971 aðallega. Ráðið hafði komið sér saman um að láta fara fram mjög ítarlega skoðun á stöðu allra þorskstofna á þessu hafsvæði, bæði á Norðaustur-Atlantshafi og Norðvestur-Atlantshafi, og þær fiskveiðinefndir, sem starfa á vegum Alþjóðahafrannsóknaráðsins á báðum þessum svæðum, stóðu að þessum athugunum. Tíu heimsþekktir fiskifræðingar báru höfuðábyrgð á þessum rannsóknum og sömdu síðan mjög ítarlega skýrslu um málið sem síðan var afgr. á fundi Alþjóðahafrannsóknaráðsins. Þessi skýrsla var auðvitað ekki aðeins send okkur íslendingum og ekki aðeins send íslenska sjútvrn., heldur öllum þeim sem áhuga hafa yfirleitt á þessum málum hér á þessum svæðum. Henni var ekki stungið undir stól hér eins og sumir hv. þm. virðast halda, heldur var þetta eitt af stærstu umræðuefnum í íslenskum blöðum og íslenskum tímaritum, sem eitthvað fjalla um þessi mál, á þessum tíma og tekið upp af íslenskum stjórnvöldum, eins og ég skal rekja hér nokkru nánar. En sú niðurstaða, sem kom fram í þessari allsherjarúttekt fiskifræðinganna um stöðu þorskstofna í Norður-Atlantshafi, var í meginatriðum á þá lund að þeir bentu á að allir þorskstofnar í Norður-Atlantshafi væru fullnýttir og nota mætti orðið ofveiddir um þá alla nema íslenska þorskstofninn. Þar var notað orðið að hann væri að fullu nýttur.

Það var margt mjög athyglisvert sem kom fram í þessari skýrslu, einkum og sérstaklega það atriði, sem fiskifræðingarnir drógu fram í sambandi við sína athugun, sú stórkostlega breyting sem átt hefði sér stað í fiskveiðum fiskveiðiþjóða, sem veiðar stunda á þessu hafsvæði einmitt á áratugnum frá 1960—1970 einkum að því leyti til hvað stór hluti fiskiskipaflotans, sem veiðarnar stundar, væri orðinn með þeim hætti að hann gæti valið sér auðveldlega veiðisvæði eftir því sem hentaði hverju sinni og upplýsingar lægju fyrir um. Það væri orðið mjög auðvelt að hreyfa þessi stóru skip frá fiskimiðum til fiskimiða og þau hefðu aðstöðu til þess að vera á fiskimiðunum langan tíma í einu. Sem sagt, flotinn var ekki jafnstaðbundinn og hann hafði verið áður, og þá kom veiðin skiljanlega út með allt öðrum hætti á meðan mátti segja að tilteknir fiskifloti frá aðeins nokkrum tilteknum þjóðum stundaði ákveðin fiskimið, en ekki önnur. En nú var sem sagt þessi mikilvæga breyting orðin á, að megnið af fiskiskipaflotanum, hinum afkastamikla, var orðinn hreyfanlegur á þennan hátt, að hann gat valið sér veiðisvæði hvar sem var og hvolfdi sér svo að segja yfir þar sem best veiddist hverju sinni eða útlitið var best. Þar með var auðvitað ofveiðihættan orðin miklu meiri en áður.

Svo bar við að þegar þessi skýrsla var fullunnin á vegum Alþjóðahafrannsóknaráðsins, þá leið þó nokkur tími frá því að skýrslan var tilbúin og undirrituð af þeim, sem höfðu unnið hana, þar til fundur var haldinn í Alþjóðahafrannsóknaráðinu til þess að ganga þar endanlega frá samþykkt ráðsins á skýrslunni. Einn íslenskur fiskifræðingur var í hópi þessara 10 heimsþekktu fiskifræðinga sem unnu þessa skýrslu. Af þessum ástæðum var það að Hafrannsóknastofnunin íslenska sendi sjútvrn. strax nokkrar upplýsingar um þær niðurstöður sem komu fram í þessu áliti, sendi þær til rn. merktar sem trúnaðarmál, þar sem ekki þótti viðeigandi að birta þetta formlega á meðan sú stofnun, sem átti að taka skýrsluna til endanlegrar afgreiðslu, hafði ekki haldið fund um málið. En um þetta leyti stóðum við íslendingar einmitt í því að gera ýmsar ráðstafanir í okkar fiskveiðimálum og þá sérstaklega varðandi útfærsluna í 50 mílur. Við tókum þessa skýrslu strax og notfærðum okkur hana mjög til rökstuðnings fyrir okkar máli í viðræðum okkar við Breta. Lögðum þar drögin á borðið sem við höfðum í okkar höndum og þeim hlaut að vera kunnugt um, þó að þau væru ekki endanlega samþ., svo að þau voru notuð af okkar hálfu eins og hægt var. En það var ekki aðeins að þetta væri gert, heldur var skýrslunni, á meðan þetta lá fyrir sem trúnaðarmál, sem ekki var ýkjalengi, dreift til landhelgisnefndar sem starfaði hér með fulltrúum

allra flokka, þannig að þeir fengu allir skýrsluna og efni hennar. Og að sjálfsögðu var málið rætt í ríkisstj., eins og það var rætt af hálfu þeirra samningamanna sem höfðu með landhelgisviðræðurnar að gera af hennar hálfu um þetta leyti.

En þetta er ekki nema aðeins lítill hluti af því sem gerðist í sambandi við þessa merkilegu skýrslu og umr. um hana og upplýsingar varðandi hana hér hjá okkur. Ég tel því að það sé rétt að rekja hér, jafnhliða því sem ég hef þegar sagt, hvað var að gerast í okkar fiskveiðimálum einmitt um þetta leyti. En það var að við höfðum tekið ákvörðun, eins og menn kannast við, um að stækka okkar fiskveiðilandhelgi úr 12 sjómílum í 50 mílur og átti að taka gildi 1. sept. á árinu 1972. Það hafði að lokum tekist fullkomin samstaða allra stjórnmálaflokka í landinu um það hvernig skyldi staðið að framkvæmd þeirrar útfærslu með allsherjarsamþykkt hér á Alþ., sem allir þm. 60 talsins tóku þátt í, en þar var grundvöllurinn lagður að því hvernig skyldi vinna að útfærslunni og við hverja skyldi sérstaklega semja um einhverjar fiskveiðiheimildir, m. a. vegna þess hvernig þessi mál voru í pottinn búin frá fyrri tímum.

Við vorum því um þetta leyti, þegar þessar upplýsingar komu hér fram og lágu fyrir, einmitt í óða önn að gera ráðstafanir af okkar hálfu á mörgum sviðum til þess að draga úr þeirri ofveiði sem við töldum þá vera á íslensku fiskstofnunum og þá ekki síst þorskstofninum, og bentum á það æ ofan í æ hvað mikil hætta væri einmitt á því að þrátt fyrir vissar upplýsingar, sem lágu fyrir frá Hafrannsóknastofnuninni um að staða íslenska þorskstofnsins væri ekki slæm. Það kemur hér fram í skýrslum, sem ég skal greina frá síðar, að álit þeirra var ekki á neinn hátt eins skýrt og alþjóðafiskifræðinganna í þessari skýrslu, sem m. a. kom fram í því að þegar við unnum að því að setja hér reglur um takmörkun á veiðiheimildum í okkar landhelgi gagnvart okkar eigin mönnum, þá beinlínis lagði Fiskifélagið til að við drægjum ekki úr okkar sókn vegna þeirra upplýsinga, sem þá lágu fyrir. En það voru till. þeirra á árinu 1972, þar sem Fiskifélagið benti sérstaklega á að það teldi að hér væri ekki um beina ofveiði enn þá að ræða hjá okkur, sbr. þessa skýrslu, heldur að stofninn væri fullnýttur og að telja mætti alveg víst að nú drægi það mikið úr sókn útlendinganna í okkar fiskstofna að við þyrftum ekki sjálfir að draga verulega úr okkar sókn.

Við gáfum síðan út reglugerð um stækkun okkar fiskveiðilandhelgi úr 12 mílum í 50 mílur og tókum þá upp í fyrsta skipti í okkar fiskveiðisögu ákvæði um að loka fullkomlega vissum svæðum við landið til friðunarráðstöfunar, fyrir öllum veiðum. Þannig lokuðum við tilteknu svæði á aðalhrygningarstöðvum þorksins skv. áliti Hafrannsóknastofnunarinnar og bekktra fiskimanna sem gerðu till. um afmörkun svæðisins. Slík lokun ákveðinna svæða af okkar hrygningarsvæðum hafði aldrei þekkst áður, enda höfðu fiskifræðingar okkar hvað eftir annað, þegar málið hafði verið tekið upp á Alþ., beinlínis sagt að þeir legðu ekki kapp á slíkt.

Í reglugerð okkar í sambandi við útfærsluna í 50 mílur var einnig ákveðið að loka allstóru veiðisvæði fyrir Norðausturlandi þann tíma ársins sem reynslan hafði sýnt að þar var mest um smáfisk að ræða. Slík allsherjarlokun hafði heldur aldrei þekkst áður hjá okkur.

Síðan fylgdi hver reglugerðin á fætur annarri um þetta leyti þar sem nýjum og nýjum svæðum fyrir Norður- og Norðvesturlandi var lokað um lengri eða skemmri tíma fyrir togveiðum, jafnhliða því sem reglur voru settar um stórkostlega skerta aðstöðu þeirra skipa til veiða við landið sem veiddu með botnvörpu. Reglugerðir voru einnig gefnar þá út um að banna algjörlega þorskveiðar í herpinót sem voru þá hafnar hér í allríkum mæli. Minni háttar undantekning var gerð á litlu svæði fyrir Norðausturlandi um takmarkaðan tíma, en um allt aðalveiðisvæðið gilti fullkomið veiðibann með þessu veiðarfæri. Einnig var sett reglugerð sem miðaði við að banna veiðar með þorskanetum sem höfðu minni möskva en þar var tiltekið. Þar var um verulega breytingu að ræða frá því sem áður var. Einnig var sett reglugerð sem miðaði að því að takmarka fjölda neta sem skip höfðu heimild til að hafa í sjó hverju sinni. Þessu var síðan fylgt eftir með því að ráða allmarga menn til sérstaks eftirlits víða um landið til þess að líta eftir því að þessar reglur væru haldnar. Það fór auðvitað ekkert á milli mála og þóttust víst allir vita að þessar reglur yrðu ekki allar haldnar og það yrði ekki hlaupið að því að sveigja menn frá þeim háttum sem þeir höfðu bundið sig við um langan tíma, bæði með netafjölda í sjó og annað þess háttar, að þar yrðu ekki einhver afföll á, og er þar vitanlega ekki um að sakast við neinn. En þessar ráðstafanir voru sem sagt allar gerðar um þetta leyti.

Auk þess var starfandi sérstök n. allra þingflokka til að endurskoða þær reglur, sem í gildi höfðu verið, og til að gera till. um nýjar reglur um hvernig ætti að standa að því að nýta hina nýju stækkuðu fiskveiðilandhelgi okkar. Þannig var skipuð 5 manna n. þm. 11. okt. 1971 — strax 11. okt. 1971 — og í þeirri n. voru Gils Guðmundsson, sem var skipaður form., Guðlaugur Gíslason, Ingvar Gíslason, Karvel Pálmason og Jón Árm. Héðinsson. Þessi n. starfaði síðari hluta ársins 1971 og síðan á árinu 1972 og allt fram á árið 1973. Sú breyt. varð síðar á skipan n. að Steingrímur Hermannsson tók þar við störfum Ingvars Gíslasonar og vann lengst af í þessari nefnd.

Sem sagt, á árinu 1972 og nokkuð fram á árið 1973 var unnið ítarlegt starf að því hvernig við ættum að standa að því að hemja sókn í okkar fiskstofna og hvernig við ættum að stjórna veiðunum, og á þessum tíma gerir Hafrannsóknastofnunin, fiskifræðingar okkar, till. til þessarar n. Og það vildi svo til, að Hafrannsóknastofnunin sendi tvívegis á árinu 1972 till. um fiskveiðarnar. Fyrri till., sem Hafrannsóknastofnunin lagði fram, voru dags. 21. sept. 1972, en endurskoðaðar till. fiskifræðinganna voru dags. 2. nóv. 1972. Fiskifélagið gerði að sjálfsögðu sínar ítarlegu till. líka og fjöldamörg samtök útvegsmanna, og það lágu fyrir þessari n. allítarleg álit um þessi mál frá öllum landshlutum. Það kemur greinilega fram í þeim gögnum, sem

send voru þessari n., m. a. frá Hafrannsóknastofnuninni, að þar vitnar hún til þeirrar alþjóðlegu skýrslu sem hér hefur verið m. a. minnst á.

Það var því sannarlega fjallað um allar þær upplýsingar um þetta leyti sem þarna komu fram, bæði af hálfu opinberra aðila, allra þeirra n. sem settar höfðu verið með fulltrúum allra flokka, bæði í sambandi við lagasetningu á Alþ. og eins til samninga við útlendinga og í sambandi við landhelgismálið, — allt lá þetta fyrir þessum aðilum og ekki aðeins þetta, heldur fóru síðan fram, m. a. í tímariti Fiskifélagsins, tímaritinu Ægi, allmiklar umræður um þessi mál. Ég fer ekki að rekja þær að öðru leyti en því að vekja athygli á að þar urðu nokkur athyglisverð skrif á milli eins af okkar þekktustu fiskifræðingum, Jakobs Jakobssonar, og fiskimálastjóra, Más Elissonar, vegna þess að Jakob Jakobsson kemur þá — þá er komið fram á árið 1973 — fyrstur manna fram með það að hann sé ekki algjörlega sáttur við þá reikningsaðferð sem fiskifræðingarnir 10, þessir heimsþekktu sem stóðu að verkinu á vegum Alþjóðahafrannsóknaráðsins, hefðu beitt varðandi íslenska þorskstofninn sérstaklega. En í þessari skýrslu, þar sem einn þekktur fiskifræðingur okkar hafði tekið þátt í, kom fram að íslenski þorskstofninn var talinn miklu öruggari og jafnari stofn en aðrir þorskstofnar í Norður-Atlantshafi, það hefði sýnt sig af langri reynslu að sveiflur í honum væru miklu minni en í öðrum þorskstofnum og af þeim ástæðum væri ekki þörf á að reikna með jafnafgerandi aðgerðum til þess að ná þeim stofni upp og þeir teldu að byrfti við aðra þorskstofna. Jakob vakti þá athygli á því að hann væri ekki ásáttur um þetta, það hefði mátt segja um íslenska þorskstofninn ekki síður en hina að hann væri ofveiddur, en ekki aðeins fullnýttur, ef hefði verið notuð sams konar reikningsaðferð varðandi hann og hina stofnana. Og Jakob lagði áherslu á það í skrifum sínum í Ægi að það væri kominn tími til þess að við hættum að nota þetta orð, sem fiskimálastjóri notaði sí og æ, að íslenski stofninn væri ekki ofveiddur, heldur aðeins fullnýttur, — það væri kominn tími til þess að nota orðið ofveiddur um hann líka.

Um þetta urðu sem sagt í tímaritinu Ægi allmikil skrif á milli þessara tveggja þekktu manna, hvað væri hið rétta í þessum efnum. Ég bendi aðeins á þetta til rökstuðnings því að það var víðs fjarri því, sem hér er verið að reyna að gefa í skyn, að upplýsingar hafi verið gefnar af Hafrannsóknastofnuninni til sjútvn. á þessum tíma um hættuástand okkar fiskstofna sem rn. hafi síðan lagst á. Allt slíkt er auðvitað hreinn tilbúningur og þvættingur, enda væru menn í rauninni að ákæra verulega Hafrannsóknastofnunina sjálfa, fiskifræðingana, því að ekki hefur þeim komið til hugar að halda þannig á málum að þeir ættu að hvísla einhverju að rn. um það hvað kom út úr alþjóðlegri skýrslu sem birt var varðandi þessi mál og þeir höfðu sjálfir tekið þátt í, enda lágu þeir ekkert á því þegar ráðið var búið að taka skýrsluna fyrir. Þá var aðeins eftir þessi stutti tími frá því að skýrslan lá í höndum fiskifræðinganna þar til hún var borin undir Alþjóðahafrannsóknaráðsfund til endanlegrar afgreiðslu sem þeir óskuðu eftir að farið væri með efni skýrslunnar sem trúnaðarmál.

Ég gæti auðvitað rakið hér í miklu lengra máli og óteljandi röksemdum svo að segja hvernig þessi mál bar að og hvernig að þeim var unnið á árinu 1972 og árinu 1973. Það sýnir aðeins að þeir, sem reyna að halda einhverju öðru fram eða á þá lund að hér hafi eitthvað verið falið fyrir þjóðinni af upplýsingum sem gefnar hafi verið um stöðu íslenskra fiskstofna um þetta leyti, þeir eru annaðhvort mjög illa að sér um þessi efni og hafa lítið fylgst með því sem var að gerast um þetta leyti eða þá að þeim þykir hægilegra að halda öðru fram en því sem er rétt.

Þessi mál lágu sannarlega fyrir Alþ. til afgreiðslu og Alþ. afgreiddi lög á þessu tímabili um það sem það taldi að rétt væri að gera til þess að hefta sókn í íslensku fiskstofnana. Það er auðvitað enginn vandi að koma á eftir og halda því fram að við hefðum þurft að gera betur en við gerðum. Reynslan hefur sýnt það að við hefðum vissulega þurft að færa landhelgina út í 50 mílur og hefja þá baráttu, sem þar var hafin, helst nokkrum árum áður en við gerðum það. En um það tókst ekki samstaða. Það er líka hægt að segja að við hefðum ekki átt að semja við útlendinga um neinar heimildir til fiskveiða innan 50 mílnanna eftir 1. sept. 1972. Auðvitað hefði það gefið betri raun. En það samkomulag, sem ég vitnaði til og var gert hér á Alþ. á mjög einstæðan hátt, þar sem allir alþm., hver og einn einasti, stóðu að samkomulaginu sem var gert á Alþ. 15. febr. 1972. Það var miðað við það og það tókst ekki samkomulag á öðrum grundvelli en að sú stefna yrði mörkuð að jafnhliða útfærslunni skuldbyndum við okkur til þess að halda áfram samningaviðræðum, sérstaklega við Bretland og V-Þýskaland, um ákveðinn umþóttunartíma fyrir þessar þjóðir. Ég þarf ekki að fara út í að rekja það. Menn vita mætavel hvaða ástæður lágu til þess fyrst og fremst að menn töldu að þetta mál okkar, 50 mílna landhelgin, yrði varla sótt af okkar hálfu án þess að gefa þessum aðilum með þá samninga, sem þeir töldu sig hafa fullgilda í höndunum, — það yrði varla sótt án þess að við gæfum þeim nokkurn tíma til umþóttunar. Og þessi stefna var mörkuð.

Það var því engin deila um það allan þann tíma sem baráttan við þreta stóð, frá 1. sept. 1972 og þar til samningur var gerður við þá 13. nóv. 1973, allir flokkar höfðu viðurkennt að þeir mundu fallast á þá leið í landhelgisbaráttunni að samið yrði um umþóttunartíma. Ágreiningurinn var allur um hvað þessi umþóttunartími ætti að vera langur og hvað veiðiheimildir breta og vestur-þjóðverja ættu að vera miklar.

Það vita svo allir hv. þm. hvernig fór í þessum efnum, þar sem gerður var síðan samningur við breta 13. nóv. 1973, til tveggja ára og um tiltekna veiðiaðstöðu hér við land. Ég var einn í þeim hópi sem lét það koma mjög skýrt fram á Alþ. að ég teldi að þá hefði verið samið til of langs tíma og um of mikil veiðiréttindi En þar sem mér var ljóst að það var engin leið að koma öðru fram og það lá fyrir skýr meiri hl. hér á Alþ., fyrir þessari samningagerð, þá

féllst ég á það fyrir mitt leyti að standa að þeim samningi eins og Þingtíðindin bera gleggst vitni um. Sá fyrirvari, sem ég hafði þá á og minn flokkur í þessum efnum, kemur skýrt fram í Þingtíðindum, hvað það var sem við töldum að væri áfátt við þann samning og hefði þurft að vera á annan veg og hvers vegna við féllumst á samningsgerðina.

Vegna þeirrar alvarlegu stöðu, sem upp er komin í þessum málum hjá okkur, er mjög mikilvægt að menn átti sig á því hvað hefur raunverulega verið að gerast í þesum málum okkar fyrir utan almennar aðgerðir sem við höfum gripið til og liggja fyrir í reglugerðum og tilskipunum, lokun svæða og heftingu á veiði og svo aftur á hina hliðina í sambandi við stækkun okkar fiskiskipaflota og aukna sókn, eins og menn tala um, en ég nota nú ekki í sambandi við okkar þorskveiðar það orð og vek athygli á því að það liggja ekki fyrir fræðilega hjá okkur neinar mælingar um sóknarþunga af okkar hálfu í þorskveiðar. Engar slíkar mælingar liggja fyrir. En það er fróðlegt í þessum efnum að sjá hvað hefur verið að gerast varðandi þessi mál og líta þá bara á beinar tölur úr opinberum skýrslum. Ég skal nefna hér nokkrar tölur sem segja býsna mikið um þetta.

Fyrsta árið, eða árið næsta áður en við færðum okkar landhelgi út í 50 mílur, þ. e. a. s. árið 1971, sem var síðasta heila árið sem útlendingar gátu stundað hér veiðar eftir gamla laginu án þess að okkar nýju reglur væru farnar að taka gildi sem miðuðu að því að draga úr sókn útlendinga, á því ári, árinu 1971, veiddu útlendingar hér á Íslandsmiðum af svonefndum þorskafla, — það er ekki aðeins þorskurinn einn, heldur einnig ufsi og karfi og ýsa, — þá veiddu þeir hér 384 þús. tonn það ár. Árið 1972 seig afli þeirra niður í 309 þús. tonn, þá gætti sem sagt útfærslunnar nokkurn tíma. Árið 1973 seig afli þeirra enn niður í 279 þús. tonn. Árið 1974 seig afli þeirra enn niður í 230 þús. tonn. Og eftir því sem upp hefur verið gefið um afla aðalveiðiþjóðanna, en formlegar skýrslur liggja ekki fyrir um árið 1975, ekki nákvæmar, hefur afli útlendinga á Íslandsmiðum verið 185 þús. tonn árið 1975. Eins og menn sjá hefur afli útlendinga minnkað á þessu tímabili um helming, rétt að segja um helming.

En það er líka fróðlegt að sjá hvernig afla íslendinga hefur verið háttað á þessu sama tímabili.

Árið 1971, árið áður en við færðum út, var heildarafli okkar af þessum fisktegundum 417 þús. tonn, en árið 1975 var þessi afli ekki 417 að vísu, hann var 419. Hann hefur haldist svo að segja óbreyttur eins og tölurnar sýna á þessu tímabili, með minni háttar sveiflum, en nálega óbreyttur, heildarafli okkar. En heildarafli útlendinganna á þessum miðum hefur fallið um helming.

Þegar athugaður er sérstaklega samdrátturinn í veiðum breta og þjóðverja, sem hér skipta mestu máli, þá er þetta mjög svipað hjá þeim. Árið 1971 veiddu þeir 335 þús. tonn, en nú árið 1975 165 þús tonn. Það er því auðvitað ekkert um það að villast að á þessu tímabili höfum við náð umtalsverðum árangri þó að hann hefði mátt vera meiri. Við höfum verið að draga úr sóknarþunga útlendinganna. En það, sem kannske skiptir þó allra mestu máli, er að við náðum algjörlega tökum á því að bægja frá okkur þeirri hættu sem var talin af öllum þeim, sem best þekktu til, mesta hættan varðandi þessi mál sem við stóðum frammi fyrir þegar við vorum að fara í útfærsluna út í 50 mílur. Við stóðum þá einmitt frammi fyrir því, að hinn stóri, hreyfanlegi floti, stóru skipin, sem gátu legið í 2—3 mánuði á miðunum, jafnvel lengur í einu, með allar sínar stórkostlegu upplýsingar til veiða, var einmitt byrjaður, byrjaði samkvæmt skýrslum Fiskifélagsins, þá kemur skýrt fram hjá þeim, hann byrjaði að hreyfa sig hingað til Íslandsmiða seinni hluta ársins 1969, er hér allverulega árið 1970, — það ýtti þá fyrst og fremst við okkur, að nú gætum við ekki beðið lengur, — og á árinu 1971. Þetta var t. d. í fyrsta skipti á þessum árum sem við höfðum séð á okkar miðum stór verksmiðjuskip rússa og margra annarra þjóða, og skýrslur breta sýndu það líka að stóru skipin þeirra, sem við vildum einmitt losna við fyrst og fremst, voru einmitt að byrja veiðar hér á þessum slóðum á þessu tímabili. Fyrir alla þessa stórvaxandi sókn tókum við með öllu, gátum strikað hana út.

En þetta breytir ekki því að við stöndum frammi fyrir alvarlegum vandamálum í dag af því að við hefðum þurft að geta gert betur. En það er allt of ódýr skýring hjá þeim sem halda að í almennu pólitísku þrasi geti þeir afgreitt þetta með því að segja — ja, öll ólukkan núna stafar eiginlega af því að Lúðvík Jósepsson var ekki nógu harður og hann sveikst um að hlíta þeim aðvörunum sem fram komu frá fiskifræðingunum árið 1972. Allt slíkt er auðvitað hreint slúður. Allar upplýsingar þeirra lágu opinberlega fyrir, var um fjallað, lög voru sett á Alþ. reglugerðir voru gefnar út. En við höfðum ekki sakarafl til þess að víkja útlendingunum fulkomlega af okkar miðum, urðum að láta þar í minni pokann, eins og menn vita. Menn getur greint á um það hvort við hefðum getað gert betur en við gerðum í þeim átökum, alveg eins og menn getur greint á um það nú í dag hvort við gætum gert meira en gert er í dag til þess að koma í veg fyrir veiðar útlendinga.

Ég hygg að það, sem ég hef sagt um þessi mál, þó að margt sé í rauninni ósagt og væri freistandi að fara hér inn á, — ég hygg þetta sé fullkomið svar fyrir hv. þm. Tómas Árnason við því sem hann vék hér sérstaklega að um það hvernig þessum málum hafi í rauninni verið háttað á þesum tíma, hvað hafi komið fram af þessum málum, hvað hafi verið gert, og þá er auðvelt að rekja sig áfram í því hverjir það eru sem hefðu kannske viljað gera eitthvað meira.

En till. hv. þm. fjallar í rauninni um annað en það sem ég hef gert hér aðallega að umtalsefni, en þar var ég fyrst og fremst að svara því sem að mér var beint. Till. hans fjallar um að gerðar séu sérstakar ráðstafanir til þess að leita eftir nýjum fiskimiðum og þá sérstaklega nýjum veiðimöguleikum og að efnt verði til tilraunaveiða. Ég skal ekki verða langorður um þetta, en vil aðeins segja það, að á þeim

tíma öllum sem ég hef gert hér að umtalsefni hefur verið unnið að þessu. T. d. í minni stjórnartíð var unnið að þessu eins og að mögulegt var talið að gera á þeim tíma. Sjálfur hafði hv. þm. m. a. minnst nokkuð á það, að hér voru gerðar tilraunir til veiða á kolmunna og spærlingi og aðilar studdir til þess á sínum tíma.

Það er rétt, sem hér kom fram hjá hæstv. sjútvrh., að meginástæðan til þess að t. d. spærlingsveiðar eru ekki miklum mun meiri en raun hefur á orðið, t. d. á s. l. ári, er sú, að það er enginn rekstrarlegur grundvöllur fyrir slíkum veiðum á meðan svo að segja ekkert er borgað fyrir það hráefni sem fer til mjölvinnslu. Það getur auðvitað enginn aðili, miðað við okkar tilkostnað og kröfur okkar útgerðar og sjómanna, stundað slíkar veiðar með því að fá greiðslu svipað því sem ákveðið hefur verið við okkar hráefnisverðsákvörðun. Þar liggur aðalvandinn. Ég álít fyrir mitt leyti að ef það þætti tiltækilegt að hækka verðið allverulega á spærlingi til vinnslunnar, þá efast ég ekkert um að allmargir bátar mundu hefja þær veiðar. Og það þyrfti að hafa eins og áður nokkurn hemil á því hvernig að þeim veiðum er staðið, því að það er mikil hætta á því að þorskur fljóti þar með, en spærlingsveiðarnar eru stundaðar með trolli sem er alveg ólöglegt gagnvart þorskveiðum.

En varðandi kolmunnann, þá hafa líka bátar verið styrktir nokkuð til útgerðar. Þar höfum við rekið okkur á það að veiðar á kolmunna hafa hjá öllum mistekist á þeim tíma sem við höfum sérstaklega haft áhuga á að reyna þær veiðar, en það er sem sagt eftir loðnutímabilið. Ef við hefðum viljað senda okkar skip á fiskimiðin fyrir vestan Írland, á aðalhrygningarstöðvar kolmunnans, eins og norðmenn hafa gert nokkuð og nokkrar aðrar þjóðir, strax í marsmánuði og verið þar í mars og apríl, þá er enginn vafi á því að við hefðum getað veitt talsvert af kolmunna eins og þeir, ef útgerðarmenn okkar hefðu verið fúsir til þess. En menn hafa alls ekki viljað skipta á því úthaldi, miðað við sína aðstöðu, og loðnuveiði. Fyrir því er enginn grundvöllur. En kolmunnaveiðar eftir að kemur fram í maí og júní og júlímánuð, sem reyndar hafa verið hér hjá okkur, þær hafa ekki heppnast. Það eru ýmis útgerðarfyrirtæki hér sem tekið hafa á sig mikla skelli, mikil útgjöld í sambandi við þessar veiðar og þær hafa ekki heppnast. Og ég hef ekki neina trú á því að gerðar verði verulegar tilraunir til þessara veiða áfram, nema þá að opinberir aðilar vilji styðja við slíkar tilraunaveiðar með allverulegum fjármunum. Þá má auðvitað fá betur úr því skorið hvort þessar veiðar geta gefið betri raun en orðið hefur, og þá væri kannske einnig hægt að fullreyna það hvort hægt er að vinna eitthvað af þeim afla sem okkar afkastamestu skip gætu þó náð í til manneldis.

Ég er hins vegar á því að við getum gert ýmislegt í sambandi við tilraunaveiðar sem gæti dreift okkar flota, eins og vakir fyrir hv. þm. með till. Og alveg sérstaklega legg ég áherslu á það, að við gætum hafist handa í sambandi við rækjuveiðar á djúpmiðum. Það liggur t. d. fyrir, Hafrannsóknastofnunin hefur staðfest það sem okkar sjómenn voru búnir að halda lengi fram, hún hefur staðfest með sínum rannsóknum að það eru býsna auðug rækjumið úti fyrir Austurlandi, einnig úti fyrir Norðurlandi, þar sem er um úthafsrækju að ræða sem er eftirsótt vara. En ég hef heldur enga trú á því að skorið verði úr þessu á fullnægjandi hátt, hvort þetta getur orðið arðvænleg útgerð, nema til þess fáist verulegur fjárhagsstuðningur hins opinbera í byrjun. Einstakar útgerðir hafa ekki bolmagn til þess að tryggja sínum áhöfnum það kaup og standa undir þeim rekstrarkostnaði sem þessu fylgir. En það hefði verið þýðingarmikið að ekki minna en 2—3 skip úr hvorum landsfjórðungi um sig, fyrir norðan og austan, hefðu getað stundað þessar veiðar í tvo, þrjá mánuði samfleytt til þess að fá rækilega úr því skorið hvernig gæfist slík útgerð. Þar með hefði kannske tekist að leggja grundvöll að því að þessar veiðar væru hafnar fyrir alvöru án stuðnings.

Málið snýst því einfaldlega um það hvað hið opinbera treystir sér til að gera í þeim efnum að styrkja menn til byrjunar útgerðar, af því að það er ekkert gamanmál fjárhagslega séð að hefja slíkar veiðar.

Ég veit að það er ekki aðstaða til þess að halda þessum umræðum miklu lengur áfram nú — eða ég get ekki tekið hér allan tímann. Ég hefði þó sannarlega haft áhuga á því að ræða í sambandi við þetta mál að nokkru leyti þá frásögn sem skýrt er frá í blöðum í dag, að sérstök stjórnunarnefnd fiskveiða við landið er að komast að þeirri niðurstöðu og farinn að leggja til að það eigi að stöðva allar veiðar íslendinga, sem gefa einhverja raun, í 2—4 mánuði á þessu ári til þess að ná því marki að draga niður aflamagn okkar af þorski um þriðjung frá s. l. ári, um 90 þús. tonn af 270 þús. tonnum sem veiðin var. Það er enginn smáræðis vandi sem við stöndum frammi fyrir ef það á að verða ofan á að við bregðumst þannig við að við segjum einfaldlega, t. d. við allan okkar togaraflota og öll þau skip sem eitthvert magn bera að landi, að þar skuli menn taka sé fjögurra mánaða frí á komandi sumri. Það þýðir auðvitað í heilum landshlutum, þar sem vinnan er að langmestu leyti fiskvinna, frá 80—90% af allri almennri vinnu, hún er vinna við að tilreiða þorsk til útflutnings, — það er stærri verkfallsboðun en maður hefur heyrt nefnda hér í okkar landi fyrr. Það er því vissulega ástæða til þess að þessi mál séu rædd, hvernig á að taka á þeim, og reynt að ná sem allra víðtækustu samstarfi um það. Einmitt út frá þessu sjónarmiði þykir mér einsýnt, að það verður ekki undan því vikist að hið opinbera leggi á sig nokkrar fjárhagslegar byrðar til þess að reyna að dreifa flotanum, m. a. í sambandi við nýjar veiðar. En það þýðir ekki að segja mönnum einfaldlega að þeir skuli gera þetta sjálfir, því að það kostar meira en svo að íslensk útgerð geti yfirleitt gert það. Ég álít því að sú n., sem kemur til með að fjalla um þessa till., þurfi að athuga að breyta till. þannig að það sé ákveðið að verja skuli ákveðnum fjármunum í því skyni að gera tilraunaveiðar kleifar. Til þess verður hreinlega að leggja fram fé, nokkra tugi millj. kr. Um það þýðir ekkert að fást. Ef þetta á að verða þarf að gera það.

Almenn þál. og áskorun gildir ekki nema það sé hreinlega tekið fram að til þess sé ætlast að ríkisstj. fái heimild til þess að taka lán eða útvega sér fjármuni á annan hátt til þess að standa undir þessum aðgerðum.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Um þessa litlu till. um fiskileit og tilraunaveiðar hafa nú orðið allvíðfeðmar umr. og menn komið víða við og ætla ég að vísu ekki að blanda mér mjög mikið inn í þær umr. En heyrðist mér rétt, — og því miður er nú hv. 2. þm. Austurl. ekki við, — en heyrðist mér rétt að hann væri í gríðarlega langri ræðu áðan að fullvissa menn um að hann væri sérstakur fiskverndari og fiskleitarmaður? Hafi svo verið, þá hef ég heyrt rétt. Hann rifjaði það upp, sem áður hefur komið fram, að í ársbyrjun 1972 þingaði Norður-Atlantshafsfiskveiðiráðið um ástand fiskstofna í Norður-Atlantshafi. Þótti tími til kominn að bera saman bækurnar um hið alvarlega ástand, sér í lagi hið alvarlega ástand þorskstofna Norður-Atlantshafsins. Niðurstaða þessarar ráðstefnu varð sú, að þorskstofnar í Norðaustur-Atlantshafi hefðu þegar árið 1962 verði fullnýttir og þegar þar var komið sögu, árið 1972, löngu ofnýttir, þar með talinn hinn íslenski þorskstofn, enda þótt íslenskir fiskifræðingar síðar meir eða í framhaldi af þessari ráðstefnu hefðu nokkuð aðra skoðun í þessum efnum. Og niðurstaða ráðstefnunnar, sem var haldin í Danmörku, var sú að æskilegasta sóknin væri helmingi minni en sú sem var árið 1972, og ég legg áherslu á að hinn íslenski þorskstofn var ekki undanskilinn í þessu efni.

Hv. 2. þm. Austurl. rifjaði það upp að við hefðum sem mest að vinna við ýmsar friðunarráðstafanir þegar árið 1972, útfærslu landhelginnar í 50 sjómílur. Það er alveg hárrétt, það höfðum við. En við höfðum einnig sem mest að vinna í öðrum efnum, m. a. að því að afla okkur nýrra stórvirkra fiskveiðitækja, nýju togaranna, 60—70 talsins eða hvað þeir eru orðnir nú. Og við unnum ýmis önnur verk sem ekki verða beinlínis talin fiskverndarverk, eins og að semja við Breta um 130 þús. tonn af fiski árið 1973. Ég er ekki að gagnrýna hann fyrir það, ég samþ. þetta sjálfur enda þótt mitt atkv. væri ekki leigugreiðsla fyrir ráðherrastól eins og hans, eins og hann hefur sjálfur lýst átakanlega margsinnis. En þessi skýrsla, sem gefin var á miðju sumri árið 1972, var að sínu leyti alls ekki bjartari yfirlitum en sú skýrsla sem á síðasta ári var gefin út og nefnd hefur verið svarta skýrslan. Og spurningin er: Hvers vegna urðu svo lítil viðbrögð við þessu þá, árið 1972, sem raun ber vitni, þessu áliti Norður-Atlantshafsfiskveiðiráðsins? Það var ritað bréf upp úr miðju ári til sjútvrn., þar sem þessi skýrsla var lögð fram og alls ekki sem leyndarmál. Engin sérstök viðbrögð voru við þessari svörtu skýrslu, sem þá barst, umfram það sem við höfðum þegar markað okkur í fiskveiðimálum okkar, útfærsla landhelginnar og friðun og verndun bæði svæða og fiskstofna.

Ég er þeirrar skoðunar að það hafi verið mistök að taka þá skýrslu ekki alvarlegar en gert var. Ég er ekki þar með að segja að ég sé einn í þeim hópi sem tekur hina seinni svörtu skýrslu eins alvarlega og virðist vera að gangi hreint taugaveiklun nær, m. a., eins og minnst hefur verið á, tillaga gerð í þá átt að leggja hinum nýja fiskiskipaflota okkar. Það nær auðvitað engu tali og er óþarft. Þó að við verðum að taka fyllsta tillit til þess sem nú liggur fyrir og mjög rík áhersla hefur verið lögð á, þá er er óþarft gjörsamlega að missa stjórn á sér. En svo er helst að sjá sem ýmsir, sem maður hefði þó vænst, að héldu höfði sínu, séu hreint ekki með réttu ráði þegar þessi mál ber á góma nú.

Ég stóð ekki aðallega upp hér til að orðfæra þessi atriði sérstaklega, heldur til að minna á það, að ég hef nokkrum sinnum flutt till. hér á hinu háa Alþ. um bæði fiskileit og fiskrækt og fengið daufar undirtektir, að ekki sé meira sagt. Ég minnist þess ekki að einn einasti maður hafi yfirleitt tekið til máls um þær, t. d. till. sem ég flutti árið 1973 — till. til þál. um leit að nýjum karfamiðum í úthafinu, mál sem hafði verið rannsakað fyrir mig gaumgæfilega af sérfræðingum. Það var ekkert skeytt um þessa till. Þetta var í ráðherratíð hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar. Það er talið að hér suður og vestur af landinu sé gríðarlega stór karfastofn í úthafinu. Það hafa aðeins verið farnir fjórir leiðangrar á allt of litlu skipi búnu of litlu vélarafli til þess að rannsaka þennan karfastofn. Það er þó vitað að hann er gífurlega stór, en hefur ekki enn þá verið fundið, hvenær hann þéttist þannig að hann verði veiðanlegur. En það hlýtur þó að ske, eða a. m. k. ætla menn að svo sé um fengitímann. Engar rannsóknir hafa farið fram sem leitt hafa okkur í sanninn um hvort hér sé um veiðanlegan fiskstofn að tefla. Er þó einsýnt að ef þetta tekst, sem sérfræðingar binda vonir sínar við, þá mundum við í stað þess að leggja skipum okkar í tvo eða fjóra mánuði geta e. t. v. sent þessi stórvirku tæki á ný mið í stofn sem er alveg ónýttur enn. En viðbrögðin urðu sem sé engin við þessari till. minni né heldur fiskræktartill., sem ég hef áður flutt.

Ég get svo að lokum aðeins lýst því yfir að ég styð till. hv. þm. Tómasar Árnasonar um fiskileit og tilraunaveiðar. Hann fjallar hér um kolmunna og spærling, og rétt er það að þar virðast vera til stofnar sem mætti sækja fastar í eða öllu heldur — eins og með kolmunnann — nýr stofn sem við næstum því alls ekki höfum sótt í, en er með þeim stærstu og öflugustu í Norður-Atlantshafi. En ég vil leggja áherslu á við þá n. sem fær þetta til meðferðar, að hún taki til athugunar þá till. sem ég flutti á sínum tíma um leið að nýjum karfamiðum. Það er eins og ég segi, þær upplýsingar, sem lágu henni til grundvallar, voru unnar af sérfræðingi, þannig að þar er ekki um neinar lausafréttir að tefla, heldur rækilega rannsakað mál. Sá maður, sem mest hefur um þetta fjallað á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar, dr. Jakob Magnússon, hefur geysilega mikinn og einlægan áhuga á því að þessu máli verði hrundið í framkvæmd. Til þess þarf öflugt togskip, en við eigum nóg af slíkum skipum nú. Það var rannsóknaskipið Bjarni Sæmundsson sem reyndist,

eins og ég sagði, bæði of lítill og vélarvana til þess að hann hefði nægilegt afl til að rannsaka þetta á því dýpi sem þessi fiskstofn er yfirleitt finnanlegur.

Ég hvet til þess að menn taki mikið mark á áliti sérfræðinga okkar og meira en áður. Það fer ekkert milli mála um þær upplýsingar, sem lágu fyrir á miðju ári 1972, að allt of lítið tillit var tekið til þeirra. Hins vegar sýnist mér nú sem menn gjörsamlega gangi um skör fram í viðbrögðum sínum og æðibunugangi að kalla má við þeim að vísu áhyggjumiklu upplýsingum sem nú hafa verið fram fluttar vegna ástands þorskstofnsins íslenska. Við þurfum að leggja aukna áherslu á hvers konar fiskileit og rannsóknir og ræktun. Þetta kostar allt mikið fé, en því er áreiðanlega vel varið og verður vel varið. Við þurfum auðvitað skipakost Hafrannsóknastofnunarinnar. Og umfram allt verðum við að hlíta og fara eftir þeim ráðum sem vísindamenn okkar gefa okkur. T. d. þyrftum við að ganga af þeirri trú að fiskigöngur fari eftir lagabókstaf, en með þeim hætti hefur verið hér í þing gengið frá málum að kalla. Við þurfum að hafa rúma rammalöggjöf. Ég hef margsinnis tekið fram skoðun mína um nýtingu fiskveiðilögsögunnar. Við þurfum að stjórna nýtingunni hratt frá degi til dags að kalla að ráðum hinna færustu manna. Þetta er eitt dæmi um það. Þótt ég sé mikill þingræðissinni og krefjist aukins valds til handa stjórnmálamönnum, þá er þetta eitt dæmi um nýtingu fiskveiðilögsögunnar þar sem stjórnmálamenn eiga hvergi nærri að koma, heldur sérfræðingar á því sviði. Ég hef átt sæti í fiskveiðilaganefnd sem hefur að undanförnu fjallað um þessi mál. Mér er stórlega til efs að niðurstaða af rannsóknum hennar og umr. verði á þá lund sem ég hefði helst kosið. En eins og jafnan vill verða, þá er það málamiðlun sem þarf að nást, menn fá gjarnan ekki allt sem þeir ella hefðu kosið. Þó mun væntanlega það vinnast á að hægt sé að grípa til skyndiaðgerða til verndunar ákveðnum svæðum þar sem hætta er á ofveiði eða veiði á smáfiski. Og innan tíðar væntanlega sér þetta frv. dagsins ljós.

Við eigum eftir að vísu ótalmargt órannsakað til þess að þeir geti nokkra dóma kveðið upp, sérfræðingar okkar í þessum efnum, en allt að einu verðum við að fara í meginatriðum eftir till. þeirra. Það getur aldrei orðið okkur nema til góðs.

Flm. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég flutti talsvert ítarlega framsöguræðu fyrir þessari þáltill. um fiskileit og tilraunaveiðar og kom nokkuð víða við í minu máli og raunar ræddi ég málið á breiðari grundvelli en till. sjálf er orðuð. Ég vil láta í ljós ánægju yfir því hversu miklar umr. hafa orðið um till. og með þann áhuga sem komið hefur fram hjá mörgum þm. varðandi þetta mál, og ég er í sjálfu sér ekki undrandi á þessu, vegna þess að hér er um að ræða að mínum dómi mjög stórt mál eða kannske öllu heldur hluta af mjög stóru máli, þar sem eru okkar fiskveiðar og möguleikar okkar til þess að fullnýta alla þá fiskstofna sem hægt er að veiða á Íslandsmiðum.

Það liggur fyrir að flestir okkar helstu nytjafiskar tilheyra fiskstofnum sem eru ofveiddir. Þess vegna álít ég að á sama tíma sem við höfum lagt meginkapp á að færa fiskveiðilögsögu landsins út til þess að gera okkur kleift að nýta þá fiskstofna sjálfir sem veiddir eru á Íslandsmiðum, þá beri okkur að gera allt sem mögulegt er til þess að veiða þá fiskstofna, sem allir eru sammála um að ekki eru ofveiddir, í talsvert miklum mun meira mæli en gert er og gert hefur verið.

Ég kom sérstaklega inn á loðnuna og loðnuveiðarnar. Ég held að það sé samdóma álit fiskifræðinga að miklar líkur séu á því að hægt sé að lengja loðnuúthaldið til talsvert verulegra muna frá því sem nú er með því að veiða loðnu norður og norðvestur af landinu á sumrin, sérstaklega seinni part sumars og fram á haust. En til þess að við getum það þarf miklu meiri tilraunaveiðar en fram hafa farið til þessa. Það er t. d. vitað að hinum kraftmiklu göngum loðnunnar, sem ganga að Austurlandinu og suður fyrir landið og raunar stundum einnig vestur fyrir, en sérstaklega göngunum, sem ganga austur fyrir landið, fylgir ungloðna, sem verður eftir og snýr við aftur til norðlægra slóða. Það hefur ekki verið lagt í það mikið starf enn sem komið er að fylgja þessari loðnu eftir til baka og fylgjast með henni, hvað af henni verður, hvernig hún hagar sínum göngum og að hve miklu leyti mögulegt væri að veiða hana. Þetta er einn af þeim þáttum sem till. fjallar um.

Þá fjallar hún einnig um kolmunnann. Það er enginn vafi á því að möguleikar eru á talsvert verulegum kolmunnaveiðum. En til þess að það verði kleift þurfa að fara fram miklu víðtækari og meiri tilraunaveiðar en fram hafa farið til þessa ásamt leit. Ég gat um það í framsöguræðu minni að Gunnar Hermannsson skipstjóri á Eldborgu, sem er einn af duglegustu aflamönnum íslenska fiskiflotans, skrifaði grein um tilraunaveiðar Eldborgar á árinu 1972 og sagði í þeirri grein svo, með leyfi hæstv. forseta: „Til þess að marktækur árangur náist, hvort heldur jákvæður eða neikvæður, þarf þó meira til en 1—2 veiði- og rannsóknaskip í 3 vikur eða mánuð af og til. Það er áreiðanlega engin ástæða til að gefast upp að svo stöddu, enda mættu menn hafa í huga að markaðsmál geta breyst til hins betra með litlum fyrirvara. Ef almenn neysla kolmunna ykist skyndilega yrði sannarlega annað uppi á teningnum með verðlag afurðanna og 600—1000 tonna mánaðarafli yrði þá varla litinn hornauga. Þá er enn fremur ósvarað þeirri spurningu hvort kolmunninn er veiðanlegur í júlí og ágúst eða á þeim tíma sem hann var að eyðileggja veiðarfærin fyrir okkur hér á árunum, eins og drepið var á í upphafi.“ En þarna á Gunnar Hermannsson við það að a. m. k. ein síldarverksmiðja á Austfjarðamiðum endaði í raun og veru með því að það gekk svo mikill kolmunni á miðin að síldveiðiskipin höfðu ekki frið til veiða vegna ánetjunar kolmunnans.

Það er viðurkennt að kolmunnastofninn sé einn allra stærsti fiskstofn í Norður-Atlantshafi. Þess vegna álít ég að það sé mjög þýðingarmikið að við Íslendingar leggjum á það áherslu að ganga úr skugga um hvort við getum í tals-

verðum mæli beitt okkar veiðiflota — nótaveiðiflota — á kolmunnaveiðar. Er talið að það megi veiða a. m. k. 100 þús. lestir af kolmunna á ári án þess að ofveiða stofninn og sumir halda miklu meira. Það liggur fyrir álit fiskifræðinga um að loðnustofninn sé það stór að það megi veiða a. m. k. 150—300 þús. tonn til viðbótar við það, sem nú er veitt, þannig að hér er ekki eftir svo litlu að slægjast ef nánar er að gætt.

Ég minntist á það í framsöguræðu minni, að úthafsrækjan svokallaða væri einn af þeim fiskstofnum sem fyllsta ástæða væri til fyrir íslendinga að gefa meiri gaum að en gert hefur verið, og skýrði frá því, að 65 togarar veiddu á árinu 1975 úthafsrækju við Grænland fyrir hvorki meira né minna en 26 milljarða ísl. kr. Þetta er að vísu fjórum sinnum meira magn en fiskifræðingar álíta að þessi stofn við Grænland þoli og þessar veiðar fóru yfirleitt fram í djúpkantinum við Grænlandsgrunninn. Eigi að síður er ljóst að við Grænland eru möguleikar á mjög miklum veiðum úthafsrækju. Ég er ekki í nokkrum vafa um það — og það er byggt á skoðunum bæði fiskifræðinga og sjómanna — að verulegt magn er af úthafsrækju í grunnkantinum við Ísland. Það hefur komið í ljós m. a. vegna þess að menn hafa orðið varir við margar fisktegundir sem lifa á rækjunni, t. d. grálúða, þorskur og margar fleiri fisktegundir mætti nefna í því sambandi. Þarna er einn möguleiki til viðbótar við það sem ég nefni í þáltill. minni. Svo er einnig karfinn, en eins og kunnugt er, þá er talið að það séu fleiri en einn karfastofn, það séu fleiri karfastofnar, og fiskifræðingum ber saman um að það þyrfti að rannsaka veiðimöguleika á karfastofninum í allmiklum mæli umfram það sem gert hefur verið.

Spærlingurinn er nú kannske sá fiskurinn af þeim, sem ég nefndi og ræddir hafa verið í þessu sambandi, sem er að sumu leyti kannske minnst álitlegur. Hann er mjög lítill fiskur, eins og menn vita, og það hefur verið nokkrum erfiðleikum bundið að vinna hann til manneldis. Þess vegna, eins og kom fram hjá hv. 2. þm. Austurl., hefur ekki verið fært að veiða hann með þeim árangri að veiðarnar stæðu undir sér, miðað við það verð sem fengist hefur fyrir afurðirnar. Eigi að síður kunna að reynast möguleikar í þessum efnum þó að síðar verði.

Hæstv. siútvrh. ræddi ýmsa þætti þessa máls og gerði grein fyrir starfsemi Hafrannsóknastofnuninnar í þessum efnum. Ég gerði því efni nokkur skil í framsöguræðu minni hvað Hafrannsóknastofnunin hefst að í sambandi við veiðitilraunir og leit að þeim fiskstofnum, sem hér er bent á, og svo auðvitað mörgum fleirum. Mér er ljóst að Hafrannsóknastofnunin hefur haft takmarkað fjármagn til ráðstöfunar og þess vegna hefur starfsemi hennar að sjálfsögðu verið takmörkuð. Ég fer ekki leynt með þá skoðun að ég álít að það ætti að veita meira fjármagn til þessarar starfsemi og það miklum mun meira en gert hefur verið. En það skal viðurkennt af mér, að það er alltaf erfiður hjátur í þessum og fleiri málum þegar kemur að því að útvega fjármagnið. En ég er þeirrar skoðunar að það muni borga sig fyrir íslendinga fljótlega að leggja meira og það miklum mun meira fé í sjávarútveginn og tilraunir á sviði sjávarútvegs heldur en gert hefur verið. Það er sýnilegt að t. d. loðnuleitin, skipuleg loðnuleit, sem var ekki hafin fyrr en á seinasta áratug, leiddi beinlínis til þess að mögulegt hefur verið að stunda loðnuveiðar á þann hátt sem gert er. Það eru rannsóknaskipin sem finna loðnuna fyrir fiskiskipaflotann, fylgja henni eftir, fylgjast með göngunum og gera fiskiflotanum fært að átta sig á hvert stefnir í þeim efnum, til þess að þeir fái notið hins mjög svo takmarkaða tíma sem á hverju ári er til reiðu í sambandi við loðnuveiðarnar. En það sem ég legg áherslu á í till. minni og málflutningi er það, að til viðbótar við starfsemi Hafrannsóknastofnunarinnar verði fenginn, eins og ég orðaði það, úrvals veiðiskip til þess að stunda tilraunaveiðar og leit, til þess að reyna að tryggja að marktækur árangur náist í þessum efnum.

Ég vék nokkrum spurningum að hv. 2. þm. Austurl. í sambandi við þetta mál vegna þess, að það er svo skylt öllu því sem snertir friðun og verndun fiskstofna. Hv. þm. gerði í allítarlegu máli glögga grein fyrir því helsta sem gerðist í þessum efnum á árunum eftir 1971. Ég álít að það sé mjög þarflegt að fá þennan þátt málanna ræddan samhliða umr. um að leggja áherslu á aukningu veiða á stofnum sem ekki eru þegar fullnýttir. Ég vísaði alveg sérstaklega í minni ræðu varðandi þetta atriði til aðvörunar, sem ég kallaði svo, sem Hafrannsóknastofnunin hefði gefið á árinu 1972, og hef hér í fórum mínum bréf sem hefur oftsinnis verið lesið í þessum umr. varðandi það mál. En ég get ekki stillt mig um að lesa hérna nokkrar línur úr þessu bréfi, en þetta bréf er til sjútvrn. frá Hafrannsóknastofnuninni og er dags. 22. mars 1972. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Það kom í ljós að allir stærri þorskstofnarnir eru fullnýttir og sumir jafnvel ofveiddir. Aukin sókn í þorskstofnana hefur víðast hvar nær enga langvarandi aflaaukningu í för með sér, heldur þvert á móti minni afla á sóknareiningu. Þegar fyrir áratug voru þorskstofnar Norðaustur-Atlantshafsins fullnýttir, en sumir stofnanna í Norðvestur-Atlantshafi tiltölulega lítt nýttir. Sókn flotans vestur á bóginn fór ört vaxandi á áratugnum, og er nú svo komið að þorskstofnarnir í Norðvestur-Atlantshafi við Nýfundnaland og Labrador voru ekki síður fullnýttir. Það er því ljóst, að þorskafli í Norður-Atlantshafi verður ekki aukinn meira en orðið er. Minnkandi sókn dregur að vísu aðeins úr aflamagni, en hins vegar mun afli á sóknareiningu vaxa, sem stuðlar að hagkvæmari fiskveiðum. Æskilegt er því að draga úr sókninni í þorskinn, í sumum tilvikum jafnvel nauðsynlegt. Reiknaðist okkur til að æskilegasta sóknin sé um helmingur af núverandi sókn. Mætti og ætti að beina umframsókninni meir á fiskstofna sem nú eru lítt nýttir, en slíkt hefði í för með sér heildaraukningu fiskaflans úr Norður-Atlantshafi."

Þarna er einmitt alveg sérstaklega bent á það að beina ætti umframsókninni meira að fiskstofnum sem nú eru lítt nýttir. Það var einmitt þetta atriði í bréfinu sem vakti athygli mína þegar ég var að hugsa um þetta mál, þannig að það er býsna langt síðan það hefur

komið fram frá fiskifræðingum að ástæða væri til þess að beina umframsókninni í vaxandi mæli að þeim fiskstofnum sem ekki eru þegar fullnýttir. Mér finnst — og það finnst kannske öllum — að það hafi miðað seint í þessum efnum og við hefðum mátt beina meira fjármagni og átt að beina meira fjármagni til þess að gera mögulega meiri sókn í fiskstofna sem nú eru lítt nýttir eða ekki nærri því fullnýttir, eins og þeir sem ég hef gert að umræðuefni.

Hv. 2. þm. Austurl. kom inn á landhelgismálið og ræddi nokkuð um það. Ég ætla nú ekki að efna til umr. um landhelgismálið, en það var eitt atriði, sem hann kom inn á, sem ég get ekki stillt mig um aðeins að minnast á. Það var út af því hvers vegna Alþb. greiddi atkvæði með bresku samningunum 1973. Hv. þm. sagði að það hefði verið vegna þess að meiri hl. var fyrir hendi, þá hefðu þingmenn Alþb. greitt atkvæði með samningunum. Þennan röksemdaflutning skil ég ekki vel, vegna þess ef nægilegt atkvæðamagn var fyrir hendi, þá var alls ekki nauðsynlegt að greiða atkvæði með samningunum. Ég er ansi hræddur um að það hafi verið aðrar ástæður en þessar sem lágu til grundvallar því að hv. þm. og alþb.-menn greiddu á sínum tíma atkvæði með bresku samningunum 1973.

Eins og ég hef þegar getið um, álít ég að þetta mál sé hluti af öðru og stærra máli og það snerti ástand fiskstofnanna, sóknarþunga íslenska fiskiflotans, og það er mál út af fyrir sig. Það hefur stundum verið rætt talsvert um þau málefni. Það hefur verið rætt um að það hafi verið byggðir eða keyptir of margir skuttogarar og fiskiflotinn hafi verið stækkaður of mikið. Það kann vel að vera að fiskiflotinn hafi verið stækkaður of mikið á of stuttum tíma. En ég er alveg eindregið þeirrar skoðunar að efling fiskiskipaflotans hafi verið okkur afar verðmæt í sambandi við útfærslu fiskveiðilögsögunnar, vegna þess að eitt aðalatriðið í sambandi við það mál er einmitt deilan um það og spurningin um það hvort við íslendingar séum færir um að veiða hér á Íslandsmiðum svo mikið sem íslenskir fiskstofnar þola. Þess vegna álít ég að þessi uppbygging fiskiskipaflotans hafi verið nauðsynleg, en ég skal játa það, að hún kann að hafa verið of mikil á of stuttum tíma. Það er annað mál.

Einnig snertir þetta mál auðvitað fjármál, eins og ég hef vikið að áður. Ég gat um það í framsöguræðu minni að íslendingar verja um 0.35% af þjóðartekjum, að því er mig minnir, í rannsóknastörf, en ýmsar aðrar þjóðir, t. d. nágrannaþjóðirnar sem við keppum við um lífskjör og markaði, verja allt að 1½—2% eða 4—5 sinnum hærri fjárhæðum hlutfallslega til þessarar starfsemi heldur en við getum. Ég álít að einn þátturinn í því að beina meira fjármagni til tilrauna sé að beina fjármagni í vaxandi mæli til sjávarútvegsins í þessu skyni, tilrauna á sviði sjávarútvegs, bæði veiða og vinnslu.

Tilgangurinn með flutningi þessarar þáltill. er af minni hálfu annars vegar að fá umræður um þessi mál, vegna þess að þau eru í raun og veru í brennipunkti á þessum tímum varðandi landhelgismálið og allt sem því fylgir. Langsamlega sterkasta röksemdin, sem við höfum beitt og eigum að beita, er vitanlega sú að fiskstofnar okkar séu stórlega ofveiddir, þ. e. a. s. þeir stofnar sem útlendingar sækja í. Það er okkar sterkasta röksemd í þessu máli og kannske sú sem er langsamlega sterkust með tilliti til þeirrar nauðsynjar af okkar hálfu að færa fiskveiðilögsöguna út í 200 sjómílur áður en Hafréttarráðstefnunni lýkur.

Ég tók fram í framsöguræðu minni og beindi því til þeirrar n., sem fær þetta mál til meðferðar, að hún athugaði það á breiðari grundvelli en orðalag till. ber með sér, þ. e. a. s. að hún geri athugun á möguleikum sem kunna að reynast í sambandi við veiðar á úthafsrækju, einnig á karfastofnum, og fleira kæmi ef til vill til greina.

Að lokum vil ég minnast aðeins örfáum orðum á það sem hefur komið fram í umr. og snertir upplýsingar sem eru að berast þjóðinni þessa dagana um, til hvaða ráða skuli grípa til þess að vernda okkar fiskstofna, sérstaklega þorskstofninn. Það hefur komið fram að ýmsir eru með hugleiðingar um að banna togaraflotanum hreinlega þorskveiðar tiltekin tímabil, hafa verið nefndir 2—3 mánuðir á sumrum. Þetta er náttúrlega geysilega alvarlegt mál sem þarfnast rækilegrar skoðunar, vegna þess að það snertir svo mjög atvinnuástand heilla landshluta, eins og t. d. Austurlands. Ég get rétt hugsað mér hvernig ástandið yrði í atvinnumálum á sumri komanda á Austfjörðum og að ég hygg víðar, t. d. á Vestfjörðum, ef skuttogaraflotinn yrði bundinn við bryggju og fengi ekki að halda áfram þorskveiðum. Ég held að hér sé um að ræða svo stórkostlega alvarlegt mál að það þurfi rækilegra umr. við og fyllsta ástæða til þess að það mál verði rætt sérstaklega og ítarlega hér á Alþ. áður en til þess kemur að teknar verði svo örlagaríkar ákvarðanir sem veiðibann á vissum tímum og um lengri tíma. Vil ég leggja á það áherslu og treysti því raunar að stjórnvöld hefjist ekki handa um neinar ákvarðanir af þessu tagi nema þau mál verði ítarlega rædd hér á hv. Alþingi.

Umr. frestað.

Brúargerð yfir Eyjafjarðará, þáltill. (þskj. 311). — Ein umr.

Flm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 311 till. til þál. sem orðast þannig:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta kanna sem fyrst hvort hagkvæmt sé að gera brú yfir Eyjafjarðará er tengi byggðina í Hrafnagils- og Öngulsstaðahreppi.“

Þessi till. er fram komin nú vegna þess að fyrir dyrum standa ákvarðanir um marga hluti í Eyjafirði sem tengjast þessu máli. Í fyrsta lagi liggur fyrir núna að það má telja nokkurn veginn víst að veglína yfir Eyjafjörð, sem tengir Akureyri við Þingeyjarsýslur, verði valin norðan við flugvöllinn sem þar er, og þá lengist enn þá meir en er núna leiðin sem þarf að fara á milli Öngulsstaðahrepps og Hrafnagils-

hrepps til þess að hafa þar samskipti. Það kom til mála að þessi leið yrði valin miklu sunnar í firðinum og þá hefði auðvitað verið minni ástæða til þess að gera brú á þeim stað sem þessi þáltill. fjallar um. Í annan stað liggur fyrir að taka ákvörðun um hvar skuli fara yfir Eyjafjarðará með hitaveitu til Akureyrar, en það má heita fullljóst að þar verður lögð hitaveita, og þá verður að velja leið frá Laugalandi, þar sem heita vatnið er, yfir Eyjafjarðará. Ef þessi leið væri fyrir hendi, brú þarna yfir ána og vegur sem tengdi þessi byggðarlög, þá væri einn af þeim kostum, sem taka þyrfti til athugunar, að leggja hitaveituleiðslurnar yfir ána á þessum stað og mundi þá í leiðinni vera hægt að leggja hitaveitu fyrir Hrafnagilshrepp og fyrir Kristneshæli.

Einnig þarf nú um þessar mundir að taka ákvörðun um hvernig nýta megi skólahúsnæði að Laugalandi, en þar er húsmæðraskóli sem ekki hefur verið starfandi undanfarin ár. Á hinn bóginn er mikið vandamál að það þarf að byggja helst sem fyrst skóla fyrir barnafræðslustigið í Eyjafirði. Kunnáttumenn telja að það mætti nota þetta húsnæði með mjög litlum breytingum fyrir barnafræðsluna í Eyjafirði ef þarna væru komnar betri samgöngur í héaðinu.

Ég vil geta þess að það liggja fyrir lauslegar áætlanir um hvað mundi kosta að gera brú yfir Eyjafjarðará þarna og tengja hana með vegi. Það kostar milli 90 og 95 millj. kr. En skólahúsnæði fyrir börn í héraðinu mundi að sjálfsögðu kosta miklu meira fé en þetta, þannig að það liggur í augum uppi að það þarf að líta á alla þessa þætti málsins. Því er þessi till. að mínu mati mjög tímabær og nauðsynleg til þess að það verði horft á alla þessa þætti, sem ég hef hér rakið, í ákvörðun um hvort þetta skuli gert.


Umr. (atkvgr.) frestað.

Efnisskrá.

Aðild Íslands að samningi um aðstoðarsjóð Efnahags- og framfarastofnunarinnar 2405.
Almenn hegningarlög 2418.
Atvinnuleysistryggingar (fæðingarorlof) 2446.
Aætlanagerð í flugmálum 2505.
Brúargerð yfir Eyjafjarðará 2526.
Bæklunarlækningadeild Landsspítalans 2453.
Endurvinnsluiðnaður 2460.
Fiskileit og tilraunaveiðar 2505.
Fjölbrautaskóli 2405.
Hafnasjóðir 2460.
Iðnaður í tengslum við framkvæmdaáætlun fyrir Norðurlandskjördæmi vestra 2460.
Jafnstaða karla og kvenna 2480.
Jöfnun á kostnaði við kyndingu húsa 2460.
Landhelgisgæslan 2461.
Lögsagnarumdæmi í Austur-Skaftafellssýslu 2476.
Meðferð einkamála í héraði 2407.
Meðferð opinberra mála 2418.
Minning látinna sjómanna 2441.
Niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðum 2462.
Rannsóknarlögregla ríkisins 2418.
Samkomulag við Belgíu um veiðar innan fiskveiðilandhelgi 2460.
Sjálfvirkt símakerfi um sveitir landsins 2449.
Skipan dómsvalds í héraði 2418.
Stofnlánasjóður vegna stórra atvinnubifreiða 2460.
Sveitarstjórnarlög 2479.
Takmörkun þorskveiða 2460.
Viðgerðar- og viðhaldsaðstaða flugvéla á Keflavíkurflugvelli 2461, 2504.
Viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi 2419.
Vinnsla mjólkur í verkföllum 2407.
Virkjun Bessastaðaár 2441.
Virkjun Skaftár og Hverfisfljóts 2461.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Ásgeir Bjarnason 2441, 2447.
Iðnrh. Gunnar Thoroddsen 2442, 2480, 2504.
Landbrh. Halldór E. Sigurðsson 2409, 2416, 2450, 2452, 2467.
Menntmrh. Vilhjálmur Hjálmarsson 2419, 2436.
Sjútvrh. Matthías Bjarnason 2447, 2448, 2454, 2459, 2505.
Ellert B. Schram 2418, 2433.
Geir Gunnarsson 2411.
Geirþrúður H. Bernhöft 2486.
Gunnlaugur Finnsson 2479, 2502.
Gylfi Þ. Gíslason 2462, 2497.
Halldór Ásgrímsson 2476.
Helgi F. Seljan 2405.
Ingi Tryggvason 2415.
Ingiberg J. Hannesson 2449, 2451.
Jón Árm. Héðinsson 2406, 2407, 2413, 2456.
Jón Skaftason 2461, 2505.
Jónas Árnason 2428, 2435, 2452, 2453.
Lárus Jónsson 2526.
Lúðvík Jósepsson 2509.
Oddur Ólafsson 2458.
Páll Pétursson 2476.
Sighvatur Björgvinsson 2425.
Sigurlaug Bjarnadóttir 2430, 2456, 2493.
Stefán Valgeirsson 2427, 2446, 2448, 2453, 2457.
Steinþór Gestsson 2407, 2410.
Svava Jakobsdóttir 2424, 2489.
Sverrir Hermannsson 2519.
Tómas Árnason 2441, 2445, 2521.
Vilborg Harðardóttir 2498.



Sameinað þing, 63. fundur.

Mánudaginn 15. mars, kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfa.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 11. mars 1976.

Tómas Árnason, 4. þm. Austurl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþ. að óska þess að 1. varamaður Framsfl. í Austurlandskjördæmi, Þorleifur K. Kristmundsson sóknarprestur taki sæti á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ragnhildur Helgadóttir,
forseti Nd."

Fyrir liggur kjörbréf séra Þorleifs K. Kristmundssonar.

Þá hefur mér borist annað bréf:

„Reykjavík, 15. mars 1976.

Formaður þingflokks framsóknarmanna hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Mér hefur tjáð Stefán Valgeirsson, að hann þurfi að dveljast erlendis í opinberum erindum næstu 2 vikur. Jafnframt hefur hann óskað þess með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis, að 1. varamaður Framsfl. í Norðurlandskjördæmi eystra, Kristján Ármannsson, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ragnhildur Helgadóttir,
forseti Nd."

Fyrir liggur einnig kjörbréf Kristjáns Ármannssonar.

Ég leyfi mér að vísa þessum kjörbréfum til kjörbréfanefndar með ósk um að kjörbréfanefnd athugi kjörbréfin og til þess fær hún 10 mín. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til athugunar kjörbréf Þorleifs K. Kristmundssonar, Kolfreyjustað, Suður-Múlasýslu, sem er 1. varaþm. Framsfl. í Austurlandskjördæmi, og kjörbréf Kristjáns Ármannssonar kaupfélagsstjóra á Kópaskeri, sem er 1. varaþm. Framsfl. í Norðurlandskjördæmi eystra.

Lögð hefur verið fram í n. yfirlýsing um það að hv. 4. þm. Austurl. geti ekki sótt þingfundi næstu vikur vegna erinda erlendis og er Þorleifur K. Kristmundsson 1. varaþm. flokksins á Austurlandi. Er hans kjörbréf hingað komið vegna fjarveru Tómasar Árnasonar.

Enn fremur hefur verið lögð fram yfirlýsing í n. um að Stefán Valgeirsson, hv. 4. þm. Norðurl. e., þurfi að vera erlendis um sinn, en varaþm. hans er Kristján Ármannsson kaupfélagsstjóri á Kópaskeri.

Kjörbréfanefnd leggur samhljóða til að kosning þessara þm. verði samþ. og metin gild og kjörbréf þeirra beggja samþ.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 40 shlj. atkv.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Hvorugur þessara manna hafa áður átt sæti á Alþ. og ber þeim báðum því að undirrita eiðstaf.

Drengskaparheit unnin.

Hinir nýju þingmenn, Kristján Ármannsson og Þorleifur K. Kristmundsson, undirrituðu drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Þorleifur K. Kristmundsson hefur undirritað eiðstaf og býð ég hann velkominn til starfa á Alþ. Einnig hefur Kristján Ármannsson undirritað eiðstaf og býð ég hann velkominn til starfa.

Efri deild, 74. fundur.

Mánudaginn 15. mars, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Forseti tók eina dagskrármálið af dagskrá.

Efri deild, 75. fundur.

Mánudaginn 15. mars, að loknum 74. fundi.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 417). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Með frv. þessu á þskj. 417 er lagt til að frestur sá, sem Kjaradómur hefur nú til að kveða upp dóm í yfirstandandi kjaradeilu BSRB og fjmrh., verði framlengdur til 1. apríl n. k. Áður hefur frestur í kjaradeilu þessari tvisvar verið framlengdur með sérstökum lögum, sbr. lög nr. 90/1975 og lög nr. 3/1976, og hafa þá báðir aðilar verið sammála um að leita eftir slíkri frestun.

Enn hefur ekki náðst samkomulag í áður nefndri deilu. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja hefur óskað þess að nýr frestur verði veittur til þess að reyna að ná samkomulagi í þeirri deilu sem hér um ræðir. Ríkisstj. hefur fallist á að gera þá tilraun og er því frv. það flutt sem hér er til umr.

Herra forseti. Slík frv. hafa gjarnan fengið

greiða afgreiðslu og ekki verið talin þörf á því að vísa þeim til n. Ég leyfi mér um leið og ég þakka hæstv. forseta góða fyrirgreiðslu, að leggja til að þessu máli verði vísað að lokinni umr. til 2. umr., en ekki til n., og vænti þess að samkvæmt venju geti sá fundur og þriðji fundur um málið átt sér stað í hv. þd. nú í dag, þannig að málið gæti fengið lokaafgreiðslu á þingi í Nd. síðari hluta dags.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv.

Efri deild, 76. fundur.

Mánudaginn 15. mars, að loknum 75. fundi.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 417). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Efri deild, 77. fundur.

Mánudaginn 15. mars, að loknum 76. fundi.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 417). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 76. fundur.

Mánudaginn 15. mars, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Umræður utan dagskrár.

Lúðvík Jósepsson: Forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár vegna frétta sem birtust í dagblöðum s. l. laugardag um mjög hrottalegar ásiglingar breskra herskipa á íslensk varðskip þá daginn áður. Samkv. þessum fréttum er augljóst að árásir bresku herskipanna að þessu sinni hafa verið óvenju fólskulegar og hættulegar svo að það virðist vera að þeir, sem þessum skipum stjórna, séu enn að herða á sókn sinni gegn okkur.

Í sambandi við þessar fréttir var haft viðtal við *einn af skipherrum Landhelgisgæslunnar* af hálfu Ríkisútvarpsins. Í því viðtali kom greinilega fram mikil gremja skipherrans út í aðgerðarleysi af hálfu stjórnvalda í sambandi við landhelgisgæsluna og ástandið á miðunum og ég hygg, að það geti í rauninni enginn ásakað landhelgisgæslumennina þó að þeir séu nokkuð gramir út í það hvernig að þessum málum er staðið.

Ég vil í tilefni af þessum fréttum láta það koma hér skýrt fram að ég hef fyrir hönd Alþb. margsinnis lýst því yfir hér á Alþ. og einnig í landhelgisnefnd að við alþb.-menn værum reiðubúnir til samstarfs við ríkisstj. um aðgerðir í málinu og þá lagt alveg sérstaka áherslu á það að gera ráðstafanir til þess að efla landhelgisgæsluna. Ég vil minna á að þannig höfum við gert till. um fyrir alllöngu og oftar en einu sinni að bætt verði við í gæsluskipaflota okkar tveimur til þremur togurum og síðan einnig undirbúið að bæta við fleiri skipum ef þörf væri talin á, einnig till. um það að bregðast fljótt við og útvega hraðskreitt gæsluskip, sem gengi a. m. k. jafnmikið og bresku freigáturnar, helst nokkru meira. Alllangt er umliðið síðan þessar till. komu fram og hafa fengið stuðning margra aðila, en um framkvæmdir hefur orðið harla lítið. Þá höfum við einnig lagt til að sendiherra okkar hjá NATO í Brüssel yrði kallaður heim og hætt yrði öllu samstarfi við bandalagið á meðan herskip bandalagsins haga sér eins og þau hafa gert hér við land að undanförnu. Þá höfum við einnig lagt til að stöðvum NATO hér í landinu yrði lokað á meðan herskipin eru hér. En af hálfu hæstv. ríkisstj. hefur enn ekkert komið fram um það að hún vilji ganga til samstarfs um þessar till. eða aðrar. Það eina, sem heyrst hefur, er að ríkisstj. hafi til athugunar útvegun á hraðskreiðu varðskipi.

Í tilefni af þessu vil ég nú beina til hæstv. forsrh. fyrirspurn um það hvað er hugsað af hálfu ríkisstj. að gera í þessum málum eins og nú er komið. Getur það verið meiningin að ætla að halda að sér höndum og láta sem ekkert sé að gerast á miðunum og bíða án frekari aðgerða næstu 2—3 eða 4 mánuði, þegar varla er annað hægt að sjá en það að bretar stefni að því að gera gæsluskip okkar fullkomlega óvirk eða jafnvel að sökkva þeim? Ég tel að það sé með öllu óverjandi að ríkisstj. taki ekki þegar í stað ákvörðun um að bæta við í gæsluflotann nokkrum togurum. Reynslan hefur þegar sýnt að þeir geta gagnað vel, og höfum við nægilega mörg skip við gæsluna á miðunum í einu, þá geta þau komið í veg fyrir veiðar bretanna að langmestu leyti.

Ég vil einnig spyrja hæstv. forsrh. um það, hvort honum þyki ekki ástæða til þess, eins og málum nú er komið, að gera NATO það ljóst að við getum ekki þolað án sérstakra aðgerða af okkar hálfu á móti framkomu bresku herskipanna hér við land.

Ég vil svo enn ítreka það, að við alþb.-menn erum reiðubúnir til samstarfs um raunhæfar aðgerðir. Við höfum flutt till. um fjáröflun fyrir landhelgisgæsluna, m. a. með því, að skattleggja breskar vörur sem keyptar eru til landsins. Við

því er ekkert að segja þó að þeir landsmenn, sem kjósa það frekar að kaupa breskar vörur en aðrar sem þeir geta keypt í staðinn, en það geta menn í flestum tilfellum, þeir verði að greiða hér nokkurn aukaskatt. Það leiðir þá einnig til þess að við sveigjum okkar viðskipti frá bretum yfir til annarra og það finna bretar fljótt hvað getur þýtt.

Það er nú ósk mín að hæstv. ríkisstj. taki þessi mál enn til athugunar, gangi til samstarfs við stjórnarandstöðuna um raunhæfar aðgerðir sem gætu miðað að því að styrkja okkar stöðu. Reynslan verður þá að skera úr um það, um hvað við getum orðið sammála og hvað það er sem ekki getur náðst samkomulag um af því sem við t. d. höfum lagt til og rökstutt er að væru eðlilegar ráðstafanir af okkar hálfu og mundu koma að gagni. Ég vænti þess, að hæstv. forsrh. sjái sér þetta fært.

Benedikt Gröndal: Virðulegi forseti. Ég mun að sjálfsögðu fara að fyrirmælum forseta, en verð að láta í ljós undrun mína á því að Alþ. hafi ekki tíma til að ræða um landhelgismálið af því að það liggi svo mikið á að pexa um stafsetningu og annað slíkt sem er á dagskrá.

Árásir bresku herskipanna á varðskipin nú fyrir helgina minna okkur illþyrmilega á það hvernig landhelgismálið stendur. Það virðist svo sem þeir herði sig upp í árásarlotur, ekki síst strax eftir að varðskip okkar hafa á áberandi hátt náð árangri við að klippa af togurunum svo að segja fyrir augunum á mönnum á þessum innrásarskipum, og þessu mun að sjálfsögðu halda áfram.

Það heyrir til nýmæla að einn af skipherrum landhelgisgæslunnar hefur látið hafa eftir sér í ríkisfjölmiðlunum allsterka ádeilu á að illa sé búið að landhelgisgæslunni og það, sem gerist hér á Alþingi og í húsakynnum ríkisstj. landsins, sé ekkert annað en kjaftæði, — ég man ekki hvort hann notaði það orð, en það var eitthvað álíka að merkingu.

Það leynir sér ekki að rík ástæða er til að gagnrýna aðgerðaleysi ríkisstj. við að styrkja landhelgisgæsluna. Það er ærið langt síðan að ljóst varð að við gætum lent í enn einu þorskastríði, og við vitum það af reynslu að þorskastríð getur hæglega staðið í 1—2 ár eða jafnvel lengur. Ég tel því undrunarefni að það hafi aðeins einum togara verið bætt við og e. t. v. einhver flugvélaleiga komið til greina, þó það virðist ekki vera reglulega að því er best verður séð. Ég vil líka lýsa undrun minni á því að landhelgisgæslan skuli ekki vera viðbúin að því leyti að vita hvað hún vill. Þegar bretar eru byrjaðir að sigla á skip okkar og farnir að laska þau alvarlega, þannig að við getum misst 2—3 þeirra úr gæslu hvenær sem er, þá er skipuð nefnd sem hreyfir sig svona álíka rösklega og nefndir gera hér á landi, bíður róleg í nokkra daga og svo, þegar frá henni heyrist, er eins og hún hafi náð sér í útlenda skipalista eins og Jane's Fighting Ships og menn hafi flett þessu sér til gamans og komið síðan fram með næsta óraunhæfar hugmyndir, á sama tíma sem ekkert virðist hafa verið gert af því sem raunhæft er. Landhelgisgæslan hefði í fyrsta lagi átt að vita hvers konar skip við þurfum og getum best notað, og í öðru lagi að vita hvar er hægt að fá þessi skip með skömmum fyrirvara. Þetta hefði átt að liggja tilbúið löngu áður en þorskastríðið hófst. Skilst af fréttum að það standi ekkert á tilboðum um allar mögulegar gerðir af skipum sem til greina kæmu.

Ég tel að þetta hefði átt að vera fyrir löngu ákveðið og eigi þar af leiðandi að verða eins fljótt og kostur er á fleiri skipum, fyrst og fremst til þess að fylla í skörðin ef við missum alveg úr þau skip, sem við höfum, og svo til þess að bæta við til frekari gæslu ef mönnum sýnist svo á svipuðu stigi og verið hefur.

Ég get hins vegar ekki látið hjá líða að láta í ljós nokkurt vantraust á tali manna um það að fá hraðskreið skip sem ganga meira en freigáturnar. Í fyrsta lagi segja kunnugir menn að flest slík skip, sem ganga yfir 30 mílur, séu erfið ef nokkuð er í sjó. Eru mörg þeirra ónothæf nema svo að segja á sléttum sjó. Í öðru lagi eru þau ákaflega dýr í rekstri.

Að lokum kemur aðalatriðið, að því er mér finnst, sem er að andstæðingur okkar er víst þriðja stærsta flotaveldi heims og bretar geta valið skip til gæslu hér úr hvaða flokki herskipa sem þeim sýnist. Þeir eiga hóp af strandgæslu- og landhelgisgæsluskipum. Ekkert þeirra hefur sést hér af því að landhelgisskipin okkar hafa við þeim. Bretar velja því næsta flokk fyrir ofan, freigáturnar, og ef við komum með skip örlítið hraðskreiðari en þær, þá eiga þeir 15—20 tundurspilla sem eru bæði öflugri og ganga vafalaust 35—40 mílur. Þetta er fyrir utan það að bretar framleiða hraðbáta fyrir mörg lönd víðs vegar um heim. En hitt er meginatriðið, að landhelgisgæslan hafi eins traust og góð skip af svipuðum gerðum og við höfum notað.

Ég ítreka undrun mína yfir undirbúningsleysi á þessu sviði. Mér skilst að það sé algjört grundvallaratriði í sambandi við allar lögregluaðgerðir, ég tala nú ekki um hernaðaraðgerðir, að þeir, sem bera ábyrgð á þeim, geri sér grein fyrir öllu, sem fyrir gæti komið, og hafi tilbúnar áætlanir um það, hvernig bregðast skuli við hinum mismunandi atvikum, þegar að þeim rekur. Að það skuli þurfa að fara að skipa n., eftir að út í þorskastríð er komið, til þess að kanna þetta mál, það er ekki góðs viti.

Ég vil ennfremur beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ráðh., hvort það sé rétt, sem mjög er fleygt orðið, — ég man nú ekki nákvæmlega, hvort skipherrann nefndi það, — að Landhelgisgæsluna beinlínis skorti fé til þeirra útgjalda sem hún skapar sér nú frá degi til dags, og það sé rétt að hún skuldi stórupphæðir hjá vélsmiðjum t. d. fyrir viðgerðir og annað slíkt. Ef svo er, þá kemur það Alþ. vafalaust algjörlega á óvart því mér er ekki kunnugt um að Alþ. hafi nokkru sinni neitað um fjárveitingar eða mundi neita að samþ. eftir á fjárveitingar til þess sem nauðsynlegt er fyrir landhelgisgæsluna.

Ég vil að lokum lýsa þeirri skoðun minni, sem er algjört grundvallaratriði í þessu máli, að við íslendingar séum í raun og veru þegar búnir að vinna þorskastríðið. Við erum búnir að vinna þetta stríð, og það er nálega ómögulegt að ímynda sér þær snöggu breytingar í umheiminum sem gætu breytt þeirri staðreynd. Af þessu leiðir að verkefni okkar er nú að halda út meðan bretar þæfa áfram við aðgerðir sínar, og það

verður að gerast á þann hátt sem landhelgisgæslan hefur reynt, að trufla veiðar og reyna að minnka afla bretanna eins og hægt er. Við megum ekki falla í þá gryfju að hugsa eins og við séum eitthvert flotaveldi, sem getum tekið upp flotakapphlaup við þjóð eins og breta. Það tel ég að yrði okkur sjálfum til skaða, og ég er hræddur um að ef við förum að panta herskip í austri og vestri og alls staðar þar á milli muni renna tvær grímur á marga þá sem hafa stutt okkur ekki síst vegna þess að þeir lita á okkur sem litla og vopnlausa þjóð sem er að bjarga sér í lífshagsmunamáli. Ef við förum að hegða okkur eins og herveldi er ég hræddur um að sú samúð mundi fljótlega gufa upp bæði hjá almenningi og ráðamönnum erlendis.

Karvel Pálmason: Virðulegi forseti. Ég trúi því vart að það sé meining hæstv. forseta að ætla sér að skera niður umr. um þetta mál. Ég held að það sé augljóst að nauðsynlegt er, ekki síst með tilliti til þess, sem síðast hefur gerst, að Alþ. ræði um þau viðhorf sem nú blasa við að því er varðar landhelgismálið. Núna fyrir helgina fengum við enn eina sönnun fyrir því að bretar, bresk stjórnvöld, virðast einskis ætla að svífast í þeim efnum að koma okkur á kné í sambandi við þetta mál. Það hefur verið yfirlýst stefna allra stjórnmálaflokka í landinu, að því er ég best veit, að það bæri að gera ráðstafanir til þess að efla landhelgisgæsluna svo að hún væri sem best í stakk búin til þess að svara þessum aðferðum breta. Það hlýtur því að koma mjög á óvart hversu hæstv. ríkisstj. virðist vera sein í vöfum í því að framkvæma þennan vilja — að því er ég hygg — Alþingis.

Það var vitnað áðan af hv. 2. þm. Austurl. til viðtals sem einn af skipherrum gæslunnar átti við ríkisútvarpið nú fyrir helgina. Hann sagði, ef ég man, orðrétt eða a. m. k. var efnislega hliðin á þá leið að það væri í raun og veru einsdæmi að bæði stjórn og stjórnarandstaða væru sammála um að gera allt sem hægt væri til að efla gæsluna, en framkvæmdin væri einvörðungu kjaftæði og ekkert gert raunhæft. Hvað sem mönnum finnst um þetta orðaval, þá sýnist mér að efnislega sé nokkuð rétt mat þessa skipherra á því sem gerst hefur — eða í raun og veru kannske frekar að segja á því sem ekki hefur verið gert.

Fyrir nokkru var tilkynnt af hæstv. dómsmrh., að ég hygg, að n. hafi verið skipuð til þess að kanna þessi mál og gera um það till. með hverjum hætti best væri hægt að styrkja gæsluna. Enn hefur ekki, að því ég best veit, heyrst neitt um till. frá þessari n. Það er því ekki að ófyrirsynju að mönnum fer að leiðast eftir því að eitthvað raunhæft sjái dagsins ljós.

Nú er það kunnara en frá þurfi að segja, að sá eini togari, sem bætt hefur verið í gæsluna, hefur að mati þeirra varðskipsmanna reynst mjög vel. Við eigum sem betur fer nóg af slíkum skipum sem hægt er að taka til notkunar í gæslunni og mundu kannske miklu frekar þjóna þar heldur en þeir gera sumir hverjir á því starfssviði sem þeir eru nú. Og þegar það liggur fyrir að ekki mun skorta fjárveitingar til þess að efla gæsluna með þessum hætti, þá ætti ekki að vera langur tími sem til þess þyrfti að taka ákvarðanir um slíkt.

Það er alveg ljóst af síðustu atburðum og hefur raunar verið ljóst fyrr, að bretar ætla sér, hvað sem tautar og raular, að halda þessu stríði áfram með það í huga að þeir vonast til þess að hægt verði að knésetja íslendinga í málinu með þessum aðferðum sem þeir beita, að laska eða jafnvel sökkva svo og svo mörgum skipum úr okkar varðskipaflota. Það er því ekki að ástæðulausu að enn einu sinni er þetta mál tekið upp hér á Alþ. og innt eftir því hvað hæstv. ríkisstj. aðhefjist í þessu máli. Ég held að öll stjórnarandstaðan hafi lýst sig til þess reiðubúna að vinna að þessu máli með hæstv. ríkisstj. til þess að ná sem farsælastri lausn á því, og það er rétt, sem hér hefur komið fram, að það má raunar furðu gegna að aðeins einu skipi hefur verið bætt í flota gæslunnar á þessum stríðstímum. Ég minnist þess að ekki alls fyrir löngu var það boð látið út ganga, að ég held frá hæstv. dómsmrh., að það yrði leitað til fulltrúa stjórnmálaflokkanna hér á Alþ., leitað til þeirra til þess að komast að sameiginlegri niðurstöðu um fjáröflun til að auka starfsemi gæslunnar. Mér vitanlega hefur þetta ekki verið gert enn, þannig að mér sýnist að hvar sem borið sé niður í þessum efnum þá sé hæstv. ríkisstj. því miður æði-aðgerðalítil í þessu máli.

Ég vænti þess að hæstv. forsrh. hann geri hér á eftir grein fyrir því, hvernig þessi mál í raun og veru standa, hvað hefur verið gert af hálfu hæstv. ríkisstj. til þess að auka skipakost gæslunnar og hvað hún hyggst fyrir í áframhaldi af þessu. Það fer ekki hjá því að það getur vart verið meining hæstv. ríkisstj. að sitja öllu lengur aðgerðalaus þegar slíkir atburðir eiga sér stað, margir á viku og svo til í hverri einustu viku sem líður. Ef það er rétt mat hjá hv. þm. Benedikt Gröndal, sem ég vil ekki draga í efa, að við séum búnir að vinna stríðið, þá þurfum við að búa okkur betur í stakk til þess að reka flóttann endanlega, og það verður ekki gert með öðrum hætti en þeim að bæta skipum í gæsluna. Til þess höfum við hér innanlands nægan skipakost. Hann hefur sannað sitt ágæti. Ég er ekki með þessu að draga neitt úr því að leitað sé til annarra landa með hagstæð skipakaup eða leiguskip, en ég held að við getum með sem skjótustum hætti leitað á eigin mið og nýtt þau skip sem við höfum hér í landinu og hafa sýnt sitt ágæti til að standa í þessu stríði.

Ég vil taka undir þá spurningu, sem hv. þm. Benedikt Gröndal kom inn á áðan, hvort það geti í raun og veru verið rétt, sem maður hefur heyrt æðioft sagt, að nú sé svo komið hjá Landhelgisgæslunni að hana skorti fé til brýnustu starfsemi. Ég trúi því vart að það geti verið, því að mér er ekki um það kunnugt að á neinu stigi hafi verið neitað um fjárveitingar eða fjármuni til þess að styrkja sem best starfsemi gæslunnar, þannig að mér kemur þetta mjög á óvart, sé þetta rétt, sem ég vænti að ekki sé.

Ég vil svo að síðustu taka undir það, sem í raun og veru hefur margoft komið fram hér á Alþ., að það verður ekki undan því vikist að láta á það reyna hvort NATO ætlar að sitja að-

gerðalaust meðan bresk stjórnvöld halda uppi slíku stríði hér á Íslandsmiðum sem þau hafa gert nú að undanförnu. Ég tel að það verði ekki undan því vikist að láta á þetta reyna, og því fyrr sem það er gert, því betra.

Ég skal ekki, virðulegi forseti, hafa þessi orð fleiri nú. En ég tel að það sé ástæðulaust að ætlast til þess af hv. Alþ. að það gefi sér ekki nægan tíma til þess að ræða svo mikilsvert mál eins og hér er um að ræða. Þó að vissulega séu mörg mál, sem eru á dagskrá í dag, kannske mikilvæg, þá held ég að þetta yfirgnæfi þó þau öll og það sé ástæða til þess að taka nægilegan tíma af fundartíma þingsins til að ræða þetta mál.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég tek til greina tilmæli hæstv. forseta um að menn reyni að vera stuttorðir og gagnorðir.

Hér er rætt um nýjustu atburði á Íslandsmiðum, alvöru þeirra og um nauðsyn þess um leið að við gerum NATO ljóst að þetta þolum við ekki lengur. Ef allt væri með felldu ætti maður að fá þær fréttir núna að búið væri að kalla heim sendiherra okkar hjá NATO. En það er nú ekki aldeilis. Skv. upplýsingum, sem ég var að fá hjá utanrrn., eru farnir í heimsókn til NATO-stöðvanna í Evrópu fimm þm. Ég spurði hvers konar heimsókn þetta væri og fékk það svar að þetta væri „þessi venjulega, árlega heimsókn á NATO-stöðvarnar", m. ö. o. kurteisisheimsókn. Ég stend hér upp til að lýsa furðu minni yfir þessu. Í stað þess að við sendum NATO nú harðorð mótmæli, þá sendum við NATO fimm menn úr okkar hópi í kurteisisheimsókn til þess að skála fyrir NATO. Hér hygg ég að eigi við hið fornkveðna: „Lítilla sanda, lítilla sæva" o. s. frv.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Virðulegi forseti. Það hefur gerst alloft eftir atburði á miðum að hér hafa landhelgismálin verið tekin til umr. utan dagskrár. Ég biðst ekki undan því, hvorki vegna mín né ríkisstj., en mér finnst þessir tilburðir bera vitni að sumu leyti slæmum taugum þeirra sem hefja máls á landhelgismálinu af þessu tilefni, — ekki vegna þess að þessir atburðir séu ekki alvarlegir, hættulegir og beri vitni um óskammfeilna framkomu andstæðings okkar í þessari deilu, en vegna hins, að við alþm. og allir íslendingar hljótum að gera okkur það ljóst af gangi mála og þróun að við þessu var að búast og það eru ekki umr. hér á Alþ. sem fá út af fyrir sig breytt þessu. Það er miklu frekar vatn á myllu andstæðingsins. Slíkar umr. eru frekar veikleikamerki af okkar hálfu, sérstaklega þar sem hver af annarri leiða ekkert nýtt í ljós af hálfu stjórnarandstöðunnar sérstaklega, benda á ekkert nýtt ráð sem við hefðum yfir að ráða til þess að ná betri árangri í baráttunni við andstæðinginn. En enn þá undarlegar koma þessar umr. mönnum fyrir sjónir þegar stjórnarandstaðan öðrum þræði lætur að því liggja að það geri ekkert til þótt bretar séu að veiða hér undir herskipavernd, þeir taki svo sem ekkert magn af fiski upp úr sjónum við Íslandsstrendur, það sé þess vegna algjörlega ástæðulaust og raunar bretaáróður að vera að tala um að það sé hættulegt í sjálfu sér þótt þessi deila standi eitthvað lengur og bretar nái fiski á Íslandsmiðum.

Þegar á þetta er litið sem og það til viðbótar að þjóðir, sem eiga í baráttu sín á milli, reyna yfirleitt að ræða um hana innan sinna eigin vébanda án þess að andstæðingurinn hlusti á hvaða ráðum þær ætla sér að beita til þess að ná árangri, þá sjáum við í raun enn betur hversu gagnslausar og raunar skaðlegar slíkar umr. og vangaveltur eru hér. Okkur alþm. ber vissulega skylda til þess að gera okkar eigin þjóð grein fyrir stöðu mála og horfum og raunar, þegar tími er til kominn, hvaða ráðum við ætlum að beita, en að vera með vangaveltur hér fyrir opnum tjöldum hvað sé best að gera, hvaða vopnum eigi að beita í sjálfu sér, held ég að þjóni ekki mjög stórvirkum tilgangi, enda hefur það komið fram af máli stjórnarandstæðinga að þeim ber alls ekki saman.

Hér hefur verið á það bent af hv. þm. Benedikt Gröndal, þótt hann gagnrýndi ríkisstj. fyrir aðgerðaleysi til eflingar landhelgisgæslunnar og gerði lítið úr því að togara hefði verið bætt við skipakost landhelgisgæslunnar og e. t. v. leiguflugvél, þá hafði hann mörg orð um það að landhelgisgæslan væri ekki reiðubúin til að segja hvað hún vildi. Nú er það svo, og það getur verið svar við fsp. hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar, að n. er að störfum til þess að fjalla um með hvaða hætti eigi að efla landhelgisgæsluna. Þessi n. hefur að hluta til skilað byrjunaráliti og yfirmaður landhelgisgæslunnar, dómsmrh., hefur þegar gert ráðstafanir til þess að kanna með hvaða hætti eigi að efla landhelgisgæsluna. Þessi þeirra n. í framkvæmd. Enn fremur hefur verið boðað að þessi n. muni halda áfram störfum og í samráði við landhelgisgæsluna, skipherra hennar og aðra starfsmenn, skila fyllri till. Mér er ljúft að heita því að þær till. munu verða lagðar fyrir landhelgisnefnd og fulltrúa stjórnarandstöðunnar jafnt og ríkisstj. til þess að við getum sameiginlega farið yfir þær og áttað okkur á hvað best er að gera. En það er ekki vandalaust verk, vegna þess að um leið, eins og ég nefndi, að hv. þm. Benedikt Gröndal, taldi litlu máli skipta að bæta við einum togara og leiguflugvél, þá varaði hann við því að setja traust sitt á að hraðskreiðir bátar gætu gert gagn hér við land vegna þess sjólags og veðurfars sem við búum við, þótt þeir geti gert gagn annars staðar í heiminum. Þetta er atriði auðvitað sem verður um að fjalla og gera sér grein fyrir.

En þessi hv. þm. sagði annað, sem ég held að við verðum að hafa mjög í huga og ég er honum sammála um, að fyrir hvert það skip, sem við bætum í gæsluna, geta bretar bætt við tveimur. Spurningin er því hver árangur er af eflingu landhelgisgæslunnar við hverja þá ráðstöfun sem til mála kemur og hverjar eru líklegar gagnráðstafanir andstæðingsins. Þetta verðum við að gera okkur ljóst. Það er e. t. v. þetta ásamt því, hver staða okkar er almennt í landhelgismálinu, sem gerir það að verkum að ákvörðun um fjárfestingu í tækjabúnaði, kaupum eða leigu eða rekstri tækjabúnaðar fyrir landhelgisgæsluna verður að miðast við það hve nálægt við teljum okkur vera sigri í þessu máli.

Fyrsti fundur Hafréttarráðstefnunnar á þessu ári hefst í dag. Við teljum og vonum að hann muni færa okkur mjög miklu nær fullnaðarsigri og teljum fullvíst að næsti fundur, sem hefst 15. júlí og stendur fram í septembermánuð n. k., muni jafnvel færa okkur fullnaðarsigur, þótt undirskriftir og fullnaðargildi væntanlegs hafréttarsáttmála komist ekki á fyrr en um eða eftir næstu áramót. Þegar svo snúa að okkur málin og viðhorfin, þá er rétt að hafa það í huga.

Þeir menn, sem nú tala mest um að lítið sé gert til eflingar landhelgisgæslunnar, áttu sumir sæti í ríkisstj. Íslands þegar við áttum síðast í deilu við breta. Ég man ekki eftir því að þeir stæðu að frekari ráðstöfunum til eflingar landhelgisgæslunnar þá en að bæta við einum hvalbát hluta af þeim tíma sem sú barátta stóð yfir, og vorum við þá einu varðskipi fátækari, ef ég man rétt. Það er ósamræmi milli orða og gerða, og sá grunur læðist að manni að það sé e. t. v. ekki fyrst og fremst áhuginn á því að ná árangri í baráttunni við andstæðinginn út á við, við breta, heldur hitt, að áhuginn beinist langtum frekar að því að slá pólitískar keilur á þessu máli innanlands. Ég lýsi ábyrgð á hendur stjórnarandstöðunni fyrir svo ábyrgðarlausan málflutning.

Ég vil enn láta það koma fram að ríkisstj. mun hafa fullt samráð og samstarf við stjórnarandstöðuna jafnóðum og n. lýkur störfum eða áfangaskýrslum, svo að við getum rætt um þessi mál eins og á að ræða um þau, með sameiginlegt markmið fyrir augum, þ. e. a. s. að vinna fullnaðarsigur í málinu.

Þá var þeirri spurningu varpað til mín hvort Landhelgisgæsluna skorti fé og hvort hún skuldi aðilum sem hún skiptir við. Ég vil svara fyrri spurningunni játandi. Um svarið við hinni síðari veit ég ekki, en ég tel það ekki út af fyrir sig ólíklegt. Að það komi alþm. að óvörum að Landhelgisgæsluna skorti fé tel ég bera vitni um að þeir hafi ekki fylgst með umr. á Alþ., m. a. við afgreiðslu fjárlaga. Það var skýrt tekið fram við afgreiðslu fjárl. að ef áframhaldandi ófriður yrði á miðunum, þá væru fjárveitingar til Landhelgisgæslunnar gjörsamlega ónógar. Hæstv. dómsmrh. hefur og skýrt þingheimi frá þessu oftar en einu sinni og tiltölulega nýlega. Hann hefur boðað það að vegna þessa verði haft samráð við fivn.-menn og fjh- og viðskn.-menn til þess að ráða bót á þessum fjárskorti Landhelgisgæslunnar og kanna hvernig megi afla fjár til hennar, vegna þess að það verður ekki gert nema með nýjum sköttum á allan almenning í landinu.

Þeirri fsp. var enn fremur varpað til mín hvort ríkisstj. ætlaði sér ekki að gera Atlantshafsbandalaginu ljóst að framferði breta gengi ekki lengur. Ríkisstj. hefur vissulega gert Atlantshafsbandalaginu það ljóst. Hins vegar vita þessir þm. og við allir að Atlantshafsbandalagið skipar ekki fyrir um aðgerðir einstakra bandalagsríkja og þ. á m. skipar okkur íslendingum ekki fyrir verkum. En það er merkilegt að krefjast þess í sömu andrá, eins og hv. þm. Jónas Árnason gerði áðan, að nauðsynlegt væri að gera Atlantshafsbandalaginu það ljóst að þetta gangi ekki lengur, en gagnrýna svo það að fimm þm. færu í ferð til þess að heimsækja aðalstöðvar Atlantshafsbandalagsins m. a. til þess að undirstrika það að ekki sé unnt að þola það að bretar haldi uppteknum hætti áfram á Íslandsmiðum. Ég er í engum vafa um að þessi þrýstingur, sem hefur verið beitt gegn bretum, á eftir að bera árangur og stytta það óviðunandi ástand sem nú ríkir á Íslandsmiðum.

Ég skal ekki fara að öðru leyti út í einstakar till. sem hér hafa verið fluttar um eflingu landhelgisgæslunnar, m. a. vegna þess, eins og ég gat um áðan, að ég tel að slíkar umr. eigi fremur að fara fram í nefndum þingsins, landhelgisnefnd eða á slíkum vettvangi þar sem sérfræðingar eru til viðtals og ráðuneytis, þ. á m. starfsmenn landhelgisgæslu og skipherrar. Ég vil þó láta þess getið að við verðum í þeim efnum að vega það og meta hver kostnaðarauki er við öflun slíkra tækja annars vegar og hver árangur er af beitingu slíkra tækja hins vegar.

Hv. þm. Benedikt Gröndal sagði að við værum þegar búnir að vinna þetta stríð. Mæli hann manna heilastur. Ég held þess vegna að það, sem mestu máli skiptir nú, sé að halda svo af okkar hálfu á málum að mannslíf séu vernduð eins og kostur er, þótt við ráðum ekki ferðinni þar einir, og um leið að efla landhelgisgæslu að svo miklu leyti sem af því sé árangur. Ríkisstj. mun áfram starfa að því. Og ég ítreka það, að ég heiti fyrir hennar hönd fullu samráði við alla þm. og þ. á m. stjórnarandstöðuna í heild og fulltrúa hennar, — heiti þeim samstarfi um það að við ráðgumst um hvað helst megi þar til bóta verða og góðs árangurs.

Lúðvík Jósepsson: Forseti. Ég skil það mæta vel að hæstv. forseti geri tilraun til þess að stytta umr. utan dagskrár, það er aðeins eðlilegt, þó að sjálfsögðu eins og hér hefur verið bent á, verði að taka tillit til þess hvernig mál ber að og hvaða mál er um að ræða. Ég hafði satt að segja ekki gert ráð fyrir því að hér yrðu miklar umr., en taldi fulla ástæðu til að vekja hér athygli á því máli, sem ég hóf umr. um, og beina til ríkisstj. nokkrum afmörkuðum spurningum í sambandi við það og minnast þá á þær till. sem ég fyrir hönd míns flokks hafði gert varðandi málið áður.

Ég átti von á því að fá svör við þessum efnislegu fsp. mínum. En þá gerist það að hæstv. forsrh. kemur og hefur uppi mjög almennar umr., vægast sagt á mjög breiðum grundvelli, um landhelgismálið og hefur stærri orð í þeim efnum en hann gerir allajafna í sínum málflutningi. Hann segir að ástæðan til þess, að ég hafi vakið hér athygli á þessu máli og sagt það sem ég sagði um málið, hafi verið sú, að ég vildi slá pólitískar keilur, og hann fordæmdi þetta sem ábyrgðarlausan málflutning. (Gripið fram í.) Já, mér er sama með hvaða formála þetta er, það segir nokkuð til sín, hvað sagt er. Ég lýsi yfir undrun minni á þessari framkomu hæstv. forsrh. og tel að hún sé með öllu ósæmileg í sambandi við það mál sem hér er verið að ræða um Ég tel til harla lítils gagns hjá honum að lýsa því hér yfir að hann vilji hafa samstarf

og samráð við stjórnarandstöðuna á meðan hann túlkar málið frá sinni hálfu á þann hátt sem hann gerði að þessu sinni. Hann sagði að hér væri beinlínis um skaðlegar umr. að ræða, vangaveltur okkar um það, hvað gera ætti, fyrir opnum tjöldum og að þessi mál ættu að ræðast í n. fremur en opinberlega á Alþ. Ég vék að því í mínu máli að við hefðum margsinnis áður lagt fram till. um það hvernig ætti að standa að eflingu landhelgisgæslunnar og til hvaða ráða við ættum helst að gripa. Ég minni á það að liðið er nú nokkuð á þriðja mánuð síðan ég lagði fram í landhelgisnefnd skriflegar till. í þessum efnum. Þar var lagt til að bætt yrði við í gæsluflotann tveimur til þremur togurum nú þegar og undirbúið að bæta við fleiri síðar. Hvað hefur verið gert við þessar till. í n.? Hæstv. forsrh. stjórnar þessari n. Hann hefur séð um það að þær væru ekki teknar frekar til umr., þó að ég hafi margsinnis innt eftir því, bæði hér á Alþ. og í n. Hann hefur séð um það að ekkert væri gert. Þegar staðið er að málum á þennan hátt, þá er ekki um annan kost að ræða en að taka alvarleg mál upp hér á Alþ. og gera öllum hv. alþm. og allri þjóðinni grein fyrir því hvernig mál standa. Og það er með öllu þýðingarlaust fyrir hæstv. forsrh. að biðjast undan að ræða málin efnislega þegar svona er að málum staðið. Hann getur ekki sloppið við að ræða málin.

Hæstv. forsrh. sagði að þessar umr. bæru vott um það af hálfu okkar, sem hér höfum talað fyrir hönd stjórnarandstöðunnar, að við hefðum slæmar taugar, og vildi gefa í skyn að við værum í rauninni að gefast upp í baráttunni við hinn erlenda yfirgang í þessu máli. En hann hefur þessar rólegu taugar, að hann getur beðið aðgerðalaus eins og ekkert hafi í skorist. Ég veit að það er hægt að segja að við séum búnir að sigra í landhelgismálinu, eins og hér hefur verið sagt, af því að allar líkur benda til þess að við munum vinna sigur í málinu. En við skulum gæta að því að málið stendur þannig, þó að við fáum sigur í þessu máli síðar á árinu, þá stendur það svo alvarlega að bretar eru hér að veiða af takmörkuðum fiskstofni og íslensk stjórnvöld eru að þinga um það þessa dagana að stöðva veiðar íslendinga í nokkra mánuði. Þeir, sem næst standa ríkisstj. í þeirri n., sem flutt hefur till., gera beinlínis ráð fyrir því að meginhluti fiskiskipaflotans, sá afkastamesti, verði stöðvaður í 4 mánuði og 10 daga, þannaðar allar veiðar á þorski, vegna þess að það er gengið út frá því að bretar geti veitt hér í óleyfi það mikið af þessum takmarkaða fiskstofni að til þessara alvarlegu ráðstafana verði að grípa. Það er því alveg augljóst mál að við þurfum að gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að reyna að koma í veg fyrir að bretar geti stundað þessar ólöglegu veiðar með nokkrum teljandi árangri þar til við höfum fengið þann stuðning á alþjóðavettvangi að við getum talað um fullnaðarsigur. Og auðvitað hefur því verið lýst yfir af öllum æ ofan í æ, þangað til nú af hæstv. forsrh., að auðvitað verðum við að reyna að efla okkar landhelgisgæslu sem mest til þess að reyna að koma í veg fyrir árangursríkar veiðar breta.

Ég verð að segja það, að ég lýsi undrun minni yfir þeim málflutningi hæstv. forsrh. og að nokkru leyti hv. þm. Benedikts Gröndals, að vegna þess að bretar geti bætt við fleiri og fleiri skipum, þá þýði í rauninni ekkert fyrir okkur að styrkja okkar landhelgisgæslu. Eftir þessari kenningu ættum við líklega að hætta allri landhelgisgæslu, af því að það hefur ekkert að segja. Þá dugar auðvitað bretum að hafa hér bara eitt skip eða kannske ekkert. Við vitum það, reynslan hefur þegar sýnt okkur það, að þegar við höfum sæmilegan gæsluskipaflota á miðunum, þá komum við að mestu leyti í veg fyrir veiðar breta. En okkar gæsluskipafloti er sáralítill og mjög vanbúinn. Eitt af aðalskipunum er gjörsamlega úr leik og hefur verið það um langan tíma, gengur eins og trillubátur, vegna þess að það skip hefur verið vélarbilað nú í langan tíma. Aðstaða okkar á miðunum er því allt of veik. Auðvitað ættum við að hafa á veiðisvæðinu a. m. k. 5—6 sæmilega kröftug gæsluskip, og þau mundu gera sitt gagn, það hefur reynslan þegar sýnt okkur. Það er algjör misskilningur að tala um að það sé þýðingarlaust fyrir okkur að bæta við fleiri skipum af því að bretar geti bætt við enn öðrum skipum.

Þá kemur upp sami misskilningurinn í sambandi við hin hraðskreiðu skip. Auðvitað vita allir að mjög hraðskreið skip og skip sem sérstaklega eru búin þannig, þau eru ekki eins góð í sjó að leggja þegar vont er í sjó. Þetta vita allir. Og það gildir ekki aðeins um okkar skip, það gildir auðvitað ekkert síður um skip annarra aðila. Þeir skipherrar okkar, sem sérstaklega hafa gert till. í þessa átt, hafa auðvitað lagt á það áherslu að nota þessi skip fyrst og fremst þann tíma af árinu þegar sjór er hægari og betri, að sumarlagi til, og þá gert ráð fyrir að nota þessi skip á þann eðlilega hátt að þau skjótist út, og það er vitanlega gífurlegur munur þegar skip gengur 35 mílur, þá kostar það skipið tæpan klukkutíma að komast alveg út að þeim mörkum sem við þurfum að sinna, þannig hafa þessi hraðskreiðu skip alla möguleika til þess að skjótast inn í veiðiflotann og klippa veiðarfæri frá togurunum. Það er engin tilviljun að okkar varðskipsmenn hafa bent á þetta hver á fætur öðrum. Og þó að bretar kæmu með jafnhraðskreiða báta, þá mundi það ekki duga í þessum tilfellum, það er mesti misskilningur.

Auðvitað hefur það legið fyrir allan tímann að við þyrftum að efla okkar gæsluflota, við þyrftum að bæta þar við skipum, þannig að við hefðum allmörg skip á miðunum í einu, en ekki á þann hátt sem verið hefur, þegar iðulega hefur komið fyrir að við höfum orðið að láta okkur nægja eitt til tvö skip á miðunum í einu.

Ég verð að segja að mér þykja það heldur þunn svör hjá hæstv. forsrh. að segja það eitt um aðgerðir í þessu máli að það starfi n. í málinu og þegar n. hafi starfað eigi að leggja niðurstöður hennar fyrir enn aðra n. til athugunar, landhelgisnefnd. Auðvitað erum við búnir að hafa þetta mál svo lengi til athugunar að hér er fyrst og fremst um það að ræða hvort við viljum útvega okkur svona skip eða ekki. Og það er alveg þarflaust, eins og komið hefur líka fram hjá okkar varðskipsskipherrum, það er auðvitað alveg þýðingarlaust að vera að tefja

sig á því að biðja norðmenn um skip. Við vitum að þeir hafa aldrei gert neitt fyrir okkur í landhelgismálinu, aldrei okkur neitt til gagns, og þeir munu ekki veita okkur aðstöðu til neins skips. En hitt vitum við mætavel, að það liggur fyrir að við getum fengið svona skip, bæði leigð og keypt, hjá mörgum aðilum. Við þurfum ekki að liggja lengi yfir því hvort bandaríkjamenn vilja láta okkur hafa hraðskreið skip eða ekki á leigu eða til kaups. Ef þeir vilja ekki gera það eða svara okkur ekki á skikkanlegum tíma, þá er vitanlega að snúa sér að öðrum sem eru tilbúnir að selja okkur eins og öðrum þjóðum slík skip eða leigja þau. En í þessum efnum er auðvitað spurningin þessi: Viljum við þetta, eða viljum við það ekki? Ég tók eftir því, að hæstv. forsrh. sagði: Við þurfum að meta það, af því að sigurinn er ekki langt undan, hvort yfirleitt borgar sig að vera að eyða fé í nýjan stofnkostnað og nýjan rekstrarkostnað. — Já, við þurfum að athuga það, hvort yfirleitt borgar sig að efla gæsluna nokkuð! Ég segi fyrir mig: Ég er á þeirri skoðun að ég tel mjög miklar líkur til þess að það verði komin sú niðurstaða á Hafréttarráðstefnunni, þegar líður á seinni hluta þessa árs, að það séu miklar líkur til þess að bretar verði þá að gefa eftir og hætta yfirgangi sínum hér. Ég tel því að það séu langmestar líkur til þess að þessi barátta standi fram í ágúst-septembermánuð, þó getur þetta auðvitað orðið lengra. En slagurinn stendur auðvitað um veiðarnar á þessum mánuðum. Er hægt að koma í veg fyrir þessar veiðar eða gera afköst breta mjög lítil?

N. sú, sem hér hefur verið vitnað til og hefur rætt um ráðstafanir af okkar hálfu varðandi okkar eigin fiskveiðar, hefur komið fram með tölur í þesum efnum. Hún segir að hún gangi út frá því að það verði að skera niður aflamagn íslendinga um 80—90 þús. tonn af þorski vegna þess að bretar og aðrir útlendingar muni á þessum tíma taka hér í kringum 100 þús. tonn af þorski. Og þessi n. segir: Þessi niðurskurður á alla íslendinga þýðir í beinu útflutningsverði 8 500 millj. kr., sem okkur er svo sagt að megi margfalda með ca. fjórum til þess að fá út þjóðartekjur, af því að hér er auðvitað um að ræða útflutningstekjur sem leggja grundvöll að myndun þjóðartekna á öðrum sviðum. Hér er því ekki um neitt smáræði að tefla hjá okkur, hvort við getum komið þessum veiðum breta niður um helming eða ekki.

Auðvitað er það hreinn barnaskapur að segja á þessu stigi að við eigum að hika við að bæta í gæsluna tveimur þremur togurum sem er nú verið að tala um hvort sem er að leggja um lengri eða skemmri tíma af því að það sé ekki til fiskur í sjónum handa þeim. Þá er vitanlega ekkert vit í því að draga það við sig eða vera að setja það í n. til athugunar hvort við eigum að bæta tveimur eða þremur slíkum skipum í gæsluflotann. Og auðvitað eigum við a. m. k. að taka á leigu hraðskreitt skip sem kæmi sér vel yfir sumarmánuðina.

Vangaveltur af því tagi sem komu fram hjá hæstv. forsrh., ef þær eru ekki til þess að skaða okkar málstað þegar þetta verður flutt bretum og öðrum, að forsrh. á Íslandi hiki við það hvort eigi að bæta togurum í gæsluskipaflotann, hann sé alls ekki sannfærður um að við eigum að útvega okkur verulega ganggott skip, þetta saki ekki mjög mikið vegna þess að við séum bráðum búnir að sigra, — hvað getur skaðað íslenskan málstað ef það er ekki málflutningur af því tagi? Og auðvitað skaðar það stöðu okkar í þessu máli ef ríkisstj. sýnir þá linkind gagnvart aukinni ásókn breta og hættuleik þeirra á miðunum, að hún gerir blátt áfram ekki neitt. Þá er hún að bjóða hættunni heim.

Svo er alltaf þetta eilífa, þetta algenga, sem er á allra lægsta plani sem menn geta gripið til, þ. e. þegar þeir eru komnir í algjör vandræði með eigin málstað og geta ekki varið hann með nokkrum hætti, þá er að grípa til þess að segja: Ja, gerðir þú ekki einhvern tíma eitthvað svipað? Varst þú ekki einhvern tíma í ríkissti., og hvað gerðuð þið þá? Hæstv. forsrh. vék sér hannig undan, þegar hann fann að hann var gjörsamlega innilokaður og fór að bera saman gjörsamlega öðruvísi kringumstæður en hær sem við stöndum frammi fyrir nú. Það veit hann mæta vel. Hann veit að í landhelgisdeilunni um útfærsluna í 50 mílur var ekki um að ræða nein meiri háttar átök sem kölluðu á meiri aðgerðir en þá var gripið til fyrstu mánuðina, eins og verða vill. Síðan kom Vestmannaeyjagosið í janúarmánuði og þá féll niður öll teljandi gæsla hjá okkur og bretar léku hér lausum hala, af því að þá var talið að við hefðum í öðru að snúast. Og þegar leið hins vegar fram á sumarið, þá fórum við að herða á og þá kom að því að íslenska ríkisstj. samþykkti, öfugt við það sem menn hafa verið að klifa á hér hver á fætur öðrum, þá samþykkti hún 11. sept. 1973 að tilkynna NATO að ef herskipin yrðu ekki farin út úr landhelginni, þá mundum við taka til endurskoðunar afstöðu okkar til þátttöku í bandalaginu. Um þetta var gerð samþykkt í ríkisstj. Það var í kjölfar þessarar samþykktar sem það gerðist að bretar tóku herskipin út fyrir, þeir gáfust upp og buðu forsrh. okkar til London með heim afleiðingum sem allir þekkja. Svo þarf ekki að rekja þá sögu lengra. En nú er hins vegar um það að ræða að við erum að gera tilraun til þess að verja þann fiskafla sem við þurfum jafnmikið á að halda og raun er á, þar sem við verðum annars að hætta að stunda atvinnu sjálfir.

Það er svo út af fyrir sig broslegt, — já hæstv. forseti, ég skal ljúka máli mínu með örfáum orðum, en aðeins benda á það, að það er út af fyrir sig bæði broslegt og grátlegt þegar hæstv. forsrh. fer svo að afsaka aðgerðaleysið og tillöguleysið frá sinni hálfu með því að þessu sé nú eiginlega öllu að verða lokið, við séum að ná sigri seinna á þessu sumri. En hann er nýlega kominn frá því að halda uppi málflutningi um að best hefði verið að semja við breta til tveggja ára. Nei, ég vil vænta þess að hæstv. ríkisstj. sjái að málflutningur af þessu tagi getur ekki staðist og hlýtur að þýða fordæmingu allra landsmanna og því á ríkisstj. að taka sig á og taka upp heiðarlegt samstarf við stjórnarandstöðuna um það hvað gera á í málinu.

Benedikt Gröndal: Virðulegi forseti. Það er misskilningur hjá hæstv. forsrh. að ég telji það litlu máli skipta að bæta við einum togara og leigja flugvél. Ég tel það vera lítið miðað við það sem hefði þurft að gera og þurfi nú að gera.

Það er algjör rangtúlkun hjá hv. 5. þm. Vestf. að ég telji þýðingarlaust að bæta við skipum. Ég sagði mjög skýrt að ég teldi lífsnauðsynlegt að bæta við skipum, bæði til að hafa til vara og til að auka gæsluflotann. Við getum haft mismunandi skoðanir á því hvers konar skip sé hentugast og hagkvæmast fyrir okkur að útvega.

Ég gagnrýndi það harðlega að Landhelgisgæsla og ríkisstj. skuli ekki hafa fyrirliggjandi áætlanir til að mæta mismunandi aðstæðum og að það skuli nú þurfa að líða margir dagar þannig að „um málið sé fjallað", svo ég noti orð hæstv. forsrh., og menn séu „að gera sér grein fyrir því."

Alvarlegast af því, sem hæstv. ráðh. sagði, var þó ásökun hans á hendur stjórnarandstöðunni fyrir ábyrgðarlausar umr., og hann lét í ljós að það væri ekki viðeigandi að ræða þessi mál hér á Alþ. Ég vænti þess að hæstv. forsrh. geri sér grein fyrir því hvaða braut hann er að fara inn á með því að láta í ljós slíkar skoðanir. Það tíðkaðist hjá hernaðarþjóðum, sem lenda í stríði að lýsa yfir styrjaldarástandi sem hefur í för með sér takmörkun á málfrelsi og takmörkun á því hvað þing fái að ræða um fyrir opnum tjöldum. Ef menn ætla í sambandi við landhelgismálið að takmarka hvað Alþ. megi tala um, þá er það alvarlegt mál, og það fylgir e. t. v. ekki langt á eftir að takmarka hvað blöðin megi tala um og hvað megi tala um í sjónvarpi. Það sem stjórnarandstaðan hefur rætt um, eru mál sem hvert einasta mannsbarn ræðir um við sína nánustu dagsdaglega í landinu. Ef ráðh. heldur að eitthvað af því séu stórtíðindi fyrir breta, þá gerir hann of lítið úr þeirri upplýsingaþjónustu sem þeir ábyggilega hafa.

Hæstv. forsrh. lýsir ábyrgð á hendur stjórnarandstöðunni fyrir ábyrgðarlausar umr. að gefnu þessu tilefni. Nú vil ég spyrja hæstv. forsrh.: Ætlar hann að lýsa ábyrgð á hendur hæstv. dómsmrh. fyrir ábyrgðarlaust framferði þegar hann gefur út opinbera fréttatilkynningu með miklu nánari tilgreiningu um það hvað gera skuli, heldur en við höfum gert okkur seka um?

Ætlar hæstv. forsrh. að lýsa ábyrgð á hendur hæstv. utanrrh. fyrir ábyrgðarlaust framferði, því að við lesum það í blöðunum að hann sé búinn að fela sendiherra okkar í Washington að hafa samband við ráðamenn í utanrrn. um útvegun á tilgreindri tegund skipa, á sama tíma og hæstv. forsrh. er enn þá að gera sér grein fyrir málinu og fjalla um það hér heima?

Ætlar hæstv. forsrh. að lýsa ábyrgð á hendur skipherra Þórs og öðrum skipherrum sem hafa rætt þessi mál opinskátt í fjölmiðlum?

Ætlar hæstv. forsrh. að lýsa ábyrgð fyrir ábyrgðarleysi á hendur íslenskum fjölmiðlum sem fjalla opinskátt um þessi mál?

Það er ekki svo mikið unnið í þeim n. sem rætt er um, þingnefndum og öðrum, í sambandi við þessi mál, að hægt sé að vísa til þeirra og óska eftir því að þm. ræði ekki málið. Þar að auki eru ekki nema fáir þm. í þessum n., og það er ekki hægt að svipta hina málfrelsi um þessi mál af þeim sökum.

Ég vil því vísa þessari yfirlýsingu hæstv. forsrh. algjörlega frá mér og tel að hér hafi ekki komið neitt fram sem geti skaðað hagsmuni Íslands hið minnsta, miðað við hversu frjálsar umr. fara fram um þetta mál og hversu auðveld öll upplýsingasöfnun er um það.

Karvel Pálmason: Virðulegi forseti. Þær hafa nú orðið langar, athugasemdirnar hjá sumum hv. þm., en ég skal vera stuttorður.

Oft hef ég orðið fyrir vonbrigðum með viðbrögð hæstv. forsrh. áður, en þó aldrei eins og nú. Ég hugsa að það sé leitun á svarræðu hjá ráðh. í svipuðum dúr og hæstv. forsrh. flutti hér áðan.

Hann sagði, hæstv. ráðh., að sér fyndist þessir tilburðir stjórnarandstöðu bera vitni slæmum taugum. Það er merkileg árátta hjá hæstv. forsrh. að vera alltaf að tala um slæmar taugar hjá stjórnarandstæðingum í þessu máli, — það er síður en svo að það sé. Og hann bætti við að þeir menn, sem hugleitt hefðu framtíðina, hefðu mátt búast við þessum atburðum á miðunum og þessum ágangi af hálfu breta. Auðvitað er það rétt, það máttu allir búast við því. En það, sem ekki hefði átt að mega búast við, það var að hæstv. ríkisstj. skyldi svo til ekkert gera, sitja aðgerðalaus og aðhafast ekki neitt þrátt fyrir þessa atburði og viðbrögð breta. Það er það sem hér er verið að tala um fyrst og fremst. Það bjuggust auðvitað allir við þessu af hálfu breta. En ég a. m. k. hefði helst viljað vera laus við að búast við því aðgerðaleysi af hálfu hæstv. ríkisstj. sem raun ber vitni í þessu máli.

Hæstv. forsrh. segir að þessar umr. leiði ekkert nýtt í ljós af hálfu stjórnarandstöðu, þær séu gagnslausar og beinlínis skaðlegar. Ég verð að segja það fyrir mitt leyti að mér finnst undarlegt að hæstv. forsrh., þessi geðprýðismaður dagsdaglega, skuli vera með slíkar yfirlýsingar hér á Alþ. þegar teknir eru til umr. málefnalega þeir alvarlegu atburðir sem verið hafa að gerast á miðunum á undanförnum vikum og mánuðum. Það er alveg óruggt mál að hann fær a. m. k. fáa íslendinga til að fallast á þá skoðun sína að það sé skaðlegt fyrir málstað íslendinga að taka þessi mál til umr. á Alþ., þegar svo til hvert einasta mannsbarn í landinu hefur velt þessu fyrir sér í vikur og mánuði og rætt um það dagsdaglega hvað beri að gera til þess að snúast til varnar gegn þessum ágangi breta.

Svo sagði hæstv. forsrh. að hann væri undrandi á þessum umr. og viðhorfum stjórnarandstöðunnar, þ. e. a. s. að það þyrfti að bæta við skipum til gæslu á miðunum, — hann væri undrandi á þessu viðhorfi stjórnarandstöðunnar, vegna þess að hún segði í öðru orðinu að það gerði ekkert til þó að bretar væru hérna, þeir veiddu svo lítið hvort sem væri. En þótt ekkert væri annað en það, þurfum við a. m. k. að gera allt sem hægt er til þess að koma í veg fyrir að bretum takist það sem þeir ætla sér, að gera gjörsamlega óvirkan flota gæslunnar, kannske með tortímingu á mannslífum. Og það er alveg augljóst mál, að hvert tonnið, sem hægt er að

koma í veg fyrir að bretum auðnist að stela hér á miðum, það eykur á því líkur, að þær verði færri vikurnar eða færri mánuðirnir sem það verður lagt blátt bann við því að íslensk fiskveiðiskip megi draga þorsk að landi nú á þessu ári, eins og hér hefur komið fram að uppi eru till. um og nú er velt fyrir sér í stjórnarherbúðunum, þ. e. a. s. að banna allar þorskveiðar í fjóra mánuði á þessu ári. Það er því ekki ástæðulaust að þess sé krafist beinlínis af hæstv. ríkisstj. að hún geri allt sem hægt er til þess að koma í veg fyrir að bretum líðist það að stela hér svo og svo miklu af afla.

Og svo í síðasta lagi lýsti hæstv. forsrh. ábyrgð á hendur stjórnarandstöðunni fyrir ábyrgðarlausan málflutning. Hver er nú þessi ábyrgðarlausi málflutningur? Það er verið að óska eftir því að hæstv. ríkisstj. geri grein fyrir því, hvað hún hyggst gera til andsvara við aðgerðum breta sem gerast dagsdaglega og oft á dag og beinlínis í því formi að sigla niður íslensk varðskip. Er það ábyrgðarlaus málflutningur hér á Alþ. að ræða hvað skuli gert til þess að snúast til varnar í slíkum efnum? Ef það er ábyrgðarlaus málflutningur að slíkt skuli rætt hér á Alþ., hvert stefnir þá þingræðinu og lýðræði hér á landi? Er það meining hæstv. forsrh. að fara að skerða svo lýðræðistilhneigingu íslensku þjóðarinnar að það sé einhver tiltölulega fámenn og til þess valin „grúppa“ á tilteknum stöðum, í áhrifastöðum, sem megi leyfa sér að ræða í þessu tilviki hvað íslenskum stjórnvöldum beri að gera til þess að stemma stigu við þeim stigamannahætti sem bresk stjórnvöld hafa leyft sér að halda uppi hér á fiskimiðunum á undanförnum mánuðum?

Það er full ástæða til þess að vara við slíkum málflutningi eins og hæstv. forsrh. kom hér inn á. Það er ekki ábyrgðarlaust tal af hálfu stjórnarandstöðunnar sem uppi hefur verið haft í þessu máli. En það er óviðeigandi af hæstv. forsrh. að leiða málið inn á þær brautir sem hann gerði með ræðu sinni áðan. Það er fullt svo viðeigandi og meira en það, það er sjálfsagt að ræða þetta sem og önnur mál opinskátt á Alþ. Það verður ekki það sem skaðar málstað íslensku þjóðarinnar í þessu máli. Ef það verður eitthvað, sem skaðar málstaðinn, þá verður það fyrst og fremst sú linkind og það aðgerðaleysi, sem hæstv. ríkisstj. hefur haft í þessu máli allt frá upphafi. Það er því tími til kominn að hún taki á sig rögg, söðli um og hafi forustu í því sem gera skal, taki höndum saman við stjórnarandstöðuna í því að gera róttækar ráðstafanir og sýna viðbrögð sem verða til þess að bretar hætti þeim yfirgangi sem þeir hafa sýnt hér á miðunum á undanförnum mánuðum.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð. — Ég vil taka það fram að ég áskil mér rétt til þess að svara fullum hálsi, þegar stjórnarandstaðan notar þetta mál til sérstakrar gagnrýni á hendur ríkisstj., og flytja þau rök sem eru til staðar sem andsvar við þeirri gagnrýni sem hér er flutt. Og sannast best að segja finnst mér stjórnarandstaðan hafa kippst töluvert við. Hún talar um eflingu landhelgisgæslunnar. Um það eru allir þm. sammála. En hins vegar er stjórnarandstaðan innbyrðis engan veginn sammála um til hvaða úrræða skuli gripið. Niðurstaða mín er sú að við eigum innbyrðis að reyna að samræma þessi sjónarmið. Lúðvík Jósepsson nefndi að hann hefði flutt till. í landhelgisnefnd um að bætt yrði 2—3 togurum í landhelgisgæsluna. Það voru engar sérstakar undirtektir undir þá till. í landhelgisnefnd. Það kom til greina e. t. v. að bæta við einum slíkum togara til viðbótar. Það er þó vissum annmörkum háð, t. d. þeim, að þótt þessir togarar séu sterkir að byggingarlagi að vissu marki, þá eru þeir ekki útbúnir þeim hólfum sem jafnvel elstu varðskip okkar eru. Margs þarf því að gæta áður en við setjum skip í slíka baráttu sem landhelgisgæsluskipin eru sett í. Við berum ábyrgð á lífi og limum áhafnarinnar, og ég vil gjarnan liggja undir ámæli fyrir linkind í landhelgismálinu eða varðandi eflingu landhelgisgæslunnar eða varðandi það að herða átökin á miðunum að fyrra bragði af okkar hálfu, ef í því ámæli felst að ég hef það að markmiði að vernda líf og limi áhafnanna á varðskipunum. Ég veit að við höfum öll þetta í huga, og ég segi þessi orð ekki til þess að ætla öðrum þm. annað en að þetta sé líka efst í þeirra huga.

Það var athyglisvert að hv. þm. Lúðvík Jósepsson vitnaði í niðurstöðu nefndar sem hefur fjallað um takmörkun fiskveiða eða réttara sagt fjallað um nýtingu fiskimiða, en sú n. hefur gert því skóna að útlendingar gætu tekið allt að því 100 þús. tonn af þorski á ári hverju af Íslandsmiðum. Nú höfum við íslendingar ekki samið við útlendinga um veiðar, eins og málum er nú komið, nema held ég, um 6500 tonn og ekki boðið nema 8000 tonn til viðbótar. Það þýðir að samkv. þessu gerir hv. þm. sjálfur því skóna að bretum takist að veiða í óleyfi yfir 85 þús. tonn af þorski á ári hverju. Þá mætti ætla að hann ætti e. t. v. eftir að gerast formælandi þess að samið yrði við breta um eitthvað minna aflamagn. Látum það liggja á milli hluta og eins hitt, þótt hann tíundaði hvers vegna öðru máli hefði gegnt um eflingu landhelgisgæslunnar í hans eigin stjórnartíð en núna. Skýringin var blátt áfram sú að sögn hv. þm. að það voru engir meiri háttar árekstrar í sambandi við gæslu 50 mílna fiskveiðilögsögunnar fyrst framan af, síðan kom Vestmannaeyjagosið o. s. frv. Ég dreg þá ályktun af þessu að hann vilji meina að 50 mílna fiskveiðilögsagan hafi alls ekki verið virk og komur það úr hörðustu átt.

Varðandi þær fsp., sem hv. þm. Benedikt Gröndal varpaði til mín um hvað væri ábyrgðarleysi í sambandi við málflutning stjórnarandstöðunnar og stjórnarliðs í sambandi við landhelgismálið, þá vil ég aðeins taka það fram, að ég tók skýrt fram í ræðu minni að ég teldi að þjóð og þing ættu skilyrðislausan rétt á því að gefnar væru upplýsingar og hér færu fram opnar umræður um ástand og horfur í landhelgismálinu og hvaða úrræði væru þar til staðar, að svo miklu leyti að ekki gagnaði aðstæðingum. En ég tel það hins vegar ábyrgðarleysi að efna til umr. hér hvað eftir annað af tilefni sem að vísu eru alvarleg, en engum á í raun og veru að koma á óvart, miðað við fyrri

reynslu, sérstaklega þar sem hv. þm. hafa ekkert nýtt lagt til málanna. Og það er e. t. v. þetta sem veldur ákveðnum vonbrigðum hjá almenningi og raunar hér innan þings og meðal starfsmanna landhelgisgæslunnar. Við hljótum að gera okkur ljóst, að þótt við leitum allra ráða — og það sé sjálfsagt — til eflingar landhelgisgæslunnar, þá skiptir öllu máli að við tökum ákvarðanir á grundvelli nytsemi, en tökum ekki ákvarðanir bara til að gera eitthvað, ekki bara til að veifa röngu tré fremur en engu. Ef við miðum við nytsemi aðgerðanna, þá erum við á réttri leið. En ef við erum bara að gera ráðstafanir út í bláinn, þá völdum við vonbrigðum og eigum enga virðingu skilið.

Jafnstaða kvenna og karla, (þskj. 402). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 403). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Neðri deild, 77. fundur.

Mánudaginn 15 mars, að loknum 76. fundi.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 417). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. og 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Hæstv. forseti. Með frv. á þskj. 417 er lagt til að frestur sá, sem Kjaradómur hefur til að kveða upp dóm í yfirstandandi kjaradeilu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og fjmrh., verði framlengdur til 1. apríl n. k. Áður hafði frestur í kjaradeilu þessari tvisvar verið framlengdur með sérstökum lögum, nr. 90 frá 1975 og nr. 3 frá 1976, og hafa þá báðir aðilar verið sammála um að leita eftir slíkum frestum. Enn hefur ekki náðst samkomulag í áðurnefndri deilu. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja hefur óskað þess að nýr frestur yrði veittur til að reyna að ná samkomulagi, og hefur ríkisstj. fallist á að gera þá tilraun og flytur því þetta frv.

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að leggja til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. Það hefur ekki tíðkast, þegar um samkomulag hefur verið að ræða undir slíkum kringumstæðum, að vísa málinu til n. og geri ég því það ekki að till. minni, en vænti þess að hv. þd. sjái sér fært að afgreiða þetta frv. við þrjár umr., þannig að það geti orðið að lögum í dag.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv.

Neðri deild, 78. fundur.

Mánudaginn 15. mars, að loknum 77. fundi.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 417). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Neðri deild, 79. fundur.

Mánudaginn 15. mars, að loknum 78. fundi.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 417). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 418).

Vátryggingariðgjöld fiskiskipa, frv. (þskj. 339, n. 412 og 214, 415). — 2. umr.

Jón Skaftason: Herra forseti. Sjútvn. Nd. hefur haft til athugunar frv. til l. um greiðslu vátryggingariðgjalda fiskiskipa, 158. mál þessa þings, flutt í Ed. N. athugaði frv. þetta á tveim fundum og varð niðurstaðan sú að meiri hl. n., þ. e. a. s. þeir 4 hv. þm. sem undirrita nál. á þskj. 412, mælir með því að frv. verði samþ. óbreytt, einn hv. nm., Garðar Sigurðsson, skilar séráliti, en fjarverandi voru Sighvatur Björgvinsson, sem boðaði veikindaforföll, og hv. þm. Sverrir Hermannsson.

Meiri hl. n. mælir með því að frv. verði samþykkt.

Frsm. minni hl. (Garðar Sigurðsson): Virðulegi forseti. Ég sé nú ekki í salnum lengur hv. frsm. meiri hl. sjútvn. (Gripið fram í.) Jú, hann er hér. Alltaf skal hann standa að baki mér, þessi

blessaði hv. þm. Það var þá ástæðulaust að ætla að hann hefði stungið af þrátt fyrir það að hann leyfði sér að fara dálitið frjálslega með sannleikann hér, eins og stundum tíðkast því miður þegar verið er að ræða mál, jafnvel þótt þau séu af alvarlegra taginu eins og þetta.

Ég vil upplýsa það, eins og fram kemur raunar í nál. mínu á þskj. 414, að á þeim fundi, sem þetta mál var afgreitt í sjútvn. Nd., þá voru alls ekki þessir 4 á fundinum sem rita undir nál. (Gripið fram í.) Á þeim fundi, sem málið var afgreitt, voru alls ekki þessir 4 menn sem skrifa undir nál. meiri hl. Þeir voru aðeins 3. Og til þess að menn fái að heyra alveg um það, þeir sem vilja vita það, hvernig að þessum málum var staðið, þá ætla ég að leyfa mér að lesa upp — með leyfi hæstv. forseta — það nál. sem ég minntist á áðan, á þskj. 414. Nál. er á þessa leið og er frá minni hl. sjútvn., en í þessum minni hl. var ég einn vegna þess að ég var eini fulltrúi stjórnarandstöðunnar á fundinum, hinn var veikur:

„Sjútvn. hefur tekið mál þetta fyrir á fundum sínum“ — ég vil biðja hv. þm. að hlusta á þetta — „þar sem málið var lesið á fyrri fundi, þar sem 4 nm. voru saman komnir“ — þ. á m. var ég einn af þeim, þ. e. a. s. 3 úr stjórnarliðinu — „en afgreitt af þrem meirihlutamönnum á síðari fundi án þess að það væri skoðað rækilega eða sent til umsagnar, enda fundartími ekki lengri en 5 mínútur með löglegum fjölda fundarmanna.“ Þar voru sem sagt 4. Fundartíminn var sem sagt ekki með löglegum meiri hl. lengri en 4—5 mínútur.

„Ekki var sýnilegt af nál. hv. Ed. að málið hefði hlotið þar annars konar meðferð, því ekki var þar umsögnum eða útskýrandi gögnum fyrir að fara.

Kannske er ekki ástæða til að andæfa slíkri fljótaskrift, því að málið er ekki upp á meira en sem svarar eitt þúsund milljónum króna.

Minni hluti nefndarinnar hefur hins vegar óskað eftir ákveðnum upplýsingum, en ekki hlotið svör við spurningum sínum.

Minni hl. gerir aths. við þá upphæð sem innheimta skal af heildarsöluverðmæti afla gegnum viðskiptabanka útgerðar.

Minni hl. n. gerir aths. við hvert viðskiptabönkum er ætlað að skila þessu innheimta fé, og auk þess gerir minni hl. aths. við það ákvæði í 3. gr. frv., þar sem sagt er, að heimilt sé (en ekki skylt) að endurgreiða ofgreidd gjöld þegar gjaldskyldu hefur verið fullnægt.

Minni hl. mun flytja brtt. á sérstöku þskj. sem af má sjá nánar í hverja átt aths. beinast.

Að lokum vill minni hl. n. vekja athygli þeirra þm., sem nál. kunna að lesa, á því sem m. a. kemur fram í aths. við þetta frv. Þar segir:

Áætlað aflaverðmæti árið 1976 er 20 milljarðar. Á sama tíma eru áætluð vátryggingaiðgjöld fiskiskipa allt að 1800 millj., eða um 9% af afla.

Hver maður sér að það hlýtur að vera óskikkanlegt að gjalda næstum tíund í tryggingar. Hér þarf að leita sparnaðarleiða og fara þær síðan.“

Þannig hljóðaði nál. Það, sem sett er fram í þessu nál. með afar knöppu orðalagi, stuttum texta, segir raunar allt um það hvernig staðið er að afgreiðslu stórra mála hér á hv. Alþ. Á fyrri fundi n. var ekkert gert annað en að lesa þetta frv. yfir. Hins vegar óskaði ég eftir því við formann hv. n. að fá svör við ýmsum spurningum, m. a. þeim, hvað bátar af ákveðnum bátastærðum hefðu greitt til Tryggingasjóðs á árunum á undan og hvaða líkur væru til þess að þeir þyrftu að greiða núna mikinn hluta af afla í tryggingar á þessu ári, t. d. hvað smábátarnir frá 6 upp í 50—60 tonn þyrftu að greiða, hvað bátar frá 60 til 150 tonn greiddu í hlutfalli af afla o. s. frv., en við þessu fengust engin svör.

Ég ítrekaði það við formann hv. n. hvort ekki væri ráðlegt að senda þetta mál til umsagnar, eins og síður hefur verið að gera hér lengi. Þá fengust engin svör önnur en þau, að það væri búið að kanna þetta mál svo vel, það væri búið að rannsaka þetta svo vel í n. hér úti í bæ að það væri ekki ástæða til þess að fara að fetta fingur út í það og fara að leita eftir einhverjum leiðinlegum upplýsingum sem kannske féllu ekki nákvæmlega í kramið.

Þessi svör höfum við áður fengið. Við fengum slík svör frá ýmsum þm. Ég man eftir svari frá hv. þm. Sverri Hermannssyni þegar verið var að ræða eitt mikilsvert mál hér um sjávarútveg, þegar var verið að fjalla um breytingar á sjóðakerfinu, þar sem um var að ræða miklu stærra mál, upp á mörg þús. millj. kr. Það þótti engin ástæða til þess hér í hv. Alþ. að rannsaka það mál náið. Það var búið að kanna það svo vel úti í bæ. Það var n. úti í bæ sem var búin að rannsaka málið svo vel, það var búið að gefa út svo fallegar þrjár grænar bækur að það þurfti ekki á því að halda að Alþ. færi að grufla neitt ofan í það.

Svo koma þessir sömu menn og tala um að það sé verið að gera Alþ. að afgreiðslustofnun o. s. frv. Hvað er verið að gera með þessu? Það eru menn úr rn. og ýmsir aðrir, sem eru settir í n. til þess að vinna að málunum, þeir fullgera þau og síðan er sagt hér: Þið skuluð bara vera þægu strákarnir og rétta upp hendurnar eins og um er beðið, það þarf ekkert að skoða það nánar og Alþ. kemur þetta mál ekkert meira við. N. er búin að ljúka störfum. En Alþ. á bara að afgreiða það. — Slíkur afgreiðslumáti er auðvitað fyrir neðan allar hellur.

Og það að taka ákvörðun í þessu máli, sem er um það hvernig eigi að fara að því að innheimta 1700—1800 millj. kr., hvert það fé eigi að fara, það er afgreitt af þrem mönnum á álíka mörgum mínútum af stjórnarliðinu. Ég held að ég hljóti að lýsa vanþóknun minni einu sinni enn á slíkum vinnubrögðum.

Sannleikurinn er sá, að málið fékkst ekki einu sinni rætt almennilega á þessum fundum. Það er staðreynd. Og þó að þessir 4 hv. þm. skrifi hér undir, þá voru þeir alls ekki á þeim fundi þegar ákvörðun var tekin. Ég veit ekki hversu alvarlegt það er út af fyrir sig, þetta hefur kannske stundum verið gert. En menn eru að skrifa þarna undir plagg sem þeir tóku ekki þátt í að afgreiða. Ég er ekki að segja að þetta sé neitt skjalafals eða slíkt, en þetta er óviðeigandi.

Ég hef á þskj. 415 komið með nokkrar brtt. og þær eru varðandi þau atriði sem fram koma í nál.

1. brtt. er við 1. gr., og hún er þess efnis að ekki verði tekið af útgerðinni beint 5% af brúttóafla til þess að tryggja tryggingafélögunum þessa peninga sjálfkrafa. Ég legg til að í staðinn fyrir 5% komi 3%. 5% af 20 þús. millj., sem er brúttóaflaverðmætið, það gerir svo mikið sem 10 hundruð millj., þ. e. a. s. 1 milljarð. 3% gera hins vegar 600 millj. Það þarf auðvitað ekki að vera að reikna þetta fyrir fólk hér. En það kemur fram líklegast í aths. við þetta frv. að það fé, sem rennur til tryggginganna, komi úr tveimur áttum, þ. e. a. s. af 6% útflutningsgjaldinu komi 600 millj., en af þessum 5%, sem er ætlað að taka af brúttóaflaverðmæti beint til viðskiptabankanna, komi 1000 millj., en áætlaðar heildargreiðslur eru, eins og ég sagði áðan, milli 17 og 18 hundruð millj., sem auðvitað er alveg hrikaleg upphæð, að greiða 9% af aflanum til þess að tryggja bátana.

Þarna hlýtur að vera einhver maðkur í mysunni. Það er fyllilega ástæða til að kanna það mál gaumgæfilega, hvernig stendur á því að við þurfum að greiða svo geysilegar upphæðir til þess að tryggja fiskiskipaflotann og hvort ekki sé hægt að leita raunhæfra leiða til þess að draga úr tjónum á þessum skipum. Það er vissulega rétt að hér á Íslandi eru hafnir margar ákaflega slæmar og hafnarskilyrði víða þannig að varla verður komist hjá skemmdum að meira eða minna leyti, og skiptapar eru því miður allt of algengir hér. En það eru vissulega til leiðir til þess að draga úr þessu, og allar slíkar leiðir, sem leitt gætu til minni greiðslubyrði í þennan þátt, væru vissulega vel athugandi og sjálfsagt að fara þær ef þær finnast.

Varðandi þessa brtt. vil ég líka segja það, að með því að taka aðeins 3% þannig beint af afla í gegnum viðskiptabankana kæmu sem sagt af útflutningsgjöldum 600 millj. af þessum 3%, aðrar 600 millj. og þá væru eftir 4—5—6 hundruð millj. sem tryggingafélögin þyrftu þá að rukka inn frá þeim sem eiga að greiða þetta, þ. e. a. s. af útgerðinni, og þeir eru ekkert of góðir til þess að rukka sjálfir inn a. m. k. einhvern hluta þeirra gjalda sem þeir eiga að fá til tryggginganna. Þess vegna sýnist mér að þarna hafi alls ekki verið gróflega á tekið eða of freklega farið í tillögugerð heldur, að þarna sé þessu sanngjarnlega skipt. Þeir þurfa að innheimta tæpan þriðjung, en fá sjálfkrafa innheimt í gegnum viðskiptabankana liðlega ⅔ af vátryggingagjöldum.

2. brtt., sem ég flyt við frv. er við 2. gr., að þar komi í staðinn fyrir Landssamband ísl. útvegsmanna Tryggingasjóður fiskiskipa. Það er sem sagt gert ráð fyrir því í frv. að inn á reikning L.Í.Ú. skuli leggja 1000 millj., sem það á síðan að greiða vátryggingafélögunum. Þetta fé hlýtur að liggja inni á reikningi L.Í.Ú. svo og svo langan tíma, þannig að það hlýtur að hafa af þessu allvænar vaxtatekjur. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að taka þarna inn aðila þegar hægt er að notast við þann, sem hefur séð um þetta hingað til, þ. e. a. s. Tryggingasjóð fiskiskipa. Ég legg þess vegna til, að Tryggingasjóðurinn taki beint af viðskiptabönkunum við því fé sem þannig er innheimt.

3. brtt. er við 3. gr. og er raunar umorðun á 3. gr. frv. Í frv. er 3. gr. svo hljóðandi:

„Við árslok skal endurgreiða innistæðu skipsins er kann að verða umfram greiðslur vátryggingariðgjalda.“

Hugsa sér, að þeir skuli bara fá borgað til baka ef þeir eru búnir að borga allt of mikið! Þetta er mjög rausnarlegt. Og svo kemur síðari málsgr.:

„Þó er heimilt að endurgreiða skipseiganda innistæðu skipsins fyrr séu vátryggingargjöld skipsins að fullu greidd.“

Þ. e. a. s. það er leyfilegt, ef menn eru í sæmilegu skapi þann og þann daginn, að þeir, sem eru búnir að borga allt of mikið, geti fengið borgað til baka heldur fyrr en um næstu áramót. Þetta er jafnvel enn rýmilegra en fyrri málsgr. Það er aldeilis furðulegt, að svo skuli tekið til orða í lögum. Það ætti auðvitað að vera skylt að greiða mönnum til baka og það sem fyrst það sem þeir hafa ofgreitt.

4. brtt. er eiginlega samhljóða 2. till. Það er sama orðabreyting, en á aðeins við 4. gr. Kemur af sjálfu sér, að ef brtt. við 2. gr. verður samþ., þá hlýtur þessi breyt. einnig að koma á 4. gr. þar sem átt er við Tryggingasjóð fiskiskipa, en ekki Landssamband ísl. útvegsmanna.

Herra forseti. Aðeins örfá orð í viðbót. Það er kannske ekki ástæða til þess að fara að flytja verulega langt mál um þessar brtt. eða þetta mál út af fyrir sig fram yfir það, sem sagt hefur verið. Það er meingallað. Mætti vera betur öðruvísi. En ég tel jafnvel fremur ástæðu til þess að víta hreinlega þessi vinnubrögð í starfsemi Alþingis, að stórmál skuli vera hespuð af á örfáum mínútum og það liggja engar umsagnir fyrir. Það er ekki svarað spurningum þegar maður leitar eftir ákveðnum upplýsingum. Það fást engin svör. Þarna er verið að mismuna málum í gegn á afar ógeðfelldan hátt og ég vil segja óþinglegan hátt.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða hér um frv. þetta í löngu máli, en ég hlýt að vekja athygli á því að hér er staðið að afgreiðslu mjög stórs máls á nokkuð sérkennilegan hátt. Ég vil taka undir það sem kom fram hjá hv. minni hl. sjútvn. um óviðunandi kvæmilega afgreiðslu málsins hér. Mér sýnist vera lítil ástæða til þess að standa á þennan hátt að afgreiðslu máls eins og þessa, vegna þess að hér er ekki um neinn meiri háttar ágreining að ræða. Ég hafði lýst því yfir við 1. umr. um málið fyrir hönd míns flokks að við gætum fallist á meginsjónarmið það sem fram kæmi í frv., þ. e. a. s. að gera ráðstafanir til þess að tryggja nokkru betur en nú er í gildandi lögum innheimtu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa í kjölfar þeirra breytinga sem þegar er búið að gera á áður gildandi lögum um vátryggingasjóð. Þannig er sem sagt samstaða um meginsjónarmiðið. Hins vegar gerði ég aths. við nokkur atriði sem ég tel að hafi verið full ástæða til að vekja athygli á, en það virðist vera að ekkert tillit hafi verið tekið til þeirra ábendinga, sem ég setti þar fram, af hálfu meiri hl. í sjútvn., og það er ekki orðið við því að gefa upplýsingar

um málið, sem þó er fyllilega eðlilegt að séu gefnar um jafnmikið mál og hér er á ferðinni.

Það er þá í fyrsta lagi, sem ég vildi benda á, að hér er verið að gera ráðstafanir til þess að heimilt verði að innheimta með sérstökum hætti allt að 5% af heildarverðmæti afla fiskiskipa miðað við innanlandsverð og 4% af heildarsöluverðmæti afla erlendis, og það er gert ráð fyrir því í frv. að skv. þessari innheimtuheimild geti verið um að ræða innheimtu sem nemur 1000—1100 millj. kr. Þessi nýja aðferð er sem sagt tekin upp í staðinn fyrir þá breyt. sem gerð hefur verið á fyrra fyrirkomulagi um innheimtu þessara gjalda, og þá er rétt að átta sig á því hver sú breyting er. Skv. upplýsingum, sem hér liggja fyrir hv. þm., var áætlað að iðgjöld, sem innheimt yrðu með útflutningsgjaldi af sjávarafurðum skv. fyrra fyrirkomulagi, mundu nema á yfirstandandi ári 1182 millj. kr. hefði það fyrirkomulag haldið áfram óbreytt. Grein var gerð fyrir því að eftir þá breytingu, sem búið er að gera á þeim reglum, mundi Tryggingasjóður fiskiskipa halda eftir 613 millj. kr. samkvæmt áætlun Þjóðhagsstofnunar, eða m. ö. o. að iðgjaldainnheimta samkv. þessari aðferð rýrnar um 569 millj. kr. á ári, en í staðinn er hins vegar nú lagt til að taka upp innheimtu sem áætlað er að skili 1000—1100 millj. kr.

Hér er því verið að gera ráð fyrir miklu meiri gjaldtöku á þennan hátt en var áður í lögum, að vísu í öðru formi og að mínum dómi réttlátara formi. En því er að sjálfsögðu haldið fram, að það muni ekki af veita, þó að þessi háttur verði hafður á, að innheimta svona miklum mun meira á þennan sjálfvirka hátt en áður var gert ef innheimta eigi sem nemur öllum iðgjaldagreiðslum flotans. Þá er nú í fyrsta lagi við það að athuga, að það er engin ástæða að mínum dómi til þess að innheimta á þennan hátt alveg alla upphæðina, ekki frekar nú en áður var. Við því er ekkert að segja þó að vátryggingafélögin, sem tryggja flotann, þurfi að innheimta nokkuð, sem upp á vantar, hjá hinum ýmsu aðilum. Nú gefur það líka auga leið, að ef á, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, að innheimta sem nemur nálega allri iðgjaldaupphæðinni fyrir allan flotann á þennan sjálfvirka hátt, ýmist með útflutningsgjöldum eða sérstöku gjaldi af lönduðum fiski, þá þýðir það að hér verður um að ræða sjálfvirka innheimtu umfram það sem ýmsir aðilar eiga að greiða af því að menn greiða ekki allir jafnt. Sumir þurfa að greiða hlutfallslega miklu meira en aðrir miðað við sinn afla. Aðrir komast af með að borga lægri iðgjöld og fiska þá jafnvel líka meira. Ef á að setja upp kerfi sem gerir ráð fyrir innheimtu á öllum iðgjöldum, þá verður farið inn á þá braut að innheimta meira en þörf er hjá sumum aðilum, en auðvitað mundi það ekki duga til fullrar innheimtu hjá þeim sem verst stendur á hjá. Þetta er að mínum dómi alveg óeðlilegt. Það á ekki að ganga inn á þessa braut.

En þegar menn gera ráð fyrir því að fara inn á þessa óeðlilegu braut, þá væri þó auðvitað lágmarkið það að þannig yrði búið um hnútana að þeir, sem hafa t. d. á miðju ári eða síðari hluta árs sannanlega greitt allt það sem þeim ber að greiða samkv. þessum reglum, þá hafi þeir tvímælalausan rétt til þess að innheimta hjá þeim falli niður eða þeim verði skilað því fjármagni sem þeir hafa ofgreitt. En þá er þetta frv. þannig úr garði gert, svo háðulega, vil ég segja, að það gerir ekki einu sinni ráð fyrir þessu á eðlilegan hátt.

Í 3. gr. frv. segir um þetta atriði, með leyfi forseta: „Þó er heimilt að endurgreiða skipseigenda innistæðu skipsins fyrr séu vátryggingariðgjöld skipsins að fullu greidd.“ — Séu vátryggingariðgjöldin að fullu greidd, þá er heimilt að endurgreiða. Auðvitað ætti þetta að orðast þannig að það sé ekki heimilt að innheimta séu iðgjöldin að fullu greidd og það beri tvímælalaust að endurgreiða, það sé skylda að endurgreiða ef menn hafa greitt að fullu. En þarna er komið, eins og stundum er bent á, þetta „egta“ hjá kerfinu. Kerfið er ekki að virða rétt hinna einstöku aðila. Það segir bara: Við skulum hafa allan réttinn okkar megin. Við höfum að vísu heimild til þess, en við erum ekki skyldugir. Við gerum það bara ef okkur sýnist. — Og þegar svo haganlega er frá öllu gengið að sá aðili sem á að sjá um að endurgreiða í þessu tilfelli, hefur beinan hag af því, hann hefur tekjur af því að endurgreiða sem minnst, af því að það, sem honum er greitt, er lagt inn á sérstakan reikning og hann fær vexti af því og það eru einmitt þessar vaxtatekjur sem eiga að vera hans aðaltekjur fyrir hans snúninga í málinu, þá gefur auðvitað auga leið að hann mun ekki endurgreiða miklu meira en hann þarf tvímælalaust að gera. Þetta er vægast sagt óeðlilegt, og ég lýsi undrun minni á því að meiri hl. sjútvn. skuli skila frá sér frv. í þessum búningi. Þetta getur ekki verið af neinu öðru en því að meiri hl. hefur flumbrað afgreiðslu málsins, eins og hér hefur komið fram. Hann hefur lítið kynnt sér málið og honum er í rauninni alveg sama um hvað þarna stendur, það þurfi bara að drífa frv. í gegn.

Afstaða mín er sú, að ég sé enga ástæðu til þess að gera þessa sjálfvirku gjaldtöku á tryggingariðgjöldum víðtækari en áður var. Það er nægilegt að tryggja þennan sjálfvirka hátt á innheimtu sem nemur svipaðri fjárhæð og áður var. Ég vorkenni ekki þeim, sem vátryggja skipin, að sjá um að innheimta afganginn hjá þeim sem afgangur myndast hjá. Þeir hafa fengið nægilega tryggingu með því að hafa innheimtu á svipaðan hátt og áður var, og síðan á vitanlega að setja inn í lögin skýr ákvæði um að það sé beinlínis skylda að endurgreiða hafi verið oftekið og það sé ekki hægt að halda þessu fé fyrir mönnum að þarflausu.

Þá er hitt atriðið sem ég vék hér að við 1. umr. málsins, en það er að það fé, sem er innheimt á þennan hátt af útgerðaraðilum, ætti fremur að leggjast inn á reikning hjá Tryggingasjóði fiskiskipa heldur en að fara að blanda Landssambandi ísl. útvegsmanna inn í málið og koma þarna upp tveimur aðilum um sama atriðið. Mér er vel kunnugt um það að ýmsir aðilar tryggingarfélaganna hafa gert till. um að þetta skuli allt renna beint til Tryggingasjóðs fiskiskipa, en fara ekki inn á sérstakan reikning hjá L.Í.Ú. Og það hafa ekki komið fram neinar frambærilegar skýringar á því, vegna hvers er verið að draga Landssamband ísl. útvegsmanna inn í

þetta og láta þetta fé á sérstakan reikning hjá L.I.U. Eg hef bent á það, að það er mikil hætta á því að það verði verra að koma við endurgreiðslu, þegar menn telja sig hafa greitt það sem þeim ber að greiða, þegar þarf að eiga við tvo aðila sem hafa fengið innheimtuaðstöðu með þessum hætti, hvor með sínum hætti. Það verður miklu verra að fá þessa aðila til þess að viðurkenna að útgerðareigandi sé búinn að greiða það sem honum ber þegar hann þarf fyrst að ræða við forstöðumann Tryggingasjóðs fiskiskipa og síðan við fulltrúa hjá Landssambandi ísl. útvegsmanna og fá þá báða til þess að fallast á það að viðkomandi aðili sé raunverulega búinn að greiða allt sem honum ber heldur en ef þetta hefði verið allt hjá einum og sama aðila.

Ég vil segja að ég er algjörlega sammála því áliti, sem fram kemur hjá minni hl., og þeim till., sem þar eru gerðar. Ég tel að 1. brtt. á þskj. 415, sem gerir ráð fyrir því að í staðinn fyrir 5% innheimtugjald komi 3% og í staðinn fyrir 4% komi 3½%, — ég tel að sú innheimta, sem þarna er gert ráð fyrir, mundi tryggja a. m. k. jafnmikla sjálfvirka innheimtu vátryggingariðgjalda og fyrri lög hefðu tryggt — a. m. k. jafnmikið. Hér er um að ræða að hér er verið að ganga miklum mun lengra. Ég vil einnig benda á það, að það er vissulega hættulegt að fara inn á þá braut í þessum efnum að ætla að gera svona innheimtu alla algjörlega skuldbundna með sameiginlegri prósentu yfir alla línuna. Hvað segja menn næst um það þegar olíufélögin í landinu koma og þau fara fram á að það verði sjálfkrafa tekin til greiðslu á olíuúttekt skipanna ákveðinn hundraðshluti af innlögðum afla og gert ráð fyrir því að sú innheimtuprósenta verði svo stór að hún dugi að jafnaði yfir allan flotann? Hvers vegna ekki að verða við því? Hví ekki að taka svo næsta útgjaldalið þar á eftir og hvern af öðrum þar til þetta er orðið algjörlega ríkisrekið í sambandi við allar greiðslur? Það var, eins og ég segi, engin ástæða til að tryggja hér meiri sjálfvirka innheimtu á iðgjöldunum en áður var í gildi. Ég hafði lýst mig fylgjandi því að það yrði gert, að tryggja þarna álíka mikla greiðslu og þá var, en umfram það sé ég enga ástæðu til þess.

En ég veit að hæstv. sjútvrh. leggur mikla áherslu á að málið nái fram að ganga sem fyrst, af því að það er komið fram yfir þann tíma sem gert var ráð fyrir að þessi lög kæmu til framkvæmda, og það vakir ekki fyrir mér á neinn hátt að tefja afgreiðslu málsins. Það er engin ástæða til þess. Það hefur mér ekki dottið í hug. En hitt segi ég, að þessi afgreiðsla er mjög óviðurkvæmileg og óeðlileg á allan hátt. Hér vantar upplýsingar um jafnstórt mál eins og þetta er, upplýsingar sem hér hefðu átt að fylgja með. Það hefði t. d. átt, eins og ég hef bent á áður, að liggja hér fyrir sæmileg grg. um rekstur Tryggingasjóðs fiskiskipa á s. l. ári, hvað iðgjöldin til hans voru mikil og hvað heildariðgjöldin af öllum flotanum voru mikil, eftir því sem menn vita best um nýliðið ár. Þetta hefði allt saman átt að koma fram, og ég veit að það eru til upplýsingar um þetta. Síðan hefði átt að koma fram á skilmerkilegan hátt, hvað menn áætli að iðgjöldin muni verða mikil á yfirstandandi ári, og gera grein fyrir þeirri hækkun sem hefði orðið á því frá árinu á undan, hvernig stendur á því. Þannig hefði þá komið skýrt fram að hér er verið að gera ráð fyrir meiri sjálfvirkri innheimtu á þessum gjöldum en hingað til hefur verið gert, eins og ég hef verið að benda á.

Það eru auðvitað ýmis önnur atriði sem hefðu átt að koma fram upplýsingar um. Þegar um svona mikla gjaldtöku er að ræða, þá auðvitað koma upp vandamál alveg augljóslega. Við vitum að það er þannig haldið á þessum málum að útgerðareigandi verður í mjög mörgum tilfellum af ýmsum ástæðum að greiða fyrst sjálfur viðgerð á tjónum. Þetta á sér t. d. stað þegar skip fer í tjónviðgerð erlendis og viðgerðin er þar greidd að fullu og öllu með aflaverðmæti skipsins. Og mörg fleiri tilfelli koma þannig til að útgerðaraðili greiði hreinlega tjónabæturnar fyrst sjálfur og á síðan sinn uppgjörsrétt á þann aðila sem sér um greiðslurnar að öðru leyti. En þegar búið er á þennan sjálfvirka hátt, að innheimta svona hátt gjald, þá hlýtur að koma í mörgum tilfellum til verulegrar endurgreiðslu og ber vitanlega að tryggja það að sú endurgreiðsla geti farið fram með eðlilegum hætti.

Ég hef lýst afstöðu minni til málsins. Ég er fylgjandi brtt. á þskj. 415 og hef gert grein fyrir afstöðu minni til málsins almennt.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég ætla að fara örfáum orðum um Tryggingasjóðinn og þetta frv.

Tryggingasjóður hafði um miðjan febrúar greitt tryggingafélögunum 1180 millj. kr. upp í iðgjöld ársins 1975, en heildargreiðslur þess árs voru áætlaðar að vera 1500 millj. úr Tryggingasjóði, þannig að eftir er að greiða 320 millj. frá árinu á undan. Eins og hv. þm. er kunnugt, þá heldur starfsemi Tryggingasjóðs áfram óbreytt eða lítt breytt frá árinu á undan til 15. febr. á þessu ári, og framkvæmdastjóri Tryggingasjóðs áætlar að þessar skuldbindingar verði um 210 millj. kr. Tryggingasjóður skuldar um 180 millj. kr. yfirdráttarskuld við Seðlabankann, og bráðabirgðayfirlit frá ríkisbókhaldinu bendir til að tekjur af útflutningsgjaldi á árinu 1975 hafi orðið minni en áður var talið og sjóðurinn hafi 16. febr. s. l. verið í skuld við ríkissjóð er nemur 80 millj. kr. Á móti þessum skuldum átti sjóðurinn hlut í útflutningsgjaldi af birgðum sjávarafurða og í ógreiddum útflutningsgjaldaávísunum og þá upphæð má áætla um 200 millj. kr. Þó getur þarna verið um þó nokkurn mismun að ræða. Þegar tekið er tillit til alls þessa mun láta nærri, að þegar sjóðurinn hefur innt af hendi skuldbindingar sínar í tryggingum til og með 15. febr., þá vanti í sjóðinn um 600 millj. kr. til þess að eiga fyrir skuldbindingum. Þetta kemur engum á óvart því að vátryggingarsjóðurinn tók til starfa 1. ágúst 1961, en þá er hann látinn taka við skuldbindingum frá 1. jan. það ár, þannig að hann byrjar með löngum hala. Þessi hali hefur verið öll árin sem sjóðurinn hefur starfað.

Ef við lítum á þetta frv., þá gerir það viðskiptabanka skylt að halda eftir ákveðnum hundraðshluta til greiðslu upp á vátryggingariðgjöld viðkomandi báts. Það er ekki verið að

stofna neinn sjóð, heldur aðeins verið að leggja viðskiptabönkum þessar kvaðir á herðar. Viðskiptabankar vildu ekki taka þetta að sér nema eftir beinu lagafyrirmæli. Það er ákveðin ósk útvegsins sjálfs, Landssambands ísl. útvegsmanna og Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda. Öll stóru skipin og meginþorri bátaflotans, nema minnstu bátarnir, eru innan þessara samtaka. Þessi samtök sjá fram á að það myndast miklir erfiðleikar í sambandi við rekstur vátryggingafélaganna ef ekki verður tryggt að útvegsmenn almennt greiði upp í sín iðgjöld með einhverjum slíkum hætti eins og þetta frv. gerir ráð fyrir.

Ég fyrir mitt leyti taldi eðlilegt að verða við ósk útgerðarmanna í þessum efnum. Hins vegar er það rétt hjá hv. síðasta ræðumanni og sömuleiðis hv. 5. þm. Suðurl., að það geta verið um það skiptar skoðanir hvort Landssamband ísl. útvegsmanna eigi að annast þessar greiðslur til viðkomandi tryggingafélaga eða Tryggingasjóður fiskiskipa eða einhver annar aðili. Þetta er auðvitað sjónarmið sem hver og einn getur haft. En ég held að það sé langt frá að vera rétt, sem hv. síðasti ræðumaður gerði að umræðuefni, að hér væri verið að innheimta óhæfilega mikið af iðgjöldunum. Samkv. þeirri áætlun, sem fyrir liggur, mun um 30% af heildariðgjaldaupphæð í tryggingum skipanna árið 1976 fara í gegnum Tryggingasjóðinn af útflutningsgjaldinu. 70% þarf því að innheimta með öðrum hætti. Þess vegna held ég að við þurfum ekki að deila um það, miðað við sífellt minnkandi verðgildi peninga, sífellt dýrari skip og þar af leiðindi hærri iðgjöld, þá verður það há upphæð sem tryggingafélögin eiga eftir að heimta hjá útgerðarmönnum sjálfum.

Ég kvíði því sem mjög vel kunnugur maður skipatryggingum að það verði erfitt fyrir bátaábyrgðarfélögin í landinu að innheimta almennt af minni bátunum. Og það verður ekki neinn dans á rósum, rekstur þeirra með þessu nýja fyrirkomulagi. Hins vegar er það allt annað og lítur miklu betur út og verður í reynd hvað snertir vátryggingar hinna stærri skipa sem yfirleitt eru gerð út með eðlilegum hætti og má segja að afli nokkuð vel.

Í 3. gr. segir að við árslok skuli endurgreiða skipseiganda innistæðu skipsins er kann að verða umfram greiðslu vátryggingaiðgjalda. En svo er bætt við: „Þó er heimilt að endurgreiða skipseiganda innistæðu skipsins fyrr séu vátryggingariðgjöld skipsins að fullu greidd.“ Hér hef ég hugsað mér að koma með í reglugerð ákvæði sem þrengi það að L. Í. Ú. eða sá aðili, sem innheimtir þetta fé, geti haldið því langan tíma. Hins vegar verðum við að játa það að stundum telja menn sig vera búna að greiða hluti, sem ekki er búið að greiða, það geta orðið um það deilur og þess vegna verðum við auðvitað að fara þar nokkuð varlega.

Ég held að þetta frv. sé nauðsynlegt, og ég kannast ekki við það, sem hv. ræðumaður sagði, að útgerðarmenn yfirleitt leggi út fyrir tjónum sem skipin verða fyrir. Ég var framkvæmdastjóri bátaábyrgðarfélags í 14 ár og við öll stór tjón og meira að segja lítil tjón líka var það í 99 tilfellum af 100 sem vátryggingafélagið greiddi upp í. Við öll stórtjón, hvar sem viðgerð hefur verið framkvæmd, greiða vátryggingafélögin upp í tjónin, því að ef um er stórtjón að ræða, þá er hverjum einasta útgerðarmanni ofviða að verða að greiða út margar millj. kr., svo að tryggingafélögin almennt hafa farið inn á þessa braut.

Ef við þrengjum starfsgrundvöll tryggingafélaganna, þá auðvitað myndast sú hætta að þau lendi í vanskilum gagnvart útgerðarmönnum, gagnvart þeim sem verða fyrir tjónum, og þeir komast ekki áfram með viðgerð tjóna, því að smiðjur, slippar og aðrar slíkar stofnanir þurfa á sínu að halda. Þess vegna verðum við að reyna að tryggja nokkurn veginn eðlilegan gang á innheimtu iðgjalda. En þrátt fyrir ákvæði þessa frv. er ég sannfærður um að minni bátarnir, ég tala nú ekki um nýlegir bátar, litlir bátar, 20—30—40 tonna, afla engan veginn fyrir hlutfallslegum mánaðargreiðslum iðgjalda. Það veit ég að hv. síðasti ræðumaður þekkir vel og er mér sammála um, eins og verðlag er.

Ég tel að við eigum að breyta fyrirkomulagi á greiðslum úr Tryggingasjóði við þessa breytingu á þann hátt að sjóðurinn greiði ca. 35% af iðgjaldi, sem yrði þá staðaliðgjald skips, á tímabilinu 16. febr. til áramóta, en það mundu verða 30.625% af ársiðgjaldi, þó aldrei meira en 5% af aflaverðmæti þess á tímabilinu. Ég held að þetta sé skynsamleg leið að fara og hrein. Í sambandi við tímabil á þessu ári til 16. febr., þá tel ég eðlilegt að miða það við að það fari ekki yfir 15% af aflaverðmæti, það sem greitt er, og taka ekkert tillit þá til úthaldstíma, því að þeir, sem hafa ekki úthald, hafa auðvitað ekkert aflaverðmæti, svo að það verður einfaldari leið.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri. En ég vil aðeins benda á það, að ég legg áherslu á að þetta frv. fari í gegn vegna þess að það er þegar farið að greiða fisk eftir að verkfalli lauk, og eftir því sem hann er greiddur, þá er auðvitað ekki hægt að ná því aftur og það mundu bankarnir aldrei fallast á, svo að það tapast dýrmætur tími. En þetta mikla djúp, sem er núna í greiðslunum, er fyrir hendi. Það er enn óbrúað. Ég reikna með að það verði nokkur afgangur af Olíusjóðnum. Þegar hann verður endanlega gerður upp, þá tel ég það persónulega, ég hef ekki lagt það enn fyrir ríkisstj., en ég tel eðlilegt að þá verði leitað heimildar Alþ. að eftirstöðvar Olíusjóðs fari til þess að greiða hluta — að vísu bara lítinn hluta — af þessum tryggingahala. Ég vil benda líka á það að þetta frv. er hér í seinni deild. Það var afgreitt shlj. í Ed. Þar var ekki neinn meiri hl. n. sem kastaði til þess höndunum, eins og mér skilst að hafi gerst hér í Nd. af ræðum manna í dag. Þar voru allir nm. sammála og Alþb. í Ed. var alveg sammála um þetta frv. eins og það er núna. En aftur talaði hv. síðasti ræðumaður fyrir Alþb. og sagði að flokkur sinn hefði aths. fram að færa. Ég hélt að þetta væri sami flokkurinn bæði í Ed. og Nd.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Þegar þetta frv. var lagt hér fram þá sýndist mér í fljótu bragði að verið væri að gera tiltölulega einfalt

mál mjög flókið, þar sem gert er ráð fyrir, að Landssamband ísl. útvegsmanna þurfi að setja upp allstórt skrifstofubákn hjá sér til þess að vinna það verk sem því er ætlað með frv. Ég skal taka fram að ég er samþykkur efni frv. að því leyti, að það er ekki óeðlilegt að tryggt sé að vátryggingariðgjöld skipa séu greidd þannig að vátryggingafélög lendi ekki í neinum vandræðum eða vanskilum við þá sem þau tryggja fyrir. En eftir að ég hafði rætt við forstöðumenn Landssambands ísl. útvegsmanna, þá fékk ég á því skýringu hvers vegna frv. gerði ráð fyrir milligöngu þess í sambandi við innheimtu tryggingariðgjalda. Þeir bentu á að þetta væri eitt af samkomulagsatriðum sem gert hefði verið í nýgerðum samningi milli útvegsmanna og sjómanna, og einnig annað, sem ég tel miklu meira virði og var ástæðan fyrir því að ég skrifaði athugasemdalaust undir nál. um frv., þær upplýsingar, sem komu fram hjá Landssambandinu, að með þessu móti, ef þeir væru milliaðili, skapaðist þeim aðstaða til þess að vinna að því að fá hagstæðari tryggingar fyrir fiskiskipaflota landsmanna heldur en nú er. Það var ástæðan fyrir því að ég gerði ekki aths. við frv., að ég taldi þetta það mikið grundvallaratriði ef Landssambandi ísl. útvegsmanna tekst með því að gerast milliaðili í sambandi við innheimtu tryggingariðgjaldanna að fá sterkari aðstöðu til þess að fá lækkuð tryggingariðgjöldin á íslenskum fiskiskipum. Það hefur verið bent á það réttilega hér, eins og reyndar kemur fram í grg. frv., að tryggingariðgjöld hér eru orðin alveg geysilega há. Maður hlýtur að hrökkva nokkuð við þegar maður sér að heildartryggingariðgjöld af fiskiskipaflotanum eru áætluð 1700—1800 millj. kr.

Nú hefur það gerst í vaxandi mæli að tryggingarnar hafa verið gerðar óhagstæðari en þær voru í upphafi, þegar Tryggingasjóður tók að sér greiðslu tryggingariðgjalda af útflutningsgjöldum. Árið 1975 greiddi Tryggingasjóðurinn 70.5% af tryggingariðgjaldinu, og var þá miðað við að sjálfsábyrgð hvers tryggjanda væri 1000 kr. miðað við smálest, a. m. k. af bátum upp að 100 tonnum, en þó ekki yfir 85 þús. þátttaka í hverju tjóni. Nú aftur gerist það við þá breytingu, sem gerð hefur verið, eins og kom fram hjá hæstv. sjútvrh., að hluttaka Tryggingasjóðs í iðgjöldunum mun fara niður í 30% og a. m. k. hefur verið um það rætt, að þátttaka tryggjenda í hverju tjóni nemi allt að 5000 kr. á hverja smálest. Frá þessu mun ekki hafa verið gengið enn, en þessar tölur hafa heyrst nefndar, þó þannig að á smærri bátum yrði þetta miðað við hámark 85 tonn eða 425 þús. kr. þátttaka í hverju tjóni. Maður gæti ímyndað sér, þegar þetta skeður, að þátttaka tryggjenda er aukin allverulega, að þá væri hægt að fá iðgjöldin af tryggingunum allverulega lækkuð.

Eg tel það vera eitt af stærri málum útgerðarinnar að það verði unnið mjög ákveðið að því að koma á hagstæðari tryggingum fyrir fiskiskipastólinn heldur en nú er. Það má vel vera að á því séu einhverjir erfiðleikar. En ég held þó að ef málin fara í þennan farveg, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, að samtök útgerðarmanna sjálfra verði þarna milliaðili og gæti tryggt það að tryggingariðgjöldin verði greidd reglulega, þá eigi að vera hægt að fá tryggingarnar verulega lækkaðar. Það kemur fram í grg. frv., eins og kom fram hjá frsm. minni hl., að allt að 9% af heildarafla fiskiskipa fer orðið til greiðslu iðgjalda eða áætlað tæpir tveir milljarðar á ári. Þegar við það bætist að í skýrslum, sem þm. voru afhentar á s. l. ári frá Þjóðhagsstofnun, sýnir það sig að vextir sjávarútvegs og fiskiðnaðar nema um 4 milljörðum á ári, þá erum við komnir á þessum tveimur útgjaldaliðum fiskiðnaðar og sjávarútvegs í 6 milljarða af þeim 10 milljörðum, sem útgerðin heldur af 20 milljarða tekjum. Ég held að þessi mál hljóti að verða að endurskoða, því að mér er ómögulegt að sjá hvernig útgerð á raunverulega að geta staðið undir rekstrinum miðað við meðalafla ef ekki verður þarna einhver breyting á til hagræðis fyrir útgerðina.

Eins og ég tók fram áðan, þá er ástæðan fyrir því að ég skrifaði undir nál. athugasemdalaust þessi, að ég tel að Landssambandinu skapist þar aðstaða til að útvega hagstæðari tryggingar fyrir útgerðarmenn heldur en nú er. Ég var nú víst sá nm. í sjútvn. sem frsm. minni hl. var að tala um að hefði skrifað undir nál. án þess að vera viðstaddur á fundi. Þetta er alveg rétt. Ég var búinn að lýsa því yfir við formann n. á fyrri fundinum að hann mætti setja nafn mitt undir nál., ég væri því samþykkur, ætlaði síðan að mæta á síðari fundinum, en tafðist suður í Hafnarfirði, þannig að það fór ekkert á milli mála hjá formanni n. hver mín afstaða var. Enda held ég að sé langt frá því að vera einsdæmi að þm. skrifi undir nál. þótt þeir hafi ekki náð til að mæta á fundi þegar málið var afgreitt, ef þeir eru því samþykkir.

Það, sem ég vildi fá hér fram, var yfirlýsing frá ráðh. í sambandi við aths. sem ég gerði á nefndarfundinum sem ég mætti á og formaður n., sem átti að vera frsm., lofaði að sjá um að hér kæmi fram. Hún kom að vísu að nokkru leyti fram í ræðu hæstv. ráðh., en ég vil fá hana alveg skýra, en það er varðandi 3. gr., þar sem stendur: „Þó er heimilt að endurgreiða skipseiganda innistæðu skipsins fyrr séu vátryggingariðgjöld skipsins að fullu greidd.“ Ég tel að þarna verði að koma fram alveg skýlaus yfirlýsing frá hæstv. ráðh. við þessa umr. að þetta verði alveg skýrt afmarkað, að í þeim reglum sem hann samkv. 5. gr. kemur til með að setja, verði alveg skýrt ákveðið að séu iðgjöld að fullu greidd, þá verði innheimtu þeirra hætt eða þá a. m. k. endurgreiði Landssamband ísl. útvegsmanna þau iðgjöld sem kunna að hafa verið tekin fram yfir það sem viðkomandi aðili hefði annars átt að greiða. (Sjútvrh.: Ég tók þetta fram áðan.) Já, ég tók eftir því, en mér fannst það ekki koma nægilega skýrt. Ég tel að þessi yfirlýsing þurfi að koma fram, en ef hæstv. ráðh. telur sig hafa tekið þetta alveg skýrt fram og það komi í þeim reglum, sem settar verði í sambandi við þetta, þá er auðvitað þessari kröfu minni alveg fullnægt. En ég tel að þetta verði að liggja alveg skýrt fyrir, þannig að það þurfi ekki að vera neitt rex á milli aðila og tryggjendur þurfi ekki að standa í neinu rexi við Landssambandið um að það geti haldið eftir svo og svo miklum fjármunum frá þeim vaxtalaust

kannske í nokkra mánuði. Það má vel vera að þetta sé ekki stórt atriði, en ég tel formið á því vera þess eðlis að þetta verði að vera alveg skýrt þegar í upphafi, að fyrir útgerðarmönnum verði þarna ekki haldið neinum fjármunum umfram það sem þeim ber að greiða í tryggingar fyrir skip sín.

Ég skal ekki tefja umr. um þetta mál frekar. Mér er alveg ljóst að þetta frv. þarf að ná fram að ganga sem allra fyrst og ég lýsi stuðningi mínum við það eins og ég hef gert með undirritun minni á nál., af því að ég hef þá trú að ef rétt er að staðið og rétt að unnið sé það til hagsbóta fyrir útgerðina í heild.

Jón Skaftason: Virðulegur forseti. Ég skal ekki tefja þennan fund lengi, en þó finnst mér, vegna þess að ég fyrir hreina tilviljun lenti í því hlutverki, ef svo mætti segja, að vera frsm. fyrir þessu frv. í veikindaforföllum formanns sjútvn. Nd. og frsm. í þessu máli, þá finnst mér að ég geti ekki látið algerlega ómótmælt þeirri furðulegu ræðu sem hv. 5. þm. Suðurl. hélt áðan, því að vissulega var hún dálítið skrýtin.

Hann vildi gera mikið úr því og reyndi að rökstyðja það, þó að það tækist að mínu viti mjög slælega, að þetta mál hefði verið hespað í gegnum þingið eða sjútvn. Nd. og hér hefði raunar verið framkvæmt eitthvert meiri háttar þinghneyksli með afgreiðslu frv. í n. Ég kemst ekki hjá því að svara þessu örfáum orðum, þó að ég vilji ekki efna til neinna deilna um jafnómerkilegan, að ég vil segja, málatilbúnað eins og var í ræðu hv. þm. Ég vil fullyrða að það eru fjölmörg dæmi, sem hann þekkir vel og allir hv. þm. sem eitthvað hafa setið hér á þingi, hliðstæð því að máli eins og þessu hafi verið hraðað í gegnum þingið.

Ég vil þá fyrst víkja örlítið að því, að mér fannst á þessum tveim fundum í hv. sjútvn. Nd. að einhver pressa væri á hv. þm. um að reyna að draga afgreiðslu málsins. Það var mín persónulega tilfinning, þó að mér fyndist að hann vantaði sjálfan alla sannfæringu fyrir slíku.

Ef við lítum á hvernig þetta mál er hingað komið, þá er fyrst á það að benda, sem raunar hefur komið fram í umr., að þetta mál er komið frá Ed. og þar var það afgreitt úr hv. sjútvn. Ed. með fullu samkomulagi allra nm. sem á fundi voru. Ég spurði einn nm. sérstaklega eftir því hvort nokkur ósk eða nokkur fsp. hefði komið fram á þeim fundi, sem málið var afgreitt á frá n., eða frá þeim nm. úr stjórnarandstöðunni, sem ekki mættu á fundinum, um svör við einhverjum þeim spurningum sem lúta að þessu frv. eða hvort það hefðu komið fram beiðnir um að einhverjir yrðu kallaðir fyrir til þess að svara vissum fsp., og það var upplýst af þessum nm. að engar slíkar óskir og engar slíkar fsp. hefðu komið fram í Ed.

Ef við síðan lítum örlítið á meginefnisatriði þessa frv., þá eru þau þessi, eins og raunar hefur komið hér fram, að með þeirri breytingu, sem gerð hefur verið á sjóðakerfi sjávarútvegsins með þeirri lækkun sem ákveðin hefur verið á útflutningsgjaldi, hafa tekjur Tryggingasjóðs minnkað mjög frá því sem áður var. Hv. þm. Lúðvík Jósepsson, 2. þm. Austurl. taldi, að því er mér skildist, að miðað við núgildandi löggjöf um útflutningsgjald mundu tekjur Tryggingasjóðsins á þessu ári nema 613 millj. kr. Það vill segja að það vantar, eftir því sem talið er, 1000—1100 millj. kr. til þess að öll tryggingariðgjöld fiskveiðiflotans á þessu ári verði greidd. Og miðað við löggjöfina, eins og hún er í dag, er þá fjárhæð ekki í annan stað að sækja en til útgerðarinnar sjálfrar, skipaeigendanna. Nú vill svo til að heildarsamtök eigenda fiskiskipa fóru fram á að frv. þetta, sem við erum hér að ræða, væri flutt. Það eru útvegsmenn, sem eiga að borga þessa fjárhæð sem á vantar, sem hafa beðið um að flytja þetta frv. Þetta kemur fram í sjálfri grg. frv. Segjum sem svo, sem vel getur verið og kom fram í ræðu hv. 2. þm. Austurl., að þessar 1000—1100 millj. kr., sem talið er að vanti á heildargreiðslur vátryggingariðgjalda flotans á yfirstandandi ári, þegar tekið er tillit til þess sem fæst greitt úr Tryggingasjóðnum, að þetta geti verið of háar upphæðir. En hvað getur þá verst gerst samkv. frv. eins og það er núna og um það lágu fyrir fullar upplýsingar í sjútvn. Nd? Í 3. gr. frv. segir að það sé heimilt að endurgreiða skipseiganda innistæðu skipsins fyrr á árinu séu vátryggingariðgjöld skipsins að fullu greidd. Við rákum augun í þetta í hv. sjútvn. Nd., og formaður n. fór og talaði við hæstv. ráðh. og kom með þau skilaboð á fund í n. að ráðh. mundi lýsa yfir við umr. að í reglugerð mundi hann taka bein ákvæði um það ef skipseigandi væri að fullu búinn að greiða tryggingariðgjald einhvern tíma á árinu, þá yrði ekki haldið fyrir honum fé sem viðskiptabankarnir taka samkv. 1. gr. frv. Þetta lá fyrir, þannig að það hefur aldrei staðið til að halda fé ólöglega og óeðlilega lengi fyrir neinum skipseiganda þótt frv. yrði samþ. í þeim búningi sem það er nú. Þetta lá fyrir nm. í hv. sjútvn. Nd. Og ég trúi því vart að hv. 5. þm. Suðurl. beri brigður á að þetta hafi verið upplýst í n., þannig að ég verð að segja að mér finnst að moldin hafi rokið nokkuð mikið í logninu, þegar hv. 5. þm. Suðurl. var að fjargviðrast út af því með hve miklum hraða þessu máli væri hespað í gegn. Og ég spyr hv. þm., sem hlustuðu á ræðu hans hér: Urðu þeir varir við að hann bæri fram mjög margar fsp. um efnisatriði þessa máls? Ég minnist þess raunar ekki að hann hafi haft þar nema eina fsp. fram að færa, sem tiltölulega auðvelt var að fá upplýsingar um á milli þeirra tveggja funda sem haldnir voru um þetta frv. í n. Því var svarað, ég man það, á fyrri fundinum þannig að þessar upplýsingar væri að finna í grænu bókinni. Ég skal ekkert um það segja hvort svör við því er að finna í grænu bókinni, ég hef ekki kynnt mér það. En ég minnist þess vel að hv. þm. Guðlaugur Gíslason bauðst til þess að hringja til Jóhanns Friðfinnssonar, sem er umboðsmaður tryggingafélags í Vestmannaeyjum, til þess að fá þær upplýsingar sem hv. þm. spurði um.

Þá finnst mér það líka afskaplega lítið atriði og varla til þess að flíka þegar hv. 2. þm. Austurl. segir hér áðan og vill gera talsvert úr að það valdi skipseiganda auknum erfiðleikum að þurfa að fara á milli tveggja aðila, Tryggingasjóðsins og Landssambands ísl. útvegsmanna, til þess

að fá endurgreitt það sem eftir er haldið af viðskiptabönkunum eftir að hann er orðinn skuldlaus við tryggingafélögin. Ég held að þetta hljóti að vera afskaplega einfalt framkvæmdaratriði, að Landssambandinu sé tilkynnt um þegar einhver skipseigandi hefur greitt iðgjald sitt að fullu, þannig að þeim, sem á endurkröfurétt, nægi að fara til Landssambandsins eins og fá þær endurgreiðslur þaðan sem hann á rétt á að fá.

Mér þykir leitt að hafa þurft að gera, ja, ég vil segja hrein aukaatriði að nokkru umræðuefni. En mér fannst ég ekki komast hjá því vegna þess að þetta er í annað skiptið sem ég heyri hv. 5. þm. Suðurl. gera talsvert úr því að vinnubrögð í n., þar sem ég hef átt sæti, hafi verið eitthvað sérstök og hálfgert þinghneyksli. Ég fullyrði að í hvorugt skiptið, hvorki nú né í hið fyrra skipti þegar hann vék að því sama, var um nokkuð óeðlilegt að ræða sem sérstök ástæða væri til að lengja þingfund með að tala um.

Frsm. minni hl. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð vegna ákaflega sérstæðrar ræðu hv. þm. Jóns Skaftasonar. — Ég vil strax í upphafi lýsa því yfir að ég vil ekki verða til þess að tefja þetta mál á einn eða annan hátt fyrir hæstv. ráðh. Það er síður en svo tilgangurinn. Hins vegar finnst mér að okkur, sem settir erum í n. eins og hv. sjútvn. d., beri skylda til að vinna samviskusamlega að okkar verkum, okkur beri skylda til þess að kanna málin og okkur beri skylda til þess að leita upplýsinga um þau. Ef þessar upplýsingar liggja ekki fyrir eftir umr. í Ed., því skyldi maður þá ekki reyna að fá þær upplýsingar þegar málið er tekið fyrir í hv. Nd.?

Það, sem ég sagði um meðferð þessa máls, var allt satt og ekkert af því var hrakið í ræðu hv. þm. Jóns Skaftasonar. Það kann að vera að hv. þm., sem er þekkt prúðmenni og ég viðurkenni það, hafi þótt orðavalið nokkuð á annan veg en hann hafði vonast til af mínum vörum af eðlilegum ástæðum, þ. e. a. s. að það hafi verið eitthvað harðara heldur en hafi farið vel í hans diplómatísku eyrum. En ég tel að það, sem ég sagði um þetta mál í fyrri ræðu minni, hafi allt saman verið rétt og það standi óhrakið enn.

Meðferð málsins í hv. Ed. var ákaflega lík því sem stóð til að yrði í hv. Nd. Það var haldinn einn fundur um málið og undir nál. þar skrifa fjórir menn, þar af þrír úr stjórnarfl., en fulltrúi okkar úr Alþb. átti þess ekki kost að sitja þann fund. Ég athugaði hvort um einhverjar umsagnir hefði verið að ræða, hvort það hefði verið leitað umsagna og að hvaða leyti málið hefði verið kannað í meðferð n. í Ed. Um það segir ekkert einasta orð. Það virðist ekkert hafa verið kannað, heldur bara hóað saman fundi í nokkrar mínútur og málið afgr. og skrifað undir þetta þegjandi og hljóðalaust, enda fór það í gegn næstum því umræðulaust í deildinni.

Að ég hafi verið að tala um að þetta væri eitthvert sérstakt þinghneyksli og annað í þeim dúr, það er ekki heldur alveg hárrétt hjá hv. þm. Mér finnst að þó að þm. óski eftir upplýsingum og vilji fá að vita um viss atriði í sambandi við stórmál, sem verið er að afgr., að það þýði ekki það að þeir séu að reyna að draga afgreiðslu málsins. Það stóð aldrei til af minni hálfu. Ég vildi bara fá að vita um viss atriði og það fleiri en eitt atriði sem ég spurði um. En hvernig voru svörin á þessum nefndarfundum þegar við vorum að fjalla um þetta mál, þegar ég var að spyrja um ákveðin atriði í tengslum við málið? — Þú getur bara séð þetta í grænu bókinni. Ég skal tala við hæstv. ráðh., sagði formaðurinn. Ég skal hringja í Jóhann Friðfinnsson, sagði hv. þm. Guðlaugur.

Hv. þm. Pétur Sigurðsson brá sér í símann til þess að ræða við hæstv. ráðh. eftir að ég hafði spurt um þetta atriði í 3. gr. Það hafði ekki hvarflað að honum að fara að velta vöngum yfir þessu ef hann hefði ekki fengið fsp. um það. Það var ein fsp. Þegar ég spurði um hvernig greiðslum hinna ýmsu bátastærða hefði verið háttað áður og hvernig það mundi verða með þessu, þá var mér bara vísað í að lesa þessa þrjá grænu kladda þarna. En ég vil spyrja bara hv. þm. Jón Skaftason: Er það með þessum hætti sem þm. eiga að fá upplýsingar um mál sem er verið að fjalla um, stærðarmál, að einn bjóðist til að hringja út í Vestmannaeyjar, annar vilji hafa spjall við ráðh. og þriðji vísi manni á að taka sér eina lexíu í grænu bókunum? Er það svona sem á að fara að þessu? Ég vil ekki gera úr þessu mikið mál, en ég sé enga ástæðu til þess að vera að reyna að standa hér upp og verja þetta með einhverju kattaklóri. Ég hefði haft hægt um mig í sporum hv. þm. Jóns Skaftasonar, en ekkert verið að flíka slíkum vinnubrögðum. Þetta auðvitað nær ekki nokkurri einustu átt.

Ég neita því algjörlega og vísa því til föðurhúsanna að minn málatilbúnaður í sambandi við afgreiðslu þessa máls hafi verið eitthvað ómerkilegur. Ég hafði þetta frv. í höndunum. Ég var að vísu búinn að kynna mér nokkuð þessa grænu bók og hvað hafði verið borgað í þessa sjóði. Það, sem ég vildi gera með því að fá þessar upplýsingar, það var að þær lægju fyrir öðrum hv. alþm. Ég þóttist vita eitthvað af þessu, en ég vildi að þingheimur hefði þó eitthvað í höndunum um það hvernig vissum hlutum í sambandi við þetta mál væri háttað, þannig að hv. þm. vissu hvað þeir væru að greiða atkv. um, en væru ekki hreinlega að afgr. þetta umhugsunarlaust, skoðunarlaust og þekkingarlaust. (Gripið fram í.) Ég skal ekki fullyrða um það vegna þessarar spurningar hv. þm. Jóns Skaftasonar hvort þeir hafi afgr. þetta svona í Ed. Ég kann ekki að svara fyrir það. Ég vil ekki vera að fullyrða neitt um það. En hitt er svo annað mál, að þeir afgr. þetta þó þannig í hv. Ed. að það stendur hvergi nokkurs staðar á blaði neitt annað en það að þeir hafi samþ. frv. eins og það er, engar skýringar, engar umsagnir og ekkert af því tagi. Ég get ekki fallist á það að maður virðist vera undir einhverri pressu með því að draga afgreiðslu málsins. Það hefur enginn farið fram á það við mig að draga afgreiðslu málsins á neinn handa máta. Ég vildi bara standa að þessu á þann hátt sem ég tel að hv. þm. eigi að gera: að reyna að kynna sér málin að svo miklu leyti sem hægt er þann-

ig að Alþ. verði ekki einu sinni enn með réttu sagt vera bein afgreiðslustofnun fyrir vinnunefndir úti í bæ, jafnvel þó að þær vinni vel. Ég tel að afgreiðsluháttur á þessu máli sýni einmitt, eins og fleiri mál sem hafa verið afgr. á hinu háa Alþ. í vetur, að það stefnir einmitt í þessa átt, því miður.

Ég sé ekki ástæðu til þess að segja miklu meira um þetta að sinni. Þó get ég ekki stillt mig um aðeins að kasta fram þeirri spurningu í sambandi við 3. gr. hvernig stendur á því að ekki má setja í lög að það sé skylt að endurgreiða skipseiganda innistæðu o. s. frv. í staðinn fyrir að það sé aðeins heimilt, ef menn fara fram á það hver á eftir öðrum, hv. þm. Tómas Árnason, hv. þm. Guðlaugur Gíslason og ég meðal annarra, að þetta skuli greitt. Af hverju má þá ekki segja bara: Það skal greiða þetta fyrr ef menn eru búnir að borga að fullu — í staðinn fyrir að hafa heimild í lögunum — bara heimild? Ég skil það ekki að mönnum þyki betra að fá yfirlýsingu frá ráðh. heldur en að hafa það alveg skýlaust svart á hvítu í lögunum sjálfum. Þetta finnst mér óskiljanlegt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 64. fundur.

Þriðjudaginn 16. mars, kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Jónas Árnason: Herra forseti. Verktaki sá sem Járnblendifélagið valdi til þess að sjá um þær framkvæmdir sem nauðsynlegar voru taldar til þess að hefjast mætti handa um byggingu verksmiðjunnar við Grundartanga í Hvalfirði, taldi sig hafa lokið því ætlunarverki sínu núna undir jólin í vetur. Þá tók hann saman föggur sínar og fór. En verkið hafði kostað nokkru meira en maðurinn reyndist geta borgað. Skuldir hans að verkinu loknu voru geysiháar. Og þær eru jafnháar enn. Þeir sem hann skuldar, hafa síðan staðið í árangurslausu stappi við að fá eitthvað borgað. Og þolinmæði þeirra er þrotin. Ýmsir þeirra hafa nú að undanförnu leitað til mín og ég hygg að þeir hafi einnig leitað til annarra þm. Vesturl. með ósk um að gera eitthvað til þess að knýja á um lausn þessa máls. Hagur þeirra margra er í óefni kominn út af þessu.

Þetta er ástæðan til þess að ég er kominn í ræðustólinn utan dagskrár í stað þess að bíða svo og svo lengi eftir svörum við skriflegum fyrirspurnum. Ég er hæstv. forseta þakklátur fyrir það að hann skuli gefa mér orðið utan dagskrár. Ég mun á móti leitast við að vera stuttorður, eins stuttorður og frekast er kostur. Mjög stuttorður get ég hins vegar ekki orðið, til þess er málið of stórt, of víðtækt.

Ég gerði hæstv. iðnrh. viðvart um þetta núna fyrir helgina, og hann tók þessu vel, kvaðst mundu, eftir því sem ástæður leyfðu og tök væru á, svara fsp. mínum. Ég þakka honum fyrir þær góðu undirtektir.

Dæmi um skuldirnar: Ég hef undir höndum lista yfir það sem verktakinn skuldar eigendum vinnuvéla. Þeir vinnuvélaeigendur, sem hér er um að ræða, sitja flestir sjálfir á þessum vélum sínum og stjórna við vinnuna. Skuldir verktakans nema við þessa menn samtals 11½ millj. kr. Skuldir við einstaka vinnuvélaeigendur eru á bilinu frá um 500 þús. og upp í 1 millj. og 700 þús. kr. Einn þessara aðila er t. d. Ræktunarsamband Hvalfjarðarstrandar. Verktakinn skuldar því 1 millj. og 217 þús. kr. Síðasta greiðsla verktakans til vinnuvélaeigenda fór fram 29. okt. Þann dag greiddi hann helming þess sem skuldir hans við þessa aðila námu þá. Hinn helmingurinn er sú upphæð, sem ég var að nefna, 11½ millj. Verktakinn hét því þá, 29. okt., að greiða þennan seinni helming í þrem áföngum, 25% 26. nóv., 15% 6. des. og svo loks 10% 29. des. Hann stóð ekki við neitt af þessu.

Um aðrar skuldir veit ég ekki nákvæmlega í krónutölu. Þar á meðal eru t. d. skuldir við ýmis fyrirtæki á Akranesi. Um þær skuldir mun hafa verið gerð dómsátt á sínum tíma, og hún mun hafa hljóðað upp á fulla greiðslu 1. apríl n. k. En hætt er við, því miður, að sá dagur líði án þess að þessi fyrirtæki þeirra skagamanna fái nokkra úrlausn frekar en vinnuvélaeigendur eftir sams konar samkomulag sem þeir gerðu við verktakann. Í stuttu máli sagt: verktakinn virðist ekki geta borgað neitt.

Hjá borgarfógetaembættinu í Reykjavík og fógetaembættinu í Hafnarfirði liggja fyrir háar kröfur á hann. Verkalýðsfélag Akraness eða Verkamannasambandið fyrir þess hönd er líka með háar kröfur á hann. Af launagreiðslum í sambandi við framkvæmdirnar við Grundartanga er verktakinn að nokkru búinn að greiða félagsgjöld og lífeyrissjóðsgjöld, en hvergi nærri að fullu. Hins vegar hefur hann ekki greitt einn einasta eyri í orlof. Og þarna er að sjálfsögðu um að ræða margar milljónir. Samkvæmt upplýsingum, sem ég hef fengið hjá Póstgíróstofunni, nema kröfur frá 7 aðilum í Skilmannahreppi einum vegna ógoldins orlofs um 300 þús. kr.

Vörubílstjórar, sem hjá þessum verktaka unnu, fengu reglulegar greiðslur þangað til í síðustu vikunni í nóvembermánuði. Þeir, sem hjá honum unnu eftir þann tíma og til loka, hafa hins vegar ekkert fengið greitt fyrir þá vinnu. Sú upphæð mun nema um 3 millj. kr., líklega um 300 þús. kr. á hvern vörubílstjóra.

Þessi þula gæti orðið miklu lengri. En ég læt hér staðar numið.

En í framhaldi af þessu mætti að sjálfsögðu margt tilgreina varðandi þau vandræði sem ýmis fyrirtæki, smáfyrirtæki flest, í nágrannasveitum Grundartanga og á Akranesi hafa komist í vegna þessa, sömuleiðis vörubílstjórarnir, en einkum þó vinnuvélaeigendur. Þessum aðilum ber að sjálfsögðu að greiða ýmis gjöld, t. d. söluskatt. Það er gengið hart eftir söluskatti hjá þeim, en af augljósum ástæðum eru þessir aðilar komnir í vanskil með þessi gjöld, og mörg fleiri eru þeirra vandræði, og þeir geta því fyrr eða seinna átt það á hættu að tæki þeirra, atvinnutæki þeirra, verði dregin undir hamarinn, þó að þeir treysti því hins vegar að skilningur

viðkomandi sýslumannsembættis og fógetaembætta endist þeim til þess að þeir komist hjá slíku.

Nú kem ég að fyrstu spurningunni sem ég vildi leyfa mér að beina til hæstv. iðnrh.: Telur hæstv. ráðh. ekki að ríkisstj. beri skylda til að kippa þessum málum í lag?

Ég tel að svo sé. Því verður í fyrsta lagi ekki á móti mælt að með fullyrðingum sínum, stóru fullyrðingum sínum um atvinnulegan og efnahagslegan ávinning sem fylgja mundi framkvæmdunum við Grundartanga, þá áttu talsmenn ríkisstj. hvað mestan þátt í því að draga menn til starfa hjá þessum verktaka sem hefur nú með framferði sínu komið hag þessara sömu manna í þetta efni. Það eitt leggur ríkisstj. ærna ábyrgð á herðar að mínum dómi. Hitt vegur þó að sjálfsögðu þyngra á metunum, að vegna aðildar að Járnblendifélaginu, meiriblutaaðildar, ber ríkisstj. fulla ábyrgð á þessu félagi og þar með á framferði verktakans sem félagið fól að annast umræddar framkvæmdir sem nú hafa endað með þessum ósköpum. Ég geri mér ljóst, að lagalega séð má vefengja það að ríkisstj. beri skylda til að gera hreint í þessum málum og það geti verið hæpið fordæmi að hið opinbera taki að sér að greiða úr vandræðum sem glannafengnir verktakar valda. En ég tel að hin siðferðilega skylda ríkisstj. í þessu efni sé svo mikil að hún geti ekki undan þessu vikist, jafnvel þó að málið verði ekki leyst nema til komi einhver útlán af almannafé. Sem þm. og þrátt fyrir það að ég barðist hatrammlega frá upphafi gegn þessu verksmiðjumáli öllu, þá lýsi ég því yfir að ég mundi styðja slíka lausn. Þessi afstaða mín ræðst af þeirri vitneskju sem ég hef fengið um þau mjög alvarlegu vandræði sem ýmsir aðilar, einstaklingar og smáfyrirtæki, í kjördæmi mínu og annars staðar hafa lent í vegna þessa máls.

Og svo eru hér í örstuttu máli 2 eða 3 aðrar spurningar sem ég vil beina til hæstv. iðnrh. Hve mikla fjármuni samtals hafa framkvæmdirnar kostað sem hegar hefur verið ráðist í vegna járnblendiverksmiðjunnar? Ég minni á það að þm. hafa, ekki aðeins Alþb.-menn, heldur einnig aðrir þm., þar á meðal einn hv. þm. Alþfl., Jón Árm. Héðinsson, beir hafa krafist þess að vegna hinna margumtöluðu „breyttu viðhorfa", verði mál þetta lagt fyrir Alþ. á ný. Telur hæstv. iðnrh. eða hæstv. ríkisstj. ekki að það sé bæði rétt og sjálfsagt?

Og svo að lokum: Ég fór um Grundartangasvæðið núna í fyrradag. Og þar er í einu orði sagt hroðalegt um að litast. Þar hafa verið unnin ógnarleg spjöll á náttúrunni. Og nú bendir margt til þess að jafnvel þó að ekki verði á næstunni endanlega ákveðið að hætta með öllu við þessa verksmiðjubyggingu, sem mér virðist reyndar harla líklegt að verði endirinn á, en gerum ráð fyrir að því verði ekki lýst yfir formlega, heldur aðeins að framkvæmdum verði frestað að nafninu til, en þó svo lengi að næsta sumar líði án þess að haldið verði áfram með verksmiðjuundirbúninginn, má þá ekki treysta því, — ég spyr hæstv. iðnrh., — má þá ekki treysta því að sá aðili sem ber ábyrgð á þessum spjöllum, Járnblendifélagið, uppfylli þær skyldur sem lög um náttúruvernd leggja því á herðar, uppfylli þessar skyldur a. m. k. að einhverju leyti, t. d. með því að láta sá grasfræi í þá hauga og þau flög sem nú blasa við á svæðinu hjá Grundartanga, þó ekki væri nema til þess að draga eitthvað úr því uppfoki jarðvegs sem áreiðanlega á eftir að verða á þessum svæðum?

Víst er, það er alveg víst, að ef Járnblendifélagið hefst ekki handa í þessu efni strax í vor, þá munu koma til aðrir aðilar og reyna að græða að einhverju leyti þetta flakandi sár.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það mun vera allóvenjulegt að hér á Alþ. geri þm. vanskil einstaks atvinnurekanda eða verktaka að umtalsefni eins og hér er gert. Ég vil í því sambandi geta þess, að það er hin almenna regla eftir íslenskum lögum að verktaki ber sjálfur ábyrgð á sínum skuldbindingum, sínum greiðslum fyrir vélar, kaupgjaldi, launagreiðslum og öðru slíku. Hins vegar voru fyrir tveim árum sett lög á Alþ. til að tryggja hag verkafólks og annarra starfsmanna ef vinnuveitandi stæði ekki í skilum eða gæti greitt laun. Það eru lög frá 28. mars 1974 um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot. Þar segir að ríkið ábyrgist greiðslu á launakröfum á hendur vinnuveitanda sem úrskurðaður hefur verið gjaldþrota. Það eru nánari reglur í þessum lögum og reglugerð, sem sett var samkvæmt þeim, um þetta mál. Er tekið fram í 4. gr. laganna að ríkið megi hins vegar ekki inna af hendi greiðslu í þessu sambandi fyrr en úrskurður um gjaldþrotaskipti hefur gengið. Þessi lög eru til verndar launbegum ef svo fer að vinnuveitandi eða verktaki verði gjaldþrota.

Um fjárhag þessa tiltekna verktaka skal ég ekki ræða hér. Hitt er vitað, að um veruleg vanskil er að ræða og veldur það auðvitað ákaflega miklum óþægindum og erfiðleikum fyrir fjölda manna.

Í sambandi við samning Járnblendifélagsins við þennan verktaka er rétt að rekja það, að vorið 1975 voru boðnar út fyrstu framkvæmdir til undirbúnings byggingu járnblendiverksmiðjunnar og 1. júní 1975 voru tilboð opnuð og lægst tilboð reyndist tilboð Jóns V. Jónssonar í Hafnarfirði. Eftir nokkra athugun var ákveðið að taka lægsta tilboði, enda höfðu þá verið gefnar þær bankatryggingar sem stjórn Járnblendifélagsins óskaði eftir í þessu sambandi. Verkið hófst síðan 21. júlí 1975. Þegar gengið var frá samningum var samningsupphæðin 147 millj. kr. Á framkvæmdatímanum, frá því í júlí og þangað til í des. varð um aukningu á áætluðum magntölum að ræða. Í desembermánuði, þegar verktakinn hætti framkvæmdum var gengið frá uppgjöri. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, er lokauppgjör magntalna við verktakann nú frá byrjun mars það, að honum hafi verið greiddar 165 millj. kr., sem sagt, við upphaflega upphæð hafa bæst verðbætur og greiðslur fyrir aukningu verka.

Járnblendifélagið telur sig hafa greitt verktaka það sem hann eigi rétt á að fá. Hins vegar hefur verktakinn eða lögfræðingur hans gert viðbótarkröfur umfram verksamning og sá verk-

fræðilegi ráðunautur, sem bæði annaðist hönnun og útboð framkvæmda og eftirlit með verkframkvæmdum, mun nú hafa þessar viðbótarkröfur verktakans til athugunar og er gert ráð fyrir að þeirri athugun ljúki fljótlega. Færi svo að ekki næðist samkomulag um niðurstöður hans, þá er heimilt að áfrýja til úrskurðar gerðardóms, en um þetta verk fer eftir ákvæðum útboðs- og samningsskilmála sem ber heitið Íslenskur staðall 30. Er á þessu stigi ekki hægt að ræða frekar um það atriði, annað en að stjórn Járnblendifélagsins telur sig hafa greitt það sem verktakinn eigi rétt á að fá.

Það er rétt í þessu sambandi að rekja nokkuð hvað gerst hefur varðandi járnblendiverksmiðjuna, en Íslenska járnblendifélagið var stofnað á grundvelli laga nr. 10 frá 1975 og samningur undirritaður 27. apríl það ár. Félagið tók þá til starfa við að undirbúa framkvæmdir og fjármögnun þeirra. Fljótlega var gengið frá samningum við verkfræðilega ráðunauta og verktaka vegna vinnu við undirbúning lóðar. Einnig voru undirritaðir samningar um rafmagnskaup, tækniaðstoð o. fl. Eins og ég gat um, var svo í júlímánuði 1975 gengið frá samningi um jarðvegsskipti og þeim var lokið að mestu 16. des. 1975. Þá var þeim framkvæmdum hætt. Það er eftir að ganga frá og jafna moldina sem grafin var upp og sett í hóla umhverfis lóð félagsins.

Út af því, sem hv. þm. Jónas Árnason drap á þetta mál, þá var svo ákveðið í útboðsskilmálum að verið 1976 skyldi lóðin lagfærð og sáð grasfræi í moldina. Af eðlilegum ástæðum var ekki unnt að ganga frá þessu í desembermánuði þegar þessum framkvæmdum lauk, en það verður gert með vorinu. Ég vænti þess, að þegar því er lokið verði fullnægt kröfum náttúruverndar í því sambandi.

Á s. l. ári gerðist það að stálframleiðsla í Vestur-Evrópu dróst mjög saman. Á árinu 1974 var stálframleiðslan þar 182 millj. tonna, en á árinu 1975 aðeins 150 millj. tonna, framleiðslan minnkaði um ca. 17% milli þessara ára. Minnst varð framleiðslan í ágústmánuði s. l., um 10 millj. tonna, en hefur síðan verið nálægt 12 millj. tonna á mánuði. Svo virðist sem þessi samdráttur hafi náð hámarki, og telja menn að stálframleiðsla sé nú heldur að aukast. En milli stálframleiðslu og járnblendis eða kísiljárns er náið samband. Með minnkandi stálframleiðslu hefur verð á járnblendi eða kísiljárni farið lækkandi, á sama tíma og verulegar birgðir söfnuðust hjá framleiðendum. Kunnugir menn telja að líkur séu til að stálverð fari nú aftur hækkandi, en járnblendi hefur yfirleitt í meginatriðum fylgt stálverði eftir.

Vegna þessara erfiðleika á markaðnum var ákveðið á stjórnarfundi Járnblendifélagsins í nóv. s. l. að takmarka allar frekari fjárskuldbindingar félagsins þar til búið væri að endurskoða áætlanir um stofn- og rekstrarkostnað félagsins og gera nýja markaðsathugun. Þessi ákvörðun virðist hafa verið óumflýjanleg þar sem ekki var unnt né rétt að halda áfram að skuldbinda félagið án þess að kanna þessi atriði nánar. Síðan í nóv. hefur verið unnið stöðugt að endurskoðun fyrri áætlana, og þar sem þeirri endurskoðun var ekki lokið þegar síðasti stjórnarfundur í félaginu var haldinn nú fyrir skömmu, þá var ákveðið á honum að fresta framkvæmdum enn um sinn meðan á endurskoðuninni stendur. Þessi ályktun, sem ég ætla að hafi verið samþykkt 5. mars á stjórnarfundi, var svo hljóðandi:

„Þar sem endurskoðun þeirri, sem stjórn félagsins samþykkti á fundi sínum 7. nóv. 1975 á efnahagsástandi og markaðsmálum almennt svo og stofnkostnaði og rekstrarkostnaði járnblendiverksmiðjunnar, er enn ekki lokið, þá samþykkir stjórnin nú að takmarka enn frekar fjárskuldbindingar félagsins á meðan þessi endurskoðun stendur yfir."

Hv. þm. 5. þm. Vesturl., Jónas Árnason spyr hvort ég telji ekki að ríkisstj. beri skylda til að kippa þessum málum í lag. Ég vil benda á í fyrsta lagi að ég tel endurskoðun þá á kostnaðaráætlunum og markaðsathugunum, sem stjórn Járnblendifélagsins hefur ákveðið, eðlilega og í rauninni sjálfsagða eins og mál horfa. Stjórn Járnblendifélagsins telur sig hafa greitt verktakanum það sem hann eigi rétt á að fá samkvæmt samningum. Þó er rétt að hafa þann fyrirvara að viðbótarkröfur verktakans eru nú til athugunar hjá eftirlitsaðila og gætu svo farið til úrskurðar gerðardóms. Ég vil enn fremur benda á það lagaákvæði sem ég nefndi, að ef til gjaldþrots kemur ber ríkissjóður ábyrgð á ógoldnum launakröfum, og koma þau lög þá að sjálfsögðu til framkvæmda.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég veitti því athygli að hæstv. ráðh. greindi frá því að enn stæði yfir sú endurskoðun á kostnaðaráætlun varðandi byggingu væntanlegrar járnblendiverksmiðju sem hér hefur áður verið skýrt frá. En ég heyrði ekki að hann svaraði því neinu hvort þetta mál yrði lagt fyrir Alþ. á nýjan leik þegar þessar endurskoðuðu áætlanir lægju fyrir. Þegar mál þetta var rætt fyrr á þessu þingi lagði ég og ég hygg fleiri alþm. áherslu á að það væri eðlilegt, eins og komið væri málum, að allar áætlanir varðandi byggingu þessarar væntanlegu verksmiðju í Hvalfirði og eins áætlanir varðandi rekstur verksmiðjunnar yrðu teknar upp hér á Alþ. að nýju til þess að Alþ. gæfist kostur á því að segja til um hvort það vildi fallast á að halda þessari mannvirkjagerð áfram, þar sem allar líkur benda til þess að forsendur hafi gjörbreyst frá því sem var þegar ákvarðanir voru teknar hér um að ráðast í verksmiðjubygginguna. Ég vil því endurnýja fsp. til hæstv. ráðh. um það, hvort hann vilji ekki gefa yfirlýsingu um að þegar þessari endurskoðun lýkur verði allar upplýsingar um málið lagðar fram á Alþ., skýrsla gefin hér um stöðu málsins og fyrirætlanir af hálfu ríkisstj., og hvort hann geti ekki fallist á að eðlilegt sé, ef forsendur hafa raskast í grundvallaratriðum varðandi stofnkostnað og rekstraráætlun, að þá sé eðlilegt að Alþ. taki málið í sínar hendur á nýjan leik og segi til um það hvort rétt sé að halda verkinu áfram eða ekki. Ég tel mjög hæpið að standa þannig að málum að sú stjórn, sem kosin hefur verið fyrir þetta fyrirtæki, taki þessar ákvarðanir í krafti fyrri samþykkta Alþingis sem byggðar voru þar á allt öðrum forsendum en sennilega koma til með að liggja fyrir. Þetta finnst mér eitt höfuðatriði

þessa máls, sem ég vil leggja áherslu á, að fá skýr svör um hvort við eigum von á því að þessi endurskoðun verði kynnt og rædd hér á Alþ. og þau nýju viðhorf sem skapast hafa og hvort ekki þyki ástæða til þess að fá álit Alþ. á nýjan leik um það hvort áfram skuli halda eða ekki.

Ég ræði ekki um þann hluta af þessu máli sem hér hefur nú aðallega verið ræddur, það vandræðafjármálaástand sem upp hefur komið í sambandi við greiðsluþrot verktaka í sambandi við þetta fyrirtæki, vil þó aðeins segja um það mál, að ég tel að það sé afar hæpið fyrir ríkisfyrirtæki eða fyrirtæki, sem ríkið á meiri hl. í, að skjóta sér undan því að sjá til þess að þeir, sem raunverulega hafa unnið verkið og unnið það gallalaust og svikalaust, — ef svo er, þá tel ég mjög hæpið að ríkissjóður geti skotið sér undan því eða fyrirtækið sem slíkt að greiða slíka reikninga, jafnvel þó að komi í ljós að um gjaldþrot kunni að vera að ræða hjá verktaka. En auðvitað kemur ekki til greina að greiða slíka reikninga af hálfu ríkisins fyrr en fullséð er um það að verktakinn hafi staðið við allar sínar skyldur.

Ég vil aðeins að þetta komi fram sem mín skoðun. Ég tel að það hvíli á ríkinu viss siðferðileg skylda að sjá um að þeir, sem þarna hafa unnið, fái sínar greiðslur. En á hitt legg ég höfuðáherslu, að fá hér fram skýrar yfirlýsingar frá hæstv. ráðh. um hvernig hann hugsar sér að áfram verði staðið að hugsanlegum framkvæmdum í sambandi við þessa verksmiðjubyggingu.

Jón Árnason: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð um þetta mál sem hv. 5. þm. Vesturl. hefur gert hér að umræðuefni utan dagskrár. Hér er um að ræða á hvaða hátt eða hvort ríkisstj. eða Járnblendifélagið geti haft afskipti af og beitt sér fyrir að greiða þær vanskilaskuldir, svo sem vinnulaun verkamanna, vörubifreiðaakstur, vinnuvélanotkun o. fl., sem verktaki, er tók að sér byrjunarframkvæmdir með byggingu járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga, er í vanskilum gagnvart umræddum aðilum. Við mig hafa rætt sumir af þeim sem hér eiga hlut að máli og borið sig illa yfir hlut sínum. Eins og komið hefur fram í þessum umr. liggja ekki fyrir tæmandi upplýsingar um hvað hér er um stóra fjárupphæð að ræða sem verktaki á vangreidda, en fullvíst má telja að hér sé um verulegar fjárupphæðir að ræða. Að vísu munu skuldir verktaka hvað snertir laun verkamanna, þegar frá eru teknar orlofsgreiðslur og greiðslur vegna lífeyristrygginga, — en þar mun vera um stórar upphæðir að ræða, — vinnulaunin sjálf, sem vangreidd eru, — það mun hafa verið bara ein vika og talið er að það séu um 700 þús. kr. sem þar er um að ræða. Hins vegar er vitað að það eru stórar upphæðir í sambandi við orlofsgreiðslur og lífeyristryggingagreiðslur sem skipta millj. kr. sem eru í vanskilum.

Það er talið eftir þeim upplýsingum, sem ég hef getað aflað mér, að skuldir við vörubifreiðaeigendur séu tæplega 3 millj. kr. Þar er aðeins um eina viku að ræða, vegna þess að þar var greiðslum þannig komið fyrir samkv. sérstöku samkomulagi, sem bifreiðastjórar gerðu við verktaka, að það var ávísað beint á Járnblendifélagið, það greiddi bifreiðastjórunum og það gekk þar til seinustu vikuna, sem var unnið, en þá hafði, eins og hefur komið fram í þessum umr., Járnblendifélagið talið sig vera búið að greiða að fullu það sem því bar í sambandi við þessa framkvæmd. Þá hef ég aflað mér upplýsinga um hvað skuldakröfur vinnuvélaeigenda munu vera háar. Eftir því sem ég hef getað komist næst í þeim efnum munu það vera um 12 millj. kr., eitthvað nálægt því. Síðan eru að sjálfsögðu ýmsar skuldir við þjónustuaðila sem ég hef ekki getað aflað mér upplýsinga um hvað háum upphæðum nemi, en þar er ábyggilega um upphæðir að ræða sem skipta mörgum millj. kr.

Af því, sem ég hef nú tekið fram, er augljóst mál að hér er um allmikinn vanda að ræða til lausnar, hvernig sem með verður farið.

Eins og fram kom hjá hæstv. iðnrh. áðan hefur lögfræðingur verktaka nú lagt fram viðbótarkröfur um verulegar fjárupphæðir sem eru byggðar á þeim breytingum á verðlagi sem átt hafa sér stað á framkvæmdatímabilinu. Þar er *ýmislegt sem gerst hefur á þessu tímabili sem* talið er að þurfi og verði ekki komist hjá að viðurkenna. Það er t. d. í sambandi við vörugjaldið sem hefur lagst á alls konar rekstrarvörur og þjónustu, sem þessi maður hefur innt af hendi, þannig að það er talið a. m. k. af hans lögfræðingi og fleirum að Járnblendifélagið komist ekki hjá því að bæta við nokkurri upphæð þegar búið er að fara yfir þær kröfur sem þar liggja fyrir. En hvort þessar kröfur eiga rétt á sér eða ekki verður náttúrulega að svo komnu máli ekki fullyrt neitt um.

Hér hefur verið rætt um það að samkv. sérstökum lögum beri ríkissjóði að greiða verulegan hluta af þeim launakröfum sem um er að ræða hjá viðkomandi atvinnurekanda þegar svo stendur á að hann verður gjaldþrota. Nú liggur ekki fyrir í þessu efni í dag hvort sá verktaki sem hér um ræðir og á þessar vangreiðslur við ýmsa aðila, verður ekki talinn eiga fyrir skuldum og verði þess vegna gerður gjaldþrota. En ég verð að segja það, að með tilliti til þess hvernig ríkið stendur að þessum málum og fyrirtæki sem ríkið á meiri hl. í, Járnblendifélagið, þá finnst mér að þessir aðilar báðir eigi að beita sér fyrir því að gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að reyna að rétta hlut þeirra manna sem hér eiga eftir að fá fullnægt kröfum sínum og greiðslu, bæði í sambandi við vinnulaun og aðra þjónustu. Ég hafði samband við menn úr stjórn Járnblendifélagsins í gær, og eftir þeim upplýsingum, sem ég komst þar að, töldu þeir ekki óhugsandi að í sambandi við þær kröfur, sem nú hafa verið lagðar fram, verði um einhverjar upphæðir að ræða sem Járnblendifélagið mun eiga eftir að greiða til verktaka. Ef slíkar upphæðir koma, þá tel ég að eigi að nota þær fyrst og fremst til að gera upp þessar skuldir. Ég tel það sé eðlilegra að Járnblendifélagið geri það heldur en ríkisstj. eða ríkissjóður, það yfirtaki þessar kröfur af kröfuhöfum og geri það sem í þess valdi stendur til að rétta hlut þessara manna, fyrst og fremst með þeim fjárupphæðum sem það kemur til með óhjákvæmilega að

þurfa að inna af hendi til verktaka í sambandi við þetta verk. En þar fyrir utan finnst mér ekki óeðlilegt að Járnblendifélagið gengi lengra í þessum efnum.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans. En ekki er ég vel ánægður með þau. Litla huggun held ég að þeir, sem hér eiga hlut að máli, finni í orðum hæstv. ráðh. Mér sýnist m. ö. o. að viðbrögð af hálfu hæstv. ríkisstj. séu hvergi nærri í samræmi við þá ábyrgð, sem ég hika ekki við að fullyrða að hún beri á þessu öllu saman.

Hæstv. ráðh. minntist á lög sem snerta þetta mál. Það eru „lög um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot" frá 21. mars 1974. Ég er hér með eintak af þeim. Þessi lög voru stórt skref í áttina til þess að tryggja réttindi launþega og voru sett að frumkvæði báv. hæstv. iðnrh., Magnúsar Kjartanssonar. Hins vegar held ég, því miður, að þau nái ekki til allra þeirra aðila sem hér eiga hlut að máli. Eða telur hæstv. iðnrh. að 1. gr. laganna, svo hljóðandi: „Ríkið ábyrgist samkv. lögum þessum greiðslur á launakröfum á hendur vinnuveitanda sem úrskurðaður hefur verið gjaldbrota." — Telur hann að þetta nái til vinnuvélaeigenda og vörubílstjóra?

Það er rétt, sem hv. þm. Jón Árnason segir, að ekkert liggur fyrir um það að hægt verði að beita þessum lögum vegna þess að viðkomandi verktaki verði lýstur gjaldbrota. En hv. þm. Jón Árnason nefndi að hann hefði fengið þau svör hjá stjórn járnblendifélagsins varðandi þá kröfu, sem nýlega hefur komið fram frá verktakanum, að það kynni að vera hægt af hálfu félagsins að leggja fram eitthvert fé. Ég tek undir með hv. þm. að það skiptir miklu máli að það fé fari ekki í hendur verktaka heldur í hendur þess fólks sem hér á hlut að máli, þess fólks sem verktakinn skuldar stórar upphæðir.

Athyglisverðast að mínum dómi í ræðu hæstv. ráðh. áðan var að hann minntist ekki einu orði á það sem mér var bent á áðan, eftir að ég flutti fyrri ræðu mína, að stendur á forsíðu Tímans í morgun, með leyfi hæstv. forseta, þetta stendur í Tímanum:

„Það virðist vera ákaflega mikil hölsýni ríkjandi hjá forráðamönnum Union Carbide um áframhaldandi hátttöku í járnblendiverksmiðjunni og þeir eru mjög bikandi varðandi frekari framkvæmdir við verksmiðjuna, sagði Steingrímur Hermannsson framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins sem jafnframt á sæti í stóriðjunefndinni, sem svo er kölluð."

Og það er ekki nóg með þetta. Seinna segir: „Steingrímur kvað skýrslu komna frá Union Carbide þar sem ástandið væri málað dökkum litum. Hann sagði að Íslendingar teldu margt í skýrslunni ekki alls kostar rétt og því hefði verið ákveðið að afla upplýsinga annars staðar frá um markaðshorfur."

En síðan segir: „Að sögn Steingríms verður endanlega úr því skorið á næsta fundi í stjórn járnblendiverksmiðjunnar hvort hætt verði við að reisa verksmiðjuna, en eins og fram kemur hér að framan virðast nokkrar líkur á því að Union Carbide hætti hátttöku í fyrirtækinu."

Hæstv. ráðh. minntist ekki á þessi tíðindi í ræðu sinni. Þó hygg ég að þetta verði að teljast stórtíðindi varðandi þetta mikla og mjög svo prísaða, mjög svo lofsungna mál.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Út af ræðu og fyrirspurn hv. 2. þm. Austurl., Lúðvíks Jósepssonar, vil ég taka fram að þegar þeirri endurskoðun lýkur, sem ég gat um í svari mínu áðan, mun hún vera kynnt Alþ. og skýrsla gefin um stöðu málsins.

Varðandi vangreiðslu vinnulauna vil ég einnig taka það fram, að ég hef beint til forráðamanna Járnblendifélagsins að gera það sem hægt er til að greiða úr þeim erfiðleikum.

Hv. 5. þm. Vesturl., Jónas Árnason, ræddi hér nokkuð um lögin um ríkisábyrgð á launum við gjaldbrot, sem ég hafði drepið á, og kom því að að þetta væru lög sem Magnús Kjartansson fyrrv. ráðh. hefði beitt sér fyrir. Mér finnst fara mjög vel á því að hv. þm. dregur inn í umr. nafn Magnúsar Kjartanssonar, slíkan áhuga sem hann hefur sýnt á því máli frá upphafi og slíkur frumkvöðull sem hann var um stofnun Járnblendifélagsins.

En varðandi þessi lög Magnúsar Kjartanssonar, þá er svo ákveðið í 4. gr. að rn. er bannað að inna af hendi nokkrar greiðslur vegna vangoldinna launa fyrr en úrskurður um gjaldbrotaskipti eru gengin, þannig að hendur ríkisstj. eru að þessu leyti bundnar með lögunum. En þar sem hv. fyrirspyrjandi, 5. þm. Vesturl., hefur nú snúið sér frá mér og beint frekari spurningum til hv. 2. þm. Vestf., Steingríms Hermannssonar, læt ég hér staðar numið.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi, 5. þm. Vesturl., las hér upp úr Tímanum. Það er yfirleitt rétt sem stendur í því blaði og það er rétt sem stendur í því um þetta mál, það sem haft er eftir mér þar. Blaðamaður frá Tímanum hafði samband við mig í gær og var með ýmsar upplýsingar sem voru margar rangar. Ég reyndi að leiðrétta það. Það sem hv. fyrirspyrjandi las, með leyfi hæstv. forseta, hljóðaði svona: „Að sögn Steingríms verður endanlega úr því skorið á næsta fundi í stjórn járnblendiverksmiðjunnar hvort hætt verði við að reisa verksmiðjunna." Þessi hluti er rétt eftir mér hafður. Síðan heldur áfram: „en eins og fram kemur hér að framan virðast nokkrar líkur á því að Union Carbide hætti hátttöku í fyrirtækinu." Það er ályktun blaðamannsins og má vel draga þá ályktun af þeirri athugun sem Union Carbide hefur gert, eins og ég skýrði frá. Það er hans mat. Ég taldi mér ekki fært að kveða upp neinn dóm um það. Ég benti hins vegar á, eins og fram kemur í þessari grein og ekki var lesið upp, að járnverð hefur farið hækkandi nú upp á síðkastið og kann það vel að breyta viðhorfum Union Carbide til þessa máls.

Ég hef einnig talið að það hlióti að verða tekin ákvörðun um þetta endanlega á næsta fundi. Ég sit að vísu ekki í stjórn fyrirtækisins en samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef, sýnist mér að það hljóti að verða, því að það er

ákaflega erfitt að láta mál sem þetta hanga nánast í lausu lofti lengi. Mér er kunnugt um að sú skýrsla, sem Union Carbide hefur gert, er nú í endurskoðun, eins og hér kemur fram, og á að liggja fyrir með endanlegum niðurstöðum von bráðar.

Ég vil svo segja almennt um þetta mál, að að sjálfsögðu hefur enginn aðili, hvorki Union Carbide né íslenska ríkið, áhuga á því að leggja í atvinnurekstur ef hann er ekki arðbær. Það er ekki nema virðingarvert að málið sé skoðað mjög vandlega, og mér sýnist að stjórn þessa fyrirtækis hafi valið þann kostinn að skoða málið að nýju mjög vandlega eftir það mikla verðfall sem varð og kom óvænt á s. l. ári á stáli, og ferrósílikon fylgdi þar á eftir því að sú framleiðsla er mjög tengd framleiðslu stáls, enda notað í því sambandi eingöngu. Þetta helst því mjög í hendur. Það kom einnig fram við það markaðsástand, sem þá skapaðist, að norðmenn ráða mjög svo markaðsverði. Norðmenn héldu áfram að framleiða í birgðir, eftir því sem ég hef frétt, og nutu til þess fjárhagsaðstoðar hjá sinni ríkisstj. Það voru svo norðmenn sem ákváðu verðlækkun á þessu efni. Með tilliti til þessa veit ég ekki betur en að stjórn fyrirtækisins hafi öll talið sjálfsagt að skoða þetta mál *nákvæmlega*.

Ég sé ekki ástæðu til að ég fari að ræða þetta mál hér nánar nú. Ég stóð upp eingöngu vegna þess að þessu var beint til mín út af því sem birtist í Tímanum í gær.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar, að enda þótt það kunni að vera góðra gjalda vert af hálfu stjórnar Járnblendifélagsins að taka þetta mál til endurskoðunar í ljósi nýrra upplýsinga sem fyrir liggja um hagkvæmni þess að reka járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, — enda þótt það sé efalaust góðra gjalda vert, þá hygg ég að það hefði verið þrátt fyrir allt enn þá betri gjalda vert að Alþ. hefði athugað þetta mál öllu betur en gert var um þetta leyti s. l. ár þegar verið var að fjalla um lagafrv. um fyrirtæki þetta og samninga við Union Carbide. En þá lá svo mikið á að afgr. frv. þetta á grundvelli þeirra upplýsinga sem fram komu í grg. með frv., á grundvelli þeirra upplýsinga sem nú er verið að endurskoða, á grundvelli þeirra upplýsinga sem nú reynast verið hafa kolrangar. Það lá svo mikið á að afgr. þetta frv. þá að framkvæmdir þarna efra, þær framkvæmdir sem nú stendur vandi af, voru hafnar áður en frv. hafði verið afgr. af hv. Alþ. Ein af forsendunum fyrir því, að nauðsynlegt væri að afgr. þetta frv. fyrir páska á því vori, var sú að járnblendiverksmiðjan í Hvalfirði yrði endilega hreint að vera tilbúin til þess að taka við raforku frá raforkuveri því sem verið er að byggja fyrir þessa verksmiðju, — það væri alveg bráðnauðsynlegt að verksmiðjan væri tilbúin til þess að taka við þessari raforku svo að ekki yrði af því tjón fyrir Landsvirkjun að kaupandinn væri ekki tilbúinn.

Að vísu mun það nú vera svo um þessa nýju stoð sem reist skyldi undir atvinnulífi landsmanna, þessa nýju og traustu stoð og þetta byggðamál, þetta þýðingarmikla byggðamál fyrir borgfirðinga, eins og það var kynnt fyrir okkur hér á hv. Alþ., að öll gagnrýni stjórnarandstöðunnar á málið mun nú hafa reynst sönn vera. Það mun koma fram við endurskoðun þessa máls. En það er alveg bráðnauðsynlegt fyrir okkur að *fá fullvissu fyrir því að hæstv. ríkisstj.* leyfi nú Alþ. að vera með í ráðum um það hvernig afstýrt verði, eftir því sem hægt er, fjárhagslegu tjóni sem af því leiðir að anað var út í þetta fyrirtæki þrátt fyrir allt. Það er æskilegt að hv. Alþ. fái að fylgjast með því t. d. hvernig á nú að ráðstafa raforku sem afgangs verður samkv. því sem sagt var við afgreiðslu málsins í fyrra, ef frestað verður smíði þessarar verksmiðju um nokkur ár, en að fullu og öllu ef hætt verður við að reisa þessa verksmiðju.

Það var að því er virtist að gefnu óverulegu tilefni notað tækifærið, — hæstv. iðnrh. notar tækifærið að gefnu einhvers konar tilefni til þess að minna á afstöðu Magnúsar Kjartanssonar, sem hér er því miður fjarverandi í dag, til frv. um Járnblendiverksmiðjuna. Ég vil bara rifja það upp, nota tækifærið til þess að rifja það upp, að Magnús Kjartansson, eins og allir alþb.-menn hér á þingi greiddi atkv. gegn þessu frv. En ég fer nú ekki lengra út í þá sálma. Ég er vongóður um að það líði ekki mjög langur *tími þangað til Magnús Kjartansson verði kominn* hingað til þess að svara fyrir sig sjálfur.

Húshitunarmál, fsp. (þskj. 397). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Eg hef leyft mér að flytja á þskj. 397 svo hljóðandi fyrirspurn til hæstv. iðnrh.:

„1. Hverjar eru niðurstöður athugana sem gerðar hafa verið á vegum iðnrn. á hagkvæmni nýrrar gerðar af miðstöðvarkatli — svonefndum „Nýtli“ — sem fundinn hefur verið upp hér á landi og notað getur jöfnum höndum olíu og rafmagn til upphitunar?

2. Hefur einhver ákvörðun verið tekin um hvort og þá hvernig greitt yrði fyrir því að miðstöðvarkatlar af þessari gerð verði almennt teknir til notkunar á olíuhitasvæðum til þess að draga úr upphitunarkostnaði?“

Forsaga þessa máls er sú, að fyrir nokkrum árum fann íslenskur uppfinningamaður í Keflavík upp nýja tegund af miðstöðvarkatli sem getur notað jöfnum höndum raforku og olíu til upphitunar. Þessi ketill er með sjálfvirkum búnaði, þannig að hann getur nýtt raforku á nóttum til upphitunar þegar álag er lítið, en olíu á dögum og hægt að tímastilla þessi skipti eins og hver og einn óskar. Þær athuganir og mælingar, sem gerðar hafa verið á þessum nýja hitunarkatli, leiða í ljós að hann notar um það bil 10% minni olíu notkunartíma olíu en aðrir katlar sem í notkun eru og á að geta sparað, miðað við athuganir, sem gerðar voru fyrir tæpu ári, milli 4 og 5 þús. kr. á mánuði í kyndingu í meðalíbúð. Þeir, sem að þessari uppfinningu hafa staðið, hafa mikinn áhuga á því að hefja framleiðslu á þessum katli og hafa m. a. leitað til iðnrn. um hagkvæmnisathuganir á þessari nýju uppfinningu og eftir því sem ég best veit einnig leitað til rn. um það hvort rn. sjálft, einhver opinber stofnun eða sjóður kynni að

vilja veita þeim einhverja aðstoð til þess að hefja framleiðslu af þessu tagi. Nú hefur iðnrn. skipað sérstaka n. sem hefur starfað nokkuð langa hríð að athugunum á nýtni þessa nýja tækis. Ég veit ekki hvort n. hefur lokið störfum, en vænti þess þó, en það mun skýrast hér á eftir er hæstv. ráðh. flytur sín svör.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Áður en vikið er að efni spurningarinnar er rétt að fara örfáum orðum um aðdraganda þessa máls.

Að beiðni Iðnþróunarstofnunar Íslands skipaði iðnrn. í byrjun sept. s. l. 3 manna n. til að hafa yfirumsjón með prófunum og athugunum á húshitunarkatli sem hannaður er af Guðjóni Ormssyni rafvirkjameistara. Í n. eiga sæti Gunnar Guttormsson fulltrúi, Gísli Jónsson prófessor, Leó Jónsson véltæknifræðingur. Ketill þessi er gerður bæði fyrir olíu og rafhitun. Hefur Guðjón um nokkurra ára skeið unnið að því að útfæra hugmynd sína um nýtingu þessara tveggja hitagjafa í einum og sama katlinum. Með því að koma rafhitara — eða rafhitaldi, það er nýyrði sem Gísli Jónsson prófessor notar um rafhitara — fyrir inni í olíukyntum katli telur Guðjón að nýta megi ódýra umframorku utan mesta álagstíma og þannig spara olíu á þeim svæðum sem ekki búa við hitaveitu og ekki hafa enn nægilega raforku til fullrar húshitunar með rafmagni.

Verkefni þeirrar n., sem rn. skipaði, var, eins og áður segir, að hafa forgang um prófanir á þessum katli og að meta gagnsemi hans m. a. með tilliti til hugsanlegs olíusparnaðar. N. hefur nú lokið umræddum prófunum og mun bráðlega skila rn. skýrslu um niðurstöður sínar. Þar sem þess er skammt að bíða að heildarniðurstöður þessara athugana liggi fyrir verður hér aðeins drepið á nokkur atriði sem fram munu koma í skýrslu nefndarinnar.

Um 1. lið fsp., hverjar séu niðurstöður athugana sem gerðar hafa verið á vegum iðnrn. á hagkvæmni nýrrar gerðar af miðstöðvarkatli — svonefndum „Nýtli“ — vil ég segja þetta: N. telur að sú hugmynd að byggja rafhitald inn í olíukyntan ketil sé ekki ný, allt frá því að möguleikar opnuðust til rafhitunar húsa hérlendis hafi nokkuð verið að því gert að breyta eldri kötlum á þann veg að setja í þá rafhitald og nota þannig rafmagn í stað olíu sem hitagjafa við venjuleg miðstöðvarkerfi. Það, sem hins vegar megi telja nýstárlegt og um leið athyglisvert við hugmynd Guðjóns Ormssonar, sé að nýta jöfnum höndum olíu og rafhitun við sama ketil. Í katli sínum hefur Guðjón gert þessa hugmynd að veruleika með því að hanna sjálfvirkan stjórnbúnað sem sér um að sá hitagjafi sé í sambandi sem hagkvæmari er miðað við ákveðnar gefnar forsendur.

Þá telur n. rétt að geta þess, að samhliða nýting olíu og rafmagns til húshitunar þarf ekki að vera bundin við eina gerð katla eða sams konar rafhitald og Guðjón notaði í sínum katli. Mestu máli skiptir í þessu sambandi að notaður sé sá búnaður sem nýtir best varmann frá hitagjafanum. Við nýtnimælingar, sem gerðar voru á katli Guðjóns, reyndist nýtnin mjög góð. En þar sem nákvæmlega sambærilegar mælingar hafa ekki farið fram á öðrum kötlum er á þessu stigi ekki varlegt að fullyrða mikið um nýtni hans í samanburði við aðra katla sem hér eru í notkun. Á síðasta ári hefur verulegt átak verið gert í því að kanna nýtni og stilla húskyndingarkatla víða um land. Mæld hefur verið svonefnd brennslunýtni katlanna og þannig fylgst með hversu vel þeir nýta olíuna. Við lauslegan samanburð á nokkrum niðurstöðum þessara mælinga og sams konar mælinga, sem gerðar voru á katli Guðjóns, virðist brennslunýtni hans sambærileg því sem gerist best í öðrum kötlum.

2. liður fsp. er á þessa lund:

„Hefur einhver ákvörðun verið tekin um hvort og þá hvernig greitt yrði fyrir því að miðstöðvarkatlar af þessari gerð verði almennt teknir til notkunar á olíuhitunarsvæðum til þess að draga úr upphitunarkostnaði?“

Meðan heildarniðurstöður athugana n. liggja ekki fyrir er ekki hægt að gefa tæmandi svör við þeim atriðum sem hér er spurt um. Með tilliti til þess, sem sagt var um fyrri lið fsp., mun iðnrn. leggja skýrslu n. til grundvallar frekari könnun á hitunaraðferðinni án þess þó að taka í því sambandi afstöðu til ákveðinna gerða húshitunarkatla. Öll þessi atriði munu verða skoðuð, bæði í tengslum við það málefni, sem hér er spurt um, og aðra þætti orkumála.

Það er ástæða til að fagna því þegar einstaklingar eiga frumkvæði að tilraunum með nýjar húshitunaraðferðir, svo sem hér hefur átt sér stað. Iðnrn. hefur með stuðningi við þessa ákveðnu tilraun viljað fá hlutlaust mat á gagnsemi þess tækjabúnaðar sem hér um ræðir. Á grundvelli álitsgerðar n. mun rn. í samstarfi við aðra aðila taka ákvarðanir um frekari aðgerðir á þessu sviði.

Fyrirspyrjandi (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svörin. Það virðist ljóst vera að það hafi komið í ljós við þessar hagkvæmniskannanir að þetta nýja tæki, sem hefur verið fundið upp, muni sýna a. m. k. jafngóða hagkvæmni á við bestu katla af hvorri tegund sem fyrir eru í landinu, auk þess nýmælis að geta blandað saman í einu og sama hitunartæki hitunaraðferðum með tveimur ólíkum orkugjöfum. Ég held að það liggi því alveg ljóst fyrir að hér er um mjög þarft nýmæli að ræða þar sem þessi uppfinning er, — nýmæli sem gæti komið sér mjög vel fyrir þau landssvæði sem geta ekki, a. m. k. í sjáanlegri framtíð, vonast til annars en að halda áfram olíuhitun að öllu óbreyttu. Undir slíkum kringumstæðum held ég að kæmi mjög vel til greina að gera sérstakt átak til þess að minnka kostnað við húshitun á slíkum svæðum. Og ég bendi á, að það kemur a. m. k. mjög til álita að þarna sé fundin leið til þess að draga úr húshitunarkostnaði. Það er mjög ánægjulegt þegar íslenskur uppfinningamaður á hlut að slíku eins og hér um ræðir, og mér finnst sjálfsagt, ef niðurstöðurnar verða í þá átt sem hæstv. ráðh. lýsti, að hið opinbera reyni að leggja eitthvað af mörkum til þess að auðvelda slíkum manni starf hans.

Sameinað þing, 65. fundur.

Þriðjudaginn 16. mars, að loknum 64. fundi.

Brúargerð yfir Eyjafjarðará, þáltill. (þskj. 311). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Fiskileit og tilraunaveiðar, þáltill. (þskj. 295). — Frh. einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðum, þáltill. (þskj. 77). — Frh. fyrri umr.

Páll Pétursson: Herra forseti. Þessi þáltill., sem hér liggur fyrir til umr., er einn angi af landbúnaðarstefnu Alþfl. Till. þeirra um eignarráð á landi er önnur hlið á því máli, en þar leggja þeir til, sem kunnugt er, að eignarráð landsins verði að nokkru leyti tekin af bændum. Ég hef áður lýst mig andvígan þeirri till. Ég tel að eignarráð bænda á landinu tryggi best varðveislu þess. Og það er kannske rétt að geta þess, vegna þess að það hefur ekki komið nægilega skýrt fram í umr. til þessa, að gróður landsins er ekki reiknaður til verðs í verðlagsgrundvelli og hvert strá, sem vex í haganum, láta bændur ókeypis í té. Það fóður, er skepnan tekur af óræktuðu landi, er hvergi reiknað til verðs.

En þessi till. er um breytta skipan á niðurgreiðslum á landbúnaðarafurðum. Það er rétt að taka það fram að bændur hafa aldrei beðið um niðurgreiðslur á sölustigi á afurðum. Hvað eftir annað hafa bændur beinlínis varað við þeim. Niðurgreiðslurnar eru hagstjórnartæki ríkisvaldsins til þess að halda niðri vísitölu, eins og hv. frsm. viðurkenndi réttilega. Vísitalan er að sumu leyti rangt hugsuð í upphafi og raunar afskræmd í meðförum. T. d. tel ég að skattar eigi ekki og megi ekki vera í vísitölunni og það sé í eðli sínu rangt að atvinnurekandi greiði skatta launþegans. Ríkið er einn stærsti atvinnurekandinn. Ríkið þarf skatttekjur og leggur skatta á. Vísitalan hækkar við það og þá þarf ríkið að greiða hærra kaup, og þannig gengur hringavitleysan áfram. Atvinnuvegirnir bera sig ekki og stöðugt er byrðunum velt yfir á framtíðina. Þetta samhengi tel ég að verði að rjúfa. Mjög verulegur hluti efnahagsvandans er sprottinn af því að skattarnir eru í vísitölunni. En bændur hafa varað við niðurgreiðsluleiðinni, m. a. vegna þess að það er erfitt að snúa niður af niðurgreiðslubjólinu. Vinnslu- og dreifingarkostnað er ekki með öllu óeðlilegt að greiða niður. Bændur eiga t. d. skv. grundvellinum frá 1. sept. 1975 að fá 392.98 kr. fyrir hvert kg af dilkakjöti. Slátrunar- og heildsölukostnaður var 95 kr. á kg, söluskattur 69.56 kr., smásöluálagning 22.82 kr. Óniðurgreitt heildsöluverð var 500.42 kr. Niðurgreiðslan var 175.70 kr. og smásöluverðið 417 kr., þannig að 24 kr. vantaði upp á að slátrunar- og dreifingarkostnaður væri greiddur niður.

Bændur hafa stundum óskað eftir niðurgreiðslum á frumstigi framleiðslu, svo sem niðurgreiðslu á áburðarverði. Þessi leið var farin eftir nákvæma athugun n. í fyrra og varið var til þess þá 750 millj. kr. Sú leið gafst mjög vel, og ég hygg að það gæti vel komið til álita að fara svipaða leið oftar en í það eina skipti.

Það var laukrétt hjá hv. frsm. að niðurgreiðslur eru náttúrlega styrkur til neytenda. Niðurgreiðslur eru vissulega há upphæð, en það mætti t. d. lækka hana með því að ríkið innheimti ekki söluskatt af landbúnaðarafurðum. Ég fékk útreiknað 15. des. 1975 hve mikill söluskattur á landbúnaðarafurðum hefði verið árið 1974. Það ár var hann rúmar 550 millj. kr. Ég held að farsælla væri að fella söluskattinn niður af þessum afurðum og lækka niðurgreiðslunnar að því skapi.

Hvað varðar útflutningsbæturnar sem koma jafnframt til umr. í þessari grg., þá er um þær að segja að skv. 12. gr. framleiðsluráðslaganna, nr. 101 frá 1966, er skýlaust kveðið svo á að allt að 10% af heildarverðmæti sé verðbætt ef þurfi að flytja það út. Ég tel að þetta sé réttmætt ákvæði vegna þess hve landbúnaður er háður óvissum þáttum. Framleiðslumagn er t. d. mjög háð veðurfari. Óþurrkar voru í sumar og mjólkurskortur þar af leiðandi og þar á ofan bættist afgreiðslustöðvun á áburði vegna verkfalls í áburðarverksmiðjunni, þannig að áburður komst ekki á túnin í tæka tíð. Þess vegna var ekki hægt að nýta þurrkflæsur. Heyfangur um talsverðan hluta landsins var hrakinn og bændur kviðu vetrinum. Íslendingar hafa fyrr kviðið vetrinum. Þann kvíða hafa þeir t. d. reynt að kveða niður með því að segja að það sé bara „að þreyja þorrann og góuna og þá beri kýrin". Í ár dugði bændum ekki að þreyja þorrann og góuna. Í ár máttu þeir bændur, er áttu sínar kýr óbornar, hrósa happi vegna þess að þá var aftur komið verkfall, meira að segja öðrum þræði pólitískt verkfall, svo sem leiðaraskrif Vinnunnar báru gleggstan vott um, og bændur urðu að hella mjólkinni niður. Á 10 dögum fóru mánaðarlaun kúabóndans, því að vinnuþátturinn er 30% í verðlagsgrundvelli og að sjálfsögðu þurftu kýrnar sítt fóður. Þó að það væri verkfall og sömu hirðingu. Hógværum óskum þessarar láglaunastéttar, þessarar mestu láglaunastéttar í landinu, til ASÍ um undanþágu var mætt með fullkominni óbilgirni og jafnvel kjafthætti. Þetta fyrirkomulag, að kúabændur geti átt það yfir höfði sér að fá verkfall tvisvar á ári, verður til þess að menn þora ekki að byggja afkomu sína á kúabúskap og fara heldur í það að framleiða kjöt og hætta á að ekki verði verkfall í sláturtíðinni. Þetta skapar aftur á móti vandamál út af útflutningsuppbótum. Nú er flutt út dilkakjöt, en mjólkurskortur er í landinu.

Ákvæðið um útflutningsuppbætur er eitt eðlilegasta lagaákvæði sem viðreisnarstjórnin setti um landbúnaðarmál. Er þetta ákvæði var sett í

lög var horfið frá fyrra fyrirkomulagi, að jafna upp í afurðaverði innanlands þann verðmismun er varð á sölu landbúnaðarafurða erlendis, þannig að bændur nálguðust útreiknaðar tekjur sínar ákvarðaðar með lögum að skuli að vera í samræmi við tekjur viðmiðunarstéttanna. Það fyrirkomulag hafði verið staðfest með dómi, og sá réttur, er það skapaði, var af bændum tekinn með lögfestingu núverandi fyrirkomulags. Mér þykir núverandi fyrirkomulag eðlilegra, m. a. vegna þess að með því er hlutur neytenda betur tryggður og hamlað er gegn verðbólgu.

Ég fyrir mitt leyti er ekki til viðtals um að breyta núverandi fyrirkomulagi. Það er hagfræðiprófessor, sem reiknar það út hve há upphæð kæmi á hjón með þrjú börn ef farið væri inn á þá leið sem lagt er til í þessari till. Mér finnst þetta fyrst og fremst vera óskynsamlegur leikur að tölum. Einu sinni sendi hæstv. fyrrv. fjmrh. tékka heim til manna, þeirra sem ekki greiddu tekjuskatt. Ekki held ég að hann hafi orðið hökufeitur af því. Núv. ríkisstj. hefur að vísu bætt úr sumum agnúum þessa kerfis. Endurgreiðslukerfi skatta er hálfgerður óskapnaður enn þá, og skattakerfið má ekki verða samningsatriði við verkalýðshreyfinguna. Alþingi þarf að hafa vald til þess að ákveða skattheimtu af þegnunum á hverjum tíma án þess að þurfa að sækja um leyfi til þess til manna úti í bæ. Ekki svo að skilja að ekki sé sjálfsagt að hlusta eftir hugmyndum þeirra, en ákvörðunin verður að vera Alþingis, en ekki samningsatriði ríkisstj. og hagsmunaaðila. Alþ. þarf að ákveða hvað miklu á að eyða til félagslegra þarfa, til samneyslunnar, og afla tekna á þann hátt að þeir beri byrðarnar sem breiðust hafa bökin. Það verður ekki gert með því að bannsyngja tekjuskattinn, heldur með endurbótum á tekjuskattskerfinu. Það er allt of einföld leið að láta Björn Matthíasson eða einhvern úr þeirri skúffu deila í áætlunartölu og fá út 100 þús. á hjón með 3 börn.

Ég vil — með leyfi forseta — lesa nokkrar setningar á bls. 4 í grg. svo að hv. þm. fái numið spekina:

„Leið, sem kæmi til greina í þessu sambandi og væri gaumgæfilegrar athugunar verð, væri fólgin í því að í stað þess, að kjör neytenda séu bætt með því að lækka verð á landbúnaðarafurðum, sem nú eru greiddar niður, verði neytendum greidd í peningum sú fjárhæð sem ríkissjóður nú ver til niðurgreiðslna og neytendum síðan í sjálfsvald sett hvernig þeir ráðstöfuðu þeim. Ætti að sjálfsögðu ekki að greiða tekjuskatt eða útsvar af þessum greiðslum nú heldur ætti opinberum aðilum að vera heimilt að taka þetta fé til greiðslu opinberra gjalda."

Og seinna:

„Ef greiðslurnar yrðu hafðar jafnháar til einstaklinga án tillits til tekna, eins og sjálfsagt virðist vera, leiddi slík ráðstöfun tvímælalaust til kjarajöfnunar, miðað við núgildandi niðurgreiðslukerfi."

Mér kemur í hug þegar Halldór Laxness orti um verkalýðinn norska „sem dró úr sjónum þúsund milljón þorska og það fór mest í sukk og óráðsíu". Ég er hræddur um að Mallorka- og Kanaríeyjarfamilíurnar yrðu ekki saddar til langframa á þessum tékkum, jafnvel þótt, eins og segir í grg., „ætti þá að sjálfsögðu ekki að greiða tekjuskatt eða útsvar af þessum greiðslum né heldur ætti opinberum aðilum að vera heimilt að taka þetta fé til greiðslu opinberra gjalda." Nei, ekki einu sinni mætti borga opinber gjöld. Það mundi ekki heldur passa inn í þetta hagfræðikerfi. Það yrði ekki nógu áberandi. Sýndarmennskan krefst þess að svo verði ekki gert. Orðalag sýndarmennskunnar og blekkinganna leynir sér ekki. Og ég vitna aftur til grg.:

„Ýmis rök hníga að því að neytendur teldu það geta aukið raungildi tekna sinna" o. s. frv. Takið eftir: „teldu það geta". Ég hefði orðað þetta öðruvísi í sporum flm.: Ýmis rök hníga að því að raungildi tekna neytenda mundi aukast — eða eitthvað í þá áttina, svo framarlega sem ég tryði þessum rökum sjálfur, og ég vona þrátt fyrir allt að hv. flm. geri það ekki sjálfir.

Við skulum ekki tala um gjaldeyrissjóðinn. Ég er kurteis maður og vil ekki vera neyðarlegur við tillögumenn. En í framhjáhlaupi skulum við rétt aðeins renna huganum til gjaldeyrisstöðunnar, til dönsku kökubotnanna og til kexins frá bandalagsþjóð okkar bretum, djúsins frá Flórída, sólargeislans fræga, innfluttu kjúklinganna o. s. frv., o. s. frv., sem ætti að koma í staðinn fyrir niðurgreiddar landbúnaðarvörur framleiddar hér. Ég tala nú ekki um grasið sem frsm. ræddi um, hvað þá þvottaduftið sem ég vona sannarlega að enginn fari að leggja sér til munns.

Flm. telja sjálfsagt að hafa greiðslurnar jafnháar á einstaklinga án tillits til tekna og láta, eins og segir í grg., sig ekki muna um að telja það verða til tekjuöflunar: 100 þús. kr. á fátæklingana og 100 þús. á tugmilljónerana sem flakka út um heiminn mikinn hluta ársins — til þess að jafna tekjurnar hjá þeim. Þrátt fyrir það að ýmislegt fari aflaga hjá hæstv. ríkisstj. og hafi farið aflaga hjá vinstri stjórninni líka, þá er svo guði fyrir að þakka að hér hafa allir nóg að borða. Það er fjarstæða að halda því fram að ekki sé yfirleitt á borðum lágtekjufólks nægur og góður matur. Við höfum öll nóg að borða sem vinnubrek höfum og höfum efni á því að snæða kjöt og mjólk. Ef munurinn væri einhver, væri hann í þá áttina að ríkir menn yrðu frekar að gæta hófs við matborðið vegna holdarfars. Ríkir menn dvelja lengur í útlöndum en fátækir og rífa þar í sig suðræna kryddrétti, grísi og rauðvín og hænsni og romm, á meðan hinir efnaminni gæða sér á lambakjöti og mjólk hér heima. Lakur efnahagur kemur fyrst og fremst fram í minni ferðalögum, ódýrari og færri bílum, einfaldari og ódýrari íbúðum og vandaðri fatnaði, en ekki því að menn þurfi að spara við sig fæðu, sem betur fer.

Hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason, sem einu sinni var heimsfrægur viðskmrh. um langt árabil, getur ekki skrifað upp á svona till. og flutt hana hér á Alþ., hvað þá hv. þm. Jón Árm. Héðinsson sem því miður er ekki hér í salnum, en hann hefur meira að segja gott vit á fjármálum og skýra og rólega hugsun.

Ingi Tryggvason: Herra forseti. Ég ætlaði með nokkrum orðum að minnast á niðurgreiðslur landbúnaðarvara og það fyrirkomulag sem hefur verið haft á þeim.

Till. sú, sem hér er til umr., fjallar fyrst og fremst um að það verði athugað hvort ekki sé rétt að breyta því fyrirkomulagi, sem verið hefur á niðurgreiðslum landbúnaðarvara, og haga niðurgreiðslum á vöruverði þannig að neytendur geti sjálfir valið fullkomlega hvernig þeir verja því fjármagni.

Það er ekkert óeðlilegt að menn velti fyrir sér málum eins og þessu. Niðurgreiðslurnar eru orðnar stór þáttur í útgjöldum ríkisins og verulegur þáttur í almennum ráðstöfunartekjum þjóðarinnar. Hitt er svo annað mál, að það eru ýmsar ástæður, sem ég tel eðlilegar, sem valda því að þessu fé hefur verið fyrst og fremst varið til niðurgreiðslna á landbúnaðarafurðum. Það þarf ekki að rekja það hér að niðurgreiðslurnar hafa jafnan verið af hendi ríkisvaldsins notaðar sem hagstjórnartæki og breytingar á niðurgreiðslum, hvort sem þær hafa verið til hækkunar eða lækkunar, hafa verið gerðar af ríkisvaldinu án þess að bændasamtökin eða samtök þeirra, sem selja landbúnaðarvörurnar, eða neytendasamtök hafi getað ráðið því hvernig þessum fjármunum hefur verið varið. Aðaltilgangurinn með niðurgreiðslunum hefur verið sá að koma í veg fyrir eða draga úr hækkun á framfærsluvísitölu, og oft hafa verið tekin stór skref í niðurgreiðslum og niðurgreiðslur hækkaðar svo mikið að veruleg áhrif hafa orðið af niðurgreiðslunum í þessu skyni. Smám saman hefur það svo líka gerst, að niðurgreiðslurnar, eftir því sem þær hafa orðið stærri hluti af heildarverði vörunnar, — það hefur að vísu verið misjafnt og stundum verið meira en nú, — að þessar niðurgreiðslur hafa í raun og veru ruglað verðskyn manna, og þar á ég fyrst og fremst við neytendur, ruglað skyn manna á því hvað raunverulega kostar að framleiða þessar vörur. Og þegar dregið hefur verið úr niðurgreiðslum eða verðbólga hefur verið ör og verðlagning landbúnaðarvara farið fram án þess að niðurgreiðslur hafi verið auknar, þá hefur mjög oft verið slegið á þá strengi að verðhækkanir á landbúnaðarvörum væru óeðlilegar.

Ég minnist þess að á undanförnum árum hefur mjög oft og ég held nær undantekningarlaust verið greint mjög vandlega frá því í fjölmiðlum, þegar hækkað hefur verið verð á landbúnaðarvörum, og þá yfirleitt gerð grein fyrir hve mörg prósent varan hefur hækkað um, hve marga af hundraði. Þetta hefur oft litið þannig út að verðhækkanir á landbúnaðarvörum væru óeðlilegar og ekki í samræmi við aðra verðlagsþróun í landinu. Ég get nefnt sem dæmi að eins og nú er, þá er nýmjólk, að ég hygg, greidd mest niður af öllum landbúnaðarvörum. Hún er greidd svo mikið niður að niðurgreiðslan nemur röskum helmingi af því verði sem varan ætti raunverulega að kosta. Þetta þýðir það, að ef verð landbúnaðarvara almennt hækkar t. d. um 5% þá mundi mjólkin hækka um full 10% ef ekki yrðu gerðar breytingar á niðurgreiðslum. Ef hin almenna verðlagsþróun gæfi aðeins tilefni til 5% hækkunar til bóndans, þá er ekki undarlegt þó að neytendur skilji það ekki vel ef verð á jafnalgengri neysluvöru og nýmjólk hækkar helmingi meira. Svipað hefur gerst með aðrar landbúnaðarvörur, að það hefur verið talsverðum erfiðleikum bundið að gera mönnum skiljanlegt samhengið á milli hækkunar landbúnaðarvöruverðsins og annarrar almennrar verðlagsþróunar í landinu. En sannleikurinn er sá að þetta helst ákaflega mikið í hendur.

Landbúnaðarvörur eru verðlagðar eftir sérstökum lögum sem nú hafa gilt í 27 ár án verulegra breytinga. Það voru gerðar breytingar á þessum lögum a. m. k. tvisvar sinnum, en undirstöðu laganna hefur ekki verið breytt. Verðlagningin fer þannig fram að það er reiknaður út svokallaður verðlagsgrundvöllur landbúnaðarins. Þar er tekið inn á reikning, sem við getum sagt að sé tilbúningur að því leyti, bú af ákveðinni stærð og reiknað út eftir þeim heimildum, sem bestar finnast, hvað kostar að framleiða landbúnaðarvörur á slíku búi. Bústærðin er valin þannig og tölurnar eru valdar þannig að þær eiga að gefa heildarmynd af því hvað kostar að framleiða landbúnaðarvörur á Íslandi nú. Þarna eru margir þættir sem áhrif hafa. Langstærstur þáttur er vinnulaun. Síðan koma ýmsar rekstrarvörur, bæði fóðurvörur, áburður, vélar, fjármagn og ýmsilegt fleira, og reynslan er sú að hækkun á þessum liðum, þ. e. a. s. vinnuafli og hinum ýmsu rekstrarvörum landbúnaðarins, er ákaflega nálægt því að vera samstiga við almenna verðlagsþróun í landinu, þannig að þegar verðlagsgrundvöllurinn er reiknaður hverju sinni, þá hafa breytingar á honum verið mjög svipaðar og almennar breytingar á verðlagi. Hins vegar hafa niðurgreiðslurnar ruglað þessu gagnvart neytendum. Ef þær hafa ekki fylgt eftir breytingum á verði landbúnaðarvaranna, þá hafa orðið allt aðrar breytingar á landbúnaðarvörunum heldur en á öðru verðlagi. Stundum hefur öll hækkun verið greidd niður og ekki orðið neinar breytingar á verðlagi landbúnaðarvara þrátt fyrir verulegar kauphækkanir hjá almenningi. Á öðrum tímum hefur ekki verið breytt niðurgreiðslum að krónutölu þó að rekstrarkostnaður búanna hafi hækkað mikið.

Þess vegna er það svo, að þó að bændur meti það vissulega að landbúnaðarvörur hafa verið gerðar auðseljanlegri með niðurgreiðslunum, þá hefur líka orðið svo, eins og ég gat um áðan, að mat almennings á raunverulegum kostnaði við framleiðslu þessara vara hefur að einhverju leyti ruglast vegna niðurgreiðslnanna og verðbreytingarnar oft orðið allt aðrar en breytingar á almennum vinnumarkaði.

Vegna þeirra hugmynda, sem koma fram í till. þeirri sem hér er rætt um, finnst mér rétt að geta þess að nú um alllangt skeið hefur það verið stefna bændasamtakanna að það væri mjög nauðsynlegt að niðurgreiðslur væru ákveðið hlutfall af verði landbúnaðarvaranna, þannig að verðbreytingar á þeim vörum yrðu svipaðar og á öðrum vörum og öðru verðlagi í landinu. Þess vegna má segja sem svo, að á vissan hátt hafa bændur sannarlega ekkert við það að athuga að þetta kerfi verði endurskoðað, það verði kannað og endurskoðað. Hitt er svo annað mál, að það ber margs að gæta í þessu efni, og eitt er það, að í nágrannalöndum okkar, þeim sem við höfum mest viðskipti við, eru landbúnaðarvörur niðurgreiddar í mjög ríkum mæli, og ef við hættum t. d. alveg að greiða niður landbúnaðar-

vörur yrði verðlag þeirra hér miðað við verðlag í nágrannalöndum alls ósambærilegt og eins og er reyndar verulegur munur á verði sumra þeirra landbúnaðarvara hér og í nágrannalöndum. Yfirleitt er munur á þessu. Sumar landbúnaðarvörur eru á hærra verði í nágrannalöndum okkar heldur en hér er, aðrar á lægra verði. Ég get nú ekki farið hér með tölur um það hvað miklu niðurgreiðslurnar nema, en mér er kunnugt um að t. d. í Svíþjóð hefur verðhækkunum á landbúnaðarvörum verið algjörlega haldið niðri um alllangt skeið með niðurgreiðslum og niðurgreiðslur eru þar orðnar mjög verulegur hluti af verði varanna.

Annað, sem ég vildi nefna og kom mjög fram í ræðu frummælanda, hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar, að niðurgreiðslurnar yllu miklu ósamræmi á milli búgreina hér innanlands vegna þess að það væru ekki greiddar niður sumar landbúnaðarvörur, svo sem hænsnakjöt, svínakjöt o. fl. Það er rétt að þessar vörur eru ekki greiddar niður. En ég held að það sé ástæða til þess að gera nokkra grein fyrir því að það er ekki víst að það sé þjóðhagslega jafnhagkvæmt að greiða niður allar tegundir landbúnaðarvara. Ég er þeirrar skoðunar að þar sem niðurgreiðslurnar valda ákveðinni söluaukningu þar sem þær koma mest niður, þá væri óskynsamlegt að greiða mjög niður vörur sem eru framleiddar hér t. d. algjörlega af erlendu fóðri, eins og heita má um kjúklinga og jafnvel svín. Það er alveg rétt að þessar vörur hafa ekki sömu aðstöðu á markaðnum eins og kindakjöt og nautakjöt nú eftir að niðurgreiðslur hófust, en mér finnst mjög vafasamt að gera hér ekki upp á milli af þessari ástæðu. Við erum sjálfsagt öll sammála um að það sé eðlilegt að halda hér uppi landbúnaði, og þá hlýtur það líka að vera eðlilegt markmið landbúnaðar að nota sem mest innlent fóður til framleiðslunnar og byggja landbúnaðinn þannig upp að við getum framleitt hollar og góðar vörur af innlendu fóðri sem allra mest.

Eitt af því, sem ég vil nefna í sambandi við niðurgreiðslur, er að það er út af fyrir sig rétt að menn hafa ekki frjálsræði um ráðstöfun þeirra. Hins vegar vil ég leggja áherslu á það, að niðurgreiðslurnar hafa verkað að vissu marki til launajöfnunar, og á ég þar fyrst og fremst við það að stóru fjölskyldurnar nota að öllum jafnaði mest af þeim landbúnaðarvörum, sem niðurgreiddar eru, svo sem mjólk, smjöri og kjöti. Þess vegna hafa niðurgreiðslurnar að verulegu marki notast til tekjujöfnunar eða til þess að gera minni mun á framfærslukostnaði lítilla og stórra fjölskyldna.

Ég ætla nú ekki að orðlengja miklu meira um þetta, herra forseti. En ég vil aðeins endurtaka það, að niðurgreiðslurnar hafa áhrif á sölu þeirra vara sem niðurgreiddar eru. Það er nauðsynlegt að niðurgreiðslunum sé þannig háttað, að þær hvorki rugli verðskyn manna, né komi mjög óþægilega við markaðinn með ótímabærum sveiflum á verði. Og það væri landbúnaðinum og sjálfsagt neytendum líka mikill hagur ef gæti komist fastara form á þetta. Það yrði að vísu til þess að niðurgreiðslurnar yrðu ekki eins virkar sem hagstjórnartæki, en þær gætu komið bæði landbúnaðinum og neytendunum að meiri notum ef þarna væru minni sveiflur í upphæðum en verið hefur á undanförnum árum.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Ég kvaddi mér hljóðs til þess eins að láta þess getið að hæstv. landbrh. er sjúkur. Hann hafði vænst þess að geta mætt til fundar í dag og hafði þess vegna samband við mig um það að hann væri tilbúinn til þess að þessum umr. héldi áfram í dag. En ég fékk skilaboð um það í fundarbyrjun að hann gæti ekki mætt til fundarins í dag, en okkur hafði komið saman um að láta umr. ekki lokið að honum fjarverandi. Skal ég mjög gjarnan fyrir mitt leyti á þá ósk fallast og nota þess vegna ekki einu sinni eina mínútu til þess að svara þeim tveimur ræðum sem þegar hafa verið fluttar um málið, en láta það bíða þangað til hæstv. landbrh. getur verið viðstaddur, því að honum þarf ég að svara einnig, þeirri ræðu sem hann flutti um málið um daginn.

Umr. frestað.

Hönnun bygginga á vegum ríkisins, þáltill. (þskj. 178). — Ein umr.

Flm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Við hv. þm. Gunnlaugur Finnsson höfum leyft okkur að flytja á þskj. 178 svo hljóðandi till. til þál.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta athuga hvort ekki væri hagkvæmt að koma á fót teiknistofu ríkisins. Teiknistofu þessari yrði falin hönnun bygginga á vegum ríkisins, svo sem sjúkrahúsa, skólamannvirkja, íþróttamannvirkja og hvers konar annarra þeirra mannvirkja er ríkið kostar að miklum hluta."

Í grg. segir:

„Þegar fjárlög eru sett hverju sinni eru ákvarðaðar upphæðir til einstakra þátta í framkvæmdum á vegum ríkisins. Þörfin er alltaf fyrir mikið fjármagn, en það takmarkast af getu hverju sinni. Það er eðlilegt að íhuga hvernig fjármagnið nýtist sem best við hvert verkefni. Einn af fjárfrekum þáttum eru opinberar byggingar, svo sem skólamannvirki og sjúkrahús. Það vekur athygli þegar kostnaðaráætlanir þessara framkvæmda eru athugaðar, hve hönnunarkostnaður er geysilegur þáttur í heildarkostnaði. Ekki bætir það úr skák að hönnunarkostnaður er reiknaður sem ákveðinn hundraðshluti af heildarkostnaði mannvirkis. Sú aðferð virðist illa til þess fallin að ítrustu hagsýni sé gætt við hönnunina, þannig að byggingarnar séu gerðar sem ódýrastar.

Flestar þessara opinberu bygginga eru nú hannaðar af einkaaðila. Við íslendingar eigum marga listfengna arkitekta, hugvitssama verkfræðinga og hæfa tæknifræðinga, en sú þjónusta, er ríkið kaupir af þeim, er greidd með miklu fé. Þess vegna er eðlilegt, að leitað sé leiða til þess að lækka hönnunarkostnaðinn.

Teiknistofnun landbúnaðarins (áður Teiknistofa landbúnaðarins) hefur verið rekin um langan aldur. Stofnunin hefur hannað langflestar byggingar í sveitum landsins og er óhætt að fullyrða, að hún hafi í megindráttum

gegnt hlutverki sínu mjög vel og sparað bændum marga milljónatugi með því að láta þeim í té góðar teikningar gegn vægu gjaldi. Vegna þess, hve sú stofnun er öflug, er mjög fátitt að bændur leiti til annarra aðila um hönnun mannvirkja.

Húsnæðismálastofnun hefur lengi rekið teiknistofu, hún heitir nú tæknideild. Um þá starfsemi gildir hið sama og um Teiknistofnun landbúnaðarins, að hún hefur gegnt hlutverki sínu með prýði og fjöldi húsbyggjenda hefur fengið þar ódýrar og góðar teikningar sér til mikilla hagsbóta.

Fyrr á árum var stofnsett embætti húsameistara ríkisins. Húsameistari ríkisins mun um langt skeið hafa hannað mestan hluta opinberra bygginga, mjög margar þeirra með hinni mestu prýði, og mun þáttur þeirrar stofnunar hafa mjög verulega þýðingu við það að nýta takmarkað fjármagn vel. Á síðari árum og með fjölgandi verkefnum á vegum ríkisins hefur embætti húsameistara, en það starfar nú samkv. reglugerð nr. 259 frá 1973, haft með höndum minni hluta af hönnun opinberra bygginga en áður var, og hefur þó stofnunin talsverðu starfsliði á að skipa. Jafnframt hefur hluti hönnunar í heildarkostnaði opinberra bygginga aukist mjög.

Þess vegna telja flm. nauðsynlegt að athugað verði, hvort myndun nýrrar teiknistofu, hugsanlega í einhverjum tengslum við embætti húsameistara ríkisins, væri ekki tímabær, — öflugrar stofnunar er gæti annað hliðstæðu hlutverki og Teiknistofnun landbúnaðarins og tæknideild Húsnæðismálastofnunar.“

Hér lýkur tilvitnun í grg. Ég hygg að ekki sé ofmælt að flestir þeir aðilar, sem nú í haust sóttu til fjárveitingavaldsins um fyrirgreiðslu vegna byggingar skólamannvirkja, heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa, hafi talið sig þurfa hærri upphæð en unnt var að úthluta þeim af því fjármagni sem til skipta var. Byggingarkostnaðurinn er orðinn mjög hár. Flestar þessar framkvæmdir eru mjög aðkallandi. Ég hef athugað nokkrar af þeim kostnaðaráætlunum sem gerðar hafa verið um þessar framkvæmdir. Sumar þeirra eru hóflegar, en aðrar ekki. Athygli vekur hve hönnunarkostnaður virðist oft vera geysilega hár, 6—7½% af heildarkostnaði verka. Ég fæ ekki skilið að ekki sé unnt að lækka þennan lið að einhverju marki.

Þegar gjaldskrá hönnunar er ákvörðuð sem hundraðshluti af heildarkostnaði og stærð verks, svo sem er um gjaldskrá Arkitektafélagsins, vaknar sú spurning hvort ætíð sé gætt fyllstu hagsýni við gerð mannvirkja, bæði hvað varðar stærð, byggingarlag og útlit. Ég hygg að öllum sé okkur ljóst að svo hefur ekki ætíð verið.

Auðvitað er notagildi bygginga sá þáttur sem fyrst og fremst þarf að hafa í huga. Byggingin er reist til að gegna ákveðnu notkunarhlutverki. Að sjálfsögðu ber að kappkosta fallegt útlit, vistlega skipan og traust byggingarlag. Þetta þarf allt að fara saman til að mannvirkið heppnist og skapi ánægjulega aðstöðu þeim sem þar eiga að lifa og starfa. Hins vegar er það röng stefna, sem því miður hefur í einstökum tilfellum orðið ráðandi, að þessi atriði hafa sum þokast í skuggann og arkitektar farið að teikna risavaxin og rándýr minnismerki um sjálfa sig upp á hundruð milljóna, og þótt þeir eigi e. t. v. margt gott skilið, þá reisa þeir sveitarfélögum og þjóðfélaginu öllu með þessu hurðarás um öxl. Listaverk þurfum við að eiga. Okkar ágætu listrænu og frumlegu arkitektar eiga að sjálfsögðu að hafa tækifæri til þess að beita náðargáfum sínum. En það má ekki ganga út í öfgar, þeir verða líka að hafa það hugfast að þjóðfélagið hefur ekki ótakmörkuð fjárráð. Það gefur einnig auga leið að nokkur fjárhagsleg freisting kann það að vera, ef arkitekt á að teikna stórt, margbrotið og dýrt, þegar gjaldskrá er þannig háttað sem hér er. Eg vil leyfa mér að lesa stuttan kafla úr gjaldskrá Arkitektafélagsins, sem ég hef undir höndum. Á bls. 7 í kafla IV, 3. gr., segir:

„Öll störf að viðbyggingum og stækkun húsa, þar sem ekki er hróflað til muna við burðarhlutum hússins, skulu greidd samkv. þeim flokki, sem húsið telst til, að viðbættu 15% álagi. — 4. gr. Þóknun skiptist eftir starfsframlagi sem hér segir: Undirbúningur 5%, frumdrög 5%, forteikningar 10%, aðalteikningar 15%, verkteikningar 50%, verklýsing og viðmiðunaráætlun 10%, lokaúttekt 5%.“ Svo kemur um gjalddaga þóknunar, að sé ekki gert um það sérstakt samkomulag, hvenær greiðslur skuli fara fram, falla þær í gjalddaga eftir því sem verki miðar. Eftirfarandi skipting skal höfð til hliðsjónar: Að lokinni aðalteikningu 35%, að lokinni byggingarteikningu 25%, að lokinni innréttingarteikningu 20%, meðan á verki stendur 15%, að verki loknu 5%. Svo kemur rúsínan í pylsuendanum: „Þegar verkkaupi innir af hendi innborganir fyrir verkefni, sem taka meira en tvö ár, án afmörkunar fyrir hvað greitt er, frumdrög, forteikingar, athuganir, og hann óskar ekki uppgjörs milli stiga skal miða þóknun við verðlag í lok verkefnis, þannig að allar innborganir séu færðar til þess verðlags.“ Eg endurtek: „skal miða þóknun við verðlag í lok verkefnis, þannig að allar innborganir séu færðar til þess verðlags.“ Þetta getur nú verið dálitið athugavert ákvæði í verðbólguþjóðfélagi eins og við búum við. Hér lýkur tilvitnuninni í þessa gjaldskrá.

Heilbr.- og trmrn. hefur ráðið sér lækni sem hefur það starf með höndum að fylgjast með skipulagningu og undirbúningi á mannvirkjagerð á vegum rn. Ég tel að þar hafi verið farið inn á rétta braut og hugsanleg sé sú leið að rn. hefði á sínum snærum menn sem sérhæfðu sig á sviði sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva. Reykjavíkurborg hefur sérstaka starfsmenn til þess að teikna borgarspítala.

Hvað varðar skólabyggingar, þá kemur í ljós að þar eru fyrirhugaðar miklar framkvæmdir, m. a. til þess að unnt sé að framkvæma hina geysilegu stórhuga lagasetningu um grunnskóla. Ekki eru þessar áætlanir fullmótaðar enn þá og ýmislegt þar í lausu lofti, t. d. um hlutfall íþróttarýmis í almennu skólarými, og fram hafa verið settar till. mjög fjarri raunveruleikanum. Samkv. núgildandi reglum er íþróttarými 35% af skólarými. Samkv. till. svokallaðrar normanefndar yrði það 50%, samkv. till. íþróttafulltrúa 78% og samkv. till. ÍSÍ 97% af almennu skólarými eða 96958 fermetrar. Til fróðleiks vil ég geta þess, að í till. ÍSÍ er gert ráð fyrir íþróttahúsi í Grímsey, flatarmál salar á þar að

vera 14×27 metrar og mundi það að líkindum kosta 75 millj. Hönnunarkostnaður þess húss mundi þá að öllum líkindum verða 3.5—4 millj. Íbúar í Grímsey eru 86. Í Hrísey eru 300 íbúar. ÍSÍ gerir ráð fyrir salargólffleti þar 18×33 m. Það hús gæti kostað 120 millj. Ég legg áherslu á það, að ég tel að skapa þurfi viðunandi íþróttaaðstöðu í dreifbýlinu, ekki síður í Hrísey og Grímsey en annars staðar. En svona stórkostlegar hugmyndir hljóta að leiða til þess að flestir dreifbýlisstaðirnir fá ekkert íþróttahús fyrr en þá seint og um síðir. Bæði ríki og hvað þá sveitarfélögum er ofraun að uppfylla svona óskir.

Undanfarnar vikur hafa orðið mikil blaðaskrif um byggingu íþróttahúss á Flateyri. Inn í þær umr. hafa blandast deilur um hönnunarhætti hússins og undirbúning að byggingunni og gefa þær að ýmsu leyti skýra mynd af þeim vanda sem hin fámennari sveitarfélög eiga við að etja vilji þau skapa íbúum sínum viðunandi aðstöðu.

Þess eru ekki mörg dæmi að stöðlun teikninga hafi verið reynd við byggingar á vegum ríkisins. Flestar hafa byggingarnar verið módelsmíði. Þó hefur verið farin þessi leið tvisvar sinnum með litlar heilsugæslustöðvar. Þar hafa endurteknin garnar fengist fyrir 60% af upphaflegu gjaldi. Þessi leið gæti vafalaust hentað í mjög mörgum tilfellum og ástæða væri til þess að gefa henni meiri gaum og ekki einungis hvað varðar heilsugæslustöðvar, heldur einnig skóla, íþróttahús og sundlaugar sem í eðli sínu eru ekki og eiga ekki að vera flókin mannvirki. Ég vil þó taka það fram, að ég tel 60% af upphaflegu gjaldi til arkitekta einkennilega hátt fyrir endurnotkun.

Hvað varðar byggingu embættisbústaða, þá sýnist mér sjálfsagt að nota þar teikningar húsnæðismálastjórnar. Á örfáum stöðum hefur verið efnt til samkeppni um teikningar. Það hefur stundum ekki gefið nógu góða raun, því miður. Rétt er að geta þess, að ég held að reynslan hafi sýnt að lög um skipan opinberra framkvæmda þurfi endurbóta við, og bremsunefndarfyrirkomulagið, sem er að mörgu leyti skynsamlegt, hefur verulega annmarka, t. d. hvað varðar leyfi til byrjunarframkvæmda. En leyfi bremsunefndar til að hefja framkvæmdir fæst ekki fyrr en allar teikningar liggja fyrir, þannig að ár eftir ár fer öll fjárveiting í teikningar.

Nú kann einhver að óttast að sú stofnun, sem till. þessi hnígur að, mundi verða risavaxið og kostnaðarsamt bákn. Ég hygg þó að svo þyrfti ekki að fara með góðri verkstjórn og skipulagningu. Embætti húsameistara ríkisins hefur með höndum hönnun og byggingu Landsspítalans og Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Annars hefur embættið einkum með höndum viðhald og endurbætur á eldri byggingum ríkisins. Eg tel að vel geti komið til greina, eins og getið er um í grg., að endurskipuleggja þá stofnun þannig að hún gæit unnið af meiri þrótti og annað fleiri verkefnum, e. t. v. í tengslum við þá stofnun sem hér er verið að leggja til að athugað verði um að koma á fót.

Ég vænti þess, að Alþ. sjái sér fært að samþykkja till. þessa og ríkisstj. láti fara fram þá athugun er till. gerir ráð fyrir. Hér er um talsverðar upphæðir að ræða, svo sem ljóst má vera ef hafðar eru í huga hugmyndir arkitekts um stækkun sjúkrahúss á Sauðárkróki. Kostnaðaráætlun um það verk var okkur þm. Norðurl. v. fengin í hendur í haust, dags. 15. nóv. 1975. Þar var hönnunarkostnaður áætlaður 29 millj. Eg geri ráð fyrir því að hönnunin á þessari viðbót við sjúkrahúsið á Sauðárkróki sé vandasamt ábyrgðarstarf og því eðlilegt að það sé vel launað. En jafnvel þó að hönnuður hefði tvöföld þingmannslaun, sem sjónvarpsmönnum þykja þó há, þá mætti hann eyða 10 árum í verkið.

Ég legg til að eftir umr. í dag verði umr. um till. þessa frestað og till. vísað til hv. fjvn. til athugunar.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Þetta skulu aðeins vera fá orð. Ég vil þó lýsa yfir algeru samþykki mínu við þessa till., tel hana mjög tímabæra og sjálfsagða og raunar einkennilegt að hún skuli ekki fyrir löngu hafa komið fram. Sýnir það í raun og veru litla hugkvæmni okkar alþm. almennt.

Það er ábyggilega tímabært að stinga hér við fótum. Frsm. og flm. till. rakti það svo vel að við það þarf ekki að bæta. Við vitum að allt of margar byggingar á vegum hins opinbera í dag eru nánast minnisvarðar yfir arkitekta, en lítið annað. Dýrleiki bygginganna er oft ekki í neinu samræmi við hagkvæmni eða þau not sem á af byggingunum að hafa, og séð höfum við dæmi þess að því glæsilegri sem byggingin er, því meira í hana lagt, þá er hún að sama skapi óhagkvæmari til þess hlutverks sem hún á að gegna. Og oft virðist manni svo að ytra útlit skipti þar næsta mestu máli, en innri hagkvæmni mun minna. Ég get vel skilið arkitektana, að þeir vilji slá hver annan út í glæsilegum byggingum. Þarna er hörð samkeppni og sá, sem hefur gert fallega byggingu, hann hefur von um að fá fleiri og glæstari verkefni á sína könnu, en sá, sem hefur gert kannske hagkvæma byggingu, en ekki svo sérstaklega útlitsfallega, hann aftur verði undir í samkeppninni og það valdi því að þessi óskapnaður, sem okkur finnst oft vera í þessu, komi út úr dæminu.

Hinu er svo alveg rétt að vekja athygli á, sem hv. flm. gerði reyndar líka, að þessir arkitektar fá vissan stuðning og hann ekki óverulegan frá ýmsum opinberum aðilum, — aðilum sem oft gera óhóflegar kröfur varðandi þessar byggingar, og jafnvel þeir, sem fjármálaábyrgðina eiga að bera, taka oft óþarfan lúxus algerlega fram yfir einfalda og þægilega lausn.

Í flestum tilfellum, sem ég þekki til, er lítið á heimamenn hlustað, þeir hafa fjarska lítið vit hér á og auðvitað allra síst gagnvart arkitektúrnum. Og ég veit dæmi þess að einfaldri, hagkvæmri lausn, í alla staði viðunandi varðandi tiltekna opinbera byggingu, var hafnað, ekki þó af arkitektum, þótt merkilegt megi virðast, heldur af þeim sem áttu hér að sjá um af hálfu ríkisins, og önnur leið farin í staðinn, — leið sem hefur komið þessu viðkomandi sveitarfélagi mjög illa, orðið því hreinlega ofviða. Þarna var ekki arkitektum um að kenna. Þeir voru jafnvel tilbúnir í það að gera ómerkilega byggingu og

ómerkilega teikningu eins og heimamenn fóru fram á. En þá sögðu bara hinir opinberu aðilar hér fyrir sunnan: Nei takk, það skyldi ekki gert svona.

Hv. flm. minntist á skipan opinberra framkvæmda. Á síðasta þingi var flutt till. um endurskoðun þeirra laga. Ég spurðist fyrir um það, hvernig þessu liði, nú í vetur. Það kom í ljós, að hæstv. fjmrh. hafði gleymt þessari till., en hún rifjaðist upp fyrir honum með fsp. Hann hafði þá nýlega falið þeim aðila, sem þarna á nú reyndar gleggst til að þekkja, fjvn., að athuga þetta mál, og ég vænti þess að hún hafi tekið til óspilltra málanna varðandi þann þátt sem að henni sneri. Það er ábyggilega full þörf á því að endurskoða þau lög, eins og ég benti á í fyrra í framsögu fyrir þeirri till. Hins vegar hefur því stundum verið haldið fram að eftirlit með opinberum framkvæmdum sé býsna stór liður, — þetta svokallaða eftirlit sé býsna stór liður í kostnaðinum við nýbyggingar. Ekki veit ég hvað hæft er í þessu. En sumir þeirra, sem sjá um byggingarnar, eins og arkitektarnir, hafa haldið því fram að þetta eftirlit oft á ári slagaði jafnvel töluvert upp í hönnunarkostnaðinn. Ekki veit ég sönnur á því, en ef þetta er rétt, þá erum við komnir á töluverðar villigötur með þetta svokallaða eftirlit. Og allavega veit ég að það kostar töluverða fjármuni, þó að ég viðurkenni að það sé visst gagn að því án efa.

Hv. flm. minntist einnig á að það þyrfti að gæta hófs varðandi þá teiknistofu sem þeir flm. leggja hér til að komið verði á fót. Ég er vitanlega alveg sammála því. Hann vitnar í tæknideild Húsnæðismálastofnunar ríkisins. Hún getur verið okkur töluvert til viðvörunar í því efni. Hún vann mjög gott verk og hefur unnið mjög gott verk í sambandi við teikningar til hinna einstöku húsbyggjenda. Síðan var verksvið hennar víkkað út og hún fór út í það að sjá um leiguíbúðir á vegum sveitarfélaga, þær fáu sem hafa komist í gang enn þá, og þá fór það út yfir öll takmörk. Mér er sagt að þeir kostnaðarreikningar, sem þessi tæknideild hafi sent frá sér varðandi þessar leiguíbúðir, hafi verið svo hrikalegir að ef miðað er við þær 1000 leiguíbúðir sem á nú að byggja, — hvenær í ósköpunum sem það verður nú fullklárað, það er þegar komið á þriðja framkvæmdaárið og lítið hefur áunnist í þeim efnum, — en mér er sagt að kostnaðarreikningarnir hafi verið það háir að ef miðað væri við þessar 1000 íbúðir mundi þessi kostnaður af hálfu þessarar tæknideildar samsvara 300 venjulegum lánum úr húsnæðismálastjórn, miðað við gömlu töluna, 1 millj. 760 þús., þ. e. a. s. kostnaðurinn hafi verið milli 400 og 500 millj. Þannig litu þeir reikningar út og þó voru þeir reikningar, sem ég sá, yfir blokkarbyggingar, íbúðir í blokkarbyggingum, og á hverja íbúð áttu að leggjast, ég man nú ekki nákvæmlega töluna, nokkur hundruð þús. bara frá þessari tæknideild. Þessu hefur nú verið kippt í lag, að því er ég best veit, og húsnæðismálastjórn lítið á þetta alvarlegum augum og tekið þetta mál föstum tökum. Vonandi verða svona mistök ekki framar þar, og þessi mistök gætu einfaldlega orðið til þess að menn gættu líka hófs ef út í þá framkvæmd væri farið sem mér þykir sjálfsögð og styð eindregið, að hér verði komið á fót teiknistofu ríkisins sem yrði falin hönnun bygginga á vegum hins opinbera, eins og til er tekið í tillögunni.

Ég sem sagt styð þessa till. eindregið og vona að hún fái hér skjótan framgang og með væntanlega jákvæðri endurskoðun á skipulagi opinberra framkvæmda geti hún orðið öllum til góðs sem hlut eiga að máli.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Gífurlegur kostnaður við hönnun mannvirkja hins opinbera hefur orðið til þess að menn hafa velt vöngum yfir því með hvaða hætti þar mætti bæta úr. Þeir hv. þm., sem flutt hafa þessa till. sem hér liggur fyrir til umr., hafa komið auga á þá leið að athuga hvort ekki mundi henta að setja upp sérstaka teiknistofu á vegum ríkisins til þess að sinna þessu verki meir en gert er nú. Ég vil taka það fram, að ég tel að þessi till. sé allrar athygli verð og beri að skoða hverja þá leið sem hægt sé að koma auga á til þess að freista þess að draga úr óhóflegum tæknilegum kostnaði við opinbera mannvirkjagerð.

Hv. flm. gat þess að þegar væru raunar nokkrar stofnanir starfandi í landinu sem sinntu þessu verki nokkuð. Hefur þar fyrst og fremst verið um að tefla embætti húsameistara ríkisins, og mér sýnist að ef sú leið yrði valin að setja upp nýja stofnun eða efla stofnun af þessu tagi, þá lægi beinast við að efla embætti húsameistara ríkisins til þessa verks. Það mál og meðferð till. að öðru leyti kemur vitaskuld til skoðunar í n. og skal ég ekki frekar um það fjalla hér.

Hv. flm. gat þess m. a. að Húsnæðismálastofnun ríkisins hafi á undanförnum árum veitt húsbyggjendum mikilvæga og ódýra þjónustu í sambandi við teikningar íbúðarhúsa. Þetta er fyllilega rétt. En það er nú svo að eftir að þessi stofnun, tæknideild Húsnæðismálastofnunar ríkisins, hóf að starfa að málefnum opinberra eða hálfopinberra aðila, þá hefur kveðið við nokkuð annan tón í sambandi við reikninga fyrir störf frá henni. Inn á þetta mál kom einmitt síðasti ræðumaður, hv. þm. Helgi Seljan.

Sú er orsökin til þess, að ég kvaddi mér hljóðs við þessa umr., að ég hef undir höndum reikninga frá tæknideild Húsnæðismálastofnunar ríkisins fyrir tæknilega aðstoð við byggingu á leiguíbúðum úti á landi, blokkarbyggingu eins og hv. þm. Helgi F. Seljan minntist á, — reikninga sem ég taldi þess virði að koma hér á framfæri til þess að það sæist hvernig þeir reikningar hljóða sem þessi ágæta stofnun hefur látið frá sér fara.

Það tiltekna mannvirki, sem hér um ræðir, er blokkarbygging sem rúmar 9 íbúðir. Ég hef leyft mér að liða þennan kostnað í sundur þannig að reikna að meðaltali á íbúð og gera því jafnframt skóna hvað reikningar yrðu háir ef þessar 9 íbúðir væru eins konar þverskurður af þeim kostnaði sem tæknideild Húsnæðismálastofnunar ríkisins mundi leggja á byggingu hinna 1000 leiguíbúða sem fyrirhugað er að byggja í landinu. Þá er fyrsti liður þessa reiknings með þeim hætti sem kallað er fyrir vinnu við frumáætlanir leiguíbúðaframkvæmda 11 þús. á íbúð. Ár-

leg fyrirgreiðsla, forvinna tæknilegs undirbúnings á íbúð 29 987 kr. Kostnaðaráætlun, útboðslýsing, tilboðsskrá, útboð, úrvinnsla til útboða, samningar o. s. frv. 5 555 kr. á íbúð. Hönnunarkostnaður, verklýsing, kopíur, staðlar, ljósrit, möppur o. s. frv., afgreiðslu- og skrifstofukostnaður 193 916 kr. á íbúð. Samtals eru þetta 240 458 kr. á íbúð, eða m. ö. o., ef reiknað væri á 1000 íbúðir með þessu verði yfir allt landið, 240 millj. 458 þús. kr. sem tæknideild Húsnæðismálastofnunar ríkisins hyggst taka fyrir þann þátt að undirbúningi þess verks sem þarna er á ferðinni.

Þar með er ekki öll sagan sögð, og hv. þm. Helgi Seljan kom einmitt að því einnig í sínu máli, að eftirlit af hálfu arkitekta og hönnunaraðila væri oft og tíðum drjúgur kostnaðarhluti við byggingu mannvirkis. Til viðbótar þessum kostnaði frá hendi tæknideildar Húsnæðismálastofnunar ríkisins gerir hún ráð fyrir á þessum reikningi að þurfa að innheimta til viðbótar vegna kostnaðar við eftirlit, úttekt og lokauppgjör á byggingartímanum 2.5% af byggingarkostnaði. Nú skal ég ekkert um það segja hvað kostnaðarverð verður á þessum íbúðum. Ef t. d. væri reiknað með að kostnaðarverð væri 8 millj. á íbúð, þá er hér um að ræða 200 þús. kr. á íbúð eða 200 millj. fyrir hinar 1000 íbúðir í landinu, leiguíbúðir á vegum sveitarfélaga. Og þá kemur heim dæmið hjá okkur hv. þm. Helga Seljan, að ef þessir liðir eru lagðir saman, þá hyggst þessi stofnun taka fyrir sína þjónustu, þ. e. frumáætlanir, árlega fyrirgreiðslu, hvað sem það er nú, forvinnu tæknilegs undirbúnings, kostnaðaráætlanir, útboðslýsingar, hönnunarkostnað, verklýsingar, kopíur, staðla o. s. frv., afgreiðslu- og skrifstofukostnað, hvorki meira né minna en ca. 240 millj. plús eftirlit og lokauppgjör sem gæti verið ca. 200—250 millj., eða samtals 450—500 millj. kr.

Hér er að mínum dómi um slíka reikninga að tefla að ekki nær nokkurri átt. Hér er um að ræða stofnun sem er opinbert fyrirtæki, — stofnun sem m. a. er sett á laggir til þess að veita ódýra og hagkvæma þjónustu, og hún fær verkefni sem sýnist vera sérstaklega einfalt í sniðum þar sem eru íbúðarbyggingar, venjulegast blokkarbyggingar, þar sem teikningar ættu að geta verið a. m. k. í mjög mörgum tilvikum þær sömu víðs vegar um landið, sem sé staðlaðar byggingar í mörgum greinum, og ætlar sér að taka allt að hálfum milljarði kr. fyrir þá þjónustu sem þarna er veitt. Það gefur sannarlega ekki góðar vonir um að það sé rétt að ganga langt á þeirri braut að fela opinberum aðilum sjálfdæmisvald í því að annast þessa þjónustu. En þó að ég segi þetta hér, þá er ég ekki þar með að lýsa andstöðu við þá till. sem hér er flutt, því að sú leið, sem hún bendir á, er að mínum dómi þess verð að hún sé athuguð eins og aðrar hugmyndir sem fram koma til þess að freista þess að draga úr þessum mikla kostnaði við hönnun opinberra mannvirkja í landinu.

Ég skal ekki fara út í þessi efni mörgum fleiri orðum. Ég get aðeins tekið undir það, sem fram hefur komið hér hjá ræðumönnum, að í mörgum tilvikum hefur orðið um óhóflegan kostnað að ræða, í fyrsta lagi í sambandi við hönnunarkostnað og óhóflegan kostnað við gerð opinberra mannvirkja vegna þess að arkitektar hafa sýnst leggja meira upp úr ýmsu öðru en notagildi mannvirkis. Það ætti að mínum dómi að freista þess, eftir því sem kostur er, að staðla opinber mannvirki eða einstaka þætti þeirra. Enda þótt réttmætt hljóti að vera að nokkurrar tilbreytni gæti, þá eru þó ýmsir hlutar mannvirkis með þeim hætti að það ætti að mega staðla þá hvarvetna um landið og það meira að segja þótt um sé að ræða opinber mannvirki fleiri en einnar tegundar.

Ég skal svo ekki lengja þetta meira. Ég taldi sjálfsagt og réttmætt að kynna þá reikninga sem ég hef hér undir höndum, svo að það megi verða til viðvörunar um það, að þegar opinberar stofnanir, sem í raun hafa jafnvel um langan aldur veitt einstaklingum ódýra og hagkvæma þjónustu, fá það verk í hendur að þjóna hinu opinbera, þá geta þær sætt lagi til þess að setja upp reikninga sem eru með öllu óhóflegir og óforsvaranlegir.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessar umr. mjög, en ég vil aðeins segja hér nokkur orð af þessu tilefni.

Ég vil segja það strax, að ég tel að hér sé hreyft mjög mikilvægu og merku máli. Eins og hefur komið fram í ræðu hv. þm., sem áður hafa talað virðist því miður vera hægt að benda á ótrúlega svört dæmi sem leiða að því líkur að full þörf sé á því að opinberir aðilar, Alþ. og kannske fjárveitingavald, grípi hér í tauma og leiði þessi mál inn á betri og affarasælli brautir en þau virðast hafa verið á nú að undanförnu.

Þó að ég segi hér að ég telji að flutningur þessarar till. eigi fyllsta rétt á sér, þá er ég ekki þar með að segja að hér sé um að ræða þá einu réttu leið sem bent er á, að setja á fót nýja stofnun til að gegna hlutverki sem þessu. Það er hugsanlegt að gera það með öðrum hætti og á fleiri vegum en hér er um rætt, þ. e. a. s. að koma á fót teiknistofu ríkisins. Það mætti a. m. k. skoða það að mínu áliti hvort ekki væri hugsanlegt með minni tilkostnaði heldur en ný stofnun hefði í för með sér að fela húsameistaraembætti ríkisins að annast þessa fyrirgreiðslu og þar með auka verksvið þeirrar stofnunar heldur en að koma á fót nýrri. Þetta er ekki sagt til þess á neinn hátt að draga úr því að þessi mál verði könnuð, síður en svo, en ég hygg að það geti komið til greina að skoða aðrar leiðir en þá, sem hér um ræðir, þ. e. a. s. að setja á fót eina stofnunina enn. Af þeim lýsingum, sem hv. tveir þm., raunar þrír, frummælandi till. líka hafa hér gefið, þá virðist ekki allt fengið í sparnaðarátt með því að leyfa opinberum aðilum, eins og hér var bent á tæknideild Húsnæðismálastofnunar ríkisins, að leika lausum hala. Það þarf vissulega að vera aðhald að þeim stofnunum ekki síður en öðrum og kannske miklu fremur. Það held ég að dæmin sýni.

En það, sem varð fyrst og fremst til þess að ég kvaddi mér hljóðs, er kannske einn þáttur fyrst og fremst þess sem hér um ræðir. Hann er einmitt nefndur í þessari þáltill. í upptalningu verkefna sem gert er ráð fyrir að stofnun

sem þessi mundi sinna, og það er í sambandi við íþróttamannvirki. Ég er þeirrar skoðunar að það ástand, sem ríkt hefur í þeim málum á undanförnum árum og áratugum, sé ófremdarástand sem gersamlega sé óviðunandi að búa við. Sú stefna, sem þar hefur ráðið ríkjum, hefur leitt til þess og leiðir til þess í æ ríkari mæli að hinir afskekktari staðir, hinir fámennu staðir, dreifbýlisstaðirnir, verða gersamlega útilokaðir frá því að geta komið upp þeim mannvirkjum, sundlaugum og íþróttaaðstöðu, sem nauðsynleg eru á hverjum stað þó að fámennur sé, miðað við það ástand og þá stefnu sem þessi mál hafa tekið. Og það má furða heita að einum aðila í kerfinu skuli haldast uppi að halda til streitu stefnu af þessu tagi, þrátt fyrir það að ég þykist vita að mikill meiri hluti t. d. alþm. sé andvigur slíkri stefnu. Það má furðu gegna að slíkt skuli líðast um ár og áratugi.

Ég minnist þess að fyrir ca. þremur árum ætlaði eitt tiltölulega lítið sveitarfélag vestur á fjörðum að koma sér upp sundlaug til þess að geta framfylgt fræðslulöggjöf sem búin er að vera í gildi í áratugi og enginn getur útskrifast með fullnaðarprófi án þess að hafa fullnægt þeirri skyldu. Miðað við það, sem þá var talað um, átti slík sundlaug að kosta 1 millj., en bygging og aðbúnaður búningsherbergja átti að kosta 7—8 millj. við þessa sundlaug sem kostaði sjálf aðeins 1 millj. Það sér hver maður, sem vill hugleiða það, og þarf ekki mikla víðsýni til að sjá að slíkt er auðvitað alger óhæfa. Og það á svipað fjölmennum stað eins og hér um ræðir hefur verið talað um að byggja íþróttahús, íþróttamannvirki, sem er af stærðargráðunni 150—180 millj. kr. og mundi kosta viðkomandi sveitarfélag nokkra áratugi, — þó að það verði öllum þeim tekjum, sem það hefur, í þennan eina stofn, þá mundi það kosta nokkra áratugi að standa skil á þess hluta, 50% af kostnaði.

Hér er um að ræða svo furðulega stefnu, að það má furðulegt heita að ekki skuli hafa verið gripið fram fyrir hendur manna, sem fylgja slíkri stefnu, og það fyrir löngu. Það er löngu orðið ljóst að íþróttaaðstöðu á borð við það sem ég var hér að tala um, sem var af stærðargráðunni 150—180 millj. kr., má koma upp með skynsamlegum hætti fyrir 30—40 millj. En enn er það sami aðilinn í kerfinu sem kemur í veg fyrir að slíkt gerist.

Ég vil láta það koma fram við þessar umr. að fyrir um þrem árum gerði fjvn. Alþ. tilraun til að hreyfa þessu máli, tók það upp og gerði tilraun til að fá þá aðila, sem um þessi mál fjalla, til þess að gera raunhæft átak í þessum efnum, en án árangurs. Og við það situr enn. Það er því full ástæða til þess að Alþ. sjálft taki hér í taumana og það af myndugleik, ekki neinu káki, því að hér er sýnilegt að ef ekki á enn verr að fara en hingað til, þá verður snarlega að bregðast við og beina þessum málum inn á allt aðrar og skynsamlegri brautir en þau hafa verið á og eru á í dag.

Ég get svo ekki stillt mig um, vegna þess að hv. fyrri flm. og frsm. þessarar till. vék að því örfáum orðum í framsögu fyrir till. að vissulega hefðu þeir aðilar, sem sótt hefðu til fjárveitingavaldsins í haust, talið sig þurfa meira en til þeirra var af hendi látið rakna, þá er það vissulega rétt. En hv. þm. veit líklega manna best sem einn af ráðandi mönnum í meiri hl. hér á hv. Alþ. hver stefna var tekin í fjármálum þjóðarinnar, fjárveitingum til þessa og hins, jafnt nauðsynlegra sem ónauðsynlegra hluta og framkvæmda. Og vissulega hefði hann, hv. þm., ásamt öðrum hv. stjórnarþm. mátt hugsa til þess fyrir og við afgreiðslu fjárl. að það þurfti betur að gera en gert var, a. m. k. við þá þætti fjárveitinga sem til þess voru ætlaðir að byggja upp nauðsynlega aðstöðu úti á landsbyggðinni.

Ég skal ekki hafa þessi orð öllu fleiri. Ég lýsi sem sagt fyllsta stuðningi mínum við þessa till., þó að ég telji — að það þyrfti að hugleiða hvort ekki væri með öðrum hætti eða eftir öðrum leiðum en hér er bent á hægt að koma þessum málum betur fyrir en verið hefur. Það er vissulega nauðsyn, eins og hér hefur verið bent á, að gera slíkt og að það verði gert sem fyrst, áður en búið er að koma málum þannig fyrir að það sé gersamlega vonlaust í náinni framtíð að nokkurt lítið sveitarfélag úti á landsbyggðinni geti leyft sér að byggja upp slíka aðstöðu sem íþróttamannvirki eru, eins og sjúkrahúsaðstaða er og fleira, því að ef ekki verður breytt um stefnu, þá er ekki sýnilegt í náinni framtíð að neitt slíkt eigi sér stað með skynsamlegum eða skikkanlegum hætti.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að þakka flm. þessa máls og lýsi yfir stuðningi mínum við það í öllum grundvallaratriðum. Ég hefði að vísu gjarnan viljað að kveðið væri á um það að sömu stofnun yrði ætlað að vinna að skipulagsmálum. Skipulagsmál dreifbýlisins, þorpanna, hafa nú um sinn hlotið þess háttar meðferð að sendir eru arkitektar sunnan úr Reykjavík til þess að líta á staðina, síðan vinna þeir að skipulagsmálunum við teiknibörð suður í Reykjavík og afleiðingin er sú að teiknaðar hafa verið og skipulagðar fjölmargar litlar Reykjavíkur hringinn í kringum landið án þess að íbúar þessara staða hafi raunverulega nokkuð um það að segja. — Þetta er nú annað mál.

Ég vil einnig vekja athygli á því í sambandi við gagnrýni, sem komið hefur fram á fræðilega reikninga frá tæknideild Húsnæðismálastofnunar, að þessi opinbera stofnun mun hafa verið þvinguð til þess að reikna þjónustu sína samkv. gjaldskrá Arkitektafélags Íslands, enda koma hlutfallstölurnar nokkuð heim og saman við það sem hv. þm. Páll Pétursson nefndi í framsöguræðu sinni um hina föstu prósentu ofan á byggingarkostnað.

Nú standa málin þannig að Arkitektafélag Íslands, sem er aðili að gjaldskránni, hýsir ekki að öllu leyti íslenska arkitekta. Þeir hafa stofnað með sér stéttarfélag nýlega, vinna síðan hjá teiknistofum, einkateiknistofum og opinberum teiknistofum, fyrir fast kaup sem er gersamlega óviðkomandi þessari gjaldskrá og ekki ýkjahátt. Það eru teiknistofurnar og þá fyrst og fremst einkateiknistofurnar sem leggja raunverulega línuna í sambandi við þessa gjaldskrá. Og því er ekki að neita, að mér er kunnugt um þessa

tilhneigingu teiknistofanna, arkitekta þeirra, sem hirða arðinn af vinnu teiknaranna í stéttarfélagi arkitekta, — mér er kunnugt um þá tilhneigingu að vilja hafa mannvirkin dýr, fyrst og fremst dýr til þess að hundraðshlutinn verði sem hæstur.

Ég ætla mér nú ekki að fara að fara út í orðskýringar á muninum á þessum tveimur latnesku heitum talentu og prósentu. En það fer náttúrlega alls ekki á milli mála að okkur er kleift að sneiða gersamlega hjá því arna með því að koma á stofn teiknistofu ríkisins sem láti sér nægja miklu minni álagningu en þá, sem einkateiknistofurnar láta sér nægja, og miklu lægri álagningu en þá, sem tæknideild Húsnæðismálastofnunarinnar lét glepjast til þess að áætla í sambandi við þessa opinberu þjónustu.

Hv. þm. Helgi Seljan og síðar hv. þm. Karvel Pálmason sveigðu hér mjög krappt að ósið sem tekinn hefur verið upp sérstaklega í sambandi við hönnun iðnþróttamannvirkja hér á landi árum saman, þó að þeir töluðu ekki beinlínis um einstaka aðila í þessu sambandi. Þar sem hv. þm. Karvel Pálmason talar um einn aðila sem komið hefði í veg fyrir skynsamlega stefnu í byggingu iðnþróttamannvirkja og annarra slíkra mannvirkja, þá megum við nú flestir vita við hvern hann átti, og ég á bágt með að trúa því að hefði einarður vilji löggjafarvaldsins komið fram, einarður vilji til þess að breyta þessu, þá hefði ekki mátt kippa þessu í lag. Svo heimskir einstaklingar geta ekki verið í kerfinu að löggjafarvaldið ráði ekki við þá án þess að innleiða kannske að nýju lög um dauðarefsingu. En hitt er vafalaust, að við getum á ákaflega einfaldan hátt kippt þessum málum í lag, einmitt með þeim ráðum, sem flm. þessa ágæta máls hafa gert grein fyrir. Og ég legg á það ákaflega mikla áherslu að þetta mál fái eðlilega og skjóta meðferð í n. og því verði hraðað í gegnum þingið.

Flm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir góðar undirtektir við þessa till. og skemmtilegar umr. um hana. Inn í þær hefur dregist nokkuð bygging leiguíbúða og þáttur tæknideildar Húsnæðismálastofnunar í því sambandi. Ég hef haft það lengi á tilfinningunni og raunar fleiri og ég hygg flestir þeir sem málið hafa hugleitt, að Húsnæðismálastofnunin er að reisa leiguíbúðirnar með rasshendinni. Leiguíbúðirnar hafa aldrei verið óskabörn Húsnæðismálastofnunar, ekki neitt í svipuðum mæli svo sem Breiðholtsíbúðir Framkvæmdanefndar byggingaáætlunar voru á sínum tíma. Þess vegna flutti ég í fyrra hér í hv. Sþ. þáltill. um jafnrétti sveitarfélaga í dreifbýli og Reykjavík í húsnæðismálum, þar sem ég fór fram á það við ríkisstj. að hún léti endurskoða lög um leiguíbúðir þannig að þau yrðu færð til samræmis við löggjöfina um Breiðholtsíbúðir. En lög um leiguíbúðirnar eru með allt öðrum hætti orðuð og með allt öðrum ákvæðum en Breiðholtsíbúðirnar. T. d. segir í lögum um Breiðholtsíbúðir að ríkinu sé skylt að leggja fram allt að 80% af byggingarkostnaði, en í leiguíbúðalögunum eða lögum um 1000 leiguíbúðir á vegum sveitarfélaga segir að heimilt sé að leggja fram allt að 80%. Þessi leyfi hafa alls ekki verið auðfengin, byggingarleyfin fyrir leiguíbúðum. Þau hafa forráðamenn hinna einstöku sveitarfélaga mátt toga út úr Húsnæðismálastofnuninni og það hefur kostað þá ekki fáar ferðir hingað suður sem mættu kannske bætast við hina voðalegu reikninga tæknideildar, því að það er náttúrlega ekki gert fyrir ekkert að ganga hér dögum og vikum saman um staðinn við að toga út þessi leyfi. Að endingu fengust í fyrravetur lánsloforð fyrir nokkrum hluta af þessum íbúðum sem beðið var um. Og það var heimilað að byrja á nokkrum til viðbótar án þess að fyrirheit væri gefið um lán eða dagsetningar í því sambandi. Nú hefur húsnæðismálastjórn aftur gefið út ný lánsloforð fyrir nokkrum hluta þeirra, en engan veginn öllum. Og síðan á að láta leiguíbúðirnar standa undir kostnaði við rekstur tæknideildarinnar eða jafnvel við rekstur Húsnæðismálastofnunar. Það er verið að gera leiguíbúðirnar vísvitandi að einhverri grýlu á fólkið í landinu, einhverju ferlíki til „skræk og advarsel". Það á að hræða sveitarfélögin frá því að ráðast í byggingu leiguíbúða með svona voðalegum reikningum.

Það fer ekkert á milli mála að það var full þörf fyrir þessar leiguíbúðir. Menn ganga ekki að því að gamni sínu að ráðast í svona verkefni, forráðamenn sveitarfélaga. Það er misskilningur hjá húsnæðismálastofnunarfólki, ef það lítur svo á. Um nauðsynina bera vottinn hinar fjöldamörgu umsóknir sem borist hafa. Sumir þeir, sem hér hafa tekið til máls, hafa lagt til að sú leið yrði farin að víkka út húsameistaraembættið. Ég hef ekkert á móti því, síður en svo, enda er tekið fram í grg. að við teljum að endurskipulagning húsameistaraembættisins geti vel komið til greina, og ég hygg að með skipulagsbreytingum þar á gæti húsameistaraembættið vel annað þessu. En húsameistaraembættið hefur líka átt undir högg að sækja hjá arkitektum og það hefur legið undir stöðugum árásum undanfarið frá einstökum arkitektum sem maður hefur einhvern veginn haft á tilfinningunni að væru að jafna um það embætti vegna þess að það væri eitthvað að éta frá þeim. Í uppsiglingu er enn eitt mál. Þeir eru farnir að kvaka, því að það á að byggja skóla uppi í Breiðholti sem á að kosta 800 millj. og það eru einhverjir komnir þar með puttann hjá Reykjavíkurborg sem eru óhreinir til þess að hanna svo dýrt mannvirki, ekki með bréf upp á það að þeir megi teikna svona dýrt eða svona stórt og jafnvel kannske hvergi til nema á pappírnum. Það verður fróðlegt að sjá framvindu þess máls, en vafalaust verður Seljasókli ekki hannaður nema fyrir töluvert fé.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er út af því sem hv. síðasti ræðumaður sagði um lögin um byggingu 1000 leiguíbúða. Það er alveg rétt hjá honum að í þeirri löggjöf er aðeins um heimildarákvæði að ræða í sambandi við bygginguna, en í lögunum um Breiðholtsframkvæmdirnar var um skylduákvæði að ræða. Það skylduákvæði var þó framkvæmt á þann veg að langsamlega mikill meiri partur af framkvæmdafénu

var tekinn út úr hinu almenna kerfi Byggingarsjóðs ríkisins í stað þess að lögin kváðu á um að það ætti að afla sérstaks fjár til þess, þannig að það var svikið.

Það, sem mestu máli skiptir í sambandi við lögin um byggingu á 1000 leiguíbúðum, var að þau voru sett af stjórn sem ætlaði að framkvæma heimildarákvæðið. En það er greinilegt að sú stjórn, sem nú situr, hæstv. núv. ríkisstj., hefur ekki og ætlar sér ekki að framkvæma það. Þar treysti ég á stuðning hv. þm. Páls Péturssonar um að koma hæstv. núv. ríkisstj. í skilning um að það er ætlast til þess af henni að hún framkvæmi þetta ákvæði, þó að um heimildarákvæði sé að ræða, því að það ætlaði sú ríkisstj. sem setti þau lög.

Flm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Það er bara örstutt aths. vegna orða hv. 5. þm. Vestf. Þetta skylduákvæði um Breiðholtsíbúðirnar, það var alveg rétt hjá honum, hann sagði meiri hlutann af sögunni um hvernig það var framkvæmt. Það var tekið út úr húsnæðismálakerfinu, þessi 80%, og það var raunar gert svolítið meira, — vegna þess að gatnagerðargjöldin voru tekin inn í dæmið gat Reykjavíkurborg lagt sín 20% fram sem gatnagerðargjöld og 80% stóðu undir byggingu húsanna. Hitt eru svo aftur mistök, sem ber að harma, að í leiguíbúðalögunum skuli þetta hafa verið orðað með þeim hætti sem gert var, að það var heimildarákvæði, en ekki skylduákvæði. En þar er fyrst og fremst við að sakast frjálslynda vinstri menn sem höfðu með það að gera eða ráðh. í málinu, áttu félmrh. þegar lögin voru sett, og það var verst að Karvel skyldi ekki hafa bent honum á þetta meðan tími var til að koma þessu í lögin á mótunarstigi. (**Gripið fram í:** Það var fjmrh.) Það kann að vera að fjmrh. hafi haft nokkuð um þetta að segja líka, en félmrh. hefur líka verið aðili að þeirri lagasetningu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Heyverkunaraðferðir, þáltill. (þskj. 312). — Ein umr.

Flm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram till. til þál. á þskj. 312, um rannsóknir og áætlanagerð um heyverkunaraðferðir. Till. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að hún hlutist til um að Rannsóknastofnun landbúnaðarins efni á næsta sumri til frekari rannsókna á heyverkunaraðferðum með það fyrir augum að finna með hverjum hætti verði staðið svo að heyskap að hann verði áfallalaus og fóðurgildi uppskerunnar verði vel tryggt.

Með hliðsjón af niðurstöðum rannsókna skal gera áætlun um skipulegar framkvæmdir við bættan húsakost og tækjabúnað sem þætti þurfa að hrinda fram til þess að ná besta árangri og hagkvæmni við heyskap og hvers konar fóðuröflun.

Áætlun þessa skal leggja fyrir næsta reglulegt Alþ. eða svo fljótt sem verða má.“

Í grg. með till. er í stuttu máli fjallað um efni hennar, þýðingu málsins fyrir íslenskan landbúnað og hugsanlegar leiðir til úrbóta. Mér þykir þó hlýða að fara frekari orðum um málið í heild ef það mætti verða til þess að styðja skjótari afgreiðslu till. hér á Alþ. og bættum búnaðarháttum í landinu.

Það fer ekki milli mála að tíðarfarið í gróandanum og á heyskapartímanum hefur enn í dag meiri áhrif á afkomu bænda en margur hefði ætlað. Reynslan frá s. l. sumri er þar um óræknasta sönnunin. Segja má að á svæðinu frá sunnanverðum Austfjörðum vestur og norður um land allt austur til Skagafjarðar hafi heyskapartíð verið fádæma vond. Í júlí og ágúst voru örfáir þurrir dagar og þá jafnan stakir dagar, svo að sólskinsstundir nýttust illa við þær aðferðir við heyskap sem algengast er að beita á þessu svæði.

Þótt tækni við heyskap hafi fleygt fram hin síðari ár, þá virðist vanta herslumun til þess að bændur nái góðum heyjum þegar tíðarfarið er misjafnt. Rétt er nú þegar að skýra frá því að á haustnóttum var gerð könnun á því yfir allt land hversu gott eða vont það fóður var í reynd sem aflað var á síðasta sumri. Stóðu þar að verki bæði Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Rannsóknastofa Norðurlands og naut aðstoðar héraðsráðunauta við töku sýna vítt og breitt um landið. Niðurstöður þessar segja þá sögu að óþurrkarnir hafi rýrt fóðurgildi heyjanna mjög víða um 20—25%. Þær tölur, sem ég hef fyrir framan mig um fóðurgildi heyjanna frá s. l. sumri, eru fengnar snemma í haust og því um takmarkaðan fjölda sýnishorna að ræða. En þeir, sem tóku sýnin úr heystæðunum, hafa náð því að meta aðstæður furðurétt, því að það hefur komið í ljós við rannsóknir á fjölmörgum sýnum, sem Rannsóknastofnun landbúnaðarins hafa borist síðar, að niðurstöður hafa ekki raskast, ekki komið fram sá munur að hann sé merkjanlegur þegar meðaltöl eru fundin.

Sé gerður samanburður á heyverkun á s. l. sumri og meðaltali áranna 1967—1974, þá kemur eftirfarandi í ljós: Á Vesturlandi þurfti að meðaltali á 7 ára tímabili 1.95 kg af töðu í fóðureiningu. Árið 1974 var taðan ívið betri en í meðalári, en 1975 þarf 2.38 kg í fóðureiningu eða heygæðin hafa rýrnað um ca. 22% frá meðaltalsárum. Á Vestfjörðum þarf 1.78 kg af töðu í fóðureiningu á viðmiðunarárunum, en 1975 þarf 2.2 kg í fóðureiningu og fóðurgildi minnkar um ca. 13%. Ekki eru mér tiltækar tölur um meðaltöl fyrri ára af Norðurlandi, en sumarið 1975 voru niðurstöður þessar: Í Húnavatnssýslum þurfti 2.1 kg í fóðureiningu, í Skagafirði 2 kg í fóðureiningu, í Eyjafirði þurfti 1.8 kg í fóðureiningu og í Þingeyjarsýslum þurfti 1.7 kg í fóðureiningu. Á Austurlandi þurfti 1.97 kg í fóðureiningu sumarið 1975 og hefur um 6% minna fóðurgildi en á árunum 1967—1974. Á Suðurlandi eru þessar niðurstöður óhagstæðastar, þar sem nú þurfti 2.45 kg af töðu í fóðureiningu á móti 1.96 á samanburðartímanum og er því um 25% lakari nú en í meðalári.

Eins og sjá má af þessum niðurstöðum fara heygæðin að mestu eftir tíðarfarinu um sláttinn, og sannar það að bændur búa við öryggisleysi

að þessu leyti og það í miklu ríkari mæli en margur mundi ætla og þolandi er. Þegar litið er til þess er rétt, áður en lengra er haldið, að leitast við að gera sér grein fyrir hverja þýðingu það hefur að heyforði bænda hefur eftir s. l. sumar um 13—25% minna fóðurgildi en í meðalári.

Ætla má að heymagn á haustnóttum sé nú nálægt því að vera í meðallagi að vöxtum, sennilega lítið eitt minna en árið 1974, sem var gott heyskaparár víðast hvar og hey heldur betri þá en í meðallagi. En eftir þeim upplýsingum, sem búnaðarmálastjóri hefur fengið, áætlar hann að gildi heyforðans í ár sé um 40 millj. fóðureiningum minna nú, en það jafngildir rúmum 40 þús. smál. af kjarnfóðri sem væru að verðmæti um 1.5 milljarðar kr. Þessi fjárhæð mun alla vega rýra hag bænda sem þessu nemur, því að ef þeir spara sér kjarnfóðurkaupin frá því sem þarf til að vega upp á móti vondum heyjum, þá minnkar afrakstur búanna að sama skapi og ber því að sama brunni.

Skaðinn er þegar orðinn og verður ekki bættur þjóðinni með öðrum hætti en þeim að finna leiðir til þess að bæta heyverkun hjá bændum til frambúðar, svo að slík vá sé ekki fyrir dyrum að ríflegur hluti af áætluðum launum þeirra skolist í burtu með rigningarvatninu. Mönnum kann að þykja þessi fullyrðing mín vafasöm. En með óyggjandi tölum má sanna að bóndi með verðlagsgrundvallarbú, sem hefur svo slæm hey sem víða eru nú á Suður- og Vesturlandi, þarf að auka kjarnfóðurkaup um allt að 15 þús. fóðureiningar, hann verður að greiða fyrir það a. m. k. 500 þús. kr. og ætla ég að menn muni um minna.

Eins og áður sagði, er rík þörf fyrir samstillt átak til að sporna við slíkum áföllum sem þeim er hér hafa verið rædd. Margar aðferðir hafa verið reyndar við þurrkun og geymslu heys og af ýmsum aðilum. Það má minna á votheysverkun sem reynd hefur verið meira og minna í fyllilega hálfa öld, víða með góðum árangri, en hefur þó ekki rutt sér svo til rúms að bændur hafi almennt nýtt hana í stórum stíl. E. t. v. er sú heyverkun beinasta leiðin út úr þeim ógöngum sem við stöndum í á þessu ári. En marga vankanta þarf að laga og finna þarf aðgengilegri aðstöðu við meðferð votheys áður en það eitt leysir vandann, og kem ég nánar að því síðar.

Á sama hátt hefur margs konar aðferðum verið beitt við súgþurrkun og gefa þær allgóða raun, en hafa þó ekki náð þeirri fullkomnun að hægt sé að benda á hana sem allsherjartryggingu í verulegri óþurrkatíð, nema fyrir hendi sé yfirdrifinn og ódýr jarðhiti, sem þó hefur í för með sér viss vandamál sem leysa þarf, svo sem eins og ofþurrkun á hluta af heyinu í hlöðunni. Í þessu sambandi er einnig rétt að gera sér grein fyrir því, að hverja þá leið sem við kjósum að fara við heyverkun, hvort sem það er votheysgerð, súgþurrkun eða þurrkun úti, heybinding eða meðferð heys í sæti, þá þarf sú aðferð að vera í samræmi við húsakost býlisins og þá tækni, sem við verður komið við meðhöndlun heysins, jafnt á sumri og vetri.

Ég drap á það áðan að e. t. v. væri votheysgerð beinasta leiðin til þess að leysa vandann þegar óþurrkar ganga. Þetta er sagt vegna þess að ýmsar aðferðir eru þekktar og hafa verið hagnýttar í mörg ár sem eru hvort tveggja í senn viðráðanlegar sem vinnubrögð í vætutíð og tryggja allvel gæði heysins ef rétt er að heyverkuninni staðið. Þó er það svo að það þarf enn að kanna vissa þætti þessarar heyverkunaraðferðar, t. d. hvort íblöndun maurasýru er nauðsynleg til að tryggja góða verkun, hvort betur henta flatgryfjur eða votheysturnar eða með hverjum öðrum e. t. v. ódýrari hætti mætti ná sama árangri, t. d. með því að saxa heyið í smærri búta, með ódýrari gerð geymsluhúsanna, með lofttæmingu eins og þeirri sem Einar Guðjónsson hefur beitt sér fyrir og vinnur stöðugt að að endurbæta. Sú aðferð hefur verið notuð í Hvammi undir Eyjafjöllum allt frá 1968 og víðar hin síðari ár og virðist skila góðu fóðri. Þá er rétt að minna á votheysverkun í útistökkum undir plasti sem búnaðardeild Rannsóknastofnunar landbúnaðarins hefur gert tilraun með að undanförnu. En allt um það, hverri aðferð sem beitt er við votheysgerð, þá mun það þegar allt kemur til alls ráða úrslitum um hversu þær nýtast að menn séu ekki neyddir til að búa við úreltar aðstæður og erfiðar, t. d. eins og þær að bera votheyið í höndunum fyrir fénaðinn. Það er því áríðandi að halda áfram þeim athugunum sem hafa verið í gangi hjá bútæknideildinni um notagildi hinna ýmsu tækja, sem hér eru á markaði og eru til þess gerð að létta vinnubrögð á búunum, svo sem hjólakvísl, fóðurvagnar, heyhnífar, rafknúnir eða dráttarvéladrifnir, rafmagnstaliur á rennibrautum með gripklóm og fleira sem til greina kemur þegar leysa þarf þann vanda sem við er að fást þegar nota skal votheý í stórum stíl handa öllum gripum. Þá getur það ráðið úrslitum og öllu um afstöðu bænda að unnt sé að beita tækni við gjöf og alla meðhöndlun votheysins að vetrinum sem gæti sparað vinnu, gert vinnuna léttari og þrifalegri, en votheysgjöf þykir víða vera erfið og sóðaleg þar sem aðstöðu er ábótavant.

Margra hugur stefnir að því að endurbæta svo súgþurrkunaraðferðir að með þeim hætti sé hægt að mæta misjöfnu tíðarfari. Súgþurrkun hefur verið reynd hér í nokkra áratugi og hefur vissulega orðið að verulegu liði við heyskapinn og þá alveg sérstaklega í þá veru að koma í veg fyrir heybruna og skaða af langvarandi hita í heyi. Hins vegar er varla hægt að ná besta árangri þegar mikill raki er í loftinu, t. d. með upphitun.

Ég ætla mér ekki að gera hér neinn samanburð á þeim aðferðum sem reyndar hafa verið af tilraunamönnum. En til gamans vil ég rifja upp, að ég hygg að það hafi verið Sigurlinni Pétursson sem fyrstur manna kom fram með þá hugmynd hér að þurrka hey í hlöðu með undirblæstri. Fyrstu tilraunina mun hann hafa gert hér í Reykjavík, við Laugaveg, árið 1929 og er að finna frásögn af því í grein eftir Sigurlinna í Morgunblaðinu 2. okt. í haust.

Umfangsmiklar athuganir hafa verið gerðar um súgþurrkun í ýmsu formi. Stjórn Búnaðarsambands Suðurlands gekkst fyrir því að gera athugun á því hvað reynsla hefði fengist um súgþurrkun á Suðurlandsundirlendinu. Athuganina gerðu þrír menn tilnefndir af Búnaðarfélagi

Íslands og Búnaðarsambandi Suðurlands á útmánuðum 1950 og tók sú athugun til 47 bæja á svæði Búnaðarsambandsins. Skýrsla um athugun þessa er birt í Búnaðarritinu árið 1951. Mér virðist að niðurstöðu þeirrar athugunar sé best lýst með þessum orðum nm. sem tekin eru úr skýrslu þeirra. Þar segir m. a.:

„Að okkar áliti hefur súgþurrkun yfirleitt gefist vel og langflestir, sem hafa haft hana, hafa stórhagnast á henni. Nokkur reynsla hefur fengist um það hvaða tæki henta best við súgþurrkun, og enn fremur hefur fengist reynsla fyrir því á hvern hátt best sé að verka heyið. Þó vantar alveg að gerðar verði vísindalegar tilraunir með súgþurrkun."

Ég hygg, að þessi orð séu í gildi enn í dag.

Þá vil ég minna á sérstaka n. eða vinnuhóp sem á vegum Orkustofnunar var starfandi á árunum 1951, 1952 og 1953 og kannaði aðstæður víða um land og safnaði upplýsingum um reynslu bænda og fleiri atriði, og voru niðurstöður birtar í skýrslu 1954. Þá hefur Baldur Líndal efnaverkfræðingur dregið saman upplýsingar um fyrri rannsóknir á heyþurrkun við jarðhita. Sú skýrsla var unnin á vegum Rannsóknaráðs ríkisins og birt í okt. 1974. Sú skýrsla geymir meginniðurstöður sem fengist hafa á undangengnum árum, einkum eftir 1960, við rannsóknir á heyþurrkun við heitt loft og verður að teljast hin mikilvægasta þegar efnt er til frekari rannsókna í því efni. Fleiri aðferðir eru raunar fyrir hendi en notkun jarðhita til þess að ná rakanum úr því lofti sem blásið er í gegnum heyið, og þarf vandlega að huga að því á hvern hátt mætti nota raforku í því skyni þar sem jarðhiti getur ekki komið að notum hjá bændum almennt.

Áður gat ég um þurrkun úti á túni, heybindingu og ýmsar venjubundnar aðferðir, svo sem að láta hey standa í sæti, svo og að hirða laust hey beint í hlöðu. Í skýrslu búnaðardeildar frá 1972 er þetta m. a. staðfest: Þurrkun heys á töðuvelli er allt of ráðandi aðferð við innlenda fóðuröflun. Mjög víða um land má gera ráð fyrir að um eða yfir 90% af töðufengnum sé þurrkað úti að mestu leyti. Í þessu sambandi þykir mér rétt að minna á það að eftir landshlutum er þetta dálítið ólíkt, og þó hygg ég að enginn skeri sig úr að þessu leyti neitt í svipaða átt og Vestfirðir. Ég hef hér upplýsingar um það að á sumrinu 1975 var t. d. í Fellshreppi 92% af fóðrinu verkað sem vothey, í Kirkjubólshreppi 86% af heyfengnum og í Óspakseyrarhreppi 75%. Meðaltalstölur af Vestfjörðum öllum munu vera þær að um 50% af heyfengnum sé verkað sem vothey. M. a. væri ástæða til að kanna í hverju það liggur að þessi landshluti sker sig svo úr í þessu efni.

Ég var að tala um þurrkunina úti á töðuvellinum. Um hana vil ég segja að það, hvernig þurrkun heppnast, ræður miklu um framleiðslukostnað heysins, fóðurgildi þess og nýtingu uppskerunnar þegar svona stór hluti er þurrkaður úti. Við útiþurrkunina ræður veðrið mestu um hvernig þurrkunin gengur. Þeir veðurþættir, sem mestu máli skipta fyrir heyþurrkunina, eru úrkoma, sólfar, lofthiti, loftraki og vindur, en allir þessir þættir eru örum breytingum undirorpnir hér á landi. Þessi atriði þarf öll að rannsaka nánar og halda áfram þeim athugunum, sem hafa verið í gangi og framkvæmdar af bútæknideild Rannsóknastofnunarinnar, um leið og fóðurtilraunir og efnagreiningar verða auknar til þess að tengja saman þessa tvo höfuðþætti landbúnaðarins: nýtingu grassins og gripaeldið, því að það, sem skiptir öllu máli að lokum, er með hverjum hætti við fáum best hey, þ. e. a. s. hvernig við tryggjum best fóðurgildi þeirrar uppskeru sem til er sáð og kostað er til með áburðargjöf. Það fer ekki á milli mála að við erum vel í stakk búnir um rannsóknarmenn og aðstöðu á Keldnaholti, og það ætti ekki að þurfa að kosta verulegu fjármagni til svo að aðstaða væri nægjanleg á tilraunastöðvum úti um land til þess að undirbyggja þær rannsóknir sem till. þessi gerir ráð fyrir að unnið verði að.

Á það hefur verið bent að Rannsóknastofnun landbúnaðarins og bútæknideildin hafa unnið að athugunum og samanburði á ýmsum heyverkunaraðferðum. Sú vinna er hin mikilvægasta í þessu efni og á þeirri vinnu verður byggt það rannsóknarstarf sem framundan er. Við þær aðstæður og þau vandamál sem upp komu við heyskapinn á s. l. óþurrkasumri, er kallað á nýjar athuganir, og trúlega verður hægt að lesa einnig úr eldri tilraunum svör sem ekki hefur verið gefinn nægilegur gaumur fyrr en nú þegar bændur um stóran hluta landsins standa frammi fyrir fjárhagsvandræðum sem ótíðin átti ríkastan þátt í að kalla fram. Ég er þess fullviss að þegar rannsóknarmenn, bútæknimenn, sérfræðingar á sviði búfjárræktar og fóðrunar ásamt ráðunautum um byggingar bera saman bækur sínar, þá megi finna leiðir til að tryggja bændur betur en enn hefur tekist fyrir skakkaföllum af völdum ótíðar eins og urðu á síðasta sumri.

Ég hef í þessari ræðu minni bent á ýmsar aðferðir sem til greina koma til að hamla gegn því öryggisleysi sem bændur eiga við að búa við heyöflunina. Ég hef rifjað upp, þó aðeins lauslega, þær niðurstöður sem birtar hafa verið um rannsóknir í þessu efni. Það þarf að sjálfsögðu að kanna miklu betur og gera fyllri tilraunir um ýmsa þætti þess. Ég hef trú á því að tæknin sé komin á það stig um heyskap og fóðrun að bóndinn þurfi ekki að eiga allt sitt undir sól og regni lengur ef fjármagn skortir ekki til að breyta aðstöðu. En til þess að það megi takast þarf að meta þá valkosti sem fyrir hendi eru, meta þýðingu þeirra til þess að varðveita sem best fóðurgildi hins nýslegna grass, meta hversu kostnaðarsamt kann að reynast að breyta um aðferðir til þess að ná besta árangri við fóðuröflunina og þá um leið sem ódýrustu fóðri. Þótt til mikils sé að vinna þarf að hafa það sífellt í huga að velja þann kost á hverju búi sem minnst fjárfestingarútgjöld fylgja, en leysir þó vandann á fullnægjandi hátt. Ég hef einnig bent á það hér og leitt að því rök að fjárhagsleg áföll þeirra bænda, sem búa við tíðarfar eins og það gerðist um mestan hluta landsins s. l. sumar, eru slík að ekki verður við það unað til frambúðar, þegar rekstrarkostnaður búanna fer langt fram úr þeim mörkum sem verðlagsákvarðanir eru byggðar á. Þeirri stöðu þarf að ná nú þegar að bændur geti mætt langvarandi óþurrkum eins og þeim, sem hafa hrjáð þá í sumar, án þess að

stofna afkomu þeirra í verulega hættu. Í þeirri fullvissu, að vandann megi leysa, hef ég leyft mér að flytja þessa till. til þál. og vænti þess að hv. Alþ. meti stöðu bænda svo, að úrbóta sé rík þörf að þessu leyti, og styðji hana.

Það er að mínum dómi þjóðarnauðsyn að öryggi og bjartsýni megi marka viðhorf manna til landbúnaðarins og þeirra sem við hann starfa. Þá er ekki síður mikilvægt að óburrkasumar eins og það, sem við áttum við að búa nú síðast, skapi ekki landbúnaðarmönnum aukinn kostnað í rekstri og það svo að jaðrar við efnahagslega uppgjöf og stöðvun atvinnurekstrarins og þá um leið framleiðslu hinna lífsnauðsynlegu fæðutegunda, sem frá honum koma, svo og þess hráefnis fyrir eftirsóttar iðnaðarvörur úr skinnum og ull sem eru hátt metnar bæði innanlands og utan.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu um þessa þáltill. Ég vil leyfa mér að leggja til að umr. um hana verði frestað á einhverju stigi og henni vísað til atvmn. til athugunar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sykurhreinsunarstöð í Hveragerði, þáltill. (þskj. 297). — Ein umr.

Flm. (Þórarinn Sigurjónsson): Herra forseti. Á þskj. 297 hef ég leyft mér að flytja till. til þál. um sykurhreinsunarstöð í Hveragerði, sem hljóðar á þessa leið:

„Alþ. ályktar að fela ríkissti. að láta fram fara könnun á hagnýtu gildi þeirrar hugmyndar sem upp hefur komið um sykurhreinsunarstöð í Hveragerði."

Á síðasta þingi lagði ég þessa till. fram, en ekki vannst tími til þess að ræða hana þá. Er hún því lögð hér fram aftur nú til umr. og ályktunar. Vil ég nú gera nokkra grein fyrir helstu þáttum þessa máls.

Með það í huga að auka og efla iðnað okkar hjóðar ásamt því að spara dýrmætan gjaldeyri er þessi till. flutt. Iðnaður hefur aukist og eflst hér á liðnum árum, en betur má ef duga skal. Það er sú atvinnugrein sem búa verður betur að og byggja markvisst upp í landi okkar, svo að hún geti veitt mörgum sinnum fleira fólki atvinnu heldur en hún gerir nú. Iðnaðurinn þarf líka að afla okkur gjaldeyris og spara gjaldeyri með því að flytja inn hrávöru og fullvinna hér innanlands.

Kemur þá iðjuver til hreinsunar á hrásykri vissulega til greina skv. ítarlegum athugunum og áætlunum, sem Hinrik Guðmundsson verkfræðingur hefur gert, er sýnt fram á að við gætum sparað a. m. k. 150 millj. kr. í gjaldeyri á ári með því að reisa hér á landi sykurhreinsunarstöð, en þó því aðeins að allur sá sykur, sem hér er notaður, færi í gegnum þessa stöð. Sú till., sem hér er flutt, gerir ráð fyrir að stöðin yrði reist í Hveragerði þar sem jarðvarmi er mikill, en við hreinsun á sykri þarf allmikla gufu sem erlendis er framleidd í gufukatli með olíukyndingu. Hveragerði er einnig nærri aðalmarkaðssvæðum landsins sem eru hér á Suðvesturlandi.

Til landsins hefur hingað til eingöngu verið fluttur inn fullhreinsaður og pakkaður sykur til neyslu og iðnaðar, ýmist reyrsykur frá hitabeltislöndum eða rófnasykur frá Evrópu. Á undanförnum árum hefur sykurinnflutningur verið sem hér segir skv. hagskýrslum: Árið 1966 voru flutt inn 10 410 tonn, árið 1967 10 470 tonn, árið 1968 11 834 tonn, árið 1969 10 001 tonn, árið 1970 10 252 tonn, árið 1971 9 653 tonn, árið 1972 10 133 tonn, árið 1973 9 450 tonn, árið 1974 10 236 tonn, eða að meðaltali þessi 9 ár 10 271 tonn. Þessi innflutningur hefur skipst þannig að af strásykri hafa verið flutt inn 8 684.4 tonn að meðaltali af molasykri 911.3 tonn, púðursykri 241.6 tonn, flórsykri 414.8 tonn og kandissykri 18.9 tonn.

Eins og þessar tölur sýna er sykurneysla íslendinga allstöðug um 10 þús. tonn á ári. Sykurneyslan hefur verið mest um 55 kg á mann á ári, en hefur lækkað nokkuð undanfarin ár og er nú tæplega 50 kg á mann á ári. Íslendingar eru í hópi þeirra þjóða sem nota hlutfallslega mestan sykur og er í því ekki að vænta að sykurneysla hér á landi aukist nema í hlutfalli við fólksfjölgun.

Á árunum 1963 og 1964 var byrjað að flytja inn sykur í smásöluumbúðum og slíkur innflutningur hefur aukist með árunum. Hann er nú um 30% af innfluttum strásykri og yfir 90% af innfluttum molasykri. Og í þeirri athugun, sem Hinrik Guðmundsson verkfræðingur, hefur unnið og hér er stuðst við, er gert ráð fyrir að flytja inn hrásykur lausan í lest og hreinsa hér og pakka til notkunar á innanlandsmarkaði í stað þess að flytja inn hreinsaðan og pakkaðan sykur eins og gert hefur verið.

Nauðsynlegt er, áður en lengra er haldið, að gera sér nokkra grein fyrir hvaða stærð af verksmiðju okkur hentaði best. Að mínum dómi þarf hún fyrst og fremst að geta fullnægt innanlandsmarkaðnum eins og hann er í dag og helst með nokkurri aukningu. Sykurverksmiðjur eru af ýmsum stærðum. T. d. í Vestur-Þýskalandi skiptast þær um þessar mundir í eftirfarandi stærðarflokka miðað við afköst af hreinsuðum sykri: Verksmiðja, sem getur hreinsað allt að 7 500 tonnum á ári, er engin. Verksmiðjur, sem geta hreinsað 7 501—12 500 tonn á ári, eru tvær. Verksmiðjur, sem geta hreinsað 12 501—20 000 tonn á ári, eru 8. Verksmiðjur, sem geta hreinsað 20 000—30 000 tonn á ári, eru 20. Og verksmiðjur, sem geta hreinsað yfir 30 000 tonn á ári eru 25. Af þessu sést að sykurverksmiðjur af þeirri stærð, sem hentar hér á landi, eru allvel bekktar í Vestur-Þýskalandi og þá væntanlega víðar, en það mun vera verksmiðja sem afkastaði 12—20 þús. tonnum á ári.

Að undanförnu hefur sykurverð sveiflast mikið á uppboðmörkuðum sykurútflytjenda og fer það aðallega eftir árferði og uppskeru í sykurframleiðslulöndunum. Reyrsykur frá hitabeltislöndunum er ódýrari í framleiðslu en rófnasykur frá Evrópu. Helstu sykurútflutningslöndin eru í hitabeltinu, t. d. Kúba og ýmis önnur ríki við Karabískahafið. Undanfarin tvö ár hefur sykurverð stigið hærra en nokkru sinni fyrr á uppboðsmörkuðum, en er nú aftur á niðurleið.

Þau lönd, sem sykur var fluttur inn frá á

árinu 1974 til Íslands, eru þessi: Frá Belgíu var flutt inn 875 tonn, frá Bretlandi 3 949 tonn, frá Danmörku 1 037 tonn, frá Finnlandi 1 526 tonn, frá Hollandi 84 tonn, frá Póllandi 560 tonn, frá Tékkóslóvakíu 845 tonn, frá Austur-Þýskalandi 401 tonn, frá Vestur-Þýskalandi 475 tonn, frá Sovétríkjunum hefur ekkert verið flutt inn á árinu 1974, en hefur oft verið flutt inn þaðan nokkurt magn, frá Bandaríkjunum 485 tonn.

Eftirfarandi tölur bregða nokkru ljósi á sykurbúskap þeirra ríkja sem um ræðir. Hann hefur verið þessi á árinu 1974: Finnland hefur flutt inn 158 000 tonn, en út 19 þús. tonn. EBE-löndin hafa flutt inn 2 millj. 184 þús tonn, en út 1 millj. 128 þús. tonn. Pólland hefur flutt inn 28 þús. tonn, en út 183 þús. tonn. Tékkóslóvakía hefur flutt inn 165 þús. tonn, en út 189 þús. tonn. Austur-Þýskaland hefur flutt inn 285 þús. tonn, en út 186 þús. tonn. Sovétríkin hafa flutt inn 1 millj. 856 þús. tonn, en út 117 þús. tonn. Sósíalísku ríkin í Evrópu hafa alls flutt inn 2 millj. 836 þús. tonn, en út 733 þús. tonn. Bandaríkin hafa alls flutt inn 5 millj. 250 þús. tonn, en út 62 þús. tonn. — Enn fremur má gera sér nokkra grein fyrir því hvernig þetta hefur skipst meðal heimsálfa. Evrópa hefur flutt inn 6 millj. 760 þús. tonn, en út 1 millj. 916 þús. tonn. Norður-Ameríka hefur flutt inn 6 millj. 198 þús. tonn, en út 105 þús. tonn. Mið-Ameríka hefur flutt inn 24 þús. tonn, en út 8 millj. 197 þús. tonn. Suður-Ameríka hefur flutt inn 244 þús. tonn, en út 3 millj. 982 þús. tonn. Asía hefur flutt inn 6 millj. 379 þús. tonn, en út 3 millj. 320 þús. tonn. Afríka hefur flutt inn 1 millj. 768 þús. tonn, en út 2 millj. 138 þús. tonn. Ástralía hefur flutt inn 197 þús. tonn, en út 2 millj. 75 þús. tonn.

Af framangreindum tölum er ljóst að meginið af sykurinnflutningi íslendinga kemur frá Evrópuþjóðum sem framleiða rófnasykur, en hann er dýrari en reyrsykur frá hitabeltislöndunum. Enn fremur eru flest ríki ekki sjálfum sér nóg um sykurframleiðslu og kaupa því það sem á vantar annars staðar að. Sá sykur kemur aðallega frá Suður-Ameríku og Ástralíu. Þau Evrópuríki, sem eru aflögufær um sykur, eru í efnahagsbandalögum sem í heild fullnægja ekki sykurþörfum sínum. Það virðist því nokkuð ljóst að ekki hefur verið fluttur inn sykur af offramleiðslubirgðum Evrópuframleiðenda, heldur hefur verið keyptur beint eða óbeint innfluttur sykur hinna ýmsu ríkja frá hitabeltislöndunum sem innflytjendur hafa síðan hreinsað og selt áfram. Þetta er einkar ljóst um Finnland sem hefur litla sykurframleiðslu, enda vaxa sykurrófur ekki nema allra syðst í Finnlandi. Af þessu má ályktа að hyggilegast sé að kaupa hrásykurinn beint frá framleiðendum í Mið- eða Suður-Ameríku og hreinsa hann hér og neyta þess aðstöðumunar í innflutningi og notkun jarðgufu.

Heimsframleiðslan á hrásykri á undanförnum árum hefur verið sem hér segir: Starfsárið 1964—1965 voru framleidd í öllum heiminum 67.7 millj. tonn. Árið 1965—1966 var það 67.9 millj. tonn. Árið 1966—1967 var það 69.7 millj. tonn. Árið 1967—1968 var það 71.2 millj. tonn. Árið 1968—1969 var það 74.4 millj. tonn. Árið 1969—1970 var það 80.7 millj. tonn. Árið 1970—1971 var það 77.2 millj. tonn. Árið 1971—1972 var það 77 millj. tonn. Árið 1972—1973 var það 81.1 millj. tonn. Árið 1973—1974 var það 86.3 millj. tonn. Árið 1974—1975 var það 86.1 millj. tonn. Tölur framleiðsluáranna 1974—1975 eru bráðabirgðatölur. Endanlegar upplýsingar liggja ekki fyrir enn þá.

Af þessum tölum er ljóst að sykurframleiðslan í heiminum fer stöðugt vaxandi. Einnig er vitað að árið 1964—1965 er framleiðsla af rófnasykri 41.8% af heimsframleiðslunni, en 58.2% reyrsykur, en árið 1973—1974 er rófnasykurinn orðinn 37.9% af heimsframleiðslunni og reyrsykurinn 62.1%. Af þessum tölum er greinilegt að framleiðslan á reyrsykri vex miklu hraðar en framleiðsla á rófnasykri. Á 10 ára tímabili hefur reyrsykursframleiðslan vaxið úr 39.4 millj. tonna í 53.6 millj. tonna, en rófnasykursframleiðslan á sama tíma úr 28.3 millj. tonna í 32.7 millj. tonna. Það er einnig ljóst að heimsframleiðslan á sykri hefur verið mjög mikil á starfsárinu 1972—1973 og næstu tvö starfsár þar á eftir er metframleiðsla bæði árin.

Ekki reyndist það þó svo að þessi mikla framleiðsla hefði áhrif hér á landi til lækkunar fyrr en á árinu 1975. Hvað það er, sem veldur þessu, er ekki gott að segja. E. t. v. er það vegna minni framleiðslu á sykri í Evrópu. Eða er það vegna fjölþjóðasamtaka sykurframleiðenda og sykurinnflutningslanda sem gert hafa með sér samninga. Vitað er að til þess að hemja hinn frjálsa markað var sett ákveðið viðmiðunarverð, settar reglur um lágmarksbirgðir af sykri, 10—20%, sem haldið væri eftir í geymslum og hægt væri að setja á markaðinn ef verð hækkaði yfir ákveðin mörk, og kvöð um að draga úr framboði á sykri ef verð lækkaði niður fyrir ákveðin mörk. Enn fremur var ákveðinn útflutningskvóti, 7 millj. 708 þús. tonn, af hrásykri sem var skipt á sykurútflytjendur í hlutfalli við fyrri útflutning þeirra. Um þetta leyti var sykurframleiðslan í heiminum um 80 millj. tonn á ári og þá er ljóst að útflutningskvótinn var aðeins 10% af heimsframleiðslunni. Undanskilinn var allur sykur sem var seldur innan ramma sykursamnings Breska samveldisins og samkv. sykurlögum Bandaríkjanna og samkv. sykursamningi Afríkuríkja og einnig sykurútflutningur Kúbu til sósíalískra ríkja. Enn fremur er sykurframleiðslu og sykurverslun Efnahagsbandalags Evrópu stjórnað með reglugerðum og fyrirmælum frá höfuðstöðvum þess í Brüssel, en þar er m. a. ákveðið fyrir fram hvað mikill sykur hvert aðildarríki megi framleiða á hverjum tíma og hvernig verðlagi skuli háttað.

Af framangreindu má draga þá ályktun, að megnið af sykurframleiðslu heimsins sé selt samkv. sérstökum verslunarsamningum framleiðenda og kaupenda sem vænta má að séu að jafnaði hagstæðari en þau kjör sem fást á uppboðsmörkuðum. Því er sérstök ástæða til að athuga möguleika á slíkum hrásykurkaupum í sambandi við fisksölu til sykurframleiðsluþjóða, einkum þeirra sem búa í hitabeltinu. Þar er sykurinn ódýrastur í framleiðslu og þar búa þær þjóðir sem helst þurfa á fiskmeti að halda.

Í nóv. s. l. kom hingað til lands sendiherra Kúbu á Íslandi sem hefur aðsetur í Svíþjóð.

Kom hann til þess að undirrita viðskiptasamning, sem gerður var milli Íslands og Kúbu. En við Kúbu hafa Íslendingar áður haft viðskipti m. a. annars selt þangað fisk og keypt þaðan sykur og fleiri vörur. Þegar sendiherrann var staddur hér á landi hafði blaðamaður við hann viðtal vegna hugsanlegra viðskipta og spurði þá hvort hugsanlegt væri að kaupa hrásykur frá Kúbu og borga t. d. með saltfiski. Sendiherrann sagði, með leyfi forseta: „Kúba er stórframleiðandi á hrásykri og við seljum sykurframleiðslu okkar í formi hrásykurs til útlanda. Við framleiðum nú um 6.5 millj. tonna af hrásykri. Við notum sjálfir um ½ millj. tonna, sem fer til neyslu og iðnaðar, en 6 millj. tonna flytjum við út til ýmissa landa. Án þess að ég hafi hugsað þessa hugmynd sérstaklega, að selja hrásykur fyrir fisk, þá virðist hún vera athyglisverð og verð nánari skoðunar."

Þetta voru ummæli sendiherra Kúbu. Af ummælum sendiherrans er ljóst að ekki er ósennilegt að hægt væri að gera viðskiptasamning við Kúbu um þessi viðskipti.

Er þá komið að því að gera nokkra grein fyrir stofnkostnaði verksmiðju sem okkur mundi henta. Eins og áður er fram tekið er gert ráð fyrir að reisa sjálfa verksmiðjuna með pökkunaraðstöðu og geymslu fyrir hreinsaðan sykur í Hveragerði. Þar er næg jarðgufa og vatn og vinnuafl. Hrásykurgeymsla ásamt geymslu fyrir hreinsaðan sykur til daglegrar afgreiðslu yrði reist í Sundahöfn í Reykjavík. Hinrik Guðmundsson verkfræðingur hefur gert þessa kostnaðaráætlun, og í þeirri áætlun, sem hér fer á eftir, — er að mestu gengið út frá tilboðum frá BMA í Þýskalandi í öll tæki, stálgrindur og innréttingar, en útlitsteikningar eru frá Lucks & Co. Einnig er stuðst eftir þörfum við upplýsingar sérfróðra manna á hinum ýmsu sviðum. Miðað er við iðjuver sem getur hreinsað 50 tonn af sykri á sólarhring, en er rekið á tveimur vöktum. Þriðju vaktinni má bæta við þegar þörf krefur, og ætti þessi verksmiðja að geta fullnægt þörfum þjóðarinnar í a. m. k. 20—30 ár. Gert er ráð fyrir að öll pökkun fari fram í dagvinnu og að pakka 35% af strásykrinum og öllum molasykrinum og öðrum sykurtegundum í smáumbuðir. Allir kostnaðarliðir eru riflega áætlaðir og er því enginn sérstakur liður fyrir ófyrirséðu. Þessi stofnkostnaðaráætlun er þá svona:

1. Byggingarkostnaður með heimtaugargjöldum er 185 millj. kr.
2. Lóðargjöld 10.4 millj.
3. Vélar, tæki, stálgrindur, fob.-verð 400 millj.
4. Flutningskostnaður og uppskipun 18 millj.
5. Tollar og söluskattur 125 millj.
6. uppsetning véla og tækja, gangsetning 80 millj.
7. Sérfræðingar 12 millj.
8. Frágangur á lóð 1.6 millj.
9. Bifreiðar 23 millj.
10. Þjálfun starfsfólks 1 millj.
11. Vaxtakostnaður á byggingartímanum 50 millj.
12. Veltufjármunir 223 millj.

Stofnkostnaður yrði þá alls 1 milljarður 129 millj., en tollar og söluskattur eru þarna áætlaðir 125 millj., sem er ekki óeðlilegt að væru dregnir frá, og er þá stofnkostnaðurinn án tolla og söluskatts 1 milljarður 4 millj. Ég tel að tolla og söluskatt væri ekki óeðlilegt að draga frá þar sem þeir koma ekki á sykurinnflutning, eru ekki lagðir á hann. Því er sanngirnismál að athugað verði hvort ekki sé hægt að minnka þennan stofnkostnað með því að draga þessa tolla frá. Á það ber einnig að líta að það samrýmist ekki að ætla fyrirtækinu annars vegar að standast samkeppni við erlendar sykurverksmiðjur og krefjast hins vegar stórra fjárhæða í tollum og söluskatti, sem keppinautarnir eru lausir við. Auk þess eru hin erlendu fyrirtæki flest gamalgróin, vafalaust með eignir sínar afskrifaðar að miklu eða öllu leyti.

Á það skal sérstaklega bent að innlendir kostnaðarliðir eru reiknaðir á verðlagi í sept. 1975, en tilboð BMA á væntanlegu verði 1976. Byggingarkostnaður er miðaður við verksmiðju og geymslubyggingu ásamt og skrifstofuhúsnæði úr steinsteypu í Hveragerði svo og járn- og stálgrindaskemmu við Sundahöfn hvort tveggja samkv. uppdráttum Lucks & Co. og BMA. Heimtaugargjöld eru innifalin. Lóðargjöld, í Hveragerði er gatnagerðargjald af 20 þús. fermetra lóð og 1 800 fermetra húsi 4 millj. 360 þús. kr. Í Reykjavík er gatnagerðargjald af 13 þús. rúmmetra skemmu 5 millj. 850 þús. kr., byggingarleyfisgjald er 152 100 kr. og holræsagjald o. fl. 7 900 kr. eða alls 6 millj. 10 þús. kr. Vélar, tæki og stálgrindur, þessi liður er samkv. tilboði BMA og innifelur í sér öll tæki og áhöld til verksmiðjunnar að meðtöldum raflögnum, lömpum og leiðslum svo og nauðsynlegum varahlutum. Það er vafalaust margt af því, sem er tilgreint í tilboðinu, unnt að smíða hérlendis eftir uppdráttum BMA, en það gæti lækkað þennan lið og flutningskostnað að mun. Flutningskostnaður og uppskipunarkostnaður er áætlaður samkv. upplýsingum frá Eimskipafélagi Íslands hf. og Hafnarskrifstofunni. Tollur og söluskattur eru metnir samkv. tollskrá og með hliðsjón af vörum og vörumagni. Vörugjald er ekki tekið með í þessum útreikningum. Uppsetning véla og tækja er áætluð með hliðsjón af uppsetningarkostnaði ýmissa verksmiðja hér á landi. Innifalinn er kostnaður af sérfræðingum seljanda tækjanna við uppsentingu þeirra. Sérfræðingar, hér er áætlaður kostnaður vegna sérfræðinga við undirbúning og byggingu verksmiðjunnar. Frágangur lóðar þarfnast ekki skýringa. Bifreiðar, gert er ráð fyrir tveimur yfirbyggðum flutningabifreiðum með sturtum. Hvor bifreið þarf að geta flutt 13 tonn af sykri í ferð. Enn fremur er gert ráð fyrir bifreið fyrir forstjóra og sendibifreið. Þjálfun starfsfólks, rétt þótti að gera ráð fyrir nokkurri upphæð í þessu skyni. Vaxtakostnaður á byggingartímanum er áætlaður með hliðsjón af tilboði BMA, en þar er gert ráð fyrir ⅛ greiðslu við pöntun tækjanna, ⅛ greiðslu að hálfnuðum afgreiðslufresti og ⅛ greiðslu við afhendingu varanna. Þá er einnig vitað nokkurn veginn hvernig greiðslur falla á byggingartímanum. Veltufjármunir eru fundnir þannig að áætlaður eru meðalbirgðir af hrásykri 1300 tonn, vörubirgðir af hreinsuðum sykri 400 tonn, gjaldfrestur til heildsala 2500 tonn. Mundi það gera um 500

millj. 900 þús. Gjaldfrestur er aftur áætlaður frá hrásykursseljanda 3 þús. tonn sem væri þá 285 millj. sem dragast frá þessum 500 millj. og yrði þá 215 millj. 900 þús. sem þyrfti í veltufé. Auk þess er talið rétt, að áætla sjóð til daglegra viðskipta 7 millj. kr. Þess vegna er þessi liður áætlaður 222 millj. 900 þús. kr.

Rétt er að gera sér ofurlitla grein fyrir því hvernig rekstur sykurhreinsunarstöðvar kæmi út hér á landi, en hér er eingöngu um að ræða áætlunartölur miðað við verðlag í sept. 1975 sem mun vera verulega hærra en sykurverð er nú. Það eru þá fyrst tekjur. Strásykur í 50 kg pokum, 5785 tonn, er áætlaður 734 millj. 695 þús. Strásykur í 2 kg pokum, 3115 tonn, yrði 445 millj. 445 þús. Molasykur í 1 kg pokum, 1 þús. tonn, yrði 166 millj. Flórsykur, 500 tonn, yrði 83 millj. Púðursykur, 250 tonn yrði 41 millj. 500 þús. Kandíssykur 20 tonn, 5 millj. 720 þús. Melassi 660 tonn, 21 millj. 120 þús. Samtals yrðu tekjur 1 milljarður 497 millj. 480 þús. kr.

Gjöld yrðu aftur þessi: Hrásykur, 11 600 tonn, 1 milljarður 183 millj. 200 þús. kr. Rekstrarvörur, ýmis efni og umbúðir, 38 millj. Gufa, 33 þús. tonn, 1 millj. 650 þús. kr. Rafmagn, 1 millj. 300 þús. kwst., 7 millj. Viðhald og viðgerðir 1 millj. Flutningskostnaður Reykjavík-Hveragerði og Reykjavík aftur til baka 6 millj. Opinber gjöld, 1% aðstöðugjald o. fl. 14 millj. Iðnlánasjóðsgjald, 0.6%, 7 millj. 864 þús. Samtals breytilegur kostnaður 1 milljarður 258 millj. 714 þús. kr. Fastur kostnaður af mannahaldi 68 millj., skrifstofukostnaður 1 millj. 500 þús., lóðaleiga 340 þús., tryggingar 4 millj., fasteignagjöld 13 millj. 500 þús., afskriftir 55 millj. 290 þús. Samtals 142 millj. 630 þús. kr. fastur kostnaður. Rekstrarhagnaður fyrir vexti yrði þá 96 millj. 136 þús. kr. og yrði sama niðurstöðutala gjaldamegin 1 milljarður 497 millj. 480 þús. kr.

Vil ég gefa nokkrar skýringar við þennan rekstrarreikning. Við ákvörðun á verksmiðjuverði á hreinsuðum sykri er höfð hliðsjón af kostnaði á innfluttum sykri. Í tekjuliðum er gert ráð fyrir verði til heildsala á sykrinum. Verð á melassa er ákveðið með hliðsjón af verði á fóðurvöru, en melassi er ágætt fóður í nautgripi, einkum um burðartímann, og er gert ráð fyrir að hægt verði að nýta hann til fóðurs. Rekstrarvörur eru áætlaðar samkv. rekstrarvöruskrá frá BMA og verðupplýsingum frá viðkomandi framleiðendum og seljendum varanna. Gufuverð er ákveðið samkv. upplýsingum frá jarðboranadeild Orkustofnunar. Rafmagnsverð er reiknað samkv. gjaldskrá Rafveitu Reykjavíkur sem er nokkru hærra en gjaldskrá Rafmagnsveitu Hveragerðis. Viðhald og viðgerðir er áætlað með hliðsjón af því að varahlutir eru með í tilboði BMA. Flutningskostnaður frá Reykjavík til Hveragerðis og frá Hveragerði til Reykjavíkur er áætlaður með hliðsjón af flutningskostnaði á líparíti úr Hvalfirði til Sementsverksmiðju ríkisins á Akranesi. Farnar yrðu 16—20 ferðir á viku með hrásykur til Hveragerðis og hreinsaðan sykur til Reykjavíkur. Laun bifreiðastjóra eru innifalin, en ekki afskriftir, þær eru í heildarafskriftum. Opinber gjöld eru reiknuð samkv. lögum og reglugerðum, aðstöðugjald, sem er 1% fyrir iðnað, er aðalgjaldið, en önnur gjöld eru minni háttar. Iðnlánasjóðsgjaldið er 0.6% af sama stofni og aðstöðugjaldið. Kostnaður af mannahaldi er áætlaður með hliðsjón af kaupgjaldi viðkomandi stétta frá 1. okt. 1975 og hlunnindum þeim til handa. Reiknað er með forstjóra, sérfræðingi, skrifstofustjóra, 3 skrifstofumönnum, verkstjórum og handverksmönnum 10 og verkafólki 44, samtals 60 manns. Skrifstofukostnaður er áætlaður fyrir pappír, ritföng, síma og burðargjöld og þess háttar. Lóðaleiga er reiknuð út samkv. leigugjaldi í Reykjavík og Hveragerði. Tryggingar eru áætlaðar samkv. upplýsingum tryggingafróðra manna. Fasteignagjöld eru reiknuð út samkv. reglum um þau í Reykjavík og Hveragerði. Helst þeirra eru fasteignaskattur, vatnsskattur, brunabótaiðgjald með söluskatti. Afskriftir eru ákveðnar eins og þær eru venjulegast ákveðnar. Rekstrarafgangur á fyrsta ári fyrir vexti er samkv. framangreindum forsendum rúmlega 96 millj. eða 9.6% af stofnkostnaði fyrirtækisins. Sé gert ráð fyrir að afskrifa fyrirtækið árlega um sömu upphæð, 55.29 millj. kr., skilar það stofnkostnaðinum að fullu á 18 árum með rúmlega 18% vegnum meðalvöxtum. Hins vegar má gera ráð fyrir að umsetning fyrirtækisins vaxi með tímanum í hlutfalli við fjölgun þjóðarinnar, en það mundi bæta hag þess umfram það sem hér er reiknað. Fyrirtækið mundi fljótlega greiða skatta til hins opinbera umfram þær 35.7 millj. kr. á ári sem í upphafi er gert ráð fyrir að það greiði samkv. þessum rekstrarreikningi. Gert er ráð fyrir að hrásykursverð frá Rotterdam sé um 17% lægra en á hreinsuðum sykri frá sama stað. Flutningskostnaður yrði um 42% minni, uppskipunargjald yrði um 34% minna, önnur gjöld, svo sem vörugjald, leyfisgjald, bankakostnaður og fleira, yrði 20—30% minna. Væri því sennilegt að sparast mundu á þessum liðum í kringum 28% og mundi stuðla að hagkvæmara sykurverði. Þá er líka rétt að benda á að öll sú vinna og orka, sem notuð væri við hreinsunina, er innlend, en ekki keypt erlendis frá, og er það meginkosturinn við þessa tilhögun. Um mengun frá slíkri stöð er ekki að ræða, að því að mér er tjáð. Rekstrarlegir yfirburðir innlendrar sykurhreinsunarstöðvar eru einkum í því fólgnir að nota ódýra jarðgufu og sparnaður á flutningsgjöldum og út- og uppskipunargjöldum.

Í áætlun, sem hér hefur verið lýst, er reiknað með árlegri notkun 33 þús. tonna af jarðgufu sem kostar samkv. upplýsingum jarðboranadeildar Orkustofnunar 50 kr. tonnið, en það er um 1/23 af verði gufu sem er framleidd í gufukatli með kyndingu ódýrustu svartolíu. Þessi sparnaðarliður nemur 36.3 millj. kr. á ári. Flutningskostnaður á innfluttum hreinsuðum sykri í sekkjum og kössum er nú 6944 kr. á tonn frá Rotterdam, en flutningskostnaður á fóðurvöru lausri í lest er 4278 kr. á tonn og á áburði lausum í lest 3772 kr. tonnið frá sama stað. Þar sem hrásykur er eðlisþyngri en fóðurvara er flutningur á honum vafalítið ódýrari en á fóðurvöru, og með hliðsjón af flutningskostnaði á áburði er ekki ósennilegt að reikna megi með því að flutningskostnaður á hrásykri lausum í lest sé um 4 þús. kr. tonnið frá Rotterdam. Við innflutning á hrásykri þarf að flytja inn um 9% meira

magn en af hreinsuðum sykri. Þegar tillit hefur verið tekið til þess er sparnaður á flutningskostnaði um 29.7 millj. kr. á ári. Þessi sparnaðarliður gæti orðið hærri ef hrásykurinn yrði fluttur samkv. sérstökum samningum við flutningaskip sem væri í förum á þeim slóðum sem flytja ætti hrásykurinn frá. Uppskipunarkostnaður á pökkuðum sykri og sekkjum eða kössum er nú 1140 kr. á tonn + 230 kr. á tonnið *vörugjald til* hafnarsjóðs, eða 1370 kr. á tonn, en með hliðsjón af upplýsingum frá Áburðarverksmiðju ríkisins í Gufunesi má reikna með uppskipunarkostnaði á hrásykri lausum úr lest 390 kr. tonnið + vörugjald 64 kr. til hafnarsjóðs eða alls 454 kr. á tonn. Þessi sparnaðarliður mundi þá nema um 9.4 millj. kr. á ári.

Rekstrarlegir yfirburðir innlendrar sykurhreinsunarstöðvar eru samkv. þessum þremur liðum rúmlega 75 millj. kr. á ári.

Herra forseti. Þessi þáltill. er flutt hér til þess að fá úr því skorið hvort ekki sé þjóðhagslega hagkvæmt að byggja hér á landi og reka sykurhreinsunarstöð, sem telja verður mjög líklegt eins og hér hefur verið bent á. Ég tel það brýnt hagsmunamál allrar þjóðarinnar að innlend *iðnaðarframleiðsla verði efld* svo sem kostur er, ekki aðeins tímabundið á meðan við erum að komast út úr þeim mikla efnahagsvanda sem við erum nú að glíma við, heldur með traustri uppbyggingu til frambúðar. Forsenda þess, að lífskjör landsmanna séu góð, er að allir hafi nóg að starfa og að við það aukist þjóðarhagur. Fjárfestingarstefna okkar hlýtur því að hafa það að meginmarki að sú fjárfesting, sem sýnir mesta arðsemi, hafi forgang. Slík vinnubrögð tryggja örastan vöxt þjóðarteknanna. Með tilliti til þess veigamikla hlutverks, sem íslenskur iðnaður gegnir og hlýtur að gegna í atvinnuuppbyggingu landsins í framtíðinni, er eðlilegt að hlutur hans í fjármagni til fjárfestingar sé mikill. Verður því að álíta að nauðsynlegt sé að ítarleg athugun á hugmynd um sykurhreinsunarstöð fari sem fyrst fram.

Herra forseti. Ég legg svo til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til atvmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 80. fundur.

Þriðjudaginn 16. mars, kl. 4 síðdegis.

Vátryggingariðgjöld fiskiskipa, frv. (þskj. 339, n. 412, 414 og 415). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 415,1 felld með 21:8 atkv.
1. gr. samþ. með 22:2 atkv.
Brtt. 415,2 felld með 20:7 atkv.
2. gr. samþ. með 20:2 atkv.
Brtt. 415,3 felld með 19:7 atkv.
3. gr. samþ. með 20:1 atkv.
Brtt. 415,4 felld með 20:6 atkv.
4.—6. gr. samþ. með 20:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20:1 atkv.

Neðri deild, 81. fundur.

Þriðjudaginn 16. mars, að loknum 80. fundi.

Vátryggingariðgjöld fiskiskipa, frv. (þskj. 339). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 425).

Efri deild, 78. fundur.

Miðvikudaginn 17. mars, kl. 2 miðdegis.

Búnaðarbanki Íslands, frv. (þskj. 411). — 1. umr.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 411 er frv. til l. um breyt. á l. um Búnaðarbanka Íslands, sem er heildarlöggjöf þeirrar stofnunar að öðru leyti en því er varðar Stofnlánadeild og veðdeild.

Fyrstu lög um Búnaðarbanka Íslands eru nr. 31 frá 14. júní 1929. Sú stofnun, Búnaðarbankinn, hefur starfað síðan og hefur farið vaxandi svo sem kunnugt er. Lögum Búnaðarbankans var næst breytt með lögum nr. 15/1941 og eru núgildandi lög bankans að stofni til frá því ári. En lítils háttar breyting var gerð á lögunum 1962 með lögum nr. 75 frá 27. apríl.

Búnaðarbanki Íslands hefur, eins og ég gat um áðan, vaxið mjög á síðari árum og er nú orðinn annar stærsti banki landsins. Innlán bankans voru tæpir 10 milljarðar um síðustu áramót eða 9 milljarðar 925 millj. kr. Aukningin varð 2 milljarðar 360 millj. kr. eða um 32% og þar með mestur vöxtur bankans á einu ári bæði í krónum og hundraðshlutum. Þar með hefur vöxturinn orðið yfir 30% þriðja árið í röð. Er hér um að ræða talsvert meiri aukningu en búist var við, því að spáð var að aukningin mundi verða um 27% í bankakerfinu í heild.

Heildarinnlán viðskiptabankanna námu við áramótin 41.9 milljörðum kr., en meðalaukningin var 29% 1975. Hlutdeild Búnaðarbankans í heildarinnlánum viðskiptabankanna hefur aukist á 10 árum úr 18% í 23.2% á s. l. ári.

Heildarútlán Búnaðarbankans námu um síðustu áramót 8 milljörðum 922 millj. kr. Jukust þau um 2 milljarða 157 millj. kr. eða um 32%. Í þessari heildartölu eru endurseld lán Seðlabankans sem að langmestu leyti eru afurðalán landbúnaðarins svo og verðbréfakaup bankans vegna framkvæmdalána ríkisstj. Afar miklar breytingar hafa orðið á útlánaskiptingu síðustu árin, þar sem afurðalánin hafa aukist mjög verulega. Nema þau nú ⅓ af öllum útlánum bankans.

Til þess að sporna við taumlausri þenslu í efnahagsmálum átti bankinn aðild að sérstöku

útlánatakmarki sem sett var í marsbyrjun og síðan framlengt tvívegis í lítt breyttri mynd til áramóta. Tókst bankanum að standa við þetta mark að fullu, enda voru afurðalán og lán til Framkvæmdasjóðs undanþegin útlánatakmörkunum. Í heild náðu viðskiptabankarnir verulegum árangri í þessum þætti peningamála.

Útlánaflokkun Búnaðarbanka Íslands sýnir að 6 milljarðar 775 millj. kr. eða 76% er lánað til atvinnuveganna, 1 milljarður 277 millj. kr. eða 14% til opinberra aðila, 920 millj. kr. eða 10% til einkaaðila. Af lánum til atvinnuveganna er hlutur landbúnaðarins langstærstur. Næstir koma iðnaður og síðan verslun.

Staða Búnaðarbanka Íslands við Seðlabanka Íslands á s. l. ári, lausafjárstaða bankans, var mjög góð allt árið og myndaðist aldrei yfirdráttarskuld við Seðlabankann. Á áramótum var innistæða á viðskiptareikningi í Seðlabanka Íslands að upphæð 1 milljarður 37 millj. kr. A bundnum reikningi í Seðlabankanum voru í árslok 1 milljarður 983 millj. kr. vegna ákvæða um 23% bindiskyldu innlána. Jókst þessi innstæða um 529 millj. kr. Endurkaup Seðlabankans voru á árinu 1975 2 milljarðar 810 millj. kr. Að mestu leyti er hér um að ræða afurðalán landbúnaðarins, en einnig að hluta afurðalán sjávarútvegsins og rekstrarlán til iðnaðarins. Af þessu er ljóst að inneignir í Seðlabankanum námu hærri fjárhæð en heildarendurkaup hans voru af Búnaðarbankanum. Rekstrarafkoma bankans var hagstæðari en nokkru sinni fyrr í sögu bankans, en tekjuafgangur til ráðstöfunar var 124 millj. kr. Heildarkostnaður við rekstur var 372.5 millj. kr. eða um 42% á móti 56% árið áður. Starfsmannafjöldi var 217, en var 211 árið áður. Er þá meðtalið starfslið Stofnlánadeildar landbúnaðarins og veðdeildar Búnaðarbankans.

Búnaðarbankinn rekur nú 15 útibú, 5 útibú í Reykjavík. Austurbæjarútibú við Hlemm er þeirra stærst með 1 milljarð og 90 millj. kr. innstæðu. Utan Reykjavíkur eru útibúin orðin 11. Frá þeim eru svo reknar afgreiðslur á 5 stöðum. Útibúið á Sauðárkróki er stærst utan Reykjavíkur með 780 millj. kr. innlán. Vöxtur útibúanna hefur verið mjög mikill og eiga þau sinn stóra þátt í velgengni bankans, bæði að því er varðar innlánaaukningu og rekstrarafkomu. Á s. l. ári var innlánaaukning þeirra 40% og nema innlán í þeim um 4.4 milljörðum kr. Nýtt útibú bankans tók til starfa í nóv. s. l. í Vík í Mýrdal á grundvelli samnings við Sparisjóð Vestur-Skaftafellssýslu. Afgreiðsla frá hinu nýja útibúi er að Kirkjubæjarklaustri. Innlán útibúsins eru um 260 millj. um áramót. Í undirbúningi er stofnun nýs útibús í Garðabæ og standa vonir til að það geti tekið til starfa í júní.

Stofnlánadeild landbúnaðarins er helsti fjárfestingarsjóður þessarar atvinnugreinar og deild í Búnaðarbankanum. Heildarútlán deildarinnar í árslok voru 4 milljarðar 209 millj. kr. og jukust um 1214 millj. eða 41%. Lánveitingar á árinu námu 1385 millj. kr., sem er 31% aukning. Mestur hluti lánsveitinganna fór til ræktunarframkvæmda og útihúsabygginga, 738 millj. kr. Til íbúðarhúsa var lánað 185 millj. kr., til vinnslustöðva 162 millj. kr., til dráttarvéla- og vinnuvélakaupa 154 millj. og til annarra framkvæmda 146 millj. Lánveitingar deildarinnar hafa stóraukist á liðnum árum og hefur geta deildarinnar til að lána út úr eigin sjóði minnkað vegna óhagstæðra lánskjara. Í þessu sambandi má geta þess að vextir og afborganir á útlánum deildarinnar námu 407 millj., en vaxta- og afborganabyrði hennar var 584 millj. Lánveitingar Stofnlánadeildarinnar hafa því í auknum mæli verið fjármagnaðar með nýjum lántökum, þannig að lántökur á liðnu ári voru 1460 millj. kr., 598 millj. kr. á næsta ári á undan. Ljóst er því að erfitt ástand er að skapast, en málefni deildarinnar er nú til sérstakrar athugunar hjá landbrn.

Veðdeild Búnaðarbankans hefur það verksvið að lána til jarðakaupa. Veitt voru 83 ný lán á árinu að upphæð 49 millj. kr., en árið áður 44 millj. kr. Lántökur deildarinnar voru 65 millj. kr. og þar af 50 millj. hjá Lífeyrissjóði bænda.

Þessi þáttur, sem ég hef nú greint frá, er í stuttu máli frásögn af þróun Búnaðarbanka Íslands eins og hún hefur verið og sérstaklega þó miðað við s. l. ár. Það sýnir að þessi stofnun er ört vaxandi og starfsemi hennar hefur verið með ágætum.

Ástæðan til þess að nú er verið að breyta lögum Búnaðarbanka Íslands er fyrst og fremst fólgin í því að það er verið að samræma þau lögum hinna ríkisbankanna. Nokkur umr. hefur verið um það og er langt frá því að frá því hafi verið horfið að setja ein lög um alla viðskiptabanka ríkisins. En það breytir engu þó að þessi lög verði sett því að þau mundu þá af sjálfu sér falla inn í það kerfi sem þá yrði myndað. Hins vegar ber brýna nauðsyn til að laga starfsemi Búnaðarbanka Íslands að starfsemi hinna bankanna og gera stöðu hans þannig að ekki verði hægt að líta á hann eins og annars flokks banka, því að það er langt frá því að svo sé þar sem hann er orðinn annar stærsti banki landsins, eins og ég hef nú þegar getið um.

Þá er og að geta þess að með þessu frv. er eitt af því, sem gert er ráð fyrir að breytt sé, að stjórn bankans verði skipuð á sama hátt og er um hina ríkisbankana, að aðalbankastjórar verði þrír í stað tveggja eins og nú er. Munu e. t. v. einhverjir halda því fram að óþarfi væri að gera þá breytingu. En svo er ekki, því að það er óeðlilegt að í svo stórri stofnun sem þessari séu ekki að jafnaði tveir menn til þess að taka ákvarðanir um það sem ákvarðanir þarf að taka um hverju sinni, en svo er ekki í Búnaðarbankanum því að auðvitað eiga bankastjórar þar eins og aðrir menn í þessu landi rétt á sínum fríum og fjarvistum og geta því ekki alltaf verið við látnir. Er því mjög óeðlilegt að það sé einn maður til ákvörðunar í veigamiklum atriðum eins og oft eiga sér stað þarna.

Annað atriði er svo það, sem kemur í framhaldi af þeirri lagasmíð sem hér er verið að gera, og það eru réttindi Búnaðarbanka Íslands til þess að selja gjaldeyri. Var upphaflega hugsað að geta þess sérstaklega í þessu lagafrv. að Búnaðarbankinn gæti verslað með gjaldeyri, en að athuguðu máli þótti ekki ástæða til þess vegna þess að 19. gr. seðlabankalaganna er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Rétt til að versla með erlendan gjaldeyri hafa auk Seðlabanka Íslands Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands. Heimilt er bankastjórn Seðlabankans að fengnu samþykki ráðh. að leyfa öðrum bönkum svo og póststjórninni að versla með gjaldeyri innan takmarka sem hún ákveður.“

Það má segja í sambandi við Landsbankann og Útvegsbankann, sem eru sérstaklega nefndir hér, að lög þeirra voru eldri en Seðlabankans og réttindi þeirra til gjaldeyrissölu voru komin til áður en lög um Seðlabankann voru sett. Þess vegna héldu þeir þessu ákvæði í sínum lögum. Hins vegar er alveg óþarfi að svo sé, þar sem hægt er — og mun verða gert í þessu tilfelli — að taka upp samninga við Seðlabankann eftir að þetta frv. væri orðið að lögum, sem ég vona að verði fyrr en seinna, um að Búnaðarbanki Íslands versli með gjaldeyri eins og hinir bankarnir. Það er ósköp eðlilegt að svo verði því að Búnaðarbanki Íslands hefur í sínum viðskiptum mörg og stór fyrirtæki sem þurfa á gjaldeyrisverslun að halda, en verða að vera í öðrum bönkum með slík viðskipti. Það er óeðlilegt að svo sé og skapar bæði fyrirhöfn og margvíslega aðra erfiðleika að fyrirtæki geti ekki verið í einum og sama bankanum með öll sín viðskipti. Auk þess ber brýna nauðsyn til að Búnaðarbankinn, bæði vegna stærðar sinnar og vegna útibúanna, taki þátt í margs konar viðskiptum, t. d. þeirra staða þar sem hann hefur útibú og um er að ræða atvinnurekstur á sviði ekki bara landbúnaðar, heldur fiskveiða og iðnaðar. Það er því eðlilegt að hann geti greitt fyrir sínum fyrirtækjum að öllu leyti. Það getur hann ekki nema hann fái gjaldeyrisverslunina líka. Ber því brýna nauðsyn til að svo verði, og ég tel mig mega segja að allar líkur eru til að svo geti orðið þegar þessi lög eru komin í framkvæmd, að það muni nást samningar við Seðlabanka Íslands þar um.

Ég vil endurtaka það, að það er mikil nauðsyn á því að svo stór banki sem Búnaðarbankinn er hafi alhliða viðskiptamöguleika til þess að verða enn þá virkari þátttakandi í atvinnurekstrinum í landinu heldur en hann nú er. Það er vilji þeirra, sem stjórna Búnaðarbankanum, að svo verði. En hömlur eru á því að svo geti orðið meðan þetta er ekki komið í lag. Það var ekki heldur hægt að ætlast til þess að með slíkri breytingu væru ekki álíka margir bankastjórar að störfum í þessari stofnun og í öðrum bönkum, þar sem það mundi knýja enn þá meira á störf hinna sem fyrir eru nú ef það ætti að breytast. Hér er því verið að samræma lög Búnaðarbanka Íslands lögum hinna ríkisbankanna, stefna að því með þeirri breytingu að gera Búnaðarbanka Íslands virkari þátttakanda í atvinnu- og viðskiptalífi landsmanna heldur en nú og setja engar hömlur á það frekar en hjá öðrum bönkum að hann hafi alhliða viðskipti.

Stjórn Búnaðarbankans hefur frá upphafi verið góð og sterk, og svo mun verða áfram. Það er því ekki nema eðlilegt að þessi næststærsti banki Íslands sé enginn annars flokks banki, heldur starfi við hlið sinna samstarfsaðila, viðskiptabankanna, með fullum réttindum. Að því mun verða unnið eftir að þetta lagafrv. er orðið að lögum.

Ég leyfi mér að leggja til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn., og ég vona að það fái þar hina bestu fyrirgreiðslu.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég get strax sagt það, að ég hef ekki nema gott eitt um Búnaðarbankann sjálfan að segja. Honum hefur um margt verið vel stjórnað og hann hefur dafnað vel, enda er það ekki og verður ekki aðalatriði þessa máls. Hitt leynir sér ekki, að aðalefni frv., sem hér liggur fyrir til umr., er að bankastjórum bankans verði fjölgað.

Ég skal fúslega taka undir það með hæstv. landbrh. að þau lög, sem nú eru í gildi um Búnaðarbanka Íslands, þarfnast endurskoðunar. Ýmis ákvæði í þeim lögum mega gjarnan vera í betra samræmi við lög um aðra banka. Þetta er laukrétt. En mér sýnist satt best að segja að þeir, sem að þessari endurskoðun stóðu, hafi verið að flýta sér óþarflega mikið og að nokkurs flumbrugangs gæti við undirbúning þessa máls, eins og kemur glöggt fram í aths. við lagafrv. Þar segir m. a.:

„Þriðji kafli laganna um veðdeild bankans var ekki tekinn með við þessa endurskoðun, og gildir hann því áfram í óbreyttu formi. Hugmyndir hafa komið fram um að sameina veðdeildina Stofnlánadeild landbúnaðarins eða gera á starfsemi hennar viðamiklar breytingar, en niðurstaða liggur ekki fyrir. Var því talið rétt að láta þennan kafla bíða, þó brýnt sé að endurskoðun á starfsemi veðdeildarinnar færi fram eins fljótt og kostur er.“

Hér er sem sagt viðurkennt að brýnt sé að breyta starfsemi veðdeildarinnar, enda munu þeir vita, sem kynnt hafa sér fjárhag hennar, að hann er mjög einkennilegur, svo að ekki sé meira sagt. Var þá ekki eðlilegast að doka við og láta alla þessa endurskoðun á málefnum Búnaðarbankans vera samferða í stað þess að taka nú nokkurn hluta þessara mála út úr og ætla að afgreiða þau sérstaklega, en láta hins vegar gömul lög lifa áfram hvað snertir fáeinar greinar? Ég held að flestir hljóti að vera sammála um það, að ef ekki væri einhver mjög sérkennilegur og óeðlilegur flýtir á ferðinni í sambandi við þetta mál, greinilega tengdur því áhugamáli ákveðinna aðila að fjölga bankastjórum við Búnaðarbankann, þá hefðu menn komist að þeirri niðurstöðu að eðlilegast væri að doka aðeins við og láta málið í heild verða samferða.

Það hefur verið afstaða flokks míns, Alþb., að bankakerfið í landinu sé of viðamikið og dýrt. Við höfum haft þá stefnu að nauðsynlegt sé að draga úr óþarfri yfirbyggingu í þjóðfélaginu, og m. a. höfum við beint skeytum okkar að bankakerfinu. Við teljum sem sagt einfaldlega að bankakerfið sé allt of viðamikið eins og það er í dag, allt of dýrt, bankastjórastöður séu allt of margar og raunar starfsmenn í bankamálum óþarflega margir, eins og sýnt hefur verið fram á með samanburði við nálæg lönd.

Þegar vinstri stjórnin svonefnda var mynduð kom í ljós að stjórnarflokkarnir allir gátu sameinast um þetta sjónarmið, og því var tekið upp í málefnasamning þáv. ríkisstj. það ákvæði að bankakerfið allt skyldi endurskoðað og unnið

að sameiningu banka og fjárfestingarsjóða, eins og orðrétt stóð í málefnasamningi þáv. stjórnarflokka. Á grundvelli þessa ákvæðis í málefnasamningi stjórnarflokkanna var hinn 29. maí 1972 skipuð n. til að undirbúa framkvæmd á þessu stefnuatriði. Í n. voru skipaðir 7 menn, úrvalslið manna. Þar áttu sæti Jóhannes Nordal seðlabankastjóri, formaður, Ármann Jakobsson bankastjóri, Björgvin Vilmundarson bankastjóri, Guðmundur Hjartarson seðlabankastjóri, Jóhannes Elíasson bankastjóri og Magnús Jónsson bankastjóri. Þessi n. skilaði áliti dags. hinn 19. jan. 1973, og það ánægjulega var að n. klofnaði ekki í afstöðu sinni til málsins, enda þótt í henni ættu sæti menn úr öllum hinum pólitísku stjórnmálaflokkum. Það er víst ekki oft sem svo góð og ánægjuleg samstaða skapast um þjóðþrifamál, en svo var að þessu sinni.

Meginniðurstöður n. voru í fullu samræmi við það sjónarmið sem við alþb.-menn höfum margsinnis sett fram, þ. e. a. s. að peninga- og lánastofnanir hérlendis séu miklu fleiri en hagkvæmt getur talist, auk þess sem margar þeirra séu of smáar til að geta uppfyllt nútímakröfur um alhliða þjónustu við viðskiptaaðila sína og öryggi fyrir innistæðueigendur og aðra kröfuhafa. Leggur n. jafnframt áherslu á nauðsyn þess að löggjöf, sem varðar starfsemi þessara stofnana, sé endurskoðuð og færð í nútímalegt horf. Telur n. allt benda til víðtæks samkomulags um meginmarkmið sem stefna beri að í þessum efnum, þ. e. a. s. samruna peninga- og lánastofnana í stærri og virkari heildir og einföldun bankakerfisins innan ramma heilsteyptrar löggjafar. Þessi frásögn af niðurstöðum n. er tekin úr aths. við lagafrv. sem samið var á grundvelli þessarar skýrslu bankanefndar.

Umfangsmesti kaflinn í tillögugerð þessarar n. fjallaði um viðskiptabanka í eigu ríkisins. Var á það bent að starfsmannafjöldi þessara þriggja banka sem hér um ræðir, Landsbankans, Útvegsbankans og Búnaðarbankans, væri hvorki meira né minna en 65% af heildarstarfsmannafjölda þeirra peninga- og lánastofnana sem tillögugerðin fjallaði um. Í sambandi við þessa banka var niðurstaða n., svo að ég fari hér fljótt yfir sögu, eins og sagði í nál.: „N. telur rétt að stefna að því að viðskiptabönkum hér á landi fækki í þrjá eða fjóra. Miðað við núverandi aðstæður í bankamálum virðist eðlilegast að ná því markmiði með fækkun hlutafélagsbankanna í einn eða tvo og ríkisbankanna þriggja í tvo.“

Eftir að fjallað hafði verið í skýrslunni um *ýmsar leiðir sem til greina komu til að ná fram* þessari fækkun ríkisviðskiptabankanna komst nefndin að þeirri niðurstöðu, eins og segir í aths. við áðurnefnt frv., að líklegasta leiðin til að skapa hagkvæmt ríkisviðskiptabankakerfi sé að sameina Búnaðarbankann og Útvegsbankann ef jafnframt yrðu gerðar ráðstafanir til að styrkja eiginfjárstöðu og lausafjárstöðu hins sameinaða banka.

Í þessu áliti var einnig gert ráð fyrir því að hinn sameinaði banki tæki við gjaldeyrisréttindum af Útvegsbankanum, en það er mál sem hæstv. landbrh. drap á áðan. Gert var ráð fyrir því að hinn nýi sameinaði banki mundi nálgast Landsbankann að stærð og hafa mjög svipaða dreifingu útlána á atvinnuvegi og aðra lánsaðila eins og Landsbankinn og auk þess mundi hann hafa afgreiðsluaðstöðu í öllum landshlutum mjög til jafns við Landsbankann, þannig að milli þessara tveggja höfuðbanka, sem þá yrðu til, annars vegar sameinaða bankans og hins vegar Landsbankans, yrði mjög mikið jafnræði hvað snertir stærð, viðskiptadreifingu og viðskiptaaðstöðu, og gæti því samkeppni þeirra verið mjög eðlileg og heilbrigð.

Eins og ég gat um áðan var samið lagafrv. á grundvelli þessa ágæta nál. og það var lagt fram á 94. löggjafarþinginu, nánar tiltekið veturinn 1973—1974, og hét frv. til l. um viðskiptabanka í eigu ríkisins. Því miður fór það svo að á þessu þingi náði frv. um viðskiptabanka í eigu ríkisins ekki fram að ganga, og það hefur ekki séð dagsins ljós hér á Alþ. síðan þetta var.

Afstaða Alþb. til þessara mála er óbreytt frá því sem áður var. Við teljum ótvíræða kosti fylgja því að framkvæma uppstokkun í bankakerfinu. Við styðjum það sjónarmið bankanefndarinnar sem ég hef gert hér að umtalsefni, að allmikill sparnaður væri fólginn í sameiningu bankanna, en auk þess mætti búast við betri þjónustu við viðskiptavini bankakerfisins.

Þrátt fyrir það, sem gerst hefur áður í þessum málum, einróma niðurstöðu n. sem skipuð var mönnum úr öllum stjórnmálaflokkum, hefur ekki orðið nein hreyfing á þessu máli í tíð núv. ríkisstj. Það fyrsta, sem gerist yfirleitt í bankamálum landsins eftir að þessi ríkisstj. kemur til valda, er að hæstv. landbrh. leggur fram frv. þar sem gert er ráð fyrir að fjölga bankastjórum Búnaðarbankans. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh. af þessu tilefni hvort hann geti svarað mér því hvort Framsfl. sé fallinn frá fyrri stefnu sinni í þessu máli. Ég veit ekki betur en frv. um viðskiptabanka í eigu ríkisins hafi verið á sínum tíma samþ. af öllum ráðh. þáv. stjórnar, þ. á m. af hæstv. landbrh., og einnig verið samþ. a. m. k. af meiri hl. þingflokks Framsfl. og að þetta hafi því verið yfirlýst stefna flokksins fyrir aðeins tveimur árum. Ef það er svo að Framsfl. hefur breytt stefnu sinni í þessum málum, hvað veldur? Gott væri að fá svör við því. Er þetta merki þess að nú eigi að hverfa í þveröfuga átt og fara að þenja út bankakerfið í stórum stíl, eins og gert var á síðasta áratug illu heilli. Og enn vil ég spyrja: Er það skoðun hæstv. ráðh. að þeir tímar sem við lifum nú, þeir erfiðleikar, sem við blasa á öllum sviðum fjármála, séu rétti tíminn til að fara að fjölga bankastjórum landsins?

Herra forseti. Ég sé í sjálfu sér ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta mál. Alþb. hefur lengi haft þá stefnu að fækka beri bönkum og bankastjórum, en ekki fjölga, og sú stefna er óbreytt. En svo virðist ekki vera um suma aðra flokka sem höfðu þessa stefnu fyrir fáum missirum. Ég vek á því athygli að auk þess sem þetta frv. er ekki tímabært vegna þess að þessi mál ber að sjálfsögðu að skoða í heild sinni og móta í þeim stefnu, þá hefur þetta frv., jafnvel þótt endurskoðað sé, nokkra vankanta sem óeðlilegir eru og rétt er að benda á. Í 8. gr. frv. er til að mynda ákvæði þess efnis að ráðh. sá, sem fari með landbúnaðarmál, hafi yfirstjórn bank-

ans með höndum. Ég tel að þetta sé enn eitt dæmi um það að sú endurskoðun, sem ráðh. heldur fram að farið hafi fram á þessum lögum, hafi verið nokkuð fljótfærnisleg og vanhugsuð. Hvers vegna á hæstv. landbrh. að fara með yfirstjórn Búnaðarbankans? Eins og hv. alþm. er kunnugt er það viðskrh. og bankamálaráðh. sem fer með yfirstjórn Seðlabankans, yfirstjórn Landsbankans og yfirstjórn Útvegsbankans, eins og eðlilegt er ef við viljum reyna að hafa samræmt og skynsamlegt bankakerfi. En það að Búnaðarbankinn heyri undir landbrh. og Iðnaðarbankinn undir iðnrh. er ekkert annað en leifar frá löngu liðnum tíma, „anakronismi“ í dag. Ég vona að hæstv. ráðh. hafi skilning á því að þessu þurfi að breyta. Og það þykir mér satt best að segja góðs viti að hæstv. ráðh. lagði ekki til að frv. yrði vísað til hv. landbn., heldur til fjh.- og viðskn. Það kynni kannske að vera vísbending um að ráðh. væri til viðtals um að þessu atriði yrði þó a. m. k. breytt.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Öfugt við það, sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, reiknaði ég með því eðli málsins samkv. að hæstv. landbrh. mundi leggja til að vísa þessu máli til landbn. Mér sýnist 8. gr. taka af öll tvímæli um það að hér er um að ræða fyrst og fremst landbúnaðarmál, úr því að yfirstjórn bankans á að vera í höndum þess ráðh. sem fer með landbúnaðarmál. Þar af leiðandi hefði landbn. vitanlega átt um þetta mál að fjalla. En ég sakna þess út af fyrir sig ekki neitt að fá ekki tækifæri til að fjalla um þetta frv.

Það er rétt að það er lengi búið að bíða eftir þessu frv. af sumum. Strax haustið 1975 var það boðað í bankaráði Búnaðarbankans að þetta frv. væri alveg á næstu grösum. Það frv. átti reyndar að fela í sér, að því er ég best vissi, sérstök ákvæði um veðdeild Búnaðarbankans sem verður gjaldþrota á þessu ári ef ekki verður þar eitthvert verulegt átak gert og þarf vissulega að að hyggja. Annað aðalatriði þess lagafrv., sem þá var verið að segja okkur frá, var í því fólgið að bankinn fengi gjaldeyrisréttindi. Það virðist nú standa til bóta, eftir því sem hæstv. ráðh. sagði áðan. Það á bara að gerast með heimild ráðh. og samkv. þeirri heimild sem fólgin er í 19. gr. seðlabankalaganna, þannig að gjaldeyririnn á víst að koma þótt ekki sé hann neins staðar hér á pappír.

Það er nú eiginlega um margt eðlilegt að ég hyggi nánar að þessu máli, því að nú um tíma hef ég setið í bankaráði þessa banka og ýmislegt hefur þar upp komið.

Ég get fyllilega tekið undir það sem hæstv. ráðh. sagði áðan um hag og afkomu Búnaðarbankans. Hún er góð og bankanum virðist um margt vel stjórnað.

Búnaðarbankinn hefur nú fyrir skömmu orðið allmikill blaðamatur. Ég skal ekki fara út í neinar umr. um það mál, það er ekki viðkunnanlegt hér. Og það er nú svo um það mál eins og mörg fleiri að þar er oft úlfaldi úr mýflugu gerður. En þrátt fyrir allt hefur þó innan bankaráðsins komið upp spurning í tengslum við það mál og ef nánar er þar að gáð, spurningin um yfirstjórn bankans, hver endanlega segir til um og tekur ákvarðanir varðandi bankann, hvort það eru bankastjórarnir eða bankaráðið, sú þingkjörna stjórn sem eðlilegt og sjálfsagt er að hafi með höndum það eftirlit og aðhald sem skyldugt ætti að vera og til viðbótar ætti í raun og veru að hafa meira valdsvið en raun ber vitni. Þar er Búnaðarbankinn vitanlega engin undantekning frá öðrum bönkum. Ég hygg að flestir bankarnir séu þannig, að bankastjórarnir ráða í raun mestu. Þetta sé dálítið svipað kaupfélögunum okkar, að kaupfélagsstjórarnir ráða öllu þar, en kaupfélagsstjórnirnar litlu sem engu.

Um það er auðvitað ekki að villast að aðalmarkmið þessa frv. er fjölgun bankastjóra við bankann og um leið auðvitað heimild til aðstoðarbankastjóraráðningar. Það hefur lengi verið á döfinni og okkur í bankaráði Búnaðarbankans hefur út af fyrir sig ekki þótt það neitt óeðlilegt að meðan Búnaðarbankinn héldi sinni stöðu, þá væri þar nokkurt jafnræði með bönkum í þessu sem öðru. Það er auðvitað alveg rétt að lögin um Búnaðarbanka munu um margt úrelt og full þörf á að taka þau til endurskoðunar og það er nauðsynleg samræming milli allra ríkisbankanna. En þar held ég að þyrfti að koma til frekari samræming um ýmislegt í framkvæmd bankakerfisins í heild. Ég veit að vísu að þar er um að ræða eitt af aðalhlutverkum Seðlabankans, að sjá svo um að sem mest samræmi sé í störfum bankanna, og þar hefur auðvitað ýmislegt verið unnið.

Eins og hv. síðasti ræðumaður benti á þarfnast bankakerfi okkar í heild endurskoðunar og ýmislegt hefur þar komið upp miður gott. Ég vitna aðeins í blaðaskrif sem orðið hafa út af bankamálum almennt, þar sem það hefur verið staðfest af ábyrgum mönnum innan þess kerfis að möguleikar einstakra aðila og þá vitanlega þeirra, sem meira mega sín, til þess að spila beinlínis á þetta kerfi virðast býsna miklir eins og dæmi voru um tekin. Það er að segja það sem oft hefur verið haft að orði nú að undanförnu, að það sé ekki sama hvort það er Jón eða séra Jón. Það gæti vissulega komið til ærinnar skoðunar varðandi okkar bankakerfi. Fyrir svo utan það, sem er kannske einhver mesta meinsemdin í bankakerfinu, að ef einstakur aðili kemst í það að skulda það sem sagt er stundum „nógu mikið“, kemst í þá aðstöðu að skulda nógu mikið, eins og sagt er, nógu hrikalega mikið til þess að vafasamt sé að nema staðar og láta allt fara þá fjandans til, þá er einmitt til hins gagnstæða gripið og lánað æ meira í þeirri von að einhverri björgun verði við komið. Þetta er vitanlega ekkert einsdæmi um Búnaðarbankann. Þetta er meinsemd í okkar bankakerfi og getur stundum verið réttlætanleg, en hefur, eins og dæmi sanna, allt of oft verið gengið of langt í því efni.

Ég mun hins vegar víkja að þessu öllu nánar þegar málið kemur aftur úr n. og hafði jafnvel hugsað mér að víkja að því í n., þeirri sjálfsögðu n. sem þetta mál átti að fá til meðferðar að mínu viti, nema, eins og hv. þm. Ragnar Arnalds sagði, nema á þeim tíma sem málið verði til skoðunar í n. verði breyting á stefnu

hæstv. ráðh. sem hann hafði greinilega von um, varðandi yfirstjórn bankans.

Það var vikið áðan að frv. sem flutt var á þingi 1974 um sameiningu ríkisbanka. Eg vil aðeins víkja að því að þá var það frv. m. a. gagnrýnt af talsmönnum þeirra sem báru Búnaðarbankann sérstaklega og landbúnaðinn fyrir brjósti. Það var einkum gagnrýnt af þeirri ástæðu, að með sameiningu við Útvegsbankann, með gífurlegri fjárþörf sjávarútvegsins annars vegar, þá mundi það fé, sem annars gæti komið til landbúnaðarins, hreinlega hverfa í þá hít og landbúnaðurinn hafa minna út úr bankakerfinu en áður. Þetta held ég að hafi verið alrangt sjónarmið af þeirri einföldu ástæðu að Búnaðarbankinn er auðvitað orðinn mjög almennur viðskiptabanki. Það er hins vegar Stofnlánadeild landbúnaðarins sem sér um þann þáttinn sem snýr að landbúnaðinum og sá þáttur hefði vitanlega verið óbreyttur í því efni.

Ég vil leggja áherslu, eins og hv. þm. Ragnar Arnalds, á það að vissulega er ofvöxtur í okkar bankakerfi og framtíðarstefnan hlýtur að eiga að vera sameining banka, fækkun banka og aukin hagræðing í þeim efnum. Mér er a. m. k. ekki kunnugt um að hinum almenna manni, sem þarf að ganga á milli bankastjóra, gangi miklu betur að fá nauðsynlega fyrirgreiðslu þó að bankahallirnar verði glæstari, þó að útibúin þenji sig út um allt og þó að bankaútibú og bankar séu hlið við hlið. Það virðist ganga jafnilla og það dugar allt hinum almenna og venjulega manni skammt ef sama svarið er alls staðar í gildi, það nei sem nú hljómar a. m. k. oftast í eyrum þess manns sem þarf til bankastjóranna að leita. Það ætti ekki út af fyrir sig að þurfa á fleiri bankastjórum að halda til þess eins að segja nei. En auðvitað gæti staða bankanna í heild átt eftir að breytast til batnaðar og þá um leið að þeir gætu hjálpað betur og meir hinum almenna manni, en það er nú því miður svo að það eru aðrir sem þar hafa allt of mikinn forgang.

Það er hins vegar rétt þegar farið er að líta á samanburð við aðra banka, eins og t. d. Útvegsbankann, sem hefur þetta miklu minni umsvif en Búnaðarbankinn, að það er röksemd að Búnaðarbankinn eigi ekki að hafa færri bankastjóra en Útvegsbankinn. En þá vaknar nú eiginlega miklu frekar sú spurning hjá mér hvort bankastjórarnir í hinum bönkunum séu ekki of margir. Landsbankinn er stór banki að vísu. Ég held að aðalbankastjórar og aðstoðarbankastjórar þar séu 6. Ég held að ég fari rétt með það. Það mætti líta á stöðu Búnaðarbankans í þessu sambandi og það sem hæstv. ráðh. minnti á áðan. Allur hans upplestur sýndi að ekki hefur bankastjóraskortur staðið bankanum fyrir þrifum, það fer ekkert á milli mála. Ég skal hins vegar játa það sem bankaráðsmaður að álag á okkar bankastjórum er mikið. Þar spilar reyndar fleira inn í sem hér skal ekki farið út í, en menn vita þó. Og sannleikurinn er sá í dag t. d. að það eru þrír bankastjórar starfandi við bankann og verður svo fram til 1. júní a. m. k., þannig að þetta er ekki alveg eins tómlegt og af er látið. Á því verður þess vegna ekki nein óskapleg breyting, því að sannleikurinn er sá að nauðsynlegt hefur orðið að ráða þarna mann til viðbótar af ýmsum ástæðum sem ekki skulu raktar hér. En almennt er ekki nema von þó að menn reki upp stór augu þegar ríkisstj., sem er að ráðgera, að því er manni skilst, að gera tveggja mánaða til fjögurra mánaða stöðvun á gjaldeyrisöflun þjóðarinnar með tilheyrandi tveggja til fjögurra mánaða atvinnuleysi víðast hvar á landinu, skuli nú sjá til þess ríkasta ástæðu að fjölga bankastjórum, ekki síst þegar þess er gætt að þessir aðilar hafa nú vel í sig og á og a. m. k. bliknum við alþm. með okkar margumræddu lúxuskjör, — við bliknum algjörlega í þeim samanburði við þann háaðal, sem bankastjórarnir eru.

Ég skal ekki hafa miklu fleiri almenn orð hér um nú, til þess gefst tækifæri síðar. En ég vil aðeins drepa hér á nokkrar gr. frv.

Í 3. gr. er vikið að meginhlutverki bankans og meðan Búnaðarbankinn starfar sem slíkur, þá tek ég þar undir og þó frekar væri að meginhlutverk bankans er að styðja landbúnað og svo kemur viðbótin: „og greiða jafnframt fyrir fjármálaviðskiptum annarra atvinnugreina.“ Þegar Stofnlánadeildin er frá talin, þá er það hins vegar svo að landbúnaðurinn á út af fyrir sig ekki miklu meir innangengt í Búnaðarbankann en aðrar atvinnugreinar, það er staðreynd. Verslun og iðnaður eiga þar fullkomlega jafngreiðan aðgang og allt of oft berast okkur, sem erum í bankaráðinu, kvartanir frá hinum almenna bónda um það hvað Búnaðarbankinn sem bankastofnun utan Stofnlánadeildarinnar gerir þeim lítil skil, vanræki að hjálpa þeim. Sumt af þessu mun vera réttmætt, því miður, annað ofsagt, eins og oft er. Stofnlánadeildin er vitanlega sér á báti. Hún sinnir ekki öðru, svo sem rétt er, og er sú starfsemi, sem þar fer fram, ómetanleg fyrir bændastéttina. Ég hef gjarnan viljað fá frv. um Stofnlánadeildina og ákveðnari ákvæði þar. Það virðist eiga að bíða betri tíma. Ég hefði frekar viljað fá frv. um þær tvær deildir, Stofnlánadeildina og veðdeildina, heldur en þetta frv., þar sem t. d. séð væri fyrir málefnum veðdeildarinnar um leið. Og ég fagna þeim till., sem Búnaðarþing lét frá sér fara um þessi mál núna á dögunum. Þær till. voru mjög skynsamlegar, m. a. varðandi það að færa húsnæðislán bænda almennt inn í húsnæðislánakerfið. Það tel ég fullkomlega rétt og hef bent á reyndar oft hér áður þegar húsnæðismál hafa verið til umr. almennt. Ég álít hins vegar að forstöðumaður Stofnlánadeildarinnar eigi að vera í sömu aðstöðu fullkomlega og bankastjóri. Það hefur að vísu verið svo, en það er nú fyrir tilviljun. Og meðan tengslin milli Búnaðarbankans og Stofnlánadeildarinnar eru slík sem þau eru, að þetta er deild frá bankanum, þá tel ég líka sjálfsagt að bankinn útvegi Stofnlánadeildinni beinlínis afgerandi ákveðið fjármagn til að lána bændum til hliðar við stofnlánin sem í mörgu eru alls ófullnægjandi í dag, alveg sérstaklega til tækjakaupa, sem orðin eru svo tilfinnanleg sem raun ber vitni. Dráttarvél, sem bóndi þarf að kaupa og kostar um 2 millj. kr. ef hún er góð, hann fær að vísu til þess 800 þús. kr. lán úr Stofnlánadeildinni, 40%, 1200 þús. þarf hann þá að leggja frá sjálfum sér. Mér er kunnugt um að einstaka útibú Búnaðarbankans

— vonandi öll — bæta þar nokkru við til tveggja ára, allt að 20%. En engu að síður, ef við miðum við t. d. sjávarútveginn, þá eru þetta knöpp kjör varðandi atvinnutæki, eins og dráttarvélin er nú orðin ómissandi fyrir bóndann. Ég held að málefni Stofnlánadeildarinnar og veðdeildarinnar og staða þeirra þyrftu að skoðast sérstaklega, og ég ítreka það, að það hefði verið meiri ástæða til að leggja frv. fram um það heldur en það sem hér er á ferðinni. Á því var engin brýn nauðsyn.

Hæstv. ráðh. kom hér áðan sérstaklega inn á sérmál sem ekki skal rætt hér. Það er hin stórkostlega fjárvöntun Stofnlánadeildarinnar nú í ár. Eg hygg, miðað við það sem hæstv. ráðh. upplýsti áðan, að þá sé ekki mikilla svara að vænta nú. Eg veit að hæstv. ráðh. hefur verið að velta þessu vandamáli mjög fyrir sér. En sannleikurinn er auðvitað sá, miðað við ástandið og útlitið í dag, að það er hreinlega ekkert fé til nýrra framkvæmda á vegum bænda á þessu ári, ekki króna, og úr því verður vitanlega á einhvern hátt að bæta. Ég treysti hæstv. ráðh. til að vinna þar vel að svo að annað — ég vil segja vandræðaár verði nú ekki. Síðasta ár var hálfgert vandræðaár fram eftir öllu, þó að úr rættist vegna þess hve margir helltust úr lestinni og hættu við að endurnýja sínar umsóknir. Það var það sem bjargaði. Og þá hafa þeir auðvitað til þess meiri þörf nú að sækja á nýjan leik. En ef það ástand á að skapast að engar nýjar framkvæmdir bænda komist í gang á þessu ári, þá er það mjög alvarlegt fyrir bændastéttina og fyrir atvinnu í landinu yfirleitt, því að hér um gildir líka atvinna fyrir þá sem að þessum byggingum vinna þó að bændur séu manna duglegastir við að vinna að eigin byggingum.

IV. kafli frv. um stjórn bankans er e. t. v. sá kafli sem mestrar skoðunar þarf við og þá á ég við spurninguna um valdsvið bankaráðs annars vegar og bankastjórnar eða bankastjóra hins vegar. Um það þyrfti að fá sem skýrust svör í n. Eg vík t. d. að spurningunni um það hvort mannaráðningar samkv. 13. gr. ættu ekki að einhverju frekara leyti að heyra undir bankaráðið. A. m. k. ætti að mega að leita umsagna þess um mannaráðningar í meiri háttar stöður innan bankans, ekki bara útibússtjórastöðurnar eins og nú er. Alveg sérstaklega ætti starfsmannaráð í bankanum að hafa umsagnarheimild. Það er að vísu starfsmannastjóri, það er starfsmannafélag, en það ætti að vera starfsmannaráð sem mætti gera beinar till. um ráðningar í stöður. Þessu skýt ég að því að þetta vandamál hefur nokkuð borið á góma meðal starfsfólks Búnaðarbankans.

Í 13. gr. segir að bankaráðið ákveði laun starfsmanna bankans að sjálfsögðu. Nýlega kom þó upp mál sem þetta snerti og ég kemst ekki hjá að minna á hér. Það á rætur sínar að rekja til Seðlabankans sem hefur oft forgöngu um það sem okkur finnst á stundum miður skynsamlegt og er í nokkurri andstöðu við það sem þeir herrar, sem þar eru, prédika. Eins og menn vita eru 13 mánuðir í ári bankamanna, þar með talinna bankastjóra að sjálfsögðu. Þessir 13. mánuður er ætlaður fyrir yfirvinnu og mun hafa verið samkv. samningum milli bankamanna og bankayfirvalda á sínum tíma. En svo brá við á s. l. ári eða jafnvel á árinu þar áður að Seðlabankinn tók upp á því að greiða starfsmönnum aukauppbætur ofan á þetta fyrir yfirvinnuna. Þar var að sjálfsögðu byrjað ofan frá, þar greitt hæst og að því er ég best fæ skilið án tillits til vinnuálags. Í árslokin var sem sagt hjá flestum bönkunum eða öllum líklega skellt einhverri ákveðinni upphæð ofan á tiltekna starfsmenn. Þetta voru ekki stórar upphæðir víst, þó hreföld mánaðarlaun verkamanns til þeirra sem voru hæstir í launum. Þarna kann að hafa verið farið eftir einhverjum reglum. Seðlabankinn hefur sjálfsagt gengið á undan með góðu fordæmi þar eins og annars staðar. En þó setur að manni þann grun að þar kunni alveg eins að hafa ráðið geðþótti, því svo margar sögur hefur maður af þessu heyrt. Síðan lækkuðu þessar upphæðir, að ég hygg, og þurrkuðust út einhvers staðar fyrir ofan miðjan launastigann. Þetta mun hafa verið almennt svona í bönkunum, þannig er sagan sögð. Aðrir bankar hafa sem sagt fetað í fótspor Seðlabankans, enda starfsmenn þessara banka mjög þrýst á um það að þeir sætu ekki við verri kjör en starfsmenn Seðlabankans. Þetta mun hafa verið gert í Búnaðarbankanum einnig, en bankaráð hefur þar hvergi nærri komið með sinni samþykkt þó að það eigi samkv. lögum og eigi enn samkv. þessu nýja lagafrv. að ákvarða hér um. Sama er í raun og veru að segja um hlunnindi bankastjóra sem menn vita að eru stífustu ráðherrahlunnindi. Ég hef ekki rekist neins staðar á ákvörðun bankaráðs Búnaðarbankans og ég efast um ákvörðun bankaráða annarra banka um þessi mikilvægu hlunnindi. Þarna er um mikilvægustu kjaraliðina hjá bankastjórunum að ræða, þar sem eru þau hlunnindi að þeir geti fengið eftirgefin aðflutningsgjöld og tolla af bílum á þriggja ára fresti. Í raun og veru eru þetta miklu meira en ráðherrahlunnindi því að þessir menn, ef þeir haga sér skikkanlega, — maður verður nú að reikna með því af þessum mönnum, — þá geta þeir setið æði lengi í þessum stöðum, en ráðh., þó að þeir hagi sér skikkanlega í alla staði, þá geta þeir auðvitað fallið úr stólunum og ekki fengið nema kannske eins og einn bíl. En við skulum segja að bankastjóri starfi í 24 ár. Þá fær hann 8 bíla út á þetta og ef þannig vill til varðandi ár, þá getur hann krækt í þann 9. svona í lokin.

Um þetta hef ég sem sagt ekki fundið neinar samþykktir, og ég efast um að þær séu til. Okkur er jafnvel sagt að þetta hafi komið sem eins konar himnasending ofan úr stjórnarráði, að svona ætti þetta að vera, og það séu ein 6 ár síðan þessi himnasending kom til bankastjóranna. En auðvitað ríkir út af fyrrtalda málinu, um aukagreiðslurnar, þar ríkir bullandi óánægja meðal starfsfólks, held ég, allra bankanna með þetta fyrirkomulag, og auðvitað fáum við bankaráðsmenn orð í eyra fyrir þetta. En við höfum bara aldrei um málið fjallað og aldrei um það heyrt fyrr en þetta var allt búið og gert.

Hér þarf því ábyggilega vel að hyggja að. Þetta er kannske framkvæmdaatriði, en þetta snýr líka að því, og um það vil ég fá skýr svör áður en þetta frv. fer út úr þessari deild, hver

hefur úrskurðarvaldið í málefnum bankans í öllu því sem máli skiptir, og það á auðvitað við um ríkisbankana alla. Eiga yfirráðin sem sagt að vera meira eða minna í höndum bankastjóranna eða eiga hinar þingkjörnu nefndir, bankaráðin, að hafa úrslitaaðstöðu á hverjum tíma og í hverju máli sem einhverju skiptir?

Að lokum þetta: Þetta frv. er vitanlega til þess eins að fjölga bankastjórum Búnaðarbankans. Ég sé enga sérstkaa brýna ástæðu til þess eins og er, og allra síst gefur staða bankans og framvinda mála þar minnstu ástæðu til þess að halda að bankinn þjáist af skorti á bankastjórum, þó að bankaráðið að sjálfsögðu grípi þar inn í þegar þörf er á og bæti við starfskrafti inn í bankann þegar á því er full þörf. (Gripið fram í.) Samkv. kannske ekki mikilli heimild, það kann vel að vera. Við höfum ekki ráðið þennan mann sem bankastjóra, hann er í afleysingum hreinlega. Afleysingarheimildin held ég að sé alveg ótvíræð. En uppstokkun bankakerfisins í heild hlýtur auðvitað að vera brýnasta verkefnið og nauðsynlegt aðhald og eftirlit á þar að vera aðalatriðið. Varðandi þetta frv. legg ég áherslu á að sem fyrst verði vikið að málum Stofnlánadeildarinnar og veðdeildarinnar, hlutur þeirra verði tryggður sem best og þær fái aukið svigrúm til umsvifa og sem mest sjálfstæði og verulegan skyldustuðning Búnaðarbankans við Stofnlánadeildina.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil fyrst lýsa ánægju minni með framkomu þessa frv. og þakka hæstv. ráðh. fyrir þá greinagóðu skýrslu eða umsögn sem fylgdi frv. úr hlaði. Ég vil á sama tíma lýsa furðu minni á tali hv. síðasta ræðumanns sem hefur gleymt hér sínum plöggum, Helga Seljans, sem er bankaráðsmaður Búnaðarbankans. Maður skyldi ætla að hann talaði hér jákvæðara í sambandi við endurskoðun þá sem nú á sér stað í rekstri bankans.

Ég vil fyrst benda honum á að í 13. gr., sem hann vitnaði í, segir skýrt að bankaráð ráði helstu starfsmenn og trúnaðarmenn bankaráðsins við rekstur stofnunarinnar. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta: „Bankaráð ræður aðalféhirði og aðalbókara og stjórnendur útibúa bankans. Alla aðra starfsmenn ræður bankastjórnin og segir þeim upp starfi. Bankaráð ákveður laun starfsmanna bankans.“

Ég get ekki séð neitt ábótavant við þetta frv. Það tekur tvímælalaust fram hverjir ráða aðalstjórnendur hinna ýmsu deilda í bankanum, en segir svo í 14. gr., sem hv. síðasti ræðumaður vitnaði í, að bankastjórn Búnaðarbankans fari með æðstu daglega stjórn á starfsemi bankans, þ. e. a. s. reksturinn allan. Og ég get ekki séð hvernig í ósköpunum er hægt að reka stofnun ef bankastjórarnir eða forstöðumenn stofnunarinnar hafa ekki a. m. k. yfirumsjón og ákvarðanarétt í öllu því sem viðvíkur daglegum rekstri stofnunarinnar. Ég held að það sé ekki nokkur leið að ætlast til þess að bankaráð bankanna taki bókstaflega reksturinn að sér líka eða hafi fingur í hverju einasta máli sem bankastjórn annars hefur með höndum. Ég held að þetta hljóti að vera **hugsanavilla.**

Hitt er svo annað mál, að það getur verið að það sé alveg rétt að það sé kominn tími til þess að endurskoða bankakerfið í heild, eins og hv. síðasti ræðumaður tók fram, að uppstokkun bankakerfisins væri brýn nauðsyn sem fyrst. Það getur vel verið. En það er af allt annarri ástæðu en þeirri að hér liggi fyrir frv. um fjölgun bankastjóra í Búnaðarbanka Íslands. Ég held að það, sem þar knýi fyrst og fremst á, séu alls konar ráðstafanir sem gerðar hafa verið undanfarið af opinberum aðilum og þá kannske ekki aðallega bankakerfinu, heldur ríkisstj. og peningavaldinu, því að það er staðreynd að með bindifé og bindifjárpólitík, sem rekin hefur verið í bönkunum, hefur fólkið sjálfsagt skapað sér eigin gjaldmiðil, sem er víxlar og alls konar lánafyrirkomulag sem er utan við bankakerfið, en hefur svo smám saman þróast inn í bankakerfið. Þannig er víxlafyrirkomulagið orðið algildur gjaldmiðill manna á milli sem bankakerfið hefur tekið sem góða og gilda vöru og keypt og selt. Og þarna er mikill munur frá því sem ég þekki til eftir þó nokkuð margra áratuga veru erlendis, og þar hef ég einnig staðið í viðskiptum.

En ég vil aðeins taka undir það, að það er brýn nauðsyn að fjölga bankastjórum í Búnaðarbankanum. Eins og fram hefur komið bæði hjá bankaráðsmanninum, sem talaði hér síðast, og eins hjá hæstv. ráðh., er mikill vöxtur í Búnaðarbanka Íslands. Honum hefur auðsjáanlega verið stjórnað mjög vel og hann hefur sýnt árangur sem því miður er ekki sýnilegur í öllum bönkunum og mér er nær að segja ekki sýnilegur í hinum bönkunum. Það segir sig sjálft að það hlýtur að vera talsvert álag þegar bankastjórar þurfa dag eftir dag fyrir utan að sinnna sínum daglegu störfum við rekstur bankans eða rekstur stofnunarinnar að sitja í 2—3 tíma — við skulum segja frá því kl. 10 á morgnana og fram undir kannske 1—2 á daginn — við að taka á móti gestum og viðskiptavinum bankans með hin ýmsu erindi og eiga svo eftirmiðdaginn, ef þeir hafa þá tíma til þess, að fara og fá sér að borða og sinna svo þessum erindum samdægurs. Ef ekki eiga að hlaðast upp óafgreidd erindi í stofnuninni, þá hljóta þeir að þurfa viðbótarstarfskrafta, ekki síður bankastjórarnir heldur en starfsliðið sjálft. Ég tel ekki að fjölgun bankastjóra í Búnaðarbanka Íslands sé sú sóun að það sé réttlætanlegt að bankaráðsmaður tali gegn henni, en komi þá með till. um að fækka frekar öðrum ríkisbönkum.

Í sambandi við þann vöxt sem hefur verið í bankakerfinu, þá held ég að hann hafi verið til góða frekar en hitt. Ég held að þetta sé mjög mikið þjónustuatriði fyrir fólkið. Jafnvel þegar Reykjavík var miklu minni að flatarmáli en hún er nú var orðið óþægilegt að þurfa að fara í banka í miðbænum hvaðan sem er úr bænum, — og nú held ég mig við Reykjavík eingöngu vegna þess að ég held að hv. síðasti ræðumaður hafi verið með Reykjavík í huga aðallega þegar hann talaði um fjölgun útibúa, — það var orðið erfitt fyrir fólk að komast í þessar þjónustustofnanir, fyrir utan að miðbærinn í Reykjavík er að verða meira og meira óaðgengilegur fyrir umferð á háannatíma, og fólk hefði þá þurft að hlaupa úr vinnu á þeim

tíma sem bankinn er opinn. Nú eru komin útibú víðs vegar um bæinn og fólk getur notið þjónustu þessara peningastofnana má segja með stuttum fyrirvara og hvar sem er.

Ég veit ekki hvað hv. þm. meinar þegar hann talar um að þjónusta við almenning verði ekkert betri eða fyrirgreiðsla, þótt byggingar verði glæstari, þær hjálpi ekkert frekar hinum almenna borgara. Ég held að einmitt Búnaðarbankinn hafi haft þá pólitík frá því að ég fyrst fór að fylgjast með honum og þá var aðeins einn bankastjóri í bankanum, Hilmar heitinn Stefánsson, að greiða fyrst og fremst götu mannsins af götunni. Ég held að hann sé þekktastur fyrir það að ná til fjöldans, og það ætti bankaráðsmaður Búnaðarbanka Íslands að vita. Mér þætti gaman ef hann hefði fyrir því að kynna sér og upplýsa þá fjh.- og viðskn. — því ég tel að þetta frv. eigi meira erindi þangað en landbn. — um afgreiðslufjölda Búnaðarbankans á árinu og hvað af þeim fjölda eru atvinnurekendur, því ég tel að þessir vondu menn, sem hann talar um, séu atvinnurekendurnir, og hvað af þessum fjölda er litla fólkið, sem hann þykist tala fyrir. Ég held að hann komist að raun um að Búnaðarbanki Íslands hafi gert sér far um að ná til þessa fólks.

Það er kannske rétt sem kom fram hjá hv. 5. þm. Norðurl. v., Ragnari Arnalds, að það sé rétt að samræma lög Búnaðarbanka Íslands og annarra ríkisbanka. Það held ég hljóti að vera sanngjörn krafa að um ríkisbankana yfirleitt gildi hið sama. En ég vil mótmæla því að það sé af einhverjum annarlegum hvötum og annarlegum áhuga að allt í einu, eins og skilja mátti af máli hv. 5. þm. Norðurl. v., sé hlaupið til nú og bankastjórum fjölgað. Ég lít svo á að það hafi verið brýn nauðsyn í langan tíma. Það eru ekki nein annarleg sjónarmið sem ráða því að till. kemur fram nú, um að bankastjórum sé fjölgað, eða bankakerfið hér sé orðið of viðamikið. Það getur vel verið að það sé orðið viðameira en eðlilegt er miðað við fólksfjölda, en það er áreiðanlega ekki svo miðað við það viðskiptakerfi sem við búum við, miðað við þá ásókn sem verður að vera á bankakerfið af einstaklingum og fyrirtækjum, vegna þess að það kemst enginn áfram með neitt, það hefur enginn möguleika á því lengur að svala athafnaþrá sinni öðruvísi en með aðstoð hins opinbera, og þetta er ríkisbanki sem hlaupið er til þegar fólk vill gera eitthvað. Það hefur enginn möguleika til þess að safna fé til þess að svala sinni athafnaþrá.

Ég held að það sé síður en svo, miðað við þá þjónustu sem bankakerfið veitir að það séu of margir bankastjórar eða of mikið starfslið í bönkum. Það getur vel verið að það hafi verið í málefnasamningi ríkisstj., — það er hér um bil það eina sem ég treysti hv. 5. þm. Norðurl. v. til að fara rétt með í sínum málflutningi, að það hafi verið í málefnasamningi ríkisstj. að fækka bankastjórum og fækka peninga- og lánastofnunum hérlendis, eins og hann orðaði það, og n. hafi komið sér saman um að sameina tvo ríkisbanka og — ég veit ekki hvort ég skildi hann rétt — stefna að því að hér yrði aðeins einn einkabanki. (Gripið fram í.) Já, ég bjóst við að það væri rétt skilið, enda væri annað lítt hugsanlegt úr þessari átt. Þetta er lífsskoðun sumra, að ríkinu beri að sjá öllum farborða og það beri að takmarka athafnafrelsi einstaklingsins á öllum sviðum. En ég vil mótmæla þessari skoðun. Ég vil gefa einkabönkum frjálst athafnasvið og svigrúm í þjóðfélaginu og að þeir geti með fullum rétti og á jafnréttisgrundvelli keppt við ríkisbanka og ríkisfyrirtæki almennt á öllum sviðum. Ég þekki ekki alla þá menn, sem hann taldi upp að hefðu verið skipaðir í þessa n., sem átti að endurskoða bankalögin og gera till. þar um en mér er nær að halda að það hafi allt verið ríkisstarfsmenn, allir úr ríkisstofnunum (Gripið fram í.) Úr öllum flokkum er eflaust alveg rétt. En þrátt fyrir að það séu góðir menn saman komnir í n., þá er ekki alltaf víst að það sé óumdeilanleg niður staða sem þessi n. kemst að. Einkarekstur á þessu sviði eins og öðrum á fyllilega rétt á sér, hann hefur margsannað það. Hann á að fá athafnasvið og frjálsræði til þess að vera keppinautur ríkisfyrirtækjanna á jafnréttisgrundvelli.

Um sameiningu Búnaðarbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands bjóst ég við að bankaráðsmaðurinn mundi segja eitthvað, en hann gerði það ekki. En ég er ansi hræddur um að sú sameining hafi fyrst komið til tals vegna vandamála, sem steðja að Útvegsbanka Íslands, og eins vegna þess að Búnaðarbanki Íslands sýnir góða stöðu. Þá þótti sjálfsagt að nota sterka bankann til þess að hjálpa þeim veika. En Búnaðarbanki Íslands á að fá að starfa frjálst og halda áfram að vera sterkur og ekki aðeins fyrir landbúnaðaraðilana, heldur einnig fyrir viðskiptalífið hér, því að það fer ekkert á milli mála að ekki síður en Landsbankinn og Útvegsbankinn hefur Búnaðarbankinn þjónað hinu almenna viðskiptalífi vel hér á landi. En aftur á móti á Útvegsbankinn við skiljanlega erfiðleika að etja vegna þess að útvegurinn hjá honum hefur gengið verr en áður var. Það hafa alls konar vandamál steðjað að útveginum og Útvegsbankinn hefur þurft að hlaupa undir bagga með hinum og þessum aðilum í vanda ef ekki átti að stöðva þennan aðalútflutningsatvinnuveg okkar. Það er því eðlilegt að hann sé í peningavanda, og það þarf að gera eitthvað til þess að hjálpa honum án þess að það sé á kostnað annarra bankastofnana. Það er ekki lítill baggi sem hefur hvílt á Útvegsbankanum og Landsbankanum líka undanfarið. Ég er ekki þar með að gera lítið úr þeirri þjónustu Búnaðarbanka Íslands sem snýr að útvegsmálum, vegna þess að Búnaðarbankinn hefur á ýmsum sviðum hlaupið undir bagga með útveginum líka, þótt ekki sé í ríkum mæli.

En ég sem sagt, eins og þið heyrðuð, vil styðja ríkisbankana. Ég held að þeir gegni ómetanlegu þjónustuhlutverki í okkar atvinnulífi. Það þarf að styrkja þá og styðja. En ég vil líka að einkabankarnir fái svigrúm til þess að veita þeim heilbrigða samkeppni.

Ég hjó eftir því líka að þessir boðberar valddreifingarinnar sem alþb.-menn hafa alltaf talið sig vera, þeir koma nú allt í einu upp þegar bankamál eiga hlut að máli og vilja sameina öll peningamál hjá einum bankamálaráðherra, viðskrh. Ég held að að það fyrirkomulag, sem er á þessum málum, sé mjög gott, og ég held

að Búnaðarbankinn eigi áfram að vera undir yfirstjórn landbrh. og Iðnaðarbankinn undir yfirstjórn iðnrh. Ég sé ekki, að þar hafi komið fram neinir gallar á, og vil biðja þessa tvo ágætu valddreifingarpostula að endurskoða hug sinn til þess a. m. k. að hafa samræmi í málflutningi milli umr. hér á hv. Alþ. (**Gripið fram í:** Hvað eigum við að gera með Útvegsbankann?) Við eigum að styrkja hann. Og bankaráðið, svo að ég endi mál mitt á bankaráðinu sjálfu, — bankaráðið starfar eftir erindisbréfi sem ráðh. setur því, og bankastjórnin starfar eftir reglugerð sem bankaráðið setur bankastjórunum, og ég tel að það sé fullkomlega gott stjórnunarkerfi sem þar er í gangi.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af því, sem fram hefur komið í þessum umr., verð ég að segja það að ekki telur hv. 5. þm. Norðurl. v. mig vera hraðskreiðan í athöfnum ef hann telur til flýtisverka að ég skuli í nærri 5 ár vera búinn að sitja í starfi landbrh. og nú fyrst bera mig að því að breyta lögum Búnaðarbankans. Það verð ég að segja, að einhvern tíma hefði ég treyst mér skár til að taka til verka og með meiri hraða og án þess að það væri talið flaustursverk. Hins vegar var það alveg rétt hjá hv. 5. þm. Norðurl. v., að endurskoðun bankamála var eitt af samþykktunum í málefnasamningi vinstri stjórnarinnar og það atriði var í höndum þáv. bankamrh., hv. 2. þm. Austurl., Lúðvíks Jósepssonar, að koma því í verk. Það var líka rétt hjá honum að það var skipuð nefnd 5 manna, sem allt munu hafa verið bankamenn, ef ég man rétt, og hún komst að nafninu til að sömu niðurstöðu. Þó var mikið eftir til þess að hægt væri að leysa málið. Þar kom upp sú hugsun að setja Búnaðarbankann og Útvegsbankann í eitt, en það var bara eftir að finna leiðina, hvernig átti að framkvæma það. Og það þarf ekkert að fara í grafgötur um það, að það var ekki þingfylgi fyrir að koma því í verk. Ég get skýrt frá því að innan þess stjórnmálaflokks, sem ég tilheyri, var ekki fylgi fyrir því að þetta yrði gert. Ég vil þó bæta því við, að reynslan hefur sannað síðar að það er enn þá minna fylgi fyrir slíkri hugmynd nú.

Hins vegar kom síðar upp og einnig í ráðherratíð fyrrv. ríkisstj. sú hugmynd að setja ein lög um alla ríkisbankana. Það var m. a. ástæðan til þess að ég dró að láta gera það frv. sem ég hef nú lagt fram. Enn fremur hefur það gerst á þessum sama tíma að sá banki, sem ég er talinn vera æðsti maður yfir eða á á vissan hátt að bera ábyrgð á, hefur aukið umsvif sín geysilega mikið á þessum tíma og hvað mest nú á síðasta ári, og það gerir að verkum að ég tel brýna nauðsyn að breyta starfsemi hans. Ég segi það alveg eins og er og segi það hv. bankaráðsmanni í fullri alvöru, að ég vil ekki bera ábyrgð á því að einn maður beri ábyrgð á banka, sem er upp á 10 milljarða. En það veit þessi hv. þm. eins og aðrir, að bankastjórar eiga einnig sín frí eins og aðrir menn, auk þess sem annar bankastjórinn hefur bilað á heilsu, en sem betur fer náð sér mjög vel aftur og hans mikli dugnaður komið að góðum notum sem fyrr og ég vona að hann bresti ekki. En að ætla einum manni yfirstjórn, þó að um tímabundið skeið sé, á banka sem hefur 10 milljarða í veltu, því á enginn að bera ábyrgð á. Ég vil líka segja það, að það er ekkert til bóta að úr sé bætt án lagaheimildar, en það hefur bankaráðið gert án þess að hafa til þess nokkra heimild. Hvorki bankaráðið né aðrir hafa borið það undir bankamrh. Þetta vildi ég segja, og þetta er því ekkert út í bláinn gert, auk þess sem ég, eins og ég gerði grein fyrir áðan, lít svo á að þessi banki með svo mikið fjármagn sé einmitt til þess að tryggja betur fjárhagsstöðuna í þjóðfélaginu að gera hann virkari í rekstri atvinnuveganna en hann hefur verið og getur ekki orðið nema hann fái gjaldeyrisréttindi líka.

Þessi tvö atriði eru að mínu mati það veigamikil að það er fullkomin ástæða til að samræma lög Búnaðarbanka Íslands við lög hinna ríkisbankanna, enda sé ég engar forsendur fyrir því hvers vegna svo ætti ekki að vera. Og það, sem ég tel að ég eigi hér helst afsökunar á að biðja, er að hafa dregið þetta svo lengi sem raun ber vitni um. En ég hef þegar gert grein fyrir því, að það hefur verið fitlað við ýmsar hugmyndir sem hafa gert það að verkum að ég hef reiknað með heildarlöggjöf. Fyrst var þessi sameiningarhugmynd og síðar heildarlöggjöf. Nú er eins auðvelt að gera hana og frekast er hægt eftir að þessi banki er kominn með löggjöf sem er í samræmi við löggjöf hinna bankanna. Þá er það ósköp auðvelt ef menn vilja.

Nú má um það deila hvort Búnaðarbankinn á að tilheyra landbrh. eða viðskrh. og þá allir ríkisbankarnir. Ég ætla ekki að gera það atriði að deiluatriði, og það hefur ekki verið af minni hendi sótt í að halda í það, enda tel ég það ekki vera mikið mál. Hins vegar finnst mér að það verði að miðast við hvernig fer t. d. um stöðu einkabankanna í því sambandi. Ef iðnrh. fer með Iðnaðarbankann, þá sé ég ekki ástæðu til að þessu þurfi að breyta hjá Búnaðarbankanum. Þess vegna mun afstaða mín miðast við það sem þar kann að koma fram.

Ég tel mig nú hafa svarað hv. 5. þm. Norðurl. v. um afstöðu Framsfl. til sameiningar bankanna, en ég tel ekki vera grundvöll fyrir sameiningu. Um sparnaðinn í þessu sambandi kom ýmislegt í ljós, ef ég man rétt, í skýrslu nefndarinnar. Talið var að Landsbankinn einn hefði fleira starfsfólk en Búnaðarbankinn og Útvegsbankinn samanlagt. En það orkar nú allt tvímælis þegar gert er og einnig gat það verið um þetta atriði. Hitt er alveg rétt, og það er það sem er tilgangur þessa frv., að gera þennan banka að alhliða banka sem hefur viðskipti bæði með gjaldeyri og á öðrum sviðum.

Út af því, sem ég lagði til áðan, að vísa málinu til fjh.- og viðskn., þá hef ég nú leitað upplýsinga um það hjá skrifstofustjóra, en gerði það áður eftir minni um meðferð þessa máls hér á Alþ. þegar ég hefði verið viðstaddur, en skrifstofustjóri gaf mér þær upplýsingar að það væri rétt munað hjá mér að búnaðarbankalögin hefðu verið til meðferðar hjá fjhn. þegar breytingar hefðu verið gerðar á þeim. En með tilliti til þess, að hér væri um heildarlöggjöf að ræða, taldi hann eðlilegra að landbn. fengi frv. til meðferðar. Ég mun því taka aftur till. mína

og veita vini mínum, hv. 7. landsk. þm., rétt til þess að taka þátt í störfum n. sem um þetta fjallar. Ég leyfi mér, herra forseti, að gera till. um að það gangi til landbn. samkv. þessum upplýsingum.

Út af því, sem kom fram í ræðu hv. 7. landsk. þm., þá verð ég að segja það, að það er í fyrsta sinn sem ég tel mig hafa orðið fyrir vonbrigðum með þann ágæta mann. Mér finnst satt að segja að það sé komið alveg nóg af því hér á hv. Alþ. að hv. þm. séu að taka undir slúður og aðdróttanir sem settar eru fram í blöðum eða á mannamótum. Ég hafði haldið að það hæfði ekki hv. þm., og ég vonaðist til að þessi hv. þm. væri ekki af þeirri gerð og veit reyndar að hann er það ekki þó að nokkurrar hrösunar gætti í ræðu hans áðan. Ég hef ekki látið gera till. um það í þessu frv. að kosið verði nýtt bankaráð. Jafnvel þó að sumir hefðu talið að nokkur ástæða væri til þess, þá ætla ég þeim, sem þar sitja, að búa við það sem er þangað til það gengur sér til húðar með eðlilegum hætti. En ég vonast hins vegar til þess að bankaráðsmenn þurfi ekki að vera að spyrja um störf sín, og mér finnst að þetta frv. taki af tvímæli um það, eins og kom fram hjá hv. 12. þm. Reykv. áðan. Hann benti á 13. gr. og 14. gr., og ég leyfi mér — með leyfi hæstv. forseta — að benda á 12. gr. Þar segir:

„Bankaráð hefur yfirumsjón með starfsemi Búnaðarbankans. Það gerir tillögur um reglugerð bankans, sem ráðh. setur, og ákveður verkaskiptingu bankastjóra."

Í 11. gr. segir hvað fundir skuli vera margir og að bankastjórar eigi rétt til að sitja á fundum og gefa þar skýrslur sem bankaráðsmenn óska eftir.

Ég held því að þarna sé ekki neitt sem valdið geti misskilningi og sé ósköp auðvelt við að fást, ekki síst þar sem lögin eru algerlega felld að því sem gildir hjá öðrum bönkum. Hins vegar vonast ég til að það verði ekki háttur bankaráðsmanna að vera með umr. um slík mál á götum úti sem ekki eiga að vera þar, því að þeir vita náttúrlega af sinni ábyrgð sem slíkri í því starfi sem þeim er þar trúað fyrir.

Út af því, sem hv. 7. landsk. og hv. 5. þm. Norðurl. v. viku hér að um Stofnlánadeild og veðdeild, þá verð ég að segja það að mjög hefði ég nú óskað eftir því í fyrrv. stjórn að ég hefði átt vísan stuðning þeirra þá eins og hann virðist vera nú, því að ekki er því að neita að stundum þurfti sitt til þá ekki síður en nú til að koma áfram málum þessarar deildar. Hins vegar, eins og ég gat um í ræðu þeirri sem ég flutti við setningu Búnaðarþings, óskaði ég eftir því að Búnaðarþing tæki á þessum málum, bæði veðdeildar og Stofnlánadeildar Búnaðarbankans, þar sem brýna nauðsyn bæri til. Og það er alveg rétt, eins og kom fram hjá hv. 7. landsk. þm., að Búnaðarþing tók vel og myndarlega á þessum málum og endurskoðun að till. þess mun verða gerð. Það breytir engu þó að frá þessum þætti í starfsemi Búnaðarbankans sé gengið með eðlilegum hætti og hann sé gerður samhljóða því sem gerist í öðrum bönkum.

Ég sé ekki ástæðu til að tína hér fleira til. Ég get endurtekið það að lokum, að með þessari lagabreytingu er verið að gera þrennt. Það er verið að samræma lög Búnaðarbankans lögum hinna ríkisbankanna, það er verið að tryggja starfsemina eins og best er hægt með mannahaldi, og það er verið að gera Búnaðarbankann færan um að verða enn þá virkari aðili í atvinnurekstri landsmanna en nú er. Ber brýna nauðsyn til að svo sé, ekki síst þar sem bankinn er jafnsterkur og raun ber vitni um.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Það hafa nú spunnist allmiklar umr. um þetta mál. Við fyrstu sýn virðist það kannske ekki mjög umfangsmikið, en er áreiðanlega viðkvæmt, a. m. k. einn þátturinn sem hæstv. ráðh. hefur lýst yfir að mundi fylgja í kjölfarið á breytingu á lögunum. Mér virðist augljóst að hér sé um þrjá þætti að ræða í þessu frv. Það er að fjölga bankastjórum úr tveimur í þrjá, það hefur verið undirstrikað hér. Annað er að samræma lög um Búnaðarbanka Íslands lögum hinna ríkisbankanna tveggja, þó ekki nema að hluta, og er hér um áfangaleið að ræða. Og þriðja er að tryggja starfsemina, en opna jafnframt fyrir gjaldeyrissölu hjá þessum ríkisbanka. En hér tel ég að sé komið að viðkvæmasta efninu og um leið spurning um hvort þörf er á því að hafa fleiri til að selja þann gjaldeyri sem svo lítið er til af. Ég dreg það í efa, og það mun verða mikið mál að athuga það og fá um það umsagnir hinna ríkisbankanna.

Hæstv. ráðh. túlkaði í fyrri ræðu sinni — og undirstrikaði aftur nú síðar — 19. gr. seðlabankalaganna að mínu mati allfrjálst og í skjóli þeirrar túlkunar eigi að vera hægt að koma á gjaldeyrissölu hjá Búnaðarbankanum. Ég tel við fljóta athugun á þessu máli að þurfi að breyta lögum Seðlabankans og samræma þau algerlega löggjöf þessara þriggja ríkisbanka. Auðvitað er það mál ríkisstj. hverju sinni hvað hún gerir í þessu efni, en hér er um allviðkvæmt og viðamikið mál að ræða, því að eins og 12. þm. Reykv. benti á, þá munu örugglega einkabankarnir gera kröfu til þess að fá jafna aðstöðu á við ríkisbankana, sem er út af fyrir sig réttmætt ef við gerum slíka uppskiptingu í bankakerfinu. En þá er þetta frv. orðið að stórmáli.

Að öðru leyti vil ég taka undir það sem hæstv. ráðh. sagði, að bankinn er vel rekinn, hann hefur dugandi bankastjóra, þeir hafa mikið að gera og hafa sinnt sínu starfi vel. Það er ánægjulegt að sjá að bankinn hefur þróast og vaxið og fengið vexti og vaxtavexti og vexti ofan á þá. Þetta virðist vera eina stofnunin nú á Íslandi sem sýnir svona góðan árangur og kannske sú eina rós sem springur út nú heldur vel fyrir hæstv. ríkisstj. og þá er sjálfsagt að halda henni vel á lofti. En ef allt fylgir eftir sem hæstv. ráðh. sagði varðandi gjaldeyrissöluna og þess háttar, þá er málið orðið virkilega stórt og viðkvæmt. Þá munu fleiri vakna og gera réttmæta kröfu að fá nú hlutdeild í þessari gjaldeyrissölu sem er svo ömurlega þröng og lítil, og raunar eigum við engan gjaldeyri, sbr. fréttirnar í gær og fréttirnar næstum daglega undanfarið, að gjaldeyrissjóður er ekki fyrir hendi. Við höfum aðeins yfirdráttar- og lánsheimildir til að úthluta.

Ég varpa nú fram þeirri einföldu spurningu: Er ekki nóg starfslið í hinum bönkunum tveimur til þess að annast þessa þjónustu? Ég verð ekki var við annað en að það sé meira en nóg og lítið um biðraðir í gjaldeyrisdeildunum svo að ekki þarf að leysa úr þeim vanda. Heldur hefur nú heyrst að hæstv. bankamrh. og æðsti maður gjaldeyrismála á Íslandi hafi látið þau orð falla, samráðh. hæstv. landbrh., formaður flokks hans, að rökrétt gæti nú verið að draga heldur úr sölunni fremur en að opna fleiri hurðir að þeirri eftirsóknarverðu lind sem sala á gjaldeyri virðist vera fyrir bankana. Það er svo annað mál hvort nauðsyn sé að fá fleiri bankastjóra sem slíka. Og ekki er unnt að tala um neinar ákveðnar tölur í því sambandi, hvort það eru 10 milljarðar eða 20 eða bara 5. Erlendis er einn bankastjóri og tveir í margfalt stærri bönkum og þykir mönnum sjálfsagt. Hins vegar eru þeir bankar öðruvísi skipulagðir. Það hafa margir undrast það að bankastjórar skuli þurfa að tala við og nærri taka í höndina á hverjum manni sem biður um víxil upp á 20—50 þús. kr. og kemur með tvo ábyrgðarmenn. Það undrast margir og ég undrast það líka. Þetta er úrelt kerfi, gersamlega úrelt kerfi. Annaðhvort á að hafa aðstoðarbankastjóra, og þeir eru auðvitað ábyrgir, eða deildarstjóra víxladeildar og úthluta þeim ákveðnum kvóta og þá afgreiða þeir víxla fyrir manninn á götunni eins og Búnaðarbankinn á mikið hrós skilið fyrir að hafa gert. Þá er ákveðin upphæð til ráðstöfunar, og það gengur fyrir sig þegjandi og hljóðalaust, tryggingar eðlilega fyrir hendi. Bankarnir hafa komið sér upp tölvukerfi sem gefur upplýsingar um greiðsluvenjur viðskiptamannanna og geta spurt þær hvernig þessi maður hafi staðið að sínum víxlagreiðslum undanfarið. Séu þær góðar og tryggar og inntar af hendi á gjalddaga, þá á að vera unnt að fá litlar upphæðir án þess að þurfa að hlaupa upp og sitja einn og tvo tíma til þess að taka í höndina á bankastjóra og búa til jafnvel sögu um nauðsyn þess að fá 50 þús. kr. Það er von að menn verði hálfslappir eftir slíkar yfirheyrslur klukkutímum saman. Það þarf ekki frv. á Alþ. til þess að breyta því, það er skipulagskerfi bankans.

Ég ætla ekki að fara út í ýmis atriði, sem hér hafa komið fram, út af fyrir sig. Ég get fallist á nauðsyn þess að endurskoða lögin. Hins vegar er það merkilegt eins og fram hefur komið hér í fyrstu ræðunni, hjá 5. þm. Norðurl. v., að í grg. er bókstaflega tekið fram að stór þáttur í starfsemi bankans bíði nánari endurskoðunar, þó að brýnt sé að hann komist í endurskoðun, og líka sá þátturinn sem var undirstaða undir vexti og viðgangi bankans. Samt sem áður á hann að bíða. Þetta vekur spurningar og þetta vekur athygli. Ef það er megintilgangurinn með þessari lagabreytingu að tryggja þriðja bankastjórann í starf sem aðalbankastjóra og opna fyrir gjaldeyrissölu, þá á að segja það hreint út og þarf ekki þennan málatilbúnað í kringum það. Þá hlýtur sú n., sem fær þetta, að vera rökrétt fjh.- og viðskn., en ekki landbn. Annars hefði málið gjarnan mátt fara í landbn. En nú þegar það er undirstrikað að hér á að fara inn á nýtt svið sem er mjög viðkvæmt og leiðir af sér togstreitu hjá einkabönkum, þá er málið komið á allt annað svið og hefur allt annan tilgang, og ég gat ekki fundið annað út úr seinni ræðu hæstv. ráðh. en hann undirstrikaði þetta, að opnað yrði fyrir gjaldeyrissöluna eftir að þetta frv. er orðið að lögum. Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu, sérstaklega vegna þess að þá finnst mér rökrétt að málið fari í fjh.- og viðskn. og hún kalli til sín aðra bankastjóra og seðlabankastjórana og yfirheyri þessa menn mjög rækilega um þarfir fyrir aukna gjaldeyrissölu, möguleika á því að Búnaðarbankinn fyrst og fremst og síðan einkabankarnir hugsanlega komi fram með kröfur, og ég veit það fyrir fram að þær munu koma frá einkabönkunum, og hvernig Alþ. á að svara þeim. Forráðamenn Iðnaðarbankans munu segja að hann þjóni iðnaðinum sem skapi mikinn gjaldeyri, talið í milljörðum núna, í útflutningi o. s. frv. Hvaða rök ætlum við að hafa uppi til að neita þeim um gjaldeyri? Þeir kannske bjóða endurskoðun á sinni löggjöf, kannske að fjölga bankastjórum upp í þrjá ef það er orðin þríheilög tala og vöxtur þessa banka miðaðist allur við þriðjungsvöxt, svo að það er eðlilegt að fara úr tveimur í þrjá. En þeir kannske verða þá að sýna góðar vaxtatölur og vaxtavaxtatölur til þess að ná þessum merka áfanga að fá gjaldeyri. Ég því miður tel að séu nógu margar hendur til að úthluta því sem lítið er af.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Það kom fram í upphafi að það væri hugmyndin að þetta frv. færi til fjh.- og viðskn. og hafði ég ekki ætlað mér að ræða neitt um málið hér. En þar sem nú er ákveðið að það fari til landbn. vil ég segja örfá orð (**RA:** Það hefur enn ekki verið ákveðið.) Ákveðið að leggja það til, afsakið.

Það, sem hefur komið fram og mestar umr. hafa orðið um, er hversu margir bankastjórar skuli vera við þennan banka. Ég lít ekki á það sem afskaplega stórt mál hvort við þennan banka eru tveir eða þrír bankastjórar. Það hefur verið sá háttur á hér á landi að bankastjórar hafa annast mjög mörg málefni bankans, og kom hv. síðasti ræðumaður inn á þann þátt. Ég geng út frá því að sá bankastjóri, sem þarna verður ráðinn til viðbótar, muni væntanlega skila allmiklu starfi og hann muni gera sitt hvað. Og það hefur komið hér fram greinilega að þeir menn, sem hafa annast bankastjórn, hafa ekki haft nægilegan tíma til að sinna málefnum bankans og þess vegna hafi þeir þurft að leita mun meir til aðstoðarmanna sinna, þannig að í mínum huga er þetta fyrst og fremst spurningin um það hvernig verkefnum er skipt, hvort verkefnin eru í höndum bankastjóranna sjálfra eða aðstoðarmanna þeirra, þannig að út af fyrir sig ætti þetta ekki að vera mikið kostnaðaratriði fyrir bankann.

Hins vegar verð ég að taka undir það sem hv. þm. Helgi Seljan kom inn á, að það er vissulega ástæða til þess að endurskoða valdsvið bankaráðs og bankastjórna, ef það er virkilega svo að með veigamikil mál sé farið fram hjá bankaráði, eins og hann kom inn á áðan, og eftir því sem mér skildist hefði bankaráð ekki talið

sig hafa vald til þess að grípa fram fyrir hendurnar á bankastjórunum. Mér þykir það næsta furðulegt ef það er svo að bankastjórar og aðrir geti tekið veigamiklar ákvarðanir um kjör sín og annað og bankaráð hafi ekki heimild til þess að taka þar fram fyrir hendurnar á þeim og breyta þeirra ákvörðunum. Ef þetta er svo, þá er vissulega ástæða til breytinga. En í þessu frv. kemur fram að bankaráð hefur yfirumsjón með starfsemi Búnaðarbankans. Er þá ekki hér hreinlega um það að ræða að bankaráð hafi ekki beitt valdi sínu í þessu tilfelli? Það er allmikill munur á því. En ef bankaráð hefur ekki vald til þess að hafa yfirumsjón og skipa bankastjórum fyrir, þá er vissulega ástæða til þess að breyta hér um.

Það hefur einnig komið fram að með þessu frv. fái Búnaðarbankinn heimild til gjaldeyrisverslunar. (Gripið fram í.) Nú, en það hefur verið lögð á það áhersla að Búnaðarbankinn fái slíka heimild og þá væntanlega mun það verða Seðlabankinn sem taki slíka ákvörðun. Ég hef þá skoðun að það sé eðlilegt að Búnaðarbankinn hafi slíka heimild. Þetta er ekki spurning um það hvað við eigum mikinn gjaldeyri í þessu landi, heldur er það spurning um það að Búnaðarbankinn geti veitt sæmilega þjónustu. Búnaðarbankinn hefur útibú úti um land og útibú meira að segja á stöðum þar sem sjávarútvegur er stundaður, og það er afskaplega óhægilegt fyrir viðkomandi byggðarlag að geta ekki leitað til bankans á þeim stað um málefni sem þarf gjaldeyrisleyfi til, þannig að það er eðlilegt að þessi banki, þar sem hann er orðinn eins viðamikill og raun ber vitni, hafi heimild til slíks. Hins vegar hefur það verið mín skoðun að það hefði verið eðlileg ráðstöfun að sameina Búnaðarbankann og Útvegsbanka Íslands. Ég held að það hefði farið vel á því að hér væru tveir sterkir ríkisbankar og hefði verið nægilegt, og það er enn þá mín skoðun að slík ráðstöfun hefði verið eðlileg. En ég skal ekki fara nánar út í þá sálma.

Ég stóð fyrst og fremst upp vegna ákvæðis í 15. gr., en þar stendur: „Reikningar bankans skulu endurskoðaðir af tveim endurskoðendum, sem Alþ. kýs hlutbundinni kosningu til tveggja ára í senn.“ Ég vil beina því til þeirrar n., sem fær þessi mál til athugunar, að þetta atriði sé athugað betur. Bankar eru afskaplega viðamiklar stofnanir og þeir fara með ýmis málefni sem þarf vissulega að hafa eftirlit með. Það hefur aldrei verið gerð nokkur krafa til þekkingar á þessum málum til þess að verða endurskoðandi í viðskiptabanka. Og það er í raun og veru fáránlegt að maður, sem endurskoðar banka, skuli ekki þurfa að hafa nokkra sérþekkingu á þeim sviðum. Það er að mínum dómi svona álíka og ég væri ráðinn sem yfirskurðlæknir á Landspítala. Þetta er mál sem ég hefi lengi furðað mig á, löngu áður en ég kom í þessa stofnun, og þess vegna vænti ég þess að sú n., sem fær þetta mál til athugunar, athugi hvort ekki sé rétt að breyta hér einhverju um og það sé gerð einhver krafa um þekkingu þeirra manna sem fá þetta vandasama starf og eiga vissulega að bera þar mikla ábyrgð.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég skal vera stuttorður. — Mér urðu það vonbrigði þegar hæstv. landbrh. lét að því liggja að það hefði tíðum staðið á mínum stuðningi við afgreiðslu landbúnaðarmála. Ég hefði þýsna gaman af því að vita um dæmi þess, — ég hef átt sæti í landbn. frá upphafi, — hvenær ég hafi þar brugðið fæti fyrir landbúnaðarmál eða þau mál sem til heilla landbúnaðinum yrðu. Ég þekki ekki dæmi þess, hvorki það né annars staðar, og ég held, að ráðh. hafi þarna orðið mismæli á um það. Mér þykir það einnig mjög leitt og harma það sem hæstv. ráðh. upplýsti hér áðan varðandi spurninguna um heimild til þess að ráða bankastjóra í afleysingum í Búnaðarbankanum, ef það hefur verið gert í heimildarleysi af bankaráðinu. Það þykir mér mjög leitt að heyra. Hv. þm. Stefán Valgeirsson, sem er formaður bankaráðsins, er hér ekki nú á þingi og ég mun ekki fara frekar út í það mál. En annað hef ég ekki vitað en þarna lægi að baki full ráðherraheimild, og mér þykir mjög leitt að það skuli ekki hafa verið. Ég hélt að það hefði alltaf verið gert í fullu samráði við viðkomandi ráðh. Það er leitt að svo skuli ekki vera.

Varðandi valdsviðið hjá bankaráðinu og valdsvið bankastjórnarinnar hins vegar, það sem ég lagði áherslu á í því sambandi, þá gerði ég það af þeirri einföldu ástæðu að það er mjög leitt að það skuli gerast æ ofan í æ í bankaráðinu að um þetta sé deila. Því vildi ég fá sem allra skýrust ákvæði hér um, hvar þessi mörk lægju, og ekkert óeðlilegt við það að fá þau sem allra skýrust. Það eru ákvæði þarna til sem ákvarða þetta nokkuð skýrt, en þó ekki þannig að ég geti verið viss um það að svipaðar deilur og átt hafa sér stað í bankaráðinu geti ekki aftur sprottið upp. Ég held að það þurfi að fyrirbyggja þær því að slíkar deilur um túlkunaratriði eru með öllu óþarfar og óæskilegar.

Aðalmál hæstv. ráðh. gagnvart því, sem ég sagði, var að ég hefði tekið undir visst slúður. Ég hefði nú gaman af að vita hvaða slúður það hefði verið. Ef hæstv. ráðh. á við þær aukagreiðslur, sem ég var að tala um, aukagreiðslur til starfsmannanna, þá er það auðvitað ekkert slúður, hvorki úr blöðum né annars staðar. Þetta er staðreynd, en staðreynd sem því miður fór í gegn sennilega í öllum bönkum. Ég var ekki að taka Búnaðarbankann sérstaklega. Seðlabankinn hafði þarna forustu um mál sem fór í gegn í öllum bönkum án þess að bankaráðin hafi um það fjallað. Og ég var að segja að í þessu tilfelli vissi ég auðvitað sönnur þess að þetta hefði verið greitt. Hæstv. ráðh. veit það eflaust líka. Þetta er ekki slúður, þetta er sannleikur, en bankaráðið hefur ekki um það fjallað.

Ef hæstv. ráðh. hefur átt við orð þau sem ég benti á hér og voru höfð eftir trúnaðarmanni hjá Seðlabankanum varðandi það að hægt væri að spila á kerfið, þá benti ég aðeins á að það væri alvarlegt ef satt væri. Það getur vel verið að þessi trúnaðarmaður Seðlabankans fari með slúður, ég vil ekkert um það segja. Það kann mætavel að vera.

Annað var það nú ekki, því að ég held að hæstv. ráðh. hljóti að hafa misheyrst allhrapa-

lega ef honum hefur heyrst að ég hafi tekið undir upphafleg blaðaskrif um Búnaðarbankann, sem urðu í janúar. Það gerði ég aldeilis ekki. Ég sagði að þar hefði úlfaldi verið gerður úr mýflugu. Og ég veit að hæstv. ráðh. veit mætavel hvernig afgreiðsla þess máls fór fram í bankaráði Búnaðarbankans, þannig að hann þarf ekki að fara með það hingað inn að ég hafi á nokkurn hátt tekið þar undir. Ég furða mig á því ef það er það, því að það er eina atriðið sem ég get séð út úr því að ég hafi hér tekið undir slúður, það er það sem gerðist varðandi málefni Búnaðarbankans í janúar og nokkur blaðaskrif urðu út af og ég hef aldrei tekið undir einu orði, og það veit hæstv. ráðh. mætavel.

Varðandi orð hv. þm. Alberts Guðmundssonar, 12. þm. Reykv., vil ég aðeins segja þetta: Mín orð voru auðvitað almennt um bankana. Ég talaði ekki um Búnaðarbankann sérstaklega, heldur almennt um bankana, varðandi fyrirgreiðslur til hins almenna manns, og það kom auðvitað í ljós í máli hæstv. ráðh. Við getum deilt um hvort það sé eðlileg prósenta eða ekki eðlileg að til slíkra einkaaðila hefðu farið nálægt 10% af fé bankans. Það er auðvitað álitleg upphæð, en það er engu að síður staðreynd að hærri var hún ekki. Um það má deila hvort hún er nægilega há eða ekki. Ég tel hana ekki nægilega háa í þessu tilfelli.

Um mannaráðningarnar vildi ég aðeins færa mig frekar lengra niður og þá alveg sérstaklega gagnvart starfsmannaráði bankans, ekki kannske bankaráði, heldur að starfsmannaráð bankans fengi meira að segja um mannaráðningar en bara á aðalbókara, aðalféhirði og útibússtjórum. Ég var ekki beinlínis að óska eftir því að bankaráðin ákvæðu þetta, heldur að það yrði ákvæði um að starfsmannaráðin í bönkunum gætu ákvarðað þetta.

Og svo aðeins út af því sem hv. þm. Halldór Ásgrímsson vék að. Það er alveg hárrétt hjá honum, bankaráðið hefur ekki í þessu tilfelli beitt valdi sínu varðandi þau launamál sem þarna er um að ræða. Ég á von á því að það muni gera það. En það er hins vegar alvarlegt mál þegar þetta fer svo gersamlega fram hjá bankaráðsmönnum eins og raun bar vitni um. Ég vona að bankaráðið eigi eftir að taka þetta mál fyrir og veit reyndar að það verður gert. Það væri mjög óeðlilegt eins og hann sagði, ef það gerði það ekki. Þá beitti það ekki sínu raunverulega valdi.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Það væri sannarlega fyllsta ástæða til þess að fara hér nokkrum orðum um ýmsar skringilegar röksemdir sem fram komu í máli hæstv. landbrh. hér áðan til stuðnings þeim áformum að fjölga bankastjórum við Búnaðarbankann. En vegna þess að ég veit að hæstv. forseta er umhugað að ljúka fundinum hið fyrsta, þá skal ég ekki tefja menn á því að fjalla um málflutning ráðh. Ég býst hins vegar við að mörgum hafi þótt dálítið kynlegt að heyra að úr því að fjármagn bankans væri komið upp í 10 milljarða, heila 10 milljarða, þá væri það orðinn ábyrgðarhlutur, algerlega óforsvaranlegt, að aðeins tveir menn stjórnuðu bankanum héðan í frá. Ja, ljótt er að heyra! Það hlýtur þá að vera orðið hættulegt ástand í ríkisbúskapnum með þá 60 milljarða sem fjmrh. verður að velta á hverju ári. Með sömu rökum virðist manni að það þyrfti að fjölga fjmrh. landsins úr einum og upp í átján til þess að þeir væru ekki með svona hræðilega stórar upphæðir í höndunum. En auðvitað sjá allir að röksemdir af þessu tagi eru ekkert annað en gamanyrði í besta falli.

Varðandi málið í heild er auðvitað kjarni þess sá að verið er að þenja út bankakerfið með því að fjölga bankastjórum, og reyndar virðist einnig ætlunin að fjölga starfsliði í bankakerfinu sem fæst við gjaldeyrismál.

Hæstv. ráðh. reyndi mikið að losa sig frá stefnu Framsfl. í þessu máli, og auðvitað er það í raun og veru kjarninn í þessu máli hver er stefna Framsfl. í sambandi við bankakerfið og hver hefur verið stefna flokksins.

Ég verð að segja það, að mér þótti hæstv. ráðh. fara æði-léttilega með staðreyndir hér áðan varðandi sögu þessa máls. Ráðh. kemst ekki undan þeirri staðreynd að Framsfl. tók þátt í gerð málefnasamnings þar sem skýrt var kveðið á um að bönkum skyldi fækkað, að þeir skyldu að einhverju leyti sameinaðir, og flokkurinn verður auðvitað að vera tilbúinn að svara því hvernig hann hugðist framkvæma þetta heit sitt. Um það þarf í sjálfu sér ekki að vera neinn vafi ríkjandi vegna þess að eftir að n. hafði verið skipuð um þetta mál til að gera till. og í henni átti sæti einn fulltrúi framsóknarmanna, Jóhannes heitinn Elíasson, þá komst n. einróma að þeirri niðurstöðu að haga skyldi sameiningunni með þessu hætti, að sameina Búnaðarbankann og Útvegsbankann, og mér dettur ekki annað í hug en fulltrúi Framsfl. í n. hafi haft samráð við sinn flokk þegar hann komst að þessari niðurstöðu.

Ekki nóg með þetta. Lengra náði nú ekki sagnfræðin hjá hæstv. ráðh. Hann minntist ekki einu einasta orði á það að í kjölfar þessa nál. flutti ríkisstj., sú ríkisstj. sem hæstv. ráðh. átti sæti í, frv. til l. um viðskiptabanka í eigu ríkisins, og það liggur fyrir að hæstv. ráðh. hefur sjálfur samþ. að þetta frv. yrði flutt, — frv. sem felur í sér að þessir tveir bankar verði sameinaðir. Þetta var flutt sem stjfrv. veturinn 1973—1974. Mér þótti dálítið einkennilegt að hæstv. ráðh. skyldi ekkert víkja að því hvernig þá bar til að hann samþykkti flutning þessa frv., en virðist nú sjálfur vera annarrar skoðunar. Ég segi „sjálfur“ vegna þess að ég hef engar heimildir í höndunum fyrir því að Framsfl. í heild hafi skipt um skoðun í þessu máli. Ég heyrði hæstv. landbrh. lýsa því yfir áðan að hann teldi að afstaða Framsfl. til þessa máls væri sú að sameining kæmi ekki til greina. Ég verð að hryggja hæstv. ráðh. með því að ég vildi þá gjarnan fá upplýsingar um hvort þetta sé formleg flokkssamþykkt eða ekki. Ég dreg það satt að segja í efa að svo sé. Og ég vil minna hæstv. ráðh. á að það er ekki aðeins að flokkurinn hafi staðið að þessu máli í fyrsta lagi með gerð málefnasamningsins, í öðru lagi með því að n., sem fulltrúi flokksins átti sæti í, komst að þeirri ákveðnu niðurstöðu og í þriðja lagi með því að

standa að flutningi stjfrv. um þetta mál, heldur er það staðreynd að við hinar síðari vinstristjórnarviðræður, sem fram fóru í júlímánuði 1974, þegar rætt var um hvort unnt væri að mynda nýja vinstri stjórn undir forsæti hæstv. núv. dómsmrh., Ólafs Jóhannessonar, þá lýsti hæstv. núv. dómsmrh. yfir því í þeim samningaviðræðum að Framsfl. samþykkti það að á komandi kjörtímabili yrði frv. um sameiningu ríkisbankanna, sem þá þegar hafði verið lagt fram sem stjfrv., það yrði að lögum ef af þessari stjórnarsamvinnu yrði. Hæstv. dómsmrh., sem þá var forsrh., raunverulega boðaði það með yfirlýsingu að á komandi kjörtímabili mundi Framsfl. hafa þá stefnu að framfylgja þessum einróma niðurstöðum bankamálanefndar.

Eg verð því að biðja hæstv. landbrh. afsökunar á því að ég skuli ekki taka yfirlýsingu hans sem góða og gilda með því einu að hlýða á hana hér á þinginu. Eg vil gjarnan fá að vita með hvaða hætti það hefur gerst að Framsfl. hefur horfið frá þessari stefnu, sem svo oft hefur verið undirstrikuð. Og ég satt að segja vil lýsa því yfir að ég trúi því ekki að flokkurinn sé horfinn frá þessari stefnu, enda er skemmst að minnast þess að fyrir örfáum mínútum lýsti einn af þm. flokksins því yfir að hann væri þessari stefnu fylgjandi. Og ég býst við að svo sé um æðimarga aðra þm. Framsfl., hvað sem líður yfirlýsingu hæstv. landbrh.

Um málflutning hv. þm. Alberts Guðmundssonar sé ég ekki ástæðu til að hafa mörg orð. Hann var svolítið að velta fyrir sér hvað ég hefði verið að segja í sambandi við einkabankana. Eg vil bara upplýsa það að ég var að lesa upp úr nál. sjálfu, þar sem segir: „Miðað við núverandi aðstæður í bankamálum virðist eðlilegast að ná því markmiði með fækkun hlutafélagsbankanna í einn eða tvo.“ Þetta voru sem sagt ekki aðeins mínar skoðanir í málinu, þetta voru skoðanir bankamálanefndar undir forsæti Jóhannesar Nordals seðlabankastjóra sem þarna komu fram, en einn af þeim, sem skrifuðu undir þetta nál., var Magnús Jónsson, þáv. varaformaður Sjálfstfl. Það fer því ekkert milli mála að þegar hv. þm. beinir skeytum sínum að mér í þessu sambandi, þá er hann einnig að beina skeytum sínum að þáv. varaformanni Sjálfstfl.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Eg vil enn þá beina skeytum mínum að hv. síðasta ræðumanni, 5. þm. Norðurl. v., og fyrirgefa honum margt og þ. á m. hans síðustu ummæli. En svo vill til að ég er vanur að beina skeytum mínum þangað sem ég ætla að senda þau. Hvort það er formaður Sjálfstfl. eða varaformaður, sem verður fyrir þeim, það verður bara að ráðast af þeim málum sem eru til umr. hverju sinni. En ég hef hingað til ekki verið feiminn við að beina mínum skoðunum í þá átt sem ég hef talið þurfa. Það kemur mér ekkert á óvart þó að það finnist maður með sjálfstæða skoðun og hún fari ekki saman við mína skoðun eða hæstv. ráðh. Framsfl. Þar af leiðandi tel ég það ekki neitt til þess að benda sérstaklega á þó að hv. þm. Halldór Ásgrímsson hafi aðra skoðun en flokksbróðir hans, hæstv. ráðh. En þetta er mál sem alþb.-menn eiga oft erfitt með að skilja, hvernig í ósköpunum getur staðið á að það þróast í öðrum flokkum.

En ég vil beina því til hæstv. ráðh. að verði skipuð ný endurskoðunarnefnd um bankamál, þá verði hún ekki eingöngu skipuð ríkisstarfsmönnum eða starfsmönnum úr ríkisbönkum, heldur fái aðilar frá hinu frjálsa bankakerfi að vera þar með, þannig að það heyrist aðrar raddir en þær sem eru á launum hjá ríkinu.

Og ég vil taka undir það, sem hv. 1. landsk. þm., Jón Árm. Héðinsson, sagði, að ég harma að hæstv. ráðh. skyldi skipta um skoðun og óska nú eftir því að frv. yrði sent til landbn. í staðinn fyrir fjh.- og viðskn. Það liggur við að ég greiði atkv. gegn hugmynd ráðh. (Gripið fram í.) Já, ég met það og þess vegna mun ég líklega standa að því. En ég vil — og það er aðalástæðan til þess að ég stend hér upp aftur, — leiðrétta þann misskilning, ef um misskilning hefur verið að ræða hjá hv. 1. landsk. þm., að ég er síður en svo að reyna að tefja fyrir málinu, tefja fyrir því að Búnaðarbanki Íslands fái gjaldeyrisleyfi, með því að gera kröfu um að einkabankarnir fái gjaldeyrisleyfi samtímis. Það er langt frá því. Eg álít sjálfsagt að Búnaðarbanki Íslands fái gjaldeyrisleyfi — og þótt fyrr hefði verið. Svo er annað mál hvort Búnaðarbanki Íslands græðir eitthvað á því. En það er áreiðanlega mikið til í þeim skýringum sem hv. 5. þm. Austf. gat um, að það er sjálfsagt mjög hagkvæmt fyrir útibúin úti á landi að Búnaðarbanki Íslands geti afgreitt á staðnum gjaldeyri til þeirra íbúa landsins sem ekki búa hér við dyr gjaldeyrisbankanna. En þessi röksemdafærsla á alveg eins við um þá sem skipta við Búnaðarbankann hér í Reykjavík. Það er óhentugt og satt að segja ekki nokkrum manni bjóðandi, þótt það hafi viðgengist um langan tíma, að einn og sami viðskiptaaðilinn skuli þurfa að ganga á milli tveggja stofnana til að fá afgreitt eitt mjög lítið og ómerkilegt yfirfærslumál. Þeir, sem skipta við Búnaðarbankann yfirleitt og eru í viðskiptum við útlönd, þurfa fyrst að taka fé út úr Búnaðarbankanum og labba með það yfir í Landsbankann eða Útvegsbankann til þess að ljúka þar seinni hlutanum af þessu eina litla máli sem gjaldeyrisyfirfærsla er. Það er kominn tími til þess að hætta þessum eltingarleik á milli stofnana. Eg vil að það komi hér alveg skýrt fram, að þó að ég sé talsmaður einkaframtaks og í þessu máli einkabankanna, þá vil ég ekki að kröfur frá mér eða einkabönkunum verði til þess á einn eða annan hátt að tefja fyrir því að Búnaðarbanki Íslands fái gjaldeyrisréttindi. Það er sjálfsögð krafa og spor fram í tímann sem átti að vera búið að taka fyrir löngu.

Eg hefði gjarnan viljað taka meiri þátt í umr. og deila svolítið við hv. 7. landsk. þm., Helga Seljan. Hann vitnaði í deilur innan bankaráðs Búnaðarbankans sem gera það ókleift að ég eða aðrir en þeir, sem eru í bankaráðinu, geti tekið þátt í þeim deilum, og hefðu þessi ummæli hans ekki átt neitt erindi inn í þingsalina af þeim orsökum.

Eg skal nú reyna að stytta mál mitt, herra forseti, og hlaupa yfir mest af því sem ég er

búinn að punkta niður. Ég vil aðeins mótmæla þeirra aths., sem kom frá Halldóri Ásgrímssyni, hv. 5. þm. Austurl., varðandi, held ég, 15. gr. frv. sem hér liggur frammi, í sambandi við endurskoðun. Ég held að það séu til mjög bókhaldsfróðir menn án þess að þeir séu endurskoðendur að mennt. Ég álít þá fullkomlega færa og í sumum tilfellum kannske færari en endurskoðendur, þá menn sem hafa tekið endurskoðunarpróf, til þess að endurskoða fyrirtæki eins og bankastofnanir, þannig að ég vil ekki útiloka alla aðra en löggilta endurskoðendur frá því að vera endurskoðendur bankanna. Ég held að það geti verið alveg rétt að hv. þm. sé betri endurskoðandi heldur en yfirskurðlæknir. En ég held að það sé hægt að finna mjög góða og bókhaldsfróða menn sem geta endurskoðað þessar stofnanir, hvort sem þeir eru löggiltir eða ekki löggiltir. Aðalatriðið er að þeir séu bókhaldsfróðir, og ég tel ólíklegt að þingflokkarnir velji ekki bókhaldsfróða menn til endurskoðunar á stofnunum sem Alþ. á að velja menn í.

Ég hef ekki meira um þetta mál að segja annað en það að ég mun veita málinu minn stuðning og vona að það komist sem fyrst í gegnum Alþingi.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Í fyrstu ræðu minni lýsti ég ánægju minni með að hæstv. ráðh. skyldi gera það að till. sinni að vísa þessu máli til fjh.- og viðskn., því að ég taldi að það bæri vott um réttan skilning á þessu máli. Hér er um að ræða bankamál og þau eiga að sjálfsögðu heima í þessari n., enda hefur það verið upplýst að þegar þessi lög hafa áður verið til umr. hér og fluttar hafa verið brtt. við þau, þá hefur þeim verið vísað til fjh.- og viðskn. Satt að segja skildi ég ekki með hvaða rökum ætti þá nú að hafa annan hátt á. En það var haft eftir skrifstofustjóra í einni setningu að það kynni að vera hugsanlegt að gera það.

Ég vil sem sagt, vegna þess að hv. seinasti ræðumaður minnti mig einmitt á þetta atriði, ég hafði gleymt þessu, þá vil ég eindregið taka upp fyrstu till. hæstv. ráðh. og gera það að till. minni að málinu verði vísað til fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12. shlj. atkv. og til landbn. með 9:2 atkv.

Neðri deild, 82. fundur.

Miðvikudaginn 17. mars, kl. 2 miðdegis.

Viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi, frv. (þskj. 331). — Frh. 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til menntmn. með 27 shlj. atkv.

Aðild Íslands að samningi um aðstoðarsjóð Efnahags- og framfarastofnunarinnar, frv. (þskj. 338). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir um aðild Íslands að samningi um stofnun aðstoðarsjóðs á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar, hefur verið samið í viðskrn. Það þótti rétt að hafa þetta frv. til l., en ekki þáltill., þar sem í samningnum eru hugsanlegar nokkrar ábyrgðarskyldur og lántökuheimildir.

Á s. l. vetri var unnið að samningi þeim sem hér er lagt til að fullgiltur verði af Íslands hálfu á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París. Þær viðræður svo og athuganir sérfræðinga aðildarríkjanna leiddu til samningsgerðarinnar, en samningurinn var undirritaður af flestum aðildarríkjum og þ. á m. Íslandi í París 9. apríl s. l. að áskilinni fullgildingu eftir reglum hinna einstöku landa. Öll aðildarríkin hafa nú undirritað samninginn og nokkur gengið frá fullgildingu.

Í grg. með þessu frv. eru teknar fram þær aðalröksemdir, sem liggja til þess að þessi sjóður var settur á fót, svo og rökin fyrir því að talið er rétt að Ísland gerist aðili að þessum sjóði, og sé ég ekki ástæðu til þess að vera að endurtaka það hér. En kjarni málsins er sá að vegna mikilla verðhækkana, sem hafa orðið á olíu og ýmsum öðrum vörum, hefur gengið á gjaldeyrisforða Íslands eins og kunnugt er. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur veitt fyrirgreiðslu í þessu sambandi síðustu tvö árin, en ríkisstj. telur rétt að taka þátt í stofnun þessa aðstoðarsjóðs og eiga þannig kost á þeim lánum hjá honum sem völ er á.

Ég held, herra forseti, að samningurinn sjálfur, sem fylgir að sjálfsögðu hér með sem fskj., svo og grg. skýri þetta mál nægilega, þannig að ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þetta. Þetta frv. hefur gengið í gegnum Ed. og verið afgr. þar óbreytt. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Skattfrelsi bókmennta- og tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs, frv. (þskj. 407). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Hæstv. forseti. Frv. það, sem hér er til umr., er lagt fram í tilefni af því að verðlaun Norðurlandaráðs 1976, bæði á sviði bókmennta og tónlistar, hafa fallið íslendingum í skaut, þeim Ólafi Jóhanni Sigurðssyni rithöfundi og Atla Heimi Sveinssyni tónskáldi. Að óbreyttum lögum er fjórðungur verðlauna þessara skattskyldur skv. ákvæðum G-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Ríkisstj. telur eðlilegt að verðlaunin verði að öllu leyti undanþegin tekjuskatti og útsvari og er lagt til að sett verði almenn regla um skattfrelsi þessara verðlauna Norðurlandaráðs þannig að

sömu reglur gildi einnig um þá íslendinga sem síðar kunna að hreppa verðlaun þessi.

Fram að þessu hefur tvívegis verið veitt undanþága frá skattlagningu heiðurslauna sem íslendingi hafa fallið í skaut erlendis frá og í eitt skipti veitt heimild í fjárl. til að endurgreiða verðlaunaþega skatt af slíkum verðlaunum. Þegar Halldór Laxness rithöfundur hlaut Nóbelsverðlaunin í bókmenntum voru þau undanþegin skatti og útsvari með l. nr. 32/1956 sem sett voru sérstaklega af því tilefni. Á sama hátt voru Sonningverðlaunin, sem sami rithöfundur fékk, undanþegin þessum gjöldum með l. nr. 41/1969. Í tilefni af því að Magnús Már Lárusson fyrrum háskólarektor fékk Henriks Steffensen-verðlaunin var veitt heimild í 41. tölul. 6. gr. fjárl. fyrir árið 1970 til endurgreiðslu skatts af þeim.

Á Norðurlöndum gilda mismunandi reglur um skattlagningu slíkra verðlauna. Á Íslandi hefðu bókmennta- og tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs, eins og áður segir, verið skattlögð að ¼ hluta, en í Danmörku greiðist skattur af allri fjárhæðinni, í Svíþjóð eru verðlaunin skattfrjáls, en nokkuð vafamál virðist vera að hve miklu leyti verðlaunin eru skattskyld í Finnlandi og Noregi, en þó er talið líklegt að ekki sé krafist skatts af þeim. Á fundi menntamrh. Norðurlanda, sem haldinn var í Kaupmannahöfn fyrir skömmu, kom fram að dönsk stjórnvöld hafa í hyggju að gera bókmennta- og tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs skattfrjáls, og af Íslands hálfu var lagt til að þau yrðu gerð skattfrjáls í öllum aðildarlöndunum. Íslandsdeild Norðurlandaráðs er frv. þessu meðmælt. Þá hefur málið og verið kynnt öllum þingflokkunum, er hafa lýst stuðningi sínum við málið.

Ég leyfi mér, hæstv. forseti, að leggja til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Svava Jakobsdóttir: Hæstv. forseti. Þingflokkur Alþb. fagnar því, að þetta frv. er fram komið, og mun veita því brautargengi hér á Alþ. Í þessu frv. felst að bókmennta- og tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs, sem íslendingum hlotnast, skuli vera skattfrjáls. Vissulega væri rétt að mínum dómi að öll verðlaun til listamanna, innlend sem erlend, sem listamönnum hlotnast, væru skattfrjáls og væri það Alþ. til sóma að samþ. slíkt í eitt skipti fyrir öll. En fram að þessu hefur sú leið verið farin að taka ákvörðun um skattfrelsi einstakra verðlauna hverju sinni.

Eins og vikið er að í grg. og kom fram í framsöguræðu hæstv. fjmrh., þá eru fordæmi fyrir því að aflétt hafi verið skattbyrði af verðlaunum sem íslenskir listamenn hafa hlotið erlendis. Alþ. hefur réttilega litið svo á að óeðlilegt væri að ríkið hagnaðist fjárhagslega á þeim heiðri sem íslenskum listamönnum veitist á þennan hátt. Í þessari afstöðu Alþ. felst einnig viðurkenning á því að sá heiður, sem þannig hlotnast einstökum listamanni, sé um leið sómi sýndur íslensku þjóðinni allri er varpi birtu á þá menningu sem kynslóðir hafa varðveitt og listamenn ávaxtað.

Verðlaunaveitingin til Ólafs Jóhanns Sigurðssonar og Atla Heimis Sveinssonar vakti gleði í brjóstum allra íslendinga. Engum blandast hugur um verðleika þeirra. Auk þess fór verðlaunaveitingin fram við alveg sérstæðar aðstæður sem menn munu lengi minnast. Þessir tveir listamenn áttu vissulega erindi á þing Norðurlandaráðs, annað og meira en hið augljósa erindi að sækja verðlaun þau sem þeim höfðu hlotnast.

Þegar veist er að lífsbjörg okkar íslendinga erum við gjarnan knúnir til þess í vörn okkar að sanna sjálfan tilverurétt okkar sem þjóðar. Engin slík kvöð hvílir á stórþjóðum sem sækja fram með ofbeldi í skjóli hergagna sinna. Á þingi Norðurlandaráðs fjölluðu fjölmargir stjórnmálamenn um rétt okkar til að lifa í þessu landi, en verðlaunaveitingin til íslensku listamannanna fyrir afrek þeirra gaf orðum stjórnmálamannanna gildi og merkingu. Ljóð og tónlist, sem þóttu bera af öðru er gert hafði verið sams konar á Norðurlöndum á s. l. ári, mátti vera mönnum sönnun þess að tilveruréttur okkar verður ekki vefengdur. Afrek listamannanna tveggja réttlættu kröfur stjórnmálamannanna. Um leið og ég leyfi mér að óska þessum tveimur listamönnum til hamingju með verðlaunin hér úr þessum ræðustól, þá ber einnig að þakka þessum mönnum starf þeirra.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

Þingsköp Alþingis, frv. (þskj. 416). — 1. umr.

Flm. (Gils Guðmundsson): Hæstv. forseti. Ég tel ekki þörf á því að fylgja þessu frv. úr hlaði með mörgum orðum og þarf því ekki þeirra hluta vegna að verða löng töf á öðrum störfum þingsins. En ég hef leyft mér að flytja frv. um ákveðna breyt. á þingsköpum Alþ. Sú breyt. er einföld í sniðum og fjallar um alveg tiltekið atriði sem ég hygg að hv. þdm. sé svo kunnugt að ekki þurfi að fara þar um mörgum orðum.

Umr. um utanríkismál hygg ég að óvíða á þjóðþingum séu eins fyrirferðarlitlar og hér löngum á Alþingi íslendinga. Það eru sjálfsagt ýmsar ástæður sem til þess liggja. En ég hygg þó að ekki spillti það í neinu störfum þingsins þó að það gæfi sér örlítið oftar og örlítið meira tóm til þess að fjalla um utanríkismál og þá alveg sérstaklega þá þætti utanríkismála sem snerta okkur íslendinga og við íslendingar erum þátttakendur í eða aðilar að.

Þegar ég var fyrst kjörinn á þing mátti heita að það væri viðburður ef beinar raunverulegar umr. yrðu hér um utanríkismál á breiðum grundvelli. Þær fléttuðust gjarnan inn í umr. um fjöldamörg mál, en að tekin væri sérstök umr. um utanríkismál, það var viðburður ef svo var fyrstu ár mín hér á Alþ. Þá var og kalda stríðið í algleymingi og lá við að frá ýmissa sjónarmiði væru utanríkismál eins konar feimnismál sem ekki ætti að ræða um á Alþingi íslendinga. Utanrmn. var á þeim tíma algjörlega óstarfhæf og nánast ekki kvatt til funda í henni hvað sem á dundi í sambandi við utanríkismál. Og það var eitt og annað á þeim árum. Þetta breyttist sem betur fór fyrir u. þ. b. 7—8 árum.

Ég tel, og vil gjarnan að það komi fram hér, að Emil Jónsson, þáv. utanrrh., hafi átt mjög góðan og heilladrjúgan þátt í því að breyta þarna til frá því sem áður hafði verið, áður en hann tók við stjórn utanríkismála. Það var Emil Jónsson sem að vísu samkv. sérstakri ósk hóf þann góða sið að leggja fyrir Alþ. sérstaka skýrslu um utanríkismál einu sinni á ári og síðan fóru fram umr. um hana. Eins og frá er sagt í grg. var hin fyrsta skýrsla af þessu tagi flutt á Alþ. 24. febr. 1969 og umr. fóru þá fram um hana sama dag og fram á kvöld.

Ég held að fullyrða megi að þessi háttur, sem upp var tekinn fyrir nokkrum árum, sé slíkur að allir alþm. telji eðlilegt og raunar sjálfsagt að honum sé fram haldið a. m. k. einu sinni á ári gefi Alþ. sér tóm til þess, einn eða gjarnan tvo daga ef ástæða er til, að ræða um utanríkismál og þá alveg sérstaklega þátt Íslands og íslenskra fulltrúa í stefnumótun og störfum á sviði alþjóðamála eða fjölþjóðamála.

Núv. hæstv. utanrrh. hefur haldið þessum sið og lagt fram árlega skýrslu um utanríkismál og oftast hafa farið fram umr. um hana. Það er hins vegar hvergi ákveðið í lögum að slíkt skuli gert. Ég tel eðlilegt að það verði nú gert og þó alveg sérstaklega að ákveðið verði hvenær slík umr. um utanríkismál skuli fara fram. Aðalgallinn á þessum umr. undanfarin ár hefur verið sá að skýrslan hefur því miður einatt komið fram svo seint á þingi að lítið tóm og stundum ekkert tóm hefur gefist til þess að ræða hana með þeim hætti sem eðlilegur verður að teljast. Eins og segir í grg., þá var það þannig árið 1973 að umr. um skýrslu utanrrh. fóru fram 16. apríl en þinglausnir voru þá tveimur dögum seinna eða 18. apríl. Árið 1974 var skýrslan lögð fram einhvern af síðustu dögum þingsins og þá gafst ekkert tóm til þess að ræða skýrsluna. Þingrofið, sem þá stóð fyrir dyrum, kom í veg fyrir að þessi skýrsla yrði rædd að því sinni, þar sem hún hafði komið svo seint fram. Og í fyrra, árið 1975, fóru umr. um skýrslu utanrrh. fram 13. maí, en þinglausir voru 16. maí. Þegar umr. um utanríkismál fara fram í þinglok, þá gefur auga leið að þær falla í skugga þess að þá er verið gjarnan að afgr. mörg mál og ekki tóm til þess að sinna í raun og veru neinu máli til þeirrar hlítar sem eðlilegt mætti teljast. Og alveg sérstaklega er það bagalegt, þegar almenn umr. um utanríkismál, bæði það sem skeð hefur á liðnu ári og það sem fram undan er í þeim efnum, fer fram, að þá skuli þær umr. að verulegu leyti drukkna í þingslitaannríkinu.

Með tilliti til þessarar reynslu tel ég eðlilegt að Alþ. ákveði nú eða mjög fljótlega það tvennt, að fest sé í lög að slík skýrsla um utanríkismál og umr. um hana skuli fara fram einu sinni á ári og í öðru lagi að valinn verði til þess að flytja og ræða slíka skýrslu heppilegur tími, — tími þegar hægt er að sinna þessum málum og þegar þau falla ekki algjörlega í skuggann af öðrum málum.

Ég hef bent á það og geri um það till. í frv. mínu að marsmánuður verði valinn til þessa. Annar tími kemur að sjálfsögðu fyllilega til greina, en þó hvorki tíminn rétt fyrir jólaleyfi né tími sem hugsanlega væri undir þinglok, jafnvel ekki heldur tíminn rétt fyrir páska sem ég hygg óheppilegan líka.

Ég sé ekki ástæðu, hæstv. forseti, til þess að fjölyrða öllu meira um þetta einfalda mál, en vænti þess að sú n., sem fær það til meðferðar, kanni það. Ég vona að hún og hv. þingdeild komist að þeirri niðurstöðu, að það sé bæði eðlilegt og æskilegt að festa í lögum ákvæði um þau tvö atriði sem ég hef hér nefnt, að slík skýrsla um utanríkismál eins og flutt hefur verið undanfarin ár verði lögð fram og rædd og að til þess sé valinn tími sem talist getur heppilegur á þann veg að umr. um utanríkismál verði ekki algjört aukaatriði eða falli í skugga af þingslitum.

Ég legg svo til, hæstv. forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Skákleiðsögn í skólum, frv. (þskj. 3, n. 400). — 2. umr.

Frsm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Þetta frv., sem hér er nú til 2. umr., var upphaflega flutt í þinglokin í fyrra og þá fjallaði menntmn. um málið og var mjög sammála flm., hv. 9. þm. Reykv., um að hér væri hreyft athyglisverðu máli sem n. vildi fyrir sitt leyti stuðla að að næði fram að ganga, og skilaði n. í fyrra jákvæðu áliti um þetta mál. Hv. flm. flutti þetta mál enn á ný nú snemma þings í vetur og málinu var enn vísað til menntmn., og hefur það þar verið til skoðunar.

Nú hefur það skeð að menntmn. barst bréf, sem er dags. 24. febr. 1976, frá menntmrn., og þar kemur fram, eins og lesa má á fskj. sem fylgir nál. menntmn., að menntmrn. hefur frá áramótum nú að telja ráðið tvo stórmeistara, Friðrik Ólafsson og Guðmund Sigurjónsson, „til þess að annast skákkennslu í útvarpi og sjónvarpi eftir því sem um semst við aðila og til þess að fara í skóla víðs vegar um landið og efna til fjölteflis til að örva áhuga á skák og veita leiðbeiningar," eins og segir orðrétt í þessu bréfi.

Með tilliti til þessa var n. öll sammála um að menntmrh. hefði fullnægt þeirri höfuðstefnu sem kemur fram í frv. N. taldi aftur á móti enga ástæðu til þess að liggja á þessu frv. og taldi eftir atvikum rétt að afgr. það frá n. þannig að því yrði vísað til ríkisstj.

Eins og ég hef sagt, standa allir nm. að þessu áliti og að þessari till. um málsmeðferð.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Að því er fram kemur í nál. menntmn. hefur menntmrn. hinn 24. febr. ritað n. bréf þar sem henni er tilkynnt að rn. hafi með samþykki ríkisstj. ráðið stórmeistarana í skák, þá Friðrik Ólafsson og Guðmund Sigurjónsson, til þess að annast skákkennslu í útvarpi og sjónvarpi og til þess að fara

í skóla víðs vegar um landið og efna til fjölteflis til þess að örva áhuga á skák og veita leiðbeiningar. Ráðningartímabilið er frá 1. janúar 1976 og fyrst sinn sinn, uns öðruvísi kynni að verða ákveðið. Með hliðsjón af þessu mun ég greiða atkv. með till. n., þar eð það er rétt, sem segir í áliti hennar, að með þessari ákvörðun ríkisstj. hafi verið fullnægt þeirri höfuðstefnu sem fram kemur í frv.

Ég get þó ekki látið hjá líða að benda á að lagasetning hefði verið heppilegri en ráðherraákvörðun þótt síst beri að vanmeta hana. Þegar ég veitti menntmrn. forstöðu og réð Friðrik Ólafsson til þess að sinna sama verkefni og hér er um að ræða heyrðist sú rödd að lagaheimild skorti til þeirrar ákvörðunar rn. Ég taldi Friðrik Ólafsson þá hafa svo algjöra sérstöðu og vera svo mikilvægan íslenskri skáklist að ég taldi réttlætanlegt að fylgja ekki fyllstu kröfum um formsatriði varðandi ráðningu hans. Hitt gerði ég mér ljóst, að ætti að verða framhald á hliðstæðri starfsemi, og á því taldi ég og tel enn hina brýnustu nauðsyn, þá yrði nauðsynlegt að setja löggjöf um slíka starfsemi. Þess vegna flutti ég frv., sem hér er til lokaafgreiðslu, þegar á síðasta þingi. Ég tel heppilegra að það hefði verið samþ., því að það eru ekki aðeins Friðrik Ólafsson og Guðmund Sigurjónsson sem nauðsynlegt er að ráða til skákkennslu og skákleiðbeininga. Við eigum sem betur fer fleiri afburða skákmenn sem hlotið hafa alþjóðlega titla í skák. Ingi R. Jóhannsson hefur hlotið slíka alþjóðaviðurkenningu og Jón Kristinsson hefur staðist fyrri hluta þeirrar keppni sem nauðsynleg er til þess að hljóta titil stórmeistara. Þeir, sem að réttu lagi hefði átt að ráða til að stuðla að eflingu skákíþróttar á Íslandi eru því fjórir, en ekki tveir. En látum það vera. Tveir eru betri en enginn. Vonandi verða þeir bráðum ekki bara fjórir, heldur enn þá fleiri.

Að svo mæltu kemst ég ekki hjá því að víkja örfáum orðum að meðferð þessa máls á þingi í fyrra og nú á þessu þingi. Hún er vægast sagt mjög undarleg. Það er kunnara en frá þurfi að segja að það hefur verið haft mjög á orði undanfarin ár að virðing Alþ. sé að þverra. Stjórnmálamenn eru taldir njóta minnkandi álits. Valdhafar sæta vaxandi gagnrýni. Ýmsir hafa talið þessa gagnrýni ósanngjarna, jafnvel talið hana til þess fallna að spilla fyrir skilningi manna á gildi lýðræðis. Þessar raddir hafa verið háværastar meðal ungs fólks. Ýmsir eldri menn hafa talið þetta unga fólk vera á villigötum, það sé of óþolinmótt. Það skilji ekki að það hljóti að taka tíma að fram úr málum sé greitt með lýðræðislegum hætti á grundvelli þeirrar umr. og þeirrar málamiðlunar sem jafnan sé nauðsynleg. En því miður er allt of mikið til í þessari gagnrýni. Stjórnvöld verða æ lágkúrulegri í ráðstöfunum sínum. Glöggt dæmi um þetta er einmitt afgreiðsla þessa máls sem á ekkert skylt við stjórnmál og mér er fyllilega ljóst að ekki verður talið til stórmála frá almennu sjónarmiði. Það er engu að síður skýrt dæmi um hversu lágt ráðamenn geta lagst og þá um leið skýring á því síminnkandi áliti sem þeir njóta með þjóðinni.

Eins og kom fram í ræðu hv. frsm. n. flutti ég í þinglok í fyrra frv. um skákleiðsögn í skólum. Það hlaut einróma meðmæli menntmn. þessarar hv. d. með nokkuð breyttu orðalagi. Að fenginni jákvæðri umsögn þeirra umsagnaraðila, sem leitað hafði verið til, var fyrrv. menntmrh. hæstv., Magnús T. Ólafsson, frsm. n. Vegna mikilla anna þingsins undir þinglok var hins vegar ekki talinn tími til þess að afgr. málið í Ed., en núv. hæstv. menntmrh., Vilhjálmur Hjálmarsson, lýsti því yfir, og kvað það gert eftir að hafa rætt málið við hæstv. fjmrh., að hann væri frv. fylgjandi. Ég ræddi málið persónulega við bæði hæstv. menntmrh. og hæstv. fjmrh. og varð það að samkomulagi að afgreiðsla frv. skyldi bíða til hausts, þá skyldi það afgr. eins og menntmn. hafði lagt til, og lýsti ég þessu samkomulagi í stuttri ræðu við lok umr.

Síðan flutti ég málið þegar í upphafi þessa þings, þegar í október. Mér óskiljanlegur dráttur varð á að menntmn., sem lýtur formennsku flokksbróður menntmrh., afgr. málið. Ég orðaði það oftar en einu sinni við formanninn hvað ylli drættinum, en hann kvað það aðallega annir sínar vegna starfa í fjvn., sem allir vita að er mjög önnum kafin á fyrri hluta þings. En svo gerist það hinn 24. febr. að hæstv. menntmrh. tekur ákvörðun um að framkvæma með stjórnvaldsákvörðun það sem frv. var ætlað að lögfesta og lætur ekki svo lítið að skýra flm. frv. frá því þrátt fyrir umr. og orðaskipti í vor. Ég veit ekki hverjir kalla þetta að kunna mannasiði. Ráðh. vildi m. ö. o. ekki að frv. yrði afgr., heldur gera sjálfur það sem frv. fjallaði um. Að svo búnu átti n. auðvitað engan annan kost en að afgr. málið með þeim hætti sem hún hefur nú lagt til og ég fyrir mitt leyti mun samþ.

Sjá ekki allir hvað hér hefur verið á ferðinni í raun og veru? Stjórnarandstæðingur flytur mál, sem á ekkert skylt við stjórnmál og er algjörlega ópólitískt í eðli sínu. Það hefur almennt fylgi. Það hefur meðmæli allra flokka í menntmn. þessarar hv. d., mun raunar hafa verið rætt í öllum þingflokkum og enginn ágreiningur verið um það. Ég geri samkomulag við hæstv. menntmrh. á s. l. vori um að afgreiðsla frv. skuli bíða til hausts. Þessu samkomulagi er lýst í þingræðu og birt í þingtíðindum. Síðan er málið flutt skv. samkomulaginu, en þá má ekki samþ. það. Af hverju? Á því getur engin önnur skýring verið en að það er flutt af stjórnarandstæðingi. Þegar smámál frá almennu sjónarmiði er afgr. með þessum hætti, þegar jafnsmáskítlegur hugsunarháttur ræður gerðum ráðh. í litlum efnum, við hverju má þá búast þegar hin stærri viðfangsefni eru til úrlausnar. Satt að segja hefði ég trúað mörgum mönnum fremur til slíkra vinnubragða en Vilhjálmi Hjálmarssyni. Hann var form. fjh.- og viðskn. á stjórnarárum ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar, en þar vorum við þá fulltrúar stjórnarandstöðu, Matthías Á. Mathiesen, Matthías Bjarnason og ég. Við áttum ágæta samvinnu við formann n. og fulltrúa stjórnarfl. í n. Aldrei hvarflaði það nokkru sinni að nokkrum okkar þáv. stjórnarandstæðinga að hegða okkur neitt í líkingu við það sem Vilhjálmur Hjálmarsson hefur gert í þessu máli. En þegar þannig

er unnið á æðstu stigum stjórnkerfisins, í sjálfu stjórnkerfinu, þá er ekki von að virðing almennings fyrir valdhöfum fari vaxandi.

Frsm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég verð nú að segja það, að síðari hluti ræðu hv. 9. þm. Reykv. kom mér mjög á óvart, og ég átta mig hreinlega ekki á því hvað hann er að fara. Annaðhvort er þetta svona mikill ákafi og dugnaður sem er að sprengja hann, ellegar þá að þetta er ofurkapp sem ég verð að segja að er allt að því sjúklegt í svona máli, eða þá hreinlega að maðurinn er taugaveiklaður. Ég get ekki ímyndað mér að hann þurfi að vera neitt undrandi á því þó að svona sé, eins og ég er búinn að skýra hér frá með ákaflega hógværum orðum hvernig þessi gangur málsins hefur verið í n., að hann skuli þá bregðast svona við. Og hann leyfir sér jafnvel að kenna ráðh. um það hvaða afstöðu sjö alþm. úr mismunandi flokkum hafa haft til þessa máls. Því fer víðs fjarri að hæstv. menntmrh. hafi nokkur áhrif haft á gerðir einstakra nm. í þessu máli. Því fer víðs fjarri. Hann hefur ekki einu sinni haft áhrif á afstöðu mína til þessa máls. Ég verð að segja það alveg eins og er, að þó við í menntmn. séum ekki menn til þess að fullnægja ofurkappi eða metnaði hv. 9. þm. Reykv. í stóru og smáu, þá má hann ekki sprengja af sér öll bönd í málflutningi. Og ég endurtek það, að það kemur mér ákaflega einkennilega fyrir sjónir hvernig hann bregst við þessu, og vil vísa því algjörlega á bug að þetta mál hafi fengið á nokkurn hátt óeðlilega meðferð hér í þinginu. Það hefur fengið á allan hátt, bæði fyrr og síðar, fullkomlega þinglega meðferð og sem betur fer í mjög góðu samstarfi við flm., eins og ég má minnast frá fyrra þingi. Hitt skal ég játa, að ég hafði af því dálitlar áhyggjur þegar við gengum frá þessu máli fyrri partinn í mars og hv. flm. var erlendis, þá hafði ég svolitlar áhyggjur af því að hafa ekki sagt honum frá afgreiðslunni. En ég taldi ekki ástæðu til að tefja þetta mál þangað til ég næði sambandi við hv. flm., enda virtist mér að þessi málsmeðferð væri fullkomlega eðlileg miðað við málsástæður og fullkomlega þingleg.

Það er nú ekkert þó að hv. þm. beini spjótum sínum gegn okkur í n. og til mín sem form. n. og frsm., en ég vil ekki að hæstv. menntmrh. sé ranglega brugðið um afskipti af þessu máli því að þau hefur hann ekki haft. Hitt er ljóst, að við í n. fylgdumst með hvað var að gerast í þesu máli og við vissum af viðtölum við menntmrn. að það var búið að ráða menn til þeirra starfa sem þetta frv. gekk út á, og við fengum það staðfest með bréfi 24. febr.

Ég held að hv. flm. þessa máls megi vel við það una að hafa verið forgöngumaður þessa máls hér á þingi og að hann hefur átt verulegan þátt í því að þetta mál hefur fengið þá lausn sem reyndin er, að það er búið að ráða báða skákmeistara okkar, stórmeistarana okkar í skák, búið að ráða þá báða á föst laun hjá ríkinu þannig að þeir ættu að hafa þokkalega afkomu sem atvinnumenn í skák. Ég hugði svo sjálfur og ég hygg að það hafi verið skoðun menntmn.-manna yfirleitt að það væri þetta sem hv. þm. vildi fyrst og fremst koma fram, en ekki endilega í hvaða formi það væri gert eða hvort fullnægt væri að öllu leyti eigin metnaði hans í málafylgju.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég hef þegar sagt það sem ég tel þörf á að segja um meðferð þessa máls og hef engu við að bæta. Hitt vil ég aðeins leiðrétta, að gagnrýni mín hafi beinst að hv. menntmn., sem auðvitað átti sér ekki stað þar eð ég hóf mál mitt með því að lýsa því yfir að ég væri fylgjandi og mundi greiða atkv. með einróma áliti n. vegna þeirra bréfaskrifta sem farið höfðu fram af hálfu menntmrn. til n. Hinu kemst ég ekki hjá í örfáum orðum að andmæla, að meðferð málsins hafi að öllu leyti verið eðlileg. Hún hefur að öllu leyti verið óeðlileg. Það er óeðlileg meðferð máls, þegar frv. er flutt í byrjun þings að gerðu samkomulagi við ríkisstj. í lok síðasta þings, að þá skuli líða októbermánuður, nóvembermánuður, janúarmánuður og næstum allur febrúarmánuður án þess að málið sé afgr. — þrátt fyrir gert opinbert samkomulag flm. frv. við tvo hæstv. ráðh. á s. l. vori, væntanlega, að því er mér skilst, að hafðri stuttri umr. í ríkisstj. um málið. Samt líða margir mánuðir án þess að málið hljóti afgreiðslu, en efni málsins afgr. með ráðherraákvörðun sem tekin er án þess að láta svo lítið að skýra flm. frv. frá henni þrátt fyrir áður gert samkomulag, en ekki afgr. með samþykkt frv. Það er þessi málsmeðferð, sem ég hef verið að átelja, og annað ekki. Till. n. mun ég að sjálfsögðu samþ.

Um upphaf á ræðu form. n. vil ég engin orð hafa. Ég vildi óska hans vegna að hann hefði látið vera að mæla þau.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umr. og ég ætla ekki að fara að ræða um mannasiði við hv. 9. þm. Reykv. Ég vil aðeins láta þess getið að menntmrn. þótti rétt, eftir að búið var að ráða skákmennina, að skýra menntmn. frá því, sem og gert var með bréfi. En vegna þess að hv. þm. minntist á afstöðu mína, þegar málið var hér til meðferðar við þinglokin síðast, og kvað mig hafa lýst fylgi við frv., þá held ég að það sé skýrara að komi alveg fram það sem ég sagði þá, það er örstutt. Og ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að rifja það upp:

„Ég er sammála flm. þessa frv. um nauðsyn þess að greiða fyrir því að stórmeistarar okkar geti í ríkum mæli helgað sig skákíþróttinni. Það er nú áreiðanlega orðið þröngt um afgreiðslu þessa máls hér á þessu þingi og óvíst hversu um hana fer. Ég hef rætt þetta ofurlítið við hæstv. fjmrh. og við erum málinu velviljaðir efnislega. Teljum við rétt að það komi fram, m. a. vegna þeirrar tvísýnu sem augljóslega er á um afgreiðslu málsins á þessum síðustu stundum þingsins."

Mér finnst rétt að þetta komi fram orðrétt og fylgi með í þessum umr.

ATKVGR.

Till á þskj. 400 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 28 shlj. atkv.

Sameinað þing, 66. fundur.

Fimmtudaginn 18. mars, kl. 2 miðdegis.

Minnst látins fyrrv. alþingismanns.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Áður en gengið verður til dagskrár vil ég minnast Þorsteins M. Jónssonar fyrrv. skólastjóra, alþm. og bókaútgefanda, sem andaðist í gær, 17. mars, í Vífilsstaðaspítala, níræður að aldri.

Þorsteinn M. Jónsson var fæddur á Útnyrðingsstöðum á Völlum í Suður-Múlasýslu 20. ágúst 1885. Foreldrar hans voru Jón bóndi þar Olason bónda á Útnyrðingsstöðum Ísleifssonar og kona hans, Vilborg Þorsteinsdóttir bónda og skálds í Mjóanesi á Völlum Mikaelssonar. Hann lauk gagnfræðaprófi á Akureyri vorið 1905, var heimiliskennari á Akureyri veturinn 1905—1906 og kennari við barnaskólann á Seyðisfirði 1907—1908. Veturinn 1908—1909 var hann við nám í Kennaraskólanum í Reykjavík og lauk þaðan kennaraprófi um vorið. Hann stofnaði unglingaskóla í Borgarfirði eystra haustið 1909 og hélt hann til 1919. Skólastjóri við barnaskólann þar var hann 1910— 1919. Búskap rak hann að Hvoli í Borgarfirði 1910—1918 og í Stóru-Breiðuvík 1918—1921, ennfremur smábátaútgerð í Bakkagerði 1913—1918. Kaupfélagsstjóri í Bakkagerði var hann árin 1918—1921. Árið 1921 fluttist hann til Akureyrar og var kennari við barnaskólann þar 1921—1932 og skólastjóri gagnfræðaskólans á Akureyri 1935—1955. Jafnframt hafði hann búskap í Skjaldarvík syðri við Eyjafjörð 1922—1924 og að Svalbarði á Svalbarðsströnd 1934—1939. Hann rak bóka- og ritfangaverslun á Akureyri á árunum 1923—1935. Árið 1924 hóf hann bókaútgáfu er hann stundaði fram á elliár. Hann átti sæti í stjórn Síldarverksmiðja ríkisins 1936—1943 og var sáttasemjari í vinnudeilum á Norðurlandi 1939—1956. Alþm. norðmýlinga var hann kjörinn haustið 1916 og sat á þingi til 1923, á 9 þingum alls.

Þorsteinn M. Jónsson var einn hinna mörgu bókhneigðu og námfúsu unglinga á fyrstu áratugum þessarar aldar, sem brutust til mennta af litlum efnum, en áttu engan kost þeirrar skólagöngu sem þeir þráðu. Hann stundaði framhaldsnám í skólum þrjá vetur undir handleiðslu afburðakennara. Þó að hann hafi lagt hönd að mörgu síðar um ævina var langstærsti þátturinn í starfsferli hans að fræða aðra. Hann var kennari og skólastjóri í fimm áratugi, mikill skólamaður. Jafnframt var hann stórvirkur bókaútgefandi. Gaf út skáldrit nokkurra fremstu höfunda íslenskra á þeim tíma, ýmislegan þjóðlegan fróðleik og margar kennslubækur. Hann gaf út tímaritð Nýjar kvöldvökur og var ritstjóri þess 1933—1956, og ásamt Jónasi Rafnar yfirlækni safnaði hann þjóðlegum fróðleik og gaf út í ritinu Grímu á árunum 1935—1950. Hann eignaðist mikið og vandað bókasafn, sem hann rækti af alúð og kappi, og nýtur nú stofnun Árna Magnússonar góðs af því eljuverki hans.

Þorsteinn M. Jónsson hóf ungur afskipti af félagsmálum. Hann var einn af stofnendum ungmennafélags á Akureyri árið 1906 og átti síðar á sama ári frumkvæði að stofnun ungmennafélags heima í Vallahreppi, hins fyrsta á Austurlandi. Hann var bindindismaður, ferðaðist á vegum Stórstúkunnar um Austurland vorið 1908, þegar bannmálið var á döfinni, og var síðar lengi formaður áfengisvarnanefndar Akureyrar. Hann var hreppsnefndarmaður og sýslunefndarmaður síðustu ár sín á Borgarfirði eystra og síðar bæjarfulltrúi á Akureyri 1942—1956, forseti bæjarstjórnarinnar 1944—1956. Og á Akureyri átti hann sæti í skólanefndum barnaskóla, gagnfræðaskóla og húsmæðraskóla.

Nú eru senn sex áratugir síðan Þorsteinn M. Jónsson tók fyrst sæti á Alþ. Hann var í hópi yngstu alþm. á þeim tíma. Flokksbræður hans völdu hann til setu í sambandslaganefndinni 1918, og var honum ljúft starf að vinna í þeirri nefnd að því að losa um stjórnarfarsleg tengsl Íslands við Danmörku og ná þeim mikilvæga áfanga sem þá vannst. Á Alþingi 1922 flutti hann og fékk samþykkta till. til þál. um útgáfu á sögu Alþingis í tilefni 1000 ára afmælis þess. Hann flutti á þingi 1923 frv. um stofnun menntaskóla Norður- og Austurlands á Akureyri og var á Alþingi einn forvígismanna að stofnun þjóðleikhúss. Hann var snjall rithöfundur og ræðumaður, rökfastur og fylginn sér í málflutningi. Hann lifði langa ævi og vann mikið og áhrifaríkt ævistarf, kom víða við sögu þjóðmála og menningarmála á fyrri helmingi þessarar aldar. Skóla- og menntunarstarfið mun hafa verið honum hugleiknast, enda lét hann svo um mælt í blaðaviðtali áttræður að aldri, að hann mundi kjósa skólastarfið ef hann ætti að velja á nýjan leik.

Ég vil biðja hv. alþm. að minnast Þorsteins M. Jónssonar með því að rísa úr sætum. — [Þm. risu úr sætum.]

Hönnun bygginga á vegum ríkisins, þáltill. (þskj. 178). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Sykurhreinsunarstöð í Hveragerði, þáltill. (þskj. 297). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Heyverkunaraðferðir, þáltill. (þskj. 312). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Stofnlánasjóður vegna stórra atvinnubifreiða, þáltill. (þskj. 228, n. 409). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Atvmn. hefur haft til athugunar till. til þál. á þskj. 228 um stofnlánasjóð vegna stórra atvinnubifreiða og stórvirkra vinnuvéla, flm. Helgi F. Seljan, Karvel Pálmason og Páll Pétursson, á þessa leið: „Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að hlutast til um að komið verði á fót stofnlánasjóði eða stofnlánadeild, sem hefði það hlutverk að veita stofnlán til kaupa á vörubifreiðum, langferðabifreiðum og stórvirkum vinnuvélum.“

N. hefur athugað þessa till. og látið frá sér fara svo hljóðandi nál. á þskj. 409:

„N. hefur athugað till. og kynnt sér umsagnir er borist höfðu allshn. um till. á síðasta þingi.

N. mælir eindregið með samþykkt till. og telur eðlilegt að ræktunarsamböndum verði gefinn kostur á aðild að sjóðnum. — Alþingi, 10. mars 1976. Páll Pétursson, form. og frsm., Gils Guðmundsson, fundaskr. Sverrir Hermannsson. Jón G. Sólnes. Karvel Pálmason. Steingrímur Hermannsson.“

Þessi till. hefur verið flutt á tveimur þingum áður, en hafnaði í allshn. og vannst ekki tími til að afgr. hana. Allshn. hafði aflað umsagna, m. a. frá Félagi vinnuvélaeigenda og Landssambandi vörubifreiðastjóra, og báðir þeir umsagnaraðilar lögðu eindregið til að till. hlyti samþykki.

Svo sem kunnugt er hefur engin lánastofnun talið sér skylt að lána til kaupa á stórum atvinnubifreiðum. Byggðasjóður hljóp í fyrravor undir bagga og lagði inn fé í Iðnaðarbankann, sem síðar var endurlánað þar í samstarfi við samtök vörubílstjóra á langleiðum. Þetta fé var of lítið þar sem þörfin var brýn og nánast einungis um víxilfyrirgreiðslu að ræða.

Hvað varðar vinnuvélakaup hefur Byggðasjóður lánað einstaklingum í mörgum tilfellum allt að 30% af kaupverði, en þó er Byggðasjóður fyrst og fremst viðbótarlánasjóður. Stofnlánadeild landbúnaðarins hefur lánað lítinn hluta af kaupverði vinnuvéla ræktunarsambanda, en allt of lítinn, þannig að endurnýjun á vélakosti ræktunarsambanda hefur tafist mjög alvarlega. Búnaðarþing tók um daginn þetta mál til meðferðar og ályktaði að fela stjórn Búnaðarfélags Íslands að fá því framgegnt, eins og segir í ályktun þingsins, að Byggðasjóður láni til vélakaupa ræktunarsambanda. Miðað sé við að heildarlán til vélakaupa séu 80% af kaupverði og í stað ákvæða í núgildandi lögum um fyrningarsjóð ræktunarsambanda kæmi ákvæði um framlag í stofnlánasjóð ræktunarsambanda, framlag ræktunarsambanda til stofnlánasjóðs sé miðað við ákveðinn hundraðshluta af tekjum af vélavinnu.

Atvmn. taldi eðlilegt að skoða þessi mál öll í samhengi þar sem vandinn er að ýmsu leyti hliðstæður. Mér er enn fremur kunnugt um að forráðamenn Búnaðarbankans hafa verið að velta þessum málum fyrir sér og leita að leiðum til lausnar á vandanum.

Hv. þm. til glöggvunar vil ég að lokum rifja upp það sem segir í grg. með till. og lesa þar örstuttan kafla, með leyfi forseta:

„Um fjármögnun sjóðsins eða deildarinnar hlýtur að miklu að verða að fara svipaðar leiðir og gilda gagnvart öðrum stofnlánasjóðum.

Aðeins skal bent á tvær eðlilegar leiðir: Annars vegar, að Framkvæmdasjóður leggi til lánsfé, og í öðru lagi komi til gjald frá eigendum þessara atvinnutækja, sem þeir skiluðu til sjóðsins eftir vissum reglum. — Um margt væri eðlilegast, ef um stofnlánadeild yrði að ræða, þá yrði hún í einhverjum ríkisbankanum.“

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég vil þakka hv. atvmn. og þá sérstaklega formanni hennar fyrir skjót og góð vinnubrögð varðandi þessa till. Ég sagði í framsögu að þetta væri býsna sjálfsögð till., og ég fagna því að atvmn. hefur fallist á það. Ég vil einnig vekja athygli á því, að þessi afgreiðsla hv. atvmn. skýtur allmjög skökku við önnur vinnubrögð mörg í nefndum hér. Ég veit að þeir aðilar, sem njóta góðs af þessu, fagna því einlæglega og vona að skjót framkvæmd geti bjargað málum þeirra sem allra best. Þeir hljóta, eins og ég reyndar, að treysta á skjót og góð vinnubrögð hæstv. ríkisstj. og að hún taki nú til höndum í þessu máli sem allra fyrst svo að málið verði ekki lengi samþ. ein hér á þingi.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég vil aðeins bæta örfáum orðum við það sem fram hefur komið hér í umr. um þessa þáltill.

Ég get borið vitni um það að allmikið ófremdarástand ríkir á þessu sviði hvað snertir stofnlánasjóð til handa þessum atvinnugreinum: vörubifreiðum, flutningabifreiðum á langleiðum og stórvirkum vinnuvélum. Það, sem ég vildi þó bæta við, er einvörðungu þetta, að hér er ekki, a. m. k. að því leyti sem Framkvæmdastofnunin hefur átt hlut að því að koma skipulagi á þessa hluti, ekki verið að leggja til að auka um of fjármagn til þessara atvinnugreina, heldur að ná skipulagi á lánamál þessara atvinnugreina. Þetta eru orðin allviðamikil og stór atvinnufyrirtæki.

Kaupverði einnar vörubifreiðar með þeim búnaði, sem nú tíðkast, nemur allt að 12 millj. kr. Þessir aðilar hafa ekki átt í neitt hús að venda nema viðskiptabanka, og eins og högum er nú háttað hefur öll fyrirgreiðsla verið afar treg af þeirra hálfu. Víða er svo komið með bifreiðar, sem hafa komið til landsins og verið pantaðar með vilyrðum frá viðskiptabönkum að mönnum hefur ekki tekist að leysa þær út. Þessu vandræðaástandi verður að linna.

Varðandi stórvirku vinnuvélarnar, þá hefur þeim að litlu leyti verið sinnt af Iðnlánasjóði, en ekki átt höfði sínu að halla að neinum stofnlánasjóði. Þar er þó um að tefla tæki sem geta skipt tugum millj. í kaupverði.

Ég legg sem sé áherslu á það, að þótt lagt sé til að komið verði á fót stofnlánasjóði vegna atvinnubifreiða og stórvirkra vinnuvéla, þá er ekki með því verið að leggja til að veita stóraukið fjármagn til þessarar atvinnugreinar, heldur fyrst og fremst að ná skipulagi á lánamál atvinnugreinanna. Það hefur verið allt of tilviljunarkennt með hvaða hætti kaup og innflutningur þessara tækja hefur átt sér stað. Á veltiárum eins og 1973 og 1974 gátu hér um bil hverjir sem voru gengið inn í umboð og gert

pantanir á tækjum sem kostuðu jafnvel tugmilljónir króna, án þess að gera frekari grein fyrir fjármögnun til tækjanna. Þess vegna ber brýnustu nauðsyn til að stofnaður verði sjóður sem hefur það hlutverk með höndum að gá að því að hér sé ekki allt laust í reipunum eins og verið hefur undanfarin ár.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 31 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 434).

Niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðum, þáltill. (þskj. 77). — Frh. fyrri umr.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í framhaldi af framsöguræðu minni um þetta mál voru fluttar þrjár ræður, að vísu mjög ólíkar. Fyrstu ræðuna flutti hæstv. landbrh. Þar var um að ræða mjög greinargóða skýrslu um ástand þessara mála. Í henni voru fólgnar ýmsar upplýsingar sem ekki hafa legið á lausu og er ég honum þakklátur að hafa komið þeim á framfæri við þing og þjóð. Af máli ráðh. mátti greinilega draga þá ályktun — og hefur hann eflaust ætlast til þess, að honum væri ljóst að hér væri við alvarlegt vandamál að etja, niðurgreiðslumál landbúnaðarins væru komin í nokkurt óefni, það væri verið að skoða vandamálið. Mér skildist að till. væru væntanlegar um nokkrar breytingar, sem vissulega er ekki vanþörf á, þótt ég geri mér auðvitað grein fyrir því að þess er varla að vænta að þær breytingar verði jafnróttækar og jafnvel gangi ekki í sömu átt og þær sem hér er lagt til að gerðar verði. Hafi flutningur þessa máls getað orðið til þess að flýta fyrir því að breyting til batnaðar verði gerð á því ófremdarástandi sem niðurgreiðslumálin eru komin í, þá fagna ég því.

Önnur ræðan, sem flutt var af hálfu hv. 6. þm. Norðurl. e., Inga Tryggvasonar, var og flutt af hófsemi og skynsemi og bar þess einnig alveg ótvíræðan vott, jafnvel enn skýrari vott en ræða hæstv. landbrh., að þessi reyndi forustumaður íslensks landbúnaðar gerir sér ljóst að hér er orðið við mikinn vanda að etja. Ég endurtek ekki meginatriði þess sem hann viðurkenndi að aflaga færi. Ég bendi aðeins á að með hófsömum orðum játaði hann að hér þyrfti að verða veruleg breyting á til batnaðar.

Þriðja ræðan, sem flutt var, var flutt af hv. 3. þm. Norðurl. v., Páli Pétursyni, og var því miður allt annars eðlis og skar sig alveg greinilega frá hinum ræðunum. Hún bar þess vott, að því er mér virtist, að hann skildi ekki upp eða niður í því vandamáli sem hér væri um að ræða. Hann viðurkenndi yfir höfuð alls ekki, eins og þeir gerðu báðir, hæstv. landbrh. og hv. þm. Ingi Tryggvason, að hér væri nokkurt vandamál á ferðinni. Hann talaði m. ö. o. af fyllstu grunnhyggni um þetta mál. Hvort það stafaði af þekkingarleysi á málinu eða skilningsleysi á því sem hann þó veit eða þekkir, um það skal ég ósagt láta. Þekkingarleysi þykir mér þó sennilegri skýring þegar haft er í huga að hv. þm. Páll Pétursson er náskyldur þeim margreynda og ágæta þm. Skúla Guðmundssyni og ég hafði satt að segja haldið að í ætt hans fyndist varla grunnhyggjumaður, en það er eins og undantekning sé til frá öllum reglum. Ég held að nauðsynlegt sé að það komi skýrt fram hvað hv. þm. Páll Pétursson í raun og veru veit um þessi mál, fyrir hverju hann hefur gert sér grein og fyrir hverju hann hefur ekki gert sér grein. Þess vegna vil ég leyfa mér að beina örfáum spurningum til hv. þm. Páls Péturssonar.

Veit hann að á framleiðsluárinu 1974—1975 var framleiðsla dilkakjöts 13 500 tonn, og veit hann að af þessum 13 500 tonnum voru flutt út 2 800 tonn eða 21% af framleiðslunni? Fimmta hvert tonn af kjöti, sem íslenskir bændur framleiddu, var flutt út og þess neytt af erlendum mönnum. Veit hv. þm. Páll Pétursson hvað fékkst fyrir þetta kjöt? Það fékkst fyrir það 49% af því sem kostaði að framleiða það, tæpur helmingur. M. ö. o.: íslenskir bændur selja erlendum neytendum: breskum, færeyskum, sænskum, norskum, um það bil fimmta hvert kjötkg sem þeir framleiða fyrir minna en helming sem það kostar að framleiða kjötið. Er þá ekki von að ég spyrji og biðji hann um að svara því alveg skýrt og skorinort, ef hann veit þessar staðreyndir, og af þeirri greind sem honum ætti að vera ættlæg, — svara því skýrt og skorinort: Telur hann þetta virkilega vera eins og það á að vera? Sér hann engan vanda í sambandi við þetta? Sér hann engan galla á því skipulagi sem hefur þetta í för með sér?

Mig langar líka til að spyrja hv. þm. Pál Pétursson hvort honum sé kunnugt um hvað útflutningsbætur séu nú miklar. Ef honum kynni ekki að vera það, þá skal ég upplýsa að þær eru nú um 1000 millj. kr. M. ö. o.: íslenskir skattgreiðendur borga neytendum í Bretlandi, Færeyjum, Noregi og Svíþjóð og fleiri löndum 1 milljarð kr. fyrir að leggja sér til munns íslenskar landbúnaðarafurðir. Ég spyr hann enn: Ef hann veit þetta, telur hann virkilega að það sé um að ræða skipulag á málefnum þessa atvinnuvegar sem ekki þurfi úrbóta við? Sér hann ekki að hér er um vanda að ræða sem löngu er kominn tími til að tekið sé á af festu og alvöru.

Ég er viss um að hann veit hvað niðurgreiðslurnar eru miklar. Þær eru á þessu ári áætlaðar rúmar 4 600 millj. kr. Við erum sammála um að hér er um styrk til neytenda að ræða. Niðurgreiðslurnar eru ekki styrkur til bænda, ekki styrkur til landbúnaðarins, þær eru styrkur til neytenda til að geta keypt vissar vörur á lægra verði en ella mundi eiga sér stað. En veit hv. þm. Páll Pétursson hvað þessi upphæð er í raun og veru stór miðað við hinn smáa þjóðarbúskap íslendinga? Niðurgreiðslurnar eru orðnar hvorki meira né minna en 5% af ráðstöfunartekjum íslenskra heimila, 1/20 hluti af ráðstöfunartekjum íslenskra heimila. Þarf þá nokkurn að undra þótt sú spurning vakni, hvort tæpum 5000 millj. kr., sem íslenskir skattborgarar greiða úr sameiginlegum sjóði í neytendastyrk, sé eins skynsamlega varið og unnt væri með því að nota hann eingöngu til þess að greiða niður íslenskar landbúnaðarvörur og þó ekki allar og greiða þær niður í mjög misjafnlega ríkum mæli, eins og

á sér stað og ég rakti í framsöguræðu minni og þarf ekki að endurtaka hér?

Þessi neytendastyrkur ríkissjóðs nemur hvorki meira né minna en sem svarar 28 þús. kr. á hvern fullorðinn mann í landinu. Hann nemur 28 þús. kr. á hvern fullorðinn mann í landinu. En hann er bundinn því skilyrði, þessi styrkur, að menn kaupi kjöt, mjólk, smjör, osta og fáeinar aðrar minni háttar landbúnaðarvörur — en ekki allar. Kaupi menn nautakjöt fá menn enga hlutdeild í styrknum. Kaupi menn kjúkling fá menn enga hlutdeild í styrknum. Er von að menn spyrji: Er sá skynsamur maður til sem telur þetta skipulag vera skynsamlegt? Hvers vegna á það að vera skilyrði að neytandinn kaupi endilega fyrir styrk sinn kindakjöt en ekki nautakjöt eða kjúkling? Hver sér vitið í þessu? Ég benti á það og vil undirstrika það, að í þessu felst auðvitað stórfellt misrétti milli framleiðenda landbúnaðarvöru, í því fyrst og fremst að sumar vörur skuli vera niðurgreiddar, en sumar alls ekki, — það er auðvitað hallað stórlega á þá sem framleiða landbúnaðarvöru sem ekki fær eyri í niðurgreiðslu, — en það er einnig misrétti í hinu, hversu misjafnar niðurgreiðslurnar eru á einstakar landbúnaðarvörur sem þó eru niðurgreiddar. Kom það mjög skýrt fram í ræðu bæði hæstv. landbrh. og í ræðu hv. þm. Inga Tryggvasonar að þeir gera sér ljóst misréttið sem í þessu felst. En það örlaði ekki á því í einni setningu af því sem hv. þm. Páll Pétursson sagði að hann gerði sér grein fyrir að hér væri nokkurn skapaðan hlut við að athuga. Allt var nákvæmlega eins og það átti að vera, að því er manni best gat skilist.

Ég skal nefna nokkur einföld dæmi um það ranglæti sem í þessu felst gagnvart neytendum. Ég skal minna á ágætan félagsskap sem einhverjir hv. þm. eru e. t. v. aðilar að, en fjöldi íslendinga eru aðilar að, þ. e. a. s. náttúrulækningafélagsskapinn. Nú veit ég ekki, gat ekki fengið upplýsingar um það í matarhléinu, hvað margir félagar eru í náttúrulækningafélagsskapnum, en þeir eru mjög margir. Menn vita að þeir mega ekki borða kjöt, hvorki niðurgreitt kjöt né óniðurgreitt. En dettur nokkrum í hug að neita því að félagar í Náttúrulækningafélaginu séu neytendur, og sé þetta neytendastyrkur, hví eiga þeir þá ekki að fá hlutdeild í þessum styrk? En þeir fá ekki eyri vegna niðurgreiðslu á kjöti af því að þeir neyta ekki kjöts. M. ö. o.: þeir eru sviptir réttmætri hlutdeild, vil ég segja, í þeim styrk sem hv. þm. Páll Pétursson játar að allir neytendur eigi að fá og sé ætlaður neytendum. Félagar í Náttúrulækningafélaginu fá ekki krónu af þeim styrk, af þeim geysilegu fjárhæðum sem ganga til niðurgreiðslu á kjöti.

Ég skal gjarnan láta þess getið hér að þetta vandamál, sem ég er að nefna, var í upphafi mjög lítilvægt, og það er lítilvægt þar sem niðurgreiðslur eru tiltölulega lítill hluti af verði, og það hjálpar líka til þess að draga úr mikilvægi þess ef niðurgreiðslur eru hlutfallslega jafnmiklar. En þetta vandamál verður mikilvægt þegar niðurgreiðslur eru orðnar jafnmiklar og þær eru hér á landi, þegar þær eru farnar að nálgast 5% af öllum ráðstöfunartekjum sérhvers heimilis í landinu. Þá skiptir máli hvort menn fá hlutdeild í þessum niðurgreiðslum eða ekki. Þá er tilfinnanlegt ranglæti að haga þessum neytendastyrk þannig að stórir þjóðfélagshópar fái ekki að njóta neins hluta af þessum neytendastyrk.

Hugsum okkur annað dæmi, afar einfalt dæmi. Hugsum okkur fullorðinn mann, — ég sé að hér situr læknir beint á móti mér, hann kannast eflaust við tilfelli eins og að læknir bannar fullorðnum manni, sem er orðinn fullþungur, að drekka mjólk og segir honum að drekka vatn í staðinn. Það getur átt sér algjörlega eðlilegar skýringar. Heilsu mannsins getur orðið mjög gott af því að hann í eitt eða tvö ár drekki ekki mjólk sem hann kann að hafa gert mikið af áður og drekki vatn í staðinn. En það er ekki von að læknirinn hugsi út í það, það er ekki hans verk, — það er verk stjórnmálamanna og hagfræðinga að hugsa út í það, — að þessi fyrirskipun læknisins til þess manns, sem læknisráðsins þarfnast, að drekka vatn í stað mjólkur í tiltekinn tíma kostar hann stórfé, hún sviptir hann stórkostlegri hlutdeild í þessum tæpum 5000 millj. sem ríkið ver í neytendastyrk. Ég endurtek: það er ekki hlutverk læknisins að hugsa út í það eða benda á það, en staðreyndin er þessi. Þetta læknisráð er sjúklingnum dýrt vegna þeirrar tilhögunar sem er á niðurgreiðslunum. Auðvitað gerum við ráð fyrir því að það sé ekki ætlast til að hann fari að kaupa kjöt í staðinn. Eina ráð hans til að halda hlut sínum í niðurgreiðslunum væri þá kannske að tvöfalda kjötneyslu sína. Ekki mundi það bæta holdafarið. Ég geri því ráð fyrir að hann mundi ekki taka það til bragðs. Líklegra væri að hann minnkaði kjötátið í kjölfar þess læknisráðs. Það er mjög líklegt að læknirinn, sem hefði ráðlagt honum að hætta að neyta mjólkur, segði honum að draga úr matarneyslu almennt og þar með neyslu á kjöti, og það rýrir kjör hans enn meir. En hvers á maðurinn að gjalda? Hvers vegna á það að bæta heilsu sína að læknisráði að kosta hann stórfé? (Gripið fram í.) Þetta var alveg laukrétt athugasemd hjá formanni Dagsbrúnar, hann á að bæta á fjárhaginn hjá sér um leið. Þetta var alveg laukrétt. Ef við miðum við, eins og ég sagði áðan, allar niðurgreiðslur, fulla hlutdeild neytandans í niðurgreiðslum, sem er um 28 þús. kr., og ef neytandi af sjálfsdáðum, eins og meðlimur Náttúrulækningafélagsins mundi gera, eða þessi sjúklingur mundi gera að hluta, — ef maður af einhverjum ástæðum tæki þá ákvörðun að kaupa ekki íslenskar landbúnaðarvörur, þá missti hann af hlutdeild í neytendastyrknum sem nemur um 28 þús. kr. Fyrir það gæti hann t. d. keypt sér föt, og það gæti vel verið að manninn vantaði föt. Hví í ósköpunum á hann að vera skyldugur til þess að kaupa einmitt 4—5 tegundir af landbúnaðarvörum til að fá 28 þús. kr. sem hann á rétt á, ef hann vill heldur kaupa föt sem hann getur fengið fyrir 28 þús. kr, fyrir þessa peninga? Einmitt í þessu, að skylda neytandann til þess að nota peninga sína í ákveðnu skyni, m. ö. o. skylda hann til þess að kaupa 4—5 tegundir af landbúnaðarvörum þegar hann vildi miklu heldur kaupa föt fyrir sömu upphæð, í þessu er fólgin kjaraskerðing. Það væri kjarabót að hann fengi 28 þús. kr. og gæti keypt sér föt fyrir þær. Eða ef hann, eins og

ég nefndi í frumræðu minni, vildi kaupa hreinlætisvörur fyrir einhvern hluta af því sem hann er sviptur við það að minnka mjólkurkaup sín, minnka kjötkaup sín, minnka ostakaup sín, minnka smjörkaup sín, þá á hann auðvitað að vera frjáls að því. Ef hann minnkar mjólkurkaupin, smjörkaupin eða kjötkaupin og ekkert annað gerist, þá rýrna kjör hans vegna þess að hann missir hlutdeild í 4600 millj. En eins og ég sagði, hann á að hafa rétt til þess að kaupa t. d. áburð í staðinn fyrir það sem hann dregur úr kaupum sínum á t. d. kjöti eða smjöri.

Það einfalda dæmi, sem ég tók í frumræðu minni, túlkaði hv. þm. Páll Pétursson þannig að ég hafi ætlast til þess að neytendur ætu fötin eða ætu sápuna. Þetta var alveg sérstaklega greindarleg túlkun og sýndi annað tveggja, að hann skilur alls ekki um hvað málið snýst, botnar ekkert í því um hvað málið snýst, eða þá hitt, að kímnigáfan er ekki eins og hún var hjá frænda hans, Skúla Guðmundssyni.

Ég skal að síðustu benda á eitt enn sem undirstrikar ranglæti þess kerfis sem hér er um að ræða. **Fátækur maður, fátæk fjölskylda kaupir** lítið af kjöti, lítið af smjöri, lítið af rjóma. Fátæki maðurinn eða tekjulága fjölskyldan borðar fisk og smjörlíki í staðinn. Hvað þýðir þetta fyrir hana? Það þýðir að hlutdeild þessarar fjölskyldu í 4600 millj. er minni en meðalfjölskyldunnar. Tekjulága fjölskyldan fær minna af neytendastyrknum sem við skulum vera sammála um að kalla niðurgreiðslurnar, fær minna en meðalfjölskyldan. Er nokkur í vafa um það að tekjuhár maður, að ríkur maður kaupir tiltölulega meira af kjöti, hann borðar kjöt kannske fimm sinnum í viku þegar fátæki maðurinn leyfir sér aðeins 1—2 máltíðir í viku? Og hann kaupir smjör, en ekki smjörlíki, og hann kaupir rjóma. Hvað þýðir þetta? Það þýðir það að hann fær hlutfallslega miklu meira út úr niðurgreiðslunum, hann fær hlutfallslega miklu meiri neytendastyrk en bæði meðalfjölskyldan og fjölskyldan sem er tekjulág. Ég spyr: Er þetta réttlæti? Er þetta réttmætt? Nei, auðvitað ekki. **Ég segi enn: Þetta vandamál skipti ekki verulegu máli meðan niðurgreiðslurnar voru 1/10 af því sem þær eru núna. Ef þær væru aðeins 1% af ráðstöfunartekjunum, þá væri þetta vandamál ekki alvarlegt. En þegar þær eru orðnar 1/20 hluti** þeirra, þá er ranglætið orðið alvarlegt.

Það, sem þessi till. í raun og veru gengur út á, er að undirstrika að niðurgreiðslurnar eru neytendastyrkur. Neytendur eiga niðurgreiðslufé. Ríkið greiðir þetta fé, sem auðvitað er tekið af skattborgurunum, til þess að auðvelda neytendum neyslu sína. Þá er auðvitað ekkert vit í því að það skilyrði skuli vera sett fyrir þessum neytendastyrk að hann skuli allur notaður til að kaupa 4—5 tilteknar neysluvörur. Neytandinn á að fá að ráða því sjálfur hvort hann kaupir þær landbúnaðarvörur, sem eru niðurgreiddar, eða landbúnaðarvörur, sem eru ekki niðurgreiddar, nautakjöt og kjúklinga, eða föt eða hreinlætisvörur eða fer í ferðalag norður í Húnavatnssýslu, svo að ég nefni ekki Suðurland sem virtist fara mjög í taugarnar á hv. þm. Páli Pétursyni um daginn. En það er líka margt að sjá í Húnavatnssýslu og hann gæti vel notað einhvern hluta af því, sem hann fengi af neytendastyrknum, til þess fara þangað og skoða sögufræga staði. Þar hefur margt gerst sögulegt á umliðnum öldum.

Kjarni málsins er þessi, að fyrst hér er um neytendastyrk að ræða, eins og fulltrúar bænda hafa lagt réttilega megináherslu á á undanförnum áratugum, og fyrst hann er orðinn jafnmikill og hér er um að ræða, þá á neytandinn að fá að ráða því sjálfur til hvers hann notar styrkinn. Annars er það þess konar skerðing á frjálsræði hans sem rýrir kjör hans. Það vita allir að þær tekjur, sem menn geta ráðstafað að eigin vild, sem þeir geta ráðstafað til að fullnægja þeim þörfum sem þeir sjálfir telja brýnastar, þær koma að mestum notum. Sé mönnum fyrirskipað að nota tekjur sínar á ákveðinn hátt, þá jafngildir það kjaraskerðingu.

Þetta er auðvitað meginskýringin á því að miðstjórn Alþýðusambands Íslands og samninganefnd þess gerðu í síðustu launaviðræðum það eitt af stefnuatriðum sínum gagnvart hæstv. ríkisstj. að núverandi fyrirkomulag niðurgreiðslna skyldi breytt, af því að breyting í þá átt að auka frjálsræði neytandans til þess að ráðstafa styrktarfénu mundi bæta kjör hans. Þetta var liður í kjarabótabaráttu launþegasamtakanna. Auk þess er hægt að sýna fram á og ég raunar hef sýnt fram á bæði um daginn og núna með lauslegum dæmum og ætti raunar að vera alveg auðskilið að breyting úr takmörkun styrksins við fáeinar vörutegundir í peningaupphæð, sem væri til frjálsrar ráðstöfunar, mundi auka tekjujöfnuð. Það mundi annars vegar bæta kjör neytendanna og hins vegar jafna kjör þeirra. Hvort tveggja er markmið sem vissulega er þess vert að því sé í alvöru gaumur gefinn og er auðvitað skýringin á því að gagnrýni á núverandi niðurgreiðslukerfi hefur orðið einn þáttur í launamálastefnu launþegasamtakanna eða þeirra samtaka sem eru innan Alþýðusambands Íslands.

Ég held að með þessum orðum mínum hafi ég vikið að því sem fram kom í hinum þremur annars ólíku ræðum. En ég vænti þess að að lokinni þessari umr. verði þessari till. vísað til hv. allshn. og hún fái þar alvarlega athugun.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég skal ekki fara út í það að metast á um gáfnafar manna hér. Ég held að það sé víðtækt atriði og það geti líka verið stundum erfitt að skýra það, því að meira að segja gáfur eru breytilegar og skoðanir manna einnig, og mér fannst þess kenna í ræðu hv. 9. þm. Reykv., sem var að ljúka máli sínu, að hann hefði lært ýmislegt núna sem honum hafði ekki verið ljóst þegar hann var yngri og réð málum.

Það, sem ég verð að segja að þessu sinni, verður að sumu leyti endurtekning á því sem ég sagði hér síðast. En ég hef það mér til afsökunar að hv. 1. flm. eða hinir fjórir, sem með honum flytja þessa till., máttu ekki vera að því að hlusta á það sem ég sagði. Og ég var þar að auki kominn með verulegan sótthita vegna flensu og hef því ekki haft raddstyrk, sem ég hef ekki heldur nú þar fyrir utan, til þess að láta þá heyra mál mitt í fjarlægðinni.

En ég vil leyfa mér að spyrja hv. 9. þm. Reykv.: Af hverju hefur þessi leið alltaf verið farin? Hvað sat þessi hv. þm. lengi í ríkisstj.? Hann var viðskmrh. Íslands í 15 ár. Hvað gerðist á þeim tíma? Fór hann þá ekki inn á þá leið sem hann talar um nú? Var það af því að niðurgreiðslur væru þá minna hlutfall en nú af neyslu almennings? Nú vil ég færa fram dæmi máli mínu til sönnunar og sýna að þar hafa orðið verulegar sveiflur á.

T. d. þegar Alþýðuflokksstjórnin sat 1959, þá voru niðurgreiðslurnar 10% af framfærslukostnaði heimilanna. Þegar þessi hv. þm. réð hvað mest, þá var talin ástæða til svo mikilla niðurgreiðslna, og þá var það mjólk, kjöt og smjör og þess háttar vörur. Eins og ég sýndi fram á, hefur kjötið, mjólkin og smjörið alltaf verið greitt niður frá því að niðurgreiðslur hófust 1943. Á verðstöðvunarárunum 1966—1967 eru niðurgreiðslurnar 11.2% af framfærslukostnaði heimilanna. Hins vegar lækka þær á árunum 1968—1969 og 1970, þá eru þær á milli 3 og 4%, 1971 fara þær aftur upp í 6.4%, 1972 6.6%, 1973 8.1%, 1974 5.9% og 1976 er gert ráð 7.6%.

Það er því á misskilningi byggt hjá hv. þm., að niðurgreiðslur og útflutningsbætur hafi orðið í vaxandi mæli á seinni árum. Það hefur meira að segja dregið úr þeim. Og eitt af því, sem ég var að reyna að fást við þegar ég var fjmrh., var að koma þessum lið inn á þá braut að kostnaðurinn frá framleiðandanum til neytandans yrði greiddur og meira ekki. En efnahagsástæðurnar gerðu það að verkum að hver sem minn vilji var í þeim efnum, þá varð að gera meira til þess að halda efnahagsmálunum í skefjum. Og ég vil taka það fram, að það hefur einnig verið áhugi hjá neytendum í landinu að halda við niðurgreiðslunum, vegna þess að það hefur komið þeim að mestum notum sem verst eru settir. Það vita allir og þýðir ekkert fyrir hv. 9. þm. Reykv. að halda því fram að mjólk sé ekki sú neysluvara í þessu landi sem hvert einasta heimili notar og því meir sem er greitt niður, því meiri hluti er hún af neysluvöru almennings. Þetta er staðreynd sem ekki þýðir á móti að mæla og breytir engu um það hversu margar ræður við höldum á Alþ. í þessum efnum.

Ég benti líka á það í ræðu minni, að vísu eftir að hv. þm. var farinn, að það var gerð athugun á þeirri ósk neytenda — Alþýðusambandsmanna — á s. l. hausti að breyta þessu fyrirkomulagi í það sem hv. þm. talar um, að menn fengju þetta í hendurnar og réðu hvað þeir keyptu. Sú athugun sýndi að það mundi kosta, ef ætti að koma eins út fyrir heimilin, um 600 millj. kr. meira, miðað við það verð sem var í haust, og mundi vera fljótt að ná í milljarðinn. Það stafar af þeirri einföldu ástæðu að kostnaðurinn við sölu og dreifingu og annað er hlutfall af verðinu og var þeim mun meiri sem verðið var hærra. Þess vegna var þetta síst hagkvæmara frá sjónarmiði almennings í landinu. Það þurfti að eyða meira fé til þess að koma því til skila til neytenda sem raunverulega átti að koma til skila. Auk þess er ekki nokkur vafi á því, að eftir því sem neytandinn er betur staður, því meira notar hann af tekjum sínum til annarra þarfa en matvælakaupa. Þeir, sem verr eru settir, nota sínar fyrstu tekjur til matvælakaupa. Það vita allir og þess vegna hefur þessi leið verið valin. Hún hefur verið valin sem hagstjórnartæki, eins og hv. 9. þm. Reykv. tók réttilega fram. Þess vegna hefur það farið saman, að það er verið að gera fólkinu í landinu, neytendunum verðið á þessum vörum eins hagkvæmt og kostur er, vegna þess að þetta eru vörur sem allir neyta.

Nú er það ekki rétt hjá hv. 9. þm. Reykv. að nautakjötið njóti ekki niðurgreiðslna. Þær breytingar voru gerðar á s. l. sumri að það var fært á milli nautakjötsins og dilkakjötsins til þess að nautakjötið nyti niðurgreiðslnanna líka. Um þetta náðist samkomulag m. a. í verðlagsnefnd og hefur nú fullkomlega verið frá því gengið.

Það er annað að segja um bæði alifuglarækt og svínarækt heldur en nautakjöt eða kindakjöt. M. a. er það svo að alifuglarækt og svínarækt byggist fyrst og fremst á innfluttu fóðri, fóðurbæti sem ekki er greiddur tollur af, og þær njóta þess vegna vissra hlunninda af því. Enn fremur er ákvörðun um verð á þessum vörum ekki háð ákvörðun sexmannanefndar eins og á hinum vörunum. Þess vegna hefur seljandinn þar frjálst val hvaða verð hann setur á sínar vörur, og hann nýtur nokkurs hagræðis frá ríkinu við það að fá fóðurbætinn innfluttan á þennan hátt. Það er einnig vitað mál að þessar neysluvörur eru ekki eins mikill hluti af neysluvörum heimilanna almennt eins og nautakjöt og mjólk og dilkakjöt. Auk þess er svo því við að bæta, að í vísitölulögum, sem voru sett í stjórnartíð þessa hv. þm., vega vörurnar afskaplega misjafnlega. Þar vegur t. d. dilkakjötið helmingi meira en nautakjötið. Þegar ég lét athuga þetta á sínum tíma, þá kostaði um 600 kr. að greiða niður nautakjötið meðan það var hægt að greiða niður kindakjötið með 200 kr. til þess að ná sama vísitölustyrk. Þetta er af því að vísitalan er þannig upp byggð að kindakjötið vegur mikið í henni, en nautakjötið gerir það ekki.

Nú má náttúrlega segja að það þurfi ekki að líta á þetta eins og gert er, vegna þess að kaupgjaldsvísitalan sé ekki sú viðmiðun sem notuð er, og það er rétt þegar þannig er að farið. En allt þetta er þess valdandi að valið hefur verið slíkt sem raun ber vitni um, og hefur það verið sama hvort ráðið hefur ríkisstj., sem þessi hv. þm. hefur setið í, eða aðrar ríkisstj. Ég hef líka sýnt fram á það, að breytingin í þá átt, sem hv. 9. þm. Reykv. leggur til, er dýrari fyrir ríkissjóð, auk þess sem hún tryggir ekki eins vel afkomu þeirra sem verst eru settir í þjóðfélaginu og þessi ráðstöfun gerir.

Það er alveg rétt hjá hv. 9. þm. Reykv. að þetta er á vissan hátt vandamál eins og það er hjá öðrum þjóðum, því að aðrar þjóðir greiða líka verulega niður landbúnaðarvörur. Eitt, sem hefur gert það að verkum að verð á kindakjöti okkar íslendinga í Noregi hefur ekki verið eins hagkvæmt nú síðustu árin og það var áður, er að norðmenn og svíar t. d. hafa báðir greitt mikið niður af sínum kjötvörum. Það er fyrst og fremst nautakjötið sem þeir hafa greitt niður. Þetta hefur gert það að verkum að við höfum ekki getað fengið þar eins hagkvæmt verð og við

að öðrum kosti hefðum fengið. Samkv. því, sem ég hef upplýsingar um, hefur það verið svo í Noregi og Svíþjóð að það hefur verið farið upp í 25% í niðurgreiðslum á þessum vörum, og t. d. 1960 var farið upp í 27% í Noregi, en í Svíþjóð 22%, og 1961 var farið upp í 32%. Hins vegar var þetta svo aftur lækkað 1969. Þetta hefur þar eins og annars staðar verið eftir efnahagsástandinu. Þar eins og annars staðar í löndum, sem alþfl.-menn stjórna, hafa matvörur verið greiddar niður, en ekki sagt við neytandann: Gerðu svo vel, fáðu þessa peninga, nú skaltu fara út að skemmta þér. — Það hefur ekki verið sú leið sem þeir, sem þar hafa stjórnað, hafa viljað fara, af því að þeir hafa talið að þeir væru að gera þetta sem ráðstöfun í efnahagsmálum til þess að hafa áhrif á neysluvörur almennings.

Eins og ég tók fram um daginn í ræðu minni, þá skiptir auðvitað miklu máli hvað mikið þarf af fjármunum til þess arna sem og annars í landinu. Það, sem hefur verið verulega unnið að af hálfu landbrn. nú á tveimur síðustu árum sérstaklega, er að leita fyrir sér um möguleika til að selja landbúnaðarvörur úr landi á hagkvæmu verði. Ráðuneytisstjórinn í landbrn. var á fundi með starfsbræðrum sínum úti í Danmörku í fyrra mánuði og Norðurlandaráðherrar voru á fundi á Húsavík í sumar ásamt embættismönnum og voru þessi mál þá mjög til umræðu. Árangurinn af því er sá, að nú höfum við grg. frá framámönnum, m. a. í Danmörku, um verð á kindakjöti í ýmsum Evrópulöndum. Að vísu eru sum þeirra innan Efnahagsbandalagsins og því tollur á, en verð á kindakjöti er t. d. mjög hátt í Frakklandi. Það er verið að athuga möguleika á því einmitt að vinna að þessum málum þar og víðar og verður haldið áfram við það.

Ég vil vekja athygli á út af því sem hv. 9. þm. Reykv. sagði um niðurgreiðslurnar, þá að útflutningsbæturnar eru nú minna hlutfall af heildarframleiðsluverðmætinu en áður var. Þær voru tiltölulega mjög litlar 1960, þegar þær byrjuðu, en 1964 voru þær komnar upp í 5.5%, en 1974 voru þær ekki nema 2.3%, svo að hér er um mjög mismunandi hlutfallstölur að ræða. Hins vegar er með þessar eins og aðrar okkar upphæðir, að í tölum talið eru þær miklu fleiri krónur, en svo er um margt sem við búum við á þessum sviðum sem öðrum í sambandi við okkar efnahagsmál.

Ég vil líka vekja athygli á því að á s. l. ári var ullar- og gæruútflutningur okkar meiri en nokkru sinni fyrr. Er talið að það þurfi að fjórfalda útflutning á ull og gærum til þess að ná sama verðmæti og fyrir álið, sem út er flutt. Sú breyting, sem varð á s. l. ári, er svo mikil að það má gera ráð fyrir að tiltölulega auðvelt sé að ná því marki. Nú er einmitt verið að athuga þetta mál í sambandi við tilfærslu á verði milli ullar og kjöts til þess að gera þetta hagkvæmara. Það er ekki nokkur vafi á því að við Íslendingar eigum möguleika í útflutningi í landbúnaðarvörum ef við sinnum þeim málum nógu vel, og það er náttúrlega ljóst að við flytjum ekki út ull og gærur nema við framleiðum kjöt líka, að fá ull og gærur án þess að hafa kjötskrokkinn, það tekst engum manni, jafnvel ekki hv. 9. þm. Reykv. Þess vegna skulum við ekki tala um útflutningsbæturnar bara sem mínusmál. Ég hygg að tölulega sé auðvelt að sanna að ríkissjóður hafi haft beinan hagnað af útflutningi landbúnaðarvara á s. l. ári. En það skal tekið fram, að það var líka hagkvæmara ár í þeim efnum heldur en áður hefur verið. Og okkur veitir hreint ekkert af því að gefa gaum að því nú að ná til útflutningsvara, hvort sem er á sviði landbúnaðarmála eða annarra. Það eru möguleikar einmitt orðnir á sviði landbúnaðarmála, og við þurfum að vinna af dugnaði í því að ná því takmarki sem við getum náð þar. Okkar landbúnaðarvörur hafa um mörg ár, t. d. kjötið verið það litlar að sama og ekkert hefur verið umfram það sem hefur þurft að nota á heimamarkaði, og þess vegna hefur þessum málum ekki verið sinnt sem skyldi.

Nú skal ég, herra forseti, ekki þreyta hv. þm. á lengri ræðu. Ég ætlaði mér ekki að fara að þreyta kapp um þessi mál frekar en orðið er, heldur endurtók nú nokkuð af því sem ég sagði um daginn, vegna þess að hv. flm. var ekki viðstaddur. Það, sem ég hef lagt hér áherslu á, er að niðurgreiðslurnar eru, eins og hv. 1. flm. tók fram, ráðstafanir í efnahagsmálum. Þær eru því gerðar með þeim hætti að greiða niður þær vörur sem almenningur í landinu og sérstaklega sá hluti fólksins í landinu, sem verst er settur, notar mest af. Þessari stefnu hefur hver einasta ríkisstj. fylgt frá því að þessi stefna var upp tekin 1943. Það er dýrara ef ætti að fara inn á þá braut, sem hv. 9. þm. Reykv. gerir ráð fyrir, að fara að afhenda hverjum sinn skammt. Og eitt af því, sem ég benti á um daginn, var að það var horfið frá því að borga mönnum kjötstyrk, það var horfið frá því að láta menn hafa smjörmiða og annað því um líkt af því að reynslan af því þótti ekki hagkvæm. Þess vegna var farið inn á þá braut sem nú hefur verið farin.

Ég tek það fram að auðvitað eiga þessi mál eins og önnur að vera í athugun og það á að leita eftir heppilegustu leiðum, eins og hefur verið reynt að gera og mikið hefur verið unnið að á s. l. og þessu ári. Ég vil líka taka það fram, að mér sýnast horfur um landbúnaðarmálin vera þær að landbúnaðurinn eigi að geta orðið fyrr en varir verulegur þátttakandi í útflutningi Íslendinga og afla gjaldeyris í verulegum mæli í gegnum iðnað ef rétt er á haldið. Það yrði skarð fyrir skildi í íslenskum iðnaði og íslenskri atvinnu ef hráefnin frá landbúnaðinum dyttu þar út, því að okkar ullariðnaður, sem er að verða ein stærsta iðngreinin, byggist á hráefninu frá landbúnaðinum, og það mundi ekki strax búið að bæta upp það atvinnutjón sem fólkið yrði fyrir og byggðarlögin yrðu fyrir ef þessi framleiðsla félli niður. Þetta skulum við hafa í huga, en ekki vera að gera gælur við það að einn sé öðrum betri, í því að fást við niðurgreiðslur því að tölurnar sýna allt annað.

Páll Pétursson: Herra forseti. Eins og flest annað í ræðu hv. 9. þm. Reykv., þá er það rugl að ég sé frændi Skúla Guðmundssonar, enda er hann búinn að komast að hinu sanna í því máli.

Því er verr að ég er ekki frænda Skúla Guðmundssonar. Það mundi vafalaust koma sér vel fyrir okkur báða, okkur hv. 9. þm. Reykv., ef við hefðum sumt af kostum Skúla Guðmundssonar til að bera, einkanlega þessa skýru og rólegu hugsun. En það hefði nú komið sér vel fyrir hv. 9. þm. Reykv. þegar hann stóð hér í stólnum áðan og hugsaði sem hraðast.

Hann fór að hlýða mér svolítið yfir landbúnaðarframleiðsluna. Ég veit það ósköp vel að þetta ár, sem hann vitnaði til, var gott framleiðsluár og það var flutt út dilkakjöt þá. Landbrh. er hins vegar búinn að benda honum á að það er ómögulegt að fá ull eða gærur nema með því að hafa einhverjar kjöttægjur líka, og það er þó alltaf nokkur lærdómur sem hann hefur upp úr þessum umr. Útflutningsuppbætur eru vissulega nokkuð há tala, en það er vitaskuld hægt að kaupa vörur erlendis í staðinn fyrir þann gjaldeyri sem þó þrátt fyrir allt fæst fyrir þessar útfluttu landbúnaðarafurðir. Og mér þótti vænt um að hæstv. landbrh. rakti það hér rækilega að ríkissjóður hefði hagnað af útflutningi landbúnaðarafurða.

Ég hélt því hvergi fram í ræðu minni að niðurgreiðslukerfið væri agnúalaust, síður en svo. Eg benti meira að segja á leið til þess að lækka niðurgreiðslurnar um 550 millj. með því að fella niður söluskattinn af landbúnaðarvörum, en hann er sem kunnugt er á sumum þeirra. Eg lét þess enn fremur getið að bændur hefðu ekki beðið um auknar niðurgreiðslur á sölustigi. Hins vegar hafa þeir iðulega óskað eftir því að niðurgreiðslur yrðu teknar upp á framleiðslustigi, en það hefur gengið illa að fá stjórnvöld til þess að þræða þá leið. En þó var það gert í fyrravor og gafst vel þegar áburðarhækkun var dempuð með niðurgreiðslu á framleiðslustigi.

Vandamál náttúrulækningamanna ætla ég nú að leiða hjá mér því að ég held að þau hafi nú ekki verulega mikil áhrif. Það er unnið að því að jafna niðurgreiðslur á landbúnaðarvörur, og það er vel að svo sé. Ég held að hv. þm. hafi misskilið lífsbaráttu þessara feitu manna. Ég held að það liggi ljóst fyrir, að þessi feiti maður þurfi ekki eins mikið í fæðiskostnað — og það fannst mér formaður Dagsbrúnar vera að reyna að benda honum á þótt hann skildi það ekki — ekki eins mikið í fæðiskostnað og sá sem endilega þarf að brenna kjötinu.

Ég reyndi að gera grein fyrir því í ræðu minni í fyrradag hvers vegna ég teldi ekki eðlilegt að fella niður útflutningsuppbæturnar. Þetta er sveiflukenndur atvinnuvegur og ýmsir þættir í landbúnaðarframleiðslu eru svo óvissir að það er gersamlega útilokað að ætla sér að ákveða hvort heldur árið fyrir fram eða þótt maður færi yfir lengri tímabil, t. d. gerði 5 ára áætlun, hvað þungt hvert lamb yrði haustið eftir. Þetta er undir svo mörgum þáttum komið að það er ómögulegt að ráða algerlega í það.

Framsetning hv. þm. á klausunni um þvottaduftið og sá hugmóður, sem þá var í honum, varð þess valdandi að ég hef sennilega misskilið hann. Mér þykir reglulega vænt um það ef hann borðar ekki hreinlætisvörur í ógáti, og ég bið hann að gera það aldrei nokkurn tíma, því að ég er viss um að þær eru óhollar í magann.

Ég reyndi að gera grein fyrir því hvaða mun ég teldi vera á neysluvenjum ríkra manna og fátækra. Ég held að það komi ekki fyrst og fremst fram í mataræði. Það kemur fram í ferðalögum, það kemur fram í bílakosti, það kemur fram í íbúðarkostnaði og öðru fremur en mataræði. Hvað viðkemur fiski, þá er hann ekki tiltölulega miklu ódýrari matur heldur en landbúnaðarafurðir, eins og málum er háttað í dag, og er það kannske að sumu leyti óeðlilegt. Smjörlíki er ekki heldur miklu ódýrara en smjör miðað við gæði, og það kann að vera nokkurt ósamræmi í því líka.

Ég minntist ekki á Suðurland í ræðu minni, ekki frekar en það væri ekki til, og er það þó náttúrlega stórkostlega merkilegur partur landsins. Hins vegar talaði ég um Kanaríeyjar og Mallorca, en það er allt annað. Að endingu held ég að hv. þm. hefði heldur átt að fá sér niðurgreitt dilkakjöt í hádegismatinn, en ég hef lúmskan grun og nánast vissu um það að nú hafi hann illu heilli étið folald.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umr. mikið, enda hef ég því miður ekki getað fylgst með þeim öllum. Mér fannst þó ræða hv. 9. þm. Reykv. áðan vera með þeim hætti að ástæða væri til þess að kveðja sér hljóðs, enda þótt margt af því, sem réttmætt væri að minum dómi að segja við þeirri ræðu, hafi þegar komið fram í ræðu hæstv. landbrh. og ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v. Mér fannst áðan, þegar hv. 9. þm. Reykv. var í stólnum, að því væri líkast að þar stæði maður sem aldrei hefði setið í ríkisstj. og aldrei hefði hugleitt efnahagsvandamál á Íslandi. Þetta stemmir auðvitað mjög svo illa þegar þess er gætt, að hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason var í 15 ár samfleytt í ríkisstj. og er hagfræðingur að mennt og hefur flutt margar ræður um efnahagsmál og var enda viðskrh. í sinni ráðherratíð.

Hv. þm. lagði mikla áherslu á að láta það koma fram sem sína skoðun að niðurgreiðslur á búvörum væru neytendastyrkur, þessi neytendastyrkur væri orðinn úr hófi hár, svo hár að það kerfi, sem niðurgreiðslur eru byggðar á, væri gersamlega gengið úr skorðum og gerbreyta þyrfti um á þá lund að afhenda neytendum þetta fé í vasa eftir höfðatölureglu, en með því væri verið að taka upp ríkisþurfalingsframfærslu á landslýðnum. Ég sé í grg. með þessari till. að hv. þm. rekur það þar, enda þótt ég heyrði ekki að hann kæmi að því í ræðu sinni áðan, að niðurgreiðslur á búvörum hafa alla tíð verið fyrst og fremst hagstjórnartæki stjórnvalda til þess að hafa heimil á verðbólguþróun. Og þó að vissu leyti megi segja að niðurgreiðslur séu neytendastyrkur, þá er þó hitt miklu þýðingarmeira atriði, að þær eru teknar upp sem hagstjórnartæki til þess að vega gegn verðhækkunum. Niðurgreiðslur koma að sjálfsögðu neytendum til góða í lækkuðu vöruverði og þær koma einnig að nokkru framleiðendum til góða á þá lund að framleiðsla þeirra verður auðseljanlegri í samkeppni við aðra sambærilega vöru. Hins vegar er það svo, að framleiðendur, þ. e. bændur, hafa a. m. k. sjaldan eða ég held helst aldrei

beðið um að niðurgreiðslur væru teknar upp eða þær hækkaðar.

Í sambandi við niðurgreiðslur almennt vil ég láta það koma fram sem mína skoðun, að ég tel að þær séu orðnar mjög háar, og get tekið undir það með flm. þessarar till., að ég tel að þær hefðu átt að takmarkast við ákveðið hlutfall af verðmæti framleiðslunnar meira en gert hefur verið. Og ég vil einnig bæta því við, að niðurgreiðslur, þetta hagstjórnartæki stjórnvalda, hafa að ýmsu leyti verið misnotaðar af flestum eða öllum ríkisstj. sem hafa beitt þeim síðan þær voru teknar upp. Ég segi að þær hafi verið misnotaðar, vegna þess að þeim hefur verið beitt sveiflukennt, þær hafa verið hækkaðar stórlega í stökkum og án þess að skeytt væri um að það væri framleiðslunni og e. t. v. verðlagsþróuninni í heild að öllu leyti fyrir bestu. Með mjög háum niðurgreiðslum er framleiðslan sem sé komin í þá hættu einnig að verði þær skyndilega skertar, þá stigur verðið á vörunum skyndilega og hætt við að valdi sölutregðu. Þetta er stóra hættan sem í því er fólgin fyrir framleiðendur að niðurgreiðslum sé beitt í mjög ríkum mæli.

Nú er það svo, að þrátt fyrir að þessi hafi orðið raunin á, þá er tiltölulega einfalt að lækka niðurgreiðslur smám saman, ef miðað er við að haldist sambærileg verðlagsþróun í landinu og gerst hefur á síðari árum. Þær mundu lækka og eyðast smám saman að verulegu leyti ef þær væru ekki hækkaðar að magni til. Þetta held ég að komi mjög til greina til þess að hafa heimil á að þessi útgjaldaliður fjárlaga stigi ekki upp úr öllu valdi.

Í sambandi við það, sem kom fram hjá hv. 9. þm. Reykv., að forustumenn launþegasamtakanna hafi t. d. fyrir gerð nýgerðra kjarasamninga gagnrýnt niðurgreiðslukerfið verulega og talið að aðrar leiðir væru heppilegri í sambandi við útgjöld ríkisins til þessara þátta, þá má vel vera að hér sé rétt með farið, og veit ég það raunar, a. m. k. að sumu leyti. Hitt er þó einnig rétt að hafa í huga að stundum hefur það gerst við kjarasamninga að forustumenn launþegasamtakanna hafa lagt mikið upp úr því og jafnvel sett sem skilyrði fyrir því að kjarasamningar næðust að niðurgreiðslur væru hækkaðar. Það er því ekki með öllu a. m. k. hægt að undanskilja launþegasamtökin ábyrgð á því að niðurgreiðslurnar í heild hafi stigið svo sem raun ber vitni á undanförnum árum. Ég man t. d. ekki betur en ég hafi heyrt því fleygt að þegar kjarasamningar voru gerðir á síðasta ári, þá hafi það beinlínis verið krafa launþegasamtakanna og skilyrði fyrir því, að samningar gengju saman, að ríkissjóður yki niðurgreiðslur sem svaraði 840 millj. á ársgrundvelli við þá kjarasamninga. Þetta var gert, enda þótt allir viti í hvern stakk ríkissjóður var búinn til þess að mæta slíkum auknum útgjöldum. Ég tel að þetta út af fyrir sig hafi verið mjög svo óheppileg ráðstöfun og hefði betur verið hægt að komast hjá slíku.

Ég skal ekki fara langt út í að meta það hvort aukin hagsæld almennings í landinu mundi fylgja því að það væri farið að deila þessu fé út eftir höfðatölu og gera þjóðina beint að ríkisþurfalingum. En hæstv. landbrh. sagði áðan að sú leið væri dýrari og hefði aukinn kostnað í för með sér. Til viðbótar er ekki hægt að loka augunum fyrir því, sem hv. 9. þm. Reykv. virðist gera gersamlega, að með því að binda niðurgreiðslur við tilteknar framleiðsluvörur, í þessu tilviki framleiðsluvörur bænda, þá er þó að hluta verið að styðja íslenska framleiðslu og með því að gera hana samkeppnisfærari í verði miðað við ýmsa aðra matvöru. Sá mismunur, sem er á niðurgreiðslu milli framleiðslugreina, hefur verið skýrður hér og er fullkomlega réttlætanlegur þegar þess er gætt að sumar búvörur eru nálega einvörðungu framleiddar af innfluttu fóðri.

Í sambandi við þá gagnrýni, sem oft hefur komið fram frá hv. 9. þm. Reykv. á framlög hins opinbera til landbúnaðarins og ýmsir aðrir hagspekingar hafa tekið undir og tekið upp á sína arma, þá vil ég slá því föstu fyrir mína parta að íslenskur landbúnaður þarf ekki að bera kinnroða fyrir þann stuðning sem hið opinbera veitir honum hér á Íslandi, sé miðað við það sem gerist meðal fjölmargra annarra þjóða. Ég er ekki hér með í höndunum gögn til þess að gera samanburð á þessum vettvangi. Þau gögn eru þó til, og ég tel að íslenskir bændur geti borið höfuðið hátt gegn þeim áróðri sem þyrlað hefur verið upp á móti bændastéttinni í þessu tilviki, og séu hvergi eftirbátar starfsbræðra sinna meðal margra annarra þjóða í afköstum eða hvað snertir verð framleiðslunnar.

Það hefur komið hér fram að sumar framleiðslugreinar landbúnaðarins eru þegar mjög þýðingarmiklar í útflutningi landsmanna. Þær eru enn fremur í heild mjög mikilvæg undirstöðugrein í iðnaði og iðnþróun þjóðarinnar, ekki síst sauðfjárafurðir sem sýnist hvað helst beint skeytum að. Það er enda svo að það virðist koma skýrt fram í skýrslum og áætlunum sérfræðinga að ýmsir þættir landbúnaðarframleiðslunnar, ekki síst ullar- og skinnavörur, verði stórum vaxandi þáttur í iðnaðarframleiðslu og útflutningsverðmæti þjóðarinnar á komandi árum. Enda þótt við höfum þarna yfir að ráða mjög þýðingarmiklum pósti í dag, þá á verðgildi hans eftir að vaxa stórlega og jafnvel allt að tvöfaldast miðað við sama magn og nú er framleitt í landinu. Það er þjóðarnauðsyn að framleiðsla landbúnaðarins minnki ekki, vaxi fremur ásmegin heldur en hið gagnstæða. Og það er engum greiði gerður, hvorki neytendum í þessu landi né öðrum, með því að halda sífellt uppi árásum á þessa atvinnugrein og framleiðslu landbúnaðarins í heild.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð, enda óþarft. Ég tel að út af fyrir sig geti komið til greina, eins og raunar er farið fram á í sjálfri tillgr., að huga að því hvi frekar en gert er hvort ástæða væri til að hluti af því fé, sem fer til niðurgreiðslna á búvöru, gangi til landbúnaðarins á frumstigi framleiðslunnar til að lækka á þann hátt verð vörunnar. Ég tel að það komi vissulega til greina. Athuganir á því sviði hafa oft farið fram. Lítið hefur út úr því komið annað en það, sem hér hefur verið frá greint af hv. 3. þm. Norðurl. v., að á síðasta ári var greidd niður að hluta áburðarhækkun. En ég tel að það sé fjarri öllum sanni og komi ekki til nokkurra

mála að fallast á það, sem var megininntak ræðu hv. 9. þm. Reykv., að það fé, sem varið er til niðurgreiðslna á búvöru, sé tekið og því ráðstafað beint til neytenda, eins og hann orðaði það, eða til landsmanna eftir höfðatölu eða einhverri annarri reglu og þjóðin þannig gerð að ríkisþurfalingum.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég hygg að ég þurfi ekki að tefja þessa umr. svo mjög, þar sem margt hefur þegar verið tekið fram af því, sem ég hefði viljað segja, eftir að ég kvaddi mér hljóðs. Eigi að síður þykir mér rétt að víkja nokkrum orðum að þeirri till. sem hér er til umr., og eru það þá aðallega tveir þættir hennar sem ég ætla að koma hér lítils háttar inn á.

Í fyrsta lagi var vakin athygli á því af 1. flm. till., hv. 9. þm. Reykv., að niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðum væru orðnar hér hjá okkur óþarflega háar eða myndu nema um 4600 millj. kr. á þessu ári. Þetta er alveg rétt, og ég hygg að menn séu honum yfirleitt sammála að það er erfitt að sætta sig við það að niðurgreiðslur skuli þurfa að vera svo háar sem þær eru. Mér þykir einnig vænt um að hann hefur nú í þessum umr. hér í þingi viðurkennt það að niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðum eru styrkur til neytenda, eins og hann kallaði það sjálfur. Vitaskuld eru þær til þess gerðar að einstaklingarnir með þjóðinni eigi hægara með að kaupa sínar þarfir. En það, sem gagnrýni þessa hv. þm. beinist fyrst og fremst að, er að skipulag þessara mála sé óskynsamlegt og það eigi að haga þessum niðurgreiðslum á allt annan hátt en hér er gert og hefur verið gert. Um þetta get ég verið honum alveg hjartanlega sammála. Og ég er ekki í nokkrum vafa um það, að ef horfið hefði verið að því ráði að láta bændur ráða einhverju um hvernig þessar niðurgreiðslur eru ákveðnar og hvernig þeim er hagað milli einstakra greina landbúnaðarins, þá væri þetta allt í betra horfi en það er nú. Það má vera að þetta þyki furðuleg fullyrðing, en ég hygg að hún réttlætist þegar það er haft í huga að þetta er ekki gert til neins annars en þess að halda niðri vísitölu framfærslukostnaðar og þá hafa stjórnvöld leiðst í þá freistingu að greiða niður fyrst og fremst þær vörutegundir sem ódýrast var að greiða niður. Mér þykir því vænt um að hafa fengið að þessu leyti nýjan liðsmann í þessu efni.

Annað atriði, sem ég vildi lítils háttar koma að, eru útflutningsuppbætur sem ganga til að greiða niður það magn af landbúnaðarvörum sem flutt er úr landi. Ég þarf ekki að rifja það upp fyrir hv. 9. þm. Reykv. til hvers þessir fjármunir eru ætlaðir. Það veit ég að honum er ljóst. Þeir eru fyrst og fremst til komnir af því að það hefur komið í ljós og er öllum íslendingum vitanlegt að landbúnaður á Íslandi er ærið misviðrasamur og það er erfitt að hafa hann meira að segja jafnstöðugan og hann er í ýmsum löndum sunnar í álfu. Þrátt fyrir það að íbúar Mið-Evrópu eigi við hagstæðara tíðarfar að búa að ýmsu leyti heldur en við, þá fréttum við af því æði oft að þar verður uppskerubrestur ekki síður en norður á Íslandi, og ég hygg að það þurfi einnig að jafna þá hluti fyrir framleiðendurna þegar verst gegnir. Ég vil minna á það, sem öllum ætti þó að vera í fersku minni, að á s. l. sumri hefur fóður sem fénaðinum er ætlað í vetur, orðið um 13—25% rýrara að fóðurgildi um megnið af landinu heldur en í meðalári. Þess vegna er ekkert undarlegt þó að bændum þyki mikils um það vert að eiga einhverja tryggingu til þess að jafna sveiflur sem verða í framleiðslunni. Ég er ekki að tala um að það eigi að bæta þeim upp þessa fóðurrýrnun strax. Hún á eftir að koma fram í framleiðslunni, hún verður minni en annars hefði orðið eða kostnaðarsamari, og þá er mikils um vert að eiga þessar útflutningsuppbætur til þess að geta jafnað milli góðra og vondra ára.

Árið 1974 var gott framleiðsluár um allar sauðfjárafurðir, það hygg ég að mönnum komi saman um. Hv. 9. þm. Reykv. tók það fram að af framleiðslu ársins 1974—1975 hefðu verið flutt út um 20% af því dilkakjöti sem til féll í landinu. Ég verð nú að segja það, að mér þykir ekkert furðulegt þó að það kæmi upp á því ári sem var einna best í landinu, því að þar sem við höfum um 800 þús. dilka til þess að farga, þá þarf ekki að muna mjög miklu á hverju falli til þess að þar komi upp tilfinnanlegur munur. Þegar þetta fer saman, að það er mikil nauðsyn að geta jafnað á milli ára, þá er sú leið, sem valin hefur verið, að ætla um 10% af heildarframleiðslu landbúnaðarins til uppbóta á útfluttar afurðir, í raun og veru ekkert mikil trygging hjá því sem þyrfti að vera til þess að taka skakkaföllin alveg af. Fram á það er ég ekki að fara. En ég tel mjög mikilvægt að þetta haldist til þess að landbúnaðurinn verði stöðugri og menn freistist ekki til þess að flýja frá atvinnugreininni fyrir erfiðleika sem yfir hana ganga. Og ég vænti þess að mönnum sé ljóst, ekki síst hér í Reykjavík og í umhverfi Reykjavíkur, á þessum vetri hversu háskalegt það er þegar þannig hefur tekist til um framleiðslu t. d. á mjólkinni að hana vantar sárlega. Og því fremur verður það tilfinnanlegt þegar gjaldeyrisstaða landsins er slík að það verður mjög erfitt að sinna því að kaupa inn til landsins jafndýrar vörur og mjólkurvörurnar eru ef við eigum að flytja þær að.

Ég þarf ekki að taka það fram, það hefur verið gert hér á undan mér, að þessu dilkakjöti, sem við erum að flytja út, fylgir það að við eigum möguleika á því að eiga stórkostlega verðmæt hráefni til iðnaðarins sem framfærir fjölda fólks í landinu. Og ég vil láta það koma hér fram að á árinu 1975 voru fluttar út ullarvörur, unnar að mestu leyti, fyrir 1420 millj. kr., mestallt unnar vörur, og það þarf enginn að segja mér að það mundi ekki muna um það á vinnumarkaðinum ef þessi ullarvara hefði ekki verið unnin hér í landinu. Þá er einnig rétt að láta það koma hér fram, að loðskinn og loðsútuð skinn voru flutt út fyrir 663 millj. kr. og óunnar gærur fyrir 297 millj. kr., þannig að heildarútflutningur þessara vara, sem koma beint frá sauðfjárræktinni, nemur 2380 millj. kr. Ég verð að segja það þeim mönnum, sem eru að ræða um landbúnað og breytingar á þeirri stefnu sem þar hefur verið viðhöfð, að þeim er hollt að reyna að skoða málið allt í einni

heild. Það er ekki hægt að taka út úr þessu einn einstakan þátt. Það verður að skoða málið í einni heild.

Ég hygg, herra forseti, að ég þurfi ekki að hafa mörg fleiri orð um þetta. En ég vil, um leið og ég lýk máli mínu, geta þess að þegar hv. 9. þm. Reykv. var að ræða um skipulagið á niðurgreiðslunum sem hann jafnvel er höfundur að — ég er ekki alveg viss um það samt — þá þótti mér sú ræða æðiskopleg, og ég komst ekki hjá því að það rifjaðist upp fyrir mér vísa sem ég einu sinni heyrði um fyrrv. þm. og er á þessa leið:

Meinleg gleymska manninn hrjáði,
meðan í stjórn og þingi sat,
en uppi í menntamálaráði
mundi hann allt sem hugsast gat.

Jón Helgason: Herra forseti. Hér er til umr. breyting á fyrirkomulagi á niðurgreiðslum á landbúnaðarvörum. Um það mál er búið að ræða allmikið og ekki þörf á að bæta mörgum orðum við. En ég vil þó undirstrika það, sem hér hefur komið fram, að þessar niðurgreiðslur hafa fyrst og fremst verið notaðar sem hagstjórnartæki. Þær hafa verið notaðar til þess að hafa áhrif á framfærsluvísitöluna, og frá sjónarmiði bænda hafa þær þá ekki alltaf verið notaðar á sem skynsamlegastan hátt vegna þess að horft hefur verið á málið frá því sjónarmiði.

Inn í umr. hafa svo einnig spunnist útflutningsuppbætur á landbúnaðarvörur, sem er nokkuð annað mál, en þær hafa verið notaðar til þess að jafna sveiflur á milli ára, þar sem dálítið hefur verið erfitt að sjá fram í tímann. Við minnumst þess t. d. að fyrir nokkrum árum var hér mikið smjörfjall og erfiðleikar með að selja smjörið. Nú er hins vegar svo komið að ef við förum inn í búðir hér í Reykjavík, þá fæst ekki smjör. Ástæðan er slæmt árferði, eins og við öll vitum, og ég held að það hefði ekki verið hyggilegt ef það hefði verið fyrir nokkrum árum reynt að skapa þar algjört öngþveiti með því að halda þó ekki uppi þeirri mjólkurframleiðslu, sem þá var, með útflutningsuppbótum á smjöri. Ef það hefði ekki verið gert, þá væri ástandið ekki gott núna. Smjörskorturinn er sem sagt vegna sveiflna í framleiðslu fyrst og fremst, en ég held að hann sé ekki af kapphlaupi neytenda að borða sem mest af smjöri til þess að missa nú ekki af neinum krónum sem koma til niðurgreiðslu á því úr ríkissjóði, eins og mér heyrðust vera aðalrökin í ræðu hv. 9. þm. Reykv., það væri sem sagt tap fyrir neytandann hver sá mjólkurlítri sem hann neytti ekki og hvert það kjötkg sem hann borðaði ekki, því að þar með væri hann að varpa frá sér niðurgreiðslu úr ríkissjóði. Mér finnst þetta vera algjörlega fjarstæð rök.

Það hefur komið fram að það stendur ekki á bændum að athuga með breytingar á niðurgreiðslum. En ég vil taka undir það, sem hér hefur komið fram áður hjá hv. 2. þm. Norðurl. v. og fleirum, að sú leið, sem bent er á í þáltill., kemur ekki til greina að mínu mati.

Hv. 9. þm. Reykv. færði það sem rök fyrir þessari till. að úr því að hér sé um að ræða fjármagn úr ríkissjóði, þá eigi allir að fá jafnt. En fá allir jafnt ef um er að ræða aðrar greiðslur úr ríkissjóði? Hvernig er t. d. með launagreiðslur? Fær verkamaðurinn, sem vinnur hjá ríkinu, t. d. jafnmargar krónur fyrir hverja unna vinnustund og prófessorinn og aðrir þeir sem eru í svipaðri stöðu og hann? Ætli mismunurinn þar sé ekki nokkuð miklu meiri milli manna heldur en sá sem niðurgreiðslurnar valda? Ég held að það sé meiri þörf á að draga úr þessum mismun heldur en mismuninum sem niðurgreiðslurnar valda. En ég skal þó ekki fara lengra út í þá sálma hér. Ég vil aðeins undirstrika það, að sú leið, sem till. gerir ráð fyrir um breytingu á greiðslum úr ríkissjóði, hún er ekki fær.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Mér nægir að gera fáeinar aths. Hæstv. landbrh. spurði, hvers vegna sú leið, sem hér er stungið upp á, hafi ekki verið farin í öll þau ár sem minn flokkur hafi átt aðild að ríkisstj. og ég hafi gegnt ráðherraembætti. Það er auðvitað rétt hjá honum, að niðurgreiðslur eru eldri en núv. ríkisstj., eldri en sú fyrsta ríkisstj. sem ég tók þátt í, miklu eldri. Og það er líka rétt hjá honum, að niðurgreiðslur hafa líklega aldrei verið meiri en einmitt á þeim árum sem minnihlutastjórn Alþfl. var að völdum árið 1959. En skýringin á því er einfaldlega sú, að þær niðurgreiðslur og aukning niðurgreiðslna, sem þá átti sér stað, voru liður í bráðabirgða- efnahagsráðstöfunum sem aldrei var ætlað að standa og voru numdar úr gildi þegar samningar tókust með Sjálfstfl. og Alþfl. um myndun viðreisnarstjórnarinnar. Á tímum viðreisnarstjórnarinnar var niðurgreiðslum beitt eins og gert hafði verið áður um áratugi, misjafnlega mikið, eins og hæstv. landbrh. tók réttilega fram, en þau árin sem hann nefndi og þær voru miklar voru þær liður í skyndiráðstöfunum, í bráðabirgðaráðstöfunum sem ekki var ætlað að standa og voru ekki látnar standa. M. ö. o.: þær niðurgreiðslur, sem minn flokkur hefur staðið að, hafa fyrst og fremst verið þáttur í bráðabirgðaráðstöfunum í efnahagsmálum.

En við höfum aldrei dregið á það dul að við vildum fara mjög varlega, eins varlega og unnt væri, í því að beita niðurgreiðslunum sem hagstjórnartæki. Það er alveg ástæðulaust að draga nokkra dul á það, að það var eitt helsta deiluefni í viðreisnarstjórninni milli míns flokks, Alþfl., annars vegar og Sjálfstfl. hins vegar, hver skyldi vera stefnan í málefnum landbúnaðarins og þ. á m. að því er varðar niðurgreiðslur. Þau sjónarmið, sem við héldum fram, áttu, að því er ég best veit, vaxandi fylgi að fagna í samstarfsflokknum. En páv. landbrh. er kunnur atorkumaður og dugnaðarmaður og hélt fast við hina hefðbundnu stefnu í landbúnaðarmálum og fékk því ráðið að það var stefna þeirrar stjórnar, þó að við létum það opinberlega í ljós, á drengilegan hátt þó, að ég tel, og án allrar ósanngirni, að við værum óánægðir með þá stefnu í landbúnaðarmálum sem viðreisnarstjórnin fylgdi.

Hæstv. landbrh. sagði, að auðvelt væri að sanna að ríkissjóður hefði hagnað af útflutningi

landbúnaðarvöru, og undir það tók hv. 3. þm. Norðurl. v., Páll Pétursson. Ég þekki þennan hugsunargang sem hér er um að ræða, en vil ekki lengja þessar annars löngu umr. með því að ræða hann ítarlega. Hér er satt að segja um svo fáránlega hugsunarvillu á sviði efnahagsmála að ræða að það er í raun og veru ekki samboðið landbrh. að taka slík dæmi. Látum vera þó að ómerkingur í blaðamannastétt telji sig geta viðhaft slík ummæli og beitt slíkum rökum sem hér er um að ræða, en ráðh. er það ekki sæmandi.

Hugsunargangurinn er í stuttu máli sá, að tolltekjur af þeim innflutningi, sem hefur orðið mögulegur vegna útflutnings landbúnaðarafurðanna, séu meiri en nemur útflutningsbótunum. Svona einfaldur er hugsunargangurinn, þannig væri hægt sem sagt að jafna útflutningsbæturnar með tolltekjum og öðrum ríkissjóðstekjum sem hljótast af útflutningi á þessari framleiðslu. En sjá menn ekki í hendi sinni, hversu — ég get ekki notað annað orð en fáránlegt þetta er, ef sömu rökum væri beitt við sjávarútveginn? Ef við teldum sjávarútveginn eiga þær tolltekjur og aðrar tekjur sem hljótast af útflutningi sjávarafurða, ef við teljum iðnaðinn eiga þær tolltekjur sem hljótast af útflutningi iðnaðarvara, hvað hefði þá blessaður fjmrh. eftir? Það eru ekki nema nokkrar krónur. Þessi hugsunarháttur er í grundvallaratriðum svo rangur að það sæmir ekki valdamönnum að viðhafa hann.

Að öðru leyti skal ég ekki um þetta fjölyrða. En eitt atriði enn í ræðu hæstv. landbrh. vil ég minna á. Hann minnti á þá athugun sem sérfræðingar Alþýðusambands Íslands hefðu gert sem undirbúning að þeim till. sem Alþýðusambandið eða stjórn þess lagði fyrir hæstv. ríkisstj. í des. s. l. Ég vil minna á það, að í skýrslu, sem sérfræðingar Alþýðusambandsins sömdu og lögðu fyrir hæstv. ríkisstj., var komist að þeirri niðurstöðu að það væri tekjuauki, það væri kjarabót fyrir meðlimi Alþýðusambandsins, sem yfirleitt eru lágtekjufólk, að niðurgreiðslunum yrði breytt úr núverandi horfi í beinar greiðslur. Það var niðurstaða sérfræðinga Alþýðusambandsins, enda hefði Alþýðusambandið varla gert það að málstað sínum ef það byggðist ekki á sérfræðilegum athugunum, eins og það raunar gerði.

Örfá orð í tilefni af ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v., Páls Pétursonar, sem öll var nú mun hófsamlegri, þessi seinni ræða, heldur en hin fyrri. Ég hlýt að byrja á því að biðja þingheim afsökunar á því að ég skuli hafa farið villur vega varðandi ættir hinna ágætu húnvetninga. Ég mundi það að hv. þm. Páll Pétursson var náskyldur fyrri þingskörungi úr hópi Framsfl., hans eigin flokks, úr Húnavatnssýslu og minnti í skyndi að það hefði verið Skúli Guðmundsson, en auðvitað var það Björn Pálsson. Ég þarf ekki að biðja Pál Pétursson afsökunar á því að hafa talið hann í ætt við Skúla Guðmundsson. Honum er jafnmikill sómi að því að vera í ætt við Björn Pálsson eins og við Skúla Guðmundsson, og ég tel að skyldleikinn við Björn Pálsson leggi honum sömu skyldur á herðar varðandi hóflegan og ábyrgan málflutning eins og ég taldi skyldleikann við Skúla Guðmundsson gera.

Hann nefndi það, að hann væri þeirrar skoðunar að fella bæri niður skatta á landbúnaðarvörum. En honum er það eflaust kunnugt eins og mér er það kunnugt, að þar hefur hann ekki stuðning síns eigin landbrh., hvað þá fjmrh. þeirrar ríkisstj. sem hann styður.

Ræða Pálma Jónssonar var að mínu viti sú skynsamlegasta sem flutt hafði verið fram til þess að hann flutti sína ræðu. Þó verð ég að leiðrétta það sem hann sagði, að yrði hugmynd okkar alþfl.-manna framkvæmd, þá væri um að ræða ríkisþurfalingssjónarmið. Ég sé ekki að neytendur yrðu meiri ríkisþurfalingar þótt þeir fengju sinn neytendastyrk í peningum í stað þess að fá hann í lækkuðu vöruverði. Það yrði um sömu peninga að ræða. Við höfum ekki beðið um eyri meira til neytenda sem greiðslu heldur en ríkið nú greiðir í niðurgreiðslu — ekki eyri meira. Og auðvitað var það ekki rétt, sem hann sagði, að nokkurt orð eða nokkur setning, sem ég hefði mælt í þessum umr., gæti kallast árás á bændur. Hitt þótti mér vænt um, og það gerði það að verkum að ég kalla ræðu hans þá skynsamlegustu sem fram hafi verið flutt þangað til hann tók til máls, að hann játaði alveg hiklaust, að uppbótakerfið þyrfti endurbóta við, og bar fram þá mjög athyglisverðu fullyrðingu, að ef bændur sjálfir hefðu mátt ráða tilhögun niðurgreiðslunnar, þá mundi hún vera allt önnur en hún er í dag. Ég vek sérstaklega athygli á þessu, að ungur bóndi, ungur forustumaður í bændastétt — mér liggur við að segja: skuli hafa kjark til að lýsa því jafnskýrt og skorinort yfir að núverandi kerfi sé meingallað og ekki í samræmi við vilja bænda. Það má geta nærri hvort það er í samræmi við vilja, skoðanir og hagsmuni neytenda.

Ég hika ekki við að segja að þegar hv. 6. þm. Suðurl., Steinþór Gestsson, tók til máls, þá talaði hann af enn meiri raunsæi og skilningi að mínu viti heldur en flokksbróðir hans, hv. 2. þm. Norðurl. v., Pálmi Jónsson, því að hann sagði berum orðum — og það vil ég undirstrika, það vil ég að komi fram, þess vil ég að sé minnst, að þessi ágæti þm. sagði að núverandi uppbótakerfi væri óskynsamlegt. Og það er það. Um það erum við hjartanlega sammála. Hann lét þess getið í einni setningu að hann vissi ekki betur en ég væri e. t. v. höfundur þessa kerfis. En það er alger misskilningur. Kerfið var í grundvallaratriðum komið á meira að segja áður en ég kom á þing, sem var 1946, hvað þá áður en ég varð ráðh., sem var 1956. Hitt tel ég þó aðalatriðið í því sem hann sagði, að hann benti á, hann undirstrikaði, hann viðurkenndi að kerfið væri óskynsamlegt. Þetta ætti að vera sérstök hvöt til þeirrar n., sem fær málið til athugunar, að leggja það ekki á hilluna, heldur athuga málið gaumgæfilega. Breytinga er þörf, jafnvel þó að við höldum þessu grundvallarkerfi. Þótt við höldum niðurgreiðslum, þ. e. a. s. höldum fast við það sjónarmið að nota tæpa 5 milljarða til þess að lækka vöruverð, þá má gera það með miklu skynsamlegri hætti en nú á sér stað. Á því er ekki nokkur minnsti vafi. Og ef kerfinu er haldið, þá verður að breyta því. En ég er svo þeirrar skoðunar og mínir flokksbræður hér á þingi, að fyrst á annað borð þarf að breyta

kerfinu, þá eigi að breyta um grundvallarsjónarmið varðandi ráðstöfun þessara 4.6 milljarða kr.

Eg held að ég þurfi ekki að gera fleiri aths. að lokum við það sem sagt hefur verið, en lýk máli mínu á því að vekja athygli á þeirri staðreynd, sem út af fyrir sig er mjög ánægjuleg, að geysimiklar, óvenjumiklar umr. hafa orðið um þetta mál, meiri umr. en flestar aðrar till. til þál. sem verið hafa til umr. í Sþ. á þessu þingi. Það sýnir, hvort sem mönnum líkar betur eða verr, að þm. gera sér meira og minna ljóst að hér er um að ræða vandamál sem þarfnast athugunar, hér er um að ræða mál þar sem breytinga er þörf. Annars mundu ekki jafnmargir þm. láta til sín heyra um málið. Á þessu vil ég gjarnan vekja athygli við þá hv. n., sem málið fær til meðferðar, í trausti þess að hún ræði málið alvarlega og geri einhverjar skynsamlegar till. til þingsins um að athugun haldi áfram á málinu á vegum hæstv. ríkisstj.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 67. fundur.

Mánudaginn 22. mars, kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 18. mars 1976.

Lárus Jónsson, 4. þm. Norðurl. e., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að vegna forfalla 1. varamanns taki 2. varamaður Sjálfstfl. í Norðurl. e., Vigfús Jónsson bóndi, sæti á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ragnhildur Helgadóttir,
forseti Nd."

Bréf hefur borist frá 1. varaþm. Sjálfstfl. í Norðurlandskjördæmi eystra:

„Reykjavík, 11. mars 1976.

Þar sem ég vegna anna mun ekki geta tekið sæti á Alþ. 15. þ. m. mun 2. varamaður Sjálfstfl. í Norðurl. e., Vigfús Jónsson bóndi á Laxamýri, taka sæti í minn stað.

Virðingarfyllst,
Halldór Blöndal."

Þannig er ástatt að hvorki varaþm. er mættur né heldur hefur kjörbréf hans borist, svo að rannsókn kjörbréfsins verður frestað þar til á morgun.

Þá hefur borist annað bréf:

„Reykjavík, 17. mars 1976.

Gils Guðmundsson, 3. þm. Reykn., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþb. í Reykjaneskjördæmi, Karl G. Sigurbergsson skipstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Ragnhildur Helgadóttir,
forseti Nd."

Karl G. Sigurbergsson hefur áður setið á þingi og býð ég hann velkominn til starfa.

Efri deild, 79. fundur.

Mánudaginn 22. mars, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 403). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, er í tveimur köflum. Fyrri kaflinn er um breytingar á 40.—42. gr. hegningarl. sem fjalla um reynslulausn fanga, en síðari kaflinn, sem fjallar um breytingu á 232. gr. hegningarl., varðar aftur röskun á friði einstaklinga.

Ákvæði hegningarlaga um reynslulausn fanga hafa staðið að mestu óbreytt frá því að hegningarlögin voru sett 1940. Þær till., sem settar eru fram í þessu frv., eru að meginefni til byggðar á till. norrænu refsilaganefndarinnar sem skilaði álitsgerð um reynslulausn árið 1970.

Helstu breytingarnar, sem lagt er til í frv. að gerðar verði á ákvæðunum um reynslulausn, eru þær, að lagt er til að lágmarkstími, sem fangi hafi afplánað áður en hann fær reynslulausn, sé styttur frá því sem er í núgildandi lögum. Er um það ákvæði í 1. gr. þessa frv. sem er um breyt. á 40. gr. laganna. Var upphaflega, þegar frv. var lagt fram, gert ráð fyrir því að fangi gæti fengið þessa svokölluðu reynslulausn þegar hann hefði afplánað fjóra mánuði, í stað þess að það eru eftir gildandi lögum 8 mánuðir, en þessu tímamarki var breytt í Nd. þannig, að í staðinn fyrir 4 mánuði var lagt til að fangi gæti fengið reynslulausn eftir að hann hefði tekið út 3 mánuði af refsitímanum. Á þessa breytingu fellst ég að sjálfsögðu. Hún er í samræmi við það sem hefur verið ákveðið a. m. k. nú þegar í einu Norðurlandanna.

Það eru svo sett í þessari grein nokkur frekari ákvæði um það hvenær reynslulausn megi veita og má segja að þau gangi í þá átt að rýmka heimildina frá því sem nú er.

Hins vegar eru í 2. gr. frv., sem er breyt. á 41. gr. hegningarlaganna, ákvæði um sjálfan reynslutímann og þau skilyrði sem fanga eru sett. Má segja að þar sé aftur á móti vikið frá þeim ákvæðum, sem sett voru um það efni í lög 1961, og til þess sem ákveðið var upphaflega í hegningarlögunum, þ. e. a. s. að reynslutíminn geti staðið lengur en er eftir gildandi lögum eða allt að 5 ár. Og þá er gert ráð fyrir því að reynslutíminn geti staðið lengur en nemur þeim tíma sem eftir er óafplánaður af refsingunni.

Í 3. gr., sem fjallar um breyt. á 42. gr., eru ákvæði um hvernig við skuli brugðist ef aðili rýfur þau skilorð sem honum voru sett við reynslulausnina. Er þar lagt til að sett verði fyllri ákvæði en nú er um meðferð slíkra mála. Er þar í fyrsta lagi sett fram sú meginregla að fremji aðili eitt brot eftir að hann hlaut reynslulausn, þá ákveði dómstóll, sem fjallar um nýja brotið, refsingu í einu lagi fyrir nýja brotið og eftirstöðvar af eldri refsivist, og skal þá beitt sömu meginreglum og um skilorðsrof skv. skilorðsbundnum dómi.

Í öðru lagi er lagt til í 2. málsgr. 3. gr. að það sé háð ákvörðun dómsmrh. hvort eftirstöðvar refsingar séu teknar út ef önnur skilyrði eru rofin eða hvort einungis sé breytt skilyrðum, svo sem reynslu- eða tilsjónartími lengdur.

Þá er í þriðja lagi lagt til að heimilt sé að láta hefja þegar í stað afplánun eftirstöðva ef um er að ræða skilorðsrof sem fólgin eru í ótvíræðu broti á almennum hegningarlögum, enda þótt dómstóll hafi ekki enn fjallað um nýja brotið. Þetta á við þegar aðili hefur játað brot sitt eða óyggjandi gögn benda til að hann hafi

framið það, svo sem ef hann er staðinn að verki. Þetta eru nokkuð önnur ákvæði heldur en tilsvarandi ákvæði í gildandi hegningarlögum.

Í niðurlagi 3. gr. er mælt svo fyrir að það megi beita ákvæðum um reynslulausn þegar veitt er skilorðsbundin náðun.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þennan kafla þessa frv., en í II. kaflanum eða 4. gr., sem fjallar um breyt. á 1. málsgr. 232. gr. hegningarlaga, er lagt til að refsimörk við röskun á friði annars manns breytist á þann hátt sem í gr. er lýst, þ. e. a. s. þau eru hækkuð og geti varðað allt að 6 mánaða fangelsi. Skv. núgildandi ákvæðum er hámarksrefsing varðhald allt að 6 mánuðum. Þau refsimörk, sem hér er lagt til að tekin verði upp, eru í samræmi við ákvæði hegningarlaga Norðurlandaþjóða sem fjalla um þessi brot.

Þá er lagt til að gildistími lögregluáminningar verði lækkaður, áminningin gildi í 5 ár, en helsta þýðing þessarar breytingar er sú, að ef þetta ákvæði verður að lögum er hægt að beita mann gæsluvarðhaldi meðan á rannsókn stendur, en á því getur einmitt oft verið þörf því að sú röskun á friði, sem um getur verið að ræða og birst getur í mismunandi myndum, getur verið svo alvarleg að það sé full ástæða til þess að möguleiki sé eftir lögum til að beita gæsluvarðhaldi þó að maður hafi ekki gerst sekur um annars konar hátterni en þá sem í gr. segir, að ásækja mann, ofsækja hann með bréfum eða ónáða hann á svipaðan hátt, t. d. í síma eða því um líkt, en að slíkum ásóknum kveður talsvert og þess vegna ástæða til að taka allhart á því.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að mælast til þess að frv. verði vísað til 2. umr. að þessari umr. lokinni og til hv. allshn., en eins og ég hef þegar tekið fram hefur frv. þetta gengið þegar í gegnum Nd. og var þar samþ. óbreytt að undanskilinni þessari breyt., sem ég gerði grein fyrir, að tímamarkinu var breytt úr fjórum mánuðum í þrjá.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Opinberar fjársafnanir, frv. (þskj. 410). — 1. umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Þetta er nú í þriðja sinn sem ég flyt frv. um þetta efni, og vænti ég þess nú að það fái einhverja afgreiðslu héðan, hvort sem hún verður jákvæð eða neikvæð.

Ég get að mestu vísað á rökstuðning minn áður fyrir þessu frv., en aðalröksemdirnar felast í rauninni í grg., að fjársafnanir ýmiss konar eru orðnar mjög algengar. Gjarnan fara þær fram í góðum tilgangi og það skal tekið fram að engin sérstök ástæða til tortryggni liggur að baki þessa frv. Hins vegar skortir nokkuð á um lagasetningu sem ákvarðaði fyrirkomulag og uppgjör slíkra fjársafnana. Ekki er óalgengt að fjársafnanir skili milljónum í hendur þeirra sem fyrir þeim standa, og almenningur, sem þarna leggur fram sína fjármuni, á siðferðilega heimtingu á því að vita niðurstöðu söfnunar og ráðstöfun fjárins. Hverjum þeim aðila er að fjársöfnun stendur á einnig að vera ljúft að sýna allt á hreinu svo að enginn blettur geti fallið á aðstandendur eða markmið slíkrar söfnunar. Hér virðist vanta allmjög nánari lagafyrirmæli.

Þetta frv., sem mjög er sniðið eftir löggjöf í Danmörku, miðar að því að hér komist á fastar og skýrar reglur um framkvæmd og skipulag slíkra fjársafnana.

Ég tók fram í fyrsta sinn er ég flutti þetta frv. hver væri undirrót þess. Ég sagði frá því að sjálfur hefði ég oft staðið fyrir eða tekið þátt í fjársöfnunum af ýmsu tagi, þær fjársafnanir hefðu yfirleitt farið fram án alls eftirlits og án þess að ég hafi t. d. séð almennt uppgjör þeirra fjársafnana sem ég tók þátt í í minni heimabyggð. Það er mikill misskilningur, sem sums staðar hefur orðið vart, því miður, að hér sé um andstöðu við slíkar safnanir að ræða. Þær eru, eins og ég tók fram áðan, oftast nær í góðum tilgangi, og ég held að einmitt þess vegna sé nauðsyn á að lögfesta um þær ákveðnar reglur og koma í veg fyrir óþarfa tortryggni og einnig að hindra óeðlilegar fjársafnanir eða þá hreina misnotkun, eins og á hefur borið, því miður.

Það er ekki að ófyrirsynju áreiðanlega að nágrannaþjóðir okkar hafa komið föstu skipulagi á þessi mál. Löggjöf hefur verið sett í Danmörku um þau og í Noregi og Svíþjóð ákveðnar reglur. Í Noregi eru starfandi frjáls samtök í tengslum við atvinnulífið sem hafa það verkefni að fylgjast með og yfirfara reikningsskil fjársafnana og því er einnig þannig farið í Svíþjóð. Samtök af sama tagi fylgjast með fjársöfnunum í tengslum við atvinnulífið og hafa m. a. gert samning við póstyfirvöld um giróþjónustu á þessu sviði, og þar er það gert að skilyrði ofangreindu fyrirkomulagi að reikningsskil séu endurskoðuð af löggiltum endurskoðanda eða viðurkenndum að öðru leyti. Ég veit ekki annað, miðað við þær fréttir sem ég hef af þessum reglum í okkar nágrannalöndum, en að allir aðilar uni þeim vel.

Þessar reglur, sem hér er lagt til að settar verði, hindra í engu, eins og ég sagði áðan, eðlilegar safnanir. Þær eru rúmar og þær gera m. a. mögulegt — fullkomlega mögulegt — fyrir alla aðila óháð þessum lögum, alla aðila sem vilja efna til fjársöfnunar innan eðlilegra félagslegra vébanda að framkvæma þær eftir sem áður án þess að þessi lög komi nokkuð þar inn á.

Greinar frv. hafa áður verið skýrðar, skýra sig í raun og veru sjálfar. 1. gr. fjallar um nauðsynlega ábyrgðaraðila hverrar söfnunar auk hinnar almennu heimildar um safnanirnar. 2. gr. um það hvað teljist opinber fjársöfnun, þ. e. a. s. sé henni beitt til annarra en þeirra sem tengdir eru persónulegum eða félagslegum tengslum við þá sem fyrir slíkum fjársöfnunum standa. Og 3. gr. er svo um sjálfsagða tilkynningarskyldu og hvað slík tilkynning eigi að bera með sér. Allt hljóta þetta að teljast sjálfsagðir hlutir: hver standi fyrir söfnuninni, hvenær, hvar og hvernig hún skuli fara fram og í hvaða tilgangi. 4. gr. er um leyfi dómsmrn. til safnana

í götum og húsum, og þar er einnig ákvæði um að hin hvimleiða keðjubréfasöfnun sé með öllu bönnuð. 5. gr. er svo um skilin á því fé sem safnast og bann við því, sem eðlilegt hlýtur að teljast, að nota féð í öðrum tilgangi en ætlast var til, nema þá með sérstöku leyfi dómsmrn. 7. gr. fjallar um birtingarskylduna sem margir hafa saknað ákaflega að loknum miklum og víðtækum fjársöfnunum ýmsum. Eitt það veigamesta við slíka lagasetningu er það að þegar söfnun er lokið, — þetta eru oft safnanir á landsmælikvarða og skipta milljónum, — þá sé fullljóst hvernig um söfnunina hefur til tekist og sem fullkomnast reikningshald liggi þá fyrir, en sérreglur gilda þó um smærri upphæðir. 8. gr. er svo um undantekningar frá þessum lögum sem hljóta að vera eðlilegar um söfnun á notuðum, verðlitlum hlutum, fjársafnanir á vegum dagblaðs í opinberu góðgerðarskyni, ef viðkomandi dagblað birtir skrá yfir framlag allra gefenda og á einnig að birta viðurkenningu þeirra er veita fénu viðtöku að söfnun lokinni, og fjársafnanir við guðsþjónustur eða samkomur sem haldnar eru á vegum trúfélaga.

Ég er viss um að þeir, sem standa að söfnunum yfirleitt, munu mér sammála um að lagasetning sé þörf og sé þeim til góðs.

Hér í þessari hv. d. hefur frv. fengið stuðning. Það hafa margir lýst því yfir að svona löggjöf sé eðlileg og sjálfsögð, og ég vona nú að niðurstaða málsins verði sú að hv. n. skili frv. frá sér, geri þá annaðhvort á þær breyt., sem á þarf að gera að hennar dómi, afgr. málið a. m. k. — og neikvætt þá ef mönnum sýnist sem hér sé um óþarfa lagasetningu að ræða. En afgreiðslu hlýtur málið að geta fengið því að ekki hefur starf þjáð n. yfirleitt hér í vetur.

Eg vil svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Sálfræðingar, frv. (þskj. 332, n. 420, 421). — 2. umr.

Frsm. (Axel Jónsson): Herra forseti. Menntmn. þessar hv. d. hefur haft til athugunar frv. til l. um sálfræðinga á þskj. 332. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 420 hefur n. athugað frv. á nokkrum fundum og fengið á sinn fund höfunda frv., þau Hrafnhildi Stefánsdóttur fulltrúa í menntmrn. og Andra Ísaksson prófessor og svöruðu þau fjölmörgum spurningum fundarmanna og veittu fyllri upplýsingar um ýmis atriði. Menntmn. mælir með samþykkt frv. með breyt. sem hún flytur á þskj. 421. Einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. ef fram koma.

Við 1. umr. þessa máls hér í hv. d. gat hæstv. menntmrh. þess, að frv. væri undirbúið og flutt að ósk Sálfræðingafélags Íslands, og einnig, að þrátt fyrir að sálfræðingar hafi í vaxandi mæli verið ráðnir til starfa, einkum innan skólakerfisins og heilbrigðisþjónustunnar, hafi ekki verið sett nein lagaákvæði um starfsemi þeirra og starfsheitið sálfræðingur hefur ekki notið lögverndar. Hins vegar setti síðasta Alþ. lög um félagsráðgjöf, þ. e. lög nr. 41/1975. Það er kunnugt að störf félagsráðgjafa og sálfræðinga eru nokkuð hliðstæð eða að öllum jafnaði mjög nátengd, þeir starfa mikið saman. Eðlilegt er því talið að sett verði einnig lög um sálfræðinga.

Sálfræðingafélag Íslands var stofnað 1954 og er meðlimatala þess nú veturinn 1975—1976 34 talsins.

Sálfræðingar eiga sér ekki langa starfssögu á Íslandi. Þegar frá eru talin afmörkuð verkefni einstakra manna er það fyrst 1960 að veruleg breyting verður á. Það ár voru sálfræðideild skóla í Reykjavík og geðverndardeild barna í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur settar á stofn. Á sjöunda áratugnum var tekið að ráða sálfræðinga til starfa í sjúkrahúsum: Kleppsspítala og Borgarspítalanum í Reykjavík. 1969 var stofnað til sálfræðiþjónustu í Reykjanesumdæmi á vegum sveitarfélaga þar. 1970 tók geðdeild Barnaspítala Hringsins við Dalbraut til starfa og hafa nokkrir sálfræðingar unnið þar. Það er hins vegar fyrst með grunnskólalögunum frá 1974 með ákvæði um ráðgjafa- og sálfræðiþjónustu í skólum að sálfræðingum eru ætluð ákveðin verkefni í lögum samkv. IX. kafla þeirra laga.

Hér hefur verið umtalsverð þróun á tiltölulega skömmum tíma. Sálfræðingar hafa nú haslað sér völl á fleiri starfssviðum og fyrirsjáanlegt að þeim muni fara fjölgandi á næstu árum, einkum við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu í skólum og við heilbrigðisþjónustu. Það er því orðið brýnna en áður að kveða á um það í lögum, hverjum skuli vera heimilt að nota starfsheitið sálfræðingur, og binda notkun þess við opinbera leyfisveitingu. Slík löggjöf mundi tryggja betur en áður að við sálfræðistörf fengjust þeir sem til þess hefðu staðgóða menntun og uppfylltu að öðru leyti þau almennu skilyrði sem rétt þætti að setja.

Kennsla í sálarfræði til BA-prófs við Háskóla Íslands hófst haustið 1971. Megintilgangurinn með þessu námi er sá, að prófið verði áfangi að kandidatsprófi í sálarfræði við erlendan háskóla eða öðru sambærilegu námi, sem veitir starfsréttindi sálfræðings. Í frv. er getið þeirra menntunarkrafna sem uppfylla þarf til að öðlast löggildingu sem sálfræðingur. Þessar kröfur eru þær sömu og nú þarf til inngöngu í Sálfræðingafélag Íslands. Virðist eðlilegt, að leita umsagnar þess félags um menntun þeirra sem um löggildingu sækja, sérstaklega þó þegar umsækjandi hefur ekki lokið einhverri af prófgráðum þeim sem greindar eru í frv.

Starfssvið sálfræðinga er víðtækt og störfin þess eðlis að þau geta haft mikil áhrif á líf manna. Störfum sálfræðinga fylgir mikil ábyrgð og verður því að gera strangar kröfur til þeirra sem hafa sálfræðiþjónustu með höndum. Þess vegna verður að telja brýna nauðsyn á að sett verði lög um verndun starfsheitisins sálfræðingur.

Eg gat þess að kennsla í sálarfræði til BA-prófs við Háskóla Íslands hefði hafist haustið 1971. Hér á hinu háa Alþ. urðu miklar og fróð-

legar umr. um þessa vísindagrein fyrir um það bil hálfri öld. Á Alþ. 1915 var flutt frv. til laga á þskj. 148 um stofnun kennaraembættis í hagnýtri sálarfræði við Háskóla Íslands. Flm. voru þm. Matthías Ólafsson, þm. vestur-ísfirðinga, Jón Jónsson, 2. þm. norðmýlinga, og Sveinn Björnsson, 1. þm. Reykv., síðar forseti Íslands. Frv. náði ekki fram að ganga, en varð þess valdandi að Alþ. samþ. þá 3000 kr. styrkveitingu til Guðmundar Finnbogasonar til fræðiiðkana og fyrirlestrahalds.

Herra forseti. Ég tel ástæðu til að geta þess hér nú í sambandi við meðferð þessa máls sem hér er á dagskrá, fyrst og fremst til að vekja athygli á því að þessi málefni komu til umr. hér á hinu háa Alþ. fljótlega eftir stofnun Háskólans og það þó að á margþættum erfiðleikatímum fyrri heimsstyrjaldarinnar hafi verið að ræða.

Á Alþ. 1917 kemur aftur fram frv. um sama efni, þó í annarri mynd að vísu. Er það að finna á þskj. 87. Það var um að skipa dr. phil. Guðmund Finnbogason kennara í hagnýtri sálarfræði við Háskóla Íslands. Nú var kennarastaðan bundin við nafn dr. Guðmundar Finnbogasonar og fram tekið að hann skuli hafa sömu skyldur og réttindi sem prófessorar. Þá voru flm. þeir Bjarni Jónsson frá Vogi, þm. dalamanna, Matthías Olafsson og Jón Jónsson, sem áður var getið, og auk þeirra Magnús Pétursson, þm. strandamanna. Bjarni frá Vogi var 1. flm. og einnig frsm. menntmn. Nd. Í nál. á þskj. 297 er m. a. tekið fram að hér sé um tiltölulega unga vísindagrein að ræða sem undirstaða hafi verið lögð að um miðja 19. öld eða nánar tiltekið er hinn frægi, þekkti vísindamaður og spekingur Fechner gaf út bók sína Elemente der Psychofysik, í Leipzig 1860. Enn fremur segir í þessu merka nál. að eftir þetta sé farið að leggja mikla stund á þær greinar sálarfræðinnar er byggjast á reynslu, þekkingu og tilraunum, svo sem sálareðlisfræði og sálaraflfræði. Lærðu menn af þessu að koma mælingu við ýmsar hliðar á andlegri og líkamlegri starfsemi mannsins, finna lögmál hennar innan vissra takmarka og að lokum að hagnýta þetta lögmál með því að haga vinnu eftir því. Þá er og að því vikið að menntaþjóðir keppist við að þroska og efla þessa vísindagrein og að í landinu sé einmitt maður sem með styrk af landsfé leggi stund á hagnýta sálarfræði, svo sem bækur hans og fyrirlestrar og meðmæli lærðra manna bera vott um. Það sé því vinningur fyrir landið með samþykkt frv. að veita dr. Guðmundi fast starf og á þann hátt treysta það frekar að íslendingar njóti starfskrafta hans því að hætta sé á að sótt verði eftir honum víðar. — Þetta eru stuttar tilvitnanir í þetta merka nál. frá 1917.

Eg vil bæta því við þetta að Andri Ísaksson prófessor gat þess í lokaerindi sínu í ríkisútvarpinu í gær, í þeim merka erindaflokki sem hann hefur flutt þar um uppeldi og sálarfræði, að þekktur svissneskur fræðimaður hafi upp úr 1920 vitnað til ritgerðar dr. Guðmundar Finnbogasonar, og sýnir það m. a. hvers álits hann naut meðal færustu fræðimanna á þessum sviðum á þeim tíma. Dr. Guðmundur hafði stundað nám í Danmörku, Frakklandi og Þýskalandi. Miklar umr. urðu á Alþ. um frv. og er þær að finna í Alþingistíðindum frá þeim tíma.

Þetta kemur svo aftur til mikilla umr. á Alþ. 1922. Þá var kjörin sérstök sparnaðarnefnd í Sþ. til að gera till. um niðurskurð og aukinn sparnað, en fjárlög voru þá afgreidd í deildum, í fjárveitinganefndum deildanna. Ljóst er að þessi tilhögun hefur á flestan hátt reynst illa og oft á tíðum lítil samvinna, að því er virðist, milli sparnaðarnefndar Sþ. og fjvn. deildanna. Ein af till. sparnaðarnefndar var að kennaraembættið í hagnýtri sálarfræði við Háskóla Íslands yrði lagt niður. Er þetta frv. á þskj. 61 frá þessum tíma. Miklar umr. urðu enn á ný um málið. Bjarni frá Vogi var harðasti andmælandi þess og taldi að fenginni reynslu af starfi Guðmundar Finnbogasonar kæmi ekki til mála að leggja niður kennaraembættið. Taldi hann upp það sem Guðmundur hafði kennt, og kemur þar m. a. fram að hann hafði haldið fyrirlestra um fagurfræði, frásögn og vitni, um sálarfræði námsins, um skipulag vinnunnar, um áhrif veðráttu og loftslags á sálarlíf manna, um hagnýta sálarfræði, um samlífið og þjóðarandann, kennt stúdentum trúarbragðasálarfræði, um samband sálar og líkama, notkun bóka og bókasafna, veitti lögfræðingum kennslu í glæpamannasálarfræði, hafði sálfræðitilraunir og gáfnapróf með nokkrum stúdentum, svo nokkuð sé talið sem Bjarni frá Vogi vitnaði til um störf dr. Guðmundar Finnbogasonar. Sparnaðarfrv. féll á einu atkv., en eins og áður sagði var kennaraembættið bundið í lögum við nafn Guðmundar Finnbogasonar.

Herra forseti. Ég hef staldrað svo mjög við umr. um þessi mál frá því fyrir hálfri öld, að öðrum þræði sökum þess að mér þykja þær allfróðlegar og merkilegar og að öðru leyti vegna þess að í dag eru þessi mál af mörgum talin nútímafyrirbæri, en þær tilvitnanir, sem ég hef hér að framan vikið að, sýna allt annað. Hér er um vísindagrein að ræða sem hefur verið að þróast á aðra öld. Það er hins vegar mitt mat að sálfræðingar njóti á stundum ekki sannmælis og verði fyrir óréttmætum ásökunum.

Í aths. með frv. kemur fram að árið 1957 sneri norræna sálfræðingafélagið sér til Norðurlandaráðs og fór þess á leit að ráðið tæki til athugunar samningu samnorrænna reglna um starfsemi sálfræðinga. Árið 1958 lagði Norðurlandaráð síðan til við ríkisstj. landanna að samdar yrðu reglur um starfsemi sálfræðinga, löggildingu, þagnarskyldu, vernd gegn misnotkun sálfræðilegra rannsóknaaðferða og reglur um samnorrænan vinnumarkað fyrir sálfræðinga. Skipaðar voru sérstakar n. í þessum tilgangi á öllum Norðurlöndunum nema á Íslandi, og ákveðið var að Noregur sæi um samræmingu verksins. Ekki reyndist þó mögulegt að n. kæmust að sameiginlegri niðurstöðu, m. a. vegna þess að umboð þeirra var mismunandi. Þó náðist samstaða um nokkur mikilvæg atriði þar sem í öllum löndum var lagt til að lögfestar yrðu reglur um löggildingu sálfræðinga og þagnarskyldu, svo og að komið yrði á fót sérstöku sálfræðingaráði til að vera yfirvöldum til aðstoðar við framkvæmd einstakra ákvæða laganna. Auk þess náðist samkomulag um drög að samningi milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um sam-

eiginlegan vinnumarkað fyrir sálfræðinga. Slíkan samning er þó ekki mögulegt að staðfesta fyrr en settar hafa verið í öllum löndum reglur um löggildingu og starfssvið sálfræðinga.

Málið var tekið fyrir að nýju á fundi Norðurlandaráðs í febr. 1970 og mælti ráðið með því við ríkisstjórnirnar að skapaður yrði grundvöllur fyrir samnorrænan vinnumarkað sálfræðinga á þann hátt að settar yrðu reglur um starfsemi sálfræðinga og menntunarkröfur yrðu samræmdar. Hins vegar kom í ljós að slík lagasetning strandaði á mismunandi atriðum í löndunum og ekki reyndist unnt að ná fram samnorrænni lausn að svo komnu máli.

Lög um viðurkenningu sálfræðinga voru sett í Noregi 9. mars 1973 og tóku þau gildi 1. okt. 1974. Samsvarandi lög hafa enn ekki verið sett á hinum Norðurlöndunum. Frá 1. okt. 1974 hefur sá einn rétt til að kalla sig sálfræðing í Noregi sem fengið hefur til þess viðurkenningu norska félagsmálaráðuneytisins.

Frv. þetta er í mörgum atriðum svipað norsku lögunum, enda hefur við samningu þess verið reynt að gæta samræmingarsjónarmiða eftir því sem fært hefur þótt. Í norsku lögunum eru ákvæði um að skipa skuli sérstakt sálfræðingaráð og skal leita álits þess um fjölmörg atriði varðandi framkvæmd laganna. Skilyrði fyrir löggildingu er m. a. að umsækjandi hafi lokið þeirri skylduvinnu sem krafist er samkvæmt reglugerð. Þá eru sérstök ákvæði um að rn. sé heimilt að setja reglur þess efnis að einungis sálfræðingar og aðrir aðilar, er hafa tilskilda þekkingu, megi nota ákveðnar sálfræðilegar aðferðir og hjálpartæki og rn. geti sett nánari reglur um starfsemi sálfræðinga, skrifstofuhald, meðferðarskýrslur o. fl.

Við samningu frv. hér var ekki talin ástæða til að taka slík ákvæði upp. Að svo komnu máli er ekki talin þörf á sérstöku ráðgefandi sálfræðingaráði, og í 8. gr. frv. er að finna almenna heimild til setningar reglugerðar er kveði nánar á um framkvæmd laganna. Í aths. með frv. er hins vegar prentvilla þar sem vitnað er til 7. gr. um þetta atriði.

1. gr. frv. kveður á um að þeir einir hafi rétt til að kalla sig sálfræðinga sem til þess hafa fengið leyfi menntmrn. Í norsku lögunum voru hins vegar ákvæði um viðurkenningu félmrn., en þar í landi eru allar slíkar viðurkenningar undir einu rn., þ. e. félmrn., en hér er þetta í mörgum rn. Til greina kom heilbr.- og trmrn., eins og lög um félagsráðgjöf kveða á um varðandi félagsráðgjafa, en með tilliti til grunnskólalaganna þótti eðlilegra að þetta væri menntmrn. Eðlilegt verður að teljast að sú skipan verði tekin hér upp síðar að löggildingar þær, sem hér um ræðir, verði settar undir eitt og sama rn. — 2. málsgr. bannar notkun slíkra starfsheita ef þau eru til þess fallin að vekja ranglega hugmyndir um að viðkomandi hafi hlotið löggildingu sem sálfræðingur.

2. gr. frv. er um almennar kröfur til þess að öðlast löggildingu sem sálfræðingur. Sýnist eðlilegt að hafa hliðsjón af þeim kröfum sem gerðar eru til starfsstétta sem fjalla um trúnaðar- og einkamál, t. d. lækna.

3.—4. gr. þarfnast ekki skýringa.

Við 5. gr. frv. er brtt. á þskj. 421 um að greinin orðist eins og þar segir. Þar eru í fyrsta lagi felld niður orðin „misnotkunar vimugjafa, hás aldurs.“ Var þessi ítarlega upptalning talin óþörf og vart viðeigandi að áliti n., því að orðalag gr., eins og n. leggur til, tekur fyllilega til fyrrgreindra atriða þó að þau séu ekki upptalin. Þá er viðbót við 1. málsgr.: „Leita skal álits Sálfræðingafélags Íslands um málið.“ Eðlilegt er að löggildingaraðili geti, ef vissar ástæður eru fyrir hendi, afturkallað löggildinguna. N. þótti eðlilegt að leitað yrði umsagnar í því tilfelli einnig til þess aðila sem gefur umsögn um leyfisveitinguna. Þá er og í þessari gr. að finna ákvæði um að sá, sem fyrir leyfissviptingu verður, geti skotið úrskurði um sviptingu löggildingar til dómstóla.

Samkv. 6. gr. getur rn. veitt löggildingu að nýju. Rn. metur þá í hverju einstöku tilfelli hvort aðstæður séu slíkar að veita beri löggildinguna og hvort rétt sé að binda slíka löggildingu við ákveðin tímamörk.

Að öðru leyti vísa ég til aths. um frv. og einstakar greinar þess.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu sem menntmn. þessarar hv. d. flytur till. um á þskj. 421.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Það hefur margt verið sagt um mig frekar en að ég væri sérstaklega hæverskur og óframfærinn. En ég verð að gera þá játningu, að það er með nokkrum kvíða og ugg sem ég kem hér í ræðustól í þessari virðulegu deild til að taka þátt í umr. um jafnháakademískt hugtak og mér skilst að sálfræði hljóti að vera, að ég aumur, gjörsamlega ómenntaður maður skuli fara að leggja út á þá hættubraut að fara að leggja hér orð í belg.

Hér er til umr. í hv. þd. frv. til l. um sálfræðinga og rétt til þess að kalla sig sálfræðing. Ég hef ekki átt langa setu hér á þingi, en ég verð að segja það að mér finnst iskyggilega mikið hafa verið gert að því hér á hinu háa Alþ., meðan ég hef setið hér, að samþykkja löggjöf sem löggildi hin og þessi starfsheiti. Við höfum verið að löggilda félagsfræðinga og hina og þessa fræðinga. Allt hefur þetta átt frumorsök sína í því að hinn og þessi félagsskapur hefur talið nauðsynlegt að fá einhverja lagalega staðfestingu á starfsheitinu. Nú skal ég ekki á neinn hátt takast á hendur að vega eða meta réttmæti þess að menn eigi ekki rétt á því að kalla sig hinum og þessum nöfnum. En ég fæ ekki séð að hafi einstaklingur hlotið hina og þessa menntun geti hún ekki komið honum sjálfum að gagni og þá þjóðfélaginu, sem ég efast ekki um að sé efst í huga einstaklings þegar hann er að leita sér slíkrar menntunar. Hann er þar að þjóna sínum innri hvötum og þá einnig að miðla þekkingu sinni til annarra. Og að það þurfi nauðsynlega að staðfesta einhver lög eða setja einhverja ákveðna lagasetningu um starfsheiti einhvers ákveðins hóps, hvort það heitir sálfræðingur eða eitthvað annað, það fæ ég ekki séð að sé ákaflega þýðingarmikið. Hitt kemur svo í

huga minn um leið, sú þróun sem alltaf er að verða meira og meira áberandi í okkar litla þjóðfélagi, að í lífinu sjálfu og í ýmissi hinni almennu kjarabaráttu og hinni almennu lífsbaráttu eða lífsgæðabaráttu, þá er eins og það sé í sívaxandi mæli að maður verður var við að þjóðfélagið er að skiptast í einhverja hópa þar sem höfuðverkefni og höfuðmark hvers hópsins út af fyrir sig virðist áberandi vera að geta haft sem þýðingarmesta og besta aðstöðu þegar á að fara að semja um kaup og kjör?

Nú er ég ekki með þessum orðum að segja að samþykkt þessa frv., sem hér liggur fyrir, verði beinlínis og endilega orsök að því að sálfræðingar sem slíkir, eftir að þeir hafa fengið löggildingu samkvæmt ákvæðum þessa frv., fari að gerast einhverjir hagsmunahópar. Hins vegar skulum við ekki útiloka það, að ef þetta frv. verður að lögum, þá erum við komnir með enn einn fræðingahópinn. Það er búið að gera ráð fyrir því að hann sé inni í fræðslukerfinu og öll orsök skapar afleiðingu.

Ég veit ekki af hverju ég fór að blanda mér inn í þessar umr. um sálfræðingana. Ég hef stundum verið að spyrja menntaða menn og fróða menn um hvað væri sál. Ekki hef ég fengið svar við því, og sumir hafa beinlínis sagt mér að það væri ekki enn þá búið að uppgötva fullkomið svar við þeirri spurningu. En mjög menntaðir og hámenntaðir menn hafa sagt mér að um það, sem var talin mikilvæg sálarfræði og merkilegar lífsskoðanir fyrir svo og svo löngum tíma, þá segi margur nútímasálfræðingurinn að það séu hreinar bábyljur og vitleysa sem þeir ágætu menn hafi þá verið að halda fram. Ég held því að allt sé eitthvað sveiflukennt í sambandi við þetta hugtak sem við köllum sálarfræði.

Í framsöguræðu hv. 10. landsk. þm. áðan var minnst eitthvað á gáfnapróf sem eitt af hlutverkum sálfræðinga. Er það alveg óafsakanlegt að manni detti nú í hug að þegar við værum búnir að starfa eitthvert árabil eftir þessum lögum og sálfræðingarnir komnir vel á veg og orðnir fleiri en þessir 34 sem mér skilst nú að eigi sína sálfræðilegu velferð undir því að Alþ. tryggi starfsheiti þeirra, þá fari að koma inn í fræðslukerfi þjóðarinnar krafa um að hinn almenni borgari verði að hafa svo og svo mikla greindarvísitölu til þess að verða talinn hæfur til eins eða annarra starfa? Við skulum svo segja að þróunin yrði á þá leið, að til þess að geta sótt um eitthvert ákveðið starf og verða gjaldgengur, þá yrði greindarvísitalan að ná einhverju ákveðnu marki. Svo verða náttúrlega þeir, sem ekki hafa mikla menntun á bak við sig, að sætta sig við það að til æðri starfa yrði greindarvísitalan að vera einhverjum stigum hærri. Það er ekki óeðlilegt að gera ráð fyrir slíkri tilhögun.

Í þessu sambandi langar mig til að hugsa örlítið lengra. Þessi stétt, sálfræðingar, á að fjalla um það mál sem þarna mundi vera um að ræða, að ákveða gáfnaprófið eða greindarvísitöluna. Nú skyldi það atvikast þannig að upp væri komin kjaradeila, opinberir starfsmenn búnir að fá verkfallsréttinn. Hvað gerðist í þjóðfélaginu ef þessi sálfræðingastétt, sem ein getur úrskurðað um greindarvísitöluna sem krafist er til ákveðinna starfa, sem á að framkvæma í þjóðfélaginu, þ. e. þau verða ekki skipuð nema umsækjendur fullnægi því ákvæði um gáfnaprófið sitt og hafi skilríki fyrir vísitölunni sinni, — hvað gerist svo ef þessi stétt er í verkfalli og ekki nokkur leið að fá vottorð um greindarvísitölu? Gæti ekki slíkt ástand valdið glundroða í þjóðfélaginu? Maður gæti haldið áfram lengur slíkum hugleiðingum.

Ég held að það sé kominn tími til fyrir hv. Alþ. að staldra dálítið við með allar þessar miklu löggildingar á starfsheitum. Ég get ekki séð að menn, sem á annað borð hafa aflað sér nauðsynlegrar þekkingar sem þjóðfélagið getur á hverjum tíma þurft á að halda til hinna ýmsu mikilsverðu starfa, að þeir geti ekki leyst það vel og farsællega af hendi og miðlað þjóðfélaginu sinni þekkingu og látið þjóðfélagið almennt njóta jákvæðra áhrifa af þeirra visdómi án þess að þekking þeirra sé á einn eða annan hátt í einhverju einokunarformi að því er starfsheiti eða starfsrétt áhrærir. Þess vegna finnst mér og af því að ég er nú einhvern veginn þeirrar skoðunar að af öllu því, sem við erum að fjalla um þessa dagana, sé talið um sálina kannske hvað tvíræðast og í mestri óvissu, þá mætti gjarnan lofa þessu máli að doka eitthvað við í n. áður en það fengi fullnaðarafgreiðslu.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég ætla ekki að blanda mér í hinar spaklegu umr. hv. síðasta ræðumanns um greindarvísitöluna og allt það sem henni fylgir. Í sambandi við greindarprófin er eflaust rétt að þar geta menn farið út í öfgar. Ekki mæli ég þar með. Ég álít að þessi svo kölluðu greindarpróf, sem hafa verið framkvæmd stundum, geti oft verið góð til vissrar viðmiðunar í skólastarfinu, og mæli ég þar af persónulegri reynslu. Þau mega hins vegar ekki vera annað og meira en til viðmiðunar. Ég held að sálfræðingar yfirleitt, a. m. k. þeir sem ég þekki til og þekki ég til nokkurra þeirra, þeir beiti þessum prófum ekki öðruvísi. A. m. k. hafa þeir lagt ríkt á við mig sem kennara að ég mætti á engan hátt taka þau öðruvísi en rétt til frekari glöggvunar á því sem ég kæmist að í mínu eigin starfi gagnvart viðkomandi nemanda. Ég held að þeir hafi allir tekið það mjög skýrt fram.

Það er hins vegar rétt, að hlutdeild sálfræðinga í okkar menntunarkerfi hefur verið að aukast. Menn getur greint á um það hversu gagnleg sú hlutdeild sé og hversu þörf hún sé. Ég segi það af persónulegri reynslu, sálfræðingar geta komið að sérstaklega góðu liði í mörgum erfiðum tilfellum. Það er að vísu rétt að þeir, sem við uppeldismál fást almennt, eiga að hafa nokkra innsýn í a. m. k. frumatriði þessarar fræðigreinar, en eru þó vitanlega ekki nægilega menntaðir sem slíkir og þurfa því í mörgum erfiðum tilfellum að leita aðstoðar sér færari manna, og ég held að það sé samróma álit kennara, svo að ég vitni nú í þá sérstaklega, — það er aðeins önnur hliðin, síðan kemur aftur heilbrigðishliðin á hinu leitinu gagnvart læknastéttinni,

— ég held að það sé samróma álit kennara að í yfirgnæfandi tilfellum hafi þessi aðstoð sálfræðinganna gefist vel.

Það er auðvitað alveg ótvírætt, hvað sem við viljum segja um alla okkar fræðinga, eins og reyndar síðasti hv. ræðumaður kom inn á, að þegar við erum búnir að ganga svo langt í því að lögfesta þátt sálfræðinganna í okkar fræðslukerfi, þá leiðir það vitanlega af sjálfu sér að þeir þurfa að eiga tilverurétt sem starfsstétt. Það fer ekkert á milli mála. Fyrir sálfræðinga eins og aðra menn kemur vitanlega að mestu gagni hin hagnýta þekking sem þeir notfæra sér ásamt sínu námi, sinni menntun. Ef þessir menn kunna ekki að samhæfa þetta, hagnýta almenna þekkingu og eigin reynslu af lífinu og fræðigrein sína hins vegar, þá dæmast þeir vitanlega óhæfir til þess að standa í sínu starfi. En langflestir gera þetta vitanlega, að samhæfa þetta tvennt, og verða þar af leiðandi að liði í uppeldisstarfi t. d. alveg sérstaklega. Ég vitna um það einnig. Ég hef átt þátt í því að senda foreldra með börn sín til þessara manna, og ég hef einnig af því mjög góða reynslu. Því betur menntaðir sem þessir menn eru, þá held ég að starf þeirra geti orðið þeim mun betra, ef, eins og ég sagði, þeir samlaga það sinni almennu lífsreynslu. Ef þeir útiloka sig frá mannlífinu í kringum sig, eins og sumir hafa því miður gert, þá auðvitað er ekki lengur um menn að ræða sem hægt er að treysta. En þannig vill nú fara um æðimarga fleiri en sálfræðinga.

Ég sem sagt stóð aðallega hér upp til þess, þrátt fyrir það að ég hafi enga oftrú á sérfræði og mæli ekki með neinni oftrú á henni, þá vil ég aðeins vitna um það sem kennari í fjöldamörg ár að ég hef haft afbragðsreynslu af aðstoð og leiðbeiningum þessara manna í þeim tilfellum þar sem ég sjálfur hef staðið uppi ráðþrota.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 421 (ný 5. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
6.—9. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Lax- og silungsveiði, frv. (þskj. 97, n. 422, 423). — 2. umr.

Frsm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Landbn. hefur rætt þetta frv. Á þskj. 422 skilar n. sameiginlegu nál. og á þskj. 423 er brtt. frá n. sem ég ætla að lesa upp:

„1. Á eftir orðunum „skal annar þeirra vera vatnalíffræðingur“ komi: eða náttúrufræðingur.

2. Á eftir 3. gr. komi svofellt ákvæði til bráðabirgða:

Nú hefur veiðieigandi, sem hafði viðurkenndan rétt til laxveiði í sjó hinn 1. jan. 1976, misst hann við gildistöku laga þessara og skal þá yfirmatsnefnd, samkv. 94. gr. laga nr. 76/1970, ákveða honum hlutdeild í arði þess veiðivatns, eins og fleiri, sem hún, að fengnu áliti veiðimálastjóra, metur að fá aukna laxgengd við það að réttur til sjávarveiði er felldur niður.

Mati þessu skal lokið fyrir árslok 1976.“

Meginefni þess frv., sem hér er til umr., er að nú liggi hreint fyrir, svo að ekki verði um villst, að laxveiði í sjó verði ekki stunduð við Ísland. Ég tel og við allir flm. og nm. í landbn. að hér sé um merkan áfanga að ræða. Það var þegar fyrir nær 40 árum mörkuð sú stefna, sem hefur verið til sóma íslendingum, að hætta gegndarlausri veiði á laxi í sjó, og það er mál allra, er til þekkja, að það hafi verið gæfuspor. Nokkur býli, sérstaklega á vissum stöðum á landinu, hafa haft þennan æviforna rétt, að veiða lax í net. Það er auðvitað viðkvæmt mál að þrengja að þessum rétti. En skilningur hefur vaxið á gildi þess, að lax fái að komast í árnar óhindraður, og einnig er sú staðreynd, að matsnefndir um veiðirétt og veiðihlunnindi hafa náð þeim góða árangri að arðskrá væri gild fyrir alla þá er hlunninda hafa notið. Einmitt það bráðabirgðaákvæði, sem nú kemur inn til viðbótar, tryggir það að enginn á hér að bera skarðan hlut frá borði.

N. hefur sent frv. til ýmissa aðila. Veiðimálanefnd mælir efnislega með því, og við höfum tekið upp ábendingar hennar í því efni. Fiskifélag Íslands eða stjórn þess mælir eindregið með frv. Frá Landssambandi veiðifélaga komu athugasemdir sem eru þó að ýmsu leyti jákvæðar. Hins vegar telja þeir að sé lögum breytt í þá átt, er frv. gengur út frá, þá væri réttara að ríkissjóður bætti hugsanlegt tap. En við gerum ekki ráð fyrir því, heldur að vatnasvæðið greiði arð samkv. arðskrá. Einnig benda þeir á, að ekki liggi ljóst fyrir hvert lax sé að ganga þó að í net fari, og varpa fram þeirri spurningu eða raunar leggja það til, hvort hægt sé að kanna hvert laxinn var að fara. Það tel ég erfitt verk og varla hægt að sanna svo að um verði sagt nákvæmlega hvert laxinn sé að fara ef hann festist í netum, en næst varla fyrr en dauður. En hvað sem því líður, þá held ég að þeim áfanga sé náð hér á meðal allra manna, bæði veiðiréttareigenda og laxveiðimanna, að þetta skref sé rétt og réttmætt og tímabært.

Ég sé ástæðu til að þakka formanni n., sem hefur unnið alveg sérstaklega vel að lausn þessa máls, verandi einn af flm. málsins, og einnig 1. þm. Vesturl., en liðsinni beggja þessara manna við málið hefur tryggt því framgang. Og það er von mín og trú að þetta verði öllum til sóma í framtíðinni og laxveiðiár á Íslandi muni njóta góðs af.

Fyrir hönd landbn. legg ég svo til að frv. verði samþ. með brtt. sem við leggjum fram og mælum með.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 423,1 samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 423,2 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 83. fundur.

Mánudaginn 22 mars, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Skattfrelsi bókmennta- og tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs, frv. (þskj. 407, n. 426). — *2. umr.*

Frsm. (Eyjólfur K. Jónsson): Hæstv. forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. þetta og orðið sammála um að leggja til að það verði samþ. Það þarf ekki að eyða að því mörgum orðum hve sjálfsagt það er að skáld okkar og listamenn njóti einir þeirra verðlauna, sem þeir ávinna sér á erlendri grund með verkum sínum og að þau séu ekki skattlögð af ríki eða sveitarfélögum. Raunar hefur þetta áður verið svo, bæði þegar Halldór Laxness hlaut Nóbelsverðlaunin á sínum tíma og eins Sonning-verðlaunin. Þá voru sérstök lög sett til að undanþiggja þetta fé sköttum. Sömuleiðis var það svo er Magnús Már Lárusson árið 1970 hlaut svonefnd Henrik Steffens-verðlaun í Þýskalandi, þá voru gerðar ráðstafanir til þess að þau verðlaun væru skattfrjáls með sama hætti og hér er lagt til að verði um verðlaun Norðurlandaráðs. En hér er um almenna löggjöf að ræða, sem eingöngu taki til þessara sérstöku verðlauna, og þess vegna ekki talin ástæða til að setja inn í þessi lög sérstaka heimild vegna annars skálds sem verðlaun fékk í Þýskalandi, hin sömu verðlaun og Magnús Már, Henrik Steffens-verðlaunin árið 1975, en það er Hannes Pétursson skáld, eins og hv. þdm. er kunnugt. Það hafa ekki verið gerðar sérstakar ráðstafanir til þess enn að þau verðlaun yrðu skattfrjáls, en að sjálfsögðu á eitt yfir alla að ganga í því efni. Nefndin hefði þar af leiðandi gjarnan viljað fella inn í þetta frv. ákvæði um að verðlaunin til Hannesar væru skattfrjáls. En hins vegar hefur fjmrh. lýst því yfir að hann muni gera ráðstafanir til þess, að eins verði farið með þau verðlaun og þau sem Magnús Már fékk árið 1970, þ. e. a. s. lagt verði til í fjárlögum að þau verði undanþegin skatti. Í trausti þess að það verði gert og skatturinn verði ekki innheimtur í millitíðinni þá tel ég að nm. muni sætta sig við þá meðferð málsins. Hér er því lagt til að almennt — um alla framtíð væntanlega — verði tónlistar- og bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs skattfrjáls, en síðan verði með sérstökum ráðstöfunum tekin afstaða til annarra verðlauna, og yfirlýsing fjmrh. liggur fyrir um það, að verðlaun Hannesar Péturssonar verði skattfrjáls eða hann muni leggja til, að svo verði, við afgreiðslu fjárlaga. Þess vegna flytjum við ekki brtt., en sættum okkur við þessa afgreiðslu.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess í sambandi við afgreiðslu þessa máls að þakka sérstaklega viðbrögð ríkisstj. og hraða og góða afgreiðslu hv. n. á þessu máli.

Skattfrelsi bókmennta- og tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs er mikið áhugamál manna almennt í Norðurlandaráði. Til þess að auka gildi þessara verðlauna fyrir þá, sem þau hljóta hverju sinni, er skattfrelsið að sjálfsögðu mjög mikilvægt. Til þess að auka skilning manna í hverju aðildarríkjanna á því, hvers virði það er hverri þjóð að listamenn hennar fái slík verðlaun sem hér um ræðir, þá eru menn einnig einhuga um og áhugasamir um að það verði lögleitt í öllum löndunum að skattfrelsi tónlistar- og bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs verði frambúðarregla, eins og raunar kom fram í ræðu hv. frsm. að stefnt væri að hér á landi.

Ég vil segja það hér, að það er mjög mikið ánægjuefni þeim þm., sem eiga sæti í Íslandsdeild Norðurlandaráðs, að verðlaun þessi hafa nú fallið íslendingum í skaut, bæði á sviði tónlistarinnar og bókmenntanna. Við höfum þegar orðið þess vör að þessi tilviljun, ef svo má segja, að bæði þessi verðlaun skyldu að þessu sinni falla íslendingum í skaut, hefur orðið til þess að vekja athygli á menningarmálum íslendinga almennt, auk þess sem það að sjálfsögðu vekur athygli og aukinn skilning á listaverkum þeirra manna sem hér eiga í hlut. Við höfum einnig orðið þess vör, að það hefur komið fram mikill skilningur á þessu atriði af hálfu listamannanna sjálfra. Þeir fluttu báðir mjög athyglisverðar og góðar ræður í ráðhúsi Kaupmannahafnarborgar þegar verðlaunaafhendingin fór fram nú fyrir skömmu, þar sem þeir lögðu áherslu á það í listamannslegri hógværð sinni, að jafnframt því sem þeir gleddust yfir því, að þeim hlotnaðist þessi heiður nú, þá teldu þeir um leið þeirra eigin þjóð vera sýndur mikill sómi og listgrein hvors um sig aukinn skilningur meðal annarra Norðurlandaþjóða. Þetta í sjálfu sér tel ég að hafi mjög mikið gildi fyrir okkar þjóð og vildi þess vegna með þessum fáu orðum þakka þann skilning sem fram hefur komið á þessu máli með afgreiðslu frv. Og ég efast ekki um að það hljóti greiðan gang áfram í gegnum Alþ. — Þökk fyrir.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Um leið og ég vil þakka hv. fjh.- og viðskn. afgreiðslu hennar á þessu máli, þá vil ég staðfesta það sem kom fram í ræðu frsm. n., hv. 4. þm. Norðurl. v., varðandi verðlaun til handa Hannesi Péturssyni rithöfundi á s. l. ári.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Sameinað þing, 68. fundur.

Þriðjudaginn 23. mars, kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Í gær las ég bréf frá Lárusi Jónssyni alþm. þar sem hann óskar eftir að fram fari rannsókn á kjörbréfi 2. varamanns í Norðurlandskjördæmi eystra, Vigfúsar Jónssonar bónda á Laxamýri, og vísa ég kjörbréfi hans til kjörbréfanefndar. Verður fundi frestað í 5 mínútur á meðan kjörbréfanefnd rannsakar kjörbréfið. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf Vigfúsar Jónssonar bónda á Laxamýri sem kemur nú til þings sem 2. varaþm. Sjálfstfl. í Norðurl. e. í forföllum Lárusar Jónssonar, 4. þm. Norðurl. e., en fyrir liggur bréf frá Halldóri Blöndal kennara, sem er 1. varamaður Sjálfstfl. í kjördæminu, að hann geti ekki komið til þings að þessu sinni. Kjörbréf þetta er útgefið af yfirkjörstjórn Norðurlandskjördæmis eystra 1. júlí 1974. N. hefur, eins og ég sagði, skoðað kjörbréfið og leggur einróma til að kosningin verði tekin gild og kjörbréfið samþ.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 37 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Hinn nýi þingmaður, Vigfús Jónsson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Vigfús Jónsson hefur undirritað eiðstaf og býð ég hann velkominn til starfa á Alþingi.

Snjómokstur á vegum, fsp. (þskj. 346). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Allt frá árinu 1972 munu hafa verið í endurskoðun reglur þær sem gilt hafa varðandi snjómokstur á þjóðvegum. Reglur þessar tóku gildi í ársbyrjun 1968, og enginn vafi er á því að mjög mikil nauðsyn og brýn er á því að endurskoðun fari fram á þeim og þeim sé breytt frá því sem þær voru og eru.

Í umr. hér á Alþ. hinn 13. maí 1975 lét hæstv. samgrh. svo um mælt að nýjar reglur, endurskoðaðar, mundu taka gildi á haustinu 1975. Þetta var sagt um þær mundir sem vegáætlun var hér til umr. og þá gert ráð fyrir því að tekjur til þess að framkvæma þessar nýju reglur yrðu teknar við afgreiðslu á vegáætlun.

Mér vitanlega hafa ekki í framkvæmd verið neinar breytingar á þessum reglum. Ég hef því leyft mér að leggja fram á þskj. 346 fyrirspurn til hæstv. samgrh. um það, hvort lokið sé þeirri endurskoðun sem staðið hefur nú í nokkur ár á þeim reglum sem hér um ræðir. Ég vænti þess, að í svari hæstv. ráðh. hér á eftir verði staðfesting á því sem hann lét um mælt hér við umr. við afgreiðslu vegáætlunar, að búið sé að endurskoða þessar reglur og að þær nýju hafi þá tekið gildi.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 346 er fyrirspurn frá hv. 5. þm. Vestf. sem hann hefur nú gert grein fyrir. Ég gæti með einni setningu eða svo svarað fyrirspurninni, en ætla að gefa skýringar á henni líka sem vegamálastjóri hefur samið. Það er búið að endurskoða þessar reglur, en ástæðunni til þess að þær eru ekki komnar til framkvæmda skal ég nú gera grein fyrir. Eins og ég áður sagði, þá er það grg. frá vegamálastjóra sem ég les hér, með leyfi hæstv. forseta:

„Í till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1974—1977, sem lögð var fram á Alþ. fyrir ári, var í grg. gert ráð fyrir því að gildandi snjómokstursreglur frá árinu 1968 yrðu endurskoðaðar á árinu 1975. Í grg. kemur fram að fjárveiting til vetrarviðhalds var með tilliti til þessarar endurskoðunar hækkuð um 47 millj. kr. í 194.7 millj. Var þetta í fyrsta skipti frá því að byrjað var að semja sérstakar vegáætlanir að kostnaður við vetrarviðhald var aðskilinn frá kostnaði við sumarviðhald. Till. um 194.7 millj. kr. fjárveitingu til vetrarviðhalds var samþ. óbreytt á Alþ., og því var í raun og veru gengið út frá því að snjómokstursreglur frá 1968 yrðu endurskoðaðar á s. l. ári. Þar sem vegáætlun var eigi samþ. á Alþ. fyrr en 16. maí, var ljóst að endurskoðun á snjómokstursreglum gæti eigi komið til framkvæmda fyrr en í fyrsta lagi á s. l. hausti.

Sem kunnugt er var s. l. vetur sá snjóþyngsti sem menn muna og þá sérstaklega á Norður- og Austurlandi. Af þessum óvenjulegu snjóþyngslum leiddi hins vegar það, að kostnaður við snjómokstur á þjóðvegum varð mun meiri en verið hafði á undanförnum árum. Í júnílok 1975 var kostnaðurinn við vetrarviðhaldið orðinn 245 millj. kr. eða 50 millj. kr. meiri en fjárveiting nam við þessum lið fyrir allt árið 1975. Í grg. til rn. um þetta mál hinn 3. júlí s. l. áætlaði vegamálastjóri að hallinn á vetrarviðhaldi á árinu gæti orðið 130—170 millj. kr., miðað við óbreyttar snjómokstursreglur, en 153—261 millj. ef reglunum yrði breytt, eins og áformað var við gerð vegáætlunar. Var lægri talan miðuð við að snjóalög yrðu svipuð og meðallög undanfarinna ára, en hærri talan miðuð við að síðari hluti ársins 1975 yrði álíka snjóþungur og fyrri hluti ársins. Miðað við ofangreinda áætlun í grg. vegamálastjóra taldi rn. engan fjárhagslegan grundvöll vera fyrir því að láta áformaða endurskoðun á snjómokstursreglum koma til framkvæmda á árinu, eins og ráðgert hafði verið í vegáætlun. Var því unnið eftir óbreyttum snjómokstursreglum allt s. l. ár og hefur svo verið einnig það sem af er þessu ári.

Heildarkostnaður við vetrarviðhald árið 1975 var 328 millj. kr. og er það 132 millj. kr. umfram fjárveiting frá vegáætlun. Þennan halla verður að greiða af fjáröflun Vegasjóðs á yfirstandandi ári. Horfir því þunglega um það að unnt verði í ár að hrinda í framkvæmd þeirri endurskoðun á snjómokstursreglum sem ráðgerð var á s. l. ári. Skal þess getið í þessu sambandi að Vegagerðin er vanbúin að tækjum til þess að annast snjómokstur umfram það sem gildandi snjómokstursreglur kveða á um.

Það er að sjálfsögðu miður farið að eigi reynist unnt að hrinda í framkvæmd þeirri endurskoðun á snjómokstursreglum á s. l. ári, sem gert var ráð fyrir í vegáætlun þessa árs. Óvenjulegt vetrarríki og fjárskortur af þeim sökum gerði þetta þó því miður óframkvæmanlegt. Hér er að sjálfsögðu um fjárhagslegt vandamál að ræða sem koma mun til athugunar við endurskoðun vegáætlunar síðar í vetur."

Ég get bætt því við þetta svar, sem er mjög greinilegt, að þessu til viðbótar má geta þess að tekjur Vegasjóðs af mörkuðum tekjustofnum reyndust verulegri fjárhæð minni en gert

var ráð fyrir í vegáætlun þeirri sem samþ. var í fyrra. Einnig með tilliti til þessa hefur þessum reglum ekki enn þá verið breytt. Verður ábyggilega erfitt að fást við vegáætlunina, sem nú er unnið að undirbúningi að, jafnvel þó að reglum um snjómokstur verði ekki breytt. En einnig hefur verið reynt að ná í meira af snjómoksturstækjum til þess að gera þetta auðveldara, og ef það tækist, þá mundi það geta bætt úr þörfinni. — Fleira hef ég ekki um þetta að segja.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svör hans sem vissulega voru skýr og greinargóð. Ég verð hins vegar að harma að ekki skuli það hafa staðist sem gert var ráð fyrir við endurskoðun vegáætlunar á s. l. vori. Það er upplýst af hæstv. ráðh. að það var fallist á að veita þá fjármuni, sem til þurfti eða talið var af hálfu Vegagerðarinnar að til þyrfti til að breyta þessum reglum, á það var fallist með afgreiðslu vegáætlunar. Það gerðist í maí á árinu 1975. Mér þykir því skrýtið ef á þeim tíma hefur ekki verið hægt að sjá það nokkuð fyrir af hálfu Vegagerðarinnar og rn. að þeir fjármunir mundu ekki nægja til þess að þessar reglur tækju gildi. Að sjálfsögðu hefur það verið orðið ljóst þá hversu mikið fjármagn hefur farið veturinn 1975 fram til maí, þannig að það hefði átt að sjást að ekki mundi nægja sú fjárveiting sem þarna er um að ræða.

Það kom fram í svari hæstv. ráðh. að búið er að breyta reglunum. En það skortir framkvæmdina og mér heyrðist á máli hæstv. ráðh. að hann væri á það svartsýnn að þessi breyting tæki gildi, því að hæstv. ráðh. segir að mál horfi þunglega. Þá er sjálfsagt enginn vafi á því að það er lítil von um að ná þeim fram. Auðvitað er það rétt, að hér er um talsvert fjárhagsvandamál að ræða, en það mál var talið leyst með afgreiðslu vegáætlunar 1975 um vorið. Það hefði þess vegna átt að liggja nokkuð ljóst fyrir hvernig þetta dæmi stóð.

Ég harma þetta allt, en ég vænti þess að hæstv. samgrh. nú við endurskoðun vegáætlunar geri ráðstafanir til þess að hægt sé að hrinda þessum reglum í framkvæmd vegna þess að það er enginn vafi á því að úti á landsbyggðinni, í dreifbýlinu fyrst og fremst, eru þessar mjög svo þröngu og óréttlátu reglur, sem gilt hafa og munu gilda í vetur, mikill hemill á að samgöngur geti verið með eðlilegum og skikkanlegum hætti úti í dreifbýlinu. Það er því brýn nauðsyn á því og þörf að þessum reglum verði breytt í framkvæmd, ekki bara á blaði, heldur verði séð svo um að hægt verði að hrinda þeim í framkvæmd, þannig að þessu oki, mikla oki á sumum stöðum úti á landsbyggðinni verði aflétt og hægt verði með skikkanlegri hætti en verið hefur að halda uppi eðlilegum samgöngum innan héraða.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af því, sem hv. 5. þm. Vestf. sagði, þá var það ekki ljóst í maí hve dýr snjómokstur inn yrði, því að það tekur nokkurn tíma að gera hann upp og hafði engan grunað þá að snjómokstur færi svo fram úr áætlun eins og raun varð á. Og öllum hv. þm. fannst það mikið að veita um 200 millj. kr. í snjómokstur eins og gert var. Hins vegar reyndist það 133 millj. of lágt og þarf því engan að undra þó að ekki væri hægt á sama tíma að breyta reglunum, þegar það svo bættist við að tekjur af bensíngjaldi voru um 200 millj. kr. lægri en reiknað var með og þungaskatturinn, sem áætlaður var við afgreiðsu vegáætlunarinnar, skilaði sér ekki heldur, svo að það urðu allmiklar vanheimtur á tekjum.

Ég held að það muni ekki gagna okkur hv. þm. þó að við breytum reglum ef við ekki höfum fleiri krónur úr að spila í þeim efnum. Og þá er það alltaf matsatriði hvort á að nota þær til þess að byggja upp vegi og viðhalda þeim eða í snjómokstur. Það getur verið matsatriði. Menn munu þá reyna að halda í það síðara eins og tök eru á.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég get nú ekki annað en tekið undir með fyrirspyrjanda. Mér finnst tímabært að breyta þessum reglum, því að það er satt að segja ákaflega mikið ólag á þessum snjómokstursmálum okkar. Það er hins vegar ljóst að til þess að hrinda hinum nýju reglum í framkvæmd þarf að útvega fjármagn og þetta verður auðvitað að haldast í hendur, en það þýðir ekkert annað en ganga að því verkefni. Það er að vissu leyti rétt hjá samgrh., að það er freistandi að byggja stórvirki í samgöngukerfinu og fjárfesta í varanlegum framkvæmdum. En það má ekki verða alfarið á kostnað hins þáttarins, því að meðan verið er að byggja þessar varanlegu og góðu framkvæmdir, þá verður náttúrlega að sjá fólkinu úti á landsbyggðinni fyrir viðunandi þjónustu. Ég t. d. tel að það sé algjört lágmark að opna leiðina til Akureyrar þrisvar í viku. Hún er ekki opnuð nema tvisvar í viku samkv. núgildandi reglum. Það þarf endilega að opna þrisvar í viku bæði Holtavörðuheiði og Öxnadalsheiði, — þetta eru veigamiklar samgönguæðar þeirra héraða sem þarna eiga hlut að máli, — sérstaklega líka vegna þess að uppbygging vega á þessum heiðum báðum hefur tafist ósæmilega, lent í allt of miklum undandrætti.

Snjómokstursmenn í vetur virðast hafa fengið skrekk í fyrra þegar kostnaður fór svona mikið fram úr áætlun vegna snjóþyngslanna og nú segjast þeir vera í eftirvinnubanni. En stormurinn er náttúrlega ekki í eftirvinnubanni og það snjóar og snjóar jafnt fyrir því þó að vegamenn verði að hætta þegar kvölda tekur.

Þetta eru háar tölur sem samgrh. fór með, 328 millj. til snjómoksturs í fyrra, en ég vildi forvitnast um hvort ekki væri hægt að fá sundurliðun á þessum snjómoksturskostnaði, t. d. hvað mikið af þessum 138 millj. fór til að opna Holtavörðuheiði og Öxnadalsheiði. Í vetur er miklu snjóléttara en var í fyrra, og þó að illa gengi í fyrravetur má það ekki verða til þess að drepa alveg úr okkur kjarkinn núna.

Ingi Tryggvason: Herra forseti. Hér er komið að máli sem er mjög brýnt og mikilvægt fyrir fjölda fólks í landinu. Það eru vetrarsamgöng-

urnar. Mig langar af þessu tilefni til að nefna það hér, að til þess að þessi mál komist í sæmilegt lag er raunar ekki til nema eitt ráð og það er að byggja upp vegina í snjóþyngstu héruðunum. Það er vissulega stór upphæð þegar varið er á 400. millj. til að hreinsa snjó af vegum landsins á einu ári. Og það, sem verst er við þetta, er að þessa verks sér enga staði þegar upp er staðið á vordögum. Ég held að það væri mikil nauðsyn að gera nokkra breytingu á uppbyggingu í vegamálum, þannig að nú um nokkurt skeið yrði lögð höfuðáhersla á að byggja upp fjölförnustu vegi í snjóþungum héruðum landsins svo að á skömmum tíma megi í aðalatriðum losna við þennan snjómoksturskostnað. Það á að vera metnaðarmál okkar að sjá íbúum landsins fyrir undirstöðusamgöngumöguleikum, og til þess að þetta megi verða á skömmum tíma er ekki annað ráð vænna en að verja miklu stærri hluta þess fjár, sem varið er til uppbyggingar vega, til þess að byggja upp snjóþyngstu vegina nú í næstu framtíð.

Gunnlaugur Finnsson: Herra forseti. Það hefur komið fram í umr., sem spunnist hafa út af þessari fyrirspurn, að fjárskortur hamlaði því að nýjar reglur væru settar.

Ég lít þannig á þetta mál að það sé um tvennt að ræða: Annars vegar ber að viðurkenna að það þýðir ekki að setja reglur nema því aðeins að fjármagn sé fyrir hendi til þess að framkvæma þær reglur. En ég tel líka spurningu um það, hvort hægt er að breyta þeim reglum, sem nú eru í gildi, miðað við það fjármagn sem við höfum til ráðstöfunar, hvort þessar reglur sem eru frá 1968, ef ég hef tekið rétt eftir áðan, eru enn þá þær reglur sem bestar eru miðað við það fjármagn sem við höfum. Því svara ég ákveðið neitandi. Síðan 1969 hafa orðið slíkar breytingar á umferð og leiðum sem fólk fer, að við athugun kemur í ljós og hefur sést í blaðaskrifum að reglurnar eru nánast fáránlegar. Fólk getur komist hluta af sinni leið þegar vegur er ruddur á ákveðnum tímum, en aðra vegarspotta sömu leiðar, og þá á ég við að sjálfsögðu leiðir t. d. að flugvöllum eða flutningaleiðir, þar sem verið er að flytja afurðir, hluta af þessum leiðum á aldrei að moka eða kannske einu sinni í mánuði. Ég tel sem sagt að enda þótt við verðum að einskorða okkur við einhvern ákveðinn ramma, þá sé ástæða til þess að líta vandlega á hvort ekki er hægt að breyta þessum reglum miðað við breytt samgöngukerfi eins og það er í dag.

Þjóðarbókhlaða, fsp. (þskj. 419). — Ein umr.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Í fjarveru fyrri fyrirspyrjanda, hv. 3. þm. Reykn., Gils Guðmundssonar, vil ég mæla hér fyrir fsp. um þjóðarbókhlöðu og hafa þann formála á sem hann hafði samið.

„Liðið er nú nokkuð á annan áratug síðan umr. hófust fyrir alvöru um húsnæðismál helstu bókasafna landsins, Landsbókasafns og Háskólabókasafns, og nauðsyn þess að bæta þar úr með myndarlegum hætti. Árið 1966 skipaði þáv. menntmrh., Gylfi Þ. Gíslason, n. til að athuga hversu málum vísindalegra bókasafna verði skipað hér á landi til frambúðar, þ. á m. um tengsl Háskólabókasafns og Landsbókasafns. N. þessi skilaði skýrslu og till. síðar á hinu sama ári.

Árið 1967 urðu hér á Alþ. allítarlegar umr. um málið. Kom þar fram nokkuð einróma álit þess efnis að bygging þjóðarbókhlöðu væri eitthvert brýnasta og nærtækasta verkefni ríkisins í byggingamálum stofnana þess. Leiddu umr. til þess, að stofnaður var svokallaður Byggingarsjóður safnhúss og veitt til hans í fyrsta sinn 1.5 millj. kr. á fjárl. fyrir árið 1968. Í ágústmánuði 1968 var 150 ára afmælis Landsbókasafns minnst með hátíðarsamkomu í Þjóðleikhúsinu. Þar skýrði menntmrh. frá því að nýju bókasafnshúsi hefði verið valinn staður á svæðinu við Birkimel nálægt Hringbraut. Við sama tækifæri var og frá því greint að þjóðhátíðarnefnd sú, sem Alþ. hafði skipað til að undirbúa þjóðhátíð í minningu ellefu alda byggðar í landinu, hefði samþ. einróma að leggja til að þjóðbókasafnsbygging yrði reist sem höfuðminnisvarði þeirra merku tímamóta. Upp úr þessu komst verulegur skriður á undirbúning málsins. Innlendir bókasafnsmenn og erlendir sérfræðingar réðu ráðum sínum og gerðu tillögur. Alþ. hækkaði framlagið til Byggingarsjóðs. Áætlanir voru gerðar um að reisa 25 þús. rúmmetra hús fyrir 150 millj. kr. og bjartsýnir menn sáu það í hillingum vígt og tekið í notkun á hátíðarárinu 1974.

Í aprílmánuði 1970 lagði ríkisstj. Íslands fram svo hljóðandi till. til þál.:

„Alþingi ályktar, að í tilefni af 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar 1974 skuli reist þjóðarbókhlaða, er rúmi Landsbókasafn Íslands og Háskólabókasafn.“

Þessi till. var samþ. 30. apríl sama ár með 51:1 atkv. Nú horfði vænlega. Hinn 15. júlí 1970 skipaði menntmrh. þriggja manna byggingarnefnd sem tók þegar til starfa á grundvelli þess undirbúnings sem áður hafði fram farið. Hefur byggingarnefndin starfað síðan og vafalaust ötullega eftir atvikum. Umdeilanlegar ákvarðanir hefur hún tekið, m. a. til þess að flýta fyrir framgangi málsins, og á ég þar einkum við það að ekki skyldi efnt til samkeppni um slíkt stórhýsi sem hér er um að ræða.

En hvað sem öðru líður, þá er það staðreynd að árið 1974 er liðið í aldanna skaut og þjóðarbókhlaða er engin risin, ekki einu sinni farið að stinga fyrstu skóflustunguna í grunninum. Veit ég vel, að einhver mun segja að ekki blási byrlega nú til að hefjast handa um slíkt stórvirki sem þetta. En má ég spyrja: Hvernig stendur á því að það vefst svo óskaplega fyrir okkur nú í öllu peningaflóði síðustu tíma að reisa sómasamleg hús yfir vísindasöfnin, stjórnarráð og Alþingi? Vorum við svona miklu ríkari eða duglegri fyrir 70—100 árum? Það var árið 1879 sem ákveðið var að reisa alþingishús. Réttum tveim árum síðar var í kálgarði Halldórs Kr. Friðrikssonar risið það traustlega myndarhús sem hýst hefur Alþ. síðan. Og ekki liðu nema rétt 3 ár frá því að Alþ. ákvað árið 1905 að reisa hús yfir söfn landsins þar til hin stílhreina safnhúsbygging stóð fullsmíðuð við Arnarhól.“

Allt vekur þetta upp spurningar og gerir það ekki nema sjálfsagt að spurt sé um þetta mál nú, en fsp. er í þrem liðum, svo hljóðandi:

„1. Hve mikið fé er nú í Byggingarsjóði Þjóðarbókhlöðu?

2. Hvað líður undirbúningi málsins?

3. Hvenær er ráðgert að hefjast handa um bygginguna og hvenær má ætla að byggingu ljúki?"

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að svara þessari fsp. nú, m. a. að fengnum upplýsingum frá byggingarnefnd þeirri sem starfar að þessu máli.

Fyrst er spurt: „Hve mikið fé er nú í Byggingarsjóði Þjóðarbókhlöðu?"

Á árabilinu 1968—1976 hafa í fjárl. verið veittar til Byggingarsjóðs þjóðarbókhlöðu alls 73 millj. 250 þús. kr. Nokkrum hluta þessarar fjárveitingar hefur verið kippt til baka, 7.5 millj. 1972 samkv. heimild í brbl. í júlí það ár og allri fjárveitingunni 1975, 15 millj., samkv. bréfi fjmrh., dags. 6. ágúst 1975, og hefur ríkissjóður þannig endurheimt samtals 22.5 millj. Eftir standa þá 50 millj. 750 þús. kr. Undirbúningskostnaður til dagsins í dag er orðinn 15 millj. 151 þús. og eiga því að vera til ráðstöfunar samtals 35 millj. 598 þús.

Þá er það önnur spurning: „Hvað líður undirbúningi málsins?"

Þar sem ekki er um það að ræða að byggingarframkvæmdir hefjist á yfirstandandi ári, er undirbúningur nú við það miðaður að framkvæmdir geti undirbúningsins vegna hafist á næsta ári, 1977, en unnið er að því nú að fullgera byggingarnefndarteikningar. Mun byggingarnefnd leggja fram í vor, þegar kemur að tillagnagerð vegna undirbúnings fjárl., nýja framkvæmda- og fjármagnsáætlun.

Og loks er svo spurt: „Hvenær er ráðgert að hefjast handa um bygginguna og hvenær má ætla að byggingu ljúki?"

Í þessu sambandi vil ég geta þess, að í áætlun þeirri, sem byggingarnefndin lagði fram í maí í fyrra og var miðuð við að framkvæmdir hæfust 1976, þá var gert ráð fyrir að byggingarkostnaði yrði dreift á 6 ár. Miðað við verðlag þá voru tölur þessar 97 millj. á fyrsta ári, 170 millj. á öðru, 205 á þriðja, 240 millj. á fjórða ári, 290 millj. á fimmta ári og 266 millj. á síðasta árinu, 1981. Samtals var áætlunin þá upp á 1 milljarð 268 millj. kr. Ef byggingarframkvæmdir hæfust svo 1977 og gert væri ráð fyrir svipuðum hraða, þá mætti ætla að bókhlöðunni yrði lokið 1982.

Það er ekkert ofmælt, sem kom fram í máli fyrirspyrjanda, það eru mikil vandræði með húsnæði fyrir söfnin og væri auðvitað æskilegt ef hægt væri að hraða framkvæmdum meir en t. d. gert er ráð fyrir hér. En hitt er svo annað mál, að ríkisstj. hefur ekki tekið afstöðu til framvindu þessa máls né heldur Alþ., ekki með fjárveitingu, en vitanlega fær Alþ. þetta mál til meðferðar við gerð næstu fjárl. Þess vegna er það, að 3. lið fsp. er mér ekki auðið að svara beinum orðum, því miður.

Í máli hv. fyrirspyrjanda, niðurlagsorðum, kom fram spurningin: Hvernig stendur á því að í öllu peningaflóði nútímans vefst einatt fyrir okkur að uppfylla hinar sameiginlegu þarfir, t. d. varðandi þetta sérstaka mál sem hér er til umr.? Þetta getur nú hver spurt annan og svörin verða sjálfsagt margvísleg. En ég held að meginorsökin sé sú, að samhliða peningaflóðinu, sem við tölum stundum um og sjáum oft merki um, þó að sjálfsögðu hljóti þeir að vera margir sem ekkert hafa aflögu, þá hafa þarfirnar, sem við búum okkur til, því að „þarfir" eru nú eftir því hvernig við metum hlutina þá og þá, —þá hafa þarfirnar vaxið óskaplega ört og kröfurnar líka og jafnt hvort sem við lítum á kröfur okkar um fjármuni til einkanota og svo aftur til sameiginlegra nota. Ég held að þetta sé meginástæðan fyrir því að ekki gengur fljótar en raun ber vitni að uppfylla hinar félagslegu þarfir, meginástæðan fyrir því að nálega hvert sem við lítum á því sviði, hvort sem er til heilbrigðismála eða hvar helst sem er, samgöngumála t. d., orkumála, þá blasa alls staðar við óleyst verkefni sem kosta mikla peninga að leysa á þann hátt sem hugur stendur til.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin, svo langt sem þau náðu. Ég hlýt vitanlega að harma það að svo skuli hafa til tekist að af þeim framlögum, sem Alþ. hefur hér til veitt, skuli ríkisvaldið hafa kippt ¼ og ríflega það aftur til baka. Ekki er þar stórmannlega að verki verið og gefur svo sem ekki fyrirheit um að stórmannlega verði að verki verið, þar sem um er að ræða mikið og fjárfrekt verkefni, en engu að síður það brýnt og þannig saga þess öll að hún hlýtur að kalla á athafnir og aðgerðir í málinu, en ekki frekari undirbúning.

Hæstv. ráðh. sagði að það væri miðað við að framkvæmdir hæfust á næsta ári. Ég hlýt að skora á hæstv. ráðh. að fylgja þessu máli þann veg eftir við ríkisstj. og fjárveitingavald að þetta geti þá orðið að veruleika, að þessi bygging verði ekki lengur hugmynd ein eða falleg teikning á pappír, heldur verði hér um að ræða þann minnisvarða um stórhug margrómaðrar bókaþjóðar sem ég hygg að mönnum hafi verið efst í huga varðandi þetta mál. Ég held að ég hafi mátt skilja orð ráðh. svo, að hann mundi beita sér hér fyrir af fullum krafti, þannig að það er ekki bara miðað við að hugsanlega gætu framkvæmdir hafist á næsta ári, heldur yrði að því stefnt ákveðið og framkvæmdir mundu þá hefjast. Og í trausti þess þakka ég hæstv. ráðh. hans svör.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Það hefur komið fram í þessum umr. að Byggingarsjóður þjóðarbókhlöðu er ekki vel á vegi staddur og horfir því ekki mjög vel um framkvæmdir þessa mikla menningarmáls sem strengd voru heit um á þjóðhátíðarári að koma í framkvæmd. Ég þarf ekki að hafa yfir þær tölur sem hér hafa verið um hönd hafðar. Á annan milljarð er áætlað að þessi veglega bygging eigi að kosta og greinilegt að eitthvað þarf til að koma til þess að þessu verði hrundið í framkvæmd á næstunni.

Mér dettur í hug í þessu sambandi, og það er vegna þess að ég stend hér upp, að ég bar fram

fsp. hér á hv. Alþ. í fyrra til hæstv. viðskrh. um ráðstöfun ágóða af sölu þjóðhátíðarmyntar sem stofnað var til sérstaklega í tilefni af 1100 ára Íslandsbyggð. Það kom fram í dagblöðum og fjölmiðlum að sennilega yrði hreinn ágóði af þessari sölu um 300 millj. Það var Seðlabankinn sem sá um söluna, og fsp. mín var í þá átt, hvernig þessum hagnaði yrði varið og hvort ekki mætti vænta þess að Alþ. yrði haft a. m. k. með í ráðum um ráðstöfun hans. Hæstv. viðskrh. svaraði því ákveðið til að svo mundi verða, að Alþ. mundi standa að ákvörðun um ráðstöfun þess fjár. En síðan þetta skeði hefur ekkert um þetta mál spurst og ég hef satt að segja alltaf ætlað mér að ítreka mína eftirgrennslan um þetta, en hefur ekki orðið af. Ég harma að hæstv. viðskrh. er hér ekki staddur til að upplýsa þetta frekar. En ég leyfi mér að benda hæstv. menntmrh. á, ef hann vantar í Byggingarsjóð þjóðarbókhlöðu, hvort ekki væri ráð að huga að þessu hjá yfirvöldum Seðlabanka Íslands sem hefur væntanlega vaxtað þessar 300 millj. Þær væru sannarlega hvergi betur komnar heldur en til þess að hrinda þessu menningarmáli í framkvæmd.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Það er sjálfsagt rétt að hafa allt á hreinu milli mín og hv. fyrirspyrjanda. Hann hefur aðeins misskilið það sem ég sagði, sem var orðrétt: „Þar sem ekki er um að ræða að byggingarframkvæmdir hefjist á yfirstandandi ári, er undirbúningur við það miðaður að framkvæmdir geti undirbúningsins vegna hafist 1977.“ Við verðum víst að hafa þetta alveg á hreinu.

Ég held að það sé best að ég spari mér allar yfirlýsingar um þetta sérstaka mál. Þarfirnar eru svo óskaplegar á mörgum sviðum menntamála, bæði um hin sameiginlegu mannvirki líkt og þetta og í skólakerfinu, að ég held að mér sé best að spara allar yfirlýsingar og stór orð. Mér er ljóst að það verður að sjá fyrir tekjuöfluninni, ef ekki fyrst, þá a. m. k. samhliða því sem yfirlýsingar eru gefnar. En ég vil láta þetta vera alveg á hreinu, að ég hafði ekki sagt meira en þetta, auðvitað af því að ég treysti mér ekki til að segja meira. Ég hefði áreiðanlega ekki legið á því ef ég hefði getað gefið sterkari yfirlýsingar.

Sameinað þing, 69. fundur.

Þriðjudaginn 23. mars, að loknum 68. fundi.

Ráðstafanir til að koma í veg fyrir atvinnuleysi og búseturöskun í Norður-Þingeyjarsýslu, þáltill. (þskj. 435). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðum, þáltill. (þskj. 77). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til allshn. með 32 shlj. atkv.

Rekstrarlán til sauðfjárbænda, þáltill. (þskj. 119). — Ein umr.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Á þskj. 119 flytjum við 4 þm. Alþb., hv. þm. Helgi F. Seljan, Jónas Árnason, Stefán Jónsson og ég, till. til þál. þess efnis að ríkisstj. geri ráðstafanir til þess að tryggja bændum viðunandi rekstrarlán út á sauðfjárafurðir.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að bóndinn, sem hefur tekjur af ræktun sauðfjár og þeir eru nú ekki fáir í landi okkar, fær ekki erfiði sitt launað nema einu sinni á ári. Hann þarf að leggja í mikinn kostnað við búskap sinn að vetri, vori og sumri, og þessi kostnaður skilar sér ekki aftur fyrr en varan er komin í söluhæft ástand, hvort sem um er að ræða mjólk eða kjöt. Veitt eru afurðalán til bænda frá Seðlabankanum og viðskiptabönkum, og þessi lán munu nema um 65—68% af heildsöluverðmæti afurðanna. Þetta dugar þolanlega fyrir mjólkurframleiðendur, en aftur á móti alls ekki fyrir sauðfjárbændur sem þurfa að brúa bilið frá ársbyrjun og þar til þessi afurðalán fást greidd.

Úr þessum vanda hefur verið reynt að bæta með lánum úr bankakerfinu á tímabilinu frá mars til ágústmánaðar og þessi lán hafa verið nefnd rekstrarlán, en þau hafa því miður farið hlutfallslega lækkandi nú um alllangt skeið og eru því orðin algerlega ófullnægjandi eins og nú er komið. Við, sem erum fulltrúar fyrir kjördæmi þar sem sauðfjárbændur eru margir, en það eru fyrst og fremst kjördæmin fyrir vestan, norðan, austan, höfum orðið varir við þungar umkvartanir, alvarlegar athugasemdir bænda og fyrirsvarsmanna samvinnufélaga nú seinustu missirin, og það eru einkum forráðamenn kaupfélaga norðan- og austanlands sem hafa vakið athygli á þessu mikla vandamáli. Með skýrum rökum hefur verið á það bent að rekstrinum væri stefnt í algert strand ef ekki fengist úrlausn mála.

Í þessu sambandi er rétt að nefna tölur sem komu fram á Búnaðarþingi 1975. Þá var upplýst að rekstrarlán til bænda höfðu numið 65% af framleiðsluverðmæti sauðfjárafurða ársins 1958, en að þessi lán hefðu rýrnað mjög verulega síðan, einkum þó á fyrstu árum viðreisnarstjórnarinnar þegar þau rýrnuðu um hvorki meira né minna en helming og voru komin árið 1963 niður í 34% af framleiðsluverðmæti afurðanna. En lánin hafa haldið áfram að lækka hlutfallslega ár frá ári síðan þetta var og þau voru á árinu 1974 aðeins rúm 21% af framleiðsluverðmæti sauðfjárafurða.

Á liðnu ári fóru erfiðleikar sauðfjárbænda og viðskiptaaðila þeirra enn vaxandi, eins og kunnugt er, vegna stórfelldrar verðbólgu og mikilla vaxtahækkana. Áburðarverð hækkaði t. d. mjög verulega á liðnu ári og gífurlegar hækkanir urðu á öðrum rekstrarvörum, ekki síst á kjarnfóðri.

Við flm. þessarar till. fluttum þetta mál á þingi fyrir einu ári, en málið fékkst þá ekki afgreitt. Hins vegar voru þá gefin fyrirheit um það að ráðin yrði bót á þessu vandamáli og rekstrarlánin yrðu mjög verulega hækkuð á árinu 1975. Ekki mun ástæða til að neita því

að um talsverða hækkun var að ræða á þessum lánum á árinu 1975. En eftir þeim upplýsingum, sem ég hef aflað mér frá forráðamönnum tveggja af stærstu kaupfélögum landsins, mun samt útkoman vera sú að þær hækkanir, sem orðið hafa á þessum rekstrarlánum, gera ekki betur en halda í við þær almennu verðhækkanir sem orðið hafa, halda í við verðbólguna. Og það varð niðurstaðan af útreikningum þessara ágætu manna, sem ég bað um að reikna út sérstaklega hvernig þetta kæmi út eftir liðið sumar, að útkoman væri mjög svipuð og áður og ástandið væri því í raun og veru jafnslæmt og það hefði verið, enda þótt kannske mætti þakka fyrir að það skyldi ekki versna enn frekar í þeirri miklu holskeflu verðhækkana sem dundi yfir á liðnu ári.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál frekar. Í till. þeirri, sem við flytjum, er gert ráð fyrir því að ríkisstj. geri ráðstafanir til að leysa þetta vandamál, að sjálfsögðu í samvinnu við bankakerfið, Seðlabankann og viðskiptabankana, og verði við það miðað að rekstrarlánin verði veitt á tímabilinu frá ársbyrjun til ágústloka ár hvert og verði þá í ágústlok orðin 75% af væntanlegum afurðalánum.

Ég skal fúslega viðurkenna að þetta vandamál er misjafnlega stórt í sniðum í hinum ýmsu landshlutum. Fer það auðvitað nokkuð eftir því hve sauðfjárbúskapurinn er stór þáttur í landbúnaðarframleiðslunni. En í þeim byggðarlögum þar sem sauðfjárbúskapurinn er í miklum meiri hluta, en það er m. a. í Dölum, á Vestfjörðum og Ströndum, í Húnavatnssýslum, í Norður-Þingeyjarsýslu alveg sérstaklega og á Austurlandi, — á þessum svæðum er þetta mjög stórt og varhugavert vandamál.

Ég ætla ekki að fara að gera landbúnaðarmálin að öðru leyti að umræðuefni. Það er ljóst að í þeim efnum eru mörg óleyst viðfangsefni sem manni sýnist að gangi allt of hægt að reynt sé að ráða bót á. Það fer ekkert á milli mála að það þarf að skipuleggja framleiðslu landbúnaðarafurða betur en gert hefur verið og kannske sjást einmitt þess merki nú á seinustu vikum og mánuðum að skilningur sé að vaxa á nauðsyn þess. Í öðru lagi ber brýna nauðsyn til þess að stórlega verði aukin framleiðsla innlends kjarnfóðurs. Hef ég löngum undrast hvað þau mál hafa litið þokast áfram á síðari árum, enda þótt bersýnilegt sé að hér sé um gríðarlega mikilvægt mál að ræða frá þjóðhagslegu sjónarmiði. En hvað snertir þetta mál, þá fer ekkert á milli mála að endurbætur á rekstrarlánum sauðfjárbænda eru fyrst og fremst sjálfsagt réttlætismál sem ráða verður bót á hið fyrsta.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að leggja til að að lokinni þessari umr. verði þessu máli vísað til hv. allshn.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Í tilefni af þessari þáltill., sem hér liggur fyrir til umr. og hv. 1. flm. hefur gert grein fyrir, sé ég ástæðu til að gefa nokkurt yfirlit yfir lánsfjármál landbúnaðarins og þróun þeirra síðustu árin, því að hér er um nokkra flokka að ræða sem allir hafa nokkuð til síns ágætis og áhrifa. Í þessu sambandi vil ég geta þess, sem hæstv. hv. þm. vitnaði til, að 1958 voru þau lán, sem nú eru lánuð í formi rekstrar- og afurðalána, veitt í einu lagi og þá sem rekstrarlán, svo að það er ekki um sambærilega hluti að ræða í því tilfelli, auk þess að rekstrarlánunum, eins og ég mun síðar skýra, hefur verið skipt í nokkra lánaflokka sem ég skal gera grein fyrir. En áður en ég vík að rekstrarlánunum ætla ég að víkja að afurðalánunum, af því að þau eru stærsti hlutinn af þeim lánum sem bændur fá í sambandi við afurðir sínar.

Haustið 1971 voru afurðalán hætt, verðflokkum á kindakjöti var fjölgað, innyflum og fleiri afurðum var bætt við, meira var lánað út á nautgripakjöt en áður, reiknað með sama vörumagni og sama verði á einingu. Hækkuðu lánin við þetta um 11.5%. Haustið 1972 voru afurðalánin hætt enn meir og til samræmis við lán sjávarútvegsins. Eftirfarandi flokkun var gerð:

1. Afurðir sem eingöngu voru til útflutnings. Endurkaupalán frá Seðlabankanum voru 58.5% á móti 16.5% frá viðskiptabönkunum, sem er a. m. k. um 30% af endurkaupalánum frá Seðlabankanum. Hækkun á þessum lánum var vegna breytingarinnar 6—7%.

2. flokkur var afurðir sem að hluta til voru seldar innanlands. Endurkaupalán frá Seðlabankanum voru 56.75%, viðbótarlán frá viðskiptabönkunum voru 30% og hækkun á lánum í heild við þessa breytingu var 3—4%.

3. flokkur var afurðir sem ætlaðar eru eingöngu til innanlandssölu, nema kartöflur. Endurkaupalán Seðlabankans voru 55%, lánsupphæðir utan verðbreytinga óbreyttar.

4. flokkurinn var kartöflur. Endurkaupalán Seðlabankans voru 45%, lánsupphæðir utan verðbreytinga voru 24.5% hærri en haustinu á undan. Þau atriði, sem lagfæring hefur verið gerð á, eru að fá endurkaupaprósentuna hækkaða, fá endurkaupalán á allar afurðir landbúnaðarins, sem var leiðrétt 1971—1972, fá lán og útreikninga leiðrétta á árin vegna verðlagsbreytinga sem kunna að verða frá hausti til hausts. Þetta hefur verið gert um mjólkurafurðir, en ekki sauðfjárafurðir. Þá á að fá leiðréttingar á vöxtum. Þetta var leiðrétt þegar flokkakerfið var upp tekið.

5. Að viðskiptabankarnir veittu sínum viðskiptaaðilum lán í einu lagi um 30%, en ekki fyrst helminginn að haustinu og síðar afganginn í tvennu lagi. Þetta hefur fengist leiðrétt almennt.

6. Endurkaupalán fengust á kartöflum í líkum mæli og á öðrum búvörum. Það hefur tekist og er lánað nú út á kartöflubirgðir. Staða afurðalána miðað við nóv. og des. síðan 1970 er þessi, ef það ár er tekið sem 100, þá er krónutalan 972 milj.: 1971 er það 1110 millj., prósentan þá 114, 1972 er það 1449.8 millj. og þá prósentan 149.5, 1973 2 milljarðar 64.7 millj. og prósentutalan 212.3, 1974 er það 2 milljarðar 914 millj. eða tæp 300%, miðað við árið 1970 sem 100, og 1975 var þetta afgreitt í lok nóv. og des., að vísu fyrr að nokkru, en aðalafgreiðslan var í þessum mánuðum 4 milljarðar 468.8 millj. eða prósentvís hækkað um 527%. Þá hafði vísitala búvöruverðs á sama tíma hækkað um 358%, svo að hér er um að ræða verulega aukningu frá því sem áður var og stafar af þeim breytingum sem ég gerði

grein fyrir áðan. Á þessu tímabili, frá 1970—1975, hafa afurðalánin aukist að verðgildi um 47.2%. Og nú 1. mars s. l. átti Seðlabankinn útistandandi í afurðalánum 3 milljarða 631 millj. kr. Þetta skýrir þennan þáttinn, svo að ekki verður um að villast að hér hefur verulega áunnist og það hefur að sjálfsögðu mikil áhrif á afkomu og rekstur þeirra fyrirtækja, sem við er að fást, þótt að þeirra mati þurfi betur ef duga skal.

Í öðru lagi skal ég snúa mér að rekstrarlánunum. Helstu áfangar í þeim eru þessir: 1971 eru í fyrsta lagi veitt svokölluð uppgjörslán sem voru þá lánuð í júní og júlí. Árið 1971 voru þau 68 millj. kr., og þetta var gert til þess að hægt væri að gera upp sauðfjárafurðirnar frá haustinu áður við framleiðendur. Þessi tala var orðin 404 millj. á s. l. vori, en hún var samt sú eina af þeim tölum, sem ég greini hér frá, sem hafði lækkað hlutfallslega vegna þess að birgðir í landinu af sauðfjárkjöti voru minni vorið 1975 heldur en þær höfðu verið áður. En þó að þær hækkuðu að krónutölu, þá var það vegna verðbreytinga.

Í öðru lagi eru svo sauðfjársvæðalánin. Það var tekið upp á árinu 1973, held ég, heldur en 1972 — ég man ekki nákvæmlega, að lána sérstakt afurðalán eða viðbótarrekstrarlán til þeirra sem voru á þeim svæðum, sem voru kölluð sauðfjársvæði og hv. 5. þm. Norðurl. v. nefndi m. a. dæmi um, en fyrst og fremst eru það Austurland og Norðausturland sem er þar um að ræða. Þessi lán, sem hér er um að ræða, uppgjörslánin, voru 1974 289 millj., fóðurbirgðalán sérstök 50 millj., rekstrarlán 160 millj. kr., viðbótarrekstrarlán 66 millj. og ýmis önnur lán 53 millj. Breytingar voru gerðar á þessum lánum vorið 1975, eins og hv. þm. vitnaði til að hefði verið sagt og fékkst fram, — allar þær breytingar sem Stéttarsamband bænda fór fram á að gerðar yrðu vorið 1975, að því einu undanskildu að uppgjörslánin voru ekki eins há og það reiknaði með og stafaði af því að birgðirnar voru minni en gert hafði verið ráð fyrir. En þessi lán voru þannig vorið 1975: Uppgjörslán voru 404 millj. Var þetta tæp 40% hækkun miðað við hlaupandi tölu, en miðað við verðmæti var þetta 2.9% lækkun, sem stafaði af því að birgðirnar voru minni en árið áður. Fóðurbirgðalán voru þá 83 millj., sem var 66% hækkun á hlaupandi tölum, en 15.3% að verðmæti frá því að byrjað var að veita þessi lán. Rekstrarlánin voru þá 315 millj., hækkun 97.4% og aukningin 37.1% að verðmæti. Viðbótarrekstrarlán voru 137 millj. eða 108% miðað við hlaupandi tölu, en 44.4% að verðmæti. Og ýmis önnur lán voru 210 millj. kr., 290% hækkun miðað við hlaupandi tölu, en 373% miðað við fasta prósentu.

Niðurstaðan af þessu varð því sú, að árið 1974 voru þessi heildarlán 619 millj., en 1975 voru þau 1150 millj., og hækkunin á milli ára var 85.8% eða 29.1% miðað við fasta prósentu. Það er því ekki rétt að hér hafi orðið um rýrnun að ræða, því að hér hefur hins vegar orðið um þessa breytingu að ræða frá því sem áður var.

Á þessum sama tíma hafa stofnlán til fyrirtækja landbúnaðarins hækkað: Árið 1970 voru þau 141.2 millj. kr., 1971 voru þau 254.7 millj., 1972 voru þau 369.6 millj., 1973 voru þau 509 millj., 1974 voru þau 1054 millj. og 1975 voru þau 1377 millj. Auk þess, sem hér er getið, vil ég geta þess að til vinnslustöðva var lánað á þessum tíma, 1970 21 millj., 1971 34 millj., 1972 60 millj., 1973 31 millj., 1974 217 millj. og 1975 158 millj., en á árinu 1975 lánaði Byggðasjóður einnig til þessara vinnslustöðva og var sú fjárhæð um 170 millj. kr. Samanlagt 1973 og 1974 er þetta um 15.9% af veittum lánum, en það fluttist á milli áranna 1973—1974 vegna þess að það var minna tekið af lánum vegna skipulagsbreytinga og átaka um þau árið 1973, en það jafnaði sig aftur 1974. Ef þessar tölur eru svo teknar og árið 1970 tekið sem 100, þá er hlutfallið 1971 180, 1972 261, 1973 360, 1974 745% og 1975 1094. Af þessu held ég að megi ljóst verða að hér hefur orðið á allmikil breyting til batnaðar þó að betur megi ef duga skal, og skal ég nú víkja að því.

Eins og venja hefur verið hafa umr. farið fram á milli landbrn. — og Stéttarsamband bænda hefur venjulega verið með í þeim umr. — og Seðlabanka Íslands um það hvað lánað yrði í afurðarlánum og rekstrarlánum þegar að þeim hefur komið. T. d. varð nokkur breyting á útreikningi á afurðalánum á s. l. hausti frá því sem Seðlabankinn hafði hugsað sér vegna þess að hann hafði þá miðað við hvað rekstrarlánin höfðu hækkað í fyrra. Þessar umr. hafa nú staðið þannig að þær munu hafa verið teknar upp síðast í jan. eða í byrjun febr. og hafa haldið áfram síðan og landbrn. hefur látið í té útreikninga sína á þessum rekstrarlánum miðað við að halda hlutfallinu í því sem var í fyrra og miðað við þá magnaukningu sem varð á sláturfjárafurðum í fyrra. Enn fremur hafa fleiri þættir komið inn í þetta og m. a. verið teknar upp viðræður við Búnaðarbankann og þá hugsanlega viðskiptabankana að þeir láni þessi rekstrarlán einnig. Niðurstaða er ekki enn þá fengin í þessu máli og stafar af mörgum ástæðum. M. a. var alger stöðvun á þessu meðan verkföll stóðu yfir. Hins vegar hef ég það eftir þeim seðlabankamönnum að endanleg svör muni liggja fyrir nú fyrir mánaðamótin. Ég geri mér vonir um að samkomulag muni nást um þetta mál á milli bankanna, eins og reyndar hefur oftar verið, og þær till., sem við höfum lagt fyrir í því efni, nái a. m. k. í verulegum atriðum fram að ganga. Hinu geri ég ekki ráð fyrir, að Seðlabankinn væri undir það búinn að lána út á afurðirnar 75% að haustinu til, áður en það kæmi til innleggs, enda mundi það auðvitað þýða að þá yrðu lánin afskaplega lítils virði því að þá færu þau að mestu leyti eða öllu til þess að greiða upp þessi lán, svo að það mundi sækja sig heim aftur. Hins vegar tek ég undir það að nauðsyn ber til að gera hér bót á. Hinu neita ég ekki, að ég tel að með því að halda afurðalánunum eins og tókst í fyrra að koma þeim upp í, þá sé mikill fengur í því, svo sem sést á þeim tölum sem ég lýsti áðan. En það er hægt að reikna þetta á fleiri en einn veg og miða við hlutfall, t. d. nota verðlagið í fyrrahaust eða verðlagið næsta haust þegar lagt verður inn, það getur orðið allmikill munur þar á, og hafa í slíkum umr. sem þessum oft verið notaðar

hvorar tveggja tölurnar. En ég vil endurtaka það, að eins og þessi rekstrarlán voru afgreidd í fyrra var farið alveg að till. Stéttarsambands bænda, að þessum eina lið undanskildum, uppgjörslánunum, sem stafaði af því að veð voru þá ekki til fyrir lánunum af því að salan hafði orðið meiri en gert var ráð fyrir.

Þessar upplýsingar, sem ég hef hér gefið, vona ég að skýri þetta mál. Ég get svo endurtekið að það er unnið að þessu og ég vona að það sé stutt í það að lausn verði á því fundin.

Jón Helgason: Herra forseti. Ég vil taka undir það, sem hér hefur komið fram, að rekstrarfjárskortur sauðfjárbænda er mikið vandamál. Það er augljóst að bændur þurfa einhvers staðar að fá fjármagn til að greiða rekstrarvörur sínar, þar sem afurðir sauðfjárins fást ekki fyrr en löngu eftir að rekstrarvörurnar þarf að greiða. Þetta er að vísu ekkert nýtt, en hins vegar hafa aðrar aðstæður breyst svo að vandamálið er sífellt að verða erfiðara viðfangs. Rekstrarlán Seðlabankans hafa átt að brúa þetta bil, en augljóst er að rúmlega 20% af andvirði framleiðslunnar hrökkva ekki nógu langt. Það, sem á hefur vantað, hafa kaupfélögin hingað til átt stærstan þátt í að leysa með því að veita bændum gjaldfrest á rekstrarvörunum sem kaupfélögin hafa að mestu séð um að útvega þangað til afurðirnar hafa verið lagðar inn. En sú leið er nú að lokast af ýmsum ástæðum. Í fyrsta lagi hefur búreksturinn orðið sífellt meiri viðskiptabúskapur og af þeim sökum vex fjármagnsþörfin. Í öðru lagi voru kaupfélögin áður helstu innlánsstofnanirnar úti um land og fengu þannig allmikið fjármagn til ráðstöfunar, en nú hafa bankastofnanir að mestu tekið við þessu hlutverki. Og í þriðja lagi hefur verðbólgan sífellt margfaldað þær krónur sem þarna þarf.

Það er því augljóst að það er brýn nauðsyn að halda áfram á þeirri braut sem farin var á s. l. vori. Ég vil þakka hæstv. landbrh. fyrir að stuðla að því er rekstrarlánin voru þá tvöfölduð. Það virðist eðlilegt að taka upp tiltölulega einfalda reglu eða vinnubrögð í þessu sambandi. Rekstrarlánin út á afurðirnar hafa verið greidd frá því í mars og fram í ágúst. En á sama tíma er verið að greiða til baka afurðalán út á afurðir fyrra árs eftir því sem birgðir þeirra hafa verið seldar. Það, sem mér virðist að þurfi að gera, er að breyta þessum endurgreiðslum í rekstrarlán, þannig að bændur haldi áfram að hafa þetta fjármagn til afnota. Þetta ætti ekki að valda neinum sveiflum í útlánum ef þarna væri notað sama fjármagnið. Það er ekki verið að fara fram á nýtt fjármagn, heldur aðeins að nota það sem er endurgreitt. Ef þetta væri gert, þá held ég að ætti að vera hægt a. m. k. að gera mikið átak í því að leysa þetta mikla vandamál. Og ég vil að lokum undirstrika það, að ég vænti þess að sú viðleitni eða sú vinna, sem hæstv. landbrh. sagði að hefði nú verið lögð í að leysa þetta vandamál, beri þann árangur að viðunandi verði.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir margháttaðan fróðleik og tölulegar upplýsingar sem hann lét okkur þm. í té í ræðu sinni áðan. Ekki ætla ég mér þá dul að vefengja þær upplýsingar sem hann bar hér fram, enda var um þvílíkan talnafrumskóg að ræða að ekki var auðvelt fyrir menn að rata í gegnum hann.

Ráðh. nefndi þrjár tegundir lána í ræðu sinni: rekstrarlán, afurðalán og svo stofnkostnaðarlán. Ég vil nú gera öllum skýrt og ljóst að það, sem ég var hér að ræða, var aðeins einn þáttur þessara mála, einungis lán til sauðfjárbænda og einungis rekstrarlán.

Það má vel vera að það sé rétt hjá ráðh. að það, sem kom fram í ræðu minni áðan, að á árinu 1958 hefðu rekstrarlánin numið 65% af framleiðsluverðmæti sauðfjárafurða, sé ekki að öllu leyti sambærileg tala við þær tölur, sem nú eru notaðar í þessu sambandi. En þessar tölur hafa komið fram á undanförnum tveimur Búnaðarþingum og ekki verið vefengdar þar. En það má hins vegar vel vera að þetta sé rétt ábending hjá ráðh. Þessa tölu hef ég ekki sjálfur reiknað út, heldur fengið frá talsmönnum landbúnaðarins á Búnaðarþingi.

Ég held að aðalatriði þessa máls sé það, og um það munum við hæstv. ráðh. vera sammála, að hvað sem líður þessari viðmiðun og hvaða viðmiðun sem er rétt í þessum efnum, þá hafa þessi rekstrarlán rýrnað mjög verulega á undanförnum tveimur áratugum. Ég er sannfærður um að ráðh. vefengir það ekki. Og þessi lán eru fyrir löngu orðin algerlega ófullnægjandi, eins og fram hefur komið með skýrum rökum frá fjöldamörgum talsmönnum þessarar stéttar. Á seinustu árum hafa hins vegar þessi lán gróft reiknað staðið í stað. Þar kunna að hafa orðið á vissar breytingar, enda er hér um töluvert flókið mál að ræða og það sem heitir rekstrarlán til bænda í víðri merkingu er margar tegundir lána, bæði það, sem einu sinni var kallað rekstrarlán til bænda, og síðan viðbótarlán og sauðfjársvæðalán og uppgjörslán og einhverjum fleiri nöfnum heita nú þessi lán. Það er því dálítið flókið að fjalla um þetta og veltur mikið á því hvaða tölur menn hafa í höndum. Ég get t. d. upplýst það, að þegar ég var að hlýða á ráðh. áðan og var að bera saman upplýsingar sem ég hafði fengið frá starfsmanni Seðlabankans um þessi lán, þá vildu engar tvær tölur passa saman hjá okkur ráðh. En vafalaust stafar það af því að forsendurnar eru eitthvað mismunandi í þessum tvennum útreikningum.

En ég sem sagt held að aðalatriðið sé það, að í grófum dráttum hafi þessi lán staðið í stað og séu fyrir löngu orðin algerlega ófullnægjandi. Og staðreynd er að kaupfélagsstjórar tveggja stærstu kaupfélaganna hér á landi hafa reiknað það út fyrir mig nú fyrir skemmstu, að fyrir þá hefði útkoman verið mjög svipuð því sem hún hefði verið á árinu þar á undan og að sú mikla hækkun, sem átt hefði sér stað, hefði samt sem áður ekki dugað fyrir öðru en þeim verðlagsbreytingum sem átt hefðu sér stað. Nú kann hins vegar vel að vera að þetta komi eitthvað öðru vísi út á öðrum svæðum og þá einkum á þeim svæðum sem eru enn þá háðari sauðfjárbúskap, þeim kaupfélögum sem eru enn þá háðari sauðfjárbúskap en þessi tilteknu kaupfélög eru. Ég býst við að ástandið hafi verið lang-

verst á Norðausturlandi og Austurlandi, þannig að þegar sem sagt stendur í stað á öðrum svæðum, þá má vera að það hafi batnað þó eitthvað verulega á þeim svæðum og í heildina tekið hafi verið heldur um framför að ræða. Ekki skal ég vefengja það í sjálfu sér. En það virðist vera að batinn, sem átt hafi sér stað í þessu efni, hafi verið svo lítill á seinasta ári að hann sé lítt merkjanlegur víðast hvar og að um sé að ræða enn algerlega ófullnægjandi ástand í þessum efnum. Afleiðingin af því er svo að sjálfsögðu sú, að viðskiptaaðilar sauðfjárbændanna treysta sér ekki til þess að veita þeim þann gjaldfrest og þá viðskiptafyrirgreiðslu sem áður tíðkaðist, og kemur þetta fram með margvíslegum hætti. Eg býst t. d. við að flestir þeir, sem hafa verið að byggja hús á þessum svæðum á seinustu tveimur árum, hafi orðið varir við það að sú fyrirgreiðsla, sem viðskiptaaðilar þeirra hafa veitt í þessum efnum, hefur versnað mjög verulega vegna vaxandi rekstrarfjárskorts einmitt á þessum svæðum.

Ég verð að játa það, að ég hefði kosið að hæstv. ráðh. hefði verið ofboð lítið jákvæðari gagnvart þessari till. en raun bar vitni, þótt ekki væri nú kannske hægt að segja að hann væri neikvæður. En kannske telur hann ástæðulaust að koma þessu máli fram með aðstoð Alþ., þar sem hann hafi önnur ráð til þess í gegnum ríkisstj. og bankakerfi. Við skulum vona að hans lítt jákvæða afstaða stafi fyrst og fremst af þess háttar ástæðum, pólitískum og praktískum, en ekki því að hann sé andvígur efni till. Mér þótti þó að gagnrýni hans á till. væri með litlum rökum þegar hann sagði að varla væri þess að vænta, að Seðlabankinn mundi lána 75% af væntanlegum afurðalánum, eins og gert er ráð fyrir í till. Það er gert ráð fyrir því að lánin byrji í ársbyrjun og séu komin upp í 75% í ágústlok, vegna þess að þá væru rekstrarlánin orðin hátt í það jafnmikil, jafnvel meiri en afurðalánin og væri þá ekki þörf á þeim eða þau gengju sem sagt upp í að greiða rekstrarlánin. Þetta er út af fyrir sig alveg rétt hjá ráðh. Auðvitað mundi niðurstaðan verða sú, enda er auðvitað tilgangurinn með tillöguflutningnum einmitt sá, að það er verið að færa fram lánsfjártímann þannig, og það er auðvitað megintilgangurinn að lánin komi ekki fyrst og fremst þegar afurðirnar eru tilbúnar, heldur komi lánin miklu fyrr á árinu. Hvort þetta yrði þá eitt og sama lánið, sem um yrði að ræða, eða tvenns konar lán áfram, rekstrarlán annars vegar og afurðalán hins vegar, má auðvitað athuga sérstaklega. Ég reikna með að þetta yrði að vera áfram í því formi sem hér er gert ráð fyrir, vegna þess að þetta er auðvitað fyrst og fremst spurning um form lána og um veðtryggingar og annað þess háttar. Það var af þeirri ástæðu sem er auðvitað eðlilegt að þegar afurðirnar liggja loksins fyrir, þá séu lánin veitt formlega út á þær, og þannig hlyti þetta að vera. Það, sem um er að ræða, er að það er raunverulega verið að veita það fjármagn, sem lagt er í afurðalánin, miklu fyrr á árinu en nú er gert. Breytingin, sem till. okkar snýst um, felur þetta fyrst og fremst í sér, og ég trúi ekki öðru en landbrh. hljóti að vera hagstæður og jákvæður gagnvart slíkri tillögu.

Ég sem sagt vil leyfa mér að vona að ráðh. sé miklu jákvæðari í þessu máli heldur en kom fram í málflutningi hans áðan, vegna þess að annað getur ekki staðist. Ég vil svo sérstaklega þakka hv. 4. þm. Suðurl. fyrir ágætar undirtektir hans við þessari till., en öðru hef ég ekki hér við að bæta.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Það má vel vera rétt hjá hv. 5. þm. Norðurl. v. að tölum okkar hafi ekki öllum borið saman. T. d. gæti það stafað af því, að þær hefðu ekki verið teknar upp á sama tíma, og einnig af því sem hann sagði, að hann þekkti til að fyrirtæki hefðu ekki notið þeirrar breytingar sem varð á rekstrarlánunum í fyrra. Hef ég séð í skýrslum að eitt kaupfélag í því kjördæmi, sem hann er þm. fyrir og á heima í, kom þannig út að það var búið að selja það mikið af afurðum þess að uppgjörslán til þess var sama og ekkert, og þetta hafði veruleg áhrif á útkomu þess.

Áður fyrr var það svo, t. d. þegar ég var bóndi, að þá var ekki um það að ræða að bændur fengju áburð með öðrum hætti en hönd seldi hendi. T. d. tek ég eftir því á blöðum mínum að árið 1958 er engin króna vegna áburðarlána. Það voru aftur, ef miðað er við lok ágústmánaðar í fyrra, 959 millj. kr. sem fyrirtækin skulduðu vegna áburðarkaupa. Þessu til viðbótar voru 752 millj. kr. sem ríkissjóður greiddi áburðinn niður og ekki komu þarna til útreiknings.

En það er alveg rétt hjá hv. 5. þm. Norðurl. v., að rekstrarlánin sjálf hafa verið óhreyfð í krónutölu þangað til í fyrra. Hins vegar hafa verið teknir upp þeir nýju þættir, sem ég gat hér, og í fyrra varð um tvöföldun á þessu að ræða, auk þess sem þeir nýju þættir, sem ég greindi þá frá, höfðu komið inn á þessu tímabili.

Þetta vona ég að skýri þetta mál betur og m. a. að áburðarlánin hafa komið inn á þessu tímabili. Ef á að taka myndina í heild þá þarf að gera það. Ég held að ég hafi hvorki verið jákvæður né neikvæður gagnvart till. hans, heldur skýrði ég málið fyrst og fremst og það taldi ég koma að bestu gagni í þessu tilfelli. En það er aftur augljóst að afurðalán í svo ríkum mæli að það væri komið upp í ¾ af væntanlegum afurðum hygg ég að mundi ekki vera lánað nema þá afurðirnar væru örugglega komnar til skila, því að það væri talin nokkur áhætta fólgin í því, enda mætti mikið bæta frá því, sem nú er, þó að ekki væri komið í það. Og ég er ekki alveg viss um að það mundi mönnum henta oft, því að margar greiðslur falla til að haustinu, eins og afborganir af lánum og slíkt, sem viðskiptafyrirtæki bændanna sjá um og að sjálfsögðu verður að hafa í skilum líka, en út í það ætla ég ekki að fara.

Ég vil endurtaka að það verður unnið að því að leysa þetta mál, eins og þegar hefur verið gert og er verið að vinna að, og ég tel að það hjálpi í þessu tilfelli hvað afurðalánin voru mikil í fyrravetur og menn búa að þeim í ríkum mæli enn þá, þó að mér sé alveg ljóst að yfirleitt eru menn í fjárhagsvandræðum og ekki síst í rekstri í jafnört vaxandi verðbólgu og er í okkar landi, og leiðir það alveg af sjálfu sér.

Ég tel mig hafa gefið þær upplýsingar, sem þörf var á í þessu sambandi, og hafa á engan hátt verið að haga máli mínu svo að með öðrum hætti væri.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég get ekki fallist alveg á það sem mér fannst koma fram hjá hv. flm., Ragnari Arnalds, að ekki beri að líta á lánamálin í heild. Mér finnst nauðsyn bera til þess að skoða þessi mál öll í samhengi. Það er hver þátturinn um sig ákaflega mikilvægur og ef einhver hlekkurinn brestur, þá náttúrlega slitnar þessi keðja, þá skapast erfiðleikar, kannske óbotnandi erfiðleikar hjá viðkomandi söluaðila, viðkomandi fyrirtæki, sem aftur leiðir út til þeirra bænda sem eiga að njóta góðs af þessum lánum.

Ég vil þakka hæstv. landbrh. fyrir mjög fróðlega ræðu sem hann flutti hér með gnótt af tölum. Ég held að það sé nú ljóst, bæði af þeirri ræðu og raunar vitum við það allir, sem höfum fengist við þessa framleiðslu, að það er þakkarvert, það sem áunnist hefur, og það má alls ekki gera lítið úr því. En hitt er alveg rétt hjá flm. málsins, að rekstrarlánin eru enn þá of lág miðað við þarfir. Það held ég að við getum allir verið sammála um. Og við getum líka verið sammála um það, held ég, að erfiðleikar kaupfélaganna eru mjög verulegir, m. a. vegna þessa, og það er áreiðanlega tímabært og áreiðanlega nauðsynlegt í flestum tilfellum að flýta útborgunardögum lána. Það er meginatriði í málinu að brúa þau erfiðu tímabil sem koma í rekstri fyrirtækjanna. Þegar vaxtakjörum er háttað eins og hér er í landinu, þá er annað en gaman ef greiðslur og fyrirgreiðsla geta ekki runnið með nokkuð eðlilegum hætti og þarf að standa mjög á fyrirgreiðslunum.

En hvort sem mönnum líkar þessi till. betur eða verr, þá er náttúrlega meginatriðið að hæstv. landbrh. takist að fá Seðlabankann til að lagfæra þetta, að það sé unnið markvisst og mjög ákveðið að þessum úrbótum. Ég er ekki fyllilega sáttur við það orðalag sem hæstv. landbrh. notaði hér, þar sem hann var að tala um samninga sem starfsmenn úr rn. ættu við Seðlabankann um þetta mál. Mér finnst að ríkisstj. eigi allra hluta vegna, bæði í þessu máli og öðrum, að vera húsbóndi Seðlabankans, en ekki að hún þurfi að sækja undir neitt högg hjá honum. Þess vegna heiti ég á hæstv. landbrh. að beita áhrifum sínum og ráðsnilli í ríkisstj. þannig að hún leggi fyrir Seðlabankann að gera þetta því að það er auðvitað eðli málsins samkvæmt. Því köllum við þessa ráðherra ráðherra, af því að við ætlumst til þess að þeir séu ráðherrar í landinu.

Kristján Ármannsson: Herra forseti. Mér þykir hlýða, þar sem hefur verið komið inn á mína stétt og það sem ég kannast dálítið við, en því miður er ég nú ekki með mikið af tölum, að þakka þó hv. alþm. fyrir það að þeir hafa allir lýst yfir nauðsyn á því að rekstrarlánin væru hækkuð. En einn hv. þm. kom inn á það að líta bæri á málið í heild, og þar er ég sammála vegna þess að rekstrarlánin eru bara lítill hluti af heildinni.

Ég gerði það lítillega að athuga s. l. ár. Það er vissulega rétt að þá tvöfölduðust þessi rekstrarlán og var mikil hjálp í því. En ég tók þetta saman árið 1975. Það var ár sem hjá flestum var dregið úr framkvæmdum. Þá tek ég dæmi út frá afurðalánum og endurgreiðslu afurðalána upp í greiðslur og fengnum rekstrarlánum, fóðurkaupalánum, hafíslánum, áburðarlánum, sem sagt dæmið í heild, og þá virtist mér það í stórum dráttum hjá mínu kaupfélagi, sem er 100% sauðfjárkaupfélag, koma þannig út: Ég tók stöðu bænda á vissum tíma, ég held ég fari rétt með að það hafi verið í júnílok og septemberlok, og með því að taka til þarfa kaupfélagsins, ef svo má segja, 20% af þessari heild, þá kom í ljós að í júnílok var það bil, sem kaupfélagið í raun og veru brúaði fyrir bændur, rétt um 600 þús. kr., en í septemberlok var það komið upp í rétt tæplega eina millj. Þetta eru, eins og ég tók þetta, ákaflega geigvænlegar tölur, þótti mér, og ég hef hreinlega ekki skýringu á því hvernig þetta var hægt. En eins og ég tók fram áðan eru afurðalánin í þessu dæmi, endurgreiðsla afurðalána og uppgjörsgreiðslur, sem koma fyrir seldar afurðir, og áburðarlánin sem hæstv. ráðh. kom inn á, sem sagt öll lán tilheyrandi sauðfjárbúskap. Eins og útlitið er núna sé ég og fleiri, held ég, fram á algjört strand. En ég vil þó taka það fram, að aðalatriðið í þessu máli er kannske ekki það að heildarfjárhæðin vaxi, heldur fyrst og fremst að þetta komi á einhvern hátt í heild jafnt út fyrir árið. Mér er kunnugt um að menn hjá t. d. Sambandi ísl. samvinnufélaga hafa ákveðnar hugmyndir um það og hafa gert yfir það ágætis yfirlit sem ég hef þó ekki kynnt mér nægilega.

Ég vissi ekki að þetta kæmi hér til umr., en ég vildi a. m. k. leggja áherslu á það að rekstrarlánin eru bara ofurlítill hluti af heildarvandamálinu. En þetta dæmi sem ég hef tekið, því miður var ég ekki með það skjalfest, en tók það saman í grófum dráttum, og þetta var á ári sem mjög var dregið úr allri fjárfestingu. Ég vil sem sagt þakka þeim hv. alþm. sem tekið hafa undir að leysa þetta vandamál sem er alveg gífurlegt.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Í þeim umr., sem hér hafa farið fram, hafa nokkrir ræðumenn komist svo að orði að á s. l. ári hafi rekstrarlánin til sauðfjárbænda verið tvöfölduð. Ég stend hér upp til þess að firra misskilningi þannig að þeir, sem ekki þekkja mikið til þessara mála, misskilji ekki hver er í raun og veru niðurstaðan af þessum umr. Þetta getur nefnilega bæði verið rétt og rangt eftir því hvernig það er skilið. Uppgjörslán, sem hér hafa verið nefnd, eru meðal rekstrarlána til sauðfjárbænda, en þau hafa ekki tvöfaldast. Fóðurkaupalánin eru líka meðal rekstrarlána til sauðfjárbænda, en þau hafa ekki heldur tvöfaldast. Það eru aftur á móti rekstrarlán í hinni þrengri gömlu merkingu orðsins sem voru tvöfölduð á s. l. ári, og það er þess vegna sem ýmsir hafa tekið svo til orða að rekstrarlánin hafi tvöfaldast. En þau nema aðeins litlum hluta af heildarupphæðinni. Þetta vildi ég að kæmi skýrt fram til þess að menn

misskildu ekki það sem hér hefur verið sagt. Að öðru leyti vil ég bara þakka hv. þm. og þá ekki síst seinasta hv. ræðumanni fyrir ágætar undirtektir undir þessa tillögu.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég vildi bara undirstrika það sem hv. 5. þm. Norðurl. v. sagði áðan, að það er einmitt það sem ég var að segja, að það hefur orðið á þessu breyting og er ekki hægt að halda sig við þennan lið einan, eins og hann tók nú réttilega fram. En mér fannst hann vera nær hinu í upphafi, og það sýnir að þegar við förum að tala saman, þá skiljum við betur hvor annan. En til þess að taka af öll tvímæli um þessa þætti sem varða reksturinn, þ. e. uppgjörslán, fóðurbirgðalán, rekstrarlán, viðbótarrekstrarlán og ýmis önnur lán sem tengd eru rekstri, þá hækkuðu þau í fyrra að krónutölu um 86% og að verðgildi, eins og ég tók fram í upphafi, um 30%. Þetta vildi ég skýra svo að ekki færi neitt á milli mála.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Innlend orka til upphitunar húsa, þáltill. (þskj. 405). — Fyrri umr.

Flm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Á þskj. 405 hef ég ásamt hv. þm. Ingvari Gíslasyni, Stefáni Valgeirssyni, Jóni G. Sólnes, Lárusi Jónssyni og Stefáni Jónssyni leyft mér að flytja till. til þál. um notkun innlendrar orku til upphitunar húsa í Norðurlandskjördæmi eystra. Þáltill. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að fela iðnrn. að beita sér fyrir gerð áætlunar um notkun og dreifingu innlendrar orku til hitunar húsa í Norðurl. e. ásamt kostnaðaráætlun um nauðsynlegar endurbætur á dreifikerfi raforku. Kostnaður við áætlunargerðina greiðist úr ríkissjóði."

Það er ekki óeðlilegt, þegar menn heyra þessa till., að einhverjir kunni að spyrja hvers vegna svona till. sé miðuð við eitt einstakt kjördæmi og hvers vegna endilega við Norðurl. e. Ég er manna fúsastur til að fallast á að áætlun sem þessa, könnun sem þessa þurfi að gera um allt land. Það er orðið okkur brýnt fjárhagslegt verkefni að gera okkur grein fyrir því hvernig við ætlum að nota okkur innlenda orkugjafa til upphitunar húsa og annarra nota, og það er nauðsynlegt að unnið verði að því sem fyrst og sem myndarlegast að gera sem skynsamlegasta áætlun um það hvar við eigum að nota heitt vatn til upphitunar og hvar við eigum að notfæra okkur raforkuna til upphitunar. Hins vegar álít ég að það sé heppilegur framgangsmáti að taka út úr einstaka landshluta og gera um þá áætlanir. Þannig fæst t. d. veruleg reynsla í gerð slíkra áætlana og það á ekki að þurfa að tefja að neinu leyti heildargerð áætlunar þó að einstakir landshlutar séu teknir út úr.

Ástæðan til þess, að við flytjum till. um slíka áætlunargerð í Norðurl. e., er augljóslega í fyrsta lagi sú, að við flm. erum þm. þess kjördæmis, en auk þess má benda á að þetta svæði stendur á verulegum tímamótum í orkumálum. Nú er verið að virkja jarðgufu til raforkuframleiðslu í Kröflu, svo sem öllum er kunnugt, og að undanförnu hafa farið fram verulegar boranir eftir heitu vatni á svæðinu. Þess vegna er komið svo að hægt er að gera sér gleggri grein fyrir því þarna en a. m. k. sums staðar annars staðar á landinu hvar jarðhita er að finna til húshitunar.

Skv. upplýsingum frá Orkustofnun hafa verið gerðar mjög verulegar athuganir á jarðhita í Norðurl. e., bæði þar sem þegar hefur verið borað og eins annars staðar. Þeir staðir, sem einkum eru nefndir í þessu sambandi, eru eftirfarandi: Fyrst nefni ég Grímsey. Þar hefur ekki farið fram borun, en talið að möguleikar muni vera að ná heitu vatni. Ólafsfjörður, þar sem hefur verið lengi starfrækt hitaveita sem byggist á sjálfrennsli frá borholum. Þar var borað eftir vatni til viðbótar á s. l. ári og kom upp verulegt magn vatns þannig að eins og er, þá er sæmilega séð fyrir húshitunarþörf kaupstaðarins. Á Dalvík er hitaveita. Þar hefur vatn fengist úr einni borholu til skamms tíma, en á s. l. sumri var boruð fullkomnari vinnsluhola fyrir hitaveituna og jókst þá nokkuð vatnsmagn og hiti vatnsins. Í Hrísey hefur nýlega verið tekin í notkun hitaveita, sem líkur eru til að nægi næstu árin. Á Akureyri hafa farið fram miklar rannsóknir í sambandi við jarðhita. Í vetur varð sá árangur af borun að upp kom mikið magn af heitu vatni hjá Syðra-Laugalandi í Eyjafirði og menn gera sér nú vonir um að þar fáist nægilegt heitt vatn til þess að hita Akureyri og nágrannabyggðir eftir því sem hagkvæmt verður talið. Á Svalbarðseyri og Grenivík er jarðhiti. Hann hefur ekki nema að takmörkuðu leyti verið kannaður, en talið er að þar muni möguleikar að ná heitu vatni með borun. Á Húsavík er hitaveita sem fær vatn sitt frá Hveravöllum í Reykjahverfi. Þar var borað sumarið 1974 með ágætum árangri. Á Hveravöllum er mjög stórt jarðhitasvæði, og á tímabili var rætt um það í fullri alvöru að leggja þaðan hitaveitu til Akureyrar um mjög langan veg. Þá hafa verið gerðar rannsóknir víðar í sveitum á þessu svæði. Það hefur verið borað eftir heitu vatni á Hrafnagili í Eyjafirði, á Stórutjörnum í Ljósavatnsskarði, Laugum í Reykjadal, í Aðaldal og e. t. v. eitthvað víðar.

Þessi könnun á tiltölulega breiðum grundvelli hefur gefið þær upplýsingar að víða á svæðinu, a. m. k. í Eyjafirði og Suður-Þingeyjarsýslu, er heitt vatn að fá til upphitunar húsa.

Í Norðurl. e. búa nú um 24 þús. manns. Það má gera ráð fyrir að þeir, sem nú njóta heits vatns til upphitunar húsa sinna, séu nálægt eða rúmlega 3 þús. að tölu. Ef Akureyri fær heitt vatn til húsahitunar, þá bætist þar við byggð með 12—14 þús. manns sem mundi njóta hitaveitu frá borholum í Eyjafirði. Þetta sýnir að það er ekki nema á að giska þriðjungur til fjórði partur af íbúum kjördæmisins sem ekki getur búist við því að fá heitt vatn til hitunar húsa sinna.

Dreifing jarðhitaorku er dýr, þannig að nauðsynlegt er að athuga með gaumgæfni hvar er hagkvæmt að leggja hitavatnsleiðslur um dreifbýli og milli minni þéttbýlisstaða. Það er líka dýrt að dreifa raforkunni, en henni þarf að dreifa hvort eð er, þannig að það er líklegt að

þar sem byggð er strjál sé hagkvæmara að hita hús með raforku heldur en hitavatnsorku, svo fremi sem raforkan er seld á sambærilegu verði við hitavatnsorkuna. Vegna þess að nú hefur komið upp verulegt magn af heitu vatni í Norðurl. e., þá er nú mjög brýnt að gera sér grein fyrir því, hvar hagkvæmt er að nota þetta vatn og hvar hagkvæmara mundi vera bæði fyrir einstaklingana og þjóðarbúið að nota fremur raforku til upphitunar.

Í Norður-Þingeyjarsýslu er jarðhiti fyrir botni Öxarfjarðar í verulegum mæli, en ekki er talið líklegt að hann verði notaður í miklum mæli til húsahitunar að óbreyttum aðstæðum. Annars staðar í Norður-Þingeyjarsýslu er ekki kunnugt um verulegan jarðhita, þannig að allar líkur benda til að þéttbýlisstaðina í Norður-Þingeyjarsýslu þurfi að hita upp með raforku ef innlendir orkugjafar verða notaðir. Dreifikerfi raforkunnar í Norður-Þingeyjarsýslu er fyrst og fremst miðað við það að dreifa raforku um svæðið til lágmarksheimilisnotkunar. Ef flutningslínan frá Laxárvirkjun norður á Þórshöfn á að flytja nægilega raforku til hitunar allra húsa á þessu svæði þarf að styrkja hana verulega. Nauðsynlegt er að gera sér grein fyrir því sem fyrst hve miklu þarf þar til að kosta, því að auðvitað liggur í augum uppi að verulegur gjaldeyrissparnaður fengist með því að nota innlenda orku til húshitunar á þessu svæði. Önnur ástæða til þess að nauðsynlegt er að huga að dreifikerfi raforku í Norður-Þingeyjarsýslu, er sú, að það hefur komið í ljós að bilunarhætta er allmikil á línum á þessu svæði og fram að þessu a. m. k. hefur varaafl verið af skornum skammti í Norður-Þingeyjarsýslu. Í Suður-Þingeyjarsýslu mun vera nokkuð misjafnt hvort dreifikerfi raforkunnar dugar til þess að bæta inn á það almennri húshitun. Rétt er að geta þess, að allmargt húsa, sérstaklega á Akureyri og raunar í sveitum, er hitað upp með rafmagni, þannig að raforkuhitun er þarna nú þegar í verulegum mæli.

Í þáltill. þessari er gert ráð fyrir að hugað sé að nauðsynlegum endurbótum á dreifikerfi raforku, eins og ég gat um áðan. Eitt af því, sem nauðsynlegt er að huga að, er hvort ekki sé hagkvæmt og nauðsynlegt að breyta einfasa dreifikerfi í þriggja fasa dreifikerfi. Þessu atriði hefur e. t. v. verið gefinn allt of lítill gaumur. En því er ekki að neita að það er mjög mikill aðstöðumunur þeirra orkunotenda, sem annars vegar geta notað sér þriggja fasa raforku, og hinna, sem verða að láta sér lynda einfasa raforku. Þetta kemur einkum fram í því að allar rafknúnar vélar, stærri mótorar, eru miklu dýrari fyrir einfasa rafmagn heldur en fyrir þriggja fasa rafmagn og endast verr. Nýlega var sá munur u. þ. b. þrefaldur, þannig að rafmótorar fyrir þriggja fasa rafmagn voru um þrisvar sinnum ódýrari en rafmótorar fyrir einfasa rafmagn. Og eins mikil raforka og er notuð til þess að knýja ýmiss konar rafmótora í dreifbýlinu, þá er þarna um mjög umtalsverðan kostnaðarmun að ræða fyrir þá sem nýta raforkuna.

Í þáltill. þessari er gert ráð fyrir því að kostnaður við áætlunargerð verði greiddur úr ríkissjóði. Mig brestur þekkingu til að gera mér grein fyrir hversu mikið slík áætlunargerð sem þessi mundi kosta, en þó hef ég ástæðu til að ætla að hún sé ákaflega umfangsmikil. Mér finnst eðlilegt að þessi áætlun verði gerð á vegum iðnrn., hver svo sem framkvæmir hana að öðru leyti. Ég vil leyfa mér að benda á að hugsanlegt væri að bjóða út verk sem þetta. Það liggur í augum uppi að við þurfum að vinna fleiri svipuð verk áður en langir tímar líða, og það er mjög sennilegt að verktakar á þessu sviði mundu verða fúsir til að spreyta sig á verkefni sem þessu.

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja mál mitt meira að þessu sinni. Ég vil leyfa mér að leggja til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til síðari umr. og hv. fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Hrognkelsaveiðar, þáltill. (þskj. 349). — Ein umr.

Flm. (Gunnlaugur Finnsson): Herra forseti. Það bregður nú svo undarlega við að í raun og veru er búið að framkvæma það sem mælst er til að framkvæmt verði í þeirri till. til þál. sem hér var lögð fram fyrr í vetur. Er þetta eitt af fleiri dæmum um það að þingstörf ganga hér oft seint. Það hefur ekki komið oft fyrir að vegna annarra þingstarfa hafi staðið á mér að flytja mál þegar röðin hefur verið komin að mér.

En ég verð að segja það að ég er því þakklátur að brugðist var svo hart og vel við að setja reglugerð um það mál sem hér er fjallað um, en það er sem sagt reglugerð sem sett yrði annaðhvort af sjútvrh. eða landbrh. eða báðum, vegna þess að þessi málaflokkur heyrir óneitanlega undir þá báða.

Mér sýndist, þegar ég fór að kanna þessi mál í vetur, raunar strax í haust, að það kynni að stefna í nokkurt óefni um þennan þátt þjóðarbúsins. Það er hér um að tefla verulega fjármuni. Mér kom það raunar á óvart þegar ég sá að útflutt söltuð grásleppuhrogn eru hátt í 600 millj. kr. virði og þetta er tiltölulega stór þáttur í okkar útflutningsverðmætum. Ég hafði hugmynd um það að miðað við afkomu þeirra, sem á liðnum árum og þá ekki síst á liðnu vori stunduðu hrognkelsaveiðar, var hugur í mjög mörgum að taka til við þessar veiðar nú á þessu ári, enda er það mála sannast að þegar kom fram yfir áramót voru uppseld öll hrognkelsa- eða grásleppunet í landinu. Það virtist því einsætt að miðað við þá vitneskju sem fyrir lá hjá Hafrannsóknastofnuninni, miðað við þær kröfur sem gerðar eru um veiðar almennt varðandi upplýsingaskyldu til að fá mat á hver sóknin er og hver aflinn er á hverja sóknareiningu, þá væri nauðsynlegt að setja um þetta reglugerð. Jafnframt yrði tekið á því máli hvernig þessi vara yrði unnin, þar hafa að sjálfsögðu gilt ákveðnar reglur, en að það þyrfti að tryggja rækilega að þeir, sem stunduðu þessar veiðar, hefðu ekki leyfi til þess að verka aflann um borð í sínum skipum við allt aðrar aðstæður heldur en krafist er í landi.

Ég vildi jafnframt leggja áherslu á það með flutningi þessarar till. að rannsóknum yrði haldið áfram og þær yrðu auknar. Mér er kunnugt

um það að rannsóknirnar eru núna fyrst og fremst framkvæmdar á vegum útibús Hafrannsóknastofnunarinnar á Húsavík og þar eru uppi áætlanir um það að fylgjast mun betur með hrognkelsagöngum og stærð stofnsins heldur en gert hefur verið hingað til. Ég vil í því sambandi segja það, að mér kom nokkuð á óvart þegar lögð var fram skýrsla Hafrannsóknastofnunarinnar um miðjan okt. s. l. um ástand fiskstofna. Þar eru talin upp flest þau nytjadýr sem veidd eru úr sjó, hvort heldur eru fiskar, krabbar eða skeldýr, nema þessi virðulega fisktegund, hún er þar undanskilin og þar eru engar upplýsingar um hana að finna. Það getur komið til að mínu mati að kveðið verði á um veiðisvæði og að kveðið verði á um veiðitíma á viðkomandi veiðisvæðum, og þó ég hafi ekki kynnt mér nægilega reglugerðina sem sett var, þá efast ég um að þar hafi verið ákveðinn nokkur tími á hverju veiðisvæði út af fyrir sig, en eins og við vitum er veiðitíminn fyrir Norðurlandi allt annar en sums staðar annars staðar við Ísland. Það er t. d. hafin vertíð fyrir Norðurlandi nú. Það er um það bil mánuður þar til vertíð hefst á Ströndum. Það eru tveir mánuðir og jafnvel meira þangað til vertíðin hefst við skulum segja við Barðaströnd. Og þá kemur spurning upp hvort ekki er hægt að tryggja ákveðna friðun með að ákveða hvenær veiðitími skuli hefjast á ákveðnu svæði og hvenær honum skuli lokið, og þá ætti að vera hægt að tryggja að ekki væri verið að veiða stofninn til hins ítrasta, þannig að það fáist einhver hrygningartími sem ætti að tryggja viðgang stofnsins.

Herra forseti. Ég verð að segja það og endurtaka það, að ég er því ákaflega feginn að það hefur þegar verið sett reglugerð um þetta efni. Þar kemur fram að það er hætta á ágangi stórra báta. Það hefur verið ákveðið að þeir skuli þurfa til þess leyfi. Með því er tryggð viss vernd. Og ég vil aðeins vekja athygli á því, svo sem ég sagði áðan, — þetta heyrir bæði undir landbrh. og sjútvrh., — að þarna er mjög mikil spurning um það hvort hlunnindi jarða haldist. Ég lít svo á sjálfur að það sé ekki hægt að hrófla við hinni hefðbundnu veiði sem hefur verið stunduð innan svokallaðrar nethelgi. Hins vegar hafa verið uppi raddir um að það ætti að færa nethelgina lengra frá landi en verið hefur til verndar hinum minni bátum sem stunda þessar veiðar úr landi. Ég tel sem sagt, að það sé ekki hægt að setja reglur eða leyfisveitingar hvað þessar veiðar snertir, en um leið og þetta er komið út úr nethelginni eru þetta veiðar sem heyra undir sjútvrn. — innan nethelgi sem sagt undir landbrn. — og þess vegna hefði ég talið eðlilegt að við setningu reglugerðarinnar yrði þarna samstarf á milli þessara tveggja rn. En það skilst mér að hafi ekki átt sér stað, heldur sé reglugerðin sett einhliða af sjútvrh. En það má segja að það sé gott hvaðan sem gott kemur, og mun ég ekki hafa um það frekari orð.

Páll Pétursson: Herra forseti. Það er ekki að spyrja að dugnaðinum í vestfirðingum. Hv. 4. þm. Vestf. flutti hér till., en sjútvrh. hæstv., sem jafnframt er 1. þm. Vestf., var búinn að verða við óskum hv. 4. þm. Vestf., áður en hv. 4. þm. Vestf. hafði tækifæri og tíma til að mæla fyrir þessari till., og setja þá reglugerð sem 4. þm. Vestf. var að biðja um. En hvernig sem á því stendur, þá hefur tekist svo til við setningu þessarar reglugerðar að í henni eru atriði sem allir eru ekki alveg fullkomlega sammála um. Ég hef í höndum umkvörtun frá mönnum á Sauðárkróki, sem telja með rökum að ákvæði í þessari nýsettu reglugerð sé með þeim hætti að það valdi verulegum erfiðleikum fyrir útgerð þeirra. Það er einkum það sem stendur í 3. gr., en eins og flm. tók fram er innihald reglugerðarinnar m. a. það, að á bátum, sem eru stærri en 8 tonn, þarf sérstakt leyfi sjútvrn. til þess að veiða hrognkelsi. Það kann að vera að þetta sé réttmætt ákvæði og eðlilegt að rn. fylgist með því að ekki sé verið að nota óhóflega stóra báta í þetta. En í 3. gr. stendur: „Bátum, sem stunda hrognkelsaveiðar, er óheimilt að stunda jafnframt annan veiðiskap, svo sem þorskveiðar í net.“ Þetta atriði kemur ákaflega illa við suma af þessum mönnum. Þetta eru bátar, — nú veit ég ekki hvernig það er annars staðar, — en fyrir Norðurlandi veitir ekkert af því þegar verið er að sækja sjó að vetrinum að þetta séu dálitlir farkostir, því að þar er sjórinn úfinn, eins og menn vita, og allra veðra von og útgerð talsvert meiri erfiðleikum bundin heldur en sums staðar annars staðar. Jafnframt því sem togararnir í þorpunum fyrir norðan þurfa yfirleitt að sækja afla sinn um mjög langan veg vestur fyrir land eða austur fyrir land, þá er afar mikil nauðsyn í þessum byggðarlögum að þar sé stunduð útgerð á þessum litlu bátum, og þeir hafa drýgt fyrir sér með því að stunda þorskveiðar, en skreppa á hrognkelsi eftir því sem göngum hefur skilað. Þegar lítið hefur verið um þorskinn, þá hafa þeir sinnt hrognkelsunum. Og eins og flm. benti rækilega á, þá er þetta tímabundinn atvinnuvegur og hrognkelsavertíðin fellur e. t. v. ekki alveg nákvæmlega á þá daga sem þeir stimpla þá í sjútvrn. Þess vegna vildi ég láta þetta koma fram, úr því að hér var komið á dagskrá þetta mál, að jafnvel þó að reglugerðin sé sett af dugnaði, þá eru í henni atriði sem ég held að nauðsynlegt sé að endurskoða með tilliti til kringumstæðna á hverjum stað. Það er heimilað í reglugerðinni að veita undanþágu á báta sem eru stærri en 8 tonn og það er alveg nauðsynlegt, því að á þessum bátum er ómögulegt annað en hafa leyfi til hrognkelsaveiða. En það er ekki, að því er ég best fæ séð, í reglugerðinni opnað fyrir þann möguleika að þeir geti rennt færi meðan þeir eru í hrognkelsastússinu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 80. fundur.

Miðvikudaginn 24. mars, kl. 2 miðdegis.

Tilraunaveiðar á úthafsrækju fyrir Austurlandi, þáltill. (þskj. 428). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Hámarkslaun, þáltill. (þskj. 429). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 440). — 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. felur í sér tvær breytingar. Sú fyrri er að rýmka heimild húsnæðismálastjórnar til þess að veita lán til kaupa á eldri íbúðum og til endurbóta á eigin húsnæði öryrkja. Í húsnæðismálalögunum hefur verið slík heimild síðan 1970, en bundin við ákveðið hámark fyrir heildarlán á hverju ári. Árið 1974 voru það að hámarki 80 millj. samtals sem húsnæðismálastjórn mátti lána í þessu skyni. Á síðasta þingi var sú upphæð tvöfölduð, þannig að á árinu 1975 mátti lána samtals allt að 160 millj. kr.

Komið hefur í ljós að eftirspurn er mjög mikil eftir þessum lánum og þörfin ákaflega brýn að rýmka þessa heimild. Ljóst er að víða er nauðsynlegt og í rauninni í þágu einstaklinga, sveitarfélaga og þjóðfélagsins í heild að menn eigi þess kost að fá lán til að kaupa eldri íbúðir í stað þess að byggja sér nýjar. Borgarstjórn Reykjavíkur gerði í fyrra ályktun í þessu efni og beindi áskorun til Alþ. um að rýmka verulega þessa heimild. Á árinu 1974 voru umsóknir til húsnæðismálastjórnar um lán til kaupa á eldri íbúðum um 580 að tölu, en á s. l. ári voru þær 1100 að tölu. Þegar húsnæðismálastjórn hefur reynt að greiða úr þessum málum hefur hún ekki treyst sér til þess að veita háar upphæðir varðandi hverja íbúð, þannig að þessi lán, sem hjá húsnæðismálastjórn heita G-lán, voru að meðaltali á árinu 1974 210 þús. kr. fyrir íbúð, en á s. l. ári að meðaltali um 300 þús.

Það er æskilegt að geta veitt fleiri aðilum úrlausn en unnt hefur verið og einnig að hafa upphæðina hærri á hverja íbúð en verið hefur s. l. ár. Húsnæðismálastjórn hefur óskað eftir að fá þessa heimild rýmkaða og er frv. í samræmi við óskir hennar, á þá lund að hámarkið verði niður fellt, en að húsnæðismálastjórn skuli árlega gera till. til félmrh. um þá heildarfjárhæð sem heimilt er að veita á ári hverju í þessu skyni og ráðh. setji síðan ákvæði um þessi efni með reglugerð að fengnum till. húsnæðismálastjórnar. Ég vænti þess að hv. þdm. geti fallist á þessa úrlausn.

Hin breytingin er í 2. gr. og hún er flutt skv. óskum Sambands ísl. sveitarfélaga. Í lagaákvæðinu, sem sett var 1975 um byggingu leiguíbúða sveitarfélaga, var ekki ákvæði um það hvort eða hvenær væri heimilt að selja þessar íbúðir ef sveitarfélögin óskuðu eftir því að selja þær í staðinn fyrir að halda áfram að leigja þær út. Í reglugerð var hins vegar ákveðið að eftir 5 ár í fyrsta lagi mættu sveitarfélög selja slíkar íbúðir. Nú hefur stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga farið þess á leit við félmrn. að það hlutist til um að sveitarfélögum verði heimilað án tímaskilyrða að selja umræddar íbúðir einstaklingum, stofnunum og fyrirtækjum að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Þessi málaleitun er komin til vegna beiðni fjölmargra sveitarfélaga þar sem verið er að byggja slíkar íbúðir. Þær sveitarstjórnir, sem snúið hafa sér til Sambandsins, hafa látið í ljós að fengju þær ekki þessa heimild væri stefnt í ógöngur. Var bent á það að með því að veita rýmri heimild án tímatakmarkana til að selja þessar íbúðir yrði stefnt að því að taka upp sama fyrirkomulag og varðandi Breiðholtsíbúðirnar í Reykjavík, en til þeirra var veitt hliðstæð lánafyrirgreiðsla.

Þegar þetta mál var athugað í rn. þótti ekki fært að breyta reglugerðinni á þessa lund, heldur þyrfti til þess lagabreytingu þar sem eingöngu var talað um leiguíbúðir. Þessi breyting í 2. gr. frv. um að bæta við á eftir „lán til byggingar leiguíbúða" orðunum: „eða söluíbúða" — er því flutt eftir einróma og eindreginni ósk Sambands ísl. sveitarfélaga.

Ég vænti þess að frv. þetta fái góðar viðtökur í hv. d. og legg til að því verði vísað til 2. umr. og félmn.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Þetta frv., sem hæstv. ráðh. hefur nú mælt hér fyrir, hlýt ég að skilja sem verulegt spor í rétta átt, þó að sjálft orðalag 1. gr. sé þannig að það segi ekkert ákveðið um hvort upphæð sú, sem lánuð er til eldri íbúða og endurbóta á íbúðum öryrkja í raun hækka eða þá hvað mikið. En það er þó glögglega meiningin eftir orðum hæstv. ráðh. Eins og hann tók rækilega fram, hefur hingað til verið um lögleidda upphæð að ræða, hámarksupphæð, sem mun tvívegis hafa verið hækkuð frá því að hún var fyrst lögfest, og við það miðað þá að þar væri algjört hámark sem veita mætti á ári hverju í þessu skyni.

Ég flutti í fyrra við afgreiðslu húsnæðismála hér í þessari d. brtt. við það frv. sem þá kom hér fram um hækkun upphæðarinnar. Frv. var ágætt og þýddi tvöföldun hámarksupphæðar. Ég flutti þá brtt. sem fól það í sér að ákveðin prósenta eða allt að 10% af heildarfjármagni því, sem veitt er til húsnæðismála úr Byggingarsjóði ríkisins, yrðu veitt til þeirra liða sem um getur í 1. gr. Sú till. var felld. En það kom þá glögglega í ljós hjá hæstv. ráðh. að þessi mál væru í endurskoðun og á þessu yrði breyting til batnaðar. Hér mun það fram komið. Þó að ég hefði kosið öllu ákveðnara orðalag, t. d. ákveðið lágmark eða ákveðna prósentu sem lágmark, er ráðh. ásamt húsnæðismálastjórn mætti hækka ef svo sýndist, þá get ég út af fyrir sig fagnað því spori sem hér er tekið. Ég þykist sem sagt vita að ætlunin sé að hækka hér verulega. Það er hvergi beint fram tekið í sjálfri greininni. Ég tel það ögn miður úr því að sá er beinn tilgangur frv. Yfirlýsingar hæstv. ráðh. nú eru vissulega mikils virði, þó ekki algildar, ekki nema þá að því leyti sem snertir hann sem hæstv. ráðh.

Það fyrirkomulag, sem gilt hefur, ákveðin hámarksupphæð, hefur vissulega reynst allt of þröngt og það hefur sífellt krafist breytinga. Það er mjög eðlilegt að annar háttur sé þar á hafður. Þrátt fyrir hækkanir hefur upphæðin ævinlega reynst of lág og eflaust hefur hún verið allt of lág í upphafi, en alveg sérstaklega hefur hún verið lág vegna þess hve ásókn í þessi

lán hefur aukist, eins og kom fram í máli ráðh. áðan. Fyrst vissu menn hreinlega ekki af þessum lánum, sérstaklega víða úti um land, og notfærðu sér þau ekki. Nú hefur hér orðið gerbreyting á. Menn kaupa varla svo eldri íbúð nú orðið, þ. e. venjulegt fólk sem ekki ætlar að braska neitt með það, að þeir sæki ekki hér um lán. Hins vegar hefur upphæð þessara lána orðið sífellt lægri í raun í hlutfalli við verð íbúðanna þrátt fyrir hækkunina, og nú er þannig komið að fólk trúir ekki þeirri meðalupphæð sem út úr þessum lánum fæst, tæplega 300 þús., sem er meðalupphæð lána á síðasta ári, eins og fram kom í máli hæstv. ráðh. Fólk hefur jafnvel haft við orð að það tæki því ekki að safna gögnum til þess að fá slíka smáupphæð. Þar er ég að vísu ekki á sama máli. En það kann svo sem vel að vera að fólk geti útvegað þá upphæð á annan hátt úr því að hún er ekki hærri.

Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að sem allra best ætti að greiða fyrir kaupum á eldri íbúðum svo og endurbótum á þeim, þannig að nýting húsnæðis þess, sem íbúðarhæft er eða getur verið, verði sem allra best. Þenslan í okkar húsbyggingum er ærin. Það er um margt eðlilegt og sjálfsagt. En hins vegar ef hægt er nokkuð úr að draga óhóflegri þenslu með því að auðvelda fólki að kaupa sér eldri íbúðir og þá oft hóflegri og ódýrari og um leið viðráðanlegri fyrir þá sem t. d. eru að byrja sinn búskap, — ef það er unnt með réttri lánastefnu, þá tel ég um rétta stefnu að ræða. Í þá átt hlýt ég að skilja að þetta frv. stefni.

Ég sagði áðan að mér þætti ordalagið frjálslegt og það segði út af fyrir sig ekki neitt um raunhæfa framkvæmd, framtíðarframhald á þessu, og því síður auðvitað um líklega upphæð t. d. nú á þessu ári í stað þeirra 160 millj. sem í dag gilda. Ég hefði talið ákveðnara orðalag betra og mun athuga í n. hvort um eitthvað slíkt gæti verið að ræða. Segir hér að húsnæðismálastjórn geri árlega till. til ráðh. um þá heildarfjárhæð sem heimilt er að veita á ári hverju í þessu skyni og ráðh. setji með reglugerð ákvæði um heildarfjárhæð o. s. frv. að fengnum till. húsnæðismálastjórnar.

Ég þykist vita nokkuð um hug flestra þeirra, er nú starfa við húsnæðismálastjórn, til þessa máls til þess að geta fullyrt að þeir telji að hér þurfi að gera mun betur en nú er, t. d. tvöfalda þá upphæð sem nú gildir. Þeir hafa mikla reynslu af núverandi ástandi, að lánsupphæðir eru í flestum tilfellum alls ófullnægjandi nema um sé að ræða gömul hús sem eru rétt á mörkum þess að vera íbúðarhæf og þurfa gjarnan endurbóta við. Þeir gera sér, held ég, einnig ljósa stóraukna þörf sem um leið gæti dregið heldur úr nýbyggingarþörfinni, og þeir gera sér ljóst að stórfelld hækkun einstakra lánsupphæða er nauðsyn.

Eigi að fylgja þessu frv. óbreyttu, þá verð ég að treysta annars vegar því að húsnæðismálastjórn leggi til verulega hækkun þessara lána og a. m. k. verði komið til móts við þá, að ég hygg, hóflegu till. sem ég flutti í fyrra um allt að 10% heildarfjármagnsins í þessu skyni, en það lætur nærri að verða á þessu ári í algjöru hámarki um 400 millj. skv. þeim upplýsingum sem ég hef gleggstar. En það þyrfti auðvitað alls ekki að fara það langt, enda er þarna miðað við allt að þessari prósentu. Eftir ræðu hæstv. ráðh. verð ég einnig að vona hið besta hér um. Orð hans hneigjast öll í þá átt að hér verði um verulegar breytingar til batnaðar að ræða og verulega hækkun upphæðarinnar sem varið verður í þessu skyni þegar á þessu ári.

Ég get sem sagt verið sammála um að ekki sé rétt, eins og verið hefur, að binda upphæðina svo algjörlega eins og gert hefur verið, enda er þar ábyggilega m. a. að finna orsökina til mikillar seinkunar þessara lána. Svo dæmi sé nefnt, þá er nú fyrst um miðjan apríl unnt að veita lán til þeirra sem keyptu íbúðir í júlí-sept. á s. l. ári vegna þess að upphæðirnar báðar, fyrir árin 1974 og 1975, reyndust of knappar og þá kannske alveg sérstaklega á árinu 1974. Ég hefði sem sagt kosið einhverja viðmiðun svo a. m. k. yrði ætíð tryggt, hver sem á héldi, að ekki yrði stigið spor aftur á bak nema þá ef um stórfelldan samdrátt yrði að ræða í kaupum þessara íbúða, sem ég á ekki von á. Ég mun athuga þetta nánar í þeirri n. þar sem ég fæ það til meðferðar og vona hið besta þar um.

Um síðari liðinn vil ég aðeins segja það, að hér er um að ræða jákvæða afgreiðslu á óskum sveitarstjórna víðs vegar um land um fyrirkomulagið varðandi leiguíbúðirnar og möguleikana á sölu þeirra að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Hér má auðvitað um það spyrja hvers vegna sveitarfélögin hafi sótt svo fast á þetta. Reynslan hefur einfaldlega orðið sú að sveitarfélögunum hefur reynst þetta ofviða. Upphaflega var ætlunin með þessum leiguíbúðum að jafna metin við höfuðborgarsvæðið vegna hinna góðu kjara sem fylgdu á sínum tíma Breiðholtsframkvæmdunum. Hér er verið að fara inn á sömu braut, og það hlýtur að vera eðlilegt miðað við upphaflegt markmið að þar verði sem best og mest samræmi við þær framkvæmdir á sínum tíma. Því er það fyrirkomulag, sem hér er lagt til, sjálfsagt. En um leið vaknar spurning um skipulag hvors tveggja samhliða þ. e. a. s. verkamannabústaða og leiguíbúða. Ég held að það væri full ástæða til þess fyrir húsnæðismálastjórn að athuga sinn gang í þessu efni, að samhæfa þessa þætti á einhvern hátt, — og fyrir sveitarfélögin einnig, ekki síst í ljósi þess að það hefur glögglega komið í ljós hjá húsnæðismálastjórn að verkamannabústaðirnir hafa þar ævinlega, að ég hygg, haft forgang, en hins vegar varðandi leiguíbúðir hefur ríkt viss tregða vegna fjárskorts. Þær hafa ekki haft þann forgang sem verkamannabústaðakerfið hefur réttilega haft. Þessa þætti ætti því að skoða jafnhliða af rn., húsnæðismálastjórn og Sambandi ísl. sveitarfélaga. Ég held að það væri mjög þarft.

Í grg. segir að hlutaðeigandi sveitarfélögum verði heimilað án tímaskilyrða að selja umræddar íbúðir einstaklingum, stofnunum og fyrirtækjum að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Ég aðeins skýt því hér að hvort það væri e. t. v. eðlilegt að þetta væri bundið í lögum að einhverju leyti, að til viðbótar þessu kæmi að heimilt sé að veita lán til byggingar leiguíbúða eða söluíbúða — heimilað að selja íbúðir að uppfylltum tilteknum skilyrðum og það væri bundið og þetta yrði

ekki eins frjálst fyrir sveitarstjórnirnar. Hins vegar hygg ég að það sé kannske ekki mikil þörf á því. En sjálfar hafa sveitarstjórnirnar og samband þeirra gert ráð fyrir því að þarna yrðu að vera tiltölulega þröng skilyrði, ýmis skilyrði fyrir því að þær gætu selt umræddar íbúðir, svo sem að þeir gengju þá þar fyrir sem mesta hefðu þörfina. En aðalatriðið hlýtur auðvitað að vera það í þessu efni að sem best verði staðið að framkvæmdum við leiguíbúðirnar svo að takast megi að standa við áður gefin fyrirheit og nú nýlega ítrekuð fyrirheit af hæstv. ráðh. um leiguíbúðir á 5 árum. En að því vík ég ekki hér þar sem ég hef lagt fram í Sþ. fsp. um þessi atriði sem ég vænti sem bestra og jákvæðastra svara við á næstunni.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Það gleður mig að þetta frv. er fram komið. Ég á von á því að ætlunin sé að auka verulega fjármagnið til G-lána. Á árinu 1971 var þessum G-lánum breytt á þann veg að þar er einnig heimilað að lána nokkuð til endurbóta og viðhalds á eigin húsnæði öryrkja. Þetta hefur komið að haldi, en þó kannske ekki í svo ríkum mæli sem ég átti von á, og kann að vera að reglugerð, sem sett var um það sé heldur þröng. En ég vil tilkynna að ég mun flytja brtt. við 1. gr. þessa frv. sem hljóðar svo: Í stað „eigin húsnæðis öryrkja" komi: eigin húsnæðis öryrkja og ellilífeyrisþega. — Okkur er það örugglega öllum ljóst að með hækkandi fasteignagjöldum og með sérstaklega ört hækkandi framfærslukostnaði verður öldruðu fólki sí og æ erfiðara að viðhalda eigin húsnæði, og þetta veldur því að húsnæði verður jafnvel heilsuspillandi enda þótt tiltölulega lágar upphæðir þurfi til þess að endurbæta það svo að það komi að fullum notum og sé vel við unandi. Þess vegna finnst mér vera sjálfsagt og eðlilegt að aldraða fólkið eigi kost á því að fá lán til að endurbæta húsnæði sitt þannig að það geti sem lengst búið heima og þá í viðunandi húsnæði.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð um frv. sem hér liggur fyrir. Ég vil taka það fram í upphafi að ég fagna því mjög og byggi það á reynslu minni innan og utan rn. og afskiptum af húsnæðismálum á undanförnum árum. Sannleikurinn er sá að þær takmarkanir, sem settar hafa verið í lög um þetta efni, hafa reynst mjög örðugar í framkvæmd og ávallt varla verið þornað blekið á lögunum þegar þær voru orðnar úreltar vegna vaxandi dýrtíðar og ástands í efnahagsmálum. Ég held því að sú leið, sem hér er farið inn á, að áætla ársþörfina fyrir fram geri allt starf að þessum málum auðveldara og betra og ætti um leið að geta verið sanngjarnara í augum fólks.

Varðandi 2. gr., þá hef ég dálitlar áhyggjur af að íbúðir, sem byggðar eru fyrir almannafé, geti komist í svokallað brask, þ. e. a. s. gangi kaupum og sölum. Þetta eru sérstakar íbúðir byggðar fyrir sérstakar þarfir manna og ég óttast að eftir að þær losna úr höndum viðkomandi bæjarfélaga geti þær farið í almennt íbúðarbrask en það var ekki ætlunin þegar þær voru byggðar. En þetta, eins og ég sagði áðan, fær allt frekari rannsókn í n. og sjálfsagt að ræða það við núverandi húsnæðismálastjórn og hvaða hátt hún telur bestan á framkvæmd málsins.

Ég endurtek þá yfirlýsingu mína að ég fagna mjög framkomu málsins og tel að þarna opnist möguleikar til mikilla umbóta í húsnæðismálum. Að sjálfsögðu er það rétt, sem á hefur verið bent í umr. nú þegar, að það hefur alltaf skort fé og sú staðreynd blasir við enn. Það voru aðeins örfá ár á síðasta áratug sem hægt var að fullnægja þörfinni skv. gildandi lögum, þó að allir vissu að það var ekki fullnæging þarfar þess fólks sem lánin fékk, heldur var einungis hægt að fullnægja hámarkslánum um nokkurra ára skeið. Ég ítreka sem sagt ánægju mína með frv. í heild, en tel að þurfi að skoða dálítið betur ákvæði 2. gr.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég hafði ekki gert mér grein fyrir því fyrr en nú í dag að þetta frv. hafði verið lagt fram og vissi ekki um að það stæði til, þannig að ég hef ekki fengið tækifæri til að athuga þetta mál náið. Við erum að sjálfsögðu eins og oft áður í stöðugum vandræðum með að fá nægilegt fjármagn til húsnæðismálanna, eins og margra annarra þátta í þjóðfélaginu. Hér er gert ráð fyrir því að húsnæðismálastjórn fái meira frjálsræði til að ákveða heildarfjárhæð sem heimilt er að veita á ári hverju til að lána út á eldra húsnæði. Þetta er sjálfsagt góðra gjalda vert og nauðsynlegt að um þetta ríki ekki mjög þröng ákvæði sem tefji starfsemi stofnunarinnar og eðlilega fyrirgreiðslu í þessum þætti. En hér er vissulega um það að ræða að það er eilíft vandamál, þegar fjármagn er af skornum skammti, hvað skal ganga fyrir, og það er nú svo að við höfum staðið í því nú á undanförnum árum að byggja eða hefja byggingu 1000 leiguíbúða. Það átti að gerast á ákveðnum árafjölda. Ekki hefur tekist að standa við þau áform og þessar framkvæmdir hafa dregist verulega aftur úr. Þær hafa ekki notið forgangs hjá húsnæðismálastjórn á svipaðan hátt og framkvæmdirnar í Breiðholti gerðu á sínum tíma. Það stendur í lögunum að heimilt sé að veita lán til byggingar leiguíbúða og er í höndum húsnæðismálastjórnar að úrskurða um hversu miklu fjármagni skuli varið til þessa þáttar. Ég á erfitt með að sætta mig við að það verði aukið fjármagn til einhverra ákveðinna þátta í íbúðalánakerfinu á kostnað þessa þáttar. Ég er þeirrar skoðunar að þetta eigi og verði að vera forgangsframkvæmdir. Húsnæðismálin hafa vissulega staðið mjög í vegi fyrir því að fólk setjist að víða úti á landi. Við sjáum mjög mörg dæmi þess að ef hægt er að útvega húsnæði fyrir fólk á hinum ýmsu stöðum, þá stendur ekki á því að fólk sest þar að, bæði heimamenn og aðrir. Ég vil því koma því á framfæri, að ég vil ekki að breyting verði á þessum lögum nema sé um leið tryggt að reynt verði að standa við þau fyrirheit sem hafa verið gefin um byggingu leiguíbúða, og koma því á framfæri, að ég tel að þetta verkefni eigi að vera forgangsverkefni þrátt fyrir að hinir þætt-

irnir séu mjög nauðsynlegir. Ég hefði talið að það kæmi til greina, að þessu orðalagi: „Heimilt er að veita lán til byggingar leiguíbúða“ væri að einhverju leyti breytt, þannig að Alþ. gæfi þar með í skyn að þetta skyldi vera forgangsverkefni sem ætti að standa við.

Varðandi breytingu þá, sem verður á 2. gr., þá er mér kunnugt um að sveitarstjórnir almennt hafa óskað eftir þessari breytingu. Ég tel hana eðlilega þótt í upphafi hafi verið hugmyndin að þetta leiguhúsnæði væri húsnæði sem fólk kæmi í og færi jafnvel úr eftir ákveðinn árafjölda, væri þar meðan það væri að koma sér fyrir í öðru húsnæði. En það verður erfitt að ráða við það. Ef viðkomandi fólk á að leigja þetta húsnæði, þá er ljóst að húsaleiga verður mjög há. Og það er einn þáttur, sem alls ekki hefur verið hugsað um þegar þessi lög voru sett á sínum tíma, að þetta fólk nýtur ekki skattfrelsinana vegna þessara greiðslna. Hins vegar ef fólkið greiðir vexti í stað leigu, þá fær það verulegar skattfrelsinanir. Þetta er mjög mikilvægt atriði sem ekki hefur verið hugsað út í, og ég er sannfærður um að það mun reynast mörgum mjög erfitt að standa skil á þessari leigu, vegna þess að það er á engan hátt tekið tillit til hennar þegar tekjuskattur er greiddur. En hins vegar ef þetta sama fólk greiðir vexti og annan kostnað þess eðlis til ríkisins eða húsnæðismálastjórnar, þá lækkar það skatta þessa fólks verulega, þannig að nettógreiðslan verður mun lægri en ef um beina leigu væri að ræða sem ætti að standa undir heildarkostnaði við viðkomandi byggingar.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. góðar undirtektir undir þetta frv.

Út af því, sem hv. 7. landsk. þm., Helgi Seljan, ræddi hér, þá vil ég undirstrika að tilgangurinn með þessu frv., 1. þess, er að auka það fjármagn sem veitt verði til lána vegna kaupa á notuðum íbúðum. Og ég vil bæta því við, að ég tel brýna nauðsyn bera til að meðaltalsupphæð þeirra lána, sem hér er um að ræða, verði hækkuð verulega.

Varðandi ræðu hv. 2. þm. Reykn., Odds Ólafssonar, þá hreyfði hann atriði sem er mjög athyglisvert, þ. e. að ellilífeyrisþegar eða gamalt fólk geti átt kost á því að fá lán til viðgerða á íbúðum sínum þótt ekki sé um öryrkja að ræða. Þetta mál var rætt nokkuð og athugað í félmrn. vegna þess að hv. þm. hafði minnst á þessa hugmynd við mig áður, en það varð niðurstaðan að gera ekki að svo stöddu í stjfrv. till. um breytingu að þessu leyti, þ. e. a. s. að rýmka eða stækka þann hóp manna sem gæti fengið þarna lán. En ég tel sjálfsagt að þetta mál verði kannað í félmn., og þá vil ég taka fram að ég tel réttlætismál að þarna verði rýmkað til og ellilífeyrisþegar eigi þess kost að komast þarna inn. En það þarf að setja þar einhverjar skorður við til þess að rýmka þessa heimild ekki óeðlilega mikið. Mér finnst sjálfsagt að þetta mál sé athugað vandlega.

Ég vil taka það fram í sambandi við G-lánin svokölluðu, að ég tel hagkvæmt fyrir þjóðarheildina að stuðlað verði að betri nýtingu eldri íbúða, og sú rýmkun, sem 1. gr. frv. gerir ráð fyrir, miðar einmitt í þá átt.

Varðandi leiguíbúðirnar hafa komið fram nokkrar aths. frá tveim hv. þm. Hv. 4. landsk. þm., Eggert G. Þorsteinsson, fagnaði 1. gr. frv. eindregið. Met ég þá yfirlýsingu mikils vegna þess mikla kunnugleika sem hv. þm. hefur á þessum málum, bæði frá sinni tíð sem félmrh. og í húsnæðismálastjórn. En varðandi leiguíbúðirnar lét hann í ljós nokkrar áhyggjur út af því að þessar íbúðir gætu lent í braski. Það er alveg rétt, að þessu þarf að huga vandlega, og ætlunin var að setja þarna nokkrar skorður við í reglugerð. Ef mönnum sýnist svo er mjög athugandi að setja það í sjálf lögin eða láta það koma fram í nál. eða á annan veg að það sé ósk og vilji nm. og þm. að setja þar skorður við um leið og þessi söluheimild er rýmkuð eftir ósk sveitarfélaganna.

Varðandi orð hv. 5. þm. Austf., Halldórs Ásgrímssonar, þá er alveg rétt að með lagabreytingunni frá 1973 um heimild til byggingar 1000 leiguíbúða sveitarfélaga átti að greiða úr mjög miklu vandamáli víða um byggðir landsins. Það voru hins vegar þeir annmarkar á þeirri lagasetningu að ekki var samtímis séð fyrir auknu fé til Byggingarsjóðs í þessu skyni. Þess vegna hefur komið upp sá mikli vandi hversu miklu fé af hinum almennu tekjum Byggingarsjóðs væri hægt að verja í þessu skyni. Ef menn vilja, eins og hv. þm. lét í ljós, láta leiguíbúðirnar hafa algeran forgang, hlýtur það að bitna á hinum almennu húsnæðismálastjórnarlánum til landsmanna yfirleitt og þá e. t. v. á verkamannabústöðum. Ég geri ráð fyrir að ekki séu allir sammála um að þessi tegund íbúða skuli hafa algeran forgang yfir allar aðrar íbúðabyggingar. Húsnæðismálastjórn mun hafa reynt að fara hér nokkuð bil beggja og gæta hófs í þeim efnum eða finna þann gullna meðalveg, veitt töluvert fé til byggingar leiguíbúða án þess að skerða um of hin almennu húsnæðislán.

En annar annmarki var sá, að þess var ekki nægilega gætt hvernig þessar 1000 leiguíbúðir féllu að hinu almenna húsnæðislánakerfi. Í því efni er sérstaklega eitt atriði sem mjög mörgum er áhyggjuefni, og það er að sums staðar hefur dregið úr byggingu verkamannabústaða eða jafnvel verið hætt við áform um byggingu verkamannabústaða vegna leiguíbúðanna. Ætla ég að margir telji það illa farið. Nú var það á s. l. sumri að skipuð var n. til að endurskoða húsnæðismálalögin og gera till. um skipan þessara mála allra í heild. Meðal þeirra verkefna, sem sú n. hefur fengið til meðferðar, eru að sjálfsögðu leiguíbúðirnar og hvernig best verði fundin leið til að greiða úr húsnæðisvandamálum ýmissa byggðarlaga, sem ætlunin var að reyna að leysa með þessu. Þessi n. mun að sjálfsögðu líka kanna hvort unnt sé að samræma þessar hugmyndir við byggingu verkamannabústaða og aðrar byggingar í landinu. Auk þess hefur þessi n. það til meðferðar hvernig hagkvæmast sé að framkvæma þann samning sem gerður var í febrúar 1974 milli verkalýðssamtakanna og þáv. ríkisstj. um byggingu íbúða á félagslegum grundvelli gegn því fyrirheiti líf-

eyrissjóða innan Alþýðusambandsins að verja á næstu árum 20% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á bréfum Byggingarsjóðs.

Ég vænti þess að hv. félmn. taki mál þetta til gaumgæfilegrar athugunar og afgreiði það jákvætt. Þau atriði, sem hér hefur verið hreyft af einstökum þm., verða að sjálfsögðu rædd í n. og ég vænti þess að hún hafi samráð bæði við félmrn. og húsnæðismálastjórn um málið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til félmn. með 12 shlj. atkv.

Orlof, frv. (þskj. 441). — 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Sumarið 1974 skipaði þáv. félmrh., Magnús T. Ólafsson, n. manna til að endurskoða gildandi lög og reglugerðir um orlof. Í þessa n. voru skipaðir þeir Snorri Jónsson framkvstj. Alþýðusambands Íslands, Ásmundur Stefánsson hagfræðingur og Guðmundur H. Garðarsson alþm., þessir þrír samkv. tilnefningu Alþýðusambands Íslands. Kristján Ragnarsson framkvstj. og Barði Friðriksson skrifstofustjóri samkv. tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, Matthías Guðmundsson póstmeistari eftir tilnefningu Pósts og síma, Skúli Pálmason hrl. samkv. tilnefningu Vinnumálasambands samvinnufélaganna og Guðmundur Karl Jónsson, þá deildarstjóri í félmrn., og var hann formaður nefndarinnar. Nefndin skilaði áliti um s. l. áramót og er þetta frv., sem hér liggur fyrir, árangur af starfi hennar.

Helstu breytingar, sem gerðar eru með þessu frv., eru í fyrsta lagi að í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir að sett verði félmrn. til aðstoðar um meðferð orlofsmála orlofsnefnd ríkisins. Starfssvið hennar er m. a. að afgreiða kvartanir frá launþegum og vinnuveitendum sem kynnu að telja sig misrétti beitta samkv. lögunum. Orlofsnefndin á að hafa umsjón með framkvæmd orlofslaganna, eftirlit með útborgun og ávöxtun orlofsfjár, gera till. um vexti samkv. 12. gr. laganna og úthluta fé úr orlofssjóði samkv. 14. gr. til orlofsmála. Í þessari orlofsnefnd eigi sæti 7 menn skipaðir til fjögurra ára í senn, þrír eftir tilnefningu Alþýðusambandsins, tveir eftir tilnefningu Vinnuveitendasambandsins, einn eftir tilnefningu Vinnumálasambands samvinnufélaga og einn án tilnefningar, en n. kýs sér sjálf formann. Sú n., sem fjallaði um málið, taldi að æskilegt væri að koma þannig á fót samstarfsaðila milli fulltrúa launþega og vinnuveitenda til að fjalla um þessi mál og fylgjast með þeim.

Önnur breyting er varðandi orlofsárið og er fjallað um það í 4. gr. Orlofsárið hefur verið frá 1. maí til 30. apríl, en n. leggur til að því sé breytt um einn mánuð, þannig að það skuli byrja 1. apríl og enda 31 mars. Ástæðan er sú, að æskilegt þykir að veita framkvæmdaaðila orlofskerfisins tíma til þess að annast nauðsynlega skýrsluvélavinnu við uppgjör orlofsársins og útsendingu orlofsávísana. En samkv. 5. gr. er svo orlofstímabilið, sem svo er kallað, fært fram um hálfan mánuð, þannig að með þessu myndast eins og hálfs mánaðar tímabil frá því að orlofsárinu lýkur og þar til orlofstaka hefst. Þetta er talinn nauðsynlegur vinnslutími fyrir þann aðila sem sér um framkvæmd þessara mála.

Þá er gert ráð fyrir því í 5. gr. frv., 4. mgr., að samkomulag um skemmri tíma en 21 orlofsdag á orlofstímabilinu skuli skapa launþega rétt til orlofsuppbótar í formi viðbótarorlofsdaga eða orlofsgreiðslu. Hér er haft í huga vetrarorlof, þannig að ef samkomulag yrði milli vinnuveitenda og launþega um að starfsmaður tæki orlof sitt að einhverju leyti að vetrinum, þá kæmi það launþega til góða með einhverri uppbót. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir því að launþegi geti sjálfur ákveðið slíkt, heldur þurfi um það samkomulag milli aðilanna. Er enginn vafi á því að í ýmsum starfsgreinum er hagkvæmt að dreifa þannig orlofstöku og er hér opnaður möguleiki til að gera samkomulag um slíkt og jafnvel og leið til að hvetja launþega til að taka orlof að einhverju leyti á öðrum tíma en þeim hefðbundna.

Þá er ákveðið í þessu frv. að vextir skuli reiknaðir af orlofsfé. Er ákvæði um það í 12. gr. frv., en gert ráð fyrir að nánari ákvæði verði sett um það í reglugerð eftir að orlofsnefnd ríkisins hefur um það fjallað og gert till. þar um. Það er gert ráð fyrir að launþegi fái greidda vexti sem svari mismun á innlánsvöxtum og þeim kostnaði sem við það er að standa undir rekstri kerfisins.

Þá er gert ráð fyrir að lengja fyrningarfrest orlofs úr einu ári í tvö ár og enn fremur ákveðið að fyrnt orlofsfé skuli renna í sérstakan orlofssjóð. Um það eru ákvæði í 14. gr. frv. að orlofssjóðinn skal nota til hagsbóta fyrir orlofsþega og verður eitt af verkefnum orlofsnefndar að fjalla um það mál.

Ég ætla að hér hafi verið raktar helstu breytingar sem undirbúningsnefndin leggur til að gerðar verði á núgildandi lögum. Um þessi atriði var samstaða í þessari n., sem var, eins og ég gat um, skipuð fulltrúum frá aðilum vinnumarkaðarins.

Ég legg til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til félmn. með 15 shlj. atkv.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins o. fl., frv. (þskj. 442). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Eins og skýrt er frá í aths. með frv., er flutningur þess eins og það er strangt til tekið ekki alveg bráðnauðsynlegur, sbr. þó 3. gr. frv. En með l. nr. 5 frá 13. febr. 1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, eru öll þau útflutningsgjaldaákvæði, sem um getur í fyrstu fimm gr. þessa frv., numin úr þeim lögum, sem þar eru tilgreind, og tekin inn í nýju útflutningsgjaldalögin. Þessu frv. er ætlað að fylla upp í þær eyður sem þannig hafa myndast í umræddum

lögum og þykir þetta bæði smekklegra, skýrara og eðlilegra, sérstaklega ef lög þessi eru eða verða prentuð og skoðuð í heild.

Til þess að skýra þetta nánar má taka lög nr. 80 frá 1971, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins sem dæmi. Eins og þau lög líta út eftir gildistöku hinna nýju útflutningsgjaldalaga er þar enga 16. gr. að finna og 9. gr. byrjar á tölul. 2. Þetta gerir e. t. v. ekkert til, en mun smekklegra þykir þó að ákvæði laganna fái aftur eðlilega tölu eða eðlilega númeraröð með því að setja inn á þessum tveimur stöðum einfalda tilvísun í útflutningsgjaldalögin eins og lagt er til með þessu frv.

Við samningu útflutningsgjaldalaganna var íhuguð sú leið að breyta ákvæðum hinna ýmsu laga, sem frv. þetta fjallar um, í stað þess að fella þau úr gildi eins og gert var. Niðurstaða þeirrar íhugunar varð sú að skýrara væri að fara þá leið sem farin var, þ. e. að fella ákvæðin fyrst úr gildi og bera svo fram þetta frv. Í þessu frv. er hins vegar stefnt að því að hafa orðalag sem skýrast og einfaldast og þess vegna segir einfaldlega í 1. gr., að 1. tl. 1. mgr. 9. gr. l. nr. 80/1971 orðist svo: „Tekjur af útflutningsgjaldi samkv. lögum."

Þótt þetta frv. sé aðallega formlegs eðlis, þá er þó að finna efnisákvæði sem nauðsynlegt þykir að sett verði í lög. Hér er um að ræða ákvæði 3. gr. frv. og vísast til aths. um það, en þar segir m. a. að með lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum var c-liður gr. varðandi Fiskveiðasjóð felldur niður og 1% gjaldið þar með fellt inn í lög um útflutningsgjald. Eftir stendur því d-liður um framlag ríkissjóðs, og þar sem ekki er ætlunin að fella hann niður, þá verður að breyta orðalagi hans, því að eins og áður segir vísar hann aðeins til c-liðar um jafnhátt framlag í ríkissjóð. M. ö. o.: þetta frv. er fyrst og fremst nokkurs konar hreingerningarfrv. á öllum þeim fjölda frv., sem áður voru í gildi, og er flutt til þess að einfalda framkvæmd þessara mála.

Herra forseti. Ég vil svo leggja til að frv. verði vísað til hv. sjútvn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til sjútvrn. með 14 shlj. atkv.

Upptaka ólöglegs sjávarafla, frv. (þskj. 443). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Frv. þetta hefur að geyma nýmæli sem stjórnun veiða á undanförnum árum þykir sýna að fullkomlega tímabært eða öllu frekar bráðnauðsynlegt sé að setja í lög. Að vísu er að finna ákvæði um upptöku afla í botnvörpulögunum frá 1973. Samkv. þeim er hægt að beita upptöku afla vegna brota á veiðireglum sem settar eru með stoð í þeim lögum. Þetta á þó aðeins við ef um ítrekað brot er að ræða, og það verður að teljast alveg ófullnægjandi í því tilfelli t. d. að bát sé settur ákveðinn hámarksveiðikvóti. Þá getur hæglega komið fyrir að báturinn fari í veiðiferð eigandi eftir aðeins nokkur eða nokkra tugi tonna af sínum aflakvóta. Síðan kemur báturinn inn með fullfermi og fer þar með langt fram úr kvóta sínum. Hér er aðeins um eitt brot að ræða og því ekki hægt að beita upptöku afla um það sem umfram kvótanum nemur. Hagnaðurinn, sem viðkomandi hefur af þessum umframafla, getur hins vegar farið langt fram úr þeirri sektargreiðslu sem hægt yrði að dæma hann í.

Eins og fyrr greinir, á þetta við um veiðireglur sem settar eru samkv. botnvörpulögunum. Brot á veiðireglum eða veiðileyfum, sem eiga sér stoð í öðrum lögum, eins og t. d. landgrunnslögunum frá 1948, geta alls ekki varðað upptöku afla samkv. gildandi lögum. Þetta þykir alveg óviðunandi og vísast um slík brot til þess er segir í aths. frv. um brot síldveiðibátanna á s. l. hausti. En þar segir:

Eins og kunnugt er var hámarksafli sá, sem hver bátur mátti veiða, 215 tonn síldar. Margir síldarbátanna fiskuðu mun meira en þessum kvóta nam, mismunandi mikið, en allt upp í 144 tonn fram yfir kvótann. Brúttóverðmæti umframafla þess báts miðað við að allt hafi farið í 1. flokk mun nema um 5 millj. 760 þús. kr. Ekki er vitað til þess að neinn af skipstjórum þeim, sem kærðir voru fyrir að hafa brotið þessa reglu um hámarkssíldarafla, hafi enn hlotið sektardóm, en samkv. l. nr. 44 5. apríl 1948 er ekki unnt að dæma þá í meir en 1 millj. kr. sekt, þannig að ljóst er að sumir hafa hagnast mjög verulega á þessum brotum. Þetta þykir alls ekki viðunandi og heldur ekki að menn geti greitt sektir að öllu eða nokkru leyti með ólöglega fengnum afla. Þess vegna er lagt til í frv. þessu að „ólöglegur sjávarafli" skuli gerður upptækur."

Þær upptökuheimildir, sem felast í þessu frv., eru nýmæli sem þykir nauðsynlegt að setja. Þau nýmæli, sem felast í 2.—4. gr. frv., þykja einnig nauðsynleg og gefa jafnframt tilefni til sérstakra skýringa því að hér er farið inn á alveg nýjar brautir hvað snertir aðferðina við að beita upptöku afla. Samkv. gildandi lögum eru slíkar aðgerðir vegna brota á veiðireglum eingöngu í höndum dómstóla, en hér er lagt til að framkvæmdavaldinu eða nánar tiltekið ráðh. verði fengið slíkt vald í hendur. Þetta er því nýmæli, enda þótt framkvæmdavaldið hafi á sumum öðrum sviðum vald til ákvarðana sem telja má svipaðs eðlis. Það er skýrt tekið fram í aths. með frv., að með því að fela ráðh. vald til upptöku ólöglegs sjávarafla er ekki verið að taka slík mál undan forræði dómstóla, enda gerir frv. ráð fyrir að öllum slíkum ákvörðunum ráðh. megi vísa til meðferðar sakadóms. Það, sem telja verður að vinnist með því að heimila ráðh. upptöku ólöglegs sjávarafla, er fyrst og fremst að þetta ætti að gera slík mál mun þjálli og einfaldari í meðförum og þar með flýta afgreiðslu þeirra, auk þess sem með þessu væri væntanlega létt af dómstólum mörgum málum sem enginn ágreiningur væri um og ætti þess vegna að vera óþarfi að láta ganga þá leið aðeins fordæmisins vegna.

Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að gert er ráð fyrir því að ólöglegur sjávarafli verði gerður upptækur óháð því hvort um refsiverðan verknað er að ræða, og mælir það auðvitað frekar með því að ráðh. láti annast framkvæmdina. Til frekari útskýringar á þessu má t. d. nefna að erfitt getur verið að sanna að um sök sé að ræða hjá skipstjóra sem farið hefur aðeins fram úr kvóta sínum eða landar fiski sem er aðeins undir gildandi reglum um lágmarksstærðir. Í slíkum tilfellum er e. t. v. ekki efni til að dæma skipstjóra til refsingar, en á hinn bóginn þykir ekki rétt að láta hann hagnast á því að landa slíkum afla, jafnvel þótt í smáu væri. Um það, hve mikill hluti afla væri þannig ólöglegur, ætti sjaldnast að vera ágreiningur og ætti því að vera óþarfi að láta slík mál fá ítarlega dómstólameðferð, eins og ég sagði áðan. Að öðru leyti vísa ég til aths. með frv.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. vil ég leggja til að þessu frv. verði vísað til sjútvn.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Eins og hæstv. ráðh. hefur gert grein fyrir, þá þykir tímabært að setja um það reglur hvernig með skuli fara þegar upplýst er um að afli er tekinn umfram sett veiðimagn eða með öðrum hætti sem brýtur í bága við veitt leyfi eða settar reglur. Þetta út af fyrir sig er rétt, svo langt sem það nær. En ég stend hér upp til að vekja athygli á því, að það er *mín skoðun og ég held* margra fleiri að miklu vænlegra og skemmtilegra hefði verið að sjá þetta ákvæði í heildarlöggjöf um hagnýtingu fiskveiðilögsögunnar allrar.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að hæstv. ráðh. skipaði n. manna fyrir rúmlega ári til að athuga þetta mál, og það voru fulltrúar ákveðinna samtaka fyrst og fremst sem unnu undirbúningsvinnu í því efni. Síðan tilnefndu þingflokkarnir menn í nefnd í sept. s. l. til að vinna með þessari fyrstu n. í málinu, og þessi stærri n. skilaði síðan uppkasti að frv. í hendur ráðh. fyrir rúmlega mánuði.

Einmitt það ákvæði, sem þetta frv. fjallar um, var rækilega rætt í þessari n. ásamt mörgu, mörgu fleiru. Í 1. gr. þessa frv., lið 1, segir: „Ólöglegur sjávarafli er sá afli eða hluti afla sem ekki nær lágmarksstærð þeirri sem ákveðin er í lögum, reglugerðum eða sérstökum veiðileyfum.“ Það má ekki koma með hann að landi. En númer eitt er að drepa hann aldrei, koma í veg fyrir það, og til þess þurfum við löggjöf. Það er forsendan að það má ekki drepa þennan smáa fisk.

Ég ætla ekki að fara að tíunda þau átök, sem rn. hefur átt við að stríða varðandi smáfiskadrápið á vissum svæðum nú undanfarið, og svo yfirlýsingar skipstjórnarmanna, sem ganga fram af mér, og þau síðferðivottorð, sem þeir gefa sjálfum sér. Þegar það er vitað mál að verulegt smáfiskadráp á sér stað, þá er auðvitað höfuðsök að standa að slíku og ætti að vera sektarhæft.

Það kom fram í n., sem ég ræddi um áðan, og ég er viss um að ég segi þar satt frá, að margir — ég vil ekki fullyrða allir, en margir þessara nm. töldu rétt skref til að veita aðhald að fyrirskipa að allur afli, sem kæmi í fiskiskip, skyldi settur á land, en þá getum við líka haft þau ákvæði sem í þessu frv. eru, að aflinn, sem ólöglega er tekinn, skuli vera upptökuhæfur sé hann undir ákveðinni stærð. En spurningin er hvernig eigi að sekta menn. Á verðmæti aflans að fara í ríkissjóð, ef það verður eitthvað, eða renna t. d. til landhelgisgæslunnar? Ég segi: ef það verðmæti er eitthvað. Nú eru auðvitað verðmæti í fiski sem er 40 cm. Það er búið að drepa fiskinn og það jafnvel í hundruðum tonna, en honum er hent fyrir borð. Því miður eru fiskiskip okkar ekki svo hlaðin afla í dag að ástæða sé til að óttast að þau hafi ekki rými fyrir þann fisk sem þau fá með eðlilegu móti þó að þeim verði gert að hirða kannske 2% af afla eða 10% af smáfiski eftir atvikum. En mjög mikilvægt ákvæði er að þau *hafi engan hag af því* með nokkru móti að vera í smáfiski. Og það er viðleitni hæstv. ráðh. og hefur margsinnis komið fram að hann ætlar allra manna síst að stuðla að slíku, og það er ég honum þakklátur fyrir.

Síðan er hitt vandamálið sem hæstv. ráðh. drap réttilega á og hlýtur að verða tekið hörðum höndum, að menn geti ekki hagnast á því að brjóta lög og reglugerðir. Þess vegna á þetta frv. í sjálfu sér rétt á sér. En ég vil fyrst og fremst vekja athygli á því, að miklu geðþekkara hefði verið og ég reikna með að það hefði verið það frá hendi hæstv. ráðh. ef þetta hefði getað birst allt samtímis og við sæjum heildarmyndina í einu. En því miður hefur það ekki tekist, en ég vil mega undirstrika að það verði sem allra fyrst að heildarfrv. um hagnýtingu fiskveiðilögsögunnar sjái hér dagsins ljós. Ég skil ekki þann drátt sem hefur orðið á því máli öllu saman. Ég skil hann ekki. Að mínu mati var hægt að leggja það frv. fram fyrir mörgum vikum, jafnvel mánuðum. En um það eru harðar deilur og fer mjög eftir aðstæðum manna hringinn í kringum allt landið. Það er þess vegna viðkvæmt mál og kannske vænlegast að ná sem mest sættum áður en það kemur inn í þingið og það sé vel kynnt í þingflokkum. Það hefur nú þegar komist að hluta á það stig. En ég held að okkur sé einungis sómi í því að sýna málið í einni heild og að undirstrika það að *löggjöfin* verður að vera með *þeim* hætti að smáfiskadráp sé refsivert að öllu leyti og enginn ávinningur geti komið út úr slíku — ekki með nokkru móti.

Að öðru leyti tel ég efni þessa frv. eiga rétt á sér og lýsi samstöðu minni um það efnislega, en ég vildi aðeins vekja athygli á því, að ég tel að þetta hefði átt að vera einn þáttur í heildarlöggjöf um hagnýtingu og meðferð á afla okkar Íslendinga eftir að við höfum fært út í 200 mílur, og við lítum svo á, held ég, að við höfum umráð yfir því svæði öllu innan skamms.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég býst við, að flestir hv. dm. geri sér grein fyrir nauðsyn þessa frv. sem hæstv. sjútvrh. hefur lagt hér fram. Tilefni eru ýmis, ástæður ýmiss konar, en þó ætla ég að tilefnin séu brýnust frá s. l. hausti þegar freklega voru brotin reglugerðarákvæði varðandi kvóta við síldveiðarnar hér suðvestanlands.

Ég tel að þetta frv. sé góðra gjalda vert, það sé nauðsynlegt. Að vísu kemur til álita hvort veita beri ráðh. vald til þess að úrskurða og framkvæma upptöku verðmæta á þennan hátt, — kemur til álita með hvaða hætti slíkt yrði gert. Ég áskil mér, eins og að líkum lætur, rétt til þess að hugleiða þau atriði nánar í n. Það breytir ekki eðli málsins því frv. er þarft.

Ég tek undir það sem hv. þm. Jón Árm. Héðinsson sagði varðandi fisk undir lágmarksstærð, undir þeirri stærð sem veiða má og kveðið er á um nú að henda skuli í sjóinn. Ég er eindregið þeirrar skoðunar að hið gagnstæða ætti að vera reglan, það væri óleyfilegt að henda í sjóinn nokkrum dauðum fiski sem um borð kemur. Einmitt þetta atriði, að aflinn, þeir fiskar, sem drepnir eru, séu færðir í land, gerir okkur kleift að hafa eftirlit með veiðunum, að trúnaðarmenn hins opinbera geti með þeim hætti fylgst með því hvers konar fiskur það er sem drepinn er. Það er á almannavitorði að við höfum verið að fleygja nú undanfarna mánuði allt að því helmingi af þorski og ýsu sem hafa verið drepin á vissum slóðum hérna kringum landið. Það hefur verið um þetta deila, jag á milli forustumanna hafrannsókna og fiskiskipstjóra, eiginlega óviðurkvæmileg á köflum. En það hefur ekki þurft ítarlegri rannsókn til þess að sannfæra mig um þetta heldur en þá sem ég hef sjálfur getað framkvæmt með viðtölum við kunningja mína á þessum fiskiskipum — til þess að sannfæra mig um að þarna hefur átt sér stað sóðaaðferð í fiskveiðum á þessum slóðum, samtímis því sem við hér á hv. Alþingi höldum uppi miklu hjali um nauðsyn fiskverndar og raunar fleiri aðilar heldur en hv. þm.

Frv. um hagnýtingu fiskstofnanna eða fiskislóðarinnar hjá okkur er annað mál. Ég ætla að það sé ekki fjarri lagi, sem hv. þm. Jón Árm. Héðinsson sagði, að þar ættu ákvæði á þessa lund að standa. Ég er aftur á móti þeirrar skoðunar að okkur beri ekki að ýta svo mjög á eftir því máli í gegnum þingið. Ég segi fyrir mig að ég vildi gjarnan fá ærinn tíma til þess að kynna það mál í mínu kjördæmi, Norðurlandskjördæmi eystra, fyrir fiskimönnum þar áður en það væri tekið til endanlegrar afgreiðslu. Eg vona a. m. k. að það verði unnið svo varlega að því máli að ráðh. þurfi á heimild að halda eins og þeirri sem ráðgerð er í þessu frv. áður en hitt er komið endanlega í gegnum þingið.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af athugasemdum hv. tveggja þm. sem hafa tekið þessu frv. mjög vinsamlega.

Út af þeirri athugasemd, sem kom fram hjá hv. 1. landsk. þm. og hv. 5. þm. Norðurl. e. tók undir, að þetta frv. gæti verið í heildarfrv. um fiskveiðilögsöguna, þá vil ég aðeins benda þeim og öðrum hv. þm. á að frv. um nýtingu fiskveiðilögsögunnar er afmarkað við 200 mílna fiskveiðilögsögu, en þetta frv. er afmarkað við allan ólöglegan sjávarafla sem íslenskt skip kemur með að landi. Þess vegna gæti eftir því frv., sem á aðeins að ná til 200 mílna fiskveiðilögsögu, oft komið upp að menn segðu: Ég var þarna og þarna. Þess vegna töldum við í rn. nauðsynlegt að hafa sjálfstætt frv. til þess að ná þessum ákvæðum öllum, og ég veit að þm. fallast á þetta sjónarmið.

Í sambandi við athugasemd hv. 5. þm. Norðurl. e. að það sé vafasamt hvort eigi að gefa ráðh. slíka heimild, þá notar vitaskuld enginn ráðh. sjálfur slíka heimild. Hann fer eftir sínum ráðgjöfum í rn. og ráðh. hefur ekkert endanlegt úrskurðarvald um þetta. Þó að hann úrskurði getur hver sá sem telur að rn. hafi beitt hann óréttri kært til meðferðar dómstóla. Það verður auðvitað að vera hið æðsta stjórnvald í þessum efnum sem hefur vald til að taka þessa ákvörðun, en hins vegar á svo einstaklingurinn rétt á að fá slíkum úrskurði hnekkt fyrir dómstólunum. Það er aðeins verið að koma hér í veg fyrir að menn geti þénað á lögbrotum, og það er mjög ríkur vilji hjá mér að koma í veg fyrir það.

Það er alveg rétt, sem kom fram hjá síðari ræðumanni, að eins og síldveiðarnar gengu til í fyrra, þá hitnaði okkur afar mikið í skapi og við viljum alls ekki að slík meðferð endurtaki sig. Og sama er að segja um allan afla. Eftir því sem ég hugsa meira um smáfiskadráp, þá er ég alltaf að komast nær þeirri skoðun sem réttri að það eigi að skylda öll skip að koma með þann fisk að landi sem drepinn er. Ég held að það sé í raun og veru æðimikil refsing á hvern þann mann, sem drepur ólöglega fisk, að að verða koma með hann að landi og síðan sé þessi afli gerður upptækur. Ég held að það sé töluvert meiri refsing heldur en einhver sektarákvæði sem menn lenda þá í í eitt skipti af 50 eða 100, þess vegna held ég að þetta sé sú lausn sem við eyjum helsta til þess að koma í veg fyrir þennan andstyggilega verknað á sama tíma við erum að kvarta og kveina undan minnkandi fiskgengd, sem rétt er.

Út af frv. um nýtingu fiskveiðilögsögunnar sagði hv. 1. landsk. þm. að hann hefði talið að það hefði átt að vera búið að flytja þetta frv. fyrir nokkrum mánuðum. Ég held að það sé röskur mánuður síðan málið kom frá fiskveiðilaganefndinni og ég skal taka alveg á mig þá sök að frv. er ekki komið fram enn þá. Ég tel það skyldu mína sem sjútvrh. að reyna að ná eins víðtæku samstarfi og hægt er við þá þm. sem hafa unnið að undirbúningi þessa máls, og það eru menn úr öllum flokkum þingsins. Ætlun mín er sú, að þegar náðst hefur samkomulag um allt sem við getum kallað stefnumörkun í þessu máli, þá verði þetta frv. flutt af þm. úr öllum flokkum, en ekki sem stjórnarfrv. Það hefur verið gert áður um frv. sama efnis. Þrátt fyrir það að fiskveiðilaganefndin hefur skilað af sér er enn þá nokkur ágreiningur sem ég vil gera ítrustu tilraun til þess að jafna. Það fær enginn allt það sem hann vill sjálfur. Við verðum að leita víðtæks samstarfs í sambandi við frv. Hitt verður svo að ráðast, þegar frv. er komið inn á Alþ., að það geta komið fram till. frá hinum ýmsu héruðum og þingmönnum úr einstökum kjördæmum og þá verður bara að ráða atkvgr. um þær till. Höfuðatriði málsins er að þetta frv. fari í gegn, ekki endilega á þessu þingi. Ég tel mjög æskilegt að það fari í gegn á þessu þingi nema þm. séu almennt á því að frv. eigi ekki að afgreiða af því að það kemur

svo seint fram. Það gerðist líka fyrir þremur árum, þá féllst þáv. sjútvrh. á að láta frv. daga uppi á því þingi. Ég segi fyrir mitt leyti, að ég ætla hvorki að lýsa yfir einu eða öðru í þeim efnum. Ég ætla ekki að berjast eins og ljón fyrir því að frv. verði afgreitt ef það kemur fram mjög ákveðinn vilji þm. að lögfesta það ekki á þessu þingi, þó að ég telji það hins vegar mjög æskilegt.

Þetta mál verður sennilega til umr. síðar svo að ég ætla ekki að orðlengja frekar um það. Ég vildi aðeins að þetta kæmi fram í sambandi við þessar athugasemdir, en ég vona að eftir að ég hef gefið þessa skýringu séu þm. á eitt sáttir um nauðsyn þess að þetta frv. nái fram að ganga.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til sjútvn. með 14 shlj. atkv.

Veiðar utan fiskveiðilandhelgi, frv. (þskj. 444). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Að þessu frv. um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands ætti ekki að þurfa að eyða mörgum orðum. Það er í samræmi við skoðanir okkar íslendinga og aðgerðir í hafréttarmálum að einstök ríki verði að geta haft hemil á eða stjórnað veiðum þegna sinna á fjarlægum miðum fram yfir það sem byggt er á viðurkenndum alþjóðasamþykktum. Íslensk stjórnvöld hafa í dag ekki vald til stjórnunar veiða íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelginnar nema til grundvallar liggi gild alþjóðasamþykkt sem Ísland er aðili að. Ber orðið brýna nauðsyn til að rýmka heimildir til stjórnunar veiða íslenskra skipa utan landhelgi og kemur þar tvennt til. Annars vegar getur verið að íslendingar vilji eða þurfi að ganga lengra í takmörkun veiða en alþjóðasamþykktir gera ráð fyrir, og hins vegar getur og hefur komið upp sú staða að íslendingar geti ekki samþykkt tilteknar reglur sem alþjóðanefndir setja, en vilji samt halda uppi veiðum og takmarka þær þá sjálfir.

Sem dæmi um hið fyrrnefnda má nefna síldveiðarnar í Norðursjó. Íslendingar hafa að ýmsu leyti viljað ganga lengra til takmörkunar þessara veiða en Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndin hefur viljað samþykkja, og eins hafa danir sett ýmis skilyrði fyrir löndunarréttindum í Danmörku sem horfa til takmörkunar veiðanna umfram það sem Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndin hefur samþykkt. Eins og fyrr segir, er ekki lagaheimild fyrir hendi til þess að takmarka eða stjórna veiðum íslenskra síldarbáta í Norðursjó í samræmi við þetta. En vegna góðrar samvinnu við útgerðarmenn og skipstjóra íslensku bátanna og við Landssamband ísl. útvegsmanna hefur þetta blessast til þessa. Þó hafa komið upp tilvik þar sem tilfinnanlega hefur komið í ljós skortur á lagaheimild til að setja bátunum veiðireglur.

Sem dæmi um alþjóðasamþykkt, sem íslendingar hafa ekki talið sig geta samþ., má nefna samþykkt Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar um loðnukvóta við Nýfundnaland og skiptingu hans á milli þjóða. Íslendingar hafa getað fallist á ákvæði um heimakvóta á þessu svæði, en hins vegar hefur engan veginn verið hægt að samþ. skiptingu hans milli aðildarríkja. Skiptingu þessari var þannig háttað að nánast öllum kvótanum var skipt upp á milli norðmanna og rússa, einungis vegna þess að þessar tvær fiksveiðiþjóðir urðu fyrstar til þess að fara að veiða loðnu á þessu svæði fyrir u. þ. b. 3—4 árum. Íslendingar byrjuðu þarna veiðar í fyrra og hefðu, ef þeir hefðu verið bundnir af samþykktinni, aðeins mátt veiða þarna 5. þús. tonn af loðnu. Nótaskipið Sigurður héðan úr Reykjavík veiddi þarna rúmlega 15 þús. tonn af loðnu í fyrra, og það er líklegt að fleiri íslensk nótaskip vilji reyna þessar veiðar á komandi sumri. Líklega eru allir sammála um hve brýnt það er að finna þessum skipum verkefni, og við íslendingar teljum að við eigum að hafa fullan rétt á því að keppa við rússa og norðmenn í þessum veiðum úti fyrir strönd Kanada þótt þessar tvær þjóðir hafi byrjað veiðarnar tveim árum á undan okkur. Við verðum þó að geta haft stjórn á veiðum okkar þarna, bæði vegna þess að við viljum auðvitað ekki að farið verði yfir þann heildarkvóta, sem vísindamenn mæla með, og eins erum við að sjálfsögðu reiðubúnir til þess að taka tillit til óska strandríkisins Kanada ef það skyldi síðar meir vilja auka hlutdeild sína í þessum veiðum á kostnað annarra þjóða og þ. á m. okkar Íslendinga.

Af þessum tveimur dæmum ætti að vera ljóst hve brýn nauðsyn er á því að frv. þetta verði samþ., auk þess sem ég vísa til þess sem segir í athugasemdum. Þá ber þess að geta, að eftirlit með því að haldnar séu reglur um veiðar í fiskveiðilandhelginni getur orðið erfitt ef ekki er hægt að setja sams konar reglur um veiðar utan landhelginnar. Íslendingar hafa t. d. strangari reglur um lágmarksstærðir fisktegunda og um möskvastærðir botnvörpu en ákvæði alþjóðasamþykkta eru um sama efni. Þess vegna þykir nauðsynlegt vegna eftirlits og eðli málsins samkvæmt að íslensk skip séu háð sömu reglum að þessu leyti, hvort heldur þau veiða innan eða utan íslenskrar fiskveiðilandhelgi.

Ég vil svo, herra forseti, leggja til að þessu frv verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Gleraugnafræðingar og sjónfræðingar, frv. (þskj. 449). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það frv., sem hér er nú lagt fram, hefur verið alllengi í smíðum. Engin löggjöf hefur verið hér á landi um það efni sem frv. fjallar um, og þótti því tímabært að setja lög um réttindi og skyldur þeirra, sem framleiða og selja sjónhjálpartæki, og reyna með því móti að stuðla að því að þeir, sem slíkra tækja þurfa með, fái hverju sinni sem besta þjónustu.

Við gerð þessa frv. hefur verið annars vegar haft til hliðsjónar það sem tíðkast á Norðurlöndum, hins vegar hefur verið tekið tillit til þeirra ábendinga sem komið hafa frá þeim aðilum sem málið hefur verið sent til umsagnar, en það eru m. a. Félag gleraugnaverslana á Íslandi, Optikerafélag Íslands og ráðunautar þess, Páll S. Pálsson hrl., Ólafur Ólafsson landlæknir og Guðmundur Björnsson yfirlæknir augndeildar Landakotsspítala. Yfirleitt hafa umsagnir þessara aðila verið á þann veg að rétt væri og nauðsynlegt að setja lög um þessi efni, en að sjálfsögðu hefur menn nokkuð greint á um hvernig slík lög ættu að vera.

Hingað til hefur ekkert í íslenskri löggjöf hindrað það að gleraugnafræðingar gætu afgreitt gleraugu eftir eigin mælingu. Hins vegar hefur yfirleitt sú hefð skapast að þeir gerðu það ekki og afgreiddu gleraugu eftir mælingu læknis. Í álitsgerð sinni hendir Guðmundur Björnsson augnlæknir á kosti þess, að læknar einir geri sjónmælingu og gefi út ávísun á gleraugu, og mælir á móti því að frá þessari hefð verði vikið. Í frv. er hins vegar valin sú leið að gera greinarmun á gleraugnafræðingum og sjónfræðingum og gefa sjónfræðingum heimild til að framleiða og selja sjónhjálpartæki eftir eigin sjónmælingu á sjúklingi með ákveðnum takmörkunum sem raktar eru í 5. gr. frv. Vafalaust er að þessi ákvæði frv. eru líklegust til að valda deilum, og vænti ég þess að þau verði rædd ítarlega þegar frv. verður tekið til athugunar í nefnd.

Um einstakar gr. þessa frv. er annars það að segja, að í 1. gr. er gert ráð fyrir því að til þess að mega kalla sig gleraugnafræðing eða sjónfræðing og starfa sem slíkur þurfi leyfi heilbrrh. Hér eru tekin upp orðin gleraugnafræðingur fyrir orðið optiker og sjónfræðingur fyrir orðið optometrist.

Í 2. gr. er gert ráð fyrir því að þeim einum megi veita leyfi sem lokið hefur prófi frá skóla sem er viðurkenndur af íslenskum yfirvöldum og gegnir þar sama máli um gleraugnafræðinga og sjónfræðinga.

Í 3. gr. er gert ráð fyrir því, eins og venja er þegar lög eru sett um ákveðnar starfsstéttir, að tekið sé sérstakt tillit til starfsreynslu þeirra sem að þessu starfa þegar lög eru sett. Er hér gert ráð fyrir því að heimilt sé að veita manni, sem hefur a. m. k. 5 ára starfsreynslu að baki sem gleraugnafræðingur, gengur undir hæfnispróf og fær meðmæli landlæknis, heimild til þess að kalla sig gleraugnafræðing og starfa sem slíkur. Hins vegar er ekki slík heimild fyrir hendi í sambandi við sjónfræðinga.

Í 4. gr. eru ákvæði um það að framleiðsla og sala sjónhjálpartækja, og er þar bæði átt við gleraugu og snertilinsur, sé óheimil öðrum en þeim, sem hafa starfsréttindi samkv. þessum lögum, eða þeim sem hafa í þjónustu sinni gleraugnafræðing eða sjónfræðing með full réttindi. Þetta ákvæði er sjálfsagt til þess að fyrirbyggja að sala og meðferð gleraugna og snertilinsna sé í höndum annarra en þeirra sem fulla menntun hafa til að framleiða þau.

Í 5. gr eru ákvæði þess efnis að framleiðsla og sala sjónhjálpartækja sé einungis heimil gleraugnafræðingum eftir fyrirsögn augnlækna, en hins vegar megi sjónfræðingar, euk þess sem þeir geti framleitt og selt sjónhjálpartæki eftir fyrirsögn augnlæknis, selja slík tæki eftir eigin sjónmælingu með takmörkunum sem taldar eru upp í átta liðum í þessari grein. Þessar takmarkanir ætla ég ekki að ræða nánar, en hér hefur verið reynt að fylgja þeim reglum sem gilda á Norðurlöndum í dag.

Um lokagrein frv. get ég verið fáorður. Gert er ráð fyrir því að eftir því sem við getur átt gildi ákvæði læknalaga um þessa starfsemi heilbrigðisþjónustunnar eins og aðra og sömu viðurlög gildi um brot í starfi.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns, er hér um nýmæli að ræða í lagasmíð. Hins vegar er hér um að ræða málefni sem tímabært er orðið að setja löggjöf um. Ég vænti því þess að þetta frv. fái góðar undirtektir og skjóta afgreiðslu á Alþ., og legg til að því verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 11 shlj. atkv.

Lyfsölulög, frv. (þskj. 450). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til 1. umr., er fyrsti áfangi að endurskoðun lyfsölulaga, nr. 30 frá 1963. Sú löggjöf var að verulegu leyti samin með hliðsjón af þágildandi lyfjalöggjöf nágrannaþjóða okkar og var einkum tekið mið af dönsku lyfsölulögunum frá árinu 1955. Sum ákvæði þessarar dönsku lyfjalöggjafar voru þó að stofni til mun eldri. Þess skal og getið að 1. jan. s. l. tók gildi ný lyfjalöggjöf í Danmörku sem hefur verið í undirbúningi í nokkur ár. Hér er vikið að þessari nýju lagasetningu dana þar eð endurskoðun þeirra sem og annarra Norðurlandaþjóða á lyfjalöggjöf sinni tengist endurskoðun á okkar eigin löggjöf með því að undirritaður hefur verið samningur um norrænt samstarf á sviði lyfjamála. Til þess að annast þetta samstarf var stofnuð frá og með 1. jan. 1975 norræn lyfjanefnd sem m. a. á að leitast við að samræma opinbera stefnu og framkvæmd í lyfjamálum landanna.

M. a. með tilliti til þess, sem hér hefur verið greint frá, þarf að mati sérfróðra aðila að vinna markvisst að breytingum á hinum almennu þáttum lyfsölulaga. Er hér átt við þá þætti er almennt lúta að faglegum kröfum til lyfja og eftirliti með framkvæmd þeirra, þannig að öryggishagsmuna almennings sé gætt til hins ítrasta. Sjálft fyrirkomulag lyfjadreifingarinnar er svo annar kapítuli sem fjalla má um sérstaklega. Skal nú vikið að ákvæðum þess frv. sem hér er á dagskrá.

Lyfjanefnd, sem um ræðir í 1. gr. frv., svarar að verulegu leyti til lyfjaskrárnefndar samkv. 2. gr. núgildandi lyfsölulaga. Með samþykkt þessa frv. yrði hins vegar horfið frá því að binda setu manna í lyfjanefnd við embætti, svo sem gert er um skipun manna í lyfjaskrárnefnd samkv. núgildandi lögum. Forsenda þess er sú að menn

gætu hæglega gegnt tilteknum embættum þar sem þeir fjalla um notkun lyfja við lækningar, rannsóknir á verkun lyfja eða önnur atriði er lyf varða enda þótt hugur þeirra standi alls ekki til starfa í lyfjanefnd. Er því slík binding við embætti óæskileg. Við skipun manna í lyfjanefnd er reynt að taka tillit til þess að nm. hafi sameiginlegt yfirlit yfir sem víðast svið lyfjamála. Læknar í n. eiga þannig að hafa yfirsýn yfir lyfjafræðilegar og eiturefnafræðilegar rannsóknir hjá mönnum og dýrum og yfirlit yfir notkun lyfja við lækningar á spítölum og utan þeirra. Lyfjafræðingum í n. er ætlað að hafa yfirsýn yfir lyfjafræðilegar og lyfjagerðarfræðilegar rannsóknir og ýmis hagnýt atriði varðandi afgreiðslu lyfja og útlát þeirra. Mat á sérlyfjum hefur vandast mjög á síðustu 2—3 árum þar eð nú koma til skráningar fyrst og fremst *ný lyf er eigi voru þekkt þegar skráning* sérlyfja hófst hér á landi á árinu 1964. Hér skal þess getið og lögð áhersla á að umsóknir berast nú um skráningu ýmissa sérlyfja sem óvíða eða hvergi eru á markaði þegar umsóknir berast hingað til lands. Er þannig þörf á breiðari þekkingargrundvelli við mat á sérlyfjum en hingað til hefur þótt viðhlítandi. Af þessum sökum er ráð fyrir því gert að lyfjanefnd hafi aðgang að ráðunautum í sérgreinum læknisfræði, þar sem notkun lyfja er veigamikill þáttur í lækningum. Ætlast er til að yfirdýralæknir taki sæti í n., eins og verið hefur, þegar fjallað er um lyf sem sérstaklega eru ætluð dýrum. Það er gert ráð fyrir að lyfjanefnd verði heilbrigðisyfirvöldum til ráðuneytis um veitingu leyfa til lækningatilrauna með óskráð lyf. Um þetta vantar raunar ákvæði í íslensk lög og væri æskilegt að slík ákvæði væru í læknalögum. Þá er ráð fyrir því gert að lyfjanefnd verði til ráðuneytis um skráningu aukaverkana og eiturverkana af völdum lyfja þegar slík skráning hefst hér á landi.

Í 2. gr. frv. er fjallað um Lyfjaeftirlit ríkisins sem nú starfar samkv. lögum nr. 70 frá 1971 og reglugerð nr. 412 frá 1973. Rétt þótti að skýra ítarlega með lögum starfssvið Lyfjaeftirlits og er hér m. a. nýmæli um að því verði falið eftirlit með lyfjaauglýsingum. Ætlast er til þess að Lyfjaeftirlitið geti annast flestar þær rannsóknir sem nauðsyn krefur að gerðar verði, en þær verði ella faldar öðrum. Heilbrigðisyfirvöld ráða enn ekki yfir rannsóknarstofu er getur tekið að sér slíkt eftirlit, og er því næst lagi að ætla að leggja verði mikið fé af mörkum vegna stofnkostnaðar við Lyfjaeftirlitið á næstu árum. Hins vegar verður að því stefnt að kostnaður við rekstur eftirlitsins verði að mestu greiddur með gjaldi sem lagt er á fyrirtæki þau sem eftirlitið varðar, og með árgjöldum af sérlyfjum. Tekjur af þessum gjöldum eru áætlaðar samtals um 3 millj. kr. á þessu ári.

Um ákvæði 3. gr. frv. er það að segja, að nauðsynlegt þykir að ráðh. hafi heimild til niðurfellingar á skráningar- og árgjöldum af sérlyfjum ef sérstakar ástæður mæla með. Slíkar ástæður gætu t. d. verið að framleiðandi sæi sér ekki hag í því að kosta til skráningar lyfs vegna lítillar notkunar. Lyfið gæti hins vegar haft verulegt gildi við lækningar og því talist nauðsyn að hafa það á markaði hérlendis. Fram til þessa hefur vandamál þetta verið leyst með undanþágum til innflutnings á takmörkuðu magni hverju sinni. Slíkt undanþágufyrirkomulag er þungt í vöfum og krefst til muna meira eftirlits en ef lyfið væri skráð á sérlyfjaskrá.

Eins og ég gat um í upphafi, er hér um að ræða áfanga í endurskoðun lyfsölulaga. N. sú, sem starfar að tillögugerð um þessa endurskoðun, taldi brýnt að koma þeim atriðum, sem hér um ræðir, á framfæri við rn. þótt í þeim felist endurskoðun á tiltölulega fáum atriðum heildarlöggjafarinnar. Að mati rn. er þetta sjónarmið tekið til greina og er þess því vænst að frv. þetta nái fram að ganga á þessu þingi, en það er gert ráð fyrir að gildistaka laganna verði miðuð við 1. júlí n. k.

Herra forseti. Ég vil leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 12 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 344. n. 430). — 2. umr.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Allshn. hefur athugað frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum sem fjallar um viðauka við núgildandi ákvæði í lögum nr. 41/1973. Efni þessa frv. er í fáum orðum það, að það fjallar um varnarráðstafanir og refsingar vegna glæpa gegn einstaklingum er njóta alþjóðlegrar verndar.

Á fundi allshn. voru þeir fjarverandi Jón G. Sólnes, Eggert G. Þorsteinsson og Geir Gunnarsson. Aðrir nm. voru sammála um að mæla með að frv. yrði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11. shlj. atkv.

Meðferð opinberra mála, frv. (þskj. 373, n. 432). — 2. umr.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Allshn. hefur á fundi sínum athugað frv. það sem hér um ræðir, sem er um hækkun á sektarheimild lögreglumanna. N. varð sammála um að mæla með samþykkt frv., en fjarverandi afgreiðslu málsins voru Jón G. Sólnes, Eggert G. Þorsteinsson og Geir Gunnarsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Sálfræðingar, frv. (þskj. 438). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Lax- og silungsveiði, frv. (þskj. 439). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr til Nd.

Efri deild, 81. fundur.

Miðvikudaginn 24. mars, að loknum 80. fundi.

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 344). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Meðferð opinberra mála, frv. (þskj. 373). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 84. fundur.

Miðvikudaginn 24. mars, kl. 2 miðdegis.

Skattfrelsi bókmennta- og tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs, frv. (þskj. 407). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Háskóli Íslands, frv. (þskj. 451). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. um breyt. á lögum um Háskóla Íslands. Allnokkur aðdragandi er að gerð þessa frv., en efni þess er komið frá háskólaráði. Breytingar þær, sem frv. inniheldur, varða eftirtalin atriði: Í fyrsta lagi kjör rektors og stjórn deilda, í öðru lagi stofnun nýrrar deildar, félagsvísindadeildar, og í þriðja lagi fyrirkomulag prófa, einkum varðandi prófdómara.

Þetta frv. og þskj. í heild er nokkuð fyrirferðarmikið, en ég held samt sem áður og kannske m. a. vegna þess geti ég látið tiltölulega fá orð nægja, en skal þó víkja að hverjum þessara þriggja þátta.

Aðild stúdenta og starfsmanna Háskólans, annarra en prófessora, að rektorskjöri og stjórn deilda hefur mjög verið til umræðu í háskólaráði undanfarin tvö ár. Hefur orðið full samstaða í háskólaráði um þá tilhögun sem greinir í 1.—5. gr. frv. og svo í 7.—9. gr. Kveðið er á um atkvæðisrétt allra sem fastráðnir eru eða settir til fulls starfs við Háskólann og stofnanir hans og hafa háskólapróf. Þá eru ákvæði um breytta aðild stúdenta að rektorskjöri. Samkv. ákvæðum frv. fá þeir þriðjungsaðild og hafa allir stúdentar atkvæðisrétt í stað þess að nú eiga atkvæðisrétt fulltrúar stúdenta í háskólaráði og tveir fulltrúar stúdenta í háskóladeildum. Ekki er hér gengið lengra með aukna aðild stúdenta í stjórnun Háskólans heldur en títt er í nálægum löndum, nema síður sé. En eins og ég sagði áðan, þá er fullt samkomulag í háskólaráði um þessar till. allar.

Þá er lagt til að hin nýja deild, félagsvísindadeild, verði til með þeim hætti að sálarfræði, uppeldisfræði og bókasafnsfræði, sem nú er skipað í heimspekideild, flytjist þaðan í hina nýju deild, þar sem einnig verða greinar þær sem nú falla undir námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum. Þá er einnig gert ráð fyrir því að kennsla í félagsráðgjöf fari fram í deildinni þegar sú kennsla er komin á laggirnar. Það er álit háskólamanna að hér sé um beina hagræðingu að ræða, en þessi till. um stofnun félagsvísindadeildar er reist á álitsgerð n. sem háskólarektor skipaði 6. jan. 1975 til þess að kanna hvort stofna skuli nýja deild við Háskólann er nái yfir áðurnefnd fræði. Álitsgerð þessarar n. er allítarleg og eru þar færð fram rök fyrir því að hagkvæmt sé að stofna til þessarar nýju deildar. Og ég vil taka það fram sérstaklega að það er ekki gert ráð fyrir því að af þessari breytingu hljótist aukinn kostnaður, nema síður væri.

Um undirbúning að breyttu prófdómarafyrirkomulagi er það að segja, að menntmrn. skipaði í nóv. 1975 að frumkvæði háskólaráðsins nefnd til þess að kanna möguleika á lækkun prófkostnaðar við Háskóla Íslands. N. skilaði áliti litlu síðar og það fylgir með frv. sem fylgiskjal. Gert er ráð fyrir gerbreytingu prófdómarafyrirkomulagsins, þannig að prófdómarar eru felldir niður við skrifleg próf, en hins vegar er haldið fyrri hætti að því er snertir munnlegu prófin.

Þar sem frv. þessu fylgja ítarlegar athugasemdir og svo álit nefndar prentuð sem fylgiskjöl, þá held ég að ég sleppi því að fjölyrða frekar um málið hér við 1. umr. Ég vil þó að lokum leggja áherslu á tvennt: Í fyrsta lagi er þetta sparnaðarfrv. Breytingin á stjórn Háskólans hefur engin útgjöld í för með sér og stofnun hinnar nýju deildar ekki heldur að dómi háskólamanna, nema síður sé, og breytingin á prófafyrirkomulaginu er talin spara á ári hverju 7—8 millj. kr. eða sem svarar til launa 6—8 lektora í fullu starfi, eins og segir í athugasemdum. Fjárlaga- og hagsýslustofnun hefur

fjallað um þessa hlið frv. og segir svo í bréfi þeirrar stofnunar, sem dags. er 16. þ. m., með leyfi hæstv. forseta:

„Þetta rn. gerir engar athugasemdir við þær breytingar, sem frv. gerir ráð fyrir, en lýsir sig mjög fylgjandi fyrirhuguðum breyt. á prófdómarafyrirkomulaginu og telur að stefna beri að því að fella niður prófdómara á öllum skólastigum."

Þetta eru þeirra orð og ég veit ekki hvort allir eru sammála um það. En sem sagt, hagsýslan staðfestir það, sem ég hef áður sagt hér, að þær breyt. varðandi útgjöldin, sem frv. felur í sér, ganga í sparnaðarátt.

Í annan stað vil ég svo ítreka það, sem þegar hefur komið fram í mínu máli, að innan Háskólans er alveg fullt samkomulag um efni þessa frv. í einu og öllu og rektor hefur tjáð mér að þar ríkir mikill áhugi á framgangi málsins.

Herra forseti. Ég legg svo til að frv. verði að 1. umr. lokinni vísað til menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Sameinað þing, 70. fundur.

Fimmtudaginn 25. mars, kl. 2 miðdegis.

Vinnuvernd og starfsumhverfi, þáltill. (þskj. 448). — Hvernig ræða skuli.

Að till forseta var ákveðin ein umr.

Rekstrarlán til sauðfjárbænda, þáltill. (þskj. 119). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Hrognkelsaveiðar, þáltill. (þskj. 349). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33:2 atkv. og umr. frestað.

Innlend orka til upphitunar húsa, þáltill. (þskj. 405). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til fjvn. með 34 shlj. atkv.

Kosning sjö manna og jafnmargra til vara í stjórn Viðlagasjóðs. að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 5. gr. l. nr. 4 7. febr. 1973, um neyðarráðstafanir vegna jarðelda í Heimaey, allra frá 21. febr. 1976 að telja til ársloka.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldu kjósa. Kjörnir voru því án atkvgr.:

Aðalmenn:
Guðlaugur Stefánsson framkvæmdastjóri (A),
Helgi Bergs bankastjóri (A),
Gísli Gíslason forstjóri (A),
Garðar Sigurðsson alþm. (B),
Vilhjálmur Jónsson forstjóri (A),
Reynir Zoëga vélstjóri (A),
Tómas Þorvaldsson forstjóri (C).

Varamenn:
Jóhann Friðfinnsson kaupmaður (A),
Sigurður Markússon framkvæmdastjóri (A),
Björn Guðmundsson útgerðarmaður (A),
Ólafur Jónsson framkvæmdastjóri (B),
Bogi Hallgrímsson kennari (A),
Jón Guðmundsson framkvæmdastjóri (A),
Helgi G. Þórðarson verkfræðingur (C).

Afnám tekjuskatts af launatekjum, þáltill. (þskj. 81). — Ein umr.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Svo sem hv. þm. er kunnugt stendur nú yfir allsherjarendurskoðun á öllu skattkerfi ríkisins á vegum fjmrn. Þessi endurskoðun var raunar hafin í tíð hæstv. fyrrv. ríkisstj., en hefur verið haldið áfram af hálfu hæstv. núv. ríkisstj. Ég er í hópi þeirra sem telja að því miður hafi störfum þeirra aðila, þó að ég efist ekki um að vandlega hafi verið unnið, hafi miðað heldur seint. En kannske er tíminn, sem í endurskoðunina hefur farið, órækast vitni þess hversu brýn þörf er á að endurskoða skattkerfi ríkisins í heild, og ber að vona að endurskoðuninni ljúki sem fyrst og ljúki með tillögugerð um verulegar breytingar. En einmitt vegna þess, að kunnugt er að endurskoðun stendur yfir, höfum við þm. Alþfl. viljað með flutningi sérstakrar till. til þál. gera grein fyrir því hvert við teljum að vera ætti markmið endurskoðunarinnar, hvern svip lokatillögur þær, sem lagðar verða fyrir Alþ., ættu að hafa. Og um það fjallar einmitt sú till. sem hér er nú til umr. En þar er skemmst af að segja, að þar leggja þm. Alþfl. til gagngera breytingu á skattkerfi ríkisins, þ. e. a. s. á tekjuöflun ríkisins.

Í till. er stefnumörkun sem í felst róttækasta tillögugerð sem fram hefur komið um skattamál á Íslandi um langan aldur. Meginbreytingarnar, sem við leggjum til að verði niðurstaða þeirrar endurskoðunar sem yfir stendur, eru þessar:

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að horfið verði að fullu frá innheimtu tekjuskatts til ríkisins af tekjum launþega.

Í öðru lagi er lagt til að tekið verði að greina á milli atvinnurekstrar einstaklinga og einkabúskapar þeirra í því skyni að koma í veg fyrir að bókfærður halli á atvinnurekstri geti gert einstaklingi kleift að hafa háar raunverulegar tekjur í skjóli atvinnurekstrarins án þess að greiða af þeim nokkurn tekjuskatt eða útsvar vegna þess að atvinnureksturinn er talinn rek-

inn með tapi samkvæmt bókhaldi og skattaframtali. Gert er ráð fyrir að eiganda atvinnurekstrar, sem við hann starfar, séu jafnan áætlaðar tekjur sem telja má eðlilegar miðað við vinnuframlag hans í þágu fyrirtækisins og stöðu hans þar og séu þessar tekjur áætlaðar hliðstæðar launum sem greidd eru fyrir sams konar störf í atvinnurekstri. Síðan greiðir hann útsvar, — við ætlumst til að sveitarfélög haldi áfram að innheimta útsvör, — síðan greiðir hann útsvar af þessum áætluðu tekjum, auk þess sem hagnaður af atvinnurekstrinum yrði auðvitað skattskyldur almennt.

Ýmsum kann eflaust að þykja það nýlunda að jafnaðarmannaflokkur eins og Alþfl. skuli kunngera það sem stefnu sína að ríkið skuli hverfa frá innheimtu stighækkandi tekjuskatts og leggja til að teknir verði upp neysluskattar í staðinn. Fyrir hálfri öld eða svo var það eitt helsta baráttumál jafnaðarmannaflokka um víða veröld að taka upp stighækkandi tekjuskatta. En mikil breyting hefur orðið á lýðræðisþjóðfélögum vestrænna landa, á undanförnum áratugum, s. l. hálfri öld. Sannleikurinn er sá að um og eftir aldamótin síðustu voru stighækkandi tekjuskattar í raun og veru eina hagstjórnartækið sem tiltækilegt var til að jafna tekjuskiptinguna og eignaskiptinguna í þjóðfélaginu. En jafnaðarmenn töldu einmitt vera eitt megin-markmið sitt í stjórnmálabaráttu sinni að jafna þá tekju- og eignaskiptingu sem þá átti sér stað. En það er kunnara en frá þurfi að segja að á undanförnum áratugum hafa komið til skjalanna margvísleg önnur hagstjórnartæki sem beitt hefur verið í sívaxandi mæli einmitt til þess að ná þessu æskilega félagslega markmiði frá sjónarmiði jafnaðarmanna, að jafna tekjur og eignir. Á ég þar fyrst og fremst við félagsmálalöggjöfina sem orðið hefur æ útbreiddari og víðtækari og haft hefur æ meiri áhrif í öllum vestrænum ríkjum. Þá hefur það verið viðurkennt sem meginregla að menntun skuli vera ókeypis, en svo var ekki áður fyrr, og mjög víða er öll menntun nú ókeypis allt frá upphafi skólaskyldualdurs til loka hins lengsta háskólanáms. Auðvitað hefur þetta einnig haft mjög víðtækar tekjujöfnunarafleiðingar. Þá hefur ríkisvaldið og haft ýmiss konar afskipti af verðlagi, yfirleitt í þá átt að stuðla að því að neysluvörur alls almennings væru sem ódýrastar, en látið sig minna skipta þó að þær vörur, sem einkum eru notaðar af tekjuháu fólki, væru í háu verði.

Sannleikurinn er sá að tekjujöfnunaráhrif stighækkandi tekjuskatts hafa algjörlega horfið í skuggann fyrir þessum nýju hagstjórnartækjum sem beitt hefur verið til tekjujöfnunar og ég var að nefna. Hér á landi er t. d. óhætt að fullyrða að tekjujöfnunaráhrif hins stighækkandi tekjuskatts til ríkisins eru hégómi einn í samanburði við áhrif almannatryggingakerfisins og þess að við Íslendingar erum í hópi þeirra þjóða þar sem skólaganga öll er svo að segja ókeypis, kostuð af hinu opinbera.

Þetta er ástæðan fyrir því að innan jafnaðarmannaflokka hefur fylgi við þau sjónarmið, sem þessi till. grundvallast á, farið vaxandi með hverju árinu sem líður. Hvarvetna hafa mönnum orðið æ ljósari gallarnir á innheimtu stighækkandi tekjuskatts, eins og tekjuskattskerfið hefur verið framkvæmt, og þeim sjónarmiðum því vaxið fylgi að heppilegra væri að breyta hinum stighækkandi tekjuskatti til ríkisins yfir í neysluskatta í einhverju formi.

Fyrsti þekkti jafnaðarmannaleiðtoginn á Norðurlöndum, sem gerðist talsmaður þess að stighækkandi tekjuskatti yrði breytt í neysluskatt, í söluskatt, var fyrrv. forsrh. norðmanna, Trygve Bratteli. Hann hélt m. a. um þetta stórmerkt erindi hér á Íslandi fyrir um 20 árum, en þá var hann fjmrh. Noregs. Hann leiddi í þessu erindi glögg fræðileg rök að því að frá sjónarmiði heildarinnar, frá sjónarmiði launþega og atvinnurekenda og frá því sjónarmiði að efla bæri sparnað á kostnað neyslu, þá væru neysluskattar heppilegri en stighækkandi tekjuskattur eins og hann væri framkvæmdur á Norðurlöndum og í Vestur-Evrópu yfir höfuð að tala.

Þessum sjónarmiðum hefur vaxið fylgi innan jafnaðarmannaflokka í Vestur-Evrópu. Og nú kveður Alþfl. upp úr með það sem stefnu sína. Sú varð niðurstaðan á síðasta flokksþingi Alþfl., sem haldið var í nóv. s. l., að það skyldi verða eitt af verkefnum flokksins að berjast fyrir því að tekjuskattur á launafólk, á launatekjur til ríkisins skyldi afnuminn, en neysluskattur innheimtur í staðinn. Sannleikurinn er sá, að byrði beinna skatta er orðin óbærilega þung og álagning þeirra er að mörgu leyti mjög ranglát, auk þess sem hún er afar dýr í framkvæmd. Álagningarkerfið er orðið óeðlilega flókið og veitir skilyrði til margháttaðra undanbragða undan réttlátri skattgreiðslu, bæði löglegra og ólöglegra. Hlutfall tekjuskatts af tekjum er orðið svo hátt að almennir launþegar eru farnir að greiða frá þriðjungi og allt að helmingi tekna sinna í beina skatta af tekjum sínum bæði til ríkis og sveitarfélaga. En samtímis verða þeir vitni þess að fyrirtæki, sem hafa gífurleg umsvif, greiða litla eða jafnvel enga tekjuskatta útsvör vegna rekstrar síns. Þessi óhóflega skattheimta af tekjum launþega er í mörgum tilfellum orðin og verður í æ fleirum beinlínis fjötur á framtakssemi einstaklinga, beinlínis fjötur á vinnuvilja og er því orðin hemill á heilbrigðan og eðlilegan vöxt þjóðartekna.

Gallar mjög víðtæks og flókins tekjuskattskerfis með háum skattstigum eru ekki einungis orðnir vandamál á Íslandi, heldur einnig í nálægum löndum þar sem um er að ræða víðtæka og vaxandi gagnrýni á slíka skattheimtu. Nægir í því sambandi að minna á þær umr. sem einmitt þessar vikurnar eiga sér stað í Svíþjóð um innheimtu tekjuskatta af launatekjum þar í landi. Þegar vitað er að um eða yfir helmingur viðbótartekna fer til greiðslu tekjuskatts, þá getur ekki hjá því farið, að ekki sé talað um þýðingu þess við hvers konar kjarasamninga, að það hafi lamandi áhrif á framtakssemi og vinnuvilja.

Þegar stighækkandi tekjuskattur var upphaflega lögfestur hér og annars staðar var hann, eins og ég sagði áðan, helsta tækið sem fyrir hendi var til þess að jafna tekjur. En hann er það ekki lengur og þess vegna er orðið tímabært að taka þetta kerfi allt saman til endurskoðunar. Þegar óbeinn skattur, eins og t. d. söluskattur

eða virðisaukaskattur, er greiddur, þá ræður skattgreiðandinn meiru um það sjálfur hversu mikið hann greiðir með því að ákveða hvað og hversu mikið hann kaupir umfram nauðþurftir, og má tvímælalaust telja þetta til kosta neysluskatta miðað við stighækkandi tekjuskatta. Enn fremur má í þessu sambandi nefna að framkvæmd tekjuskattsinnheimtu er óhemjudýr og miklu dýrari en innheimta söluskatts. Og í þriðja lagi verður að nefna það, að fyrst innheimta neysluskatta gerir skattgreiðandanum kleift að ákveða sjálfur hversu mikið hann greiðir í skatta, í stað þess að honum eru ákveðnir skattar ef tekjuskattskerfið er notað, þá má gera ráð fyrir því að hann spari meira en ella, en sparnaður er undirstaða heilbrigðra framkvæmda. Má því hiklaust staðhæfa að neysluskattakerfið sé líklegra til þess að stuðla að auknum sparnaði og þar með heilbrigðari fjármögnun framkvæmda heldur en ef sömu upphæðar er aflað til ríkisins með innheimtu stighækkandi tekjuskatts.

Það varð tilefni nokkurrar opinberrar umr. á s. l. hausti, þegar skattskrár voru birtar fyrir s. l. ár, að áberandi munur var á þeirri skattbyrði, sem launamenn urðu að bera vegna sinna tekna, og þeim sköttum sem félög greiddu eða þeir einstaklingar, sem stunduðu atvinnurekstur. Í fyrra voru talin um 5 190 félög á skattskrá og nam álagður skattur á þau aðeins um 1200 millj. kr. Í fjárlögum þessa árs er gert ráð fyrir að skattur félaga verði lægri en þetta, verði aðeins rúmlega 1000 millj. kr. Í fyrra var áætlað að um það bil 7 500 einstaklingar hefðu aðaltekjur sínar af eigin rekstri, og athugun, sem gerð var, leiddi í ljós að aðeins rúmur helmingur þessara 7 500 einstaklinga, sem hafa aðaltekjur af eigin rekstri, greiddi tekjuskatt, um það bil 400—500 millj. kr. Af öllum atvinnurekstri í landinu, bæði þeim sem stundaður er af félögum og stundaður er af einstaklingum, voru því í fyrra greiddar 1600—1700 millj. kr. í tekjuskatt. 55—56% af þessum aðilum, félögum og einstaklingum, sem stunda atvinnurekstur, greiddu tekjuskatt, en 44—45% af þessum aðilum greiddu bókstaflega engan tekjuskatt. Miðað við verðlag eins og það var á s. l. hausti í okt., en það er einmitt það verðlag sem fjárlagafrv., sem þá lá fyrir, var miðað við, mátti áætla að heildarvelta allra atvinnufyrirtækja í landinu hafi í fyrra verið um 360 milljarðar kr. Hér er að sjálfsögðu ekki um nákvæma tölu að ræða, eflaust einhverja tvítalningu, en talan er áreiðanlega ekki fjarri lagi.

Þess ber að sjálfsögðu að geta, að sá virðisauki, sem í þessari veltu felst, er auðvitað mjög breytilegur eftir atvinnugreinum. Hann er t. d. áreiðanlega miklu minni í verslun en í framleiðslugreinum og minni í framleiðslugreinum en í ýmsum þjónustugreinum. En sé gert ráð fyrir því að fyrirtækin, sem tekjuskatturinn er lagður á, hafi um 2/3 veltunnar og það er áreiðanlega ekki fjarri lagi, þá nemur tekjuskattur sá, sem þau greiddu í fyrra, um 3/4% eða undir 1% af veltunni. Veltu hinna, sem í fyrra greiddu bókstaflega engan tekjuskatt, má áætla á bilinu 100—130 milljarðar kr. Er hér augljóslega um svo mikla veltu að ræða að það hlýtur að teljast óeðlilegt að bókstaflega ekkert sé greitt til ríkissjóðs af slíkri veltu, af 100—130 milljarða kr. veltu.

Þessar tölur, sem ég hef nefnt, sýna alveg ótvírætt að það er um að ræða gífurlegan mun á skattbyrði einstaklinga og félaga. Í fyrra var greiddur tekjuskattur einstaklinga um 5.6 milljarðar kr., en félaganna, eins og ég sagði áðan, um 1 200 millj. kr. Á fjárlögum yfirstandandi árs er tekjuskattur einstaklinga aðeins hærri, hann er áætlaður 5.7 milljarðar kr., en tekjuskattur félaga hins vegar aðeins lægri en í fyrra, þ. e. a. s. rúmur 1 milljarður kr. Og þegar við höfum það í huga að venjulegur launþegi greiðir frá þriðjungi og upp í helming tekna sinna í tekjuskatt, en hins vegar er enginn tekjuskattur greiddur af atvinnurekstri sem hefur 100—130 milljarða kr. veltu og af öllum atvinnurekstri í landinu voru í fyrra aðeins greiddar um 1600—1700 millj. í tekjuskatt, bæði félaga og einstaklinga sem stunda atvinnurekstur, þá er hér um að ræða svo augljóst þjóðfélagslegt misrétti að við það verður ekki búið lengur.

Sannleikurinn er sá að þær tilraunir, sem í áratugi hafa verið gerðar til að leiðrétta tekjuskattsgerð, til að draga úr þessu augljósa misrétti, hafa aldrei borið árangur. Það er þess vegna sem við þm. Alþfl. höfum komist að þeirri niðurstöðu að á þessu máli sé aðeins ein lausn til, það sé ekkert annað lengur eftir en að höggva á hnútinn, þ. e. a. s. afnema alveg tekjuskatt af tekjum launþega og láta atvinnurekstur-inn í landinu greiða tekjuskatt, en bæta hins vegar ríkissjóði upp tekjumissinn vegna niðurfellingar tekjuskattsins á launþegum með því að auka neysluskatta.

Raunar gerum við ráð fyrir að fleiri breytingar séu gerðar á skattalögum heldur en þessi grundvallarbreyting, að hætta að innheimta tekjuskatt af launþegum, en halda tekjuskatti af atvinnurekstri.

Við gerum í fyrsta lagi einnig ráð fyrir því að reglum um afskriftir eigna sé breytt á þann veg að ekki verði framvegis hægt að afskrifa sömu eign í skattframtali oftar en einu sinni vegna þess að hún hefur skipt um eiganda. En réttur nýs eiganda til fullra afskrifta samkv. gildandi lögum hefur verið ein aðalundirrót misréttis milli skattgreiðslu af tekjum atvinnurekenda annars vegar og launþega hins vegar.

Í öðru lagi gerum við ráð fyrir að reglur um heimild til að draga vexti af skuldum frá tekjum af atvinnurekstri verði við það miðaðar að um sé að ræða eðlilega lánsfjáröflun í þágu atvinnurekstrar. En gildandi heimildir til vaxtafrádráttar hafa verið mjög misnotaðar og átt verulegan þátt í því misrétti sem ég gerði áðan að umtalsefni.

Í þriðja lagi gerum við ráð fyrir að hagnaður af sölu eigna verði skattlagður að svo miklu leyti sem hann á ekki rót sína að rekja til rýrnunar á verðgildi peninga. Það atriði, sem einna vandasamt er að setja um skynsamleg og réttlát ákvæði í lögum um skattatekjur af tekjum, er einmitt, hvernig skuli fara með söluhagnað af eignum, ekki síst vegna sífelldra breytinga á verðgildi peninganna. Það er skoðun okkar, sem flytjum þessa till., að ekki sé réttmætt að skatt-

leggja söluhagnað ef hann á eingöngu rót sína að rekja til þess að verðlag hefur hækkað og peningar þess vegna lækkað í verði. Annan söluhagnað teljum við hins vegar réttmætt að skattleggja og þó alveg sérstaklega þann hagnað sem á rót sína að rekja til verðhækkunar eigna sem orðið hefur vegna opinberra aðgerða og án nokkurs tilverknaðar af hálfu eiganda eignarinnar. Vegna ákvæða gildandi laga hafa háar tekjur af sölu eigna sloppið undan eðlilegu skattgjaldi. Á hinn bóginn er eðlilegt að viðurkenna rétt atvinnurekenda til afskrifta af raunverulegu verðmæti eigna þegar afskrift fer fram.

Í fjórða lagi leggjum við til að hvort hjóna um sig verði sérstakur skattgreiðandi án tillits til hjúskaparstéttar. Nú gildir, sem kunnugt er, sú regla að tekjur hjóna eru lagðar saman við álagningu skatta og er það að sjálfsögðu óeðlilegt. Hins vegar er veittur viss frádráttur vegna þeirra tekna sem eiginkona aflar utan heimilis. Ef annað hjóna aflar tekna utan heimilis, en hinn aðilinn annast heimilisstörf, hvor aðilinn sem það er, þá á hinn síðarnefndi að eiga rétt á því að ráðstafa hluta af tekjum heimilisins og greiða þá að sjálfsögðu útsvar af þeim hluta, en tekjuskatt gerum við ráð fyrir að hann greiði ekki, sbr. það sem ég hef áður sagt. Þetta sjónarmið er að okkar dómi það eina sem er í fullu samræmi við nútímahugmyndir um jafnrétti kynjanna.

Þá gerum við í fimmta lagi ráð fyrir því að þeim söluskatti, sem nú er innheimtur, skuli fyrir árslok þessa árs breytt í virðisaukaskatt hliðstæðan þeim sem nú er innheimtur á Norðurlöndum og í ýmsum löndum Vestur-Evrópu. Á vegum ríkisstj. mun vera unnið að till. um breytingu söluskatts í virðisaukaskatt. En ríkisstj. hefur ekki viljað lýsa yfir að það muni verða gert á þessu ári. Við leggjum hins vegar áherslu á að það verði gert á þessu ári.

Þá er í sjötta og síðasta lagi lagt til að gildandi lög um tekjustofna sveitarfélaga verði endurskoðuð með það fyrir augum að auka frjálsræði þeirra til að ákveða á hvern hátt þau afla sér tekna sinna, án þess þó að þeim verði veitt heimild til að innheimta söluskatt eða virðisaukaskatt sem við teljum eðlilegt að sé skattstofn ríkisins.

Þá kem ég að síðustu að því veigamikla atriði hvernig við teljum hugsanlegt að bæta ríkissjóði þann tekjumissi sem hann yrði fyrir við að fella niður tekjuskatt af launatekjum. Þegar við fluttum till. okkar á fyrri hluta þingsins stóðu mál þannig að raunverulegur söluskattur var 17%, 2% runnu í Viðlagasjóð og áttu að falla úr gildi um áramótin, en 1% í Olíusjóð sem falla átti úr gildi 1. apríl s. l. Það má gera ráð fyrir að hvert söluskattsstig svari til u. þ. b. 1 200 millj. kr. tekna í ríkissjóð, svo að með því að lýsa yfir fylgi við þá hugmynd að söluskattur yrði áfram 20% eftir að viðlagagjaldið væri fellt niður og olíuskatturinn yrði felldur niður, þá fengjust með því að halda áfram 20% söluskatti um 3 600 millj. kr. og þá vantaði ekki verulega á þá upphæð sem tekjuskattur einstaklinga af launatekjum nemur, en nákvæmur útreikningur á því hvað sú upphæð er mikil er ekki til. Það eru aðeins til upplýsingar um tekjuskatt allra einstaklinga, bæði af launatekjum og atvinnurekstri, en þær eru í ár áætlaðar, eins og ég sagði áðan, um 5.7 milljarða, en námu í fyrra um 5.6 milljörðum. Nú hefur hins vegar sú breyting orðið á að tvö söluskattsstigin, sem falla áttu niður um áramótin, renna nú í ríkissjóð og lagaákvæðið um 1% olíugjaldið hefur verið framlengt til 1. apríl á næsta ári.

Við þm. Alþfl. vorum andvígir því að þau tvö söluskattsstig, sem runnu í Viðlagasjóð, færu í ríkissjóð, og við töldum unnt að endurskoða fjárlög ríkisins með þeim hætti að hægt væri að komast hjá því að taka þessi tvö söluskattsstig í ríkissjóð. Rök okkar fyrir því voru einföld. Þau voru þau að benda á þá gífurlegu hækkun sem orðið hefur á undanförnum árum á tekjum og gjöldum ríkissjóðs. Í því sambandi má minna á að síðustu fjárlögin, sem samstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. lagði fyrir Alþ., fjárlögin fyrir árið 1971, gerðu ráð fyrir 11 milljarða tekjum ríkissjóðs. Þau fjárlög, sem nú eru í gildi, gera ráð fyrir 60 milljarða tekjum í ríkissjóð. M. ö. o.: á s. l. 5 árum frá árinu 1971—1976, hafa tekjur ríkissjóðs hvorki meira né minna en 5—6-faldast. Það gefur auga leið, þó að mér sé ljóst að mjög verulegur hluti af útgjöldum ríkissjóðs er lögbundinn, þá hlýtur slík gífurleg aukning, 5—6-földun á 5 árum, að kalla á gagngera endurskoðun á útgjaldakerfi ríkissjóðs. Í þessu sambandi ætti tekjumissir, sem væri einhvers staðar á milli 4 og 5 milljarða kr., ekki að vera slíkt vandamál sem hann kann að virðast í fljótu bragði ef menn hafa ekki í huga hve stórkostleg breyting hefur orðið á tekjum og gjöldum ríkissjóðs á undanförnum 5 árum. Við gerðum einnig ráð fyrir því í haust og gerðum okkur alveg ljóst að það að halda þrem söluskattsstigum mundi ekki duga til þess að bæta ríkissjóði upp missinn á tekjuskatti launþega. En í því sambandi bentum við á í fyrsta lagi að fyrirtæki, sem stunda atvinnurekstur, mundu greiða aukinn tekjuskatt vegna breyttra reglna um fyrningarfrádrátt og vaxtafrádrátt, enda er tekjuskattur þeirra, sem stunda atvinnurekstur, nú sáralítill, eins og ég gat um áðan, auk þess sem næstum helmingur atvinnurekenda greiðir bókstaflega engan tekjuskatt. Við bentum í öðru lagi á að tekjuskattur af söluhagnaði eigna mundi vaxa. Og við bentum í þriðja lagi á að það væri nauðsynlegt að allsherjarendurskoðun færi fram á útgjaldakerfi ríkisins. Við minntum einnig á að innheimtukostnaður ríkisins vegna tekjuskatts mundi stórlækka, en hann nemur verulegum fjárhæðum. Samt sem áður gerðum við okkur ljóst, — við vildum vera algjörlega raunsæir í málflutningi okkar, — að þetta mundi ekki nægja að fullu til þess að bæta ríkissjóði tekjumissinn vegna niðurfellingar tekjuskatts af launatekjum. Þess vegna stungum við upp á því, og sú till. verður enn brýnni nú eftir að ríkissjóður hefur tekið tvö söluskattsstig eða sem svarar 2 400 millj. kr. af því sem við vildum láta ganga til þess að bæta tekjumissinn vegna launatekjuskattsins, — sú hugmynd verður enn brýnni nú, enn brýnna að hún sé könnuð ofan í kjölinn, og hún er sú að leggja skatt á veltu fyrirtækja sem stunda atvinnurekstur, bæði félaga og einstaklinga.

Ég benti á það fyrr í ræðu minni, að í fyrra

hafi sá tekjuskattur, sem fyrirtækin greiddu, numið undir 1% af veltunni, auk þess sem fyrirtæki, sem veltu 100—130 milljörðum, greiddu bókstaflega engan tekjuskatt. Hér sýnist okkur vera um að ræða tekjustofn sem hafi verið svo að segja alveg ónotaður. Það er kunnara en frá þurfi að segja að sveitarfélög innheimta aðstöðugjald af brúttótekjum fyrirtækja í sveitarsjóð. Hliðstætt teljum við að ríkissjóður ætti að gera, hann ætti að leggja brúttóveltuskatt eða veltugjald á veltu fyrirtækja. Það þyrfti ekki að vera mjög hátt, mjög lítil viðbót við það tæplega 1% sem þau nú greiða í tekjuskatta. Hækkun þessi þyrfti ekki að vera nema mjög lítil til þess að bæta ríkissjóði það sem á vantar að tekjur hans jafnist upp vegna þeirra breytinga sem ég gat um áðan á tekjuskattslögunum og tvímælalaust mundu fela í sér auknar tekjur til ríkissjóðs.

Ég hef auðvitað ekki aðstöðu til þess og ekki einstakir þm. að gera um það nákvæmar athuganir hversu hár slíkur veltuskattur þyrfti að vera til þess að ríkissjóður stæði skaðlaus eftir. En það gætu þeir ágætu sérfræðingar, sem fjmrh. hefur á að skipa, eflaust reiknað út eða fyrir því gætu þeir gert sér grein á tiltölulega skömmum tíma. Verði till. samþ. yrði árangurinn einmitt sá að slík athugun færi fram. Og ég er sannfærður um á grundvelli lauslegra athugana sem ég og fleiri hafa gert í þessum efnum, þó að ég vilji ekki fara með tölur í þessu efni, að þessi veltuskattur þyrfti aðeins að vera mjög lágur og yrði engan veginn tilfinnanlegur, en bætti þó ríkissjóði að fullu teknamissinn vegna niðurfellingar tekjuskattsins af launatekjum.

Síðustu orð mín skulu vera þau, að það getur varla nokkur maður verið í vafa um að það væri réttlátara að láta allan atvinnurekstur í landinu greiða mjög smávægilegan brúttóveltuskatt heldur en íþyngja launþegum jafnherfilega og nú á sér stað og jafnranglátlega og nú á sér stað með innheimtu stighækkandi tekjuskatts til ríkisins af launatekjum. Sannleikurinn er sá, og það skulu vera síðustu orð mín, að mestu félagslegu réttlætismálin, sem nú eru á döfinni í íslensku þjóðfélagi, eru annars vegar nauðsyn þess að setja heildarlöggjöf um lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn og svo hins vegar að losa íslenska launþega undan því félagslega ranglæti sem í því felst að láta þá greiða gífurlegar upphæðir í tekjuskatta, samtímis því sem atvinnurekstur í landinu greiðir nær engan tekjuskatt. Þetta er augljóst ranglæti. Ég hika ekki við að segja að við hlið lífeyrissjóðsmálsins er það brýnasta félagslega réttlætismálið, sem nú er á döfinni, að bæta úr því óréttlæti sem núverandi innheimta stighækkandi tekjuskatts af launafólki felur í sér.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til að þessari till. verði vísað til hv. fjvn.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Á þskj. 81 hafa hv. þm. Alþfl. flutt till. um afnám tekjuskatts af launatekjum. Hv. 1. flm. þessarar till., hv. 9. þm. Reykv., hefur nú gert grein fyrir henni, en þar segir, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela þeim aðilum, sem nú starfa að endurskoðun gildandi skattalaga, að miða till. sínar m. a. við þessi grundvallaratriði" — sem síðan eru talin upp í 12 liðum.

Í þessari þáltill. er að finna ýmis athyglisverð atriði sem að sjálfsögðu verða skoðuð í sambandi við þá endurskoðun sem nú er unnið að í skattamálum, en eins og hæstv. Alþ. er kunnugt hefur á undanförnum mánuðum verið unnið á vegum fjmrn. að ýmsum athugunum og undirbúningi að breytingu skattalöggjafar sem m. a. varðar ýmsa liði í fram kominni þáltill. Atriði í þessari þáltill. eru misyfirgripsmikil og vægi þeirra misjafnt að mínu mati.

Sú staðreynd, að heildarlöggjöf um tekjuskatt og eignarskatt hefur ekki verið sett síðan 1962, talar sínu máli. Þær öru breytingar, sem orðið hafa í þjóðfélaginu og í samkeppnislöndum okkar, krefjast þess að lögin séu aðlöguð aðstæðum hverju sinni, jafnframt því sem vart mun finnast önnur löggjöf sem snertir alla borgara beint eða óbeint og hefur áhrif á nær öllum sviðum þjóðfélagsins.

Það hefur lengi verið um það deilt hvort beinir skattar skuli á lagðir eða tekna ríkissjóðs aflað með óbeinum sköttum. Stefna Sjálfstfl. í þessum málum hefur verið skýr og var skýrt mörkuð 1960, en lagt var til í þeirri löggjöf, sem þáv. ríkisstj. setti, að almennar launatekjur yrðu tekjuskattsfrjálsar. Það mun ekki heldur ofmælt að Sjálfstfl. hafi lengst af verið einn um að vilja leggja aðaláherslu á óbeina fremur en beina skatta, þótt nú sé svo komið málum að heyra megi raddir í öðrum flokkum sem vilja stefna í þessa átt og jafnvel ganga svo langt að afnema tekjuskatt alveg af einstaklingum eða af launþegum, eins og segir í þáltill. þeirri sem hér um ræðir.

Hin breytta afstaða launþegasamtakanna til óbeinna skatta kom glöggt í ljós í sambandi við kjarasamningana 1974 þegar beinu skattarnir voru lækkaðir, en þeir óbeinu hækkaðir, sbr. lög um skattkerfisbreytingu sem samþ. voru það ár. Svipuð afstaða launþegasamtakanna kom fram við kjarasamningana á s. l. ári, þegar nokkrar stefnumarkandi og mikilvægar breytingar voru gerðar á lögunum um tekjuskatt og eignarskatt sem voru bæði liður í þeirri endurskoðun skattalaganna, sem nú fer fram, og þáttur í því að greiða fyrir lausn þeirrar kjaradeilu sem þá átti sér stað.

Ég mun fara örfáum orðum um þær breytingar sem gerðar hafa verið í tíð núv. ríkisstj., þ. e. a. s. nánar tiltekið s. l. vor. Þegar allt er talið má ætla að beinir og óbeinir skattar hafi verið lækkaðir með lögunum frá apríl 1975 um 2 milljarða 250 millj. kr., þar af tekjuskattur einstaklinga um 1 milljarð og útsvör um 400 millj. Samfara lækkun tekjuskatts voru teknar upp nýjar reglur sem fela í sér tekjujöfnun og aukið réttlæti. Persónufrádrætti frá tekjum var til fulls breytt í persónuafslátt frá skatti, sem þýðir að margir sem lítið eða ekkert gagn hafa af frádrætti, geta nýtt sér afsláttinn. Persónuafsláttur er nýtanlegur til greiðslu útsvars, þannig að fjöldi framteljenda þurfti ekki að greiða útsvar eða fékk útsvar greitt að hluta. Útborgun afsláttar, sem tekin hafði verið í smáum stíl upp 1974, var felld niður nema hjá elli- og örorkulífeyrisþegum, en sú útborgun var sameinuð við tekjutryggingu al-

mannatryggingakerfisins. Sérstakar reglur takmörkuðu þátttöku persónuafsláttar í útsvari. Allar ívilnanir ríkissjóðs vegna barna voru sameinaðar í svokallaðar barnabætur, sem eru nánast útborganlegur afsláttur með börnum. Reyndist þetta koma sér einkar vel fyrir barnmargt fólk með miðlungstekjur og lágtekjur. Skattlagningu sambýlisfólks var breytt því til hagsbóta. Mér er tjáð af ýmsum aðilum, þ. á m. forustumönnum verkalýðsfélaganna, að hinn almenni launþegi telji þær breytingar, sem gerðar voru, mjög til bóta. En greinilegt er að betur má ef duga skal, og því er unnið að frekari tillögugerð, eins og ég gat um áður og ég vék að í fjárlagaræðu minni s. l. haust. En hér er um vandasamt og tímafrekt verk að ræða, eins og ég veit að hv. flm. þáltill. þeirrar, sem hér er til umr., gera sér grein fyrir.

Þar sem ég á von á því að geta gert Alþ. grein fyrir þeim athugunum, sem hér er vikið að, tel ég ekki ástæðu til þess að ræða einstaka liði þáltill. í smáatriðum. Þó get ég ekki látið hjá líða vegna þess, er fram kemur í grg., að nefna nokkrar tölulegar staðreyndir er varða mál þetta og ég hef fengið upplýsingar um hjá skattyfirvöldum.

Álagður tekjuskattur á einstaklinga nam á s. l. ári rúmlega 7 milljörðum 653 millj. kr. Greiddar barnabætur gegnum skattkerfið, annaðhvort með skuldajöfnun eða endurgreiðslu, námu tæpum 2 milljörðum 625 millj. kr. Og þátttaka ríkissjóðs í greiðslu útsvara lágtekjufólks nam milli 750 og 800 millj. kr. Fjöldi einstaklinga, sem bar að telja fram 1975, var 104 680, þar af báru tekjuskatt 53 786 eða 51.38%, en engan tekjuskatt báru 50 894 eða 48.62%. Þeir aðilar, sem telja verður að hafi haft að aðalstarfi atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, eru áætlaðir 12 369 eða 11.82% framteljenda, en í grg. er gert ráð fyrir 7 500, sem stafar af því að þá munu bændur ekki taldir með. Þar af báru tekjuskatt 6 893 eða 55.73% þeirra, en tekjuskattslausir voru 5476 eða 44.27%. Af heildarfjölda tekjuskattsgreiðenda var hundraðshluti þeirra aðila 12.82%, en af fjárhæð tekjuskattsins 19.43%. Af heildarfjölda skattlausra aðila var hundraðshluti þessa hóps 10.76%. Fjöldi þeirra framteljenda, sem fengu greitt útsvar sitt að öllu leyti eða hluta, var milli 45 og 49 þús. af 99 347 einstaklingum sem útsvör báru eða á milli 45 og 49% allra útsvarsgjaldenda. Af álögðum tekjuskatti á einstaklinga á s. l. ári er áætlað að tekjuskattur þeirra, sem atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi höfðu með höndum, hafi numið 1.5 milljörðum eða 19.5% álagðs tekjuskatts, þótt fjöldi þessara gjaldenda hafi ekki numið nema 13% af heildarfjölda gjaldenda. Þegar frá hafa verið talin ýmis félög, sem enga starfsemi hafa, þ. e. a. s. þau félög sem hætt eru starfsemi eða aldrei hafa hafið starfsemi þótt skráð séu sem félög, eru tekju- og eignarskattsskyld starfandi félög um 4300, þar af greiða 2722 þeirra eða um rúm 63% tekjuskatt sem í heild nam rúmlega 1 milljarði 215 millj. kr. á árinu 1975. Í grg. þáltill. er gert ráð fyrir 5 190 félögum, og stafar það af því að þá eru meðtaldir sjóðir og stofnanir sem ekki eru skattskyld, en greiða önnur gjöld, svo sem tryggingagjöld, og hafa þar af leiðandi verið tekin með. Einstaklingar og félög í atvinnurekstri eru í heild tæplega 16 700 af tæpum 109 þús. framteljendum eða 15.32% framteljenda. Þessir aðilar báru rúma 2 milljarða og 700 millj. kr. af 8 milljörðum 869 millj. kr. álagðs tekjuskatts á s. l. ári eða um 30.5%. Auk þess báru skattskyldir einstaklingar og félög í atvinnurekstri um 5 milljarða og 600 millj. kr. af svonefndum atvinnurekstrargjöldum, þ. e. aðstöðugjaldi, landsútsvari, iðnlánasjóðsgjaldi, launaskatti og tryggingagjöldum, svo og báru einstaklingar í atvinnurekstri um 1 milljarð 150 millj. til 1200 millj. kr. í útsvör eða um 15% allra álagðra útsvara þótt gjaldendafjöldi þeirra sé innan við 12%.

Í grg. þáltill. kemur fram að önnur meginbrtt. feli m. a. í sér að á einstaklinga í atvinnurekstri verði lögð útsvör hliðstæð útsvörum launþega. Í þessu sambandi þykir rétt að benda á að sveitarfélög hafa heimild til að áætla útsvarsstofn einstaklings í atvinnurekstri, sbr. ákvæði 4. málsgr. 23. gr. l. nr. 8/1972, um tekjustofna sveitarfélaga. Það er því á valdi hverrar sveitarstjórnar hvort þessi heimild er notuð eða ekki.

Þá kemur fram í grg. þáltill. að framkvæmd tekjuskattsinnheimtu sé óhemjudýr og miklu dýrari en innheimta söluskatts, og vék frsm. till. að því áðan. Það mun rétt vera í sjálfu sér að innheimta söluskatts er ódýrari en innheimta tekjuskatts. En gæta verður þess í öllum umr. um kostnað við framkvæmd tekjuskattsálagningar að í tengslum við þá framkvæmd er ekki eingöngu álagning tekjuskatts, heldur og eignarskatts, ákvörðun barnabóta til um 34 500 aðila á s. l. ári, ákvörðun um þátttöku ríkisstj. í greiðslu útsvara lágtekjufólks til um 45—49 þús. aðila. Enn fremur byggist á framkvæmd tekjuskattsálagningar öll álagning útsvara í landinu sem nam rúmum 7 milljörðum 810 millj. kr. á s. l. ári á tæpa 100 þús. aðila. Þá tengist þessu beint og óbeint eftirlit og álagning atvinnurekstrargjalda og landsútsvars á atvinnurekendur, sjóði og stofnanir sem nam á s. l. ári 6 milljörðum 229 millj. kr., og að lokum endurskoðun sölugjalds, álagðs 1974 um 13 milljarða 591 millj. kr.

Þótt tekjuskattskerfið í núverandi mynd yrði lagt niður þarf að vera fyrir hendi í framtíðinni framkvæmdakerfi sem sæi fyrir grunni til útsvarsálagningar og næði til jafnmargra aðila og tekjuskattskerfið í dag, auk þess sem framkvæma þyrfti álagningu og eftirlit með umræddum atvinnurekstrargjöldum og sölugjaldi. Jafnframt má á það benda að gögn til álagningar tekjuskatts eru í verulegum mæli nýtt til tölulegra athugana fyrir Hagstofu Íslands og Þjóðhagstofnunina. Auk þess byggjast á upplýsingum úr tekjuframtölum ýmsar vottorðagiafir, svo sem fyrir Tryggingastofnun ríkisins, Húsnæðismálastofnun ríkisins, Lánasjóð námsmanna o. fl.

Í fjárl. yfirstandandi árs er byggt á því að raunveruleg álagning tekjuskatts nemi um 9.9 milljörðum kr., greiddar barnabætur 3 milljörðum 281 millj. og þátttaka ríkissjóðs í greiðslu útsvara lágtekjufólks um 940 millj. til 1 milljarðs. Ég geri ekki ráð fyrir að það sé ætlun flm. þessarar till. að vilja afnema greiðslu barnabóta eða þátttöku ríkissjóðs í greiðslu útsvara lágtekju-

fólks, en slíkt yrði óframkvæmanlegt ef það kerfi í sambandi við tekjuskatt, sem nú er, yrði með öllu lagt niður. Fyrir utan ýmiss konar afmörkuð vandamál, ef afnema á tekjuskatt af launatekjum, er rétt að hafa í huga að slík lausn hefur bæði í för með sér kosti og galla. Kæmu þá ýmis ný vandkvæði til sögunnar. Hætt er við að sumum þætti verða leit að breiðu bökunum, eins og það hefur verið orðað, og þau vandamál, sem nú eru í sambandi við eftirlit snúast við. Þá yrði það erfið þraut fyrir stjórnmálamenn að veita þeim uppbætur sem töpuðu á stökkbreytingu frá beinum sköttum í óbeina skatta og reyndar erfitt að sjá hvernig það yrði framkvæmanlegt nema með því að hafa hliðsjón af tekjum, og þá er aftur komið upp vandamál í sambandi við afmörkun þess hóps sem fá ætti bætur. Einnig er rétt að hafa í huga tengingu tryggingabóta við tekjur og framtíðarskipan mála varðandi tengsl skattkerfis og tryggingakerfis.

Ég hef vikið að þessum atriðum hér til þess að sýna fram á hversu vandasamt verk það er að vinna að endurskoðun skattalaga. Það hefur m. a verið mjög til umræðu hér í okkar landi að breyta frá söluskattskerfinu núverandi í virðisaukaskatt og þá gjarnan vitnað til nágranna okkar og reynslu þeirra af virðisaukaskattskerfinu. Öll sú athugun, sem fram hefur farið, hefur beinst að því að réttara væri að taka upp virðisaukaskattskerfið. En nú er komið í ljós, m. a. hjá okkar næstu nágrönnum, í Noregi, að reynsla þeirra af virðisaukaskattskerfinu virðist ætla að verða með þeim hætti að fram er komin till. um að söðla þar um og taka upp aftur söluskattskerfið sem þeir áður höfðu. Þetta sýnir okkur að það er enginn einn skattur sem leysir öll vandamál eða nálgast fullkomnun þegar allra sjónarmiða er gætt. Þess vegna ætti að gæta þess að hlaupa ekki öfganna á milli og því rís sú spurning hvort heppilegt sé að leggja með öllu niður beina skatta.

Eins og ég gat um áður, mun ég á næstunni gera hv. Alþ. grein fyrir þeirri vinnu sem í gangi hefur verið í fjmrn., auk þess sem ég á von á því að í upphafi næstu viku verði sú vinna komin það langt að þingmannanefnd sú, sem þingflokkarnir hafa tilnefnt í, geti fengið til meðferðar þau gögn sem fyrir liggja. Því tel ég ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þessa till. hér. En eins og ég gat um í upphafi ræðu minnar munu að sjálfsögðu þau atriði, sem hér er bent á, fá þá skoðun sem eðlileg þykir. Verður gerð grein fyrir því, hvort heldur á þessu þingi eða síðar, þegar áfram verður haldið þessari endurskoðun, hver niðurstaða þeirrar skoðunar hefur orðið.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég verð að biðja hv. 1. flm. afsökunar á því, að ég heyrði ekki upphaf hans máls, en ég hélt nú satt best að segja á tímabili að það væri búið að ræða þessa till. hér, enda langt síðan hún var lögð fram, og þó að flm. leggi til að hún verði samþ., þá trúi ég vart að hann leggi á það mikla áherslu þar sem lítil áhersla hefur verið á það lögð að koma þessu máli til n, eins og raun ber vitni.

Hann gat þess að það hefði um áratugaskeið verið reynt að leiðrétta tekjuskattskerfið og það er rétt. Og nú þykir hv. flm. og mér skilst öllum Alþýðuflokksmönnum vera nóg komið og það sé kominn tími til að gefast endanlega upp við að leiðrétta þetta kerfi, heldur leggja það niður. Ég hafði vænst þess að það yrði gert stórt og myndarlegt átak í því að endurskoða tekjuskattskerfið og leiðrétta þar augljósa vankanta og misrétti. Hv. flm. hefur lengi verið í ríkisstj. og ég vænti þess að hann hafi reynt þar skilmerkilega að bæta þetta kerfi, en þó efa ég það, því að að mínum dómi hefur í raun og veru ekki verið gerð nein alvarleg tilraun til þess að laga þetta kerfi á undanförnum áratugum. Það er því að mínum dómi nokkuð fljótráðið að leggja til að legja það niður, jafnvel af mönnum sem hafa ekki gert tilraun til að lagfæra það.

Því var lýst yfir hér á Alþ. í fyrravetur, bæði af hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh., að það yrði lagt fyrir Alþ. frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt, og það var meira að segja sagt að það yrði gert nú í upphafi þings. Því miður hefur ekki getað orðið af því og tel ég það miður. Ég verð að segja það, að mér þykir nokkur dráttur verða þar á, en vænti þess, og þakka hæstv. fjmrh. fyrir að upplýsa það, að niðurstöður muni nú loks vera að koma. En það er vissulega ekki nægilegt að fá niðurstöður viðkomandi nefndar. Alþ. þarf að fjalla um þetta mál og fjalla um það í alvöru, vil ég segja, en ekki með því að meðhöndla þau mál á þeim grundvelli sem fram kemur í þessari þáltill. og öðru sem hefur verið lagt fram hér á Alþ. á undanförnum árum í skattamálum. Það verður að gera af meira raunsæi og meiri alvöru.

Flm. gat þess að það væri stefna Alþfl. að leggja niður tekjuskatt, aðrir jafnaðarmannaflokkar hefðu svipaða stefnu og mér skildist jafnaðarmannaflokkar hér í nágrannalöndunum. Ég þykist vita að hann eigi þar m. a. við verkamannaflokka á hinum Norðurlöndunum, og ég leyfi mér að efast um að þeir hafi tekið upp þessa stefnu. Ég veit ekki betur en það hafi í raun og veru enginn verkamannaflokkur verið meira ráðandi á Norðurlöndum en Verkamannaflokkurinn í Svíþjóð, og hvernig standa þessi mál í Svíþjóð? Mér er kunnugt um það að hátekjumaður sem er í þeirri aðstöðu að geta jafnvel skammtað sér laun, ef hann er kominn ofarlega í skattstigann og fær milljón í laun, þá heldur hann eftir 140 þúsundum. Þetta vænti ég að sé rétt, mér hefur verið tjáð þetta af áreiðanlegum aðilum. Tekjuskattskerfið í Svíþjóð er því mun áhrifameira en tekjuskattskerfið hér, og er þó um að ræða land þar sem verkamannaflokkur hefur ráðið áratugum saman. Að vísu hafa komið fram mjög margar veilur í skattkerfinu í Svíþjóð, en ég leyfi mér að draga í efa að það hafi verið lagt til í því landi að mæta því máli með því að leggja kerfið niður. Það er gott og vel að þetta sé stefna Alþfl. hér á landi, en ég leyfi mér a. m. k. að efast um að verkamannaflokkarnir á Norðurlöndum hafi tekið þetta mál jafnskilmerkilega upp í sína stefnuskrá.

Í þessari þáltill. er vikið að mörgum atriðum. Ég ætla að leyfa mér að fara í örstuttu máli yfir nokkur af þeim atriðum sem flm. telja hér upp.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að það skuli greint á milli þess hvort skattgreiðandi eða launþegi hefur tekjur af atvinnurekstri eða er launþegi. Um þetta er í sjálfu sér ekkert að segja. Þetta er í samræmi við grundvallarstefnumörkun í þáltill.

Í öðru lagi kemur fram að við ákvörðun á skattskyldum tekjum einstaklings af eigin atvinnurekstri skuli laun hans áætluð. Ég vil leyfa mér að benda á að það er ekkert einfalt mál að ætla sér að fara að taka upp einhverja algilda reglu um áætlun launa án nokkurs tillits til afkomu fyrirtækja. Má vel vera að þetta hljómi vel, en ég er þeirrar skoðunar að hér sé um alranga leið að ræða og eigi mun fremur að leggja áherslu á að miða við einkaúttekt út úr fyrirtækinu, en ekki einhverjar áætlanir sem eru oft og tíðum háðar duttlungum opinberra aðila. Það er mun raunhæfara að skattleggja það, sem einstaklingurinn tekur til eigin þarfa, heldur en að skattleggja á grundvelli einhverrar áætlunar án tillits til þess hvort hann hefur fengið það fjármagn til ráðstöfunar eða ekki.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því að félög skuli áfram greiða tekjuskatt og er vissulega gott að vita til þess að það á ekki algjörlega að leggja kerfið niður. En þó kæmi vissulega líka til greina, fyrst á að fara yfir í þetta kerfi, að félög greiddu einnig óbeinan skatt, þ. e. a. s. nokkurs konar virðisaukaskatt af mismun innkominna tekna og útgjalda. Það er vissulega mögulegt.

Í fjórða lagi er gert ráð fyrir því að reglur um afskriftir eigna skuli við það miðaðar að afskriftir svari til raunverulegrar verðmætisrýrnunar miðað við verðmæti eignarinnar þegar afskrift fer fram. Ég skil þessa grein ágætlega þar til hér er komið, en síðan er bætt við: „en að jafnan sé miðað við mat á upphaflegum endingartíma eignarinnar, þ. e. að kaupandi eignar afskrifi hana með sama hætti og seljanda hennar hefði borið að gera, þannig að sama eign verði aldrei afskrifuð oftar en einu sinni.“ Ég verð nú að segja það, að mér finnst þetta stangast nokkuð á við það sem hv. flm. sagði hér, að þeir teldu að það ætti að viðurkenna rétt atvinnurekstrarins til að afskrifa af raunverulegu verðmæti, en hér er lagt til að ef eign gengur kaupum og sölum og hefur verið afskrifuð að fullu hjá seljanda, þá hafi kaupandi engan rétt til að afskrifa eina einustu krónu. Ég verð að segja það að mér finnst þetta dálítið undarleg hugmyndafræði. Þetta mál á að leysa á allt annan hátt. Það á að leysa á þann hátt að skattleggja eða rýra afskriftarstofn þess aðila sem selur, en ekki þess sem kaupir. Það væri undarlegt ef útgerðarmaður seldi gamlan bát til manns sem hefði ekki efni á að kaupa sér nýjan bát. Aumingja maðurinn, sem kaupir þennan gamla bát, fær ekki leyfi til að afskrifa eina einustu krónu, en af því að útgerðarmaðurinn, sem átti gamla bátinn, hefur efni á því að kaupa sér splunkunýjan bát úr skipasmíðastöð hér, þá á hann að hafa óskoraðan rétt til afskrifta! Þetta er hugmyndafræði sem ég skil ekki og ég trúi því vart að þetta sé hugmynd hv. flm. Ég held að það hljóti að vera að hér hafi einhver ruglingur orðið.

Í fimmta lagi er gert ráð fyrir því að reglur um heimild til þess að draga vexti af skuldum frá tekjum verði við það miðaðar að um hafi verið að ræða eðlilega lánsfjáröflun í þágu atvinnurekstrarins. Hvað er þessi eðlilega lánsfjáröflun? Eru hv. flm. tilbúnir til að setja það í skattalög, hvað er eðlileg lánsfjáröflun, og ákveða á þeim grundvelli hvaða vextir eru frádráttarbærir og hvaða vextir eru ekki frádráttarbærir. Satt best að segja hafði ég talið að það sé í sjálfu sér ekki mikill eðlismunur á fjármagnskostnaði og öðrum kostnaði. Og hvers vegna að skera niður þennan kostnaðarlið? Af hverju ekki að ganga á alla kostnaðarliði fyrirtækjanna og skera þá niður um mismunandi prósentu? Það er vissulega rétt að vaxtafrádrátturinn er orðinn afskaplega mikill og hefur oft komið til tals að skerða vaxtafrádrátt. En yfirleitt hefur verið um það rætt að skerða þennan vaxtafrádrátt hjá einstaklingum, en ekki hjá fyrirtækjum sem er mjög erfitt í framkvæmd vegna þess að það er erfitt að draga skilin. Ég fyrir mitt leyti er ekki tilbúinn til að skilgreina þetta hugtak: „eðlileg lánsfjáröflun“, og tel því hér vera um óraunhæfa till. að ræða þótt vera megi að megi koma þessu betur fyrir.

Í sjötta lagi er gert ráð fyrir því að hagnaður á sölu eigna verði skattlagður að svo miklu leyti sem hann á ekki rót sína að rekja til rýrnunar á verðgildi peninga. Hér er enn eitt matsatriðið sem ég er ekki sammála hv. flm. um. Ég tel að það sé algjörlega óframkvæmanlegt að fara að skilja það í tvennt, hvað er hagnaður af sölu eigna vegna rýrnunar verðgildis peninga og hvað er raunverulegur hagnaður, þ. e. a. s. hagnaður ef miðað er við verðbólguna núll. Ég tel að hér eigi að miða við mismun á bókfærðu verði og söluverði, en ef viðkomandi aðili, sem rekur fyrirtæki, heldur áfram atvinnurekstri og fjárfestir aftur, þá hafi hann heimild til að draga þennan hagnað frá öðrum eignum og rýra þar með annan afskriftarstofn. Þetta er einnig erfitt mál þar sem það er vitað að meginhluti af fjárfestingu hér á landi er fjármagnaður með lánum úr opinberum sjóðum og það er óeðlilegt að líta aðeins á hækkun eignarinnar vegna rýrnunar verðgildis peninga, en taka ekkert tillit til hvernig viðkomandi eign er fjármögnuð.

Í sjöunda lagi er hér lagt til að þegar gildandi lagaákvæði um hækkun söluskatts, sem nú rennur í Viðlagasjóð og Olíusjóð, falla úr gildi skuli þau framlengd, en tekjur af þeim hluta söluskattsins renni í ríkissjóð til þess að mæta missi tekna af tekjuskatti af launatekjum. Hér hafa hv. flm. séð að mundi vera möguleiki að fá allmargar krónur upp í tekjumissinn sem er hins vegar mun hærri en þeir gera ráð fyrir, eins og ég skal koma að síðar. En á sama þingi leggja tveir flm. að þessari till. um afnám tekjuskatts af launatekjum fram till. til þál. um jöfnun á kostnaði við kyndingu húsa og í annarri þáltill. leggja þeir til að eini tekjustofninn, sem hefði gert mögulegt að koma þó þarna á einhverri jöfnun, verði lagður niður. Ég sé ekki hvernig er hægt að taka svona tillöguflutning alvarlega, þegar menn leggja til fyrst í 76. máli Sþ. að leggja niður tekjustofn sem hefur verið notaður til að jafna húshitun í landinu og leggja svo

fram aðra þáltill. um jöfnun á kostnaði við kyndingu húsa og þá á sjálfsagt að finna upp nýjan tekjustofn til þess, hver sem hann á nú að vera. Þetta finnst mér vera ábyrgðarlaus tillögugerð, svo að ekki sé meira sagt.

Í áttunda lagi er gert ráð fyrir því að ítarleg ákvæði verði sett er miði að því að koma í veg fyrir röng framtöl til söluskatts, tekju- og eignarskatts, eftirlit með því að þeim ákvæðum sé hlýtt sé eflt verulega. Hér er vissulega liður sem allir geta verið sammála um. En þetta er kannske ekki fyrst og fremst spurning um það að setja ákvæði, heldur fyrst og fremst spurning um það að hafa nægilegt fjármagn, þ. e. a. s. efla skattstofurnar, efla rannsóknardeild ríkisskattstjóra með meiri fjárveitingum frá Alþ. og auka sektarákvæði skattalaganna. Það er þetta sem hefur höfuðþýðingu, að beina meira fjármagni til þessa eftirlits og hækka sektarákvæðin. En þetta er vissulega mikilsverður liður sem oft er lítið talað um, þ. e. a. s. framkvæmd skattalaganna. Það er ekki nægilegt að hafa fullkomin og góð skattalög. Það er ekki síður mikilvægt og í raun og veru enn þá mikilvægara að tryggja eðlilega framkvæmd þessara sömu skattalaga.

Í níunda lagi er lagt til að það verði lagt gjald á veltu fyrirtækja, þ. e. a. s. til þess að mæta þeim tekjum sem ekki er hægt að ná á annan hátt. Það má vel vera að þetta sé sú leið sem menn eru tilbúnir að fara, að auka veltuskatta. En það er sami uppgjafartónninn í þessari till. Það á að leggja á brúttóveltu fyrirtækja. Það á að varpa tekjuhugtakinu þar með fyrir borð og gefast upp við að skilgreina það hugtak betur eða þá að auka eftirlit með framkvæmd skattalaganna. Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að veltuskattur sé í sjálfu sér hálfgerð grautarstefna, því að það er á engan hátt eðlilegt að leggja á skatt í hlutfalli við veltu, hvorki á fyrirtæki né aðra, en ekki í hlutfalli við tekjur. Þetta er leið sem hægt er að fara þegar menn eru endanlega búnir að gefast upp við allt annað. Og satt best að segja hélt ég að sú stefna hafi verið mörkuð af þeirri ríkisstj. sem hv. flm. Gylfi Þ. Gíslason, átti aðild að, þegar hún lagði fram sitt frv. um tekju- og eignarskatt stuttu áður en hún fór frá völdum, þar var mörkuð sú stefna, ef ég man rétt, að veltuskattar, sem nú eru lagðir á af sveitarfélögum, skyldu smátt og smátt lagðir niður. En það má vera að hv. 1. flm. hafi ekki verið samþykkur þeirri stefnu.

Í tíunda lagi er lagt til að fyrir árslok 1976 skuli söluskatti breytt í virðisaukaskatt. Ef hv. flm. hafa kynnt sér þá grg. sem alþm. barst í vor um virðisaukaskatt, þá vænti ég þess að það hafi verið hægt að lesa það í þeirri grg. að hér væri ekki um mál að ræða sem hægt væri að koma á á stuttum tíma. Það er algjörlega vonlaust mál að ætla sér að koma þessu kerfi á á árinu 1976, enda er vafasamt hvort það sé rétta leiðin að fara yfir í virðisaukaskattskerfi eða þá að breyta söluskattskerfinu. Ég ætla ekki um þetta að fullyrða. Það er mjög margt sem mælir með virðisaukaskatti, það er margt sem mælir á móti honum, og menn skulu ekki ætla að virðisaukaskattur sé eitthvert himnaríki skattanna, eins og oft hefur komið fram, að því er mér hefur skilist, sem leysi öll okkar vandamál í skattamálum. Það er mesti misskilningur. Það er í sjálfu sér eðlilegt, þegar menn sjá gallana á þeim kerfum sem við búum við, að menn mæni á önnur kerfi, en það ber að varast að taka þau upp án þess að athuga þau mjög gaumgæfilega.

Í ellefta lagi er gert ráð fyrir að hvort hjóna um sig verði sérstakur skattgreiðandi. Ég er samþykkur þessu atriði og tel að það eigi mikinn rétt á sér.

Í tólfta lagi skuli endurskoða lög um tekjustofna sveitarfélaga þannig að frjálsræði þeirra verði aukið um álagningu skatta. Þetta má vera gott og blessað. En við verðum einnig að gera okkur grein fyrir því að þetta getur haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir búsetu manna. Ef eitt sveitarfélag leggur á mun meiri skatta en önnur, þá er hætt við að menn reyni að komast frá því sveitarfélagi. Þetta er vissulega reynsla sem við höfum héðan frá Íslandi. Þetta hefur gerst, það hafa verið lögð á meiri gjöld í einu sveitarfélagi en öðru og er að vissu marki enn í dag þótt hér sé mun meiri jöfnuður nú. Ég vil aðeins ítreka að það er mjög hættulegt að auka frjálsræði svo að það sé hætta á mjög mismunandi sköttum.

Flm. hafa ákveðnar till. um hvernig bæta megi þann tekjumissi sem hlýst af því ef þessi atriði kæmu til framkvæmda.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að 3% söluskattur þar á móti komi sem þegar er nýttur af ríkissjóði til ýmissa mála, þ. á m. til ýmissa félagslegra mála. Ég er helst á því ef þessar tekjur yrðu teknar í burtu að þá kæmi það við ýmsa liði sem við hv. alþm. yrðum tregir til að samþykkja, þótt menn geti í sjálfu sér samþykkt að fella niður tekjurnar.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir brúttóveltuskatti, en flm. gera ráð fyrir því að hér sé aðeins um það að ræða að mæta 5.7 milljörðum samkv. fjárl. En það er ekki svo, því að það er gert ráð fyrir að á árinu 1976 verði álagður tekjuskattur á einstaklinga tæplega 10 milljarðar kr. — eða um það bil 9.9 milljarðar kr. — og frá því dragast barnabætur sem eru sennilega tæpir 3 milljarðar kr., og einnig dregst þar frá svokallaður neikvæður skattur sem gengur upp í útsvar. Nú geri ég varla ráð fyrir því að flm. ætli sér það — eða er það hugmynd þeirra? — að leggja niður barnabætur og leggja niður neikvæðan tekjuskatt, því að ekki verður annað ráðið af þessari till. en að svo sé, þannig að hér er um mun hæri fjárhæðir að tefla. Ef menn ætla að mæta 10 milljörðum með söluskatti, þá er þar um að ræða um það bil 8—9 prósentustig til viðbótar í söluskatti. Og ef menn ætla enn að breyta því kerfi yfir í virðisaukaskatt, þá gæti ég trúað að það yrði mjög nálægt 40% virðisaukaskattur, því að virðisaukaskattur er annars eðlis. Virðisaukaskattur leggst fyrst og fremst á neysluna, þ. e. a. s. á heimilin í landinu, en söluskatturinn leggst þó að allmiklu leyti á fyrirtækin, þ. e. a. s. sú þjónusta, sem fyrirtækin greiða, er í mörgum tilfellum með söluskatti. Ég er því helst á því að þegar öll þessi kerfi verða komin í gang, virðisaukaskattskerfi og ekkert tekjuskattskerfi, þá verði heimilin í

landinu farin að greiða allháan skatt sem ýmsir yrðu ekki ánægðir með þótt hv. flm. telji að svo verði.

Í minum huga er þetta vandamál, sem hér er komið inn á, mjög stórt. En hins vegar eiga menn ekki að mæta því eins og virðist vera ríkast í mönnum almennt í þjóðfélaginu og mjög víða, að það skuli lagt niður. Menn fórna höndum og segja: Sjáið þið gallana, þeir hafa ekki verið lagfærðir, og um það má sjálfsagt kenna sofandahætti stjórnvalda og Alþ. — En við eigum fremur að snúa okkur að því að lagfæra þetta kerfi. Það er hægt að gera og ég ætla ekki að fara að rekja það í sjálfu sér í hverju slíkar lagfæringar eiga að felast. Ég er þó tilbúinn til þess ef tækifæri gefst til hér síðar, en ég vil leggja á það áherslu að þeirri endurskoðun, sem fjmrh. vitnaði til, verði hraðað og hún lögð fram á Alþ. þannig að menn fái tækifæri til þess að ræða þetta á skynsamlegum grundvelli og því verði hraðað sem mest má vera að koma hér á breytingum.

Ég varð fyrir nokkrum vonbrigðum þegar hæstv. fjmrh. taldi að það væru mjög athyglisverð ákvæði í þessari þáltill. Að minum dómi er ekkert athyglisvert ákvæði í þessari þáltill., og ég vænti þess að sú endurskoðun, sem fram fer, taki ekki mið af þessari þáltill. Hann gat þess að stefna Sjálfstfl. hafi verið sú að það yrði ekki lagður skattur á almennar launatekjur og það er í sjálfu sér stefna út af fyrir sig. Ég býst ekki við því að tekjuskattur af svokölluðum almennum launatekjum í dag sé ýkjamikill. Frádrátturinn er orðinn það mikill, persónufrádrátturinn, að tekjuskattur á almennar launatekjur er tiltölulega mjög lítill. En hins vegar fannst mér koma fram í orðum hans, að það væri ekki stefna flokksins að leggja niður tekjuskattskerfið. Ég fagna því og vænti þess að við það verði staðið, að Sjálfstfl. a. m. k. berjist ekki fyrir jafnfráleitri hugmynd.

Hann gat þess að afstaða launþegasamtakanna hafi breyst á undanförnum árum, þ. e. a. s. að launþegasamtökin hafi lagt mun meiri áherslu á beina skatta, en viljað draga úr óbeinum sköttum. En hver er ástæðan fyrir þessari afstöðu? Er það ekki einmitt vegna þess að forustumenn launþegasamtakanna hafa talið það vonlaust mál að berjast fyrir auknum skattjöfnuði. Þeir hafa gert það í mörgum tilfellum á undanförnum árum. En ég verð að segja það sem mína skoðun, að ég tel að launþegasamtökin eigi að þrýsta mun meira á að það verði komið á auknum skattjöfnuði og leggja minni áherslu á að leggja tekjuskattskerfið niður, sem ég efast nú um að sé stefna launþegasamtakanna. Tekjuskatturinn var lækkaður mikið 1974 í sambandi við kjarasamninga eða um rúm 40%. Hann var lækkaður en á ný á s. l. ári. Ég tel að það hafi verið misráðið að gera það og menn sem sóttu það mál sem fastast, hafi ekki gert sér fulla grein fyrir því hvað hafi tekið við, því að menn verða að skilja að það er til lítils að leggja niður kerfi, sem er gallað, og breyta sköttunum þannig, að þeir fari inn í kerfi sem er engu síður gallað og kannske miklu gallaðra og verra en hitt.

Áhrif söluskattsins eru margvísleg. Það má t. d. færa sönnur á það að söluskatturinn hefur orðið þess valdandi að aðstöðumunur fólksins í landinu hefur aukist. Söluskatturinn leggst þyngra á þá sem úti á landi búa og þurfa að kaupa yfirleitt dýrari þjónustu en þeir sem búa hér á höfuðborgarsvæðinu. Þeir þurfa að kaupa dýrari símaþjónustu, þeir þurfa að borga flutningskostnað og fleira svipaðs eðlis, sem þýðir að þetta fólk þarf að borga meiri söluskatt og þar með er ójöfnuður kominn á vegna sífellt hækkandi söluskatts. Einnig er ljóst að yngra fólk verður meir fyrir barðinu á söluskatti heldur en þeir sem eru búnir að koma sér fyrir og eru orðnir ráðsettir. Maður, sem byggir hús í fyrsta skipti í dag, þarf að greiða mun meiri söluskatt heldur en maðurinn sem byggði hús fyrir 20 árum, og maður, sem kaupir heimilistæki og húsgögn, þarf að greiða mun meiri söluskatt af þessum vörum heldur en maðurinn sem gerði slíkt fyrir 10—20 árum, en fyrir 20 árum var söluskattur ekki til. Menn verða einnig að gera sér grein fyrir því að aukin skattheimta af þessu tagi kemur mismunandi niður á kynslóðunum meðan áhrifa þessara hækkana gætir.

Ég tel í sjálfu sér ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál. Ég vænti þess að það verði lögð á það öll áhersla að hraða endurskoðun skattkerfisins og það verði undirstrikað af Alþ. íslendinga að tekjuskattskerfið og tekjuskatturinn verði ekki lagður niður, því að það er gífurlegur jöfnuður sem felst í tekjuskattskerfinu, jöfnuður sem ég sé ekki að sé hægt að koma á á annan hátt með góðu móti. Og ég trúi því vart að Alþfl. ætli að berjast harðri baráttu fyrir þessari stefnu, a. m. k. ekki ef sá flokkur ætlar að kalla sig jafnaðarmannaflokk.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal ekki fara mörgum orðum um það efnislega sem sú þáltill., sem hér um ræðir, gerir ráð fyrir, enda er það kannske erfitt eftir slíka sérfræðilega úttekt á skattamálum eins og hv. síðasti ræðumaður gerði hér. En ég vil þó segja að það getur engum dulist að það skattakerfi, þau skattalög, sem verið hafa hér í gildi um árabil, eru mjög ranglát.

Miklar umr. hafa átt sér stað, ekki síst á síðasta ári, vegna þess mikla ranglætis sem gildir í núverandi skattalöggjöf, og það ranglæti snýr fyrst og fremst að launafólki, hinum almenna launamanni. Og ég vænti þess að hv. síðasti ræðumaður, sem hér talaði, sé þó mér og öðrum, sem eru svipaðrar skoðunar, sammála um að það verður vart lengur við unað slíkt óréttlæti gagnvart launafólki í landinu eins og fram hefur komið í þeirri löggjöf um tekjuskatt, sem verið hefur í gildi um langt árabil. Menn getur að sjálfsögðu greint á um ýmsa þætti þessa, en höfuðatriðið er að ranglætið er slíkt að þeir tiltölulega fáu einstaklingar í hópi launafólks, það eru þeir sem fyrst og fremst verða fyrir barðinu á þessu rangláta skattakerfi. Aðrir sleppa. Og það er að mínu viti rangt mat hjá hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni að þeir beri þó hæstu skattana, sem mest launin hafa. Þeir hafa kannske mestu launin sem bera alls enga skatta. Ég held sem sagt að hvað sem líður þeim atriðum sem sett eru fram í þessari þáltill., þá hljóti menn almennt

að vera orðnir um það sammála að það kerfi, sem nú er í gildi, getur vart orðið öllu lengur í gildi vegna þess gífurlega ranglætis sem það býður upp á og snýr þá fyrst og fremst að láglaunafólkinu.

Það hlýtur að vekja menn til umhugsunar, slíkt skattakerfi, þegar það er ljóst að tiltölulega mjög fáir einstaklingar í okkar þjóðfélagi bera tekjuskatt og þar er fyrst og fremst um að ræða launafólk, í mörgum tilvikum láglaunafólk, en allur atvinnurekstur í landinu er tiltölulega lítið skattlagður og líklega helmingur alls atvinnurekstrar í landinu ber engan tekjuskatt. Ég held að menn hljóti því að velta því fyrir sér, ef menn standa frammi fyrir þeirri staðreynd, sem mér sýnist að sé, að ekki sé hægt að fá þær breytingar á núverandi löggjöf sem leiðréti þetta geysilega misræmi, þá fari menn að velta því fyrir sér hvort sé í raun og veru um að ræða annað en að afnám tekjuskatts eigi sér stað.

Nú er öllum ljóst að mikil óánægja hefur verið um árabil með tekjuskattskerfið eins og það hefur verið uppbyggt, og hefur ekki tekist því miður, þrátt fyrir mikla baráttu margra að fá þær breytingar fram á þessu kerfi sem hefðu í för með sér, að það væru aðrir einstaklingar í þjóðfélaginu en launþegar einir sem bæru tekjuskatt. Ég vil því fyrir mitt leyti segja það, að ég vænti þess að það, sem fram kemur í þessari þáltill., verði skoðað gaumgæfilega af þeim fjölmörgu, held ég, endurskoðunarnefndum af hálfu hæstv. fjmrh. sem eru í gangi og búnar eru að vera í gangi á annað ár, þær skoði það, sem hér er sett fram, og gefi um það umsögn hvað hér er í raun og veru á ferðinni og hvað það þýðir. Erindi mitt í ræðustól nú var fyrst og fremst þetta, að ef ég man rétt, þá eru í rúmlega eitt ár búnar að vera starfandi endurskoðunarnefndir á vegum fjmrn. ég held sjö eða átta, ef ég man rétt, í sambandi við skattamál og tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs. Tiltölulega hljótt hefur verið um þessa starfsemi. A. m. k. hefur mér vitanlega ekki verið mikið í því gert að koma upplýsingum um það, sem gert hefur verið, hafi eitthvað verið gert, til þeirra þingflkoka sem fulltrúa eiga í þeirri tenginefnd, sem kölluð hefur verið, milli þingflokkanna og þessara endurskoðunarnefnda.

Ég tók það svo, það sem hæstv. fjmrh. sagði hér áðan, að það mundi ekki vera að vænta neinna frv. um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt á þessu þingi. Hann orðaði það svo að hann mundi gera þinginu grein fyrir þeim athugunum sem fram hefðu farið á vegum þessara nefnda. En eins og hv. þm. Halldór Ásgrímsson vitnaði hér til áðan, þá var því lýst yfir af tveim hæstv. ráðh. að frv. yrðu lögð fram á þessu þingi um breytingu á tekju- og eignarskattslögum. Mér sýnist greinilegt að þetta muni ekki verða. En ég vil þó leyfa mér að spyrja hæstv. fjmrh. um það, hvort ekki sé að vænta neins frv. eða frumvarpa nú á þessu þingi, sem eigi að afgreiða, sem hafi í för með sér breytingu á tekjuskattslögum og þá í þá átt sem mest er talað um, þ. e. að leiðrétta það herfilega misrétti, sem löggjöfin nú býður upp á.

Hv. þm. Halldór Ásgrímsson lýsti því yfir áðan að hann hefði vænst þess að stórátak hefði verið gert í þessum efnum af núv. hæstv. ríkisstj., og af hans máli mátti skilja að hann hafi orðið fyrir vonbrigðum með hversu lítið hafi verið gert í þessum efnum. Og ég er honum sammála um það, — menn getur greint á um leiðir í þessum efnum, — en ég er honum sammála um að þetta er eitt af því marga, vil ég segja, sem ég hef orðið fyrir vonbrigðum með hjá hæstv. ríkisstj. Þetta erum við, ég og hv. stjórnarsinni Halldór Ásgrímsson sammála um.

Ég vil sem sagt spyrja hæstv. fjmrh. um það, og ég vænti þess að hann geti svarað því nú þegar svo langt er áliðið þings, hvort ekki sé að vænta frv. af hálfu hæstv. ríkisstj. um breytingu á tekjuskattslögunum.

Ég vil svo aðeins segja það að lokum, að hvað sem mönnum finnst um efnishlið þessarar þáltill., þá verður ekki hjá því komist eða undan því vikist að gera þær breytingar á skattalöggjöfinni sem hafa í för með sér miklu meira réttlæti gagnvart launafólki heldur en sú skattalöggjöf sem við búum við. Það gerðist á s. l. ári að hópar launafólks tóku sig saman, söfnuðu undirskriftum á nokkrum stöðum þar sem mótmælt var þessari ranglátu skattalöggjöf og bent á það, sem rétt er, að það er hægt að telja í hundruðum, ef ekki þúsundum og aftur þúsundum, þá einstaklinga í atvinnurekstri sem vitað er um að hafa stórtekjur, en losna undan því að greiða skatt til samfélagsins. Það er þetta ranglæti sem launafólk og verkalýðshreyfingin getur ekki sætt sig við. Þó að hér sé sagt úr ræðustól að menn eigi ekki að fórna höndum og gefast upp, þá verður vart lengur við það búið að við lýði sé svo stórkostlega gölluð skattalöggjöf sem hér um ræðir, sem fyrst og fremst bitnar á þeim sem síst skyldi. Þeir, sem betur mega sín, og þeir sem best mega sín, sleppa gersamlega. Það er í raun og veru aðalatriðið sem þarf að breyta. Og ég vænti þess, hvað sem hv. þm. Halldór Ásgrímsson segir um efnisinnihald þessarar þáltill., að þá reyni hann eftir sem áður að beita sínum áhrifum innan hæstv. ríkisstj. og innan stjórnarflokka í þá átt að hér verði betur gert í leiðréttingarátt fyrir það fólk, sem verst er sett, heldur en bæði núv. hæstv. ríkisstj. og aðrar á undan henni hafa gert.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Það er aðalefni till., sem hér er til umr., að afnema tekjuskatt af launatekjum. Nú verður að sjálfsögðu að afla ríkissjóði einhverra annarra tekna í staðinn og þá er það hugmynd flm. að þær tekjur verði aðallega óbeinir skattar, einkum flatur skattur á alla veltu og svo áframhaldandi söluskattur sem síðar yrði breytt í virðisaukaskatt.

Ég vil strax taka það fram að ég er andvígur þessari till. og meginefni hennar. Ég viðurkenni fúslega að tekjuskattskerfið er stórgallað eins og það er í dag, og ég er reiðubúinn að fallast á það sjónarmið að mikil bót væri að því að afnema tekjuskatt af miðlungsháum tekjum og að sjálfsögðu algerlega á lágtekjum. En ég er ekki reiðubúinn til að fallast á að tekjuskattur af hátekjum verði afnuminn með öllu. Tekjuskatturinn er fyrst og fremst mikilvægur sem tekjujöfnunartæki og ég vil því ekki afnema

hann. Það væri spor aftur á bak að fella tekjuskattinn algerlega niður og ég mótmæli því alveg sérstaklega, sem fram kom hjá hv. 1. flm. þessarar till., að slíka stefnu megi sérstaklega kenna við vinstri menn eða jafnaðarmenn í öðrum löndum. Ég vil benda á að hlutfall tekjuskatta af heildarskattbyrði er almennt miklu hærra en hér er í þeim löndum þar sem jafnaðarmenn eru við völd. Með því að afnema tekjuskattsálagningu á hátekjufólk er hætt við að sú ráðstöfun kæmi beint eða óbeint niður á lágtekjufólki og fólki með miðlungstekjur. Við vitum að launamismunur í þjóðfélaginu hefur farið vaxandi og þrátt fyrir allt hefur tekjuskatturinn það sér til gildis að hann stuðlar að tekjujöfnun.

Í till. þeirra flm. eru hins vegar nokkrar hugmyndir sem ég get fúslega tekið undir að eru til hins betra, eindregið til hins betra. Ég vil að vísu taka það fram að þar eru einnig aðrar hugmyndir sem ég er ekki reiðubúinn að samþykkja. Ég er t. d. efins um það að virðisaukaskatturinn sé örugglega mikið til bóta. Ég vil a. m. k. fá að skoða það svolítið betur áður en ég sannfærist um það. Ég hef orðið var við að í þeim löndum, þar sem virðisaukaskattur hefur verið nú um nokkurt skeið. er upp komin mjög hörð gagnrýni einmitt á það skattkerfi. En eins og ég sagði, þá eru þarna nokkrar hugmyndir sem ég vil mjög eindregið styðja. Það eru hugmyndir sem fram koma í tl. 2 um skatta af tekjum einstaklinga af eigin atvinnurekstri og þá fyrst og fremst að laun einstaklinga af slíkum rekstri verði áætluð miðað við það sem telja megi eðlilegt miðað við vinnuframlag í þágu fyrirtækisins, í öðru lagi að reglur um afskriftir verði teknar til endurskoðunar og í þriðja lagi að settar séu nýjar reglur um áhrif vaxtagreiðslna á tekjuskattsgreiðslur.

Það vill nú svo til að ég flutti snemma á þessu þingi á þskj. 34 till. sem einmitt víkur að öllum þessum þremur meginatriðum. Þar er lögð á það áhersla að fyrningarreglur verði endurskoðaðar og ákvæði um verðhækkunarstuðul og flýtifyrningu verði afnumin, en fyrningarhlutfall miðað við eðlilegan endingartíma eigna, — þetta er sem sagt alveg sama hugmyndin og kemur fram hjá flm. þeirrar till. sem hér er til umr., — einnig að ákveðið verði hámark vaxtafrádráttar og í þriðja lagi að þeim einstaklingum, sem hafa tekjur sínar af eigin rekstri, verði framvegis áætlaðar lágmarkstekjur. Hér er að vísu um svolítið mismunandi orðalag að ræða og í framkvæmdinni yrði þetta kannske ekki alveg nákvæmlega eins, en ég tel samt að hér búi sama meginhugsunin á bak við.

En sá er munurinn á þeim hugmyndum, sem fram koma í till. þeirra Alþfl.-mannanna, og svo aftur þeirri till., sem ég hef lagt hér fram, og þeim hugmyndum, sem fram koma í grg., að ég vil ekki nota þennan væntanlega tekjuauka ríkisins til þess að lækka skatta á hátekjufólki. Ég tel miklu eðlilegra að nota þennan væntanlega tekjuauka ríkisins til þess að lækka óbeina skatta og þ. á m. söluskatt sem hefur hækkað mjög mikið á seinustu árum, svo fremi að ríkissjóður teljist þá aflögufær og unnt sé að lækka skatta almennt. En því miður hefur ekki verið það ástand á ríkisbúinu nú seinustu missirin að útlit sé fyrir að ríkissjóður sé verulega aflögufær.

Ég held að enginn þurfi að vera undrandi á því að tekjuskattskerfið, eins og það er í dag, sé óvinsælt. Það er alveg ljóst að tekjuskattsálagningin, sem fram fer á grundvelli núverandi skattalaga, er hreint hneyksli. Eins og ég minnti á við umr. um þá till. sem ég lagði hér fram í haust, þá eru hvorki meira né minna en 430 félög sem hafa álitlega veltu hvert og eitt og samanlagða veltu sem nemur 20 þús. millj. kr., en borga þó ekki eina einustu krónu í tekjuskatt. Og þó eru þau félög miklu fleiri með langtum hærri veltu sem borga litinn tekjuskatt, en þó einhvern. Þetta er að sjálfsögðu algerlega óþolandi ástand, og þessu þarf að breyta.

Ég tel enga ástæðu til að orðlengja um afstöðu mína frekar að þessu sinni. Ég tel sem sagt rangt að afnema tekjuskatt með öllu því að ég lít á tekjuskattskerfið sem mjög mikilvægt tekjujöfnunarkerfi þrátt fyrir allt, en ég legg á það áherslu að á þessu kerfi þarf að gera stórfelldar breytingar og það þarf að koma í veg fyrir það með markvissum ráðstöfunum að menn skjóti undan miklum tekjum, ýmist með ólöglegum hætti eða með lögvernduðum hætti, eins og nú er.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég tel nauðsynlegt að leiðrétta tvenns konar misskilning sem kom fram í ræðu hv. 5. þm. Austurl., Halldórs Ásgrímssonar.

Fyrra atriðið á eflaust rót sína að rekja til þess, sem hann lét sjálfur getið í ræðu sinni, að hann heyrði ekki upphaf framsöguræðu minnar. Ég hélt því ekki fram að nokkur jafnaðarmannaflokkur, sem við völd hefði verið í Vestur-Evrópu, hefði framkvæmt afnám tekjuskatts. Það, sem ég sagði, var að það sjónarmið að breyta stighækkandi tekjuskatti, eins og hann hefði verið framkvæmdur, í einhverja tegund neysluskatts, ætti vaxandi fylgi að fagna innan jafnaðarmannaflokka Vestur-Evrópu. Hitt er mér auðvitað alveg ljóst, að tekjuskattur launþega hefur hvergi verið afnuminn, hvorki þar sem jafnaðarmenn ráða né þar sem borgaraflokkar ráða. En hitt endurtek ég, það er rétt, að þeim jafnaðarmannaforingjum fjölgar, það sjónarmið á auknum stuðningi að fagna innan jafnaðarmannaflokkanna að rétt sé að gera þá kerfisbreytingu sem þessi till. fjallar um, en um þetta atriði fjallaði ég einmitt í upphafi ræðu minnar.

Ástæða þess, að það er jafnaðarmannaflokkur á Íslandi sem ríður á vaðið með að gera hreina till., ómengaða till., skýra og ljósa, um að stíga þetta mjög mikilvæga spor, er einfaldlega sú að ég hika ekki við að fullyrða að í engu landi Vestur-Evrópu er misrétti í skattaálögum á launþega annars vegar og atvinnurekstur hins vegar jafnmikið og hróplegt og einmitt hér á Íslandi, eins og m. a. kom greinilega fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns. Ástæðan til þess, að við kveðum upp úr með þetta, er að við höfum horft upp á áratugalangar tilraunir til að reyna að leiðrétta og laga tekjuskattskerfið, en þær hafa alltaf reynst vera árangurslausar. Nú finnst okkur ranglætið vera orðið svo hróplegt og svo augljóst að það eina, sem geti bætt úr

ranglætinu, sé hreinlega að hætta því að leggja tekjuskatt til ríkisins á launþega.

Hitt atriðið, sem mér finnst nauðsynlegt að leiðrétta og ég get gert í örfáum orðum, var að hann hefði misskilið þann hluta grg. þar sem um er að ræða samanburð á þeirri upphæð, sem einstaklingar greiddu í fyrra í tekjuskatt, annars vegar og félög hins vegar. Á það er bent í grg. að í fyrra greiddu einstaklingar, bæði launþegar og þeir sem stunda atvinnurekstur, 5.6 milljarða í tekjuskatt, en félög einn milljarð. Samkv. núgildandi lögum er nettótekjuskattsgreiðsla einstaklinga 5.7 milljarðar, brúttó 7.2. Sá frádráttur, sem hann gerði að umtalsefni, til greiðslu útsvars og barnabóta er 1500 millj. kr., svo að nettótekjuskattsgreiðsla einstaklinga er í ár áætluð 5.7 millj., en nettótekjuskattsgreiðsla allra félaga 1.7 millj. Þarna er ég í grg. og í ræðu minni áðan að bera saman nettóskattgreiðslu einstaklinga, allra einstaklinga, bæði launþega og atvinnurekenda, annars vegar og svo félaga hins vegar. En hann virðist hafa skilið það þannig að talan 5.6 milljarðar varðandi árið í fyrra, nettótalan 5.7 milljarðar varðandi árið í ár sé sú tala sem *ég geri ráð fyrir* að ríkið *muni* missa, muni tapa í tekjum við það að hætta að leggja skatta á launþega. Þetta sagði ég aldrei. Þvert á móti tók ég skýrt fram í ræðu minni, ég held einum tvisvar sinnum, að því miður væri engin tala til um það, — a. m. k. hef ég ekki fundið hana og er þó sæmilega kunnugur skýrslum sem gefnar eru út um efnahagsmál á Íslandi, þ. á m. skattamál, — það er engin tala til um það hve einstaklingar greiða mikið til ríkisins í tekjuskatt af launum sínum. Þá tölu vantar. En þá tölu geta *sérfræðingar hæstv. fjmrh.* eða fjmrn. auðvitað reiknað út. Þess vegna nefndi ég enga tölu um tekjumissi ríkisins. Ég varaðist að nefna hana af því að ég vildi ekki fara með tölu sem var áætluð. En ég sagði að til væri áætlun um það hvað félög greiddu, hvað greiddur tekjuskattur þeirra, sem stunda atvinnurekstur, svaraði til hárrar hlutfallstölu af brúttóveltu alls atvinnurekstrar í landinu og sú tala næði ekki 1%. Af því vildi ég draga þá ályktun að ef við vildum bæta ríkissjóði tekjumissinn af því að hætta að *innheimta* tekjuskatt af einstaklingum, burt séð frá því sem hægt væri að hækka tekjur ríkisins í framhaldi af því að ríkið hefur tekið að sér 2 söluskattsstig og framlengt ákvæðin um hið eina olíusjóðsstig, sem gerir vandamálið auðvitað stærra, þá hlyti að vera hægt að lækka útgjöld ríkisins verulega og það hlyti að koma tekjuauki af þeim breytingum sem till. fjallar um og hv. síðasti ræðumaður lýsti eindregnu fylgi sínu við, en það, sem á vantaði, ætti síðan að taka með brúttóskatti á allan atvinnurekstur í landinu. Talan, sem hv. þm. nefndi um 10 milljarða kr. tekjumissi ríkisins, hlýtur að vera byggð á einhverjum misskilningi, vegna þess að í fjárl., sem ég hef hér fyrir framan mig stendur: Tekjuskattur einstaklinga, brúttótekjuskattur allra einstaklinga, þ. e. a. s. bæði þeirra, sem eru launamenn, og þeirra, sem stunda atvinnurekstur, er 7.2 millj. Mér hefur auðvitað aldrei dottið í hug að afnema persónuafslátt til greiðslu útsvars eða greiddar barnabætur, en það verður að draga frá ef verið er að tala um skattbyrði einstaklinganna, og það er það sem ég var að gera. En 10 milljarða talan hlýtur að vera fengin — ja, ég átta mig ekki á hvernig hún er fengin. (**Gripið fram í:** Fengin frá Þjóðhagsstofnun.) Ég þarf að fá nánari skýringu á því hvernig Þjóðhagsstofnunin hefur fengið þá tölu, því að sjálf fjárl. segja að brúttótekjuskattur allra einstaklinga sé 7.2 millj. Hér fer eitthvað á milli mála, sem við þm. getum eflaust báðir fundið sameiginlega í hverju liggur.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Ráðstafanir til að koma í veg fyrir atvinnuleysi og búseturöskun í Norður-Þingeyjarsýslu, þáltill. (þskj. 435). — Ein umr.

Flm. (Kristján Ármannsson): Herra forseti. Ég vil nú í upphafi máls míns leyfa mér að nota þetta tækifæri og bera fram bestu þakkir til hæstv. ríkisstj. fyrir yfirlýsingu hennar um að hlaupið verði undir bagga með okkur íbúum á Kópaskeri og öðrum þeim sem orðið hafa fyrir verulegum búsifjum af völdum undangenginna náttúruhamfara, svo og hv. alþm. fyrir undirtektir þeirra. Þykist ég þess fullviss að þar mæli ég fyrir munn íbúa á þessu svæði.

Þáltill. sú, sem ég hef lagt fram á þskj. 435, er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að gera nú þegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir alvarlegt atvinnuleysi og frekari búseturöskun í Norður-Þingeyjarsýslu á þessu ári.“

Till. þessari hef ég látið fylgja örstutta grg.:

„Ástæðurnar fyrir flutningi þessarar þáltill. eru m. a.:

1. Það alvarlega ástand sem skapast hefur í vesturhluta sýslunnar vegna undangenginna náttúruhamfara.

2. Grundvöllur hefðbundinnar útgerðar frá Þórshöfn er brostinn á sama tíma sem nýtt og fullkomið frystihús stendur tilbúið til notkunar.

3. Yfirvofandi rekstrarstöðvun togaraútgerðar á Raufarhöfn, en hún er undirstaða atvinnulífs staðarins.

4. Brýn nauðsyn fyrirgreiðslu til þeirra ungu bænda í Hólsfjallabyggð sem þar hyggja á fasta búsetu. En hætta er á að þeim snúist hugur, verði dráttur þar á. Og er þá e. t. v. skammt að bíða algerrar eyðingar byggðar í Fjallahreppi.

5. Dráttur sá, sem orðið hefur á framkvæmd þáltill. Alþ. frá árinu 1972 um gerð sérstakrar byggðarþróunaráætlunar fyrir Norður-Þingeyjarsýslu.“

Þar, sem hér er nánast um punkta að ræða, þykir mér ástæða til að gera nokkru nánari grein fyrir þeim.

1. liður grg. minnar: „Það alvarlega ástand sem skapast hefur í vesturhluta sýslunnar vegna undangenginna náttúruhamfara.“ Það á því miður nokkuð langt í land að hægt sé að gera sér tölulega *grein* fyrir *þeim* tjóni sem orðið hefur í þeim hreppum sem hér um ræðir, en það eru Presthóla-, Oxarfjarðar- og Kelduneshreppur, enda á engan hátt séð fyrir endann á afleiðingum þessara hamfara. Ég segi: afleiðingum, með þá von í brjósti að þessum náttúruhamförum sé lokið um sinn, en um það er því

miður ekkert hægt að fullyrða, og vissulega segir sagan okkur, að við ýmsu megi búast, svo og okkar vísindamenn. Ég hefði því e. t. v. frekar átt að segja: að koma í veg fyrir, að ekki væri séð fyrir endann á afleiðingum þeirra hamfara sem þegar hafa átt sér stað. Sem dæmi um það má nefna að allt frá áramótum hefur verið staðið í brotlausri baráttu við verndun bújarða í Öxarfjarðarhreppi og í dag standa menn í nákvæmlega sömu sporum og sömu óvissunni og kostnaðurinn bara við þetta farinn að skipta milljónum. Einnig eru bæir vestan Jökulsár sem tilheyra Kelduneshreppi í hættu, því að enginn veit hvar Jökulsá kann að þóknast eða velja sér farveg til sjávar eftir þær landslagsbreytingar sem þarna hafa átt sér stað.

En allar götur er það ljóst að sé miðað við íbúafjölda, tekjur og efnahag íbúa á þessu svæði, þá er tjónið gífurlegt. En — og á það legg ég áherslu — til allrar hamingju er ekki hér um þær tölur að ræða sem ægja þurfi hv. alþm. eða hæstv. fjmrh. Ég rakst á í öllum þeim bunka af skjölum, sem voru hér á borði mínu þegar ég kom í hv. Alþ., fréttabréf frá Fjórðungssambandi norðlendinga þar sem m. a. sagði eitthvað á þá leið að Presthólahreppur hafi á s. l. ári haldið uppi búsetuþróun í Norður-Þingeyjarsýslu — út af fyrir sig ánægjulegt. En þetta var sagt út frá þeirri staðreynd að á s. l. ári fjölgaði íbúum í hreppnum um 15 — ég endurtek: um 15 manns. Þetta segir nú e. t. v. nokkuð um umfang vandamálsins séð frá sjónarhóli ríkisútgjalda, ef 15 manns geta haldið uppi búsetuþróun í heilli sýslu.

Kópasker er lítið þorp, en var í örum vexti og má sem dæmi nefna að helmingur íbúðarhúsa þar eru hús sem byggð hafa verið á s. l. 5 árum. Einnig má nefna sem dæmi að íbúafjöldinn hefur frá því árið 1970 og til 1. des. 1975 aukist um tæplega 50%. Á Kópaskeri býr mikið af ungu fólki, ungu og bjartsýnu fólki, og uppi voru margvíslegar hugmyndir um frekari og áframhaldandi nauðsynlega uppbyggingu á staðnum, kannske einkum í félagslegum efnum. En allar framkvæmdir á vegum hins opinbera og sveitarfélags hafa um mjög langan aldur legið niðri, ef svo má segja, eða því sem næst, og meðal þess, sem efst var á baugi hjá okkur, var bygging skóla, heilsugæslustöðvar, félagsheimilis og sýslubókasafns, svo að nokkuð sé nefnt í félagslegum efnum. En ég óttast það mjög og ekki að ástæðulausu að t. d. það unga fólk, sem ég áðan nefndi, hreinlega gefist upp og leiti annarra miða, ef svo má segja, verði nú stöðvun á uppbyggingu staðarins. Og ég leyfi mér að leggja áherslu á það að yfirlýsingar hæstv. ríkisstj. fari sem fyrst að sjá stað á borði og framkvæmd hennar verði þess eðlis að fólkið finni að það geti í fyrsta lagi náð þeirri stöðu, sem komin var, og í öðru lagi haldið ótrautt áfram þar sem frá var horfið.

Það var eftir mikinn fund, á okkar mælikvarða alla vega, sem haldinn var á Kópaskeri 1971, að mig minnir, og það var einmitt á grundvelli þessa fundar sem Gísli Guðmundsson lagði fram till. til þál. hér á hv. Alþ. um gerð byggðaáætlunar fyrir Norður-Þingeyjarsýslu. Á þessum fundi voru mættir alþm. kjördæmisins og að mig minnir tveir ráðh. Þessi fundur var nokkuð vel undirbúinn af okkur heimamönnum. Við skiptum með okkur verkum til þess að tala yfir hausamótum gestanna, ef svo má að orði kveða, og mér var falið það hlutverk þá að tala um málefni Kópaskers. Á þessum fundi gerði ég mjög að umræðuefni hafnarmál okkar á Kópaskeri, en í jarðskjálftanum 13. jan. s. l. fór það mannvirki, þ. e. a. s. bryggjan, mjög illa og þegar er ljóst að á þessu ári a. m. k. verður hún a. m. k. ekki notuð til vöruflutninga. En eins og við höfum í raun og veru verið settir með okkar hafnarmannvirki, hafa þau fram til þessa því miður verið okkur ákaflega lítils virði sem slík, og það eru ekki mörg ár síðan Kópasker var t. d. algerlega tekið út af sakramentinu, ef svo má segja, þ. e. a. s. út af áætlun strandferðaskipa. Strandferðaskip hafa ekki lengur viðkomu á Kópaskeri. Ég vil því leggja á það sérstaka áherslu að í sambandi við það mikla tjón, sem orðið hefur á þessu mannvirki okkar, verði látin fara fram rannsókn á öðrum möguleikum sem leyst gætu þann mikla vanda sem við höfum ætíð búið við í hafnamálum. Verður að sjálfsögðu, ef önnur lausn finnst, um að ræða fjárfrekt verkefni. Ég tel hins vegar óráð að fara nú að henda tugmilljónum króna í viðgerð á því, sem eins og ég áðan var að lýsa er okkur grátlega lítils virði, fyrr en slík rannsókn hefur farið fram.

Ég þykist vita að yfirlýsing hæstv. ríkisstj. um bætur okkur til handa hafi m. a. til komið þegar séð var hversu gölluð nýsett lög um Viðlagatryggingu Íslands reyndust. En það er ýmislegt fleira sem vekur menn til umhugsunar eftir slíka reynslu. Ég bendi í því sambandi á lög um almannavarnir, skipulagsmál þéttbýlisstaða á jarðskjálftasvæðum, sem vitað er um, og hönnun mannvirkja. En út í það fer ég ekki frekar hér, heldur vildi ég aðeins koma þessu hér á framfæri á hv. Alþ. því að þetta er mál sem ég lít svo á að verði að taka föstum tökum, því að staðreyndin er sú, að það eru mun fleiri og mun stærri staðir heldur en Kópasker sem eru á jarðskjálftasvæðum og það meiri jarðskjálftasvæðum heldur en Kópasker var talið fram til þessa a. m. k. En þetta var nú máske innskot.

En áður en ég segi skilið við þetta atriði í grg. minni verð ég því miður að láta í ljós nokkurn ótta í sambandi við framkvæmd á áðurnefndri yfirlýsingu hæstv. ríkisstj. og þá einkum í því tilviki ef okkur heimamönnum er ætlað það hlutverk að leita dyrum og dyngjum í völundarhúsi ríkiskerfisins að svörum við því hvað sé hvers og hvers sé hvað, ef svo má segja, og verð að leggja áherslu á það aftur, eins og ég gerði hér áðan, að við þessa yfirlýsingu verði staðið og ríkisstj. fylgist með að það sé gert á viðunandi hátt. Það er álit mitt að kerfin geti svo e. t. v. í góðu tómi deilt um það hvað sé hvers í þessu efni: almannavarnir, Viðlagatrygging, Hafnabótasjóður, Bjargráðasjóður og hvað þetta allt saman heitir. Slíkt er því miður ekki á færi okkar heimamanna, og má kannske segja að við höfum um önnur kerfi frekar að hugsa að svo stöddu.

Þá er ég kominn að 2. lið í grg.: „Grundvöllur hefðbundinnar útgerðar frá Þórshöfn brostinn, á sama tíma sem nýtt og fullkomið frystihús

stendur tilbúið til notkunar.“ Ástæðan fyrir þessu er fyrst og fremst gegndarlaus ágangur annarra á hin hefðbundnu mið þeirra Þórshafnarmanna, og ekki þarf að minna á framferði breta á friðaða svæðinu þarna einmitt rétt fyrir utan sem vissulega á sinn þátt í þessu. En heimamenn hafa bent m. a. á að sett yrði einhvers konar löggjöf er veitti þeim forgang að nýtingu sinna hefðbundnu miða með sínum hefðbundnu veiðiaðferðum. Þórshafnarbúar misstu af lestinni, ef svo má segja, í sambandi við kaup á skuttogara, enda voru þeir í þeim efnum nokkuð hikandi. Hér er vitaskuld um að ræða vandamál sem aðeins er hluti af enn miklu stærra vandamáli, sem er verndun og nýting fiskimiða okkar, og við verðum einnig að vona að hér sé um tímabundna erfiðleika að ræða. En mér er kunnugt um að nú að undanförnu hafa átt sér stað viðræður heimamanna og alþm., m. a. hæstv. forsrh., að ég held á laugardaginn var, um bráðabirgðalausn og hafa þær, að ég held, einkum beinst að því að kanna hvort ekki væri grundvöllur fyrir aflamiðlun sem — ef unnt reyndist — virðist jákvæðasta lausnin til bráðabirgða. En þessari athugun verður að hraða, því að nú í dag eru á milli 50 og 60 manns á atvinnuleysisskrá á Þórshöfn. Jafnframt verður svo vitaskuld að vinna að framtíðarlausn. Heimamenn hafa m. a. bent á og ekki þótt nóg að gert í sambandi við að efld yrði fiskileit, m. a. með því að kanna hvort ekki fyndust rækjumið eða skelfiskmið þarna rétt við bæjardyrnar hjá þeim, en í þeim efnum hefur þeim ekki fundist nóg að gert.

Þá er það 3. liður í grg.: „Yfirvofandi rekstrarstöðvun togaraútgerðar á Raufarhöfn, en hún er undirstaða atvinnulífs staðarins.“ Raufarhöfn er sá þéttbýliskjarni í Norður-Þingeyjarsýslu sem hefur hvað mesta sérstöðu. Sú var tíðin að Raufarhöfn malaði gull í þjóðarbúið, en svo fór sem fór og ástæðulaust að rekja það hér. Síldin kom og síldin fór og hefði það út af fyrir sig átt að verða okkur viðvörun, sem það að vísu varð að nokkru leyti. En það er ekki fyrr en nú á allra síðustu árum sem heimamenn hafa áttað sig á þeirri breytingu sem orðin var og þessi staður, sem fyrr malaði gull, stóð uppi allslaus því að lítið var eftir af gullinu á Raufarhöfn. Skipt var yfir og af vanefnum ráðist í kaup á skuttogara. Og það, sem fyrst og fremst hefur staðið þeirri útgerð fyrir þrifum, er að alla tíð hefur verið við slík vanefni að stríða að eðlilegum rekstrargrundvelli hefur ekki tekist að ná og hreppsfélagið hefur verið svo hlekkjað þessum stöðugu erfiðleikum útgerðarinnar að bitnað hefur á allri eðlilegri uppbyggingu og öðrum bráðnauðsynlegum verkefnum þess. Það er því bráðnauðsynlegt að veita Raufarhafnarbúum þá fyrirgreiðslu sem nægja mundi til þess að tryggja þann grunn sem þeir af vanefnum hafa og eru að berjast við.

4. liður í grg. er: „Brýn nauðsyn fyrirgreiðslu til þeirra ungu bænda í Hólsfjallabyggð sem þar hyggja á fasta búseu. En hætta er á að þeim snúist hugur, verði dráttur þar á. Og er þá e. t. v. skammt að bíða algerrar eyðingar byggðar í Fjallahreppi.“ Hólsfjallabyggð er í verulegri hættu og það svo að ástæða þótti til, eftir að samþykkt var till. um gerð sérstakrar byggðaáætlunar fyrir Norður-Þingeyjarsýslu, að gera aðra sem ætti að hafa forgang og það var til tryggingar byggð á Hólsfjöllum, ekki aðeins í Fjallahreppi, heldur átti það einnig að ná austur yfir. Þrír ungir bændur hófu búskap í Fjallahreppi í trausti þess að þeim yrði veitt sú fyrirgreiðsla sem nauðsynleg var. En á því hefur staðið og er nú einn þeirra horfinn á braut, og slíkt hið sama verður um þá tvo, sem eftir sitja, að því er ég hef heyrt, fáist ekki nú á þessu ári sú fyrirgreiðsla sem lagt var til að veitt yrði í áðurnefndri áætlun eða grg. frá n. sem skipuð var í það mál. Ég legg áherslu á að þá er, eins og segir í grg., e. t. v. skammt að bíða algerrar eyðingar byggðar í Fjallahreppi.

Þá er ég kominn að 5. og síðasta tölulið í grg. minni. „Dráttur sá, sem orðið hefur á framkvæmd þáltill. Alþ. frá árinu 1972 um gerð sérstakrar byggðaþróunaráætlunar fyrir Norður-Þingeyjarsýslu.“ Hefði verið unnið með því sem ég vil nefna eðlilegum hætti og í anda þeirrar till. til þál. frá 1972 sem áður greindi, væri að öllum líkindum óþarft fyrir mig að leggja hér fram þá till. til þál. sem ég er nú að fylgja hér úr hlaði. Það var 1. apríl 1975 sem gefin var út heilmikil bók sem bar nafnið „Byggðaþróunaráætlun Norður-Þingeyjarsýslu, skýrsla og tillögudrög.“ Ég þykist vita að bæði dagsetningin, 1. apríl, og sú staðreynd, að þessi ritsmíð er mosagræn að lit, sé tilviljun, en táknrænt eigi að síður að mínu mati. Niðurstaða skýrslunnar sýnir svo neikvæða stöðu Norður-Þingeyjarsýslu að segja má að komið hafi ýmsum á óvart og jafnvel ýmsum er sýsluna byggja. Á sama tíma sem íbúatala landsins hefur tvöfaldast hefur engin fjölgun orðið í sýslunni. Á sama tíma sem allt ætlar, að því er virðist, um koll að keyra í þjóðarbúinu og talað er um 5—10% minnkun þjóðartekna, hvað það nú er, búa íbúar Norður-Þingeyjarsýslu við 25% — ¼ lægri bruttómeðaltekjur en landsmeðaltal, svo að dæmi séu tekin, og er þá gjaldahliðin óuppgerð, svo sem 10—15 kr. dýrara hvert kg vöru og sú þjónusta öll sem sækja þarf langan veg eða seld er með okurverði heima fyrir, sbr. símakostnað og ótalmargt fleira.

Tilgangurinn með gerð þessarar byggðaáætlunar átti að vera sá að auka samkeppnisfærni þessa landshluta, að auka og efla trú heimamanna og annarra á framtíðarmöguleika þessa byggðarlags og snúa við þeirri óheillaþróun sem verið hefur. En svo að tilganginum sé náð þarf ekki að koma til aðstoð eða styrkur. Það er hátt sungið um það nú m. a. hér á hv. Alþ., að íslenska þjóðin hafi lifað um efni fram og geri enn, og rétt mun það vera. En ég held að öll þjóðin verði ekki með sanni sökuð um það, og ég held að ef þeir, sem sekir eru, eru látnir greiða eðlilega yfirdráttarvexti, ef svo má segja, til þeirra sem gætt hafa stöðu sins hlaupareiknings, væri betur og öðruvísi umhorfs í okkar þjóðfélagi.

Nefnd byggðaáætlun mun fyrir nokkru hafa verið send hæstv. ríkisstj. til staðfestingar, en virðist eiga í nokkrum erfiðleikum með að komast þaðan aftur, hvað sem veldur. Hvernig staðið var að gerð þessarar áætlunar sætti mikilli gagnrýni heimaaðila og þá sérstaklega sú furðu-

lega ákvörðun að sleppa undirstöðuatvinnuvegi sýslunnar, landbúnaðinum. Mig langar — með leyfi herra forseta — að vitna hér í inngang að nefndri áætlun, en þar segir m. a.:

„Stjórn Framkvæmdastofnunar tók ákvörðun um áætlunargerð þessa hinn 12. sept. 1972 og fylgdu þau fyrirmæli að aðaláhersla verði framan af lögð á atvinnulíf sjávarþorpa landshlutans. Þetta byggðist á mikilvægi þéttbýlisstaðanna varðandi atvinnulíf og byggðaþróun sýslunnar. Einnig gætti í þessu vissrar varkárni gagnvart óskum um meiri stuðning við þróun venjulegrar búvöruframleiðslu en almennt er veitt.“ Ég endurtek: „Einnig gætti í þessu vissrar várkárni gagnvart óskum um meiri stuðning við þróun venjulegrar búvöruframleiðslu en almennt er veitt, auk þess sem Landnám ríkisins hefur sérstöku hlutverki að gegna við áætlunargerð um varðveislu búskapar í byggðum sem standa höllum fæti. Hins vegar var talið mjög áhugavert að kanna hvers konar nýja möguleika á sviði landbúnaðar sem ekki njóta verulegs almenns stuðnings.“ Ég endurtek: „sem ekki njóta verulegs almenns stuðnings, svo sem fiskirækt.“

I þessari tilvitnun kemur mjög skýrt fram að **mínu mati dæmi um þann blekkingaáróður,** sem ég leyfi mér að nefna svo, meðvitaðan eða ekki, um það skal ég ekki dæma, sem hafður hefur verið frammi í umr. um landbúnaðarmál og um byggðamál og byggðastefnu almennt. Ég þykist muna það rétt, að eitt höfuðmarkmið núv. hæstv. ríkisstj., svo og vinstri stjórnarinnar sálugu, hafi verið þróttmikil byggðastefna, og allir stjórnmálaflokkar halda nú hátt á lofti fána þeim sem Gísli Guðmundsson dró fyrstur manna að húni. En það, sem mér finnst einkennt hafa málflutning stjórnmálamanna og annarra er um byggðastefnu eða byggðamál hafa fjallað, er **sífellt tal um aðstoð, stuðning** eða styrki til handa þessu eða hinu byggðarlaginu. Þetta kemur mér furðulega fyrir sjónir, og mér finnst það liggja í hlutarins eðli að slíkur málflutningur sé málstaðnum sem slíkum ákaflega neikvæður. Hann er neikvæður fyrir þá sem talað er um að þurfi t. d. aðstoðar eða styrkja við, þar sem þeir kunna að fá það á tilfinninguna að þeir séu einhverjir ölmusumenn í íslensku þjóðfélagi, neikvæður þeim, sem e. t. v. fá þá flugu í höfuðið að þeir séu að láta eitthvað af hendi af eigum sínum, líkt og um góðgerðastarfsemi sé að ræða, enda blasa afleiðingar þessa málflutnings hvarvetna við. Jafnvel heyrist frá sjálfum forustumönnum íslenskra bænda tal um nauðsyn á styrkjum og aðstoð landbúnaðinum til handa. Ég er nú enginn hagfræðingur eins og fleiri hér á hv. Alþ., en ég þykist sjá þá einföldu staðreynd að allt líf okkar hér á landi sem annars staðar sé komið undir afrakstri lands og sjávar. En þá kemur e. t. v. spurningin: Hvernig stendur á þessum málflutningi? Mín skoðun er sú að um sé að ræða afleiðingar af þeirri vestrænu — e. t. v. sýndargróðahagfræði, sem ég hef leyft mér að nefna svo, sem við höfum búið við. En ýmislegt er það sem bendir nú til þess að þessi hagfræði sé sem óðast að ganga af sjálfri sér dauðri. Finnst hv. alþm. það ekkert **kaldhæðnislegt að tala um offramleiðslu, hvort** sem er á mjólk eða öðrum matvælum, á sama tíma sem 75% íbúa jarðar líða skort? Og hvernig væri umhorfs í heiminum ef hin gamla og gullna regla kapítalismans hefði fengið að ná til allra jarðarbúa, þ. e. a. s. reglan að framboð og eftirspurn skuli ráða öllum hlutum? Nei, gallinn er sá að þessi að mörgu leyti ágæta regla hefur aldrei tekið til annars en ákveðins ramma sem kapítalisminn hefur markað sér að eigin geðþótta. Það er hægt að taka mörg dæmi um þetta. Ég ætla ekki að gera það hér.

Herra forseti. Ég er nú ungur að árum og ég man ekki það langt aftur í tímann að efnahagsörðugleikar og vandamál þeim samfara hafi ekki verið sífelldur höfuðverkur stjórnvalda. En það er þannig með langvarandi höfuðverk að hann verður ekki læknaður með því að taka inn eina magnyltöflu. En einhvern veginn finnst mér það einmitt vera það sem alltaf er verið að gera. E. t. v. má líkja okkur við eiturlyfjasjúklinga sem alltaf þurfa meira og meira. Ein gengisfelling, 25% verðbólga, önnur gengisfelling, 50% verðbólga og svo áfram. Flestir vita hver verða yfirleitt að lokum örlög slíkra sjúklinga. En þótt útlitið hafi verið svart, — eins og ég sagði áðan er ég ungur maður og bjartsýnn, — og allir sjóðir eru sagðir tómir, þá er þetta nú ekki svo slæmt. Við eigum til allrar hamingju sjóði með innstæðum. Við eigum stórbrotið og víðáttumikið land sem hefur að bjóða ómengað loft og vatn og ómælda orku, svo að dæmi séu tekin. Við eigum eitt stærsta matvælaforðabúr, sem ein þjóð getur státað sig af, í sjónum í kringum okkur. En jafnvel allir þessir sjóðir eru forgengilegir og sá tími getur ekki verið langt undan að við áttum okkur á því að á höfuðstól þessara sjóða má ekki ganga og við verðum að láta okkur nægja vextina.

Hv. alþm. kann nú að þykja ég kominn eitthvað út fyrir ramma till. þeirrar sem ég er hér að fylgja úr hlaði. En hvað um það, ef ég sný mér beint að henni aftur og þá síðasta tölulið grg. minnar, þá vil ég leggja áherslu á að hæstv. ríkisstj. staðfesti hið fyrsta áðurnefnda áætlun svo að hægt verði að vinna áfram að frekari útfærslu hennar, ef svo má segja. E. t. v. er það svo að hæstv. ríkisstj. áliti að með staðfestingu sé stefnt í einhver stórkostleg fjárútlát. Ég hef a. m. k. ekki fundið það í þessari skýrslu, heldur sé þetta fyrst og fremst staðfesting á áframhaldandi störfum, því að vissulega er hér um spor í rétta átt að ræða þótt umdeilt hafi verið.

Mér er það fullljóst að vandamál okkar Norður-Þingeyinga eru ekkert einsdæmi. En ég legg áherslu á það að þótt útgjaldaaukning sé e. t. v. óhjákvæmileg nái till. mín fram að ganga og fái eðlilega afgreiðslu hæstv. ríkisstj., er hún að mínu mati einmitt til þess að forða frá enn frekari og ófyrirséðum margföldum útgjöldum áður en langt um líður.

Ég vil að svo mæltu leggja til að till. minni verði vísað til allshn. og fái þar skjóta meðferð og verði afgreidd á þessu Alþingi.

Að lokum vil ég þakka forseta fyrir að hafa gefið mér tækifæri til að fylgja þessari till. minni úr hlaði áður en ég yfirgef þetta virðulegasta leikhús þjóðarinnar.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég vil strax í upphafi máls míns þakka hv. síðasta ræðumanni, Kristjáni Armannssyni, fyrir mál það sem hann flytur hérna, og fyrir ræðu hans. Hér var allt í einu kominn ungur kaupfélagsstjóri að norðan og talaði það tungumál sem frumherjar samvinnuhreyfingarinnar töluðu á meðan sú ágæta hreyfing meinti nokkuð í fullkominni alvöru.

Ég sat fund þennan á Kópaskeri árið 1971 sem hv. síðasti ræðumaður minntist á þar sem til var lagt af hálfu heimamanna hráefnið í þáltill. sem Gísli Guðmundsson flutti hér á Alþ. og samþ. var 1972 og upp af skyldi síðan rísa byggðaáætlun fyrir Norður-Þingeyjarsýslu sem yrði annað og meira en pappírsgagn í grænu bandi. Það var nú í tíð vinstri stjórnarinnar sem þessi Kópaskersfundur var haldinn, það var í tíð vinstri stjórnar sem þessi þáltill. var samþ. Það var komið yfir á tímabil hægri stjórnar, þegar þessi áætlun var færð í letur og bundin í hina mosagrænu kápu, hún var gefin út 1. apríl. Og það er í tíð hægri stjórnar með hægri viðhorf til raunverulegrar byggðaþróunar sem þessi áætlun kemur ekki til framkvæmda sem nú hefur verið beðið eftir. Þetta er raunar annað mál þó að rætur vandamálanna, sem norður-þingeyingar eiga nú við að glíma, standi nú einmitt þar.

Ég tek undir áhyggjur hv. síðasta ræðumanns af því hversu til muni nú takast þrátt fyrir efalaust góðan vilja stjórnvalda að fá reitt fram það fé sem nú er þörf á til þess að bæta úr tjóninu sem orðið hefur í Axarfirði af völdum jarðskjálftanna. Ég er uggandi um það að Viðlagasjóður, sem nú hefur verið felldur í kerfi Viðlagatryggingar, kunni e. t. v. að verða stirðari og stirfnari viðfangs heldur en Viðlagasjóðurinn var. Okkur er öllum enn í fersku minni hversu brugðist var við af hálfu ríkisstj. í jarðeldunum í Vestmannaeyjum. Okkur eru í fersku minni eðlileg og drengileg viðbrögð ríkisstj. við vandræðum norðfirðinga í snjóflóðunum miklu. Og það hvarflar ekki að mér nokkur efi um það að ríkisstj. vilji af sama drengskap hjálpa íbúum Kópaskers og Axarfjarðar í þeim vanda sem þeir eiga nú í. En ég ítreka það að mér hrýs dálítið hugur við því að þetta hjartalag, sem fyrirheitin um aðstoð við vestmanneyinga og norðfirðingana spratt af, — þetta hjartalag, sem kom fram í skjótum viðbrögðum og fyrirheitum ágætra manna og gladdi mann þá, það kunni að hafa verið fellt í kerfi innan Viðlagatryggingar. En það mun nú koma í ljós hversu um það fer. Ég er viss um einmitt það atriði, sem hv. þm. Kristján Ármannsson drap á, hversu nauðsynlegt er að ráðstafa því fé, sem nú verður veitt til bóta á þessu svæði, á skynsamlegan hátt, að þessu fé verði ekki varið til þess að koma þeim hlutum, sem úreltir voru, sem betur hefðu verið með öðrum hætti, í sama horf og áður var, heldur verði þessu fé varið til raunverulegra úrbóta, ef verða mætti þrátt fyrir allt að í einstökum atriðum yrði hægt með þessu bótafé að gera hag Öxarfjarðarbúa betri en hann var fyrir jarðhræringarnar.

Ræðumaður drap sérstaklega á vandamál hafnarinnar á Kópaskeri í þessu sambandi. Ég er persónulega þeirrar skoðunar að rétt sé nú að verja því fé, eins og hann gaf í skyn, sem ella færi til bóta á sprunginni steinsteyptri bryggju á staðnum, til þess að bæta höfnina að öðru leyti. Við verðum að fá á Kópaskeri höfn sem ekki aðeins dugar til uppskipunar og útskipunar, heldur einnig til útgerðar fiskibáta á fengsæl mið.

Ég ætlaði ekki að halda hér langa ræðu, en hlýt þó að drepa á ýmis önnur atriði sem ræðumaður kom inn á og beint eru tengd þáltill. hans um ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir atvinnuleysi í Norður-Þingeyjarsýslu og í veg fyrir hrun í byggðunum þar. Ég var viðstaddur á fundi þeim sem ræðumaður gat um að haldinn hefði verið á laugardag með hæstv. forsrh. norður á Akureyri ásamt fulltrúum þeirra þórshafnarbúa. Af þeim fundi er það skemmst að segja að mál þeirra fékk eðlilegar undirtektir af hálfu forsrh. Ég hygg að hann hafi gefið þeim þau fyrirheit um úrbætur sem hægt var að ætlast til af honum á þeim fundi. Hann sýndi málefnum þeirra og vandræðum sannarlega skilning. En einmitt í vandamáli Þórshafnar, eins og það blasir við okkur í dag, á þessari stundu, má segja að vandamál byggðanna raunverulega krystallist og breytingin, sem orðið hefur á markmiðum í stjórn þessa lands, komi hvað skýrast fram einmitt í vandamálum þórshafnarbúa núna.

Eftir nokkra daga verður tekið í notkun á Þórshöfn nýtt, stórt og fullkomið frystihús sem byrjað var að smíða á Þórshöfn í tíð vinstri stjórnarinnar, þegar menn trúðu því að stefnt væri að því fyrst og fremst að það væri efnahagslegt markmið að nýta vinnuafl fólksins úti í byggðunum og gæði landsins hið næsta þessum byggðum og í þessum byggðum. Þeir þórshafnarbúar efuðust ekki um að þegar þeir væru búnir að koma upp þessu vandaða frystihúsi, þá mundu þeir fá að kaupa skip til þess að afla hráefnis í frystihúsið. Það hvarflaði ekki að þeim efi um það. Þetta frystihús byggðu þeir af miklum myndarskap. Þeir hafa ekki fram að þessum tíma farið fram á eyrisfyrirgreiðslu umfram það sem kerfið lét þeim sjálfkrafa í té til þess að koma upp þessu stóra frystihúsi fyrir um það bil 180 millj. kr. En svo rann upp önnur tíð í þann mund sem þeir luku við smíði frystihússins. Það hvarflar ekki að mér einu sinni að halda því fram að það sé vegna vonsku núv. ríkisstj. sem þeir þórshafnarmenn fá nú þau svör að ekki sé hægt að leyfa þeim að kaupa erlendis frá eða láta smíða hæfilegt fiskiskip til þess að afla hráefnis í þetta hús. Það er ekki vegna vonsku þessarar ríkisstj., en það er vegna skorts á trú af hálfu þessarar ríkisstj. á möguleika okkar til þess að halda áfram að bæta hag þjóðarinnar af gögnum hennar og gæðum.

Það hefur verið drepið við fæti um sinn í uppbyggingu fiskiskipaflotans okkar. Því hefur verið haldið fram og er haldið fram nú þessi missirin að hann sé orðinn of stór. Fyrir liggja óformlegar till. um að hluta af honum verði lagt vegna þess að hann sé orðinn of stór miðað við fiskstofna landsins. En náttúrlega, þegar nánar er skyggnst ofan í málið, þá kemur í ljós að ástæðan fyrir þessu tali, sem byggt er á svonefndri svartri skýrslu, er fyrst og fremst sú, að það er reiknað með því að útlendingar fái að halda áfram að taka fisk af miðunum okkar þó

að við þurfum að draga úr sókninni sjálfir. Ég er þeirrar skoðunar að horfurnar í fiskveiðimálum okkar varðandi fiskstofnana séu nú raunar þær, að það sé nákvæmlega við hæfi að leyfa þórshafnarbúum núna að láta smíða sér skip, láta smíða sér skuttogara og hann muni komast í brúkið í þann mund sem við þurfum enn að bæta við okkur skipum til þess að geta fullnýtt fiskstofnana sjálfir og afþakkað aðstoð útlendinga við það. En þetta er nú annað mál.

Ég hygg að forsrh. verði ekki borinn þeim sökum að hann hafi ekki tekið drengilega undir málaleitan þórshafnarbúa um það að gerðar yrðu ráðstafanir til þess að tryggja þeim hráefni á næstu missirum í þetta frystihús. Og ég skildi mál hans þannig að hann væri þar allur af vilja gerður og þótt hann kvæði ekki fast að orði um það, þá tel ég að þau orð, sem hann lét falla við þórshafnarbúa á þessum Akureyrarfundi, séu nánast loforð um að ríkisstj. muni gera það sem hægt er í þessu máli. Og mér sýnist á því hvernig þeir báru höfuðin að þeir hafi farið með heldur glaðara geði af þeim fundi þrátt fyrir allt.

Vandræði Raufarhafnar kom hv. ræðumaður inn á hérna og gerði þeim í stuttu máli allgóð skil. Raufarhöfn var orðin síldarbær það snemma að ég varð þeirrar gleði aðnjótandi einn rigningarsaman júlímánuð og þó tvo tvö ár í röð að landa þar síld. Við sáum hvernig þetta silfur hafsins byggði staðinn upp og mótaði viðhorf fólksins sem vann þar. Það komu milljarðar á land á Raufarhöfn, og þessi milljarðahráefni voru gerð að enn þá fleiri milljörðum áður en varan var flutt burt frá Raufarhöfn. En svo kom í ljós, þegar síldin hætti að ganga upp að Norðausturlandinu, að það hafði ekkert orðið af þessum milljörðum á Raufarhöfn, þeir höfðu allir verið fluttir burt, og það, sem enn þá verra var, að þetta tiltölulega fámenna byggðarlag sat uppi með þunga skuldabagga sem byggðarlagið hafði verið látið takast á herðar vegna þeirra sem græddu á starfseminni á Raufarhöfn, — þunga skuldabagga, mjög þungar skyldur. Og það er náttúrlega skemmst frá því að segja að þetta byggðarlag var alls ekki í stakkinn búið til þess að standa undir þessum skuldbindingum. Og auðvitað var ríkisheildin og er enn þá í óbættri sök við þetta fólk. Það er býsna ódýr skýring að halda því fram að raufarhafnarbúar, sem fengu allvandað síldarskip á sínum tíma, í lok síldartímabilsins, Jón Trausta, hefðu átt að geta haldið því úti og grætt á útgerð þess. Það er líka næsta ódýr skýring eða ódýr fullyrðing að raufarhafnarbúar ættu að geta grætt á útgerð skuttogarans Rauðanúps núna og rekstri frystihúss þarna. Staðreyndin er sú, að þeir geta það ekki, þeir voru hvorki efnahagslega né félagslega í stakk búnir til þess að halda þessum skuttogara úti með árangri og reka fiskiðjuverið. Slík geta verður ekki til á einni nóttu og ekki nokkrum árum. Þarna blasir við okkur stórt vandamál. Og ég ítreka það, að ég tel að ríkið sé í óbættri sök við raufarhafnarbúa að þessu leyti og því beri að hjálpa þeim til þess að halda þessu atvinnutæki, sem togarinn er, og til þess að reka frystihúsið á staðnum, ekki til þess að reka togarann áfram með tapi og frystihúsið með tapi, heldur hjálpa þeim til þess að koma fótunum undir þessi fyrirtæki efnahagslega og reka þau með ágóða.

Ræðumaður hv. vék að þeim lið byggðaþróunaráætlunarinnar einkennilegu sem ekki fjallaði um aðalatvinnuveg sýslubúa, þ. e. a. s. landbúnaðinn, og síðan þeim vanda sem bændum í Fjallahreppi er nú búinn, þar sem einn þriggja ungra bænda, sem þarna settust að fyrir skemmstu, er þegar fluttur burt og viðbúið er að tveir fari til viðbótar vegna þess að þeim nægja ekki góð fyrirheit um úrbætur á vandanum þarna efra og þeir eru orðnir vonlitlir um að þarna verði um nokkuð að ræða annað en loforðin. Ég minnist þess fyrir einu og hálfu ári, að Kristján Ármannsson sagði mér þá norður á Kópaskeri að þeir væru orðnir býsna langeygðir eftir efndum á loforðum um úrbætur þarna efra. Þeir voru svo bjartsýnir, þessir ungu bændur, árið áður, að þeir trúðu á loforðin og tókust á herðar talsverðar skuldbindingar, lögðu í fjárfestingu vegna þess að þeim hafði verið lofað fyrirgreiðslu sem ekki er komin enn. Hér er um að ræða vandamál, ekki aðeins norður-þingeyinga, — hér er um að ræða stórkostlegt vandamál suður-þingeyinga einnig og vinanna handan sýslumarkanna í Norður-Múlasýslu. Ef Fjöllin fara í eyði, ef byggð leggst niður á þessu svæði, þá missum við ekki svo smáa skák af byggðu Íslandi. Ísland smækkar ekki svo lítið við það ef Fjöllin fara í eyði. Og persónuleg skoðun mín er sú, ef ég leyfi mér að gerast spámaður þrátt fyrir aðvörun Storms Pedersen, þá er það nú persónuleg skoðun mín að við okkur blasi tímabil þegar við verðum neyddir til þess, ef við ætlum að halda við byggð í landinu, að taka upp hina raunverulegu nýju stefnu, við neyðumst til þess að taka upp byggðastefnu í þá veru að miðað verði að því að nýta öll gæði þessa lands á þurru og í sjó, ekki með tilliti til þess hvort það sé hægt að ávaxta kapital, heldur til þess að við getum haldið áfram að lifa menningarlífi í þessu landi, góðu lífi einmitt með þeim hætti að draga úr möguleikum einkakapitalsins til þess að græða á landnytjum og vinnu fólksins sem við það sýslar.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður, 5. þm. Norðurl. e., hóf mál sitt með því að fagna því, að hv. þm. Kristján Ármannsson talaði það tungumál sem frumherjar samvinnuhreyfingarinnar töluðu, og bætti því við, þegar þeir nenntu einhverju. (**StJ:** Nei, það sagði ég ekki, ég sagði: meintu eitthvað.) Nú, meintu, þá leiðrétti ég það, þegar þeir meintu eitthvað. Ég skal ekki gera orð hv. 5. þm. Norðurl. e. að umræðuefni. Ég hafði ekki ætlað mér að koma hér upp í ræðustól og taka þátt í umr. um þetta mál. En úr því að ég er hingað kominn, þá vil ég lýsa að mörgu leyti ánægju minni með ræðu hv. þm. Kristjáns Ármannssonar og lýsa því yfir jafnframt að ég er samþykkur þessari þáltill. sem hann flytur á þskj. 435, ég held ég megi segja í öllum atriðum.

Þá er ég kominn að því sem dró mig hingað upp í þennan virðulega ræðustól. Hann kallaði sig ungan mann, þá á ég við hv. þm. Kristján Ármannsson, en ekki hv. þm. Stefán Jónsson, og

ég ætla ekki að rengja það að hann sé ungur að ári. En ég vil lýsa furðu minni á því, þegar ungur maður kemur hingað inn sem varamaður á hv. Alþ., að hann skuli leyfa sér að enda sína ágætu ræðu og sinn góða málflutning, sem sannfærði mig, með því að kalla þessa virðulegustu stofnun íslensku þjóðarinnar virðulegasta leikhús þjóðarinnar. Það hefur áður verið gert hér, ég las um það í blöðum áður en ég kom á Alþ. sem þm., og það fór illa í mig. Mér fannst stofnunin vera dregin niður og neðar en hún á skilið í tali hér í sölum hv. Alþingis. Ég verð að segja það, ég harma þetta, og ég get ekki setið undir því að fulltrúar þjóðarinnar komi upp í þennan hv. ræðustól og geri minna úr Alþingi en efni standa til. Alþingi er virðulegasta stofnun þjóðarinnar og á að njóta þeirrar sanngirni að þm. eða starfsmenn beri virðingu fyrir henni sem slíkri. Og ef þessu heldur áfram, þá verð ég að segja að ég sakna þess þm., sem hann er varamaður fyrir, ef hann kemur inn í þessa æðstu og virðulegustu stofnun þjóðarinnar með þessu hugarfari.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Út af síðustu orðum hv. 12. þm. Reykv., *þá skildi ég* orð hv. þm. Kristjáns Ármannssonar þannig að hann notaði þau í gamni, en ekki að hann vildi kasta *neinni rýrð á Alþ., enda þykir mér* það ólíklegt ef hv. þm. Kristján Ármannsson notar slík orð í óvirðingarskyni um Alþ. Ég get hins vegar tekið undir þá áðrepu sem hv. þm. Albert Guðmundsson hafði hér almennt um að okkur ber að halda uppi virðingu Alþingis og við eigum ekki að beina neinum óvirðingarspjótum gagnvart þinginu. Undir það hlýt ég að taka og mun ætíð gera. En ég vil nú bera blak af hv. þm. Kristjáni Ármannssyni. Ég fylgdist vel með orðum hans og fann það á tóninum að hann sagði þetta raunar í gamni, en ekki í alvöru, enda mun þetta stundum hafa borið á góma hér áður sem gamanmál.

En í sambandi við það mál, sem hér er til umr., þá vil ég leyfa mér að taka undir þá till. sem hér er flutt og ég vil taka mjög undir það mál sem tillögumaður hefur flutt fyrir sinni till., því að það er óhætt að segja að í öllum greinum var mál hans þannig að þar var rétt og satt skýrt frá ástæðum í öllum höfuðatriðum, einkum hvað varðaði ástandið í Norður-Þingeyjarsýslu, atvinnuástandið þar, og hvílík nauðsyn er á því að bæta þar úr. Því miður er það nú samt svo, að þetta er ekkert nýtt vandamál í Norður-Þingeyjarsýslu. Norður-Þingeyjarsýsla hefur verið nú um mjög langt skeið á vissan hátt á afturfarastigi að því leyti til, að þar hefur orðið ekki eingöngu hlutfallsleg fólksfækkun, heldur hefur þar orðið *bein fólksfækkun, beint* í tölum talið, og mun vera það landssvæði þar sem fólki hefur einna mest fækkað hér í landinu, þannig að þetta er ekkert nýtt að svo sé. Þannig var þetta t. d. á árabilinu frá 1960—1970 og þar á eftir, að þessi þróun átti sér stað, mjög alvarleg þróun. Á þessu tímabili varð mikil byggðaröskun. Og það var einmitt af þeim ástæðum sem menn hafa leitt kannske meira hugann að nauðsyn þess að gera sérstakt átak til þess að reisa við hag þessarar sýslu, þessara byggða, gera það með beinum áætlunum. Sá þm., sem mjög lengi var þm. fyrir Norður-Þingeyjarsýslu sem kjördæmi og síðar þm. alls Norðurl. e., Gísli heitinn Guðmundsson, við vitum, að þessi mál brunnu mjög á honum einmitt vegna staðþekkingar, og hann var mikill frumkvæðismaður að því að þessi mál, byggðaþróunarmálin, væru rædd hér og tekin skipulega á Alþ. og af ríkisvaldi. Einmitt reynsla hans sem þm. norðurþingeyinga kenndi honum hvílík nauðsyn var að vinna að málum á þann veg. En vissulega sá Gísli Guðmundsson þetta mál í miklu víðara samhengi.

Það hefur borist hér í tal að Framkvæmdastofnun ríkisins hafi látið gera sérstaka byggðaþróunaráætlun fyrir Norður-Þingeyjarsýslu. Það er rétt, sem fram kemur hér á þskj., að ályktun var gerð í þessa átt á Alþ. vorið 1972 og þessu máli var síðan af ríkisstj. vísað til Framkvæmdastofnunarinnar á því ári. En þá var Framkvæmdastofnunin *ný og rétt* að taka til starfa og hafði ekki mannafla sjálf til þess að vinda sér að því að gera þessa áætlun innan stofnunarinnar, enda var *þá búið* þegar að *fela henni* mjög mikil verkefni sem hún hlaut að sinna. Því var það að það leið nokkur tími áður en farið var að vinna að þessari áætlun. En vorið 1973 var sérstakt verkfræðifirma hér í Reykjavík ráðið til þess að vinna að byggðaþróunaráætluninni undir stjórn Framkvæmdastofnunarinnar og í umboði hennar og að sjálfsögðu í samráði við heimaaðila. Þessi verkfræðistofa vann síðan mjög mikið og gott verk og skilaði verki sínu á árinu 1974, má segja, að langmestu leyti og síðan endanlega 1975 um vorið. Síðan var áætlunin til meðferðar hjá Framkvæmdastofnuninni fram á haustið 1975, þ. e. a. s. fram í okt., þá var hún endanlega samþ. á fundi í Framkvæmdastofnuninni og þá send ríkisstj. til staðfestingar.

Nú hafa liðið allmargir mánuðir, því miður, og mér er ókunnugt um að ríkisstj. hafi staðfest byggðaþróunaráætlunina. Það er alllangt síðan ég ásamt öðrum þm. úr Norðurl. e. beindi skrifl. fsp. til ríkisstj. um þetta mál, en svar hefur ekki borist enn þá við henni. En ég reikna með að hún komi til umr. í *næstu viku, eða ég vona* að svo verði.

Það er ákaflega auðvelt í sjálfu sér, eins og því miður kom hér fram hjá tveimur hv. ræðumönnum, að gera lítið úr byggðaþróunaráætluninni. Ég held að ég finni það einna helst að þeim ræðum sem þeir fluttu hér, hv. frsm. *og hv. þm.* Stefán Jónsson, að mér fannst eins og tónninn gagnvart byggðaþróunaráætluninni væri óþarflega neikvæður að *ýmsu leyti*. Sannleikurinn er sá að þessi byggðaþróunaráætlun hefur ýmsa kosti, og hún hefur a. m. k. einn höfuðkost að *mínum dómi, og ég hygg* að hv. þm. Stefán Jónsson geti orðið mér mjög sammála um það, við erum að vissu leyti sammála um það allir, og það er að áætlunin gengur ekki út á það að umsteypa, umbylta norður-þingeysku mannlífi, heldur að halda því nokkurn veginn í því horfi sem er, þ. e. að áfram verði landbúnaður og sjávarútvegur höfuðatvinnugreinar sýslunnar og það verði bændur og sjómenn sem setji svip sinn á mannlíf Norður-Þingeyjarsýslu. Þetta tel ég vera höfuðkost þessarar áætlunar og vil gjarnan að gefnu tilefni benda á þetta atriði.

Sama er að segja um áætlunina sem í gangi hefur verið varðandi byggð á Hólsfjöllum. Ég vona að svo þurfi ekki að fara og ég vona að það sé óþarfasvartsýni, sem hér hefur komið fram í ræðustól, að þeir ungu menn, þeir bændur, sem leitast hefur verið við að stuðla að að byggju áfram á Hólsfjöllum, — ég vona að það þurfi ekki að koma til þess að þeir flytjist þaðan brott, jafnvel þótt svo kunni að vera að viss dráttur hafi orðið á tilteknum fjárframlögum. Eigi að síður er það staðreynd að það er búið að verja þegar allmiklu fé til umbeðinnar uppbyggingar þar, og ég hef þá trú að það verði ekki látið við það eitt sitja. Og ég vona að þessir menn hafi þolinmæði til þess að bíða og vinna að því að þetta nái fram að ganga, því að það er rétt sem hv. þm. Stefán Jónsson sagði hér áðan, að það er hryggileg tilhugsun ef svo fer að Hólsfjallabyggðin leggst í eyði. Það þýðir það, ef byggðin á Hólsfjöllum leggst í eyði og yfirleitt Fjallabyggðin, — ég meina þá Möðrudal líka og Víðidal, — ef þessi byggð tæmist, þá þýðir það að það verður engin mannabyggð á svæðinu úr Mývatnssveit allt austur á Jökuldal. Þetta er þess vegna sannarlega stórmál, og það snertir ekki bara það fólk, sem þarna býr, heldur í raun og veru snertir það landið í heild að þessi byggð nái að halda sér. Og ég vona og ég er svo bjartsýnn og ég trúi því satt að segja að þeir ungu menn einkum, sem við höfum haft í huga í sambandi við vissa uppbyggingu á Hólsfjöllum, — ég hef þá trú að þeir hafi biðlund og þolinmæði til þess að vera þar áfram, enda hafa þeir vissulega bundið sér ýmsa bagga í því sambandi og þeir standa þar í mikilli uppbyggingu. Þeir eiga sannarlega allt gott skilið og þeir eiga mikinn stuðning skilið í því sambandi, og ég hef þá trú að hann verði veittur þó að einhver dráttur kunni að hafa orðið á því. Að þessu leyti er ég ekki svartsýnn.

Hins vegar hef ég verulegar áhyggjur af því sem nú er að gerast á Þórshöfn. Það er vissulega ástæða til að hafa áhyggjur af því sem þar er að gerast. Þar hefur atvinnugrundvöllurinn brostið, má segja, nokkuð óvænt að því leyti til að fiskimiðin, sem löngum hafa verið mjög í kringum Langanes og á Þistilfirði, þessi mið hafa stórlega rýrnað. Það sýndi sig á síðasta ári, og það hefur sýnt sig á þeim mánuðum sem liðnir eru af þessu ári, þannig að sá bátafloti, sem er á Þórshöfn og jafnvel er stærri en hann var fyrir nokkrum árum, hann veiðir nú helmingi minna aflamagn heldur en var fyrir 3—4 árum. Þetta er mikið alvörumál, og hefur mjög komið til kasta okkar þm., eins og hér hefur borið á góma, að ræða þessi mál og finna lausn á þeim í samráði við heimamenn og samkv. þeirra beiðni. Við höfum, þm., ekki einu sinni, heldur oftar átt viðræður við ráðh. um þessi mál. Segja má þess vegna að þau séu nokkuð í gangi. En því miður verður ekki séð á þessari stundu til hverrar lausnar verður gripið.

Vissulega er það rétt, sem hér hefur komið fram, að það, sem Þórshafnarmenn vantar fyrst og fremst, er öflugt fiskiskip sem getur sótt lengra en á þessi uppurnu heimamið. Það er vissulega rétt. En því miður höfum við rekið okkur aftur á aðrar ástæður hér í landinu, að það hafa verið settar nýjar reglur um skipakaup, og svo hitt, að sú stefna virðist vera mjög uppi hjá ráðamönnum að ekki beri að fjölga fiskiskipum meira í landinu vegna þess ástands sem almennt er á fiskstofnunum og á fiskimiðunum. Ég verð að segja að af þessu hef ég miklar áhyggjur og hygg að sé það mál sem er einna brýnast af því sem gera þarf í málefnum norður-þingeyinga nú. En hitt er jafnvíst, eins og ég hef raunar sagt, að allt það sem fram kemur í þessari till. og grg. hennar og í ræðu flm. hennar, allt er þetta rétt með farið, að þessum málum öllum þarf að hyggja, þó að einhver áherslumunur kunni að vera í því hjá okkur hvað brýnast sé og hvar hættan sé mest.

Ég hef bent á það áður að þessi óheillaþróun og mikla búseturöskun í Norður-Þingeyjarsýslu er ekki ný af nálinni. Þetta er gamalt mál, því miður. Þetta hefur verið að gerast í gegnum árin og raunar mestalla þessa öld. En líklega hefur það verið einna verst á áratugnum eftir 1960 og fram undir þetta, þannig að það er full ástæða til þess að grípa hér í taumana. Ég held að þó að byggðaþróunaráætlunin, sem hér hefur mjög borið á góma, sé ekki gallalaus og þurfti að bæta á ýmsan hátt, þá held ég samt, að hún sé mjög gagnlegur leiðarvísir í þessu efni og þess háttar að norður-þingeyingar mundu sætta sig vel við ef kjarni hennar yrði framkvæmdur og ef sú stefna, sem hún boðar, kæmist í framkvæmd.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég mun nú ekki tala hér lengi öðru sinni. Raunar hefði ég ekki komið hér upp aftur ef mér hefði ekki blöskrað þessi sigilda hræsni sem kemur úr kokum sumra hv. þm. hér í þessum hv. sal. Hvatinn til þess að hv. þm. Albert Guðmundsson kom hér upp áðan var sá að hann þóttist skynja óvirðingu við Alþ. í dálítið kaldranalegri upphrópun, í dálítið beisku og sáru upphrópunarmerki í ræðulok hjá hv. þm. Kristjáni Ármannssyni. Ég tók þessa setningu hans, sem kom þarna fram, raunverulega sem tilvitnun innan gæsalappa, ekki sem tilraun til fyndni. Ég tók hana sem líkingu og réð í hana þá sárbeittu skoðun, að stundum sé allmikill munur á orðanna hljóðan og fyrirheitum sem gefin eru í þessum sal, og meiningunni, sem á bak við býr. Það var ekki óvirðing við hv. Alþ., það var alvara.

Óvirðing við Alþingi felst kannske í skorti á einlægni af hálfu manna sem sjálfir eru ekki við því búnir eða hafa ekki lag á því að segja nógu satt í þessum virðulegu sölum eða óvanir því að hafa rétt eftir jafnvel. En hún felst ekki í orðum manna sem gagnrýna með sléttum orðum, en dálitið beiskri áherslu, vinnubrögð hv. Alþingis.

Ég vil taka undir það sem hv. þm. Ingvar Gíslason sagði þrátt fyrir allt um byggðaþróunaráætlunina. Þetta er ekki að öllu leyti slæmt ritverk. Sem „litteratúr“ er þetta gott að sumu leyti, jafnvel sem sögulegt plagg. Þar er greinargerð um vandamál í Norður-Þingeyjarsýslu, — vandamál sem við er að glíma. Ýmsar tölur eru þar réttar miðað við þann tíma sem bókin var unnin á. Sem slík, sem fræðirit um ástand á

þeim tíma þegar ritið er samið, þá er þetta nokkuð gott. En þetta er hagvaxtaráætlun. Markmiðin, sem sett eru í þessari áætlun, eru hagvaxtarmarkmið þar sem miðað er að því að þetta landsvæði geti keppt við þéttbýlissvæði t. d. sunnanlands með því að bjóða ýmislegt sem nú þykir eftirsóknarvert, en á þrátt fyrir allt ekki heima á þessu landssvæði og gefur mannlífinu þar ekki gildi. Það er markmið í þessari áætlun t. d. að málefni komist í það horf að það verði rakari á Þórshöfn og skemmtiiðnaðarmiðstöð. Það er ekki þetta sem vantar á Þórshöfn. Núna vantar þar skip og það vantar fisk, það vantar hráefni. Það vantar undirstöðu undir atvinnu fólksins í plássinu.

Ég veit að þessi dæmi, sem ég tek núna, eru ekki að öllu leyti kurteislegt svar við ræðu hv. þm. Ingvars Gíslasonar, og það er ekki heldur ætlast til þess að þau verði tekin sem svar við ræðu hans. En þessi mælikvarði, sem fram kemur í byggðaþróunaráætluninni eins og hún var kynnt á sínum tíma nyrðra, dæmi um það, hvers konar samfélag eigi að koma þarna upp og standa undir rakara og skemmtiiðnaðarmiðstöð, sýna kannske hversu fráleitt það er að — við skulum segja — hin fjarlægari markmið með þessari bók séu raunhæf.

Að slepptum bartskera á Þórshöfn sem mun nú ekki hafa átt að vera undirstaða undir mannlífinu þar, heldur mælikvarði á það hversu flott það væri orðið, — að honum slepptum, þá er hitt rétt, að útkoma þessarar bókar sem grg. um slæmt ástand, þá er útgáfa þessarar bókar góð. En hitt skortir, viðbrögðin við þessu ástandi, og eftir því sem mér skilst á Þórshafnarbúum, eftir því sem mér skilst á kaupfélagsstjóra þeirra kópaskersbúa sem hér mælti með þáltill. sinni áðan, þá er nú svo komið að það má ekki draga úr hömlu að við þessum vandamálum sé brugðist og þá fyrst þeim sem verst eru. Og við væntum þess að nú verði brugðist við þeim þannig að komist verði hjá því að byggðarlög fari þarna í eyði.

Ingi Tryggvason: Herra forseti. Ekki get ég nú að því gert, að ég er ekki alveg viss um að sú mynd, sem dregin var upp hér af byggðaþróunaráætlun fyrir Norður-Þingeyjarsýslu í ræðu síðasta hv. ræðumanns, hafi nú verið alveg réttmæt. En ég ætlaði ekki að blanda mér í deilu um þá hluti. Hins vegar finnst mér ég ekki geta látið hjá líða að segja hér nokkur orð og þá fyrst og fremst til að þakka hv. þm. Kristjáni Ármannssyni fyrir ágætt mál hér og fyrir að vekja hér á hv. Alþ. athygli á vandamáli síns byggðarlags, — vandamál sem er raunar sameiginlegt fyrir fleiri byggðarlög en þetta og hætta er á að geti komið upp miklu víðar heldur en enn er orðið.

Norður-Þingeyjarsýsla er hreint ekki svo lítill hluti af öllu Íslandi. Þetta er stórt landssvæði, það er vel gróið. Það er óvíða á landinu sem beitarlönd eru skynsamlegar nýtt heldur en einmitt í Norður-Þingeyjarsýslu, og það ber mjög lítið á að land sé ofnýtt, eins og kallað er. Strandlengja Norður-Þingeyjarsýslu er mjög löng, og úti fyrir ströndum Norður-Þingeyjarsýslu hafa lengi verið einhver fengsælustu fiskimið hér. Það var ekki tilviljun að síldarverksmiðjum var valinn staður á Raufarhöfn, svo sem raun bar vitni. Og það er ekki heldur tilviljun að það byggðist á sínum tíma upp myndarleg útgerðarstöð á Skálum á Langanesi. Og það er ekki tilviljun að bátar úr nærliggjandi landshlutum, bæði á Austurlandi og vestan fyrir Tjörnes, hafa sótt á fiskimiðin við strendur Norður-Þingeyjarsýslu. Þarna var sérstaklega mikill auður í sjó og á landi í Norður-Þingeyjarsýslu hafa komið mikil verðmæti úr sjó á undanförnum áratugum. Hinu er aftur á móti ekki að neita, að þjónusta samfélagsins við þetta byggðarlag hefur verið í lágmarki. Ef við lítum á hvort heldur er skólamál, vegamál, hafnamál eða nærri því að segja öll þau mál, sem við sinnum sameiginlega, þá hefur þetta byggðarlag orðið hart úti um fjármögnun af hálfu samfélagsins.

Vegir eru að vísu nokkuð langir í Norður-Þingeyjarsýslu, en það eru langir kaflar á milli þéttbýlisstaða sem enn eru aðeins troðningar, og á veginum á milli Kópaskers og Raufarhafnar eru enn þá tugir km þar sem vegurinn liggur lægra en umhverfið og ef einhver snjór kemur, en raunar er snjólétt á þessum svæðum, þá er það helst á þjóðveginn. Það vantar mjög mikið á að vegurinn gegnum sýsluna hafi verið gerður þannig úr garði að hann geti heitið sómasamlegur þjóðvegur á okkar mælikvarða sem ekki er þó sérstaklega strangur.

Skólar eru af mjög skornum skammti í héraðinu og íbúar þess hafa þurft að sækja mjög mikinn hluta skólanáms utan héraðs. Það er verið að vísu að byggja upp skóla í Lundi í Axarfirði og þar er starfræktur skóli, en það vantar mikið á að hann fullnægi nútímakröfum og enn þá er ekki aðstaða til þess að allir nemendur njóti skyldunáms á heimaslóðum.

Svona mætti lengi telja, og ég held að sé óhætt að segja að það fer ekki mikið fyrir sameiginlegum framkvæmdum þjóðarinnar einmitt á þessum stað. Það hefur verið réttilega tekið hér fram áður að síldarauðurinn var fluttur í aðalatriðum burt úr sýslunni og raunar skilið eftir fullt af vandamálum, en engir peningar.

En það eru fleiri verðmæti í Norður-Þingeyjarsýslu heldur en góð fiskimið og góðar uppeldisstöðvar fyrir fisk og mikið gróið land. Þarna eru ýmiss konar hlunnindi við sjávarsíðu, reki og fleira, sem um aldir var veruleg undirstaða þeirrar byggðar sem var í Norður-Þingeyjarsýslu. Og ég hygg að það sé rétt, að oft a. m. k. komust íbúar Norður-Þingeyjarsýslu tiltölulega mjög vel af vegna þess hversu fjölbreytileg not voru lands og sjávar á því svæði. Það eru óvirkjuð vatnsföll í Norður-Þingeyjarsýslu. Það er að ég hygg jafnvel sama og engin vatnsorka beisluð á þessu landssvæði, en allir vita að einhverjir stórfelldustu virkjunarmöguleikar eru einmitt í Jökulsá á Fjöllum sem er í Norður-Þingeyjarsýslu. Þar eru afbragðs hafnarskilyrði, ekki einungis á þeim stöðum þar sem nú eru þéttbýlisstaðir, eins og Raufarhöfn og raunar Þórshöfn, að vísu eru þau heldur lakari á Kópaskeri, en það eru afbragðs hafnarskilyrði víðar, þannig

að mörg aðstaða og náttúruskilyrði eru þarna með ágætum. En byggðin er langt frá höfuðstöðvunum hér í Reykjavík, og ég er sannfærður um að hún hefur goldið þess hversu fjarlægðir eru miklar frá stjórnstöðvunum hér.

Ég held að það sé mjög nauðsynlegt fyrir hv. Alþ. að það marki ótvíræða stefnu um hvort það vill að landið allt verði byggt og auðæfi þess nytjuð eða vissir hlutar landsins lagðir í eyði. Það er áreiðanlegt, sem hér hefur komið fram, að það má ekki miklu halla í Norður-Þingeyjarsýslu svo að meginhluti byggðarinnar þar sé í hættu.

Það er vafalaust rétt að þetta hefur verið augljóst mörgum mönnum um alllangt skeið og þarna hafa ýmsir örðugleikar og ýmis vandamál blasað við. En þó hygg ég að einmitt nú á allra síðustu missirum hafi þetta orðið enn ljósara en áður. Það er ekki langt síðan fiskafli á Þórshöfn var a. m. k. þriðjungur, ef ekki fast að helmingi meiri en hann var á s. l. ári. Þar hefur fiskurinn, sem gekk í Þistilfjörðinn og var veiddur af bátum á mjög stóru svæði, brugðist að verulegu leyti á undanförnum tveim árum, og virðist augljóst að sá fiskur, sem menn vonuðu að gæti gengið á grunnmið norður-þingeyinga, er veiddur annars staðar. Þess vegna er það orðið nauðsynlegt, sem menn hafa vonað til skamms tíma að þeir þyrftu ekki að gera, en það er nú orðið nauðsynlegt að þetta svæði fái skip sem geta flutt hráefni í frystihús sitt lengra að.

Herra forseti. Ég ætla ekki að halda hér langa ræðu. Ég vil aðeins endurtaka þakklæti mitt til flm. þáltill. fyrir að hafa flutt mál sitt með þeim hætti sem hann hefur gert hér, og ég vil vonast til þess að hv. Alþ. sjái sér fært að samþykkja sem fyrst þessa þáltill.

Flm. (Kristján Ármannsson): Herra forseti. Það er aðeins örstutt, einkum tvö atriði. Vil ég þá byrja á því að biðja hv. þm. Albert Guðmundsson afsökunar ef ég hef komist þannig að orði að það hafi sært hann, sú var ekki ætlunin. Þetta var, eins og einhver sagði, „innan gæsalappa“ hér hjá mér, en e. t. v. hefði ég átt að segja frekar leikvöllur heldur en það sem ég sagði. En eins og kom fram hefur þetta því miður verið til umr. fólks á meðal, og þegar ég kem hingað í hv. Alþ. eru það ýmsir af hv. alþm. sem bjóða mig velkominn í leikhúsið. Þetta var síður en svo sagt í neinni niðrandi merkingu við þessa vissulega virðulegustu stofnun landsins. Og ég minnist þess að á framboðsfundi einhvers staðar sagði ég eitthvað á þá leið, að sé talað um hv. Alþ. sem leikhús, þá hlýtur allt þjóðfélagið og öll þjóðin að vera eitt allsherjarleikhús vegna þess að Alþ. er og getur aldrei verið annað en spegilmynd þjóðarinnar að mínu mati. Alþ. er óneitanlega og verður vonandi um alla framtíð virðulegasta stofnun þessarar þjóðar. En sem sagt, hafi ég komist þannig að orði að óviðurkvæmilegt hafi verið, þá bið ég herra forseta og aðra afsökunar á því.

En svo var aðeins eitt atriði. Ingvar Gíslason, hv. þm., sagði eitthvað á þá leið, að e. t. v. það, sem hann hafi helst haft út á að setja, væri það að ég hafi gert of lítið úr þessari byggðaþróunaráætlun. Þá vil ég segja það að ef við skiptum henni í tvennt, þ. e. a. s. nafnið á henni var „Byggðaþróunaráætlun fyrir Norður-Þingeyjarsýslu, skýrsla og tillögudrög“, þá er ég mjög ánægður með fyrri hlutann, en ég hef lýst því yfir áður á fundum um seinni hlutann, þ. e. a. s. það sem við getum kallað tillögudrög sem eru að mörgu leyti ákaflega óljós, að mér fyndist hann ekki bera vott um bjartsýni eða, eins og ég held að ég hafi orðað það, þróttmikla byggðastefnu. Sem dæmi um það er að t. d. það svæði sem ég nefndi hér fyrst, þ. e. a. s. Kópasker og þeir þrír hreppar sem Kópasker er þjónustumiðstöð fyrir, er nú þegar eða var réttara sagt búið að ná þeirri stöðu sem lagt var til í þessari byggðaþróunaráætlun. Og ef einhver skyldi nú standa í þeirri meiningu að það væri eitthvað út frá þessari áætlun sem þessi framþróun hefur þarna verið eða það væri vegna þess að til okkar hefði komið einhver sérstök fyrirgreiðsla, þá er slíkt alger misskilningur. Þetta var byggt upp algerlega af heimamönnum og án þess að þessi byggðaáætlun kæmi, svo að hægt sé að nefna, inn í það. Það vil ég hins vegar taka undir, að við norður-þingeyingar stefnum, held ég, hvergi að neinu borgríki, ef svo má segja, heldur að geta treyst stöðu okkar. Ef við tökum sem dæmi Kópasker, þá er þetta, eins og ég sagði í framsöguræðu minni, ákaflega lítill staður og Kópasker er ekkert annað en þjónustumiðstöð aðliggjandi sveitahreppa fram til þessa. Það er kominn vísir þar að útgerð núna, en vegna þess hversu byggðin er lítil, þá verður þessi þjónustumiðstöð ákaflega dýr, og það hlýtur hver maður að sjá að vöxtur upp að vissu marki er allur til hagsbóta. En við erum, held ég, hvergi í Norður-Þingeyjarsýslu að fara fram á að þar verði stofnaðar borgir, kaupstaðir eða annað því um líkt.

Að lokum vil ég færa hv. alþm., sem tekið hafa til máls, bestu þakkir fyrir þær undirtektir sem þessi till. mín hefur fengið.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það með hv. 6. þm. Norðurl. e. að þakka hv. þm. Kristjáni Ármannssyni fyrir hans ágætu ræðu, að undanskildum hans lokaorðum sem ég hef þegar gert að umræðuefni og mun ekki gera frekar að umræðuefni. Ég hef alltaf litið svo á sem íþróttamaður að sá, sem gerir eitthvað rangt að hans eigin mati og biður afsökunar á misgerðum sínum, sé drengur góður og síst minni maður, heldur meiri. Ég tek orð hans, sem hann flutti, sem afsökun á því gáleysislega tali sem ég tel að hafi verið í hans ummælum og virði þau.

Ég sný mér þá að hv. 5. þm. Norðurl. e. sem hóf mál sitt með því að segja að sér blöskraði hin sígilda hræsni sem kemur úr kokum sumra hv. þm. í þessum sal — og þetta er rétt eftir haft, skrifað. Ég verð að segja að ég hef ekki orðið var við þetta og er best að aðrir þm. svari fyrir sig, jafnvel ekki frá hv. 5. þm. Norðurl. e. Ég vil ítreka það, að ég tel það óviðeigandi við Alþ. þegar ummæli eins og viðhöfð voru hér og ég hef gert að umræðuefni eru viðhöfð

af þeim sem eiga og bera skylda til að viðhalda virðingu Alþ. og skila því fram í tímann helst betra og virðulegra en þeir tóku við því. Ég tek undir með hv. 5. þm. Norðurl. e. að gagnrýni á alltaf rétt á sér, svo framarlega sem hún er borin fram af drengskap og að vel athuguðu máli. Alþ. hefur hverju sinni reisn sína frá kjörnum fulltrúum þjóðarinnar sem skipa hér stólana. Og ég vil endurtaka það, að okkur ber að verja þetta virki, en ekki kippa undan því stoðum með gáleysislegu tali.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 82. fundur.

Mánudaginn 29. mars, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 24. mars 1976.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varamaður landsk. þm. Alþfl., Bragi Sigurjónsson bankaútibússtjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Jón Árm. Héðinsson,
1. landsk. þm."

Bragi Sigurjónsson hefur setið áður á Alþingi og þarf því engar sérstakar ráðstafanir að gera í sambandi við komu hans, og býð ég hann velkominn til starfa.

Tilraunaveiðar á úthafsrækju fyrir Austurlandi, þáltill. (þskj. 428). — Ein umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Sú till., sem ég hef leyft mér að flytja á þskj. 428, er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að hlutast til um það nú þegar, að hafnar verði tilraunaveiðar á rækju á djúpslóðum fyrir Austurlandi. Fengin verði a. m. k. tvö skip til þessara veiða, veiðitilraunir standi eigi skemur en þrjá mánuði og verði rekstur skipanna í sem nánustu samráði við fiskifræðinga."

Upphaf þessarar till. má rekja til mikillar umræðu eystra og þá einkanlega í sveitarstjórn Reyðarfjarðar í janúar í vetur. Sú umr. var um atvinnumál. Þá var einmitt mjög til þessa þáttar horft. Fréttirnar, sem við fengum af veiðitilraunum úti fyrir Reyðarfirði á s. l. sumri, voru þess valdandi. Þá þegar voru uppi beinar óskir um að koma þessu sem best á framfæri við stjórnvöld og jafnvel með tillöguflutningi ef það þætti líklegast. Það að þessi till. er ekki fyrr fram komin er fyrst og fremst vegna þess að annarra leiða var nokkuð leitað. Þar var velviljinn nægur, en það, sem máli skipti skorti yfirleitt, þ. e. a. s. fjármagnið.

Nú kom fram fljótlega eftir þinghlé í vetur till. frá hv. þm. Tómasi Árnasyni um fiskileit og tilraunaveiðar, almenna en ágæta stefnumörkun, en þar var um aðrar sjávartegundir rætt, þ. e. loðnu, kolmunna og spærling. Ég hafði lengi í huga að flytja við þessa till. brtt. um rækjuna og hafa þá þann lið jafnákveðinn og hér er lagt til, en sá fljótlega að þar mundi vera um hæpna leið að ræða þar sem hin till. var svo almenn og náði yfir landið allt. Þegar svo þessi mál voru ítrekuð nýlega á fundi eystra þótti mér sjálfsagt að bera till. fram og freista þess að fá hana í gegn, þó að ég viti að helstu annmarkar hennar séu þeir hve ákveðin hún er, og ef til vill þykir mönnum fram á mikið farið, a. m. k. hef ég þegar fengið um það athugasemd. En ef alvara á hér að vera í málsmeðferð og ef ganga á úr skugga um möguleika á veiðum og vinnslu þarf að gera þar myndarlegt átak, hvort sem það verður í því formi, sem hér er lagt til, eða önnur leið valin, að því er sumir mundu segja öllu hófsamari. Um þetta má deila svo og hvort réttari leið hefði verið viðbótartill. í Sþ. við till. hv. þm. Tómasar Árnasonar. En það er mér ekkert atriði. Hér er um að ræða mál sem hlýtur að vera eðlilegt að sé rætt frá mörgum hliðum og leitast sé við að finna sem farsælasta lausn þess og það sem allra fyrst.

Ég ætla mér ekki hér og nú að fara að endurtaka þær gífurlegu umr. sem orðið hafa um nýtingu auðlinda hafsins, ástand veiðistofna í hafinu umhverfis okkur og verndun þeirra. Þá umr. þekkja allir. Sú dökka mynd, sem því miður hefur reynst of sönn, er öllum kunn og óþarft að tíunda hér. Það nýjasta í þessum efnum, till. um að leggja fiskiskipaflota okkar um lengri eða skemmri tíma, jafnvel 2—4 mánuði í sumar, ætla ég ekki heldur að fara út í. Þær till. koma eflaust til umr. á Alþ. í einhverri þeirri mynd sem geri það a. m. k. nauðsyn fyrir okkur að huga sem best að öllum nýjum leiðum, öllum nýjum möguleikum sem veiðar okkar gætu beinst að, skapað atvinnu og öryggi, einkum þeirra staða sem háðastir eru sjávarafla, og um leið forðað frá þjóðarvoða atvinnulega sem efnahagslega. Ég hef því talið nauðsyn á því að flytja þessa till. hingað beint inn til umr. og umhugsunar og vonandi til raunhæfra aðgerða í kjölfarið. Ég leyfi mér að vitna orðrétt í grg. mína, en þar segir svo:

„Þegar um nýja möguleika er rætt er eðlilegt að litið sé til úthafsrækjunnar, og þá ekki síst hafa austfirðingar áhuga á því að veiðimöguleikar séu kannaðir í fullri alvöru. Þar dugar ekki skammtímaleit, heldur beinar tilraunaveiðar, og til þeirra þarf að tryggja hentug skip og veita þeim þá aðstöðu, sem gerði veiðarnar sem marktækastar.

Til þessara tilraunaveiða þarf verulegan fjárstuðning, eða þá að ríkið sjálft stæði beinlínis að veiðunum. Útgerðaraðilar hafa ekki möguleika á því að stunda veiðar sem þessar, aukakostnaður er mikill í byrjun og áhættan of mikil, því enn ríkir algjör óvissa um hversu til mundi takast, þó horfur virðist góðar.

Sjómenn hafa löngum orðið varir rækju fyrir Austfjörðum. Sumarið 1975 fór Hafþór í rækjuleit fyrir Austfjörðum, og þar kom í ljós að víða fannst rækja og djúpt úti af Vattarnesi fékk Hafþór ágætan afla, eða 200 kg á togtíma af stórri og góðri rækju. Áður hafði fengist ágætur afli í skyndileit út af Héraðsflóa. Þessi rækja þykir sérstaklega hentug til sölu — sveiflur á markaðsverði minni en varðandi smærri rækju — auk þess sem hér gæti opnast ný veiðislóð fyrir þorskveiðibáta okkar — þá sem nú jafnvel uppi till. um að leggja í 2—4 mánuði á næsta sumri. Það hlýtur því að teljast sjálfsagt að allra leiða sé leitað.

Ég tel að málið sé það brýnt, að skipulegar veiðar eigi að hefja á sumri komanda með beinni aðstoð opinberra aðila, svo sem Fiskimálasjóðs, og undir umsjá Hafrannsóknastofnunar.

Sérstakar óskir hafa komið fram frá reyðfirð-

ingum um það, að þessar veiðar fari fram einkum með tilliti til þeirrar jákvæðu niðurstöðu sem Hafþór fékk sumarið 1975 út af Vattarnesi. Þar þykir mönnum einsýnt, að sem fyrst þurfi að ganga úr skugga um það, hvort hér sé um það magn að ræða sem á mætti byggja veiðar með tilheyrandi vinnslu.

Áhugi reyðfirðinga sérstaklega á þessu máli er auðskilinn. Miðin eru út af firðinum, sjávarútvegur og fiskvinnsla eru þar enn í lágmarki miðað við Austfirði almennt, en til er á staðnum aðstaða, sem hentar vel til rækjuvinnslu, en er nú ónotuð með öllu. Þar er einnig að finna skip sem kjörin eru til þessara veiða, en óvíst um möguleika þeirra til veiðiskapar í sumar.

Það er því að vonum að menn vilji fá úr því skorið sem fyrst, hvers vænta má af rækjuveiðum út af Austfjörðum. Miðað við útlit og horfur og nýlegar till. um stöðvun fiskiskipastóls okkar hlýtur hér að vera um þjóðhagslega nauðsyn að ræða einnig, því einskis má láta ófreistað að koma í veg fyrir allar ógæfutillögur af þessu tagi. Hér er því beint lagt til að skip verði fengin til veiða í sumar með atbeina rn. og Hafrannsóknastofnunar og tilheyrandi fjárhagsaðstoð og skipulegar veiðar verði stundaðar í a. m. k. 3 mánuði."

Við þessa grg. er raunar litlu að bæta. Þó vil ég — með leyfi hæstv. forseta — lesa hér þá grg. sem fiskifræðingur Hafrannsóknastofnunar lét frá sér fara eftir rækjuleitina 1975, en hún er svo hljóðandi:

„Nýlokið er leiðangri með Hafþór sem farinn var gagngert til rækjuleitar á djúpslóðum. Athugað var Lónsdýpi, Berufjarðaráll og svæðið milli Vattarness og Dalatanga rúmar 50 sjómílur undan landi. Sæmilegur rækjuafli fékkst í Lónsdýpi, eða 45 kg á togtíma, en fremur lítill í Berufjarðarál. Aftur á móti fékkst ágætur afli djúpt af Vattarnesi, eða 200 kg á togtíma, en þar var um að ræða 494 m dýpi. Síðan fylgdum við 400 m dýptarlínunni norður fyrir Gletting móts við Vopnafjarðargrunn og fengum alls staðar rækju, en í litlum mæli. Í fyrir leiðöngrum hefur ágætur rækjuafli fengist við Héraðsflóadjúp og á Bakkaflóadjúpi, eða allt upp í 210 kg á togtíma í Héraðsflóadjúpi og 105 kg á togtíma í Bakkaflóadjúpi að jafnaði. Að vísu hefur ekki gefist tækifæri til þess að athuga þessi svæði á hinum mismunandi árstímum og ræður veður þar mestu um. Þessi svæði eru á það djúpu vatni og langt undan landi að aðeins stærri skip gætu hugsanlega stundað rækjuveiðar þarna."

Hér virðist sem sé ljóst að um geti verið að ræða umtalsvert rækjumagn, og ég álít að það megi einskis láta ófreistað að ganga úr skugga um hvort um það magn sé að ræða sem á megi byggja ef til vill verulegar veiðar. Skýrslan sýnir einnig glögglega að leit eins og sú, sem þarna fór fram, og reyndar sú, sem áður hafði farið fram, dugar ekki, meira þarf til svo að úr megi skera. Ég álít okkur ekki hafa efni á því að láta þetta verkefni óhreyft.

Það fer óneitanlega um okkur kaldur hrollur við tilhugsunina um veiðistöðvun svo mánuðum skipti. Fyrir fjölmarga staði mundi nánast vera um algjört atvinnuleysi að ræða, svo mjög sem framkvæmdagildi opinberra framkvæmda hefur rýrnað og fyrirsjáanlegur er samdráttur bæði þar og í framkvæmdum almennt. Ég held því að fleiri en sveitarstjórn minnar heimabyggðar hafi um þessi mál fjallað beint. Nýlega sá ég ályktun frá bæjarstjórn Neskaupstaðar sem mjög gekk í sömu átt, og frá Eskifirði fékk ég í gær einnig ákveðna stuðningsyfirlýsingu við þessa till. frá þeim aðila þar sem ég met mest hvað öll sjávarútvegsmál snertir. En allar vangaveltur og hik duga ekki. Hér verður að taka af skarið — annað hvort eða — og gera marktækar tilraunir til veiða eða þá að aðhafast ekkert. Ég álít að við höfum ekki efni á því að láta neitt tækifæri ónotað og því er till. þessi flutt.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til að þessari umr. verði frestað og málinu vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.

Till. vísað til sjútvn. með 14 shlj. atkv. og umr. frestað.

Skattfrelsi bókmennta- og tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs, frv. (þskj. 407). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á Mathiesen): Herra forseti. Eins og kunnugt er hafa bókmenntaverðlaun og tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs fyrir árið 1976 fallið íslendingum í skaut, þeim Olafi Jóhanni Sigurðssyni rithöfundi og Atla Heimi Sveinssyni tónskáldi. Ríkisstj. telur eðlilegt að verðlaun þessi verði undanþegin tekjuskatti og útsvari, en að óbreyttum lögum er ¼ hluti þeirra skattskyldur.

Þegar Halldór Laxness rithöfundur hlaut Nóbelsverðlaunin voru þau með sérstökum lögum undanþegin tekjuskatti og útsvari, og á sama hátt voru Sonningverðlaun, er sami rithöfundur hlaut, undanþegin þessum gjöldum með sérstökum lögum.

Á Norðurlöndum gilda mismunandi reglur um skattlagningu slíkra verðlauna. Á Íslandi eru slík verðlaun, eins og áður segir, skattlögð að einum fjórða hluta, en í Danmörku greiðist skattur af allri fjárhæðinni, í Svíþjóð eru verðlaunin skattfrjáls, en nokkurt vafamál virðist vera að hve miklu leyti verðlaunin eru skattskyld í Finnlandi og Noregi, en þó er talið líklegt að ekki væri krafist skatts af þeim.

Á fundi menntmrh. Norðurlanda, sem haldinn var í Kaupmannahöfn fyrir skömmu, kom fram að dönsk stjórnvöld hafa í hyggju að gera bókmennta- og tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs skattfrjáls, og af Íslands hálfu var lagt til að þau yrðu gerð skattfrjáls í öllum aðildarlöndunum. Í samræmi við það, er þetta frv. flutt.

Í framsöguræðu fyrir þessu frv. í Nd. var gerð grein fyrir verðlaunum, er fyrrv. háskólarektor, Magnús Már Lárusson, hafði fengið, og meðferð þeirra og því jafnframt lýst yfir að með sams konar verðlaun, sem féllu í skaut Hannesi Péturssyni rithöfundi, yrði farið með sama hætti. Hér er um að ræða frv. til l. um skattfrelsi bókmennta- og tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs eingöngu.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að þessu frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Allir góðir íslendingar taka þátt í að fagna því í hvert skipti sem einhverjum af okkar þjóð er sýndur heiður, eins og átti sér stað nú nýlega þegar tveimur íslendingum voru veitt bókmenntaverðlaun og tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs fyrir yfirstandandi ár. Hér liggur fyrir hv. d. frv. til l. um að undanþiggja þessi verðlaun tekjuskatti og útsvari. Ég hafði ekki hugsað mér, þó ég hafi staðið hér upp og taki til máls í sambandi við þetta frv., að vera með neina andstöðu við það út af fyrir sig. En þetta frv. gefur vissulega tilefni til nokkurra hugleiðinga.

Það virðist vera alveg sérstakt óskabarn löggjafans og hefur verið alllengi svokallaður árangur eða starfsemi hugverka og í þrengri merkingu ef það er um árangur ritaðs máls og æðri lista að ræða. Frá mínum bæjardyrum séð getur verið um fleira að ræða sem mætti falla undir orðið hugverk og gæti undir mörgum kringumstæðum verið viðurkenningar vert og verðlaunavert. En hjá hv. Alþ. virðist vera þannig komið málum að áhrifa svokallaðra menningarvita, sem telja sig fulltrúa lista, vísinda og þess háttar, gætir ákaflega mikið. Viti er í íslensku máli nafn á ákaflega þýðingarmiklu og vinsælu tæki sem hefur vissulega gert þjóðinni geysilega mikið gagn og oft orðið til björgunar lífum úr miklum háska. En mér er til efs að allir þeir mörgu, sem hafa hlotið titilinn menningarviti, beri það nafn með rentu. Ég held að ef vel er að gáð, þá gæti komið í ljós að þar væri lítið ljós eða litla birtu að finna, hvorki til vegvísis til góðs eða ills — og jafnvel þveröfugt, að þar gæti verið um þokukennda framleiðslu að ræða sem gæti orðið frekar til þess að afvegaleiða heldur en að leiða á rétta braut.

Hins vegar hefur oft komið í huga almennings hreyfing og átt fylgi að fagna, þó að ekki hafi verið um að ræða viðurkenningu úr opinberum sjóðum, að menn vildu gjarnan heiðra og sýna virðingarvott og þakklæti einstaklingum fyrir mikilvæg og vel unnin störf í þágu almennings og þjóðfélagsins og hefðu gjarnan, t. a. m. á ýmsum tyllidögum, viljað láta það koma fram í einhverri fjármunalegri upphæð. En það er þannig háttað hér hjá okkur, að það er lagt einhvern veginn svo mismunandi mat á það hvernig fjárhagsleg viðurkenning skuli fara fram. Það, sem oft hefur átt miklu fylgi að fagna meðal stórs hóps almennings, að veita slíka viðurkenningu og verðlaun sem felast í fjármunum, það hefur beinlínis ekki verið hægt vegna þess að það kemur ekki hlutaðeigandi að gagni vegna ákvæða skattalaganna.

Hugleiðingar þessar komu í huga minn um frv. eins og þetta, sem er endurtekning og staðfesting á stefnu Alþ. á liðnum árum, að það hefur verið óskabarn þingsins einmitt að leggja það mat á að hlotin viðurkenning fyrir bókmenntaleg hugverk skuli njóta meiri réttar heldur en margt annað. Ég vil t. a. m. í þessu sambandi geta þess að til mun vera árangur hugverks, sem hefur komið fram í ýmsum uppfinningum og náð út fyrir landsteinana, orðið þar að gagni og aflað einhverra fjármuna, en mér er ekki kunnugt um að slíkt hafi verið metið þess að það væri undanþegið skatti. Öllum kemur okkur saman um að við verðum að bera sameiginlegar byrðar að því er snertir að reka þetta þjóðfélag okkar sem við höfum verið að byggja upp og hlutast til um hverjnig skyldi rekið. Það hefur verið stefnan að þær byrðar ættu að koma sem réttlátast niður eftir því sem menn gætu í það og það skiptið. Og þá kemur vissulega í huga manna að þegar stórar og miklar upphæðir falla mönnum í skaut, þá er ekkert óeðlilegt að þeir taki þá þátt í því að verja einhverju af slíkum fjármunum, þó að þeirra væri aflað sem viðurkenningar, í þágu þess að standa undir kostnaði við rekstur þjóðfélagsins.

Ég sem sagt lýsi fullkomlega fylgi mínu við þetta frv., en vil aðeins með þessum fáu orðum koma því á framfæri hvort ekki gæti verið tilefni til þess að hafa heimildagrein í skattalögum þar sem fjmrh. eða fjvn. eða hlutaðeigandi yfirvöldum væri leyfilegt að meta þá viðurkenningu, sem alþýða manna og hinn almenni borgari vill gjarnan sýna eftir sínu mati, til jafns við þá viðurkenningu sem kæmi frá einhverjum opinberum, viðurkenndum stofnunum.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég lýsi yfir stuðningi mínum við þetta frv. og hefði samt ekki komið hingað í ræðustól til þess eins, heldur látið atkv. mitt nægja, ef ekki hefðu verið orð sem hv. síðasti ræðumaður, Jón G. Sólnes, lét falla varðandi listamenn þá sem hér er nú ætlað að fá undanþágu frá skatti varðandi verðlaunin sem nýlega voru veitt. Ég er alveg viss um það að hvorki hv. síðasti ræðumaður, Jón G. Sólnes, né nokkur annar hv. þm. hefur heyrt Ólaf Jóhann Sigurðsson eða Atla Heimi Sveinsson kalla sig menningarvita. Ég er alveg viss um það að enginn hv. þm. hefur heyrt nokkurn mann velviljaðan þessum tveimur listamönnum, sem hér um ræðir, kalla þá menningarvita. Þetta orð er notað í hæðnis- og illgirnistón um suma listamenn okkar.

Nú er ég næstum því alveg viss um það að hv. síðasti ræðumaður vildi ekki víkja illu að þessum mönnum þótt hann notaði þetta háðungarheiti yfir þá. Hann vildi það ekki. Það var annað sem vakti fyrir honum. Ég get fyllilega tekið undir þau ummæli hans að veita beri viðurkenningu fyrir fleiri hugverk en þau sem lúta að gerð góðrar skáldsögu eða góðs tónverks. Ég lít svo á að afrek í þágu íslenskrar verkmenningar séu ekki síður verðlaunaverð, launaverð. Ég er honum innilega sammála um það. En rithöfundar okkar á borð við Ólaf Jóhann Sigurðsson og tónskáld á borð við Atla Heimi Sveinsson, sem leggja þrátt fyrir allt af mörkum til þessa samfélags okkar verðmæti sem ekki eru til þess fallin að bera þeim arð: vel skrifaða, vel sagða sögu, sem gleður þúsundir manna á þessu landi án þess að þeir inni af höndum beina greiðslu til þeirra aðila sem lögðu vinnu í það og hugkvæmni og kannske þegar best lætur hluta af sálu sinni að setja þessa sögu saman fyrir þá sem ekki inna af höndum greiðslu fyrir þessi verðmæti beinlínis til þeirra, — nú, fallegt, dýrðlegt tónverk eða stef sem ómar í eyrum og jafn-

vel í huga þúsundanna hér á landi, þúsunda manna sem ekki inna af höndum privat og persónulega fyrir sig greiðslu fyrir þá gleði, — staða þessara manna er þesss háttar, er bara beinlínis þess háttar að þeir fá ekki í greiðslu umbun verka sinna. En þeir, sem koma fram, margir hverjir, með nýjung eða framlag í þágu verkmenningarinnar, fá greiðslu fyrir framlag sitt. Ég er alveg viss um að hv. þm. Jón G. Sólnes mun með glöðu geði viðurkenna mismuninn á stöðu þessara aðila, á sama hátt og ég viðurkenni með glöðu geði að okkur beri að verðlauna, fyllilega til jafns við — við skulum segja: þessi kúltúrverk, þau verk sem unnin eru til þess að fremja eða ýta undir framgang íslenskrar verkmenningar á ýmsan hátt.

Mér er eins og hv. síðasta ræðumanni kunnugt um hugverk sem unnin hafa verið hér á landi í sambandi við íslenska verkmenningu sem ollu gjörbreytingu í ákveðnum atvinnugreinum án þess að fyrir kæmi nokkur greiðsla, — gjörbreytingu, jafnvel ekki aðeins hér á Íslandi, heldur á allri norðurslóð. Ég man eftir lagningarkarlinum, línurennunni, sem Kristinn í Leirhöfn fann upp á sínum tíma og fimmtánfaldaði, að því er talið er, afköst við línuveiðar hér á landi og er auk þess fallegur gripur þegar hún er sæmilega smíðuð og nú er í notkun á öllu norðurhveli þar sem veitt er með línu. Fyrir þetta hygg ég, að Kristinn í Leirhöfn hafi ekki fengið grænan eyri. Það var slæmt og fór illa að hann skyldi ekki fá viðurkenningu fyrir þessa snjöllu uppfinningu.

Dæmin um þetta eru mörg, en aðeins í lokin aftur: Ég andmæli því enn að nokkur velviljaður maður íslenskum rithöfundum og þá fyrst og fremst Olafi Jóhanni Sigurðssyni og Atla Heimi Sveinssyni tónskáldi kalli þá menningarvita. Ég mótmæli því að slík heiti séu höfð um þessa ágætu listamenn hér á Alþ. í háðungarskyni. E. t. v. mun hv. þm. Jón G. Sólnes koma hér upp á eftir og segja að hann hafi ekki viðhaft þetta heiti um þá í háðungarskyni, heldur í hinu gagnstæða skyni, þeim til hróss. Þá erum við bara rétt einu sinni komnir að mismunandi skilningi á hugtökum.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Hv. 5. þm. Norðurl. e. mun vera með einhverjum allra orðhögustu og orðfærustu mönnum sem á þingi sitja, ég held að það efi enginn. En hann mun líka geta átt það til að vera einhver allra mesti snillingur í því að snúa út úr og rangtúlka það sem aðrir segja í ræðu ef honum gefst tækifæri til, og það hefur þessi hv. þm. einmitt gert prýðilega vel nú í þessari síðustu ræðu sinni.

Í þeim fáu orðum, sem ég sagði í sambandi við þetta frv. í máli mínu hér á undan, þá einmitt hóf ég mál mitt á því að það gleddi okkur alla sem íslendinga þegar einhver af okkar þjóð yrði slíkrar viðurkenningar aðnjótandi eins og þessir heiðursmenn hefðu fengið og ég beinlínis fagnaði því. Að ég hafi í ræðu minni eitthvað verið að tala um menningarvita í óhróðursskyni við þessa mætu menn er hinn mesti misskilningur og hreinn útúrsnúningur hjá hv. þm. Ég nefndi þetta orð, sem honum virðist vera svo óskaplega illa við menningarviti, í sambandi við þá stefnumörkun, sem ég frá minum bæjardyrum var að lýsa að ætti svo miklu fylgi að fagna og hefði átt á undanförnum árum hjá hinu háa Alþ., að meta meira hugverk manna í sambandi við ritað mál en annað. Það var þar sem orðið menningarviti kom inn í mál mitt og ég ætla ekkert að snúa til baka með það. Hvort sem hv. þm. telur orðið menningarviti vera eitthvert háðsyrði eða annað, þá er það a. m. k. frá mínum bæjardyrum séð, að áhrifa þeirra hefur gætt of mikið hér í sölum Alþ. á undanförnum árum og sýnir sig í því t. a. m. að mínu mati hvað við ausum allt of miklum fjármunum til allt of margra aðila fyrir nauða-ómerkileg verk og erum að verðlauna og þeyta út í hinar og þessar áttir, — fyrir verk sem enginn maður nennir að lesa, enginn maður vill lesa og sem sagt liggja gleymd og grafin og eru engum að gagni. En það eru mörg dæmi þess að þarna eru aðilar sem eru styrktir og hafa fengið styrki og peninga af almannafé fyrir áhrif mannanna sem telja sig umfram alla aðra vera þess umkomna að segja hvað sé list og hvað sé menning. Þetta voru mennirnir sem ég var að lýsa og var að reyna að skýra að væru menningarvitar. Ég vísa því algjörlega heim til föðurhúsanna að í þeim orðum hafi falist minnsta óvirðing í garð þeirra mætu manna sem er verið að ræða um í þessu frv., því að ég endurtek að ég tel að þeir hafi fyllilega átt skilið þá viðurkenningu sem þeim hefur hlotnast. Og ég samfagna eins og aðrir góðir íslendingar að þessi viðurkenning hefur fallið í skaut þeirra, aukið þeirra vegsemd og virðingu þjóðarinnar í heild. En það dregur ekkert úr því áliti mínu að svokallaðir menningarvitar eru enn þá með þjóðinni og vinna henni að mínu mati vafasamt gagn.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Það var ekki til þess að taka þátt í þeirri mjög svo áhugaverðu deilu um hver sé menningarviti og hver ekki sem ég kvaddi mér hér hljóðs. Ég ætla að leiða það hjá mér, enda eigast þeir einir við sem geta séð um sinn málstað, heyrist mér. En ég ætlaði að láta það koma hér fram sem mitt sjónarmið að við erum nógu lengi, alþm. búnir að verða okkur til skammar að því er snertir Olaf Jóhann Sigurðsson og viðurkenningu hans sem rithöfundar, eins hins besta rithöfundar sem hér hefur skrifað, þó að við förum nú ekki að kroppa í þau fátæklegu heiðurslaun sem Norðurlandaráð veitir honum að þessu sinni mjög maklega. Ég held að við getum lifað jafnvel eða illa í þessu landi okkar þó að við látum það vera að seilast í vasa þeirra manna sem með ótvíræðri snilld hafa aflað sér viðurkenningar erlendis, þó í fjármunum sé mælt. Ég geri síður að umtalsefni tónskáldið okkar, ég hef ekki fylgst nægilega með því. En ég tel einsýnt að hann eigi að sitja við sama borð, enda hefur þessi stefna verið mörkuð varðandi heiðurslaun íslenskra listamanna, og ég vona að henni verði haldið áfram og Alþ. fari aldrei svo langt niður stigann að seilast til að drýgja ríkistekjurnar með skattlagningu heiðurslauna, þó ekki væri væri vanþörf á að auka þær.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég ákvað að nota strax síðari skammtinn minn, sem mér er ætlaður við þessa umr., til þess að lýsa yfir ánægju minni með nánari útskýringu hv. þm. Jóns G. Sólness á afstöðu hans í þessu máli. Ég tek skýringu hans fyllilega gilda. Það má vel vera að það hafi beinlínis verið að kenna skilningsskorti af minni hálfu að ég leit svo til að hann viki á aths. sinni um menningarvitana beinlínis að rithöfundinum og tónskáldinu sem hér um ræðir, sem þegið hafa verðlaun og fjallað er um í þessu frv. að skuli að fá eftirgjöf á skatti fyrir þessi verðlaun sín. Ég ætla nú samt að það hafi verið til nokkurra bóta að ég skyldi gefa hv. þm. tækifæri til að undirstrika þessa sína frómu afstöðu öllu betur en hann gerði í fyrra sinnið ef vera mætti að fleiri hefðu misskilið hann en ég.

Varðandi vita þá, sem hv. þm. ræddi hér um, hina svonefndu menningarvita, sem eiga að vísa okkur leiðina í málefnum hinna æðri lista, þá get ég náttúrlega tekið undir það, ég hlýt að taka undir það með hv. þm. að þessir vitar, sem hér um ræðir, þeir hafa lýst hvítt yfir býsna mörg blindskerin á liðnum árum og þeir, sem eftir þeim hafa stýrt, hafa víðast steytt á skeri fyrir bragðið. Ég er þeirrar skoðunar að það færi vel að hv. alþm. leyfðu sér ekki að greiða atkv. um gildi annarra bókmennta t. d. hér á hv. Alþ. — annarra bóka en þeirra sem þeir hefðu lesið sjálfir — og reyndu þá að fara eftir sínum eigin smekk privat og persónulega þegar þeir kveða á um það hvort þær bækur eða þær bókmenntir séu verðlaunahæfar, og jafnvel mætti þetta gilda um tónlist og myndlist líka. En sem sagt, ég ítreka þetta: Það gleður mig stórlega að ég skyldi misskilja orð hv. þm., og ég sætti mig mjög vel við þá skilgreiningu sem hann gaf síðar í ræðu sinni.

Albert Guðmundsson: Herra forsti. Það er nú öllum ljóst að þeir hv. 5. þm. Norðurl. e. og hv. 2. þm. Norðurl. e. sitja í faðmlögum eftir þessar umr. og er það falleg og góð mynd.

Ég vil leyfa mér að taka undir það sem hæstv. utanrrh. sagði í ræðu sinni, að það yrði okkur til skammar og minnkunar ef Alþ. ætti að seilast niður í vasa þeirra höfðingsmanna sem viðurkenningu hljóta erlendis. Ég tel þá aðila, sem um ræðir í frv., Ólaf Jóhann Sigurðsson og Atla Heimi Sveinsson, mjög vel að þessum verðlaunum komna og fagna því að við skulum hafa fengið þarna tvenn verðlaun á sama árinu, tvær mikilvægar viðurkenningar frá Norðurlöndum til viðbótar við það sem áður var komið, eins og kemur fram í grg. með frv., Nóbelsverðlaun Halldórs Laxness og Sonningverðlaunin. Og ég lýsi stuðningi mínum við þetta frv. og mun greiða götu þess. En ég hefði talið eðlilegt að undanþiggja alla afreksmenn þjóðarinnar sköttum og útsvörum þegar þeir hljóta viðurkenningu þá sem í því felst að óskað er eftir því að þeir flytji boðskap sinn eða tjáningarform meðal erlendra þjóða. Hér á ég við þá leiklistarmenn eða aðra listamenn sem koma fram erlendis sem gestaleikarar eða gestir án fastráðningar. Ég vil undirstrika það, að ég á þar við alla listamenn og úr öðrum listgreinum en þeim sem ég tiltók, að þeir njóti skilnings okkar sem heima sitjum og fyllumst stolti, — ég vil segja það, því ég fyllist stolti þegar ég sé í fjölmiðlum, í sjónvarpi eða annars staðar, að íslendingur hafi verið boðberi íslenskrar menningar á einhverju sviði og vekur athygli meðal erlendra þjóða á okkar litla þjóðfélagi. Mér finnst að við eigum að vera það stórir, sem heima sitjum, að við eigum að veita þeim þá viðurkenningu sem við getum.

Nokkrum sinnum hefur Róbert Arnfinnsson verið heiðraður sem leikari með boði um að leika sem gestaleikari erlendis. Að sjálfsögðu tekur hann þóknun fyrir slíkar ferðir. En tekjur þær, sem hann hefur fengið erlendis, hafa íþyngt honum svo skattalega að hann telur sig ekki lengur geta án fjárhagstjóns tekið slíkum boðum. Ég tel það skaða fyrir íslensku þjóðina. Ég tel það hreint og beint skaða íslensku þjóðina ef menn í einhverri listgrein geta ekki um stundarsakir tekið erlendum boðum og þar með túlkað íslenska menningu meðal stórþjóðanna án þess að hreinlega bíða fjárhagslegt tjón af því. Ég vil segja það, að þegar þjóðin eignast afreksmenn á einhverju sviði, — ég vil ítreka það, ég er reyndar búinn að segja það áður, — þá á hún að kunna að meta þá öfundarlaust og greiða götu þeirra á öllum sviðum svo að frami þeirra heima og erlendis verði þeim sjálfum ekki síður en þjóðinni til ánægju. Ég beini því til hæstv. fjmrh. að hann beiti sér fyrir frv. til l. sem geri listamönnum okkar almennt auðveldara að njóta uppskeru vinnu sinnar að dagsverki loknu, og ég vil ítreka fylgi mitt við þetta frv. sem hér er um rætt.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Út af því, sem hv. 12. þm. Reykv. sagði, langar mig aðeins til að vekja athygli á því, að á því er munur hvort um er að ræða að einstaklingum eru veitt heiðurslaun og því, sem hv. þm. vakti athygli á áðan, að einstökum listamönnum er gefið tækifæri til þess að koma fram erlendis og þá um leið eru þeir að afla sér atvinnutekna. Það eru samningar á milli þjóða þannig að ekki verði um tvísköttun að ræða, og í því tilfelli, sem var vikið að áðan, eru tvísköttunarsamningar þannig, að viðkomandi listamaður hefur verið skattlagður í því landi þar sem honum var boðið að koma fram. Þegar svo dæmi hans er gert upp hér heima, þá er um að ræða frádrátt vegna þess sem hann hefur greitt í skatt í viðkomandi landi. Við megum ekki blanda saman heiðurslaunum, eins og hér er verið að tala um, þ.e.a.s. verðlaunum Norðurlandaráðs, og því þegar listamenn fá tækifæri til þess að koma fram á erlendri grund, en eru þá um leið að afla sér atvinnutekna.

Ég held að það liggi alveg ljóst fyrir að það frv., sem hér um ræðir, fjallar eingöngu um heiðurslaun bókmennta- og tónverka hjá Norðurlandaráði, en ekki að það sé verið að veita skattfríðindi af atvinnutekjum sem menn hafa með verkum sínum eða vinnu aflað sér á erlendri grund. Við getum að sjálfsögðu, þegar hin almennu skattalög eru til meðferðar, haft

skoðanir á því með hvaða hætti við viljum skattleggja tekjur listamanna sem þeir afla á erlendri grund þar sem þeim hefur verið boðið að koma fram.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Kafarastörf, frv. (þskj. 395, n. 431). — 2. umr.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, var borið fram í Nd. og þar voru gerðar á því smávægilegar breytingar sem felast í því, að breytt var aldurstakmarki þeirra sem fá leyfi til kafarastarfa og Siglingamálastofnuninni var falið að meta hvort heilbrigðisvottorð væru fullnægjandi.

Allshn. Ed. hefur athugað frv. og leggur til að það verði samþ. óbreytt eins og það kemur frá Nd. Fjarverandi afgreiðslu málsins í n. voru Jón G. Sólnes, Eggert G. Þorsteinsson og Geir Gunnarsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13. shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 85. fundur.

Mánudaginn 29. mars, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 25. mars 1976.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþ. að óska þess að 1. varamaður Framsfl. í Reykjavík, Sverrir Bergmann læknir, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni.

Þórarinn Þórarinsson,
4. þm. Reykv."

Það þarf ekki að athuga kjörbréf Sverris Bergmanns, þar sem hann hefur áður tekið sæti á þessu þingi. Býð ég hann velkominn til starfa í deildinni.

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 344). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það frv. um breyt. á almennum hegningarlögum, sem hér er lagt fyrir, fjallar einungis um viðauka við 6. gr. almennra hegningarlaga og er borið fram vegna fyrirhugaðrar fullgildingar Íslands á milliríkjasamningi frá 14. des. 1973 um varnarráðstafanir og refsingar vegna glæpa gegn einstaklingum er njóta alþjóðlegrar verndar, þ. á m. sendierindrekum. Er lagt til að unnt verði að refsa eftir íslenskum hegningarlögum fyrir háttsemi þá sem greinir í nefndum milliríkjasamningi þótt hún hafi átt sér stað utan íslenska ríkisins og án tillits til þess hver er að henni valdur.

Ísland hefur undirritað þennan milliríkjasamning og að ósk utanrrn. var hegningarlaganefnd falið að gera könnun á því hverjum ákvæðum íslenskra laga þyrfti að breyta eða hvernig ákvæði þyrfti að setja svo að unnt væri að fullgilda umræddan milliríkjasamning. Varð niðurstaða n. að ekki þyrfti að koma til lagabreytinga annarra en þess viðauka við hin almennu hegningarlög sem hér er lagt til.

Þetta frv. hefur gengið í gegnum hv. Ed. og verið samþ. þar óbreytt. Ég skal ekki segja um það hvort þessum samningi hefur verið útbýtt hér eða ekki, en það skiptir ekki máli, þá er lagaheimildin til.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að óska þess að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Meðferð opinberra mála, frv. (þskj. 373). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er ákaflega einfalt í sniðum. Það fjallar um breyt. á 112. gr. laga um meðferð opinberra mála, og það felur í sér breytingu á tveimur fjárhæðum, eins og frv. ber með sér. Það varðar sektarvald annars vegar lögreglumanna og hins vegar lögreglustjóra og er um að sektarheimild lögreglumanna verði hækkuð úr 3 þús. kr. í 7 þús. kr. og að sektarheimild lögreglustjóra verði hækkuð úr 10 þús. kr. í 60 þús. kr. Þetta er ákaflega meinlaust mál þó það komi við lögreglu. Þessar fjárhæðir hafa staðið óbreyttar í lögum frá 1973 og er þess vegna eðlilegt að þeim sé breytt til samræmis við verðlagsbróun á þessum tíma. En auk þess má segja að það sé farið kannske dálítið riflega í að því er varðar sektarheimild lögreglustjóra, og það er gert í því skyni að sektarheimild hans geti náð til fleiri brota en nú er og þá ekki hvað síst höfð í huga ýmis brot á umferðarlögum sem hagstætt þykir ýmissa hluta vegna að geta lokið á staðnum, ef svo má segja. Reynslan af ákvæðum um sektarheimild lögreglumanna og lögreglustjóra í einföldum og óbrotnum málum er góð og miðar að því að létta af dómstólum meðferð augljósra mála sem ekki geta orkað tvímælis og er til hagræðis að mínu mati fyrir þá sem hafa gerst sekir um þær yfirsjónir sem um er að ræða. Þetta kemur auðvitað því aðeins til greina, eins og menn geta séð ef þeir athuga sjálfa lagagr., en frv. sem slíkt er kannske ekki gott að skilja nema athuga 112. gr. í

heild, — það kemur því aðeins til greina að hlutaðeigandi aðili óski ekki eftir því að málinu sé vísað til dómstóla, hann vilji sem sagt sætta sig við ákvörðun lögreglu eða lögreglustjóra í þessu tilfelli.

Þetta frv. hefur líka gengið í gegnum hv. Ed. og verið samþ. óbreytt. Ég leyfi mér að æskja þess, herra forseti, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Vegalög, frv. (þskj. 447). — 1. umr.

Flm. (Pálmi Jónsson): Virðulegi forseti. Á þskj. 447 hef ég ásamt hv. 4. þm. Vesturl. leyft mér að flytja frv. til l. um breyt. á vegalögum. Frv. þetta hefur tvíþættan tilgang: Í fyrsta lagi að kveða skýrar á en nú er gert um sjálfstæði sýsluvegasjóða og yfirstjórn sýslunefnda yfir sýsluvegasjóðum. Þó að hér sé um tiltölulega litla breytingu að ræða er hún nokkuð mikilvæg að mínum dómi. Ég tel að það sé mikilvægt að kveða á um það í lögum, svo að ótvírætt sé, að sýslunefndir hafi til þess óskoraað vald að fara með fjárreiður sýsluvegasjóðanna og taka ákvarðanir í sambandi við framkvæmdaáætlanir sýsluvegasjóða.

Það hefur borið við að heyrst hafi raddir um það á síðustu árum að rétt væri að leggja sýsluvegasjóði niður. Að mínum dómi væri þar um stórt skref aftur á bak að ræða. Það væri skref aftur á bak að því leyti í fyrsta lagi að taka úr höndum sýslunefndanna málefni, sem þær hafa haft með höndum, og skerða þannig verkefni þeirra sem ekki eru of mikil fyrir. Í annan stað mundu væntanlega fylgja slíkri breytingu minni tök og minni yfirstjórn heimaaðila yfir þessum þætti vegamálanna. Í þriðja lagi held ég að flestum sé ljóst, sem fengist hafa við gerð og endurskoðun vegáætlana, að ef sýsluvegasjóðir væru felldir niður og þeir hlutar veganna, sem undir þá heyra, væru teknir inn í hina almennu vegáætlun, yrði meiri hætta á því að aukavegir ýmiss konar yrðu útundan við gerð vegáætlunar. Á því ber nokkuð þegar, en sú breyting sem yrði við að leggja sýsluvegasjóði niður mundi stórlega auka þá hættu. Ég taldi rétt að láta þessa skoðun mína koma hér fram, því að ég hef heyrt þessar hugmyndir og sá hluti þessa frv., sem fjallar um ákveðnari yfirstjórn sýslunefnda yfir sýsluvegasjóðum, er til þess að styrkja sýsluvegasjóðina og það kerfi sem þeir eru byggðir á.

Í annan stað fjallar þetta frv. um breytingu á tekjuöflun sýsluvegasjóða. Þær breytingar eru á þá lund, að kauptúnahreppar með 200 íbúa og fleiri greiði ekki lengur sýsluvegasjóðsgjald, að svo miklu leyti sem þar er um eiginlegt þéttbýli að ræða. Tekjutap sýsluvegasjóðanna við þessa breytingu verði unnið upp með framlagi Vegasjóðs, og er meiningin með frv. að sýsluvegasjóðirnir standi jafnréttir eftir þá breytingu. Í annan stað, til þess að Vegasjóður verði ekki fyrir auknum útgjöldum af þessum sökum, þá verði þéttbýlisvegafé lítils háttar skert á móti þessari breytingu, á þann hátt að í stað 12.5% af heildarútgjöldum vegamála, sem nú fara til þéttbýlisvega, verði um 12% að ræða, þannig að þessi minnkun er um ½%.

Ég vil taka það fram að þessi breyting er í mínum huga sett fram einungis til þess að allir aðilar standi sem næst jafnréttir eftir. Ég vil jafnframt taka það fram, að ég fyrir mitt leyti er til viðræðu um að þessi liður um skerðingu þéttbýlisvegafjárins verði felldur út úr frv., ef þingnefnd sýnist það koma frekar til álita.

Tillögur um þessar breytingar eiga í mínum huga þær rætur að á undanförnum árum hefur orðið um mikla fjölgun kaupstaðanna í landinu að ræða. Á Alþ. veturinn 1973—1974 voru samþ. kaupstaðarréttindi til handa eigi færri en fimm kauptúnahreppum í landinu og á yfirstandandi Alþ. hafa verið samþ. kaupstaðarréttindi til handa tveim þorpum til viðbótar. Þessar breytingar stafa, að ég tel, að miklu leyti af því að kaupstaðir þurfa ekki að greiða þau gjöld sem önnur sveitarfélög í landinu greiða til sýslnanna. Kaupstaðir þurfa þannig ekki að taka þátt í ýmsum sameiginlegum kostnaði sem önnur sveitarfélög bera í sambandi við sýslufélögin. Einn gildasti þátturinn í þessum útgjöldum sveitarfélaganna til sýslnanna er sýsluvegasjóðsgjaldið, og ég hygg að ein aðalorsökin til þeirrar tilhneigingar ýmissa þorpa í landinu að vilja verða kaupstaðir sé einmitt að losna við sýsluvegasjóðsgjaldið. Vitaskuld er þarna um nokkur önnur gjöld að tefla, svo sem sýslusjóðsgjöld, en ég hygg að þessi atriði eigi a. m. k. verulegan þátt í því að auka tilhneigingu ýmissa kauptúna til að óska eftir því við Alþ. að þau fái kaupstaðarréttindi.

Nú er það í sjálfu sér ekkert einkennilegt að kaupstöðum fjölgi í landinu með vaxandi fólksfjölda einstakra þéttbýlissveitarfélaga. Ég hygg þó að hér hafi verið gengið óþarflega langt á undanförnum árum. Þessar breytingar hafa það í för með sér að sýslurnar standa veikari eftir, þær eru verr í stakk búnar til að valda þeim verkefnum sem þeim eru falin, og enn fremur er á það að líta að slíkum breytingum fylgir oftast aukinn kostnaður í sambandi við stjórnsýslu. Þess vegna er að mínum dómi rétt að hafa a.m.k. nokkurt hóf á í sambandi við þær breytingar á umdæmaskiptingu og stöðu sveitarfélaganna í landinu sem þessi þróun hefur í för með sér. Ég held a.m.k. að það sé engin ástæða til þess að láta óheppileg lagaákvæði verða til þess að ýta undir þessa þróun. Ég segi óheppileg, því að ákvæði um að kauptún greiði til sýsluvegasjóðs er í rauninni gersamlega óþarft þegar þess er gætt að þau fá á sama tíma framlög úr Vegasjóði og allt eins má haga þeim málum á þann veg sem gert er ráð fyrir í þessu frv., að Vegasjóður greiði meira til sýsluvegasjóðanna, en kauptúnin verði undanþegin því að greiða þetta gjald.

Ég held að það sé ekki ástæða til að fara um þetta fleiri orðum. Það má e.t.v. aðeins bæta því við til nánari skýringar á þessu atriði, að þetta fyrirkomulag að kauptúnin greiði til sýsluvegasjóðs og Vegasjóður aftur til kauptúnanna er í svipuðum anda eins og að ríkissjóður innheimtir söluskatt af tilteknum vörum sem aftur eru svo greiddar niður úr ríkis-

sjóði. Þess háttar fyrirkomulag er óheppilegt og ætti að vera óþarft í okkar löggjöf og þarf að leiðrétta á sem flestum sviðum.

Ég legg svo til, hæstv. forseti, að frv. þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. samgn.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Hæstv. forseti. Það er í raun og veru ekki út af þessu frv. nema að takmörkuðu leyti, frv. á þskj. 447, sem ég hef beðið um orðið. Ástæðan til þess, að ég geri það er sú að á s.l. vori skipaði ég n. manna, einn úr hverjum stjórnmálaflokki, til þess að endurskoða vegalögin í heild, og ástæðan til þess, að ég hafði þann hátt að skipa einn mann úr hverjum stjórnmálaflokki auk þeirra vegamálastjóra og ráðuneytisstjórans í samgrn., byggðist á þeirri hugsun að reyna að ná samstöðu um þær breytingar sem ég taldi nauðsynlegt að gera á vegalögunum.

Það atriði, sem ég lagði þar fram, var flokkunin á vegunum, sem er m.a. fólgin í því að við höfum hraðbrautir, þjóðbrautir og landsbrautir, og það, sem hefur gert þetta erfitt í framkvæmd og erfiðara með hverju árinu sem líður, er að nokkur hluti af sama veginum verður hraðbraut, annar þjóðbraut og kannske þriðji landsbraut. Það, sem mér fannst að þyrfti að leggja höfuðáhersluna á, var að fá þó aðalveginn í kringum landið sem stofnveg og svo að meta hvað viðtækur hann ætti að vera og í öðru lagi hliðarvegina út frá honum, hvernig með það mál skyldi fara.

Þetta mál hefur verið til meðferðar hjá þessari n. Hún hefur ekki skilað áliti, og ég er ekki heldur viss um hvort hún nær samstöðu um þetta, en ég mun þó reyna að freista þess að það verði gert.

Í öðru lagi var svo þáttur sá sem hv. 2. þm. Norðurl. v. ræddi hér um, afstaðan til sýsluveganna, sem ég taldi líka mikla nauðsyn bera til að taka til sérstakrar endurskoðunar. Ég er svipaðs sinnis og hv. 2. þm. Norðurl. v., að þær hafa valdið mér miklum áhyggjum þessar breytingar sem hafa orðið, kaupstaðafjölgunin í landinu, og það hefur komið fram í umr. að einmitt það að losna við þetta gjald til sýsluvegasjóðanna hafi verið einn þátturinn í því að kauptún hafa sótt á að fá kaupstaðarréttindi. Nú skal ég ekki að þessu sinni fara út í mitt mat á því og hvað þetta er í raun og veru fjarlægt minni hugsun. En mér er það fullkomlega ljóst, eins og hv. 2. þm. Norðurl. v., að hér verður úr að bæta og þessu verður að mæta með einhverjum ráðstöfunum, þannig að sýsluvegasjóðskerfið geti haldið sér. Ég er ekki fylgjandi þeirri leið að leggja það niður og held að það mundi vera spor aftur á bak, og ég er honum sammála um, að það verði lagðar ákveðnar línur um það og því tryggðar tekjur sem þarf. Eitt af þeim atriðum, sem ég hygg að sé samstaða um í n. þeirri sem ég vitnaði til, er einmitt þetta atriði.

Það, sem ég vil því segja í sambandi við þetta mál, er að ég hef kosið að reyna til fullnustu að fá n. þá, sem er að verki, til þess að skila áliti og freista þess að ná sem mestri samstöðu. Hugsun mín var sú um frv. um breyt. á vegalögunum, sem eru að stofni til frá 1963 og þurfa þess vegna endurbóta við af eðlilegum ástæðum, að ég hefði viljað freista þess að ná samstöðu um að leggja frv. fram á þessu þingi, en afgreiðsla færi fram á næsta þingi. Þau atriði, sem um er deilt, verður að athuga hvort ekki er hægt að finna flöt á til að jafna, og ég hef lagt fyrir formanninn að gera tilraun til að reyna að vita hvort það væri ekki hægt að fá sæmilega samstöðu um veigamestu atriðin, þannig að það væri hægt að leggja frv. fram, þó að það væri með fyrirvara um endurskoðun á ýmsum atriðum. Ég segi þetta vegna þess að ég hefði kosið frekar að þetta frv. biði þess að sjá hvað úr þessu yrði. Ég hef skilning á því að nauðsyn ber til að koma til móts við sýsluvegasjóðina og setja skýr ákvæði um meðferð þessara mála, en hefði að sjálfsögðu kosið að hafa það í heildarlöggjöfinni. Ég tel líka að það beri brýna nauðsyn til að þetta atriði, að þéttbýlið leggi fram í sýsluvegasjóðina, verði ekki til þess að mynda kaupstaði, eins og ég tel að í sumum tilfellum hafi orðið. Það byggi ég m.a. á því, að ég tel að að sumu leyti sé þetta óheppilegt og samstarf þéttbýlisins og sveitanna í kringum þéttbýlið sé nauðsyn og þurfi að haldast áfram eins og verið hefur.

Þetta vildi ég segja við hv. flm. og þá n. sem fær málið til meðferðar, enda ætti að koma í ljós fyrr en seinna hvort von væri til að hægt væri að leggja þetta frv. fram á þessu þingi, þó að ég geri mér grein fyrir að það geti tekið breytingum frá því sem það kynni að verða við 1. umr.

Flm. (Pálmi Jónsson): Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. landb.- og samgrh. fyrir þær undirtektir sem komu fram í hans ræðu og að hann lýsti samstöðu með þeirri hugsun sem felst í þessu frv. Hins vegar gat hann þess að hann hefði kosið að þetta frv. hefði verið látið bíða þangað til þrautreynt væri hvort sú n., sem nú vinnur að endurskoðun vegalaganna, næði ekki samkomulagi og samstöðu og að frv., sem á þeirri samstöðu væri byggt, væri lagt fyrir yfirstandandi Alþingi.

Ég vil út af þessum orðum hæstv. ráðh. láta það koma fram, að mér var kunnugt um þá n., sem að þessum málum hefur starfað, og ég hef dokað við með flutning þessa frv. frá því að þing kom saman í haust. Ég hef séð drög, sem þessi n. hefur kynnt flokkunum, og mér hefur skilist að mikill vafi leiki á því að samstaða náist um þau drög, sem þar liggja fyrir, og starf n. að öðru leyti nokkuð í óvissu. Ég verð einnig að segja að í þeim drögum, sem ég hef séð frá þessari n., tel ég að ekki sé gengið a.m.k. nægilega til móts við þau sjónarmið sem þetta frv. er byggt á, og hvað sem starfi n. líður, þá tel ég nauðsynlegt að láta ekki þing líða svo að ég komi ekki þessum sjónarmiðum á framfæri í frv. formi. Þar á ég raunar bæði við þann þátt frv., er tekur til sjálfstæðis sýsluvegasjóðanna, og eins hinn þáttinn, er varðar tekjuöflun sýsluvegasjóða og á hvern hátt hún hefur áhrif á skipun sveitarstjórnarmála í landinu.

Ég vil minna á það, að við afgreiðslu frv. um breyt. á vegalögum á síðasta Alþ. flutti ég þetta frv. efnislega sem brtt. Það frv. kom tiltölulega fáum dögum fyrir þinglok til þessarar hv. d., og má segja að eðlilegt gæti talist að þær brtt., sem ég þá flutti, næðu ekki fram að ganga, menn teldu sig þurfa að taka þær til nánari athugunar en unnt var á þeim fáu dögum sem þá lifðu þess Alþingis. En með tilliti til þess, hve seint hefur gengið starf þeirrar n., sem nú vinnur að endurskoðun vegalaganna, og að hve litlu leyti ég hef séð þar gengið til móts við þau sjónarmið sem ég hreyfi með þessu frv., þá treystist ég ekki til að láta þetta Alþ. líða svo að ég kæmi þessum sjónarmiðum ekki á framfæri, og það höfum við hv. 4. þm. Vesturl. gert með flutningi þessa frv.

Ég vil svo vænta þess að sú hv. n., sem vinnur að endurskoðun vegalaga, ef hún starfar áfram að þesum málum og gerir ráð fyrir að koma því verki frá sér, þá taki hún þetta frv. til athugunar með í sínu verki. Ég vænti þess einnig að hv. þingdeild láti ekki líða svo þetta Alþ. að hún taki ekki til afgreiðslu þetta frv., a. m. k. ef heildarfrv. um breyt. á vegalögum verður ekki lagt fram.

Friðjón Þórðarson: Virðulegi forseti. Það hefur lengi legið ljóst fyrir að endurskoða þyrfti ákvæði laga um sýsluvegasjóði. Þeir hafa á undanförnum árum ekki verið færir um að valda því hlutverki sem þeim hafa verið falin. Og eins og hér hefur verið gerð grein fyrir hafa ákvæðin um fjáröflun til þeirra ýtt undir heldur óheppilega þróun í skipulagi sveitarstjórnarmála að áliti okkar flm. og ýmissa fleiri.

Meginatriði þessa frv. lágu fyrir eða voru til athugunar í samgn. á síðasta þingi, er hún fjallaði um breyt. á vegalögum þá. En það þótti ekki vinnast nægur tími til að athuga þau eins og ástæða þótti til á þeim skamma tíma sem þá var eftir til þingloka. Það lá einnig fyrir þá að samkv. eindregnum tilmælum fulltrúa í samgöngunefndum þingsins hafði hæstv. samgrh. ákveðið að skipa milliþingan. til þess að athuga þessi mál. En nú er öllum kunnugt um hvað verk slíkra n. eru tímafrek, einkum þegar endurskoða þarf stóra og fjölþætta lagabálka. Þess vegna er það svo, að ekki eru líkur til að endurskoðað frv. að vegalöggjöf verði lagt fram fyrr en seinna á þessu þingi og þá sennilega ekki til afgreiðslu fyrr en á næsta þingi. Þetta kom fram í ræðu hæstv. samgrh. Hins vegar ber að þakka það, að hann hefur skilning á þessu máli og tók því vel og vinsamlega. Það er því ekki síst af þessum ástæðum, að okkur flm. þótti rétt að hreyfa þessum þáttum vegalöggjafarinnar til breyt. þegar á þessu þingi og draga það ekki lengur. Okkur er ljóst að frv. þetta leysir ekki fjárþörf sýsluvegasjóðanna, síst til fulls, en horfir þó til réttrar áttar og minnir á að þessi ákvæði þarf að endurskoða og breyta þeim til batnaðar hið allra fyrsta.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til samgn. með 22 shlj. atkv.

Sálfræðingar, frv. (þskj. 438). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Virðulegi forseti. Þetta frv. var lagt fyrir hv. Ed. og hefur verið afgr. þaðan með smávægilegri breytingu. Það er undirbúið að tilhlutun menntmrn. af Hrafnhildi Stefánsdóttur fulltrúa þar, lögfræðingi, og Andra Ísakssyni prófessor, sem jafnframt er formaður Sálfræðingafélags Íslands, og þetta frv. er raunar undirbúið og flutt að ósk Sálfræðingafélagsins. Því fylgja nokkuð ítarlegar athugasemdir, þar sem bæði er greint frá þróun þessara mála hér á landi og í nálægum löndum og greint frá þeirri löggjöf sem þar hefur verið sett varðandi sálfræðinga, svo að ég sé ekki ástæðu til að hafa langa framsögu fyrir þessu frv.

Ég vil aðeins minna á það, að þrátt fyrir að sálfræðingar hafa í vaxandi mæli verið ráðnir til starfa, einkum innan skólakerfis og heilbrigðisþjónustu, þá hafa ekki verið sett nein lagaákvæði um starfsemi þeirra og starfsheitið sálfræðingur hefur ekki notið lögverndar. Aftur á móti setti síðasta Alþ. slík lög um félagsráðgjöf, þ. e. a. s. lög nr. 41 frá 1975, en eins og kunnugt er, þá eru störf félagsráðgjafa og sálfræðinga nokkuð hliðstæð, a. m. k. að öllum jafnaði mjög nátengd í framkvæmd því þeir starfa mikið saman. Ég hygg að það sé alveg eðlilegt í framhaldi af því, sem gert var hér á Alþ. í fyrra, þ. e. a. s. lagasetningu um félagsráðgjöf, að setja nú lög í þá stefnu sem lagt er til með þessu frv. En með vísun til þess að athugasemdir eru nokkuð ítarlegar, þá hef ég þessi orð ekki fleiri, en leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni umr. vísað til hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

Lax- og silungsveiði, frv. (þskj. 439). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 21 shlj. atkv.

Sameinað þing, 71. fundur.

Þriðjudaginn 30. mars, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 29. mars 1976.

Ritari þingflokks sjálfstæðismanna hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Samkvæmt beiðni Eyjólfs K. Jónssonar, 4. þm. Norðurl. v., sem nú er erlendis í opinberum erindum, leyfi ég mér, með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþ., að óska þess að 2. varamaður hans, Ólafur Óskarsson bóndi, taki á meðan sæti hans á Alþingi.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ragnhildur Helgadóttir,
forseti Nd.“

Símskeyti hefur borist frá 1. varaþm. Sjálfstfl. í Norðurl. v.:

„Sauðárkróki, 30. mars 1976.

Alþingi,
Reykjavík.

Vegna anna get ég undirrituð ekki tekið sæti Eyjólfs Konráðs Jónssonar á Alþingi.

Virðingarfyllst,
Sigríður Guðvarðardóttir,
1. varaþm. Sjálfstfl. í Norðurl. v.

Undirskrift staðfestir Margrét Halldórsdóttir, símastúlka.“

Hér liggur fyrir kjörbréf Ólafs Óskarssonar, og vil *ég biðja kjörbréfanefnd* að *rannsaka* kjörbréfið og verður gefið 5 mín. hlé á meðan rannsóknin fer fram. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur fjallað um kjörbréf Ólafs Óskarssonar bónda, 2. varaþm. Sjálfstfl. í Norðurl. v., er tekur sæti Eyjólfs K. Jónssonar, 4. þm. Norðurl. v., sem nú dvelur erlendis í opinberum erindum. Fyrir lá einnig yfirlýsing frá 1. varaþm. Sjálfstfl. í kjördæminu um að hún gæti ekki að þessu sinni tekið sæti á Alþingi. N. mælir einróma með því að kosning varaþm. sé metin gild og kjörbréfið samþ.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 41 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Hinn nýi þingmaður, Ólafur Óskarsson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Ólafur Óskarsson hefur undirritað eiðstaf og býð ég hann velkominn til starfa á Alþingi.

Umræður utan dagskrár.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár til þess að ræða um landhelgismálið. Tilefnið er fyrst og fremst atburðirnir sem gerðust á miðunum fyrir austan land s. l. föstudag þegar tvær breskar freigátur og einn dráttarbátur gerðu þar sérstaklega ósvífna árás á íslenskt varðskip, varðskipið Baldur, sem telja má hiklaust að hafi verið ein ósvífnasta árás sem gerð hefur verið á íslenskt löggæsluskip í þeirri deilu sem nú stendur yfir við breta út af fiskveiðimálum. Ég átti í rauninni von á því að hæstv. ríkisstj. léti opinberlega heyra frá sér í tilefni af þessum atburðum þegar skýrt hafði verið allgreinilega frá því, hvað gerst hafði, í útvarpi og sjónvarpi og frásögn skipherrans á varðskipinu lá fyrir og þar sem það lá einnig fyrir að hún var með nokkuð sérstökum hætti, þar sem hann undirstrikaði með sterkum orðum að hann teldi að hér mætti tala um þáttaskil í þessari deilu vegna sérstaklega ósvífinna árása og mikilla hótana af hálfu bretanna. Það var því fyllilega ástæða til þess að einhver hefði komið af hálfu ríkisstj. og gert grein fyrir því í sambandi við þessar fréttir hvað ríkisstj. hygðist nú fyrir, hvernig hún hugsaði sér að svara þessum ósvífnu árásum. En frá hæstv. ríkisstj. heyrðist ekki neitt, og þó að hér væri þingfundur á Alþ. í gær, þá kom enn ekkert frá ríkisstj. Mér þykir því ástæða til þess að hefja hér umr. um þetta mál á þessum fundi og óska nú eftir því að hæstv. ríkisstj. skýri frá því hvað hún hugsar sér að gera, því að vitanlega getur ekki verið fullnægjandi að mótmæla eftir hinni gömlu formlegu leið í gegnum sendiherra á svipaðan hátt og bretar gera sjálfir í sambandi við atburði eins og þennan. Eftir slíku tekur enginn og slík mótmæli verða varla tekin mjög alvarlega ef ekkert annað fylgir þar á eftir.

Samkv. frásögn skipherrans á varðskipinu Baldri er ljóst að önnur breska freigátan hefur gert yfir 20 tilraunir til þess að sigla á varðskipið í þessari lotu. Henni tókst að gera fjóra árekstra mjög alvarlega, en til viðbótar kom svo önnur freigáta á vettvang og skv. lýsingu skipherrans er ljóst að skipherrann á þeirri freigátu hefur haft uppi meiri og frekari hótanir en fram hafa komið áður í deilunni. Þær hótanir verða ekki skildar á annan veg en þann að ætlunin sé að taka íslenskt varðskip fullkomlega úr umferð, jafnvel með því að sökkva því. Eftir því sem skipherrann á varðskipinu segir voru loftvarnavélbyssur þessarar freigátu mannaðar og hlaðnar skotfærum og skipshöfnin á þessari freigátu virtist vera fulltilbúin til vopnaaðgerða, og mér sýnist á þeim myndum, sem birtar hafa verið af þessum atburðum, að það komi allgreinilega fram á þeim að hér sé réttilega frá skýrt.

Þegar atburðir af þessu tagi gerast, þá er alveg augljóst mál að íslensk stjórnvöld verða að láta heyra frá sér með nokkuð sérstökum hætti Við alþb.-menn höfum gert í tilefni af þeim árekstrum, sem áður hafa orðið, ítrekaðar till. um hvað okkur sýnist réttast að gera í þessu máli. Ég skal rétt aðeins rifja þær till. upp og bæti þar kannske við einhverjum í tilefni af því hvernig málin standa nú.

Við höfum lagt á það sérstaka áherslu að við ættum að efla okkar landhelgisgæslu talsvert verulega frá því sem verið hefur. Það fer ekkert milli mála að gæslan hefur verið of veik. Það hefði átt að vera búið að bæta við í gæsluskipaflotann a. m. k. 2—3 skipum af Baldurs

gerð fyrir alllöngu. Þetta gátum við mjög auðveldlega gert. Þessi skip áttum við hér tilbúin svo að segja. Nú hefur að vísu verið skýrt frá því að það standi til að ríkissjóður taki á leigu tvö svona skip til viðbótar við Baldur, en þá hefur það einnig fylgt með að aðeins annað þessara skipa, sem taka á á leigu, eigi að bætast við í gæsluskipaflotann, hinu eigi að ráðstafa í þágu Hafrannsóknastofnunarinnar til þess að fylgjast með ýmsu sem hún þarf að fylgjast með á fiskimiðunum. Ég tel alveg einsýnt að bæði þessi skip eiga að bætast við í gæsluskipaflotann eins og nú standa sakir, en það er auðvelt að útvega Hafrannsóknastofnuninni léttara skip og slík skip eru mörg til, tiltæk til þeirra starfa sem hún þarf að vinna.

Við höfum einnig bent á það margsinnis og fyrir löngu að það hefði átt að útvega gæslunni eitt verulega hraðskreitt skip sem mjög hefði ógnað veiðum breta og væri sérstaklega heppilegt þegar dregur fram á vor og sumar. Ég tel það algjöran útúrsnúning þegar till. um þetta atriði eru túlkaðar þannig að við séum að krefjast þess að eignast hér herskip sem eigi að taka upp herskipaátök við breta. Við mundum að sjálfsögðu beita svona skipi, hraðskreiðu skipi, fyrst og fremst til þess að klippa veiðarfæri frá landhelgisbrjótum. Þetta skip gæti þjónað okkur mjög vel. Og það er líka algjörlega ástæðulaust að bera því við að ekki sé hægt að fá svona skip. Svona skip eru til í flestum löndum og það er tiltölulega auðvelt að fá slík skip annaðhvort leigð eða keypt ef gengið er rösklega eftir því. Það er líka rétt að athuga það, að till. um það að útvega skip í þessum tilgangi eru einmitt komnar frá okkar skipstjórum á varðskipunum.

Þá höfum við lagt til og ítrekum hér með að það á að ráða skiptiáhöfn fyrir varðskipin hið allra fyrsta svo að hægt sé að halda skipunum lengur úti en verið hefur og reyna á þann hátt að koma í veg fyrir alveg óþarfar siglingar skipanna á milli landshluta. Þetta hefði mátt vera búið að gera fyrir löngu og þetta er sjálfsagt að gert verði.

En auðvitað kostar þetta allt peninga, það vitum við. Því höfum við líka gert till. um að afla Landhelgissjóði tekna, m. a. á þann hátt, sem er líka svar sem yrði tekið eftir frá okkar hálfu, að leggja sérstakan toll á breskar vörur, sem fluttar eru inn til landsins, og gera þannig tvennt í einu: Hafa áhrif á það að draga verulega úr kaupum okkar á breskum vörum og til þess munu bretar finna og finna að þeir geti tapað fleiri vinnudögum í sínu heimalandi á því að láta mál þróast á þann veg heldur en þeim vinnudögum sem þeir kynnu að tapa af því að leggja niður þær veiðar sem þeir eru að reyna að streitast við að halda hér uppi. En það væri einnig hægt að afla nokkurra tekna í Landhelgissjóð því að ekki yrðu sennilega lögð niður öll viðskipti við Bretland, og þá væri líka réttmætt að þeir greiddu fyrst og fremst til Landhelgissjóðs með svona tolli sem keyptu þessar bresku vörur eins og sakir standa. Enn hefur ekkert heyrst frá hæstv. ríkisstj. hvað hún hyggst fyrir til að efla fjárhag gæslunnar.

Ég tel einnig sjálfsagt með tilliti til viðræðna okkar við færeyinga að reyna að koma því fram að bretar geti ekki á neinn hátt í sambandi við ránsveiðar sínar hér við land notað Færeyjar til þess að stytta sér leið og aðstoða sig í þessari iðju, en það er alveg augljóst að það hefur verið gert að undanförnu. Ég tel að það væri aðeins eðlileg krafa okkar til færeyinga með tilliti til þess, sem við höfum þegar gert fyrir þá, og með hliðsjón af því, sem ætlunin mun vera að gera í sambandi við nýja samninga, að gera þá kröfu til þeirra að þeir loki fyrir alla slíka þjónustu við breta og þar með verði bretum enn torveldað að stunda veiðar hér við land.

Til viðbótar við till. af þessari gerð, sem allar miða að því að styrkja okkar varnarstöðu á miðunum og torvelda enn meir en verið hefur veiðar breta, þá höfum við í Alþb. ítrekað bent á að við eigum að grípa til þeirra pólitísku vopna sem við ráðum yfir til þess að knýja bretana til undanhalds. Við höfum lagt til að fyrsta aðgerðin í þeim efnum ætti að vera að við kölluðum heim sendiherra okkar hjá NATO og undirstrikuðum með því hvernig við lítum á þetta mál. Næsta skref ætti síðan að vera að tilkynna yfirstjórn NATO að ef NATO herfloti breta, sem notaður er gegn okkur, væri ekki farinn út úr okkar fiskveiðilögsögu innan tiltekins tíma, þá mundum við grípa til þeirra mótaðgerða að loka einnig fyrir NATO þeim herstöðvum sem það hefur í okkar landi, og auðvitað væri rétt framhald af þessu að tilkynna því, að ef það hafi ekki áhrif á breta í þessum efnum, þá munum við ganga úr bandalaginu, við getum ekki tekið þátt í Atlantshafsbandalaginu með þjóð sem beitir okkur slíku hernaðarofbeldi eins og bretar hafa gert og gera enn.

Spurningin í þessum efnum er: Viljum við og þorum við að grípa til þeirra pólitísku vopna sem við vitum að við höfum eða viljum við ekki gera það? Till. okkar alþb.-manna í þessum efnum eru alveg skýrar, en það virðist vefjast mjög fyrir hæstv. ríkisstj. hvað hún treystir sér til að gera í þessum efnum.

Ég vil einnig í tilefni af þessu leggja fyrir ríkisstj. nokkrar spurningar varðandi málið og þá fyrst og fremst þessa: Getur það verið að ríkisstj. sé enn að hugleiða það að gera samninga við breta, eins og málin hafa þróast? Ég veitti því athygli að í leiðara Morgunblaðsins í dag er enn vikið að því að hagkvæmast og best væri fyrir okkur að gera skammtímasamning við breta um landhelgismálið.

Ég tel að eins og málið stendur eigi þjóðin öll kröfu á því að hæstv. ríkisstj. svari því skýrt og skorinort hvort það kemur yfirleitt til mála af hennar hálfu, eins og mál hafa þróast, að taka upp nokkra samninga við breta um veiðar hér við land og hvort sá möguleiki sé ekki með öllu útilokaður úr því sem komið er. Og í öðru lagi vil ég spyrjast fyrir um það hvort ríkisstj. vilji ekki, m.a. vegna þeirra atburða sem nýlega hafa gerst, lýsa því yfir að þau tvö skip, þeir tveir togarar sem hún hyggst taka á leigu, þeir verði báðir látnir fara í gæsluna og aðstoða þann gæsluflota, sem fyrir er, og aðrar leiðir farnar til þess að sinna kröfum Hafrannsóknastofnunarinnar. Ég óska eindregið eftir að fá svör við því hér hvort rík-

isstj. vill ekki lýsa því yfir að þeim tveim togurum, sem væntanlega verða teknir á leigu nú næstu daga, verði báðum bætt við í gæsluflotann, en ekki aðeins öðru skipinu eins og fréttir höfðu borist um.

Í þriðja lagi óska ég eftir að fá uplýsingar um það, hvort ákvörðun hafi ekki verið tekin um að ráða skiptiáhöfn á skipin þannig að hægt sé að skipta um áhafnir sem allra næst átakasvæðunum og spara skipunum siglingu, — hvort þetta hafi ekki þegar verið afráðið og verði tekið upp til þess að gera gæsluna enn þá virkari en hún hefur verið.

Í fjórða lagi vil ég inna eftir því hvort ríkisstj. teldi ekki eftir atvikum rétt að taka upp málið við færeyinga til þess að reyna að koma á þann hátt í veg fyrir að Færeyjar séu notaðar til þess að greiða fyrir ránsferðum breta hér við land.

Og síðast, en ekki síst, spyr ég enn einu sinni um það hvort ríkisstj. hafi ekki rætt það mál að beita hér pólitískum hótunum við breta á þann hátt að kalla sendiherrann heim frá NATO og með því að tilkynna yfirstjórn NATO að verði bresku herskipin ekki komin út fyrir 200 mílna mörkin innan tiltekins tíma, þá munum við loka fyrir þá aðstöðu sem NATO hefur í okkar landi. Hefur þetta ekki verið rætt? Hver er afstaða ríkisstj.? Það er enginn vafi á því að ef við beittum þessu vopni, þá mundi það duga.

Þá er annað mál þessu skylt sem ég hlýt að víkja hér að. Það er í nánum tengslum við þessa atburði. Jafnhliða hafa komið fréttir um það að nýlega hafi það gerst að áður auglýst friðunarsvæði við Suðausturland, þar sem bannaðar voru allar togveiðar allt árið og auglýsing hafði verið birt um það skv. ósk togaraskipstjóra á Austfjörðum og skv. till. fiskveiðilaganefndar, — nú hefur það gerst og þá á þýsna sérkennilegan hátt að þetta friðunarsvæði hefur verið stórlega minnkað, verulegur hluti þess hefur verið opnaður á ný, augsýnilega eftir kröfum þjóðverja. Ég hef fengið þær fréttir frá mjög glöggum skipstjóra á Austurlandi varðandi þetta atriði að í ljós hafi komið við athugun að þetta friðaða svæði hafi aftur verið að verulegum hluta opnað formlega nú 20. mars, þó hafi engar tilkynningar borist um þessa opnun blöðum landsins fyrr en 24. mars og landhelgisgæslan segir sig ekki hafa fengið upplýsingar um opnunina fyrr en 25. mars. Það er einnig staðfest að skipherrann á einu því gæsluskipi, sem er fyrir Austurlandi, hafi ekki vitað neitt um þessar breytingar 28. mars. En eitt er víst, að þeir togaraskipstjórar á Austfjörðum, sem þarna stunda veiðar, fengu fréttir um breytingu á þessu svæði frá skipum þjóðverja, heyrðu þá tala um opnunina í talstöðvum sínum og vissu að þeir voru byrjaðir á veiðum á þessu friðaða svæði. Þessu hefur verið harðlega mótmælt af skipstjórum á Austurlandi, alveg einróma. Ég tel að þetta sýni að það er enn slík undanlátssemi ríkjandi í ríkisstj., að þegar vestur-þjóðverjar knýja á um það að svæði, sem merkt hafði verið sem friðunarsvæði og lokað íslendingum, þegar þeir vilja komast inn á svæðið, þá er það opnað þó að þurfi að grípa til alveg óvenjulegra vinnubragða til þess að opna fyrir þeim. Nú liggur það einnig fyrir samkvæmt umsögn íslensku skipstjóranna, sem þarna stunda veiðar, að á þessu svæði er nú mikið um smáufsa að ræða eða smáan milliufsa sem þeir telja að þurfi að friða.

Undanlátssemi af þessu tagi er auðvitað alveg forkastanleg. Ég vil vænta þess að það, sem hefur verið að gerast í þessum málum, í landhelgismáli okkar, leiði ekki til þess að rkisstj. linist í aðgerðum sínum. Aðgerðir hennar hafa verið nægjanlega linar til þessa. Það þyrfti að herða á aðgerðunum og reyna þannig að fá enn þá sterkari samstöðu um það sem gert er.

Ég er ekki á neinn hátt með því, sem ég segi hér, að kvarta undan þeim erfiðleikum sem við hljótum að mæta í sambandi við það að halda út í þessari deilu. Mér er ljóst að það mun taka allmikið á okkur á marga lund. En ég tel að hér sé um svo mikið að tefla að við verðum að sýna fulla festu og sýna þeim, sem reyna að beita okkur ofbeldi, að við erum ekkert að hugsa um að gefast upp fyrir þeim. Við ætlum að halda út í deilunni. Við ætlum að herða á því, sem við getum hert á, varðandi okkar eigin varnir, og við munum beita þeim vopnum, sem við höfum yfir að ráða, til þess að reyna að stöðva þá. En við ætlum okkur ekki að gefast upp. Það er þetta sem ég tel að þurfi að koma fram. Það versta af öllu í málinu er ef ríkisstj. sýnir af sér linkind og hik og eitthvert ráðleysi þegar hinir herða á sókn sinni.

Ég vil nú vænta þess að hæstv. ríkisstj. gefi hér uplýsingar frá sinni hálfu um þau mál sem ég hef gert hér að umtalsefni, og ég vil mega vænta þess að hún geti gengið til móts við þau sjónarmið sem ég hef sett hér fram.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Þorskastríðið heldur áfram og enn hefur breski flotinn aukið árásir sínar á íslensku varðskipin, sem leitast við að gegna skyldustörfum sínum fyrir austan land, með þeim árangri að átt hefur sér stað harðasta viðureign síðan þessi átök hófust. En svo bregður nú við að ef frá eru skilin miðin og íslensk heimili þar sem íslendingar hlusta á útvarp og horfa á sjónvarp, þá virðist hafa fallið dúnalogn yfir landhelgismáið. Fréttir herma að þessi hörðustu átök milli tveggja skipa, sem átt hafa sér stað fyrir austan, hafi komist í eina smáfrétt á forsíðu í London, en rétt verið getið á innsíðum í öðrum blöðum. Og víst er það, að breska ríkisstj. eyðir ekki miklum tíma í að hugsa málið þessa dagana. Þeir hafa öðrum hnöppum að hneppa og eru að búa sig undir að mynda nýtt ráðuneyti. Hitt er öllu furðulegra, að sama dúnalogn virðist vera yfir ríkisstjórn Íslands í þessu máli, og skal ég ekki segja hvort hún hefur fyrir því sömu afsökun og hinir bresku kollegar hennar. En ekki verður betur séð en að viku eftir viku ríki þögnin og aðgerðaleysi sem stefna ríkisstj. í landhelgismálinu. Það er því ekki óeðlilegt að vakið sé máls á þessu utan dagskrár hér á Alþ. og fer að verða býsna einkennilegt að það skuli líða mánuðir svo að málið sé ekki nefnt í sölum

Alþ. öðruvísi en að stjórnarandstaðan kveðji sér hljóðs utan dagskrár.

Í undanförnum umr. um þetta mál hefur verið flutt hörð gagnrýni á ríkisstj. fyrir það hversu seint hún hefur starfað að aukningu landhelgisgæslunnar, sem allir virtust þó vera sammála um að væri brýn og aðkallandi nauðsyn. Nú hefur það að vísu gerst, að tilkynnt hefur verið að ríkisstj. ætli að leigja tvo togara og annar þeirra muni fara í landhelgisgæsluna, en hinn til rannsóknarstarfa. Svo langt sem þetta nær er ég því fullkomlega samþykkur. En ég tel að það hefði átt að gera þetta fyrr og skipin hefðu þurft að vera fleiri en tvö, þar af aðeins eitt til landhelgisgæslunnar.

Þó ekki hefði komið til ítrekaðra átaka á hafinu fyrir austan, þá er ýmislegt að gerast sem gefur tilefni til þess að við ræðum þetta mál og reynum að gera okkur grein fyrir hver staða okkar er. Fer hún batnandi á þessu tímabili aðgerðarleysis ríkisstjórnanna í London og Reykjavík eða fer hún versnandi? Eða, kann einhver að spyrja, er hún nokkurn veginn óbreytt?

Hafréttarráðstefnan er nú byrjuð fyrir vestan haf og fer heldur óefnilega af stað. Þau mál, sem okkur varða mestu, eru í annarri nefnd, og ég las einhvers staðar um helgina að þar hafi verið fluttar 50 ræður um fyrstu 2 af 170 greinum, sem þar þarf að ræða, og í þessum 50 ræðum hafi nálega ekkert efni verið nema hamingjuóskir til forseta n. eins og mjög tíðkast á þeim vettvangi.

Hitt er ef til vill frekar áhyggjuefni fyrir okkur, að í viðtali við ríkisútvarpið, sem hér hefur verið flutt, hefur Hans G. Andersen, formaður íslensku sendinefndarinnar, sagt það berum orðum að honum finnist vera þungt fyrir fæti með allt tal um íslenskan málstað á þessari ráðstefnu, og ég skil hann svo að íslenska sendinefndin liggi undir ámæli fyrir það, að við skyldum færa út áður en að ráðstefnan lauk störfum sínum. Í sjálfu sér þarf þetta ekki að koma okkur mjög á óvart, vegna þess að fulltrúar á þessari ráðstefnu eru yfirleitt lögfræðingar sem hugsa hver frá sínu sjónarmiði síns heimalands á lögfræðilegan hátt og horfa ekki á neitt annað en lagabókstafinn. Það er ekki á þeim vettvangi sem við vinnum þetta stríð, heldur á vettvangi mannlegra aðstæðna og mannlegrar sanngirni. En látum það vera.

Það, sem við þurfum að gera okkur best grein fyrir, er öllu frekar að gerast hinum megin hafsins innan Efnahagsbandalags Evrópu. Eru nú allar líkur á því að Efnahagsbandalagið sé að taka til sín landhelgismál bandalagsríkjanna. Deila stendur um það hvort hvert ríki fyrir sig eigi að hafa 12 mílur til eigin afnota, en bandalagsríkin öll frjálsan aðgang að 200 mílum að því undanskildu, eða hvort þetta einkabelti strandríkisins eigi að vera 100 mílur, eins og bretar hafa óskað eftir. Enga niðurstöðu virðist vera búið að fá í þá deilu, en allar horfur eru á að bretum muni sækjast þetta mál seint.

Nú er talað um að það geti gerst á næstunni að allir samningar um landhelgi Efnahagsbandalagsríkjanna flytjist frá einstökum ríkjum til aðalstöðva bandalagsins í Brüssel. Ef svo er, þá er ég ekki viss um að aðstaða okkar hafi batnað mikið nema síður sé. Norðmenn sjá fram á, að þeir muni þurfa að skipta við embættismennina í Brüssel um þessi mál, og telja aðstöðu sína verri fyrir bragðið. Það er á allra manna vitorði að þegar þeir vísu menn, sem ráðnir eru í ábyrgðarstöðu hjá Efnahagsbandalaginu, eru sestir í skrifstofur sínar í Brüssel, þá eru þeir orðnir að alþjóðlegum skepnum sem hafa skorið á tengsl við sína eigin fósturjörð, en starfa aðeins sem hagfræði- eða stjórnunarheilar og eru ekki líklegir til þess að hlusta á tilfinningatal um smáþjóð sem á allt sitt líf undir fiskveiðum. Við getum því átt von á afstöðu sem verður miklu harðari og verður á algjörlega hreinum viðskiptagrundvelli.

Mér finnst ástæða til þess að við fylgjumst með þessu og gætum að því hvort þetta hefur áhrif á málið frá okkar sjónarmiði. Það getur t.d. orðið erfitt við að eiga ef bretar vísa til Brüssel og ef við ætlum að senda mótmæli þangað t.d. varðandi áframhaldandi herskipaaðgerðir gegn landhelgisgæslu okkar, þá mundu þeir sjálfsagt vísa málinu aftur til Lundúna. Við yrðum þannig reknir á milli með mótmæli og kröfur. Hvaða áhrif þetta hefði á áframhaldandi aðgerðir breska flotans er ómögulegt að segja.

Í leiðara Morgunblaðsins í dag, sem síðasti ræðumaður minntist einnig á, kemur fram, að ég hygg í fyrsta skipti um langt skeið, spurningin um það hvort íslendingar hafi enn þá áhuga á síldveiði í Norðursjó eða rétti til einhverra veiða við Grænland. Veiðar þessar hafa veitt okkur allmiklar tekjur á liðnum árum, en síldveiðin í Norðursjó mun nú vera í algjöru lágmarki og kvótinn, sem við höfum þar, miklu minni en afli þar hefur verið. Er það því matsatriði upp á framtíðina hvort við höfum þarna einhvern áhuga, en menn verða að sjálfsögðu að gera sér grein fyrir því og þá hvort það hefur einhver áhrif á afstöðu manna í Brüssel, þar sem viðskiptasamningur okkar við Efnahagsbandalagið hefur enn þá ekki fengið gildi. Við verðum því að borga mörg hundruð milljónir í óeðlilega tolla af vörum sem við flytjum til bandalagsins. Ég tel þetta upp einungis til þess að sýna að það eru mörg atriði að gerast í þessu máli sem geta beint eða óbeint snert afstöðu okkar, og það er því von, þegar málið ber hér á góma, að menn spyrji hina þöglu ríkisstjórn hver séu viðhorf hennar, hvað hún hyggist fyrir. Ætlar hún að sitja þegjandi og aðgerðalaus? Ætlar hún sér að reyna, eins og síðasti ræðumaður lagði til, einhvers konar frekari stjórnmálalega pressu ef það kynni að geta hjálpað til þess að binda endi á árásaraðgerðir breska flotans?

Ég vil því ítreka að atburðirnir nú um helgina minna okkur óþægilega á, að þetta mál er enn þá á stórhættulegu stigi. Bretar halda áfram að veiða allt of mikinn fisk. Íslenskir sjómenn eru enn þá að stórhættulegum skyldustörfum fyrir þjóð sína í landhelgisgæslunni, og áframhald þessara árekstra getur hvenær sem er leitt til alvarlegra slysa. Við megum því ekki sofna algjörlega á verðinum. Þótt atburðir hér séu farnir að missa fréttagildi sitt í nágrannalöndum verðum við að minna yfirvöld nágranna-

landanna á þetta mál og halda baráttunni áfram á virkan hátt, en ekki óvirkan, og reyna að leita nýrra úrræða ef ekkert af þeim gömlu hefur frekari áhrif. En það ástand, sem hefur verið nú undanfarið, algjör þögn og aðgerðaleysi, er að minni hyggju gjörsamlega óviðunandi.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Það er út af fyrir sig ánægjulegt að hv. stjórnarandstaða og talsmenn hennar vilja gjarnan heyra frá ríkisstj. og fulltrúum hennar. Ég hef ekkert við það að athuga. Hins vegar finnst mér ástæðulaust að gagnrýna það að ríkisstj. hafi ekki látið opinberlega frá sér heyra vegna síðustu atburða umfram það sem kom fram, að formleg, harðorð mótmæli hafa verið borin fram vegna síðustu atburða á miðunum og ráðstafanir eru gerðar til þess að sú sérstaða, sem þessir atburðir bera merki um, sé undirstrikuð, þ. e. a. s. sú hótun sem fram kom í því, að sögn skipherra Baldurs, að byssur og vopn einnar freigátunnar voru mönnuð. Þetta verður gert og er gert meðal Norðurlandaþjóða, meðal þátttökuríkja í Atlantshafsbandalaginu og í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Hér ber þess að geta, þótt enginn dómur sé lagður á sannleiksgildi, að talsmaður breska utanrrn. undirstrikar að ef slíkt hafi verið gert af hálfu skipstjóra freigátanna sé það í andstöðu við þau fyrirmæli sem skipstjórarnir hafa. Ef frá er tekin þessi sérstaða síðustu atburða, þá eru þeir því miður engin undantekning frá ósvífninni og vanstilltri framkomu breta hér við land. Sumir vilja halda því fram, án þess að ég geti rakið það nú á stundinni, að þess séu dæmi að slíkar hótanir hafi áður verið í frammi hafðar í þorskastríðum, að byssur breskra freigáta hafi verið mannaðar. Vitaskuld hlýtur ríkisstj. með fyrrgreindum hætti að láta til sín heyra og reka mál íslendinga á erlendum vettvangi. Að öðru leyti er það auðvitað á valdi fjölmiðlanna hvaða fréttir þeir bera um víðan vettvang af atburðum hér við land. Það er fyrst og fremst mat fréttamanna á því hvað fréttnæmt er, sem því ræður, og því ætti t. d. hv. þm. Benedikt Gröndal manna best og mest að geta gert sér grein fyrir sem fyrrverandi blaðamaður.

Því miður verður að segja það eins og er, að fjölmiðlar eru þess eðlis oft og tíðum að kunna ekki að skilja hismið frá kjarnanum og geta fremur um það, sem minna virði er og minna máli skiptir, en hitt sem sköpum kann að skipta, og þess getum við íslendingar goldið. Ríkisstjórn Íslands fær ekki við það ráðið nema að takmörkuðu leyti. Að svo miklu leyti sem það er á valdi íslendinga, þá er lögð áhersla á að flytja málstað okkar erlendis og leiða mönnum fyrir sjónir hvers eðlis sú barátta er sem fer fram á íslenskum fiskimiðum.

Að þessu sögðu og engu undandregnu, hversu alvarlegir þeir atburðir eru sem átt hafa sér stað á Íslandsmiðum, þá verð ég enn á ný að endurtaka og undirstrika það, sem ég hef áður sagt og er út af fyrir sig ekkert merkilegt, því að ræðumenn hér í umr. utan dagskrár hafa endurtekið það sem þeir áður hafa sagt og lítið nýtt látið frá sér heyra, að ég tel að endurteknar umr. utan dagskrár vegna atburða á miðunum séu til þess fallnar að gefa andstæðingi okkar í skyn að við séum að þreytast í baráttunni. Ég veit að hvorki hv. þm. Lúðvík Jósepsson né hv. þm. Benedikt Gröndal vill ganga erinda breta, síður en svo. Þeir vekja sjálfsagt máls á þessu mikilvæga efni af góðum hug, það skal ekki dregið í efa. En hitt er jafnvíst, að með endurteknum umr., sem ekkert nýtt hafa fram að færa, gefa þeir andstæðingi okkar til kynna að við séum að þreitast í baráttunni og tilbúnir e. t. v. að semja um hvað sem er.

Hv. þm. tala um það, að í einu dagblaði í dag hafi verið rætt um að til mála gæti komið að semja við breta, og fyrirspurn frá hv. þm. Lúðvík Jósepssyni var varpað fram til ríkisstj. af því tilefni. Í þessu sambandi er engu við að bæta það sem ríkisstj. hefur áður lýst yfir og allir þm., að því er ég hygg, hafa tjáð sig sammála, að meðan bretar hafa herskip innan 200 mílnanna koma samningar ekki til greina. Til þess, hvað verður ef og þegar bretar draga herskip sín út fyrir 200 mílurnar, verður tekin afstaða þá, en fyrr ekki. Það er skilyrðislaus krafa okkar íslendinga, að bretar fari með herskip sín burt úr 200 mílna fiskveiðilögsögu okkar.

Ef við ræðum um málflutning hv. stjórnarandstöðu, þá er þar hins vegar gagnrýni um að ríkisstj. sé aðgerðalaus. Um leið og talið er útilokað, sem ég er sammála um, að hugsa að óbreyttum kringumstæðum til samninga við breta, það er ekki á dagskrá, þá er helst sú ályktun, sem verður af máli þeirra dregin, að það sé ekki nema tvennt til: annars vegar einhvers konar samningar við andstæðinginn og það mál höfum við afgreitt og hins vegar efling landhelgisgæslunnar. Varðandi eflingu landhelgisgæslunnar hefur ríkisstj., áður en síðustu atburðir gerðust á miðunum, tekið ákvörðun um að leita eftir leigu á tveim af stærri skuttogurunum, væntanlega pólskbyggðu togurunum, sömu tegund og Baldur er, með þeim hætti að annar þeirra verði nýttur í þágu Hafrannsóknastofnunarinnar í staðinn fyrir Baldur, en búið var að kaupa Baldur til þeirra nota, og hinn til landhelgisgæslunnar. Á þessu stigi hefur engin ákvörðun verið tekin frekar um viðbót við skipaflota landhelgisgæslunnar, nema hvað athuganir og rannsóknir hafa farið fram um það hvort unnt væri að fá hraðskreiðan bát til afnota fyrir gæsluna, og stendur sú athugun enn yfir.

Í þessu sambandi hefur hv. þm. Benedikt Gröndal bent mjög skýrt á að það eru takmörk fyrir því hvaða árangri er hægt að ná með því að efla landhelgisgæsluna. Við skulum í fyrsta lagi athuga þann kostnað, sem því er samfara, og bera þann kostnað saman við þann árangur sem af því yrði. Við skulum í öðru lagi bera saman þann árangur sem yrði af því að bæta við skipakost landhelgisgæslunnar að teknu tilliti til viðbragða andstæðingsins sem gerði slíkt hið sama, og íhuga hver lokaárangur yrði af því loknu. Þetta er okkur skylt að gera. Ég

held að enginn hér inni eða a. m. k. mjög fáir og ég ætla hvorki hv. þm. Lúðvík Jósepsson né Benedikt Gröndal telji að úrslit í baráttunni á Íslandsmiðum verði ráðin með kappi við að auka við skipastól annars vegar landhelgisgæslunnar og hins vegar herskipa, hjálparskipa, birgðaskipa og dráttarbáta breta. A. m. k. hygg ég þá ekki vera þeirrar skoðunar að sigurinn sé augljóslega okkar íslendinga í slíku kapphlaupi. Það, sem við íslendingar getum gert okkur vonir um, og það, sem við íslendingar eigum að gera, er auðvitað að halda uppi þeirri landhelgisgæslu sem við mögulega getum innan þeirra marka sem skynsamlegt er að því er snertir fjárútlát og skipakost miðað við árangur að lokum. Það felst í þessu að við getum e. t. v. ekki gert okkur vonir um að útiloka að öllu leyti veiðar breta innan 200 mílnanna, en við getum takmarkað þær veiðar. Við getum ekki útilokað þær veiðar, en við getum takmarkað þær veiðar. Sú barátta getur orðið löng, a. m. k. meðan á fundum Hafréttarráðstefnunnar stendur, og þá er að taka því og halda þeirri baráttu fram með þeim hætti að sem minnstu sé hætt í tjóni á mönnum eða skipum.

Þegar hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að ráða viðbótarmenn til þess að sinna störfum á gæsluskipum landhelgisgæslunnar, og við munum halda áfram að reyna að bæta starfsaðstöðu landhelgisgæslunnar eftir megni innan þeirra marka sem ég hef hér nefnt og hljóta að vera eðlileg og sjálfsögð takmörk aðgerða okkar, því enginn okkar vill mæla með aðgerðum sem engan árangur bera eða ekki neinn árangur miðað við tilkostnað eða fórnir sem færðar væru til þess að aðgerðirnar komist í framkvæmd.

Ég hef ekki tekið ummæli formanns sendinefndar okkar á Hafréttarráðstefnunni þannig að gagnrýnt væri á erlendum vettvangi að íslendingar hefðu fært út fiskveiðilögsögu sína einhliða. Þvert á móti hef ég heyrt ummæli þar að lútandi, að menn skildu þá stöðu og hagsmuni þá sem við íslendingar hefðum alveg sérstaklega af slíkri einhliða útfærslu. Hins vegar heiur hann látið okkur íslendinga vita af því, að menn þar skildu ekki hvers vegna ekki hefði verið unnt að semja um ágreiningsmálin. Auðvitað munu fulltrúar okkar á Hafréttarráðstefnunni skýra það fyrir fulltrúum annarra landa þar hvers vegna ekki hefur verið unnt að semja um þessi mál. Skýringuna vitum við. Það er vegna óbilgirni og skilningsleysis breta sem fram kemur augljóslega, í andstöðu við það samkomulag sem tekist hefur við aðrar þjóðir. Ég tel að málstað okkar sé að þessu leyti sæmilega borgið á erlendum vettvangi, þótt hitt hafi verið allt of ljóst, að ófriður á Íslandsmiðum gæti skapað aukna hættu á því að þeir, sem vildu einhvers konar gerðardómsákvæði inn í hafréttarsáttmálann, fengju þar átyllu til þess. En við verðum að treysta fulltrúum okkar á Hafréttarráðstefnunni til að geta unnið á móti því.

Það hefur verið rætt um aðgerðir gagnvart Atlantshafsbandalaginu og í sambandi við varnarstöðvar okkar hér á landi. Í því sambandi vil ég aðeins segja á þessu stigi málsins, að það er nauðsynlegt fyrir okkur einmitt að flytja mál okkar á vettvangi Atlantshafsbandalagsins, eins og við höfum gert á vettvangi Norðurlandaráðs og Öryggisráðsins, og sýna fram á framkomu breta og hvaða hættur eru fólgnar í framkomu þeirra. Þess vegna er það andstætt hagsmunum okkar að koma í veg fyrir að við höfum möguleika til þess og málsvara til þess að flytja mál okkar á þeim vettvangi. Hvað snertir þátttöku okkar í Atlantshafsbandalaginu og varnarstöðvar hér á landi er það að segja, að við erum samningsbundnir með ákveðnum hætti í báðum tilvikum. Við þurfum að segja upp aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu með árs fyrirvara og varnarstöðvunum eða afnotum þeirra með eins og hálfs árs fyrirvara og við það er ákvörðunarvald okkar bundið. Við eigum að standa við þá samninga sem við höfum gert, við viljum ekki láta brjóta samninga á okkur. Það er óvandur eftirleikurinn ef við heiðum slíkan leik sem er fjarri virðingu okkar sem sjálfstæðrar, ábyrgrar þjóðar.

Ég hygg að ég hafi svarað flestum fyrirspurnum, nema e. t. v. þeim að gagnvart Færeyjum hefur sú krafa ekki verið fram borin að þeir neituðu um einhverja þjónustu eða afgreiðslu gagnvart breskum skipum. Hins vegar er okkur það minnistætt að færeyingar tóku upp hjá sjálfum sér að gera það í eina tíð, og það væri ólíkt færeyingum ef þeim dytti ekki eitthvað slíkt í hug og framkvæmdu það ef til vill undir slíkum kringumstæðum sem nú eru. En ég tel eðlilegt og sjálfsagt í því sambandi að færeyingar sem sjálfum sér ráðandi tækju þá ákvörðun af eigin hvötum fyrst og fremst.

Varðandi friðunarsvæðin fyrir Austfjörðum, þá mun væntanlega hæstv. sjútvrh. fjalla um það efni.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta mál að sinni, en vil ítreka það, að þær ráðstafanir, sem þegar hafa verið gerðar um eflingu landhelgisgæslunnar, ásamt þeirri staðreynd, að við höldum áfram baráttu okkar á miðunum, gera það að verkum að forsendur útgjaldaáætlunar fjárlaga til handa landhelgisgæslunni eru algjörlega úreltar, þarfnast endurskoðunar. Þegar hafa verið gerðar nokkrar ráðstafanir til að kynna þm. það mál. Það verður gert frekar þegar ljóst er hvaða kjör verða í sambandi við leigu t. d. á þeim skipum sem um er að ræða að bæta í flota landhelgisgæslunnar. En auk þeirra tveggja togara, sem búið er að bæta í landhelgisgæsluna til viðbótar Týr, sem ekki var fyrir hendi þegar barátta átti sér síðast stað á miðunum, þarf landhelgisgæslan væntanlega að hafa til umráða rannsóknaskipið Hafþór til að gæta sérstaklega friðunarsvæða, en eðlilegt mundi að telja það vera á reikning landhelgisgæslunnar þar sem það er verkefni hennar að gæta slíks. En ég hygg að það sé útilokað annað en að Hafrannsóknastofnunin fái togara til að sinna því ætlunarverki í senn að fylgjast með þeim friðunarráðstöfunum, sem gerðar eru vegna botnvörpuveiða, svo og til þess að leita nýrra miða, t. d. karfamiða, svo að unnt verði að bæta okkur upp þá takmörkun sem við augljóslega verðum að framkvæma á þorskveiðum.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Hv. 2. þm. Austf., sem hóf hér þessar umr. utan dagskrár, gerði nokkuð að umræðuefni svæði það út af Suðausturlandi sem var lokað fyrir öllum togveiðum í byrjun þessa árs eða seint í janúar, að mig minnir. Ég hef ekki öll gögn í höndum, en ég vil, áður en ég reyni að svara þessu eftir besta minni, vekja athygli á því að sá siður hefur verið hér á hv. Alþ. að þegar þm. hafa ætlað að hefja umr. utan dagskrár og þó sérstaklega bera fram ákveðnar fyrirspurnir til ráðh., þá hafa þeir alltaf látið ráðh. vita um það, þannig að viðkomandi ráðh. hefur þá getað komið með gögn með sér. En hv. fyrirspyrjandi lætur þetta alveg ógert, enda kannske lítur hann svo á að það sé fastur liður á dagskrá á hverjum þriðjudegi að hv. 2. þm. Austf. taki til máls og þá eigi ráðh. að búa sig undir það og vera með sinn poka af skjölum þegar kappinn kemur í pontuna. En þrátt fyrir þetta skal ég reyna að svara þessari fyrirspurn, þó að ég kunni betur við gömlu aðferðina sem hefur verið viðhöfð af mönnum hvort sem þeir hafa verið í stjórn eða stjórnarandstöðu.

Það kemur bréf til sjútvrn. um áramótin frá austfirskum togaraskipstjórum þar sem þeir benda á og hvetja mjög eindregið til þess að ákveðnu svæði verði lokað, — það var á utanverðum Berufjarðarál og á Papagrunni, — lokað fyrir öllum togveiðum. Þetta bréf sendi ég til fiskveiðilaganefndar og sömuleiðis til Hafrannsóknastofnunarinnar. Það tók nokkurn tíma hjá þessum aðilum að fjalla um þetta bréf, en Hafrannsóknastofnunin segir að hún hafi ekki gögn til að meta þetta, en vill þó á engan hátt rengja niðurstöður skipstjóranna, segir að þessi lokun sé án efa skynsamleg miðað við almennt ástand fiskstofnanna, en hún bætti því einnig við, að þó væri rétt að benda á að frekar væri ástæða til að sækja í ufsastofninn en þorskstofninn.

Nú vita allir alþm. að lokun svæða byggist á lögum um vísindalega verndun fiskstofnanna, og má segja að ég sem sjútvrh. hafi með lokun þessa svæðis byggt á mjög hæpnum umsögnum og um það mátt deila, því það lá engan veginn fyrir og á engan hátt frá hendi okkar fagmanna, fiskifræðinganna, það fullnægjandi rannsóknir að það væri óyggjandi að byggja reglugerðina á því að hér væri verið að vernda fiskstofna á grundvelli þeirra laga sem gefa ráðh. heimild til að loka tilteknum svæðum. Ég fyrir mitt leyti taldi rétt að láta á þetta reyna, og ég óskaði svo eftir því nokkru síðar, að mig minnir um miðjan febrúar, við Hafrannsóknastofnunina að hún léti fara fram rannsókn á þessu svæði, léti kanna mjög ítarlega svæðið svo hægt yrði að taka ákvörðun um framhald þessarar lokunar eða breytingu á grundvelli þeirrar rannsóknar. Það gerist svo næst, að eftir að þetta bréf kemur til Hafrannsóknastofnunarinnar er rannsóknarskipið Hafþór sent á þetta svæði, um leið og það fór, að mig minnir, á það svæði sem bresku togararnir hafa stundað sínar ólöglegu veiðar á í vetur. Út úr þessari stuttu rannsókn kemur það að sáralítill fiskur er á þessu svæði og má segja að það hafi verið mest ufsi, varla vart við þorsk á svæðinu. Hafrannsóknastofnunin segir að það þurfi að rannsaka svæðið mun betur og nánar en gert var í þetta eina skipti. Við höfum lagt á það áherslu að þessi rannsókn haldi áfram. Hins vegar er um að ræða smáfiskasvæði sem voru sögð austast og vestast í þessu hólfi, sem sagt á Berufjarðarálshorni og á vesturkanti Papagrunnsins, sérstaklega á vesturkantinum. Þegar svo er komið og engar rannsóknir liggja fyrir, ekki meiri fiskgengd en þetta samkv. þessari skyndirannsókn, þá taldi ég ekki fært að halda þessu svæði lokuðu fyrir togveiðum óbreyttu. Við ræddum við Hafrannsóknastofnunina um málið hvað eftir annað, og hún tók það fram að hún hefði alls ekki fullnægjandi rannsóknir og vantaði þar mikið á, þetta væri það eina sem hún gæti sagt og hún mundi fylgjast með málinu framvegis. Á grundvelli þessa taldi ég hæpið að við gætum á grundvelli vísindalegrar verndunar fiskstofna haldið svæðinu óbreyttu, lokuðu fyrir öllum togveiðum, og með útgáfu reglugerðar var svæðið minnkað verulega. Ég held að þessi reglugerð hafi verið undirrituð af mér seint að degi 19. mars og hún hafi komið út í fjórblöðungi Stjórnartíðinda, að ég held, laugardaginn 20. mars frekar en mánudaginn 22. mars. Ég óskaði eftir því við skrifstofustjóra og deildarstjóra sjútvrn. að fréttatilkynning yrði gefin út þá strax eftir helgi. Þeir spurðu mig að því hvort ég vildi ekki að kort fylgdi með af hinu nýja svæði. Það taldi ég vera sjálfsagt og eðlilegt að gera og bað þá að sjá um að kort fylgdi með í fréttatilkynningunni. Kortið var ekki tilbúið fyrr en þriðjudaginn 23. mars og þá rétt fyrir lokun, en 24. mars fer fréttatilkynningin til allra dagblaða og annarra fjölmiðla ásamt kortinu. — Þetta er gangur þessa máls.

Hitt er rétt, að fréttatilkynningin kemur ekki fyrr en 24. mars, þó að fjórblöðungur Stjórnartíðinda kæmi út annaðhvort á laugardag eða mánudag á undan. En hins vegar fór tilkynningin til utanrrn. að ég held á þriðjudag og það kemur tilkynningum áfram til erlendra þjóða sem hér hafa veiðiheimildir, og sömuleiðis fer alltaf tilkynning til Landhelgisgæslunnar sem starfsmenn sjútvrn. sjá um á hverjum tíma. Þetta er gangur þessa máls. Leiði frekari rannsóknir Hafrannsóknastofnunarinnar í ljós að hér sé um smáfiskasvæði að ræða, sem togveiðar eru bannaðar á samkv. hinni nýju reglugerð, þá mun ekki standa á sjútvrn. og sjútvrh. að gefa út friðunarreglugerð.

Ég vil líka taka fram út af þessu, þó það hafi ekki komið fram í þessum umr., að þegar Hafrannsóknastofnunin hafði rannsakað svæðið í Reykjafjarðarál við Húnaflóa og fiskifræðingurinn hafði sent sína skýrslu til sinnar stofnunar, þá hafði stofnunin samband við rn., las útdrátt úr skýrslunni. Þá var óskað eftir því að bréf kæmi, en um leið og það hafði verið lesinn fyrir rn. útdráttur um rannsóknarleiðangurinn, þá var útbúin reglugerð og hún var gefin út um það bil einum klukkutíma eftir að skýrsla Hafrannsóknastofnunar barst rn. í hendur. Ég held að það sé ekki hægt að segja annað en að það séu viðhöfð snör viðbrögð við lokun friðunarsvæða

þegar fiskifræðingar telja að brýna nauðsyn beri til að beita slíkum lokunum. Eg vil taka það fram, að ég er þeirrar skoðunar að ég mun, á meðan ég gegni þessu embætti, fara eftir þessum ákvörðunum þegar þær liggja fyrir jafngreinilega og í þessu síðasta tilfelli sem ég vitnaði í.

Varðandi það, sem hv. fyrirspyrjandi nefndi hér, að við ættum að setja færeyingum skilyrði fyrir veiðisamningum að þeir geri ekki við breska togara, þá vil ég fyrir mitt leyti lýsa því yfir að ég er algjörlega mótfallinn því að við íslendingar blöndum okkur í innanlandsmál annarra þjóða og setjum öðrum þjóðum skilyrði hvað þær skuli gera til þess að við getum við þær rætt eða gert við þær samninga. Ég hygg að við íslendingar mundum líta á það sem þvingun ef einhver þjóð ætlaði að setja okkur slík skilyrði. Ég er hræddur um að það færu fleiri en einn og fleiri en tveir upp í pontuna hérna utan dagskrár ef einhver slík skilyrði kæmu frá einhverjum öðrum þjóðum. En hitt er annað mál, sem ég er hv. ræðumanni algjörlega sammála um, að ég tel mjög óeðlilegt að okkar ágætu frændur og vinir séu að gera við breska togara til þess að stytta þeim leiðina til viðgerðar, þannig að þeir gætu fyrr komið og fiskað ólöglega í íslenskri fiskveiðilandhelgi. Þar erum við algjörlega sammála. Ég vil líka til áréttingar geta þess, að ég hef sagt þetta við málsmetandi menn í Færeyjum, í færeysku landsstjórninni, að okkur íslendingum þyki mjög leitt að vita að færeyskar smiðjur og aðrir viðgerðamenn geri við breska togara undir þeim kringumstæðum sem nú eru á milli breta og okkar, og lengra er ekki hægt að ganga. Ég vil taka undir það að hæstv. forsrh. sagði, að færeyingar hafa tekið myndarlega áður á þessum málum, og ég hef trú á því að einstaklingar í Færeyjum, sem ráða yfir þessum smiðjum, og þeir einstaklingar, sem í þeim vinna, sýni málefnum íslendinga þann skilning og vinarhug að þeir geri það sama í þessum efnum og þeir hafa oft gert áður, að neita breskum veiðiþjófum um viðgerðir.

Út af því, sem hv. 2. þm. Austurl. sagði varðandi landhelgisgæsluna og væntanlega leigu tveggja togara, annars fyrir landhelgisgæsluna og hins fyrir Hafrannsóknastofnunina, þá var hann þeirrar skoðunar að bæði þessi skip ætti að taka fyrir landhelgisgæsluna, en það væri hægt að leysa mál Hafrannsóknastofnunarinnar með öðrum hætti og með minna skipi. Varðandi þetta er ég hv. ræðumanni algjörlega ósammála — gjörsamlega ósammála. Hafrannsóknastofnunin átti að fá Baldur afhentan eftir að gengið var frá kaupsamningi, en hún og sjútvrn. urðu við óskum landhelgisgæslunnar að lána skipið. Það kemur nú ekki alveg nákvæmlega í eins góðu formi og í sömu lögun til baka og þegar það var lánað, og er sjáanlegt að þó að gæslan vildi skila skipinu, þá þarf það nokkra mánuði til þess að fara í klössun. En þetta hefur kostað hafrannsóknir mjög mikið. Það hefur ekki verið hægt að framkvæma þær ákveðnu fiskirannsóknir og þá rannsóknarleiðangra sem áður voru ráðgerðir, og þar er fyrst og fremst um að ræða áhuga fiskifræðinga og stofnunarinnar í heild og sjútvrn. á því að togari, sem er jafnframt rannsóknarskip, geti veitt innan um aðra og venjulega íslenska togara og svo sérstaklega farið í karfarannsóknir til þess að auka sóknina í karfann, en það hefur orðið töluverður samdráttur í þeim veiðum á milli áranna 1974 og 1975, að mig minnir um rúm 7000 tonn eða upp undir 7500 tonn. Þarna þurfum við sannarlega að auka sóknina í þennan fiskstofn og þá væru þessi skip ekki að skarka á þorskmiðum. Það er að mörgu leyti óhagkvæmt verðlag á karfa, en þó fer það heldur batnandi. En það eru líka möguleikar á að selja karfa, ef við aukum veiðarnar mjög verulega, og þá helst ísaðan til Vestur-Þýskalands. Ég legg á það gífurlega mikla áherslu að fá myndarlegt og gott skip fyrir Hafrannsóknastofnunina og halda svo áfram veiðileit að öðrum fisktegundum, sem við þurfum að auka sóknina í, en við þurfum, eins og ég leyfði mér að segja hér fyrir nokkru, einnig að tryggja markað fyrir þær fisktegundir. Þetta er það sem liggur hér á bak við.

Það er gott og blessað að efla landhelgisgæsluna, og sannarlega höfum við verið að gera það. En það er takmörkunum háð líka hvað æskilegt er að við eflum landhelgisgæsluna mikið í sambandi við stríð okkar við breta. Ef við tvöfölduðum eða þrefölduðum landhelgisgæsluna og bretar tvöfölduðu eða þrefölduðu herskipaflota sinn á Íslandsmiðum, hvað erum við þá að gera? Við erum að stórauka kostnað og stórauka það kapp, sem verður á milli, og stórauka þá hættu, sem er þessu fylgjandi. Hitt er annað mál og frá því hverfum við ekki, við viljum halda og höldum uppi mjög sómasamlegri landhelgisgæslu og myndarlegri landhelgisgæslu miðað við stærð þjóðarinnar og fjárhagslega getu og við truflum verulega veiðar breskra skipa. Þessi takmarkaði floti Landhelgisgæslunnar gerir það að verkum að bretar verða að halda sig í hóp við veiðar en geta ekki skipt sér á bestu fiskimiðin umhverfis landið og veitt þar í friði og ró.

Hitt er svo annað mál, hvort við eigum að vera að tala um landhelgismálið, mér skilst helst alla daga, eins og hv. þm. Benedikt Gröndal tók sérstaklega undir með Lúðvík Jósepssyni. Ég held að aðgerðir okkar með þessum hætti séu árangursríkastar, en ekki sífelldar orðræður hér á hv. Alþ. Ég tel líka að við höfum undirbúið mjög vel okkar aðgerðir í landhelgismálinu. Það voru æðimargir þm. sem héldu því fram að við ættum ekkert að færa út í 200 mílur, okkur lægi ekkert á að gera það fyrr en úrslit Hafréttarráðstefnunnar lægju fyrir. Og það voru líka til menn sem héldu því fram að útfærslan úr 50 í 200 mílur hefði ósköp litla þýðingu því veiðarnar væru yfirleitt 95% innan 50 mílna markanna og þar af leiðandi væri ekkert sérstakt atriði að vera að glenna sig út yfir það að færa fiskveiðilandhelgina úr 50 í 200 mílur. Við, sem stóðum að þessari útfærslu og berum ábyrgð á núv. ríkisstj., vorum á öðru máli. Við töldum auðvitað mjög æskilegt að Hafréttarráðstefnunni væri flýtt, en þar ráðum við ekki gangi mála nema að mjög takmörkuðu leyti. Ástand fiskstofnanna var með þeim hætti að við gátum ekki beðið lengur. Við höfum unnið mjög á vegna þess hvernig við höfum starfað frá því að við tókum

þessa örlagaríku ákvörðun og reglugerðin var gefin út 15. júlí á s. l. ári og tók gildi 15. okt. á s. l. hausti. Það er rétt, sem kom fram hjá hv. þm. Benedikt Gröndal, að það er gagnrýni á okkur íslendinga á alþjóðavettvangi og þá ekki síst á Hafréttarráðstefnunni. Hans Andersen og aðrir fulltrúar okkar þar hafa margtekið fram að sendinefndarmenn margra þjóða hafa spurt: Af hverju eruð þið íslendingar að færa einhliða út? Þið urðuð að bíða. Af hverju semjið þið þá ekki við breta? — Svarið, sem þessir menn hafa gefið fyrir okkar hönd og við hljótum öll að vera sammála um, er þetta: Vitaskuld höfum við viljað semja við allar þjóðir, sem hér hafa veitt, til mjög skamms tíma á meðan þessi úrslit liggja ekki fyrir. En bretar hafa verið það erfiðir og óstýrilátir að þeir hafa ekki viljað semja um neitt. Þeir hafa viljað skipa okkur fyrir: Þetta magn viljum við hafa í íslenskri fiskveiðilandhelgi — og ekki taka tillit til þess ástands sem er á fiskstofnum, þó einkum þorskstofninum, og ekki heldur taka tillit til þess ástands, sem er í íslensku atvinnulífi, og til þess samdráttar, sem óhjákvæmilega á sér stað í íslenskri útgerð og fiskvinnslu. — En við bendum á annað. Við bendum á það að við höfum samið við allar aðrar þjóðir, sem hér hafa veitt eitthvað að ráði á undanförnum árum innan 50 mílna. Við bendum með réttu á það, að við höfum samið við vestur-þjóðverja, belga, færeyinga og norðmenn. Við höfum samið og höldum frið við allar þjóðir, sem hér hafa veitt, nema breta. Og þá segja þessir menn sem eru með gagnrýni á okkur: Ja, þið hafið auðvitað töluvert til ykkar máls fyrst þið hafið náð samningum við alla aðila nema breta. Þá hlýtur að vera eitthvað að hjá bretum, fyrst þið hafið getað samið við alla nema þá. — Þetta álít ég að sé stórt atriði í þessu máli til þess að skapa okkur skilning og traust hjá öðrum þjóðum.

Það var einnig minnst hér á síldarkvótann í Norðursjó og væntanlegar veiðar við Grænland. Ég tel að þegar Hafréttarráðstefnunni er lokið og þjóðir hafa fært út í 200 mílur eða í miðlínu milli landa, þá þurfum við á því að halda að ná samningum við grænlendinga um veiðar þar, sérstaklega við Austur-Grænland. Og þá er það gott og nauðsynlegt innlegg í okkar mál að hafa samið við færeyinga og gert við þá samning þar sem við höfum sýnt skilning á þeirra vanda, þó að okkar vandi sé ærið nógur fyrir. Síldveiðikvótinn í Norðursjó er að verða sífellt minni og minni og ekki eins þýðingarmikill og áður var. Við erum nú með 5 þús. tonna kvóta óveiddan sem við höfum á fyrri helmingi þessa árs. Í næsta mánuði verður fundur í London um skiptingu eða um ákvörðun framhaldskvóta eða bann við síldveiðum í Norðursjó og þá skiptingu kvóta á milli þeirra þjóða sem þar eiga hagsmuna að gæta. Við munum í þeim viðræðum halda því fram að við viljum ekki að kvóti verði ákveðinn hærri en það sem fiskifræðingar halda fram, og okkar stefna hefur verið sú að banna allar síldveiðar í Norðursjó nema síldveiðar til manneldis. Við komum einnig til með að skuldbinda okkur til þess að hlýða öllum þeim reglum, sem settar kunna að verða um síldveiðar í Norðursjó, ef þær verða leyfðar áfram. En hins vegar getur okkur greint á við aðrar þjóðir um skiptingu á þeim kvóta sem kann að verða ákveðinn, alveg eins og það getur komið upp nú að við leggjum áherslu á loðnukvóta við Kanada, en þar veiða aðallega norðmenn og rússar ásamt strandríkinu sjálfu. Þar hefur verið litlu skipt til annarra þjóða en þessara þriggja. Við viðurkennum í einu og öllu rétt strandríkisins, það er í samræmi við okkar stefnu bæði nú og áður, en auðvitað eigum við að hafa fullan rétt og allan fyrirvara á því hvernig skipting er á milli annarra þjóða, en við munum alltaf viðurkenna að við munum hætta veiðum bæði þar sem annars staðar þegar veitt hefur verið í fullan kvóta.

Að síðustu vil ég segja það, að nýlega var á ferð sendinefnd frá Íslandi undir forustu ráðuneytisstjóra viðskrn. ásamt fulltrúum bæði útgerðar og fiskvinnslu í Þýskalandi, og í þeim viðræðum, sem þar fóru fram, sýndu þjóðverjar okkur íslendingum mikla vinsemd í sambandi við að greiða fyrir viðskiptum á milli landanna og aukningu á viðskiptum Íslands við Þýskaland. Þar hefur verið komið til móts við okkar óskir með því að við sitjum nú við sama borð og þýskir togarar þegar við löndum þar. Okkur stendur til boða að fá á leigu frystigeymslur fyrir fisk sem við kunnum að selja til meginlands Evrópu. Allt er þetta árangur þess að við höfum gengið til samninga og samstarfs við aðrar þjóðir. Við höfum haldið á okkar rétti, og það hefur gert það að verkum að meiri skilningur og vinátta er í okkar garð en áður var. Þetta held ég að menn verði einnig að hafa í huga þegar þeir marka sína skoðun og sína stefnu um það að við eigum hvergi að semja og ekki við neinn að tala. (Gripið fram í.) Ég er búinn að skýra það, en ég skal biðja um að lána segulbandið ef það hefur farið fram hjá þm. Ég nenni ekki að fara yfir það aftur. En þessu ætla ég að vekja athygli á, að við þurfum á samskiptum við aðrar þjóðir að halda. Við þurfum á vinsamlegum samskiptum að halda. Ef við ætlum að segja öllum að við séum ekki til viðtals, þá getum við aldrei náð neinum skynsamlegum samningum.

Ég vil taka undir það, sem hæstv. forsrh. sagði, að samningar við breta koma ekki til greina á meðan bresk herskip eru innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi. Þegar bretar hafa farið út fyrir með sín herskip og tekið upp skynsamlegri stefnu, ef þeir vilja ræða samninga til mjög skamms tíma og um takmarkað aflamagn, þá eigum við ekki að neita um slíkar viðræður. Ef þeir hafa séð að sér frá viðræðunum á s. l. hausti, þá eigum við að tala við þá, en ekki halda áfram stríði, hvorki við þá né aðra.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það má nú e. t. v. telja óþarft að bæta við þessar umr. utan dagskrár úr því sem orðið er. En ég vil ekki láta hjá líða að þakka þeim hv. þm. Lúðvík Jósepssyni og hv. þm. Benedikt Gröndal fyrir þann stuðning við eflingu landhelgisgæslunnar sem þeir létu í ljós. Ég veit að þar hefur fyrst og fremst verið um að ræða stuðning við þær aðgerðir sem þegar hafa verið ráðnar, en jafnframt leyfi ég mér að túlka

málflutning þeirra svo, að þeir séu til, þegar á þarf að halda, að standa að frekari eflingu landhelgisgæslunnar og þá auðvitað afla fjár til þeirra hluta.

Eins og þegar hefur komið fram hefur landhelgisgæslan nokkuð verið efld eða unnið að því. Það hefur reyndar dálítið verið fundið að því að það hafi ekki verið unnið að því, áður en fært var út, að efla landhelgisgæsluna svo sem átt hefði að vera. Ég tel að landhelgisgæslan hafi verið efld, í fyrsta lagi með því að fá fullkomnasta skip í varðskipaflotann, Týr, í öðru lagi með því að láta fara fram gagngerðar endurbætur á Óðni, þannig að hann hefði að öllu eðlilegu átt að vera alveg sem nýtt skip. Og þegar þannig var í pottinn búið að hér voru 4 stór skip sem við höfðum þá á að skipa, sem sagt Týr, Ægir, Óðinn og Þór, sem að vísu er þeirra elstur, þá var þetta allnokkuð, auk smærri skipa sem eru í gæslunni. Jafnframt var alltaf gengið út frá því að það væri hægt fyrirvaralítið, ef ástæða þætti til, að leigja annaðhvort hvalbát eða togara, ef á þyrfti að halda, til landhelgisgæslunnar. Út frá því hefur alltaf verið gengið. En jafnframt var mönnum ljóst að hið stækkaða svæði mundi kalla á aukna lögvörslu, og það er mín skoðun að í framtíðinni og á friðartímum, sem við skulum vona að í þessu efni renni upp fyrr en síðar, þá verði einmitt að leggja aukna áherslu á gæslu með flugvélum og þá með stórum og myndarlegum flugvélum. En jafnframt þurfa svo a. m. k. að vera til staðar 4 stór skip og öflug, jafnvel á friðartímum, til þess að vernda það stóra hafsvæði sem hér er um að tefla.

Það voru gerðar á s.l. hausti ráðstafanir, eins og menn minnast, til þess að kaupa stóra Fokker-flugvél. Það var reyndar gagnrýnt af æðimörgum sem þótti þar í of mikið ráðist og þótti óþarflega flott að vera að efna til slíkra flugvélakaupa. Ég hygg nú að þeir, sem hafa átt þess kost að fara í landhelgisgæsluflug með þeirri stærri flugvél, hafi getað gert sér grein fyrir því hvort það hentaði flugvél af þeirri gerð eða hvort það hefði hentað betur að hafa einhverja smáflugvél í þeim förum. En það er ástæðulaust að vera að deila um það. Nú eru allir sammála um þetta og þessi flugvél kemur á sínum tíma. En jafnframt var gert ráð fyrir því að það væri hægt að fá leigða Fokker-flugvél hjá Flugfélaginu eða Flugleiðum hvenær sem á þyrfti að halda. Það hefur verið gert. Það er núna heimild til þess einmitt frá rkisstj. að leigja þannig flugvél af Flugfélaginu.

Það hefur sýnt sig að það hefur sótt í sama horf og í fyrri landhelgisdeilum, að óvinir okkar hafa lagt áherslu á að sigla á varðskipin og gera þau ósjófær og koma því til leiðar að þau verði að dvelja í höfnum til viðgerðar um lengri eða skemmri tíma. Þess vegna hefur verið ljóst um skeið að það yrði að bæta við skipi í landhelgisgæslunni, — skipi eða skipum. Ég get ekki látið hjá líða að minna á að það er starfandi og hefur verið starfandi landhelgisnefnd ríkisstj. til ráðuneytis þar sem allir flokkar eiga fulltrúa. Eg hygg, og það leiðréttist þá ef ég fer með rangt mál, að það hafi ekki verið fyrr en í jan. að það komu fram till. í landhelgisnefnd frá hv. þm. Lúðvík Jósepssyni um sérstaka eflingu landhelgisgæslunnar með því að leigja togara. Ég hef aldrei orðið var við að till. um slíkt efni hafi komið frá fulltrúa Alþfl. í þeirri n. Og mér er óhætt að segja að það hafi ekki liðið langur tími frá því að þessar till. komu fram frá Lúðvík Jósepssyni þangað til ég tók að beita mér fyrir því að það yrði hafist handa um leigu á togara. Og ég hygg að það verði gengið frá leigusamningi um togara í dag og hann sé nokkurn veginn tilbúinn til þess að fara á miðin án þess að það þurfi að gera á honum nokkrar stórfelldar breytingar. Auðvitað getur verið að það reynist ekki fullnægjandi, auk þess sem við því miður verðum alltaf að hafa í huga þann möguleika að það eigi sér stað sú ásigling á varðskip að það verði ósjófært um lengri eða skemmri tíma, og þá verður auðvitað að fylla í það skarð. Þá verðum við að vera við því búnir, viljum við standa í þessari baráttu, að leigja skip til viðbótar. Og út af fyrir sig ættu ekki að vera vandkvæði á því að fá togara. Þeir eru til hér stórir, af sömu gerð og Baldur sem reynst hefur vel í gæslunni. Að vísu kemur það nú fram þegar á að fara að taka þessa togara, að þá berast okkur mótmæli frá landverkafólki sem mótmælir því að þessir togarar séu teknir úr hráefnisöflun. En þannig verður alltaf, að það verður seint girt fyrir að það komi mótmæli úr einhverri átt. Jafnframt hafa svo komið fram óskir eða ábendingar og ekki hvað síst, eins og réttilega hefur verið sagt hér, frá skipherrum landhelgisgæslunnar, að það þyrfti að fá hraðskreiðari skip. En þessar ábendingar hafa verið teknar til greina að því leyti, að það hefur farið fram ítarleg athugun á því hvort væri hægt að fá slík skip, og það hefur reyndar verið athugað víða um Evrópu og virðist svo sem slík skip liggi ekki á lausu sem henti okkur. Það er auðvitað svo, að það er lítið gagn í því að fara að gera samning um að láta smíða nýtt skip eins og á stendur. Það mundi verða komið nokkuð seint í notkun. Það, sem kemur okkur að gagni, er skip sem er tilbúið, og það er þess háttar skip sem við höfum verið og erum að leita að.

Skipherrarnir tveir, sem fóru til Evrópulanda til þess að skoða hraðbáta, hafa ekki skilað mér í hendur ennþá skriflegri skýrslu. En ég hygg að niðurstaða þeirra verði sú að þeir hraðbátar, sem hægt var að fá keypta eða leigða í Þýskalandi henti ekki, auk þess sem það verð sem var nefnt í því sambandi, en maður veit ekkert um hvort endanlegt hefði orðið, var allt of hátt og eins leigan. Hins vegar telja þeir að hraðskip, sem eru í smíðum í Danmörku, geti hentað. En eins og ég sagði áðan, þá mundu þau skip koma of seint hingað.

Það hefur verið leitað eftir því við Bandaríkin hvort þau vildu ekki leigja hingað hraðskip eða hraðbáta af svokallaðri Asville-gerð eða þá annarri gerð, sem henta þætti, til gæslustarfa hér við land. Þessi málaleitan hefur verið í athugun um skeið í Bandaríkjunum og hefur ekki verið tekin ákvörðun. Ég tek það fram til þess að afstýra misskilningi, — misskilningi sem m. a. kom fram í sjónvarpi fyrir nokkrum dögum, að það var aðeins farið fram á að

fá óvopnað skip, ómannað skip, að það var farið fram á að fá það leigt, en ekki keypt. Og þetta hefðu hv. alþm. átt að vita af því að það stendur skýrum stöfum í því bréfi sem dómsmrn. skrifaði til utanrrn. þar sem þessi málaleitan var sett fram. Ég get ekki eignað mér einn heiðurinn af því að hafa tekið þá ákvörðun, heldur var að sjálfsögðu um það fjallað í ríkisstj. áður en bréfið var sent. Ég hef verið óþolinmóður, ég skal játa það, yfir því að fá ekki svar frá Bandaríkjunum í þessu efni. Nú hefur skeyti borist, þar sem sendiherrann skýrir frá því að aðstoðarráðh. Bandaríkjanna hafi kvatt hann á sinn fund áður en til stóð, og hann segir að hann hafi með því viljað undirstrika það að bandaríkjamenn vildu athuga þessa málaleitan í alvöru. Og svo geta menn sagt að það sé ævintýramennska og ekkert nema ævintýramennska að vera að tala um það að óska eftir því að fá hraðskip eða hraðbáta frá Bandaríkjunum.

Nei, það er ekki litið svo á að það sé nein ævintýramennska, það er ekki litið svo á af bandarískum stjórnvöldum, ég þori að fullyrða það. Ég skal ekkert fullyrða um það á þessu stigi hver hin endanlega ákvörðun verður í þessu efni, hvort bandaríkjamenn lána okkur skip af þessari gerð eða annarri til þess að taka þátt í landhelgisgæslu hér við land. En ég lít svo á að það væri á engan hátt óeðlilegt. Ég hygg, að þeir hafi lánað skip til annarra landa. Það er á milli Bandaríkjanna og Íslands samband alveg sérstaks eðlis þar sem við höfum varnarsamning við Bandaríkin, og það var einmitt gerður viðbætir við þann varnarsamning 1974, og í bókun við þann samning, en þessi samningur er birtur í Stjórnartíðindum, segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Báðar ríkisstjórnirnar munu athuga leiðir til þess að efla samvinnu milli varnarliðsins annars vegar og íslensku landhelgisgæslunnar, almannavarna og flugmálastjórnarinnar hins vegar.“

Ég veit auðvitað vel að þetta ákvæði hefur ekki verið sett inn í þennan samning með átökin við breta í huga. Samt sem áður tel ég að það sé ekki óeðlilegur grundvöllur undir málaleitun af þessu tagi. Það er áreiðanlegt að ef Bandaríkin yrðu við þessum ég vil segja sanngjörnu tilmælum íslendinga, þá mundu þau hljóta bökk íslendingana fyrir. Ég efast ekki um að bandaríkjamenn muni athuga þetta mál mjög vel, hver sem úrslitin kunna að verða. En það er að mínum dómi svo að jafneðlilegt *og það er, eins og allt er í pottinn búið*, að við snúum okkur til ríkisstj. Bandaríkjanna með ósk um lán á skipi til þess að taka þátt í gæslustörfum, þá er það eins óeðlilegt að við snúum okkur til annarra ríkisstj. og gerum ráð fyrir því að þær vilji taka þátt í þessum átökum okkar með þeim hætti að lána skip úr sínum flota. Ég held að allir hljóti að sjá að það er óeðlilegt og það er ekki sanngjarnt að ætlast til þess að ríkisstj. eða ríki, sem ekki eru í neinum sérstökum slíkum samböndum við Ísland eins og Bandaríkin eru, mundu lána okkur skip.

Ég held að það mundi koma sér vel fyrir sumarið að fá þannig hraðskreitt skip hingað. Ég held hins vegar að okkar framtíðargæslu eigum við að byggja upp með öflugum varðskipum eins og þeim sem við höfum, en það muni vera hæpið að hraðbátar henti til gæslustarfa hér yfirleitt.

Það hafði verið aflað stórrar þyrlu til þess að starfa í landhelgisgæslunni. Það kom óhapp fyrir, — óhapp sem öllum er sjálfsagt í fersku minni, að hún fórst, hún eyðilagðist. Það hefur verið gerð gangskör að því að fá aðra þyrlu í hennar stað. Flugvélavirki hefur dvalið í Bandaríkjunum, flugstjórinn er farinn eða í þann veginn að fara vestur að sækja hana þannig að hún kemur örugglega í næsta mánuði til landsins, auk þess eru svo tvær litlar þyrlur, en það liggur í hlutarins eðli að það mun vera erfitt að hafa þær á varðskipum í vetrarveðrum. Ég hygg að það muni skipherrar staðfesta.

Ég þarf ekki að endurtaka það, sem hæstv. forsrh. sagði. Um það hefur þegar verið hafist handa að ráða skiptiáhöfn, þ. e. a. s. að ráða nokkra menn sem væri hægt að nota til þess að hvíla einstaka menn úr áhöfn varðskipanna. Það er ekki hægt að gera ráð fyrir því að það sé hægt að skipta alveg um áhöfn og láta alveg nýja áhöfn fara á skip, heldur verður það að gerast með þeim hætti að það yrði bætt inn í nokkrum mönnum á skipið í stað þeirra sem þá fá hvíld. Ég vona að úr þessu rætist.

Þá töluðu þeir um það, báðir hv. ræðumenn, að það þyrfti að auka pólitíska þrýsting, það þyrfti að auka hina pólitísku pressu. Ég er þessu sammála. Það þarf að beita pólitískum þrýstingi í þessu máli. Það hefur þurft að gera, það þarf að gera, það verður gert og hefur verið gert. Ég held að það megi nú sjá árangur af þeim pólitíska þrýstingi, bæði t. d. í samþykkt Norðurlandaráðs, líka í nýgerðri samþykkt utanrrh. Norðurlanda. Það hefðu þótt tíðindi á sínum tíma að fá slíkar ályktanir. Málið hefur verið sótt í NATO og við höfum gert kröfur til þess að NATO eða Atlantshafsbandalagið hlutaðist til um að Bretar hættu innrás sinni með herskipum á íslensk fiskimið. Það er ekki nokkur vafi á því að sá pólitíski þrýsingur, sem þarna hefur skapast á meðal hinna ýmsu þátttökuríkja, hefur haft sitt að segja.

Það er að sjálfsögðu svo, að margir íslendingar eru vonsviknir yfir því að Atlantshafsbandalagið skuli ekki hafa gert meira í þessu efni. Nú vantar að vísu skilgreiningu á því hvernig það hefði átt að gera meira, hvernig það hefði átt að skerast beinlínis í leikinn með öðrum hætti en það hefur gert. Ég skil vel tilfinningar þeirra sem telja það að NATO hefði átt að bregðast hér hraðar við og harðar. En ég held að öllum gæti verið hollt að íhuga það hvernig bretar hefðu farið fram á íslandsmiðum ef við hefðum ekki ásamt þeim verið í Atlantshafsbandalaginu. Og þá gæti kannske verið hollt að líta til baka og líta yfir söguna og athuga hvernig þeir hafa beitt valdi sínu annars staðar. Þetta verður líka að hafa í huga, og það er ekki rétt að gleyma því. Hitt er svo annað mál, að menn geta haft skiptar skoðanir um hvort það sé sæmilegt að fulltrúi Íslands í Atlantshafsráðinu sitji á bekk með fulltrúa breta þar.

Ég held að það hafi verið beitt pólitískum

þrýstingi eftir því sem hægt er. Og ég vildi gjarnan heyra það hjá hv. þm. Benedikt Gröndal hvernig hann vildi beita hinni pólitísku pressu, sem hann var að tala um, á annan veg en gert hefur verið. Það er þakkarvert hjá þessum hv. þm. að þeir hafa staðið hér upp og tekið undir við stefnu stjórnarinnar í landhelgismálinu og einmitt að þessu leyti til, að það þyrfti að efla hinn pólitíska þrýsting. Það er það, sem hefur gildi, að það heyrist engin einasta rödd af Íslandi sem talar í öðrum dúr. Það er nötur legt að heyra raddir sem kippa vindi úr seglum á þessum pólitíska þrýstingi, sem reynt er að skapa, með óþörfum yfirlýsingum. Menn mega hafa hverjar skoðanir sem þeir vilja. En það er oft óþarfi að vera að hampa yfirlýsingum, þær eiga oft ekkert erindi út fyrir landsteinanna og þær eiga heldur ekkert erindi á Alþingi íslendinga né á Íslandi, vegna þess að það er fylgst vel með því annars staðar frá sem sagt er um þessi efni hér. Og það er alveg áreiðanlegt að bretar fylgjast með því ef þeir heyra einhverja veikleikarödd hér, þeir kunna leggja hana út á réttan hátt. Þess vegna er ég þakklátur, eins og ég sagði áðan, þessum hv. forustumönnum stjórnarandstöðunnar fyrir að hafa tekið mjög ákveðið undir stefnu stjórnarinnar að þessu leyti, en það er einmitt hennar stefna sem unnið hefur verið að.

Ég held að ég hafi ekki tekið rangt eftir í sjónvarpi fyrir nokkrum dögum, en þá fannst mér hv. þm. Benedikt Gröndal segja að þetta stríð væri unnið. Ég er á annarri skoðun. Þetta stríð á langt í land með það að vera unnið. Og ég hef alltaf sagt að það taki langan tíma. Þess vegna skulum við ekki missa þolinmæðina, við skulum ekki fara á taugum, heldur láta aðra bila á taugum. Ég held að það geti farið svo, — ég er sður en svo að óska þess að það verði svo, — að þessi átök, skulum við segja, geti tekið langan tíma. Ég vona, að það verði hægt að binda endi á þau á þann hátt sem við íslendingar megum vel við una áður en langir tímar líða. En hitt er óviturlegt, að vera ekki við því búinn að þetta kunni að standa alllangan tíma.

Ég er ákaflega hræddur um, að þeir fulltrúar, sem við höfum sent á Hafréttarráðstefnu og sitja þar, hafi komið heim af þeirri ráðstefnu með fullmikla bjartsýni. Það skyldi nú eiga eftir að sýna sig að það næðist ekki nein niðurstaða á þessari Hafréttarráðstefnu. En því verður ekki á móti mælt, að það hefur verið mikil bjartsýni ríkjandi hjá þeim fulltrúum sem sótt hafa þessa ráðstefnu, og þeir hafa sagt frá því þegar þeir hafa komið hingað heim. Ég er ekki að segja að það hafi út af fyrir sig gert neitt til. Það hefur kannske gert okkur djarfari til að stíga það spor sem óhjákvæmilegt var að stíga og allir eru sammála um að hafi þurft að stíga.

En hins vegar, þó að ég sé þakklátur þessum hv. þm. fyrir þau orð sem þeir létu hér falla til stuðnings málstaðnum, þá get ég ekki fallist á þá gagnrýni sem þeir höfðu uppi á stjórnina fyrir að hún væri ekki með yfirlýsingar. Ég sé ekki að það mundi styrkja neitt okkar málstað þó að hæstv. forsrh., ég eða einhver annar ráðh. væri að koma í sjónvarp eða fara í einhver blöð og lýsa því yfir þar með fjálglegum orðum hversu svívirðilegt athæfi þetta væri hjá bretum og hversu óskaplega hættulegt þetta væri og fordæma það með allra litríkasta orðbragði sem við ættum yfir að ráða. Ég held að það breytti ekki nokkrum sköpuðum hlut. Auðvitað þarf hér orð til líka og þeim þarf að reyna að koma á framfæri á erlendum vettvangi. En það, sem þó í raunveruleikanum skiptir mestu máli þegar til alls kemur, eru athafnir. Og þögnin þarf ekki að gera neitt tjón, jafnvel yfirlýsingar geta gert meira tjón en hún. En það er mikið vandamál sem hér er um að tefla. Við höfum alltaf vitað að þetta yrði erfitt mál. Menn eru fljótir að gleyma. Ef menn halda að það hafi ekki sést byssur í átökum á Íslandsmiðum fyrr en nú í þessu stríði, þá kemur mér það spánskt fyrir sjónir. Ég held að byssur hafi æðioft verið sýndar í 50 mílna stríðinu. Ég held að þær hafi miklu oftar verið sýndar í 12 mílna stríðinu. Þetta virðist bara alveg gleymt. Ég er ekki með því að gera lítið úr þeirri árás sem þarna var höfð í frammi. En það hefur líka átt sér stað í fyrri átökum að byssur hafa sést, það munu skipherrar geta vottað, þannig að það þarf út af fyrir sig ekki neinn að verða óskaplega hissa á því að það verði notuð þau ráð sem þeim eru tiltæk til þess að reyna að hafa áhrif á okkur í þá átt að láta undan og gefast upp.

Það var spurt áðan af hv. þm. Benedikt Gröndal, að ég ætla, hvort aðstaða okkar hefði versnað eða batnað. Ég svara því fljótt. Aðstaða okkar hefur batnað, hún hefur stórbatnað. Við eigum stórkostlega vaxandi skilningi að mæta víða um lönd. Ég þarf ekki að endurtaka það sem ég sagði áðan um Norðurlandaráð og ríkisstj. Norðurlanda, og þetta gildir miklu víðar og auðvitað munum við vinna sigur. Þar liggur fyrir og er skýrasti votturinn ákvörðun Bandaríkjanna um að færa út á sínum tíma. Og þegar Bandaríkin færa út, þá verður það ekki Bretland eða neitt annað ríki sem fer með herskip á þeirra mið til þess að vernda fiskveiðar sínar þar. Nei, það verður alveg eins og 1948, þegar Truman lýsti yfir yfirráðum Bandaríkjanna yfir hafsbotninum. Þá sögðu menn ekki neitt. Þá var reglan sköpuð.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Bæði hæstv. forsrh. og hæstv. sjútvrh. hafa látið þau orð falla í þessum umr. hér utan dagskrár, að umr. sem þessar væru lítt til þess fallnar að þjóna málstað okkar íslendinga í landhelgismálinu. Þeir hafa jafnvel látið í það skína að það væri á hinn veginn, að þær mundu fremur skaða okkar málstað heldur en bæta hann. En hver er þess valdur að slíkar umr. fara fram? Ég lít svo á að það sé hæstv. ríkisstj. með þögn og aðgerðaleysi í landhelgismálinu sem knýi fram umr. hér á Alþ. utan dagskrár um þetta mál. Ef það er skoðun hæstv. ráðh., þessara tveggja og kannske fleiri, að umr. af þessu tagi séu til þess að spilla málstað íslendinga í landhelgimálinu, þá væri eðlilegra að hæstv. forsrh. sæi svo um að ekki þyrfti að efna til slíkra umr. hér á Alþ., heldur væri það hæstv. ríkisstj. sem ynni þannig að landhelgismálinu og stæði þannig að ákvörðunum og framkvæmdum að ekki þyrfti til slíkra umr. að koma.

En það hefur komið í ljós í þessum umr. að hæstv. dómsmrh., þ. e. a. s. hinn að því er virðist óumdeilanlegi foringi þeirra framsóknarmanna, er á nokkuð annarri skoðun í þessu efni, eins og hv. þm. heyrðu af ræðu hans áðan. Kemur mönnum það kannske ekki á óvart nú í seinni tíð, að hæstv. dómsmrh. sé undir mörgum kringumstæðum orðinn annarrar skoðunar heldur en samráðh. hans í hæstv. ríkisstj. sem tilheyra Sjálfstfl. Hvaða gætur sem menn leiða að þessu, þá kom það fram í ræðu hæstv. dómsmrh. að hann taldi sérstaka ástæðu til þess að þakka þeim hv. þm. stjórnarandstöðunnar sem höfðu tekið til máls, þakka þeim fyrir að hefja máls á þessu hér á Alþingi.

Það er enginn vafi á því að það hafa fleiri reiknað með því heldur en hv. 2. þm. þeirra Austurl., Lúðvík Jósepsson, að eitthvað heyrðist frá hæstv. ríkisstj eftir að þeir atburðir áttu sér stað sem gerðust á Austfjarðamiðum nú fyrir síðustu helgi. Ég geri ráð fyrir því að allir, sem hafa fylgst með frásögnum af þessu og ekki síst frásögn skipherrans á Baldri, telji að nú sé þetta mál, deila íslendinga við breta, komið á enn hættulegra stig en áður hefur verið og hefur þó mönnum þótt nóg um hvernig bretar hafa hagað sér hér á miðunum gagnvart okkur íslendingum. A. m. k. er það skoðun þess skipherra sem þarna átti hlut að máli að hann teldi að deilan væri nú komin á miklu hættulegra stig en áður hefur verið. Bretar virðast forherðast í því að gera tilraunir til ásiglinga eða niðursiglinga á íslenskum varðskipum, og nú síðast hafa þeir beinlínis gefið í skyn með yfirlýsingum, að sögn viðkomandi skipherra á Baldri, að nú yrði ekki lengur þolað sú áreitni sem uppi hefur verið höfð að þeirra mati af hálfu íslendinga, nú yrðu það byssurnar sem að öllum líkindum yrðu næst látnar tala. Og þessu var fylgt eftir af hálfu freigátuskipstjóranna með því að manna fallbyssur freigátunnar, eins og um algert stríðsástand væri að ræða. Það er þess vegna eðlilegt að spurt sé: Hvað ætlast hæstv. ríkisstj. fyrir þegar staðið er frammi fyrir atburði sem þessum og yfirlýsingum af þessu tagi? Það er enginn vafi á því að það er ætlast til þess — almenningur í landinu ætlast til þess af hæstv. ríkisstj., þegar málum er svo komið eins og nú eftir síðustu atburði, að annað og meira komi fram af hálfu hæstv. ríkisstj. heldur en formleg mótmæli á hinn heiðbundna hátt, það þurfi nú frekar en nokkru sinni áður að mæta af fyllstu festu og hörku þessari mjög svo fólskulegu árás breta nú síðast.

Eins og hér hefur komið fram, hefur tiltölulega lítið sem ekkert heyrst af hálfu hæstv. ríkisstj., með hverjum hætti verði brugðist við þessu nú, og tiltölulega lítið sem ekkert hefur komið fram í þessum umr. Þrátt fyrir það að þrír hæstv. ráðh. hafa hér tekið til máls um þetta, þá standa menn eftir sem áður í nokkuð sömu sporum um það hvað hæstv. ríkisstj. hyggst gera í málinu. Það hefur að vísu verið rifjað upp hér, bæði af hæstv. forsrh. og dómsmrh., að íslendingar hafi tekið þetta mál upp á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, í Öryggisráðinu, og á verksviði Atlantshafsbandalagsins, en tiltölulega lítið, a.m.k. afgerandi, hefur gerst þrátt fyrir þessar tilraunir til þess að taka málið upp á þessum vettvangi.

Vissulega er fagnaðarefni, þó að einungis sé í orðum, yfirlýsing eins og Norðurlandaráð gerði á sínum tíma og nú síðar fundur utanrrh. Norðurlanda. En orðin ein nægja lítið, a. m. k. í þessu tilviki, þar þarf meira til. Þó að það sé fyllsta ástæða til þess að fagna yfirlýsingum af þessu tagi, þá þarf meira að koma til þess að það verki sem raunverulegur stuðningur við þá baráttu sem við íslendingar stöndum nú í gagnvart bretum. Það er enginn vafi á því að nú er til þess ætlast af hinum þögla meiri hluta í þessu máli á Íslandi að hæstv. ríkisstj. taki harðari afstöðu og sýni meiri stefnufestu í þessu máli heldur en hún hefur gert til þessa. Og þegar ég tala um hinn þögla meirihluta, þá á ég við almenning hér á Íslandi. Það er enginn vafi á því að almenningur í landinu ætlast til þess af hæstv. ríkisstj. að hún sýni meiri festu í samskiptum sínum við Atlantshafsbandalagið, Bandaríkin þá að mínu viti sérstaklega, varðandi þetta mál. Ég vil því sérstaklega fagna því, að þess skuli hafa verið óskað við Bandaríkjastjórn að hún láti í té báta til gæslu landhelginnar hér við Ísland, þótt ég harmi hins vegar hversu langan tíma það virðist taka bandarísk stjórnvöld að gera upp sinn hug við þessari málaleitan. Ég er þeirrar skoðunar, og ég hef sagt það hér á Alþ. oftar en einu sinni, að ég tel að með þeim samningi, sem í gildi er milli Bandaríkjanna annars vegar og íslendinga hins vegar um varnir landsins, sé það í fyllsta máta eðlilegt að gerð sé krafa til bandarískra stjórnvalda um að þau sýni málinu þann skilning að þau a. m. k. beiti áhrifum sínum innan Atlantshafsbandalagsins, sem báðar þessar þjóðir eru meðlimir í, beiti sínum áhrifum í þá átt að bretar láti af þeim dólgshætti sem þeir hafa sýnt gagnvart íslendingum nú í þessu þorskastríði og í undanförnum þorskastríðum. Og ég fagna því sérstaklega að það var ekki annað skilið á ræðu hæstv. dómsmrh. hér áðan heldur en einmitt hann væri þessarar skoðunar, að það bæri að leita liðsinnis Bandaríkjanna í þessu efni, ekki síst með tilliti til þess, eins og hæstv. dómsmrh. orðaði það, að samband Bandaríkjanna og Íslands er með þeim hætti í gegnum varnarsamninginn og viðauka, sem við hann var gerður 1974, að þetta verður að teljast eðlilegt. Hitt skal ósagt látið, hver svör verða þegar og ef þau koma. En ég fyrir mitt leyti tel ástæðu til þess að fagna því að slík beiðni hefur þó verið fram sett af hálfu íslenskra stjórnvalda.

Hæstv. dómsmrh. vék áðan nokkrum orðum að landhelgisnefnd og hann sagðist vilja þakka sérstaklega þann stuðning sem bæði hv. þm. Benedikt Gröndal og hv. þm. Lúðvík Jósepsson hefðu lýst yfir í því tilviki að efla bæri landhelgisgæsluna og þeir stæðu að fjáröflun til eflingar gæslunnar. En hann sagði í áframhaldi af þessu að hann minntist þess ekki að í sambandi við landhelgisnefndina hefði komið fram bein till. nema frá hv. þm. Lúðvík Jósepssyni. Sú till. hefði komið fram í jan. s. l. og strax þegar sú till. hafði komið fram hafi verið gerðar sérstakar ráðstafanir til þess að hrinda henni í fram-

kvæmd. Ekki vil ég hafa neitt af hv. þm. Lúðvík Jósepssyni í þessum efnum, en ég vil fyrst segja það, að minn skilningur á starfi og starfsháttum landhelgisnefndar hefur ekki verið sá að hér væri fyrst og fremst um n. að ræða sem beitti sér fyrir tillöguflutningi eða öðru slíku, heldur væri hér um að ræða n. sem væri samstarfsaðili við ríkisstj. og á þessum vettvangi væri hægt að bera saman bækur og það yrði reynt að ná þar sem víðtækastri samstöðu um það, sem verið væri að gera á hverjum tíma, en grundvöllurinn að þessari n. væri ekki tillöguflutningur af einu eða öðru tagi. En út af þessu vil ég aðeins segja það, að ég veit ekki betur en fulltrúar allrar stjórnarandstöðunnar hafi margoft lýst því yfir hér á Alþ. í umr. um landhelgismálið, bæði utan dagskrár og af öðrum tilefnum, að þeir væru reiðubúnir til þess að taka upp samstarf við ríkisstj. á þann veg að efla landhelgisgæsluna með sem bestum hætti. Og ef ekki er tekið tillit til slíkra yfirlýsniga gefinna hér á Alþ., þá hef ég ekki ástæðu til þess að ætla að meira tillit yrði tekið til þess, þótt menn flyttu sérstaklega till. um það í landhelgisnefnd. Vilji stjórnarandstöðunnar hefur margoft komið fram þess efnis að hún er til reiðu í samstarfi við ríkisstj. til þess að efla Landhelgisgæsluna.

Ég hef sagt það hér áður, að ég lít svo á að það eigi og líklega sé það eina vopnið, sem bitur í þessari deilu, að þess verði krafist af bandaríkjamönnum sem varnaraðila landsins, áhrifamesta aðilanum innan Atlantshafsbandalagsins þar sem við erum meðlimir, — þess verði krafist af þeim að þeir beiti áhrifum sínum í þá átt innan NATO, við forsvarsmenn NATO, að bretar láti af þeim dólgshætti sem þeir hafa sýnt hér á Íslandsmiðum að undanförnu. Þetta er hin pólitíska pressa sem á að beita. Það er með þessum hætti og líklega þessum eina hætti hægt að koma á framfæri á því máli, sem þessir aðilar skilja, skoðunum og viðhorfum íslendinga varðandi þessa deilu, því að það ætti hæstv. ríkisstj. að gera sér ljóst og ég vænti þess að hún geri sér það ljóst, að með þeirri linkind, sem hún hefur sýnt gagnvart Atlantshafsbandalaginu og forsvarsmönnum þess, þá fjölgar hún dagsdaglega þeim íslendingum sem verða á móti aðild að Atlantshafsbandalaginu og móti vestrænni samvinnu, og þetta ætti hæstv. ríkisstj. að gera sér ljóst. Þetta er auðvitað ekki að skapi þeirra sem með einhverjum hætti, mismunandi mikið kannske, eru fylgjandi vestrænni samvinnu og eru fylgjandi því að vera aðilar að Atlantshafsbandalaginu. En það er enginn vafi á því að líðist bretum öllu lengur að halda uppi þeim árásaraðgerðum sem þeir hafa haldið uppi að undanförnu, þá er ekki langt í það að mikill meiri hluti íslensku þjóðarinnar verður andvígur aðild Íslands að Atlanthafsbandalaginu. Og hver hefði trúað því að þeir flokkar, sem standa að núv. hæstv. ríkisstj., yrðu líklegastir til þess að skipa málum með þeim hætti? Til þess hefði öðrum flokkum í landinu verið betur trúandi. En mér sýnist málið vera á hraðri leið að enda á þennan hátt.

Hæstv. forsrh. sagði áðan að harðorð mótmæli hefðu verið borin fram vegna þess atburðar sem hér hefur fyrst og fremst verið gerður að umtalsefni, og út af fyrir sig er ekki nema gott eitt um það að segja. En formleg mótmæli hafa ákaflega litla þýðingu. Það verður meira að fylgja á eftir. Og ég er þeirrar skoðunar að fylgja beri þessu eftir með þeim hætti að fjölga skipum í gæslunni meir en þó nú hefur verið gert og í áframhaldi af því að beita meiri pólitiskum þrýstingi á þá menn, á þá aðila, sem í raun og veru ráða innan Atlantshafsbandalagsins. Ég er því sammála því, sem hér hefur komið fram, að það sé meiri ástæða til þess núna, eins og mál horfa, að báðir þessir togarar, sem talað er um að taka á leigu, verði teknir til handa gæslunni. Ég er ekki með þessu að segja að það sé þarflaust að Hafrannsóknastofnunin fái aukinn skipakost. Ég held þó að hitt sé brýnna, eins og mál horfa við nú, að auka meir skipakost gæslunnar og beri því að láta báða þá togara fara til gæslunnar. Auk þess vænti ég þess að innan tíðar fáist úr því skorið að það verði í raun og veru að veruleika að hægt verði að fá eitt hraðskreitt skip, eins og skipherrar gæslunnar hafa lagt ríka áherslu á, þannig að með slíkum aðgerðum væri bretum sýnt fram á að það væri síður en svo að það væri nokkur uppgjafartónn í íslendingum þrátt fyrir þá hegðan sem bresk stjórnvöld hafa fyrirskipað sínum mönnum hér á Íslandsmiðum.

Ég vil taka það sérstaklega fram, að við erum reiðubúnir til samstarfs — höfum verið það og erum það — við hæstv. ríkisstj. um allar hugsanlegar leiðir til þess að styrkja gæsluna á þann hátt sem best þykir og að mestu gagni kemur, og sú afstaða okkar hefur legið fyrir allt frá upphafi.

En áður en ég lýk máli mínu vil ég aðeins víkja að því sem hæstv. sjútvrh. sagði hér áðan. Ég varð fyrir talsverðum vonbrigðum með tal hans, þó sérstkalega þar sem hann vék að því og varpaði fram þeirri spurningu, hver kosturinn væri við að efla gæsluna. Ég gat ekki skilið hæstv. ráðh. á annan veg en þann að efling gæslunnar og þá, eins og hann setti dæmið upp hins vegar, aukinn hernaðarkostur af hálfu breta mundi setja deiluna á enn hættulegra stig. Ef þetta er skilningur fleiri hæstv. ráðh. en hæstv. sjútvrh., þá er ég ekkert hissa á því þótt hægt sé farið af hálfu hæstv. ríkisstj. í þessu máli. Ef hún telur að það geti beinlínis skaðað að auka skipakost gæslunnar, þá skil ég vel að hún sé hikandi í ákvarðanatöku um slíka hluti. En ég get ekki með nokkru móti skilið að það sé í raun og veru skilningur manna að dæmið líti svona út. En meðan við íslendingar sýnum ekki meiri festu í sambandi við hinar tíðu árásir og aðfarir breskra skipa hér á miðunum, þá er eðlilega kannske hægt að búast við því að bretar gangi harðar fram en þeir ella gerðu við þessar kringumstæður.

Það er enginn vafi á því, að ef við íslendingar sýndum viðeigandi festu og hörku við þessum árásum, þá mundu bretar ekki stælast. Þeir mundu fara að skoða hug sinn um það að senda á Íslandsmið öllu fleiri freigátur en þeir nú hafa hér. Þeir mundu ekki fjölga þeim um tvær freigátur við hvert eitt varðskip sem bættist í skipakost landhelgisgæslunnar. Ég held að það sé ekki rétt mat á því sem mundi gerast við aukningu á skipakosti gæslunnar.

Ég skal ekki fara fleiri orðum um þetta. En ég vil að síðustu aðeins víkja örfáum orðum að öðru, sem hér hefur komið fram, og þá fyrst og fremst að því sem hæstv. sjútvrh. sagði. Ég vissi að vísu að hæstv. ráðh. hefur alla tíð verið þess sinnis að vilja samninga. Hann sagði hér í þeim tón, sem ég kunni vart við, að við gerðum samninga við allar þjóðir, sýndum þar með að við værum vissulega til þess fallnir að gera samninga í þessu máli, nema við breta, og utanaðkomandi aðilar mundu líta svo á að það mundi vera eitthvað einkennilegt við afstöðu breta þegar það væri eina þjóðin sem engir samningar fengjust við í landhelgisdeilunni.

Ég hélt að hæstv. sjútvrh. væri búinn að komast að raun um að það er ekki vilji íslendinga að samningar séu gerðir í þessu máli. Það var ekki vilji þeirra að þýski samningurinn væri gerður, og ég efast um að það sé stór hópur meðal íslendinga sem er þannig þenkjandi að hann telji að gera eigi samninga við norðmenn eða færeyinga. En nú er aðeins einn mánuður, muni ég rétt, þar til samningurinn við vestur-þjóðverja samkv. yfirlýsingum hæstv. ríkisstj. fellur úr gildi, verði ekki hin margumtalaða bókun 6 komin til framkvæmda. Og það stakk mig, það sem hæstv. sjútvrh. vék að síðast í sinni ræðu þegar hann talaði um hina miklu vinsemd vestur-þjóðverja í garð okkar íslendinga nú á hinum síðustu dögum. Ég óttast að það, sem þar hangir kannske á spýtunni fyrst og fremst, sé framlenging á þýska samningnum, en ekki afdráttarlaus framkvæmd þeirrar yfirlýsingar sem gefin var af hálfu hæstv. utanrrh. við gildistöku þessa samnings, að ef bókun 6 yrði ekki komin til framkvæmda, þá yrði samningnum sagt upp og hann félli úr gildi. Ég óttast að með því, sem nú er að gerast á stjórnarheimilinu, sé verið að undirbúa jarðveginn fyrir að framlengja samninginn við vestur-þjóðverja þrátt fyrir það að bókun 6 hafi ekki komið til framkvæmda.

Ég er ekkert viss um að það sé rétt skoðun hjá hv. þm. Stefáni Jónssyni, sem greip fram í áðan fyrir hæstv. ráðh., að þær breytingar, sem gerðar hafa verið á friðunarsvæðinu fyrir Austurlandi, séu í tengslum við þetta, þó að ég vilji ekki taka fyrir neitt í þeim efnum. En ég óttast það vegna þess, sem hæstv. ráðh. lét koma fram í sínu máli hér áðan, að nú sé verið að undirbúa þann jarðveg að framlengja samninginn við vestur-þjóðverja, þrátt fyrir það að hin margumtalaða bókun 6 hafi ekki tekið gildi. Og svo slæmt sem það yrði ef samningur yrði gerður við breta úr því sem komið er, sem ég vona að ekki komi til, — ég vænti þess að hæstv. ráðh. séu orðnir þess fullvissir að þeim er ekki stætt á því að gera samninga við breta úr því sem komið er, — en svo slæmt sem það yrði að samningur yrði gerður við breta, þá er ég efins í því að það væri nokkuð skárra að framlengja vestur-þýska samninginn. En ég óttast að það sé það sem nú er unnið að að tjaldabaki af hálfu hæstv. ríkisstj., að framlengja vestur-þýska samninginn þrátt fyrir það að bókun 6 hafi ekki öðlast gildi.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Þessar umr. hafa nú staðið nokkuð lengi eða þegar í eina þrjá tíma og hafa þó ekki margir tekið til máls. Sýnir það að mönnum liggur mikið á hjarta. Ég vil nú leyfa mér að bæta hér fáeinum orðum við, því að ég get ekki orða bundist yfir ýmsu sem hefur komið fram í þessum umr.

Mér fannst það satt að segja furðulegt að hæstv. forsrh. skyldi bjóða alþm. þann fráleita málflutning sem hann hefur reyndar áður haft í frammi hér á Alþ., að endurteknar umr. í þinginu geti gefið bretum til kynna að við séum að gefast upp í landhelgismálinu. Þetta er að sjálfsögðu þeim mun furðulegra þar sem flestum mun nú ljóst vera að umr. hér á Alþ. hafa einkum beinst að því að fastar verði tekið á móti þar sem ofbeldisaðgerðir breta eru. Umr. á Alþ. eru auðvitað ekkert annað en endurómur af þeim umr. sem eiga sér stað manna á meðal um allt land, þar sem sú skoðun er yfirgnæfandi að tök ríkisstj. á þessu máli hafi verið harla fálmkennd. Satt best að segja væri það þvert á móti furðulegt ef alþm. þegðu við þessar aðstæður og gæfu þar með til kynna að þeir væru að öllu leyti ánægðir með aðgerðarleysi ríkisstj.

Auðvitað dettur engum í hug að með kröftugri aðgerðum af hálfu íslendinga og með eflingu landhelgisgæslunnar sé í einni svipan hægt að útiloka veiðar breta hér við land. Við vitum hvert hefur verið viðfangsefni okkar. Það hefur verið að torvelda veiðar breta sem mest og reyna að þreyta þá, gera þeim ljóst að þannig geti þetta ekki haldið áfram til lengdar. En til þess þurfum við að beita eins kröftugri sókn af okkar hálfu og við getum magnað á breta, og við þurfum að nýta alla þá möguleika sem fyrir hendi geta verið.

Eitt af því, sem lengi hefur verið bent á að til greina geti komið í þessu efni, er að íslendingar fengju sér hraðskreið skip í landhelgisgæsluna, og þessi hraðskreiðu skip hefur einmitt borið á góma hér í þessum umr. hér í dag. Menn hafa lengi bent á að það, sem varðskipin vantar, er ekki fyrst og fremst meiri vopn, heldur hitt, að þau geti gengið hraðar þannig að bresku herskipin geti ekki hindrað för þeirra, ýmist með hótunum um árekstra eða með beinum árekstrum. Því var því fagnað um allt land þegar hæstv. dómsmrh. tilkynnti í hátíðlegri fréttatilkynningu 6. mars s. l. að hann hefði farið fram á það við utanrrn. að það kannaði bandarísk gæsluskip af Ashville-gerð sem gætu komið sérstaklega til greina fyrir íslendinga og þess væri óskað að Bandaríkjastjórn lánaði okkur. Í þessari fréttatilkynningu kom fram að þessi mál hefðu verið athuguð hjá Landhelgisgæslunni, einkum af skipherrum gæslunnar, og eins og sagði í fréttatilkynningunni: skipherrarnir höfðu einkum augastað á tveimur gerðum, annars vegar bandarískum gæsluskipum af Ashville-gerð og hins vegar *rússneskum smáfreigátum af Mirka-gerð*. Þessi tilmæli voru síðan send til Bandaríkjastjórnar og biðin hófst. 10 dögum eftir að þessi fréttatilkynning var gefin út var það haft eftir hæstv. dómsmrh. í Tímanum að hann tryði ekki öðru en við fengjum svar við því í þeirri viku, sem þá var að líða, hvort við fengjum skip frá Bandaríkjunum eða ekki. Við höfum einungis beðið um skip, sagði dómsmrh., og það ætti ekki að vera svo lengi gert að taka ákvörðun um slíka beiðni. — Þetta var 16. mars s. l. Enn leið ein vika og þá

segir hæstv. dómsmrh. í viðtali við Þjóðviljann 23. mars: Ég lít á það sem neitun af hálfu Bandaríkjastjórnar fái ég ekki svar í þessari viku. — Og enn hefur liðið heil vika. Nú er kominn 30. mars og enn virðist ekki liggja fyrir hvert verður svar Bandaríkjastjórnar.

Það kom fram í ræðu hæstv. dómsmrh. í dag að hann hefði fengið einhver skilaboð frá sendiherra bandaríkjamanna, en því miður var harla óljóst hvort þar hefði verið um jákvæða eða neikvæða niðurstöðu að ræða, eftir því sem manni skildist helst væru þessi mál enn í athugun hjá bandaríkjamönnum. Því miður er það alkunnugt að það orðalag, sem svo heitir, að málin séu í athugun, er oft aðferð sem notuð er til að draga málin á langinn, og spurningin hlýtur því að vera: hve lengi verður beðið eftir svari?

Dómsmrh. hefur sagt nú að undanförnu viku eftir viku að það verði ekki beðið lengi eftir svari og hann ætli ekki að láta draga sig á asnaeyrunum hvað þetta snertir, hann muni líta svo á að ef ekki fáist úr þessu skorið, hvort Bandaríkjastjórn vill lána þessi skip eða vill það ekki, þá muni hann að tiltölulega skömmum tíma liðnum líta svo á að tilmælum hafi verið hafnað. Ég skil vel þessa afstöðu hæstv. dómsmrh., vegna þess að það er auðvitað ljóst að það getur komið sér mjög illa fyrir íslendinga að við séum lengi dregnir á svarinu. Það má vel vera að skipherrar Landhelgisgæslunnar, sem sendir voru til Evrópulanda nú fyrir nokkrum dögum og eru nýkomnir heim, hafi ekki komið með jákvæða niðurstöðu hvað snertir þau skip sem þar var verið að athuga. En það liggur hins vegar fyrir og hefur komið opinberlega fram að það eru aðrir möguleikar fyrir hendi, og spurningin er þá hversu lengi á að bíða með að þeir verði teknir til athugunar og hvort hæstv. dómsmrh. hlýtur ekki að leita til ríkja utan Atlantshafsbandalagsins ef í ljós kemur að ekki fæst úr því skorið hjá ríkjum Atlantshafsbandalagsins hvort þau vilja lána slík skip.

Ég hjó eftir því og ég býst við að margir fleiri hafi tekið eftir því að hæstv. forsrh. ræddi þessi mál á nokkuð annan hátt en hæstv. dómsmrh. hér áðan. Eitt af því, sem gerði allstóran mismun á þeirra ræðum, var það að ólíkt dómsmrh. þá minntist forsrh. ekki einu einasta orði á þann hugsanlega möguleika að fá hraðskreið skip í landhelgisgæsluna. Hæstv. forsrh. talaði ítarlega um ráðstafanir sem verið væri að gera og gera þyrfti til að efla landhelgisgæsluna. Hann nefndi þann möguleika að togarar yrðu teknir á leigu og að Hafrannsóknastofnunin þyrfti auk þess að fá skip, en hann minntist ekki aukateknu orði á hraðbáta. (**Forsrh.**: Það er ekki rétt, ég nefndi þá.) Já, þá verð ég að biðja hæstv. forsrh. afsökunar ef hann hefur nefnt hraðbáta í þessu sambandi, ég tók ekki eftir því, en það eru þá mín mistök og a. m. k. hef ég grun um að það hafi ekki verið í mörgum setningum sem hann vék að því máli.

Ég hef satt að segja tekið eftir því að í skrifum Morgunblaðsins um þessi mál hefur ekki verið mikið um jákvæðan tón gagnvart þeirri hugmynd að fá hingað hraðskreiða báta, og ég hef oft spurt sjálfan mig að því hvort þarna væri einhver maðkur í mysunni og hvort afstaða sjálfstfl.-manna væri að þessu leyti önnur en afstaða ráðh. Framsfl. Ég verð að játa það, að ég tók ekki eftir því að hæstv. forsrh. minntist á hraðbátana, en mér þætti vænt um og ég veit að ýmsir aðrir mundu fagna því ef hæstv. forsrh. ræddi það mál meira en hann hefur gert og tæki af skarið um það hver er afstaða hans til þeirra mála, því að það verður að segjast eins og er, að skrif málgagna flokks hans um þetta mál hafa verið mjög tvíbent og Morgunblaðið hefur hvað eftir annað reynt að gera þennan möguleika heldur tortryggilegan. Ég vil t. d. leyfa mér í þessu sambandi að spyrja hæstv. forsrh. að því, hvort það liggi fyrir að ríkisstj. og hans flokkur mundu taka jákvæða afstöðu til þess að keyptur eða leigður yrði slíkur bátur ef hann reyndist fáanlegur, og ég vil þá gjarnan fá það á hreint að það breyti engu í þessu sambandi hvaðan báturinn sé fenginn og ef ekki reynist unnt að fá bát frá ríkjum Atlantshafsbandalagsins, þá verði leitað eftir slíkum bát annars staðar.

Ég hjó eftir því í ræðu hæstv. dómsmrh., að hann sagði að það hefði ekki komið fram hugmyndir af hálfu alþb.-manna um eflingu landhelgisgæslunnar og þá væntanlega einhverja fjáröflun í því skyni fyrr en í janúarmánuði. Ég vil leyfa mér að benda hæstv. ráðh. á og öðrum þeim, sem ekki hafa orðið varir við sjónarmið okkar í þessu efni á s. l. ári, að þegar í nóv. var margsinnis bent á það af hálfu alþb.-manna í umr. um þessi mál að þörf væri á eflingu landhelgisgæslunnar. Þetta kom m. a. mjög greinilega fram í umr. um samninginn við vestur-þjóðverja sem fram fóru hér í þinginu í nóvemberlok. Ég vil líka minna á það, að við tveir þm. Alþb. fluttum við afgreiðslu fjárl. till. um að veittar yrðu aukalega 350 millj. kr. til Landhelgisgæslunnar til þess að hún gæti leigt skip til landhelgisgæslu. En þessi till. var felld við afgreiðsu fjárl. með atkv. stjórnarsinna, en gegn atkv. stjórnarandstæðinga.

Ég þarf ekki að eyða mörgum orðum að því í þessu sambandi að ástandið á miðunum er fyrir löngu orðið svo ískyggilegt, einkum vegna tíðra og markvissra ásiglingartilrauna af hálfu breta, að það duga engin vettlingatök í þessu máli. Það verður að efla landhelgisgæsluna, það verður að ná allshrejarsamstöðu um að stíga spor í þá átt og það fljótt, en ekki láta þetta mál dragast á langinn viku eftir viku og mánuð eftir mánuð án þess að mikið gerist.

Það er vissulega hömulegt að horfa upp á þau uppgjafarskrif sem lesa má næstum því daglega í Morgunblaðinu, að lítið þýði fyrir íslendinga að ætla sér að fjölga skipum í landhelgisgæslunni eða gera aðrar ráðstafanir til þess að efla hana vegna þess að þá geti bretar bara bætt við skipum af sinni hálfu. Auðvitað eru þetta hin mestu falsrök og ekkert innlegg í þær umr. sem fram hafa farið um að fá skip sem gætu haft veruleg áhrif á gang mála á miðunum. Það þarf sem sagt að fjölga skipum og þ. á m. að fá hraðskreiðan bát, því að staðreyndin er sú að einmitt slíkt skip, jafnvel þótt það gæti ekki verið að nema í tiltölulega góðum veðrum, væri mjög til þess fallið að gera bretum erfitt fyrir. Auk þess þarf að sjálfsögðu að framkvæma það, sem oft hefur verið talað um, að koma upp skiptiáhöfnum,

þannig að skipin séu ekki lengi í burtu af miðunum vegna þess að áhafnirnar þurfi að hvíla sig. Hins vegar er það ljóst og um það ættu allir að vera sammála að slík viðbrögð duga ekki, enda eru þau ekki nein endanleg lausn málsins.

Það er ekki unnt að loka augunum fyrir því að það eru NATO-herskip sem gera árásir á íslensku löggæsluskipin. Nú seinast mun hafa komið fram í útvarpinu fyrir stundu síðan að bresk herskip, NATO-herskip, væru vaðandi hér fyrir innan þriggja mílna mörkin, og er það ekki í fyrsta sinn. Ég held að það sé alveg ljóst af því, sem hefur gerst á undanförnum mánuðum, að við verðum að gera Atlantshafsbandalagið ábyrgt fyrir því sem hefur gerst. Og ég fagna sannarlega þeirri ádrepu sem fólst í orðum hæstv. dómsmrh., Ólafs Jóhannessonar, hér áðan og hann beindi bersýnilega að formanni þingflokks Alþfl. sem hefur verið með mjög svo ótímabærar yfirlýsingar á erlendum vettvangi. Það er að sjálfsögðu alger lágmarkskrafa að sendiherra Íslands hjá Atlantshafsbandalaginu verði kvaddur heim, og jafnframt hlýtur að koma að því að augu almennings opnist almennt fyrir því að við getum ekki verið aðilar að hernaðarbandalagi sem lætur það afskiptalaust að eitt voldugasta aðildarríkið standi fyrir árásum á íslensk löggæsluskip og noti til þess herskip bandalagsins.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Hér hafa nú farið fram alllangar umr. um þetta mál og að mínum dómi hafa þær verið æði-sérkennilegar að ýmsu leyti.

Hæstv. forsrh. sagði í rauninni í því, sem hann mælti hér, ekki margt nýtt. En þó var það nokkuð einkennandi hverju hann svaraði og hvernig hann svaraði því og hverju hann lét ósvarað af því sem beint var til hans. Raunverulega var það svo, að hæstv. forsrh. gat engar nýjar upplýsingar gefið um gagnráðstafnair af hálfu íslendinga í tilefni af því sem gerst hefur á fiskimiðum okkar nú að undanförnu. Þegar hann var spurður um það, hvort ekki kæmi til mála að taka báða þá togara, sem ríkisstj. hugsar að taka á leigu nú á næstunni, og setja þá í landhelgisgæsluna og efla hana þannig, þá svaraði hann því engu. Hann vék sér alveg undan að svara því hvort hann teldi tök á að gera þetta.

Hæstv. sjútvrh. svaraði þessu að vísu fyrir hann og sagði að hann væri algjörlega ósammála því að taka annað af þessum tveimur skipum og setja það í aukna landhelgisgæslu og taldi brýna þörf á því að skipinu yrði beint að fiskirannsóknum og sérstaklega að leit að nýjum karfamiðum.

Þetta sýnir að mínum dómi mjög vel hvernig hæstv. sjútvrh. metur þau vandamál sem við stöndum frammi fyrir í þessum efnum. Hann veit mætavel að hið almenna eftirlit á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar geta minni skip haft með höndum og hafa haft með höndum lengst af og geta í rauninni gert það fullt eins vel og miklu stærri og kostnaðarsamari skip.

Varðandi hitt atriðið, sem snýr að því að reyna að opna ný karfamið, finna ný karfamið, þá er auðvitað hægt að leysa það á miklu einfaldari hátt. Við höfum hér í rekstri allmarga togara sem leita einmitt eftir karfa og hafa stundað þá veiði mikið að undanförnu í langan tíma. Það væri tiltölulega mjög auðvelt mál að semja við eitthvert af þeim útgerðarfélögum, sem þau skip eiga, um að takast á hendur sérstaka leit í sambandi við þessar veiðar. Þetta hefur verið gert áður og þá með ágætum árangri og er vitanlega ekki nokkur minnsta ástæða til þess að taka skip, sem er vel lagað til þess að hafa í Landhelgisgæslunni, eins og þar standa mál nú, og binda það við þetta verkefni.

Önnur svör frá hæstv. forsrh. um það, hver yrðu viðbrögð ríkisstj., voru mjög á sömu lund. Ég gat ekki heyrt það frekar en hv. 5. þm. Norðurl. v. að hæstv. forsrh. minntist nokkurn skapaðan hlut á það að reynt yrði að útvega hraðskreitt skip til þess að leysa það verkefni sem rætt hefur verið um að það gæti innt af höndum. Frá hans hálfu hefur ekki komið neitt um það sem vakið hefur athygli, og það fór fram hjá mér eins og fleirum hér, hafi hæstv. forsrh. sagt um þetta mál nokkuð nýtt.

Það vita allir og einnig andstæðingar okkar í landhelgismálinu, að það hafa farið fram nokkrar athuganir á því að útvega skip af þessari tegund. Hæstv. dómsmrh. hefur beitt sér fyrir því og óskað eftir athugunum í þeim efnum. En ég hef ekki heyrt að hæstv. forsrh. legði neina sérstaka áherslu á að þetta yrði gert eða beitti áhrifum sínum sérstaklega til þess. En það hefði vitanlega verið mjög gagnlegt við þessar aðstæður nú að bretar og aðrir hefðu fengið að heyra það frá forsrh. Íslands við þessar aðstæður að skip af þessari tegund yrði útvegað, því að auðvitað leikur enginn vafi á því að við eins og allar aðrar þjóðir getum útvegað okkur svona skip. Það er ekkert annað en aumingjaskapur að geta ekki útvegað svona skip. Svona skip eru svo að segja til í hverju landi og ganga þar bæði kaupum og sölum og er einnig hægt að fá þau leigð. Það verða þá einhverjir aðrir að taka þetta verkefni að sér fyrir ríkisstj., að útvega svona skip, ef hún getur það ekki, því að ég trúi því ekki að það sé sleginn þannig hringur um okkur íslendinga að við séum settir hér á algeran bannlista, þannig að við getum ekki fengið skip sem eru jafnalgeng og þessi skip, ef gengið er röskleg eftir því.

Við höfum þegar rekið okkur á að það er óvilji hjá vissum þjóðum að aðstoða okkur nokkuð í þessum efnum. Þannig er þetta t. d. með Norðurlandaþjóðirnar. Þær vilja skjóta sér undan og gera ekkert í þessum efnum. Og það kann að vera að það fari svo að afstaða Bandaríkjanna sé eitthvað svipuð, þó að þau hafi ekki svarað enn. En það er hægt að leita til miklu fleiri aðila og útvega svona skip, og ég trúi því satt að segja ekki, að ef ríkisstj. segði að hún væri ákveðin í því að útvega svona skip og það skyldi gert, þá trúi ég því ekki að bandaríkjamenn létu lengi standa á sér, þá mundu þeir verða við beiðni dómsmrh. í þessum efnum. En á meðan þeir halda að það sé hægt að víkja okkur rólega til hliðar, því að áhuginn sé ekki mikill, beiðnin sé sett meira fram að formi til og kannske aðeins af hluta ríkisstj., en hinn hlutinn kæri sig síður en svo um þetta, því að það er tiltölulega auðvelt að lesa út úr ýmsu af því

sem kemur fram af hálfu Sjálfstfl. um þessi mál að undanförnu, sérstaklega í Morgunblaðinu, að það virðist vera svo að sá flokkur hafi ekki mikinn hug á því að efla landhelgisgæsluna og veita frekara viðnám gegn yfirgangi breta en verið hefur.

Ég verð sem sagt að segja það, að mér fundust svör hæstv. forsrh. við því, sem um var spurt, vera ákaflega léttvæg. En það er ábyggilega mikill misskilningur af honum að halda að umr. eins og þær, sem hér hafa nú farið fram og stundum áður hér á Alþ. um landhelgisdeilu okkar við breta, þær umr. beri vott um að við séum að þreytast í málinu og bendi til þess að við gefumst upp, þegar verið er að ganga eftir því að við gerum enn meira en við höfum þegar gert til þess að veita viðnám. Það er rétt að andstæðingar okkar í þessu tilfelli, bretar, meta okkur í þessu máli eftir viðbrögðum okkar, ekki aðeins eftir orðum okkar hér á Alþ., heldur eftir viðbrögðum okkar, hvað íslenska ríkisstj. gerir. Ef hún hefði brugðist þannig við árás eins og þeirri, sem hér hefur verið rætt um, að hún hefði gert öllum ljóst að hún ætlaði að auka okkar varnarmátt, hún ætlaði að bæta við skipum og ekki aðeins einu skipi, heldur tveimur nú þegar, ef hún hefði lýst því yfir og einnig lýst því yfir að hún mundi útvega hraðskreitt skip, þá hefðu andstæðingar okkar veitt því athygli, að ég tali nú ekki um það ef ríkisstj. hefði fengist til þess að taka undir þá kröfu okkar alþb.-manna að auka hinn pólitíska þrýsting.

Það vekur auðvitað athygli í þessu máli að hæstv. forsrh. vill ekkert tala um að við ættum að auka pólitíska þrýsting í deilunni. Þar leggur hann ekkert til annað en það, sem hann hefur gert áður, að við höfum þegar gert nóg og nú sé best að fara sér hægt og sjá hvernig Haagréttarráðstefnunni lykti. En hins vegar kemur fram hjá hæstv. dómsmrh. að hann tekur undir kröfur stjórnarandstöðunnar um að við eigum að auka hinn pólitíska þrýsting. Hann er á því að við eigum að auka hann, það sagði hann greinilega í sinni ræðu. Og það mátti mjög vel lesa á milli línanna í sambandi við það sem hann sagði, að hann var á þeirri skoðun að það færi ekki vel á því að fulltrúi Íslands hjá NATO sæti við hliðina á fulltrúa breta í því bandalagi við þessar aðstæður. Ég held að það hafi ekki farið neitt á milli mála að það var sú merking sem lá í því sem hæstv. dómsmrh. sagði um þetta atriði, að hann teldi ekki fara vel á því. Ég legg þá merkingu í orð hans, en hann hafi ekki talað skýrar í þessum efnum en hann gerði af tillitssemi við hæstv. forsrh. og samstarfsflokkinn sem hann veit að er á móti því að auka þennan pólitíska þrýsting, notfæra sér hann, t. d. með því að kalla sendiherrann heim.

Hæstv. forsrh. talaði um að við þyrftum nú að halda sambandinu áfram við NATO, m. a. til þess að geta flutt okkar mál þar áfram. En höfum við ekki verið að flytja okkar mál fyrir þessu ráði allan tíman með þeim árangri sem við stöndum frammi fyrir? Spurningin er auðvitað sú, hvernig menn líta á aðild okkar að NATO, hvernig menn líta á þann samning sem er grundvöllur þeirrar aðildar. Ég hef vitnað í það hér áður, að þar stendur skýrum orðum að árás á eitt af aðildarríkjunum teljist árás á þau öll og henni beri að svara á þann hátt að öll ríkin sameinist um að snúast gegn árásaraðilanum. Í Norður-Atlantshafssamningnum er ekki eitt einasta orð að finna um að sú árás, sem þarna er rætt um, þurfi að koma frá einhverju öðru landi en þeim sem eru aðilar að bandalaginu, — ekki eitt einasta atriði um það. Hér er aðeins rætt um árás, og hún hefur átt sér stað. Við höfum allir lýst því hér yfir að við höfum orðið fyrir árás af hálfu breta. Þeir reyna að brjóta niður okkar lög í okkar landi, og þeir, sem vilja líta þannig á það að þessi sáttmáli eigi að standa á meðan við erum aðilar að honum, það er vitanlega eðlilegt að þeir geri kröfu um að það sé farið eftir því sem segir í sáttmálanum. Hitt er allt of máttlaus og aumingjaleg skýring, að það eigi að lesa það út úr þessum sáttmála að hvert aðildarríki NATO sem er megi gera árás á t. d. Ísland og þá eigi bandalagið ekki að koma til á neinn hátt. Nei, hér er um það að ræða hvort við eigum að þola það án mótaðgerða að land, sem er aðili að Norður-Atlantshafsbandalaginu, þ. e. a. s. Bretland, ráðist á okkur á þann hátt sem það hefur gert án þess að við beitum mótaðgerðum. Og ef bandalagið verður ekki við kröfum okkar um að það beiti sínum ráðum til þess að stöðva árás breta, þá er vitanlega hið eina eðlilega það að við grípum til okkar ráða. Þá er eðlilegt að við segjum við þetta bandalag: Við munum ekki veita ykkur áfram þá aðstöðu sem þið hafið haft í okkar landi, við munum þá taka fyrir þá aðstöðu. Það þarf vitanlega engan árs uppsagnarfrest undir kringumstæðum eins og þessum til úrsagnar, eins og hæstv. forsrh. vildi vera láta. Hér er um brot á þessum sáttmála að ræða gagnvart okkur að okkar dómi, og það ber vitanlega að taka á þessu samkv. því.

Ég þarf í rauninni ekki að fara fleiri orðum hér um það sem fram kom hjá hæstv. forsrh. Hann fékkst ekki til þess að segja hér neitt það varðandi þessa atburði sem ég tel að hefði getað orðið okkur til stuðnings í átökunum við breta, sem hefði getað orðið til þess að vara þá við og stöðva aðgerðir þeirra. Hann gerði í rauninni ekki annað en malda þar heldur í móinn í sambandi við allar frekari aðgerðir.

Hæstv. sjútvrh. flutti svo býsna einkennilega ræðu auk þessa, sem ég hef þegar minnst á, þar sem hann treysti sér ekki að sjá af öðrum togara, sem nú á að taka á leigu, í gæsluna, vildi heldur senda hann í karfaleit eitthvað út í buskann. Hann talaði mikið um að það þyrfti að gæta að því líka að það borgaði sig yfirleitt ekki að kosta meiru til í sambandi við gæsluna, og hann ræddi um það einnig að við ættum ekki að gera neinar ráðstafanir til þess að þvinga færeyinga til að veita okkur aðstoð. Auðvitað hafði enginn talað um að þvinga færeyinga til eins eða neins, heldur aðeins hafði ég vikið að því að það væri eðlilegt, á sama tíma sem færeyingar leita til okkar og vilja fá okkur til þess að heimila sér fiskveiðar við þau knöppu kjör sem við búum við, að við létum þá skilja það að við ætluðumst líka til þess að þeir veittu bretum ekki sérstaka aðstoð til þess að geta farið hér ránshendi um okkar mið. Ég tel að þetta hefði verið eðlilegt, vegna þess að það liggur fyrir að bretar nota

nú í stórum stíl einmitt aðstöðu í Færeyjum sem nokkurs konar birgðasvæði sér til aðstoðar í sambandi við veiðarnar hér við land. Það er rétt, færeyingar hafa stundum áður brugðist vel við í þessum efnum og staðið sig vel. En auðvitað eru ekki í því landi allir á sama báti, síður en svo, og ekki allir sömu skoðunar. Ég hefði hins vegar talið mjög eðlilegt að við hefðum reynt að hafa áhrif í þessum efnum, en það vildi auðvitað hæstv. sjútvrh. ekki og vildi leggja þessi orð mín út á versta veg.

En aðalatriðið, sem kom fram í ræðu hæstv. sjútvrh., var auðvitað varðandi það að ég minntist í ræðu minni á að það hefði komið greinilega fram undansláttartilhneiging hjá stjórnvöldum gagnvart útlendingum sem m. a. hefði birst í því að nýlega hafi verið opnað að verulegu leyti friðunarsvæði fyrir Suðausturlandi, sem var lokað áður, eftir kröfum vestur-þjóðverja, og ég gaf nokkrar upplýsingar hér um málið. Hæstv. sjútvrh. byrjaði strax á því að bera sig illa að ég hefði brugðið hér út af gamalli venju að láta menn ekki vita fyrir fram um hvað væri spurt, ég væri hér sitalandi í landhelgismálinu, en samt hefði ég ekki getað látið hann vita, menn þyrftu líklega að koma til þings með heilan poka af upplýsingum til þess að geta verið viðbúnir að svara o. s. frv.

Það máttu auðvitað allir heyra að ég hafði beint máli mínu hér til hæstv. forsrh. fyrst og fremst um landhelgismálið almennt, en dró inn í það mál spurningu um hverju það sætti að þetta hefði verið gert. Málið liggur auðvitað þannig fyrir að hæstv. sjútvrh. er búinn að taka þessa ákvörðun nú fyrir örfáum dögum, að hann opnar svæði sem var lokað, svæði sem hann hafði lokað áður, hann opnar það. Það var nú meira en lítið að fara fram á það við sjútvrh. að hann vissi eitthvað um hvernig stæði á því að hann tók þessa ákvörðun fyrir örfáum dögum. Helst var á honum að skilja að hann þyrfti upplýsingar sem þyrfti að flytja í heilum poka til þess að hann gæti gefið einhverjar skýringar á þessu. Hæstv. ráðh. staðfesti í rauninni allt það sem ég sagði varðandi þetta mál, enda hafði ég það eftir valinkunnum skipstjóra sem hafði þessar tölur frá réttum aðila. Þar skakkaði aðeins um eina dagsetningu, sem ég hygg að hafi skakkað einmitt um hjá hæstv. ráðh. sjálfum. Það var sem sagt staðfest að 20. mars gekk í gildi þessi breyting á friðnuarsvæðinu, það staðfesti hæstv. ráðh. Hann hélt að hann hefði undirskrifað þessa reglugerð daginn áður, hinn 19., en rn. hefur nú upplýst að það hafi verið hinn 17., það skiptir ekki máli. En hann staðfesti líka að það hefði ekki verið fyrr en 24. sem blöð almennt gátu fengið vitneskju um þessa breytingu. Hann sagði að þetta hefði legið allt saman tilbúið til birtingar í Lögbirtingablaðinu, en það hefði orðið dálitill dráttur á því að senda þetta frá sér, vegna þess að það hefði staðið á korti og því hefðu þeir ekki verið tilbúnir fyrr en eftir lokunartíma hinn 23. og blöðin fengu að vita þetta 24., eins og ég sagði. Og Landhelgisgæslan hefur sjálf gefið upp, að hún fékk ekki að vita um þetta fyrr en 25., þetta eru hennar upplýsingar. Hitt liggur svo einnig staðfest fyrir, að einn af skipherrunum, sem starfar nú fyrir Austurlandi á varðskipunum, upplýsir að hann hafi ekki fengið að vita um þessa breytingu fyrr en hinn 28. En þá var a. m. k. einn eða fleiri þýskir togarar búnir að fylla sig á þessum miðum.

En um leið og hæstv. ráðh. staðfesti þetta, þá gaf hann ekkert svar við því, eins og hv. þm. tóku eftir, ekkert svar við því hvernig stóð á því að hann rauk til á þennan hátt og opnaði friðunarsvæði sem hafði verið lokað áður. Það var staðfest að upphaf þess, að þessu svæði var lokað, var það að allir togaraskipstjórarnir á Austfjörðum óskuðu eftir því að svæðinu yrði lokað. Og fiskveiðilaganefnd, sem starfað hefur, gerði samhljóða till. um að loka þessu svæði öllu, um leið og hún gerði till. um lokun eða stækkun á öðrum svæðum, t. d. fyrir Norðausturlandi. Og hæstv. sjútvrh. upplýsti að það hafi á sínum tíma verið, eins og lög áskilja, leitað til Hafrannsóknastofnunarinnar um þetta mál og hún hafi talið það út af fyrir sig skynsamlegt og varlegt, en hún hefði ekki nægilegar upplýsingar um svæðið og kom það engum á óvart. En nú hefur Hafrannsóknastofnunin upplýst að hún á enga hlutdeild í því að hluti svæðisins hefur verið opnaður aftur. Hún segir enn að hún hafi ekki nægilegar upplýsingar um svæðið, hún hafi að vísu sent skipið Hafþór inn á svæðið, og það var það eina, sem var dálítið merkilegt hjá hæstv. ráðh., og hann hafi fengið sáralitinn fisk á svæðinu. Og vegna þess að hann fékk sáralitinn fisk á svæðinu, þá var sjálfsagt að opna svæðið.

Auðvitað fór það svo, og það kom engum á óvart sem þarna þekkti eitthvað til, að þarna var strax um geysilega mikið fiskmagn að ræða þegar svæðið var opnað, alveg óvenjumikinn afla að ræða á svæðinu strax þó að Hafþór fiskaði þar ekkert fyrir nokkrum dögum. En til þess geta verið ýmsar ástæður. En ekki gaf það neina skýringu á því hvernig stendur á því að það er rokið í að opna þetta svæði, þó að Hafþór hafi ekki fundið þar fisk. En sem sagt, hæstv. sjútvrh. vék sér með öllu undan því að svara hvernig stóð á því að hann breytti fyrri ákvörðun án þess að bera það undir þá, sem upphaflega höfðu staðið fyrir lokuninni, og gerði það með þeim hætti að skipstjórar á Austfjarðamiðum verða að fá sínar upplýsingar úr talstöðvum þýsku togaranna um að það sé búið að breyta svæðinu og nú megi þeir fara inn á þann hluta svæðisins þar sem jafnan hefur verið mest af smáufsa og nú hefur komið í ljós að veiðist langsamlega mest smáufsi á. Hvaða ástæður lágu til þess að þetta var gert, aðrar en þær að vitað var allan tímann að þjóðverjar sóttu fast á að fá að veiða á þessu svæði?

Hæstv. sjútvrh. komst þannig að orði, að í ljós hefði komið að þjóðverjar væru okkur afskaplega velviljaðir, þeir vildu m. a., — það hefði komið fram í viðtali við þá nýlega við nefnd manna sem hefði verið í Þýskalandi, — vildu bæði kaupa af okkur ísfisk og jafnvel leigja okkfrystigeymslur fyrir frosinn fisk. Ja, sér er nú hvað! Ætli það sé nokkuð nýtt að þeir hafi viljað kaupa af okkur ísfisk, að við höfum ekki vitað það allan tímann? En hæstv. ráðh. ætti kannske að vita að það hefur verið mjög rætt um það hér í landinu að það þyrfti að gera ráð-

stafanir til þess að banna mönnum beinlínis að fara út með ísfisk, eins og sakir standa, þegar skortir stórkostlega á verkefni hér í fiskiðnaðinum. Og svo kemur fregnin um að þeir séu tilbúnir að leigja okkur frystigeymslur, eins og það hafi ekki legið fyrir. Við höfum meira að segja haft þær á leigu áður og notfærðum okkur í allríkum mæli í fríhöfninni í Hamborg að hafa slíkar geysmlur á leigu á meðan við töldum að það þjónaði okkar hagsmunum vegna þess að við hefðum þarna til einhvers markaðar að dreifa.

Allt af þessu tagi ber aðeins vott um að hér er um óeðlilega undanlátssemi að ræða gagnvart þjóðverjum. Það er verið að hleypa þeim inn á þau mið sem ekki átti að hleypa þeim inn á og það meira að segja fyrr en íslendingum er hleypt inn á miðin. Ég vil fyrir mitt leyti vara við þessu. Ég tel að þessi ráðstöfun hæstv. sjútvrh. sé hreint hneyksli og það hneyksli sem menn eigi ekki að sleppa út úr auðveldlega, því að það er vitanlega ekki hægt að afsaka það með neinu að láta undan á þennan hátt.

Ég vek sem sagt enn athygli á því að hæstv. ráðh. gat ekki gefið neina skýringu á því hvernig stóð á því að þessi breyting var gerð. Hafi það verið svo að hann hafi efast um að það hafi verið rétt að loka þessu svæði á sínum tíma eftir till. skipstjóranna og eftir till. fiskveiðilaganefndar og fyrri umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar, þá átti hann vitanlega ekki að opna það aftur fyrr en fullnægjandi rannsókn hafði farið fram á svæðinu. En það liggur fyrir að hún hefur ekki farið fram. Hafrannsóknastofnunin hefur ekki breytt sinni umsögn. Opnunin er því algert hneyksli. Þarna hefði að sjálfsögðu átt að bíða eftir því að þessi athugun hefði farið fram. En það var eitthvað annað sem lá á. Það er einmitt þetta sem ég vil gjalda varhuga við, það er að við sýnum undanlátssemi á þennan hátt gagnvart ágangi útlendinga. Það er því miður búið að gera of mikið af því að láta undan kröfum þeirra og m. a. að gera samninga við vestur-þjóðverja, þótt við séum ekki að færa þeim enn meir með ráðstöfunum eins og þessari.

En ég skal nú ekki víkja að ýmsu fleiru sem kom fram í ræðu hæstv. sjútvrh. og væri þó fyllilega ástæða til þess að víkja að. Það er ekki tími til þess úr því sem komið er. Ég læt það því bíða. En ég vil fara hér nokkrum orðum um ræðu hæstv. dómsmrh.

Það var alveg greinilegt að ræða hæstv. dómsmrh. var eins og hér kæmi fram ráðh. úr allt annarri ríkisstj. en þeirri sem hæstv. forsrh. og hæstv. sjútvrh. voru að tala fyrir. Það var engu líkara en þarna væri á ferðinni ráðh. úr allt annarri stjórn. Hann flutti bæði mér og hv. þm. Benedikt Gröndal þakkir fyrir það sem við höfðum sagt og þakkaði okkur mjög fyrir okkar yfirlýsingar. Það var eitthvað annað en að við ættum þakklæti að fagna frá hinum. Hann lagði ríka áherslu á það að hann vildi auka hinn pólitíska þrýsting, og hann sá ástæðu til þess að víkja sérstaklega að því að framámenn í stjórnmálum hér væru ekki að ástæðulausu að draga úr þessum pólitíska þrýstingi með ótímabærum yfirlýsingum. Það hefur verið sagt í þessum umr. að þessi orð hæstv. dómsmrh. hafi átt sérstaklega við Gylfa Þ. Gíslason og yfirlýsingar hans. Mér dettur ekki í hug að taka þessi orð hæstv. dómsmrh. sögð hér eingöngu til Gylfa Þ. Gíslasonar. Þessi orð hitta auðvitað engan fyrr en bæði hæstv. forsrh. og alla framámenn í liði Sjálfstfl., því að þeir hafa verið að gefa yfirlýsingar æ ofan í æ, bæði í blöðum sínum og viðtölum sem hafa farið í þessa sömu átt. Ég minnist þess að hv. þm. Sverrir Hermannsson sagði bæði erlendis og hér heima í sjónvarpi að þessi ríkisstj. mundi aldrei hóta neinu í sambandi við NATO, það kæmi ekki til mála, aldrei. Það eru fleiri en Gylfi Þ. Gíslason sem hafa sagt þetta og ber að vita fyrir það að þeir eru að gefa hér ótímabærar yfirlýsingar sem eiga að draga úr þeim pólitíska þrýstingi sem meiningin var að beita. Ég get ekki skilið þetta á annan veg en þann, að hæstv. dómsmrh. sé í þessum efnum sammála okkur sem höfum lagt áherslu á að þennan pólitíska þrýsting eigum við að nota, enda er það í fullu samræmi við það sem hann hefur gert áður í þessum málum. Hann stóð fyrir því í vinstri stjórninni að þar var gerð samþykkt, og eins í sínum eigin flokki, Framsfl., um að tilkynna NATO það, að ef ekki yrðu gerðar ráðstafanir til þess að herskipin þá færu út fyrir 50 mílna mörkin, þá mundum við taka til endurskoðunar afstöðu okkar til aðildar að NATO. Það er í fullu samræmi við það sem hæstv. dómsmrh. segir nú. Hann vill beita pólitískum þrýstingi, en samstarfsmenn hans í ríkisstj. eru greinilega á allt annarri skoðun. Þeir draga úr öllu því sem hann segir og gerir í þessum efnum. Þeir vilja halda í allt aðra átt.

Það hefur auðvitað ekki farið fram hjá neinum að Morgunblaðið hefur sagt æ ofan í æ að við ættum ekki að hóta neinu, það næði engri átt. Þeir sögðu líka í Morgunblaðinu að við ættum ekki að slíta stjórnmálasambandi við breta, það væri verst fyrir okkur sjálfa. Þeir hafa verið á móti því að kalla sendiherrann hjá NATO heim, og þeir vilja vitanlega ekki ræða um neina hótun gagnvart lokun herstöðva NATO hér á landi eða láta þá skilja það að við munum taka til endurskoðunar afstöðu okkar til bandalagsins ef þessu heldur áfram.

Ég vil taka undir þau orð hæstv. dómsmrh. að það, sem máli skiptir auðvitað í þessari deilu nú, eru beinar aðgerðir. Það er það eina sem okkar andstæðingar munu taka eitthvert mið af. Og því er það að við í stjórnarandstöðunni erum að ganga eftir því að um meiri beinar athafnir verði að ræða í málinu af hálfu ríkisstj. en verið hefur fram til þessa. Ég hef lagt áherslu á það, að ég tel að þessar athafnir af okkar hálfu geti komið fram með tvennum hætti: Annars vegar með því að við sýnum bretum að það er ekki neinn uppgjafarhugur í okkur, heldur ætlum við að auka okkar landhelgisgæslu, efla hana, fjölga skipum og þá jafnvel miklu meira ógnvekjandi skip í okkar gæslulið heldur en við höfum nú, við ætlum að gera gæsluna enn þá virkari með skiptiáhöfnum og við ætlum að fara í það að afla hér fjár til landhelgisgæslunnar til þess að efla hana þannig. Og þá tel ég að það skipti máli að gera það með þeim hætti að það sé um leið gegn hagsmunum breta, m. a. í þá átt að við knýjum hér fram hækkandi verð á breskum vörum, þannig að við færum okkar

viðskipti sem mest frá Bretlandi yfir til annarra landa. Það hittir bretana alveg örugglega. Hins vegar koma svo til greina af okkar hálfu sem beinar athafnir í málinu pólitískar aðgerðir, eins og að kalla sendiherrann hjá NATO heim, eins og að tilkynna NATO, á svipaðan hátt og gert hefur verið áður, að fari herskipin ekki út fyrir tiltekinn tíma, þá munum við grípa til tiltekinna ráða sem við tilgreinum. Ég hef bent á það margsinnis áður að á þessu eru til mörg stig. Það er ekki nauðsynlegt að grípa til þess hástigs sem ég tel auðvitað langsamlega affarasælast út af fyrir sig að grípa til, það er ekki nauðsynlegt að grípa til þess að segja sig beinlínis úr NATO. Það er hægt að grípa til annarra aðgerða gagnvart NATO áður sem þeir kynnu að skilja. Spurningin er aðeins þessi: hvort við viljum nota þau pólitísku vopn, sem við höfum, eða hvort við viljum heldur þola yfirganginn.

Ég skal ekki segja um það hvaða árangur verður af þessum umr. hér í dag um landhelgismálið. Ég vil þó vona að þær hafi það í för með sér að ríkisstj. taki málið á nýjan leik til athugunar út frá því, sem hér hefur komið fram, og hún sannfærist um að það er rétt að gera tilteknar ráðstafanir af okkar hálfu, — ráðstafanir sem bretar mundu skilja og ráðstafanir sem gætu vissulega komið okkur að gagni. Og þrátt fyrir þær aðfinnslur sem hér hafa komið fram frá okkur í stjórnarandstöðunni, þar sem við erum óánægðir með það sem gert er, þá vil ég enn undirstrika það að við erum reiðubúnir til samstarfs við ríkisstj. í þessu máli. Við getum vel sett okkur í þær aðstæður að við séum ekki sammála um allar þær till. sem fram koma. En það skiptir höfuðmáli að við reynum að finna sameiginlega leið sem geti orðið okkur að gagni. Við erum reiðubúnir til þess að taka þannig á málinu með ríkisstj. En hún getur ekki vænst þess að hún hafi neina samstöðu með okkur ef svipurinn á þessu öllu saman á að verða aðgerðarleysi, máttleysi og hik, eins og því miður hefur verið allt of einkennandi af hálfu ríkisstj. í málinu sem heild.

Tómas Árnason: Herra forseti. Ég hef nú eins og flestir þm. hlustað á langar og margar umræðulotur um landhelgismálið hér í vetur. Eins og gefur að skilja hefur það komið í hlut ráðh., ríkisstj., fyrst og fremst að mæla fyrir landhelgismálinu, bæði í sókn og vörn. En ástæðan fyrir því, að mig langaði til að leggja hér nokkur orð í belg, er að inn í þessar umr. hefur blandast sérstaklega opnun á svæði á svokölluðu Berufjarðarhorni og Papagrunni sem var opnað fyrir nokkrum dögum fyrir botnvörpuveiðum. Það hefur komið fram í umr. að togaraskipstjórar á Austurlandi hafa lagt á það mikla áherslu og verið sammála um að halda þessu svæði lokuðu. Það kom fram í máli hæstv. sjútvrh. að það færi fram rannsókn á því af hálfu Hafrannsóknastofnunarinnar um þessar mundir, hvernig ástatt væri á þessu svæði, og þegar niðurstöður af þeirri athugun lægju fyrir, þá skildist mér á hæstv. ráðh. að hann mundi taka málið til nýrrar athugunar. Erindið, sem ég á raunar upp í pontuna að þessu sinni, er fyrst og fremst að óska eftir því við hæstv. ráðh. — hann er nú því miður ekki hér staddur — að hann beiti sér fyrir því að hraða þessari athugun sem mest má verða, þannig að það verði hægt að taka þetta mál alveg sérstaklega til endurathugunar og endurmats.

Það hefur ekki farið fram hjá neinum að í allan vetur, síðan landhelgisdeilan hófst við Breta, hafa þeir beitt sínum fiskiflota nær einvörðungu á Austfjarðamiðum, allt upp í 40—50 skip. Austfirðingar hafa því orðið að sækja á fjarlæg mið, að sjálfsögðu með ærnum kostnaði. Þeir telja þetta ekki eftir vegna þess að þeir vita vel að þetta er liður í landhelgisstyrjöld allrar þjóðarinnar við bretana. En það kann að verða mál síðari tíma að jafna metin ef styrjöldin leggst með óeðlilegum þunga á vissa landshluta, en það er mál íslendinga sjálfra og hefur engin áhrif á landhelgisstyrjöldina við breta sem virðist hafa farið harðandi upp á síðkastið.

Varðandi þær umr., sem hér hafa farið fram í tilefni af mjög harkalegum árekstrum á Austfjarðamiðum nú um helgina, þá hefur hæstv. dómsmrh. gert grein fyrir hvernig háttað hefur verið aðgerðum af hálfu ríkisstj. varðandi eflingu Landhelgisgæslunnar. Það hefur komið fram, sem raunar er öllum vitanlegt, að landhelgisgæslan hefur verið stórkostlega efld á seinustu mánuðum. Hún býr nú yfir 4 mjög góðum varðskipum: Týr, Óðni, Ægi og Þór. Hún hefur á að skipa pólskum togara, Baldri, sem hefur reynst miklu betur í þessari styrjöld heldur en ég og margir aðrir töldu, þegar hann var tekinn á leigu, og hefur náð ótrúlegum árangri í þeim stimpingum sem þarna fara fram. Síðan ræður landhelgisgæslan yfir Fokker Friendship flugvél og á aðra, eins og kunnugt er, í pöntun, ef svo mætti segja, sem kemur til nota á næstu mánuðum. Landhelgisgæslan hafði keypt til afnota stóra þyrlu sem eyðilagðist, og það er í athugun, eins og kom fram í máli dómsmrh., að fá aðra í stað hennar. Síðan hefur það gerst nú að ríkisstj. hefur ákveðið að taka á leigu tvo togara til viðbótar og beita öðrum við landhelgisgæsluna sérstaklega.

Það þarf ekki að deila um það að mínum dómi, að það er nauðsyn á að bæta við skipum til fiskirannsókna og fiskileitar. Það þarf ekki heldur að deila um það að einnig er nauðsynlegt að efla landhelgisgæsluna. Ég er þeirrar skoðunar að með þessum aðgerðum öllum sé landhelgisgæslan að verða býsna öflug miðað við okkar fjárhag og okkar getu. En það má auðvitað alltaf bæta þar um. En ég tók eftir því að hv. þm. Ragnar Arnalds sagði í sinni ræðu að þeir alþb.-menn hefðu flutt um það till. við afgreiðslu fjárl. í vetur að veita 300 millj. til Landhelgisgæslunnar sérstaklega. Það segir auðvitað enga sögu, vegna þess að það fylgdi engin till. um hvernig ætti að afla þessa fjár. Þetta var útgjaldatill. á fjárl. sem voru afgreidd með það naumum hætti að það varð auðvitað að fylgja svo hárri upphæð till. um fjáröflun ef átti að taka mark á henni. En hins vegar er miklu meira mark takandi á því sem kom fram hjá hv. 2. þm. Austurl. hér áðan, að þeir alþb.-menn væru reiðubúnir til þess að taka þátt í fjáröflun til þess að efla landhelgisgæsluna, og það er auðvitað það sem

máli skiptir. Það hefur stundum verið á það bent að ástæða væri til þess að leggja á þjóðina sérstakan landhelgisskatt. Það er háttur þjóða, sem eiga í styrjöldum, að leggja á gjöld til þess að standa straum af styrjaldarkostnaði. Og það er ástæða til þess að taka undir það með hæstv. dómsmrh., þegar hann fagnaði þeirri afstöðu stjórnarandstöðunnar að hún væri reiðubúin til þess að standa að fjáröflun til eflingar landhelgisgæslunni.

Til viðbótar við þetta eru svo þær eftirgrennslanir sem ríkisstj. hefur staðið fyrir um að afla sérstaks hraðbáts til landhelgisgæslunnar. Varðandi hraðbáta og gagnsemi þeirra dreg ég dálitið í efa hvaða gagn er hægt að hafa af hraðbátum við gæslustörf. En um það eru skiptar skoðanir. Ég álít að skip eins og Týr og Óðinn og sú gerð skipa komi sennilega, þegar á allt er litið, að bestum notum í sambandi við landhelgisgæsluna hjá okkur, eins og hér háttar málum. En ég held að það verði ekki á neinn hátt með rökum hægt að halda því fram að landhelgisgæslan hafi ekki verið stórkostlega efld á seinustu missirum og mánuðum, — stórkostlega efld, og ég held að það verði ekki hægt að deila á ríkisstj. fyrir það að hún hafi ekki gert verulegt átak í því efni að efla landhelgisgæsluna.

Svo er hitt atriðið, hvernig landhelgisgæslunni hefur verið beitt. Ég er þeirrar skoðunar að henni hafi verði beitt alveg til hins ítrasta í þessu stríði og í raun og veru ekkert eftir annað en takast á eins og gert er í styrjöldum. Ég held því að það verði ekki hægt að saka yfirstjórn landhelgisgæslunnar um það að landhelgisgæslunni hafi ekki verið beitt til hins ítrasta, vildi ég segja, og verið teknar stórar áhættur í sambandi við það, eins og öllum er raunar kunnugt um.

En það er alveg sýnilegt að deilan hefur farið harðnandi. Mönnum hættir til þess, þegar þeir hlusta á umr. um landhelgismálið, og landhelgisdeiluna, að skoða þær aðgerðir, sem ríkisstj. hefur gert í þeim efnum og bera saman við seinasta landhelgisstríð, seinustu landhelgisstyrjöld. Vegna þess að svo vel vill til að hv. 2. þm. Austurl., sem hefur verið einna skelleggastur af hálfu þeirra stjórnarandstæðinga í umr. um landhelgismálið, sat í fyrrv. ríkisstj. sem átti í landhelgisstríði, þá er eðlilegt að menn beri saman aðgerðir þessara tveggja ríkisstj. í þeim styrjöldum sem við höfum háð um landhelgina. Það er athyglisvert í fyrsta lagi að landhelgisdeilan núna eða styrjöldin hefur staðið í 4—5 mánuði, en hún stóð á annað ár árin 1972—1973, þannig að það er kannske of snemmt að kenna mikillar óþolinmæði í þessu máli. Það var ekki sóst eftir því þá, ef ég man rétt, að fá sérstaka hraðbáta, eins og nú er talað um, til gæslustarfa. Ég held að landhelgisgæslunni hafi ekki verið beitt af eins mikilli hörku í fyrra þorskastríðinu og núna. Það er mín skoðun. En það stafar náttúrlega af því að deilan hefur verið harðari einnig af hálfu bretanna. Það var ekki kært til Öryggisráðsins á þeim 12 mánuðum sem landhelgisstyrjöldin 1972—1973 stóð yfir. Málið var ekki tekið upp hjá Sameinuðu þjóðunum og kært til Öryggisráðsins. Málið var ekki kært til NATO á þann hátt sem nú hefur verið gert, ef ég man rétt. Og það var ekki tekið upp á vettvangi Norðurlandaráðs með þeim hætti sem nú hefur verið gert, og það fékkst ekki sú samúð af hálfu Norðurlandanna þá sem nú hefur verið lýst yfir eftir verulegan pólitískan þrýsting af hálfu íslendinga. En það voru settar fram hótanir, — það er alveg rétt, það hefur komið fram hér, — sem höfðu í för með sér pólitískan þrýsting. En svo var að lokum samið í þessu máli.

Ég held að ef þessar tvær styrjaldir eru bornar saman af sæmilegu hlutleysi, þá komi það í ljós að þessi styrjöld hefur verið af okkar hálfu háð af meiri hörku heldur en fyrri landhelgisstyrjöldin og það hefur verið beitt meiri þrýstingi nú á alþjóðavettvangi en þá var gert. Það stafar e. t. v. af því að það er enn þá meira í húfi nú en var þegar við færðum út í 50 mílurnar. Nú er mönnum enn þá ljósara en þá var hvernig ástandi fiskstofnanna er háttað, þó að menn hafi vitað það strax árið 1972 og kannske fyrr að þorskstofninn t. d. var í raun og veru í stórkostlegri hættu.

Ég álít að við eigum enn til viðbótar við þann mikla þrýsting, sem ríkisstj. hefur beitt á alþjóðlegum vettvangi, að auka enn á þann þrýsting og beita landhelgisgæslunni eins og við höfum gert, slaka í engu til og efla hana eftir því sem okkar geta leyfir. Ég held að við getum átt í langri deilu og getum ekki nú frekar en áður útkljáð þetta mál á einni nóttu. Bretar gætu auðvitað útkljáð málið á einni nóttu ef þeir beittu hervaldi til hins ítrasta, það er augljóst mál. Þeir gætu gersigrað okkar varðskipaflota á einni nóttu ef þeir vildu. Það vita auðvitað allir menn. (StJ: Þeir eru í NATO-ráðinu.) Það er sama, þeir gætu gert það, sagði ég. Ég var ekki að segja að þeir mundu gera það, ég sagði að þeir gætu gert það. Það er öllum ljóst og þarf ekki um það að deila eða hafa mörg orð. En ég held að við megum, jafnhliða því sem við beitum áfram pólitískum þrýstingi í þessu máli, aldrei gleyma því að við eigum að leggja áherslu á að vinna málið sem mest af eigin rammleik, með rökum og þeim ráðstöfunum sem við getum beitt, vegna þess að þá verðum við minnst háðir þegar styrjöldin er unnin og henni lokið. Þá verðum við minnst háðir öðrum ef við treystum á okkar eigin rammleik í málinu og beitum okkar rökum og öllum tiltækum ráðum sem við búum yfir.

Ég ætlaði mér nú ekki að setja á langa ræðu í þessu efni, en kvaddi mér hljóðs alveg sérstaklega í tilefni af umr. um opnun veiðisvæðisins á Hvalbakssvæðinu.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég hafði nú raunar ætlað það og þá ekki síst með tilliti til þess að nú fyrir skemmstu, einmitt um þetta leyti dags, skömmu fyrir kl. 7, þá var ungur varaþm. norðan úr landi snupraður af einum stjórnarsinna hér, nánar tiltekið hv. 12. þm. Reykv., Albert Guðmundssyni, fyrir að sýna hinu mjög svo háttvirta Alþingi lítilsvirðingu í orði, — þá hafði ég ætlað það að nú mundu hæstv. ráðh., sjútvrh. og dómsmrh., þykja við hæfi að heiðra þessa öldnu stofnun með návist sinni þegar landhelgismálið er til umr. Það er allt að því

óviðkunnanlegt að hugsa til þess að þeir skuli ætla hæstv. forsrh. að taka hér privat og persónulega á sitt breiða bak allar þær snuprur, sem til ríkisstj. er vísað í umr. um þetta mál. Nú sem sagt horfir málið öðruvísi við. Þeir heiðra sem sagt Alþ. með fjarveru sinni þessa stundina, og ég hlýt að taka nokkurt tillit til þeirrar staðreyndar í þeim orðum sem ég læt hér falla.

Það var rétt, sem hæstv. dómsmrh. sagði í ræðu sinni fyrir skemmstu. Við höfum vitað það lengi að vinnubrögð breta á miðunum hér hjá okkur stefna að því að lama fyrir okkur varðskipin, að gera þau ósjóhæf þannig að þau geti ekki gegnt hlutverki sínu á miðunum. Það var líka rétt sem hæstv. dómsmrh. sagði, að bretar hafa fyrr mannað fallbyssur í átökunum hér við land. Það er rétt minni hans að þetta var gert við útfærsluna í 12 mílur og enn þá bárust fréttir af því við útfærsluna í 50 sjómílur. Þessum ráðum hefur verið beitt, þessum ógnunum hefur verið beitt. En önnur breyting hefur átt sér stað síðan. Við höfðum í þau skipti við völd í landinu ríkisstj. sem ekki beygði sig fyrir ógnunum, ekki tók slíkar ógnanir fegins hendi til þesss að afsaka tilslökun í landhelgismálinu. Í þau skipti höfðum við ekki Sjálfstfl. í stjórn hér á landi. Síðan tók viðreisnarstjórnin við útfærslu í 12 sjómílur og leiddi hana til lykta, útfærsluna í 12 sjómílur, með hinum fræga hætti, með samningunum við breta og vestur-þjóðverja 1961, — samningnum sem bretar nota enn að skálkaskjóli á miðunum hér við land. Við skulum vera minnug þess að einu þjóðirnar, sem ekki viðurkenndu útfærsluna í 50 sjómílur í verki og ekki útfærsluna í 200 sjómílur í verki heldur, eru bretar og þjóðverjar sem skákuðu í skjóli samningsins frá 1961 þar sem kveðið var á um það að við færðum ekki út landhelgina aftur gegn vilja þeirra með öðru móti en því að málið færi undir úrskurð Alþjóðadómstólsins í Haag.

Hæstv. forsrh. ítrekaði hér í umr. fyrri yfirlýsingar sínar um að hann teldi umr. utan dagskrár um landhelgisgæsluna bera vott um skelk og þreytu í átökunum við breta, — skelk og þreytu af hálfu okkar stjórnarandstæðinga. Það er ekki rétt að ræður okkar um málefni landhelgisgæslunnar beri vott um skelk og þreytu í viðureigninni við breta. Þær bera hins vegar óneitanlega vott um það að við óttumst dugleysi ríkisstj. hans og þær bera vott um nokkra þreytu *vegna dáðleysis þessarar ríkisstj. í þeim slag* sem við nú stöndum í.

Ég verð að viðurkenna það, — ég sé að því miður er hv. þm. Benedikt Gröndal genginn úr salnum, — ég verð að viðurkenna það að ég furðaði mig ekki ýkja mikið á því þótt bæði hæstv. forsrh. og hæstv. dómsmrh. settu upp stór augu við ræðu þm. hér utan dagskrár í dag. Það eru nefnilega ekki liðin ýkjamörg kvöld síðan hv. þm. Benedikt Gröndal og hv. þm. Jón Skaftason komu fram í sjónvarpsviðtali og lýstu því yfir, að þeir teldu að ekki ætti að efla landhelgisgæsluna með tilliti til átakanna sem nú eru á miðunum. Benedikt Gröndal ítrekaði fyrri yfirlýsingar hæstv. forsrh. um það, að við hefðum þegar sigrað breta í þessari deilu, lagði áherslu á það eins og hæstv. forsrh. að okkur þyddi ekki að etja kappi við breta í sjóhernaði og taldi að við ættum ekki að kaupa hraðskreið skip eins og þau sem skipherrar landhelgisgæslunnar leggja til að keypt verði. Svo kemur hv. þm. Benedikt Gröndal fram við þessar umr. og lýsir yfir því, að við verðum endilega að efla landhelgisgæsluna með tilliti til átakanna sem nú standa, og lýsir yfir því, að að sínu áliti standi þetta þorskastríð enn. Það eru yfirlýsingar á borð við þessa sem gera það að verkum að það getur orðið býsna strembið bæði fyrir okkur í stjórnarandstöðunni að reikna með Alþfl. í sambandi við landhelgismálið og að því er mér virðist býsna strembið fyrir hæstv. ríkisstj. að reikna með Alþfl. yfirleitt eða afstöðu hans í þessu máli.

Ég tek að sjálfsögðu undir það sem sagt hefur verið um þau atriði í ræðu hæstv. dómsmrh. sem lutu að baráttutækni okkar í aðalatriðum í landhelgismálinu. Ég leyfi mér að skilja orð hæstv. dómsmrh. varðandi pólitiskan þrýsting á þá lund, að hann sé samdóma okkur alþb.-mönnum um það, að við eigum að hafa á lofti nú það sem sjálfsagt er í þessu máli, að láta bandarikjamenn vita það að við teljum okkur undir engum kringumstæðum fært að leyfa þeim að hafa herstöð hér í nafni NATO ef svo heldur áfram sem horfir í landhelgismálinu og láta stjórn Atlantshafsbandalagsins af því vita að við treystum okkur ekki til þess að vera í því kompaníi með bretum sem beita okkur hér ofbeldi. Ég leyfi mér að skilja orð hæstv. dómsmrh. á þá lund. Ég leyfi mér einnig að skilja orð hans varðandi sæmdina sem í því sé fólgin að við höfum fulltrúa á sama bekk og bretar í aðalstöðvum NATO, — ég leyfi mér að skilja þessi orð hans á þá lund að hann telji sjálfur að slíkt sé ósæmilegt. Ég hefði að vísu kosið að hæstv. dómsmrh. hefði kveðið öllu skýrar að orði en hann gerði í ræðu sinni um þessi atriði, en ég virði honum það til vorkunnar að hann hefur orðið sárbeitta reynslu af því að kveða mjög skýrt að orði hér í þingsölunum. Því mýkra sem orðalagið er, því færri horn sem eru á orðunum, því sársaukaminna er að éta þau ofan í sig aftur, og kannske því minni hætta á því að þau verði dæmd formlega dauð og ómerk. En ég sé fram á það að hér eigum við nú þess kost að reyna á merkingu þessara orða hæstv. dómsmrh., t. d. með því að kanna hvort hv. þm. Framsfl. fást ekki til þess að vera meðflm. með okkur alþb.-mönnum að þáltill. um að skora á ríkisstj. að gera nú þegar ráðstafanir til þess að lokið verði aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu með tilliti til atburðanna, sem nú eru að gerast á miðunum, og jafnframt að herverndarsamningurinn verði tekinn til endurskoðunar, svo sem ákvæði hans mæla fyrir um.

Varðandi yfirlýsingar, sem hafa komið fram við þessar umr. um þau skip sem henta muni til eflingar landheygisgæslunni hér, þá leyfi ég mér að minna lítils háttar á blaðaviðtal sem ég las í morgun við Höskuld Skarphéðinsson skipherra á Baldri, skuttogaranum sem hefur reynst afburðavel við gæsluna, einkum vegna þess hversu skrokksterkur hann er og vel til þess fallinn að standast ásiglingar. Skipherrann lét þau orð falla í þessu viðtali að það væri alls ekki úr lagi að einhverjir þeirra hv. alþm., sem

virðast hafa meiri þekkingu á gæslustörfunum innan múra Alþingishússins en skipherrar gæslunnar úti á miðunum, kæmu með svo sem einn túr á miðin á varðskipunum ef hugsanlegt væri að þeir gætu aukið þó ekki væri nema spönn við visku sína með þeim hætti sem að notum gæti komið næst þegar ræddur yrði tækjabúnaður landhelgisgæslunnar. Hann lét það raunar fylgja með, að þeir gætu þá kynnt sér sérstaklega það atlæti sem við sætum af hálfu herskipa Atlantshafsbandalagsins, ef vera mætti að hv. þm. gætu með því dýpkað skilning sinn á nauðsyn þess að við sætum áfram í bandalagi þessu.

Hæstv. forsrh. staðhæfði að við hefðum, með því að ríkisstj. okkar hefði borið fram mjög ströng mótmæli á alþjóðavettvangi við síðustu atburðum á miðunum, gert það sem í okkar valdi stæði, það hefðu verið einu viðbrögðin sem hefðu verið á okkar valdi nú. Og hann sagði: Það er á valdi fjölmiðlanna að velja þær fréttir sem þeir kjósa að bera víða vegu, sagði hann í svari við aths. hv. þm. Benedikts Gröndals um það hversu hljótt væri um málið. Ríkisstj. Íslands fengi ekki við það ráðið. En sannleikurinn í málinu er náttúrlega sá, að ríkisstj. Íslands fær verulega við það ráðið hvort nokkrar fréttir er raunverulega að segja af gangi landhelgismálsins hérna. Þrátt fyrir allt, þó að fjölmiðlar væru allir af vilja gerðir að túlka málstað okkar, þá er það löngu, löngu hætt að vera frétt að íslenska ríkisstj. mótmæli harðlega framferði breta á miðunum hérna. En það væri á hinn bóginn frétt ef hæstv. ríkisstj. tæki sig til og gerði eitthvað það í málinu sem mark væri á takandi, gerði eitthvað í málinu annað en blaðra, hreint og klárt að blaðra.

Ég vil svo í lok ræðu minnar vekja athygli á því, að hæstv. forsrh. lét hjá líða í svarræðu sinni við ræðu hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar að víkja að lagafrv. sem við alþb.-menn höfum borið fram í Ed. um leiðir til fjáröflunar til þess að styrkja landhelgisgæsluna og jafnframt um leiðir til þess að koma utanríkisviðskiptum okkar í þess háttar horf sem hæfir núverandi deilu okkar við breta. Það er frv. okkar um að lagt verði sérstakt 25% innflutningsgjald á breskar vörur þar sem fram er tekið að að vísu hefðum við helst viljað að tekið yrði gersamlega fyrir innflutning frá Stóra-Bretlandi, en með tilliti til þeirra aðila, sem nota breskar vélar, og þess fólks, sem á t. d. breska bíla, þá teljum við ekki æskilegt um sinn að loku verði skotið fyrir innflutning á varahlutum. Í grg. með frv. okkar er vakin athygli á því að við fluttum inn s. l. ár fyrir 8 milljarða frá Bretlandi, þangað fluttum við út fyrir aðeins 4 milljarða. Ef við reiknum nú með því að eigendur breskra véla og breskra bíla þyrftu að kaupa fyrir álíka háar fjárupphæðir varahluti á næstu missirum eins og þeir gerðu á s. l. ári, þá nam innflutningur á varahlutum í hreyfla árið sem leið aðeins 66 millj. og innflutningur varahluta í bíla aðeins 103 millj., eða samtals nam þessi innflutningur á varahlutm 169 millj. kr. sem er sáralítill hluti af 8 milljarða innflutningi alls. Það liggur í augum uppi að langflestar þær vörur, sem við flytjum inn frá Stóra-Bretlandi núna með óhagstæðum vöruviðskiptajöfnuði, getum við fengið frá öðrum löndum. Þetta frv. fluttum við fyrir nokkrum vikum í Ed. Formaður fjh.- og viðskn. Ed., sem er framsóknarmaður, hefur þrátt fyrir glaðlegar undirtekir hæstv. dómsmrh. og formanns Framsfl. undir till. okkar um leiðir til fjáröflunar til landhelgisgæslunnar ekki séð sér fært að taka þetta frv. enn þá fyrir á nefndarfundi og er mér þó ekki kunnugt um að fjh.- og viðskn. Ed. hafi verið önnum kafin síðustu vikurnar.

Ég ítreka það, að ég fagna þeim möguleika sem mér virðist koma fram hjá hæstv. dómsmrh. á því að þeir framsóknarmenn fáist nú til þess að gerast meðflm. með okkur alþb.-mönnum að þáltill. um að skora á ríkisstj. að gera eitthvað raunhæft í landhelgismálinu til að auka pólitískan þrýsting, um þáltill. um það að skora á ríkisstj. að slíta tengsl okkar við Atlantshafsbandalagið, ef svo heldur áfram sem horfir í landhelgismálinu, og að segja upp varnrasamningnum.

Eg get ekki hjá því komist að víkja aðeins að ræðu hæstv. sjútvrh., Matthíasar Bjarnasonar, þó að hann sé hér nú fjarri, við skulum ætla að yfirveguðu ráði. Ég leyfði mér að kalla fram í fyrir honum í ræðu hans þar sem hann var að ljúka við að segja okkur frá því hversu mikilli vinsemd við ættum nú að mæta í Vestur-Þýskalandi og hefðum átt að mæta í Vestur-Þýskalandi rétt áður en hann tók þá ákvörðun að opna aftur friðunarsvæðið fyrir Austurlandi, rétt áður en hann tók þessa óútskýrðu ákvörðun, því að svo sannarlega kom það ekki fram í ræðu hæstv. ráðh. hvernig hann hefði komist að þeirri niðurstöðu að ákvörðunin, sem hann tók í janúar um að loka þessu svæði, hefði verið röng. Við skiljum ástæðurnar fyrir lokun þessa svæðis með tilliti til svörtu skýrslunnar. Með tilliti til ástands íslenkra fiskstofna lá það í augum uppi, að með því að hlífa þessu svæði var þó stigið skref, örlítið skref í rétta átt til þess að vernda fiskstofnana gegn ofveiði. Við vitum að þetta var gert að beiðni fiskiskipstjóra á Austurlandi og með góðfúslegu, en órökstuddu að vísu, samþykki fiskideildar, sem lýsti yfir þeim almenna skilningi að þetta væri þó skref í rétta átt. En við fengum enga skýringu á því með hvaða hætti hæstv. sjútvrh. hefði komist að þeirri niðurstöðu að nú væri rétt að opna þetta svæði.

Hann gaf okkur ekki heldur fullnægjandi skýringar á því með hvaða hætti vestur-þjóðverjar gátu byrjað að veiða þarna áður en íslenskir fiskiskipstjórar vissu af því að þetta svæði hafði verið opnað á ný. Þjóðverjar fengu upplýsingarnar hjá sjútvrn. um að svæðið hefði verið opnað. Í blaðaviðtali, sem birtist í dag, segir hæstv. sjútvrh. frá því, að það hafi viljað svo til að vesturþýski sendiherrann hafi verið staddur í sjútvrn., frétt þetta þar og náttúrlega komið þessum upplýsingum á framfæri til sinna manna þarna fyrir austan það snemma að þeir voru búnir að fá ríflandi afla á miðunum áður en íslenskir fiskiskipstjórar á þessu svæði, fiskiskipstjórarnir sem fóru fram á það á sínum tíma að svæðinu yrði lokað í verndarskyni, fiskiskipstjórarnir sem beiðast þess enn að þessu svæði verði haldið áfram lokuðu, — áður en þeir fengu hugmynd um

þetta. Og ég vil ekki draga það í efa, að rétt sé að Hafþór hafi kastað nokkrum sinnum á þessum slóðum, í Berufjarðarálnum, og fengið litinn fisk. Ég vil ekki draga það í efa að þetta sé rétt. En mig furðar stórlega á því að þetta, að Hafþór fékk þar litinn fisk, hafi verið grundvöllur undir ákvörðun hæstv. ráðh. um að opna svæðið og þá fyrst og fremst fyrir þýsku togurunum, enda vitum við ósköp vel að einn togari fékk þarna rösklega 200 tonna afla á tveimur sólarhringum og þrír eru búnir að fylla sig síðan og það eru ekki enn þá komin mánaðamót. Það er rífandi afli þarna af smáum milliufsa.

Ég harma það enn að hæstv. sjútvrh. er fjarri. Ég vil samt ekki láta hjá líða að bera fram spurningu hérna sem ég mun svo ítreka við hann aftur þegar fundum okkar ber saman, væntanlega kl. 9 í kvöld, — þá ætla ég að hann muni koma til þess að hlusta á framhald þessara umr., — bera fram þá spurningu við hann hvort satt sé, sem mér hefur verið sagt af allmörgum merkum mönnum, að hæstv. ráðh. hafi látið þau orð falla á fundi hér í Reykjavík fyrir skemmstu að hann teldi að mjög svo kæmi til greina að framlengja samninginn við vestur-þjóðverja um heimild þeim til handa til að veiða hér 60 þús. tonn á ári í tvö ár enda þótt bókun 6 gangi ekki í gildi, þannig að sú heimild, sem við höfum til þess að fella niður þýska samninginn nú í vor, verði ekki notuð þrátt fyrir svardagana alla hér fyrir jólin í vetur þegar fjallað var um þýsku samningana. Ef svo er, þá hlýt ég að tengja þessa ráðstöfun með fiskimiðin okkar fyrir Suðausturlandi ákveðinni grunsemd um það að stefnt sé að því að þýski samningurinn, sem hljóðar upp á 60 þús. tonna ársafla handa 20 skuttogurum í tvö ár, þessi samningur eigi að gilda áfram. Og ég vil rétt aðeins geta þess, að nýi pólski togarinn, sem nú á að taka á leigu og setja í karfaleit fremur en landhelgisgæslu, hann má finna mikinn karfa og auðfenginn ef okkur á að vera búinn meiri ágóði af því að gera hann út til þeirra hluta heldur en af því væri að losna við þýska samninginn.

Forseti tók öll dagskrármálin af dagskrá.

Sameinað þing, 72. fundur.

Þriðjudaginn 30. mars, að loknum 71. fundi.

Könnun á vissum þáttum heilbrigðisþjónustunnar, þáltill. (þskj. 164). — Ein umr.

Flm. (Sverrir Bergmann): Herra forseti. Á þskj. 164 hef ég leyft mér ásamt hv. 2. þm. Reykn. að flytja till. til þál. um könnun á vissum þáttum heilbrigðisþjónustunnar með tilliti til hugsanlegs sparnaðar og enn betri þjónustu með breyttu starfsskipulagi. Þáltill. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að hlutast til um að fram fari könnun á skipulagi eftirgreindra þátta heilbrigðisþjónustunnar:

1) heimilislækningum,
2) sérfræðilæknisþjónustu,
3) þjónustu við sérstaka sjúklingahópa og
4) rekstri sjúkrahúsa með tilliti til þess, hvort hægt sé með skipulagsbreytingu að stuðla í senn að:
   a) enn bættri heilbrigðisþjónustu og
   b) umtalsverðum sparnaði.

Í könnun þessari skulu eftirfarandi atriði sérstaklega tekin til athugunar:

A) að greiðsla til heimilislækna eftir gildandi númerakerfi verði lögð niður, en þess í stað teknar upp greiðslur fyrir beint unnin læknisstörf eingöngu,

B) að sérfræðileg læknisþjónusta verði í áföngum eingöngu unnin á sjúkrahúsum, jafnt fyrir þá sjúklinga, er þar liggja, sem og hina, er slíkrar þjónustu þarfnast án innlagningar á sjúkrahús,

C) að sérfræðileg læknisþjónusta við sérstaka sjúklingahópa verði fastur liður í starfsemi einstakra sérdeilda við sjúkrahúsin og

D) að samanburður verði gerður á ólíku rekstrarfyrirkomulagi sjúkrahúsa hérlendis sem erlendis með tilliti til þess, af hverju rekstrarfyrirkomulagi megi vænta bestrar og hagkvæmastrar nýtingar tækja, aðstöðu og vinnuafls miðað við íslenskar aðstæður.

Athugun þessi fari fram í sambandi við yfirstandandi endurskoðun á lögum um heilbrigðisþjónustu og lögum um almannatryggingar."

Í grg. með þessari þáltill. er getið helstu ástæðna fyrir flutningi hennar, og mun ég nú ræða þær nánar.

Við skulum gera okkur fulla grein fyrir því, að heilbrigðisþjónusta er dýr. Þetta stafar af því að góð heilbrigðisþjónusta krefst mikils og vel menntaðs mannafla, einnig góðra tækja og mikils og góðs rýmis. Þá eru framfarir á sviði þessara mála mjög örar og því stöðug nauðsyn á viðhaldi og aukningu þekkingar alls starfsliðs, auk þess sem aukning og endurnýjun tækjabúnaðar og aðstöðu er óhjákvæmileg, þ. e. a. s. ef við eigum að geta tileinkað okkur þær öru framfarir er til bóta horfa.

Það þarf varla að fara um það mörgum orðum, að ekkert velferðar- og menningarþjóðfélag víkur frá sér góðri heilbrigðisþjónustu, heldur hlýtur þvert á móti að reyna að efla hana og gera enn betri. Því hættir enginn á það að dragast aftur úr í framþróun á þessu sviði, enda væri þá kippt burt einni af styrkustu stoðum menningar- og velferðarþjóðfélagsins.

Opinber útgjöld til heilbrigðis- og tryggingamála nema nú um 35% af heildarútgjöldum fjárlaga. Það er auðvitað mikil upphæð, en hins vegar ekki óeðlileg þegar málin eru gaumgæfilega athuguð, og raunar eru fjárframlög okkar til þessara mála ekki hærri en gerist meðal þeirra þjóða sem næstar okkur eru og við kjósum helst að miða okkur við. Okkur til hróss er vert að geta þess að heilbrigðisþjónustan í landinu er um margt með miklum ágætum, þótt á öðrum sviðum vanti mikið á að hún sé með æskilegasta móti.

Ég tel fullvíst að við deilum ekki um það, að heilbrigðisþjónustu okkar viljum við hafa eins góða og mögulegt er og við viljum í því efni ekki spara nauðsynleg fjárútlát, en heildarút-

gjöld til þessara mála hljóta þó á hverjum tíma að takmarkast af getu þjóðarinnar sem hefur í fleiri horn að líta með útgjöld sín.

Hins vegar er það mjög mikilvægt að í meðferð mikilla fjármuna sé þess gætt að fyrir þá fáist sem mest. Það gerist því aðeins að fyrir hendi sé hámarksnýting mannafla, tækja og aðstöðu sem óhjákvæmileg er og hlýtur að vera meira og minna fastur kostnaðarliður. En hagkvæmasta starfsskipulag ætti að tryggja bestu þjónustu og í raun sparnað, jafnvel beina lækkun á útgjöldum er gæfi þar með svigrúm til aukinna umsvifa og hraðari uppbyggingar og þá einkum á þeim sviðum þar sem við höfum heldur dregist aftur úr.

Niðurstaðan af þessum 1. lið í grg. með þáltill. er því þessi: Vissum þáttum í heilbrigðisþjónustunni verður ekki breytt. Það mun stöðugt þurfa menntað vinnuafl, tæki og aðstöðu. Á þessum liðum verður ekki sparað og á ekki að spara, heldur að kappkosta að gera allt þetta svo úr garði sem best verður á kosið. Allur sparnaður, beinn eða óbeinn, er kominn undir hagkvæmasta starfs- og rekstrarskipulagi, og því er veigamikið að kannað sé annað fyrirkomulag en það, sem nú ríkir, og má þá marka framtíðarstefnu í ljósi niðurstöðu slíkrar athugunar.

Í 2. lið grg. með þessari þáltill. kemur ljóst fram hve mikilvæg ákveðin stefnumörkun á þessu sviði er. Ef niðurstöður af könnun þeirri, sem hér er lögð til, yrðu á þann veg að annað starfsfyrirkomulag væri æskilegra en hið núverandi, yrði að hanna sjúkrastofnanir með tilliti til þess að slíku breyttu starfsskipulagi yrði við komið. Enda þótt nú sýnist um skeið næsta óhjákvæmilegt að nokkur töf verði á framkvæmdum á sviði heilbrigðismála, þá liggja fyrir áætlanir um byggingu eða stækkun sjúkrahúsa ásamt með byggingu sérstofnana fyrir sérstaka sjúklingahópa og aldraða, auk þess sem heilsugæslustöðvar munu rísa upp, og hér má ekki endalaust halda blint áfram við hönnun allra þessara stofnana án þess að menn hafi gert sér fulla grein fyrir því hvaða starfsskipulag henti best íslenskum aðstæðum, skapi besta þjónustu og sé hagkvæmast, því að slíku skipulagi hlýtur hönnun þessara stofnana að eiga að taka mið af.

Raunar tel ég að könnun af því tagi, sem hér er lagt til, hefði átt að vera búin að fara fram fyrir langalöngu, þannig að við hefðum þegar valið þá leið, er við gætum talið besta, og byggðum upp okkar heilbrigðisstofnanir í samræmi við það. Í rauninni er það svo að við byggjum þær eðlilega nú svo að núverandi kerfi verði þar við komið, án þess að hafa gert okkur fulla grein fyrir því, hvort þetta er besta starfs- og rekstrarfyrirkomulagið.

Niðurstaðan af 2. þætti þessarar grg. er því í stuttu máli sú, að við þurfum að hafa kannað gaumgæfilega hvaða starfsfyrirkomulag hentar best með tilliti til gæða þjónustunnar og hagkvæmni og haga síðan uppbyggingu sjúkrastofnana okkar þannig að því kerfi, er við veljum, verði þar við komið.

Ég tel mig nú raunar búinn að gera grein fyrir því sem fram kemur í 3. lið grg., en vil þó rétt til viðbótar vekja athygli á því, að athugun af þessu tagi og niðurstöður hennar, hverjar sem þær yrðu, væru afar þýðingarmikil leiðbeining fyrir þá sem fjalla um fjárveitingar til heilbrigðismála. Slíkar niðurstöður væru gagnmerkar heimildir og mundu gera mönnum auðveldara að átta sig á því til hvers peningarnir fara og hvaða kostnaður í sambandi við menntun, aðstöðu og tæki er óhjákvæmilegur hverju sinni. Jafnframt mundi þetta varpa ljósi á það, hverja vinnu þarf og hvaða mannafla til þess að heilbrigðisþjónustan sé góð á sem flestum sviðum og sem næst eins góð og verða má, a. m. k. miðað við okkar aðstæður. Þeim, sem fjárveitingavaldið hafa, eru þessar leiðbeiningar orðnar mjög þarfar, því að fjárhæðirnar eru orðnar miklar og eðlilegt að þeir, sem ekki hafa aðstöðu til að þekkja þessi mál ofan í kjölinn, geri sér ekki alltaf fyllilega grein fyrir þeirri nauðsyn er liggur að baki ýmissa óska sem óhjákvæmilega hafa fjárútlát í för með sér.

En hvernig skal svo þessi athugun framkvæmd?

Í fyrsta lagi verðum við að gera okkur grein fyrir því að hér er um mjög viðamikið mál að ræða. Það er flókið og margslungið og verður ekki unnið nema til þess fáist hæfir starfskraftar, sem þýðir í rauninni að nauðsyn er sérstakrar fjárveitingar í þessu augnamiði. Ef ekki verður þannig að þessari athugun staðið er alveg ljóst að hún verður aldrei framkvæmd eða a. m. k. ekki með þeim hraða og með þeirri nákvæmni sem er alger undirstaða þess að hún sé einhvers virði og eitthvað sem hægt sé að byggja á.

Í öðru lagi er ekki hægt að vinna að þessari athugun nema í fullri samvinnu við alla þá aðila sem hér eiga hlut að máli og hafa sumir hverjir mikilla hagsmuna að gæta og nýtt skipulag gæti haft misjafnlega mikil áhrif á. Þessir aðilar búa auk þess yfir mikilli reynslu vegna starfa sinna í heilbrigðisþjónustunni, og hlýtur þekking, er byggist á slíkri reynslu, að vera jafnmikilvæg og tölulegar upplýsingar og niðurstöður, því að það er nú einu sinni svo, að eitt er lög og reglur og annað framkvæmd þegar öllu er á botninn hvolft. Raunhæf niðurstaða af þessari athugun er fráleit nema þessa síðast talda atriðis sé gætt rækilega. Frá þessum tveimur þáttum verður alveg að ganga áður en lagt er upp í þessa athugun.

Nú skal ég fara nokkrum orðum um þá þætti sem sérstaklega er óskað athugunar á.

Hvað því viðkemur að greiðslur til heimilislækna eftir gildandi númerakerfi verði lagðar niður er vert að fram komi, til þess að fyrirbyggja allan misskilning, að ekki er lagt til hér að fólk hætti að hafa sérstakan heimilislækni eða heimilislækna við ákveðna heilsugæslustöð, heldur verði nú aðeins greitt fyrir beint unnin störf frekar en að fast gjald sé tekið af hverjum einstaklingi sem í samlagi er hjá viðkomandi heimilislækni. Engum getum skal að því leitt hvort þessara kerfa hefði í för með sér meiri fjárútlát, en ekki er ósennilegt að þetta gæti leitt til minnkunnar á annarri þjónustu og þá jafnframt miklu dýrari.

Hvað viðkemur sérfræðilegri læknishjálp almennt sem og sérfræðilegri læknishjálp við sérstaka hópa sjúklinga er litlu við það að bæta

sem í till. stendur. Þessi þjónusta fer nú að miklu leyti fram utan sjúkrahúsa og er greitt fyrir sérstaklega af sjúkrasamlögum. Í till. er að því stefnt að þetta fyrirkomulag verði lagt niður, en sérfræðingar verði ráðnir að sjúkrahúsunum og þessi þjónusta fari þar fram sem hluti af þeirra fasta starfi. Augljóslega þýðir þetta verulega aukin umsvif hjá sjúkrahúsunum og einhverja aukningu hvað varðar rekstrarkostnað þeirra, en þar kæmi aftur á móti að niður féllu greiðslur sjúkrasamlaga fyrir þessa þjónustu. En ósagt skal látið, enda markmið könnunarinnar að komast eftir því, hvort þetta hafi lækkun á útgjöldum í för með sér í heild, þótt ástæða sé til þess að ætla að svo gæti orðið. En jafnframt ber á það að líta að með þessu fyrirkomulagi er líklegt að mun betri nýting fengist á aðstöðu, tækjum og dýrum mannafla og þar með betri þjónusta, m. a. stytting á biðtíma eftir sérfræðiaðstoð. Er hér annars um að ræða næstþýðingarmesta þátt þessa máls.

Hvað viðkemur sérfræðilæknishjálp fyrir sérstaka sjúklingahópa er ekki lagt til hér að slíkir sjúklingahópar verði eingöngu í eftirliti hjá sérdeildum hinna einstöku sjúkrahúsa, eftir því sem við á, heldur séu það þeir, sem þurfa stöðugs eftirlits hjá sérfræðingi, en aðrir aðeins af og til, eftir því sem þeirra heimilislæknir telur nauðsynlegt, en annars er eftirlitið í hans hendi.

Í sambandi við rekstrarfyrirkomulag sjúkrahúsa er ekki aðeins nauðsynlegt að athuga hvert þeirra hentar okkur best í ljósi tölulegra upplýsinga, fenginnar reynslu af því, sem við höfum, og þeim aðstæðum, sem við búum við, heldur er einnig nauðsynlegt að athuga hvort auknsamvinna sjúkrahúsa, ekki aðeins á Stór-Reykjavíkursvæðinu, heldur um landsbyggðina alla, og ákveðin skipting verkefna milli þeirra sé líkleg til bættrar þjónustu og aukinnar hagkvæmni. Er þetta langveigamesti þáttur þessarar könnunar.

Kerfi það, sem við nú búum við viðkomandi fyrrgreindum þáttum heilbrigðisþjónustunnar, er að nokkru leyti til orðið með setningu laga og reglugerða og að nokkru leyti vegna atvikaþróunar. Þetta kerfi hefur reynst vel í mörgu, en miður á öðrum sviðum. Þeir, sem í kerfinu starfa, þekkja kostina og gallana, og án efa hafa allir þeir landsmenn, sem heilbrigðisþjónustu hafa þarfnast, einnig gert sér grein fyrir því hvar skórinn kreppir. Því miður fer hins vegar allt of lítið fyrir því að fólk geri sér ljóst það sem vel gengur þrátt fyrir allt og snurðulaust í kerfinu.

Í fyrirhugaðri athugun er raunar alveg nauðsynlegt að niðurstöður byggðar á tölulegum upplýsingum og reynslu liggi fyrir viðkomandi ríkjandi kerfi. Kemur þetta reyndar af sjálfu sér því að við það verður viðmiðunin gerð. Núverandi kerfi er fjármagnað samfélagslega, en sú þjónusta, sem fram fer innan þess, er ekki nema að nokkru leyti útgreidd með sama hætti, en að öðru leyti er hún á grundvelli einkarekstrar þótt samningum sé sá rekstur háður. Vera má að athugun leiði það eitt í ljós að þetta fyrirkomulag henti best við okkar aðstæður og þjóni best hagsmunum allra þeirra sem hér eiga hlut að máli. Athugun sú, sem hér er farið fram á, beinist hins vegar fyrst og fremst að því hvort aukið samfélagslegt fyrirkomulag sé hagkvæmara öllum aðilum í lengd og bráð og beri því að færa starfsskipulag inn á þá braut í vaxandi mæli og að lokum algerlega. Auðvitað mundi slíkt fyrirkomulag ekki á neinn hátt vera því til fyrirstöðu að sérfræðileg læknisþjónusta færi fram eftir fyrirkomulagi einkarekstrar, en útgjöld vegna slíkrar þjónustu, hvort heldur hún yrði mikil eða lítil samhliða, yrðu þá óháð opinberum útgjöldum til heilbrigðismála. Vafalaust mætti enn benda á það rekstrarfyrirkomulag að heilbrigðisþjónusta væri eingöngu skipulögð sem einkarekstur, og ekki leggst ég gegn því að slíkt fyrirkomulag væri jafnframt kannað. En ég tel afar ósennilegt í ljósi þess mikla kostnaðar, sem þessari starfsemi er samfara, annars vegar og í ljósi nokkuð þrálátra rekstrarerfiðleika fyrirtækja hins vegar, að slíkt kerfi fái staðist hér í raun og tel ekki líklegt að við verði komið bestri og sem jafnastri þjónustu né heldur að í því væri að finna nokkra sparnaðarleið, því að sennilega yrði hið opinbera jafnan að hlaupa undir bagga og mundi vafalaust að lokum bera stærsta kostnaðarhlutfall og jafnvel ekki minni kostnað en þótt það hafi reksturinn allan beint með höndum. Auk þess hlýtur það að vera nokkuð ljóst mál, að þjónusta við sjúka á ekki að vera gróðavegur, en gróði er markmið alls einkarekstrar í raun, að hverju svo sem hann lýtur. Og þótt þetta geti verið framkvæmanlegt í hinum stóra heimi, þá yrði það allt miklu erfiðara hér þar sem hver er að heita annars frændi og vinur og landsbúar allir ein stór fjölskylda þegar á reynir.

Ég vil undirstrika það, að ég tel að athugun af þessu tagi sé afar þýðingarmikil, og ég hef reynt að rökstyðja það með þessari framsögu minni. Hinu geri ég mér fulla grein fyrir, að enda þótt jákvæð niðurstaða fengist úr þessari könnun þarf margs að gæta í framkvæmdinni og hugsanlegri breytingu ef ákveðin yrði, auk þess sem henni væru verulegar skorður settar innan þeirrar uppbyggingar sem þegar er fyrir hendi. Hún verður hvort sem er tekið mið af því kerfi sem nú er ríkjandi, og það gæti því aðeins orðið um áfangaþróun að ræða, nýja stefnu í starfsskipulagi er kæmi til framkvæmda á nokkru tímabili.

Ég vil segja það að lokum, að grundvöllur fyrir breyttu starfsskipulagi er fjölgun heimilislækna og bætt starfsaðstaða þeirra, og undir þetta hvort tveggja sýnist nú hilla. Þá er einnig mjög nauðsynlegt að á hverri heilsugæslustöð sé saman komin ákveðin samsetning læknisfræðilegrar þekkingar, ef ég má svo að orði komast, enda mundu þá slíkar stöðvar nánast geta annað öllu því, sem upp á kemur, og þeir sjúklingar, sem leita þurfa sérfræðiaðstoðar utan heilsugæslustöðvanna, yrðu tiltölulega fáir og þeim yrði best sinnt á því sem kalla mætti dagdeildir sjúkrahúsa og þaðan væru þeir lagðir inn á sjúkrahús sem þess þyrftu. Ég efast ekki um að þetta mundi stuðla að mjög bættri nýtingu sjúkrahúsanna. Það styttir bið eftir að hitta sérfræðinga og það styttir bið eftir því að komast á sjúkrahús þegar þess þarf með.

Annað, sem einnig leiðir af þessu kerfi, er mjög mikilvægt, en það er að líkur yrðu fyrir því að miklu eðlilegri skipting yrði annars vegar í sérfræðinga og hins vegar þá sem legðu stund á heimilislækningar. Auk þess er mjög líklegt að með þessu fyrirkomulagi yrði engin sérgrein afskipt og sæmilega vel yrði séð fyrir mannafla í hverri sérgrein fyrir sig.

Ég vil taka það fram að þetta fyrirkomulag hefur lítils háttar verið reynt hér á landi, og það liggur raunar þegar fyrir að að því er umtalsverður sparnaður og mikil bót á allri þjónustu hvað sjúklingunum við kemur. Hins vegar tel ég það ekki mitt að fara út í það nánar, enda lít ég svo á að það sé verkefni þessarar könnunar að komast eftir því hver hagkvæmni hugsanlega er að þessari breytingu og hvort æskilegt sé þá í framhaldi af því að haga uppbyggingu í samræmi við hana og koma inn á þessa braut hægt og bítandi.

Herra forseti. Ég vil svo leyfa mér að óska þess að þegar umr. þessari lýkur verði þáltill. vísað til hv. heilbr.- og trn.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Hv. fyrri flm. þeirrar till., sem hér um ræðir, hv. þm. Sverrir Bergmann, 4. þm. Reykv., hefur nú í sinni greinargóðu ræðu gert fullnægjandi grein fyrir tilgangi okkar með flutningi till. Og það er eiginlega meira til gamans og fróðleiks sem mig langar til að bæta hér við örfáum staðreyndum varðandi þennan málaflokk.

Í stofnskrá Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, sem Ísland er aðili að og fyrstu aðilarnir undirrituðu þegar árið 1946, segir svo: „Heilbrigði allra þjóða er frumskilyrði þess, að höndlað verði hnoss friðar og öryggis, og er komið undir fyllstu samvinnu einstaklinga og ríkja.“ Þar segir enn fremur: „Útbreiðsla þekkingar meðal allra þjóða á gæðum læknisfræði, sálarfræði og skyldra vísinda er undirstaða fyllstu aukinnar heilbrigði.“

Fáum Evrópuþjóðum ætti að vera mikilvægi þessara orða stofnskrár Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar ljósara en einmitt okkur. Við erum þjóð sem öldum saman bjó við hörmulegt heilsufar og tileinkuðum okkur áratugum seinna en nágrannaþjóðirnar ýmsar umbætur og nýjungar í læknisfræði og skyldum vísindagreinum. Þetta var af ýmsum ástæðum, fyrst og fremst af fátækt, einangrun og harðbýli landsins, en einnig eins og stofnskráin segir, vegna skorts á samvinnu einstaklinga og ríkja og vegna skorts á útbreiðslu þekkingar um læknisfræði og skyldar greinar.

Þegar þjóðin hafði búið í þessu landi í 1000 ár, þá má segja að heilbrigðisþjónusta hafi verið hér á algeru frumstigi. Árið 1874 voru hér tvö sjúkrahús, sjúkrarúmin samtals 30, þ. e. a. s. eitt sjúkrarúm á hverja 2360 íbúa. Þá var í landinu einn læknir á hverja 4500 íbúa. Þótt þá hafi verið liðin meira en 100 ár frá því að við eignuðumst fyrsta landlækninn, þá hafði heilbrigði landsmanna þó ekki enn tekið verulegum stakkaskiptum, en þó voru heilbrigðishættir aðeins að færast í meira menningarhorf þá. Árið 1874 voru landsmenn rúmlega 70 þús. og þá var barnkoma okkar um 38‰, en er nú um 19.6‰. Manndauði var þá 24‰ en er nú 6.9‰. Ungbarnadauði var þá 240 af 1000 fæddum börnum, en nú deyja 10.6 af hverjum 1000 fæddum innan eins árs. Um sama leyti var ungbarnadauðinn og fleiri atriði, sem ég gat um áðan, nærri helmingi hagstæðari í nágrannalöndum okkar heldur en hjá okkur.

Um þetta leyti fór aftur á móti að hilla undir fjármagn til heilbrigðisþjónustunnar, og á fyrsta fjárhagstímabili landsins, eftir að það hafði fengið fjármálastjórnina í sínar hendur, er varið til læknaskipunar og heilbrigðismála úr landssjóði um 43 aurum á hvert mannsbarn í landinu. Árið 1976 mun þessi tala verða milli 50 og 60 þús. á hvert mannsbarn, þ. e. a. s. það, sem fyrir 100 árum voru 43 aurar á mann, er núna milli 50 og 60 þús., og segja má að til heilbrigðisþjónustunnar muni varið alls 240 þús. á fjögurra manna heimili í landinu árið 1976. Það mætti ætla að mikla og góða þjónustu fengjum við fyrir allt þetta fjármagn, enda er það svo.

Ég sagði áður að við hefðum verið sein að taka við okkur í þessum efnum. En á þessari öld hafa orðið alger umskipti hvað læknisþjónustu snertir. Nú höfum við um áratugi notið jafngóðrar eða betri heilbrigðisþjónustu en nágrannar okkar, og alllengi höfum við verið jafnlanglífir og þeir. Það má því segja að það aukna fjármagn, sem runnið hefur til heilbrigðisþjónustunnar, hafi ásamt aukinni skipulagningu og þekkingu skilað frábærlega góðum árangri.

Um þær breytingar, sem orðið hafa á þessu tímabili, má enn fremur geta þess, að fyrir 100 árum höfðum við einn lækni á 4500 íbúa. En nú höfum við einn lækni á hverja 600 íbúa. Þar að auki verður að geta þess, að læknar hafa nú sér til aðstoðar öfluga og vel menntaða stétt heilbrigðisstarfsfólks sem nánast var ekki til fyrir 100 árum, að ljósmæðrum undanskildum. Fyrir 100 árum höfðum við eitt sjúkrarúm á hverja 2360 íbúa. Nú munum við hafa eitt sjúkrarúm á hverja 800 landsmanna þannig að á þessu hefur orðið gífurleg breyting. 1874 var meðalævi íslenskra karla 34½ ár og kvenmanna 39 ár, en árið 1974 var meðalævi íslenskra karla um 71.2 ár og kvenna 76.7. Árið 1874 dóu 240 af 1000 fæddum börnum innan eins árs, en 1974 dóu 12 af 1000 fæddum. Þannig mætti halda áfram að rekja framfarir okkar í heilbrigðismálum, sigra sem eru svo stórfelldir að á hálfri öld höfum við færst úr einu neðsta sæti Evrópulanda á þessu sviði upp í það að vera nærri jafnir þeim bestu.

En þetta hefur að sjálfsögðu ekki náðst baráttu- og átakalaust. Þegar við fyrir einni öld höfðum aðeins 30 sjúkrarúm í landinu, þá var fjarri því að þau væru að jafnaði fullsetin. Fólkið í landinu hafði einfaldlega ekki efni á því að liggja í sjúkrarúmunum. En nú um áratuga skeið hefur okkar tryggingalöggjöf skapað öllum landsmönnum það öryggi að fátækt og auraleysi hamla varla möguleikum okkar til þess að njóta nauðsynlegrar læknishjálpar eða sjúkralegu. En eins og síðasti ræðumaður gat um, góð heilbrigðisþjónusta er dýr og nærri 35% af ríkisútgjöldum okkar fara til heilbrigðis- og tryggingamála. Enn fremur er það svo, þótt slíkar gífurlegar umbætur hafi orðið eins og ég hef þegar getið um, að enn eru vanræktir þættir

til hjá okkur. Það er ýmislegt sem betur mætti fara og með aukinni hagræðingu og samvinnu innan okkar heilbrigðisþjónustu mætti um bæta. Það er þess vegna sem þessi till. er flutt og til að rannsaka gaumgæfilega kostnaðarhlutfallið milli ýmissa þátta lækninga og hvort mætti hagræða því á einhvern hátt til bættrar þjónustu án kostnaðarauka.

Að sjálfsögðu fer lækning flestra þeirra, er veikjast, fram utan sjúkrahúsa. Aftur á móti fá sjúkrahúsin þau tilfelli til meðferðar sem ekki tekst að lækna heima. Athuganir sýna hins vegar að langmest af kostnaðinum við heilsugæslu eru daggjöld sjúkrahúsa. Svo yfirgnæfandi er þessi kostnaðarliður að áætlun 1976 gerir ráð fyrir 8 milljörðum 120 millj. í daggjaldakostnað af 11 milljarða 600 millj. kr. heildarkostnaði.

Sú könnun, sem við flm. leggjum til að framkvæmd verði og fyrri flm. hefur nú rækilega gert grein fyrir, miðar m. a. að því að finna út á hvern hátt mætti bæta aðstöðuna til rannsókna og lækninga utan sjúkrahúsa og á þann hátt draga úr þörfinni fyrir hina dýru sjúkrahúsvist. Það má segja að verið sé að vinna mikið að bættri þjónustu utan sjúkrahúsa og þá fyrst og fremst með byggingu heilsugæslustöðvanna. En þar fylgir þó sá böggull skammrifi að svæðið, þar sem meira en helmingur landsmanna býr, mun nú um 1—2 áratugi a. m. k. verða verulega útundan á þessu sviði. Er trúlegt að það muni há okkar heilbrigðisþjónustu á þessu þéttbyggða svæði mjög verulega og ástæða er til að það verði einnig vel kannað hvernig draga má úr áhrifum þeirrar tafar, þannig að við getum einnig bætt heilbrigðisþjónustu hér með eðlilegum hætti.

Varðandi athugun á rekstri sjúkrahúsa er ekki nokkur vafi á því að þar er grundvöllur fyrir miklum umbótum ef allir leggjast á eitt um að nýta og skipuleggja sem best það starf sem þar er unnið. Ekki verður annað sagt en að athugun í þessu efni hafi oft og lengi farið fram, en það er nú einhvern veginn svo að takmarkaður hefur árangurinn verið, og því er ekki að neita að það er kannske einna frekast þarna sem ætla má að hilli undir verulegan sparnað, því að talið er af þeim, sem best þekkja til, að skortur á samstarfi og samvinnu hái okkar heilbrigðisþjónustu innan sjúkrahúsanna og til þess að bæta þarna um muni þurfa nokkra endurskipulagningu.

Sem dæmi um þætti, sem hafa orðið útundan hjá okkur, þá er öllum ljóst að árum saman hefur verið mjög erfitt að fá hér pláss fyrir hjúkrunarsjúklinga og einkum þá sem eru mjög illa farnir. Og þetta er ekki alltaf vegna plássleysis, heldur er eins og enginn vilji þessi erfiðu tilfelli hafa hjá sér, og það er að sjálfsögðu skipulagsatriði, sem verður að leysa, að tryggja það að þeir, sem kannske hafa einna helst not fyrir plássin, fái að njóta þeirra. Enn fremur eru alþekktir erfiðleikar áfengissjúklinga, en vonandi rætist nú eitthvað úr þeim málum hvað sjúkrahúspláss snertir þegar Vífilsstaðaspítalinn verður tekinn í notkun. Þannig mætti halda áfram að telja upp örðugleika sem við eigum við að stríða, — örðugleika sem í mörgum tilfellum mætti ráða bót á án þess að plássum yrði verulega fjölgað og án þess að kostnaðarauki yrði af.

Það hafa á undanförnum áratugum orðið miklar breytingar á sjúkdómum og meinum okkar í heild. Og einn er sá liður, sem við höfum ekki minnst á í okkar till., en sannarlega getur haft mikil áhrif á aðstöðu okkar heilbrigðisþjónustu í framtíðinni, og það er heilsugæslan. Það er í raun og veru hörmulegt, að þrátt fyrir það að við höfum ráðið niðurlögum margra þeirra sjúkdóma sem fyrir nokkrum áratugum ollu flestum dauðsföllum og legudögum hjá okkur, þá er samt ekkert lát á þörfinni fyrir lækna og sjúkrarými. Og það er sjálfsagt að kanna hvað það er sem þessu veldur, hvaða sjúkdómar það eru sem hafa skotið upp kollinum, hvaða þjóðfélagshópar verða helst fyrir barðinu á þeim.

Þegar við förum að hugsa um þessi mál, þá rekum við fljótt augun í atriði sem eru nátengd nútíma lífsvenjum og eiga stóran þátt í því, hve þörfin fyrir sjúkrarúm er mikil, og munu áður en langt um líður fara að hafa veruleg áhrif á ævilengd okkar ef ekkert verður aðhafst. Þeir hópar, sem ég hef m. a. í huga, eru þessir. Í fyrsta lagi reykingafólk. Þetta fólk mun í vaxandi mæli fylla sjúkrahúsin í framtíðinni vegna lungnasjúkdóma, vegna hjarta- og æðasjúkdóma. Í öðru lagi áfengissjúklingar og aðrir vímugjafasjúklingar. Þetta er stærra heilbrigðisvandamál en menn gera sér yfirleitt grein fyrir. Áfengisneytendur eru tíðir gestir sjúkrahúsa, m. a. vegna magakvilla, vegna heilarýrnunar, vegna æðakölkunar, vegna lifrarsjúkdóma og síðast, en ekki síst vegna geðtruflana og svo seinast sem áfengissjúklingar á þar til gerðum stofnunum. Í þriðja lagi eru það svo slysin og þá ekki síst umferðarslysin. Þau eru, eins og vitað er, margháttuð og margs konar, taka í vaxandi mæli upp rúm sjúkrahúsanna og skilja oft eftir sig hörmulega örorku, sem hefur ósegjanleg áhrif á framtíð þess fólks sem fyrir henni verður. Í fjórða lagi er það offita og ofeldi sem er vaxandi heilbrigðisvandamál vegna ýmissa samverkandi þátta. Má þar geta um að okkar störf krefjast nú minni orku en áður var, minni hreyfinga, og þetta veldur því að fólki hættir til að verða of feitt. Samfara bættri fjárhagsafkomu til matarkaupa hefur vinna okkar breyst þannig að við reynum minna á okkur, hreyfum okkur minna og á sama tíma étum við gjarnan meira. Í fimmta lagi eru svo atvinnusjúkdómar sem eru samfara nýjum atvinnugreinum og nýjum efnum sem meðhöndluð eru. Verða þeir í æ ríkari mæli orsök til örorku og sjúkdóma. Þetta eru þó aðeins fáar af þeim orsökum sem liggja til okkar miklu sjúkrarúmaþarfar nú, og margar af þessum orsökum voru ekki fyrir hendi áður fyrr í eins ríkum mæli og nú er a. m. k.

Afleiðingin af þessu öllu saman er svo sú, að okkur sárvantar sjúkrarúm, enda þótt við höfum allt að því jafnmörg sjúkrarúm og nágrannalönd okkar hafa. Þegar svo er, þá er líka ástæða til að kanna hvernig á að leysa þann vanda, því að það eru til fleiri en ein leið til úrbóta ef sjúkrarúm vantar, t. d. sú leið, að byggja yfir fleiri sjúkrarúm, í öðru lagi að nýta betur þau sjúkrarúm sem fyrir eru, í þriðja lagi að fækka þeim sjúklingum sem þurfa sjúkrahúsvistar, sbr. það sem ég hef áður sagt um umbætur í heimilislækningum, og í fjórða lagi að fækka þeim sem

missa heilsuna með betri heilsugæslu og meiri heilsuvernd.

Þetta var nú það helsta sem ég vildi við bæta. Ég vil svo leggja áherslu á það að við höfum mikla reynslu af því að heilsugæslan hefur komið okkur að mjög miklum notum, t. d. í baráttunni við berklana. Það var fyrst þegar við fórum að leita eftir sjúkdómum á byrjunarstigi sem við fórum að sjá verulegan árangur af starfinu og fórum að verða þess varir að við þyrftum ekki lengur endilega að fjölga sjúkrarúmum, heldur að sjúkdómurinn hjá hverjum einstaklingi tók skemmri tíma en áður hafði verið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Rannsóknir og hagnýting á sjávargróðri, þáltill. (þskj. 187). — Fyrri umr.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég ásamt 4 öðrum hv. þm. flyt till. til þál. á þskj. 187 um rannsónir og hagnýtingu á sjávargróðrinum við Ísland. Þar er lagt til að Alþ. skori á ríkisstj. að skipa 5 manna n. til þess að gera till. um aðgerðir til að efla rannsóknir á sjávargróðrinum við Ísland, annars vegar með tilliti til uppeldisstöðva nytjafiska og hins vegar með hagnýtingu sæþörunga fyrir augum. Skulu þrír nm. skipaðir samkv. tilnefningu þannig að Hafrannsóknastofnunin, Háskóli Íslands og Iðnþróunarstofnun Íslands tilnefni einn mann hver aðili, en tveir nm. skulu skipaðir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður n. Þá er gert ráð fyrir að n. þessi ljúki störfum fyrir næsta þing.

Það er svo að við strendur Íslands vaxa sjóþörungar á breiðu belti sem nær frá flæðarmáli niður á 20 faðma dýpi um það bil. Landsmenn hafa frá alda öðli haft mikil not af þessum gróðri, enda er víða mikið um hann við strendur landsins. Þang og þari var mikið notað til fóðurs, áburðar og eldsneytis, en fjörugrös og söl til manneldis.

Hefur margt verið skrifað um nytsemi þessara þörunga. Af eldri ritum má nefna ritgerð Jóns lærða sem var uppi 1574—1650, en hann skrifaði ritgerð um þarategundir. Latneska ritgerð um söl skrifaði Þorkell Vídalín árið 1674. Ritgerð um þang- og þarategundir er eftir Bjarna Pálsson frá 1729, ritgerð um söl eftir Magnús Ketilsson frá 1775 og ritgerð um ætar þarategundir eftir Magnús Stephensen frá 1808. Enn fremur er mikið um íslenska þörunga og nytsemi þeirra í bók Björns Halldórssonar, Grasnytjar, frá 1783 og í sjóþarafræði eftir Lyngbye sem kom út árið 1819. Fyrstu tilraunir til vísindalegrar þekkingar á íslenskum sjóþörungum er að finna í bók um náttúrusögu Íslands eftir N. Mohr frá 1786. Er þar getið um 65 tegundir af þörungum, langflest sæþörungar. Í riti Odds læknis Hjaltalíns, Íslensk grasafræði, sem kom út að tilhlutan Bókmenntafélagsins árið 1830 og var sú fyrsta í sinni röð á íslensku, eru taldar 57 tegundir þörunga. Eru þeim gefin þar íslensk nöfn. Árið 1861 kom út í Edinborg íslensk flóra eftir enskan grasafræðing, W. L. Lindsay. Þar er getið um 89 tegundir þörunga, mest sjóþörunga.

Meiri háttar athuganir á íslensku sæflórunni hefjast á síðari hluta 19. aldar með ritgerð Strömlets: Om algevegetationen ved Islands Kuster, sem kom út í Gautaborg árið 1886. Strömfelt ferðaðist um Ísland sumarið 1883 og er verk hans byggt á þeirri rannsóknarferð. Í riti þessu er getið tegunda sem voru þá nýjar vísindunum, einkum frá fjörðum austanlands.

Öllu stærra skref er stigið þegar dr. Helgi Jónsson byrjar rannsónir sínar á sjávargróðrinum við Ísland árið 1894. Dr. Helgi hefur manna mest rannsakað íslenska þörunga. Hann hefur skrifað fjölda ritgerða um þetta efni, aðalverk hans eru: The marine algae of Iceland, sem kom út á árunum 1902—1903 og fjallar um tegundasamsetningu sæflórunnar, alls um 200 tegundir og The marine algal vegetation of Iceland, sem kom út árið 1912, þar sem rakin er eftir megni útbreiðsla tegundanna meðfram ströndum landsins, beltaskipting þeirra og samfélagshættir. Síðara ritið var doktorsritgerð Helga, sem hann varði við Hafnarháskóla árið 1910. Á íslensku skrifaði Helgi tvær ritgerðir um þörunga í Búnaðarritið. Það var árin 1906 og 1918. Er þar lýsing á 17 helstu nytjaþörungum og greiningarlykill til að þekkja þá í sundur.

Mikilvægt framlag til íslenskra þörungarannsókna er líka verk Ernst Östrups um kísilþörunga í sjó, Marine Diatoms from the Coasts of Iceland, sem kom út árið 1916. Eru þar taldar 209 tegundir. Sýnishornunum, sem Östrup byggði sínar rannsóknir á, var þó ekki safnað af honum sjálfum, heldur af ýmsum náttúrufræðingum, íslenskum og dönskum.

En eftir þetta verður um hálfrar aldar hlé á rannsóknum sjávargróðursins við Ísland. Sumarið 1963 hóf dr. Sigurður Jónsson rannsóknir á íslenskum sjóþörungum í sumarleyfi frá starfi við Sorbonneháskóla í París. Rannsóknir þessar voru gerðar sumpart á eigin vegum og sumpart fyrir styrk frá Alþ. Voru þær í beinu framhaldi af rannsóknum dr. Helga. Þær stefndu að könnun afskekktra og áður órannsakaðra fjörusvæða í eyjum og á annesjum víða kringum landið.

Árið 1971 fékkst styrkveiting frá Atlantshafsbandalaginu til rannsókna á sæflóru Íslands bæði frá fræðilegu og hagnýtu sjónarmiði. Var gerður út 8 manna fransk-íslenskur leiðangur kringum landið undir stjórn dr. Sigurðar Jónssonar og Sigurðar V. Hallssonar efnaverkfræðings. Megináhersla var lögð á könnun djúpgróðursins, dýptardreifingu hans, tegundasamsetningu og efnismagn. Var nú í fyrsta skipti beitt köfun á Íslandi til beinna rannsókna á botngróðrinum. Bækistöðvar voru settar upp í skólum á ýmsum stöðum vestan-, norðan- og austanlands og djúpið kannað bæði frá landi og sjó. Leiðangurinn var búinn ágætum tækjum, þannig að úrvinnsla gagna fór mestmegnis fram strax. Mikilsverðar upplýsingar fengust um sjóflóruna í þessum leiðangri. Niðurstöður þessara rannsókna birtust í ritgerð eftir dr. Sigurð Jónsson og B. Caram, Nouvel Inventaire des Algues Marines Benthiques de l'Islande, sem kom út á Akureyri árið 1972 í grasafræðitímaritinu Acta Botanica Islandica.

Í þessari ritgerð eru samanteknar allar íslenskar sjóþörungategundir sem vitað er um að vaxi við strendur Íslands. Margar þeirra höfðu ekki fundist áður.

Á sama tíma hefur dr. Sigurður Jónsson fylgst með þróun sjávargróðursins, sem er að vaxa upp í Surtsey, og gert samanburðarkönnun á sjógróðri í Vestmannaeyjum. Niðurstöður þessara athugana hafa birst í Surtseyjarskýrslunum. Auk þess hefur hann skrifað ritgerðir bæði í íslensk og erlend tímarit um nýjungar í íslensku sæflórunni svo og um æxlun og æxlunarferla vissra grænþörunga við Ísland.

Þá ber að minnast á hagnýtar rannsóknir sem Sigurður V. Hallsson hefur unnið að alla tíð síðan árið 1957. Hefur hann unnið mest af þessum rannsóknum að eigin frumkvæði og á eigin vegum, en notið styrks opinberra aðila, svo sem Rannsóknaráðs, raforkumálastjóra, sem nú heitir orkumálastjóri, eða Orkustofnunar og fleiri aðila. Þessar rannsóknir Sigurðar V. Hallssonar hafa einkum snúist um tekju, vinnslu, efnainnihald og uppskerumöguleika á vissum nytjaþörungum. Með þessum rannsóknum sínum, tilraunum með vinnsluaðferðir og markaðsathugunum tókst honum að leggja grundvöll að nýjum atvinnurekstri þar sem er þörungavinnslan að Reykhólum.

Af meiri háttar rannsóknum seinni ára skal enn fremur getið athugana sem bandarískur þörungafræðingur, W. A. Adey, hefur gert á kalkþörungagróðrinum við Ísland. Hefur hann mjög bætt vitneskju manna í þessum efnum og skrifað ritgerðir þar að lútandi, m. a. í greinaflokk Vísindafélags Íslendinga. Það var árið 1968. Þá hefur júgóslavnesk kona, Ivka Munda, mikið ferðast um fjörur landsins undanfarin ár og safnað sýnum. Hefur hún skrifað ritgerð um útbreiðslu algengustu sjóþörunga við Ísland.

Þekking manna á íslensku sæflórunni hefur vissulega aukist á síðari árum. Hins er þó að gæta, að rannsóknir á sjávargróðrinum hafa mest verið framkvæmdar fyrir framtak einstakra manna sem sáu nauðsyn á áframhaldandi rannsóknum. En í dag er hvergi unnið að almennri rannsókn hinna botnlægu sjóþörunga við íslenskar rannsóknastofnanir. Mörg verkefni eru því enn óleyst. Þau krefjast ýmist frumathugana eða endurmats í ljósi nýrra aðferða og breyttra viðhorfa.

Rannsóknir á sjávargróðrinum eru bæði undirstöðurannsóknir eða beinar vísindarannsóknir og hagnýtar rannsóknir.

Hinar beinu vísindarannsóknir á sjávargróðrinum varða grundvallaratriði, svo sem líf, vöxt og æxlun þessara lífvera. Hér er um að ræða bæði botnlæga sjóþörunga og svifþörunga. Hinir botnlægu sjóþörungar mynda aðalstöðvar lægri dýra, sem eru fæða fiska, skjólstöðvar fyrir ungfisk og aðalstöðvar sumra fisktegunda, svo sem hrognkelsis. En svifþörungar hafa sína grundvallarþýðingu sem frumáta hafsins, svo að ekki er að ófyrirsynju, að kalla þá gresjur hafsins, svo sem hinn merki sjávarlíffræðingur Prescott nefnir fyrirbærið.

Ekki þarf hér að ræða um þjóðhagslegt mikilvægi vísindalegra rannsókna á sjávargróðrinum við Ísland. Þar sem þær varða undirstöðuna undir höfuðatvinnuvegi þjóðarinnar, sjávarútveginum. Engin þjóð á meira undir vísindalegum rannsóknum á þessum vettvangi en einmitt Íslendingar. Við verðum sjálfir að annast þær rannsóknir. Ekki er hægt nema að takmörkuðu leyti að byggja á almennum vísindalegum rannsóknum á sjávargróðri sem annars staðar er framkvæmdur. Það verður að gera rannsóknir á sjávargróðrinum við Ísland með tilliti til íslenskra aðstæðna. Hér er mikið verk að vinna og margþætt. Þessar rannsóknir á sjávargróðrinum stefna að heildarsamantekt um íslensku sæflóruna og þar með að bættri vitneskju manna um lífið í sjónum við Ísland. Þetta verk þolir ekki bið. Við höfum heildarsamantekt um fiska, um fugla, um spendýr og um landflóruna, en enn vantar sæflóru Íslands.

Hagnýtar rannsóknir á sjávargróðrinum við Ísland eru og í hæsta máta aðkallandi verkefni. Við höfum þegar hafið það starf með rannsóknum þeim á þara og klóþangi, sem voru undanfari þörungavinnslunnar að Reykhólum. Þar er um að ræða gott dæmi um þýðingu þörunga sem hráefnis fyrir mikilvæga framleiðslu, þar sem eru alginöt sem eru mikilvægur þáttur í margs konar efnaiðnaði, allt frá tannkremi niður í skósvertu.

Miklir möguleikar eru í sambandi við hagnýtingu kalkþörunga, sem eru í miklu magni t. d. í Arnarfirði og Ísafjarðardjúpi. Úr kalkþörungum er framleitt kalk til áburðar á tún. Hér er hrópandi verkefni fyrir hagnýtar rannsóknir.

Söl og fjörugrös er jafnvel ekki að forsmá til manneldis nú á dögum frekar en í gamla daga.

Ein þörungategundin, purpurahimna, finnst hér við land sums staðar í stórum stíl. Japanir sækja svo mjög í purpurahimnu að þeir rækta hana til manneldis og þykir hún herramannsmatur. Þeir tímar mættu vissulega koma að við seldum japönum ekki einungis loðnu til matar, heldur og purpurahimnu í ríkum mæli.

Þannig má lengi drepa á möguleika sem kunna að felast í hagnýtingu sjávargróðursins við Ísland. En til þess að svo verði þarf hagnýtar rannsóknir og vísindalegar rannsóknir. Þar þarf og að koma til margvísleg tæknileg þekking og markaðsöflun.

Undirstöðurannsóknir eða vísindarannsóknir og hagnýtar rannsóknir á sjávargróðrinum við Ísland varða annars vegar uppeldisstöðvar nytjafiska, viðgang fiskstofnanna og þar með framtíð sjávarútvegsins í landinu og hins vegar varða þær hagnýtingu sjávargróðurs sem hráefnis til iðnaðarframleiðslu. Hér er því um að ræða eitt hið mikilvægasta mál sem hugsast getur. Íslendingar hafa ekki efni á að láta reka á reiðanum í þessu máli. Við höfum líka á að skipa hæfustu mönnunum og stofnunum sem til þarf.

Í dag hefur Hafrannsóknastofnunin því hlutverki að gegna að rannsaka lífnaðarháttu og lífsskilyrði sjávargróðurs. Starf stofnunarinnar hefur í þessu sambandi beinst að rannsóknum á svifþörungum, en ekki að skipulögðum rannsóknum á botnlægum sjávargróðri. Við líffræðistofnun verkfræði- og raunvísindadeildar Háskóla Íslands er kennsla í þeim vísindum sem varða sjávargróðurinn. Við flm. þessarar þáltill. teljum að þetta starf þurfi að efla frá því sem nú

er. Við teljum og að til þurfi að koma markviss starfsemi sem miðar að hagnýtingu sjávargróðurs til iðnaðarframleiðslu og eðlilegt að það starf sé á vettvangi Iðnþróunarstofnunar Íslands sem hefur það markmið að efla íslenskan iðnað og iðnþróun.

Án þess að við flm. þessarar till. ætlum okkur að segja n. þeirri fyrir verkum, sem gert er ráð fyrir að fái það verkefni að gera till. um aðgerðir til að efla rannsóknir á sjávargróðrinum, þá er það ekki ætlan okkar að það þurfi að vera nauðsyn að koma á fót nýrri stofnun til að vinna að þessum mikilvægu málum. Þvert á móti verður að ætla að hagkvæmast sé að þær stofnanir, sem fyrir hendi eru og eðlilegt er að annist þessi verkefni, séu efldar svo sem nauðsyn krefur til þess að málum þessum sé borgið. En taka verður jafnframt upp heildarstjórn og samræmdar aðgerðir svo að nútímavisindi og tækni verði hagnýtt sem best á svo mikilvægum vettvangi sem hér er um að ræða fyrir atvinnuvegi og lífsbaráttu þjóðarinnar. Þess vegna er till. þessi til þál. lögð fram.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. legg ég til að þáltill. þessari verði vísað til hv. atvmn.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Eftir þessa hjartnæmu ræðu fyrir auknum rannsóknum hlýt ég að standa upp, þótt ekki væri nema sem framkvæmdastjóri Rannsóknarráðs, og þakka fyrir. Reyndar hafa verið fluttar æðimargar till. til þál. um auknar rannsóknir. Ég hefði heldur viljað heyra þessar raddir við afgreiðslu fjárlaga og heldur viljað sjá flm. greiða atkvæði með auknu fjármagni til rannsókna fremur en t. d. styrk til Kaupmannasamtakanna. En vonandi batnar þetta. Við sjáum fram á stórum betri tíma. Ég tek undir það, að ákaflega mikil þörf er á auknu fjármagni. Upplýst var af hæstv. menntmrh. að við Íslendingar verjum 0.5% til vísinda og erum þar í flokki með portúgölum og grikkjum, og þykir sumum sá félagsskapur ekki góður.

Fluttar hafa verið till. um viðtæka leit að nýjum fiskstofnum sem við eigum að veiða í stað þorskstofnsins. Undir það tek ég. Þetta er ákaflega stórt og mikilvægt mál. Það hafa verið fluttar hér till. um heyþurrkun. Ég tek undir það. Það er mjög mikilvægt mál fyrir íslenskan landbúnað og íslenskt þjóðarbú. Flutt var í Ed. till. um leit að úthafsrækju. Það er einnig mikilvægt mál. Ég spurði Ingvar Hallgrímsson fiskifræðing að því í morgun hvort hann vildi ekki láta okkur í té umsögn. Hann sagði að það væri velkomið: en látið þið mig þá fá 8 millj. kr. og mannskap, þá skulum við gera þetta. — Ætli þetta sé ekki kjarni málsins? Það vantar víða 8 millj. kr. og mannskap til að framkvæma þessar rannsóknir. Þetta verða menn að sjálfsögðu að hafa í huga.

Nú er flutt till. til þál. um rannsóknir og hagnýtingu á sjávargróðrinum við Ísland. Tek ég undir að það er ákaflega mikilvægt og stórt mál, þótt ég þori ekki að taka mér í munn þau orð að hér sé um að ræða: „eitt mikilvægasta mál sem hugsast getur.“ Þetta má vera mjög mikilvægt mál þó að það sé ekki svo stórt. Málin eru nefnilega æðimörg stór, og ég gæti þulið hér yfir ykkur í allt kvöld hugmyndir íslenskra vísindamanna um stór mál. En ég hef ekki heyrt einn einasta þeirra, sem flytur sitt mál, telja það „eitt mikilvægasta mál sem hugsast getur“, — jafnvel ekki eitt mikilvægasta mál sem hugsast getur. Ég hef rætt við Harald Ásgeirsson forstjóra Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins um ýmislegt sem hefur farið úrskeiðis í íslenskum byggingaiðnaði. Hann telur það hafa kostað okkur hundruð millj. kr. vegna skorts á rannsóknarfé og við séum enn þá að gera þar vitleysur. Getur ekki verið að það sé líka eitt mikilvægasta mál, sem hugsast getur, að búa betur að þeim rannsóknum? Og þannig mætti lengi telja.

En þótt ég bendi nú á þetta, þá er ég ekki að draga úr því að rannsóknir á íslenskum sjávargróðri eru mjög mikilvægar og eru eitt af mörgum mikilvægum málum sem við Íslendingar þurfum að sinna betur.

Ég get því miður ekki heldur tekið undir það í grg. að við eigum líka á að skipa hæfustu mönnum og stofnunum sem til þarf. Við eigum ágætar stofnanir og ýmsa sem gætu sinnt þessu, en við höfum því miður ekki fullan aðgang að þeim sem við að mínu mati þyrftum að fá, dr. Sigurð Jónsson, sem mikið hefur verið nefndur hér, því að hann er búsettur erlendis. Staðreyndin er nefnilega sú, að mörg af þeim mikilvægu málum, sem hafa verið upp tekin hér á landi, hafa þróast í kringum hæfustu mennina. Við getum farið yfir rannsóknaverkefni eftir rannsóknaverkefni — og hvernig hafa þau orðið til? Hæfir menn hafa komið, leitað eftir störfum. Þeir hafa ávallt fengið störf. Það hefur stundum tekið nokkuð langan tíma að skapa þeim góðan starfsgrundvöll, en það hefur smám saman tekist, og þeir hafa unnið fjölmargir mikilvægustu og ágætustu störf. Ef dr. Sigurður Jónsson vill flytja til landsins, þá mun ekki standa á því að stofnanir hér, margar, vilji taka við honum og veita honum starfsaðstöðu. Hann kemur hingað til lands annað slagið og flytur fyrirlestra við Háskóla Íslands, og vonandi koma þaðan menn sem taka upp þetta mikilvæga mál.

Ég segi að hér séu ýmsar stofnanir sem gætu sinnt þessu. Náttúrufræðistofnun Íslands er ætlað samkv. lögum að sinna grundvallarrannsóknum á náttúru þessa lands. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur því miður ekki á að skipa manni á þessu sviði, en vildi mjög gjarnan geta fengið slíkan mann, og ég er viss um að það væri hægt að skapa slíkum manni þar starfsaðstöðu ef hann væri fáanlegur. Líffræðistofnun Háskólans sinnir einnig mikilli starfsemi á þessum sviðum. Hún þarf að leita til útlanda, eins og ég hef nefnt, til þess að fá fyrirlestra haldna hér á þessu sviði. Þar er áreiðanlega grundvöllur til þess að skapa góðum manni starfsaðstöðu. Hafrannsóknastofnunin er með náskylda starfsemi, rannsóknir á sjávarlífi, og er enginn vafi á því að það er mikill áhugi á að koma upp slíkri starfsemi ef maður hæfur að hennar mati fengist til þess. Þar hefur oft verið veitt starfsaðstaða fyrir erlenda vísindamenn sem hingað hafa komið, t. d. dr. Ivka Munda, sem nefnd var af hv. flm. þessarar till.

Nokkuð var minnst á og í grg. er minnst á

mikilvægt starf Sigurðar V. Hallssonar. Ég tek undir það að hann hefur unnið ákaflega mikið starf á þessu sviði af mikilli þrautseigju, næstum því þrjósku og oft við erfiðustu aðstæður allt frá 1957. Sagt er að hann hafi að mestu unnið störfin að eigin frumkvæði og á eigin vegum. Í Verkfræðingatali segir að vísu að Sigurður V. Hallsson hafi verið starfsmaður Orkustofnunar 1957—1961.

Mér finnst einnig satt að segja of lítið gert úr þeim styrkjum sem hafa runnið til þessara mála. Samkvæmt reikningum Orkustofnunar hefur verið varið til þararannsókna einhverju fjármagni á hverju ári frá 1958 til 1968, t. d. á árinu 1966 431 307 kr. Þeir, sem eru klókir í vísitölureikningi geta margfaldað þessa tölu. Þetta er nokkuð mikil fjárhæð 1966. 1967 varði Orkustofnun til þessara rannsókna 273 597 kr. og 1968 175 810 kr. Það skal tekið fram að þetta var á vegum raforkumálastjóra, það var ekki Orkustofnun, eins og hún heitir nú. Árið 1968 urðu nokkur tímamót, þá óskaði sú stofnun eftir því að Rannsóknaráð ríkisins tæki við þessum athugunum, þar sem svo segir í lögum um Rannsóknaráð að það skuli beita sér fyrir athugun á nýtingu náttúruauðæfa landsins til nýrra atvinnuvega og atvinnugreina. Um þessar rannsóknir var samstarf árið 1968. Þá varði Rannsóknaráð til þessa 141 793 kr. í þessu skyni, og voru þessar fjárhæðir notaðar til þess að gera yfirlitsskýrslu um það sem til þess dags hafði verið gert. Sigurður V. Hallsson gerði þá skýrslu. Það er mikil bók og falleg og kostaði enda töluvert fé í krónum þess árs. Síðan jókst þetta ákaflega mikið, þannig að 1969 var varið til þessara rannsókna 1 042 332 kr. á vegum Rannsóknaráðs ríkisins og 1970 3 120 667 kr. Þannig er haldið áfram, fyrst og fremst til 1972, en smáupphæð loks 1973 og 1974, sem er ekki teljandi, en samtals var varið í þessu skyni 5 041 674 kr. og 20 aurum. Þetta er satt að segja töluvert mikið fé, mjög mikið af því fé sem Rannsóknaráð hefur haft úr að spila, þannig að sett hefur verið mikið í þessar rannsóknir og ég vil leggja á það áherslu — að mínu mati miklu meira en fram kemur í grg. með þessari þáltill. Ég tel mér skylt að leiðrétta það hér.

Þarna kemur einnig fram að að slíkum rannsóknum var unnið á vegum Surtseyjarfélagsins. Ég vil nú ekki þylja allt of margar tölur, en get, ef flm. óskar upplýst að þar var um verulegt fjármagn að ræða. Það var hins vegar fyrst og fremst erlendur styrkur sem fékkst frá Bandaríkjunum í þessu skyni, og var unnið fyrir það fé að mínu mati mjög athyglisvert starf sem dr. Sigurður Jónsson hafði forustu um. Nefndur er jafnframt styrkur frá Atlantshafsbandalaginu. Ég ætla ekki heldur að nefna verulegar fjárhæðir sem Þörungavinnslan við Breiðafjörð hefur varið í þessu skyni. Hún hefur látið rannsaka þann gróður sem hún hyggst nýta, látið kortleggja hann, og þó að það þurfi eflaust enn að endurtaka og gera betur, þá var miklu fjármagni varið til þessa, og það er von mín að sú verksmiðja geri það áfram.

Ég get tekið undir það að halda verður þessum rannsóknum áfram. Nýta má mjög margar tegundir þörunga, og get ég vísað í það sem hv. flm. sagði um það. Ég efast hins vegar mjög um að verksmiðja eins og þörungavinnslan verði reist annars staðar hér á landi. Menn kunna að vera mér ósammála um það, en það er staðreynd, sem ekki verður hrakin, að aðstaða til slíkrar vinnslu er langtum betri við Breiðafjörð en nokkurs staðar annars staðar hér á landi. Þar nýtur t. d. jarðhitans og þar er meiri þörungagróður en annars staðar. Hins vegar eru ýmsar aðrar — ef við getum kallað það smærri tegundir — aðrar tegundir sem nýta má, og það er einmitt mjög um það talað hjá Þörungavinnslunni að reyna að brúa t. d. dauðan tíma, sem þar verður, til vinnslu á þessum ýmsu tegundum þörunga. Og þarna getur orðið sá kjarni sem vonandi vex og verður að alhliða vinnslu íslensks sjávargróðurs. Ég held að við hljótum báðir og raunar öll, sem hér erum, að geta sameinast um það.

Kalkþörungar við Arnarfjörð hafa verið skoðaðir og ýmsar skýjaborgir byggðar í kringum það. Ég kalla það skýjaborgir vegna þess að menn með hagnýta þekkingu hafa athugað það mál og telja ekki vera hagkvæman grundvöll til þess að nýta þessa kalkþörunga, því miður. Það hefði verið óskandi. Og ég verð að taka undir það, sem hv. þm. Jón G. Sólnes og Albert Guðmundsson og aðrir ágætir kapítalistar segja gjarnan við okkur í iðnn. þessarar stofnunar, að einhver arðsemisgrundvöllur þarf að vera fyrir öllum framkvæmdum. Það er einnig nauðsynlegt að skoða í þessu sambandi.

Ég vil svo taka undir það, sem hv. frsm. sagði, að óhemjumikið starf er ónunnið við kortlagningu eða skráningu íslensk sjávargróðurs og það þarf nauðsynlega að vinna. En svo er einnig, því miður, á fjölmörgum öðrum grundvallarsviðum íslensks gróðurs. Ég efast ekki um að hv. þm. gæti flutt þáltill. um rannsóknir á t. d. íslenskum sveppum og gæti þá vakið athygli á því að þar er jafnvel enn þá miklu minna starf unnið. Þó að þeir séu litlir og virðist ekki miklir að sjá, þá eru þeir þó mjög mikilvægir í lífkeðjunni. Þannig mætti nefna fjölmargar aðrar gróður- og lífteundir sem hafa verið allt of lítið rannsakaðar. Þetta er því miður satt, við höfum ekki haft bolmagn til þess og menn hafa orðið að vega og meta og reyna að velja þær rannsóknir sem þýðingarmestar hafa verið taldar hverju sinni fyrir það takmarkaða fjármagn sem fyrir hendi hefur verið.

Lagt er til að skipuð verði n. til að skipuleggja þetta, eins konar þörungaráð, mætti kannske kalla það. Það er náttúrlega ekki von að hv. þm. vildi vísa slíku t. d. til Rannsóknaráðs ríkisins eða þess háttar stofnunar, þó að þar sitji ýmsir ágætir menn, eins og hv. þm. sessunautur fyrsta flm. Þetta á að gera til þess að tryggja heildarstjórn segir í grg. En þarf enga heildarstjórn á milli þessarar rannsóknar og annarra rannsókna? A bara að tryggja heildarstjórn á þörungarannsóknum eða sjávargróðursrannsóknum? Þarf ekki heildarstjórn yfir rannsóknastarfseminni í heild o. s. frv.? Háskóli Íslands t. d., honum er treyst til að fjalla um undirstöðurannsóknir, og ég er sannfærður um að það væri skynsamlegt að gera Háskólanum kleift að skipuleggja undirstöðurannsóknir á breiðum

grundvelli og skapa þannig heildarstjórn. Mér sýnist þetta orð, heildarstjórn, vera notað í tíma og ótíma í ákaflega furðulegum skilningi. Þetta er engin heildarstjórn, þetta er aðeins mjög takmörkuð stjórn á mjög þröngu sviði.

Ég held að það eigi ekki að skipa n. hér. Ég held að hvetja eigi góða menn til að sækja um starf við þessar stofnanir sem hafa verið nefndar. Ég er sannfærður um að þeir geta fengið þar starf og starfsaðstöðu, og þá munu menn ganga í það að tryggja fjármagn til þessara mjög mikilvægu rannsókna.

Ég tel mér skylt að geta þess að lokum, að mér hefur borist bréf frá dr. Ivka Munda út af þessari þáltill. Það er að vísu stílað til raunvísindadeildar Vísindasjóðs, en barst til mín. Hún óskar eftir að því verði komið á framfæri að í grg. hafi flm. láðst að geta um ýmiss konar starf, mikilvægt starf sem hér hefur verið unnið, *eins og t. d. um hennar starf, Friedmanns*, Adeys, Wik-Sjöstedts o. fl. Skylt er að taka fram að hv. þm. bætti nokkuð úr þessu í framsöguræðu sinni.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð. Ég vil aftur lýsa ánægju minni með áhugann á þessum málum og þeirri einlægu von minni og trú að vel verði tekið undir till. sem koma frá íslenskum rannsóknastofnunum um aukið fé til íslenskra vísinda.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég varð nú fyrir nokkrum vonbrigðum með minn ágæta félaga, hv. 2. þm. Vestf. Mér fannst liggja illa á honum og hann hefði ýmislegt á hornum sér. Þó sagði hann að ég hefði haldið hjartnæma ræðu, svo að hann hefði nú mátt gleðjast yfir því. En það hefur sýnilega ekki dugað.

Það var furðulegt margt sem hann sagði. Hann sagði í upphafi sinnar ræðu að hann hefði frekar kosið, að mér skildist, að þessi till., sem hér er til umr., hefði komið fram við afgreiðslu fjárl. Till. felur ekki í sér nein fjárútgjöld, nema þá þóknun til nm., og það tíðkast ekki að flytja slíkar till. sem þessar við afgreiðslu fjárl. Ég verð að upplýsa þennan hv. þm. um það.

Hann sagði að kjarni málsins væri að það vantaði peninga. Auðvitað þarf peninga til allra hluta. En við erum ekki að ræða hér hvernig eigi að efla rannsóknir á sjávargróðrinum við Ísland. Við erum ekki að tala um það hér. Við erum að tala um að fá skipaða n. til þess að gera till. um það. Ég hefði nú haldið að það hefði mátt bíða að ræða fjármálin þar til þær till. sæju dagsins ljós.

Þá hafði þessi þm. orð um að það hefði verið furðulegt af mér að telja þetta mál eitt hið mikilvægasta mál sem hugsanlegt væri. Það sagði ég í framhaldi af því þegar ég var búinn að segja að einmitt þetta mál varðaði uppeldisstöðvar nytjafiska og viðgang fiskstofnanna. Honum finnst einkennilegt að ég segi að það sé eitt af okkar þýðingarmestu málum. Ég held að þessi hv. þm. hafi verið meira en lítið miður sín þegar hann var með svona nöldur í svo þýðingarmiklu máli sem hér er um að ræða.

Þá segir hann að við höfum hvorki á að skipa hæfustu mönnum né stofnunum til að vinna þetta verk. Það er hans skoðun. Ég held að þær stofnanir, sem við tilgreinum í þáltill. og er ætlað að tilnefna menn í þessa væntanlegu n., það séu allt hinar merkustu og hæfustu stofnanir. Þar á ég við Hafrannsóknastofnunina, Háskóla Íslands og Iðnþróunarstofnun Íslands. Hv. 2. þm. Vestf. talar eins og það sé eitthvert hneyksli að ég skuli halda þessari skoðun fram.

Svo vék hann nokkrum orðum að dr. Sigurði Jónssyni, og það var ærið tilefni til þess. En hann sagði: Hann starfar erlendis. Auðvitað er það rétt. Auðvitað er það mjög alvarlegt mál að einn færasti vísindamaður, sem nú er uppi á þessu sviði, skuli starfa erlendis. Hins vegar er það staðreynd að þó að svo sé, þá hefur þessi maður afrekað það á undanförnum árum að vinna aðalstarfið sem hefur verið unnið í vísindalegri rannsókn á þessu sviði, eins og ég kom að í minni ræðu.

Þá vék hv. þm. að öðrum heiðursmanni sem ég minntist einnig á, Sigurði Hallssyni efnaverkfræðingi. Hann sagði í sambandi við það, að það væri lítið gert úr styrkjum sem hann hefði fengið, ég hefði lítið gert úr því. Ég sagði einmitt að hann hefði verið styrktur af opinberum stofnunum og nefndi sumar þeirra. En ég fór ekki að telja upp þessar upphæðir í krónum. Ég get vel unnt hv. þm. Vestf. að gera það, eins og hann gerði ef hann telur að það sé eitthvert innlegg í þetta mál. Hann sagði um störf Sigurðar V. Hallssonar hins vegar að hann hefði skrifað mikla bók sem hefði verið falleg og kostað mikið fé. Þá þurfti hann í leiðinni að telja það eftir.

Já, það er margt skrýtið sem kom fram í ekki lengri ræðu en hv. 2. þm. Vestf. hélt hér. Mér þykir leitt að þurfa að vera að svara þessu, því að ég vil meina að þetta sé þessum hv. þm. ákaflega óeðlilegt, að tala eins og hann gerði hér áðan. Hann hafði flest á hornum sér. Hann sagði að hann efaðist um að verksmiðja eins og þörungaverksmiðjan að Reykhólum verði reist annarss staðar. Það kann vel að vera að slík verksmiðja verði ekki reist annars staðar. Ekki var ég að halda því fram. En það er um margs konar hagnýtingu að ræða á sæþörungum við Ísland aðra en varðar þörungaverksmiðjuna á Reykhólum. Það er ekki slíkt höfuðmál í þessu sambandi að við þurfum að miða framtíðarrannsóknir við það. Hv. þm. má ekki halda það þó að hann sé núna stjórnarmaður í þessari verksmiðju.

Svo vék hann að kalkþörungunum sem ég minntist á að væru t. d. í miklu magni í Arnarfirði og Ísafjarðardjúpi. Hann sagði að þetta væru skýjaborgir. Ég get sagt hv. þm. það, að ég tel mig geta sagt að hér sé um raunhæft verkefni að ræða, og ég er illa svikinn ef það verður ekki tekið á þessum málum þannig. Það verður gaman að sjá hv. 2. þm. Vestf. segja í Arnarfirði og við Ísafjarðardjúp, þegar þeir tímar renna upp, að þetta séu skýjaborgir. Það eru furðulegar slíkar fullyrðingar sem þessar.

Þá sagði hann að mér væri eiginlega sæmra — ég gat ekki skilið hann öðruvísi — að flytja till. um rannsóknir á íslenskum sveppum. Hvað eiginlega þarf nú þetta að koma til? Í hvaða samhengi er það við þessa till.? Geta nokkrir fundið það út? Nei, það er erfitt að finna það út.

Þetta á sennilega að vera eitthvað lítilsvirðandi um þá till. sem hér er, — ég segi sennilega, ég skal ekkert fullyrða um þá skýringu. Það kemur sennilega engin skýring nokkurn tíma á því.

Þá sagði hv. þm. að hér væri ekki um neina heildarstjórn að ræða. Ég sagði í minni ræðu að það þyrfti að koma á heildarstjórn í þessum efnum til þess að væri hægt að vinna markvisst og skipulega að framgangi þessara mála: Þá spyr þessi hv. þm.: Hvað er heildarstjórn? Það er ekkert sagt hvað er heildarstjórn, segir hann. Þetta er undir lok ræðu hans. Hann er engu nær um hvað till., sem hann er að tala um, fjallar. Hún fjallar um það, að skipa sérstaka n. til þess að gera till. um það m. a. hvernig þessi heildarstjórn á að vera. Nú svo segir hv. 2. þm. Vestf. að hann sé á móti því að skipa n. í þetta. Þá vitum við það, hann er á móti því.

Þá fór hann að tala um hina júgóslavnesku konu, Ivka Munda. Hún hafði skrifað honum bréf og kvartað undan því að ég hefði ekki nefnt hana á nafn í grg. Fyrr má nú vera! Það getur verið að hv. 2. þm. Vestf. sé sérstakur umboðsmaður Munda, og það er ekkert við því að segja. En ég hélt að þessi hv. þm. væri það þingvanur að hann gerði sér grein fyrir að í einni grg., hvort sem er með frv. til l. eða með þáltill., er ekki hægt að nefna alla hluti sem koma við málinu sem um er að ræða. Ég veit ekki til þess að það sé gert. Ég nefndi ekki í grg. minni nafn eins einasta erlends manns sem hefur unnið að þessum málum á síðustu árum. Ég gerði það ekki, og ég gerði engan mun á vinkonu hv. 2. þm. Vestf. Ivka Munda, og öðrum En er nú þetta eitthvert atriði í þessu máli? spyr ég.

Hvað er þetta? Hvað hefur komið yfir hv. 2. þm. Vestf., að bregðast svo við jafnsaklausri till. og hér er, en líka þýðingarmikilli? Ég skal ekki fullyrða um það. En hann þurfti eitthvað að segja í upphafi ræðu sinnar sem formaður Rannsóknaráðs og eitthvað sagði hann í lok ræðu sinnar um að það væri ekki svo sem lagt til að Rannsóknaráði væri falið þetta. Nei, hann hefði sennilega verið með því, en það mátti ekki skipa nefnd. Getur það þá verið að hv. 2. þm. Vestf. taki sig svo hátíðlega sem formann Rannsóknaráðs að hann telji óeðlileg vinnubrögð að flytja till. um að viss mál séu meðhöndluð þannig að það sé skipuð sérstök n. í þau, þó að þessi mál séu þess eðlis að það mætti hugsa sér að Rannsóknaráð fjallaði um þau? En það eru engin lög um það. Ætlar þá þessi hv. þm. að setja upp sama hundssvip ef það kemur fram till. um að skipa menn í n. til þess að fjalla um ákveðið málefni, við skulum segja húsnæðismál, vegna þess að Rannsóknaráð ríkisins hefur haldið ráðstefnu um húsnæðismál? Væri nokkur góðgá að flytja till. þar sem gert væri ráð fyrir að skipuð yrði nefnd til þess að athuga einhverja sérstaka þætti sjávarútvegsins þó að Rannsóknaráð ríkisins hafi haldið ráðstefnu um sjávarútvegsmál? Svona mætti halda áfram með iðnaðarmál, og ég hef einhvers staðar heyrt að það yrði bráðum ráðstefna um landbúnaðarmál.

Samkvæmt þessu er Rannsóknaráði ríkisins ekkert mannlegt óviðkomandi. Það er e. t. v. ekkert nema gott um það að segja. En ég held að verkefni Rannsóknaráðs séu nú samt ekki svo víðtæk. En ef Rannsóknaráðið getur afrekað þetta allt fyrir utan það, sem því er sérstaklega falið á hendur samkvæmt íslenskum lögum, þá er ekkert nema gott um það að segja. En hv. 2. þm. Vestf. og formaður Rannsóknaráðs má ekki komast í illt skap þó að það komi fram till. hér á hv. Alþ. um að skipa sérstaka n. til þess að vinna að einhverjum málum, jafnvel þó að þau kunni kannske á einhvern hátt að snerta þá starfsemi sem Rannsóknaráðið lætur einkum til sín taka.

Ég vona að okkur hv. 2. þm. Vestf. verði ekki þetta að miklu misklíðarefni. Ég trúi því naumast að hann muni beita áhrifum sínum hér á hv. Alþ. til þess að koma í veg fyrir að jafnþýðingarmikil þáltill. og sjálfsögð sem hér er um að ræða nái fram að ganga.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 73. fundur.

Þriðjudaginn 30. mars, að loknum 72. fundi.

Kosning eins manns í stað Jóhannesar Elíassonar í nefnd til að endurskoða stjórnarskrána samkvæmt þingsályktun um það efni frá 18. maí 1972.

Við kosninguna var aðeins einn maður tilnefndur, og lýsti forseti yfir að rétt væri kjörinn í nefndina:

Tómas Árnason alþm.

Afnám tekjuskatts af launatekjum, þáltill. (þskj. 81). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Ráðstafanir til að koma í veg fyrir atvinnuleysi og búseturöskun í Norður-Þingeyjarsýslu, þáltill. (þskj. 435). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Grasköggla verksmiðjur, þáltill. (þskj. 459). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Könnun á vissum þáttum heilbrigðisþjónustunnar, þáltill. (þskj. 164). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Rannsóknir og hagnýting á sjávargróðri, þáltill. (þskj. 187). — Frh. fyrri umr

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Mikil dæmalaus þvæla gat oltið upp úr hv. 3. þm. Vestf. Hér flutti hann útdrátt úr minni ræðu og sneri bókstaflega hverju einasta atriði við. Ég ætla aðeins að nefna nokkur dæmi.

Hann sagði að ég hefði óskað þess að þessi till. hefði verið flutt við fjárlög. Ég sagði aldrei neitt slíkt. Ég sagðist óska þess að stuðningur hv. þm. við vísindin hefði komið fram við afgreiðslu fjárl. fremur en t. d. stuðningur við styrk til Kaupmannasamtakanna.

Hann taldi að ég hefði sagt að ekki væru til hæfar stofnanir. Ég tók skýrt fram að við hefðum ekki hæfustu menn, en við hefðum ýmsar hæfar stofnanir. Þannig gæti ég endalaust talið.

Hann sagði að ég hefði sagt að honum væri sæmra að flytja þáltill. um sveppi. Ég sagði það aldrei. Ég sagði að hann gæti einnig flutt aðra mjög merka þáltill. um sveppi. Ég var bara að ráðleggja honum. Ég held hann ætti að gera það, því að þar hefur enn þá minna verið rannsakað.

Svo var aðalefnið hjá honum um vinkonu mína, Ivku Mundu. Ég veit ekki hvernig þetta beygist. Ég hef nefnilega ekki umboð fyrir hana nema í nefnifalli. Ég kann því vel að eiga vinkonur og ég á margar vinkonur.

Hann kallar mig formann Rannsóknaráðs. Formaður Rannsóknaráðs stendur þarna, hæstv. menntmrh. Af hverju er hann að veitast að hæstv. menntmrh. sem á enga sök í þessu sambandi? Ég skil ekki hvað maðurinn er að fara. Í Rannsóknaráði situr 21 maður, þar af 7 þm., og svo er hæstv. menntmrh. formaður. Ég er ekki formaður Rannsóknaráðs. Ég er bara aumur framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs.

Svona mætti halda áfram. Ég skal ekki meta svipinn, hvort það er t. d. hundasvipur á hv. þm. núna eða einhver annar svipur, en ef hann mat það svo sem það væri hundasvipur á mér, þá hann um það.

Ég hef ekkert á móti því að fluttar séu till. um sjávarútveg og iðnað og margt margt fleira þótt Rannsóknaráðið fjalli um þá atvinnuvegi. En ég mundi sannarlega mæla gegn því að sett yrði n. til að skipuleggja slíkar rannsóknir t. d. á sviði sjávarútvegs. Við eigum ágætar stofnanir. Ég mundi t. d. leggja til að slíku væri vísað til Hafrannsóknastofnunarinnar, eins og t. d. hv. þm. Tómas Árnason gerði um merka till. sem hann flutti um rannsóknir og fleiri hafa gert. En að skipa sérstaka n. er hrein endileysa.

Nei, staðreyndin er sú að ég tók mjög vægt til orða. Ég reyndi að koma dálitlu viti í þessa till. og forðaðist að segja það, sem vitanlega lá í orðum mínum, að þetta væri þvæla sem hann flutti hér.

Og ég skal segja ykkur að hann hefur aftur og aftur staðið upp, þegar við höfum átt orðaskipti hér við, og lýst miklum vonbrigðum með skilningsleysi mitt á málflutningi hv. þm. Hann um það. Ég vona að hann tapi ekki svefni af þessu. En ég hef hins vegar ekki orðið fyrir nokkrum vonbrigðum með málflutning hv. þm., því að staðreyndin er sú að hann hefur yfirleitt verið af þessu taginu — þvæla.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Það er nú með hálfum hug að ég bið um orðið. Ég held að það væri sæmst að láta þessi orð hv. 2. þm. Vestf. standa án þess að vera að gera neinar athugasemdir við þau. Hann sagði að það, sem ég sagði í minni fyrstu ræðu, hefði verið þvæla og það, sem ég sagði í minni annarri ræðu, hefði verið þvæla. Hann verður að hafa sína skoðun á því. Ég ætla ekki að fara að kveða hér upp dóm um það hvers konar ræður ég flyt, ég legg það algjörlega í dóm hv. þm. Hann sagði að ég hefði verið að snúa út úr öllu sem hann hefði sagt, en hann gat ekki fært eitt einasta dæmi fram um það. En það var eitt rétt sem hann sagði og það er skylt að taka það fram. Það var eitt rétt, sem hann sagði. Hann sagði að ég hefði kallað hann formann Rannsóknaráðs, það var rétt, mér varð á mismæli. Ég vissi að hann er framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til atvmn. með 31 shlj. atkv.

Efri deild, 83. fundur.

Miðvikudaginn 31. mars, kl. 2 miðdegis.

Fjölbrautaskóli á Norðurlandi vestra, þáltill. (þskj. 458). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fjölbýlishús, frv. (þskj. 460). — 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. fjallar um fjölbýlishús. Því er ætlað að koma í stað laga frá 1959 um sameign fjölbýlishúsa, en enn fremur eru í því ýmis ný ákvæði og skýrari og fyllri en áður hafa verið.

Upphafið að lagasetningu um sameign fjölbýlishúsa var það að Alþ. samþ. í mars 1957 till. Eggerts G. Þorsteinssonar alþm. sem fól í sér áskorun til ríkisstj. um að láta semja frv. til laga um sameign fjölbýlishúsa. Frv. skyldi hafa að geyma ítarleg ákvæði um afnot slíkra eigna og skyldur og réttindi sameigenda.

Í samræmi við þessa þál. var samið frv. til laga um þetta efni og var það samþ. sem lög nr. 19 frá 1959, um sameign fjölbýlishúsa. Þau lög hafa verið í gildi óbreytt til þessa. Þegar þau lög voru sett voru engar fyrirmyndir til að styðjast við svo að lögin voru algjör frumsmíð. Lögin hafa reynst að ýmsu leyti vel og leyst margan vanda. Í upphafi var gert ráð fyrir því, að lögin yrðu endurskoðuð áður en langt um liði, en af því hefur ekki orðið fyrr en nú, ef þetta frv., sem hér liggur fyrir, verður samþ. og lögfest.

Frv., sem hér liggur fyrir, er samið af n. sem félmrn. skipaði í nóv. 1973. N. skipuðu Hrafn Bragason borgardómari, Jón S. Ólafsson skrifstofustjóri og Páll S. Pálsson hrl. Rn. höfðu

þá borist tilmæli frá Húseigendafélagi Reykjavíkur um að lögin yrðu endurskoðuð með tilliti til fenginnar reynslu. Í marsmánuði 1974 samþ. Alþ. þáltill., sem einnig var flutt af Eggert G. Þorsteinssyni, þess efnis, að ríkisstj. var falið að láta athuga um breyt. á lögum um fjölbýlishús sem tryggi að í sambýlishúsum verði ekki aðrar íbúðir auglýstar til uppboðs eða aðfarar vegna vangoldinna gjalda en þær sem eru í skuld hverju sinni. 7. gr. þessa frv. er samin með tilliti til þessa.

Við samningu þessa frv. hefur verið stuðst við lögin frá 1959 og mörg ákvæði tekin upp lítt breytt. Einnig hafa verið til hliðsjónar dönsk lög um íbúðir í einkaeign frá 1966 og skýrsla sem gerð var um þetta efni fyrir setningu þeirra laga, en þau lög voru hin fyrstu um þetta efni í Danmörku. Þau hús, sem frv. tekur til, eru svo margs konar að ómögulegt er að í því geti falist tæmandi ákvæði um hvað eina sem upp getur komið í fjölbýlishúsi. Þess vegna var það ráð tekið að setja aðalákvæðin, sem alls staðar geta átt við í frv. sjálft, en ætlast til þess að reglugerð um samþykktir húsfélaga og húsreglur leysi önnur atriði. Frv. fylgja drög að reglugerð um samþykkt húsfélags. Er til þess ætlast að þessar samþykktir gildi, ef húsfélagið hefur ekki sett sér aðrar samþykktir og þinglýst þær. En þetta fylgiskjal II með frv. á bls. 10.

Frv. skiptist í fimm kafla.

I. kaflinn hefur að geyma ákvæði um gildissvið laganna. Þau eru efnislega eins og í gildandi lögum, en ítarlegri og skýrari. Þegar talað er um fjölbýlishús er venjulega átt við stórhýsi með mörgum íbúðum eða svonefndar blokkir. En nauðsynlegt þykir að láta lögin einnig taka til annarra húsa sem í eru tvær eða fleiri íbúðir. Einnig er lögunum ætlað að gilda um raðhús og önnur samtengd hús eftir því sem við getur átt.

II. kafli fjallar um skiptingu eignarráða í fjölbýlishúsi. Þar er gert ráð fyrir að skiptayfirlýsing sé gerð um öll fjölbýlishús nema skiptasamningur hafi verið gerður samkv. núgildandi lögum og honum þinglýst. Kveðið er á um það hvaða atriði skuli greina í skiptayfirlýsingu. Við það er miðað að hver íbúð og það sem henni fylgir sérstaklega svo og hluti hennar í sameign skoðist sem sérstök fasteign enda þótt eignarráð takmarkist af því að íbúðin er í fjölbýlishúsi. Frv. fylgja drög að reglugerð um útreikning eignarhluta í búða í fjölbýlishúsum. Gert er ráð fyrir að íbúðareigendur séu sjálfkrafa í húsfélagi. Fylgiskjal I á bls. 9 og 10 er reglugerð um ákvörðun eignarhluta í fjölbýlishúsi.

Í III. kafla frv. eru ákvæði um réttindi og skyldur íbúðareigenda. — Þar er lagt til að sú breyt. verði gerð frá gildandi lögum, að ákvæði kaflans verði ekki lengur undanþæg þannig að íbúðareigendur geti með samningi vikið frá ákvæðum laganna. Ætlast er til þess að þeim atriðum, sem hentugust er að íbúðareigendur ráði sín í milli, sé skipað í samþykktum húsfélaga eða húsreglum. Frv. fylgja drög að reglugerð um samþykktir fyrir húsfélög sem ætlast er til að gildi ef húsfélagið hefur ekki sett sér aðrar samþykktir og þinglýst þær. Í þessum kafla eru ákvæði um rétt til bygginga við fjölbýlishús eða á lóð þess, rétt til bílastæða, fyrir komulag sameignar, viðhald, rekstur og afnot sameignar.

IV. kafli fjallar um sambýlisháttu í fjölbýlishúsum. Þar er svo fyrir mælt að húsfélag skuli í húsreglum setja venjulegar umgengnisreglur. Í 17. gr. frv. er það nýmæli að húsfélag geti gert eiganda eða öðrum íbúa húss að flytja úr íbúð sinni ef hann hefur gert sig sekan um gróf eða ítrekuð brot á skyldum sínum gagnvart húsfélaginu eða einhverjum félagsmanni þess.

Í V. og síðasta kafla eru auk venjulegra ákvæða um gildistöku ákvæði um skyldu seljanda íbúðar til að gefa kaupanda upplýsingar um fjárskuldbindingar er á íbúðinni hvíla gagnvart húsfélaginu svo og byggingarkostnað ef um nýbyggingu er að ræða.

Eins og áður er getið fylgja frv. þessu drög að tveimur reglugerðum. Sú fyrri er um ákvörðun eignarhluta í fjölbýlishúsi. Þær reglur, sem þar eru settar, eru gerðar að fyrirmynd íslensks staðals: Íslenskir staðlar 50, og mun skipting sameignar í mörgum fjölbýlishúsum hafa verið reiknuð eftir þessum reglum. Síðari reglugerðin er um samþykktir fyrir húsfélög. Er þar að finna ákvæði um fundi þeirra, stjórn og fjármál og svo umgengnisreglur. Til þess er ætlast að ákvæði þessi gildi nema húsfélag hafi gert aðrar samþykktir og þinglýst þeim.

Þetta er meginefni frv. sem hér liggur fyrir. Ég vænti þess að í því felist ýmis ákvæði til bóta og vona að frv. fái góðar undirtektir í þessari hv. d. Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og félmn.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég vil ekki teygja þessar umr. neitt á langinn, en vil aðeins lýsa yfir ánægju minni yfir framkomu þess. Þetta er búið að vera áhugamál mitt um nokkur ár, þau ákvæði sem hér er lagt til að verði lögfest og ég tel um leið, eins og ég hef margoft áður sagt, að séu sanngirnismál. Hér hefur því miður um of langt skeið tíðkast sá þáttur að einn hefur orðið að líða fyrir annan í sambandi við afborganir og skyldur við það að eignast húsnæði. Eru þess mýmörg dæmi að menn hafa orðið að sameina sig um að greiða fyrir einhvern einn sem ekki hefur getað staðið í skilum af margvíslegum ástæðum sem of langt yrði hér upp að telja. Ég held að með þessu frv., sem hæstv. félmrh. var nú að mæla fyrir, sé fyrir þetta girt og að slíkt misrétti og óréttlæti verði ekki viðhaft öllu framar í sambandi við sameign í fjölbýlishúsum. Þess vegna vildi ég ekki láta hjá líða að lýsa yfir stuðningi mínum við þetta frv. og vonast til þess að aukið réttlæti fylgi því ásamt þeim reglugerðum sem með frv. fylgja.

Axel Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki frekar en síðasti ræðumaður teygja hér tímann. Ég tek undir með honum að fagna fram komnu frv. Ég vek athygli á því, sem kveðið er hér á um varðandi 3. gr., og tel hana mjög nauðsynlega. Ég vitna til reynslu varðandi þau ákvæði sem þar er gert ráð fyrir, að setja skyldu á

sveitarstjórnir varðandi gerð lóðarsamnings, að um nokkurn tíma hefur bæjarstjórn Kópavogs einmitt haft þessa kvöð á við gerð lóðarsamnings, og að fenginni reynslu í því efni tel ég mjög til bóta að þetta sé lögfest. En ég ætla, herra forseti, ekki að orðlengja frekar um þetta. Ég vildi aðeins fagna þessu frv. Ég á sæti í þeirri n. sem fjalla mun um það, en ég vildi vekja athygli á þessu, því að þar hef ég persónulega reynslu að er mjög til bóta a ðverði lögfest.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til félmn. með 13 shlj. atkv.

Þjóðleikhús, frv. (þskj. 465). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um þjóðleikhús. Þetta frv. var á síðasta Alþ. lagt fyrir hv. Nd. en ég þykist sjá, að það séu meiri verkefni hjá menntmn. þeirrar hv. d. nú, fram komin frá okkur í menntmrn. svo að mér þótti rétt að flytja frv. að þessu sinni hér í hv. d., enda kannast hv. dm. hér einnig við það því að það hafði árið þar áður verið flutt hér. Þetta er sem sagt orðinn nokkuð gamall kunningi hér á hv. Alþ., þetta frv., fyrst flutt 1971 og þá í líku formi og nú í aðalatriðum. Ég ætla því að láta vera að þessu sinni að rekja nokkuð sögu þessa máls, aðdraganda og undirbúning að þessu frv., en í örstuttu máli gera grein fyrir þeim atriðum frv. sem frábrugðin eru ákvæðum gildandi laga sem nálgast nú þrítugsaldurinn. Ég hygg að þau séu að verða þrítug eða yrðu það á næsta ári.

Í þessu frv. er kveðið skýrar á um það en áður að þótt flutningur leikrita sé aðalhlutverk Þjóðleikhússins, þá beri því einnig að flytja óperur, sýna listdans að staðaldri og að á hverju leikári skuli eitt eða fleiri viðfangsefni sérstaklega ætluð börnum. Þjóðleikhússtjóra skal ráða til 4 ára í senn og má eingöngu endurráða sama mann einu sinni, þannig að enginn getur gegnt þessu starfi samfellt lengur en 8 ár. Ráða skal leikhúsinu bókmennta- og leiklistarráðunaut, listdansstjóra og tónlistarráðunaut, ⅓ hluti starfs. Ráðinn skal sérstakur framkvæmdastjóri sem hafi með höndum skipulagsstarf innan leikhússins og yfirumsjón með vinnuhagræðingu hinna ýmsu deilda. Þetta atriði telja leikhúsmenn nokkuð þýðingarmikið. Þá er tekin upp sérstök heimild til þess að ráða til starfa leikritahöfunda í 3—6 mánuði á ári. Miða skal við að svo margir leikarar, söngvarar og listdansarar starfi við Þjóðleikhúsið að það geti jafnan leyst af hendi þau verkefni sem því ber að sinna.

Ég vil taka það fram og vekja á því athygli, að í 19. gr. frv. segir að eigi skal ráða í nýja stöðu samkv. lögum þessum fyrr en fé er veitt til þess á fjárlögum. Þetta liggur að sjálfsögðu í hlutarins eðli, en mér þótti rétt að taka þetta sérstaklega fram í frv.

Lögfest verði að blandaður kór starfi við leikhúsið. Leikárið verði framvegis frá 1. sept. til 31. ágúst, en ekki frá júlíbyrjun til júníloka eins og nú. Þjóðleikhúsi og sjónvarpi er ætlað að koma á fót leikmunasafni er Leikfélag Reykjavíkur og önnur leikfélög geti gerst aðilar að, en safnið leigi búninga, leiktjöld og annan sviðsbúnað til leikfélaga. Lögð er sérstök áhersla á aukið samstarf Þjóðleikhússins við leikfélög áhugamanna, t. d. með því að láta þeim í té leikstjóra og gistileikara, og ákvæði er í frv. um að árlega skuli farnar leikferðir um landið á starfstíma Þjóðleikhússins.

Ég skal taka það skýrt fram að sumar þær breytingar, sem hér er lagt til að gerðar verði á Þjóðleikhúslögunum, eru þegar komnar til framkvæmda í reynd, en aðrar eru það ekki. Þær kosta að sjálfsögðu nokkra fjármuni, nýja, en það fer auðvitað eftir því hve ört breytingarnar koma til framkvæmda og hvernig starfsemi leikhússins er hagað, hvað kostnaðaraukinn verður mikill hverju sinni — á hverju ári getum við sagt. En eins og ég vék að áðan, þá hefur Alþ. á valdi sínu við afgreiðslu fjárlaga að afmarka hraðann í þessari þróun. Hitt fer svo náttúrlega ekki á milli mála, að þjóðleikhús verður aldrei rekið nema með allmiklum kostnaði þó að gætt sé ítrustu hagsýni í rekstri þess. Þetta gildir að sjálfsögðu alls staðar, en alveg sérstaklega í svo fámennu samfélagi sem okkar.

Þegar frv. til nýrra Þjóðleikhúslaga hefur verið til meðferðar á Alþ. á undanförnum árum, þá hafa jafnan orðið töluverðar umræður og raunar ágreiningur um þær hugmyndir sem fram hafa verið settar um breyttan skipan Þjóðleikhúsráðsins. Till. þær, sem gerðar hafa verið um breytingar á Þjóðleikhúsráðinu, hafa einkum byggst á tvennu, að ég hygg, annars vegar á þeirri viðleitni að búa vettvang fyrir umr. og skoðanaskipti um leiklistarmál á dálítið breiðum grunni, — vettvang þá innan marka eða á vegum Þjóðleikhússins sem er auðvitað höfuðstofnun okkar á leiklistarsviðinu, og svo hins vegar að gefa starfsfólki Þjóðleikhússins aukin áhrif á daglega stjórn þess. Varðandi fyrra atriðið, þá er nú lagt til í öðru frv., sem væntanlega verður unnt að mæla fyrir hér á eftir, að leysa það atriði með ákvæðum í sérstakri löggjöf um leiklistarmál almennt. En í þessu frv. er lagt til að halda nálega óbreyttum ákvæðum í gildandi lögum um skipan Þjóðleikhúsráðs, nema hvað gert er ráð fyrir að kosning þess eða tilnefning sé tímabundin. Ég vil nú leyfa mér að vona að það geti orðið samkomulag um þetta atriði á þessum grundvelli. Og ég geri þá ráð fyrir því að þróunin yrði sú að sett yrði t. d. með reglugerð ákvæði um aðild starfsfólks Þjóðleikhússins að daglegri stjórnun þess. Mér sýnist vel hægt að hugsa sér það þó að yfirstjórnin yrði eftir sem áður í höndum ráðs eða nefndar sem að meginhluta er tilnefnd af alþm.

Þetta frv. er miklu síðar fram komið hér en ég hafði gert ráð fyrir, og það er auðvitað fjarri mér að ætla að fara að segja hv. menntmn. hér neitt fyrir verkum. En fara vildi ég nú þess á leit að n. íhugi möguleika á því að þetta mál geti fengið afgreiðslu á þessu þingi.

Já, herra forseti. Ég ætla þá ekki að orðlengja þetta frekar, en legg til að málinu verði að umr. lokinni vísað til hv. menntmn.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Hæstv. menntmrh. hefur nú gert nokkra grein fyrir þessu frv., en ég vildi gjarnan að betur væri að gert í þeim efnum varðandi þann kostnað sem ætlað er að hljótist af samþykkt þess. Í frv. er gert ráð fyrir talsvert mikilli aukingu starfsliðs Þjóðleikhússins. Þar er í fyrsta lagi gert ráð fyrir ráðningu fjármálafulltrúa í staðinn fyrir skrifstofustjóra og eitthvað mun nú felast í þeirri breytingu meira en nafnbreytingin ein. Í öðru lagi er gert ráð fyrir ráðningu framkvæmdastjóra. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir ráðningu bókmennta- og leiklistarráðunauta. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir ráðningu tónlistarráðunautar, það er ⅓ hluti starfs. Í fimmta lagi er gert ráð fyrir ráðningu listdansstjóra. Það á að vera heilt starf og bendir til þess að jafnframt sé gert ráð fyrir því að dansflokkurinn, sem þar hefur verið að einhverju leyti á kostnað Þjóðleikhússins, verði starfræktur í þeim mæli sem talað er um í grg. með frv., en þar er gert ráð fyrir að það muni kosta 10 millj. kr. á ári að starfrækja dansflokkinn eins og þar er talið þurfa með. Ráðning listdansstjóra í fullt starf bendir til þess að ráð sé fyrir þeirri starfsemi gert. Í sjötta lagi er gert ráð fyrir í 15. gr. í sambandi við leikmunasafn að safnið hafi í þjónustu sinni leiktjaldamálara og búningsteiknara. Ekki er með öllu ljóst hvort hvoru starfi fyrir sig eigi fleiri en einn að gegna því orðið er eins í eintölu og fleirtölu í þessu sambandi. Ég gæti trúað því, ef þetta væri allt tekið saman, að þarna væri um að ræða útgjaldaaukningu fyrir Þjóðleikhúsið sem næmi a. m. k. 15 millj. kr. á ári.

Hæstv. ráðh. hefur vitnað hér í 19. gr. frv. þar sem segir að eigi skuli ráða í nýjar stöður samkv. lögum þessum fyrr en fé er veitt til þess á fjárlögum, þar af leiðandi sé á valdi þingsins að ákveða hvenær þessi kostnaðarauki kemur til framkvæmda. Nú er reyndin sú í starfi fjvn., það þekki ég, að það er erfitt að standa á móti óskum og kröfum um ráðningar í störf, þegar í lögunum sjálfum er beinlínis tekið fram að þessi störf skuli vera til við viðkomandi stofnun, og það er greinilega tekið fram í þessu frv. í hverju tilfelli: ráðinn skal sérstakur framkvæmdastjóri við Þjóðleikhúsið, þar skulu starfa þessir aðilar. Reyndin er sú að það er mikill munur á því hvað auðvelt er að standa á móti slíkum kröfum ef annars vegar er ekkert tiltekið í lögunum um slíka starfsemi eða þegar það stendur beinlínis í lögum, að þessi störf skuli vera fyrir hendi.

Ég lít svo á að raunverulega sé verið með samþykkt þessa frv. að fara fram á a. m. k. 15 millj. kr. árlega aukningu á rekstrarkostnaði Þjóðleikhússins án þess að ætla megi að það hafi mikinn tekjuauka í för með sér. Hér er um stjórnarfrv. að ræða og hæstv. fjmrh., sem hefur skilað ríkissjóði með 5—6 þús. millj. kr. halla á s. l. ári, ætti þá að standa að ákvörðun um að þessi útgjaldaauki bætist hér við fyrir ríkissjóð. Eins og ég gat um áðan virðist með ákvæðum í þessu frv. gert ráð fyrir því að dansflokkurinn verði starfræktur í þeim mæli að hann kostaði um 10 millj. kr. á ári. Ég skal ekki dæma um menningargildi þessa dansflokks, en tilkoma hans í útgjöldum ríkissjóðs er nokkuð sérstök og dæmi um það hvernig þm. eru stundum látnir standa frammi fyrir gerðum hlutum. Fyrir 2—3 árum var farið fram á það við fjvn. að fjárveiting yrði látin til þessa dansflokks. Því hafnaði fjvn., og Alþ. samþ. ekki fjárveitingu á viðkomandi fjárlögum. En þrátt fyrir það var starfsemi flokksins hafin á kostnað ríkisins og nú er ætlunin að reka á þetta smíðshöggið með því að festa starfsemi hans í lögum, m. a. á þeim forsendum að þessi dansflokkur sé nú þegar til. Þetta er dæmi um það hvernig ekki á að standa að ákvörðun mála og hvernig svo getur farið, að málefni, sem Alþ. og fjvn. hafa í raun og veru hafnað, fá forgang fram yfir nauðsynlegustu málefni sem þm. hafa neyðst til að hafna vegna fjárhagsstöðu ríkissjóðs.

Nú er hagur ríkissjóðs bágur og því erfitt að tryggja aukna fjármuni til Þjóðleikhússins og margra annarra mikilsverðra stofnana. En vandinn er kannske mestur sá, að vilji menn auka hlut þessara stofnana þegar betur árar, þá fer venjulega svo að það er gert með því að fjölga föstum starfsmönnum, sem leiðir svo til þess að þegar verr árar, þá sitja menn uppi með óhreyfanlegt lið og óumbreytanlegan kostnað.

Ég vildi í sambandi við þetta óska eftir nánari upplýsingum um áætlaða heildarútgjaldaaukningu vegna samþykktar þessa frv., sem gera má ráð fyrir að komi fram nú þegar eða á næstu árum, og fá það staðfest hvort það er ætlun hæstv. ríkisstj. og þá allra ráðh. að þetta frv. verði samþ. á þessu þingi. Jafnframt vildi ég að nú við þessar umr. eða þá við 2. umr. yrði hv. þd. gerð grein fyrir rekstrarafkomu Þjóðleikhússins á s. l. ári, tekjum og gjöldum.

Það vill stundum fara svo, að það er meira rætt um aðra þætti í starfsemi ríkisins en útgjaldaþáttinn. Ég get t. d. nefnt sem dæmi að hér kom á borð þm. fyrir fáum dögum bók frá Hafrannsóknastofnuninni þar sem gerð var grein fyrir allri starfsemi stofnunarinnar, einstökum rannsóknaleiðöngrum, ástandi fiskstofna og mörgu fleira og þar að auki t. d. nafni hvers einasta starfsmanns stofnunarinnar í landi og á skipum, en í þessari bók fannst ekkert einasta orð um rekstrarkostnað stofnunarinnar eða hvernig hann skiptist á starfsþætti.

Þetta minnir mig nokkuð á það, að í haust var í sjónvarpinu viðtal við framkvæmdastjóra fyrir fyrirtæki sem nýtur stuðnings frá ríkissjóði. Þessi framkvæmdastjóri var spurður um hvernig starfsemin gengi, og hann svaraði því til að hún gengi afskaplega vel, aukning og viðgangur í starfrækslu og allt var í besta gengi, en sagði svo að lokum: Ja, það er þá helst að það gangi ekki nógu vel með fjárhagsafkomuna. Það er ekki laust við að manni finnist maður stundum verða fyrir því að þetta sjónarmið, að fjárhagsafkoman skipti minnstu, sé nokkuð ráðandi varðandi ýmsar framkvæmdir á vegum ríkisins, og annaðhvort er það svo með þetta frv., sem hér er flutt, að ákvæðin um hinar fjölmörgu nýju stöður eru sýndarmennska, sem ekki er ætlað að koma til framkvæmda, eða þá að í þessu tilfelli hefur á hinn bóginn ekki verið hugsað nóg um fjárhagshlið málsins, og hvorugt er gott.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég vil nú biðja hv. d. afsökunar á því að mér fór líkt og með manninn í sjónvarpinu, sem hv. síðasti ræðumaður minntist á, og líkt og stundum vill verða, að það gleymist að geta um kostnaðinn. Ég var í haust búinn með venjulegum hætti að fá yfirlit um hann, unnið eftir ábendingum leikhússins og síðan hjá hagsýslunni í haust. En síðan hafa miklar breytingar orðið og það tjóar ekki annað en að láta vinna þetta upp. Ég ætlaði að sjálfsögðu að skýra frá því að þær upplýsingar yrðu síðan sendar hv. menntmn. þessarar d. til meðferðar. En þetta féll niður hjá mér líkt og hjá manninum í sjónvarpinu, nema það var þeim mun verra, það kom ekki einu sinni fram í niðurlagi ræðunnar. Þetta er auðvitað rétt lýsing hjá hv. þm. sem hérna talaði áðan, enda má hann gerst þekkja þetta. Hann hefur lengi starfað í fjvn. og þetta hefur oft orðið raunin á, einmitt með ýmsa menningarstarfsemi, að áhugamenn byrja starfsemi og þrýsta sér síðan inn að ríkisjötunni að meira eða minna leyti, stundum að öllu leyti, sbr. þá starfsemi sem fram fer í Þjóðleikhúsinu eða í Sinfóníuhljómsveitinni, stundum ekki nema að litlu leyti og þá á ég við t. d. starfsemi áhugaleikfélaga sem aðeins fá tiltölulega mjög lítinn fjárhagsstyrk miðað við tilkostnað og það verk sem er innt af höndum við þá starfsemi. Við getum viðurkennt það að frá fjárhagslegu hliðinni, frá ríkissjóði séð og hans hag, þá sé þetta ekki alveg eins og það á að vera, en þetta hefur verið gangurinn. Ég sé ekki að það hilli neitt undir það að við stofnum okkar fyrirtæki, ja, við skulum segja hliðstætt við dansflokkinn og Sinfóníuhljómsveitina, á þann hátt að það sé tekið beint inn á ríkissjóð með afgreiðslu í fjvn., heldur er ég hræddur um að þetta eigi nú eftir að verða gangurinn í því, að áhugafólkið þyrji og þrýsti sér svo inn að jötunni smátt og smátt. Þetta er auðvitað bæði kostur og galli. Það fer þá af stað fyrst og fremst, sem áhugi er fyrir, með þessum hætti fremur en allt gerist eftir beinum og fyrir fram lögðum línum á Alþ. En það er líka svo með sum börn sem fæðast áður en foreldrarnir ganga í það heilaga, þetta verður mikið ágætisfólk. Og það er svo með þessar stofnanir margar að við vildum ekki missa þær á eftir þó að auðvitað verðum við að gæta hófs í fjárframlögum til þeirra.

Ég reikna með því að það sé engin fyrirstaða af hálfu ríkisstj., þvert á móti, að þetta frv. nái fram að ganga ef Alþ. telur sig hafa tíma til þess að afgreiða það. Það verður svo að fara eftir því sem fé er veitt í fjárl. hvað tekið er upp af þessum nýju stöðum. Ég vildi alveg sérstaklega binda það í frv. til þess að það lægi ljóst fyrir, að með flutningi frv. af minni hálfu og með samþykkt þess af hálfu Alþ., ef til kæmi, væri ekki verið að stefna að því að framkvæma allar nýjungar þess strax. Ég held að allir hljóti að vera sammála um að það sé eðlilegt að reyna að taka mið fram í tímann, reyna að sjá örlítið fram í tímann, þegar lögum er breytt á annað borð, með því sem sagt að taka inn þó þetta margar nýjar stöður í frv.

Það er sjálfsagt að afla menntmn. og auðvitað þm. eftir óskum yfirlit um rekstur Þjóðleikhússins á síðasta ári. Ég man nú ekki hvort ég hef séð slíka skýrslu, en væntanlega er hún þá að verða tilbúin. Eg skal ekki segja neitt um niðurstöður, nema mér er kunnugt um það að nýting hússins á síðasta ári hefur verið ágæt, það hefur verið mjög góð aðsókn að þeim leikritum sem sýnd hafa verið, og út frá því sjónarmiði séð hefur starfsemin gengið vel. En sem sagt, ég skal ganga í það að senda hv. menntmn. slíkt yfirlit og jafnframt að senda henni grg. um væntanlegan kostnað af ákvæðum frv.

Axel Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki vera langorður við 1. umr. málsins, frv. kemur til n. sem ég starfa í, en vegna þess, sem fram kom hjá hv. 11. landsk. þm. sem allt var rétt, vil ég aðeins víkja að nokkrum atriðum varðandi 8. og 9. gr., þar sem talað er um starf framkvæmdastjóra í 8. gr. og fjármálafulltrúa í 9. gr.

Þjóðleikhúsið er í dag geysiumfangsmikil stofnun, og ég er ekki frá því að það sé nauðsynlegt, já, viss nauðsyn á því, að koma þar á meiri og gleggri starfsskiptingu einmitt til þess að gæta hagsýni í rekstri. Ég er ekki með neinar átölur á stofnunina í þessum orðum, en þetta er orðið miklu umfangsmeira fyrirtæki, ef svo mætti segja, heldur en menn kannske í upphafi gerðu sér grein fyrir að yrði starfsemi Þjóðleikhússins og aðsókn að því sýnir það gleggst nú undanfarin ár að þetta er mjög umfangsmikil stofnun.

Það er rétt sem hv. 11. landsk. þm. kom inn á varðandi dansflokkinn. Fyrrv. menntmrh. — þökk sé honum — kom þessum dansflokki að nokkru leyti á fót, ef svo má segja, án sérstakrar fjárveitingar, réð hingað erlendan listdansstjóra, mann sem leysti sitt starf, held ég, prýðilega af höndum. Á þessari listgrein er og hefur verið mikill áhugi, það er óhætt að segja það. Það hefur hins vegar gengið upp og niður með að halda þeirri starfsemi stöðugt í gangi þar til þessi tilraun var gerð sem ég hér vitna til. Síðan hefur þessi flokkur starfað, ég vil segja með mikilli prýði. Auðvitað kostar það peninga, og það er ekki nema eðlilegt, þegar velta þarf fyrir sér hverri krónu, ef svo má segja, að einn hafi fremur áhuga á því að verja fénu í þetta og annar í hitt. Hér er alltaf um matsatriði að ræða. En það er alveg öruggt mál, að ef gera á ráð fyrir því að listdansflokkurinn geti starfað áfram, og ég teldi mikið spor aftur á bak ef svo yrði ekki því að það er mjög vaxandi áhugi á þessari listgrein hjá æskunni í dag, þá er fjármálalega séð kannske ekki miklu óhagkvæmara að ráða fastan listdansstjóra heldur en að vera að fá menn til þess tímabundið árlega. Þeir verða eðlilega tiltölulega miklu dýrari miðað við þann skamma starfstíma sem þeir starfa heldur en þegar um er að ræða ráðningu á manni til lengri tíma. Á þessu vildi ég vekja athygli ef menn á annað borð hafa það í huga að þessi listgrein starfi áfram.

Eins og hæstv. ráðh. kom inn á í framsöguræðu sinni, þá er hér einnig vikið að starfsmönnum, starfsheitum, sem raunverulega eru fyrir hendi í dag og eru búnir að vera nokkurn tíma, þrátt

fyrir það þótt þeir hafi ekki verið í gildandi lögum um Þjóðleikhús, og þar vitna ég einnig til ummæla minna áðan, að Þjóðleikhúsið hefur mjög verið að vaxa í starfsemi og er það vel. En auðvitað kostar þetta peninga og sá varnagli er settur að aukin umsvif verði því aðeins að um auknar fjárveitingar verði að ræða. En auðvitað skilja engir betur en hv. fjvn.-menn, að það getur oft verið erfið þeirra staða að velja og hafna og skipta því sem til skipta er.

Jón Árnason: Herra forseti. Aðeins nokkur orð um þetta frv. sem hér er til 1. umr.

Ég verð að segja það, að ég vil taka sérstaklega undir orð hv. 11. landsk. þm., Geirs Gunnarssonar, í sambandi við flutning á þessu frv. Með tilliti til þess efnahagsástands, sem fyrir hendi er hjá okkar þjóð í dag, er ekki óeðlilegt að alþm. hugi að því hvað hin ýmsu frv., sem hvort heldur er um að ræða að einstaklingar leggi hér fram eða ríkisstj., hafi mikið aukinn kostnað í för með sér. Ég tel að það sé bæði sjálfsagt og nauðsynlegt, ekki síst þegar um er að ræða stjórnarfrv., að þingmönnum sé gerð grein fyrir því hvað þau mál, sem flutt eru í þinginu, hafi mikið aukinn kostnað í för með sér. Ætti síst að standa á því af hálfu ráðh. eða ríkisstj. að gera grein fyrir því þegar þeir flytja mál í þinginu. Ég er þeirrar skoðunar að sú upphæð, sem hv. 11. landsk. nefndi í sambandi við aukinn kostnað sem mundi leiða af þessu frv. ef samþykkt yrði, verði síst minni en þm. gerði ráð fyrir. Fer það að sjálfsögðu eftir því hvaða afgreiðslu stofnun fær í fjvn. við fjárveitingar. En það er eins og þm. sagði, að þegar búið er að ákveða í lögum að þetta og þetta starf skuli stofnað þegar fjárveiting sé fyrir hendi, þá er erfitt fyrir Alþ. og fjvn. eða þá, sem um þessi mál fjalla, að standa á móti því sem búið er að setja í lög. Tökum t. d. 12. gr. þessa frv. þar sem segir að miða skuli við að svo margir leikarar, söngvarar og listdansarar starfi við Þjóðleikhúsið að það geti að staðaldri leyst af hendi þau verkefni sem því ber að rækja samkvæmt þessum lögum. Við Þjóðleikhúsið skal starfa blandaður kór. Það er ekki talað um hvort það á að vera 100 manna kór eða hvað stór sá kór á að vera, og það er ekki heldur gerð grein fyrir því hvað það muni kosta að starfrækja slíkan kór allt leikárið sem ætti þá að vera að sjálfsögðu eins og leikarar og aðrir fyrir hendi til að leysa þessi störf af hendi hvenær sem er. Úr hópi kórfélaga skal á hverju leikári kjósa einn félaga sem skal vera þjóðleikhússtjóra og tónlistarráðunaut til fulltingis við val óperu og söngleikja.

Ég hygg að menn — e. t. v. ríkisstj. — a. m. k. ekki enn sem komið er geti gert sér fulla grein fyrir þeim aukna kostnaði sem þetta frv. hefur í för með sér ef það verður samþykkt og ákvæði þess koma síðan til framkvæmda með fjárveitingum í fjárlögum. Ég vil við þessa 1. umr. að gefnu tilefni í þeim umr., sem hér hafa átt sér stað varðandi þetta mál, taka undir þá gagnrýni sem hér hefur komið fram um það að við verðum að gera okkur fulla grein fyrir hvaða afleiðingar slík mál sem þessi hafa í sambandi við auknar fjárveitingar hins opinbera.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv

Leiklistarlög, frv. (þskj. 466). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þetta frv. er meiri nýsmíði en það sem ég mælti fyrir hér áðan því að það hefur ekki legið áður fyrir Alþ. Hins vegar má segja að því sé ætlað að koma í staðinn fyrir löggjöf sem gilt hefur um stuðning við áhugaleikstarfsemi, og að því leyti er hér ekki um algjöra nýjung að ræða, að áður hefur verið fjallað um þetta viðfangsefni í íslenskum lögum.

Aðdragandi þessa máls er í fáum orðum þessi: Í febr. 1972 var samþ. á Alþ. svofelld þál.: „Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að taka til endurskoðunar lög nr. 15 frá 1965, um fjárhagslegan stuðning við leiklistarstarfsemi áhugamanna.“ Haustið eftir skipaði þáv. menntmrh., Magnús T. Olafsson, 5 manna nefnd til þess að undirbúa málið og var Knútur Hallsson skrifstofustjóri formaður n. — Ég vil geta þess hér að það hefur orðið prentvilla í þskj. eða þá ritvilla hjá okkur í rn., og þar stendur Gylfi Þ. Gíslason, en hann var að sjálfsögðu ekki ráðh. þegar n. var skipuð haustið 1972, ég hef gert ráðstafanir til að láta leiðrétta þetta í þskj. — Þessi n. samdi frv. til leikhúslaga, eins og hún kallaði það, og fylgdi því grg., sem prentuð er sem fskj. með þessu frv., svo og þau frumvarpsdrög sem þessi nefnd samdi. Mér þótti hins vegar eftir töluverða yfirvegun rétt að víkja verulega frá tillögum n., einkum að því er varðar starfssvið leiklistarráðs sem er greint frá í þessu frv. Því var ætlað meira starfssvið í frv. n. og mér fannst eins og því væri ætlað að nokkru leyti að koma í staðinn fyrir eða við hliðina á og þá að óþörfu Bandalagi íslenskra leikfélaga.

Þessu frv. er ætlað að marka í megindráttum hversu haga beri stuðningi ríkisvalds og sveitarfélaga við leiklistarstarfsemina í landinu. Í því eru hins vegar engin fyrirmæli um fjárhæðir framlaga, en það er gert ráð fyrir að þær verði ákveðnar í fjárlögum ríkisins og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga hverju sinni. Þetta er aðeins rammi.

Annað meginatriði frv. er að stofna skuli leiklistarráð með aðild þeirra sem ætla má að einkum láti leiklist til sín taka. Því er ætlað að vera vettvangur skoðanaskipta og umræðna um leiklistarmál og stuðla að stefnumótun á því sviði á hverjum tíma. Þá er gert ráð fyrir því að leiklistarráðið kjósi 3 manna framkvæmdastjórn. Leiklistarráðið á að vera ólaunað, en greiða skal þóknun fyrir stjórnarstörf og ferða- og dvalarkostnað utanbæjarmanna á stjórnarfundi. Hér er um svo óverulegar fjárhæðir að ræða, þóknun til þessara stjórnarmanna, að ég veit ekki hvort það er ástæða til þess að gera um það sérstaka áætlun hjá hagsýslu. En ef þess verður óskað af n., þá verður það að sjálfsögðu gert. En það er ekki gert ráð fyrir öðrum útlögðum kostnaði úr ríkissjóði heldur en þóknun fyrir stjórnarstörf og ferða- og dvalarkostnaði utanbæjarmanna.

Um þessar mundir er töluvert mikil gróska í leiklistarstarfsemi íslendinga. Ég get nefnt alveg sérstaklega, sem mér finnst gefa bendingu um að það sé talin þörf á því að hafa slíkan vettvang til skoðunarskipta einmitt um leiklistarmálin, að fyrirhugað er að halda ráðstefnu eða þing um þessi málefni í Reykjavík núna á útmánuðum. En ég held að það sé ekkert of mikið sagt að það sé mikil gróska í leiklistarstarfsemi íslendinga. Starfsemi Þjóðleikhússins hefur verið öflug, og eins og ég sagði áðan: nýting hússins hefur verið mjög góð á undanförnum missirum. Leikfélag Reykjavíkur rekur atvinnuleikhús með mikilli prýði. Leikfélag Akureyrar er að færast yfir á það svið einmitt núna. Starfsemi Bandalags íslenskra leikfélaga t. d. hefur færst mjög í aukana á síðustu missirum bæði hefur félögum fjölgað og starfsemi bandalagsfélaganna aukist og svo leiðbeiningar- og fyrirgreiðslustarfsemi bandalagsins sjálfs. Þessi almenna leiklistarstarfsemi er áreiðanlega ekki síður athyglisverð heldur en starfsemi áhugaleikhúsanna, því að hún hefur að mínum dómi og margra annarra mjög mikið uppeldislegt og félagslegt gildi fyrir fólkið í hinum dreifðu byggðum. Mér þótti eftirtektarverð setning sem formaður bandalagsins sagði við mig nýlega, var að mæla fyrir auknum stuðningi við bandalagið: Við erum mötuð á svo mörgu að það veitir ekki af að styðja viðleitni til eigin listsköpunar og túlkunar. Í þessari setningu fannst mér vera mikill sannleikur. Og það er fleira sem hefur verið að gerast á þessum sviðum að undanförnu. Það hefur verið stofnaður Leiklistarskóli ríkisins sem tekur við af tveim einkaskólum sem starfað höfðu undanfarna vetur. Það má ef til vill segja að það séu eins og stendur í dag óeðlilega margir við leiklistarnám. En því valda þessar sérstöku ástæður, að það höfðu verið starfandi tveir skólar eftir undangengið hlé. Og það má benda á þar á móti að það hafa ekki að undanförnu útskrifast neinir leikarar hér með menntun til starfa í atvinnuleikhúsunum og sem leiðbeinendur svo að það hefur myndast þarna dálítið tómarúm. Þá hefur nýlega verið stofnað svonefnt Alþýðuleikhús og það er byrjað sína starfsemi, og nemendur Leiklistarskólans hafa stofnað sitt nemendaleikhús sem þeir nefna svo, og hafa sýnt sitt fyrsta leikrit alveg nýlega og eru kannske að því enn. En sem sagt, þegar þannig er ástatt, þá held ég að það sé alveg tímabært að setja rammalöggjöf annars vegar um stuðning hins opinbera við leiklistina og svo jafnframt að efna til starfsemi á borð við þá sem áformuð er með leiklistarráði og framkvæmdastjórn þess.

Enda þótt þetta frv. til leiklistarlaga sé ekki viðamikið og láti ekki mikið yfir sér, þá hygg ég þó að leiklistarfólkið í landinu telji verulegan ávinning að lagasetningu í þá stefnu sem þetta frv. greinir. Ég fjölyrði svo ekki frekar um málið, en legg til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. menntmn.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir framlagningu þessa frv. Það er ánægjulegt að þetta frv. skuli vera komið hér og einhver hreyfing skuli komast á þetta mál, því að það var árið 1972 sem samþ. var þál. frá okkur Karvel Pálmasyni, hv. þm., um að taka til endurskoðunar lög um fjárhagslegan stuðning við leiklistarstarfsemi áhugamanna. Þetta er svo uppskeran í raun og veru af því starfi sem síðan hefur verið unnið í framhaldi af samþykkt þessarar ályktunar. Ég hygg að það hafi verið markmið okkar, að við ætluðum að reyna að tryggja það að áhugaleikfélögin í landinu fengju öruggari og meiri stuðning við sitt starf en verið hafði þá um skeið. Sannleikurinn er sá um lögin frá 1965 að það eru bundnar upphæðir þar og þær eru löngu orðnar úreltar og upphæðir síðustu ára hafa farið langt upp fyrir lagatakmörk sem betur fer.

Ég vona sem sagt að þetta frv. verði leiklistarstarfseminni í landinu í heild til góðs. Það er rétt, sem hæstv. ráðh. segir, það er ekki talað um ákveðnar fjárhæðir. Það tel ég heldur ekkert aðalatriði. 1965 voru fjárhæðirnar lögbundnar og þá voru þær mjög til hækkunar frá því sem þá hafði verið, en auðvitað voru þær bókstafur einn fyrstu árin. Það var lengi svo, að ekki náði einu sinni helmingi upphæðarinnar, vegna þess hve fjárveitingar voru naumt við nögl skornar. Þá eins og nú réðu vitanlega fjárveitingarnar öllu. Þar af leiðandi teljum við, sem erum í stjórn Bandalags íslenskra leikfélaga, ekki aðalatriðið að fá lögbundin einhver ákveðin framlög, enda eru verkefni leikfélaganna mjög misjöfn og kostnaður geysilega ólíkur og vandaðri verkefnin oft dýrust.

Það er rétt, sem hæstv. ráðh. sagði hér og fagnaði, að gróska í leiklistarstarfsemi landsbyggðarinnar sérstaklega er geysileg og fjárstuðningur við hana er því enn nauðsynlegri en ella, þó ég telji enn mikilvægara ef Þjóðleikhúsið gengi nú til móts við áhugafólkið í fullri alvöru og því gert skylt, svo sem mér sýnist nú með nýju frv. um Þjóðleikhús, að rækja skyldu sína við áhugafólkið, senda því leikara og leikstjóra því að kostnaðarlausu eða kostnaðarlitlu. Ég tel enda að Þjóðleikhúsið ræki ekki sitt verkefni sem skyldi fyrr en það sinnir þessari grundvallarskyldu. Annars er það ekki Þjóðleikhús, annars er það aðeins nafn og ekkert annað.

Aðalástæðan fyrir þessu, sem ég vil geta hér um, er ekki það hvað við í stjórn bandalagsins höfum starfað vel að þessum málum, heldur að framkvæmdastjóri okkar bandalags hefur unnið hér geysimikið starf og alveg sérstaklega gert stórátak í því að virkja krafta ungra leikara hér á höfuðborgarsvæðinu, — leikara, sem hafa verið að bíða eftir verkefnum, eftir stóra hlutverkinu sínu, verið við lítið hér á þessu svæði, en var erfitt að fá áður. Þessir kraftar nýtast áhugaleikfélögunum mjög vel, og ég held að það sé ekki bara áhugaleikfélögum til gagns, heldur kannske miklu fremur þessu unga fólki til gagns að fara út á landsbyggðina og leiðbeina áhugafólkinu þar.

Það er sérstök ástæða til þess að vekja athygli á því að áhugaleikfélögin hafa tekið íslensk leikrit miklu meira til meðferðar en áður var, þau verða sífellt stærri þáttur í starfsemi þeirra. Að þessu hefur verið unnið og okkur hefur orðið í þessu efni vel ágengt og ekki síst vegna

áhuga hinna ungu leikara. Ég skal annars ekki ræða þetta starf hér því að það er mér svo mjög skylt, en ég fullyrði þó að víða er hér um að ræða merkasta menningarframlagið í byggðarlögunum víðs vegar um landið, þegar þar er sett upp leikverk.

Ég ætla að snúa mér með örfáum orðum að frv., ég fæ ekki tækifæri til að fjalla um það í n. Það er talsvert frábrugðið því upphaflega, því sem við áttum beinan hlut að í Bandalagi ísl. leikfélaga, en við höfum fjallað um þetta frv. einnig og lýst yfir stuðningi okkar við það í meginatriðum. Ég ætla ekki að fara út í upphaflega frv., ég vil sjá hvað n. gerir í málinu og hvort einhverjar breytingar kunna þar að verða gerðar. Ég hygg þó að það sé ekki ástæða til þess, nema þá í sárafáum tilfellum.

Um einstakar greinar vil ég aðeins segja það, að í 2. gr., þar sem kemur til árleg fjárveiting til leiklistarstarfsemi í landinu almennt, þá skiptir auðvitað mestu hvert viðhorf fjárveitingavaldsins er til þessarar starfsemi. Hingað til hefur verið geysilega mikill munur á atvinnuleikhúsunum og áhugaleikfélögunum, eins og hæstv. ráð. benti á, og vil ég aðeins benda á það, þó þeir akureyringar eigi allt gott skilið, að um leið og þeir voru komnir með sitt atvinnuleikhús, þá fengu þeir miðað við verkefnafjölda um 10-falt meira en nokkurt áhugaleikfélaganna gat fengið. Þetta er að mörgu leyti eðlilegt vegna þess að þarna er farið að fastráða fólk og þeim hefur sannarlega ekki veitt af því, enda höfum við út af fyrir sig í Bandalagi ísl. leikfélaga, þar sem þetta félag er þó enn þá, ekkert haft á móti þessu. En þetta sýnir hins vegar gerólík viðhorf til atvinnuleikhúsanna annars vegar og áhugaleikfélaganna hins vegar sem okkur þykir ansi áberandi oft og tíðum. Ég vona sem sagt að þetta frv., ef að lögum verður, valdi breytingu á þessu, og hlutdeild Bandalags ísl. leikfélaga í leiklistarráðinu ætti einmitt að tryggja það.

Varðandi fjárveitingar sveitarstjórnanna, þá hlýt ég auðvitað að vera samþykkur því að sveitarfélögin veiti fé til leiklistarstarfsemi í sveitarfélögunum eftir því sem ákveðið verður í fjárhagsáætlunum þeirra. Hér er um sjálfsagðan stuðning að ræða. En auðvitað er spurning um hvort það sé ekki fram á of mikið farið að hvert sveitarfélag greiði jafnmikið og ríkissjóður. Ef þetta yrði gert að skilyrði fyrir því sem ríkissjóður greiddi, þá er ég hræddur um að þar yrðu nokkrir árekstrar. Þá á ég sérstaklega við smærri sveitarfélögin, þar sem oft eru viðamikil leikrit flutt, en sveitarfélögin eru of veikburða til þess að styðja það nægilega vel.

Þetta held ég að n. þyrfti að athuga örlítið nánar, því þetta þykir mér fullstíft ákvæði og er með ákveðna till. þar til breytingar sem ég vil koma á framfæri við n. Áður nægði helmingsframlag gagnvart minni verkefnum, en hins vegar jafnmikið framlag varðandi fleiri verkefni, það er rétt. Þar af leiðandi hefur aldrei verið farið eftir þessu, það er aðalatriði málsins reyndar. Ríkissjóður hefur greitt þetta þrátt fyrir það að sveitarfélögin hafi ekki staðið fyllilega við sinn hluta, og er út af fyrir sig vel að svo hefur verið.

Varðandi 3. gr., þar er talað um að menntmrn. úthluti þessu fé til almennrar leiklistarstarfsemi að fengnum till. Bandalags ísl. leikfélaga. Ég fagna þessu ákvæði mjög, en ég vil geta þess að á síðustu árum hefur verið haft mikið og gott samstarf við bandalagið um þetta og hæstv. ráðh. menntamála, bæði Magnús T. Ólafsson og Vilhjálmur Hjálmarsson, hafa sýnt bandalaginu mikið traust í þeim efnum og ekki gert neitt án þess að hafa um það samráð við okkur.

4. gr. er sjálfsagt sú sem menn hnjóta aðallega um, þ. e. a. s. spurningin um þetta leiklistarráð, hve víðtækt valdsvið þess á að vera, hve mikið það eigi að gera. Sumir óttast eflaust að hér sé verið að koma á einu bákninu enn. Það held ég að sé algjörlega ástæðulaust. Ég hygg að þetta leiklistarráð geti orðið mjög til góðs varðandi fyrri liðinn, þ. e. a. s. að vera vettvangur skoðanaskipta og umr. um leiklistarmál, og það er einmitt sérstök nauðsyn á því að menn blandi geði hver við annan: áhugaleikarar, atvinnuleikarar og höfundar tals og tóna og svo aðrir þeir aðilar sem hér er lagt til að taki þarna sæti. Þennan vettvang hefur skort og það kom mjög skýrt í ljós á ráðstefnu sveitarfélaganna um menningarmál á s. l. vori, sem þá var haldin, að þessir menn töluðu ekki eins ólík tungumál og menn höfðu áður haldið, rithöfundarnir t. d., tónskáldin og jafnvel áhugaleikararnir. Ég held að þessi vettvangur sé þess vegna mikil nauðsyn, og þeim, sem óttast að þetta verði bákn, vil ég aðeins benda á að það er aðeins gert ráð fyrir því að um einn fund verði að ræða á ári, nema sérstök ástæða verði þá til, og það er ólaunað og eins og hæstv. ráðh. tók fram, þá verður ekki um mikinn kostnað af þessu að ræða. En hinu fagna ég, hve áhrif áhugaleikfélaganna eru mikil í þessu máli, og þau hafa þess vegna möguleika á því að hafa líka áhrif á stjórn þessa ráðs. Miðað við daginn í dag mundi þetta gilda 6—7 fulltrúa frá Bandalagi ísl. leikfélaga í þetta leiklistarráð, vegna þess að í bandalaginu eru milli 60 og 70 félög.

Ég hef heyrt, síðan þetta frv. kom fram í gær, að einhverjir óttist að ráðið blandi sér of mikið í listmótun og liststefnur. Ekki hef ég áhyggjur af því. Ég held að það að stuðla að stefnumótun sé ekki svo afgerandi. Ég held að nýir straumar og nýjar stefnur geti jafnt rutt sér til rúms þrátt fyrir þetta leiklistarráð. Ég held að aðalmeining þess að hafa þetta ráð sé að reyna að hafa jákvæð áhrif á flutning góðra leikverka og um leið nýrra leikverka og ekki að hjakka í því gamla farsafari eingöngu sem viljað hefur við brenna. Þróunin hefur verið í þessa átt að undanförnu hjá áhugafélögunum, og það er áhugi hjá okkur í bandalaginu að brydda upp á nýjungum einnig, taka ný verk einnig til meðferðar. En hins vegar getur nýungagirnin og framúrstefnan einnig farið út í öfgar og það ber og að varast.

Ég held að eitt mikilvægasta hlutverk leiklistarráðsins gæti orðið það, sem um getur undir 3. tölulið, að stuðla að ritun og útgáfu leikrita. Við höfum ekki sýnt þeim fáu höfundum, sem lagt hafa sig eftir leikritun, nægan áhuga og stuðning í verki, þ. e. a. s. ekki af hálfu opinberra aðila. Hins vegar hefur almenningur í

landinu fagnað höfundum eins og t. d. Jónasi Árnasyni og Jökli Jakobssyni eða þá Birgi Sigurðssyni, svo yngra dæmi sé tekið, og hefur styrkt þá með mikilli og góðri aðsókn að leiksýningum þeirra.

Ég bendi á til viðbótar þessu, sem ég vil skjóta til hv. menntmn., að hlutverk þessa leiklistarráðs ætti einnig að vera að reyna að koma íslenskum verkum, leikverkum á framfæri erlendis. Það ætti einnig að vera hlutverk þess. Hingað til hafa höfundar orðið að hafa fyrir þessu algjörlega sjálfir. En þar sem þetta hefur tekist, þá hefur það gefið mjög góða raun, svo sem ég nefni t. d. um leikverk Jónasar Árnasonar.

Ég sem sagt legg aðaláherslu á það, að með þessu frv. er stefnt í þá átt að aukið verði samstarf áhuga- og atvinnuleikara og þeirra stofnana og félaga sem að þessum málum vinna. Ég legg alveg sérstaka áherslu á liðsinni Þjóðleikhússins við þessa ágætu starfsemi og veit það, að ef hvatning kemur að ofan og jafnvel bein fyrirmæli, þá verður jákvæð hreyfing hér báðum til góðs. Ég vil sem sagt þakka hæstv. ráðh. fyrir frv. og vona að það eigi greiðan framgang hér í d. og verði helst að lögum nú á þessu þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Kafarastörf, frv. (þskj. 395). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 474).

Álbræðsla við Straumsvík, frv. (þskj. 138, n. 433 og 457). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Iðnn. þessarar d. hefur haft til meðferðar frv. til l. um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík. N. fékk á sinn fund ýmsa menn sem við þessa endurskoðun á svonefndum álsamningi voru riðnir. Á fundi n. mættu Jóhannes Nordal seðlabankastjóri sem formaður viðræðunefndar um orkufrekan iðnað, Árni Reynisson framkvæmdastjóri Náttúruverndarráðs, Vilhjálmur Lúðvíksson efnaverkfræðingur, Eyjólfur Sæmundsson verkfræðingur hjá Heilbrigðiseftirliti ríkisins, Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri og Ingimar Sigurðsson fulltrúi í heilbrrn.

N. varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. n. mælir með samþykkt þess, eins og fram kemur í nál. á þskj. 433. Eggert G. Þorsteinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Þessi endurskoðun, sem hér er um að ræða, er með tilvísun til samnings, sem gerður var 28. mars 1966 við Swiss Aluminium Ltd. um byggingu álbræðslu við Straumsvík. Með þeim samningi var fyrirtækinu heimilað að byggja, eiga og reka slíka ábræðslu. Ég mun að sjálfsögðu ekki fara að rekja ákvæði þess samnings, en vil þó geta um þau atriði samningsins sem eru nú til endurskoðunar.

Samið var um raforkuverð þrjá þúsundustu úr dollar eða 3 mill og skyldi það gilda til svokallaðs þriðja afhendingarárs raforku sem var 1. okt. 1975. Þá átti raforkuverðið að lækka í 2½ þúsundustu úr dollar.

Framleiðslugjald var upp tekið í stað íslenskra skatta. Ákvæði er í samningnum að framleiðslugjald skuli vera að lágmarki 250 þús. dollarar á ári, en jafnframt skuli greiða á hvert tonn framleiðslunnar 12.50 dollara til 1. okt. 1975, þ. e. a. s. þriðja afhendingartímabils, eins og það er nánar skilgreint í samningnum, en hækkar þá upp í 20 dollara á hvert tonn. Þessi hækkun samsvarar nokkurn vegin þeirri lækkun, sem ráðgerð var á raforkunni, um hálfan þúsundasta af Bandaríkjadollar. Síðan er samkvæmt samningnum gert ráð fyrir því að framleiðslugjaldið hækki á fimmtánda afhendingarári raforku upp í 27.50 dollara. Jafnframt er svo ákveðið í samningnum að greiða skuli til viðbótar þessu gjaldi 7 dollara á hverja smálest fyrir hvert amerískt cent sem álverið hækkar umfram 27 cent pundið, eins og það var þegar samningurinn var gerður. Verð á áli á heimsmarkaði er nú skráð 39 cent fyrir pund af áli. Framleiðslugjaldið er samkvæmt þessu nú orðið um það bil 100 dollarar á tonnið. Það er mikil hækkun frá því gjaldi sem ákveðið var 12.50 í upphafi á hvert tonn og síðan 20 miðað við 27 cent á skráðu heimsmarkaðsverði.

Hins vegar er á þessum samningi um framleiðslugjald sú takmörkun að greiðsla fyrirtækisins, framleiðslugjaldið, skuli ekki fara yfir 50 af hundraði af skattskyldum eða nettótekjum ÍSALs. Ef greiðslan fer fram yfir það getur fyrirtækið beðið um endurskoðun og sent sína reikninga með slíkri beiðni til iðnrn. sem getur látið alþjóðlegt fyrirtæki eða annað, sem það óskar, fara yfir slíka reikninga og úrskurðað síðan í samræmi við það. Á þetta reyndi í sambandi við greiðslur fyrirtækisins 1974. Ítarleg endurskoðun fór fram á reikningum þess. Endurskoðun framkvæmdi breskt endurskoðunarfyrirtæki. Niðurstaða þeirrar endurskoðunar varð sú að fyrirtækið taldi að ýmislegt mætti finna athugunarvert við reikningsuppgjör ÍSALs og þá fyrst og fremst að þar væri ekki þess gætt að viðskipti við móður- og dótturfyrirtæki færu þannig fram að gætu talist á milli óskyldra aðila, en sú grundvallarstefna er mörkuð í upphaflegum samningi við ÍSAL. Einkum taldi endurskoðendafyrirtækið vafasama þá verðlagningu sem fram kemur á súráli til ÍSALs. Þar er um að ræða kaup frá öðru dótturfyrirtæki Swiss Aluminium og verðlagningin að sjálfsögðu þar algjörlega á valdi Swiss Aluminium Ltd. Engu að síður kom í ljós að ekki var unnt að lækka þessa inneign fyrirtækisins að neinu ráði, þannig að 1. okt. 1975 mun ÍSAL hafa átt innistæðu hjá íslenska ríkinu sem nam 4.4 millj. dollara. Ákvæði eru um að þetta greiðist ekki út, heldur verði innistæða og lækkar þá skattinn, sem greiddur er á næstu árum á eftir, allt niður að grunnframleiðslugjaldinu sem nú er 20 dollarar

á tonnið. Hins vegar er það staðreynd, að afkoma fyrirtækisins var svo léleg á árinu 1975 og aftur lítur út fyrir að hún verði heldur léleg á árinu 1976, að jafnvel þótt fyrirtækið greiði aðeins þessa 20 dollara á hverja smálest mun enn aukast sú inneign sem fyrirtækið á hjá ríkissjóði. Er áætlað að hún gæti með þessu móti numið allt að 8—9 millj. dollara í lok þessa árs.

Þetta eru þau atriði sem fyrst og fremst eru tekin til endurskoðunar, og var það raunar fyrst og fremst raforkuverðið sem leiddi til þeirrar endurskoðunar sem liggur hér fyrir. Ósk um breytingu á raforkuverði kom fram 1973 frá fyrrv. iðnrh., hv. þm. Magnúsi Kjartanssyni, og hefur nýlega birst í Þjóðviljanum skýrsla sú sem ráðh. skrifaði um ósk sína um endurskoðun og lagði fyrir ríkisstj. Iðnrh. fól viðræðunefnd um orkufrekan iðnað að annast þessa endurskoðun og hefur hún síðan staðið yfir.

Fljótlega kom hins vegar framleiðslugjaldið inn í þessa endurskoðun, og má segja að ósk beggja aðila. Það er ekkert sérstaklega æskilegt að mikil skuldi safnist við fyrirtækið. Var því af íslendinga hálfu talið réttara að endurskoða þessar forsendur sem fram eru settar í upphaflegum samningi, þar sem ljóst er að 7 dollara hækkun á framleiðslugjaldi fyrir hverja smálest miðað við 1 cent hækkun á markaðsverði á hverju pundi fær ekki staðist. Þetta samsvarar því að þriðjungurinn af allri hækkun á áli renni í skatt sem framleiðslugjald. Hins vegar næst það aldrei, eins og fram hefur komið. Það þyrfti að vera ótrúlega mikil og góð afkoma fyrirtækisins til þess að það fengi nokkurn tíma staðist og ákaflega lítil hækkun á öðrum framleiðslukostnaði. Báðir aðilar voru því sammála um að þetta væri rétt að endurskoða í leiðinni.

Um orkuverðið vil ég segja að íslendingar töldu ljóst að á því þyrfti að fást breyting. Ég get ekki tekið undir það að þetta orkuverð, sem upphaflega var samið um, standi ekki undir kostnaði að sínu leyti við Búrfellsvirkjun, eins og að hefur verið látið liggja. Ég hygg að þetta sé rangt. Hins vegar er það staðreynd að þetta orkuverð er allt of lágt, því í slíku orkuverði verður að taka tillit til nýrra orkuvera sem kosta langtum meira en þau fyrri og leiða að sjálfsögðu til hækkunar á orkuverði í landinu og sjálfsagt og eðlilegt að fyrirtæki eins og ÍSAL taki þátt þeirri þróun. Auk þess má færa fyrir því gild rök að forsendur fyrir slíku orkuverði eru brostnar, því orkuverð allt í heiminum hefur hækkað svo mikið með hækkun olíuverðs að líkja má þessu nánast við force majeure. Ég get tekið það fram fyrir mitt leyti, að ég taldi lengi vel að það ætti að vera unnt að krefjast breytinga á þessum lið einum, eingöngu með tilliti til force majeure ákvæðis. Lögfræðingar töldu það hins vegar ekki kleift.

Loks er rétt að geta þess, að gengi Bandaríkjadollars hefur haft veruleg áhrif, eins og fram kemur m. a. í skýrslu Magnúsar Kjartanssonar þar sem samanburður er gerður á tekjum annars vegar í dollurum og hins vegar í svissneskum frönkum og þýskum mörkum. Kemur þar fram ákaflega mikill munur í dollurum. Árssalan er þar talin árið 1973 226.2 millj. kr., í svissneskum frönkum 324.8, en í þýskum mörkum 370.9. Hins vegar held ég að þetta sé atriði sem ákaflega erfitt var að gera sér grein fyrir þegar þessi samningur var gerður. Menn geta sagt nú að rétt hefði verið að gera samninginn í svissneskum frönkum. Hins vegar voru lánin ákaflega mikið í dollurum, og þá geta menn alveg eins spurt: Hvers vegna var hann ekki gerður í þýskum mörkum? Þau hafa hækkað mest. Það er stundum auðvelt að vera skynsamur eftir á. Engu að síður tel ég að þessi breyting á gengi Bandaríkjadollars, sé önnur rík ástæða til þess að biðja um endurskoðun.

Ég hefði talið eðlilegt að fengist hefði hækkun á raforkuverði, a. m. k. tvöföldun, ef ekki þreföldun. Um þetta urðu miklar og langar viðræður við fyrirtækið með þeirri niðurstöðu sem rakin er ítarlega í grg. með þessu frv. og ég ætla ekki að rekja hér nema í grófum dráttum. Ég geri ráð fyrir því að hv. þm. hafi kynnt sér það í grg. Þetta er dregið saman á bls. 26. Þar kemur fram að raforkuverðið hækki smám saman á næstu mánuðum, þannig að til ársloka 1975, þ. e. a. s. síðustu ársloka, verði það 3 mill eða 3 þúsundustu úr dollar. Næstu 6 mánuði 3.5, þar næstu 12 mánuði 4 og næstu 6 mánuði þar á eftir 4—4.5 mill. en frá 1. jan. 1978 tengist það síðan álverði í hlutföllum sem fram koma í samningnum sem nú á að gera. Gert er ráð fyrir því, að það verði fyrst 1% af álverði, en viðbótin verði síðan ákveðinn hundraðshluti af hækkun, minnkandi eftir því sem álverðið hækkar meira. Jafnframt fylgir með tafla á bls. 31 sem gerir grein fyrir því hvert orkuverðið muni verða með álverði allt frá 39 centum pundið upp í 200 cent pundið. Þá mundi orkuverð hækka úr 3.9 mill upp í 11.31. Þarna er þá a. m. k. fenginn hreyfanleiki í þetta raforkuverð. Um það má deila, hvort það á að tengjast álverðinu frekar en öðru. En ég leyfi mér að fullyrða að ekki hafi verið unnt að ná þessum hreyfanleika á raforkuverði nema á þennan máta. Ég get upplýst að mjög mikil vinna var lögð í athugun á þessu. Leitað var til óháðra aðila í þessu sambandi. Þannig liggur mikil vinna að baki þeirri endanlegu niðurstöðu sem hér er fengin. Alls ekki verður um það deilt að hér er um verulega hækkun á orkuverði að ræða og sömuleiðis mjög aukið öryggi þegar litið er fram í tímann í sambandi við orkuverðið.

Af þessu hlýtur Landsvirkjun auknar tekjur, eins og fram kemur í samanburði sem einnig er í grg. með þessu frv. Þennan samanburð er dálítið erfitt að gera því að hann er háður breytilegu álverði. Hann er gerður fyrir tvenns konar þróun álverðs á bls. 29 og bls. 30. Í fyrra dæminu er gert ráð fyrir svipaðri verðþróun á áli og undanfarið, en í öðru dæminu er gert ráð fyrir örari verðhækkun á áli eða 5% á ári að meðaltali. Í báðum tilfellum kemur fram að auknar tekjur til Landsvirkjunar eru mjög miklar. Í fyrra dæminu, þar sem álverðið er talið hækka mjög hægt, eru viðbótartekjur á 5 ára tímabili 9 millj. dollarar, þ. e. a. s. hækkar úr 14.1 í 23.1 greiðslan fyrir raforku í millj. dollara á 10 ára tímabili úr 28.1 millj. dollara í 50 millj. dollara og á 19 ára tímabili, þ. e. til enda samningsins, úr 53.4 í 103.4 millj. dollara. Þannig er um verulega tekjuaukningu Landsvirkjun-

ar að ræða. Þetta kemur einnig mjög greinilega fram á línuriti á bls. 37, þar sem einnig eru teknir inn breytilegir vextir.

Þessar tekjur Landsvirkjunar leiða að sjálfsögðu til þess að Landsvirkjun þarf a. m. k. ekki að fá þá hækkun á raforkuverði sem annars hefði ef til vill orðið nauðsynleg, og þær hljóta þar með að leiða til lækkunar á raforkuverði fyrir þá sem njóta Landsvirkjunar. En ég vil taka það fram strax að þetta leiðir hugann að jafnaðarverði fyrir landið allt á raforku. Mér finnst ekki rétt að landsvirkjunarsvæðið eitt njóti þeirrar lækkunar sem verður á raforkuverði til almennings við þessa samninga. Í mínum huga knýr þetta enn á um markaða almenna stefnu í orkumálum með það meginmarkmið í huga að tryggja sömu gjaldskrá raforku a. m. k. í heildsölu um land allt og raunar helst í smásölu þótt það sé nokkru flóknara mál.

Ég gat þess að framleiðslugjaldið var einnig tekið til endurskoðunar að ósk beggja aðila. Niðurstöður urðu þær að sett er lágmarksframleiðslugjald, 20 dollarar á tonn, þ. e. a. s. miðað við núverandi framleiðslu, 75 þús. tonn á ári, er það 1 millj. og 500 þús. dalir. Það er mikil hækkun frá þeim 230 þús. dollurum sem lágmarksgjaldið er nú. Og þetta ber að greiða án tillits til afkomu verksmiðjunnar. Síðan er gert ráð fyrir því að þetta framleiðslugjald hækki í hlutfalli við hækkun á áli. Er frá þessu greint á bls. 27 í skýrslu til ríkisstj. sem fylgir með í grg. frv. Miðað við 40—50 centa verð á áli á hvert pund hækkar framleiðslugjaldið um 90% af hlutfallslegri hækkun, síðan fyrir 50—60 centa verð á áli um 80% af hlutfallslegri hækkun, fyrir 60—70 centa verð á áli á pund um 70% af hlutfallslegri hækkun og yfir 70 cent hækkar framleiðslugjaldið um 60% af hlutfallslegri hækkun.

Inn í samninginn er jafnframt sett að hámarksgreiðsla fyrirtækisins skuli ekki verða yfir 55% af nettótekjum og skal þessi viðbót umfram fyrrnefnda 20 dollara gerð upp á árinu eftir að tekjurnar skapast. Fyrirtækið, ef það telur að það muni fara fram yfir 55% með þessu framleiðslugjaldi, eins og það kann að verða á hverjum tíma, getur óskað eftir slíkri athugun. Hins vegar getur einnig hið opinbera óskað eftir endurskoðun ef það telur að gjaldið sé fyrir neðan 35% af nettótekjum. Með þessu er sett svigrúm í greiðslu framleiðslugjaldsins, það skuli vera milli 35 og 55% nettótekna, en þó aldrei lægra en 20 dollarar á tonn. Samanburður er gerður á þessu í töflu 1 á bls. 29. Sá samanburður er að ýmsu leyti nokkrum vandkvæðum bundinn vegna þess að hann er mjög háður því hver þróun álverðsins verður, en í þeim tveimur dæmum, sem þarna eru tekin, verður sá samanburður hagstæður þegar tekið er tillit til þeirrar skattainneignar sem fyrirtækið hefur eignast og mun halda áfram að eignast ef þróun álverðs verður svipuð og verið hefur upp á síðkastið. Að vísu kemur í ljós að við þá þróun, sem hefur verið, minnka skattgreiðslurnar, en þegar tekið er tillit til skattinneignar í lok tímabilsins, t. d. 5 ára tímabils, verður nettóskattgreiðslan meiri, þannig að auknar heildartekjur af raforku og skattgreiðslu verða miðað við 5 ára tímabil og laka afkomu álversins eða litla hækkun á verði samtals 12.1 millj. dollara aukning, sem er um það bil tvöföldun á því sem nú er. Ég tel ekki nauðsynlegt að lesa upp þessar tölur, hv. þm. hafa þær fyrir framan sig. Í báðum dæmunum er um heildarhækkun að ræða, en hins vegar er sú hækkun á skattgreiðslu í sumum dæmum mjög lítil og ef ekki er tekið tillit til skattinneignarinnar er í sumum tilfellum um lækkun að ræða. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því, að deilur hafa verið um það hvernig fara eigi með þessa skattainneign að loknum gildistíma samningsins, þ. e. a. s. eftir 19 ár. Lögfræðingar hafa skoðað það og ekki orðið sammála um það. Við höfum haldið því fram að þessi skattinneign falli til ríkisins, en hins vegar hefur fyrirtækið haldið því fram að skattinneignina beri að greiða að loknu þessu 19 ára tímabili. Um þetta ríkir óvissa og engin endanleg niðurstaða hafði fengist.

Ef sjónarmið okkar reynist rétt, að skattinneignin falli niður að loknu tímabilinu, þá er um verulega lækkun skatts að ræða í dæmi B. Þar er um lækkun skatts að ræða og verulega lækkun ef skattinneignin hefði fallið niður.

Menn geta að sjálfsögðu metið það á ýmsa vegu, hvort rétt var að fara út í þessa endurskoðun. Af ríkisstj. hálfu var framleiðslugjaldið nú talið óraunhæf skattlagning og fengi ekki staðist af þeim ástæðum, sem ég lýsti áðan, og ekki æskilegt að standa í, sem augsýnilega hefði orðið, árlegum deilum og endurskoðun á rekstrarreikningum fyrirtækisins, með þessu móti náist öryggi í skatttekjum og sé það mikils virði. Ég er þessu sammála.

Ymsa aðra þætti samningsins hefði mátt endurskoða og var á það minnst. Upptalningin var fljótlega æðilöng. Niðurstaðan varð hins vegar sú að láta þarna staðar numið nema að því leyti að samþ. stækkun til álversins um 10 þús. tonn eða 20 mw. orkunotkun. Þetta byggist á því loforði, sem fyrirtækinu var gefið þegar gengið var til þessara samninga, að ef samningar næðust yrði ekki haft gegn því að álverið stækkaði sem þessu nemur, enda er kerskáli 2 miðaður við þessa stækkun. Þar eru öll tæki til, eins og afriðlar, flutningstæki o. fl., sem nauðsynlegt er fyrir þessa stækkun og með henni reiknað í þeim kerskála. Hins vegar er þessi stækkun að sumu leyti hagkvæmari fyrir okkur og þá sérstaklega í sambandi við raforkuverðið. Um það náðist samkomulag að fyrir þessa stækkun yrðu 40% raforkuverðsins forgangsorka, en 60% afgangsorka og það er töluvert mikils virði fyrir landsvirkjunarkerfið þar sem afgangsorka er mikil. Ef gert er ráð fyrir svipuðu verði á afgangsorkunni og samið var um við Íslenska járnblendifélagið kemur í ljós að verð á þessari forgangsorku, sem þarna er um að ræða, er 10.3 mill hver kwst. Þetta er því tvímælalaust langtum hagkvæmari orkusölusamningur en hinn almenni orkusölusamningur til álversins.

Mikið hefur í þessu sambandi verið rætt um náttúruvernd og fjölluðu fundir n. að langmestu leyti um þann þátt málsins. Þá er rétt að geta þess í upphafi, að í upphaflegum samningi fjalla 12. gr. og 13. gr. samningsins um náttúruvernd. Ég hygg að á þetta verði minnst töluvert hér á eftir og því sé nauðsynlegt — með leyfi hæstv.

forseta — að ég lesi þær greinar, enda eru þær nú ekki langar.

12. gr. fjallar um mengun og þar segir svo: „ÍSAL skal bera fulla ábyrgð á hverju því tjóni, sem hlýst af gastegundum og reyk frá bræðslunni utan við svæði með ummáli reiknuðu frá miðju bræðslukerasvæðisins í fyrsta áfanga bræðslunnar, eins og sýnt er á uppdrætti II með bræðsluáætluninni. ÍSAL tekst á hendur fulla ábyrgð á hverju því tjóni sem hlýst af gastegundum og reyk frá álbræðslunni innan slíks svæðis á eignum eða öðrum hagsmunum manna, sem nú búa þar eða eiga þar eignir, svo og gagnvart þeim, sem síðar kunna að öðlast framsal frá þeim, að svo miklu leyti sem um er að ræða núverandi afnot þess eða afnot í framtíðinni, önnur en búskap og garðyrkju. Aðrir þeir, sem héðan í frá taka sér bólfestu innan ofannefnds svæðis eða eignast þar eignir, taka með því á sig áhættu á hvers konar tjóni að því er varðar búskap og garðyrkju, er hlýst af gastegundum eða reyk frá bræðslunni og ÍSAL skal ekki bera ábyrgð á því."

Síðan kemur liður 12.02 sem ég tel mikilvægastan í þessu sambandi:

„ÍSAL mun gera allar eðlilegar ráðstafanir til að hafa hemil á og draga úr skaðlegum áhrifum af rekstri bræðslunnar í samræmi við góðar venjur í iðnaði í öðrum löndum við svipuð skilyrði.

ÍSAL skal framkvæma reglulegar athuganir með því að taka með vissu millibili sýnishorn af gróðri, efnum og eignum á fyrir fram ákveðnum athugunarstöðum í nágrenni bræðslulóðarinnar, í samvinnu við hlutaðeigandi rannsóknastofnun ríkisstj., að því er varðar möguleg áhrif af gastegundum og reyk frá bræðslunni. Niðurstöður slíkra athugana skulu vera tiltækar fyrir ríkisstj."

Síðan segir í 13. gr.:

„Reglur um öryggi, heilbrigði og hreinlæti.

Að tilskildum ákvæðum 12. gr. skal ÍSAL byggja, útbúa og reka bræðsluna og halda henni við í samræmi við núgildandi og síðari lög og reglur á Íslandi varðandi öryggi í atvinnurekstri, heilbrigði og hreinlæti, og skal í þessum efnum vera háð eftirliti opinberra stofnana, sem ábyrgð bera á framkvæmd á slíkum reglum."

Þetta ákvæði 13. gr. og það, sem ég las áðan í 12.02 um skyldu ÍSALs til að gera allar eðlilegar ráðstafanir, tel ég langsamlega mikilvægast í þessu sambandi. Það hefur dálítið verið gagnrýnt að ekki skyldu sett nein nánari ákvæði á sínum tíma. Ég hygg að ég geti upplýst að á þessum tíma voru nánast engin slík ákvæði þekkt og engin, að því er ég best veit, í iðnvæddum löndum eða í heiminum almennt. Þá var ekki til Heilbrigðiseftirlit ríkisins. Þá hafði að sjálfsögðu ekki verið sett sú reglugerð, sem um þetta fjallar, né þau lög sem reglugerðin er byggð á. Þetta mál var þá skoðað vandlega í Noregi og niðurstaðan varð sú, að talið var tryggast að fá inn ákvæði sem skyldar ÍSAL til að fara að þeim venjum, sem skapast kunna í iðnvæddum löndum. Ég átti nokkurn þátt í þessu. Ég tel fyrir mitt leyti að þetta sé fullkomlega fullnægjandi, og ég tel að það hafi komið fram í störfum n. að svo er.

Hjá n. mættu bæði menn frá Náttúruverndarráði, frá Heilbrigðiseftirliti ríkisins og frá rn. Í ljós kemur að fyrirtækið skrifaði heilbrrn. skömmu eftir að reglugerð nr. 164/1972, um varnir gegn mengun af völdum eiturefna og hættulegra efna, var gefin út og fór fram á rekstrarleyfi. Rn. svaraði því með bréfi til fyrirtækisins þar sem rn. kveðst líta á þetta bréf fyrirtækisins sem umsókn um rekstrarleyfi skv. þessari reglugerð og hefur því aldrei verið mótmælt. Þannig hefur fyrirtækið fengið rekstrarleyfi og því verið sett skilyrði um hreinsunartæki. Það hefur dregist nokkuð að setja þessi hreinsunartæki upp, m. a. vegna þess að þarna hafa farið fram tilraunir með íslenska uppgötvun á þessu sviði sem því miður hefur ekki reynst fær um að hreinsa gastegundirnar eins og nauðsynlegt er. Því hefur orðið að hanna aðra gerð hreinsunartækja, orðið að loka ofnunum og útbúa tæki sem ná gasinu og hreinsa það með aðferð sem er tiltölulega nýleg, en hefur reynst ná allt upp í 97—98% af flúor sem sleppur annars frá slíkum fyrirtækjum. Núna koma út í andrúmsloftið um 14—16 kg af flúor á hvert tonn sem er framleitt, en með þessum tækjum er talið að þetta megi minnka niður í 1 kg á hvert tonn og jafnvel í 0.75, þó að þetta lægra mat muni að öllum líkindum vera mjög erfitt í eldri bræðslum sem ekki eru upphaflega byggðar með slíkt í huga. Ég vil geta þess að flúor hefur hækkað mjög í verði og er með þessari nýju aðferð endurheimt úr gasinu og greiðist þannig að verulegu leyti rekstrarkostnaður við slík hreinsunartæki. Áætlað er að stofnkostnaður muni verða um 2200 millj. kr. fyrir fyrirtækið í Straumsvík. Þetta er ekki lítil upphæð.

Ég tel það mikilvægt í þessu sambandi jafnframt, að hv. iðnn. Nd. fékk yfirlýsingu frá fyrirtækinu sem birt er með nál. Kemur þar greinilega fram, undirskrifað af framkvæmdastjóra fyrirtækisins og formanni stjórnar, að fyrirtækið mun setja þessi hreinsunartæki í verksmiðjuna og gerir ráð fyrir að því muni lokið á næstu tveimur árum. Þetta er mikið verk, en þeir segja að því verði að fullu lokið í árslok 1978. Þetta er mjög mikið verk og kostnaðarsamt og eðlilegt að sé tekið tillit til þess.

Eyjólfur Sæmundsson verkfræðingur, starfsmaður Heilbrigðiseftirlits ríkisins gaf n. miklar og góðar upplýsingar, og mér þykir ljóst að Heilbrigðiseftirlitið vinnur ötullega að þessu máli. Það vinnur núna að því að setja ákveðna staðla sem ég sé enga ástæðu til að ætla að fyrirtækið fari ekki eftir. Heilbrigðiseftirlitið er í nánu sambandi við svipuð yfirvöld bæði í Bandaríkjunum og í Noregi og hefur fengið allar upplýsingar þaðan, bæði um þá staðla, sem settir verða eldri verksmiðjum og að öllum líkindum verða ekki eins strangir og fyrir nýjar, og sömuleiðis það sem er í undirbúningi fyrir nýjar verksmiðjur.

Á það hefur verið deilt að ekki skuli við þessa endurskoðun nú tekið í lögin ákvæði sem skyldi fyrirtækið til þess að fara eftir reglugerð þeirri sem ég nefndi. Mér þótti í þessu sambandi mikilvægt það sem kom fram hjá ráðuneytisstjóra heilbrrn., Páli Sigurðssyni á nefndarfundi þegar hann sagði að rn. fyrir sitt leyti væri mjög í

vafa um að rétt væri að skylda fyrirtæki með lögum með slíku ákvæði til að setja þessi hreinsunartæki inn fyrir stækkunina, því að þá mætti e. t. v. túlka það svo að það væri ekki skyldugt til þess að setja slík hreinsitæki fyrir það álver sem nú er starfrækt. En rn. telur sig hafa fengið fullvissu fyrir því að fyrirtækið muni fara eftir reglugerð um varnir gegn mengun af völdum eiturefna og hættulegra efna og vafalaust að stækkanir hjá fyrirtækinu falli undir þá reglugerð og undir þau ákvæði sem þar eru mjög skýr. Ég tel því fyrir mitt leyti að þetta sé í ágætu lagi og engin ástæða til að óttast að svo verði ekki. Ég legg ríka áherslu á það að hreinsunartæki þurfa að koma, og ég fagna því að þau munu koma.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð öllu fleiri. Það mætti segja margt um þetta fyrirtæki og rekstur þess. Hann hefur verið erfiður á undanförnum árum vegna verðfalls á áli. Ég held að hiklaust megi segja að við íslendingar höfum hins vegar haft af þessu fyrirtæki verulegar tekjur. Þær skipta milljörðum á ári hverju í vinnulaunum, greiðslu fyrir raforku og í framleiðslugjaldi, og ég fæ ekki séð að sagt verði að við höfum haft af þessu fyrirtæki sérstakt óhagræði. Ég efast a. m. k. um að hafnfirðingar vilji samþykkja það. Og ég verð að segja fyrir mitt leyti, að mér sýnist svisslendingar hafa lagt kapp á að fara eftir samningnum. Það verður ekki borið á þá að þeir hafi brotið samninginn. Hitt er annað mál, að þeir eru harðir viðskiptamenn og hafa ávallt reynst harðir í samningum, en öruggir, og fyrir það er nokkuð gefandi.

Ég vil að lokum geta þess, að sú breyting, sem hér er um að ræða á framleiðslugjaldi, leiðir til þess að breyta verður samningnum á milli íslenska ríkisins og Hafnarfjarðar um hlutdeild Hafnarfjarðarkaupstaðar í álgjaldinu, sem svo er venjulega nefnt, eða framleiðslugjaldi. Þeir samningar eru nú í gangi. Þeim er ekki lokið. Ég get ákaflega lítið um þá sagt. Út af fyrir sig eru þeir samningar óháðir staðfestingu á því frv. sem hér liggur fyrir, en þeim samningum verður þó að vera lokið áður en samningur þessi er undirskrifaður, því að sjálfsögðu þarf samþykki hafnfirðinga t. d. fyrir þeirri stækkun sem hér er um að ræða. En ég hef verið fullvissaður um að þetta er í gangi og menn vænta þess að þeim samningum verði lokið mjög fljótlega.

Umr. frestað.

Neðri deild, 86. fundur.

Miðvikudaginn 31. mars, kl. 2 miðdegis.

Skólakostnaður, frv. (þskj. 445). — 1. umr.

Flm. (Karvel Pálmason): Virðulegi forseti. Á þskj. 445 hef ég leyft mér að flytja frv. til l. um breyt. á l. nr. 49 frá 1967, um skólakostnað. Hér er um að ræða breytingu á 1. gr. gildandi laga um skólakostnað sem er á þá leið að á eftir 1. mgr. 7. gr. l. komi ný mgr. sem hljóði svo: „Þó skal ríkissjóður ávallt greiða 75% áætlaðs stofnkostnaðar sundlauga í útgerðarstöðum, sem hafa innan við 4000 íbúa."

Hér er um að ræða þá breytingu frá því, sem er í gildandi lögum, að hækka þátttökukostnað ríkissjóðs úr 50% upp í 75%. Þá er gert ráð fyrir í þessu frv. að ákvæði til bráðabirgða verði, og í því gert ráð fyrir að einnig skuli ríkissjóður greiða 75% áætlaðs stofnkostnaðar þeirra sundlauga sem eru í byggingu og ekki hefur verið gengið formlega frá samningum um kostnaðarskiptingu.

Það er ljóst að sundkennsla er mikilvægur liður í menntun barna og unglinga, enda er svo að lágmarkskunnátta í sundíþróttinni er gerð að skilyrði fyrir fullnaðarprófi. Hér er um að ræða ákvæði sem búið er að vera í fræðslulöggjöf frá 1946, að ég hygg, og því miður er svo ástatt í sumum landsfjórðungum að um árabil og í sumum tilfellum áratugaskeið hefur ekki verið hægt að útskrifa unglinga með fullnaðarprófskírteini vegna þess að sundkennsla hefur ekki verið fyrir hendi.

Nú er það ljóst að þó að hér sé fyrst og fremst um að ræða framkvæmd á fræðslulöggjöf, þá er ekki síður það mikilvæga atriði að sjá svo til að á útgerðarstöðum, sjávarplássum, þar sem undirstaðan undir atvinnulífi er sjósókn og sjávarútvegur, þar hlýtur að verða að líta svo á að brýnni nauðsyn sé til að aðstaða til sundkennslu og sundiðkunar sé fyrir hendi heldur en þó annars staðar þar sem á annan veg er háttað.

Það hefur lengi verið ljóst að með núgildandi ákvæðum um hlutdeild ríkissjóðs í greiðslu stofnkostnaðar skólahúsnæðis, þ. á m. sundlauga, eiga fjölmörg minni sveitarfélög við sjávarsíðuna víðs vegar um landið þess engan kost að koma upp sundlaugum svo að viðunandi sé. Lítil og fjárvana sveitarfélög geta með engu móti lagt fram 50% af stofnkostnaði slíkra mannvirkja og háttar því svo til nú að á mörgum stöðum eru slík mannvirki alls ekki fyrir hendi og hafa ekki verið. Með flutningi þessa frv. er reynt að ráða þar á bót á þann hátt að fyrst og fremst sé ráðist í að byggja þessa aðstöðu upp á þeim stöðum þar sem sjávarútvegur er stundaður að verulegu marki. Samkv. upplýsingum, sem ég hef fengið frá menntmrn., íþróttafulltrúa, er ástandið í þessum málum með þeim hætti að af 64 stöðum, sem eru með íbúa undir 4000, er aðeins um að ræða 32 staði sem hafa sundkennsluaðstöðu, þar af 2 staði, sem hafa algerlega ófullnægjandi aðstöðu, og 6, sem eru með slíka aðstöðu í endurbyggingu eða smíðum. Samkv. þessu er ljóst að um 24 útgerðarstöðvar í landinu hafa, eins og málum er háttað í dag, sundaðstöðu. 30 slíkir staðir, útgerðarstaðir, hafa enga slíka aðstöðu til að kenna sund og þar af leiðandi með engum hætti hægt að fullnægja því ákvæði gildandi fræðslulaga í sambandi við sundkennslu. Þetta er nokkuð mismunandi eftir kjördæmum og landshlutum.

Það er mjög áberandi að á Vestfjörðum er ástand langverst í þessum málum. Þar er um að ræða alls 13 staði sem kæmu til greina með að flokkast undir þessa skipan, ef sú breyting, sem

hér er lagt til að gerð verði, næði fram að ganga, og af þeim 13 stöðum eru 8 sem alls enga aðstöðu hafa til sundkennslu og þar í eru útgerðarstaðir eða sjávarþorp sem sannarlega eru þess virði fyrir þjóðarbúið að sköpuð væri aðstaða til að sinna þessu verkefni.

Á tveimur stöðum á Vestfjörðum, aðeins á Ísafirði og Patreksfirði, er nú fyrir hendi aðstaða til sundkennslu og sundiðkunar. Á þremur stöðum er um að ræða annað hvort ófullnægjandi aðstöðu algerlega eða aðstöðu sem er í byggingu. Þar stendur því þetta mál þannig, að því er Vestfirði varðar, að af þessum 13 útgerðarstöðum er aðeins um 2 að ræða sem hafa aðstöðu til sundkennslu og sundiðkunar. Þetta verður að teljast vægast sagt óviðunandi ástand með hliðsjón af því að frá Vestfjörðum berast til þjóðarbúsins æðimikil verðmæti í gegnum þann atvinnurekstur, sem fyrst og fremst er stundaður þar, sjávarútveg.

Þetta lítur ekki jafnilla út í öðrum landshlutum. Á Norðurl. v. samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, er alls um að ræða 7 staði sem mundu flokkast undir þetta og af þeim 7 stöðum eru 5 sem hafa þessa aðstöðu fyrir hendi, en aðeins 2 sem ekki hafa slíka aðstöðu.

Á Norðurl. e. er alls um að ræða 12 útgerðarstöðvar, sem kæmu til með að flokkast undir þetta, og af þeim 12 hafa 8 þessa aðstöðu, þar af að vísu ein bygging í smíðum, en 4 hafa enga slíka aðstöðu.

Á Austurlandi er um að ræða alls 13 staði í þessu tilviki og af þeim hafa 7 þessa aðstöðu fyrir eða eru með hana í byggingu, en 6 staðir hafa enga slíka aðstöðu.

Á Vesturlandi er alls um að ræða 7 slíkar útgerðarstöðvar og af þeim 7 eru 5 sem hafa þessa aðstöðu, en 2 hafa hana ekki.

Í Reykjaneskjördæmi er þarna um að ræða alls 6 staði og af þeim hafa 2 þessa aðstöðu, að vísu annar, sem er Grindavík, bráðabirgðaaðstöðu, en 4 útgerðarstaðir í Reykjaneskjördæmi hafa ekki slíka aðstöðu.

Á Suðurlandi eru 4 slíkir staðir og hefur enginn þeirra þessa aðstöðu og er þó um að ræða allmikla útgerð frá þessum stöðum.

Mér sýnist að samkv. þessum upplýsingum fari vart hjá því að ljóst sé, að ástæða er og það mikil ástæða til breytinga í þessum efnum, — breytinga í þá átt að gera þessum sjávarplássum og útgerðarstöðvum fært að koma upp þessari lífsnauðsynlegu aðstöðu, í fyrsta lagi til þess að fullnægja gildandi fræðslulögum og í öðru lagi og ekki síður, að ég tel, í því skyni að á þeim stöðum, þar sem sjávarútvegur er svo yfirgnæfandi atvinnuvegur eins og víða er um þá staði sem hér er um að ræða, þá er það lífsnauðsyn að sjómönnum og sjómannsefnum sé gert kleift að læra sund og halda slíkri sundkunnáttu við. Þar getur í mörgum tilvikum verið um mannslíf að ræða, hvort slík kunnátta er fyrir hendi eða ekki.

Nú má vel vera að einhverjum hv. þm. þyki heldur kynlegt að miða hér við ákveðna íbúatölu, og vissulega má um það deila hvort eigi að gera slíkt eða ekki og þá hvar eigi að draga mörkin. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að á þessum tiltölulega fámennu stöðum sé miklum mun örðugra um vik hjá viðkomandi sveitarfélögum að ráðast í slíkar framkvmdir og því beri fremur að byrja á að styðja í auknum mæli við bakið á þessum stöðum heldur en þó hinum sem betur eru settir að því er fjármagn snertir. Einnig má vel vera að einhverjum hv. þm. þyki hér vera flutt mál sem hafi í för með sér allmikla útgjaldaaukningu hjá ríkissjóði, og vissulega er svo. En ég er þó þeirrar skoðunar að þetta mál sé svo alvarlegs eðlis að það eigi rétt á sér að veita slíkum byggingum forgang umfram ýmislegt annað, þó nauðsynlegt sé, sem hugsanlega yrði ráðist í á næstunni. Ég geri mér ljóst að hér getur verið um að ræða nokkuð mikið fjármagn af hálfu ríkissjóðs sem hann þyrfti að standa skil á, en ég held að þetta málefni sé vissulega þess virði að í það séu látnir fjármunir, því það er öruggt að þeir skila sér margfaldlega aftur í þjóðarbúið.

Ég þarf í sjálfu sér ekki að hafa um þetta öllu fleiri orð. Ég er þeirrar skoðunar að það megi furðu gegna hversu mikið tómlæti hefur ríkt af hálfu löggjafans að því er þessi mál varðar. Ég efast um að hv. þm. almennt hafi gert sér grein fyrir því hvernig þessi mál standa víðs vegar á landinu og tel að það fálæti, tómlæti, sem mér virðist í þessum málum hafa ríkt, sé kannske fyrst og fremst eða a. m. k. fremur vegna þess að þm. almennt hafi ekki kynnt sér hvernig þessu er háttað heldur en það skorti vilja hjá þeim til þess að bæta úr og ráðstafa í þetta meira fjármagni en gert hefur verið. Ég tel að það sé vart sæmandi þjóð eins og okkur íslendingum, sem byggjum að langsamlega mestum hluta á sjósókn og sjávarútvegi og því, sem úr sjó kemur, þá sé það vart sæmandi að það ástand, sem nú hefur ríkt um árabil og áratugaskeið, haldi áfram. Það á að vera forgangsverkefni að mínu viti að ráða hér bót á og skipa svo málum að hægt sé af miklum hraða, vil ég segja, fara í framkvæmdir með þessum hætti. Ég vænti þess að í þeirri hv. n., sem kemur til með að fá þetta mál til umfjöllunar, verði um skilning að ræða á þessari brýnu nauðsyn til breytinga, og ég vænti þess jafnframt að sú hv. n. sjái sér fært að skila sem fyrst áliti sínu til þingsins, þannig að afgreiðsla þessa máls geti átt sér stað áður en þessu þingi lýkur. Ég hef ekki trú á því að það verði um andstöðu að ræða gagnvart þessari breytingu. Mér kæmi það á óvart, ef slík andstaða ætti sér stað hér á Alþ. Ég vænti þess sem sagt að þessu máli verði tekið af skilningi og velvild og það nái fram að ganga á þessu þingi því hér er um lífsspursmál að ræða.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Ég vil taka undir það með hv. flm. þessa frv. til l. að hér er um nauðsynlegt mál að ræða. Þessi hugmynd um að hækka hlutdeild ríkisins í kostnaði við byggingu sundlauga er raunar ekki ný. Það hefur oft verið á þetta minnst, fólk hefur gert sér grein fyrir því að þarna er mjög brýn nauðsyn annars vegar hvað sundkennslu og sundkunnáttu varðar, ekki síst í sjávarplássum. Það

má kannske segja að það sé ekki tímabært nú að koma fram með frv. eða till. hér á hv. Alþ. sem leggja auknar byrðar á ríkissjóð, og undir það tek ég. Hins vil ég þó vænta, að hv. Alþ. líti á þetta mál með þeim skilningi sem það verðskuldar.

Það er enginn vafi á því að sundíþróttin almennt er ein sú heilsusamlegasta og mest heilsubætandi íþrótt sem við eigum völ á að iðka hér. En í útvegsstöðum um land allt, þar sem meiri hluti vinnandi manna er sjómenn sem þurfa að sækja á sjó út hvernig sem viðrar, er að sjálfsögðu fullkomin nauðsyn að þeir menn séu syndir. Það kann sumum að koma á óvart að í sumum okkar verstöðvum er manni tjáð að helmingur sjómanna á fiskiskipaflotanum sé ósyndur. Slíkt er náttúrlega óhæfilegt öryggisleysi og verður að bæta hér úr, og þá tel ég að sjálfsagðasta aðferðin sé að skapa aðstöðu til þess að kenna börnum og unglingum að synda, að ekki sé minnst á hina almennu hlið skólamálsins, að það er gert ráð fyrir sundkunnáttu sem skyldugrein til fullnaðarprófs á barnaskólastigi.

Hitt vil ég jafnframt benda á, um leið og ég lýsi fullum stuðningi mínum við þessa hugmynd, að það væri full ástæða til þess að huga að því hvernig staðið er að uppbyggingu sundlauga og sundkennslumannvirkja og að það sé af ríkisins hálfu ekki gert ókleift fyrir minni og fámennari sveitarfélög að koma upp þessari aðstöðu. Þá á ég við það að manni hefur sýnst boginn fullhátt spenntur hjá þeim sem á vegum ríkisins hanna þessi mannvirki. Það er ekki langt um liðið síðan eitt slíkt dæmi kom upp í mínu kjördæmi, í litlu sjávarþorpi á Vestfjörðum, á Flateyri, þar sem sveitarstjórnin hefur kvartað sáran undan því að íbúunum þar sé af hálfu íþróttafulltrúa ríkisins og þeirra, sem ráða gerð byggingarinnar, með yfirbyggingu mannvirkisins lagður allt of þungur fjárhagslegur baggi á herðar. Að vísu mundi hagur sveitarfélagsins vænkast að mun ef kostnaðarhlutdeild þess yrði ekki nema 25% í staðinn fyrir 50%. Engu að síður tel ég það skyldu þeirra, sem þessum málum ráða, að stefna fyrst og fremst að því grundvallarmarkmiði að til sé aðstaða til sundkennslu. Tiltölulega lítil og ódýr sundlaug, alla vega sem fyrsti áfangi, mundi gegna fullvel því nauðsynlega hlutverki. Þess vegna get ég, um leið og ég mæli með skilningi gagnvart þessu frv., tekið undir hugmyndir sem hafa komið fram á Alþ. um að það sé settur einhver hemill á það hvernig opinberar byggingar eru hannaðar af hálfu þeirra er málum ráða á þessu sviði. Ég tel mjög mikið atriði að þessa sé gætt jafnframt. Það er rétt, sem kom hér fram hjá hv. flm., að það eru óhugnanlega mörg útvegspláss sem enga aðstöðu hafa til sundkennslu. Það er hrein óhæfa. Það hefur hingað til verið sveitarstjórnum nokkur þröskuldur í vegi líka, að jafnvel þótt byggingin væri upp komin, þá hefur reksturinn með upphitun, hugsanlega og venjulegast með olíu eða jafnvel kolum, verið allerfiður einnig. Það er sagt að við stefnum hraðbyri út í upphitun með heitu vatni og það finnst heitt vatn í jörðu nú þar sem engan óraði fyrir að það væri að finna, þannig að þessi þáttur málsins vænti ég að í framtíðinni verði auðveldari viðureignar, þ. e. a. s. hvað sjálfan reksturinn áhrærir.

Ég endurtek: Ég lýsi fullum skilningi mínum á þessu máli og vænti þess að hæstv. ríkisstj., sem hér kemur til með að hafa ákvörðunarvaldið, sýni því þann velvilja sem það á skilið. Sjálf á ég sæti í þeirri n., sem frv. verður vísað til, og þar mun þessi afstaða mín koma fram.

Gunnlaugur Finnsson: Herra forseti. Mig langar til að segja örfá orð um þetta mál, og ég sé ástæðu til þess að þakka hv. flm. fyrir að hafa flutt þetta mál inn í þd. og vekja athygli á því.

Það er nú svo, enda þótt sundkennsla sé ein af hinum lögboðnu kennslugreinum í landinu og enda þótt reynt sé að verða við þeim ákvæðum á þann hátt að börnum sé kennt að synda jafnvel á stöðum þar sem engin aðstaða er fyrir hendi, auk þess að tiltölulega stór hluti unglinga á skyldunámsaldri fer í aðra skóla þar sem sundaðstaða er, þá fer því víðs fjarri að þessi sundkunnátta nýtist ef til hennar þarf að taka síðar í lífinu hjá þeirri stétt manna þar sem sundkunnátta er mjög mikið öryggisatriði. Það er sem sagt ekki nóg að hafa lært kannske á 12, 13, 14 ára aldri að halda sér á floti. Ef ekki er fyrir hendi aðstaða til þess að viðhalda þessari líkamsþjálfun, þá kemur hún að sáralitlu gagni þegar til hennar þarf að grípa.

Hér er um að ræða öryggismál og þetta er atriði sem liggur býsna þungt á stétt sjómanna og forráðamönnum sjávarþorpa, a. m. k. þeim sem um þetta hugsa. Það er að sjálfsögðu ekki frjótt að vera að vitna í ákveðin dæmi, en ég get þó ekki látið hjá líða að geta þess, að mér er það mjög í minni þegar rétt við fjarðarmynnið heima fórst bátur fyrir nokkrum árum. Þá komust af tveir menn, þetta var að hausti til, en veturinn áður höfðu þeir báðir haft aðstöðu til þess að iðka sund og gerðu það, og það var eingöngu því að þakka að þeir komust af, en hinir hlutu allir að láta í lægra haldi fyrir náttúruöflunum. Þótt ég nefni þetta dæmi hér, þá eru eflaust mörg önnur slík sem hægt væri til að tína. Ég vil þess vegna taka undir það, að ég tel að málið sé þess eðlis að það þurfi að taka á því og gera meira. Ég held að við þyrftum að gera okkur grein fyrir af hvaða stærðargráðu kostnaðurinn kemur til með að verða.

Frsm. var hér með ágætar upplýsingar um fjölda staða þar sem aukin kostnaðarhlutdeild ríkisins mundi koma til við að byggja upp aðstöðu. Ég er ekki svo bjartsýnn að láta mér detta í hug að á þessu ári verði hægt að setja lög sem komi til framkvæmda núna 1976. Ég held að þess vegna væri rétt að leita strax að leiðum, og við gerum okkur það öll ljóst að breyting verður ekki gerð nema ríkisstj. og þeir þingflokkar, sem að henni standa, hvort sem það er nú eða síðar, fyrst og fremst taki þessa stefnumarkandi ákvörðun um að fé skuli til þessara hluta veitt og þá í framhaldi af því að setja sér eitthvert takmark, eitthvert ákveðið ár þegar þessu marki skuli náð. Þá kemur að sjálfsögðu til að móta stefnu um leið í þá

veru sem fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni, hvernig þessi mannvirki verða hönnuð, hvaða staðlar það verða sem látnir skulu gilda fyrir þessi mannvirki. Og ég vil aðeins vekja athygli á því af því að umr. hafa farið fram — ekki endilega um sundlaugarbyggingar, heldur íþróttamannvirki almennt, að hvaða staðlar sem koma til með að verða ofan á varðandi íþróttahús, þá er ekki hér verið að tala um þau, heldur fyrst og fremst um sundlaugar og aðstöðu fyrir unglinga til þess að læra og fyrir fólk til að viðhalda líkamsrækt sinni. Ég vil þannig leyfa mér að taka undir málið. Ég er eins og hv. síðasti ræðumaður í þeirri n., sem kemur til með að fjalla um þetta mál, en ég vil taka undir það að nauðsynlegt er að skoða þetta mál vel.

Flm. (Karvel Pálmason): *Herra forseti.* Ég sé að ég hefði líklega átt að bíða með að kveðja mér hljóðs aftur þar til hv. þm. Jónas Árnason hefur tjáð sig, en ég fæ þá að koma upp aftur ef þörf gerist, þó ekki væri nema, eins og ég vona, að hann taki undir málið og ég geti þakkað honum fyrir.

Ég vil þakka þær undirtektir sem hér hafa komið fram frá hv. þm. Sigurlaugu Bjarnadóttur og Gunnlaugi Finnssyni. Ég hefði þó vænst þess að ég hefði heyrt fleiri tjá sig um svo mikilsvert mál sem a. m. k. það er í mínum huga sem hér um ræðir. En ég er ekki þar með að segja að það komi ekki að sama gagni stuðningur með þögninni, ef um það verður að ræða, heldur en þótt hér yrðu haldnar margar og langar ræður. Ég vil þó segja það, að þó að ég þakki þær undirtektir sem þessir hv. þm. létu í ljós, þá vænti ég þess að báðir þessir hv. þm., sem sæti eiga í þeirri n. sem málið fær til meðferðar, láti af hendi rakna meira en bara skilning, að þeir taki upp baráttu fyrir því að málið nái fram að ganga og að það verði með þeim hætti að hér sé hægt að breyta um. Það væri ábyggilega hægt að nefna fjöldamörg dæmi svipaðs eðlis eins og hv. þm. Gunnlaugur Finnsson nefndi hér áðan, þar sem getur verið um að *ræða spurningu um líf eða dauða, spurningu* um það hvort viðkomandi einstaklingur hefur átt þess kost að læra sund og síðan að halda þeirri kunnáttu sinni við ævilangt. Og það er ábyggilegt að þó að það megi rétt vera hjá hv. 9. landsk. þm. að það sé spurning hvort tímabært sé að flytja frv. um aukin útgjöld af hálfu ríkissjóðs, þá vil ég segja það fyrir mitt leyti, eins og ég raunar tók fram áðan í framsögu fyrir málinu, að ég tel að ef hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar sjá sér ekki fært að auka fjármagn til þessara hluta frá því sem nú er, þá tel ég að mál þetta sé þess eðlis og svo brýnt að það komi vel til greina að það njóti forgangs umfram annað, sem nú er í undirbúningi eða á að fara að framkvæma á sviði þessara mála, einmitt menntamálanna, þannig að ég er ekki með þessu frv. endilega að segja að það þurfi skýlaust að bæta öllu því fjármagni, sem þetta mundi kosta, við það sem nú er lagt til þessara mála. Ég tel að málið sé þess eðlis, að það komi vel til skoðunar að það njóti forgangs umfram aðrar framkvæmdir.

Ég tek undir það sem kom fram hjá hv. 9. landsk. þm. í sambandi við uppbyggingu mannvirkja, ekki bara sundlauga, heldur, eins og hv. þm. Gunnlaugur Finnsson kom inn á, einnig íþróttamannvirkja almennt. Þetta var einmitt verið að ræða hér fyrir nokkru í sambandi við þáltill. sem var lögð fram um þetta efni, og það er auðvitað óhæfa eins og staðið hefur verið að þessum málum. Ég gat þess við þær umr. að það var í litlu sveitarfélagi vestur á landi, sem ekki hefur haft aðstöðu til sundkennslu eða sundiðkunar, að forráðamenn sveitarfélags heima fyrir áttu þess kost að koma upp sundlauginni sjálfri fyrir ca. 1 millj. kr., en það fylgdi því sá böggull að það þurfti að öllum líkindum að byggja búningsaðstöðu við þessa 1 millj. kr. sundlaug upp á líklega 7—8 millj., ef hún átti að vera þess virði að vera styrkhæf af ríkisins hálfu. Það er þetta, sem er um að ræða og verður að breyta. Með slíkri stefnu í þessum málum er hinum fámennari sveitarfélögum gert gersamlega ókleift að koma upp meira að segja bráðabirgðaaðstöðu til sundkennslu eða sundiðkunar, hvað þá meira. Og þessu verður auðvitað að breyta. Ef Alþ. samþykkti 75% þátttöku ríkissjóðs í slíkum mannvirkjum, þá færu kannske ráðandi menn í þjóðfélaginu að skoða hug sinn um það hvort ekki þyrfti með einhverjum hætti að breyta þeirri stefnu sem ríkt hefur, þannig að það *væri hægt á hagkvæmari og ódýrari hátt* að standa að uppbyggingu þessara mannvirkja, þegar ríkissjóður ætti að fara að taka svo stóran þátt í þessu sem hér er gert ráð fyrir. Þetta væri kannske líka ein leiðin til þess að opna augu ráðandi manna, sem ráða meðferð þessara mála, til þess að draga úr þeim gífurlega kostnaði og því óhófi sem mér virðist hafa ríkt í þessum efnum um áratugaskeið.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. Gunnlaugi Finnssyni, að þetta er auðvitað spurning um vilja hæstv. núv. ríkisstj. og þingflokka sem ráða meiri hl. á Alþ. Spurningin er um vilja þessara aðila til þess að málið nái fram að ganga. Ég vænti þess að þetta mál eigi það miklu fylgi að fagna innan hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokka að það nægi til þess að koma málinu í höfn. Ég sé ekkert sem er því til fyrirstöðu að hægt sé að afgreiða þetta mál á þessu þingi. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu. Ef við eigum að bíða eftir því að þessi mál verði tekin til gagngerrar endurskoðunar í heild, þá er ég hræddur um með tilliti til fyrri reynslu af endurskoðunaraðferðum hér á hv. Alþ., að það gæti tekið langan tíma, mörg ár að bíða eftir slíkri endurskoðun og fá þannig lausn á þessu máli. Það væri hægt að nefna ótal dæmi þess. Ég gæti gert það, og er ég tiltölulega nýgræðingur hér á Alþ., — nefnt ótal dæmi þess að þær endurskoðunaraðferðir, sem hér eru notaðar á hv. Alþ., eru kannske fyrst og fremst til þess fallnar að drepa málum á dreif, þótt að visu séu til undantekningar þar um, þannig að ég vænti þess að þeir, sem eru sammála þessu, leggi hönd á plóginn og taki upp baráttu fyrir því, bæði stjórnarsinnar og stjórnarandstæðingar, að mál þetta fái þann byr sem nægir til þess að það fái afgreiðslu nú.

Hitt er alveg rétt, og það hef ég tekið undir áður, að það þarf að breyta stefnunni í þessum

málum, ekki bara varðandi sundlaugarbyggingarnar heldur og íþróttamannvirkin almennt talað. En ég óttast að slík endurskoðun með tilliti til breytinga, ef breytingar fást, taki það langan tíma að það verði líklega búið að fórna mörgum mannslífum til viðbótar því, sem nú er, vegna þess að slík aðstaða sem hér um ræðir er ekki fyrir hendi í hinum ótrúlega mörgu sjávarplássum víðs vegar í kringum landið.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég vildi gjarnan að það kæmi fram, að það eru fleiri en vestfirðingar sem hafa skilning á nauðsyn þess að sundlaugar séu sem víðast á landinu og sem flestir íslendingar kunni að synda. Ég stend upp til þess að lýsa yfir stuðningi mínum við þetta ágæta mál sem hv. þm. Karvel Pálmason hefur flutt.

Mér er kunnugt um nauðsyn sundlauga í mínu kjördæmi og þá ekki síður nauðsyn sundkunnáttu í sjávarplássunum. Það var sem sé alveg rétt, sem hv. þm. kvaðst hafa grun um, þegar hann talaði núna síðast, að ég mundi lýsa yfir stuðningi við málið. Hann sagðist vænta þess að ég mundi gera það og þá vildi hann þar með þakka mér fyrir. Ég lít svo á að hann hafi þegar þakkað mér nógu rækilega, þannig að hann þurfi ekki að koma aftur í ræðustólinn til að ítreka það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

Umferðarlög, frv. (þskj. 26, n. 454, 462). — 2. umr.

Frsm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Allshn. Nd. hefur athugað þetta frv. og vísað því til umsagnar allmargra aðila, rætt um það á fjölmörgum fundum og hefur nú skilað nál. þar sem n. er algerlega sammála um afstöðu til þessa frv.

Meginefni frv. má segja að sé þríþætt. Í fyrsta lagi kveður það á um að setja inn í umferðarlög ný ákvæði varðandi notkun og skráningu beltabifhjóla. Í öðru lagi kveður frv. á um breytingar á ákveðnum ákvæðum sem fjalla um vátryggingarfjárhæðir og felur í sér hækkun frá því, sem nú er í lögum, á vátryggingarfjárhæðunum og eiginábættunni. Og í þriðja lagi, sem er jafnframt meginefni frv., felur það í sér allverulegar breytingar á skráningu bifreiða.

Varðandi tvo fyrst nefndu þættina er skemmst frá því að segja, að n. er sammála um að mæla með þeim ákvæðum, sem lúta að þeim, óbreyttum.

Hins vegar er það niðurstaða n. að ekki skuli grípa til þeirra breytinga varðandi skráningu bifreiða sem frv. gerir ráð fyrir, og vil ég nú aðeins gera grein fyrir þeirri niðurstöðu.

N. fékk umsagnir, eins og fyrr segir, frá allmörgum aðilum, m. a. Bifreiðaeftirliti ríkisins, lögreglustjóranum í Reykjavík, Félagi ísl. bifreiðaeftirlitsmanna, Sambandi ísl. tryggingafélaga, nokkrum tryggingafélögum og Félagi ísl. bifreiðaeigenda. Í þessum umsögnum komu fram aths., sumar jákvæðar, aðrar og miklu fleiri neikvæðar.

Rökin fyrir því að breyta reglum um skráningu bifreiða, breyta þeim í það horf að láta númer fylgja bifreið frá upphafi og meðan hún endist, í stað þess að umskrá bifreiðar við eigendaskipti, og að fella niður skráningu bifreiða eftir lögsagnarumdæmum koma aðallega fram í grg. með frv. þar er sagt frá því að kostir breytingarinnar séu fyrst og fremst sparnaður í vinnu og aðstöðu.

Í umsögn frá Bifreiðaeftirliti ríkisins er það endurtekið að kostir breytingarinnar séu fyrst og fremst sparnaður í vinnu og aðstöðu og minna vinnuálag á þeirri stofnun sem fer með umskráninguna, þ. e. a. s. Bifreiðaeftirlit ríkisins og lögreglustjóraembættum. Gegn þessum rökum hafa verið færð önnur rök sem felast einkum í því: Í fyrsta lagi, að hætt sé við að eigendaskipti komi ekki eins glöggt fram og nú þegar menn halda sínum gömlu númerum eins og á sér stað í dag. Einnig í öðru lagi, að hækkun á gjaldi fyrir skráningu eigendaskipta, eins og gert er ráð fyrir, muni stuðla enn frekar að vanhöldum á tilkynningum um eigendaskipti. Í þriðja lagi er bent á, að ekki sé tekið fram hvernig veðmálabækur skuli haldnar yfir ökutæki, þannig að kaupendur notaðra ökutækja geti verið fullvissir um að engar veðskuldir, fjárnám og þess háttar hvíli á þeim. Í fjórða lagi er talið, að möguleikar á góðu eftirliti hins opinbera minnki við þessa tilhögun. Í fimmta lagi er vakin athygli á því, að vátryggingafélög hafi notað núgildandi skrásetningarkerfi til að taka ákvarðanir um iðgjöld eftir áhættusvæðum, en samkv. reynslu sé áhættumismunur verulegur á milli þéttbýlis og dreifbýlis, og óttast er að aukin vanhöld á tilkynningu eigendaskipta, svo og að fellt sé niður að skrá bíla eftir umdæmum, raski þessu viðmiðunaratriði.

Því er haldið fram og það er álit n., að til þess að mæta þeim sjónarmiðum, sem leiða til sparnaðar í vinnu og aðstöðu, sé hægt að grípa til ýmissa annarra aðgerða en að taka upp nýtt skráningarkerfi. Það má benda á að fella mætti niður þá skoðunarskyldu sem nú er við umskráningu. Það mundi spara nokkra vinnu. Það mætti jafnframt hugsanlega fækka nokkuð umskráningum með því að hækka greiðslur fyrir þær.

Jafnvel þó að hugsanlegt væri að spara eitthvað með nýju umskráningarkerfi, þá eru líka nokkrar ástæður til að halda að kostnaður hljótist af því að taka upp nýtt fyrirkomulag. Í fyrsta lagi má benda á að ekki er annað sjáanlegt en setja þurfi á stofn nýja þinglýsingarstofu og þá sennilega í Reykjavík til þess að skrá í veðmálabækur bifreiðar og eigendur þeirra svo og ef eitthvað hvílir á þeim. Í öðru lagi eru líkur á því að fyrirhöfn bifreiðaeigenda eða eigenda ökutækja mundi mjög aukast við það að finna út hvort veðskuldir hvíldu á bifreiðum og til þess að ganga úr skugga um hver hafi verið eigandi, hvort rétt sé skýrt frá um aldur bifreiða og annað því um líkt. Í þriðja lagi má halda

því fram, að hugsanlegt tjón geti orðið af því að minna öryggi er að eftirliti með bifreiðum og skráningu þeirra og þá einkum vegna veðskulda sem á þeim kunna að hvíla. Í fjórða lagi eru líkur á því, að iðgjöld mundu hækka þar sem ekki væri lengur hægt að taka mið af hinum ýmsu og ólíku áhættusvæðum. Í fimmta lagi er augljóst, að nokkur kostnaður mun verða af gerð nýrra númera sem verður að taka upp ef núverandi skráningarkerfi er lagt niður.

Allt þetta út af fyrir sig og samanlagt gerir það líklegt að nokkur kostnaður hljótist af þessari breytingu sem frv. gerir ráð fyrir. Það er mat n. að þessi breyting sé svo róttæk að fyrir henni þurfa að liggja nokkuð sterk rök sem réttlæti þessa breytingu. N. hefur því miður ekki sannfærst af þeim rökum, sem fram koma í frv. eða í umsögnum sem borist hafa, og getur því ekki mælt með því að breytingin sé tekin upp.

Bent hefur verið á að undirbúningur að nýju skráningarkerfi sé þegar hafinn, m. a. með kaupum á skráningarvélum, og tekin hafi verið upp ný spjaldskrá og skráningarskírteini. En í grg. með frv. er vakin athygli á því, að enda þótt þessi undirbúningur sé hafinn, þá sé hann algerlega óháður því hvort skráningarmerkjum verði breytt eða ekki og hann muni koma að notum engu að síður. Þetta er nauðsynlegt að taka fram, því að margir hafa bent á að óskynsamlegt sé að snúa nú við eftir að undirbúningur að nýju skráningarkerfi sé raunverulega hafinn. Það er tekið strax fram í grg. með frv. og er vissulega rétt, að sá undirbúningur getur komið að notum áfram og það skráningarkerfi, sem þar er í undirbúningi, má hafa jafnhliða því skráningarkerfi sem í gildi er.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um nál. Það kemur fram í þskj. 454 hver afstaða n. sé og af hverju. Hún er á þá leið sem þar er frá skýrt, og ég mun því ekki lesa það upp né gera frekari grein fyrir því nema tilefni gefist til. Ég vil aðeins benda á að jafnframt þessu nál. hefur n. lagt fram brtt. á þskj. 462 sem eru í samræmi við það nál., sem ég hef gert grein fyrir, og laga þá frv. að því kerfi sem nú er, en látnar haldast þær breytingar sem frv. fól í sér varðandi beltabifhjólin og vátryggingarfjárhæðir.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 74. fundur.

Fimmtudaginn 1. apríl, kl. 2 miðdegis.

Innlend jarðefni til iðnaðarframleiðslu, þáltill. (þskj. 467). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Þjónustustarfsemi í Vestur-Húnavatnssýslu, þáltill. (þskj. 473). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fjáraukalög 1974, frv. (þskj. 437). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Frv. það til fjáraukalaga fyrir árið 1974, sem hér liggur fyrir á þskj. 437, er samið af fjmrn. samkv. till. yfirskoðunarmanna Alþingis, eins og fram kemur í ríkisreikningi fyrir árið 1974. Er hér sami háttur hafður á og áður. Leitað er heimildar fyrir öllum umframgjöldum og eins og frv. ber með sér nemur fjárhæðin samtals 11 milljörðum 515 millj. og 194 þús. kr.

Í maímánuði 1975 gerði ég hv. Alþ. stutta grein fyrir afkomu ríkissjóðs á árinu 1974 samkvæmt endanlegu uppgjöri ríkisbókhalds á A-hluta ríkisreikningsins fyrir það ár. Við 1. umr. fjárlagafrv. fyrir árið 1976 s. l. haust gerði ég nánari grein fyrir þessu efni og jafnframt var lögð fram grg. ríkisbókhaldsins um afkomuna. Þar eru helstu frávik fjárlaga og ríkisreiknings skýrð og má vísa til þeirra skýringa. Fjárlög fyrir árið 1974 gerðu ráð fyrir gjöldum að fjárhæð 29 milljarðar 223 millj. og 365 þús. kr. ef gjöld Alþingis eru ekki meðtalin, enda er ekki leitað heimilda fjáraukalaga fyrir þeim umframgjöldum. Sambærileg fjárhæð reiknings nam 40 milljörðum 732 millj. 892 þús. kr. eða 11 milljörðum 509 millj. 527 þús. kr. umfram fjárlög. Sundurliðun fjáraukalaga miðast við hvert ráðuneyti og þar sem gjöld fjárlaga og hagsýslustofnunar reyndust 5 millj. 667 þús. kr. undir áætlun fjárlaga er samtala fjáraukalaga þeirri fjárhæð hærri en fyrrgreindum mismun nemur.

Gjöld reiknings umfram fjárlög voru eftirfarandi í aðalatriðum. Niðurgreiðslur á vöruverði 2 milljarðar 242 millj. 377 þús. kr. Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir 535 millj. 657 þús. kr. Tryggingastofnun ríkisins og Atvinnuleysistryggingasjóður 2 milljarðar 76 milljónir 421 þús. kr. Vegagerð ríkisins 960 millj. 173 þús. kr. Rafmagnsveitur ríkisins 931 millj. 121 þús. kr. Áburðarverksmiðja ríkisins 244 millj. 113 þús. kr. Vextir og verðbætur 365 millj. 411 þús. kr. Húsnæðismálastofnun ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna 568 millj. 82 þús. kr. Dómgæsla og lögreglumál 677 millj. 193 þús. kr. Skóla- og fræðslumál 927 millj. 537 þús. kr. Þessir 10 liðir nema samtals 9 milljörðum 528 millj. 85 þús. kr. Önnur gjöld umfram fjárlög námu því 1 milljarði 987 millj. 109 þús. kr. og dreifast þau á marga liði.

Frv. til fjáraukalaga er nú sem áður byggt á gjöldum einstakra ráðuneyta umfram fjárl. að undanskildum alþingiskostnaði, eins og hér var getið. Þessi umframgjöld voru m. a. byggð á heimildarákvæðum fjárlaga, ákvæðum sérstakra laga og ákvörðun stjórnvalda. Má hér nefna áhrif markaðra tekna, en hækkun þeirra leiddi beinlínis til hækkunar gjalda ríkisreiknings um 1 milljarð 364 millj. 535 þús. kr. Aðrir sérstaklega tilgreindir liðir á bls. 183 og 184 í ríkisreikningi fólu í sér hækkun gjalda um 1 milljarð 299 millj. 402 þús. kr. Er þá ekki tekið tillit til áhrifa almennrar lagasetningar sem leiddi m. a. til aukinna framlaga ríkissjóðs til Tryggingastofnunar ríkisins.

Ég tel ekki ástæðu til þess nú að gera nánari grein fyrir frv. þessu til fjáraukalaga fyrir árið 1974, en vek athygli á því að einnig hefur

verið lagt fram frv. til samþykktar á ríkisreikningi fyrir sama ár. Verður að sjálfsögðu gerð sérstök grein fyrir því frv. í hv. deildum Alþ. Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og til fjvn. með 36 shlj. atkv

Bann við geymslu kjarnorkuvopna á íslensku yfirráðasvæði, þáltill. (þskj. 337). — Ein umr.

Flm. (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. 3. landsk. þm., Magnúsi T. Ólafssyni, leyft mér að flytja till. þá til þál. sem er birt á þskj. 337 og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að undirbúa löggjöf er banni geymslu hvers konar kjarnorkuvopna á íslensku yfirráðasvæði og lendingu flugvéla sem flytja kjarnorkuvopn. Jafnframt verði kveðið á um eftirlit íslendinga til að tryggja að þessi lög verði virt."

Mér er engin launung á því að hið beina tilefni þessa tillöguflutnings eru fullyrðingar sem birst hafa í erlendum sérfræðiritum í vetur þess efnis að bandaríkjaher hafi kjarnorkuvopn í herstöð sinni hér á Íslandi. En það er skoðun mín að jafnvel þótt þessi skrif hefðu ekki birst og ekkert beint tilefni gæfist til grunsemda um kjarnorkuvopn hér á landi væri eftir sem áður rétt og nauðsynlegt að setja löggjöf til að tryggja íslendinga gegn þeirri vá sem kjarnorkuvopn eru. Ég held jafnvel að þótt engin erlend herstöð væri í landinu væri sjálfsagt að banna t.d. lendingar flugvéla sem flytja kjarnorkuvopn, hverrar þjóðar sem þær væru.

En vitanlega gera allir íslendingar sér ljóst að hættan af kjarnorkuvopnum fylgir bandarísku herstöðinni fyrst og fremst. Um herstöðvamálið sjálft ætla ég ekki að ræða hér, en ég minni á að enda þótt menn hafi mismunandi skoðanir á réttmæti bandarískra herstöðva hér á landi hafa allir stjórnmálaflokkar verið sammála um að hér skyldu ekki vera kjarnorkuvopn. Þegar tilefni hefur gefist til hafa viðkomandi stjórnvöld lýst yfir því á Alþ. að þau teldu sig hafa vitneskju um að hér væru ekki slík vopn. Slíka yfirlýsingu gaf hæstv. utanrrh. Einar Ágústsson í jan. s. l. er umr. urðu um hugsanleg kjarnorkuvopn Bandaríkjahers hér á landi. Þegar umr. hafa orðið áður um það hvort kjarnorkuvopn mundu vera hér á Íslandi hafa stjórnvöld máli sínu til stuðnings og áréttingar vitnað í sérstakt samkomulag við Bandaríkjastjórn um að svo skyldi ekki vera. Yfirlýsingar um slíkt samkomulag hafa verið gefnar hér á Alþ., t. d. árið 1968 er umr. urðu utan dagskrár í tilefni af því að bandarísk flugvél hlaðin kjarnorkuvopnum fórst á Grænlandi. Í þeim umr. sagði þáv. utanrrh., Emil Jónsson, orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég hef raunar ekki annað um þetta að segja heldur en það, að það er fullt samkomulag á milli ríkisstjórnar Íslands og varnarliðsins, þeirra sem því stjórna, um það að hér á Íslandi séu ekki kjarnorkusprengjur af neinu tagi."

Og síðar í þessari sömu ræðu sagði Emil Jónsson að hann hefði heyrt viðtal í útvarpi við aðmírál Stone, yfirmann varnarliðsins þá, þar sem hann hefði ítrekað og undirstrikað einmitt þetta, að um þetta væri fullt samkomulag einnig af þeirra hálfu.

Íslendingar hafa treyst því og trúað að þetta samkomulag væri í fullu gildi, enda ekki annað komið fram. Sams konar samkomulag gerðu ríkisstjórnir norðmanna og dana við Bandaríkjastjórn. En nú spyrja menn kannske: Er þá nokkuð að óttast? Er ekki samkomulag við Bandaríkjastjórn fullgild trygging fyrir okkur? Ég held að atburðir á þessum vetri sýni að svo er ekki. Það er rétt að rifja hér upp hin erlendu blaðaskrif, hvers eðlis þau eru og hvaða rit er hér um að ræða. Þessi rit voru fréttabréf kjarnorkuvísindamanna, bandarískt tímarit. Þar birtist grein eftir Barry Schneider er starfar við upplýsingamiðstöð varnarmála í Washington. Hann sagði síðar í viðtali við Dagblaðið, að Lockhead Orion vélar bandaríska flotans á Keflavíkurflugvelli væru að öllum líkindum búnar djúpsprengjum með kjarnaoddi. Vélar þessar fljúga reglulegt könnunarflug frá Íslandi. Annað rit, sem birti sams konar fullyrðingar, er Bulletin of Peace Proposals sem gefið er út í samvinnu við háskólaforlagið í Osló. Ekki sakar að geta þess að Hans G. Andersen er einn ráðunautur þessa tímarits. Og loks er þriðja tímaritið, sem heitir Ambio og er blað sænsku vísindaakademíunnar. Í þessum ritum báðum var fullyrt að Bandaríkjaher hefði hér kjarnorkuvopn.

Engin sérstök rannsókn hefur verið gerð af hálfu íslenskra stjórnvalda, svo að vitað sé, til að sannreyna þessar fullyrðingar. En þegar íslenskir blaðamenn inntu yfirmann herliðsins á Keflavíkurflugvelli og sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi eftir sannleiksgildi þess, sem stóð í hinum erlendu ritum um kjarnorkuvopn á Íslandi, fengust engin svör önnur en þau að Bandaríkjamenn segðu aldrei neitt um kjarnorkuvopn sín eða hvar þeim væri búinn staður, það væri stefna þeirra að játa hvorki né neita ef þeir væru spurðir slíks.

Ég þarf varla að fjölyrða um það, að þetta svar er í hrópandi mótsögn við það sem áður hefur verið sagt og skrifað um þessi mál á Íslandi. Þetta svar er að mínum dómi bæði tortryggilegt og siðlaust. Með þessu svari eru bandarísk yfirvöld að neita að staðfesta að þau haldi samkomulag sem þau hafa gert við íslensk stjórnvöld. Úr því að yfirmanni varnarliðsins þótti fært árið 1968 að vitna til samkomulags við Íslendinga um að hér skyldu ekki vera kjarnorkuvopn, af hverju má þá ekki gefa slíka yfirlýsingu nú? Slíkt samkomulag hefur hingað til ekki farið leynt, samkomulag bandaríkjamanna við dani og norðmenn svipaðs eðlis hefur heldur aldrei verið neitt leyndarmál.

Það er kapituli út af fyrir sig að íslenska ríkisstj. skuli láta þessa framkomu bandaríkjamanna óátalda, því með þessu hefur íslensku ríkisstj. verið sýnd slík lítilsvirðing að með

fádæmum er í samskiptum ríkja. Það er vissulega lágmarkskrafa, ef samkomulag er gert við aðila, að hann viðurkenni að það sé til.

Eftir slysið á Grænlandi þegar ljóst varð að bandaríkjamenn höfðu brotið samkomulagið við dani um að ekki skyldi flogið með kjarnorkuvopn yfir danskt yfirráðasvæði kröfðust danir nýrrar yfirlýsingar af hálfu bandaríkjamanna, þess efnis, að þeir mundu virða stefnu dana, og bandaríkjamenn urðu við þeirri kröfu. Því má líka bæta við, að um þær mundir er bandaríkjamenn neituðu að svara einu eða neinu til um kjarnorkuvopn hér á landi var skýrt í fréttum frá samkomulagi milli bandaríkjamanna og spánverja um framtíð bandarísku herstöðvanna á Spáni, og þar var ekki undan dregið að kjarnorkuknúnir kafbátar skyldu fjarlægðir af tiltekinni flotastöð á Spáni og skyldi því lokið á vissu árabili. Þennan samning þurftu bæði þjóðþing bandaríkjamanna og spánverja að samþykkja og því sannarlega ekkert leyndarmál. Vissulega væri eðlilegt og sjálfsagt að hæstv. utanrrh. krefðist þess að bandaríkjamenn gerðu hreint fyrir sínum dyrum í þessum efnum undanbragðalaust.

En hitt dylst engum, að samkomulag við slíka menn er engin trygging fyrir okkur íslendinga. Við getum ekki treyst á samkomulag sem annar samkomulagsaðilinn vill ekki kannast við að sé til. Þetta samkomulag er ekki til skriflegt. Flestir munu hafa gengið að því vísu að það væri munnlegt. Ég hef reynt að grafast fyrir um hvenær þetta margræddda samkomulag íslendinga við Bandaríkjastjórn hafi verið gert og hvenær þess hafi fyrst verið getið hér á landi. En þetta hefur mér ekki tekist. Hins vegar hefur hæstv. utanrrh. upplýst mig um að menn muni hafa túlkað 3. gr. hins svonefnda varnarsamnings svo að hér mættu ekki vera kjarnorkuvopn. Sé þetta rétt, þá ætti vissulega að vera fyrir hendi sams konar túlkun af hálfu beggja aðila, og það ætti þá ekki heldur að vera neitt leyndarmál.

Viðbrögð bandarískra yfirvalda nú sýna okkur að í þessum efnum hljótum við íslendingar að treysta fyrst og fremst á sjálfa okkur og gera allt sem í mannlegu valdi stendur til að bægja kjarnorkuháska frá landi og þjóð. Frumskilyrði er það, sem hér er lagt til með þessari till., að leitt sé í íslensk lög að óheimilt sé að geyma kjarnorkuvopn, af hvaða tagi sem er, á íslensku yfirráðasvæði og bannaðar séu lendingar flugvéla sem flytja kjarnorkuvopn. Í framhaldi af slíkri löggjöf er eðlilegt að komið verði á eftirliti íslendinga sjálfra til þess að tryggja að slík lög verði haldin.

Það er staðreynd að íslenskir ráðh., sem flytja okkur yfirlýsingar um að hér séu ekki kjarnorkuvopn, byggja þær yfirlýsingar sínar á trú, en ekki vissu. Ég er ekki að efast um að þeir séu sjálfir í góðri trú er þeir flytja slíkar yfirlýsingar. En hitt má öllum vera ljóst og þeim líka, að þeir hafa engin tök á því að sannreyna sjálfir hvort yfirlýsingar þeirra séu réttar. Þetta er að sjálfsögðu fráleit aðstaða fyrir íslenska ríkisstjórn í máli sem varðar líf og öryggi þjóðarinnar. Hér má líka minna á, að danir voru í góðri trú er það kom í ljós að bandaríkjamenn brutu samkomulagið við þá, eins og ljóst varð árið 1968.

Til þess að annast eftirlit það, sem gert er ráð fyrir í þessari till., þarf ekki neitt íslenskt herlið, heldur hóp sérmenntaðra manna sem heiðu í þessu skyni allan nauðsynlegan aðgang að herstöðinni. Mér er tjáð af sérfræðingi, sem ég hef haft samband við, að slíkir eftirlitsmenn yrðu að hafa séð og lært að þekkja kjarnorkuvopn. Slíkan lærdóm yrði að sækja til annarra landa, þar sem þá þekkingu er að finna. Enn fremur væri höfuðnauðsyn að þeir hefðu algjöran aðgang að herstöðinni í þessu skyni, því að mjög auðvelt væri, að skerma af plútóníum sem væri líklega notað í hinum smærri sprengjum.

Ef einhverjum þykir í mikið ráðist með þessari till. og slíku eftirliti bið ég þann hinn sama að hugleiða þá ógn sem því fylgir að hafa ef til vill kjarnorkusprengjur við bæjardyrnar hjá sér. Dreifing kjarnorkuvopna út um svo til allar jarðir skapar slíka slysahættu að því verður vart jafnað við neitt sem mannkynið hefur áður þekkt. Varnarmálarn. Bandaríkjanna hefur viðurkennt a.m.k. 11 meiri háttar slys við meðferð kjarnorkuvopna. Kjarnorkunefndin ameríska hefur tilkynnt a.m.k. 4 slík slys í viðbót, og sannanir munu vera fyrir því að mörg önnur slík slys hafi orðið þótt þau hafi aldrei verið tilkynnt.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þær afleiðingar sem það hefði fyrir íbúa á suðvesturhorni landsins og lífríkið allt ef slíkt slys yrði hér. Það á öllum hv. alþm. að vera kunnugt. En það er á valdi Alþ. að búa svo um að slík slys hendi ekki, einfaldlega með því að samþykkja bann við slíkum ógnarvopnum í landi okkar og með því að eftirlitið sé í höndum okkar sjálfra.

Við stöndum berskjölduð frammi fyrir hernaðarumsvifum bandaríkjamanna. Það hefur t.d. verið upplýst að á síðustu árum hafi bandarískt herinn byggt á vellinum tvær rammbyggðar skotfærageymslur og a.m.k. önnur þeirra fullnægi öryggisreglum sem settar eru af hálfu hersins um geymslu kjarnorkuvopna. Íslenska ríkisstj. hefur ekki hugmynd um hvað þarna er geymt.

Sjálfstæð þjóð tryggir öryggishagsmuni sína sjálf með þeim ráðum sem henni eru tiltæk. Hún hefur yfirsýn yfir það sem gerist í landi sínu. Hún tekur sjálf ákvarðanir og krefst þess að aðrir virði þær kröfur. Það væri spor í áttina ef Alþ. samþykkti þá till. sem hér liggur fyrir.

Herra forseti. Ég legg til að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. utanrmn.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Í sambandi við þáltill. þá, sem hér er til umr., langar mig að segja aðeins örfá orð. Hún er fram komin m.a. vegna þess, eins og hv. 1. flm. sagði, að í janúarmánuði voru hér nokkrar umr. um það hvort hér á landi væru kjarnorkuvopn eða nánar tiltekið á Keflavíkurflugvelli. Hófust þær umr. með fsp. frá hv. þm. Gils Guðmundssyni. Þessar umr. munu hafa átt rætur

sínar að rekja til þess, eins og hv. flm. raunar gat um, að bandarískur blaðamaður, Barry Schneider að nafni, hafi ritað grein þar sem hann m.a. sagði frá því að hann hefði dregið upp kort þar sem kjarnorkuvopn væru geymd, og var Ísland einn af þeim stöðum sem þar voru merktir á þann hátt. Og í viðtali við Dagblaðið hér í Reykjavík staðfesti hann þetta, enn fremur það, að hann hafi sýnt bandarískum þm. þetta kort og þeir hafi engum aths. hreyft. Dró hann því þá ályktun af þessu að mjög sterk rök hnigju að því að hér væru kjarnorkuvopn.

Ég sagði þá að þessi röksemdafærsla þætti mér ekki sannfærandi og utanrrn. væri kunnugt um að hér hafi aldrei verið geymd kjarnorkuvopn, hvorki fyrr né síðar. Og ég sagði jafnframt að mér virtist liggja nær að þeir, sem að þessum fullyrðingum stæðu, sönnuðu mál sitt betur áður en dregið væri í efa réttmæti upplýsinga íslenskra stjórnvalda. En rétt áður en ég fór í ræðustólinn til þess að flytja þessi fáu orð fékk ég í hendur skjal frá stofnun hérlendri, nánar til tekið Geislavörnum ríkisins, og í því var sagt að það væri auðvelt fyrir þá stofnun að ganga örugglega úr skugga um það hvort hér væru geymd kjarnorkuvopn eða ekki. Þess vegna var það að ég lauk ræðu minni eitthvað á þá leið síðast, að ég mundi láta ganga úr skugga um þetta þá stofnun sem hafði lýst því yfir í bréfi til utanrrn. að þetta væri auðvelt og á hennar meðfæri.

Í tilefni af þessari þáltill. vil ég nú endurtaka það. að það er vissa mín að á Keflavíkurflugvelli eru engin kjarnorkuvopn, hafa aldrei verið og verða ekki án samþykkis ríkisstj. Íslands. Mér er að vísu ekki kunnugt um að formlegur samningur milli Bandaríkjanna og Íslands um þetta atriði hafi nokkru sinni verið gerður, en það hefur ætíð verið skoðun íslensku ríkisstj. að túlka beri 3. gr. varnarsamningsins á þann hátt að ekki skuli geyma á Íslandi kjarnorkuvopn án heimildar Íslands. Þessi grein er svona, með leyfi forseta: „Það skal háð samþykki Íslands hverrar þjóðar menn eru í varnarliðinu svo og með hverjum hætti það tekur við og hagnýtir þá aðstöðu á Íslandi sem veitt er með samningi þessum". En samkomulag hefur verið gert, er haft eftir Emil Jónssyni, og án þess að fara nánar út í það dreg ég það ekki í efa frekar en þær ríkisstjórnir hafa gert sem hér hafa verið við völd síðan herinn kom hingað. Þetta hefur verið skoðun íslenskra ríkisstjórna og er það enn.

En ég ætla aðeins að víkja aftur að Geislavörnum ríkisins og segja þá frá því, að þegar farið var að ræða nánar málið við þennan mann og honum falið að framkvæma athugunina í samráði við Geislavarnir ríkisins kom allt annað í ljós heldur en hann hafði áður sagt. Í bréfi dagsettu 28. jan. til varnamáladeildar segir forstöðumaður Geislavarna ríkisins svo, með leyfi forseta: „Í kjarnorkusprengjur er notað geislavirkt frumefni sem annaðhvort er úranium 235 eða plútónium 239 eða hugsalega hvort tveggja. Nú er það svo að plútónium gefur frá sér það orkulitla geislun að ekki er unnt að skynja hana með mælitækjum í gegnum neinar umbúðir, hve þunnar sem þær eru. Úranium gefur aftur á móti frá sér talsvert orkumeiri geislun sem unnt er að mæla með næmum geislamælingum í því magni sem sennilegt er að notað sé í kjarnorkusprengjur. Þessi geislun er þó ekki orkumeiri en svo, að auðvelt er að skerma hana þannig með nokkurra sentimetra þykku blýi að ekki er lengur unnt að skynja hana með geislamælum. Það er því augljóst að leit að kjarnorkusprengjum með geislamælum, eins og talað hefur verið um, gæfi engar upplýsingar um það hvort kjarnorkusprengjur kynnu að vera geymdar á Keflavíkurflugvelli eða ekki ef leitin kæmi þannig út að ekkert fyndist. Leit sem þessi er því tilgangslaus."

Ég vildi ekki láta sitja við þetta og fyrir tilstilli rn. var haft samband við þá sérfræðinga í kjarnavísindum í Danmörku sem mest höfðu með að gera rannsóknir á geislavirkni í sambandi við slysið sem varð í Thule er amerísk flugvél vopnuð atómsprengju féll þar niður á jökul. Þessir sérfræðingar töldu útilokað að nokkur árangur næðist með því að ganga um og reyna að mæla geislavirkni. Eini möguleikinn gæti verið að hægt væri að mæla gammageisla ef alveg væri komist að hlutnum sem á litið væri að hefði að geyma ísótópa er gefa slíka geisla frá sér. Þó töldu þeir, að slíkt væri langt frá því að vera öruggt og miklum örðugleikum bundið vegna varnarskerma. Um meðferð atómvopna sögðu sérfræðingarnir gilda hjá amerískum stjórnvöldum mjög strangar varúðarreglur og færi ekki á milli mála hvar þeim væri beitt.

Ég gekkst fyrir þessari athugun, því vissulega hefði verið þægilegt, ef hægt hefði verið að kveða niður þessa órökstuddu fullyrðingu hins ameríska blaðamanns með vísindalegu áliti óháðra sérfræðinga, en það reyndist nú þessum takmörkunum háð eins og ég hef hér lýst. Engu að síður er það full vissa mín að engin kjarnorkuvopn séu geymd á Keflavíkurflugvelli.

Ég hef ekkert nema gott um það að segja að þessi till. fái þinglega meðferð, og síst skal standa á mér að stuðla að því, meðan ég gegni því starfi, sem ég geri nú, að unnt verði að fá fulla vissu fyrir því, sem hér er sagt, fyrir þá sem ekki vilja trúa því sem ég segi.

Magnús T. Ólafsson: Herra forseti. Ég hef ekki miklu að bæta við það sem hv. 5. landsk. þm., 1. flm. till. á þskj. 337, hafði að segja um aðdraganda þess að hún er flutt hér á hinu háa Alþ. Erindi mitt í ræðustól er fyrst og fremst að gera grein fyrir þeim almennu rökum sem ég tel liggja til þess að æskilegt sé að sett verði löggjöf er banni geymslu hvers konar kjarnorkuvopna á íslensku yfirráðasvæði og lendingu flugvéla sem flytja kjarnorkuvopn, eins og komist er að orði í tillgr. Ég tel rétt að fenginni reynslu að festa með slíkum hætti í lög óumdeilda stefnu allra íslenskra stjórnmálamanna og stjórnvalda sem um þetta mál hafa íjallað.

Til þessa liggja ýmsar ástæður. Það hefur verið rakið í þessum umr. hvernig það bar til í vetur að fréttir tóku að berast hingað til lands um staðhæfingar í ýmsum heimildum austan hafs og vestan um að Ísland væri eitt þeirra landa þar sem bandaríkjamenn geymdu kjarn-

orkuvopn. Það er sannarlega ástæða að mínum dómi til að girða fyrir í eitt skipti fyrir öll að það sé einhverjum vafa undirorpið hvort Ísland sé kjarnorkuherstöð eða ekki. Það er ekki með þessu verið að draga í efa þær yfirlýsingar sem íslenskir ráðh. hafa gefið fyrr eða síðar, nú síðast hæstv. utanrrh. En gagnvart umheiminum er að mínum dómi rétt að búa svo tryggilega um hnútana sem gert er ráð fyrir í þessari þáltill.

Þá kemur það einnig til að hertækni breytist. Þótt bandarísk herstjórn og heryfirvöld og ríkisstj. hafi ekki á einum tíma áhuga á því að gera þá aðstöðu, sem þau hafa enn hér á Íslandi, kjarnorkuhervædda, þá geta breyttar aðstæður vakið óskir um að svo verði gert. Ef til þess kemur tel ég einsætt að það sé bundið í lögum að slíkt geti íslensk ríkisstj. ekki leyft nema með breytingu á lögum á Alþingi.

Og að lokum og ekki síst er það ekki of margt sem eining er um hjá okkur íslendingum í svonefndum öryggismálum. Ég tel tvímælalaust æskilegt að búa svo um hnúta að sá grundvöllur, sem þar er þó til fyrir þjóðareiningu um ákveðin atriði, sé treystur og hann festur í lög.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Það mál, sem hér er til umr., er í sjálfu sér mjög einfalt. Það eru allir sammála um að á íslensku yfirráðasvæði skuli ekki leyfð staðsetning kjarnorkuvopna, og engin rödd hefur heyrst um að þeirri stefnu skuli breytt. En því miður eru ekki allir vissir um að þessari sameiginlegu stefnu allra íslendinga sé fylgt þar sem bandarískt herinn á Keflavíkurflugvelli er annars vegar.

Hæstv. utanrrh. hefur að vísu lýst því yfir oftar en einu sinni og nú seinast hér áðan, að hann sé viss um að kjarnorkuvopn séu ekki hér á landi. Afstaða hans virðist byggjast á óbilandi trú. En í ræðu hans kom skýrt fram og hann viðurkenndi að ekki hefði verið sannað með tæknilegum aðferðum, sem íslendingar ráða yfir, hvernig þarna væri í pottinn búið. Og staðreynd er að bandarísk yfirvöld hafa hvað eftir annað neitað að svara þessari spurningu, og það sem meira er, virt erlend tímarit erlendis hafa hvað eftir annað lýst yfir að kjarnorkuvopn séu hér á landi.

Ég verð að segja að mér finnst satt að segja ekki mikil ástæða til þess að fjölyrða um þetta mál hér á Alþ. Hljótum við ekki öll að vera sammála um að eðlilegt og sjálfsagt sé að Alþ. slái því föstu í eitt skipti fyrir öll með setningu löggjafar að hér skuli ekki vera kjarnorkuvopn og það skuli vera bannað um alla framtíð? Og getum við ekki einnig verið sammála um að sjálfsagt sé að hafa uppi virka viðleitni til eftirlits með því að þessu banni sé framfylgt?

Hæstv. utanrrh. kvartaði yfir því í ræðu sinni hér áðan að ekki hefðu verið færð nægileg rök fyrir því að grunurinn um kjarnorkuvopn kynni að vera á rökum reistur. Ég tel að málflutningur af þessu tagi sé ekki frambærilegur. Að sjálfsögðu er þarna verið að snúa sönnunarbyrðinni við. Við viðurkennum fúslega, sem áhyggjur höfum af þessu máli, að það sé ekki á okkar valdi að sanna neitt til eða frá í þessum efnum. Málið er ekki þess eðlis. En við bendum á það að með því að beita fullkomnustu tækni við rannsókn málsins og fullkomnu eftirliti er hægt að ganga úr skugga um hver sé sannleikur þessa máls.

Öll vitum við að íslenska stjórnmálaflokka greinir mjög á um afstöðuna til hersetunnar og við hæstv. utanrrh. höfum ekki að öllu leyti sömu afstöðu til þeirra mála, þó að ég hafi oft gert mér vonir um að við værum og kynnum að verða skoðanabræður. En þetta mál er alveg sérstaks eðlis, og hlýtur að vera hafið upp yfir deilur um herstöðvamálið sem slíkt að við hljótum að ganga úr skugga um þetta umdeilda atriði. En þrátt fyrir ýmislegt, sem fram kom í ræðu hæstv. utanrrh. og olli mér nokkrum vonbrigðum, þá heyrði ég ekki betur en hæstv. utanrrh. lýsti því yfir í lok sinnar ræðu að ekki stæði á sér að mál þetta fengi þinglega meðferð og úr þessu deilumáli yrði skorið. Ég tek því þessa yfirlýsingu hans sem vilyrði um að hann muni reiðubúinn til þess að samþykkja þá þáltill. sem hér hefur verið fram borin og er þess eðlis að allir alþm. hljóta að vera sammála um efni hennar.

Flm. (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Ég vil þakka þeim hv. þm. og hæstv. ráðh. sem hér hafa talað og sýnt þessu máli áhuga. Ég hlýt þó að segja að hæstv. utanrrh. olli mér nokkrum vonbrigðum. Hann sagði í lok ræðu sinnar að hann hefði ekki á móti því að þetta mál fengi þinglega meðferð. Það er nú ekki sérlega þakkarvert þó að ráðh. standi ekki beinlínis gegn því að mál fái þinglega meðferð hér. En ég hefði vænst þess að fá sterka stuðningsyfirlýsingu frá hæstv. utanrrh. Þessi till. er ekki um það að skorið verði úr um hvort hin erlendu blaðaskrif, sem orðið hafa að undanförnu, séu rétt eða röng. Það veit hæstv. utanrrh. mætavel. Og ég hygg að ekkert það hafi komið fram í máli mínu sem gaf tilefni til þess að hann sneri þannig út úr því.

Till. er flutt til þess að taka af allan vafa um að hér geti nokkurn tíma orðið kjarnorkuvopn. Hvort hæstv. utanrrh. lætur gera rannsókn þar fyrir utan um, hvernig ástandið er nú, er annað mál. Ég tel alveg sjálfsagt að hann geri það. En það á ekki að verða til þess að villa um fyrir mönnum í þessu máli.

Þessi till. gerir ráð fyrir aðgerðum til þess að fyrirbyggja að hér verði nokkurn tíma kjarnorkuvopn. Og hæstv. utanrrh. hefur lýst það stefnu sína og þessarar ríkisstj. að hér skuli ekki vera kjarnorkuvopn. Þess vegna er þessi till. beinn stuðningur við stefnu hæstv. ríkisstj. Ég fæ því ekki séð hvers vegna ekki getur komið fram full stuðningsyfirlýsing hæstv. utanrrh. við till. Hún gengur alls ekki þvert á stefnu ríkisstj., heldur þvert á móti.

Ég vil í þessu sambandi líka gera aths. við þau ummæli hæstv. utanrrh. um yfirlýsingu hans að menn ráði því hverju menn vilja trúa. Kjarni málsins er sá, að í þessu efni vilja menn

alls ekki þurfa að ráða því sjálfir hverju þeir vilja trúa. Þeir vilja vita vissu sína, og þeir vilja koma í veg fyrir að nokkuð slíkt geti gerst eða geti hugsanlega komið fyrir að kjarnorkuvopn séu geymd hér eða flugvélar hlaðnar kjarnorkuvopnum, hverrar þjóðar sem þær eru, geti lent hér. Og þess vegna er till. flutt.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Alþfl. er sammála þeirri grundvallarskoðun sem kemur fram hjá flm. og einnig hefur komið fram hjá hæstv. utanrrh., að hér á Íslandi eigi ekki að leyfa neins konar kjarnorkuvopn. Við höfum um langt árabil verið þessarar skoðunar. Þegar spurningin um hvort hér séu kjarnorkuvopn án okkar vitundar eða ekki hefur komið upp höfum við tekið trúanleg orð íslenskra yfirvalda og íslenskra utanrrh. sem lengi vel voru úr okkar eigin flokki. Við sjáum ekki ástæðu til að byrja skyndilega að vefengja orð þeirra þegar utanrrh. er úr öðrum flokki.

Það er að vísu alltaf rétt að vera tortrygginn í málum eins og þessu og raunar í utanríkis- og öryggismálum öllum. Venjulega hefur hugsun manna um þetta mál í fortíðinni leitt til þess að það kunni að vera að hægt sé að fela sjálfar sprengjurnar, þær eru ekki fyrirferðarmeiri en svo, en að öryggisráðstafanir, sem alls staðar eru hafðar í kringum kjarnorkusprengjur og allan flutning þeirra, hljóti að vera svo fyrirferðarmiklar að þær gætu varla farið fram hjá íslendingum á Keflavíkurflugvelli. Hæstv. ráðh. kom raunar að þessu sama atriði, að það er ekki sprengjan, sem mest ber á, heldur öryggisráðstafanir sem þeir munu án efa sjá best um er mest afskipti hafa af þessum ógnarvopnum.

Nú hefur tækninni fleygt fram, og það kann að vera svo, þó að mig skorti þekkingu til að dæma um það, að vopnin séu orðin það miklu minni, léttari og að öryggisráðstafanir séu nú á dögum fyrirferðarminni heldur en áður voru, þannig að þessar röksemdir fái ekki lengur staðist, og ég sé ekkert á móti því að Alþ. láti kanna þetta mál mjög vel og taki sínar ákvarðanir að því loknu.

Um till. til þál. hef ég aðeins það að segja, að ég undrast að flm. hafa sleppt einni veigamestu hættunni á því að kjarnorkuvopn komi hér í nágrenni við okkur og springi e. t. v. í loft upp í fanginu á okkur, en það eru kjarorkuvopn um borð í skipum. Flugvellir eru hér að vísu nærri þéttbýli og mundu kjarnorkusprengingar þar vafalaust valda óhugnanlegu tjóni, manntjóni og eignatjóni. Hafnirnar eru enn nær íslensku þéttbýli, og erlend herskip hafa verið hér t. d. á ytri höfninni í Reykjavík og lagst upp að bryggju, fjöldamörg skip frá ýmsum löndum sem vel gætu verið með þessi vopn innanborðs. Ég veit ekki til að það hafi nokkurn tíma verið um það spurt, þótt gengið sé út frá að það sýni enginn þann dónaskap að sigla hingað með slík vopn innanborðs án þess að láta vita af því og spyrja um leyfi.

Þar fyrir utan er erfiðasti hluti þessa máls, sem er að meta hversu hættulegar siglingar kjarnorkukafbáta í hafinu umhverfis landið eru. Við vitum að bæði bandarískir og sovéskir kjarnorkukafbátar hafa undanfarin ár siglt nærri Íslandi báðum megin við landið til þess að komast á svæði þar sem þeir halda sig reiðubúnir til að gera þann óskunda sem þeir eru byggðir til að valda ef sú ógæfa skylli yfir mannkynið. Samkv. lögum hafa þessi skip rétt til að sigla upp að fjögurra mílna línunni við Ísland án þess að spyrja nokkurn mann eða láta vita af sér. Það er því alls ekki útilokað að svo gæti verið að kjarnorkuvopn færu hér rétt við bæjardyrnar miklu oftar en við höfum hugmynd um. En ég bendi á þetta, að ef rætt er um kjarnorkuvopn í flugvélum sem kunna að lenda á Íslandi, þá er ekki síður ástæða til að gefa gaum að því að hér kunna að koma skip að landi sem hafa þessi vopn innbyrðis.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 39 shlj. atkv. og umr. frestað.

Grasögglaverksmiðjur, þáltill. (þskj. 459). — Ein umr.

Flm. (Vigfús B. Jónsson): Herra forseti. Sú þáltill., sem ég er hér flm. að ásamt hv. 2. þm. Norðurl. v., Pálma Jónssyni, er á þskj. 459 og svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um að grasögglaverksmiðjur þær, sem landbrh. samþykkti með bréfi 2. júní 1972 að byggðar yrðu á vegum ríkisins, verði fullgerðar og teknar í notkun árið 1979."

Það hefur löngum fylgt okkur íslendingum að notfæra okkur lands og sjávar gæði án sérstaks tillits til afleiðinga. Það verður ekki af okkur skafið að við erum þjóð sem búin er að lifa á rányrkju um aldir. En nú höfum við því betur áttað okkur á því að rányrkjan skuli heyra fortíðinni til. Við getum ekki lengur gengið á höfuðstólinn og framtíð okkar hlýtur að byggjast á ræktun, bæði til sjós og lands.

Þegar auðlindir þær, sem við höfum mest sótt í á undanförnum árum, fiskstofnarnir umhverfis landið, eru jafnþrotnar og raun ber vitni um, þá hlýtur að teljast eðlilegt að við einbeitum okkur enn þá meir að nýtingu annarra auðlinda sem landið hefur að bjóða. Ein af auðlindum þessa lands er moldin. Upp úr hinni íslensku mold sprettur, að því er ég best veit, það kostaríkasta gras sem um getur í gjörvallri Evrópu og jafnvel þótt víðar væri leitað.

Ein árangursríkasta aðferð til að nýta gróðurmoldina og þá uppskeru, sem hún gefur, er að bestu manna yfirsýn sú að byggja og reka grasögglaverksmiðjur. Þegar ég ræði hér um að reisa grasögglaverksmiðjur, þá á ég ekki bara við það að byggja verksmiðjuhúsin sem slík með vélbúnaði, heldur líka að rækta það grastekjuland sem verksmiðjan þarf að hafa til úrvinnslu, til hráefnisöflunar. Ég bið menn að taka eftir þessu. Þær versmiðjur, sem hér um ræðir og þáltill. nær til, eru verksmiðjan í Flatey í Austur-Skaftafellssýslu, Hólminum í Skagafirði og Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu. Framkvæmdir við tvær hinna síðarnefndu eru nánast á byrjunarstigi. Verksmiðjan í Flatey tók til starfa s. l. sumar, þó aðeins með ⅓ hluta af fullri afkasta-

getu. Þá verksmiðju skortir nú í dag um 80 millj. kr. til þess að uppbyggingu og búnaði hennar sé að fullu lokið og hámarksafköstum verði náð.

Till. þessi til þál. er fyrst og fremst flutt — og ég vil undirstrika það — hún er fyrst og fremst flutt til þess að beina því til ríkisstj. að hún athugi allar leiðir til þess að því marki verði náð að ljúka uppbyggingu verksmiðjunnar í Hólminum í Skagafirði og Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu þannig að þær geti tekið til starfa sumarið 1979. Það er ljóst að til þessa þarf allmikið fjármagn eða um 200 millj. kr. til hvorrar verksmiðju um sig. Það er hugsanlegt að Stofnlánadeild landbúnaðarins láni til þessara framkvæmda allt að 100 millj. kr. Fjáröflun á vegum ríkisins og annarra aðila þyrfti því að vera því sem næst 300 millj. kr. Í þessu dæmi verður auðvitað til viðbótar að taka tillit til þeirrar fjárþarfar sem fyrr er að vikið í sambandi við Flateyjarverksmiðjuna.

Þær grasögglaverksmiðjur, sem hingað til hafa verið byggðar, hafa verið fjármagnaðar af ríkisfé, ef frá er skilin verksmiðjan í Brautarholti á Kjalarnesi sem er í eigu einstaklinga. Með sama áframhaldi þyrfti verulega auknar fjárveitingar á fjárlögum næstu ára til grasögglaverksmiðja svo að því marki yrði náð sem till. greinir. Við flm. teljum þó að ástæða geti verið til að taka til athugunar fleiri fjáröflunarmöguleika til þess að auðvelda framgang málsins. Gæti þar komið til greina hvort tveggja sérstök fjáröflun og aðild heimaaðila. Það mun ekki vera óalgengt að ræktunarsambönd heima í héruðum hafi lánað vinnu til þessarar uppbyggingar, og ég hugsa að kaupfélög hafi einnig víða sýnt þessum málum mikla fyrirgreiðslu.

Uppbygging grasögglaverksmiðja er eitt af mestu hagsmunamálum landbúnaðarins. Staðsetning þeirra í hinum ýmsu landshlutum er þýðingarmikil til þess að komist verði hjá óhóflegum flutningskostnaði, en of langar flutningsleiðir geta rýrt það mjög að hagkvæmt sé að nota grasköggla. Grasögglaverksmiðjurnar í Hólminum og Saltvík hafa alveg sérstaka þýðingu fyrir norðlenska bændur hvað þetta snertir og eru í raun forsenda fyrir því að þeir geti notað grasköggla sem kjarnfóður svo að nokkru nemi.

En grasögglaverksmiðjur hafa ekki síður þýðingu fyrir þjóðarbúið í heild vegna gjaldeyrissparnaðar. Árið 1975 voru flutt inn 55 367 tonn af fóðurvörum fyrir 1 milljarð 677.2 millj. kr. Innflutningur fóðurvara hefur á undanförnum árum oft verið í kringum 60 þús. tonn og er líklegt að verðgildi þess verði á þessu ári ekki minna en 2 milljarðar kr. Talið er að nota megi grasköggla með hagkvæmni í stað allt að ¾ þess kjarnfóðurs sem nú er flutt inn í landið. Það blasir því við að unnt er að spara verulegan gjaldeyri með því að auka þessa framleiðslu innanlands. Sú staðreynd á ekki síst sinn þátt í mikilvægi þessa máls. Sumir telja að enn þá lengra megi komast hvað þetta snertir með því að efnabæta grasögglana með íblöndun fituefna sem til falla bæði við sláturhús og víðar hér í landi og þannig mundum við nýta efni sem annars færu til einskis.

Eins og áður segir, þá er hér auðvitað um allverulegt fjárhagsspursmál að ræða. En við Íslendingar erum nú einu sinni orðnir vanir að hugsa í millj., og með tilliti til allra þeirra fiskiskipa, sem flutt hafa verið inn í landið á undanförnum árum, finnst mér þetta ekkert voðaleg upphæð. Það er ekki vert að ganga fram hjá því, að sú orka, sem þessar verksmiðjur þurfa, er auðvitað mjög umtalsvert atriði. Þær eru nokkuð orkufrekar, það er best að segja það eins og er. Þær, sem hingað til hafa verið byggðar, munu að mestu eða öllu leyti hafa notast við innflutta orku í formi olíu. Hins vegar standa nú vonir til þess að verksmiðjurnar í Hólminum og Saltvík geti komist af með innlenda orku einvörðungu. Það er á báðum stöðunum aðstaða til nýtingar jarðvarma, sem þó er ekki fullnægjandi einvörðungu vegna þess hve hitatopparnir þurfa að vera háir, þannig að raforka þyrfti einnig að koma til. Má ætla að hin innlenda orka verði mun ódýrari en olíuorka, þar sem orkuþörf verksmiðjanna er mest yfir sumartímann og því ekki óhugsandi að þær geti fengið keypta ódýra umframorku frá hita- og rafveitum, því að á sumrin er orkuþörf slíkra veitna auðvitað minnst. Ég vil geta þess, að mér er kunnugt um að milli Landnámsins annars vegar og Hitaveitu Húsavíkur hins vegar hafa farið fram umræður einmitt um slík orkukaup, og ég held að útkoman úr þeim umr. sé mjög jákvæð, þannig að þarna er náttúrlega um hreina byltingu að ræða ef hægt er að nýta einvörðungu innlenda orku til verksmiðjanna.

Ég hef hér ekki handbærar hagfræðilegar tölur um rekstrarhagkvæmni þessara verksmiðja, en ég tel að hún sé algerlega óumdeild, þannig að ég tel óþarfa að vera að lesa slíkt yfir mönnum. En til glöggvunar vil ég þó geta þess að framleiðslugeta hvorrar verksmiðju um sig er áætluð 2500—3000 tonn á ári af grasögglum miðað við 5 tonna einingargetu á klst. En eftir því sem einingargetan á klst. er meiri er orkuþörfin náttúrlega meiri. Verðmæti slíkrar ársframleiðslu er ca. 100 millj. kr., og er það ekki lítið með tilliti til þess að heildarstofnkostnaður verksmiðjanna er áætlaður 210 millj.

Mér finnst rétt að vekja athygli á því að það er sérstaklega óhagstætt að byggja upp grasögglaverksmiðju á mjög löngum tíma. Ef vel á að vera þarf bygging sjálfrar verksmiðjunnar og ræktun landsins að fara saman, þannig að verksmiðjan sé fullbúin til starfa þegar uppskeran er til. Það er mjög óhagstætt að rækta fyrst landið og fara svo að byggja verksmiðjuna og enn þá fráleitara að byggja fyrst verksmiðjuna og láta hana síðan bíða eftir ræktun landsins. Það má því segja að í þessu tilliti er þörf á vissum hraða við uppbygginguna.

Það hefur komið fyrir hér hjá okkur Íslendingum að við höfum byggt margar síldarverksmiðjur, sem ekkert var óeðlilegt, víðs vegar um landið. En síldin hvarf sums staðar af miðunum og sumar þessara verksmiðja stóðu uppi verkefnalausar. Um hliðstæða hættu held ég að sé alls ekki að ræða hvað snertir grasögglaverksmiðjuna. Ég held að grasið muni ekki hætta að gróa og framtíð þessara verksmiðja verði byggð á ræktun, en ekki á rányrkju, og ræktun

og rányrkja eru alveg sitt hvað. Við höfum góða reynslu fyrir því.

Uppbygging grasköggglaverksmiðja víðs vegar um landið er landbúnaðinum brýnt nauðsynjamál og eitt af stefnumálum bænda. Það er mikið byggðamál og hagkvæmnismál fyrir þjóðina í heild. Mér finnst því eðlilegt að framgangur þess máls hafi eigi minni hraða en umrædd þáltill. gerir ráð fyrir. Þetta er ekkert margbrotið mál. Ég held að allir skilji hvert verið er að fara, og ég held að það skilji allir hvað þetta er mikilvægt mál.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja þetta meira að sinni, en vísa að öðru leyti til meðfylgjandi grg. og fskj. þessarar þáltill.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Í ræðu þeirri, sem ég flutti við setningu Búnaðarþings í febr. s. l., nefndi ég það sem eitt af höfuðverkefnum landbúnaðarins nú að auka og hraða framkvæmdum við heyköggla-verksmiðjurnar. Ég benti á það, að til þess að það væri hægt þyrfti meira fjármagn til heldur en nú væri til ráðstöfunar, og eins og kunnugt er hefur ríkissjóður ekki getað lagt þar meira fram en gert hefur verið. Ég nefndi því í því sambandi hvort ekki væri athugandi að leita til héraðanna sjálfra í þeim efnum og mundu þá þeir aðilar ganga fyrir sem vildu sinna því. Ég tók fram að þetta væri verkefni sem ég vonaðist til að Búnaðarþing tæki ákveðnum tökum og gerði ákveðnar till. um, og raunin varð líka sú að það gerði það á mjög myndarlegan hátt. Ég mun nú fljótlega skipa n. til að athuga einmitt þetta mál í heild, þ. e. hvar við eigum að hraða uppbyggingu og hvaða möguleika við höfum til þess að koma áfram þeim byggingum sem þegar er búið að ákveða.

Eins og kunnugt er var ákveðið á sínum tíma að byggja verksmiðju á Flatey á Mýrum í Austur-Skaftafellssýslu, og tók hún til starfa á s. l. sumri, og í framhaldi af því kæmu Hólmurinn í Skagafirði og Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu. Mér er fullkomlega ljóst að þetta hefur gengið með minni hraða en þá var vonast til, enda þótt við gerðum okkur þá ljóst að þetta mundi kosta verulegar fjárhæðir. En auk þess hefur svo það komið til, að verksmiðjan í Saurbæ í Dalasýslu, sem þá tók til starfa og þá sem sérstakt hlutafélag, gat ekki haldið áfram starfsemi sinni með þeim styrk sem hugsað var að nægði henni og ríkið yfirtók hana. Enn fremur hefur verið haldið áfram uppbyggingu við þá fyrstu verksmiðju sem stofnuð var hér á landi, heyköggla-verksmiðjuna í Gunnarsholti, sem hefur verið hið besta fyrirtæki svo sem kunnugt er, og einnig þurfti að endurnýja þá byggingu eða þá starfsemi, sérstaklega vélakost, og stækka og er verið að vinna að því einnig.

Ég tek undir með hv. síðasta ræðumanni að hér er um mikið nauðsynjamál að ræða sem verður unnið að, og ætlunin með nefndarskipuninni er einmitt að leita að leiðum, bæði á vegum ríkisins og annarra aðila, til þess að hraða þessari uppbyggingu.

Í sambandi við þetta mál finnst mér að einnig geti komið til athugunar að jafnhliða þessu eða í framhaldi af þessu verði skipaðar nefndir fyrir einstakar verksmiðjur, svo sem gert hefur verið um þær sem hafa verið byggðar til þessa. Hefur það orðið til þess að hraða málum, eins og t. d. í Austur-Skaftafellssýslu. Þeir unnu vel að uppbyggingu verksmiðjunnar á Flatey á Mýrum. Einnig hefur það verið gert í Dölum síðan breytingin var þar á gerð. Þetta finnst mér að komi einnig til athugunar í sambandi við þær verksmiðjur sem búið er að ákveða að byggja. En n. sú, sem ég hugsa mér að skipa, á að taka málið í heild eins og Búnaðarþing lagði til, og það verður ekki langt að bíða þess að hún verði skipuð og geti þá tekið til starfa.

Ég er sannfærður um að hér er mjög gott mál á ferðinni. Það hefur sýnt sig allt frá því að heyköggla verksmiðjan í Gunnarsholti tók til starfa og til þessa að hún hefur skilað góðu verki. Sama er að segja um heyköggla verksmiðjuna á Hvolsvelli. Þær hafa báðar verið ágæt fyrirtæki, og sömuleiðis í Brautarholti, en eins og vant er hafa orðið þarna ýmsir byrjunarörðugleikar og svo hefur dýrtíðin gert það að verkum að uppbygging í sambandi við þessar verksmiðjur hefur farið með minni hraða en löngun var til og stefnt var að. En ég vil bara segja það í tilefni af þessari þáltill. að í þetta horf mun þetta mál fara. Það verður skipuð n. til þess að taka þetta á landsvísu, og þá verður einnig lagt fyrir hana að athuga viðtækari möguleika til fjáröflunar heldur en bara frá ríkinu. Og svo finnst mér einnig koma til athugunar að setja sérstakar framkvæmda- eða byggingarnefndir í þær verksmiðjur sem er búið að ákveða, og mundi ég þá hafa samband við heimamenn þar að lútandi.

Páll Pétursson: Herra forseti. Það eru bara örfá orð út af þessari þáltill. Hér er hreyft mjög merkilegu máli og gagnlegu og ekki að fullkomlega ástæðulausu, því að eins og hæstv. landbrh. tók skýrt fram í ræðu sinni hefur þetta gengið hægar en æskilegt hefði verið. Til þess liggja margar ástæður, en fjármagnsskortur náttúrlega sú ástæðan sem mest hefur tafið.

Hugmyndir um þær grasköggla verksmiðjur, sem þessi þáltill. hnígur einkum að, þ. e. a. s. í Hólminum og í Saltvík, eru orðnar nokkuð gamlar. Mér er sérstaklega kunnug hugmyndin að verksmiðjunni í Hólminum og hún er orðin talsvert margra ára. Fyrir nokkuð löngu var hafist þarna myndarlega handa, grafnir skurðir og brotið land að nokkru, en síðan hefur þessa verksmiðjubyggingu því miður dagað uppi. Og það er fullkomin ástæða til þess að gera nú myndarlegt átak til þess að koma skrið á málið. Þar er eins og í Saltvík nærtækur hiti sem vafalaust er rétt að reyna að nýta — raforku hugsanlega líka að einhverju leyti.

En ég stóð hér upp aðallega til þess að þakka yfirlýsingu hæstv. landbrh. að hann ætli nú að fara að setja n. í málið og það þá kannske frekar þrjár en eina. Þessar n. hafa vafalaust nóg verk að vinna, og ég hygg að sé skynsamleg byrjun á málinu hjá hæstv. ráðh. að fara þessa leið. Í Varmahlíð þarf að bora eftir jarðhita. Það hafa verið gerðar þar lítils háttar tilraunaboranir og þær hafa gefið mjög góðar vonir, en meginverkið er óunnið. Og það er m. a. vegna

þess að það er enginn framkvæmdaaðili sem getur tekið þetta verk að sér, þessa borun þarna. Það vantar sem sagt húsbændur fyrir þessa verksmiðju. Það vantar ráð til þess að fjáramagna þessa jarðhitaleit, einhvern aðila sem gæti fjármagnað hana og staðið fyrir henni.

Ég vil leyfa mér að skýra frá því hér að áhuga heimamanna vantar ekki til þessa máls, en hins vegar eru fjárráð búnaðarsambandanna sem slíkra ekki á þann veg að þau geti tekið að sér verulega kostnaðarsamar framkvæmdir eða lagt fram fé, þótt ekki væri nema í bili, heldur verður að leita annarra leiða. Og það er einmitt meginatriðið að samræma þá krafta, sem þarna eru fyrir hendi, og fella þá í farveg að skynsamlegu marki. Nú veit ég ekki hvort þýðir að setja sér ákveðin tímamörk, hvort árið 1979 er nákvæmlega rétta árið. Ég vildi óska að það gæti orðið fyrr. E. t. v. verður það ekki fyrr en eitthvað síðar En meginatriðið er að koma hreyfingu á málið og vinna að því af endurnýjuðum þrótti. Fyrrv. alþm., séra Gunnar Gíslason í Glaumbæ, sveitarhöfðingi í Skagafirði, varpaði fram skynsamlegri og skemmtilegri hugmynd í blaðagrein í vetur um fjármögnun þessarar verksmiðju, og ég vænti þess að sú framkvæmdanefnd, sem vonandi verður skipuð, kynni sér hana.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Í þáltill., sem hér um ræðir, er hreyft hér á Alþ. máli sem allvel var kynnt fyrir þm. Norðurl. e. á fjölmennum og vel undirbúnum fundi á Húsavík fyrir ekki löngu. Á þeim fundi voru lagðar fram áætlanir um framkvæmdir við verksmiðju í Saltvík ásamt arðsemisútreikningum sem vissulega gerðu þetta fyrirtæki harla eftirsóknarvert í augum þeirra sem á hlýddu og skoðuðu þessi plögg.

Framkvæmdir eru þegar komnar það vel af stað við þetta fyrirtæki í ræktun á góðu landi, að varla fer á milli mála að dráttur á smíði þessarar verksmiðju fram yfir árið 1978 hlýtur að teljast til taps.

Það má geta þess m. a., að arðsemisútreikningar, sem okkur voru sýndir á þessum fundi og staðfestir af sérfræðingum, sýndu að grasköggla verksmiðjan fyrirhugaða í Saltvík yrði um það bil þrefalt arðgæfari heldur en fyrirhuguð málmblendiverksmiðja á Grundartanga í Hvalfirði virtist vera þegar hæstv. landbrh. mælti hvað ákafast með smíði þeirrar verksmiðju um þetta leyti fyrir einu ári, þótt þeir arðsemisútreikningar virðist nú eitthvað hafa brugðist. Nú kemur mér það í hug, þegar hæstv. ráðh. kvartar undan því að fé vanti til þess að koma upp heykögglaverksmiðju í Saltvík og Hólminum og víðar, hvort ekki komi nú til greina að nota eitthvað af því fé, sem fyrirhugað var og ákveðið við afgreiðslu síðustu fjárlaga til Grundartangaverksmiðjunnar, einmitt til þess að flýta fyrir grasköggla verksmiðjunum. Ég hef það fyrir satt að nú muni beinar fjárveitingar og skuldbindingar í sambandi við Grundartangaverksmiðjuna frægu nema allt að því milljarði kr. og mætti, ef hér væri um losað, reisa allmargar heykögglaverksmiðjur fyrir þá upphæð. Ég er hæstv. landbrh. sammála um það að hér er um að ræða fyrirtæki sem framtíð íslensks landbúnaðar byggist að ákaflega miklu leyti á, — fyrirtæki sem vænleg eru til þess að lyfta undir íslenskan landbúnað. Og ég efast ekki um að hæstv. landbrh. mælir það af alhug að hann vill stuðla að því að þessar verksmiðjur komist upp.

Ég get tekið undir með hæstv. síðasta ræðumanni um það, að mér þykir hæstv. landbrh. hafa farið vel af stað og myndarlega með ákvörðun sinni um skipun fremur þriggja nefnda en einnar til þess að undirbúa allsherjar átak í þessum málum. En ég er þeirrar skoðunar að ákvörðun um heykögglaverksmiðjuna í Saltvík og fjárframlög til hennar þurfi ekki að bíða eftir niðurstöðum af rannsóknum og könnun þeirra nefnda.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Um leið og ég stend upp til þess að lýsa stuðningi mínum við þetta mál, sem ég tel mjög mikilvægt, vil ég jafnframt leggja mjög ríka áherslu á að bygging þessarar grasköggla verksmiðju verði í sem nánustum tengslum við jarðvarma og helst þar sem hiti er sem mestur, því að hagkvæmni í notkun jarðvarma er í mjög nánu hlutfalli við það hitastig sem fæst. Ég vil leggja áherslu á að þetta verði skoðað vandlega. Það hefur verið skoðað, satt að segja, í mörg ár. Baldur Líndal verkfræðingur gerði það á vegum Rannsóknaráðs ríkisins. Framan af, meðan olían var ódýr, var hagkvæmni slíkrar verksmiðju á mörkum borið saman við olíu, því að tækin verða stærri og fyrirferðarmeiri, dýrari. Þessar áætlanir voru endurskoðaðar á árinu 1974 og kom út um þær skýrsla um áramótin 1974—1975 sem bendir eindregið til þess að jarðvarminn sé nú orðinn ólíkt hagkvæmari heldur en olíunotkun. Ég óttast að þetta hafi ekki verið skoðað nægilega og kannske stundum verið farið fram af meira kappi en forsjá í þessum málum. Þess vegna vildi ég standa upp og leggja á það mjög mikla áherslu að þessi þáttur verði skoðaður. Það er t. d. alveg augljóst að heykögglaverksmiðja í Saltvík á fullan rétt á sér í þessu tilliti. Þar er jarðvarmi nægilegur nálægt og við hátt hitastig, og svo er raunar allvíða um landið. Að vísu verða þá ekki heykögglaverksmiðjur byggðar í hverjum hrepp, en ég held að við Íslendingar verðum að sætta okkur við það að fá ekki alla hluti alls staðar.

Ég vil einnig vekja athygli á því, að á vegum fyrrv. iðnrh. var athuguð notkun rafmagns í þessu skyni og þetta hefur dálítið verið tekið upp. Þarna hygg ég að sé einnig mikill möguleiki vegna þess að heykögglaverksmiðjurnar starfa á þeim tíma þegar raforka er yfirleitt afgangs. Þetta er á sumrin þegar vatn er mikið og afgangsorka er fyrir hendi. Auk þess er ákaflega auðvelt að starfrækja heykögglaverksmiðjur á þeim tímum sólarhringsins þegar afgangsorka er mest.

Þarna held ég að mikil þörf sé á annarri verðlagningu raforku til þessara hluta en nú er. Ég hygg að sú verðlagning eða sú gjaldskrá, sem nú er á raforku til grasmjölsframleiðslu sé mjög óraunhæf og mætti lækka verulega með tilliti til þess sem ég hef nú rakið. Loks er mjög athugandi að reka þessar verksmiðjur þannig, að þær noti jarðvarma, en þar sem hann er e. t. v.

ekki nógur eða nógu hátt hitastig, þá með raforku. Þetta má sameina.

Ég stend sem sagt upp til þess að lýsa ánægju minni með þetta mál, en legg á það mjög ríka áherslu að þessi þáttur verði vandlega skoðaður við byggingu þessara verksmiðja.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég vil nú sem síðari flm. að þessari till. lýsa ánægju minni yfir þeim undirtektum sem hún hefur fengið hér þegar og glöggt hefur komið fram í þessum umr. Við setningu laga um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum árið 1971 voru í fyrsta skipti tekin inn í lög ákvæði um grænfóðurverksmiðjur. Í framhaldi af þessari lagasetningu var samkv. þeim lögum tilnefnd n. 6 manna, 3 af hálfu Búnaðarfélags Íslands og 3 af hálfu Landnáms ríkisins, til þess að gera áætlun um staðarval og uppbyggingu grænfóðurverksmiðja í landinu. Þessi n. starfaði á síðari hluta árs 1971 og fyrri hluta árs 1972 og skilaði þá ítarlegu áliti til þeirra stofnana sem hér áttu hlut að máli, þ. e. Búnaðarfélags Íslands og Landnáms ríkisins. Sú n. komst að þeirri niðurstöðu að á næstu árum væri æskilegt og fjárhagslega hagkvæmt að byggja grænfóðurverksmiðjur í Hólminum í Skagafirði, í Flatey í Austur-Skaftafellssýslu og Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu. Þessi staðsetning verksmiðja var m. a. valin vegna þess að nauðsynlegt var að gera sér grein fyrir því að flutningskostnaður á þessari vöru milli fjarlægra landshluta verður ærinn og af þeim sökum þurfti að taka tillit til þess við staðsetningu. Auk þess var haft að meginsjónarmiði að velja heppilegar sveitir og heppileg landssvæði frá gróðurfarslegu og veðurfarslegu sjónarmiði. Þessi voru þau meginsjónarmið sem byggt var á við staðarval fyrir þær verksmiðjur sem hér um ræðir. Þá áætlun, sem þessi n. skilaði af sér, staðfestu þær stofnanir, sem hér áttu hlut að máli, í megindráttum og hæstv. landbrh. staðfesti þá áætlun með bréfi lítið breytta hinn 2. júní 1972 og fylgir það bréf sem fskj. með þessari till.

Síðan hefur verið unnið að þessu máli, að vísu með minni hraða en stefnt var að, en þó með þeim árangri að á s. l. ári tók til starfa grasköggla verksmiðja í Flatey á Mýrum í Austur-Skaftafellssýslu.

Þær tvær verksmiðjur, sem þessi till. fjallar fyrst og fremst um, í Hólminum í Skagafirði og Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu, eru enn tiltölulega skammt á veg komnar í uppbyggingu. Þó hefur Landnám ríkisins tryggt sér eignarráð á því landi, sem til þarf, og á auk þess möguleika á auknu landrými, a. m. k. við Saltvíkurverksmiðjuna. Þetta land á báðum stöðum er nú uppþurrkað og jarðvinnsla er nokkuð á veg komin, en þó er mikið verk eftir á því sviði. Á báðum þessum stöðum eru náttúrlegir landkostir góðir. Á báðum þessum stöðum er jarðvarmi enda þótt frekari rannsóknir þurfi að gera í því efni, a. m. k. í sambandi við verksmiðjuna í Hólminum, eins og hér hefur komið fram.

Þegar undirbúningsnefnd þessa máls vann sitt verk á árunum 1971 og 1972 var olíuverð allt annað í landinu og í heiminum en nú er, og ég verð að segja það að á þeim tíma voru nm. ekki svo framsýnir að þeir hefðu jarðvarma sem neitt höfuðmarkmið í sambandi við staðsetningu þessara verksmiðja. Það er hins vegar mikið lán og er mjög þýðingarmikið að við þær tvær verksmiðjur, sem hér er aðallega um rætt, er jarðvarmi í allra næsta nágrenni. Og ég vil taka mjög undir það, sem fram kom hér hjá hv. 2. þm. Vestf., að það þarf að freista þess til hins ítrasta að nota jarðvarmann svo sem kostur er í þessum verksmiðjum. Ég vil láta það koma fram hér, sem raunar kom að nokkru fram hjá hv. 3. þm. Norðurl. v., að það hefur verið farið fram á það að nú á þessu ári verði borað eftir heitu vatni í Varmahlíð til þess að auka þar vatnsmagnið sem þar er virkjað og fullnægir þeirri byggð sem þar er nú. En það er nauðsynlegt að afla þar meiri jarðvarmaorku til þess að geta notað hana við þá verksmiðju sem ákveðið er að reisa í Hólminum. Það skiptir vitaskuld mjög miklu máli, eins og hv. þm. Steingrímur Hermannsson gat um, hvert hitastig þessa vatns er, því að tæplega eru, að ég hygg, tæknilegir möguleikar á því að nota jarðvarma til a. m. k. fullrar þurrkunar á grasi og grænfóðri ef hitastig er ekki verulega hátt. En það getur alla vega orðið til mikillar hjálpar og orðið til þess að draga úr annarri orkunotkun verksmiðjanna. Þess vegna er þetta mjög stórt mál í sambandi við uppbyggingu þessara verksmiðja.

Ég skal ekki fara um þetta mjög mörgum orðum eða rekja sögu þessa máls frekar en ég hef hér þegar gert. Það er hins vegar svo komið, að ég hygg að allir séu sammála um að hér sé um þýðingarmikið mál að tefla. Þrátt fyrir það er svo háttað um fjárhag ríkisins og fjárveitingar hins opinbera til þessara mála að ef sambærilegt framhald verður á fjárveitingum á fjárl. og verið hefur nú um nokkur ár, þá ganga þessi mál hægt fyrir sig í framtíðinni. Þess vegna þarf að breyta hér um. Það þarf annað tveggja að auka fjárveitingar á fjárl. eða að afla fjármagns eftir öðrum leiðum. Og að því miðar sú till., sem hér er flutt, að þess verði freistað eftir öllum leiðum að afla fjármagns til þessa þýðingarmikla verkefnis.

Það hefur oft verið talað um að það væri einkenni á atvinnurekstri okkar íslendinga og stuðningi hins opinbera við atvinnuuppbyggingu hér á landi að við værum alltaf fúsir til þess að leggja mikið fjármagn í þau fyrirtæki sem ynnu að gjaldeyrisöflun fyrir þjóðarbúið, og er vitaskuld ekki á neinn hátt vert að kasta rýrð á þau vinnubrögð. Hins vegar hefur verið miklu tregara um það, óhætt að segja, að menn væru fúsir til þess að leggja mikið fjármagn í þau fyrirtæki sem væru gjaldeyrissparandi fyrir þjóðarheildina. Þau fyrirtæki eiga þó að mínu viti jafnan rétt við þau sem eru gjaldeyrisaflandi, því að hvor fyrirtækin um sig verða til þess að bæta hag okkar og stöðu í viðskiptum við aðrar þjóðir. Það er vikið að því örfáum orðum í grg. þessarar till. hvílíkur gjaldeyrissparnaður er hér á ferðinni ef uppbygging þessara verksmiðja væri svo hagað og þeirri vinnu hraðað svo að unnt væri að framleiða innanlands sem svaraði allt að ¾ þess kjarnfóðurs sem nú er flutt inn til landsins. Ég skal ekki

rekja það meir. En framleiðsla þessara tveggja verksmiðja, í Hólminum og Saltvík, mundi væntanlega verða til þess, miðað við núverandi verðlag, að spara sem svaraði 180—200 millj. kr. í gjaldeyri á ári, og sjá allir að hér er um verulega þýðingarmikið mál að tefla.

Ég vil þakka hæstv. landbrh. fyrir þær undirtektir og þær yfirlýsingar sem hann gaf hér í sambandi við þetta mál. Ég tel að það sé tímabært og hefði raunar verið fyrir alllöngu að skipa n. til þess að vinna að framgangi þessara mála í heild og halda áfram að huga að áætlun um uppbyggingu fleiri verksmiðja í kjölfar þeirra sem þegar er ákveðið að byggja. Þetta var raunar tekið fram í áliti þeirrar n. sem starfaði á vegum Búnaðarfélags Íslands og Landnáms ríkisins árin 1971 og 1972, og því áliti var skilað til hæstv. ráðh. Það er því kannske vonum seinna að nú sé þessi n. í fæðingu. Hitt er ekki síður þýðingarmikið, að setja þegar á laggir undirbúningsstjórnir eða framkvæmdanefndir fyrir þær tvær verksmiðjur sem hér er um að tefla, — framkvæmdastjórnir sem geta haft með höndum undirbúningsstarf í sambandi við uppbyggingu þessara tveggja verksmiðja og hugað að fjáröflun og eignaraðild heimaaðila, eins og raunar hefur þegar verið drepið á af hv. 3. þm. Norðurl. v. Þess vegna vil ég ítreka það, að ég fagna yfirlýsingu hæstv. ráðh. um þessi efni og vænti þess að þær verði til þess að styðja þetta mál og hraða því að það komist heilt í höfn.

Ég skal svo ekki lengja þetta mál meir. Mér er ljóst að fjármagnið er hér eins og endranær afl þeirra hluta sem gera skal. Sú n., sem mundi huga að framvindu þessa máls alfarið um landið í heild fengi væntanlega það verkefni að huga að nýjum tekjuöflunarleiðum og e. t. v. sérmerktum tekjustofnum til þessa verks. En framkvæmdanefndirnar heima fyrir þurfa að gefa því ítarlega gaum hvort ekki sé einnig ástæða til þess að leita eftir tekjustofnum heima í héruðum og þá um leið eignaraðild heimaaðila.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Umræður utan dagskrár.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Hv. 1. landsk. þm. hefur kvatt sér hljóðs utan dagskrár og tilkynnti hann mér nokkru fyrir hádegi að hann mundi ræða um Kröflurvirkjun. Á það vil ég benda í sambandi við það mál, að hinn 11. nóv. voru umr. utan dagskrár um Kröflurvirkjun og aftur 2. des. var rædd fsp. frá hv. alþm. Braga Sigurjónssyni um Kröflurvirkjun. Í þriðja lagi vil ég á það benda, að hæstv. iðnrh. hefur þegar tilkynnt mér að hann muni gefa skýrslu um Kröflurvirkjun nú n. k. þriðjudag. Með tilliti til þessa vænti ég þess að hv. þm. verði stuttorður og umr. muni þá fara fram að sjálfsögðu um Kröflurvirkjun þegar hæstv. ráðh. gefur sína skýrslu. — Í öðru lagi hefur hv. þm. óskað eftir því að ræða þingsköp.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Aldrei hefði mig grunað, að það kæmi í minn hlut að átelja okkar ágæta forseta fyrir stjórn hér á Alþ. En það virðist undarlega erfitt að fá að kveðja sér hér hljóðs. Ég hef aldrei lagt það í vana minn að kveðja mér hljóðs utan dagskrár, ég veit að það á að nota sér mjög takmarkað. En þegar það er í fyrsta skipti sem ég hef óskað eftir því, þá skil ég varla hvers vegna allir þeir steinar eru lagðir í götu mína sem ég hef orðið hér var við. Ég veit ekki annað en það sé hefð, það kannske vantar um það ákveðin lög, — en ég veit ekki annað en það sé hefð í þingsköpum að þegar óskað er eftir því að fá að ræða þingsköp, þá er manni undireins gefið orðið, og þetta hefur verið nauðvörn þm. þegar ekki er orðið við því að leyfa þeim að tala utan dagskrár. Þetta fékk ég ekki, heldur er búið að taka hér tvö, ef ekki þrjú mál á dagskrá, sem a. m. k. voru ekki öll eins nauðsynleg og ég tel að það mál sé sem ég ætla nú að ræða og vonast eftir að geta fært rök að þó síðar verði. Engu lofa ég um það hvort ég verði langorður eða stuttorður, því að ég tel hér um mál að ræða sem full ástæða er til að þm. hugleiði gaumgæfilega.

En það er kannske rétt að víkja að steinunum. Ég er búinn að nefna einn, en annar var sá, að það, sem olli því að ég ákvað að kveðja mér hér hljóðs utan dagskrár, er grein í Þjóðviljanum í dag um Kröflurvirkjun, og það er viðtal við ekki ómerkari mann en Þorleif Einarsson jarðfræðing sem er talinn einhver okkar besti sérfræðingur á þessu sviði. Ég tel alveg öruggt að ekki einungis alþm., heldur almenningur um allt land kynni sér þessa grein og sjái út í hvaða óefni er verið að vaða með þjóðina.

Ég tilkynnti niður í rn., að vísu ekki fyrr en rétt fyrir hádegi, að ég ætlaði að fá að ræða þetta mál utan dagskrár. Ég fékk seinna þau boð að ráðh. væri upptekinn á einhverjum öðrum fundi. Ég vek athygli á því að þm. og ráðh. eiga að meta meira Alþingi Íslendinga heldur en einhvern fund úti í borginni. En sleppum því. Ég sagði að ég mundi láta mér nægja að einhver ráðh. hlustaði á mál mitt, því að þetta væri mál allrar stjórnarinnar. Enn voru ýmsar vöflur, eins og ég gat um áðan, hvernig forseti neytti valds síns. En það var ekki nóg með það. Þegar ég sit hér í sæti mínu áðan, þá kemur einn þm. til mín, varaformaður Kröflunefndar, og spyr hvort það sé virkilega satt að ég ætli að ræða Kröflumálið hér í dag. Jú, jú, ég segist ætla að gera það. „Þú skalt ekki hafa betra af því," segir hann með þjósti. Ég ætla að vona að þessi ágæti þm. komi hér upp á eftir og sýni þá karlmennsku að standa við þessi orð.

En víkjum þá að Kröflumálinu. Þetta er raunaleg saga alls konar mistaka, og ég ætla ekki að hengja neinn sérstakan fyrir þau. Það eru allt of margir ábyrgir þarna til þess að hægt sé að benda á einn sérstaklega sekan. En ég hygg þó að við getum ekki fríað fyrrv. orkumálaráðh. af töluverðri sök þarna, og sá, sem nú situr í því sæti, heldur áfram með vitleysuna, sýnist manni, þrátt fyrir gos, þrátt fyrir að markaður hafi brevst, þrátt fyrir það að Grundartangaverksmiðjan virðist ekki vera á næsta leiti og þar af leiðandi mikið rafmagn þá og þegar til

staðar við Sigöldu. Samt sem áður á að fara áfram með þetta mikla fyrirtæki, sem kostar milljarða, án þess að enn þá sé þörf fyrir það. Og þetta er gert á sama tíma og þeir, sem best hafa vit á fjármálum okkar eða telja sig hafa best vit á þeim, eru að segja okkur að þjóðin sé á hraðri leið í gjaldþrot. Nýlega var sagt og ekki mótmælt að hin ágæta ríkisstj., sem nú situr, rétti hverju barni, sem fæðist á Íslandi núna, um 300 þús. kr. skuldabagga. Síðan bættust við tvö lán sem voru tekin nú á dögunum. Ætli þetta sé þá ekki komið upp í 400 þús., og þegar hún kannske færi frá, ja, hvenær? — hún virðist sitja furðuföst þrátt fyrir alla vitleysu sína, — ætli það verði ekki orðin hálf milljón sem hún réttir að blessuðum börnunum sem fæðast hérna þá? Það mætti segja mér það. En hér kom sendinefnd frá Akureyri til að reyna að fá að halda áfram að bora á Laugalandi í Eyjafirði, *Laugalandi fram, þriðju borholuna, til að það* kæmi í ljós fullkomlega hvort hægt yrði að hita Akureyri upp með heitu vatni þarna úr firðinum og ef það yrði hægt, þá hefur verið bent á að markaðurinn fyrir Kröflurafmagn gerbreyttist. En í Morgunblaðinu í morgun stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Orkumálastjóri: Borinn fer til Kröflu, því verður ekki breytt. Okkur er uppálagt að mæta með borinn við Kröflu, og því verður ekki breytt," segir hann.

Engin breyting hvað sem fram undan er. Allt of dýr virkjun, ekki markaður fyrir rafmagnið, stórkostlega aukið rafmagn, sem ekki selst við Sigöldu innan skamms tíma, og loks það, sem *fyllti nú mælinn í minum huga*, það er grg. eða frásögn Þorleifs Einarssonar í Þjóðviljanum í dag. Ég vek athygli á því, að þetta er birt í blaðinu Þjóðviljanum. Formaður Alþb., Ragnar Arnalds, er einn í stjórn Kröfluvirkjunar. Takið eftir þessu. Þessi grein er töluvert ítarleg, og ég geri ráð fyrir að millifyrirsagnirnar séu kannske blaðsins. En Þorleifur hefur áreiðanlega vitað að þær voru settar, og ég ætla að lofa ykkur að heyra fyrst millifyrirsagnirnar: „Skjálftavirknin óeðlileg — fljótandi efni undir." Önnur millifyrirsögn: „Pólitísk Kröflunefnd mistök." Þriðja millifyrirsögn: „Villandi upplýsingar um jarðskjálftaþol stöðvarhúss." Næsta millifyrirsögn: „Varnir gegn hraunrennsli þarf að athuga betur." Enn: „Svæðið hefur tæmst af gufu." „Engin forrannsókn fór fram á svæðinu." Þarna höfum við það sem við höfum verið að spyrja eftir og aldrei fengið hrein svör um. Ég spurðist fyrir um forrannsóknirnar í vetur. Jú, jú, jú, jú, það hafði svo sem verið rannsakað. En nú kemur jarðfræðingurinn Þorleifur Einarsson og segir okkur svart á hvítu: „Engin forrannsókn fór fram á svæðinu." Og enn meira: „Bora þarf tvöfalt fleiri holur vegna vélakaupanna." Og síðan leggur hann til: „Frestun Kröfluvirkjunar — línu yfir Sprengisand."

Ég ætla aðeins að lesa örfáar glefsur úr þessari grein, með leyfi hæstv. forseta. T. d. kemur hérna um skjálftavirknina:

„Það má svo aftur benda á það núna, að þó að stór jarðskjálftahrina sé liðin hjá, er skjálftavirknin langt frá því að vera eðlileg og er raunar núna tvöföld á við það sem hún var í sumar. Þá má og benda á það að hitabreytingar á svæðinu eru litlar samkv. mælingum. Þó er ljóst að hiti hefur hækkað á svæðinu næst stöðvarhúsinu. Hvað þetta þýðir skal ég ekki segja um, en það er þó öruggt og víst, að enn þá eru mestar líkur á því að næsta eldgos á Íslandi brjótist út á Kröflusvæðinu." *Ég endurtek:* „Hvað þetta þýðir skal ég ekki segja um, en það er þó öruggt og víst, að enn þá eru mestar líkur á því að næsta eldgos á Íslandi brjótist út á Kröflusvæðinu."

Ég benti á það í fsp. í vetur hvað þetta væri háskalegt svæði sem þarna hefði verið ráðist í að virkja, og viti menn, örfáum dögum eftir að ég flutti mína fsp. hér hófst gosið á þessum stöðum, svo að það sannaðist a. m. k. að ég benti þar á háskann sem í virkjuninni fólst. — Og enn segir Þorleifur Einarsson hér:

„Þá má einnig benda á það, að engar titringsbylgjur (S-bylgjur) mælast þegar jarðskjálftabylgjur *fara í gegnum* Kröflusvæðið, *en titringsbylgjur* fara eingöngu í gegnum fast efni, en ekki fljótandi. Þetta gæti bent til þess að einhvers konar vökvi sé þarna undir, sumir mundu halda hraunkvika."

Enn segir hann hér:

„Mér finnst pólitísk Kröflunefnd mistök. En fyrst svona var að málum staðið hefði hún átt að ráða sér „yfirlestrar"-sérfræðinga til að fara yfir áætlanir ráðgjafarverkfræðinga, þar sem nm. sjálfir eru vart dómbærir um slík sérfræðileg mál. Við eigum hæfa menn sem þekkja vel til slíkra virkjana. Þar má nefna t. d. þá Gunnar Böðvarsson," — heimsfrægur maður á þessu sviði — „og Svein Einarsson, *sem báðir starfa erlendis*, og Þorbjörn Karlsson prófessor við Háskóla Íslands."

En Þorleifur veit af því að til þessara manna hefur ekkert verið leitað. Það þótti ekki nein þörf á því að fá sérfræðinga varðandi þetta mál. „Svæðið hefur tæmst af gufu," segir hann. „Á það ber að benda, að í Leirhnjúksgosinu streymdi feikilegt magn af gufu út úr svæðinu. Sumir telja að aflið hafi kannske verið 500—1000 mw. Þarna hefur því Kröflusvæðið tapað geysilegri orku á nokkrum vikum, svo sem sjá má af því að eina nothæfa borholan hefur misst um 60% af afli sínu" — 60% minnkar það við gosið. — „Enginn veit hversu langan tíma tekur fyrir svæðið að jafna sig, en ólíklegt er að boranir í vor og sumar muni veita upp svo öflugu gufustreymi sem verður í framtíðinni. Eigi að koma annarri vélinni í gagnið í haust, þarf því fleiri borholur en við eðlilegar aðstæður. Þetta ásamt fleiru bendir á að fresta beri framkvæmdum við Kröfluvirkjun. Að öðru leyti þarf ég vart að ræða um óhagkvæmni virkjunarinnar. Það hefur verið gert svo rækilega á undanförnum vikum og mánuðum." — Það hefur bara ekki verið tekið tillit til þess, hverjir sem hafa talað.

Síðan, eins og ég sagði áðan, bendir Þorleifur Einarsson á að engin forrannsókn fór fram á Kröflusvæðinu, heldur var farið í virkjunina án eiginlega nokkurrar athugunar, en síðan segir hann: „Við boranir í fyrra kom í ljós að hiti á svæðinu er meiri en ráð hafði verið fyrir gert. Vélarnar eru gerðar fyrir 270 gráðu hita, en í stóru borholunni, sem nú er ónýt, er hann álitinn 330—340 stig. Þar sem vélarnar eru gerðar

fyrir 270 stig og bundnar við það, er ljóst að ekki má bora það djúpt að full afköst fáist úr holunum, sé miðað við hitastig í ónýttu holunni. Það þýðir að bora þarf tvisvar til þrisvar fleiri holur þar sem þær mega ekki vera fullsterkar. Þetta hefur í för með sér meiri fjárfestingu í holum og leiðslum.“

Sem sagt, virkjunin hækkar enn, enginn veit hvað mikið. Síðan leggur hann þetta til, og ég held að alþm. hafi gott af því að heyra hvað hann ráðleggur. Þetta er enginn Bragi Sigurjónsson, sem er að tala, heldur er það Þorleifur Einarsson jarðfræðingur og einn þekktasti maður okkar á því sviði:

„En hvað á þá að gera til úrbóta á þessu, eins og málin standa í dag, þegar ekki er hægt að afskrifa gos og gangurinn í framkvæmdinni hefur verið eins og þú hefur lýst?“ spyr blaðamaðurinn.

„Það á að byrja á því að selja vélarnar. Þær eru sagðar svo góðar að það ætti ekki að vera neinn vandi að fá kaupendur.“ — Ég veit nú ekki, hvort það er kannske ofurlítið háð í þessu, jæja, sleppum því. — „Síðan er best að hugsa upp á nýtt og fikra sig áfram eftir því með forrannsóknum, auk þess sem sjá verður hvert framhald verður á jarðhræringum á svæðinu sem enn eru óeðlilegar eins og fram hefur komið. Það er ljóst að með lagningu byggðalínunnar verður komið í veg fyrir raforkuskort á Norðurlandi, en hún á að geta flutt 8—10 mw. næsta haust. Í framtíðinni eru svo horfur á að Akureyri fái hitaveitu sem spari a. m. k. önnur 8 mw. í raforku. Það er ljóst, að Grundartangaframkvæmdum seinkar um óákveðinn tíma. Sigölduvirkjun fer hins vegar í gang næsta vetur. Það verður því enginn skortur á raforku í náinni framtíð og alveg óhætt að hugsa svolítið af viti,“ segir Þorleifur. „Það hefur hins vegar verið lagt á það allt kapp af Kröflunefnd að fjárfesta og kaupa sem mest til þess að tryggja það að hvergi verði við snúið.“ — Sem sagt, ómögulegt að bakka.

„Á föstudagskvöldið síðasta var í sjónvarpinu sýnd mynd frá uppskipun staura í línu frá Kröflu til Akureyrar. Þá staura ætti þegar í stað að nota í línu frá Sigöldu norður yfir Sprengisand í Bárðardal allt í Fosshól. Þeir mundu nægja í helming hennar. Þaðan mætti svo dreifa rafmagni austur og vestur og þegar Kröfluvirkjun svo kæmi í gagnið ef jarðhræringar þar hættu og unnið yrði af viti mundi hún geta flutt orku í allar áttir. Þar með yrði losnað við vandræðavirkjun í Bessastaðaá“ — takið eftir þessu: „losnað við vandræðavirkjun í Bessastaðaá í Fljótshlíð, sem er engu betri en Grímsá — vatnslaus allan veturinn“.

Og hér held ég að ég lofi nú Þorleifi að hafa síðasta orðið. En ég ráðlegg alþm. að lesa þessa ágætu grein, þótt hún sé í Þjóðviljanum, og hjálpa ríkisstj. til að fara að hugsa af viti.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Áður en ég gef hæstv. ráðh. orðið vil ég taka þetta fram til skýringar út frá því sem hv. 1. landsk. þm. Bragi Sigurjónsson sagði. Er hann ræddi við mig í morgun sagði ég honum að ég mundi athuga, hvort ég gæti komið honum að utan dagskrár, og mér fyndist eðlilegt að þetta mál yrði rætt við hæstv. iðnrh. þegar hann kæmi í þingsalinn. Eg gat þess líka við hv. þm. að ég hefði þegar lofað að taka til afgreiðslu í dag þau þingmál sem þegar hafa komið til umr. Þetta vissi hv. þm.

Þá vil ég líka á það benda, að hv. 1. landsk. þm. hefur ekki í sinni ræðu komið með nein rök fyrir því að það hafi verið brotin á honum þingsköp. Það eina var það að hann komst ekki að með mál sitt jafnfljótt á fundinum og hann óskaði. En það er á valdi forseta hvenær hann lætur umr. utan dagskrár fara fram ef hann leyfir þær á annað borð.

Það er alveg rétt hjá hv. 1. landsk. þm., Braga Sigurjónssyni, að hann hefur ekki þreytt hvorki mig né aðra með umr. utan dagskrár, og það er síður en svo, að ég hafi hugsað slíkt. Ég hef enga löngun til þess að brjóta á hv. þm. þær reglur sem gilda í Alþ., nema síður sé, því að hann hefur ekki þreytt mig með umr. utan dagskrár. En ég vona að hv. þm. finni, er hann hugleiðir málið betur, að það hafa ekki verið brotin á honum þingsköp, þar sem hann hefur fengið tíma og tækifæri til þess að koma því máli að er hann óskaði.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þegar þm. óska þess að beina fsp. til ráðh. utan dagskrár, þá er það orðin föst venja hér á Alþ. um fjölda ára að sá ráðh. sé látinn vita með hæfilegum fyrirvara. Í þetta sinn barst mér vitneskja kl. 1 í dag um að hv. þm. Bragi Sigurjónsson ætlaði að hreyfa hér utan dagskrár Kröflumáli. Út af ummælum hv. þm. um að ég hafi verið á fundi úti í bæ vil ég skýra frá því hér, sem hv. þm. er kunnugt, að í dag hófst ársþing Félags ísl. iðnrekenda þar sem er venja að iðnrh. flytji erindi um þróun iðnaðarmála. Því hafði ég lofað fyrir alllöngu og hafði fjarvistarleyfi hjá hæstv. forseta Sþ. í því sambandi og kom því ekki á þennan fund að sjálfsögðu strax kl. 2. Ef í þessu felast ásakanir frá hv. þm., þá eru þær ástæðulausar.

Ég býst ekki við að hv. þm. og líklega ekki heldur hv. fyrirspyrjandi ætlist til þess að ég fari að ræða við hann hér um blaðaviðtal úr einu dagblaðanna í morgun. Ég hef rætt um það við hæstv. forseta Sþ., og það var hv. fyrirspyrjanda kunnugt áður en hann fór hingað í stólinn, að ég hef óskað eftir því að á fundi Sþ. n. k. þriðjudag verði tekin á dagskrá skýrsla iðnrh. um Kröfluvirkjun. Ég mun því ekki nú ræða þau mál frekar.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Hv. þm. Bragi Sigurjónsson hefur tekið sig til og lesið hér utan dagskrár langa grein úr einu dagblaði bæjarins sem inniheldur viðtal við Þorleif Einarsson jarðfræðing. Hann hefur sérstaklega vakið athygli alþm. á því að þessi grein hafi birst í Þjóðviljanum og í því sambandi bætt því við að formaður Alþb. eigi sæti í Kröflunefnd, það sé kannske einmitt þetta, sem sé athyglisverðast í þessu sambandi.

Án þess að fara að ræða hér í smáatriðum um efni þessa viðtals, þá vil ég leyfa mér að benda á að í því er fjallað um þetta mál frá

býsna mörgum hliðum. Það er rætt um málið frá jarðfræðilegu sjónarmiði, frá sjónarmiði vélaverkfræði, frá sjónarmiði jarðskjálftafræðinga og frá sjónarmiði þeirra sem gerst vita um raforkumarkað og viðskiptamál. Ekki skal ég draga neina dul á það, að sá, sem viðtalið er við, Þorleifur Einarsson, er hinn mætasti maður, ágætur jarðfræðingur, sem margt gott liggur eftir. En það vill nú svo til að hann er ekki sérfræðingur á öllum þessum sviðum sem ég hef nú nefnt og þetta viðtal fjallar um. Það, sem hann segir í þessu viðtali um jarðfræðileg efni, er ekki í neinu ósamræmi við skoðanir annarra jarðvísindamanna um þessi efni eða a. m. k. ekki að neinu marki, og mér virðist ekki að þau sjónarmið, sem hafa verið ríkjandi í Kröflunefnd, hafi verið þar í neinni andstöðu við. En þegar kemur að öðrum sviðum þessa máls, þá ber æðimikið á milli, og ég get aðeins sagt það eitt, að þessi ágæti maður hefur ekkert dómsvald í þeim efnum. Ég læt nægja að segja það eitt á þessu stigi málsins, að það úir og grúir í þessu viðtali af ýmiss konar misskilningi sem þarfnast leiðréttingar, ýmsar stóryrtar fullyrðingar sem lítill rökstuðningur er á bak við. Þar er margt ofsagt og kannske enn fleira vansagt.

Ég reikna með að í umr. um þetta mál á þriðjudag gefist tækifæri til þess að ræða þessi mál frá ýmsum hliðum, og er því að sjálfsögðu engin ástæða til þess að fara að elta ólar við einhvern misskilning sem stendur í einu dagblaðanna, jafnvel þótt gott dagblað sé. Því mun ég ekki gera það.

En ég stend nú kannske ekki eingöngu upp vegna þess að að mér skyldi vera sveigt í orðum hv. þm., heldur einnig vegna hins, að ég tel sem þm. norðlendinga að hér sé um býsna stórt og mikið hagsmunamál að ræða fyrir Norðurland. Norðurland býr við mikinn orkuskort í dag og fyrirsjáanlegt er að Austurland þarf einnig á orku að halda sem fyrst frá þessari sömu virkjun. Og enda þótt menn geti verið frjálsir að því að gagnrýna og rökræða þetta mál eins og önnur frá öllum hliðum, þá vil ég síður að mjög óheiðarlegur og óvandaður málflutningur í þessu efni verði til þess að koma okkur norðlendingum í meiri vanda í orkumálum en orðið er, því að að sjálfsögðu væri það það alvitlausasta sem hægt væri að gera í raforkumálum á Íslandi í dag, að hætta við Kröfluvirkjun.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég skal reyna að vera jafnstuttorður og formælendur Kröfluvirkjunar sem hér hafa talað, en þeir hafa verið svo stuttorðir að það mætti meta hvert orð, sem þeir hafa látið um málið falla, á einn milljarð a. m. k. Ég tel það vera talsvert ánægjulegt að það komi fram hér yfirlýsing frá hv. þm. Ragnari Arnalds, formanni Alþb., að það sé varhugavert að taka of mikið mark á því sem í Þjóðviljanum stendur. Enn fremur kom ábending frá þessum hv. þm. um það að Þorleif Einarsson skorti sérfræðiþekkingu. Ég verð nú að segja eins og er, að það virðist vera orðið þannig hjá þessari ágætu Kröflunefnd að menn, sem í henni sitja, ætli að þeir einir sitji uppi með sérfræðiþekkingu í þessum málum, þannig að það duga ekki lengur viðvaranir til þeirra frá þeim sérfræðingum sem við höfum. Þeir telja sér ekki einu sinni skylt lengur að hlusta á guð almáttugan þegar hann reynir að vara þá við, svo mikil er sú sérfræðiþekking sem í þessari n. er fólgin.

Ég vil vekja athygli þm. á því hvernig að þessum Kröflumálum og upplýsingum um þau hefur verið staðið. Því var haldið fram alveg fram á síðasta dag að þjóðin þyrfti ekki að óttast að nein eldsumbrot eða jarðhræringar yrðu í Kröflu eða þar í nánd sem gætu spillt þessari framkvæmd. Síðan gerist það, að þegar það verður, þá er því lýst yfir í blaðaviðtali við jarðfræðinga, sem fylgdust með eldsumbrotunum, að þeir hefðu haft vitneskju um það síðan í sept. í haust að þetta væri í vændum. Þeir skýrðu frá því að þeir hefðu látið almannavarnanefndir vita. Þeir skýrðu frá því að þeir hefðu látið yfirstjórnendur þessara framkvæmda vita. Og ég ætla að Kröflunefnd hafi ekki verið alls óvitandi um það hvað var þarna að gerast. Samt sem áður leyfa þessir menn sér að fullyrða það fram á síðustu stund að þeir viti ekki til þess að menn þurfi að hafa neinar áhyggjur af slíkum hlutum. Slík er þeirra sérfræðiþekking. Hún var meiri en jarðfræðinganna í þessu tilliti.

Þá kom það einnig fram í sjónvarpsviðtali við formann Kröflunefndar, hv. þm. Jón G. Sólnes, þar sem hann var spurður um ýmsar upplýsingar og beðinn að gefa svör við ýmsum upplýsingum sem fyrirspyrjendurnir þóttust fara nærri um að væru réttar, en gátu ekki staðreynt með því að beita ákveðnum sérfræðingum fyrir sig, að hv. þm. formaður Kröflunefndar neitaði öllum þessum fsp. og upplýsingum fréttamannanna og sagði að þetta væru staðlausir stafir. Nokkrum vikum síðar kom út skýrsla frá Orkustofnun sem staðfesti hvert eitt og einasta atriði af því sem hv. þm. hafði mótmælt og jafnframt lá það fyrir að þegar hv. þm. mótmælti þessum ummælum í sjónvarpsþætti, þá lá það fyrir frá yfirmönnum Orkustofnunar og honum var kunnugt um að fréttamennirnir voru að fara rétt með, þannig að þetta mál á sér mjög flókinn aðdraganda og einkennilegar starfsaðferðir sem við það hafa verið hafðar.

Til hvers í ósköpunum erum við Íslendingar að virkja orkulindir okkar? Að sjálfsögðu til þess að reyna að afla okkur ódýrrar orku. En er rétt á málum haldið þegar þær virkjunarframkvæmdir, sem nú er verið að vinna fyrir erlent lánsfé, geta kostað það að við Íslendingar séum að selja fjárhagslegt sjálfsforræði okkar í hendur erlendra bankastjóra, það lánsfé sé notað þannig að það árið, sem þessar virkjanir komast í gagnið, tvöfaldist raforkuverð á Íslandi. Ekki ómerkari maður en Jóhannes Nordal hefur haldið því fram, að ef haldið verði áfram eins og gert hefur verið að undanförnu, þá þurfi annað tveggja á næsta ári að tvöfalda raforkuverðið eða taka upp niðurgreiðslur úr ríkissjóði á raforkuverði. Er það svona sem við ætlum að nota dýrt erlent lánsfé til þess að skapa Íslendingum ódýra orku? Dugir sérfræðiþekking Kröflunefndar líka til þess að leysa þetta mál?

Það hefur verið talsvert mikið um þessi mál skrifað í blöð nú að undanförnu. Hv. þm. Bragi

Sigurjónsson hefur gert grein fyrir nokkrum af þessum atriðum, en þau eru talsvert fleiri. Í dagblaðinu Vísi fimmtudaginn 25. mars s. l. birtist viðtal við einn af stjórnarmönnum í stjórn Rafmagnsveitna ríkisins, Björn Friðfinnsson. Þar kemur fram að rekstrarhalli á Kröfluvirkjun er áætlaður 1 milljarður á ári. Einn milljarður á ári er áætlaður rekstrarhalli Kröfluvirkjunar. Samt sem áður er haldið áfram, þó að vitað sé að þarna er verið að byggja virkjun sem ekki hefur markað fyrir orku sem hún framleiðir. Þarna er verið að byggja fyrirtæki sem getur ekki selt þá vöru sem það framleiðir. Samt er haldið áfram. (Gripið fram í.) Það kemur ekki fram í viðtali við Björn Friðfinnsson hver þessa áætlun hefur gert, en alla vega hefur því ekki verið mótmælt með rökum að þetta sé rétt, og alla vega hefur því ekki heldur verið mótmælt með rökum að áður en virkjunarframkvæmdir hófust hafi ekki verið gerð rekstraráætlun um það hvernig ætti að reka þessa virkjun þegar byggingu hennar væri lokið.

Þá kemur einnig fram sú fullyrðing frá þessum stjórnarmanni Rafmagnsveitna ríkisins að bygging Kröflu hafi e. t. v. jafnvel verið lögbrot, þar sem lög um Krófluvirkjun heimili 55 mw. virkjun, en þarna sé byggð 70 mw. virkjun. Eitt atriðið enn sem e. t. v. þyrfti að fá útkljáð hjá þeim vísu mönnum sem stjórna þessum málum.

Þá kemur einnig fram hjá þessum sama stjórnarmanni að á næsta ári, ef svo heldur fram sem horfir og Krófluvirkjun verður tekin í notkun, þá muni raforkuverð til norðlendinga á meðalstóra norðlenska fjölskyldu, sem hv. þm. Ragnar Arnalds bar svo mjög fyrir brjósti í ræðu sinni hér áðan, árskostnaður hækka um 100 þús. kr. Slíkur er Kröfluskatturinn að sögn stjórnarmanns í Rafmagnsveitum ríkisins. Sjálfsagt munu sérfræðingarnir í Kröflunefnd ekki vera í vandræðum með að gera grein fyrir svörum við þessu.

Þá kemur það fram í þessu sama blaði föstudaginn 26. mars að árið 1979 verði ekki einu sinni þörf fyrir nema helming af orkunni sem framleidd er í Kröflu. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Raforkuframleiðslan á Norðurlandi á þessu ári er áætluð 200 gwst., þar af fara 50 gwst. til húshitunar á Akureyri. Sá markaður tapast að mestu á næstu árum ef hitaveita verður lögð til Akureyrar. Á næsta ári er ráð fyrir því gert að núverandi aflstöðvar norðanlands geti framleitt 94 gwst. af u. þ. b. 130 sem framleiða þarf. Árið 1979 er áætlað að núverandi aflstöðvar geti framleitt 187 gwst., en þá er heildarþörfin metin u. þ. b. 285—295 gwst. Þá er aðeins þörf á rúmlega 100 gwst. framleiðslu hjá Kröflu sem er aðeins helmingur af afkastagetu orkuversins. Ekki er talið að markaður verði sunnanlands fyrir orku frá Kröflu sem tryggja mætti með byggðalínu. Miðað við núverandi og fyrirhugaðar framkvæmdir austanlands virðist heldur lítil von til þess að markaður opnist þar fyrir rafmagn frá Kröflu. Hér er ekki reiknað með stóriðju norðanlands, enda eru engar umr. þar um eins og sakir standa.“

Þetta segir í frétt Vísis frá 26. mars s. l., og þessari frétt hefur enginn mótmælt svo ég viti til.

Þá kemur einn sérfræðingurinn enn, að vísu ekki Kröflusérfræðingur. Sá sérfræðingur er verkfræðimenntaður, prófessor við Háskóla Íslands, Jónas Elíasson. Þetta er álit hans, hann segir:

„Ég hef talið að ekki ætti að reisa Krófluvirkjun svona stóra. Ég tel að hún sé rangt tímasett og það hefði átt að reisa hana í áföngum. Auk þess fellur Krafla illa inn í raforkukerfið á Norðurlandi. Rafmagnsþörfin er fyrst og fremst fyrir afl, en ekki fyrir orku. Krófluvirkjun hefur mikla orkuvinnslugetu, en tiltölulega lítið afl í samanburði við orkuvinnslugetuna. Það eru tæknilegir örðugleikar á að ljúka þessari virkjun á tilsettum tíma. Það er fyrirsjáanlegt að henni verður ekki lokið í ár. Framkvæmdaáætlunin sem slík er ágæt, en framkvæmdum er flýtt óþarflega mikið.“

Þetta er álit Jónasar Elíassonar prófessors við Háskóla Íslands, þannig að það er ekki aðeins einn sérfræðingur og ekki bara tveir, sem gengið hafa á fund þeirra, sem þessum málum ráða og varað þá við. En þeir vilja víst ekki hlusta, þessir ágætu menn. Þeir vilja hvorki hlusta á viðvaranir sérfræðinga né á þær viðvaranir sem koma fram í afstöðu fjölda fólks sem látið hefur sig þessi mál varða, — fólks sem hefur áhyggjur af því að á þessum árum, við þá efnahagsörðugleika sem íslenska þjóðin á í, þá sé verið að binda á fólkið bagga skulda í erlendum lánum til þess að byggja virkjun til að framleiða orku sem enginn getur selt. Og að nokkrum manni skuli detta í hug að hlusta ekki einu sinni á slíkar viðvörunarraddir, hlusta hvorki á sérfræðinga, sama í hvaða starfsgrein þeir sérfræðingar eru, né aðra, til þess þarf meiri kjark heldur en mætti ætla að þeir hefðu sem nú stjórna þessu landi.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Ég mun ekki taka þátt í því að lengja þessar umr. sem hér hafa farið fram utan dagskrár í sambandi við svokölluð Kröflumál. Til þess gefst væntanlega tækifæri á þriðjudaginn kemur þegar skýrsla orkumálaráðh. verður flutt í sambandi við þessi mál. En ég kem hér í ræðustól vegna ummæla hv. 8. landsk. þm. Sighvats Björgvinssonar, þar sem hann fullyrti að ég hefði farið með ósatt mál í margumtöluðum sjónvarpsþætti í nóv. s. l., þar sem fréttamaður eða spyrill beindi til mín spurningu út af upplýsingum sem hann kvaðst hafa um að ekki yrði næg gufuöflun til virkjunarinnar, og ég svaraði því að mér væri ekki kunnugt um að slíkar upplýsingar væru fyrir hendi frá Orkustofnun og margítrekaði í svari mínu og tilmælum til fyrrgreinds spyrils að hann gæfi mér upp heimildir sem hann hefði fyrir þessu. Ég harðneita að mér hafi verið kunnugt um þessar upplýsingar sem þessi virðulegi spyrill hafði þá um þessi mál, því að þær birtust í opinberri skýrslu sem var afhent þó nokkuð löngu eftir að þessi umræddi sjónvarpsþáttur var tekinn upp. Það kom því fram að þessi hv. spyrill, sem þarna átti hlut að máli, virtist hafa haft aðgang að upplýsingum, sem stóðu í umræddri skýrslu, mun fyrr en hún var

gerð að opinberu plaggi. Því vísa ég því algjörlega til iðnaðarhúsanna og tel ósæmilegt að vera að bera á mig hér í heyranda hljóði fyrir alþjóð að ég sé ósannindamaður. Það er ekki rétt.

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi forseti. Ekki efa ég það að hv. þm. Jón G. Sólnes segi satt um þetta mál. En það lýsir e. t. v. sitt hverju um hvernig að þessari framkvæmd er staðið að fréttamenn og spyrlar skuli vita meira um slík mál heldur en sjálfur formaður Kröflunefndar, því ég held að það dyljist varla nokkrum manni að spyrillinn, sem spurði hv. þm. þessarar spurningar sem formann Kröflunefndar, hafði eitthvað fyrir sér þegar hann spurði. Og mér finnst það harla einkennilegt ef ráðgjafaraðilar Kröflunefndar eru að taka saman skýrslur um mál eins og þessi, sem ekki eru unnin á einni nóttu, eins og menn geta rétt ímyndað sér, að þá skuli sambandið milli ráðgjafaraðilans og framkvæmdaraðilans vera svo slæmt að það megi halda því fram að Kröflunefnd, sem framkvæmir hlutina, viti síðust manna um hvað ráðgjafaraðilarnir eru að gera. Þetta er auðvitað alveg furðuleg málsmeðferð. Og ef það er rétt sem hv. þm. Jón G. Sólnes segir, þá er ekki nema tvennt til: annaðhvort telja ráðgjafaraðilarnir gjörsamlega þýðingarlaust að vera að gefa þessari ágætu n. nokkur ráð eða að n. hefur ekki fyrir því að hafa frumkvæði um að leita til þessara ráðgjafaraðila.

Það var einnig annað sem ég tók fram í ræðu minni áðan og enginn þeirra, sem hér hafa talað, hefur viljað gefa svar við, og það var þetta: Vissi Kröflunefnd um það í septembermánuði s. l. að jarðfræðingar og aðrir vísindamenn teldu að það mætti búast við eldogsum og náttúruhamförum á Kröflusvæðinu? Það hefur komið fram að 15. sept. s. l. var að tilhlutan jarðfræðinganna fjölgað mjög jarðskjálftamælum þar sem þeir töldu sig sjá fyrir að það væri eitthvað mjög alvarlegt að gerast við Kröflu. Á sama tíma og þetta gerist fullyrða aðilar í Kröflunefnd við hvern sem heyra vill að það þurfi enginn að hafa áhyggjur af þessum málum. Eftir að gosið hefur orðið og jarðhræringarnar átt sér stað, þá kemur í ljós að jarðfræðingarnir vöruðu við. Þeir sögðust hafa skýrt almannavarnanefnd Mývatnssveitar frá þessu og það hafi orðið til þess að hún flýtti sínum aðgerðum og sínum áætlanagerðum. Var Kröflunefnd kunnugt um þetta eða ekki? Við þeirri spurningu vil ég fá svar. Það verður e. t. v. nægur tími fyrir þessa ágætu n. að átta sig á því, hvaða svar eigi að gefa, fram til næsta þriðjudags.

Ég skal ekkert fara í launkofa með hver mín skoðun er á þessari framkvæmd. Hún er sú, að eins og mál standa nú, þar sem verið er að byggja stóra virkjun án þess að vitað sé um hagkvæmni hennar að öðru leyti en því að slegið hefur verið af ábyrgum aðila fram þeirri fullyrðingu að tapið á þessari virkjun verði einn milljarður á ári, — á sama tíma og þetta er hið eina sem um hagkvæmni virkjunarinnar er vitað, þá skuli vera haldið áfram að framkvæma fyrir erlent lánsfé þegar aðstæður í landinu hafa breyst þannig að fyrirsjáanlegt er að það sé ekki markaður fyrir þessa orku. Það tel ég með öllu ábyrgðarlaust athæfi og má mikið vera ef flokkar Alþ. ætla sér virkilega að sameinast um að afgr. málið í þegjandi hljóði með því að samþ. á næsta ári tvöföldun raforkuverðs til þess að standa undir vitleysunni. Ætla þessir hv. alþm., sem bera ábyrgð verandi í Kröflunefnd, að standa frammi fyrir þjóðinni með það á bakinu?

Ég fer ekkert í launkofa með hvað ég tel að eigi að gera. Ég tel að það eigi að fresta öllum framkvæmdum við Krötlu á meðan athugað er hvert á að selja þá orku, sem þar er verið að framleiða, og hvar sá markaður sé fyrir hendi, sem eigi að taka við þeirri orku. Ég tel að það sé ábyrgðarlaust að halda þessum framkvæmdum áfram fyrr en það liggi fyrir.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég skal vera mjög stuttorður, en ég tel þó ekki rétt að láta þessum umr. ljúka án þess að það komi fram sem mig langar til að vekja athygli á.

Þessar umr. hófust á því að hv. 1. landsk. þm. vakti athygli á stórmerku viðtali við einn helsta jarðfræðing landsins sem birtist í Þjóðviljanum í morgun, málgagni eins af meðlimum Kröflunefndar. Enn fremur hefur verið vitnað til ummæla ýmissa annarra sérfræðinga í þessum umr. En í málgagni, sem telur sig styðja núv. hæstv. ríkisstj. og þar með hæstv. iðnrh. í aðalatriðum a. m. k., þ. e. a. s. í Vísi, birtist þriðjudaginn 30. mars s. l. grein eftir ungan og mjög vel kunnan lögfræðing, Baldur Guðlaugsson, þar sem hann m. a. gerir Krötlumálið að umtalsefni með þeim hætti að ég tel ívitnun í það eiga heima í þessum umr. Baldur Guðlaugsson, lögfræðingur segir m. a. í þessari merku grein sinni, með leyfi hæstv. forseta:

„Því er að þessu vikið, að undanfarna daga hafa birst í fjölmiðlum svo ógnvekjandi upplýsingar um mistök í raforku- og iðnaðarmálum að ekki verður lengur orða bundist. Spurningin er einungis sú, hvort unnt muni að hefja umr. um pólitíska ábyrgð á augljósum mistökum án þess að vera sakaður um ómerkilegar persónulegar árásir á orku- og iðnmrh. Þau atriði, sem hér er vitnað til, eru tvenns konar: annars vegar óstjórn í mörkun orkumálastefnu á Norðurlandi, hins vegar rangar ákvarðanir varðandi eignaraðild að málmblendiverksmiðjunni á Grundartanga.“

Þessi orð eru rituð af kunnum ungum sjálfstæðismanni undir nafni, og fer ekki milli mála hver skoðun hans er á því máli sem hér er um að ræða. Ég vitna ekki í það sem hann segir um Grundartangamálið, það er ekki hér til umr., en síðar í greininni segir hann, með leyfi hæstv. forseta:

„Hitt er þó öllu alvarlegra, að samhliða framkvæmdum við Kröfluvirkjun var hafist handa við lagningu byggðalínu norður í land og þar lagt í fjárútlát upp á hundruð millj., jafnvel milljarða.“

Hér víkur þessi ungi sjálfstæðismaður einmitt að því sem er kjarni málsins, meginmistökin í því máli sem hér er um að ræða, að samhliða skuli hafa verið lagt í og vera unnið

að byggðalínunni norður í land og hinni stórfelldu Kröfluvirkjun. Þegar ég vakti máls á því þegar í október, í útvarpsumr. um stefnuræðu forsrh., að ég teldi eiga eftir að koma í ljós að Kröflumálið mundi reynast stórfellt fjárhagsævintýri, þá fékk ég fyrir þessi ummæli hinar mestu ákúrur úr mörgum áttum, bæði af hálfu ýmissa — (Gripið fram í) — eða sagði ég c. t. v. hneyksli. Ég hef vel getað sagt hneyksli, a. m. k. mundi ég ekki hika við núna að nota orðið hneyksli um þetta mál allt saman. Ég man ekki nákvæmlega hvað ég sagði, en annað hvort orðið hef ég eflaust notað og gæti sem sagt notað hvort sem er núna og bæði saman. Þetta er hneykslisævintýri sem hér er á ferðinni, ekki bara að minni skoðun, heldur einnig skoðun þess unga sjálfstæðismanns sem ég er hér að vitna til.

Ég gerði málið enn fremur að umtalsefni í sambandi við frv. sem hæstv. fjmrh. flutti rétt fyrir jól, þar sem leitað var heimilda til lántöku m. a. til Kröfluvirkjunar. Mestur hluti þess erlenda láns, sem það frv. fjallaði um og heimilaði ríkisstj. að taka, var einmitt til Kröfluvirkjunar. Þá vakti ég athygli á því, og það mun hafa verið í fyrsta skipti sem það var upplýst, að áður en framkvæmdir voru hafnar var engin greiðsluáætlun gerð við þessa virkjunarframkvæmd og engin áætlun gerð um raunverulegan kostnað við framleiðslu orkunnar með þeim hætti sem hér var um að ræða. Ég benti á að það mundi vera í fyrsta skipti sem slíkt hefði gerst í sögu íslenskra virkjunarmála. Á þetta var mjög harkalega deilt í þessum umr., jafnvel sagt að það væri ósatt. Það er nú komið í ljós og viðurkennt af mörgum aðilum að þetta var auðvitað satt og rétt og er satt og rétt. Þannig hefur smám saman verið að koma í ljós af hálfu æ fleiri aðila sannleiksgildi þeirra orða, sem um þetta hafa verið sögð á undanförnu hálfu ári a. m. k., og málið er að taka á sig sífellt alvarlegri mynd. Það er að taka á sig svo alvarlega mynd að þessi ungi lögfræðingur, sem er mjög eindreginn stuðningsmaður og fylgismaður Sjálfstfl., Baldur Guðlaugsson, lýkur hinni athyglisverðu grein sinni með þessum orðum, með leyfi hæstv. forseta, og ég skal ljúka máli mínu með þeirri tilvitnun:

„Á 25. þingi sovéska kommúnistaflokksins í febr. var kosin ný framkvæmda- og miðstjórn flokksins. Það vakti athygli hve lítil mannaskipti áttu sér stað. Þar var þó ein umtalsverð undantekning. Landbrh. var sparkað. Ástæðan er talin vera sú að landbúnaðaráætlanir höfðu ekki staðist sökum uppskerubrests. Finnst ekki fleirum en höfundi þessara lína“ — og nú bið ég menn um að hlusta vel hvað ungur sjálfstæðismaður skrifar í þetta ágæta dagblað — „finnst ekki fleirum en höfundi þessara lína að eitthvað sé nú orðið öðruvísi en ætla mætti ef ráðh. austur í Sovét eru látnir standa og falla með verkum sínum, en ráðh. á Íslandi eru yfir pólitíska ábyrgð hafnir? En þetta er kannske bara persónulegar árásir.“

Ég vona að allir skilji hvað þessi ungi ágæti forustumaður í hópi ungra sjálfstæðismanna er að segja með þessum orðum sínum.

Tölvutækni við söfnun upplýsinga um skoðanir manna, þáltill. (þskj. 303). — Fyrri umr.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Tækniþróunin er eitt sterkasta einkenni okkar tíma, og nú smám saman er mönnum almennt að verða ljósara en áður að þessi þróun hefur hættur í för með sér. Sú tíð er löngu liðin að hin barnalega bjartsýni á undramátt tækninnar sé öllu ráðandi. Fyrst var það hinn mikli háski sem til varð eftir seinustu heimsstyrjöld með hraðfleygri þróun kjarnorkutækninnar, múgmorðstækni nútímans, sem þá varð og á kannske einhvern tíma eftir að lama lífið á jörðinni, og áðan ræddum við einmitt um kjarnorkuvopn á Íslandi. Samt sem áður eru það enn aðrar hættur sem orðið hafa umræddari en háski kjarnorkutækninnar nú á allra seinustu árum. Í seinni tíð hefur athygli manna í vaxandi mæli beinst að hinu blinda kapphlaupi þjóðanna um aukna framleiðslu sem hæglega getur leitt til algers hráefnaskorts, háskalegrar mengunar og jafnvel hungursneyðar í kjölfar almennrar vistkreppu mannsins að nokkrum áratugum liðnum. Eins hefur mönnum orðið tíðrætt um þróun tölvutækninnar sem hér er gerð að umtalsefni og er þó aðeins einn anginn af þessum víðtæðma þróunarferli vísindanna.

Með rafeindareiknum og vélheilum hefur maðurinn fengið máttug tæki í hendur sem m. a. geta varað við aðsteðjandi hættum og vísað á nýjar færar leiðir gegnum völundarhús framtíðarinnar. En um leið er tölvan sjálf og máttur hennar hrollvekja fyrir þann sem bjó hana til, nútímamanninn, að því leyti sem hún ógnar eðlilegu lífi einstaklinganna. Hér er það sem sagt spurningin um einstaklinginn og kerfið sem um er að ræða. Með þessum orðum er ekki aðeins átt við kerfi hins opinbera valds, heldur sérhvert það kerfi valds á vegum opinberra aðila eða einkaaðila sem teygt getur loppur sínar inn í einkalíf einstaklinganna. Risavaxnir auðhringir, sem búa yfir öllum hinum tæknivæddu vélabrögðum nútímasamfélagsins, verða æ hættulegra fyrirbrigði í mannlegu samfélagi, og á hinn bóginn er skylt að játa að í þeim láu þjóðfélögum, þar sem ofurvaldi auðhringanna hefur verið útrýmt, hefur lýðræðið og mannúðarstefna enn ekki tekið þeim þroska sem skyldi og ríkiskerfið sjálft í þessum löndum er því háskalegur ógnvaldur við einkalíf hins almenna manns.

Till. sú til þál., sem hér er til umr. er einmitt flutt í þeim tilgangi að vekja athygli á nauðsyn þess að einstaklingar hér á landi verði verndaðir fyrir því að nýjustu tölvutækni sé beitt til að koma upp safni upplýsinga um persónulega hagi þeirra. Þessi vandamál hafa verið til umr. að undanförnu í nær öllum nálægum löndum í kjölfar þess að tölvutæknin ryður sér til rúms í sívaxandi mæli og með stöðugt handhægari aðferðum. Í till. er ráð fyrir því gert að skipuð verði n. er semji frv. um þetta efni og kynni sér jafnframt þau lög sem sett hafa verið eða verið er að undirbúa í nálægum löndum, bæði austan hafs og vestan, um verndun einkalífs gegn upplýsingatölvum.

Flm. þessarar till., auk þess sem hér mælir fyrir henni, eru hv. Steingrímur Hermannsson, Benedikt Gröndal, Sigurlaug Bjarnadóttir og Magnús T. Ólafsson. Flm. till. eru sem sagt úr öllum starfandi stjórnmálaflokkum, og með því er að sjálfsögðu skýrt dregið fram að þetta mál er hafið yfir allar flokkspólitískar þrætur.

Þegar rætt er um verndun einkalífs, þá spyrja menn, hvers konar tilvik sé átt við, og biðja um að einhver dæmi séu nefnd um þess háttar söfnun upplýsinga með tölvutækni sem geti ógnað friðhelgi einkalífs. Ég mun því víkja hér að nokkrum þeim sviðum sem þetta mál getur varðað, þar sem um er að ræða upplýsingasöfnun með tölvutækni.

Í fyrsta lagi er rétt að benda á að unnt er að skrá fjármálasögu flestra ef ekki allra einstaklinga þjóðfélagsins með tölvutækni. Þá væri um að ræða skráningu allra þeirra vanskilavíxla og skuldamála sem ættu sér stað í þjóðfélaginu, öll uppboð, öll gjaldþrotamál væru skráð inn á tölvu og þessum upplýsingum safnað saman, ekki um eitt ár eða einn áratug, heldur kannske marga áratugi. Tilgangur slíks verks væri að sjálfsögðu að tölvan gæti hvenær sem er verið reiðubúin að svara því til hverjir væru og hefðu verið í gegnum árin verðir lánstrausts. Stofnanir af þessu tagi eru til víða um heim, þó þær séu ekki starfandi hér á Íslandi enn sem komið er, og bera heitið (á ensku) Credit Advice Bureau. Þó er rétt að benda á að slík starfsemi er í undirbúningi hér á landi og þegar er hafin tölvuskráning þeirra upplýsinga sem ég hef hér nefnt. Ég hef t. d. hér ljósrit í höndunum úr þessari tölvuskrá, en þar er að sjálfsögðu um frumvinnslu að ræða. Þar segir:

„Skrá yfir auglýsingar um gjaldþrot og gjaldþrotameðferð. Heimild: Lögbirtingablaðið. Uppboðsbeiðnir. Heimild Morgunblaðið eða dagblaðið Vísir. Dómar upp kveðnir í Bæjarþingi Reykjavíkur. Skriflega flutt mál, áskorunarmál. Heimild: Kaupsýslutíðindi."

Ég reikna með að þessi stofnun sé tiltölulega skammt á veg komin því að hér verður að liggja að baki margra ára starf til að það komi að einhverju gagni. En eins og þetta dæmi ber með sér eru slík mál á ferðinni og slíkar stofnanir að þróast hér á landi nú þegar.

Í öðru lagi er að sjálfsögðu rétt að minnast hér á Reiknistofu bankanna, en þar er að sjálfsögðu um náskylda starfsemi að ræða. Þar er um að ræða sameiginlega nafnaskrá viðskiptamanna bankanna og upplýsingar um hreyfingar á innistæðum bankareikninga. Ég er ekki að mótmæla því, að þessi Reiknistofa skuli hafa verið stofnuð, og mun ekki fara neitt út í að ræða það að hve miklu leyti þessi starfsemi eigi rétt á sér og að hve miklu leyti hún geti haft í för með sér ákveðnar hættur, þar sem um er að ræða mjög vísindalega rannsókn á öllum hreyfingum bankareikninga í þjóðfélaginu. En ég vek bara á því athygli, að enda þótt þetta kunni að hafa ýmsa kosti í för með sér, þá kann að vera óhjákvæmilegt að setja þessari starfsemi einhverjar ákveðnar skorður sem vert er þá að athuga vandlega áður en ákvarðanir eru teknar þar um.

Annað svið, sem ég vil nefna hér, er heilbrigðissaga einstaklinganna. Þar gæti verið um að ræða skráningu allra þeirra læknisaðgerða og allra læknisrannsókna sem fram hefðu farið á einstaklingum í þjóðfélaginu, skráning á öllum þeirra veikindum og hvers konar veikleika, sem læknavísindin hefðu komist að raun um að fyrir hendi væru. Tilgangur slíks verks væri að sjálfsögðu fyrst og fremst að styrkja læknavísindin á Íslandi, og ég get upplýst hér í þessu sambandi að það er einmitt unnið að því að koma upp upplýsingabanka af þessu tagi, — upplýsingabanka um heilsufar allra landsmanna á vegum heilbr.- og trmrn. og með aðstoð Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. En öllum er að sjálfsögðu ljóst að þó að slíkur upplýsingabanki kunni að vera afar gagnlegur frá sjónarmiði læknavísindanna, þá er ekki hægt að útiloka misnotkun slíkra upplýsinga. Menn spyrja kannske: Hvernig er hægt að nota slíkar upplýsingar? Og þá er einfalt að nefna þar dæmi. Að sjálfsögðu gætu slíkar upplýsingar torveldað mönnum að fá vinnu. Ef í ljós kemur að maður hefur leyndan hjartagalla, svo ég nefni dæmi, þá er auðvitað ljóst mál að hann stendur ekki jafnt að vígi og aðrir. Ég er ekki að lýsa því yfir heldur í þessu tilviki að þessi starfsemi kunni ekki að eiga fullan rétt á sér, en þetta er einmitt eitt dæmi um starfsemi sem þarf að setja reglur um. Menn þurfa að hafa möguleika til þess að vita hvað í slíkum tölvuskrám stendur, þannig að þeir geti gengið úr skugga um að tölvan hafi ekki gert einhver mistök og upplýsingarnar séu byggðar á misskilningi, þær hafi átt við næsta mann við hliðina á þeim í skránni. Ég nefni bara þetta sem dæmi um takmarkanir sem nauðsynlegar væru í slíku tilviki. Rétt er líka að láta þess getið hér að í leiðara Læknablaðsins, sem út kom seinast á árinu 1973, er einmitt rituð grein af hálfu ritstjórnar þar sem mjög er varað við hættu af notkun slíkrar upplýsingamiðstöðvar.

Þriðja sviðið, sem nefna mætti, er tryggingasaga einstaklinganna sem unnt væri að skrá á tölvur með tiltölulega einföldum hætti. Þar væri um að ræða að skrá alla bótaþega og tegundir þeirra bóta sem þeir hefðu notið. Það er alveg eins með þessar upplýsingar, að þær geta verið afar óþægilegar fyrir einstaklingana að mörgum árum liðnum eftir að bótagreiðslur hafa átt sér stað, og sé ég ekki ástæðu til að rökstyðja það frekar.

Fjórða tilvikið er námsferilssaga. Það er tiltölulega einfalt mál að tölvufæra allar einkunnir, öll próf sem einstaklingarnir hafa tekið á ævinni, skráða hegðun þeirra á námsskírteinum. Tilgangurinn kynni að vera mjög heiðarlegur og einfaldur, þ. e. a. s. sá að koma upp góðri tölfræði um þessi efni og styrkja kennslufræðileg vísindi. En það leynir sér varla, ef menn skoða málið nánar, að hér er um að ræða upplýsingar sem unnt væri að misnota á hinn herfilegasta hátt af óhlutvöndum mönnum, því að mörgum kann að þykja óþægilegt jafnvel eftir nokkra áratugi að fá það framan í sig að þeir hafi hagað sér á þennan eða hinn mátann í skóla þegar þeir voru ungir. Ég nefni þetta bara sem dæmi.

Fimmta tilvikið, sem ástæða er til að vekja athygli á, er skráning skoðana manna eða þeirrar félagslegu starfsemi sem þeir hafa tekið þátt í. Þar getur verið um að ræða hvers konar skoðanir, bæði trúarskoðanir manna og pólitískar skoðanir. Upphaflegur tilgangur slíkrar skráningar kann að hafa verið undirskriftasöfnun sem fram hefur farið, félagsleg rannsókn af hálfu háskólastofnunar eða annarrar félagslegrar stofnunar eða skoðanakönnun sem framkvæmd hefur verið með þeim hætti að sá, sem látið hefur í ljós skoðun sína og hefur vænst þess að nafn sitt yrði hvergi þar kennt við, hann hefur ekki varað sig á ákveðnum leynimerkingum á skoðanakannanalistum, þannig að hægt hefur verið að fá það á hreint hver hefur svarað viðkomandi spurningum. Mál af þessu tagi hafa komið upp í Bandaríkjunum þar sem ákveðnar stofnanir hafa sent út skoðanakannanalista og óskað eftir svörum, heitið fullum trúnaði, enda hefur nafn ekki átt að fylgja með svarlistanum. En menn hafa ekki varað sig á því að listinn hefur verið merktur á ósýnilegan hátt þegar hann var sendur viðtakanda og þegar hann kom til baka þar hann með sér hver svarið hefði gefið. Eins getur verið um að ræða almenn opinber afskipti manna sem fram koma í blöðum eða með öðrum hætti, t.d. þátttaka þeirra í framboði, meðmæli þeirra með framboðslistum, en það eru einnig opinber gögn, eða greinar þeirra í blöðum. Allt þetta getur skapað grundvöll að skráningu í tölvur.

Sjötta sviðið, sem vert er að vekja hér athygli á, er sakaskrá manna. Eins og öllum er kunnugt, er ekki færð nema ein sakaskrá í þjóðfélagi okkar og það er sakaskrá sú sem saksóknari ríkisins hefur undir höndum. Hún er að sjálfsögðu meðhöndluð eftir ákveðnum reglum, og þær reglur fela það m.a. í sér að það getur ekki hver og einn komið og beðið um að sjá sakaskrá einhvers annars manns. Það eru aðeins opinberir aðilar sem geta gert rökstudda kröfu til þess að sjá sakaskrá manns. Hún getur verið lögð fram ef dómstóll fjallar um mál manns. Eins á viðkomandi sjálfur rétt á því að sjá sína sakaskrá. Aðrir eiga ekki þessa kröfu. En í sjálfu sér er ekkert því til fyrirstöðu að einstaklingur taki sig til á morgun og stofnaði eigin sakaskrá. Hann á aðgang að öllum dómum sem upp eru kveðnir við almenna dómstóla hér á landi og getur safnað þeim upplýsingum saman ef hann vill og fært þá inn í tölvu og komið sér upp einkasakaskrá sem mundi vera alveg jafnnákvæm og sú almenna opinbera sakaskrá sem færð er hjá saksóknara ríkisins. Er þá ekkert því til fyrirstöðu í sjálfu sér, meðan lög banna það ekki, að hann taki sig til og sendi upplýsingar úr þessari sérstöku einkasakaskrá sinni þeim sem þær upplýsingar vildu fá.

Ég hef hér nefnt sex svið þar sem þetta mál getur átt við, en ekki þarf að draga í efa að mörg önnur svið koma þar til álita. Nú kann einhver að segja að sögulegar staðreyndir séu sögulegar staðreyndir og sé þá nokkuð við það að athuga að þær séu skrásettar. Hér erum við að sjálfsögðu komin að kjarna málsins, og þetta á að sjálfsögðu við öll þau svið sem ég hef nú nefnt. Þetta eru yfirleitt almennt opinberar staðreyndir sem um er að fjalla. En hitt er allt annað mál og það er kjarni þessa máls, að einstaklingurinn á rétt á því að sögulegar staðreyndir, sem honum eru óþægilegar, fyrnist á ákveðnum tíma á nákvæmlega sama hátt og sök manna og aðrar yfirsjónir fyrnast. Einstaklingarnir breytast og allir eiga fyrirgefningu synda sinna, a.m.k. að ákveðnum tíma liðnum. Sá, sem um er að ræða, kann að vera orðinn allt annar maður en hann áður var, hann kann að hafa tekið sig á og hann kann að vera hættur að vera sá vanskilamaður sem hann hafði verið fyrir kannske 20 árum. Þess vegna á það að vera gleymt að svo hafi staðið á fyrir honum áður fyrr, og hann á ekki að eiga það á hættu að einhverjir óhlutvandir menn minni hann á þessar staðreyndir með aðstoð þeirrar hrikalegu tölvutækni sem nú er komin til sögunnar.

Í öðru lagi er það staðreynd að upplýsingasöfnun með tækni tölvunnar, sem hér er gerð að umtalsefni, gerir einstaklingana varnarlausa gegn ofurmætti þessarar tækni. Þeim hlýtur að finnast að friðhelgi einkalífs þeirra sé skert, þeir séu í raun og veru hvergi óhultir, og af þessu leiðir að slík starfsemi er óþolandi fyrirbrigði í mannlegu samfélagi.

Næst kunna menn að spyrja hvað eigi þá að vera í löggjöf af því tagi sem þessi þáltill. fjallar um. Ég held að einfaldast sé að líta á það, hvað verið hefur að gerast erlendis í þessum málum á undanförnum árum, til þess að fá þessari spurningu svarað á sem bestan hátt.

Nýlega voru lögleidd í Bandaríkjunum ákvæði sem eiga að tryggja rétt einstaklingsins til einkaleyndar og verja hann gagnvart persónuskrám sambandsríkisins, The Privacy Act of 1974, staðfest 31. des. í Vestur-Þýskalandi hefur mikill lagabálkur um upplýsingavernd legið fyrir sambandsþinginu um tveggja ára skeið. Í Frakklandi starfar n. að samningu lagafrv. um tölvunotkun. Í Austurríki hefur forsrn. samið frv. að tölvuskrárlögum og lagt fyrir þingið. Í Bretlandi hefur stjórnskipuð n. skilað áliti um persónuvernd við tölvuvinnslu hjá einkaaðilum, og önnur n. hefur fjallað um ríkisreknar tölvuskrár. Á Norðurlöndunum öllum nema Íslandi hefur mikið verið fjallað um þessi mál. Sviar urðu fyrstir til að setja lög um þessi efni og nú er komin nokkur reynsla á framkvæmd þessara laga. Norðmenn leggja fram lagafrv. á þessu ári. Og í Danmörku er frv. í undirbúningi. Ráðherranefnd Evrópuráðsins hefur gert tvær ályktanir um persónuvernd gagnvart tölvutækni, og mannréttindanefnd Efnahags- og félagsmálaráðs Sameinuðu þjóðanna hefur sent frá sér skýrslu um hagnýtingu tölvutækni og áhrif hennar á almenn mannréttindi og þær takmarkanir sem setja verði tölvunotkun í lýðræðisþjóðfélagi. Efnahags- og framfarastofnun Evrópu (OECD) efndi til sérstakrar ráðstefnu um tölvuvinnslu og persónuleynd og var í niðurstöðum ráðstefnunnar lögð á það þung áhersla að sem víðast yrðu sett lög um tölvurekstur og persónuskrár og varði brot viðurlögum að mati dómstóla.

Eins og sjá má hafa þessi mál verið býsna víða rædd, og spurningin verður þá hvar á að

þera niður til að átta sig á því hvers menn óska að sé í slíkum lögum. Ég held að ég leyti ekki til neinna þeirra heimilda sem ég hef nú nefnt. Ég held að til að gera langt mál stutt sé eðlilegast að leita til skýrslu aðalritara Sameinuðu þjóðanna um þessi mál sem lögð var fram á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, vegna þess að í þeirri skýrslu eru dregin fram öll helstu atriði þessa máls. Á fundi Skýrslutæknifélags Íslands hinn 10. mars s.l. gerði Elías Davíðsson kerfisfræðingur grein fyrir þessari skýrslu Waldheims framkvæmdastjóra, og ég mun í þeim fáu orðum, sem ég vitna hér í skýrslu Waldheims, byggja á heimildum sem Elías Davíðsson hefur dregið saman.

Forsaga málsins er sú að 1968 fól Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna aðalritaranum að framkvæma þessa athugun, og honum var falið að útbúa yfirlitsskýrslu um stöðu þessara mála í heiminum og áætlun um framhaldskönnun sem send yrði mannréttindanefnd samtakanna. Aðalritarinn skilaði þessari skýrslu, og til þess að gera langt mál stutt held ég að ég snúi mér beint að efni hennar og komi þar einungis að niðurstöðunum, því að ástæðulaust er að fara mörgum orðum um rökstuðning sem er mjög samhljóða því sem hefur komið fram í framsöguræðu minni nú þegar. En niðurstöðurnar í skýrslu aðalritarans voru í grófum dráttum þessar: Aðildarlönd Sameinuðu þjóðanna voru hvött til þess að setja viðeigandi lög varðandi persónugagnakerfi með tölvum. Þessi lög skulu gilda bæði fyrir opinbera og einkaaðila. Sem sagt, það liggur fyrir að í skýrslunni er m.a. Alþingi íslendinga hvatt til þess að samþ. till. af því tagi sem hér er til umr. Löggjöf einstakra landa skal að lágmarki innihalda eftirfarandi atriði:

Aðeins skal safna þeim persónuupplýsingum, sem nauðsynlegar eru til starfrækslu viðeigandi gagnavinnslukerfis. Tilkynna skal einstaklingum að verið sé að safna og véltaka upplýsingar um þá. Samþykki þeirra verður að fá ef geyma á þessar upplýsingar, nema þar sem lög kveða skýrt á um að þess sé ekki þörf. Slíkar undantekningar mega þó ekki brjóta í bága við ákvæði mannréttindayfirlýsingarinnar, sbr. ákveðnar tilvitnaðar greinar. Forðast skal að skrá og geyma sögusagnir og munnlegar frásagnir. Ekki skal safna né geyma upplýsingar um stjórnmálaskoðanir, trú, kynþátt og einkalíf manna, nema þar sem lög kveða skýrt á um að slíkt sé leyft. Gera skal allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að geymdar upplýsingar séu nákvæmar, fullkomnar og viðeigandi sem og að fjarlægja eða endurnýja úreltar upplýsingar. Þeir tölvuframleiðendur og þeir, sem kanna og þróa tölvubúnað, skulu standa reikningsskil gerða sinna ef þeir meðvitað eða af grófri vanrækslu útbúa ekki grundvallarvarnir trúnaðar- og öryggisgagna í kerfum sínum. Það skal vera réttur hvers einstaklings að fá afrit af þeim upplýsingum, sem um hann eru skráðar, í því formi sem hann getur skilið. Það skal og vera réttur hans að vefengja réttmæti og nákvæmni upplýsinganna og fá því framgengt að rangar, óstaðfestar eða úreltar upplýsingar um hann séu leiðréttar eða fjarlægðar. Lög skulu kveða á um með hvaða hætti einstaklingurinn fái notið réttar síns. Aðgangur að tölvuupplýsingum skal því aðeins veittur að afnot þeirra grundvallist á sömu markmiðum og réðu öflun þeirra, enda hafi viðkomandi aðili lagalegan rétt til upplýsinganna. Gera skal allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja trúnað upplýsinga og koma í veg fyrir að þær verði veittar eða þeim dreift í óleyfi. Bæta skal hvers kyns tjón sem einstaklingur kann að verða fyrir vegna misnotkunar tölvuunninna upplýsinga um hann. Refsa skal fyrir brot á þessum lögum.

Notkun tölvuunninna upplýsinga í dómsmálum skal binda í sérstakri löggjöf. Tryggja skal með reglugerð rétt einstaklinga varðandi upplýsingar sem um þá eru geymdar í tölvukerfum staðsettum í öðrum löndum. Íhuga skal skipun aðila sem hefði eftirlit með rekstri tölvuunninna persónugagnakerfa. Hlutverk slíks aðila gæti verið að halda skrá yfir öll slík tölvukerfi, sem starfrækt eru, að hafa eftirlit með framkvæmd laga um verndun mannréttinda, m.a. gegn misnotkun tölvukerfa, að fylgjast með þróun þeirra mála er varða mannréttindi, vekja athygli löggjafarvalds, framkvæmdavalds og almennings á afleiðingum slíkrar þróunar og benda á varnaraðgerðir sé þeirra þörf.

Að lokum er það niðurstaða framkvæmdastjórans að stuðla skuli að stofnun tæknisamtaka tölvumanna sem tileinki sér siðareglur varðandi meðferð persónuupplýsinga í tölvum.

Í ræðu sinni á fundi Skýrslutæknifélags Íslands 10. mars s.l. hafði Elías Davíðsson þeim upplýsingum hér við að bæta, að eftir því sem hann vissi best væru þau tölvulög, sem þegar hefðu verið samþ. í öðrum löndum, í meginatriðum í samræmi við till. aðalritara Sameinuðu þjóðanna.

Á þessum sama fundi Skýrslutæknifélags Íslands flutti framsöguræðu um þetta efni Magnús Thoroddsen borgardómari. Án þess að fara að rekja mjög ítarlega efni ræðu hans sem að sjálfsögðu var í öllum meginatriðum með líkum hætti og hér hefur fram komið, þá vil ég samt vitna í fáein ummæli hans á þessum fundi, með leyfi forseta. Magnús sagði: „Tölvuna má misnota á fleiri sviðum heldur en á sviði hernaðar og tortímingar. Einkalífi manna getur einnig stafað mikil ógn af misnotkun hennar með söfnun og geymslu á hvers kyns persónulegum upplýsingum um einkalíf manna og með óréttlátri og ósanngjarnri dreifingu þeirra til óviðkomandi aðila. Vitneskja manna um þennan eiginleika tölvunnar, að til geti verið um þá á einum stað alls kyns persónulegar upplýsingar, getur skotið þeim skelk í bringu og raskað sálarró þeirra. Í nútímaþjóðfélögum hefur einstaklingurinn það gjarnan á tilfinningunni að hann eigi sér hvergi griðland.“ Og seinna segir hann: „Það er hættan við þetta 1984-ástand í þjóðfélaginu, sem skapa má með misnotkun tölvunnar, er opnað hefur augu manna fyrir nauðsyn þess að setja lög er koma í veg fyrir slíkt.“

Á öðrum stað segir Magnús Thoroddsen borgardómari: „Vegna hinna næstum takmarkalausu möguleika sem tölvunotkun virðist fela í sér, bæði um upplýsingaöflun, geymslu, úr-

vinnslu og dreifingu, er nauðsynlegt að settar séu um það strangar reglur hvernig vernda eigi einkalíf einstaklinga gegn misnotkun á tölvum. Á þetta bæði við um tölvur í eigu eða rekstri einkaaðila sem opinberra aðila. Hitt verður jafnframt að hafa í huga, að útilokað er, eins og nú er komið þróun þessara mála, að banna notkun talva algjörlega að svo miklu leyti sem sú notkun beinist að einkalífi manna. En hér verður að leitast við að fara hinn gullna meðalveg, þannig að nokkurt jafnvægi sé milli þeirrar nauðsynjar og þess hagræðis sem notkun á tölvu í nútíma þjóðfélagi hefur í för með sér annars vegar og hins vegar þarfarinnar á verndun einkalífs manna, en þetta getur vissulega verið erfitt, og sérstaklega þarf að vera á varðbergi um það að ekki halli á einkalífið."

Magnús Thoroddsen gerir tilraun til að svara þeirri spurningu hvaða persónubundnar upplýsingar eigi að leyfa að setja í tölvur. Hann segir: „Því er erfitt að svara og verður alls ekki gert svo óyggjandi sé, en þó verður að telja að safna megi saman nokkrum hlutlausum upplýsingum sem ekki brjóta í bága við vernd einkalífs einstaklinga, svo sem nafn, starf, heimilisfang, fæðingardag, hjúskaparstétt, barnafjölda, menntun og e.t.v. eitthvað um eignir sem skráðar eru opinberri skráningu." Hins vegar segir hann síðar að ekki sé rétt að setja í tölvur upplýsingar um hin viðkvæmustu málefni einkalífs, en sé það talið einhverra hluta vegna nauðsynlegt, þá á heimild til slíks að byggjast á lögum og banna á dreifingu á þeim upplýsingum.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að rekja að öðru leyti þetta fróðlega erindi Magnúsar Thoroddsens borgardómara. Ég tel mig hafa fært alveg nægileg rök fyrir því að hv. Alþ. beri skylda til að sinna þessu máli eins og gert hefur verið á þjóðþingum næstum allra landa í kringum okkur.

Ég vek á því athygli að þetta er ekki í fyrsta sinn sem þessi till. er flutt hér á Alþ. Hún var flutt fyrir tæpum tveimur árum, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Ég minni líka á það, að vegna fámennis þjóðarinnar er sérstaklega auðvelt á Íslandi að nota nýjustu tölvutækni til að koma upp skrám um einkahagi allra landsmanna. Á skal að ósi stemma og við megum þakka fyrir að þessi þróun er enn tiltölulega skammt á veg komin hér á landi. En það er ekki seinna vænna að ráðstafanir verði gerðar til að koma í veg fyrir að unnt sé að hagnýta tölvutækni hér á landi í annarlegum tilgangi.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði þessari till. vísað til hv. allshn.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Hv. 1. flm. þessarar till., Ragnar Arnalds, hefur gert henni allítarleg og mjög góð skil í framsöguræðu sinni svo ég þarf ekki ýkjamörgu við að bæta og verður jafnvel sumt af því, sem ég segi hér, endurtekning á hans orðum. En það verður þá aðeins til undirstrikunar á viðhorfum hans í þessu máli.

Ég lít á þetta mál sem hér liggur fyrir sem merkilegt og almennt mannréttindamál. Sannleikurinn er sá, að við nútímamenn verðum í vaxandi mæli að fórnardýrum þessarar margvíslegu töfratækni sem mannshugurinn í krafti hugkvæmni og snilli hefur fundið upp nú á s. l. árum. Finnst ýmsum að veldi rafmagnsheilans sé orðið full-ógnvekjandi við hliðina á hinu mannlega, og margir una því miðlungi vel að persónuleiki þeirra er orðinn að punkti, gati eða í besta lagi númeri á pappaspjaldi. En þannig hefur svokölluð tölvuvæðing síðari ára í flestum vestrænum ríkjum orðið viðkomandi þjóðum vaxandi áhyggjuefni. Til hennar var að sjálfsögðu stofnað til hagræðingar og í hagkvæmniskyni og að því leyti hefur talvan svo sannarlega ekki brugðist vonum manna. En hins vegar hafa æ betur komið í ljós margvíslegar hættur sem stafa af þessari tækni fyrir friðhelgi einkalífs manna, af hinni feiknalegu, víðtæku upplýsingasöfnun um einstaklinginn án vitundar hans og vilja. Hin gömlu spjaldskrárkerfi, sem engum kom til hugar að hafa neinn sérstakan beyg af, eru nú á hraðri leið með að verða að risavöxnum upplýsingabönkum, sem hafa tæknilega möguleika til að safna og miðla með ótrúlega fljótvirkum hætti vitneskju og upplýsingum um hvað eina varðandi persónulega hagi fólks.

Í atvinnu- og viðskiptalífi, skólakerfi, heilbrigðisþjónustu, alls staðar fer veldi tölvunnar vaxandi og um leið og því miður möguleikinn til misnotkunar. Í bandarísku mánaðarriti Privacy Journal, sem fjallar um tölvunotkun og einkalíf manna, er greint frá konu, kennara við Pricetonháskóla í Bandaríkjunum, sem tryggingarfélag neitaði um tryggingu á bílnum hennar vegna þess að hún lifði í óvígðri sambúð, þótti líklega fyrir bragðið ekki nógu trúverðugur viðskiptavinur. Þessar upplýsingar hafði tryggingafélagið úr tölvuunninni neytendaskrá á vegum verslunarfyrirtækis sem konan trúlega hafði átt viðskipti við. Ekkert var það annað en þessar upplýsingar um óvígðu sambúðina sem hægt var að færa fram sem skýringu á þessari neitun tryggingafélagsins. Konan undi að vonum illa við þessa afstöðu tryggingafélagsins, kærði fyrir dómstólum og fékk leiðréttingu sinna mála. En þetta er aðeins eitt lítið dæmi um hvernig misnota má persónuupplýsingar, sem tölvan safnar, geymir og jafnvel dreifir út án þess að viðkomandi einstaklingar hafi hugmynd um það og geta liðið við það margháttuð óþægindi og jafnvel tjón. Það er einmitt vegna þessa sem æ fleiri þjóðir, er tekið hafa tölvutæknina í sína þjónustu, gera sér ljóst að nauðsynlegt er að setja ákveðnar takmarkanir, reglur og löggjöf sem verndi einstaklinginn gegn slíkri misnotkun.

Hv. flm. rakti nokkuð gang þessara mála í nágrannalöndum okkar og víðar. Svíþjóð ein Norðurlandanna hefur þegar samið löggjöf um þetta efni 1973. Á hinum Norðurlöndunum öllum er þetta í undirbúningi og Norðurlandaráð hefur oftar en einu sinni gert ályktanir um málið, að nauðsyn sé lagasetningar um tölvunotkun og um samvinnu Norðurlandanna á þessu sviði. Evrópuráðið hefur einnig látið málið til sín taka og Sameinuðu þjóðirnar og fannst mér sérstakur fengur að því að heyra einmitt úr skýrslu aðalritara Sameinuðu þjóðanna, Kurts Waldheims, sem hv. flm. greindi frá í framsögu sinni og að hans sögn hafa orðið öðrum þjóðum

nokkurs konar leiðarvísir og um leið undirstaða að löggjöf í þeirra þjóðríkjum um þetta efni og verður það væntanlega einnig þeim mönnum íslenskum, sem þetta hlutverk verður falið.

Það virðist þannig fyllilega tímabært fyrir okkur Íslendinga að við hugsum okkur til hreyfings á þessu sviði, eins og þessi till. gerir ráð fyrir. Tölvufræðingar hérlendis eru allþenkjandi út af því, að við höfum ekki enn hafist handa, og telja mjög aðkallandi að hraða undirbúningi slíkrar lagasetningar. Það er ljóst mál að slík lagasetning krefst vandlegs undirbúnings. Hann kann að taka nokkurn tíma, þessi undirbúningur, en löggjöf um þetta efni þarf umfram allt að verða samin í senn af viðsýni og nákvæmni og í anda lýðræðis og mannréttinda til handa hinum almenna borgara.

Hv. flm. gat um ráðstefnu um tölvutækni, sem Skýrslutæknifélag Íslands hélt hér í Reykjavík fyrir skemmstu, og gerði nokkra grein fyrir erindum sem þar höfðu verið flutt. Þessi fundur sendi frá sér eða gerði alla vega ályktun þess efnis í lok fundarins að skorað var á stjórnvöld að flýta undirbúningi slíkrar löggjafar sem hér um ræðir. Ég vil taka undir það með flm. till., að fámenni okkar Íslendinga gerir hættuna og möguleikana á misnotkun á tölvutækni að sjálfsögðu enn þá meiri heldur en með fjölmennari þjóðum. Það er von mín, að till. fái góðan byr í gegnum þingið og skilning hv. alþm. á því að hér er um nauðsynjamál, en ekkert hégómamál að ræða. En áður en ég lýk máli mínu langar mig til, þó að ég sé nú raunar ein af flm. till., að benda á að orðalag hennar mætti að mínu mati betur fara á vissum stöðum. Á ég þar t. d. við fyrirsögn till. sem annars skiptir ekki miklu máli. Hún er óþarflega löng, að því er ég tel. Það hefði verið eðlilegra að fyrirsögnin hljóðaði einfaldlega upp á löggjöf um tölvunotkun. Og í tillgr. sjálfri, þar sem stendur: „um bann við persónunjósnum með tölvutækni“ kæmi fremur: „til verndar einstaklingum í sambandi við tölvuunnar persónuupplýsingar“. Það er ekki þar fyrir að þessi möguleiki er fyrir hendi, persónunjósnir, ég neita því alls ekki. En af því að till. á að vera á sem allra almennustum grundvelli, þá fyndist mér eðlilegra að orðalagið væri meira í þá átt. Ég geri þetta alls ekki að formlegri brtt. minni, en mælist til þess að hv. þn., sem fær þetta mál til umfjöllunar, taki það til sérstakrar athugunar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Heyrnarskemmdir af völdum hávaða í samkomuhúsum, þáltill. (þskj. 368). — Ein umr.

Flm. (Þórarinn Sigurjónsson): Herra forseti. Á þskj. 368 höfum við 5 þm. leyft okkur að flytja þá till. sem hér er á dagskrá. Flm. auk mín eru hv. þm. Oddur Ólafsson, Geir Gunnarsson, Jón Árm. Héðinsson og Karvel Pálmason. Till. er um varnir gegn heilsutjóni og heyrnarskemmdum af völdum hávaða í samkomuhúsum og er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að láta rannsaka, hvort heilsutjón og heyrnarskemmdir geti orsakast af hávaða frá hljóðfærum danshljómsveita á skemmtistöðum. Komi í ljós við slíka rannsókn að þessi hávaði sé heilsuspillandi skal ríkisstj. leggja fyrir Alþ. frv. til l. um varnir gegn hávaðamengun á skemmtistöðum.“

Um nokkurt árabil hafa danshljómsveitir, sem leika fyrir dansi og hafa það að atvinnu sinni, tekið upp þann sið að magna og margfalda hljómstyrk hljóðfæra sinna með rafknúnum tækjum, eflaust til þess að ná betur til þeirra sem dansleikinn sækja. Svo virðist sem allflestir uni þessum hávaða vel sem þessa samkomur sækja. Þó er nú svo komið að sérstaklega eldra fólk unir þessum hávaða ekki og forðast þær samkomur þar sem hljóðfærin eru mest mögnuð upp, því að útilokað er að tala saman á meðan hljómsveitin er að spila, og er það álit margra að sumar hljómsveitir stilli tæki sín svo hátt að stórhættulegt sé fyrir heyrn fólks sem samkomurnar sækir. Er það líka reynsla sumra lögreglumanna að mikill hávaði valdi því að fólk hegði sér verr á þeim samkomum, enda er nú svo komið að sum samkomuhús hafa sett upp mælitæki sem mæla hávaðann og rjúfa rafstraum á magnara hljóðfæranna ef hann fer fram úr vissum takmörkunum. Veit ég um að Hótel Saga hefur komið upp slíkum útbúnaði í Súlnasal.

Það verður nú þegar að margra dómi að setja um það ákvæði að ekki verði leyfður sá hávaði á dansleikjum sem valdið gæti heilsutjóni. Það er, held ég, flestum kunnugt að öryggiseftirlit á vinnustöðum hefur verið hert á undanförnum árum og ekki vanþörf á. Með auknum iðnaði *og meiri og stórvirkari tækjum* verður hávaðinn oftast meiri, enda hafa stöðugt komið stærri og öflugri vélar og tæki til landsins sem margar hverjar valda miklum hávaða. Þess vegna hefur Öryggiseftirlitið talið sér skylt að athuga og setja reglur um hávaðamengun á vinnustöðum. Er þá miðað við þann hávaða sem talinn er geta valdið varanlegu heilsutjóni og heyrnarskemmdum.

Víðast hvar er reynt að draga úr hávaða með ýmiss konar hljóðdeyfum og ef það ekki nægir, þá eru notaðar eyrnahlífar. Nú á síðustu árum eru ekki seldar hjóladráttarvélar öðruvísi en með þeim fylgi eyrnahlífar hvað þá stærri vélknúnum tækjum. En í samkomuhúsum hafa ekki enn þá verið settar neinar reglur eða ákvæði um hávaða og má það furðulegt vera þar sem svo margir koma og vitað er að mælst hefur 114 desibela hávaði á danssamkomum þar sem það hefur verið athugað. Er að okkar dómi, sem þessa till. flytjum, brýn nauðsyn að hið fyrsta verði gerð athugun á því af sérfróðum mönnum hvort sá hávaði, sem hér um ræðir, valdi varanlegu tjóni á heilsu fólks. Sé svo er það von okkar að hæstv. ríkisstj. geri ráðstafanir sem kæmu *í veg fyrir að svo héldi áfram.*

Þessi till. er flutt hér í annað sinn, en hún var flutt á 94. löggjafarþingi, en var þá ekki afgreidd frá þinginu. Vísa ég til umr. um hana í Alþingistíðindum, 15. hefti 1973—1974, dálki 2147, en þar er ýmsan fróðleik að finna sem enn er í fullu gildi. Vegna þess að þessi till. var ekki afgreidd af þinginu 1974 hafa komið áskoranir og ályktanir víðs vegar að af landinu um að þessi mál verði tekin upp að nýju og af-

greidd. Ég ætla að lesa hér upp nokkur þeirra, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðalfundur Félags áfengisvarnanefnda í Árnessýslu, haldinn á Selfossi 15. febr. 1974, ítrekar fyrri ábendingar um þá hættu sem fólki, er sækir opinberar samkomur, er búin af þeim gegndarlausa hávaða sem ýmsar danshljómsveitir temja sér. Beinir fundurinn þeirri áskorun til alþm. Suðurlandskjördæmis að þeir endurflytji þáltill. Ágústs Þorvaldssonar o. fl. um rannsókn á hættu af hávaðamengun, en till. þessi fékk ekki fullnaðarafgreiðslu á síðasta þingi."

Og hér er önnur ályktun:

„Aðalfundur Félags áfengisvarnanefnda í Rangárvallasýslu, haldinn að Hvoli 1. des. 1974, telur að brýn nauðsyn sé að láta kanna sem fyrst rækilega heilsutjón, sem stafa kann af háværum danshljómsveitum, og skorar á Alþ. að beita sér fyrir slíkum rannsóknum."

Og enn fremur:

„Aðalfundur félags áfengisvarnanefnda í Vestur-Skaftafellssýslu, haldinn að Herjólfsstöðum 21. nóv. 1974, telur brýna þörf á að fram fari sem fyrst könnun á heilsuháska af völdum hávaða af danshljómsveitum og skorar á Alþ. að setja lög sem takmarki slíkan hávaða sem heyrnarskaða kann að valda."

Af þessum samþykktum er ljóst að hér er um mál að ræða sem ekki verður lengur hægt að láta afskiptalaust, svo margt fólk hefur gert sér grein fyrir þeirri hættu sem hér er á ferðinni, enda er heyrn hvers og eins eitt af því dýrmætasta sem mönnum er gefið.

Í grein, sem birtist í Morgunblaðinu 18. maí 1974, eftir Nancy Ward, er m.a. vitnað í bandaríska háls-, nef- og eyrnalækninn dr. Maurice Schiff, með leyfi hæstv. forseta.

„Diskótek-unglingarnir í dag eiga það á hættu að missa heyrnina með tímanum. Þessi gífurlegi hávaði magnaðrar tónlistar mælist oft allt að því 145 desibel. Þegar þess er gætt, að ef hávaðinn mælist 150 desibel getur hann valdið brunasárum á hörundi og 180 desibel eru banvæn, má furðulegt teljast að táningar skuli standast þessa miklu áreynslu.

Þegar dr. Schiff tók nokkra pilta og stúlkur til skoðunar eftir að þau höfðu um stund setið undir diskótektónlist komst hann að raun um að flest þeirra þjáðust af auknum blóðþrýstingi og örari hjartslætti og höfðu sveitta lófa, víkkuð sjáöldur, vöðvaspennu og flökurleika. Höfðu þau orðið fyrir beinum líkamlegum breytingum, æðar þeirra herpst saman og þau fundu til svima. Einnig komst læknirinn að því að mjög hávaðasöm tónlist dró tímabundið úr kynhvöt margra þeirra."

Af þessum athugunum er það greinilegt að mikill hávaði er hættulegur heilsu fólks og eftir því sem hann er meiri þeim mun hættulegri er hann. Einnig fer það mikið eftir því hvað hann stendur lengi. Kannanir, sem fram hafa farið í nágrenni flugvalla þar sem þotur eru stöðugt á ferð og valda miklum hávaða, hafa leitt það í ljós, að sálsjúkdómar eru þar mun tíðari en annars staðar. Auk þess hefur því verið haldið fram, að þungaðar konur og nýfædd börn séu næmari fyrir sjúkdómum á þeim svæðum en öðrum. Er því augljóst að hér getur verið um fleira að ræða en heyrnarskemmdir af völdum hávaða. Væri því ekki síður vanþörf á að takmörk yrðu sett á þann hávaða sem við getum ráðið yfir og hæglega stillt í hóf.

Einn af sérfræðingum Bandaríkjanna á þessu sviði, dr. Vern Knudson við Kaliforníuháskóla, hefur látið hafa þetta eftir sér, með leyfi hæstv. forseta.

„Ég reikna með því að í borgum framtíðarinnar verði gangstéttir og götur þaktar hljóðdeyfandi efni og skýjakljúfar byggðir með hallandi veggjum til þess að draga úr hljóðburði."

Allt ber hér að sama brunni. Allir, sem hugleiða þetta mál, komast að þeirri niðurstöðu að í framtíðinni verði ekki komist hjá því að draga úr hávaða svo sem kostur er. Að öðrum kosti sé sú hætta fyrir hendi að hljóta meiri eða minni skaða á heilsu sinni.

Í jólablaði Austra, sem kom út um síðustu jól, er viðtal við ungan verkfræðing, Stefán Einarsson að nafni, sem hefur sérstaklega lært og unnið s.l. 6—7 ár við hljóðtæknifræði í Svíþjóð, þar sem sívaxandi fjöldi fólks starfar við ýmiss konar hljóðeinangrun og hvers konar varnir gegn hávaða og hljóðdeyfingu. Kom þar fram að svíar leggja mikið kapp á að hafa þessa hluti í lagi og eru meðal fremstu þjóða á því sviði.

Hér í Reykjavík hefur á síðari árum verið lögð stöðugt meiri áhersla á eftirlit og verndun heyrnar á vinnustöðum þar sem hávaði er mikill. Og í fræðslu- og upplýsingariti, sem Heilsuverndarstöð Reykjavíkur gaf út 1974 um heyrnarmælingar á vinnustöðum, er greinilegt að ekki er vanþörf á að draga úr hávaða með öllum tiltækum ráðum því að vitneskjan ein stoðar lítið ef ekkert er að gert. Vitað er að heyrnarskemmdir af völdum hávaða, hvers eðlis sem hann er, eru ólæknandi.

Í blaðinu Iðnaðarmálum, 2. tbl. 1975, er í grein eftir Leó M. Jónsson tæknifræðing þessi kafli m.a., með leyfi forseta:

„Sá áróður, sem rekinn er fyrir heyrnarvernd, hefur nú þegar borið árangur sem sést best á því hve margir nota eyrnahlífar við hávaðasama vinnu. Engu að síður vantar mikið upp á að notkun hlífðartækja sé nógu almenn. Hér er við sama vandamál að etja og við önnur öryggismál, svo sem slysavarnir. Kæruleysi og heimska eru eftir sem áður of algengar orsakir slysa og heilsutjóns. Heimsku og fáfræði má draga úr með kynningar- og upplýsingastarfsemi. Kæruleysi er hins vegar allra djöfla þyngst í drætti."

Eins og hér kemur fram og fram hefur komið í þessum orðum mínum er hávaði valdur að ýmiss konar heilsutjóni. Einn þátturinn í hávaðamengun er í skemmtanalífinu þar sem danshljómsveitir og diskótek hafa óbundnar hendur um tónhæð hljóðfæra og magnara sinna. Það er von okkar flm. þessarar till. að undirtektir hér á hinu háa Alþ. geti orðið upphaf að því að eitthvað raunhæft verði gert til þess að koma í veg fyrir þennan heilsuspillandi hávaða sem er yfirleitt tíðkaður nú á fjöldasamkomum. Að öðrum kosti verðum við að reikna með því að allt of margir neyðist til þess að nota heyrnar-

tæki í framtíðinni eða bíði einhvers konar tjón á heilsu sinni.

Herra forseti. Ég legg svo til að að umr. loknum verði málinu vísað til allshn.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ræða hæstv. fyrsta flm. var mjög ítarleg og ég ætla ekki miklu við að bæta, en hér er um mikið merkismál að ræða og mál sem er liður í heilsugæslu og í því að fyrirbyggja sjúkdóma.

Hávaði er óæskileg og óþægileg hljóð, en það geta orðið svo óþægileg og skaðleg hljóð, að eins og hann tók fram geta þau valdið dauða. Vandamál hávaða á skemmtistöðum kom fyrst fram þegar magnarar og elektrónísk músík komu til sögunnar, og er það tiltölulega ungt fyrirbrigði og því lítið rannsakað. En það var áberandi að þegar Bítlarnir, sem komu frá Englandi, komu með sinn hávaða og sína elektrónísku músík og miklu magnara, þá gerðist það, sem ekki hafði gerst áður, að áheyrendur trylltust oft. Þeir trylltust og þeir létu öllum illum látum og hegðun þeirra var gjörólík því sem menn áttu að venjast. Að hve miklu leyti var eingöngu um fjöldaæsingu að ræða eða hvort hávaðinn og vissir tónar ollu þessu, það skal ég ekki segja, en það er mikil ástæða til að ætla að tónar af vissri hæð geta valdið óróa og jafnvel truflun og haft varanleg áhrif á sálarlíf og heilsu fólks. Og það er þetta sem mikil nauðsyn er að rannsaka til fullnustu. Það er að sjálfsögðu gert víða, og ég held að bretar séu jafnvel frumkvöðlar að því að reyna að bæta úr þeim ágöllum sem eru á þessari músík, en enn þá er það svo að bæði heyrnarskaðar og aðrir líkamlegir áverkar eru samfara því að hlusta á þessa háu og skerandi músík. Það er enn fremur ástæða til að rannsakað sé hvort ekki geti hugsast að tónar, sem jafnvel heyrast ekki mannlegu eyra, geti haft skaðvæn áhrif á mannslíkamann, og eitt er víst, að það er ýmislegt sem bendir til að svo sé. Enn fremur er það, að það er talið nokkuð öruggt að notkun vissra vímugjafa, t. d. hassnotkun, tilheyri í sjálfu sér því að hlusta á músík af ákveðnu hljóðfalli. Hvort aftur á móti músikin framkallar þörfina fyrir hassneyslu eða öfugt, það skal ég ekki fullyrða um, en þetta er nú verið að rannsaka og bendir ýmislegt til þess að viss tegund af músík geti haft viss hegðunarvandamál í för með sér.

Hér á landi er, eins og flm. tók fram, verið að vinna að þessum málum, og mér er kunnugt um að á vinnustöðum hefur verið gert allmikið að því á undanförnum árum að lagfæra ýmsa annmarka. Það er, eins og hann gat um, gert með því að auka einangrun, með því að flytja til vélar, með því jafnvel að setja ákveðnar vélar inn í klefa, og það er gert með því að nota eyrnaskjól eða tappa. En þetta er allt á tilraunastigi, og ég lít svo á að það sé með þetta eins og annað, að hér sé það ekki síst áróðurinn og upplýsingarnar sem geti hjálpað okkur allmikið. Ég held þess vegna að það sé mjög gagnlegt að fá umr. um þetta sem víðast og enn fremur, það sem ég held að hafi aðeins verið borið við í sambandi við flutning svipaðrar till. á fyrra þingi, að leitað sé samstarfs við félag hljóðfæraleikara, við félag þjóna og við félag gistihúsaeigenda, því að hér er ekki hvað síst um fyrirbyggingu sjúkdóma að ræða, og þessir menn, bæði þjónar og hljómlistarmenn, gera sér ef til vill ekki grein fyrir því að miklar líkur eru til að þeir verði fyrir varanlegum skaðlegum áhrifum ef svo heldur áfram sem verið hefur nú um nokkur ár.

Ég vil svo að lokum aðeins geta þess, að heyrnarleysi er svo mikil örorka að það er talið af mörgum sérfræðingum að heyrnarleysi sé verri örorka að bera heldur en blinda.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Hér er að mínu viti hreyft ákaflega merkilegu máli, og ég hefði gjarnan viljað að það væri útfært öllu meira en hér er gert. Það eru örugglega ekki aðeins þeir, sem sækja dansstaði og samkomuhús, sem eru hér í hættu eða þeir, sem vinna í háreysti mjög mikilli á vinnustöðum, heldur enn þá fleiri.

Það hefur orðið ákaflega mikil breyting í allri tækni til að framleiða hljóð og koma því til skila, koma því til annarra á síðustu áratugum. Vel má segja að þetta vandamál, sem hér er verið að ræða, hafi byrjað á tilraunastofu Edisons á sínum tíma, Thomas A. Edisons, og tækninni, sem kviknaði þar af tilraun gamla mannsins, hefur fleygt mjög ört fram og þó sérstaklega síðustu þrjá áratugina. Þetta litla tæki, hljóðneminn, sem við tölum gjarnan í hérna í salakynnum þessa húss, og síðan gellirinn, hátalarinn, sem notaður er til þess að magna þetta hljóð, þetta eru hvort tveggja vandmeðfarin tæki. Við hv. alþm. erum hér að vísu saman komnir til þess að heyra mál hver annars. Hér sem við erum staddir er það raunar skylda okkar að hlýða á mál hver annars þótt okkur þyki það mismunandi skemmtilegt. En þegar við komum út úr þessu hv. húsi að loknum vinnudegi, þá viljum við hafa möguleika á því að heyra ekki annað en það sem okkur langar sjálfa til.

Af meira en aldarfjórðungsstarfi við ríkisútvarpið hlýt ég að játa það, að ég fékk svoddan ofnæmi fyrir ýmsum þeim göfugu tónum, sem sendir eru út, eins og það var orðað í gamla daga, á öldum ljósvakans út yfir þetta land, inn á heimili manna, fékk ég svoddan ofnæmi fyrir þessum hljóðum og fyrir þessari tækni að ég hef aldrei getað haft útvarp í bílnum mínum. Þegar ég fer svo út í blómskrýdda náttúru þessa unaðslega kyrrláta lands að sumrinu til, þá er það einn gripur sem ég hef af ásetningi aldrei með í ferðinni og það er transitorútvarpstæki. Ég tel líka að ég eigi rétt á því að þurfa ekki að hlusta á transistorútvarpstæki annarra manna sem hafa þau með sér á fólkvanga eða upp í óbyggðir.

Ég hygg að það sé tími til kominn að kveða á um það með einhverjum hætti að enginn óróabelgur eða tónlistarunnandi eða forfallinn útvarpshlustandi hafi rétt til þess að þvinga nokkurn annan landa sinn til þess að hlusta á útvarpstækið hans úti á víðavangi. Ég er þeirrar skoðunar að það sé kominn tími til að það verði fært í lög að það megi ekki hafa háreysti í útvarpstækjum úti undir berum himni þar sem háreystin frá þessum tækjum getur angrað aðra. Sjálfur hef ég lent í því böli uppi við rætur

Ódáðahrauns á kyrrlátu sumarkvöldi, þar sem *ég* ætlaði mér svo sannarlega ekki að þurfa að hlusta á útvarp, að það var sitt transistortækið hvorum megin við *mig*, að vísu í svo sem 300—400 metra fjarlægð, annað stillt á London og hitt stillt á Reykjavík, og að vísu þagnaði tækið vestan megin við mig þegar Útvarp Reykjavík bauð góða nótt. En tækið, sem stillt var á London, hélt áfram alla nóttina.

Háreysti er með þeim hætti að hún snertir í flestum tilfellum miklu fleiri en þá sem eru að framleiða hana. Og sé nokkurt einstakt atriði sem virkilega þarf að gjalda varúð við, er það réttur einstaklingsins til að framleiða háreysti — og efla þarf rétt einstaklingsins til að fá að vera í friði. En ef mig minnir rétt, þá var það Boswell sem sagði forðum tíð um tónlistina að hún væri aðeins mismunandi óþægileg háreysti. Þetta get ég ekki tekið undir. En ég hygg að það væri rétt að við hugleiddum þann möguleika að koma málunum svo fyrir að enginn þyrfti að hlusta á aðra tónlist en þá sem *honum* sjálfum sýndist og það væri gjörsamlega fyrir það tekið að þegnarnir gætu að eigin vild varpað út músik úr transistorútvarpstækjum eða grammofónum yfir fólkvangana okkar að sumri.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 84. fundur.

Mánudaginn 5. apríl, kl. 2 miðdegis.

Norræni fjárfestingarbankinn, frv. (þskj. 461). — 1. umr.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í aths. við lagafrv. þetta var samningur Norðurlanda um stofnun Norræna fjárfestingarbankans undirritaður í Kaupmannahöfn hinn 4. des. s. l. Samningurinn hefur nú verið lagður fram á öllum þjóðþingunum til fullgildingar. Norska Stórþingið hefur þegar veitt fullgildingarheimild og á öðrum þingum Norðurlanda er talið að málið hljóti endanlega afgreiðslu einmitt um þessar mundir.

Á aukaþingi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi í nóv. 1975 var samþykkt með miklum meiri hl. að mæla með stofnun bankans og greiddu allir fulltrúar Íslands því atkvæði. Hér á landi virðist því almenn samstaða um þetta mál, enda bendir flest til þess að starfsemi bankans verði íslendingum sérstaklega til hagsbóta, auk þess gildis sem hann mun hafa til þess að efla efnahags- og stjórnmálasamvinnu norrænna þjóða.

Eins og kunnugt er, er hugmyndin um stofnun norræns fjárfestingarbanka ekki ný af nálinni. Hún hefur verið til umr. annað veifið í meira en tvo áratugi, allt frá því samningar um norrænt tollabandalag hófust. Af Íslands hálfu hefur ætíð verið áhugi á stofnun slíks banka, en það er fyrst nú að hugmyndin er að verða að veruleika. Þetta framfaraspor í norrænni samvinnu á sér ákveðnar forsendur í efnahagslegu og stjórnmálalegu umhverfi Norðurlanda um þessar mundir.

Í fyrsta lagi er nú um öll Norðurlönd þörf fyrir mikið fé til framkvæmda til þess að auka framleiðslu og útflutning, ekki síst vegna ríkjandi aðstæðna í orkumálum. Er því afar mikilvægt að tryggja sem hagkvæmasta fjáröflun til þessara framkvæmda.

Í öðru lagi er um þessar mundir sterkur pólitískur vilji til þess að hrinda hugmyndinni um stofnun samnorræns fjárfestingarbanka í framkvæmd. Á fundi forsrh. Norðurlanda, er ég sótti í Osló fyrir rúmu ári, var tekin stefnuákvörðun í málinu. Ríkisstjórnir Norðurlanda hafa þannig haft frumkvæði að endurupptöku málsins nú.

Í þriðja lagi verður norrænn fjárfestingarbanki mikilvægur hlekkur í norrænu efnahagssamstarfi og hefur gildi sem tákn um öfluga og raunhæfa norræna samstöðu.

Í fjórða lagi mun lánastofnun, sem er sameign Norðurlandanna fimm og með jafnmikið stofnfé og hér um ræðir, hafa sérstaklega gott lánstraust á alþjóðalánamarkaði og felur beinlínis í sér hreina viðbót við samanlagða lántökumöguleika landanna fimm og mun án efa gefa kost á hagstæðari lánskjörum en ella. Forsenda lánhæfis á alþjóðamarkaði er vitaskuld að lánastarfsemi bankans verði rekin með eðlilegum vaxtakjörum og lánsfé skili hæfilegri ávöxtun.

Þessar forsendur sýna glöggt rökin fyrir stofnun bankans. Samnorrænt framtak á einmitt að skila ríkulegri árangri en næst þegar hvert land leitar lausnar eitt á bát fyrir sig. Þetta mun ekki síst hafa gildi fyrir íslendinga, einkum þegar þess er gætt að á fundi ráðherranefndar Norðurlanda í Stokkhólmi 19. júní 1975 urðu menn sammála um svo hljóðandi bókun um sérstöðu Íslands:

„Ráðherranefndin gerir enn fremur ráð fyrir því, að tillit verði tekið til sérstöðu Íslands vegna einhliða atvinnulífs og fjármagnsskorts."

Við meðferð málsins á vettvangi Norðurlandaráðs fékk sérstaða Íslands almenna viðurkenningu. Það er því full ástæða til að binda vonir við að starfsemi bankans geti átt mikilvægu hlutverki að gegna í íslensku atvinnulífi og muni stuðla að efnahagsframförum hér á landi. Ég tel fullvíst að norræn lánastofnun, sem einbeitti sér að samnorrænum framkvæmdum og fyrirtækjum, sé til þess fallin að hvetja til samnorræns framtaks. Þegar bankanum hefur verið komið á fót mun hann vekja upp hugmyndir og framtak sem annars hefðu ekki komið til framkvæmda vegna fjármagnsskorts. Með þessum hætti verður norræni fjármagnsmarkaðurinn aukinn og efldur og þar með hagvöxtur á Norðurlöndum.

Ég tel fyrir mitt leyti að stofnun bankans geti boðið möguleika til hagkvæmari fjármögnunar en annars væri kostur til þróunar orkufreks iðnaðar á Íslandi í samvinnu við norræn fyrirtæki. Bankinn gæti einnig átt hlutverki að gegna á öðrum sviðum framkvæmda hér á landi. Íslendingar hljóta því að telja stofnun bankans mjög tímabæra.

Ég mun nú fara nokkrum orðum um stofnfé bankans, stjórn hans og staðsetningu, en vísa að öðru leyti til sjálfs stofnsamningsins og samþykkta bankans, sem eru fylgiskjöl með frv., og aths. sem því fylgja.

Samkvæmt 2. gr. Samþykkta fyrir Norræna fjárfestingarbankann skal stofnfé hans vera 400 milljónir sérstakra dráttarréttinda (SDA) eða rúmlega 80 milljarðar ísl. kr. á núgildandi gengi. Sérstök dráttarréttindi skulu skilgreind í samræmi við þá skráningu sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn ákvað frá 1. júlí 1974.

Af stofnfé bankans er hluti danska ríkisins 88 millj., finnska ríkisins 64 millj., íslenska ríkisins 4 millj., norska ríkisins 64 millj. og sænska ríkisins 180 millj. sérstakra dráttarréttinda. Samkvæmt þessu verður hlutur Íslands í stofnfénu um 800 millj. kr. miðað við núverandi gengi, en hver samningsaðila leggur fram ¼ hluta stofnfjárframlags sins til bankans með þrem jöfnum greiðslum 2, 14 og 26 mánuðum eftir gildistöku samþykktanna. Greiðslur fara fram eftir kröfum bankans og yrði greiðsluhluti íslendinga væntanlega um 70 milljónir kr. á þessu ári og síðan sama fjárhæð hvort ár 1977 og 1978.

Gert er ráð fyrir að bankinn afli sér lánsfjár á Norðurlöndum og utan þeirra. Innborgað framlag verður einnig notað til lánveitinga.

Í stjórn bankans sitja tveir menn frá hverju aðildarríki. Aðildarríkin munu skiptast á um formennsku í stjórninni. Bankastjóri ásamt nauðsynlegu starfsliði mun sjá um daglegan rekstur.

Aðsetur bankans verður í Helsingfors, en þar er engin samnorræn stofnun fyrir.

Nú er að störfum sérstök nefnd sem vinnur að undirbúningi stofnsetningar og upphafs starfsemi bankans. Gert er ráð fyrir að n. þessi skili till. sínum til ráðherranefndar Norðurlanda fyrir

15. maí n. k., en á fundi ráðherranefndarinnar í þeim mánuði er ráðgert að taka endanlegar ákvarðanir um stofnun bankans. Forsenda þessa er að sjálfsögðu að þjóðþingin hafi veitt fullgildingarheimildir.

Herra forseti. Að endingu vil ég mælast til þess að þetta frv. fái skjóta meðferð, enda er ég þess fullviss að það nýtur stuðnings alls þorra þingmanna.

Leyfi ég mér að leggja til að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn. deildarinnar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, frv. (þskj. 422, n. 468). — 2. umr.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur haft þetta mál til meðferðar. Á fundi n. mættu fulltrúar sjútvrn., Þórður Ásgeirsson deildarstjóri og Jón B. Jónsson fulltrúi. Sömuleiðis mætti þar til umr. um þetta mál og reyndar fleiri Kristján Ragnarsson frá Landssambandi ísl. útvegsmanna.

Menn eru sammála um að hér sé fyrst og fremst um nokkurs konar hreingerningu að ræða eftir þá miklu breytingu sem gerð var á sjóðakerfi sjávarútvegsins og í þessu frv. séu engin efnisatriði sem valdið geti deilum. Varð n. einróma sammála um að mæla með samþykkt þessa frv. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Upptaka ólöglegs sjávarafla, frv. (þskj. 443, n. 469). — 2. umr.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur fjallað um frv. þetta og kemur álit hennar fram á þskj. 469. N. er sammála um að mæla með þessu frv, en leggur til tvær breytingar sem þar koma fram.

Fyrri breytingin er nánast og raunar eingöngu leiðrétting, þ. e. í 4. gr., fyrir „skal tekin í skriflegum úrskurði“ koma: „skal tekin með skriflegum úrskurði“.

En jafnframt taldi n. eðlilegt að bæta við nýrri grein sem heimili sjútvrh. að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

Á fundi n. mættu frá sjútvrn. Þórður Ásgeirsson deildarstjóri og Jón B. Jónsson fulltrúi. Frá Hafrannsóknastofnuninni Jakob Jakobsson aðstoðarforstjóri stofnunarinnar og Ingvar Hallgrímsson fiskifræðingur. Einnig mætti á þeim sama fundi Kristján Ragnarsson frá L. Í. Ú.

Um þetta frv. var allmikið rætt. Kom fram á þessum fundi að frv. þetta er raunar flutt af — við getum sagt: þeirri illu nauðsyn að taka upp langtum harðara eftirlit og stjórnun á fiskveiðum okkar landsmanna, ekki síst með tilliti til þess ástands sem fiskistofnarnir eru nú í. Einnig er vert að vekja athygli á því, að nauðsyn slíks frv. kom mjög fram á s. l. sumri þegar síldveiðar voru því miður stundaðar af ýmsum bátum töluvert umfram það sem heimilað var. Þá voru 16 aðilar kærðir fyrir ólöglegar síldveiðar og munu þau mál ekki vera til lykta leidd.

Í þessu sambandi kom fram að framkvæmdin mun verða í samvinnu við Framleiðslueftirlitið, en samtals munu starfa hjá ráðuneytinu um 10 manns í sambandi við slíkt eftirlit, en að vísu ekki nema fáir fullan tíma, flestir starfa aðeins hluta af degi. Kom fram hjá fulltrúa L. Í. Ú. að þeim þykir vald rn. með þessu frv. æðimikið, en hins vegar lagði Kristján Ragnarsson áherslu á að reynslan sýndi að slík heimild yrði að vera fyrir hendi.

Fram kom hjá fiskifræðingunum, sérstaklega Ingvari Hallgrímssyni, að slíkt mat á ólöglegum afla sem gert er ráð fyrir í þessu frv. er ákaflega erfitt gagnvart ræjunni. Þar er um að ræða að sjálfsögðu milljón einstaklinga í afla einnar veiðiferðar og verður ekki metið á sama máta og gert er með fisk. Ekki síst með tilliti til þessa var talið rétt að bæta við þeirri grein sem ég lýsti áðan, sem heimilar rn. að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna. Það er fyrst og fremst gagnvart slíkum afla sem slík ákvæði virðast vera nauðsynleg.

Ég tel rétt að geta þess hér að á fundi n. kom fram hjá ýmsum nm. sterkur vilji til þess jafnvel að skylda skip að koma með allan afla að landi, og töldu ýmsir að það mundi hafa jákvæð áhrif í þá átt að skip stunduðu ekki slíkar veiðar. Niðurstaðan var hins vegar sú að slíkt ákvæði ætti ekki heima í þessum lögum og ætti þá fremur að takast upp í sambandi við endurskoðun laga um fiskveiðar innan íslenskrar fiskveiðilögsögu eða fiskveiðilögin svonefndu sem fljótlega verða til umr. á hv. Alþ. Einnig er rétt að það komi fram, að á það var bent að í sumum tilfellum getur þetta verið vafasamt þar sem undirmálsafli, t. d. smárækja, sem sorteruð er með vélum um borð og fer aftur til sjávar, er lifandi og þá er það að sjálfsögðu betra en að flytja hana að landi. Einnig var á það bent að eftirlit með slíku ákvæði getur verið erfitt. Ég tel rétt að minnast á þetta hérna þó að niðurstaðan væri sú að það eigi ekki heima í þessum lögum, því að svo mjög var á þetta minnst á fundi nefndarinnar.

Ég vil svo segja fyrir mitt leyti að mér sýnist ástæða til þess að hugleiða það mikla umfang sem orðið er á vegum eins rn. og fer ört vaxandi í sambandi við sjávarútvegsmálin. Þetta er að sjálfsögðu nauðsynlegt, þ. e. a. s. ill nauðsyn sem þar rekur á eftir. En það er að mínu mati ákaflega mikil spurning hvort slík framkvæmd á að vera beint undir rn. Ég tel það vafasamt og kannske óæskilegt að sá háttur sé á hafður. Rn. á að sjálfsögðu að vera þarna æðsti aðili og á að hafa síðasta úrskurðarvald, en er með þessu móti komið í sjálfa framkvæmdina jafnvel í smáatriðum. Og ég vil varpa hér fram þeirri hugmynd að rétt væri að skoða hvort ekki þurfi að koma hér á fót einhvers konar starfsemi eins og er í Noregi og kallast þar Fiskeridirektorats, þ. e. a. s. stofnun sem að sjálfsögðu heyrði undir

viðkomandi rn., en hefði með að gera framkvæmdaratriði á þessu sviði, því að mér þykir ljóst að slíkar framkvæmdir muni mjög fara í vöxt á næstu árum. Það verður óhjákvæmilegt, eins og ég sagði, með virkri stjórn á okkar sjávarútvegi. Ég endurtek því, þar sem ég sé að hæstv. ráðh. er kominn hér inn, að það þyrfti að fara að hugsa um hvernig þessum miklu umsvifum verður best skipað í okkar stjórnkerfi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 469,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 469,2 (ný gr., verður 5. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
5. gr. (verður 6. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Veiðar utan fiskveiðilandhelgi, frv. (þskj. 444, n. 470). — 2. umr.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur fjallað um frv. þetta og mælir einróma með samþykkt þess eins og fram kemur í nál. á þskj. 470. Á fundi n. mættu frá rn., frá Hafrannsóknastofnuninni og frá Landssambandi ísl. útvegsmanna Þórður Ásgeirsson deildarstjóri, Jón B. Jónsson fulltrúi, Kristján Ragnarsson, L. Í. Ú., Jakob Jakobsson og Ingvar Hallgrímsson frá Hafrannsóknastofnuninni.

Menn voru allir á einu máli um það, að lög sem þessi væru nauðsynleg. Er þar einnig vísað til þeirrar reynslu sem fékkst á s. l. ári í sambandi við veiðar í Norðursjónum. Ljóst er jafnframt að með útfærslu fiskveiðilögsögu væntanlega allt í kringum okkur verður nauðsynlegt, m. a. vegna hugsanlegra millirikjasamninga um slíkar veiðar, að einhver aðili geti haft öruggt eftirlit þar með. Því mælir n., eins og ég sagði, einróma með því að frv. þetta verði lögfest.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Efri deild, 85. fundur.

Mánudaginn 5. apríl, að loknum 84. fundi.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, frv. (þskj. 442). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Upptaka ólöglegs sjávarafla, frv. (þskj. 488). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Veiðar utan fiskveiðilandhelgi, frv. (þskj. 444). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Fasteignasala, frv. (þskj. 50, n. 455). — 2. umr.

Frsm. (Jón G. Sólnes): Herra forseti. Allshn. hefur haft frv. þetta til meðferðar. Leitað var umsagnar nokkurra aðila og barst n. meðal annarra umsögn frá Lögmannafélagi Íslands þar sem það lýsir fylgi sínu við frv. Þetta er stutt umsögn sem mig langar til að lesa, með leyfi forseta:

„Reykjavík, 4. des. 1975.

Allsherjarnefnd Ed.
Alþingishúsinu,
Reykjavík.

Stjórn Lögmannafélags Íslands hefur borist bréf yðar, dags. 28. nóv. s. l., þar sem óskað er umsagnar um hjálagt frv. til laga um breyt. á lögum um fasteignasölu, nr. 47 1938, 46. mál. Félagsstjórnin hefur athugað frv. þetta gaumgæfilega og er samþykk efni þess og mælir eindregið með að frv. verði samþ. sem lög frá Alþ.

Virðingarfyllst,
Páll S. Pálsson,
formaður Lögmannafélags Íslands."

Allshn. þótti ástæða til þess að taka af allan vafa um orðalag og taldi að þyrfti að gera breyt. á frv. og umorða 1. gr., að hún hljóðaði þannig:

„Ný gr., sem verður 14. gr. laganna, orðist svo:

Skylt er að geta þess í öllum skjölum varðandi fasteignakaup, svo sem kauptilboðum, kaupsamningum, skuldabréfum og afsölum, hver hafi samið skiöl þessi, og skal geta nafns og nafnnúmers. Enn fremur skulu þeir, sem fasteignaviðskipti annast, geta nafns síns í auglýsingum, eins þótt viðskiptin séu rekin í nafni skrásetts firma."

Með greininni þannig orðaðri mælir allshn. eindregið með samþykkt frv.

ATKVGR.

Brtt. 455 (ný 1. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 403, n. 453). — 2. umr.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Allshn. hefur athugað frv. það til breyt. á almennum hegningarlögum sem hér er til umr., og mælir n. með að frv. verði samþ. eins og það kemur frá Nd.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
4.—5. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 475). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, sem hér er lagt fram, er einn þátturinn af því samkomulagi sem ríkisstj. gerði við aðila vinnumarkaðarins í sambandi við lausn kjaradeilunnar í febrúarmánuði s. l. Frv. felur það í sér að frá og með 1. júlí n. k. er hækkað það tekjumark sem lífeyrisþegar mega hafa án þess að til skerðingar tekjutryggingar komi. Er gert ráð fyrir að þetta mark hækki úr 46 380 kr., eins og það er í dag, í 120 þús. kr. fyrir einstakling. Þessi breyt. er gerð til þess að bæta hag þeirra lífeyrisþega sem fá bætur úr lífeyrissjóðum eða samkv. lögum um eftirlaun til aldraðra í stéttarfélögum, en jafnframt er gerð breyt. á þeim lögum til þess að bæta aðstöðu þeirra er þaðan njóta bóta. Þessi atriði eru rakin í aths. með frv. og hirði ég ekki að greina nánar frá því hér.

Hins vegar er rétt að benda á að þessi breyting hlýtur að hafa í för með sér verulegan kostnaðarauka fyrir ríkissjóð þar eð fleiri munu nú njóta fullrar eða einhverrar tekjutryggingar en áður hefur verið. Gert er ráð fyrir að útgjöld vegna breytingarinnar nemi 200—250 millj. kr. á heilu ári, en erfitt er að segja fyrir um það fyrr en athugun skattaframtala ársins 1975 hefur farið fram. Í þessu sambandi verður ekki komist hjá að minna á að sú breyting, sem hér er rætt um, hefur aðeins í för með sér bót á lífeyrisréttindum fyrir þann hóp fólks sem einhverjar tekjur hefur, annaðhvort úr lífeyrissjóðum eða af starfi. Lagabreytingin felur ekki í sér neina bót fyrir þá sem eingöngu njóta grunnlífeyris og tekjutryggingar, þ. e. þá sem raunverulega eru verst settir hvað lífeyrismálum viðkemur.

2. gr. þessa frv. gerir ráð fyrir breyt. á 78. gr. almannatryggingalaga þar sem nánar er kveðið á um en nú er heimild ríkisstj. til þess að breyta fjárhæðum tekjutryggingar til samræmis við aðrar bótaupphæðir. Ég tel rétt að vekja athygli á því, að í því samkomulagi, sem aðilar vinnumarkaðarins gerðu, komu þeir sér saman um að þeir muni vinna saman að endurskipulagningu lífeyriskerfisins. Markmið þessarar endurskipulagningar á að vera í fyrsta lagi að samfellt lífeyriskerfi taki helst til allra landsmanna, að lífeyrissjóðir og almannatryggingar tryggi öllum lífeyrisþegum viðunandi lífeyri er fylgi þróun kaupgjalds á hverjum tíma, að auka jöfnuð og öryggi meðal landsmanna sem lífeyris eiga að njóta, að lífeyrisaldur geti innan vissra marka verið breytilegur eftir vali hvers og eins lífeyrisþega, en án þess að það hafi áhrif á útgjöld kerfisins, þ. e. a. s. lífeyrir verði því lægri sem taka hans hefst fyrr, að reynt verði að finna réttlátan grundvöll fyrir skiptingu áunninna lífeyrisréttinda á milli hjóna.

Til þess að semja till. um nýskipan lífeyrismála í samræmi við þessa yfirlýsingu munu aðilar nefna 6 menn: 3 frá Alþýðusambandi Íslands, 2 frá Vinnuveitendasambandi Íslands og 1 frá Vinnumálasambandi samvinnufélaga til þess að starfa með fulltrúum ríkisstj. og öðrum aðilum sem hagsmuna eiga að gæta á þessu sviði. Á grundvelli þessara till. og að lokinni nægilegri kynningu þeirra í aðildarfélögunum verði síðan unnið þannig að málinu að nauðsynlegar lagabreytingar nái fram að ganga á Alþ. vorið 1977 og nýskipan lífeyriskerfisins taki síðan gildi 1. jan. 1978.

Í nýgerðum kjarasamningum Farmanna- og fiskimannasambands Íslands við kaupskipaútgerðina er gert ráð fyrir því að sambandið eigi aðild að lífeyrissamkomulaginu, þannig að það hefur þegar verið gert ráð fyrir 7 fulltrúum frá þessum aðildarfélögum launþega. Til greina kemur að skipa fulltrúa frá fleiri aðildarsamböndum, eins og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Bandalagi háskólamanna, Sambandi bankamanna og Lífeyrissjóði bænda. — Auk þess verða fulltrúar ríkisstj. sem væntanlega verða þá fulltrúar fjmrn., heilbrrn., og vonandi einnig sérstakur fulltrúi eða fulltrúar Tryggingastofnunar ríkisins. Nú liggur fyrir að ríkisstj. komi til með að skipa þessa n. mjög fljótlega, og verður sennilega um 15 manna n. að ræða sem er ekki lítill fjöldi. En ég vil bæta því við að það munu vera 3—4 nefndir starfandi nú sem vinna að undirbúningi lífeyrissjóðamála, og ég tel fyrir mitt leyti bæði eðlilegt og sjálfsagt að umboð þeirra n. falli niður.

Það er að mörgu leyti óhentugt þetta form, að allir hópar þurfi að eiga fulltrúa alls staðar. En hér er um samning og samkomulag að ræða sem verður að standa við. Hins vegar mun auðvitað höfuðstarfið hvíla á herðum sérfræðinga sem viðkomandi n. fær til þess að vinna að þessum málum.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta frv., það er nánast staðfesting á því, sem lofað var af hendi ríkisstj. við lausn kjaradeilunnar.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 12 shlj. atkv.

Atvinnuleysistryggingar, frv. (þskj. 476). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Við lausn hinnar almennu kjaradeilu í febr. féllst ríkisstj. á þá beiðni A. S. Í. að beita sér fyrir því

að svo hljóðandi ákvæði yrði sett í lög um atvinnuleysisbætur:

„Réttur til atvinnuleysisbóta haldist óskertur þótt bótaþegi sæki námskeið á vegum verkalýðssamtakanna eða almenn námskeið sem miða að aukinni starfshæfni hans, enda standi þau skemur en einn mánuð."

Frv. það, sem hér er flutt, er því flutt til þess að efna þetta fyrirheit sem þarna var gefið.

Nú er það svo að í 15. gr. 7. málsgr. d-liðar laga nr. 57/1973, um atvinnuleysistryggingar, er ákvæði sem fjallar um starfsþjálfun og námskeið, og það er svo hljóðandi:

„Sá, sem gengur undir starfsþjálfun eða sækir námskeið til þess að öðlast hæfni til að stunda ný störf, nýtur á meðan atvinnuleysisbóta í allt að 30 daga virka, ef hann naut slíkra bóta þegar starfsþjálfunin eða veran á námskeiðinu hófst."

Í 24. gr. sömu laga er síðan annað ákvæði sem fjallar um starfsþjálfun og námskeið, en það hljóðar svo:

„Stjórn sjóðsins er heimilt að veita þátttakendum í viðurkenndum starfsþjálfunarnámskeiðum styrk sem nema má allt að því jafnhárri fjárhæð og atvinnuleysisbætur eru skv. 18. gr. a fyrir hvern þátttakanda í slíkum starfsþjálfunarnámskeiðum að viðbættri þátttöku í ferðakostnaði og öðrum óhjákvæmilegum útgjöldum þátttakenda."

Formaður sjóðsstjórnarinnar, Hjálmar Vilhjálmsson fyrrv. ráðuneytisstjóri, hefur upplýst að á fyrra ákvæðið hafi aldrei reynt í sjóðsstjórninni, en það kunni að hafa komið upp hjá úthlutunarnefndum.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð fleiri og legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 11 shlj. atkv.

Eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, frv. (þskj. 477). — 1. umr.

Siútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. er einnig flutt vegna þess samkomulags sem ríkisstj. átti þátt í milli aðila vinnumarkaðarins um lausn hinnar almennu kjaradeilu. Það, sem hér er um að ræða, er að Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna hafa komið sér saman um að lífeyrissjóðir á samningssviði þessara samtaka ásamt nokkrum öðrum lífeyrissjóðum taki að sér að veita lífeyrisþegum sínum, sem rétt eiga skv. l. nr. 63/1971, um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögunum, sérstaka uppbót árin 1976 og 1977, þannig að lífeyrisgreiðslur þeirra verði betur verðtryggðar en hingað til hefur verið. Forsenda þessa samkomulags er sú breyt. á lögum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum sem hér er lögð fram.

Auk fyrrgreindrar uppbótar, sem lífeyrissjóðunum sjálfum er ætlað að standa straum af skv. sérstökum reglum, er í samkomulaginu gert ráð fyrir að öldruðum félögum stéttarfélaga, sem verða öryrkjar, verði tryggður lífeyrisréttur að uppfylltum tilteknum skilyrðum svipuðum þeim er gilda um elli- og makalífeyri, en hingað til hafa lögin einungis tekið til þessara tveggja bótategunda.

Útgjöld skv. núgildandi lögum eru áætluð 208 millj. kr. þetta ár og ber Atvinnuleysistryggingasjóður ¾ útgjaldanna, en ríkissjóður ¼. Með samþykkt þessa frv. mundu útgjöld þessara aðila vaxa lítillega vegna hinna nýju ákvæða um örorkulífeyri, og sennilega hafa breytingarnar einnig í för með sér að menn leita réttar síns fyrr en áður og nýjar umsóknir geta borist frá mönnum sem ekki hafa haft fulla vitneskju um rétt sinn, eins og oft vill verða. Áætlað hefur verið að útgjöld til uppbótargreiðslna, sem lífeyrissjóðunum er ætlað að bera skv. þessu frv., geti numið 250 millj. kr. á þessu ári.

Um greinar frv. get ég verið fáorður, en vitna til þeirra og aths. eins og þær eru prentaðar í frv. Í 1. og 2. gr. eru ákvæði um þá réttindabót sem ég hef minnst á, en í 3. gr. frv. er gerð grein fyrir því á hvern hátt greiðslum skuli skipt milli lífeyrissjóða og vitnað til þess samkomulags sem gert var á milli aðila vinnumarkaðarins og ég gat um í upphafi. Hér er því um að ræða þátt í samkomulagi um lausn kjaradeilunnar í febrúar. Legg ég til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 87. fundur.

Mánudaginn 5. apríl, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Magnús T. Ólafsson): Borist hefur svolátandi bréf:

„Reykjavík, 5. apríl 1976.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geti sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Reykjaneskjördæmi, Gunnar Sveinsson kaupfélagsstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Jón Skaftason,
4. þm. Reykn.

Til forseta Nd."

Gunnar Sveinsson kaupfélagsstjóri hefur áður setið á þingi á þessu kjörtímabili, og býð ég hann velkominn til starfa.

Ríkisreikningurinn 1974, frv. (þskj. 436). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1974 liggur hér fyrir á þskj. 436. Einnig hefur verið lagt fram frv. til fjáraukalaga vegna sama árs og hefur verið gerð sérstök grein fyrir því.

A-hluti ríkisreiknings fyrir árið 1974, fullbúinn af hálfu ríkisbókhalds, var afhentur þm. í maí 1975. Gerði ég þá grein fyrir helstu niðurstöðum hans, en með fjárlagafrv. fyrir árið 1976 s. l. haust gerði ég itarlega grein fyrir honum og lagði fram grg. ríkisbókhaldsins um afkomu ársins. Reikningurinn í heild með B-hluta hans, en án aths. yfirskoðunarmanna, var jafnframt lagður fram á Alþ. og hann fenginn yfirskoðunarmönnum til meðferðar. Reikningurinn með aths. þeirra, svörum við þeim aths. og till. yfirskoðunarmanna hefur nú verið lagður fram til meðferðar á hv. Alþingi.

Yfirskoðunarmenn gerðu fsp. í 14 liðum og birtu auk þeirra yfirlit um viðskipti innheimtuembætta við ríkissjóð skv. bókhaldi ríkisbókhaldsins fyrir árið 1974 með hliðstæðum hætti og áður hefur verið gert. Svör við fsp. sínum telja yfirskoðunarmenn ýmist fullnægjandi eða rétt að viðkomandi atriði verði til athugunar. Till. sínum skiluðu yfirskoðunarmenn í febr. s. l. og leyfi ég mér að vísa á ríkisreikninginn varðandi þær svo og sjálfar fsp. þeirra og svör við þeim. Tel ég ekki ástæðu til að gera nánari grein fyrir þeim að svo stöddu.

Með fyrrnefndu frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1974 gerði ég stutta grein fyrir helstu frávikum reiknings og fjárl. ársins 1974 og tel ég því ekki ástæðu til að rekja efni þess frv. að öðru leyti en því að geta stærstu liða A-hluta reikningsins.

Ég vil eins og áður vekja athygli á tveimur meginreglum við uppgjör A-hluta ríkisreiknings skv. núgildandi lögum, nr. 52 frá 1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Önnur er sú, að álagðar tekjur og áfallin gjöld eru lögð til grundvallar við uppgjör rekstrarreiknings, en ekki greiðsluhreyfing þessara liða, þ. e. innheimta tekna og útgreiðsla gjalda. Af því leiðir að í efnahagsyfirliti eru óinnheimtar tekjur meðal eignaliða og ógreiddar gjaldaskuldbindingar meðal skuldaliða. Hin meginreglan er sú, að fjárfestingarútgjöld A-hlutans eru talin með gjöldum þess árs þegar til þeirra er stofnað, en þeim ekki dreift með afskriftum á þann árafjölda sem gert er ráð fyrir að fjárfestingin endist, eins og gildir um uppgjör fyrirtækja og sjóða ríkisins í B-hluta reikningsins.

Heildarniðurstaða rekstrarreiknings A-hluta ríkisreiknings fyrir árið 1974 var sú, að gjöld námu 3 milljörðum 287 millj. 248 þús. kr. umfram tekjur. Gjöld rekstrarreiknings námu 41 milljarði 7 millj. 880 þús. kr. Tekjur námu 37 milljörðum 720 millj. og 632 þús. kr. Endurmatsjöfnuður var óhagstæður um 575 millj. og 601 þús. kr. Samtala jafnaðar rekstrar- og endurmatsreikninga var því óhagstæð um 3 milljarða 862 millj. 849 þús. kr. Samsvarar sú fjárhæð aukningu skuldaliða umfram aukningu eignaliða í efnahagsreikningi þegar efnislegir fjármunir eru ekki taldir með. Sú breyting kom fram í verri stöðu sjóðs og óbundinna bankareikninga í árslok en ársbyrjun um 3 milljarða 170 millj. 835 þús. kr., en um 3 milljarða 390 millj. 905 þús. kr. að meðtöldum lánareikningum við Seðlabankann. Bætt staða annarra greiðslujafnaðarliða nam nettó 876 millj. 724 þús. kr. Í þeirri fjárhæð kemur fram aukning óinnheimtra tekna og eignarskatta um 446 millj. og 809 þús. kr. og söluskatts um 898 millj. 483 þús. kr. Á móti þessum greiðslujafnaðarliðum kemur lánajöfnuður. Hann fól í sér hækkun hlutabréfaeignar og stofnfjárframlaga um 119 millj. 559. þús. kr. og skuldaaukningu vegna nýrra lántaka umfram afborganir og hreyfingu veittra lána um 1 milljarð 468 millj. og 227 þús. kr. ef áðurgreindur lánajöfnuður við Seðlabankann er talinn með greiðslujöfnuði.

U. þ. b. helming gjalda A-hluta ríkisreiknings má rekja til þriggja þátta: Í fyrsta lagi framlög til Tryggingastofnunar ríkisins og Atvinnuleysistryggingasjóðs að fjárhæð 12 milljarðar 10 millj. 21 þús. kr., og eru þá markaðar tekjur meðtaldar að fjárhæð 1 milljarður 197 millj. 593 þús. kr. Í öðru lagi niðurgreiðslur á vöruverði 3 milljarðar 740 millj. og 377 þús. kr., auk uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir 935 millj. 657 þús. kr., eða samtals 4 milljarðar 676 millj. 34 þús. kr. Í þriðja lagi gjöld vegamála 3 milljarðar 5 millj. og 113 þús. kr. Þessir þrír þættir námu samtals 19 milljörðum 691 millj. og 168 þús. kr. eða 48% af gjöldum A-hlutans. Gjöld skóla- og fræðslumála er falla undir menntmrn. auk bændaskólanna námu 5 milljörðum 916 millj. 406 þús. kr. eða 14.4% heildargjalda. Þessir fjórir þættir námu því um ¾ hlutum gjalda A-hluta ríkisreiknings fyrir árið 1974.

Þrír stærstu liðir tekna á árinu 1974 voru söluskattur 11 milljarðar 863 millj. 430 þús. kr., almenn aðflutningsgjöld 9 milljarðar 114 millj. 800 þús. kr. og tekjuskattur 5 milljarðar 492 millj. 367 þús. kr., eða samtals 26 milljarðar 470 millj. 597 þús. kr. Þessir þrír liðir svara til um 70% heildartekna A-hluta ríkisreiknings árið 1974. Tekjur ríkissjóðs af hagnaði Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins námu á árinu 3 milljörðum 275 millj. 461 þús. kr. og tekjufærður launaskattur nam 1 milljarði 954 millj. 777 þús. kr. Framangreindir fimm teknaliðir námu samtals 31 milljarði 700 millj. 835 þús. kr., eða 84% heildartekna A-hluta ríkisreiknings.

Ég mun ekki gera nánari grein fyrir niðurstöðutölum ríkisreiknings fyrir árið 1974. Um frávik reiknings og fjárlaga hef ég fjallað, eins og ég áður sagði, með frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1974.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Umferðarlög, frv. (þskj. 131, n. 471, 472). — 2. umr.

Frsm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Allshn. Nd. hefur haft til meðferðar frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, en flm. þess frv. eru hv. þm. Friðjón Þórðarson og Jóhannes Árnason.

Frv. gerir ráð fyrir beirri breyt. á refsiákvæði umferðarlaga, þ. e. a. s. 80. gr., að niður verði felld ákvæði 2. og 3. málsgr. greinarinnar, en skv. þeim málsgr. varða viss brot eigi vægari refsingu en varðhaldi. Er stefnt að því með frv. að dómstólar hafi frjálsari hendur um það hvort beita eigi sektum eða refsivist fyrir nefnd brot.

Ég vil, um leið og ég geri grein fyrir þessu nál., leyfa mér — með leyfi hæstv. forseta — að lesa hér upp úr umsögn sem n. barst frá Birgi Þormar fulltrúa yfirsakadómarans í Reykjavík og fjallar um þetta frv., en sakadómur Reykjavíkur hefur haft meginhluta þeirra mála sem snerta brot á umferðarlögum og hefur dæmt mest allra dómstóla skv. 80. gr. Í þessari umsögn, sem varpar nokkru ljósi á málið eins og það er í dag, segir m. a.:

„Skv. íslenskum lögum er refisvert að aka vélknúnu ökutæki nemi vínandamagn í blóði ökumanns 0.5‰. Ef vínandamagn í blóði ökumanns nær ekki 1.20‰ er heimilt að ljúka máli hans með dómsátt sé ekki um ítrekað brot að ræða. Með dómsátt er heimilt að svipta mann ökuréttindum í allt að 1 ár. Nemi vínandamagn í blóði ökumanns 1.20‰ eða meira varðar brot hans refsivist og verður að afgreiða málið með opinberri málshöfðun.

Árið 1975 voru í Sakadómi Reykjavíkur afgreidd 218 mál vegna ölvunarakstursbrota með dómsáttum. Almenn lágmarkssekt í þessum málum var 25 þús. kr. Á sama ári voru 347 menn sviptir ökuréttindum með dómi í eitt ár og dæmdir til 10—15 daga varðhaldsvistar. Algengt var á árinu að í stað 10 daga varðhaldsvistar kæmi 25 þús. kr. sektargreiðsla með náðun. Þess voru því mörg dæmi að menn, sem hlutu varðhaldsdóma, sluppu betur fjárhagslega en þeir, er gengust undir sektargreiðslur með dómsáttum. Þessi framkvæmd er augljóslega ekki í samræmi við vilja löggjafans.

Skv. frv. hefði mátt ljúka flestum þessara 347 mála með dómsáttum. Hefði þá lengd ökuleyfissviptinga í málunum orðið sú sama, en heimilt hefði verið að beita hærri sektum en áður.

Árið 1975 voru kveðnir upp 957 dómar í Sakadómi Reykjavíkur. Eins og áður greinir voru 347 þessara dóma um ökuleyfissviptingu í eitt ár og 10—15 daga varðhaldsvist. Einnig voru á árinu kveðnir upp 75 dómar þar sem sakborningar voru dæmdir til 10—15 daga varðhaldsvistar vegna umferðarlagabrota án þess að þeim væri gerð ökuleyfissvipting. Undirritaður telur sennilegt að skv. frv. hefði mátt ljúka nálega 400 þeirra 957 mála með dómsáttum sem dæmd voru 1975.

Afgreiðsla mála með dómsáttum er fljótvirk og einföld ef borið er saman við mál sem leiða til opinberrar málshöfðunar. Skal hér stuttlega bent á helsta muninn á þessu tvennu. Er þá miðað við afgreiðslu umferðarlagabrota þar sem sakborningur viðurkennir brotið og ekki er vafi um sönnunar- og lagaatriði, en einmitt þetta er einkennandi fyrir flest þeirra mála sem ljúka mætti með dómsáttum skv. frv., en leiða til málshöfðunar eftir núgildandi lögum. Hafa ber í huga að mjög oft hefur viðkomandi lögreglustjóri kallað sakborning fyrir og svipt hann ökuréttindum til bráðabirgða áður en kæra er send sakadómi. Ef skilyrði eru fyrir hendi til dómsáttar er sakborningur boðaður á fund dómara og honum gefinn kostur á að ljúka málinu með dómsátt, enda viðurkenni hann brot sitt og samþykki að gangast undir sektargreiðslu og önnur viðurlög þegar það á við. Sáttamáli lýkur með undirskrift sakbornings í sakadómsbók og tekur afgreiðslan oft aðeins fáar mínútur.

Mál, sem sæta opinberri málshöfðun, eru miklu þyngri í vöfum. Eftir að kæra hefur borist dóminum er sakborningur kallaður fyrir til að tjá sig um sakarefnið. Að því búnu eru skjöl málsins send ríkissaksóknara til ákvörðunar. Þegar ríkissaksóknari hefur höfðað opinbert mál gegn sakborningi er hann aftur kallaður fyrir dóm og birtir dómari honum þá ákæru. Óski sakborningur ekki eftir að halda uppi vörnum né biðja um frest er kveðinn upp dómur í sama þinghaldi. Að lokinni vélritun dómsins og frágangi skjala er málið á ný sent ríkissaksóknara sem tekur ákvörðun um áfrýjun. Eftir að ríkissaksóknari hefur tekið ákvörðun um að áfrýja ekki eða lokadómur hefur gengið í Hæstarétti Íslands á sakborningur þess kost að sækja um að fá náðun af refsivist. Slík náðun er ævinlega veitt með því skilyrði að sekt sé greidd. Verður nú enn einu sinni að ná til sakbornings og gera honum ljóst hvar mál hans standa. Fyrst eftir að skriflegri náðunarbeiðni dómstóla hefur verið svarað jákvætt á hann þess kost að inna sektargreiðslu af hendi.

Ekki er óalgengt að sáttamáli vegna ölvunarakstursbrota sé lokið innan mánaðar frá því að kæra barst dóminum, og hefur sakborningur þá oftast 6 vikna frest til greiðslu sektar. Leiði mál af þessu tagi hins vegar til opinberrar málshöfðunar og varnardóms er ekki óvanalegt að ár líði frá því að kæra berst dóminum og þar til hægt er að ganga að dómþola með sektarinnheimtu, enda hefur þá oft verið fjallað um málið í tíu skipti af hálfu fjögurra stofnana.“

Síðan segir í þessari umsögn frá Sakadómi Reykjavíkur:

„Ef frv. yrði að lögum mundi verulega minnka álagið á dómendum og öðru starfsfólki dómsins.

Til viðbótar því, sem að framan hefur verið rakið, skal bent á það að reynslan sýnir að miklu auðveldara er að ná til sakborninga þegar mál þeirra eru ný, en erfiðleikar á að fá þá til að mæta eru ein af helstu ástæðunum fyrir drætti í afgreiðslu sakamála. Verði frv. að lögum mætti ljúka verulegum fjölda mála á miklu skemmri tíma en tíðkast hefur. Einnig yrði minna um það að boða yrði sama manninn hvað eftir annað til stofnunarinnar vegna sama máls.

Undirritaður er sammála öllu því, sem segir í grg. með frv., og telur það mjög til bóta.“

Með þessari umsögn fylgir síðan bréf frá yfirsakadómara þar sem segir að „dómendur Sakadóms Reykjavíkur, sakadómarar og fulltrúar, hafa rætt málefni þetta og erum við allir sam-

mála um að mæla eindregið með því að frv. nái fram að ganga.“

Vitaskuld væri að mörgu leyti æskilegt að hægt væri að framfylgja þeirri refsingu sem dæmd skal skv. núgildandi lögum, þ. e. a. s. að hneppa menn í varðhald ef þeir brjóta af sér. En sannleikurinn er sá, að þessi refsing hefur verið útilokuð að mestu leyti hér á landi af ýmsum ástæðum sem ég rek ekki hér. Fyrir vikið hefur þurft að fara þá leið, sem hér var rakin, að eftir að sakborningar hafa verið dæmdir, þá hafa þeir sótt um náðun og ævinlega fengið hana. Skv. upplýsingum frá dómsmrn. munu um 1000 aðilar hafa sótt um og fengið náðun á s. l. ári og er meginhluti þess vegna brota á umferðarlögum.

Með hliðsjón af þessum staðreyndum vill allshn. mæla með því að þetta frv. verði samþ. og telur að með því séu vinnubrögð gerð fljótvirkari og áhrifameiri og að mjög geti greiðst úr öllum málarekstri og afgreiðslu mála hjá lögreglustjóraembættum og Sakadómi Reykjavíkur.

Með þessu fá dómstólar frjálsari hendur um að ákvarða refsingu, en þeir geta að sjálfsögðu áfram ákvarðað varðhaldsrefsingu ef þeim sýnist svo, ef brot gefa tilefni til, en þeir eru ekki skyldugir til þess undir vissum kringumstæðum eins og nú er.

Allshn. leggur sem sagt til að þetta frv. verði samþ., en vill þó gera á því tvær breytingar: Annars vegar að fella niður upphæð sektar. Nefndin telur ekki ástæðu til þess að það sé tekið fram í þessum lögum, enda geta dómstólar ákvarðað þær upphæðir eins og kveðið er á um í lögum um meðferð opinberra mála. Jafnframt leggur n. til að í stað orðanna „varðhald eða fangelsi allt að einu ári“ sé sagt: „varðhald eða fangelsi allt að tveimur árum“, en það er til samræmis við önnur ákvæði og reyndar sama ákvæðið og fyrir er í lögunum. Þetta eru aðeins breytingar til samræmis, en ekki neinar efnisbreytingar. Allshn. var algjörlega sammála um þessa afgreiðslu málsins.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég vil aðeins taka fram að ég er samþykkur þessari afgreiðslu n. Ég er samþykkur frv. og tel að þær breyt., sem n. hefur gert, ekki vera á neinn hátt þess eðlis að þær séu til hins verra, heldur þvert á móti. Ég skal ekki endurtaka það, sem hv. frsm. sagði áðan, að þau rök mæla með þessu að þetta getur horft til vissrar hagræðingar og til þess að létta störfum af dómstólum. Það er löng venja að náðunum hafi verið beitt í þessum tilfellum, þ. e. a. s. að varðhaldi hafi verið breytt í sektir. Og til þess hafa legið ýmsar ástæður eins og hv. frsm. nál. drap á, m. a. kannske plássleysi. En ég verð að segja það sem mína skoðun að ég tel það til litilla bóta að fara að hefta alla þessa menn í varðhald nokkra daga. Ég tel það ekki heppilega aðferð og tel að í mörgum þeim tilfellum, sem hér er um að ræða, eigi sektargreiðsla fremur við. En það ber auðvitað að taka fram að í sambandi við náðanir kemur engin breyting til greina á ökuleyfissviptingu. Það er útbreiddur misskilningur að náðun hafi einhver áhrif á ökuleyfissviptingu en ökuleyfissvipting stendur eftir sem áður þó að varðhaldinu sé breytt í sekt. Það er ástæða til að undirstrika þetta, að þegar ökuleyfissvipting er dæmd í ákveðinn tíma, þá verður henni ekki breytt, þá stendur hún. Það er enginn sem hefur heimild til þess að breyta því. Þetta vildi ég aðeins taka fram, en lýsa fylgi mínu við frv.

ATKVGR.

Brtt. 472 samþ. með 22 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Umferðarlög, frv. (þskj. 26, n. 454, 462). — Frh. 2. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég efast ekki um að hv. allshn. hefur athugað þetta frv. gaumgæfilega og velt því fyrir sér á ýmsa vegu. En niðurstaða hennar er sú, eins og kom fram á síðasta fundi í þessari hv. d., að hún leggur til að felld séu niður þau ákvæði frv. sem fjalla um nýskipan á skráningu ökutækja eða bifreiða. En þetta var og er kjarni þessa frv.

Ég vil láta það koma fram að ég get ekki fallist á þessa niðurstöðu n. og þau sjónarmið sem sú niðurstaða er byggð á. Hins vegar geri ég ráð fyrir því að þar sem n. öll er sammála um þessa niðurstöðu, þá sé gagnslitið að vera að eyða mjög mörgum orðum að því.

N. hefur fengið nokkrar umsagnir um frv. og mér sýnist svo við lauslega athugun á þessum umsögnum að þær séu flestar jákvæðar að því er varðar þetta nýja skipulag á skráningu. Þó að í sumum þessara umsagna séu aths. um sum atriði og bollaleggingar um önnur, þá sýnist mér að þetta sé niðurstaðan hjá langflestum þeim umsagnaraðilum sem látið hafa í té umsögn. Þar nefni ég fyrst til þá aðilana sem ég tel hafa langmesta reynslu og ég vil segja þekkingu varðandi þessi mál. Þar nefni ég til Bifreiðaeftirlit ríkisins og lögreglustjórann í Reykjavík, en þetta eru þeir aðilar sem hafa auðvitað langmesta reynslu í þessum efnum. Ég nefni enn fremur til umsögn frá Samvinnutryggingum sem er langstærsta tryggingafélagið. Sú umsögn var jákvæð að þessu leyti þótt hent sé á viss atriði í því sambandi. Umsögn Ábyrgðar, tryggingafélags bindindismanna, er jákvæð. Umsögn bifreiðaeftirlitsmanna er í raun og veru jákvæð um þetta atriði, en þeir taka þó fram að skoðanir séu skiptar hjá bifreiðaeftirlitsmönnum um þetta atriði. Hins vegar má svo segja að það séu umsagnir eins og Félags ísl. bifreiðaeigenda og Hagtryggingar víst sem eru neikvæðar að þessu leyti. Samband ísl. tryggingafélaga bendir í raun og veru á kosti og galla þessa nýja kerfis, en án þess að kveða upp dóm um það, þannig að mér virðist að þessar umsagnir bendi frekar í þá átt að það sé skynsamlegt að taka upp þetta nýja kerfi sem frv. gerði ráð fyrir.

Það var bent á það af hv. frsm. að þessari nýju skipan gætu fylgt vissir annmarkar að því leyti til að það gæti leitt til óvissu í sambandi við eigendaskipti á bifreiðum og varðandi veðsetningu. En ég held að úr þessu hvoru tveggja

hafi hv. flm. gert fullmikið. Það er að sjálfsögðu svo að veðsetning á bifreiðum er mikið notuð hér á landi, miklu meira en í nágrannalöndum, og bifreiðar eru að sjálfsögðu lausafé og þess vegna gildir það að það verður að fara fram þinglýsing ef flutt er samkv. gildandi lögum á milli umdæma. En það er gert ráð fyrir því að þessi ákvæði í lögum um hina nýju skráningu taki þá fyrst gildi þegar dómsmrh. ákveður, og það hefur alltaf verið gert ráð fyrir því, hvort sem það kemur nægilega fram í grg. með frv. eða hvort sem það hefur komið nægilega fram í framsögu á sínum tíma, að það yrði, áður en þessi skipan tæki gildi, að setja nýjar reglur um þinglýsingu að þessu leyti, og með nýjum reglum að því leyti til ætti að vera hægt að koma í veg fyrir þessa óvissu eða a. m. k. gera hana tiltölulega litla.

Þá held ég að hv. frsm. hafi bent á það sem rök fyrir niðurstöðu n. að breyting til hins nýja horfs gæti haft óheppileg áhrif varðandi skiptingu í áhættusvæði eða áhættuflokka. Það er að sjálfsögðu svo, eins og menn þekkja, að landinu er skipt í áhættusvæði varðandi þetta og iðgjöld mismunandi á hverju áhættusvæði. Ég skal ekki ræða það hér hvort þessir hættir, sem tíðkast hafa, eru að öllu leyti heppilegir eða ekki, heldur byggja á því sem er. En ég held að það sé ekki mikil hætta á því að nýr eigandi verði fyrir neinu tjóni í þessu sambandi af þessum völdum, vegna þess að það er svo mikil ábyrgð, sem á hann er lögð í sambandi við ökutækið, að fyrri eigandi hlýtur að hafa hagsmuni af því að gæta þess að tilkynnt sé um eigendaskiptin. Þess vegna held ég að það sé gert of mikið úr þeim annmarka sem á kynni að vera að þessu leyti.

En aðalmarkmiðið og atriðið með þessum ákvæðum í frv. var að reyna að koma á meiri hagræðingu og sparnaði. Það er að vísu rétt að það er ekki hægt að reikna það út með nákvæmni hver sá sparnaður mundi verða, og hv. allshn. hefur ekki viljað gera mikið úr þeim sparnaði. Það er þó augljóst af grg., sem frv. fylgir, að það kveður ákaflega mikið að umskráningum. Það er birt tafla um þær í grg. með frv. og hún ber með sér að það eru ákaflega margar umskráningar sem fara fram, og ég held að það gefi auga leið að það hlýtur að vera kostnaður því samfara, hljóta að fara æðimörg dagsverk í að koma þessari umskráningu við. Það er rétt að það hefur ekki farið fram nýleg áætlun um sparnað við breytt skráningarkerfi. En á árinu 1972 var áætlað, miðað við árið 1971, að sparnaður við Bifreiðaeftirlitið yrði um 3.5—4 millj. kr. Frá 1971 til 1975 hefur kostnaður við Bifreiðaeftirlitið líklega fjórfaldast. Forstöðumaður Bifreiðaeftirlitsins, sem þessum málum ætti að vera kunnugastur, hefur tjáð mér að hann teldi, að sparnaður af þessu nýja skipulagi, ef upp væri tekið, gæti orðið hjá Bifreiðaeftirlitinu einu um 20 millj. á ári. Sjálfsagt þykja mönnum 20 millj. ekki mikið fé hér á hv. Alþ., en þó eru það 20 millj. og þær mætti nota til einhvers annars ef hægt væri að spara þær á þessum lið.

Þessir hættir um skráningu hafa, að ég held, verið teknir upp í nágrannalöndum okkar, og ég veit ekki betur en þeir hafi gefist þar vel. Þess vegna sýnist mér að það hafi verið eðlileg sú breyting sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Það tekur dálitinn tíma að koma henni á og þess vegna gert ráð fyrir því í gildistökuákvæði frv. að það fari eftir nánari ákvörðun dómsmrh. En breytingin hefur verið undirbúin á ýmsan hátt. Sú vinna, sem hefur verið lögð í það, fer að vísu ekki til ónýtis. Hún kemur að gagni að öðru leyti. Samt sem áður held ég að þegar menn athuga þetta mál, þá hljóti þeir að komast að þeirri niðurstöðu að það skipulag, sem gert var ráð fyrir að taka upp með þessu frv. varðandi skráningu, sé eðlilegt.

Ég held að það, sem hér hefur komið til greina og dregið úr mönnum, sé einkanlega tvennt: annars vegar það tregðulögmál sem oft verður vart þegar gera á einhverjar breytingar frá kerfi sem menn hafa alist upp við og þeir þekkja, hins vegar viss tilfinningasemi. Það er þannig, og ég skal ekkert vera að gera lítið úr því, að ýmsum bíleigendum þykir vænt um sitt bílnúmer og vilja halda því. Þetta getur verið skiljanlegt, en má að mínum dómi ekki standa í vegi fyrir því að gerð sé á þessu skynsamleg breyting ef menn eru á annað borð á því að rétt sé að hverfa að þessum háttum. Það er af þessari ástæðu, sem bifreiðastjórar, margir hverjir a. m. k., eru heldur andstæðir þessu frv. eða þeirri skipan sem gert var ráð fyrir að taka upp með því. Og það er sjálfsagt tilfinningasemi fyrst og fremst. Kannske er það hégómaskapur vissrar tegundar í vissum tilfellum hjá þeim sem hafa lágt númer, þá vilja þeir gjarnan halda því og gjarnan geta látið það ganga í ættir, kannske marga ættliði. Einhvern tíma held ég að það hafi verið í einhverri góðri revíu eftir þá ágætu revíuhöfunda, Jónas Árnason og Jón Múla, að það var vikið að einhverju bílnúmeri sem var ákaflega dýrmætt og eftirsótt. Ég held að hann hafi heitið Gunnar Hámundarson, ef ég man rétt, sem hafi haft þetta númer. Ég man ekki hvort það var í Delerium Búbónis eða einhverju öðru leikriti sem þetta var. En þar hafa menn sjálfsagt getað fengið góða spegilmynd og nokkuð sanna mynd af því, hvað menn, sumir hverjir, vilja gefa fyrir það að fá það lága bílnúmer og fá að halda því. Eins og ég sagði, þá get ég svo sem vel skilið þessar tilfinningar manna sem eru bundnar við ákveðin bílnúmer og skal ekkert vera að lasta það.

Þetta frv. er stjfrv., en þetta er auðvitað svo algerlega ópólitískt mál að menn fara nú varla að taka afstöðu í því eftir flokkum. Þess vegna geri ég það ekki að neinu kappsmáli að frv. verði afgreitt í sinni upphaflegu mynd, heldur sætti ég mig auðvitað við það sem meiri hl. Alþ. ákveður í þessu efni. En ég endurtek að hér er þinginu að mínum dómi gefið færi á því að koma við hagræðingu og umtalsverðum sparnaði, og ef menn vilja spara, þá verða menn einhvers staðar að byrja.

Frsm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Aðeins nokkur orð. Ég gerði hér í síðustu viku grein fyrir áliti hv. allshn. varðandi þetta frv. Ég gerði þar grein fyrrir því að n. hefði fengið allmargar umsagnir um málið og þær hefðu verið bæði jákvæðar og neikvæðar, en sagði jafnframt frá því að langflestar aths. hefðu verið neikvæðar, og vil ég aðeins skýra betur frá því.

Það er rétt, sem fram kom hjá hæstv. ráðh., að nokkrar umsagnanna voru jákvæðar, m. a. frá embætti lögreglustjórans í Reykjavík, Bifreiðaeftirliti ríkisins, Samvinnutryggingum og Ábyrgð hf. Hvað snertir umsagnir t. d. frá lögreglustjóranum og tryggingafélaginu Ábyrgð hf., þá voru það ákaflega lítilfjörlegar umsagnir, svo að ekki sé meira sagt, því að þær voru nánast ein setning um það að viðkomandi embætti og viðkomandi félag mælti með samþykkt frv. Bifreiðaeftirlitið og Samvinnutryggingar fóru aðeins efnislega nokkrum orðum um frv. og það var að mestu leyti jákvætt, en Félag bifreiðaeftirlitsmanna, sem hæstv. ráðh. nefndi líka, gat þess að enda þótt félagið sem slíkt hefði samþ. að mæla með frv., þá væru bifreiðaeftirlitsmenn alls ekki á eitt sáttir, og var skýrt tekið fram í þeirra umsögn hvaða aths. hefðu komið fram úr þeirra röðum.

Til viðbótar þessum umsögnum bárust n. umsagnir frá tryggingafélaginu Hagtryggingu, Félagi ísl. bifreiðaeigenda og Sambandi ísl. bifreiðatryggingafélaga, og allar þessar umsagnir voru mjög neikvæðar og í þeim öllum voru raktar ástæðurnar fyrir því að viðkomandi aðilar legðust gegn frv. hvað þetta snertir sem við erum hér að tala um, þ. e. a. s. umskráningu bifreiða. Þar komu fram mjög veigamikil og sterk rök sem mæltu gegn því að samþykkja breytinguna, og ég hafði þessar umsagnir í huga þegar ég gat þess að langflestar aths., sem fram hefðu komið, hefðu verið neikvæðar.

Ég vil aðeins í þessu sambandi segja frá því, að um leið og ég gerði grein fyrir áliti n. og er samþykkur því, þá var ég mjög opinn fyrir því að standa að þessari breytingu, mæla með henni ef hún leiddi til verulegs sparnaðar. Ég vildi láta ráða afstöðu minni hvort það væri augljóst að sparnaður yrði verulegur og umtalsverður. Þess vegna las ég umsagnir mjög gaumgæfilega, og ég verð að viðurkenna að það var hvergi hægt að sjá í þeim umsögnum, sem bárust, fullgildar útskýringar eða nægileg rök sem sýndu fram á þennan sparnað. Hæstv. ráðh. nefndi í ræðu sinni að talið sé að hægt sé að spara um 20 millj. kr. Þessa tölu hef ég ekki heyrt áður og n. ekki heldur, og ég leyfi mér að efast um að hún muni verða niðurstaðan þegar öll kurl eru til grafar komin.

Í þessu sambandi vil ég aðeins segja hv. d. frá því að í umsögn Bifreiðaeftirlitsins kemur fram eftirfarandi, þar segir: „Við athugun, sem fram hefur farið á rekstri Bifreiðaeftirlits ríkisins, hefur komið í ljós að nær ógerlegt er að skipuleggja starfsemi stofnunarinnar án þess að ökutækin fái fast númer. Með núverandi fyrirkomulagi er ruglingur í skráningu óumflýjanlegur. Verði núverandi skáningarformi við haldið verður að fjölga verulega starfsfólki við Bifreiðaeftirlitið og leggja í margvíslegan aukakostnað til þess að koma umskráningunni í þolanlegt horf.“ Síðan segir: „Ekki er t. d. hægt að ætlast til þess að fólk, sem er skyldað til að skipta um númer á bifreiðum sínum þegar það flyst milli lögsagnarumdæma, skipti um númerin undir berum himni. Til þess yrði að byggja sal í tengslum við skoðunarstöð. Í Reykjavík hefur Bifreiðaeftirlitinu verið úthlutað lóð. Teikningu skoðunarstöðvar er langt komið. Verði umskráningum hins vegar fram haldið verður ekki séð að lóðin rúmi þær byggingar sem þarf yfir starfsemina.“

Ef þessar 20 millj. eru m. a. fundnar með því að draga þá ályktun að það þurfi að byggja þetta stóra hús og að útilokað sé að láta almenning skipta um númer undir berum himni, þá er sjálfsagt hægt að komast að þessari niðurstöðu. En mér finnst þetta ekki vera mikilvæg röksemd. Það er auðvitað hægt að gefa sér ýmsar ástæður og forsendur fyrir því að það þurfi að leggja í þennan eða hinn kostnaðinn ef áfram verði haldið með núverandi fyrirkomulagi. En það er enginn sem segir að það þurfi að gera það, og ég held að ef fólk vill halda sínum númerum og skipta um númer þegar skipt er um bifreið, þá sé ekkert því til fyrirstöðu að það verði einfaldlega að sætta sig við að gera það undir berum himni. Við getum a. m. k. ekki farið að breyta lögum eingöngu vegna slíkra ástæðna.

Ég nefndi það í ræðu minni hér, þegar ég gerði grein fyrir nál., að ef Bifreiðaeftirlitið vildi reyna að spara og koma í veg fyrir einhver útgjöld sem hljótast af því að þurfa að hafa fjölda manna í umskráningunni, þá væri hægt að fella t. d. niður skoðunarskylduna sem nú er þegar skipt er um eigendur á ökutæki og það væri jafnframt hægt að hækka gjaldið sem menn þurfa að greiða þegar þeir fá sér ný númer eða þegar þeir skipta um bifreið og halda sínu gamla númeri. Ég er sannfærður um að þetta hvort tveggja mundi auðvelda Bifreiðaeftirlitinu að framkvæma umskráninguna í núverandi formi og það mundi jafnframt draga úr því að fólk sæktist eftir því að halda sínum númerum.

Það er sjálfsagt rétt hjá hæstv. ráðh. að hjá mörgum er það visst tregðulögmál og tilfinningasemi sem ræður afstöðu þeirra í þessu máli og og veldur því að fjölmargir vilja halda núverandi kerfi óbreyttu. En ég vísa því á bug að þau lögmál eða sú tilfinningasemi hafi ráðið afstöðu allshn. Ég hygg að í fyrsta lagi sé það þetta, að n. kom ekki auga á þann sparnað sem um er talað. Hún taldi ekki nægileg rök vera fyrir því að breyta frá núverandi kerfi í nýtt form, vegna þess að hún sá fram á að ef breytingin yrði og jafnvel þótt einhver sparnaður kæmist á í Bifreiðaeftirlitinu, þá mundi nokkur kostnaður hljótast af á móti. Ég benti á í því sambandi að það virtist vera nauðsynlegt að setja upp sérstaka þinglýsingarstofu, skrásetja þar bifreiðar og veðskuldir og fjárnám sem á ökutækjunum hvildi. Það mundi hljótast nokkur kostnaður af að setja upp slíka skrifstofu. Það mundi valda fólki nokkrum kostnaði að nálgast þær upplýsingar, og vegna þess að þar flyttist skrásetningin inn á eina stofu sjálfsagt í Reykjavík, þá mundi það valda nokkrum kostnaði fyrir fólk úti á landi. Jafnframt yrði það til þess að fólk mundi, þar sem það hefði ekki nægilegan aðgang að þessum upplýsingum, ekki leita eftir þeim og undir vissum kringumstæðum mundi skapast tjón af því. Þá vakti ég athygli á því að ef nýtt skráningarkerfi er tekið upp, þá þarf að búa til ný númer á allar bifreiðar, öll ökutæki landsins, og það hlýtur að kosta nokkuð. Síðan var dregin sú ályktun að þar sem landinu væri ekki lengur skipt í áhættusvæði, þá mundu sjálfsagt iðgjöldin

hækka nokkuð. Allt er þetta nokkur kostnaður fyrir hvern einstakan eiganda ökutækis. Síðast en ekki síst tel ég ástæðu fyrir því að n. tók þessa afstöðu, a. m. k. einhverjir nm., sjálfsagt einhverjir fleiri, vera þá viðleitni hjá þm. og sem betur fer hjá fleiri íslendingum að sporna við því að við verðum allir að númerum í tölvum og allt kerfið og allt lífið verði ópersónulegra en það er nú í dag. Ef þetta manneskjulega viðhorf hefur einhverju ráðið, þá finnst mér það persónulega ekki skipta neinu.

Hitt er annað mál, að enda þótt allshn. hafi ekki fallist á að samþykkja þessa breytingu, þá er langt í frá að þetta mál sé úr sögunni. Það er vakin athygli á því að Bifreiðaeftirlitið getur haldið þessu kerfi jafnframt gamla kerfinu, þannig að sú vinna, sem nú þegar hefur verið lögð í það, sá kostnaður, sem út hefur verið lagður, kemur að notum. Og ef mál þróast þannig, ef íslendingar fá sannfæringu fyrir því að skynsamlegt sé að breyta í það horf, sem frv. gerði upphaflega ráð fyrir, þá yrði alltaf hægt að taka það mál upp aftur.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Því miður er það svo að það er mjög sjaldan, eða allt of sjaldan kannske mætti orða það frekar, sem mál koma frá hæstv. ríkisstj. sem verða að teljast skynsamleg og ættu að verka til sparnaðar í þjóðfélaginu. Við höfum á undanförnum mánuðum fjallað um ótalmörg stjfrv. sem mörg hver, svo að ekki sé meira sagt, hafa verið meingölluð, en þá hafa hv. óbreyttir þm. stjórnarliðsins allir dansað með í þeim dansi hæstv. ríkisstj. En þegar nú bregður svo við að að því er mér virðist kemur skynsamlegt frv. frá hæstv. ríkisstj., þá sameinast allir hv. stjórnarsinnar í allshn. Nd. um það að rísa nú upp á afturfæturna og vera á móti.

Þetta er kannske einkennandi fyrir það sem hefur verið og er að gerast hér á hv. Alþ. undir forsjá hæstv. ríkisstj. Það er að sjálfsögðu oft sem hæstv. dómsmrh. mælir skynsamlega í ýmsum málum, og mér fannst hann gera það nú í þessu máli. Og nú er svo komið að hæstv. dómsmrh. og ég erum orðnir í meginatriðum sammála um stjfrv. þegar hinir rísa allir upp á móti, hans eigin samherjar, flokksbræður og úr hinum stjórnarflokknum. Ég veit ekki, hvað slíkt boðar, og ætla engu þar um að spá. En mér finnst þetta athyglisvert eigi að síður.

Eins og hæstv. ráðh. kom hér inn á, þá er hér um að ræða nokkuð verulega breytingu frá gildandi ákvæðum varðandi þessi mál, og meginefni þessa frv. er einmitt að breyta ákvæðum umferðarlaga um skráningu ökutækja varðandi lögsagnarumdæmi. Ég man ekki betur en þetta mál hafi verið athugað allgaumgæfilega í undirnefnd fjvn. fyrir 3—4 árum og þá fékk sú n. allítarlega skýrslu og grg. frá umferðareftirliti ríkisins þar sem leidd voru rök að því, a. m. k. lét ég sannfærast þó að hv. fulltrúar í allshn. hér hafi ekki sannfærst, þá lét ég sannfærast um það að hér væri á ferðinni breyting sem mundi leiða til verulegs sparnaðar ef af yrði. Og hafi verið til þess ástæða þá, fyrir fjórum árum, að gera breytingar til sparnaðar og jafnframt til hagræðis, þá er það ekki síður nú.

Ég man að vísu ekki þá tölu sem þá var nefnd í sambandi við sparnað, en þar var um að ræða nokkrar millj. a. m. k. Hæstv. dómsmrh. sagði áðan að hér gæti verið um að ræða um 20 millj. kr. sparnað á ári. Vissulega munar um ef hægt er að spara það í þessu og veita því fjármagni til nauðsynlegra hluta sem nú eru sveltir í fjárveitingum.

En ég stóð nú fyrst og fremst upp til að spyrjast í raun og veru fyrir um það, hvort það hafi virkilega verið svo að allshn. þessarar d. hafi ekki gert sér þá fyrirhöfn að fá um það alveg ótvíræðar upplýsingar frá viðkomandi aðilum hversu mikinn sparnað væri hér um að ræða ef þessi breyting yrði gerð. Mér finnst mjög skorta á í störfum n. og því, sem frá henni kemur, að því er virðist, og ekki verður annað séð a. m. k. frá mínum bæjardyrum, að allshn. hafi aflað sér nauðsynlegra upplýsinga til þess að geta byggt á þá ákvörðun að hér væri ekki um neinn verulegan sparnað að ræða. Ég hefði viljað fá að heyra tölur um það settar fram af þeim aðilum, sem hér hafa að unnið, og rökstuddar, hver slíkur sparnaður væri. Mér finnst það á vanta.

Ég er sem sagt þeirrar skoðunar að breyta ætti til í þessum efnum og gera þá breytingu með þeim hætti sem hér um ræðir. Það eiga að víkja öll tregðulögmál í þessum efnum og tilfinningaspursmál gagnvart lágum númerum. Það er enginn vafi á því að það viðhorf er ríkjandi hjá æðimörgum og líklega ekki bara þm., heldur líklega miklu víðar. En það er enginn vafi á því að það er ríkjandi hjá þm. líka, en slíkt er auðvitað ekki þess eðlis að það eigi að halda því við ef hægt er að sýna fram á að það sé hægt að spara fjármuni með breyttum vinnubrögðum í þessum efnum.

Meginákvæði þessa frv. er sem sagt þessi breyting, og það er undirstrikað í aths. með frv. að vegna hinna síauknu og stórlega auknu umsvifa hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins vegna þessara skráninga sem nú eru viðhafðar, umskráninga, þá telja þeir nauðsynlegt að slík breyting verði gerð. Það er eitt meginefni þessa frv.

Ég skal ekki hafa um þetta öllu fleiri orð, en ég vildi gjarnan ef það er mögulegt, fá frekari upplýsingar. Ég trúi því vart að hv. allshn. hafi ekki kafað svo djúpt í þetta mál að hún hafi kynnt sér það alveg raunhæft hversu miklar upphæðir hér er um að ræða í sparnaði ef að þessum till. yrði farið. Mér finnst það á vanta í þessu máli að sýnt sé fram á af hálfu allshn. með rökum og tölum að hér sé ekki um að ræða neinn sparnað sem sé þess eðlis að það sé rétt að gera þessa breytingu. Ég sem sagt lýsi stuðningi mínum við þetta stjfrv. og hæstv. dómsmrh., og ég tel að það sé rétt að gera þessa breytingu.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Það er ekki ein bára stök. Ég geri sömu játningu og hv. síðasti ræðumaður, að í þessu máli er ég sammála hæstv. dómsmrh. og býð honum stuðning minn við að koma fram ágætu stjfrv. gegn vanhugsaðri uppreisn í þn. sem um það hefur fjallað.

Því meira sem ég hef heyrt talað um mál þetta, bæði hér á þingi og utan þings, því sann-

færðari hef ég orðið um að það, sem hér hefur verið kallað tilfinningasemi eða tregðulögmál, ræður miklu meiru um afstöðu manna í þessu máli heldur en þeir vilja sjálfir viðurkenna. Það er raunar mikil kurteisi að vera að nota þessi orð yfir það sem heitir manna á meðal númerasnobberí og er svo sterkt afl hér á landi, að mér er tjáð að valin númer séu seld fyrir tugi þúsunda.

Að öðru jöfnu mættu menn svo sem halda uppi þessum leik. En hér hefur verið lagt fram frv. um að gera breytingu á bílaskráningu sem er í áttina til aukinnar hagræðingar og stórfellds sparnaðar og heilbrigð skynsemi þar að auki. Þá tel ég ekki að Alþ. eigi að leyfa númerasnobberíinu að hrifsa af þjóðinni 20 millj. kr. sparnað.

Það er mjög í tísku að amast við númeranotkun yfirleitt, og má vel vera að persóna einstaklinganna sé komin í hættu af þeim sökum. Númeragjafir geta farið út í öfgar, en ég verð að játa að mér finnst ég hafa nálega hvern dag töluvert mikið gagn af nafnnúmerinu mínu.

En þetta mál snýst ekki um að númera persónur. Hv. 11. þm. Reykv. talaði um að við værum allir orðnir að númerum í sambandi við þetta frv. Hann gerir ekki lengur greinarmun á sjálfum sér og bílnum sínum. Það tvennt er ég, eitt og sama fyrirbrigðið. En það er töluvert annað að númera vélræna hluti, sem renna um götur og vegi og drepa fjölda manns á ári hverju, heldur en að stimpla sjálfa einstaklingana, svo að ég tel ekki ástæðu til þess að færa slík rök fram gegn frv.

Það, sem kalla má efnisleg rök og fram hefur verið færð úr umsögnunum, er mjög virtust snúast til tveggja vega, er t. d. vandamál varðandi veðsetningu bifreiða. Nú skal ég ekki neita því að miðað við núverandi kerfi hljótast vafalaust af þessu einhver vandamál, en ég hef því miður ekki mikla samúð með því. Mér finnst lánafarganið á einstökum þegnum þessa lands vera komið svo úr hófi fram að það sakaði ekkert þótt það væri bókstaflega bannað að veðsetja bifreiðar og öll þau viðskipti, sem í sambandi við þau við eru, hreinlega þurrkuð út. Það væri stórkostleg efnahagsumbót ef skuldir einstaklinga væru minni og einfaldari hér á landi heldur en þær eru í dag.

Önnur mótbára er sú, að erfiðara mundi vera að hafa áhættusvæði varðandi bifreiðatryggingar. Þetta kann að vera rétt. En þó vil ég biðja menn um að íhuga hvað þeir sjá ef þeir líta kringum sig á götum Reykjavíkur um hávetur, þegar sáralítið er hér af bílum utan af landinu nema þá úr allra næsta nágrenni. Það er ótrúlegur fjöldi bifreiða sem er sýnilega í bænum alla daga, notaður af fólki sem býr hér, en bera númer utan af landinu. Ég er hræddur um að vegakerfið sé orðið það gott og hreyfing á tækjum og mönnum það mikil að svæðaskipting á 218 þús. sálum, þó að landið sé stórt, sé harla vafasöm og það séu líklega nokkuð margir hér í borg sem misnota þetta kerfi ef þeir geta fengið örlítið lægri tryggingu með því að skrá bíla sína annars staðar. Önnur skýring er ekki til á því hve mikið af bílum með númer úr öðrum sveitarfélögum er í notkun hér á höfuðborgarsvæðinu.

Varðandi það, sem sagt var um húsnæði Bifreiðaeftirlitsins, vil ég taka skýrt fram að það er alls ekkert hégómamál. Það er lítill vandi að segja að menn, sem vilja hafa ákveðin númer, séu ekki of góðir til þess að setja þau á bíla sína í roki og rigningu undir beru lofti. Það er út af fyrir sig ekki kjarni málsins. En skoðun, sem bæði fer fram við bifreiðaskipti og endranær, er gerð af Bifreiðaeftirlitinu, og sú vinnuaðstaða, sem Bifreiðaeftirlitið hér í Reykjavík hefur haft nú um langt árabil undir berum himni, er fyrir neðan allar hellur og er íslenskum yfirvöldum til hreinnar skammar að hafa ekki bætt úr því fyrir löngu. Það vill svo til að ég hef býsna oft aðsetur í húsi þar sem ég sé út um glugga yfir þennan vinnustað, og þykist ég því geta allvel dæmt um það hvernig hann er og hvað starfsmönnum er boðið. Það mæðir miklu meira á þeim heldur en eigendum bifreiðanna sem rétt þurfa að skjótast úr bílnum og inn í kofann sem stendur þarna á víðavangi, hér austur í bæ.

Að lokum vil ég segja þetta: Í þessum umr. hefur hæstv. dómsmrh. haldið því fram, að þetta frv. mundi í framkvæmd færa okkur 20 millj. kr. sparnað á ári. Talsmaður n. hefur dregið þetta í efa eftir þá athugun sem n. hefur látið fara fram á málinu. Mér finnst að d. eigi ekki að láta bjóða sér að ganga til atkv. meðan svo ólíkum tölum og niðurstöðum er haldið fram um eitt meginatriði málsins. Það er útilokað annað en það sé hægt að fá upplýsingar sem annað hvort sanna eða afsanna fullyrðingu hæstv. ráðh., en hann nefndi nokkuð ákveðna tölu, um 20 millj. Ég vil því beina því til hæstv. forseta að umr. verði ekki lokið, heldur verði þess farið á leit við hv. n. að hún taki málið aftur upp og kanni sérstaklega spurninguna um sparnað í sambandi við þá breytingu, sem lögð er til með frv., og d. fái að heyra niðurstöðu af þeirri athugun sem n. þá væntanlega gerir í samráði við hæstv. ráðh.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Það vekur sjálfsagt talsverða athygli og hefur þegar gert í þessum umr. að þn., sem fær til meðferðar stjfrv., skuli einróma leggjast gegn kafla í því frv. og það meira að segja meginkafla þess. Ég hef hlýtt á þær umr., sem hér hafa farið fram, og þær röksemdir, sem hv. allshn. hefur haft fram að færa, ásamt gagnrökum, og ég verð að segja það að þessar umr. hafa ekki orðið til þess að auka trú mína á því að með frv. þessu sé stefnt til betri áttar.

Það hafa komið fram nokkrar röksemdir af hálfu frsm. hv. allshn. gegn þessu máli, og ég get tekið undir þær a. m. k. í höfuðdráttum. En það eru e. t. v. fleiri röksemdir sem hægt er að færa fram gegn þessu máli, og skal ég þá alveg víkja til hliðar því sem hv. síðasti ræðumaður kallaði númerasnobb.

Það, sem ég vil láta hér koma fram, er það m. a. að ef þessi breyting verður gerð, þá veldur það miklum erfiðleikum að hafa uppi á bifreið sem tapast, bifreið sem er stolið, þegar ekki er

lengur um að ræða skráningu eftir umdæmum. Þetta hefur kannske ekki mikið að segja hvað þær bifreiðar snertir sem bera R-númer. En þegar um er að ræða bifreiðar sem eru merktar hinum ýmsu lögsagnarumdæmum öðrum, þá hygg ég að auðveldara sé að finna slíkar bifreiðar heldur en eftir að númerakeðjan er öll komin í eitt. Enn fremur er auðveldara fyrir ökumenn, sem brjóta af sér, að dyljast og komast undan með sitt ökutæki þannig að það verði trauðla fundið eftir þá breytingu sem fyrirhuguð er með þessu frv. Þetta held ég að sé nokkuð verulegt atriði eða a. m. k. atriði sem ástæða sé til þess að draga fram í þessum umr.

Ég verð að segja það út af því, sem hér hefur verið sagt í sambandi við sparnað eða ekki sparnað í sambandi við þetta mál, að þá hef ég þær fregnir frá bifreiðaeftirlitsmönnum, sem hafa mjög mikla og langa reynslu í afskiptum á þessum vettvangi, að þeir telja að hér sé um mjög ýktar tölur að ræða. Hvað er í raun er erfitt að meta af þeim umr. sem hér hafa farið fram, og t. d. hv. þm. Karvel Pálmason, sem hélt hér vandlætingarræðu yfir hv. allshn., gat að mínum dómi ekki bent á eitt einasta atriði sem væri til sparnaðar í þessu máli, eða ég varð ekki var við það í ræðu hans. Nú er það svo að í sambandi við skráningarskylduna, sem nú er í gildi, þá hafa skráningargjöld, bæði umskráningargjöld og gjöld fyrir nýskráningar, staðið óbreytt í fjölda ára og eru orðin svo lág að ekki nær nokkurri átt. Það er a. m. k. full ástæða til þess að hækka þessi gjöld og e. t. v. mundi það hafa einhver áhrif í þá átt að draga úr hneigð manna a. m. k. innan sama lögsagnarumdæmis til umskráningar við kaup á nýjum ökutækjum. En þetta hefur líka aðra þýðingu, sem sé þá þýðingu að ef umskráningargjöld og nýskráningargjöld, sem réttast væri að væri eitt og sama gjaldið, væru hækkuð til samræmis við það sem eðlilegt má teljast, þá væri þar fundinn tekjustofn sem a. m. k. að verulegu leyti gæti staðið undir rekstri Bifreiðaeftirlits ríkisins.

Ég held að ef þáttur í þessum svokallaða sparnaði er það sem hv. frsm. allshn. nefndi hér, að þyrfti að byggja stóra skemmu yfir eða við Bifreiðaeftirlitið til þess ökumenn þyrftu ekki að skipta um númer á ökutækjum undir beru lofti, þá væri það svona í samræmi við að það þyrfti að byggja yfirbyggðan gang meðfram öllum þjóðvegum landsins. Engum er talin ofætlun að skipta um hjólbarða, sem springur, úti á víðavangi hvernig sem veður er. Og ég tel að það sé ekki meira verk, nema síður sé, að skipta um númersspjöld á bifreið. Ég tel að íslenska þjóðin sé ekki orðin svo kveifarleg að ökumenn geti ekki skipt um númeraspjöld á bíl nærri því í hvaða veðri sem er.

Ég held að sú afstaða, sem ég hef í þessu máli og er í samræmi við afstöðu hv. allshn., sé ekki byggð, a. m. k. ekki einvörðungu, á neinu tregðulögmáli. Og þótt hún sé að einhverju leyti byggð á tregðulögmáli, þá held ég að við hér á hv. Alþ. mættum kannske hafa meiri tregðu til að bera í því að taka upp ýmsa nýbreytni sem flætt hefur yfir landslýðinn á undanförnum árum og oft hefur sýnt sig að ekki er til bóta. Ég tel að þegar um er að ræða breytingar sem eru mjög umdeildar og vafasamt er a. m. k. hvort nokkur sparnaður fylgir, en augljóst er að margir ókostir fylgja, þá sé rétt að fara að með allri varfærni og rétt að beita tregðu við samþykkt slíkra nýmæla enda þótt tekin séu í lög í öðrum löndum. Þess vegna kippi ég mér ekki upp við það þótt mér verði borið það á brýn að ég láti að nokkru stjórnast af tregðulögmáli.

Hæstv. dómsmrh. gat um það í sinni ræðu áðan að meðal þeirra aðila, sem mælt hefðu með samþykkt þessa frv., væru tveir af þeim aðilum í landinu sem hefðu mesta reynslu og þekkingu í þessum efnum, þ. e. Bifreiðaeftirlit ríkisins og lögreglustjórinn í Reykjavík. Ekki skal ég vanmeta reynslu og þekkingu þessara aðila og þessara stofnana. Ég hygg þó að undir þetta álit hafi skrifað forstöðumenn þessara stofnana. En hvað sem því líður, þá er reynsla þeirra og þekking eða a. m. k. reynsla að verulegu leyti bundin við Reykjavíkursvæðið. Stundum þegar leitað er til forstöðumanna stofnana, sem staðsettar eru hér á höfuðborgarsvæðinu, sýnist vera um það að tefla að þær séu litaðar af þeim sjónarmiðum sem eru bundnar við þann ákveðna stað.

Nú hefur hv. allshn. litið algerlega fram hjá þessum sjónarmiðum og einmitt bent á það til mótvægis að þessari breytingu mundi væntanlega fylgja það að setja yrði upp sérstaka skráningarskrifstofu í Reykjavík, sem hefði í för með sér aukinn kostnað og aukna fyrirhöfn fyrir þá sem búa utan höfuðborgarsvæðisins. Og ég verð að segja það, að ég hlýt að þakka hv. allshn. fyrir að hafa litið víðari augum á þetta mál heldur en þann blett landsins sem við erum nú staddir á.

Ég hef fyrst og fremst fengið upplýsingar um þetta mál allt frá bifreiðaeftirlitsmönnum utan Reykjavíkursvæðisins, og sú reynsla og sú þekking, sem þeir höfðu mér að miðla í þessum efnum, var mjög svo öndverð við þá reynslu og þekkingu sem virðist hafa verið lögð til grundvallar áliti þeirra mætu manna sem undirritað hafa umsögn Bifreiðaeftirlits ríkisins og lögreglustjóraembættisins í Reykjavík. Þetta út af fyrir sig kann ekki að þykja neitt undarlegt þar sem mál þetta er umdeilt og skoðanir stangast á. En ég hef talað við ýmsa aðila sem þessum málum eru nauðakunnugir úti á landi, og ég hlýt að taka allmikið mark á því sem þeir hafa um þetta haft að segja. Þeir hafa talið að sparnaðurinn, sem þessu fylgdi, væri hégómi einn og óhagræðið og margvíslegir ókostir væru svo miklir að ekki væri rétt að samþykkja þetta mál. Ég vil þess vegna lýsa yfir stuðningi við álit hv. allshn.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég skal nú ekki bæta mörgum orðum við það sem ég hef áður um þetta sagt. Ég vil aðeins út af orðum hv. síðasta ræðumanns taka það fram að þær tölur, sem ég nefndi, standa ekki í neinu sambandi við neinar byggingar yfir bifreiðaeftirlit. Auðvitað er það svo að það á að byggja yfir bifreiðaeftirlit og bifreiðaskoðun á að fara fram innanhúss. Bifreiðaskoðun getur aldrei verið í því lagi, sem hún þarf að vera,

með þeim hætti sem orðið hefur að hafa að þessu, að skoðanir hafa farið fram úti. Nú er verið að bæta úr því til bráðabirgða hér í Reykjavík, þannig að Bifreiðaeftirlitið hér fær sérstakt húsnæði sem tekið hefur verið á leigu, og þó að það sé ekki framtíðarhúsnæði, þá bætir það úr brýnni þörf og kemur þessum málum í betra horf en verið hefur. En víðast hvar eru þessi mál í hinum mesta ólestri. Þó er þar frá undantekning, t. d. nálægt hv. síðasta ræðumanni. Á Blönduósi hefur einmitt verið byggt yfir bifreiðaskoðunina og það þarf að gera á hverjum stað til þess að skoðun geti farið fram eins og vera þarf. Það er mesti misskilningur að það sé aðeins um það að ræða að skipta um númer á bílum, eins og allir vita sem hafa nokkuð með þessi mál að gera, heldur fer fram skoðun og á að fara fram skoðun. Og það er auðvitað allt annað að gera það innanhúss eða utan.

Ég tel því að það breyti í sjálfu sér engu um þann aðbúnað sem Bifreiðaeftirlitið þarf að fá hvort þetta nýja skipulag verður lögleitt eða ekki. Það er óhjákvæmilegt og sjálfsagt að bifreiðaskoðun geti farið fram innanhúss. Það er ekki nokkur meining í því að verið sé að fást við bifreiðaskoðun úti í hvaða veðri sem er, og það verður tæplega lag á slíkri skoðun.

En viðvíkjandi þeim sparnaði sem hér getur verið um að ræða, þá vil ég segja að það er rétt, eins og kom fram hjá hv. þm. Karvel Pálmasyni, að fyrir 4—5 árum, 1971—1972, fór fram rækileg athugun á þessu, var lögð rækileg grg. fyrir fjvn. eða undirnefnd hennar, og það mun vera sú grg. sem hann átti við, og þá var í þeirri grg. sparnaður áætlaður 3.5—4 millj. kr. En það hefur ekki farið fram slík könnun nú og það sagði ég. En ég hafði aðeins þessa tölu eftir forstöðumanni Bifreiðaeftirlitsins hér í Reykjavík sem hann nefndi við mig. Ég skal ekkert segja um á hve mikilli athugun hún er byggð, en hann taldi að það mundi sparast 20 millj. bara við Bifreiðaeftirlitið í Reykjavík. En ég vil taka það fram að þetta er ekki byggt á rannsókn sem nú hafi farið fram, heldur er þetta hans álit.

Hv. frsm. n. vék að því að það mundi verða talsverður kostnaður í sambandi við þessa breytingu. Ég vil geta þess að þegar hefur verið undirbúin og gerð þessi skrá, undirbúningur að henni og því sem gera þarf í því sambandi við 80% bifreiða hér í Reykjavík og helming bifreiða utan Reykjavíkur, þannig að það er þegar búið að leggja í kostnað við það sem að vísu kemur út af fyrir sig til góða vegna þess að það þarf að hafa eina slíka skrá. Við verðum sjálfsagt að hafa hana. En þetta verk er a. m. k. að talsverðu leyti þegar unnið.

Ég skal svo, eins og ég sagði, herra forseti, ekki gera þetta mál að neinu kappsmáli. En mér finnst þetta vera talsverður prófsteinn á það samt hvort þm. vilja leggja sig fram um að spara, ef mætti spara. Ég get ekki fallist á þann hugsunarhátt sem kom fram hjá hv. þm. Pálma Jónssyni. Hann lét þess getið að það mætti bara hækka skráningargjöld og skrásetningargjöld og þá mundi það standa undir sér. Ég held að slíkur hugsunarháttur gæti víða átt við ef það skiptir ekki máli hvað hluturinn kostar, heldur bara litið á það hver borgar hann. Það eru auðvitað útgjöld og kostnaður sem er því samfara þó að hann lendi þá á bíleigandanum eða bílkaupandanum, — kostnaður sem mætti spara, að talið er af þeim sem hér mega nokkuð til þekkja. Þetta er hugsunarháttur sem mér finnst allt of víða gera vart við sig, að það geri ekki mikið til hvað hluturinn kostar ef neytandinn borgar. En það er að mínum dómi mjög hæpinn hugsunarháttur að líta þannig á þetta.

Ég held líka að það sé ekki rétt að gera lítið úr því að forstöðumaður Bifreiðaeftirlitsins hafi þekkingu á bifreiðaskoðun víða um land. Ég held að hann hafi það. Hann er yfirmaður bifreiðaeftirlitsins hvarvetna um landið. Og ég hygg líka að segja megi með fullum rétti, að eins og þeim málum var lengi háttað, þá hafi lögreglustjórinn í Reykjavík haft yfirgripsmikla þekkingu á þessum málum víða um landið. Það kom fram í umsögninni sem hv. frsm. las upp frá Félagi bifreiðaeftirlitsmanna að hún var samþykkt þar, en tekið að vísu fram að skiptar væru skoðanir, en það liggur ekkert fyrir um að þeir, sem samþykktu, hafi allir verið héðan úr Reykjavík og hinir, sem höfðu aðra skoðun á þessu, væru utan af landi. Ég held að það liggi ekki fyrir nein umsögn varðandi þetta mál frá aðila utan af landi sem mælir gegn þessu. Ég efast satt að segja um að það sé hægt að skipta mönnum þannig í þessu máli. Ég held að skoðanir manna hér í Reykjavík séu ákaflega skiptar um þetta mál, og ég dreg ekki í efa að skoðanir manna úti um land séu líka skiptar. Ég held að það sé alveg mislukkað að fara að draga menn eitthvað í dilka eftir búsetu í þessu efni.

Ég skal svo, herra forseti, ekki eyða fleiri orðum um þetta og læt það svo ráðast hver niðurstaðan verður í því.

Frsm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Hv. 5. þm. Vestf., Karvel Pálmasno, hefur margoft og nánast í hverju máli staðið hér upp og borið þd., þn. og einstökum þm. og þá einkum og sér í lagi auðvitað stjórnarþm. það á brýn að þeir séu hér aðeins til þess að afgreiða mál ríkisstj., rétta upp hendurnar samkv. skipun frá henni, þingið sé orðið afgreiðslustofnun. En svo þegar það á sér stað að ein lítil þn. kemur hér með nál. sem ekki er alveg í fullu samræmi við það sem frv. upphaflega segir til um, þá telur hann að við séum að leggjast gegn hæstv. ráðh. og fella stjfrv.

Annar þm. stendur upp, hv. þm. Benedikt Gröndal, og telur að n. sé að gera uppreisn gegn hæstv. ráðh. Það er auðvitað mikill misskilningur hjá þessum annars þingvönu mönnum, a. m. k. þeim síðarnefnda, að halda að nefndir eigi alltaf að samþykkja hrá þau frv. og þær till. sem frá ríkisstj. koma og það sé einhver uppreisn, þó að það sé ekki gert. Ég vísa því algerlega á bug. Hér er um að ræða mál sem auðvitað skiptir ekki mönnum í pólitískar fylkingar, ræður ekki úrslitum um framtíð neinnar ríkisstj., og eins og fram hefur komið hjá hæstv. ráðh., þá gerir hann að sjálfsögðu þetta mál ekki að neinu fráfararatriði.

Hv. þm. Karvel Pálmason skorar á n. að leggja fram tölulegar upplýsingar til þess að afsanna þær fullyrðingar að hægt sé að spara. Þetta eru alveg ný vinnubrögð ef hægt er að fullyrða eitthvað annaðhvort í grg. eða í ræðum og svo eigi aðrir að afsanna þessar fullyrðingar. Eðlilegur gangur mála er að menn rökstyðja eigin málflutning og eigin fullyrðingar. Ef þeir geta ekki gert það, þá standast ekki þessar fullyrðingar, þá eru það órökstuddar fullyrðingar sem menn geta ekki tekið mark á. Og svo er í þessu máli. Því er haldið fram í grg. með frv. að þarna sé um að ræða sparnað í vinnu og álagi í Bifreiðaeftirliti ríkisins og hjá einstökum embættum. Að það þýði 20 millj. kr. sparnað ef breytt er um hvað snertir vinnu og álag, því á ég bágt með að trúa. Ég held að ef n. óskar eftir umsögnum, fær til sín viðkomandi embættismenn og óskar eftir nánari upplýsingum um viðkomandi málefni og þær berast ekki nema að mjög takmörkuðu leyti, þá verði n. að taka afstöðu og taka sínar ákvarðanir í samræmi við það. En umsagnaraðilar, hverjir sem þeir eru, geta ekki ætlast til þess að nefndir séu sí og æ að koma til þeirra og spyrjast frekar um eitt eða annað. Í þessu máli leitaði allshn. umsagnar hjá þeim aðilum sem besta þekkingu hafa, það hefur ekki verið vefengt, og við drögum ályktanir af þeim umsögnum m. a. Auðvitað eru umsagnir ekki einhlítar, og það er í þessu máli eins og öllum öðrum að við fáum upplýsingar, þær berast ýmist jákvæðar eða neikvæðar, og síðan tekur n. afstöðu og metur gildi þeirra.

Hér hefur mönnum orðið tíðrætt um það hvort hægt væri að spara. Vissulega er það sjónarmið sem vegur hvað þyngst, og það hef ég sagt hér líka að mundi vissulega ráða miklu um afstöðu mína hvort hægt sé að sjá fram á einhvern sparnað. Ég hef ekki séð hann. Ég hef ekki fengið rök fyrir því að umtalsverður sparnaður fáist af þessari breytingu. Ég er a. m. k. ekki á móti því að byggt sé yfir Bifreiðaeftirlit ríkisins, það er auðvitað sjálfsagt mál. En ég hef skilið það svo að þegar verið er að tala um aukið álag og aukinn kostnað fyrir Bifreiðaeftirlitið, þá sé það vegna þess að þeirra mati að þeir þurfi að byggja stærra hús en nú er ráðgert ef umskráningarnar eiga að halda áfram. Og út frá þeirri forsendu finna þeir sjálfsagt að hægt sé að spara, eða þessi viðbótarbygging kosti svo og svo margar millj. En það er auðvitað ekki sparnaður frá því sem nú er enda þótt hægt sé að sýna fram á að einhvern tíma í framtíðinni þurfi að byggja eitthvað stærra og veglegra hús heldur en nú er gert ráð fyrir.

Hv. þm. Benedikt Gröndal taldi að ég gerði ekki greinarmun á sjálfum mér og bílnum mínum. Ég skal fullvissa þennan þm. um að mér er nokkuð ljóst hver munur á mér og mínu farartæki er. Hins vegar er það útúrsnúningur hjá honum ef hann vill ekki viðurkenna að bílnúmer eins og önnur auðkenni hafa auðvitað á sér nokkurn sérstakan blæ. Við skulum t. d. taka það að hér á Íslandi búa menn við götur með ákveðnum heitum, menn búa hér á bóndabýlum, sem heita ákveðnum nöfnum, og vissir einstaklingar eru kenndir við þessar götur og við þessi bæjarheiti og eru þekktir undir þeim. Ég held að slík auðkenni geti verið persónuleg og sérstæð, og þau gera íslendinga að sjálfstæðum einstaklingum og nokkuð þekktum borgurum í samfélaginu og þau gera okkur alla að einni fjölskyldu þegar á allt er litið. Þetta á við um bílnúmer líka. Þau hafa á sér persónuleg auðkenni, hafa á sér sérstæðan blæ, og ég er ekkert hissa á því þó að menn vilji halda í þau einkenni, án þess að ég sé að halda því fram að það sé meginforsendan og aðalástæðan fyrir því hvernig afstað þeirra mótast í þessu máli.

Hæstv. ráðh. taldi að hér væri um að ræða prófstein á það hvort þm. vildu spara eða ekki spara. Ég held að í þessu máli sé um það að ræða að betta sé mál sem er prófsteinn um það hvort breytingar feli í sér sparnað eða ekki. Og eftir að hafa athugað málið mjög gaumgæfilega, skoðað öll rök með og á móti, þá hef ég komist að þeirri niðurstöðu og allshn. hefur komist að þeirri niðurstöðu að breytingin feli ekki endilega í sér sparnað. Það má vel vera að hægt sé að sýna fram á tölulega einhverjar smáupphæðir, en engan umtalsverðan sparnað sem réttlætir þessa breytingu. Fullyrðingar um 20 millj. kr. sparnað eða eitthvað í þá átt hafa ekki verið rökstuddar frekar og því vísa ég þeim á bug.

Hv. þm. Benedikt Gröndal hefur óskað eftir því við hæstv. forseta að þessari umr. væri frestað og n. fengi málið til frekari athugunar. Ég vil lýsa því yfir sem formaður í þessari n. að ég sé engin rök til að það sé gert. N. hefur skoðað málið og rætt það á fjölmörgum fundum. Hún hefur komist að niðurstöðu sem allir eru sammála um. Og ég vek athygli á því að til þess eru hér þrjár umr. í hvorri d. um hvert mál að hægt sé að skoða mál milli umr. Ég tel því þinglegt að þetta mál fái nú afgreiðslu við þessa umr. N. telur ekki ástæðu til að skoða málið aftur. Ef fram koma nýjar upplýsingar í málinu milli umr., þá verða þær upplýstar, þá koma þær fram hér við 3. umr. og þá er ekkert því til fyrirstöðu að einstakir nm. — eins og þm. allir geta auðvitað breytt um skoðanir — geta breytt um afstöðu ef nýjar, veigamiklar upplýsingar koma fram. En þær hafa ekki komið fram enn þá, og meðan svo er sé ég enga ástæðu til þess að fresta umr. þessari eða afgreiðslu þessa máls.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Hv. frsm. allshn., sem hér lauk máli sínu, hefur gert svo skilmerkilega grein fyrir afstöðu n. til þessa máls að ég þarf þar í raun og veru sáralitlu við að bæta. En vera má að rétt sé að það sé staðfest að það ríkti alger eining í n. um þetta mál. En svo kemur hér fram hæstv. dómsmrh. með nokkra stjórnarandstæðinga sér til fulltingis og líkar ekki eða lætur sér ekki líka meðferð n. á málinu.

Það fyrsta, sem manni kemur í hug, er það að þegar breyta á skipulagi sem vel hefur gefist eða sæmilega um margra ára skeið, þá þarf að fá eitthvað betra í staðinn. Talað um sparnað í þessu efni. Ég tel það lágmark að sú krafa sé gerð til hæstv. ríkisstj., þegar hún vill breyta skipulagi, sem vel hefur reynst, og rökstyðja það með sparnaði, þá sé sýnt fram á slíkan sparnað í grg. með frv. eða a. m. k. að slíkt liggi nokk-

uð ljóst fyrir. En í þessu efni tel ég að þetta atriði liggi ekki í augum uppi.

Það er rætt um að þessi skipan hafi verið upp tekin á Norðurlöndum. Ég er mikill fylgjandi norrænnar samvinnu og tel henni margt til kosta, en þó algerlega ástæðulaust að taka hvað eina upp eftir okkar ágætu frændum á Norðurlöndum. Það er margt gott sem þaðan kemur, en þó alls ekki allt, og okkur hefur stundum orðið hált á því að taka of margt upp eftir þeim sem ekki á við að öllu leyti hér á okkar eylandi.

Þá eru það umsagnir um þetta mál. Þær hafa skipst mjög í tvö horn. Ýmsir aðilar, sem fengið hafa þetta mál til umsagnar, eru því andvígir, og það eru aðilar sem þekkja málið og kunna glöggt um það að segja. Ég vil aðeins benda á eitt atriði í viðbóta.

Það er talað um fordild í sambandi við bílnúmer. Vissulega verður maður oft hennar var. Og það er alveg ástæðulaust að menn greiði ekki fyrir þann kostnað sem af umskráningu leiðir, sérstaklega þegar menn eru af alls konar sérvisku að skipta um bílnúmer innan sama skráningarumdæmis. Ég tel alveg sjálfsagt að taka fyrir þá vinnu gjald sem ber uppi þann kostnað sem af þessu leiðir. Það eru afskaplega margir menn hér á landi, bæði í Bifreiðaeftirlitinu í Reykjavík og í sýsluskrifstofum og bæjarfógeta úti um land, sem þurfa að eyða miklum tíma í þessi mál. En það er ekki heldur að undra þegar menn virða fyrir sér allan þann fjölda bifreiða sem streymir til landsins á ári hverju.

Bifreiðanúmer eru fyrst og fremst til þess að einkenna bifreiðina. Ég vil benda á eitt atriði í því sambandi. Þegar bifreið lendir í umferðarslysi eða ekur burt af slysstað, svo að dæmi sé nefnt, þá er það harla oft að áhorfandi nær bókstafnum, hvort sem hann er R eða A eða E eða eitthvað slíkt, en nær ekki númerinu að öðru leyti. Þetta atriði getur því oft haft úrslitaáhrif að mínu mati í þá veru að hreint og beint sé hægt að upplýsa málið. Ég vil láta þetta koma fram, því að ég hef áður heyrt minnst á þetta atriði í umræðum um þetta málefni.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða frekar um þetta á þessu stigi, en vekja athygli á einu í lokin, og það er aðstaða sú sem bifreiðaeftirlitsmenn hafa búið við, einkum hér í Reykjavík. Sú aðstaða, sem þeim hefur verið búin nú um margra ára skeið, hefur vægast sagt verið fyrir neðan allar hellur. Það er varla hægt að ætlast til þess að menn, sem vinna við þær aðstæður, skili hlutverki sínu til fulls. Það hefur verið mjög brýnt mál um margra ára skeið að gera vinnuaðstöðu Bifreiðaeftirlitsins betri, sérstaklega hér í Reykjavík. Það er sannarlega von þeirra sem til þekkja að nú fari að rætast úr í þeim efnum, því að það er ekki hægt að ætlast til þess að menn nú á tímum vinni og skili sínu starfi vel unnu við hvaða aðstöðu sem vera skal. Þetta hef ég oft heyrt bifreiðaeftirlitsmenn minnast á. Þetta hef ég séð sjálfur með eigin augum og veit að þarna þarf og verður að ráða bót á til batnaðar.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að karpa lengi um þetta mál. En vegna þess að ég er einn af þeim stjórnarliðum sem hlupu undan merkjum, eins og sumir hv. ræðumenn hafa komist að orði, þá get ég ekki látið hjá líða að gera í örstuttu máli grein fyrir því hvað það var sem réð því að ég gerði þetta. Hins vegar er nú líklega búið að bæta ríflega í skarðið þar sem meira að segja Karvel er nú kominn á bátinn hjá ríkisstj. En ég lít nú ekki svo á að við höfum hafnað þessu frv. alfarið.

Ég lít svo á að þetta sé einn af þremur meginþáttum frv. Þetta frv. byggist upp á þremur þáttum. Það er nýmælið að skrá svona. Það er mikið atriði í frv. um hækkun á vátryggingu. Og einn þátturinn er skráningarskylda á ökutækjum sem ekki hafa verið skráningarskyld fram að þessu.

Ég lít svo á að röksemdin um áhættusvæðin eigi fullkomlega rétt á sér hjá þessari n. Þrátt fyrir það sem fram hefur komið hér um það að réttmæti áhættusvæðanna hafi verið dregið í efa, þá er að mínunm dómi vafalaust réttmætt að hafa mismunandi gjald fyrir mismunandi áhættu. Ég get ekki annað en undirstrikað sterklega að það er mismunandi áhætta að aka annars vegar hér í Reykjavík eða úti á landi, enda ber tíðni óhappa því ljósastan vottinn. Það er mælikvarði sem við verðum að fara eftir, og það er ástæðulaust að vera að láta menn, sem aka úti í dreifbýlinu einir og sér á veginum og mæta fáum og lenda aldrei í óhöppum, borga fyrir þá sem sífellt eru að hnjaska bíla sína hér í Reykjavík.

Hvað hagræðingunni viðkemur, þá viðurkenni ég að hjá Bifreiðaeftirlitinu hér í Reykjavík er það vafalaust hagræðing. Það verður minna vinnuálag hjá þessum mönnum. En þegar kemur að sparnaðinum, þá skil ég ekki þetta með 20 millj. Mér er ómögulegt að skilja það að sú upphæð geti verið raunhæf. Það skilningsleysi mitt byggist á því að einn af þeim mönnum, sem við í allshn. Nd. höfðum tal af í sambandi við þetta mál, Ólafur Walter Stefánsson minnir mig að það hafi verið, hann skýrði okkur svo frá að það væri engin fækkun á starfsliði Bifreiðaeftirlits ríkisins fyrirhuguð jafnvel þó að þetta kæmist í gegn. Og hvernig á að spara þessar 20 millj. með öðru en að segja upp einhverju fólki, það get ég ekki fundið. Hins vegar kann vel að vera að Bifreiðaeftirlitið þurfi að þenjast eitthvað fremur út á næstu árum ef ekki verður af þessari breytingu.

Þá er komið að þessum tilfinningalega þætti sem menn hafa verið að fara hér í kringum í ræðustólnum undanfarna klukkustund. Ég vil gera hann ofurlítið að umræðuefni því að tilfinningalegi þátturinn er vanmetinn í mörgum ákvörðunum stjórnvalda. Rökfræði og rökhyggja er mikilsverð, nauðsynleg og gjörsamlega sjálfsögð. En hún er bara alls ekki einhlít. Tilfinningalegi þátturinn ræður nefnilega úrslitum um það að rökfræðin verði geðfelld, að fallist sé á skynsamlegar og rökréttar ráðstafanir með ljúfu geði. Og þessi blanda af rökhyggju og tilfinningasemi gerir stjórnmálastarfið aðlaðandi.

Bifreiðastjórar eru margir fastheldnir á númer sín og e. t. v. fremur fastheldnir á þau sem eru lág. Það vill svo til að ég á tvö bílnúmer eða hef tvö bílnúmer undir höndum, en það er hvorugt þeirra lágt. Ég kann þó ljómandi vel við þau, en sæi ekkert verulega eftir þeim. En

ég kynni verulega illa við að hafa ekki H á bílnum mínum. Ég get ekki annað en viðurkennt það hér í þessum ræðustól og það jafnvel þó að menn virði mér það til fordildar. Ég er á móti ópersónulegu númerakerfi, ekki einungis á bílum, heldur miklu fremur á mannfólkinu, og geri þó raunar glögga grein á bíl og manni eins og Benedikt Gröndal. Ég er það mikill einstaklingshyggjumaður að ég held að við Íslendingar séum ekki fleiri en það, að við getum eða ættum að geta lagt það á okkur að muna hver eftir öðrum. Benedikt Gröndal kann að hafa gagn af sínu nafnnúmeri, en ég hef ekki mikið gagn af mínu nafnnúmeri. Mér kemur það ekki oft í hug.

Að endingu tel ég að ríkisstj. og þingmeirihl. þurfi ótalmörgum sinnum að taka ákvarðanir sem þegnum kann að líka illa, — ákvarðanir sem ergja þegnana, en ég tel að nú geti hún í þessu máli vel komist af án þess að gera það.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það má líklega segja að hér í dag eigi við hið forna spakmæli, að svo lengi lærir sem lifir. Ekki hafði ég reiknað með því að ég ætti eftir að lifa það hér á hv. Alþ., þá sjáldan ég tek málstað hæstv. ríkisstj., að hér kæmu upp í pontu hver á fætur öðrum hv. stjórnarþm. og skömmuðu mig fyrir það. En sú hefur nú orðið raunin á. (**Dómsmrh.:** Laun heimsins eru vanþakklæti.) Já, það kannast hæstv. dómsmrh. við, að laun heimsins eru vanþakklæti, það er enginn vafi á því.

Ég sé nú eiginlega nauðsyn á því að segja hér nokkur orð eftir allar þær ræður sem hér hafa verið fluttar gegn mér sem stjórnarandstæðingi, og vil ég þá fyrst koma að hv. þm. Pálma Jónssyni. Það var að vísu ekki margt sem hann kom inn á, en þó var þar sérstaklega um eitt atriði að ræða þar sem hann sagði að ég hefði ekki bent á neitt atriði í frv. sem verkaði í sparnaðarátt. Þetta er að vísu rétt, ég benti ekki á neitt sérstakt atriði frá eigin brjósti til viðbótar því sem er í frv., sem mundi verka í sparnaðarátt. Fyrst hæstv. ríkisstj. tókst ekki að sannfæra hv. þm. Pálma Jónsson um ágæti þessa máls, þá taldi ég litlar líkur á þó að ég færi að bæta við frá eigin brjósti, þó mikið brjóstvit sé nú talið kannske, að það hefði mikla þýðingu til að sannfæra hv. þm. En í grg. þessa frv. er þó drepið á þetta, og það hygg ég að hv. þm. hafi lesið. Þar segir, með leyfi forseta:

„Kostir við þessa breytingu eru fyrst og fremst sparnaður í vinnu og aðstöðu, þar sem hætt yrði að umskrá ökutæki vegna flutnings milli umdæma eða annarra ástæðna. Jafnframt mundu falla niður þær skoðanir, sem nú er skylt að framkvæma við umskráningu. Sparnaður þessi mundi ekki einungis koma fram hjá þeim opinberu stofnunum sem hlut eiga að máli (lögreglustjórum, bifreiðaeftirliti og þinglýsingadómurum), heldur einnig hjá eigendum ökutækjanna, svo og öðrum, t. d. vátryggingafélögum."

Hér er rækilega undirstrikað hvað hér er um að ræða sem mundi sparast ef þessi breyting yrði gerð, svo í sjálfu sér þurfti ég ekki að bæta neinu við þetta frá mér. Ég tel, eins og ég tók fram áðan, að hér sé sýnt fram á að um sparnað sé að ræða verði af þessari breytingu.

Mér þykir leitt að hv. 11. þm. Reykv., formaður og frsm. hv. n., er farinn úr salnum, því að ástæða hefði verið til að segja nokkur vel valin orð við hann. En hann byrjaði á því að gagnrýna þann hátt hjá mér nú að taka mér stöðu við hlið hæstv. ríkisstj., ég hefði áður skammað hann og aðra stjórnarliða fyrir það að þeir færu í einu og öllu eftir því sem hæstv. ríkisstj. segði í það og það skiptið. Og að vissu leyti er það rétt. Ég hef gagnrýnt bæði hann og aðra stjórnarliða fyrir það að dansa alltaf eftir nótum hæstv. ríkisstj., hversu vitlaus mál sem væru til meðferðar hverju sinni. Þess vegna sárnar mér það þegar þessir hv. stjórnarliðar loksíns telja sig þess umkomna að rísa gegn hæstv. ríkisstj., að þá skuli það endilega gerast í einu af þeim fáu málum sem eru þó skynsamleg af hendi hæstv. ráðh., og virði mér það hver sem er til vorkunnar.

En út af því, sem hér hefur komið fram í sambandi við upplýsingar, þá hefði ég viljað spyrja formann allshn. um það, hvort n. hafi óskað eftir upplýsingum og athugunum frá Bifreiðaeftirliti ríkisins eða frá forstjóra Bifreiðaeftirlits ríkisins. Þessar athuganir eru til frá árinu 1972 og það hefði líklega ekki þurft annað en endurreikna þær og ekki hefði það tekið langan tíma, þannig að menn fengju í hendur raunverulegar tölur sem á væri byggjandi í þessum efnum. Ég sé hvorki í nál. allshn. né að það hafi komið fram í ræðum hv. nm. að neins staðar hafi verið greint frá því að samkv. athugunum eða upplýsingum, sem fyrir lægju, væri hægt að draga þá ályktun að hér væri ekki um neinu sparnað að ræða. Og mér finnst að það vanti inn í þetta að gerð sé glögg grein fyrir því með tölum af hálfu Bifreiðaeftirlits ríkisins, sem gleggst ætti að vera kunnugt um þetta mál, hvað hér er hægt að spara ef orðið yrði við þessari breytingu. Það þykir mér á skorta. Ég tek því undir þá ósk, sem kom fram hjá hv. þm. Benedikt Gröndal áðan, að ég sé ástæðu til þess að óska eftir því að hv. n. afli þessara upplýsinga, þannig að þdm. gefist kostur á því að taka afstöðu til málsins að fengnum raunverulegum upplýsingum um það hvort hér er um sparnað að ræða eða ekki og þá hversu mikinn.

Ég harma það að vísu að hæstv. dómsmrh. skuli ekki gera þetta að kappsmáli. Þetta hefði hann í raun og veru átt að gera að kappsmáli, hæstv. ráðh., því þetta er mál þess eðlis.

Ég sé að hv. formaður allshn. gengur í salinn og ég vil þá gjarnan endurtaka það sem ég beindi til hans í sambandi við upplýsingarnar, þar sem ég spurði um það hvort allshn. hafi óskað eftir upplýsingum og athugunum frá Bifreiðaeftirliti ríkisins um hvað slík breyting sem hér um ræðir hefði í för með sér mikinn sparnað í rekstri. (Gripið fram í.) Ég veit að hæstv. forseti gefur þm. kost á því að tala meira, það er svo sjaldan nú orðið sem slíkt gerist. Ég tel sem sagt að þessar upplýsingar eigi að liggja fyrir. Það var gerð á þessu athugun 1972 og þá sýnt fram á með tölum hver sparnaðurinn væri, og það er enginn vafi á því, það þarf enginn mér að segja að það sé ekki hægt með tiltölulega stuttum fyrirvara á skömmum tíma að afla þessara upplýsinga svo óyggjandi gætu talist. (**Gripið fram í:**

Var ekki einhver ráðh. að svara þessu áðan?) Nei. (Gripið fram í.) Ja, enginn. Það er ekki verra en það dæmi að þessi athugun liggur fyrir frá árinu 1972. Hún var þá gerð af Bifreiðaeftirlitinu. Um það eru til skýrslur, þannig að það ætti ekki að vera mikið verk að fara ofan í það mál, þannig að það væri hægt að fá samanburð á þeim tölum, sem þar eru, miðað við það sem teldist í dag. Ef það hefur verið álit hæstv. allshn. að engar slíkar athuganir væri hægt að fá, menn yrðu bara að slumpa á hvort hér væri um sparnað eða sparnað ekki að ræða, þá er hér hálfgert happdrætti á ferðinni. Ég tek því undir þá ósk sem hér kom fram, að hv. allshn. skoði þetta mál betur og leggi á borðið óyggjandi tölulegar upplýsingar um það hvort hér er um sparnað að ræða eða ekki og þá hversu mikinn. Þær á að vera hægt að fá, og er engin ástæða til þess að vorkenna hv. n. neitt um það að afla slíkra upplýsinga.

Ég sá ekki betur en forstöðumaður Bifreiðaeftirlits ríkisins léti hafa það eftir sér í einhverju dagblaðanna nýlega, vegna þess hver afstaða allshn. var til þessa máls, að að sjálfsögðu væri það alþm. sjálfra að ákveða hvort þeir vildu spara eða spara ekki, þannig að hann dregur greinilega enga dul á það að hér er um að ræða sparnað ef eftir þessu verður farið.

Ég hjó líka eftir því að hv. þm. Friðjón Þórðarson, einn af fulltrúum í allshn., sagði, að ég held orðrétt, að sér sýndist ekki að sparnaður lægi ljóst fyrir í þessu efni. Enn frekar undirstrikar þetta álit þessa hv. nm. í allshn. að það sé aflað betri og frekari upplýsinga um þetta. Margir hv. þm. hafa komið hér inn á það að ástæða sé til þess að bæta aðstöðu Bifreiðaeftirlits ríkisins, og ég tek undir það. Og ef hægt er að spara með þessari breytingu, þá væri þeim fjármunum ekki betur varið en til þess að gera aðstöðu Bifreiðaeftirlits ríkisins betri. Þó ekki væri nema 20 millj. á ári sem þetta sparaði, þá munar um það.

Ég skal svo, herra forseti, ekki hafa þessi orð fleiri, en ég ítreka að ég er til reiðu í stuðningi við hæstv. dómsmrh. um þetta mál. Ég hef sagt það áður hér á Alþ. og get sagt það einu sinni enn, að í mínum huga er ekki meginmálið hvaða aðili, einstaklingur eða flokkur, það er sem málið ber fram. Ef málið er gott, þá fylgi ég því. Og ég vænti þess að það verði orðið við þeirri ósk að hv. n. verði gefið tækifæri til þess að vinna betur, afla betri upplýsinga og leggja þær hér á borðið.

Gunnar Sveinsson: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að tala hér mikið í dag, en það er aðallega af tveim ástæðum að ég geri það. Ég hlustaði á útvarp fyrir nokkrum dögum þar sem getið var um þetta álit allshn., þar sem hún leggst á móti þessari breytingu sem hér er til umr. Ég var svo hissa að ég skildi eiginlega ekkert í því hvað hefði komið hér fyrir. Þetta frv. var hér til umr. í fyrra eða var lagt fram, og mér hefur skilist síðan þetta kom til umr., þessi breyt., að um hana væru flestallir sammála og fyrst og fremst af þeirri röksemd að hún væri stórfelld hagræðing og að henni væri stórfelldur sparnaður.

Þegar ég ræði um sparnað í þessu sambandi, þá á ég ekki sérstaklega við að embættismenn spari eitthvað sérstaklega mikið vinnulaun eða pappíra. Ég á fyrst og fremst við sparnað hins almenna borgara. Við höfum allir staðið í því að skipta um bíla, fá ný númer, ná í verkfæri og aðstöðu til þess að skipta um númer á okkar bílum. Þetta verða þúsundir íslendinga að gera á hverju einasta ári. Með þessu frv. erum við að létta þessari kvöð af landsmönnum, og þess vegna get ég ekki skilið í því þegar allshn. verður sammála um að fella svona till. sem er til stórkostlegra bóta.

Við vitum það að þegar til umr. var á sínum tíma að breyta úr vinstri í hægri í umferðinni, þá voru um það mjög skiptar skoðanir og margir sem voru því mótfallnir og töldu að það kostaði mjög mikið og það væri alls ekki til bóta. Það var samþ. fyrir því og talið eðlileg framþróun í umferðarmálum á Íslandi að við fylgdumst með sem flestum öðrum Evrópuþjóðum í því að aka á hægri vegarkanti. Ég tel að með þessari breytingu, að við nú leggjum niður þetta gamla fyrirkomulag með gömlu númerunum og tökum upp svipað skráningarkerfi og gildir í nálægum löndum, séum við raunverulega að halda áfram þeirri þróun sem við byrjuðum á þá, og þess vegna skil ég ekki í þeirri andstöðu sem hér kemur fram.

Það hefur verið bent hér á ýmis rök sem menn telja að séu á móti því að breyta þessu, eins og veðsetningu ökutækja. Það er búið að útskýra að þetta er alls ekki það stórt atriði að það þurfi að hafa nokkur úrslit í sambandi við ákvarðanatöku í þessu máli. Ég tel sama gilda um þau önnur atriði sem hér hafa komið fram, að þau séu alls ekki það þung á vogarskálunum að þau vegi á nokkurn hátt upp á móti því hagræði að breyta yfir í þetta nýja kerfi. Hugsum okkur það út frá almennri skynsemi að við þurfum að skipta 20 sinnum eða 30 sinnum um númer á einum bíl á hans æviferli, miðað við það að þurfa ekki að gera það nema einu sinni. Ég held að þetta sé svo augljóst mál að um það hefði ekki þurft að verða neinn ágreiningur.

Ég vil því eindregið leggja til að allshn. fái þetta frv. aftur og endurskoði þessa afstöðu sína, því ég tel að mikill meiri hl. landsmanna sé með þessari eðlilegu breytingu og hún sé til stórbóta.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 462,1 (ný 4. gr.) samþ. með 14:8 atkv.

Brtt. 462,2 (5.—13. gr. falli niður) samþ. með 15:11 atkv.

14.—20. gr. (verða 5.—11. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 462,3 (ný gr., verður 12. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 462,4 (ný 21. gr., verður 13. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

22. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Sameinað þing, 75. fundur.

Þriðjudaginn 6. apríl, kl. 2 miðdegis.

Byggðaþróunaráætlun Norður-Þingeyjarsýslu, fsp. (þskj. 397). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Við hv. 2. þm. Norðurl. e. höfum leyft okkur að bera fram þá fsp. til hæstv. forsrh. hvenær vænta megi þess að ríkisstj. staðfesti byggðaþróunaráætlun Norður-Þingeyjarsýslu. Eins og flestum mun kunnugt, þá liggur fyrir fullgerð byggðaþróunaráætlun fyrir Norður-Þingeyjarsýslu, en til þess að hún öðlist fullt gildi þarf ríkisstj. að staðfesta hana. Nú er orðið alllangt um liðið síðan Framkvæmdastofnunin sendi þessa áætlun til staðfestingar hjá ríkisstj., en hins vegar er mér ókunnugt um að það hafi borist nokkur tilkynning um að hún hafi verið staðfest. Þess vegna er þessi fsp. borin fram. En þess má geta að við hv. 2. þm. Norðurl. e., Jón G. Sólnes, eigum báðir sæti í stjórn Framkvæmdastofnunarinnar sem fer með byggðaþróunarmál.

Rökin fyrir byggðaþróunaráætlun Norður-Þingeyjarsýslu eru auðvitað augljós. Þar hefur orðið geysilega mikil byggðaröskun á undanförnum árum og áratugum. Það hefur orðið mikil fólksfækkun í Norður-Þingeyjarsýslu, ekki einasta hlutfallslega, heldur beinlínis í tölum talið. Auk þess hefur það komið upp á núna, einkum á síðari misserum, síðari mánuðum, að atvinnulíf sjávarþorpanna í sýslunni, bæði á Raufarhöfn og Þórshöfn, atvinnulíf þessara staða stendur mjög höllum fæti.

Mér þykir rétt að geta þess, að við þm. kjördæmisins, Norðurl. e., höfum átt mjög ítarlegar viðræður við fulltrúa ríkisstj., þ. e. a. s. við forsrh. og dómsmrh., um málefni sýslunnar og þá ekki hvað síst um atvinnumál Þórshafnar. Við höfum gert það sem í okkar valdi stendur til þess að kynna fyrir hæstv. ríkisstj. það slæma ástand sem þar ríkir. Það er augljóst að það ber brýna nauðsyn til þess að gera ráðstafanir til viðreisnar atvinnulífi í Norður-Þingeyjarsýslu og raunar allri byggð í sýslunni. Að öðrum kosti er mjög hætt við því að sú óheillaþróun, sem verið hefur í byggðamálum þessarar sýslu, raunar í áratugi, geti leitt til landauðnar að meira eða minna leyti.

Sú byggðaþróunaráætlun, sem hér um ræðir, er eins og sjá má allmikil bók og í henni er margar upplýsingar að finna. Ég held að það sé ekkert efamál, hvað sem annars má um þessa bók segja, að hún er mjög mikilvægur leiðarvísir um viðreisn Norður-Þingeyjarsýslu, og að mínum dómi felst gildi hennar í því. Ég held að kostur þessarar áætlunar sé sá, að hún miðar að því að efla og treysta atvinnulífið í sýslunni og þar með byggðarinnar, bæði einstakra sveita og sýslunnar í heild, án þess að stofna til umbyltinga á atvinnulífinu í héraðinu eða á mannlífinu í heild.

Ég sagði um daginn í umr. hér að þessi áætlun væri miðuð við það að Norður-Þingeyjarsýsla héldi áfram að vera samfélag bænda og sjómanna, en þó með nauðsynlegu ívafi þjónustustarfsemi og smáiðnaðar. Og eftir þessari byggðaþróunaráætlun, sem ég er að ræða hér, er ekki farið fram á neina iðnbyltingu eða beðið um að fara að flytja obbann af landsmönnum norður á Langanes eða Melrakkasléttu. Svo langt er nú ekki gengið í þessari áætlun, þannig að ég held að það þurfi ekki að kosta neinar sérstakar fórnir fyrir þjóðfélagið í heild að gera þessa áætlun að veruleika. Ég held að það yrði engin fjárhagsbyrði að því að stefna út á þá braut sem þessi áætlun bendir til, því að hún er fyrst og fremst leiðarvísir og gæti þannig orðið til leiðbeiningar um uppbyggingu Norður-Þingeyjarsýslu. Hins vegar get ég ekki ímyndað mér að nokkur líti á hana sem neina endanlega forskrift sem í engu megi út af bregða. En ég vil leggja áherslu á það, að það er lágmarkskrafa áætlunarinnar að Norður-Þingeyjarsýsla með sínum fögru sveitum og sérstæða mannlífi fái að dafna á ókomnum árum, þannig að hún haldi eðlilegri fólksfjölgun og bjóði lífvænlega afkomu því fólki sem þar vill vera. Og ég á bágt með að trúa því að þjóðfélagið sé svo illa komið að ekki sé auðvelt að verða við svo hógværum kröfum.

Ég skal ekki hafa öllu lengra mál fyrir fsp. minni, en hún liggur hér sem sagt fyrir og fjallar um það hvenær þess megi vænta að hæstv. ríkisstj. staðfesti byggðaþróunaráætlun Norður-Þingeyjarsýslu.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Hinn 31. mars s. l. gerði ríkisstj. svofellda ályktun:

„Ríkisstj. staðfestir að hafa veitt byggðaþróunaráætlun Norður-Þingeyjarsýslu viðtöku og heimilar útgáfu hennar með fyrirvara um að framkvæmdir samkvæmt aætluninni séu háðar nánari athugunum og ákvörðunum, m. a. um fjárveitingar."

Sú áætlun, sem hér um ræðir, barst ríkisstj. rétt um mánaðamótin okt.—nóv., en hér er um allmikið plagg að ræða, eins og menn sjá, og þótti eðlilegt og sjálfsagt að ráðh. gæfist tækifæri til þess að skoða þessa áætlun áður en afgreiðsla færi fram í ríkisstj. og veit ég ekki betur en þessi samþykkt ríkisstj. hafi verið tjáð Framkvæmdastofnun ríkisins. Framkvæmdastofnun ríkisins eða áætlanadeild hennar hefur gert nokkra frekari grein fyrir þessari áætlun sem ég vil — með leyfi hæstv. forseta — rekja hér:

Í þeim lögum um Framkvæmdastofnunina, sem enn eru í gildi, er svo kveðið á í 11. gr.:

„Áætlanir skulu sendar ríkisstj. til samþykktar og gerir hún Alþ. grein fyrir þeim."

Með þessu var ætlast til, að áætlanir fengju stefnumarkandi gildi, og þar með skírskotað til allra hlutaðeigandi opinberra aðila að stuðla að framgangi þeirra. Kemur þessi skilningur fram í 1. málsgr. formála, en hann er aðeins uppkast þar til vitað er um staðfestingu ríkisstj., svo hljóðandi:

„Birtist áætlunin hér með öllum hlutaðeigandi aðilum til upplýsingar um stefnumið hins opinbera að því er varðar byggðaþróun Norður-Þingeyjarsýslu svo og til þess stuðnings og fyrirgreiðslu við þessi stefnumið, er opinberir aðilar megna að veita og löglegar heimildir eru eða verða til fyrir."

Með þessu er rækilega undirstrikað að skuld-

bindingar hins opinbera vegna áætlunarinnar eru siðferðilegar fremur en lagalegar og fyllilega bundnar af réttum lögheimildum í hverju tilviki. Aætluninni er eigi að síður ætlað að vera nytsamt gagn við öflun slíkrar heimildar, einkum fjárveitinga og lánveitinga.

Við vinnslu áætlunarverkefnisins var að sjálfsögðu að því stefnt að koma svo nærri beinum till. um aðgerðir sem auðið yrði, þó svo að endanlegar ákvarðanir um framkvæmdir og fjárhagslegar ráðstafanir hlytu afgreiðslu eftir venjulegum stjórnarfarslegum leiðum. Reynslan hefur staðfest þessa eðlilegu varkárni. Hafa stjórnsýsluaðilar og sýnt mikla tregðu á að tjá sig til fullnustu um aðgerðir. Það, sem er einna nærtækast til fastrar áætlunar, samgönguframkvæmdirnar, hefur verið tekið til sérstakrar áætlunargerðar, þ. e. samgönguáætlunar Norðurlands. Af þessu leiðir að Norður-Þingeyjarsýsluáætlunin inniheldur engar beinar, fullar og endanlegar skuldbindingar um fjárveitingar eða aðrar aðgerðir ríkisvaldsins. Væntanlega mun áætlunin af ýmsum gagnrýnd fyrir einmitt þetta. Gildi áætlunarinnar helst þannig fyrst og fremst í kerfisbundinni samstillingu allra nauðsynlegra þróunarskilyrða landshlutans. Uppfylling hvers þessara skilyrða styður að og eflir önnur, þannig að samstilltar þróunaraðgerðir á sem flestum sviðum veita mun meiri von en einangraðar aðgerðir.

Sjónhringur áætlunarinnar er settur við árið 1985 og millistig sett við árið 1975 og 1980, en gagnagrundvöllur áætlunarinnar miðast yfirleitt við árið 1973. Sett er fram það markmið til viðmiðunar að Norður-Þingeyjarsýsla haldi eigin fólksfjölgun án nettó-brottflutninga. Samkvæmt því er spáð fjölgun í sýslunni úr 1807 manns 1973 í 2160 árið 1985. Samsvarandi fjölgun mannafla er úr 755 upp í 950. Að meðtalinni vannýtingu mannafla, sem fram kemur í skýrslum 1973, er þörf nýrra atvinnutækifæra áætluð 310 fram til 1985, þar af 162 fyrir konur.

Mikill hluti áætlunarinnar gengur út á að meta með hvaða hætti verði unnt að uppfylla þessa þörf og þá í hvaða atvinnugreinum og byggðum. Til þess þarf að verða talsverð breyting á atvinnusamsetningunni eða hlutfallslega sem hér segir: Frumvinnsla 1973 43, 1985 30. Úrvinnsla 1973 42, 1985 50. Þjónusta 1973 15, 1985 20. Hér er um hlutfallstölur að ræða. Gert er ráð fyrir svo til óbreyttri búsetu í sveitum, en lítils háttar aukningu atvinnusóknar þaðan í þéttbýlið með aukinni framleiðni í búskap og sömuleiðis nokkurri fækkun í fiskveiðunum sjálfum með stækkun skipa og þess háttar. Á móti verði mest töluleg aukning í úrvinnslugreinum, en hlutfallslega mest í þjónustu. Hlutverkaskipan byggðanna miðist við þann atvinnukjarna, er þegar hefur verið byggður upp, og við náttúruskilyrði og samgönguaðstæður. Þórshöfn fái sökum legu sinnar nokkurn forgang sem þjónustumiðstöð sveitanna og sýslunnar allrar, þó ekki einhliða eða á kostnað hinna staðanna. Mannfjöldaþróun byggðanna áætlast því þannig: Þórshöfn 1973 461, 1985 650. Raufarhöfn 1973 469, 1985 580. Kópasker 1973 111, 1985 170. Strjábýli fyrra ártalið 766, seinna ártalið 760. Norður-Þingeyjarsýsla samtals 1973 1807, 1985 2160.

Gerðar hafa verið frumathuganir á ýmsum atvinnumöguleikum til þess að bera uppi þessa þróun og er í áætluninni gerð grein fyrir niðurstöðunum sem eru til bráðabirgða og vísa til nánari athugunar heimamanna og fjármögnunaraðila.

Á Þórshöfn er talin þörf á að ljúka frystihúsbyggingu, byggja eða endurbæta aðstöðu fyrir trésmíðaverkstæði og í tengslum við það slipp, fyrir kjötvinnslu, brauðgerð, blikk- og plötusmiðju, og til athugunar er lítil lagmetisiðja ef færi gefst til aukningar í þeirri grein. Á opinbera og þjónustusviðinu er til athugunar heilsugæslustöð, stjórnsýslumiðstöð og kennsluhúsnæði ásamt heimavistar- og gistiaðstöðu.

Á Raufarhöfn eru uppi svipaðar ráðagerðir fyrir fiskiðnaðinn, auk trésmíðaverkstæðis, vélaverkstæðis, og nokkurri aðstöðu fyrir stjórnsýslu, sjúkramóttöku og íþróttakennslu.

Á Kópaskeri er fyrst og fremst áformað að fullnýta tækifæri til kjöt- og sláturvinnslu, auk lágmarksaðstöðu til útgerðar og fiskvinnslu. Koma þarf upp eða endurbæta aðstöðu fyrir blikk- og plötusmiðju ásamt vélaverkstæði, trésmíðaverkstæði og á þjónustusviðinu heilsugæslu og barnafræðslu, þar með talinni íþrótta- og félagsaðstöðu, og enn fremur aðstöðu fyrir banka, héraðsbókasafn og stjórnsýslu.

Fyrir alla staðina er gerð áætlun um íbúðaþörf er nemi næstu 5 árin á Þórshöfn 6 íbúðum á ári, á Raufarhöfn 4 íbúðum á ári og á Kópaskeri 2 íbúðum á ári.

Svo sem fyrr er að vikið er ekki gengist undir ákveðnar skuldbindingar um neitt þessara atriða, heldur þeim vísað til framhaldsmeðferðar á vegum fyrirtækja, fjárfestingalánasjóða og opinberra aðila. Gerð er mannaflaspá og lausleg fjárfestingarspá í samandregnu formi. Fjallað er í sérstökum kafla um opinber kerfi og þjónustu og bornar fram ýmsar ábendingar sem hér yrði of langt að telja, en vænst er að hinir opinberu aðilar taki til athugunar hver á sínu sviði.

Síðan segir í þessari grg. frá áætlanadeild um viðhorfin nú:

Því er ekki að neita að hinir alvarlegu og þrálátu jarðskjálftar í vesturhluta Norður-Þingeyjarsýslu hafa um tíma valdið óvissu um framhald þróunaraðgerða samkvæmt skipulegri áætlun. Nú virðist að mestu séð fyrir endann á þeirri röskun. Enda þótt nokkurt tjón hafi orðið virðist ekki hafa orðið sá héraðsbrestur að raski grundvelli byggðar á svæðinu. Eigi að síður mun ástæða til að athuga hvaða breytingar hafa orðið þar með á öryggi þéttbýlismyndunar og þess háttar. Getur það átt samleið með annarri framhaldsvinnu við áætlunina. Engar till. hafa komið fram um að falla frá áætluninni af þessu tilefni. Mun fremur vera hallast að því að tilefnið sé orðið brýnna en ella til sérstakra aðgerða til þess að treysta og efla byggð í Norður-Þingeyjarsýslu.

Hér hefur verið gerð grein fyrir skýrslu Framkvæmdastofnunar ríkisins eða áætlanadeildar hennar í sambandi við þá byggðaþróunaráætlun er hún hefur gert varðandi Norður-Þingeyjarsýslu. Ég vil aðeins bæta við örfáum orðum af því tilefni að sérstök vandamál eru til staðar í

Norður-Þingeyjarsýslu sem eru til athugunar og meðferðar af hálfu stjórnvalda og krefjast úrlausnar. Auk afleiðinga af náttúruhamförunum á Kópaskeri sem ríkisstj. hefur haft til athugunar, fyrst með því að heilbr.- og trmrh. gerði sér ferð þangað norður til að kanna afleiðingar jarðskjálftanna. Í kjölfar þess var sú yfirlýsing gefin að tjón af völdum þeirra mundi hljóta sömu meðferð og tjón af völdum álíka náttúruhamfara, þ. e. a. s. eldgossins í Vestmannaeyjum og snjóflóðanna í Neskaupstað. Að miklu leyti til er hér um að ræða tjón sem hin nýja Viðlagatrygging mun bæta. En auk þess er tjón á öðrum mannvirkjum og verðmætum sem ekki fellur undir bótaskyldu Viðlagatryggingar og þarfnast sérstakrar meðferðar. Þar sem hér er um að ræða atriði og málefni sem falla undir fleiri en eitt ráðuneyti, ákvað ríkisstj. að fela félmrh. að samræma aðgerðir á þessum sviðum og hefur nefnd haft þau mál til athugunar og meðferðar.

Þá er það og ljóst, að frystihúsrekstur og útgerð frá Raufarhöfn á við sérstök vandamál að stríða og hefur Framkvæmdastofnun ríkisins haft þau mál sérstaklega til meðferðar og tillögugerðar.

Loks er þess svo að geta, að Þórshöfn hefur orðið fyrir því að aflabrestur hefur orðið nær alger á yfirstandandi vertíð, eða frá áramótum, ef miðað er við afla fyrri ára og jafnvel síðasta árs, þegar aflinn minnkaði um helming frá árinu áður. Allt þetta hefur orðið til þess að nokkurt atvinnuleysi hefur myndast á Þórshöfn og hafa fulltrúar Þórshafnarbúa átt fund með mér norður á Akureyri, þegar ég átti þar ferð um, og afhent mér bréf og grg. um vandamál sín, auk þeirra tillagna og grg. er áður höfðu verið sendar sjútvrh., og hefur hann þau mál nú til sérstakrar athugunar, en þau eru mjög erfið úrlausnar. Þar er fyrst og fremst um hráefnisskort að ræða vegna aflabrests sem að hluta til kann að eiga sínar orsakir í veiðum breskra togara nálægt miðum þeirra Þórshafnarbúa. Öll þessi mál eru til meðferðar, og hafa þm. Norðurl. e. einnig átt fund með fulltrúum ríkisstj. varðandi þau mál, og mun því samráði, sem þar með er haft við þingmenn kjördæmisins, verða áfram haldið af hálfu ríkisstj.

Fyrirspyrjandi (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans og margt í hans máli. Það kemur hér fram að ríkisstj. hefur ályktað á fundi sínum 31. mars s. l. um þessi efni, en mér sýnist á þeirri ályktun, sem hér liggur fyrir, að tæpast sé um að ræða nokkra staðfestingu á Norður-Þingeyjarsýsluáætluninni. Ég held að það sé mikið vafamál að svo sé, og mér þykir það miður að ályktun ríkisstj. skuli ekki vera ákveðnari að orðalagi en þarna kemur fram. Ég vænti þess að hæstv. ríkisstj. endurskoði afstöðu sína til þessa máls mjög fljótlega.

Ég hlýt að geta þess að norður-þingeyingar hafa að undanförnu, undanfarin ár, frá því að fyrst var farið að ræða um þessa áætlun, bundið mjög miklar vonir við það sem út úr þessari áætlun kæmi, og ég get ekki látið hjá líða að lýsa þeirri skoðun minni að þessi ályktun, sem hér hefur verið birt frá ríkisstj. hlýtur að verða til þess að slæva verulega þær vonir sem norður-þingeyingar hafa gert sér í sambandi við þessa áætlun. Ég vona því að hæstv. ríkisstj. endurskoði afstöðu sína til þessa máls og staðfesti áætlunina berum og ákveðnum orðum.

Ég ræddi hér nokkuð almennt áðan um vandamál Norður-Þingeyjarsýslu og benti á að eitt aðalvandamálið er gamalt. Það er sú langvarandi byggðaröskun, sem við höfum kallað, hin mikla fólksfækkun sem þar hefur orðið, bæði beint og að tölu til. En svo kom líka til, sem ég raunar minntist á og hæstv. forsrh. gerði hér nokkuð að umræðuefni áðan, þau sérstöku vandamál í atvinnulífi Þórshafnar og Raufarhafnar sem nú eru uppi og hafa magnast mjög á síðustu mánuðum og missirum. Það er rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að við þm. höfum átt viðræður við hann og við hæstv. dómsmrh. um þessi mál alveg sérstaklega, og ég þykist vita að þeim viðræðum sé ekki lokið, enda fer því fjarri að nokkur endanleg niðurstaða hafi fengist af þeim, þ. e. á þeim vandamálum, sem við höfum verið að ræða um við ríkisstj. í þessu sambandi, burt séð frá því hvað verður um staðfestingu á Norður-Þingeyjarsýslu-áætluninni.

Inn í þessi mál hlýtur síðan að blandast það mikla tjón sem varð af náttúruhamförum í janúar og febrúar-mánuði s. l. Það tjón er að vísu ekki fullmetið, en hitt er alveg ljóst, að þarna er um ákaflega mikið tjón að ræða sem leggst á fáa íbúa og fámenn sveitarfélög og þess háttar byggðarlög sem ekki eru sérlega öflug efnahagslega. Það er líka víst að við þm. munum taka þetta mál upp sérstaklega við ríkisstj. og eiga við hana viðræður um það hvernig hægt sé að leysa brýnasta vanda þeirra sem hafa orðið fyrir tjóni af náttúruhamförum. Ég nefni þetta þó að það kunni að vera að einhverju leyti utan við það efni sem hér er sérstaklega til umr. en þetta er þó eigi að síður hluti af þessu stóra máli.

Ég vil enn á ný þakka hæstv. forsrh. fyrir svör hans, en ég vil líka endurtaka og leggja mikla áherslu á það, að ég tel að ekki felist staðfesting á byggðaþróunaráætluninni í þeirri ályktun sem hæstv. ríkisstj. gerði á fundi sínum 31. mars.

Framfærslukostnaður, fsp. (þskj. 424). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. 16. maí 1975 var samþ. þál. um athugun á framfærslukostnaði sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að ríkisstj. skuli fela Hagstofu Íslands að reikna út framfærslukostnað a. m. k. á einum stað í hverjum landsfjórðungi. Þessari athugun verði hraðað þannig að niðurstöður liggi fyrir við endurskoðun á vísitölugrundvelli."

Till. þessi var flutt af þm., sem sitja í milliþn. um byggðamál. Það varð niðurstaða n. að slík athugun væri mjög nauðsynleg fyrir störf n. og var lögð áhersla á að þessari athugun yrði hraðað með tilliti til þess að n. hyggst ljúka störfum sínum á þessu ári og vill hafa þessar niðurstöður við höndina við sín störf.

Ég hef því leyft mér að leggja fram fsp. til hæstv. forsrh. á þskj. 424, þar sem ég spyr hvernig þessi störf gangi. Ég geri það m. a. til þess að leggja áherslu á að þessu verði hraðað, og ég harma að ekki er niðurstaða fengin enn.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Í þál. þeirri, sem hér um ræðir, er ákveðið að Hagstofu Íslands skuli falið að reikna út framfærslukostnað a. m. k. á einum stað í hverjum landsfjórðungi. Hafinn er undirbúningur að þessari athugun, og hefur Hagstofan m. a. leitað til verðlagsstjóra um aðstoð við öflun efniviðar til hennar. Er hér aðallega um að ræða söfnun ítarlegra verðupplýsinga frá þeim stöðum utan Reykjavíkur sem athugunin tekur til, en hverjir þeir verða hefur ekki enn verið ákveðið endanlega.

Stefnt er að því að verðupptaka og önnur nauðsynleg upplýsingaöflun í þessu sambandi fari fram í maí n. k., þ. e. á sama eða líkum tíma og framfærsluvísitala maímánaðar 1976 í Reykjavík verður reiknuð, enda er tilgangur þessarar athugunar að leggja grundvöll að samanburði framfærslukostnaðar á nokkrum stöðum á landinu á þeim tíma er hún fer fram. Óhjákvæmilegt er að senda vana verðupptökumenn til viðkomandi staða úti á landi til gagnaöflunar. Þegar eftir að verðupplýsingar liggja fyrir verður hafist handa um úrvinnslu þeirra. Óvíst er, hve langan tíma hún muni taka, en áhersla verður lögð á að hraða verkinu.

Í þessu, sem ég nú hef sagt, er byggt á upplýsingum hagstofustjóra. Hann óskar eftir því að það komi líka fram, að vegna misskilnings fékk Hagstofan ekki vitneskju um samþykkt umræddrar þál. fyrr en seinni hluta októbermánaðar 1975.

Af þeim sökum og einnig vegna ýmissa annarra knýjandi verkefna hefur því miður orðið allmikill dráttur á því að Hagstofan hæfist handa um framkvæmd þessa verks. En ætlunin er, eins og ég hef áður greint, að athugun þessi fari fram samhliða útreikningi á framfærsluvísitölu maímánaðar 1976 í Reykjavík.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir þessar upplýsingar. Þótt við hefðum giarnan kosið vegna okkar starfs í milliþn. að hafa þessa niðurstöðu fyrr, þá fagna ég þó því að starfið er að hefjast og mér heyrist að til þess eigi að vanda, og má segja að það sé aðalatriðið. Ég vona að það taki ekki langan tíma, þannig að niðurstöður geti legið fyrir á miðju sumri, og endurtek að ég tel að slíkur samanburður sé mjög mikilvægur þegar meta skal aðstöðu manna til búsetu í hinum ýmsu landshlutum.

Styrkveitingar Norðurlandaráðs til íþrótta, fsp. (þskj. 424). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ellert B. Schram): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram svohljóðandi fyrirspurnir:

„1. Hvaða samþykktir hefur Norðurlandaráð gert varðandi samskipti Norðurlanda á sviði íþrótta?

2. Hve miklu fé hefur verið varið til að efla þau íþróttasamskipti undanfarin 5 ár og hver er hlutur Íslands (sundurliðaður)?“

Á þessu og síðasta ári hefur athygli manna hér á landi beinst meira en áður að norrænni samvinnu. Kemur þar tvennt til: Norðurlandaþingið var haldið í vetur með talsverðri fyrirferð og nú á Norðurlandaþinginu í vetur samþ. ráðið stuðningsyfirlýsingu með íslendingum í landhelgisdeilunni. Þessir tveir atburðir hafa opnað augu manna fyrir þeirri starfsemi sem fram fer á þessum vettvangi, gefið tilefni til þess að trúa því að raunhæft gagn sé að norrænni samvinnu og gefið nokkuð aðra mynd af henni en íslendingar hafa almennt haft af norrænni samvinnu.

Lengst af hafa íslendingar litið til norrænnar samvinnu góðlátlegum, vinsamlegum augum, ekki haft á móti henni, en ekki heldur verið of trúaðir á ágæti hennar. Þeir hafa gert sér grein fyrir þeirri bræðraskyldu að vera með í Norðurlandaráði, en ekki reiknað með því að uppskeran sé meiri en nokkur kg af pappír, hátíðarræðum og skálaglaumi, þ. e. a. s. saklaus skylda en ekki árangursrík. En hver veit nema Eyjólfur hressist? Umbúðalaus stuðningsyfirlýsing til handa íslendingum vekur upp vonir um meiri áhrif, og beinskeyttur málflutningur fulltrúa okkar ber hugsanlega þann árangur að samvinna á þessum vettvangi verði raunhæfari og áþreifanlegri en verið hefur hingað til. Bókmenntaverðlaun, tónlistarverðlaun, fjárfestingarbanki, allt er þetta vottur þess að eftir því sé tekið hvað við höfum fram að færa og hver okkar vandamál eru.

Um nokkurt skeið hefur verið starfandi sjóður til eflingar norrænum menningarmálum í víðtækri merkingu þess orðs. Í 5. gr. menningarmálasamningsins var á sínum tíma og til skamms tíma kveðið svo á að aðilar skuli hafa með sér samstarf um eflingu starfsemi félaga og samtaka sem starfa að almennum menningarmálum, þ. á m. einnig á sviði æskulýðs- og íþróttamála. Þessari grein hefur nú verið breytt í þeim tilgangi að taka af allan vafa um að sjóðurinn eigi að efla íþróttasamskipti.

Hin frjálsa íþróttahreyfing á Norðurlöndum, sér í lagi sú íslenska, hefur í fjöldamörg ár fylgst með háleitum ræðum og yfirlýsingum um stuðning Norðurlandaráðs við íþróttirnar. Áhugi íslenskrar íþróttahreyfingar er að sjálfsögðu sprottinn af þeirri staðreynd að hún á fjárhagslega langerfiðast uppdráttar. Ferðalög og samskipti við útlönd gerast sífellt erfiðari og kostnaðarsamari. Íslendingar þurfa lengst að sækja og þurfa yfirleitt að bjóða öðrum heim því að öðruvísi kemur enginn eða mjög fáir til íþróttakeppni hingað vegna fjarlægðarinnar og kostnaðarins. Ég hef því nú spurt: „Hvaða samþykktir hefur Norðurlandaráð gert varðandi samskipti Norðurlanda á sviði íþrótta?“ Og í öðru lagi: „Hve miklu fé hefur verið varið til að efla þau íþróttasamskipti?“

Mér býður í grun hvert svarið verður. En ég ber fram þessa fsp. til að varpa ljósi á einn þátt Norðurlandasamvinnunnar sem snertir almenning og það starf og það líf sem að honum snýr, til að varpa ljósi á samræmi milli stefnu-

yfirlýsingar og framkvæmdar, til að vekja athygli á því hversu samvinna getur verið tilgangslítil ef hún er orðagjálfrið eitt, en þýðingarmikil ef henni er beint inn á réttar brautir. Þessari fyrirspurn er beint til forsrh., og ég vænti þess að hann geti gefið mér svör við þessum fyrirspurnum.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Spurningum þessum mun vera beint til mín sem fulltrúa Íslands í ráðherranefnd Norðurlanda, hinni almennu ráðherranefnd, en auk hennar eru starfandi ráðherranefndir fagráðherra og þ. á m. menntmrh. Norðurlanda, en undir þá heyra í raun og veru samskipti Norðurlanda á sviði íþrótta. Ég hef því óskað eftir upplýsingum menntmrn. til þess að gera þessum spurningum skil, og byggi ég svar mitt á grg. sem tekin er saman í menntmrn. og hljóðar á þessa leið:

Varðandi fyrri spurninguna: „Hvaða samþykktir hefur Norðurlandaráð gert varðandi samskipti Norðurlanda á sviði íþrótta?“ er svarið:

Um leið og svarað er fyrri lið fsp. þykir rétt að gera nokkra grein fyrir skipulagi norræns samstarfs á sviði menningarmála, en rekja síðan samþykktir Norðurlandaráðs um íþróttasamstarfið sérstaklega og hvernig við þeim hefur verið brugðist.

Hinn svonefndi menningarmálasamningur Norðurlanda, sem tók gildi 1. jan. 1972, tekur einkum til þess skipulagða samstarfs á sviði menningarmála sem fram fer að undirlagi ríkisstj. á Norðurlöndum eða með beinum tilstyrk þeirra. Gildissvið samningsins skiptist í þrjá geira eftir málaflokkum: fræðslumál, vísindamál og önnur menningarmál í víðtækri merkingu. Undir þennan síðast nefnda málaflokk fellur m. a. íþróttastarfsemi. Þetta kemur fram í 5. gr. menningarmálasamningsins, þar sem m. a. er kveðið á um að samningsaðilar skuli hafa með sér samstarf um eflingu starfsemi félaga og samtaka sem starfa að almennum menningarmálum, einnig á sviði æskulýðs- og íþróttamála. Yfirstjórn á framkvæmd norræna menningarmálasamningsins er í höndum ráðherranefndar Norðurlanda, menntmrh. Ráðherranefndinni til aðstoðar er embættismannanefnd svo og Norræna menningarmálaskrifstofan, Sekretariatet for nordisk Kulturelt Samarbejde, sem staðsett er í Kaupmannahöfn. Skrifstofan skiptist skipulagslega í þrjár deildir sem svara til hinna þriggja meginsviða menningarmálasamningsins. Mál, er varða íþróttasamstarfið, falla þannig undir deild almennra menningarmála.

Meðal umfangsmikilla verkefna menningarmálaskrifstofunnar má nefna undirbúning samnorrænnar fjárhagsáætlunar um samstarf á sviði menningarmála, norrænu menningarfjárlaganna, sem gerð er ár hvert í samráði við menningarmálanefnd Norðurlandaráðs. Auk framlaga til samnorrænna stofnana og annarra fastra samstarfsverkefna fela menningarfjárlögin m. a. í sér sérstaka ráðstöfunarfjárveitingu til handa ráðherranefndinni, og er sú fjárveiting einkum ætluð til að kosta ýmiss konar kannanir svo og nýja starfsemi sem efnt er til í þessu skyni. Fjárveitingar samkv. norrænu menningarfjárlögunum fyrir árið 1976 nema samtals 45.3 millj. danskra kr. og fyrirhugaðar eru 52 millj. danskra kr. á árinu 1977.

Á þeim rösklega 4 árum, sem norræni menningarmálasamningurinn hefur verið í gildi, hefur samstarfið á því sviði, sem samningurinn tekur til, verið eflt og aukið og hefur m. a. verið komið á fót nýjum samstarfsstofnunum, svo sem Norrænu Samastofnuninni í Kautokeino í Noregi og Norrænu eldfjallastöðinni í Reykjavík. Jafnframt hefur þetta tímabil á hinn bóginn einkennst af því að lögð hefur verið áhersla á að meta það samstarf, sem fyrir var, og gera áætlanir um verkefni á næstu árum.

Að því er íþróttasviðið varðar hefur tilkoma menningarmálasamningsins fram að þessu ekki markað nein teljandi spor. Í þeim stefnumiðum fyrir norrænt menningarmálasamstarf, sem ráðherranefnd Norðurlanda samþ. í des. 1974 og ætlað er að vera frumdrög að starfsáætlun fyrir næstu ár án tiltekinna tímamarka, er hins vegar vikið að íþróttasamstarfinu í sérstökum lið sem í heild hljóðar svo: „Einnig ber að íhuga hvernig unnt sé innan marka menningarmálasamningsins að efla norrænt samstarf á sviði íþrótta. Á þessu sviði er þegar fyrir hendi víðtækt kappleikjasamstarf í úrvalsflokkum, en leggja ber einkum áherslu á að koma á laggirnar íþróttasamvinnu á breiðum alþýðulegum grundvelli í samráði við aðra aðila á sviði menningar- og umhverfismála.“

Árið 1971 samþ. Norðurlandaráð ályktun þar sem því var beint til ríkisstj. að í tengslum við meðferð fyrri ályktunar varðandi aukinn stuðning við norrænt æskulýðssamstarf yrðu einnig kannaðir möguleikar á fjárhagslegum stuðningi við norræn íþróttasamskipti. Íslandi var falið að hafa forgöngu í sambandi við meðferð þessarar ályktunar, og menntmrn. vísaði henni til samstarfsstofnana þeirra er komið var á fót samkv. hinum nýja menningarmálasamningi. Tæpast verður talið að ályktunin hafi fram að þessu leitt til neinna áþreifanlegra aðgerða innan marka menningarmálasamningsins. Frá því árið 1973 hefur árlega verið veitt af ráðstöfunarfé ráðherranefndarinnar 1 millj. danskra kr. til stuðnings samstarfi milli norrænna æskulýðssamtaka. Er hér í bili um að ræða þriggja ára reynslustarfsemi. Við afmörkun á verksviði þessara styrkveitinga voru íþróttasamskiptin felld undan.

Á þingi Norðurlandaráðs, sem haldið var í Reykjavík í febr. 1975, var að till. menningarmálanefndar ráðsins ákveðið að afskrifa ályktunina frá 1971 með skírskotun til þess að ráðið samþ. á þessu þingi nýja ályktun sem talin var hafa hliðstætt markmið og ganga lengra en fyrri ályktunin. Nýja ályktunin, nr. 16 frá 1975, er á þessa leið:

„Norðurlandaráð beinir því til ráðherranefndar Norðurlanda að láta gera könnun á, hvernig haga megi auknu norrænu íþróttasamstarfi, og leggja fram till. um það efni og verði í því sambandi: 1) sérstaklega höfð hliðsjón af þörfinni á stuðningi við samstarf á sviði skóla-, æskulýðs- og starfsfélaga- og fötlunaríþrótta svo og á sviði almenningsíþrótta yfirleitt; 2) kannaðir möguleikar á að stofna íþróttaverðlaun Norðurlandaráðs.“

Þessi ályktun var ítrekuð með samþykkt á nýafstöðnu þingi Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn. Í skýrslu ráðherranefndar Norðurlanda, sem lögð var fyrir síðasta þing Norðurlandaráðs, er tekið fram að efnt muni verða til athugunar á aukningu samstarfs á sviði íþrótta, sérstök áhersla muni verða lögð á samvinnu um alla íþróttastarfsemi fyrir börn og unglinga, starfsmannaíþróttir og íþróttir fyrir fatlaða. Á vegum Norrænu menningarmálaskrifstofunnar í Kaupmannahöfn fer nú fram könnun á fjárhagsaðstöðu íþróttastarfsemi í einstökum Norðurlandaríkjum.

Þegar norræni menningarmálasamningurinn kom til sögunnar hafði Menningarsjóður Norðurlanda þegar verið starfandi í um það bil 5 ár. Markmið sjóðsins er að efla menningarsamstarf Norðurlandaþjóða. Reglur sjóðsins hafa nýlega verið endurskoðaðar og var í því sambandi breytt að nokkru orðalagi þeirrar greinar sem markar verksvið sjóðsins. Í hinni nýju gerð reglnanna, sem undirrituð var á fundi ráðherranefndar Norðurlanda, menntmrh., í Stokkhólmi 12. júní 1975, hljóðar þar um ræddur málsliður sem hér segir: „Starfssvið sjóðsins tekur til norrænnar menningarsamvinnu á öllum sviðum. Styrki úr sjóðnum má þannig veita til verkefna á sviði vísinda, rannsókna, fræðslumála og almennrar menningarstarfsemi í víðtækasta skilningi.“ Í fyrri gerð greinarinnar voru nefnd dæmi um tiltekin svið almennrar menningarstarfsemi. Með hinu nýja og almennara orðalagi hafa menn viljað reisa skorður við því að nokkurt svið almennra menningarmála yrði af formlegum ástæðum talið falla utan við verksvið sjóðsins. Þetta ætti að vera ávinningur m. a. fyrir íþróttastarfsemi.

2. liður fsp. varðar fjárveitingar til norrænna íþróttasamskipta undanfarin 5 ár og hlut Íslands í því sambandi. Ef gert er ráð fyrir að átt sé við styrki af samnorrænum fjárveitingum, ber að taka fram að slíkur stuðningur hefur einkum verið veittur í formi styrkja úr Menningarsjóði Norðurlanda. Hlutur íþróttanna í heildarfjárveitingum úr sjóðnum er þó ekki fyrirferðarmikill. Í tölfræðilegu yfirliti um starfsemi sjóðsins á árunum 1970—1974 kemur fram að á þessu tímabili bárust 13 umsóknir um styrki úr sjóðnum til íþróttaverkefna, en af þeim voru aðeins tvær samb. Heildarfjöldi umsókna til sjóðsins var á sama tíma um 1575, þar af samb. 445 til styrkveitinga. Hlutur íþrótta af heildarfjölda umsókna var þannig um það bil 1% á umræddu tímabili, en náði ekki hálfu prósenti af samb. umsóknum.

Af ráðstöfunarfé sjóðsins árið 1971 voru engir styrkir veittir til íþrótta og ekki heldur árin 1972 og 1973. Árið 1974 voru veittir tveir styrkir til íþróttastarfsemi samtals að fjárhæð 25 þús. danskar kr. Annar þeirra var styrkur til frjálsíþróttasambandsins í Norðurbotnum í Svíþjóð til að kosta þátttöku íslendinga í hinni svonefndu Kalottkeppni, þ. e. íþróttamót fyrir íbúa í nyrstu héruðum Norðurlanda. Árið 1975 voru veittir tveir styrkir til ráðstefnuhalds varðandi íþróttamálefni, en hvorugur þeirra varðaði Ísland sérstaklega.

Við þessa grg. vil ég svo aðeins bæta því, herra forseti, að ég er þeirrar skoðunar að á fáum sviðum sé vænlegra að efla bróðurhug og samstarfsanda með Norðurlandaþjóðum en á sviði íþrótta og tel ég ástæðu til þess að auka það samstarf m. a. með tilstyrk Norðurlandaráðs.

Fyrirspyrjandi (Ellert B. Schram): Herra forseti. Ég þakka forsrh. svarið, en ég vek athygli á því að fyrir utan einn styrk, sem óbeint var til stuðnings við íslenska íþróttahreyfingu, hefur ekkert — alls ekkert verið gert fyrir íþróttasamskipti hjá Norðurlandaráði. Samkv. þessu svari hefur Norðurlandaráð fjallað um eflingu íþróttasamstarfs meðal Norðurlandanna á hverju ári frá a. m. k. 1970 og gert um það nýjar og nýjar ályktanir á hverju ári, ýtt málinu á undan sér, talið að nýjar samþykktir væru til frekari eflingar þessum samskiptum, en niðurstaðan hefur orðið sú að ekkert hefur verið gert.

Það kemur fram í því svari, sem forsrh. las, að menningarmálasamningurinn hafi ekki markað nein teljandi spor á íþróttasviðinu, hafi ekki leitt til neinna áþreifanlegra aðgerða og að hlutur íþróttanna í heildarfjárveitingum úr sjóðnum sé ekki fyrirferðarmikill, og er það vægt til orða tekið. Norræni menningarmálasjóðurinn hefur til umráða á árinu 1975 hálfan annan milljarð ísl. kr., en ekki ein einasta króna hefur farið til íþróttasamskipta. Ég get metið ummæli hæstv. forsrh. nokkurs þegar hann telur að fátt sé líklegra til þess að efla bróðurhug og samvinnu heldur en samskipti á sviði íþróttanna, og ég vona að þau orð geti orðið að veruleika. Ég geri mér grein fyrir því að það er ekki á hans valdi að taka þessar ákvarðanir, heldur er það Norðurlandaráðs og óbreyttra þm. Ég vil trúa því og held að það sé rétt, að fulltrúar okkar Íslendinga hafi haldið uppi djörfum málflutningi og einörðum á þingum Norðurlandaráðs síðustu árin og það verði til þess að einhver raunhæfur árangur verði af.

Íslensk íþróttahreyfing hefur sótt um styrki á hverju einasta ári undanfarin 5 ár til Norræna menningarmálasjóðsins, en ávallt fengið synjun. Á þessu ári mun verða efnt til norræns unglingamóts hér á Íslandi sem 100 norrænir unglingar á aldrinum 14—16 ára taka þátt í. Þetta er á vegum frjálsra íþróttasamtaka sem standa illa að vígi fjárhagslega, og ég trúi því að Norræni menningarmálasjóðurinn og fulltrúar okkar í Norðurlandaráði muni vinna að því og sjá um, að eðlilegur styrkur fáist til þessa móts. Það mun verða prófsteinn á norræna samvinnu, og ef Íslendingar og Norðurlandaráð yfirleitt vill ekki verða að athlægi meðal almennings, þá verður að gera bragarbót. Ég trúi því að hv. fulltrúar okkar í Norðurlandaráði og ráðh. Íslendinga fylgi þessu máli eftir því að hér er sannarlega þarft verk að vinna.

Umræður utan dagskrár.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Tilefni þess, að ég leyfi mér að kveðja mér hljóðs utan dagskrár, er sú fregn er mér barst til eyrna í gær,

að hæstv. menntmrh. hefði skipað dr. Sigurð Magnússon í stöðu prófessors við Háskóla Íslands í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp og yfirlækni í kvensjúkdómum á Fæðingardeild Landsspítalans, en ekki dr. Gunnlaug Snædal sem talinn var hæfari þessara tveggja umsækjenda til þess að gegna umræddu embætti, en slík varð niðurstaða dómnefndar skipaðrar mönnum frá þremur viðurkenndum háskólum á Norðurlöndum: Karolinska Institutet í Stokkhólmi, Árhus Universitet og Háskóla Íslands, en á hans vegum sat prófessor Þorkell Jóhannesson í nefndinni. Dómnefnd þessi var skipuð að ósk læknadeildar Háskóla Íslands í samráði við menntmrh. til þess að komast að hlutlausri niðurstöðu um hæfni umsækjenda þar sem báðir voru taldir koma til greina í stöðuna og því vandasamt og mikið verk sem dómnefndarmenn voru beðnir að inna af hendi. Á niðurstöðu dómnefndarmanna hvíldi framtíð umsækjenda.

Niðurstöður dómnefndarinnar reyndust samhljóða. Annar umsækjandinn, dr. Gunnlaugur Snædal, var talinn tvímælalaust hæfari til að gegna prófessorsstöðunni í kvensjúkdóma- og fæðingarhjálp við Háskóla Íslands og yfirlæknisstöðu Fæðingardeildar Landsspítalans, eða eins og fram kemur í niðurstöðu dómnefndar orðrétt, með leyfi hæstv. forseta, en þar er yfirskriftin: „Samanburður á umsækjendunum tveimur og lokaniðurstaða“ — hún hljóðar svo:

„Báðir hafa umsækjendur fullgilda menntun, og þeir hafa báðir að verulegu leyti aflað sér undirstöðumenntunar erlendis. Enn fremur hafa þeir báðir víðtæka margra ára kennslureynslu.

Enda þótt Magnússon standi að því leyti greinilega framar Snædal vegna langs starfsferils við kennslustörf, þá hafa báðir tekið drjúgan þátt í fræðslufundahöldum, bæði sem fyrirlesarar og kennarar við framhaldsmenntun með fjölbreyttu sniði. Það leikur því ekki á tveim tungum að báðir eru þeir fyllilega hæfir til þess að stjórna kvensjúkdóma- og fæðingardeild.

Þar eð umsóknirnar varða prófessorsembættið í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp verður að telja að vísindastörf ráði úrslitum, en þau eru af beggja hálfu alltakmörkuð.

Það er áberandi, er meta skal störf Magnússonar, að öll ritverk hans hafa orðið til á síðustu 5 árum. Það er enn fremur sérkenni á öllum verkum Magnússonar, að doktorsritgerðinni undanskilinni, að þau eru gefin út í samvinnu við einn eða oftast fleiri, og miðað við Magnússon verður að telja þá flesta eldri og mjög virta vísindamenn sem áður hafa gefið út viðamikil rit um þau efni sem fjallað er um í framlögðum verkum.

Doktorsritgerðin, sem álita verður mjög veigalitið verk, styður þessa skoðun á framlagi Magnússonar.

Ritstörf Snædals eru einnig alllítil að vöxtum, en hins vegar er doktorsritgerð hans yfirgripsmikil, afar mikils virði og brauthugsað verk þar sem fram koma margar athuganir sem vel má telja frumlegar. Svipuð sjónarmið um verkgæðin má setja fram varðandi annað verk hans um linurit yfir tíðni krabbameins í brjósti miðað við aldur og verkið um sjúklega stækkun skjaldkirtils hjá vanfærum konum. Hvorugt þessara verka lætur lesandanum velkjast í vafa um að Snædal hefur lagt fram mjög drjúgan skerf til þeirra þótt báðar séu ritgerðirnar unnar í samvinnu við aðra.“

Niðurstaða dómnefndarinnar er svo hljóðandi:

„Einróma álit n. er að dr. med. Gunnlaugur Snædal sé hæfari til þess að gegna umræddri prófessorsstöðu við Háskóla Íslands, og vísar n. til þess að hann stendur frá vísindalegu sjónarmiði greinilega framar hinum umsækjandanum þótt þeir séu að öðru leyti jafnokar.“

Undir þetta er skrifað af viðkomandi þremur dómnefndarmönnum í Kaupmannahöfn 16. jan. 1976.

Við þetta má bæta að dr. Gunnlaugur Snædal hefur um 16 ára skeið unnið farsælt starf við Fæðingardeild Landsspítalans og verið staðgengill yfirlæknis og prófessors Péturs heitins Jakobssonar á meðan hans naut við. Dr. Gunnlaugur Snædal hefur tekið verulegan þátt í stjórnunarstörfum Fæðingardeildarinnar og séð um skýrslugerð deildarinnar frá stofnun hennar 1949. Þá hefur dr. Gunnlaugur unnið að nýskipan mæðraskrár og fæðingartilkynninga og var fulltrúi prófessorsins í allri undirbúningsvinnu við nýbyggingu Fæðingardeildarinnar frá 1968 til þessa dags.

Sýnir þetta að dr. Gunnlaugur Snædal hefur öðrum fremur áunnið sér rétt til þess að verða eftirmaður prófessors Péturs Jakobssonar ef um væri að ræða að umsækjendur væru að öðru leyti jafnokar. En staðreyndir sýna að ritsmíð og störf dr. Gunnlaugs eru bæði meiri að magni og mikilsverðari frá vísindalegu sjónarmiði, og niðurstaða dómnefndar virðulegra norrænna háskóla mælir einróma með því að hann hljóti stöðuna.

Það hlaut því að vekja athygli þegar læknadeild Háskólans ákvað á fundi hinn 5. mars 1976 með 22:16 atkv. að ganga gegn niðurstöðu dómnefndarinnar án rökstuðnings og mæla með því að dr. Sigurður Magnússon yrði skipaður af ráðh. í umræddu prófessorsstöðu.

Nú hefur hæstv. menntmrh. skipað dr. Sigurð Magnússon í stöðuna þrátt fyrir einróma niðurstöðu dómnefndarinnar dr. Gunnlaugi Snædal í hag. Virðist hæstv. ráðh. hér taka mið af niðurstöðu læknadeildarinnar, en engin rök hafa verið færð fram fyrir því hvers vegna þar er lagst á móti ráðningu dr. Gunnlaugs Snædals. Því leyfi ég mér að spyrja hæstv. menntmrh.:

1. Hvers vegna var gengið fram hjá niðurstöðu dómnefndar, sem læknadeildin óskaði eftir að málinu yrði vísað til, um skipun í prófessorsembætti í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp og yfirlæknisembætti við kvensjúkdóma- og fæðingardeild Landsspítalans?

2. Hver var kostnaðurinn við umrædda dómnefnd, og hver greiðir hann?

3. Nú er hér um að ræða skipun í prófessorsembætti við Háskóla Íslands ásamt embætti yfirlæknis við kvensjúkdóma- og fæðingardeild Landsspítalans. Leitaði hæstv. menntmrh. álits heilbrmrn. á skipun yfirlæknisembættisins, og ef svo var, hvert var álit heilbrrn.?

Að mínu mati hefur verið gengið á rétt eins af okkar hæfustu læknum og leikreglur brotnar á góðum dreng sem dr. Gunnlaugur Snædal er

með því að hafa að engu hlutlaust mat sérfróðra manna á hæfni umsækjanda. Ég þoli illa allt ranglæti og leyfi mér þess vegna að draga athygli að þessu máli. Háskóli Íslands er eign og stolt þjóðarinnar og ber ávallt að hafa hæfustu vísindamenn innan sinna veggja og í sinni þjónustu.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Það mun fremur óvenjulegt að ræða stöðuveitingar utan dagskrár á Alþ., a. m. k. man ég ekki til þess að það hafi verið gert. En spurningum hv. 12. þm. Reykv. vil ég svara þannig í sem allra fæstum orðum.

Fyrsta spurningin: Dómnefndin mat báða umsækjendur hæfa til að gegna stöðunni. Staðan er veitt í samræmi við till. læknadeildar.

Önnur spurning: Heildarkostnaður við dómnefndina var 230 635 kr., þar af þóknun til dómnefndarmanna 84 þús. kr. sem skiptast jafnt milli þriggja og kostnaður 146 635 kr., og er þessi kostnaður færður með rekstrargjöldum Háskólans. Til upplýsinga má geta þess að hæst hefur kostnaður við dómnefnd farið upp á liðlega 1 millj. 200 þús. kr. árið 1974.

Þriðja spurningin var um það hvort hefði verið leitað álits heilbrrn. Svarið er nei. Það var ekki gert og það hefur ekki verið venja.

Þetta eru bein svör við spurningum hv. þm., en að öðru leyti ræði ég ekki þetta utan dagskrár hér á Alþ. að sinni, enda kynni það að verða nokkuð langt mál ef út í það væri farið.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin. Hann gat í upphafi máls síns að það væri óvenjulegt að ræða um stöðuveitingar utan dagskrár. Það getur vel verið rétt, en ég held að það sé þá kominn tími til þess að svo verði gert því að ríkisstj. og ráðh. starfa á ábyrgð Alþ. og alþm. sem að henni standa. Ég vil aðeins benda á að það eru dæmi um að hæstv. ráðh. hafi fyrir einu og hálfu ári brugðið út af því að skipa í kennarastöður við Háskóla Íslands skv. till. læknadeildar og hafi skipað í þær gegn meðmælum meiri hl. deildarinnar, svo að ekki getur verið um það eitt að ræða í sambandi við ákvörðunartöku í þessu máli.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta mál frekar. Svör ráðh. gáfu ekki tilefni til þess. En ástæðan fyrir því, að ég tók þetta mál upp á Alþ. og gerði það að umræðuefni, var einfaldlega sú að ég álít að þarna hafi verið brotið á okkar hæfasta lækni til þess að gegna umræddum stöðum.

Sameinað þing, 76. fundur.

Þriðjudaginn 6. apríl, að loknum 75. fundi.

Tölvutækni við söfnun upplýsinga um skoðanir manna, þáltill. (þskj. 303). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og til allshn. með 38 shlj. atkv.

Heyrnarskemmdir af völdum hávaða í samkomuhúsum, þáltill. (þskj. 368). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 40 shlj. atkv. og umr. frestað.

Skýrsla iðnaðarráðherra um Kröfluvirkjun.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Skv. lögum nr. 21 frá 10. apríl 1974, um jarðgufuvirkjun við Kröflu eða við Námafjall í Suður-Þingeyjarsýslu, var ríkisstj. heimilað að fela væntanlegri Norðurlandsvirkjun eða öðrum aðila að reisa og reka jarðgufuaflsstöð við Kröflu eða austanvert Námafjall með allt að 55 mw. afli til framleiðslu á raforku og leggja þaðan aðalorkuveitu til tengingar við aðalorkukerfi Norðurlands og Austurlands. Heimildarlög þessi voru samþ. shlj. á Alþ. 4. apríl 1974 að loknum ítarlegum umr.

Á undanförnum árum hafa farið fram víðtækar rannsóknir á Kröflu- og Námafjallssvæðinu með tilliti til fyrirhugaðrar jarðgufuvirkjunar þar. Hér er um að ræða fyrstu meiri háttar gufuaflsvirkjun hér á landi, en síðan 1969 hefur verið rekin lítil gufuaflsstöð á vegum Laxárvirkjunar í Bjarnarflagi.

21. júní 1974 skipaði þáv. iðnrh. n. sem skyldi hafa það verkefni að undirbúa jarðgufuvirkjun við Kröflu eða Námafjall í samræmi við heimildarlögin. Í n. eiga sæti: Bragi Þorsteinsson, verkfræðingur, Ingvar Gíslason alþm., sem er varaform. n., Jón G. Sólnes alþm., sem er form. n., Páll Lúðvíksson verkfræðingur og Ragnar Arnalds alþm. Vegna tilfinnanlegs orkuskorts á Norðurlandi var lögð sérstök áhersla á að hraðað yrði svo sem frekast væri unnt tæknilegum og fjárhagslegum undirbúningi virkjunarinnar.

Hér er um viðamikið verkefni að ræða og hefur undirbúningur þess verið á vegum Kröflunefndar, Orkustofnunar og Rafmagnsveitna ríkisins. Verkaskipting þessara aðila hefur verið sem hér segir: Kröflunefnd hefur séð um byggingu stöðvarhúss og kaup á öllum vélbúnaði tilheyrandi virkjuninni svo og kæliturnum, o. þ. h. Orkustofnun hefur haft með höndum rannsóknir á jarðhitasvæðinu, borun vinnsluhola og virkjun þeirra, enn fremur lagningu gufuveitu og framleiðslubúnaðar til vinnslu á gufunni þar til hún fer inn á vélar virkjunarinnar. Þá hefur Orkustofnun haft með höndum undirbúning þeirra mannvirkja sem munu taka við affallsvatni frá virkjuninni. Rafmagnsveitur ríkisins hafa unnið að undirbúningi og hönnun háspennulínu frá Kröflu til Akureyrar og tengingu þeirrar línu á Akureyri. Kröflunefnd hefur hins vegar undirbúið tengingu línunnar við tengivirki Kröfluvirkjunar.

Á s. l. ári ákvað ráðh. að efna til formlegs samstarfs þessara þriggja aðila undir forustu iðnrn. til að samræma starf og áætlanir við virkjunarframkvæmdir.

Á síðari hluta árs 1974 var unnið að rannsóknarborunum á Kröflusvæðinu í framhaldi af þeim rannsóknum sem fram höfðu farið árin 1970—1973. Á árinu 1974 voru boraðar tvær 1100—1200

m rannsóknarholur. Mældist hiti í annarri holunni allt að 300° C, og var gert ráð fyrir í skýrslu Orkustofnunar að niðri á 2000 m dýpi mætti búast við allt að 330—340° hita. Þó var gert ráð fyrir að meðalhiti innstreymis í holuna yrði lægri þar sem kaldara vatn streymdi inn í holurnar ofar.

Niðurstaða þeirra borana og rannsókna varð sú skv. skýrslu Orkustofnunar að Kröflusvæðið stæði undir 50—60 mw. gufuvirkjun og hugsanlegri síðari stækkun. Mælt var með því að hafist yrði handa um að bora vinnsluholur í Kröflu á árinu 1975. Gerð var grein fyrir samanburði á Kröflusvæðinu og Námafjallssvæðinu. Kröflusvæðið er talið fast að tífalt stærra að flatarmáli en Námafjallssvæðið og líkur á að það sé öruggara í vinnslu og standi undir verulegri stækkun síðar.

Að loknum þessum rannsóknum og gaumgæfilegum athugunum að öðru leyti lagði Orkustofnun til að jarðhitinn á Kröflusvæðinu yrði virkjaður og mannvirkið staðsett ofarlega í Hlíðardal, 500—1500 m frá fyrirhuguðu borsvæði.

Kröflunefnd gerði samning um verkfræðilega ráðgjöf og hönnun við Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens og verkfræðifyrirtækið Rogers Engineering. Seint á árinu 1974 var leitað tilboða í vélar virkjunarinnar. Í apríl 1975 var samið um kaup á aðalvélum, tveim 30 mw. vélasamstæðum frá japanska fyrirtækinu Mitsubishi.

Framkvæmdir við vegagerð og stöðvarhús hófust snemma sumars 1975. Framkvæmdir hafa síðan gengið eftir áætlun og var stöðvarhúsið fokhelt fyrir s. l. áramót. Á árinu 1975 var tekin ákvörðun um að aðeins fyrri vélasamstæðan yrði tekin í notkun á árinu 1976, en hinni síðari frestað um sinn.

Orkustofnun hóf sumarið 1975 borun vinnsluhola. Voru boraðar þrjár holur. Árangur þeirra borana var sá að fyrsta holan, hola 3, — en rannsóknarholurnar frá 1974 eru taldar nr. 1 og 2, — var frágengin til gufuvinnslu og gaf hún gufumagn sem svaraði til 5—6 mw. raforkuframleiðslu. Við borun á annarri vinnsluholunni, holu 4, komu í ljós miklir erfiðleikar vegna mikils þrýstings. Holan braut af sér loka í byrjun janúar og blés eftir það óbeislað og hrundi síðan saman. Nú hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að fá öflugri búnað fyrir þær borholur sem boraðar verða í ár. Verður þá mögulegt að ráða við þann þrýsting sem komið getur á þær holur sem boraðar verða héðan í frá. Þriðja holan, hola 5, var boruð niður á 1300 m dýpi og er gert ráð fyrir að hún verði dýpkuð þegar boranir verða hafnar nú í ár.

Í fjárlaga- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1976 er gert ráð fyrir fjáröflun á þessu ári að upphæð 2 809 millj. kr., auk þess er gert ráð fyrir fjármögnun með vörukaupalánum að upphæð 1 214 millj. eða samtals 4 023 millj. kr. Þetta skiptist þannig:

	Fjáröflun	Vörukaupalán
Framkvæmdir á vegum:	millj. kr.	
Kröfluvirkjunar	1 694	1 084
Orkustofnunar	600	130
Rafmagnsveitna ríkisins	515	

Það sem af er þessu ári hefur verið unnið að byggingu stöðvarhúss og undirstöðum véla. Aðalvélar virkjunarinnar eru nú fullsmíðaðar í Japan og hafa verið prófaðar þar. Er ráðgert að uppsetning fyrri vélar og tilheyrandi búnaðar geti hafist snemma sumars og verður lokið fyrir n. k. áramót, eins og framkvæmdaáætlun gerir ráð fyrir.

Skv. áætlun Orkustofnunar á að hefja boranir með Jötni í apríl. Á þessu ári er áætlað að bora fjórar holur og á árunum 1977 og 1978 átta holur til viðbótar. Fyrstu tvær holurnar verða boraðar í 1500—1600 m dýpi með möguleika á að dýpka þær síðar ef hagkvæmt þykir. Þegar borun þessara tveggja hola er lokið verður tekin afstaða til þess hvort dýpka skuli framangreindar holur eða bora fleiri holur 1500—1600 m djúpar.

Rannsóknir hafa sýnt að næg orka er fyrir hendi á Kröflusvæðinu. Framangreind áætlun um tilhögun á borunum miðast við það að fá megi nægilegt gufumagn með sem minnstri áhættu.

Í júnímánuði 1975 gerði Orkustofnun samning við verkfræðistofuna Virki og Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens um hönnun á aðveitukerfi gufu frá borholum að stöðvarhúsi og hönnun kæililóns fyrir affallsvatn.

Í nóv. 1975 kom út á vegum Orkustofnunar skýrsla ráðgjafaverkfræðinganna um forhönnun aðveitu Kröfluvirkjunar. Skv. forhönnun aðveitukerfisins er gert ráð fyrir 12 borholum í notkun samtímis og 2 til vara þegar stöðin er fullgerð. Áætlað er að meðalafköst hverrar borholu verði 40—50 kg/sek. og að innstreymishiti verði 270° C. Þessi afköst eru talin fullnægjandi fyrir vélar virkjunarinnar, en það þýðir að meðalafköst hverrar borholu yrði 5—6 mw.

Gert er ráð fyrir byggingu gufuveitunnar í tveimur áföngum, fyrri áfangi verði veita frá neðra borsvæði og ljúki honum 1. okt. 1976, síðari áfangi veita frá efra borsvæði sem mætti ljúka í okt. 1977, en áætlað er að hvor áfangi fyrir sig dugi fyrir eina aflvél virkjunarinnar.

Í upphaflegum áætlunum var gert ráð fyrir að affallsvatni yrði veitt í uppistöðulón í Þríhyrningadal, en í áðurnefndri skýrslu er lagt til að því verði veitt í tilbúið lón í Hlíðardal af tæknilegum og rekstrarlegum ástæðum. Ekki er það talið hafa teljandi áhrif á stofnkostnað á hvorum staðnum lóninu er valinn staður.

Kostnaðaráætlun gufuveitu og affallsvatns er: Fyrri áfangi, sem ráðgert er að byggður verði í ár, 410 millj. kr. Síðari áfangi 310 millj. kr. Samtals 720 millj. kr.

Rafmagnsveitur ríkisins hafa undirbúið lagningu háspennulínunnar frá Kröflu til Akureyrar. Kostnaðurinn er áætlaður 515 millj. kr. Staurar í línuna eru komnir til landsins. Gert er ráð fyrir að línan verði tilbúin í des. þessa árs.

Sú hugmynd hefur komið upp að fresta Kröfluvirkjun um eitt ár. Verða nú rakin þau atriði, sem skipta sérstaklega máli í því sambandi.

20. des. 1975 braust út eldgos í Leirhnjúk. Jafnframt upphófst mikil jarðskjálftahrina. Sú hrina náði hámarki síðari hluta janúar, en upp úr mánaðamótum janúar og febrúar fór smátt og smátt að draga úr jarðskjálftum. Til skýringar skal þess getið að um miðjan janúar voru skjálftar stærri en 3 á Richterskvarða um 50 á viku. Um mán-

aðamótin janúar—febrúar voru skjálftar af sömu stærð um 40 á viku. Um miðjan febrúar voru ekki nema 5 slíkir skjálftar á viku. Og síðan 18. febrúar hefur skv. upplýsingum frá Raunvísindastofnun Háskólans enginn jarðskjálfti með styrkleika 3 eða meira fundist á Kröflusvæðinu.

Hinn 19. jan. s. l. rituðu fjórir sérfræðingar í jarðvísindum við Raunvísindastofnun Háskólans iðnrh. bréf þar sem þeir telja að meðan jarðskjálftahrinan, sem hófst 20. des., stendur yfir telji þeir óráðlegt að halda áfram framkvæmdum við Kröfluvirkjun öðrum en þeim sem stuðla að verndun þeirra mannvirkja sem þegar hefur verið fjárfest í. Framkvæmdir voru í samræmi við þessa ábendingu.

Með hliðsjón af því, sem að framan greinir, má gera ráð fyrir að jarðskjálftahrinan, sem hófst um s. l. áramót, sé liðin hjá. En rétt er að geta þess að smáskjálftar, þ. e. a. s. skjálftar minni en 3 að styrkleika, hafa fundist á Kröflusvæðinu síðan á miðju sumri 1975 og finnast enn.

Miðað við núverandi aðstæður eru viðhorf Orkustofnunar og Kröflunefndar þau að rétt sé að halda áfram óbreyttri framkvæmdaáætlun. Viðhorf Orkustofnunar kemur m. a. fram í bréfi til rn., þar sem segir:

„Nú hefur dregið úr jarðskjálftavirkni við Kröflu. Hafa nú upp á síðkastið ekki komið stærri skjálftar en í fyrrasumar og haust meðan boranir stóðu þar yfir. Skjálftar af þeirri stærð valda ekki vandkvæðum við boranir, og verður borinn því sendur að Kröflu að núverandi aðstæðum þar óbreyttum þegar borun við Laugaland lýkur."

Vegna náttúruhamfara gæti fyrst og fremst verið um hættu af völdum jarðskjálfta og hugsanlegs eldgoss að ræða. Sú hætta er ávallt að vissu marki fyrir hendi þegar um er að ræða mannvirki á hinu virka eldgosabelti landsins. Það er álit vísindamanna, eins og áður var sagt, að jarðskjálftahrina sú, sem hófst fyrir alvöru með eldgosinu, sé liðin hjá, hugsanlegt sé hins vegar að hún gæti hafist að nýju, en ómögulegt sé að segja um það á þessu stigi.

Áhrif jarðskjálfta á mannvirki virkjunarinnar hafa verið athuguð af sérfræðingum. Stöðvarhúsið, svo og önnur byggingarmannvirki Kröfluvirkjunar, er reiknað fyrir jarðskjálftaáraun sem nemur 220 cm/sek%. Hér er um að ræða tvöfalt meiri kröfur um styrkleika mannvirkja heldur en gerðar eru til bygginga á höfuðborgarsvæðinu. Þetta samsvarar 20% þyngdar og væri sambærilegt við þá áraun sem búast mætti við í jarðskjálfta af stærð 7 eftir Richterskvarða er ætti upptök sín í námunda við stöðvarhúsið. Ekki er talið líklegt að svo stór jarðskjálfti geti átt sér stað á Kröflusvæðinu, því veldur jarðhitinn, en einmitt hinn mikli hiti í jarðskorpunni á þessum stað hindrar að mikil spenna geti safnast saman í skorpunni. Stórir jarðskjálftar gætu hins vegar komið í norðurenda sprungusveimsins, þar sem ekki gætir jarðhita í miklum mæli.

Öllum tækjum í Kröfluvirkjun, aflvélum, rafbúnaði og öðrum tækjum, verður komið fyrir með tilliti til jarðskjálftaáraunar, hinnar sömu og áður er getið, þ. e. a. s. 7 stig á Richterskvarða. Er sérstaklega gengið frá öllum festingum og undirstöðum allra véla og tækja með tilliti til þessarar áraunar.

Fram hefur komið sú spurning hvort steypuvinna sé framkvæmanleg, einkum mikilvægir hlutir svo sem aflvélaundirstöður, á meðan búast má við jarðskjálftum. Að athuguðu máli er talið að engin sérstök áhætta sé þessu samfara og steypuvinna þurfi af þessum sökum ekki að tefjast. Hér er stuðst við athuganir á þessu atriði sem gerðar hafa verið í Japan við líkar aðstæður.

Þá hafa sérfræðingar einnig athugað áhrif jarðskjálfta á borun og mannvirki gufuveitu.

Nokkrir skjálftar af styrkleika um 4 á Richterskvarða áttu upptök sín á Kröflusvæði meðan borun stóð þar yfir sumarið 1975. Borunarmenn urðu þeirra lítt varir og höfðu skjálftarnir engin merkjanleg áhrif á borunina þótt upptökin væru nærri bornum. Það er ekki talið af sérfræðingum að borholunum stafi hætta af jarðskjálftum.

Ólíklegt er talið að lögn gufuleiðslna frá borholum að stöðvarhúsi þurfi að tefjast þó að einhver skjálftavirkni verði á svæðinu. Álíta verður að leiðslunum sjálfum sé lítil hætta búin í jarðskjálftum vegna þess sveigjanleika sem er í slíku mannvirki. Ekki er heldur talið að háspennulínu stafi teljandi hætta af jarðskjálftum, enda liggur hún að meginhluta utan svæðisins.

Með hliðsjón af fyrri viðburðum í Mývatnseldum er ekki talið útilokað að eldgos gæti hafist að nýju. Allar spár í þessu efni eru vitanlega mjög erfiðar, en ef til slíks kæmi er talið líklegast að það yrði á hinu virka sprungusvæði frá Bjarnarflagi norður fyrir Leirhnjúk, en mannvirki Kröfluvirkjunar í Hlíðardal og borholusvæðið liggja nokkuð austan við hið virka sprungusvæði. Án þess að talin séu mikil líkindi fyrir slíku gosi kemur til greina að gerðir verði varnargarðar á tveimur stöðum til að bægja frá þeirri hættu að hraun renni um ofanverðan Hlíðardal.

Eins og áður var tekið fram er gert ráð fyrir að bora fjórar holur á svæðinu sumarið 1976. Alltaf er nokkur óvissa í sambandi við gufuboranir. Rannsóknir hafa hins vegar sýnt að næg orka er fyrir hendi á Kröflusvæðinu. Framkvæmdaáætlunin tekur mið af því að næg gufa verði tiltæk á þessu ári fyrir fyrri vélasamstæðuna með fullum afköstum, en það eru 30 mw. Fari hins vegar svo mót von að ekki hafi fyrir árslok náðst þetta gufumagn að fullu er unnt að reka stöðina í upphafi með minna afli.

Enda þótt horfið yrði að því ráði að fresta virkjuninni í eitt ár hníga öll rök að því að gufuborunum yrði haldið áfram skv. upphaflegri áætlun.

Nú er búið að reisa mannvirki, festa kaup á vélum og búnaði og gera samninga um marga þætti virkjunarinnar og mun þegar varið til Kröfluvirkjunar nokkru á annan milljarð kr. Eins og fram kemur í því, sem nú hefur verið rakið, gefa náttúruhamfarirnar í vetur ekki tilefni til þess að fresta virkjuninni. Samt sem áður verður hér gerð grein fyrir því hvaða útgjöldum væri hugsanlegt að fresta í ár ef ekki er hægt að koma virkjuninni í gang fyrr en síðla árs 1977.

Skv. lánsfjárskýrslu fyrir árið 1976 er áætlað fé til framkvæmda á vegum Kröflunefndar 2 778 millj. kr. Ráðgjafaverkfræðingar telja að unnt væri að fresta uppsetningu tækja og búnaðar, byggingaframkvæmdum og tengdum liðum að fjárhæð 356 millj. kr. Að því er tekur til gufuveitunnar telja ráðgjafaverkfræðingar Orkustofnunar að hægt væri að fresta til ársins 1977 útgjöldum að upphæð 153 millj. kr. Framkvæmdir við gufuboranir á svæðinu voru í framkvæmdaáætlun fyrir árið 1976 að upphæð 280 millj. kr. Enda þótt horfið yrði að því ráði að fresta framkvæmdum við sjálfa Kröfluvirkjun og gufuveitu í eitt ár er ekki talið fært að fresta borunum eftir gufu á svæðinu.

Kostnaður við háspennulínu frá Kröflu til Akureyrar er áætlaður 515 millj. kr. Fest hafa verið kaup á efni til línunnar. Þau kaup nema samtals um 300 millj. kr. Ef um frestun Kröfluframkvæmda um eitt ár væri að ræða yrði lækkun útgjalda um 215 millj. kr. sem er kostnaður við lagningu línunnar.

Samtals væri því hér um hugsanlega fjármagnsfrestun að ræða að upphæð 724 millj. kr.

Á hinn bóginn kemur til athugunar hverja annmarka slík frestun hefur í för með sér fjárhagslega. Er talið í fyrsta lagi að gera yrði ráð fyrir að kostnaður við framkvæmd þeirra verkþátta, sem frestað yrði til næsta árs, mundi hækka um a. m. k. 20%. Í öðru lagi mundu vextir á byggingartíma hækka sem svarar ársvöxtum af fjárfestingunni. Í þriðja lagi er um að ræða verulegt tekjutap vegna seinkaðrar gangsetningar. Og í fjórða lagi kemur til athugunar gjaldeyriseyðsla vegna dísilorkuvinnslu sem ég mun víkja að síðar.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að Norðurland hefur búið við tilfinnanlegan orkuskort að undanförnu. Hann hefur m. a. komið fram í því að síðustu árin hefur þurft að neita fjölda umsókna um húshitun á þessu svæði. Og þegar alvarlegar truflanir hafa komið í Laxárvirkjun hefur stundum ríkt neyðarástand á þessu orkuveitusvæði. Orkuskortur hefur staðið iðnaði mjög fyrir þrifum. Þurft hefur að grípa til mikillar dísilorkuvinnslu með ærnum tilkostnaði. Síðustu mánuði ársins 1975 var álag dísilvéla að degi til nokkuð stöðugt á bilinu 10—12 mw. Frá áramótum s. l. hefur orkuframleiðsla með dísilvélum verið tvöfalt meiri en á sama tíma í fyrra þrátt fyrir það að engar teljandi rekstrartruflanir hafi átt sér stað vegna ístruflana í Laxá.

Vitað er að á Norðurlandi er vaxandi áhugi á aukinni raforkunotkun. Sem dæmi má nefna að Samband ísl. samvinnufélaga hefur leitað eftir kaupum á 10—12 mw. viðbótarafli fyrir iðnfyrirtæki sín á Akureyri. Þá hefur Kaupfélag Eyfirðinga leitað eftir möguleikum á raforkukaupum til hinnar nýju mjólkurstöðvar, 8—10 mw., breytilegt eftir árstíma. Einnig er áhugi á aukinni raforkunotkun til iðnaðar á öðrum stöðum Norðurlands, svo sem Húsavík, Sauðárkróki, Blönduósi, svo að nokkrir staðir séu nefndir, og gæti þar verið fljótlega um 5—6 mw. aflþörf að ræða. Hér er í flestum tilfellum um að ræða val milli innlendra orkugjafa og olíunotkunar. Það gefur auga leið að skipa þarf málum á þann veg að hinn innlendi orkugjafi verði fyrir valinu. Til þess að svo megi verða þarf að stefna að því að nægileg raforka verði fyrir hendi norðanlands þegar á næsta vetri.

Orkuvinnsla á Norðurlandi öllu að undanskildu Skeiðfossvirkjunarsvæðinu hefur s. l. þrjú ár verið sem hér segir: 1973 var heildarorkuvinnslan 171 gwst., þar af dísilorka 32 gwst. Árið 1974 var heildarorkuvinnslan 181 gwst., þar af dísilorka 16 gwst. Árið 1975 var heildarorkuvinnslan 201 gwst., þar af dísilorka 18.6 gwst.

Ljóst er af þessu að 1973 hefur dísilvinnslan verið með langmesta móti og stafar það að sjálfsögðu af því að veðrátta hefur verið miklu hagstæðari nú síðustu tvö ár. Á árinu 1977 er gert ráð fyrir að orkuþörfin verði ekki undir 280—300 gwst. Miðað við þessa orkuþörf og erfiðar aðstæður í Laxá, eins og koma oft, gæti þörfin á dísilorkuvinnslu numið allt að 70 gwst. á því ári. Er þá m. a. höfð hliðsjón af því að árið 1973 þurfti að framleiða 32 gwst. í dísilstöðvum.

Þegar hafðar eru í huga tíðar truflanir í Laxá verður dísilorkuvinnslu varla útrýmt og aukinni eftirspurn fullnægt nema Kröfluvirkjun taki til starfa svo fljótt sem verða má, því að jafnvel þótt kleift yrði að flytja um norðurlínu allt að 8 mw., leysir það ekki vandann nema að hluta til. Auk þess er rétt að taka fram að í lögum, eins og ég gat um í upphafi þessa máls, lögum um Kröfluvirkjun, er heimild fyrir lagningu stofnlínu til Austurlands. Er unnið að undirbúningi þeirrar línu og vitað um mikinn áhuga á að sú lína geti komið sem fyrst.

En til frekari skýringa á því, hvað er í húfi, skal ég nefna hér tölur um þá geigvænlegu gjaldeyriseyðslu og fjáraustur í dísilframleiðslu sem fram undan kynni að vera. Samkv. upplýsingum frá Rafmagnsveitum ríkisins er meðalframleiðslukostnaður á kwst. í dísilstöðvum um 13 kr. Af því er erlendur gjaldeyrir 2/3 hlutar. Verði ástandið þannig að á næsta ári þurfi að framleiða allt að 70 gwst. í dísilstöðvum, mundi kostnaðurinn verða um 900 millj. kr., þar af erlendur gjaldeyrir um 600 millj.

Gerður hefur verið samanburður á framleiðslukostnaði nokkurra virkjana og er þá miðað við að þær séu fullgerðar og fullnýttar og miðað við verð við stöðvarvegg, þannig að um sambærilegar tölur er að ræða. Niðurstaðan er sú að framleiðslukostnaður á kwst. í Sigölduvirkjun og Hrauneyjarfossi verði á bilinu 1.50 kr. til 1.80 kr., í Kröfluvirkjun um 1.80 kr., í Villinganesvirkjun í Skagafirði um 2.30 kr. Samkv. þessu er því framleiðslukostnaður Kröflu mjög sambærilegur við hagkvæmustu vatnsaflsstöðvar.

Því er haldið fram að með virkjun Kröflu sé stigið of stórt spor í einu. Ég vil í því sambandi undirstrika, vegna þess að mikill misskilningur hefur komið fram í því efni, að á s. l. ári var, eins og ég gat um áðan, ákveðið að byrja aðeins með annarri vélasamstæðunni sem er að afli 30 mw., en fresta hinni. Því er haldið fram að með virkjun Kröflu sé stigið of stórt spor í einu og að við eigum að virkja á þann veg að afl og orka sé fullnýtt um leið og aflstöðin tekur til starfa, þ. e. a. s. að hægt sé þegar í stað að selja alla orkuna. Það er ekki hægt að fallast á þetta viðhorf. Það mundi leiða

af sér næstum sífelldan orkuskort, lama atvinnulífið og valda erfiðleikum og óhagræði fyrir almenning.

Fyrr á árum kom þetta oft fyrir. En sem betur fer hefur önnur stefna orðið ríkjandi. Dæmi skal hér nefnt. Árið 1953 tók til starfa Írafossvirkjun í Sogi með 31 mw. afli. Þá jókst uppsett afl úr 23.6 mw í 54.6 mw eða um rúm 130%. Á sama ári var fullgerður annar áfangi Laxárvirkjunar með 8 mw. og óx þá aflið þar úr 4.6 mw í 12.6 eða um rúm 170%. Þessi stóru framfaraspor urðu til mikillar gæfu. Næg raforka var fyrir hendi hin næstu ár, á Suðurlandi í 6 ár, á Norðurlandi í 7 ár. Slík framsýni örvar framtak og framfarir. Atvinnureksturinn hefur öryggi fyrir orku á næstu árum, getur gert áætlanir og ráðist í nýjar framkvæmdir og endurbætur sem á orkunni byggjast.

Iðnrn. hafa borist samþykktir er lýsa viðhorfum heimamanna til Kröfluvirkjunar og þykir rétt að skýra frá þeim.

Bæjarstjórn Húsavíkur samþykkti einróma 12. febr. 1976 ályktun um orkumál, þar sem segir:

„Bæjarstjórn Húsavíkur leyfir sér enn á ný að minna stjórnvöld á að á Norðurlandi hefur um árabil ríkt raforkuskortur. Með tilkomu Kröfluvirkjunar og undirbúningi að Blönduvirkjun sér bæjarstjórnin fram á varanlega úrlausn þessa máls. Bæjarstjórnin óttast ekki offramleiðslu á raforku í landshlutanum og bendir á að til að iðnaður rísi þarf orka að vera fyrir hendi. Það er álit bæjarstjórnar Húsavíkur að jarðhitasvæði landsins séu sameiginlegar auðlindir þjóðarinnar, og fagnar hún því áformum um aukna nýtingu þeirra. Bæjarstjórn Húsavíkur þakkar Kröflunefnd fyrir óvenju röskleg vinnubrögð við uppbyggingu Kröfluvirkjunar og væntir þess að áfram ríki góð samvinna við heimamenn um þessa framkvæmd.“

Hreppsnefnd Skútustaðahrepps samþykkti nú fyrir nokkrum dögum, eða 31. mars s. l., með öllum greiddum atkv.:

„Með tilliti til þess, hve mjög hefur dregið úr skjálftavirkni á Kröflusvæðinu frá því sem var fyrr í vetur, sér sveitarstjórn Skútustaðahrepps ekki ástæðu til annars en að framkvæmdum við Kröfluvirkjun verði haldið áfram samkv. áætlun, og telur sveitarstjórnin það eitt brýnasta hagsmunamál norðlenskra byggðarlaga að fyrri vélasamstæða virkjunarinnar komist í gagnið í lok þessa árs, eins og áætlað hefur verið, enda þótt það sé að sjálfsögðu ákvörðun fjárveitingavaldsins á hverjum tíma hvernig verkefnum er raðað. Jafnframt vill sveitarstjórnin árétta að jafnan sé fyrir hendi viðbúnaður til að mæta hugsanlegum náttúruhamförum í nágrenni orkuversins.“

Það hefur verið staðhæft að rekstrarhalli Kröfluvirkjunar verði á ári 1 milljarður kr. Það er torvelt að átta sig á því hvernig þessi furðufrétt er til orðin. Helst hafa menn komist að þeirri niðurstöðu að hún sé þannig til komin að ráðgjafaverkfræðingar Kröflunefndar hafi áætlað árleg útgjöld Kröflu, þegar hún er fullgerð, um 1 milljarð kr., en höfundar furðufréttarinnar og auðtrúa blaðamenn hafa sleppt tekjum af orkusölu Kröflu sem eru áætlaðar nokkru hærri upphæð.

Þegar menn höfðu búið til þennan halla með því að taka aðeins útgjöldin, en sleppa tekjunum, þá var skammt í næstu staðhæfingu: Halli hjá Rafmagnsveitum ríkisins verður líka 1 milljarður, þá eru komnir tveir. Hér mun líka hafa láðst að telja fram m. a. þann tekjustofn Rafmagnsveitna ríkisins, verðjöfnunargjaldið, sem skilar í ár a. m. k. 700 millj. kr.

Hins vegar er það svo að Rafmagnsveitur ríkisins hafa ekki um ár, heldur um áratugi átt við fjárhagsleg vandamál að glíma. Í því erindi um fjármál raforkufyrirtækja, sem mest hefur verið rangtúlkað og misnotað, kemst Jóhannes Nordal svo að orði um þetta mál:

„Hins vegar eiga Rafmagnsveitur ríkisins við ýmis sérstök vandamál að glíma vegna þeirra erfiðu verkefna sem þeim hafa verið fengin í hendur. Er þar fyrst að telja rafvæðingu sveitanna og annars strjálbýlis þar sem bæði stofnkostnaður og rekstrarútgjöld eru miklu hærri en í þéttbýlli hlutum landsins. Hefur RARIK því í reynd verið falið hvort tveggja í senn að reka raforkufyrirtæki á viðskiptalegum grundvelli og að veita félagslega þjónustu í formi raforkudreifingar og framleiðslu langt undir kostnaðarverði í þeim landshlutum þar sem aðstæður eru erfiðastar.“

Nú voru blaðamenn búnir að búa til halla á tveim vígstöðvum og var hvor upp á milljarð. Milljarðurinn var orðinn móðins. Þess vegna kom þriðji milljarðurinn til núna um helgina. Svo er mál með vexti að þegar fyrrv. ríkisstj. gerði samning við landeigendur í Þingeyjarsýslu og Laxárvirkjun var því lofað að byggður skyldi laxastigi á kostnað ríkisins, og nú fékk einn blaðamaðurinn þá snjöllu hugmynd og lét hana á þrykk út ganga að laxastiginn mundi líka kosta einn milljarð. Einn milljarður. „Það er taxtinn,“ sagði mætur maður í Fjallkirkju Gunnars Gunnarssonar.

Í rauninni ætti ekki að þurfa um það að deila að orkumálin, virkjun vatnsfalla og jarðhita, nýting innlendra orkugjafa, verða að hafa forgang. Þeirri stefnu hefur margsinnis verið lýst yfir af hálfu ríkisstj., og um þetta virðast flestir landsmenn sammála. En til þess að virkjanir verði að veruleika og eðlileg þróun megi verða í þeim málum þarf m. a. þetta þrennt: lánsfé til langs tíma, aukið eigið fjármagn og raunhæfa verðlagningu á seldri orku. Ef lánamarkaðir eru í öldudal eins og nú, lán lítt fáanleg nema til fárra ára, þá má ekki gefast upp og leggja árar í bát, heldur bregðast við með ábyrgð og manndómi, finna leiðir og axla byrðarnar. Það verður að taka hin skammvinnu lán, en stefna að því að breyta þeim við fyrsta færi og lengja þau með nýjum lántökum.

Þegar meta skal afkomu rafstöðvar ræðst hún m. a. mjög af lánskjörum, einkum lánstíma.

Raforkuver endast yfirleitt langan aldur, eins og reynslan sýnir. Elliðaárstöðin í Reykjavík er orðin 55 ára og Ljósafossstöðin er nær fertug. Báðar eru í góðu gildi. Það er eðlilegt og nauðsynlegt að lán til byggingar rafstöðva séu til langs tíma svo að endurgreiðsla stofnkostnaðar dreifist á áratugi. Það er rangt að leggja slíka byrði á eina kynslóð á örfáum árum.

Sé þess krafist, að skilað sé aftur á 7 eða 10

jafnvel 15 árum stofnfé rafstöðva, verður greiðslubyrðin óhæfilega þung. Slík krafa er óeðlileg og tíðkast hvergi í raforkuiðnaði í öðrum löndum svo að vitað sé. Greiðslubyrði lána er dreift sæmilega jafnt yfir eðlilegan endingar- eða afskriftatíma.

Lán til Sogsvirkjana voru yfirleitt til 20 ára. Stærsta lán til Búrfellsvirkjunar var til 25 ára. En fáist ekki lán til langs tíma þegar mannvirki er reist verður síðar að framlengja lán eða taka ný lán til að lengja lánstímann. Endurfjármögnun er óhjákvæmileg. Þessi aðferð er iðulega viðhöfð innanlands og utan og ég skal taka nýleg dæmi.

Í jan. 1974 var gengið frá láni af hálfu Landsvirkjunar vegna virkjunar Sigöldu. Lánsupphæðin var 30 millj. dala. Lánið er til 10 ára, afborgunarlaust fyrstu 7 árin, en greiðist síðan þannig að 3 millj. dala skulu greiddar ár hvert: 1981, 1982 og 1983, en eftirstöðvarnar, 21 millj. dala, skal greiða á árinu 1984. Þegar samið var um þetta lán þótti ljóst að breyta yrði greiðslu þeirri sem átti að fara fram á árinu 1984. Þetta var rætt við lánveitendur, en ekki gengið frá því hvernig lánabreyting yrði. Heildarkostnaður Sigölduvirkjunar er nú áætlaður nær 13 milljarðar. Miðað við gengi dollars í dag er sú greiðsla, sem fram á að fara á árinu 1984, 3.7 milljarðar ísl. kr. eða rúm 28% af virkjunarkostnaðinum. Í áætlunum sínum gerir Landsvirkjun ráð fyrir að sú upphæð, sem fellur í gjalddaga árið 1984, dreifist á 4 ár.

En fyrirgreiðsla til að létta greiðslubyrði jafnvel af mjög hagkvæmum virkjunum hefur einnig verið með öðrum hætti. Þannig hefur ríkissjóður veitt Landsvirkjun svonefnd „viðvíkjandi lán.“ Slík lán, sem Landsvirkjun hefur tekið hjá ríkissjóði, eru tvö. Það fyrra var tekið árið 1967, að upphæð 200 millj. kr., þar af 127 millj. í ísl. kr., en afgangurinn í erlendri mynt. Hið síðara, að upphæð 300 millj., er allt í erlendri mynt. Þessi lán eru þess eðlis og þannig um þau samið að vextir og afborganir af þeim greiðast þá fyrst þegar hreinar tekjur að viðbættum afskriftum ná því að vera jafnar eða einum og hálfum sinnum hærri en heildargreiðsla vaxta og afborgana af öðrum lánum. Til þessa hafa hvorki afborganir né vextir verið greidd af lánum þessum, en vextir bæst við höfuðstól, og í árslok 1975 nam höfuðstóll þessara tveggja lána 1446 millj. kr.

Ég hef rakið hér nokkuð nauðsynina á því að lán verði til langs tíma og ef þau fást ekki þegar virkjun er byggð, þá verði síðar að breyta þeim, „konvertera“ sem kallað er, lengja lánin.

Í annan stað verða eigendur orkuvera, ríki og sveitarfélög, að huga að því hvernig unnt sé að afla fjár til að leggja fram fjármagn, ekki sem lánsfé, heldur sem stofnfé. Til þess þarf væntanlega að leita nýrra tekjustofna.

Í þriðja lagi þarf að haga gjaldskrám orkuvera þannig að þeim gefist kostur á að safna nokkrum sjóði til endurnýjunar og stækkunar. Borgarstjórn Reykjavíkur hefur hagað fjármálum Hitaveitu Reykjavíkur á þann veg. Hún hefur hækkað gjaldskrá Hitaveitunnar á hálfu öðru ári úr 22.76 kr. fyrir hvert tonn upp í 50 kr. eða um rúmlega 120%. Þetta er að nokkru leyti til þess gert að standa undir stækkun þessa þjóðþrifafyrirtækis.

Ný viðhorf og ný vinnubrögð eru nauðsynleg á mörgum sviðum í þessu þjóðfélagi. Í orkumálum þarf að taka upp skipulagða kynningu á þeim möguleikum sem raforkuver og hitaveitur hafa að bjóða til þess að leysa af hólmi erlenda orkugjafa. Það þarf að hvetja atvinnurekstur og einstaklinga til þess að hverfa frá notkun olíu og nota í hennar stað rafmagn, heitt vatn og jarðgufu þar sem þess er kostur, og það þarf að skýra hverra kosta er völ fyrir nýjar iðnaðarhugmyndir. Hér er mikið og þarft verk að vinna, mikilvægt fyrir öll héruð þessa lands, en mikilvægast fyrir íslensku þjóðina alla.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Við umr. utan dagskrár í Sþ. s. l. fimmtudag skýrði ég frá því að ég mundi við fyrirhugaðar umr. í dag í Sþ. um Kröfluvirkjun ræða störf Kröflunefndar. Í hinni ítarlegu ræðu, sem hæstv. iðnrh. hefur flutt, hefur hann skýrt frá höfuðatriðum þeim er efnislega snerta Kröfluvirkjun sjálfa, og mun ég því í máli mínu nú reyna eftir föngum að skirrast við að vera með endurtekningar að því er snertir þá hlið þessa máls, en aðallega snúa mér að því að skýra hv. Alþ. frá störfum Kröflunefndar. Eins mun ég forðast að tala um ýmis tæknileg orkumál, svo sem gífurlegan flutningskostnað á rafmagni eftir byggðalínunni til Akureyrar, hvers vegna Kröfuvirkjun ein er talin valda gífurlegri hækkun rafmagnsverðs, hvers vegna talað er um eins milljarðs rekstrarhalla á þriðja byggingarári Kröfluvirkjunar, meðan á fjórða byggingarári Sigölduvirkjunar er aðeins talað um vexti á byggingartíma. Eins mun ég ekki á þessu stigi málsins fara ítarlega út í þær athugasemdir sem hafa verið bornar fram út af ræðu Jóhannesar Nordals seðlabankastjóra sem hann hélt nýlega á miðsvetrarfundi Sambands ísl. rafveitna og ræddi þá um hina gífurlegu auknu greiðslubyrði í sambandi við orkuframkvæmdir. En það virðist hafa fengið hljómgrunn og verið bryddað á því hjá einstöku aðilum að þessar auknu greiðslubyrðar þjóðfélagsins væru einstöku fyrirhyggjuleysi og bíræfni Kröflunefndar að kenna. Ég held nú að ef sú ræða er lesin ofan í kjölinn og staðreyndir kynntar sér af raunsæi, þá muni hlutur Kröflunefndar eða þeirrar mannvirkjagerðar, sem Kröflunefnd stendur fyrir, verða veigaminni þáttur í hinni auknu greiðslubyrði þjóðarinnar vegna orkumála heldur en reynt er að breiða út meðal almennings nú.

Mig langar til þess, áður en ég held lengra áfram máli mínu, að geta þess að þegar okkur í Laxárvirkjunarstjórn að mínum dómi var fyllilega ljós sú staðreynd að okkur mundi ekki takast að ná samkomulagi um fyrirhugaða virkjun á fyrstu vélasamstæðunum sem keyptar höfðu verið til aukningar Laxárvirkjunarkerfisins, þá beindist hugur minn að því hvað mundi verða helst til úrræða til að leysa á sem skjótastan hátt úr hinum geigvænlega orkuskorti sem ég og allir vissu að mundi verða fyrirsjáanlegur á Laxárvirkjunarsvæðinu. Einhvern veginn kom það efst í huga minn að þar mundi helst vera að leita á vit orkunnar sem væri í jarðlögum, jarðvarmans.

Ég á góðan kunningja sem starfar á vegum Sameinuðu þjóðanna, og ég tók það upp hjá mér að ég skrifaði honum síðla árs 1970 og bað hann að útvega mér allar tiltækar upplýsingar sem kynnu að vera á vegum Sameinuðu þjóðanna um vinnslu rafmagns með jarðgufu. Þessi kunningi minn tók beiðni minni mjög vinsamlega og sendi mér nokkur plögg sem skýrðu hvað hefði verið athugað og hvaða tiltækar upplýsingar væru í sambandi við vinnslu rafmagns með jarðgufu. Í þessum plöggum, sem mér bárust, kom glögglega fram að einir fremstu aðilar á því sviði, sem mesta reynslu hefðu, mundu vera Ítalir í Evrópu og svo ný-sjálendingar.

Í framhaldi af þessu datt mér í hug að ekki væri úr vegi að reyna að afla sér frekari upplýsinga um þessi mál þar sem þeirra væri léttast að leita. Í júlímánuði 1971 tók ég mig til og skrifaði bankasambandi, sem Landsbankinn, stofnun sem ég vinn við, hefur við Ítalíu. Ég skýrði þar frá því hvernig ástatt væri í þessum málum, ég ætti sæti í n. sem hefði með raforkumál að gera og við værum í vissum erfiðleikum og hefðum áhuga á því að afla okkur upplýsinga og kynnast hvernig væri háttað um framleiðslu á rafmagni með jarðgufu. Áður en ég held lengra áfram máli mínu vil ég taka það skýrt fram að ég lét meðnm. mína í Laxárvirkjunarstjórn vita um allar þessar hugmyndir mínar og þær athafnir sem ég hafði gert í sambandi við þessi mál.

Þessir heiðursmenn í bankasambandi okkar á Ítalíu brugðust mjög vel við. Þeir skrifuðu mér ítarlegt bréf, sendu mér upplýsingar og sögðu einmitt að þannig væri háttað að þeir ræku útibú í borginni Písa sem væri í nágrenni við eitthvert mesta jarðvarmaorkuver sem rekið væri á Ítalíu, á Lardarello-svæðinu, og Landsvirkjun ítala væri í viðskiptum hjá þeim og þeir hefðu undirbúið málið, tilkynnt þessu útibúi um óskir mínar og borist svar um að þeir væru reiðubúnir til þess að veita allar tæknilegar upplýsingar og greiða götu hugsanlegrar sendinefndar sem kæmi frá okkur þessu máli viðvíkjandi. Við ræddum þessi mál oft í Laxárvirkjunarstjórn, og það var mikill áhugi fyrir að gera menn út af örkinni til þess að kynna sér þessi mál. Ég hóf oft máls á því og ítrekaði við samstarfsmenn mína að þetta væri það sem við ættum að gera, við ættum einmitt af því að við hefðum verið frumkvöðlar að því að reka fyrstu jarðgufustöðina á Íslandi, þá ættum við líka að sýna áhuga á því að vera einnig frumkvöðlar að því að athuga þetta mál.

Einhverra hluta vegna — og ég hef þar ekki við neinn að sakast — varð því miður ekki úr því að þessi margfyrirhugaða ferð okkar yrði farin. En seinni part sumars 1973 var ég staddur í sumarfríi suður í Frakklandi, og þá tók ég mig til og tókst á hendur ferð, hafði samband við þessa ágætu vini mína í Credito Italiano, það heitir bankinn sem ég hafði þá samband við, og óskaði eftir því að þeir greiddu götu mína þannig að ég gæti nú heimsótt þetta orkuvinnslusvæði hjá þeim. Þeir tóku erindi mínu ágætlega. Ég fór þessa ferð, og mér var veitt mjög góð fyrirgreiðsla. Ég fór fyrst til Mílanó og ræddi við ráðamenn bankans þar, þaðan til borgarinnar Písa þar sem ég dvaldi í tvær nætur, en þar var mér tekið afburðavel og var farið með mig upp á orkuvinnslusvæði þeirra, Lardarello, og þar voru mér sýnd þessi mannvirki og reynt að skýra fyrir og kynna mér á hvern hátt þessi mannvirki störfuðu og væru rekin. Ég var ákaflega heillaður af því sem ég sá þar, og ég verð að segja að ekki var ég síður hvetjandi frekari athugana og aðgerða af hálfu Laxárvirkjunarstjórnar eftir ferð mína á þennan stað.

Strax eftir heimkomu mína sendi ég ítarlega skýrslu um þessa ferð mína til formanns Laxárvirkjunarstjórnar, lét honum í té öll þau heimildargögn sem mér höfðu áskotnast og minntist oft á það að við skyldum ekki láta við svo búið standa, en gera nú alvöru úr því að senda fulltrúa af okkar hálfu og reyna að kynna okkur þessi mál eftir því sem frekast væri unnt. Öllum þessum tilmælum mínum var vel tekið, og ég get ekki, satt best að segja, skýrt hvernig stóð á því að aldrei varð frekar úr þessum fyrirætlunum.

Ég skýri frá þessu í sambandi við þær umr., sem hér fara fram, eingöngu af því að ég harma, að þróun mála skyldi verða á þann hátt, að við skyldum ekki nota okkur þetta tækifæri, Laxárvirkjunarmenn. Ég held að þróun mála hefði kannske orðið hagstæðari og á annan veg ef við hefðum borið gæfu til að fara þessa umtöluðu ferð og láta frumrannsóknir eða forhönnun og kynningu á þessum málum verða á vegum Laxárvirkjunarstjórnar. En það þýðir ekkert að fást um orðinn hlut. Þetta varð ekki.

Ég verð því að segja það, að mér var það mikil ánægja þegar ég heyrði um tilkomu frv. á Alþ. um jarðgufuaflsvirkjun við Kröflu eða Námafjall sem borið var fram af þáv. orkumrh., Magnúsi Kjartanssyni, í jan. 1974, því að þar þóttist ég eygja að mundi rætast langþráður draumur um hvernig ætti að leysa á hagkvæmastan og skjótastan hátt úr orkuvandræðum Laxárveitusvæðisins. Ég fylgdist vel með gangi þessa máls á Alþ., og atvikin höguðu því þannig, að áður en til lokaafgreiðslu þessa máls kom hóf ég setu á Alþ. sem varaþm. og tel ég það vera eitt af gæfusporum í lífi mínu að mér gafst kostur á að eiga þátt í lokaafgreiðslu málsins hér á þingi.

Eins og ég sagði áðan var þessu frv. tekið mjög vel af öllum hér í hinu háa Alþ. Helstu áhyggjur manna í sambandi við afgreiðslu málsins voru þær að það, sem olli mönnum vissum umhugsunum, var að framkvæmdatíminn þangað til væntanleg jarðgufuaflsvirkjun gæti komist í gagnið yrði of langur, og þá höfðu menn helst í huga afgreiðslufrest á vélum, búnaði og tækjum sem til slíkrar virkjunar þarf og er mjög margbrotið, að það mundi vera mjög erfitt og taka langan tíma að ná slíkum tækjum til landsins. Þess vegna var það, að í öllum umr., sem voru um þetta mál hér í hinu háa Alþ., í báðum deildum, var það sameiginlegt álit allra, sem tóku þátt í afgreiðslu málsins, að allt yrði gert sem hægt væri einmitt til þess að flýta þessum þætti málsins. Það kom meira að segja fram, og menn geta kynnt sér það ef þeir vilja lesa þingtíðindin og þær umr. sem fóru fram um þetta mál, að það þótti ekki áhorfsmál að leyfa pöntun á vélum og tækjum til væntanlegrar virkjunar

fyrir árslok 1974, jafnvel þótt lokarannsóknum á svæðinu, sem höfðu að vísu verið allumfangsmiklar áður, yrði ekki fulllokið. Þannig var hugarfar manna mótað þegar þessi lög voru til umr. Þá voru allir sammála um nauðsyn og mikilvægi þessa þarfa máls sem þáv. orkumrh. var þá að bera fram, það vildu allir leggjast á eitt að flýta afgreiðslu málsins eftir því sem frekast væri unnt.

Í þessu frv. voru ákvæði um það, að gert var ráð fyrir því að Norðurlandsvirkjun eða virkjunaraðila, sem væri sameign ríkis og hlutaðeigandi sveitarfélaga á Norðurlandi, skyldi verða falin þessi verkjunarframkvæmd. Í umr. hér á hinu háa Alþ. um þetta mál var bent á það í fyrsta lagi að Laxárvirkjun, sem hefði nokkra reynslu af rekstri slíks orkuvers, væri reiðubúin til þess að taka að sér að vera framkvæmdaraðili að þessari virkjun þangað til búið væri að koma í gegn Norðurlandsvirkjun. Og þetta var beinlínis staðfest með bréfi frá Laxárvirkjunarstjórn til 1. þm. Norðurl. e. Í öðru lagi var í sambandi við umr. um þetta mál bent á að það gæti tekið svo langan tíma að koma á nauðsynlegu samstarfi hinna mörgu aðila, sem þyrfti að ná samkomulagi við til þess að svokölluð Norðurlandsvirkjun gæti orðið að veruleika, að það gæti orðið beinlínis til þess að tefja framgang og væntanlega framkvæmd málsins ef ekki yrði gripið til annarra úrræða. Því var það að því var hreyft í sambandi við umr. um málið hér á hinu háa Alþ. hvort ekki gæti komið til mála að fela einhverjum bráðabirgðaaðila, nefnd eða einhverjum öðrum, undirbúningsframkvæmdir í málinu til þess að hægt væri að tryggja það að þá þegar eða eins fljótt og frekast væri unnt væri hægt að koma í svokallaða afgreiðsluröð nauðsynlegum pöntunum á búnaði, vélum og tækjum til virkjunarinnar. Þessari hugmynd var mjög vel tekið af þáv. orkumrh., og skýrði hann frá því að hann mundi taka þessa hugmynd til athugunar mjög fljótlega eftir að lögin hefðu fengið fullnaðarafgreiðslu í þinginu.

Það þarf svo ekki að rekja þessa sögu lengur. Málið fékk skjóta afgreiðslu og voru allir mjög samstilltir um þetta. Það var engin hjáróma rödd, það var engin rödd á móti. Frá Ed. var málið afgr. við 3. umr. 20. mars með shlj. atkv., og svo mikil var einingin um afgreiðslu málsins að þetta var gert með afbrigðum. Lokaafgreiðslu fékk svo frv. í Nd. 4. apríl 1974 þar sem frv. var samþ. shlj. með 33 atkv.

Ég hef verið að skýra frá þessum staðreyndum aðeins vegna þess að ég vildi vekja athygli hv. þm. á þeirri samstöðu og þeim skilningi sem ríkti þá á hinu háa Alþ. á þeirri nauðsyn að skjótt og myndarlega yrði brugðist við þeim mikla vanda sem við var að stríða í sambandi við orkumál norðlendinga vegna þeirra deilna sem höfðu upp risið í sambandi við stækkun Laxárvirkjunar.

Í júnímánuði 1974 skipaði svo þáv. iðnrh., Magnús Kjartansson, svokallaða Kröflunefnd, en hún var þannig skipuð: Páll Lúðvíksson verkfræðingur, formaður, Bragi Þorsteinsson verkfræðingur, varaformaður, Jón G. Sólnes útibússtjóri, Ragnar Arnalds alþm., Ingvar Gíslason alþm. N. hóf þegar störf og var eitt fyrsta verkefni hennar að fyrirhuguð vinnsluborun á Kröflusvæðinu hæfist sem fyrst, og fór n. á vettvang ásamt starfsmönnum Orkustofnunar snemma í ágúst 1974. Að ráði sérfræðinga Orkustofnunar var horfið að því að bora tvær rannsóknarholur, um 1100 m djúpar, á virkjunarsvæðinu í stað einnar vinnsluholu sem fyrirhuguð hafði verið. Töldu sérfræðingar Orkustofnunar að með slíku mundu fást betri upplýsingar um vinnslueiginleika svæðisins og aflgetu. Enn fremur var þá þegar hafist handa af n. hálfu um ráðningu ráðgjafarverkfræðinga til hönnunar virkjunarinnar.

Í nóv. 1974 var gerð sú skipulagsbreyting á Kröflunefnd, að Páll Lúðvíksson var leystur frá starfi formanns að ósk hans, en orkumrh. í nýrri ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar, hæstv. ráðh. Gunnar Thoroddsen, skipaði Jón G. Sólnes formann n. í hans stað. Jafnframt var Ingvar Gíslason alþm. skipaður varaformaður. Í nýju skipunarbréfi iðnrh. til n. var lögð rík áhersla á að n. hraðaði undirbúningi og framkvæmdum við virkjunina eftir því sem frekast væri unnt.

Haustið 1974 átti n. ítarlegar viðræður við fulltrúa ráðgjafarverkfræðinngafyrirtækja um hönnun Kröfluvirkjunar. Kröflunefnd réð síðan ráðgjafarverkfræðifyrirtækin Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens og Rodgers Engineering Co. Inc., San Francisco, til þess að annast undirbúning Kröfluvirkjunar og til umsjónar með framkvæmdinni. Var samningur milli aðila um þetta verk undirritaður hinn 21. nóv. 1974. Verksvið ráðgjafarfyrirtækjanna var tæknilegur undirbúningur og umsjón með framkvæmdum við orkuverið sjálft. Um aðra þætti undirbúningsframkvæmdanna var ekki samið, svo sem framkvæmdir við jarðboranir og gufuveitu að stöðvarhúsi, sem eru á vegum Orkustofnunar, og háspennulínu frá orkuveri til Akureyrar, sem er á vegum Rafmagnsveitna ríkisins. Vegna tilfinnanlegs raforkuskorts á Norðurlandi lagði Kröflunefnd ríka áherslu á það við ráðgjafarfyrirtækin að framkvæmdum yrði hraðað svo sem kostur væri.

Hinn 2. des. 1974, eða aðeins 11 dögum eftir að ráðgjafarverkfræðingar höfðu tekið að sér hönnun verksins, sendu þeir tiltækar upplýsingar um aðalvélar til 8 vélaframleiðenda með fyrirspurn um verð og afgreiðslutíma. Tilboð bárust frá 5 þessara fyrirtækja ásamt margvíslegum upplýsingum um fyrirtækin. Álitlegustu tilboðin voru frá tveimur japönskum fyrirtækjum Mitsubishi, Heavy Industries og Toshiba. Bæði þessi tilboð voru mjög ítarleg. Tilboðsgögn Mitsubishi voru 201 bls., en tilboðsgögn Toshiba 294 bls. Þessa blaðsíðufjölda er hér getið vegna þess að því hefur einhvern tíma verið hreyft og borið fram opinberlega að tilboðsgögn Toshiba hafi numið eitthvað 6—7 vélrituðum síðum. Fulltrúar beggja ráðgjafarfyrirtækjanna gerðu ítarlegan samanburð á þessum tveimur tilboðum og ræddu við fulltrúa fyrirtækjanna. Var það samhljóða álit þeirra að tilboð Mitsubishi væri hagstæðara, bæði hvað snerti verð og gæði vélbúnaðar. Kröflunefnd leitaði enn fremur eftir áliti verkfræðinga, annarra en fyrrgreindra ráðgjafarverkfræðifyrirtækja, þ. e. Verkfræðistofu Guðmundar og Kristjáns, Baldurs Líndals og Jóhanns Indriðasonar, sem allt eru viðurkenndir

sérfræðingar á sínu sviði. Var álit þessara aðila samhljóða áliti ráðgjafarfyrirtækjanna.

Í jan. 1975 skýrði Orkustofnun Kröflunefnd óformlega frá niðurstöðum þeirra rannsóknarborana sem framkvæmdar höfðu verið á Kröflusvæðinu sumarið og haustið 1974 og að árangur væri jákvæður. Í febr. 1975 afhenti Orkustofnun Kröflunefnd skýrslu sína yfir rannsóknarboranirnar á formlegum fundi á Hótel Loftleiðum að viðstöddum fulltrúum iðnrn. og fleiri gestum. Orkumálastjóri, Jakob Björnsson, gerði grein fyrir skýrslunni og kom þar m. a. fram, að Kröflusvæðið er hæft til virkjunar og mun álitlegra en Námafjallssvæðið. Kröflusvæðið er talið standa undir 50—60 mw. gufuaflsvirkjun og hugsanlegri stækkun síðar. Mælt er með að boraðar verði 5 vinnsluholur á svæðinu á árinu. Með hliðsjón af þessu ákvað Kröflunefnd að kaupa tvær 30 mw. vélasamstæður af japanska fyrirtækinu Mitsubishi með ákvörðunarbréfi hinn 7. febr. 1975, eða sem á ensku máli eða alþjóðamáli er kallað „letter of intent". Að fengnu samþykki ríkisstj. voru síðan samningar við Mitsubishi undirritaðir 10. apríl 1975.

Kröflunefnd hélt blaðamannafund á Akureyri 20. febr. 1975 og skýrði þar frá störfum n. og gangi mála.

Útboð og samningar um önnur vélakaup og tækjabúnað hafa síðan staðið yfir og er nú að mestu lokið. Hafa samningar um vélar og tæki verið gerðir við fjölmörg fyrirtæki, bæði í Evrópu og Ameríku, auk viðbótarsamninga um ýmiss konar búnað við Mitsubishi. Í samningum við vélaframleiðendur tókst að semja um það stuttan afgreiðslufrest að sá möguleiki opnaðist að raforkuframleiðsla gæti hafist síðla árs 1976. Kröflunefnd ákvað að stefna að því marki og skyldu framkvæmdir við það miðaðar. Forsenda fyrir þessari áætlun var að stöðvarhúsið yrði gert fokhelt fyrir veturinn 1975—1976. Útboð á slíkum mannvirkjum hefði tekið nokkra mánuði og kom því ekki til greina ef sett tímamörk áttu að standast. Var því óhjákvæmilegt að ráða verktaka til verksins, og fól Kröflunefnd Verkfræðistofu Sigurðar Toroddsens að kanna hvaða verktakar kæmu helst til greina. Í aprílmánuði 1975 aflaði Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsens upplýsinga um hvernig verkefnum væri háttað hjá þeim fyrirtækjum sem helst komu til greina, og var rætt við fulltrúa nokkurra þeirra. Að lokum stóð valið milli Miðfells hf. í Reykjavík og Norðurverks hf. á Akureyri sem höfðu látið í ljós áhuga á verkinu. Bæði fyrirtækin lögðu fram upplýsingar um tækjakost, starfslið og fyrri verk.

Á grundvelli þeirra upplýsinga og annarra tiltækra upplýsinga um fyrirtækin tók Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsens saman grg. um þau og lagði fyrir Kröflunefnd. Er hún dags. 17. maí 1975. Í grg. er m. a. fjallað um reynslu verktakanna á sviði byggingarframkvæmda, fjármál og tækjabúnað. Kemur fram að Verkfræðistofan taldi bæði fyrirtækin hafa næga verkþekkingu og reynslu til að vinna verkið. Að mati Verkfræðistofunnar vantaði talsvert á að Norðurverk hf. hefði yfir að ráða nægum tækjakosti til framkvæmdanna, vantaði fyrirtækið t. d. mulnings- og hörpunartæki til steypuefnaframleiðslu og fullnægjandi steypuhrærivélar, en ráðgerði að útvega þau tæki erlendis frá. Með tilliti til þess, að engan tíma mátti missa ef unnt átti að vera að koma stöðvarhúsinu undir þak fyrir veturinn, taldi Verkfræðistofan óvarlegt að treysta á afgreiðsluloforð tækja erlendis frá. Miðfell hf. hafði hins vegar tiltæk öll nauðsynlegustu tæki til framkvæmdanna að dómi Verkfræðistofunnar og gat hafist handa án tafar. Réð það atriði úrslitum um það að Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsens lagði til við Kröflunefnd að gengið yrði til samninga við Miðfell hf. Samþykkti n. þá till. og gerði bráðabirgðasamkomulag við Miðfell hf. sem hófst handa um virkjunarframkvæmdirnar síðari hluta maímánaðar 1975. Verksamningur var síðan undirritaður 4. júlí 1975. Með þeim samningi tók Miðfell hf. að sér að gera stöðvarhúsið fokhelt, steypa undirstöður kæliturna og undirstöður háspennuvirkja og ganga frá stöðvarhlaði.

Þrátt fyrir ýmsa erfiðleika, svo sem eldsumbrotin 20. des. 1975 og langvarandi jarðskjálftahrinur, hefur framkvæmdum á vegum Kröflunefndar miðað mjög vel áfram. Er þáttur heimamanna frá Húsavík og Mývatnssveit þar ómetanlegur, en langmestur hluti vinnuafls við framkvæmdirnar hefur komið þaðan. Margvísleg samvinna við bæjar- og sveitarfélögin í héraðinu, svo og við aðra einkaaðila, hefur verið með afbrigðum góð. Frá upphafi hefur það verið stefna Kröflunefndar að hafa sem besta og víðtækasta samvinnu við heimamenn.

Byggingarframkvæmdir við stöðvarhúsið eru nú langt komnar og ekkert því til fyrirstöðu að niðursetning véla og annars búnaðar geti farið fram samkv. áætlun. Aðalaflvélar virkjunarinnar hafa nýlega verið prófaðar í verksmiðjunni í Nagasaki og verður skipað út til sendingar til Íslands einhvern næstu daga. Af framkvæmdum á árinu 1975 má einnig nefna styrkingu Norðurlandsvegar yfir Námaskarð og lagningu Kröfluvegar, en því verki var farsællega lokið af Vegagerð ríkisins.

Samkv. yfirliti ríkisbókhaldsins, dags. 5. apríl 1976, var útlagður kostnaður vegna framkvæmda Kröflunefndar um áramótin 1975 899 millj. 468 þús. kr. Innborganir til efnis- og verksala námu 253 millj. 571 þús. Framkvæmda- og undirbúningskostnaður nam 645 millj. 897 þús. Kröflunefnd opnaði skrifstofu í júní 1975 á Akureyri, en þar er heimili hennar samkv. skipunarbréfi ráðh. Starfa þar auk framkvæmdastjóra og formanns n. tveir verkfræðingar. Reynt hefur verið að halda skrifstofuhaldi þessu eða kostnaði við það í sem allra mesta lágmarki. Ég vil aðeins geta þess að húsaleigukostnaður vegna þessa skrifstofuhalds 1975 varð enginn. Fjármálarekstur n., bókhald, útborganir og annar erindrekstur vegna n. hefur verið unninn af formanni n. Sá háttur hefur verið hafður á að ríkisbókhaldinu hefur verið send mánaðarleg skilagrein yfir allar útborganir vegna n. ásamt öllum fskj. Enn fremur hafa ríkisendurskoðun verið send afrit af samningum og álitsgerðum verkfræðinga þar að lútandi.

Vegna margendurtekinna og rætnislegra aðdróttana um stórfellt fjármálahneyksli, sem hafi átt sér stað á vegum Kröflunefndar, þykir mér hlýða að lesa bréf ríkisbókara til n., dags. 14. jan. 1976, en það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Fjármálaráðuneytið, ríkisbókhald, 14. jan. 1976.
Kröflunefnd.
Hr. Jón G. Sólnes alþm.

Ríkisbókhaldið viðurkennir hér með að hafa móttekið í þessum mánuði og í des. s. l. eftirfarandi gögn frá nefndinni:

1. Skilagrein nr. 13, fskj. 276—319, alls 33 988 486 kr.
2. Skilagrein nr. 14, fskj. 320—347, alls 75 858 000 kr.
3. Yfirlit, dags. 30. des. 1975, um fjármagnsstreymi til Kröflunefndar til ársloka 1975, alls 995 089 000 kr., þar af 982 millj. kr. sem lánsfé. Að auki fskj. og skýringar vegna endursendra erlendra tékka og útgáfu nýs tékka.
4. Lokauppgjör n., dags. 5. jan. s. l., ásamt bankaútskriftum öðrum en frá Seðlabanka og yfirliti um bankainnstæður í árslok 1975, vaxtatekjur og sendar skilagreinar yfir útborganir til ársloka 1975.
5. Yfirlit Seðlabankans með bréfi n., dags. 8. jan. s. l., vegna reikningsviðskipta n. á hlaupareikningi 30177 til ársloka 1975.

Ríkisbókhaldið mun vinna úr þessum gögnum og skila síðar nánari yfirlitum.

Bókanir vegna lokafærslna í samræmi við upplýsingar framangreindra gagna hafa verið heimfærðar á fskj. nr. 348.

Ríkisbókhaldið þakkar greinargóð yfirlit og skjót skil á færslugögnum hingað til.

Grétar Áss Sigurðsson,
ríkisbókari."

Menn taka eftir, að þetta bréf er skrifað 14. jan. 1976 og ræðir um skil ársins 1975.

Með þessum upplýsingum vonast ég til að aðdróttunum um fjármálalegt misferli á vegum n. sé vísað heim til föðurhúsanna í eitt skipti fyrir öll.

Sumir telja að framkvæmdir við Kröfluvirkjun standi nú á nokkrum tímamótum. Til munu þeir aðilar sem vilja að frekari framkvæmdum við Kröfluvirkjun verði hætt og vélar seldar. Aðrir vilja varanlega frestun. Öllum ætti að vera ljóst hvílíkt gífurlegt fjárhagstjón mundi hljótast af slíkum aðgerðum. Að fengnum umsögnum sérfræðinga Kröflunefndar og annarra aðila, m. a. innan Orkustofnunar, er Kröflunefnd sammála um að mæla með því að virkjunarframkvæmdum verði haldið áfram þannig að sem fyrst verði náð þeim áfanga að fyrri vélasamstæða Kröfluvirkjunar verði tekin í notkun.

Ég vil að lokum taka undir orð Bárðar Halldórssonar menntaskólakennara og eins af forvígismönnum Alþfl. á Akureyri sem hann lét falla í útvarpserindi um daginn og veginn í byrjun ársins 1975, en þar sagði hann orðrétt, með leyfi herra forseta:

„Það liggur ljóst fyrir að á næstunni verður virkjað á Norðurlandi. Og það liggur líka ljóst fyrir að virkjað verður stórt. Orkuskorturinn hefur ekki aðeins kostað norðlendinga hundruð milljóna, heldur hefur skortur á rafmagni beinlínis sett fjórðunginn allan í svelti, hefur valdið því að fyrirtæki hafa ekki getað fjárfest í nýjum framkvæmdum og ekki hefur verið hægt að stofna til nokkurs nýs rekstrar þar sem orkan, undirstaða allrar atvinnu í dag, hefur ekki verið fyrir hendi."

Það er sá mikli vandi, sem ræðumaður er þarna að lýsa, sem Kröfluvirkjun er ætlað að ráða fram úr. Og það er einlæg ósk mín og von að megi takast giftusamlega.

Umr. frestað.

Veiting prestakalla, þáltill. (þskj. 367, n. 446). — Síðari umr.

Frsm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Hér er um að ræða till. til þál. um n. til að endurskoða lög um veitingu prestakalla. Till. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að kjósa n. 7 þm. er hafi það verkefni að endurskoða lög um veitingu prestakalla, nr. 32 frá 3. nóv. 1915. N. skal ljúka störfum fyrir 1. okt. 1976. Kostnaður vegna n. skal greiðast úr ríkissjóði."

Eins og alþm. er kunnugt, hafa lengi staðið deilur um þessi lög, um prestskosningar, og hugsanlegar breytingar á því fyrirkomulagi sem lögin gera ráð fyrir. Till. hafa verið fluttar um ýmiss konar breytingar sem hafa flestar falið það í sér að fella niður prestskosningar, en þær till. eða þau frv. hafa ekki náð fram að ganga. Kirkjuþing hefur ályktað á þá leið að prestskosningar skuli lagðar niður, og biskup hefur opinberlega tjáð sig um það efni og er sömu skoðunar og fram kemur á Kirkjuþingi.

Alþingi Íslendinga hefur almennt ekki skipt sér af innri málefnum kirkjunnar, skiptir sér ekki af boðskap hennar, prédikunum eða kirkjuathöfnum, hefur ekki haft afskipti af skipan presta í embætti, enda þótt kosningar hafi ekki verið lögmætar, og yfirleitt ekki, eins og fyrr segir, haft nein afskipti af málefnum kirkjunnar sem snúa að henni sjálfri og sóknarbörnum hennar. Þess vegna er spurning um það hvort Alþ. eigi að láta að vilja Kirkjuþings og samþykkja ályktanir þess eða hvort það eigi áfram að viðhalda lögum um prestskosningar sem tvímælalaust eru í andstöðu við vilja kirkjunnar.

Um þetta eru skiptar skoðanir, og hv. allshn. Sþ. leggur í sjálfu sér ekki dóm á þetta. En hún, þ. e. a. s. nefndin, er sammála um að mæla með því að þessi till. verði samþ., með því að skipa n. verði gerð enn ein tilraun til þess að skoða núv. fyrirkomulag og gera till. um breytingar á því.

Alþ. hefur vissulega rétt til þess að viðhalda núgildandi lögum. Það er þess að setja lög og breyta þeim, ef svo býður við að horfa. Hér á landi eru ríki og kirkja ekki aðskilin, og með góðri samvinnu og sambúð þessara aðila hefur ríkt nokkuð góður friður á þessum vettvangi. Víða erlendis hafa um aldir verið mjög harðvítugar deilur milli kirkjunnar manna annars vegar og þjóðþinga og ríkisstjórna hins vegar, og víða hafa kirkjunnar menn talið sér nauðsynlegt að stofna sérstaka flokka vegna þess að þeim hafa ekki fundist almennir stjórnmálaflokkar og þjóðþing vilja sinna og skilja málefni þeirra. Það er, held ég, ríkjandi skoðun á Íslandi að ekki skuli kalla slíkar deilur yfir

þjóðina og því skuli gera heiðarlega tilraun til þess að löggjöf, sem snýr að kirkjunni, sé að verulegu leyti í samræmi við vilja kirkjunnar manna og kirkjuþings. Þetta eru ekki endilega forsendur fyrir samþykkt n. á því að leggja til að till. verði samþykkt. Þetta eru mínar persónulegar hugleiðingar sem ég læt hér fylgja með um leið og ég flyt það álit allshn. að þessi till. til þál. skuli samþykkt með tveimur minni háttar breytingum.

Í fyrsta lagi er lagt til að gera þá breytingu að n. skuli ljúka störfum eigi síðar en fyrir n. k. áramót í staðinn fyrir 1. okt. 1976, og í öðru lagi að 3. mgr. till. falli niður, þ. e. a. s. setningin: „Kostnaður vegna n. greiðist úr ríkissjóði.“ N. vill gefa þeirri n., sem þarna á að skipa, aðeins meiri tíma og lengja þess vegna þann frest sem hún hefur til starfa. Í öðru lagi telur hún óeðlilegt að fram sé tekið að kostnaðurinn greiðist úr ríkissjóði. Það getur hugsanlega komið til þess, en það er óþarfi að taka það fram í till. sjálfri.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég skýrði frá skoðun minni um daginn, þegar þessi till. var til fyrri umr. en ég held nú samt að ég komist ekki hjá því, eftir að þetta nál. er komið fram, að koma hér einu sinni enn og segja nokkur orð. Eg vil endurtaka það, sem ég sagði þá, að ég er andvígur samþykkt þessarar þáltill. vegna þess að það er ljóst að hún gengur í þá átt að vekja upp frv. til l. um breytingu prestakalla sem var til meðferðar á Alþ. 1972 og 1973, en var þá svæft. Þetta frv. gerði ráð fyrir því að tekin yrði upp kjörmannakosning og völd biskups og ráðh. aukin. Ég hygg að sú aðferð, sem við nú búum við, þ. e. a. s. opin, lýðræðisleg kosning, sé betri og líklegri til þess að presturinn sé í tengslum við fólkið í söfnuði sínum heldur en hann sé einungis í tengslum við kjörmenn, biskup og ráðh.

Þetta leiðir hugann að því hvert sé hlutverk presta og hvert sé þeirra verkefni. Sálusorgun og boðun kristinnar siðfræði af stólnum er einn þátturinn, en engan veginn aðalatriðið, eins og ég kom rækilega inn á við fyrri umr. málsins.

Ég vil ekki fækka prestum og ég met presta mjög mikils. Eg tel að þeir séu starfsmenn ríkisins með allmikla húmaníska menntun og rúman tíma til þess að sinna margvíslegum félagslegum félagsmálastörfum og veita forustu og hafi tækifæri til þess að koma hvarvetna fram til góðs og vinna margs konar þjóðnytjastörf.

Séra Jón prímus gerði við prímusa og hraðfrystihús og járnaði hross, og hann er mér einna hugstæðastur allra presta og hef ég þó kynnst þeim mörgum góðum. Hann járnaði hross og það meira að segja utansveitarstóð.

Ég get ekki fallist á þá nauðsyn sem n. telur að sé á því að endurskoða lögin, vegna þess að sú aðferð, sem við búum nú við, er allgóð, a. m. k. brúkleg og líklegri til þess að viðhalda lífrænum og eðlilegum tengslum prests og safnaðar en klíkukosning eða biskupsveldi. Báðar þær leiðir eru nefnilega fullreyndar. Þær aðferðir eru báðar fullreyndar í íslenskri kirkjusögu. Það kostaði 50 ára baráttu að öðlast þennan almenna kosningarrétt, og ég er ekki fús til þess að farga honum. Fortíðin hefur sannað að gamla aðferðin er ómöguleg.

Aðalatriði málsins, sem ekki hefur þó komið nógu skýrt í ljós við þá umr., sem fram hefur farið á Alþ. að þessu sinni, er að kirkjan er félag í eðli sínu og félögum er kjörin stjórn, en ekki skipuð eðli málsins samkv. Prestar eru þjónar safnaðarins og söfnuðurinn á að fá að velja sér þessa þjóna, en ekki veita þeim viðtöku að ofan.

Ef prestskosningar verða afnumdar, þá þykir mér óeðlilegt að hugsa sér að halda í núverandi kosningafyrirkomulag á biskupi. Ég tel sjálfsagt að hann verði skipaður af kirkjumrh., jafnvel að hægt væri að hugsa sér að ekki yrði um æviráðningu að ræða, hvorki á prestum né á biskupi. Það er ófært að söfnuður verði að sitja til frambúðar með prest sem hann hefur ekki valið sjálfur, og eins er það með því frv. sem sofnaði hér um árið. Einnig er biskup gerður svo voldugur um örlög presta að það er ekki hægt annað en að gera því skóna, þótt við Íslendingar höfum nú úrvalsbiskup á stóli, þá sannar sagan að svo hefur ekki ætíð verið. Við höfum nefnilega haft einstöku sinnum ágjarna og rangláta biskupa. Og sagan getur sannarlega endurtekið sig, svo sem kunnugt er. Nýr Gottskálk grimmi á biskupsstóli mundi væntanlega ekki verða eftirlátur andstæðingum sínum í prestastétt eða greiðugur á góð brauð við andstæðinga sína. Og andstæðinga hlyti hann að eiga, ekki síst þar sem nú horfir svo að prestastéttin sé klofin í tvær fylkingar sem opinberlega klóast öndverðar um drauga og Andskotann. Grautartrúarbiskup, svo að ég vitni enn og aftur til orðalags kirkjunnar manna, mundi hugsanlega raða grautartrúarprestum í öll skárri embættin, en setja hina hjá. Kjörmenn yrðu náttúrlega á stanslausu uppboði.

Það hefur verið gert mikið úr því af kirkjunnar mönnum hér á þingi að alger einhugur væri um frv. frá 1973 meðal presta og safnaðarfulltrúa og sóknarnefndarmanna, og seinast kom það fram í framsögu hv. 11. þm. Reykv. Ég vil leyfa mér að mótmæla þessu, og ég vek athygli á nál. á þskj. 523 frá 94. löggjafarþingi, frá menntmn. Ed. Og ég vil leyfa mér að lesa hér — með leyfi forseta — örlítinn kafla:

„N. hefur sent frv. ýmsum aðilum til umsagnar og reyndust skoðanir skiptar um efni þess. Meðmæli með frv. hafa borist frá héraðsfundi Eyjafjarðarprófastsdæmis, prófasti Austfjarðaprófastsdæmis, prófasti Skagafjarðarprófastsdæmis, sóknarnefnd Grensássóknar og héraðsfundi Ísafjarðarprófastsdæmis, guðfræðideild Háskóla Íslands og Prestafélagi Íslands.“ Þetta voru nú meðmælin. En andmæli gegn samþykkt frv. hafa borist frá dómprófasti Reykjavíkurprófastsdæmis, safnaðarstjórn og safnaðarfulltrúa Digranessóknar í Kópavogi, safnaðarnefnd Kárnesprestakalls í Kópavogi og prófasti Kjalarnesþings. Prófastur Rangárvallaprófastsdæmis hefur borið málið undir söfnuðina, og bárust svör frá 8 af 16 söfnuðum og voru allir andvígir frv. Prófastur Húnavatnsprófastsdæmis hefur fengið jákvæðar undirtektir við frv. í 6 söknum

og neikvæðar í öðrum 6 sóknum.“ Ég vil undirstrika það, að það er engan veginn að það sé einhugur hjá fólki, sem lætur sig málefni kirkjunnar einhverju skipta, um þetta mál. Það er fjarri því.

Það verður vafalaust ekki útrýmt klíkuskap með samþykkt þessa kjörfyrirkomulags. Það verður pólitískur slagur, pólitísk kosning um kjörmennina. Prestarnir verða að koma sér vel við kjörmennina. Þeir verða að keppast um hylli biskups og jafnvel hylli ráðh. En ég tel að presturinn eigi ekki að vera sálusorgari biskups eða ráðh., ekki endilega, og ekki félagi þeirra í dagsins önn, ekki járningamaður eða viðgerðarmaður hraðfrystihúsa eða prímusa fyrir biskup eða ráðh. og ekki sérstaklega einkasálusorgari sóknarnefndarmanna eða safnaðarfulltrúa, því að eins og ég sagði áðan: eðli málsins samkv. er kirkjan félag, og félög eiga að hafa rétt á því að kjósa sér stjórn, en ekki taka við henni að ofan.

Gunnlaugur Finnsson: Herra forseti. Ég átti ekki von á því að það mundu upphefjast hér aftur umr. um þetta mál á svipuðu stigi og með svipuðu orðafari og var hér við umr. þegar þetta mál var lagt fram. Ég hafði hins vegar hugsað mér að koma hér upp og færa allshn. þakkir fyrir afgreiðslu þessa máls í fjarveru 1. flm. þáltill.

Það, sem frsm. sagði, var rétt. Mér er fullkunnugt um það að í allshn. sjálfri hafa menn skiptar skoðanir á málinu sjálfu. Þar kunna að finnast bæði menn sem eru með breytingu og andstæðir breytingu, en hafa eigi að síður það álit, að það væri rétt að skoða málið, og standa þess vegna að því að kjósa n. sem kannaði hvort hægt væri að finna einhvern flöt á málinu, þannig að það næðust sættir á milli kirkjunnar og Alþingis.

Það er alveg rétt, sem frsm. sagði, að það hefur verið ákveðin, yfirlýst stefna af hálfu Kirkjuþings að breytingar yrðu gerðar þarna á. Hann minntist á það að Alþ. skipti sér ekki af innri málum kirkjunnar. En ég lít nú samt sem áður svo á, að það, hvernig söfnuðir velja sér prest, sé innri mál kirkjunnar. Þá er þetta spurning um það að hve miklu leyti kirkjan fær að starfa sjálfstætt og samkv. sínum eigin óskum eða hvort það eru af löggjafans hálfu lagðar á ákveðnar kvaðir eða ákveðin bönd, þannig að hún nái ekki að þróa starfsemi sína í þá átt sem hún sjálf óskar. Ég tel fyrir mitt leyti að það sé nauðsynlegt að hún hafi visst frelsi til þess.

Það er alveg rétt hjá hv. síðasta ræðumanni, 3. þm. Norðurl. v., að það er ekki fullkominn einhugur innan kirkjunnar um þetta, og ég hygg að það hafi enginn haldið því fram að það væri einhugur hjá öllum sem um þetta mál hafa fjallað enda þótt Kirkjuþing hafi afgreitt það með yfirgnæfandi meiri hl. atkv. og sífellt með auknum meiri hl. Ef málið væri svo einfalt, þá væri það út af fyrir sig ekki vandamál. Þá tel ég að það væri alveg tvímælalaust skylda að kirkjan fái að ráða þessu sjálf. En eigi að síður hefur það í vaxandi mæli færst yfir á þá hliðina að fleiri og fleiri hafa talið rétt að gera breytingu hér á.

En það eru tvær breytingar sem n. gerir á þáltill. Ég get vel fellt mig við báðar breytingarnar. Ef þessi n. verður kosin og hún starfar til áramóta, þá hefur hún tækifæri til þess að bera skoðanir sínar og niðurstöður undir það Kirkjuþing sem situr næsta haust og þá, ef einhver leið opnast til samkomulags, haft samráð við það um endanlega niðurstöðu.

Ég held nú að það sé ekki frjótt að fara að ræða hér um störf presta, hvort sem þeir eru sálusorgarar eða prímusar, á þeim grundvelli. En ég vil taka undir það sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að kirkjan er félag og hún kýs sér stjórn. Hún gerir það líka í dag. En ég held að það sé yfirleitt venja alls staðar þar sem félög starfa og þar sem kosin er stjórn, að stjórnin ræður starfsmenn, framkvæmdastjóra, og annað því um líkt. Og ég held að það sé misskilningur hjá honum um aukið vald biskups og ráðh.

Ef við förum að ræða efnislega frv., sem lagt var fram, á annað borð og þær hugmyndir, sem þar voru uppi, þá hef ég skilið það þannig að þar væri minnkað vald biskups og ráðh. Ég er að vísu ekki með þetta frv. við höndina, en ég held að ég muni það alveg áreiðanlega rétt. að biskup er skyldugur til þess að hlíta ráðningu kjörmanna. En núna, samkv. núgildandi reglum, hefur hann algerlega frjálsar hendur ef kosningin er ekki lögmæt, þannig að ég lít svo á að þarna sé valdið fært heim til stjórnanna í söfnuðunum frá biskupi, en ekki til biskups.

Ég vil sem sagt ítreka þakkir mínar til n. um afgreiðslu á þessu máli. Ég get vel fellt mig við þær breytingar fyrir mitt leyti sem hún hefur gert á þáltill., og ég vænti þess að hv. þm. verði það víðsýnir að þeir felli ekki að n. verði kosin til þess að kanna þetta mál.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Út af síðustu orðum hv. 4. þm. Vestf. vil ég segja það, að ég vænti þess að hv. þm. verði það víðsýnir að þeir felli þessa till., vegna þess hvernig þetta mál hefur verið túlkað og allur tónn í þeim, sem talað hafa fyrir þessu máli, fyrir þessari till., — einmitt af því tel ég að hv. þm. ættu að vera það víðsýnir að fella hana.

Það er að vísu slæmt að hv. 1. flm. þessa máls og sá aðili sem hafði, að ég hygg, allan veg og vanda af því hér, mælti fyrir því, að hann skuli nú vera fjarri, og líka slæmt að þetta skyldi ekki koma upp á þeim tíma sem við höfðum annan hjónandi guðsmann hér innan þingsins. (Gripið fram í.) Ég meinti nú á öðru starfssviði eða starfsvettvangi. Ég vænti þess að þó að þessi hv. þm., sem nefndur var sem guðsmaður, sé starfandi á þessu sviði, þá takist honum ekki að hafa þau áhrif á hv. þm. að hann fái þá til fylgis við þá meginstefnu sem hann túlkaði í þessum málum. En við höfum hér eigi að síður enn einn hv. þm. sem er guðfræðingur, og það er alltaf æskilegt að sjónarmið úr þeirri átt og kannske má segja frá þeim

aðilum, sem gleggst ættu að vita um málefnin, geti komið fram.

Ég varð þess var, eftir að umr. áttu sér stað hér á Alþ. fyrir nokkru einmitt um þetta mál og nokkrir þm. höfðu talað, þá var eins og það virtist vekja undrun bæði sumra blaða og fjölmiðla eins og ríkisútvarps og sjónvarps, að þm. skyldu láta sig það skipta, hvernig farið væri með málefni kirkjunnar, og ræða um hvort þeir létu sér það lynda að tekinn væri kosningarréttur af sóknarbörnum hringinn í kringum landið og sá réttur settur í hendur örfárra einstaklinga til þess að velja eða útnefna, eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, — útnefna sálusorgara fyrir almenning. Mér finnst það ekkert skrýtið þó að þm. verði tíðrætt um mál sem þetta. Ég er a. m. k. þeirrar skoðunar, að ef af slíkri breytingu verður eins og grunntónn þessarar þáltill. er, að afnema almennan kosningarrétt hjá fólki til þess að velja sér sóknarprest, þá er hér að mínu viti um afgerandi mál að ræða, stórmál í mínum huga.

Það kom fram af minni hálfu strax, þegar þetta mál var rætt hér fyrst, að ég er algerlega andvígur því að afnema kosningarrétt fólks til að velja sér prest, — algerlega andvígur því. Og vegna þess hvernig grg. er, sem þessari þáltill. fylgir, og ekki síður vegna hins, hvernig á þessu máli hefur verið haldið af hálfu þeirra sem það flytja og styðja, þá mun ég greiða atkv. gegn þessari þáltill., því að það hefur gengið í gegnum allar ræður þeirra aðila sem þetta mál styðja að það er grundvallaratriðið í þeirra huga að afnema kosningarréttinn. Það er grundvallaratriðið, grundvallartónninn í öllum þeim ræðum sem fluttar hafa verið hér þessari þáltill. til stuðnings. Þess vegna mun ég greiða atkv. gegn henni. Síðast kom þetta fram í framsöguræðu hv. þm. Ellerts B. Schram þegar hann mælti hér fyrir nál. allshn. Að vísu sagði hann að þetta væri sín persónulega skoðun, hann mælti ekki hér fyrir hönd n., en eigi að síður, grunntónninn var þessi.

Hv. þm. Páll Pétursson vitnaði hér í nokkrar umsagnir sem borist höfðu þegar frv. var hér til afgreiðslu 1973—1974. Þar kom í ljós að héðan af þéttbýlissvæðinu mesta, hafi ég tekið rétt eftir, komu andmæli gegn þessari breytingu sem hér er verið að tala um að gera á prestskosningalögunum. Andmælin eru ekki síður a. m. k. héðan af þéttbýlissvæðunum, af þeim svæðum sem sumir hv. þm. við fyrri umr. þessa máls sögðu að væri þannig ástatt um, að í prestskosningum á þessu svæði væru laðaðar fram allar lægstu hvatir manneskjunnar. En þó er á þessu svæði andmælt þessari breytingu.

Ég er ekki sammála því, sem hv. þm. Ellert B. Schram sagði hér áðan, að þessu eigi að breyta og breyting í þessa átt komi í veg fyrir deilur varðandi presta og kosningu þeirra. Ég á a. m. k. eftir að sjá að það verði ekki uppi sams konar deilur eins og sagt er að verið hafi, — ég segi: sagt er, vegna þess að ég þekki það ekki sjálfur, veit ekki dæmi þess af eigin reynd að miklar deilur hafi átt sér stað. En ég þykist vita það fyrir fram að sams konar deilur og sagt er að uppi séu núna í prestskosningum koma upp með kjörmannakerfinu, hinu vinsæla sem sumir telja nú. Það er enginn vafi á því að þar verður togast á milli hinna tiltölulega fáu einstaklinga sem þarna eiga að fá að ráða málum fyrir allan fjöldann, þannig að það er ekki nokkur vafi á því að verði þessu breytt, þá halda áfram deilur um þetta.

Menn hafa hér spurt að því hvort Alþ. bæri ekki að fara að vilja Kirkjuþings. Því aðeins ber Alþ. að fara að vilja Kirkjuþings að alþm. sjálfir telji að það sé rétt. Og ég er einn af þeim sem telja að þetta sé rangt, að breyta á þennan hátt, þrátt fyrir það að Kirkjuþing hafi mælt með því. Hv. þm. Ellert B. Schram hefur haldið því fram hér, að vísu í öðrum tilvikum, að þm. og Alþ. í heild tekið eigi ekki að láta segja sér fyrir verkum af aðilum utan úr bæ. Ef þetta er hans skoðun, þessa hv. þm., þá hlýtur það að gilda að mínu viti einnig um Kirkjuþing. Það á ekki að segja hér fyrir verkum. Það á hver og einn þm. að mynda sér skoðun um viðkomandi málefni og taka afstöðu til þess samkv. sinni skoðun. Og það á ekki síst við um þetta.

Ég er sammála því, sem kom fram hjá hv. þm. Páli Péturssyni, að ég lít svo á að með breyt. í þessa átt, eins og hér er talað fyrir, sé verið að auka vald biskups og ráðh., taka valdið úr höndum almennings og færa það kannske fyrst og fremst í hendur tveggja manna. En hvað segja þeir hv. þm. sem mæla svo eindregið með að breytt verði í þessa átt? Vilja þeir afnema núv. fyrirkomulag um kosningu biskups? Vilja þeir samhliða slíkri breyt. gera þá breyt. að t. d. biskup yrði kjörinn á sama hátt og forseti? Eru menn reiðubúnir til þess? Hvað ætli prestastéttin segði við því? Ætli hún yrði til þess reiðubúin? Ef ég man rétt, þá leiddi annar þátttakenda í sjónvarpsþætti hér ekki alls fyrir löngu, þar sem fyrst og fremst átti að ræða um þetta mál, biskupsritari, hjá sér að svara þessari spurningu. Ég man ekki betur en hann leiddi hjá sér að svara þeirri beinu spurningu sem til hans var beint. Hvað ætli prestar og Kirkjuþing mundu segja við því að afnema núv. kerfi við kosningu biskups? Ég skal ekkert um það fullyrða hver afstaða þessara aðila yrði. En það væri gaman að fá um það einhverja vitneskju hver hugsanagangur í þeim herbúðum er til slíkra breytinga.

Ég færi ekki hv. allshn. neinar þakkir fyrir að mæla með þessari þáltill. Það er síður en svo. Það er þveröfugt. Það ætti frekar að setja ofan í við hana heldur en færa henni þakkir fyrir það. Og hvort sem mönnum þykir það frjótt eða ekki frjótt hér á Alþ. að fara að ræða um störf presta, þá er það einmitt það fyrst og fremst sem ræður afstöðu almennings til prests, hvernig slík þjónusta er innt af hendi sem þessi einstaklingur á að annast og menn vilja almennt fá að ráða sjálfir hver hann er. Ég tel vel koma til greina að setja inn í löggjöf tiltekinn árafjölda sem viðkomandi prestur ætti að vera í embætti og síðan yrði kosning aftur tekin upp, þannig að það væri ekki um æviráðningu að ræða.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, herra forseti. En ég ítreka að á grundvelli þess tals, sem talsmenn þessarar þáltill. hafa haldið uppi, og sjáandi fyrir mér hvert þeir stefna til breyt., þá mun ég greiða atkv. gegn þessari þáltill.

Jón Helgason: Herra forseti. Í þáltill. þeirri sem hér er til umr., er lagt til að kjósa nefnd þm. til að endurskoða lög um veitingu prestakalla sem nú er orðin um 60 ára gömul. Ég held að flestir hljóti að viðurkenna að slíkt er ekkert óeðlilegt. Hins vegar kom það fram í framsöguræðu hv. 1. flm. þessarar þáltill. að hann hafði fyrst og fremst í huga eina ákveðna breytingu, þ. e. afnám almennra prestskosninga.

Hv. 1. þm. Norðurl. e., sem einnig er flm. þessarar þáltill., sagði aftur á móti í ræðu sem hann flutti þá, að hann hefði ekki endilega slíkt í huga. Hann teldi hins vegar ekki óeðlilegt að verða við þeim óskum sem fram hefðu komið um að endurskoða þessi mál og þess vegna væri hann meðflm. að till.

Ég vildi aðeins láta það koma fram að afstaða mín er svipuð og hv. 1. þm. Norðurl. e. þegar ég skrifa undir þetta nál. Þess vegna kvaddi ég mér hér hljóðs, að ég vildi mótmæla því að með því að skrifa undir þetta nál. væri ég að lýsa því yfir að ég væri samþykkur þessari breytingu sem hvergi er minnst á í þáltill., en hér hefur orðið svo mjög tíðrætt um. En ég tel að það sé ekkert óeðlilegt að þessi meira en 60 ára gömlu lög séu skoðuð eitthvað og það sé þá einnig skoðað hvort ekki megi breyta þeim eitthvað á þann veg að allir geti verið ánægðari með það fyrirkomulag, sem nú er, jafnvel þó að það sé ekki afnumið. Meira að segja kom það fram í ræðu hv. 5. þm. Vestf., sem talaði hér næst á undan og er mjög andvígur þessari till., að hann teldi að það væri ekkert óeðlilegt að gera einhverja breyt., t. d. þá að kosning gilti aðeins tímabundið skeið. Ef hann hallast að því, hvernig á að gera það öðruvísi heldur en að breyta eitthvað lögunum. Ég held að það sé þess vegna ekki hægt að slá því föstu eða ég vil a. m. k. ekki að það sé gert, að meðmæli mín með samþykkt þessarar till. verði túlkuð sem eindregið fylgi við afnám prestskosninga.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég ætla mér ekki að hafa mörg orð um mál þetta, en ég vil auðvitað að það komi strax hér fram að ég er gersamlega andvígur að fólk verði rænt þeim rétti að velja sálusorgara sinn sjálft.

Það voru aðallega tvö atriði í ræðu hv. 4. þm. Vestf. sem orsökuðu að ég bað um orðið. Það var þegar hann sagði að það mætti líta svo á að hér væri verið að færa valdið heim til fólksins með því, eins og menn hafa látið sér detta í hug, að sóknarnefndarmenn ráðskist með tillögurétt um hvern biskup síðan skipar sem sóknarprest. Þetta er auðvitað fjarri öllu lagi og ég veit eiginlega ekki hvernig þm. dettur í hug að koma með slíkar útskýringar, að ef hinn almenni borgari er sviptur kosningarréttinum þá muni það verða til þess að færa valdið nær honum. Það er auðvitað fjarri öllu lagi. Og eins sagði hann að kirkjan væri félag og hún kysi sér stjórn og þess vegna ætti hún að fá að tilnefna starfsmenn sína. Er þá svo að skilja að hún eigi að láta vera að skipta sér af öðrum en þarna eru innandyra? Ekki stenst það heldur. Þessar umbyltingar eru allar komnar frá prestum sem eftir eigin sögn kunna ekkert með kosningaraðréttu að fara svo að siðsemi sé í, vegna þess að engir stjórna þeirri uppákomu prestkosninganna aðrir en þeir sjálfir og ef togaðar eru fram lágar hvatir í fari fólks við prestskosningar, þá geta engir nema frambjóðendur og þeirra umboðsmenn sérstakir togað þær fram.

Út af fyrir sig hef ég ekkert á móti því að þessi 60 ára gömlu lög séu endurskoðuð. En að því er að gá að ástæðurnar til þess, að nú er lagt til að þurfi endurskoðun, eru alfarið þær að eigi að ræna fólki þeim rétti að velja sér sálusorgara. Því er það að ekki kemur til greina auðvitað að fylgja slíkri tillögugerð, þó að ég geri ráð fyrir því kannske að till. þessi um kosningu endurskoðunarnefndar verði samþ. Og eins og kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, hv. 4. þm. Suðurl., Jóni Helgasyni, þá er hans afstaða sú að gjarnan megi líta á lögin til endurskoðunar, en hins vegar breyti það ekki því, að hann hefur ekki þá skoðun að það eigi að leggja niður almennar prestskosningar.

Það er ljóst að Kirkjuþing hefur gert um þetta samþykkt. En eins og fram kom hjá hv. þm. Páli Pétursyni, þá er langt frá því að hér sé um neinn einhug að tefla í þessu efni, enda á þessi stétt manna alls ekki að fá að ráða þessu. Hv. þm. Gunnlaugur Finnsson benti enn fremur á að biskup væri hreint ekki samkv. núgildandi lögum skyldugur til þess að skipa samkv. úrslitum prestskosninga. Þetta er að vísu rétt. En ég veit aðeins um eitt dæmi þar sem hefur verið farið fram hjá þessu, og ég hygg að það hafi orðið víti til varnaðar, þannig að í raun og veru er hér auðvitað alfarið um það að ræða að úrslit kosninganna ráði þótt ekki sé lögleg kosning. Þegar ekki er um löglega kosningu að ræða og biskup getur ráðið, þá hygg ég að alfarið sé og hafi verið um langa hríð farið eftir úrslitum kosninganna. Sá, sem flest atkv. hlýtur, er skipaður í embættið.

Mér er sem ég sjái til hvers það mundi draga ef sú skipan yrði á höfð sem menn hafa kynnst í tillögugerð klerkanna þegar byrjað er að togast á um kjörmennina eða sóknarnefndarmennina. Það yrðu áreiðanlega ekkert siðsamari aðferðir heldur en hin almenna kosning sóknarbarnanna. Hins vegar, eins og ég segi, kemur til álita að endurskoða þessi lög, líka kannske í þá veru að það ætti að kjósa þá á 4 ára fresti, eins og okkur á hið háa Alþ., hið minnsta og helst oftar ef þeir eru leiðinlegir og slæmir kennimenn. Auðvitað hlýtur sú spurning að vakna. Það er mjög erfitt, — það veit ég dæmi um, — það hefur verið mjög erfitt að verða að sitja uppi með klerk svo að segja ævilangt. Ég er ekki að leggja þetta til, en þeim er ekkert vandara um en okkur að ganga fyrir hv. kjósendur á 4 ára fresti, og það mundi kannske hvetja þá til þess að standa vel í stöðu sinni ef þeir ættu á hættu að vera kannske settir af eftir 4 ár. Þeir mundu þá leggja skynsamlegar út af ýmsu í ritúalinu og skynsamlegar en mörg dæmi eru til um. (**Gripið fram í:** Það er gott að þú ert ekki kosinn ævikosningu, ég segi bara það.) Ég mundi ekki fara fram á það, a. m. k. ekki í þá stöðu sem við gegnum hér.

Við eigum samkvæmt okkar umboði að ráða

fyrir þessum mönnum að þessu leyti, og því er það að ég tek ekkert gilt og geri ekki mikið með samþykktir hvorki kirkjuþings né annarra í þessum hópi, því að þó þeir hafi þessa reynslu af prestskosningum, þá er enginn vafi á því að allur þorri almennings kann því lang best að fá að velja sér sálusorgara. Og þó að menn sækist á hart í sambandi við kosningarnar, þá er það ólaginn klerkur í meiri máta sem læknar ekki þau sár undireins eftir að hann fær færi á því að gerast klerkur safnaðarins með þeirri miklu aðstöðu til góðra áhrifa í söfnuðinum sem hann fær og trúlega betri aðstöðu en allir aðrir menn. Ég get þess vegna ekki fylgt þessari till., þó að ég væri ella reiðubúinn til þess að athuga um endurskoðun á þessum gömlu lögum. Ég get ekki fylgt samþykkt till. þar sem hún er einvörðungu reist á þessum hugmyndum um, að breyta til og leggja af almennar prestskosningar.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég á sæti í allshn. Sþ. og er einn þeirra sem hafa lagt til að þessi till. verði samþ. Ég læt mér að sjálfsögðu í léttu rúmi liggja hvort ég fæ þakklæti fyrir þá afstöðu mína hjá hv. þm. Karvel Pálmasyni. Það skiptir mig ekki máli. En vegna orða hans og nokkurra annarra langar mig til þess að segja hér örfá orð.

Ég hef ekki tjáð mig um það hvort eigi að afnema prestskosningar og ég tel mig ekki þurfa að gera það hér og ætla mér ekki að gera það. Það kemur afgreiðslu þessa máls ekkert við hverjar skoðanir menn hafa á því frv. sem síðast var lagt fyrir Alþ. um skipan prestskosninga. Það kemur afgreiðslu þessa máls hreint ekkert við. Ástæðan fyrir stuðningi mínum við þessa þáltill. er sú, að mér sýnist betta vera leið sem reynandi er að fara, þ. e. að kjörin verði n. alþm. til þess að gera till. um skipan prestskosninga. Með því sýnist mér að það séu meiri líkur á að Alþ. komi þessu máli frá sér, en það tel ég nauðsynlegt til þess að koma í veg fyrir að það gangi aftur á hverju þingi.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Út af því, sem hv. þm. Jón Helgason sagði áðan og vitnaði í mín ummæli, þá vil ég aðeins taka það fram, að ég sagði að ég vildi gjarnan heyra skoðanir þeirra talsmanna þessarar breyt., sem vilja gera hana, á því, hvort þeir vilji jafnframt breyta kosningu á biskupi. Ég sagði ekkert um að ég teldi nauðsynlegt að breyta henni. (Gripið fram í.) Ja, þetta var mín meining, hvort þessir sömu einstaklingar, sem telja lífsnauðsyn að afnema prestskosningarrétt hjá hinu almenna sóknarbarni, telji þá ekki jafnframt lífsnauðsynlegt að breyta kosningafyrirkomulagi varðandi biskup.

En það var fyrst og fremst út af því sem bæði nú hefur verið sagt hér og eins áður við umr. um þetta mál. Það er í sambandi við hin gömlu lög um veitingu prestakalla. Hver á fætur öðrum af hv. þm., þeim sem vilja afnema prestskosningar í núverandi mynd, hefur vitnað til þess að lögin væru svo gömul, 60 ára gömul, að það væri nauðsynlegt að breyta þeim vegna þess, endurskoða þau og breyta þeim. En um hvað eru þessi lög? Þetta er lagabálkur sem hefur inni að halda 21 gr. og eingöngu, eftir því sem mér sýnist við fljótlega yfirsýn, eingöngu, hver einasta gr., fjallar um kosningar. Og ef þessir hv. þm. telja nauðsynlegt að endurskoða þessi lög með tilliti til breyt., þá er ekki hægt að skilja það á annan veg en þann að þeir vilji breyta kosningafyrirkomulaginu, þó að það hafi að einhverju leyti verið talið óheppilegt að setja það beint inn í till. Grg. gefur tilefni til þess, og allt tal stuðningsmanna þessarar þáltill. hefur borið þess merki hvað þeir vilja gera, þannig að ef þeir halda einhverju öðru fram heldur en því að þeir vilji gera þessa breyt. á kosningafyrirkomulaginu, þá er það hrein sýndarmennska. Breyt. á þessum lögum er ekki hægt að gera með öðrum hætti heldur en breyta þá kosningunum, því að þau fjalla öll um þær. Þó að hv. þm. Ólafur G. Einarsson segði áðan að hann varðaði ekkert um minn stuðning, þá er ég viss um það að innst inni við hjartaræturnar vill hann heldur hafa mig með en á móti. (Gripið fram í.) Þakklæti, það segir nú kannske ekki allt. Stuðningurinn segir meira, svo að ég er viss um að hann hefði gjarnan viljað hafa mig á hinum endanum.

Nei, hér er slíkt mál á ferðinni að það ætti hver og einn einasti hv. alþm. að skoða hug sinn vel um það áður en hann leggur út í það að svipta almenning á Íslandi kosningarrétti til þess að velja sér sálusorgara. Og ég segi: það eru kjarkmiklir menn sem ætla að svipta almenning kosningarrétti nú á 20. öld hér á Íslandi. Og hvað sem má segja um minn vilja þeim til handa, þá efast ég um að þeir beri slíka byrði ef þeim tekst að fá þessa breyt. hér fram, þannig að þeir ættu að skoða hug sinn vel áður en þeir ganga lengra í því að fá slíka breyt. fram eins og hér er lagt til.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Það fór eins og vænta mátti að nál. allshn. út af þessari till. hefur farið mjög fyrir brjóstið á sumum hv. alþm., eins og heyra hefur mátt af ræðum þeirra.

Hv. 5. þm. Vestf. sagði m. a. að Kirkjuþing ætti ekki að segja fyrir verkum í þessu máli, og má það að vísu til sanns vegar færa. En ég vil nú samt ráðleggja honum, fyrst hann er svona vel að sér eins og hann lýsti í lögum um veitingu prestakalla, að líta jafnframt yfir lögin um Kirkjuþing því að þar segir svo í 14. gr., með leyfi hæstv. forseta: „Kirkjuþing hefur ráðgjafaratkvæði og tillöguarétt um öll þau mál er kirkju, klerkastétt og söfnuði landsins varða og heyra undir verksvið löggjafarvaldsins eða sæta forsetaúrskurði.“ Þessi fullyrðing hans fær því engan veginn staðist og rýkur út í veður og vind eins og fleira sem af hans vörum fauk.

En þegar hann hélt ræðu sinni lengra áfram, þá kom það glögglega í ljós, eins og hv. 4. þm. Suðurl. benti á, að hann var alls ekki fjarri því að láta endurskoða þessi 60 ára gömlu lög. M. a. kvaðst hann tilbúinn til að taka til athugunar að prestur yrði kjörinn til tiltekins tíma. Fleira mætti benda á úr ræðu hans þó að það verði ekki gert að sinni.

Hv. 4. þm. Suðurl. talaði skynsamlega um málið og á svipaðan hátt hv. 5. þm. Reykn.,

þ. e. a. s. að þeir rugla ekki saman formi og efni. Þessi till., eins og ég benti á við 1. umr. málsins, fjallar fyrst og fremst um það að láta endurskoða þessi gömlu lög, en ekki á hvern hátt það verði gert. A. m. k. hefur það komið glögglega fram af máli manna sem annars eru samþykkir því sem hv. allshn. leggur til í málinu. Já, hv. 3. þm. Austf. leit nú fram hjá þessu atriði og fór rakleitt að ræða um afnám prestskosninga og tók til orða eitthvað á þá leið að hér ætti ekki að ræna fólk þeim rétti að velja sér sálusorgara. Það kom nú engum á óvart þó að þessi hv. þm. vildi velja sér góðan og gegnan sálusorgara að eigin mati. En honum fór sem öðrum, honum fór sem hv. 5. þm. Vestf., að hann sagði að það kæmi til álita að endurskoða þessi lög, m. a. að til mála kæmi að klerkar þyrftu að ganga undir kosningu á 4 ára fresti eins og alþm. Það hefur sem sé komið fram af máli þessara tveggja hv. alþm., sem ég hef hlýtt á og andmæla þessari till., að þeir geta báðir fallist á að endurskoða lögin.

Það er kannske ekki ástæða til þess að fara miklu fleiri orðum um málið á þessu stigi. Það var gert nokkuð við fyrri umr. Þó er rétt að benda hv. alþm. á að áfellast ekki allshn. svo mjög fyrir álit hennar, heldur líta yfir grg. áður en þeir greiða atkv. um þetta mál. En þar er bent á að Kirkjuþing hafi a. m. k. fjórum sinnum mælt með breyt. á þessum lögum. (**Gripið fram í:** Slíkri breytingu.) Já, að vísu slíkri breytingu. Það má heyra að hv. þm. hefur lesið grg. (Gripið fram í.) En það má jafnframt heyra að þeir, sem vilja láta endurskoða þessi lög, eru ekki allir endilega á sama máli og fulltrúar á Kirkjuþingi. En aðalatriðið í þessu er það, að miðað við lögin um Kirkjuþing tel ég eins og fleiri alþm. að Alþ. geti ekki skotið sér undan því að taka þetta mál til alvarlegrar athugunar og afgreiðslu og því sé ég ekki annað en það sé ráð að fallast á till. eða álit allshn.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég get ómögulega sleppt þessu tækifæri til að taka þátt í umr. um þetta mál rétt einu sinni.

Menn hafa látið þau orð falla hér að í þessu sambandi skiptu prestskosningar engu máli því að till. fjallaði alls ekki um þær. Þetta minnir mig á það að þegar Jón Hreggviðsson kom til Árna Magnússonar eða Arnas Arnæus til að ræða sín mál, þá sagði Arnas Arnæus við Jón Hreggviðsson: „Í þínu máli gildir einu um Jón Hreggviðsson.“ Þá sagði Jón Hreggviðsson: „Ha“ — og skildi ekki hvað hann var að fara. Og eins fer mér núna þegar ég heyri þennan málflutning, því að í lögum um veitingu prestakalla, nr. 82 frá 1915, er ekkert atriði um annað en prestskosningu og framkvæmd hennar, eins og allir menn hljóta að hafa séð sem lesið hafa lögin.

Menn tala um að það megi breyta þessu, og það getur vel verið að það megi breyta fyrirkomulaginu.

„Þegar prestakall losnar auglýsir biskup það með hæfilegum umsóknarfresti,“ segir í 1. gr. Það má vafalaust breyta þessu að það eigi ekki að auglýsa prestaköll.

2. gr.: „Kjörskrá skal vera þannig löguð að á henni séu 5 dálkar fyrir töluröð kjósenda.“ Það má vel vera að þessir dálkar megi vera fleiri eða færri.

3. gr.: „Nú telur einhver sér ranglega sleppt af kjörskrá eða einhver ranglega tekinn á hana, og skal hann þá kæra bréflega fyrir sóknarnefnd áður en vika sé liðin“ o. s. frv. Það getur vel verið að þetta eigi að vera hálfur mánuður eða jafnvel 3 dagar.

4. gr.: „Þegar sóknarnefnd hefur gengið til fullnaðar frá kjörskrá sendir hún prófasti skýrslu um tölu atkvæðisbærra manna í sókninni“ o. s. frv. Þessu má eflaust breyta.

5. gr.: „Þá er umsóknarfrestur er á enda sendir biskup landsstjórninni skýrslu um það, hverjir sótt hafi.“ Það er óþarfi, það má lesa það í blöðunum.

6. gr.: „Sóknarnefnd stýrir kosningu í sókn hverri.“ Það geta aðrir gert.

7. gr.: „Nú er komin kjörfundardagur, og skal þá kjörstjórn koma á fundarstað á tilsettum tíma.“ Það er ekkert nauðsynlegt, það má vel láta kjósendurna bíða.

8. gr.: „Kjörstjórn skal hafa gerðabók er sérstaklega sé til þess gerð og löggilt af biskupi, kjörskrá og atkvæðakassa með sömu gerð og atkvæðakassar við alþingiskosningar.“ Þeir geta vel verið öðruvísi, kassarnir.

9. gr.: „Oddviti kjörstjórnar skýrir kjósendum frá því í fundarbyrjun hverjir séu í kjöri.“ Þetta eiga menn náttúrlega að vita.

10. gr.: „Áður en atkvgr. hefst skal kjörstjórnin opna atkvæðakassann og sýna kjósendum og umsækjendum, eða umboðsmönnum þeirra, að kassinn sé tómur.“ Ja, ef menn vilja ekki trúa því, þá náttúrlega eiga þeir rétt á að skoða það sjálfsagt.

11. gr.: „Þeir, sem neyta vilja atkvæðisréttar síns, verða að sækja kjörfund sjálfir.“

12. gr.: „Í Reykjavík og öðrum stöðum og söknum landsins, þar sem eru 1000 kjósendur eða fleiri, má kjósa á fleirum en einum stað.“ Þetta er alveg óþarfi.

13. gr.: „Þegar kosningarathöfn er lokið hvolfir kjörstjórn seðlunum úr atkvæðakassanum í umslög, sem til þess eru ætluð, og setur innsigli sín fyrir.“ Þessu má breyta.

14. gr.: „Kærufrestur yfir kosningu er 3 dagar.“ Af hverju 3 dagar? Af hverju ekki 4 dagar eða 5 dagar? (Gripið fram í.) Jú, ef það er þetta sem menn hafa í huga að breyta, þá er um að gera að samþ. till.

15. gr.: „Yfirkjörstjórn skipar biskup landsins og tveir menn aðrir er stjórnarráðið skipar til 5 ára í senn.“

16. gr.: „Reynist miklir gallar á undirbúningi eða framkvæmd kosningar, enda hafi yfir því verið kært, getur landsstjórnin að fengnum till. yfirkjörstjórnar ónýtt kosninguna og fyrirskipað nýja.“

17. gr.: „Hafi helmingur kjósenda í prestakallinu greitt atkv. á kjörfundi og fái einhver umsækjanda meiri hl. greiddra atkv., er hann kjörinn prestur og fær veitingarbréf ráðh. fyrir prestakallinu. Annars er stjórnin ekki bundin við atkvgr., og leitar hún þá till. biskups um það, hverjum umsækjenda kallið skuli veitt.“ Þetta má líka endurskoða sjálfsagt.

18. gr. fjallar um það ef aðeins er einn umsækjandi o. s. frv.

19. gr. fjallar um það að enginn, sem kosið hafi skriflega, sé skyldur til að skýra frá því fyrir rétti hvernig hann hafi neytt atkvæðisréttar síns.

20. gr.: „Hvorki kjörstjórnarformaður né nokkur annar, sem í kosningastofunni er staddur, má beinlínis eða óbeinlínis hvetja nokkurn kjósenda meðan á kosningu stendur til þess að kjósa einn umsækjanda öðrum fremur.“

21. gr.: „Landssjóður stendur straum af útbúningi kjörseðla og útvegun atkvæðakassa til hvers prófastsdæmis.“

Þetta eru lögin. Þetta eru lögin sem við erum að tala hér um, og ég skil ekki að menn geti haldið því fram að það sé í raun og veru um neitt annað að ræða við endurskoðun á þessum lögum heldur en að afnema þessar kosningar. Það hlýtur að vera það sem vakir fyrir flm. og það sem allshn.-menn eru að fallast á með því að leggja til að þessi till. verði samþ. Ég sagði við fyrri hluta umr. um þessa till. að ég hefði ekkert á móti því að þetta yrði skoðað, og nú er ég búinn að skoða þetta og ég er alveg sannfærður um, að það getur ekkert annað vakað fyrir flm. till. en að afnema prestskosningar, og þess vegna er ég á móti till.

Gunnlaugur Finnsson: Herra forseti. Það er að sjálfsögðu gaman að fá öðru hverju skemmtilegar ræður. En mér datt í hug áðan, þegar hæstv. utanrrh. flutti ræðu sína, að í eina tíð var ég staddur á kvöldvöku, skulum við segja, og þar átti ágætur maður að lesa upp, og ég held að hann hafi tekið Gagn og gaman eða eitthvað þess háttar og lesið upp úr því á sinn sérstæða hátt, og þetta vakti mjög mikla kátínu. Mér fannst þessi upplestur áðan missa nokkurs marks, vegna þess að hæstv. síðasti ræðumaður hefði alveg eins getað tekið kosningalögin til Alþ. og lesið upp úr þeim alveg hliðstæða hluti. Hvernig væri það t. d. ef það væru engin ákvæði í kosningalögum til Alþ. um að það skuli auglýsa hverjir eru í framboði, menn geti bara lesið um það í blöðunum o. s. frv. Mér finnst í raun og veru að hér sé meira alvörumál á ferðinni heldur en svo að það sé rétt að taka á því á þennan hátt.

Það er verið að tala um það hér að verið sé að tala um að málið snúist um breytingar á kosningalögum. Það má segja að það sé grunntónn. En málið snýst fyrst og fremst um það hvort menn vilja að þessi lög verði skoðuð af þingkjörinni n. og eins og ég sagði áðan reynt að fynna einhvern flöt á því hvort samkomulag næst við það ráðgjafarþing sem starfar lögum samkvæmt við hliðina á Alþ. Það er spurningin. Og mér heyrist að menn hafi hér leitt hjá sér að ræða þetta atriði og reynt að snúa umr. að kosningalögum, eins og þau eru núna um veitingu prestakalla, til þess að leiða athyglina frá málinu sem er á dagskrá fyrst og fremst og á þann hátt taka upp þá stefnu hér að kasta stríðshanska. Hér er eingöngu verið að fjalla um það hvort hægt sé að ná einhverju samkomulagi um þetta. Með því að neita að taka þátt í þeim viðræðum er verið að kasta stríðshanska framan í hinn aðilann sem hefur æ ofan í æ óskað eftir því að þetta mál yrði betur skoðað.

Það hefur verið spurt hér um einstök atriði. Það hefur verið spurt t. d. um það af hv. 5. þm. Vestf. hvort menn væru reiðubúnir til að breyta um kjör á biskupi. Ég held að það sé ekkert um kjör biskups í lögum um veitingu prestakalla. Þess vegna er ekki verið að fara fram á að það sé verið að samþ. að kjósa n. til að endurskoða lög um kjör biskups. Það má eflaust kjósa n. til þess líka. Það er alveg sjálfsagt að athuga það. En ég held nú satt að segja, samt sem áður, að kjör biskups sé nokkuð í því formi sem hefur verið tekið upp annars staðar. Það er auðvitað spurning hvort kjósa eigi biskup til lífstíðar. Ég sé ekki að til þess sé nein ástæða. Ég skal segja það strax. En ég sé engin rök mæla gegn því að biskup sé kosinn af starfsmönnum kirkjunnar, á sama hátt og rektor Háskólans t. d. er kosinn, hann er kosinn að vísu til ákveðinna ára, eða rektor Kennaraháskólans. Ýmislegt hefur þróast þar í þá átt að slíkar stöður séu ekki veittar eða kosið í þær til lífstíðar. Það má sjálfsagt skoða það. En ég sé bara ekki að það komi þessu máli nokkurn skapaðan hlut við.

Ég sagði við fyrri hluta umr. um þetta mál að ég héldi að það væri ákaflega erfitt að tala um hinn heilaga kosningarrétt í þessu sambandi. Menn, sem eru komnir yfir fimmtugt, hafa aldrei fengið að segja eitt einasta orð um það hver þeirra sálusorgari er. Að þessu leyti lít ég kosningar þessar allt öðrum augum en hinar almennu kosningar þar sem kosið er með vissu árabili til Alþ. eða til sveitarstjórna. Kosningarréttur er hér ákaflega einskorðaður, og þarna er hreinlega um mat að ræða hvort útfæra á óbeinar kosningar, eins og þær tíðkast víða, eins og þær tíðkast í þessari virðulegu stofnun þar sem alþm. eru kosnir almennum kosningum og hafa umboð til þess að kjósa í nefndir og ráð — og til embætta jafnvel, — hvort það er útfært í þá átt eða hvort tekið er upp eitthvert annað form. Ég held nefnilega að það verði að líta fyrst og fremst á presta sem embættismenn, og ég hef aldrei kveðið hér upp neitt endanlegt álit mitt um hvað ég felldi mig við og hvað ég felldi mig ekki við. Spurningin er einmitt sú, hvort þessir embættismenn eigi að lúta einhverjum öðrum lögmálum um sín embætti heldur en aðrir, og ég tel það vel að þær umr., sem hafa farið fram hér á þinginu í vetur, leiða eflaust til þess að fólk hugsar um þetta meira en það hefur áður gert. Ég ber ekki saman þá aðstöðu, sem prestar einir embættismanna þyrftu að hlíta, að eiga starf sitt undir kosningum fjórða hvert ár út af fyrir sig. Ég held að prestar fari ekki út í þetta starf með þeim skilmálum. Ég tel að þarna gegni öðru máli en um kosningar á löggjafarsamkomu.

Ég get ómögulega komið auga á það, sem hv. 3. þm. Austurl. sagði hér áðan og raunar hv. þm. Páll Pétursson, að það væri fært vald til biskups. Þarna stendur fullyrðing gegn fullyrðingu, og mér þætti vænt um að heyra á hverju þeir reisa sína fullyrðingu.

Í þessu frv., sem verið er að ræða, eru mjög svipuð ákvæði og í lögum. Ef ⅔ hlutar kjörmanna koma sér saman, þá hefur biskup engan

valkost, þá skal sá prestur hljóta embættið sem menn hafa komið sér saman um.

Það var annað atriði sem kom fram hjá hv. 3. þm. Austurl., og það var að þessar umbyltingar allar væru komnar frá prestum. Ég held að ég verði nú aðeins að taka upp hanskann fyrir presta þar sem þeir eiga nú engan fulltrúa hér. Hvernig ætli standi á því að hver einasti leikmaður á Kirkjuþingi greiddi atkv. með þessum breytingum, bæði á síðasta og næstsíðasta Kirkjuþingi? Þeir, sem voru andstæðir, voru prestar. Ég held því að þarna sé verið að taka á vandamáli sem er hvort tveggja vandamál safnaðanna sjálfra og vandamál prestanna.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð. Ég hélt að menn væru ekki svo einstrengingslegir að þeir stæðu hér upp hver af öðrum til þess, eins og ég sagði áðan, að kasta stríðshanska. Ég hélt að þeir gætu fallist á að það yrði kosin n. til þess að endurskoða þessi 60 ára gömlu lög. Og ég verð að taka undir það, að það hefur farið meira en lítið fyrir brjóstið á þeim að allshn. skuli hafa mælt með því að þessi n. yrði kosin. Ég leyfi mér að vara við því ef Alþ. hefur ekki þá víðsýni að koma til móts við óskir um að það verði sest niður og þetta mál skoðað.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég er fyllilega sammála hæstv. utanrrh. í skilningi hans á störfum allshn. Samkvæmt þeirri grg., sem fylgir till., samkvæmt eðli laganna og samkvæmt þeim umr., sem fylgismenn og flm. málsins hafa haft í frammi, þá liggur það alveg ljóst fyrir að þessi endurskoðun stefnir að engu öðru en því að taka kosningarréttinn af söfnuðunum. Að því er nægilega skýrt vikið, að mér finnst, til þess að það sé ómögulegt að misskilja það.

Það hefur komið hér fram hjá Gunnlaugi Finnssyni að hann leggur ofurlitið annan skilning en ég í þennan félagsskap, kirkjuna. Ég lít svo á að söfnuðurinn sé grundvallarfélagseiningin, en ekki Kirkjuþingið. Mér líst svo á að söfnuðirnir séu grundvallarfélagseiningar, söfnuðirnir sameinast í prestaköll, prestaköllin í prófastsdæmi o. s. frv., o. s. frv. (**Gripið fram í:** Ekki stjórnar Kirkjuþingið söfnuðum.) Nei, nei. En ég er að meina það að val manna hlýtur að koma að neðan, og valdið á vali prestsins á að koma að neðan. Með breytingu í þessa átt er það rökrétt að valdið á vali prestanna færist á færri manna hendur. Gunnlaugur Finnsson er reyndur félagsmálamaður og samvinnufrömuður. Ég veit ekki hvort það verður tekið óstinnt upp að fara að líkja þessu við uppbyggingu samvinnuhreyfingarinnar. En þetta er með nokkuð svipuðum hætti. Það er hin virka þátttaka hins almenna félagsmanns sem máli skiptir. (Gripið fram í.) Já, en stjórnirnar ráða ekki deildarstjórana. Stjórnirnar ráða kaupfélagsstjóra, rétt er það, en stjórnirnar ráða ekki deildarstjórana. Þar ræður deildin sjálf.

Hvort það sé ósæmilegt fyrir Alþ. að vera að fetta fingur út í vilja Kirkjuþings, — ég get ekki fallist á þá skoðun að það sé nokkuð ósæmilegt við það. Auðvitað ber okkur að hlusta eftir vilja Kirkjuþings og skoða hann vinsamlega í hvert skipti og í hverju máli, en að við séum skyldugir til að fara í einu og öllu eftir vilja Kirkjuþings um kirkjuleg málefni, það er ég ekki tilbúinn að viðurkenna. Ég hygg að það mundi standa í ýmsum á hv. Alþ. að láta Búnaðarþing t. d. einrátt um málefni landbúnaðarins, að ályktanir Búnaðarþings yrði teknar gjörsamlega sjálfkrafa sem ályktanir Alþ. Það mundi standa í mér að taka ályktanir Verslunarráðs um málefni verslunarinnar gjörsamlega sjálfkrafa sem sjálfsagðar ályktanir Alþ. Það er vafalaust margt í kirkjunnar málefnum sem ástæða væri til að endurskoða og ástæða fyrir Kirkjuþing að beita sér fyrir og óska breytinga á. Kirkjan er fornbýl stofnun og býr að gömlum lögum. Og það er henni raunar heiður. Sumir hlutir verða úreltir og tíðarandinn breytist talsvert mikið á löngum tíma, en 60 ár er ekki langur tími í sögu kirkjunnar, ég er ekki fáanlegur til þess að viðurkenna það. Segjum að Kirkjuþing kæmi sér t. d. saman um það á næsta hausti að Alþ. taki til athugunar eitthvað af hinum fyrri málum, eitthvað af hinum eldri lagaákvæðum um kirkjumál, t. d. eins og konungsbréf um legorð presta frá 1646, ellegar þá dönsku lög Kristjáns V frá 1683, þar sem segir: „Hver sá prestur, er gengur að eiga konu er annar maður hefur legið, eða hefur samrekkt konu sinni áður en þau voru gefin saman, skal að undangenginni löglegri málsókn hafa fyrirgert embætti.“ Það er ómögulegt fyrir prestana að búa við þetta. Ef að Kirkjuþing færi fram á við okkur alþm. að gera nú úrbætur þarna samkvæmt tíðarandanum, — ég er ekki að hvetja til neinnar lausungar eða spillingar, þið megið ekki misskilja það, en tíðarandinn er bara orðinn nokkur annar en þegar þessi lög voru rituð á bók, — þá teldi ég ekki vansalaust ef Alþ. yrði við þeirri bón.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég er ekki nálægt því nógu vel að mér í innviðum samvinnuhreyfingarinnar til þess að geta vitnað bókstaflega til þeirra reglna sem þar gilda um kosningar, en mér skildist á samtali manna hér í hinni hv. d., að jafnvel deildarstjórar séu kjörnir af deildum, það sé það mikið lýðræðisfyrirkomulag þar að deildir fái að kjósa sér deildarstjóra. Og þá sjá menn í svo miklu stærra máli eins og kosningu prests, hvort það sé ekki meira en eðlilegt að þar sé um almennar kosningar að tefla.

Mér þótti þetta afbragðsræða hjá hæstv. utanrrh., og svo fer það náttúrlega eftir þroska manna á hinu háa Alþ. hvort þeir leggi að jöfnu lestur upp úr lagasafni og Gagn og gaman, en hann kom alveg að meginmáli þess sem hér er til umr.

Það var vegna orða hv. þm. Friðjóns Þórðarsonar þegar hann vildi leiða rök að því að við í máli okkar, hv. þm. Karvel Pálmason og ég, hefðum eiginlega verið til viðræðu um það og talið eðlilegt að samþykkja þessa till., þar sem við gerðum því skóna að vel mætti líta á ýmislegt í þessu til endurskoðunar, sem gerði það að verkum að ég sá mig til knúinn sérstaklega að standa hér upp, vegna þess að ég tók skýrt fram sem og hann gerði, hv. þm. Karvel Pálma-

son, að við gætum ekki fylgt þessari till. þar sem forsendur hennar væru þær að hrinda núverandi fyrirkomulagi um veitingu prestakalla, um hina almennu kosningu presta. Það kom fram við upplestur hæstv. utanrrh. að lögin, eins og menn vissu, fjalla einvörðungu um þetta fyrirkomulag og ekkert annað er þarna í boði en að hrinda þessari aðferð sem við er höfð. Það getur enginn, sem ekki vill breyta til í þessu efni samþykkt þessa till. þar sem hún gengur út á ekkert annað. Það er verið að reyna að skáskjóta henni hérna í gegnum þingið. Menn athugi að það er verið að reyna að setja á laggirnar n., sem endurskoði þetta, og vinna málinu þann veg framgang. Ekkert annað er hér á ferðinni. Grunntónninn, segir hv. þm. Gunnlaugur Finnsson, er endurskoðun á þessu fyrirkomulagi. Það er allur tónninn, það er öll hljómkviðan í þessu tali hjá þeim sem fylgja vilja þessari breytingu. Þar er lagið sungið til enda, þar sem lögin, sem á að endurskoða, fjalla um ekkert annað en þetta fyrirkomulag. Og eins og kom fram í upplestri hæstv. utanrrh., þá er öll aðferðin við kosninguna sjálfa og framkvæmd hreint aukaatriði sem engum manni dettur í lifandi hug að leiða hugann að að þurfi endurskoðunar við, — að sjálfsögðu ekki.

En ég legg alveg sérstaka áherslu á þetta, að það verði ekki snúið út úr því sem skýrlega kom fram í mínu máli og raunar hv. þm. Karvels Pálmasonar, að ástæðurnar til þess, að ekki kemur til greina að við getum samþykkt þessa þáltill., eru forsendur till. sem snúast um ekkert annað en að afnema almennar prestskosningar.

Ég vil svo, herra forseti, fara þess á leit að umr. um þessa þáltill. verði frestað. Enda þótt ég ætti ekki von á því að tala mig dauðan í þessu máli, þá er nú samt svo komið, en ég vildi af sérstökum ástæðum óska þess við herra forseta að hann frestaði umr. og afgreiðslu till.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég má til að segja örfá orð í viðbót, þó ekki sé til annars en að fagna því innilega að vinur minn, hæstv. utanrrh., er ekki enn þá svo illa haldinn af embættisáhyggjum að hann geti ekki brugðið á leik eins og stundum í gamla daga og farið á kostum hér í ræðustól. En í ræðu sinni tókst honum að sanna að það má breyta öllum greinum laganna sem hann las upp, því að hann endaði jafnan á því: Þessu má sjálfsagt breyta.

Það eru ekki mín orð að hv. alþm. séu skyldugir til að fara í einu og öllu að vilja Kirkjuþings. Það er fjarri því, eins og lá þó í orðum hv. 3. þm. Norðurl. v. Ég veit líka að mörg atriði í löggjöf kirkjunnar eru orðin mjög gömul og þarfnast vafalaust endurskoðunar og athugunar. En ég verð að ítreka það, sem ég sagði hér áðan, að lög um Kirkjuþing eru þó ekki eldri en frá 1957, og það var í 14. gr. þeirra laga sem ég leyfði mér að vitna í í ræðu minni áðan. Kirkjuþing er skipað bæði lærðum og leikum, og það stendur beinlínis í þeirri löggjöf að það eigi ráðgjafaratkvæði og tillögurétt, m. a. um mál sem heyra undir verksvið löggjafarvaldsins.

Um þessa till. hefur orðið algjör eining í allshn. Ef hv. alþm. eða allstór hópur þeirra er áfjáður í að fella þessa till. hv. allshn., þá vil ég benda þeim á hvort ekki er eins gott hreinlega að afnema lög um Kirkjuþing, ef við eigum að láta eins og vind um eyru þjóta það sem þar er samþykkt og ítrekað á hverju Kirkjuþinginu eftir annað. Hitt er svo annað mál, hvort hv. alþm. vilja fara eftir lögum um Kirkjuþing. Við verðum þó að viðurkenna að við höfum sjálfir sett þau lög, eða a. m. k. allstór hópur þeirra, sem nú sitja hér á Alþ., hefur sett lögin frá 1957, og þau ber að virða eins og önnur lög sem hv. Alþ. setur.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég lýsi viðhorfum mínum hér við fyrri umr. þessarar till. og min viðhorf eru óbreytt. Ég vil aðeins láta í ljós undrun mína yfir því sem mér finnst einna líkast fullkominni meinloku í höfði margra þeirra hv. þm. sem hér berjast hnúum og hnefum gegn því að þessi þáltill. á þskj. 367 um endurskoðun á lögum um veitingu prestakalla verði afgreidd frá Alþ. eins og venjuleg þingmál. Ég satt að segja skil ekki þetta. Mér finnst felast í þessu einhver undarlegur ótti og dæmalaus íhaldssemi. Já, fyrr má nú vera íhaldssemin að vilja ekki ljá máls á því að lofa nefnd manna að endurskoða 60 ára gömul lög. Um leið felst í þessari afstöðu að mínu mati allt að því gerræðisleg tilhneiging viss hluta hv. alþm. til þess að verða ekki við óskum fjölmargra borgara í landinu um að Alþ. taki afstöðu til ákveðins máls, og ég sé ekki að þetta sé okkur alþm. sæmandi. Það liggur í hlutarins eðli að það er ekki þessi n., sem till. gerir ráð fyrir, sem á að ákveða eitt eða neitt um það hvort prestskosningar verði afnumdar eða ekki. Að sjálfsögðu á málið eftir að koma fyrir Alþ. aftur, og það eru alþm. sem þá taka afstöðu um það, hvaða skipan við viljum hafa á þessu máli. Það er engu líkara en þessi hópur hv. þm. ímyndi sér að þeir verði heilaþvegnir milli þinga, að þeir missi réttinn til þess að taka afstöðu til nýs máls sem væntanlega kæmi fram að athugun þesssarar nefndar lokinni.

Ég vil því ítreka fyrri afstöðu mína og það sem ég hef sagt hér: Mér finnst það fyrir neðan virðingu Alþ. að skella skollaeyrum við ítrekuðum óskum Kirkjuþings sem ég vil ekki telja ómerkari stofnun en hverja aðra í okkar þjóðfélagi, nema síður væri. Þess vegna er það tvímælalaust skylda okkar að leyfa þessari þáltill. að koma til framkvæmda, og síðan kemur svo að okkar mati seinna meir að ákveða hvort og hvernig við viljum breyta núverandi skipan á þessum málum, þ. e. a. s. hvort við viljum afnema prestskosningar eða hvort við viljum það ekki. Eins og hér hefur komið fram, þá geta margvíslegar breytingar komið fram sem þyrftu ekki tvímælalaust að afnema þær með öllu. En endurskoðun á þessum lögum getur alla vega ekki skaðað og endanlega verður það Alþ. sem ræður hver árangur verður af þessari endurskoðun.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 77. fundur.

Miðvikudaginn 7. apríl, kl. 1.30 miðdegis.

Skýrsla iðnaðarráðherra um Kröfluvirkjun. — Frh. umr.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. orkuráðh. fyrir þá skýrslu sem hann gaf hér á Alþ. í gær.

Undanfarnar vikur hefur verið miklu moldviðri þyrlað upp umhverfis þessa virkjun, og áreiðanlega eru þeir margir sem ekki átta sig á því hvað snýr upp og hvað snýr niður í öllum þessum gauragangi. Það var því þörf á þessari skýrslu og umr. um hana til að hreinsa andrúmsloftið. Allur þessi mikli gauragangur út af Kröfluvirkjun á sér þó að nokkru leyti eðlilegar orsakir, bæði náttúrufræðilegar og tæknilegar, þótt saman við blandist ýmsar annarlegar hvatir, svo sem æsifréttamennska í fréttaþyrstum síðdegisblöðum og áberandi viðleitni eins stjórnmálaflokksins til að nota þetta mál, sem í eðli sínu er ekki flokkspólitískt, til að reyna að krafla sig upp úr þeim pytti sem hann er dottinn í.

Hins vegar er það síður en svo neitt einkennilegt að menn þurfi mikið að ræða um Kröfluvirkjun. Við erum að stiga fyrstu sporin til að nýta mestu orkulind íslendinga, gufuþrýstinginn í jörðinni, til raforkuframleiðslu, og þar koma upp ýmis tæknileg vandamál sem sérfróða menn getur greint á um, hvað þá leikmenn. En auk þess erum við svo merkilega seinheppin að þegar framkvæmdir standa sem hæst kemur upp gos á svæðinu, annað gosið sem verður í þessari eldstöð í 1100 ár, svo að sögur fari af. Samt sem áður virðast vísindamenn sammála um að engin orsakatengsl geti verið milli virkjunarframkvæmda og gossins, þetta virðist aðeins merkileg tilviljun, en auðvitað kemur á menn nokkurt hik um framhaldið, a. m. k. fyrst í stað. Til viðbótar þessu hafa almenn viðhorf í orkumálum breyst hvað eftir annað ótrúlega snöggt á undanförnum árum. Fyrirsjáanleg nýting orkunnar hefur sveiflast upp og niður með óvæntum hætti og raskað fyrri áætlunum.

Með þessu er ég þó ekki að segja að hæstv. orkuráðh. beri enga ábyrgð á þeim vanda sem við blasir og lýsir sér einkum í lélegri nýtingu framleiddrar orku á næstu árum. Hvað sem líður öllum ásökunum á yfirstjórn orkumála út af Kröfluvirkjun, ásökunum sem menn hljóta að miklu leyti að vísa á bug sem órökstuddum, þá er hitt ljóst, að ríkisstj. hefur skort heildarstefnu í orkumálum og hana má ásaka fyrir ýmislegt annað í raforkumálum en byggingu Kröfluvirkjunar. Þar á ég fyrst og fremst við nýtingu orkunnar, ekki orkuöflunina.

Bygging orkuvera við Sigöldu og Kröflu var tvímælalaust nauðsyn í ljósi þeirra viðhorfa sem við blöstu fyrir rúmu einu ári, og sama gildir um byggingu byggðalínunnar. En sá þátturinn, sem snýr að nýtingu orkunnar, hefur bersýnilega farið nokkuð úrskeiðis og ég mun víkja að því atriði síðar. En fyrst vil ég snúa mér beint að þessu margrædda máli, Kröflumálinu. Og þá er kannske réttast að byrja þar sem þingmenn allra flokka höfðu einum rómi samþykkt lög um Kröfluvirkjun og þar með lýst samþykki sínu við þau yfirlýstu áform Magnúsar Kjartanssonar þáv. iðnrh. að ráðist yrði í þessa virkjun svo fljótt sem auðið yrði.

Magnús Kjartansson skipaði Kröflunefnd 21. júní 1974, og hann fól henni í erindisbréfi að hraða sem mest byggingu þessarar virkjunar fyrir hönd rn. og í samstarfi við það og önnur yfirvöld orkumála. Því hefur verið haldið fram að skipun þessarar n. hafi verið mistök, þetta sé pólitísk n. og það eigi ekki við í slíkum málum. T. d. segir Þorleifur Einarsson í Þjóðviljanum 1. apríl s. l., og í það var vitnað við umr. um málið hér s. l. fimmtudag og ég endurtek það hér, með leyfi forseta: „Mér finnst pólitísk Kröflunefnd mistök.“ Hvenær er nefnd pólitísk og hvenær er hún það ekki? Hvenær drepur maður mann og hvenær drepur hann hann ekki? Þannig geta menn auðvitað velt vöngum. Virkjun af þessu tagi er auðvitað viðfangsefni fjöldamargra sérfræðinga. Það eru mörg sérfræðisviðin sem koma við sögu þegar virkjun er gerð. Hvers konar menn eiga þá að skipa slíka n.? Það er hlutverk stjórnmálamanna að sitja á Alþ. og taka þar ákvarðanir um fjöldamörg sérfræðileg efni. Eins er um fulltrúa í bæjarstjórnum eða í óteljandi starfsnefndum. Það er hlutverk þessara aðila að tengja saman sérfræðilegar upplýsingar sem þeir safna úr ýmsum áttum. Ég held að engum hafi dottið það í hug að kirkjumrh. þurfi nauðsynlega að vera prestur eða samgrh. þurfi að vera verkfræðingur. Viðfangsefni slíkrar stjórnarnefndar eru að sjálfsögðu að ráða til sín sérfræðinga og taka ákvarðanir á grundvelli allra upplýsinga. Allar ákvarðanir, sem teknar hafa verið í Kröflunefnd, hafa verið byggðar á ráðum ráðgjafarverkfræðinga og þar hafa færustu vísindamenn, innlendir og erlendir, komið við sögu. Auðvitað er alltaf hugsanlegt og alls ekkert óeðlilegt að fram komi aðrar skoðanir um það hvernig hafi átt að leysa þessi vandamál. En það, sem er óvenjulegt í þessu máli, er að ágreiningur um þessi tæknilegu atriði skuli vera gerður að opinberum pólitískum þrætum, eins og hefur gerst í þessu máli. Og ég vil spyrja, þegar menn ræða um það hvort Kröflunefnd sé pólitísk nefnd, n. sem að vísu er skipuð 3 alþm. og 2 verkfræðingum: Hvers vegna dettur mönnum ekki í hug þá að slöngva slíku fram varðandi aðrar stjórnarnefndir ríkisins? Hvernig er t. d. með Landsvirkjun? Skyldi þar vera pólitísk n. eða sérfræðinganefnd? Ég get upplýst hv. alþm., ef þeir kynnu að vera ófróðir um það, hverjir sitja í stjórn Landsvirkjunar. Auk stjórnarformannsins, Jóhannesar Nordals, eru þar frá Sjálfstfl. Árni Grétar Finnsson, Birgir Ísleifur Gunnarsson og Geir Hallgrímsson, frá Alþfl. Baldvin Jónsson, frá Framsfl. Einar Ágústsson og frá Alþb. Guðmundur Vigfússon. Þetta eru þeir sem stjórna framkvæmdum við Sigöldu. Hvers vegna talar enginn um að þetta sé pólitísk stjórnarnefnd? Að sjálfsögðu vegna þess að slík fullyrðing er innantóm, hefur ekki nokkra praktíska merkingu.

Önnur ásökun, sem fram hefur komið, er sú, að framkvæmdum við Kröflu hafi verið hraðað óeðlilega og það hafi haft í för með sér aukinn kostnað við virkjunina. Án þess að fjölyrða um

þessa ásökun get ég látið mér nægja að benda á að þetta er gjörsamlega ósönnuð fullyrðing. Það er rétt, að það var ákveðið að hraða virkjunarframkvæmdum til þess að a. m. k. einhver hluti hennar gæti komið í gagnið sem fyrst, og það er margt sem bendir til þess að þessi ákvörðun muni gera virkjunina ódýrari en ella hefði verið. Hröðun framkvæmda við byggingu virkjunarinnar mun að sjálfsögðu leiða til þess að hún kemst fyrr í gagnið, fer fyrr að skila tekjum. Það þýðir þá um leið lækkun vaxta á byggingartíma sem ævinlega sparar mikið fé ef á sama tíma er unnt að ná hagstæðum samningum, og ég get leyft mér að fullyrða að það hefur tekist í öllum meginatriðum.

Enn ein ásökunin er sú, að virkjunin sé langtum stærri en lögin hafi heimilað og hér sé um að ræða 70 mw. virkjun í staðinn fyrir 55. Í því sambandi má kannske vitna til eins helsta gagnrýnanda þessarar virkjunar, Þorleifs Einarssonar, í grein sem lesin var hér upp í þinginu fyrir fáum dögum, þar sem hann segir, með leyfi forseta:

„Í þáltill. um heimild til gufuaflsvirkjunar við Kröflu er talað um 55 mw. og þá miðað við eina vél. Síðar var svo ákveðið að hafa þar tvær vélar, sem framleiða ættu 70 mw.“

Þetta mun vera dæmi um það sem ég nefndi hér á fimmtudaginn að væri ofsagt, vegna þess að það er rangt — ja, það er auðvitað í fyrsta lagi rangt að hér hafi verið um þáltill að ræða, það er nú aukaatriði. Í öðru lagi er rangt að það hafi verið ákveðið í lögunum að um yrði að ræða eina vél. Það var hvergi á það minnst í lögunum. Og í þriðja lagi er það ekki rétt, strangt tekið, að hér sé um 70 mw. virkjun að ræða, því að ástimplað afl vélanna er 60 mw., enda þótt það sé í þessu tilviki eins og fjöldamörgum öðrum, þar sem aflvélar eiga í hlut, að hámarksafköst vélanna geta orðið 70 mw. Það, sem veldur því að um var að ræða 60 mw. vélar, en ekki 55, var að við útboð og leitun eftir tilboðum í vélarnar hljóðaði ekkert tilboðið upp á vélar af stærðinni 40, 45, 50 eða 55 mw., heldur var þar um þann einn kost að ræða, ef um yrði að ræða virkjun af þessari stærðargráðu, að keyptar yrðu tvær 30 mw. vélar. Hins vegar er það staðreynd að tilboðið, sem tekið var, skar sig úr hvað þetta snerti, að enda þótt vélin væri hönnuð sem 60 mw. vél, þá hafði hún hámarksafköst 70 mw., sem hinar vélarnar höfðu ekki, og kannske var það einmitt þetta sem réð úrslitum um það meðal annarra atriða að þessi vél varð fyrir valinu.

Það hefur margoft komið fram að Norðurland vantar afl alveg sérstaklega. Aflskorturinn er meiri en orkuskorturinn í sjálfu sér. Það mun því áreiðanlega koma sér vel síðar meir að fyrir valinu varð vél sem hafði mikið afl.

Því hefur verið haldið fram af ýmsum aðilum að rannsóknir á svæðinu hafi verið ófullnægjandi. Nú er það að vísu svo að þetta atriði er ekki á verksviði Kröflunefndar, heldur er þessi þáttur málsins algjörlega á sviði Orkustofnunar og er því kannske ekki ástæða til að fjölyrða ýkjamikið um hann. Ég get þó ekki látið hjá líða, vegna þess að hér var lesið upp úr grein Þorleifs Einarssonar s. l. fimmtudag einmitt þessu atriði viðvíkjandi, þar var lesið upp: „Það var gerð frumrannsókn á svæðinu, jarðfræði- og jarðeðlisfræðileg, og nauðsynlegar mælingar í því sambandi. Hins vegar er allri annarri forrannsókn að virkjuninni sleppt. Ekkert var því vitað um afkastagetu svæðisins utan það að hún var talin mikil. Hitastig var ekki þekkt né heldur hlutfallið milli gufu og vatns, en það ræður mestu um gerð vélanna.“ Þetta las ég upp, vegna þess að hér er mikill misskilningur á ferðinni, einn af fleiru sem ég nefndi í minni örstuttu ræðu hér á fimmtudag.

Mér kemur það mjög spánskt fyrir sjónir að fræðimaður, sem gagnrýnir rannsóknir á þessu svæði, skuli láta þess algjörlega ógetið að boraðar voru tvær rannsóknarholur á svæðinu, og það skal upplýst hér að okkur var tjáð, Kröflunefndarmönnum, hvað eftir annað að þessar rannsóknaholur mundu segja það sem þyrfti að vita áður en ákvarðanir væru teknar um vélakaup. *Við óskuðum eftir því á vissu tímabili* að boruð yrði ein vinnsluhola, en því miður var ekki hægt að koma því við og fullyrt var að allar þær upplýsingar, sem nauðsynlegar væru, mundu koma í ljós við þessar rannsóknarholur. Nú get ég ekki um það dæmt hver fari með rétt mál í sambandi við þann ágreining sem nú löngu síðar hefur komið upp, þar sem nokkrir starfsmenn stofnunarinnar gagnrýna það að ekki hafi legið fyrir vinnsluhola þegar ákvarðanir voru teknar um kaup á vélum.

Í yfirlýsingu fimm starfsmanna Orkustofnunar, sem birt var í Morgunblaðinu í gær og í fleiri blöðum í morgun, kemur fram sú gagnrýni og sú ábending að rannsóknarholur af þessu tagi geti ekki komið í stað vinnsluhola vegna þess að vinnsluholan gangi dýpra niður og sé því ljóst að meðan vinnsluhola hafi ekki verið boruð sé rannsókn í raun og veru ekki fullokið. Ekki skal ég mæla á móti því að hér eru röksemdir á ferðinni sem engin leið er að vísa á bug, og þetta kann að vera út af fyrir sig ekki fráleit afstaða. Ég ætla sem sagt ekki að blanda mér í þessa deilu út af fyrir sig sem verður auðvitað fyrst og fremst að fara fram milli þeirra sérfræðinga sem hér eiga hlut að máli. En ég vil taka fram, og það er það sem máli skiptir í þessu sambandi, að þessi sjónarmið voru ekki kynnt meðlimum Kröflunefndar áður en hún tók ákvarðanir sínar. Þessi sjónarmið hafa komið fram síðar og allt of seint. Í þessu sambandi vil ég upplýsa að ég ræddi þessi mál allítarlega við orkumálastjóra í gær og hann leyfði mér að hafa það eftir sér að yfirlýsing þessara fimm starfsmanna Orkustofnunar túlkaði ekki viðhorf Orkustofnunar. Hann sagði að enda þótt allir gætu verið út af fyrir sig sammála um það, að þegar um væri að ræða byggingu virkjunar og borun færi fram á sama tíma og uppsetning véla, þá væri tekin einhver áhætta um að ekki yrði um að ræða fyllstu nýtingu. En hann lagði hins vegar á það sérstaka áherslu, og það vil ég að menn geri sér fullkomlega ljóst, að hann teldi að það væri engin ástæða til að ætla að þær vélar og búnaður, sem keypt hefði verið til virkjunarinnar, yrðu ekki nothæf vegna þess að eitthvað annað kæmi í ljós en ætlað hefði verið. Hann taldi það fráleitt með öllu.

Í þessu sambandi er rétt að geta þeirrar gagnrýni, sem kom einnig fram hér í þinginu s. l. fimmtudag, þar sem því er beinlínis haldið fram að vélarnar séu gerðar fyrir 270 stig og bundnar við það hitastig. Þessi fullyrðing er einnig höfð úr grein Þorleifs Einarssonar í Þjóðviljanum s. l. fimmtudag og er enn eitt dæmið um að nokkuð er ofsagt í þeirri grein.

Ég vil í þessu sambandi fyrir þá, sem vilja hafa skoðanir fræðimanna um þetta atriði á hreinu, benda á grein Valdimars Kr. Jónssonar í Morgunblaðinu í gær, þar sem hann gerir einmitt grein fyrir þessu atriði. Til þess að lengja ekki ræðu mína um of, þá ætla ég ekki að fara að lesa þessa grein, a. m. k. ekki hvað snertir þetta atriði, en einungis benda á að í greininni, sem er skrifuð af tvímælalaust mjög svo sérfróðum manni á þessu sviði, manni sem hefur gefið sér margra mánaða tíma til þess að kynna sér nákvæmlega það atriði sem hér er um fjallað og er prófessor í þessum fræðum við Háskóla Íslands, þar upplýsir hann fáfróðan almenning um að þessi fullyrðing sé röng, vélarnar séu ekki bundnar við þetta hitastig. Auk þess fjallar hann í alllöngu máli um að það sé misskilningur á ferðinni í grein Þorleifs Einarssonar að vélarnar taki vatn inn á sig, eins og skilja mátti af greininni.

Í sambandi við jarðskjálftaþol byggingarinnar hafa orðið nokkrar umr. og m. a. er eitt af því, sem var lesið upp á Alþ. fyrir nokkrum dögum, eitt af mörgu sem haft var eftir Þorleifi Einarssyni að væri heldur miður í fari Kröflunefndar, að hún hefði gefið villandi eða rangar upplýsingar um jarðskjálftaþol byggingarinnar. Ég vil benda á það að í grein Valdimars Kr. Jónssonar í Morgunblaðinu í gær er einmitt fjallað mjög ítarlega um þetta atriði og gerð grein fyrir þeim misskilningi, sem bersýnilega er á ferðinni í grein Þorleifs Einarssonar. Þar er lögð á það áhersla að þær upplýsingar, sem áður höfðu verið gefnar um að hönnun stöðvarhússins hefði verið miðuð við það jarðskjálftaþol sem jafna mætti við jarðskjálfta 7 stig á Richterskvarða í námunda við stöðvarhúsið, þær upplýsingar stæðust fullkomlega, væru réttar og það væri rangt, sem haldið væri fram, að engin hús hefðu verið byggð svo sterk að þau þyldu 7 stiga jarðskjálfta á upptakasvæði hans. Því er sem sagt haldið fram af Valdimar Kr. Jónssyni og stutt allgóðum rökum, að hús hafi verið hönnuð með tilliti til Richterskvarða hvað jarðskjálftaþol snertir. Tel ég ástæðulaust að orðlengja um þetta atriði, vildi bara vekja athygli á því að þessu hefur verið fullsvarað, svo getum við látið fræðimönnunum eftir að halda áfram að rökræða um þetta mál. Það segir sig sjálft að hvorki ég né aðrir nm. Kröflunefndar, við getum talið okkur neina endanlega dómara um það hvort einn sérfræðingurinn er öðrum fremri í þessu efni. En við teljum að þær upplýsigar, sem við höfum byggt á, séu studdar fyllstu sérfræðilegu rökum, og meðan annað hefur ekki komið fram, sem hnekkir þeim, teljum við að þær séu fullnægjandi.

Þá er komið að því atriði sem er kannske hvað mest um rætt í þessu sambandi, en það er að orkumarkaðurinn sé ekki nægilega stór fyrir Kröfluvirkjun, og þá alveg sérstaklega slagorðið, sem glymur stöðugt í eyrum manna, að byggðalína geti leyst þennan vanda og það sé því eins gott að fresta Kröfluvirkjun. Ég vil biðja menn að hverfa aftur til ársins 1974 þegar stórákvarðanir voru teknar um að halda áfram Sigölduvirkjun og um að byggja byggðalínuna og Kröfluvirkjun. Á árinu, sem fylgdi þar í kjölfarið, 1975, var tekin ákvörðun um málmblendiverksmiðjuna í Hvalfirði. Lágmark þess orkumagns, sem afhenda þurfti málmblendiverksmiðjunni, var 260 gwst. af forgangsorku og 137 gwst. af afgangsorku, en þetta er um það bil helmingur af því orkumagni sem fæst frá Sigöldu. Jafnframt var um svipað leyti gert ráð fyrir því að hraða nýtingu rafhitunarmarkaðarins, samfara línulögn til Vestfjarða og Austfjarða. Var augljóst af þeim gögnum sem þá lágu fyrir að Kröfluvirkjun varð að hraða sem mest. Ég vil í þessu sambandi benda á orkuspá sem alþm. fengu í hendur árið 1975, fyrir einu ári, þar sem sýnt var fram á að Sigölduvirkjun yrði ekki fær um að anna orkueftirspurn án Kröfluvirkjunar, en með aðstoð byggðalínu, nema á árinu 1977, því að þegar á árinu 1978 yrði mikill orkuskortur án Kröfluvirkjunar, sem næmi 160 gwst., og á árinu 1979 401 gwst. Þetta kom fram í orkuspá sem okkur alþm. var afhent fyrir einu ári. Og það er fyrir einu ári sem allar helstu ákvarðanir um byggingu þessarar virkjunar voru teknar. Eftir það varð tæpast aftur snúið þar sem menn höfðu bundið sig í föstum samningum um kaup á öllum helsta búnaði og tækjum virkjunarinnar.

Staðreyndin er sú að í öllum þeim útreikningum, sem fram fóru áður en ákvarðanir voru teknar um vélastærð þessarar virkjunar, var reiknað með byggðalínunni til viðbótar við Kröfluvirkjun. Ég get í þessu sambandi, ef ég gæti leyft mér að taka hér ótakmarkaðan tíma, lesið hér upp löng bréf frá ráðgjafarverkfræðingum Kröfluvirkjunar þar sem þeir benda á að þrátt fyrir það að byggðalínan komi að fullum notum, þá sé mjög hæpið að byggja virkjunina í tveimur áföngum. Ég vil nú leyfa mér að lesa hér upp smáklausu úr bréfi sem n. fékk 4. mars 1975, þar sem þetta atriði er einmitt tekið til skoðunar, en þar segir, í bréfi ráðgjafarverkfræðinganna:

„Samkvæmt beiðni n. höfum við athugað áhrif þess að byggja virkjunina í tveimur áföngum í stað eins, eins og gert hefur verið ráð fyrir. Niðurstaða okkar er sú, að slíkt sé mjög óhagkvæmt þar sem í fyrsta lagi gefi orkuspá til kynna þörf fyrir seinni áfanga mjög fljótlega, í öðru lagi verður rekstraröryggi fyrsta áfanga lítið þar sem ekki er varaafl fyrir hendi, og enn fremur minnkar greiðslubyrðin lítið þó þetta sé gert.

Ætli þetta bréf sýni ekki mjög skýrlega hvernig viðhorfin blöstu við Kröflunefndarmönnum þegar um þessi mál var fjallað fyrir einu ári. Það er hins vegar öllum ljóst að aðstæður hafa töluvert breyst síðan þetta var og orkuspár eru sennilega ekki jafnháar tölulega séð og þær voru fyrir einu ári. Þar kemur t. d. til álita hitaveitan á Akureyri, þar kemur til álita hægari aukn-

ing orkunotkunar en áður var reiknað með, hvort sem sú spá er raunhæf eða ekki, og þar kemur einnig inn í dæmið það atriði að málmblendiverksmiðjunni var frestað. En í kjölfar þessara breytinga hefur þróunin orðið sú, að byggðalínan er ekki sú lína sem gert var ráð fyrir fyrir 2—3 árum. Eins og hún er nú upp byggð og verður á næstu mánuðum, þá mun hún ekki flytja nema brot af þeirri orku sem hún kann að flytja einhvern tíma síðar meir þegar hún verður fullbyggð.

Ég vil taka þau orð, sem lesin voru og höfð voru eftir Þorleifi Einarssyni í þinginu hér á fimmtudaginn var, til marks um endurtekin slagorð í þessum efnum, þar sem hann segir: „Það er ljóst að með lagningu byggðalínunnar verður komið í veg fyrir raforkuskort á Norðurlandi, en hún á að geta flutt 8—10 mw. næsta haust.“ Þetta er einfaldlega rangt. Ég gæti fært ýmis rök máli mínu til stuðnings og þ. á m. hef ég orð orkumálastjóra fyrir því að byggðalínan nægir ekki til þess að koma í veg fyrir orkuskort næsta vetur. Hann tjáði mér í viðtali mínu í gær við hann að við bestu aðstæður á mjög góðum vetri væri hugsanlegt að byggðalínan gæti flutt 70% af því afli sem hún þyrfti að flytja, að sjálfsögðu miklu minna í vondu ári og enn minna ef orkunotkunin yxi meir en ætlað hefur verið. Ég get líka bent hér á ummæli Valdimars Kr. Jónssonar í grein hans í gær þar sem hann segir, með leyfi forseta: „Afl Kröflu verður fullnýtt 2—3 árum eftir að hún fer í gang, og á ég ekki von á að norðlendingum finnist neitt mikið í lagt þó svo sé, miðað við ástand undanfarinna ára og samanborið við hvað gert er sunnanlands.“

Hitt er svo allt annað mál, og um það getum við öll verið sammála, að orkan frá Sigöldu og Kröflu verður ekki vel nýtt fyrstu 2—3 árin eftir að þessar virkjanir fara í gang. Það verður um að ræða umframorku á Suðurlandi og Norðurlandi. Í þessu sambandi vil ég alveg sérstaklega benda mönnum á að umframorkan verður ekki síður á Suðurlandi. Það er ekki síður að Sigölduvirkjun sé vel við vöxt á fyrsta árinu heldur en Kröfluvirkjun. En þetta er ekkert nýtt, og það er alveg laukrétt, sem hæstv. orkumrh. benti á, að oftast hefur þetta verið svo, að virkjanir hafa verið byggðar vel við vöxt og fyrst í stað hafa þær því e. t. v. ekki verið sérlega hagkvæmar í rekstri. Þetta hefur hins vegar það í för með sér, að það líður lengri tími þar til þörf verður á næstu virkjun.

Ég vil benda hv. alþm. á þá grundvallarstaðreynd í þessu máli, að afl á sameinuðu Kröfluvirkjunar- og Sigölduorkuveitusvæði, þ. e. a. s. á öllu orkuveitusvæðinu hér sunnanlands, vestan og norðan, það verður þrotið á árunum 1980—1981 skv. nýlegri skýrslu sem dreift hefur verið á borð alþm. og þeir geta flett upp þar sjálfir. Ég held satt að segja að mönnum hætti dálítið til þess að vera of nærsýnir í þessum efnum. Og ég er sannfærður um að þó að það verði kannske nokkuð iskyggilegur orkuafgangur á næstu tveimur, þremur árum, þá má reikna það út eftir svo sem 10—15 ár, að það hefði ekki verið miklu hagstæðara að virkja smærra þar fyrir. En þó er það staðreynd, sem ég hef hér rætt um, að orkuframboðið er fullmikið, og það er rétt að horfast í augu við þessa staðreynd. Orkan verður illa nýtt næstu 3—4 árin og það getur valdið vissum erfiðleikum.

Það er hér sem við hljótum að beina athygli okkar að gerðum núv. ríkisstj. Ég held að það fari ekkert á milli mála að áætlanir um nýtingu orkunnar hafa farið nokkuð úrskeiðis. Menn spyrja: Hvað hefði átt að gera, hvað hefði þurft að gera? Og því skal ég svara. Það, sem hefði þurft að gera í orkumálum íslendinga og þarf enn að gera, er þetta:

Í fyrsta lagi hefði þurft fyrir löngu, eins og við alþb.-menn höfum margsinnis lagt til, að gera vandaða áætlun um nýtingu innlendra orkugjafa til húsahitunar, bæði varðandi raforku og jarðvarma. Hvarvetna í þéttbýli, þar sem einhver vafi gæti leikið á hvort nægur jarðhiti fengist síðar, en þó fyrir hendi einhver von, virðist eðlilegasta lausnin að byggð sé fjarhitun sem notað gæti hvort heldur sem væri ódýrt næturrafmagn og afgangsorku, svartolíu eða jarðhita þegar hann væri fenginn. Að þessu hefði þurft að stefna eftir að orkukreppan lá fyrir á árinu 1974 og ljóst var að olía mundi ekki lækka í verði. Sérstaklega hefði þurft að taka þessa stefnu upp hvað snertir nýbyggingar og ný íbúðarhverfi á stöðum sem ekki hafa hitaveitu. En því miður hefur lítið verið gert í þessa átt og menn hafa beðið eftir frekari jarðhitarannsóknum. Að þessu leyti tel ég að ríkisstj. hafi brugðist forustuskyldu sinni, enda er ljóst að litlir þéttbýlisstaðir úti um land ráða ekki við slík viðfangsefni án mikillar fyrirgreiðslu ríkisins. Á þeim stöðum, þar sem vonlaust er að jarðvarmi verði nýttur til húsahitunar, og það á að sjálfsögðu einkum við um sveitirnar, er hins vegar sjálfsagt að ganga markvisst til verks og skipta úr olíuhitun í rafhitun í samræmi við fyrirframgerða áætlun. En þetta er einnig mikið verkefni og kostar ekki aðeins fjármuni til uppbyggingar á dreifikerfinu, heldur einnig forustu og frumkvæði iðnrn. Þessu verki hefur seinkað óhæfilega og enn liggur ekkert fyrir um að þessu verki verði hraðað.

Í öðru lagi er sjálfsagt að undirbúið verði svo fljótt sem verða má að lögð verði stofnlína, 130 kw. lína eða jafnvel 220 kw., frá Kröflu til Grímsárvirkjunar á Austurlandi. Í þessu sambandi vil ég sérstaklega benda á að þeir arðsemisútreikningar um mikinn taprekstur við Kröflu á fyrstu árum virkjunarinnar, sem allir þm. Alþfl., sem tóku hér þátt í umr. s. l. fimmtudag, átu upp hver á eftir öðrum og höfðu úr einhverju blaðinu, þessir arðsemisútreikningar eru eingöngu byggðir á því að Kröfluvirkjun verði rekin ein sér án nokkurra tengsla við orkuveitusvæði í öðrum landshlutum, en það er að sjálfsögðu fráleitt. Ég þykist vita að hæstv. orkumrh. hafi fullan skilning á því að lína til Austfjarða verði að koma sem fyrst, og það kom raunar fram í ræðu hans hér í gær. En slík línulögn tekur óhjákvæmilega nokkurn tíma vegna nauðsynlegra rannsókna, og er ekki að leyna að undirbúningur að Austfjarðalínu hefur dregist úr hömlu. Héðan af verður sú lína a. m. k. einu ári seinna á ferðinni en fyrsti áfangi Kröfluvirkjunar. Kannske er þar við einhverja aðra að sakast en hæstv.

orkumrh., það þekki ég ekki. En hitt er ljóst, að ríkisstj. og stjórnarflokkarnir bera ábyrgðina.

Í þriðja lagi þarf að framkvæma ítarlega markaðskönnun vegna hugsanlegrar sölu á afgangsorku og annarri ódýrri orku til iðnaðar vegna fyrirtækja sem þegar eru fyrir hendi og nota nú olíu til orkuframleiðslu, t. d. á Akureyri. Þessi könnun mun vera að hefjast um þessar mundir. En fyrirtækin verða þá um leið að fá um það glöggar upplýsingar á hvaða verði væri hugsanlegt að fá slíka orku keypta. Þessi könnun mun hins vegar vafalaust breyta verulega fyrirliggjandi orkuspám sem nú eru hafðar til viðmiðunar í öllum umr. um þetta mál.

Í fjórða lagi verður að hraða uppbyggingu nauðsynlegra iðnfyrirtækja í eigu landsmanna sjálfra, fyrirtækja sem nýta mikla orku og mundu spara erlendan gjaldeyri í stórum stíl. En ég verð að segja eins og satt er, að í þessu efni hefur þróunin gengið allt of hægt.

Í fimmta lagi er ljóst að skipulag raforkumála hér á landi er í molum og verður að stokkast upp. Núverandi kerfi með Landsvirkjun og Laxárvirkjun, Rafmagnsveitur ríkisins og Orkustofnun, fjórar stofnanir sem unnið hafa að því hver í samkeppni við aðra að hanna rafvirkjanir, þetta er vonlaust skipulag. Tilvist Kröflunefndar er að sjálfsögðu afsprengi af þessu skipulagsleysi, bráðabirgðaráðstöfun sem var ákveðin til þess að hraða byggingu þessarar virkjunar meðan verið væri að endurskipuleggja skipulag raforkumála. Engum datt í hug að Kröflunefnd ætti að starfa mjög lengi. Skipun n. var aðeins til bráðabirgða. Nú fer virkjunin senn að framleiða orku og því miður verður að segjast eins og er að þessi mál hafa ekki enn skýrst.

Það er skoðun mín að þegar búið er að tengja landið allt saman í eitt orkuveitusvæði, þá hljótum við að virkja hverju sinni með hliðsjón af heildarþörfum kerfisins, þar sem hagkvæmast er talið, en ekki fyrst og fremst með þarfir ákveðinna landshluta í huga. Þess háttar ákvarðanir eru og verða geysistórt og mikið reikningsdæmi sem unnið verður í tölvu, eins og þegar er farið að gera, og af þeim vinnubrögðum leiðir að ákvarðanir um virkjanir og hönnun þeirra verða að vera teknar á einum stað og í einni miðstöð. Allt annað eru fráleit og gersamlega úrelt vinnubrögð. En af þessu hljótum við að draga þá ályktun að heppilegast sé að öll meiri háttar orkuöflun á landinu verði á einni hendi og hjá einu orkuöflunarfyrirtæki. Það er um leið eina færa leiðin til að ná því sjálfsagða markmiði að orkan verði seld á sama verði um allt land.

Ég segi það hreinskilnislega hér og nú, að ég er ekki sérlega hrifinn af því að farið verði að stofna sérstök sjálfstæð fyrirtæki í hverjum landshluta sem hvert um sig taki að sér orkuöflun og sjálfstæðar orkurannsóknir og fari síðan að keppa hvert við annað, eins og nú er verið að undirbúa og m. a. kemur fram í frv. sem var dreift á borð hv. þm. í gær um Orkubú vestfirðinga. Afleiðingin getur ekki orðið önnur en sú að enn meiri munur verði á söluverði raforku eftir landshlutum en nú er og þar af leiðandi enn verri byggðavandamál að glíma við en nú er við að kljást. Ég skil í sjálfu sér mjög vel þá eðlilegu ósk, sem margir hafa sett fram, að fulltrúar fólksins í hinum ýmsu landshlutum fái hlutdeild í ákvörðunum um orkuöflun og orkudreifingu. En orkumál á Íslandi eru löngu komin á það stig að ákvarðanir verða að miðast við heildarhagsmuni landsmann, en ekki við staðbundnar óskir manna á ákveðnum landssvæðum. Ég vil einnig benda á að jafnvel þótt við setjum alla raforkuöflun í landinu undir eina stjórn, þá er fátt því til fyrirstöðu að í hverjum landshluta verði eftir sem áður starfrækt orkufyrirtæki með aðild heimamanna sem annist einhver ákveðin, afmörkuð verkefni, og gæti út af fyrir sig verið hlutverk Orkubús vestfirðinga að hafa ákveðin, tiltekin verkefni að glíma við. Ég t. d. tel það mjög jákvætt í sambandi við frv. um Orkubú vestfirðinga að farið verði að sameina margar rafveitur og orkuöflunarfyrirtæki í eitt fyrirtæki. En það fráleita í þessu efni — og það vil ég undirstrika — er að mörgum sálfstæðum aðilum verði falið að annast virkjunarframkvæmdir og virkjunarrannsóknir og orkuöflun, eins og nú virðast hugmyndir uppi um.

Ég ætla ekki að orðlengja frekar um þetta atriði málsins og fer nú að stytta mál mitt. Eins og menn sjá er sú gagnrýni, sem fram hefur komið á Kröfluvirkjun, fyrst og fremst tæknilegs eðlis, og það verðum við auðvitað að viðurkenna, stjórnendur þessa verks, hvort heldur er í Kröflunefnd eða iðnrn., að ekki stöndum við jafnfætis sérfræðingum og vísindamönnum þegar þeir fara af stað með sín fræði. En ég legg á það áherslu hér að engar ákvarðanir hafa verið teknar án þess að ítarlegar sérfræðilegar álitsgerðir lægju fyrir og ákvarðanirnar hafa ævinlega verið í samræmi við það sem okkur hefur verið ráðlagt af þessum ágætu sérfræðingum. Öllum þeim tæknilegu gagnrýnisatriðum, sem hefur verið beint að Kröflunefnd, hefur verið svarað með fullum rökum. Ágreiningur um efni af þessu tagi getur að sjálfsögðu alltaf komið upp í sambandi við allar framkvæmdir, og það óvenjulega er að þessi ágreiningur skuli hafa verið gerður að miklu pólitísku hitamáli.

Ég vil að lokum vara hv. alþm. við því að sökkva sér allt of mikið niður í aukaatriði þessa máls. Ég vil biðja menn að missa ekki sjónar á aðalatriðum þess. Þeir, sem ímynda sér í góðri trú að unnt sé að spara mikið fjármagn á þrengingartímum með því að slá Kröfluvirkjun á frest í eitt eða fleiri ár, þeir verða að horfast í augu við þá staðreynd að það er löngu liðin tíð að unnt sé að spara fjármuni með því að stöðva virkjunarframkvæmdir. Allt tal um sparnað í þessu sambandi er einfaldlega út í bláinn. Það er löngu búið að festa kaup á yfir 90% af öllum tækjum og búnaði í virkjunina, og jafnvel þó að bygging stöðvarhúss og niðursetning véla sé stöðvuð eru allir sérfræðingar Orkustofnunar sammála um það, hvað sem öllum öðrum ágreiningi líður, að sjálfsagt sé að bora á svæðinu í sumar af fullum krafti. Borkostnaður verður því ekki heldur sparaður. Hitt er svo auðvelt að benda á, að margt yrði miklu dýrara og kostnaðarmeira ef virkjunin yrði stöðvuð, eins og skýrt kom fram í ræðu hæstv. orkumrh. í gær, og flest bendir til þess að frestun framkvæmda

yrði beinlínis eyðsla á fjármunum, en ekki sparnaður.

Eins er með þá sem ímynda sér að byggðalínan geti leyst þann vanda sem við blasir. Þeim ber skylda til að kynna sér hvað um er að ræða, og þá munu þeir sjá m. a., ef þeir kynna sér þær röksemdir sem ég hef hér flutt, að þessi fullyrðing er út í bláinn. Til þess að byggðalínan leysi vandann þarf hún mjög mikla viðbótarfjárfestingu ofan á þá fjárfestingu sem komin er, því að sú gerð af byggðalínu, sem væntanlega kemst í samband síðar á þessu ári, flytur aðeins brot af því afli sem Norðurland þarf á að halda næsta vetur. Eru þeir, sem vilja stöðva framkvæmdir við Kröflu, reiðubúnir að taka á sig þá ábyrgð að norðlendingar standi uppi næstum orkulausir í hörðum vetri? Með byggðalínu og mikilli dísilkeyrslu gæti þetta að vísu sloppið næsta vetur ef við fengjum jafngóðan vetur jafn-óvenjulega mildan og þessi vetur hefur verið. En vetur á borð við þá, sem komu á Norðurlandi á seinni hluta síðasta áratugs, mundu skapa næstum óleysanleg orkuvandamál á þessu svæði, og víst er að þá yrðum við tilneyddir að brenna dísilolíu og eyða í það gjaldeyri fyrir langtum, langtum hærri upphæðir en menn þykjast nú geta sparað með því að fresta framkvæmdum.

Hafa þeir, sem heimta frestun, hugsað þessa hugsun til enda, og eru þeir reiðubúnir að taka á sig ábyrgðina? Ég vil sérstaklega beina máli mínu til þeirra alþfl.-manna sem undanfarið hafa hamast mest í þessu máli gegn Kröfluvirkjun. Telja þeir það verjandi að rótast um í þessum tæknilegu viðfangsefnum í flokkspólitískum tilgangi og eiga á hættu, ef þetta uppþot þeirra tekst, að iðnrh. neyðist til að stöðva þessa framkvæmd og norðlendingar lendi af þeim sökum í gífurlegum orkuskorti á komandi vetri, jafnvel tvo næstu vetur? Væri þeim ekki nær að lyfta sér upp úr þessu lágkúrulega þrasi, þar sem allt er tínt til sem hægt er að láta sér detta í hug á móti þessari virkjun, og snúa sér að því í samvinnu við aðra stjórnarandstæðinga að móta nýja stefnu í orkumálum? Í stað þess að fárast yfir því að of mikil orka verði í landinu, þá væri Alþfl. að sjálfsögðu nær að standa með Alþb. í því að krefjast þess að fáanleg orka sé hagnýtt á skynsamlegan hátt til að auka tekjur þjóðarinnar. Í stað þess að standa með núv. stjórnarflokkum að því að fleygja hundruðum millj. kr. í einskisnýtar mógrafir á Grundartanga í stað þess að samþ. 8—10 þús. millj. kr. erlenda lántöku til að kosta málmblendiverksmiðjuna, þá hefði þm. Alþfl. að sjálfsögðu verið nær að styðja þá kröfu okkar alþb.-manna, sem fram var sett aftur og aftur við umr. í þinginu í fyrra, að fáanlegt fjármagn yrði fyrst og fremst hagnýtt til að hraða nýtingu innlendra orkugjafa. Sem sagt, í stað þess að þenja sig út af tæknilegum atriðum sem eru tiltölulega léttvæg þegar á heildina er litið, væri þá ekki réttara fyrir hv. þm. Alþfl. að snúa sér að því með okkur alþb.-mönnum að leysa stóru málin með því að gera þá kröfu að fáanleg orka verði hagnýtt á skynsamlegan hátt svo fljótt sem unnt er og að skipulag raforkumála verði endurskoðað í grundvallaratriðum?

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Það er dálítið erfitt þegar grammofónsnálin festist í plötunni heilan klukkutíma, sbr. ræðu hv. þm. Ragnars Arnalds.

Ég vil fyrst þakka hæstv. orkumrh. fyrir skýrslu þá er hann flutti á Alþ. í gær um Kröfluvirkjun, svo mjög sem það mál er nú í brennidepli. Hitt hlýt ég að harma, hve mjög hann gekk á snið við margt, sem nú brennur í hugum fólks um málið, og hve mörgu hann lét ósvarað, sem mönnum er forvitni á, og hve mjög hann skekkti málið með því að oftelja eða stækka ýmislegt virkjunarhraðanum til málsbóta. Þetta virði ég iðnrh. hins vegar til ókunnugleika, en ekki vísvitandi rangfærslu.

Frá upphafi hefur Kröfluvirkjun verið nokkuð umdeild, en aldrei hafa deilurnar risið hærra en nú. Gagnrýnt hefur verið val virkjunarstaða vegna goshættu, gagnrýnd hefur verið ákvörðunartaka um virkjun án nægilegra forrannsókna. Gagnrýndur hefur verið framkvæmdahraði þannig að ekki hefur verið tekið mið af markaðsþörfum. Gagnrýnt hefur verið að enn hefur ekki verið gengið frá því hver skuli eiga og reka þessa virkjun né nokkur rekstraráætlun samin fyrir hana. Gagnrýnt hefur verið að við þá efnahagsþröng, sem við búum nú við, skuli ekki dokað við með svo dýra framkvæmd sem virkjunin er. Loks hefur ýmisleg ákvörðunartaka Kröflunefndar legið undir gagnrýni.

Hér skal ekki dokað við búin og gerð mistök, heldur reynt að gera sér grein fyrir hvernig málið stendur í dag og hvað helst er til ráða til úrbóta.

Áhugi minn fyrir framvindu Kröfluvirkjunar er af tveim þáttum snúinn. Sá fyrri er ógn mín við efnahagsöngþveiti það er ég tel að nú herji þjóð vora svo að í algjört óefni stefnir. Hinn síðari er, að ég tel að með því að fresta ekki Kröfluvirkjun um einhvern tíma við þær aðstæður, sem skapast hafa, sé verið að gera virkjunina að veigamiklum þætti í efnahagsvandanum og binda annað tveggja byggðarlagi mínu óbærilegar fjárhagsbyrðar eða þjóðinni allri, nema hvort tveggja sé. Og ég hef þann metnað fyrir heimahéruð mín, að þau verði ekki þjóðarheildinni til þyngsla, en líka þá sinnu, að þau verði ekki drepin í dróma af fyrirhyggjuleysi.

Nú veit ég að einhver mun freistast til að halda því fram að ég sé andvígur framhaldi Kröfluvirkjunar um sinn vegna þeirrar skoðunar minnar að ljúka hefði átt Laxárvirkjun III fyrst. Og rétt er það, að ég hef um það mjög ákveðnar skoðanir að þar hafi verið framin höfuðskyssa. Ég játa einnig að mér finnast þau mistök átakanleg fyrir heimabyggðir mínar og þjóðina alla. En ég hef samt þá lífsskoðun að það sé miklu verra geðró manna að vinna illt mál en tapa góðu máli. Að því leyti raska mistökin í Laxármálinu ekki sálarró minni. Hitt blæðir mér í augum hve sá mistakaskattur ætlar að verða ægilegur baggi Norðurlandi eystra og landinu öllu, kannske helmingshækkun á raforkuverði, og það mega vera miklir þrekmenn sem þola óbugaðir að hafa unnið heimasveitum sínum og landsbyggðinni allri slíkt óþurftarverk.

En víkjum lítillega að dekksta skýinu sem yfir

íslenskri þjóð grúfir í dag, efnahagsvandanum. Skuldasöfnunin erlendis er orðin slík að fjármálafræðingar okkar segja að þar sé komið að hættumarki. Verðbólga æðir upp svo að ekkert virðist geta við staðið. Ríkið gefur út gegndarlaust innlánsskírteini, þurrkar þannig burt getu viðskiptabankanna til þess að annast útlán til atvinnuvega og einstaklinga og lamar með þeim hætti heilbrigt atvinnulíf í landinu. Þessi innlánsskírteinaútgáfa ríkisins er orðin slík að ríkið kæmist strax í greiðsluþrot ef það greiddi skírteinin út reglum samkvæmt í reiðufé á gjalddögum, en flýtur meðan fólkið kaupir ný og ný skírteini að verulegum hluta sem greiðslu fyrir eldri. En hvað helst slíkt lengi? spyrja margir. Engin heildarstjórn er á fjármálum landsbúa, því að þar dansa lífeyrissjóðir og ríkissjóður sérdans, sem Seðlabankinn fær ekki við ráðið. Auðæfi hafsins umhverfis landið hafa þorrið stórlega svo að tekjur okkar hafa dottið niður. Það ríkir öngþveiti í efnahagsmálum okkar, — öngþveiti sem stefnir í ríkisgjaldþrot ef ekki er tekið rösklega í taumana eða eitthvað óvænt happ gerist.

Ríkisstj. virðist bíða hins óvænta happs. Hún gerir ekkert raunhæft til úrbóta. Ég vara við þessum vinnubrögðum, og mér er fullkunnugt um að það er ofboðslegur geigur í almenningi við þetta framferði ríkisvaldsins.

Nú er mér vel ljóst að það er sitt hvað á að horfa eða í að komast. En til þess er ríkisvald og þingvald að nota það þjóð sinni til velfarnaðar. Þá kröfu verður að gera í lýðræðis- og þingræðisríki, ella á ríkisstj., sem ræður ekki við vandann, að hafa þann manndóm að fara frá og gefa öðrum tækifæri til að freista þess að gera betur. Mér er líka ljóst að núv. ríkisstj. tók við mjög slæmu búi og hefur því ýmsar afsakanir. M. a. fékk hún skelfilegan arf þar sem var óstjórn fyrrv. ríkisstj. á efnahagsmálum, sjávarútvegsmálum og orkumálum. Þar á Alþb. óhugnanlega þunga sök. Ég er einn í þeim hópi sem fylgist vel með málflutningi þessa flokks og tel gagnrýni hans, aðfinnslur og ábendingar margar oft athyglisverðar og stundum mjög réttmætar. Þess vegna furðar mig á hvílíkar reginskyssur hann gerði í fyrrv. ríkisstj.: stórmennskuæði í orkumálum, sem núv. stjórn heldur svo áfram, og skaðræðisvinnubrögð í sjávarútvegsmálum: innmokstur skipa án skipulags og hófs, þar sem skefjalaus einkarekstrarhyggja var látin vaða uppi og skipulagi á veiðum ásamt fjölbreytileika til aflabragða var alveg gleymt. Það var eins og einkarekstrarmenn síðan fyrir stríð sætu þar að stjórn.

Núv. ríkisstj. settist því vissulega í vandræðabú: Of mörg skip til veiða af of litlum afla, óskipuleg veiðisókn við orðnar aðstæður, orkumál í ólestri, fjárhagur ríkissjóðs í upplausn, verðhækkanir erlendis með olíuskugga og markaðshrap. En hvað gerði sterkasta þingræðisstjórn sem hér hefur sest að völdum svo að árum skiptir? Hún settist með hendur í skaut. Hún seldi ekki óþörf skip úr landi. Hún skipulagði ekki veiðisókn okkar. Hún hætti ekki við framkvæmdir sem þjóðinni voru ofviða við ríkjandi ástand. Og þó, sat hún með hendur í skauti? Ekki alveg, því að hún færði út landhelgina, og um það voru allir sammála. En hún gerði fleira sem menn voru ekki sammála um. Hún hækkaði fjárlögin. Hún ákvað kostnaðarsamar framkvæmdir, þó að bíða mættu, og hefur verið ófáanleg til að taka mið af getu þjóðarinnar né öðrum ástæðum sem síðar hafa séð dagsins ljós. Ég nefni hér Borgarfjarðarbrú og Kröfluvirkjun, en dæmin eru því miður ýmis fleiri. Og hún hafði ekki kjark til að takmarka ýmiss konar óhófsinnflutning eða spara í opinberum rekstri meðan siglt væri hjá verstu efnahagsskerjunum. Það var látið reka á reiðanum. Þess vegna nagar sá ótti þjóðina í dag að við séum að sigla efnahagslegu sjálfstæði okkar í strand, að okkur sé að reka undir eftirliti Alþjóðabankans með skuggalegri skuldasöfnun erlendis. Þjóð, sem ekki er efnahagslega sjálfstæð, er ekki sjálfstæð þjóð, og ríkisstj., sem færir nú hverju barni, sem fæðist, 300—400 þús. kr. í bagga erlendra skulda, er háskaríkisstj.

Hér er það Kröfluvirkjun sem kemur inn í efnahagsdæmi okkar og inn í sjálfstæðisdæmi okkar. Hún er svo gildur þáttur vegna dýrleika síns, vegna skuldatöku sinnar, vegna markaðsvafa síns og vegna öryggisleysisstöðu sinnar, að hún hlýtur mjög að vera í sviðsljósi sem umdeilanleg framkvæmd við gildandi aðstæður.

Það var alltaf ofrausn að vera bæði með Kröfluvirkjun og byggðalínu í gangi fyrir orkusvelt Norðurland. En síðan markaðshorfur fyrir Kröflurafmagn gerbreyttust með fyrirsjáanlegri hitaveitu til Akureyrar og gosið við Leirhnúk varð og jarðskjálftavirkni jókst svo á Kröflusvæði sem raun ber vitni er alþjóð að verða ljóst hvílíkt áhættuspil þessi virkjun er og hve sjálfsagt ætti að vera að bíða þar með framkvæmdir uns mál skýrðust varðandi goshættu, varðandi markaðsþörf, varðandi gufuborun þar og varðandi rekstrarmöguleika, en allt hangir þetta að sjálfsögðu saman. Hér verður byggðalínan að duga í bili, fyrst ríkisstjórn situr að völdum sem finns það umtalsverðara siðgæðisbrot að rifta nauðungar- og heimskusamningi við ofríkislandeigendur við Laxá en ganga í sífellu á bak orða sinna við launþega um verðbólguvarnir.

Í athyglisverðu viðtali við Þorleif Einarsson jarðfræðing, sem birtist í Þjóðviljanum 1. þ. m., bendir hann á margar veigamiklar ástæður fyrir því að fresta beri frekari framkvæmdum að Kröfluvirkjun um sinn og endurskoða áætlanir um hana. Vegna skorts á forrannsóknum á Kröflusvæði, áður en virkjunin var hönnuð, var ekki vitað um afkastagetu svæðisins til orkuframleiðslu né hlutfall milli gufu og vatns né hitastig við djúpborun. Vegna þessa var runnið blint í sjóinn með hvaða aflvélagerð hentaði, en pantaðar vélar með hraði frá Japan án opins útboðs, óheppilegar að áliti Þorleifs, en því hefur raunar verið andmælt af Valdimar K. Jónssyni vélaverkfræðingi, ráðgjafa Kröflunefndar.

Gosið við Leirhnúk í vetur hefur ruglað öll spil á Kröflusvæðinu, segir jarðfræðingurinn. Gufutæming hefur orðið á svæðinu, goshættu er ekki lokið. Þessari skoðun hafa aðrir kunnir jarðfræðingar einnig lýst, svo sem dr. Sigurður Þórarinsson og Eysteinn Tryggvason. Aðeins önnur borhola af tveim boruðum lifir, hefur misst um 60% af upphaflegu afli sínu og dvínar

enn. Frá þessari staðreynd sagði orkumrh. ekki né heldur því að núverandi gufukraftur holunnar mundi ekki geta framleitt nema 1—2 mw. af þeim 30 mw. sem önnur aflvélin í Kröfluvirkjun á að framleiða. Ein hola er hálfboruð, en ljóst er af þessu að ekki verður fyrir komandi áramót búið að bora eftir nægri gufu fyrir aðra aflvél virkjunarinnar, enda áður vitað af skýrslu Orkustofnunar sem Kröflunefnd og iðnrn. hafa farið með eins og mannsmorð. Nú hefur það bæst við að nægilega sterka loka vantar svo að hægt sé að bora nema niður á takmarkað dýpi á Kröflusvæðinu. Munu pantaðir lokar ekki væntanlegir fyrr en í ágúst í sumar, og hlýtur það að tefja borun enn. Þetta kom ekki fram í skýrslu ráðh.

Þorleifur Einarsson jarðfræðingur staðhæfir að vegna gerðar aflvélanna, sem pantaðar voru áður en vitað var um hitastig á Kröflusvæði og hlutfall milli gufu og vatns, þurfi að bora fleiri holur en ella þar eð stilla verði hitastig holanna og gerð vélanna, þetta hleypi borkostnaði fram. Enn bendir hann á að markaðshorfur fyrir Kröflurafmagn hafi mjög breyst með tilkomu væntanlegrar hitaveitu á Akureyri, og er athyglisvert að orkumrh. minnist hvergi á slíkt í skýrslu sinni. Þá benti jarðfræðingurinn á hvílíkt ábyrgðarleysi það sé að sínum dómi að halda áfram byggingu virkjunar nánast yfir virkri gossprungu meðan jarðskjálftavirkni er enn slík að gos geti hafist á ný þegar minnst vonum varir.

Í þessu sambandi vil ég rifja upp að í skýrslu ráðh. kom einmitt fram að jarðskjálftavirkni við Kröflu er nú enn álíka og í ágúst og sept. í sumar sem leið, en þá tók jarðfræðinga að gruna að gos kynni að vera skammt undan, sem og raun varð á í des. Einhverra hluta vegna var þessi vitneskja ekki látin almenningi í té, en almannavörnum í Mývatnssveit gert aðvart, og sýslumaður Þingeyjarsýslu gaf út aðvörun um hugsanlegt grjóthrun í Grjótagjá.

Í viðtalinu við Þorleif Einarsson bendir hann á að það hafi alltaf verið talið gufuvirkjunum til kosta að þar mætti virkja eftir hendinni, byrja í smáum stíl og síðan stækka eftir vaxandi þörf, með ákvörðun um 60 mw. virkjun við Kröflu hafi verið tekið stærra skref en þörf kallaði á, ekki undirbúið sem skyldi, eins og fyrr getur, en verst sé þó að hættumerkjum og aðvörunum sérfróðra manna sé í engu sinnt.

Viðtalið við Þorleif Einarsson jarðfræðing er tvímælalaust harðasta opinbera gagnrýni sem komið hefur fram af hálfu sérfræðinga á Kröfluvirkjun. En síðan hefur prófessor Jónas Elíasson verkfræðingur sýnt með föstum rökum vankanta virkjunarinnar. Og loks hafa 5 jarð- og jarðeðlisfræðingar við Orkustofnun ríkisins sent frá sér gagnrýni á, hvernig staðið hafi verið að framkvæmd virkjunarinnar, og látið í ljós þá skoðun að svo geti farið að sú hönnun gufuveitu, sem nú er miðað við, henti ekki þeirri gufu sem úr borholunum fáist á svæðinu, og telja að horfur á nægri gufuöflun fyrir árslok fyrir aðra vélasamstæðu virkjunarinnar séu mun verri nú en fyrir gos.

En fleiri en þessir aðilar hafa bent á hættuna við að flýta Kröfluvirkjun svo mjög sem nú hefur verið gert. Jóhannes Nordal seðlabankastjóri hefur bent á, að fjárhagsgetubogi landsins sé nú raunar spenntur til hins ítrasta, og telur eina orsökina að heildarfjárfesting landsmanna í raforkuiðnaðinum hafi frá árunum 1970—1974 annars vegar til áranna 1975—1976 hins vegar aukist úr 9% í 16% og greiðslubyrði þessa iðnaðar okkar muni í ár rösklega tvöfaldast frá s. l. ári, þetta táknar stórfellda hækkun á raforkuverði til neytenda í einhverju formi, beina hækkun til neytenda, hækkaða skatta frá almenningi til ríkisins eða auknar lántökur, en nú sé aðeins völ skammtímalána erlendis með tiltölulega háum vöxtum. Mér býður í grun að allt þetta gerist. Samkv. upplýsingum Birgis Ísleifs Gunnarssonar borgarstjóra, gefnum nýlega í borgarstjórn, er meðalverð á rafmagni til neytenda í Reykjavík í ár áætlað 9.90 kr. á kwst. Vitað er að rafmagnsverð er nokkru hærra annars staðar á landinu. Fólki þykja rafmagnsreikningar nógu háir nú. En hver verður söngur manna þegar kwst. fer upp í 14—15 kr. eða jafnvel 16 kr., eins og nú horfir að loknu þessu ári? Auðvitað verður þetta ekki allt sök Kröfluvirkjunar, en hún mun vega hér þungt vegna skorts á markaði fyrir framleiðslu sína fyrstu árin og gífurlega greiðslubyrði vaxta og afborgana.

Nú skulum við virða fyrir okkur, hvernig orkumrh. svarar fram kominni gagnrýni, og hafa þá einnig til hliðsjónar einræður hans í Kastljósi s. l. föstudag. Hann sagðist vinna að virkjunarmálum „af kappi með forsjá“. Mér finnst vanta talsvert á forsjána þegar efnahagsstaða landsins er ekki höfð til viðmiðunar, en á það tel ég skorta, eins og ég benti á í upphafi ræðu minnar. Ráðh. víkur sér undan að svara gagnrýni um skort á forrannsóknum, gengur á snið við staðhæfingar um orkurýrnun á svæðinu vegna gossins, læst varla vita af ótta jarðfræðinga við áframhaldandi gos, og gagnrýni á vanhugsuð aflvélakaup hefur hann lítið eða ekkert heyrt, að því er virðist. Ráðh. mótmælir að setja eigi nema 30 mw. aflvél niður við Kröflu. Þó er vitað að báðar vélarnar, hvor að framleiðslugetu 30 mw. hafa verið pantaðar og kemur hin síðari að öllu forfallalausu til landsins í ágúst í sumar. Verður hún seld eða geymd og hvar þá geymd? Í stöðvarhúsinu kannske, við Kröflu, í eldlínu við Leirhnúk, af því að ódýrara sé í verki að koma báðum vélunum fyrir í einu? Þetta eru spurningar sem hljóta að vakna. Ráðh. staðhæfir að byggðalínan geti ekki komið að fullu gagni fyrr en eftir tvö ár þar eð eftir sé m. a. að leggja línu frá Geithálsi upp í Hvalfjörð. En hví ekki að flýta henni, en láta Kröflulínuna bíða? hljóta einhverjir að spyrja sem horfa vilja í kostnaðinn og vita að þetta er hægt. Ráðh. staðhæfir að ósannað sé að Kröflurafmagn verði dýrt, mikill ómettaður markaður sé fyrir hendi hjá SÍS-iðnaðinum á Akureyri, hjá Mjólkursamlagi KEA á Akureyri, hjá iðnaði sem bíði þess að komast á laggir með auknu rafmagni, fyrir Austfirði o. s. frv. Ég vil benda á að raforkuþörf SÍS- og KEA-iðnaðarins minnkar verulega við komu hitaveitu til Akureyrar. Þá þarf t. d. ekki að hita upp mikið magn af iðnaðarvatni. Í öðru lagi bendi ég á að ekki má selja SÍS-iðnaðinum iðnaðarrafmagn á hærra verði en um 2 kr. kwst. svo að svartolíunotkun borgi

sig ekki betur, samkv. því sem rafveitustjórinn á Akureyri hefur tjáð mér. En auk þess hafa SÍS-verksmiðjurnar á Akureyri með engu móti getað fengið það upplýst þrátt fyrir eftirgangsmuni með hvaða verði þær megi reikna að þeim verði seld raforkan frá Kröflu, svo að sá kaupandi hangir ekki á öngli enn. Hið nýja Mjólkursamlag KEA tekur ekki til starfa fyrr en í árslok 1977 eða jafnvel síðar. En mestu máli skiptir að væntanleg hitaveita til Akureyrar dregur verulega úr orkuþörf á Akureyri og þar með öllu orkuveitusvæði Laxár- og Kröfluvirkjunar. Þessu virðist ráðh. loka augunum fyrir.

Ráðh. staðhæfir í skýrslu sinni að Kröflurafmagn verði ódýrt eða 1.80 kr. kwst. í framleiðslu, en í Sigöldu verði hún 1 50 eða 1.80 kr. Hér reiknar ráðh. með fullri sölu allrar rafmagnsframleiðslunnar á báðum stöðum, að því er skilið varð, en á borðinu liggur að fyrst í stað selst ekki nema brot af Kröflurafmagninu. En ráðh. segir nú að Kröfluvirkjun muni alls kosta 7.5 milljarða með línu til Akureyrar og hefur þá kostnaðaráætlunin hækkað um 1 milljarð síðan hann svaraði fyrirspurn minni þar um fyrir jól. Þarf því enginn að halda að kostnaður hækki ekki enn. M. ö. o.: vaxtabyrðin ein verður a. m. k. 750—800 millj. kr. fyrstu rekstrarárin, auk afborgana. Með lítilli rafmagnssölu verður þetta erfiður heimanmundur.

Ráðh. sagði að hagkvæmni virkjunar byggðist á nægum markaði, góðum lánskjörum, eiginfjármagni og réttri verðlagningu. Hjá Kröfluvirkjun er ekki nægur markaður til staðar, hagkvæm erlend lán eru ekki fyrir hendi, eigið fjármagn er ekkert, verðlagning samkv. kostnaðartölum þarf að vera geigvænleg. Samt segir ráðh. að Kröfluvirkjun sé hagkvæm virkjun. Þetta kallast að fara í gegnum sjálfan sig á alþýðlegu máli.

Ráðh. gerði mikið úr kostnaði við keyrslu dísilstöðva á Norðurlandi — og rétt er það, sá kostnaður er mikill. En ég bendi á að toppurinn á þeim kostnaði, sem hann nefndi er tekinn áður en síðasta virkjun í Laxá var komin í gang og munar þar um 12 mw. Undarleg stökkbreyting er það í skýrslu ráðh. að gera ráð fyrir 80—100 gwst. orkuþarfaraukningu frá 1975—1977 meðan hún jókst ekki nema um 30 gwst. frá 1973—1975. Á þessari stökkbreytingu virðist hann síðan byggja furðuútreikninga á hugsanlegri olíunotkun við dísilstöðvar verði Kröflu frestað.

Ráðh. hefur ætlað að koma á fót svonefndri Norðurlandsvirkjun til að sjá um rekstur Kröfluvirkjunar og að mér skilst byggðalínu. Ekkert hefur gengið eða rekið um stofnun hennar. Öllum hrýs hugur við verkefninu, m. a. af augljósum markaðsskorti fyrst í stað, og að hafa bæði byggðalínu og Kröfluvirkjun í taki eykur líka óhagkvæmnina. Kröflurafmagn rýrir markað og þar með rekstrarhag byggðalínu, og byggðalína rýrir markað og þar með rekstrarhag Kröfluvirkjunar.

Ráðh. lét þau orð falla í Kastljósi að Laxárvirkjun mundi fús að reka Kröfluvirkjun. Það getur hugsast ef hægt yrði að gera henni rekstrurinn efnahagslega færan. En þó mun þetta með öllu órætt mál, eftir því sem ég veit, og enginn veit í dag hvernig í dauðanum á að reka Kröfluvirkjun með hagkvæmni meðan aðeins er hægt að selja brot af væntanlegri rafmagnsframleiðslu. Óbærilega hátt raforkuverð, kannske helmingshækkun, þola norðlendingar ekki, og þeir eru fleiri en ég sem hafa þann metnað að vilja ekki velta þungu hlassi á aðra þegna þjóðfélagsins.

Ráðh. talar um orkumarkað á Austurlandi frá Kröflu. Ekki sé ég að hann tali af heilindum þar meðan hann á hinu leitinu hefur látið verja 185 millj. kr. til athugunar á Bessastaðaárvirkjun og lofað, að mér skilst, 150 millj. kr. í ár, þótt það sé ekki á fjárlögum. Ef honum hefði verið alvara með að koma Kröflurafmagni austur hefði hann að sjálfsögðu notað milljónir þær, sem kastað hefur verið við Bessastaðaá, til línulagningar frá Kröflu austur. — Allt ber að sama brunni, fjárhagslega forsjá hefur skort.

Ráðh. telur að svo mikið fjármagn sé komið í Kröfluvirkjun að þjóðfélaginu verði dýrara að deila kostnaði hennar á lengri framkvæmdatíma en ætlað hefur verið, þegar sé komið á annan milljarð í hana, greiða þurfi vexti af því fé af engu, meðan framleiðsla komist ekki í gang, og alltaf hækki virkjunarkostnaðurinn með hverju ári sem líður. Hér grípur ráðh. á óhugnanlegu kýli því að hann og Kröflunefnd hafa þrátt fyrir gos, þrátt fyrir aðvaranir sérfræðinga og þrátt fyrir breyttar markaðshorfur pínt framkvæmdir áfram án samráðs við Alþ. og fjármálavald ríkisins. Síðan er sagt: Við getum ekki hætt! Hundrað járniðnaðarmenn kvað þurfa að virkjuninni í sumar að óbreyttum framkvæmdahraða, ómælda yfirvinnu á vöktum og vaktavöktum, og svona vinnubrögð verka eins og sprengja inn á viðkvæman vinnumarkað — eins og verðbólgusprengja. Þetta hafa rangæingar fundið við Sigöldu og biðja um hæggerðari virkjunarframkvæmdir framvegis. Það á oft við að gott sé að flýta sér hægt.

Enn segir ráðh. að auðgert sé að verjast hraunrennsli í Hlíðardal þar sem virkjunarhús Kröfluvirkjunar hefur verið reist, en um allan Hlíðardal eru gamlar hraunspýjur frá fyrri gosum, og öll þekkjum við að maðurinn er furðumáttlaus gegn höfuðskepnunum í ham, hvað sem allri kokhreysti líður. Sprengigígurinn mikli, Víti, er og beint fyrir botni Hlíðardals. Hvað verður um Kröfluvirkjun ef slíkt sprengigos yrði á svipuðum slóðum eftir uppsetningu hennar?

Loks las ráðh. tvær yfirlýsingar frá húsvíkingum og mývetningum til stuðnings sama framgangshraða við Kröfluvirkjun, að hann vildi telja. Báðar voru þessar yfirlýsingar meira almennar yfirlýsingar um stuðning við virkjun heldur en um virkjunarhraðann, og mér er tjáð að báðar yfirlýsingarnar hafi verið pantaðar af formanni og varaformanni Kröflunefndar. Hitt er athyglisvert að þeir virðast ekki hafa náð slíkri yfirlýsingu frá bæjarstjórn Akureyrar og í engu hefur þess verið getið að 1. apríl s. l. komu þrír úr bæjarstjórn Akureyrar hingað til Reykjavíkur til að ná viðtali af orkumrh. varðandi það að Akureyri fengi lengur að nota borinn Jötun við Laugaland til þess að kanna betur hitaveitumöguleikana, en þeir fengu ekkert viðtal.

Herra forseti. Ég þykist hafa leitt sterk rök að því að skynsamlegt og raunar sjálfsagt sé að flýta sér hægar með Kröfluvirkjun heldur en nú er fyrirhugað. Við erum fjárhagslega illa í

stakk búin að koma henni nú fram. Borun eftir gufu er ekki nógu langt komin og þarf meiri framkvæmdatíma. Markað Kröflurafmagns þarf að staðreyna betur áður en lengra er haldið og skiptir þar stóru máli hitaveita til Akureyrar. Finna þarf væntanlegu Kröflurafmagni nýjan markað, helst allstóran og öruggan iðnaðarmarkað. Koma verður í böndin hver eigi og reki virkjunina og að hún öðlist rekstrargrundvöll. Vinna þarf upp nýja orkuspá fyrir Norður- og Austurland. Vinna ber upp nýja kostnaðar- og framkvæmdaáætlun fyrir virkjunina, sömuleiðis þarf að gera henni rekstraráætlun, og landinu öllu þarf að gera heildaráætlun um virkjunarframkvæmdir tiltekið árabil fram, svo að eitthvert kerfi sé í þessum málum hjá okkur. Fleira get ég talið, en læt nægja að sinni. Meðan á þessari athugun stendur ber að ljúka byggðalínu að sunnan svo að hún beri norður senn vannotað Sigöldurafmagn. Ég skora á orkumrh. að taka þetta mál nú þegar til endurskoðunar. Ég skora á ríkisstj. að gaumgæfa þessi mál ítarlega. Ég skora á Alþ. að láta rödd sína kveða við um mál þetta. Hér er mál á ferð sem snertir þjóðina alla.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ræðu hv. 1. landsk. þm., Braga Sigurjónssonar verður svarað síðar og þeim fjölda rangra fullyrðinga sem hann hefur þar viðhaft. En það er ein ástæða til að ég óskaði þess við hæstv. forseta Sþ. að fá að skjóta hér inn athugasemd, og það vegna ósannninda sem hv. þm. bar fram í lok ræðu sinnar um að þrír fulltrúar bæjarstjórnar Akureyrar hefðu komið 1. apríl að norðan til þess að fá samtal við mig, en ekki fengið neitt viðtal. Svo er mál með vexti að miðvikudaginn 1. apríl hafði ég viðtalstíma að venju, eins og aðrir ráðh. Akureyringarnir þrír munu hafa hugsað sér að koma í þann viðtalstíma, en það mun hafa seinkað flugi. Þeir voru ekki komnir þegar viðtölum var lokið og ég á leið hingað niður í Alþ. til þess að flytja framsöguræðu um eitt mál, stjórnarfrv. Þeir gerðu ekki vart við sig frekar og óskuðu ekki eftir samtali hér niðri í Alþ. eða annars staðar svo að þessi ummæli eru tilhæfulaus með öllu. Það er tilhæfulaust með öllu að þeir hafi óskað eftir samtali sem þeir hafi ekki fengið. Þessi ósannindi vil ég strax hrekja.

Hins vegar vegna blekkinga hv. þm. vil ég taka það fram, að ég hef undanfarna daga gert mér far um að leysa vandamál akureyringa varðandi jarðborun. M. a. sendi ég í gærmorgun skeyti til bæjarstjórans á Akureyri út af þessu máli þar sem tekið var fram að rn. hefði reynt að styðja framgang þessa máls eftir megni, eins og bæjarstjórn og hitaveitunefnd var kunnugt. Rn. hafði undanfarna daga lagt sig fram um að leysa þau vandamál sem upp hafa komið vegna borunar þriðju borholu og vinnur áfram að því að finna lausn til að þetta mikla hagsmunamál akureyringa og mikilvægar framkvæmdir fyrir þjóðina alla nái sem fyrst fram að ganga. Í framhaldi af þessu var í iðnrn. haldinn í morgun fundur með fulltrúum og sérfræðingum Akureyrar um hitaveitumál, orkumálastjóra, hitaveitustjóranum í Reykjavík, fulltrúa iðnrn., til þess að reyna að greiða úr þessu máli. Að því er unnið eins og tök eru á, og ég held að hitaveitumálum akureyringa sé enginn greiði gerður með því að flytja ósannindi eins og þau sem hv. þm. leyfði sér að viðhafa hér.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Það hefur nú teygst allmikið úr þessum umr., en ég hafði kvatt mér hljóðs, að ég hélt með þeim fyrri á síðasta fundi, en það hefur nú farið svo að menn hafa talað lengi og ég hef ekki komist að með ræðu mína og kannske óvíst hvenær næst verður rætt um þetta mál.

Ég hef enga möguleika á því á þeim stutta tíma, sem hæstv. forseti leyfir mér nú að tala hér, að fara efnislega út í þessi mál. En ég hef beðið eftir því satt að segja að geta komið hér að dálítilli athugasemd við ummæli sem hv. þm. Bragi Sigurjónsson er sagður hafa viðhaft hér á Alþ. s. l. fimmtudag, fyrir um það bil viku, þar sem hann dróttaði því að mér fjarstöddum að ég hefði haft í hótunum við sig ef hann minntist á Kröfluvirkjun. Þessi aðdróttun er auðvitað algjörlega tilhæfulaus. Hitt er rétt, að ég lét í ljós undrun mína og óánægju við hv. þm. út af því að hann skyldi að tilefnislausu krefjast þess að fá orðið utan dagskrár í þeim augljósa tilgangi að auka enn við æsifréttamennsku alþfl.-manna í sambandi við jarðgufuaflstöðina í Hlíðardal. Hv. þm. hafði krafist þess að fá orðið utan dagskrár um þetta mikilvæga orkumál án þess að orkumrh. væri um það kunnugt, og er það út af fyrir sig fáheyrt, hvað þá að aðrir, sem kunna að láta sig þetta varða, fengju að vita um fyrirætlan hans. Þetta þótti mér og þykir enn óþinglegt. Ég tók því svo til orða við hv. þm., að hann mundi ekki hafa betra af slíkri málsmeðferð, og átti að sjálfsögðu við það að hann yxi ekki í áliti hjá neinum með slíkri framkomu. En engin hótun fólst í þessum orðum mínum og er það mistúlkun eða misskilningur hv. þm. ef hann heldur slíku fram. Þannig stóð á fyrir mér þennan dag að ég hafði leyfi forseta til að vera fjarstaddur fund í Sþ. og var að búa mig undir að notfæra mér þetta leyfi þegar mér barst vitneskja um að hv. þm. Bragi Sigurjónsson hefði kvatt sér hljóðs utan dagskrár. Ég hafði ekki möguleika til þess að breyta áætlun minni um fjarvist. Ég var því ekki viðstaddur þegar hv. þm. flutti ræðu sína. Ég nota því þetta tækifæri til þess að mótmæla aðdróttun hans og vona að hann geri sig ekki sekan um að vera að dróttа að fjarstöddum mönnum allalvarlegum ásökunum sem hann þykist hafa úr einkasamtali.

Umr. frestað.

Efri deild, 86. fundur.

Miðvikudaginn 7. apríl, kl. 3 síðdegis.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 485). — 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. fjallar um breyt. á lögum frá 1972, um tekjustofna sveitarfélaga.

Fyrsta breyt. er við 15. gr. laganna, að heimilað skuli að greiða úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga aukaframlög til sveitarfélaga sem verða fyrir fjárhagstjóni vegna laga nr. 94 30. des. 1975, um flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga. Þegar það frv. var til umr. á Alþ. kom sá ótti fram af hálfu sumra sveitarfélaga að þessi tilflutningur gæti orðið einstökum sveitarfélögum fjárhagsbyrði. Í sambandi við það gaf ég þá út yfirlýsingu um að ef til slíks kæmi mundi verða greitt fyrir því að þau sveitarfélög fengju aukaframlag til að bæta upp það tjón. Er þetta frv. flutt í framhaldi af og samræmi við yfirlýsingu mína á Alþ. 19. des. s. l.

Þá eru gerðar till. um nokkrar fleiri breyt. á 15. gr. laganna í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga og eru þær breyt. nánar skýrðar í grg. frv.

Einnig er till. um breyt. á 16. gr. laganna. Það er í sambandi við svokallað fólksfækkunarframlag, en svo er ákveðið í þessum lögum að þegar fólki fækkar í sveitarfélagi, þá skuli greiða því sveitarfélagi aukaframlag úr Jöfnunarsjóði sem miðist við íbúafækkunina og meðalútsvar. Hefur komið í ljós að þetta ákvæði þarf nokkurrar endurskoðunar við. Reynslan hefur sýnt það, eins og gerð er grein fyrir í aths. á bls. 3 þar sem nefnd eru dæmi um það. Nú er fólksfækkunarframlagið miðað við landsmeðaltal útsvara á íbúa, en hér er lagt til að því verði breytt þannig að framlagið verði helmingur meðalútsvars á íbúa.

Þetta frv. er flutt sumpart að óskum og að öðru leyti í fullu samráði við Samband ísl. sveitarfélaga, og vænti ég þess, að það fái góðar undirtektir á Alþ., og legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til félmn. með 13 shlj. atkv.

Orkubú Vestfjarða, frv. (þskj. 495). — 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Orkumál Vestfjarða hafa verið til meðferðar að undanförnu. Á því er enginn vafi að margir vestfirðingar hafa talið að um undanfarið áraskeið hafi Vestfirðir orðið nokkuð útundan í orkumálum þjóðarinnar, þó að ýmislegt hafi þar verið gert til framfara og bóta, og telja vestfirðingar að meira hefði þurft að gera bæði varðandi rannsóknir og framkvæmdir í þeim efnum. Í annan stað hafa komið fram að undanförnu eindregnar óskir frá vestfirðingum um skipulagsmál á Vestfjörðum varðandi orkumál. Af þessum ástæðum var ákveðið á s. l. sumri að skipa sérstaka n. manna til að fjalla um þessi mál.

Það var 23. júlí 1975 sem ég skipaði 7 manna n. til að vinna að orkumálum Vestfjarða og kanna viðhorf sveitarfélaga á Vestfjörðum til stofnunar Vestfjarðavirkjunar. N. var falið að gera till. um hvernig staðið skyldi að stofnun Vestfjarðavirkjunar sem verði sameign ríkisins og sveitarfélaganna þar og hafi það verkefni að annast framleiðslu og dreifingu raforku og hagnýtingu jarðvarma í þessum landshluta. Nokkrum árum áður, eða í aprílmánuði 1971, hafði Alþ. gert ályktun þar sem ríkisstj. var falið að kanna óskir sveitarfélaganna á Vestfjörðum um þátttöku í virkjunarframkvæmdum með það fyrir augum að stofna sameignarfyrirtæki ríkisins og sveitarfélaganna. Sú ályktun hafði ekki komið til framkvæmda, en þessi nefndarskipun var gerð með hliðsjón af þeirri stefnumörkun sem kom fram í þessari ályktun Alþ. frá 1971.

Í þessa n. voru skipaðir Engilbert Ingvarsson rafveitustjóri, Snæfjallahreppi, Guðmundur H. Ingólfsson bæjarfulltrúi á Ísafirði, Ingólfur Arason hreppsnefndarmaður, Patreksfirði, Jóhann T. Bjarnason framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfjarða, Karl E. Loftsson oddviti í Hólmavík, Ólafur Kristjánsson forseti bæjarstjórnar í Bolungarvík og Þorvaldur Garðar Kristjánsson formaður orkuráðs, og var hann jafnframt skipaður formaður nefndarinnar.

Það er skemmst frá því að segja að n. hefur starfað af frábærum dugnaði. Hún hefur gert sér itarlega grein fyrir þeim vandamálum sem hér var um að ræða, kvatt sér til aðstoðar marga hinna færustu sérfræðinga á þessum sviðum. Niðurstaðan hefur orðið frv. það sem hér liggur fyrir með grg. og mjög itarlegar áætlanir um orkuframkvæmdir á Vestfjörðum næsta áratug.

Ég vil leyfa mér að þakka n. og alveg sérstaklega formanni hennar, hæstv. forseta þessarar d., fyrir mjög vel unnin störf. Þótt margt væri hér bæði um skipulagsmál og framkvæmd orkumála sem gera mátti ráð fyrir að orkaði tvímælis og ágreiningur kynni að vera um, þá tókst svo giftusamlega að nm. náðu allir samkomulagi og fullri samstöðu um þessar till., bæði varðandi frv. um skipulag mála og einnig hvernig staðið skyldi að framkvæmdum orkumála á næsta áratug. N. kynnti till. sínar áður en endanlega var frá þeim gengið og nál. skilað. N. kynnti hugmyndir sínar og till. fyrir vestfirðingum og hafði fundi með öllum sveitarstjórnum á Vestfjörðum og var þar einróma fylgi við þessar hugmyndir og till. Ég tel því að hér hafi verið vel að verki staðið um allan undirbúning og mikilvægt hversu góð samstaða hefur náðst.

Það, sem hér liggur fyrir, er frv. til l. um Orkubú Vestfjarða, þ. e. a. s. um skipulag þessara mála. Hv. alþm. hafa fengið heildarálit n. með grg. og áætlunum um framkvæmdir. Þær liggja ekki fyrir til ákvörðunar Alþ. að sinni, heldur verður það verkefni þessa nýja fyrirtækis, Orkubús Vestfjarða, og stjórnar þess að undirbúa og gera till. um framkvæmdir og þá leita til þings og stjórnar eftir því sem við á og nauðsynlegt kann að vera.

Ég vil taka fram að þetta frv. og sú grg., sem því fylgir og lögð hefur verið fyrir þessa hv. d., er samið af orkunefndinni.

Það kom strax fram að samstaða væri um það meginatriði í skipulagi þessara mála að stofnað yrði til orkufyrirtækis, sameignarfélags, þar sem sveitarfélögin vestra og ríkissjóður væru eigendur. Í 1. gr. frv. segir svo: „Ríkissjóður Íslands og sveitarfélög á Vestfjörðum skulu setja á stofn

orkufyrirtæki er nefnist Orkubú Vestfjarða.“ Gert er ráð fyrir því í 3. gr. frv. að þetta Orkubú sé sameignarfélag ríkisins og sveitarfélaga á Vestfjörðum, eignarhluti ríkisins skuli vera 40%, en eignarhluti sveitarfélaganna skuli samtals nema 60%. Varðandi eignarhlutdeild sveitarfélaganna er gert ráð fyrir að þar skiptist hlutir innbyrðis í hlutfalli við íbúatölu sveitarfélaganna.

Rétt er að taka það fram, sem sagt er í grg. þessa frv. um 1. gr., að hér er gert ráð fyrir að stofnun Orkubúsins grundvallist á frjálsum samningum þannig að ekkert sveitarfélag er skyldað til að vera aðili að fyrirtækinu, en aftur á móti er þess vænst að öll sveitarfélögin sjái sér hag í því að eiga aðild að Orkubúinu, og benda undirtektir sveitarfélaganna á þeim fundum sem n. hefur haldið með þeim, eindregið til þess.

Varðandi hlutdeildina er rétt að taka fram, að þegar rætt hefur verið áður um slík sameignarfyrirtæki ríkis og sveitarfélaga, hefur stundum komið fram og ég ætla t. d. að það hafi verið stefna fyrrv. iðnrh., að ríkissjóður ætti 50%, e. t. v. meira, en a. m. k. 50% í slíkum fyrirtækjum. Strax í fyrstu viðræðum um stofnun slíks fyrirtækis, þ. e. a. s. varðandi Norðurland eða Norðurlandsvirkjun, tók ég fram við stjórn Fjórðungssambands Norðurlands að frá minni hendi væri ekkert því til fyrirstöðu að sveitarfélögin ættu meiri hluta í slíkum sameignarfyrirtækjum, ekki síst ef það gæti orðið til þess að greiða fyrir þeim málum og leysa ýmis vandamál sem heima fyrir væru og innbyrðis milli sveitarfélaganna og varðandi þær virkjanir sem fyrir væru. Sama sjónarmið hef ég að sjálfsögðu frá upphafi látið í ljós við þá n. sem hefur undirbúið þetta frv. Niðurstaðan hefur orðið þessi, að lagt er til að eignarhlutur ríkissjóðs skuli vera 40%, en sveitarfélaganna 60%. Ég vil taka það skýrt fram, að ég tel eðlilegt að sveitarfélögin eigi hér meiri hluta og ráði þar með miklu um starf og stefnu þá sem þetta fyrirtæki mun taka, en um leið og ég segi þetta geng ég að sjálfsögðu út frá því að hið besta samstarf takist í þessum efnum milli fulltrúa ríkisins og sveitarfélaganna. Ég held að fordæmi í þessu efni bendi líka til þess. Má þar nefna Sogsvirkjun fyrst og síðan Landsvirkjun og Laxárvirkjun, en öll þessi félög hafa verið sameign ríkis og sveitarfélaga, og hef ég ekki orðið þess var að þar hafi orðið ágreiningur eða árekstrar milli fulltrúa sveitarfélaga og ríkis. Ég vænti þess að sama verði upp á teningnum í þessu efni.

Í 2. gr. frv. segir að tilgangur þess sé að virkja vatnsafl og jarðhita á Vestfjörðum þar sem hagkvæmt þykir. Orkubú Vestfjarða skuli eiga og reka vatnsorkuver og dísilorkustöðvar til raforkuframleiðslu ásamt nauðsynlegum mannvirkjum til raforkuflutnings og raforkudreifingar. Fyrirtækið skuli eiga og reka jarðvarmavirki og nauðsynlegt flutningakerfi og dreifikerfi fyrir heitt vatn. Skal fyrirtækið og eiga og reka fjarvarmakyndistöðvar ásamt nauðsynlegu dreifikerfi. Þá skal fyrirtækið annast virkjunarrannsóknir og aðrar undirbúningsrannsóknir eftir því sem ákveðið er hverju sinni.

Í 5. gr. er gert ráð fyrir því að ríkið og orkuveitur sveitarfélaga á Vestfjörðum afhendi Vestfjarðavirkjun mannvirki á Vestfjörðum í raforkuverum, rafstöðvum, kyndistöðvum og jarðvarmavirkjunum ásamt tilheyrandi flutnings- og dreifikerfi, enda yfirtaki fyrirtækið skuldir sem svara til stofnkostnaðar af mannvirkjum þeim sem það tekur við.

Þá er svo fyrir mælt í 7. gr. frv. að stjórn Orkubúsins skuli skipuð 5 mönnum og skuli sveitarfélögin velja 3, en ríkið 2.

Í 10. gr. er gert ráð fyrir að stjórn Orkubúsins setji gjaldskrá um verð á seldri orku til notenda, og þar er sett fram sú almenna regla að gæta skuli almennra arðsemissjónarmiða við setningu gjaldskrár, en hún síðan borin undir iðnrh. til staðfestingar.

Í 12. gr. er gert ráð fyrir að ríkisstj. sé heimilt að takast á hendur ábyrgð á lánum sem Orkubúið tekur til raforkuframkvæmda og einnig sé ríkisstj. heimilt að taka lán er kæmi að hluta eða öllu leyti í stað ábyrgðar.

Í 15. gr. frv. segir að eftir gildistöku laganna skuli iðnrh. gangast fyrir því að sameignarsamningur verði gerður milli aðila og stofnfundur fyrirtækisins haldinn, skuli þessu lokið á árinu 1976 og síðan skuli iðnrh. setja reglugerð þar sem nánar sé kveðið á um framkvæmd laganna og starfsemi Orkubúsins.

Ég tel að hér sé um mjög merkilegt mál að ræða og vænti þess að það hljóti góðar undirtektir þessarar hv. d. Ég tel að með þessu sé rétt stefnt, að stofna til samstarfs milli ríkisvaldsins og sveitarfélaganna, og að slík skipulagsleg uppbygging eins og hér er gert ráð fyrir, þar sem íbúarnir taka á sig skyldur samfara rétti til að ráða eigin málum í samvinnu við og með aðstoð ríkisvaldsins, sé besta tryggingin fyrir hagkvæmri skipan orkumálanna í þessum landshluta. Sú stefna, sem hér er mótuð, er í samræmi við vilja og ályktanir Sambands ísl. sveitarfélaga. Þegar það samband hefur unnið, eins og það hefur gert mjög rækilega, að till. um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, er eitt af meginatriðum í till. Sambands ísl. sveitarfélaga að þessum málum, orkumálunum, sé ráðið á þann veg sem hér er gert, þannig að þar komi ríkið og sveitarfélögin til samstarfs. Í till. Sambands ísl. sveitarfélaga er lagt til að orkuöflun verði í höndum sameignarfyrirtækja ríkis og sveitarfélaga. Sama má segja um Samband ísl. rafveitna. Það hefur á ráðstefnum um skipulag orkumála markað fyrir sitt leyti þá meginstefnu að orkuvinnslufyrirtæki séu sameign sveitarfélaga og ríkis og að framtíðarskipun yrði sú að landinu yrði skipt í svæði, hvert með sitt landshlutafyrirtæki í orkumálum. Má þar sérstaklega nefna niðurstöður á ráðstefnu Sambands ísl. rafveitna 1972.

Eftir að þessar till. orkunefndar Vestfjarða lágu fyrir og höfðu verið afhentar mér hefur stjórn Fjórðungssambands Vestfjarða haldið fund um málið og gert einróma ályktun þar sem óskað er eftir því við iðnrh., að þetta frv. verði lagt fyrir Alþ. það sem nú situr, og látin í ljós sú ósk, að það megi hljóta afgreiðslu fyrir þinglok.

Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og iðnn.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Í umr. í Sþ. áðan um svonefnt Kröflumál vék ég nokkrum orðum að frv., sem hér er til umr., um Orkubú Vestfjarða. Mér þykir því óhjákvæmilegt að bæta þar nokkrum orðum við úr því það er hér á dagskrá.

Það hefur lengi verið álit margra að skipulag raforkumála hér á landi væri í molum og að nauðsynlegt væri að endurskipuleggja raforkuöflun og raforkudreifingu innanlands. Hefur verið bent á það að of margir aðilar önnuðust virkjunarrannsóknir. Það hafa verið aðilar eins og Landsvirkjun, Laxárvirkjun, Orkustofnun sem hafa verið að gera sjálfstæðar rannsóknir á virkjunum mikilla vatnsfalla hér á landi, og jafnvel hefur komið fyrir að þessir aðilar væru að rannsaka sömu vatnsföllin hver fyrir sig án nauðsynlegs samstarfs. Er alveg ljóst að hér á landi er þörf á skýrari og gleggri verkaskiptingu milli aðila sem unnið hafa að raforkumálum, en einnig hefur komið fram mikil óánægja með það í mörgum landshlutum að heimamenn skuli ekki fjalla meira um ákvarðanir sem teknar eru í þessum málum og framkvæmd þeirra, en raun ber vitni.

Fyrir nokkrum árum fjallaði n. manna, sem skipuð var til að gera till. um þetta efni, um þetta mál í ítarlegu nál., og á grundvelli þess nál. var flutt þáltill. hér í þinginu að frumkvæði fyrrv. orkumrh., Magnúsar Kjartanssonar. Þessi þáltill. var nokkurs konar málamiðlun milli ýmiss konar sjónarmiða sem fram hafa komið í þessu efni, þar sem annars vegar var gert ráð fyrir allsterkri heildarstjórn raforkumála, en á hinn bóginn fallist á að rétt væri að stofna til sérstakra landshlutasamtaka. Það skal tekið fram að í till. var ekki gerð skýr grein fyrir verkaskiptingu þessara tveggja aðila. Þ. e. a. s. heildarstjórnarinnar annars vegar og landshlutasamtakanna hins vegar, en þarna var um að ræða stefnumótun sem átti eftir að útfæra nánar í reynd.

Síðan þetta var, því að það fór svo að Alþ. afgr. ekki þessa þáltill., hafa starfað n. í þremur landshlutum til undirbúnings að tillögugerð um skipan þessara mála í viðkomandi landshlutum. Arangurinn af þessum nefndarstörfum birtist hér í frv. til laga um Orkubú Vestfjarða að því er snertir eina nefndina.

Ég get strax lýst yfir ánægju minni með þá hugmynd að rafveitur á Vestfjörðum og orkuöflunarfyrirtæki þar séu sameinuð í eitt fyrirtæki. Ég held að það sé einmitt mesti kostur þessa *máls að þarna er um sameiningu marga smárra* aðila að ræða sem þurfa að vinna saman. Hitt get ég strax sagt, að ég tel öllu hæpnara að slá því föstu í þessu frv. að hér verði um að ræða algjörlega sjálfstæðan virkjunaraðila sem annist virkjunarrannsóknir og sjái um alla orkuframleiðslu á viðkomandi svæði. Ég tel að innan tiltölulega fárra ára verði búið að samtengja allt landið í eitt orkuveitusvæði og þá verði útilokað að virkja í einhverjum ákveðnum landshlutum eingöngu með hliðsjón af þörfum viðkomandi landssvæðis, heldur verði stöðugt að hafa þarfir landsins í heild í huga og reikna dæmið aftur og aftur á hverju ári eftir því sem orkunotkun vex með hliðsjón af því sem kemur út hvað snertir þróun orkumála í öllum landshlutum. Ég tel, að slík vinnubrögð séu alger forsenda fyrir því að vitlegar ákvarðanir verði teknar um stórvirkjanir hér á landi á næstu árum. Ég er nefnilega ekki þeirra skoðunar að það sé aðalatriði málsins fyrir fólkið úti um landsbyggðina að fulltrúar í viðkomandi sveitarstjórnum geti haft áhrif á það hvar þeir virkja hverju sinni. Ég tel að aðalatriði málsins sé að fólkið fái raforku á lágu verði, og ég er ansi hræddur um það, ef það mál er hugsað til enda, að menn *skipti landinu í* fjögur eða fleiri orkuveitusvæði og starfandi séu sjálfstæð orkuöflunarfyrirtæki á hverju svæði, að þá geti afleiðingin ekki orðið önnur en sú að um verði að ræða mjög mikinn mismun á orkuverði eftir landssvæðum. Sú þróun væri svo sannarlega ekki fólkinu úti um hinar dreifðu byggðir landsins í hag.

Ég sé að í þessu frv. er vikið að þessu vandamáli í grg. örfáum orðum. Það er ljóst að þeir, sem sömdu frv., hafa gert sér grein fyrir þessu vandamáli eða rætt það ítarlega. Þó get ég ekki sagt að nm. hafi leyst þann vanda eða séð fyrir endann á honum, því að þeir virðast gera ráð fyrir að þessi vandi muni leysast með verðjöfnun. Það má vel vera að þennan vanda megi að einhverju leyti leysa með verðjöfnun. En það er ekki skemmtileg lausn að þurfa að skattleggja í stórum stíl ákveðin, sjálfstæð orkufyrirtæki á landinu til þess að rétta fjárhag annarra orkufyrirtækja. Það verður aldrei mikill friður um *þess háttar skattheimtu, og ég er hræddur um* að það verði mjög erfitt að ná fram fullri jöfnun á raforkuverði eftir þessari leið.

Ég vil hins vegar taka það skýrt fram, að orð mín mega ekki skiljast svo að ég sé með þeim að lýsa yfir andstöðu við þetta frv. Ég tel ekki útilokað að stofnun fyrirtækis, sem bæri nafnið Orkubú Vestfjarða, gæti fallið inn í heildarskipulag raforkumála á öllu landinu. En spurningin er fyrst og fremst sú, hvernig við getum komið upp slíkum orkufyrirtækjum í ýmsum landshlutum án þess að það hafi í för með sér aukna ringulreið og aukið skipulagsleysi í orkumálum. Við þurfum fyrst og fremst að fá aukið skipulag og betri heildarstjórn á raforkumálum í landinu, en ekki öfugt. Ég tel að það sé fullkomlega raunhæft að *skipuleggja raforkumálin þannig* að um verði að ræða eina heildarstjórn, jafnframt því sem um sé að ræða eðlilegt samstarf við nokkur orkufyrirtæki í einstökum landshlutum.

Ég vil bæta því við, að með þessu frv. höfum við aðeins séð einn þáttinn af mörgum sem verið hafa í undirbúningi hvað snertir endurskipulagningu raforkumála hér á landi, því að sams konar n. hafa verið starfandi bæði á Norðurlandi og Austurlandi. Ég hefði talið eðlilegast að alþm. gætu skoðað þessi mál í nokkru samhengi þannig að um yrði að ræða ákveðið samræmi í uppbyggingu nýs kerfis á þessu sviði. Ég tel þess vegna að hæpið sé að afgreiða þetta mál eitt sér, heldur sé nauðsynlegt að vita í hvaða átt þróunin stefnir bæði á Norðurlandi og Austurlandi, en alþm. hafa enn ekki séð nál. frá þeim nefndum.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég vil aðeins segja örfá orð um þetta mál við þessa 1. umr.

Ég vil fyrst lýsa ánægju minni með það starf sem hefur verið unnið að úttekt orkumála á Vestfjörðum. Ég held að ekki verði um það deilt að sú n., sem að því starfaði, vann gott starf og vann það hratt og vel, og koma niðurstöður hennar fram í þeirri skýrslu sem þm. hafa fengið um orkumál Vestfjarða. Þar er gerð ítarleg úttekt á ástandi orkumála í kjördæminu og komist að ákveðinni niðurstöðu og ákveðinni forgangsröðun verkefna. Sú niðurstaða, sem þar er í raun og veru í mínum huga mikilvægust, er að leggja beri áherslu á leit að jarðhita, og aðrar framkvæmdir, eins og lína inn í kjördæmið eða virkjanir heima fyrir, ráðist mjög af því hvernig sú leit takist. Má segja að þetta hafi verið ljóst, en engu að síður er þetta nú tekið saman af sérfræðingum mjög vandlega, gerður samanburður á ýmsum kostum sem þarna koma til greina við orkuöflun og, eins og ég sagði áðan, þessum framkvæmdum raðað í forgangsröð. Sýnist mér raunar að svo mætti vera víðar. Þarna er að finna mikinn fróðleik á einum stað um orkumál Vestfjarðakjördæmis. Einnig hefur n. tekið sér fyrir hendur að setja í frv.-form till. frá Fjórðungssambandi Vestfjarða um Orkubú Vestfjarða. Það er mjög athyglisvert mál, og hefur tekist að sameina sveitarfélögin á Vestfjörðum um þessa lausn. Tel ég það töluvert afrek. Þar voru skoðanir mjög skiptar, en menn hafa sæst á þessa leið. Þarna eru sameinaðar fjórar rafveitur, þrjár rafveitur heimamanna og Rafmagnsveitur ríkisins, í eitt orkubú.

Í þessu frv. eru mörg mjög athyglisverð atriði, eins og t. d. sú viðleitni að koma rekstri fjarhitunarstöðva og raforkukerfisins á eina hönd. Það er enginn vafi á því að þetta er mjög mikilvægt mál fyrir vestfirðinga. Líklegt er að hitun þar með jarðhita verði ýmsum erfiðleikum bundin vegna þess að jarðhiti þar er takmarkaður og hitastig er lágt. Því er líklegt að grípa þurfi til raforku til viðbótar þeim jarðhita sem fáanlegur er. Er því mikilvægt að þetta sé á einni hendi. Einnig hefur þarna verið gerð mjög athyglisverð athugun á hagkvæmni annars vegar beinnar rafhitunar í heimahúsum eða hitunar frá fjarhitunarstöðvum þar sem nota má hitaveitu, raforku eða svartolíu eftir því sem þörf krefur. Niðurstaðan er sú að það sé skynsamlegast og hagkvæmast þegar tekið er tillit til þessara kosta allra að byggja slíkar kyndistöðvar. Þetta er tvímælalaust hlutur sem aðrir landshlutar ættu að skoða einnig nánar.

Í þessu frv. er hins vegar gert ráð fyrir því að öll orkumál Vestfjarða, þ. e. a. s. einnig orkuframleiðslan, verði á einni hendi. Um þetta má deila, það viðurkenni ég, og á þetta hefur verið deilt, m. a. af síðasta hv. ræðumanni sem ég heyrði deila á þetta í ræðu í Sþ. Ég get að mörgu leyti tekið undir orð hans þar um. Ég er þeirrar skoðunar að raforkuframleiðslan í okkar landi og dreifing raforkunnar milli landshluta eigi að vera á einni hendi. Ég er þeirrar skoðunar að aðeins með því móti fáist sú hagkvæmni í hönnun, framkvæmd og rekstri okkar orkuvera sem áreiðanlega er nauðsynleg, og við getum kannske dregið þá ályktun af þeim umr., sem nú fara fram í Sþ. Þetta á að verða að mínu mati sú heildarstefna sem hér verður fylgt.

Ég get einnig tekið undir það, að það hefði verið æskilegt að hafa þessa stefnu fyrirliggjandi nú þegar lagt er fram frv. um Orkubú Vestfjarða. Ég get einnig tekið undir það, að varasamt er e. t. v. að setja þrjár eða fleiri sjálfstæðar n. til þess að athuga orkumál hinna ýmsu landshluta. Ég hygg að þarna þurfi að verða á veruleg samræming. En það er þó staðreynd að það, sem hér er lagt til, er veruleg bót á því ástandi orkumála sem nú ríkir í Vestfirðingafjórðungi. Það eru, eins og ég sagði áðan, fjórar veitur sem verða sameinaðar. Það er enginn vafi á því að þarna fæst langtum betri samræming í rekstri, og þótt þessi samræming nái eingöngu til Vestfjarðakjördæmis er að því mikil framför. Ég tel því að vestfirðingar eigi að fá að njóta þess að hafa þarna riðið á vaðið. En ég vil jafnframt láta koma hér fram að ég lít svo á að þegar samstaða næst um annan hátt á orkuframleiðslu og vinnslu hér á landi, þá hljóti einnig það kerfi, sem þarna kann að verða upp tekið og verður upp tekið ef frv. verður samþ., að verða endurskoðað. Ég legg ekki síst áherslu á þetta með hagsmuni vestfirðinga sjálfra í huga. Ég er þeirrar skoðunar að jafnaðarverð eða sama gjaldskrá fyrir orkuframleiðsluna í landinu öllu sé háð því að a. m. k. orkuframleiðslan og heildsöludreifing orkunnar sé á einni hendi, og ég óttast að vestfirðingar, sem eiga ekki tök á nema tiltölulega litlum vatnsaflsvirkjunum, kunni að sitja þar við annað borð ef þeir verða utan slíks samrekstrar orkuframleiðslunnar. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að svo geti orðið þótt það frv., sem nú liggur fyrir, verði samþykkt og þessi skipan tekin upp á Vestfjörðum, e. t. v. þá til bráðabirgða. Vel má vera að inn í það frv., sem nú liggur fyrir, ætti að bæta ákvæðum sem tryggi að þetta verði endurskoðað ef og þegar samstaða næst um slíkan samrekstur orkuveitnanna. Þetta vil ég gjarnan að komi hér fram um leið og ég lýsi ánægju minni með það mikla starf, sem n. hefur unnið og að mjög mörgu leyti með það frv. sem nú er lagt fram.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég vil byrja með því að lýsa mikilli ánægju minni yfir því að frv. þetta skuli vera komið til kasta Alþ. og vera hér til umr. í dag. Hæstv. félmrh. gerði ítarlega grein fyrir máli þessu og hann lét falla þakkar- og viðurkenningarorð til þeirrar n. sem vann að samningu þessa frv. Ég vil færa hæstv. ráðh. þakkir fyrir hönd allra nm., en sérstaklega vil ég þakka honum fyrir forustu hans í þessu máli. Sá veldur miklu sem upphafinu veldur. Eins og segir í grg. með frv. þessu er það hæstv. félmrh. sem skipaði n. þá sem samið hefur frv. þetta. Þá vil leyfa mér að þakka hv. 2. þm. Vestf. fyrir hans vinsamlegu viðurkenningarorð um það verk, sem unnið hefur verið við samningu þessa frv.

Það er ástæða til þess í þessu sambandi að leggja áherslu á það, sem kom fram hjá hæstv. félmrh., að það er víðtæk samvinna um þetta mál á Vestfjörðum og hjá fulltrúum vestfirð-

inga á hinu háa Alþ. Allir þm. Vestf. hafa sammþykkt á fundum okkar Vestfjarðaþm. að styðja af alefli að því að mál þetta nái fram að ganga. Þar er engin undantekning. Vestfjarðaþm. standa saman í þessu máli, einn fyrir alla og allir fyrir einn.

Hv. 5. þm. Norðurl. v. talaði hér í umr. Mér þykir rétt að það komi skýrt fram og raunar er ég búinn að segja það, að það er eins með hans flokksmenn, hv. 5. þm. Norðurl. v., formanns Alþb., eins og aðra forustumenn Vestfjarða í þessum málum, að þeir standa saman með okkur hinum og hlutur þeirra hefur í engu legið eftir í þessu máli.

Hv. 5. þm. Norðurl. v. kom með ýmsar hugleiðingar og aths. í sambandi við þetta mál, en hann tók fram að hann væri ekki að lýsa andstöðu *sinni* við þetta frv. Hv. þm. tók það skýrt fram. Hins vegar varpaði hann fram ýmsum hugmyndum og aths. Frá mínu sjónarmiði var ekkert óeðlilegt að hv. þm. gerði það, því að það er auðvitað margt sem kemur til athugunar og er þess vert að leiða hugann að þegar ráðið er fram úr slíkum málum sem gert er ráð fyrir að þetta frv., sem hér er til umr., geri

Hv. 5. þm. Norðurl. v. vék að því í upphafi sinnar ræðu að það þyrfti að bæta skipulagið á orkumálunum, það væru of margir aðilar t. d. við rannsóknarstörf og stundum vissi hægri höndin ekki hvað sú vinstri gerði. Það er mikið til í því að þetta hafi ekki á undanförnum árum verið alls kostar nógu gott. Og við skulum vona að á þessu verði ráðin bót. Stofnun Orkubús Vestfjarða gerir lítið til eða frá í þessu efni. Heildarskipulag á rannsóknarmálunum verður að mínu viti að vera á vegum Orkustofnunar og þannig einn aðili að stjórna þessari mikilvægu starfsemi.

Það segir í 2. gr. þessa frv. að vísu um tilgang og verkefni Orkubús Vestfjarða: „Fyrirtækið skal annast virkjunarrannsóknir og aðrar undirbúningsrannsóknir eftir því sem ákveðið er hverju sinni.“ Ég skal skýra hvers vegna þetta ákvæði var sett inn. Það var alls ekki hugsað þannig að Orkubú Vestfjarða færi að standa þannig að þessum málum sem sjálfstæður aðili. Það var hins vegar talið æskilegt að ef verður, sem við vonum, af stofnun þessa fyrirtækis, þá verði meira um tæknimenntaða menn á þessu sviði að ræða búsetta á Vestfjörðum og meira og minna á vegum þessa fyrirtækis. Þá væri það ekki óskynsamlegt undir vissum kringumstæðum að fela þeim eitthvað af þessum störfum ef svo ber undir. En það er eins og segir í frvgr, að það mundi að sjálfsögðu verða ákveðið hverju sinni, ákveðið af þeim sem færu með heildarstjórnina.

Hv. þm. ræddi um það að fram undan væri heildarsamsetning raforkukerfis landsins. Um það er ég honum sammála. Ég veit ekki betur en allir séu sammála um að það sé það sem eigi að stefna að og sé sjálfsögð þróun í þessum málum. En spurningin er hvort þetta tæknilega atriði, samsetning orkuveranna í landinu, hafi áhrif á hina skipulagslegu hlið þessara mála. Það er annað mál. Mér virtist sem hv. þm. talaði svo sem þetta færi saman, þ. e. ef um eitt samtengt kerfi væri að ræða, þá væri eðlilegast að það væri eitt fyrirtæki orkuöflunar. Þetta er sjónarmið út af fyrir sig og sjálfsagt hægt að færa ýmis rök fyrir þessari skoðun. Hins vegar er líka óhætt að fullyrða að þetta þarf ekki að fara saman og hin tæknilegu mál í þessu sambandi.

Það skýrir þetta best að vekja athygli á því hver er skipan þessara mála á Norðurlöndum. Í Danmörku er það svo að ríkið á hvorki framleiðslu- né dreifingarfyrirtæki í raforkuiðnaðinum. Það eru sveitarfélög, það eru hlutafélög, það eru sjálfseignarstofnanir og fleiri félög og aðilar sem eiga þetta. Þetta eru sjálfstætt rekin fyrirtæki. Í Noregi er það svo að ríkið á ekkert í dreifingunni, en í framleiðslunni á það milli 20 og 30%. Hitt, 70—80% framleiðslunnar, er á vegum einstakra fyrirtækja, sveitarfélaga, hlutafélaga o. s. frv. Í Svíþjóð er það þannig að ríkið er með innan við 10% af dreifingunni, en í framleiðslu raforkunnar er ríkið með rúmlega 40%. Hitt er á vegum ýmissa félaga, margra félaga. Í Finnlandi er það svo að ríkið er með enga dreifingu, en í framleiðslunni er það með rúmlega 40%. Hitt er á vegum sveitarfélaga og annarra slíkra aðila. Þannig er þessum málum skipað á Norðurlöndum. Raforkukerfin þar eru samtengd, ekki alveg í Noregi, en í Danmörku og ég má segja í Svíþjóð og að ég ætla víðast hvar um allt landið í Finnlandi, allt samtengt. Þykja engin vandkvæði að hafa þetta svo, samtengingu, þó að hinir einstöku orkuframleiðendur séu margir og félagsform fyrirtækjanna sé margs konar.

Ég hygg að það þurfi ekki að fjölyrða frekar um þetta til þess að við getum verið allir sammála um að við erum ekki með því að stofna landshlutafyrirtæki í orkuiðnaðinum á Íslandi að gera neitt sem hindrar í fyrsta lagi samtengingu og í öðru lagi heildarstjórn og skynsamlega hagnýtingu orkunnar. Það gefur auga leið að ef landshlutafyrirtæki eru stofnuð og orkuframleiðslan og kannske dreifingin verður að öllu leyti á hendi þessara aðila, þá þarf að sjálfsögðu einhverja heildarstjórn. Ég held að allir, sem hafa hugleitt þetta mál, hafi gert ráð fyrir því að það þurfi heildarstjórn. Það þarf einhvers konar nefnd, ráð eða stjórnkerfi til þess að tryggja hina bestu nýtingu orkunnar. Ég er þess vegna í raun og veru alveg sammála hv. 5. þm. Norðurl. v. um þetta mikilvæga efni. Við höfum kannske nálgast þetta frá mismunandi sjónarmiðum. Og auðvitað er hægt að líta á þetta frá fleiri en einni hlið.

Þá skal ég að lokum aðeins víkja að einu atriði sem hv. þm. kom inn á og var ekki óeðlilegt að hann gerði frekar en var um önnur atriði sem hann vék að. Ég vil taka það fram að öll þessi atriði, sem hv. þm. vék að, eru einmitt atriði sem sú n., sem samdi og undirbjó þetta frv., eyddi miklum tíma og fyrirhöfn til þess að athuga og ræða frá margs konar hliðum. En síðasta atriðið, sem ég ætlaði að víkja að, var þessi spurning sem hv. 5. þm. Norðurl. v. kom inn á, hvort það væri rétt að koma á fót landshlutafyrirtæki á Vestfjörðum áður en séð yrði hverju fram yndi í þessum málum í öðrum landshlutum. Það er nú fyrst að minna á í þessu sambandi að við höfum nú þegar fyrir tvö eða

jafnvel fleiri landshlutafyrirtæki í orkumálunum fyrir stórt landssvæði. Þar á ég við Landsvirkjun, og Laxárvirkjun, sameignarfyrirtæki Akureyrar og ríkisins. Það má minna á Hitaveitu Suðurnesja og það mætti nefna fleira. Ég held að það verði aldrei komið upp heildarskipun á þessum málum þannig að skipulagið fæðist einn góðan veðurdag alskapað. Ég held að þessi mál séu það margslungin, að það verði ekki, það verði að byggja þetta upp smám saman, eins og raunar er byrjað á og þau landshlutafyrirtæki, sem ég nefndi, eru vottur um. Ég held að það sé ekki hægt að gera þetta á annan veg. Ef á að stofna þessi landshlutafyrirtæki á frjálsum grundvelli með samkomulagi milli viðkomandi sveitarfélaga og ríkisvaldsins, þá verður það samkomulag að mótast af aðstæðum í hverjum landshluta. Það eru mismunandi sjónarmiðin. Þó að þau séu mismunandi kunna þau að meira eða minna leyti að eiga öll rétt á sér. Þess vegna held ég að við séum á réttri leið með því að fikra okkur svo áfram sem nú horfir ef Alþingi fellst á að afgreiða þetta frv. sem lög á þessu þingi.

Ég held meira að segja að það sé hugsanlegt að einmitt þetta frv. og hvernig vestfirðingar hafa tekið á málinu geti e. t. v. verið eitthvert fordæmi á einhverjum sviðum við meðferð þessara mála annars staðar. Og þá er kannske þýðingarmesta fordæmið það sem gefur þessum hugmyndum öllum þann grundvöll sem nauðsynlegt er að standa á ef eitthvað á að verða af þessu, ef þetta á nokkuð að verða nema orðin tóm, að það sé samstaða hjá viðkomandi sveitarfélögum og fólkinu í þessum byggðarlögum um það sem gera skal. Að mínu viti er ekki hægt að gera þetta nema þetta sé fyrir hendi.

Nú er þetta fyrir hendi á Vestfjörðum. Ég er ekki að segja — ég vil taka það skýrt fram — að á Vestfjörðum, ef frv. verður samþ. nú fyrir þingslit, verði strax búið að ganga frá þessum hlutum. En það er samstaða um þessa stefnu, sem frv. boðar, í meginatriðum. En hvert sveitarfélag tekur ekki endanlega afstöðu til þessa eða ríkið fyrr en viðkomandi aðilar skrifa undir sameignarsamning.

Sú samstaða, sem nú er, er ákaflega þýðingarmikil og allir þeir, sem hafa komið nálægt þessum málum við undirbúning þessa frv., og þeir eru margir, hafa þá von og ósk fram að færa að það geti orðið af framkvæmdum í þessu efni. Ég sagði að þeir væru margir sem beinlínis hafa komið nálægt þessum málum. Sú n., sem vann að samningu þessa frv., hafði fundi með sveitarstjórnarmönnum á Vestfjörðum þar sem nær allir sveitarstjórnarmenn á Vestfjörðum mættu — nær allir. Það er þess vegna nú að okkar dómi alveg sérstakt tækifæri til þess að koma þessu máli í framkvæmd. Það er fyrir hendi þar nauðsynleg samstaða í málinu.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég gat ekki verið viðstaddur fyrri hluta þessarar 1. umr. um frv. til l. um Orkubú Vestfjarða. Ég kom inn þegar hæstv. forseti okkar var að þakka hæstv. iðnrh. fyrir hans mikla hlut í þessu máli. Ég missti sem sagt af því þegar hæstv. iðnrh. þakkaði hæstv. forseta fyrir hans hlut.

Það verður eflaust örðugt fyrir einn eða annan að hafa mikið við þetta frv. að athuga, þegar það liggur fyrir að þm. Vestf. muni berjast fyrir því allir sem einn eða einn fyrir alla og allir fyrir einn, eins og síðasti hv. ræðumaður gerði svo skilmerkilega grein fyrir. En engu að síður langaði mig til þess að koma á framfæri örfáum aths. við þetta frv. nú við 1. umr. fyrst ég á þess kost.

Ég heyrði ekki ræðu hv. 5. þm. Norðurl. v. nema í endursögn, en eftir því sem þar kom fram, þá fæ ég ekki betur séð en ég sé í einu og öllu sammála því sem hann sagði. Ég hef þó þann fyrirvara að í ræðunni kunni að hafa verið eitthvað meira en hér var endursagt, og má vera að ég sé ekki sammála því. En það, sem ég legg áherslu á, er að við hljótum að verða að koma á fót að mínu mati heildarstjórn á raforkumálum þessa lands. Að öðrum kosti og ef sú braut verður farin sem hér er lögð til, verður Landsvirkjun sú, sem starfað hefur undanfarin nokkur ár, ekkert nema nafnið. Hún verður þá fyrirtæki sem sér Suðurlandi og Suðvesturlandi, Reykjavík og nágrenni fyrir rafmagni. Þetta er náttúrlega sjónarmið út af fyrir sig. En þetta er ekki stefna sem ég aðhyllist í þessum málum.

Ég er ekki heldur viss um að landsmenn allir séu á því að sunnlendingar eigi einir að njóta þess rafmagns sem þegar er búið að virkja í Þjórsá og Tungnaá. Ef menn eru það, þá náttúrlega fara þeir þá leið sem hér er verið að mæla fyrir, og þá verður virkjað í Kröflu fyrir Norðurland, þá verður virkjuð Bessastaðaárvirkjun fyrir Austurland og þá býr hver að sínu. Ég er ekki þessarar skoðunar í raforkumálum. Ég held að það eigi að samtengja þetta kerfi og hver styðji annan í þessum málum, en ekki að hver búi algerlega að sínu, eins og mér virðist vera stefnt að með þeirri braut sem hér er lagt inn á og hv. síðasti ræðumaður talaði um sem fordæmi annars staðar. Það skilst auðvitað mjög vel hvað þar er við átt. Það er sem sagt það að hver virki fyrir sig og eigi 60% af virkjuninni og svo hjálpi ríkið svolítið til með því að eiga 40%.

Ég álít að nú verði ekki miklu lengur á frest skotið að taka ákvörðun um hvort hin eina fullhannaða virkjun, sem fyrir liggur í landinu, verður framkvæmd eða ekki, og á ég þar við virkjunina við Hrauneyjafoss. Fyrir því er heimild Alþ. og þarf enga lagasetningu. Ég er sannfærður um að þegar ráðist verður í þá virkjun og þar með fullvirkjuð aðstaðan í Tungnaá og Þjórsá, þá verður risin hér hagstæðasta virkjun sem við eigum völ á, og ég sem sagt legg áherslu á að þessa ákvörðun verði að taka fyrr en síðar. En ég sé ekki fram á að þessi fyrirætlun komist í framkvæmd ef á sama tíma verður ráðist í virkjanir í öllum landshlutum öðrum í senn. Ég sé ekki fram á það að fjárhagsástand okkar sé þannig að við getum ráðist í þær framkvæmdir. Ég sé ekki heldur fram á að það sé þörf fyrir þær eins og sakir standa. Þetta finnst mér vera úrlausnarefni sem þurfi að takast á við áður en lengra er haldið í því að skipta landinu í landshluta og landshlutavirkjanir.

Það var minnst á það af hv. síðasta ræðumanni að skipulag þessara mála væri með mismunandi hætti á hinum Norðurlöndunum. Það er vafalaust allt rétt sem hann sagði um það. En ég bendi á að þar er auðvitað ólíku saman að jafna. Íslenska þjóðin er ekki nema eins og íbúar eins meðalstórs bæjarfélags jafnvel á hinum Norðurlöndunum, og ég held að einingin sé síst of stór þó að hún sé ekki brytjuð í smáparta.

Ég mun ekki hafa þessi orð miklu fleiri við þessa 1. umr. Það gefst tækifæri til að ræða þetta mál síðar. En í tilefni af því sem var sagt í síðustu ræðu um að nú væri tækifæri til þess að koma þessu í lög á þessu þingi, þá vil ég upplýsa það að fylgi mitt við því í ríkisstj. að þetta frv. væri lagt fram nær ekki lengra en til framlagningar þess, og ég áskil mér fullan rétt til þess að greiða atkv. gegn frv. ef mér sýnist svo þegar þar að kemur.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég skal ekki hafa langt mál um þetta frv., en ég vildi þó koma hér með örfáar aths.

Mér hefur skilist það svo að það sé stefna og hafi lengi verið stefna stjórnvalda í þessu landi — og ég tel að það eigi að vera stefna stjórnvalda — að raforkuverð verði hið sama um land allt og jafnframt því verði stefnt að því að tryggja lægsta mögulegt verð á raforku fyrir landsmenn. Þetta er það meginmarkmið sem ég tel að eigi að vinna út frá. Þá vaknar spurningin á hvern hátt það verður best gert. Nú er hér komið fram frv. til l. um Orkubú Vestfjarða, þannig að Vestfirðir verði afmarkað svæði og þetta orkubú sjái um allar línur og framleiðslu raforku innan þess svæðis. Það má vel vera að þetta geti verið liður í þeirri stefnu að tryggja lægsta mögulegt raforkuverð í landinu og jöfnuð á þessu raforkuverði. En ég hlýt að taka undir með öðrum sem hafa komið hér inn á það: Hvert verður framhaldið? Hver er stefna hæstv. iðnrh. um framhald þessara mála? Á framhaldið að verða það að sérstakt orkubú verði á Suðurlandi eins og er í dag, þ. e. a. s. Landsvirkjun, það verði sérstakt orkubú á Norðurlandi og það verði sérstakt orkubú á Austurlandi? Ég held að það sé alveg nauðsynlegt, jafnhliða því að þetta mál er afgreitt, að menn geri sér einhverja hugmynd um það hvert verður framhaldið og hvaða áhrif samþykkt þessa frv. og skipan þessara mála á Vestfjörðum hefur á skipulagningu mála annars staðar og möguleika á bættu fyrirkomulagi þar. Ég held að það sé nauðsynlegt í raforkumálunum. Og mér finnst í raun og veru allir vera sammála um það að við lítum á þessi mál í heild, en ekki í afmörkuðum svæðum.

Ég vil fara þess á leit við iðnn., þegar hún tekur þetta mál til athugunar, að þetta verði íhugað vandlega. Mér finnst þetta mál vera stefnumarkandi, ekki aðeins fyrir Vestfirðina, heldur og fyrir aðra landshluta. Ég er því alveg sammála og ég tel nauðsynlegt að landshlutasamtökin eða fólkið í viðkomandi landshlutum hafi einhverja stjórn og ítök í þessum stofnunum. En það er líka hægt að hugsa sér að það sé til eitt fyrirtæki sem starfi í nokkrum deildum. Það er ekki endilega nauðsynlegt til þess að tryggja sjálfstæði eininga, hvorki í þessum rekstri né öðrum, að fyrirtækin starfi í mörgum einingum. Það er einnig hægt að hugsa sér að eitt fyrirtæki starfi í deildum og hafi ákveðna sjálfstjórn, en hafi síðan ákveðna yfirstjórn.

Ég vildi aðeins koma þessu á framfæri og ítreka þá spurningu til hæstv. iðnrh., hvað hann telji að eigi að verða framhald þessara mála og hvers konar skipulagning eigi að verða í hinum landshlutunum, ef það á að verða ofan á að sérstakt orkubú, sérstakt fyrirtæki starfi á Vestfjörðum.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umr. Okkur gefst tækifæri til að ræða þetta, ekki einungis í n., heldur síðar vonandi hér í hv. deild.

Mér fannst í því, sem hæstv. utanrrh. sagði, gæta nokkurs misskilnings. Hann sagði t. d. að Landsvirkjun yrði ekkert nema nafnið, skildist mér, ef þetta frv. næði fram að ganga. Og hann sagði að þetta væri stefna sem þýddi að hver byggi að sínu. Þá sagði hann að Ísland væri ekki nema sem svaraði til eins bæjarfélags í Danmörku, eins og það skipti máli í þessu sambandi.

Ég vil fyrst um Landsvirkjunina segja að þetta frv. er ekki á neinn hátt til þess fallið að minnka veg Landsvirkjunar eða minnka hlutverk Landsvirkjunar. Landsvirkjun starfar samkv. sérstökum lögum, og þetta frv., ef að lögum verður, breytir ekki þeirri skipan á neinn hátt.

Þá er það líka misskilningur að á bak við þetta frv. sé sú stefna eða hugsun að hver landshluti eigi að búa að sínu. Þetta er ekki rétt, ef það er í þeim skilningi sagt að það sé gert ráð fyrir því að orkan sé framleidd fyrir hvern landshluta innan þess landshluta undir öllum kringumstæðum. Það er alls ekki meiningin. Ég held að við hljótum allir að vera sammála um það að grundvallarsjónarmiðið, sem á að ráða um það, hvar er virkjað, er hvar það er hagkvæmast frá þjóðhagslegu sjónarmiði. En þá verður að líta líka á öll atriði sem þarna skipta máli, eins og t. d. vegalengdir frá orkuverum og ég vil líka segja t. d. áhættuna af því að hafa alla meginorkuframleiðsluna á eldvirku svæði, og svo mætti telja upp ýmislegt fleira. Það þarf að líta á þetta frá ýmsum hliðum. En grundvallarsjónarmiðið er að virkja þar sem hagkvæmast er frá þjóðhagslegu sjónarmiði. Og eins og ég kom að í minni fyrri ræðu, þá er það yfirlýst stefna, ég held allra sem um þessi mál ræða, að það eigi að samtengja öll orkuver landsins. Það þýðir að það skapast náttúrlega möguleikar fyrir því að það sé hægt að flytja orkuna á milli ef það er hagkvæmt.

Ég nefndi aðeins að hæstv. utanrrh. hefði sagt að Ísland væri ekki nema sem svaraði einu bæjarfélagi t. d. í Danmörku og það væri þess vegna annað þótt þar væri fjöldi félaga sem önnuðust orkuframleiðsluna. Það er alveg rétt náttúrlega að það er margfalt fleira fólk þar. En það er líka annað, það er landið sjálft. Ísland er allt annað land landfræðilega heldur en Danmörk,

miklu stærra og erfiðara yfirferðar og meiri vegalengdir. Ef við ættum að fara út í þessa sálma, þá væri hægt að halda því fram að hér væri enn þá meiri þörf en í Danmörku að hafa mörg orkuframleiðslufyrirtæki.

En þetta er nú aðeins sagt af því að mér virtist tal hæstv. ráðh. byggjast á einhvers konar misskilningi. Ég vildi leiðrétta það a. m. k. að frv. það, sem hér liggur fyrir, er ekki hugsað og samið á þeim misskilningi. Ég vil bara að það komi hér skýrt fram að þetta frv. er ekki hugsað eins og mér virtist að hæstv. utanrrh. gerði ráð fyrir.

Þá aðeins fáein orð varðandi það sem hv. 5. þm. Austurl. sagði. Hann kom inn á grundvallaratriðið, sem ég veit að við erum sammála um, að það ber að stefna að því að raforkuverðið verði það sama um allt land. Og hann spurði: Hvernig verður það best gert? Ég ætla ekki að fara út í það. En það verður a. m. k. ekki best gert þannig að það verði virkjanir sem eru ekki hagkvæmar frá þjóðhagslegu sjónarmiði, því að það er ekki allt fengið með því að rafmagnsverðið sé það sama um allt land ef það er óþarflega hátt rafmagnsverð. En mín skoðun er sú að það verði ekki síður unnið að því og hægt að stefna að því að koma á sem jöfnustu raforkuverði um allt land þótt það séu stofnuð landshlutafyrirtæki.

Þá sagði hv. 5. þm. Austurl. að það þyrfti að líta á málið í heild, en ekki í hlutum. Mér virtist að þetta væri einhver fyrirvari, þó að hann kvæði nú ekki sterkt að orði um það, að það þyrfti að líta betur á heildarstefnuna áður en þetta frv. væri samþykkt. En nú verða menn að gera greinarmun á stefnu og framkvæmd. Við getum gert ráð fyrir því að heildarstefnan sé sú að koma upp landshlutafyrirtækjum, en framkvæmdin komi ekki í heild, hún komi í hlutum, beinlínis vegna þess að það er ekki raunhæft eða mögulegt að framkvæma þetta allt í einu. Ég kom lítillega inn á það í minni fyrri ræðu. Menn tala svo um — ja, kannske eins og það sé engin stefna í þessum málum. Það kann að vera að það megi marka hana betur en gert hefur verið. En að svo miklu leyti sem hefur komið til kasta Alþ., þá held ég að verði að ætla að það sé einhver stefna í þessum málum. Og ég held að það verði að meta svo að það sé stefna þegar Alþ. tekur afstöðu til mála á þann veg að stofna landshlutafyrirtæki þar sem er Landsvirkjun, að stofna landshlutafyrirtæki þar sem er Laxárvirkjun og að stofna landshlutafyrirtæki þar sem er Hitaveita Suðurnesja. Hvað er svo undanfari þessa frv., sem hér er, og þeirrar nefndarskipunar, sem hæstv. félmrh. gerði að veruleika á s. l. sumri? Hæstv. félmrh. var að framkvæma stefnu Alþ., eins og vilji Alþ. kemur fram í þál. frá 1971. Þar lýsir Alþ. þeim vilja sínum að það séu athugaðir möguleikar á því að koma á fót slíku landshlutafyrirtæki sem frv. þetta gerir ráð fyrir, þ. e. a. s. fyrirtæki um raforkuframleiðslu, fyrirtæki sem sé sameign ríkis og sveitarfélaga.

Ég skal ekki lengja þessar umr. frekar. Mér fannst rétt að þessar aths. mínar kæmu fram að gefnu tilefni.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Raforkumálin ætla að verða hv. alþm. ærið umræðuefni í dag. Ég vil nú ekki lengja að ráði þessar umr. um Orkubú þeirra vestfirðinga. Mér finnst heitið á fyrirbærinu býsna gott, þetta er ágætisheiti, Orkubú. Ég fæ ekki betur séð en ýmislegt í þessu frv. sé góðra gjalda vert. Persónulega er ég þeirrar skoðunar að það sé mjög æskilegt að byggðarlögin fái að hafa nokkra hönd í bagga í fyrsta lagi virkjunarmálunum hið næsta sér og skipulagi þeirra mála í héruðunum. Ég er þeirrar skoðunar. Hitt finnst mér aftur á móti ekki nein sönnun þess að frv. sé gott þótt hv. þm. Vestf. standi allir að því. Þeir hafa áður komið sér saman um stefnu í raforkumálum sem litið gott hefur af hlotist og þeir eru sumir hverjir byrjaðir að skammast sín fyrir, þannig að ég tek það ekki sem sönnun þess að þetta mál sé gott. Það getur verið gott þrátt fyrir samstöðu þm. Vestf., en það er ekki sönnun fyrir að málið sé gott.

Ég tek undir ummæli hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar um það að hér megi ekki binda öðrum landshlutum bagga, hér megi ekki í sambandi við samþykkt þessa frv. gefa þess háttar fordæmi að aðrir séu neyddir til þess að fylgja á eftir. Ég vænti þess að hægt sé í n. að sníða af frv. þá vankanta sem líklegir væru til þess að torvelda skynsamlega heildarstefnu í orkumálum landsins og þrátt fyrir þær breytingar fái frv. staðist og uppfyllt þær kröfur sem þeir vestfirðingar gera í þessu máli.

Hv. síðasti ræðumaður vakti athygli á því, að ekki væri allt fengið með því að fá sama raforkuverð um landið allt ef þetta sama raforkuverð væri óþarflega hátt, og leyfði sér að tæpa á því að ekki væru öll þau orkuver, sem nú væri unnið að, beinlínis þjóðhagslega hagkvæm. Ég mun nú ekki leggja út í að túlka þessi orð hv. síðasta ræðumanns nánar. Einhvern veginn fannst mér að hér væri aðeins gripið í mál sem um var fjallað í Sþ. fyrr í dag. En þrátt fyrir það að Vestfjarðakjálkinn byggi nú allt að því tvisvar sinnum betur að virkjunarmöguleikum en þau skjöl benda til sem lögð hafa verið fram með þessu frv., þá ætla ég að áður en lýkur verði umsvif þeirra vestfirðinga það mikil að þeim nægi ekki þær orkuuppsprettur og þeir kunni kannske að þurfa þess með að þiggja eilítið frá öðrum landshlutum, eða ýmislegt þykir mér nú benda til þess.

Ég vil sem sagt lýsa yfir þeirri trú minni að hægt verði að láta að vilja þeirra vestfirðinga í meginatriðum í sambandi við þetta mál, að hægt verði að gera frv. með aðeins lítils háttar breytingum þess háttar að það falli að hagsmunum annarra byggðarlaga á landinu, að það falli að hagsmunum landsmanna í heild í orkumálum og að fjallað verði um þetta frv. í n. ítarlega og vel, þannig að við getum gengið úr skugga um það að hér verði ekki stigin nein óheillaspor í þessu sambandi.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Umr. hafa allmjög snúist um almenna stefnu í raforkumálum og ég freistast til þess að leggja þar nokkur orð í belg. Ég hef mikið hugsað um þau

mál og kannske kemur rafmagnsverkfræðingurinn eitthvað upp í mér þar. Ég þekki t. d. nokkuð vel til þessara mála á Norðurlöndum eða gerði það á sínum tíma. Það er rétt, sem kom fram hjá hv. 3. þm. Vestf., að þar eru mörg fyrirtæki, en ég vil ítreka það, sem kom fram hjá hæstv. utanrrh., að þar er ólíku saman að jafna, einingarnar miklu, miklu stærri og oftast langtum meiri hagkvæmni innan hverrar einingar. En ég vil einnig bæta því við, að það er langt frá því að frændur okkar á Norðurlöndum séu ánægðir með þetta fyrirkomulag. T. d. hef ég iðulega orðið var við það hjá norðmönnum. Þar eru stór fyrirtæki, við getum nefnt fyrirtæki eins og Norsk Hydro, sem eiga ákaflega stórar aflsstöðvar, mikið til afskrifaðar, og hafa orku á mjög lágu verði sem þær nota til síns iðnaðar, og undan því hefur t. d. verið kvartað að þessi fyrirtæki fái orku til viðbótar úr hinu almenna neti á jafnaðarverði, án þess að jafna aftur á móti hið ódýra verð sem þau hafa yfir að ráða frá sínum gömlu virkjunum. Ég tek þetta sem dæmi, og þannig mætti lengi rekja.

Ég held að aðalatriðið sé hins vegar það, að því verður alls ekki á móti mælt að það er stórum meiri hagkvæmni í því að einn aðili fari með rekstur orkuvera og dreifingu, ákveði hagkvæmustu virkjunarmöguleika og hafi sem sagt hagkvæmni ávallt að aðalmarkmiði, og þá á ég við hagkvæmni fyrir landið allt. Við getum einnig skoðað dæmi hér heima hjá okkur. Við eigum hér í nágrenni okkar gott dæmi, Andakílsárvirkjun, sem er mjög gott fyrirtæki, en með gamla virkjun sem er mikið til afskrifuð, er með mjög lágt orkuverð. Það selur nú orku fyrst og fremst til þéttbýlisstaðanna þar og það er langt frá því að það fullnægi þörfinni á þessum stöðum. Það nýtur þess hins vegar að geta á toppum fengið raforku frá Landsvirkjunarnetinu á jafnaðarverði, en ætti tvímælalaust að greiða langtum hærra verð ef orkan væri reiknuð eingöngu á toppverði. Einnig má benda á það, að ef ætti að virkja t. d. Kljáfoss til að fullnægja Vesturlandi er mjög vafasamt að orkan þar yrði ódýr. Ég hygg að hún yrði dýr og þá væri ekki lengur hægt að segja að þessi veita væri ein sú ódýrasta hér á landi. Þetta er aðeins eitt dæmi þar sem ein veita notar sér rétt sinn til þess að kaupa orku á hagstæðu verði, en rekur eigin orkuver á þann máta sem hagkvæmast er fyrir það eitt, en ekki fyrir heildina.

Min skoðun er sú að það beri að stefna að því að það verði settar upp landshlutaveitur sem heimamenn eiga gjarnan að meiri hluta, en hið opinbera tekur þátt í, eins og um kann að semjast á hverjum stað. Þessar veitur annist dreifingu og sölu raforkunnar. Mér sýnist það athyglisvert að þær hafi einnig hitaveitur í sínum höndum og geti þannig samræmt raforkudreifingu og hitaorkudreifingu. Það er enginn vafi á því að það er mjög hagkvæmt. Mér sýnist svo að slíkar landshlutaveitur geti orðið aðilar að einni landsveitu sem sé með öll meginorkuverin og alla dreifingu um landið og gæti þar, eins og ég hef sagt, hinnar fullkomnustu hagkvæmni. Þetta finnst mér í fljótu bragði að ætti að vera okkar stefna og þurfi raunar ekkert um það að ræða, hún er hiklaust hagkvæmust á því er enginn vafi. Það getur vel verið að það megi ná töluverðri hagkvæmni með því að setja upp 4—5 veitur eða 4—5 orkubú fyrir hina ýmsu landshluta og koma síðan einhverri samræmingu á starfsemi þeirra, eða hið opinbera noti afl sitt, því að ekkert af þessum orkubúum getur í raun og veru virkjað nema með ríkisábyrgð og með ríkisaðstoð, þannig að hið opinbera getur haft afl til þess að koma þar á eðlilegum framkvæmdum og þeim hagkvæmustu og einhverri samræmingu. Það er ekki vafi á því að það má ná meiri hagkvæmni en nú er með 21 rafveitu í landinu a. m. k. En hitt er alveg tvímælalaust betra, á því er ekki nokkur minnsti vafi og fullkomlega hægt að tryggja aðild heimamanna að slíku fyrirtæki. Eg get einnig fallist á það, sem kom fram hjá hv. 5. þm. Austurl., að það mætti hugsa sér eitt fyrirtæki fyrir landið með deildum fyrir hvern landshluta sem önnuðust dreifingu á því svæði. En ég ælta ekki að ræða þessi mál lengur. Ég vænti þess að fljótlega fáist mörkuð heilleg stefna á þessu sviði. Að því ber hiklaust að stefna og mér sýnist allir vera á því.

Ég vil ljúka orðum mínum með því að leggja áherslu á það enn að þetta Orkubú Vestfjarða þarf á engan máta að standa í vegi fyrir slíkri þróun og má ekki gera það, hvorki landsins vegna né Vestfjarðanna vegna. Ég vil einnig lofa því sem formaður iðnn. að málið mun verða vel skoðað þar, eins og hér hefur verið lögð áhersla á, og þar mun ég hlusta á allar till. um lagfæringar sem tryggi að frv. þetta verði eðlilegur áfangi í þróun raforkumála hér á landi, en ekki þröskuldur í vegi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til iðnn. með 13 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 475, n. 498). — 2. umr.

Frsm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar. Hún hefur rætt frv., hún er samþykk efni þess og leggur einróma til að það verði samþ. óbreytt. Þessi breyting er til orðin í sambandi við kjarasamninga, er nýlega fóru fram, og fjallar um breytingu á svonefndum viðmiðunartekjum manna er njóta tekjutryggingar.

1. gr. frv. fjallar um það að hækka skuli þær tekjur sem einstaklingar og hjón mega hafa áður en tekjutrygging þeirra er rýrð. Þessi tala skal breytast úr 46 þús. kr. við ársviðmiðun upp í 120 þús. kr. og verður þá miðað við 1. júlí 1976, og ef um hjón er að ræða úr 83 þús. í 168 þús. kr.

Í öðru lagi fjallar breytingin um að það skuli vera heimilt að breyta þessu í hlutfalli við breytingar á tekjutryggingunni.

Það er samkomulag allra aðila að þetta fái greiðan gang gegnum Alþ. og ég vona að svo megi verða.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Atvinnuleysistryggingar, frv. (þskj. 476, n. 499). — 2. umr.

Frsm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur rætt frv. um breyt. á l. um atvinnuleysistryggingar, 230. mál, og hún leggur til einróma að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir. Sama er að segja um þetta frv. og það, sem áður var hér á dagskrá, að það er breyting á atvinnuleysistryggingunum sem varð samkomulag um milli ASÍ og ríkisstj. í sambandi við gerð síðustu kjarasamninga.

Breytingin er sú að í 15. gr. laganna bætist einn málsliður sem hljóðar svo:

„Réttur til atvinnuleysisbóta helst óskertur þótt bótaþegi sæki námskeið á vegum verkalýðssamtakanna eða almenn námskeið sem miða að aukinni starfshæfni hans, enda standi þau ekki skemur en einn mánuð."

Við leggjum til að þetta verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Eftirlaun til aldraðra í stéttarfélögum, frv. (þskj. 477, n. 500). — 2. umr.

Frsm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á l. um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum. Það sama má segja um þetta mál og um tvö fyrri málin, að það er einn þáttur í lausn hinnar almennu kjaradeilu í febrúarmánuði og varðar samkomulag Alþýðusambands Íslands, og Vinnumálasambands samvinnufélaganna um málefni lífeyrissjóða. Það fjallar um að bæta og auka réttindi lífeyrissjóðsfélaga og ekki síst öryrkja sem eru meðlimir í þessum þjóðum. N. ræddi frv. og leggur einróma til að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Skattfrelsi bókmennta- og tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs, frv. (þskj. 407, n. 486). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa langt mál um þetta frv. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. og mælir eindregið með samþykkt þess. Hér er um það að ræða að Ísland leggi sitt af mörkum til þess að það verði samræmd stefna innan Norðurlandanna að þessi verðlaun verði ekki skattlögð. Ef þau eru skattlögð á mismunandi hátt verður það til þess að verðlaunin hafa mismunandi gildi í hinum einstöku löndum. Norðurlandaráð hefur margítrekað tilmæli til ríkisstjórna Norðurlandanna að gera þetta. Með samþykkt þessa frv. leggur Ísland fram sinn skerf og verður við þessum tilmælum Norðurlandaráðs, þótt það sé nú kannske aðalástæðan til þess, að svo vel er brugðist við, að tveir ágætir listamenn okkar fengu verðlaunin í ár.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Ferðamál, frv. (þskj. 494). — 1. umr.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 494 er frv. til l. um skipulag ferðamála. Þetta frv. eða frv. um svipað efni hefur verið flutt tvisvar á þingum að undanförnu, þingunum 1972—1973 og 1973—1974, náði þá ekki fram að ganga, en gerðar voru ýmsar athugasemdir við það. Hins vegar sýndi það sig að það var áhugi á að koma skipulagi á þessi mál og nú er gerð tilraun til þess að svo megi verða. Ég vona að því hv. Alþ., sem nú stendur yfir, takist að leysa þetta mál, svo sem brýna nauðsyn ber til.

Ríkjandi skipulag yfirstjórnar íslenskra ferðamála komst á með l. nr. 29 30. apríl 1964. Fyrir þann tíma giltu um þessi efni l. nr. 33 frá 1. febr. 1936, um Ferðaskrifstofu ríkisins, ásamt breyt. á þeim l. nr. 20 frá 12. mars 1947. Lögin frá 1936 veittu Ferðaskrifstofu ríkisins einkarétt til starfrækslu ferðaskrifstofu fyrir erlenda menn með takmörkuðum undantekningum. En sakir gífurlegra þjóðfélagsbreytinga í samgöngumálum, batnandi lífskjara og frítíma voru þau löngu orðin úrelt þegar lögin frá 1964 voru samþ. á Alþingi.

Eins og áður segir eru lögin frá 1964 stofn gildandi lagasetningar um skipulag ferðamála. Að sjálfsögðu komu í ljós ýmis atriði sem talin var þörf á að breyta, og því skipaði samgrn. hinn 2. febr. 1972 nefnd til að endurskoða lög um ferðamál frá 1969. Skyldi n. í tillögum sínum taka sérstakt tillit til endurskipulagningar og uppbyggingar á starfsemi Ferðamálaráðs og Ferðaskrifstofu ríkisins. Í þessari n. áttu sæti Brynjólfur Ingólfsson ráðuneytisstjóri, sem var formaður n., Heimir Hannesson lögfræðingur og Lúðvík Hjálmtýsson framkvæmdastjóri. En starfsmaður n. var Ólafur Steinar Valdimarsson skrifstofustjóri. N. samdi frv., sem hún sendi rn. með bréfi dags. 8. des. 1972, og var það síðan lagt fram á 93. löggjafarþingi, en varð ekki útrætt. Frv. var lagt fram að nýju haustið 1973 óbreytt að öðru leyti en því að gildistökuákvæði 34. gr. var breytt, einnig ákvæði til bráðabirgða II um boðun til ferðamálaþings. Umr. var ekki lokið er þingið var rofið vorið 1974.

Við umr. um frv. á Alþ. og meðal þeirra aðila, sem málið snerti mest, komu fram athugasemdir og ábendingar varðandi einstaka þætti þess sem ástæða hefur þótt til að kanna nánar. Jafnframt hefur þróun í ferðamálum verið svo ör á undanförnum árum að einstök atriði í frv. þurfa fyrir þær sakir breytinga við. Samgrn. skipaði því með bréfi, dags. 18. ágúst 1975, nýja n. til endurskoðunar á gildandi lögum um ferðamál. Skyldi endurskoðunin grundvölluð á frv. því, sem áður er nefnt, en jafnframt mæltist rn. sérstaklega til að n. hefði eftirtalin atriði í huga við endurskoðun sína:

1) Yfirstjórn verði gerð einfaldari og viðaminni en frv. gerði ráð fyrir, m. a. með niðurfellingu ákvæða um árlegt ferðamálaþing, en hins vegar, ef um ferðamálaþing væri að ræða, yrði það á u. þ. b. 4 ára fresti eða eftir hverjar alþingiskosningar, og ákvæði sett í frv. hvernig það skuli upp byggt. Auk þessa verði yfirstjórn ferðamálanna þannig að hægt sé að sameina þar hugmyndina um stjórn Ferðamálastofnunar og Ferðamálaráðs. Hlutverk þessarar yfirstjórnar er að sjálfsögðu stefnumótun í ferðamálum.

2) Öll sölustarfsemi, þar með talinn rekstur Ferðaskrifstofu ríkisins og sumarhótela, verði eins og nú er sérstök stofnun sem heyri beint undir samgrn.

3) Reynt verði sérstaklega að finna leiðir til að girða fyrir ólögmætan ferðaskrifstofurekstur einkaaðila.

4) Réttur leiðsögufólks verði tryggður í lögunum að því leyti er ferðaskrifstofur nota leiðsögu í ferðir sínar.

Umrædd n., en í henni voru þau Ólafur Steinar Valdimarsson skrifstofustjóri, sem var formaður, Birgir Þorgilsson sölustjóri, Heimir Hannesson lögfræðingur, Vigdís Finnbogadóttir leikhússtjóri og Þorvarður Elíasson framkvæmdastjóri, skilaði till. sínum til rn. og er frv. það, sem hér er flutt, óbreytt að mestu ef frá eru taldar nokkrar minni háttar lagfæringar sem rn. hefur gert.

Frv. er skipt í 6 kafla, auk þess sem þar eru ákvæði til bráðabirgða.

I. kaflinn er um tilgang og yfirstjórn og kemur þar fram að við þróun og skipulagningu ferðaþjónustu skuli höfð hliðsjón af þjóðhagslegri hagkvæmni og umhverfisvernd.

Í II. kafla frv. er fjallað um Ferðamál Íslands en ráðið skal fara með stjórn ferðamála undir yfirstjórn samgrn. Er það sama fyrirkomulag og nú ríkir, en samsetning ráðsins er nokkuð breytt, þannig að þar sitji fyrst og fremst fulltrúar þeirra aðila sem beinna hagsmuna hafa að gæta og starfa beint að ferðamálum. Undantekning frá þessu meginsjónarmiði er þó aðild Náttúruverndarráðs og Sambands ísl. sveitarfélaga, en kostir náins samstarfs við Náttúruverndarráð og sveitarfélögin með mótun ferðamálastefnu eru augljósir, auk þess sem mörg ferðamálafélög starfa á vegum sveitarfélaga og er því rétt að veita þeim aðild að ráðinu.

Í frv. er lagt til að Ferðamálaráði skuli skipa sérstaka stjórn sem í eigi sæti þeir tveir ráðsfulltrúar sem samgrn. skipar beint svo og fulltrúar þeir í Ferðamálaráði sem tilnefndir eru af Félagi ísl. ferðaskrifstofa, Flugleiðum og Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda. En þessir þrír aðilar eru fulltrúar stærstu atvinnugreina í ráðinu. En jafnframt yrði ráðinn sérstakur ferðamálastjóri sem mundi taka við embætti núv. framkvæmdastjóra Ferðamálaráðs auk annarra og nýrra verkefna sem honum yrðu falin.

Gert er ráð fyrir að kostnaður af starfsemi Ferðamálaráðs verði greiddur úr ríkissjóði eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum, en einnig er gert ráð fyrir að á vörusölu Fríhafnarinnar í Keflavík verði lagt sérstakt gjald, sem nemi 10% af árlegu söluverðmæti, og skuli fé, sem þannig er aflað, ráðstafað til landkynningarstarfsemi á vegum ráðsins. Um þennan þátt vil ég segja það, að mér finnst ekki óeðlilegt að nokkuð af þessum fjármunum sé notað til landkynningarstarfsemi vegna rekstrar Keflavíkurflugvallar. Hins vegar orkar það tvímælis að hafa hér um markaðan tekjustofn að ræða, því að yfirleitt er ég nú andstæður þeim, en taldi samt rétt af þessari ábendingu að láta við svo búið sitja.

III. kafli frv. fjallar um Ferðaskrifstofu ríkisins og er gert ráð fyrir því í 10. gr. að hún annist alla almenna starfsemi ferðaskrifstofa, en þó þykir rétt að starfsemi hennar taki ekki frekar en nú þátt í samkeppni um sumarleyfisferðir Íslendinga til útlanda, heldur skuli starfsemi hennar fyrst og fremst beinast að því að skipuleggja ferðir fyrir íslenska og erlenda ferðamenn um Ísland og greiða fyrir slíkum ferðalögum. Annað skilyrði fyrir rekstri Ferðaskrifstofu ríkisins er að henni er gert að starfrækja sumarhótel í húsnæði heimavistarskóla, eins og Ferðaskrifstofan hefur raunar gert í allmörg ár. Þessi rekstur er nauðsynlegur til þess að geta haldið uppi eðlilegum áföngum í ferðum hópa um landið. Yfirleitt hefur ekki verið um það að ræða að rekstur Edduhótelanna hafi verið í beinni samkeppni við hótel sem rekin eru allt árið. Sjálfsagt er að Ferðaskrifstofan forðist líka samkeppni, en láti heils árs hótel njóta viðskipta eftir því sem unnt er, enda er rekstur slíkra hótela jafnan erfiður, hvar á landinu sem er, eins og kunnugt er, og rekstur yfir veturinn gjarnan byggður á arðbærum rekstri yfir sumartímann.

IV. kaflinn fjallar um almennar ferðaskrifstofur. Eru þar helstu breytingar frá gildandi lögum þær að fellt er niður skilyrði sem forstöðumaður ferðaskrifstofu þarf að uppfylla samkvæmt gildandi lögum um lágmarksaldur, nám og starfsreynslu við ferðaskrifstofustörf, enda er ljóst að auðvelt er að sniðganga þessi ákvæði. Er því brugðið á það ráð að setja í staðinn ákvæði um að einn eða fleiri af starfsmönnum hverrar ferðaskrifstofu skuli á hverjum tíma hafa að baki staðgóða þekkingu og reynslu í ferðamálum, og leggur rn. mat á þau atriði í hverju einstöku tilfelli. Ég held að hér sé um breytingu að ræða sem er mjög til bóta, því að það er óeðlilegt að setja það að skilyrði að forstöðumaður ferðaskrifstofu þurfi að hafa þessa þekkingu. Það nægir að starfsmaður í skrifstofunni hafi hana.

Leyfi til rekstrar ferðaskrifstofu er nú bundið því skilyrði að lögð sé bankatrygging sem eigi sé lægri en 1½ millj. kr., og er löngu ljóst að sú upphæð er allt of lág. Hér er því gert ráð

fyrir að upphæðin nemi ekki minna en 7 millj. kr., og er það í samræmi við þær breytingar sem orðið hafa á verðgildi íslenskrar krónu frá því að þetta ákvæði kom fyrst inn í lög. Enn fremur eru settar nánari reglur um greiðslu þessa fjár, en þær hefur vantað í gildandi lög. Er hér átt við það ákvæði að ef ferðaskrifstofu brestur getu til þess að flytja farþega heim, sem hún hefur séð um flutning á út úr landinu, þá skuli grípa til þess fjár.

Ég tel að nauðsyn beri til í sambandi við þessa grein að athuga um ákvæði að heimilt sé að endurskoða verðgildi fjárins á einhverju árabili, t. d. á þriggja ára fresti, og mun ég benda n. á það við meðferð málsins hér í hv. deild.

Ég vil bæta því við í sambandi við þessa grein, að frá því er nú horfið að gera að skyldu að ferðaskrifstofur skili rn. reikningum sínum og þannig hafi rn. eftirlit með þeim, enda hefur reynsla af því ekki gefist vel. Er því ákvæðið um að nota þessa fjármuni, tryggingarfjármunina, til þess að skila farþegum heim sett inn í staðinn.

V. kafli frv. hefur að geyma ákvæði um Ferðamálasjóð. Er þar gert ráð fyrir nokkru víðtækara starfssviði sjóðsins en nú er. Samkvæmt gildandi ákvæðum má sjóðurinn lána til framkvæmda við gisti- og veitingastaði og hefur hann því raunar starfað frekar sem hótelsjóður, en ekki sem almennur ferðamálasjóður. Með þessu fyrirkomulagi hafa vissir þættir ferðamála orðið útundan við fjárfyrirgreiðslu. Er því lagt til að sjóðnum verði heimilað að veita lán gegn fullum tryggingum til annarra þátta ferðamála en framkvæmda við gisti- og veitingastaði, enda verði með lánveitingunum staðið að þróun íslenskra ferðamála. Tekjum sjóðsins er breytt á þann hátt að gert er ráð fyrir að árlegt framlag úr ríkissjóði hækki í 40 millj. kr., auk þess sem lánsheimild sjóðsins verður hækkuð í allt að 300 millj. kr. Gildandi reglur um lán úr sjóðnum hafa þótt nokkuð þungar í vöfum og er því gert ráð fyrir einfaldari aðferð í frv., þannig að sérstök n., sem í eigi sæti tveir fulltrúar frá Ferðamálaráði og einn frá rn., fjalli um allar umsóknir um lán úr sjóðnum og geri till. þar um. Í sambandi við framlag ríkisins vil ég geta þess að það mun vera 16 millj. á fjárlögum nú, en gert er ráð fyrir með bráðabirgðaákvæði að það fari upp í 25 millj. á næsta ári og þar næsta svo upp í 40 millj.

Í sambandi við útlánareglur Ferðamálasjóðs er sú breyting gerð að stjórnin ákveði einstakar lánveitingar, en þær skuli hins vegar hljóta staðfestingu ráðh.

Í VI. kaflanum eru ýmis ákvæði. Er það nýmæli að heimilt sé að leggja þá skyldu á herðar þeim aðilum, sem skipuleggja hópferðir um Ísland, að þeir kaupi tryggingu hjá viðurkenndu tryggingafélagi vegna kostnaðar sem hljótast kann af leit eða björgun farþega sem ferðast á þeirra vegum. Mjög algengt er að gera þurfi út björgunarleiðangur til þess að leita að týndum ferðamönnum eða til flutnings á slösuðu ferðafólki á sjúkrahús. Þessi störf hafa hingað til að mestu eða öllu leyti verið unnin í sjálfboðavinnu, að sjálfsögðu með verulegum kostnaði fyrir viðkomandi aðila. Eðlilegt er að þeir aðilar, sem skipuleggja hópferðir, beri fjárhagslega ábyrgð á slíkum tilvikum og tryggi sig gegn þeim. Því er þetta heimildarákvæði sett í frv., en nánari skilgreining þarf í reglugerð. Til þess að koma í veg fyrir framangreind óhöpp ber brýna nauðsyn til að leiðsögumenn séu með í ferðum, sérstaklega í óbyggðum landsins, og þeir séu fyllilega starfi sínu vaxnir. Töluvert virðist algengt að svo sé ekki, ekki síst þegar erlendir hópar ferðast hér um með erlenda leiðsögumenn sem ekki hafa nægilega þekkingu á íslenskum staðháttum og íslensku veðurfari. Því er í kafla þessum ráðherra heimilað að ákveða að í nánar tilteknum ferðum séu hafðir leiðsögumenn sem hlotið hafa sérstaka þjálfun til slíkra starfa.

Ákvæði til bráðabirgða nr. I, II og III eru sett til þess að auðvelda breytingu frá núverandi ástandi til þess sem frv. gerir ráð fyrir að verði þegar það hefur verið samþykkt.

Herra forseti. Ég hef nú gert grein fyrir frv., sem hér liggur fyrir, og mun við starf n. víkja að nokkrum atriðum sem ég vildi benda á. T. d. vil ég koma því að við meðferð þessarar hv. d. í sambandi við fjármál þessara ferðaskrifstofa að þeim sé skylt að hafa löggilta endurskoðendur og samgrn. geti krafist reikninga þeirra ef ástæða þykir til að einhverjum sérstökum ástæðum.

Ég vil leyfa mér að fara þess á leit við formann samgn. þessarar hv. d., sem fær þetta mál til meðferðar, að hann og n. leiti eftir samstarfi við samgn. hv. Nd. til þess að þær geti unnið að þessu máli saman, því að mín löngun er að þetta frv. nái fram að ganga á þessu þingi. Ég tel að það séu í því margir þættir sem nauðsyn beri til að koma nú í framkvæmd, ferðamálin séu og eigi að vera verulegur þáttur í okkar þjóðarbúskap og því verði sem fyrst að ganga frá löggjöf sem sé í samræmi við ákvæði frv. Yfirleitt var samstaða um flest þau atriði sem í frv. eru. Þó er þar undantekning, eins og með stjórn stofnunarinnar, en það getur að sjálfsögðu orðið athugað í nefnd.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. samgn.

Umr. frestað.

Fasteignasala, frv. (þskj. 489). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 403). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 520).

Efri deild, 87. fundur.

Miðvikudaginn 7. apríl, að loknum 86. fundi.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 475). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Atvinnuleysistryggingar, frv. (þskj. 476). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Eftirlaun til aldraðra í stéttarfélögum, frv. (þskj. 477). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Álbræðsla við Straumsvík, frv. (þskj. 138, n. 433 og 457). — Frh. 2. umr.

Frsm. minni hl. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Mér þykir leitt að hæstv. iðnrh. skuli ekki sjá sér fært að vera við 2. umr. um lagafrv. þetta þar sem hér er um harla mikilvægt mál að ræða, en um það mun nú eigi að sakast úr því sem komið er.

Eins og form. iðnn., hv. þm. Steingrímur Hermannsson, gat um í ítarlegri framsögu sinni með áliti meiri hl. n., var talsvert rætt í n. um mengunarvarnir, þá aðallega af minni hálfu, og eftir því gengið að um þann lið yrði fjallað, enda skal fúslega játað að þar var síst af öllu um að ræða neina fyrirstöðu af hálfu form. n. eða nm. að þetta yrði gert.

Ég taldi ákaflega þýðingarmikið að upplýsingar kæmu fram í fyrsta lagi um það hversu gefist hefði að láta þessa álverksmiðju starfa án hreinsitækja í 6 ár, svo sem heimilað var af viðreisnarstjórninni skv. ráðleggingum sömu verkfræðilegra ráðunauta og þeirra sem fyrst og fremst hafa vélað um þann viðbótarsamning sem hér er nú til umr., í öðru lagi af sömu sérfræðilegu ráðunautum og þeim sem stóðu að baki hæstv. iðnrh. í undirbúningi málmblendiverksmiðjunnar frægu á Grundartanga, og svo náttúrlega jafnframt og samtímis nákvæmlega sömu verkfræðingum sem nú liggja hæstv. iðnrh. að því er virðist á hálsi fyrir að hafa látið freistast til þess að treysta á ráðleggingar þeirra og útreikninga í orkumálum yfirleitt og því sem lýtur að stóriðju á Íslandi.

Það, sem fram kom varðandi mengun frá álverinu í iðnn. Ed., var í stuttu máli þetta:

Í reyknum frá álverinu, eins og það er rekið nú án hreinsitækja, eru 14—16 kg af flúor fyrir hvert tonn af áli sem framleitt er, og fór þar að líkum. En dæmalaust mun vera í öðrum svonefndum siðmenntuðum löndum að leyfilegt sé að bræða ál með meira úrfalli af flúor í reyk heldur en sem nemur 1 kg fyrir hvert tonn og jafnvel minna.

Það kom fram í n. að rannsóknum og sýnatöku varðandi flúormengun frá álverinu hefur verið ábótavant, einkum þeim rannsóknum sem lúta að mengun þegar frá dregur álverinu. Sýni, sem tekin hafa verið í grennd við álverið, hafa leitt í ljós að flúormengun er þegar fyrir löngu komin hátt upp fyrir hættumörk, orðin mjög mikil. Engin viðhlítandi athugun hefur verið gerð á áhrifum flúors frá verksmiðjunni á garðagróður í Hafnarfirði, ekki síðan Ingólfur Davíðsson gerði þar athugun og hlaut snuprur fyrir hér á Alþ. Ekki komu fram upplýsingar sem bentu til þess að neins konar ráðstöfun hefði verið gerð til þess að tryggja trúverðugan frágang á öðrum eiturefnum frá verksmiðjunni, svo sem blásýrusamböndum í kerbrotum eða því um líku, sem upp á bar á sínum tíma og átti e. t. v. sinn þátt í því að umhverfisverkfræðingi, sem starfaði hjá heilbrrn., var vikið úr starfi.

Þá kom einnig í ljós að fyrrv. iðnrh., Magnús Kjartansson, sem setti reglugerð varðandi meðferð eiturefna og annarra hættulegra efna árið 1973, taldi sig hafa búið þannig um hnútana að álverið þyrfti rekstrarleyfi heilbrigðisyfirvaldanna á sama hátt og aðrar verksmiðjur hérlendis, þrátt fyrir gerðardómsákvæðin, ákvæðin um að um deilumál skuli farið til erlends gerðardóms. Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri heilbrrn. fullyrti við iðnn. d., að verksmiðjan kæmist ekki hjá því að setja upp þessi tæki innan tveggja ára, og taldi að svo dyggilega væri um hnútana búið að ekki yrði betur gert með sérstöku samningsákvæði.

Að þessari og öðrum fullyrðingum fengnum í þá veru að hreinsitækjum verði komið upp og hlýtt til um strängustu stöðlun sem tíðkast á byggðu bóli erlendis, þá féllst ég á það sjónarmið að um það mál verði ekki frekar fjallað að þessu sinni.

Þá er að víkja að samningi þeim að öðru leyti sem hér er ráðgert að staðfestur verði með lögum.

Það má telja samningi þeim, sem hér er um að ræða, til gildis að með honum er ákvæðum frumsamningsins við Alusuisse, þeim ákvæðum hans sem brjóta hvað grófast í bága við réttlætiskennd alþýðu manna, breytt að formi til þannig að þau geta samrýmst lagaákvæðum. Hér á ég við skattgreiðslu- og framleiðslugjalds-

ákvæðin. Þegar fjallað var um gamla samninginn hér á hv. Alþ. á sínum tíma var vitnað í þessi ákvæði því til sönnunar að íslendingar mundu hljóta verulegan arð af heimildinni til Alusuisse til atvinnurekstrar hér á landi og því til sönnunar að ekki skipti máli að öllu leyti þótt raforkuverðið til álhringsins væri lágt. Gróðinn átti að fást af skattinum og framleiðslugjaldinu. Reyndin varð náttúrlega sú, eins og að var unnið, svo sem dæmin sanna, að skatturinn, sem fyrirtækið átti að greiða okkur, varð að inneign fyrirtækisins hjá íslendingum sem gerði betur en að éta upp framleiðslugjaldið, og er nú ekki að furða þótt ónefndur hv. þm. í þessari d., sem einnig á sæti í iðnn., lýsti yfir því að það væri ekki að sökum að spyrja, það þyrfti ekki að fara ítarlega ofan í þetta þegar jafnsnjallir menn hefðu lagt í gerð þessa samnings og þessa frv. allmikla vinnu, eins og þeir segðu sjálfir frá.

Að öðru leyti en því sem lýtur að formbreytingum tel ég þennan fyrirhugaða samning fráleitan, enda er hann, eins og fyrr segir, gerður af sömu mönnum og fyrri samninginn gerðu, að vísu nokkur tími liðinn, en viskan greinilega óbreytt. Í áliti minni hl. iðnn. leyfi ég mér að kalla viðbótarsamning þann, sem hér um ræðir, ítrekun á fyrri mistökum. Hjá því varð náttúrlega ekki komist að þessi viðbótarsamningur yrði afleiðing af fyrri mistökum. Ætlunin var að hann yrði til leiðréttingar á þeim mistökum, en ekki til ítrekunar, og ef það mark næðist ekki að leiðrétta mistök þessi, þá yrði slíkur samningur sem þessi alls ekki gerður. Í þessum samningi felst ekki nein marktæk leiðrétting á þeim hróplegu mistökum sem skjalfest voru í frumsamningnum við Alusuisse, heldur er hann raunar staðfesting á þessum mistökum og ítrekun á þeim, því að tækifæri sem bauðst til þess að knýja fram breytingar á frumsamningnum í valdi þeirra 20 mw. af raforku sem hinn erlendi auðhringur sóttist eftir.

Ég ætla að reyna að stilla mig um það að eyða mjög löngum tíma í það að rekja hér afrekaskrá sérfræðinganna okkar, verkfræðinganna og hagfræðinganna, sem hafa leitt okkur þó þennan spöl áleiðis sem við erum komnir út í orkufrekan iðnað. Það er ekki skemmtisaga, heldur dálítið sorgleg saga — kannski í hæsta lagi grátbrosleg saga, eins og af skipi sem alltaf er að fjara uppi, en auðnast aldrei að farast almennilega og setur því marga menn á höfuðið. Hitt má vera íhugunarefni fyrir okkur, að við skulum enn lúta í þessu efni forustu sömu manna, sem gerðu upprunalega samninginn við svissneska álhringinn, þar sem við afsöluðum okkur meira en helmingnum af raforku landsins fram til ársins 1997 fyrir verð sem samsvarar röskum 50 aurum á kwst., en landsmenn þurfa sjálfir að borga margfalt það verð fyrir sömu gæði, og sýnt má heita að enn eigi þessi viðskipti eftir að verða okkur fyrir tímans rás miklu óhagstæðari áður en lýkur samningstímanum.

Svo að við drepum þó aðeins niður fæti í áttunda hverju spori þessara manna á framfarabrautinni síðan, þá gerðu þeir það næst að koma upp kísilgúrverksmiðju í Mývatnssveit — fyrirtæki sem hefur valdið okkur ótrúlega miklu tjóni á skömmum tíma. Þeir hafa samið merkilegar frumáætlanir um stórkostleg erlend iðjuver önnur. Og síðast, en ekki síst, þá hafa þessir framsýnu umbótamenn reist sér óbrotgjarnan minnisvarða — eða við ættum kannske heldur að segja: grafið sér ógleymanlega minnisgröf á Grundartanga í samstarfi við Union Carbide. Í þeirri gröf hafði maður raunar vonast til þess að ljúka mundi umsvifum þessara afla í svipinn. En hér hafa menn þó, þessir sömu aðilar, lagt fram frumdrög að nýjum samningi við Alusuisse og að því er mér skilst samið þetta frv., sem hér liggur fyrir þessari hv. d. til umfjöllunar, eftir að hv. Nd. hefur aukið alin við skömm sína með því að samþ. það óbreytt þrátt fyrir augljósa meingalla.

Ég vík sennilega aftur að þrálátri tilhneigingu þessara aðila til þess að taka rangar ákvarðanir. Mig langar ekki til þess að nudda þeim upp úr einu né neinu í þessu sambandi og læt nægja í bili þá afsökun, þá auðskiljanlegu afsökun að þegar menn með sérstaka hæfileika hafa álpast með annan fótinn í öfugan skólinn, þá er hinum náttúrlega hætt.

Við umr. um lagafrv. betta í Nd. var sýnt fram á það skilmerkilega af hálfu þm. Alþb., sem þar tóku til máls, að samningur sá, sem hér er fjallað um, væri alls ekki æskilegur, þessi viðbótarsamningur gerði viðskipti okkar við Alusuisse í heild hvergi nærri hagkvæm, með því að semja nú við útlendinga um sölu á 20 mw. orku til viðbótar og heimila þeim á þann hátt að auka starfsemi sína hérlendis um 10% værum við í raun réttri aðeins að auka umfang óhagstæðra viðskipta.

Við athugun á málinu kemur í ljós að jafnvel þótt litið væri á samninginn sem sjálfstæðan samning, óháðan gamla samningnum, þá væri hann einnig sem slíkur óhagstæður. Fyrirhugað orkuverð, sem hér er fjallað um, verðið á þessum 20 mw., er nefnilega undir kostnaðarverði. Fram á það hefur verið sýnt með ljósum rökum að þar sem rætt er um afgangsorku til álversins í þessum viðbótarsamningi, þar eru skilyrðin fyrir afhendingunni svo ströng af hálfu álversins að þau jafngilda fyllilega þeim skilyrðum sem íslendingar sæta um forgangsorku. Við höfum til samanburðar samninginn fræga sem hv. Alþ. samþ. fyrir u. þ. b. ári um raforkusölu til málmblendifélagsins, og samanburðurinn leiðir í ljós að skilyrðin, sem Landsvirkjun er ætlað að uppfylla varðandi sölu afgangsorku til álversins í Straumsvík með þessum nýja samningi, eru miklu strangari en þau sem um var samið við málmblendifélagið. Hér er raunverulega um að ræða sölu á 20 mw. af forgangsorku til Álfélagsins á verði, sem nemur 5—5.7 mill fyrir kwst. eða um 97 aurum, og það verð bundið með sáralitlum hækkunarmöguleikum og óvissum hækkunarmöguleikum allt fram til ársins 1997, eins og í gamla samningnum. Norðmenn hafa ákveðið verðhækkun á raforku hjá sér ein 11 mill eða 1.80 kr. fyrir kwst. til nýrra fyrirtækja á þessu ári og kveðið á um árlega endurskoðun þess verðs. Og svo að aðeins sé minnt á það, þótti okkur fyrir skemmstu norska raforkuverðið allmerkilegt til viðmiðunar. Þá var um það rætt í sambandi við málmblendifrv.

og raunar tekið fram í þeim samningi að norskt raforkuverð skyldi notað til viðmiðunar.

Hér er sem sagt gerður nýr samningur um raforkusölu til stóriðju þótt það sé kallaður viðbótarsamningur. Hér er gerður samningur um sölu á 20 mw. af raforku til erlends auðhrings fyrir verð sem nemur um það bil helmingi þess verðs, sem talið er eðlilegt, og fyrir verð, sem er samanlagt langt undir kostnaðarverði. Í norska verðinu, sem ég vitnaði til, 1.80 kr. fyrir kwst., með álögðum endurskoðunarákvæðum er miðað við hækkandi virkjunarkostnað.

Flytjendur þess frv., sem hér liggur fyrir, virðast ekki einu sinni taka mið af framleiðslukostnaði rafmagnsins eins og hann er núna, ekki af virkjunarkostnaði, hvað þá af fyrirsjáanlega síhækkandi virkjunarkostnaði. Það, sem þeir taka mið af er þeir réttlæta frv., er beinlínis hinn varasami samningur sem upprunalega var gerður við Alusuisse þar sem við vorum skuldbundnir með erlendum gerðardómsákvæðum til að selja auðhringnum meira en helminginn af allri raforkuframleiðslu Landsvirkjunar fyrir verð sem nam þá, fyrir 6 árum, ekki framleiðslukostnaðarverði og fyrir verð sem nú nemur ekki ⅓ af framleiðslukostnaðarverði ef miðað er við nýjar virkjanir allt fram til ársins 1997. Og svo að enn sé vitnað til þess máls, sem við fjölluðum um fyrir ári í sambandi við orkusölu, málmblendimálsins, þá getur að finna á 50. bls. þess frv. grg. verkfræðinga Landsvirkjunar um framleiðslukostnað á raforku. Þar segir, og gáið að því þetta er grg. þeirra samin fyrir hálfu öðru ári:

„Verkfræðideild hefur reiknað út hið svokallaða kostnaðarverð á raforku frá Sigöldu og Hrauneyjafossi. Sé reiknað með 40 ára annuiteti og 9.1% reiknivöxtum og jafnframt gert ráð fyrir því að rekstrarkostnaðurinn sé 0.5% og á byggingartíma 12% af stofnkostnaði kemur út verðið 9.4 mill fyrir kwst. af forgangsorkunni."

Skv. upplýsingum, sem fram komu í ræðu hæstv. iðnrh. í Sþ. í dag, er framleiðslukostnaðurinn nú áætlaður 1.50——1.80 kr. Eftir allgóðum heimildum hef ég þær upplýsingar að framleiðslukostnaðurinn við Hrauneyjafoss og Sigöldu muni fara talsvert yfir 1.80 kr.

Síðan þessir verðútreikningar voru gerðir hafa sem sagt orðið mjög miklar verðbreytingar og lánakjör stórversnað og vextir hækkað, lánstími verið styttur og allar vélar og hráefni stórhækkað í verði. Og það þarf raunar ekki vitnanna við um að norska verðið, sem ég tilgreindi áðan, er undir raunverulegu kostnaðarverði raforku hér á landi.

Svo að ég víki ítarlegar að norsku verðhækkuninni, þá var meðalverð raforku til stóriðnaðar í Noregi um það bil 70 aurar á kwst árið sem leið, þegar meðalverðið til stóriðju á Íslandi var um 50 aura. Meðalverðið í Noregi var um 70 aura á kwst. árið sem leið. Þar er um að ræða gamla samninga með hækkunarákvæðum sem miðast við það að flest af hinum stóru raforkuverum Noregs eru byggð fyrir áratugum og margsinnis búin að borga sig upp. Nú um áramótin hækkar svo verðið á norsku raforkunni, svo sem áður var frá sagt, allar götur upp í 1.80 kr. fyrir kwst. með ákvæðum um árlega endurskoðun sem eru í stórum dráttum á þá lund, að raforkuverðið skuli þó ekki hækka um meira en 5% á ári, en sýni vísitala raforkuverðs meira en samanlagða 15% hækkun á þriggja ára tímabili samfelldu, þá skuli verðlagsgrundvöllurinn tekinn til endurskoðunar.

Í skýringum með þessari verðhækkunarákvörðun norðmanna er skýrt tekið fram að framleiðslukostnaður sé nú hærri en nemur þessu verði sem ákveðið er, þ. e. a. s. 1.80 kr., vegna mikils kostnaðar við smíði nýrra orkuvera, en æskilegt þyki í bili að verðjafna orku norsku ríkisvirkjananna þannig að mismunur á orkuverði til nýrra og gamalla iðjuvera verði ekki jafnmikill og ella hefði orðið. Gömlu raforkuverin eru látin borga niður verð nýrra orkuvera til þess að halda verðinu fyrst um sinn niðri í 1.80 kr.

Í sjónvarpsviðtali fyrr í vikunni fjallaði Jóhannes Nordal seðlabankastjóri, formaður Landsvirkjunarstjórnar, um rekstrarhorfur raforkuveranna hér á landi og sagði berum orðum að þau væru nú rekin með tapi. Hann sagði að ekki hefði verið við það miðað við verðlagningu á raforku að raforkuverin gætu safnað sér í stofnsjóði til þess að byggja ný orkuver. Hann sagði raunar berum orðum að til mundi þurfa að koma mjög mikil hækkun á raforkuverði til þess að standa undir rekstrarkostnaði og afborgunum af lánum. Ég fæ nú ekki séð af frv. því, sem hér liggur fyrir, eða viðbótarsamningnum, að Swiss Aluminium eða dótturfyrirtæki þess hér á landi, ÍSAL, sé ætlað að bera verulegan hluta af þeirri verðhækkun. Raunar fæ ég ekki betur séð en að Swiss Aluminium sé ætlað að halda framvegis rétti sínum til þess að fá hér raforku undir framleiðslukostnaðarverði og að íslenskum notendum sé ætlað að halda áfram að borga niður raforku fyrir Alusuisse. Að vísu virðist mér að íslenskir raforkukaupendur þurfi að borga minna með raforkunni til þessarar 10% aukningar, sem hér á að heimila við álverið, heldur en með rafmagninu til upprunalegu verksmiðjunnar, en þar má líka á milli vera. Ég veit ekki betur en reykvíkingar borgi nú kr. 8.11 fyrir kwst., en Alusuisse borgar 97 aura fyrir kwst. skv. nýja samningnum, þ. e. a. s. fyrir 20 mw. Fyrir 40 mw., sem Alusuisse kaupir til hins eldra hluta verksmiðjunnar, borgar fyrirtækið ekki nema röska 50 aura. Íslendingar hafa frá upphafi borgað með raforkuverðinu til Alusuisse, og þeir gera það með þessum nýja samningi sem hér er fjallað um.

Reyndar heyrði ég það ekki á máli Jóhannesar Nordals að honum kæmi það svo mjög á óvart að raforkuverin hefðu ekki getað lagt í stofnsjóði til þess að standa undir nýjum virkjunum. Ég heyrði það á engu hans orði. Það eru líka liðin býsna mörg ár síðan fjallað var af mestri elju hér á Alþ. um gamla álbræðslusamninginn, víst ein 10 ár, en þá var samningur vissulegu réttlættur með því að ágóðinn af raforkusölu til Alusuisse yrði svo mikill að hann mundi standa undir virkjunum framtíðarinnar. Í yfirliti, sem fylgdi álbræðslufrv. 1966, þar sem fjallað er um þjóðhagsleg áhrif álbræðslunnar og áhrif hennar á þróun raforkumálanna segir m. a. á bls. 96, með leyfi forseta.

„Sé litið á rekstrarafkomu Landsvirkjunar fram

til ársins 1985, eins og hún mundi verða skv. hvorri leiðinni fyrir sig, kemur í ljós að samanlagður tekjuafgangur fram til ársins 1985 mundi án vaxta verða 700 millj. kr. meiri ef gerður yrði rammasamningur við álbræðsluna" — rammasamningurinn sem gerður var. „Er þá þegar búið að reikna inn í dæmið allan kostnað af byggingu nýs orkuvers er kæmi í stað hluta Búrfellsvirkjunar er framleiddi raforku fyrir álbræðsluna" — þ.e. a. s. Sigöldu. „Sú mikla lækkun framleiðslukostnaðar raforku fyrir innlendan markað, sem samningurinn við álbræðsluna gerir mögulega, gæti að sjálfsögðu komið fram annað hvort í lægra raforkuverði eða örari uppbyggingu raforkukerfisins, eftir því hvað þætti þjóðhagslega hagkvæmara."

Sem sagt, upp á það var boðið — og hv. þm. er ákaflega auðvelt að fletta þessu upp sjálfum — upp á það var boðið af þeim snillingum, sem þessa útreikninga gerðu, að velja á milli þess hvort við vildum nota hagnaðinn af samningnum við Alusuisse til þess að byggja ný orkuver eða lækka verð raforku — til þess að virkja við Sigöldu. Einhvern veginn hef ég nú staðfestan grun um það — ég veit ekki hverju hv. þm. trúa — að hagnaðurinn af samningunum við Alusuisse nægi ekki beinlínis til þess að borga Sigölduvirkjun. Þetta stendur sem sagt á bls. 96 í yfirliti því er fylgdi frv. 1966 varðandi efnahagsleg áhrif af samningnum við Alusuisse og áhrif samningsins á þróun raforkumála. Og nú er tímabært að spyrja, fyrst það kom berlega fram hjá stjórnarformanni Landsvirkjunar í fyrri viku að ekki hefði verið lagt til hliðar fé af hinum hagsælu viðskiptum við Alusuisse til þess að halda áfram virkjun fallvatnanna okkar: Hvað hefur þá orðið af þessum gróða? Hvar hefur hann komið fram í lækkun raforkuverðs til íslenskra neytenda? Hafi raforkusalan til Alusuisse borgað niður verðið til innlendra aðila, þá hljóta einhverjir og það heldur betur stórir kaupendur að hafa fengið raforku við lægra verði en rúma 50 aura fyrir kwst.

Við vitum það býsna vel að þessu var öfugt farið, hefur verið öfugt farið og verður það. Íslendingar borguðu niður orkuna til Alusuisse öll þessi ár með margföldu verði og eru skuldbundnir til að gera það áfram fram til ársins 1977. Og þegar gera á viðbótarsamning fram til ársins 1997 um sölu á 20 mw. þrátt fyrir ósköpin, þá eiga íslendingar enn að greiða með samningnum — eða eiga einhverjir kost á því að fá keypt rafmagn hjá Landsvirkjun, einhverjir íslendingar, 20 mw. á verði sem svarar 97 aurum á kwst? Hvers konar prósentureikningsmenn skyldu nú þeir vera sem mynda meiri hl. í hv. Nd., sem samþ. þetta frv.? Og það kemur svo í ljós innan tíðar hvort það eru sams konar snillingar sem mynda meiri hl. í þessari hv. deild.

Vitaskuld er samningsfrv., sem hér liggur fyrir, gert í skugga ráðleysis — skugga ráðleysis þeirrar stjórnar sem getur ekki fundið verkefni fyrir landsmenn sjálfa til þess að nota orku landsins. Þetta frv. er samið náttúrlega í skugga fyrri afglapa — afglapanna sem framin voru í fyrri samningum við Alusuisse og afglapanna sem framin voru á Alþ. í fyrra þegar þessir sömu hv. þm. flestir hverjir, þeir sömu að amtmanninum undanþegnum, létu blekkja sig til þess að samþ. frv. um samningana við málmblendifélagið þar sem ákveðið var að verja þriðjungi orkunnar frá Sigöldu til þess að bræða upp í Hvalfirði útlenda málmspæni og flytja þá aftur úr landi, — þessir þm. sem höfnuðu hugmyndinni um að nota heldur aflið frá Sigöldu til þess að leysa af hólmi erlenda olíu, rándýra og sífækkandi í verði, til þess að hita upp húsin úti á landsbyggðinni þar sem ekki var kostur á heitu vatni, — mennirnir sem lokuðu augunum fyrir því að við gætum notað það lánstraust, sem átti að verja til verksmiðjunnar uppi á Grundartanga, og það fé, sem til hennar átti að verja, til þess að koma upp sæmilegu dreifikerfi til þess að við gætum dreift orkunni út um landið, — og mennirnir sem voru dauðir, dumbir fyrir öllum hugmyndum um það að íslendingar gætu af eigin rammleik framleitt úr eigin hráefnum verðmæti til þess að flytja úr landi og koma þessari orku í verð. Þetta samningsuppkast var gert að tilhlutan þessara sömu manna sem ekki virðast sjá nokkra leið til þess að við íslendingar getum sjálfir nytjað orku landsins til þess að bæta lífskjör þjóðarinnar og auka framleiðslu hennar og bæta landið.

Ég ýjaði í þá átt áðan að sumir hverjir hefðu verið að gefa okkur vonir um að iðjan stóra uppi á Grundartanga mætti þó hýsa endanlega og í eitt skipti fyrir öll snilldarbrögð og áform þeirra manna sem hafa sýslað um stóriðjumálin hér á landi fram að þessu, sem sagt að hin mikla og háþróaða athafnaþrá þeirra mætti komast þarna undir eina mikla græna torfu til frambúðar, ekki síst með tilliti til þess sem þeir áorkuðu í samningum sínum fyrr meir við Alusuisse. En það hefur ekki verið mokað ofan í þessa gryfju enn. Hér liggur sem sagt fyrir okkur enn eitt plagg útbúið af þessum sömu aðilum, og ég fæ ekki betur séð en hv. Alþ. ætli enn þrátt fyrir allt, sem við blasir á þessum skjölum, að lúta leiðsögn þessara manna, jafnvel þeir hv. þm. í þessari d. sem gjarnan hefja mál sitt með svofelldum orðum: Ég á nú að heita bisnessmaður og hafa vit á viðskiptum. Jafnvel þeir menn, sem gjarnan hefja mál sitt með þessum orðum, virðast ætla í góðri trú, þrálátri, nánast ódrepandi trú á forsjón sérfræðinganna að láta hafa sig til þess að samþ. þetta frv.

Við skulum staldra aðeins við og bera saman þennan samning um heildsöluverð á raforku frá Landsvirkjun til ÍSALs og samsvarandi samning við Rafmagnsveitur Reykjavíkur sem annast síðan dreifingu, þ. e. a. s. smásölu, til einstakra viðskiptavina, en Rafmagnsveita Reykjavíkur er næststærsti viðskiptavinur Landsvirkjunar á eftir ÍSAL. Við skulum sem sagt íhuga samninginn við Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Þá kemur raunar fyrst í ljós að Rafmagnsveitu Reykjavíkur hefur aldrei verið sýndur sá sómi að gera við hana neins konar sölusamning. Rafmagnsveita Reykjavíkur kaupir orkuna samkv. gjaldskrá Landsvirkjunar og gjaldskrá sem Landsvirkjun hefur náttúrlega á sínu valdi að breyta eftir því sem henni þóknast og þá m. a. eftir því hversu mikla peninga hún þarf að fá frá

íslenskum notendum til þess að standa undir tapi af viðskiptum við ÍSAL. Og það er þess háttar breyting sem stjórnarformaður Landsvirkjunar, Jóhannes Nordal, hefur boðað opinberlega, þess háttar hækkun sem hann hefur boðað opinberlega nú fyrir skemmstu.

Í viðtali við Gísla Jónsson prófessor, sem birtist í einu Reykjavíkurblaðanna í dag um raforkuverðið, segir hann frá því að athugun, sem hann hefur gert á viðskiptum Landsvirkjunar við Alusuisse annars vegar og við almenna íslenska raforkukaupendur hins vegar, þ. e. a. s. rafmagnsveiturnar, hafi leitt í ljós að Alusuisse borgi um það bil 13% af þeirri upphæð sem fyrirtækinu beri samkv. athugun á reikningum ef ekki ætti að vera um halla að ræða. Mismuninn borga íslenskir kaupendur. Það vantar 87% upp á að Alusuisse borgi kostnaðarverð fyrir þessa raforku, og verðið, sem rafmagnsveiturnar kaupa orkuna á frá Landsvirkjun, er 40% of hátt.

Þó að ekki sé gerður neinn samningur um kaup á raforku til Rafmagnsveitu Reykjavíkur frá Landsvirkjun, þá eru aftur á móti í gildi reglur um afhendingu orku til Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Við skulum athuga þær reglur lítils háttar vegna þess að Aðalsteinn Guðjohnsen rafmagnsveitustjóri Reykjavíkur staðhæfir að þessar reglur hljóði eingöngu upp á forgangsorku. Reykjavíkurborg kaupir eingöngu forgangsorku frá Landsvirkjun, og í þessum reglum höfum við skilyrðin sem upp þarf að fylla til þess að um forgangsorku geti verið að ræða á orkusölunni til Reykjavíkur. Verðið er þrenns konar fyrir þessa forgangsorku eftir notkunartíma og lægst fyrir 4000 klst. kaup eða lengri. Meðalverðið á árinu sem leið til Rafmagnsveitu Reykjavíkur var um það bil 2.35 kr. fyrir kwst. fyrir forgangsorkuna.

Í skýringum við frv., sem hér er um fjallað, á bls. 34, segir að 60% af þeim 20 mw., sem fyrirhugað sé með samningi þessum að selja ÍSAL, séu umframorka. Ég staðhæfi samkv. þeim söluskilmálum, sem við eyjarskeggjar megum una, að hér sé um að ræða forgangsorku, og vitna enn til rafmagnsveitustjóra Reykjavíkur, Aðalsteins Guðjohnsens, sem fullyrðir að öll sú orka, sem Rafmagnsveita Reykjavíkur kaupir af Landsvirkjun, sé forgangsorka. 6. gr. er um afhendingu þessarar forgangsorku. Það er best að ég lesi þann hluta 6. gr. sem um þetta fjallar, en hann er svona, með leyfi forseta: „Verði Landsvirkjun ókleift af atvikum, sem hún fær ekki ráðið við, sbr. 1. málsgr. 4. gr., að afhenda kaupanda umsamið rafmagn, er Landsvirkjun laus undan samningsskyldu sinni til afhendingar rafmagns að svo miklu leyti sem slík atvik valda. Hins vegar skal Landsvirkjun eins fljótt og auðið er gera það sem í hennar valdi stendur og réttmætt getur talist vegna kostnaðar til þess að ráða bót á slíkum atvikum.“ — Hér er um að ræða sem sagt skilmála fyrir afhendingu forgangsorku til Reykjavíkurborgar. — „Sjái Landsvirkjun fyrir að truflanir muni verða á afhendingu rafmagns skal hún eins fljótt og unnt er gera kaupanda aðvart um það. Landsvirkjun hefur rétt til þess að rjúfa um stundarsakir afhendingu rafmagns vegna nauðsynlegrar vinnu við virki hennar. Rofið skal vera eins skammvinnt og frekast er auðið og á þeim tímum sólarhrings að það valdi að dómi Landsvirkjunar hlutaðeigandi notendum rafmagns sem minnstum baga. Landsvirkjun skal, ef kostur er, tilkynna kaupanda fyrirhugað rof með hæfilegum fyrirvara. Landsvirkjun er heimilt að rjúfa afhendingu rafmagns fyrirvaralaust ef lífshætta liggur við eða verulegar skemmdir á eignum. Hrökkvi afl eða orka, sem Landsvirkjun hefur til umráða, ekki til þess að fullnægja almennum rafmagnsþörfum á orkusvæði hennar og samningsbundinni afhendingu rafmagns eða leggja þarf hömlur á vöxt rafmagnsnotkunar, getur stjórn Landsvirkjunar gert ráðstafanir til almennrar takmörkunar á afhendingu rafmagns til kaupenda Landsvirkjunar. Stjórninni er heimilt að takmarka afhendingu rafmagns eða stöðva hana með öllu til hluta veitusvæðisins á mesta álagstímanum eða gera aðrar hliðstæðar ráðstafanir, en hún skal ávallt gæta þess að slíkar takmarkanir komi sem jafnast niður á öllum kaupendum og notendum og valdi þeim sem minnstum baga. Ef ráðstafanir, sem Landsvirkjun er unnt að gera og gera þarf til almennrar takmörkunar á afhendingu rafmagns, yrðu einstökum kaupendum til óhóflegs baga er stjórninni heimilt að undanskilja þá, eftir því sem unnt er. En hún getur þá fyrirskipað að þeir geri sjálfir ráðstafanir til takmörkunar á rafmagnsnotkun sinni til jafns við aðra, að viðlagðri fullri stöðvun á afhendingu rafmagns frá Landsvirkjun um langan eða skamman tíma eftir því sem við á og þurfa þykir. Ef ráðstafanir þær, sem Landsvirkjun getur beitt og beita þyrfti til nauðsynlegra takmarkana, yrðu almennt til óhóflegs baga ber stjórn Landsvirkjunar í stað slíkra ráðstafana eða jafnframt þeim að leita til ráðh. um fyrirskipun almennrar skömmtunar við sölu rafmagns til notenda á orkusvæði Landsvirkjunar.“

Hér er um að ræða skilyrðin fyrir afhendingu forgangsorku til Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Í samningi þeim, sem hér er um að ræða við ÍSAL, er Landsvirkjun skuldbundin til að afhenda þessi 20 mw. með nákvæmlega sams konar skilyrðum, þ. e. a. s. 60% sem hér eru talin afgangsorka, — með nákvæmlega sams konar skilyrðum og forgangsorka er afhent til Rafmagnsveitu Reykjavíkur, þ. e. a. s. nema til komi vatnsskortur við orkuverin eða truflanir á veitukerfinu, auk óviðráðanlegra afla. Hér er um að ræða forgangsorku samkv. þeim skilmálum sem íslendingar mega una. Afsökun fyrir hinu fáránlega lága orkuverði til ÍSALs með því að kalla orkuna afgangsorku nær þess vegna engri átt. Hér er það kallað afgangsorka sem afgreitt er til ÍSALs, en heitir forgangsorka þegar það er selt íslendingum. Hér heitir það afgangsorka sem selt er til Alusuisse á 97 aura kwst., en heitir forgangsorka þegar selt er til Rafmagnsveitu Reykjavíkur á 2.35 kr. kwst. Og enn spyr ég og beini þá fyrst og fremst máli mínu til hv. þm. Alberts Guðmundssonar sem gjarnan með réttu hefur mál sitt með svofelldum orðum: Ég á að heita sérfræðingur í viðskiptum — þykja honum þetta góð viðskipti, þykir honum raunverulega eðlilegt, að Swiss Aluminium sé seld

vara á 97 aura einingin samtímis því sem innkaupastofnun Reykjavíkurborgar á raforku er seld þessi sama eining á 2.35 kr.?

Það, sem kallað er aftur á móti forgangsorka til Alusuisse, — það sem þar er kallað forgangsorka nýtur allt annars konar trygginga. Í samningum við Alusuisse er afhending þeirrar orku raunverulega tryggð með því ákvæði að orkan skuli afhent, hvort sem hún er til í kerfi Landsvirkjunar eða ekki, og framleidd þá í dísilstöð á kostnað Landsvirkjunar.

Hér er um að ræða í þessum samningi sölu á 60% þessara 20 mw. með sömu skilyrðum og við lútum um forgangsorku og forgangsorkuverð, en afgangurinn, 40%, sem kallast forgangsorka í þessum viðbótarsamningi, er tryggður með sömu skilmálum og forgangsorkan í gamla samningnum, þ. e. a. s. að hún skuli afhent hvort sem hún er til í kerfinu eða ekki og þá með því að keyra dísilstöðvar. Hér er ekki aðeins um það að ræða að við séum að auka við mjög svo óhagstæðan orkusölusamning við svissneska auðhringinn án þess að fá á honum neinar verulegar breytingar til úrbóta, heldur er um hitt að ræða í þessum samningi, verði hann samþ. hér á hv. Alþ., að við aukum umfang óhagstæðra viðskipta við svissneska álhringinn, aukum tap okkar af viðskiptum við hann og ítrekum staðfestingu á þessum samningi sem bindur okkur fram til ársins 1997.

Í upphafi máls míns komst ég svo að orði, að telja mætti e. t. v. þessum viðbótarsamningi það til gildis, að breytingar á skattgreiðslu- og framleiðslugjaldákvæðunum miðuðu í þá átt að fella ákvæði fyrra samnings inn í þess háttar ramma sem sveigjanleg réttlætiskennd hefur sætt sig við fyrir þrýsting margra ára rangsleitni. Hér er ekki verið að leiðrétta rangsleitnina sem felst í því að við látum þessum erlenda auðhring í té orku og vinnuafl og aðra framleiðsluaðstöðu langt undir sanngirnisverði, heldur er aðeins verið að færa það í lög að þetta megi gera, þetta skuli gert.

Ég andmæli því að þessi samningur verði gerður. Ég held því fram að frekari viðskipti við ÍSAL komi ekki til greina eins og staðan er nú í skjóli fyrra samnings á jafnhrapalegan hátt og raun ber vitni. Við höfum nóg að gera við þau 20 mw. raforku sem hér er um fjallað. Ég vil aðeins vitna í ummæli forustumanna íslensks iðnaðar á þá lund að fengju þeir raforku með hliðstæðum kjörum og útlendingar hér á landi þá yrði þeim ekki skotaskuld úr því að gera starfsemi sína að hálaunaiðnaði í stað þess að nú væru þeir neyddir til þess að gjalda fólki sínu óhæfilega lágt kaup, og þeim yrði þá ekki heldur skotaskuld úr því að greiða skatta og opinber gjöld. Fyrir liggja staðhæfingar frá forustumönnum íslensks iðnaðar að ef þeir nytu sams konar kjara og erlendum stóriðjufyrirtækjum er ætluð á Íslandi um kaup á raforku, þá yrði íslenskum iðjuverum ekki skotaskuld úr því að hefja útflutning á íslenskum iðnaðarvörum til annarra landa. Svo kemur náttúrlega enn eitt sem skiptir ekki litlu máli. Rafmagnsveita Reykjavíkur kaupir sem sagt raforku á heildsöluverðinu 2.35 kr. kwst., samtímis því sem ÍSAL kaupir hana á röska 50 aura að meginhluta til, en fyrrgreind 20 mw. á meðalverðinu 97 aurum.

Ég fæ ekki betur séð en munað gæti allverulega um það í rekstrarkostnaði heimilanna á Landsvirkjunarsvæðinu öllu, að Reykjavík meðtalinni, ef Rafmagnsveita Reykjavíkur fengi orkuna selda á sama verði og ÍSAL fær hana. Oft var þörf, en nú er óumdeilanleg nauðsyn að neyta til þess allra ráða að lækka framfærslukostnað í landinu. Og ég fæ ekki séð með hvaða hætti jafnvel þeir, sem sjá mjög góðan gest í ÍSAL hér á landi og miklu betri viðskiptavin en ég þykist sjá í því fyrirtæki, — ég fæ ekki skilið að þeir geti andmælt því, að íslensku rafmagnsveiturnar, þessar innkaupastofnanir þegnanna á raforku til heimilisnota, eigi rétt á því að njóta a. m. k. jafngóðra viðskiptakjara og þessir erlendu auðhringir. Ég vitna enn í ummæli Gísla Jónssonar prófessors sem staðhæfir í blaðaviðtali í dag að ÍSAL greiði 87% of lítið fyrir það rafmagn sem fyrirtækið fær hjá Landsvirkjun, en íslensku rafmagnsveiturnar, innkaupafyrirtæki borgaranna á raforku, borgi 40% of mikið.

Ég kom lítillega inn á það í upphafi hversu ÍSAL hefur þráast við, allar götur frá því að fyrirtækið byrjaði að vinna hérna, að setja hreinsitæki á verksmiðjuna sams konar þeim sem tíðkast hvarvetna á byggðu bóli þar sem komið hefur verið upp álbrennslum síðustu 30 árin. Ég hef enn ekki vikið að hagsældinni, hvernig nánustu grönnum þessa fyrirtækis, mönnum sem helst líða fyrir mengunina sem frá fyrirtækinu stafar, hefur vegnað í öðrum viðskiptum við það. Til sanns vegar má færa að tilkoma álversins hafi kippt stoðunum undan atvinnuháttum hafnfirðinga og menningarlegri afkomu á ýmsan handa máta. Ég vil vekja athygli á því í beinum tengslum við það, sem áður hefur verið sagt um sérréttindi þessa fyrirtækis hér á landi, að fyrir skemmstu voru gerðir kjarasamningar, nýir kjarasamningar, við ÍSAL, þetta fyrirtæki sem fær raforku frá Landsvirkjun fyrir verð sem nær ekki hálfu framleiðslukostnaðarverði. Þetta fyrirtæki gerði nýlega nýja kjarasamninga við íslendinga. Þeir hafa ekki fengist birtir, en hitt hefur verið staðhæft, að þar hafi verið samið um miklu betri kjör við starfsfólk álversins heldur en þau sem fólk í samsvarandi starfsgreinum utan álversins fékk í sínum nýafstöðnu samningum eftir langt verkfall. Það vita allir, sem vita vilja að ein af meginástæðunum fyrir því, hvernig ástatt er nú um útgerð í Hafnarfirði og aðra iðju þar, er sú að þessu ríki í ríkinu, ÍSAL, suður við Straum er gert kleift að kaupa starfsfólk burt frá útgerðinni, burt frá öðrum iðngreinum.

Hv. þm. Steingrímur Hermannsson, frsm. meiri hl. iðnn., sagði í upphafi framsögu sinnar með frv. þessu að margir sérfræðingar hefðu lagt mikla vinnu og erfiði í samningu þessa frv. Ég vil í lok míns máls vekja athygli á því að það er ekki í fyrsta sinn sem þessir sömu sérfræðingar komast með miklum erfiðismunum að rangri niðurstöðu.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Fulltrúar Alþb. í iðnn. beggja d. hafa gert skil því máli, sem hér er á dagskrá, og skýrt svo rækilega afstöðu Alþb. að ég mun aðeins drepa hér á nokkur sérstök atriði.

Meðal landsmanna hafa frá öndverðu ríkt mjög andstæðar skoðanir á þeirri stefnu að gera á sínum tíma samning við erlendan auðhring um starfrækslu álbræðslu hér á landi. Þessi grundvallarágreiningur er að sjálfsögðu fyrir hendi enn. En meðal þeirra, sem hlynntir eru þessari stefnu, að erlendir auðhringir hreiðri um sig í íslensku atvinnulífi, er þó að verða sífellt meira ríkjandi sú skoðun að hrapallega hafi verið að samningsgerðinni um álverið staðið og illa á fjárhagslegum atriðum haldið af hálfu íslenskra stjórnvalda þar sem orkusalan til auðhringsins var með þeim hætti að rafmagnið var selt undir kostnaðarverði. Með því frv., sem hér liggur fyrir, á m. a. að reyna að klóra yfir þetta og fá nokkra endurskoðun til hækkunar á því hlálega lága rafmagnsverði sem um var samið.

Eitt af því, sem felst í þeim viðaukasamningi sem hér er verið að gera um heimild til stækkunar álversins, eru ný ákvæði um rafmagnsverð, á þann veg að það hækkar, en samtímis eru skattgreiðslur fyrirtækisins verulega lækkaðar frá því sem við upphaflega gerð samningsins var talið að þær mundu verða, en þá var við það miðað að framleiðslugjaldið jafnaðist á við og kæmi í stað almennra skatta. Reyndin hefur orðið sú að þeim, sem stóðu að upphaflegu samningunum um álverið, brást ekki aðeins bogalistin við samningana um rafmagnsverð, heldur hefur farið svo, ef tekið er tillit til skattinneignar álversins, að skattgreiðslurnar virðast ætla að verða æðidýrar. Óljóst virðist þó hvað þessi skattinneign fyrirtækisins og hugsanleg skattinneign í lok samningstímans merkir í raun. Á bls. 33 í grg. með því frv., sem hér er til umr., segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Í málsgr. 29.09 eru síðan sérákvæði um skattinneign ÍSALs samkv. gildandi samningi, þ. e. útistandandi eftirstöðvum pr. 30 sept. 1975. Er fjárhæð inneignarinnar umsamin á grundvelli afkomu ÍSALs á árinu 1975, sem er neikvæð, og með hliðsjón af þeim upplýsingum sem fengist hafa við endurskoðun reikninga ÍSALs árin 1973 og 1974, sem ríkisstj. hefur látið fara fram. Þessi inneign á að endurgreiðast af framleiðslugjaldi umfram lágmark samkv. grunntaxta."

Og á bls. 39 í grg. segir — með leyfi hæstv. forseta — í d-lið:

„Framleiðslugjaldið hefur verið háð þeirri takmörkun, sem fyrr segir, að ÍSAL getur eignast rétt til endurgreiðslu á því ef greiðslur gjaldsins á einhverju ári fara fram úr 50% af nettóhagnaði félagsins eftir það ár. Myndar umframfjárhæðin þá skattinneign á móti síðari skattgreiðslum, og ber að greiða hana niður með jöfnuði við þær jafnskjótt og aðstæður leyfa."

Og í e-lið:

„Um þessa notkun skattinneignarinnar gildir þó sú veigamikla takmörkun, að ekki má nota til jöfnunar á henni þann hluta framleiðslugjaldsins sem svarar til upphaflegs taxta (12 dollarar og 50 cent og síðan 20 dollarar), heldur aðeins það andvirði þess sem stafar af hækkunum taxtans eftir 15. starfsár eða taxtahækkunum vegna breytinga á heimamarkaðsverði.

Um það hefur verið deilt, hver réttur ÍSALs kunni að vera vegna skattinneignar sem nýtist ekki til skuldajafnaðar á samningstímanum. Telur Alusuisse að sú inneign mundi þá eiga að endurgreiðast, en lögfræðingar viðræðunefndar telja að hún muni eiga að falla niður."

Allt er þetta því í meira lagi óljóst.

Samkv. upplýsingum frsm. meiri hl. iðnn. Nd. nemur mismunur á greiddu framleiðslugjaldi undanfarandi ár og núverandi skattinneign álversins 251.6 millj. kr. þegar skattgreiðslurnar eru allar færðar til gengis dollarans 1. okt. s. l. Skattinneign álversins er miðað við gengi dollars 1. okt. s. l. 704 millj. kr., þannig að verði talið að íslenska ríkið og Hafnarfjarðarbær eigi að greiða þessa skattinneign með frádrætti frá framleiðslugjaldi á næstu árum, þá hafa nettóskattgreiðslur frá upphafi aðeins numið um 250 millj. kr. og ætti sú upphæð þá ein að koma í staðinn fyrir alla venjulega skatta á atvinnufyrirtækið allan þann tíma sem fyrirtækið hefur starfað.

Ég var andvígur samningunum um álverði þegar þeir voru gerðir, og ég er andvígur þessu frv. sem hér er til umr. En ég tel að þeim, sem ætla að standa að samþykkt þess og þar með að heimild til stækkunar álversins, beri skylda til að tryggja áður óyggjandi niðurstöðu varðandi skattinneign fyrirtækisins, sem veldur því að fyrirtækið sleppur að verulegu leyti við eðlilegar skattgreiðslur, og eigi því að setja það að skilyrði fyrir afgreiðslu frv. að núverandi skattinneign hreinlega falli niður, ekki síst með tilliti til þess hve hlálega lágt rafmagnsverðið hefur verið þegar orkuverð hefur verið að stórhækka erlendis. Það hefur komið í ljós, sem þeir spáðu sem voru andvígir upphaflegu samningunum, að auðhringurinn, sem sjálfur ræður verði hráefnisins til álversins og öllum ferli framleiðslunnar, hefur átt hægt með að hagræða útkomu í rekstri þess hluta framleiðslunnar sem hér skiptir máli, á þann veg að framleiðslugjaldið næmi miklu lægri upphæð en þær skattgreiðslur hefðu orðið, sem framleiðslugjaldið á að koma í staðinn fyrir. Hér er um æðimikla hagsmuni ríkissjóðs og Hafnarfjarðarbæjar að tefla, og ég held að það væri í meira lagi óhyggilegt að tryggja ekki fjárhagslega hagkvæma lausn á því máli, sem skattinneign fyrirtækisins er, áður en stjórnvöld koma til móts við auðhringinn með heimild til stækkunar fyrirtækisins. Það gildir hið sama nú og þegar upphaflegur samningur var gerður, að það er nógu slæmt að Alþ. skuli gera samning um slík réttindi erlends auðhrings til starfa hér á landi þótt ekki sé þar á ofan svo illa á beinum fjárhagslegum atriðum haldið sem raun varð á og nær allir viðurkenna nú. Ef talið er að framleiðslugjaldið, sem á hefur verið lagt, gæti skilað sér án frádráttar vegna skattinneignar, þ. e. ef skattgjaldið væri í þeim námunda að jafnast á við almenna skatta, svo sem upp haflega var ætlast til, þá felst í þessu frv. að verið er að lækka framleiðslugjaldið og flytja greiðslur frá fyrirtækinu að verulegu leyti milli aðila með þeim hætti að auka hlut Landsvirkjunar á

kostnað ríkissjóðs og þar með Byggðasjóðs og Hafnarfjarðarbæjar.

Í upphaflegum ákvæðum um skattgreiðslu álversins fólst að því var gert að greiða sérstakt framleiðslugjald í stað venjulegra skatta og framleiðslugjaldið átti að jafnast á við þá skatta. Út frá því var gengið að þeir aðilar, sem ella hefðu fengið þessa venjulegu skatta sem önnur fyrirtæki greiða samkv. landslögum, fengju jafngildi þeirra sem sinn hluta af framleiðslugjaldinu. Í grg. með því frv., sem hér liggur fyrir, eru hinir almennu, beinu skattar, sem framleiðslugjaldið átti að koma í staðinn fyrir, taldir upp. Á bls. 38 í grg. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Reglur álsamninganna um skatta ÍSALs er aðallega að finna í 25.—30. gr. aðalsamningsins milli ríkisstj. og Alusuisse, en samkv. þeim greiðir ÍSAL sérstakt framleiðslugjald í stað venjulegra skatta hér á landi, þ. e. aðallega hina almennu, beinu skatta, sem nú eru tekjuskattur, eignarskattur, aðstöðugjald, iðnlánasjóðsgjald og fasteignaskattur."

Vegna þess, sem snýr að Hafnarfjarðarbæ í þessu máli vek ég athygli á tveim sköttum sem hér eru beinlínis nefndir og gert var í upphafi ráð fyrir að ættu að felast í framleiðslugjaldinu, þ. e. a. s. aðstöðugjaldi og fasteignaskatti, en þeir renna samkvæmt lögum til þess sveitarfélags þar sem fyrirtækið starfar. Með þessu frv. er verið að leggja til að minnka þátt framleiðslugjaldsins í greiðslum álversins og flytja þann hlut heildargreiðslnanna yfir á rafmagnsverðið. Óbreyttur hundraðshluti framleiðslugjaldsins til Hafnarfjarðarbæjar af lækkuðu framleiðslugjaldi þýðir að bæjarfélagið, sem fékk ekki að leggja eðlilega skatta á þetta fyrirtæki sem önnur í sveitarfélaginu, en átti að fá þá að verulegu leyti a. m. k. borna uppi með hluta sínum af upphaflegu framleiðslugjaldi, er nú svipt verulegum hluta þessara greiðslna, annars vegar fyrir tímabilið til þessa, ef stjórnvöld viðurkenna skattinneign álversins, hins vegar er bæjarfélagið svipt þessum greiðslum að verulegu leyti á komandi árum með því frv. sem hér er til umr., þar sem verið er að slá því endanlega föstu að skattgreiðslur af álverinu til Hafnarfjarðarbæjar skuli ekki nálgast það að nema jafngildi þeirra skatta, sem bæjarfélagið leggur á önnur fyrirtæki, og ekki nálgast það að jafnast á við þá skattgreiðslu sem upphaflegum samningi var ætlað að tryggja bæjarsjóði. Sá hluti, sem bæjarfélagið er svipt með þeim hætti, fer að verulegu leyti til Landsvirkjunar sem hefur frá upphafi notið þeirrar sérstöðu að mega selja rafmagnið beint til þessa fyrirtækis sem er á orkusvæði Rafveitu Hafnarfjarðar.

Ýmsir hafa talið óeðlilegt að sveitarfélag njóti venjulegrar skattálagningar á fyrirtæki sem eru að stærð og veltu langt umfram það sem gerist um önnur fyrirtæki í sveitarfélaginu eða í landinu almennt. En því fer fjarri að þar sé um þetta dæmi eitt að ræða. A. m. k. eru greiddir venjulegir fasteignaskattar af raforkuverum til mjög smárra hreppsfélaga, og ég hygg að greiðslur slíkra fyrirtækja til þeirra hreppssjóða séu æðihátt hlutfall af heildartekjum hreppsins af fasteignasköttum í sveitarfélaginu. Gæti hv. 6. þm. Suðurl. að líkindum frætt hv. þm. nánar um það.

Með þeirri ákvörðun í upphafi, að sérstakt framleiðslugjald skyldi koma í stað venjulegra skatta, og beinu skattana hef ég þegar tilgreint úr grg., var gert ráð fyrir að Hafnarfjarðarbær á sama hátt og ríkið tæki þessa skatta eða jafngildi þeirra með þessum sérstaka hætti. Ef miðað er við sama hlutfall Hafnarfjarðarbæjar af lækkuðu framleiðslugjaldi, þá stenst ekki lengur sú forsenda að eðlileg skattinnheimta til bæjarins fáist með hluta hans af framleiðslugjaldinu. Og ég tel rétt að koma hér á framfæri þeirri kröfu Hafnarfjarðarbæjar að hlutur bæjarins af framleiðslugjaldinu verði samsvarandi fasteignaskatti, lóðargjaldi og aðstöðugjaldi sem öðrum fyrirtækjum í Hafnarfirði er gert að greiða.

Í ræðu frsm. meiri hl. iðnn. Nd. kom fram að um skiptingu á framleiðslugjaldi, þ. e. a. s. lækkuðu framleiðslugjaldi, yrði gerður sérstakur samningur milli ríkisins og Hafnarfjarðarbæjar og flutt sérstakt frv. um það efni. Um það mál hefur ekkert frekar komið fram við meðferð þessa frv. Ég vil í tilefni af því fara þess á leit við formann iðnn. þessarar d., fyrst hæstv. iðnrh. er ekki viðstaddur, að hann taki að sér að fá hæstv. iðnrh. til þess að greina hv. þd. við 3. umr. frá því, hver er í þessu efni stefna ríkisstj. og þess þingmeirihluta sem nú ætlar að standa að breytingu á framleiðslugjaldi álversins, hver sé stefnan varðandi rétt Hafnarfjarðarbæjar til skattlagningar á þetta fyrirtæki sem þar er starfrækt. Hæstv. ríkisstj. og þeir hv. þm., sem hyggjast samþykkja það frv., sem hér er til umr., munu telja að með samþykkt þess sé verið að tryggja auknar heildargreiðslur frá álverinu miðað við þá samninga sem til þessa hafa gilt. Það er því rétt að fram komi hvort um leið eigi það að gerast með samþykkt þessa frv., að hlutur Hafnarfjarðarbæjar verði minnkaður frá því sem verið hefur miðað við óbreytta samninga, eða hvort hundraðshluti Hafnarfjarðarbæjar af framleiðslugjaldi verði með heildarlækkun þess hækkaður svo að skattgreiðslur álversins til Hafnarfjarðarbæjar verði a. m. k. ekki minni en verið hefur. Ég fer fram á að hæstv. iðnrh. svari þessu við 3. umr.

Bæjaryfirvöld í Hafnarfirði hafa gert rækilega grein fyrir sínu sjónarmiði í þessu máli í grg. sem þeir hafa sent þingmönnum Reykjaneskjördæmis. Ég tel rétt að þessi grg. og bréf bæjarstjórans í Hafnarfirði komi fram í þessum umr. Ég tel ekki rétt að afgreiðslu þessa frv. ljúki hér á hv. Alþ. án þess að þessi sjónarmið og rökstuðningur bæjaryfirvalda og svör við þeim komi fram. Bréf bæjarstjórans í Hafnarfirði er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Sendi yður hjálagða grg., sem samin hefur verið á vegum Hafnarfjarðarbæjar, um fyrirhugaðar breytingar á skattlagningu ÍSALs, sbr. frv. um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstj. Íslands og Swiss Aluminium um álbræðslu við Straumsvík. Vakin er athygli yðar á samkomulagi sem gert var á milli Hafnarfjarðarbæjar og ríkisstjórnar Íslands 1966 um ýmsa þætti varðandi fyrirhugaða álbræðslu í Straumsvík. Forsenda

þess samkomulags var mörkuð hlutdeild bæjarins í hinum beinu sköttum fyrirtækisins, eins og þeir voru taldir eðlilegir samanborið við önnur atvinnufyrirtæki í landinu. Frv. gerir ráð fyrir staðfestingu samnings um verulegar breytingar á skattgreiðslum ÍSALs svo og staðfestingu á breytingum á hafnar- og lóðarsamningum (viðauki B) sem Hafnarfjarðarbær er aðili að, án þess að gengið hafi verið frá samkomulagi við bæjaryfirvöld þar um. Teljum við því óeðlilegt að frv. verði afgreitt óbreytt sem lög frá Alþingi fyrr en gengið hefur verið frá nýjum samningum við Hafnarfjarðarbæ að því er tekur til þessara þátta.

Virðingarfyllst,
Kristinn Ó. Guðmundsson."

Þessu bréfi fylgir svo hljóðandi grg.:

„Greinargerð um fyrirhugaðar breytingar á skattlagningu ÍSALs.

Skattlagning ÍSALs er ákveðin samkvæmt sérstökum lögum, og er fyrirtækinu gert að greiða svonefnt framleiðslugjald í stað venjulegra skatta. Fyrir Alþingi liggur nú frv. um breytingu á reiknigrundvelli framleiðslugjaldsins, raforkuverði til ÍSALs o. fl. Í hinum fyrirhuguðu breytingum felst m. a. verulegur tilflutningur á tekjum af fyrirtækinu úr framleiðslugjaldi yfir í greiðslur fyrir raforku. Vafalítið munu framleiðslugjaldsgreiðslur eftir hinum nýju reglum verða einungis lágmarksgreiðslur, 20 dollarar á tonn, a. m. k. næsta áratug og jafnvel út samningstímabilið. En greiðslur eftir gildandi reglum mundu aukast með hækkandi álverði og batnandi hag fyrirtækisins. Virðist mega meta þessa skerðingu á væntanlegum framleiðslugjaldsgreiðslum á samningstímanum sem 35—55%. Þá er sérstaklega vert að vekja athygli á því að framleiðsulgjald samkvæmt hinum nýju reglum er einkar ónæmt fyrir erlendri verðbólgu eða nánar tiltekið gildisrýrnun bandarikjadollars, en gildandi reglur veita verulega tryggingu gegn henni. Það hefur einkum verið talið til ágalla núverandi skilmála um raforkuverð að þeir veittu ekkert viðnám gegn verðrýrnun dollars. Breytingin hefur hins vegar í för með sér að áhættan og tapið af minnkandi raungildi dollarans flyst yfir á skattgreiðslurnar.

Við gildistöku núverandi ákvæða um skattlagningu ÍSALs var svo um samið að Hafnarfjarðarbær fengi ákveðinn hundraðshluta af framleiðslugjaldi ÍSALs og kæmi það í stað venjulegrar álagningar sveitarfélagsins á starfsemi þess. Af framansögðu er ljóst að með fyrirhugaðri breytingu á reiknigrundvelli framleiðslugjaldsgreiðslna eru allar forsendur brostnar fyrir þessu samkomulagi við Hafnarfjarðarbæ, svo stórlega sem álagningargrundvöllurinn mun skerðast við breytinguna. Með hliðsjón af nauðsyn þess fyrir bæjarfélagið, að tekjustofnar þess fylgi almennum verðlagsbreytingum og réttur bæjarins til eðlilegra tekna af atvinnurekstri í bænum verði ekki fyrir borð borinn, er það eðlileg og sjálfsögð krafa bæjarins að hann njóti þeirra tekna af fyrirtækinu sem aðstöðugjöld og fasteignagjöld mundu veita. Því telur bæjarstjórn einsýnt að gengið verði frá nýju samkomulegi við Hafnarfjarðarbæ vegna skattlagningar ÍSALs, þess efnis að ríkissjóður standi bæjarsjóði skil á fasteignagjöldum og aðstöðugjöldum af rekstri fyrirtækisins, enda annist ríkissjóður hér eftir sem hingað til innheimtu framleiðslugjaldsins. Þetta samkomulag verður að gera áður en frv. verður afgreitt sem lög frá Alþingi."

Í eftirfarandi grg. er mál þetta reifað nánar. Er fyrst gerð stuttlega grein fyrir gildandi reglum, síðan eru fyrirhugaðar breytingar raktar og gerður samanburður á greiðslum samkvæmt gildandi ákvæðum og fyrirhuguðum reglum. Loks er vikið sérstaklega að hlut Hafnarfjarðar í þessum efnum:

„Núgildandi reglur:

Samkvæmt gildandi reglum er lagt framleiðslugjald á hverja smálest áls sem afskipað er frá bræðslunni eða í birgðum umfram 23 500 tonn. Framleiðslugjaldið er ákveðið sem grunngjald, 20 dollarar á tonnið, miðað við að skráð verð á áli sé 27 cent á enskt pund, að viðbættum 7 dollurum fyrir hvert cent sem verðið fer upp úr 27 centum og sama frádrætti á cent fyrir verð undir 22 centum. Að undanförnu hefur verðið verið 39 cent og tilsvarandi framleiðslugjald því 104 dollarar á tonn. Gjaldskylda er þó takmörkuð að hámarki við 50% af nettóhagnaði fyrirtækisins samkvæmt reikningum. Á hinn bóginn eru ákvæði um lágmarksskatt, 235 þús. dollara á ári, sem er gjaldskyldur án tillits til afkomu, og gildir hann því ef hagnaður er minni en 470 þús. dollarar. Framleiðslugjald er greitt við afskipun, en ákvæðið um gjaldskyldu samkvæmt reikningum kemur ekki til skoðunar fyrr en í árslok. Framleiðslugjaldsgreiðslur umfram gjaldskyldu mynda skattinneign. Hana má síðan nota síðar til þess að mæta þeim hluta framleiðslugjaldsins sem er umfram grunngjaldið, 20 dollarar á tonn. Verður því ævinlega að inna af hendi greiðslu af grunngjaldinu, 20 dollara á tonn að lágmarki, þrátt fyrir skattinneign. Greiðslur af tonni áls nema þannig hverju sinni frá 20 dollurum á tonn upp í álagt framleiðslugjald nú, 104 dollara, allt eftir því hvort skattinneignin er fyrir hendi eða ekki.

Breytingar á reglum:

Hinar nýju skattlagningarreglur samkvæmt fyrirliggjandi frv. eru í megindráttum upp byggðar með sama hætti og gildandi reglur. Í frv. er gert ráð fyrir að lágmarksskattur verði 20 dollarar á tonn og er það grunngjald eins og áður og þar við bætist hækkun með álverði. Enn fremur eru ákvæði um hámarksskatt. Viðmiðunartölum er hins vegar breytt og nokkur atriði endurskilgreind:

1) Áður miðaðist grunngjaldið 20 dollarar á tonn við álverðið 27 cent, en samkvæmt frv. á grunngjaldið að miðast við 40 cent. Eftir gildandi reglum er framleiðslugjaldið 111 dollarar við 40 centa verð, en á að lækka í 20 dollara.

2) Stighækkun með álverði, sem nú er 7 dollarar á hvert cent verðhækkunar, verður samkvæmt frv. 0.45 dollarar fyrir verðbilið 40—50 cent og fer síðan minnkandi með hækkandi álverði niður í 30 cent, 0.30 dollara, á cent fyrir verð hærra en 70 cent.

3) Ákvæðinu um, að gjaldskylda takmarkist að hámarki við 50% hagnaðar, er breytt í 55%, en

jafnframt leyft að draga fyrst frá varasjóðstillag allt að 20% af hagnaði. Sé sú heimild nýtt er hámarksgjaldskyldan því í reynd lækkuð úr 50% í 44% hagnaðar. Tiltekið er að þetta ákvæði gildi einungis þegar framleiðslugjald er hærra en 20 dollarar á tonn.

4) Lágmarksskattur, þegar framleiðslugjald er hærra en 20 dollarar, er ákveðinn 35% af hagnaði eftir varasjóðstillag eða 28% af hagnaði fyrir varasjóðstillag.

5) Í stað þess, að greitt sé framleiðslugjald á hverjum tíma í samræmi við ríkjandi álverð og hugsanlega myndist skattinneign af þeim sökum, er samkvæmt frv. einungis grunngjaldið, 20 dollarar, gjaldskylt við útskipun, en viðbót vegna hærra álverðs, takmörkuð af ákvæðum tengdum hagnaði, er gjaldskyld eftir árslok. Myndast því engin ný skattinneign samkvæmt ákvæðum frv.

6) Viðurkennd er skattinneign, 4.4 millj. dollara, 1. okt. s. l. og má nýta hana til að mæta gjaldi umfram grunngjald svo lengi sem hún endist. Vöxtum af skattinneign er breytt úr 5% í breytilega vexti, nú 5.6%. Verði skattinneign í lok samningstímans gerir frv. ráð fyrir að hún sé endurgreidd til ÍSALs. Ekkert ákvæði er um þetta í gildandi samningi.

Samanburður á gildandi ákvæðum og nýjum ákvæðum samkvæmt frv.:

Frv. fjallar annars vegar um verð á raforku og hins vegar um skattlagningarreglur. Í álitsgerð með frv. eru færð rök að því að samanlagðar greiðslur fyrir raforku og skatt muni hækka og sé því hagur að breytingunni. Hækkun raforkuverðs er allnokkur. Á hinn bóginn er sú hækkun í verulegum mæli á kostnað framleiðslugjaldsgreiðslna sem munu lækka. Að þessu leyti er því um að ræða tilflutning á tekjum af álverinu frá ríkissjóði, Byggðasjóði, Iðnlánasjóði og Hafnarfjarðarkaupstað til Landsvirkjunar. Hversu mikil lækkunin verður fer eftir aðstæðum á álmarkaði eða nánar tiltekið þróun álverðs og hagnaði verksmiðjunnar. Svo framarlega sem árleg verðhækkun áls er innan við 5% á ári og hagnaður minni en 5% af sölu verða greiðslur samkvæmt nýju reglunum aldrei hærri en lágmarksgjaldið, 20 dollarar á tonn, nema hugsanlega á þremur síðustu árum samningstímans 16—19 ár héðan í frá. Samkvæmt gildandi reglum væru greiðslur hins vegar mun hærri."

Þá kemur hér í grg. næst að útskýringum og línuritum sem fylgja grg. Þeim kafla sleppi ég af auðsæjum ástæðum, en síðan segir í grg.:

„Þótt erfitt sé að meta líklega verðþróun og hagnað bendir flest til að árleg meðalverðhækkun verði yfir 2.5% og jafnaðarhagnaður á þetta löngu tímabili frekar yfir en undir 5% á ári. Miðað við slíkar forsendur fela þá breytingar samkvæmt frv. í sér að framleiðslugjaldsgreiðslurnar lækka sem næst um helming. Af sjónarhóli þeirra, sem hafa hagsmuna að gæta varðandi upphæð framleiðslugjaldsins, er þó engu að síður alvarlegt hve ónæmar hinar nýju reglur eru fyrir erlendri verðbólgu. Þannig er ljóst að þótt verðhækkanir áls næmu allt að 6% á ári næstu 10 árin og meðalhagnaður um 5%, mundi einungis lágmarksgjaldið, 20 dollarar, koma til greiðslu á þessu tímabili samkvæmt nýju reglunum og skattinneign verður þá ámóta há og við upphaf samningstímans. Þessi skortur á næmleika fyrir verðhækkunum áls er þeim mun alvarlegri sem verðhækkun áls fylgir að líkindum að mestu almennum erlendum verðhækkunum eða verðbólgu í viðskiptaheimi okkar og þar með verðhækkunum á þeim aðföngum sem keypt eru til landsins. Framleiðslugjaldið mun því rýrna að raunverulegu verðgildi í hlutfalli við verðbólguna í viðskiptalöndum okkar. Í dæminu um 6% verðhækkun áls eða heimsverðbólgu stæði framleiðslugjaldsgreiðslan þannig kyrr í 20 dollurum í lok 10 ára tímabilsins þótt raungildi hefði rýrnað um 44% eða niður í 11.20 dollara á núverandi verðlagi.

Hlutur Hafnarfjarðar:

Hlutur Hafnarfjarðar í framleiðslugjaldi ÍSALs er 25% til 1. 10. 1978, en á þá að lækka í 20% samkvæmt gildandi samningi. Þegar þessi hlutföll voru ákveðin var höfð hliðsjón af þeirri aðstöðu, sem Hafnarfjörður var að láta af hendi og þeim tekjum, sem þágildandi álagningarreglur hefðu veitt bænum. Hinar fyrirhuguðu breytingar munu greinilega stórskaða hlut Hafnarfjarðar, e. t. v. um helming af framleiðslugjaldsgreiðslu til hans. Möguleikinn á verulegum tekjum vegna góðra aðstæðna á álmarkaði er nánast að engu gerður og hinar nýju reglur festa framleiðslugjaldsgreiðslur í lágmarki jafnvel við mun örari verðþróun áls og ámóta hagnað af áliðnaði og verið hefur undanfarinn áratug eða svo. Breytingarnar gera það enn fremur að verkum að framleiðslugjaldsgreiðslurnar munu rýrna mjög að raungildi með árunum og mundu t. d. nær helmingast að raungildi á einum áratug miðað við 6% árlega verðbólgu.

Þar sem rekja má þessar breytingar til óska ríkisstj. til þess að flytja tekjur úr framleiðslugjaldi yfir í greiðslur fyrir raforku er ljóst að forsendur fyrir samkomulaginu við Hafnarfjarðarkaupstað um hlut hans í framleiðslugjaldinu eru gjörsamlega brostnar. Nægir í því sambandi að vitna til skerðingar, sem í breytingunni felst, og þess öryggisleysis gagnvart verðbólgu í viðskiptalöndum okkar, sem breytingin felur í sér. Sveitarfélög eins og Hafnarfjörður verða að miða tekjustofna sína við almenna verðþróun. Svo er um fasteignagjöld og aðstöðugjöld. Með hliðsjón af þessu er það eðlilega krafa Hafnarfjarðar að við fyrirhugaða breytingu á skattlagningarreglum ÍSALs verði hlutur hans héðan í frá miðaður við fasteignagjöld og aðstöðugjöld af starfseminni. Hafnarfjarðarkaupstað skiptir ekki máli hvernig ríkissjóður hagar innheimtu á heildartekjum af ÍSAL eða hvernig Alþ. og ríkisstj. vilja skipta greiðslum af fyrirtækinu á rafmagns- og framleiðslugjald. Hins vegar er það sjálfsögð og eðlileg krafa Hafnarfjarðar að ríkissjóður standi Hafnarfjarðarkaupstað skil á þeim gjöldum sem hann á rétt á að leggja á starfsemina samkvæmt almennum lögum."

Hér lýkur þeirri grg. sem fylgdi bréfi bæjarstjórans í Hafnarfirði.

Ég hafði fyrr í ræðu minni óskað eftir því að hæstv. iðnrh. greindi hv. þd. frá því hvernig hæstv. ríkisstj. og þingmeirihluti hyggst bregðast við ósk og kröfu Hafnarfjarðarbæjar um

að við afgreiðslu þessa frv. og við samninga við Hafnarfjarðarbæ verði hlutur bæjarfélagsins ekki skertur frá því sem gert var ráð fyrir að hann yrði við gerð upphaflegs samnings. Ég vil að lokum aðeins ítreka þessa ósk og vænti þess að séð verði til þess að hæstv. ráðh. veiti skýr svör við 3. umr. um þetta mál.

Axel Jónsson: Herra forseti. Ég vil strax í upphafi lýsa yfir stuðningi mínum við meginefni þessa máls, en eingöngu gera að umtalsefni það sem síðasti ræðumaður, hv. 11. landsk., vék að í lok sinnar ræðu, þ. e. hina ítarlegu grg. frá bæjarstjórn Hafnarfjarðar varðandi þetta mál. Ég tek undir allt það, sem hann sagði varðandi það mál, og umfram það legg ég til, herra forseti, að þessari 2. umr. verði frestað þar til fyrir liggur, eins og óskað er eftir í bréfi frá bæjarstjórn Hafnarfjarðar, að gengið hafi verið frá samningi við Hafnarfjarðarbæ varðandi þetta efni. Ég tel það algjörlega óhæf vinnubrögð að ekki skuli vera búið að ganga frá jafnþýðingarmiklu atriði og hér um ræðir varðandi samning annars vegar milli ríkisins og hins vegar milli bæjarstjórnar Hafnarfjarðar, og enginn sveitarstjórnarmaður getur sætt sig við slík vinnubrögð. Þess vegna vænti ég þess, herra forseti, að sú ósk mín verði tekin til greina að 2. umr. ljúki ekki fyrr en við óskum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hefur verið orðið, í þá átt að gengið verði frá nýjum samningi við Hafnarfjarðarbæ að því er tekur til þeirra þátta sem hv. 11. landsk. vísaði hér til.

Frsm. meiri hl. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Vegna þess, sem fram kom hjá hv. 10. landsk. þm., vil ég taka það fram að ég ræddi við bæjarstjórann í Hafnarfirði einmitt um þetta mál og tjáði honum að ég mundi sem formaður iðnn. gjarnan ræða við fulltrúa hafnfirðinga á milli 2. og 3. umr. ef þess væri óskað og ekki frá samningum gengið. Hitt vil ég taka fram, að samningar við hafnfirðinga eru raunar óháðir samþykkt þessa frv. að mínu mati. Það er alveg ljóst að það verður að breyta aðild hafnfirðinga að skatttekjum þessa fyrirtækis, en það er hins vegar sjálfstæður samningur á milli hafnfirðinga og íslenska ríkisins. Aftur á móti verður þessi samningur ekki undirskrifaður án þess að lokið sé samningum við hafnfirðingana. Þannig tengjast þessi mál og því þarf ekki að hraða afgreiðslu þessa máls á þingi meira en þeim samningum liður. En ég tel rétt að hæstv. iðnrh. svari þeim spurningum, sem fram hafa komið um þessa samninga. Þeir eru algjörlega á hans vegum, að sjálfsögðu ekki á vegum iðnn.

f ræðu hv. 5. þm. Norðurl. e. kom ýmislegt fram sem mætti flytja um langt mál. Ég fagna því að hann tók fram að ég hafi verið viljugur að verða við óskum hans um hinar og þessar upplýsingar til hv. iðnn. og að kalla menn á okkar fund. En mér þykir því leiðara að ekkert virðist hafa síast inn í kollinn á honum af því sem ég vildi að þangað kæmist. Ég ætla nú ekki að fara að leiðrétta nema örlítið af því sem fram kom hjá hv. þm. Ég veit að hann er í hjarta sínu andsnúinn stóriðju. Það er mál út af fyrir sig, og það má ýmislegt um það ræða. Og ég held að hann verði það alltaf, alveg sama hvað ég segi og hvað ég reyni að skýra þau atriði sem hér eru til umr.

Hér er fyrst og fremst verið að ræða um breytingu á þeim samningi sem hefur verið gerður, og við þurfum að gera það upp við okkur hvort þessi breyting sé til bóta. Gamli samningurinn getur vitanlega staðið. Við erum samningsbundnir, hvort sem okkur líkar betur eða verr. Ég held að hv. þm. ætli ekki íslendingum að ganga á bak orða sinna og rjúfa gerðan samning. Ég hef aldrei heyrt hann segja það og aldrei staðið hann að neinu slíku. Hér varð því að ná samkomulagi við hinn samningsaðilann, og það samkomulag liggur hér fyrir. Ég leyfi mér að fullyrða að ekki hafi verið unnt að ná skárra samkomulagi, og ég tel að hér sé um að ræða verulega bót á samningnum, sem nú er í gildi, og því rétt að staðfesta þessar breytingu á samkomulaginu. Þetta er aðalatriði málsins.

Hv. þm. sagði að það væri dæmalaust, að 14—16 kg af flúor slyppu út fyrir hvert tonn sem framleitt er í álbræðslu og væri hvergi í heiminum. Þetta er alrangt, eins og greinilega kom fram m.a. hjá Eyjólfi Sæmundssyni sem mætti á fundi n. Þetta er frekar regla heldur en undantekning. (Gripið fram í.) Við erum ekki að tala um nýja verksmiðju, við erum að tala um 6 ára gamla verksmiðju. og í 6 ára gömlum verksmiðjum er þetta frekar regla heldur en undantekning. Norðmenn t.d. hafa ekki sett sínar reglur, þeir eru að því. Norsku ríkisverksmiðjurnar hafa ekki hreinsitæki. Bandaríkjamenn hafa ekki sett sínar reglur, þeir eru að því. Þetta kom greinilega fram hjá Eyjólfi Sæmundssyni sem mætti á fundum n. Það eru til nýjar verksmiðjur í Noregi með fullkomnum hreinsitækjum, eins og t.d. í Lista. Hv. þm. getur lesið um það í skýrslu fulltrúa Náttúruverndarráðs sem þangað fóru, þar sem þeir lýsa þeirri verksmiðju sem algjörlega til fyrirmyndar. Hún er þar í blómlegu 8 þúsund manna byggð og aðstaðan slík að þeir hæla henni mjög í skýrslu sinni, sem ég hygg að hv. þm. hafi fengið. Hér er verið að setja þessar reglur, og þær verða, eins og greinilega kom fram hjá fulltrúa Heilbrigðiseftirlitsins, svipaðar ef ekki þær sömu og settar verða í Noregi og Bandaríkjunum.

Það er sagt að sérfræðingar hafi vélað hæstv. iðnrh. viðreisnarstjórnarinnar — ég var einn af þeim — að ganga ekki nógu dyggilega frá þessum ákvæðum. Ég vil leyfa mér að fullyrða að það ákvæði í gamla samningnum, sem segir að þeir skuli hlíta þeim reglum sem tíðkast í iðnvæddum löndum eða kunna að verða teknar upp í iðnvæddum löndum, sé mjög gott ákvæði, og ég vil hrósa mér fyrir að eiga nokkurn þátt í því. Ég fór til Noregs, ræddi þar við fjölmarga menn í þessum iðnaði, það gat enginn gefið mér upp neinar reglur þar, en þeir sögðu: Það er enginn vafi á því að þessar reglur koma. Við getum bara ekkert sagt um það hverjar þær verða. — Þess vegna var gripið til þessa ákvæð-

is, og það er enginn vafi á því að það er þetta ákvæði sem knýr ÍSAL til þess að hlíta þeim reglum sem hér verða settar og verða í samræmi við það sem gildir í öðrum löndum. Það kom einnig greinilega fram hjá t. d. ráðuneytisstjóra heilbrn. og kemur greinilega fram í fréttatilkynningu, sem fyrrv. hæstv. iðnrh. gaf út, að fyrirtækið mun hlíta þeim reglum sem hér verða settar. Það hefur ekki mótmælt því á nokkurn máta. Allt þetta kom fram og ég gerði raunar grein fyrir þessu í framsöguræðu minni, það kom greinilega fram hjá t. d. ráðuneytisstjóra heilbrn. að ekki væri ástæða til að óttast að þarna yrði ekki farið að þeim reglum sem verða um málið settar. Þetta er aðalatriði málsins og það mikilvægasta.

Mikið var rætt um raforkuna og þar vísað mjög í norðmenn, en hvers vegna ekki líka að rekja sögu norðmanna í stóriðju? Þeir byrjuðu um aldamótin. Þeir veittu einkaleyfi til 50 ára. Sum slík einkaleyfi eru enn þá í gildi. Sá iðnaður, sem hefur þessi einkaleyfi, er með raforkuverð jafnvel fyrir neðan 1 mill, kannske niður í 10—12 aura/kwst. Því hefur ekkert verið breytt. Norðmenn eru enn þá að semja við erlenda aðila um stóriðju, hafa gert það til þessa dags. Þeir eiga hins vegar orðið lítið af hagkvæmum virkjunarmöguleikum. Norðmenn hafa ekki hækkað raforkuverð sem byggt er á eldri samningum, þeir hafa ekki gert það, og þar er raforkuverð byggt á nýlegum samningum, eftir 1960, kringum 2—3 mill mjög algengt. Að sjálfsögðu var það verð ákveðið með tilliti til virkjunarkostnaðar á sínum tíma. Um það má vitanlega deila.

Ég fyrir mitt leyti fellst á að í raforkuverði beri að taka tillit til hækkandi verðs á raforku með nýjum virkjunum, og ég get fullkomlega fallist á að raforkuverð það, sem um var samið þegar upphaflegi samningurinn var gerður, 1966, er of lágt miðað við núverandi aðstæður. Þess vegna er verið að endurskoða raforkuverðið. Ég vil hins vegar leyfa mér að fullyrða að Búrfellsvirkjun hefði ekki verið reist á þann máta a. m. k. sem gert var eða með þeim hraða sem gert var án samnings um sölu á verulegum hluta af raforkunni. Samanburður er því ákaflega óraunhæfur. Við hefðum ekki Búrfellsvirkjun með sama raforkuverði ef við hefðum ekki gert svona samning. Það er sannfæring mín og ég held að hún fái sannarlega staðist, verði varla hrakin.

Það er staðreynd að lán til Búrfellsvirkjunar voru bundin því skilyrði að sýnt yrði fram á öruggan og hagstæðan markað fyrir mjög verulegan hluta af raforkunni. Alþjóðabankinn taldi Búrfellsvirkjun of mikla byrði fyrir lítið íslenskt þjóðfélag án þess að hafa slíka tryggingu.

Ég vísa því algjörlega á bug að það raforkuverð, sem þá var samið um, standi ekki undir kostnaði við Búrfellsvirkjun að sínu leyti. Það stendur ekki undir kostnaði við raforkukerfið eins og það er orðið nú með sínum hluta, það er rétt.

Af því að ég minntist á norðmenn áðan, þá mætti náttúrlega einnig rekja þróunarsögu norðmanna í stóriðjumálum. Þar er hægt að vekja athygli á fjölmörgum ritgerðum, ræðum og fleira sem norðmenn hafa látið frá sér fara um mikilvægi erlendrar stóriðju fyrir þjóðarbúskap norðmanna. Þeir hafa sýnt fram á það í fjölmörgum ritgerðum að með þessu móti hefur þeim tekist að treysta efnahagsgrundvöll sinn, og þetta á að dómi þeirra verulegan þátt í traustu efnahagslífi norðmanna í dag.

Þetta er ekki heldur í fyrsta sinn sem við íslendingar eigum samskipti við erlent fjármagn. Erlent fjármagn átti stóran þátt í að byggja upp síldarverksmiðjur okkar og margt fleira sem nú er eða var öflugt í okkar landi. Þetta er þróun sem ég fyrir mitt leyti tel að við eigum að ganga í gegnum. En ég tek undir það að við þurftum vitanlega að takmarka slíka stóriðju mjög og gæta þess ávallt að hún verði ekki óeðlilega stór hluti í þjóðarbúskap okkar íslendinga. Það er ekki nóg að vísa eingöngu í það sem norðmenn gera í dag við ákvörðun raforkuverðs fyrir nýjar verksmiðjur. Við verðum einnig að gæta þess sem þeir hafa gert áður og við verðum þá að líta á dæmið í heild sinni. Við getum ekki notað norðmenn aðeins til þess að andmæla þeim samningi sem nú er verið að gera. Við skulum líta á samanburðinn allan.

Samanburður var gerður við raforkuverðið í Reykjavík og þar var nefnt að nýja orkan kosti 97 aura kwst. Ég hef satt að segja ekki séð það verð. Ég hélt að meðalverðið á nýju orkunni væri um 4 mill og það eru ekki 97 aurar, en hvað um það. Hins vegar var rætt mjög um afgangsorku í þessu sambandi og fullyrt að afgangsorkan til ÍSALs væri afhent með sömu skilyrðum og forgangsorkan er afhent til Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Þetta er alrangt. Í 2. málsgr. á bls. 47 í fylgiskjölum með frv. segir, með leyfi forseta:

„Að áskildu því, sem mælt er í neðanskráðum ákvæðum þessarar bókunar, skal Landsvirkjun heimilt hvenær sem er og á hverjum tíma að skerða eða rjúfa algjörlega afhendingu afgangsrafmagns, svo fremi að sú skerðing eða rof minnki eigi þá afgangsorku, sem tiltæk verði í heild á neinu einu almanaksári, niður fyrir 50% þeirrar árlegu afgangsorku sem tilgreind er í 1. málsgr.“

Ég held að hv. þm. skilji ekki hvað þarna er við átt. Ég skal reyna að skýra það. Þarna er við það átt að Landsvirkjun getur rofið þessa afgangsorku í helminginn af tímanum á einu ári. Hún getur t. d. afhent enga afgangsorku í 6 mánuði, en þá fulla í 6 mánuði. Þarna er verið að setja sem sagt neðri mörk á það, sem afgangsorkan verður rofin, til að veita fyrirtækinu eitthvert öryggi með þessa orku. Ég held að það þætti saga til næsta bæjar ef Landsvirkjun afhenti Reykjavíkurborg enga orku í hálft ár, bókstaflega enga orku í hálft ár, en það væru sömu skilyrði og hér er um að ræða. Ég held því að hv. þm. hafi hlotið að fara einhvers staðar málsgreinavillt þegar hann gerði þennan samanburð. Það, sem hv. þm. las upp, voru ákvæði, sem oft eru nefnd force majeur og eru í þessum samningi hér um forgangsorkuna, — ákvæði sem ekki eru á valdi seljanda

og geta valdið því hins vegar að hann getur ekki staðið við gerð samninga. Þetta gildir um forgangsorkuna bæði til ÍSALs og til Reykjavíkurborgar, en afgangsorkan er sem sagt bundin þessum sérstöku afhendingarskilmálum sem ég las nú og fjallað er um þarna nánar yfir lengra tímabil. Þetta er sem sagt munurinn á afgangsorkunni og forgangsorkunni. Forgangsorkuna má rjúfa ef sérstakar aðstæður valda því að ekki er unnt að afhenda hana, force majeur ákvæði, en afgangsorkan er miklu frjálsari.

Hv. þm. ræddi mjög um Íslenska járnblendifélagið. Ég vildi óska þess að hann gæti haldið svo sem eina ræðu á þessu þingi án þess að minnast á það fyrirtæki. Ég held að það sé alveg óþarfi að blanda því inn í bókstaflega öll mál. Ég lái honum e. t. v. ekki við þessa umr. að gera þar einhvern samanburð á. Það er t. d. enginn vafi á því að raforkuverðið til járnblendifélagsins er stórum hagstæðara en það sem hér um ræðir. Hann sagði að okkur hefði verið nær að fá lánsfé til að dreifa raforkunni um landið og nota til upphitunar húsa. Það var mikill hugur í mönnum hér þegar olíuverðshækkunin varð í lok ársins 1973 að ráðast í slíkar framkvæmdir, og þá var gerð áætlun af Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens. Var áætlað að eingöngu styrking dreifikerfisins mundi kosta um 4000 millj. kr. Svo mikill hugur var í mönnum að þá var rokið til og ákveðið að virkja Kröflu, ákveðið að leggja byggðalínu, ákveðið að virkja Bessastaðaá, Suðurfossá og ég veit ekki hvað og hvað fleira. Ég verð að segja fyrir mitt leyti að ég fagna því hálft í hvoru að ekki var ráðist í allar línubyggingarnar um leið. Mér skilst á síðustu áætlunum að þessar 4000 millj. séu nú nær 20 þús. millj., og staðreyndin er sú, sem betur fer, að þeim stöðum hefur stöðugt fjölgað sem notað geta jarðvarma til upphitunar og þurfa ekki raforku. T. d. er nú komið í ljós á Vestfjörðum, þar sem enginn taldi slíkt líklegt, að þar má örugglega fá jarðvarma á nokkrum stöðum og jafnvel mörgum til upphitunar. Breytir það mjög öllum forsendum fyrir línubyggingu inn á það svæði, og svo er víðar. Það er alveg vafalaust að jarðvarminn er stórum hentugri til upphitunar heldur en raforka. Það er raunar alveg vafalaust líka að raforkan á ýmsum fjarlægari stöðum er ákaflega dýr orka til upphitunar og jafnvel ódýrara að nota olíu og losna við kostnaðarsama endurbyggingu línukerfis í mesta dreifbýli á sumum stöðum, þannig að þessi fullyrðing er alls ekki einhlít og þarf að skoðast langtum betur.

Ég ætla ekki að eyða hér meiri tíma í þessar skýringar. Ég vil endurtaka það að mér eru sannarlega vonbrigði, eftir að hafa gert ítrekaðar tilraunir í iðnn. til þess að leiða hið sanna í ljós, að fá að heyra svo mikinn — ég vil kalla það misskilning frá hv. þm. í sambandi við þennan samning. En ég geri mér grein fyrir því að það er alveg tilgangslaust fyrir mig að reyna að leiðrétta það. Það hefur mistekist í fyrri tilraunum og ég ætla ekki að gera fleiri.

Umr. frestað.

Neðri deild, 88. fundur.

Miðvikudaginn 7. apríl, kl. 3 síðdegis.

Rannsókn sakamála, þáltill. (þskj. 478). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, frv. (þskj. 442). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Eins og skýrt er frá í aths. með þessu frv. er flutningur þess, eins og þar er strangt til tekið, ekki alveg bráðnauðsynlegur, sbr. þó 3. gr. frv. En með l. nr. 5 frá 13. febr. 1976 um útflutningsgjöld af sjávarafurðum, eru öll þau útflutningsgjaldaákvæði, sem um getur í 5. gr. þessa frv., numin úr þeim lögum, sem þar eru tilgreind, og tekin inn í nýju útflutningsgjaldalögin. Þessu frv. er ætlað að fylla í þær eyður sem þannig hafa myndast í umræddum lögum, og þykir þetta bæði smekklegra, skýrara og eðlilegra, sérstaklega ef lög þessi verða prentuð og skoðuð í heild.

Til þess að skýra þetta örlítið nánar má taka l. nr. 80/1971, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, sem dæmi. Eins og þau lög líta út eftir gildistöku hinna nýju útflutningsgjaldalaga er þar enga 16. gr. að finna og 9. gr. byrjar á tölul. 2. Þetta gerir e. t. v. ekkert til, en mun smekklegra þykir þó að ákvæði laganna fái aftur eðlilega tölu eða eðlilega númeraröð með því að setja inn á þessum tveimur stöðum einfalda tilvísun í útflutningsgjaldalögin, eins og lagt er til með þessu frv.

Við samningu útflutningsgjaldalaganna var í huguð sú leið að breyta ákvæðum hinna ýmsu laga, sem frv. þetta fjallar um, í stað þess að fella þau úr gildi eins og gert var. Niðurstaða þeirrar íhugunar varð sú, að skýrar væri að fara þá leið sem farin var, þ. e. eða fella ákvæðin fyrst úr gildi og bera svo fram þetta frv. Í þessu frv. er hins vegar stefnt að því að hafa orðalag sem skýrast og einfaldast og þess vegna segir einfaldlega í 1. gr. að 1. tl. 1. mgr. 9. gr. l. nr. 80/1971 orðist eins og þar stendur: „Tekjur af útflutningsgjaldi skv. lögum.“

Þótt frv. þetta sé aðallega formlegs eðlis er þar þó að finna efnisákvæði sem nauðsynlegt þykir að sett verði í lög. Hér er um að ræða ákvæði 3. gr. frv. og vísast til aths. um þau. En þar segir m. a. að með lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum var c-liður gr. varðandi Fiskveiðasjóð felldur niður og 1% gjaldið þar með fellt inn í lög um útflutningsgjald. Eftir stendur því d-liður um framlag ríkissjóðs, og þar sem ekki er ætlunin að fella hann niður verður að breyta orðalagi hans, því að eins og áður segir vísar hann aðeins til c-liðar um jafnhátt framlag úr ríkissjóði.

Þetta frv. er fyrst og fremst nokkurs konar hreingerningarfrv. á öllum þeim fjölda laga sem áður voru í gildi og er flutt til þess að einfalda framkvæmd þessara mála.

Herra forseti. Ég vil að lokinni þessari umr. leggja til að frv. verði vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 24 shlj. atkv.

Upptaka ólöglegs sjávarafla, frv. (þskj. 488). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Frv. þetta hefur að geyma nýmæli sem stjórn veiða á undanförnum árum þykir sýna að fullkomlega tímabært eða öllu frekar er bráðnauðsynlegt að setja í lög. Að vísu er að finna ákvæði um upptöku afla í botnvörpulögunum frá 1973 og skv. þeim er hægt að beita upptöku afla vegna brota á veiðireglum sem settar eru með stoð í lögum. Þetta á þó aðeins við ef um ítrekað brot er að ræða. Það verður að teljast ófullnægjandi í því tilfelli t. d. að bát sé settur ákveðinn hámarksveiðikvóti. Þá getur það hæglega komið fyrir að báturinn fari í veiðiferð eftir að eiga aðeins nokkur eða nokkra tugi tonna af aflakvóta sínum, síðan kemur báturinn inn með fullfermi og fer þar með langt fram úr sínum kvóta. Hér er aðeins um eitt brot að ræða og því ekki hægt að beita upptöku afla um það sem umframkvótanum nemur. Hagnaðurinn, sem viðkomandi hefur af þessum umframafla, getur hins vegar farið langt fram úr þeirri sektargreiðslu sem hægt yrði að dæma hann í.

Eins og fyrr greinir á þetta við um veiðireglur sem settar eru skv. botnvörpulögunum. Brot á veiðireglum eða veiðileyfum sem eiga sér stoð í öðrum lögum, eins og t. d. landgrunnslögunum frá 1948, geta alls ekki varðað upptöku afla skv. gildandi lögum. Þetta þykir alveg óviðundandi og vísast um slík brot til þess er segir í aths. frv. um brot síldveiðibátanna á s. l. hausti, en þar segir:

„Eins og kunnugt er var hámarksafli sá, sem hver bátur mátti veiða, 215 tonn síldar. Margir síldarbátanna fiskuðu mun meira en þessum kvóta nam, mismunandi mikið, en allt upp í 144 tonn fram yfir kvótann. Bráttóverðmæti umfram afla þessa báts, miðað við að allt hafi farið í 1. flokk, mun nema um 5 millj. 760 þús. kr. Ekki er vitað til þess að neinn af skipstjórum þeim, sem kærðir voru fyrir að hafa brotið þessa reglu um hámarkssíldarafla, hafi enn hlotið sektardóm, en skv. l. nr. 44 5. apríl 1948 er ekki unnt að dæma þá í meir en 1 millj. kr. sekt, þannig að ljóst er að sumir hafa hagnast mjög verulega á þessum brotum. Þetta þykir alls ekki viðunandi, og heldur ekki að menn geti greitt sektir að öllu eða nokkru leyti með ólöglega fengnum afla. Þess vegna er lagt til í frv. þessu að „ólöglegur sjávarafli skuli gerður upptækur."

Þær upptökuheimildir, sem felast í þessu frv., eru nýmæli sem þykir nauðsynlegt að setja. Þau nýmæli sem felast í 2.—4. gr. frv., þykja einnig nauðsynleg og gefa jafnframt tilefni til sérstakra skýringa því að hér er farið inn á alveg nýjar brautir hvað snertir aðferðina við að beita upptöku afla. Skv. gildandi lögum eru slíkar aðgerðir vegna brota á veiðireglum eingöngu í höndum dómstóla, en hér er lagt til að framkvæmdavaldinu eða nánar tiltekið ráðh. verði fengið slíkt vald í hendur. Þetta er því nýmæli, enda þótt framkvæmdavaldið hafi á sumum sviðum vald til ákvarðana sem telja má svipaðs eðlis. Það er skýrt tekið fram í aths. með frv. að með því að fela rn. vald til upptöku ólöglegs sjávarafla er ekki verið að taka slík mál undan forræði dómstóla, enda gerir frv. ráð fyrir því að öllum slíkum ákvörðunum ráðh. megi vísa til meðferðar sakadóms.

Það, sem telja verður að vinnist með því að heimila rn. upptöku ólöglegs sjávarafla, er fyrst og fremst það, að þetta ætti að gera slík mál mun þjálli og einfaldari í meðförum og þar með flýta afgreiðslu þeirra, auk þess sem með þessu væri væntanlega létt af dómstólum mörgum málum, sem enginn ágreiningur væri um og ætti þess vegna að vera óþarfi að láta ganga þá leið aðeins fordæmisins vegna.

Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að gert er ráð fyrir því að ólöglegur sjávarafli verði gerður upptækur óháð því hvort um refsiverðan verknað er að ræða, og mælir það auðvitað frekar með því að rn. geti annast og látið annast framkvæmdina. Til frekari útskýringa á þessu má nefna að erfitt getur verið að sanna að um sök sé að ræða hjá skipstjóra sem farið hefur aðeins fram úr kvóta sínum eða landað fiski sem er aðeins undir gildandi reglum um lágmarksstærðir. Í slíkum tilfellum er e. t. v. ekki efni til að dæma skipstjóra til refsingar, en á hinn bóginn þykir ekki rétt að láta hann hagnast á því að landa slíkum afla, jafnvel þó að í smáu sé. Um það, hve mikill hluti afla væri þannig ólöglegur, ætti sjaldnast að vera ágreiningur og ætti því að vera óþarfi að láta slík mál fá ítarlega dómstólameðferð, eins og ég sagði í upphafi. Að öðru leyti vísa ég til aths. með frv.

Í Ed. var samstaða um þetta frv. að öllu leyti, að því undanskildu að bætt var við einni gr., 5. gr., þess efnis, að sjútvrh. getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Önnur breyt. var einnig gerð, en þar var eingöngu fært til betra máls með breytingu á einu orði. Í Ed. var þessu frv. tekið mjög vel af fulltrúum allra flokka sem þar töluðu.

Ég tel að með þessu frv. sé verið að þyngja brot mjög verulega því að þótt upptaka afla nái eingöngu til botnvörpuveiða, þá er ekki síður ástæða til þess að hún nái til annarra brota, eins og ég hef hér gert að umtalsefni.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði vísað að lokinni þessari umr. til hv. sjútvn.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Það er aðeins ein lítil aths. sem ég vildi gera við 1. umr. þessa máls. Ég býst við að það sé rétt að það þurfi að setja skýrari lagaákvæði um möguleika á því að refsa þeim, sem brjóta landhelgislög eða reglugerðir tilheyrandi landhelgismálum, með því að gera upptækan afla og tel út af fyrir sig að rétt sé að gera slíkt. Hins vegar dreg ég mjög í efa að það sé rétt að fara inn á þá braut sem farið er í þessu frv. um meðferð málsins. Hér er lagt til að það verði sjútvrn. sem felli úrskurð um það hvort um ólöglegan sjávarafla er að ræða og að hvað miklu magni. Þetta getur komið fyrir í mörgum tilfellum, eins og 1. gr. frv. ber með sér, þar sem nokkur skilgreining fylgir á málinu, — í mjög mörgum til-

fellum og hér getur verið um gífurlega mikil verðmæti að ræða og miklar deilur um hvað af t. d. aflanum geti fallið undir að vera ólöglega tekinn. Eg álít að það eigi að fara með þessi mál eins og hver önnur landhelgislög eða reglur varðandi þau lög, að hér eigi að fara dómstólaleiðina. Það á að kæra þá sem brjóta. Þeir hafa rétt til þess að verja sig. Þeir verða dæmdir í undirrétti og þeir verða að setja tryggingu fyrir því, sem þeir hafa verið dæmdir til að greiða, og sleppa ekki frá því. Það er sjálfsagt að halda þeirri reglu. Það er hægt að ráðstafa andvirði hins ólögmæta í ákveðnu skyni, eins og t. d. að það renni til fiskirannsókna og vísindalegra rannsókna, alveg eins og nú er um það að ræða að ráðstafa landhelgissektum í ákveðinn landhelgissjóð. Það er ekkert því til fyrirstöðu. En þessi háttur, að ákveða að það skuli vera sjútvrn. sem á að úrskurða í þessum efnum, taka þarna að sér dómstigið, það álít ég mjög hæpið, og satt að segja álít ég að ekkert rn. ætti að óska eftir slíku valdi eða sogast inn í slíkt. En þar að auki tel ég þetta óeðlilegt og brot á okkar meginreglum varðandi þessi atriði, og satt að segja sé ég ekki hvar við lendum ef við förum að gera þetta í fleiri tilfellum. Þó að þarna sé að vísu að finna ákvæði um að menn geti skotið þessu máli til sakadóms, þá er það allt annað og hleypur yfir dómstigið.

Ég vildi sem sagt, án þess að dregið sé á nokkurn hátt úr því sem hæstv. sjútvrh. er að leita eftir varðandi þetta mál, þ. e. að koma við refsingu fyrir brot á settum reglum varðandi þessi mál, án þess að það sé á nokkurn hátt dregið úr því að þetta sé framkvæmanlegt, þá held ég að það þurfi að taka til rækilegrar athugunar af þeirri n., sem málið fær til meðferðar, hvort það er rétt að víkja frá þessari almennu reglu á þennan hátt í svona veigamiklu og flóknu máli. Ég er a. m. k. á þessu stigi mjög andvígur þessari leið og tel hana ekki rétta.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Menn geta auðvitað haft hver sína skoðun á þessu, eins og hv. 2. þm. Austurl., og að vissu leyti er margt í hans málflutningi sem er vert að skoða. Hins vegar hleypur hann yfir það sem ég lagði á allmikla áherslu þegar ég mælti áðan fyrir þessu frv., en það er að brot af þessu tagi þurfa ekki að vera saknæm þannig að það sé nauðsynlegt og í öllum tilfellum áhugavert fyrir nokkurn að kæra þau brot til sakadóms. Til dæmis má taka umframafla, lítilfjörlegan umframafla, en til þess að menn hafi aðhald að fara eftir aflakvótum og settum reglum, þá er nauðsynlegt að umframafli sé alltaf skilyrðislaust gerður upptækur. Og það er það, sem ég á við með þessu, að það verði svo margar kærur, sem koma til dómstólanna, að það verði svo löng bið á öllu slíku, — kærur, sem ella þyrftu ekki til þeirra að koma.

Við skulum nefna sem dæmi til þess að skýra sjónarmið beggja að í sambandi við veiðileyfi til skelfiskveiða eru strönd ákvæði bæði um stærð, aflamörk, hvað mikill vikuskammtur má vera og þess háttar. Þarna eru oft og tíðum bátar sviptir leyfi einn, tvo, þrjá, fjóra, fimm, sex og sjö daga. Þessar leyfissviptingar hafa gengið fyrir sig á mjög friðsamlegan hátt. Það hefur hver og einn viðurkennt sitt brot og leyfi er tekið af þennan tiltekna tíma af trúnaðarmanni, og þessir menn hafa ekkert verið kærðir til dómstóla eða fengið dóm, sem ég tel ekki ástæðu til. Hitt er svo annað mál: Eigum við að halda áfram á þeirri braut að þeir, sem brjóta, fái að halda þeim afla sem þeir taka í óleyfi? Það tel ég óeðlilegt, og þetta frv. gerir ráð fyrir að það sé tekið upp.

Þá komum við aftur að hinu: Eigum við, eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, skilyrðislaust að kæra alla þess menn til sakadóms? Það er mikill fjöldi af þessum brotum, og það er eiginlega skýringin á því að þetta ákvæði er tekið upp. Hitt getur svo aftur, eins og hann gat réttilega um, alltaf valdið deilum, t. d. um hina stærri farma. Þar segir að rn. byggi ákvarðanir sínar skv. þessari grein á upplýsingum sérstakra eftirlitsmanna þess, starfsmanna Framleiðslueftirlits sjávarafurða, og öðrum tiltækum sönnunargögnum. Rn. kemur alltaf til með að verða að fara mjög vandlega í slíkar ákvarðanir, því að sá sem verður fyrir því, að hann er beittur þessum ákvörðunum, á fyllsta rétt á að vísa málinu til dómstóla, og þar verður rn. auðvitað að svara til saka jafnt og sá sem sakfelldur er.

M. ö. o.: hér er um urmul af brotum að ræða, sem að yfirgnæfandi meiri hl. eru eðlis að það er engin ástæða til þess að kæra til sakadóms, og þar skilur á milli. Ég bið n., sem fær þetta mál til athugunar, að hugleiða hvor aðferðin er skynsamlegri. Báðar þessar aðferðir eiga rétt á sér. En eigum við að taka upp mjög strangt ákvæði. Ef við erum sammála um að beita skilyrðislaust upptöku ólöglegs afla, eigum við þá að vera það strangir að gera það að kröfu og skilyrði að kæra hvern einasta mann til sakadóms.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. að það er ekkert skemmtilegt, hvorki fyrir eitt né annað rn., að hafa slíkt í höndum, en í þessum efnum er sjútvrn. með sína eftirlitsmenn og sína deild sem fjallar um þessi mál, og það er það sem vakti fyrir okkur, að það væri eðlilegt að það væri undir þeirri stjórn. Ég held að dómsmrn. hafi það mikið á sinni könnu, meðferðir dómsmála taki það langan tíma, að við eigum ekki með þessu frv. að ýta undir það að stórfjölga dómsmálum. Það er það sem ég tel höfuðkostinn við þetta frv. — Þetta vildi ég að kæmi hér fram.

Karl G. Sigurbergsson: Herra forseti. Aðeins nokkur orð um þetta frv. áður en það fer í væntanlega nefnd.

Ég vil leyfa mér að taka undir þau orð, sem hv. 2. þm. Austurl. hafði hér um, og til frekari undirstrikunar langar mig til að benda á að það er e. t. v. hæpið að fara þessa leið, þó að hún virðist girnileg, og það er hæpið að beita þessari reglu varðandi brot á landhelgislögunum. Mér fyndist eðlilegra að þarna væri það haft til viðmiðunar, sem kom raunar fram í umr. fyrr á þessu þingi, að samkv. íslenskum lögum er enginn sekur fyrr en búið er að sanna á hann sökina. Menn skulu hafa það í huga, þegar þau lög eru brotin sem sett eru til þess að vernda sjávaraflann, að þó okkur þyki súrt í broti að geta

ekki náð til allra þeirra sem ólöglegir eru á því sviði, þá verður samt að fara þar með varúð vegna þeirra ákvæða í hegningarlögum sem fjalla um almennan persónurétt.

Ég vil vekja athygli á því, að sú stétt manna, sem lendir í því að brjóta þau lög sem varða landhelgi okkar, þ. e. sjómannastéttin og þá skipstjórar sérstaklega, er eina stétt manna í landinu sem liggur undir því að nöfn þeirra eru birt í fjölmiðlum áður en búið er að sanna á þá sekt. Ég er ekki viss um að allir kærðu sig um að slík framkvæmd yrði á höfð gagnvart öllum lagabrotum.

Það eru rök út af fyrir sig og náttúrlega veigamikil rök, sem ráðh. flytur hér frv. til stuðnings, að það hrannist upp svo mikið af málum að vart gefist tími til þess að vinna úr þeim gögnum sem til þurfi, það sé því eðlilegt að hægt sé að úrskurða skyndidóm og hlutaðeigandi eigi þá rétt á að skjóta málinu til æðri dómstóla. Það eru afar mörg tilfellin í margs konar afbrotamálum þar sem þetta væri ósköp auðvelt og kannske að mörgu leyti sjálfsögð leið að fara. Ég skal taka sem dæmi brot á skattalöggjöfinni. Það er alltaf verið að tala um að það hrannist upp svo mikið af alls konar málum fyrir dómstólum að það vinnist ekki tími til þess að taka þau til meðferðar fyrr en eftir langan tíma. Hvernig ætli mönnum fyndist það ef einhver, sem álitinn væri brotlegur við skattalöggjöfina, væri á stundinni dæmdur til þess að greiða ólöglegan afla, ólöglegan feng? Ég er hræddur um að það þætti mörgum illa að sér vikið, og ég vil biðja hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, að íhuga það gaumgæfilega.

Ég er ekki að átelja Ed. Ég geri ráð fyrir að málið hafi verið skoðað þar frá ýmsum hliðum. En ég er ekki kunnugur því hvort málið hefur verið skoðað í því ljósi að þarna sé verið að velja sérstaka leið gagnvart þessari einu stétt manna sem kemur til með að vera brotleg við þessi lög, þ. e. skipstjórum á fiskiskipaflotanum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til sjútvn. með 26 shlj. atkv.

Veiðar utan fiskveiðilandhelgi, frv. (þskj. 444). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þessu frv. um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands ætti ekki að þurfa að eyða mörgum orðum að. Það er í samræmi við skoðanir okkar íslendinga og aðgerðir í hafréttarmálum að einstök ríki verði að geta haft hemil á eða stjórnað veiðum þegna sinna á fjarlægum miðum fram yfir það sem byggt er á viðurkenndum alþjóðasamþykktum. Íslensk stjórnvöld hafa í dag ekki vald til stjórnunar veiða íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelginnar nema til grundvallar liggi gild alþjóðasamþykkt sem Ísland er aðili að. Ber því brýna nauðsyn til þess að rýmka heimildir til stjórnunar veiða íslenskra skipa utan landhelgi og kemur þar tvennt til: Annars vegar getur verið að íslendingar vilji eða þurfi að ganga lengra í takmörkun veiða en alþjóðasamþykktir gera ráð fyrir, og hins vegar getur og hefur komið upp sú staða að íslendingar geta ekki samþ. tilteknar reglur sem alþjóðanefndir setja, en vilja samt halda uppi veiðum og takmarka þær þá sjálfir.

Sem dæmi um hið fyrr nefnda má nefna síldveiðarnar í Norðursjó. Íslendingar hafa að ýmsu leyti viljað ganga lengra til takmörkunar á þessum veiðum en Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndin hefur viljað samþ., og eins hafa danir sett ýmis skilyrði fyrir löndunarréttindum í Danmörku sem horfa til takmörkunar veiðanna umfram það sem Norðaustur-Atlantshafsnefndin hefur samþykkt. Eins og fyrr segir, er ekki lagaheimild fyrir hendi til þess að takmarka eða stjórna veiðum íslenskra síldarbáta í Norðursjó í samræmi við þetta, en vegna góðrar samvinnu við samtök útgerðarmanna og skipstjóra á íslensku bátunum hefur þetta blessast til þessa. Þó hafa komið upp tilvik þar sem tilfinnanlega hefur komið í ljós skortur á lagaheimild til þess að setja bátunum veiðireglur.

Sem dæmi um alþjóðasamþykkt, sem íslendingar hafa ekki talið sig geta samþykkt, má nefna samþykkt Norðvestur-Atlantshafsnefndarinnar um loðnukvóta við Nýfundnaland og skiptingu hans á milli þjóða. Íslendingar hafa getað fallist á ákvæði um heildarkvóta á þessu svæði, en hins vegar hefur engan veginn verið hægt að samþykkja skiptingu hans á milli aðildarríkja. Skiptingu þessari var þannig háttað að nánast öllum kvótanum var skipt upp á milli norðmanna og sovétmanna einungis vegna þess að þessar tvær fiskveiðiþjóðir urðu fyrstar til þess að fara að veiða loðnu á þessu svæði fyrir 3—4 árum. Íslendingar byrjuðu þarna veiðar á s. l. ári og hefðu, ef þeir hefðu verið bundnir af samþykktinni, aðeins mátt veiða þarna 5 þús. tonn af loðnu. Nótaskipið Sigurður héðan úr Reykjavík veiddi þarna rúmlega 15 þús. tonn af loðnu á s. l. ári, og það er líklegt að fleiri íslensk nótaskip vilji reyna þessar veiðar á komandi sumri. Líklega eru allir sammála um hve brýnt það er að finna þessum skipum verkefni, og við íslendingar teljum að við eigum að hafa fullan rétt á því að keppa við rússa og norðmenn í þessum veiðum úti fyrir ströndum Kanada, þótt þessar tvær þjóðir hafi byrjað veiðarnar tveim árum á undan okkur. Við verðum þó að geta haft stjórn á veiðum okkar þarna, bæði vegna þess að við viljum auðvitað ekki fara yfir þann heildarkvóta, sem vísindamenn mæla með, og eins erum við að sjálfsögðu reiðubúnir til þess að taka tillit til óska strandríkisins Kanada ef það skyldi síðar meir vilja auka hlutdeild sína í þessum veiðum á kostnað annarra þjóða og þ. á m. okkar íslendinga.

Af þessum tveim dæmum, sem ég hef hér nefnt, ætti mönnum að vera ljóst hve brýn nauðsyn er á því að frv. þetta verði samþykkt. Auk þess sem ég vísa til þess, sem segir í aths. með frv., þá ber þess að geta að eftirlit með því að haldnar séu reglur um veiðar í fiskveiðilandhelginni getur orðið erfitt ef ekki er hægt að setja sams konar reglur um veiðar utan landhelginnar. Íslendingar hafa t. d. strangari reglur

um lágmarksstærðir fisktegunda og um möskvastærðir botnvörpu en ákvæði alþjóðasamþykkta eru um þessi efni. Þess vegna er nauðsynlegt vegna eftirlits og eðli málsins samkvæmt að íslensk skip séu háð sömu reglum að þessu leyti, hvort sem þau veiða innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi eða utan.

Herra forseti. Ég vil að lokinni þessari umr. leggja til að frv. verði vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til sjútvn. með 27 shlj. atkv.

Umferðarlög, frv. (þskj. 491). — 3. umr.

Frsm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Allshn. Nd. hefur borist í dag bréf frá dóms- og kirkjumrn., dags. 7. apríl. Rn. fer þess á leit við allshn. að hún hlutist til um að tvær breytingar verði gerðar á frv. eins og það nú liggur fyrir.

Í fyrsta lagi, að 2. málsl. 2. málsgr. 8. gr. frv. verði felldur niður, en það er setningin sem hljóðar svo. „Auk skráningarmerkis skal hver tengi- eða festivagn auðkenndur að aftan skráningartölu dráttartækisins."

Í bréfi rn. segir að unnið sé að því að skrá skráningarskylda tengi- og festivagna, þ. e. vagna sem eru 500 kg að eigin þyngd eða meira, sbr. 11. gr. umferðarlaga, og verða sett sérstök skráningarmerki á vagnana. Er því eigi talin þörf á að áskilja tvö skráningarnúmer á skráningarskyldum tengi- og festivögnum.

Hin breytingin er við 13. gr. frv., að fyrri málsgr. hljóði sem hér segir:

„Ákvæði 4. gr. um skráningu beltabifhjóla koma til framkvæmda 1. júní 1976. Nægilegt er þó að beltabifhjól, sem tekin hafa verið í notkun fram til 1. júní 1976, séu tilkynnt til skráningar fyrir 1. okt. 1976."

Allshn. hefur skoðað þetta bréf og hefur fyrir sitt leyti ekkert við það að athuga að þessar breytingar verði gerðar á frv. Ég leyfi mér því að leggja fram skriflega brtt. þar að lútandi.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 516) samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 516,1 samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 516,2 samþ. með 21 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Umferðarlög, frv. (þskj. 490). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Ættleiðing, frv. (þskj. 482). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. það til ættleiðingarlaga, sem hér er lagt fyrir þessa hv. d., er samið af svokallaðri sifjalaganefnd sem unnið hefur undanfarið að endurskoðun á löggjöfinni um réttarstöðu barna og hefur verið unnið að frv. þessu í því samhengi. En frv. til almennra barnalaga mun verða lagt fyrir þingið nú alveg á næstunni. Það kemur fram í grg. með frv. hverjir það eru sem verið hafa í sifjalaganefnd.

Núgildandi ættleiðingarlög, sem sett voru árið 1953, eru sniðin eftir ættleiðingarlögum annarra Norðurlanda, sem sett voru á árunum 1920—1930. Hafði sú löggjöf lítið sem ekkert breyst er hin íslensku lög voru sett. Hins vegar voru á næstu árum þar á eftir gerðar ýmsar breytingar á hinum norrænu lögum og er í þessu frv. m. a. höfð hliðsjón af þeim breytingum. Jafnframt hefur í ýmsum efnum verið leitast við að gera ákvæði laganna skýrari og gera reglur um undirbúning og framkvæmd ættleiðingar traustari og markvissari. Í heild verður hins vegar ekki sagt að breytingar þær, sem frv. er ætlað að gera á núgildandi lögum séu veigamiklar eða líklegar til þess að valda ágreiningi. Ég vil því fyrst og fremst vísa til hinnar ítarlegu grg. er frv. fylgir. En ég get aðeins rifjað upp í örstuttu máli hverjar helstu efnisbreytingar það eru sem í frv. þessu felast.

Í fyrsta lagi er lagt til að ættleiðingarleyfi verði gefið út af dómsmrh.

Í öðru lagi er það svo að samkvæmt frv. er ekki þörf á samþykki foreldra til ættleiðingar ef unglingur er 18 ára eða eldri, sá sem ættleiða á, í stað þess að í gildandi lögum er miðað við 20 ára aldur.

Í þriðja lagi er það, að samkvæmt frv. er því haldið að áskilin er umsögn barnaverndarnefndar, en fellt niður að umsögn sóknarprests sé lögmælt.

Í fjórða lagi að lögræðissviptan mann er unnt að ættleiða samkvæmt frv. þótt eigi komi til samþykki lögráðamanns, en leita ber umsagnar hans.

Í fimmta lagi eru svo höfuðbreytingarnar sem varða samþykki til ættleiðingar: 1) Áskilið er að samþykki sé skriflegt, og má mæla fyrir um að það sé ritað á eyðublað sem rn. leggur til. 2) Samþykki á að staðfesta í viðurvist starfsmanns rn. eða annars opinbers starfsmanns sem löggiltur er í þessu skyni. 3) Samþykkjandi skal fá fræðslu um réttaráhrif ættleiðingar. 4) Samþykki án greiningar á væntanlegum kjörforeldrum er yfirleitt ekki gilt nema barnaverndarnefnd ráðstafi barni til ættleiðingar eða hafi milligöngu um það. 5) Samþykki er ekki gilt nema það sé staðfest hið fyrsta 3 mánuðum eftir fæðingu barns. 6) Ákvæði eru í frv. um afturköllun samþykkis, og verður ættleiðingarleyfi þá yfirleitt ekki veitt, en undantekning er þó frá því, einkum ef barn hefur verið lengi í fóstri hjá ættleiðingarbeiðanda.

Þetta, sem ég rakti nú síðast, varðandi breytingar sem eru gerðar varðandi samþykki til ættleiðingar. En svo er það, ef haldið er áfram þessari upptalningu á þeim meginbreytingum sem felast í þessu frv., að veitt er heimild til að ættleiða barn þótt samþykkjendur fallist ekki á það ef barnaverndarráð samþykkir þá skipan, en þar er einkum átt við hin svonefndu gleymdu börn á stofnunum. Fyrirmyndin er nýju nor-

rænu ættleiðingarlögin og ensku ættleiðingarlögin. Réttaröryggisákvæði um dómsmál tengjast þessu ákvæði sem gert er ráð fyrir að sjaldan yrði beitt. Og trúlega er það svo, að þetta er ekki mjög raunhæft miðað við íslenskar aðstæður.

Réttaráhrifin eru hin sömu og nú í flestum greinum. Þó er t. d. mælt fyrir um nafnbreytingu á kenningarnafni nema fyrirvari sé gerður um annað í ættleiðingarbeiðni.

Um niðurfellingu ættleiðingar er lagt til að afnumið sé það ákvæði að unnt sé að fella niður ættleiðingu vegna óhæfilegrar framkomu kjörbarns í garð kjörforeldra. Veitt er svigrúm til að fella niður ættleiðingu ólögráða barns, ef slíkt þykir best henta þörfum barns. Hægt er og samkvæmt frv. að fella niður ættleiðingu ef kjörforeldrar eru látnir.

Loks eru svo í frv. rækileg ákvæði um réttaráhrif niðurfellingar ættleiðingar að því er varðar tengslin milli kjörbarns og kjörforeldra.

Ég hef, herra forseti, aðeins drepið á nokkrar höfuðbreytingar sem felast í þessu frv. frá núgildandi löggjöf. Ég fer ekki nánar út í frv., en leyfi mér, eins og ég sagði áðan, að vísa til hinnar ítarlegu grg., sem frv. fylgir, og óska eftir því að frv. verði að umr. þessari lokinni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Flokkun og mat ullar, frv. (þskj. 304, n. 483). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. N. hefur rætt þetta frv. á nokkrum fundum og orðið sammála um að mæla með samþykki þess óbreytts.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
4.—8. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Efri deild, 88. fundur.

Fimmtudaginn 8. apríl, kl. 2 miðdegis.

Norræn vitnaskylda, frv. (þskj. 480). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. það um norræna vitnaskyldu, sem hér er lagt fyrir hv. Ed., er byggt á samþykkt Norðurlandaráðs frá 1968 um að beina því til ríkisstjórna Norðurlandanna að beita sér fyrir því að sett verði löggjöf í löndunum sem komi á gagnkvæmri skyldu manna í ríkjunum öllum til þess að mæta sem vitni fyrir dómstólum á öðrum Norðurlöndum. Lög um þetta efni hafa verið sett í Danmörku og Svíþjóð, en lagafrv. hafa verið lögð fyrir þjóðþingin í Finnlandi og Noregi. Þess má geta að almenn samstaða var um þetta mál í Norðurlandaráði.

Það er augljóst, svo sem á er bent í grg. frv., að vitnaskyldan mun ekki verða mikið notuð í samskiptum Íslands við hin löndin vegna fjarlægðar og minni samskipta sem því svarar. Jafnframt skal á það bent að samkvæmt ákvæðum frv. skal því aðeins beita henni að vitnisburður kunni að hafa verulega þýðingu fyrir úrslit más. Er þessi regla í og með sett með hliðsjón af reglum norskra og íslenskra laga um fjarlægðarmörk í sambandi við vitnaskyldu.

Tvær smávægilegar breytingar þarf að gera í lögunum um meðferð einkamála í héraði samfara þeim reglum sem ætlað er að setja með þessu frv. Er um það efni flutt sérstakt lagafrv., sem fylgir þessu frv. um norræna vitnaskyldu, og kemur fyrir hér á eftir. Varðar annað atriðið fjarlægðarmörkin, en hitt snertir ákvörðun á greiðslum í sambandi við framkvæmd vitnaskyldunnar.

Að öðru leyti leyfi ég mér, herra forseti, að vísa til grg. frv. og vil óska þess að frv. verði að umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Meðferð einkamála í héraði, frv. (þskj. 481). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Eins og ég drap á í framsöguræðu minni áðan er þetta frv. fylgifiskur frv. um norræna vitnaskyldu og varðar tvö atriði sem ég drap þá á, sem sagt fjarlægðarmörk að því er vitnaskyldu varðar og í öðru lagi um vitnaþóknun sem 2. gr. fjallar um.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að fjölyrða um þetta frv., en vænti þess að það fylgi hinu frv. eftir. Ég leyfi mér að óska þess að það verði að lokinni þessari 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Skotvopn o. fl., frv. (þskj. 484). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er lagt fyrir hv. Ed., fjallar um meðferð á skotvopnum, skotfærum, sprengiefni og skoteldum svo og um innflutning, framleiðslu og verslun með þessar vörur.

Löggjöf um þetta efni er að meginstofni til orðin 40 ára gömul. Með l. nr. 69 frá 1936 voru fyrst sett ákvæði um skráningu skotvopna, um innflutning og sölu á þeim og sölu á skotfærum og sprengiefnum. Einnig er að finna ákvæði um

sprengiefni og skotelda í lögum um brunavarnir og brunamál. Enda þótt þessi ákvæði hafi á sínum tíma svarað kröfum tímans, þá gera þau það ekki lengur. Kemur þar margt til: Aukin þörf á strangara eftirliti með sölu þessara efna og tækja vegna aukinnar notkunar og breyttra þjóðlífsháttа og samneytis við aðrar þjóðir. Í gildandi lögum er ekki kveðið á um ýmis atriði sem nauðsynlegt er að skýr ákvæði séu um, og um önnur atriði er þörf ítarlegri ákvæða. Sé litið til nágrannaþjóða hefur löggjöf um þetta efni nú á síðustu árum mjög víða verið tekin til endurskoðunar, og stefnt er alls staðar að auknu eftirliti með sölu og notkun þessara efna og tækja.

Ég mun nú stuttlega víkja að nokkrum höfuðatriðum í frv. og helstu nýmælum sem í því er að finna.

Frv. skiptist í 7 kafla.

I. kaflinn fjallar um gildissvið frv. Þar er merking hugtakanna skotvopn, skotfæri, sprengiefni og skoteldur afmörkuð. Í 3. gr. er ráðh. heimilt að setja reglur um önnur efni en þau sem frv. tekur til samkvæmt eldri skilgreiningu, ef þau hafa svipaða eiginleika og verkanir, svo sem ýmis önnur vopn en skotvopn og ýmis efni sem teljast ekki vera sprengiefni eða skoteldur, en hafa svipaða eiginleika. Aðstæður geta komið upp sem gera nauðsynlegt að setja um þessa hluti reglur, og er því talið rétt að ráðh. sé veitt þessi heimild.

Í II. kafla frv. er fjallað um innflutning, útflutning, framleiðslu og verslun með nefndar vörur. Í gildandi lögum eru ófullkomnar reglur um framleiðslu á þessum vörutegundum. Það má segja að það hafi ekki komið svo mjög að sök til þessa þar sem til skamms tíma hefur engin slík framleiðsla verið í landinu. Nú eru hins vegar starfandi a. m. k. tvær flugeldaverksmiðjur hér og er því þörf á að settar séu reglur um framleiðslu þessa.

Frv. gerir ráð fyrir þeirri breytingu frá núverandi framkvæmd varðandi innflutning til landsins að leita þurfi leyfis fyrir hverri og einni vörusendingu. Þetta er mikilvægt til þess að tryggja að ekki séu aðrar vörur fluttar inn en þær sem leyfðar eru til sölu innanlands, og einnig veitir það stjórnvöldum tækifæri til að fylgjast á hverjum tíma með innflutningnum. Gert er ráð fyrir að meira eftirlit verði með verslunum. Lögð er ríkari skylda á verslunareigendur en áður að þeir afhendi ekki öðrum vörur en þeim sem sanni að þeir megi kaupa.

III. kafli frv. fjallar eingöngu um skotvopn og skotfæri. Þar er kveðið á um það hverjir geti fengið leyfi til þess að kaupa skotvopn og skotfæri. Nokkuð ítarlegri ákvæði eru um þetta í frv. en nú eru í gildandi lögum. Samkvæmt gildandi lögum eru að vísu allströng ákvæði um það hverjir geti fengið leyfi til þess að eiga skotvopn, en ef til vill hefur ekki tekist að fylgja þeim ákvæðum í framkvæmd sem skyldi. En í núgildandi lögum segir að það skuli vera aðalregla, að þeim einum sé veitt heimild til þess að hafa í vörslum sínum skotvopn sem sýni skilríki fyrir því að þeim sé það gagnlegt eða nauðsynlegt vegna atvinnu sinnar. Svipað ákvæði er í frv., en auk þess eru tilgreind ákveðin skilyrði sem leyfishafi þurfi að fullnægja, svo sem ákveðinn lágmarksaldur, 20 ár. Gerðar eru kröfur um að viðkomandi hafi þekkingu á skotvopninu og kunni skil á hættueiginleikum þess, og almennt er gert að skilyrði að menn hafi ekki gerst brotlegir við almenn hegningarlög, áfengislög eða lög er varða meðferð skotvopna, nema brot sé smávægilegt.

Það nýmæli er í frv. að gert er ráð fyrir að skotvopnaleyfi séu ekki gefin út til lengri tíma í senn en 10 ára. Ætti þetta að auðvelda lögregluyfirvöldum að hafa eftirlit með skráningu skotvopna, og það auðveldar þeim að fylgjast með því að leyfishafar fullnægi nauðsynlegum skilyrðum á hverjum tíma.

Mörg önnur nýmæli eru í þessum kafla frv. er miða að því að koma í veg fyrir misnotkun skotvopna. Öll þessi ákvæði setja ákveðnar hömlur við sölu skotvopna án þess þó að koma í veg fyrir eðlilega og nauðsynlega notkun þeirra. Benda má á í þessu sambandi að víða um lönd er, eins og ég drap á áðan, verið að herða ákvæði um sölu og meðferð skotvopna og stafar m. a. af síauknum ofbeldishvötum og hryðjuverkum.

IV. kafli frv. fjallar um sprengiefni, hverjir megi kaupa það og hverjir megi nota, um geymslu sprengiefnis og meðferð. Til þessa hefur skort reglur um þetta efni. Ófullkomnar reglur eru til um það hvar og hvernig megi geyma sprengiefni. Mjög fábrotnar reglur eru í gildi um flutning á því og meðferð þess. Þótt í frv. séu ákvæði um þetta er gert ráð fyrir að ítarlegri ákvæði verði sett í reglugerð, enda er það æskilegra þar sem hér er að verulegu leyti um tæknileg atriði að ræða.

Notkun skotelda hefur ekki valdið verulegum vandræðum hér. Þó er það svo að á hverju ári slasast menn af völdum skotelda. Því er talið nauðsynlegt að settar séu um þetta fyllri reglur en nú gilda. Gert er ráð fyrir því sem meginreglu að ekki megi selja yngri mönnum en 16 ára skotelda. Á sama hátt og um sprengiefni er þörf á setningu reglugerðar um þetta efni.

Í VI. og VII. kafla frv. er fjallað um heimild stjórnvalda til þess að svipta leyfishafa leyfi, um refsingar, eignarupptöku, stjórnvaldskæru o. fl. Refsimörk eru hækkuð talsvert frá því sem nú er. Samkvæmt gildandi lögum varða brot á nefndum vörum sektum allt að 10 þús. kr. Samkvæmt frv. getur brot varðað allt að eins árs fangelsi, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Í sumum nágrannalöndum eru refsimörkin hærri, svo sem í Danmörku og Svíþjóð, en þar er gert ráð fyrir að brot við samsvarandi lögum geti varðað allt að tveggja ára fangelsi. Í Noregi og Finnlandi eru hins vegar refsimörkin nokkru lægri.

Ætlast er til þess að leyfissviptingum verði beitt í ríkari mæli en nú er gert. Allítarleg ákvæði eru um þetta í frv. og hvernig fari um sölu á varningi sem leyfishafi skal skila þegar hann er sviptur leyfi, ef ekki eru jafnframt fyrir hendi skilyrði til eignarupptöku. Bæði hækkun refsinga og beiting ákvæða um sviptingu leyfa í ríkara mæli en nú er gert ættu að leiða til meiri aðgæslu hjá þeim sem fara með og nota þessa hluti.

Enda þótt frv. sé mun viðameiri en gildandi lög eru, þá er þörf á setningu reglugerðar sem kveði nánar á um ýmis atriði, svo sem geymslu og flutning á sprengiefni og um fleiri atriði.

Rétt er að benda á í þessu sambandi að hvergi er í frv. tiltekið hvaða efni og tæki megi flytja til landsins eða framleiða í landinu til almennrar sölu. Það þótti ekki henta að binda þetta í lögum, heldur er ráðh. gefin heimild til þess að kveða á um þetta með reglugerð.

Gert er ráð fyrir að öll skotvopnaleyfi, sem gefin hafa verið út fyrir gildistöku laganna, svo og öll önnur leyfi er varða þessa hluti, svo sem verslunarleyfi, verði felld úr gildi. Þetta er nauðsynlegt til þess að koma lagi á skráningu skotvopna í samræmi við ákvæði frv. og tryggja að leyfishafar fullnægi settum skilyrðum. Gefinn er allrúmur frestur eða um eitt ár til endurnýjunarbeiðnar.

Ég ætla ekki að hafa þessa framsöguræðu öllu lengri. Ég hef drepið í örstuttu máli á höfuðatriði þessa frv., en frekari skýringar er að fá í aths. með frv. Ég geri ráð fyrir að flestir hv. þdm. séu þeirrar skoðunar að þörf sé fyrir ítarlegri ákvæði um þessi efni en nú eru í lögum og að þörf sé á strangara eftirliti og aðhaldi í þessum efnum en tíðkast hefur. Ég álít að í frv. felist mikil réttarbót að þessu leyti til og að það veiti færi á því að koma við því nauðsynlega aðhaldi sem þörf er á í þessu sambandi. En auðvitað er það svo með þessi lög eins og önnur, að það fer mikið eftir framkvæmdinni og það fer mikið eftir því að framkvæmdin sé samræmd og sé hin sama hvarvetna á landinu, og að því eiga ákvæði þessa frv. að miða.

Ég tel þörf á því, að þetta frv. hljóti afgreiðslu á þessu þingi, og vil mælast til þess að vinnubrögðum verði hagað á þá lund við athugun frv. að þess verði kostur.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að óska þess að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Ég vil í fyrsta lagi leyfa mér að þakka dómsmrh. fyrir það að leggja fram þetta frv. sem er við fljótan yfirlestur miklu ítarlegra og veitir miklu meira aðhald um þessi efni heldur en verið hefur. Hins vegar vil ég leyfa mér að tilkynna það hér að við alþfl.-menn munum bera fram nokkrar brtt. við frv. Það er skammt síðan frv. kom fram og því miður hef ég ekki getað fengið þær breyt. nægilega undirbúnar sem ég hef hug á að komi fram, en það skal verða eins fljótt og kostur er á. Ég hef fullan hug á því að það tefji ekki fyrir afgreiðslu málsins.

Það, sem ég vil vekja athygli á við 1. umræðu, er að mér finnst að það hafi verið allt of rúmar heimdur um það hverjir hefðu byssuleyfi eða skotleyfi. Ég sé að það er takmarkað og hert mjög eftirlit með því. En að öðru leyti er líka allt of frjálst að minni hyggju hverjir megi selja þessi skotvopn og eins allt of mikið gert að því að auglýsa þau, því að þau eru háskaverkfæri í höndum þeirra sem kunna ekki með að fara. Þetta höfum við dæmin um, bæði ný og forn, og m. a. hvað auðvelt er fyrir unglinga að ná í þessi vopn löngu áður en þeir eru menn til og hafa ábyrgðartilfinningu fyrir því að bera þau.

Það er töluvert mikil verslun sem hér er um að ræða. T. d. hef ég fengið upplýsingar um að af vopnum, skotfærum og hlutum til þeirra hafi verið innflutt um 76.4 tonn árið 1974, að cifverðmæti upp á 40 millj. kr., og af sprengiefnum, flugeldum og skrauteldum 460 tonn og cifverð 50.9 millj. kr. Hér er því um allmikla verslun að ræða og kann að vera að sú till., sem við höfum á prjónunum, alþfl.-menn, mæti þess vegna nokkurri andspyrnu. En okkur sýnist ráðlegast með svona vopn og ýmislegt í sambandi við þau að ríkið hefði einkasölu á því, og um breyt. í það horf munum við flytja tillögur. Í öðru lagi, svo ég nefni annað atriði, er að okkur sýnist mjög varhugavert að þessi vara sé auglýst svo sem verið hefur, og í þriðja lagi að hún sé á slíkum glámbekk sem okkur hefur sýnst hún vera.

En erindi mitt hingað upp var fyrst og fremst að þakka það, að þessu máli er hreyft og það tekið til endurskoðunar, og tilkynna að við munum flytja við frv. nokkrar brtt., þó að við að öðru leyti séum málinu mjög fylgjandi.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég ætlaði, eins og síðasti ræðumaður, að þakka dómsmrh. fyrir þetta frv. og ræði þá einkum um kaflann sem að skotvopnum lýtur. Ég held að hér sé bætt að miklu leyti úr ýmsum göllum á fyrri löggjöf. Ég hlýt að segja, eins og hv. síðasti ræðumaður, að ég hef ekki fengið tíma til þess að velta einstökum atriðum þessa frv., einstökum greinum, nægilega vel fyrir mér, en ég þykist sjá, ef nokkuð er, að það muni fremur vanta inn í frv. ýmis atriði, sem ég tel persónulega mikilvæg, fremur en að hér sé ofgert.

Af ógætilegri meðferð á skotvopnum og umsýslu um þau getur stafað tvenns konar voði. Annars vegar, svo sem dæmin sanna, hafa menn af slysni, óláni og kunnáttuleysi orðið sér og öðru fólki að voða með þessum tækjum. Hins vegar er unnið stórtjón á dýralífi landsins með óleyfilegri stundum og í öðrum tilfellum tillitslausri meðferð þessara tækja. Að vísu hygg ég að sú hlið þessa máls, sem lýtur að notkun þessara veiðivopna annars vegar og verndun dýralífs landsins hins vegar, sé efni í annað mál. Okkur vantar löggjöf um skotveiði og strangar reglur um skotveiði hér á landi. En mér er kunnugt um það að á ýmsum svæðum landsins er fuglalíf nú í verulegri hættu — sérkennilegt fuglalíf — vegna skotglaðra manna. Og ég vil í beinu samhengi við þetta frv., sem hér hefur verið lagt fram, vekja athygli, sérstaka athygli á nauðsyn þess að vandlega verði um hnútana búið í nýrri löggjöf um skotveiði. Það er algjör óhæfa að mönnum skuli haldast það uppi að aka eftir þjóðvegum landsins og utan við þá um varptíma með skotvopn á þeim tíma þegar fuglarnir eru friðaðir, skjóta þá út um glugga og hafa sig síðan í burtu með særða fugla og dauða meðfram vegunum. En eins og ég segi, þetta er annað mál, hvernig að verður unnið við setningu nýrrar löggjafar um skotveiði hér á landi.

Það, sem ég sé kannske helst ábótavant við frv.

sjálft, er ekki hverjum heimilt sé að flytja inn þessi tæki, en ég hefði gjarnan viljað sjá ákvæði um það — ströng ákvæði um það með hvaða hætti á að geyma skotvopn á heimilum. Ég hefði gjarnan viljað að kveðið væri á um það að þau mætti ekki geyma öðruvísi en í læstum hirslum og þannig um hnútana búið að börn eða unglingar undir lögaldri hefðu ekki greiðan aðgang að þeim.

Það er rétt að löggjöf sú, sem á sínum tíma kvað á um byssuleyfi, hún var góð á þeim tíma. Að vísu minnist ég þess að okkur unglingunum, sem vorum farnir að fara með byssu áður en þessi löggjöf kom, okkur þótti hún nokkuð hörð og hún varð okkur töluvert áfall. En ég er efalaus um það að hún var góð og náði árangri á sínum tíma. Hún er orðin úrelt núna, og því meiri höft innan skynsamlegra takmarka sem sett eru um útbýtingu byssuleyfa, því betra tel ég.

Þó ég víki ekki jákvætt að hugmyndinni um ríkiseinkasölu á skotvopnum sem kom fram hjá síðasta ræðumanni, þá tel ég hana alls ekki fráleita.

En við skulum í þessu sambandi viðurkenna þá staðreynd að fyrir ýmsa er skemmtileg íþrótt að veiða með byssu, og menn vilja gjarnan geta valið sér byssu við hæfi og ekki láta aðra kveða á um það hvaða tegund þeir noti. Ég gæti hugsað mér að svo kynni að fara, ef hægt væri að gera hagstæð innkaup á Bruno haglabyssum, að ríkisstofnunin mundi kaupa svo sem eins og 10 ára birgðir af þeim, og ég má nú eiginlega ekki til þess hugsa að Winchester væri ekki á boðstólum af þessum sökum. Sem sagt, ég vildi að ef væri ríkiseinkasala, þá væri kveðið á um það að tekið yrði svolítið tillit til vilja kaupenda.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég vil þakka þeim tveimur hv. ræðumönnum, sem hér hafa talað, fyrir vinsamlegar undirtektir undir þetta frv. Ég geri mér grein fyrir því að þetta er allviðamikill lagabálkur, og auðvitað er ekki ætlast til þess að sá hraði sé hafður á afgreiðslu málsins að þm. gefist ekki tóm til að lesa hann gaumgæfilega og koma með brtt. við hann. Ég geri mér ljóst að það er mikið vandaverk að semja lög um þetta efni. Þar verður að mínum dómi að reyna að rata visst meðalhólf, eins og málum er komið. En ég hef að sjálfsögðu ekkert við það að athuga að gerðar séu breyt. á þessu frv. og allra helst ef þær ganga í þá átt sem hv. ræðumenn mæltu fyrir, sem sé að herða eftirlit og aðhald í þessum efnum. Og það kann að vera hægt. Það er að vísu gert ráð fyrir því, eins og ég gerði grein fyrir í framsöguerindi mínu, að ítarlegri reglur verði settar um þetta í reglugerð, og það kann að vera heppilegra að geta lagað slík ákvæði eftir reynslunni í reglugerð heldur en að setja fyrir fram og í upphafi um það lagaákvæði. Við setningu slíkrar löggjafar sem þessarar verður líka að gæta að því að ganga ekki of langt, þannig að hún verði ekki bara margir og fallegir bókstafir, en þannig sé að staðið að það sé erfitt að halda henni uppi í framkvæmd.

Það var vissulega athyglisvert sem hv. þm. bentu á, og ég geri ráð fyrir að hv. allshn. taki það til athugunar. Ég hef síst á móti því að hún athugi þau atriði, eins og t. d. um auglýsingar á þessu. Það kann að vera matsatriði hvort á að banna auglýsingar á þessum efnum eða ekki. Ég veit ekki hvort slíkt bann er mjög mikill hemill á sölu þeirra. En sumum getur aftur á móti fundist það til hægðarauka fyrir sig að vita hvar þessi vopn og efni eru fáanleg. En það eru bannaðar auglýsingar á vissum efnum hér og þess vegna væri það ekkert einsdæmi þó það væru bannaðar auglýsingar á þessum efnum. Því tel ég að gjarnan megi taka það til athugunar.

Sama er að segja um geymslu á skotvopnum og skyldum efnum, að ef hægt er að setja um hana ítarlegri ákvæði í lögum heldur en er í frv., þá hef ég að sjálfsögðu ekkert við það að athuga, en bendi þó á að það er einmitt gert ráð fyrir því að um það efni verði mælt nánar í reglugerð. Og þannig getur verið um sum efni, eins og t. d. varðandi geymslu skotvopna í heimahúsum. Það er sjálfsagt að þar sé beitt vissum varúðarreglum. En það verður, eins og ég sagði áðan, að gæta viss meðalhófs í þeim efnum. Þegar farið er með löggjöf að mæla fyrir um efni sem eru innan veggja heimilis, þá eru það oft og einatt ákvæði sem erfitt er að halda uppi í framkvæmd. En þetta finnst mér sjálfsagt að sé athugað.

Ég tek alveg undir orð hv. þm. Stefáns Jónssonar, 5. þm. Norðurl. e., að það er að mér finnst mjög óvarlega farið með skotvopn við veiðar og valdið hættu með því, ég vil segja bæði fyrir menn og dýr, enda hefur slíkt orðið að slysum. Og það sem hann sagði og er vafalaust rétt, að menn skjóti út um bifreiðaglugga og því um líkt, þá er það forkastanlegra en svo að það taki að eyða hér orðum að því. Þessi skotgleði gengur út í öfgar að mínum dómi og ég fæ ekki skilið hana. En þetta þykir mörgum mikið sport, að drepa allt sem drepið verður af fuglum. Það er skotið uppi um fjöll og firnindi, og hefur slíkt stundum orðið til þess að það hefur orðið að gera m. a allkostnaðarsama leit að þeim mönnum sem hafa lagt í slíka leiðangra. Vilji menn stunda slíkt er a. m. k. lágmarkskrafa að þeir hafi vit á því sem þeir eru að gera og fara með. En ákvæði um þetta efni eiga sennilega frekar heima í lögum um fuglafriðun og fuglavernd sem eru fyrir hendi. Ég get búist við því að það þyrfti að setja fyllri ákvæði um þau efni þar. En það er vafasamt að þau ákvæði eigi út af fyrir sig heima í þessum lögum.

En það eru ekki aðeins byssurnar, sem eru hættulegar, og skotvopnin í þessu sambandi, heldur einnig það efni sem er alveg nauðsynlegt og óhjákvæmilegt vegna framkvæmda og tækni, þ. e. a. s. sprengiefni. Því miður hefur komið fyrir að það hefur sannast að varsla á því efni hefur ekki verið sem skyldi og að jafnvel unglingar hafa komist í slíkar geymslur. Það hefur sem betur fer e. t. v. ekki orðið að þeim slysum sem slíkt hefði getað orðið, en þetta er auðvitað stórhættulegt og verður með öllum ráðum að reyna að búa sem allra tryggilegast um það. Engum dettur í hug að það sé hægt að banna innflutning eða banna notkun á þessum efnum sem eru óhjákvæmileg, en það

verður að fara þannig að að þeim stafi sem minnst hætta og gera þær kröfur til þeirra aðila, sem hafa og þurfa að hafa þetta undir höndum, að þeir hafi nægilega vörslu á því.

Ég fyrir mitt leyti tek sem sagt undir það, að ef hv. þm. komast að því að athuguðu máli að það sé hægt að setja strangari ákvæði, þá skal síst af öllu standa á mér í því efni að samþ. það.

Það hefur verið lögð talsverð vinna í að undirbúa þetta frv. og það hefur verið reynt að taka ýmis sjónarmið til greina.

Viðvíkjandi þeirri hugmynd, sem hv. þm. Bragi Sigurjónsson varpaði hér fram, að það væri eðlilegt að það væri einkasala á þessum efnum, þá vil ég um það segja, að ég er ekki við því búinn að taka afstöðu til þeirrar till. óundirbúinn, og það atriði hefur ekki verið á dagskrá í sambandi við gerð þessa frv., heldur hefur verið miðað við það ástand sem er í þessum efnum. Það má sjálfsagt færa ýmis rök fyrir því að það mætti búa tryggilegar um verslun í þessu efni ef hún væri í höndum opinbers aðila. En eins og alkunnugt er, þá eru aftur á móti skiptar skoðanir um hvaða verslun eigi að vera í einkasölu eða hvað eigi að vera frjálst, og ég skal á þessu stigi ekki segja neitt um það hverjar undirtektir slík hugmynd kann að fá á Alþ. Mér er nær að halda að hún mundi þurfa öllu lengri meðgöngutíma en það tímabil sem eftir er af þingtímanum. En það er sjálfsagt að athuga það eins og önnur atriði í þessu sambandi.

Ég leyfi mér svo að ítreka þakkir mínar til hv. þm. Stefáns Jónssonar og hv. þm. Braga Sigurjónssonar fyrir vinsamlegar undirtektir undir frv. í megindráttum. Ég vona að það fái afgreiðslu á þessu þingi, það er sannfæring mín að það sé spor í rétta átt, þó að það leysi auðvitað engan veginn öll vandamál í þessu sambandi, og það er sannfæring mín að það sé tímabært að setja löggöf um þetta efni nú.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Ferðamál, frv. (þskj. 494). — Frh. 1. umr.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Þetta þurfa ekki að vera mörg orð. Ég vil þó fagna þessu frv. og þakka hæstv. ráðh. fyrir framlagningu þess. Áður höfum við fjallað hér í Ed. um svipað frv. til l. um skipulag ferðamála. Ég var þá í samgn. þessarar d. og það fékk þar ítarlega skoðun, og endirinn varð sá að þó að skoðanir væru skiptar í upphafi, þá urðum við sammála um flest í lokin, ef ekki allt. Þetta frv. var á sínum tíma afgr. héðan frá Ed., en strandaði, held ég, á síðustu dögum þingsins í Nd., þá að mig minnir við 3. umr. þar.

Við meðferð þess máls voru kallaðir til ýmsir aðilar. Þeir voru ekki á eitt sáttir, en það var reynt að samræma sjónarmið þeirra, og ég held að yfirleitt hafi það verið skoðun manna að í meðförum okkar með viðræðum við þessa aðila hafi frv. batnað töluvert.

Ég hef ekki kynnt mér nægilega vel það frv., sem nú er, og miðað við það hvernig við skiluðum þessu frá okkur á sínum tíma. Ég sé að samt er þar til bóta enn frá því sem þar var, svo sem einföldun á Ferðamálaráði. Það er orðið heldur minna bákn en það var í upphafi. Hins vegar sýnist mér að verksvið ráðsins í 7. gr. eða verkefnaskrá þess sé orðin skýrari og afmarkaðri jafnvel heldur en var eftir meðferð okkar, þar séu settar öllu fastari skorður og skýrari.

Það blandast auðvitað engum hugur um nauðsyn þess að betra skipulagi sé komið á ferðamál okkar almennt, og þegar ég tala um ferðamál, þá tala ég auðvitað fyrst og fremst um ferðalög hér innanlands, enda er þetta frv. um það og skipulag sem t. d. Ferðaskrifstofa ríkisins á að rækja samkv. 10. gr. þessara laga og einkum á að beinast að fyrirgreiðslu og skipulagningu ferða fyrir íslenska og erlenda ferðamenn um Ísland. Einnig er það sem vikið er að í 7. gr., í 2. tölul., um verkefni ráðsins, þ. e. hin svokallaða landkynning. Hún er örugglega nauðsynleg, eðlileg og óýkt kynning á okkar landi. Ég get að vísu aldrei varist því að að mér sækir viss kvíði út af því ef við ætlum að gera of mikið úr því. Við getum þá átt von á örtröð erlendra ferðamanna hér eða, að of stór hluti okkar íslendinga fari í það að þjóna erlendu ferðafólki — við getum gengið þar vissulega of langt einnig — og þá væntanlega því ferðafólki sem næga ætti fjármunina.

Ég fagna sem sagt sannarlega öllum tilraunum og allri viðleitni, sem mér sýndist þetta frv. beinast mjög að, í þá átt að stuðla að ferðalögum okkar íslendinga um okkar eigið land. Ég er hins vegar ekki einn af þeim sem sjá í því fegursta framtíð fjölda íslendinga til handa að gera Ísland að eins konar Sviss norðursins. Þar er áreiðanlega, eins og ég sagði áðan, hægt að ganga of langt. Ég held t. d. að við mundum ekki vera hrifnir ef við stuðlum beint og óbeint að því að það yrði um hreina örtröð erlendra ferðamanna að ræða á ýmsum okkar fegurstu staða. En í því sambandi er auðvitað rétt að vekja athygli á því að við eigum marga fagra staði og sérkennilega, ekki síst í auðn og óbyggðum miðhálendisins, og ég held að eitt meginhlutverk Ferðamálaráðs og Ferðaskrifstofu ríkisins ætti að vera, að dreifa þeim ferðamannastraumi, sem vel kann að aukast mjög, dreifa honum víðar um landið, á fleiri staði og skapa þá um leið vissa lágmarksaðstöðu fyrir ferðamenn á nýjum ferðaleiðum eða áningarstöðum.

Ég ætla aðeins að víkja að fáeinum atriðum frv. sem ég hef sérstakan áhuga á og ég minnist vel frá fyrra starfi mínu í samgn. þessarar deildar.

Á verkefnaskrá Ferðamálaráðs samkv. 7. gr. fagna ég mjög ákveðnum ákvæðum í 7. og 8. tölul. þar sem segir: „Samstarf við Náttúruverndarráð og aðra hlutaðeigandi aðila um að umhverfi, náttúru- og menningarverðmæti spillist ekki af starfsemi þeirri sem lög þessi taka til“ — og í öðru lagi að verkefni ráðsins séu „frumkvæði um fegrun umhverfis og snyrtilega umgengni á viðkomu- og dvalarstöðum ferðafólks.“

Þegar að þessum liðum er vikið, þá komum við að því hvers vegna fulltrúi í Ferðamálaráði er frá Náttúruverndarráði. Það er engin tilviljunun að hann er þar kominn. Ég held að fáir fulltrúar eigi einmitt meira erindi þangað en fulltrúar Náttúruverndarráðs, og við vitum það allir hér að sá frækni ferðagarpur sem forustu hefur í þeirri sveit, Eysteinn Jónsson, hefur verið óþreytandi við að telja ferðamál og náttúruvernd óaðskiljanleg ef við eigum að halda landi okkar óspjölluðu, ef við eigum að vernda og verja okkar fegurstu staði. Mig minnir það áreiðanlega rétt að 8. tölul. um frumkvæði Ferðamálaráðs um fegrun umhverfis og snyrtilega umgengni á viðkomu- og dvalarstöðum ferðafólks sé einmitt beint frá þessum ágæta manni kominn og reyndar einnig orðalag 7. tölul., ef ég man rétt.

Í aths. við 8. gr. hvað það snertir, að Ferðamálaráði sé heimilt að veita einka- eða opinberum aðilum styrk af því gjaldi, sem lagt er á vörusölu Fríhafnarinnar í Keflavík, til að koma upp endurbættri aðstöðu fyrir ferðamenn á stöðum sem fjölsóttir eru, það getur út af fyrir sig verið rétt að hafa þetta ákvæði, sérstaklega með tilliti til þess, sem segir beint í athugasemdunum um þetta, að hér er um heimild að ræða og ekki ætlast til að hún sé notuð nema mjög takmarkað. Ég held að það sé alveg rétt að undirstrika það að styrki af þessu tagi til ýmissa einkaaðila eigi að nota mjög varlega. Og það sýnist vera meiningin samkv. aths. við frv.

Ég styð eins og áður III. kafla frv. um Ferðaskrifstofu ríkisins. Ég álít að fremsta hlutverkið þar eigi að vera það, eins og þar segir í 10. gr., að stuðla að ferðamálum hér innanlands og stuðla þar að bættri þjónustu. Mér er kunnugt um að starfsemi Ferðaskrifstofu ríkisins á Edduhótelum hefur um margt verið til fyrirmyndar og þar hefur ýmislegt mátt að finna eins og víðar, en sums staðar veit ég að þessi starfsemi hefur gert það að verkum að aðrir aðilar hafa bætt rekstur sinn og þjónustu öfugt við það sem stundum hefur heyrst, að þarna væri um óeðlilega og óheppilega samkeppni að ræða frá hálfu þessara hótela. Ég verð að segja það að reynslan af því, þar sem ég þekki til er einmitt mjög jákvæð. Hún hefur orðið hvatning öðrum aðilum sem voru töluvert langt niðri í þessum efnum, bæði hvað þjónustu og allan rekstur snertir, — hefur orðið þeim bein hvatning til þess að bæta og auka þjónustu við ferðafólk og í sumum tilfellum að leggja niður þjónustu sem var fyrir neðan allar hellur, og það er líka til bóta.

Varðandi Ferðamálasjóðinn, þá er mér auðvitað orðið það löngu ljóst að ferðamálin hljóta að þurfa sinn öfluga stofnlánasjóð, og ég skal ekkert úr því draga. Samkv. frv., 24 gr., 2. tölul., þar sem nú er því bætt við að sjóðnum sé heimilt að veita einka- og opinberum aðilum gegn fullnægjandi tryggingum lán til annarra þátta ferðamála en í 1. lið greinar, svo framarlega sem með lánveitingunni er stuðlað að þróun íslenskra ferðamála, þá finnst mér að samkv. þessu ætti að vera tryggt að þeir aðilar sem ég hef lengi haft af áhyggjur, þ. e. a. s. þeir sem hafa stundað hópferðaakstur úti á landsbyggðinni víða og átt í miklum erfiðleikum, þeir eigi nú eftir þessu ákvæði að geta komist inn í þennan sjóð, eigi möguleika á lánum úr sjóðnum. Hitt er annað, að þessi lán hafa yfirleitt verið óhagstæð. Ég sé ekki nægilega vel hvaða breyting hér verður á. Mér sýnist hún út af fyrir sig ekki teljandi. Hitt vildi ég leggja áherslu á og biðja n. um að athuga sérstaklega, að þessi sjóður fær töluvert fjármagn frá ríkissjóði, honum er einnig heimilt að taka allmyndarlega fjárhæð að láni sem hann svo framlánar aftur. Ég teldi eðlilegt að inn í þessi lög væri hreinlega sett það ákvæði að sjóðurinn birti árlega lánveitingar úr sjóðnum, að sjóðnum verði gert að skyldu að birta hvaða lánveitingar eru þaðan veittar. Ég tel t. d. varðandi Byggðasjóð, sem hefur gert þetta að fastri reglu, það mjög til fyrirmyndar, þannig að menn geti séð í hvað þessir fjármunir hafi farið og þurfi ekki að vera að eltast neitt við það.

Ég ætla ekki að hafa mjög mörg orð hér um eins og ég sagði áðan, enda hef ég ekki nema rétt lesið frv. yfir á hlaupum. Ég er alveg samþykkur 35. gr. Ég held að það sé rétt, að ef mikil örtröð myndast á einhverjum fjölsóttum ferðamannastöðum, þá sé ráðh. heimilt að ákveða að greiddur skuli þar aðgangseyrir, þ. e. a. s. á þeim stöðum sem eru eign ríkisins. Ég er hins vegar ekki alveg viss um innheimtuna á þessu, hvernig hún gengur, og veit reyndar dæmi þess að ekki gengur nú allt of vel að ná þessu fé og kannske gengur það verst hjá þeim sem besta hafa aðstöðuna til að greiða þarna fyrir. Sama er að segja um ýmsa þjónustu sem menn fá á þessum ferðamannastöðum, sem ég tel fulla ástæðu til þess að láta greiða fyrir, að þar sleppa þeir oft sem síst skyldi, þannig að það þyrfti áreiðanlega að setja þarna nánari ákvæði um innheimtuna, hvernig hún væri framkvæmd. En aðalerindi mitt var sem sagt að fagna þessum gamla kunningja hér. Ég gerði það einnig á sínum tíma þegar þetta mál kom hér til umr.

Ég fagna meginefni frv. og styð meginstefnu þess, að svo miklu leyti til sem ég hef getað kynnt mér það, og tel að þær breytingar, fljótt á litið, sem ég sé að hafa orðið frá fyrra frv., séu til bóta, að sumu leyti til einföldunar, en í öðru lagi, og það er varðandi verkefni Ferðamálaráðs, séu komin skýrari ákvæði og greinilegri sem rétt er að fagna.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil á sama hátt og aðrir þeir hv. þm., sem hér hafa tekið til máls um þetta frv. til l. um skipulag ferðamála, þakka hæstv. ráðh. fyrir að koma þessu frv. áleiðis og taka undir allt það góða sem til hans hefur verið talað af því tilefni.

Ég vil leyfa mér að hefja mál mitt með því að lýsa því yfir að Ferðamálaráð, sem ég hef setið í frá upphafi sem varaformaður, hefur sérstaklega beðið mig að lýsa hér ánægju ráðsins með framkomu þessa frv., og skila því hér með til hæstv. ráðh., sem ég gerði í upphafi persónulega.

Af tilefni ræðu hv. 7. landsk. þm., Helga Seljans, og yfirferðar hans yfir frv. sjálft, þá vil ég aðeins segja það, að Ferðamálaráð hefur verið afskaplega einfalt í sniðum og störfum og

þetta frv. er ekki að því leytinu til einföldun á Ferðamálaráði. Þar hafa setið 8 manns plús 2 skipaðir af ráðh., en þeir verða nú 9 plús þessir 2, og ég held að það sé til mikilla bóta að fá þá aðila, sem hér koma nú nýir inn samkv. frv., á fundi Ferðamálaráðs.

Hv. 7. landsk. þm. gerði sérstaklega 7. og 8. lið 7. gr. að umræðuefni, en það er um samstarf við Náttúruverndarráð og aðra hluaðeigandi aðila o. s. frv. og 8. liðurinn um frumkvæði um fegrun umhverfis og snyrtilega umgengni á dvalarstöðum ferðafólks. Ég vil upplýsa það að Ferðamálaráð hefur, án þess að vera skyldað til með lögum, haft þetta sjónarmið í huga frá upphafi. En ég vil líka taka undir þau orð sem hann lét hér falla til Eysteins Jónssonar. Hann hefur verið frumkvöðull að slíkum málum og talað til okkar varnaðarorð í Ferðamálaráði, hefur komið þar á fundi og átt sinn þátt í að beina hugum okkar inn á þessar brautir.

Ég vil geta þess vegna þeirra orða sem hv. síðasti ræðumaður gerði að umtalsefni í 8. gr., að Ferðamálaráð hefur veitt fé af þeim upphæðum, sem komið hafa frá Keflavíkurflugvelli eða annars staðar frá í Ferðamálasjóð eða til umráða í Ferðamálaráði, bæði til Edduhótelanna og eins til annarra hótela rekinna á vegum einstaklinga.

Má þar nefna það átak sem hvað stærst er í okkar starfi sem ferðamálaráðsmanna, en það er uppbygging á hótelinu í Höfn í Hornafirði sem ég held að hv. þm. geti tekið undir með mér að var mikið og þarft framtak.

Þá vil ég einnig upplýsa hv. síðasta ræðumann, af því að hann gerði Ferðamálasjóðinn að sérstöku umræðuefni, að sá skilningur, sem hann vonar að verði í framtíðinni, hefur alltaf ríkt. Ferðamálasjóður hefur styrkt aðila sem standa að ferðalögum um landið og má taka dæmi um eldhúsbíl sem Ferðamálaráð styrkti einn aðila, sem sér eingöngu um ferðir innanlands, til að kaupa. Og eins er um hreinlætisaðstöðu fyrir þá aðila sem hafa tekið sér það verkefni fyrir hendur að hugsa um erlenda ferðamenn og sýna þeim landið.

Þá vil ég einnig geta þess að lánveitingar úr Ferðamálasjóði hafa alltaf verið opinber gögn og skýrsla Ferðamálaráðs hefur alltaf birt lista yfir alla þá sem fengið hafa lán úr Ferðamálasjóði, þannig að þar er ekki um neinn feluleik að ræða.

Margt af því, sem hér hefur verið talað um, er þegar í gangi og hefur lengi verið. Í sambandi við VI. kafla, 35. gr., þá talaði hv. síðasti ræðumaður, 7. landsk. þm., um þá grein sem segir að ráðh. sé heimilt að ákveða að fenginni umsögn stjórnar Ferðamálaráðs Íslands að greiddur skuli aðgangseyrir að fjölmennum ferðamannastöðum sem eru eign ríkisins, enda sé það fé, sem þannig safnast, að frádregnum innheimtukostnaði eingöngu notað til fegrunar og snyrtingar viðkomandi staða og til að bæta aðstöðu til móttöku ferðamanna sem þangað koma. Ég vil benda á að yfirleitt hafa aðilar sótt um leyfi til Ferðamálaráðs þegar um útiskemmtanir hefur verið að ræða, t. d. í Þórsmörk eða áður fyrr á Laugarvatni, og ef við tökum sem dæmi Laugarvatn, þá hefur aðgangseyririnn þar runnið til þess að stórbæta aðstöðu þeirra sem nota tjaldstæði staðarins, og ég held að það sé til fyrirmyndar eins og það hefur verið byggt upp. Svona má lengi telja.

Ferðamálaráð hefur starfað að miklu leyti í anda þess frv. sem hér er um að ræða. Ferðamálaráð hefur líka margoft bent á það, að það er og hefur verið nauðsynlegt að koma betri skipan á ferðamál þjóðarinnar. Ég vil aðeins benda á það að Þjóðhagsstofnun áætlar að nú starfi við ferðamál um 4% af þjóðinni í þjónustugreinum sem snerta ferðamál og það er talsvert stór hópur og fer sívaxandi. Ég held að það sé óþarfi að spyrna við fótum til þess að fyrirbyggja óþarfan átroðning ferðamanna. Ég held að það sé réttara að fara að eins og stefnt er að með þessu frv., þ. e. að koma á betra skipulagi. Og ég held að það sé yfirleitt gert í öllum löndum.

Ég vil leyfa mér að vísa hér til bls. 17 á fskj. um beinar og óbeinar gjaldeyristekjur vegna erlendra ferðamanna árið 1969 og allt til 1974, og þá kemur í ljós að þrátt fyrir samdrátt á árunum 1972—1973 eru heildartekjur af ferðamönnum til Íslands, þ. e. a. s. af erlendum gjaldeyristekjum, 7.2% miðað við heildarútflutningsverðmæti þjóðarinnar, svo að þetta er orðið talsvert stór atvinnuvegur.

Formaður Ferðamálaráðs upplýsti okkur rétt fyrir þennan fund að Ísland væri eina norræna landið sem hefði ekki fullkomna löggjöf um ferðamál. Nú er það náttúrlega matsatriði hvað er fullkomin löggjöf, ég skal viðurkenna það, en alla vega vonum við að við getum sett löggjöf sem hægt er að fullkomna með tímanum, en að við komum hér á löggjöf sem geri bæði Ferðamálaráði og öllum þeim aðilum, sem að ferðamálum starfa, störfin auðveldari og betur skipulögð. Ég vil bæta því við, að eins og menn sjá á bls. 17, þá eru heildartekjurnar af erlendum ferðamönnum, sem koma til landsins, nokkuð á þriðja milljarð, eru 2.4 milljarðar, og hafa auk ist eitthvað lítillega síðan þessi skýrsla er gefin út, en hún er frá árinu 1974.

Ég vil einnig að það komi fram að við þær breytingar, sem eru lagðar til í þessu frv., eykst ekki kostnaðurinn við framkvæmd ferðamála. Kostnaðurinn við framkvæmd samkv. þessu frv., sem hér liggur fyrir, verður nokkuð líkur því sem hann er þegar dreginn er saman kostnaður við Ferðamálaráð, sem er óverulegur, enda hefur Ferðamálaráð starfað sem ólaunað ráð frá upphafi, og kostnaður við Ferðaskrifstofu ríkisins, sem sagt kostnaðurinn eykst ekki. Verður það að teljast nokkuð gott.

Ég vil líka leyfa mér að benda á að lánveitingar úr Ferðamálasjóði á þessu tímabili, sem um er getið á bls. 17, er óverulegur hér í Reykjavík. Þær eru tæpar 20 millj. af 154 millj. rúmum sem veittar hafa verið að láni úr Ferðamálasjóði. Sýnir það að Ferðamálasjóður hefur lagt mesta áherslu á að byggja upp móttöku ferðamanna og aðstöðu úti á landi. Ég held að það sé álit allra ferðamálaráðsmanna að þar sé meiri þörf og mesta þörfin sé áhersla á uppbyggingu á móttöku ferðamanna úti á landi. Það er sæmilega vel séð fyrir því hér í Reykjavík.

Þá vil ég fagna því sem fram kemur í 25. gr. í V. kafla, um Ferðamálasjóð, en þar er getið um í 1. lið: „Árlegt framlag úr ríkissjóði eigi

lægra en 40 millj. kr.“ Ég tel að þetta sé mikið til bóta því að Ferðamálasjóður hefur verið févana miðað við það mikla verk sem óunnið er í ferðamálum víðs vegar um landið.

Ég vil endurtaka þakklæti mitt og okkar ferðamálaráðsmanna til hæstv. ráðh. fyrir hans áhuga á að koma þessu frv. í gegnum n. og deildir Alþ. á þessu þingi og vona að þm. almennt hjálpi til þannig að þetta frv. hljóti lokaafgreiðslu á þessu þingi, en dagi ekki uppi.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég hygg að það hljóti að hafa verið óvenjulega ánægjulegt fyrir hæstv. samgrh. að hlýða á ræður þær sem hér hafa verið haldnar. Ég minnist þess vart að hafa heyrt hv. þm. Helga F. Seljan hrósa ráðh. í núv. ríkisstj. af annarri eins einlægni og hann gerði áðan. Nú vill svo vel til fyrir hæstv. ráðh., að ég hygg að hann eigi í þessu tilfelli lofið skilið, að frv., sem var bætt í meðferð Ed. stórlega, hefur enn þá haldið áfram að batna í skúffu ráðh. Er svo gjarnan um ýmislegt það sem gott er að það batnar með aldrinum. Svo er með frv. að það er ekki einsdæmi, að því lengur sem það dregst að þau verði að lögum, því betra. Ég hygg nú samt að telja megi þessu frv. það til kosta, að hér er gert ráð fyrir því að komið verði skipulagi á mál sem nú eru í miklu óefni vegna skipulagsleysis.

Ég hef látið þau orð falla að ég vilji ekki bregða fæti fyrir samþykkt þessa frv. En ég hef óljósan grun um það, að þó að það hafi batnað svona mikið í meðferð Ed. fyrst og síðan í meðferð hæstv. ráðh., þá kunni e. t. v. að vera hægt að bæta það enn. Svo ég nefni breyt., sem orðið hefur á frv., sem ég er ekki alveg viss um að sé til bóta, þá er það sú að fellt er niður ákvæði um að forstöðumaður ferðaskrifstofu hafi til að bera ákveðna þekkingu. Það getur varla komið í staðinn að hann hafi í þjónustu sinni einhvern mann sem hafi slíka þekkingu til að bera. Sé erfitt að fylgja því fram að forstöðumaður ferðaskrifstofu hafi þessa þekkingu til að bera, svo ekki verði sniðgengið, þá má það verða erfiðara að fylgja því fram að hann hafi í þjónustu sinni slíkan mann sem þessa þekkingu hafi til að bera. Ég er persónulega þeirrar skoðunar að nokkuð mikið sé í húfi að þeir menn, sem falið er að leiða útlenda ferðamenn, sem hafa keypt sér far hingað til lands skv. auglýsingum, inn í helgidóm íslenskrar náttúru, — það sé talsvert í húfi að það séu góðir menn sem annist þessa leiðsögn.

Ég tel það til mikilla bóta að mega nú sjá von í því að farið verði að stemma stigu við örtröð ferðamanna á ýmsum fegurstu stöðum landsins. Það er ekkert leyndarmál að í sumar leið var náttúru spillt stórkostlega í Herðubreiðarlindum með ágangi útlendinga á vegum íslenskra ferðaskrifstofa og þó fyrst og fremst einnar ferðaskrifstofu. Það er ekkert leyndarmál heldur að fuglaparadísin við Mývatn hefur verið í hættu vegna ágangs ferðamanna. Og hér komum við að því sem gjarnan verður, að annars vegar höfum við hagsmuni mannanna sem græða á því, stunda þá atvinnu að flytja ferðamenn þúsundum saman um landið og sýna þeim fegurð þess, og svo eru hins vegar hagsmunir mannanna sem þurfa að bæta tjón, leggja af mörkum fé til þess að bæta um það sem spillt er, og þó umfram allt eru það hagsmunir mannanna, sem eiga þau verðmæti sem þarna er verið að selja, því nú er það þannig að þar er verið að koma í peninga þarna ekki aðeins fegurð, sem fyrir augunu ber, heldur líka ró og kyrrð ýmissa fegurstu og friðsælustu staða landsins. Og þegar kominn er rútubíll á þennan stað, fullur af útlendingum, þá er þessi ró úr sögunni. Það er verið að selja burt að vissu leyti verðmæti sem við eigum. Og er þá það enn ótalið með hvaða hætti ýtt hefur verið undir það með auglýsingum af hálfu þeirra, sem tekjur hafa af ferðamálum á Íslandi, að hingað komi menn til að kaupa upp í eiginlegri merkingu ýmis þau verðmæti sem þegnar þessa lands hafa setið einir að fram að þessu. Á ég þar m. a. við útlendingabraskið með veiðiárnar okkar þar sem íslenskum þegnum er gert að keppa við erlenda auðjöfra með verðtilboðum í veiðileyfi til þess að veiða í ám okkar og vötnum.

Ég er nú ekki alveg viss um með hvaða hætti talnafróðir menn hafa komist að þeirri niðurstöðu að 4% af þjóðinni lifi af ferðamálum og að 7% af gjaldeyristekjum þjóðarinnar komi frá ferðamálum. Ég veit ekki hvernig þetta dæmi er reiknað, en þykist þess alveg fullviss að hér sé um að ræða brúttótekjur, en ekki nettó.

Enn segi ég það, að ég tel frv. vera til bóta frá skipulagsleysinu, en ég óska eindregið eftir því að það verði nú enn athugað í n., þó að ég vilji gjarnan stuðla að því að það verði afgr. sem fyrst. Ég tel gott að fá löggjöf um ferðamál, en ég vil heldur að það dragist fram á haustþingið að samþ. hana ef þess er nokkur kostur að bæta hana frá því sem nú er. Ég vil að ferðamálalöggjöf okkar miði að því í fyrsta lagi að tekið verði tillit til hagsmuna þeirra manna sem hafa lagt fjármuni sína í hótelbyggingar hérna og hafa gert móttöku gesta og fyrirgreiðslu að ævistarfi. Í öðru lagi vil ég að löggjöfin miði að því að tekið verði sómasamlega á móti þeim erlendum gestum, sem koma hingað til lands, og þeim gerð vistin hér notaleg, svo sem gestrisinni þjóð hæfir. En ég vil ekki að þessi löggjöf miði að því að auka umfram allt straum erlendra ferðamanna til landsins, jafnvel hið gagnstæða.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég ætla ekki að fjalla hér um erlenda ferðamenn og skipulag ferðamála almennt. Ég vona að sem flestir geti verið sammála um það, að á þessu sviði þarf nú að gæta hófs, en um leið er vafalaust mikil þörf á því að skipuleggja ferðamál betur en gert hefur verið. En ég vil leyfa mér að benda á það, að þegar þetta mál var hér á ferðinni fyrir tveimur árum, þá bar ég fram brtt. við frv. sem þá hét sama nafni og nú, frv. til l. um skipulag ferðamála. enda þótt það væri að efni til eitthvað öðruvísi. Það var t. d. þá talað um Ferðamálastofnun Íslands, en nú er bara talað um Ferðamálaráð. En þá bar ég fram brtt. sem var samþ. hér í d., ég held með öllum greiddum atkv. Og þar sem ég hef ekki rekist á efni þessarar brtt. í nýja frv., þá vil ég nú reyna að koma henni á framfæri áður en málið fer til n., þannig að n. geti skoðað þessa till. Till. var svohljóðandi:

„Telji Ferðamálastofnunin að heimavistarbygging í þágu skóla, sem ríkissjóður kostar að einhverju leyti, henti til starfrækslu sumargistihúss, getur hún farið fram á að byggingarteikningum sé hagað svo að húsnæðið fullnægji þeim kröfum sem gerðar eru til rekstrar gistihúss, enda sé stofnunin eða viðkomandi byggingaraðili reiðubúinn að bera ábyrgð á þeim byggingarkostnaði sem af breytingunum leiðir. Jafnframt er heimilt í þessu skyni að veita Ferðamálastofnuninni eða viðkomnadi byggingaraðila lán úr ríkissjóði fyrir milligöngu Ferðamálasjóðs, allt að 10 millj. kr. árlega."

Ég held nú satt að segja að þessi brtt., sem ég flutti fyrir tveimur árum og eins og ég sagði var samþ. samhljóða hér í d. og þannig fór frv. til Nd., þarfnist ekki mikilla skýringa. Það er einkennilegt ósamræmi ríkjandi í þessum málum, þar sem annars vegar er gert ráð fyrir því að erlendir gestir séu hýstir í skólahúsnæði á heimavistum sem ríkið hefur byggt dýrum dómum, en standa auð yfir sumartímann, og svo hins vegar því, að þessar skólabyggingar eru ekki nándar nærri alltaf hannaðar með hliðsjón af þessum notum. Á þetta hafa ýmsir bent fyrr og síðar, en lítið hefur verið gert til að tryggja samræmingu á þessu þannig að fé ríkisins nýtist betur en ella.

Ég vil taka það fram, að Ferðamálaráð mælti mjög eindregið með samþykkt þessarar till. á sínum tíma, og ég mun leyfa mér að flytja þessa till. nú fyrir 2. umr. málsins.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Vegna þess, sem hv. 5. þm. Norðurl. v. gat um í sinni ræðu, vil ég upplýsa það að Ferðamálaráð hefur gert margar tilraunir — og þær hafa borið vissan árangur — að hafa samvinnu við menntmrn. um að fá að fylgjast með skólabyggingum um land allt. Það hefur borið árangur og það hefur verið samstarf milli húsameistara ríkisins í sumum tilfellum og Ferðamálaráðs um hönnun skólahúsa, þar sem hægt er og rétt er að koma þannig fyrir að skólahús geti í skólahléum — sumarleyfum — tekið á móti ferðamönnum. Mig minnir að það hafi verið gert á Flúðum. Og slíkt samstarf stóð til — ég veit ekki hvernig því lauk — á Ísafirði. Alla vega var það gert með þessa tvo staði í huga. En það hefur verið gert á öðrum stöðum líka. Þegar umr. hafa verið í Ferðamálaráði um slíkt samstarf, þá hefur það alltaf verið byggt á því að þar sem þyrfti að vera aukakostnaður við skólahús til þess að gera skólabyggingar hæfar til að taka á móti ferðamönnum þann tíma sem skólahúsið er ekki notað sem slíkt eða heimavistirnar, þá lánaði Ferðamálasjóður út á þann mismun. Ég nefni þetta til að það komi hér fram til upplýsingar. En ég tel rétt að þessi till. hv. 5. þm. Norðurl. v. verði tekin til athugunar um leið og frv. er afgr.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég hef ekki fylgst nákvæmlega með störfum Ferðamálaráðs, en ég veit ýmis dæmi þess um skólabyggingar, sem eru að rísa nú, að það hefur verið vilji manna að hægt væri að nota skólann sem gistirými fyrir ferðamenn, en það hefur enginn verið reiðubúinn til að leggja fram fé til að gera þetta kleift, því að viðkomandi sveitarfélög, sem í þessum tilvikum hafa verið sveitahreppar, hafa ekki talið sig hafa fjármagn til þess að kosta þá viðbótarfjárfestingu sem þarna var um að ræða. Þar sem vandamálið virðist sem sagt vera þess eðlis, þá er að minni hyggju mjög brýnt að tryggja að þetta komist í framkvæmd og að það sé ætlað sérstakt fé í þessu skyni. Ég rak mig líka á það í viðræðum við Ferðamálaráð að það taldi sig ekki hafa fé aflögu í þessu skyni, og það var með þetta í huga sem till. var flutt á sínum tíma. Það má að vísu segja að ef allir aðilar eru mjög samstarfsfúsir, bæði menntmrn. og viðkomandi sveitarfélög, þá er þetta tiltölulega einfalt mál. Þá er hægt að framkvæma þetta án beinnar lagaíhlutunar. En mér sýnist á öllu að það væri æskilegt að koma þessu í fast skipulag og þess vegna er till. flutt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til samgn. með 17 shlj. atkv.

Umferðarlög, frv. (þskj. 490). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv. er þmfrv. Það er um það að í staðinn fyrir, að í umferðarlögum nú er skylt í vissum tilfellum að beita varðhaldi, er í þessu frv. gert ráð fyrir því að það sé sett í vald dómara hvort hann dæmir í sektir, varðhald eða fangelsi allt að tveimur árum. Eins og ég sagði er það svo, að í mörgum tilfellum er skylt að dæma í varðhald. Hins vegar hefur það tíðkast ákaflega lengi að varðhaldi hefur verið breytt í sekt, og það eru á hverju ári mjög margar slíkar breytingar sem kallaðar eru nú náðanir, en eru í þessu fólgnar, að varðhaldsdómi er breytt í sektardóm. Þessir hættir, sem þannig hafa komist á, eru út af fyrir sig ekkert skemmtilegir og það er í rauninni að mínum dómi heppilegra, að dómari hafi það á valdi sínu og geti þá strax dæmt sekt, heldur en að vera að dæma í varðhald sem svo verður síðar breytt í sekt.

Ég er, eins og ég sagði, þessu frv. samþykkur. Þetta hefur auðvitað engin áhrif á ökuleyfissviptinguna, ekki fremur en þessi svokallaða náðun hefur haft það, að þó að varðhaldi hafi verið breytt í sekt, þá helst ökuleyfissviptingin eftir sem áður.

Þetta frv. var samþ. í Nd., og ég hygg að allshn., sem fékk það þar til meðferðar, hafi mælt með því samhljóða. Ég geri það að till. minni að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Umferðarlög, frv. (þskj. 518). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv. um breyt. á umferðarlögum er stjórnarfrv., þó mjög limlest eftir meðferð í Nd.

að mínum dómi, en samt hlýt ég að mæla fyrir því hér. Það má segja að þegar þetta frv. var lagt fyrir hv. Nd. hafi kjarni þess verið sá að hverfa að nýjum háttum um skráningu bifreiða, taka upp nýtt skipulag í því efni, hverfa frá því að það séu lögreglustjórar, sem fara með það, og hverfa frá því, að það þurfi að umskrá bifreið í hvert skipti sem hún skiptir um eiganda, svo sem nú er.

Jafnframt voru í þessu frv. fleiri ákvæði sem að vísu hafa sína þýðingu. Þau voru um að það skyldi tekin upp skráning á vissum vélknúnum farartækjum, sem skráning hefur ekki verið á, svokölluðum beltabifhjólum og snjósleðum.

Þriðja meginatriðið í frv. má segja að hafi verið að hækka vátryggingarfjárhæðir bifreiða í samræmi við breytta verðlagsþróun, skulum við segja, þ. e. a. s. að tvöfalda fjárhæðirnar, þannig að vátryggingarfjárhæð verði 12 millj. kr. fyrir bifreiðar, en 6 millj. fyrir önnur ökutæki, í stað þess, sem er í núgildandi lögum, það eru 6 millj. kr. fyrir bifreiðar, en 3 millj. kr. fyrir önnur ökutæki.

Þessu frv. breytti hv. Nd. á þá lund að hún felldi niður úr upphaflega frv. ákvæðin um skráningu bifreiða, um það nýja skipulag sem gert var ráð fyrir að tekið yrði upp á skráningu bifreiða, en eftir standa þá í þessu frv., sem hér er lagt fyrir þessa hv. d., hin tvö atriðin sem ég nefndi, um skráningu á vissum vélknúnum farartækjum og svo um hækkun vátryggingarfjárhæðar, auk minni háttar atriða sem eru í þessu frv.

Ég tel það að sjálfsögðu miður farið að það skyldi vera fellt í Nd. að taka upp þessa nýju skipan á skráningu bifreiða. Ég skal samt ekki fara mörgum orðum um það hér og mæla fyrir því sem þegar er búið að fella niður úr frv. En ég vil aðeins leyfa mér að vísa í grg. þar sem kemur fram hversu mikið kveður að umskráningum, að á árinu 1974 voru umskráningar 27 340. Það gefur auga leið að það er æðimikill kostnaður og vinna sem eru samfara þessu kerfi sem við höfum nú. Það var á sínum tíma gerð rækileg athugun á því hvað mundi sparast við þá hagræðingu ef tekin væri upp skráning í líkingu við það sem tíðkast annars staðar. Sú athugun mun hafa verið lögð fyrir fjvn. eða undirnefnd fjvn. á sínum tíma, 1971 eða 1972, að ég ætla, og þá var reiknað með því að sparnaðurinn mundi verða 3½—4 millj. Þetta er nú hægt að margfalda, eins og menn geta gert sér í hugarlund, og samkvæmt viðtali, sem ég átti við forstjóra Bifreiðaeftirlitsins, telur hann að beinn sparnaður Bifreiðaeftirlitsins að því nýja kerfi yrði um 20 millj. ef það yrði tekið upp.

Nú geta menn litið svo á að 20 millj. séu ekki mikið fé nú á tímum. En samt sem áður er það fjárhæð sem sitt hvað má gera fyrir, og ég held að það hefði verið mjög virðingarvert af Alþ. að sýna vilja sinn til þess að koma við sparnaði þegar því er gefið færi á því.

Það var sitt hvað fært fram gegn því að taka upp þessa skipan, m. a. ruglingur í sambandi við þinglýsingu. En þess er að geta, að það var gert ráð fyrir því í aths. með frv. og hefur alltaf verið gert ráð fyrir því að ef þessi nýja skipan væri upp tekin, þá yrði að setja ný ákvæði um þinglýsingu, þó að það hafi ekki þótt ástæða til þess að vera að semja eða setja slík ákvæði fyrr en þessi ákvæði í umferðarlögunum hlytu samþykki.

Það var sagt sem svo, að það væri bara hægt að hækka skráningargjöldin og láta menn borga fyrir þetta og standa undir þeim kostnaði og þá lenti hann ekki á ríkissjóði. Skráningargjöldin hafa reyndar verið hækkuð, en samt sem áður hrökkva þau nú ekki til til þess að standa undir þessum kostnaði. Sjálfsagt mætti fara þessa leið. En mér finnt sú röksemdarfærsla minna nokkuð á rökin hjá karlinum em sat á merinni með klyfjarnar á eigin baki og sagði: Hesturinn ber ekki það sem ég ber — því að auðvitað er þetta kostnaður, sem er þessu kerfi samfara hver svo sem greiðir það. Frá ríkisins sjónarmiði getur verið hagkvæmt að koma honum yfir á aðra, en eftir sem áður er það kostnaður sem einhver verður að greiða, fyrir utan þá vinnu og óhagræði sem af þessu stafar.

Eins og ég sagði, herra forseti, þá ber mér auðvitað fyrst og fremst að mæla fyrir því frv. sem ég legg hér fram og komið er frá hv. Nd. Ég tel, þó að það sé orðið annað og miklu lakara að mínum dómi heldur en það var í öndverðu, að þá sé rétt samt að afgreiða það og það sé nauðsynlegt að afgreiða það. Hins vegar mundi ég vera þessari hv. d. mjög þakklátur og þeirri n., sem fær þetta mál til meðferðar, ef hún vildi taka upp þau ákvæði sem felld voru niður í Nd., og það mundi ekki vera í fyrsta skipti sem hv. Ed. bætir nokkuð úr mistökum sem átt hafa sér stað í Nd.

Ég skal ekki fjölyrða um þetta mál, herra forseti. Það verður skiljanlegra ef menn hafa upphaflega frv. líka við höndina og þær athugasemdir sem því fylgja. Þar er hægt að fá skýringar á þessu sem ég leyfi mér að vísa til. Ég æski þess að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Skráning og mat fasteigna, frv. (þskj. 121, n. 506, 505). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur haft til meðferðar frv. til l. um skráningu og mat fasteigna. N. hefur fjallað um þetta frv. á allmörgum fundum og þ. á m. sameiginlegum fundum með fjh.- og viðskn. Nd. Umsagnir bárust frá allmörgum aðilum, sem ég mun gera grein fyrir síðar í máli mínu, og einnig komu til fundar við n. Þorsteinn Ólafsson deildarstjóri í fjmrn., Gaukur Jörundsson prófessor og Guttormur Sigurbjörnsson forstjóri Fasteignamats ríkisins. N. mælir með því að frv. verði samþ. með þeim breytingum sem koma fram á þskj. 505 og ég mun gera nánari grein fyrir, en hins vegar áskilja nm. sér rétt til að flytja eða fylgja öðrum brtt.

Aðalmat fasteigna frá 1970 er gert samkv. lögum nr. 28 frá 1963, um fasteignamat og fasteignaskráningu. Það er ljóst og hefur lengi verið ljóst að lagagrundvöllur matsins frá 1970 er ekki

nægilega góður og mikill til þess að vera nægilega traustur grunnur fyrir framtíðarþróun fasteignamats.

Frv. var samið um fasteignamat árið 1970 af Ármanni Snævarr prófessor. Hann skilaði frv. af sér 1971 og hafði náið samráð við Samband ísl. sveitarfélaga, en hins vegar varð ekki af því að þetta frv. kæmi til meðhöndlunar Alþingis. Hins vegar var lagt fram frv. um fasteignamat og fasteignaskráningu á þingi 1973, en það frv. náði ekki fram að ganga. Ed afgreiddi frv., en það stöðvaðist í Nd. vegna þingrofs. Nú er svo komið að ef ekki fæst ákvörðun um framtíð fasteignamats í landinu, þá er hætt við því að sá mikli kostnaður og sú mikla vinna sem hefur verið lögð í fasteignamatið, þ. e. a. s. fasteignamatið frá 1970, öll sú vinna og kostnaður sé unnið fyrir gýg. Það er því mjög brýnt að fá traustari grundvöll undir fasteignamat og má því leggja mikla áherslu á að þetta frv. nái fram að ganga hér á Alþingi.

Ég ætla mér ekki að gera grein fyrir málinu almennt, það fylgir frv. ítarleg grg. og ráðh. gerði grein fyrir málinu allítarlega í framsögu.

N. leggur fram allmargar brtt.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að nafn þessarar stofnunar verði Fasteignaskrá í stað hins eldra nafns: Fasteignamat ríkisins. N. varð sammála um að það væri ekki ástæða til þess að breyta þessu nafni. Þó að það megi til sanns vegar færa að orðið „fasteignaskrá“ lýsi ef til vill betur tilgangi þessarar stofnunar, þá taldi n. ekki ástæðu til að breyta nafninu Fasteignamat ríkisins, þar sem það nafn er orðið fast í sessi og einnig mundi fylgja því allmikill kostnaður að breyta þessu nafni, svo sem prentun á nýjum eyðublöðum o. s. frv.

Í öðru lagi gerir n. það að till. sinni að 2. gr. breytist þannig að í stað orðsins „landamarka“ komi orðið: landamerkja. Það er vegna ábendingar hv. þm. Steinþórs Gestssonar. Hann gerði ítarlega grein fyrir því máli á sínum tíma við framsögu þessa máls og vísa ég til orða hans þar, þar sem hann rifjaði það upp að orðið „landamerki“ sé gamalt orð sem hafi verið í lögum lengi og sé ástæða til að halda því orði. En hér er átt við landamerki, sem eru vanalega kölluð lóðamörk ef um þéttbýli er að ræða, og þarfnast ekki frekari skýringa.

Þá er gerð brtt. við 2. málsgr. 2. gr., en hún hljóðar svo í frv.: „Ef um sérgreindan eignarrétt eða sérstaka notkun einstakra hluta mannvirkja er að ræða, skal samkvæmt lögum þessum farið með slíka eignarhluta sem fasteignir, sbr. 3. gr., lið 3.22.“

Hér er um það að ræða að aðskilja sérstakar einingar, t. d. í fjölbýlishúsum, og það sé litið á hverja einingu sem sérstaka fasteign. En brtt. er flutt vegna þess, að til þess að svo megi vera þarf skipting og eignarhlutföll að liggja fyrir í þinglýstum heimildum. Það er sem sagt gert ráð fyrir því að það sé ekki um að ræða sérstaka fasteign nema það liggi fyrir í þinglýstum heimildum hvernig skiptingin er og hvernig eignarhlutföllin eru. T. d. ef í einu húsi er annars vegar íbúð á efri hæð og verslun á neðri hæð og eigandi sæi ástæðu til að skipta þessari eign í tvær fasteignir, þá yrði það að gerast á þann hátt að hann yrði að þinglýsa slíku skjali þar sem þessi ósk kæmi fram.

Þá er gerð brtt. við 3. gr., en 3. gr. fjallar einkum um þær upplýsingar sem á að afla varðandi fasteignina. Þessi upptalning í 3. gr. er allítarleg, og við athugun kom í ljós að upptalningin er nokkuð gölluð og einnig voru margvíslegar óskir um að þar yrðu tekin upp fleiri atriði. En þó voru margir sem bentu á að það væri erfitt og óeðlilegt að lögfesta slíka upptalningu. Þess vegna er lögð til breyting eins og segir í brtt. n. við 3. gr.: „Setja skal í reglugerð ákvæði um söfnun og skráningu upplýsingaatriða svo og um helstu skrár gefnar út á grundvelli þeirra.“ Það er því gert ráð fyrir að þessi upptalning verði ákveðin með reglugerð.

Þá kemur fram brtt. frá n. við 4. gr. Er það gert vegna ábendinga frá Þróunarstofnun Reykjavíkurborgar, en umsögn barst frá þeirri stofnun. Sú stofnun sagði eftirfarandi um 4. gr.:

„Það vantar alveg ákvæði um að skráningu skuli breytt þegar mannvirki er breytt. Erfitt er að gera sér grein fyrir hvers vegna byggingarstigið tilbúið undir tréverk er valið fram yfir önnur“ — en 4. gr. hafði gert ráð fyrir því. „Í Reykjavík er t. d. mun auðveldara að fá upplýsingar um fokheld mannvirki og svo mun víðar. Eðlilegast er að hugsa sér að skráning fari fram í hvert skipti sem húsið er skoðað, sama á hvaða byggingarstigi það er. Með aðstoð þessara upplýsinga mætti síðan mynda tölfræðilegar reglur um hvenær vænlegast væri að skoða húsið næst. Á það skal bent, að ef matsverð húss er ekki í samræmi við byggingarstig þess eða ef matshæft hús er ekki metið strax tapast töluverðar upphæðir í fasteignagjöldum.“

Í samræmi við þetta höfum við gert það að till. okkar að 4. gr. hljóði svo: „Upplýsingar samkvæmt 3. gr. skulu skráðar og skráningu þeirra breytt þegar landsstærðir breytast, notkun lands breytist, svo sem við gerð lóðarsamninga“ — og við bætist: „eða úthlutun lóðar, en ella á byggingartíma mannvirkis“ — í stað orðanna: „þegar mannvirkið er fullgert fyrir gerð innréttinga, þegar hús er fullgert“ — og síðan kemur áfram: „þegar mannvirki er tekið í notkun og loks þegar mannvirki er breytt eða eytt.“

Þessi breyting er í samræmi við þá ábendingu sem kom frá Þróunarstofnun Reykjavíkur.

Þá er einnig gerð till. um breytingu á 2. málsgr. 4. gr., en hún hljóðaði þannig áður samkvæmt frv.: „Upplýsingar skulu einnig skráðar við eignaskipti eða breytingu á umráðum eignar, sbr. 12. gr.“ Við þetta bætist: „Heimilt er að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar. Þ. á m. hve oft fasteignir skuli skoðaðar af Fasteignamati ríkisins.“

Það komu fram allmargar ábendingar þess efnis, m. a. frá bæði Þróunarstofnun Reykjavíkurborgar og borgarstjórn Reykjavíkur eða borgarráði, að það væri æskilegt og í reynd töldu þeir nauðsynlegt að það væri ákveðið þess efnis í lögunum hve oft fasteignir skuli skoðaðar. En það var ekki talið kleift að ákveða það nú í eitt skipti fyrir öll. Þessi mál þurfa að þróast. Hins vegar var n. sammála um að það

þurfi að skoða fasteignir með vissu millibili, en niðurstaðan varð að slíkt skyldi ákveðið í reglugerð.

Þá er gerð lítils háttar breyting á 5. gr. í samræmi við ábendingu frá Þjóðhagsstofnun, en Þjóðhagsstofnun var einn þeirra aðila sem sendu umsögn. Segir svo í umsögn Þjóðhagsstofnunar varðandi þessa grein:

„Aríðandi er að koma á skráningu hverrar íbúðar og láta íbúa vita hver merkingin er. Í Danmörku er gert ráð fyrir að starfsmenn fasteignamats límí miða á hurðir til að byrja með, en eigendum verði síðan skylt að útbúa varanlegar merkingar. Á öllum húsum eru nú járnskilti með matrikelnúmeri þess. Hagstofustjóri er meðmæltur því að eins sé farið að hér. Á þann hátt væri hægt að skylda menn til að skrifa íbúðarnr. á skattskýrslur og tilkynningar um flutninga og útkoman væri ókeypis manntal og íbúaskrá á hverju ári og sjálfkrafa endurnýjun fasteignaskrár árlega. Á þann hátt kæmu fram upplýsingar um ólöglegar íbúðir og nánari athugun þeirra væri auðveldur eftirleikur. Ef til vill mætti þá koma í veg fyrir ýmiss konar óhöpp."

Það þótti rétt að taka tillit til þessarar ábendingar, og þess vegna er bætt við í 2. mgr. fyrir aftan, „staðgreinistölukerfis" orðinu „matrikel" innan sviga til þess að leggja áherslu á við hvað er átt. Einnig er bætt við í þessa grein að heimilt sé að skylda fasteignaeigendur til að sjá um auðkenningu fasteigna samkvæmt greinitalnakerfi Fasteignamats ríkisins. Nm. höfðu ekki fullvissu fyrir því að slíkt yrði nauðsynlegt, en það var talið rétt að slík heimild væri fyrir hendi ef þetta kerfi gæti ekki verkað nema til kæmi að eignirnar yrðu merktar. Hins vegar verður það að koma í ljós. Það er sjálfsagt ekki æskilegt að fara út í stórt fyrirtæki til þess að koma því á, en það verður að meta eftir því sem þessi mál þróast, og því þótti rétt að hafa þessa heimild ef rétt þætti að framkvæma það síðar meir.

Þá er í fimmta lagi gerð brtt. við 6. gr., en 2. málsgr. 6. gr. hljóðar svo:

„Ráðh. hefur heimild til að fela öðrum aðila framkvæmd laganna ef slík breyting þykir hagkvæm."

Í grg. kemur fram að hér er fyrst og fremst átt við Hagstofu Íslands. En það komu fram allmargar ábendingar, sérstaklega frá Reykjavíkurborg, að það gæti reynst hagkvæmt að fela einstökum sveitarfélögum eða stofnunum á vegum sveitarfélaga að annast ýmis ákvæði þessara laga. N. þótti rétt að taka tillit til þessara ábendinga og bæta því við í þessari grein. Er lagt til að 2. málsgr. 6. gr. orðist svo:

„Ráðh. hefur heimild til að fela öðrum opinberum aðilum, þ. m. t. einstökum sveitarfélögum eða samstarfsstofnunum þeirra, skráningu fasteigna samkv. lögum þessum, ef slík breyting þykir hagkvæm."

Það bendir margt til þess að slíkt gæti verið hagkvæmt og því er nauðsynlegt að slík heimild sé í lögunum og hún sé ótvíræð.

Í sjötta lagi breytist 7. gr. aðeins á þann hátt, eins og margar aðrar gr., að í stað „Fasteignaskrár" kemur: Fasteignamat ríkisins.

Í 8. gr. er gert ráð fyrir því að við Fasteignamat ríkisins starfi ráðgefandi n. þeirra aðila sem nýta eða nýtt geta þessa skrá í rekstri sínum. Er lagt þar til að í þessari n. eigi sæti 2 fulltrúar Sambands ísl. sveitarfélaga, fulltrúi Sambands ísl. tryggingarfélaga, fulltrúi Húsa- og landeigendasambands Íslands og fulltrúi samstarfsnefndar banka og sparisjóða. N. gerir það að brtt. sinni að í þessari n. eigi sæti þrír fulltrúar Sambands ísl. sveitarfélaga í stað tveggja, þar af einn þeirra tilnefndur af Reykjavíkurborg. Það er ljóst að meginhluti fasteigna er hér á höfuðborgarsvæðinu, og það liggur alveg ljóst fyrir að það er nauðsynlegt að Reykjavíkurborg sé með í þessu starfi. Því þótti nauðsynlegt að taka sérstaklega fram að einn fulltrúi skyldi vera frá Reykjavíkurborg, þótt allar líkur væru til að Samband ísl. sveitarfélaga mundi tilnefna fulltrúa þaðan. Síðan er lagt til að bæta við í þessa n. fulltrúa frá Brunabótafélagi Íslands, en Brunabótafélag Íslands mun annast um 95% af tryggingum fasteigna utan Reykjavíkur.

Þá er gert ráð fyrir því að í stað samstarfsnefndar banka og sparisjóða komi Samband ísl. viðskiptabanka.

Frv. var sent til umsagnar samstarfsnefnd banka og sparisjóða, en samstarfsnefndin eða samvinnunefndin tók fram að verkefni hennar væri mjög þröngt, aðeins á sviði aðgerða í tékkamálum. Þess vegna þótti rétt að í stað samstarfsnefndar kæmi Samband ísl. viðskiptabanka sem er eðlilegri aðili í þessu sambandi. Þá er gert ráð fyrir því að inn komi fulltrúi frá Landmælingum Íslands, frá Hagstofu Íslands, frá Þjóðhagsstofnun og Skipulagsstjórn ríkisins.

Ég sé nú að Samband ísl. tryggingarfélaga hefur fallið niður í brtt. Það virðist hafa fallið niður í vélritun, og vænti ég þess að n. reynist unnt að koma þeirri leiðréttingu að, því að það er gert ráð fyrir því í frv. að Samband ísl. tryggingafélaga eigi einn fulltrúa í þessari n., og það var ekki hugmynd fjh.- og viðskn. að þessi fulltrúi félli út. Því er hér um mistök að ræða sem ég vænti að verði hægt að leiðrétta.

En ástæðurnar til þess, að hér er bætt við fulltrúum, eru sérstaklega þær, að það er mjög nauðsynlegt að sem flestir aðilar komi til með að hagnýta sér þetta nýja fasteignamat. Hagnýtt gildi fasteignamats er mjög mikið þótt það sé erfitt að sjá út fyrir allt það svið. Þeir aðilar, sem gætu haft not af skránni, eru m. a. ríkissjóður við álagningu skatta og gjalda sem taka mið af fasteignamati, sveitarstjórnir við álagningu fasteignaskatta og annarra gjalda sem taka mið af fasteignamati, tryggingafélög, bankar, lánastofnanir og aðrir hliðstæðir aðilar, einstaklingar og fyrirtæki í fasteignaumsýslu, þinglýsingardómarar við töku þinglýsingar- og stimpilgjalda, Þjóðhagsstofnun við gerð þjóðhagsreikninga, Framkvæmdastofnun við áætlanagerð, Hagstofa Íslands við ýmsa upplýsingasöfnun við hagskýrslugerð, skipulagsyfirvöld til afnota fyrir skipulag bæja og kauptúna, Landmælingar Íslands vegna landmælinga, ríkissjóður vegna skrásetningar ríkiseigna og áætlanagerðar um þróun ýmissa gjaldstofna o. fl., Almannavarnir, samtök landbúnaðar, sjávarútvegs og iðnaðar, og sjálfsagt mætti bæta hér við. En þessi upptaln-

ing ætti að nægja til þess að sýna fram á hversu mikilvægt þetta mat getur verið.

Á það skal hins vegar lögð áhersla, að með réttu og nákvæmu fasteignamati á hverjum tíma má fella niður hliðstæða starfsemi hjá fjölda aðila til verulegs sparnaðar, svo sem brunabótamat með breytingu á lögum um brunatryggingar, ýmis möt vegna lántöku, eignarnáms, vátryggginga og veðsetninga. Því er nauðsynlegt að þeir aðilar, sem gætu og koma til með að geta notað þetta mat í framtíðinni, hafi möguleika á að hafa áhrif á þessa starfsemi og þannig sé með lögunum reynt að tryggja það enn betur að þessir aðilar komi til með að nota þetta mat og verði smám saman hætt að nota sjálfstæð möt hinna einstöku aðila. Jafnframt má benda á að í fasteignamatinu hefur verið safnað saman ýmsum gögnum sem koma sérstaklega að haldi þegar gera þarf vissar tegundir af greiningum (eða analýsum). Vitneskja er t. d. fyrir hendi um hvert hús hvers konar kynding er í húsinu, og má hugsa sér hvers virði slík vitneskja er ef alvarlega er hugleitt að innleiða rafmagnshitun húsa samhliða hitaveitu sem mjög er rætt um nú í þeirri orkukreppu sem yfir okkur hefur dunið. Sama máli gegnir um ýmsar aðrar upplýsingar, svo sem fjarlægðir sveitabýla frá þjóðvegi og fleira af slíku tagi. Vélvædd geymsla upplýsinga þessara í fasteignaskrá tryggir jafnframt auðvelda notkun þeirra þegar á þarf að halda. Af þessu ætti að sjást að fasteignamatið og skráin hefur of þýðingarmiklu hlutverki að gegna í okkar þjóðfélagi til að hægt sé að vanrækja þetta hlutverk.

Ég tel að ég hafi með þessu bent á að það var mikilvægt að bæta hér við ýmsum aðilum sem gætu hagnýtt sér þessa starfsemi.

Í áttunda lagi er gerð brtt. við 9. gr., en breyt. eru litlar. Í 2. málsgr. bætist við setningin: „Eigendum fasteigna er skylt að veita þær upplýsingar um fasteignir sem um er beðið.“ Það þótti nauðsynlegt að hafa slíkt ákvæði í lögum, að eigendum væri skylt að veita upplýsingar um fasteignir, og þess vegna var það tekið inn. Í 5. málsgr. verður sú breyting að í stað orðsins „mannvirkjagerðar“ kemur orðið: fasteigna. Og í 6. málsgr. bætist, en hún hljóðar svo í frv.: „Fasteignaskrá sendir hverju sveitarfélagi árlega skrá með nægum upplýsingum um fasteignir til að gengið verði úr skugga um að aðilar skv. 2. málsgr. hafi fullnægt upplýsingaskyldu sinni.“ Það þótti nauðsynlegt að setja um þetta nánari ákvæði í reglugerð og þess vegna er lagt til að málsgr. orðist svo:

„Fasteignamat ríkisins sendir hverju sveitarfélagi árlega skv. nánari ákvæðum í reglugerð skrá með nægum upplýsingum um fasteignir til að gengið verði úr skugga um að aðilar skv. 2. málsgr. hafi fullnægt upplýsingaskyldu sinni.“

Það er mjög líklegt og í reynd víst að það verða fleiri aðilar, sem koma til með að senda inn breytingar, en byggingarfulltrúar og sveitarstjórnir, og þess vegna er nauðsynlegt að Fasteignamat ríkisins sendi sveitarfélögum upplýsingar um slíkar breytingar, sem sveitarfélög hafa ekki vitneskju um. En það er ljóst að þá þarf að setja um það nánari ákvæði og því var bætt við að það skyldi gert í reglugerð.

Í 10. gr. breytist aðeins nafn stofnunarinnar, og sama er um 11. gr.

Við 12. gr. er mjög lítils háttar brtt., sem er vegna annarra breytinga, og einnig á eftir orðunum: „Fasteignaskrá kveður á um form og efni slíkra tilkynninga og er eigendum skylt að veita allar þær upplýsingar sem um er beðið“ — falli niður orðin: „þ. á m. um söluverð eða leigu.“ Þessi brtt. er flutt skv. ábendingu Þjóðhagsstofnunar.

Í 13. gr. breytist aðeins nafn stofnunarinnar, en 14. gr. breytist allnokkuð og þar er um þýðingarmikla grein að ræða. 14. gr. hljóðar svo í frv.:

„Fasteignaskrá selur þeim, sem þess óska, upplýsingar úr skránni og úrvinnslu á þeim.

Verðlagning þessarar þjónustu skal miðast við endurheimtu kostnaðar Fasteignaskrár, að því marki sem fjárlög á hverjum tíma gera ráð fyrir.“

N. gerir að till. sinni að þessi grein hljóði svo:

„Fasteignamat ríkisins veitir þeim, er þess óska, upplýsingar úr skránni og er jafnframt heimilt að veita þjónustu um úrvinnslu á þeim“ — þ. e. upplýsingunum.

Meginatriðið er að þessi skrá, sem verður í höndum Fasteignamats ríkisins, á að vera opinber skrá og opin öllum. Hins vegar er ekki ástæða til þess að hverjum sem er sé veitt úrvinnsla á þeim upplýsingum sem þar eru þótt skráin sé opin. Það á hver sem er að geta komið og fengið að skoða þessa skrá, en hins vegar verður það að vera mat stofnunarinnar hvort veita eigi aðila, sem um biður, úrvinnslu á þeim upplýsingum sem eru í skránni.

Þá er gerð till. um að 2. málsgr. 14. gr. orðist svo:

„Verðlagning þessarar þjónustu skal miðast við endurheimtu kostnaðar Fasteignamats ríkisins, að því marki sem fjárlög á hverjum tíma gera ráð fyrir.“ Og síðan: „Við verðlagningu þjónustu til sveitarfélaga skal tekið sérstakt tillit til upplýsingasöfnunar þeirra, sbr. 3. gr.“

Það er alveg ljóst að sveitarfélög koma til með að leggja til meginhluta af þeim upplýsingum sem byggt verður á, og þess vegna þykir það rétt og í reynd sjálfsagt að verðlagning til þeirra taki mið af þessari staðreynd. Því þótti rétt að það væri ótvírætt í lögum að sveitarfélögin ættu að njóta annarra kjara en aðrar stofnanir sem ekki leggja til upplýsingar í skrána.

Þá er gert ráð fyrir því að á eftir 15. gr. komi ný gr. sem fjallar um hvaða eignir eru undanþegnar fasteignamati. Það hefur verið svo að hér hefur verið um reglugerðarákvæði að ræða, en það þótti rétt að taka þessi ákvæði inn í lögin. Er þessi lagagr. samhljóða reglugreðinni með lítils háttar breytingum, en þá er um það að ræða hvaða eignir eru undanþegnar fasteignamati, aðallega ýmsar eignir sem ríkissjóður á og á vegum opinberra aðila.

Gert er ráð fyrir að nokkur breyt. verði á 16. gr., sem verður 17. gr. Það er einkum það atriði, að gert er ráð fyrir því í frv. að hlunnindi, sem eru óháð búsetu, þ. e. önnur en dúntekja, eggjatekja, fuglatekja, hvers konar veiði til eigin nota og reki skuli í þessu sambandi sérmetin sem hluti gangverðs sem næst tíföldum árlegum nettótekjum af þeim. Þarna eru sem sagt sér-

stök ákvæði um mat í slíkum tilfellum. Það þótti ekki rétt að hafa svo nákvæmt orðalag um þessa hluti í lögunum, en ekki um aðra, og því leggur n. til að þessi setning falli niður og hljóðar greinin í brtt. í samræmi við það.

16. brtt. er við 18. gr., sem verður 19. gr., en 3. málsgr. þessarar greinar hljóðar svo:

„Beri brýna nauðsyn til af framkvæmdaástæðum er Fasteignaskrá heimilt, að fengnu samþykki ráðh. og meðan þörf krefur, að ráða trúnaðarmenn í einstökum kjördæmum sem annist mat og/eða skoðun fasteigna. Ef til kemur skal í reglugerð setja nánari ákvæði um ráðningu og starfssvið trúnaðarmanna.“

Nm. þótti óþarflega margir fyrirvarar vera í þessu orðalagi, enda er það skoðun þeirra aðila, sem hafa starfað að matinu, að það verði nauðsynlegt að hafa slíka trúnaðarmenn, og þess vegna er lagt til að 3. málsgr. orðist svo:

„Fasteignamati ríkisins er heimilt að fengnu samþykki ráðh. að ráða trúnaðarmenn í einstökum kjördæmum, er annist mat og/eða skoðun fasteigna. Ef til kemur skal í reglugerð setja nánari ákvæði um ráðningu og starfssvið trúnaðarmanna.“

Það verður skv. þessu mati stofnunarinnar og með samþykki ráðh. að ráða slíka trúnaðarmenn. Ekki þótti ástæða til að draga meira úr þessu með öðru orðalagi, enda hafa allflestir trú á, sem til þessara mála þekkja best, að það muni reynast nauðsynlegt að ráða slíka trúnaðarmenn, og verður það væntanlega gert við framkvæmd þessara laga.

Herra forseti Þetta er nú orðið alllangt mál, en ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þessar brtt. nema ákvæði til bráðabirgða. Það er gerð lítils háttar breyting á ákvæðum til bráðabirgða sérstaklega að ákvæði til bráðabirgða nr. V. falli niður, það er óþarft, en hins vegar komi inn nýtt ákvæði til bráðabirgða sem verði nr. V. og orðist svo:

„Áður en nýtt fasteignamat tekur gildi hinn 1. des. 1976, sbr. 3. málsgr. 26. gr., skal fara fram endurskoðun á ákvæðum gildandi laga sem fasteignamat hefur áhrif á, þannig að samþykkt þessara laga valdi ekki breytingum á gjöldum af fasteignum.“

Það er ljóst að þessi lög eru ekki tekjuöflunarlög. Hér er aðeins verið að breyta fasteignamati. Það er nauðsynlegt í framhaldi af lagasetningu þessari að breyta ýmsum öðrum lögum, svo sem um tekjuskatt og eignarskatt og um tekjustofna sveitarfélaga, því að það er ljóst að með tilkomu þessara laga mun fasteignamat stórhækka. Því vildi n. leggja á það áherslu að það yrði að fara fram endurskoðun á ákvæðum þeirra laga sem nýtt fasteignamat hefur áhrif á, og verður verkefni Alþingis að ákveða þá hve há gjöld skuli lögð á fasteignir. En aftur á móti skal skýrt tekið fram að þessi lög eiga ekki að leiða af sér aukna skattlagningu.

Ég vil að lokum leggja til að þetta frv. verði samþ. og fái skjóta afgreiðslu. Það verði lögð á það áhersla af þeim aðilum, sem vinna að þessum málum, að það sé nauðsynlegt að fá lög um þessi efni sem fyrst. Það hefur dregist í mörg ár af mörgum ástæðum. Því vil ég eindregið leggja til — og nm. eru sammála um það — að frv. verði samþ. með þeim brtt. sem n. hefur lagt fram.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 535) samþ. með 11 shlj. atkv.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 505,1.a samþ. með 14 shlj. atkv.

— 505,1.b samþ. með 15 shlj. atkv.

2. gr. svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 505,2 (ný 3. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

— 505,3 (ný 4. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

— 505,4 (ný 5. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

— 505,5 samþ. með 15 shlj. atkv.

6. gr. svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 505,6 samþ. með 15 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 535 samþ. með 15 shlj. atkv.

— 505,7, svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 505,8 (ný 9. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

— 505,9 samþ. með 14 shlj. atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 505,10 samþ. með 14 shlj. atkv.

11. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 505,11 samþ. með 14 shlj. atkv.

12. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 505,12 samþ. með 14 shlj. atkv.

13. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 505,13 (ný 14. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

15. gr. samþ. með 14. shlj. atkv.

Brtt. 505,14 (ný gr., verður 16. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 505,15 (ný 16. gr., verður 17. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

17. gr. (verður 18. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 505,16 samþ. með 13 shlj. atkv.

18. gr. (verður 19. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 505,17 samþ. með 13 shlj. atkv.

19. gr. (verður 20. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 505,18 samþ. með 13 shlj. atkv.

20. gr. (verður 21. gr.), svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 505,19 samþ. með 13 shlj. atkv.

21. gr. (verður 22. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

22.—23. gr. (verður 23.—24. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 505,20 samþ. með 13 shlj. atkv.

24. gr. (verður 25. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 505,21 samþ. með 14 shlj. atkv.

25. gr. (verður 26. gr.), svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

26.—27. gr. (verða 27.—28. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 505,22 (ný 28. gr., verður 29. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

Ákv. til brb. I. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 505,23 samþ. með 14 shlj. atkv.

Ákv. til brb. II, svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 505,24 samþ. með 15 shlj. atkv.

Ákv. til brb. III, svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 505,25 (nýtt ákv. til brb. IV) samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 505,26 (ákv. til brb. V falli niður) samþ. með 14:1 atkv.

Brtt. 505,27 (nýtt ákv. til brb., verður V) samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Búnaðarbanki Íslands, frv. (þskj. 411, n. 501 og 503). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Landbn. hefur haft frv. til l. um Búnaðarbanka Íslands til athugunar og rætt það á fundum sínum, en náði ekki samstöðu um málið. Nál. meiri hl. n. er undirritað af 6 nm., þar af einum með fyrirvara sem ég hygg að hann muni gera grein fyrir hér við umr. Minni hl., Helgi F. Seljan, mun gera grein fyrir sínu áliti.

Um þetta frv. mun ég ekki hafa mörg orð. Það kom fram á nefndarfundi að nm. töldu eðlilegt og sanngjarnt að Búnaðarbanki Íslands hefði rétt til að versla með erlendan gjaldeyri. En við 1. umr. um frv. hér í hv. Ed. gerði hæstv. landbrh. einmitt grein fyrir þessu atriði, að ákvæði um það var ekki fellt inn í frv., og vil ég minna lítils háttar á það sem hann sagði um það efni.

Hann taldi óþarft að fella það inn í lög um Búnaðarbankann, þar sem hægt er — og mun verða gert í þessu tilfelli, eins og hæstv. ráðh. sagði í ræðu sinni — að taka upp samininga við Seðlabankann, eftir að þetta frv er orðið að lögum, sem hann vonaði að yrði fyrr eða seinna, um að Búnaðarbanki Íslands versli með gjaldeyri eins og hinir bankarnir.

Með vísun til þessara ummæla hæstv. landbrh., fallast nm. á þá málsmeðferð, sem hann gerir ráð fyrir að beita, og gera ekki till. um breytingu á þessu í frv., en treysta því að við yfirlýsingu hæstv. ráðh. verði staðið.

Að öðru leyti vísa ég til nál. okkar um það að meiri hl. n. mælir með því að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég hef ekki orðið samferða öðrum nm. í landbn. um stuðning við frv. þetta. Ég gerði grein fyrir áliti mínu varðandi frv. þegar við 1. umr. og tel mig ekki þurfa neinu að bæta við það sem þar kom fram. Ég hef hins vegar gefið út svo hljóðandi nál. á þskj. 503:

„Undirritaður telur það eðlilegt að svipuð löggjöf gildi um Búnaðarbanka Íslands og aðra ríkisbanka. Hins vegar getur það vart talist brýn nauðsyn að setja lög um það helst í bankamálum okkar nú að fjölga bankastjórum. Undirritaður telur að heimild til ráðningar aðstoðarbankastjóra hefði verið nægileg breyting nú.

Á hitt skal lögð höfuðáhersla, að unnið verði að heildarendurskoðun á öllu okkar bankakerfi og sett verði heildarlöggjöf um bankamál. Í þeirri endurskoðun ber að hafa að leiðarljósi sameiningu banka og aukna hagræðingu í kerfinu öllu, jafnt varðandi ríkisbanka sem einkabanka. Vísast í því efni til ítarlegs nál. bankamálanefndar frá árinu 1973 þessu til áréttingar. Þar af leiðandi treystir undirritaður sér ekki til að mæla með frv. sem í eðli sínu gengur þvert á þessa meginstefnu.“

Við þetta álit hef ég litlu að bæta umfram það sem ég sagði við 1. umr. þessa máls. Ég legg á það megináherslu að það verði unnið að samræmdu starfi innan okkar bankakerfis í þá veru að sameina banka þar sem þess er kostur, þar má vitanlega ekki ganga of langt heldur, stuðla að auknum sparnaði ef mögulegt er og minnka bankabáknið, sem ég kalla svo, draga úr umsvifum og viðfeðmi þess og greiningu, sem allir viðurkenna í dag að sé mjög um of miðað við okkar þjóðfélagsstærð.

Búnaðarbankinn sjálfur er alls góðs maklegur. Stjórn hans hefur um margt verið ágæt. Þar hefur verið á haldið af öryggi og festu. Mér er ljóst, eins og fram kemur í grg., að nauðsynlegt var að fá heimild til að ráða aðstoðarbankastjóra, enda skorti hana, og hæstv. ráðh. upplýsti reyndar við 1. umr. að þessi mál hefðu verið leyst í bankanum án samráðs við hann, og það taldi ég miður. Ég vissi ekki betur en hæstv. ráðh. hefði haft með það að gera hverju sinni. Þessa breytingu um aðstoðarbankastjóra hefði ég talið æskilega og sjálfsagða og hitt verið látið bíða þeirrar uppstokkunar á þessu kerfi, sem ég tel nauðsynlegasta verkefni okkar í bankamálum. Mætti þá gjarnan í leiðinni huga að málefnum yfirbankans, Seðlabankans, og taka valdsvið hans og áhrif til gaumgæfilegrar skoðunar um leið.

Ég hefði einnig talið og veit að það er vilji bæði hæstv. ráðh. og bankaráðs og þeirra heildarsamtaka sem málið snertir, bæði Stéttarsambands bænda og Búnaðarfélags Íslands, að málefni Stofnlánadeildar og veðdeildar bankans verði sérstaklega tekin upp, og ég hefði talið á því miklu brýnni nauðsyn en á þessu frv. að við hefðum séð fram á einhverja lausn á þeim málum, því að eins og fram hefur komið áður og hæstv. ráðh. gat reyndar um, þá verður veðdeildin gjaldþrota á þessu ári, ef ekkert verður að gert, og hættir þar af leiðandi t. d. að lána til jarðakaupa. Þau lán stöðvast sjálfkrafa, hafa reyndar þegar verið stöðvuð, og ég hefði talið miklu æskilegra að við hefðum fengið núna frv. til l. um þetta tvennt, eða þá a. m. k. að þetta hefði verið gert samhliða breytingu á lögunum um Stofnlánadeildina, sem ég tel að sumu leyti brýna, og auðvitað nýjum lögum um veðdeildina, sem reyndar er viðurkennt að þurfi að koma.

Ég er sannfærður um, að virðing og áhrif banka fara ekki eftir tölu bankastjóra. Ég held að Búnaðarbankinn hafi fyllilega sannað það að tveir bankastjórar geti engu að síður en 5—6 haft þá yfirsýn og stjórn sem nægir til að gera bankann voldugan og sterkan. Ég hef, frá því að ég tók sæti í bankaráði Búnaðarbankans, saknað þess eins að geta ekki ráðið þar aðstoðarbankastjóra þegar sérstaklega hefur á staðið. Það var og er nauðsyn. Við það hefði átt að sitja.

Frv. um Búnaðarbankann ræði ég annars ekki þar sem ég tel það ganga þvert á stefnu sem ég fylgi í bankamálum almennt. Ég gerði það við 1. umr. og skal ekki endurtaka það hér.

En ég treysti mér ekki til að greiða þessu frv. atkv. vegna eðlis þess, ekki vegna þess að ég telji ekki nauðsynlegrar aðlögunar þörf að lögum

annarra banka, það er eðlilegt, heldur af þeirri ástæðu að þörf á aðgerðum í bankamálum af þessu tagi er ekki það sem helst skortir, heldur einmitt aðgerðir í anda þess álits sem bankamálanefnd skilaði frá sér 1973 og hlýtur að teljast marktæk, svo hæfir menn og kunnir bankamálum sem þar störfuðu, þ. á m. annar bankastjóri Búnaðarbankans í dag, sá mæti maður Magnús Jónsson.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Ég var ekki kominn inn á þing þegar talað var fyrir þessu frv., og því miður gafst mér lítill tími til þess að kynna mér það áður en það var afgr. úr nefnd. En fyrirvari minn var aðallega miðaður við það að ég gæti komið hér örfáum athugasemdum að þó að ég vildi ekki á annan hátt bregða fæti fyrir frv. eins og það er að þessu sinni.

Ég vil í fyrsta lagi lýsa þeirri skoðun minni að mér finnst eðlilegt, fyrst ríkisbankarnir eru þrír, að þeir starfi eftir líkum lögum allir. Mér sýnist þetta frv. stefna að því, og fyrsta athugasemd mín er í raun og veru bundin því að mér finnst óeðlilegt að einn ríkisbankinn heyri undir annan ráðh. en hinir ríkisbankarnir. Þetta kemur fram í 8. gr., að Búnaðarbankinn á að lúta undir þann ráðh. sem fer með landbúnaðarmál, en mér fyndist eðlilegra, að hann lyti eins og hinir bankarnir undir bankamrh., og óska eftir því við afgreiðslu frv. að 8. gr. verði borin upp sérstaklega.

Í öðru lagi get ég tekið undir orð síðasta ræðumanns um það, að mér finnst a. m. k. tíminn, sem er valinn til að fjölga úr tveimur bankastjórum upp í þrjá ekki vel valinn, því að nú eru slíkir tímar að það væri réttara að spara útgjöld, en ekki auka þau. Af þeim ástæðum óska ég eftir því að 1. málsl. 10. gr. verði borinn upp sérstaklega.

Hinu er ég alveg sammála, að það sé eðlilegt að Búnaðarbankinn hafi leyfi til þess að versla með gjaldeyri alveg eins og Landsbankinn og Útvegsbankinn, hið sama gildi um alla ríkisbankana.

Loks langar mig að lýsa þeirri skoðun minni, að ég hef lengi verið á móti því hvað bankakerfið er orðið margþætt og útþanið hjá okkur og ég hefði kosið að bönkum væri fækkað. Hér kom einu sinni fram í þinginu að sameina skyldi Búnaðarbankann og Útvegsbankann, og það fannst mér stefna í rétta átt. En ég var þó enn róttækari en það. Ég hefði óskað eftir því að Verslunarbankinn, Samvinnubankinn og Alþýðubankinn væru lagðir niður og þeir látnir renna inn í hina bankana þrjá, þ. e. a. s. ríkisbankana, sem yrðu eftir það bara tveir hefði þetta orðið að lögum.

Þessari skoðun minni vildi ég koma hér á framfæri. En að öðru leyti mun ég fylgja þessu frv., nema ég óska eftir því að 8. gr. verði borin upp sérstaklega og 1. málsl. 10. gr., og hef lýst hvers vegna sú ósk er fram komin.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Aðeins örfáar athugasemdir í sambandi við það frv. sem hér er til umr.

Ég tel ekki óeðlilegt, jafnumsvifamikill banki og Búnaðarbanki Íslands er orðinn, — hann mun vera orðinn annar stærsti af svokölluðum ríkisbönkum, — að það komi í sambandi við stjórn hans fram óskir um að yfirstjórn bankans geti verið á svipaðan veg og er háttað hjá hinum bönkunum, að það séu þrír bankastjórar og heimild sé til þess að ráða aðstoðarbankastjóra. Það er ekki nema eðlileg ósk. En það, sem vekur nokkrar efasemdir í mínum huga, er að hér er flutt frv. um l. um Búnaðarbanka Íslands, allviðamikið frv. sem er í nokkrum köflum og ekkert bendir til að eigi að verða breytingar á á næstunni. En ég er sammála þeim aðilum sem hér hafa talað og bent á að nauðsyn er á því að heildarlöggjöf þjóðarinnar í sambandi við bankamál sé tekin til rækilegrar endurskoðunar. Og þar mundu mjög mörg atriði koma að mínum dómi til athugunar.

Í sambandi við þetta frv. get ég einnig fallist á þá athugasemd, sem hér hefur verið gerð, að það er ákaflega óeðlilegt ákvæði, sem er í 8. gr. þessa frv. um að yfirstjórn þessa banka sé í höndum annars ráðh. heldur en fjallar almennt um bankamál. Það er náttúrlega alveg sjálfsagt að í heildarlöggjöf um bankamál þjóðarinnar sé ákveðið að hver sú stofnun, hvert það fyrirtæki, sem lagalega hefur fengið viðurkenningu á því að heita banki og mega reka almenna bankastarfsemi í landinu, fái með slíkum réttindum réttindi til þess að veita almenna þjónustu sem felst í því að versla með erlendan gjaldeyri.

Það er svo margt annað sem þyrfti að koma inn í allsherjar bankalöggjöf. Það virðist vera ríkjandi og eiga allmiklu fylgi að fagna meðal þingmanna og annarra sú gagnrýni að bankakerfið sem slíkt sé orðið allt of umfangsmikið og víðfemt. Ég skal nú ekki fara að leggja beinlínis dóm á það. Á hinu vil ég hins vegar vekja athygli, hvort ekki væri ástæða fyrir okkur að haga bankalöggjöf og fyrirmælum og ákvæðum um almenna bankastarfsemi í landinu eitthvað í samræmi við það sem gildir hjá öðrum þjóðum, t. a. m. á Norðurlöndum. Það er eitthvað svo fastbundin og viðtekin regla hér á landi að miða bankastarfsemi við ákveðið verkefni, að þessi og þessi banki eigi öðrum verkefnum frekar að sinna málefnum ákveðinna tegunda, ákveðinna starfsgreina, ákveðinna atvinnugreina o. s. frv. Ég held að það væri fyllilega þess virði að athuga þau ákvæði sem nú gilda t. a. m. í alveg nýrri löggjöf sem tekið hefur gildi í Danmörku um banka og starfsemi þeirra. Hún er fyrst og fremst bundin og háð ákveðnum skilyrðum, þannig að þær skuldbindingar, sem bankastofnanir takast á hendur, verða að vera í ákveðnu hlutfalli við eigið fé. Það held ég að væri atriði sem væri rétt fyrir okkur að gefa meiri gaum að. Við ættum að samræma löggjöf um starfsemi og rekstur banka í heild eitthvað á þann veg, sem ég hef verið að lýsa. Ég held að við mundum fá miklu heilbrigðari almenna bankastarfsemi og bankaþjónustu í þjóðfélaginu með því að hafa þessi sjónarmið fyrir augum. Ég veit ekki hvort það er endilega svo aðkallandi að bönkum, verði fækkað. Það er atriði út af fyrir sig.

Ef okkur gæti tekist að hafa betri heildarstjórn á hvernig almennri bankaþjónustu í landinu er háttað og við gætum verið öruggir um að

hún væri ávallt innan þess ramma, sem talinn er eðlilegur um starfsemi slíkra fjármálastofnana að sjálfsögðu undir hinu opinbera bankaeftirliti sem á að vera í höndum Seðlabankans, eins og það er nú hjá okkur, þá væri mikið unnið. Ég vil einnig benda á að í slíkri löggjöf mættu gjarnan vera ákvæði sem leyfðu almenna starfsemi fjármagnsmiðlara sem er almennt viðurkennd frjáls og eðlileg atvinnugrein í nágrannalöndum okkar. Slík starfsemi getur átt fyllsta rétt á sér og getur verið þjóðfélaginu og þegnum þess til mikils hagræðis. Að sjálfsögðu á slík starfsemi að vera háð lögskipuðu eftirliti bankakerfisins. En hún á undir öllum kringumstæðum rétt á sér og á að vera gert ráð fyrir henni í starfsemi hins almenna bankakerfis.

Ég hefði talið hægast og eðlilegast, eins og nú er málum háttað, að þetta frv., sem hér er til afgreiðslu verði heimild í þá átt að fjölga bankastjórum Búnaðarbankans og enn fremur að veita heimild til ráðningar aðstoðarbankastjóra. Mín vegna hefði einnig mátt taka af allan vafa um það og ákveða með lögum að bankanum yrðu veitt fullkomin gjaldeyrisréttindi, en að öðru leyti yrði ákvæðum þessa frv. frestað, því að með slíku háttalagi um afgreiðslu málsins væri Alþ. að staðfesta þá ætlun sína að innan tiltölulega skamms tíma ætlaði Alþ. að gegna þeirri skyldu, sem ég tel að það hafi, að taka hina almennu löggjöf um alla bankastarfsemi í landinu til gagngerrar endurskoðunar.

Umr. frestað.

Norræni fjárfestingarbankinn, frv. (þskj. 461, n. 507). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um stofnun Norræna fjárfestingarbankans. N. hefur fjallað um þetta frv. og leggur einróma til að það verði samþ.

Það var á aukaþingi Norðurlandaráðs á s. l. ári að það var samþ. að stofna norrænan fjárfestingarbanka. Það var yfirgnæfandi meiri hl. Norðurlandaráðs sem samþ. þessa till. Allir fulltrúar Íslands frá öllum flokkum voru samþykkir því að stofna til þessa banka. Ég er ekki í nokkrum vafa um að stofnun þessa banka verður til hagsbóta fyrir íslendinga. Utanríkisviðskipti íslendinga við hin Norðurlöndin eru óhagstæð. Það er mjög mikill halli á vöruskiptajöfnuði okkar við hin Norðurlöndin, og ég er fullviss um að það er mikill skilningur fyrir því á hinum Norðurlöndunum að auka útflutning okkar til þeirra. Þessi banki ætti að geta stuðlað mjög að því að svo verði.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Afréttamálefni, fjallskil o. fl., frv. (þskj. 306, n. 513, 514). — 2. umr.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Frv. þetta til l. um breyt. á lögum um afréttamálefni, fjallskil o. fl. er samið af svokallaðri landnýtingarnefnd, sem hér starfaði fyrir þrem árum og er þetta frv. flutt til þess að gera kafla þeirra laga um ítölu gleggri og auðveldari í framkvæmd heldur en talið var að hann væri í lögunum.

Landbn. hefur rætt þetta frv. á fundum sínum og leitað umsagnar ýmissa aðila, þ. á m. Búnaðarfélags Íslands, Landgræðslu ríkisins og Sambands ísl. sveitarfélaga, og fengið frá öllum þessum aðilum jákvæðar umsagnir um frv.

Við athugun í n. sýndist okkur augljóst að nægilega skýrt kæmi það ekki fram að lögin tækju einnig til þéttbýlisstaða eða kaupstaða í landinu, og það er kannske skiljanlegt vegna þess að frv. er samið fyrir það löngu að síðan hafa fjölmargir kaupstaðir verið stofnaðir í landinu. Þó að upphaf afréttamálalaganna sé á þá lund að þar sé tekinn af allur vafi um að kaupstaður tilheyri því fjallskilaumdæmi sem sú jörð var í sem kaupstaðurinn hefur risið á, þá þurfti eigi að síður að gera það algjörlega ótvírætt að lögin gætu náð til þéttbýlisstaðanna einnig. Ég þarf ekki að færa að því rök, ég veit að hv. dm. eru það kunnugir þeim málum víða um land, að það er hverjum manni auðséð að þar er einnig þörf að fylgjast með, að ekki sé um ofnotkun lands að ræða. En eins og ég sagði áðan, þá var frv. samið með það fyrir augum að það væri um mjög lítinn vanda að ræða að því er kaupstaðina varðar, og því er hvarvetna í frv. talað um hreppsnefndir og hreppsfélög, en samheiti sveitarfélaga á Íslandi er sveitarfélag. Því höfum við gert það að till. okkar að hvarvetna í þessu frv. verði breytt úr hreppsnefndum í sveitarstjórnir og úr hreppum í sveitarfélög. Með því móti virðist það vera ótvírætt að lögin taki einnig til þessara staða sem ég gat um áðan.

Í 23. gr., 2. málsl., er komist svo að orði á einum stað: „Um rétt einstaklinga innan viðkomandi kaupstaða eða kauptúns fer eins og um venjulegt sveitarfélag sé að ræða.“ Þetta þótti n. ekki vera eðlilegt orðafar og leggur því til að þessu verði breytt eins og segir í 6. brtt. n., að fyrir „venjulegt sveitarfélag sé að ræða“ komi: önnur sveitarfélög og einstaklinga innan þeirra sé að ræða.

Í 24. gr. leggur n. til að við 1. málsgr. bætist svo hljóðandi: „enda sé það land, ef um heimaland er að ræða, girt fjárheldri girðingu.“ Þetta er ábending frá Sambandi ísl. sveitarfélaga sem n. féllst á. Það er gert ráð fyrir því að eigandi jarðeignar, sem vilji lána nytjar af landi sínu, en sveitarstjórn synji um, þá geti hann krafið sveitarstjórnina um beitarleigu eftir mati ítölunefndar. En landbn. lítur svo á að þetta eigi ekki að vera fært nema það land, sem um er að ræða, sé afgirt fjárheldri girðingu svo að einstaklingurinn setji ekki fé í landið nágrönnum sínum ttl meins.

Ég held að ég þurfi ekki að hafa fleiri orð um þetta frv., en n. leggur til einróma að frv. verði samþ. með þeim breyt. sem ég hef lýst hér.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 514 samþ. með 13 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
4.—5. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Skattfrelsi bókmennta- og tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs, frv. (þskj. 407). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 537).

Efri deild, 89. fundur.

Fimmtudaginn 8. apríl, að loknum 88. fundi.

Skráning og mat fasteigna, frv. (þskj. 536). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Norræni fjárfestingarbankinn, frv. (þskj. 461). — 3. umr

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Afréttamálefni, fjallskil o.fl., frv. (þskj. 538). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 89. fundur.

Fimmtudaginn 8. apríl, kl. 2 miðdegis.

Aðild Íslands að samningi um aðstoðarsjóð Efnahags- og framfarastofnunarinnar, frv. (þskj. 338, n. 508). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Lárus Jónsson): Virðulegi forseti. Fjh.- og viðskn. hefur haft til meðferðar frv. til l. um aðild Íslands að samningi um stofnun aðstoðarsjóðs á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar, á þskj. 338. Málið er komið frá Ed., en þar var það afgr. shlj. og óbreytt.

Árið 1974 ákvað Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn að veita aðildarríkjum sérstök lán vegna gjaldeyriserfiðleika sem stöfuðu af hækkun olíuverðs. Ísland hefur fengið lán úr sjóðnum að upphæð 4 milljarðar 852 millj. kr. með gengi í júlí á s. l. ári.

Eftir till. svokallaðs 10 landa hóps, þ. e. a. s. 10 auðugra iðnríkja, var ákveðið að setja á stofn innan OECD-landanna sérstakan sjóð til fjárhagslegs stuðnings á milli aðildarlandanna vegna verðhækkana á olíu. Uppkast að samningi var samþ. af OECD-ráðinu 7. apríl á fyrra ári og var hann undirritaður af öllum aðildarríkjunum nema Tyrklandi 9. apríl með fyrirvara um fullgildingu.

Rökstuðningur fyrir stofnun þessa sjóðs er að olíuverðshækkunin hafi ekki mjög alvarlegar afleiðingar fyrir öll OECD-löndin sem heild, en hún geti komið harkalega niður á einstökum ríkjum, svo sem Íslandi. Uppbygging sjóðsins, sem er 25 milljarðar dollara, er miðuð við að skipta byrðum eftir getu hvers aðildarríkis. Kvótar eru byggðir á brúttó-þjóðarframleiðslu og utanríkisviðskiptum hvers aðildarríkis. Hluti Íslands í sjóðnum er 0.1% eða nálægt 4.2 milljörðum kr. á núverandi gengi, og er það sú upphæð, sem íslendingar bæru ábyrgð á og gætu fengið að láni úr sjóðnum.

Efni þessa frv. er sem sagt að heimila ríkisstj. að fullgilda þennan samning um stofnun þessa sjóðs. Fjh.- og viðskn. leggur einróma til, að frv. verði samþ., sbr. nál. á þskj. 508. Fjarverandi afgreiðslu málsins var hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Sveitarstjórnarlög, frv. (þskj. 343, n. 487). — 2. umr.

Frsm. (Gunnlaugur Finnsson): Virðulegi forseti. Félmn. fjallaði um þetta frv. og leggur til að það verði samþ. með breytingu, svo sem gert er ráð fyrir á þskj. 487, í nál., að fyrri mgr.

1. gr. hljóði svo: „Í hreppum, þar sem ekki er starfandi sveitarstjóri eða annar starfsmaður við stjórn sveitarfélagsins, skulu oddvitar eiga rétt á launum úr sveitarsjóði vegna starfa sinna samkv. 39. gr.“

N. hélt tvo fundi um þetta mál og fékk Magnús E. Guðjónsson framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga til viðræðna á síðari fundinn. Var málið þar rætt frá ýmsum hliðum og fleiri dæmi athuguð en fram kemur í grg. með frv. til að kanna hvort um sveiflukenndar breytingar kynni að vera að ræða á milli sveitarfélaga, og reyndist um eðlilega samsvörun að ræða. Fram kom að ef sveitarfélag, sem rétt á til þess lögum samkv. stærðar sinnar vegna og ekki hefur ráðið sveitarstjóra, hyggst gera það, þá mundi kostnaður við starfið ekki verða undir 2 millj. kr. N. þótti þó rétt að gera ráð fyrir þeim möguleika að tiltölulega stórt sveitarfélag miðað við íslenskar aðstæður taki þá ákvörðun að ráða ekki sveitarstjóra að formi til. Tekjur sveitarfélagsins kynnu þó að vera það miklar að tekjur oddvita samkv. lögum yrðu e. t. v. mun meiri en launum sveitarstjóra næmi. Slíkt sveitarfélag gæti ekki annað öllum umsvifum eða veitt eðlilega þjónustu nema því aðeins að ráða starfsmann við stjórnunarstörf. Í minni sveitarfélögum kynnu sveitarstjórnir að vilja ráða mann í hluta úr starfi til að annast ákveðna þætti, t. d. bókhald. Af þessum sökum þótti n. rétt að taka af öll tvímæli um að ákvæðin um það, sem ég vil kalla lágmarkslaun oddvita, gildi ekki þegar maður er sérstaklega ráðinn til stjórnunarstarfa hjá sveitarfélaginu. Þess vegna er komin inn sú brtt. sem ég las hér upp.

Þegar ég mælti fyrir þessu máli við 1. umr. gat ég þess, að dæmi væru tekin úr einstökum sveitarfélögum, og ég skýrði þá hvernig á því stendur að nokkurs misræmis kann að gæta í tekjum þessara viðmiðunarsveitarfélaga sem skýrt er frá í töflu í grg. með frv. Hér var um að ræða sveitarfélög tekin af handahófi, sem ekki er hægt að taka sem eitthvert vegið meðaltal af sveitarfélögum af viðkomandi stærð. Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu svo og hinu, að í landinu eru 112 sveitarfélög sem eru með minna en 200 íbúa, þ. e. a. s. fullur helmingur sveitarfélaga í landinu hefur lægri íbúatölu en 200, og það eru 39 sveitarfélög í landinu sem eru með minna en 100 íbúa. Í dæminu, sem tekið er í grg., er aðeins eitt sveitarfélag sem er með innan við 200 íbúa. Þetta sveitarfélag, sem er Hafnahreppur í Gullbringusýslu, er með tiltölulega háar álögur og háar tekjur miðað við stærð sveitarfélagsins. En tekjurnar mótast náttúrlega af þrennu: stærð sveitarfélagsins eða íbúafjöldanum, þeirri prósentu sem notuð er við álagningu opinberra gjalda og þeim tekjum sem íbúar sveitarfélagsins hafa. Ég vildi minnast á það vegna þess að það mætti ætla að oddvitalaunin væru tiltölulega hærri að meðaltali um landið heldur en rétt er, miðað við þessa töflu.

N. gerði ýmsar athuganir á þessu og reiknaði út nokkur sveitarfélög til þess að sjá hvort um raunverulegt ósamræmi væri að ræða og hverjar væru raunverulegar tekjur oddvita í hinum minni sveitarfélögum.

Ég vil aðeins geta þess að ég tók með mér athugun á einu sveitarfélagi með 149 íbúa. Alagningin í þessu sveitarfélagi er nokkuð eðlileg miðað við sveitarfélög af þessari stærð, 7.5% útsvarsálagning, en í þessum sveitarfélögum er mjög algeng 7—8% álagning og nokkuð víða 6%. Samkv. núgildandi reglum hefði oddviti í þessu sveitarfélagi fengið 142 þús. kr. í oddvitalaun yfir árið, þ. e. a. s. innan við 12 þús. kr. á mánuði fyrir alla sína umsýslan, stjórnunarstörf, ábyrgð, innheimtu, gerð reikninga, — innan við 12 þús. kr. á mánuði. Ef nýja kerfið hefði verið lögleitt á s. l. ári og notaðar sömu forsendur til viðmiðunar, þá hefði viðkomandi oddviti fengið í laun 217 þús. kr. Hér er að vísu um nálægt 52.8% hækkun að ræða, en eigi að síður væri hann með nokkuð innan við 20 þús. kr. á mánuði.

Í öðru sveitarfélagi, sem ég athugaði, tók ég dæmi um 115 íbúa þar sem álagningarprósentan er 6%. Samkv. ríkjandi ákvæðum átti hann að hafa í laun á s. l. ári 116 þús. kr. Það er innan við 10 þús. kr. á mánuði eða um það bil. En samkv. nýja kerfinu hefði hann átt að fá 178 þús. kr. á árinu, og þarna hefði verið um 51% hækkun að ræða.

Mér þykir ástæða til að benda á þetta sérstaklega, að í 112 sveitarfélögum af 223 er um þessar upphæðir að ræða. Og enda þótt það kunni að heyrast raddir að nú á tímum ætti Alþ. ekki að samþykkja 50% hækkun á launum ákveðins hóps manna sem hafa á undanförnum árum innt af hendi þegnskaparstarf án launa eða a. m. k. fyrir lítil laun, þá er hér um að ræða svo gamlar reglur að það má segja að það hafi verið eðlilegt — ég vil segja á undanförnum áratugum, að þessi leiðrétting hefði komið smátt og smátt og þess vegna prósentuhækkunin ekki orðið svona mikil í einu stökki. Hins vegar verð ég að vekja athygli á því að hækkun, sem miðuð er við hlutfall af hundraði, er hér mjög óraunhæf, vegna þess að þegar við lítum til þess hver þessi hækkun er í krónutölu, þ. e. a. s. 5—10 þús. kr. hækkun á mánuði í meiri hluta sveitarfélaganna í landinu, þá er ekki ástæða til þess að líta þessa hækkun eins alvarlegum augum. En að sjálfsögðu er hún meiri í stærri sveitarfélögum, sveitarfélögum af þeirri stærð að þar kann að vera matsatriði hvort oddviti sé látinn gegna þessum störfum eða sveitarstjórinn.

Ég hygg að ég þurfi ekki að hafa um þetta fleiri orð að sinni. Um þetta var samstaða í n. Ellert B. Schram skrifaði undir nál. með fyrirvara, og hann mun eflaust gera grein fyrir þeim fyrirvara sem hann hafði á um undirskrift. En miðað við þær móttökur, sem frv. hefur fengið, vænti ég þess að það gangi greiðlega í gegn.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég á sæti í félmn. og hef tekið þátt í afgreiðslu þessa máls og hef skrifað undir álit n. með fyrirvara, eins og fram kom í máli hv. frsm. Ég vildi aðeins gera grein fyrir því hvers vegna ég skrifaði undir með fyrirvara.

Ég tel eðlilegt og sanngjarnt að oddvitar fái greidda þóknun fyrir störf sín sem slíkir. Hingað til hefur sú regla verið gildandi samkv.

lögum að þóknun oddvita hefur verið ákveðið hlutfall af innheimtu viðkomandi sveitarfélaga. Hugmyndin að baki þeirri aðferð er sjálfsagt sú, að þar sé um að ræða nokkra hvatningu fyrir oddvita að standa vel að innheimtunni. Þetta er verjanleg aðferð, en hvergi nægilega góð. Hins vegar er lagt til að lögunum verði breytt þannig að meginhluti launa eða þóknunar oddvita sé ákveðið hlutfall af rekstrartekjum sveitarsjóðs og fyrirtækja sveitarfélaga. M. a. er þá talinn hluti sveitarsjóðs úr Jöfnunarsjóði sem viðkomandi sveitarfélög fá í sinn hlut án tiltölulega mikillar fyrirhafnar.

Það er óheppileg aðferð að mínu áliti að miða þóknunina við rekstrartekjur, eins og hér er gert ráð fyrir. Rekstrartekjur sveitarfélaga geta verið mjög mismunandi. Tekjur sveitarfélaga þurfa ekki að vera í neinu samræmi við íbúafjölda. Það getur verið um að ræða mjög fámennt sveitarfélag sem hefur miklar tekjur vegna þess að í hreppnum er staðsett stórt og mikið fyrirtæki sem greiðir veruleg gjöld til viðkomandi sveitarfélags og tekjur sveitarfélagsins þar af leiðandi í engu samræmi við íbúafjölda viðkomandi hrepps eða sveitarfélags. Þar að auki getur skapast ákaflega mikið ósamræmi milli tveggja jafnfjölmennra sveitarfélaga án þess að störf oddvita séu í neinu samræmi við væntanlega þóknun af þeim ástæðum sem ég gat um áðan, að tekjur sveitarfélaga þurfa alls ekki að vera í neinu samræmi við það hversu margir búa innan umdæmisins. Þá er líka vert að geta þess, að sveiflur geta orðið mjög miklar á milli ára. Tekjur sveitarfélags geta farið mjög hátt eitt árið og lágt næsta ár. Þetta hefur mikil áhrif á þóknun oddvita, bæði til hækkunar og lækkunar, og ég tel ekki skynsamlega aðferð að miða þóknun þeirra við slíkar tilviljanir sem oft geta valdið mismunandi háum tekjum sveitarfélaga. Þannig geta rekstrartekjur sveitarfélaga farið mjög úr hófi fram, og ég tel það ekki vera skynsamlega reglu að miða laun starfsmanna hjá sveitarfélögum eða yfirleitt hjá aðilum við tekjur. Eðlilegast er að sveitarfélögin ákveði sjálf þóknun oddvita sinna og að sú þóknun sé í samræmi við störf þeirra og umfang oddvitastarfsins.

Þetta eru meginástæðurnar fyrir því að ég skrifaði undir þetta nál. með fyrirvara.

ATKVGR.

Brtt. 487 samþ. með 21 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Flokkun og mat ullar, frv. (þskj. 304). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 530).

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 344, n. 493). — 2. umr.

Frsm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um þetta frv. Það er samið af hegningarlaganefnd, en óskað var álits n. á því hvort breyta þyrfti íslenskum lögum til þess að unnt væri að fullgilda milliríkjasamning frá 14. des. 1973 um varnarráðstafanir og refsingar vegna glæpa gegn einstaklingum er njóta alþjóðlegrar verndar, þ. á m. sendierindrekum. Samningur þessi á rætur sínar að rekja til ályktunar Allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna. Hann hefur verið undirritaður af Íslands hálfu, en eigi fullgiltur. Til þess að svo megi verða, þ. e. a. s. að samningurinn verði fullgiltur hér á landi, hefur hegningarlaganefnd talið nauðsynlegt að þetta frv. verði flutt, en það fjallar um það atriði að bætt verði við 6. gr. almennra hegningarlaga að refsa skuli eftir íslenskum hegningarlögum fyrir háttsemi sem greinir í milliríkjasamningi frá 14. des. 1973, um varnarráðstafanir og refsingar vegna glæpa gegn einstaklingum er njóta alþjóðlegrar verndar, þ. á m. sendierindrekum.

Frv. þetta var flutt í Ed. og hlaut þar einróma samþykki. Allshn. þessarar hv. d. leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Flokkun og mat á gærum, frv. (þskj. 305, n. 510, 511). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Landbn. hefur fjallað um þetta mál á nokkrum fundum og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess með svolitilli breytingu sem till. er um á sérstöku þskj. Breytingin er í því fólgin fyrst og fremst að ráðh. gefi út greglugerð um meðferð á gærum, og það er eiginlega eina efnisbreytingin. Þetta frv., sem áðan var afgr. sem lög frá Alþ., um flokkun og mat ullar, urðu hér samferða og eru mjög lík frv. að því leyti að það er verið að taka upp á þessum vörum strangara mat en áður hefur verið í ljósi þess að okkar iðnaður, sem byggist að verulegu leyti á þessum vörutegundum, það er sýnilegt að hann á mikla framtíð fyrir sér. En það þarf líka að vanda meira en hingað til hefur verið sjálft hráefnið, og þessi frv. eiga að stuðla að því að það náist.

Það má segja að í sambandi við þetta frv. um flokkun og mat á gærum sé dálítið stefnumarkandi 1. gr., þar sem á að fara að meta gærurnar á lifandi kindum, áður en þeim er slátrað, og er stuðlað að því að slík framkvæmd komist á innan þriggja ára.

Það var svolítið rætt um í n. að það á að setja matsformenn og síðan eiga að koma yfirmats-

menn, fjórir á öllu landinu. Eftir frv. er ætlast til að það séu sérstakir gærumatsmenn og sérstakir ullarmatsmenn. En það er hæstv. landbrh. sem á að skipa þessa matsmenn, og vil ég beina því til hans hvort það væri ekki jafnvel rétt, þar sem þetta er svo svipað starf, að það væru sömu mennirnir. Þó að frv. í raun og veru geri ráð fyrir að þetta séu sérstakir matsmenn, þá er samt sem áður ekkert sem hindrar að þarna gæti verið um sömu matsmennina að ræða, og mér fyndist það eðlilegra. En þetta er á valdi ráðh.

Það er enginn vafi á því að það þarf mjög að herða eftirlit í þessum málum. Ég hef rætt við t. d. menn sem eru að ferðast um nú og meta og athuga gærur, og það kemur í ljós að í sumum sláturhúsunum er kannske allt upp í 60% af þeim skemmdar vegna þess að það hefur ekki verið t. d. fjarlægð fita úr gærunum áður en þær voru saltaðar, þær hafa ekki verið kældar nógu vel, fyrirristan hefur ekki verið framkvæmd á réttan hátt og geymsluhúsin eru ekki þannig að þau geti varið þessa vöru fyrir skemmdum. Af þessum ástæðum er það sem n. leggur til að það verði sett í reglugerð ákvæði um hvernig skuli með gærurnar farið.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að ræða þetta frekar. Ég hef trú á því að þessi frv. muni stuðla að mjög aukinni vöruvöndun, ef rétt er farið að, á þessum þýðingarmiklu framleiðsluvörum bændanna og þá er vel.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 511 (ný 2. gr. ásamt kaflafyrirsögn) samþ. með 24 shlj. atkv.
3.—8. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Meðferð opinberra mála, frv. (þskj. 373, n. 517). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Hér er um að ræða frv. til l. um breyt á l. um meðferð opinberra mála. Samkv. gildandi lögum er sektarheimild lögreglustjóra bundin við 10 þús. kr. og sektarheimild lögreglumanna bundin við 3000 kr. Fjárhæðir þessar hafa staðið óbreyttar frá árinu 1973. Talið er nauðsynlegt að þessar sektaheimildir fylgi verðlagsþróun, og því er lagt til í þessu frv. að upphæðirnar hækki úr 10 þús. kr. í 60 þús. kr. og úr 3 þús. kr. í 7 þús. Mál þetta hefur nú þegar hlotið afgreiðslu og samþykki í Ed. og allshn. þessarar d. hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Fasteignasala, frv. (þskj. 489). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 475). — 1. umr.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Í fjarveru heilbr.- og trmrh., sem er utanbæjar í dag, vil ég leyfa mér að fylgja þessu frv. úr hlaði með því að taka upp og flytja þá grg. sem ráðh. flutti með frv. við 1. umr. um það í Ed.:

„Það frv. til l. um breyt á l. um almannatryggingar, sem hér er lagt fram, er einn þátturinn af því samkomulagi sem ríkisstj. gerði við aðila vinnumarkaðarins í sambandi við lausn kjaradeilunnar í febrúarmánuði s. l. Frv. felur það í sér að frá og með 1. júlí n. k. er hækkað það tekjumark sem lífeyrisþegar mega hafa án þess að til skerðingar tekjutryggingar komi. Er gert ráð fyrir að þetta mark hækki úr 46 380 kr., eins og það er í dag, í 120 þús. kr. fyrir einstakling. Þessi breyting er gerð til þess að bæta hag þeirra lífeyrisþega sem fá bætur úr lífeyrissjóðum eða samkv. lögum um eftirlaun til aldraðra í stéttarfélögum, en jafnframt er gerð breyting á þeim lögum til þess að bæta aðstöðu þeirra er þaðan njóta bóta. Þessi atriði eru rakin í aths. með frv. og hirði ég ekki um að greina nánar frá því hér.

Hins vegar er rétt að benda á að þessi breyting hlýtur að hafa í för með sér verulegan kostnaðarauka fyrir ríkissjóð þar eð fleiri munu nú njóta fullrar eða einhverrar tekjutryggingar en áður hefur verið. Gert er ráð fyrir að útgjöld vegna breytingarinnar nemi 200—250 millj. kr. á heilu ári, en erfitt er að segja fyrir um það fyrr en athugun skattaframtala ársins 1975 hefur farið fram. Í þessu sambandi verður ekki komist hjá að minna á að sú breyting, sem hér er rætt um, hefur aðeins í för með sér bót á lífeyrisréttindum fyrir þann hóp fólks sem einhverjar tekjur hefur annaðhvort úr lífeyrissjóðum eða af starfi. Lagabreytingin felur ekki í sér neina bót fyrir þá, sem eingöngu njóta grunnlífeyris og tekjutryggingar, þ. e. þá sem raunverulega eru verst settir hvað lífeyrismálum viðkemur.

2. gr. þessa frv. gerir ráð fyrir breyt. á 78. gr. almannatryggingalaga þar sem nánar er kveðið á um en nú er heimild ríkisstj. til þess að breyta fjárhæðum tekjutryggingar til samræmis við aðrar bótaupphæðir. Ég tel rétt að vekja athygli á því, að í því samkomulagi, sem aðilar vinnumarkaðarins gerðu, komu þeir sér saman um að þeir muni vinna saman að endurskipulagningu lífeyriskerfisins. Markmið þessarar endurskipulagningar á að vera í fyrsta lagi að samfellt lífeyriskerfi taki helst til allra landsmanna, að lífeyrissjóðir og almannatryggingar tryggi öllum lífeyrisþegum viðunandi lífeyri er fylgi þróun kaupgjalds á hverjum tíma, að auka jöfnuð og öryggi meðal landsmanna sem lífeyris eiga

að njóta, að lífeyrisaldur geti innan vissra marka verið breytilegur eftir vali hvers og eins lífeyrisþega, en án þess að það hafi áhrif á útgjöld kerfisins, þ. e. a. s. lífeyrir verði því lægri sem taka hans hefst fyrr, að reynt verði að finna réttlátan grundvöll fyrir skiptingu áunninna lífeyrisréttinda á milli hjóna.

Til þess að semja till. um nýskipan lífeyrismála í samræmi við þessa yfirlýsingu munu aðilar nefna 6 menn: 3 frá Alþýðusambandi Íslands, 2 frá Vinnuveitendasambandi Íslands og 1 frá Vinnumálasambandi samvinnufélaga til þess að starfa með fulltrúum ríkisstj. og öðrum aðilum sem hagsmuna eiga að gæta á þessu sviði. Á grundvelli þessara tillagna og að lokinni nægilegri kynningu þeirra í aðildarfélögunum verði síðan unnið þannig að málinu að nauðsynlegar lagabreytingar nái fram að ganga á Alþ. vorið 1977 og nýskipan lífeyriskerfisins taki síðan gildi 1. jan. 1978.

Í nýgerðum kjarasamningum Farmanna- og fiskimannasambands Íslands við kaupskipaútgerðina er gert ráð fyrir því að sambandið eigi aðild að lífeyrissamkomulaginu, þannig að það hefur þegar verið gert ráð fyrir 7 fulltrúum frá þessum aðildarfélögum launþega. Til greina kemur einnig að skipa fulltrúa frá fleiri aðildarsamböndum, eins og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Bandalagi háskólamanna, Sambandi bankamanna og Lífeyrissjóði bænda. — Auk þess verða fulltrúar ríkisstj. sem væntanlega verða þá fulltrúar fjmrn., heilbrrn., og vonandi einnig sérstakur fulltrúi eða fulltrúar Tryggingastofnunar ríkisins. Nú liggur fyrir að ríkisstj. komi til með að skipa þessa n. mjög fljótlega, og verður sennilega um 15 manna n. að ræða, sem er ekki lítill fjöldi. En ég vil bæta því við að það munu vera 3—4 nefndir starfandi nú sem vinna að undirbúningi lífeyrissjóðamála, og ég tel fyrir mitt leyti bæði eðlilegt og sjálfsagt að umboð þeirra nefnda falli niður.

Það er að mörgu leyti óhentugt þetta form, að allir hópar þurfi að eiga fulltrúa alls staðar. En hér er um samning og samkomulag að ræða sem auðvitað verður að standa við. Hins vegar mun auðvitað hvíla á herðum sérfræðinga sem viðkomandi nefnd fær til þess að vinna að þessum málum."

Hér er um að ræða staðfestingu á því sem lofað var frá hendi ríkisstj. við lausn kjaradeilunnar. Læt ég með þessum orðum lokið tilvitnun í framsöguræðu hæstv. heilbr.- og trmrh. við 1. umr. um þetta mál í Ed. og legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og heilbr.- og trn. hv. deildar.

Karvel Pálmason: Virðulegi forseti. Það eru aðeins örfá orð nú við 1. umr. þessa máls. Það er vissulega ástæða til þess að fagna þessu frv. Hér er lagt til að lögfesta hluta samkomulags sem gert var í nýafstöðnum kjarasamningum á milli aðila vinnumarkaðarins. Þetta er mál sem lengi hefur verið til skoðunar. Frá því að þetta kom til framkvæmda árið 1971 hafa, að ég held, farið fram umr. um að hér þyrfti um að breyta. Það hefur sem sagt komið í ljós og menn almennt, að ég held, eru sammála um að það mark, sem sett var og er í gildandi lögum, sé of lágt. Hér er lagt til að þær tekjur, sem viðkomandi einstaklingar mega hafa umrfam það sem almannatryggingabætur segja til um, séu hækkaðar úr 41 þús. rúmu upp í 120 þús. fyrir einstaklinga og 168 þús. fyrir hjón, þ. e. a. s. frá 1. júlí 1976. Um þetta mál eru sem sagt allir sammála.

Ég vil aðeins vegna þessa minna á það, að á þinginu 1974—1975 flutti ég frv. einmitt þessa efnis, um að hækka þetta tekjumark sem mætti vera hjá þeim einstaklingum, sem hefðu tiltölulega litlar tekjur umfram það sem almannatryggingar og örorkulífeyrir gera ráð fyrir, án þess að um skerðingu yrði að ræða. Ég lagði þá til að þetta yrði hækkað í 96 þús. kr. Á því þingi fékk þetta frv. hægt andlát hjá hæstv. ríkisstj. sem því var vísað til. Þó skal það tekið fram að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson stóð með því að samþykkja þetta frv., sem þá var til umr., en var, eins og ég sagði áðan, svæft hjá hæstv. ríkisstj. En því ber að fagna að sinnaskipti hafa orðið. Þó að það hafi tekið rúmlega ár að fá fram slík sinnaskipti og það hafi þurft að gerast í gegnum aðila vinnumarkaðarins, þá ber eigi að síður að fagna því og er full ástæða til að gera það. Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð, en ég vildi við þetta tækifæri, með hliðsjón af því sem áður hafði gerst, koma þessu hér að.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 25 shlj. atkv.

Atvinnuleysistryggingar, frv. (þskj. 476). — 1. umr.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Virðulegi forseti. Ég hef sama formála og varðandi hið fyrra mál, að ég mæli fyrir þessu frv. í fjarveru heilbr.- og trmrh. og vitna til grg. hans við 1. umr. málsins í Ed.:

„Við lausn hinnar almennu kjaradeilu í febr. féllst ríkisstj. á þá beiðni Alþýðusambands Íslands að beita sér fyrir því að svo hljóðandi ákvæði yrðu sett í lög um atvinnuleysisbætur:

„Réttur til atvinnuleysisbóta haldist óskertur þótt bótaþegi sæki námskeið á vegum verkalýðssamtakanna eða almenn námskeið sem miða að aukinni starfshæfni hans, enda standi þau skemur en einn mánuð."

Frv. það, sem hér er flutt, er því flutt til þess að efna þetta fyrirheit sem þarna var gefið.

Nú er það svo að í 15. gr. 7. mgr. d-liðar l. nr. 57/1973, um atvinnuleysistryggingar, er ákvæði sem fjallar um starfsþjálfun og námskeið og er svo hljóðandi:

„Sá, sem gengur undir starfsþjálfun eða sækir námskeið til þess að öðlast hæfni til að stunda nýtt störf, nýtur á meðan atvinnuleysisbóta í allt að 30 daga virka, ef hann naut slíkra bóta þegar starfsþjálfunin eða veran á námskeiðinu hófst."

Í 24. gr. sömu laga er síðan annað ákvæði sem fjallar um starfsþjálfun og námskeið, en það hljóðar svo:

„Stjórn sjóðsins er heimilt að veita þátttakendum í viðurkenndum starfsþjálfunarnámskeið-

um styrk sem nema má allt að því jafnhárri fjárhæð og atvinnuleysisbætur eru, skv. 18. gr. a. fyrir hvern þátttakanda í slíkum starfsþjálfunarnámskeiðum að viðbættri þátttöku í ferðakostnaði og öðrum óhjákvæmilegum útgjöldum þátttakenda.“

Formaður sjóðsstjórnarinnar, Hjálmar Vilhjálmsson fyrrv. ráðuneytisstjóri, hefur upplýst að á fyrra ákvæðið hafi aldrei reynt í sjóðsstjórninni, en það kunni að hafa komið upp hjá úthlutunarnefndum.“

Ég sé ekki ástæðu til þess að gera frekari grein fyrir þessu frv. en hæstv. heilbr.- og trmrh. gerði í Ed. og legg til, virðulegi forseti, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn. þessarar deildar.

Gunnar Sveinsson: Virðulegi forseti. Ég gat ekki látið hjá líða að taka aðeins til máls um þetta mál, sem hér er til umr., út af því að ég hef starfað um töluvert langan tíma í úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta og fundið vel fyrir því hvernig þessi lög verka í reynd. Það var gerð síðast breyting á lögum þessum 3. mai 1974. Þær breytingar, sem þá voru gerðar, voru mjög til bóta. Þó eru nú tvö ákvæði í þessum lögum sem ég teldi rétt að breyta og ætla ég að fara nokkrum orðum um þau atriði.

Ég veit náttúrlega ekki hvað ríkisstj. leggur mikla áherslu á að ljúka þessu máli vegna samkomulagsins við verkalýðsfélögin, en varla verður því lokið fyrir páska, þannig að það ætti að vera þó nokkur tími til að athuga það þangað til þing kemur næst saman.

Það er þá IV. kafli laganna, um bótarétt, í 15. gr. Þar stendur: „Skólafólk, sem stundar vinnu að námi loknu, telst hafa fullnægt ákvæði þessa stafliðs hafi það á s. l. 12 mánuðum stundað vinnu a. m. k. í 3 mánuði og skólanám í 6 mánuði.“

Þetta hefur verið túlkað þannig hjá okkur í okkar nefnd að við teljum, að ef nemandi hefur stundað vinnu s. l. sumar í 3 mánuði, verið svo í skóla í 6 mánuði, þá eigi hann fullan rétt á bótum. En stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs hefur úrskurðað að með þessum staflið: „Skólafólk, sem stundar vinnu að námi loknu“ — sé átt við það þegar menn hafa lokið námi í viðkomandi skóla, þannig að þegar hefur reynt á þetta hjá okkur. Við höfum orðið að fella menn, sem hafa fullnægt að öðru leyti skilyrðum laganna, en hafa ekki lokið námi í skóla. Ég tel að þegar löggjafinn setti þessi lög, þá hafi hann ábyggilega átt við þá túlkun sem við höfum samþykkt í okkar n., að þetta sé þannig að ef menn hafi unnið í 3 mánuði og séu svo 6 mánuði í skóla, þá hafi þeir öðlast rétt þótt þeir hafi ekki lokið námi í viðkomandi skóla.

Þá er í 16. gr. laganna undir g-lið, þar stendur: „Bætur greiðast ekki þeim, sem ...g) á maka, sem á síðustu 12 mánuðum hefur haft og hefur hærri tekjur en sem svarar tvöföldum dagvinnutaxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík.“ Þetta tekjutakmark, sem hefur verið framkvæmt af flestöllum úthlutunarnefndum, tel ég að sé orðið of lágt, því að það er staðreynd að þetta bitnar fyrst og fremst á duglegasta fólkinu. Enda kom það í ljós í síðustu vinnudeilu og sérstaklega var um það rætt í sambandi við deiluna á Akranesi, að verkakonur, sem þar voru í verkfalli, töldu að bætur atvinnuleysistrygginga kæmu þeim ekki til góða vegna þess að eiginmenn þeirra væru komnir yfir þetta tekjumark. En tekjumarkið miðast við síðustu 12 mánuði, þannig að í okkar verðbólguþjóðfélagi, þegar verðlagið hækkar svo ört, þá verður þessi tekjuviðmiðun mjög lág og mig minnir að fyrir síðustu samninga verkalýðsfélaganna væri þetta tekjumark hjá maka um 1 millj. 50 þús. kr., þannig að ef eiginmaðurinn hafði þénað rúmlega 1 millj., þá gat kona hans ekki fengið atvinnuleysisbætur vegna þess hvað hann hafði háar tekjur. Það má segja að þeir, sem hafa tvöfaldar Dagsbrúnartekjur í dagvinnu, hafi sæmilega góð laun. En við vitum að tekjur manna nú eru mikið til komnar vegna eftirvinnu og þess vegna kemur þessi tekjuviðmiðun að minu áliti ekki nægilega að gagni. Ég tel að réttlátt væri að hækka þessa tekjuviðmiðun þó nokkuð mikið og það ætti ekki að miða hana við maka, heldur ætti að miða hana við tekjur hjónanna beggja, þannig að þegar bæði hjónin, húsbóndinn og húsmóðirin, hafa náð vissum tekjum sameiginlega, þá komi þetta skerðingarmark til greina. Ég tel að með því mundi fást betri jöfnuður á þessi mál. En við sjáum að það eru margar stéttir sem eiginlega hverfa út úr því að fá úthlutað atvinnuleysisbótum. Það eru t. d. konur allra togarasjómanna á minni togurunum, það eru konur kennara og fleiri og fleiri sem detta þarna alveg út. Þetta er einmitt duglegt fólk sem vill drýgja tekjur sínar, en það nýtur ekki þess að fá atvinnuleysisbætur þegar það þarf á því að halda. Það hefur kannske ekki reynt svo mikið á þetta, vegna þess að atvinna hefur verið nokkuð góð undanfarin ár. En hver veit nema að því komi að við þurfum á þessu að halda?

Ég vildi aðeins minnast hér á þetta og biðja hv. heilbr.- og trn. að taka þetta til athugunar þegar þetta fer til hennar og hún taki þessar tvær ábendingar sérstaklega til athugunar um leið og þær breytingar eru gerðar á frv. sem hér liggja fyrir.

Eðvarð Sigurðsson: Hæstv. forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, felur í sér tiltölulega veigalitla breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og er, eins og kom fram í framsögu hæstv. forsrh., vegna samkomulags, sem gert var í síðustu kjarasamningum, og einn liður þess samkomulags.

Það má segja að um fyrri efnisþátt 1. gr. hafi í raun og veru verið heimild í lögum til þess að það væri gert, en viðbótin er að hér sé einnig um önnur námskeið að ræða, námskeið á vegum verkalýðssamtakanna, almenn námskeið sem miði að aukinni hæfni starfsmannsins. Það hefur verið skilningur á því að ef menn notuðu þann tíma, sem þeir eru atvinnulausir, til slíks náms og þjálfunar, þá skerti það ekki bætur viðkomandi og jafnvel ætti að rétta þeim hjálparhönd að öðru leyti. Þetta er sem sagt ákaflega lítilvæg breyting, eins og málum er komið, og mjög í takt við það sem gert hefur verið.

En hv. 4. þm. Reykn. braut hér upp á öðrum og miklu stærri atriðum sem hann taldi að þyrftu breytinga við á þessum lögum. Það er ákaflega margt í þessum lögum sem menn hafa gegnum árin verið að fást við. Mörgu hefur verið breytt og lögin hafa tekið mjög miklum breytingum frá upphafi, bæði að því er varðar ýmis réttindi og bótaupphæðir o. s. frv.

Það er einkum fyrra atriðið sem hv. þm. kom inn á sem er mjög stórt mál og hefur oft verið rætt. Ég hef því miður ekki lögin hér við höndina, en þegar ákveðið var um skólafólkið að þeir, sem lokið hefðu námi, skyldu ekki þurfa sama tíma til þess að vinna sér inn réttindi eins og aðrir, þá var látinn nægja 6 mánaða skólatími og þriggja mánaða vinna, þ. e. a. s. sá sem hafði unnið 3 mánuði sumarið áður, síðan verið í skólanum allan veturinn, ef hann hafði lokið skólanámi um vorið, þá átti hann rétt á atvinnuleysisbótum. Þetta var ætlunin með þessari breytingu. Það hafa ýmsir viljað lesa annað út úr breytingunni eða þessari lagagr. eins og hún er núna, en ég fullvissa hv. þm. um að það var ætlun löggjafans að réttindi skólafólksins yrðu með þeim hætti sem ég var nú að lýsa. Ef atvinnuleysistryggingarnar ættu að taka á sínar herðar atvinnuleysi skólafólks almennt yfir sumarmánuðina, þá er það áreiðanlega og gæti orðið þyngri baggi en svo að Atvinnuleysistryggingasjóður stæði undir því. Vissulega er þetta stórt vandamál, en ég held að það væri rétt og miklu eðlilegra að þjóðfélagið og löggjafinn sæju fyrir þeim málum á annan hátt en að borga þessu fólki aðeins atvinnuleysistryggingar. Það er fyrst og fremst launað starf sem þetta fólk þarf að hafa.

En sem sagt, þessi grein sem hann gerði þarna að umræðuefni, það er ekki neinn misskilningur og ég fullyrði engin mistúlkun á lögunum, það sem stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs hefur látið frá sér fara í þessum efnum alveg einróma. Hins vegar hafa menn deilt um hvað væri að hafa lokið námi. Það hefur komið til álita hvort það ætti að þýða lokapróf eða jafngildi þess, og þar hefur verið farið eftir þeirri reglu að ef nemandinn hættir skólavist, hættir við að fara í skóla að hausti, þá nýtur hann þessara réttinda, sem sagt ef hann hefur hætt við skólanámið og er kominn á vinnumarkaðinn, þá hefur hann öðlast réttinn eins og lagagr., sem hér var lesin upp, segir til um.

Varðandi síðara atriðið sem hv. 4. þm. Reykn. gat hér um, þ. e. viðmiðunina þegar sá, sem sækir um atvinnuleysisbætur, á maka sem er með tiltekin laun, er um allt annað mál að ræða og vissulega má velta þessu fyrir sér. Sannleikurinn er sá, að eins og mál öll hafa þróast hjá okkur í þessari miklu verðbólgu, þá er það fjær en það kannske nokkru sinni hefur verið að dagvinnukaup geti verið nokkur skynsamleg viðmiðun þegar um almennt verkafólk er að ræða. Það eru tekjur sem eru svo lágar að á því lifir enginn. Þess vegna er tekjuöflunin, ef nokkur möguleiki er á því, yfirleitt miklu meiri en það sem dagvinnukaupið sjálft segir til um. Þetta er mál sem hefur komið mjög til umr., bæði þetta og raunar önnur viðmiðun í lögum sem þyrfti að endurskoða. En ég vil vara við því að sú breyting, sem felst í frv. því sem hér er lagt fyrir, verði tafin með því að fara að taka lög um atvinnuleysistryggingar til meiri háttar endurskoðunar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 21 shlj. atkv.

Eftirlaun til aldraðra í stéttarfélögum, frv. (þskj. 477). — 1. umr.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Virðulegi forseti. Þetta frv. er einnig flutt vegna þess samkomulags sem ríkisstj. gerði við aðila vinnumarkaðarins um lausn hinnar almennu kjaradeilu. Fylgir framsöguræðu minni sami formáli og varðandi hin tvö málin sem hér hafa verið til umr. í dag, að ég vitna til grg. heilbr.- og trmrh. við 1. umr. málsins í Ed.:

„Það, sem hér er um að ræða, er að Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna hafa komið sér saman um að lífeyrissjóðir á samningssviði þessara samtaka ásamt nokkrum öðrum lífeyrissjóðum taki að sér að veita lífeyrisþegum sínum, sem rétt eiga samkv. l. nr. 63/1971, um eftirlaun til aldraðra í stéttarfélögunum, sérstaka uppbót árin 1976 og 1977, þannig að lífeyrisgreiðslur þeirra verði betur verðtryggðar en hingað til hefur verið. Forsenda þessa samkomulags er sú breyting á lögum um eftirlaun til aldraðra í stéttarfélögum sem hér er lögð fram.

Auk fyrrgreindrar uppbótar, sem lífeyrissjóðunum sjálfum er ætlað að standa straum af samkv. sérstökum reglum, er í samkomulaginu gert ráð fyrir að öldruðum félögum stéttarfélaga, sem verða öryrkjar, verði tryggður lífeyrisréttur að uppfylltum tilteknum skilyrðum sviptuðum þeim er gilda um elli- og makalífeyri, en hingað til hafa lögin einungis tekið til þessara tveggja bótategunda.

Útgjöld samkv. núgildandi lögum eru áætluð 208 millj. kr. þetta ár og ber Atvinnuleysistryggingasjóður ¾ útgjaldanna, en ríkissjóður ¼. Með samþykkt þessa frv. mundu útgjöld þessara aðila vaxa lítillega vegna hinna nýju ákvæða um örorkulífeyri, og sennilega hafa breytingarnar einnig í för með sér að menn leita réttar síns fyrr en áður og nýjar umsóknir geta borist frá mönnum sem ekki hafa haft fulla vitneskju um rétt sinn, eins og oft vill verða. Áætlað hefur verið að útgjöld til uppbótargreiðslna, sem lífeyrissjóðunum er ætlað að bera samkv. þessu frv., geti numið 250 millj. kr. á þessu ári."

Um greinar frv. er vitnað til frv. sjálfs og aths. eins og þær eru prentaðar í frv. Í 1. og 2. gr. eru ákvæði um þá réttindabót sem þegar hefur verið minnst á, en í 3. gr. frv. er gerð grein fyrir því á hvern hátt greiðslum skuli skipt á milli lífeyrissjóða, og er þar vitnað til þess samkomulags sem gert var á milli aðila vinnumarkaðarins.

Hér er þannig um að ræða þátt í samkomulagi um lausn kjaradeilunnar í febr., og er lagt til, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 24 shlj. atkv.

Þinghlé.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Til næsta fundar verður boðað með dagskrá, sem að öllum líkindum verður ekki fyrr en að loknu páskaleyfi. Þar sem um er að ræða óvenjulega langt fundahlé nú, leyfi ég mér að óska hv. þdm. gleðilegra páska og ánægjulegs páskaleyfis og góðrar ferðar til sinna heimkynna, þeim sem um langan veg eiga heim að fara.

Karvel Pálmason: Virðulegi forseti. Ég vil fyrir hönd okkar þdm. þakka forseta góðar óskir í okkar garð og færa honum okkar bestu óskir um gleðilega páskahátíð. Ég vænti þess að við sjáumst hér öll hress og kát og heil til starfa að páskahléi loknu.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Ég þakka hv. 5. þm. Vestf. fyrir hans ágætu óskir og segi fundinum slitið.

Sameinað þing, 78. fundur.

Föstudaginn 9. apríl, kl. 2 miðdegis.

Byggingarsjóður ríkisins, þáltill. (þskj. 502). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Skýrsla iðnaðarráðherra um Kröfluvirkjun. — Frh. umr.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég sagði hér nokkur orð í umr. um þetta mál síðast þegar málið var á dagskrá, hvort sem það var nú í gær eða fyrradag, en ég fór þá ekki efnislega út í málið vegna þess hversu tíminn var naumur, fundartími var raunar þrotinn þegar ég hóf mál mitt. Eg skal nú verða við þeim tilmælum hæstv. forseta að teygja ekki lopann of lengi.

Ég get sagt það í upphafi, að þau sjónarmið, sem ég styð í þessu máli, hafa komið mjög rækilega fram hjá ýmsum hv. ræðumönnum, og þá alveg sérstaklega hlýt ég að benda á skýrslu hæstv. orkumrh., því að hún var þannig að ég hlýt að taka undir allt meginefni hennar. Og ég hygg að einmitt á þeirri skýrslu sé eðlilegast að byggja skynsamlega afstöðu til þessa máls og vísa hv. þm. alveg sérstaklega til skýrslu orkumálaráðh.

Ég tel þó rétt, að undirstrika viss atriði sem mér eru ofarlega í huga í sambandi við þetta mál, og það var einmitt þess vegna sem ég kvaddi mér hljóðs, ekki vegna þess að ég treysti mér til að upplýsa neitt nýtt í þessu máli. Ég tel að þau sjónarmið, sem ég styð, hafi komið rækilega fram og mitt erindi verður fyrst og fremst, að undirstrika viss atriði.

Ég kemst nú ekki hjá því, þó að leitt sé, að minnast svolítið á þann áróður og þá andstöðu sem komið hefur fram gegn Kröfluvirkjun. Ég held að það sé óhætt að segja að þessi andstaða og þessi áróður eigi tæpast nokkra hliðstæðu í sögunni. Ég minnist þess yfirleitt ekki að það hafi nokkru sinni, nema ef vera skyldi í upphafi aldarinnar þegar símamálið var mest umdeilt, — ég efast um að það hafi komið upp nokkur slík andstaða gegn mikilvægri framkvæmd og framfaramáli eins og nú hefur verið að gerast hjá vissum öflum í þjóðfélaginu gagnvart Kröfluvirkjun. Og mér verður á að spyrja: Hvað er hér á seyði? Hvað er hér yfirleitt að gerast? Er ekki æskilegt að við reynum að gera okkur grein fyrir því hvert sé upphaf þessa áróðurs, m. a. hverjir hafa komið þessum áróðri af stað. Það er sjálfsagt mikill vandi að segja til um það, af hverju það stafar að þetta mál hefur orðið að slíku andstöðumáli vissra manna og áróðursmáli, vil ég segja.

Ég ætla ekki hér úr ræðustóli á Alþ. að gefa neina fullnægjandi skýringu á því hvert sé upphafið að því að þetta mál er orðið að slíku gerningaveðri sem raun ber vitni. Þó hef ég fyrir mig mínar skýringar á því, og það getur vel verið að einhvern tíma reki ég það nánar. En ég tel nú samt að á þessu stigi sé ekki ástæða til þess úr ræðustóli á Alþ. að fara mikið út í slíkar hugleiðingar, en ég segi það, að ég hef mína skoðun á því. Það er ekki eðlilegt hvernig þetta mál hefur borið að, en hitt er víst og það liggur skjallega fyrir og meira en það, að alþfl.-menn hafa ástundað skipulega áróðursherferð gegn Kröfluvirkjun og þeim sem að henni standa. Þetta liggur örugglega fyrir, og ég segi: skipulega áróðursherferð. Það þarf ekki annað en benda á ályktun kjördæmisráðs Alþfl. í Norðurlandskjördæmi eystra í fyrrasumar, þar sem andstaðan gegn Kröfluvirkjun er gerð bókstaflega að pólitísku stefnuskráratriði Alþfl. Ég veit ekki hvort menn hafa nokkru sinni kynnst öðru eins ofstæki og jafnfáranlegum ályktunum, pólitískum ályktunum, en þetta er staðreynd. Alþfl.-menn hafa gert andstöðuna gegn Kröfluvirkjun að sérstöku pólitísku stefnuskráratriði. Þið skuluð veita því athygli. Þetta gerist á kjördæmisfundi Alþfl. á Norðurlandi, í Norðurlandskjördæmi eystra, s. l. sumar. Ég skal ekki rekja þessa sögu lengra aftur í tímann um þessa skipulegu herferð. En í sögunni er líka til forsaga, og það er áreiðanlega einhver forsaga að því, að Alþfl. tekur upp þetta mál sem sérstakt stefnuskráratriði sitt pólitískt. Og ég hefði gaman af því að spyrja forustumann Alþfl. á Norðurl. e. um það, hver er ástæðan fyrir því að þeir gera þetta að pólitísku stefnuskráratriði sínu. Raunar er það svo, að ég efast um að hv. þm. Bragi Sigurjónsson sé nokkur upphafsmaður þessarar fráleitu ályktunar Alþfl. á Norðurlandi. Ég hef ekki trú á því að hv. þm. sé jafnóðfús í það að berjast gegn norðlenskum hagsmunum eins og þeir ofstækismenn sem ímynda sér að þeir geti lyft Alþfl. upp úr lægðinni, sem hann er í, með æsilegum yfirlýsingum og slúðurfréttum. En ræða sú, sem hv. þm. Bragi Sigurjóns-

sou flutti fyrr í þessum umr., bar þess hins vegar órækt vitni að hann hefur gerst dyggur málsvari hinna óábyrgu öfgamanna sem nú móta stefnu og viðhorf Alþfl., þ. á m. á Norðurlandi, í öllum rólegheitunum og kyrrðinni þar.

Ég veit að ræða hv. þm. og allur málflutningur miðast við það að fullnægja því fáránlega stefnuskráratriði Alþfl. að berjast gegn Kröfluvirkjun og gera málið sem tortryggilegast. Öll ræða hans var þannig, að greinilegt var að „nálin hafði fest í plötunni", svo ég noti hans eigin samlíkingu.

Nú kann að vera að einhverjir líti svo á að hv. þm. Bragi Sigurjónsson sé að lýsa sjónarmiðum sem eigi hljómgrunn meðal norðlendinga. Því vil ég mótmæla harðlega. Hæstv. orkumrh. las hér upp um daginn ályktanir frá Húsavík og Skútustaðahreppi um þessi efni. Ég ætla ekki að endurtaka þann upplestur, það tel ég óþarfa. En ég hygg að þær ályktanir sýni hver er hinn raunverulegi hugur norðlendinga í þessu máli. Ég held að það hafi verið hv. þm. Bragi Sigurjónsson sem bar það upp á okkur hv. 2. þm. Norðurl. e. að við hefðum pantað þessar yfirlýsingar. Þetta er svona á borð við aðra fréttamennsku alþfl.-manna nú í dag. Þetta er það sem þeir lifa á. Það er að koma með einhverjar æsiyfirlýsingar og slúðurfréttir. Þetta er einn parturinn af því. Við höfum ekki pantað neinar slíkar ályktanir frá einum eða neinum. Þess hefur ekki þurft. En vegna þess að einhverjir kunna nú kannske að halda að hv. þm. Bragi Sigurjónsson sé að tala hér fyrir munn norðlendinga yfirleitt, þá leyfi ég mér að mótmæla því og ég ætla í því sambandi — með leyfi hæstv. forseta — að lesa hér svolítinn kafla úr leiðara sem birtist í stærsta blaði norðlendinga, Degi á Akureyri, og ég hygg að það blað túlki ekki síður skoðanir norðlendinga heldur en hv. þm. Bragi Sigurjónsson gerir og þeir sem nú ráða ferðinni í stefnumótun Alþfl. Ég vil leyfa mér að lesa hér stuttan kafla úr leiðara Dags frá því í ágúst í sumar. Þar segir svo um Kröfluvirkjun:

„Ein eftirtektarverðasta virkjun, sem nú er unnið að í landinu, er jarðgufuaflstöð við Kröflu í Mývatnssveit. Af tvennum ástæðum aðallega er virkjun þessi athyglisverð. Í fyrsta lagi er hér um að ræða fyrstu stóru jarðgufuvirkjun á Íslandi. Í öðru lagi er þetta stærsta orkuver sem reist hefur verið á Norðurlandi til þessa. Raunar er líklegt að orkuverið við Kröflu sé mesta einstakt mannvirki sem nokkru sinni hefur verið reist í Norðlendingafjórðungi. Með Kröfluvirkjun er lagt í framkvæmd hér í fjórðungnum sem lengi hefur verið beðið eftir. Hér er um stórvirkjun að ræða á íslenskan mælikvarða, 60 mw. stöð, sem fullnægir um árabil þörfum íbúa Norðurlands og Austurlands fyrir örugga og nægа raforku og opnar nýja möguleika varðandi raforkunotkun í sýslum og landshlutum sem nánast hafa verið í orkusvelti undanfarin ár. Það hlýtur því að vera norðlendingum öllum mikið fagnaðarefni að ráðist hefur verið í að koma upp þessu myndarlega og sérstæða raforkuveri. Ber að þakka öllum sem unnið hafa að því að koma þessu máli fram, enda er um að ræða eitt af mestu framfaramálum norðlendinga."

Þetta er forustugrein úr blaðinu Degi á Akureyri, stærsta blaði og víðlestnasta sem gefið er út á Norðurlandi og utan Reykjavíkur yfirleitt. Þessi stutti kafli, sem ég hér las, held ég að lýsi betur viðhorfum norðlendinga til Kröfluvirkjunar heldur en sá málflutningur sem hafður er uppi af hv. þm. Braga Sigurjónssyni, og skal ég nú láta útrætt um þetta.

En þó get ég ekki stillt mig um í þessu sambandi að minna hér enn á nokkuð sem bendir til þess að akureyringar og norðlendingar leggi ekki fast að hv. þm. Braga Sigurjónssyni um það að berjast gegn Kröfluvirkjun. Ég hef hér í nýjasta Degi á forsíðu viðtal við Val Arnþórsson, forseta bæjarstjórnar Akureyrar, en Valur Arnþórsson hefur einnig þá stöðu að vera formaður í Laxárvirkjunarstjórn sem hefur verið aðalorkuöflunarfyrirtæki á Norðurlandi og er enn. Ég ætla ekki að lesa allt þetta viðtal, en blaðamaðurinn gefur þessu viðtali fyrirsögn sem er svona: „Hvorki hitaveitu framkvæmdir né virkjun við Kröflu má tefja, segir Valur Arnþórsson, forseti bæjarstjórnar Akureyrar." Og svo er haft þannig eftir Val í greininni með leyfi hæstv. forseta:

„Maður verður var við það að verið er í þessu máli að stilla upp algerum andstæðum, þeim að hægt verði að halda áfram að bora eftir heitu vatni á Syðra-Laugalandi, og því, að unnt verði að bora nægilega margar holur fyrir Kröfluvirkjun. Borinn Jötunn átti að fara austur í Kröflu að aflokinni borun annarrar holu á Syðra-Laugalandi. Ég held að það sé mikill misskilningur að vera að stilla þessu upp sem andstæðum. Þeirrar lausnar verður að leita, sem gerir báðar framkvæmdirnar mögulegar, að bora hina þriðju og nauðsynlegu holu á Syðra-Laugalandi og einnig við Kröfluvirkjun, svo virkjunin geti tekið þar til starfa á fyrirhuguðum tíma með sem allra minnstum lágmarkstöfum."

Þetta er álit forseta bæjarstjórnar Akureyrar, Vals Arnþórssonar, sem einnig er formaður í Laxárvirkjunarstjórn.

Hæstv. iðnrh. flutti í upphafi þessara umr. ítarlega skýrslu um Kröfluvirkjun og framgang þess máls. Það er ekki ástæða til þess af minni hálfu að ræða efni þessarar skýrslu enda er ég í öllum meginatriðum sammála því sem þar kom fram. Ég vil aðeins leyfa mér að taka undir við hæstv. ráðh. um mikilvægi virkjunarinnar og um það að virkjunarframkvæmdirnar fái eðlilegan framgangsmáta. Ég sé einnig ástæðu til þess að þakka hæstv. iðnrh. fyrir ötula forustu í þessu máli eftir að hann tók við starfi sínu sem ráðh. En ég vil ekki síður færa fyrrv. iðnrh., Magnúsi Kjartanssyni, sem því miður á ekki sæti nú á þingi vegna veikinda, — ég vil færa honum alveg sérstakar þakkir fyrir frumkvæði hans í þessu máli, og ég held að hans hlutur sé geymdur, en ekki gleymdur.

Í þessum umr. hefur komið fram að ástand raforkumála á Norðurlandi hefur um árabil verið í megnasta ólagi. Er engin ástæða til að draga úr þeirri staðreynd að Norðurland hefur búið við einstakt öryggisleysi í raforkumálum og beinan orkuskort, sem með réttu hefur verið kallað orkusvelti. Öryggisleysið í raforkumálum

Norðurlands hefur birst í ýmsum myndum. Í fyrsta lagi hefur Laxárvirkjun reynst óörugg vegna tíðra rennslistruflana sem valdið hafa stórskertri afkastagetu virkjunarinnar tímunum saman vetur eftir vetur. Má með sanni segja að akureyringar og aðrir norðlendingar, sem háðir eru Laxárvirkjun, hafi litið á það sem óumflýjanlegt náttúrulögmál að þola sífellda rafmagnsskömmtun vegna lélegra afkasta Laxárvirkjunar. Það hefur líka átt sinn þátt í erfiðleikum norðlendinga í rafmagnsmálum að línukerfið hefur lengst af og er enn ófullkomið og illa hæft til þess að standast þá vetrarveðráttu sem oft verður á Norðurlandi. Og loks bætist það við að fyrirhugaðar virkjunarframkvæmdir hafa farist fyrir og runnið út í sandinn, sbr. fyrirhugaða stækkun Laxárvirkjunar sem menn muna að olli heiftarlegum deilum, og þessar deilur urðu ekki leystar nema með afarkostum, hvernig sem menn annars líta á það mál. Sjálfur er ég ekki í vafa um það að forustumenn raforkumála og þáv. ríkisstj. héldu óhöndulega á málum, sem varð til þess að magna deilur fram yfir það sem vera þurfti. Og það þori ég að fullyrða, að forustumenn Alþfl. á Akureyri stóðu dyggilega þar í fararbroddi, að magna þær deilur sem allra mest, og verður þess lengi minnst og kann að vera að þar megi að einhverju leyti finna ástæðuna fyrir því að þeir hafa fengið Kröfluvirkjun á heilann.

Það er alveg ljóst að þegar áformin um stækkun Laxárvirkjunar urðu að engu, þá myndaðist alvarlegt tómarúm í virkjunarmálum norðlendinga. Það var engan veginn auðleyst að fylla upp í þetta tómarúm. Allt Norðurland var í orkusvelti. Laxárvirkjun og Rafmagnsveitur ríkisins gátu ekki fullnægt sjálfsögðustu kröfum almennings um raforku. Það var sett bann á húshitun á Akureyri og annars staðar á Laxárvirkjunarsvæðinu. Iðnaðarrafmagn var mjög ófullnægjandi og það dró úr iðnaðarvexti Norðurlands. Fjöldi sveitabæja var afskiptur um rafmagn að meira eða minna leyti, heilu sveitirnar, a. m. k. sveitarhlutar. Og einmitt þegar þetta ástand stóð sem hæst skall orkukreppan á á árinu 1973, þegar olíuverð rauk upp úr öllum veðrum og gerði erlenda orkugjafa nánast ókaupandi. Þá vöknuðu menn upp við vondan draum, og menn urðu sammála um nauðsyn þess að nýta betur innlenda orkugjafa, hvort sem það nú var vatnsafl eða varmaorka. A. m. k. er víst að akureyringar stóðu þá mjög illa að vígi. Bærinn var þá og er enn í örri þróun. Þar er mikil og ör fólksfjölgun, mikil byggingarstarfsemi og áhugi á iðnaðarvexti. En skortur innlendrar orku var og er tilfinnanlegur í Akureyrarbæ. Húshitun þar hefur lengi verið þannig fyrir komið að ýmist eru hús hituð með rafmagni eða þá með erlendri olíu. Á þessum tíma, sem ég er hér sérstaklega að minnast á nú, þ. e. a. s. fyrir tveimur árum, 2—3 árum, þá var talið næstum útilokað að hitaveita yrði lögð á Akureyri. Ef þar væri hægt að nýta innlenda orkugjafa, þá væri það rafmagnið eitt sem til greina kæmi. Það eru ekki nema um það bil tvö ár síðan menn töldu hitaveitu fjarlægan draum á Akureyri. Það talaði enginn um hitaveitu í alvöru á Akureyri fyrir um það bil tveimur árum og laklega það. Og þetta ætla ég ekki að útlista neitt frekar. En það mega vera gleymnir menn sem ekki muna að á þessum tíma var dökkt útlit í rafmagnsmálum akureyringa og annarra norðlendinga sem svipað voru settir.

Að vísu voru og eru tæknilegir möguleikar til virkjunar vatnsfalla á Norðurlandi mjög miklir. Það var tæknilega mögulegt að virkja Laxá í Þingeyjarsýslu. Það var tæknilega mögulegt. En önnur sjónarmið réðu því að í frekari virkjun var þar ekki ráðist. Jökulsá á Fjöllum er eitthvert mesta fljót á landinu og þar má virkja stórt og mikið, en tæpast verður ráðist í virkjun þar nema til komi stóriðja af einhverju tagi. Skjálfandafljót má virkja, að ógleymdum Jökulsám í Skagafirði og Blöndu. En virkjun þessara vatnsfalla er þrátt fyrir allt býsna fjarlægt mál, bæði vegna þess að þar skortir rannsóknir og undirbúning og eins vegna þess að þessar virkjanir flestar eru svo stórar í sniðum að þær kalla yfirleitt á samhliða aðgerðir í stóriðnaðarmálum. En um þau mál er ekki samstaða í landinu, og að mínum dómi a. m. k. er óálitlegt að byggja á slíkum grunni.

Það fór því ekki á milli mála að eins og á stóð, þá var meðalstór gufuaflsvirkjun á Norðurlandi langbesti virkjunarkosturinn. Háhitasvæðið norður og austur af Mývatnssveit var þá vel kannað og fyrir lá ítarleg áætlun um raforkuver á þessum slóðum. Þannig verður hugmyndin um Kröfluvirkjun til. Sú saga hefur verið rakin svo ítarlega hér í þessum umr. af hæstv. iðnrh., að ég ætla ekki að fara sérstaklega út í það. Ég vil aðeins undirstrika það að Kröfluvirkjun er orðin til fyrir nauðsyn. Hún er orðin til á þeim tíma þegar raforkuskorturinn herjaði mest á Norðurlandi, sem hann raunar gerir enn. Kröfluvirkjun er orðin til fyrir þá nauðsyn að leysa Norðurland úr orkusvelti, og hún er liður í því að nýta innlenda orkugjafa í stað innfluttrar orku. Kröfluvirkjun fyllir upp í tómarúmið sem varð í virkjunarmálum Norðurlands þegar áform um Laxárvirkjun III urðu að engu. En gildi Kröfluvirkjunar er miklu meira en að sjá núverandi Laxárvirkjunarsvæði fyrir nægri raforku. Kröfluvirkjun er fjarri því að vera einskorðuð við þarfir þessa svæðis, og á þetta atriði vil ég leggja alveg sérstaka áherslu. Mér finnst að það hafi ekki komið nógu vel fram að Kröfluvirkjun er ekki einskorðuð við þarfir núverandi Laxárvirkjunarsvæðis. Þeir, sem meta gildi Kröfluvirkjunar út frá því sjónarmiði einu saman, hljóta að komast að rangri niðurstöðu. Í fyrsta lagi hefur Kröfluvirkjun gildi fyrir allan Norðlendingafjórðung, allt úr Hrútafirði austur á Langanes. Kröfluvirkjun er þannig í sveit sett að hún getur þjónað Austurlandi til jafns við Norðurland, enda gera lögin um Kröfluvirkjun ráð fyrir því að svo geti orðið. En Kröfluvirkjun hefur einnig víðtækara gildi heldur en það að þjóna Norður- og Austurlandi. Með samtengingu allra raforkuvera í landinu og allra landshluta í eitt samvirkt raforkukerfi mun öryggisgildi jarðgufustöðvar á borð við Kröfluvirkjun koma vel í ljós. Það mun sýna sig að það er hagkvæmt af öryggisástæðum að geta tengt slíka gufustöð inn á kerfi sem annars er að mestu byggt á vatnsaflsvirkjunum. Gildi Kröfluvirkjunar felst ekki síst í

vetrarörygginu, þegar frost og ístruflanir hrjá vatnsaflsvirkjanir. Því miður hafa hinir sjálfskipuðu andstæðingar Kröfluvirkjunar gert sig seka um þá blekkingu í málflutningi sínum að slíta þessa framkvæmd úr öllu samhengi við raforkukerfið í heild. Það er því ekki að furða þó að niðurstaða þeirra verði neikvæð.

Eitt aðalásökunarefni andstæðinga Kröfluvirkjunar er að halda því mjög ákaft fram að með tilkomu hennar um eða upp úr næstu áramótum, ef allt tekst vel til verði umframorka fyrir hendi, þá verði mikil umframorka fyrir hendi. Að sjálfsögðu hafa menn ætíð gert sér ljóst að um tiltekinn tíma yrði umframorka fyrir hendi frá Kröfluvirkjun. En er ekki rétt að athuga það mál í réttu ljósi? Er ekki rétt að velta fyrir sér þeirri spurningu hvort sé þjóðhagslega hagkvæmara að reisa orkuver við vöxt að vissu marki eða hafa þau svo lítil og aflrýr að þau séu ekki fyrr tekin til starfa en orkuskortur heldur á ný innreið sína? Ef síðari kosturinn er valinn er stefnt áfram á braut orkuskortsins sem margsannað er að dregur úr iðnaðarframförum og heldur niðri almennri eftirspurn eftir raforku. Að sjálfsögðu skapar umframorkan rekstrarvanda hjá virkjunarfyrirtækinu um sinn. Frá hagnaðarsjónarmiði virkjunarfyrirtækis kann að vera hagkvæmt að reka orkusveltisstefnu. En slíkt er nokkuð einhliða sjónarmið og þjónar ekki öðrum mikilvægum hagsmunum, þ. e. a. s. hagsmunum iðnaðar og hagsmunum vegna almennrar eftirspurnar eftir raforku. Við þekkjum vel afleiðingar orkusveltisstefnunnar. Afleiðingarnar eru þær að hún stendur framförum fyrir þrifum og hún kemur niður á almenningi. Hins vegar geri ég mér fyllilega ljóst að um sinn mun skapast rekstrarvandi hjá Kröfluvirkjun. En ég legg áherslu á að sá vandi þarf ekki að standa lengi. Menn hafa nefnt 2—3 ár. Ég hef þá skoðun að 2—3 ár sé ofsagt, það mætti allt eins segja 1—2 ár. Það fer m. a. eftir því hvenær Austurlandsveita verður tengd virkjuninni, og það held ég að sé mikið nauðsynjamál og ætti að skoða sem fyrst, enda veit ég að hæstv. iðnrh. gerir sér grein fyrir nauðsyn þess máls. Og ég vil í þessu sambandi hreyfa því að mér finnst meira en tímabært að austfirðingar og norðlendingar taki upp frekari samvinnu í þessu máli, því að mér sýnist að þeir eigi þarna sameiginlegra hagsmuna að gæta.

Ég hef í ræðu minni fyrst og fremst viljað benda á að í Kröfluvirkjun var ráðist vegna brýnnar nauðsynjar norðlendinga um að verða leystir úr orkusvelti. En ég hef líka sýnt fram á að Kröfluvirkjun er ekki einskorðuð við þarfir Norðurlands. Austfirðingar eiga hér hagsmuna að gæta engu síður en norðlendingar, og raunar er gildi Kröfluvirkjunar enn víðtækara, eins og ég hef stuttlega drepið á.

Því er ekki að neita að Kröfluvirkjun hefur orðið deilumál, og sjálfsagt er eitthvað gagnrýnisvert í sambandi við þessar framkvæmdir. Það er síður en svo að ég telji alla þessa gagnrýni órökstudda. Kröfluvirkjun er ekki frekar en önnur mannanna verk hafin yfir gagnrýni og margt hefði sjálfsagt mátt betur fara. En ég held að það sé mikið óþurftarverk, sem vissir aðilar hafa unnið, að gera þessa merkilegu framkvæmd tortryggilega í augum almennings, og þá beini ég enn sökinni einkum að Alþfl. og forustu hans. Sú iðja þessara manna og þá fyrst og fremst alþfl.-manna verður ekki þoluð mótmælalaust, og henni verður mótmælt svo lengi sem þeir halda þessu áfram. Að vísu er það svo, að „nálin hefur fest í plötunni“ hjá þessum ágætu mönnum, en þrátt fyrir það, á meðan iskrar í fóninum, þá verður þeim svarað.

Ég vil í þessu sambandi mótmæla harðlega öllum kröfum um frestun framkvæmda við Kröfluvirkjun. Til þess liggja engin rök. Vissulega hlutu menn í alvöru fyrr á þessum vetri, þegar náttúruhamfarir áttu sér stað á virkjunarsvæðinu, að hugleiða frestun af þeim sökum, en þá af þeim sökum einum. En ég mótmæli öllu ráðslagi um frestun af öðrum ástæðum, eins og fjárhagsástæðum. Alþ. og ríkisstjórn hafa tekið löglegar og réttar ákvarðanir um framkvæmd virkjunarinnar, ekki einasta þær framkvæmdir sem Kröflunefnd sér um, heldur einnig þær framkvæmdir sem Orkustofnun hefur með höndum svo og Rafmagnsveitur ríkisins. Allar þessar framkvæmdir eru liður í virkjuninni fullbúinni. Einn þátturinn getur ekki án annars verið. Og í þessu sambandi ætla ég að benda á, eins og fram kom í viðtalinu við Val Arnþórsson, formann Laxárvirkjunarstjórnar og forseta bæjarstjórnar Akureyrar, — ég ætla að benda á að það er ekki frambærilegt né sómasamlegt að stilla heitavatnsborun í Eyjafirði í þágu hugsanlegrar hitaveitu fyrir Akureyri og borunarframkvæmdum við Kröflu upp sem andstæðum. Þörf hitaveitunnar fyrir bor verður að leysa án þess að það skaði Kröfluvirkjun. Ég ætla ekki að fara út í neinn samanburð á því hvor framkvæmdin sé brýnni eða mikilvægari. Þær eru báðar mikilvægar. En ég kemst ekki hjá að minna á að Kröfluvirkjun er löngu ákveðin og ákvörðuð og að henni er unnið samkvæmt framkvæmdaáætlun. Öll röskun á þeirri áætlun er óeðlileg og á ekki að koma til greina.

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að fara nokkrum orðum um það hvernig að þessum umr. hefur verið staðið. Þetta er nú í þriðja sinn sem skýrsla hæstv. orkuráðh. um málefni Kröflu er tekin til umr. hér á Alþ. Það munu hafa talað fimm hv. þm.: orkuráðh. hæstv., þrír Kröflunefndarmenn, raunar einn af þeim þremur tvisvar, en aðeins verið rúm fyrir einn þm. sem hefur einhverjar athugasemdir að gera við þeirra málflutning. Það er e. t. v. ekki að ástæðulausu sem búið var að ganga frá því áður en umr. hófust hér að þeir Kröflunefndarforsprakkar röðuðu sér á mælendaskrá. Nú í þriðja sinn sem þetta mál er tekið fyrir, þegar loksins þeir Kröflunefndarmenn eru búnir að ljúka sér af, þá mælist hæstv. forseti til þess af skiljanlegum ástæðum að menn fari nú heldur að stytta mál sitt.

Það er fjöldamargt sem komið hefur fram í þeim umr., sem hér hafa orðið, sem væri ástæða til þess að minnast á. Undanskil ég þó þar ferðasögur hv. þm. Jóns G. Sólness. Það er alltaf gaman að hlusta á slíkar ferðasögur. Hv. þm. var kominn suður til Ítalíu og á sjálfsagt alllangt mál eftir ef hann ætlar að greina frá öll-

um slíkum sögum. Ég hlakka til að hlusta á það, því að mér finnst ólíkt skemmtilegra að hlusta á slíkar ferðasögur heldur en leynilögreglusögur af því tagi sem hv. síðasti **ræðumaður byrjaði** ræðu sína hér á.

Það hefur líka komið fram í umr. hér frá þeim hv. þm., sem talað hafa og eiga sæti í Kröflunefnd, að þeir ráðast mjög harkalega á Alþfl. fyrir það að hann skuli gagnrýna þessar framkvæmdir. Hv. þm. Ragnar Arnalds lýsti þannig, ef ég man rétt, að með því að gagnrýna Kröflu ætluðu alþfl.-menn að hefja sig upp úr því díki sem flokkurinn væri sokkinn í. Þetta segir nú sitt af hverju um hvaða álit hv. formaður Alþb. hefur á vígstöðunni, fyrst hann telur það líklegt til árangurs fyrir Alþfl. að hefja sig upp úr því díki, sem hann segir að flokkurinn sé sokkinn í, með því að gagnrýna Kröflu. Ekki er nú trúin á málstaðinn, sem hv. þm. mælir fyrir, ýkjasterk.

En það var ýmislegt annað sem hv. þm. Ragnar Arnalds ræddi um. Ég fékk ekki betur heyrt heldur en hv. þm. ætlaði að gera þetta Kröflumál að hreinu flokksmáli með því að fullyrða að það hafi verið fyrrv. orkumrh., Magnús Kjartansson, sem hefði ásamt þeim Kröflunefndarmönnum staðið að þessari framkvæmd og borið fulla ábyrgð á henni. Ég er nú ekki alveg viss um að allir flokksmenn formanns Alþb. vilji skrifa undir þessa söguskoðun hans, en það kemur e. t. v. fram í umr. hér á eftir, ef verður leyft að halda áfram, hvort hv. þm. Ragnar Arnalds, formaður Alþb., hefur stuðning í sínum flokki við þessa stefnu eða hvort sumum af hans flokksmönnum finnst líklegra til árangurs að taka undir gagnrýni okkar alþfl.-manna um Kröflu og það sé meira vit fólgið í okkar gagnrýni heldur en í því sem formaður Alþb. heldur fram.

Einnig vil ég mjög átelja það sem kom fram *í hans ræðu þegar hann var að afsaka skort á* undirbúningsrannsóknum með því að segja að það væri sérfræðingunum að kenna ef eitthvað hafi á skort af því tagi. Þetta er nefnilega ljóslegt dæmi um það hvað gerist þegar sérfræðingar þegja of lengi um sitt álit. Það liggur nú fyrir að þeir sérfræðingar, sem hv. þm. vitnaði til, telja að það hafi verið framkvæmdahraði Kröflunefndar sjálfrar sem hafi gert það að verkum að skortur var á undirbúningsframkvæmdum. En nú þegar Kröflunefnd er komin í klípu, þá á að varpa sökinni yfir á sérfræðingana fyrir að hafa þagað. (Gripið fram í.) Það er þetta sem ég held að þessir sérfróðu menn geti dregið nokkurn lærdóm af, vegna þess að það er rétt út af fyrir sig að þeir hafa þagað of lengi. Að vísu hafa þeir verið fúsir til að gefa okkur ýmsar upplýsingar nú um nokkuð langa hríð, en þeir hafa ekki viljað láta hafa það eftir sér opinberlega. Nú hafa þeir þó breytt þeirri stefnu. En þessi málflutningur hv. þm. Ragnars Arnalds sýnir að þarna eru víti að varast fyrir sérfræðingana þegar pólitískur framkvæmdaraðili ætlar að gera þá ábyrga fyrir atriðum sem þeir vöruðu við fyrir löngu, löngu, en var ekki á hlustað af þeim aðila sem annaðist framkvæmd málsins.

Hversu einkennilegar sem ræður þeirra hv. þm., sem í Kröflunefnd eru, — hversu einkennilegar sem þessar ræður þeirra voru, þá var þó ræða hæstv. orkumrh. enn einkennilegri. Það hefði mátt halda að sú ræða hefði verið samin í fyrra eða hittiðfyrra, því að í þeirri ræðu var bókstaflega ekkert tillit tekið til þeirra upplýsinga, sem fram hafa komið á síðustu vikum og mánuðum, og þeirra aðstæðna sem skapast hafa, nýrra og breyttra. Það var t. d. ekki minnst einu orði í skýrslu hæstv. ráðh. á byggðalínuna. Það var ekki minnst einu orði á að framkvæmdum hefði verið frestað við Grundartangaverksmiðjuna. Hæstv. ráðh. flutti ræðu sína eða skýrslu eins og hann hefði ekki hugmynd um að þetta hefði gerst. Þessi skýrsla var út af fyrir sig ágæt, en hún átti ekki erindi inn á Alþ. á árinu 1976. Hún hefði getað verið flutt með fullum sóma fyrir 6 mánuðum eða heilu ári, en ekki á þeim tíma sem hún var flutt.

Þá furða ég mig á ýmsu sem hæstv. orkuráðh. lét í ljós. Hann virðist halda það, hæstv. ráðh., að þingmenn séu ekki aðeins skilningsljóir, heldur ólæsir líka. Hann fullyrti það í ræðu sinni að framleiðslukostnaður á kwst. frá Kröflu væri kr. 1.80 eða gæti verið það. Þar miðar hann að sjálfsögðu við það að öll orkan frá Kröflu sé seld allt árið um kring. En látum svo vera. Það liggur fyrir og hefur birst opinberlega á prenti í Morgunblaðinu, að Jóhannes Nordal áætlar að greiðslubyrðin á selda kwst. frá virkjunum norðan-, vestan- og austanlands verði árið 1977 kr. 8.03 og árið 1978 kr. 8.24. Hvernig á svo að halda því fram í alvöru, sé greiðslubyrði á selda kwst. sem hér segir, kr. 8.03 1977 og kr. 8.24 1978, að þá sé hægt að selja út kwst. af þessari orku undir 2 kr.? Hvernig er hægt að standa frammi fyrir þingheimi og halda slíkri firru fram? Hver á að jafna þann mismun sem þarna er? Auðvitað verður að jafna hann. Það verður ekki gert nema annaðhvort með niðurgreiðslum á orkunni *í formi skattlagningar eða einhvers konar öðr*um slíkum ráðstöfunum. En að halda fram, þegar greiðslubyrði á selda kwst. samkvæmt útreikningum eins fremsta sérfræðings okkar íslendinga í efnahags- og orkumálum er kr. 8.03, að þá sé hægt að selja kwst. út á 1.80, þetta fæ ég ekki séð hvernig saman getur farið. (**Gripið fram í:** Hver hefur sagt það?) Ég hafði það eftir hæstv. ráðh., að hann sagði að framleiðslukostnaður á kwst. frá Kröflu væri kr. 1.80. Og ég hafði það líka eftir hæstv. orkuráðh. að hann ræddi um að það væri mikil eftirspurn eftir umframraforku frá Kröflu á Akureyri. Til þess að geta selt hana í staðinn fyrir svartolíu, sem þar er notuð, þarf að selja kwst. frá Kröflu undir 2 kr. til þess að hún sé samkeppnisfær. Gott og vel, við skulum ekki miða við kr. 1.80, eins og ég gerði, við skulum miða við það verð sem þarf að vera á þessari orku til þess að hún sé samkeppnisfær við svartolíu. Það eru 2 kr. eða undir því á hverja selda kwst. Hvernig á að selja þá orku á 2 kr. kwst. sem ber greiðslubyrði á kr. 8.03 á selda kwst. árið 1977 og kr. 8.24 á hverja selda kwst. árið 1978?

Þá furða ég mig einnig mjög á því, sem hæstv. ráðh. hélt fram, og skil raunar ekki að hann skuli geta ætlast til þess að þm. trúi því, — ég er alveg sannfærður um að hann trúir því ekki

sjálfur, — að halda því fram að það sé ekki halli á rekstri RARIK vegna þess að það hafi gleymst að taka tillit til verðjöfnunargjalds. Hvað er verðjöfnunargjald? Það er skattur sem lagður er á landsmenn til þess að jafna hallarekstur RARIK. Hvernig í ósköpunum er hægt að halda því fram að það verði ekki halli á Rafmagnsveitum ríkisins af því að það hafi gleymst að taka tillit til tekna RARIK af verðjöfnunargjaldi? Þetta er algjörlega út í hött. Þetta er svipað eins og halda því fram að það sé ekki halli á ríkissjóði vegna þess að hann sækir sér fé til Seðlabankans. Svona getur fyrrv. fjmrh. alls ekki talað. Og hæstv. orkuráðh. er allt of greindur maður til þess að mér detti í hug að hann trúi þessu sjálfur.

Verðjöfnunargjaldið er skattur sem lagður er á landslýðinn til þess að standa undir hallarekstri Rafmagnsveitna ríkisins, og sá skattur verður ekki til þess að sá hallarekstur falli niður, síður en svo. Hallarekstur RARIK á s. l. ári nam 800 millj. kr. Hallareksturinn í ár er spáð að hann nemi 1000 millj. kr. Þar af fullyrti hæstv. ráðh. að verðjöfnunargjaldið mundi gefa 700 millj. kr. tekjur. Og þá standa enn þá 300 millj. kr. út af. Ég get enn fremur upplýst að miðað við þær áætlanir, sem ég veit að gerðar hafa verið um rekstur Kröflu og byggðalínuna, þá þarf til þess að jafna hallann á raforkukerfinu — ekki verðjöfnunargjald að upphæð 700 millj. kr. sem samsvara 14 þús. kr. orkuskatti á hverja meðalfjölskyldu í landinu, það þarf að hækka þennan orkuskatt á meðalfjölskylduna úr 14 þús. kr. og upp í 40 þús. kr. Það þarf að hækka verðjöfnunargjaldið um 26 þús. kr. á hverja meðalfjölskyldu í landinu til þess að standa undir hallarekstri raforkukerfisins eftir að byggðalínan og Krafla hafa báðar komið til notkunar.

Það hefur verið látið í veðri vaka að undanförnu í blaðaskrifum, þó einkum og sérstaklega í skrifum ákveðinna aðila, að gagnrýnin, sem við alþfl.-menn höfum haft uppi á Kröfluvirkjun, sé nýtilkomin. Því hefur jafnvel verið haldið fram að þessi gagnrýni hafi verið skipulögð af einhverjum óviðkomandi aðilum úti í bæ, og jafnvel gengið svo langt að fullyrða að einhverjir dularfullir guðfeður skrifuðu ræðurnar fyrir okkur alþfl.-menn á bak við byrgða glugga. Það eitt út af fyrir sig, eins og raunar kom fram hjá hv. þm. sem talaði hér áðan, að hann var að orða einhverja kenningu á þessa leið, — það eitt út af fyrir sig lýsir harla undarlegu sálarástandi, ef mönnum kemur það fyrst í hug ef einhver alþm. leyfir sér að gera athugasemdir við stefnu stjórnvalda eða embættisfærslu ráðh., að þá hljóti þar að baki að búa annaðhvort samsæri einhverra pólitískra tilræðismanna eða þá verðlaun, sem boðin eru, upp á gull og græna skóga. Svo að dæmi sé tekið, þá hlýtur það að vera harla merkilegt rannsóknarefni að kynna sér viðbrögð þeirra manna sem færa það fram að þm., sem gagnrýnir embættisfærslu ráðh., hafi aðeins gert það vegna þess að honum hafi verið boðin bankastjórastaða eða önnur slík hlunnindi fyrir, eða að blaðamaður hafi skrifað gagnrýni á opinbert stjórnvald vegna þess eins að honum hafi verið lofað fyrir þetta og þetta miklu af illa fengnu og skattsviknu fé. Sérhver maður hlýtur að draga nokkurn dám af sínu umhverfi og sýna það í allri sinni hegðan, og ég spyr: Í hvers konar pólitísku umhverfi spretta þeir menn úr grasi sem kemur ekki til hugar annað en að einhver slík mútustarfsemi hafi átt sér stað, — kemur ekki til hugar annað, ef menn hafi skoðanir á hlutunum, en að þá hljóti þeir að hafa fengið borgað fyrir það, og því ákveðnari skoðanir, þeim mun hærri er mútugreiðslan.

Gagnrýni á ráðh. fyrir embættisfærslu í blaðagrein er verðlögð á háar skattsviknar fjárhæðir. Gagnrýni á embættisfærslu ráðh. af þm. á Alþ. er verðlögð á bankastjórastöðu. Hvert er það pólitíska andrúmsloft, það pólitíska umhverfi sem alið hefur upp menn sem sjá engar aðrar skýringar á slíkum hlutum en þessar? Hvers konar starfsháttum eiga þeir að venjast sem telja með öllu útilokað að menn geti haft skoðanir öðruvísi en að hafa fengið borgað fyrir að hafa þær? Að sjálfsögðu er með öllu tilgangslaust að ræða við þannig hugsandi menn, hvort heldur er um Kröflu eða önnur mál, og ég ætla ekki heldur að reyna að gera það. Það er ekki hægt að fá sannfærða þá menn sem hafa þann hugsunarhátt, hvorki með orðum né rökum, heldur að því er virðist aðeins með því, sem annaðhvort mölur eða ryð fá grandað.

Alþfl. hefur frá upphafi verið gagnrýninn á framkvæmdirnar við Kröflu. Hér er ekki um neina nýtilkomna afstöðu að ræða, síður en svo. Það hefur ekki farið fram hjá neinum hvaða skoðanir við alþfl.-menn höfum haft á þessari framkvæmd alveg frá upphafi. Það hefur ekki farið fram hjá neinum hvaða skoðun hv. þm. Bragi Sigurjónsson hefur haft á þessu máli frá upphafi. Það hefur ekki heldur farið fram hjá neinum hv. þm. að í umr. um stefnuræðu forsrh. í haust lýsti formaður þingflokks Alþfl. Kröflumálinu sem stórkostlega hættulegu ævintýri og fjármálahneyksli. Það hefur væntanlega ekki heldur farið fram hjá neinum að Alþýðublaðið, málgagn Alþfl., hefur mánuðum saman, jafnvel árum saman verið gagnrýnið á þessa framkvæmd. Hér er ekki um neina nýtilkomna afstöðu að ræða, heldur afstöðu sem við höfum haft mjög lengi, alþfl.-menn, og ýmsir sérfræðingar og valinkunnir vísindamenn, hafa nú verið að staðfesta.

Í sjálfu grundvallaratriðinu, byggingu orkuversins hefur átt sér stað grófleg misbeiting valds. Í lögum um jarðgufuvirkjun við Kröflu eða við Námafjall í Suður-Þingeyjarsýslu er skýrt tekið fram í 1. gr. að ríkisstj. sé heimilt að láta gera þarna virkjun með allt að 55 mw. afli — með allt að 55 mw. afli. Sú virkjun, sem verið er að reisa við Kröflu, mun hins vegar skila afli frá 60 og upp í 70 mw. Það er sem sé af handhöfum framkvæmdavaldsins og Kröflunefnd verið að ráðast í framkvæmdir sem engin lagaheimild er fyrir.

Það er út af fyrir sig skiljanlegt að n. kunni að hafa komist að þeirri niðurstöðu að það væri nauðsynlegt að reisa 60 mw. aflstöð eða 70 mw. aflstöð í stað þeirrar 55 mw. aflstöðvar sem lögin heimila. En ef þessi n. hefði viljað virða þær leikreglur sem okkur er ætlað að virða, þá hefði hún að sjálfsögðu að fenginni þeirri niður-

stöðu átt að fá hæstv. ráðh. til þess að leggja fram hér á hinu háa Alþ. brtt. við þessi lög, þess efnis að Alþ. heimilaði smíði virkjunar af þessari stærð. Það hefur hins vegar ekki verið gert. Með því hefur grundvallarleikreglum lýðræðislegra og þingræðislegra stjórnarhátta verið misboðið, og þetta er því miður alls ekki ný bóla nú orðið. Framkvæmdavaldið er farið að taka upp á þeim sið að hlaupa hringinn í kringum löggjafarsamkomuna og virða hana gjörsamlega að vettugi. Við skulum taka annað nýlegt dæmi, þar sem eru samningarnir við belga um veiðar innan fiskveiðilögsögu. Íslenska stjórnarskráin mælir svo fyrir að samningar sem slíkir, sem að skuldbinda ríkið öðrum ríkjum, megi ekki taka gildi fyrr en Alþ. hefur staðfest þá. Það er byrjað að framkvæma þessa samninga fyrir lifandi löngu, en það hefur enn ekki verið leitað eftir staðfestingu Alþ., eins og sjálf stjórnarskráin þó mælir fyrir um. (**Gripið fram í:** Þetta er rangt.) Þetta er ekki rangt. Alþ. hefur ekki enn þá staðfest þessa samninga, og ég hef orð valinkunnra prófessora við lagadeild Háskóla Íslands fyrir því að þetta sé brot á íslensku stjórnarskránni.

Þannig eru framkvæmdaaðilarnir farnir að hlaupa hringinn í kringum löggjafarstofnun þjóðarinnar og virða að vettugi þær leikreglur sem okkur er ætlað að virða. Og þetta eru alls ekki einu dæmin. Þingmenn þekkja sjálfir fjölmörg slík dæmi, t. d. þeir þm. sem sitja í fjvn. Er það kannske líka tilviljun að nú á örfáum vikum hafa þrír hæstv. ráðh. þurft að standa frammi fyrir dómstólum ákærðir um valdbeitingu eða annað slíkt athæfi? Hæstv. menntmrh. er ákærður og dæmdur fyrir misbeitingu valds er hann vék úr embætti hátt settum opinberum starfsmanni sem hafði það eitt til saka unnið að leyfa sér að gagnrýna yfirvöld menntamála í landinu. Landbrh. hæstv. er stefnt fyrir dóm af hreppsnefnd í hans eigin kjördæmi fyrir að hafa misbeitt valdi sínu til þess að útvega ákveðnum einstaklingi ábúð á ríkisjörð. Og hæstv. dómsmrh. er nú síðast dæmdur fyrir fjölmæli og virti ekki einu sinni þær leikreglur að mæta eða láta einhvern mæta fyrir sig í þeim réttarhöldum, heldur flutti fram málsvörn sína í opnu bréfi í dagblaði og studdi hana gróusögum og falsfréttum úr ekki merkari blöðum en Mánudagsblaðinu. Þannig er farið að virða leikreglur í okkar landi af þeim mönnum sem eiga að stýra þjóðarskútunni og sjá þjóðinni farborða. Krafla er síður en svo eina dæmið, en hún er eitt dæmanna.

Þá hafa einnig við undirbúning þessarar virkjunar átt sér stað margvísleg mistök og mikil vanræksla. Engin útboð áttu sér stað, heldur voru verktakar og viðskiptaaðilar valdir af pólitískri Kröflunefnd og þar með brotnar venjur sem skapast hafa í opinberum framkvæmdum. En það var þó ekki alvarlegasti hluturinn í sambandi við þetta allt. Mun alvarlegra er það, að í virkjun af þessu tagi, sem er algert nýmæli, er ráðist þannig að vanræktar eru nauðsynlegar undirbúningsrannsóknir. Það þarf ekki að hafa lengur orð leikmanna fyrir því. Sérfræðingarnir hafa loksins verið reiðubúnir til þess að staðfesta það opinberlega sem þeir hafa fram til þessa ekki viljað láta í ljós nema í einkasamræðum mánuðum saman. Þetta kemur m. a. fram í yfirlýsingu fimm sérfræðinga Orkustofnunar sem birst hefur í blöðunum. Þessir sérfræðingar eru Stefán Arnórsson jarðfræðingur, Hrefna Kristmannsdóttir jarðfræðingur, Jens Tómasson jarðfræðingur, Axel Björnsson jarðeðlisfræðingur og Ingvar Birgir Friðleifsson jarðeðlisfræðingur. Þessir sérfræðingar segja, með leyfi forseta:

„Það hefur jafnan verið skoðun okkar að sá framgangsmáti hafi verið óeðlilegur að leggja í byggingu stöðvarhúss og vélakaup áður en fullnægjandi upplýsingar lágu fyrir um eiginleika gufunnar og fyrsta reynsla var fengin af vinnsluborunum. Vegna þessa framgangsmáta hefur skapast óvissa um hvernig tekst til með virkjunina frá tæknilegu sjónarmiði. Okkur er ekki kunnugt um að svona hafi verið staðið að byggingu jarðgufuvirkjunar áður. Undirbúningur að nýting jarðgufu til raforkuframleiðslu krefst umfangsmikilla rannsókna, m. a. með borunum. Það er alþekkt staðreynd meðal jarðhitasérfræðinga að vandasamasti þátturinn við byggingu jarðgufuaflstöðva er sjálf gufuöflunin. Þekking á því sviði er ung. Aðrir þættir við virkjunarframkvæmdir byggja á gömlum merg hefðbundinna olíu- og gasraforkuvera.“

Síðar gera þessir fimm sérfræðingar Orkustofnunarinnar grein fyrir því hvernig átt hefði að standa að þessum undirbúningi þrep fyrir þrep, segja síðan:

„Vegna raforkuskorts á Norðurlandi hefur verið lagt allt kapp á að hraða byggingu Kröfluvirkjunar. Því var hafinn undirbúningur að byggingu stöðvarhúss, vélar pantaðar og gufuveita hönnuð áður en fyrstu vinnsluholur höfðu verið boraðar, þ. e. farið beint úr áfanga II í áfanga IV hér að framan“ — sem sé sleppt áfanga III sem þeir telja nauðsynlegan til undirbúnings slíkum framkvæmdum.

Síðan segja þessir sérfræðingar:

„Undirrituð hafa alla tíð verið mótfallin þessum framgangsmáta, og er þeim ekki kunnugt um að áhættan, sem í þessari ákvörðun fólst, hafi verið metin. Niðurstöður borana, sem framkvæmdar hafa verið eftir að framangreind ákvörðun var tekin og vélar pantaðar, benda eindregið til þess að innstreymishitastig í vinnsluholur verði hærra en best hentar þeim vélum sem keyptar hafa verið. Getur vel farið svo að sú hönnun gufuveitu, sem nú er miðað við, henti alls ekki.“

Þetta er dómur fimm sérfræðinga Orkustofnunar. Það þarf ekki lengur að hafa leikmannsorð fyrir því.

En það hefur líka komið nú upp á síðkastið frekari rökstuðningur og frekari gangrýni á sjálfan þennan undirbúning. Segir m. a. svo í viðtali við Þorleif Einarsson jarðfræðing í Þjóðviljanum, með leyfi forseta, — Þorleifur segir að gerð hafi verið frumrannsókn á svæðinu, jarðfræði- og jarðeðlisfræðileg, og nauðsynlegar mælingar í því sambandi, svo segir Þorleifur, með leyfi forseta:

„Hins vegar er allri annarri forrannsókn að virkjuninni sleppt. Ekkert var því vitað um afkastagetu svæðisins utan það að hún er talin mikil. Hitastig var ekki þekkt né heldur hlutfallið milli gufu og vatns, en það ræður mestu um gerð vélanna. Fyrir bragðið renndu menn

blint í sjóinn með starfrækslu virkjunarinnar, pöntuðu vélar um sama leyti og boranir hófust, og það meira að segja mjög nákvæmar vélar, þar sem hitastig og hlutfall milli gufu og vatns verður að vera innan þröngra marka. Það er því óvíst að vélarnar fari í gang þegar þar að kemur."

Þetta sagði Þorleifur Einarsson jarðfræðingur og einn sérfræðingurinn til. (Gripið fram í.) Fyrst hv. þm. vill fleiri sérfræðiálit, þá er nóg til af þeim. Enn fleira kemur í ljós af álitsgerðum sérfræðinga við allan undirbúning virkjunarinnar. Í grein eftir Jónas Elíasson prófessor í Dagblaðinu nú nýverið segir m. a. svo um hvernig Krafla var ákveðin, með leyfi forseta:

„Það er von að menn spyrji hvernig sú ákvörðun var tekin að byggja virkjun fyrir norðan sem er í engu samræmi við þá þörf sem fyrir hendi er."

Þetta segir prófessorinn við Háskóla Íslands.

„Svarið liggur engan veginn á lausu, en helstu atburðir eru nokkurn veginn sem hér segir:

Orkustofnun leggur fram í sept. 1973 skýrslu með frumkönnun á 8, 12, 16 og 55 mw. virkjun við Námafjall eða Kröflu. Hér virðast menn hafa verið þeirrar skoðunar, að 8, 12 eða 16 mw. möguleikarnir væru hagkvæmir fyrir markaðinn eins og hann er, en 55 mw. möguleikinn tekinn með til að hafa eitthvað ef stóriðja væri ákveðin fyrir norðan. Stjórnmálamönnum leist vel á hugmyndina og samþ. voru heimildarlög á Alþ. fyrir 55 mw. virkjun, stærðin líklega höfð þessi til að loka ekki stóriðjudyrunum. Síðan gerist það merkilega að ákveðið er að nota heimildarlögin, sýnilega án þess að athuga hvort 55 mw. stærðin sé hagkvæm eða ekki, og Kröflunefnd falið að koma virkjuninni upp. Hún setur sér síðan það mark að klára virkjunina haustið 1976, ræður verkfræðinga og setur allt í gang, og bygging 70 mw. virkjunar er hafin við Kröflu með ótrúlegum hraða."

Síðar segir þessi sami prófessor, með leyfi forseta:

„Það hefur einnig farið í taugarnar á mörgum að virkjunin er byggð 70 mw., með allt of mikla orkuvinnslugetu fyrir Norðurlandsmarkaðinn, en þar að auki með of lítið afl til að koma orkunni á markað yfirleitt nema til stóriðju. En það stangast óneitanlega á við þá staðreynd að fyrir norðan er engin stóriðja né heldur ákveðnar áætlanir um að koma henni upp. Þar fyrir utan hefur virkjunin hækkað úr 1480 millj. kr. í u. þ. b. 6000 millj., að því er talið er nú, en það er meðalhækkun sem nemur 1 milljón á fjögurra tíma fresti. Auk alls þessa veit enginn enn í dag hver á að reka Kröfluvirkjun, enda framtíðin fjárhagslega dökk fyrir hvern þann sem það reynir."

Ég er með fjöldann allan af tilvitnunum fyrir hv. þm. Ingvar Gíslason að moða úr. T. d. hefur því verið haldið fram, m. a. af hv. þm. Ragnari Arnalds í ræðu hans hér um Kröflumál, að það hafi aldrei komið til greina að reisa virkjun af stærðinni 5, 16 eða 18 mw., og hv. þm. fullyrti það og hafði sjálfsagt eftir einum af verkfræðilegum ráðunautum Kröflunefndar að slíkt hefði ekki einu sinni verið orðað, engin tilboð um slíkar vélar gerð né heldur eftir þeim óskað. Í Morgunblaðinu nú nýverið birtir Karl Eiríksson framkvæmdastjóri fyrirtækisins Bræðurnir Ormsson aths. við þessar yfirlýsingar hv. þm. Ragnars Arnalds og Valdimars Jónssonar verkfræðilegs ráðunautar Kröflunefndar. Þar segir Karl Eiríksson, með leyfi forseta:

„Þarna fer prófessor Valdimar með rangt mál. Hið rétta er að þann 28. nóv. 1974 var haldinn fundur á skrifstofu Bræðranna Ormsson hf. að Lágmúla 9 þar sem lagt var fram tilboð í vélar fyrir væntanlega Kröfluvirkjun, og var það tilboð í vélar af 16 mw. stærð. Á fyrrgreindum fundi voru mættir eftirtaldir menn: dr. Valdimar K. Jónsson prófessor" — sem ekkert kannaðist við þetta mál síðar — „á vegum Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens, Páll Lúðvíksson verkfræðingur á vegum Orkustofnunar, Ingeniör Senker á vegum AEG-fyrirtækisins og annar sérfræðingur erlendur á vegum sama fyrirtækis, Ásgeir Höskuldsson tæknifræðingur á vegum Bræðranna Ormsson hf., Karl Eiríksson framkvæmdastjóri á vegum Bræðranna Ormsson hf. Tæknilegar upplýsingar þessa tilboðs voru sérstaklega útskýrðar fyrir prófessor Valdimar og tók hann einmitt með sér af fundinum tilboðið ásamt þeim upplýsingum."

Þá segir Karl Eiríksson ennfremur, að Knútur Otterstedt verkfræðingur, framkvæmdastjóri Laxárvirkjunar, hafi aflað tilboðs í 3 og 6 mw. gufuhverfil sem hann óskaði eftir að fá að festa kaup á. Síðan segir Karl, með leyfi forseta:

„Ekki hef ég trú á að prófessor Valdimar hafi verið ókunnugt um þetta mál. En hann virðist hafa gleymt því, þessi ágæti prófessor, þegar hann skrifaði sína grein í Morgunblaðið, að hann hafi setið þennan fund." Og sama máli gegnir um hv. þm. Ragnar Arnalds sem talaði hér í gær eða fyrradag.

Þetta voru aðeins örfá orð um hvernig að undirbúningnum sjálfum var staðið af hálfu Kröflunefndar, og vil ég enn og aftur benda á það að nú þurfa menn ekki lengur að hafa leikmannsorð fyrir því. Þeir, sem ég vitnaði hér til, eru meðal helstu sérfræðinga á þessum sviðum hérlendis og m. a. menn sem mikil afskipti hafa haft af þessu Kröflumáli.

En í sambandi við það, sem ég hóf mína ræðu á, um orkuverðið og annað fleira, þá langar mig til þess að beina þeim tilmælum til Kröflunefndar og hæstv. ráðh. hvort ekki sé mögulegt að þing og þjóð fái nú að sjá í fyrsta sinn greiðsluáætlun og rekstraráætlun fyrir þessa virkjun. Því hefur verið haldið fram að í þessa einhverja mestu stórframkvæmd, sem íslenska þjóðin hefur ráðist í, hafi verið ráðist án þess að greiðsluáætlun eða rekstraráætlun hafi verið gerð, og mér er spurn, hvort búið sé virkilega að standa í þessum framkvæmdum allan þennan tíma án þess að slíkar áætlanir hafi verið samdar. Hvernig stendur á því að eftir allar þær umr., sem orðið hafa á opinberum vettvangi og í blöðum um málefni Kröflu, þá skuli hæstv. orkuráðh., þegar hann flutti sína skýrslu hér á Alþ., ekki hafa lagt fram þessi grundvallarplögg í málinu, greiðsluáætlunina og rekstraráætlunina um virkjunina? Hafa þessar áætlanir ekki enn verið gerðar? Ég óska eindregið eftir því að þess-

ar áætlanir verði lagðar fram, því að þá og þá aðeins geta menn séð það svart á hvítu hver rekstrarafkoma þessarar virkjunar muni verða og hver greiðslubyrði af þessum framkvæmdum muni verða. Ég óska þess enn og aftur og lýsi eftir að þessar áætlanir verði birtar.

Þá hefur hæstv. ráðh. einnig haldið því fram, að ef ekki verði af áætlunum um gerð orkubús norðlendinga eða sameignarorkufyrirtækis á Norðurlandi, þá komi til mála að Laxárvirkjun taki að sér rekstur Kröfluvirkjunar. Mér er kunnugt um að þessi hugmynd hefur aldrei verið rædd á fundi stjórnar Laxárvirkjunar. Hún hefur aldrei verið þar rædd og aldrei komið þar á dagskrá og engin ákvörðun verið um það tekin, þannig að það liggur ekkert fyrir um það hvaða aðili muni taka að sér að reka þessa virkjun. Það er sem sagt ekkert vitað um greiðsluáætlanir, ekkert um rekstraráætlanir og ekkert um það hver á að reka mannvirkið.

Þá kom það einnig fram í sjónvarpsþætti í vetur, þar sem hv. þm. Jón G. Sólnes sat fyrir svörum sem form. Kröflunefndar, að hann var spurður að ákveðnum upplýsingum um breyttar aðstæður til orkuöflunar á svæðinu sem fyrirspyrjandinn, Valdimar Jóhannesson blaðamaður, hafði komist á snoðir um. Hv. þm. afneitaði þá öllum þessum upplýsingum sem röngum og hefur skýrt frá því að hann hafi ekki betur vitað, og er að sjálfsögðu rétt að taka fullt mark á þeirri skýringu. Hins vegar kom nokkru síðar út skýrsla frá Orkustofnun sem staðfesti allar þær upplýsingar sem blaðamaðurinn byggði spurningar sínar á. En hvað sagði hv. þm. Jón G. Sólnes þegar þessar spurningar voru lagðar fyrir hann? Ég fékk útskrift á sínum tíma, hljóðsegulbandsútskrift af þessum sjónvarpsþætti, sem ég síðan birti í Alþýðublaðinu. Hv. þm. Jón G. Sólnes, form. Kröflunefndar, sagði þar orðrétt, — ef upplýsingar blaðamannsins reyndust réttar, þá sagði hv. þm., með leyfi forseta:

„Ég dreg þetta ákaflega mikið í efa, að þessar upplýsingar séu réttar, og ég óska bara eindregið eftir því, — ég endurtek það hér í áheyrn og ásjón alþjóðar, að ég óska eindregið eftir því að fyrirspyrjandi upplýsi hver hafi gefið þessar upplýsingar. En ef þetta er rétt, sem fyrirspyrjandi spyr um, þá er það ábyrgðarskylda hlutaðeigandi rn., sem í þessu tilviki er okkar yfirmaður, þeim ber skylda til þess að láta stöðva þessar framkvæmdir."

Þetta sagði hv. þm. Jón G. Sólnes orðrétt í sjónvarpsþættinum í vetur. Ef þær upplýsingar, sem blaðamaðurinn, Valdimar Jóhannesson, byggði sínar spurningar á, væru réttar, þá bæri yfirmanni framkvæmdanna, væntanlega hæstv. orkuráðh., að stöðva þegar í stað þessar framkvæmdir. Nú hefur það komið í ljós að upplýsingar blaðamannsins voru réttar, en það er hv. þm. Jón G. Sólnes sem virðist hafa breytt afstöðu sinni sem var skýr og ljós í þessum sjónvarpsþætti.

Og það er ýmislegt meira sem rétt er að vekja athygli á í þessu sambandi. Það kemur hér fram líka, sem okkur hefur alltaf uggað, alþfl.-menn, að með því að velja þessa tegund af virkjun hafi verið valin óeðlileg virkjun á Norðurlandi. Því hefur verið haldið fram af hv. þm. Ingvari Gíslasyni og fjölmörgum öðrum sem hér hafa talað, að meginvandamál í raforkumálum Norðurlands væri orkuskortur. Þetta er rangt. Meginvandi Norðurlands í raforkumálum er ekki orkuskortur, heldur aflskortur. Virkjanir á Norðurlandi skortir afl til þess að fullnægja eftirspurninni á mestu eftirspurnartímunum, en ekki orku til þess að fullnægja orkueftirspurn allt árið. Þetta hefur t. d. komið glöggt í ljós í vetur, vegna þess að það hefur margoft komið fyrir að engin dísilkeyrsla hafi átt sér stað á Norðurlandi, t. d. yfir helgar. Það er afl sem skortir, en ekki orka. Þetta kemur líka glögglega fram af þeirri einföldu staðreynd, að afl þeirra dísilstöðva, sem keyrðar hafa verið á Norðurlandi, er 10 mw., en orkan, sem seld hefur verið frá þessum orkustöðvum yfir árið, hefur ekki numið nema 20 gwst., en það er u. þ. b. ¼ af orkuvinnslugetu þessara aflstöðva. Þannig er það ekki orkan sem Norðurland skortir, heldur afl til þess að mæta eftirspurninni þegar eftirspurnin er mest. Að áliti Jónasar Elíassonar prófessors, sem einnig hefur komið fram opinberlega, þá er hann eindregið þeirrar skoðunar að virkjun Kröflu falli mjög illa inn í raforkukerfið á Norðurlandi. Hann segir orðrétt, með leyfi forseta, eins og ég hef hér rökstutt:

„Rafmagnsþörfin á Norðurlandi er fyrst og fremst fyrir afl, en ekki fyrir orku. Kröfluvirkjun hefur mikla orkuvinnslugetu, en tiltölulega lítið afl í samanburði við orkuvinnslugetuna. Það verður því ekki hægt að nýta orkuvinnslugetu Kröflu að fullu án þess að hafa meira afl, þ. e. að hafa fleiri mw. til þess að nota meðan álagið er mest".

Að skoðun þessa prófessors við Háskóla Íslands fellur Kröfluvirkjun sem sé ekki inn í raforkukerfið á Norðurlandi. Hún er ekki virkjun af því tagi sem norðlendinga vantar, eða öllu heldur, hún er ekki framkvæmd í orkumálum af því tagi sem norðlendinga vantar.

Þá er eitt atriði í þessu sambandi sem mér finnst allundarlegt og hef spurt um áður úr þessum ræðustól, en ekki fengið svar við, og vil ítreka þá fsp. mína, en það er að um miðjan vetur, nánar tiltekið í janúarmánuði s. l. kom það í ljós að jarðfræðingar höfðu frá því um miðjan sept. eða í septemberbyrjun á s. l. hausti átt von á náttúruhamförum á Kröflusvæðinu, og vegna þess að þeir áttu von á því, þá fjölguðu þeir mjög jarðskjálftamælum á þessu svæði og gerðu almannavarnanefndum viðvart, sem varð til þess að þessar n. flýttu sínum áætlunum, og enn fremur vissi stjórnstöð Almannavarna í Reykjavík af þessu. Hins vegar hefur ekki komið fram hvort Kröflunefnd hafði vitneskju um þetta, iðnrh. eða orkumrn., og mér finnst það harla undarlegt ef jarðfræðingarnir hafa sniðgengið þessa aðila. Ef Kröflunefnd og orkuráðh. hafa vitað um það, sem í aðsigi var á Kröflusvæðinu, og vitað það síðan seint í sumar eða í haust, þá hafa þessir aðilar vísvitandi þagað yfir því, og þeir hafa gert meira, því að á tímabilinu fullyrtu talsmenn þessara aðila að engar slíkar náttúruhamfarir þyrfti að óttast.

Ég spurði að því þegar þessi mál voru til umr. hér síðast utan dagskrár, hvort Kröflunefnd hefði vitað af þessum niðurstöðum jarðfræðinganna.

Ég hef ekki fengið svar við því. Ég ætla að ítreka fsp. nú og ekki beina henni bara til Kröflunefndar, heldur jafnframt til hæstv. orkuráðh.

Enn má geta þess, að eftir að þessi vitneskja lá fyrir tóku þessir aðilar ekki meira tillit til hennar heldur en það, að þeir settu allt á fullt í skuldbindingum varðandi þessa virkjun. Það er t. d. búið að ganga frá kaupum á háðum vélunum sem þar á að setja niður. Mér er kunnugt um að önnur kemur í júní og hin seinni er væntanleg í ágústmánuði á þessu ári. Þá veit ég einnig að keyptir hafa verið tveir spennar fyrir Akureyri, þótt fyrirsjáanlegt sé vegna breyttra aðstæðna eftir að hitaveitumál akureyringa komst á dagskrá að aðeins annar þeirra nægi næstu 10 árin.

Þannig hefur vaðið á súðum hjá Kröflunefnd án nokkurrar fyrirhyggju. N. hefur starfað eftir þeirri lífsreglu, að blindur leiði blindan. Allt hefur verið gert til þess að hlaða upp skuldbindingum, þrátt fyrir að óvissan hefur aldrei verið meiri en nú um öll atriði þessara framkvæmda. Og hvað er svo framundan? Mikið er gert úr fsp. og beiðnum á Norðurlandi um orku frá þessari virkjun. Menn hafa talað um að þeir gætu selt svona og svona mikið af orku frá Kröflu þegar Kröfluvirkjun væri komin í gagnið. En skyldu nú norðlendingar vilja kaupa orkuna án tillits til þess á hvaða verði hún er? Skyldu þeir vilja greiða fyrir orkuna eitthvað sem samsvarar greiðslubyrði á selda kwst., sem Jóhannes Nordal áætlar 8.03 kr. á árinu 1977? Skyldi vera markaður fyrir orku frá Kröflu á því verði? Að sjálfsögðu hefur Kröflunefnd enga athugun gert á því, — nefnd sem enn hefur ekki komið því í verk að ganga frá rekstraráætlun eða greiðsluáætlun fyrir þessa stórframkvæmd sína.

Þó hefur einnig komið fram að fyrirsjáanlegur reksturshalli á Kröfluvirkjun geti orðið allt að 1 milljarði á ári. Því hefur verið neitað, en engar áætlanir til þess að hrekja það lagðar fram. Það er mjög einfalt að reikna út hver rekstrarkostnaður Kröfluvirkjunar muni verða. En hitt er öllu erfiðara að vísu, að áætla hversu mikil orka verður seld frá þessari virkjun. Prófessor Jóhannes Nordal kom í sínu erindi á miðsvetrarfundi Sambands ísl. rafveitna með spá um greiðslubyrði á raforku vestan-, norðan- og austanlands og aðrar slíkar kostnaðartölur. Á bak við þessa kostnaðarútreikninga seðlabankastjórans liggur að sjálfsögðu áætlun um hversu mikla orku sé hægt að selja frá Kröflu. Hæstv. ráðh. og hv. Kröflun., ef þau hafa ekki gert slíka áætlun sjálf, þá þurfa þau ekki annað en að taka upp símann, hringja upp í Seðlabanka og spyrja Jóhannes seðlabankastjóra: Hver er áætlun þín um orkusöluna sem þú byggir þessar tölur þínar á? — og geta þá væntanlega fengið svar við því.

Hins vegar er mér kunnugt um að sú áætlun hefur verið gerð, e. t. v. ekki þarna viðs fjarri, að miðað við það að samanlagt kostnaðarverð línunnar frá Kröflu til Akureyrar og byggðalínunnar svokölluðu, — samanlagt verð verði 9.7 milljarðar kr., sem ekki mun dregið í efa, þá muni rekstrarhalli Kröflu að meðtalinni byggðalínunni verða að meðaltali á árunum 1977—1980 980 millj. kr. á ári og að reiknað er með tekjum að upphæð 400—600 millj. kr. á ári á þessu tímabili. Þetta eru þær upplýsingar sem búa að baki þeim útreikningum sem sérfræðingar hafa sett fram. Og ég vek athygli á því að það virðist svo sem þeir einir hafi gert sér eitthvað í hugarlund um slíka hluti, a. m. k. hefur ekkert slíkt komið fram hjá Kröflunefnd.

Þá vil ég einnig benda á það að greiðslubyrði vaxta og afborgana við Kröflu nemur nú 20.2% af fjárfestingu. Menn gera sér vonir um það að e. t. v. verði unnt að breyta þessum lánum, skammtímalánum vegna Kröflu, í 15 ára lán. Sú lána-konvertering kostar að sjálfsögðu talsvert fé sem ekki hefur verið séð fyrir. En gerum nú ráð fyrir því að þetta takist samt sem áður, sem ýmsir telja að sé heldur bjartsýnislega spáð, — en þótt þetta takist verður greiðslubyrðin af Kröflumannvirkjunum 13% af fjárfestingu.

Hæstv. ráðh. hefur gert mikið að því að segja og segja með réttu að það sé óeðlilegt að slík virkjunarframkvæmd njóti ekki hagstæðari lánakjara heldur en hún nýtur. Það er rétt skilið út af fyrir sig. Framkvæmd af þessu tagi á það skilið að njóta hagkvæmari lánakjara. En slík lán eru einfaldlega ekki í boði. Það hefur komið fram á opinberum vettvangi hvaða lánakjörum menn mega eiga von á. Þau voru í tíð Búrfellsvirkjunar til 17 ára með 7.25% vöxtum, í tíð Sigöldu til 14 ára með 8.7% vöxtum, en lánakjörin nú eru aðeins til 7 ára og vextir 9.5%. Þetta eru staðreyndir á hinum alþjóðlega lánamarkaði sem ekki er hægt að ganga fram hjá. Þetta eru lánakjörin sem í boði eru. Önnur eru ekki í boði. Vonandi tekst hæstv. orkuráðh. að konvertera þessum lánum yfir í nokkru lengri lán, en það er almennt talið útilokað að takist að breyta þeim í lengri lán en til 15 ára. Það er a. m. k. hámark þess sem Jóhannes Nordal telur að unnt verði að gera, og að orða það þá að það sé rétt, — auðvitað er það rétt að framkvæmd af þessu tagi njóti hagstæðra lána, — en þær aðstæður eru bara ekki fyrir hendi. Það er alveg eins og það er rétt að íslendingar eiga skilið að hafa betri ríkisstj. heldur en þeir hafa í dag, en þær aðstæður eru bara ekki í landinu. Þessi ríkisstj. situr. Menn verða bara að taka því eins og það er. Menn geta vonast eftir betri ríkisstj., og það er jafnvel miklu auðveldara fyrir íslendinga að verða sér úti um betri ríkisstjórn heldur en þá sem nú situr. Það er tiltölulega mjög auðvelt. Hitt er að sama skapi torvelt fyrir hæstv. iðnrh. eða hvern mann annan, að verða sér úti um hagstæðari lánakjör heldur en almennt gerast á hinum alþjóðlega lánamarkaði, og fram hjá þeirri staðreynd er einfaldlega ekki hægt að ganga. Það er ekki hægt að setja upp einhver gleraugu vonarinnar og meta allar framkvæmdir og allar aðstæður eins og menn vildu að þær væru. Ég er ansi hræddur um að margir íslendingar vildu gjarnan að ríkisstj. stæði sig svolítið betur en hún stendur sig. En hún bara gerir það einfaldlega ekki og framan í þá staðreynd verða menn að horfa.

En við skulum nú segja sem svo að hæstv.

ríkisstj. fari á flot með umsóknir um lengri lán, um lán allt að 40 árum. Þegar menn ganga á fund bankastjóra undir slíkum kringumstæðum, hvað er þá það fyrsta sem bankastjórinn spyr að. Hann spyr: Hver er rekstraráætlunin fyrir framkvæmdina sem verið er að óska eftir lánum fyrir? Ég veit að hv. þm. Sverrir Hermannsson mundi spyrja að þessu: Hver er rekstraráætlunin? Viljið þið gjöra svo vel að leggja fram rekstraráætlunina. Það getur vel verið að það komi til að við veitum ykkur lán — en hvar er rekstraráætlunin, hvar er greiðsluáætlunin fyrir þessi lán sem þið eruð að biðja um? Hvorugt er til fyrir Kröfluvirkjun. Og ég er sannfærður um það að væri hv. þm. Sverrir Hermannsson bankastjóri í alþjóðlegum fjárfestingarbanka í stað þess að vera komissar uppi á Íslandi, þá mundi hann ekki einu sinni veita mönnum, sem kæmu í slíkri lánaleit, viðtal hvað þá meira, ef þeir hefðu ekkert í fórum sínum annað en beiðnina um lánið, en hefðu ekki hugmynd um hvernig þeir ætluðu að greiða það né heldur hvernig þeir ætluðu að reka þá virkjun eða þá framkvæmd sem verið er að afla láns til. (Gripið fram í) Ég er alveg sannfærður um að hv. þm. Sverrir Hermannsson, væri hann kommissar hjá Alþjóðabankanum eða einhverjum alþjóðlegum lánastofnunum, mundi hann ekki einu sinni veita slíkum mönnum viðtal. (Gripið fram í.) Ég efast meira að segja um, að hv. þm. Ragnar Arnalds, sem á sæti í stjórn Framkvæmdastofnunarinnar, mundi taka að sér að fylgja slíkri lánveitingu eftir.

En það er ekki nóg með það að ástandið sé svona í fjármálum. Það eru ýmsar aðrar og alvarlegri blikur á lofti. Það hefur komið fram í áliti sérfræðinga, ekki bara Þorleifs Einarssonar eins, heldur í áliti þeirra fimm sérfræðinga sem ég nefndi hér áðan, að Kröflusvæðið hafi tapað geysilegri orku á nokkrum vikum í jarðskjálftunum, svo sem sjá megi af því að eina nothæfa borholan hafi misst um 60% af afli sínu. Þá er einnig sagt að ljóst sé að hiti hafi hækkað á svæðinu næst stöðvarhúsinu, og það er einnig sagt í þessu áliti sérfræðinga að enn séu mestar líkur fyrir því að næsta eldgos á Íslandi brjótist út á Kröflusvæðinu. Þá benda þeir einnig á það að engar titringsbylgjur mælist þegar jarðskjálftabylgjur fari í gegnum Kröflusvæðið, en það telur m.a. Þorleifur að bendi til þess að undir yfirborðinu kunni að vera einhvers konar fljótandi vökvi, e.t.v. hraunkvika. Á grundvelli þessara athugana og þessara niðurstaðna mæla sérfræðingarnir með því að Kröfluvirkjun verði ekki haldið áfram að svo stöddu, enda er það algjör ábyrgðarhluti að halda áfram undir slíkum kringumstæðum. En það á e.t.v. við sá gamli málsháttur um þessa framkvæmd, að þá, sem guðirnir vilja tortíma, svipta þeir fyrst vitinu.

Því hefur verið haldið fram að ekki sé hægt að stöðva þessar framkvæmdir eða slá þeim á frest. Það er rangt. Að vísu er búið nú að festa um 1000 millj. kr. í þessari framkvæmd, þar af um 300 millj. kr. í stöðvarhúsi. Þá mun einnig vera rétt að búið er að ganga frá skuldbindingum um kaup á vélabúnaði og nema þær skuldbindingar, að ég best veit, um 13.8 millj. dollara, þannig að það má segja sem svo að þarna sé búið að binda svo miklar skuldbindingar á íslenska samfélagið að því sé ekki stætt á að slá þessum framkvæmdum á frest, það yrði dýrara heldur en halda áfram. En ég vil leyfa mér að efa það. Ég tel og hef skoðanir mætra manna, sem ég treysti vel, fyrir því að náttúruhamfarirnar á Kröflusvæðinu séu þess eðlis að vel geti verið og meira að segja líklegt sé að það geti flokkast undir ákvæði um force majeure, það geti flokkast undir slík ákvæði, að vegna náttúruhamfaranna geti Íslendingar jafnvel haft aðstöðu til þess að rifta gerðum samningum um vélakaup við erlenda vélaseljendur.

Sá lagaprófessor, sem ég bar þetta undir, vildi að vísu ekki fullyrða það og sagðist ekki geta fullyrt að hér væri um nægilegar náttúruhamfarir að ræða til þess að þær réttlættu slíka riftun kaupa. En hann sagðist sannfærður um það, að náttúruhamfarirnar væru a.m.k. það mikið atriði, það nálægt slíku, að það væri full ástæða til þess fyrir Íslendinga, ef þeir tækju þá pólitísku ákvörðun að slá frekari framkvæmdum á frest, þá væri full ástæða til þess fyrir Íslendinga og sannkallaður samningsgrundvöllur fyrir þá að taka upp viðræður við hina erlendu viðsemjendur, sem selja vélar og vélabúnað, um að fresta gildistöku samninganna, fresta afhendingu og greiðslum um einhvern ákveðinn tíma, á meðan séð yrði hvernig þessu ætlaði að lykta. Þessi lagaprófessor taldi það alveg ljóst að við hefðum a.m.k. mjög sterka samningsstöðu að þessu leyti til þess að slá þessum framkvæmdum á frest, ef sú pólitíska ákvörðun yrði tekin að það væri hyggilegt.

Að lokum vil ég benda á það að um áramót 1974—1975 námu skuldir þjóðarinnar í erlendum gjaldeyri sem samsvaraði 200 þús. kr. á hvert mannsbarn í landinu. Um s.l. áramót námu erlendar skuldir þjóðarinnar, einu ári síðar námu þær 320 þús. kr. á hvert mannsbarn í landinu. Á þeim örfáu mánuðum, sem liðnir eru af þessu ári, hafa þessar erlendu skuldir hækkað yfir 80 þús. kr. á hvert mannsbarn í landinu. Erlendar skuldir nema nú 400 þús. kr. á hvern Íslending. Og sú spá, sem fyrir nokkrum mánuðum var gerð um að innan 2—3 ára muni greiðslubyrði, vextir og afborganir, af erlendum lánum nema fimmtu hverri gjaldeyriskrónu, hefur nú breyst í þá veru að innan 2—3 ára er áætlað að fjórða hver gjaldeyriskróna Íslendinga fari í greiðslu afborgana og vaxta. Þar með erum við búnir að spenna þetta langt yfir hættumarkið. Og það er spurning hvort þjóð, sem veðsett hefur öll sín atvinnutæki, því að það hefur verið gert með þessu móti, í hendur erlendra bankastjóra og arabiskra olíufursta og auk þess horfist í augu við það að þessir aðilar, alþjóðlegir bankastjórar og arabiskir olíufurstar, verða innan þriggja ára farnir að ráðstafa fjórðu hverri gjaldeyriskrónu sem íslenskir sjómenn, verkafólk og iðnverkafólk aflar, — það er spurning hvort sú þjóð haldi lengur sínu fjárhagslega sjálfstæði.

Við höfum dæmi fyrir okkur um aðra smáþjóð í Atlantshafi, fámenna þjóð eins og við erum, vel menntaða þjóð eins og við erum, þjóð

sem byggði á útgerð og fiskvinnslu eins og við gerum, þjóð sem fékk sjálfstæði sitt á þessari öld eins og við, þjóð sem vildi gera allt á einni nóttu eins og við, þjóð sem hafði ríkisstj. sem ekki kunni fótum sínum forráð í fjármálum eins og við, þjóð sem bjó við flokkakerfi sem eins og sagt er í alfræði orðabókum hafði siðspillandi áhrif á þingræðið í landinu, eins og hætta er á að íslendingar geri, — þessi þjóð missti fyrst fjárhagslegt sjálfstæði sitt og síðan hið pólitíska. Þessi þjóð kaus það yfir sig sjálf þegar lánstraust hennar var þorrið erlendis og greiðslubyrðin af erlendum lánum að sliga hana, — þá kaus hún það yfir sig sjálf í neyð sinni og ótta að afsala sér sjálfstjórn í hendur embættismannastjórnar skipaðrar í London. Sú embættismannastjórn komst að þeirri niðurstöðu að þetta litla ríki væri gjaldþrota af því það hefði ekki kunnað fótum sínum forráð í fjármálum. Og slíkt var áfallið fyrir þessa litlu þjóð, að 15 árum síðar gekk hún til kosninga um það hvort hún vildi reyna við sjálfstæði á nýjan leik eða gerast fylki í Kanada, og meginhluti atkvæðisbærra manna meðal þessarar þjóðar hafði orðið fyrir slíku áfalli af efnahagslegri óstjórn að hann þorði ekki að reyna við sjálfstæðið aftur, heldur kaus að láta innlima sig í stórveldi. Þetta var þjóðin sem byggði Nýfundnaland. Sú þjóð er ekki lengur til. Hún er ekki lengur til, því að hún kunni ekki fótum sínum forráð.

Það er líka í alfræðiorðabókum kafli um aðra litla þjóð í Norður-Atlantshafi, þjóð sem lifir á fiskveiðum, þjóð sem er vel mennt, þjóð sem er fámenn, þjóð sem vill gera allt í einu, þjóð sem býr eins og nýfundnlendingar við ábyrgðarlausa ríkisstj. sem ekki sést fyrir í fjármálaráðstöfunum. Það er undir okkur komið að saga þessarar þjóðar endi ekki eins og saga nýfundnlendinga. Það er undir okkur komið. Það getur vel verið að þær ákvarðanir, sem við tökum á þessum stað og þessari stundu, verði ákvarðandi um það.

Í Morgunblaðinu 2. apríl s. l. segir svo í leiðara:

„Það virðist því ekki vanþörf á að láta hendur standa fram úr ermum til að auka orkumarkaðinn eða gera aðrar ráðstafanir til þess að samræma væntanlegt framleiðslumagn raforku og hugsanlega stærð orkumarkaðar."

Þetta er skoðun stærsta stuðningsblaðs stjórnflokkanna, en ekki þingflokks Alþfl. Í beinu framhaldi af því, sem þarna kemur fram, vil ég að verði reynt á það á Alþ. í vetur hvort ráðh. og þingmeirihluti vilji taka ábyrgð á áframhaldandi sukki og óstjórn í þessu landi með því að ganga gegn ráðleggingum og leiðbeiningum okkar mætustu vísindamanna og halda áfram virkjun Kröflu. Ég vil að sú spurning verði lögð fyrir Alþ. í vetur hvort og hverjir vilji taka ábyrgðina á því að halda áfram eða hvort menn vilji heldur bregða á það ráð að leggja kapp á að leita að nýjum orkumarkaði á Norðurlandi og fresta framkvæmdum við Kröfluvirkjun þangað til það liggur fyrir að niðurstaða af slíkri athugun sé fengin og það liggur fyrir að það sé til markaður fyrir þá orku sem framleiða á. Ég held nefnilega að afstaðan til Kröflu eða réttara sagt að gagnrýnendur Kröflu og þeir, sem áhyggjur hafa af þeirri framkvæmd, séu ekki bara í Alþfl. Ég held að þeir séu líka og það allmargir í flokki hv. þm. Ragnars Arnalds, og ég held líka að þeir séu allmargir í stjórnarflokkunum sjálfum. Það er mín skoðun að það eigi að reyna á það á Alþ. nú í vetur hvort meiri hl. er hér fyrir því að halda áfram þrátt fyrir öll þau viðvörunarorð sem mælt hafa verið, og þá verða þeir, sem það vilja, líka að taka á því fulla ábyrgð. En það er það sem virðist hafa skort í okkar stjórnkerfi um mörg ár, að stjórnmálamenn, ráðh. og embættismenn beri rétta pólitíska ábyrgð á sínum verkum.

Vilborg Harðardóttir: Herra forseti. Ástæðan til að ég hef kvatt mér hljóðs um það mál, sem hér er nú til umr., er m. a. sú, að ég vil bægja frá þeim misskilningi, sem ráða hefði mátt af orðum hv. þm. Ragnars Arnalds, að um það sé einhugur innan Alþb. Þvert á móti eru skoðanir flokksmanna og stuðningsmanna Alþb. skiptar um Kröfluvirkjun eins og annarra og þá fyrst og fremst um þann framkvæmdamáta sem á hefur verið hafður.

Ekki er ástæða til að eyða hér löngum tíma hv. Alþ., svo mikið sem málið hefur þegar verið rætt. En ég get tekið undir sitt hvað af því sem hv. þm. Bragi Sigurjónsson og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hafa þegar sagt hér og reyndar einnig það sem hv. þm. Ragnar Arnalds sagði um þörf skipulagningar iðnaðar á Norðurlandi og víðar.

Þrennt er það einkum í þessu máli, sem vekur furðu mína, spurningar, já, og ákveðnar grunsemdir. Í fyrsta lagi er það sá flýtir sem á hefur verið hafður, sú flýting framkvæmdanna sem ekki virðist nú hægt að henda reiður á hver ákvað. Fráleitt er að kenna um Kröflunefnd einni. Þar koma vissulega fleiri við sögu eins og Orkustofnun, Rafmagnsveitur ríkisins og iðnrn.

Þegar upphaflegu heimildarlögin um allt að 55 mw. gufuaflsvirkjun voru samþ. á Alþ. var rætt um að henni mætti ljúka 1978, og átti þá byggðalínan að brúa bilið 1976—1978. Vissulega hafa menn sér til afsökunar að hafa viljað sökum þrýstings leysa á sem skjótastan hátt úr hinum geigvænlega orkuskorti á Norðurlandi, eins og það er gjarnan orðað. En hefði nú ekki verið nær fyrir hv. þm. að keppa að því að fjármagn væri fyrirliggjandi til að koma orkunni út til neytenda en að eyða í umframframleiðslu sem eftir á að kosta landsmenn alla stórhækkað raforkuverð.

Engin hagkvæmnisáætlun var gerð sem grundvöllur Kröfluvirkjunar, og greiðslu- og rekstraráætlun hefur aldrei legið fyrir. Það kostnaðarverð, sem Kröflumenn hafa veifað, þ. e. a. s. kr. 1.80 kwst., er mjög óviss tala og ævinlega hefur líka verið tekið fram af hálfu Orkustofnunar, m. a. vegna þess að reynslu skortir um rekstur sambærilegra stöðva hérlendis og allt er óvíst um nýtingu.

Og þá komum við að öðru atriði sem hlýtur að vekja undrun. Hvers vegna voru ekki hagnýttir þeir þrepamöguleikar í virkjun sem gufuaflstöð býður upp á. Þegar ráðist er í virkjun

fallvatns er, eins og allir vita, vart um annað að velja en allt eða ekkert. En jarðgufuaflið býður hins vegar upp á stækkun virkjunar smám saman eftir þörfum markaðarins, og virðist það enda hafa verið haft í huga í upphafi, þegar Orkustofnun lagði 1973 fram skýrslu um frumkönnun á 8, 12, 16 og 55 mw. gufuaflsvirkjun. En hvers vegna horfið var frá þrepahugmyndinni hefur ekki verið útskýrt frekar en hitt, hvers vegna ráðist var í kaup véla með mun meiri vinnslugetu en gert var ráð fyrir í hæsta lagi í upphafi og það áður en fengnar voru nauðsynlegar niðurstöður til að byggja val vélanna á að áliti sérfræðinga. Hver átti þarna hagsmuna að gæta? er spurning sem fólk spyr nú eðlilega.

Í þessu sambandi vil ég vísa til álitsgerðar fimm sérfræðinga jarðhitadeildar Orkustofnunar, fimm sérfræðinga af sex, sem þar starfa auk deildarstjóra, og get ég reyndar ekki stillt mig um í leiðinni að láta í ljós ánægju mína með það að starfsmenn ýmissa opinberra stofnana, sem áður virðast hafa talið sig bundna einhverri óskilgreindri þagnarskyldu og því oft þagað gegn betri vitund, skuli nú farnir að láta í sér heyra þótt skoðanir þeirra stangist á við skoðanir valdhafa. Þar gáfu sérfræðingar Hafrannsóknastofnunarinnar fordæmið í vetur, og nú hafa jarðfræðingar Orkustofnunar fetað í fótspor þeirra og lýst skoðunum sínum opinberlega með álitsgerð í dagblöðum. En fimmmenningarnir segja m. a. að óeðlilegt hafi verið að leggja í byggingu stöðvarhúss og vélakaup áður en fullnægjandi upplýsingar lágu fyrir um eiginleika borunar og fyrsta reynsla var fengin af vinnsluborunum. Því hafi nú skapast óvissa um hvernig til tekst með virkjunina frá tæknilegu sjónarmiði og sé þeim ekki kunnugt um að svona hafi verið staðið að byggingu jarðgufuvirkjunar áður. Þau segja vandasamasta þáttinn við byggingu gufuaflstöðva vera sjálfa gufuöflunina og krefjist undirbúningurinn að nýtingu jarðgufunnar umfangsmikilla rannsókna, m. a. með borunum. Rekja þau síðan þætti nauðsynlegra rannsókna og gufuöflunar og eðlilega röð þeirra sem ekki var fylgt. Óþarfi er að lesa hér að nýju þann kafla sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson las hér áðan, en þarna kemur sem sé fram að þeir sérfræðingar, sem gerst mega vita, hafa verið mótfallnir framgangsmáta. En á þá er bara ekki hlustað. Einhverjir aðrir telja sig vita betur. Og þegar náttúruhamfarir ógna tilveru fólks og framkvæmdum öllum á þessu svæði er ekki heldur hlustað á sérfræðinga í jarðfræði, staldrað við og málin endurskoðuð. Nei, nei, áfram skal haldið af fullkominni þrjósku og vélunum komið upp, hvað sem það kostar og jafnt þótt nú sé allsendis óvíst hve mikil gufa fæst úr holunum og hvenær svæðið hefur jafnað sig á ný eftir eldgosið. Um þetta segja áðurnefndir jarðfræðingar Orkustofnunar, með leyfi forseta:

„Í kjölfar eldgossins við Leirhnúk, sem hófst 20. des. s. l., streymdi mikil gufa út um gossprunguna. Leiddi það til þess að þrýstingur minnkaði í efri hluta jarðhitasvæðisins. Þessi þrýstingsminnkun hefur valdið því að rennsli úr einni holunni, sem tilbúin er til vinnslu, hefur minnkað um 60% og minnkar enn. Alveg er óvíst hversu langan tíma svæðið þarf til að jafna sig eftir eldgosið. Horfur á nægri gufuöflun fyrir árslok 1976 fyrir aðra vélasamstæðu virkjunarinnar eru því mun verri en fyrir eldgosið."

Deilur eru uppi um jarðskjálftaþol stöðvarhússins við Kröflu og engar varnir hafa verið gerðar gegn hugsanlegu hraunrennsli yfir virkjunarsvæðið ef enn kemur til eldgoss, sem enginn getur þvertekið fyrir. Þá má einnig benda á að vafasamt er að þak þess þoli öskufall, sé miðað við öskufallsþol húsa í Vestmannaeyjum.

En verum nú bara bjartsýn og segjum að náttúran verði okkur hliðholl þrátt fyrir allt og ekki komi til frekari eldgosa eða harðra jarðskjálfta í bráð, sömuleiðis að gufuöflun takist framar vonum og núverandi virkjunaráætlun verði því fylgt. Hvað á þá að gera við alla þessa orku? Ég hef orðið þess vör að ýmsum þykir fráleitt að spyrja slíks eftir það orkusvelti sem stórir landshlutar hafa löngum búið við. En fyrr má nú rota en dauðrota. Orkuframleiðslan kallar á afl, og aflmiklar virkjanir bera sig ekki án þess að framleiða orku og selja hana. En hver á að kaupa? Það er reiknað með að orkuvinnslugeta Kröfluvirkjunar verði 70 mw. eða 590 gwst. á ári, að því er segir í skýrslu Orkustofnunar um orkuvinnslugetu virkjunarvalkosta á Norðurlandi. Skv. orkuspá sömu stofnunar fullnægir það nokkurn veginn samanlagðri þörf orkumarkaðar Norðurlands, Austurlands og Vestfjarða, eins og hún er áætluð árið 1980, miðað við áætlaða fulla húshitun sem er þá talsvert hærri en raunverulega er talið líklegt og notað er við spá um orkusöluna. Ég get nefnt þessar tölur fyrir 1980. Þar segir um áætlaðan orkumarkað, og ég tek enn fram að þar er miðað við fulla húshitun, að fyrir Norðurland er gert ráð fyrir 294 gwst., fyrir Austurland 169 gwst. og fyrir Vestfirði 133 gwst., samanlagt 596 gwst. Það kom fram áðan, að framleiðsla Kröfluvirkjunar er 590 gwst. Og á það ber að líta að hér eru teknar tölurnar sem miðaðar eru við áætlaða fulla húshitun, en talsverður munur er í spánni í áætlaðri og líklegri rafhitun, einkum á Austurlandi og Vestfjörðum, og eru tölurnar með liklegri hitun mun lægri. Munurinn t. d. á Vestfjörðum er 1980 með áætlaðri húshitun 133 gwst., en með líklegri rafhitun 81 gwst., og á Austurlandi eru sambærilegar tölur um áætlaða húshitun 169, en um líklega 147. Uppsett afl á Norðurlandi núna er um 28 mw., þar af er vatnsafl 25 mw., Bjarnarflag, gufuafl, 3 mw. Ég ætla ekki að telja dísilaflið hér með vegna þess að það má reiknast sem varaafl og sjálfsagt verður það svo áfram í framtíðinni. Sú aflþörf, sem spáð er á Austurlandi 1980, er 33 mw., miðað við orkuvinnsluna 147 gwst sem er líkleg tala, og sams konar aflþörf spáð á Vestfjörðum 1980 er 19 mw., miðað við orkuvinnsluna 81 gwst. Vinnslugeta vatnsaflsvirkjana á Austurlandi, miðað við fulla samtengingu, er 65 gwst. eða 11 mw., og vinnslugeta vatnsaflsvirkjana á Vestfjörðum, miðað við samtengingu líka, er 50 gwst. Samkv. spánni um aflþörfina er viðbótaraflþörfin miðað við 1980 þannig 24 mw. fyrir Austurland og 8 mw. fyrir Vestfirði.

Er ekki augljóst að jafnvel þótt stofnlínur yrðu komnar til Austurlands og Vestfjarða verður um umframframleiðslu að ræða? Og hvað á að

gera við þessa umframorku? Það er talað um möguleika á Norðurlandi og um áhuga ákveðinna aðila og óákveðinna aðila þar. En hverjir eru raunverulegir möguleikar? Ég spyr. Hvað er reiknað með að þarna komi inn í umfram spána um þörfina? Til hve mikilla orkumöguleika svarar það, og hvenær koma þessir möguleikar til greina í fyrsta lagi? Ég beini þessum spurningum til hæstv. iðnrh.

Ég minni enn á að spáin um orkumarkað og um aflþörfina á Austurlandi og Vestfjörðum er miðuð við að komin sé samtenging frá Norðurlandi og dreifikerfi um héruð til að koma orkunni á markað. Þetta er að sjálfsögðu geysilegt verkefni og gífurlega dýrt. Er því ekki von að menn spyrji hvort ekki hefði verið nær að hefjast handa um að byggja upp stofnlínur og dreifikerfi í stað þess að sólunda millj. í umframvinnslu í Kröflu? Hvenær reiknar iðnrn. með að lagðar verði stofnlínur til Austurlands og Vestfjarða í fyrsta lagi. Meðan þær eru ekki fyrir hendi er ekki hægt að miða við orkusölu frá Kröflu nema aðeins til Norðurlands. Það má minnast á það hér líka, að á sama tíma og unnið er að Kröfluvirkjun og hún undirbúin er í undirbúningi ný virkjun fyrir Austurland, Bessastaðaárvirkjun. Í sambandi við hana hefur þegar verið lagt í mikinn kostnað, m. a. voru settar yfir 30 millj. bara í vegagerð á Fljótsdalsheiði. Þarna er nú hálfkláraður vegur sem liggur undir skemmdum ef ekki verður haldið áfram með hann í sumar, en á hins vegar engan rétt á sér ef ekki verður farið í virkjunina. Því verður að spyrja: Hvenær er gert ráð fyrir að Bessastaðaárvirkjun gæti í fyrsta lagi komið inn á kerfi Austurlands, og sé gert ráð fyrir bæði Bessastaðaárvirkjun og tengingu Kröflu til Austurlands, hvaða neytandi er það þá sem við á að taka? Ekki liggur fyrir, svo að vitað sé, nein áætlun um stóriðju í þessum landshluta, — ekki svo vitað sé.

Hvernig sem á allt er litið verður niðurstaðan sú að með vinnslugetu Kröflu einnar er annað allri raforkuþörf á samtengdu orkuveitusvæði Vestfjarða, Norðurlands og Austfjarða og þá reiknað með fullri húshitun. Suðurland er vel aflögufært, jafnvel þótt málmblendið kæmi inn og enn þá fremur komi sú verksmiðja ekki inn. Sú spurning fólks er því ekki nema eðlileg, hvort þessi framkvæmd við Kröflu eigi fyrst og fremst að leggja grundvöllinn að stóriðju og hvaða stóriðju þá. Hvaða útlendingum á nú að hleypa inn um bakdyrnar? Á að stilla okkur upp við vegg og segja sem svo: Það verður að nýta aflið, annars ráðum við ekki við rafmagnsverðið. Eina leiðin er stóriðja. Sjálf höfum við ekki fjármagn til slíks, við verðum að selja útlendingum. Ætli verðið til þeirra verði þá látið skipta máli fremur en til álversins á sínum tíma, þótt aðstæður væru þá vissulega aðrar? Ætli orkan verði ekki bara sett á útsölu? Ég vona, að hæstv. iðnrh. veiti skýr svör við þessu. Menn éta stundum yfir sig þegar þeir hafa verið lengi svangir, og kannske er sitt hvað til í því hjá Jónasi Elíassyni prófessor þegar hann talar um að við íslendingar höfum verið undir áhrifum orkuvímu, en nú sé að renna af okkur og timburmennirnir að koma í staðinn.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég get gjarnan tekið undir það með hv. síðasta ræðumanni, að sérfræðingarnir okkar, sem nú allra síðustu daga hafa verið að láta ljós sitt skína í sambandi við Kröflumálið, hefðu betur gert það, látið í ljós vitneskju sína, áður en það var orðið of seint. Hafi þessir ágætu sérfræðingar vitað allt þetta, sem þeir hafa verið að skrifa um núna síðustu dagana, fyrir rúmu ári, fyrir tveim árum og þagað um það, þá eru þetta sekir menn.

Mér hefur komið í hug lýsing Winstons heitins Churchills á riddaraliðsárásinni núna síðustu dagana, þar sem hann lýsir því, hvernig riddarinn getur riðið óhultur í gegnum fjandmannafylkingarnar á meðan allt er í lagi, á meðan hann hallast ekki í söðlinum. En þegar eitthvað ber út af, þegar stigreipið slitnar, þá ráðast þeir á hann, smádjöflarnir. Sérfræðingarnir, sem bjuggu yfir allri þessari vitneskju þegar Kröfluvirkjun var ákveðin, en láta hana ekki uppi fyrr en jarðskjálftar hafa geisað um sinn á svæðinu, þeir verða nú að gefa okkur skýringu á þessari löngu þögn sinni. Þurfti jarðskjálfta til þess að fá þá til þess að þora að segja það sem þeir vissu?

Og raunar kemur mér sama frásögn í hug út af framferði Alþfl. og afstöðu hans í þessu máli, sama frásögn, frásögn Churchills af riddaraliðsárásinni, og þó fremur önnur frásögn, frá Örlygsstaðabardaga, orð Sturlu áður en hann féll. Í sporum hv. þm. Jóns G. Sólness mundi ég nú orða þetta svona: Og vinna þeir nú á mér, smákratarnir. (**Gripið fram í:** Mun Jón falla?) Það mun koma í ljós vafalaust hér á eftir hvort skorin er sundur í honum tungan eins og á Sturlu.

Nú, Sighvatur Björgvinsson, hv. þm., ruglaði hér saman ýmsum hlutum í ræðu sinni, fyrst og fremst e. t. v. tæknilega séð hugtökunum tveimur: afl og orka. Einnig ruglar hann saman tveimur hneykslismálum Alþfl., eða það má öllu heldur segja að hann hafi lagt þau saman, tvö hneykslismál Alþfl., þ. e. a. s. spíramál og Kröflumál. Summan úr þessari samlagningu kom að vísu ekki fram, en hér er nokkuð mikið í lagt þegar bæði málin eru notuð í þeirri síðferðisexplosjón, sem Alþfl. framkvæmir nú á sjálfum sér þessa dagana, og því kannske ekki svo fjarri lagi hjá hv. þm. Ragnari Arnalds að láta þau orð falla, að Alþfl. væri nú að reyna að hefja sig upp úr því algjöra pólitíska siðleysi sem hann hefur legið í áratugum saman hundflatur í samvinnu við svartasta afturhald landsins, þar sem snúist er gegn hverju góðu máli og íhaldsemi Alþfl. orðin slík að hún tekur jafnvel fram íhaldssemi húsbændanna á heimilinu.

Við þessar umr. höfum við hlustað á ramakvein yfir því að senn muni nú verða of mikil raforka á Norðurlandi. Ég komst ekki hjá því að leggja þá spurningu fyrir sjálfan mig undir ræðu hv. síðasta ræðumanns, hvort hv. síðasti ræðumaður væri virkilega þeirrar skoðunar að umsamin orkusala til stóriðju ætti framvegis að vera forsenda fyrir virkjunum á Íslandi. Ég veit af viðtölum við hv. síðasta ræðumann að þetta er ekki skoðun hans. En ef við eigum ekki að leyfa fólki okkar að eiga von og raunar vissu í þeirri orku, sem það þarf til framkvæmda,

nema með árabið og raunverulega ofurkjörum, þá mun ekki verða hafist handa um íslenska iðju í stórum stíl.

Við höfum nóg að gera við orkuna frá Króflu á Norðurlandi, Austurlandi og Vesturlandi. Á Norðurlandi vantar okkur áburðarverksmiðju. Það liggja fyrir áætlanir, svo að segja fullunnar áætlanir um framleiðslu úr íslenskum gosefnum, byggingarefnum, sem við þurfum til mikla orku. Og það eru óteljandi verkefni sem okkur vantar orku til, orku og afl á Norðurlandi.

Í salarkynnum þessa húss þurfum við tíðum að hlýða á ýmislegt sem ekki lætur vel í eyrum og lætur jafnvel sumt svo illa í eyrum að við ber að manni finnst þingmannskaupið hvergi nærri nógu hátt. En eymdarvæl á borð við það, sem hv. þm. Alþfl. hafa sett hér upp undanfarna daga við umr. um virkjun Króflu, gengur út yfir allan þjófabálk. Þm. Vestfjarða, sem skortir afl og orku líka umfram flesta aðra hluti og eiga von í því að geta nú fengið sinn hlut af gnægð annarra landsfjórðunga, og þó fyrst og fremst kannske hv. þm. Bragi Sigurjónsson, norðlendingurinn sem hér situr nú og segist tala máli fólksins á Norðurlandi eystra sem hefur liðið fyrir raforkuskort árum saman, þar sem fjöldi óleystra verkefna bíður eftir orkunni til að koma þeim í framkvæmd, þar sem dugur fólksins hefur verið heftur af skorti á raforku, hann ris hér upp og ræðir af hugklökkum móð um hættuna á því að of mikil raforka verði senn á boðstólum á Norðurlandi. Sami hv. alþm. hefur á undanförnum þingum vakið athygli á orkuskortinum á Norðurlandi af álíka heilindum og hann talar nú um yfirvofandi offramleiðslu á orku á Norðurlandi. Tvísvar vék hv. þm. í ræðu sinni að tengslum Króflumálsins svonefnda við Laxárdeilu, en svo nefnist nú í stuttu máli skipbrot þeirrar stefnu í virkjunarmálum sem þm. og samflokksmenn hans fylgdu fram í Norðurl. e., þeirrar stefnu sem leiddi til þess að tefla varð á tæpara vað en menn hefðu viljað til þess að koma í veg fyrir algjört neyðarástand í orkumálum norðlendinga.

Ég hafði ekki ætlað mér að rifja þyrfti upp gang Laxármálsins í þessum umr. En þar sem hv. þm. lét sér sæma að víkja ábyrgð á yfirvofandi hækkandi orkuverði á Norðurlandi yfir á herðar þeirra manna sem stuðluðu að því að binda endi á Laxárdeiluna, jafnframt því sem hann álasaði núv. orkumrh. fyrir það alveg sérstaklega að hann skyldi ekki vekja upp deilu þessa að nýju, þá verður ekki hjá því komist að rekja sögu Laxárdeilunnar í stuttu máli — ágripskenndu og stuttu máli — frá því að bændum við Laxá var tilkynnt það einn góðan veðurdag að ákveðið hefði verið af hálfu Laxárvirkjunarstjórnar að stífla Laxá við Brúar, svo að neðsti hluti Laxárdals færi undir vatn, veita síðan Suðurá austur yfir heiðar í Laxá og taka svo árnar saman gegnum jarðgöng við Brúar og virkja þar 55 mw. Fyrir þessari virkjun var ekki lagaheimild. Ég vil vekja athygli á orðum hv. þm. Sighvats Björgvinssonar áðan — eitthvað mun nú skeggið vera hökunni skylt — þegar hann lýsti ákvörðun Króflunefndar um að hækka virkjun úr 55 mw. leyfðum í 60—70 mw. sem broti á grundvallarreglum lýðræðis og siðgæðis í þessum málum, — broti á grundvallarleikreglum lýðræðis og siðgæðis.

Laxárvirkjunarstjórn ákvað sem sagt með heimild til að virkja 12 mw. að sökkva Laxárdal til þess að geta virkjað 55 mw. í Laxá. Fyrir þessari framkvæmd var lagaheimild engin. Bændur bundust samtökum um að koma í veg fyrir þessa framkvæmd. Viðræður, sem fram fóru, leiddu í ljós að samkomulag yrði ekki um málið. Framkvæmdir voru aftur á móti hafnar, aflvélar pantaðar upp á 26 mw., hönnuð jarðgöng sem hæfðu flutningi á samanlögðu vatni Laxár og Suðurár og mótmælum engu sinnt. Þá var það að bændur tóku sig til og fjarlægðu stíflumannvirki sem stjórn Laxárvirkjunar hafði sett í ósa Mývatns með sams konar heimild og nú var unnið að gerð jarðganganna. Til þess notuðu þeir sprengiefni Laxárvirkjunarstjórnar sjálfrar sem starfsmenn hennar geymdu í ýmsum hraunhellum við Mývatnsósa. Sprenging Miðkvíslar var yfirlýsing um það af hálfu bændanna með hvaða hætti þeir hygðust svara frekari yfirgangi við Laxá og með hvaða hætti þeir hygðust verja einhverja dýrmætustu perlu íslenskrar náttúru fyrir löglausum yfirgangi tæknikrata. Virkjunarmenn héldu hins vegar áfram framkvæmdum við Brúar, vitnuðu í lagaheimild til að virkja 12 mw. í Laxá með einfaldri rennslisvirkjun og kváðust mundu nota stóru jarðgöngin til þess að flytja orku sem nægði til þeirrar framleiðslu með 55 mw. vélunum sem pantaðar voru. Bændur töldu hins vegar fullvíst að hér væru svik í tafli, ætlun virkjunarmanna væri að knýja það fram með ofbeldi og brögðum í senn að þeir fengju að taka það vatn sem hæfði stóru göngunum og stóru vélunum. Þannig stóðu málin þegar viðreisnarstjórnin, ríkisstj. Sjálfstfl. og Alþfl., fór frá eftir 12 ára setu á valdastólunum.

Nú, það er alveg dagsatt, — af því að máli var nú vikið til þeirra manna sem hv. þm. Bragi Sigurjónsson taldi að ættu sök á því að raforka kynni að tvöfaldast í verði á Norðurlandi — af því skal ég játa að það er dagsanna að ég lét þau orð falla í kosningabaráttunni 1971 að ég skyldi koma í veg fyrir það, ef ég mætti nokkru ráða, að yfirgangur virkjunarmanna fengi að halda áfram, og ég skyldi koma í veg fyrir það, svo að ekki þyrfti til þess að koma að bændur neyddust til að beita sams konar baráttuaðferðum við Brúar og þeir neyddust til að beita við Miðkvísl. Ég hét því að ég skyldi reyna að koma því til leiðar að leitað yrði þeirra ráða til lausnar á raforkumálum norðlendinga sem horfðu til meiri velsældar heldur en þess háttar vígaferli.

Svo var það á vordögum 1971 að bændur settu lögbann á vatnstöku úr Laxá, og fylgdi það með að ekkert vatn skyldi fást til nýju virkjunarinnar, ekki heldur til þeirrar 12 mw. framleiðslu sem lögheimiluð var, nema trygging fengist fyrir því að ekki yrði virkjað meira við Laxá en þessi umræddu lög leyfðu — sem sagt 12 mw. Bændur lögðu til að hætt yrði gerð jarðganganna stóru, fallið frá kaupunum á stóru aflvélunum, en í staðinn yrði vatnið tekið með brýstipípum, sem kostuðu ekki nema 1/20 af því sem göngin kostuðu, og keyptar aflvélar við

hæfi hinnar leyfðu virkjunar, sem ekki kostuðu nema ⅓ af því sem stóru vélarnar kostuðu. Á þetta féllust virkjunarmenn ekki. Þeir skákuðu í því skjóli að ekki væru nein lagaákvæði um það, hvað vélarnar mættu vera stórar, eða um það, hve göngin mættu vera víð sem vatnið væri flutt eftir til virkjunar á 12 mw. Samtímis lýstu þeir svo yfir því opinberlega, að þeir tryðu því ekki að brugðið yrði fæti fyrir það að þessi áfangi Laxárvirkjunar, sem nú er nefndur Laxárvirkjun III, yrði virkjaður til fullnustu, — þeir tryðu því ekki að brugðið yrði fæti fyrir það, þrátt fyrir það að þar væri um lögbann að ræða.

Það var þegar svo var komið, að stóð á lausn lögbannsins við vatnstökunni til þess að raforkuframleiðsla hæfist, að Magnús Kjartansson, þáv. iðnrh., knúði fram sættir í þessu máli. Það eru þær sættir sem hv. þm. Bragi Sigurjónsson lýsir nú yfir sök fyrir á hendur Magnúsi Kjartanssyni fyrrv. iðnrh. Eftir að Magnús hafði lýst yfir því, að ekki kæmi til mála að heimiluð yrði meiri virkjun en lög heimiluðu í Laxá, og eftir að Ólafur Jóhannesson, þáv. forsrh., hafði tekið í sama streng, þá fyrst tókst að fá stjórn Laxárvirkjunar til að undirrita samning við bændur um lausn þessarar deilu, þar sem skýrt er kveðið á um það að ekki verði virkjað meira í Laxá og að umr. um frekari virkjanir skuli ekki vaktar gegn vilja bænda. Þessum samningi fylgdu yfirlýsingar frá ríkisstj. um ýmiss konar ráðstafanir sem lutu að því að setja niður deiluna og auðvelda samninga, og ber þá fyrst að geta yfirlýsingar frá ríkisstj. um lögn háspennulínu frá landsvirkjunarsvæðinu norður til Akureyrar sem vera skyldi jafnframt áfangi þeirrar stefnu að samtengja öll raforkusvæði landsins.

Nú er skemmst frá því að segja, að með þessari sætt var málum komið svo fyrir að bændur afléttu lögbanninu við vatnstöku í Laxá og 55 mw. vélarnar fengu að fara í gang til þess að framleiða 12 mw.

Það þarf ekki um að ræða hér á Alþ., svo oft sem það hefur komið fram hér, að gegn þessum lokum Laxárdeilunnar barðist hv. þm. Bragi Sigurjónsson með tilstyrk flokks síns. Hann barðist af alefli ásamt meiri hl. stjórnar Laxárvirkjunar og þeim aðilum, sem hagsmuni áttu í húfi í sambandi við vinnu við þessa virkjun, gegn lögn línunnar frá Suðurlandi til Norðurlands. Hann mun vera höfundur þess háðungarheitis sem henni var gefið í blöðum á Akureyri, þar sem þessi lína var kölluð „Hundur að sunnan“. Hann hefur verið allra hægri krata rætnastur við það að ýfa upp Laxárdeilurnar með því að heimta lögbrot og samningsrof af bændum. Mátti hann þó gjört vita að uppvakning illdeilna út af Laxárvirkjun var síst til þess fallin að bæta úr raforkuþörf norðlendinga, og er það eitt satt, hvað sem öðru líður í málflutningi hans varðandi tengsl Laxárvirkjunarmálsins og virkjun Kröflu, að það var heiftarstefna Laxárvirkjunarmanna gagnvart bændum sem olli því að virkjunarmálin á Norðurl. e. komust í þess háttar hnút að hraða þurfti e.t.v. úr hófi fram að nokkru öðrum ráðstöfunum til þess að sjá norðlendingum fyrir raforku. Þó hefði þar gengið betur ef ekki hefði verið skipt um ríkisstj. á Íslandi haustið 1974, áður en línulögnin norður kom til framkvæmda.

Samtímis því sem skipt var um ríkisstj. breyttust viðhorf valdhafanna til raforkumála yfirleitt. Framkvæmdir við línulögnina norður töfðust um rúmt hálft ár, e.t.v. nær heilt ár, m.a. vegna þess að afráðið var með atkvæði Braga Sigurjónssonar og flokksmanna hans hér á Alþ. að verja svo miklum hluta af raforku Landsvirkjunar til stóriðju að ekki var hægt að tryggja nægilega forgangsorku til flutnings norður í land fyrst um sinn. Ég man ekki betur en Bragi Sigurjónsson væri staddur hér á hv. Alþ. þegar fjallað var um málmblendifrv., og ég man ekki betur en að þá færi fremur lítið fyrir áhyggjum hans af raforkumálum norðlendinga, þegar hann greiddi atkv. og hans menn með samningunum við Union Carbide. Það var annað sem fyrir þessum góðu mönnum vakti. Við Alþb.-menn lögðumst gegn þessari ráðstöfun um sölu á raforku til málmblendiverksmiðjunnar og töldum að stefnt væri í ógöngur með þeim samningi. Við færðum tölfræðilegar sönnur á að hagstæðara væri að leggja fáanlegt lánsfé í uppbyggingu dreifikerfis fyrir raforku og nota síðan orkuna til húsahitunar og eflingar innlendum iðnaði úr innlendum hráefnum og flýta samtengingu á raforkusvæðunum. En meiri hl. hv. alþm. tók annars konar afstöðu hér á hv. Alþ. Ef mig minnir rétt, þá var hv. þm. Jón G. Sólnes, formaður stjórnar Kröfluvirkjunar, eini stjórnarþm. sem greiddi atkv. gegn málmblendifrv. Í þessu máli, eins og ég hef áður sagt, nú sem fyrr, þá brást Alþfl. ekki bogalistin í fylgi við óþurftarmál í handarkrika íhaldsins.

Heimildarlög um virkjun Kröflu voru samþ. í tíð vinstri stjórnarinnar að forgöngu fyrrv. iðnrh. Magnúsar Kjartanssonar. Þegar þau heimildarlög voru samþ. var reiknað með því að byggðalínan norður kæmist á miklu fyrr en raun hefur á orðið. En það var eftir myndun hægri stjórnarinnar haustið 1974 að hæstv. iðnrh. Gunnar Thoroddsen skipti um formann í Kröflunefnd, skipaði þar sinn mann, sem hann trúði til þess að reka á eftir málinu með nægri atorku, þá var annað komið í ljós. Þá var það komið í ljós að hér mundi verða nokkurt bil á milli sem brúa þyrfti. Hann skipaði hv. þm. Jón Sólnes formann Kröflunefndar, og ég ætla að hv. þm. Jóni Sólnes verði ekki fundið það til foráttu að hann hafi látið lítið að sér kveða í þessu máli. Þá þóttust menn eyja von í því, að unnt yrði að ná raforku frá Kröflu áður en byggðalínan kæmist í not, og þörfin fyrir orku nyrðra var brýn. Nú, hvað eina orkar tvímælis þá gert er.

Ég ítreka það, að þess óska ég að sérfræðingarnir okkar hinir vitru, sem nú hafa til að bera upplýsingar um hvað eina varðandi Kröfluvirkjun, hefðu þá látið til sín heyra, hefðu þá látið visku sína í ljós. Það er auðveldara að vera vitur eftir á. Raunar er það svo auðvelt að það ætti að vera fyrir neðan virðingu sómakærra manna að hrósa sér af því.

Það er augljóst mál að það hefði verið æskilegra að reisa byggðalínuna með þeim hraða, sem fyrirhugaður var, með allra mesta hraða,

þannig að unnt hefði verið að verja meiri tíma en gert var til undirbúningsrannsókna við Kröflu. En þegar tekið er tillit til aðstæðna 1974, um haustið, þá ætla ég að menn geti orðið sammála um að nokkur vorkunn sé þeim sem tóku nú viðbragð og vildu flýta þessum framkvæmdum.

Hv. þm. Jón Sólnes sagði okkur frá því í allítarlegri ræðu sinni fyrir skemmstu með hvaða hætti hann fékk áhuga á jarðgufuvirkjunum, hvernig hann komst fyrir milligöngu Banco Credito Italiano í samband við ítalska sérfræðinga, sem reynslu höfðu í þessum málum, og með hvaða hætti hann aflaði sér að öðru leyti persónulegra upplýsinga varðandi þá möguleika sem liggja í jarðgufuvirkjunum. Ég verð að játa að ég er hreint ekki nógu vel að mér í starfi Kröflunefndar til þess að gera mér grein fyrir því, að hve miklu leyti Kröflunefnd hefur gerst sek um mistök á ferli sínum. Ég mun láta það bíða, þar til ég hef óyggjandi upplýsingar þar að lútandi, að skamma hv. þm. Jón Sólnes, formann Kröflunefndar, fyrir slík mistök. En um eitt saka ég hann ekki, og það er skortur á dugnaði til þess að drífa mál áfram. Setjum sem svo að hann hafi gert svo sem eins og 25% skyssur í leiðinni, þá kynni svo að fara þrátt fyrir allt, um það er lýkur, ef ekki kemur gosið sem ónefndir hv. alþm. vonast eftir, að hv. þm. Jóni Sólnes og nefnd hans verði ekki legið á hálsi fyrir dugnað.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson kallaði jarðskjálftana og gosið í Leirhnjúk í fyrri ræðu sinni um þetta mál viðvörun frá guði almáttugum. Hvort viðvörunin hefur komið þaðan, veit ég ekki, en skrattanum var alveg ótrúlega skemmt við hana. Gos og jarðskjálftar, það vitum við öll að hefðu getað orðið á öllu svæðinu, á öllu hinu breiða háhitasvæði frá Þistilfirði suður á Reykjanes. Hvar sem við hefðum byrjað gufuaflsvirkjanir okkar á þessu svæði, þá hefðu þessir atburðir getað gerst, og einhvers staðar urðum við að byrja. Og það er vafalaust, að ætlum við að nýta okkur þessa orku á þessu breiða svæði, þá verðum við að reikna með því að slys geti orðið, og þá er mikið í húfi að málunum verði þannig fyrir komið að hver gufuaflsstöðin styrki aðra.

Á hitt hlustar enginn maður, vælið um of mikla orku á Íslandi eða á Norðurlandi eystra. Við hljótum að fagna því að nóg raforka verði loks til á Norðurlandi og um allt land. Við höfum ærið við hana að gera, og nú, þegar er ljóst að hún verður fyrir hendi, þá vantar okkur raunar ekkert annað en dugandi ríkisstj. til þess að hafa forgöngu um, að nota hana á réttan hátt landi og lýð til blessunar, ríkisstj. sem trúir á hugkvæmni og getu og menntun síns eigin fólks til þess að koma þessari orku í verð og sjá til þess að hún verði okkur að gagni.

Hv. þm. Bragi Sigurjónsson harmar það hér í þingsölunum að þá hefði orðið ódýr raforka hjá norðlendingum ef virkjuð hefðu verið öll 55 mw. í Laxá, ef ríkisstj. hefði verið svo siðlaus og svo ólýðræðislega þenkjandi að hún hefði heimilað stjórn Laxárvirkjunar, virkjunarmönnum fyrir norðan, að taka þessa orku í lögleysu. Hann harmar þá ódýru orku sem norðlendingar hefðu þá fengið úr 55 mw. í Laxá. Hitt er þó líklegast, að hefði ekki verið komið í veg fyrir þessa fyrirætlan þeirra orkukumpána, þá hefði engin orka fengist úr Laxá, hvorki úr gömlu virkjununum né þeim nýju.

Ég hef orðað það svo áður úr ræðustóli hér á hv. Alþ., að við því sé ég búinn að lifa það að framtak vina minna þingeyskra, þegar þeir sprengdu stífluna í ósum Mývatns, verði einhvern tíma borið saman við það andlega afrek þeirra og hugrekki þegar þeir risu gegn íslensku kaupmannavaldi með stofnun fyrsta kaupfélagsins og upphafi samvinnuhreyfingarinnar á Íslandi. Ég er þess fullviss að hefði verið haldið áfram löglausum athöfnum við Brúar, þá hefði grunnuppfinning Alfreðs heitins Nóbels verið notuð til þess að binda endi á þá óhæfu.

Hv. þm. Bragi Sigurjónsson álasar núv. ríkisstj. fyrir að hafa ekki rofið samninga á bændum og leyst með þeim hætti raforkuvandamál norðlendinga. Ég leyfi mér að staðhæfa að slíkt samningsrof hefði einnig leitt til þess að lokið hefði verið allri raforkuöflun úr Laxá. Kvartanir hv. þm. út af fjármissinum af þessum sökum minna helst á sögu Tolstojs af hugrenningum gamla kósakkans sem tekið hafði út refsingu fyrir þjófnað í æsku og eyddi svo því sem eftir var ævinnar í það að láta sig dreyma um allan þann auð sem hann hefði getað komist yfir ef hann hefði ekki verið hindraður í því. Og sannleikurinn er náttúrlega sá, að manni dettur það nú helst í hug hvort esselenco patrione senator Jón G. Sólnes hefði nú e.t.v. ekki, þegar til kastanna kom, gert raforkumálum norðlendinga talsvert gagn með því, ef hann hefði í boði Banco Credito Siciliano haft monsejor Bragio Sigurjónsio með sér til Lardarello á sínum tíma og fengið honum þar varanlegan samastað.

Tómas Árnason: Herra forseti. Það er nú með hálfum huga að menn biðja um orðið eftir þau vopnaviðskipti sem fram hafa farið í sambandi við virkjunarmál norðlendinga. En ástæðan til þess, að mig langar að leggja hér nokkur orð í belg, er varðandi virkjunarmál Austurlands og hvaða efni það eru sem við þm. á Austurlandi höfum mestan áhuga á í þeim efnum og snerta óneitanlega virkjunarmál þeirra norðlendinga.

Það er löngu vitað að talsvert veruleg umframorka verður á Norðurlandi þegar lokið verður við að reisa Kröfluvirkjun og leggja byggðalínuna til Norðurlands. Og það er gert ráð fyrir því í lögum um jarðgufuvirkjun við Kröflu eða við Námafjall í Suður-Þingeyjarsýslu, að ríkisstj. sé heimilt að tengja saman aðalorkuflutningakerfi Norðurlands og Austurlands. En þetta kallar á línulögn frá Kröfluvirkjun til Austurlands. Þessi lína er talin vera nálægt 150 km löng og þyrfti að geta borið 130 kw. rafmagnsstraum eða vera sams konar lína og byggðalínan sem verið er að reisa núna norður um Holtavörðuheiði til Norðurlands, en flutningsgeta þeirrar línu skilst mér að sé í kringum 50 mw. Línustæðið frá Kröflu verður austur um Mývatnsöræfi og austur fyrir Jökulsá á Fjöllum og áfram yfir hálendið og allar götur austur í Fljótsdal, og það er hugsað

að línan komi þar niður í Fljótsdal sem fyrirhugaður virkjunarstaður Besssastaðaár í Fljótsdal verður. Síðan á þessi lína að liggja áfram austur yfir í Skriðdal og koma þar niður sem heitir Eyrarteigur í Skriðdal, mjög skammt frá Grímsárvirkjun. Þar skiptist svo línan og greinist annars vegar um svokallaða Hallsteinsheiði til Reyðarfjarðar, sem er 24 km vegalengd, og hins vegar um Oxi suður til Berufjarðar. Kostnaður við Austurlandslínu er talinn nema nálægt 1500 millj. kr., að því er mér skilst, á núgildandi verðlagi og greinist þannig niður að efni mun áætlað um 70%, þar af tollar og ýmiss konar gjöld 44% og vinna um 30%. Síðan leggjum við áherslu á að tengt verði saman veitukerfi Austur-Skaftafellssýslu og við Djúpavog.

Árið 1978 er talið að orkuskortur á Austurlandi, miðað við litla disilkeyrslu, verði um 15 mw., ef Austur-Skaftafellssýsla er ekki talin með. Í dag er varið um 8 mw. alls til hitunar á Austurlandi, en talið að skortur afls til hitunar, ef hita ætti upp hús á Austurlandi að fullu, sé þá um 32 mw. eins og sakir standa. En þetta mál kallar náttúrlega á öflugra dreifikerfi en nú er.

Erindi mitt hingað í þessar umr. er kannske fyrst og fremst að lýsa skoðun þm. Austurl., — ég hygg að ég geti talað fyrir hönd okkar allra, þeir leiðrétta það þá ef það er ekki rétt, — skoðun okkar og raunar eindregnum óskum að það verði ráðist í að leggja línu frá Kröfluvirkjun sem fyrst austur á land og tengja saman orkuveitusvæðin á Austurlandi og Norðurlandi með þessum hætti. Sú hugsun, sem á bak við þetta liggur, er fyrst og fremst sú, að með þeim hætti verði hægt að tryggja Austurlandi raforku sem fyrst, og í öðru lagi að það verði tengd saman orkuveitusvæði á Austurlandi, Norðurlandi og Suðurlandi þegar þessum framkvæmdum öllum er lokið. Það er rétt að taka það fram og ástæða til að fagna þeirri yfirlýsingu hæstv. iðnrh. að byggja á þeirri stefnu að það þurfi að tryggja grunnafl í landsfjórðungunum til öryggis þegar til lengdar lætur. Við höfum að sjálfsögðu í huga jafnhliða að það verði haldið áfram með rannsóknir og undirbúning að Bessastaðaárvirkjun og Fljótsdalsvirkjun jöfnum höndum, eins og ráð var fyrir gert, og tryggt verði fjármagn á sumri komanda til að halda áfram þeim athugunum, en jafnframt verði lögð á það mikil áhersla að hefja sem fyrst lagningu línu frá Kröflusvæðinu til Austurlands.

Hér á dögunum gerði ég fsp. um það til hæstv. iðnrh. hvað liði athugun á virkjun Bessastaðaár. Hæstv. ráðh. svaraði þeirri fsp. m. a. á þá leið að orkuvinnslugeta Bessastaðaárvirkjunar væri athuguð miðað við tvo kosti: í fyrsta lagi að Bessastaðaárvirkjun tengdist við núverandi Austurlandskerfi, og í öðru lagi að Bessastaðaárvirkjun tengdist við landskerfið, þ. e. þegar Austurland hefur verið tengt við Norðurland og Suðurland eftir að Sigölduvirkjun og Kröfluvirkjun hafa verið teknar í notkun. Orkuvinnsla verður þá mjög háð því hve mikilli miðlun verður við komið í Bessastaðaárvirkjun.

Í annan stað svaraði hæstv. ráðh. því til að niðurstaða athugunarinnar væri sú að með virkjun Bessastaðaár ykist verulega nýting þeirra rennslisvirkjana sem fyrir eru á Austurlandi, þ. e. a. s. Grímsár- og Lagarfossvirkjunar, og æskilegt væri að uppsett afl í Bessastaðaárvirkjun yrði nokkru meira en upphaflega var ráð fyrir gert. Jafnframt benti athugun þegar til þess að virkjunin mundi falla vel að samrekstri við aðrar virkjanir á landinu þegar komist hefur á örugg tenging hennar við virkjanir á Suður- og Norðurlandi.

Síðan skýrði hæstv. ráðh. frá því, að innan skamms, í þessum mánuði í síðasta lagi, mundi verða mögulegt að taka ákvarðanir um það hvort og hvenær ráðist yrði í Bessastaðaárvirkjun.

En erindi mitt hingað er fyrst og fremst þetta, að leggja áherslu á það viðhorf austfirðinga að hraða línulögn frá Kröflu austur um land, hafandi í huga þörf Austurlands fyrir grunnafl síðar meir og þá e. t. v. með það í huga, ef það reynist hagkvæmt, að reisa grunnaflstöð sem gæti þjónað landskerfinu í leiðinni, og það er byggt auðvitað á þeirri hugsun að á Fljótsdalsheiði er talið mögulegt að safna saman miklu vatni og nýta óvenjulega mikla fallhæð, milli 500 og 600 m, til raforkuframleiðslu. Á þennan hátt væri mögulegt að fá aðstöðu til æskilegrar raforkuframleiðslu einmitt á þeim tímum þegar rennslisvirkjanir hér á Suðvesturlandi búa við minna rennsli en á öðrum árstímum. Slík miðlunarvirkjun gæti þess vegna fallið mjög vel inn í samrekstur landskerfisins.

Ég sagði áðan að ég ætlaði ekki að blanda mér í þær umr. um raforkumál á Norðurlandi, sem mér finnast nú kannske úr hófi ef litið er á málið í heild, en leyfa mér að koma að þessum sjónarmiðum sérstaklega.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Ég vil í fyrsta lagi þakka þær ítarlegu umr., sem ég tel að hér hafi að mörgu leyti farið fram í sambandi við þetta mál, og vonast til að þær hafi skýrt mál verulega fyrir Alþ. Þar á meðal þakka ég ræðu hv. þm. Ragnars Arnalds þó að ég væri honum að mörgu leyti ekki sammála, þá gerði hann grein fyrir máli sínu á ítarlegan hátt, og þó að ég væri að stríða honum á eftir með því að segja að nálin hefði fest í grammófónsplötunni, þá var það meira af því, að mér þykir hann stundum nokkuð langorður og segja í mörgum orðum það sem hann gæti sagt í færri, heldur en hinu, að hann segi ekki yfirleitt greinilega það sem hann er að gera grein fyrir. Í öðru lagi vil ég taka undir þau orð hv. þm. Ingvars Gíslasonar, að norðlendingar og austfirðingar ættu að hafa betra samstarf um orkumál sín en þeir hafa gert, og að því leyti tek ég mjög undir orð hv. þm. Tómasar Árnasonar. En ég verð að játa það, að mér hefur stundum fundist liggja í orðum austfirðinganna að þeir vildu kannske ekki samstarf um eða ekki nota að svo stöddu orku frá Kröfluvirkjun, en þá bið ég afsökunar á þeim misskilningi

Ég vil sérstaklega taka undir þau orð, sem hér féllu áðan hjá hv. þm. Vilborgu Harðardóttur, að þakka sérfræðingum okkar sem hafa tekið þátt í þeim miklu umr., blaðaskrifum, sem hafa orðið um þessi mál. Þeirra þáttur er mikill í þessu máli. Þeir hafa skýrt það ákaflega vel að minni hyggju, og ég tek ekki undir orð hv. þm. Stefáns Jónssonar, að þetta séu nokkrir „smádjöflar“. Við

eigum einmitt að taka mark á sérfræðingunum, og það er það, sem ég hef verið að undirstrika í þeim umræðum, sem ég hef látið falla hér um þessi mál, að mér þykir það einn ljóðurinn á ráði Króflunefndar að hún hafi ekki tekið mið af varnaðarorðum þeirra ýmsum, og nefni ég þar m. a. þá grg., sem er birt í Morgunblaðinu í dag um gufuöflun í sambandi við Króflurvirkjunarsvæðið og þeir gáfu út, þessir sérfræðingar hjá Orkustofnun, eftir að gosið fór fram, og vöruðu einmitt við ýmsu og m. a. þeim hraða í framkvæmdum sem nú hefur verið hafður á þessu máli. Ég ætla ekki að tefja tímann hér við að lesa úr þessum varnaðarorðum, þó að það sé mjög fróðlegt plagg, en ég endurtek það að mér finnst að Króflunefnd og iðnrn. hefðu átt að hlusta betur á þessa sérfræðinga.

Áður en ég held lengra máli mínu verð ég ofurlítið að fá að verja hendur mínar og undra mig um leið á því að ég, sem tel mig mikinn hæglætismann, hafi getað rótað svo upp í hæstv. orkumrh., hv. þm. Ingvari Gíslasyni og hv. þm. Stefáni Jónssyni, að þeir hafa ausið yfir mig hinu og öðru, kallað mig hér ósannindamann og fleira slíkt, rógbera, kom fram hjá einum. Ég þykist ekkert hafa sagt hér ósatt, enda held ég að orð mín hér síðast, sem iðnrh. þóttist bera til baka, hafi verið alveg sönn. Það komu þrír akureyringar suður að tala við ráðh., og þeir urðu að fara heim þann dag sem þeir komu án þess að fá viðtal við hann. Það getur vel verið að ráðh. hafi haft eðlilegar afsakanir, ég lagði engan dóm á það. Eg sagði bara hreint og klárt frá því sem gerðist. Og einhver hefði í hans sporum litið á það að mennirnir voru komnir norðan frá Akureyri, þrír saman, vildu endilega ná tali af honum, og það hefði átt að vera hægt að finna einhvern tíma seinna um daginn til að tala við þá.

Um orð Ingvars Gíslasonar, sem hann þóttist bera hér til baka, held ég að allir þm. hafi heyrt að ég hafði rétt eftir, því að hann sagðist sjálfur hafa sagt þetta. Hann sagðist hafa meint allt annað en ég hefði lagt í orð hans, En ég held að það hafi ekki verið hægt að taka orð hans á annan hátt en ég gerði. „Þú skalt ekki hafa betra af því", sagði hann, „að tala um Króflumálið."

Ég verð að undra mig á orðum hv. þm. Ingvars Gíslasonar, að telja að það hafi verið við alþfl.-menn fyrir norðan sem börðumst harðast fyrir Laxárvirkjun. Honum á að vera ósköp vel kunnugt að aldrei hef ég setið í stjórn Laxárvirkjunar, en form. Laxárvirkjunarstjórnar, þegar orrustan stóð sem hæst um Laxárvirkjun III, var framsóknarmaðurinn Arnþór Þorsteinsson, sem ég veit ekki annað en allir akureyringar hafi metið að góðu einu og mér þykir furðulegt að hann skuli nú fá þetta bakslag sem hér var látið ríða, orðin sem Ingvar lét sér fara um munn varðandi baráttuna fyrir Laxárvirkjun III.

Mig grunar að hið órólega skap hv. þm. Ingvars Gíslasonar og hv. þm. Stefáns Jónssonar stafi dálítið af því að samviskan sé ekki góð. Ingvar Gíslason þorði aldrei að hafa skoðun í Laxármálinu — aldrei. (**Grípið fram í:** Er það vegna þess að ég var ekki á þinni skoðun?) Nei, ekki vegna þess, það var bara ómögulegt að fá neina skoðun fram hjá þm., hvorki með henni né móti. Það var gallinn á hans afstöðu. Það má þó virða Stefáni Jónssyni það til heiðurs að hann hefur verið með því að sprengja og sprengja og sprengja. Hann hefur vitað hvað hann vildi. En að þessu frádregnu og af þeim orðum, sem hann sagði hér áðan, hv. þm. Stefán Jónsson, þá get ég ekki frekar en hann alveg látið hjá líða að rekja það mál örlítið, þó að það verði í mjög stuttu máli.

Mér datt í hug, af því að hann er duglegur að vitna í fornar bókmenntir og nútímabókmenntir og ég veit ekki hvað og hvað, að það er til frásögn af því þegar einn af þeim, er stóðu að Njálsbrennu, var að skýra frá hvað gerst hefði í brennunni, — „og ló hann víða frá", segir í Njálu. Það fannst mér koma gjarnan fram hjá hv. þm., hann ló víða frá, því að hann veit ósköp vel t. d. að það hafa aldrei verið settar neinar 55 mw. vélar niður í Laxá. Hann var að tala um að þar stæði vél sem gæti framleitt 55 mw., en væri látin framleiða 12. Slík vél var aldrei sett niður, — eða þær vélar áttu nú að vera a. m. k. tvær, ef ekki þrjár, ef ég man rétt, heldur var ein af þessum vélum sett niður sem framleiðir 7—8 mw., af því að stíflan var aldrei byggð. En það var ekki síðast deilt um stóru stífluna, sem Stefán sagði frá, heldur um það hvort mætti reisa 18—20 m stíflu, og svo einkennilega vill til, að það er til samþykkt frá Búnaðarsambandi suður-þingeyinga þar sem mælt er með þessari stíflu, og formaður þeirrar stjórnar er Hermóður Guðmundsson í Arnesi sem síðar snerist gegn þessu. Hefði þessi stífla fengist, þá hefði mátt núna framleiða í Laxárvirkjun III, sem er ekki hálfbyggð, 19 mw. og við hefðum ekki þurft að hraða okkur eins í aðra virkjun og nú hefur verið gert.

Þá er það sprengingin mikla á stíflunni í Mývatnsósum. Þessi stífla var búin að standa svo árum skipti og enginn amaðist við. Það var ekki fyrr en „Finnagaldurinn" í sambandi við Laxárvirkjun, sem var æst upp af ýmsum mönnum, eins og Stefáni Jónssyni og fleiri slíkum, hafði truflað svo geðró ýmissa manna í Suður-Þingeyjarsýslu, að þeir kjánuðust til að sprengja þessa stíflu. Ég hef enga trú á því að nokkurn tíma verði jafnað saman því að sprengja stífluna í Mývatnsósum og skemma þar með möguleikana á að fá betra rennsli um Laxá að Laxárvirkjun, — ég hef enga trú á því að því verði nokkurn tíma jafnað saman við það þegar þingeyingar sýndu þann manndóm að stofna með sér verslunarsamtökin sem seinna urðu að Kaupfélagi þingeyinga.

Bjartmar Guðmundsson, fyrrum þm. og bróðir Hermóðs í Árnesi, skýrir frá því í Árbók þingeyinga sem kom út í haust, að hann sé sannfærður um að ef það færi fram kosning um það í Aðaldal, heimasveit sinni og heimasveit bróður hans, hvort reisa ætti þessa 20 mw. stíflu í Laxá svo að hægt sé að hafa fullt gagn af Laxárvirkjun III, þá mundu 80% af aðaldælum mæla með því að stíflan væri reist, og ég þekki það vel til í minni gömlu heimasveit, Reykjadal, að þar er varla til maður sem mælir gegn því að þetta væri skynsamlegt, og ég tala ekki um Akureyri og Húsavík.

Ég á að vísu ekki enn þá eða nú orðið heima á Laugum í Reykjadal eins og hv. þm. Stefán Jónsson. Ég veit að vísu ekki hvar hann á eiginlega heimili þar. Venjan er nú að menn telji sig til heimilis þar sem fjölskylda þeirra dvelur. En einhverra hluta vegna, og látum það liggja á milli hluta, þá telur hv. þm. sig eiga heima á Laugum í Reykjadal. Þar starfar hann ekkert. Þar hefur hann enga íbúð svo ég viti. Ég efast um að hann hafi nokkurt herbergi. Hann hefur kannske einhverja geymslu. En ég tel mig meiri reykdæling og þingeying heldur en Stefán Jónsson og vita betur hvað væri okkur fyrir bestu þarna fyrir norðan, og það er áreiðanlega ekki það að ekki fékkst að reisa 20 m stífluna í Laxá. Ég er enginn laxveiðimaður, og það er kannske að því leyti sem ég hef aldrei kunnað að sjá kúnstina við það að neita þeirri byggingu.

Ég skal nú ekki eyða fleiri orðum að þessu. Ég vildi aðeins senda nokkuð af því heim til föðurhúsanna sem að mér var rétt. En ég vil endurtaka það, sem ég sagði í ræðu minni í fyrradag, að ég mælist til þess við Kröflunefnd og orkumrh. og Alþ. að það verði tekið tillit til hinna breyttu aðstæðna á Kröflusvæðinu, það verði tekið tillit til breyttrar markaðsaðstöðu og breyttra fjárhagshorfa frá því að þessi virkjun var upphaflega ákveðin, það verði reynt á ný að sníða virkjuninni stakk eftir vexti, miðað við þessar þrjár aðstæður, sem ég nefndi, og miðað við þær ábendingar, sem sérfræðingar okkar hafa dregið fram í dagsljósið undanfarið, og virkjunin verði látin ganga hægar fyrir sig svo að betri tími vinnist til orkusöfnunar, þ. e. a. s. borunar, betri tími til að kanna markaðinn, m. a. athuga hvort ekki sé hægt að finna einhvern iðnað sem gæti tekið hluta af hinu nýja Kröfluafmagni, kannske ylrækt, eins og er verið að segja frá í blöðunum í dag, eða eitthvað enn annað, og undir öllum kringumstæðum að sýna þá skynsemi og aðgæslu að semja fjárhagsáætlun bæði um framkvæmdina og reksturinn. Hér hefur verið bent á það hvílíkt vandræðafyrirtæki þetta er, sem hangir í lausu lofti bæði hvað framkvæmdaáætlun snertir, kostnaðaráætlun og svo loks rekstraráætlun þegar öllu er lokið.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Þar sem hv. þm. Bragi Sigurjónsson hefur nú lokið sínum skammti í þessum umr., mun ég nú ekki bæta neinu að ráði við það sem ég var búinn að skenkja honum áður. Ég sé mig þó til neyddan, eiginlega af ótta við það að ella muni hann tæpast njóta svefns um páskahátíðina, að segja honum frá því að mér háir ekki herbergisskortur í kjördæmi mínu. Það er alveg rétt, að ég hef orðið að notast við fram til skamms tíma óbreytt heimilisfang að Laugum í Reykjadal og það hefur gefist mér ævivel, þangað til ég komst yfir húsnæði annars staðar.

Það má vel vera að hv. þm. Bragi Sigurjónsson telji sig betri þingeying heldur en ég tel mig. Þó hef ég grun um það, að þær glæður, sem upp af sprettur nú sá hinn heiti eldur sem logar í brjósti hv. þm. varðandi Laxárvirkjun, — hann kunni nú að vera sprottinn þrátt fyrir allt af fremur óblíðum minningum í samskiptum við fólk heima í héraði. Ég veit þetta ekki. Sálfræðilega séð finnst mér ekki óeðlilegt að þessi áleitna, beiska hugsun í sambandi við nytjar Laxár, þessa frjóasta vatnsafls á norðurhveli jarðar, að það skuli ekki vera bundið í stokk í raforkuframleiðslu, hún kunni að eiga sér, þessi árátta, einhverjar sálrænar ástæður. En það eitt er víst, að ég sé til þess enga von að þessi eldur, hvernig sem hann er nú til kominn, í brjósti hv. þm. yrði slökktur þó svo að árrennsli Laxár verði nytjað til þess.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Þessar umr. eru nú orðnar ótrúlega langar og víst sannarlega ástæða til þess að fara ekki að lengja þær um of. Það eru vissulega fjöldamörg atriði sem vert væri að víkja hér að, en ég mun nú samt aðeins víkja að tiltölulega mjög fáum þeirra.

Það er ekki oft kvartað yfir því á Alþ. að framkvæmdir á vegum ríkisins gangi of greitt fyrir sig. Hitt er öllu algengara, að kvartað sé yfir sleifarlagi í opinberum framkvæmdum og að áætlanir, sem gerðar hafa verið, standist ekki, að framkvæmdirnar séu þar af leiðandi mörgum árum á eftir tímanum og verði miklu dýrari fyrir vikið, vegna aukins vaxtakostnaðar og annars kostnaðar á byggingartíma. En nú ber svo við að haldið er hér uppi mjög löngum umr. á Alþ. þar sem aðalkjarni umr. er að ásaka Kröflunefnd og aðra aðila þessa máls fyrir að hafa gert það sem í þeirra valdi stóð til þess að hraða þessari virkjun.

Hvað snertir Kröfluvirkjun vil ég strax taka það fram, að það var frá fyrstu tíð sannfæring okkar að okkur bæri skylda til að reyna að hraða þessu verki eins og við gætum, enda var það einmitt eitt það atriði sem mest áhersla var lögð á í erindisbréfi til n. að virkjunarframkvæmdum yrði hraðað. En nú er sem sagt komið og sagt: Þið hafið hraðað ykkur um of. Þið hafið ekki hirt um ráðleggingar sérfræðinga. — Og eins og Sighvatur Björgvinsson sagði áðan, hv. þm. Vestf.: Mætustu sérfræðingar þjóðarinnar leggja á það áherslu að Kröfluvirkjun verði slegið á frest. — Nú veit að sjálfsögðu hv. þm. alveg nákvæmlega jafnvel og við aðrir þm. að það eru aðeins fáir sérfræðingar sem lagt hafa þetta til. Hinir eru miklu fleiri, sem borið geta þetta nafn, sem lagt hafa til, að haldið verði áfram framkvæmdum, og það með skýrum rökum. En hv. þm. er nú ekkert að hika við að skipta þessum blessuðu sérfræðingum í tvo hópa. Það eru annars vegar hinir mætustu sérfræðingar sem leggja þetta til, og svo er það væntanlega hinn listinn, sem verður líklega æðilangur, það eru þessir ómætu sérfræðingar sem eru á annarri skoðun.

En svo að ég haldi áfram tali mínu um sérfræðileg efni, sem ég verð að vísu að segja að eru nú kannske ekki mín sterka hlið, þá kom mér nokkuð á óvart, miðað við þær umr. sem hér hafa farið fram, þegar hv. þm. Vilborg Harðardóttir nefndi það sem eitt atriði gagnrýni sinnar, að þakið á stöðvarbyggingunni þyldi ekki það öskufall sem hugsanlega gæti orðið á þessu svæði, og nefndi í því sambandi reynsluna frá Vestmannaeyjum. Ég hélt að það hefði komið nægilega oft fram í þessum umr. að þessi stöðvarbygging er hönnuð með hliðsjón af allra sterk-

ustu jarðskjálftum sem orðið hafa hér á landi, og það er gert ráð fyrir því að slíkir jarðskjálftar, svo sterkir, eigi sér ekki stað á Kröflusvæðinu vegna sérstakra aðstæðna þar, og vísa ég þar til skrifa um það efni. En hið sama gildir að sjálfsögðu um þakið. Þakið er sérstaklega hannað með tilliti til hugsanlega mjög mikils öskufalls. Ég hef því miður ekki við höndina handbærar upplýsingar um það hvað þakið þolir mikinn og þykkan öskuskafl, en ef ég man rétt, það fer að vísu dálítið eftir því hver eðlisþyngd öskunnar er talin vera o. s. frv., — en eftir því sem ég man helst af umr. um þetta mál var talið að þakið þyldi örugglega öskuskafl sem væri af þykktinni milli 1½ og 2 m., og það segir sig sjálft að það er mjög fráleitt að vísa þessu sambandi til slæmrar reynslu úr Vestmannaeyjum, vegna þess að málið er auðvitað nákvæmlega á hinn veginn, að reynslan úr Vestmannaeyjum var hagnýtt til þess að hanna þessa stöðvarbyggingu þannig að hún þyldi mjög mikið **öskufall.**

Í umr. um þetta mál hefur mikið verið rætt um hugsanlegan rekstrarkostnað þessarar virkjunar, og eitt af því, sem hv. þm. Vilborg Harðardóttir nefndi í þessu sambandi, var að það væri sá grundvallarmunur á jarðvarmavirkjunum og vatnsaflsvirkjunum, að þegar um væri að ræða vatnsaflsvirkjanir, þá yrðu menn að velja allt eða ekkert, þá kæmu engir áfangar til greina. Ég er ansi hræddur um að þarna sé æðimikill misskilningur á ferð, og það er greinilegt að hv. þm. hefur ekki gert sér grein fyrir því að þegar Sigölduvirkjun var í undirbúningi var einmitt gert ráð fyrir því upphaflega að hún yrði byggð í þremur áföngum. Það er að vísu alveg rétt, að að það er auðveldara og hagkvæmara að byggja jarðvarmavirkjanir í áföngum, og það er einn af stóru kostunum við þær virkjanir. Það er hins vegar ekki rétt að slíkt geti ekki líka átt sér stað hvað snertir vatnsaflsvirkjanir. Það hefur oft gerst og mun áreiðanlega oft gerast. Og það er eitt af því, sem menn spyrja um í sambandi við allar þessar miklu umr. um Kröfluvirkjun, þegar fyrir liggur að afgangsorkan frá Sigöldu virðist verða miklu, miklu meiri en nokkurn tíma afgangsorkan frá Kröflu, hvers vegna talar þá enginn hér um það hvers vegna Sigölduvirkjun var ekki reist í fleiri en einum áfanga? Hvers vegna voru allar vélarnar keyptar til Sigölduvirkjunar í einu lagi, enda þótt fyrir liggi að það verður aðeins notuð ein vél í byrjun? Á því eru ákveðnar skýringar. Ég er alls ekki að halda því fram hér að stjórn Landsvirkjunar hafi gert rangt í því. Ég býst við að hún hafi reiknað það rétt, að þetta breytti ekki ýkjamiklu fyrir rekstur virkjunarinnar eða það væri sem sagt hagkvæmast að geta keypt allar vélarnar í einu. En ég vek bara á því athygli að hér halda menn uppi löngum umr. um þetta atriði hvað snertir Kröfluvirkjun, en dettur ekki í hug að ræða það, að hið nákvæmlega sama gildir um Sigölduvirkjun og reyndar um flestar aðrar virkjanir.

Hér er því haldið blákalt fram í þessum umr. aftur og aftur að í sambandi við byggingu Kröfluvirkjunar hafi engum dottið í hug að velta fyrir sér hver rekstrarkostnaðurinn væri, engar rekstraráætlanir gerðar. Það er nú þersýnilegt að þeir, sem halda fram slíkum fullyrðingum, vita ekki ýkjamikið um þetta mál. Þeir eiga eftir að kynna sér býsna margt áður en þeir vaða hér upp og slöngva fram svo innantómum fullyrðingum. Hér hefur t. d. verið upplýst að áætlað verð miðað við kwst. á orku frá þessari virkjun verði kr. 1.80. (**SighB:** Því neitaði orkuráðh., þetta er rangt. Hann sagði framleiðslukostnaður, ekki verð.) Já, að sjálfsögðu, ég biðst afsökunar, það mætti orða þetta með nákvæmari hætti, það mætti orða þetta þannig að áætlaður framleiðslukostnaður verði 1.80 kr. Ég þakka hv. þm. fyrir þessa ábendingu, því að þetta orð er miklu eðlilegra og hagkvæmara og auðveldar mér einmitt framhaldið, því að hvernig ætti að vera hugsanlegt að áætla framleiðsluverð öðruvísi heldur en einhver áætlun hefði verið gerð um rekstrarkostnaðinn? Hvernig í ósköpunum ætti slík tala að hafa orðið til ef menn hefðu ekki gert sér neina grein fyrir því hver kostnaðurinn yrði við rekstur virkjunarinnar? Segir það sig ekki einmitt sjálft að þetta, að um er að ræða framleiðslukostnaðarverð, það felur í sér að einhverjar áætlanir hafa verið gerðar um það hvað framleiðslan kostaði? Ég held að það liggi nokkuð í hlutarins eðli. Auðvitað hafa verið gerðar áætlanir um rekstur þessarar virkjunar eins og allra annarra virkjana, og það er út frá þeirri áætlun sem þetta orkuverð er reiknað. En hitt er allt annað mál, að þetta verð er að sjálfsögðu miðað við það þegar virkjunin selur alla sína orku, þegar virkjunin er fullnýtt. Að öðrum kosti væri ekki hægt að reikna þetta verð. Og það verður ekki fyrstu árin.

Ég get ekki svarað til um það hvort greiðsluáætlanir hafa verið gerðar í sambandi við virkjunina, því að um það hefur Kröfluvirkjunarstjórn ekki fjallað. En ég býst við að mönnum þyki að hæstv. orkumrh. hafi gefið allgóða skýringu á því atriði þegar hann ræddi um þann augljósa kjarna varðandi það atriði að gera mætti ráð fyrir því að framlengja yrði þau lán, sem tekin hafa verið, og að greiðsluáætlanir yrðu því síðar gerðar. Það hefur enginn látið sér til hugar koma að svo stór og mikil virkjun sem þessi yrði borguð niður á fáeinum árum. Það segir sig sjálft að við hljótum að dreifa greiðslubyrðinni á mjög langan tíma, og það er sjálfsagt eftir að gera margar greiðsluáætlanir í sambandi við þessa virkjun eins og aðrar virkjanir.

Ég vil endurtaka það, sem ég sagði hér varðandi Sigölduvirkjun áðan, vegna þess að bæði hv. þm. Sighvatur Björgvinsson og hv. þm. Vilborg Harðardóttir kvörtuðu svo mjög yfir því að hafa ekki séð neinar áætlanir um rekstur þessarar virkjunar: Hafa þessir þm. séð áætlanir um rekstur Sigölduvirkjunar reiknaðan stakan út af fyrir sig? Ég er ansi hræddur um að hv. þm. geti ekki bent á neinar slíkar áætlanir. Það eru til rekstraráætlanir fyrir Landsvirkjun í heild, þar sem Sigölduvirkjun er einn þátturinn í orkuöflun Landsvirkjunar og þar sem reiknað er út hvernig rekstur Landsvirkjunar komi út í heildina tekið. En það liggja ekki fyrir neinar áætlanir um rekstur Sigölduvirkjunar skoðaðrar sem sérstaks fyrirtækis, og ég er ansi hræddur um það, að ef menn tækju sig til og reiknuðu út hvert

tapið væri á Sigölduvirkjun á fyrstu 2—3 árunum, ef við ætlum bara að taka þau ár og engin önnur ár, þá yrðu það býsna háar tölur og allmiklu hærri tölur en nokkurn tíma varðandi Kröfluvirkjun, því að sú virkjun er, eins og ég hef nú þegar tekið fram, miklu verr nýtt fyrst í stað heldur en Kröfluvirkjun verður. Hins vegar liggur það í augum uppi að slíkir útreikningar eru einskis virði. Það verður að líta á það hvernig slíkar virkjanir koma út á löngum tíma í fyrsta lagi og í öðru lagi í tengslum við raforkukerfið í heild sinni. Það er fráleitt að skoða Kröfluvirkjun rekstrarlega séð fyrir það afmarkaða svæði sem er nú samtengt á Norðurlandi.

Ég vil þá víkja örfáum orðum að þeirri furðulegu einsýni sem mér virðist lýsa sér í tali nokkurra þm. um það að einhver hrikaleg misbeiting valds hafi átt sér stað vegna þess að valdar voru 60 mw. vélar, en ekki 55 mw. vélar. Hér hefur verið gerð grein fyrir því að þessar vélar hafa ástimplað afl 60 mw., og enda þótt hámarksafköst þeirra séu 70 mw., þá felst ekki í því neitt lagabrot vegna þess að svo er yfirleitt um allar orkuvinnsluvélar að þær hafa ákveðið ástimplað afl, sem er það afl sem gengið er út frá að sé í meðalkeyrslu. En þær hafa hins vegar ákveðin hámarksafköst. Og ég er viss um það að í mjög mörgum tilvikum hér á landi hafa hámarksafköstin legið fyrir ofan þær tölur sem lagaheimildir voru strangt tekið miðaðar við.

Nei, það var ekki verið að spara orðin í sambandi við þetta óskaplega lagabrot. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson talaði hér um — ég skrifaði það eftir honum, — að grundvallarleikreglum lýðræðis og þingræðis hefði verið misboðið og þetta væri gróf misbeiting valds. Ja, það er merkilegt að þingræðið skuli enn haldast eftir svo ógurleg mistök. En um þessi mistök hafa menn vitað um alllangt skeið án þess að nokkur maður hafi heyrst nefna þessa ósvinnu. Ég veit ekki betur en það hafi verið tilkynnt um það fyrir meira en einu ári að vélarnar, sem keyptar hefðu verið, væru 60 mw. og með hámarksafköst 70 mw. Ég veit ekki til að nokkur aðili, hvorki pólitískur aðili né sérfræðilegur aðili, hafi borið fram mótmæli vegna þessa, og hafa þó ekki verið fá tækifæri til þess hér á landi og hér í Alþ. að taka þetta mál til umr. Ég veit ekki betur en hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hafi tekið þátt í afgreiðslu fjárlaga tvívegis, við afgreiðslu fjárl. 1975 og 1976 og í bæði skiptin hefur hann fallist á eða a. m. k. látið ógetið og ekki staðið hér upp til að mótmæla því að aflað væri fjármuna til þess að kaupa vélar sem hefðu hámarksafköst 70 mw. Um þetta hafa sem sagt allir vitað allan tímann án þess að nokkrum manni hafi dottið í hug að fara að tína þetta til fyrr en kemur að þessum úlfaþyt sem nú er á ferðinni. Ég tel að ef einhverjum hefði dottið í hug að þetta skipti einhverju máli, þá hefði auðvitað tafarlaust verið gengið í það að fá að breyta þessari lagaheimild og hækka þetta úr 55 mw. í 60 mw., og ég er ekki frá því að á þetta hafi einhvern tíma verið minnst í Kröflunefnd. En einhvern veginn varð aldrei af þessu vegna þess að menn óraði ekki fyrir því að nokkur gæti verið svo smásmugulegur að láta sig þetta nokkru varða.

Ef hér væru einhverjir hagsmunir á ferðinni sem skiptu máli, ef hér væru einhverjir sem ættu hagsmuna að gæta að koma í veg fyrir það að þessi tala hækkaði ekki um 5 mw. þá væri eðlilegt að fram kæmu mótmæli. Það er harla ólíkt í þessu tilviki og aftur varðandi Laxárvirkjun, þar sem menn höfðu hagsmuna að gæta varðandi það að ekki væri verið að byggja miklu stærri virkjun en lög leyfðu. Þar höfðu menn hagsmuna að gæta og þar mótmæltu menn og mótmæltu í tíma, mótmáltu allan tímann. Í þessu tilviki hefur ekki nokkur maður sagt neitt, vegna þess að menn voru ekki á þeim buxunum að vera svo smásmugulegir að láta þetta sig nokkru varða.

Í þessum umr. hefur mikið verið rætt um orkunýtinguna, og ég hjó eftir því að hv. þm. Vilborg Harðardóttir var hér með útreikninga sem snertu nýtingu orkunnar frá Kröflu, þar sem hún miðaði við orkumarkaðinn á Norðurlandi, Austurlandi og Vestfjörðum. Nú er það svo að það er ákaflega erfitt að henda reiður á tölur af þessu tagi og ég ætla því ekki að fella neinn dóm um þær, enda kom ekkert fram um það hvaðan þær væru fengnar. (**VilbH**: Þær eru fengnar úr orkuspá Orkustofnunar.) Úr orkuspá Orkustofnunar, já. En mér þótti dálítið einkennilegt að hún skyldi spyrja að því oftar en einu sinni hvað ætti að gera við orku sem þarna yrði hugsanlega afgangs, án þess að nefna þá nokkurn annan landshluta heldur en Austurland, Vesturland og Norðurland. Er alveg óhugsandi að orka yrði flutt frá Norðurlandi og suður á bóginn? Er það nokkuð annað en sjálfsagt, að ef um verður að ræða offramboð á orku á Norðurlandi og þörf verður fyrir orku hér syðra, þá verði hún að sjálfsögðu flutt suður eftir þessari ágætu byggðalínu. Ég vona satt að segja að þm. Reykv. hafi ekki gripið þetta gamla nafn svo fast í sig: „hundurinn að sunnan“, að þeir geti ekki hugsað sér að fá orku að norðan hingað í því skyni að fresta byggingu orkuvers hér syðra. Ég veit ekki betur en það hafi komið fram núna einmitt seinustu dagana, seinast frá einum hv. þm. Reykv., Einari Ágústssyni utanrrh., að brýna nauðsyn bæri til að taka tafarlaust ákvarðanir um byggingu Hrauneyjafossvirkjunar. Segir það sig ekki sjálft að Hrauneyjafossvirkjun á ekki rétt á sér hér syðra fyrr en búið er að nýta til fulls alla þá orku sem verður á sameiginlegum orkumarkaði á Norður- og Suðurlandi?

Það fer ekki milli mála að málflutningur andstæðinga Kröfluvirkjunar hefur miðað að því að stöðva framkvæmdir við þessa virkjun. Það er þeirra aðalkrafa. Og ég vil enn minna á að þessi krafa virðist ekki gegna ýkja rökstuddum eða skynsamlegum tilgangi. Eða til hvers er hún fram sett? Ég benti á það áðan og endurtek hér, að það er ekki hægt að sýna fram á að með þeim hætti verði fjármunir sparaðir. Hv. þm. Bragi Sigurjónsson sagði áðan að sjálfsagt væri að fresta Kröfluvirkjun og nota tímann til að kanna frekar markaðinn. (**BrS**: Ég sagði ekki fresta, hægja á.) Eða hægja á, en hverju mun það breyta? Hefur hv. þm. hugsað sér að við munum þá selja vélarnar og kaupa aðrar

í staðinn, eða hvað er það sem hann ætlast til að gert verði í millitíðinni? Liggur ekki alveg ljóst fyrir hv. þm., jafnvel og mér og öðrum, að það er búið fyrir einu ári að taka allar þær ákvarðanir um hönnun og gerð þessarar virkjunar sem máli skipta, og úr því sem komið er er það löngu liðin tíð að hagkvæmt sé að breyta þar nokkru sem máli skiptir? Hvað er það þá sem við vinnum á því að fresta eða hægja á framkvæmdum í sambandi við virkjunina?

Ég tek undir það, að þetta er einmitt það verk sem vinna þarf og hefði þurft að vinna fyrir löngu, að kanna betur markaðinn og gera ráðstafanir til að nýta orkuna. En ég sé ekki að við græðum eitt eða neitt á því að hægja á virkjuninni fyrir því. (**BrS:** Verður gufan til?) Ja, ef gufan verður ekki til, þá nær það ekki lengra. Ég sé ekki að það sé nein ástæða til þess að láta vélarnar standa í pakkhúsi á Húsavík bara vegna þess að gufan sé ekki tilbúin. Það hefur verið upplýst margsinnis í þessum umr. að það er hægt að nota aðra vélina til orkuframleiðslu, jafnvel þótt gufan sé ekki fyrir hendi. Á því eru að vísu kannske einhverjir annmarkar, en það er enginn vafi á því að með því að nota aðra vélina til takmarkaðrar gufuframleiðslu, þegar sérstök neyðartilvik skapast og sérstök þörf verður á því, þá er hægt að bjarga miklu, og ég fæ alls ekki skilið hvers vegna hv. þm., sem nú er jafnframt hér á þingi fyrir norðlendinga, vill endilega knýja það fram að hægt verði á þessum virkjunarframkvæmdum, þannig að hann geti verið nokkurn veginn viss um að mikil vandræði verði á næsta vetri. Getur hann ekki orðið okkur sammála um það, að hitt er miklu réttara, að halda áfram eins og nú hefur verið ráðgert og sjá svo til hvort gufa verður komin. Það standa vonir í dag til þess að önnur vélin geti farið í gang, og það hljótum við allir að vona. Ef ekki verður hægt að reka þá vél með fullri orku, þá er kannske hægt að reka hana með hluta af því afli sem hún á síðar að skila. Ég fæ ekki séð að þetta séu nein rök fyrir því að hægja á virkjunarframkvæmdunum, því að það er ekki hægt að sýna fram á að með því sparist eitt eða neitt.

Hér er líka nefnt í þessum umr. að við eigum að slá þessum virkjunarframkvæmdum á frest vegna þess að eldgos sé í aðsigi. Hér er svo sannarlega komið inn á svið sem ég er ekki sérfræðingur á, síður en svo. En staðreyndin er hins vegar sú, að þeir sérfræðingar, sem Kröflunefnd hefur ráðgast um við hvað þetta atriði varðar og iðnrn. hefur að sjálfsögðu sérstaklega rætt við um þessi atriði, þeir telja ekki að ástæða sé til þess að slá virkjuninni beinlínis á frest vegna hættu á eldgosi. Ég veit vel að þegar hv. þm. veifar hér ákveðinni grein og telur að þar með sé mál hans endanlega sannað, þá veit hann hvert svarið er við slíkri röksemd. Skoðanir eru skiptar meðal sérfræðinga, og þó hv. þm. hafi mikið álit á þeim ágætu sérfræðingum sem hafa látið þetta álit sitt í ljós, þá er það síður en svo að það sé einróma álit sérfræðinga. Þeir eru skiptir í þessu máli, og mér er nær að halda að mikill meiri hluti þeirra, sem hafa tjáð sig um þetta atriði, sé annarrar skoðunar. Ég held að menn geri sér grein fyrir því að það getur enginn sagt neitt fyrir um það, hvort muni gjósa á þessu svæði á næsta ári eða næstu 100 árum eða kannske ekki fyrr en eftir 200 eða 300 ár. Það hafa oft liðið, að því er talið er, milli 500 og 1000 ár á milli eldgosa á þessu svæði, og ég býst við að enginn treysti sér til að vera slíkur spámaður að hann geti neitt sagt um, hvort það sé rétt að bíða með framkvæmdir við Krófluvirkjun eftir því að gos komi í ljós. Það má vera að við þyrftum þá að bíða í 100 ár þess vegna. Við getum því miður aldrei verið vissir í þessum efnum.

Þegar það er fullkomlega ljóst að ekkert virðist vinnast við það að fresta byggingu þessarar virkjunar, hver er þá eiginlega tilgangurinn með öllu þessu mikla upphlaupi? Jú, tilgangurinn er bersýnilega sá, að verið er að reyna að koma höggi á einstaka menn vegna þess sem heyrir liðinni tíð til. Ég tel að þeirri gagnrýni, sem beint hefur verið gegn framkvæmdum við Kröflu, hafi verið svarað með fullum rökum og að það sé ekki til góðs að halda þessu þrasi áfram um það sem heyrir liðinni tíð til. Ég held að nær væri að snúa sér að því að leysa þau vandamál sem við blasa. Við getum öll verið sammála um að orkan verður ekki nægilega vel nýtt á næstu árum. Ég hef gert grein fyrir hverjar eru skoðanir mínar á því, hver sé ástæðan fyrir því að illa hefur tekist til um orkunýtinguna, og ég tel að nú eigi menn að sameinast um það að sjá til þess að þeir hinir miklu orkugjafar við Sigöldu og við Kröflu, sem Alþ. á sínum tíma samþykkti að virkja, verði nýttir sem fyrst í þágu bæði innlends iðnaðar og til innlendrar húsahitunar, því að eins og ég tók fram í fyrri ræðu minni, þá hefur því miður ekki tekist nægilega vel til um nýtingu þessarar orku.

Það er margt fleira sem hér mætti nefna í þessu sambandi. En vegna þess að ég veit að hæstv. forseti vill gjarnan að þessum umr. fari senn að ljúka, þá læt ég þessi orð nægja.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í herferð Alþfl. undanfarnar vikur gegn Krófluvirkjun hefur það vakið nokkra athygli, að um leið og dregið hefur úr jarðskjálftum á Kröflusvæðinu, þá hefur skjálftavirkni aukist í Alþfl. Það kom greinilega fram í ræðu þeirri sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson flutti hér áðan og eins í fyrri ræðu hv. þm. Braga Sigurjónssonar. Hins vegar var þetta á annan veg í seinni ræðu Braga Sigurjónssonar, því að svo að ég noti orð eins sérfræðingsins sem þeir félagar eru alltaf að vitna í, — það var alveg eins og hv. þm. hefði tæmst af gufu.

Í umr. hér og í skýrslu minni er í rauninni búið að upplýsa allan þorra af þeim atriðum sem hér hafa verið gerð að umtalsefni. Það eru aðeins örfá atriði sem ég vil að lokum minnast á.

Það er þá í fyrsta lagi sú endurtekna staðhæfing, að iðnrn., Kröflunefnd og aðrir aðilar hafi gengið á svig við sérfræðinga, virt að vettugi álit þeirra, gengið á móti þeirra till. Allir, sem fylgst hafa með þessu máli, vita að þetta eru staðlausir stafir. En hins vegar er rétt að staldra hér við, — ég geri raunar ráð fyrir því að t. d. ritstjóri Alþýðublaðsins sé búinn að

telja sér trú um að eitthvert sannleikskorn sé í þessum staðhæfingum. Ég skal fyrst nefna eitt dæmi.

Það var 19. jan. s. l. sem 4 jarðvísindamenn við Raunvísindastofnun háskólans rituðu mér bréf. Það bréf var kærkomið. Þegar í stað hafði ég samband við einn þeirra, Þorleif Einarsson prófessor, til að þakka honum fyrir þetta bréf og þessar ábendingar og bað hann að flytja þær þakkir til félaga hans. Í þessu bréfi segir svo:

„Við teljum því óráðlegt að halda áfram framkvæmdum við Kröfluvirkjun, öðrum en þeim sem stuðla að verndun þeirra mannvirkja sem þegar hefur verið fjárfest í, meðan jarðskjálftahrinan, sem hófst 20. des. 1975, stendur yfir.“

Við framkvæmdir í sambandi við Kröfluvirkjun var farið eftir þessum ábendingum. Það var unnið að því að styrkja og treysta þær byggingar, fyrst og fremst stöðvarhús, sem í smíðum voru. Það var í einu og öllu, meðan jarðskjálftahrinan stóð yfir, farið eftir þessum ábendingum. En fréttamenn og þeir, sem hafa valið sér það hlutskipti að berjast gegn Kröflu, þeir birtu þessar fregnir, þessa umsögn jarðvísindamannanna ekki eins og rétt var, heldur var því alltaf slegið upp í fyrirsögnum og forustugreinum í þessum tveimur blöðum, sem hafa haft samflot í þessum efnum, að jarðvísindamennirnir hafi talið óráðlegt að halda áfram framkvæmdum við Kröflu. — M. ö. o.: alger fölsun á umsögninni. Því er sleppt, að þeir telji eðlilegt að halda áfram við að styrkja húsin og mannvirkin, og því er sleppt, að viðvörun þeirra var miðuð við það meðan jarðskjálftahrinan, sem hófst 20. des., stendur yfir. Með þessum hætti gáfu þessir blaðamenn almenningi alranga hugmynd, sögðu rangt frá. Það er vafalaust svo um suma þessa menn, að þeir fara sjálfir að trúa því sem þeir hafa sagt ósatt í byrjun þegar það er sagt nógu oft.

Nú held ég að allir viðurkenni að jarðskjálftahrinan, sem hófst 20. des. 1975, stendur ekki yfir, henni er lokið, — hvað sem verður um framtíðina. Iðnrn. hefur beðið Þorleif Einarson prófessor um skriflega umsögn um þetta atriði nú. Það hefur ekki fengist. Það eina svar, sem hefur fengist frá þeim ágæta prófessor, er viðtöl við blöð, en grg., undirskrifuð af vísindamönnunum eins og bréfið frá 19. jan., hefur reynst ófáanlegt.

Ég nefni þetta dæmi um það hvernig sumir blaðamenn hafa leyft sér að afflytja umsagnir vísindamanna og á þeim grundvelli, þessum ranga málflutningi, búið til þær staðhæfingar að ráðamenn hafi gengið á svig við ráðleggingar og tillögur vísindamannanna.

En þá komum við að öðru atriði. Þegar vísindamenn greinir á, hvað skal þá gert? Og þegar vísindin eru ekki lengra á veg komin en það, að vísindamenn geta engu spáð með vissu um hlutina, hvað á þá að gera? Það er auðveldast, það er létt verk og löðurmannlegt, að gera þá ekki neitt, leggja árar í bát, halda að sér höndum. En þegar vísindamenn greinir á, þá verða auðvitað þeir, sem bera ábyrgð á framkvæmd málanna, að taka ákvarðanir. Í þessum tilvikum, sem hér er um að ræða, hefur oft orðið svo að vera.

Hér er því haldið fram hvað eftir annað að val virkjunarstaðar hafi alls ekki verið eftir ábendingum vísindamannanna. Manni skilst helst á ræðum og skrifum sumra manna að það hafi verið Jón G. Sólnes, Ragnar Arnalds og Ingvar Gíslason sem í raun hafi farið á staðinn, valið virkjunarstaðinn, kannske látið mig vita og fengið samþykkt. Hver er sannleikurinn í þessu? Orkustofnunin hefur á að skipa fjölda vísindamanna í öllum þeim greinum sem hér er um að ræða. Árum saman fóru fram rækilegar forrannsóknir og ítarlegri rannsóknir á þessu svæði á vegum Orkustofnunar. Að undangengnum öllum þessum rannsóknum leggur Orkustofnun til að ráðist sé í virkjun Kröflu, og það er Orkustofnun sem velur virkjunarstaðinn og m. a. ákveður hvar stöðvarhúsið skuli byggt. Staðhæfingar um annað eru tilhæfulausar.

En við komum þá að öðru. Í jarðeldafræði eru rannsóknir og vísindi því miður ekki lengra komin en svo að menn geta ekki sagt fyrir um eldgos. Við þurfum ekki annað en líta á nokkra atburði, tiltölulega nýja, til að sannfærast um þetta. Árum saman hefur verið gefið í skyn að miklar líkur séu á nýju Kötlugosi. Menn hafa beðið eftir því í ofvæni og ótta. Það hefur sem betur fer ekki komið enn. Fyrir nokkrum árum birtist grein eftir einn af okkar allra fremstu jarðfræðingum. Þar segir m. a. að í yfirliti Þorvalds Thoroddsens jarðfræðings hafi Helgafell í Vestmannaeyjum verið talið virkt eldfjall. Hinn ágæti vísindamaður taldi ekki lengur ástæðu til þess, Helgafellssvæðið væri útdautt og því rétt að strika það af skrá um virk eldfjallasvæði á Íslandi. Nokkrum árum síðar hófst gosið á Heimaey. Við vitum það líka að þegar gosið hófst í Leirhnúk, sem varð sem betur fer mjög skammvinnt, þá heyrðist það eftir sumum sérfræðingum, sem gengu um svæðið fyrir norðan, að nú væri „goslegt“ á Þeistareykjabungu, „goslegt“ á Kröflusvæðinu og Mývatnssvæðinu. Það minnti á þegar mönnum finnst vera veðrilegt á einhverjum stað. Það var spáð gosi þá og þegar á ýmsum stöðum þar nyrðra. Sem betur fer hefur það ekki komið enn.

Með allri virðingu fyrir jarðvísindamönnum, þá er sannleikurinn sá, að það er ekki enn í mannlegum mætti að segja fyrir um eldgos. Stundum spá menn eldgosi sem ekki kemur. Stundum spá menn því að allt sé útdautt og þá brýst út eldgos skömmu síðar. Ég held að eftir að Hekla gaus 1947 hafi jarðfræðingar yfirleitt verið sammála um, að nú mundi Hekla ekki gjósa á næstu áratugum, og miðuðu þá við reynslu fyrri alda. Ég ætla að það hafi komið þeim jafnmikið á óvart og öðrum, að þegar verið var að vígja Búrfellsvirkjun skyldi Hekla fara af stað, 23 árum eftir gosið 1947.

Ég nefni þessi dæmi ekki í óvirðingarskyni við vísindamennina. Við metum þá mikils. En það er þannig með þá, sem bera ábyrgð á framkvæmdum í þjóðfélaginu, að þeir þurfa oft að taka sjálfstæðar ákvarðanir eftir að hafa leitað álits sérfræðinganna. Þær eru oft erfiðar, en þær verður að taka, því að þjóðlífið verður að hafa sinn gang. Og þessar ákvarðanir eru yfirleitt auðveldar ef öllum sérfræðingum ber saman. En þegar annaðhvort er svo ástatt að

visindin eru ekki komin lengra en svo sem ég nefndi eða sérfræðinga greinir á, þá verður þessar ákvarðanir að taka. Og mér finnst það furðulegt, að þegar Orkustofnun, sem árum saman hefur unnið af hinni mestu kostgæfni með vísindamönnum sínum að rannsóknum og undirbúningi á Kröflusvæðinu, er komin að niðurstöðu, mælir með virkjun, ákveður staðinn, þá skuli nokkrir af starfsmönnum þar finna hvöt hjá sér, þegar framkvæmdir eru langt komnar, til þess að vefengja það sem stofnunin sjálf og forustumenn hennar hafa látið frá sér fara. Vitanlega eiga þessir menn að hafa málfrelsi, en manni finnst það næsta furðulegt, að þeir skuli þá ekki hafa látið frá sér heyra fyrr.

Annað er það sem menn verða líka að gæta þegar vitnað er til sérfræðinga, og þar er mikill misbrestur í málflutningi hv. þm. Sighvats Björgvinssonar og Braga Sigurjónssonar. Þegar Þorleifur Einarsson prófessor á blaðaviðtal sem er að minnstu leyti um hans sérgrein og hann lætur í ljós skoðanir sínar og fordæmingu á hinu og þessu sem er langt utan við hans sérþekkingu, þá er vitnað í öll þessi ummæli hans sem sérfræðiálit. Þegar Þorleifur Einarsson fer að láta í ljós skoðanir sínar í vélaverkfræði og að þær vélar, sem búið er að festa kaup á, séu ónothæfar, þá legg ég meira upp úr því sem hinn viðurkenndi sérfræðingur, prófessor í vélaverkfræði, Valdimar Jónsson, lætur frá sér fara. Það má einnig hafa í huga að þeir ráðgjafar, sem hér hafa verið að verki, tvö viðurkennd ráðgjafarfyrirtæki, íslenskt og erlent, hafa einróma mælt með þessum vélum. Ég bendi á þetta með allri virðingu fyrir Þorleifi Einarssyni sem jarðfræðingi. En það er auðvitað rangfærsla og blekking þegar farið er að vitna til „sérfræðiálits" hans um allt aðra hluti heldur en þá sem snerta hans sérgrein.

Hér var á það minnst að lög hefðu verið brotin og hafði hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sterk orð þar um. Hv. 5. þm. Norðurl. v., Ragnar Arnalds, hefur svarað þessu. Ég vil bæta því við, að lögin heimila virkjun allt að 55 mw., en það er 30 mw. stöð sem nú er verið að reisa. Það er aðeins fyrri vélasamstæðan sem á að koma fyrir nú, og ég held að það geti engum blandast hugur um að það er fyllilega innan ramma laganna. Hins vegar áður en til þess kæmi að önnur vélasamstæða yrði sett upp, þá tel ég sjálfsagt að fá nýja lagaheimild, enda má gera ráð fyrir að samkv. þeirri reynslu, sem þá er fengin, þurfi einnig að breyta fleiri ákvæðum laganna.

Í sambandi við afkomu — greiðsluafkomu, rekstrarafkomu — Kröfluvirkjunar má segja að þar séu tvö meginatriði sem máli skipta. Annað er þetta: Hver verða greiðslukjör, afborgunarkjör, hve langur verður afskriftatími á þessari virkjun? Hitt atriðið: Hver er orkumarkaðurinn? Hverjir eru möguleikar á að selja þessa orku?

Varðandi sjálfan stofnkostnað virkjunarinnar, þá hefur áður verið gerð grein fyrir því að framleiðslukostnaður er fyllilega sambærilegur við þær vatnsaflsstöðvar, sem hagkvæmastar eru. Þegar ég nefndi hér að framleiðslukostnaður væri áætlaður 1.80 kr., samanborið við Sigöldu og Hrauneyjafoss 1.50 til 1.80 kr., þá er hér um sambærilegar tölur að ræða, þær eru byggðar á sömu forsendum, allar stöðvarnar fullbyggðar, fullnýttar. Þetta er aðferð sem notuð er til þess að fá samanburð á virkjunarkostum. Það er auðvitað byggt á misskilningi hjá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni þegar hann hefur það eftir mér að söluverð orkunnar ætti að vera kr. 1.80 frá Kröfluvirkjun. Ég vil benda á það í fyrsta lagi, að t. d. frá Landsvirkjun, sem byggir þó að verulegum hluta á eldri rafstöðvum sem eru þegar að töluverðu leyti greiddar og afskrifaðar, og þó framleiðslukostnaður Sigöldu sé áætlaður þetta 1.50—1.80 kr., en miklu lægri og ódýrari í eldri virkjununum, — þá er söluverð orkunnar frá Landsvirkjun nokkuð á þriðju krónu að meðaltali á kwst. til almenningsnota. Auðvitað verður söluverð orkunnar frá Kröflu hærra en 1.80 kr. En hvert söluverðið þarf að vera, það veltur fyrst og fremst á þessum tveimur meginatriðum: Hver verða lánskjörin, og hver verður markaðurinn?

Hér hafa verið afflutt ummæli Jóhannesar Nordals í ræðu hans á fundi Sambands ísl. rafveitna, þar sem settir eru fram ýmsir útreikningar með 7 ára og 15 ára lánstíma. Þó að það sé rétt, að í dag er ekki hægt að fá lán til langs tíma, þá breytir það engu um að þessa virkjun er ekki fremur en aðrar hægt að borga upp á örfáum árum. Það verður að dreifast yfir á langan tíma. Almenn regla er sú, að afskriftatími vatnsaflsvirkjana er metinn 40 ár og gufuaflsstöðva 25 ár. Þetta er reikningsaðferð, en hins vegar vitað að þessar stöðvar endast miklu lengur. Ég hef bent á það áður að Ljósafossstöðin í Sogi er nær 40 ára gömul og ekkert lát á henni. Hún endist vafalaust langan aldur enn. En hún er fyrir nokkru greidd upp að fullu og afskrifuð. Og ég vænti þess að ég þurfi ekki að endurtaka það oftar til þess að menn skilji, að þó að ekki sé hægt nú að fá lán til langs tíma, þá verður að sjálfsögðu að dreifa þessari greiðslubyrði á fleiri ár, annaðhvort með því á næstu árum, þegar rýmkast um á lánamarkaði heimsins, að breyta lánum í lán til lengri tíma eða að taka ný lán til þess að létta byrðina. Ég nefndi hér í skýrslu minni dæmi um þetta frá Landsvirkjun í sambandi við Sigölduvirkjun. Landsvirkjun hefur tekið 10 ára lán, á að greiða meginhluta þess á 10. ári, en í útreikningum um rekstur og greiðsluafkomu Sigöldu eða Landsvirkjunar er ekki reiknað með því að greiða þetta 10 ára lán upp, eins og samningar standa til, heldur gengið út frá því að stærsta afborgunin síðasta árið verði framlengd, annaðhvort með samningum við þennan lántakanda eða nýju láni. Ég nefndi það líka, að Landsvirkjun hefði fengið fyrirgreiðslu með svokölluðum víkjandi lánum frá ríkissjóði þar sem enn í dag, eftir allmörg ár, hefur ekkert verið borgað, hvorki í vexti né afborganir. Á sama hátt verður auðvitað að miða rekstur Kröfluvirkjunar við það að lánin verði framlengd og fyrirgreiðsla komi í einu eða öðru formi til þess að þetta þurfi ekki að lenda á örfáum árum á einni kynslóð eða jafnvel að greiðast upp á 7 eða 10 eða 15 árum. Þannig verða virkjanir ekki byggðar. Ef menn halda sig fast við það að þetta sé bara út í loftið, út í hött, þá leiðir af því að hætta við **allar**

virkjanir á Íslandi. Það getur verið að það sé fyrst og fremst það sem alþfl.-menn eru að boða: Það á annaðhvort að hætta við eða slá á frest eða fara hægar í virkjun Kröflu. — Að vísu bendir nú flest, sem þeir hafa sagt, til þess að þeir telji að aldrei hefði átt í hana að ráðast og fyrst ráðist var í hana, þá eigi að hætta við hana. Að vísu stangast þetta gersamlega á afstöðu Alþfl. 1974, þegar frv. um Kröflu var til meðferðar, því að þá greiddu alþfl.-menn atkvæði með lögunum um virkjun Kröflu. Fulltrúar flokksins í iðnn. beggja d. mæltu með frv., þó að sumir þeirra telji nú að það hafi verið hin mesta fásinna að ráðast í slíkt.

Lánum verður að dreifa yfir á lengri tíma og um það ætti ekki að þurfa að deila. Ég hef hér í höndum bréf frá orkumálastjóra, þar sem hann gerir grein fyrir því hvernig þessum hlutum er háttað í sumum öðrum löndum, sérstaklega í Svíþjóð. Það þekkist hvergi í nokkru landi að ætlast sé til þess að rafstöðvar séu greiddar þannig niður á örfáum árum. Og það eru farnar þær leiðir sem ég hef verið að rekja.

Við komum þá að hinu atriðinu sem segir til um greiðslu- og rekstrarafkomu þessarar virkjunar, og það er markaðurinn. Það er furðulegt að heyra hvernig menn leyfa sér að tala og það jafnvel menn sem ættu að vera og eru kunnugir fyrir norðan. Það er eins og þeir loki gersamlega augunum fyrir því að undanfarin ár hefur stundum verið hreint neyðarástand þegar vetur hefur verið harður og stíflur í Laxá. Og fyrir 2—3 árum var lagt bann við frekari húshitun á Norðurlandi, það var bannað að tengja hús, jafnvel hús sem höfðu verið byggð með það fyrir augum að fá rafhitun. Þrátt fyrir það að rafhitun hafi þar verið stöðvuð í 2—3 ár, þrátt fyrir það að iðnaðurinn hefur verið lamaður, þrátt fyrir algert neyðarástand þegar miklar truflanir hafa komið í Laxá, þá leyfa menn sér hér að tala eins og það sé ekkert vandræðaástand fyrir norðan. Það er eins og einhverjir menn séu að leika sér að þessu, gera það sér til dundurs eða sjálfum sér til frægðar að byggja þarna nýja virkjun. Svona þýðir auðvitað ekki að tala. Allir menn vita að þörfin hefur verið og er brýn fyrir norðan.

Það er auðvitað hægt að segja: Það á að keyra allar dísilstöðvar af kappi. Það á að brenna olíu fyrir hundruð milljóna á hverju ári. — En mér finnst að þeir, sem tala um efnahagsöngþveiti í þjóðfélaginu, eins og hv. þm. Bragi Sigurjónsson sem í báðum ræðum sínum talar af ábyrgðartilfinningu um efnahagsástandið, ætti ekki að flytja okkur þann boðskap að það sé þjóðinni í hag og muni bæta efnahagsástandið á Íslandi að í stað þess að hraða virkjunum og nota innlenda orku, þá eigi í auknum mæli að brenna erlendum gjaldeyri að óþörfu. Það er ekki ábyrgðartilfinning sem felst í slíku tali.

Ég hef áður gert að umtalsefni markaðinn fyrir norðan. Um mörg undanfarin ár hafa ýmsir aðilar gert orkuspár. Þessar spár hafa verið gerðar á mismunandi tímum og út frá mismunandi forsendum, og þess vegna hefur margt stangast á í þessum orkuspám. Þess vegna var ákveðið fyrir nokkru að efna til samstarfs til þess að fá samræmingu í þessu efni. Sérstök orkuspárnefnd var sett á laggirnar á s. l. hausti. Þar eiga sæti fulltrúar frá Orkustofnun, frá Landsvirkjun, frá Laxárvirkjun, frá Rafmagnsveitum ríkisins, frá Rafmagnsveitu Reykjavíkur og frá Sambandi ísl. rafveitna. Auk þess hefur verið haft samband við Framkvæmdastofnun ríkisins. Þessir fulltrúar hafa þegar lagt mikið starf í orkuspá. Það liggur þegar fyrir orkuspá til bráðabirgða frá þessari samstarfsnefnd. Niðurstaðan er ekki aldeilis á sömu nótum og þm. Bragi Sigurjónsson eða Sighvatur Björgvinsson eða Vilborg Harðardóttir, sem flutti þennan sama boðskap, að allt sé yfirfljótanlegt af orku.

Í þessari orkuspá er gert ráð fyrir að lögð sé lína til Austurlands, og kem ég þá að því sem hv. þm. Tómas Árnason ræddi. Í lögum um Kröfluvirkjun er ríkisstj. heimilað að leggja aðalorkuveitur til tengingar við aðalorkuflutningakerfi Norðurlands og Austurlands. Í samræmi við þetta fól ég Rafmagnsveitum ríkisins á s. l. ári að hanna og undirbúa þessa háspennulínu til Austurlands. Því verki er það langt á veg komið að ef fé fæst til þessarar lagningar, þá ætti sú lína að geta tekið til starfa á árinu 1978 og farið þá að flytja rafmagn frá Kröflu til Austurlands. Í þessari spá, sem ég hef fengið frá Orkustofnun, er hefur haft forgöngu um þessa samræmingu, er annars vegar reiknað með tengingu við Austurland, en það er hins vegar — og það undirstrika ég — ekki reiknað með rafhitun á Akureyri. Það er gengið út frá hitaveitu á Akureyri, og þess vegna þarf ekki frekar um það að ræða, sem hér er fullyrt hvað eftir annað, að í orkuspám og áætlun um Kröflu sé aldrei tekið tillit til hitaveitu á Akureyri. Nei, þessi orkuspá reiknar ekki með rafhitun á Akureyri. Síðast í dag ræddi ég við orkumálastjóra um þetta mál. Orkuspáin er á þá lund að fyrri vélasamstæðan í Kröflu verði fullnýtt haustið 1978 og þá þyrfti síðari vélasamstæðan að vera tilbúin til notkunar. Þegar báðar vélasamstæður eru tilbúnar, þá er spáin sú að Kröfluvirkjun verði fullnýtt á árunum 1980—1982, þ. e. a. s. að aflið verði fullnýtt 1980 og orkan 1982.

Ég vil láta þessar upplýsingar koma fram. Við þær fellur meginið af því, sem hv. þm. hafa verið hér að tala og skrifað hefur verið um málið á undanförnum vikum, gersamlega um sjálft sig.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. Ég vildi rekja hér nokkuð þær fjarstæður að gengið hafi verið á svig við einróma till. sérfræðinga. Ég hef reifað nokkuð hvernig þau mál horfa við. Ég hef rætt hér þessi grundvallaratriði um rekstur og afkomu Kröfluvirkjunar eins og annarra rafstöðva, sem er lánstíminn og orkumarkaðurinn, og ég held að það ætti ekki að þurfa lengur um það að deila eftir þessar ítarlegu rannsóknir og spár, sem nú liggja fyrir, að orkumarkaðurinn er nægur.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það vill nú svo til að ég er ekki alveg sammála þeirri orkumálastefnu sem þeir virðast hafa saman, hæstv. orkurh. og hv. þm. Stefán Jónsson, að virkjun á dag komi kerfinu í lag. Ég held nefnilega að þvert á móti þurfi að hafa gát á og aðlaga virkj-

anirnar eftirspurninni eftir orkunni, þannig að það haldist nokkurn veginn í hendur aukin eftirspurn og auknar virkjanir.

Það er svo sem ekki nýtt, eins og hæstv. orkurh. ræddi hér um áðan, að afskriftatími virkjana samræmist heldur illa þeim lánskjörum sem nú eru í boði. Þetta tók ég fram í ræðu minni fyrr í dag að er alveg rétt út af fyrir sig. Og sú skoðun hans er einnig alveg rétt, að það er ekki eðlilegt ástand á lánamörkuðum heimsins þegar ekki fæst hagkvæmara lán til virkjunarframkvæmda en 7 ára lán með 9.5% vöxtum. En þetta eru bara einfaldlega þær staðreyndir sem við verðum að horfast í augu við. Og við getum ekki byggt virkjun í von um eitthvað sem kunni að bætast úr einhvern tíma seinna. Ef svo fer, sem vel getur verið, að takist að fá þessi lánskjör framlengd úr 7 árum í 15 ár, eins og Jóhannes Nordal telur að mest megi vona, — ef svo kann að fara, sem ég er alls ekki viss um, svo að maður tali nú ekki um það ef farið verður út á þá braut, sem hæstv. ráðh. var hér að lýsa, að leysa málið með því að borga þessi skömmu lán með öðrum lánum, — hvað kostar það til viðbótar? Hver verður þá vaxtabyrðin af slíkum ráðstöfunum? Það væri fróðlegt að fá að sjá. Eða halda menn að það kosti ekki neitt að konvertera slíkum lánum? Halda menn að það kosti ekkert fé að gera slíkar breytingar? Það væri mjög fróðlegt að sjá reiknað út hvað áætlað er að slík konvertering á lánum mundi kosta ef hún væri fáanleg, sem ég er alls ekki viss um.

Í þriðja lagi minntist hæstv. ráðh. réttilega á það að þegar rætt er um framleiðslukostnað á orku, þá er bara um að ræða reiknitölur, bara samanburðartölur sem verkfræðingar reikna út til þess að meta hagkvæmni tveggja ólíkra virkjana. En þessar kostnaðartölur, þessar samanburðartölur hafa bókstaflega ekkert með rekstur virkjunarinnar að gera að öðru leyti, eins og best sést á því að það er hrein firra að halda því fram að söluverð á orku verði eitthvað nálægt þessum útreiknaða framleiðslukostnaði. Þegar fyrir liggur að greiðslubyrðin á selda kwst. er 8.03 kr., þá er alveg fráleitt að halda því fram að hægt verði að selja orkuna eitthvað nálægt þessu útreiknaða viðmiðunarverði á framleiðslukostnaði orkunnar, sem er kr. 1.80. Það er gersamlega út í hött.

Það má einnig vel vera, sem hæstv. ráðh. segir, að það vanti tillögur sérfræðinga. Ég er nú ekki alveg sammála um það, vegna þess að hér liggja fyrir grg. bæði frá Orkustofnun og fimm sérfræðingum við þá stofnun þar sem mjög er varað við því að halda áfram að óbreyttum aðstæðum. Grg. Orkustofnunarinnar semja þeir Guðmundur Pálmason, Kristján Sæmundsson, Karl Ragnars, Axel Björnsson og Ingvar Birgir Friðleifsson. Auk þess bætast við 4 aðrir sérfræðingar Orkustofnunar sama sinnis. Þetta eru þeir menn sem hv. þm. Stefán Jónsson segir, að séu smádjöflar, — smádjöflar sem séu að veitast að þessum kentárum í Kröflunefnd, eins og hann lýsir þeim, og ríða þeim á slig. Þetta eru smádjöflarnir, og ég veit ekki betur en a. m. k. einn af þessum svokölluðu smádjöflum, sé flokksmaður hv. þm. og hafi flutt gagnrýni sína í málgagni þessa hv. þm., Þjóðviljanum.

Þá vil ég einnig vekja athygli á því, að þó að ýmislegt hafi komið fram í þessum umr. er enn ósvarað öllum þeim meginspurningum sem komu fram frá mér, frá hv. þm. Braga Sigurjónssyni og frá hv. þm. Vilborgu Harðardóttur. Öllum þeim upplýsingum, sem við komum fram með og óskuðum skýringar á, er enn ósvarað. Við höfum spurt um hvort greiðsluáætlun hafi verið samin fyrir Kröflu og hverjar séu tölur hennar. Það hefur ekki komið fram enn, hvorki frá Kröflunefnd, sem hefur þó sent hingað fulltrúa upp í ræðustól í annað hvert sinn sem hér hefur maður talað, né heldur frá hæstv. ráðh., þannig að af þessu getum við ekki annað markað heldur en að engin greiðsluáætlun sé til. Við höfum spurt um rekstraráætlun fyrir þessa virkjun. Við höfum ekki fengið neitt svar við því. Hv. þm. Ragnar Arnalds var eitthvað að tala hér áðan um að það væri búið að reikna út þessar viðmiðunartölur sem hæstv. iðnrh. lýsti svo áðan að verkfræðingar notuðu sem samanburðartölur á hagkvæmni ólíkra virkjana. Þetta hefur ekki nokkurn skapaðan hlut með rekstraráætlun að gera — ekki nokkurn skapaðan hlut og er henni gersamlega óviðkomandi. Eða ætlast hv. þm. til þess að menn trúi því, að upphaf þessarar rekstraráætlunar miðist við það þegar virkjunin er komin í full not? Hver er rekstraráætlun fyrir árið 1977? Hver er rekstraráætlun fyrir árið 1978? Það er ekki gert ráð fyrir því að virkjunin sé komin í full not fyrr en árið 1980. Miðast upphaf rekstraráætlunar Kröflunefndar við árið 1980? Hefur engin rekstraráætlun verið samin fyrir árin 1977, 1978, 1979 og árið 1980? Eða ætla þeir sér ekki að byrja að framleiða orku frá Kröflu fyrr en hún getur framleitt þær 120 eða 130 gwst. sem hún á að skila á ári? Þetta er gersamlega út í hött. Þetta er engin rekstraráætlun. Það sér hver einasti heilvita maður.

Þá viku þeir hv. þm. Ragnar Arnalds og hæstv. iðnrh. einnig að því sem ég ræddi um stærð virkjunarinnar. Hv. þm. Ragnar Arnalds talaði um það hvaða máli skiptu 5 mw., þó að afl einnar virkjunar væri 5 mw. meira en Alþ. hefði samþykkt. Hvað munar um 5 mw. í allri orkuvinnunni? Það verður bara eins og blóðmörskeppur í sláturtíðinni og menn ættu ekki einu sinni að hafa orð á svona smáræði. Þetta getur nú numið allt að 15 mw. sem farið er fram úr leyfilegri stærð þessarar virkjunar, og það er hvorki meira né minna en allt uppsett vatnsafl á Austfjörðum. Það er hvorki meira né minna, þessi blóðmörskeppur í sláturtíðinni, heldur en allt uppsett vatnsafl á Austfjörðum. Þetta telur hv. þm. að skipti ekki nokkru máli, engin ástæða til þess að gera aths. við slíka hluti, þó að engin heimild sé frá Alþ. fyrir að gera slíkt.

Ég verð að viðurkenna það fúslega að röksemd hæstv. ráðh. er miklu meira sannfærandi heldur en þessi, enda lá í hans orðum viðurkenning á því að ég færi með rétt mál um það að hér væri verið að fara fram hjá lögum, verið að brjóta lög, verið að vinna verkefni sem engin lagaheimild væri fyrir. Hæstv. ráðh. sagði að það væri enn tími til þess að kippa þessu í liðinn,

vegna þess að ekki væri enn búið að setja niður síðari vélina. Það er rétt hjá hæstv. ráðh., það er enn hægt að kippa þessu í liðinn með því að hækka heimildina í lögum. En hvað skeður ef Alþ. fellir slíka breytingu og búið er að festa kaup á vélinni til þess að framleiða allt þetta afl sem ekki er lagaheimild fyrir? Þá er ég ansi hræddur um að sú vél mundi þurfa að bíða nokkuð lengur í pakkhúsi norður á Húsavík heldur en áætlað er í dag, og hver ætti þá að borga það tjón sem af því hlytist. Í orðum hæstv. ráðh. lá sem sé viðurkenning á því að þarna væri rétt mat hjá mér, að lög hefðu verið brotin með þessari framkomu. (**Gripið fram í:** Þetta er misskilningur þm.) Þetta er enginn misskilningur hjá mér.

Eitt verð ég þó að segja hv. þm. Jóni G. Sólnes til mikils hróss. Það er það, að auk þess að vera duglegur maður er hann mjög hygginn, því að það er vissulega hyggilegt, eins og á stendur, fyrir þá Kröflunefndarmenn að beita hv. þm. Ragnari Arnalds, formanni Alþb., fyrir sig hér á Alþ. og gera hann að helsta málsvara Kröflunefndar. Þetta er herbragð sem mundi vel hafa sæmt góðum hershöfðingjum, líkt og Napóleon sáluga, og ber þess vott að Jón G. Sólnes er meira en duglegur, hann er klókur líka.

Það var sagt í vetrarstríðinu milli rússa og finna, — svo að maður fari nú alveg rétt með og allir skilji við hvað er átt, þá er það styrjöldin sem hv. flokksbræður Ragnars Arnalds samþykktu að finnar hefðu ráðist á rússa — (**Gripið fram í:** Flokksbræður?) Rétt er það. Ég veit ekki annað betur heldur en þeir séu flokksbræður hv. þm. Ragnars Arnalds sem samþykktu þá skoðun að vetrarstríðið hefði hafist með því að finnar hefðu ráðist á rússa. En gott og vel. Það skilja allir við hvað er átt og við hvaða styrjöld er átt. En það gekk sú saga um þetta stríð að rússar hefðu stundað það að taka finnska stríðsfanga og binda þá framan á skriðdreka sína þegar þeir sóttu inn í Finnland, því að þá væru líkur til þess að finnsku hermennirnir, sem vildu verjast innrásinni, mundu ekki skjóta. Hv. þm. Ragnar Arnalds er slíkur stríðsfangi hv. þm. Jóns G. Sólness. Hv. þm. Jón G. Sólnes bindur formann Alþb. framan á skriðdreka sinn í því skyni einu, og það er klókt hjá honum, að koma í veg fyrir að hann lendi undir of mikilli skothríð frá einum stjórnarandstöðuflokknum, flokki hv. þm. Ragnars Arnalds. Sá er þó einfaldlega munurinn á, að þar sem rússar urðu að taka finnsku stríðsfangana með valdi, þá býður stríðsfangi Jóns G. Sólness sig fram af fúsum og frjálsum vilja.

Vilborg Harðardóttir: Herra forseti. Aðeins örstutt aths. Ég ætla nú ekki að fara að skemmta skrattanum með því að jagast hér við hv. þm. Ragnar Arnalds, við getum gert það annars staðar ef þörf er á. (**Gripið fram í:** Hvar?) Ja, t. d. á þingflokksfundum hjá okkur. Hins vegar vil ég benda á að hæstv. iðnrh. hefur ekki svarað öllum þeim spurningum sem til hans var beint. Hann hefur t. d. ekki svarað þeirri spurningu nægilega að mínu mati hvernig á að nýta orkuna 1980 þegar báðar túrbínurnar eru komnar í gagnið. Sennilega verða þær það miklu fyrr, vegna þess að þær verða, eins og fram hefur komið, báðar komnar á staðinn í ágúst, og ætli það verði þá miklu meira að tengja þær heldur en bara setja þær upp? Hann hefur ekki svarað þeirri spurningu, hvort fyrirhuguð sé einhver stóriðja á Norðurlands- eða Austurlandssvæðinu, eða kannske viðbótarstóriðja hér á Suðurlandssvæðinu ef farið yrði að nota byggðalínuna til þess að leiða rafmagnið suður, eins og einn hv. þm. benti á að hægt væri. Við þessu langar mig að fá svör hæstv. ráðh. Og ef þetta er hins vegar ekki fyrirhugað, sem ég mundi gleðjast yfir, þó að vísu verði að harma um leið að þarna sé þá verið að eyða orku út í bláinn, þá mundi ég vilja fá svör um það.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Út af þessari fsp. þm. vil ég taka það fram, að í þeirri orkuspá, sem ég lýsti hér, þar sem fyrri vélasamstæða Kröflu væri fullnýtt á árinu 1978 og síðari vélasamstæðan á árinu 1982, er ekki reiknað með nýrri stóriðju.

Hafnarsjóðir, þáltill. (þskj. 401). — Ein umr.

Flm. (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. Ég þarf nú líka að hleypa af dampi, þó að það verði ekki annar eins og í sambandi við Kröflu. Ég hef leyft mér hér ásamt 4 öðrum þm. að bera fram till. til þál. á þskj. 401. Till. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að hlutast til um nú þegar, að gerð verði ítarleg athugun á stöðu hafnarsjóða á landinu. Skal sú athugun beinast sérstaklega að:

1. Hlutdeild ríkisins í stofnkostnaði hafnarmannvirkja.
2. Mismunandi aðstöðu hafna vegna náttúruskilyrða.
3. Arðsemi hafna með tilliti til framleiðslu og verðmætasköpunar.
4. Sérstökum ráðstöfunum til að létta greiðslubyrði þeirra hafnarsjóða sem verst eru settir, sbr. bráðabirgðaákvæði gildandi laga um Hafnabótasjóð.

Athugun þessi skal enn fremur fela í sér endurskoðun á lögum um landshafnir.

Niðurstöður og till. skulu liggja fyrir við upphaf næsta þings.“

Ég hygg að öllum þeim, og þá ekki hvað síst hv. alþm., sem þekkja nokkuð til vandamála íslenskra hafna í dag, sé það vaxandi áhyggjuefni hve bág fjárhagsleg afkoma hafnarsjóðanna er orðin íþyngjandi viðkomandi sveitarfélögum. Mörg þeirra, þótt fámenn séu, skila þó þjóðarbúinu drjúgum tekjum í útfluttum sjávarafurðum, vissulega margfalt meiri tekjum hlutfallslega heldur en íbúatala þeirra segir til um. Það er staðreynd að við hina hraðstígu aukningu á fiskiskipaflota okkar á undanförnum árum, stærri og rúmfrekari skip, þá hefur hafnaraðstaðan ekki verið bætt að sama skapi. Kemur þar vafalaust hvort tveggja til: skammsýni og fyrirhyggjuleysi annars vegar og hins vegar skortur á fjármagni. Má benda á að meðan opinber fjárhagsfyrirgreiðsla til kaupa á fiskiskipum hefur numið allt

að 95% af kaupverði skipanna hefur ríkisframlag til hafnarmannvirkja til skamms tíma numið 40%, eða fram til 1. jan. 1974, að sú hlutdeild ríkisins var aukin í 75%. Á meðan varið var 20 milljörðum kr. til skipakaupa, 40 skipa, var andvirði tveggja skipa, tveggja skuttogara, varið til hafnargerða. Nýjar framkvæmdir vegna fleiri og stærri skipa hafa dregið til sín stærstan hluta fáanlegs fjármagns, en viðhald eldri hafnarmannvirkja hefur verið vanrækt, svo að víða horfir nú til hreinna vandræða.

Engan veginn vil ég gera lítið úr þeirri miklu atvinnubót, sem hinn fríði floti nýrra skuttogara hefur verið okkur síðan hann kom til. Þessi skip hafa orðið byggðarlögum um allt land sannkölluð lyftistöng. Hitt er þó augljóst mál, og það sjáum við betur nú eftir á, að hyggilegra hefði verið og nauðsynlegt að huga betur jafnframt að bættum hafnarskilyrðum, þó svo að við hefðum keypt togaranum færra.

Nú þegar þrengst hefur í búi og horfur eru á að takmarka þurfi a. m. k. í bili sókn íslenskra fiskiskipa á miðin við strendur landsins, sem eru þar að auki í hers höndum í bókstaflegum skilningi, þá verður vandi fiskihafna okkar við stór ólokin verkefni meiri en nokkru sinni fyrr. Það er því knýjandi nauðsyn að leitað verði nýrra úrræða til að hlutaðeigandi sveitarfélögum verði léttar þær óviðráðanlegu byrðar sem sýnt er að mörg þeirra fái ekki öllu lengur risið undir, eigi þau ekki á annað borð að gefa upp á bátinn önnur verkefni sem þau þurfa að sinna, og þau eru hreint ekki svo fá. Ég þarf ekki að útlista það nánar, svo augljóst sem það er.

Í grg. með till. er vísað sérstaklega til tveggja skýrslna sem unnar voru af Gylfa Ísakssyni verkfræðingi á vegum Hafnasambands sveitarfélaga. Mikinn fróðleik og upplýsingar er þar að finna um afkomu hafnarsjóða undanfarin tvö ár. Er jafnframt bent á í grg. að þannig liggi fyrir nú þegar miklar og trúverðugar upplýsingar sem flýtt gætu athugun þeirri, er till. fer fram á, og um leið ákvörðunum af hálfu ríkisvaldsins um ákveðnar aðgerðir í þessum málum. Kemur m. a. fram í þessum skýrslum og þá einkum í hinni seinni þeirra, sem var unnin í lok síðasta árs, að hækkun á hlutdeild ríkisins í stofnkostnaði hafna úr 40% í 75%, ásamt gjaldskrárhækkun, er tók gildi á fyrra helmingi ársins 1975, hefur engan veginn reynst fullnægjandi til að rétta við fjárhag hafnarsjóðanna sem hefur greinilega farið versnandi frá árinu 1973 er afkomu þeirra flestra var viðunandi. Hún er þó allmismunandi eftir höfnum, yfirleitt betri hjá hinum stærri kaupstöðum, svokölluðum blönduðum höfnum sem hafa verulegar tekjur af vörugjöldum ásamt aflagjöldum fiskiskipa. Þó hafa vörugjöldin yfirleitt farið minnkandi, þar sem vörumagn, sem fór um hafninrnar, minnkaði milli áranna 1974 og 1975. Hjá fiskihöfnunum hins vegar, þar sem lítið er um skipakomur og vöruflutninga, og einnig á hinum smærri stöðum, færri gjaldendur til sveitarfélagsins, þar er afkoman sýnu lakari. Hvað verst staddar eru í dag Bolungarvík, Neskaupstaður, Ólafsfjörður, Patreksfjörður, Sandgerði, Siglufjörður og Vopnafjörður. Hækkun aflagjalda, t. d. úr 1 í 1.5%, mundi vafalaust styrkja hafnarsjóðina, en hætt við að greiðendum aflagjaldanna, þ. e. eigendum fiskiskipanna, yrði slík hækkun um megn. Aflagjaldið mun vera nokkuð mismunandi frá einni höfn til annarrar, en 1% er sú tala, sem gengið er út frá í reglugerð hafna.

Til almennra tekna hafnarsjóða teljast skipagjöld og vörugjöld, þar með talin bryggjugjöld, lestargjöld, fjörugjöld og aflagjöld, eða almennt talað öll þau gjöld sem höfnin leggur á skip og vörur vegna umferðar eða notkunar hafnarinnar. Til almennra rekstrargjalda teljast öll rekstrargjöld önnur en fjármagnsgjöld, þ. e. vextir og afskriftir og þau rekstrargjöld er rakin verða til sérstakrar þjónustu eða sérstaks rekstrar, svo sem hafnsögu, vatnsveitu, voga, krana o. fl. Það hefur komið í ljós að ýmis þjónusta, sem hafnirnar veita, er rekin með miklu tapi, og virðast gjaldskrár fyrir þessa þjónustu alls ekki hafa fylgt almennu verðlagi í landinu undanfarin ár, sem sjá má af því, að gjaldskrár fyrir hafnsöguþjónustu hækkuðu ekkert frá árinu 1971 til 1975. Virðist eðlilegt að gjaldskrár fyrir ýmsa sérþjónustu hafna séu miðaðar við það að tekjur af þeim standi undir útlögðum kostnaði.

En þessi hlið málsins, rekstur hafnanna, skiptir þó engan veginn sköpum um afkomu þeirra. Það er fyrst þegar kemur að framkvæmdahliðinni sem kárna tekur gamanið. Það er í stuttu máli algerlega óraunhæft að ætla hinum smærri fiskihöfnum að standa að ¼ hluta á móti ríkinu undir fjármögnun framkvæmda upp á tugi og hundruð millj. Lántökur á lántökur ofan þýða að sjálfsögðu sívaxandi skuldabyrði, ekki síst ef lánin eru vísitölu- eða gengistryggð, og verður viðkomandi sveitarfélögum fullkomlega ofviða að ráða við. Þegar vaxtagjöld ein nema orðið 32% af heildartekjum hafnarinnar og afborganir af föstum lánum 27% má glögglega sjá í hvert óefni er komið. En þessar tölur eiga við um þær 15 hafnir, sem tilteknar eru á fskj. með till. Þar kemur einnig fram að greiðsluhalli viðkomandi hafnarsjóða nemur allt að þriðjungi álagðra útsvara sveitarsjóðs í einstaka tilfellum.

Ég vil vekja sérstaka athygli á því, að í tölum í fskj. yfir greiðsluafkomu hinna 15 hafna á árunum 1973 og 1975 er ekki reiknaður þar með hluti hafnanna í framkvæmdakostnaði, heldur aðeins rekstrargjöld, vextir og afborganir. Hér er okkur greinilega mikill og vaxandi vandi á höndum sem nauðsynlegt er að bregðast við svo skjótt sem auðið er af fullkomnu raunsæi. Það er ekkert einkamál hinna aðþrengdu sveitarfélaga sem í dag eru að sligast undir skuldabyrði hafnanna sem óumdeilanlega eru farvegur okkar meginþjóðarverðmæta er öll þjóðin nýtur góðs af. Með þá staðreynd í huga er ekki óeðlileg sú hugmynd, sem fram hefur komið, að ríkið stæði að fullu undir stofnkostnaði fiskihafna, en sveitarfélögin sæju um reksturinn.

Hafnabótasjóður sem fjárhagslegur bakhjarl hafnarsjóðanna veldur engan veginn lengur því hlutverki sínu. Það er því í rauninni næsta gagnslítið að vitna í bráðabirgðaákvæði gildandi laga um sjóðinn sem gerir ráð fyrir sérstökum ráðstöfunum til að létta greiðslubyrði þeirra hafnarsjóða sem verst eru settir. Til þess er fjárhagsgeta hans of takmörkuð með tilliti til hinna stórauknu verkefna hans. Samkv. lögum sjóðsins,

20. gr., eru tekjur hans í fyrsta lagi árlegt framlag ríkissjóðs sem nemur 12% af framlagi til hafnarmannvirkja og lendingarbóta á fjárl. hvers árs, en þó aldrei lægra en 30 millj. kr. Í öðru lagi eru tekjur af starfsemi sjóðsins. Og þá er sjóðnum samkv. 21. gr. laganna heimilt að taka lán til starfsemi sinnar, innanlands eða utan, allt að 350 millj. kr. árlega, og er ríkissjóði heimilt að ábyrgjast þau lán. Á fjárl. yfirstandandi árs er framlag ríkisins til sjóðsins 82 millj. 152 þús. kr. Og í dag, er aðalframkvæmdatíminn við hafnarframkvæmdir fer í hönd, mun innistaða í sjóðnum nema 150 millj. kr. samkv. upplýsingum frá hafnamálastjóra nú á dögunum. Augljós nauðsyn er á að sjóðnum verði eftir einhverjum leiðum, væntanlega þá með breytingu á lögum hans, tryggðar auknar árvissar tekjur til þess að hann geti sinnt sínu mikilvæga hlutverki sómasamlega. Af erlendum lántökum og skuldasöfnun við útlönd höfum við meira en nóg í bili.

Í niðurlagi till. er farið fram á endurskoðun á lögum um landshafnir, en þær eru nú þrjár á landinu: Þorlákshöfn, Keflavík-Njarðvík og Rifshöfn á Snæfellsnesi. Sérstök lög hafa verið sett um hverja þessara hafna fyrir sig. En öllum er þeim það sameiginlegt að ríkissjóður stendur að öllu leyti undir stofnkostnaði hafnanna og rekstrinum einnig, svo lengi sem lögin eru í gildi. Ekki skal það dregið í efa, segir í grg., að brýna nauðsyn hafi á sínum tíma borið til að ríkissjóður hlypi svo myndarlega undir bagga með þeim byggðarlögum sem þarna eiga í hlut. Þannig mun t. d. eldgosið á Heimaey hafa aukið verulega á þrýsting um hafnarbætur í Þorlákshöfn. Vandséð er engu að síður hvernig réttlæta megi að þessar þrjár hafnir einar allra íslenskra hafna búi um aldur og ævi við slík forréttindi og þá um leið óhjákvæmilega á kostnað allra hinna sem berjast í bökkum og eru sumar hverjar, eins og ég hef þegar bent á, bókstaflega að sliga hlutaðeigandi sveitarfélög. Ég fæ ekki séð að það séu haldbær rök að benda á að framkvæmdir við landshafnir séu fjármagnaðar af sérstöku erlendu lánsfé utan fjárl. Að sjálfsögðu koma þessi erlendu lán inn sem hluti af því heildarfjármagni sem við höfum úr að spila til hinna ýmsu framkvæmda, og hætt er við að við þurfum að standa skil á þessum lánum fyrr eða síðar með innlendu aflafé sem hinir nauðstöddu hafnarsjóðir hefðu fulla þörf fyrir.

Elstu landshafnalögin um Rif á Snæfellsnesi eru nú orðin rúmlega aldarfjórðungsgömul, lögin um Keflavík-Njarðvík 20 ára og um Þorlákshöfn 10 ára. Á fjárlögum þessa árs nemur framlag ríkissjóðs til almennra hafna yfir allt landið 675 millj. kr. að viðbættum 10 millj. til ferjubryggna. Framlag til landshafnanna þriggja ásamt afborgunum af lánum til þeirra nemur hins vegar 600 millj., þar af 375 millj. til Þorlákshafnar einnar, en þar var unnið á s. l. ári fyrir 700 millj. kr., — þ. e. a. s. í einni höfn var unnið fyrir 700 millj. kr., en framkvæmdafé á s. l. sumri til allra almennra fiskihafna á landinu nam 950 millj. kr.

Ég vona og ég mælist til þess að mér verði ekki lagt það út á verri veg sem öfund eða afbrýði í garð landshafnanna og fólksins, sem þar býr, þótt ég bendi á hið augljósa misræmi og mismunun sem hér á sér stað og ekki er stætt á að viðhalda öllu lengur. Sérstakar tímabundnar ráðstafanir í þágu þessara hafna hafa getað verið fullkomlega réttlætanlegar engu að síður, eins og ég hef þegar bent á. En það er nauðsynlegt að hér komi til endurskoðun á gildandi lögum um landshafnir með aukið jafnvægi fyrir augum.

Ég vænti þess, að þessi till. fái góðar undirtektir og jákvæða og skjóta afgreiðslu hér á hv. Alþ. og verði afgreidd frá þinginu sem ályktun þess áður en þingi lýkur.

Ég veit að margir hv. þm. auk okkar flm. till. hafa þungar áhyggjur af erfiðleikum hafnanna, og mér er einnig kunnugt um að hæstv. samgrh., sem þessi mál heyra undir og er því miður ekki staddur hér nú, hefur fullan skilning og góðan vilja til að bæta þar úr, og aðgerðir í þeim efnum mega ekki dragast.

„Engum blandast hugur um það", segir í niðurlagi grg. með till., „að góðar og traustar hafnir eru ein helsta undirstaðan undir atvinnulífi okkar íslendinga sem fiskveiðiþjóðar. Það varðar því miklu að svo vel sé að þeim búið sem við framast höfum efni á hverju sinni."

Í till. er ekki farið fram á skipun sérstakrar n. til að framkvæma þá athugun sem um er talað. Eðlilegt er að ríkisstj. og viðkomandi rn. hafi frjálsar hendur um hvaða vinnubrögð verði viðhöfð og skipi þá til starfa sérstaka n. ef þurfa þykir. Alla vega tel ég eðlilegt og sjálfsagt að haft verði samráð og samvinna við Hafnasamband sveitarfélaga sem, eins og ég sagði hér áðan, hefur haft frumkvæði um ítarlega skýrslugerð um fjárhagsstöðu hafnarsjóðanna og ýmsar ábendingar til úrbóta, þannig, eins og ég hef áður bent á, að það ætti ekki að þurfa ýkjalangan tíma til viðbótarathugana áður en taka megi ákvörðun um með hvaða hætti verði leyst úr hinum geigvænlegu erfiðleikum hafnarsjóða og um leið verði að sjálfsögðu horft til framtíðarskipunar þessara mála.

Ég vil svo, herra forseti, mælast til þess að umr. um till. þessa verði frestað og að umr. lokinni verði henni vísað til góðfúslegrar og röggsamlegrar afgreiðslu fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Þinghlé.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Þessi fundur er síðasti fundur fyrir páskafrí, og því leyfi ég mér að óska öllum hv. alþm. og starfsfólki Alþingis gleðilegrar hátíðar. Næsti fundur verður að öllum líkindum haldinn mánudaginn 26. þ. m.

Sameinað þing, 79. fundur.

Mánudaginn 26. apríl, kl. 2 miðdegis.

Minnst látins fyrrv. alþingismanns.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Til þessa fundar er boðað til að minnast Sigurðar Ágústssonar fyrrv. alþm., sem andaðist á heimili sínu í Stykkishólmi aðfaranótt annars páskadags, 19. apríl, 79 ára að aldri.

Sigurður Ágústsson var fæddur í Stykkishólmi 25. mars 1897. Foreldrar hans voru Ágúst verslunarstjóri þar Þórarinsson jarðyrkjumanns að Stóra-Hrauni á Eyrarbakka Árnasonar og kona hans, Ásgerður Arnfinnsdóttir bónda í Vatnsholti í Staðarsveit Arnfinnssonar. Hann ólst upp í foreldrahúsum og hóf ungur að árum að vinna við verslun. Síðar stundaði hann einn vetur verslunarnám í Kaupmannahöfn og lauk þar verslunarskólaprófi vorið 1917. Fulltrúi við verslun Tang & Riis í Stykkishólmi var hann árin 1917—1931, en keypti fasteignir þeirrar verslunar árið 1932 og hóf þar verslunarrekstur og útgerð. Árið 1941 reisti hann hraðfrystihús í Stykkishólmi. Rekstur og forstaða verslunar, fiskveiða og fiskvinnslu var aðalstarf hans langan aldur. Verslunina seldi hann í árslok 1966, en hélt áfram atvinnurekstri við fiskvinnslu til æviloka.

Sigurður Ágústsson átti höfuðstöðvar atvinnurekstrar síns í Stykkishólmi og hafði þar á ýmsum tímum umsvif á fleiri sviðum en hér voru talin, fékkst t. a. m. við loðdýrarækt í stórum stíl, rekstur brauðgerðar og áætlunarbifreiða. Hann rak einnig verslun, útgerð og fiskverkun víðar á Snæfellsnesi, ýmist einn eða í félagi við aðra. Honum voru falin margs konar trúnaðarstörf á vegum sveitarfélags, sýslufélags og landssamtaka. Hann átti sæti í hreppsnefnd Stykkishólms árin 1922——1950, í stjórn Sparisjóðs Stykkishólms 1928—1964, var sýslunefndarmaður frá 1938—1974. Í stjórn Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna var hann frá 1947, í stjórn Síldarverksmiðja ríkisins 1950—1970, í stjórn Samlags skreiðarframleiðenda frá stofnun þess 1953, og hann átti lengi sæti í stjórn Landshafnar í Rifi. Alþm. snæfellinga var hann á árunum 1949—1959 og síðan þm. Vesturlandskjördæmis 1959—1967. Sat hann á 19 þingum alls.

Sigurður Ágústsson átti alla ævi heimili í Stykkishólmi. Hann var stórhuga og framkvæmdasamur athafnamaður. Við slíkan atvinnurekstur sem hann hafði með höndum og háður er misjöfnu árferði og verðsveiflum eiga menn bæði blíðu og stríðu að mæta. Við umfangsmikil störf sín kynntist hann vel mönnum og málefnum. Er hann gaf kost á sér til þingmennsku var hann því vel undir hana búinn og átti að fagna traustu fylgi sýslunga sinna. Á Alþingi vann hann með hógværð, dugnaði og þrautseigju að framgangi áhugamála sinna. Hann var umhyggjusamur um velferðarmál sveitar sinnar og sýslu, og á Alþingi tókst honum að hrinda í framkvæmd ýmsum framfaramálum héraðsins, þar á meðal stórframkvæmdum í vegagerð og hafnarbótum. Margir urðu til að leita liðsinnis hans, og með ljúfmennsku, greiðvikni og drengskap í viðskiptum tókst honum að leysa margra vanda. Hann var um langt skeið miklum störfum hlaðinn, en létti þeim af sér smám saman, er elli færðist yfir. Tæpum mánuði fyrir andlát sitt naut hann þeirrar sæmdar að vera kjörinn heiðursborgari Stykkishólms.

Ég vil biðja hv. alþm. að minnast Sigurðar Ágústssonar með því að rísa úr sætum. — [Þm. risu úr sætum.]

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 26. apríl 1976.

Lúðvík Jósepsson, 2. þm. Austurl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ. að óska þess að 1. varamaður Alþb. í Austurlandskjördæmi, Sigurður Blöndal skógarvörður, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Magnús. T. Ólafsson,
forseti Nd.“

Sigurður Blöndal hefur áður setið á Alþingi og kjörbréf hans verið rannsakað og býð ég hann velkominn til starfa.

Efri deild, 90. fundur.

Mánudaginn 26. apríl, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Búnaðarbanki Íslands, frv. (þskj. 411, n. 501 og 503). — Frh. 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Þegar umr. um þetta málefni, frv. til laga um Búnaðarbanka Íslands, var frestað fyrir hálfum mánuði, þá þótti mér ég þurfa að gera nokkrar athugasemdir við mál nokkurra hv. þm. sem hér höfðu tekið þátt í umr. Þegar liðin er páskahelgin og páskafríið, þá sýnist mér að þær athugasemdir séu ekki jafnstórvægilegar og mér fannst þurfa að gera þegar umr. fóru fram, en þó eru hér einstök atriði sem mig langar að koma lítillega að.

Hv. þm. Bragi Sigurjónsson hafði orð á því, að það væri eðlilegt að ríkisbankarnir störfuðu eftir sömu reglum allir, og taldi að því leyti eðlilegt að lög um Búnaðarbanka Íslands væru samræmd lögum hinna bankanna. Þetta er að sjálfsögðu það sem er meginmál, að hér er verið að færa lög um Búnaðarbanka Íslands til samræmis við starfsemi og reglur annarra ríkisbanka. Virðist vera á því full þörf því að eldri lög um Búnaðarbankann eru frá árinu 1941, en um hina ríkisbankana gilda lög frá 1962. Það er því ekki undarlegt þó að hér sé nokkurt misræmi á. Ég hygg að með þessum lögum náist það samræmi sem ætlast er til, og því vildi landbn. hv. d. mæla með því að frv. yrði samþ.

Það er einnig vert að geta þess, sem kom fram í ræðu minni þegar ég mælti fyrir nál. landbn., að það er ekki talin þörf á að setja inn í lögin um Búnaðarbankann ákvæði um gjaldeyrisverslun eða verslun með erlendan gjaldeyri, þar sem þeim ákvæðum í lögum hefur verið breytt á þann veg, að í lögum um Seðlabanka Íslands er gert ráð fyrir ákveðnum leiðum um skipan þeirra mála, og er það gert eftir till. Seðlabankans. En áður en þau ákvæði um gjaldeyrisverslun voru sett í gildi voru sérstök lög um þetta og sérstök ákvæði í lögum hinna ríkisbankanna vegna þess að þau eru eldri en lög um Seðlabanka Íslands.

Sumir þeirra manna sem hér töluðu, m. a. hv. þm. Bragi Sigurjónsson, höfðu orð á því að bankakerfið íslenska væri útblásið og margþætt og þetta mundi leiða til þess að sú þróun héldi áfram. Þetta er að sjálfsögðu matsatriði, hvað menn telja um það að bankakerfið sé útblásið og margþætt. Ég verð að segja það, að mér sýnist að almenningi virðist vera full þörf á allri þeirri bankastarfsemi sem hér er fyrir hendi í landinu, og ég álít að það sé ekki nema eðlilegt að geta dreift bönkum og peningaafgreiðslum sem víðast um landið til þess að létta undir hjá fólki að hagnýta sér þá þjónustu sem bankakerfið veitir. Það er ánægjulegt að vita til þess hins vegar, að bankarnir hafa með sér samvinnu um vissa þætti starfseminnar sem trúlega mun verða til þess að draga úr þeim kostnaði sem þeir hafa. Og ég hef miklu meiri trú á því að ganga lengra í því efni heldur en endilega að leggja niður eða fella saman banka sem fyrir eru, því að fyrir mér hefur ekki verið sannað að það mundi draga úr kostnaði við bankastarfsemina í landinu. Ég er þeirrar skoðunar, að svo lengi sem í landinu er framkvæmdahugur eitthvað í svipuðum mæli og nú er og ég tala nú ekki um ef hann fer vaxandi, þá sé full þörf fyrir þá bankastarfsemi, sem fyrir er í landinu, og að hún muni ekki dragast saman á næstu tímum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
5.—6. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 12 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GH, HÁ, IT, JónÁ, JHelg, BrS, JGS, OÓ, StG, AG, ÁB, ÞK.

HFS, RA, StJ, EggÞ, EÁ, ÞK, greiddu ekki atkv.

2 þm. (StH, AJ) fjarstaddir.

8. gr. samþ. með 11:5 atkv.
9. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með 12:5 atkv.
11.—17. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
18.—26. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 78, n. 492). — 2. umr.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., hefur hv. félmn. fjallað um. Frv. þetta kveður svo á að Húsnæðismálastofnun ríkisins skuli starfrækja eitt útibú frá stofnuninni á Vestfjörðum, á Norðurlandi tvö útibú og á Austurlandi eitt. Skulu útibúin veita alla sömu þjónustu og stofnunin sjálf veitir hvað snertir upplýsingar, teikningar og fyrirgreiðslu hvers konar. Í frv. er svo gerð nokkru nánari grein fyrir hlutverkum þessara útibúa.

Félmn. þótti hér hreyft merku máli, en taldi rétt að leita umsagnar hjá Húsnæðismálastofnun ríkisins. Barst n. umsögn Húsnæðismálastofnunar ríkisins sem er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Um þessar mundir starfar n. sú að endurskoðun húsnæðislöggjafarinnar er félmrh. skipaði til þess á s. l. ári. Eðlilegast er að fjallað verði um framangreinda hugmynd um starfrækslu útibúa frá Húsnæðismálastofnuninni í tengslum við alla aðra umfjöllun húsnæðismálanna. Því vill húsnæðismálastjórn leggja til að meginefni lagafrv. þessa verði komið á framfæri við framangreinda n. og hún taki það þar til meðferðar ásamt öðrum þáttum húsnæðislöggjafarinnar. Stjórnin vill jafnframt láta í ljós þá skoðun, að komi til þess að Alþ. heimili stofnsetningu útibúa væri væntanlega æskilegast að samræmd yrði eða felld saman slík starfsemi fleiri ríkisstofnana, að svo miklu leyti sem það væri unnt og talið heppilegast. Að öðru leyti vill húsnæðismálastjórn taka fram í þessu sambandi, að hún telur nauðsynlegt að tækniþjónusta úti á landsbyggðinni verði aukin með einhverjum hætti.“

Ég sagði áðan að félmn. hefði þótt hér hreyft merkilegu máli, en n. komst að þeirri niðurstöðu að þó væri ekki rétt að rasa um ráð fram í þessu efni, heldur fara að þeim ábendingum sem húsnæðismálastjórn gaf n. og ég vitnaði til hér áður. Með tilliti til þessa er það till. félmn. að þessu frv. verði vísað til ríkisstj. Einn nm., hv. 7. landsk., hafði fyrirvara á þessari afgreiðslu, en fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Eggert G. Þorsteinsson og Steingrímur Hermannsson.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég skrifaði undir þetta nál. með fyrirvara. Ég hefði að sjálfsögðu sem fyrri flm. þessa frv. kosið að fá það samþ. Ég geri mér hins vegar ljóst og hef tekið það skýrt fram, þegar ég hef flutt framsögu fyrir þessu máli, að hér er um veigamikla breytingu að ræða og áreiðanlega ekki að henni hlaupið. Ég fagna því hins vegar að þetta er í fyrsta sinn sem þetta mál fæst afgr. héðan úr d., þó með þessum hætti sé. Það stafar auðvitað af því að þetta er í fyrsta sinn, sem húsnæðismálastjórn hefur svarað félmn. og afgr. frá sér sitt álit til hennar um þetta frv.

Ég hlýt að fagna því að húsnæðismálastjórn hefur þarna vaknað til umhugsunar um þetta mál. Ég segi: vaknað, vegna þess að það kemur í ljós af því, sem formaður félmn., hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson, las hér upp áðan, að húsnæðismálastjórn er út af fyrir sig jákvæð gagnvart hugmyndinni sem slíkri, og ég veit reyndar öllu meira um það en það sem segir í þessu bréfi, því að ég veit að uppi eru mjög ákveðnar hugmyndir hjá húsnæðismálastjórn um a. m. k. tvö útibú frá stofnuninni sem tilraun, þó að þau

yrðu ekki í sama formi og ég gerði ráð fyrir og yrðu miklu takmarkaðri. Ég vil hins vegar segja það varðandi þá endurskoðun sem hér er vitnað í, að hún hefur nú gengið ansi hægt fyrir sig og ég hef ekki trú á því að henni verði lokið fyrir næsta þing og þá er auðvitað alltaf möguleiki á að vekja þetta mál upp að nýju. En reyndar sáum við það nú í bréfi félmrh. í morgun, að þar var gert ráð fyrir því, að mig minnir, að þessari endurskoðun yrði lokið í sumar eða í haust. Við skulum vona að það verði og húsnæðismálastjórn hafi þá sent þetta mál það jákvætt til þessarar endurskoðunarnefndar og hún svo aftur verði það jákvæð gagnvart þessari útibúahugmynd að eitthvað a. m. k. komi út úr till. n. sem ég og aðrir, sem höfum barist fyrir þessu máli, getum sætt okkur við.

Ég vil aðeins taka það fram, þar sem kom fram ábending frá húsnæðismálastjórn um að það væri eðlilegt að tengsl yrðu við aðra opinbera þjónustu, að það hef ég vitanlega alltaf talið sjálfsagt. Ég tel að þessi útibú ein sér standi sig ekki nægilega vel, skipulagsmál og ýmislegt fleira þurfi þarna að koma inn líka. Það er einmitt tekið fram í frv. sjálfu og í grg. með frv. að þetta skuli framkvæmt þannig, svo að ég held að húsnæðismálastjórn þurfi engar áhyggjur af því að hafa að við höfum hugsað okkur þetta sem einangruð fyrirbæri sem ynnu að húsnæðismálunum eingöngu, heldur yrðu alveg sérstaklega skipulagsmálin og verkfræðiþjónusta ýmiss konar tekin þarna inn í um leið.

Ég sem sagt fagna því út af fyrir sig að n. hefur afgr. málið frá sér. Ég þekki góðan hug formanns n. til málsins og þykist vita þegar, ef þetta mál kemur jákvætt frá endurskoðunarnefndinni, að þá muni hann verða fyrstur manna til að greiða fyrir því að þetta mál náist í gegn hér á þingi. Ég sem sagt mun sitja hjá við atkvgr. um málið. Ég hefði að sjálfsögðu viljað fá frv. samþ., en sá ekki ástæðu til þess að óska eftir því í sérstöku nál.

ATKVGR.

Till. á þskj. 492 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 11:1 atkv.

Neðri deild, 90. fundur.

Mánudaginn 26. apríl, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Sveitarstjórnarlög, frv. (þskj. 527). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Flokkun og mat á gærum, frv. (þskj. 532 (sbr. 305)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og endursent Ed.

Aðild Íslands að samningi um aðstoðarsjóð Efnahags- og framfarastofnunarinnar, frv. (þskj. 388). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 545).

Meðferð opinberra mála, frv. (þskj. 373). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 546).

Norræni fjárfestingarbankinn, frv. (þskj. 461). — 1. umr.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í aths. við lagafrv. þetta, var samningur Norðurlanda um stofnun Norræna fjárfestingarbankans undirritaður í Kaupmannahöfn hinn 4. des. s. l. Samningurinn hefur nú verið lagður fram á öllum þjóðþingunum til fullgildingar. Norska Stórþingið hefur þegar veitt fullgildingarheimild og á öðrum þingum Norðurlanda er talið að málið hljóti endanlega afgreiðslu einmitt um þessar mundir og mun danska þingið hafa afgr. málið nú.

Á aukaþingi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi í nóvember 1975 var samþ. með miklum meiri hl. að mæla með stofnun bankans, og greiddu allir fulltrúar Íslands því atkv. Hér á landi virðist því almenn samstaða um þetta mál, enda bendir flest til þess að starfsemi bankans verði íslendingum sérstaklega til hagsbóta, auk þess gildis sem hann mun hafa til þess að efla efnahags- og stjórnmálasamvinnu norrænna þjóða.

Eins og kunnugt er, er hugmyndin um stofnun norræns fjárfestingarbanka ekki ný af nálinni. Hún hefur verið til umræðu annað veifið í meira en tvo áratugi, allt frá því að samningar um norrænt tollabandalag hófust. Af Íslands hálfu hefur ætíð verið áhugi á stofnun slíks banka, en það er fyrst nú að hugmyndin er að verða að veruleika.

Þetta framfaraspor í norrænni samvinnu á sér ákveðnar forsendur í efnahags- og stjórnmálalegu umhverfi Norðurlanda um þessar mundir.

Má þar til nefna í fyrsta lagi að nú er um öll Norðurlönd þörf fyrir mikið fé til framkvæmda til þess að auka framleiðslu og útflutning, ekki síst vegna ríkjandi aðstæðna í orkumálum. Er því afar mikilvægt að tryggja sem hagkvæmasta fjáröflun til þessara framkvæmda.

Í öðru lagi er um þessar mundir sterkur pólitískur vilji til þess að hrinda hugmyndinni um stofnun samnorræns fjárfestingarbanka í framkvæmd. Á fundi forsrh. Norðurlanda, er ég sótti í Osló fyrir rúmu ári, var tekin stefnuákvörðun

í málinu og ríkisstjórnir Norðurlanda hafa þannig haft frumkvæði að endurupptöku málsins nú.

Í þriðja lagi verður norrænn fjárfestingarbanki mikilvægur hlekkur í norrænu efnahagssamstarfi og hefur gildi sem tákn um öfluga og raunhæfa norræna samvinnu.

Í fjórða lagi mun lánastofnun, sem er sameign Norðurlandanna fimm og með jafnmikið stofnfé og hér um ræðir, hafa sérstaklega gott lánstraust á alþjóðalánamarkaði og felur beinlínis í sér hreina viðbót við samanlagða lántökumöguleika landanna fimm og mun án efa gefa kost á hagstæðari lánskjörum en ella. Forsenda lánhæfis á alþjóðamarkaði er vitaskuld að lánastarfsemi bankans verði rekin með eðlilegum vaxtakjörum og lánsfé skili hæfilegri ávöxtun.

Þessar forsendur sýna glöggt rökin fyrir stofnun bankans. Samnorrænt framtak á einmitt að skila ríkulegri árangri en næst þegar hvert land leitar lausnar eitt á báti fyrir sig. Þetta mun ekki síst hafa gildi fyrir íslendinga, einkum þegar þess er gætt að á fundi ráðherranefndar Norðurlanda í Stokkhólmi 19. júní 1975 urðu menn sammála um svo hljóðandi bókun um sérstöðu Íslands:

„Ráðherranefndin gerir enn fremur ráð fyrir því, að tillit verði tekið til sérstöðu Íslands vegna einhliða atvinnulífs og fjármagnsskorts."

Við meðferð málsins á vettvangi Norðurlandaráðs fékk sérstaða Íslands almenna viðurkenningu. Það er því full ástæða til að binda vonir við að starfsemi bankans geti átt mikilvægu hlutverki að gegna í íslensku atvinnulífi og muni stuðla að efnahagsframförum hér á landi.

Ég tel fullvíst að norræn lánastofnun, sem einbeitir sér að samnorrænum framkvæmdum og fyrirtækjum, sé til þess fallin að hvetja til samnorræns framtaks. Þegar bankanum hefur verið komið á fót mun hann vekja upp hugmyndir og framtak sem annars hefðu ekki komið til framkvæmda vegna fjármagnsskorts. Með þessum hætti verður norræni fjármagnsmarkaðurinn aukinn og efldur og þar með hagvöxtur á Norðurlöndum.

Ég tel fyrir mitt leyti að stofnun bankans geta boðið möguleika til hagkvæmari fjármögnunar en annars væri kostur til þróunar orkufreks iðnaðar á Íslandi í samvinnu við norræn fyrirtæki. Bankinn gæti einnig átt hlutverki að gegna á öðrum sviðum framkvæmda hér á landi. Íslendingar hljóta því að telja stofnun bankans tímabæra.

Ég mun nú fara nokkrum orðum um stofnfé bankans, stjórn hans og staðsetningu, en vísa að öðru leyti til sjálfs stofnsamningsins og samþykkta bankans sem eru fskj. frv. og aths. sem því fylgja.

Skv. 2. gr. samþykkta fyrir Norræna fjárfestingarbankann skal stofnfé hans vera 400 millj. sérstakra dráttarréttinda eða rúmlega 80 milljarðar ísl. kr. á núgildandi gengi. Sérstök dráttarréttindi skulu skilgreind í samræmi við þá skráningu sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn ákvað 1. júlí 1974.

Af stofnfé bankans er hluti danska ríkisins 88 millj., finnska ríkisins 64 millj., íslenska ríkisins 4 millj., norska ríkisins 64 millj. og sænska ríkisins 180 millj. sérstakra dráttarréttinda.

Skv. þessu verður hlutur Íslands í stofnfénu um 800 millj. kr. miðað við núverandi gengi, en hver samningsaðila leggur fram ¼ hluta stofnfjárframlags síns til bankans með þrem jöfnum greiðslum, 2, 14 og 26 mánuðum eftir gildistöku samþykktanna. Greiðslur fara fram eftir kröfu bankans og yrði greiðsluhluti íslendinga væntanlega um 70 millj. kr. á þessu ári og síðan sama fjárhæð hvort ár 1977 og 1978.

Gert er ráð fyrir að bankinn afli sér lánsfjár á Norðurlöndum og utan þeirra. Innborgað framlag verður einnig notað til lánveitinga.

Í stjórn bankans sitja tveir menn frá hverju aðildarríki. Aðildarríki munu skiptast á um formennsku í stjórninni. Bankastjóri ásamt nauðsynlegu starfsliði mun sjá um daglegan rekstur.

Aðsetur bankans verður í Helsingfors, en þar er engin samnorræn stofnun fyrir.

Nú er að störfum sérstök n. sem vinnur að undirbúningi stofnsetningar og upphafsstarfsemi bankans. Gert er ráð fyrir að n. þessi skili till. sínum til ráðherranefndar Norðurlanda fyrir 15. maí n. k., en á fundi ráðherranefndarinnar seinna í þeim mánuði er ráðgert að taka endanlegar ákvarðanir um stofnsetningu bankans. Forsenda þessa er að sjálfsögðu að þjóðþingin hafi veitt fullgildingarheimildir.

Herra forseti. Að endingu vil ég mælast til þess að þetta frv. fái skjóta meðferð, enda er ég þess fullviss að það nýtur stuðnings alls þorra þm., og leyfi mér að gera þá till. að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn. þessarar deildar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 28 shlj. atkv.

Afréttamálefni o.fl., frv. (þskj. 538). — 1. umr.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Frv. á þskj. 538 var flutt á síðasta þingi og var eitt af þeim málefnum sem n. sú, sem samdi landgræðsluáætlunina, undirbjó. Frv. fylgdi þeim málum sem ég lagði fram á því þingi til ákvörðunar í framhaldi af samþykkt landgræðsluáætlunarinnar. En vegna þess að rétt þótti að þetta frv. fengi umsögn Búnaðarþings, þá var málinu frestað á síðasta þingi, — það var of seint á ferðinni til þess að geta fengið meðferð Búnaðarþings, — og er það því endurflutt núna. Hefur það verið lagt fyrir Búnaðarþing að þessu sinni til umfjöllunar og hefur Búnaðarþing mælt með því.

Meginákvæði frv. eru að: Ákveða að fjallgöngur á hausti skuli heimilt að færa fram og smalað sé af tilteknum hlutum afréttar fyrir göngur. Ákveða má hvenær fyrst megi reka hverja búfjártegund á afrétt. Láta girða sérstök svæði á afréttum eða heimalöndum fyrir hrossabeit. Banna að stóðhross séu rekin á afrétt, enda séu þau þá undanskilin fjallskilum. Eiga frumkvæði að félagslegum aðgerðum til hagabóta í

samráði við gróðurverndarnefnd og Landgræðslu ríkisins.

Þetta er sem sagt það sem er lagt til að stjórnir fjallskiladeilda eða sveitarstjórnir eigi að framkvæma og hafa til hliðsjónar við ákvörðunartöku sína í sambandi við notkun á afréttarlöndum.

Þá er og gert ráð fyrir því að ítölu megi gera í afrétti og heimalönd fyrir heilar sýslur, einstök sveitarfélög eða hreppshluta, að fullnægðum skilyrðum laga þessara, enda sé gætt að brjóta ekki í bága við lög um sauðfjárveikivarnir.

Eftirtaldir aðilar geta farið þess á leit við sýslunefnd, að athugun verði gerð á því hvort þörf sé fyrir ítölu, og krafist ítölu ef niðurstöður athugunar eru á þann veg að hennar sé talin þörf: Einstakir bændur, búi þeir á viðkomandi svæði eða nálægu svæði þar sem um verulegan samgang búfjár er að ræða á milli svæða. Sveitarstjórn viðkomandi sveitarfélags og sveitarstjórnir nágrannasveitarfélaga ef verulegur samgangur búfjár er á milli þeirra. Sýslunefndir aðliggjandi sýslna ef verulegur samgangur búfjár er á milli þeirra. Gróðurverndarnefnd viðkomandi sýslu og gróðurverndarnefnd í nágrannasýslu ef verulegur samgangur búfjár er á milli sýslnanna. Og svo Landgræðsla ríkisins.

Þetta eru meginatriði frv. Þegar frv. var lagt fram í hv. Ed. og einnig í fyrra gerði ég grein fyrir frv. og sé því ekki ástæðu til að gera það frekar að þessu sinni, enda skýrir frv. sig að mestu leyti sjálft. Ég vil hins vegar taka það fram, að það er hér flutt í samræmi við það sem Búnaðarþing gekk frá því, en upphaflega samið af þeirri n., gróðurverndarnefnd, sem fjallaði um gróðurvernd í sambandi við gróðurverndaráætlunina.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn., og vænti þess, að hv. n skili áliti það snemma að málið geti fengið afgreiðslu á þessu þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til landbn. með 25 shlj. atkv.

Ríkisreikningurinn 1974, frv. (þskj. 436, n. 523). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur rætt frv. á fundi sínum, og eins og fram kemur á þskj. 523 mælir n. með því að frv. verði samþykkt. Frv. hefur verið borið saman við ríkisreikninginn og þannig staðreynt að tölur þess eru í samræmi við reikninginn. Athugasemdir yfirskoðunarmanna Alþ. gefa ekki tilefni til annars en að reikningurinn verði samþykktur, enda telja þeir svör við fsp. sínum í öllum tilvikum fullnægjandi.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Lánasjóður dagvistunarheimila, frv. (þskj. 137, n. 521 og 524). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur rætt þetta frv., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Ég mæli hér fyrir áliti meiri hl. n. á þskj. 524. Hv. þm. Lúðvík Jósepsson skilar séráliti þar sem fram kemur að hann vill samþykkja frv., en fjarverandi afgreiðslu málsins var Gylfi Þ. Gíslason.

Ástæður fyrir því, að meiri hl. n. vill ekki samþykkja frv., eru nokkrar og ég skal telja þessar helstar:

Í fyrsta lagi þykir okkur óskynsamlegt að stofna enn einn sjóðinn sem hefur það hlutverk að lána til ákveðinna framkvæmda eða til ákveðins verkefnis. Þessu tengist að Lánasjóður sveitarfélaga hefur þetta verkefni raunverulega með höndum, enda er hér um að ræða verkefni sem sveitarfélög eiga eðli málsins samkvæmt að hafa með höndum og hafa um það alla forustu.

Þá nefni ég það að almennur launaskattur á atvinnureksturinn í landinu verður að teljast vafasöm leið til þess að fjármagna framkvæmdir sem þessar, þ. e. byggja dagvistunarheimili. Og það verða varla talin rök þótt einstaka fyrirtæki hafi lagt fé af mörkum til þess að koma upp dagheimili fyrir börn síns starfsfólks. Það hafa þau gert vegna þess að þeim fyrirtækjum hefur þótt það vera sínir hagsmunir að leggja fé til þeirra framkvæmda.

Þá segir í 4. gr. frv. að yfirstjórn sjóðsins skuli vera í höndum menntmrn. Það tel ég ekki rétt ef slíkur sjóður yrði stofnaður, en ég sé ekki ástæðu til þess að ræða það sérstaklega hérna, enda held ég að það atriði sé kannske ekki mjög fast í huga hv. flm., að sú skipan yrði höfð á.

Það, sem ég hef hérna nefnt sem ástæður fyrir þeirri skoðun meiri hl. n. að ekki beri að samþykkja frv., má e. t. v. segja að ætti að leiða til þeirrar ályktunar að það bæri að fella frv. Það er þó ekki till. meiri hl. n., heldur leggjum við til að frv. verði vísað til ríkisstj. Sú till. okkar á sér þær forsendur að aukin fjárþörf hinna ýmsu sveitarfélaga, sem ekki hafa fullnægt þörfum fyrir dagvistunarheimili, er alveg ljós. Á sama hátt er ljóst að Lánasjóður sveitarfélaga getur ekki orðið við öllum lánsbeiðnum vegna byggingar dagvistunarheimila, fremur en hann getur fullnægt umsóknum um lán til annarra framkvæmda á vegum sveitarfélaga. Efling Lánasjóðsins er mikið nauðsynjamál. Með því að vísa þessu frv. til ríkisstj. er því enn bent á þá nauðsyn svo að Lánasjóðurinn geti sinnt þessu hlutverki sínu ekki síður en öðrum. Þá vil ég einnig benda á það að í umsögnum, sem bárust til n. frá stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga og frá menntmrn., er á það bent að þetta verkefni eigi fremur heima hjá Lánasjóði sveitarfélaga en nýjum sjóði, sérstaklega stofnuðum til að sinna þessu verkefni.

Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, en meiri hl. n. leggur sem sagt til að frv. verði vísað til ríkisstj.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Þar sem frsm. minni hl., hv. þm. Lúðvík Jósepsson, sem

skilaði séráliti í þessu máli, er fjarverandi í opinberum erindagjörðum, þá vil ég lesa hér upphátt nál. hans, en hann leggur til að frv. verði samþ., og segir síðan í nál. hans, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðalefni frv. er að afla fjár til byggingar dagvistunarheimila. Lagt er til að allir þeir, sem greiða vinnulaun og nú eru skyldir til að greiða launaskatt, greiði viðbótargjald sem nemi 0.25% af launaskattsstofni í þessu skyni. Slíkt gjald mundi nema um 220—230 millj. kr. á ári.

Í frv. er við það miðað að gjald þetta renni í sérstakan Lánasjóð dagvistunarheimila undir yfirstjórn menntmrn. Lánasjóðnum er síðan ætlað það hlutverk að veita sveitarfélögum, sem hlotið hafa styrk úr ríkissjóði eða fengið samþykki fyrir styrk, viðbótarfjárstuðning til þess að koma upp dagvistunarheimilum.

Ljóst er að brýn þörf er á að styðja sveitarfélög til að koma upp dagvistunarheimilum. Bygging dagvistunarheimila er dýr og njóti sveitarfélögin ekki annars stuðnings en smávægilegra fjárveitinga á fjárlögum, eins og verið hefur, mun seint ganga að leysa það verkefni sem hér er um að ræða.

Í frv. er lagt til að atvinnurekendur greiði nokkurt gjald til stuðnings dagvistunarheimilum. Slík tillaga er eðlileg og sanngjörn. Með tilkomu dagvistunarheimila geta fleiri konur tekið þátt í hinu almenna atvinnulífi og yrði það að sjálfsögðu atvinnurekstrinum til góðs. Vegna skorts á vinnuafli í ýmsum greinum hafa atvinnurekendur þegar orðið að taka á sig nokkur útgjöld til þess að leysa dagvistunarvandamál, og sýnist því fullkomlega eðlilegt að lagt verði gjald á allan atvinnurekstur í því skyni að flýta fyrir byggingu dagvistunarheimila."

Þannig hljóðar nál. hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar.

Ég þarf ekki miklu við þetta að bæta. En það er ljóst af ræðu hv. frsm. meiri hl. að mótbárur þeirra eru yfirklór eitt. Þeir finna að því að stofnaður skuli sérstakur sjóður í þessu skyni og hann skuli eiga að heyra undir menntmrn. Það hefði vitanlega verið hægt að ná samkomulagi um að Lánasjóður sveitarfélaga hefði bæði stjórn og umsjón með úthlutunum úr þessum lánasjóði, ef um leið hefði verið tryggt að þetta fé hefði runnið til þessa verkefnis. En það er auðvitað höfuðskilyrði og höfuðtilgangurinn með *stofnun sérstaks sjóðs*. Við *hefðum ekki* getað tryggt það að sú upphæð, sem frv. gerir ráð fyrir, hefði runnið til þessa verkefnis, öðruvísi en að kveða á um sérstakan sjóð eða breyta lögum um Lánasjóð sveitarfélaga.

Meiri hl. n. hefur ekki gefið kost á neinu samkomulagi af þessu tagi, og það stafar vitanlega af því að höfuðandstaða þeirra er gegn frv., stafar af því að ganga á að atvinnurekendum um nokkurt fjárframlag til þessara mála. Í því er fólgin hin raunverulega andstaða.

Það er eftirtektarvert að þetta frv. var ekki sent Vinnuveitendasambandinu. Hefði verið sannarlega fróðlegt að heyra álit þess, þar sem, eins og raunar kom fram í máli hv. frsm. meiri hl., fjölmörg fyrirtæki eru þegar farin að greiða fé til bæði *byggingar og rekstrar dagvistunarheimila*, bæði ríki og einkaaðilar, og það gera þau vitaskuld af brýnni nauðsyn vegna þess að ríkisvaldið hefur ekki staðið í stöðu sinni hvað framlög til þessara mála snertir og sveitarfélögin hafa ekki bolmagn til þess.

Eins og hv. alþm. vita, hljóp mikill fjörkippur í byggingu dagvistunarheimila þegar lög um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistunarheimila voru sett árið 1973. Þennan fjörkipp sjáum við á því, að á þeim þremur árum, sem liðin eru síðan, hefur verið sótt um stofnframlag til ríkisins til 49 nýrra heimila sem skiptast á 25 sveitarfélög. Á næstu fjórum árum mun ráðgert að taka í notkun 27 ný dagvistunarheimili. Áætlun menntmrn. var sú, að til stofnkostnaðar allra þessara heimila hefði þurft 165 millj. kr. Í fjárlögum þessa árs eru hins vegar ekki nema tæpar 70 millj., og það hafði í för með sér að engin ný dagvistunarheimili voru tekin á fjárlög á þessu ári. Þessi staðreynd ýtti undir það að ég flutti þetta frv.

Meiri hl. fjh.- og viðskn. ber ekki við að neita því að fjárskortur standi þessum málum mjög fyrir brifum. Hv. þm. Ólafur G. Einarsson sagði að þetta væri eðlilegt verkefni sveitarfélaga, en þau verða þá að fá til þess fjármagn. En nú hefur hann enn einu sinni átt hlut að því að bregða fæti fyrir sveitarfélögin hvað þetta snertir og var ekki á bætandi hin „myndarlegu" vinnubrögð ríkisstj. og stjórnarsinna sem viðhöfð voru hér fyrir jól og mönnum eru í fersku minni. Þau vinnubrögð hafa hlotið þann dóm hjá Páli Líndal, og vitna ég hér orðrétt í tímaritið Sveitarstjórnarmál þar sem Páll Líndal ræðir verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og m. a. dagvistunarmálin, en hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar ríkisstj. tók að sinna málefnum sveitarfélaganna var það með þeim hætti að þjarmað var að þeim fjárhagslega. Það hefur komið í ljós að hin fögru fyrirheit voru bara frasi í hefðbundnum stíl."

Þetta voru orð Páls Líndals, og ég hygg að orð hv. þm. Ólafs G. Einarssonar áðan um, að þessu frv. væri vísað til ríkisstj. vegna þess að þeir treystu því að efldur yrði Lánasjóður sveitarfélaganna séu bara enn einn frasinn.

ATKVGR.

Till. á þskj. 524 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 17:9 atkv.

Sameinað þing, 80. fundur.

Þriðjudaginn 27. apríl, kl. 2 miðdegis.

Lánamál landbúnaðarins, fsp. (þskj. 519). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ólafur B. Óskarsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram fsp. til hæstv. landbrh. varðandi lánamál landbúnaðarins.

„1. Hve mikið fjármagn fær Stofnlánadeild landbúnaðarins til ráðstöfunar á árinu 1976?

2. Hvaða flokkar framkvæmda verða látnir sitja á hakanum um lánveitingar ef ráðstöfunarfé Stofnlánadeildar nægir ekki?

3. Hvað hyggst ríkisstj. gera til að auðvelda ungu fólki að hefja búskap.“

Um ástæður þess, að ég legg fram þessa fsp., er það fyrst og fremst að menn spyrja nokkuð gjarnan og eitthvað hefur þess gætt nú seinni part vetrar: Hvenær verður tekin ákvörðun um það hvort við fáum lán eða lán ekki? Þykir mörgum heldur seinar ákvarðanir í þessu efni. Nú er það svo að við núverandi efnahagsörðugleika hlýtur að vera nokkur skortur á lánsfé, og kemur það sjálfsagt niður á Stofnlánadeild landbúnaðarins og bændastéttinni eins og öðrum. En í ljósi þess hlýtur að vera mikið atriði að það sé tekin um það ákvörðun nokkuð fljótt og menn viti það hreint og klárt, hvort þeir geti farið út í framkvæmdir eða ekki, og eins er það gagnvart kaupfélögum og öðrum sem gjarnan lána mönnum út á byggingarreikninga með tilliti til yfirtöku á þeim lánum sem Stofnlánadeild veitir.

3. lið fsp.: Hvað hyggst ríkisstj. gera til að auðvelda ungu fólki að hefja búskap? — þá er það nú svo að mönnum hefur þótt það næsta lítið, þetta jarðakaupalán, lítils háttar, og nú upp á síðkastið einhver upphæð til kaupa á bústofni. En þetta er nú heldur lítið miðað við þá miklu fjármagnsþörf sem fyrir hendi er við stofnun búskapar. Ég held ég geri ekki frekari grein fyrir þessu að sinni og þakka fyrir.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af fsp. á þskj. 519 vil ég gefa eftirfarandi svör sem ég hef fengið frá Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Ráðstöfunarfé Stofnlánadeildarinnar er eftirfarandi samkvæmt áætlun frá deildinni: Frá Framkvæmdasjóði 950 millj. kr. Eigið ráðstöfunarfé, þar innifalin framlög o. fl., áætlað 250 millj. kr. Eigið framráðstöfunarfé brúttó er eftirfarandi: Gjöld af búvöru sömu og ríkisframlag, 525 millj. kr. Afborganir og vextir af lánum 556 millj. Skyldusparnaður 35 millj. Sérstakt lán frá Lífeyrissjóði bænda 68 millj. Afgangur frá fyrra ári 55 millj. Samtals 1239 millj. kr. Frá dregst: Afborganir og vextir af lánum 850 millj. Kostnaður við rekstur deildarinnar 55 millj. Kostnaður við Byggingarstofnun landbúnaðarins 26 millj. Eftirlaun til aldraðra bænda 37 millj. Nettómismunur 271 millj.

Um þetta þarf ég lítt við að bæta, en mun halda áfram að svara fsp.

Um ráðstöfun lánsfjárins er þetta að segja: Lán til allra framkvæmda bænda, sem eru í gangi, eru 380 millj. Lán til nýbyggingar íbúðarhúsa að fullu 170 millj. Lán til ræktunar, mjaltakerfis og tankvæðingar að fullu 100 millj. Dráttarvélalán eftir sömu reglum og á s. l. ári, ekki lánað út á þriðju vél sé um tvær vélar að ræða fyrir 15 ára eða yngri, 140 millj. Lán til vinnslustöðva sem framkvæmdir eru þegar hafnar við, en ekki nýjar framkvæmdir, 230 millj. Lán vegna lánsloforða, sem voru gefin á árinu 1974 og fyrr og hafa verið endurnýjuð, 180 millj. Smáverkefni 30 millj. Samtals 1230 millj. kr.

Nýjar umsóknir, sem gert er ráð fyrir að synjað verði, eru um 550 millj. Annars háttar umsóknir 270. Alls 820 millj. Synjað vegna ríkisframkvæmda er gert ráð fyrir 40 millj. kr.

Út af þessu vil ég segja það, að eins og hv. fyrirspyrjandi tók fram verður að sjálfsögðu sem fyrr um takmarkaða fjárhæð að ræða til lánveitinga og ekki hægt að gera ráð fyrir því að allir fái lán sem um sækja. Verður þá notuð aðferðin, sem notuð var í fyrra og þegar er notuð, að þeir ganga fyrir sem eiga umsóknir frá fyrri árum, og reynt verður að vita um það hvort þeir ætla að fara í framkvæmdir eða ekki, og svo verða hinar nauðsynlegustu framkvæmdir látnar sitja í fyrirrúmi ef fjármuni skortir.

Á s. l. ári voru veittar úr Stofnlánadeild landbúnaðbúnaðarins milli 13 og 14 hundruð millj. kr., sem er það mesta sem verið hefur. Hér er gert ráð fyrir heldur lægri tölu og geri ég ekki ráð fyrir að við það verði hægt að bæta, því að fjármagnsútvegun skortir til þess að svo megi verða. Hins vegar er nú verið að skipa n. til þess að endurskoða Stofnlánadeildarlögin sérstaklega með tilliti til þess að reyna að afla deildinni meira fé, eigin fjármuna, heldur en verið hefur, því að lánsfé er orðið allt of mikið ráðandi í útlánum hennar og er farið að ganga á tekjur deildarinnar sjálfrar.

Um það að seint sé svarað, ég held að ég fari þar rétt með að það sé búið að senda út svörin nú, en veit ekki annað en það hafi staðið til að svara því á fundi sem bankaráðið hélt nú fyrir stuttu, og hygg ég að það sé ekki neitt seinna en venja er. Og ég minnist þess frá mínum fyrstu þingmannsárum, að þá var það nú svo að ákvarðanir fékk maður ekki alveg fyrr en á haustin um þetta, en á síðari árum hefur þetta færst meira í það horf að gera áætlanir um þetta fyrirfram, enda nauðsynlegt vegna þess hvað fjárhæðirnar eru orðnar stórar.

Það, sem ríkisstj. hefur gert til þess að auðvelda ungu fólki að hefja búskap, er það sem hv. þm. kom að, að auka lán frá veðdeild Búnaðarbankans og var það komið upp í millj. kr. Hins vegar verður að segja það eins og er að þar horfir þunglega nú, því að breytingar þær, sem gerðar voru með samningum stéttarfélaga um lífeyrissjóði nú á s. l. vetri, munu gera það að verkum að Lífeyrissjóður bænda getur ekki lánað veðdeildinni eins og gert var ráð fyrir, og er það vandamál hvernig úr verður bætt. Og enn fremur hafa verið tekinn upp bústofnslán. En það skal undir það tekið að hvort tveggja þetta nægir allt of skammt til þess að mæta fjárþörfum við stofnun búskapar því að það eru orðnar miklar fjárhæðir sem þar þarf til. Um ákvarðanir, hvernig því skuli mætt, um það liggja ekki fyrir áætlanir, þó að sé verið að reyna að vinna að þeim málum. En eins og kunnugt er, þá eru fjárhagsmál okkar nú erfið og kemur það að að sjálfsögðu niður á þessum þætti sem öðrum, en réttmæti þess, að úr verði unnið, dreg ég ekki í efa, nema síður sé.

Fyrirspyrjandi (Ólafur B. Óskarsson): Herra forseti. Ég þakka landbrh. svör hans við fsp. minum. Það kom fram í svari hans við 2. lið fsp., um hvaða flokkar yrðu látnir sitja á hakanum, að það væri notuð sama regla og verið hefði, að þeir gangi fyrir sem eigi lánsumsóknir frá fyrri árum. Þetta er sjálfsagt að ýmsu leyti eðlileg

ástæða. En ég vil benda á að það gæti verið eðlilegra að flokka framkvæmdir eitthvað niður með tilliti til skipulags á framleiðslu. Ég álít að það verði á einhvern hátt að reyna að hafa stjórn á framleiðslu, þannig að þar hallist ekki verulega á annan hvorn veginn, t. d. með sauðfjárframleiðslu annars vegar og mjólkurafurða hins vegar, og það verði best gert með lánveitingum. Þróunin hefur stefnt nokkuð, að mér finnst, einhliða í það nú síðustu árin að menn hafa söðlað um frá mjólkurframleiðslu og yfir í sauðfjárbúskap og geti þetta stefnt í óefni áður en langt um líður ef svo heldur fram. Því gæti verið eðlilegra, a. m. k. á vissum svæðum, að beina lánastarfsemi og hvetja til fjósbygginga frekar og hvetja þannig til aukinnar mjólkurframleiðslu þar sem það þykir henta. Mér er kunnugt um dæmi þess úr minni sýslu fyrir tveim árum, má ég segja, að á góðri jörð til búskapar nálægt mjólkursamlagi sóttu ungir menn um lán til bygginga á stórri fjósbyggingu til mjólkurframleiðslu, en fengu ekki, en árið eftir fengu þeir hins vegar leyfi til að byggja fjárhús, væn og stór, á sömu jörðinni, og þótti mönnum þetta ekki sérstaklega góð latína þar.

Aftur á móti kom ráðh. að því, að nú væri líklega búið að taka ákvarðanir um lánveitingar, og spurðist ég fyrir um þetta líka í morgun í Stofnlánadeildinni. Þar er rétt með farið, en þetta lá ekki fyrir fyrir páskana þegar ég lagði þessa fyrirspurn fram. Og þá kom það í ljós að bónda einum hafði verið nú annað árið í röð synjað um lánveitingu til fjósbyggingar, og kemur þar enn að því að þarna sé um dálítið óæskileg vinnubrögð að ræða e. t. v.

Varðandi 3. lið fsp., þá kom það nú fram að ekkert hefði verið nýtt gert í þeim málum, sem kannske er eðlilegt miðað við núverandi ástand í efnahagsmálum. En ég vil aðeins leggja áherslu á þörf landbúnaðarins fyrir langtímalán, vegna þess að þetta er í eðli sínu hægfara atvinnuvegur, en tiltölulega öruggur þegar búið er að koma honum í gang. Þess vegna er þörf hans fyrir lánsfé til nokkuð langs tíma sérstaklega mikil.

Ég held ég orðlengi ekki frekar þessa fyrirspurn. Ég þakka hæstv. landbrh. svör hans og þakka fyrir.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég vil taka sérstaklega undir orð síðasta hv. ræðumanns um það að vitanlega er æskilegt að lánveitingar í landbúnaðinum stuðli beint að bættu skipulagi innan landbúnaðarframleiðslunnar. Það er rétt að taka það fram hér, að það er mikið áhyggjuefni okkar, sem í stjórn Stofnlánadeildarinnar eru, hversu slæmt fjárhagsástandið þar er.

Í fyrra varð þegar, eins og að var vikið í máli hæstv. ráðh., þá varð þegar að staldra verulega við í öllum framkvæmdum. Þá urðum við að svara nýjum umsóknum neitandi yfirleitt, og menn urðu að endurnýja sínar umsóknir þó að lánsloforð hefðu legið fyrir. Úr þessu tókst þó að mestu leyti að bæta þá, m. a. vegna þess að við svöruðum svo seint og menn voru sumpart hættir við og úr öðrum dró þessi neitun kjark.

Nú horfir þetta enn þá verr en í fyrra. Það er rétt, það er búið að svara af hálfu Stofnlánadeildarinnar umsóknunum, en þeim var svarað neitandi, bæði annars árs umsóknum sem og nýjum. Þó með þeim fyrirvara að bændur hefðu möguleika á að sækja aftur og yrðu þá að fá umsögn héraðsráðunautar varðandi það að framkvæmdin væri sérstaklega brýn.

En það alvarlegasta í þessu er það, að menn þurfa nú að endurnýja umsóknir sínar gagnvart lánsloforðum. Menn verða einnig að endurnýja umsóknir frá fyrra ári, og við sjáum ekki, ef þetta gerist fyrir utan nýframkvæmdirnar, þá sjáum við ekki möguleika á því að úr máli þessara manna verði hægt að leysa. Það er blátt áfram ekkert fé til þess í Stofnlánadeildinni í dag að sinna hvorki þeim umsóknum, sem lánsloforð lágu fyrir í fyrra, en ekki voru nýtt, eða annars árs umsóknum. Þetta er alvarlegasta málið.

Páll Pétursson: Herra forseti. Það brennur ákaflega mikið á hópi bænda hvernig þessi lánsloforð innheimtast, hvað Stofnlánadeildin geti gert fyrir menn í ár, og það er tímabært að fjalla um þetta hér á Alþingi.

Það er ljóst af þeim upplýsingum, sem hv. landbrh. gaf, að með því að verja einungis til þess arna 1230 millj. í lánin, þá verður samdráttur á framkvæmdamagni — talsverður samdráttur á framkvæmdamagni. Það þýðir sjálfsagt ekkert annað en að taka því á þessum erfiðu tímum, en það er ákaflega mikið atriði að treina þessa peninga og reyna að verja skynsamlega þessum litlu fjárhæðum sem til ráðstöfunar eru. Og þess vegna stend ég upp, að ég er óánægður við Stofnlánadeildina eða stjórn hennar að hafa ekki orðið við margítrekuðum óskum bændasamtakanna um að flokka lánin eftir bústærð.

Síðast á aðalfundi Stéttarsambands bænda á Laugarvatni í haust var gerð ályktun um að skora á Stofnlánadeildina að breyta um stefnu og lána ekki jafnhagstæð lán út á stórar byggingar og litlar. Það ergir menn að fá neitun um lánsloforð vegna bráðnauðsynlegra framkvæmda ef þeir á annað borð eiga að geta dregið fram lífið á jörðum sínum, en horfa svo upp á aðra fá tugi milljóna til ráðstöfunar til þess að byggja yfir margföld vísitölubú, a. m. k. tvöföld vísitölubú og sumir jafnvel meira. Um þetta eru orðin talsverð dæmi, og í þetta fer fjármagn Stofnlánadeildarinnar. Stóru búin eiga að vissu leyti rétt á sér. En það er ástæðulaust, þegar lítið fjármagn er til ráðstöfunar, annað en það komi frekar niður á þeim heldur en litlu búunum, og ég hygg að það sé ósk alls þorra bændastéttarinnar að þessu verði breytt þannig að ef menn vilja byggja stórt, þá sé þeim að sjálfsögðu heimilt að gera það, en þeir fái ekki nema upp að einhverri ákveðinni bústærð lán með bestu kjörum. Það er leiðinlegt að formaður bankaráðs Búnaðarbankans skuli ekki vera hér staddur, en ég hefði viljað minna á að mér finnst þessi tala, 55 millj., sem kostnaður er við Stofnlánadeildina, vera óþarflega hár. Ég held að Búnaðarbankinn fái fulla greiðslu fyrir þá þjónustu sem hann veitir Stofnlánadeildinni.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af því, sem fram hefur komið hér um starfsemi Stofnlánadeildarinnar, frá því að ég talaði hér áðan, vil ég taka það fram, að ég held að stofnlánadeildin hafi alltaf reynt að leitast við að leysa úr þörfum manna eins og kostur hefur verið á og hafi tekist það í flestum tilfellum, þó að það gæti náttúrlega orðið erfitt þegar framkvæmdirnar eru mjög miklar. Á síðustu árum hefur farið verulegt fjármagn til vinnslustöðva, sem eru afar dýrar eins og kunnugt er.

Ég vil líka taka það fram að í lögum, sem sett voru 1973, var gert ráð fyrir því að stjórn Stofnlánadeildarinnar gæti sett takmarkanir á lán til einstaklinga og mér er nú tjáð, að á síðasta fundi stjórnar Stofnlánadeildarinnar hafi verið ákveðin hámarkslán vegna framkvæmda til einstakra hópa. Og þetta, sem hv. þm. hafa vikið að, er þegar komið í framkvæmd. Þó að alltaf megi kannske hafa skiptar skoðanir um hvar eigi að draga slík mörk, þá hefur það þegar verið gert.

Í þriðja lagi vil ég svo segja það, að kostnaður við stofnlánadeildina, sem Búnaðarbankinn hefur tekið, hefur farið minnkandi nú ár frá ári og hann var hlutfallslega langstærstur s. l. ár. Ég veit að það geta verið skiptar skoðanir um hvað réttmætt sé að þessi kostnaður sé hár, en ég held að það sé þó ljóst, að honum sé mjög stillt í hóf og hafi verið reynt að draga úr honum eftir því sem umsetning bankans í heild hefur aukist, og lægsta hlutfallið af rekstrarkostnaði bankans í heild á s. l. ári er í rekstri Stofnlánadeildar og veðdeildar.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr., en það vill svo til að ég er varamaður í stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins og bankaráði Búnaðarbanka Íslands, og hittist þannig á að ég sat á síðasta fundi bankaráðsins þar sem fjallað var um málefni Stofnlánadeildar. Þar var einmitt tekin ákvörðun um takmarkanir á lánveitingum til stórra framkvæmda sem hv. þm. Páll Pétursson kvartaði mjög um að ekki hefðu komist í framkvæmd. Eins og hæstv. ráðh. hefur hér sagt, þá orkar auðvitað mjög tvímælis hve langt á að ganga í þessum efnum, en ákvörðun deildarinnar var sú að miða lánveitingar við um það bil 10 milljóna framkvæmd eða sem svaraði 500 kinda fjárhúsi ásamt áburðarkjallara og tilheyrandi heygeymslum, eða 35 kúa fjósi ásamt eðlilegri aðstöðu fyrir geldneyti, mjólkurhús, áburð og fóður.

Ég verð að segja það, að ég tel það nokkuð svo harða kosti að þurfa að takmarka lánveitingar svo sem hér hefur verið greint frá. En þegar fjármagn skortir svo mjög sem nú er raun á um Stofnlánadeild landbúnaðarins og raunar ýmsa aðra fjárfestingarlánasjóði, þá er ekki um góða kosti að tefla.

Ég tel t. d. að fjósbygging fyrir 35 kýr sé lítið yfir það lágmark sem eðlilegt er að byggja fjós — það er lágmark — og raunar sé tæplega um það að tefla að byggja fjós eins og nú er í dag fyrir minna en 30—40 kýr vegna þess hve tæknibúnaður við mjólkurframleiðslu er orðinn dýr og viðamikill og smákúabú geta ekki undir þeim tæknibúnaði risið. Þess vegna eru þessi mörk, sem þarna eru sett, að mínum dómi það lægsta sem nokkur leið er að fara.

Tómas Árnason: Herra forseti. Það kom fram í svari hæstv. landbrh. að eigið ráðstöfunarfé Stofnlánadeildar landbúnaðarins muni verða 250 millj. á þessu ári, en lánsfé, sem deildin tekur til sín, 950 millj. Af þessu er ljóst að Stofnlánadeildin, eins og raunar aðrir fjárfestingarlánasjóðir, þó hún kannske öllu meira en sumir aðrir, verður að treysta mjög á aðfengið fé, lánsfé. Og hún hefur fengið lánað fé frá Framkvæmdasjóði Íslands. Framkvæmdasjóður er einnig þannig í stakk búinn að hann á lítið eigið fjármagn til útlána og verður að taka lán til starfsemi sinnar, og hann hefur gert það á undanförnum árum með fernum hætti: Í fyrsta lagi lánar hann örlítið af eigin fé, sem er 150 millj. á þessu ári. Í öðru lagi hefur hann tekið að láni sem svarar 10% af innlánsaukningu hjá bankakerfinu í landinu. Í þriðja lagi hefur hann tekið erlend lán. Og í fjórða lagi lán frá lífeyrissjóðunum í landinu.

Nú er alveg sýnilegt, að á næstu árum þrengist mjög um lántökur erlendis frá til framkvæmda innanlands. Í öðru lagi er verið að gera þær breytingar á lífeyrissjóðakerfinu nú að í stað svokallaðs uppsöfnunarkerfis verður tekið upp gegnumstreymiskerfi sem gerir það að verkum að lífeyrissjóðirnir liggja með miklu minna fjármagn til útlána heldur en verið hefur. Þess vegna er það alveg augljóst að mál standa þannig á næstunni — ég vildi segja næstu árum, að þær aðferðir, sem hafa verið nýttar til þess að safna saman fé til útlána til uppbyggingar, ekki aðeins hjá landbúnaðarsjóðunum, heldur öllum fjárfestingarlánasjóðunum, þær aðferðir verða ekki notaðar í þeim mæli sem gert hefur verið hingað til, sýnist mér.

Mig langaði til þess að koma þessum einföldu staðreyndum á framfæri til íhugunar fyrir hv. alþm. Ég sé ekki fram á annað heldur en það verði að leita nýrra leiða til þess að tryggja nægilegt fjármagn til uppbyggingar atvinnuvega landsmanna á næstu árum.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég fagna að sjálfsögðu mjög þeim upplýsingum hæstv. landbrh. og hv. 2. þm. Norðurl.v., að þetta þak hefur nú verið sett á lánin. Ég tel að það hefði þurft að koma fyrr, en ég er feginn að það er komið. Það má alltaf deila um það hvar þetta þak eigi að vera, hvort það eigi að vera nákvæmlega á þessa bústærð eða einhverja aðra, e. t. v. ofurlítið stærri. Um það má deila. En það hefur komið í ljós að hagkvæmni búa fer minnkandi þegar komið er upp yfir vissa bústærð, og ég held að það sé eðlilegast að miða þetta við eðlilegt vinnuframlag heimafólks á hverjum stað fremur en treysta um of á aðkeypt vinnuafl og verksmiðjurekstur eða stórrekstur í búskapnum. Ég hygg að það sé nú reynsla manna að þeir séu yfirleitt sælli og glaðari ef þeir slíta sér ekki allt of mikið út á þrældómi sem þeir hafa svo kannske sáralítið fyrir.

Hvað viðkemur lánveitingum til íbúðarhúsa í sveitum frá Stofnlánadeildinni, þá er rétt að

vekja athygli á því að þau mættu gjarnan vera ofurlítið hærri að tiltölu heldur en húsnæðismálastjórnarlánin, vegna þess að Stofnlánadeildin gerir allt aðrar kröfur og miklu strangari heldur en Húsnæðismálastofnun um frágang á íbúðum til lokalántöku.

Það var alveg rétt hjá Tómasi Arnasyni, hv. 4. þm. Austurl., að það þarf að huga vel að endurbótum á fjáröflunarkerfi landbúnaðarins. En ég tel að ein af þeim endurbótum ætti að vera miklu meira framlag Byggðasjóðs til þeirra verkefna.

Sameinað þing, 81. fundur.

Þriðjudaginn 27. apríl, að loknum 80. fundi.

Bændaskólinn á Hólum, þáltill. (þskj. 533). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Heimildir færeyinga til fiskveiða innan fiskveiðilandhelgi Íslands, þáltill. (þskj. 528). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Samkomulag um takmarkaðar veiðar norskra skipa innan fiskveiðilögsögu Íslands, þáltill. (þskj. 529). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Hafnarsjóðir, þáltill. (þskj. 401). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Auglýsingar erlendra fyrirtækja í sjónvarpinu, þáltill. (þskj. 55). — Ein umr.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um áhrif auglýsinga erlendra fyrirtækja í íslenska sjónvarpinu.

Þegar ræða skal stöðu auglýsinga í sjónvarpi, hljóðvarpi, dagblöðum, tímaritum o. s. frv., eða í fjölmiðlum eins og það heitir nú á tímum, er óhjákvæmilegt að viðurkenna þá staðreynd, að auglýsingin sem slík gegnir veigamiklu þjónustuhlutverki í þjóðfélögum bróðrar verkaskiptingar. Til er það fólk er vill afneita þessari staðreynd, en þar að baki eru mismunandi hvatir. Skal eigi farið út í heimspekilegar hugleiðingar um það efni hér. En eftir sem áður stendur óbreytt, að auglýsingin hefur mikla þýðingu og auðveldar manninum að lifa betra lífi, sé þeim og því, sem í þeim felst, haldið innan hæfilegra takmarka.

Auglýsingin á sér langa sögu. Sagan segir að kaupmenn í Babýlon hafi leigt sér raddsterka menn, svonefnda kallara, sem vöktu athygli vegfarenda á þeim varningi er kaupmennirnir höfðu á boðstólum. Lýstu þeir vörunum af miklum *fjálgleik og hvöttu til viðskipta.* Í Egyptalandi hinu forna voru hinir þekktu kallarar sem boðuðu komu kaupskipa frá Austurlöndum fjær, hlaðinna dýrindis varningi. Lýstu þeir þeim lystisemdum sem væntanlegur farmur hafði að bjóða: vín, krydd, gull, gersemar o. s. frv. Var boðskapurinn oft og tíðum fluttur í bundnu máli og sungið með. Þannig má rekja sögu auglýsinganna langt aftur í aldir og er ótrúlega margt líkt með þeim og nútímaauglýsingum að formi og framsetningu. Og því fer víðs fjarri að auglýsingin og boðskapur hennar sé af hinu vonda, eins og sumir vilja halda fram.

Með tilkomu prentlistarinnar á miðöldum verður gerbylting á sviði hins ritaða máls. Áhrif þessa komu fljótlega fram í auglýsingum og auglýsingatækni. Í byrjun var auglýsingin fyrst og fremst fræðandi, upplýsandi. Vörunni eða því, sem selja átti, var lýst á hlutlausan hátt og lesandanum látið eftir að taka ákvarðanir án nokkurra aukaáhrifa. En eftir því sem tækni og framförum fleygði fram breyttist eðli auglýsinganna, uppbygging þeirra og gerð. Iðnbylting, fjöldaframleiðsla og milljónaborgir og gífurleg tækniþróun krafðist hraðari umsetningar og mikillar neyslu.

Við þá þjóðfélagsbyltingu eða þjóðfélagsbreytingar, sem átt hafa sér stað í iðnþróuðu ríkjunum á síðustu tveim öldum, tekur auglýsingin miklum breytingum. Í stað þess að vera upplýsandi hlutlaus verður hún hlutdræg, vopn í höndum þess sem beitir henni. Auglýsingin leitast við að hafa áhrif á viðtakandann, skapa nýjar þarfir eða hvatir til þess að það seljist sem seljandinn hefur fram að færa. Ýmsum brögðum er beitt og eru sumir ekki vandir að meðulum í þeim efnum, og er óþarft að skýra það nánar.

Við íslendingar höfum ekki farið varhluta af auglýsingamennskunni frekar en önnur svokölluð háþróuð neysluþjóðfélög. Helstu leiðir til að auglýsa nú á tímum er að auglýsa í dagblöðum, vikublöðum, mánaðarritum, hljóðvarpi og sjónvarpi. Hver þessara fjölmiðla er valinn fer eftir eðli og tilgangi auglýsingarinnar, hvað verið er að selja og hverjum. Sumar auglýsingar eru þess eðlis að þær henta best og ná mestum árangri séu þær settar fram í rituðu máli. Á það einkum við þegar það, sem boðið er, þarfnast nokkurrar skýringar og endurtekningar. Vitað er að sá, sem auglýsingin á að ná til, þarfnast ákveðinnar umhugsunar. Þá getur verið þörf fyrir stöðuga eða jafna endurtekningu. Gott dæmi þessa eru t. d. fasteignauglýsingar dagblaðanna. Aðrar auglýsingar eru þess eðlis að þær eiga að hafa snögg áhrif, þannig að viðtakandinn íhugar ekki málið, en bregst við á tilfinningalegan hátt og verður fyrir svo sterkum áhrifum að hann glatar sjálfstæði sínu fyrir áhrif auglýsingarinnar, og niðurstaðan verður sú að hann gerir það sem auglýsandinn ætlast til, þ. e. að kaupa vöruna að lítt athuguðu máli um kosti hennar og galla. Margar sjónvarpsauglýsingar eru dæmigerðar fyrir þessa tegund auglýsinga.

Fjölbreytileiki auglýsinga er mikill og áhrifa-

máttur þeirra er gífurlegur, oft og tíðum ógnvekjandi. Er hann þeim mun meiri sem hið svo nefnda neysluþjóðfélag eða allsnægtaþjóðfélag er á hærra stigi. En þá er þess að gæta að aukin samskipti þjóðanna og meira frjálsræði hafa gert það að verkum að flestar þjóðir heims verða fyrir áhrifum auglýsinga allsnægtaþjóðfélaganna. Á það sérstaklega við um auglýsingar á vörum, sem náð hafa mikilli útbreiðslu um allan heim, þ. e. a. s. ákveðnar vörutegundir og ákveðin vörumerki.

Í engu landi hefur auglýsingin náð jafnmikilli útbreiðslu og jafnmiklum tökum á fólki eins og í Bandaríkjum Norður-Ameríku. Að mati margra nálgast það jafnvel að vera plága. Á þetta sérstaklega við eftir tilkomu sjónvarpsins, en það hélt innreið sína í Bandaríkjunum fljótlega eftir lok seinni heimsstyrjaldarinnar árið 1945 og breiddist síðan út til Vestur-Evrópu, Japans og víðar á næstu áratugum. Sjónvarpið olli byltingu á sviði auglýsingatækni og skapaði svo nefndum fjölþjóðafyrirtækjum nýja og enn betri möguleika til að leggja undir sig flesta markaði heims.

Þótt auglýsingar í dagblöðum og hljóðvarpi hafi ákveðin áhrif er það engum vafa undirorpið að hinar vel skipulögðu og þrauthugsuðu sjónvarpsauglýsingar fjölþjóðafyrirtækja eða öflugra ríkisfyrirtækja stórþjóðanna hafa miklu meiri áhrif, enda þekkja þessar auglýsingar engin landamæri. Í þeim sameinast áhrif myndar, hljóðs og ritaðs máls. Þeim er stefnt á neytendur í öllum löndum heims. Að baki þessara auglýsinga er gífurlegt fjármagn og geysimikil rannsóknarstarfsemi á flestum sviðum mannlegs lífs. Öflug auglýsingafyrirtæki útbúa eða hanna sjónvarpsauglýsingar og er ekkert til sparað að gera þær sem áhrifamestar. Þekktur erlendur sérfræðingur á þessu sviði sagði m. a., að þessi öflugu fyrirtæki vissu svo til allt um lífsvenjur hins almenna borgara, hvenær hann borðaði, burstaði í sér tennurnar og jafnvel hvernig og hvenær hann hvíldist, hvað hann drykki og og hversu mikið o. s. frv. Sérfræðingurinn segir enn fremur:

„Þau“ — þ. e. a. s. auglýsingafyrirtækin — „vita á hvaða tíma dags þú lest dagblöðin og þá hversu lengi. Þessi fyrirtæki vita eins mikið um þig og nokkur tök eru á, og þau vita jafnvel meira en þú hyggur, og þessa stundina eru þau að reyna að finna út hvers vegna þú ert eins og raun ber vitni um. Það getur verið að þú sért eiginkonunni lítils virði, börnunum, hundinum og jafnvel sjálfum þér. En þú ert þýðingarmikið atriði fyrir auglýsendurna, seljendurna sem ætla að selja þér vöru eða þjónustu. Fylgst hefur verið með þér frá fæðingu, frá því að þú komst á „markaðinn“, eins og það er orðað, og þeir vita svona hér um bil á grundvelli líkindareiknings hvenær megi búast við andláti þínu, þ. e. a. s. hvenær þú hverfur út af „markaðnum“. Þú ert umkringdur sérfræðingum á sviði sölu og auglýsinga frá fæðingu til grafar.“

Sjónvarpið gaf þessari tegund starfsemi allt annað og meira gildi, þ. e. a. s. í þeim löndum sem heimila sjónvarpsauglýsingar. Hér er um að ræða milljarða kr. atvinnustarfsemi á heimsmælikvarða. Aðstöðumunur á þessu sviði milli atvinnugreina, fyrirtækja, einstaklinga og landa er gífurlegur af augljósum ástæðum. Auðug og háþróuð iðnaðarríki geta varið miklum fjármunum í sölu- og auglýsingastarfsemi. Hið sama gildir um fjölþjóðafyrirtæki, stórfyrirtæki og ríkisfyrirtæki stórþjóðanna sem ég gat um áðan. Smáþjóðir og lítil fyrirtæki fá ekki rönd við reist í samkeppninni við þessa aðila á sviði sjónvarpsauglýsinga. Hina smáu skortir fjármagn til þess að framkvæma nauðsynlegar sálfræðilegar athuganir á væntanlegum fórnardýrum, þ. e. a. s. kaupendum, til umfangsmikilla markaðsathugana, til þess að greiða fyrir dýra fagvinnu vegna ljósmyndara, teiknara, kvikmyndagerðarmanna, leikara, handritaskrifara o. s. frv. Hjá hinum stóru dreifist þessi mikli kostnaður á mikinn fjölda eininga sem verið er að selja um allan heim, en hjá hinum smáu dreifist kostnaðurinn á tiltölulega lítinn fjölda eininga vegna sölu- og markaðstakmarkana, sem geta verið landfræðilegar, eða vegna skorts á fjármagni eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum.

Það er í ljósi þessara staðreynda og með tilliti til innlendra atvinnuhagsmuna sem ég hef gerst meðflm. að till. til þál. um áhrif auglýsinga erlendra fyrirtækja í íslenska sjónvarpinu. Og þar sem 1. flm., Gunnar J. Friðriksson varaþm., situr nú ekki á þingi og ekki eru miklar líkur fyrir að hann taki aftur sæti á yfirstandandi þingi, þá mæli ég nú fyrir þessari till.

Sem fyrr segir er þessi till. til þál. um áhrif auglýsinga erlendra fyrirtækja í íslenska sjónvarpinu fram komin þar sem við óttumst að ótakmarkað frelsi til slíkra auglýsinga í sjónvarpinu geti haft skaðleg áhrif á íslenskan iðnað. Þáltill. er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta gera athugun á áhrifum auglýsinga erlendra fyrirtækja í íslenska sjónvarpinu á samkeppnisaðstöðu innlendra framleiðenda.

Leiði sú athugun í ljós að innlendri framleiðslu kunni að vera hætta búin vegna ótakmarkaðs aðgangs erlendra fyrirtækja að auglýsingatíma sjónvarpsins, skulu gerðar till. um hvernig tryggja megi að sjónvarpið þjóni fyrst og fremst hagsmunum íslensku þjóðarinnar.“

Í grg. með ályktuninni segir:

„Áður en sjónvarp tók til starfa á Íslandi var mikið um það rætt hvort í því skyldu leyfðar auglýsingar. Voru um það skiptar skoðanir. Það varð svo ofan á að auglýsingar skyldu leyfðar vegna þeirra auknu tekna sem stofnunin fengi.

Samtök iðnaðarins, Félag ísl. iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna, litu þessa ákvörðun með nokkrum ugg. Sá ótti reyndist ekki ástæðulaus, því að í ljós kom að erlendir framleiðendur hagnýttu sér þennan áhrifamikla auglýsingamátt í ríkum mæli.

Gerðu samtökin fyrir milligöngu menntmrn. ítrekaðar tilraunir til þess að fá hagstæðari kjör fyrir innlenda framleiðendur, en án teljandi árangurs.

Þegar umr. hófust um aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu, EFTA, og athuganir fóru fram á samkeppnisaðstöðu íslensks iðnaðar, voru auglýsingar í sjónvarpi eitt þeirra atriða sem talið var að gefa þyrfti gaum.

Þegar svo fór að nálgast, að ákvörðunin skyldi tekin um aðildarmálið, ritaði þáv. menntmrh., Gylfi Þ. Gíslason, Félagi ísl. iðnrekenda bréf sem er dags. 25. nóv. 1969. Þar segir m. a.:

„Rn. telur mjög æskilegt að samkomulag takist milli Ríkisútvarpsins og iðnrekenda um sérstaka meðferð á auglýsingum frá íslenskum iðnrekendum, ef af aðild að Fríverslunarmarkaðnum verður, meðan um aðlögun íslensks iðnaðar að Fríverslunarmarkaðnum er að ræða.

Ákveði Alþ. aðild að Fríverslunarsamtökunum, *mun menntmrn. beita sér fyrir því að samkomulag takist milli Ríkisútvarpsins og samtaka iðnrekenda um þetta mál.*“

Nú er aðlögunartíminn meira en hálfnaður og enn hefur ekkert samkomulag verið gert.

Það fer ekki á milli mála að sjónvarpið er áhrifamest allra fjölmiðla og auglýsingar í því þess vegna mun áhrifameiri en auglýsingar í öðrum fjölmiðlum, svo sem dagblöðum og sjónvarpi.

Kostnaður við gerð vandaðra sjónvarpsauglýsinga er hins vegar mjög mikill. Af þeim sökum er mikill aðstöðumunur milli íslenskra auglýsenda og erlendra fjölþjóðafyrirtækja sem senda auglýsingamyndir sínar um allan heim og geta þannig dreift hinum mikla stofnkostnaði og geta auk þess lagt gífurlega fjármuni í auglýsingaherferðir sem miða að því að ná yfirtökum á ákveðnum markaðssvæðum.“ Leyfi ég mér að vísa til þess sem ég sagði fyrr í ræðu minni varðandi þetta atriði.

„*Í Danmörku, Noregi og Svíþjóð hafa sjónvarpsauglýsingar ekki verið leyfðar, m. a. af þessum ástæðum.*

Það er því mikið alvörumál fyrir okkur Íslendinga ef sjónvarpið, sem er í eigu íslenska ríkisins og styrkt af almannafé, er notað til þess að auka óeðlilega mikið eftirspurn og neyslu á innfluttum vörum og jafnframt til þess að leggja innlend fyrirtæki að velli. Slíkt getur á engan hátt samræmst þjóðarhag.

Það þarf því að finna leiðir til að tryggja viðunandi aðstöðu íslenskra auglýsenda í samkeppni við útlendinga í íslenska sjónvarpinu.“

Til greina kæmi að settar verði takmarkandi reglur, t. d. kvótar, á ákveðin vörumerki fyrirtækja. Mætti hugsa sér að í slíkum reglum væri kveðið á um hversu oft og hversu lengi megi birta slíkar auglýsingar í sjónvarpinu. Þetta fyrirkomulag eða fyrirbæri þekkist erlendis, enda í fullu samræmi við viðurkenndar venjur um vernd lýðræðis, þ. e. a. s. um vernd hins litla fyrir áhrifum af ofurvaldi hins stóra.

Sérhver þjóð setur sér ákveðnar reglur um vernd sjálfstæðis og þjóðlegra verðmæta. Á því sviði, sem hér um ræðir, er eigi síður þörf fyrir verndarráðstafanir. Þær varða almannaheill, snerta hagsmuni þúsunda manna í íslenskum iðnaði beint og að sjálfsögðu alla landsmenn.

Við flm. þessarar þáltill. væntum þess að till. fái skjóta og góða afgreiðslu í þingi og stuðning þeirra þm., sem á annað borð hafa áhuga á íslenskum atvinnumálum. Þá væntum við þess, að hæstv. ríkisstj. láti framkvæma þá athugun sem þáltill. gengur út á.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til að till. verði að lokinni umr. vísað til allshn.

Sigurður Blöndal: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið, en ég get ekki stillt mig um að láta það í ljós, að ég held, að hér hafi verið hreyft afskaplega þörfu máli. Satt að segja hef ég, þegar ég hef setið heima í stofunni hjá mér, eftir að sjónvarpið kom, í vaxandi mæli haft áhyggjur af hinu mikla auglýsingaflóði einmitt þessara sterku alþjóðlegu fyrirtækja sem hafa bókstaflega kaffært íslensku auglýsendurna. Ef litið er á það frá öðrum sjónarhóli, þá er það eitt sem er mjög athyglisvert, að yfirleitt eru íslensku auglýsingarnar miklu betur gerðar og það sýnir sig að það er hægt að gera þessa hluti hérna, við höfum mannafla til þess og kunnáttu, svo að þetta er spurning um fjármagn. Ég skal ekki fjölyrða um þetta, en bara láta í ljós stuðning minn við þessa tillögu.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ástæðan fyrir því, að ég kveð mér hljóðs um þetta sérstaka mál, er e. t. v. fyrst og fremst það sem hv. frsm. lét sér um munn fara varðandi verslunarauglýsingar í sjónvarpi í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Það má vel vera að ástæðan fyrir því, að þar eru verslunarauglýsingar bannaðar eða öllu heldur ekki leyfðar í sjónvarpi, sé m. a. sú, að hætt sé við því að hinir fjármagnsríku geti með ósvífnum yfirgangi knésett þá sem minna mega sín á vettvangi viðskiptanna. En hitt staðhæfi ég, að fyrst og fremst sé ástæðan sú að þar þykja verslunarauglýsingar í ríkisfjölmiðlum siðlaust athæfi. Okkur er það vel kunnugt, okkur er það vel ljóst, að verslunarauglýsingar sem slíkar í sjónvarpi gegna ekki neinu siðferðilegu hlutverki, nema síður sé. Þarna eiga sér stað prangarabrögð oft og tíðum af verstu tegund. Ég hygg að það sé meira en tímabært að hugleiða það hér á hv. Alþ. hvort ekki beri að banna verslunaruaglýsingar yfirleitt í sjónvarpi og útvarpi og dagblöðum.

Formælendur iðnrekenda, sem nú koma hér upp kveinandi hástöfum yfir því að þeir fari nú halloka í samkeppni við erlend iðnfyrirtæki, voru, ef mig minnir rétt, frumkvöðlar þess að við gengum í EFTA, — frumkvöðlar þess vegna þess að þeir vildu — eins og þeir ímynduðu sér að þeir gætu — komast inn á hinn alþjóðlega braskmarkað. Ég veit ekki betur en hv. frsm. sé einn þeirra hv. þm. sem sætta sig fullvel við að erlend iðnfyrirtæki njóti sérréttinda í tollamálum hér á landi, þrátt fyrir það að brotinn sé á okkur samningur um það að við njótum sams konar réttinda erlendis.

Ég ítreka aðeins þetta, að þau siðferðislegu lögmál, sem verslunarauglýsingar byggjast á, eru þess háttar að ég get ekki gert greinarmun á erlendum og innlendum auglýsingum þessarar tegundar. Og ég vil aðeins í lokin segja það, að ég fæ ekki séð með hvaða hætti þeir menn, sem tala um misjafnan siðferðilegan rétt verslunarauglýsinga, gátu farið að því að gera hróp að till. alþfl.-þm. hér á Alþ. í vetur þar sem þeir lögðu til að fjármálum Ríkisútvarpsins yrði séð farborða með því að koma upp sjónvarpsbingói. Ég held að það hafi verið skömminni skárra.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Varðandi það, sem hv. 5. þm. Norðurl. e. sagði, þá hefur hann greinilega ekki hlustað nægilega vel á framsöguræðu mína, þegar ég ræddi um það að auglýsingar þyrftu ekki ætíð að vera af hinu vonda. Auglýsingar geta verið upplýsandi og þær geta verið mjög gagnlegar og eru það oft og tíðum, ef þær eru þess eðlis að þær skýra væntanlegum neytanda frá því hvað raunverulega felist í því sem verið er að selja. Það er ekkert einstakt fyrirbrigði, að auglýsingar þekkist bara í hinum vestræna heimi eða í heimi kaupmennskunnar, eins og hv. þm. mundi væntanlega segja þegar hann talar um okkar þjóðfélag og vestrænar þjóðir. Ég þekki það vel til annars staðar, að jafnvel í hinum austræna heimi eru auglýsingar notaðar í stöðugt ríkari mæli, ekki til þess að þjóna verslunarauðvaldi þess þjóðskipulags, þar á það víst ekki að þekkjast. Þar er öðruvísi valdastétt og önnur valdaskipting en hér þekkist. Þar öðlast menn völdin með öðrum hætti, en kannske með einhverjum tilstyrk peninga, sem ég vil neita að eigi sér stað í lýðræðisríkjunum. En það er annað mál. En jafnvel í þessum ríkjum, sem ég ætla nú ekki að fara frekar út í, tíðkast það mjög að auglýsingar séu notaðar í fagtímaritum og jafnvel í dagblöðum sem flytja yfirleitt einhliða málflutning. Maður sér þar auglýstar vörur eins og t. d. bifreiðar, svo að nokkuð sé nefnt, keramik, jafnvel silfurmuni o. s. frv. Ég hef ekki komið t. d. á stærri vörumarkað heldur en vörumarkað í Austur-Evrópu svo að dæmi sé nefnt. Þar er ekkert til sparað við að ganga frá auglýsingaspjöldum eða alls konar áróðursstarfsemi til þess að láta væntanlega kaupendur eða kaupahéðna heimsins vita hvað þeir hafa að bjóða. (Gripið fram í.) Ég er aðeins að upplýsa hv. þm. um að þetta er nauðsynlegt í nútímaþjóðfélögum, hvort sem það er í austri eða vestri. En ef menn vilja hverfa til dalarómantíkur hv. þm. norður í Þingeyjarsýslu, þá er það auðvitað velkomið. En ég er ansi hræddur um að íslendingar eða aðrar þjóðir, sem eru komnar á það neyslustig eða lífskjarastig, sem við erum komnir, mundu ekki sætta sig við það. Þá mundi hjólið snúast of hægt. Við erum nú í þessu starfi okkar sem þm. til þess að hjálpa fólkinu og vinna með fólkinu þannig að verkaskipting geti fengið notið sín, og í þeirri verkaskiptingu, sem fólkið gerir kröfu til, er auglýsingin nauðsynleg. Hins vegar tók ég skýrt fram í framsöguræðu minni í sambandi við sjónvarpsauglýsingar að þær geta verið mjög hættulegar, og þær eru í eðli sínu hættulegar ef þær eru misnotaðar, sérstaklega fyrir lítil þjóðfélög eins og hið íslenska, sem er opið. Það er opið í eðli sínu. Hvað sem líður viðskiptasamningum eða viðskiptasamböndum, þá er íslenskt þjóðfélag opið og þannig höfum við viljað hafa það. Þess vegna erum við nú komin þar sem við erum í menningarlegu tilliti að mínu áliti og efnahagslegu einnig. Þess vegna er mjög þýðingarmikið að gera sér grein fyrir því að sjónvarpsauglýsingar, sem eru hannaðar úti í hinum stóra heimi, hvort sem er af fjármagnssterkum fjölþjóðafyrirtækjum eða ríkisfyrirtækjum sem hafa ótakmörkuð fjárráð, en þau þekkjast mörg bæði í Vestur-Evrópu og svo ekki síður í Austur-Evrópu, — þá er nauðsynlegt fyrir okkur að gera okkur grein fyrir því að við verðum að setja einhverjar ákveðnar takmarkandi reglur um það hvernig þessir aðilar eða umboðsmenn þeirra hér geta hagnýtt íslenska sjónvarpið. Þetta kæmi auðvitað einnig til greina gagnvart íslenskum aðilum. Það eru til fjármagnssterkir aðilar hérlendis sem vegna þess skipulags og þeirrar verndar, sem fyrirtæki þeirra njóta, geta í krafti þess haft gífurleg áhrif með sjónvarpsauglýsingum.

Ég sagði í minni framsögu að það kæmi til greina að setja reglur sem væru fólgnar í því að takmarka birtingu slíkra auglýsinga, þ. e. a. s. tíðni þeirra og tímalengd, og jafnvel kæmi til greina að skoða hvort textar hentuðu því þjóðfélagi sem hér um ræðir, íslenska þjóðfélaginu. Þetta þekkist erlendis, eins og ég gat um áðan. Þar er sjónvarp ekki galopið fyrir auglýsingum.

Um það, að ég tali hér endilega sem sérstakur fulltrúi iðnrekenda, þá tala ég hér sem þm., og ég vek athygli á því að hér eiga fleiri hagsmuna að gæta en iðnrekendur einir út af fyrir sig. Íslensk iðnfyrirtæki eru í eigu fleiri aðila en einstaklinga. Ég veit ekki betur en norður á Akureyri sé blómlegur iðnaðarbær sem hefur verið byggður upp m. a. af samvinnuhreyfingunni. Þar er öflugur iðnaður. Svo þekkjum við það fyrirbæri líka á Íslandi, að iðnfyrirtæki eru í eigu hins opinbera, sem ég er ekki neinn sérstakur aðdáandi að. En ég leyfi mér að tala hér sem íslendingur varðandi þá atvinnugrein sem mér er umhugað um að eigi eftir að eflast og dafna á Íslandi í framtíðinni. Þá tala ég um íslenskan iðnað, ekki endilega stóriðju, heldur frekar um smærri iðnað sem getur bæði þróast með tilliti til innlends markaðar og svo væntanlega með tilliti til möguleika á erlendum mörkuðum.

Ég held að það sé íslendingum brýn nauðsyn að iðnaður verði efldur í landinu og það sem fyrst. Ef það reynist rétt sem fiskifræðingar spá, að fiskstofnarnir séu jafnilla staddir og þeir segja í sínum skýrslum og því miður ýmislegt bendir til, þá er mikil þörf á því að hv. alþm. skoði alla möguleika til þess að efla íslenskan iðnað og að reynt verði að koma í veg fyrir það að samkeppni í gegnum sjónvarp leggi slík fyrirtæki að velli. Ég tala hérna sem íslendingur og vegna þeirra þúsunda starfsmanna sem eiga mikilla hagsmuna að gæta í sambandi við iðnþróun framtíðarinnar.

Ég er ekki sammála hv. 5 þm. Norðurl. e. að það eigi ekki að gera greinarmun á erlendum og innlendum auglýsingum. Ég geri mikinn greinarmun á því. Það er óliku saman að jafna hvað erlend stórfyrirtæki hafa yfir miklu meira fjármagni að ráða til þess að útbúa sínar auglýsingar heldur en íslenskir aðilar, hvort sem það eru iðnrekendur eða aðrir sem þurfa að auglýsa. Við vitum að íslensk fyrirtæki hafa yfir takmörkuðu fjármagni að ráða til auglýsingagerðar, en ég tek undir það, sem hv. þm. Sigurður Blöndal sagði áðan, að margar íslenskar auglýsingar eru til fyrirmyndar. Þær eru vel gerðar og þær eru öfgalausar og yfirleitt reynast þær sannari en margar af þeim erlendu auglýsingum sem birtast í okkar sjónvarpi.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Það var nú ekki meining mín satt að segja að taka sérstaklega þátt í þessum umr., en samt finnst mér rétt, eftir að hafa hlustað á umr., að taka aðeins til máls um þetta. Ég held að þessi till., sem hér liggur fyrir, sé allra góðra gjalda verð og það sé rétt að samþ. í megindráttum það sem hún fjallar um, en það er að láta gera athugun á áhrifum auglýsinga erlendra fyrirtækja í íslenska sjónvarpinu á samkeppnisstöðu innlendra framleiðenda. Ég held að það væri aldrei nema til bóta að slík athugun væri gerð. En hitt held ég líka að komi til greina, að skoða hvort það sé ekki ástæða til þess að meta almenn áhrif sjónvarpsins á þjóðlífið. Ég held að það fari ekki milli mála að sjónvarpið er gífurlega áhrifamikill fjölmiðill og er kannske á borð við alla aðra fjölmiðla í landinu, blöðin og allan annan skoðana- og umræðuvettvang í landinu, og ég held að það sé kominn tími til þess að athuga hvaða áhrif þessi vettvangur hefur á skoðanamyndun fólks og hvernig þetta fyrirtæki ríkisins er yfirleitt rekið.

Ég hef áhuga á því sem sagt að slíkar almennar athuganir séu gerðar. Það þarf ekkert að liggja á bak við það annað en að vita eitthvað um þessa hluti, eins konar fræðileg skoðun, því það hefur gildi að gera slíkt. En ég efast um að það sé endilega þörf á því að taka út úr alveg einstaka þætti. Það er ágætt að þetta sé gert sem hér er lagt til, en ég held að sú athugun sem gera mætti á starfsemi sjónvarpsins mætti vera miklu víðtækari heldur en gert er þarna ráð fyrir í þessu tilliti.

Annars er það svo um mig, að ég álít að það skipti miklu máli hvaða möguleika íslenskir framleiðendur hafa til þess að kynna sína vöru. Ég tel að það skipti okkur ákaflega miklu máli, því ég tek alveg undir það, sem hv. síðasti ræðumaður var að segja áðan, flm. þessarar till., að vitanlega er það meginmál fyrir okkur að byggja upp íslenskan iðnað. Það er gífurlega mikið hagsmunamál fyrir íslensku þjóðina að við förum að byggja upp framtíðariðnað og koma okkur niður á það hvernig við ætlum að haga honum. Og ég hygg að það sé alveg ljóst að við munum ekki fara þá leið, ef til farsældar á að horfa, að byggja á erlendri stóriðju eða á miklu og nánu samstarfi við erlenda fjármagnseigendur. Við eigum auðvitað að byggja upp okkar eigin iðnað. Það getum við sannarlega gert ef við leggjum eitthvað á okkur til þess, og e. t. v. er einn þátturinn sá að gefa okkar iðnrekendum og þeim, sem um iðnað fjalla, tækifæri til þess að kynna sín mál sem best, hvort sem það er nú gert í formi auglýsinga eða á annan veg.

En ég vildi koma þessari aths. að, og þó að gott sé að kanna einstaka þætti í starfsemi og efnisflutningi sjónvarpsins, þá held ég að hitt sé fullt eins nauðsynlegt, að við gerum okkur almenna grein fyrir því hver áhrif sjónvarpsins eru og hver staða þess sé, t. d. miðað við aðra fjölmiðla í landinu. Ég held að það sé mjög gagnlegt fyrir okkur að vita þetta og það verði sérstaklega gagnlegt fyrir okkur alþm. að vita þetta. Sjónvarpið er partur af þjóðlífinu, og slík könnun getur e. t. v. komið í veg fyrir það að við höfum uppi ýmsa sleggjudóma gagnvart þessari stofnun, en verði til þess að við fáum réttari mynd af starfseminni, og það tel ég vera ákaflega mikilvægt, því hér er um mikilvæga þjóðfélagsstofnun að ræða.

En sem sagt, mér finnst að það sé rétt að þessi till. fái hér þá athugun í þinginu sem ber, en vel gæti ég hugsað mér að útfæra efni þessarar till. meira en gert er ráð fyrir.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Það er ákaflega ríkt hjá mönnum að vilja hafa forsjá fyrir einstaklingunum og það virðist eiga töluverðu fylgi að fagna hér á landi að banna þetta og banna hitt. Ég hélt satt að segja að þeir aðilar, sem standa að þessari till., væru í hópi þeirra manna sem treystu einstaklingunum öðrum betur til þess að mynda sínar skoðanir og þeim væri ekki nein sérstök hætta búin þó að þeir sæju eitt og annað, hvort það væri í sjónvarpi, blaði eða annars staðar. Og ég segi fyrir mitt leyti, að ég er mjög andvígur þeirri stefnu sem kemur fram í þessari þáltill. Sem betur fer erum við ekki lokað land, svo að ég sé ekki fyrir hvaða leka yrði skrúfað þó að það yrði farið að banna að auglýsa erlendan varning í sjónvarpinu meðan allt úir og grúir og flæðir yfir landið af erlendum tímaritum. Enn þá er þó frjálst að kaupa erlend tímarit sem eru full af auglýsingum um þetta og annað og hitt.

Svo skulum við ekki gleyma því, að hér er um góða tekjulind fyrir Sjónvarpið að ræða þar sem er greiðsla fyrir slíkar auglýsingar, og sannarlega sé ég ekki eftir því þó að það komi dollarar, mörk eða pund fyrir slíka hluti. Í þessu sambandi vil ég einnig benda á að svo hvimleiðar hafa orðið sumar auglýsingar einmitt um erlendan varning í sjónvarpinu, að ég held að þær hafi verkað alveg öfugt. Get ég bara sem dæmi nefnt þetta með Johnson-barnið, ég held að það hafi verkað þannig að síendurtekning þeirrar auglýsingar hafi ekki aukið áhuga manna á að kaupa þá vöru. Menn voru orðnir svo þreyttir á þeim endurtekningum að það var að mínu mati algjörlega unnið fyrir gýg, en ég vil alls ekki láta stofnunina missa af þeim tekjum sem þar var um að ræða. Þetta getur verið til athugunar, og ég held að íslenskum iðnaði sé bægt að gera margan betri greiða og veita honum hagkvæmari stuðning heldur en endilega að fara að amast við því að varningur sé auglýstur í sjónvarpinu.

En úr því að ég er kominn hér í ræðustól og farinn að ræða um sjónvarpsauglýsingar, þá vildi ég gjarnan vekja athygli á því að ég tel ákaflega miður farið að það var einhvern tíma samþ. hér á hinu háa Alþ. bann við að auglýsa í sjónvarpi og fjölmiðlum tóbak og áfengi. Ég álít að þetta sé ákaflega hjákátlegt og þjóni engum tilgangi. Þarna, eins og ég sagði áðan, er sama röksemdafærsla fyrir því, að maður opnar ekki svo tímarit og annað að það sé ekki allt fullt af auglýsingum og sumum reglulega fallegum auglýsingum þar sem er verið að auglýsa áfengi og tóbak. Og ég segi fyrir mitt leyti: Ég er svo ágjarn í erlenda gjaldeyrinn að ég hefði ekkert á móti því að þetta væri leyft og vildi gjarnan stuðla að því að þeim hömlum, sem hafa verið

á því að birta auglýsingar um þennan varning í opinberum fjölmiðlum, yrði hið bráðasta hrundið. Gagnvart þessum hættulegu áhrifum, sem vissulega eru um ofnotkun tóbaks og áfengis, þá vil ég bara benda á það, að ég veit ekki nema snoturlega útfærð auglýsing, þar sem sýnt er á menningarlegan hátt, hvernig fara á með áfengi, geti beinlínis þjónað uppeldislegum tilgangi þannig að hún geti verkað sem lærdómsrík kennsla fyrir almenning hvernig hann á að umgangast og meðhöndla þessa mjög svo eftirsóttu vöru.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það var ekki ætlun mín að taka hér til máls um þessa till., ég tel hana svo sjálfsagða og augljóst að hún eigi fullan rétt á sér. En ef það er skoðun fleiri hv. þm. heldur en hv. þm. Stefáns Jónssonar að þeir, sem skoða þessa till. með jákvæðu hugarfari, séu erindrekar verslunarauðvaldsins, þá verð ég líklega að flokkast undir þann hóp, því að ég tel að þessi till. eigi fullan rétt á sér og sé þess eðlis að hún eigi að fá jákvæða afgreiðslu. Hér er um að ræða að Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að láta gera athugun á áhrifum auglýsinga erlendra fyrirtækja í íslenska sjónvarpinu á samkeppnisaðstöðu innlendra framleiðenda. Ég er a. m. k. það mikill íslendingur að ég vil láta innlenda aðila ganga fyrir og njóta forgangs umfram útlendinga, og það hélt ég að þessi hv. þm. væri líka, a. m. k. á vissum sviðum, en það virðist ekki vera á þessu.

Ég veit ekki hvort á að taka ræðu hv. þm. Stefáns Jónssonar á þann veg að hann væri að setja ofan í við flokksbróður sinn, hv. 2. þm. Austurl., sem talaði rétt á undan honum og ég heyrði ekki annað en væri mjög jákvæður í þessu máli. A. m. k. beindi hann ásjónu sinni í þá átt, sem hv. 2. þm. Austurl. situr, þegar hann taldi að hér væri um að ræða erindreka verslunarauðvaldsins sem vildu standa að slíkri samþykkt. Ég held að afstaða hv. 2. þm. Austurl., eftir því sem ég tók hans ræðu, sé með einhverjum líkum hætti og mín, að við viljum veg landans sem mestan í samkeppni við erlenda aðila. En ég vil sem sagt lýsa stuðningi mínum við þessa till., og ég held að almennt hljóti það sjónarmið að vera ráðandi hér á Alþ. að það beri að skoða þessa hluti í ljósi þess að íslenskir aðilar, íslensk fyrirtæki njóti forgangs umfram erlend.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Sjálfur notaði ég alls ekki orðið verslunarauðvald, og kann kannske á nokkuð að vita að hv. þm. Karvel Pálmason skuli virkja á þennan dýrðlega hátt misminni eða misskilning hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar. Ég er ekki þeirrar skoðunar — og fagna því að fá tækifæri til þess að leiðrétta það ef fleiri hafa skilið orð mín svo — að ekki eigi að búa betur að íslenskum iðnaði og að ekki eigi að vernda hann fyrir óheilbrigðri, miskunnarlausri samkeppni erlendra auðfélaga. Ég hef verið þeirrar skoðunar frá upphafi, og ég vil aðeins rifja upp fyrir hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni að þar skildi nú á milli feigs og ófeigs, að þm. Alþb. stóðu gegn inngöngunni í EFTA meðan flokkur hans fylkti sér einhuga um hana, þar sem svo var um hnútana búið að íslenskur iðnaður skyldi standa jafnfætis erlendum iðnaði um markaðinn hér innanlands. Og það eitt er víst, að ef hin smáu innlendu iðnfyrirtæki standa halloka í auglýsingasamkeppninni um vörur sínar, þá munu þau einnig fara halloka í samkeppninni um lágt vöruverð og um önnur þau atriði sem til greina koma þegar keppt er um þennan markað okkar hér innanlands.

Ég hygg, að við séum flest sammála um það sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson sagði um nauðsyn þess yfirleitt að efla innlendan iðnað. En ég vil aðeins, af því að hann minntist á íslensku fiskstofnana í þessu sambandi og hörmulegt ástand þeirra, vekja athygli hans á því að nú innan nokkurra daga er hægt að bæta stöðu íslenska sjávarútvegsins alveg stórlega, þannig að hann geti tekið við nokkrum þúsundum manna til viðbótar í sína þjónustu, með því að láta renna út, eins og heitið var í umr. í desembermánuði s. l., samninginn sem heimilar þjóðverjum að taka 60 þús. tonn af fiski á miðunum okkar hérna. Svo hörmulega er ástatt um íslensku fiskstofnana að slíkt væri ákaflega æskilegt til þess að við gætum tekið örlítið meira af fiski, svo við gætum útvegað fleira fólki starf við vinnslu úr fiskinum okkar, en úr nauð íslenskra fiskstofna verður varla bætt með þessari þáltill. hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar með skjótum hætti.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Ég vil aðeins vekja athygli hv. síðasta ræðumanns á því, að það er ekkert í EFTA-sáttmálanum sem bannar það að takmarka sjónvarpsauglýsingar, þannig að með aðild Íslands að EFTA er ekki verið að leggja stein í götu íslensks iðnaðar hvað þetta áhrærir. Ég vísa til þess að í Danmörku, sem var áður fyrr aðili að EFTA, en er nú aðili að Efnahagsbandalaginu, eru sjónvarpsauglýsingar bannaðar í danska sjónvarpinu, og hið sama á sér stað í Noregi og Svíþjóð. (St. J.: Allar auglýsingar.) Allar auglýsingar, alveg rétt. Ég og við, sem erum flm. þessarar þáltill., leggjum ekki til að banna auglýsingar í íslenska sjónvarpinu. Við bendum hins vegar á að til greina komi að setja ákveðnar takmarkanir á erlendar auglýsingar, sem geti skaðað samkeppnisaðstöðu íslensks iðnaðar. Það er grundvallarmunur á banni og takmörkunum. Ég held að hv. 2. þm. Norðurl. e. hafi ekki alveg skilið efni þessarar till. eða að hann hefur ekki lesið grg. sem er með þáltill.

Varðandi það, hvort við flokksbræðurnir séum ekki sammála um að það beri að hafa forsjá fyrir einstaklingnum eða ekki, vil ég segja þetta: Ég get verið sammála honum að vissu marki. Ég held að forustumenn og allra síst alþm. geti þó afneitað því að þeir verði að hafa forsjá fyrir einstaklingunum eða ákveðna forsjá fyrir þjóðarheildinni, enda sagði hann síðar, sem er tengdara því efni sem hér er til umr., að auglýsingin geti haft uppeldisleg áhrif. Sem sagt, það má vera á valdi þeirra, sem láta framleiða eða útbúa auglýsingarnar, að geta haft þessa forsjá á hendi í gegnum þau áhrif sem auglýsingin hefur gegnum sjónvarpið. Ég held að hv. þm. verði nú að

athuga betur hvað hann segir, þannig að hann sé sjálfum sér samkvæmur. Ég vil heldur, á meðan ég er kjörinn þm., hafa einhverja hönd í bagga um slíka forsjá heldur en sleppa henni algerlega lausri til þeirra, sem framleiða erlendar auglýsingar, hvort sem það er vestur í Ameríku eða suður í Evrópu og ég tala nú ekki um fyrir austan járntjald, því að það bannar auðvitað ekkert Austur-Evrópuríkjunum að auglýsa og nota íslenska sjónvarpið með nákvæmlega sama hætti og fjölþjóðafyrirtækin gera í gegnum sína umboðsmenn á Íslandi. Það fer eftir eðli umboðanna og um hvaða fyrirtæki er að ræða. Ég held því að þessi till. okkar sé mjög gagnleg, og ég held að það sé nauðsynlegt að þm. taki hana til rækilegrar skoðunar og alla vega hugleiði nánar um efni hennar með tilliti til framtíðarinnar.

Hins vegar get ég ekki látið hjá líða að víkja nokkrum orðum að ágætum flokksbróður mínum, hv. 2. þm. Norðurl. e., en hann fór hér dálítið gálauslega með þetta efni. Ég get ekki látið hjá líða að ámelja það harðlega að þm. og það þm. úr stjórnarliðinu skuli leyfa sér að segja að hann sé svo ágjarn á erlendan gjaldeyri að hann vilji hafa sitt frelsi alveg ótakmarkað á sama tíma sem íslenska þjóðin horfir upp á það að vöruskiptajöfnuðurinn aðeins á einu ári, árið 1975, er neikvæður upp á 27,6 milljarða kr. Ef menn vilja vera alvöruþm., — og ég bið hv. þm. að afsaka orðalagið ef það passar ekki, — en við þekkjum það nú hér á þingi að hann er oft mjög kaldur og talar mjög frjálslega, þá hlýtur hann eins og ég að líta þannig á að ef íslenskur iðnaður gæti eitthvað minnkað þann halla eða stuðlað að því að þessi halli verði ekki svona mikill í framtíðinni, þá hljótum við að fagna því. Það er nefnilega ekkert sem heitir núna fyrir íslendinga að vera ágjarnir á erlendan gjaldeyri. Það, sem við þurfum að gera nr. eitt, er að afla meiri gjaldeyris og nr. tvö að spara gjaldeyri. Með því að takmarka áhrif erlendra sjónvarpsauglýsinga á samkeppnismöguleika íslensks iðnaðar erum við auðvitað að stuðla að því að spara erlendan gjaldeyri.

Ég vildi láta þessi orð koma hér fram. Samkv. þingsköpum mun ég ekki geta tekið aftur til máls. En ég held að við hljótum öll að geta verið sammála um það, að við eigum að nota allar leiðir til þess að vernda möguleika okkar til gjaldeyrisöflunar og efla þá möguleika sem stuðla að gjaldeyrissparnaði, og það gerum við best, eins og á stendur, í gegnum íslenskan iðnað og einnig með því að fara vel með þann gjaldeyri sem við höfum aflað.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Ég skal nú ekki fara að orðlengja þessar umr. eða skemmta mönnum með því að fara að skattyrðast við flokksbróður minn, hv. þm. Guðmund H. Garðarsson. En ég vil bara taka það fram til þess að fyrirbyggja allar efasemdir hjá hv. þm. að ég tel mig vera einlægan stuðningsmann íslensks iðnaðar og ég vil standa að öllum skynsamlegum ráðstöfunum til þess að efla og styrkja íslenskan iðnað. En í sambandi við þá þáltill., sem hér hefur verið borin fram, er mér ákaflega mikið til efs að hún verði íslenskum iðnaði að nokkru minnsta gagni. Hins vegar lít ég svo á — og það verður þá að teljast, hvort það er ágirnd eða hvað þeir kalla það — ég tel að hún geti verið valdur að fjárhagslegu tjóni fyrir opinbera fjölmiðla.

Hv. þm. líkar ekki orðalag mitt, að ég væri ágjarn í erlendan gjaldeyri. Jæja, þá skal ég breyta því og segja: Ég er mikill stuðningsmaður að því að efla framleiðslu eða innflutning erlends gjaldeyris til þjóðarinnar, hvort heldur það er gert með þjónustu eða öðru. Mér finnst sá dollar, það mark eða hver önnur erlend eining sem kemur til þjóðarinnar, mér finnst hún ekkert betri hvort hún kemur fyrir hraðfrystan fisk eða hvort hún kemur fyrir einhverja þjónustu, einhver önnur verðmæti sem eru látin í té. Ég flokka ekki gjaldeyrisframleiðslu þjóðarinnar eftir því fyrir hvað þessi erlendi gjaldeyrir kemur. Ef ég get stuðlað að því að fá auknar gjaldeyristekjur með því að veita þjónustu, eins og t. d. með því að lesa upp einhverjar vitleysisauglýsingar fyrir útlendinga sem vilja borga fyrir það fé, en hafa ekki nokkur minnstu áhrif, tel ég þörf á því. Ég hef ekki þá vanmetakennd á íslensku þjóðinni að hún verði dregin út í foræði bara fyrir það að hlusta á einhverjar auglýsingar og fallega músik og annað og að þá hættum við t. d. að kaupa þvottaefni frá Frigg eða Sjöfn eða einhverjum slíkum ágætum iðnfyrirtækjum. Ég held að við séum ekki svona veikburða og veikgeðja og liggjum ekki svona hundflatir fyrir erlendum áróðri, þótt þeir borgi peninga fyrir það. Ég vil láta þetta koma skýrt fram. Ég er eindreginn stuðningsmaður og skal standa með hv. þm. að öllum skynsamlegum ráðstöfunum til þess að efla innlendan iðnað. En þessi þáltill. er mér ekki neitt kappsmál og ég tel að hún verði ekki veigamikið atriði á þeirri vogarskál.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal með ánægju taka það að mér að vera fulltrúi þess íslenska auðvalds, sem kom hér til umr. áðan, sem varaformaður Verslunarráðsins, ef einhver auðmaður skyldi nú leynast í röðum verslunarstéttarinnar. Hún hefur nú verið það aðþrengd undanfarið að ég skil ekki að það sé auðvelt að finna auðmenn innan hennar. En um till. sjálfa, sem liggur hér fyrir sem 51. mál, vil ég segja það, að hún felur í sér vissar hættur fyrir flm. sem ég vil leyfa mér að benda á, en ég vil þó lýsa samstöðu minni með flm. um að láta athuga eða láta könnun fara fram um samkeppnisaðstöðu innlendra framleiðenda við erlenda um auglýsingamarkaðinn hérlendis.

Í seinni hluta till. segir með leyfi hæstv. forseta: „Leiði sú athugun í ljós að innlendri framleiðslu kunni að vera hætta búin vegna ótakmarkaðs aðgangs erlendra fyrirtækja að auglýsingatíma sjónvarpsins.“ Mér skilst að flm. meini að takmarka beri meira en gert er þann auglýsingatíma sem erlendir aðilar, erlendir framleiðendur hafi í sjónvarpinu, þá í skjóli peningagetu sinnar. Ég er sammála því að íslenskur iðnaður, ef hann er hér sérstaklega til umr., — ég er þó ekki á því að hann sé sérstaklega til umr., þó að fyrrv. formaður Félags ísl. iðnrekenda sé flm. till., það er íslensk framleiðsla almennt sem vernda á og hún er á svo mörgum sviðum. Ég

tel það ekki innlendan iðnað þó að það sé blandað hér tveimur efnum saman eða lögur settur á flösku. En seinni hlutinn af þessari grein er svona: „Skulu gerðar till. um, hvernig tryggja megi að sjónvarpið þjóni fyrst og fremst hagsmunum íslensku þjóðarinnar.“ Hverjir eru hagsmunir íslensku þjóðarinnar nema að framleiðendur, sem framleiða bestu vöruna og kannske þá ódýrustu um leið, komi því á framfæri svo að íslenska þjóðin geti fengið góðar vörur fyrir lítið verð, og þá er sama hvort það er innlend eða erlend framleiðsla? Þarna vil ég vara við, vegna þess að ég held að það sé visst aðhald fyrir íslenskan iðnað að góðar erlendar vörur séu á markaðnum, þótt ég sé sammála að það beri að gæta þess að með fjármagni, sem útlendingar hafa fram yfir íslenska aðila, nái þeir ekki einhvers konar einkarétti í skjóli fjármagns á auglýsingatíma sjónvarpsins. En ég vil ekki taka samkeppnina frá innlendum framleiðendum, og ég efast um að íslenskum iðnaði yrði nokkur greiði gerður með því.

Ég fagna því ávallt þegar hv. 5. þm. Norðurl. e. tekur til máls. Hann er eins og ferskur blær komi úr öðrum heimi, menn geta giskað á það hvort hann kemur ofan frá eða ekki, en alla vega er það annar blær en maður heyrir hér oft. Ég er honum afskaplega ósammála um það að verslunarauglýsingar í ríkisfjölmiðlum séu sjálfsagðar, þar er ég honum afskaplega ósammála. Ég hef ekki séð eða heyrt í ríkisfjölmiðlunum auglýsingu sem er siðlaus. Það getur verið að það hafi farið fram hjá mér, ég skal ekki útiloka það. En fyrri parturinn af þessari fullyrðingu hans vekur athygli mína og það eru verslunarauglýsingar í ríkisfjölmiðlum. Og þá erum við komin að því: Hvers vegna er hérlendis ekki starfrækt annað en ríkisfjölmiðlar? Hvers vegna er ekki hægt að reka hér fjölmiðla án þess að hafa ríkisrekstur á þeim? Ég er þá að tala um sjónvarp og útvarp, eins og ég tók fram áðan. Ég tel ekki að það sé frjálst land sem hefur eingöngu ríkisfjölmiðla til þess að koma á framfæri því sem þarf að koma áleiðis til þjóðarinnar. Það er komið í ljós að Alþýðusambandið er mér sammála samkv. fréttum undanfarna daga. Ef Alþýðusambandið sjálft hefði fengið að reka sína fjölmiðla, Alþýðusambandið sem ég álít að sé það mesta auðvald sem við eigum á Íslandi, hefðu forráðamenn þess ekki kvartað undan yfirgangi ríkisins og einkum sjónvarpi og útvarpi. Ég ætla að taka það fram líka að það er ekki í Verslunarráði Íslands, svo að ég „representera“ það ekki.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. vildi banna allar auglýsingar og kallaði þetta samkeppni um braskmarkað. Sumir þekkja braskmarkað, sumir kalla það svartamarkað. Ég þekki hann ekki og enginn af mínum kollegum í Verslunarráði Íslands þekkir hann. En þegar við ræðum á Alþ. um samkeppni um markaði, þá er það hinn frjálsi markaður, þar sem hinar viðurkenndu atvinnugreinar lands og þjóðar keppa um að koma á framfæri framleiðslu sinni, þannig að mér finnst tal um braskmarkað ekki eiga að eiga sér stað í umr. um þessa till. til þál. Hún gefur ekki tilefni til slíks.

Hv. 6. landsk. þm. byrjaði ræðu sína á því að rekja sögu auglýsinga allt frá því að kallarar voru notaðir í fornöld og fram til þessa dags, það mikið heyrði ég af hans ræðu. Mér skildist á máli hv. 5. þm. Norðurl. e., að hann vildi afnema allar auglýsingar, og ég gat ekki betur skilið en hann vildi fara aftur til þeirra tíma sem flm. vitnaði til í upphafi máls síns, sem sagt að Ísland ætti þá að nota kallara bæði innanlands og erlendis til þess að segja fólki að við framleiðum ágætis fisk sem það ætti að borða. Ég hefði gaman af því að mála þá mynd svolítið betur. Við höfum sendiherra víða um lönd. Ég ætla ekki að rekja þá sögu, en hver og einn getur ímyndað sér hvaða stórkostlega verkefni biði sendiherra íslensku þjóðarinnar á erlendri grund.

Ég vil segja það að íslenskur iðnaður hefur tekið gríðarlega stór framfaraspor síðustu árin. Það er ekki oft sem ég fer oftar en einu sinni á vörusýningu, en ég hef farið tvisvar sinnum á þá húsgagnasýningu sem nú er í Laugardalshöllinni hér í höfuðborginni. Ég verð að segja að miðað við þær sýningar, húsgagnasýningar, sem ég hef séð erlendis, þá gefur framleiðslan íslenska erlendri framleiðslu ekkert eftir. Og það er áreiðanlega markaður erlendis fyrir þær vörur sem þar eru sýndar, enda kom fram í samtölum mínum við marga af þeim framleiðendum, sem þar eru að kynna sínar vörur, að þeir eru á leiðinni með sýnishorn af framleiðslunni til útlanda þessa stundina. Þar komu meira að segja fram djarfar hugmyndir og útfærslur á íslensku hugviti sem ég hef ekki séð annars staðar, og á ég þar við sérstakan framleiðanda sem ég kæri mig ekki um að nefna hér. En ég fann mig knúinn til þess að leita uppi hönnuðinn til þess eins að óska honum sérstaklega til hamingju með þá dirfsku sem hann sýndi þar í útfærslu og framleiðslu.

En það er annað sem er kannske enn þá alvarlegra, að við sköpum þessum íslenska iðnaði alls ekki þau samkeppnisskilyrði að hann geti verið samkeppnisfær í verði, vegna þess að t. d. á þessu sviði, sem ég er nú að tala um, húsgagnaiðnaði, eru tollar af fullunninni erlendri vöru þeir sömu og á innflutta hráefninu til smíða, en hráefni ber 10%, að mér var sagt, meiri innflutningsgjöld, 35% + 10%, heldur en fullunnin erlend vara. Og þar komum við að kjarna málsins sem ég vil leggja áherslu á. Ég tel það vera hlutverk Alþ. og verkefni okkar allra að sjá svo um að íslenskur iðnaður fái sitt hráefni, ef ekki tollfrjálst, þá a. m. k. á það vægum innflutningsgjöldum að þau verði samkeppnisfær við erlendar vörur. Ég skal viðurkenna að þessi till. á fyllilega rétt á sér, þótt ég sjái í henni vissar hættur sem ég er þegar búinn að vara við. En áður en ég lýk máli mínu þykir mér hlýða að lýsa því yfir að ég mun standa að samþykkt þessarar till., þótt hann við auglýsingum erlendra aðila komi ekki til greina.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Jöfnun á kostnaði við kyndingu húsa, þáltill. (þskj. 394). — Ein umr.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 394 ásamt hv. þm.

Benedikt Gröndal að flytja svo hljóðandi till. til þál.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta semja frv. til l. um ráðstafanir til þess að jafna kostnað við kyndingu húsa sem hituð eru með mismunandi tegundum orkugjafa. Við samningu frv. verði m. a. eftirfarandi atriði athuguð sérstaklega:

1. Hvort æskilegt sé að jafna kyndikostnað með verðjöfnun eingöngu, niðurgreiðslum eingöngu eða kerfi verðjöfnunar og niðurgreiðslna.

2. Að jöfnun verði þann veg hagað að hún hvetji, en letji ekki framkvæmdir til þess að draga úr raunverulegum kostnaði við húshitun, t. d. með virkjun jarðhita, rafhitun eða byggingu kyndistöðva. Í því sambandi verði sérstaklega athugað hvort ekki sé rétt að hluti þeirra ráðstafana, sem gerðar séu, verði í því fólginn að afla fjár með sérstökum hætti til að hraða rannsóknum á jarðhita, jarðhitaleit og virkjun jarðhita til húsahitunar þar sem hans er von svo og byggingu olíukyndistöðva eða gerð rafhitunarkerfa, hvort heldur sem hagkvæmara þykir, þar sem jarðhiti er ekki fyrir hendi."

Það hafa farið fram það miklar umr. um þessi mál hér á Alþ. í vetur að ég held að það þjóni ekki neinum tilgangi að lengja þær frekar en orðið er, enda fáu einu við það að bæta. Hins vegar er ljóst að það má skipta landsmönnum í fjóra flokka varðandi aðstöðu í húshitunarmálum. Í fyrsta lagi þá sem njóta húsahitunar frá jarðvarmaveitu, eins og t. d. reykvíkingar gera og sívaxandi hluti landsmanna. Í öðru lagi þá sem eiga von á því að geta í fyrirsjáanlegri framtíð virkjað jarðhita til húsahitunar. Í þriðja lagi þá sem eiga ekki von á slíku, en geta hugsanlega leyst sín húsahitunarmál með byggingu kyndistöðva, annaðhvort kyntra með svartolíu eða raforku. Í fjórða flokknum koma svo þeir, og þá eru það einkum og sér í lagi íbúar mestu dreifbýlishéraðanna, sem hvorki eiga von á hita til húshitunar frá jarðvarmaveitum né heldur frá kyndistöðvum, en verða til frambúðar að notast við olíu.

Aðstöðumunur fólks á olíuhitunarsvæðunum annars vegar og hitaveitusvæðunum hins vegar er þegar orðinn svo mikill að það finnst ekkert dæmi að minni hyggju um einn einstakan þátt brýnustu lífsnauðsynja þar sem aðstæður valda svo miklu misrétti. Verði ekkert að gert er mjög líklegt að þessi aðstöðumunur geti valdið mikilli byggðaröskun, því að það hlýtur, þegar til lengdar lætur, að hafa mikil áhrif á hvar fólk velur sér búsetu ef það á einum stað getur þurft að greiða allt að fimmföldu verði fyrir húshitun á við það verð sem það þyrfti að greiða kysi það sér annan stað á landinu til búsetu.

Þá hefur þessi aðstöðumunur að sjálfsögðu einnig talsvert mikil áhrif á atvinnurekstur, þ. e. a. s. á ákvarðanir atvinnurekenda um hvar þeir velja atvinnurekstri sínum stað á landinu. Það er að sjálfsögðu talsvert atriði varðandi ýmsan atvinnurekstur hver kyndikostnaður er við upphitun. Og atvinnurekandinn er að sjálfsögðu á sama báti og einstaklingur í þessu efni, að hann kýs heldur að velja atvinnufyrirtæki sínu stað á þeim stað á landinu þar sem hann getur þurft að borga allt að fimmfalt minni kostnað við upphitun húss heldur en á einhverjum öðrum stað þar sem kostnaðurinn getur verið fimmfalt meiri.

Við jöfnun á kyndikostnaði, eins og hér er um rætt, yrði því að taka tillit til kostnaðar bæði við kyndingu íbúðarhúsnæðis og eins við kyndingu á húsnæði til atvinnurekstrar, enda er beinlínis ráð fyrir því gert í þessari tillögu.

Sú er yfirlýst stefna allra stjórnmálaflokka í landinu að stuðla að varðveislu byggðar í landinu öllu þar sem byggilegt er. Í því skyni hefur ýmislegt þegar verið gert til þess að jafna aðstöðu landsmanna án tillits til búsetu. Ýmislegt fleira af slíku tagi er á döfinni eða til umr. Má þar til nefna ráðagerðir um flutning ríkisstofnana eða stofnsetningu útibúa frá þeim úti á landsbyggðinni, könnun á hvernig jafna megi flutningskostnað í framhaldi af þál. sem Alþ. hefur samþ. þar að lútandi, hugmyndir um frekari jöfnun á símagjöldum og fjölmargt annað af því tagi. Þá hefur fyrsta skrefið einnig verið stigið í þá átt að jafna kyndikostnað með niðurgreiðslu á olíu til húshitunar. Sú framkvæmd svo og hvernig fjár er til hennar aflað hefur hins vegar valdið deilum, enda frá upphafi aðeins um bráðabirgðaráðstöfun að ræða sem auk þess að vera bráðabirgðaráðstöfun er allsendis ófullnægjandi.

Það má segja sem svo að það sé í fyllsta máta eðlilegt, ef menn telja nauðsynlegt og réttlátt að jafna aðstöðu manna án tillits til búsetu t. d. hvað varðar flutningskostnað eða símagjöld, þá sé enn þá eðlilegra og réttlátara að jafna aðstöðu landsmanna án tillits til búsetu á þeim sviðum þar sem aðstöðumunurinn er miklu meiri, eins og t. d. í húshitunarmálum. Því er ekki óeðlilegt að farið sé á flot með hugmyndir um jöfnun kyndikostnaðar þegar horft er til þess hvað þegar hefur verið gert og hvað þegar hefur verið ráðgert um jöfnun á aðstöðumun á ýmsum öðrum sviðum.

Eins og fram kemur í þessari till. er okkur, sem að henni stöndum, hins vegar ljóst að slíkar aðgerðir mega ekki verða til þess að letja framkvæmdir til að draga úr raunverulegum kostnaði við húshitun, t. d. með virkjun jarðhita og fleiru af því tagi. Því kemur að okkar áliti vel til greina að hluti þeirra ráðstafana, sem gerðar yrðu til jöfnunar, væri á þann veg að séð yrði fyrir sérstöku auknu fjármagni eða sérstöku auknu lánsfé til þess að hraða nýtingu innlendra orkugjafa til húshitunar eða til annarra framkvæmda til þess að draga úr kostnaði við húshitun með olíu, t. d. með byggingu kyndistöðva eða með því að greiða fyrir kostnaðarsparandi nýjungum í húshitunarmálum, t. d. með nýjum gerðum af miðstöðvarkötlum o. s. frv. Vil ég í því sambandi sérstaklega vekja athygli á uppfinningu íslensks uppfinningamanns sem ég gerði að umræðuefni á Alþ. fyrr í vetur, sem fundið hefur upp nýja tegund af miðstöðvarkatli sem sameinar rafhitun og olíuhitun í einum og sama ketilbúnaði. Þessi ketill var við prófun rekinn með mun meiri hagnaði og mun meira kostnaðarsparandi heldur en nokkur ketilbúnaður sem á markaðnum er. Vissulega mundi það auka talsvert á jöfnuð í húshitunarmálum ef

hægt væri að greiða fyrir því að fólk gæti skipt um húshitunaraðferð og tekið slíka upp á þeim svæðum þar sem útilokað er talið að leysa húshitun fólks á annan veg en með olíukyndingu.

Að lokum vil ég geta þess, að í þeim miklu umr., sem orðið hafa í vetur hér á Alþ. um húshitunarmál, hafa fjölmargir þm. lýst sig fylgjandi auknum jöfnuði í kostnaði við húshitun með mismunandi orkugjöfum. Vil ég í því sambandi leggja sérstaka áherslu á það, að í þann streng hafa einnig tekið þeir sem lýst hafa sig andvíga þeim aðferðum sem nú er beitt í þessu skyni. Till. þessi er m. a. flutt í því skyni að fá staðfest að þetta sé vilji Alþ., að leitað sé úrræða til þess að framkvæma sem fyllsta jöfnuð á húshitun í landinu, og ef sá er vilji Alþ. að honum verði þá fylgt eftir með viðeigandi ráðstöfunum.

Herra forseti. Ég tel svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta mál. Eins og ég sagði fyrr í minni ræðu, hafa orðið miklar og ítarlegar umr. um það á þingi í vetur. Ég legg til að þáltill. þessari verði vísað til hv. allshn.

Sigurður Blöndal: Herra forseti. Ég er að sjálfsögðu mjög fylgjandi þeirri hugmynd sem kemur fram í þessari þáltill. sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson mælti hér fyrir. Ég sé ekki ástæðu til að endurtaka þau atriði sem hann dró fram, en hér skipta ákaflega miklu máli, og það er einmitt sá mikli ójöfnuður sem það felur í sér að vera búsettur á t. d. hitaveitusvæði eða á þeim svæðum landsins þar sem jarðhita nýtur ekki og menn eiga ekki annars kost en kynda hús sín með olíu. Mér er þetta náttúrlega sérstaklega hugleikið því að fyrir ári flutti ég frv. til l. um breyt. á grunnskólalögunum sem snerti takmarkaðan þátt þessa máls, þ. e. a. s. um jöfnun hitakostnaðar í skólum landsins milli þeirra svæða þar sem nýtur jarðhita annars vegar og þar sem menn þurfa að kynda með olíu eða rafmagni hins vegar. Þetta frv. endurfluttu þeir svo í haust í Ed. hv. þm. Helgi F. Seljan og Stefán Jónsson, og ég get ekki annað en notað þetta tækifæri til þess að harma að það er stansað í n., að því er mér er tjáð. Það hefur ekkert annað gerst en því hefur verið fylgt úr hlaði við 1. umr. og vísað til n. og þar situr það og situr fast, að því er mér er tjáð. Þetta er auðvitað bara einn angi þessa máls, sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson var að lýsa hér og till. hans og hv. þm. Benedikts Gröndals tekur til, hún er miklu almennari. Ég gerði þarna tilraun til þess að ráðast á aðeins einn þátt þessa vandamáls, þar sem var skólahúsnæðið. Þar er það mismunandi aðstaða sveitarfélaga sem málið snertir, og í raun og veru er það ekki stærra mál en svo að það ætti í raun og veru að vera mjög einfalt að kippa því í lag, því að það snertir bara þessa tvo aðila, ríkið og sveitarfélögin, en tekur ekki til einstaklinga. Þó að ekki væri nema sá takmarkaði hluti vandamálsins sem fengist leiðréttur, þá væri það strax nokkuð í áttina. Varðandi hitun skólahúsnæðisins koma einmitt til fámennir sveitahreppar og lítilmegandi, og ég held að okkur hafi tekist að finna mjög sómasamlega og aðgengilega jöfnunarreglu. Ég leitaði um það í fyrra samráðs við forráðamenn Sambands ísl. sveitarfélaga sem voru þessari hugmynd mjög fylgjandi, og hafði reyndar oft verið um það rætt hjá sambandinu.

Ég skal ekki lengja þessar umr. frekar, en sem sagt fagna þáltill. sem hér er til umr. Ég vil jafnframt harma mjög að það mál, sem ég flutti hér í fyrra og fer í sömu átt, skuli ekki vera komið nánast neitt áleiðis, af því að, eins og ég segi, það hefur þó þann kost að það er mjög einfalt. Það snertir aðeins þessa tvo aðila, ríkið og sveitarfélögin, og væri afskaplega fljótlegt að afgreiða það með handauppréttingu í þessari hv. þd.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Vinnuvernd og starfsumhverfi, þáltill. (þskj. 448). — Ein umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Mál það, sem hæstv. forseti hefur tekið á dagskrá, flutt af þm. Alþfl., fjallar um vinnuvernd og starfsumhverfi og er að okkar hyggju stórmál fyrir allt vinnandi fólk, — mál sem við leggjum hér fram í þessu formi í fyrsta skipti þó að alllangur aðdragandi sé varðandi vinnuöryggi. Við teljum að þetta mál muni hafa mikil áhrif á kjarabaráttu vinnandi fólks á komandi áratugum og að miklar umbætur verði fyrir það gerðar á þessu sviði. Hins vegar sé ég, herra forseti, ekki ástæðu til þess að flytja langa ræðu um þetta mál þar sem aðeins 4 þm. fyrir utan hæstv. forseta eru í salnum, þar af 2—3 flokksbræður mínir sem þekkja þetta mál. Skal ég því ekki valda þjóðinni frekari aukaútgjöldum með því að halda þingfundi áfram við þessar aðstæður. Vona ég að það sé tilviljun, en ekki brögð af hálfu okkar ágæta forseta að hann notar tækifærið, þegar þingsalur er nálega tómur, að taka fyrir ályktanir frá stjórnarandstöðuflokkunum hverja á eftir annarri. (**Forseti:** Ég bið hv. þm. að afsaka það að þetta mál er tekið fyrir nú. Það er vegna þess að flm. margra af þeim málum, sem ég hef hlaupið yfir á dagskrá, hafa ekki verið við í dag og því ekki hægt að ræða þau mál. En ef hv. þm. óskar þess sérstaklega að beðið sé með framsögu þessa máls, þá get ég vel orðið við þeirri ósk. Hv. þm. getur ráðið því sjálfur hvort hann vill hafa framsögu um frv. nú eða verði beðið með það.) Ég þakka hæstv. forseta fyrir vinsemd hans. Ég veit að hann getur ekki við því gert að ráðh. sækja ekki fund svo að flestar fsp. eru teknar út af dagskrá og önnur mál komast ekki á dagskrá af því að menn eru ekki tilbúnir að mæla fyrir þeim. En efni þessarar till. er það mikilvægt að ég mun þiggja boð hæstv. forseta og freista þess að fá að mæla fyrir henni síðar, ef ske kynni að einhver hefði áhuga á að heyra um hana rætt.

Umr. frestað.

Efri deild, 91. fundur.

Miðvikudaginn 28. apríl, kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Samkomulag við Sambandslýðveldið Þýskaland um veiðar þýskra togara í íslenskri landhelgi var staðfest á Alþingi 28. nóv. s. l. og mun hafa tekið gildi þann dag. Í bréfi, sem prentað var sem fylgiskjal IV. með þáltill. og var hluti þess samkomulags sem hér um ræðir, var kveðið svo á að þrátt fyrir gildistímabil það, sem greint var í 9. lið aðalsamkomulagsins, mætti fresta framkvæmd þess ef bókun nr. 6 í samningi Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu hefði ekki tekið gildi innan 5 mánaða, nánar tiltekið með þeim rökstuðningi að náið samband væri milli lausnar á fiskveiðideilunni og þess að margnefnd bókun nr. 6 tæki gildi.

Um þennan hluta samkomulagsins sagði hæstv. utanrrh. í framsöguræðu sinni um þáltill. með leyfi forseta:

„Hitt bréfið er um að framkvæmd samkomulagsins megi fresta ef bókun nr. 6 við samning Íslands við Efnahagsbandalagið hefur ekki tekið gildi innan 5 mánaða, og mundi það m. a. hafa í för með sér að hólf það undan Vestfjörðum, sem ég nefndi áðan, mundi ekki opnast ef slík frestun á sér stað, og það er fullur ásetningur ríkisstj. að nota þá heimild til frestunar sem hér um fjallar."

Þetta voru orð hæstv. utanrrh., þegar hann mælti fyrir þessari þáltill.

Í umr. um málið hér á Alþ. var þessi afstaða ríkisstj., — ekki er vafi á að hæstv. utanrrh. mælti hér fyrir munn allrar ríkisstj. — þessi afstaða var ítrekuð og kom fram hvað eftir annað vegna nánari eftirgrennslana einstakra þm. Í því sambandi mætti nefna það að hv. þm. Steingrímur Hermannsson spurði nánar um þetta ákvæði samkomulagsins og þá m. a. um það, hvort þjóðverjar mundu fara út fyrir 200 mílna mörkin ef þessu samkomulagi yrði frestað að 5 mánuðum liðnum. Hæstv. utanrrh. svaraði þessari spurningu, eins og kemur glöggt fram í prentuðum þingtíðindum, með eins atkvæðis orði, með orðinu já. Mörgum þm. þótti nokkuð mikið upp í sig tekið af hæstv. utanrrh., þegar hann tók svo stórt til orða, og spurðu hann að því með hvaða rökum hann gæti fullyrt að vesturþjóðverjar færu út fyrir mörkin ef frestun ætti sér stað 1. maí, og ég var einn þeirra sem lagði fram þá spurningu. Hæstv. utanrrh. svaraði og sagðist e. t. v. hafa verið óþarflega stuttorður, en það væri þá ágætt að leiðrétta það, og hann sagði, með leyfi forseta:

„Það, sem gerist, ef bókun 6 tekur ekki gildi eftir 5 mánuði, er það að ríkisstj. mun segja samningnum upp. Eftir það eru allar veiðiheimildir fallnar úr gildi. Og það er skoðun okkar — ég verð að taka fram að það er skoðun okkar — að þá verði þjóðverjar að sjálfsögðu að fara út fyrir landhelgismörkin, en um það segir ekki í samningnum eins og menn geta ljóslega séð."

Í síðari ræðu sinni sagði hæstv. utanrrh. þannig að öllu sé nú til skila haldið, með leyfi forseta:

„Ég ætlaði aðeins, fyrst ég stóð upp, að leiðrétta mismæli sem mér varð á í dag þegar ég svaraði hv. þm. Ragnari Arnalds. Ég mun hafa sagt að það væri minn skilningur, að ef bókun 6 yrði ekki komin til framkvæmda, þá félli samningurinn úr gildi. Það er auðvitað ekki rétt — það var bara mismæli — þá verður honum frestað. Þetta vildi ég leiðrétta."

Sem sagt, hæstv. utanrrh. lýsti því yfir þrívegis með mjög eindregnum og skýrum orðum að hefði bókun 6 ekki komið til framkvæmda að 5 mánuðum liðnum, þá yrði samningnum frestað.

Eins og ég hef áður sagt var samningurinn við vestur-þjóðverja staðfestur 28. nóv. af Alþ. og gildistakan miðuð við þann dag. Dagurinn í dag er því fyrsti dagurinn sem heimilt er að fresta þessum samningi. Hins vegar var hæstv. forsrh. spurður að því í sjónvarpi í gærkvöldi, hvort ríkisstj. mundi ekki standa við orð sín og hann svaraði þá, með leyfi forseta:

„Ríkisstj. mun ekki gera sérstakar ráðstafanir nú þegar til að fresta framkvæmd fiskveiðisamnings við vestur-þjóðverja. Ríkisstj. telur eðlilegt að gefa þýskum stjórnvöldum færi á að gera grein fyrir því hvernig þeirri viðleitni þeirra hefur miðað innan Efnahagsbandalags Evrópu að fá þar samþykkta fulla gildistöku viðskiptasamnings Íslands og bandalagsins. Mun verða gengið eftir slíkri greinargerð og tekið mið af henni við frekari aðgerðir."

Það er víst ekki ofmælt að þessi óvænta yfirlýsing hæstv. forsrh. hefur vakið gífurlega athygli um land allt og þá ekki minni furðu. Þrátt fyrir endurteknar algjörlega ótvíræðar yfirlýsingar virðist ljóst að ríkisstj. ætlar ekki að standa við orð sín. Vegna þessara miklu tíðinda er óhjákvæmilegt að Alþ., sem meðtók þessar yfirlýsingar ríkisstj. á sínum tíma, — yfirlýsingar sem nú er verið að svíkja, og þjóðin öll krefjist frekari skýringa en gefnar hafa verið. Og af því tilefni hef ég hér kvatt mér hljóðs utan dagskrár.

Ég vil sem sagt leyfa mér að spyrja hæstv. forsrh. eða hæstv. utanrrh. eftir atvikum: Hafa þýsk stjórnvöld ekki haft nægan tíma undanfarnar vikur að áliti ráðh. til að gera grein fyrir því hvernig málin standa innan Efnahagsbandalags Evrópu? Hvað hefur hindrað íslensku ríkisstj. í því að fá þessi mál á hreint, af eða á, nú áður en 5 mánaða fresturinn er útrunninn, og hefur verið gengið eftir slíkri grg.? Sem sagt, hver er hin raunverulega skýring á því að ríkisstj. hefur tekið ákvörðun um að standa ekki við fyrri yfirlýsingar sínar? Gerir hún sér ekki fulla grein fyrir því að óorðheldni af þessu tagi hlýtur að veikja stöðu okkar þegar erlendar ríkisstjórnir mega nú orðið nokkurn veginn ganga að því vísu og treysta því að ekki sé takandi mark á yfirlýsingum íslenskra ráðh. um gagnaðgerðir íslendinga í þessari hörðu deilu. Meðan engin viðhlítandi skýring á framferði ríkisstj. fæst hljóta allir, þ. á m. íslenska þjóðin og vestur-þýsk stjórnvöld að draga þá ályktun að það sé alls ekki ætlunin að nota þá heimild sem hér hefur verið gerð að umtalsefni og er í samningnum við vestur-þjóðverja, þvert ofan í fyrri yfirlýsingar.

Hæstv. forsrh. hefur að vísu, eins og ég hef

nú þegar getið, gefið þá skýringu að enn sé verið að bíða eftir grg. vestur-þjóðverja. En ef hæstv. ráðh. vill að nokkur taki mark á slíkri skýringu, þá verður hann að svara því jafnframt til hversu lengi verði beðið. Það dugar að sjálfsögðu ekki að segja, eins og hæstv. ráðh. sagði í sjónvarpinu í gærkvöldi nánar aðspurður, að e. t. v. yrði beðið í nokkrar vikur. Það segir sig sjálft að nokkrar vikur eru æðiteygjanlegt hugtak og þar geta menn átt við tvær vikur alveg jafnt sem 20 vikur. Ef hæstv. forsrh. svarar ekki hér á Alþ. skýrar en hann gerði í sjónvarpinu í gærkvöldi, þá hljóta allir að draga þá ályktun að það sé afstaða ríkisstj., þvert gegn fyrri yfirlýsingum, að láta samninginn standa áfram, að þá sé yfirlýsing forsrh., sem hann gaf í gær, aðeins gamalkunn aðferð óorðheldinna manna til þess að smjúga fram hjá fyrri yfirlýsingum á sem mjúklegastan og fimastan hátt.

Ég vil minna á í þessu sambandi að þörfin á því að bókun 6 í samningnum við Efnahagsbandalag Evrópu kæmi til framkvæmda var einmitt ein helsta röksemdin fyrir þessu samkomulagi við vestur-þjóðverja á sínum tíma. Flestum þótti að vísu nóg um að hér skyldi gerður samningur án þess að bókunin kæmi beinlínis þá þegar til framkvæmda, en nægilega margir gáfu samþykki sitt með hliðsjón af því að verið væri að gefa vestur-þjóðverjum 5 mánaða endanlegan frest. Það má því hiklaust fullyrða að þessi 5 mánaða frestur og þá um leið það atriði að samningurinn frestaðist ef bókun 6 kæmi ekki til framkvæmda, þetta var afgerandi forsenda fyrir samþykki Alþingis. Og nú er ljóst, hinn 20. apríl, að þessi forsenda er brostin.

Það er því ekki að ástæðulausu að ég leyfi mér að benda hér á að ríkisstj. er beinlínis bundin af þessu loforði sínu og skyldug gagnvart Alþ. að fresta framkvæmd þessa samnings nú þegar 5 mánuðir eru liðnir án þess að bókun 6 hafi komið til framkvæmda.

Í þessu sambandi vil ég enn fremur vekja sérstaka athygli á því að úrslit þessa máls eru sérstaklega mikilvæg fyrir vestfirðinga og norðlendinga og alveg vafalaust að mjög verður eftir því tekið í þessum landshlutum hvað ríkisstj. raunverulega hyggst fyrir í þessum efnum.

Frá 1. júní til 30. nóv. n. k. verður opið að öllu óbreyttu stórt og mikið hólf fyrir vestur-þýska togara á Halamiðum allt upp að 34 mílna mörkunum. Þetta eru einmitt meginveiðislóðir togaraflotans á Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi, og því er gífurlega mikilvægt hvort þetta svæði verður opnað 1. júní eða hvort það verður áfram lokað fyrir vestur-þjóðverjum. Einmitt sérstaklega í ljósi þessa hljóta menn að krefjast svara við þeirri spurningu sem ég lagði hér fram áðan: Hversu lengi hyggst ríkisstj. bíða? Hyggst hún bíða í 2—3 vikur? Var það það sem hæstv. forsrh. átti við í sjónvarpinu í gær? Eða hyggst hún bíða í allt sumar?

Í sambandi við þennan samning eru nokkur fleiri atriði sem æskilegt væri að fá hér skýringar á. Þegar Alþ. samþ. samninginn kom ljóst fram að það samþykki byggðist ekki aðeins á þeirri forsendu, sem ég nú hef nefnt, heldur einnig á annarri afgerandi forsendu. Hún var sú, að íslensk stjórnvöld hefðu strangt eftirlit með veiðum og aflamagni vestur-þýskra togara á samningstímabilinu. Hv. þm. Steingrímur Hermannsson, 2. þm. Vestf., komst svo að orði í umr. um þetta mál, með leyfi forseta:

„Ég er sannfærður um að þarna þarf að hafa mjög strangt eftirlit, en með ströngu eftirliti sýnist mér að e. t. v. megi tryggja að þarna verði ekki samningurinn brotinn.“

Og hv. þm. Austurl., Tómas Árnason, kvaddi sér sérstaklega hljóðs við nafnakall þegar greidd voru endanlega atkvæði um þetta samkomulag, og hann gerði grein fyrir atkv. sínu með svofelldum orðum:

„Herra forseti. Í trausti þess að settar verði strangar reglur um framkvæmd veiða samkvæmt þessu samkomulagi segi ég já.“

Þess vegna er ekki óeðlilegt að ég spyrji hvernig þessu eftirliti af hálfu íslenskra stjórnvalda hafi verið háttað. Hvað hefur verið gert til að tryggja strangt eftirlit af hálfu íslendinga með veiðum vestur-þýskra togskipa hér við land, og hafa þessar ströngu reglur, sem hér voru nefndar, verið settar?

Loks vil ég leyfa mér að spyrja: Hvað telja íslensk stjórnvöld á grundvelli þess eftirlits, sem um var talað að haft yrði með veiðum vestur-þjóðverjanna, að vestur-þýskir togarar hafi veitt mikið á þeim fjórum mánuðum sem liðnir eru af þessu ári? Ég trúi því ekki að þessi spurning komi hæstv. forsrh. eða hæstv. utanrrh. svo á óvart að þeir séu ekki reiðubúnir til svara, því að hún er þess eðlis að þeir hljóta að hafa svarið á reiðum höndum, enda óhugsandi með öllu að í þeim umr., sem vitað er að fram hafa farið í ríkisstj. og í stjórnarflokkunum um hugsanlega frestun á framkvæmd vestur-þýska samningsins, hafi þessi mikilvæga staðreynd ekki legið ljóst fyrir.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Eins og hér hefur komið fram og hv. þm. er kunnugt um, þá er svo áskilið í samkomulagi vestur-þjóðverja og íslendinga að hvor aðili um sig hafi rétt til þess að fresta framkvæmd samkomulagsins frá 28. nóv. þegar 5 mánuðir eru liðnir af samningstímanum ef bókun 6 hefur ekki tekið gildi. Íslenska ríkisstj. fjallaði um þetta mál á fundi sínum í gær og taldi ekki rétt að taka ákvörðun um að fresta framkvæmd samningsins að svo stöddu, heldur bíða átekta. Ástæðan til þess er sú að ríkisstj. er kunnugt um viðleitni og viðræður sem fram hafa farið innan Efnahagsbandalagsins, fyrir frumkvæði vestur-þjóðverja einkum, til þess að bókun 6 öðlist gildi. Við viljum ganga úr skugga um það, hvaða árangur þessar viðræður og þessar tilraunir vestur-þjóðverja bera, áður en ákvörðun er tekin um frestun á framkvæmd samningsins.

Þegar spurt er, eins og hv. 5. þm. Norðurl. v. gerði, hvort þýsk stjórnvöld hafi ekki haft nægan tíma í þessu skyni, þá er það auðvitað svo, að að okkar mati eru 5 mánuðir nægur tími. En meðan hreyfing er á málinu og von er til þess að fá jákvæða niðurstöðu, þá teljum við ekki skipta máli hvort framkvæmd samkomulagsins er frestað deginum fyrr eða seinna eða vikunni fyrr eða seinna. Aðalatriðið er að ná því jákvæða

markmiði og niðurstöðu sem felst í því að þessi frestur var í upphafi gefinn. Það er í raun og veru algengt að aðilar komi sér e. t. v. saman um einhvern ákveðinn tíma sem ætlaður er til að koma ákveðnum hlutum í framkvæmd og slíkur tími er oft lengdur þegar hann er útrunninn til þess að ná jákvæðu markmiði. Og það skiptir mestu máli hér og þess vegna telur íslenska ríkisstj. ekki rétt að taka ákvörðun að svo stöddu um það að fresta framkvæmd samningsins. Jafnframt telur ríkisstj. eðlilegt að þýska ríkisstj. gefi grg. um gang mála og hvernig málin horfa við henni nú við þessi tímamót og mið verður tekið af þeirri grg. við endanlega ákvörðun íslensku ríkisstj.

Það var vakin athygli á því af hálfu hv. 5. þm. Norðurl. v., Ragnars Arnalds, að mikilvægt veiðisvæði væri opnað 1. júní, og ég vil aðeins í tilefni af því segja að nokkur tími er þangað til og málin eiga áreiðanlega eftir að skýrast á því tímabili.

Þá spurði hv. þm. um það eftirlit, sem íslensk stjórnvöld hefðu haft með veiðum þjóðverja, og þær reglur, sem þeim hefðu verið settar. Ég vil segja hvað reglur snertir að í samningnum sjálfum eru settar mjög strangar reglur varðandi veiðar vestur-þjóðverja, m. a. þær að þeir hlíti sömu fyrirmælum og takmörkunum og íslensk veiðiskip auk þeirra sérstöku takmarkana sem veiðarnar eru háðar samkvæmt samkomulaginu sjálfu og eru auðvitað langt umfram það sem íslenskum veiðiskipum eru settar. Eftirlit hefur verið haft eins og unnt hefur verið með því að þessar reglur og ákvæði samkomulagsins væru virt. Hins vegar skal það fúslega viðurkennt, að skip landhelgisgæslunnar hafa verið upptekin við önnur störf, eins og hv. þm. vita, og þess vegna ekki legið á lausu að hafa þau tiltæk til þess að fylgjast nákvæmlega með veiðum vestur-þjóðverja eða fara um borð í vestur-þýsk veiðiskip. Á hinn bóginn hafa skip landhelgisgæslunnar og landhelgisgæslan almennt ekki orðið vör við eitt einasta brot af hálfu vestur-þjóðverja á samningstímabilinu, og blaðafréttir, sem á annan veg hljóða, eru á misskilningi byggðar og röngum upplýsingum, að því er landhelgisgæslan telur eftir að hafa kannað málavexti.

Ég held að ég hafi svarað flestu því sem hv. þm. spurði um, nema þeirri spurningu hver afli þjóðverja hafi verið á samningstímabilinu, og vil ég að gefnu því tilefni upplýsa að heildarafli þjóðverja frá 1. des. til marsloka eða í 4 mánuði, en fyrir þetta tímabil liggja fyrir upplýsingar, er 18 972 tonn og skiptist aflinn þannig að karfi er 11 055 tonn, ufsi 4868 tonn, þorskur 1347 tonn, ýsa 454 tonn, blálanga 458 tonn, langa 307 tonn, keila 158 tonn og annað er minna en 100 tonn.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja þetta frekar í þessum umr. utan dagskrár.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Svo fór sem fór sem flestir vissu þegar samningurinn við vestur-þjóðverja var til umr. hér á hv. Alþ. í nóv. í vetur, að þeir sem fastast mæltu með honum, þeir sem báru ábyrgð á honum og þeir sem þóttust yfir alla gagnrýni hafnir í sambandi við gerð þessa samnings og það jafnvel svo að þeir leyfðu sér að stæra sig af þeirri ósvífni sinni að svara ekki framkominni gagnrýni í sölum Alþingis, þeir ætluðu sér að bregðast orðum sínum í sambandi við gerð þessa samnings. Enn hefur hæstv. utanrrh. að vísu ekki greint okkur frá breyttum forsendum frá því í nóv. í haust sem geri það að verkum að hann telur nú eðlilegt að ríkisstj. notfæri sér ekki ákvæðin sem geri henni kleift að rifta þessum samningi, að fresta honum, hvort þær ástæður séu þessi afbragðs gjöfula vertíð núna í vetur, magrasta hörmungarvertíð sem yfir Ísland hefur gengið í 32 ár, alger aflabrestur. Það kann að vera að það sé í öðrum verstöðvum fremur en Reykjavík sem hásetar harma nú hvað hæstum rómi og sárustum aflahlut sinn. En hitt fullyrði ég og hef nokkuð fyrir mér í því, að sjómönnum í öðrum verstöðvum þykir nú ekki svo sem íslenskur útvegur sé aflögufær um 60 þús. tonn af fiski á ári, góðan rekstrarársafla 20 skuttogara, á þeim tíma þegar rætt er af fullkominni alvöru og furðulegri alvöru af hálfu hæstv. ríkisstj. um að leggja íslenska togaraflotanum í 2—4 mánuði og gera aðrar ráðstafanir til þess að draga úr þeim afla, sem við kannske gætum náð með skipum okkar þrátt fyrir ástandið á miðunum, um allt að því fjórðung.

Hæstv. forsrh. las hér upp fyrir okkur tölur um afla vestur-þjóðverja frá 1. des. til marsloka, alls 18 972 tonn eða langt til þriðjung af því aflamagni sem þeir mega taka á 12 mánuðum. Aftur á móti greindi hann ekki frá heimildunum fyrir þessu aflamagni eða heimildunum fyrir þeirri skiptingu á aflanum sem fylgdi með í tölum hans.

Mér er kunnugt um það að menn úr hópi sömu ómerkinga, sem stóðu vestur-þýska togara að veiðum í Berufjarðarál fyrir skemmstu á friðuðu svæði, hafa hlustað á vestur-þýska togaraskipstjóra spjalla um það að gamni sínu í talstöðvarnar fyrir austan hvort þeir eigi nú að gefa þennan þorsk upp sem Grænlandsþorsk, Færeyjaþorsk eða Noregsþorsk, vegna þess hvað ótrúlega mikið hefur flotið með af þorski umfram e. t. v. þessi eiðsvörnu 5 þús. tonn í ársafla. Mér er líka kunnugt um það að af hálfu þessara sömu ómerkinga þarna fyrir austan, sem hafa orðið að þola hvað mestan ágang af hálfu erlendra togara undanfarna mánuði, eru áhyggjurnar ekki út af stóru svæði sem á að opna fyrir vestur-þjóðverja 1. júní, þeim hefur orðið tíðræddara um stórt og þýðingarmikið friðað svæði sem var opnað fyrir vestur-þjóðverja á Austfjarðamiðum nú í vetur á þeirri forsendu hæstv. sjútvrh. að hann hefði ekki talið sér stætt á því að halda því lokuðu áfram, ekki nánar tilgreint hvers vegna eða gagnvart hverjum hann taldi sér ekki stætt á því að halda þessu friðaða svæði lokuðu áfram.

Það var augljóst mál þegar vestur-þýski samningurinn var samþ. hér á hv. Alþ. fyrir jólin í vetur að ýmsir af þeim þm., sem léðu samningnum atkv. sitt, gerðu það sárnauðugir og tíndu til í hugskoti sínu hverja þá afsökun sem þeir gætu notað gagnvart eigin sæmd og sómatilfinningum fyrir þeirra handaupprétttingu, og ein þeirra var sú að samningurinn mundi frestast eða falla úr gildi við apríllok nú í vor þegar bókun 6 hefði ekki tekið gildi, vegna þess að þeir

þóttust þess fullvissir að hún mundi ekki taka gildi af því að þeir trúðu ekki á samkomulag við breta á þessu tímabili.

Að gefa vestur-þjóðverjum frest til þess að skýra frá árangri af viðræðum sínum innan Efnahagsbandalagsins um það með hvaða hætti megi láta bókun 6 taka gildi, — ég fæ ekki séð að okkur komi nokkurn skapaðan hlut við hvernig þessar viðræður hafa farið fram eða hvernig þær hafa gengið. Það, sem okkur kemur við er þetta: Bókun 6 hefur ekki tekið gildi og samningurinn við vestur-þjóðverja á að falla úr gildi eða frestast nú um mánaðamótin, það er það, sem okkur varðar um. Okkur varðar líka um það og þyrftum að fá glögga skýrslu um það með hvaða hætti vestur-þjóðverjar hafa notað sér veiðiheimildina sem þeir fengu í nóv. s. l. Okkur er fullkunnugt um að rétt er, sem hæstv. forsrh. sagði, að landhelgisgæslan okkar hefur haft öðrum hnöppum að hneppa en að fylgjast með afla vestur-þjóðverja. En okkur er líka kunnugt um það að landhelgisgæslan hefur alls ekki gert það. Mér er það minnistætt að hæstv. dómsmrh. gerði mér persónulega það tilboð við umr. í nóv. að ég mætti fara um borð í þýsku togarana og fylgjast með aflabrögðum þeirra persónulega. Ég sá mér því miður ekki fært sökum þinganna að þiggja þetta boð. En ég staðhæfi það, að af hálfu ríkisstj. hefur ekkert verið gert til þess að fylgjast með afla vestur-þjóðverjanna og allar vísbendingar um slíkt, allt sem sagt er um það að ríkisstj. hafi gert eitthvað til þess að fylgjast með þessu er blaður. Upplýsingarnar eru frá vestur-þjóðverjum sjálfum. Og hæstv. ráðh. mega trúa þeim upplýsingum ef þeir vilja. Þeir mega leggja eið út á þær upplýsingar mín vegna, en þær eru jafnóábyggilegar fyrir því.

Í upphafi þessa sumars, þegar fyrir dyrum stendur að skera niður afla fiskiskipanna okkar á þann hátt að til stórvandræða horfir í byggðarlögum kringum landið, þá ætlar hæstv. ríkisstj. að leyfa sér að framlengja samning þennan frá því í nóv. í vetur sem gerður var þrátt fyrir mótmæli tugþúsunda íslendinga, þ. á m. velflestra stærstu verkalýðsfélaga landsins, sem gerður var gegn mótmælum fjölmargra bæjarstjórna og hreppsnefnda og þó nokkurra flokksfélaga Framsfl. Ég man nú að vísu ekki eftir því að gerðar væru formlegar samþykktir í neinu flokksfélaga Sjálfstfl. um þetta mál, en það var ljóst mál að hafi nokkurn tíma verið mark takandi í sambandi við afgreiðslu mála á hv. Alþ. á samþykktum alþýðu manna á þessu landi, þá var það þá. Að vísu voru ekki liðnar margar vikur frá því að þessi samþykkt var knúin í gegn á Alþ. þar til ýmsir af formælendum hv. stjórnarflokka fóru að stæra sig af því að ekki væri nú mikið eftir af andstöðunni gegn þýsku samningunum. Ég skal ekkert segja um það hvaða sess þessir samningar skipa nú í hugum kjósenda almennt. En hitt staðhæfi ég, að það hefur þegar komið í ljós, sem við gagnrýnendur þessa samnings, andmælendur hans, héldum fram við umr. í vetur, að af hálfu stjórnarflokkanna væri þarna verið að blekkja yfir okkur helsi í landhelgismálinu og að samningunum væri staðið af óheilindum af hálfu stjórnarflokkanna.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég er hræddur um að fleiri en ég hafi verið litlu nær eftir svör hæstv. forsrh. við spurningum mínum hér áðan.

Ég spurði í fyrsta lagi hvort hann teldi ekki að þýsk stjórnvöld hefðu haft nægan tíma undanfarnar vikur til þess að gera sér grein fyrir því hvernig málin stæðu innan Efnahagsbandalagsins. Og þetta var reyndar eina spurningin sem ég fékk skýrt og ákveðið svar við. Hann taldi að svo væri, þeir hefðu haft nægan tíma. Hins vegar svaraði hann því ekki hvað hefði hindrað íslensku ríkisstj. í því að fá það á hreint hvernig þessi mál stæðu, og hann svaraði því ekki heldur, hvort ekki hefði verið stranglega gengið eftir slíkri grg. af hálfu vestur-þjóðverja. Ég held því að það liggi alveg ljóst fyrir að hann hefur ekki gefið fullnægjandi skýringu á óorðheldni ríkisstj. í þessu máli. En verst var þó að hann skyldi ekki fást til að svara skýrt og skorinort þeirri spurningu minni hversu lengi yrði beðið með að taka ákvörðun. Hann tók að vísu svo til orða að það skipti ekki öllu máli hvort ákvörðunin væri tekin deginum fyrr eða síðar. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. forsrh. hvort hann á við með þessu að við getum átt von á ákvörðun á morgun, úr því að hún fæst ekki í dag, hvort þetta orðalag beri að skilja á þann veg.

Ég spurði alveg sérstaklega að því hvort ákvörðun yrði tekin áður en ætlunin er að opna stóra hólfið undan Vestfjörðum, á Halamiðum, 1. júní n. k. Hæstv. forsrh. sagði orðrétt: Það er nokkur tími þangað til. — Annað sagði hann nú ekki, það var hans afdráttarlausa svar. Hvort þetta véfréttasvar átti að skilja á þennan veginn eða hinn verða menn að gera upp við sig hver og einn, það liggur að sjálfsögðu mjög óljóst fyrir. (**Forsrh.**: Ég bætti við: og línurnar ættu að vera skýrari þá.) Já, það má vera að hæstv. forsrh. hafi bætt því við, og það væri gott ef hæstv. forsrh. kæmi þá upp og segði skýrt og skorinort hvort þessi seinustu orð hans megi skilja svo að ákvörðun verði tekin fyrir 1. júní. Það er það sem málið snýst um. Og úr því að hæstv. forsrh. hafði fyrir því og tók á sig það ómak að skjóta að þessari aths., þá hefur einhver ákveðin meining getað búið þar á bak við, og það væri gott að fá þá meiningu fram hér alveg skýrt og ákveðið, hvort það megi skilja þessi orð hans á þann veg. Ég trúi því ekki að hæstv. forsrh. ætli að draga hv. Alþ. á svarinu.

Í öðru lagi kom ég inn á þann þátt málsins sem snýr að eftirliti með veiðum vestur-þjóðverja hér við land og ég spurði hvernig því eftirliti væri háttað. Ég fékk hins vegar ákaflega lítil svör við því. Ég fékk ekki svör við því að þetta eftirlit hefði yfirleitt farið fram af hálfu íslenskra stjórnvalda. Það liggur að vísu ljóst fyrir að við höfum þegið fréttir frá Vestur-Þýskalandi um það, hver afli vestur-þjóðverja sé orðinn, með stuttu millibili, og upplýsingar voru gefnar um það hér áðan hverjar væru þær tölur sem þeir hefðu nefnt. En ég vil gjarnan vita og fá það á hreint hvort einhverjar sérstakar aðgerðir, einhverjar sérstakar samþykktir hafi verið gerðar eða beinar aðgerðir til þess að kanna hvort þessar tölur eru réttar eða ekki.

Ég vil í þessu sambandi skjóta því hér að, að gefnu tilefni, að hv. þm. Steingrímur Hermannsson kom fram með þá hugmynd við umr. um samninginn við vestur-þjóðverja að ræðismönnum Íslands í Vestur-Þýskalandi yrði falið að fylgjast með löndunum úr vestur-þýskum togurum. Þessa hugmynd greip hæstv. utanrrh. á lofti og hann sagði — með leyfi forseta — í þessum umr.:

„Hv. 2. þm. Vestf. segir að nauðsynlegt sé að íslenskir ræðismenn í Þýskalandi fái tafarlaust afrit af öllum löndunarskýrslum. Þetta verður auðvelt að framkvæma og við skulum sjá um að það verði gert."

Það má vel vera að þetta hafi verið gert. En ég vildi þá gjarnan fá það upplýst í þessum umr. að svo hafi verið. Annar hvor þeirra, hæstv. utanrrh. eða forsrh., hlýtur að geta gefið svör við þessu. Sem sagt, ég vil fá nefnd einhver dæmi um hvernig þessu eftirliti hefur verið háttað, en ekki einungis tóm orð um það að um hafi verið að ræða eftirlit án þess að það sé skýrt frekar. Og ég spyr enn: Hvað um hinar ströngu reglur sem margir hv. stjórnarþm. settu að skilyrði fyrir samþykkt sinni á þessum samningi? Hafa þær verið settar? Hafa verið settar einhverjar sérstakar reglur um eftirlit með veiðum vestur-þjóðverja hér í landhelginni? Þetta getur hæstv. forsrh. vafalaust upplýst Alþ. um, en það hefur hann enn ekki gert.

Því miður virðist nokkuð ljóst að ríkisstj. er að þreifa fyrir sér hvort hún kemst upp með það að standa ekki við orð sín. Það er ekki í fyrsta sinn sem ríkisstj. reynir þann leik í þessu máli sem öðrum, og því miður hefur hún allt of oft komist upp með það. Það hefur verið meginkenni þessarar stjórnar að standa ekki við loforð sín og yfirlýsingar, og þetta hefur komið fram í hverju málinu á fætur öðru, hvort heldur hefur verið um að ræða efnahagsmál, málefni Framkvæmdastofnunarinnar eða skattamál ellegar landhelgismálið. Oftast kemst ríkisstj. upp með það að standa ekki við yfirlýsingar sínar. En stundum er það og einkum í viðkvæmustu málum, eins og landhelgismálinu, að hún er beinlínis knúin til þess af almenningsálitinu og af þjóðinni, jafnvel þótt það taki kannske stundum nokkurn tíma að standa að lokum við orð sín. Þetta gerðist t. d. í sambandi við slit stjórnmálasambands við breta, þar sem bersýnilegt var að ríkisstj. ætlaði að reyna að smokra sér undan fyrri yfirlýsingum um það efni, en sá sig til neydda að nokkrum tíma liðnum að standa við orð sín. Ekki get ég um það sagt hvernig fer að þessu sinni, en ekki er ég í neinum vafa um það af viðbrögðum ríkisstj. að þetta er ætlun hennar. Hún reynir að villa um fyrir mönnum með því að tala um það fyrst í stað að beðið sé eftir upplýsingum og vonast þá til þess að fyrri yfirlýsingar hennar falli í gleymsku og menn láti það kyrrt liggja að ekkert gerist vikum og mánuðum saman. Þess vegna fæst hæstv. forsrh. ekki til þess að segja afdráttarlaust hversu lengi verði beðið. Spurningin er bara sú: Hver verða viðbrögð þjóðarinnar? Hver verða viðbrögð hv. alþm. og þá sér í lagi hv. stjórnarþm. sem samþykktu samninginn við vestur-þjóðverja á þeirri forsendu að hann gilti ekki nema 5 mánuði, nema bókun 6 kæmi til framkvæmda.

Í þessu sambandi mætti minna á allan skollaleikinn í sambandi við hraðbátana sem fyrst var farið að tala um af hálfu ríkisstj. í byrjun mars, eftir að mjög ákveðnar og harðvítugar kröfur höfðu komið fram víðs vegar um land um að skipastóll landhelgisgæslunnar yrði efldur og fengin yrðu hraðskreið skip til að gæta landhelginnar. Lengst af sagði hæstv. forsrh., að við hefðum nú gripið til allra þeirra úrræða sem okkur væru tiltæk, eftir að við hefðum slitið stjórnmálasambandi, og blað hans tönglaðist á því viku eftir viku í forustugreinum og Reykjavíkurbréfum að tómt mál væri að tala um það að fá landhelgisgæslunni í hendur sterkari og öflugri vopn en hún ætti yfir að ráða því að þá mundu bretar einungis svara í sömu mynt og allt slíkt væri til einskis. Þannig gekk þetta þar til ríkisstj. lét undan kröfum þjóðarinnar um það að reynt yrði að fá hraðskreiða báta til landhelgisgæslu, og það var hinn 6. mars s. l. sem hæstv. dómsmrh. gaf yfirlýsingu um það efni. Fáum dögum eftir að sú yfirlýsing var gefin lýsti hæstv. dómsmrh. því yfir að hann ætti von á því að svar frá bandarískamönnum kæmi í þeirri hinni sömu viku þannig að þau mál skýrðust, enda var honum jafnljóst og öðrum að hafa yrði hraðan á. 16. mars endurtók hann þessa yfirlýsingu sína. En síðan er liðinn einn og hálfur mánuður og það er ekki að sjá að nokkur kraftur sé í þessu máli. Það er ekki að sjá annað en hér sé fyrst og fremst verið að villa um fyrir fólki, halda því í þeirri von að það sé ætlunin að gera eitthvað, það sé ætlunin að reyna að útvega hraðskreiðari skip án þess að nokkur raunverulegur vilji sé fyrir hendi.

Ég vil að lokum segja það, herra forseti, að mergur þessa máls er sá, að forsendur samningsins við vestur-þjóðverja, sem Alþ. samþykkti fyrir fimm mánuðum, eru brostnar. Ríkisstj. er bundin af þeim loforðum sem hún gaf þá. Hún er skyldug gagnvart Alþ. að standa við þau orð sem hún lýsti yfir þá, nema hún leiti á ný samþykkis Alþ. við því að samningurinn standi áfram. Og meðan hæstv. forsrh. fæst ekki til að svara því hversu lengi verður beðið með að taka ákvörðun, hljóta landsmenn allir og því miður vestur-þjóðverjar einnig að líta svo á að ríkisstj. hafi aldrei meint neitt með þeim yfirlýsingum.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég er einn af þeim sem stóðu að þessu samkomulagi við vestur-þjóðverja í fiskveiðideilu okkar við þá. Ég verð að upplýsa það að á þeim tíma, sem þessir samningar stóðu yfir, lagði ég á það alla áherslu að bókun 6 kæmi til framkvæmda um leið og þeir samningar yrðu undirritaðir. Það var ekki grundvöllur fyrir því á þeim tíma. Ég léði þessum samningum mitt lið þrátt fyrir það, vegna þess að það hvarflaði ekki að mér eitt augnablik að kæmi þessi bókun 6 ekki til framkvæmda innan þessara 5 mánaða sem samnings-

tímabilið náði yfir, þá yrðu samningarnir áfram í gildi. Ég lýsi enn þá stuðningi mínum við þessa samninga. Ég er enn þá sama sinnis, að við eigum að semja við þjóðverjana og við eigum að semja við bretana. En þetta vopn, sem forsrh. kallar bókun 6, á nú að nota. Ég tel ófyrirgefanlegt að ríkisstj. noti ekkert af þeim vopnum, sem hún vitnar í, á þeim tíma sem hún getur notað þau. Sem sagt, ég lýsi yfir vonbrigðum mínum með það að forsrh. skuli nú koma fram og segja að við eigum að bíða eftir skýrslu vestur-þýsku ríkisstj. um það hvað henni hafi orðið ágengt í viðleitni sinni til þess að fá bókun 6 í framkvæmd á samningstímanum. Ég lýsi hreinlega furðu minni á því að slíkt skuli koma fram, sérstaklega ef ég má lesa hér — með leyfi hæstv. forseta — fskj. VIII. Það er 80. mál, tölusett nr. 85, það er till. til þál., bréf utanrrh. Íslands til varautanrrh. Sambandslýðveldisins Þýskalands, en þar segir:

„Herra ráðherra.

Á fundum okkar í Bonn fyrir nokkru voru viðræðunefndir sammála um að æskilegt væri og raunar nauðsynlegt að bókun 6 tæki gildi svo fljótt sem verða má til þess að auðvelda sölu íslenskra sjávarafurða í Þýskalandi og innan alls Efnahagsbandalags Evrópu. Þér staðfestuð að ríkisstj. yðar mundi gera allt sem í hennar valdi stæði til þess að svo mætti verða.

Ríkisstjórn Íslands væntir þess að fá upplýsingar jafnóðum um viðleitni ríkisstj. Sambandslýðveldisins í þessu efni."

Bréfinu lýkur með þessum orðum:

„Ég leyfi mér, herra ráðherra, að votta yður sérstaka virðingu mína."

Ef íslenska ríkisstj. hefur ekki fengið að fylgjast með málum og málaleitan þýsku ríkisstj. jafnóðum eins og fram kemur í bréfi hæstv. utanrrh. til varautanrrh. Sambandslýðveldisins Þýskalands, þá hefur eitthvað farið úrskeiðis og vantar eitthvað í myndina, enda trúi ég að það sé, vegna þess að ég finn ekki í mínum gögnum hér — og held ég að þau séu í nokkuð góðri reglu — svar varautanrrh. Sambandslýðveldisins Þýskalands við þessu bréfi okkar utanrrh. En það stendur í þessu bréfi að ríkisstj. Íslands vænti þess að fá upplýsingar jafnóðum. Og á lokastundu bíðum við eftir því að fá að vita hvað hefur skeð. Þetta eru vinnubrögð sem ég hreinlega get ekki sætt mig við. Og ef ríkisstj. sýnir þá linku í þessu máli sem virðist ætla að verða, þá vil ég lýsa andstöðu minni gegn því. Það er kominn tími til þess að við sýnum festu, ekki bara í ríkisstj., heldur á Alþ. líka, í þessu *máli. En ég lýsi því yfir hér að ég vil samninga* við þjóðverja og ég vil samninga við englendinga líka.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Hv. 12. þm. Reykv. gat þess hér að hann vildi samninga við vestur-þjóðverja og hann vildi samninga við breta líka. Ég er honum sammála að þessu leyti. Það, sem um er að ræða, er að nýta ákvæði í samkomulaginu við þjóðverja til þess að hafa samning við þá og fá í okkar hlut það sem ætlast var til, gildistöku bókunar 6, enn fremur að vestur-þjóðverjar knýi á, ekki eingöngu um gildistöku bókunar 6, heldur einnig á breta að þeir láti af herskipaíhlutun sinni á Íslandsmiðum og að því gerðu sýni raunsætt mat á þeim mismun á hagsmunum af fiskveiðum hér við land sem íslendingar hafa annars vegar og bretar hins vegar. Það er með tilliti til þess að ná þeim markmiðum, sem hv. þm. gat um áðan að hann vildi ná, að ríkisstj. bíður átekta með að fresta framkvæmd þessa samkomulags við vestur-þjóðverja. Um leið og því er frestað, þá erum við samkomulagslausir, þá erum við án samninga bæði við þjóðverja og breta, gagnstætt því sem hv. þm. vill stefna að. Markmið hv. þm. og ríkisstj. er hið sama. Við beitum þessu tæki til þess að ná því markmiði að fá gildistöku bókunar 6, að hafa sem minnstar veiðar útlendinga í íslenskri fiskveiðilögsögu og koma breskum herskipum burt úr 200 mílna lögsögunni

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir að virða þau orð, sem ég hér lét falla, þó það mikils að svara mér. En mér er talsvert niðri fyrir. Ég álít að það sé verið að lítillækka okkur. Samningstíminn 5 mánuðir og bókun 6 áttu að vera vopn til þess að knýja fram að bókun 6 kæmist í gildi á þessu 5 mánaða samningstímabili. Við vorum kannske það mikil börn að halda að þessi snara, sem hékk yfir þjóðverjunum með þessum samningum, gæti orðið til þess að þjóðverjum tækist að knýja breta til þess að semja við okkur líka eða samkomulag á einhvern hátt næðist við breta líka. Nú virðist hvorugt ætla að ná fram að ganga á því tímabili sem um var samið. Þá segi ég: Ef dráttur verður á frestun samninganna, þá erum við hreinlega lítillækkaðir af þessum stríðsaðilum okkar, því að ég lít á þjóðverja sem stríðsaðila með bretum eftir að *samningstímabilið rennur* út, hvort sem samningunum verður frestað eða ekki.

Hitt er svo annað mál, og það finnst mér að þjóðin eigi rétt á að vita, ef það er á lokastigi eitthvað það í gangi sem réttlætir þessa nýju afstöðu ríkisstj. sem um er talað. Þá skal ég ekki deila á frestunina sem slíka. En ég tel að þjóðin eigi kröfu á að vita miklu meira um þetta mál heldur en hún veit, og óska eftir því hér með að forustumenn ríkisstj., hvort sem það er hæstv. forsrh. eða hæstv. utanrrh., þeir komi fram annað hvort hér á Alþ. eða opinberlega í sjónvarpi og skýri þjóðinni á hvaða stigi samningar eða samkomulagsumleitanir eru og eftir hverju erum við að bíða.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Eftir að hafa heyrt hv. þm. Albert Guðmundsson lýsa yfir því skýrt og skorinort úr þessum ræðustóli að forsendan fyrir því að hann greiddi atkv. með þýsku samningunum í nóv. í haust hefði beinlínis verið sú að hann hafi trúað staðhæfingum af hálfu ríkisstj., staðhæfingum utanrrh. um að hefði bókun 6 ekki tekið gildi við apríllok, þá mundi þessi samningur falla úr gildi eða honum yrði frestað — (Gripið fram í.) já, já, að hann hefði trúað því að forsendan hefði verið sú, að hann trúði þeirri staðhæfingu þeirra, að samningnum yrði frestað, — eftir að hafa hlýtt á þessa yfirlýsingu hv. þm., minnugur þess að heyra fleiri og það miklu fleiri af þm. stjórnarliðsins sem létu hafa

sig til þess að samþykkja þennan samning, minnugur yfirlýsingar þeirra á sömu lund er atkvgr. fór fram og þá dagana, þá staðhæfi ég það að frestun og fráfall frá þessari ákvörðun, sem hæstv. utanrrh. margítrekaði í ræðu sinni, — fráhvarf frá þeirri ákvörðun hlýtur að teljast ekki aðeins móðgun við hv. Alþ., heldur beinlínis svik og ógilding á samþykktinni frá því í nóv. í vetur. Ég ætla ekki að trúa því að þessum umr. utan dagskrár ljúki svo hér í Ed. að einhver af fulltrúum Alþfl., sem stóðu einarðlega gegn þýsku samningunum í vetur, láti ekki til sín heyra, og enn síður þó að þessum umr. ljúki svo að hæstv. utanrrh., sem margítrekaði fyrrnefndar yfirlýsingar við afgreiðslu málsins í nóv., hann þegi enn þunnu hljóði og noti ekki það tækifæri sem hér er til þess að gera grein fyrir því hvað breyst hafi á þá lund að hann telji nú að samningurinn við vestur-þjóðverja eigi að gilda þótt bókun 6 taki ekki gildi. Mér finnst að hv. alþm. eigi beinlínis heimtingu á því að hæstv. utanrrh. geri grein fyrir þessari breytingu, ekki síst vegna þess að honum, að ýmsum öðrum ráðh. algerlega ólöstuðum, er í raun og veru mjög eiginlegt að vilja segja satt.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Ég skal ekki skorast undan því að gera grein fyrir skoðun minni hér úr þessum stól, en ég tala ekki í umboði Alþfl. Ég hef ekkert hlustað eftir því eða vissi ekki fyrr en í morgun um þær umr. sem hér áttu að vera, og kann að vera að ýmislegt, sem ég hugsa og nefni, sé alls ekki í samræmi við það sem minn flokkur hugsar og nefnir. Þetta vil ég taka fram í upphafi svo að enginn, sem á mál mitt hlýðir, kunni að segja sem svo að hér hafi verið töluð ýmis orð sem ekki falla að smekk eða skoðun Alþfl.

Ég ætla að byrja á því að geta þess, að þegar þetta mál var til umr. hér í vetur, þá var ég dálítið í efa hvort ég ætti að vera með eða móti samningunum. Ástæðan fyrir því, að ég var á móti þeim, var það fyrst og fremst að mér var talin trú um eftir þeirri lesningu, sem ég sá hafða eftir ýmsum mönnum sem við landhelgisgæsluna eru viðriðnir, að það mundi vera hægt að verjast bæði bretum og þjóðverjum. Nú hef ég séð af því, sem á undan hefur gengið, að þetta hefði ekki verið hægt, og þess vegna vil ég lýsa hér þeirri skoðun minni, að ég tel þrátt fyrir alla vankanta, sem voru á samningunum við þjóðverja, þá hafi verið rétt ráðið að semja við þá. Og ég ætla að vera þá sá maður, alveg eins og hv. 12. þm. Reykv. hér áðan, að lýsa skoðun minni umbúðalaust án nokkurra flokksbanda.

Ég er líka þeirrar skoðunar, að ef kostur væri á að semja við breta, þá eigi íslendingar að gera það. En það á ekki að vera neinn vandræðanauðungarsamningur, og ég vil að þjóðin öll geti staðið að slíku. Við verðum að gera okkur það ljóst að við erum engin stórþjóð og við höfum ekkert herskipavald til þess að setja sterkan hnefa á borðið. Og við eigum líka að sýna það, hvort sem við teljum okkur litla þjóð eða stóra þjóð, að þjóðir eiga að reyna að leita samkomulags.

En önnur ástæðan fyrir því, að ég stóð hér upp, var að lýsa því yfir — og ég held að ég tali fyrir munn mjög margra á meðal þjóðarinnar — að vinnubrögð ríkisstj. að þessum málum eru ekki að smekk þjóðarinnar. Hún er dulin allt of mikils og allt of margs, og þrátt fyrir það að ég ber persónulega virðingu fyrir okkar ágæta forsrh., ég hef aldrei öðru af honum kynnst, þá finnst mér hann hafa þann áberandi galla að segja þjóðinni ekki hug sinn allan. Og ég held að þetta sé misskilningur hjá honum. Hann á að vera miklu opinskárri og hreinskilnari í þessum málum og láta þjóðina fylgjast vel með hvað er að gerast. Persónulega velkist ég ekki í vafa um að það eru einhverjar áþreifingar við breta núna, annars mundu þeir ekki haga sér eins og þeir gera á miðunum, og ég tel rétt að þessar áþreifingar fari fram. En þjóðin á að vita um þær og hún á að fá að fylgjast með hvernig þær eru svo að hún geti leiðbeint stjórninni um það hvenær og hvort semjandi er.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég er feginn því að hæstv. forseti neitaði mér ekki um orðið, það hefðu orðið öðrum hv. þm. svo mikil vonbrigði að ég efast um að þeir hefðu sætt sig við það. En ástæðan fyrir því að ég hef ekki séð þörf á því að taka hér til máls, þótt mikið hafi verið til mín vitnað, er í fyrsta lagi sú, að allt, sem eftir mér hefur verið haft hér, er rétt. Ég hef sagt og það er skjalfest allt sem hér hefur verið vitnað til. Ég var svo viss um að hv. 5. þm. Norðurl. v. mundi koma því til skila sem ég sagði hér í nóv. að ég hafði ekki einu sinni fyrir því að finna þingtíðindin, enda hefur það komið á daginn.

En það, sem veldur því að ég samþykki nú að einhver frestur verði á því að ákvæði, sem til hefur verið vitnað í þýska samningnum, verði notað, er sú, að nú stendur yfir af hálfu þjóðverja atlaga að Efnahagsbandalaginu um að reyna að koma bókun 6 til framkvæmda, og ég hef viljað fallast á að þessi tilraun fengi að ganga sér til húðar á annan hvorn veginn. Ég geri ekki ráð fyrir því að það þurfi að taka mjög langan tíma. Ég hef beðið sendiherra okkar í Bonn að tilkynna utanrrn. þar að í dag sé 28. apríl, 5 mánaða afmælisdagur samningsins, og það sé óóhugsandi að við getum lengi haldið honum í gildi ef þeir standi ekki við sinn hluta. Þetta er sem sagt ástæðan fyrir því að ég hef fallist á það með mínu atkv. í ríkisstj. að bíða átekta enn um skeið. Og af því að ég veit að þm. trúa því sem ég segi nú, þá mun ég ekki hafa um það fleiri orð.

Það er rétt, sem hv. 12. þm. Reykv. sagði, að við áttum rétt á því og kröfu til þess að fylgjast með þeim tilraunum sem þjóðverjar höfðu uppi til þess að fá þessa bókun til framkvæmda. Þetta höfum við gert nokkuð reglulega, ekki kannske daglega, en alltaf af og til, fyrst og fremst með milligöngu sendiherra okkar hjá Efnahagsbandalaginu sem jafnframt er sendiherra okkar í Belgíu, eins og menn vita. Og ég get fullyrt það, að af hálfu þjóðverja hefur verið mjög þrýst á um að reyna að fá þessa breytingu, en það hefur jafnan strandað á neitunarvaldi breta. Eins og við allir þekkjum, þá var samningurinn, sem gerður var á sínum tíma, í júlí 1973, með þeim ákvæðum að bókun 6 tæki ekki gildi nema það,

sem kallað var þar viðhlítandi lausn á yfirstandandi fiskveiðideilu breta og vestur-þjóðverja, næðist. Og meðan bretar eða önnur hvor þessara þjóða telur ekki að viðhlítandi lausn hafi náðst, þá getur sú þjóð komið í veg fyrir að við njótum þess hagræðis sem af bókun 6 mundi leiða, og það hafa þeir hingað til gert.

Ég vil svo ekki almennilega fella mig við að það sé sí og æ talað um að þm. stjórnarflokkanna hafi látið hafa sig til að gera eitt eða annað. Mér finnst það fremur óvirðulegt orðalag. Ég vil ekki ætla til að mynda þm. Alþb. það að þeir hafi látið hafa sig til að fylgja breska samningnum þegar hann var samþykktur hér 1973, (**StJ**: Það gerðu þeir, þeir létu hafa sig til þess.) Nú, gegn eindreginni yfirlýsingu eins slíks þm. get ég auðvitað ekki annað en tekið það til greina. En ég hafði haldið að þm. Alþb. væru ekki slíkir menn að þeir létu hafa sig til hlutanna, og mér kemur það þá nokkuð á óvart fyrst svo er.

Hv. 1. landsk. þm., Bragi Sigurjónsson, talaði um, að það hlytu að fara fram áþreifingar við breta, og dró þá ályktun af hegðun þeirra hér á miðunum. Ég verð nú að segja það að mér finnst hegðun breta á Íslandsmiðum nú að undanförnu ekki þannig að hún gefi sérstakt tilefni til að ætla að samningar við breta séu í nánd. Ég get ekki verið sammála honum um það, enda höfum við ekki átt í neinum viðræðum við breta, þannig að þjóðin hefur ekki verið leynd því.

Ég sé ekki ástæðu til þess að halda hér lengri ræðu að sinni utan dagskrár, en ég vonast til þess að mál þetta skýrist fljótlega þannig að hægt verði þá að haga sér eftir því sem kringumstæður kunna að breytast, og ég leyfi mér enn að vona að það takist að fá bókun 6 til framkvæmda.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Vegna þeirra ummæla, sem hér hafa komið fram, og frýjunarorða í garð okkar alþfl.-manna um að við létum ekki til okkar heyra, þá hefur einn af okkur látið þegar sína skoðun í ljós, og hann hefur að sjálfsögðu til þess fullt lýðræðislegt leyfi að hafa sína sérskoðun í málinu. En mér er ekki kunnugt um að aðrir þm. flokksins séu sömu skoðunar. A. m. k. var samþykkt einróma í þingflokki Alþfl. á sínum tíma að vera andvígir þessum samningum og ég veit ekki til þess að sú flokkslega afstaða hafi breyst síðan. Persónulega er ég enn þá andvígur þeim og tel vægast sagt hafi verið farið með löndum til þess að reyna að komast að samkomulagi, án þess að nokkur vissa væri fyrir því sem á daginn er komið. Þess vegna er mín afstaða persónulega og ég hygg a. m. k. meiri hl. flokksins — mér er ekki kunnugt um annað — að hafa sömu afstöðu til málsins nú og við höfðum þegar málið var til umr. á sínum tíma.

Orlof, frv. (þskj. 44, n. 542, 543). -- 2. umr.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Félmn. hefur fjallað um frv. það sem hér er til umr. Þetta frv. er samið af n. sem falið var árið 1974 að gera till. um endurskoðun á lögum um orlof og reglugerðum um orlof. Félmn. fékk á fund sinn þrjá þeirra manna, sem störfuðu í þessari n., til viðræðu um frv. N. komst að þeirri niðurstöðu að mæla með samþykkt frv. með breytingum sem n. gerir till. um á þskj. 543. Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Axel Jónsson og Steingrímur Hermannsson.

Eins og ég sagði, þá fór fram ítarleg athugun og endurskoðun á orlofslögunum og svo virðist sem nm. hafi haft í huga að gera allviðtækar breytingar á þessari löggjöf, en að athuguðu máli ákváðu nm. að halda sig við núverandi orlofskerfi að meginstofni með breytingum sem þeir gerðu og fram koma í þessu frv.

Þessar breytingar eru þær helstar, að í 1. gr. frv. er að finna ný ákvæði um orlofsnefnd ríkisins. Sú n. á að vera félmrn. til aðstoðar í þessum efnum. Orlofsnefndina eiga að skipa 7 menn skipaðir af ráðh. til fjögurra ára í senn, 3 eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands, 2 eftir tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, einn eftir tilefningu Vinnumálasambands samvinnufélaga og einn án tilnefningar. Það er tekið fram í 1. gr. frv., hvert starfssvið orlofsnefndar skuli vera, og tekið fram að n. skuli afgreiða kvartanir frá launþegum og vinnuveitendum sem telja sig misrétti beitta samkv. lögum þessum. Nefnd þessi á að hafa umsjón með framkvæmd orlofslaganna og þar með er átt við að hafa eftirlit með útborgun og ávöxtun orlofsfjárins, að gera till. um vaxtafót og fleira þess háttar. Hér er um að ræða eina meginbreytinguna frá núgildandi lögum.

Þá er næsta breytingin í frv. Hana er að finna í 4. gr. frv. Þar er aðalbreytingin sú, að gerð er breyting á sjálfu orlofsárinu. Það er tekið fram nú að það skuli vera frá 1. apríl til 30. mars. Hér er breyting frá því sem áður var, því að áður eða í núgildandi lögum er orlofsárið frá 1. maí til 30. apríl. Í samræmi við þetta er svo í 5. gr. frv. gerð breyting á orlofstímabilinu. Orlofstímabilið á nú samkv. frv. að vera frá 16. maí til 30. sept., en í gildandi lögum er svo kveðið á að það skuli vera frá 2. maí til 15. sept. Það er tekið fram í aths. við 4. og 5. gr. um ástæðurnar fyrir þessum breytingum. Þar segir að þetta sé gert í þeim tilgangi að veita framkvæmdaaðila orlofskerfisins tíma til að vinna nauðsynlega skýrsluvélavinnu við uppgjör orlofsársins og útsendingu orlofsávísana. Þetta á við um það að orlofsárið er fært aftur um einn mánuð. Orlofstímabilið er svo fært fram um hálfan mánuð í í sama tilgangi eins og orlofsárið er fært aftur um einn mánuð.

Þá eru minni háttar breytingar. Og þegar ég segi minni háttar, þá felst ekki í því að þær séu ekki þýðingarmiklar á sinn hátt. Í 1. mgr. 4. gr. eru ákvæði um það að orlof skuli vera í tvo daga fyrir hvern unninn mánuð á síðasta orlofsári og reiknast hálfur mánuður eða meira sem heill mánuður, en skemmri tími telst ekki með, eins og segir í frvgr. Það telst vinnutími samkv. þessari grein þótt maður sé frá vinnu vegna veikinda eða slysa, meðan hann fær kaup greitt, eða hann er í orlofi, en ekki sá tími sem hann er frá vinnu án lögmætra forfalla. Þetta síðasta, að það teljist ekki til vinnutímans samkv. þessari

grein sá tími sem launþegi er frá vinnu án lögmætra forfalla, mun hafa verið framkvæmt á þennan veg, en hefur verið sett hér til að taka af öll tvímæli í þessu efni.

Þá er það 2. mgr. 4. gr. Þar er einnig um nýtt ákvæði að ræða. Þar segir: „Þrátt fyrir framangreind ákvæði eiga allir rétt á að fá 24 daga orlof á ári. Hafi launþegi ekki áunnið sér rétt til greiðslu fyrir tímabilið, sbr. framansagt, tekur hann það orlof, sem á vantar, án kaups.“ Það er sama um þetta að segja eins og um hið fyrra ákvæði. Þetta mun hafa verið framkvæmt á þann veg sem hér er kveðið á, en þótti rétt að taka af öll tvímæli um það. En efnislega er þetta það, að launþegi á rétt á því að taka orlof hvað sem líður rétti hans til orlofsfjár.

Þá er í 5. gr. atriði sem eru ný. Í 2. mgr. segir: „Í vinnu við landbúnað, síldveiðar, hvalveiðar og hvalvinnslu má veita allt að helmingi orlofsins utan orlofstímabilsins.“ Þetta er eins orðað nú eins og í gildandi lögum, nema orðin „hvalveiðar“ og „hvalvinnsla“ koma til viðbótar, þ. e. a. s. þessar atvinnugreinar eru lagðar að jöfnu í þessu tilliti við landbúnað og síldveiðar.

Þá er rétt að víkja að 4. mgr. 5. gr., en þar segir: „Aðilar geta með samkomulagi vikið frá reglum þessarar greinar um skiptingu orlofs.“ Þetta er eins og í núgildandi lögum. En það, sem næst kemur á eftir, er nýtt, og það er svo hljóðandi: „Samkomulag um skemmri tíma en 21 orlofsdag á orlofstímabilinu skapar launþega rétt til orlofsuppbótar í formi viðbótarorlofsdaga eða orlofsgreiðslu.“ Þetta er nýtt. En svo stendur eins og í gildandi lögum í framhaldi af þessu: „Orlofi skal þó alltaf lokið fyrir upphaf næsta orlofstímabils.“ Þessi síðasta nýjung, sem ég vek hér athygli á, þýðir að hér er gert ráð fyrir að samkomulag vinnuveitenda og launþega um vetrarorlof komi launþega til góða með einhverri uppbót. Þetta mun hafa nokkuð tíðkast áður í sumum greinum, eins og t. d. hjá þeim sem starfa að ferðamálum.

Í 6., 7., 8. og 9. gr. er engar breytingar að finna frá núgildandi löggjöf.

En nýtt ákvæði er að finna í 10. gr. frv. 10. gr. frv. er á þessa leið: „Nú liggur atvinnurekstur niðri meðan á orlofi stendur, vegna þess að starfsfólkinu er veitt orlof samtímis, og skal þá tilkynningarfrestur samkv. 6. gr. um þyrjun orlofs vera 3 mánuðir. Þeir launþegar, sem ekki eiga rétt á fullu orlofi, geta þá ekki krafist launa eða orlofsfjár fyrir þá daga, sem á vantar.“ Þetta þýðir það að gert er ráð fyrir að þeir vinnuveitendur, sem loka fyrirtækjum sínum vegna orlofs starfsfólks, geti tilkynnt slíkt með lengri fyrirvara en ella. Breytingin varðar þetta atriði.

Það er engin breyting í 11. gr. frv.

Í 12. gr. er ein veigamesta breyting frv., því að þar er kveðið svo á að orlofsfé skuli greitt á þann hátt að tryggt sé að launþeginn fái það í hendur „ásamt vöxtum“ þegar hann tekur orlof. Það eru þessi tvö orð: „ásamt vöxtum“, sem eru ný og marka nýja stefnu í þessu efni. Samkv. þessu er gert ráð fyrir að orlofsfé sé vaxtareiknað á þann hátt að vaxtatekjur orlofskerfisins umfram kostnað séu greiddar launþegum í formi vaxta. Og eins og segir í gr.: „að höfðu samráði við orlofsnefnd ríkisins.“ Hér er orlofsnefnd ríkisins falið þetta verkefni í samræmi við það sem ég hef áður greint frá, en í gildandi lögum skyldi þetta vera gert í samráði við Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaga.

Það er enga breytingu að finna í 13. gr., en í 14. gr. er að finna breytingu frá gildandi lögum. Í 1. mgr. segir: „Framsal orlofsfjár er óheimilt.“ Það er eins og er í gildandi lögum. En í gildandi lögum var einnig að flutningur orlofsfjár milli orlofsára væri óheimill og það ákvæði er fellt niður. Í 2. mgr. 14. gr. er ákvæði um að orlofsfé, sem orlofsþegi hefur ekki tekið út innan tveggja ára frá lokum orlofsársins, skuli renna í sérstakan orlofssjóð sem nota skal til hagsbóta fyrir orlofsþega. Varsla og ráðstöfun sjóðsins er í höndum orlofsnefndar ríkisins og stendur sjóðurinn sjálfur undir kostnaði við rekstur sinn. Nýmælið er það hér, að gert er ráð fyrir að eftirlegufé í orlofskerfinu renni í sérstakan orlofssjóð, en ekki lífeyrissjóð viðkomandi orlofsþega eins og nú er samkv. gildandi lögum.

Ég held að ég sé búinn hér að gera grein fyrir öllum helstu breytingum sem felast í þessu frv. frá gildandi lögum um orlof. Skal ég þá snúa mér að því að gera grein fyrir brtt. félmn. á þskj. 543.

Í 1. brtt. er gert ráð fyrir að í 7. gr. frv. komi ný mgr., sem verði 3. mgr., og hún fjallar um hvernig fer ef launþegi veikist hér innanlands í orlofi það alvarlega að hann geti ekki notið orlofsins. Eins og segir í brtt., þá skal hann á fyrsta degi, t. d. með símskeyti tilkynna vinnuveitanda um veikindin og hjá hvaða lækni hann hyggst fá læknisvottorð. Eins eru nokkur nánari ákvæði um hvernig fara skuli í þessu tilviki, sem ég sé ekki ástæðu til að lesa hér upp. Ég geri ráð fyrir að hv. dm. hafi kynnt sér brtt. ítarlega. En þessi brtt. er orðrétt upp úr samkomulagi sem gert var á milli launþega og vinnuveitenda við gerð síðustu almennu kjarasamninga þessara aðila nú á síðasta vetri. Ýmis atriði í framkvæmd orlofslaganna voru þýðingarmikil atriði í samkomulagi því sem gert var, og í raun og veru er hér einungis verið að staðfesta það samkomulag sem aðilar vinnumarkaðarins hafa þegar gert, ef þessi brtt. verður samþ.

2. brtt. er við 18. gr. frv. eða síðustu gr. frv. um að greinin orðist eins og segir í brtt.: „Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felld úr gildi lög nr. 16 26. febr. 1943 og lög nr. 87 24. des. 1971 með síðari breytingum.“ Breytingin, sem er á 18. gr. í þessu formi, frá því, sem hún er í frv., er sú, að gert er ráð fyrir í brtt. að felld séu úr gildi lög nr. 16 frá 26. febr. 1943, en það eru þau orlofslög sem voru í gildi þegar lög nr. 87 frá 1971 voru samþykkt. Þá hefði átt að fella eldri lög úr gildi, en það mun hafa láðst að gera slíkt, svo að þessi lög frá 1943, þótt ekki hafi verið framkvæmd, hafa formlega verið í gildi. Nú þykir n. rétt að binda endi á þessi úreltu lög og fella þau formlega úr gildi.

Þá er 3. brtt. Þar er um að ræða ákvæði til bráðabirgða um að þessi lög komi til með að gilda um orlofsárið 1976—1977, eins og segir í brtt. Þetta er til komið vegna þess að orlofsárið hefst samkv. frv. 1. apríl og nú er komið fram

yfir 1. apríl. Það þótti ekki fara vel á því að setja ákvæði beint um það að lögin tækju gildi aftur fyrir sig frá 1. apríl. En til þess að svo yrði í raun og veru væri eðlilegt að setja ákvæði til bráðabirgða til að taka allan vafa af um það að hin nýju lög komi til með að gilda um allt orlofsárið 1976—1977, og því er þetta ákvæði til bráðabirgða í brtt. nefndarinnar.

Ég hef nú gert grein fyrir, í hverju eru fólgnar breytingar á þessu frv. frá gildandi lögum og skýrt brtt. hv. félmn., og vil þá ljúka máli mínu með því að óska þess að frv. verði vísað til 3. umr. að lokinni þessari umr.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég er ekki reiðubúinn til þess að ræða þetta frv. málefnalega á þessu stigi af þeim sökum að ég finn ekki brtt. sem ég hafði persónulega komið á framfæri við þá n. sem um þetta frv. hefur fjallað. Ég áskil mér því fullan rétt á því að koma fram með brtt. í hv. deild við 3. umr.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég held að það sé rétt út af þessum orðum hv. síðasta ræðumanns að taka það fram, að hann kom til mín plaggi með brtt. sem hann óskaði eftir og ég taldi rétt líka að n., félmn. fengi að sjá. Þessar till. voru ræddar í félmn. og félmn. ákvað að gera engar þeirra að till. sínum. Þess vegna koma þær ekki fram í neinum skjölum frá félmn. Ég hygg, að þetta sé eðlileg afgreiðsla á þessu máli. Mér var kunnugt um að þessar till. voru til, og hv. síðasti ræðumaður kom þeim til mín einmitt á nefndarfund, því að ég vildi gjarnan sýna hv. félmn. þær hugmyndir sem þar komu fram. En það var enginn hljómgrunnur hjá félmn. fyrir því að gera þessar till. að sínum till.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 543,1 samþ. með 15 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
8.—17. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 543,2 (ný 18. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 543,3 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Hámarkslaun, þáltill. (þskj. 429). — Ein umr.

Flm. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Þáltill. sú, er ég ber hér fram, er á þessa lund:

„Alþingi skorar á ríkisstj. að láta undirbúa löggjöf um hámarkslaun, þar sem kveðið verði á um að ekki megi greiða hærri laun hér á landi en sem svarar tvöföldum vinnulaunum verkamanns miðað við 40 stunda vinnuviku. Jafnframt verði loku fyrir það skotið að einstaklingar gegni nema einu fastlaunuðu starfi, og eins fyrir hitt, að átt geti sér stað duldar launagreiðslur í formi einhvers konar fríðinda, umfram hámarkslaun. Með breytingu á skattalögum skal að því stefnt að einkafyrirtæki hagnist ekki á lögbundinni lækkun hæstu launa, og skal því fé, sem rennur til ríkissjóðs af þessum sökum eða sparast með niðurskurði á launum embættismanna í efstu launaþrepum, varið til almennrar kjarajöfnunar og annarra félagslegra umbóta."

Grg. er svo hljóðandi:

„Með ráðstöfun þeirri, sem hér er reifuð, hyggst flm. koma því til leiðar að kjarabætur handa þeim, sem lægst eru launaðir, verði algjör forsenda hverrar launahækkunar til þeirra sem betur eru settir í þjóðfélaginu. Að hyggju flm. er unnt með því að lögbinda ákveðið hlutfall milli almennra launa verkamanns og hæstu launa að búa svo um hnútana að kjarabætur til handa verkamönnum verði ekki að beinu hagsmunamáli fyrir þá þegna þjóðfélagsins sem eru í sterkastri aðstöðu til þess að hafa áhrif á stefnuna í efnahags- og kjaramálum landsmanna. Svo dæmi sé tekið, þá yrði það óframkvæmanlegt eftir setningu slíkra laga sem hér eru ráðgerð fyrir bankastjóra, sem nú munu hafa að öllu meðtöldu sexföld laun verkamanns, að veita sjálfum sér kauphækkun samtímis því sem þeir úrskurðuðu að ekki væru efnahagslegar forsendur fyrir almennri kauphækkun verkafólks.

Nýlega hafa verið gerðir kjarasamningar þar sem verkamönnum eru ætluð laun sem nema um það bil helmingi framfærslukostnaðar vísitölufjölskyldunnar ef miðað er við 40 stunda vinnuviku. Má því ætla að þeir landsmenn, sem hafa tvöföld verkamannslaun fyrir eðlilegan vinnutíma, hafi til hnífs og skeiðar. Þegar svo er ástatt hlýtur það að teljast með öllu ósæmilegt að greidd séu hærri laun. Óþarft er að dómi flm. að kveða sérstaklega á í grg. um sérstöðu hlutasjómanna í launakerfinu, en vafalaust er að kauptrygging fiskimanna hlýtur að teljast til óhæfilega lágra launa miðað við vinnutíma.

Að frátöldum þeim rösku þrem árum, sem vinstri stjórnin sat hér að völdum, má heita að stefnt hafi verið að því markvisst síðustu 17 árin að auka launamismun hérlendis á kostnað framleiðslustéttanna og ýta með þeim hætti undir neyslukapphlaup í þágu svonefnds hagvaxtar. Er vægilega að orði kveðið þótt staðhæft sé að þróun þessi hafi síður en svo stefnt í þá átt að umbuna starfshópum eftir þjóðfélagslegum verðleikum."

Herra forseti. Svo hljóðar þáltill. ásamt grg. Ég ber hér sem sagt fram till. um stjórnun á kaupgjaldsmálum og byggi á grundvelli með kynslóðareynslu varðandi mestu umbun fyrir kunnáttu, framtak, reynslu og ábyrgð, en þar er skipstjórahluturinn tvöfaldur hásetahlutur, svo sem hann hefur tíðkast lengst af á landi hér allar götur frá landnámi.

Ef ég leyfi mér þegar í upphafi máls míns að staldra nokkur andartök við þetta atriði eitt, þá er það skoðun mín að einstakir þegnar eigi ekki fremur tímanlega velferð sína undir kunnáttu og hæfileikum neins forustumanns á þurru í samfélaginu en hásetinn undir hæfileikum og dug skipstjóra síns. Reynsla kynslóðanna hefur kennt okkur að hæfileg umbun skipstjóra er tvöfaldur hásetahlutur, hvorki meira né minna.

Fiskigegnd, veðrátta og farkostur með búnaði eru frumforsendur fyrir afla, en þar næst dugur áhafnar undir forustu skipstjóra. Hvort fengurinn, sem til skipta kemur er meiri eða

minni verður hlutföllunum ekki haggað, skipstjórinn fær tvöfaldan hásetahlut. Þessi skipan hefur gefist afburðavel. Hún hefur stuðlað að undraveðri samheldni áhafna og undraverðum afköstum, raunar afköstum sem eru langt umfram allt annað sem til þekkist við erfiðisvinnu á norðurslóð, og þá sennilega fyrst og fremst vegna þess að þessi skipan samsvarar nokkurn veginn réttlætiskennd fólksins.

Ég ræði hér ekki um breytingar sem hafa orðið á hlutaskiptum þessi 35 ár sem ég hef fylgst með þeim, skiptum milli útgerðarmanns og áhafnar, ekki heldur um þau tilfelli þegar útgerðarmenn bjóða í afla skipstjóra. Þess háttar uppboð hafa gefist misjafnlega, og aflakóng hef ég þekkt, og það fleiri en einn, sem ekki létu bjóða í sig, einn þeirra raunar heimsfrægan aflamann sem svaraði því til þegar útgerðarmaður hans bauðst til þess að umbuna honum af bátshlutnum, að það vildi hann ekki, sagði: „Leggðu þetta heldur í veiðarfærin, ég skal svo reyna að fiska meira. Strákarnir mundu gruna mig um að hafa lofað þér að gera eitthvað ljótt í staðinn," sagði hann. Og það var útgerðarmaðurinn sem sagði mér frá svarinu.

Ég líki sem sagt aðeins til skiptanna á áhafnahlutnum. Það er við hæfi þegar við ræðum um stjórnun á kjaramálum á þjóðarskútunni í heild.

Nú geri ég alveg ráð fyrir því að mér verði sagt með spekingssvip að líkingar séu jafnan hættulegar vegna þess að hliðstæðurnar séu of fáar, og mér verði nefnd mörg dæmi um það hversu ólíku sé saman að jafna þar sem sé þjóðfélagið með mismunandi og flókinni verkaskiptingu annars vegar og fiskiskipið með annars konar og miklu einfaldari verkaskiptingu hins vegar. Þetta býst ég við að mér verði sagt með alveg sérstökum spekingssvip, raunar þess háttar spekingssvip sem er við hæfi hvarvetna þar sem hver étur eitthvað upp eftir öðrum. Kynni meira að segja að fara svo að fyrirbærið yrði nefnt nútímaþjóðfélag ef ekki beinlínis háþróað nútímasamfélag. En það er nákvæmlega sama hvaða nöfnum íslenskt þjóðfélag er nefnt. Ég mun eftir sem áður verða þeirrar skoðunar, að tveir hásetahlutir séu alveg nægilegir handa skipstjóra, og mun halda hinu fram, að tvöföld verkamannslaun séu ekki aðeins nægilega há laun fyrir mestu ábyrgð og fullkomnustu kunnáttu í þjóðfélaginu, heldur sé þess háttar binding hinna hæstu launa við hin lægstu með föstu og óumbreytanlegu hlutfalli til þess fallin að auka samheldni, eyða tortryggni og auðvelda almennar kjarabætur. Og síðast, en ekki síst, mundi slíkt skref í áttina til kjarajöfnunar auðvelda landsfeðrunum það verk, sem þeir ráða nú alls ekki við, sem er að hemja neysluna innan þeirra marka sem efnin leyfa.

Í þáltill. er svo ráð fyrir gert að lögbundið verði að hæstu laun hérlendis verði ekki hærri en svo að þau samsvari tvöföldum verkamannslaunum miðað við 40 stunda vinnuviku. Hér er alls ekki gefið í skyn að flm. telji að hinu fullkomna réttlæti verði náð með þessari skipan kjaramála né heldur að þessi háttur skuli viðhafður um aldur og ævi. Hér er að því miðað að stefnt skuli að launajöfnuði, horfið frá vísvitandi og opinberri stefnu sem miðar að launamismun. Hér verði stigið mjög þýðingarmikið skref í átt til þess markmiðs sem hefur verið skilgreint á þá lund að hver þegn fái laun eftir þörfum fyrir framlag eftir getu. Einnig er svo ráð fyrir gert að öll fríðindi, sem starfi fylgja, skuli metin til launa og að enginn þegn megi gegna fleiri launuðum störfum en einu. Til þess er sem sagt ætlast að svo verði gengið frá hnútum við lagasetningu þessa, hin nýju lög um hámarkslaun, að bætt launakjör verkamanna verði algjör forsenda fyrir hækkuðum launum þeirra sem betur eru settir, þau lög verði ekki sniðgengin. Að sjálfsögðu er ekki útilokað með löggjöf af þessu tagi að menn inni af höndum meiri vinnu en 40 stundir í viku og fái greiðslu fyrir. En þá eiga þeir að fá greiðsluna í sömu hlutföllum og áður er greint, enginn fái hærri laun fyrir unna klukkustund í yfirvinnu en sem nemur tvöföldu yfirvinnukaupi verkamanns. Og eins og að líkum lætur yrði þá horfið frá því kerfi fríðinda sem nú er tíðkað, að nokkurrar stéttar maður fái fastar greiðslur fyrir meinta yfirvinnu sem hann vinnur ekki.

Ég hef reynt að rýna dálítið í opinberar skýrslur um launagreiðslur hérlendis síðustu árin og lagt í það talsverða vinnu að bera laun saman við skattgreiðslur. Niðurstaðan að athuguninni með tilliti til upplýsinga, sem fyrir liggja um einkaneyslu, leiddi til þess að ég taldi mér ekki fært að draga af henni áreiðanlegar niðurstöður. Athugunin leiddi eiginlega ekki til neins annars en þess að rifja upp fyrir mér orð Guðmundar heitins Benjamínssonar á Grund í Kolbeinsstaðahreppi, þegar hann sagði: „Það er nú svona með þessa góðu og gáfuðu og göfugu þjóð, henni er svo eiginlegt að ljúga og falsa skýrslur."

Svo að ég nefni aðeins tvö dæmi um niðurstöður af athugunum, í fyrsta lagi á tekjum, í öðru lagi á opinberum gjöldum og í þriðja lagi á neyslu, má geta þess að ég fletti upp í skattskránni á nafni kunningja míns eins sem ég taldi mig hafa rökstuddan grun um að hefði um það bil tvöfaldar tekjur á við mig, og komst að raun um að hann hlyti að hafa fjórðungi minni laun en ég. Við lauslega athugun á eyðslu hans komst ég aftur á móti að raun um að hvort tveggja væri rangt, hann hlyti að hafa tíföld laun á við mig. Við athugun á sköttum annars kunningja míns í sama launaflokki, sem ég vissi að gegndi allmörgum aukastörfum, komst ég að raun um að hann hlyti að vinna 52 klst. á sólarhring 363 daga á ári, og dreg þá að vísu jóladag og annan í jólum. Neysluvenjur hans benda aftur á móti eindregið til þess að hann hafi minni tekjur en ég, enda hefur konan hans orð á því að hann sé dálítið fastheldinn á heimilispeningana.

Þrátt fyrir það að niðurstöður af þessum athugunum mínum séu ekki til þess að flíka þeim beinlínis sem áreiðanlegum neyðist ég til þess að nefna hér fáeinar dálítið teygjanlegar tölur varðandi launagreiðslur eins og þær eru nú.

Fjöldi launþega árið sem leið mun samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar hafa verið nálægt 70 þús. og fjölgunin nemur um 1500 á ári. Launagreiðslur á landinu munu hafa samkvæmt sömu heimildum numið um 40 milljörðum kr. árið 1973, um það bil 59 milljörðum árið 1974 og talið sennilegt að þær hafi numið um 77

milljörðum í fyrra. Fjölgun launþega frá árinu 1973 til ársins 1975 mun nema 4500, en heildarlaunahækkunin nemur 37 milljörðum. Af þessum tölum getum við aðeins ráðið í það hvernig verðbólgunni hefur vegnað á þessu tímabili, en afkoma launafólks hefur breyst að verulegu leyti í öfugu hlutfalli við það.

Hyggjum að launaskiptingunni á landi hér þessi sömu ár og miðum við sömu upplýsingar, þ. e. a. s. tölur Þjóðhagsstofnunar, sem ég ætla að venjulega séu lagðar til grundvallar við kjarasamninga þó að sé með nokkrum fyrirvara gert. Þá ber að geta þess að hér er einungis miðað við föst laun, yfirvinna og aukasporslur eru sem sagt ekki reiknaðar með. Skiptingin verður þá þannig, ef miðað er við árið í fyrra, að um það bil 25 þús. manns fengu föst laun upp að 60 þús. kr. á mánuði. Laun á bilinu 60—90 þús. kr. munu hafa fengið álíka margir eða hér um bil 25 þús. manns. Laun á bilinu 90—120 þús. á mánuði fengu um 15 þús. manns. Og laun yfir 120 þús. á mánuði, þ. e. a. s. tvöföld verkamannslaun og meira, hafa fengið 5—7 þús. manns, samkvæmt þessum útreikningum. Nú er þess að geta að þriðjungur af heildarlaunagreiðslum árið sem leið er fyrir utan og ofan þessa skiptingu, og er ekki með öllu ljóst af opinberum skýrslum hversu mikill hluti þeirra 26 milljarða hefur farið í einhvers konar aukasporslur, yfirvinnugreiðslu eða greiðslur fyrir aukastörf. Og loks er þess að geta að laun sjómanna eða hlutur sjómanna er ekki reiknaður með í þessu dæmi. Hlutaskiptin eru sem sagt fyrir utan þessar 77 milljarða launagreiðslur. Eins og segir í grg., þá gegnir öðru máli um hlutaskipti við fiskveiðar, og mun ég víkja að því hér á eftir með hvaða hætti ég ætlast til þess að hin nýja skipan stuðli að því að launagreiðslur allra landsmanna komist í svipað horf og hlutaskipti sjávarafla, þannig að árlega verði skipt milli landsmanna eftir föstum og sæmilega siðgóðum reglum þeim feng sem aflast hefur. En hér kemur það sem sagt í ljós að þriðjungur heildarlauna landsmanna, að tekjum sjómanna slepptum, hefur farið í einhvers konar óljósa ráðstöfun, óljósa launaráðstöfun. Nú mæli ég að vísu ekki með því að við sníðum okkur stakk eftir erlendri tísku um eftirlit með tekjuskiptingu, síður en svo. En það ætla ég að þætti bera vott um litla ráðdeild að ætla svo mikinn hluta heildarlauna í óvissar greiðslur. Mér er ekki alveg ljóst hvaða klæðilegt heiti hagfræðingar okkar hafa búið til yfir fyrirbærið, en á gamalli og góðri íslensku mætti segja mér að þetta héti sukk.

Í þessari þáltill. er sem sagt lagt til að kveðið verði á um það í lögum hvað hámarksgreiðslur snertir hversu skipta skuli þeim hluta árlegra þjóðartekna sem til launa komi, að komið verði reglu á skipti milli áhafnar innbyrðis þar sem tekið væri svipað tillit til hinnar mestu ábyrgðar og gildir á fiskiskipunum okkar. Hér er ekki um það fjallað hversu skipt skuli arði milli vinnu og fjármagns eða nánar tiltekið milli starfsmanna og atvinnurekenda. Deilan um þau skipti mun halda áfram og ýmsum veita betur, ef að líkum lætur, uns að því kemur að launafólkið kemst að þeirri niðurstöðu að sæmilegast sé að það reki sín eigin atvinnutæki, hvert svo sem það form kann að verða sem komið verður á þann sameignarrekstur. Hér er aðeins um það að ræða að komið verði siðgóðri og fastmótaðri skipan á það í meginatriðum hvernig skipt skuli launum hér á landi, — með því móti má eyða tortryggni og öfund, og vel að merkja, öfundin er ekki ómerkilegt afl í íslenskri pólitík, — og hvernig auka megi samheldni á milli launafólks innbyrðis. Með því móti má eyða togstreitu sem nú á sér stað innbyrðis milli launastéttanna sjálfra um skiptingu áhafnahlutarins. Með því móti má einnig finna leið til þess að koma málum svo fyrir að ekki sé beitt verðbólguklækjum til þess að láta líta svo út sem meiru sé að skipta eftir árið en því sem aflað hefur verið.

Ég hef orðað það svo, að með þeirri skipan að kveða á um að ekki megi greiða hærri laun en sem nemur tvöföldum launum verkamanns verði kjarabætur til hinna lægst launuðu gerðar að algjörri forsendu fyrir launahækkunum þeirra sem betur eru settir. Með þessu móti yrðu launakjör hátekjumanna, ef svo má segja, múrfest við laun verkamanna þannig að einungis með kjarabótum til verkamanna yrði unnt fyrir þá, sem í áhrifastöðum eru, að fá fram launabætur handa sjálfum sér. Mér er það meira en ljóst að ein af meginandbárunum gegn slíkri ráðstöfun verður sú, að hér sé ekki gert ráð fyrir nægjanlegri umbun fyrir menntun og þekkingu, að með því að takmarka vinningsvonina á þennan hátt verði einnig brott numinn hvati til náms og dáða. En því er þá til að svara, að auðvelt ætti að vera fyrir okkur með þessari skipan að bjóða námsfólkinu okkar námslaun í stað lána og styrkja, gegn því að það gangi til starfa hjá okkur skuldlaust að námi loknu fyrir tiltölulega lægri laun en ella, meðan það getur eins og nú er ástatt borið við miklum námskostnaði. Hinu, að umbun fyrir framtak og dáð verði skert með þessu móti, má svara á þá lund, að reynslan sýnir að tvöfaldur hásetahlutur reynist fullnægjandi hvöt fyrir skipstjóra á fleytunum okkar til þess að leggja sig alla fram. Og ég fæ ekki séð að laun, sem nema tvöföldum launum verkamanna, þurfi að verða neinum of lítil, þótt duganda maður sé, ef við keppum að því að verkamannslaunin verði nógu há.

Ég ætla aðeins að þakka forseta og ritara fyrir sérstakt hljóð á bak við mig meðan ég flutti ræðuna.

Jón Helgason: Herra forseti. Ég verð að segja það, að þegar ég sá þessa þáltill. vakti hún strax athygli mína og það af tveimur ástæðum fyrst og fremst. Í fyrsta lagi virðist mér að flm. sé þarna að reyna að leita að leið til þess að ná því marki að minnka launamismun í þjóðfélaginu, og það er mál sem ég er honum sammála um að æskilegt sé að reyna að gera. Og í öðru lagi, sem mér fannst ekki síður athyglisvert, að þarna leggur flm., hv. 5. þm. Norðurl. e., til að farið sé inn á algjörlega nýja braut til að ná þessu marki, þ. e. a. s. að reyna að gera þetta með lögum og reglum. Við vitum að hingað til hafa samtök launþega lagt mikið kapp á það að möguleikar þeirra til þess að semja um sín laun séu að engu skertir með neinum slíkum reglum eða lögum. En þarna virðist mér flm. sem

sagt leggja til að farið verði inn á þessa braut, að laun verði að nokkru leyti ákveðin með lögum og reglum, þ. e. a. s. það verði búinn til rammi sem gefur nokkurt svigrúm innbyrðis, en hlýtur þó að setja allmiklar skorður.

Hv. flm. rakti hér hvernig laun hefðu skipst, hversu tekjur manna hefðu orðið miklar, og þar kom fram, að 5—7 þús. manns og reyndar fleiri mundu hafa haft meira en helmingi hærri laun heldur en laun þeirra lægst launuðu. En hann nefndi ekki lágmark, lægstu launin. Og ef þessar reglur verða settar á, þá væri ekki aðeins tekinn af — við skulum segja verkfallsréttur þessa *hálaunahóps til þess að hækka sín laun* — heldur algjörlega bann við launahækkun.

Hér var fyrir nokkru borið fram frv. af hv. 1. landsk. þm. um ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að mjólk væri hellt niður af völdum verkfalla. Það frv. mætti mikilli andstöðu. Var talað um að þar væri verið að skerða helgan rétt. En þarna virðist mér að flm. þessarar till. *leggi til* að verði gengið miklu lengra, þ. e. a. s. það er ekki aðeins tekinn verkfallsréttur, heldur beinlínis rétturinn til að hækka laun þessa hóps launþega. Ég bendi ekki á þetta vegna þess að ég sé þessu andvígur, heldur hins, að mér finnst þetta vera miklu fremur athyglis- og íhugunarvert. En ég er samþykkur þeirri stefnu sem kemur þarna fram hjá flm., vegna þess m. a. að ég tel að menn eigi fyrst og fremst að hafa laun eftir þeirri vinnu, sem þeir leysa af hendi, og mismunur launanna eigi þá fremur að fara eftir afköstum heldur en tegund þeirrar vinnu sem unnin er, þar sem okkar þjóðfélag er nú orðið svo flókið og samtengt að við erum hvert öðru háð og við þurfum yfirleitt á vinnu hverrar stéttar að halda.

Ég held að það sé ekki alveg rétt, það sem segir í niðurlagi grg., að það hafi alltaf nema á vinstristjórnarárunum verið unnið að því að auka launamismun hér á landi. (**Gripið fram í:** Síðustu 17 ár.) Já síðustu 17 ár. Mér er þetta *atriði kannske sérstaklega minnisstætt vegna* þess, að þegar ég kom hér fyrst inn á þing fyrir tæpum tveim árum, þá var það eitt af fyrstu verkefnunum að fjalla um lög um láglaunabætur þar sem var ákveðið með lögum — fyrst reyndar af núv. hæstv. ríkisstj. með brbl. — að laun þeirra lægst launuðu skyldu hækka án þess að laun annarra hækkuðu. Og síðan, hafði ríkisstj. undirbúið að endurnýja þau þannig að ganga lengra í þessa átt. En þá var það gert fyrir eindregin tilmæli beggja aðila vinnumarkaðarins, vinnuveitenda og Alþýðusambandsins, að framlengja eða setja ekki ný lög um þetta, þar sem þeir óskuðu eindregið eftir því, báðir aðilar, *að fá að semja um þetta án nokkurra* slíkra takmarkana. En það var stefna núv. ríkisstj., að reyna að hækka þarna laun þeirra lægst launuðu án þess að aðrir fylgdu á eftir.

Mér er það ljóst að það hljóta að vera mikil vandkvæði á þeirri leið sem hv. flm. þáltill. leggur til. Það eru svo ákaflega mörg atriði sem þar *koma til greina. Hvernig á t. d.* að fara að með ákvæðisvinnu og uppmælingu? Við vitum að þar geta menn náð meira en tvöföldum launum fyrir hverja unna klst., og vitanlega er illt að bregða fæti fyrir það að menn vinni vel. Þetta er aðeins eitt af mörgum atriðum sem hlýtur að verða erfitt í framkvæmd. En enda þótt launamismunur sé hér mikill, beinn launamismunur, eins og flm. benti hér á og talaði um sexföld laun, þá er þó annað atriði eða annar þáttur sem mér hefur fundist kannske enn þá fráleitari, og það eru ýmsar greiðslur sem menn fá fyrir störf sín án þess að nokkuð sé farið eftir þeirri vinnu sem menn hafa lagt í störfin, heldur eru þær metnar sem ákveðin prósenttala af einhverri upphæð, matsupphæð, söluverði eða einhverju slíku. Ég held að þær upphæðir, sem þarna koma til, séu oft margfaldar á við það sem kemur fram í beinum launamismun á föstum launum.

Þetta eru aðeins örfáar hugrenningar í sambandi við þessa þáltill. sem mér finnst vera, eins og ég sagði áðan, mjög athyglisverð og stefna í sömu átt og ég tel æskilegt að stefnt væri.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég verð að segja eins og síðasti ræðumaður að þessi till. vakti strax athygli mína. Og sannleikanum samkv. er það, að oft hef ég hugsað til þess að eitthvað slíkt þyrfti að gera eins og það sem hér er rætt um, þótt ég hins vegar geri mér fyllilega grein fyrir örðugleikum sem mundu vera í sambandi við framkvæmd á slíku. Þá er kannske ekki minnstur vandinn að ákveða hvað eru laun og hvaða laun hef ég og hvaða laun hefur þú. Mér dettur í hug að maður, sem hefur 60 þús. kr. í laun á mánuði, hefur nefnilega meira en hálf laun á við þann sem hefur 120 þús. kr. á mánuði, og það er þetta, sem veldur dálitlum örðugleikum. Eins og ég held að flm. hafi tekið fram, þá er svo mikið af öfund til í þessu þjóðfélagi og líklega öllum þjóðfélögum og það er svo mikið af misskilningi til, að ég held að það væri einmitt þess vegna mikil nauðsyn að fá hámarkslaun eða fá einhverja breytingu á launakerfinu frá því sem nú er. Sem sagt, þeir, sem hafa við skulum segja 150 þús. kr. á mánuði, borga háa skatta. Þeir eru ekki með tvöföld laun á við þann, sem hefur 75 þús. kr. á mánuði og borgar lága skatta. Þetta út af fyrir sig er ástæða til þess að athuga vel, hvort ekki er hægt að finna betri lausn á launamálum heldur en er í dag.

Eitt er það sem veldur nokkru um það, hvernig fólk kemst af, og hv. flm. kom svolítið inn á, og það er einfaldlega um þetta, hvort maðurinn gegnir störfum sem gera það mögulegt að eiginkonan vinni úti. Í okkar þjóðfélagi í dag mun vera meira en 1½ fyrirvinna fyrir hverju heimili, þ. e. meiri hluti af eiginkonum hefur atvinnu utan heimilis. Þetta út af fyrir sig ruglar okkar tölur allmikið og gerir miklu erfiðara að gera sér grein fyrir hinum raunverulegu tekjum sem heimilið hefur til ráðstöfunar.

Ég held ekki að það yrðu menntamennirnir sem yrði erfiðast að eiga við í þessu efni, því að sé miðað við 40 stunda vinnuviku, þá hef ég ekki trú á því að stórir hópar þeirra hafi miklu meira en tvöföld verkamannalaun, þegar búið er að draga frá skatta og annan beinan kostnað sem þeir hafa fram yfir aðrar stéttir. Þetta er sjálfsagt að rannsaka, en ég held að í heildinni mundi vandinn ekki liggja þar. Aftur á móti munu flm. vera ofarlega í huga kjarasamningarnir 1974, í

marsmánuði, — var það ekki? — þegar mér skilst að hafi farið eitthvað úrskeiðis með áhuga á launajöfnuði, en ekki meira um það. Við vitum allir að þetta eru erfið mál. En ég vil sérstaklega taka það fram, að mér finnst mjög ánægjulegt að þessi till. skuli koma fram, og ég held að hún sé þess virði að athuga hana mjög gaumgæfilega. Sannleikurinn er sá, að það er ósköp erfitt að draga ályktanir um tekjur manna af lífnaðarháttum þeirra þegar tekjur eru komnar yfir visst lágmark.

Mér dettur í hug að í sveitinni minni eru hjón sem hafa a. m. k. góðar meðaltekjur og hafa lifað ósköp skikkanlegu lífi og notað sínar tekjur eins og vera ber. Þau reyktu bæði. Fyrir nokkrum árum tóku þau upp á því að hætta að reykja. Síðan hafa þau siglt til útlanda, til sólarlanda á hverju ári og notað reykingapeningana til þess að sigla fyrir. Sem sagt, þau veita sér nú það sem hátekjufólk er eitt talið geta veitt sér, en einasta breyting á þeirra högun, fyrir utan það að fara burt frá heimili sínu á hverju ári til sólarlanda, er sú að þau hættu að reykja. Ekki þarf að segja ykkur það, að brennivínsnotkun gjörbreytir öllum möguleikum einstaklinga og fjölskyldna á því hvernig lífi þeir geti lifað, þannig að það er erfitt að draga ályktanir af tekjum út frá því hvernig lífnaðarhættir fólks eru, því að það er ekki eingöngu að afla teknanna, það er líka hvernig tekjurnar eru notaðar. Ég held að þetta gæti verið mjög skemmtilegt rannsóknarefni, hvernig lífnaðarhættir eru, miðað við raunverulegar tekjur. Það er mín skoðun að langsamlega flestir þeirra, sem hafa há laun í þessu landi, vinni meira en 40 stunda vinnuviku, — langsamlega flestir. Og ég veit að í þeirri stétt sem ég tilheyrði lengst, læknastéttinni, hafa hin háu laun byggst á löngum vinnutíma og óreglulegum vinnutíma og það er atriði sem þyrfti að koma skýrar fram þegar rætt er um launamisrétti.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Það, sem kemur mér til að standa upp og tala í þessu máli, eru ummæli flokksbróður míns sem hér talaði á undan mér, 2. þm. Reykn. Hann fagnaði því að þessi till. hefði komið fram, og ég vil þá láta a. m. k. eina rödd úr þeim herbúðum koma fram, að ég fagna því kannske að sumu leyti að hún kemur fram, því till. er svo vitlaus að ég held að það sé alveg útilokað að nokkur sjálfstæðismaður geti tekið undir hana, en ég fagna að hún komi fram til þess að sýna hvernig andstæðingarnir í pólitík á hv. Alþ. eru hugsandi, það er annað mál. En það sjónarmið kom ekki fram hjá mínum ágæta flokksbróður.

Ég held að fátt í þessari till. eigi rétt á sér. Þó er góður viður í sumu, en það er ekki margt. Ég ætla að fara yfir hana í flýti, en í till. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. skorar á ríkisstj. að láta undirbúa löggjöf um hámarkslaun, þar sem kveðið verði á um að ekki megi greiða hærri laun hér á landi en sem svarar töföldum vinnulaunum verkamanns miðað við 40 stunda vinnuviku."

Á að taka það út úr íslensku þjóðfélagi öðrum þjóðfélögum fremur að menn geti aflað eftir hæfileikum og dugnaði? Þennan hugsunarhátt skil ég ekki, ef menn hafa bæði líkamlegan þrótt, heilsu, hugvit og allt sem til þess þarf að afla meira en sá sem hefur lægstu launin í þjóðfélaginu. (**Gripið fram í:** Tvöfalt meira má hafa.) Tvöfalt meira. Ef menn afla með hugviti sínu og vinnu meira, þá á ekki að láta það renna í fyrirtækin sem þeir vinna hjá, heldur til ríkissjóðs. Það á sem sagt að skera þann langa og reyna að klístra því á þann stutta. Þetta er alveg „brilliant" og ég fagna því að þessu leytinu til að till. skuli koma fram, því vitlausari getur hún varla verið.

Jafnframt verði loku fyrir það skotið að einstaklingar gegni nema einu fastlaunuðu starfi. Ég skal viðurkenna að það er athyglisverð till. En við erum mannfátt þjóðfélag í stóru landi, og þjóðfélagið hefur þurft á því að halda, að menn vinni hér miklu lengri vinnudaga og vinnustundavikur heldur en víða erlendis. Verkefnin eru, má segja, þau sömu og finnast í stórum þjóðfélögum. Við höfum ýmsar skyldur og flestar þær skyldur sem stór þjóðfélög hafa. Tökum t. d. Reykjavík sem er lítil höfuðborg, hún hefur flestar, ef ekki allar þær höfuðborgarskyldur sem París, London og New York eiga að gegna, og það þarf að hlaða miklu fleiri verkefnum á hvern einstakling í svona fámennu þjóðfélagi með allar þessar skyldur heldur en gert er í mannmörgu þjóðfélagi. Þetta er alveg ljóst. En þetta er athyglisvert, þ. e. a. s. úr þessum efnivið mætti kannske smíða eitthvað gott.

Þá segir í till. að átt geti sér stað duldar launagreiðslur í formi eins konar fríðinda. Þetta er líka athyglisvert. Það getur verið að það þurfi þá að hækka launin til þess að það komi í staðinn fyrir þessi duldu fríðindi, svo sem bensínstyrki eða ýmislegt annað. Þetta getur verið sæmilegur efniviður til úrvinnslu.

Með breytingum á skattalögum skal að því stefnt að einkafyrirtæki hagnist ekki á lögbundinni lækkun hæstu launa, og skal því fé, sem rennur til ríkissjóðs af þessum sökum eða sparast með niðurfærslu á launum embættismanna í efstu launaþrepum, varið til almennrar kjarajöfnunar og annarra félagslegra umbóta. Þarna á að taka það fé, sem hátekjumennirnir í fyrirtækjunum, einkafyrirtækjum, mundu missa af við þessa launalækkun, og láta það í formi skatta renna til ríkissjóðs til launajöfnunar milli þeirra, sem starfa við störf sem eru kannske ekki annað en til uppfyllingar í fyrirtækjum eða stofnunum, til að jafna laun þeirra við laun forstöðumanna sem bera ábyrgðina á rekstrinum. Hvaða vit er nú í þessu? Er hægt að koma með vitlausari till. hér inn á hv. Alþ.? Ég gat þó um að það er ýmis efniviður þarna sem hægt er að hugsa um, en það má ekki allur góður viður verða að axarsköftum í höndum á þessum blessuðu kommúnistum hér á hv. Alþ., eins og þessi till. ber greinilega vott um.

Flm. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Ég þakka ræðumönnum vingjarnlegar undirtektir undir þessa till., einnig hv. þm. Albert Guðmundssyni. Ég held að hann hafi skilið hana af öllum mætti, þó árangurinn væri nú kannske ekki eftir erfiðinu. En hvað um það, þar hygg ég að hafi nú komið fram grundvallarmunur í lífsviðhorfum

okkar fremur heldur en grundvallarmunur á mati okkar á gildi starfs í samfélaginu. En að þessu vík ég nú hér á eftir.

Ég verð nú að leiðrétta smámisskilning hjá hv. þm. Jóni Helgasyni, 4. þm. Suðurl. Ég fæ ekki séð að lagasetning í þá veru, sem gert er ráð fyrir í þessari þáltill., mundi leiða til þess að verkfallsréttur yrði afnuminn, þó það yrði í lög bundið að starfsmaðurinn með 180 þús. kr. mánaðarlaun mætti ekki hafa hærri laun meðan hinn almenni verkamaður fær ekki meira en 60 þús. kr. á mánuði. Þetta þýddi það að til þess að sá, sem er með 180 þús. kr. launin, gæti fengið þau hækkuð, þá yrði að hækka laun verkamannsins, það yrði árangurinn af launabaráttu hinna lægst launuðu sem gilti í þessu sambandi. Við skulum gá að einu, og nýt ég þess nú alveg fyllilega að vera gjörsamlega óbundinn af skoðunum annarra viðteknum á kjaramálum okkar sem öðrum málum. Ég er persónulega þeirrar skoðunar að hagsmunir verkamanns með 60 þús kr. mánaðarlaun fari ekki nema að nafninu til, eins og nú er háttað, saman með kjörum eða kjaramálum þess manns sem hefur þreföld verkamannslaunin.

Ég viðurkenni sjónarmiðið sem fram kom hjá hv. þm. Oddi Olafssyni, að það er fleira, sem inn kemur í þetta dæmi, heldur en nákvæmlega upphæð útborgaðra launa, — miklu fleira. Ég geri mér fyllilega grein fyrir því, hversu flókið þetta mál er. Hér er aðeins um að ræða stefnumörkun og yfirlýsingu um vilja. Ég geri mér það t. d. fyllilega ljóst að aukasporslurnar sem hv. þm. Albert Guðmundsson minntist lítillega á og var mér samdóma um að afnema ætti — (Gripið fram í.) já, ég er honum fyllilega sammála um að það getur orðið erfitt að losna við þær í samfélagi þar sem slíkt sukk og slík spilling hefur verið ræktuð upp m. a., svo ég vitni enn þá í orð Guðmundar heitins Benjamínssonar á Grund sem var hinn vitrasti maður, m. a. vegna þess að það hefur verið látið líðast í þessu samfélagi að falsa skýrslur og segja ósatt um kjaramál.

Eitt vandamálanna, sem hv. þm. Jón Helgason nefndi í þessu sambandi, var akkorðsvinnan og uppmælingarvinnan. Ég er þeirrar skoðunar að þar sem við getum á eðlilegan hátt launað eftir afköstum og gæðum vinnunnar, sem innt er af hendi, þá sé það eðlilegt á þurrlendi eins og á sjó. Aftur á móti fer hitt ekkert á milli mála — það hygg ég að velflestir hv. þm. séu mér sammála um — það fer ekkert á milli mála að í mati vinnueininga til kaups hefur ekki að öllu verið farið að lögum. Það hefur verið ákaflega sterk tilhneiging í þá átt að breikka bilið á milli eðlilegra afkasta í tímavinnu og þess sem greitt er fyrir einingu í vinnu.

Ein af meginástæðunum fyrir því, að ég flutti þessa þáltill., var einmitt sú, að samheldni verkafólks hefur brostið á síðari árum í kjarabaráttunni, í raunhæfri kjarabaráttu, að verkafólkið er ekki lengur á sama báti, og þegar ég nefni verkafólk í þessu sambandi, þá vil ég taka það fram vegna einmitt hv. þm. Jóns Helgasonar, að í þeim hópi tel ég bændur líka, en samheldnina hefur brostið þarna vegna þess að það hefur verið rekinn fleygur — (Gripið fram í.) Hver er verkamaður og hver ekki? Ég vil leyfa mér að kalla þann mann, sem rekur eigið fyrirtæki og tekur arð fyrst og fremst af vinnu starfsmanna sinna, við hljótum að flokka hann einhvern veginn öðruvísi. Með þessu er ég ekki að segja að hann kunni ekki að vinna þjóðnýtt starf. En ég held við köllum hann ekki verkamann og þá menn, sem þess háttar iðju stunda, við köllum þá ekki verkafólk. En hvað um það, á síðustu áratugum hefur verið rekinn fleygur á milli hinna ýmsu hópa launþega í gjörð æ flóknari kjarasamninga, þannig að þessir hópar eru þveröfugt við það, sem á sér stað á bátnum, þar sem skipstjórinn hefur 2 hluti, stýrimaður 1½, maskínisti 1¼ og kokkurinn hafði lengi 1.20 eða 1⅕. Það hefur verið rekinn fleygur barna á milli. Starfsmennirnir hafa farið að bítast innbyrðis um skiptin á þeim hlut sem til áhafnar kemur.

Í grg. með þáltill. og þó öllu fremur í framsöguræðu minni vakti ég athygli á því að eftir sem áður, þótt slík löggjöf yrði samþ., þá væri ekki til lykta leidd deilan um það hvernig fram ættu að fara skipti á milli starfs og kapitals, starfs, vinnu og höfuðstóls. Það er sem sagt deilan á milli atvinnurekenda og verkafólksins í heild um það hvernig skipt skuli arðinum. Hún yrði eftir sem áður óleyst í meginatriðum og þau átök mundu halda áfram að fara fram í ótöldum vinnudeilum og e. t. v. ótöldum fjölda verkfalla áður en hún yrði til lykta leidd.

Hér er sem sagt að því miðað að finna eitthvað sem gæti kallast kerfi til þess að fara eftir í skiptingu á þeim hlut sem til launafólksins heyrir.

Ég ítreka það vegna ummæla hv. þm. Alberts Guðmundssonar og drengilegrar umhyggju hans og sjálfsagðrar fyrir kjörum forstöðumanna stofnana og annarra sem mikil ábyrgð hvílir á, þá ítreka ég það, hv. þm. Albert Guðmundsson, að ég vildi gjarnan að hv. þm. tilgreindi mér það starf í landi, í opinberri stofnun eða hjá einkafyrirtæki sem meiri ábyrgð hvílir á heldur en á starfi skipstjóra, þar sem áhöfnin á líf sitt og limi undir kunnáttu hans og afkomu sína einmitt undir hugkvæmni hans og þreki til þess að afla.

Tilfellin, sem ég ýja að í grg. með þessari þáltill., þar sem um er að ræða sexföld laun verkamanna, þar hef ég reiknað inn í aukasporslurnar, fríðindin. Ég veit ekki til þess að á landi hér hafi nokkur einn aðili í opinberum launum sexföld verkamannslaun. En hér koma til aukasporslurnar, fríðindin, svo sem eftirgjöf á aðflutningsgjöldum af bíl, frír rekstur á bíl og síðan greiðslur fyrir aukastörf, föst laun fyrir aukastörf sem hlutaðeigandi vinna í sínum fasta vinnutíma í aðalstarfinu. Hér kemur sem sagt inn þessi slappleiki í íslensku þjóðlífi sem Guðmundur heitinn Benjamínsson talaði um forðum daga.

Ég ætlaði mér aldrei þá dul raunverulega í sambandi við þáltill. þessa og umr. um hana að rækta upp þann kjörvið grænan í barmi hv. þm. Alberts Guðmundssonar, sem mætti bera ávöxt félagslegs skilnings, eða þá viskujurt, sem mætti bera þess háttar angan sem opnaði vit hans fyrir þeim mismun sem er á kjörum lítilmagnans, sem leggur sig allan fram, en var ekki gefinn til þess

mátturinn, og síðan hins gæfusama, sem gefið var þrekið til margfaldra afkasta í raun og veru, en ekki rétturinn til þess að nota það þrek til þess að auðgast á vinnu lítilmagnast. Það liggur við að ég óski þess að lifa ekki þá stund, að hv. þm. Albert Guðmundsson skildi þetta, því þá væri hann orðinn allur annar maður og þá er ekki víst ég kynni við hann. Hann væri a. m. k. ekki sá sem ég hef þekkt lengi.

En ég er sem sagt einn flm. að þessari þáltill. Ástæðan er ekki sú, að af fræðilegum, pólitískum ástæðum hafi ég ekki getað fengið meðflm. að þáltill. innan míns þingflokks. E. t. v. er hún fyrst og fremst sú að ég kaus heldur fyrst um sinn að gera einn grein fyrir þeirri heimspekilegu afstöðu, pólitísku, heimspekilegu afstöðu skulum við segja, sem liggur henni að baki. Og þar kemur einmitt þetta til, sem ég er alveg viss að ég get aldrei fengið hv. þm. Albert Guðmundsson til að skilja, að það er engin ástæða til þess fyrir okkur á þessu kalda landi að fara ekki aðrar leiðir í skipan efnahagsmála heldur en tíðkast yfirleitt úti í heimi.

Eins og ég hef rætt í framsöguræðu minni, þá tek ég hér fyrst og fremst mið af fornum hlutaskiptum sem hafa gefist vel á þessu vertíðanna landi. Þó að fordæmi muni hafa fundist í Gulaþingslögum, þá munu þau hafa mótast fyrst og fremst hér á voru kalda Íslandi, við sérkennilega náttúru þessa lands þar sem sækja varð föngin af hörku á vertíðum umfram alla muni, og í því sama landi, þar sem þróaðist sérstakt tryggingakerfi, sem hvergi annars staðar þekktist í heiminum, þar sem tryggingakerfi hreppanna var, fyrir óblíða náttúru þessa undarlega lands, þess lands sem skapaði þjóðfélag á 1100 árum sem varð vegna eðlis þessa lands, vegna náttúru þessa lands, á ýmsan hátt mjög svo frábrugðið þjóðfélögum nágrannalanda okkar og þ. á m. grannþjóða okkar í Skandinavíu. Það væri ekki ófróðlegt í þessu sambandi, þó að ég ætli mér ekki tíma til þess núna, að rekja það í stórum dráttum með hvaða hætti Ísland skapaði sérstæða þjóð úr þessari írsk-norsku blöndu sem hingað fluttist fyrir 1100 árum, með hvaða hætti það skapaði úr þessu fólki sérstaka þjóð, með veðurhörku langt umfram það sem frumbyggjar landsins þekktu, með öðrum nokkuð hrjúfum náttúruöflum, svo sem jarðskjálftum, eldgosum og hafísárum, — með hvaða hætti þetta land þjarmaði svo að afkomendum hinna fornnorrænu konunga sem röktu ætt sína til sjálfra guðanna og „exeleruðu“ í erlendum höfðingskap, með hvaða hætti þetta land þjarmaði svo að þeim að á 17. og 18. öldinni voru ekki nema 40 þúsund stykki eftir með engum höfðingsbrag, óupplýstir, guðhræddir, hjátrúarfullir, óhreinir, soltnir dónar, sem skorti bæði tækin til þess og þekkinguna að flýja af hólminum, að flýja þetta land, og jafnvel viskuna til þess að deyja. Þá var það sem þetta land hafði sigrað og gert þessa útlendinga sem hingað komu að auðri strönd, gert þá að íslendingum. Og það voru þeir, þessir aumingjar, sem voru forfeður okkar, þeir, þessir aumingjar, kunnu að hafa verið afkomendur norrænna konunga í beinan karllegg, eins og foreldrar þeirra trúðu, og jafnvel komnir af sjálfum guðunum. En það voru þeir, þessir menn, sem landið hristi og skók og svalt yfir í það að afsala sér hinum innflutta persónuleika, það voru þeir sem voru fyrstu íslendingarnir og lærðu að lifa í þessu kalda landi. Þeir eru forfeður okkar sem erum hér í dag, og það voru þeir sem sköpuðu samfélag í sátt loksins við þetta land, samfélag sem á sér heldur ekki neinn líka neins staðar í heiminum. Og svo á að taka fyrirmyndir um stjórn þessa samfélags frá öðrum þjóðum. Ekkert, sem tíðkast ekki með öðrum þjóðum, grannþjóðum okkar, hæfir síðan þessu samfélagi, stjórnarkerfi eða samfélagsmálum. Þetta viðhorf er ágætt til varðveislu þróttmiklu höfði í steinrunninni mynd. En upp úr slíkum hugsunarhætti sprettur ekki nokkur frjóangi.

Ég ítreka það sem ég sagði fyrr, að hugmyndin með þessari þáltill. er sú að stuðla að því að tekin verði upp siðbetri og greindarlegri aðferð við innbyrðis skiptingu á aflahlut milli launamanna, kerfi við skipti sem betur hæfi föngum þessa lands sem breytast frá ári til árs. Ég ítreka það, að með þessum hætti er ekki að því stefnt að komið verði í veg fyrir kjarabaráttu, baráttu um það með hvaða hætti heildarhlut, þeim hlut eða þeim afla sem á skipið kemur af aflaföngunum, með hvaða hætti honum verði skipt. Aðeins er hugmyndin þessi, að mynda reglur um það með hvaða hætti áhafnahlutnum skuli skipt, bæði af réttlætisástæðum og skynsemisástæðum, ef þær skyldu ekki alltaf fara saman.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Það var aðeins vegna þess að flokksbróðir minn, hv. 12. þm. Reykv., var að undrast undirtektir mínar undir þessa þáltill. Ég tek það skýrt fram, að það var ósköp eðlilegt að hann gæti ekki fundið það út úr mínu máli hvað till. væri vitlaus, vegna þess að mér finnst hún alls ekki vera vitlaus, síður en svo. Og ýmislegt það kom fram í máli hv. þm. Alberts Guðmundssonar sem sýndi það ljóslega að hann er alveg á sama máli og ég. Það er margt nýtilegt í þessari till. að hans áliti, enn þá fleira að mínu áliti. Og ég vil sérstaklega taka það fram, að það er mín skoðun að andstaða gegn till. sem þessari mundi ekki fyrst og fremst koma frá Sjálfstfl., — alls ekki. Sjálfstfl. hefur verið flokka duglegastur í því að jafna kjörin með því að taka ofan af, taka í sköttum allt sem er fram yfir u. þ. b. tvöföld verkamannalaun. Ég vil líka halda því fram að þetta, að kjarabaráttan mundi verða einfaldari, sé einmitt í fullu samræmi við yfirlýstar óskir vinnuveitenda nú í dag og hafi einmitt komið fram nýlega að þeir eru alveg að gefast upp undir þessu oki, þegar hver hópur potar sér, og hafa farið fram á meira miðstjórnarvald til Alþýðusambandsins til þess að einfalda kjarasamninga. Það er í raun og veru þetta sem mundi ske, að þetta yrði miklu einfaldari kjarabarátta. Ég er hins vegar á því að það yrði erfitt að framkvæma þessa tillögu nema þar sem sterk stjórn væri við völd.

Ýmislegt kom fram í máli síðasta ræðumanns sem gaman væri að minnast á. En ég vil alveg sérstaklega taka undir það að þetta er merkisþjóðfélag sem við lifum í, og einmitt hreppafyrirkomulagið með þeim tryggingum og því

öryggi, sem það skapaði á sínum tíma, er mjög merkilegt, þó að það sé nú kannske ekki rétt að það sé til orðið við þróun hér hjá okkur. Ég hef heyrt þá skýringu og ég held að hún sé nú kannske nokkuð rétt, að víkingarnir hafi verið neyddir til, þegar þeir skildu konur mannanna, sem þeir tóku með sér í víking, skildu þær eftir heima, þá hafi þeir verið neyddir til að tryggja þeim það öryggi að þeir sæju fyrir þeim ef eiginmennirnir kæmu ekki heim aftur. Og ég hef trú á að það sé nokkuð til í þessu, enda skiljanlegt. Eitt er víst, að fram eftir öllum öldum höfðum við hér gott þjóðfélag og furðugóðar tryggingar sem voru þá nokkurt einsdæmi. En hins vegar á það kannske ekki mikið skylt við það sem við erum hér að ræða um.

Eg lít svo á að það sé ekkert í stefnu Sjálfstfl. nú sem mæli gegn því að við reyndum að framkvæma till. eins og þessa, — alls ekki. Og ég hef ekki trú á því að flokkurinn sé í raun og veru að ganga frá sinni stefnu þegar hann nú þessar vikurnar berst gegn því að afnema beina skatta, því að skattarnir eru stórfelld tekjujöfnun og færa geysilegt fjármagn yfir til ríkisins. Og nú loks þegar Alþýðusambandið hefur mælt með því að beinir skattar yrðu lagðir niður, þá er það einmitt þessi flokkur okkar hv. 12. þm. Reykv. sem berst gegn því og einmitt á þeim grundvelli að það yrði erfitt að ná til hátekjumannanna á annan hátt og ekki líklegt að hægt yrði að færa niður laun þeirra vegna samtakamáttarins.

Ég held því að ég standi við það þrátt fyrir viðvörun starfsbróður míns að þessi till. sé vel þess virði að athuga hana, og hún mundi auðvelda afnám beinna skatta.

Ég álít það ekki neinn sérstakan tilgang að íslendingar séu að vinna 10, 12 til 14 klst. á dag. Okkur liggur ekki það mikið á að við getum ekki látið okkur nægja 40—45 stunda vinnuviku, og ég held að það yrði miklu heilbrigðara líf hjá okkur ef við hægðum aðeins á okkur í vinnunni og hættum þessu óskaplega vinnuálagi, nema þar sem alger nauðsyn er. Þetta gæti jafnvel líka átt við um sjómennina. Það er ekki nokkur ástæða til þess að einn togaraskipstjóri hafi 500 þús. kr. á mánuði í tekjur. Þeir geta alveg eins skipst á tveir og haft sínar 250 þús. kr. hvor. Við eigum nóg af mannskap á skip okkar, og ég held að líf þeirra mundi verða fyllra og heilbrigði þeirra meiri ef þeir gerðu þetta. Þar að auki er nútíminn að breyta öllum viðhorfum til erfiðisvinnumanna, og ég held að það sé nokkuð öruggt mál að í dag sé litið á það sem heilbrigðara starf að vinna verkamannavinnu heldur en að sitja kannske 8—10 klukkutíma í skrifstofustólnum — eða við skulum segja 6—8 klukkutíma alla virka daga áratugum saman. Það er ýmislegt, sem þekkingin hefur leitt í ljós, m. a. það að einmitt verkamannavinnan gefur nauðsynlega þjálfun og skapar möguleika á meiri heilbrigði.

Jón Helgason: Herra forseti. Það er aðeins af því að mér virtist hv. flm. hafa misskilið það sem ég sagði áðan, að ég teldi að með þessari þáltill. væri stefnt að því að afnema verkfallsrétt. Það, sem ég a. m. k. vildi segja og hélt að ég hefði sagt, var að ég teldi að ef sú stefna, sem lagt er til að fara með þáltill., næði fram að ganga, teldi ég að þar væri gengið lengra gagnvart sumum stéttum eða starfshópum heldur en þó að verkfallsréttur væri eitthvað takmarkaður eða afnuminn, og benti á að mönnum væri beinlínis bannað að hækka sín laun nema þá að undangegnu því að laun annarra væru hækkuð, og það tel ég að sé meiri skerðing á þeirra rétti. Við vitum hvernig kjarabaráttan hefur verið a. m. k. undanfarna áratugi og ár, að hún hefur mikið einkennst af togstreitu milli stétta. Það hefur hver stétt reynt að komast sem lengst og jafnvel gengið svo langt að hálaunaðar stéttir hafa farið einar í verkföll og með aðstöðu sinni knúið fram umtalsverðar launahækkanir enda þótt laun þeirra væru miklu hærri en flestra annarra fyrir. Við höfum heyrt sífellt meira talað um sérkröfur við launasamninga, og við heyrðum það t. d. í vetur, að þessar sérkröfur gerðu ráð fyrir alveg ótrúlegri hækkun launa ef þær hefðu náð fram að ganga, en öllu slíku væru settar mjög þröngar skorður ef þetta yrði samþykkt, þessi leið, eins og hv. flm. orðaði það, að finna kerfi til skipta á þeim hlut sem launþegar fá á annað borð. Það er þetta sem ég taldi að væri athyglisvert, og ég var síður en svo að lasta það, en vildi aðeins vekja athygli á þessu.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal nú reyna að stofna ekki til langra umr. milli flokksbræðra, en ég viðhafði þau orð í upphafi máls míns hér fyrr í kvöld, að ég væri hissa á því að hann sem sjálfstæðismaður skyldi taka til orða eins og hann gerði. Hann tók, að mér fannst, undir þá till. sem ég tel kolvitlausa, þá sem hér er til umr. En ég ætla að leyfa mér að taka þetta til baka og vona að það gleðji vin minn og kollega og samþm. Ég undrast það ekkert, það er fljótræði hjá mér að tala svona. Við skulum segja að ég hafi gleymt því að Sjálfstfl. hefur gerbreyst síðan ég varð fyrst fyrir áhrifum frá honum, — áhrifum sem ég er að reyna að halda í. Það undrar engan lengur þó að fleiri og fleiri þm. flokksins taki undir till. sem þessar, þó að ég voni að komi ekki að því, eins og mér skildist þó að væri ástæða til að verjast, að okkar kjörorð verði ekki lengur: „Gjör rétt, þol ei órétt", heldur eitthvað sem hentar betur alræði öreiganna, eins og orð hv. 5. þm. Norðurl. e. og 2. þm. Reykn. bentu til áðan.

Ég vil leiðrétta það, það er misskilningur, alvarlegur misskilningur, ef það er í hugum manna að vinnuveitendur hafi óskað eftir því að till. eitthvað í þessa átt kæmi fram. Það er slæmur misskilningur, hvaðan sem hann kemur. Hitt er annað mál, að að gefnu tilefni óskuðu vinnuveitendur eftir því að miðstjórnarvald Alþýðusambands Íslands yrði styrkt þannig að þeir viðsemjendur, sem eyða hér vikum saman á dýrustu hótelum borgarinnar í samningum og undirskrifa samninga, geri það í umboði sem ekki verður vefengt þegar þeir koma heim í héruð. Það er annað mál.

Ég vil þá snúa mér að hv. 5. þm. Norðurl. e. og taka undir það, sem oft hefur komið fram

á hinu háa Alþ., að það er mikill grundvallarmunur á lífsskoðun eða á lífsviðhorfum okkar tveggja, og þar af leiðandi deilum við oft hér. Ég er andkommúnisti, ég kalla hv. þm. kommúnista þótt hann vilji ekki lengur viðurkenna það. En nafnaskipti eru í mínum huga eins og að breiða yfir sig gæru.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. bað mig um að tilnefna eitthvert starf sem væri ábyrgðarmeira en starf skipstjóra. Ég lít ekki á eitt starf ábyrgðarmeira en annað. Það er ein þjóðfélagskeðja sem getur ekki án neins starfs verið. En ég þarf a. m. k. að fá miklu betri upplýsingar um það hvað hv. þm. meinar. Meinar hann að það sé ábyrgðarhluti að fara út á sjó á einhvers konar fleytu og eiga að bera ábyrgð á því að koma með mannskap og skip til baka? Meinar hann að það sé ábyrgðarhluti að vera sendur til veiða og koma kannske ekki með neina veiði til baka? Ábyrgð og ábyrgð, — það verður að gera grein fyrir því hvað er ábyrgð. Er ábyrgð skipstjóra, sem fer út á sjó með menn meiri en flugmanns sem fer upp í loftið með fólk. Mér er ekki nokkur leið að svara þessari spurningu hv. 5. þm. Norðurl. e.

Skortur á félagslegum skilningi eins og annars, þetta er líka matsatriði. Ég skal ekki segja hvor okkar hafi betri skilning á félagsstarfi né heldur hvor hefur gengið í gegnum meiri lífsreynslu, hvor hefur þolað meiri fátækt, hvor hefur þolað meira ríkidæmi og allt þar á milli. Menn tala af þeirri lífsreynslu sem þeir hafa hver um sig. Ég ætla ekki að fara að bera saman hvor okkar hefur meiri reynslu í aðra hvora öfgaáttina eða þar á milli. Ég held að það sé ekki til þess ætlast. Ilmur og ilmur, það er skammt á milli ilms og dauns. Ég veit hvers vegna samflokksmenn hans, samþm. eins og hann kallaði þá, vildu ekki gerast meðflm. að þessari till. Ég skil það vel þegar ég les till. Þeir lásu hana líka áður en þeir skrifuðu undir og hættu þess vegna við að skrifa undir. En ég held að svona tal eigi ekki rétt á sér.

Það er alveg rétt, við eigum að fara aðrar leiðir í efnahagsmálum. Þetta kemur vítt og breitt, sem ég þarf að svara hv. þm. Ég tek það eftir atriðum. Því miður erum við áhrifagjörn þjóð og höfum ekki lært af þeirri miklu lífsreynslu sem hlaðist hefur á herðar þjóðarinnar um aldir. Brautin hefur verið þyrnum stráð hjá mörgum og flestum fyrr á tímum. En ef við tökum mannskapinn sem byggir landið í dag, þá verð ég að segja að árangurinn, miðað við það sem við erum að búa framtíðinni, og tek ég þá bara málflutning hv. 5. þm. Norðurl. e. sjálfs, hann er ekki glæsilegur. Allar þrautirnar skapa ekki harðari mannskap í landi heldur en raun ber vitni, við viljum ekki leggja á okkur nokkurn skapaðan hlut og heimtum allt. Það voru flóttamenn frá Noregi sem komu hingað. Lífsbaráttan er hörð á Íslandi, það er alveg rétt. En heldur hv. 5. þm. Norðurl. e. að lífsbaráttan hafi ekki verið hörð í öðrum löndum og frumbýlingar hafi ekki þurft að þola hörku annars staðar líka? Eða heldur hv. 5. þm. Norðurl. e. að það sé til fátækt á Íslandi miðað við þá fátækt og eymd sem til er í þjóðfélögum sem talin eru háþróuð og nálægt okkur í Evrópu? Ef svo er, þá er það mesti misskilningur.

En ég held nú að þegar öllu karpi er sleppt, þá vil ég skilja þessa till. allt öðruvísi en hún er orðuð, vegna þess að ég hef lært að meta hinn manninn sem býr í Stefáni Jónssyni og vill sannarlega unna þeim, sem bágt eiga í þjóðfélaginu, betri lífskjara. Það er alveg rétt, það þarf að finna einhverja leið til þess að koma í veg fyrir að prósentuhækkun launa verkamanna hverju sinni leiði til meiri krónutöluhækkunar hjá hátekjumanni. Þetta er náttúrlega kapphlaup um krónurnar sem skapar sívaxandi verðbólguhraða. Það þarf að koma í veg fyrir það á einhvern hátt. En við höfum ekki fundið réttu leiðina, eða ef við höfum fundið réttu leiðina, þá höfum við ekki farið hana, því að verðbólgan eykst jafnt og þétt. Það þarf sannarlega að finna einhverja leið til að rétta hlut láglaunafólks, og það held ég að sé hugsun hv. 5. þm. Norðurl. e. öðru fremur. En ég er á móti því að gera það á þann hátt sem kemur fram í hinum prentuðu orðum till., að höggva af þeim langa til þess að bæta á þann stutta. Það held ég að sé ekki rétt aðferð. Ég vil láta alla njóta sín í hlutfalli við getu hvers og eins.

Ég held að það sé ekki ástæða til þess að orðlengja þetta frekar. Ég vona að við séum orðnir sammála um kjarna hugsunarinnar á bak við tillöguna.

Ingi Tryggvason: Herra forseti. Þetta eru nú orðnar æðimerkilegar umr. og kannske ekki ástæða til að lengja þær. En þó get ég ekki stillt mig um að leggja hér aðeins orð í belg.

Mönnum hefur orðið mjög tíðrætt um það hvort till. Stefáns Jónssonar, hv. 5. þm. Norðurl. e., sé merkileg till. eða ómerkileg till. Mér finnst þessi till. vera merkileg. Hún er sérstaklega merkileg vegna þess að þar kemur fram ákveðin hugmynd um að það sé nauðsynlegt að Alþ. setji reglur um það hvernig menn skipta með sér afrakstri erfiðis síns í þessu landi. Ég er ekki endilega viss um að þó að þetta yrði gert, þá yrði farið nákvæmlega eftir þeim reglum sem hér er bent á, að hæstu laun megi ekki vera meira en helmingi hærri en þau lægstu. Það er kannske ekki heldur aðalatriðið. Ég held að það væri geysistórt spor stigið í það sem ég vildi kalla rétta átt ef við gætum komið okkur yfirleitt saman um skynsamlega skiptingu á arðinum af vinnu okkar, skynsamlega skiptingu milli þjóðfélagsþegnanna. Ef við einu sinni getum komið okkur saman um slíka skiptingu, þá ætti að vera tiltölulega mjög auðvelt að breyta þeim kjörum í samræmi við breyttar þjóðartekjur, hvort sem þær eru á hverjum tíma hækkandi eða lækkandi. Í þessu felst í raun og veru viðurkenning á því, að það sé ekki eðlilegt að miða kaup og kaupkröfur á hverjum tíma við framfærslukostnað, heldur miklu fremur við þjóðartekjur. og það er það sem við ættum að gera. Ég álít t. d. að það vísitölukerfi, sem við bjuggum lengi við og notum nú raunar leifar af enn, hafi að ýmsu leyti verið óheppilegt. Ég er ekki að segja að það sé

ekki skynsamlegt að hafa vísitölukerfi, en vísitalan þyrfti að breytast eftir breyttum þjóðartekjum, en ekki eftir breyttum framfærslukostnaði.

Sú verðbólga, sem við búum við og flestir segja að sé af hinu illa, þó að verðbólgan sé einn af þeim löstum sem færri vilja e. t. v. losna við heldur en hallmæla, þá held ég að verðbólgan stafi að verulegu leyti af því að við höfum sífellt verið að reyna að skipta meiru en við höfum aflað. Það er höfuðorsök verðbólgunnar að á bak við þær krónur, sem við semjum um að skipta á milli okkar, eru sífellt minni verðmæti eftir því sem krónurnar eru fleiri sem talað er um. Ég held að ef væri hægt að koma sér saman um skiptingu í þá átt sem gert er ráð fyrir í till. hv. þm. Stefáns Jónssonar, þá gætum við með tiltölulega auðveldum hætti unnið bug á verðbólgunni.

Þetta minnir líka á það, að okkur er orðin feikimikil nauðsyn á því að finna betri leiðir til samningagerðar heldur en tíðkast hafa að undanförnu. I þessari till. er raunar á það minnst að verkamenn, — að vísu er hugtakið verkamaður dálitið óljóst, — að verkamenn búa við ærið misjöfn kjör í þessu landi, geysilega misjöfn kjör, og það kom fram í framsöguræðu hv. þm. Og það er kannske einn erfiðasti þátturinn í okkar kjarabaráttu í dag að kjör þeirra, sem þó eru kallaðir verkamenn, eru afar misjöfn. Ég get ekki stillt mig um að nefna dæmi hér sem mér var sagt fyrir þremur dögum, — dæmi þess að maður, sem vann á s. l. sumri á vélknúnu tæki og er að mínum dómi verkamaður í þess orðs réttu og góðu merkingu, hafi haft á sjötta hundrað þús. kr. í kaup mánuð eftir mánuð. Þetta sýnir aðeins hversu þeir, sem eru verkamenn, búa við geysilega misjöfn kjör. Því miður get ég ekki sannað þessa sögu. Það er sennilega hægt. Sannast að segja finnst manni hún ótrúleg, en það var fullyrt að þetta gæti gerst innan þess ramma sem kaup er greitt eftir í þessu landi nú á tímum.

Ég ætla ekki að orðlengja mikið um þetta þó að það væri vissulega hægt og löng ræða hv. flm. gæfi e. t. v. tilefni til þess, ekki síst önnur ræða hans. En ég get ekki neitað því að málflutningur hans fannst mér bera nokkurn keim af því að hann sæi fyrir sér, ef þessi till. kæmi til framkvæmda, nokkurs konar þúsund ára ríki, þar sem ljónið léki sér með lambinu. Og er það ekki einmitt það sem okkur er sífellt að dreyma um, að við getum byggt upp þjóðfélag þar sem allir njóta nægilegrar og réttlátrar umbunar fyrir verk sín?

Það mætti margt fleira um þetta segja. Eitt af því, sem mér finnst ákaflega oft vera metið á vafasaman hátt þegar rætt er um kjaramál og tekjur, það er hver hefur unnið til háu launanna, hver hefur unnið til mikilla launa. Mat okkar á hæfileikum er áreiðanlega oft dálitið einkennilegt. Ég held að það sé kominn fullkomlega tími til þess einmitt fyrir okkur að gera okkur fullkomlega grein fyrir því að okkur vantar ekkert eins mikið í þessu landi eins og fólk sem af fullri alvöru vill snúa sér að undirstöðuframleiðsluatvinnuvegum þjóðarinnar. Ég held að okkur vanti enga menn fremur til starfa en duglega og vel menntaða verkamenn, sjómenn og bændur. Og ég gæti vel trúað því, að áður en langir tímar liðu neyddumst við til þess, hvort sem okkur líkaði betur eða verr, að hækka sérstaklega laun þessara starfsstétta. Og vel væri það hugsanlegt að eftir nokkur ár yrði flutt till. á Alþingi íslendinga þar sem væri sagt eitthvað á þá leið, að undirbúin yrði löggjöf um hámarkslaun þar sem ákveðið væri að ekki mætti greiða hærri laun hér á landi en sem svaraði tvöföldum vinnulaunum forstjóra og forstöðumanna stofnana, og væri þá verið að koma í veg fyrir að verkamaðurinn, bóndinn og sjómaðurinn, sem afla undirstöðuverðmætanna, beittu um of aðstöðu sinni til þess að sitja að kjötkötlunum.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég skal sannarlega vera stuttorður. En ég má til að segja örfá orð í tilefni þess, að mér fannst hv. 12. þm. Reykv. vera eitthvað að ýja að því að Sjálfstfl. væri nú kominn frá sinni upphaflegu stefnuskrá og ég mundi vera einn af þeim sem væru nýliðar þarna og hugsuðu öðruvísi en hann og fleiri. Ég hef nefnilega lúmskan grun um að enn þá misskilji hann þessa till. og haldi að þessi till. eigi eitthvert sérstakt erindi þangað sem alræði öreiganna ríkir. En þá misskilur hann þetta algerlega. Hann veit örugglega að launamismunur er hvergi meiri en í löndum þar sem alræði öreiganna er og þar mundi svona till. ekki verða tekin til umr. (Gripið fram í.) Já, það er einmitt það, svo að þetta er hákapítalísk tillaga. Auðvitað vilja vinnuveitendur hafa sem lægstan launamismun. Það er alveg öruggt mál, það tryggir hag fyrirtækja þeirra. Ég sé ekki neitt athugavert við það þó að þeir styddu að samþykkt till. sem þessarar í þeim tilgangi að geta tryggt öryggi fyrirtækja sinna. Svo mundu þeir að vísu borga hluta af hagnaðinum í skatta, það gera þeir í dag líka hvort eð er. En ég álít að þetta mundi tryggja öryggi þeirra. Það er sem sagt að mínu viti mjög margt gott við þessa till., og ég vona að þetta mál verði tekið til rækilegrar íhugunar, þó að ég hins vegar geri mér grein fyrir að líklega er hvergi í Evrópu meira launajafnrétti heldur en einmitt á Íslandi.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Þetta þurfa ekki að vera mörg orð hér hjá mér. Hv. þm. Stefán Jónsson er það rækilega búinn að tala fyrir þessari ágætu till. sinni að við það út af fyrir sig er engu að bæta. Það voru aðeins viss orð í ræðu hv. 12. þm. Reykv. sem komu mér til að standa hér upp og segja örfá orð. Ég veit nefnilega nokkurn veginn að hann er að komast að því marki að skilja megintilgang till., af því að hann hefur verið að lesa hana öðru hvoru hér yfir í kvöld, og ég kem að því síðar á hverju ég þykist sanna þetta.

Frumkjarni þessarar till. hv. þm. Stefáns Jónssonar var einmitt það, sem hv. þm. Ingi Tryggvason vék hér að, að lyfta framleiðslustéttunum framar öðrum stéttum í launakjörum í þjóðfélaginu og — eins og hann tók rækilega fram í sinni framsöguræðu og ekki er ástæða til þess að bæta neinu við — láta þá hina betur stöddu einmitt sjá um það að lyfta þessum stéttum upp

og gera það hreinlega með ákveðnum ákvæðum í löggjöf.

Hitt, sem ég veit að er önnur meginástæðan fyrir þessum tillöguflutningi, er hinn mikli kjaramismunur sem hefur farið vaxandi í okkar þjóðfélagi nú, þ. e. a. s. almennt, þó að áður fyrr væri vitanlega miklu meira bil milli þess ríka og þess sem ekkert átti. Og þar er ekki síður um að ræða mismun innan hinnar svokölluðu verkalýðshreyfingar, en auðvitað fyrst og fremst utan hennar, í skjóli ýmissar aðstöðu, í skjóli vissrar sérstöðu í þjóðfélaginu til þess að knýja fram sínar kröfur, — kröfur sem koma ekki alltaf fram í beinu kaupi, heldur einmitt í hinum duldu greiðslum, í hinum ýmsu fríðindum sem þessir aðilar æskja sér frekar en vissrar kauphækkunar, fyrir utan þá sem hirða allt sitt á þurru í þess orðs fyllstu merkingu. Á ég þá ekki við það sem hv. þm. Stefán Jónsson var hér að rökstyðja áðan í sambandi við sjómenn annars vegar og landverkafólk hins vegar, heldur hina, sem hirða allt sitt á þurru þannig að þeir hafa möguleika á því að hirða arðinn af annarra striti. Þeir eru auðvitað alveg í sérflokki hvað þetta snertir.

En orðin, sem komu mér til að standa hér upp fyrst og fremst, voru þau að við samflokksmenn hv. þm. Stefáns Jónssonar hefðum ekki viljað standa að þessum tillöguflutningi með honum af því að við hefðum lesið till. Ég veit að hér mælir hv. þm. gegn betri vitund, enda kom það í ljós í máli hans. Í fyrri ræðu sinni, eftir að hann var búinn að hlaupa rétt yfir till., líta rétt yfir hana, þá sagði hann að ýmsir liðir í henni væru góðir þrátt fyrir allt. (AG: Þrátt fyrir axarsköft.) Já, þrátt fyrir axarsköft. En í seinni ræðu sinni komst hann að því að kjarninn að baki till. væri bara feiknalega góður og þá var hann líka búinn að lesa till. a. m. k. tvisvar og grg. einu sinni í þokkabót. Og þetta var einmitt það sem við gerðum, við samflokksmenn hv. þm. Stefáns Jónssonar. Við lásum till. vel og vandlega, við lásum grg. hans og við fengum líka á þingflokksfundi að heyra töluvert af þeim rökstuðningi sem hann hefur haft uppi utan grg. varðandi þessa till. og okkur þótti í mörgu mjög skynsamlegur. Hann kaus hins vegar að vera einn og hann er öfundsverður fyrir það. Hann kom einn með þessa hugmynd sem menn hafa lýst hér mjög eindregnu fylgi við, þ. e. meginkjarnann þar að baki. Hann kom einn með hina gullnu reglu sem ég taldi hann miða við þegar hann tók gömlu hlutaskiptaregluna og hafði hana sem viðmiðun, og hann rökstuddi till. með grg. og framsögu svo sem best varð á kosið. Ég verð aðeins að segja það, að ég tel það því miður að hann skyldi kjósa það fremur að vera einn en að leyfa okkur samflokksmönnum sínum að vera þarna með.

Flm. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Ég mun ekki tala langt mál nú í lokin og fordast eftir megni að gefa til þess efni að menn þurfi að gera hér margar örstuttar aths. Ég tel mig þó þurfa aðeins að útskýra smáatriði fyrir hv. þm. Albert Guðmundssyni. Ég skoraði á hann að tilnefna mér starf í landi verðugt meira en tveggja hluta, verðugt í launum meira en tvöfaldra launa verkamanns vegna þess að því fylgdi meiri ábyrgð heldur en starfi skipstjóra á fiskiskipi sem láti sér nægja tvöfaldan hásetahlut. Ég talaði um ábyrgð í þessu sambandi, hugkvæmni og þrek sem mikið er í húfi fyrir hásetana á skipinu, fyrir áhöfnina, að skipstjórinn sé búinn, og fyrir þessar dyggðir þrjár, sem hann er ráðinn til þess að bera, fær hann einmitt tvöfalda hásetahlutinn. Þess vegna var það sem ég bað hv. þm. Albert Guðmundsson, sem taldi að þetta væri of lítil umbun, hinn tvöfaldi hlutur, að tilnefna mér það starf sem verðugra væri umbunar heldur en starf skipstjórans fyrir þessar dyggðir þrjár sem hann hafði sjálfur tilnefnt að maður væri umbunarverður fyrir.

Sannleikurinn er nú sá, að ég ætlaði ekki í annarri ræðu minni að bera saman verðleika okkar, þ. e. a. s. mína og hv. þm. Alberts Guðmundssonar. Ég er alls ekkert viss um að sá samanburður yrði hagstæður fyrir mig í neinu. En þó vil ég af kveifarskap eiginlega bera það af mér sem fram kom í hans samanburði, að ég sé fremur úlfur í sauðargæru heldur en hann, og hann þá fremur sauður í úlfshelg heldur en ég. Þessi samanburður fannst mér eiginlega ekkert koma málinu við. (Gripið fram í.) Ég get tekið undir það álit hv. þm. að launajöfnuður sé hér, guði sé lof, meiri heldur en í ýmsum grannlandanna sem hann kallaði sjálfur hin stóru iðnaðarsamfélög í nágrenni við okkur. Það er alveg rétt að í þessum einkaframtakslöndum, þar sem það stjórnkerfi er sem hv. þm. segist aðhyllast öðrum fremur, hið hreina einkaframtak sem hann segist — ég undirstrika það — aðhyllast öðrum fremur, þar er fátæktin mest, þar er eymdin mest, svo miklu, miklu verri en hér og meiri.

Það yrði löng saga að rekja fyrir hv. þm. með hvaða hætti fyrst Alþfl. og síðan Sósfl. og loks Alþb. hafa breytt Sjálfstfl. yfir í það að vera í praxis eins konar íhaldssamur krataflokkur sem biður aftur á móti sína ortodóxu kvöldbæn, þar sem ákallaður er hinn hreini og klári guð, mammon, á flokksþingum og kannske í einrúmi. Það er alllöng pólitísk saga með hvaða hætti Sjálfstfl. var breytt úr gamla íhaldsflokknum yfir í það að vera þrátt fyrir allt þolanlegt fyrirbæri í íslensku samfélagi, þótt kappkosta verði náttúrlega öllu öðru fremur að skerða vald hans sem allra mest vegna þess að innan vébanda hans eru starfandi enn í dag menn sem ekki hafa sætt sig við þetta nýja eðli flokksins, duglegir menn sem vilja breyta honum aftur í þetta forna kerfi, ekki frumbýlingsáramenningarsamfélags, heldur frumskógarsamfélags.

ATKVGR.

Till. vísað til félmn. með 11 shlj. atkv. og umr. frestað.

Sveitarstjórnarlög, frv. (þskj. 257). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til félmn. með 12 shlj. atkv.

Lögsagnarumdæmi Austur-Skaftafellssýslu, frv. (þskj. 388, n. 534). — 2. umr.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um frv. til l. um sérstakt lögsagnarumdæmi fyrir Austur-Skaftafellssýslu. N. leitaði umsagna dóms- og kirkjumrn. og sýslumannsins í Skaftafellssýslu og þykir mér rétt að gera nokkra grein fyrir umsögnum þeim sem bárust.

Í bréfi dóms- og kirkjumálarn. segir m. a. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta, ég les ekki bréfið allt:

„Breyting sú, sem felst í frv., hefur ekki í för með sér fjölgun embætta, þar sem gert er ráð fyrir að lögreglustjórinn á Höfn verði sýslumaður Austur-Skaftafellssýslu, og ætti breyting þessi því í sjálfu sér ekki að hafa aukakostnað í för með sér. Í grg. með frv. kemur fram að frv. er flutt að ósk íbúa sýslunnar, enda sýnist það hafa í för með sér aukið hagræði fyrir þá. Með tilvísun til þessa getur rn. fallist á efni frv.“

Sýslumaður Skaftafellssýslu segir svo m. a. í bréfi til n., með leyfi hæstv. forseta:

„Í rás aldanna hafa ýmist verið einn eða tveir sýslumenn í Skaftafellssýslu. Þeir hafa setið á a. m. k. fimm stöðum í Austur-Skaftafellssýslu og þrem stöðum í Vestur-Skaftafellssýslu. Fyrir 1880 var sýslunni skipt í tvö lögsagnarumdæmi sem sami sýslumaður gegndi. Síðan var því breytt í eitt lögsagnarumdæmi. Með l. nr. 15 13. apríl 1973 var embætti lögreglustjóra í Hafnarhreppi stofnað. Hann fer með allt dómsvald og umboðsstörf í Hafnarhreppi. Samkv. ósk minni og Friðjóns Guðröðarsonar lögreglustjóra var hann skipaður fulltrúi sýslumannsins í Skaftafellssýslu til þess að framkvæma hvers konar dómsathafnir í opinberum málum í Austur-Skaftafellssýslu sem sýslumannsembætti í Skaftafellssýslu tilheyra. Góð samvinna hefur verið milli embættanna. Greiðslur til sýslumannsembættis Skaftafellssýslu, sem greiddar voru lögreglustjóranum í Hafnarhreppi, námu kr. 1 950 626 á s. l. ári eða 14% af heildarinnheimtunni í Austur-Skaftafellssýslu. Sýslumannsembættin eru leifar gamals skipulags, sem alls staðar annars staðar hefur verið breytt. Mikið hefur verið rætt um breytingar á því skipulagi á s. l. árum svo og meiri aðgreiningu framkvæmdavalds og dómsvalds. Vonandi er framtíðarskipun þeirra mála ekki langt undan.“

Niðurstaða í þessu bréfi er samt sú, að sýslumaðurinn segir: „Má því með réttu segja að áður hafi verið meiri þörf fyrir skiptingu Skaftafellssýslu í tvö lögsagnarumdæmi en nú er.“ Miðar hann þar ekki síst við það að bættar samgöngur eru innan héraðsins.

Það kemur fram í báðum þessum umsögnum mjög ótvírætt, að talið er, að þjónusta við íbúa Austur-Skaftafellssýslu muni batna við þá skipun mála sem hér er gert ráð fyrir, og í Austur-Skaftafellssýslu hefur komið fram mjög eindreginn vilji fyrir því að sú skipan verði upp tekin sem frv. þetta gerir ráð fyrir.

Eftir að allshn. hafði rætt þessar umsagnir og frv. sjálft samþykkti hún að mæla með frv., og rituðu allir nm. undir þá samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Sala landareigna í Suður-Þingeyjarsýslu, frv. (þskj. 512). — 1. umr.

Flm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Frv. það, sem við hv. þm. Norðurl. e., Jón G. Sólnes og Stefán Jónsson ásamt mér, höfum leyft okkur að flytja, er á þá leið að ríkisstj. sé heimilað að selja Hálshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu eyðijarðirnar Eyvindará og Heiðarhús á Flateyjardalsheiði og afréttarlandið Bleiksmýrardal vestri sem er suður af Fnjóskadal. Eyðijarðirnar á Flateyjardalsheiði og afréttarlandið á Bleiksmýrardal hefur verið afréttarland fnjóskdæla nú um nokkurt skeið og eyðijarðirnar hafa ekki verið í byggð síðan fyrir aldamót. Áður fyrr áttu sveitir inn við Eyjafjörð ítök í þessum löndum, en nú um nokkurt skeið hafa þau fyrst og fremst verið nytjuð af íbúum Hálshrepps, þótt að vísu hafi líka komið til nokkrar nytjar bæði úr Grýtubakkahreppi og Öngulsstaðahreppi. Ekki er þó hugmyndin með þessari ósk hreppsnefndar Hálshrepps að loka fyrir þau afnot sem íbúar annarra sveitarfélaga hafa haft af þessum afréttarlöndum undanfarið, heldur telja þeir að með því að eignast fullan umráðarétt yfir þessu landi geti þeir haft betri stjórn á því hversu margt fé gengur í þessum löndum á sumrin, en afréttarlönd þarna eru nokkuð fullsetin.

Fnjóskadalur er, eins og öllum er kunnugt, fremur strjábýl sveit sem hefur byggt afkomu sína að mjög miklu leyti á sauðfjárrækt. Veldur þar nokkru að samgöngur til Akureyrar, en þangað flytja fnjóskdælingar mjólk sína, eru erfiðar á vetrum. Nú stendur fyrir dyrum að tankvæða, eins og kallað er, Fnjóskadalinn, og þá er gert ráð fyrir að nokkrir bændur, sem hafa haft tiltölulega fáar kýr að undanförnu, leggi þann búskap niður og snúi sér að sauðfjárræktinni. Aukinni sauðfjárrækt fylgir aukin nauðsyn þess að hafa glöggari gætur á því að afréttarlöndin séu ekki ofnytjuð.

Eins og fyrr segir er þetta frv. flutt að ósk hreppsnefndar Hálshrepps. Hefur verið leitað munnlegrar umsagnar landbrn. um viðhorf þess til slíkrar landsölu sem hér er gert ráð fyrir, og virðist hún vera jákvæð.

Ég ætla ekki að orðlengja frekar um þetta mál, herra forseti, en vil að lokum leyfa mér að vænta þess að frv. verði vísað til hv. landbn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 91. fundur.

Miðvikudaginn 28. apríl, kl. 2 miðdegis.

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 344). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 560).

Skráning og mat fasteigna, frv. (þskj. 536). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti. Frv. það, sem hér er til umr. um skráningu og mat fasteigna, er fjórða tilraunin sem gerð hefur verið til samningar lagafrv. um málefni fasteignamats og skráningar í landinu, og er þetta í annað skipti sem frv. um þetta efni er lagt fyrir Alþ. Var hliðstætt frv. þessu lagt fyrir hæstv. Alþ. haustið 1973, en fékkst ekki afgr. úr þessari hv. d. fyrir lok þingsins vorið 1974, enda þótt ekki virtist á þeim tíma teljandi efniságreiningur um þá stefnu sem mörkuð var í því frv. Þess er nú fastlega vænst, ef frv. þetta verður að lögum, að það leysi til nokkurrar frambúðar úr þeim hnút sem málefni fasteignamatsins hafa verið í síðustu missiri.

Núgildandi aðalmat fasteigna 1970, sem þáv. fjmrh. staðfesti á árinu 1971, var gert skv. lögum nr. 28/1963, um fasteignamat og fasteignaskráningu. Skipulagslega var allur undirbúningur og framkvæmd aðalmatsins 1970 allt annað en verið hafði við fyrri möt, einkum hvað snerti gagnasöfnun sem var mun umfangsmeiri og víðtækari en áður hafði þekkst, sérstaklega í Reykjavík. Auk þess var gerð alvarleg tilraun til að láta matsfjárhæðir spegla raunverulegt gangverð eigna á þeim tíma sem matið miðaðist við, sem var og er gangverð fasteigna miðað við verðlag á fasteignum um áramótinu 1969 og 1970. Það, sem gerði kleift að ráðast í þá umfangsmiklu upplýsingasöfnun, sem áður hafði verið lýst, var að nýjasta tækni við vörslu og vinnslu slíkra gagna hafði gert meðhöndlun svo mikils magns upplýsinga viðráðanlega, bæði tæknilega og fjárhagslega. Hefur í framhaldi af því verið leitast við að halda við þessu upplýsingasafni eftir því sem frekast hefur verið kostur.

Lengi hafði þó verið ljóst að lagagrundvöllur aðalmats fasteigna 1970, þ. e. a. s. lög 28/1963, um fasteignamat og fasteignaskráningu, gæti ekki dugað sem frambúðarstefna um þróun þessa viðfangsefnis sem hefur gevsimikla þýðingu fyrir fjölmarga aðila, þeirra á meðal sveitarfélögin í landinu, en upplýsingasafn þetta hefur m. a. verið grundvöllur álagningar fasteignaskatta skv. lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Var því hafist handa um tilraunir til samningar lagafrv. um þetta efni, eins og fyrr segir, og vonast ég fastlega til að árangur þeirra tilrauna, sem hér liggur fyrir í frv.-formi, hljóti samþykki Alþ. með þeim breyt. sem Alþ. telur rétt að gera á frv.

Öll þau verk, sem unnin hafa verið á þessu sviði, hafa átt þátt í að móta þá stefnu fjmrn. sem fram kemur í þessu frv. Er frv. að meginstofni til byggt á fyrra frv. um sama efni, sem fyrr var að vikið, en þó er í nokkrum atriðum um frávik að ræða, aðallega hvað snertir framkvæmd matsins sjálfs. Ég vil hins vegar undirstrika að þar sem frv. er nýsmíði á kerfi sem ekki hefur verið reynt, verður reynslan að skera úr um hvort einhverjar breytingar verði nauðsynlegar til að hin nýja tilhögun skili þeim árangri sem að er stefnt með frv. þessu.

Ég vil nú leyfa mér að fara nokkrum orðum um efnisinnihald frv. eins og það var lagt fram.

Frv. felur í sér einfalt kerfi til að viðhalda og leiðrétta fasteignaskrá eins og hún er á hverjum tíma. Er framkvæmd skráningarinnar í meginatriðum látin byggjast á gagnastöfnun aðila sem þegar eru starfandi á því sviði og þurfa að skrá hjá sér sambærilegar upplýsingar hvort sem er. Er með þessu móti leitast við að komast hjá því að í landinu séu starfandi tvö upplýsingaöflunarkerfi sem hvort tveggja leitar fanga eftir sömu upplýsingum.

Í frv. felst m. a. sú breyt. frá gildandi lögum, að aðaláhersla væntanlegra laga hvílir á haldgóðri skráningu fasteigna og upplýsingum um þær, en mat á verðmæti þeirra kemur í annarri röð. Má segja að í gildandi lögum sé þessu öfugt farið, því að þar er ákvörðun um matsverðmæti fasteigna meginmarkmið laganna. Þessi áherslubreyting ber vott um að skráning upplýsinga um fasteignir hefur sívaxandi gildi fyrir æ fleiri aðila í nútímaþjóðfélagi, ekki einungis í sambandi við skattheimtu og fjármál, heldur og í vaxandi tengslum við önnur atriði, við stjórn málefna opinberra aðila, við áætlunargerð og skipulagsstarfsemi, í viðskiptum einkaaðila og við rannsóknir ýmiss konar. Með véltækri skráningu upplýsinga um fasteignir má fá margföld not af því upplýsingamagni sem safnað er um slíkar eignir, miðað við að slík vélvinnsla upplýsinganna væri ekki fyrir hendi.

Í stað þeirrar tilhögunar, sem ríkir skv. gildandi lögum, að fram fari aðalmat fasteigna á vissu árabili, sem haldið sé uppi af millimatskerfi þess á milli, gerir frv. þetta hins vegar ráð fyrir sífelldri matsstarfsemi, þ. e. a. s. að eignir skuli teknar til mats jafnharðan og þær verða til eða breytast. Þess er vænst að slík samfelld matsstarfsemi leiði til þess að skráning og verðmætismat fasteigna sé á hverjum tíma eins nálægt sanni og kostur er, auk þess sem hún gerbreytir upplýsingagildi matsins og verður nánast að teljast kostur í sjálfu sér. Er með því jafnframt opnaður sá möguleiki að fasteignamatið geti komið í stað annarra mata á ýmsum sviðum sem fram fara í þjóðfélaginu og hægt verði að nota það í verðmætissviðunum öðrum en þeim sem hefðbundin notkun fasteignamatsins hefur hingað til takmarkast við.

Af þessu leiðir að horfið er frá því millimatskerfi sem gilt hefur skv. ákvæðum eldri laga, en í stað þess er gert ráð fyrir að Fasteignamat ríkisins annist mat fasteigna. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir heimild ráðh. til að komið verði á fót sérstöku trúnaðarmannakerfi eftir kjördæmum sem aðstoði Fasteignamat ríkisins

við mat eða skoðun fasteigna. Eru allar líkur á því að nauðsynlegt sé að koma á fót slíku kerfi. En rétt þótti að binda ekki uppsetningu um of í lögum, heldur hafa möguleika á vissum sveigjanleika í þessum efnum eftir því sem þörf krefði og reynslan skæri úr um.

Sú breyting er og í frv. frá ákvæðum gildandi laga hvað snertir skipun yfirfasteignamatsnefndar, að í stað þess að n. skuli skipuð af ráðh. beint er gerð tillaga um að skipun fari þannig fram, að ráðh. skipi n. úr hópi 10 manna sem Hæstiréttur tilnefnir. Felur þessi breyt. í sér tilraun til þess að flytja matsstarfsemi með þessum hætti á einn tað í stað þeirra fjölmörgu aðila sem fást við mat fasteigna með mjög ósamræmdum hætti eftir sérstakri dómkvaðningu hverju sinni.

Ekki er gert ráð fyrir að kostnaður ríkissjóðsins vegna starfsemi Fasteignamatsins aukist frá því sem verið hefur. Þó má búast við auknum kostnaði vegna sérskráningar sérgreindra eignarhluta fasteigna skv. 2. gr. frv., en Alþ. hefur sýnt á því áhuga að af því geti orðið og er slík sérskráning sérgreindra eignarhluta forsenda álagningar fasteignagjalda eftir eigendum. Á móti kemur hins vegar að kostnaður við millimatskerfi fellur niður. Það, sem hins vegar ætti að tryggja að kostnaður við rekstur stofnunarinnar fari ekki fram úr því sem fjárlög gera ráð fyrir, er sérstakt ákvæði sem kveður á um að verðlagning á þjónustu Fasteignamatsins skuli miðast við að endurheimta kostnað stofnunarinnar að því marki sem fjárlög á hverjum tíma gera ráð fyrir. Skv. fjárlögum ársins 1976 er gert ráð fyrir að kostnaður Fasteignamatsins nemi 31 millj. kr.

Á þskj. 505 er að finna brtt. fjh.- og viðskn. Ed. sem gert hefur þó nokkrar breyt. á frv. að fenginni ítarlegri umsögn nokkurra aðila og í samráði við þá aðila sem hafa að máli þessu unnið. Ekki er þó um neina grundvallarbreytingu að ræða, heldur fyrst og fremst breytingar sem miða að fyllri og skýrari ákvæðum, auk þess sem horfið er frá þeirri nafnbreytingu sem frv. gerði upphaflega ráð fyrir. Gert er ráð fyrir að nafn stofnunarinnar: Fasteignamat ríkisins, haldi sér í stað þess að taka upp nafnið Fasteignaskrá. En hér er fyrst og fremst e. t. v. um smekksatriði er að ræða sem ekki skiptir neinu meginmáli.

Ég vil nú drepa fáeinum orðum á helstu breytingar á frv. eins og það hefur borist frá hv. Ed. til hv. Nd.

Í 2. gr. frv. er gerð sú breyt. hvað snertir skráningu sérgreindra eignarhluta mannvirkja, að því aðeins fæst sérgreindur eignarhluti skráður að fyrir liggi skipting og eignarhlutföll í þinglýstum heimildum. Þótti nauðsynlegt að setja inn þessa takmörkun af framkvæmdaástæðum.

Á 3. gr. er gerð sú breyt. að felld er niður úr frv. upptalning á þeim atriðum sem skráð skyldu um fasteignir, en í stað þess er gert ráð fyrir að skráningaratriði þessi verði talin upp í reglugerð sem sett verður. Ástæða þessarar breyt. var sú, að þó nokkrar aths. bárust hv. fjh.- og viðskn. Ed. Alþ. sem lutu ýmist að því að inn í upptalninguna vantaði atriði ellegar að skráningaratriðum væri ofaukið. Þótti rétt að tefja ekki framgang málsins, enda er hér fyrst og fremst um tæknileg atriði að ræða, að gera fyrrgreinda breyt. á 3. gr. Við setningu reglugerðar um þetta efni yrði tekið tillit til þeirra sjónarmiða sem fram hefðu komið, eftir því sem efni stæðu til.

Á 6. gr. frv. hefur verið gerð sú breyt. að ráðh. er fengin heimild til að fela öðrum opinberum aðila, þ. á m. einstökum sveitarfélögum eða samstarfsstofnunum þeirra, skráningu fasteigna skv. lögum þessum ef slík breyting þykir hagkvæm. Raunar var efnislega hliðstætt ákvæði í upphaflega frv., en rétt þótti að taka af öll tvímæli um heimild ráðh. til slíkra breytinga. Er þá einkum haft í huga að þéttbýlissveitarfélögin gætu hugsanlega tekið að sér skráningu á upplýsingum um fasteignir.

Í 8. gr. er gerð sú breyt. að fjölgað er þó nokkuð þeim aðilum sem eiga skuli sæti í ráðgjafanefnd þeirra aðila sem nýta eða nýtt geta skrána við starfsemi sína.

Í frv. hefur verið tekin ný gr., sem verður 16. gr. Fjallar greinin um eignir sem eru undanþegnar fasteignamati. Er greinin að mestu leyti samhljóða ákvæðum gildandi reglugerðar um þetta efni. En nauðsynlegt þótti til að fyrirbyggja allan misskilning síðar meir að kveðna nánar á um hvaða eignir væri um að ræða, auk þess sem ráðh. er veitt heimild með setningu reglugerðar til að undanþiggja ákveðnar fasteignir eða tegundir fasteigna fasteignamati.

Skv. brtt. þeim, sem Ed. hefur samþ., er í 17. gr. frv. fellt niður ákvæði sem fjallar um hlunnindamat, þ. e. hvernig ákveðin hlunnindi skuli metin. Í stað þess er gert ráð fyrir að ákvæði þar að lútandi yrðu sett af ráðh. í reglugerð svo og um önnur þau atriði sem nauðsyn krefur.

Virðulegi forseti. Ég hef nú nokkuð reifað aðdraganda, efnisinnihald og þær brtt., sem hv. Ed. hefur samþ. við frv. til l. um skráningu og mat fasteigna. Við meðferð málsins í Ed. voru haldnir sameiginlegir fundir í fjh.- og viðskn. beggja d. og ætti það að auðvelda og flýta fyrir afgreiðslu þessarar hv. d. á máli þessu. Vonast ég fastlega til og legg á það áherslu að mál þetta fáist afgr. áður en Alþ. það, er nú situr, lýkur störfum.

Ég legg svo til að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Ríkisreikningurinn 1974, frv. (þskj. 436). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Rannsókn sakamála, þáltill. (þskj. 478). — Ein umr.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson): Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að flytja ásamt tveimur

hv. þm., þeim Jónasi Árnasyni og Karvel Pálmasyni, svo hljóðandi till. til þál. á þskj. 478:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að gera nú þegar ráðstafanir til þess, að öll þau dómaraembætti, sem hafa með höndum rannsókn umfangsmikilla sakamála, geti ráðið til starfa nauðsynlegan fjölda lögfræðinga, rannsóknarlögreglumanna og bókhaldsfróðra manna í því skyni að hraða rannsókn þessara mála svo þeim verði lokað sem allra fyrst.“

Æskilegast hefði að sjálfsögðu verið að mál eins og þetta væri flutt af þm. allra þingflokka. Tilraunir til þess voru að vísu gerðar og borið niður hjá þm. sem mér var kunnugt um að hefðu áhuga á slíkum málum sem þessum. Það varð þó ekki að ráði að við flyttum þessa till. nema þessir þrír af ýmsum ástæðum.

Nú í vetur hefur athygli almennings mjög beinst að dómsmálum. Um fá mál hygg ég að meira hafi verið rætt manna á meðal. Málaflokkur, sem mjög hefur legið í láginni á undanförnum árum, hefur skyndilega orðið efst á baugi í allri umræðu. Þær umræður, sem fram hafa farið um þessi mál, hafa leitt í ljós ýmsa ágalla á okkar réttargæslukerfi. Ekki svo að skilja að um þau vandkvæði hafi ekki verið vitað áður af þeim sem vel fylgjast með í þessum efnum. Hins vegar held ég að það sé rétt ályktað hjá mér, að a. m. k. almenningur hafi lítt eða ekki um þá vitað.

En þessar umræður, sem orðið hafa í vetur, hafa þó orðið til þess að mínu mati að ýmsir hafa uppgötvað sér til skelfingar vandhæfi réttargæslukerfisins á að gegna því hlutverki sem því er ætlað að gegna, miðað við þær aðstæður sem nú hafa skapast og hafa verið að skapast í íslensku þjóðfélagi. Jafnframt þessu hefur í vetur orðið uppskátt um ýmislegt miður geðslegt í fari okkar samfélags sem athygli hefur vakið. Ég held að það sé vægt til orða tekið að segja að fólk sé felmtri slegið yfir þessum tíðindum, felmtri slegið yfir því hve veikt okkar ágæta réttargæslukerfi er til þess að bregðast við slíkum tíðindum sem orðið hafa og ekki síður felmtri slegið yfir því á hvaða braut íslenska þjóðin er.

Meginatriðið í þeirri þáltill., sem hér er til umr., er að Alþ. reyni að leggja sitt af mörkum til að gera einhverjar úrbætur hvað varðar fyrra atriðið, réttargæslukerfið sjálft. En áður en að því er vikið er e. t. v. ástæða til að fara nokkrum orðum um það ástand sem verið hefur að skapast umhverfis okkur og valdið okkur ugg og ótta.

Það er svo sem ekkert nýtt fyrir okkur Íslendinga að í því umhverfi, sem hefur verið að skapast hér á Íslandi eins og í öðrum löndum þar sem þjóðir lifa við svipaðar kringumstæður og við, hafi ýmislegt það verið að gerast sem beri vott um að annarlegar hvatir í mannlegu eðli hafi fundið sér þar einhverja gróðrarstíu. Við erum ekki einir í heiminum, Íslendingar, og fjölmargar aðrar þjóðir nær og fjær, sem búa við svipaðar félagslegar og efnahagslegar aðstæður og við, hafa reynt þetta hið sama, þó öllu óvægilegar. Við höfum einnig haft daglegar fréttir af því sem er að gerast meðal þessara þjóða. Útvarp, sjónvarp og blöð hafa daglega þulið yfir okkur fréttir af vaxandi öldu ofbeldis og hryðjuverka meðal þeirra þjóða sem okkur eru hvað skyldastar menningarlega og að lífsháttum öllum. Eitthvað það er á seyði í þessum vestrænu velferðarþjóðfélögum, sem búa þegnum sínum áður óþekkta möguleika til frelsis, víðsýnis og framfara, sem er í öfugu hlutfalli við allt það sem menn gætu ætlað af almennri skynsemi að hefði átt að vera afleiðingar þeirra félagslegu framfara og réttlætissóknar sem hafin hefur verið í þessum samfélögum. Þar gætir einhverrar fyrirlitningar á mannlegum verðleikum. Þar er um að ræða einhvern kaldrifjaðan skort á samúð og mannlegum tilfinningum, einhverja grimmd, svo kaldrifjaða og illgjarna í garð annarra mannlegra vera, að ekki verður skýrð til fullnustu.

Sumir af þeim atburðum sem við höfum fregnað af frá umheiminum og virðast einnig eiga sér einhverjar hliðstæður hér á landi, minna á fátt annað fremur en söguna af því þegar skrattinn fór að skapa mann og gat gætt mannsímynd sína öllum eiginleikum, svo sem sjón, heyrn, smekk, litarafti, máli, öllu nema mannlegum tilfinningum. Þau óhugnaðarverk, sem drýgð eru í velsældarþjóðfélögum okkar af fólki sem hefur yfrið nóg að bíta og brenna, er vel menntað, frjálst og vel upp alið, — þessi verk mörg hver eru líkust því sem þau séu framin af gervimanneskjum sem hafi að vísu, að því er virðist, flesta mannlega eiginleika, nema hvað þær virðast gjörsneyddar öllum eðlilegum mannlegum tilfinningum, eins og á meðal okkar í þessum vestrænu velferðarþjóðfélögum gangi um einhvers konar gervimanneskjur sem beri ekki skynbragð á gott og illt vegna þess að þær skorti einhvern meðfæddan hæfileika sem gerir menn að manneskjum.

Við höfum hlýtt á frásagnir af slíkum óhugnaðarverkum meðal nágrannaþjóða okkar, fréttir af rísandi öldu hryðjuverka, líkamsmeiðinga, ofbeldis og auðgunarglæpa með sölu eitur- og fíkniefna sem leiða til hrörnunar og dauða þúsunda. Þessi tíðindi hafa vissulega snortið okkur og ýtt við okkur, en viðbrögð okkar þar sem við höfum setið í hægindum frammi fyrir sjónvarpstækinu, þegar slíkum atburðum er lýst, eða með blað í hönd, þar sem frá þeim er skýrt, hafa verið ápekk og hjá farísеanum: „Guð, ég þakka þér, að við skulum ekki vera í hópi þessara þjóða.“ En enginn maður er eyland, og á himninum yfir okkar litla og friðsæla landi hafa verið að hrannast svört kólguský að undanförnu þótt við höfum af ýmsum ástæðum ekki gefið þeim gaum. Einnig hér lesum við nú orðið svo að segja daglega fréttir af vaxandi ofbeldisverkum, líkamsárásum og ránum. Fáar vikur líða nú án þess að skýrt sé frá því að einhver einstaklingur sé barinn niður og rændur á förnum vegi hér í höfuðborg Íslands eða í heimahúsum fyrir engar sakir og síðan skilinn eftir eins og hundur liggjandi í blóði sínu. Kjörorð þessarar borgar hefur nú um nokkur ár verið: „Hrein torg, fögur borg“, en á síðustu árum hefur reynsla borgarbúa orðið sú að þessi hreinu torg séu síður en svo örugg til umferðar fyrir blásaklaust fólk. Hér í vetur í umr. um þessi mál hef ég áður rakið dæmi þar sem ungum pilti var gerð hrein fyrirsát í því skyni að hefna á honum

fyrir það sem afbrotamaðurinn taldi uppljóstrun af hans hálfu, og gengið var svo nærri heilsu þessa unglings að hann hefur enn ekki náð fullum líkamskröftum. Þá er það einnig orðið — kannske daglegt brauð, en alla vega finnast dæmi um það að alls kyns hótanir séu hafðar í frammi við menn, og einnig hefur það komið fram við rannsóknir á málum nýlega að menn, sem eitthvað misjafnt vita, eru beinlínis hræddir um líf sitt og virðast hafa fulla ástæðu til. Þá hefur það einnig komið í ljós að hér hafa verið að verki og verið gert uppskátt um hringa afbrotamanna sem t. d. hafa stundað smygl á fíkniefnum hingað til lands. Ég man eftir því að það er ekki meira en 3—4 ár síðan einn af kunnari rannsóknarlögreglumönnum þessarar þjóðar var að lýsa fyrir mér því ástandi sem við blasti í sambandi við fíkniefnainnflutning til landsins. Það fór fyrir mér eins og flestum leikmönnum, sem í minum sporum hefðu staðið, að ég vildi ekki trúa öllu því sem mér var sagt, en þessi maður spáði því þá fyrir mér að ástandið væri komið á það alvarlegt stig að það mundu ekki mörg ár líða áður en skipulögð samtök yrðu mynduð til þess að annast innflutning á þessum efnum til landsins og dreifingu þeirra þar. Nú í vetur var skýrt frá því í íslenskum dagblöðum að rannsókn væri hafin á starfsemi tveggja slíkra hringa sem hefðu haft miðstöðvar sínar á Keflavíkurflugvelli, þannig að því miður reyndist viðkomandi rannsóknarlögreglumaður vera sannspár í þessu efni.

Gagnvart slíkum tíðindum er næsta eðlilegt að fólki fallist hendur. Hins vegar er ekki hægt að segja að við höfum ekki verið vöruð við. Mér er t. d. í fersku minni enn að hafa lesið viðtöl fyrir nokkrum árum við hópa götulögreglumanna hér í Reykjavík sem mér er kunnugt um að höfðu það miklar áhyggjur af þróun mála að þeir komu hópum saman á fund stjórnmálamanna og stjórnmálaflokka til þess að lýsa áhyggjum sínum yfir þróun mála hér í Reykjavík og biðja um aðstoð til úrbóta. Það, sem þeir lýstu, var í stuttu máli sagt þetta:

Þeir höfðu miklar áhyggjur af því að hér í borginni færu mjög ört vaxandi ýmiss konar óspektir og bein afbrot unglinga — afbrot sem réttargæslukerfið stæði uppi magn- og ráðþrota gegn. Kvöld eftir kvöld og meira að segja oft á sama kvöldi urðu þessir götulögreglumenn hér í Reykjavík að hirða upp hópa af unglingum sem stunduðu skipulagða spellvirkjastarfsemi, óknyttastarfsemi eða hrein afbrot, og það virtist ekki vera nokkur lifandi leið að koma lögum yfir þetta fólk eða gera því skiljanlegt að það væri eitthvað til í landi sem héti landslög og mönnum bæri að hlíta. Þessir lögreglumenn höfðu ekki endilega mestar áhyggjur af því að þetta mundi fara vaxandi meðal þessa aldursflokks, heldur sögðu þeir m. a. í mín eyru að það, sem þeir hefðu áhyggjur af, væri hvað mundi gerast þegar fólk, sem ælist upp við slík viðbrögð eða réttara sagt skort á viðbrögðum þjóðfélagsins, kæmist til fullorðinsára og lenti e. t. v. út á þá braut að fara að drýgja afbrot sem fullorðið fólk drýgir. Þessir götulögreglumenn sögðust hafa miklar áhyggjur af því hvað yrði þegar þessir unglingahópar kæmust til fullorðinsára eftir að þeir höfðu alist upp við það að þeir verknaðir, sem þeir hefðu drýgt, og þau afbrot og þau spellvirki, sem þeir hefðu framið, yfir það næðu engin lög. Og því miður virðist vera svo að þessir götulögreglumenn í Reykjavík hafi verið sannspáir, því ég vil vekja athygli hv. þm. á því að í nær öllum þeim tilvikum þegar blöð skýra frá ránum eða líkamsmeiðingum hér í borginni, þá á hlut að máli ungt fólk, ungir menn aðallega, sem nýlega eru komnir á sakhæfisaldur, en voru unglingar að afbrotaleik, eins og ég var að lýsa hér áðan, fyrir nokkrum árum. Þetta var það sem götulögreglumennirnir töldu sig sjá fyrir. Það var þetta sem þeir vöruðu við. Á viðvörunarorð þeirra var því miður ekki hlustað. Því er e. t. v. komið sem komið er.

Þessi þróun mála er að sjálfsögðu ekkert nýnæmi. Þetta hefur orðið eftir nákvæmlega sömu eða svipuðum formúlum og meðal nálægra landa eða þjóða sem búa við svipað þjóðskipulag og við íslendingar gerum. Með því aðeins að fara 10—15 ár aftur í tímann getum við lesið lýsingar frá Svíþjóð, Danmörku og Noregi af sömu hlutum og sömu atburðum og nú er að gerast hér, og mig hryggir það enn og aftur að þeir atburðir, sem við erum að lesa um þar í dag, kunni e. t. v. að eiga eftir að renna upp yfir okkur íslendinga eftir 10—15 ár, ef marka má það fordæmi sem við höfum fyrir augunum í þessum efnum. Við getum því sennilega farið nærri um það hvar þetta endar ef ekkert verður að gert. Og staðreyndin er sú, að það hefur verið sammerkt með öllum þessum þjóðum eitt og hið sama, einnig okkur. Í fyrsta lagi, þegar þessi alda hefur byrjað að rísa hefur réttargæslukerfið meðal þessara þjóða verið allsendis vanbúið að veita viðhlítandi andsvör. Í öðru lagi hafa bæði ráðamenn og almenningur í heild forðast í lengstu lög að horfast í augu við ástandið og viðurkenna það eins og það er. Og í þriðja lagi hafa aðgerðir verið dregnar það lengi og viðurkenning það lengi að loksins þegar úr hefur átt að bæta hefur það reynst næstum því ókleift.

Í mörgum slíkum tilvikum grípa menn til þeirra örþrifaráða að leita að einhverjum sökudólgum til þess að kenna þessa þróun. Mönnum kemur þá í hug að spyrja: Hverjir brugðust? Þetta hlýtur að vera einhverjum að kenna. Einhvern hlýtur að vera hægt að draga til ábyrgðar fyrir þetta. Einhver forsvarsmaður eða forsvarsmenn hafa ekki haldið vöku sinni. En í þessu máli er enginn einn sökudólgur, hvorki hér á landi né annars staðar. Enginn, hvorki meðal almennings né ráðamanna, hefur staðið gegn því að reynt yrði að svara nýjum og ógnvekjandi aðstæðum, svo sem fjölgandi afbrotum unglinga, með tilhlýðilegum hætti til að forða frá ósköpum. Það hefur enginn staðið þarna í veginum. Það, sem um hefur verið að ræða, er einfaldlega að það hefur ekki verið áhugi á þessum málum, hvorki meðal þjóðarheildarinnar né ráðamanna hennar. Það er að vísu ákaflega handhægt að reyna að velja úr einhvern ábyrgan aðila og kenna honum um og segja við hann: Þú hefur vanrækt að sinna þínu hlutverki. — En hefur sá áhugi þá verið fyrir hendi annars staðar? Hefur sá áhugi verið fyrir hendi hér á Alþ? Hef-

ur sá áhugi verið fyrir hendi hjá dagblöðum og fjölmiðlum? Hefur sá áhugi verið fyrir hendi meðal almennings?

Umræða um dómsmálin hefur orðið mikil í vetur. Það er von mín og býst ég við fleiri en mín að sú umr., sem vakið hefur áhuga á þessum málum, verði til þess að menn vakni til vitundar um hvað þarf þarna að gera og taki höndum saman um að reyna að leysa þau mál, en láti hins vegar niður falla persónulegar ýfingar og árásir og sakfellingar á einstökum aðilum sem ekki eru í meiri sök í þessu tilviki heldur en þjóðin sjálf, hver einn og einstakur okkar á meðal.

Meginatriði málsins er að sjálfsögðu að við gerum okkur grein fyrir því hvernig komið er og að við höfum vanrækt að gera ráðstafanir, svo sem úrbætur í réttargæslumálum, sem nauðsynlegar eru. Þær miklu umr., sem orðið hafa um þessi mál í vetur, hafa þó orðið til þess að þegar hefur verið gert nokkuð í þeim málum, m. a. hér á þessu þingi, með þeim frv., sem hæstv. dómsmrh. hefur flutt. Ég vil hins vegar segja það eins og er, að ég er síður en svo ánægður með hvernig Alþ. hefur tekið á þeim málum, vegna þess að þessi frv., sem fengu hér mjög góðar undirtektir, hafa legið óafgr. í n. og fer nú að verða hver síðastur að koma þeim frá. Trúi ég því ekki fyrr en ég tek á að Alþ. ætli eftir allar þessar umr. ekki að afgr. þessi mál frá sér sem horfa til mjög mikilla bóta á réttargæslukerfinu almennt. En þó að þessi frv. öll séu góð út af fyrir sig, þá held ég að við hljótum að vera sammála um að ýmislegt má betur gera. Sá er einnig tilgangurinn með þessari þáltill. Hún er flutt af vilja okkar flm. til að þoka þessum málum áfram, en ekki af einhverjum öðrum annarlegum hvötum.

Ég sagði áðan að gagnrýni á aðstöðu og skipulagi réttargæslumála þyrfti að vera flutt fram vegna þarfar á úrbótum, miðað við þá reynslu, sem fengist hefur, og þær augljósu aðstæður, sem við blasa, en ekki í þeim tilgangi, að reyna að sakfella einhvern áhrifamann eða ábyrgðaraðila, enda er það ekki tilgangurinn með þessum tillöguflutningi og er ekki gert. En þá verður líka að ætlast til þess af þeim, sem um málin fjalla, að andsvar þeirra byggist ekki á einhverjum tilbúningi um ofsóknarherferðir eða samsæri gegn ákveðnum einstaklingum eða hópum manna. Till. eins og sú, sem hér er flutt, er ekki flutt í flokkspólitískum tilgangi heldur ættu allir þm., án tillits til þess í hvaða flokki þeir eru, að geta gerst stuðningsmenn hennar hér á Alþ. Þótt svo hafi ekki orðið. Ótti um, að slíkur tillöguflutningur sem þessi sé einhvers konar pólitískt samsæri gegn aðila eða aðilum, er ekki aðeins ástæðulaus, heldur einnig fráleitur og heimskulegur og síður en svo til þess fallinn að auðvelda lausn þeirra verkefna sem við alþm. þurfum að reyna að taka höndum saman um að leysa.

Ég sagði áðan að þær miklu umr., sem orðið hafa um dómsmál í vetur, hafi leitt í ljós vandhæfi réttargæslukerfisins, eins og skipulagi þess er nú háttað og að því er búið, til þess að takast á við þau verkefni sem það þarf nú að glíma við. Í slíku máli nægir að sjálfsögðu ekki að setja fram fullyrðingu. Þar verður að nefna ákveðin dæmi. Í grg. með þessari þáltill. eru nokkur slík dæmi nefnd.

Það er t. d. mjög einkennandi hversu seint og illa kerfinu gengur að eiga við meiri háttar fjársvikamál sem virðast stöðugt verða algengari hér á Íslandi. Slík mál krefjast þess að umfangsmiklar bókhaldsrannsóknir eigi sér stað, en í þeim efnum eru dómstólar mjög vanbúnir. Má þar t. d. nefna að embætti ríkissaksóknara hefur ekki einn einasta endurskoðanda starfandi á sínum snærum, heldur verður embættið jafnan að leita til endurskoðenda, sem stunda sjálfstæða endurskoðunarstarfsemi, til þess að vinna slík bókhaldsrannsóknarstörf. Þessar endurskoðunarskrifstofur eru oftast störfum hlaðnar. Rannsóknarstörfin verða þær að taka að sér í aukavinnu sé þá á annað borð unnt að fá þær til þess, og því líður oft mjög langur tími, jafnvel mörg ár, áður en bókhaldsrannsókn er lokið. Þá hefur það einnig gerst að þegar rannsókn er komin vel á veg tengist málinu einhver viðskiptavinur endurskoðunarskrifstofunnar þannig að ekki sé talið rétt að sú endurskoðunarskrifstofa haldi bókhaldsrannsókninni áfram. Verður þá að leita til annarrar og hefja rannsókn málsins að nýju. Allt verður þetta til að tefja rannsóknarstörfin, stundum úr hófi fram. En í málum sem þessum er hætta á að afbrot fyrnist ef rannsókn liggur niðri um langan tíma. Þá verður hinn mikli dráttur á bókhaldsrannsókninni einnig til þess að aðrir þættir í rannsókn sakamáls geta dregist eða liggja jafnvel alveg niðri. Oft er hér um að ræða mjög umfangsmikil mál þar sem mjög stórar fjárhæðir koma við sögu, og þarf auðvitað ekki að lýsa því hvaða áhrif það getur haft á viðhorf almennings til réttarfarsins í landinu ef rannsóknir á mjög umfangsmiklum fjársvika- og afbrotamálum dragast óhóflega á langinn, eins og dæmi eru til um.

Af málum af þessu tagi má t. d. nefna svonefnt Klúbbmál, en rannsókn á því, þ. á m. umfangsmikil bókhaldsrannsókn, hófst haustið 1972 og lauk ekki fyrr en með birtingu ákæru nú nýverið.

Í öðru lagi má nefna mjög umfangsmikið mál Friðriks Jörgensens sem tekið var til rannsóknar árið 1966 og er enn ekki lokið.

Í þriðja lagi má svo nefna rannsókn á gjaldþrotamáli Vátryggingafélagsins hf., en sú rannsókn hófst fyrir alllöngu og er ekki séð fyrir endann á henni enn.

En hvað er það sem skortir svo að hér geti verið betur að verki staðið? Þegar hefur verið nefnt eitt atriði: skortur á bókhaldsfróðum mönnum til rannsóknarstarfa og starfsliði á svo til öllum sviðum þeirra mála, allt frá rannsóknaraðilum og til ákæruvalds. Sem dæmi get ég t. d. nefnt það, og ég held að það sé rétt hjá mér, að nú sé ekki lengur neinn löggiltur endurskoðandi starfandi við embætti skattrannsóknarstjóra ríkisins, heldur hafi þeir allir horfið frá starfi í vetur og enginn slíkur sérmenntaður maður í bókhaldi lengur starfandi við þetta viðamikla og þýðingarmikla rannsóknarembætti.

En hvaða afleiðingar aðrar hefur þessi mannafla- og aðstöðuskortur en þær sem þegar hefur verið lýst? Nokkur dæmi þar um er rétt að

nefna. Það hefur komið fram hjá rannsóknarlögreglumönnum, sem fjallað hafa um svonefnt Klúbbmál, að mikil ástæða hafi verið til þess að rannsaka ýmis atriði þess máls, svo sem varðandi fjárhagsleg samskipti staðarins við aðila sem grunsamleg þykja. Þetta hefur ekki verið gert. Ég hef ekki þá trú að þessi rannsókn hafi verið torvelduð á einn eða annan hátt af þeim sem með stjórn mála fara. Líklegasta skýringin er einfaldlega sú að hvorki hafi gefist ráðrúm né mannskapur til þess að sinna þessu nauðsynlega rannsóknarstarfi. Þá hefur komið fram í ákæru, sem birt er á hendur þessum aðilum, að hún er reist á bókhaldsrannsókn tveggja ára, áranna 1970—1972. Í bréfi ríkisskattstjóra til ákæruvaldsins um málið er hins vegar óskað rannsóknar allt aftur til ársins 1966, þar sem grunur er talinn leika á að lögbrotin, sem uppgötvuðust við rannsóknina yfir árin 1970—1972, eigi sér mun lengri aðdraganda. Þessi rannsókn yfir árin 1966—1970 hefur hins vegar ekki verið gerð. Hvers vegna ekki? Að því er ég kemst næst einfaldlega vegna þess að hér yrði um svo umfangsmikla bókhalds- og gagnarannsókn að ræða að frammi fyrir því verkefni féllust mönnum hreinlega hendur. Hvaða sögu segir það okkur um aðstöðu þessa réttargæslukerfis ef rökstuddur grunur er um lögbrot og ósk um rannsókn verður að leggja til hliðar vegna skorts á rannsóknaraðstöðu?

Það má enn nefna mál Friðriks Jörgensens sem er nú meira en 10 ára gamalt. Hér er um að ræða eitt umfangsmesta mál sinnar tegundar á Íslandi. Málsskjölin fylla marga kassa. Ákæra hefur að vísu verið gefin út, dags. 15. mars 1971, en rannsókn er þó enn hvergi nærri lokið og stendur enn yfir á ýmsum þáttum þess, og er enn ekki séð fyrir endann á henni. Hér er um svo umfangsmikið mál að ræða að rannsóknaraðilar og saksóknari ráða raunverulega ekki við það.

Þá má enn nefna aðrar afleiðingar af þessum aðstöðuskorti, sem sé hættuna á því að mál fyrnist vegna þess að rannsókn liggi niðri, en fjársvikamál geta fyrnst ef rannsókn er ekki haldið uppi með eðlilegum hætti og æskilegum hraða. Nú er svo komið, að því er mér er tjáð af mönnum sem ég tek fullt mark á, að við eigum það á hættu að slíkt kunni að geta gerst. Við höfum m. a. orðið fyrir því að menn hafa getað flúið land undan ákærum fyrir fjársvik án þess að eftir því hafi verið tekið fyrr en um seinan. Sjálfur var ég fyrir nokkrum árum áhorfandi að því að athafnamaður einn, sem beið dóms fyrir talsverð fjársvik og átti óafplánaða ýmsa aðra dóma, fór opinberlega og án þess að reyna nokkuð að leyna því af landi brott í sölu- og kynningarferð með milljónavirði af íslenskri framleiðsluvöru í farartæki sínu, að því er virðist fyrirhafnar- og eftirlitslaust. Sá hinn sami einstaklingur hefði allt eins getað gufað upp erlendis með verðmæti þau sem hann flutti með sér, ef hann hefði verið á þeim buxunum, hvað hann ekki var.

Þá er það einnig mjög áberandi hversu langan tíma það virðist taka frá því að embætti skattrannsóknarstjóra lýkur meðferð og rannsókn á skattsvikamálum og þar til þeim lýkur með ákæru og dómi, sé sú leið valin að senda þau áfram til ríkissaksóknara í stað þess að vísa þeim til ákvörðunar skattsektanefndar. Það er eins og sum slíkra mála hreinlega týnist í kerfinu, því það mun mála sannast að eftir að skattrannsóknarstjóri eða ríkisskattstjóri sendir slík mál frá sér til ákæruvaldsins, þá hafi þeir ekki lengur hugmynd um hvað af þeim verður eða hvar þau eru stödd. Til dæmis er mér kunnugt um að mál af þessu tagi sendi skattrannsóknarstjóri frá sér um miðbik ársins 1971, en embætti hans hefur nú ekki hugmynd um hvar það er statt í kerfinu, hjá hverjum né hvað við það hefur verið gert, nema hvað það er þar einhvers staðar og málinu ekki lokið enn. Hætt er við því að í ljósi slíkrar reynslu verði sú leið frekar valin af ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra að senda mál af þessu tagi til sektarúrskurðar hjá skattsektanefnd, þó svo að þau kunni e. t. v. að vera þess eðlis að eðlilegra sé að þau séu tekin til ákærumeðferðar fyrir dómstólum.

Út úr þessum dæmum, sem ég hef hér tekið, mætti snúa svo að ég væri að veitast að þeim embættisstofnunum og þeim embættismönnum, sem um þessi mál fjalla, og ásaka þá fyrir seinagang og vanrækslu í starfi. Svo er þó alls ekki. Þessi seinagangur og óhóflegi dráttur stafar einfaldlega af því að þessi embætti skortir alla aðstöðu til þess að sinna þeim verkefnum sem til þeirra er beint í þeim mæli sem nú er gert. Lykilstofnun í þessum málum er embætti ríkissaksóknara. Þar er ástandið þannig að frá árinu 1965 hafa þar verið starfandi aðeins 4 lögfræðingar auk ríkissaksóknara sjálfs eða alls 5 löglærðir menn. Í gegnum hendur þessara fáu manna þurfa að fara öll þau mál sem tekin eru til opinberrar ákæru, m. a. þau mál sem ég hef að framan lýst, þar sem málsskjöl fylla marga kassa og væri margra mánaða starf fyrir einn mann að setja sig til fulls inn í slík mál. Svo að dæmi sé tekið um vinnuálagið á þessari lykilstofnun í réttargæslukerfinu, þá má nefna að árið 1970 voru því send alls 2948 mál, árið 1974 var málafjöldinn 3824 og 18. nóv. s. l. nam málafjöldinn á árinu 1975, það sem af var árinu, 4112. Árið 1972 ákærði ríkissaksóknari alls 409 einstaklinga fyrir ölvun við akstur. Aðeins tveimur árum síðar, árið 1974, höfðu slíkar ákærur tvöfaldast, en þá voru ákærðir 875 menn fyrir slíkt brot. Árið 1972 voru 958 einstaklingar ákærðir af ríkissaksóknara fyrir önnur afbrot. Aðeins tveimur árum síðar voru slíkir ákærðir einstaklingar alls 1372. Þrátt fyrir þetta geysilega aukna álag hefur starfsmönnum embættisins ekkert fjölgað og ítrekuðum óskum ríkissaksóknara þar um hefur ekki verið sinnt. Bréf þess efnis hafa strandað einhvers staðar í kerfinu, svo að notað sé orðalag ríkissaksóknara sjálfs í viðtali við dagblaðið Þjóðviljann frá því í febrúarbyrjun á s. l. ári.

Þær tölur, sem ég hef nefnt, gefa þó ekki rétta mynd af auknu álagi á þessari lykilstofnun í réttargæslukerfinu. Á þeim 10 árum, sem embætti ríkissaksóknara hefur orðið að láta sér nægja sama fjölda löglærðra starfsmanna, hefur málum ekki aðeins fjölgað svo mjög tiltölulega, heldur einnig fjölgað mjög hinum alvarlegri málum sem krefjast mikillar vinnu af starfsmönnum embættisins. T. d. færist mjög í vöxt að starfs-

menn ákæruvaldsins séu látnir fylgjast með rannsókn alvarlegri afbrotamála frá upphafi og eru þá uppteknir við það frá morgni til kvölds að gegna slíkum rannsóknum. Allt verður þetta til þess að verkefnin hlaðast upp og þessum fáu, en ágætu mönnum er um megn að leysa þau eins fljótt og vel og þeir vilja gera, þörf krefur og almenn réttlætiskennd manna gerir nauðsynlegt. Svo að eitt dæmi um þetta sé nefnt, þá get ég skýrt frá því að í nóvembermánuði s. l. voru vararíkissaksóknara afhent öll málsskjöl í máli Friðriks Jörgensens sem ég nefndi hér áðan, málsskjöl upp á marga fulla pappakassa sem tekur mjög langan tíma að kanna. Undanfarna daga hefur það komið fram í blöðum að þessi sami starfsmaður ríkissaksóknaraembættisins situr daglega yfir rannsókn þeirra mála sem nú eru hvað mest um rædd hér í borginni, og má nærri geta hvort þessi ágæti og hæfi embættismaður getur gegnt í senn báðum þessum stóru verkum.

Herra forseti. Ég fer nú senn að ljúka máli mínu. Ég hef rakið nokkur dæmi því til stuðnings hvað er nauðsynlegt fyrir okkur að bregða við og gera talsverðar úrbætur í dóms- og réttarfarsmálum í landinu, og ég hef lýst ánægju minni með þau frv. um það efni sem hæstv. dómmrh. hefur lagt fram á Alþ. í vetur. Einn þáttur í því að bæta ástandið í þessum málum, sá sem ég hef gert hvað mest að umtalsefni hér, en er þó aðeins einn þáttur af mörgum, er að bæta aðstöðu þeirra, sem fást við rannsókn afbrotamála, til þess að hraða allri þeirri málsmeðferð. Mér er fyllilega ljóst að slíkt verður ekki gert í einu vetfangi. En aðstæður nú eru þannig að menn fylgjast með gangi rannsókna á ýmsum þessara mála með öndina í hálsinum og hafa jafnframt fyrir sér dæmi um að rannsóknir annarra mjög alvarlegra mála hafa dregist mjög úr hömlu vegna skorts á mannafla og aðstöðu. Upplýsingar þær, sem fram hafa komið um vandhæfi kerfisins til þess að fást við slík mál, hafa orðið til þess að almenningur hefur orðið tortrygginn á réttarfarið í landinu og margir hafa áhyggjur af því að svo geti virst sem lögin í landinu taki ekki jafnt til allra. Svo er að sjálfsögðu ekki farið. En hinu verður ekki neitað að sumar réttarfarsmyllurnar mala mjög seint þótt verið geti að þær mali vel.

Eins og mál standa nú er nauðsynlegt að gerðar séu frambúðarráðstafanir til úrbóta á réttarfarsmálum í landinu og málefnum dómstóla, eins og hæstv. dómsmrh. hefur raunar þegar hafið með flutningi frv. um rannsóknarlögreglu ríkisins og fleiri frv. á þingi í vetur. En mín skoðun er sú, að það þurfi einnig að gera ákveðnar og snöggar bráðabirgðaráðstafanir nú strax til þess að hraða rannsóknar- og ákærumeðferð á þeim málum sem ég hef hér nefnt og helst hafa verið gagnrýnd fyrir hve seint hafa gengið. Það kann ekki góðri lukku að stýra, að sakamál af ákveðnu tagi dragist von úr viti í meðförum, hvorki gagnvart áliti almennings á dómstólum og réttarfari né heldur gagnvart þeim sem aðild eiga að málunum og þurfa að bíða árum saman eftir að skorið sé úr um sekt þeirra eða sakleysi.

Mér er vissulega ljóst að það er ekki gert í fjárlögum ráð fyrir sérstakri fjárveitingu til þess að framkvæma það sem þáltill. þessi gerir ráð fyrir, þ. e. a. s. að fá þeim dómaraembættum, sem fást við rannsókn umfangsmikilla sakamála, þá aðstoð og aðstöðu sem þau kunna að þurfa til þess að fá þessum málum lokið fljótt og örugglega. En hitt veit ég, að vikið hefur verið frá ákvæðum fjárlaga um minna verða hluti en þessa, og ég er sannfærður um að ef sá er vilji þm. að þetta verði gert, þá muni þeir eigi láta á sér standa að fylgja þeim fjáröflunum sem nauðsynlegar kunna að vera til þess að standa straum af slíkum kostnaði.

Íslenska þjóðin er hart keyrð efnahagslega um þessar mundir, það er hverjum manni ljóst. Því þurfa forsjármenn hennar að gæta vel allra útgjalda. En hitt held ég þó að mönnum blandist ekki hugur um, að hvað sem öllum sparnaði líður, þá sé þeim krónum vel varið sem nú yrðu lagðar í það, að auka virkni íslenska réttarkerfisins þannig að almenningur í landinu öðlist ríkara traust og meiri tiltrú til íslensks réttarfars en mig uggir að hann hafi nú. Með því að horfa í nokkrar krónur undir þeim kringumstæðum getum við að vísu sparað eyrinn, en hversu miklu meiri verðmætum stefnum við þá ekki í hættu? Hv. Alþ. má ekki láta sinn hlut eftir liggja í því að gera úrbætur á íslensku réttargæslukerfi, og ég fyrir mitt leyti treysti hæstv. dómsmrh. vel til þess að taka vel till. eins og þessari sem kunna að koma frá einstökum þm.

Herra forseti. Ég legg svo til að þessari till. verði vísað til hv. allshn.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég vil fagna þeim áhuga, sem birtist í þessari þáltill., á því að gera úrbætur í meðferð opinberra mála. Ég geng út frá því, eins og kom reyndar líka fram hjá hv. flm., að hún sé sprottin af raunverulegum áhuga á þessum málum, en ekki á því áróðurshugarfari sem því miður hefur einkennt of mikið umr. um þessi mál að undanförnu.

Það er að sjálfsögðu svo, eins og hv. flm. rakti og öllum er ljóst, að ýmiss konar afbrot hafa farið vaxandi hér á landi, og það er heldur ekkert sérstakt við þetta land, eins og hann líka kom að. Hins vegar mundi það nú verða of langt mál hér að ætla að kryfja til mergjar orsakirnar fyrir því að svo er. En ég hygg, að þær séu margháttaðar. Ég vil þó segja það, að ef ég ætti að nefna eitt atriði öðru fremur sem á sinn þátt í vaxandi og fjölgandi brotum hér á landi, þá er það áfengi, það er aukin áfengisneysla, óhófleg áfengisneysla. Og ég hygg að það yrði auðvelt að sanna með tölum að langsamlega mestur fjöldi þeirra brota, sem um er að ræða, á rætur að rekja til áfengisneyslu. Þetta gildir ekki aðeins um hin svokölluðu ölvunarbrot, þar sem þetta liggur í augum uppi, eins og umferðarlagabrot og önnur þau brot sem standa í sambandi við meðferð ökutækja og slys sem af því hljótast, heldur er það einmitt svo, að mörg þau óhugnanlegu ofbeldisverk, sem unnin eru og hafa farið mjög í vöxt hér á landi eins og annars staðar, eiga líka oft — mjög oft — rætur að rekja til áfengisneyslu. Það eru menn sem eru undir áfengisáhrifum sem standa að slíkum brot-

um. Hitt bætist svo líka við, að neysla fíkniefna hefur farið hér mjög vaxandi. Ég vil ekki vera með neina spádóma um það hvernig þar um fari í framtíðinni. Vonandi getur maður verið svo bjartsýnn að það takist að hefta fíkniefnaneyslu hér. Og það er ekki vafi á því að það eru ýmis alvarleg brot, líka þessi sem ég nefndi, framin undir áhrifum eða í sambandi við neyslu ýmiss konar eiturefna. Samt sem áður hygg ég að fjöldi þeirra sé tiltölulega lítill samanborið við hin brotin, sem eiga rætur sínar til ofneyslu áfengis. Það er í raun og veru ekki heldur of langsótt að rekja rætur ýmissa fjársvikamála og viðskiptamisferlis til ofneyslu áfengis, til óhófslegra lifnaðarhátta sem hlutaðeigendur hafa ekki haft efni á, og hefur áfengi oft átt sinn þátt þar í. En hitt er líka sorgleg staðreynd, að uppeldishlutverk hjá okkur virðist ekki hafa tekist eins og skyldi, og börn og unglingar sækja ekki alltaf í skólana það vegarnesti sem þau ættu þangað að sækja. Staðreynd er, eins og hv. flm. vék að, að það er mikill vandi að fást við þetta unglingavandamál. Þarna stendur þannig á að aldursstigið færist æ neðar, og það er ekki um það að ræða að koma refsingum við gagnvart þessum unglingum, því að þeir eru í mörgum tilfellum innan við sakhæfisaldur. Þess vegna eru það barnaverndarmál og mál sem heyra undir menntmrn. sem þar er um að ræða. En þetta er e. t. v. eitt alvarlegasta og þýðingarmesta íhugunarefnið fyrir okkur: hvers vegna og hvernig hefur okkur mistekist á þessu sviði svo sem raun ber vitni um?

Það er auðvitað leitast við að ráða við þessi vandræði með ýmsum hætti af þeim yfirvöldum sem með þau mál fara, barnaverndaryfirvöldum, menntmrn. Við höfum nýlega ákveðið, ég og menntmrh., að setja á stofn samstarfsnefnd fulltrúa úr dómsmrn. og fulltrúa úr menntmrn. til þess að fjalla sérstaklega um þessi mál og athuga þau. Og það vill svo vel til að það eru starfandi áhugamannahópar að þessum málefnum sem hafa komið auga á þá bresti sem hér er um að ræða, kunna kannske ekki nein töfraráð þar við, en vilja þó eiga hlut að því að reyna að leysa þessi mál. Og ég hygg að það sé mjög heppilegt ef það er hægt að koma við samvinnu á milli frjálsra áhugamannasveita og hlutaðeigandi yfirvalda um þessi efni.

Það er alveg rétt, eins og hv. flm. sagði, að það hefur verið svo hjá ýmsum embættum á dómsmálasviðinu að þar hefur verið mannfæð. Það hefur reyndar verið reynt að bæta úr því í vissum tilfellum, án þess að hafa nægilegar heimildir að styðjast við þó, þannig að það hafa bæði verið ráðnir lögreglumenn og löglærðir fulltrúar til embætta fram yfir það sem heimild hefur verið til. Þessi störf eða stöður hafa kannske verið svo árum skiptir án þess að þau hafi fengið viðurkenningu hjá þeirri n., sem á um þetta að fjalla. Nú átti, eins og kunnugt er, að taka þetta föstum tökum í vetur í sambandi við afgreiðslu fjárlaga og fara yfir þá starfsmenn, sem þannig hafa verið ráðnir óheimilli ráðningu, og leyfa þá sem voru taldir alveg óhjákvæmilegir, en skera hina niður. Það er ekki því að neita að talsverður fjöldi af þessum mönnum, sem voru þannig á skrá, var á sviði lögreglu og dómsmála, og sem betur fór fundu þeir nokkuð margir náð fyrir augum fjvn., en allmargir voru líka skornir niður. Nú standa þessi embætti og dómsmálayfirvöld frammi fyrir því að framfylgja því, sem þeim ber, að láta þessa menn hætta og fá kannske alls ekki greidd laun þeirra ef þeir eiga að starfa áfram, eða þá hætta á það að láta þá starfa í þeirri von að þeim verði greidd laun áfram þar sem það er álitið alveg óhjákvæmilegt. Það er þess vegna ekki áhugaleysi, hvorki hjá dómsmrn. né einstökum embættum, að það eru þar ekki starfandi fleiri menn og svo margir menn sem þyrfti e. t. v. til þess að anna þeim störfum sem á þessar stofnanir hlaðast, heldur blátt áfram að það hefur staðið á fjárveitingavaldinu að veita nauðsynlegar fjárveitingar í þessu skyni.

Þess vegna er það, að þó að þessi till. sé góðra gjalda verð, þá leysir hún ekki vandann að því leyti til, að hún sér ekki fyrir fjárveitingum til þess að greiða fram úr þessu. Það hefði í sjálfu sér verið eðlilegra að á þessi mál hefði verið litið með því hugarfari, sem í þessari þáltill. er, þegar fjárlög voru afgreidd. Það vantar ekki að það hafi legið fyrir beiðnir frá embættum um starfsmenn og þeim beiðnum hafi verið komið á framfæri, bæði við n., sem fjallar um þetta samkv. sérstökum lögum, og eins við fjvn. En þetta má ekki og á ekki af minni hálfu að skoðast sem gagnrýni á fjvn. eða fjárveitingavaldið. Ég veit eins og aðrir hv. þm. að þar er í mörg horn að líta og það verður að velja og hafna. Og þegar menn þurfa kannske að velja á milli nauðsynlegrar og óhjákvæmilegrar heilbrigðisþjónustu og starfa hjá dómstólum, þá getur það verið erfitt og vandasamt val. Og ég get ekki láð neinum þótt hann verði veikur fyrir því að sinna þörfum nauðsynlegrar heilbrigðisþjónustu eða uppeldismála. En hitt verð ég að leggja áherslu á, að þó að áhugi sé á þeim málum, mikill og góðra gjalda verður, þá má hann ekki verða til þess að hann bitni á dómstólum og starfsemi dómstólanna, því að hún er nauðsynleg. Og það er auðvitað nauðsynlegt að halda uppi löggæslu, því játa allir. Og það er nauðsynlegt að láta dóma ganga yfir þá sem sekir eru, — jafnnauðsynlegt og enn þá nauðsynlegra þó að þeir, sem fyrir sökum eru hafðir, en ekki reynast sekir, verði sýknaðir. En til þess að kanna þetta þarf rannsókn og starfslið.

Ég held að enn þá raunhæfari úrlausn í þessum efnum, sem hér er um að ræða, sé samþykkt frv. um rannsóknarlögreglu ríkisins sem ég hef lagt fram hér fyrir alllöngu og hlaut, þegar ég lagði það fram, mjög góðar undirtekir, ég vil segja óvenjulegar undirtekir. En það er nú búið að vera alllengi í n. og því miður er ekki nál. komið enn. Þó minnir mig að hv. flm. eigi sæti í þeirri n., og nú vil ég biðja hann að beita sínum áhrifum ásamt öðrum góðum mönnum í þessari n. til þess að það komi fram álit um þetta frv. Ég held að það væri tæpast talinn vottur um mikinn áhuga Alþ. á þessum málum ef það lætur ekki einu sinni frá sér fara nál. um mál sem þetta. Þá held ég að allt tal um þessi mál verði túlkað svo að það komi ekki frá hjartanu, heldur einhvers staðar annars staðar frá. (**Gripið fram í:**

Það þarf að boða fund í n.) Já, ég held, að nm. hljóti að geta krafist þess að það sé boðaður fundur.

En hvað um það, það er nú kannske ekki alls kostar rétt sem kom fram hjá hv. flm. Sighvati Björgvinssyni, að það frv. mætti rekja til þess umtals um dómsmál sem hér hefur farið fram í vetur, vegna þess að það er samið af n. sem ég skipaði 1972 og það er ekki hægt að segja að þá hafi verið vaknaðar þær miklu umr. um dómsmál sem staðið hafa í vetur. Hitt er annað mál, að það hafa alltaf öðru hvoru farið fram umr. um dómsmál hér á landi og ekki hafa þau alltaf verið gagnrýnislaus. Auk þess átti þetta sér þó enn lengri forsögu, því að till. í þessa átt höfðu komið fram áður og í fyrsta skipti eitthvað í kringum 1950 þegar fyrst var lagt fram frv. um meðferð opinberra mála.

Ég hef enn fremur lagt fram mál og fengið reyndar samþykkt, að ég ætla, um hækkun sekta sem lögreglustjórar og lögreglumenn mega beita. Ég vona að það verði til þess að létta nokkru starfi af dómstólum.

Það er ekki aðeins það að vanti löglærða fulltrúa og bókhaldsfróða menn að embættum, heldur getur annað starfslið verið þar af skornum skammti og þess vegna geta hlutir komið fyrir eins og þeir að það dragist afgreiðsla skjala og dómsgerða. Ég fól s. l. sumar hagræðingarráðunaut, held ég að séu kallaðir, að gera úttekt á tilteknum embættum og gera till. um hvernig mætti koma við bættum vinnubrögðum í sambandi við þetta, og ég vænti að skýrsla um þetta efni muni berast mér innan skamms. Ég mun á næstunni leggja fram frv. um skipan dómsmála á héraðsdómsstiginu, þar sem gert er ráð fyrir að bætt verði við nýju dómsstigi. Það mun ekki fá afgreiðslu á þessu þingi, enda eðlilegt að það taki lengri tíma og þurfi meiri athugunar við. Hins vegar væri mjög æskilegt að fá frv. um rannsóknarlögreglu afgreitt á þessu þingi. Þá mun ég enn fremur á næstunni leggja fram frv. varðandi skipun í dómaraembætti þar sem reynt verður að mæta þeirri gagnrýni sem komið hefur fram í sambandi við það og er nú ekki ný af nálinni, en ætti jafnframt líka að geta létt nokkuð starf veitingarvalds.

Það er alveg rétt, sem hv. flm. sagði, að það stendur oft fyrir framgangi rannsóknar opinberra mála, sakamála, ef menn vilja kalla þau það, að ekki eru fyrir hendi löggiltir endurskoðendur. Það má vel vera að það sé laukrétt, sem hann sagði, að það séu engir löggiltir endurskoðendur lengur við skattrannsóknarstjóraembættið. Ég hef ekkert með skattrannsóknir og skattrannsóknarembættið að gera, heldur heyrir það undir fjmrn. En ef þetta er nú svo, þá býst ég við að orsakanna megi leita í því að löggiltir endurskoðendur telji sig ekki ofhaldna af þeim launum sem fastlaunuðum ríkisstarfsmönnum eru ætluð. Þess vegna gæti jafnvel, þó að sú heimild fáist nú sem gert er ráð fyrir í frv. um rannsóknarlögreglu ríkisins til þess að ráða löggilta endurskoðendur eða bókhaldsfróða menn, þá verði erfitt að fá menn til þess að fastráða sig þannig. Menn vilja heldur reka sjálfstæða starfsemi.

Ég bað þann mann, yfirsakadómarann í Reykjavík, sem er þessum málum kunnugastur, meðferð opinberra mála, að taka saman fyrir mig nokkurt yfirlit um málin, en langsamlega flest þeirra mála, sem hér er um að ræða, eru við hans embætti. Og ég ætla að leyfa mér að lesa upp þessa stuttu grg. frá honum, því að ég held að hún sé til fróðleiks fyrir menn og þeir geti betur áttað sig eftir en áður, hvernig þessum málum er fyrir komið. Og þó að menn geti ekki áttað sig á því við stuttan upplestur hjá mér, þá kemst þessi grg. þó með þeim hætti inn í þingtíðindin og þar geta menn kynnt sér hana. Þessi grg. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

Hér á eftir er miðað við opinber mál í víðtækari merkingu, þ. e. við allar opinberar aðgerðir í sambandi við refsimál frá því brot kemur til vitundar yfirvalda þar til máli hefur verið endanlega lokið með refsingu eða öðrum viðurlögum fullnægt. Þessum ferli má skipta í þessa þætti:

1. Rannsóknarstig, sem nær frá því að rannsóknaryfirvöld fá rannsókn út af ætluðu broti til meðferðar þar til rannsókn er lokið og hún afgreidd til ríkissaksóknara.
2. Sá tími er mál er til afgreiðslu hjá ríkissaksóknara.
3. Málsmeðferð í héraði. Það er tíminn frá því að ákæra er send sakadómi þar til dómur er upp kveðinn. Hér við bætist einnig sá tími er líður frá dómsuppsögn þar til dómsgerðir eru sendar frá dóminum til saksóknara.
4. Málsmeðferð í Hæstarétti ef því er að skipta.
5. Fullnustustig.

Um 1, rannsóknarstigið: Flest mál eru fyrst rannsökuð af rannsóknarlögreglu. Bókhald rannsóknarlögreglu sýnir hvenær hvert atriði kemur til meðferðar hjá henni og hvenær málið er afgreitt baðan. Mætti þannig rannsaka og gera yfirlit yfir hve langan tíma rannsókn tekur að meðaltali, þ. á m. mætti flokka málin niður í málaflokka og kanna hvern flokk um sig. En slík könnun hefur ekki verið gerð og mundi kosta afar mikla vinnu. Það er afar misjafnt hve langan tíma rannsókn tekur. Smámál eru yfirleitt afgreidd fljótt. Þó getur út af því brugðið, einkum þar sem erfitt getur verið að ná til sakborninga eða annarra. Þegar álag er mikið getur það hæglega leitt til þess að rannsókn lítilvægra sakarefna mæti afgangi, jafnvel lognist út af með öllu. Yfirmenn rannsóknarlögreglu telja að mjög hafi á það skort undanfarin ár að stofnunin hafi haft tíma til þess að sinna öllum sakarefnum sem skyldi. Því verður víst ekki neitað með rökum að mikill fjöldi rannsókna hefur ekki verið rekinn með þeim hraða sem æskilegt væri. Sum málefni fara strax í upphafi til dómenda, dómara eða fulltrúa, en ekki til rannsóknarlögreglu. Þeim má skipta þannig lauslega:

a. Kærur fyrir smávægileg brot, einkum frá lögreglu, ölvun á almannafæri, umferðarbrot o. fl. Þessi mál eru afgreidd með sátt og oft tiltölulega fljótt. Dráttur verður helst þegar illa gengur að ná til sökunauts, en það er að vísu allalgengt. Sakadómur hefur gefist upp á að afgreiða sum af þessum málum, þ. e. kærur út af stöðumælabrotum og kærur fyrir ólöglega stöðu bifreiða, og fyrnist af þeim sökum fjöldi smámála.

Telja verður að afgreiðsla annarra mála í þessum flokki gangi sæmilega og án óhæfilegs dráttar.

b. Venja hefur verið að rannsókn út af ölvun við akstur hefur farið fram fyrir dómi, en rannsóknarlögreglumenn hafa nú, eftir að rannsókn umferðarslysa fluttist til lögreglunnar, tekið að nokkru við þessum rannsóknum einnig. Rannsóknir þessar ganga yfirleitt án óþarfatafar þegar litið er á heildina. -- Ég skýt því hér inn í að án lagaheimildar, en með samkomulagi hafa rannsóknarmenn, tveir að ég ætla, nú verið fluttir til lögreglustjóraembættisins í Reykjavík til þess að fást við þessi mál þar og til þess að reyna með þeim hætti að koma í veg fyrir tvíverknað í þessum efnum. En í frv. um rannsóknarlögreglu er gert ráð fyrir þessu, og ef það verður að lögum fær það staðfestingu.

c. Ýmis sérstök sakarefni fara til rannsóknar beint til dómara. Sem dæmi má nefna rannsóknir út af kærum frá rannsóknardeild ríkisskattstjóra. Þar er yfirleitt um það að ræða að þær eru sendar beint til dómara, en ekki til ríkissaksóknara, þar sem rannsóknardeildin hefur raunar sjálf séð um frumrannsókn. Hér koma einnig til ýmsar rannsóknir út af viðskiptabrotum. Sum þessara mála geta verið afar yfirgripsmikil og nauðsyn reynst á bókhaldsrannsókn eða annarri sérfræðilegri rannsókn. Er það alkunnugt að slíkar rannsóknir er mjög erfitt að fá unnar fljótt, og kemur hvort tveggja til, að erfitt er að fá menn til þeirra nema einhverja sem að miklu leyti eru bundnir við önnur störf, og hitt, að rannsóknirnar eru í eðli sínu seinunnar, jafnvel þótt þeim sé sinnt af fullum krafti. Rannsóknir þær, sem þannig fara beint til rannsóknar fyrir dómi, taka oft verulegan tíma dómendanna. Nefna má nokkur nýleg dæmi. Alþýðubankamálið svonefnda kom til rannsóknar um jólaleytið, hefur tekið mikinn hluta starfstíma eins dómarans tvo fyrstu mánuði ársins, og önnur mál, sem honum hafa verið falin, hafa beðið á meðan. Ármannsfellsmál, sem kom til meðferðar í haust, tók umtalsverðan tíma eins fulltrúa. Einn dómarinn annaðist á s. l. ári mjög langvinna rannsókn út af gjaldþroti Vátryggingafélagsins. Allar þessar rannsóknir tel ég hafa verið reknar með óaðfinnanlegum hraða.

Um 2. stigið. Þegar talað er um drátt á dómsmálum verður að hafa það í huga að oft líður verulegur og stundum langur tími frá því að rannsókn er send ríkissaksóknara og þar til hann tekur ákvörðun um málshöfðun og er þessi hluti dráttarins á málinu auðvitað sakadómi óviðkomandi. Sennilega stafar þessi dráttur einkum af ónógum starfskröftum hjá ríkissaksóknara.

Um 3. stigið. Málsmeðferð fyrir sakadómi tekur oftast ekki langan tíma. Almenna reglan er sú, að þegar dómari hefur fengið mál í hendur tekur hann málið fyrir mjög fljótlega. Ef sakborningur mætir og sakarefni er ekki flókið kemur dómur yfirleitt strax eða mjög fljótlega. Hins vegar geta mál dregist vegna þess að sakborningur mætir ekki og ekki eru skilyrði til að dæma málið að honum fjarstöddum. Getur þessi dráttur oft orðið ærinn, enda starfskraftar við boðun ónógir. Og stundum getur mál fyrnst, svo sem ef sakborningur hverfur úr landi og kemur ekki aftur og hann fæst ekki framseldur. Ég skýt því hér inn að í sumum tilfellum eru samningar um framsal á milli landa. Slíkt er þó afar sjaldgæft.

Sum mál eru af ýmsum ástæðum flókin þannig að meðferð þeirra tekur langan tíma. Ég hef látið taka saman yfirlit yfir dóma þá sem dæmdir voru 1975 í Sakadómi Reykjavíkur, þar sem fram kemur hve gamlar ákærur þær voru sem um var dæmt. Yfirlit þetta er á þessa leið: Einn mánuður eða skemmri tími 463 mál. Einn til þrír mánuðir 248 mál. 3—6 mánuðir 101 mál. 6—12 mánuðir 59 mál. 1—2 ár 2 mál og yfir 2 ár 6 mál. Samtals 873 mál.

Um síðustu áramót voru við Sakadóm Reykjavíkur ódæmdar alls 177 ákærur, og skiptust þær þannig eftir árum: Útgefnar 1970 1, 1971 3, 1972 10, 1973 12, 1974 23 og 1975 128. Þótt sjálfsagt megi finna að drætti á dómsmeðferð ýmissa mála, hygg ég að dráttur á þessum þætti mála stafi oftast af óviðráðanlegum ástæðum. Því miður gengur afgreiðsla dómsgerða ekki nógu greiðlega. Úr þessu ætti að mega bæta með betri skipulagningu en er og e. t. v. einhverri styrkingu starfskrafta.

Um 4. stigið. Áfrýjun dóma í opinberum málum er tiltölulega sjaldgæf, en hún tekur að sjálfsögðu töluverðan tíma. Mér virðist þó opinber mál hafa forgangshraða hjá Hæstarétti. — Það er nú e. t. v. ástæða til þess að undirstrika þetta hér, af því að það er e. t. v. ekki í samræmi við það sem menn halda. Langmestur tími Hæstaréttar fer í að dæma einkamál. En opinberu málin, sem koma til Hæstaréttar, eru miklu, miklu sjaldgæfari.

Um 5. stigið. Fullnusta refsidóma hefur ekki gengið nógu greitt. Reynt hefur verið að bæta úr og nokkuð miðað fram á leið síðustu missiri. Hér skiptir mestu máli að styrkja boðunardeild dómsins. Á árangri hennar veltur allt að þessu leyti. Benda verður á að dómum hefur fjölgað mjög síðustu ár og voru þeir yfir 900 á s. l. ári.

Ég hef viljað lesa þessa, að mér finnst, greinargóðu skýrslu frá yfirsakadómara af því að hún skýrir alveg hlutlaust frá gangi þessara mála við þetta embætti þar sem málafjöldann er langsamlega mestur. Og ég held að mér sé óhætt að segja það, að við sakadómaraembættið í Reykjavík sé gengið mjög vel fram í því að fullnægja dómum sé þess nokkur kostur. Auðvitað getur stundum verið álitamál hve langt á að ganga í því. Ef fullnustan hefur t. d. dregist mjög lengi og maðurinn ekkert brotið af sér í millitíð, þá getur það stundum verið hart aðgöngu að fara að grípa hann og setja hann inn eftir nokkur ár. En það er áreiðanlegt að þeir hjá sakadómi, sem hafa með þessi mál að gera, láta ekki sitt eftir liggja í þessu efni.

Í grg. með þessari þáltill. er vikið að þremur málum alveg sérstaklega, og mér finnst rétt að ég reki gang þeirra.

Það er í fyrsta lagi hið svokallaða Jörgensensmál. Það má segja um þá málsmeðferð að hún er eiginlega ein sorgarsaga. Það er 22. des. 1966 sem mál hefst með því að bréf berst frá Seðlabanka til sakadóms um ætlað gjaldeyrisbrot. Í jan. 1967 fara svo fram fyrstu þinghöld í því máli. 13. febr. 1967 er svo endurskoðanda, Ragnari Ólafssyni, sent málið til bókhaldskönnunar

um gjaldeyrisskil. 21. nóv. 1967: Skiptaréttur sendir sakadómi bréf um gjaldþrot Friðriks Jörgensens. 10. des. 1967: Endurskoðandi skilar skýrslu um gjaldeyrisskil. 23. febr. 1968: Endurskoðanda falin bókhaldsrannsókn um gjaldþrotið. 27. ágúst 1968: Endurskoðandi skilar skýrslu um rannsókn á gjaldþrotinu. 1968—1969: Dómsrannsókn, fyrst um gjaldeyriskæruna, síðan um gjaldþrotið. 9. maí 1969 sendir sakadómur saksóknara rannsókn um gjaldeyrisþáttinn og 23. des. 1969 um gjaldþrot Friðriks Jörgensens. 21. okt. 1970: Saksóknari biður um frekari rannsókn. 3. mars 1971: Sakadómur sendir saksóknara endurrit af þeirri rannsókn. 15. mars 1971 er svo fyrst gefin út ákæra. 18. mars 1971 er málið þingfest, síðan tekið aftur eftir nokkurn tíma fyrir. 22. febr. 1972: Saksóknari tilkynnir sakadómi að fallið sé frá 2. kafla ákærunnar um gjaldeyrisbrot. Í sept. 1972 gerist það svo að dómari sá, sem með málið hafði farið, lét af störfum. Í apríl 1973 er Halldóri Þorbjörnssyni falið að fara með málið sem dómkvöddum manni, málið áfram hjá verjanda og sækjanda. Verjandi var frá vinnu vegna veikinda fyrstu mánuði ársins 1973 og aftur frá því sumarið 1974 og lést hann í des. 1974. 10. jan. 1975: Friðrik Jörgensen bent á að tilnefna nýjan verjanda. 13. mars 1975: Verjandi skipaður Skúli Pálsson hæstarréttarlögmaður. Haustið 1975: Ríkissaksóknari felur Hallvarði Einvarðssyni sókn í málinu. Og hér við er þessu bætt: „Búast má við, að málflytjendur þurfi enn nokkurn tíma til þess að undirbúa flutning málsins.“ Ég vona að það hafi ekki verið ofmælt sem ég sagði, að saga þessa máls er alveg einstök sorgarsaga í dómsmálameðferð og ég held alveg einstök.

Klúbbmálið svokallað er annað málið sem minnst er á. Það hófst 12. okt. 1972 með bréfi rannsóknardeildar ríkisskattstjóra til sakadóms. 10. maí 1973: Rannsóknardeildin sendir saksóknara skýrslu um bókhald, rekstur og skattframtöl Klúbbsins og Glaumbæjar, en þessir þættir höfðu verið í rannsókn hjá skattrannsóknardeildinni. 3. ágúst 1973: Sakadómur sendir saksóknara endurrit dómsrannsóknar. En það er svo ekki fyrr en 4. des. 1974 — eða talsvert á annað ár sem líður, — þegar svo ríkissaksóknari biður sakadóm um frekari rannsókn. 31. okt. 1975: Sakadómur sendir ríkissaksóknara endurrit af þeirri rannsókn. Og 27. febr. 1976 er svo ákæra fyrst gefin út.

Ég held, að þessi tvö mál sýni hve það er nauðsynlegt að ríkissaksóknari fylgist með rannsókn máls, þannig að það þurfi ekki að koma til þess að hann þurfi að æskja framhaldsrannsóknar, eins og átt hefur sér stað í þessum báðum málum. Ég hef ekki fengið neina skýringu á því hvers vegna málið dróst svona lengi hjá saksóknara, eða frá því í ágúst 1973 til 4. des. 1974, þegar svo var óskað eftir framhaldsrannsókn.

Þriðja málið sem minnst er á, er gjaldþrot Vátryggingafélagsins. Saga þess er á þessa lund: 10. nóv. 1971: Skiptaréttur tilkynnir sakadómi gjaldþrotið. 9. febr. 1972: Málið sent endurskoðanda, Ragnari Ólafssyni, til rannsóknar. 24. apríl 1974: Skýrsla endurskoðanda, dags. — sem sýnir einmitt hvað endurskoðun getur oft tekið langan tíma í þessum málum, — sept. 1974 til des. 1975, dómsrannsókn fór fram á þessu tímabili. Og 19. des. 1975: dómsrannsóknin send ríkissaksóknara.

Ég bið hv. þdm. að afsaka hversu langur tími hefur farið í að lesa upp sögu þessara mála, en mér þótti rétt að rekja þar alveg staðreyndir, þannig að menn vissu hvernig þau hafa gengið. Og eins og ég sagði áðan, því vil ég bæta við að það er einmitt nauðsynlegt að auka starfskrafta hjá ríkissaksóknara að mínum dómi til þess að hann geti fylgt málunum eftir, fylgst með þeim á rannsóknarstiginu og það þurfi ekki að koma til þess eftir langan yfirlestur hjá honum, þegar hann hefur fengið skjölin til meðferðar, að þá og þá fyrst telji hann að einhver atriði þurfi að rannsaka betur. Það er mikið álag á ríkissaksóknara og þeim mönnum sem þar vinna, og ég held, eins og ég sagði, að það þurfi að auka starfskrafta þar. Og þetta bréf, sem minnst var nú á frá ríkissaksóknara, er alls ekki týnt. Það er á vísum stað. Verður sjálfsagt reynt að vinna að því að bætt verði við fulltrúa hjá saksóknara. Enn fremur held ég að það þurfi mjög að taka til athugunar að breyta þeirri skipan sem nú gildir um saksóknara. Ég held að það sé alger óþarfi og tímaeyðsla að vera að láta öll þau mörgu smámál til hans fara sem þangað eru send nú, eins og t. d. nokkuð augljós, alvarleg brot. Það er ekki nema til að tefja tíma. Og ég held að það þurfi að taka það til skoðunar hvort ekki beri að veita dómara eins og áður heimild til þess að höfða mál án þess að ákæra komi frá ríkissaksóknara. Það er að sjálfsögðu skiljanlegt og til þess tilhneiging hjá dómurum, jafnvel þótt þeir hafi sjálfir heimild stundum til að höfða mál, þá vilja þeir leita til ríkissaksóknara og fá hans fyrirmæli. En með þessum vinnubrögðum held ég, þó að ég sé ekki persónulega kunnugur á þessum stöðvum, að það fari of mikill tími í of lítið og að það þurfi að búa svo um að ríkissaksóknaraembættið geti fyrst og fremst átt við hin meiri háttar mál, og það held ég að hafi verið hugsunin. Skipulagið, sem áður var, var þetta, að dómari höfðaði málið í mörgum tilfellum, en dómsmrn. fór svo með ákæruvald líka, en það var yfirleitt þá bundið við meiri háttar mál.

Ólafur B. Óskarsson: Herra forseti. Það kann nú að virðast í nokkuð mikið ráðist af mér, sem ekki telst til löglærðra manna, að fara að ræða hér um þáltill. sem hnígur að dómsmálum, enda mun ég ekki hætta mér út í umr. sem lýtur beinlínis að lagalegri eða tæknilegri hlið þessara mála, heldur hlýt ég sem almennur borgari að lýsa stuðningi við hverja viðleitni til þess að bæta úr því ófremdarástandi sem ríkir í þessum málum.

Hæstv. dómsmrh. sagði áðan að það hefði verið réttara að þessi till. hefði komið fram áður en fjárlög fyrir síðasta ár voru gerð. En góðra gjalda verða álít ég hana nú samt, og hún ætti þá að koma til athugunar við gerð næstu fjárlaga. Frá sjónarhóli hins almenna borgara hlýtur það að vera hreint vandræðamál hversu rannsóknir, sérstaklega ýmissa fjársvikamála, dragast á langinn, og það velta því margir fyrir sér

hvort sé ekki hreinlega gróðafyrirtæki fyrir þá menn, sem leiðast út í þetta, að tefja og draga rannsókn mála á langinn sem allra lengst, árum og jafnvel áratugum saman. Mér er að vísu ekki alveg kunnugt hvernig beitt er sektarákvæðum og greiðslum á þeim þegar dómur gengur að lokum og ef um sakfellingu er að ræða. En ég hef dálítinn grun um, og það verður þá leiðrétt ef það er ekki rétt, að það sé þá miðað við þær upphæðir sem voru á sínum tíma dregnar undan skatti t. d. Ef menn eru sakfelldir eftir kannske 10 ár eða meira, þá verður það í reynd ekki nema lítill hluti af raunverulegu verðmæti sem til baka er greitt. Og til viðbótar hygg ég að svo sé um sektarákvæði, að þau hafi ætlð tilhneigingu til að vera nokkuð á eftir raunverulegu verðlagi og verðgildi. Þannig er ég hræddur um að menn geti raunverulega, ef þeir komast vel upp á lag með það, stundað þetta sem atvinnuveg heldur áhættulítið. Og síðan, þegar þeir komast upp á að spila á kerfið, þá liggur við, að þarna sé um lögverndaða atvinnugrein að ræða, kannske þá einu sem engin hætta er á að verði gert verkfall í.

Sama er að segja um ýmsa hina svokölluðu síbrotamenn. Þetta eru sömu mennirnir æ ofan í æ. Þegar við lesum frásagnir blaða af innbrotum og ofbeldisverkum, þá er þess gjarnan getið að þarna sé um gamla kunningja lögreglunnar að ræða, eins og það er gjarnan orðað. Þetta er einfaldlega fyrir það að þessir menn eru ekki teknir úr umferð. Þeir stela verðmætum og eyðileggja fyrir enn þá meira, og fólk er í raun og veru algerlega varnarlaust fyrir þessu, því að ekkert er af þessum mönnum að hafa til að bæta það tjón sem þeir valda. Og þó að þeir séu eitthvað dæmdir, þá er framkvæmd dóma nokkuð ábótavant. Þeir eru dæmdir fyrst skilorðsbundið, svo er þeim sleppt út eftir hluta af refsingu og annað eftir því og byrja jafnharðan aftur. Með þessu móti liggur við að manni finnist að lögreglan sé í hlutverki einhvers konar kjararannsóknarnefndar, en ekki til að framfylgja réttvísi.

Hæstv. dómsmrh. nefndi það hér áðan, að áfengisneysla og fíkniefnaneysla ætti þátt í mörgum og kannske meiri hluta afbrota, og ég efast ekki um að þetta sé rétt. Hins vegar er það í sjálfu sér engin afsökun, þó að það sé nú kannske í hugum fólks, að það sé svolítið umburðarlyndara ef sannast að hann hafi verið fullur, greyið, sem þetta og þetta gerði. En þá hljóta menn samt sem áður að standa ábyrgir gerða sinna, hvort sem þeir eru undir áhrifum áfengis, lyfja eða hvers annars.

Þetta eru atriði sem vægast sagt líta ekki vel út frá sjónarhóli hins almenna borgara. Og menn spyrja, þegar hópur manna getur stundað þetta tiltölulega áhættulítið ár eftir ár: ja, til hvers eru þá lögin? — Ég álít, að ef þetta gengur svo til, þá sé verulega vegið að okkar lýðræðisskipulagi. Það er réttilega tekið fram í lögum að enginn megi taka lögin í sínar hendur, t. d. gagnvart afbrotamönnum, og það er sjálfsagt og eðlilegt. En fólk á að sjálfsögðu kröfu á því að þjóðfélagið verndi hinn almenna borgara fyrir þessum mönnum. Það verður hreinlega að sjá um það að fólki sé bætt eða þoli ekki bótalaust það tjón sem það verður fyrir: fjárhagstjón, líkamsmeiðsl og örkuml jafnvel auk annars verra, og þegar þessar takmarkanir eru settar sem sjálfsagðar eru, þá verður þjóðfélagið að veita borgurum alla eðlilega vernd.

Ég geri mér það fyllilega ljóst að það er vandasamt verk að ráða bót á þessum málum. Þar er engin auðveld lausn til. En þar verður að leita samt sem áður allra tiltækra ráða og ekki spara til þess fé né fyrirhöfn.

Ég vil beina því til hv. alþm., sem hafa það hlutverk að setja lög í okkar þjóðfélagi, að það er gagnslaust að setja lög ef þeim er ekki framfylgt. Það skyldu menn hafa í huga, að það er tiltölulega auðvelt að semja og samþykkja lög, en það getur stundum verið verra að framfylgja þeim, og ef þeim er ekki framfylgt, þá eru þau gagnslaus og jafnvel verra en gagnslaus.

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja mál mitt um þetta, en ég skora á hv. alþm. að taka þessi mál föstum tökum og leita allra þeirra úrbóta sem hugsanlegar eru.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég tel nauðsynlegt að bæta örstuttri aths. við þær umr. sem farið hafa fram um þessa þáltill.

Ég fagna mjög jákvæðum undirtektum hæstv. dómsmrh. undir þá stefnu, sem í till. felst, og afdráttarlausri viðurkenningu hans á nauðsyn þess að úrbóta sé leitað varðandi rannsókn sakamála: það efni sem þessi till. fjallar um.

Vegna þess að hann nefndi hið merka frv. sitt um rannsóknarlögreglu ríkisins, þá get ég lýst því yfir að þingflokkur Alþfl. er reiðubúinn til að styðja það ágæta mál og stuðla að því að það nái fram að ganga þegar á þessu þingi því að það horfir tvímælalaust til mikilla bóta. Jafnframt fagna ég mjög ræðu hv. síðasta ræðumanns sem tók skynsamlega og jákvæða afstöðu til efnis þess máls sem hér er um að ræða.

En þótt hæstv. dómsmrh. tæki jákvætt undir tilgang þeirrar till. sem hér er um að ræða, þá gat ég ekki heyrt að hann mælti með samþykkt till. Hafi ég skilið það rétt að svo hafi ekki verið, þá voru röksemdir, sem hann færði fram, að sjálfsögðu þær að gildandi fjárlög gerðu ekki ráð fyrir heimild til ráðningar þeirra manna sem hér væri talað um nauðsyn þess að ráða, þ. e. a. s. lögfræðinga, rannsóknarlögreglumanna og bókhaldsfróðra manna við þau dómaraembætti sem hafa með höndum rannsókn umfangsmikilla sakamála. Það skortir m. ö. o. heimild í fjárl. til ráðningar þessara viðbótarstarfskrafta. Að þessu máli lýtur sú aths. sem ég tel nauðsynlegt að gera um form málsins. Eðli málsins ræði ég ekki frekar, því hafa þegar verið gerð svo glögg skil í þeim umr. sem fram hafa farið að þar þarf engu orði við að bæta.

Varðandi þessa formshlið málsins vil ég láta þess getið að ég lít svo á, og það hygg ég að menn hljóti að verða að gera, að ef Alþ. skorar á ríkisstj. að gera ráðstafanir til þess að ráðnir verði nýir starfsmenn við embætti, þá felist í slíkri ráðstöfun heimild til ríkisstj. til þess að ráða slíka menn, — heimild sem síðan yrði að sjálfsögðu staðfest í fjáraukalögum. Það er öllum hv. þm. og raunar öllum, sem til stjórnarfarsmálefna þekkja, ljóst að fjárlögum er aldrei

í einu og öllu framfylgt. Það hefur svo að segja undantekningarlaust verið svo á undanförnum áratugum að ríkisreikningur hefur farið fram úr fjárlögum og þær umframgreiðslur síðan verið staðfestar í fjáraukalögum. Og það er einmitt það sem ég tel hér vera að gerast og liggja að baki slíkum tillöguflutningi sem þessum, að með því að skora á ríkisstj. að ráða nýja starfsmenn sé Alþ. að heimila ríkisstj. að ráða nýja starfsmenn og sú heimild verði síðan að sjálfsögðu staðfest í fjáraukalögum. En ef heimildin verður notuð, — sem ríkisstj. gerði að sjálfsögðu mér dettur ekki annað í hug, ef Alþ. samþykkti slíka ályktun, — þá mundi hún nota heimildina til þess að verða við óskum hlutaðeigandi dómaraembætta um fjölgun starfsmanna og kostnaður við það mundi síðan verða staðfestur í næstu fjáraukalögum. Það er líka rétt hjá hæstv. dómsmrh., að eins og gildandi lög eru yrði fjölgun slíkra starfsmanna að fara fyrir svonefnda bremsunefnd, hún gæti stöðvað ráðningu þeirra, hefur til þess lagaheimild. En það hvarflar ekki að mér að bremsunefnd mundi ganga gegn yfirlýstum vilja Alþingis. Ef Alþ. hefði lýst því yfir, hefði skorað á ríkisstj. að heimila dómaraembættum að ráða vissa starfsmenn og hann lýsir yfir þeirri skoðun sinni að slík ráðning sé nauðsynleg, þá hvarflar ekki að mér eitt andartak að bremsunefnd mundi hafna slíkum tilmælum. Bremsunefnd mundi auðvitað fara að vilja Alþ. og samþykkja þau og þar með væri formshlið málsins leyst.

Ég vildi láta þetta koma fram og biðja hv. allshn., sem væntanlega fær málið til athugunar, að hafa þetta í huga við afgreiðslu málsins, að þetta formsatriði þarf engan veginn að verða því til fyrirstöðu að þær umbætur, sem allir, flm. till., hæstv. dómsmrh. og hv. síðasti ræðumaður eru sammála um, nái fram að ganga.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 21 shlj. atkv. og umr. frestað.

Efri deild, 92. fundur.

Fimmtudaginn 29. apríl, kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Tilefni þess, að ég hef farið fram á það að fá leyfi til að segja hér nokkur orð utan dagskrár, er fregn, sem birtist í dagblaðinu Tímanum miðvikudaginn 28. apríl, en þar er skýrt svo frá, að Samband ísl. samvinnufélaga hafi keypt hlut í sælgætissamsteypu norrænu samvinnusambandanna. Mun þar vera að ræða um, eftir því sem stendur í þessari fregn, nálægt 1% af hlutafé umrædds fyrirtækis. Þetta er geysilega stórt og mikið iðnfyrirtæki á sínu sviði.

Ég verð að segja það, að ég hef alltaf verið málsvari þess og oft bent á það bæði í ræðu og riti að við þyrftum að líðka til um ákvæði þau er snerta gjaldeyrisskipti við útlendinga og sérstaklega að því er snertir vegferð fjármagns að og frá landinu. Þessi fregn var mér því mjög til ánægju, að þarna hefur íslensku fyrirtæki verið gefinn kostur á að taka þátt í fjárfestingu í erlendu iðnfyrirtæki, sem ég efast ekki um að megi bera góðan árangur. Ég vil þó í þessu sambandi geta þess, að ég er ekki alls kostar ánægður með það val sem aðilar hafa gert um þá grein iðnaðar sem þeir hafa gerst aðilar að, sem er sælgætisverksmiðja, ekki síst með tilliti til þess að það kom fram í einhverju dagblaðanna að ekki væri útilokað að hér á landi yrði sett á stofn útibú frá umræddri sælgætissamsteypu. Ég hygg einmitt að sælgætisiðnaður okkar hafi sýnt merkilega góðan og mikilvægan árangur í sinni starfsgrein. En nú er einmitt þannig ástatt hjá þeim iðnaði, að eftir um árabil eða réttara sagt frá því að við gengum í EFTA að hefur hann átt í sívaxandi samkeppni við erlenda aðila. Ég er ekki alveg öruggur um að þarna hafi verið valið hagkvæmasta verkefnið.

En hvað um það, það er þessi stefna að leyfa okkur að vera þátttakendur í erlendum atvinnurekstri sem ég vil lýsa ánægju minni yfir. Og þá kem ég að aðalefninu, sem er það að ég vil leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. viðskrh. hvort þessa ákvörðun hlutaðeigandi gjaldeyrisyfirvalda um að gefa þarna leyfi til fjárfestingar í erlendu fyrirtæki, allverulega upphæð á íslenskum mælikvarða, beri að skoða sem einhverja stefnubreytingu hjá yfirstjórn gjaldeyrismála á Íslandi, þannig að nú sé búið að taka ákvörðun um að slaka nokkuð til á þeim reglum sem gilt hafa um möguleika fyrirtækja og einstaklinga til þess að fjárfesta í erlendum fyrirtækjum og/eða taka upp nánara samstarf við erlenda aðila og þá gjarnan með erlendu lánsfé sem hlutaðeigendur gætu útvegað sér til slíkra framkvæmda. Ég er ekki í nokkrum vafa um að ef þetta er stefnumarkandi ákvörðun, þá er hér um að ræða mjög mikilvæga lyftistöng fyrir allt frjálst athafnalíf í þessu landi.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Út af fyrirspurn hv. 2. þm. Norðurl. e. vil ég taka eftirfarandi fram:

Gjaldeyrisyfirvöld samþykktu heimild fyrir Samband ísl. samvinnufélaga til þess að kaupa 1% af hlutafé í Nord-Chocolate, eða í súkkulaðiverksmiðju samvinnusambandanna á Norðurlöndum. Þessi samþykkt var gerð á grundvelli bréfs Sambandsins, dags. 3. mars 1976. Engin gjaldeyrisyfirfærsla átti sér stað í sambandi við þessi viðskipti, því heimilað var að andvirði bréfanna mætti greiðast af innstæðu Sambandsins hjá Nordisk Andelexport og Nordisk Andelsforbund. Í bréfi Sambandsins frá 3. mars til gjaldeyrisdeilda bankanna er gerð eftirfarandi grein fyrir þessum viðskiptum, og vil ég leyfa mér að lesa það upp, með leyfi hæstv. forseta, en bréfið er dags. 3. mars 1976 og er svo hljóðandi:

„Síðan 1948 hefur Sambandið tekið þátt í samstarfi innan NAF — Samvinnusambands Norðurlanda — og síðar í NAE — Útflutnings-

samvinnusambandi Norðurlanda — eftir að það var stofnað árið 1954. Innan þessara félagssamtaka eru samvinnusamböndin á öllum Norðurlöndum. Á síðari árum hefur innan NAF — Nordisk Andels Forbund — verið mikið rætt um samnorrænan iðnað á vegum samvinnufélaganna. Nokkur samnorræn iðnfyrirtæki eru nú starfandi á Norðurlöndum. Samband ísl. samvinnufélaga er aðili að tveimur slíkum fyrirtækjum: Nordspray, sem hefur bækistöðvar í Finnlandi og framleiðir úðavörur, og Nordkronen, sem hefur bækistöðvar í Noregi, en fyrirtæki þetta framleiðir sápuvörur.

Af hálfu Sambands ísl. samvinnufélaga hefur verið lögð áhersla á að það gæti verið með í þessu samstarfi, og er þá haft í huga að einhvern tíma komi röðin að Íslandi að hér verði settur á stofn samnorrænn iðnaður á vegum samvinnusambandanna. Sambandinu stóð til boða á s.l. sumri að eignast 1% hlutafé Nord-Chocolate, sem er eign samvinnusambandanna á hinum Norðurlöndunum. Stjórn Sambandsins samþ. að taka þessu tilboði. Er um að ræða kaup á 27 hlutabréfum fyrir fjárhæð að upphæð sænskar kr. 40 500 eða að viðbættu stimpilgjaldi sænskar kr. samt. 40 560.75.

Vér viljum hér með fara þess á leit við gjaldeyrisdeild bankanna, að oss verði veitt leyfi til kaupa á þessum hlutabréfum og að andvirði bréfanna megi greiðast af innistæðu vorri hjá Nordisk Andelsexport, sænskar kr. 24 685, og mismunurinn, sænskar kr. 15 875.75, af innistæðu vorri hjá Nordisk Andels Forbund."

Þetta leyfi var, eins og ég sagði áðan, veitt af gjaldeyrisyfirvöldum.

Spurt var hvort hér væri um stefnubreytingu að ræða hjá ríkisstj. Þeirri spurningu verður að svara neitandi, þ.e.a.s. um stefnubreytingu varðandi fjárfestingu íslenskra aðila erlendis. Eins og kunnugt er hafa verið mjög lítil brögð að slíkum fjárfestingum, enda ekki sérstaklega eftir þeim sóst nema í örfáum tilfellum. Helstu dæmin, sem kunnugt er um við fljótlega athugun, eru fyrirtæki SH og SÍS í Bandaríkjunum, sameignarfyrirtæki SH og japansks fyrirtækis um loðnusölu til Japans. Enn fremur hefur Prjónastofa Borgarness fengið leyfi til að kaupa hlut í fyrirtæki í Skotlandi og Stáliðjan ásamt Gamla kompaníinu til að kaupa hlut í samsetningarfyrirtækinu Nord-Steel Furniture í Skotlandi.

Þar sem svo stóð á sem fram kemur í bréfi Sambandsins svo og í því, sem ég hef hér sagt, þótti eðlilegt að verða við þessari beiðni. Ég fyrir mitt leyti tel æskilegt að hér gæti í framtíðinni, eins og segir í bréfi Sambandsins, komið röðin að Íslandi, þannig að hér á landi gæti orðið sett á fót iðnfyrirtæki á vegum norrænu samvinnusambandanna. Það er að því augljóst hagræði að svo sterkur aðili standi þar á bak við, auk þess sem með því að samvinnusamböndin á Norðurlöndum standi þannig sameiginlega að fyrirtæki getur verið tryggður markaður betur en ella væri unnt að gera. Það er að sjálfsögðu svo, að það er ekki neitt sérstaklega við það bundið að það verði þessi súkkulaðiverksmiðja sem hér verður sett á fót. Hygg ég svo alls ekki vera, heldur er það hugsað til þess að áframhald gæti orðið á þessari samvinnu og Sambandið tekið þátt í þeirri iðnvæðingu eða iðnaðaruppbyggingu sem á sér stað með slíkum fyrirtækjum sem stofnuð eru á vegum samvinnusambandanna á Norðurlöndum.

En ég vil endurtaka, að það er ekki hægt að segja að þetta beri vott um neina stefnubreytingu, auk þess sem á það hefur ekki reynt, vegna þess að mér er ekki kunnugt um að það hafi verið yfirleitt uppi sérstakar óskir frá íslenskum aðilum um að fjárfesta í erlendum fyrirtækjum, a.m.k. ekki þann tíma sem ég þekki sérstaklega til.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. viðskrh. fyrir upplýsingarnar og skýr svör við fyrirspurn minni. Í svari hans felst að nú er aðila — í þessu tilfelli SÍS — gefið tækifæri til þess að nota af gjaldeyrisinnistæðum, sem hann hefur eignast erlendis, til þess að fjárfesta í fyrirtæki. Út af þeim ummælum að þarna væri ekki um neina stefnubreytingu að ræða hjá yfirstjórn gjaldeyrismála, þá vil ég aðeins vekja athygli á því, að ég teldi það vera mjög til framfara að t.a.m. gagnvart þeim aðilum, sem eignast erlent fé eða áskotnast erlent fé fyrir þjónustu og við skulum segja sem umboðslaun og annað, yrði litið með velvild og skilningi á umsóknir sem kynnu að berast frá slíkum aðilum og öðrum þeim sem kynnu að hafa ráð á erlendu fjármagni. Ég held að það gæti, eins og ég tók fram í ræðu minni áðan, orðið mikilvæg lyftistöng og skapað mikla fjölbreytni og vaxtarmöguleika fyrir ýmiss konar iðnstarfsemi og öðrum atvinnugreinum með þjóðinni.

Ríkisreikningurinn 1974, frv. (þskj. 436). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1974 liggur hér til meðferðar á þskj. 436. Einnig hefur verið lagt fram frv. til fjáraukalaga vegna sama árs og hefur verið gerð sérstök grein fyrir því í Sþ.

A-hluti ríkisreiknings fyrir árið 1974, fullbúinn af hálfu ríkisbókhalds, var afhentur þm. í maí 1975. Gerði ég þá grein fyrir helstu niðurstöðum hans, en með fjárlagafrv. fyrir árið 1976 s.l. haust gerði ég ítarlega grein fyrir honum og lagði fram grg. ríkisbókhaldsins um afkomu ársins. Reikningurinn í heild með B-hluta hans, en án athugasemda yfirskoðunarmanna, var jafnframt lagður fram á Alþ. og hann fenginn yfirskoðunarmönnum til meðferðar. Reikningurinn með athugasemdum þeirra, svörum við þeim athugasemdum og till. yfirskoðunarmanna hefur nú verið lagður fram til meðferðar á hv. Alþ. Yfirskoðunarmenn gerðu fyrirspurnir í 14 liðum og birtu auk þeirra yfirlit um viðskipti innheimtuembætta við ríkissjóð samkv. bókhaldi ríkisbókhaldsins fyrir árið 1974 með hliðstæðum hætti og áður hefur verið gert. Svör við

fyrirspurnum sínum telja yfirskoðunarmenn ýmist fullnægjandi eða rétt að viðkomandi atriði verði til athugunar. Till. sínum skiluðu yfirskoðunarmenn í febr. s.l., og leyfi ég mér að vísa í ríkisreikninginn varðandi þær svo og fyrirspurnir þeirra og svör við þeim. Tel ég ekki ástæðu til að gera nánari grein fyrir þeim að svo stöddu.

Með fyrrnefndu frv. til fjáraukalaga fyrir 1974 gerði ég stutta grein fyrir helstu frávikum reiknings og fjárlaga ársins 1974 og tel því ekki ástæðu til að rekja efni þess frv. að öðru leyti en því að geta stærstu liða A-hluta ríkisreiknings. Ég vil eins og áður vekja athygli á tveimur meginreglum við uppgjör A-hluta ríkisreiknings samkv. núgildandi lögum, nr. 52 frá 1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Önnur er sú, að álagðar tekjur og áfallin gjöld eru lögð til grundvallar við uppgjör rekstrarreiknings, en ekki greiðsluhreyfing þessara liða, þ.e. innheimta tekna og útgreiðsla gjalda. Af því leiðir að í efnahagsyfirliti eru óinnheimtar tekjur meðal eignarliða og ógreiddar gjaldaskuldbindingar meðal skuldaliða. Hin meginreglan er sú, að fjárfestingarútgjöld A-hlutans eru talin með gjöldum þess árs þegar til þeirra er stofnað, en þeim ekki dreift með afskriftum á þann árafjölda sem gert er ráð fyrir að fjárfestingin endist, eins og gildir um uppgjör fyrirtækja og sjóða ríkisins í B-hluta ríkisreiknings.

Heildarniðurstaða rekstrarreiknings A-hluta ríkisreiknings fyrir árið 1974 var sú, að gjöld námu 3 milljörðum 287 millj. 248 þús. kr. umfram tekjur, gjöld rekstrarreiknings námu 41 milljarði 700 millj. 880 þús. kr., tekjur námu 37 milljörðum 720 millj. 632 þús. kr., endurmatsjöfnuður var óhagstæður um 575 millj. 601 þús. kr. Samtala jafnaðar-, rekstrar- og endurmatsreikninga var því óhagstæð um 3 milljarða 862 millj. 849 þús. kr. Samsvarar sú fjárhæð aukningu skuldaliða umfram aukningu eignarliða í efnahagsreikningi þegar efnislegir fjármunir eru ekki taldir með. Sú breyting kom fram í verri stöðu sjóðs- og óbundinna bankareikninga í árslok en í ársbyrjun um 3 milljarða 170 millj. 835 þús. kr., en um 3 milljarða 390 millj. 905 þús. kr. að meðtöldum lánareikningum við Seðlabankann. Bætt staða annarra greiðslujafnaðarliða nam nettó 876 millj. 724 þús. kr. Í þeirri fjárhæð kemur fram aukning óinnheimtsa tekju- og eignarskatta um 446 millj. 809 þús. kr. og söluskatts um 898 millj. 483 þús. kr. Á móti þessum greiðslujafnaðarliðum kemur lánajöfnuður. Hann fól í sér hækkun hlutabréfseignar og stofnfjárframlaga um 119 millj. 559 þús. kr. og skuldaaukningu vegna nýrra lántaka umfram afborganir og hreyfingu veittra lána um 1 milljarð 468 millj. 227 þús. kr., ef áður greindur lánajöfnuður við Seðlabankann er talinn með greiðslujöfnuði.

Um það bil helming gjalda A-hluta ríkisreiknings má rekja til þriggja þátta: Í fyrsta lagi framlög til Tryggingastofnunar ríkisins og Atvinnuleysistryggingasjóðs að fjárhæð 12 milljarðar 10 millj. 21 þús. kr., og eru þá markaðar tekjur meðtaldar, að fjárhæð 1 milljarður 197 millj. 593 þús. kr. Í öðru lagi niðurgreiðslur á vöruverði 3 milljarðar 740 millj. 377 þús. kr., auk uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir, 935 millj. 657 þús. kr., eða samtals 4 milljarðar 676 millj. 34 þús. kr. Í þriðja lagi gjöld vegamála, 3 milljarðar 5 millj. 113 þús. kr. Þessir þrír þættir námu samtals 19 milljörðum 691 millj. 168 þús. kr. eða 48% af gjöldum A-hlutans. Gjöld skóla- og fræðslumála, er falla undir menntmrn., auk bændaskólanna námu 5 milljörðum 916 millj. 406 þús. kr. eða 14.4% heildargjalda. Þessir fjórir þættir námu því um ⅝ hlutum gjalda A-hluta ríkisreiknings fyrir árið 1974.

Þrír stærstu liðir tekna á árinu 1974 voru: söluskattur 11 milljarðar 863 millj. 430 þús. kr., almenn aðflutningsgjöld 9 milljarðar 114 millj. 808 þús. kr. og tekjuskattur 5 milljarðar 492 millj. 367 þús. eða samtals 26 milljarðar 470 millj. 597 þús. kr. Þessir þrír liðir svara til 70% heildartekna A-hluta ríkisreiknings árið 1974. Tekjur ríkissjóðs af hagnaði Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins námu á árinu 3 milljörðum 275 millj. 461 þús. kr. og tekjufærður launaskattur nam 1 milljarði 954 millj. 777 þús. kr. Framangreindir fimm teknaliðir námu samtals 31 milljarði 700 millj. 835 þús. kr. eða 84% heildartekna A-hluta ríkisreiknings.

Ég mun ekki gera nánari grein fyrir niðurstöðutölum ríkisreiknings fyrir árið 1974. Um frávik reiknings og fjárlaga hef ég fjallað, eins og ég sagði áður, með frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1974.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. þessu verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Tollheimta og tolleftirlit, frv. (þskj. 541). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Útbýtt hefur verið í deildinni frv. til laga um breyt. á lögum nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit, sbr. lög nr. 2 11. febr. 1970 og lög nr. 66 30. apríl 1973, um breyt. á þeim lögum. Ríkisstj. hefur ákveðið að leggja lagafrv. þetta fyrir Alþ. til samþykktar, en megintilgangurinn með því er að breyta ýmsum ákvæðum IX. kafla laganna um tollheimtu og tolleftirlit sem lúta að refsingu og öðrum viðurlögum vegna ólögmæts innflutnings á vörum til landsins. Tekið skal fram að breyt. þessar fela ekki í sér neina nýsmíði, en ef frv. nær fram að ganga munu ákvæði þessi verða tollgæslunni til styrktar og veita einstökum ákvæðum laganna meiri virkni en nú er.

Skal ég nú víkja örfáum orðum að einstökum ákvæðum frv.

Í 2. mgr. 61. gr. núgildandi laga um tollheimtu og tolleftirlit eru svo hljóðandi ákvæði, með leyfi hæstv. forseta: „Sömu refsingu skal sá sæta sem selur eða afhendir vöru, enda viti hann eða megi

vita að þær séu ólöglega innfluttar.“ Með 1. gr. frv. er lagt til að orðalagi þessarar mgr. verði breytt þannig að viðtaka á ólöglega innfluttum vörum, hvort sem hún er gegn endurgjaldi eða ekki, verði ótvírætt gerð að sjálfstæðu broti, með breyt. í þá átt verði eigi lengur dregin í efa heimild í lögum til refsingar fyrir það atferli að kaupa eða veita viðtöku án endurgjalds ólöglega innfluttum vörum sem viðtakandi veit eða má vita að þannig eru til komnar. Má ljóst vera að með því að gera meint atferli sérstaklega refsivert, þá muni það orka til varnaðar og gera ákvæðið í heild virkara og þannig draga úr ólöglegum innflutningi á vörum til lands. Vísast að öðru leyti til aths. við 1. gr. frv.

Breytingar, sem lagt er til að gerðar verði á 2. mgr. 71. gr. og 2. mgr. 76. gr. núgildandi laga, eiga fyrst og fremst rætur að rekja til verðlagsbreytinga og neikvæðra áhrifa þeirra á þau markmið, sem stefnt er að með nefndum ákvæðum, að auka varnað og létta álagi á dómstólum vegna smærri brota. Samkv. gildandi lögum er hámarksfjárhæð sekta bundin við 500 þús. kr. og heimild tollyfirvalda til ákvörðunar sekta fyrir ólöglegan innflutning vara bundin því skilyrði að brot varði eigi hærri sekt en 20 þús. kr. Þar sem sektarákvæði þessi eru, eins og áður segir, eigi lengur í neinu samræmi við verðlag í landinu og áhrifa þeirra til varnaðar gætir því litt lengur, auk þess sem eigi er lengur hægt að afgreiða minni háttar mál utan réttar og því nauðsynlegt að senda hinum ýmsu embættum til afgreiðslu, er lagt til að nefndum sektarmörkum verði breytt þannig, að hámarksfjárhæð sektar verði hækkuð í 4. millj. og heimild tollyfirvalda til að ákvarða sektir bundin hámarkssekt 60 þús. kr.

Eins og hv. þm. er kunnugt, hefur verið lagt fyrir Alþ. frv. til l. um breyt. á lögum nr. 74 21. ágúst 1971, um meðferð opinberra mála. Samkv. því frv. er m. a. lagt til að sektarheimild lögreglustjóra verði hækkuð úr 10 þús. kr. í 60 þús. kr., þannig að hún geti náð til fleiri brota en nú er. Verði frv. þessi að lögum verður fullt samræmi í lögum varðandi sektarheimildir lögreglustjóra annars vegar og tollyfirvalda hins vegar.

Ég sé eigi ástæðu til að fjölyrða frekar um frv. þetta, en vænti að hv. Alþ. sjái sér fært að samþ. frv. Leyfi ég mér að leggja til að málinu verði vísað að lokinni þessari umr. til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Ábyrgð á láni til virkjana í Tungnaá, frv. (þskj. 23). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Með frv. því, sem hér liggur fyrir, er leitað heimildar fyrir ríkisstj. til að ábyrgjast lán er Landsvirkjun hyggst taka vegna framkvæmda við Sigölduvirkjun. Er hér um að ræða lántökur að fjárhæð allt að 15 millj. bandaríkjadala eða 2679 millj. kr. á gengi einn dollar ísl. kr. 178.60.

Samkvæmt fjárhagsáætlun Landsvirkjunar eru lántökur að þessu marki nauðsynlegur liður í lokafjármögnun stofnkostnaðar Sigölduvirkjunar. Í aths. með frv. er vikið að tiltekinni skuldabréfaútgáfu Landsvirkjunar í Bandaríkjunum í þágu þessarar lánsfjáröflunar á vegum The First Boston Corporation í New York. Af ýmsum ástæðum er nú talið ólíklegt að unnt verði að afla lánsfjár nema að nokkru leyti með umræddri skuldabréfaútgáfu. Er því fyrirhugað að fara aðrar leiðir í þessu efni eftir þörfum. Getur þá komið til álita að ríkissjóður taki lán og endurláni Landsvirkjun. Í fyrirliggjandi frv. er ekki gert ráð fyrir heimild til ráðstöfunar sem þessarar. Mun ég því leggja til við hv. fjh.- og viðskn. hv. d. að frv. verði breytt í meðförum n., þannig að leitað verði slíkrar heimildar með sérstöku viðbótarákvæði þar að lútandi í samræmi við fyrri lántöku- og ríkisábyrgðarheimildir til handa Landsvirkjun. Jafnframt tel ég æskilegt að í 1. gr. frv. komi skýrar fram en nú að ríkisábyrgðarheimildin takmarkist ekki við ákveðna fjárhæð í krónum, heldur taki til lánsfjáröflunar að fjárhæð allt að 15 millj. bandaríkjadala. Ég tel rétt að í þessu skyni verði gerðar nauðsynlegar breytingar á frv.

Við umr. þessa frv. þykir mér hlýða að víkja almennt að Sigölduframkvæmdum, gildandi löggjöf varðandi Sigölduvirkjun, núgildandi ríkisábyrgðarheimildum í hennar þágu og áætluðum stofnkostnaði virkjunarinnar.

Með l. nr. 37 frá 16. apríl 1971 veitti Alþ. Landsvirkjun heimild til að reisa allt að 170 mw. raforkuver í Tungnaá við Sigöldu ásamt aðalorkuveitum svo og allt að 170 mw. raforkuver í Tungnaá við Hrauneyjafoss ásamt aðalorkuveitum. Í sept. 1971 samþ. stjórn Landsvirkjunar að haldið skyldi áfram undirbúningi að virkjun Tungnaár við Sigöldu, og á árinu 1972 fór fram útboð á framkvæmdum við virkjunina. Tekið var tilboðum í byggingarvinnu frá Energoprojekt, Júgóslavíu, og var hlutaðeigandi verksamningur undirritaður 23. ágúst 1973. Er samningsupphæðin 1 149 282 735 kr. að viðbættum 14 014 237 bandaríkjadollurum og 8 156 047 vestur-þýskum mörkum, eða alls 4 milljarðar 94 millj. kr. á skráðu gengi hinn 1. mars 1976. Í véla- og rafbúnað virkjunarinnar var tekið sameiginlegu tilboði frá Brown, Boveri & Cie í Vestur-Þýskalandi og Energomachexport í Sovétríkjunum. Var hlutaðeigandi verksamningur undirritaður hinn 14. sept. 1973. Er samningsupphæðin 162 968 687 kr. að viðbættum 19 509 203 vestur-þýskum mörkum og 3 886 697 rúblum, sem greiðast í krónum á genginu 100 svissneskir frankar 24.51 rúblur. Nemur samningsupphæðin alls 2 milljörðum 101 millj. kr., einnig á skráðu gengi hinn 1. mars 1976.

Stofnkostnaður Sigölduvirkjunar áætlast í dag sem hér segir án vaxta á byggingartíma:

Undirbúningskostnaður 341 millj. kr.
Byggingarvinna 1 milljarður 149 millj. kr.
Véla- og rafbúnaður 163 millj. kr.
Vélauppsetning o. fl. 34 millj. kr.
Háspennulína Sigalda—Búrfell 112 millj. kr.
Verkfræðiþjónusta, eftirlit og stjórnun 429 millj. kr.
Verðbætur 2 milljarðar 22 millj. kr.
Vinnubúðir, vegir og brýr 268 millj. kr.

Ýmislegt 257 millj. kr.
Samtals 4 milljarðar 775 millj. kr.

Svarar þetta alls til 11 milljarða 152 millj. kr. án vaxta á byggingartímanum miðað við gengið hinn 9. apríl 1976, en þá er dollarinn skráður á 178.60 kr. Eftir er þá að taka fullt tillit til gengisbreytingarreiknings vegna erlendra lána í þágu virkjunarinnar, en hann er að sjálfsögðu háður breytingum á byggingartímanum.

Verksamningar vegna Sigöldu miðast við þrjár vélasamstæður. Er hver þeirra 50 mw. eða alls 150 mw. Gera þeir ráð fyrir að fyrsta vélasamstæðan verði tekin í rekstur 15. júní nú í ár, önnur 15. sept., síðar á árinu, og sú þriðja 15. des. á þessu ári. Af ýmsum ástæðum er hins vegar nú fyrirsjáanlegt að fyrsta vélasamstæðan verður ekki komin í rekstur fyrr en seint á þessu ári, önnur og þriðja vélasamstæðan ekki fyrr en á árinu 1977. Skv. orkuspám Landsvirkjunar koma þessar seinkanir þó ekki til með að valda orkuskorti á orkuveitusvæði Landsvirkjunar.

Framleiðslugeta vatnsaflstöðva Landsvirkjunar í Sogi og í Þjórsá við Búrfell er nú 300 mw., ástimplað afl, og 2150 gwst. á ári. Er allar þrjár vélasamstæður Sigölduvirkjunar verða komnar í rekstur eykst framleiðslugeta vatnsaflstöðva Landsvirkjunar um 150 mw. og um 800 gwst. á ári eða úr 300 mw. í 450 mw. af ástimpluðu afli og úr 2150 gwst. á ári í 2950 gwst. á ári.

Í aths. þeim, sem fylgdu frv. að l. nr. 37 frá 16. apríl 1971, er gerð grein fyrir rannsóknum á áætlanagerðum Landsvirkjunar í þágu virkjana í Tungnaá við Sigöldu og Hrauneyjafoss, en þá þegar þótti sýnt að þessar virkjanir væru hagkvæmastar á orkuveitusvæði Landsvirkjunar í framhaldi af Búrfellsvirkjun. Voru þá hinir miklu miðlunarmöguleikar, sem Þórisvatn býr yfir, þungir á metunum, en þeir nýtast jafnt fyrir virkjanir í Tungnaá og í Þjórsá neðan ármóta Tungnaár og Þjórsár. Við umrædda lagasetningu var virkjanarannsóknum á Tungnaársvæðinu þó ekki að fullu lokið né endanlegar kostnaðaráætlanir fyrirliggjandi, en með tilliti til þess að undirbúningur, fjáröflun og framkvæmdir meiri háttar virkjunar taka að jafnaði um 5—6 ár þótti tímabært að leita þá þegar nauðsynlegra heimilda Alþ. og hefjast handa í þessu efni.

Eins og áður segir, samþ. stjórn Landsvirkjunar í sept. 1971 að halda áfram undirbúningi að virkjun Tungnaár við Sigöldu, og var þá að því stefnt að virkjunin kæmist í rekstur 1975—1976 þar sem orkukerfi Landsvirkjunar yrði þá svo til fullnýtt. Var af ýmsum ástæðum talið eðlilegra og æskilegra að virkja við Sigöldu á undan virkjun við Hrauneyjafoss og í því efni stuðst við niðurstöður verkfræðideildar Landsvirkjunar.

Með l. nr. 37 frá 16. apríl 1971 var ríkissjóði heimilað að veita ríkisábyrgðir á lánum sem Landsvirkjun tæki vegna fjármögnunar á kostnaði við undirbúning virkjunar Tungnaár, bæði við Sigöldu og Hrauneyjafoss, og við byggingu þeirrar sem fyrr yrði ráðist í svo og miðlunarmannvirkjanna við Þórisvatn og við lúkningu Búrfellsvirkjunar. Seinni áfanga Búrfellsvirkjunar lauk sumarið 1972 og Þórisvatnsmiðlun var að fullu lokið á árunum 1972 og 1973, en eins og áður er komið fram lýkur Sigölduvirkjun á þessu og næsta ári.

Téð ríkisábyrgðarheimild frá 1971 takmarkaðist við 2 milljarða 772 millj. kr., 31.5 millj. bandaríkjadala eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri erlendri mynt, en á genginu 1 bandaríkjadollar 88. kr. Á þeim tíma lágu ekki fyrir endanlegar áætlanir um stofnkostnað Sigölduvirkjunar, enda virkjunin þá ekki komin á útboðsstig. Endurskoðaðar áætlanir hér að lútandi á grundvelli verksamninga og þróunar í verðlags- og efnahagsmálum sýna að ríkisábyrgðarheimildir vegna lána í þágu Sigölduvirkjunar þurfa að hækka um 15 millj. bandaríkjadala eða um 2679 millj. kr. á skráðu gengi 1 bandaríkjadollar kr. 178.60. Í frv. þessu er því farið fram á heimild fyrir ríkisábyrgð á lántökum að þessu marki, eins og ég hef nú gert grein fyrir.

Með skírskotun til þess, sem ég sagði í upphafi máls míns, mun ég leggja fram hjá fjh.- og viðskn. brtt. sem ég hef þegar gert grein fyrir.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til að málinu verði vísað að lokinni þessari umr. til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Flokkun og mat á gærum, frv. (þskj. 532). — Ein umr.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir til umr., hefur verið afgr. frá hv. Ed. fyrr á þessu þingi. Við höfum, landbn.-menn litið á þær breyt. sem gerðar hafa verið á frv. í Nd. og eru tilefni þess að frv. kemur hér fyrir aftur, og við lítum svo á að þær séu þess eðlis að ekki sé ástæða til annars en að samþ. þær án athugasemda.

Þau atriði, sem færð eru inn í frv., komu vissulega til umr. hjá okkur í landbn. þegar við höfðum þetta mál til meðferðar, en við töldum að ekki bæri nauðsyn til að breyta lagagr., sem hér um ræðir, í það form sem gert er í Nd. þó að það sé á engan hátt nauðsynlegt að fella niður þær breyt., sem gerðar voru.

Ég vil m. a. benda á það, að í framsöguræðu minni þegar ég mælti fyrir áliti landbn. varðandi flokkun um mat á gærum, þá minntist ég á annan þeirra þátta sem hér er komið að, sem matsmenn þyrftu að taka vel til athugunar, en það er um fyrirristu á gærunum. Það hefur Nd. séð ástæðu til að færa inn, og höfum við að sjálfsögðu enga ástæðu til þess að gera aths. við slíkt.

Eins og ég sagði, hafa landbn.-menn, þó ekki hafi verið á formlegum fundi, skoðað þetta mál og borið saman bækur sínar um það, og við leggjum til að frv. verði samþ. eins og það kemur frá Nd. og liggur fyrir d. hér.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 580).

Búnaðarbanki Íslands, frv. (þskj. 411). — 3. *umr.*

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Orlof, frv. (þskj. 559, 563). — 3. *umr.*

Brtt. 563 var of seint fram komin. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forseta og hv. meðdeildarmönnum mínum fyrir að samþ. að brtt. mínar, sem ég hef lagt fram á þskj. 563, fái hér greiðan veg inn á dagskrá, en ég vil þó hafa örlitla forsögu um leið till. að þessum ófanga. Ég hafði reynt að vinna þeim fylgi á flokksfundi hjá okkur sjálfstæðismönnum, en mér var sagt að þær væru of seint fram komnar, samstaða væri um frv. þetta til l. um orlof og því ekki líklegt að hægt væri að ná fram breyt. á því. Síðan var mér bent á að koma þeim till. á framfæri við félmn. þessarar hv. d., svo sem ég gerði. En ég varð ekki var við það í framsöguræðu formanns n. að hann minntist á tilveru þessara brtt. og þótti mér miður, og frekar en að láta ganga þannig alveg fram hjá óskum mínum og hugmyndum um breyt. á lögunum sem lagðar eru fram í þessari hv. d. sem ég hef verið kjörinn til að starfa í, þá kaus ég að koma þeim á framfæri á þann hátt sem ég hef gert, á milli 2. og 3. umr. Að sjálfsögðu kem ég fram með þessar till. vegna þess að ég held að þær séu til bóta miðað við það frv. sem lagt hefur verið fram af ríkisstj. og samið hefur verið af embættismönnum og samþ. af viðkomandi stjórnarflokkum, en þær eru — með leyfi forseta — svo hljóðandi:

„1. Við 1. gr. 3. málsgr. orðist svo:

Orlofsnefnd hefur umsjón með framkvæmd orlofslaganna og afgreiðir kvartanir frá launþegum og vinnuveitendum sem telja sig misrétti beitta samkv. lögum þessum.

2. Við 5. gr. 3. málsgr. orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. málsgr. 4. gr. laga þessara er skólafólki heimilt að taka allt orlof sitt utan orlofstíma."

Þetta komi í staðinn fyrir eins og það hljóðar í frv. eins og það liggur hér fyrir til samþykktar: „Þrátt fyrir ákvæði 1. málsgr. 4. gr. laga þessara er skólafólki, sem stundar nám við viðurkennda skóla" o. s. frv., þannig að skólafólki almennt, en ekki bara einhverju sérstöku úrvalsfólki sé veitt þessi heimild.

„3. Við 8. gr. 1. málsgr. hún orðist svo:

Atvinnurekandi skal greiða í orlofsfé til lausráðinna starfsmanna 8⅓% af launum" þar við bætist: „þegar laun eru greidd." (Gripið fram í.) Það er almennt haft á orði að atvinnurekendur reyni að smeygja sér hjá að greiða eða tefji greiðslu á orlofsfé. En ef þau eru greidd jafnóðum til þess fólks sem talið er að atvinnurekendur svíki, þá er þar með komið í veg fyrir að það sé hægt, og fólkið sjálft getur þá ávaxtað fé sitt í bönkum, ef það óskar eftir, og notað þá bæði orlofsfé og vexti þegar þar að kemur að það tekur orlof.

Í beinu framhaldi af þessu falli niður 12., 13. og 14. gr., greinar sem verða óþarfar, og að sjálfsögðu falli niður 3. liður í 1. málsgr. 16. gr.

Ég hef tekið hér saman á blað, sumt af því hef ég þegar sagt hér, en ætla þó að lesa það til þess að það gæti kannske skýrt betur það sem ég hef þegar látið fylgja þessum brtt., en aths. mínar eru þá svo hljóðandi:

Með þessum brtt. er lagt til að launþegar, sem ekki eru fastir starfsmenn, fái orlofsfé sitt útborgað hjá vinnuveitendum við hverja kaupgreiðslu. Við þessa einföldun vinnst þrennt:

1. Launþegar geta nú sjálfir fylgst með því og tryggt það að þeir fái orlofsfé sitt greitt.
2. Launþegar geta ávaxtað orlofsfé sitt þar til orlof er tekið.
3. Kostnaðarsamt innheimtukerfi má fella niður."

Í samræmi við þessa till. er gerð breyting á starfssviði orlofsnefndar í 1. gr. frv. Hið sama gildir um breytingu vegna skólafólks í 5. gr. frv.

Breytingin á 1. málsgr. 8. gr. frv. er gerð til þess að þar komi fram hvernig þessari einföldun á greiðslu orlofsfjár skuli háttað. Þar með verður 12. gr. óþörf.

Lagt er til að 13. gr. falli niður, þar sem þar virðist atriði, sem ætti að falla undir almenn mannréttindi, vera takmarkað, réttur fólks til að taka við launuðu starfi. *Ég álít að við getum* ekki og eigum ekki að takmarka hann. Slík takmörkun hlýtur að koma verst við þá sem hafa lágar tekjur eða lenda í sérstökum fjárhagsvandræðum. Takmörkunarákvæði sem þetta virðist því ekki eiga heima í lögum yfirleitt.

14. gr. fellur niður vegna einföldunar á greiðslu orlofsfjár. Rétt er þó að benda á að þetta ákvæði kveður á um ráðstöfun og upptöku eigna án þess að nokkrar bætur komi fyrir. Eðlilegt væri að fyrningarfrestur væri ekki tvö ár, heldur væri farið með óvitjað orlofsfé á sama hátt og sparifé á sparisjóðsbókum sem eigandi vitjar ekki í 15 ár samfleytt. Ég hef reynt að kynna mér hvernig farið er með sparifé sem ekki er vitjað í ákveðinn tíma, en eftir 15 ár skilst mér eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið símleiðis frá bönkunum, að það renni inn í eignir bankans, en þessu ákvæði hefur ekki verið beitt í neinum af þeim bönkum sem ég hringdi til. Það er aðeins heimild til þess.

3. liður 1. málsgr. 16. gr. er feldur niður þar sem lagt er til að þær greinar, sem vísað er í, falli niður.

Þessar brtt. og þessar aths., eins og ég hef nú lesið þær upp, til viðbótar því sem ég sagði þegar ég fylgdi mínum brtt. úr hlaði, vélritaði ég til þess að auðvelda hv. félmn. að skilja þau gögn sem ég lagði fram svo síðbúin, en hv. frsm. félmn. sá ekki ástæðu til þess að minnast á að hafa tekið á móti þeim.

Ég hef lokið máli mínu. Ég vona að hv. félagar mínir í þessari hv. d. veiti mér þá ánægju sem starfsbræður að fella ekki að óathuguðu máli þessar brtt. mínar þótt samstaða sé um frv. án þeirra meðal stjórnarflokkanna. Ég end-

urtek, að sjálfur held ég að þær séu til bóta. Annars hefði ég að sjálfsögðu ekki borið þær fram og síst af öllu svo seint við afgreiðslu þessa frv.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Mér þykir leitt að verða ítrekað að leiðrétta misskilning, svo auðvelt sem það mætti vera að skilja það sem hér er um að ræða. Hv. síðasti ræðumaður, 12. þm. Reykv., var að tala um sérstök viðskipti hans við hv. félmn. varðandi þetta mál og brtt. þær sem hann hefur borið fram. Hann sagði að hann hefði afhent mér blað til þess að gera félmn. betur skiljanlegt hvað hann ætlaði að bera fram, hvaða till. til breyt. við það frv. sem hér er til umr. Það er alveg rétt. En hann bar ekki fram till. Þær hafa ekki komið fyrir þessa deild fyrr en nú áðan, það varð að leita afbrigða til þess að væri hægt að ræða þessar till. í þessum umr., og hv. d. samþ. að veita þessi afbrigði. Svo talar hv. þm. í einhverjum ásökunartón um það, að frsm. félmn. hafi ekki sérstaklega rætt þessar till. við 2. umr., — till. sem ekki hafa legið fyrir þessari d. En það er öllum kunnugt að menn ræða ýmislegt í n., og mér fannst alveg sjálfsagt að ræða þessar till. hv. 12. þm. Reykv. í félmn. fyrst ég vissi um þær og honum var þægð í því, og ég taldi það auk þess ágætt í sjálfu sér að ræða þær, en það bar enga skyldu til þess að ræða þessar till. þar, enda voru þær ekki í skilningi þingskapa orðnar neinar till. Það var ekki búið að leggja þær hér fram. — Það er næsta raunalegt að þurfa að vera að segja svo sjálfsagða hluti sem þetta, en ég sit ekki þegjandi undir neinum ásökunum út af þessu efni.

Þá eru till. sjálfar, sem hér liggja fyrir og hv. 12. þm. Reykv. hefur lagt fram. Um þær vil ég segja það, að ég tel að það sé ekki hægt að samþ. eina einustu þeirra. Nú kann vel að vera — og ég vil taka það skýrt fram — að það megi betrumbæta ýmislegt í orlofslöggjöfinni eins og hún er nú — betrumbæta gildandi lög — það gæti vel verið. Og ég tel ekkert útilokað og meira að segja líklegt og fullvíst að það megi bæta frv. það sem hér liggur fyrir. En þetta mál er sérstaks eðlis. Orlofsmálin eru mál sem aðilar vinnumarkaðarins láta sig mjög miklu varða, Alþýðusambandið og Vinnuveitendasambandið. Og ég veit ekki til þess að þessum lögum hafi verið hreyft á undanförnum árum nema það hafi legið fyrir samkomulag milli þessara aðila um breytingar. Nú er það svo að n. sú, sem samdi frv. sem hér liggur fyrir, var skipuð fulltrúum frá aðilum vinnumarkaðarins, og það var ekki gert út í loftið. Það var gert til þess að það yrðu viðhöfð sömu vinnubrögð og áður, að freista þess að ná samkomulagi milli aðila vinnumarkaðarins. Það tókst og það samkomulag liggur frammi í þessu frv. En auk þess er þess að geta, að til viðbótar þessu samkomulagi, sem frv. felur í sér, gerðu aðilar vinnumarkaðarins, Alþýðusambandið og Vinnuveitendasamband Íslands, frekara samkomulag. Eitt atriði þessa viðbótarsamkomulags þarf lögfestingar við, og þess vegna bar félmn. fram brtt. við frv., við 7. gr. þessa frv., og sú brtt. var samþ. við 2. umr. Nú er frv. komið í það horf sem samkomulag er um milli aðila vinnumarkaðarins, en frá þessu samkomulagi var að lokum gengið í sambandi við kjarasamningana á s. l. vetri. Þetta var þýðingarmikill þáttur í heildarsamkomulaginu, og sumt, sem varðaði orlofsframkvæmdina, skuldbatt ríkisstj. sig með sérstökum yfirlýsingum að sjá um að framkvæmt yrði.

Með tilliti til þessa tel ég að það sé ekki rétt að hrófla neitt við þessu frv. eins og það liggur nú fyrir, því að breyting á því gæti valdið því að það væri rofið eða brotið það samkomulag sem aðilar vinnumarkaðarins hafa komið sér saman um. Ég vil taka það fram, að þegar hugmyndir þm. Alberts Guðmundssonar, 12. þm. Reykv., voru ræddar í félmn., þá voru þar til staðar fulltrúar aðila vinnumarkaðarins, bæði Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambands Íslands, og það var farið yfir alla liði þessara brtt. og komist að þeirri niðurstöðu að það væri ekki hægt að taka þá til greina ef ætti að virða samkomulagið milli aðila vinnumarkaðarins. Þetta vildi ég að hér kæmi fram, og ég vænti þess að þetta sé nægileg skýring á því að hv. þingdeildarnefnd samþ. ekki brtt. þær sem nú hafa komið fram við 3. umr.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það þarf ekki lengi að ræða þetta mál. Hins vegar vil ég taka það fram, að ég sá strax þegar till. hv. þm. Alberts Guðmundssonar komu fyrir augu okkar í félmn. að þær stríddu vitanlega algjörlega á móti anda orlofslaganna frá upphafi á þann hátt, að það var ráð fyrir því gert að orlofsfé yrði greitt út jafnharðan. Andi orlofslaganna er vitanlega fyrst og fremst sá að fólk taki sér orlof, og með því fyrirkomulagi, sem á því hefur verið, og ekki síst eftir síðustu breytingu, þá á það að vera betur tryggt, — ég segi ekki fulltryggt, en það á að vera betur tryggt að fólk taki sér sitt rétta orlof.

Ég sá það hins vegar strax hvers vegna þessar till. voru fluttar, og ég virði það mjög við hv. þm. að taka þetta mál upp vegna þeirra ástæðna, þ. e. a. s. vegna þess að bæði hann og við allir hér vitum að í vissum tilfellum er um vanskil atvinnurekenda að ræða á þessu orlofsfé. Það er að vísu mjög takmarkað, mjög lág prósenta þegar allt kemur til alls, og það er vitanlega mjög fallega hugsað, svo að ekki sé meira sagt, að vilja koma í veg fyrir þessi vanskil. Það er það jákvæðasta, sem ég sé bak við þennan tillöguflutning, og hlýtur að vera meginástæðan fyrir honum. Hitt er svo annað mál, að vegna þess að þetta er ekki í samræmi við anda þessara laga og við þetta forna baráttumál verkalýðshreyfingarinnar, þá er vitanlega útilokað að samþ. það, fyrir utan svo það, sem var tekið fram af hv. formanni félmn., að hér er um samkomulagsatriði að ræða. Þessar till. voru bornar undir viðkomandi aðila. Þeir voru þeim algjörlega andvígir, sem skiljanlegt var. Við eigum auðvitað fyrst og fremst að reyna að koma þessu kerfi í það horf að þessi vanskil geti ekki átt sér stað og það sé fylgst miklu betur með því en verið hefur að atvinnurekendur komist ekki upp með þessi vanskil og hert séu viðurlög við því að þeir brjóti þannig orlofslögin. En aðeins

vildi ég taka það fram, að í sambandi við þetta frv. kom fram í máli hv. formanns félmn. í gær — eða hvenær sem þetta frv. var nú til 2. umr. — að ein meginforsendan er vitanlega sú að hér er verið að lögfesta ákvæðin um vissa vexti af þessu orlofsfé. Það er rétt að það var mikil óánægja meðal launþega með að þetta fé skyldi liggja vaxtalaust. Nú er úr þessu bætt með samkomulagi milli atvinnurekenda og verkafólks, og þó að við sjáum ekki enn hvaða vextir verða á þessu fé, þá er þetta stór bót í rétta átt.

Ég skal svo aðeins taka það fram í lokin, að það var orðin viðtekin venja, þar sem ég þekkti til, að greiða orlofsfé út með launum. Það var orðið það þrátt fyrir skýr lagafyrirmæli þar um. Og þegar þessu var hætt algjörlega, fyrir þetta tekið algjörlega, þá urðu menn töluvert óánægðir að fá ekki þessa peninga jafnharðan. Undan þessu var kvartað. Og ég man eftir því að ég sem þm. stóð að þeirri lagasetningu sem kom endanlega í veg fyrir þetta, ég var skammaður töluvert fyrir þetta af fólki, að lofa því að fá þessa peninga jafnharðan. Ég get fullvissað hv. 12. þm. Reykv. um það, að í yfirgnæfandi tilfellum nú — kannske öllum eða nær öllum, þá fagnar fólk því, að fá þessa upphæð síðar, einmitt þegar það þarf á því að halda að fara í sumarfri, fara í orlof, og ekki síður verður ánægja þess mikil þegar þetta fé liggur ekki lengur vaxtalaust, heldur er með þessum lögum verið að tryggja því allsæmilega vexti af þessu orlofsfé.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Við höfum einróma í þessari hv. d. samþ. afbrigði um brtt. bornar fram af hv. þm. Albert Guðmundssyni, of seint fram komnar. Þar með ætla ég að við höfum fallist á að það sé við hæfi að við ræðum þær og þær fái þinglega meðferð.

Ég sætti mig ekki við að það bindi hendur hv. Alþ. hvers konar samkomulag hefur verið gert á milli aðila vinnumarkaðarins um einstök mál, um einstök atriði lagafrv., áður en þau koma hér til meðferðar.

Séu brtt., sem lagðar eru fram við frv., þó stjórnarfrv. séu, sem aðilar vinnumarkaðarins hafa komið sér saman um, — séu þessar brtt. að okkar dómi til bóta, þá eigum við ekki að þurfa að hafa áhyggjur af því hvers konar skuldbindingar ríkisstj. hefur tekist á herðar varðandi afgreiðslu þessara mála. Það er hugsanlegt að ríkisstj., svo sem eins og sú sem nú situr eða aðrar álíka, takist á herðar skuldbindingar sem hv. Alþ. þykja óhæfilegar og ósæmilegar.

Ég hafði hugsað mér, þegar ég bað um orðið, að fara þess á leit að þessari hv. d. gæfist frestur til þess að athuga brtt. Alberts Guðmundssonar fyrst búið er að taka þær til greina hér með afbrigðum. Að vísu skal ég játa að hv. síðasti ræðumaður, Helgi F. Seljan, hann skýrði þær að verulegu leyti fyrir mér í ræðu sinni áðan. En eigi að síður fer ég nú þess á leit að okkur gefist tími til þess að hugleiða þessar brtt. Alberts.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil þakka undirtektir hv. 5. þm. Norðurl. e. Ég fór ekki fram á annað en að starfsbræður mínir hér í þessari hv. d. athuguðu vel þessar brtt. sem ég hef leyft mér að flytja hér til mikils ama fyrir hv. formann félmn. Hann talaði hér af óþolandi stærilæti í mínum augum, og skal ég færa rök að þessum orðum mínum.

Ég vil byrja á að endurtaka það, sem ég sagði í upphafi máls míns, að ég hefði reynt að koma þessum brtt. á framfæri á flokksfundi hjá Sjálfstfl. En þessum brtt. mínum var beint inn á þessar brautir, til félmn., í staðinn fyrir að leggja þær fram, sem ég hefði að sjálfsögðu átt að gera. En sem nýr þm. verður maður að læra af reynslunni og þreifa sig áfram. Síðan skýrði ég frá því að félmn. eða formaður félmn. hefði fengið þessar till. í hendur. Ég gat ekki heyrt það á tali hans í framsögu fyrir þessu frv. til l. umr. um orlof við 2. umr. að brtt. mínar hefðu komið fram eða um þær verið fjallað í félmn. Það kom ekki fram í hans framsögu, og þess vegna gerði ég athugasemdir og þess vegna kom ég með þær í því formi sem þær liggja hér fyrir nú. Ég vil líka taka það fram aftur, til þess að það verði ekki misskilningur, að ég lagði mig fram um að viðurkenna það að till. væru seint fram komnar, kannske ekki alveg á þann máta sem hæstv. forseti þessarar d. óskaði eftir. Ég hef skýrt ástæðuna fyrir því að þær komu ekki fyrr fram, og ég þakkaði d. sérstaklega fyrir að hafa samþ. afbrigði til þess að það kæmi hér á dagskrá. Þess vegna sé ég ekki að hæstv. forseti sé að gera mér einhvern persónulegan greiða eða nokkrum öðrum þm. þegar samþ. er að taka mál hér á dagskrá sem eru of seint fram komin, og slíkt stærilæti sætti ég mig ekki við af hans hálfu. Ég stend ekki í neinni þakkarskuld, hvorki við hann né aðra dm., fyrir að taka á dagskrá með afbrigðum eitt og annað mál. Ég tel ekki heldur að nokkur þm. standi í þakkarskuld við mig þó ég greiði því atkv. að mál séu tekin hér fyrir þó að þau séu of seint fram komin. Ég tel það sjálfsagt.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. hefur nú sagt ýmislegt af því sem ég ætlaði mér að segja. Ég vil þó undirstrika það, að það bindur enginn hendur mínar úti í bæ. Þegar mál koma hér fyrir hv. Alþ., þá vil ég fá að ræða málin, og ef ég er ekki ánægður með þau mál, sem koma fram, þá vil ég fá að koma með brtt. sem gera mig ánægðan, hvort sem þær eru samþ. eða felldar.

Og svo við förum í þær brtt. sem ég hef hér lagt fram, þá hafa ræður þeirra, sem eiga sæti í félmn., aðallega snúist um það að ekki skuli greiða út það orlofsfé sem um er rætt. En það er ýmislegt annað í till. sem ég álít að sé til bóta, og skal ég ekki þreyta þessa hv. d. með því að eyða mörgum orðum eða miklum tíma í að ræða þær. En eitt vil ég þó benda á bara sem dæmi, og það er í 13. gr.

Eigum við með lögum frá Alþingi — eigum við virkilega með lögum frá Alþ. að samþ. annað eins og hér segir: „Óheimilt er manni að vinna fyrir launum í starfsgrein sinni eða skyldum starfsgreinum meðan hann er í orlofi, og má setja um þetta nánari ákvæði í reglugerð“ — eigum við að fara að banna manni að vinna ef hann vill vinna í sínum frítíma? (Gripið fram í.) Þetta er í lögum, já. Eigum við þá ekki að taka það í burtu, að heft sé athafnafrelsi manna

af því að við segjum að þeir eigi að hvíla sig, en þeir vilja vinna? Hvað er að ske? Ég var ekki viðstaddur, þegar það var samþ., til þess að gera athugasemdir við það. Ég hefði áreiðanlega gert það, hefði svo verið.

Það er orðið allt of mikið af boðum og bönnum í þessu blessaða þjóðfélagi. Búið er með lögum að samþ. eignarupptöku á fé sem ríkið á alls ekkert í. Orlofsfé er fé fólksins. Ef það vill eiga það inni í þessari innlánsstofnun — ég kalla þetta ekkert annað en innlánsstofnun — í meira en tvö ár, þá hefur það ekki aðgang að því lengur, það er gert upptækt. Ég óska fulltrúum alþýðunnar, sem telja sig vera, til hamingju með þessa samþykkt. Ég veit ekki hvort fólkið vill þetta. Hér stendur í 14. gr.: „Orlofsfé sem orlofsþegi hefur ekki tekið út innan tveggja ára frá lokum orlofsársins, rennur í sérstakan orlofssjóð sem nota skal til hagsbóta fyrir orlofsþega. Varsla og ráðstöfun sjóðsins er í höndum orlofsnefndar ríkisins og stendur sjóðurinn sjálfur undir kostnaði við rekstur sinn.“ Fólkið hefur ekki aðgang að sínu fé eftir tvö ár.

Ég get haldið áfram með einstakar greinar og gagnrýnt þær, eins og ég hef gert við þessar tvær greinar, til að benda á að það er ýmislegt annað en staðgreiðslur til fólksins, til lausráðinna, eins og till. mín segir til um, í þessu frv. Og ég fagna því að það skuli þó vera einn maður sem tekur undir það að frv. verði betur athugað.

Það getur vel verið að aðilar vinnumarkaðarins hafi komið á fund félmn. til þess að segja henni að skila til Alþ. að þeir hefðu samþ. eitthvað úti í bæ. En það bara hentar mér ekki sem þm. að taka við skömmtunarseðlum frá aðilum úti í bæ, jafnvel þó þeir heiti aðilar vinnumarkaðarins.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Hér hafa nú orðið allathyglisverðar umr. um frv. til l. um orlof og ég skal ekki tefja tíma deildarinnar óhæfilega með frekari umr. um það. En ég hefði gjarnan kosið að þessar till. hefðu komið fyrr fyrir augu mín og kannske okkar fleiri svo að okkur hefði gefist tóm til að hugleiða það sem í þeim felst. Hér hafa verið gefnar skýringar á því hvers vegna það var ekki, og ég blanda mér ekki í þær deilur og gagnrýni það ekki heldur á neinn hátt að við 3. umr. máls komi fram brtt., það er algengt. En hér eru allviðamiklar brtt. á ferðinni, og þess vegna hallast ég að því, sem hv. 5. þm. Norðurl. e. gerði að sinni till., að við þyrftum ekki endilega að greiða atkvæði um þessar till. í dag, við fengjum aðeins að skoða þær.

Hitt er svo annað mál, að við fljótlega yfirsýn er ég nú ekki samþykkur sumum þessara till. T. d. það, sem hv. 12. þm. Reykv. sagði um 13. gr. og 14. gr., það fellur ekki í þann farveg sem ég hafði hugsað mér að orlof ætti að vera í. Ég tel að orlofslögin séu til þess sett að fólk raunverulega taki leyfi, en ekki kaupuppbót, og þess vegna lít ég svo til, að þessar greinar séu eðlilegar, og vísa í því sambandi til ræðu sem ég hlýddi á hv. 7. landsk. þm. halda hér rétt áðan.

En það er fleira í þessum till., brtt. hv. 12. þm. Reykv., sem mér finnst athyglisvert, eins og t. d. það, að lausráðið starfsfólk fái orlof sitt greitt um leið og annað kaup, því að ella er hætta á því að vanskil verði og alla vega umsvifasamt og kannske nokkrum erfiðleikum háð að innheimta það síðar.

En aðalerindi mitt hingað var að fara þess á leit við hæstv. forseta að gefa okkur eins og dags frest til þess að hugleiða þær brtt. sem hér eru bornar fram. Að vísu er hér um stjórnarfrv. að ræða, og ég mun hafa fallist á það í þessari ríkisstjórn, svo að ég noti nú orðalag hv. 5. þm. Norðurl. e., að það yrði flutt eins og það var. En ég tek það ekki þannig að hafi ég þar með skilyrðislaust fallist á að samþykkja frv. óbreytt og hafna öllum brtt., hversu góðar sem þær kynnu að vera, enda hefur nú sú orðið raunin á, að við höfum þegar breytt. frv. frá því sem það var lagt fram. En þetta eru sem sagt tilmæli mín til hæstv. forseta, að við þurfum ekki að greiða atkvæði í dag um frv., því að ef að það verður tekið til atkvgr. nú, þá treysti ég mér ekki til að taka þátt í henni.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég ætla nú ekki að fara að lengja þessar viðræður mínar við hv. 12. þm. Reykv. Ég held að það sé alveg ljóst hvernig það mál stendur. Hann ásakar mig fyrir það að tala ekki hér um till. sem ekki höfðu komið fram og hafa ekki komið fram fyrr en í dag. Ég ber af mér sakir í því efni. Ég tel það engar sakir að ræða ekki mál hér sem ekki hafa komið fram sem frv. eða brtt. og ég held að þetta megi vera öllum ljóst.

Það er náttúrlega hreinasta fjarstæða að telja að félmn. sé með einhver fyrirmæli um að binda hendur hv. þdm. eða þm. í þessu máli. Auðvitað hafa þm. sínar skoðanir á því hvað þeir vilja. En félmn. leyfist líka að hafa sínar skoðanir. Ég var að túlka hennar skoðanir í þessu máli og skýringuna á því hvernig var háttað afgreiðslu félmn. á þessu máli. Ég vænti þess að það þyki ekkert athugavert við það þó að félmn. hafi skoðanir á þessu máli. En það er ekki þar með sagt, að hv. félmn. ætli sér að binda hendur einhvers. Ég skil ekki svona tal.

Það er náttúrlega hreinasta fjarstæða að reyna að læða því hér inn, að ég hafi ætlað að gefa í skyn eða gefið í skyn að flm. brtt. á þskj. 563 ætti að vera eitthvað þakklátur mér fyrir að það hafi verið veitt afbrigði hér. Ég nefndi ekki þess vegna að það hefðu verið veitt afbrigði. Ég nefndi það til þess að undirstrika, að till. hefði ekki komið fram fyrr en núna. Læt ég svo útrætt um þetta.

Nú hefur komið fram till. um að hinkra við með afgreiðslu þessa máls og athuga málið nánar. Mér finnst sjálfsagt að það sé orðið við því og menn geti þá kynnt sér þetta mál betur, kynnt sér betur þær brtt. sem hér liggja fyrir. Ég er þess vegna algjörlega sammála þeim vinnubrögðum og tel rétt að við frestum þessum umr. núna og athugum málið á milli funda.

Albert Guðmundsson: Hæstv. forseti. Ég skal ekki halda hér neina ræðu, en ég vil alveg sérstaklega þakka hæstv. utanrrh. fyrir undirtektir hans hér. Undirstrikar það mat mitt á honum sem drengskaparmanni.

Umr. frestað.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 440, n. 551, 479, 552). — 2. umr.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Félmn. hefur fjallað um frv. það sem hér er til umr., og mælir n. með samþykkt frv. með brtt. sem hún ber fram á þskj. 552. N. hefur einnig haft til athugunar brtt. frá Oddi Ólafssyni á þskj. 479 og mælir með samþykkt þeirrar brtt. Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Steingrímur Hermannsson og Eggert G. Þorsteinsson.

Frv. það, sem hér er til umr., felur í sér tvenns konar breytingar. Er um að ræða breytingu sem fram kemur í 1. gr. frv. Allt frá því að lög um Húsnæðismálastofnun ríkisins voru endurskoðuð með lögum nr. 30 frá 1970 hefur verið heimiluð lánveiting húsnæðismálastjórnar til kaupa á eldri íbúðum, en það hefur verið bundið í lögum hversu hárri heildarfjárhæð væri heimilt að verja í þessu skyni á ári. Fyrst var hér um að ræða 50 millj. kr., síðan var það hækkað upp í 80 millj. kr. Nú er gerð till. um að breyta þessu fyrirkomulagi, ekki að binda þessa heimild við ákveðna upphæð, heldur að veita húsnæðismálastjórn, eins og segir í 1. gr. frv., heimild til þess að veita lán til kaupa á eldri íbúðum og til endurbóta á eigin húsnæði öryrkja. Er gert ráð fyrir að húsnæðismálastjórn geri árlega till. til ráðh. um þá heildarfjárhæð sem heimilt er að veita á ári hverju í þessu skyni. Í þessu felst breytingin sem á verður samkvæmt frv. um þetta atriði.

Í 2. gr. frv. er svo um að ræða breytingu sem varðar byggingu leiguíbúða sveitarfélaga. Frá því að lögin voru sett um þessar byggingarframkvæmdir hafa þeim verið settar takmarkanir á tvennan hátt: annars vegar að þessar framkvæmdir skyldu vera á vegum sveitarfélaga einna og hins vegar að íbúðirnar skyldu vera leiguíbúðir. Nú er gert ráð fyrir því að á verði breyting hvað hið síðara atriði snertir, að hér verði ekki einungis um leiguíbúðir, heldur einnig um söluíbúðir að ræða. Þetta er í samræmi við óskir Sambands ísl. sveitarfélaga sem hefur samþ. að fara þess á leit við félmrh. að hann hlutaðist til um að þessi breyting yrði gerð á þessari löggjöf. Og þessi málaleitan er til komin að beiðni fjölmargra sveitarfélaga í þéttbýli þar sem verið er að byggja slíkar íbúðir sem hér um ræðir. Hlutaðeigandi sveitastjórnir telja, að ef ekki verði af þessum breytingum, þá verði stefnt í hreinar ógöngur, það sé eðlilegt að taka upp hliðstætt fyrirkomulag og var með byggingu Breiðholtsíbúðanna, þar sem var um söluíbúðir að ræða, þó þannig að í þessu tilfelli geti hvort tveggja verið og sveitarstjórnirnar hafi frjálst val í þessu efni milli leiguíbúða og söluíbúða.

Það eru þessar breytingar sem hv. félmn. mælir með að verði samþ. En auk þessa gerir félmn. brtt. á þskj. 552 um að það komi ný grein sem fjalli um breytingar á 2. málsgr. B-liðar 8. gr. laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins frá 1970. Það stendur nú í gildandi lögum að á næstu 5 árum sé heimilt að veita sveitarfélögum lán út á allt að 1000 leiguíbúðir. Í stað þessara orða er lagt til að komi: „Á næstu 5 árum skal veita slík lán út á eigi færri en 150 íbúðir hvert ár eða samtals 750 íbúðir, enda sé eftirspurn eftir lánum þessum af hálfu sveitarfélaga."

Þessar byggingarframkvæmdir eiga sér nokkra forsögu. Það var 1973 sem Alþ. samþ. heimild til þess að veita lán til leiguíbúða sveitarfélaga, lán með sérstökum kjörum, betri kjörum en hin almennu lán húsnæðismálakerfisins, bæði til lengri tíma og hærri upphæð, allt að 80% af byggingarkostnaði. Jafnframt þessu var svo ákvæði um að það væri heimilt á næstu 5 árum að byggja 1 000 íbúðir með þess konar lánum sem hér um ræðir. Þegar þetta ákvæði var sett inn í lögin upphaflega reiknuðu menn með því að það mundu verða byggðar 1 000 íbúðir á næstu 5 árum. En á þessu hefur orðið breyting. Það hefur ekki farið eftir því sem gert var ráð fyrir, þannig að þó að lög þessi hafi verið sett 1973 og þessum byggingarframkvæmdum hefði þá átt að vera lokið 1978 eða 1979, þá er augljóst að með sama áframhaldi og var fyrstu árin tekur þetta miklu lengri tíma en 5 ár að ljúka þessum framkvæmdum. En það verður að játast, að nú í ár og síðasta ár hefur komið heldur meiri skriður á þessi efni og nú standa málin þannig að það eru um 280 íbúðir sem hefur verið hafist handa við. Þetta þýðir, að það eru 700—800 íbúðir sem eftir eru.

Nú hefur félmn. þótt eðlilegt að það yrði ákveðið að það yrði lokið þessu upphaflega 5 ára verkefni sem var sett 1973, þ.e. að því verði lokið á næstu 5 árum. Til þess að svo geti orðið þarf að byggja um 150 íbúðir á hverju ári. Félmn. telur að það þurfi að tryggja að það fáist lán til þessara íbúða svo að þessar framkvæmdir geti haldið áfram með þessum hraða og að þeim verði lokið innan 5 ára eða á næstu 5 árum. Ég geri ráð fyrir að þessu marki sé stillt mjög í hóf, og mér virðist að á þeim umsvifum, sem hafa verið undanfarna mánuði í þessum efnum, að þá sé um að ræða álíka hraða og mætti ætla að yrði á framkvæmdum þessum, eins og nú horfir. Þó teljum við að það sé réttara að fastbinda þetta og allur er varinn góður í þessu efni.

Ég hef þá lokið við að gera grein fyrir áliti félmn. og brtt. þeirri sem n. leggur fram.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Við 1. umr., þá fagnaði ég þeim breytingum sem á húsnæðisstofnunarlögunum eru nú gerðar. Ég taldi reynd-

ar í sambandi við 1. gr. frv. að það væri nauðsynlegt að einhver ákveðin lágmarksupphæð stæði þar eða þá a.m.k. kæmi einhver ákveðin prósenta af heildartekjum Húsnæðismálastofnunarinnar sem yrði varið til þessara verkefna, kaupa á eldri íbúðum og endurbóta á íbúðum öryrkja og, eins og nú hefur verið samþykkt eða mælt með af okkur í félmn., einnig til íbúða til lífeyrisþega eða endurbóta á þeim, en um það flutti hv. þm. Oddur Ólafsson sérstaka brtt. sem við að sjálfsögðu studdum. Ég held að ég geti fallist á það að þarna sé ekki neitt slíkt ákvæði, þó að vitanlega hefði það verið skemmtilegra og betra að menn hefðu getað gengið að því sem vísu, að t.d. einhver lágmarksprósenta af tekjum Húsnæðismálastofnunarinnar rynni örugglega til þessa verkefnis, af því að þessu verkefni hefur verið illa sinnt og upphæðirnar, sem hafa farið í eldri íbúðirnar, hafa verið allt of lágar, sbr. það að hæstv. félmrh. upplýsti hér að meðalupphæð lána hefði verið 300 þús. á s.l. ári. og þarna getur oft verið um að ræða kaup á margmilljóna eignum. En við verðum að vona, að húsnæðismálastjórnin taki sig töluvert á í till. sínum til ráðh. Auðvitað kallar þetta allt saman á aukið heildarfjármagn til húsnæðismála og á því er vitanlega full þörf, það er eitt af forgangsverkefnunum í okkar þjóðfélagi að sjá svo til að til þeirra sé veitt nægilegt fjármagn.

Við þessa umr. vék ég einnig að leiguíbúðum á vegum sveitarfélaga og efndunum á þeirri heimild, sem var lögfest árið 1973, og nauðsyn á því að þetta yrði gert að forgangsverkefni í svipuðum mæli og verkamannabústaðirnir. Hv. þm. Halldór Ásgrímsson vakti þá alveg sérstaka athygli á því að í stað heimildar kæmi beinlínis skylda, það verði skylt að veita þessi lán. Ég styð því mjög eindregið þá brtt. sem við höfum hér flutt um að í staðinn fyrir heimildina komi: „skal veita slík lán."

Ég var, eins og hv. formaður félmn. veit, örlítið hugsandi varðandi töluna þarna, en sætti mig þó við hana eftir atvikum. Hér er um að ræða eigi færri en 150 íbúðir ár hvert. Það er ekkert sem mælir á móti að þær geti orðið 200, eins og ráð var fyrir gert í upphafi. Og alveg sérstaklega miða ég auðvitað við það, að núna að hálfnuðu þessu 5 ára tímabili eða við skulum segja miðað við 3 ár af þessu 5 ára tímabili, þá eru ekki samningar uppi um nema 281 íbúð og ekki einu sinni séð fyrir fjármagni til þeirra allra að fullu á þessu ári. Þá er hér auðvitað um mikla framför að ræða ef við mættum eiga von á 150 íbúðum þó öruggum á næstu 5 árum.

Því er það að ég hef stutt frv. sem slíkt og þá brtt. sem hér hefur verið kynnt af formanni n. Ég tel sem sagt þá skyldu, sem hér er lögð á Húsnæðismálastofnunina eða húsnæðismálastjórn, mjög mikilvæga, þannig að hún láti þetta verkefni nú ekki reka á reiðanum svo mjög sem gert hefur verið og setji þetta verkefni jafnhliða a.m.k. verkamannabústöðunum, þó að ég viti að það kerfi þarf að efla einnig og samhliða. Einnig fagna ég því að við skyldum getað orðið sammála um, að mæla með hinni ágætu till. hv. þm. Odds Ólafssonar.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Mig langar alveg sérstaklega til að þakka félmn. fyrir að mæla með samþykkt þeirrar brtt. sem ég hafði munnlega borið fram hér og hef síðan flutt skriflega á sérstöku þskj.

Brtt. er á þskj. 479 og er við 1. efnismálsgrein 1. gr. frv. og hljóðar svo: „Húsnæðismálastjórn er heimilt að veita lán til kaupa á eldri íbúðum og til endurbóta á eigin húsnæði öryrkja og ellilífeyrisþega." Ástæðan til þess, að ég flyt þessa brtt., er sú, að í flestum sveitarfélögum þessa lands munu um 80% af þeim ellilífeyrisþegum, sem ekki eru á stofnunum, búa í eigin húsnæði. Þetta er kannske nokkuð misjafnt eftir sveitarfélögunum, en yfirleitt mun sú vera reglan að það eru milli 70 og 80% eða milli 80—90%. Með vaxandi kostnaði við húsbyggingar og endurbætur, með vaxandi erfiðleikum í viðhaldi og framfærslu, þá er sýnilegt að fyrir ellilífeyrisþega er mikils virði að geta fengið einhverja opinbera lánaaðstoð til þess að halda við húsnæði sínu.

Það vita allir hér í hinu háa Alþ. hvers virði það er að fólkið geti búið sem lengst í sínum eigin íbúðum, því að stofnanalíf er bæði óeðlilegt og þar að auki mjög dýrt. Það er áhugamál okkar allra að eldra fólkið geti sem lengst búið við eðlilegar aðstæður í heimahúsum. Nú er það svo að við það að fólkið hættir sinni vinnu, þá minnka fjárhagslegir möguleikar þess. En það skeður einnig fleira. Því er enn þá meiri þörf en áður að búa í góðu húsnæði vegna þess að það hreyfir sig minna, og því er hættara við að fá alls konar kvilla. Og vegna hinna rýrðu tekjumöguleika vill oft verða svo að einmitt viðhald á húsnæði, situr á hakanum. Afleiðingin er svo sú, að margir þeir, sem komnir eru á efri ár, búa í tiltölulega lélegu húsnæði, — húsnæði sem þó mætti oft endurbæta og gera mjög vel íbúðarhæft með litlum tilkostnaði. Því er þessi brtt. flutt, að reyna að einhverju leyti að ráða bót á þessum annmarka. Ég vil sérstaklega endurtaka þakkir mínar til félmn. fyrir hennar ágætu afgreiðslu á tillögunni.

ATKVGR:

Brtt. 479 samþ. með 13 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 552 (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
3. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13. shlj. atkv.

Lögsagnarumdæmi Austur-Skaftafellssýslu, frv. (þskj. 388). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 92. fundur.

Fimmtudaginn 29. apríl, kl. 2 miðdegis.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins o. fl., frv. (þskj. 442, n. 549). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Virðulegi forseti. Það frv., sem við höfum hér til meðferðar nú og komið er frá hv. Ed., er í framhaldi af þeim breytingum sem gerðar voru á sjóðakerfi sjávarútvegsins með lögum sem samþykkt voru hér fyrr í vetur um útflutningsgjald af sjávarafurðum. Aðalatriði þessa frv. eru að í stað tekjuákvæða í lögum viðkomandi sjóða, sem nú eru úr gildi fallin, komi ný ákvæði sem vísi til laga um útflutningsgjald. Þetta var samþ. með shlj. atkv. þeirra Ed.-manna og sjútvn. þessarar hv. d. mælir með því að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Veiðar utan fiskveiðilandhelgi, frv. (þskj. 444, n. 550). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Virðulegi forseti. Efni þessa frv. er að sjútvrh. er fengið það vald að geta gefið út reglugerð og sett reglur um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, bæði til þess að framfylgja ákvæðum alþjóðasamninga, sem íslendingar eru eða gerast aðilar að, eða þá samninga sem gerðir eru milli íslenskra stjórnvalda og erlendra stjórnvalda. Við þekkjum mörg dæmi þess að íslensk skip stundi veiðar fjarri okkar eigin fiskveiðilögsögu, og þarf ég ekki annað en vitna til síldveiða íslenskra skipa í Norðursjó og reyndar allt vestur til Bandaríkjanna, sérstaklega þó á miðum undan ströndum Kanada, það er mat aðila að þótt vel hafi tekist til oft og tíðum í samningum okkar opinberu yfirvalda við bæði útgerðarmenn og skipstjóra, þá er þó talið að það sé tilfinnanlegur skortur á lagaheimild til þess að setja bátunum veiðireglur. Einnig teljum við að það þurfi að vera vald fyrir hendi til þess að við fylgjum eftir eigin ákvörðunum um veiðarfæri þau sem notuð eru af íslenskum skipum, en til þess að það sé hægt að gera utan íslenskrar fiskveiðilandhelgi er talið nauðsynlegt að setja þessi lög.

Þetta frv. kemur frá Ed., en þar hefur það verið samþ. shlj. Sjútvn. þessarar hv. d. mælir eindregið með því að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 475, n. 531). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Skaftason): Virðulegi forseti. Heilbr.- og trn. þessarar d. hefur haft til athugunar og meðferðar frv. til l. um breyt. á l. nr. 67 1971, um almannatryggingar. Frv. þetta er flutt sem einn liður eða afleiðing af þeim kjarasamningum sem gerðir voru í febr. s. l. og er efni þess það, að til þess að sú hækkun eftirlauna, sem gert er ráð fyrir í samkomulagi sem ég gat um, hafi ekki í för með sér teljandi lækkun lífeyrisgreiðslna frá almannatryggingum, þá er lagt til með þessu frv. að fjárhæð þeirra tekna, sem lífeyrisþegum er frjálst að hafa án þess að til skerðingar á tekjutryggingaruppbót á lífeyri almannatrygginga komi, verði hækkuð verulega eða úr 46 380 kr. í 120 þús. kr. á ári fyrir einstaklinga og úr 83 460 kr. í 168 þús. kr. á ári fyrir hjón.

N. leggur shlj. til að frv. þetta verði samþ. óbreytt. Forföll höfðu tilkynnt fyrir fund í n. Jóhann Hafstein, Ragnhildur Helgadóttir og Vilborg Harðardóttir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Atvinnuleysistryggingar, frv. (þskj. 476, n. 553). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Skaftason): Virðulegi forseti. Heilbr.- og trn. hefur haft frv. til l. um breyt. á l. um atvinnuleysistryggingar til athugunar að undanförnu og hefur að athugun lokinni samþykkt að leggja til að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum, frv. (þskj. 477, n. 554). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Skaftason): Virðulegi forseti. Heilbr.- og trn. hefur haft til athugunar frv. til l. um breyt. á l. nr. 63 frá 16. apríl 1971, um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum.

Einn þáttur í lausn hinnar almennu kjaradeilu í febr. s. l. var samkomulag Alþýðusam-

bands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna um málefni lífeyrissjóða. Í samkomulagi þessu er m. a. gert ráð fyrir að lífeyrissjóðir á samningssviði þessara samtaka ásamt nokkrum öðrum lífeyrissjóðum taki að sér að veita lífeyrisþegum sínum, sem rétt eiga samkv. l. nr. 63 frá 1971, um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, sérstaka uppbót árin 1976 og 1977, þannig að lífeyrisgreiðslur þessar verði betur verðtryggðar en hingað til. Forsenda þessa samkomulags er sú breyting á nefndum lögum sem í frv. þessu felst.

Heilbr.- og trn. leggur shlj. til að frv. þetta verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Fiskveiðasjóður Íslands, frv. (þskj. 547). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Þetta frv til l. um Fiskveiðasjóð Íslands er samið af n. sem ég skipaði snemma árs 1975, eða nánar tiltekið 28. febr. 1975, til þess að endurskoða lög um Fiskveiðasjóð sem eru frá árinu 1966. Í þessa n. voru skipaðir: Davíð Ólafsson samkv. tilnefningu Seðlabanka Íslands, og var hann jafnframt formaður n., Eyjólfur Ísfeld Eyjólfsson samkv. tilnefningu Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, Sjávarafurðadeildar SÍS og Sölusambands ísl. fiskframleiðenda, Kristján Ragnarsson samkv. tilnefningu Landssambands ísl. útvegsmanna, Einar B. Ingvarsson aðstoðarmaður sjútvrh. og Jón Skaftason alþm. án tilnefningar.

N. lauk störfum seint á árinu 1975, og með bréfi 5. des. 1975 skilaði hún í frv.-formi till. sínum um breytingar á lögunum frá 1966 ásamt itarlegri grg. um það breytingafrumvarp. Síðan hefur þetta mál legið í sjútvrn.

Ég taldi rétt, að breytingar þessar, sem n. lagði til að gerðar yrðu á lögunum, væru felldar inn í lögin um Fiskveiðasjóð, og lét útbúa í sjútvrn. heildarfrv. til l. um sjóðinn. Inn í þetta frv. eru teknar allar till. n., sem áður er getið, nema hvað snertir ákvæði 6. gr. frv. um Fiskveiðasjóð. N. gerði till. um að stjórn sjóðsins skyldi vera í höndum 5 manna, eins og er nú. Samkv. núgildandi lögum eiga 5 menn sæti í stjórninni: einn frá Seðlabanka Íslands, tveir frá Landsbanka Íslands og tveir frá Útvegsbanka Íslands, þannig að stjórn Fiskveiðasjóðs er skipuð 5 bankastjórum á hverjum tíma. N., sem hafði þetta mál til athugunar og gerði till. í málinu, lagði til að sú breyting yrði gerð að stjórnin yrði eftir sem áður 5 manna stjórn og það væri einn fulltrúi frá hverjum hinna þriggja áðurnefnda banka, einn fulltrúi tilnefndur af Landssambandi ísl. útvegsmanna og fimmti fulltrúinn tilnefndur sameiginlega af Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sjávarafurðadeild SÍS og Sambandi ísl. fiskframleiðenda.

Við endurskoðun sjóðakerfisins á s. l. ári, sem náði fram á þetta ár, kom það mjög fram í viðræðum þeirrar n. við mig að hún teldi að hagsmunasamtökin í sjávarútvegi, bæði útvegsmenn, sjómenn og sölusamtökin, ættu að hafa meiri hl. í stjórn Fiskveiðasjóðs. En ég fyrir mitt leyti tel að eitthvað megi nú vera á milli, frá því að hagsmunasamtökin höfðu engan fulltrúa, að þau ættu að fá meiri hl. fulltrúanna, en ríkisvaldið og bankakerfið að vera í minni hl. Ég taldi eftir atvikum og eftir þeim samningum, sem náðust um breytingarnar á sjóðakerfi sjávarútvegsins, eðlilegt að fulltrúar sjómanna fengju aðild að stjórn Fiskveiðasjóðs eins og fulltrúar útvegsins og sölusamtakanna hafa, vegna þess að þeir eru jafnframt aðilar að tekjuöflun fyrir Fiskveiðasjóð. Þess vegna er lagt til að fjölgað verði í stjórninni um tvo og þá verði oddamaðurinn skipaður af sjútvrh., sjöundi maður í stjórn. Jafnframt taldi ég að vel athuguðu máli rétt að stjórnin skipti ekki með sér störfum, þegar þarna væru komin inn í hagsmunasamtökin fulltrúar bankakerfisins. Ef ætti að fara fram atkvgr. í stjórninni um formannskjör, þá gæti farið á þann veg að það skapaðist þegar í upphafi meiri hl. og minni hl. Hins vegar fannst mér óeðlilegt og finnst að sá eini fulltrúi, sem skipaður er af ríkisstj., sé endilega formaður stjórnarinnar, heldur eigi það að vera opið á hverjum tíma, allir hinir 7, sem skipa þessa stjórn, eigi jafnan rétt á því að verða skipaðir formenn. Ég taldi því rétt að taka þetta ákvæði inn, og þetta er sú eina breyting sem rn. hefur gert á frv. frá því að n. skilaði því í okkar hendur í byrjun des. í vetur.

Ég ætla að fara lítillega yfir þær breytingar sem gerðar eru á Fiskveiðasjóði samkv. þessu frv.

Í 1. gr. er gerð breyting frá gildandi lögum á stöðu Fiskveiðasjóðs gagnvart Útvegsbankanum, en eins og menn rekur sjálfsagt flesta minni til, þá var svo áður en lögin voru sett 1966 að Fiskveiðasjóður var undir stjórn Útvegsbankans og stjórn Fiskveiðasjóðs var þá bankastjórn Útvegsbankans. Það voru mjög náin tengsl á milli þessa sjóðs og Útvegsbankans samkv. þeim lögum. Þau tengsl voru töluvert minnkuð með setningu laganna 1966, en þó voru þau það eftir sem áður í tilteknum atriðum. En síðan hefur margt breyst, og þess vegna er nú lagt til að Fiskveiðasjóður verði enn sjálfstæðari stofnun en áður. Því eru tengsl hans gagnvart Útvegsbankanum nú enn minni en voru í lögunum frá 1966.

Breyting er einnig gerð á 2. gr. laganna, sem felst í því að hlutverk sjóðsins er rýmkað og tekur nú einnig til þess að veita lán út á eldri skip.

Þegar um sölu á eldri skipum er að ræða, þá er það oftast svo að stofnlán, sem á skipunum hvíla, eru orðin lág. Seljendunum er hins vegar mikil nauðsyn að fá greiðslu í reiðufé þar sem fjármögnun nýrra skipa er oftast tengd sölu gamalla skipa, og það er ekki óalgengt að kaupendur eldri skipa séu aðilar sem eru að hefja útgerð, ráða ekki yfir miklu fjármagni til kaupanna og eiga því erfitt með miklar útborganir við kaupin. Hér mundi Fiskveiðasjóður koma

inn með lánveitingu til kaupenda slíks skips. Fram hjá því má hins vegar ekki líta, að með slíkum lánveitingum er ekki verið að lána út á raunverulega verðmætisaukningu skipanna, og hætt er við að það leiði til óeðlilegrar hækkunar á verði eldri skipa. Því verður að fara gætilega í sakirnar þegar settar verða reglur um þessar lánveitingar. Á það ber að líta að þetta leiðir óhjákvæmilega til aukinnar fjárþarfar Fiskveiðasjóðs, en geta sjóðsins til að sinna því, sem hingað til hafa verið hans aðalverkefni, er þanin til hins ítrasta.

Á undanförnum tveimur þingum hafa verið flutt frv. um þetta efni, og var frv. því, sem flutt var á síðasta þingi, vísað til ríkisstj., en því var jafnframt lýst yfir að málið skyldi tekið upp í sambandi við endurskoðun laga um Fiskveiðasjóð sem þá var hafin og leitt hefur til samnings þessa frv.

Þá er einnig veitt heimild til stjórnar Fiskveiðasjóðs samkv. þessari grein til að setja upp sérstaka tæknideild við sjóðinn. Þessi sjóðsstjórn er til ráðuneytis um tæknileg atriði í sambandi við lánsumsóknir o. fl. Um allmörg undanfarin ár hefur Fiskveiðasjóður haft samvinnu við Fiskifélag Íslands um slíka þjónustu, og árið 1973 var gerður fastur samningur um það við Fiskifélagið. Sú þjónusta, sem Fiskveiðasjóður hefur þannig fengið, hefur verið mjög gagnleg. Það þykir hins vegar rétt, þegar til framtíðarinnar er litið, að sjóðsstjórnin hafi heimild til þess að skipa þessum málum á annan veg. Þyrfti það þá ekki að útiloka að samvinna geti haldist í vissum tilfellum eins og verið hefur, a. m. k. fyrst um sinn.

4. gr. laganna fjallar um fjáröflun til Fiskveiðasjóðs. Hafa á því orðið nokkrar breytingar frá því að lögin voru sett á árinu 1966. Þær breytingar eru nú felldar eins og aðrar inn í lögin í heild sinni. Liðirnir a og b eru óbreyttir frá því sem er í gildandi lögum, en um c-lið er það að segja, að með l. nr. 55 frá 1973 og l. nr. 99 frá 1975 er gerð sú breyting á 4. gr. laga um Fiskveiðasjóð, að bætt var við stafliðunum c og d og tekjur sjóðsins þar með auknar um 1% af fob.-verði útfluttra sjávarafurða samkv. c-lið og um jafnhátt framlag frá ríkissjóði árlega samkv. d-lið. Með lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum frá 13. febr. á þessu ári var c-liður gr. felldur niður og 1% gjaldið þar með fellt inn í lög um útflutningsgjald. Eftir stendur d-liður um framlag ríkissjóðs. Og þar sem ekki er ætlunin að fella hann niður, þá verður að breyta orðalagi hans, því að eins og áður segir vísar hann til c-liðar um jafnhátt framlag úr ríkissjóði á móti framlagi af útflutningsgjaldi. Samkv. útreikningum Þjóðhagsstofnunarinnar nemur framlag ríkissjóðs í þessu tilfelli ¾ hlutum tekna Fiskveiðasjóðs samkv. lögum um útflutningsgjald vegna þeirrar kerfisbreytingar sem gerð var við breytinguna á sjóðakerfi sjávarútvegsins.

Hins vegar er aftur lagt til að d- og e-liðir greinarinnar verði teknir óbreyttir úr gildandi lögum. Á sínum tíma, samkv. lögum á árinu 1970, var gerð sú viðbót um fjáröflun til sjóðsins að ríkissjóður skyldi leggja honum til ákveðna upphæð árlega, 35 millj. kr. Það framlag hefur ekki breyst neitt síðan vegna þeirra breytinga sem gerðar hafa verið og ég hef nú þegar lýst. En við töldum eðlilegt og rétt að ríkissjóður héldi þessu framlagi áfram þó að það sé ekki ýkjahá upphæð í sambandi við sjóð sem lánar allt upp undir 4000 millj. á ári.

Ákvæðið um stjórn sjóðsins hef ég áður gert að umræðuefni og þar þarf engu við að bæta. En í 7. gr. eru þýðingarmestu ákvæði þeirrar gr. í b- og c-lið um áætlunargerð og útlánaákvarðanir. Reynslan hefur sýnt að það er áríðandi að gera sér sem fastmótaðastar áætlanir um útlán úr sjóðnum. Framkvæmd slíkra áætlana getur að vísu verið ýmsum vandkvæðum háð á verðbólgutímum, en með áætlunargerðinni er ætlað að leggja þær meginlínur sem farið skuli eftir við lánveitingar, svo sem hvaða verkefni skuli sitja fyrir um lánveitingar þegar fjárhagsmöguleikar eru takmarkaðir. Slíkar áætlanir verða að miðast við breytilegar þarfir sjávarútvegsins á hverjum tíma.

Þá er einnig gerð sú breyting á stöðu sjóðsins gagnvart Útvegsbankanum samkv. þessari gr., að í stað þess að nú er kveðið svo á að um laun, kjör og réttarstöðu starfsfólks sjóðsins gildi sömu ákvæði og um starfsmenn Útvegsbankans, þá verði það hlutverk sjóðsstjórnar að taka ákvörðun um það, sbr. d-lið þessarar gr. Þá er einnig veitt heimild til þess að ráða aðstoðarforstjóra sem eðlilegt er miðað við vaxandi starfsemi sjóðsins.

Í sambandi við réttindi starfsfólks Fiskveiðasjóðs vil ég beina þeim tilmælum til þeirrar n., sem fær frv. til athugunar, að hún hugleiði betur en er í frv. um rétt starfsmanna Fiskveiðasjóðs, þannig að hann verði örugglega tryggður, en mér hefur fundist ekki nógu fast að orði kveðið um réttarstöðu starfsmanna Fiskveiðasjóðs svo að það er nauðsynlegt að það verði tekið til rækilegrar athugunar.

Sömuleiðis ef þetta frv. verður að lögum nú á þessu þingi og lögin taka þegar gildi, þá held ég að þurfi einnig í n. að huga að því að þau tengsl, sem nú eru á milli Fiskveiðasjóðs og Útvegsbankans, haldist óbreytt út þetta almanaksár. Því væri nauðsynlegt, ef n. sýndist svo, að bæta við ákvæði til bráðabirgða hvað þetta snertir, því að það er verra að skera á þessi tengsl ýmissa hluta vegna á miðju ári.

8. gr. þessa frv. er nýmæli. Hér er kveðið svo á að forstjóri hafi á hendi alla daglega starfsemi sjóðsins eftir nánari fyrirmælum í reglugerð og samkv. ákvörðun sjóðsstjórnar. Enn fremur verður það hlutverk forstjóra að ráða starfsmenn sjóðsins, og þá þykir eðlilegt að sjóðsstjórnin geti veitt forstjóra tilteknar heimildir til þess að ákveða lánveitingar án þess að hver einstök lánveiting sé samþykkt af stjórninni, t. d. þar sem mjög fastmótaðar reglur gilda um lánveitingar, og ákvæði um þetta yrðu sett í reglugerð og þá jafnframt hverju sinni um upphæð slíkra lána. Þetta á að greiða fyrir framkvæmd, þannig að framkvæmd hinna ýmsu lánaumsókna geti gengið greiðara fyrir sig og þurfi ekki að bera það, sem er eiginlega bundið mjög föstum reglum, undir sjóðsstjórn hverju sinni.

Út af því, sem ég sagði áðan um það nýmæli að lána út á eldri skip, þá er bætt við ákvæði

um nánari reglur um slík lán. Hér er kveðið svo á að lán til eldri fiskiskipa megi ekki nema meiru en ¼ hluta kaupverðs eða matsverðs, þess er lægra reynist, og skulu þá meðtaldar eftirstöðvar af lánum sjóðsins sem fyrir kunna að vera. Þetta ákvæði er í samræmi við það sem var í frv., sem lá fyrir síðasta Alþ. og vísað var til ríkisstj. með tilvísun til þess að lög sjóðsins væru í endurskoðun og ákvæði um þetta efni yrðu væntanlega í þeim breytingum sem lagðar yrðu fyrir þetta þing. Nánari ákvæði um þessi lán, svo sem lánstíma og önnur kjör, verði ákveðin á sama hátt og önnur lánakjör sjóðsins, með ákvörðun sjóðsstjórnar og að höfðu samráði við sjútvrh. og stjórn Seðlabankans.

Í 15. gr. er gerð sú breyting frá núgildandi lögum, að í stað þess að ákveða í lögum hæð lántökugjalds, ¼%, þá er það sett á vald sjóðsstjórnar að ákveða það eins og önnur lánakjör með þeim takmörkunum sem gilda um aðrar ákvarðanir um lánakjör. Lántökugjaldið er hluti af lánakjörum og því eðlilegt að því sé hægt að breyta á sama hátt og öðrum lánakjörum eftir því sem aðstæður krefjast.

Eins og oft hefur verið bent á, þá þarf Fiskveiðasjóður á sífellt vaxandi lánsfé að halda til þess að fullnægja eftirspurn eftir lánum og verður þá að greiða lántökugjald af þeim lánum eins og almennt tíðkast og því ekki eðlilegt að það eitt sé ákveðið í lögum, en öll önnur lánakjör séu ákvörðuð hverju sinni af stjórn Fiskveiðasjóðs í samráði við sjútvrh.

Á þeim 9 árum, sem liðin eru frá því að lög um Fiskveiðasjóð voru samþ. hér á Alþ., hafa orðið miklar breytingar á starfsemi Fiskveiðasjóðs á þann veg að umsvif hans hafa aukist mjög til að mæta þeim auknu kröfum sem til hans hafa verið gerðar um stofnlán til sjávarútvegsins. Útlán sjóðsins hafa aukist mjög mikið, og sem dæmi má nefna að lán til innlendrar skipasmíði voru á árinu 1967 52.5 millj. kr., en er áætlað að muni nema á s. l. ári 1500 millj. kr. Þau hafa því næstum því 30-faldast á þessum tíma. Lán til innlendu skipasmíðinnar hafa stóraukist á milli áranna 1974 og 1975, en á árinu 1974 námu þessi lán 427.6 millj. kr. og árið á undan, sem var hæsta árið fyrir utan 1975, námu þau 614 millj. kr. Lán vegna kaupa á skipum erlendis frá hafa hækkað stórkostlega frá árinu 1972, en þá voru þau 181.7 millj. kr., en 1973 fóru þau upp í 1109 millj., 1974 upp í 1690 millj. og 1975 í 1225 millj. Sama má segja um lán vegna tækjakaupa og viðgerða eldri fiskiskipa, að þessi lán hafa hækkað verulega þó að þau hafi ekki hækkað neitt í samræmi við nýsmíðalánin, en þau voru áætluð á s. l. ári að mundu nema um 400 millj. kr. eða um tvöföldun frá árinu á undan. Lánin til hraðfrystihúsanna hafa einnig hækkað verulega frá árinu 1972, úr 213 millj. í 600 millj. á árinu 1975, en þau voru skorin mjög verulega niður og það var að mörgu leyti raunalegt að þurfa að skera þau niður fyrir 1 milljarð til þess að halda áfram þeirri hraðfrystihúsaáætlun sem ákveðið var að standa að.

Ef við lítum á heildarútlán Fiskveiðasjóðs, þá voru þau aðeins 342 millj. kr. á árinu 1967, en á s. l. ári voru þau aðeins innan við 4000 millj. kr., eða um það bil 3945 millj. Og þá höfðu þau hækkað frá árinu 1974 um hvorki meira né minna en næstum því 50%.

Sú mikla aukning, sem orðið hefur á starfsemi Fiskveiðasjóðs, gerir það að verkum að það er nauðsynlegt og var nauðsynlegt að endurskoða þessi lög. Ég held að sú n., sem tók þetta verk að sér, hafi unnið það mjög vel. Þær breytingar, sem ég hef gert frá störfum n. í sambandi við stjórn sjóðsins, eru að mínum dómi sanngjarnar og eðlilegar. Ég tel mjög þýðingarmikið, að fulltrúar atvinnuveganna og sjómanna eigi aðild að stjórn sjóðsins ásamt fulltrúum bankakerfisins, og ég tel óeðlilegt að hagsmunasamtökin hafi meiri hluta í stjórn sjóðsins. Alveg eins og ég var mjög uggandi um það, þegar breytingin var gerð 1966, að það væri rétt að fela bankakerfinu alla aðild að stjórn þessa sjóðs, þá held ég að það sé nauðsynlegt og eðlilegt að fulltrúi ríkisvaldsins á hverjum tíma eigi þarna aðild og geti þá, ef í odda skerst, ráðið úrslitum mála.

Ég vil vekja sérstaka athygli á því, að þó að tekjuöflun sé mikil í sambandi við útflutningsgjald af sjávarafurðum, þá er framlag ríkissjóðs mjög mikið, ¾ á móti því, auk 35 millj. kr. Enn fremur er framlag ríkisins í reynd miklu meira, en það tekur auðvitað á sig þær skyldur að standa að fjárútvegun svo að milljörðum skiptir fyrir Fiskveiðasjóð og svo verður áfram um a. m. k. nokkur ár og svo lengi sem við sjáum, ef sjávarútvegurinn heldur áfram að vera, sem ég vona, aðallyftistöng í atvinnulífi okkar Íslendinga.

Þó að þetta frv. sé seint á ferðinni, þá vænti ég þess að hv. þm. reyni að gera sitt besta til þess að kynna sér þær breytingar, sem gerðar eru á núgildandi lögum, og vilji greiða fyrir framgangi málsins hér í hv. þd., og þó sérstaklega er það komið undir þeirri n., sem fær málið til meðferðar, að hún taki jákvætt á því og reyni að skila áliti sínu sem allra fyrst.

Forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. sjútvn.

Karvel Pálmason: Virðulegi forseti. Það er einkum um tvö atriði þessa frv. sem ég vildi segja hér aðeins örfá orð um og ég tel sérstaka ástæðu til að fagna.

Það er í fyrra tilvikinu í sambandi við 2. gr. frv. þar sem gert er ráð fyrir að færa út hlutverk Fiskveiðasjóðs með þeim hætti að lána nú út á eldri skip. Hér er að mínu viti um mjög þarft verk að ræða. Það hlýtur að vera þjóðhagslega hagkvæmt og miklu hagkvæmara að gera ráðstafanir til þess að hægt sé að nýta þann tiltölulega mikla fjölda fiskiskipa, sem í landinu er, með því að veita fyrirgreiðslu til kaupa á þeim heldur en að veita jafnmikla fyrirgreiðslu og gert hefur verið eingöngu út á nýsmíði. Ég held því að sérstök ástæða sé til að fagna þessari breytingu, því að það er vitað að það er mikill fjöldi einstaklinga í landinu sem hefur hug á að komast yfir slík skip, hefur ekki getað það af ýmsum ástæðum, en hér er sem sagt verið að opna leið til þess að þetta sé framkvæmanlegt og því ber að fagna.

Í öðru lagi vil ég aðeins segja örfá orð í sambandi við 6. gr., þ.e. um stjórn Fiskveiðasjóðs. Það má auðvitað alltaf um það deila og eru sjálfsagt um það skiptar skoðanir hversu fjölmenn slík stjórn eigi að vera. En ég tel það mjög til bóta að inn í stjórnina koma núna fulltrúar frá hagsmunasamtökunum, og tel ég það mjög eðlilegt og sjálfsagða ráðstöfun.

Ég skal ekki, virðulegi forseti, fara fleiri orðum um þetta mál, en ég taldi ástæðu til þess fyrst og fremst að fagna breytingunni í 2. gr., því að hún er fyrir löngu að mínu viti orðin nauðsynleg og ástæða til þess að taka undir þá breytingu.

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi forseti. Enda þótt ég eigi sæti í þeirri n. sem kemur til með að fá þetta mál til meðferðar, þá finnst mér þó rétt að fara örfáum orðum um það hér strax við 1. umr.

Það er rétt, eins og hæstv. ráðh. tók fram, að hér er fyrst og fremst um að ræða skipulagsbreytingar og hagræðingar á Fiskveiðasjóði Íslands sem flestar eða allar horfa til bóta, og þar fyrir tel ég að það ætti að vera unnt, sem hæstv. ráðh. mæltist til, að n., sem þetta mál fær, geti lokið meðferð þessa máls bæði fljótt og vel og skal a.m.k. ekki standa á mér að hjálpa til þess að unnt verði að afgreiða þetta mál á þessu þingi.

Ég vil einnig, eins og hv. síðasti ræðumaður, lýsa sérstakri ánægju minni með það, sem mér virtist raunar á máli hæstv. ráðh. að væri frá honum og hans rn. komið, að í hópi þeirra hagsmunaaðila, sem fá aðild að stjórn Fiskveiðasjóðs, skuli vera fulltrúi frá sjómönnum. Þetta er mjög æskilegt og þarft, ekki síst þar sem sjómenn sjálfir leggja bæði beint og óbeint til í formi útflutningsgjaldsins stóran hluta af tekjum þessa sjóðs. Þess vegna er *bæði eðlilegt og sjálfsagt* að fulltrúar sjómanna ekki síður en annarra hagsmunaaðila fái aðild að ákvörðunum um hvernig þessu fé er ráðstafað. Vil ég sérstaklega fagna því að þetta skuli vera þarna fram komið, þó að mér finnist að vísu að athuga mætti hvort ekki væri rétt að sjómenn, yfirmenn og undirmenn, ættu í 7 manna stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands fleiri fulltrúa en einn. En einn fulltrúi er vissulega betri en enginn.

Þá vil ég einnig vekja athygli á því, sem fram kemur í 7. gr. þessa frv. og er nýmæli eins og hæstv. ráðh. gat um, en það er að stjórn sjóðsins er falið samkv. ákvæðum 7. gr. að gera áætlun um lántökur og aðra fjáröflun til sjóðsins til eins árs í senn. Það er e.t.v. harla lærdómsríkt og umhugsunarvert fyrir okkur íslendinga að það skuli vera fyrst nú sem jafnmikilvægur sjóður og Fiskveiðasjóður Íslands, sem á að þjóna undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar, það skuli vera fyrst nú sem honum er fyrirskipað í lögum að starfa samkv. fyrir fram gerðum áætlunum. En reynslan, sem við höfum að baki, einkum og sér í lagi frá árum síðustu ríkisstj., sýnir það og sannar að slíkrar áætlunargerðar er heldur betur þörf, því að ég veit ekki nokkur dæmi um það úr allri Íslandssögunni að annað eins fyrirhyggjuleysi og annað eins stjórnleysi í sambandi við þessi mál hafi ráðið ríkjum eins og þá. Það er e.t.v. að hafa endaskipti á staðreyndum íslenskrar pólitíkur að það skuli gerast að þannig hafi verið búið af stjórn sem nefndi sig skipulags- og áætlunarhyggjustjórn, en svo skuli það vera hæstv. núv. sjútvrh., maður úr Sjálfstfl., sem ákveður að snúa þessu dæmi við og taka upp skynsamleg og skynræn vinnubrögð í áætlunargerðum í þessu tilviki. Þetta e.t.v. lýsir því hve öfugsnúin íslensk pólitík getur á stundum verið.

Þá vil ég einnig taka undir það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði áðan, að það er mjög ánægjulegt, það nýmæli að nú skuli eiga að taka upp lánveitingar úr Fiskveiðasjóði til kaupa á eldri skipum. En það hefur verið vani eða plagsiður í sambandi við lánveitingar opinberra sjóða hér á Íslandi, að þær virðast hafa ýtt undir það að menn nýttu ekki þau verðmæti sem í landinu eru fyrir. Fiskveiðasjóður Íslands er síður en svo eini sjóðurinn sem þarna á hlut að máli. Byggingarsjóður ríkisins kemur þarna líka til, sem til skamms tíma og jafnvel enn lánar fyrst og fremst til nýbygginga og síður til kaupa á eldri íbúðum. Þessi afstaða hvetur menn að sjálfsögðu til *þess að ráðast frekar í að byggja nýtt heldur* en nýta það sem fyrir er. Það getur verið gott að vissu leyti að ýta undir slíkt, en af öllu má þó ofgera, og ég held að það sé kominn tími til að snúa svolítið við á þessari braut og fara að reyna að nýta það sem nýtanlegt er af verðmætum sem fyrir eru í landinu. Að því leyti til tel ég þessa stefnu, eins og hún kemur fram í þessu frv., vera rétta.

En sem sagt, ég skorast ekki undan þeirri áskorun hæstv. ráðh., að ég fyrir mitt leyti mun ekki standa gegn því að verði hægt að afgreiða þetta frv. á þessu þingi.

Hitt er svo annað mál, að aðalvandi Fiskveiðasjóðs lýtur ekki kannske endilega að skipulagningu og hvernig stjórn þessa sjóðs er fyrir komið eða hver lánakjörin eru, heldur fyrst og fremst er meginvandi sjóðsins mjög alvarlegur fjárskortur, — fjárskortur sem gerir honum ekki kleift að sinna verkefnum sínum til hlítar. Og lausn á þeim vanda, sem er meginvandi sjóðsins að sjálfsögðu, er ekki að finna í þessu frv.

Tómas Árnason: Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það með öðrum þeim hv. þm., sem hér hafa tekið til máls, að frv. það til l. um Fiskveiðasjóð Íslands, sem hér er til umr., er að mínu mati mikil framför ef lögfest verður, sem ég dreg raunar ekki í efa að verði.

Fiskveiðasjóður Íslands er ákaflega merkileg stofnun og hafa umsvif sjóðsins farið vaxandi með hverju ári á undanförnum árum, og verkefni hans eru að sjálfsögðu hin þýðingarmestu í sambandi við uppbyggingu atvinnulífs þjóðarinnar. Það væri að sjálfsögðu freistandi að ræða þessi verkefni nánar. Ég mun þó ekki gera það við þetta tækifæri, en

get þó ekki stillt mig um að minnast á það atriði, sem hæstv. sjútvrh. gat um í framsöguræðu sinni áðan, að það væri mjög tilfinnanlegt um þessar mundir að Fiskveiðasjóð skorti **fjármagn til þess að standa að uppbyggingu** í hraðfrystiiðnaðinum eins og til hefur verið ætlast.

Eins og kunnugt er, var samþykkt fyrir nokkrum árum sérstök hraðfrystihúsaáætlun sem fjallar um mjög umfangsmikla uppbyggingu og framför á sviði hraðfrystiiðnaðarins í landinu. Samkv. þessari áætlun hafa mörg ný fiskiðjuver risið upp víðs vegar um landið og önnur hafa verið endurbætt stórlega frá því sem áður var. En það hefur hamlað nokkuð eðlilegu áframhaldi á framkvæmd þessarar áætlunar að Fiskveiðasjóður hefur ekki haft nægilega mikið fjármagn til þess að taka þátt í lánveitingum til þessarar uppbyggingar eins og til hefur verið ætlast. Það er gert ráð fyrir því að standa þannig að hraðfrystihúsaáætluninni að Fiskveiðasjóður láni allt að 60% af framkvæmdum við byggingar, Byggðasjóður láni síðan viðbótarlán, frá 10—25% eftir atvikum, og sjálfir leggi eigendur fram það sem á vantar. En það er mjög bagalegt — og ég sé ástæðu til þess að nefna það hér — að Fiskveiðasjóð skortir nú talsvert verulegt fjármagn til þess að standa, að því er ég tel með eðlilegum hætti, að framkvæmd hraðfrystihúsaáætlunarinnar, þó að gert sé ráð fyrir þó nokkru fjármagni á þessu ári í því skyni eða einhvers staðar á milli 500 og 800 millj. kr.

En það var sérstaklega eitt atriði sem ég vildi ræða stuttlega varðandi frv., eitt ákvæði, þ.e.a.s. um skipun stjórnar Fiskveiðasjóðs Íslands, eins og gert er ráð fyrir að hún verði samkv. frv.

Ég vil taka undir það, sem hefur komið fram hjá öðrum ræðumönnum, að ég tel framför í því að fleiri aðilar fái aðild að stjórninni en verið hefur. En ég dreg í efa að það sé eðlilegt að Seðlabankinn tilnefni sérstaklega mann í stjórn Fiskveiðasjóðs. Ef litið er í löggjöfina, sem gildir um Seðlabankann, þá er hlutverk bankans í fyrsta lagi að annast seðlaútgáfu, í öðru lagi að efla og varðveita gjaldeyrisvarasjóð, í þriðja lagi að kaupa og selja erlendan gjaldeyri og fara með gengismál, í fjórða lagi að annast bankaviðskipti ríkissjóðs, í fimmta lagi að vera banki annarra banka og peningastofnana og hafa eftirlit með bankastarfsemi, í sjötta lagi að gera sem fullkomnastar skýrslur og áætlanir um allt sem varðar hlutverk hans. Síðan segir í sjöunda lagi: „Að annast önnur verkefni sem samrýmanleg eru tilgangi hans sem seðlabanka.“

Nú kemur það fram í þessum lögum að Seðlabankanum er ætlað að vera banki annarra banka og peningastofnana. Hér er lagt til og er raunar í framhaldi af því, sem nú er gildandi í lögum, að Seðlabankinn tilnefni stjórnarmeðlimi í stjórn eins af mörgum fjárfestingarlánasjóðum landsmanna. Það gæti þá eins verið ástæða til þess að Seðlabankinn skipaði mann í stjórn landbúnaðarsjóðanna, skipaði mann í stjórn lánasjóða iðnaðarins, Lánasjóðs sveitarfélaga o.s.frv., o.s.frv. En ég tel hæpið að Seðlabankinn tilnefni sérstaklega stjórnarmann í einn af mörgum fjárfestingarlánasjóðum landsins og dreg í efa að það sé í samræmi við þau önnur verkefni sem Seðlabankanum er ætlað að sinna umfram það sem sérstaklega er talið upp í lögum.

Ég mun eiga sæti í þeirri þn. sem kemur til með að fjalla um þetta mál, og ég hef ekki í hyggju að flytja brtt. við frv., en vildi aðeins láta þetta álit koma hér fram.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég vil þakka hv. þm., sem hafa talað hér, fyrir góðar undirtektir við þetta frv. og jafnframt fyrirheit um góða afgreiðslu málsins í nefnd.

En varðandi það, sem hv. 4. þm. Austurl. sagði um stjórn sjóðsins, þá getur auðvitað alltaf verið matsatriði hverjir skuli tilnefna í stjórn. En ég hygg að það teljist allmikil bylting, frá því að stjórn er skipuð 5 bankastjórum og er 5 manna stjórn og enginn annar og ekkert annað sjónarmið, að gera nú þá breytingu að leggja til að hagsmunaaðilar í sjávarútvegi fái 3 fulltrúa og bankarnir 3, tveir höfuðviðskiptabankar sjávarútvegsins og Seðlabankinn, og svo einn fulltrúi frá ríkisvaldinu eða ríkisstj. Ég held að það fari ekki á milli mála að Fiskveiðasjóður hefur nú síðustu árin, eftir að útlán jukust svo mjög, verið oft í mikilli fjárþörf, hefur þurft að bíða eftir fjármagni sem hann hefur átt að fá að láni, og hann hefur því fengið oft mjög góða fyrirgreiðslu hjá Seðlabankanum í því sambandi. Ég dreg mjög í efa að sú fyrirgreiðsla hefði orðið jafngóð ef ekki hefðu verið tengsl með þessum hætti á milli Fiskveiðasjóðs og Seðlabankans. Hitt er alveg rétt hjá hv. þm., það sem hann vitnaði í lög um Seðlabankann. En þá er þar við að bæta að tengsl Seðlabankans eða bankastjóra hans eru víðar en við Fiskveiðasjóð, t. d. í sambandi við raforkumálin, formaður Landsvirkjunar er seðlabankastjóri, formaður Rafmagnsveitna ríkisins er bankastjóri, þannig að ríkisvaldið hefur mjög oft og á margan hátt leitað til þessara manna um að taka að sér forustu og stjórnun mjög mikilvægra fyrirtækja. En fyrir þessu er ekki gert ráð, ekki hvað snertir bankastjóra Seðlabankans, í seðlabankalögunum, nema síður sé, eins og hv. þm. gat réttilega um.

Það geta auðvitað alltaf verið um það skiptar skoðanir hvernig stjórn í slíkum sjóðum eins og þessum á að vera skipuð. En ég legg á það mjög mikla áherslu að það verði ekki gerð breyting á þeirri gr. frv., sem fjallar um stjórn sjóðsins, og ég vænti þess að samkomulag náist um að þessi viðamikla breyting, sem gerð er frá núgildandi lögum, nái fram að ganga. Við þurfum á að halda samstarfi við bankana, og ég hygg að það sé engin gleði þar með þessa breytingu, hvað þá heldur að ganga lengra, sem ég er fyrir mitt leyti andvígur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 23 shlj. atkv.

Búfjárræktarlög, frv. (þskj. 56, n. 561). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Þetta frv. var flutt snemma á þessu þingi af varaþm., hv. þm. Sigurði Björgvinssyni. Landbn. sendi frv. til umsagnar til Búnaðarþings sem mælir með því að það verði samþykkt, en gerðar á því breytingar. Landbn. hefur fjallað um málið á fundum og varð n. sammála um að fara eftir till. Búnaðarþings í þessu efni og leggur fram brtt. sem er á sérstöku þskj., nr. 561, og breytingin er þannig, með leyfi forseta:

„Aftan við 18. gr. l. bætist eftirfarandi mgr.:

Búnaðarfélagi Íslands ber að sjá um að hreinrækta íslenska forustuféð. Semja ber við einstaklinga, sauðfjárræktarfélög eða ríkisbú að annast þetta verkefni undir umsjón og eftirliti félagsins. Framlag til þessarar stofnræktar skal vera tvöfalt miðað við aðra stofnrækt sauðfjár. Aðeins einn aðili getur notið framlags í hverjum landsfjórðungi auk Vestfjarða eða mest 5 á landinu öllu. Framlag á stofnrækt forustufjár miðist við minnst 8 ær, skýrslufærðar, og mest 15 hjá hverjum stofnræktaraðila."

Það er kunnugt, a. m. k. í sveitum landsins, að lengi vel eða meðan a. m. k. var rekið til beitar og rekið á fjall, þá var talið að það væri mjög mikilvægt að hafa forustufé. Það kemur fram í áliti Búnaðarþings, að það telur að það mundi vera mikill skaði að því ef það væri ekki hægt að viðhalda þessum stofni, og sú mun vera ástæðan að Búnaðarþing leggur til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu sem ég hef nú greint frá.

Ég vil geta þess að hv. þm. Benedikt Gröndal var fjarstaddur við afgreiðslu málsins. En ég ræddi þetta við hann, og ég held að mér sé óhætt að segja að n. í heild sé alveg sammála um að mæla með þessu þó að hann væri ekki við þegar við gengum frá því.

ATKVGR.

Brtt. 561 (ný 1. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Stjórnmálaflokkar, frv. (þskj. 539). — 1. umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Frv. það um stjórnmálaflokka, sem ég hef flutt og er 250. mál þingsins, mun vera fjórða málið flutt á þessu þingi sem fjallar um starf og skipan stjórnmálaflokka og þá alveg sérstaklega um fjármál stjórnmálaflokka. Snemma á þinginu flutti formaður Alþb., hv. 5. þm. Norðurl. v., ásamt öðrum þm. till. sem snertu mjög starfsemi stjórnmálaflokkanna. Litlu síðar flutti hv. 4. þm. Norðurl. v., Eyjólfur K. Jónsson, tvö frv. sem einnig snertu fjármál stjórnmálaflokkanna.

Þetta frv. er í beinu framhaldi af þeim umr. sem fram hafa farið um málið, og ber því að líta á það í því samhengi. Í þessu frv. eru ýmsar hugmyndir sem fram hafa komið í umr. og við meðferð hinna fyrri mála á þessu þingi um meðferð stjórnmálaflokkanna, og er það von mín að með því að flytja hér frv. um heildarlöggjöf um stjórnmálaflokka örvist þessar umr. enn og til þess komi að gerð verði alvarleg tilraun til þess að *ná sem viðtækustu samkomulagi um aðgerðir* er gætu orðið til þess að auka traust þjóðarinnar á stjórnmálaflokkunum og skilning á hlutverki þeirra.

Undanfarin ár hefur komið fram mjög hörð gagnrýni á það valdakerfi sem íslenska þjóðin býr nú við, og hafa Alþ. og stjórnmálaflokkarnir sérstaklega orðið fyrir barðinu á þeirri gagnrýni, en flokkarnir hafa tíðum verið kenndir við ýmiss konar misrétti, misbeiting valds, samtryggingu hagsmuna, annarlega fjáröflun og yfirleitt lélega frammistöðu við það meginhlutverk að stjórna landinu. Oft hefur það viðkvæði heyrst í slíkum umr. að nauðsynlegt sé að setja sérstaka löggjöf um stjórnmálaflokka, og hafa jafnvel ýmsir af forustumönnum flokkanna tekið undir það.

Með því frv. að heildarlöggjöf um stjórnmálaflokka, sem hér er flutt, er stefnt að því að lögfesta ákveði um eftirtalin meginatriði:

1. Um skilgreiningu á stjórnmálaflokkum, þar sem einnig komi fram hlutverk þeirra í stjórnkerfinu og megineinkenni á lýðræðislegu flokksskipulagi.

2. Ætlunin er að sett verði ákvæði til að tryggja jafnrétti allra flokksmanna, sérstaklega við val frambjóðenda til opinberra starfa, t. d. við kosningar til Alþ. og við aðra ákvarðanatöku innan flokkanna.

3. Þá eru hér drög að lagaákvæðum um val frambjóðenda við alþingiskosningar sem er eitt meginhlutverk stjórnmálaflokkanna. Hér er ekki að þessu eða öðru leyti fjallað um annað en alþingiskosningar því að frv. fer viljandi ekki inn á svið forsetakosninga og sveitarstjórnarkosninga eða annarra kosninga.

4. Þá er gert ráð fyrir því að stjórnmálaflokkunum verði gert að skyldu að skrá sig hjá dómsmrn.

5. Gert er ráð fyrir að stjórnmálaflokkar eða önnur samtök, sem kunna að standa að framboðum lista í þingkosningum, verði gerð bókhaldsskyld og þeim gert skylt að birta reikninga sína opinberlega.

6. Gert er ráð fyrir því að stjórnmálaflokkum verði veitt ýmiss konar bein og óbein aðstoð ríkisvaldsins við starfsemi þeirra. Er það réttlætt fyrst og fremst á þeim grundvelli að opinber aðstoð eigi að verða til þess að flokkarnir séu síður háðir fjárframlögum einstaklinga, stofnana eða fyrirtækja sem hugsanlegt er að vilji fá einhver áhrif fyrir það fé, sem þeir leggja fram.

7. Gert er ráð fyrir stofnun nýrra flokka, því að lýðræðislega er að sjálfsögðu óverjandi að setja lög sem hægt er að segja að festi núverandi flokkaskipan.

Þegar samið er frv. til l. um stjórnmálaflokka eins og hér hefur verið gert og í ljósi þeirrar gagnrýni sem haldið hefur verið uppi undanfarin ár, vakna ýmsar spurningar sem þarf að

hugleiða í sambandi við slíka lagasetningu: Eru stjórnmálaflokkar nauðsynlegir, og ef svo er, hvert er hlutverk þeirra í stjórnskipan lýðveldisins? Eru lýðræðislegar starfsaðferðir hafðar í heiðri innan flokkanna, t. d. við val forustumanna og frambjóðenda til Alþingis, sveitarstjórna eða annarra ábyrgðarstarfa? Og loks það sem hvað mest er deilt um: hvar fá flokkarnir fé til að standa straum af dýrum rekstri og áróðri, ekki síst kostnaði við kosningabaráttu? Hvernig hafa flokkarnir farið að því að komast yfir stóreignir, sem vitað er að þeir eiga, t. d. húseignir? Hafa þeir notað völd sín í þágu þeirra sem lagt hafa þeim til fé? Geta þeir, sem hafa fjármuni á lausu í landi okkar, tryggt sér fyrir fjárgjafir einhvers konar opinbera fyrirgreiðslu? Þessum og fleiri slíkum spurningum verður að svara, og í þessum spurningum felst mikið af þeirri tortryggni gagnvart stjórnkerfinu og þá alveg sérstaklega Alþ. og stjórnmálaflokkunum sem mikið ber á og í raun og veru er að verða að hættulegri meinsemd í þjóðfélagi okkar. Þess vegna verður að taka tillit til þessarar gagnrýni og ræða í fullri alvöru hvort rétt er að gera einhverjar þær skipulagsbreytingar á stjórnkerfinu sem gætu með tímanum eytt þessari gagnrýni og komið á trausti milli þjóðarinnar og forustumanna hennar, — trausti sem hverju þjóðfélagi hlýtur að vera nauðsynlegt að sé fyrir hendi.

Ég hygg að ekki þurfi að ræða frekar, hve *nútímaþjóðfélögum er brýn þörf á því að hafa* stjórnmálaflokka, ef ekki er um það að ræða að vopnaður her eða sérstaklega heilsteypt valdastétt sé fyrir hendi og geti stutt við ríkisstjórnir svo að þær geti stjórnað landi. Stjórnmálaflokkar eiga að vera tengiliðir milli valdhafa og fólksins. Þeir eiga að halda uppi fræðslustarfsemi og upplýsingastarfsemi um opinber mál. Þeir eiga að verja ráðamenn og gagnrýna þá, veita þeim aðhald. Þeir eiga að velja fólk til framboða til endurnýjunar í valdastöðum, og halda saman stuðningshópum ríkisstj. og stjórnarandstöðu.

Þrátt fyrir þessi þýðingarmiklu verkefni stjórnmálaflokka er yfirleitt ekki minnst á þá einu orði í stjórnarskrám hinna eldri lýðræðisríkja og sárafá lönd hafa sett sérstök lög um flokkana. Þó hefur þetta verið að breytast á hinum síðari árum, og má segja að stjórnkerfin hafi verið að gangast við flokkunum, en lengi vel voru þeir eins konar feimnismál.

Þegar frjálsar kosningar komu til sögunnar varð að sjálfsögðu að setja ítarleg lög um það hvernig kosningar skyldu fara fram, og varð þá ekki komist hjá því að nefna stjórnmálaflokkana. Þannig er þessu varið hér á landi. Flokkarnir munu ekki vera nefndir í stjórnarskránni, en þeir koma mjög víða við sögu í kosningalögunum. Á hinum Norðurlöndunum er þetta eins og a. m. k. Noregur, Danmörk og Svíþjóð hafa tekið upp þá reglu að skylda stjórnmálaflokka til þess að láta skrá sig hjá hinu opinbera áður en þeir geta tekið þátt í framboðum til opinberra starfa.

Eftir síðari heimsstyrjöldina þurftu nokkur nágrannaríki okkar hér í Vestur-Evrópu að setja sér nýjar stjórnarskrár, og tóku þau flest, ef ekki öll, upp þann hátt að geta stjórnmálaflokkanna í sjálfum stjórnarskránum. Er þetta nýlunda. Þannig var það að vestur-þjóðverjar, sem sömdu nýja stjórnarskrá og afgreiddu hana 1949, *settu inn ákvæði um að stjórnmálaflokkar stuðli* að þróun hins pólitíska vilja fólksins og það skuli vera frjálst að stofna þá. Ítalir og frakkar hafa gert hið sama og sett stutt ákvæði í stjórnarskrána um flokkana. Hins vegar er mér aðeins kunnugt um eina þjóð sem hefur gengið skrefi lengra og sett sér ítarlega löggjöf um starfsemi stjórnmálaflokka, en það eru vestur-þjóðverjar. Var af augljósum ástæðum sérstök þörf á því fyrir þá að setja slíka löggjöf, þar eð sú þjóð þurfti að byggja upp lýðræðislegt flokkakerfi frá grunni að heita má eftir stjórnartímabil nasista og heimsófriðinn. Aðrar þjóðir hafa sumar hverjar sett lög um fjárhagslegan stuðning við stjórnmálaflokka, eins og t. d. hér og í Svíþjóð, eða þá flokkarnir hafa komið við sögu í ýmiss konar löggjöf sem varðar einstaka þætti þess starfs sem þeir taka þátt í.

Fróðlegt er að kynna sér þróun þessara mála í Svíþjóð. Þar var á árunum 1950—1951 mikið rætt um hvort setja ætti ítarleg lagaákvæði um stjórnmálaflokka eða ekki. Deilan snerist nálega eingöngu um hvort ástæða væri til að skylda alla þá, sem leggja fé til stjórnmálaflokka, til að skýra frá því opinberlega eða þá skylda flokkana til þess að veita opinberlega upplýsingar um það frá hverjum þeir hafi fengið fjárhagslegan stuðning og hve mikið frá hverjum. Þetta sama *hefur verið deilumál í mörgum öðrum löndum.* Í Svíþjóð varð niðurstaðan sú, að ekkert slíkt var lögfest. Komust svíar að þeirri niðurstöðu að það jaðraði við stjórnarskrárbrot að birta slíkar upplýsingar, vegna þess að stjórnarskráin tryggi einstaklingum rétt til þátttöku í leynilegum kosningum. Einnig komu fram þau sjónarmið að ef birtar væru upplýsingar, nöfn og upphæðir varðandi styrki ýmissa aðila til stjórnmálaflokka, þá mundu margir þessara aðila hætta slíkum stuðningi með öllu. Hins vegar væri rík ástæða til að ætla að einmitt þeir aðilar, sem telja má líklegt að ætli sér að fá eitthvað í aðra hönd fyrir fjárhagsstuðning við stjórnmálaflokka, einhvers konar fyrirgreiðslu, mundu verða manna líklegastir til þess að finna einhverja krókaleið til að koma fénu til flokkanna *eða koma flokkunum að sambærilegu gagni* og geta þannig heimtað þau hlunnindi sem þeir ætla sér að fá. Svíar komust því að þeirri niðurstöðu að birting á slíkum upplýsingum mundi aðeins verða til þess að þeir, sem gefa fé til stjórnmálaflokka af heiðarlegum áhuga og án þess að því fylgi nokkrar kvaðir, mundu hætta fjárgjöfunum, en hinir, sem gefa fé á vafasaman hátt, af því að þeir ætlast til greiða í staðinn, mundu sennilega halda iðju sinni áfram.

Svipuð hefur niðurstaðan orðið víðast hvar nema í Bandaríkjunum og e. t. v. öðrum ríkjum í Vesturheimi. Hvergi hefur fjármögnun á framboðum bæði einstaklinga og stjórnmálaflokka verið eins mikið vandamál og í Bandaríkjunum og er af því löng og mikil saga. En skemmst er þar frá að segja, að þar hefur verið farið inn á þá braut að krefjast þess að þeir, sem gefa fé til stjórnmálaflokka, geri það á opinberan hátt og það sé opinbert mál hverjir þeir eru.

Og nú fyrir ekki löngu hefur verið tekið upp það kerfi, að frambjóðendur, sem keppa um framboð flokkanna í forsetakosningum, geti fengið mótframlög frá ríkinu ef þeir sýni fram á að tiltekinn fjöldi einstaklinga hafi styrkt þá með smáframlögum. En þeir fá ekki mótframlög ef fyrirtæki t. d. veita þeim stórupphæðir. Það er raunar takmarkað mjög með lögum, hve miklar heimildir fyrirtæki hafa til slíkrar styrktarstarfsemi, og er þess skemmst að minnast að ýmsar slíkar upplýsingar vöktu athygli er þær komu fram í sambandi við Watergatehneykslið.

Hér á landi hafa stjórnmálaflokkar haldið uppi margvíslegri fjáröflun umfram það sem flokksfólk greiðir í félagsgjöld. Happdrætti og skemmtanahald hefur lengi verið notað meira eða minna í því skyni. Mest hygg ég þó að muni um fjárgjafir sem flokkarnir fá frá ýmsum gefendum, og eru það vafalaust einstaklingar, fyrirtæki, samtök og e. t. v. fleiri aðilar sem hlut eiga að máli. Um þessa hlið er ekkert gert opinbert nema þegar upp kemst um einstök mál þar sem dregið er í efa að um eðlilega fjárstyrki hafi verið að ræða. Hér er komið að einu þýðingarmesta atriði í starfi stjórnmálaflokkanna, og hef ég í þessu frv. farið sömu leið og svíar og raunar allar aðrar Vestur-Evrópuþjóðir.

Ég hef ekki lagt til að gera það að skyldu að birtar verði upplýsingar um nöfn þeirra aðila sem styrkja stjórnmálaflokkana eða hve mikið flokkarnir fái frá þeim. Tel ég að rökstuðningur fyrir þessari niðurstöðu sé hinn sami sem kom fram í umr. um þetta í Svíþjóð, eins og ég lýsti rétt áðan. Hins vegar eru í þessu frv. sett mjög ströng ákv. um bókhaldsskyldu stjórnmálaflokkanna og um birtingu á reikningum þeirra. Tekið er fram að þessi skylda um bókhald og birtingu reikninga nái ekki aðeins til flokkanna sjálfra, heldur til hinna ýmsu flokksdeilda sem starfandi eru og hafa eitthvert fé umleikis, svo og til sjóða, stofnana, félaga og annarra aðila sem starfa í þágu stjórnmálaflokkanna eða eru nátengdir þeim. Hygg ég að kunnugir muni viðurkenna að það sé tilgangslaust að krefjast birtingar á reikningum stjórnmálaflokkanna hér á Íslandi ef hinir ýmsu aðilar, sem gegna einstökum hlutverkum á vegum flokkanna og í meiri eða minni tengslum við þá, verða ekki bundnir sömu skyldu. Það er ekkert óeðlilegt við það, þó að flokkarnir stofni sérstök félög, t. d. til þess að vinna að húsbyggingarmálum, til að vinna að happdrætti, til að vinna að fræðslustarfi og fleiri einstökum verkefnum. Í þessu getur falist dreifing á valdi og vinnu, sem er mjög eðlileg í stjórnmálaflokkum. En það ber að viðurkenna þessa skiptingu með því að fella reikninga allra slíkra aðila inn í heildarreikninga flokkanna.

Þá eru gerðar kröfur til þess að sérstakt reikningshald sé fyrir þingkosningar og væri auðvitað eðlilegt að setja sams konar ákvæði um bæjar- eða sveitarstjórnarkosningar, svo og að sérstakir reikningar fyrir kosningarnar verði birtir innan tiltekins tíma, eftir að kosningum lýkur. Kosningabaráttan er sérstaklega í smásjá og veldur oft margvíslegri tortryggni. Menn eru þá á ferð og flugi við að keppast um hylli kjósenda og er því sérstök ástæða til þess að hafa strangar reglur hér eins og raunar annars staðar um fjármál viðkomandi kosningabaráttunni.

Ég mun nú fara fljótt yfir greinar frv. og nefna meginatriðin sem fram eru sett í hverri fyrir sig.

Í 1. gr. eru tvö meginatriði. Fyrst er yfirlýsing um að fólki sé frjálst að mynda stjórnmálaflokka, og byggist sú yfirlýsing á almennu ákvæði í stjórnarskránni um að mönnum sé rétt að stofna með sér félög. Í öðru lagi er lýst meginhlutverki stjórnmálaflokka í stjórnskipun landsins, og eru þar talin þrjú atriði: að standa að framboðum í kosningum til opinberra starfa, að efla skoðanamyndun þjóðarinnar varðandi opinber mál og að hafa áhrif á framvindu þjóðmála. Sjálfsagt má tala langt mál um það hvert hlutverk stjórnmálaflokkanna sé og hvað telja beri hér upp. En í mörgu því, sem ég hef lesið um stjórnmálaflokka annars staðar, kemur fram að þessi meginatriði eru í flestum frjálsum löndum talin vera megineinkenni eða meginhlutverk stjórnmálaflokka.

Í 2. gr. eru tiltekin þrjú meginatriði sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að samtök manna geti talist stjórnmálaflokkur á Íslandi. Nefni ég þá fyrst að þetta þurfi að vera samtök íslenskra ríkisborgara. Erlendir ríkisborgarar, sem hér geta dvalist langdvölum, eiga ekki að koma við þá sögu. Í öðru lagi verður að gera þá grundvallarkröfu að slík samtök séu lýðræðisleg ef þau eigi að geta talist stjórnmálaflokkur, og er komið að því í seinni greinum að skilgreina hvað átt er við með því orði í þessu sambandi. Loks er tiltekið að samtök verði að bjóða fram í a. m. k. fjórum kjördæmum landsins til þess að teljast stjórnmálaflokkur. Um þetta má að sjálfsögðu deila, en ég vil benda á það grundvallarsjónarmið, að það er ekki æskilegt að hér rísi upp flokkar, sem eru staðbundnir, t. d. flokkar sem eiga allt sitt fylgi í aðeins einu kjördæmi, en það er mjög vel hugsanlegt miðað við allar aðstæður, heldur er nauðsynlegt að flokkarnir eigi fótfestu á fleiri stöðum á landinu. Tel ég því eðlilegt að krefjast þess að þeir hafi boðið fram í a. m. k. fjórum kjördæmum.

Í 3. gr. er ákvæði um að stjórnmálaflokkar skuli tilkynna dómsmrn. stofnun sína og störf, eins og frekar er mælt fyrir í síðari greinum. Hvers vegna er ástæða til þess að stjórnmálaflokkar láti skrá sig hjá opinberum aðila? Ég tel að sú nauðsyn mundi vera fyrir hendi ef sett væri heildarlöggjöf svipuð því sem hér er fjallað um, vegna þess að samkv. slíkri löggjöf hljóta flokkarnir ýmiss konar rétt og verða að taka á sig ýmiss konar skyldur, og til þess að flokkarnir hljóti þau hlunnindi sem af réttinum leiðir, þarf einhver opinber aðili að ganga úr skugga um að þeir gegni þeim skyldum sem á þá eru lagðar. Og það tel ég eðlilegast að sé dómsmrn. Ég hef valið það rn. vegna þess að það fjallar um kosningar samkv. þeim kosningalögum sem hér eru í gildi.

Í 4. gr. er fjallað um hvað þurfi að koma til skjalanna til þess að stjórnmálaflokkur geti talist hafa lýðræðislega skipan. Samkv. okkar stjórnarskrá kemur að sjálfsögðu ekki til greina að

viðurkenna aðra stjórnmálaflokka en þá sem eru lýðræðislega upp byggðir, en til þess að sannreyna það er hér bent á sex atriði:

Í fyrsta lagi að flokkarnir séu opnir öllum landsmönnum sem ekki eru félagar í einhverjum öðrum stjórnmálasamtökum, hvar sem þeir eiga heima á landinu. Það ætti að vera augljóst að flokkar, sem hafa þröng inntökuskilyrði, geta ekki talist almennir stjórnmálaflokkar í lýðræðislandi.

Annað atriði: Allt flokksfólk skal eiga kost á því að kjósa með jöfnum atkvæðisrétti fulltrúa til þings eða landsfundar sem fer með æðsta vald innan flokksins. Hér er aðeins gerð sama krafa og er í stjórnkerfinu öllu varðandi þá sem kosningarrétt hafa, og ætti að vera augljóst að fólk, sem skipar sér í raðir stjórnmálaflokks, njóti þess hins sama réttar innan flokksins. Þó hygg ég að ef vandlega er skoðuð starfsemi stjórnmálaflokkanna á Íslandi nú og eins og hún hefur verið, þá mundu ýmsir verða til þess að draga í efa að allir einstakir flokksmenn hafi jafnan rétt að þessu leyti og er því full ástæða til þess að hafa slíkt ákvæði í grein sem þessari.

Í þriðja lagi er tekið fram að þing eða landsfundur flokks skuli setja honum lög, móta stefnu hans og kjósa æðstu stjórn hans. M. ö. o.: þessi stofnun, sem flokksfólkið á að velja sér með jöfnum atkvæðisrétti, fari með raunveruleg völd í flokknum.

Í fjórða lagi er sett það skilyrði að frambjóðendur flokks í hverju kjördæmi séu annaðhvort valdir í beinum kosningum af flokksfólki og þá e. t. v. óflokksbundnu fólki eða af fulltrúum kosnum af því. Fyrra atriðið, beinar kosningar, er prófkjör sem ýmsir íslensku flokkanna hafa reynt og þ. á m. hefur a. m. k. einn flokkur, Sjálfstfl., heimilað óflokksbundnu stuðningsfólki að taka þátt í slíkri kosningu, svo að hér er ekki um nýmæli að ræða. Þá segir í þessum lið að endanleg kosning frambjóðenda skuli vera leynileg. Þetta er því veigamikið atriði vegna þess að oft berjast flokksmenn hart um sæti á framboðslistum og ætti flokksfólk að njóta þeirra hlunninda að fá að velja frambjóðendur með leynilegri kosningu, en þurfi ekki að gera það með handauppréttingu eða á annan hátt fyrir augum þeirra manna sem keppa um þessi hlunnindi, en ákvörðun um framboð er varðandi mikinn hluta Alþingis raunverulega ákvörðun um það hverjir muni skipa þingið.

Í fimmta lagi eru ákvæði um að bæði lög flokksins, meginstefna hans og stefnumarkandi ákvarðanir verði birt opinberlega. Það er að sjálfsögðu óhugsandi að meginatriði eins og skipan flokksins og það, fyrir hverju hann berst, sé ekki opinbert mál. Ætti ekki að þurfa að taka slíkt fram, en þó er rétt að gera það að minu áliti.

Síðasta atriðið varðandi lýðræðislega skipan stjórnmálaflokkanna er varðandi reikninga þeirra. Segir að þeir skuli bæði endurskoðaðir af kjörnum endurskoðendum og samþykktir af æðstu stjórnstofnun flokksins og birtir.

Þá er 5. gr. um skráningu stjórnmálaflokka hjá dómsmrn., eins og áður hefur verið getið. Þá þurfa nýir flokkar, sem ætla sér að bjóða fram, að sjálfsögðu einnig að láta skrá sig og er þá eðlilegt að þeir verði, ef þeir hafa ekki boðið fram áður og fylgi þeirra hefur þar af leiðandi aldrei verið sannreynt, að leggja fram einhvers konar lista yfir meðmælendur eða flokksfólk. Hér er aðeins gert ráð fyrir því að það sé jafnmargt um meðmælendur í fjórum kjördæmum til að hafa samræmi við áður umrætt ákvæði um það að flokkar skuli bjóða fram í minnst fjórum kjördæmum. Þetta eru þó aðeins um 500 manns ef framboðin eru utan Reykjavíkur, og má deila um hvort ekki á að setja strangari kröfur gagnvart nýjum flokkum. Í Noregi gildir sú regla að nýr flokkur verður að láta fylgja nöfn 1000 meðmælenda til að fá skráningu hjá innanríkisráðuneytinu þar. En einmitt þetta er nú til umr. í Noregi og hafa komið fram till. um að hækka töluna úr 1000 í 2—3 þús. Í Danmörku er þessi tala miklu hærri, miðuð við 1/175 af kjósendum á kjörskrá, en þm. eru þar 175 og mun þurfa 17—18 þús. meðmælendur til þess að nýr flokkur geti skráð sig í Danmörku. Ýmis fleiri ákvæði eru viða sett, flest þeirra til að torvelda stofnun nýrra flokka.

Það má að sjálfsögðu viðurkenna það sjónarmið að lýðræðisríki þurfi að tryggja að lýðræðiskerfi leiði til stjórnhæfrar ríkisstj. með því að torvelda á einhvern hátt óhóflega stofnun smáflokka. En slíkar takmarkanir mega ekki vera svo miklar að hægt sé að segja að með þeim sé gildandi flokkakerfi algerlega lögfest.

6. gr. fjallar um nafn stjórnmálaflokka og listabókstafi og þarf ekki frekari skýringa.

Í 7. gr. er frekar fjallað um jafnrétti flokksfólksins innan flokksins í öllum störfum og við töku ákvarðana flokksins. Þá eru þar ákvæði um að flokksfólkið megi aðeins hafa áhrif á val frambjóðenda í því kjördæmi þar sem það er sjálft á kjörskrá, og enn fremur ákvæði sem hindrar að flokksmaður geti haft áhrif á val frambjóðenda í fleiri en einu kjördæmi, en það mun vera vandalaust eða vandalítið, eins og flokkarnir eru nú uppbyggðir.

Ákvæði, sem vísa til hegningarlaganna, þýða það að ýmiss konar brot gegn því að kosningar fari fram á eðlilegan, frjálsan og lýðræðislegan hátt, sem eiga við alþingiskosningar, skuli einnig geta átt við prófkjör ef það fer fram hjá flokkunum.

Í 8. gr. er eins konar barnavernd, því að hún kveður svo á að unglingar innan 16 ára aldurs eða sjálfræðisaldurs skuli ekki mega vera í félögum innan stjórnmálaflokkanna og flokkarnir megi ekki beina áróðri vísvitandi sérstaklega til barna og unglinga sem eru innan þessa aldurs. Þetta kann að verða umdeilt, því að víða halda stjórnmálaflokkar uppi barna- og unglingasamtökum. En ég er þeirrar skoðunar að það sé mjög óeðlilegt að halda pólitískum skoðunum að börnum á unga aldri og það eigi að hlífa þeim við slíku fram að þeim aldri þegar þau byrja að læra um félagsmál og fá betri aðstöðu til þess að gera sér sjálfstæða grein fyrir þeim.

Í 9. gr. er fjallað um bókhaldsskylduna

sem ég hef þegar gert að umræðuefni og er ekki ástæða til þess að ræða það atriði frekar.

Í 10. gr. er aðeins sagt að stjórnmálaflokkar séu skattfrjálsir og kemur að sjálfsögðu til greina að skilgreina það nánar. Auðvitað er ekki átt við það að þeir þurfi ekki að borga söluskatta og ýmis slík gjöld, en meginskattstofnar eiga ekki að ná til þeirra.

Í 11. og 12. gr. kemur að því hvaða hlunnindi stjórnmálaflokkarnir eigi að fá, ef þeir taka á sig þær skyldur, sem nú hefur verið lýst, og fylgja þeim kvöðum, sem fram koma í fyrstu níu greinunum. Fyrir utan skattfrelsið, sem getur verið mikils virði, er hér ákvæði um að stjórnmálaflokkar, sem uppfylla skilyrði þessara laga, skuli fá styrk úr ríkissjóði til starfseminnar þegar Alþ. veitir til þess fé á fjárlögum.

Ég vil benda mönnum á að það er ekki með þessu frv. beinlínis sagt að það skuli veita styrki á fjárl. til flokkanna, heldur að þeir skuli styrktir þegar Alþ. veitir til þess fé. Morgunblaðið skýrði frá þessu frv., og kom fram í þeirri frásögn að blaðið taldi að þessi grein um fjárhagsstyrk til stjórnmálaflokkanna mundi vafalaust vekja mesta athygli og verða umdeildust, og er það sennilega rétt. En ég vil taka það mjög skýrt fram, að ég hugsa þetta frv. sem heild og það er ekki ætlun mín að stjórnmálaflokkar fái opinbera fjárstyrki nema þeir gangist undir þær kvaðir, sem í þessu frv. koma fram, eða einhverjar sambærilegar. Og ég legg ríka áherslu á að þetta fylgist að, þess vegna hafði ég orðalagið í 11. gr. ekki sterkara en þar er. Kæmi hins vegar að því að samkomulag næðist um að setja einhverja slíka löggjöf, þá þyrfti að ræða hvort ekki er ástæða til þess að ákveða það með föstu orðalagi að Alþ. skuli veita fé til að styrkja stjórnmálaflokkana.

Þá eru hér settar upp nokkrar reglur um hvernig skipta eigi því fé sem kann að verða veitt til stjórnmálaflokka. Er sett fram sú meginregla sem fylgt er alls staðar þar sem ég þekki til, en hún er að flokkarnir fái styrk í beinu samræmi við þingstyrk sinn. Víðast hvar fer það eftir atkvæðatölu, en sums staðar þó, eins og í Svíþjóð, eftir þingmannatölu, og eru til um það ýmsar formúlur. Hér er lagt til að fylgja hreinlega atkvæðatölum. Þá er hér formúla um að hægt sé að dreifa þessum styrk á a.m.k. tvö ár fyrir kosningar, og er sú formúla, sem hér er fylgt, gerð eftir fyrirmynd sem er í þýsku lögunum og virðist vera góður grundvöllur til umr. hvað þetta atriði snertir. Enn er hér gert ráð fyrir því að nýr flokkur, sem ekki hefur boðið fram áður, njóti sama réttar og stjórnmálaflokkar hvað þetta snertir, og er hér formúla um hvernig hægt sé að veita slíkum flokki styrk til kosningabaráttu.

Hugmyndin um að opinberir aðilar, ríkissjóður eða héraðssjóðir, greiði beina styrki til stjórnmálaflokka er alls ekki ný af nálinni og verður engan veginn talin róttæk hugmynd, miðað við það sem nú þegar er gert í fjöldamörgum frjálsum löndum. Ég hygg að slíkir styrkir séu nú og hafi verið um árabil í allflestum löndum Vestur-Evrópu, a.m.k. Norðurlöndunum, Þýskalandi, Niðurlöndum og víðar, en í Bretlandi er nú opinber n. að kanna þetta mál. Þar hefur þó tíðkast alllengi að stjórnarandstöðuflokkur njóti sérstakra fjárhagshlunninda á þingi, og er hugmyndin á bak við það hin sama og liggur að baki öllu þessu máli, að skapa stjórnarandstöðuflokkunum svipaða baráttuaðstöðu sem stjórnarflokkar hafa.

Í Svíþjóð eru sérstök lög í gildi um opinberan styrk til stjórnmálaflokka. En slíkir styrkir eru einnig á hinum Norðurlöndunum. Í Noregi skiptast þeir t.d. á milli styrks frá ríkissjóði varðandi þingkosningar og styrkja frá héraðssjóðum. Í Þýskalandi er einnig um að ræða tvöfalt kerfi þar sem sambandsstjórnin greiðir stórfé í styrki til flokkanna, en sambandsríkin greiða einnig til þeirra styrki.

Nú er svo komið að þýsku flokkarnir, sem að sjálfsögðu eru stórfyrirtæki, fá rúmlega ⅓ af útgjöldum sínum beint frá ríkinu. Mér virðist, að ekki séu lengur ýkjamiklar umr. um grundvallaratriði þessa máls. Í Þýskalandi var gengið í gegnum alllanga þróun og reyndi ýmis atriði, t.d. að gera gjafir til flokkanna skattfrjálsar, en það var dæmt ógilt af stjórnarskrárréttinum í Karlsruhe, og fleira slíkt. Niðurstaðan varð sem sagt þessi, að taka upp kerfi allvíðtækra fjárstyrkja til flokkanna. Þegar jafnvel bandarískjamenn hafa komist að þeirri niðurstöðu að slík opinber aðstoð sé eðlileg og nauðsynleg, þá er varla við því að búast að margir haldi uppi andstöðu gegn grundvallaratriðum þeirra hugmynda sem um er að ræða.

Ég hygg að engir haldi því fram að menn megi hafa mismunandi aðstöðu til áhrifa á stjórnmál eftir því hversu mikil fjárráð þeir hafa. Þvert á móti hygg ég að allir lýðræðissinnaðir flokkar hafi afneitað slíku kerfi, og það, sem ég hef rætt um í sambandi við fjáröflun stjórnmálaflokka, beinist allt að því að hlífa flokkunum við því að þurfa að leita eftir fjárstuðningi hjá hinum og þessum aðilum þjóðfélagsins og lenda þannig í þeirri hættu að kunna að þurfa að taka á sig einhverjar kvaðir til þess að fá það fé sem þeir telja sig þurfa, svo sem í kosningabaráttu.

Í 12. gr. eru talin upp ýmis hlunnindi sem opinberir aðilar á Íslandi ýmist veita nú þegar eða gætu hæglega veitt flokkunum og mundu teljast allverulegur styrkur. Landssími Íslands útvarpar yfirleitt frá fundum eða sérstökum útvarpsumr. úr kjördæmunum eftir ósk frambjóðenda, að sjálfsögðu með samþykki Ríkisútvarpsins. Þetta útvarp kostar stórfé, ekki síst í hinum víðlendu kjördæmum þar sem frambjóðendur hafa farið inn á þá leið að láta útvarpa 3—4 fundum. Jafnstór stofnun og Landssími Íslands ætti að geta veitt þessa þjónustu án þess að þurfa að knýja út úr peningalausum stjórnmálaflokkum stórfé fyrir það.

Ákvæði er um að Hagstofan veiti flokkunum endurgjaldslaust nokkur eintök af kjörskránni. Það mun hún þegar hafa gert þó að það sé talið hér upp.

Þá er gert ráð fyrir því, sem tíðkast í mörgum öðrum löndum, að fyrir alþingiskosningar skuli hver framboðslisti eiga rétt á því að senda endurgjaldslaust a.m.k. eitt bréf í pósti til hvers kjósanda í kjördæminu. Og einnig er gert ráð fyrir því að Landssími Íslands veiti framboðslistum okeypis afnot af nokkrum símum í einn mánuð fyrir kosningar.

Að lokum eru hér ákvæði, sem snerta hugsanleg brot á þessum lögum. Er þar bæði vísað í önnur lög, hegningarlögin, eins og ég hef áður getið, og kafla í kosningalögunum þar sem rætt er um óleyfilegan kosningaáróður eða kosningaspjöll. Ef flokkur verður uppvís að því að brjóta þýðingarmikil atriði þessara laga, þá á að vera hægt að svipta hann öllum frekari stuðningi við þær kosningar og — ef um mjög alvarleg brot er að ræða — við næstu kosningar á eftir.

Ég hef nú gert lauslega grein fyrir þessu frv. Ég vil ítreka það sem ég sagði í upphafi, að líta ber á þetta frv. sem lið í þeim umr. sem fram hafa farið, bæði hér í þingsölum og í enn ríkara mæli utan þingsala, hér í þinginu og meðal stjórnmálaflokka svo og áhugamanna um stjórnmál. Þetta frv. hefur verið samið og er flutt í þeirri von að það muni færa umr. um þessi mál á raunhæfara stig, þannig að hægt sé að ræða einstök atriði, menn þurfi ekki að halda lengi áfram að ræða almenn atriði, heldur geti gert sér nákvæma grein fyrir því hvernig þau mundu líta út í framkvæmd. Ég er sannfærður um að verði sett lög eitthvað svipuð þessu frv., þá mundu þau opna stjórnmálaflokkana, tryggja lýðræðislega starfshætti þeirra og jafnrétti alls flokksfólksins. Slík lög ættu í framkvæmd að draga mjög úr tortryggni í garð stjórnmálaflokkanna og gera þá hæfari til þess að gegna hinu mikilvæga hlutverki þeirra í stjórnskipun lýðveldisins.

Herra forseti. Ég legg svo til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 82. fundur.

Föstudaginn 30. apríl, kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hér hljóðs utan dagskrár til þess að bera fram örstutta fyrirspurn til hæstv. ríkisstj. Ég tel eðli þessarar fyrirspurnar vera þann veg farið, ef svar við henni fæst, að hún eigi erindi til alþm. allra og þá um leið þjóðarinnar allrar.

Svo sem kunnugt er hefur Alþýðusamband Íslands fyrir nokkrum dögum sent frá sér opinbera fregn varðandi síðustu kjarasamninga og þær verðlagsbreytingar sem síðan hafa átt sér stað. Það hefur ekki gerst áður að stjórn stærstu launþegasamtakanna á Íslandi teldi sig til þess knúða að koma slíkri yfirlýsingu eða upplýsingum á framfæri í því formi sem hér er nú gert. Eitthvað sérstakt hlýtur því að vera á ferðinni þegar þannig fer. Alþýðusambandið vekur athygli á því að frá því 1. febr. til 1. apríl hefur almennt verðlag hækkað um 7.3%. Alþýðusambandið staðhæfir að aðeins 1.3% þessarar hækkunar megi rekja til kjarasamninganna 1. mars, en hvorki meira né minna en 6% til innlendra ástæðna.

Það, sem hlýtur því að vekja athygli og það sérstaka athygli í þessu sambandi, er að áður en kjarasamningarnir voru gerðir var samningsaðilum skýrt frá því hvernig starfsmenn Hagstofu Íslands og Þjóðhagsstofnunar mætu þær verðhækkanir sem í vændum væru. Ekki þarf að efa að dregið hefur á einn eða annan hátt úr þeim við þessar upplýsingar. En það, sem mesta athygli vekur í þessu sambandi, er að nú hefur reynst sýnt að verðhækkanirnar hafa verið meiri en upplýsingar fengust um meðan á samningaviðræðum stóð. Póstur og sími hafa hækkað um 24%, en við samningaborðið var tekið trúanlegt að engin hækkun yrði. Vænst var 15% hækkunar hitaveitu, en í reynd hefur hún orðið 27%. Áfengi og tóbak hækkuðu strax. Búvörur hækkuðu helmingi meira en búist var við í samningaviðræðum. Fullnægjandi skýringar þurfa því að fást á því hvernig slíkt hefur getað gerst. Hæstv. ríkisstj. hefur ekki enn andmælt staðhæfingum Alþýðusambandsins, sem legið hafa á borðum alþm., þeirri fregn, sem það ber á okkar borð. Þá er spurningin sú: Má líta svo á að ríkisstj. hafi viðurkennt þær staðreyndir sem Alþýðusambandið leggur fram?

Hér er um svo mikilvægt atriði að ræða að nauðsynlegt er að ríkisstj. upplýsi í hverju þessi mismunur felst. Sé svo, að ríkisstj. viðurkenni umræddar upplýsingar Alþýðusambandsins sem nú í fyrsta sinni hefur í starfi hjá sér sérstaka sérfræðinga til að fjalla um þessi efni, þá er nauðsynlegt að alþjóð fái um það að vita og alþm. þá ekki síst. Ég ber því fram þessa fyrirspurn: Er ríkisstj. sammála upplýsingum Alþýðusambandsins um að hér hafi verið svikist aftan að verkalýðssamtökunum með þeim upplýsingum, sem þeim voru gefnar við samningaborðið, og miðað við þær staðreyndir, sem nú blasa við?

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Er ég vissi um að þessi fyrirspurn kæmi hér fram sá ég ástæðu til að kveðja mér hljóðs einmitt vegna þeirra samninga, sem gerðir voru 1. mars í vetur af verkalýðshreyfingunni, og þeirra atburða sem síðan hafa gerst í verðlagsmálunum.

Það er rétt sem hv. fyrirspyrjandi sagði hér áðan, að sú verðlagsþróun, sem orðið hefur frá því að samningarnir voru gerðir, er með býsna mikið öðrum hætti en gert var ráð fyrir þegar samningarnir voru gerðir eða áður en þeir voru gerðir. Ég ætla ekki að fara að rekja þessi samningamál neitt sérstaklega. Það vissu allir að þeir voru núna gerðir vegna þess að mjög mikil skerðing hafði orðið á kjörum fólks og kaupmáttur var orðinn verulega miklu lægri en í rauninni hafði orðið við samningana frá 1974.

Það má segja að þegar samningum lauk, hafi markmið þeirra verið að halda þeim meðalkaup-

mætti sem var á árinu 1975. Lengra var nú ekki sótt. Þetta markmið má einnig segja að hafi verið í fullu samræmi við það sem fram kom í stefnuræðu hæstv. forsrh. í þingbyrjun hér í haust. Þetta má telja að hafi verið markmið samninganna og er kannske dálítið nýstárlegt, að aðeins er reynt að halda í horfinu og raunar ekki sótt öll sú kjaraskerðing sem orðið hafði á samningstímabilinu. Einnig má segja að það hafi verið nokkurt sérkenni við þessa samninga að reynt var að gera sér grein fyrir, hver yrði verðlagsþróun á því tímabili sem samningarnir áttu að ná yfir. Þjóðhagsstofnun og Hagstofa Íslands reyndu að gera sér grein fyrir þessu og fyrir samningsaðilunum lá spá þeirra varðandi verðlagsþróunina.

Það er rétt að taka það fram, að því var spáð að verðlagshækkanir yrðu ekki undir 15—17% á árinu og þá án þess að nein breyting yrði á kaupi. Fyrirsjáanlegt var að ef ekki færi fram kauphækkun með samningunum í haust — og hafa menn nú sagt æðimikið um verkföll og annað slíkt í því sambandi — þá hefði kaupmáttur verkafólks almennt verið kominn niður um a. m. k. 15% í árslokin. Þetta var spá Þjóðhagsstofnunarinnar. Hún var að vísu með 15%, en Hagstofan var heldur hærri í því og taldi að þetta mundu vea um 17%.

Það hefur oft verið kvartað undan því hér á okkar landi að samningstímabil verkalýðshreyfingarinnar eða aðila á vinnumarkaðinum væru allt of stutt, að það væri aldrei hægt að áætla neitt fram í tímann vegna þess hve samningstímar og samningstímabilin væru stutt og óörugg. Áreiðanlega væri það ósk verkalýðshreyfingarinnar að geta gert samninga til lengri tíma en almennt hefur verið. Við reyndum þetta í samningunum 1974. Þeir samningar áttu að gilda til vors 1976, þ. e. a. s. fyrst að vera að falla úr gildi um þetta leyti. En reynslan varð því miður sú að þessar vonir stóðu ekki og samningarnir voru aðeins 7 mánaða gamlir þegar verkalýðshreyfingin sá sig til neydda að segja þeim upp. Allar forsendur samninganna voru þá brostnar og því var þeim þá sagt upp. Forsendur samninganna brustu fyrst og fremst vegna aðgerða stjórnvalda.

Þegar samningarnir nú í vetur voru gerðir, þá sem sagt lágu þessar áætlanir fyrir sem ég áðan gat um varðandi þróun verðlagsmálanna. Nú er alveg ljóst að þessi þróun hefur orðið allt önnur en gert var ráð fyrir. Að vísu skal það tekið fram, eins og fram kom í sjónvarpsviðtali við forseta Alþýðusambandsins fyrir stuttu, að gert var ráð fyrir því að verðlag hækkaði til 1. júní sem næmi tæpum 10%. Ef verðlag hækkaði meira en það, þá átti að koma kauphækkun 1. júlí sem væri meira en þau 6% sem samningsbundið var. Þetta segir ekki að það hafi verið gert ráð fyrir því að verðlagið hækkaði svona mikið á þessum tíma. Það var það ekki. Það, sem gerst hefur, er að verðhækkanir hafa orðið meiri en búist var við og einnig komið miklu fyrr, þannig að það má fullyrða að kaupmátturinn núna um mánaðamótin mars—apríl s. l. hafi verið a. m. k. 3% lægri en áætlað var þegar samningarnir voru gerðir — og vel að merkja, hér er um að ræða eins og fyrri daginn fyrst og fremst aðgerðir stjórnvalda í verðlagsmálunum. Alþýðusambandið fullyrðir að af þeim 7.3%, sem verðlagið hefur hækkað til 1. apríl, sé aðeins 1.3% vegna áhrifa kauphækkana, hitt sé án áhrifa frá kauphækkunum. Þessar tölur hafa hvergi verið vefengdar. Það er því eðlilegt að spurt sé, þegar jafnmikið veður er búið að gera út af þeim samningum, sem gerðir voru í vetur, og verkalýðshreyfingin hefur legið undir stórárásum enn einu sinni vegna þeirra samninga og talið að hún sé fyrst og fremst völd þess hvernig málum er komið, hversu verðbólguþróunin heldur enn áfram. Kaupgjaldssamningarnir í vetur eru enn á ný taldir höfuðástæða þess. Með þessum mikla áróðri er fyrst og fremst stefnt að því að gera kaupgjaldsbaráttu verkafólksins og verkalýðshreyfingarnar tortryggilega, það sé tilgangslaust að vera að hækka kaupið, það hafi aðeins í för með sér hækkun verðlags og því geti ekkert annað af því hlotist en aukning verðbólgunnar. Hér er náttúrlega á ferðinni mjög skæður áróður gegn verkalýðshreyfingunni, og það er ekki annað sjáanlegt en að ríkisvaldið taki mjög þátt í einmitt þessum áróðri með þessum athöfnum með því einmitt að í skjóli og blóra við kaupgjaldsamningana er verðlagið hækkað eins gífurlega og gert hefur verið nú undanfarið og þar ganga opinberar stofnanir alveg sérstaklega fram. Ég ætla ekki að ræða hér núna neitt sérstaklega um búvöruverðið. En það er eðlilegt að verkalýðshreyfingin spyrni við fótum þegar svona er að málum staðið gagnvart henni. Þær auglýsingar, sem Alþýðusambandið ætlaði að koma inn í sjónvarpið, voru nauðvörn verkalýðshreyfingarinnar í þeirri stöðu sem hún hefur einmitt verið, í þeim þunga áróðri gegn baráttu verkalýðsfélaganna sem fram fór í vetur með þeim samningum sem þá voru gerðir. Ég ætla ekki að ræða það mál neitt sérstaklega. En það er ekki gott þegar jafnvel ríkisfjölmiðlarnir taka meiri og minni þátt í þessum efnum og þeim áróðri gegn verkalýðshreyfingunni sem fram hefur farið og ef verkalýðshreyfingin getur svo ekki borið hönd fyrir höfuð sér með þeim hætti sem reynt var að gera í þetta sinn.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, en aðeins segja það, að þessi verðlagsþróun gerir að sjálfsögðu það að verkum að almennt dagvinnukaup verkafólks — og það er best að menn muni að það er nú aðeins á bilinu 55—60 þús. — það auðvitað verður enn ófærara um að standa undir brýnustu nauðþurftum fólks heldur en annars hefði verið.

Ég endurtek þá ósk, sem hér var borin fram, að það fáist svör við því hvort ríkisstj. sé þeirrar skoðunar að þær tölulegu staðreyndir, sem Alþýðusambandið hefur látið frá sér fara í þessu efni, séu réttar eða viðurkenndar.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Eins og hér hefur komið fram, þá hefur það vakið athygli að Alþýðusamband Íslands hefur talið sig til þess knúið að gefa út sérstakan upplýsingabækling um þá þróun verðlagsmála sem átt hefur sér stað síðan síðustu kjarasamningar voru undirritaðir. Menn hljóta að velta því fyrir sér hvers vegna slíkt er gert, hvers vegna er ráðist í slíkt af alþýðusamtökunum. Það er augljóslega

vegna þess að allt frá því að samningar voru gerðir hafa dunið á landslýð verðhækkanir, miklu meiri en upplýsingar voru um gefnar þeim aðilum, sem samningana gerðu, og verðhækkanir sem koma miklum mun fyrr en gert var ráð fyrir þegar þessir samningar voru gerðir, og ekki síður hitt, að allur áróður hæstv. ríkisstj. og málgagna hennar hefur einvörðungu beinst að því að láta líta svo út að orsaka þessarar verðlagsþróunar sé fyrst og fremst að leita til þeirra kjarasamninga sem gerðir voru. Þó held ég að allir, sem um þessi mál hafa fjallað, hafi verið nokkuð sammála um það að hér var samningum mjög í hóf stillt síðast þegar þeir voru gerðir. Það er því ekki að ástæðulausu að heildarsamtökin sjái ástæðu til þess að gera a. m. k. tilraun til að upplýsa það sanna í þessu máli. Verið er með slíkum áróðri sem beitt hefur verið að vega að rótum verkalýðsbaráttunnar, koma því inn hjá verkalýðshreyfingunni að tilgangslaus sé sú barátta, sem uppi er höfð með þessum hætti, og í raun og veru sé verr af stað farið en heima setið þegar slíkt liggi fyrir tiltölulega um leið og staðið er upp frá samningaborði. Og þetta er auðvitað mergurinn málsins.

Mér vitanlega hefur þessum upplýsingum Alþýðusambands Íslands um þróun verðlagsmála, frá því að samningar voru gerðir, hvergi verið mótmælt. A. m. k. hef ég ekki séð slíkt, og ég er ekki í neinum vafa um að niðurstöður þeirrar könnunar, sem Alþýðusambandið lét gera, eru réttar. Það er aðeins lítið brot af þeim verðhækkunum, sem átt hafa sér stað, sem hægt er að rekja til samningagerðarinnar, eins og segir í upplýsingabæklingnum aðeins 1.3% af 7.3% hækkun. Annað, eða um 6%, er vegna aðgerða stjórnvalda. Dettur nokkrum lifandi manni í hug að það sé aðeins tilviljun ein að svo stór hluti af þessum hækkunum verður rakinn til aðgerða stjórnvalda? Ég held ekki. Hér er augljóslega um að ræða skipulagðar hefndarráðstafanir þeirra afla innan stjórnarflokkanna sem vilja koma því á framfæri með einhverjum hætti að verkalýðsbarátta, eins og hún hefur verið háð, sé nú búin að renna sitt skeið og sé í raun og veru tilgangslaus.

En það eru ekki bara forsvarsmenn verkalýðshreyfingarinnar sem standa undrandi frammi fyrir þessari þróun. Þar er einnig um að ræða forsvarsmenn vinnuveitendasamtakanna. Þeir standa einnig undrandi frammi fyrir því sem gerst hefur, miðað við þær upplýsingar sem þeir fengu í hendur þegar samningar voru gerðir. Ég minnist þess a. m. k. að formaður Vinnuveitendasambands Íslands hafði þau orð í sjónvarpsviðtali ekki alls fyrir löngu að hér væri um að ræða töluvert meiri verðhækkanir sem kæmu fyrr en þær upplýsingar, sem þeir höfðu í höndum þegar samningar voru gerðir, gerðu ráð fyrir. Ég held að það sé því augljóst mál að hér er vitandi vits staðið að þessu máli með þeim hætti sem nú hefur sýnt sig, og það er enginn vafi á því að bæði þm. og almenningur í landinu bíður eftir því að heyra svör hæstv. ríkisstj. við þessu.

Mér dettur ekki í hug að halda, eins og ég sagði áðan, að það sé um annað að ræða heldur en hér séu réttar upplýsingar á ferðinni af hálfu verkalýðssamtakanna. Og ég eins og aðrir bíð eftir því í ofvæni að vita hver svör eða rök hæstv. ríkisstj. kunna að verða við þessari þróun, með hliðsjón af því sem áður hefur verið upplýst og staðið var að að meira eða minna leyti í samhengi við þær upplýsingar og spár sem fyrir lágu frá hendi þeirra aðila sem um þau mál fjölluðu þegar gengið var frá kjarasamningum. Ég vænti þess, að hæstv. forsrh. geti hér gefið þær upplýsingar sem a. m. k. menn taka að svo stöddu máli trúanlegar En ég er ekki í neinum vafa um að það verður á engan hátt hrakið, það meginefni sem þessi upplýsingabæklingur Alþýðusambands Íslands inniheldur. Þetta eru að mínu viti þær staðreyndir sem við blasa, og orsaka þeirra er að leita til óvinveittrar stefnu hæstv. ríkisstj. í garð verkalýðshreyfingarinnar.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Vitnað er til þess af ræðumönnum að það hafi ekki gerst áður að Alþýðusamband Íslands telji sig knúið til að koma upplýsingum á framfæri sem þeim er það hefur gert með útgáfu bæklings þess er útbýtt hefur verið á borð þm. Ég skal ekkert um það segja. Ég vil aðeins taka það fram og ætla mér ekki að standa í deilum við Alþýðusamband Íslands eða forsvarsmenn þess, að í mínum huga býr enginn efi um að Alþýðusamband Íslands hefði getað komið þessum upplýsingum á framfæri í fjölmiðlum landsins, bæði blöðum, tímaritum og ríkisútvarpi, hljóðvarpi og sjónvarpi, meðlimum sínum að kostnaðarlausu. Það er því fremur gagnrýnisvert að það eyðir fjármunum sínum í útgáfustarfsemi sem þessa. Það mætti líkja því við það að ríkisstj. gæfi út bækling sem fæli í sér gagnrýni á stjórnarandstöðuna. Ég held að það yrði gagnrýnt hér af stjórnarandstöðunni og talið að ríkisstj. ætti ekki að verja fjármunum almennings í þessu skyni. Innan Alþýðusambands Íslands eru áreiðanlega margir sem telja slíka bæklingsútgáfu ekki eiga rétt á sér kostnaðarins vegna. En látum slíkt vera og látum það liggja milli hluta. Það er málefni samtakanna sjálfra og þeirra sem í þeim eru, og skal ég láta það kyrrt liggja.

En efnislega er hér spurt af hv. þm. hvort ríkisstj. viðurkenni þær staðreyndir sem Alþýðusamband Íslands leggur hér á borðið, eins og hv. 4. landsk. þm. komst að orði. Ég tel að hér sé ekki um staðreyndir að ræða. Hér er um að ræða ályktanir af upplýsingum, og þær eru byggðar á forsendum sem orka tvímælis og leggja má út af með mismunandi hætti. Því er slegið föstu að verðhækkanir fyrstu tvo mánuðina hafi verið 7.3%, og það er nærri sanni. Því er slegið föstu að af þeim verðhækkunum eigi nýgerðir kjarasamningar eingöngu þátt í 1.3%. Ég vil gera þá aths. við þá staðhæfingu, að það sé mjög erfitt að greina ljóslega á milli hvaða þátt nýgerðir kjarasamningar eigi í þessum verðhækkunum og hvað ekki. Ég held, almennt talað, að það sé erfitt að skilgreina nákvæmlega hvaða orsakir liggja til verðhækkana, aðskilja kaupþáttinn alveg frá öðrum verðhækkunarástæðum, því að kaupþátturinn kemur fram með margvíslegum hætti, bæði beinum og óbeinum, og a. m. k. er þarna ekki rætt um þann óbeina þátt.

Til viðbótar þessu er hér byggt á því að nýgerðir kjarasamningar hafi eingöngu haft í för með sér 6% kauphækkun. Það er fjarri sanni. Í hinum fjölmennustu launþegahópum var fyrsti áfangi kauphækkananna 10%, og til viðbótar kom það, að gengið var til móts við ýmsar sérkröfur sem auðvitað höfðu tilkostnaðarhækkun í för með sér og þar af leiðandi verðhækkunaráhrif. Enn fremur er þess að geta, að þarna er einnig um hækkanir að ræða af völdum fyrri kauphækkana, eins og t. d. 3% kauphækkunar 1. okt. s. l., 0.6% kauphækkunar 1. des. s. l., þótt ekki sé farið lengra aftur í tímann. Það er kunnara en frá þurfi að segja að eftir að búið var að sitja á hækkunarástæðum og tilkostnaðarhækkunum, eins og kauphækkanir óneitanlega eru oftast, verður ekki á móti þeim staðið þegar ný tilefni gefast.

Þá er hér sagt að starfsmenn Hagstofu og Þjóðhagsstofnunar hafi metið, hvaða verðhækkanir væru fram undan, og verðhækkanir hafi í reynd orðið mun meiri en hæstu spár gerðu ráð fyrir. Það er rétt, að fulltrúar þessara stofnana, einkum hagstofustjóri og hagrannsóknastjóri, mátu líklega verðlagsþróun á árinu og ræddu hana við fulltrúa aðila vinnumarkaðarins. Í því sambandi er rétt að skoða, hverju munar á þeim upplýsingum og raunveruleikanum, eins og hann er fyrirsjáanlegur.

Eins og kunnugt er voru sett svokölluð rauð strik í kjarasamningana, og eins og kom fram hjá einum hv. ræðumanni áðan, var gert ráð fyrir verðhækkunum, miðað við hvernig rauðu strikin voru sett, sem námu 10% fram til 1. júní n. k. Það er líklegt, eins og nú horfa sakir, að það verði farið um eða yfir 2 prósentustig í þeirri áætlun, þ. e. a. s. það, sem skeikar þarna, er að í staðinn fyrir 10% verðhækkun á þessu tímabili komi 12—13% verðhækkun. Þannig hafa verðhækkanirnar orðið meiri en gert var ráð fyrir að þessu leyti, en skakkar þó ekki meiru en raun ber vitni.

Ég vil þessu næst víkja að því að ríkisstj. er sökuð um að gefa embættismönnum sínum rangar forsendur. Ég vil mótmæla þessu alfarið, bæði fyrir hönd ríkisstj. og eins fyrir hönd þeirra grandvöru og góðu embættismanna sem þarna eiga hlut að máli, hagstofustjóra og hagrannsóknastjóra, vegna þess að hér er um að ræða stofnanir og embættismenn sem eiga sjálfstætt að meta forsendur og starfa sjálfstætt að þessu leyti, án fyrirmæla eða leiðbeininga frá ríkisstj. Báðir embættismennirnir byggja áætlanir sínar á þeim forsendum sem þeir sjálfir setja sér, og að væna þá um annað er ekki réttmætt, fullkomlega ósanngjarnt og á sér ekki stað í raunveruleikanum. Þar með er líka fallið brott að ríkisstj. hafi gefið embættismönnum sínum rangar forsendur.

Ég vil til viðbótar þessu taka fram, að bæði hafa þessir embættismenn svo og fulltrúar aðila vinnumarkaðarins tjáð mér að þessar verðlagsáætlanir hafi verið settar fram og ræddar með öllum fyrirvörum. Það var meira að segja ekki talað um áætlanir um verðhækkanir á árinu, það var jafnvel ekki talað um spár um verðhækkanir á árinu, heldur var talað um ágiskun. Ástæðurnar fyrir þessu voru hve mikil óvissa ríkti í þessum málum og ýmis gögn og forsendur til þess að byggja á hugmyndir um líklega þróun þessara mála voru óljósar og gátu ekki öðruvísi verið á þeim tíma sem þessar umr. fóru fram. Þegar af þeirri ástæðu að verðlagshækkanirnar eru þó væntanlega ekki nema rúmlega 2 prósentustigum hærri en þau 10%, sem ráð var fyrir gert, og vegna þeirrar óvissu sem ríkti í þessum málum, þá er ekki tilefni til þess fjaðrafoks sem hv. ræðumenn hafa efnt til hér í sölum Alþ. og reyndar hefur verið gerð tilraun til utan Alþ. einnig.

Þá er hér rætt um einstakar hækkanir fyrirtækja og þá ekki síst opinberra fyrirtækja. Ég vil gjarnan gera grein fyrir þeim í eins stuttu máli og unnt er. Eitt af þeim fyrirtækjum, sem hér er rætt um, er Hitaveita Reykjavíkur sem hafði hækkað gjaldskrá um 27%, en gert hafði verið ráð fyrir 15—20% hækkun þegar kjarasamningarnir stóðu yfir. Þá lá fyrir beiðni frá Hitaveitu Reykjavíkur um 15+15% eða rúmlega 30% hækkun, og raunar lá í loftinu, að þetta væri beiðni um 40 eða yfir 40% hækkun á hitaveitugjöldum. *Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti beiðni þar* að lútandi, en ríkisstj. féllst á 25% hækkun. Og vegna hvers féllst ríkisstj. á 25% hækkun? Vegna þess að m. a. nágrannasveitarfélög Reykjavíkurborgar beindu tilmælum og áskorunum sínum til ríkisstj. um að veita alfarið umbeðna hækkun vegna þess að ella mundu hitaveituframkvæmdir tefjast og þar með mundu margar þúsundir manna ekki verða aðnjótandi þeirra gæða að greiða innan við 30% fyrir kyndingu á híbýlum sínum, miðað við það sem þeir greiða nú. Í því er fólgin kjarabót fyrir umræddar margar þúsundir manna sem ríkisstj. vildi ekki af þeim taka. Til viðbótar liggja þær upplýsingar fyrir varðandi Hitaveituna, að ef umbeðin hækkun yrði ekki veitt núna og markaðurinn þar með stækkaður og stofnkostnaði dreift á fleiri herðar, þá mundu einnig þeir, sem nú njóta Hitaveitunnar, verða að sæta því að borga meira fyrir heita vatnið og kyndingu híbýla sinna eftir sem áður. Ríkisstj. samþykkti þetta þess vegna til þess að koma í veg fyrir kjaraskerðingu ótalinna þúsunda manna hér á höfuðborgarsvæðinu.

Næst er til að taka að fundið er að því að hljóðvarp og sjónvarp hafi hækkað um 31% og strætisvagnafargjöld hafi hækkað um 25%. Ég held að það hafi verið gert ráð fyrir allverulegri hækkun í verðlagsspám í báðum tilvikum og jafnvel meiri hækkun en 25% hvað strætisvagna áhrærir, í spám Hagstofu og Þjóðhagsstofnunar. Mig minnir að það hafi verið 35%. En ríkisstj. féllst ekki nema á 25% hvað strætisvagnana snertir, og í stað yfir 40% hækkunar sem sjónvarp og hljóðvarp fór fram á samþykkti ríkisstj. sem svaraði 30 eða 31% hækkun. Gjaldskrár þessara opinberu fyrirtækja voru síðast hreyfðar fyrir ári eða um það bil, 1. mars 1975. Frá þeim tíma hefur Dagsbrúnarkaup hækkað um milli 25 og 30% áður en til nýgerðra kjarasamninga kom, þannig að í þessum hækkunum eiga þátt aðrar kauphækkanir en felast í nýgerðum kjarasamningum. Og til viðbótar má nefna að olíukostnaður strætisvagnanna t. d. hefur hækkað um 50% frá því í apríl 1975 eða frá því að síðasta hækkun átti

sér stað, þ. e. a. s. þegar kaup hækkar um 35—40% og eldsneytiskostnaður um 50%, þá hækka fargjöldin um 25%. Það er sagt, að Póstur og sími hækki um 24% og hafi ekki verið gert ráð fyrir þeirri hækkun, og það er rétt. Síðasta hækkun Pósts og síma var s. l. haust, og það var von ríkisstj. að þurfa ekki að hreyfa þá gjaldskrá nema tiltölulega lítið. En hér er sérstakt vandamál á ferðinni, nefnilega það að á undanförnum árum hefur Póstur og sími ekki fengið gjaldskrárhækkanir til þess að standa undir rekstrarkostnaði og fjárfestingum sem m. a. alþm. hafa viljað að þessi stofnun legði út í. Af því hefur leitt að þessi stofnun hefur gripið til fjármagns sem felst í orlofsgreiðslum sem hún hefur í vörslu sinni, en á að standa skil á þegar til útborgunar orlofsfjár kemur. Þetta var óviðunandi ástand, að einhver vafi lægi á því að unnt væri að greiða út orlofsfé á tilsettum tíma. Þess vegna tók ríkisstj. þá afstöðu að semja við Seðlabankann um lánsfjárútvegun til handa Pósti og síma allt að 1000 millj. kr. til þess að hafa þetta orlofsfé í sérstökum sjóði og ávallt tiltækt, en gerandi ráð fyrir því að Póstur og sími endurgreiddi þetta lán á nokkrum árum, að því er mig minnir 4—5 árum. Til þess þurfti Póstur og sími á þessari hækkun að halda, og því er þetta hækkunartilefni samansafnað á mörgum árum.

Þá er loks rætt um hækkun búvöru. Ég vil gjarnan gera grein fyrir því hér varðandi hækkanir búvara, að ekki hefur verið um að ræða hækkanir á verðlagsgrundvelli, sem fram koma í útsöluverði, frá því s. l. haust. En frá hausti og til loka marsmánaðar eru hækkunartilefnin hlutfallslega þessi, að launaliðurinn er orsök að tæpum 70% af hækkun á grundvallarverði, en hækkun á fóðurbæti og öðrum aðföngum til búrekstrar er tilefni til rúmlega 30% hækkunar grundvallarverðsins. Hér er rétt að fram komi í sambandi við síðustu hækkun, ef við ræðum sérstaklega t. d. mjólkina, þá er launaliðurinn um það bil 30% tilefni af hækkuninni, fóðurbætirinn og annað um 12—13% og niðurgreiðslulækkun úr ríkissjóði um 30%. Aðilum vinnumarkaðarins var gerð grein fyrir því að ríkisstj. hygðist lækka niðurgreiðslur á búvörum og fór það ekki heldur á milli mála gagnvart alþm. við undirbúning fjárlaga. Til viðbótar þessum hækkunartilefnum er rétt að það komi fram, að hækkun á vinnslu- og dreifingarkostnaði nemur um 34%, en til frádráttar kemur að niður er fellt launajöfnunarálag, 5% á launalið, og fáum við þá 100 út frá þessari samlagningu og frádrætti.

Það er rétt að hækkun á vinnslu- og dreifingarkostnaði var hærri en ráð var fyrir gert og sömuleiðis hækkun á fóðurbætinum, og veldur það þeim mismun sem varð á áætlunum um hækkun búvöru og því sem í raun varð.

Í sambandi við búvöruverð vil ég að tvennt komi fram: annars vegar það, að Alþýðusamband Íslands tók fyrir mörgum árum þá ákvörðun að draga til baka fulltrúa sinn í sexmannanefnd og í stað hans var skipaður annar ágætur maður sem ég dreg ekki í efa að hafi ávallt í starfi sínu borið mjög fyrir brjósti hag launþega og meðlima Alþýðusambands Íslands. En engu að síður hef ég oftsinnis fært í tal við forsvarsmenn Alþýðusambands Íslands að ég harmaði það mjög að þeir skipuðu ekki að nýju fulltrúa í sexmannanefnd, þannig að þeir gætu fylgst með frá fyrstu hendi, hvernig að verðlagingu væri staðið, og staðið á móti eða gert ágreining þegar hækkun væri af tilefni sem ekki hefði við rök að styðjast. Því miður hefur Alþýðusamband Íslands ekki séð sér fært að skipa þennan fulltrúa. En þrátt fyrir allt hygg ég að það hefði verið mjög gagnlegt bæði fyrir Alþýðusambandið og meðlimi þess svo og almennt fyrir neytendur og reyndar bændur og framleiðendur líka að Alþýðusambandið hefði fylgst nákvæmlega með starfi sexmannanefndar, þótt ég viti það og geri mér grein fyrir að starfi þeirrar n. eru skorður settar vegna ákveðinna starfsreglna sem sú n. verður að taka tillit til og m. a. viðurkenna ákveðin hækkunartilefni í útsöluverði landbúnaðarvara.

Hitt atriðið, sem ég vildi nefna í þessu sambandi, er að ríkisstj. hefur ákveðið og landbrh. mun þessa dagana vera að ganga frá nefndarskipun sem á að fjalla um endurskoðun á verðlagi landbúnaðarvara. Í þá n. hefur Alþýðusamband Íslands m. a. tilnefnt fulltrúa, og við skulum vona að starf þeirrar n. beri árangur og m. a. þann að eyða tortryggni á milli framleiðenda og neytenda og endurbæta verðlagskerfi landbúnaðarvara, gera það einfaldara og auðskildara en það nú er öllum almenningi.

Hv. 7. þm. Reykv. *taldi*, að markmið síðustu kjarasamninga hefði verið að halda óbreyttum þeim meðalkaupmætti sem var á s. l. ári, og vitnaði til þess, að það væri það sem fram hefði komið í stefnuræðu minni í okt. s. l. Ef ég rifja það upp, þá var það, hygg ég, í stuttu máli á þá leið að ríkisstj. legði áherslu á að vernda þann kaupmátt sem þá væri til staðar, þ. e. a. s. á síðasta ársfjórðungi síðasta árs, og því miður mun hann hafa verið heldur lægri en meðalkaupmáttur ársins í heild, þó þannig, að lögð væri áhersla á það í kjarasamningum að fara hægara í kaup hækkanir fyrst á samningstímabilinu og reyna að vinna síðan upp kaupmáttinn síðar á samningstímabilinu. Fyrir þetta hlaut ég gagnrýni hér í ræðum stjórnarandstæðinga. En þetta var sagt með tilliti til þess að með þeim hætti væri betur unnt að vinna gegn verðbólgunni. Ég segi þetta ekki vegna þess að ég hafi út af fyrir sig áfellst verkalýðsfélögin fyrir nýgerða kjarasamninga, og sannast best að segja kannast ég ekki við að af ríkisstj. hálfu hafi með einum eða neinum hætti verið gerð árás á verkalýðsfélögin vegna þeirra kjarasamninga eða uppi hafður áróður gegn þeim, eins og hv. þm. komst því miður að orði. Hitt er annað mál, að einmitt þetta, að kauphækkanirnar voru í hærra lagi fyrst á samningstímanum fremur en síðast á honum, er til þess fallið að verðlagshreyfingarnar eru meiri fyrri hluta samningstímabilsins en seinni hluta hans. Og ég er nú svo bjartsýnn, þótt sú bjartsýni sé með öllum fyrirvörum, að líta svo á að von sé til að að svo miklu leyti sem verðhækkanirnar hafi verið meiri fyrri hluta samningstímabilsins en ráð var fyrir gert, þá verði það unnið upp með minni verðhækkunum á seinni hluta samningstímabilsins.

Það er alveg rétt, sem hv. 7. þm. Reykv. ræddi um, að af allra hálfu hafi í raun og veru verið lögð á það áhersla og það sett fram sem æskilegt

markmið, að samningar gætu verið til langs tíma, og minnti hann í því sambandi á samningana í febr. 1974 sem hefðu ekki verið nema 7 mánaða gamlir þegar verkalýsfélögin töldu sig til knúin að þeim yrði sagt upp. Þetta er rétt frá skýrt, og reyndar vildi ég við það bæta, að þeir voru ekki einu sinni 7 mánaða gamlir, heldur var það strax eftir tvo mánuði að það þurfti að taka vísitöluuppbæturnar úr sambandi vegna verðlagsþróunar. Ég rifja þetta upp í því skyni að við sameinumst nú um það, öll þjóðfélagsöfl, að sjá svo um að sagan endurtaki sig ekki og það verði unnt að fóta sig á grundvelli núverandi kjarasamninga til áframhaldandi baráttu gegn verðbólgu. Það er að vísu svo að í stað þeirrar 15—17% verðhækkunar, sem spáð var, þá má búast við að verðhækkanir frá ársbyrjun 1976 til ársloka verði milli 22 og 25%. En þótt við náum ekki því markmiði að komast niður í verðbólguvöxt sem nemi um það bil 15%, sem raunar er of mikið miðað við nágrannalönd okkar, þá skulum við ekki missa sjónar af takmarkinu og minnast þó þess að árið 1974 var verðbólguvöxturinn frá ársbyrjun til ársloka um 53%, árið 1975 frá ársbyrjun til ársloka 37%, og nú skulum við reyna að halda honum sem lægstum og alla vega ekki meiri en nemur þeim spám sem nú liggja fyrir, 22—25%.

Ég vil taka vara við því, ef menn álíta að stjórnvöld geti í raun og veru til lengdar stjórnað verðlagi í landinu. Ef við lítum á hina ýmsu vöruflokka og hvaða áhrif verðlag þeirra hefur á heildarverðlag í landinu, þá er það svo að verðlag búvöru mun eiga um 40% þátt í almennu verðlagi og verðlag annarra almennra neysluvara um önnur 40% og verðlag opinberrar þjónustu um 20%.

Ég er þeirrar skoðunar hvað verðlag opinberrar þjónustu snertir að því sé best fyrir komið í höndum þeirra stjórnvalda sem þar um fjalla, og þá á ég við að sveitarstjórnir eigi að bera ábyrgð á verðlagi sinna fyrirtækja og standa reikningsskap gerða sinna gagnvart kjósendum sínum, þegar til kosninga kemur, fyrir þá stjórn. Með sama hætti á ríkisvaldið að standa gagnvart ríkisfyrirtækjum. Í þessum efnum er að vísu við vandamál að glíma, vegna þess að í alflestum tilvikum er hér um að ræða fyrirtæki sem ekki verða að sæta samkeppni nema með óbeinum hætti og þess vegna fæst ekki eins og skyldi mælikvarði á hagkvæmni í stórn þeirra. Úr þessu hefur verið reynt að bæta í mörgum tilvikum með skipun stjórnarnefnda viðkomandi stofnana. En það er ekki algilt að það hafi haft bætt áhrif, heldur hafa þessar stjórnarnefndir á stundum talið það sitt sérstaka hlutverk að gerast málsvarar viðkomandi fyrirtækja og berjast fyrir verðhækkunum og tekjuhækkunum þeim til handa. Það er út af fyrir sig skiljanlegt. Í opinberum rekstri þurfum við auðvitað að beita meira aðhaldi og meiri sparnaði, en í raun og þegar til lengdar lætur verður hver stofnun að bera ábyrgð á sínum málum og hljóta gagnrýni fyrir, bæði vegna gjaldtöku og þjónustu.

Hvað snertir búvöruverðlag, þá hef ég þegar sagt frá því að fyrirkomulag þeirra mála væri í endurskoðun og skal því ekki fjölyrða um það frekar. Það er viðkvæmt mál, en engu að síður er nauðsynlegt að takast á við lausn þess og gera það skýrara, greinilegra og einfaldara í framkvæmd og um leið að fá fram skilyrði til þess að búrekstur verði ávallt rekinn með hagkvæmara móti, bæði framleiðendum, bændum sjálfum, til hagsbóta og neytendum um leið.

Hvað þriðja þáttinn snertir, hið almenna verðlag, þá vil ég vekja athygli á því, að þótt e. t. v. skorti að einhverju leyti á tilskilda og nauðsynlega samkeppni á því sviði, þá er ég í engum vafa um að frjáls samkeppni tryggir lægsta vöruverðið neytendum til handa, og í því sambandi hygg ég að framtíðarmarkmiðið eigi að vera að afnema ákveðin verðlagsákvæði, þótt verðlagseftirlit haldist, og bendi á það að verðlagsstjóri hefur t. d. tekið upp könnun á vöruverði í verslunum í Reykjavík og veitt verslunareigendum og atvinnurekendum þannig aðhald, en ekki síst neytendum mikilvægar upplýsingar sem eru til þess fallnar að efla verðskyn almennings. Á grundvelli slíkra kannana og verðlagseftirlits tel ég að frjáls samkeppni tryggi best lægst vöruverð neytendum til handa. Hér er verkefni sem liggur fyrir stjórnvöldum að fjalla um á næstunni.

Ég vil svo aðeins segja það, að auðvitað getur aukin krónutala kaups ekki haft í för með sér aukinn kaupmátt nema um sé að ræða aukna framleiðni innanlands, sem t. d. er fólgin í meiri afla eða aukinni hagkvæmni í vinnubrögðum, og á stundum geta kaupkröfur verkalýðsfélaga einmitt verið til þess fallnar að skapa atvinnurekendum aðhald í því að ná fram aukinni hagkvæmni. En ef þess er ekki gætt að kauphækkunin sé í samræmi við aukna framleiðni og hagkvæmni, þá er ekki von til þess að kaupmáttur aukist, nema að viðskiptakjör landsins út á við batni, þ. e. a. s. verðlag útflutningsafurða hækki eða innflutningsvara lækki. Ef þessi skilyrði eru ekki fyrir hendi, þá hljóta kauphækkanir að koma út í verðlagið í einu eða öðru formi.

Það er að vísu eitt sem ég hef ekki getið um, og það er að unnt sé að taka kauphækkanir af gróða atvinnuveganna og atvinnufyrirtækjanna. Stundum er því svo farið. En við gerð síðustu kjarasamninga held ég að báðir og allir aðilar vinnumarkaðarins hafi gert sér grein fyrir því að því var þá ekki til að dreifa. Um það ber vitni ein höfuðkrafa, sem báðir þessir aðilar settu fram, um aukið lánsfé til atvinnuveganna og lægri vexti. Þessi krafa er eðlileg frá sjónarmiði vinnuveitenda á öllum tímum, vegna þess að auðvitað vilja vinnuveitendur og atvinnufyrirtæki fá aukið lánsfé og greiða lægri vexti fyrir það. Einhverjir hefðu einhvern tíma sagt að þarna væri verið að reka erindi skuldakónga. En frá sjónarmiði verkalýsfélaga er þessi ósk ekki eðlileg nema undir þeim kringumstæðum að það sé viðurkennt af þeim að það sé enginn gróði, engar fyrningar í vörslu atvinnufyrirtækja til að greiða hærra kaupgjald. Nú er um að það ræða að við höfum á allra síðustu vikum, sem betur fer, fengið fréttir um og raunar fengið í okkar hlut hærra verð fyrir okkar útflutningsafurðir margar eða jafnvel flestar hverjar, og því er von til þess að atvinnuvegirnir geti betur borið þær kauphækkanir, sem um var samið, en ella og minni tilfærslu þurfi til atvinnuveganna en ella, annaðhvort í formi skatta á almenning og uppbóta til atvinnuveganna eða þá einhvers konar

gengissigi. En á móti kemur að við höfum orðið fyrir aflabresti og þurfum að takmarka fiskveiðar okkar, og þess vegna skiptir nú mestu máli að við leitum allra úrræða til þess að finna nýjar leiðir til þess að veiða fisktegundir sem ekki eru í hættu. Um það munum við væntanlega ræða nánar næstu daga.

Herra forseti. Ég hef gerst nokkuð langorður, enda voru þrír hv. þm. sem kvöddu sér hljóðs og báru fram nokkrar spurningar sem ég vona, þó að þær hafi e. t. v. ekki verið allar jafnskýrt orðaðar, að ég hafi í höfuðatriðum svarað með orðum mínum.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Þessi ræða hæstv. forsrh. tekur af öll tvímæli um það að tímabært var að vekja máls á því umræðuefni sem hér hefur verið rætt utan dagskrár í Sþ.

Hæstv. ráðh. hóf mál sitt á því að ráðast á Alþýðusamband Íslands fyrir að það skuli leyfa sér að prenta örlítinn bækling með niðurstöðum, er hagfræðingar þess hafa komist að um mat á því sem hefur gerst í verðlagsmálum eftir að samningar voru gerðir fyrir örfáum vikum. Ég undrast satt að segja þessa gagnrýni, svo smásmuguleg er hún og ber aðeins vott um einhvers konar óróleika hæstv. ráðh. í sambandi við málstað ríkisstj. í þessu máli. Hvað er athugavert við það þó að Alþýðusambandið, samtök launþega um allt land, prenti örlítinn bækling til að koma upplýsingum á framfæri, fyrst og fremst fyrir sína eigin félagsmenn, en líka fyrir aðra? Er hægt að verja þeim fjármunum fólksins, sem það hefur lagt til Alþýðusamtakanna, á betri hátt? Að bera það saman við útgáfu ríkisstjórnar til að ráðast á stjórnarandstöðu er algjörlega út í hött.

Alþýðusamtökin hafa nú á síðustu tímum fengið í þjónustu sína unga og duglega hagfræðinga, og þau hafa nú sína eigin sérfræðinga til að meta tölur og þróun efnahagslífsins. Þau geta lagt fram álit þessara ungu manna sjálf, en hingað til hafa stjórnvöld haft einokun á að hafa heilan her af hagfræðingum til að skrifa skýrslur og svör sem hæstv. ríkisstj., núv. og fyrrverandi, hafa síðan lesið yfir þjóðinni, venjulega með þeim boðskap að kröfur um bætt kjör fyrir vinnandi fólk séu af hinu illa, að það hafi engin atvinnurekandi ráð á að borga neitt, að allt sé á hausnum, að fólkið eigi að hætta þessu. Það er einmitt vegna þess að verkalýðssamtökin hafa nú sína eigin hagfræðinga til að túlka þróun efnahagsmála sem ástæða er til að leggja fram opinberlega í áheyrn alþjóðar fyrirspurn um það á Alþ. hvort ríkisstj. vefengi það, sem flutt hefur verið frá þessum aðilum, eða ekki.

Við höfum fengið svarið. Það var að vísu heldur vesældarlegt, en ekki gat ég betur heyrt en að hæstv. forsrh. vefengdi þær upplýsingar, sem þarna hafa verið settar fram. Og þá er gott að vita það. Hitt er athyglisvert, að í þetta skipti fylgdu ekki með álitsgerðir frá þeim hagfræðingum eða stofnunum sem ríkisstj. hefur í þjónustu sinni, og hefur þeim verið brugðið fyrir af ráðh. af minna tilefni heldur en þessu. Er rétt að það komi fram að hæstv. forsrh. vissi um þessa fyrirspurn, sem hv. 4. landsk. þm. ætlaði að leggja fram, þegar s.l. mánudag, svo að það hefur verið nógur tími til að fá slíkar álitsgerðir, en af einhverjum ástæðum liggja þær ekki fyrir.

Þegar hagfræðingar Alþýðusambandsins gera sér far um það að reikna út, hversu mikill hlutur kauphækkana sé í tilteknum verðhækkunum, segir hæstv. forsrh. af mikilli vandlætingu að það sé erfitt að greina milli hinna ýmsu liða og illmögulegt að sjá hvað sé frá kaupgjaldi komið. Einni eða tveimur mínútum síðan lýsir hann því að einhver hluti af þessum síðustu og verstu verðhækkunum stafi af gömlum verðhækkunum, frá því í des. í fyrra og enn þá lengra aftur í tímann. Þá skortir ekki á skarpskyggnina. Hæstv. ráðh. virðist geta séð hvað er af orsökum kaupgjaldshækkana þegar honum þóknast það. Þegar Alþýðusambandið færir fram slíkar röksemdir, er lesið yfir Alþ. að það sé ómögulegt að greina hvað af verðhækkunum sé frá kaupgjaldi komið og hvað ekki. Ég tel því að andmæli hæstv. forsrh. fái ekki staðist og hann hafi ekki fært fram neinar röksemdir sem raunverulega hnekki þeim upplýsingum sem Alþýðusambandið hefur komið á framfæri frá sérfræðingum sínum. Þær upplýsingar standa því, og þær eru fróðlegar og nauðsynlegar, vegna þess að það er sí og æ, ár eftir ár, hamrað á þeirri kenningu að kauphækkanir skili sér alltaf út í verðlagið, fólkið verði að skila þeim öllum aftur. Hefur ekki staðið á því nú í stjórnarblöðunum að þjóðinni væri sagt að þær miklu verðhækkanir, sem nú hafa dunið yfir, séu eins og venjulega vegna þess að verkfall er nýafstaðið og það hefur verið samið um hærra kaup. Enginn lætur sér til hugar koma að halda fram að kaupgjald hafi ekki áhrif á verðlag. Er allt annað að viðurkenna þá staðreynd heldur en að taka undir þann söng að öll verðbólga og allar verðhækkanir séu kaupgjaldinu að kenna, þó að kaupgjald sé sannanlega stórum lægra hér á landi, jafnvel með margföldum vinnutíma, heldur en það er í nágrannalöndum okkar.

Hæstv. ráðh. notaði ræðu sína að mestu leyti til þess að afsaka þær hækkanir, sem orðið hafa, og útskýra þær. Það er góðra gjalda vert að segja okkur af hverju þarf að hækka þetta og af hverju þarf að hækka hitt, en eins og hann benti á, er óhæfilega mikið af þessum hækkunum komið frá opinberum þjónustustofnunum. Ég held satt að segja að hækkanir þessara stofnana séu svo tíðar og geigvænlegar að það verði að endurmeta störf þeirra og skipulag og athuga hvort það er ekki eitthvað í ólagi við skipan þessara opinberu þjónustumála þegar innlendar þjónustustofnanir á vegum hins opinbera, þar sem engin gróðatilhneiging ætti að vera fyrir hendi, hafa forustu um sífelldar hækkanir.

Það er að vísu mismunandi hverjar aðstæður eru hjá hinum ýmsu stofnunum sem

hæstv. ráðh. nefndi, en við getum tekið eina eða tvær. Hana nefndi t. d. Póst og síma. Hvernig stendur á því, að Póstur og sími, þessi stóra ríkisstofnun, hefur árum saman verið án þess að hafa neina sérstaka stjórn? Hún hefur fram til síðustu ára verið sérstakt ráðuneyti. Og vita menn ekki að Póstur og sími hefur vaðið áfram í fjárfestingu og tekið útlend lán um langt árabil án þess að það væri nokkurt eftirlit með því eða nokkurt opinbert mat sjáanlegt á því hvort þessar framkvæmdir eru allar nauðsynlegar og tímabærar og hvort stofnunin hefur ráð á þeim? Hæstv. ráðh. standa upp eftir á og tilkynna að það sé óhjákvæmilegt að fólkið verði að borga. Það er alltaf verið að færa okkur meiri tækni, það er alltaf verið að hagræða. Til hvers á tæknin að vera? Á hún ekki að vera til að létta okkur lífið? Er eðlilegt, þegar við byggjum virkjanir, að þá skuli blasa við tvöfalt raforkuverð, og þegar við byggjum mjólkurbú, að þá eigi samkvæmt síðustu till., sem hér liggja fyrir, að dreifa kostnaðinum af því þegar í stað á neytendur? Eiga ekki betri verksmiðjur, eiga ekki betri framleiðslu- og þjónustufyrirtæki að verða til þess að létta þjónustuna, gera hana betri og gera hana ódýrari? Mér finnst að það skorti eitthvað á þetta, og það er satt að segja furðulegt, að hæstv. forsrh. skuli segja okkur kinnroðalaust, hér á Alþ., að Póstur og sími hafi tekið orlofsfé íslenskra launþega, notað það í fjárfestingu og verið kominn í þau vandræði, að það varð að kalla Seðlabankann til að veita honum 1 000 millj. kr. lán svo hann gæti staðið í skilum með orlofsfé? Hvað er að gerast? Ég er hræddur um, að það væri búið að setja rannsókn í gang ef Klúbburinn hefði gert þetta.

Þannig er í mörgum þessum stofnunum, það er alltaf verið að moka peningum í hitt og þetta, án þess að það virðist vera sannreynt fyrir fram, í fyrsta lagi hvort öll þessi fjárfesting er nauðsynleg, hvort hún veitir okkur betri kjör eða hvort viðkomandi stofnanir hafi eðlilega möguleika á að fjármagna framkvæmdir sínar. Svo kemur ráðherrastoltið, að standa sig vel fyrir hönd sinna stofnana. Þeir eru mannlegir eins og stjórnirnar yfir ríkisverksmiðjunum og taka málstað þessara opinberu fyrirtækja á móti þjóðinni og neytendunum — og segja þjóðinni: Þið verðið að gjöra svo vel að borga og þegja.

Þetta eru framfarirnar, þetta er tæknin. Þetta eru stór og vel rekin fyrirtæki, en mörg þeirra sennilega rekin næsta stjórnlaust.

Það mun ekki hafa verið ætlun neins af ræðumönnum að kasta rýrð á embætismenn ríkisins, hagstofustjóra eða hagrannsóknastjóra, og við vitum sjálfsagt allir að þeir lögðu hvor sitt mat á það, þegar vinnudeilurnar stóðu yfir, hvað þeir töldu líklegt að ríkisstj. mundi leyfa mikið af hækkunum. Og menn undruðust um þessa hálærðu og ágætu drengskaparmenn, sem vinna ómetanlegt starf fyrir þjóðina og ríkisvaldið, að það bar nokkuð á milli áætlana þeirra um fyrirsjáanlegar verðhækkanir fram til októbermánaðar. En það var athyglisvert að sá þeirra, sem hefur lengri reynslu af samstarfi við ríkisstjórnir, gerði hærri áætlun um það hvað ríkisstj. væri líkleg til að leyfa af hækkunum. Og jafnvel eftir áratugastarf með öllum ríkisstjórnum, sem hér hafa setið á þessu tímabili, var áætlun hans, byggð á reynslu hans, ekki nógu há. Ríkisstj. tókst að spenna sig töluvert upp yfir það sem hann gat látið sér detta í hug.

Hér hefur verið mikið minnst á landbúnaðarhækkanir og það er ástæða til, vegna þess að engar hækkanir koma við neytendur eins og þær. Ég ætla að leyfa mér að auglýsa eftir því að talsmenn bænda taki upp baráttu fyrir því að það verði greint í sundur, sem bændurnir raunverulega fá fyrir þessar vörur, og það sem neytendur borga. Það, sem liggur þar á milli, er alltaf að spennast upp. Þannig eru 60—70% af þeim hækkunum sem nú hafa orðið. Og hvernig stendur á því að bændur og talsmenn þeirra sitja undir þessu? Öll þjóðin tortryggir verðmyndunarkerfi landbúnaðarins af þessum ástæðum. Ég tel ástæðu til að benda á þetta vegna þess að það er gott, eins og hæstv. forsrh. raunar reyndi að gera, að skilja í sundur og sjá hvernig þessar miklu hækkanir verða til. Það mætti gjarnan fylgja smámiði, þegar fólk borgar á annað þús. kr. eða upp undir 2 þús. kr. fyrir lambalæri á sunnudagsborðið, um að þriðjungurinn af síðustu hækkun hefði verið skattahækkun frá ríkinu. Þegar niðurgreiðslurnar eru lækkaðar til að spara ríkinu, þá er það nýr skattur. Það er farið að nota landbúnaðarvörurnar í svo ríkum mæli til almennrar hagstjórnar að það ma segja að ⅔ þeirra tilheyrðu hagfræðingunum, en ⅓ bændunum.

Það er að vísu erfitt að eiga við blessaða hagfræðingana, jafnvel þegar þeir eiga ekki að gera annað en að mæla það sem telja verður staðreyndir. Ég býst við að hæstv. forsrh. hafi manna bestan aðgang að bestu hagfræðistofnunum okkar, en hann segir að það hafi verið 53% verðbólga í hittiðfyrra og 37% í fyrra. En fyrir nokkrum dögum var borið á borð okkar fallegt og gott rit frá OECD, þeirri miklu efnahagsstofnun sem við erum þátttakendur í. Þar er þetta fallega kort yfir verðbólguna. Það stendur í fyrirsögninni: Hvað hefur orðið af verðbólgunni? — af því að hún hefur minnkað svo mikið í öllum löndum OECD nema einu. Myndin svarar þessu: Verðbólgan, sem þeir spyrja hver sé, er öll á Íslandi. En þessir menn, sem ég hélt að fengju upplýsingar frá bestu innlendum heimildum, telja að verðbólgan í fyrra hafi ekki verið 37%, heldur 43%—44% já, 43.6% stendur hér. (Gripið fram í: Það skiptir máli hvort það er frá einu ári til annars eða frá ársbyrjun til ársloka.) Ég veit ekki hvað skiptir máli í þessu, herra forsrh., en í báðum tilvikum er okkur saklausum og óhaglærðum þm. flutt þetta sem tölur um verðbólgu á einu ári. Þegar útlendir hagfræðingar í París fá tölurnar hjá íslenskum hagfræðingum í Reykjavík, ættu þær að geta komist til skila, þannig að það væri ekki sýnd viðunandi tala

hvern daginn. Ég vil láta í ljós von um að hæstv. forsrh. og stjórn hans takist að halda verðbólgunni í 25% eða 22—25%, eins og hann orðaði það. Það væri töluvert skref frá því sem verið hefur undanfarin tvö ár, þó að betur væri ef það væri enn þá stærra. En ég er ekki viss um að allir, sem telja sig kunnuga þessum málum, séu þetta bjartsýnir, eins og horfur eru nú og miðað við það sem gerst hefur þessa fyrstu 3—4 mánuði ársins, enda þótt sjálfsagt sé að vera bjartsýnn og vona að síðari mánuðirnir verði eitthvað léttari í skauti heldur en þessir hafa reynst.

Síðasti kaflinn í ræðu hæstv. forsrh. var næsta sorglegur því hann gekk út á að telja upp ástæður fyrir því að ríkisstj. gæti eiginlega ekkert við verðlagsmálin ráðið, **bæjarfélög ættu að ráða verðlagi í bæjarverksmiðjum**, ríkið eða viðkomandi stjórnir ættu að ráða verðlagi hjá ríkisfyrirtækjum — þannig væri þetta, það ætti að minnka verðlagseftirlitið og hafa frjálsa samkeppni. Það er sjálfsagt gott og blessað, en sem sagt, það virðast alltaf vera einhverjir aðrir sem ráða, og hvort sem það er bær, ríki eða einstaklingar eða samvinnufélög, þá er það eigandi framleiðslutækisins sem á alltaf að ráða verðlaginu, sá sem hefur mestan hag af því að fjárhagur þess sé góður.

Í fyrsta lagi byrja ég á því að benda hæstv. forsrh. á að einmitt sá ljóður á þessum málum, sem hann dró fram, að mörg þessara fyrirtækja búa við einokun hér á landi og hafa ekki samkeppni, gerir það nauðsynlegt að það sé einhver annar en eigendur eða stjórnendur viðkomandi fyrirtækis sjálfs sem meta það hvaða verðhækkanir fyrirtækin geta fengið. Þar þyrftu að koma til einhverjar bremsur og ættu auðvitað að vera hjá hæstv. ríkisstj. eða aðilum sem eru trúnaðaraðilar hennar.

Mér fannst vera vonleysistónn í hæstv. forsrh. í sambandi við þessi mál. Þau eru að vísu geigvænlega erfið, og skal ekki neinum manni láð þó honum þyki glíman þung. En hann virðist gleyma því að hann er forsrh. og stjórn hans hefur að baki sér mikinn meiri hl. á Alþ. sem getur búið til þau hagstjórnartæki sem ríkisstj. vill fá, ef hún vill þá fá nokkur hagstjórnartæki, ef hún er ekki búin að bíta í sig þann áróður sem haldið er uppi af stærstu einkafjölmiðlum landsins að þetta eigi allt að lúta annarlegum peningalögmálum og það sé aðeins frekja illra sósialista að gera veður út af því þegar útreikningar fyrirtækjanna sýna t.d. nauðsyn á 60% hækkun á bílatryggingunum. Þessi verðstökk hvert af öðru geta ekki orðið til að vekja traust neytenda í landinu, síst af öllu þegar svo kemur vonleysishjal, eins og við heyrðum hér, um að ríkisstj. geti ekkert að þessu gert, það séu einhverjir allt aðrir og einhver allt önnur lögmál sem séu þarna að verki. Það má ekki gleyma því að sterkur meiri hl. á Alþ. getur sett lög um þau hagstjórnartæki sem ríkisstj. telur sig þurfa til að hafa þann hemil sem framast er unnt á þeirri verðbólgu sem nú er orðið algjört einsdæmi, algjört viðundur í öllum hinum efnaðri hluta jarðarinnar, sem á sér engin hliðstæð dæmi nema helst í Suður-Ameríku, líklega Argentínu einna helst, og væri ekki leiðum að líkjast. Það er líka gott að hafa í huga að afsökunin um sífelldar erlendar hækkanir er ekki fyrir hendi í líkt því eins ríkum mæli nú eins og hún var fyrir 2—3 árum. Þá var von að við yrðum fyrir barðinu á olíuhækkununum, en nú er ekki slíku til að dreifa, heldur er yfirgnæfandi meiri hl. af þessum hækkunum algjört innanlandsmál. Þess vegna verðum við að komast fyrir þær, og við verðum að finna hvað það er sem dugir. Ef það er hægt að finna það hljóta einhver læknisráð að vera til, og hæstv. ríkisstj. hefur allt það í hendi sinni sem hún þarf til þess að finna þau ráð og beita þeim, ef hún vill beita þeim.

Ég vona því að það séu ekki gamlar trúarkreddur kapítalismans sem valda því að hæstv. ríkisstj. er svo aðgerðalaus og vonlaus í þessum málum eins og raun ber vitni og heyra mátti á ræðu hæstv. forsrh.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þeim fyrirspurnum, sem hér hafa verið bornar fram, hefur ekki verið beint til mín og ég var ekki látinn af þeim vita fyrir fram. En það er tvenns konar misskilningur sem mér finnst nauðsynlegt að leiðrétta, — misskilningur sem mér virðist hafa komið fram hjá ræðumönnum, a. m. k. sumum, og hjá Alþýðusambandi Íslands, og mér finnst að málflutningur beggja aðila hafi um of verið byggður á þessum misskilningi.

Annar misskilningur er sá, að því hafi verið haldið fram af ríkisstjórnarinnar hálfu og málgögnum hennar að síðustu kjarasamningar launþegasamtakanna hafi verið vítaverðir, þar hafi verið um of miklar kauphækkanir að ræða. Ég verð að segja alveg eins og er, að ég minnist þess ekki fyrir mitt leyti að hafa látið þau orð mér um munn fara nokkurn tíma. Ég minnist þess satt að segja ekki að slík orð hafi komið frá ríkisstj. hvorki frá einstökum ráðh. né ríkisstj. í heild. Ég dreg í efa að það sé hægt að sýna fram á það í málgögnum ríkisstj., ef þau verða skilgreind, að þar hafi þessir samningar verið sérstaklega gagnrýndir fyrir að kauphækkanir væru of miklar. Ég vil ekki taka það sem góða og gilda vöru nema þeir, sem flytja slíkt fram, bendi á ákveðin dæmi þar um. Þegar þessir samningar voru til meðferðar hef ég áreiðanlega margoft látið í ljós opinberlega að kauphækkanir væru óhjákvæmilegar eins og á stóð. Það var alltaf mitt álit og var vissulega álit ríkisstj. líka. Auðvitað getur verið álitamál hvar rétta markið er, og það er annað sjónarmið sem kemur fram af hálfu atvinnurekenda, sem sé hvað atvinnureksturinn ber. En þessir samningar voru gerðir, því miður, eftir verkfall. Ég held fyrir mitt leyti að það hefði verið hægt að ná þessum samningum án þess að til nokkurs verkfalls hefði komið og hefði átt að koma. En aðalatriðið er, að ég held að það hafi ekki verið gagnrýnt af ríkisstj. hálfu eða málgagna hennar

að þarna hafi verið knúðar fram ósanngjarnar kaupkröfur af hálfu launþegasamtakanna. Hitt er rétt, sem hæstv. forsrh. undirstrikaði, að það má ekki endilega tala um lægstu tölu í því sambandi, heldur verður að miða við þá meðaltalshækkun, sem átti sér stað í þessum samningum, og sjálfsagt að halda sig við staðreyndir í umr. um þessi mál að því leyti til. (Gripið fram í.) Það stendur ekki þarna 6%, nei, nei. Ég er ekki að segja það. En það hefur stundum verið sagt í umr. um þessi mál, og það veit ég að hv. 7. þm. Reykv. kannast við, að það hefur verið talað um það eins og kauphækkunin hafi bara numið þessum 6%. En ég vil nú segja að sem betur fer var hún í sumum tilfellum nokkru meiri.

Hinn misskilningurinn, sem mér virðist hafa komið fram bæði hjá þeim, sem hér hafa talað og borið fram þessar fyrirspurnir, og eins af hálfu fyrirsvarsmanna Alþýðusambandsins, er að ríkisstj. eða málgögn hennar hafi viljað rekja allar þær verðlagshækkanir, sem átt hafa sér stað, til kjarasamninganna 1. mars. Ég held að þetta sé alröng staðhæfing. Aldrei hef ég haldið slíku fram. Og ég segi eins og áðan: Ég dreg í efa að það sé hægt að benda á dæmi þess að aðrir einstakir ráðh. hafi haldið slíku fram. Ég leyfi mér líka að efast um að hægt sé að benda á dæmi um það í málgögnum stjórnarinnar að því sé þar haldið fram að allar þær verðhækkanir, sem átt hafa sér stað, eigi rætur að rekja til kjarasamninganna frá 1. mars. Það hefur ekki verið gert, þetta er staðhæfing sem byggð er á fullkomnum misskilningi.

Ég verð að segja það, að þegar litið hefur verið til þessa hvors tveggja, sem ég hef hér nefnt, þessa tvenns konar misskilnings, þá finnst mér vera fallnar að nokkru leyti ástæðurnar bæði undan þeim fyrirspurnum, sem hér hafa verið bornar fram, og þeirri gagnrýni, sem komið hefur fram af hálfu Alþýðusambandsins. Ég tel að sú gagnrýni sé sem sagt byggð að verulegu leyti á ímynduðum forsendum. Hitt er svo allt annað mál, að verðhækkanir hafa verið miklar, því mótmæli ég ekki. Ég hygg að því mótmæli enginn. Auðvitað getur Alþýðusambandið og hver sem er gagnrýnt það að verðhækkanir hafi verið of miklar, og auðvitað harma það allir að verðlagshækkanir hafa orðið jafnmiklar og raun ber vitni um.

Sá bæklingur eða sú grg., sem Alþýðusambandið hefur látið frá sér fara, sýnir nokkuð glöggt um hvers konar verðlagshækkanir er að tefla. Og ég skal ekki á nokkurn hátt vefengja það út af fyrir sig að þær séu aðeins 1.3%, hækkanirnar sem eigi rætur að rekja til kjarasamninganna 1. mars. Ég bendi þó á að eins og það er sett fram á þessu blaði, þá er þar aðeins um staðhæfingu að ræða, en það vantar útreikninga á hvernig þessi tala er fundin, og ég hygg að það geti orðið nokkuð erfitt dæmi að reikna það alveg nákvæmlega út. Hitt er víst líka, að sé ekki miðað eingöngu við kjarasamningana 1. mars, þá er það gefið að fyrri kauphækkanir koma fram í ýmsum tilfellum í þeim verðlagshækkunum sem átt hafa sér stað.

Ég veit að það mótmælir því enginn að auðvitað hljóta kauphækkanir hvort sem litlar eru eða miklar, í mörgum tilfellum að koma fram í verðlagi. Það er t. d. augljóst mál að hjá því verður ekki komist þegar um ýmiss konar þjónustustarfsemi er að tefla þar sem uppistaðan er vinnulaun. Þá verður ekki komist hjá því að kaupgjaldshækkun komi fram í verðlagningu þeirrar þjónustu. Og það er einmitt það sem hefur átt sé stað — ég vil segja í flestum tilfellum — í þeim almennu verðlagshækkunum sem hafa átt sér stað og ákveðnar hafa verið af verðlagsnefnd og staðfestar af ríkisstj. Ég vil bæta því við, að í verðlagsnefnd eiga sæti fulltrúar frá launþegasamtökunum og hafa þar alla aðstöðu til þess að fylgjast með. Þær verðlagshækkanir, sem hafa átt sér stað á því sviði og samþ. hafa verið af hálfu verðlagsnefndar, eru, held ég áreiðanlega, ekki meiri en mátti gera ráð fyrir við gerð kjarasamninga. Það er líka svo, að í mjög mörgum tilfellum, — ég held að það sé alveg óhætt að segja að í miklum meiri hluta tilfella hafi verðlagsnefnd verið alveg sammála. En hitt er líka til og það í allmörgum tilfellum, að fulltrúar launþega hafa greitt atkv. gegn þeim hækkunum sem þar hafa þó verið samþ. Ég held að ég fari ekki mjög langt frá sannleikanum a. m. k. er ég segi það, ef ég lít á þessa geira sem hér eru upp settir, að t. d. fiskur, dagblöð, kaffi, það hafi verið samþ. af öllum. Um bensínið þori ég ekki alveg að fullyrða. Svo er ýmislegt annað þarna upp á 0.4% Ég held sem sagt að það hafi yfirleitt í mjög mörgum tilfellum verið samþ. af öllum aðilum, enda er það svo að till. verðlagsstjóra, sem hann leggur fyrir verðlagsnefnd, fylgir grg. um það af hverju hækkunin stafar, þannig að þar má í hverju einstöku atriði sjá hvort og að hve miklu leyti hækkunin á rætur að rekja til kaupbreytinga eða annarra ástæðna. Þetta vildi ég segja um það.

Hitt er svo alveg rétt, að það hafa orðið miklar verðlagshækkanir á opinberri þjónustu, og það er mín persónulega skoðun að þar hafi verið farið fullfrekt í sakirnar í ýmsum tilfellum. Ég tek undir það, sem hæstv. forsrh. sagði áðan, að það er í ýmsum þeim tilfellum um að ræða stofnanir sem einokunaraðstöðu hafa, og það rekstrarform virðist ekki gefast sérstaklega vel að því er verðlagningu snertir, hvort heldur er um að ræða ríkisfyrirtæki eða þjónustufyrirtæki bæjar- og sveitarfélaga. Það sjónarmið, sem út af fyrir sig er kannske góðra gjalda vert, að hugsa sem mest um hag hvers fyrirtækis virðist mér hafa í sumum tilfellum ráðið fullmiklu. En það er í ýmsum þessara tilfella mikið álitamál og matsatriði að hve miklu leyti á að byggja fyrirtæki upp með eigin fjármagni og framkvæmdir þess á eigin fjármagni og þá á þjónustugjöldum og að hve miklu leyti á að byggja það upp á lánsfjármagni.

Ég held t. d. að Hitaveita Reykjavíkur sé ákaflega glöggt dæmi um þetta. Í því tilfelli var um að ræða að gert var ráð fyrir að Hitaveitan fjármagnaði þær framkvæmdir, sem hún stendur í, að mjög miklu leyti á eigin fjármagni, og hún varð að fá hækkanir á þjónustu til þess. En það sem er athyglisvert í því sambandi — og ég hygg að ég fari þar ekki með rangt mál — er að það voru allir borgarfulltrúar, að ég held, hvar í

flokki sem þeir stóðu, hjartanlega sammála um að krefjast þessarar hækkunar. Var þó krafist meiri hækkunar en leyfð var, eða 33%, en Hitaveitan fékk ekki nema 27%. Ég get bætt því við að áskoranir bárust til ríkisstj., bæði frá bæjarstjórn Kópavogs, Garðabæjar og Hafnarfjarðar, einróma, þar sem skorað var á ríkisstj. að leyfa þessar hækkanir, umbeðnu hækkanir, og þar skiptust menn ekkert í flokka.

Ég vil líka nefna hækkun á útvarpi og sjónvarpi, 30% hækkun sem leyfð var, en farið var reyndar fram á, ef ég man rétt, um 40% hækkun. Ég veit ekki betur en að allir fulltrúar í útvarpsráði, hvar í flokki sem þeir stóðu, hafi verið hjartanlega sammála um að fara fram á þessa hækkun. Og þannig hygg ég að megi lengi rekja.

Mér er t. d. ekki kunnugt um það, þegar um *ýmsar hækkunarbeiðnir hefur verið að ræða frá ýmsum bæjarstjórnum*, að þá hafi verið ágreiningur þar. Ég held að þar hafi allir bæjarfulltrúar staðið að. Og eins og ég sagði áðan, þá getur það að vísu út frá vissu sjónarmiði verið góðra gjalda vert að hugsa svo vel um fjárhag þessara fyrirtækja og byggja þau þannig upp. En ég held að einmitt vegna þess að þarna vantar það aðhald sem stafar þó af samkeppni, þá þurfi að vera sérstakt eftirlit í þessum efnum. Og ég verð að segja það sem mína skoðun að ég tel, hvað sem almennum verðlagsákvörðunum líður á almennum markaði þar sem samkeppni getur átt sér stað, að þá væri ekki óeðlilegt að verðlagsnefnd, þar sem fulltrúar hinna ýmsu aðila eiga sæti, fengju aðstöðu til þess að fjalla um þessar hækkunarbeiðnir opinberra aðila. Ég held að það mundi einmitt verða til þess að styrkja skilvirkt verðlagseftirlit, að þetta væri sett undir verðlagsnefnd eða a. m. k. að hún fengi aðstöðu til þess að láta í ljós álit sitt á þeim beiðnum sem berast um þessi efni.

Það er að sjálfsögðu slæmt og ég harma það, ef svo hefur verið, að aðilar samninganna hafa ekki fengið upplýsingar eins og t. d. um Póst og síma. Það ber að harma. En eins og hæstv. forsrh. gerði grein fyrir, þá var þar að nokkru leyti a. m. k. um ástæður að tefla sem ég verð að játa að a. m. k. að því er mig varðar voru ekki ljósar.

Búvöruhækkunin er auðvitað mikill háttur í verðlagi. En ég bendi á að ekki kom til framkvæmda sú búvöruhækkun sem átti að koma til framkvæmda 1. des. Henni var frestað, og að því leyti til hafa þá neytendur notið góðs á meðan.

Það hefur sitt hvað verið sagt um það verðlagseftirlit sem haldið var uppi til 20. mars eða um 4 mánaða skeið. Ég viðurkenni að í slíkum tilfellum safnast eitthvað fyrir sem verður að leysa úr, en ég held samt sem áður að það hafi verið til gagns. Ég held að það hafi verið til gagns að því leyti til, að þá vissu menn að ekki var um að ræða *neinar kauphækkanir á þessu* tímabili. En þegar slakað er á og þetta afnumið, þá aftur á móti er eins og allir fari af stað, já, brýstihópar, má vel segja, og krefjist hækkana, sjálfsagt oftast með rökum, en stundum e. t. v. umdeilanlegum rökum. Það er eins og þá leysist úr læðingi verðbólguhugsunarháttur sem var hægt að dempa og halda niðri með hinu herta verðlagseftirliti á meðan það stóð. Auðvitað er ekki hægt að halda slíkri verðstöðvun um ótakmarkaðan tíma, en álitamál getur verið hversu lengi sé hægt að gera það.

Ég vil segja það um þessa verðhækkun búvara, að Sexmannanefndin var um hana sammála og ég hygg að það hafi ekki verið um annað að ræða lögum samkv. fyrir ríkisstj. en staðfesta það sem Sexmannanefnd var sammála um. Og ég læt í ljós, eins og hæstv. forsrh., að það er vissulega *illa farið að Alþýðusambandið skuli ekki eiga* fulltrúa í þessari Sexmannanefnd. Þá hefði hann getað kynnt sér málið, þá hefði hann gert sínar athugasemdir, þá hefði hann getað gert sínar ráðstafanir og þá hefði þó málið farið til yfirnefndar. En hitt vil ég vissulega taka undir, að þær verðlagshækkanir, sem hafa átt sér stað, *eru miklar og þær hljóta að vera öllum*, sem um þessi mál fjalla, mikið áhyggjuefni. Og ég játa það hreinskilnislega, að þær hafa orðið meiri og komið hraðar en ég hafði búist við. Ég held að það hefði verið æskilegt að geta farið ofurlitið hægar í þessum efnum því hefði verið dreift yfir lengri tíma.

Nú veit ég ekki hversu rétt það er, eins og hér er gert, að miða við 1. febr. og 1. apríl. Sannleikurinn er sá að það fara ekki að eiga sér stað hækkanir fyrr en eftir 20. mars. Þangað til stendur þessi verðstöðvun. Auðvitað liggja enn þá fyrir ýmsar hækkunarbeiðnir óafgreiddar, en ég vil þó taka undir það með hæstv. forsrh. að ég vil vona að aðallotunni í þessum efnum fari að linna og það fari að hægja á.

Það er að vísu rétt í sambandi við innflutning að hafa það í huga, að þó að gengi hafi breyst allvíða, hafi lækkað, og það mætti draga þá ályktun af því að innfluttar vörur ættu þess vegna að lækka í verði, þá er rétt að hafa þann fyrirvara á í því sambandi að í mjög mörgum tilfellum er, þegar um innflutning er að tefla, samið um greiðslu í dollurum. Þannig er það t. d. yfirleitt um viðskipti austan að og í mjög mörgum tilfellum öðrum. Við njótum því ekki þeirra gengisbreytinga að því marki sem í fljótu bragði mætti ætla, þó að við njótum svo aftur á móti hækkunar á dollar í öðru sambandi, þ. e. a. s. að því er varðar okkar útflutningsafurðir.

Ég skal, herra forseti, ekki hafa þessi orð fleiri. Eins og ég sagði, var þessari fyrirspurn ekki beint til mín, og ég hef þess vegna ekki undirbúið mig að hafa hér svör á reiðum höndum við hverju einu í þessum efnum. En ég vil taka undir það, að við hljótum öll að vera sammála um að verðlagshækkanirnar eru of miklar, og það hlýtur að vera markmiðið að reyna að beita öllum mögulegum ráðum til þess að hefta verðbólguþróunina, því að ég fyrir mitt leyti er ekki í nokkrum vafa um að verðbólgan er einhver mesta meinsemd í íslensku efnahagslífi — og í íslensku þjóðlífi yfirleitt. Þess vegna *ættum við að reyna að sameinast sem mest* um það, þó að það sé svo að hér á Alþ. skiptist menn í stjórn og stjórnarandstöðu og deili þar af leiðandi um mörg málefni, þá ætti að vera hægt að hafa samvinnu á milli aðila um þessi mál, eins og reyndar er í verðlagsnefndinni eins og hún er upp byggð. Það álít ég að sé rétta leiðin

í þessu efni, að hafa það skipulag að sem flestir aðilar geti komið að þessum málum og hafi aðstöðu til þess að rannsaka þau og fylgjast með þeim og eiga þátt í ákvörðunum um þau. Með þeim hætti verða allir aðilar að taka á sig vissa ábyrgð og það verður eytt ýmissi tortryggni í sambandi við þessi mál.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Hæstv. viðskrh., sem nú var að ljúka máli sínu, lagði á það töluverða áherslu, að þeir hæstv. ráðh. og málgögn ríkisstj. hefðu alls ekki gagnrýnt alþýðusamtökin fyrir síðustu kjarasamninga, og spurði hvort hægt væri að finna þeim orðum stað, að þessir aðilar, þ. e. a. s. hæstv. ríkisstj. og málgögn hennar, hefðu gagnrýnt þessa kjarasamninga.

Ég held að það þurfi ekki mjög lengi að leita til þess að finna margvíslega gagnrýni í sambandi við það verkfall og þá kjarasamninga, sem loksins fengust eftir verkfallið, bæði af hálfu hæstv. ráðh. og þó alveg sérstaklega af hálfu málgagna ríkisstj. Vil ég nú minna hæstv. viðskrh. á höfuðmálgagn stjórnarinnar í þessu sambandi, eða við skulum segja annað af tveimur höfuðmálgögnum, Morgunblaðið, sem ég hygg að alloft hafi að þessum efnum vikið. Það er að vísu svo, að þeir gagnrýnendur, sem um þessi mál ræða nú, vita að það er heppilegra að gagnrýna verkfallið og kenna verkalýðshreyfingunni um verkfallið.

Var það nú svo að verkalýðshreyfingin vildi endilega knýja fram verkfall? Var það ekki eitt og annað sem hún vildi gera til þess að koma í veg fyrir að verkfall yrði? Ég hygg að svo sé, og ég hygg að margir telji að hæstv. ríkisstj. hafi verið heldur seinlát og seinheppin í viðskiptum sínum við aðila vinnumarkaðarins áður en til þessa verkfalls kom sem vitanlega var eins og ævinlega algjör neyðarvörn verkalýðshreyfingarinnar.

Það er af hálfu hæstv. ríkisstj. og sérstaklega af hálfu málgagna hennar klifað á því hvað eftir annað að það sé í rauninni alveg tilgangslaust fyrir verkalýðshreyfinguna að vera að gera slíkar kröfur eins og hún gerir og sérstaklega að vera að fara í verkföll. Verkföllin eru alltaf hennar sök, að því er þessi málgögn, a. m. k. Morgunblaðið, telja. Þetta sjónarmið, að reyna að láta líta svo út sem í rauninni sé öll kaupgjaldsbarátta verkalýðshreyfingarinnar gersamlega þýðingarlaus, þetta hefur verið grunntónninn í áróðri sumra stjórnarblaðanna a. m. k. undanfarnar vikur. Og ég verð nú að segja að mér finnst hæstv. ríkisstj., annaðhvort vitandi vits eða þá óviljandi, hjálpa allmikið til þeim aðilum sem þessum kenningum halda fram. Hæstv. ríkisstjórn gerir það með því að leyfa hinar gífurlegu hækkanir á fjölmörgum sviðum strax fyrstu dagana eftir að kjarasamningum er lokið. Það er samið um 6—8% kauphækkun strax, og þær verðhækkanir, sem hæstv. ríkisstj. leyfir næstu daga og vikur, eru ekki nein 6 eða 8%, þær eru, eins og hefur verið margtekið fram, 20, 30, 35% og þar yfir, eins og t. d. allra síðasta hækkunin sem maður hefur frétt af, þ. e. a. s. varðandi bifreiðar og tryggingamál þeirra.

Ríkisfjölmiðlarnir hafa verið notaðir í þessu efni, sérstaklega ríkisútvarpið, til þess að reyna að koma því inn hjá öllum almenningi að kaupgjaldsbarátta verkalýðshreyfingarinnar sé gersamlega þýðingarlaus og raunar verri en engin. Ég minni þar á langan þátt sem ég hygg að hafi verið nefndur: „Hvað kostaði verkfallið"? — þar sem alveg var ljóst að verkalýðshreyfingin taldi a. m. k. að á sig hefði verið hallað í þeim málflutningi og þeim áróðri sem þar fór fram. Ég held að ég muni það rétt að sá ágæti maður, sem stjórnaði þeim þætti, hafi verið mjög eftilegur framsóknarmaður sem mun hyggja til forustu, aukinnar forustu í þeim flokki.

Annars skal ég ekki fjölyrða mikið um kjarasamninga og verðhækkanir. Það mál er að vísu stórt, en því hafa þegar verið gerð hér nokkur skil og ég tel að Alþýðusamband Íslands eigi þakkir skyldar fyrir að taka nú upp þann hátt að láta hagfræðinga sína og sérfræðinga gera glögga grein fyrir viðhorfum mála frá sjónarhóli alþýðusamtakanna og koma þannig á framfæri umræðugrundvelli um þessi verðlagsmál sem vissulega er full ástæða til að kryfja til mergjar.

Ég ætla ekki heldur að hafa mörg orð um það bann sem sett var á birtingu tiltekinnar sjónvarpsauglýsingar frá Alþýðusambandinu. Það er í sjálfu sér kannske ekki stórmál, þó að það sé eitt af þeim atriðum sem Alþýðusambandið hefur gagnrýnt í sambandi við skipti þess við ríkisfjölmiðlana. Ég sá ekki þessa sjónvarpsauglýsingu, en mér skilst að aðalinntak hennar hafi verið þessar tölur, þessar upplýsingar, sem Alþýðusambandið vildi koma á framfæri og hefur gert með sínum litla bæklingi sem alþm. hafa fengið í hendur, en einnig hafi fylgt í þessari sjónvarpsauglýsingu mynd af hæstv. ríkisstj. eins og hún lagði sig. Í ríkisstj. eru menn sem flestir, ef ekki allir, myndast fremur vel svo ég vona að það hafi ekki verið sú hrollvekja sem varð þess valdandi að ástæða þótti til að banna þessa sjónvarpsauglýsingu. En raunar með banni, eins og gjarnan vill verða, hefur Alþýðusambandið fengið algjörlega ókeypis einhverja þá bestu auglýsingu sem það gat fengið, og ég býst við að vegna bannsins sé nú komið á framfæri við þjóðina það sem Alþýðusambandið vildi ná fram með auglýsingu sinni.

Það er aðeins eitt atriði í sambandi við þessi mál öll saman sem ég vildi gera hér að umræðuefni lítils háttar. Það kom fram í einu eða tveimur sjónvarpsviðtölum við forseta Alþýðusambandsins ekki alls fyrir löngu að stjórnendur sambandsins litu þannig á að sjónarmið alþýðusamtakanna hefðu ekki fengið að njóta sín á þann hátt, sem eðlilegt og réttmætt væri, í ríkisfjölmiðlum að undanförnu og hann nefndi ákveðin dæmi sem hann taldi vera þessu til staðfestingar eða sönnunar. Nú vita allir að innan Alþýðusambands Íslands eru yfir 40 þús. félagsmenn. Þetta eru fjölmennustu samtök í þessu landi og þau eiga eðli máls samkvæmt fullan rétt á því að mjög verulegt tillit sé til þeirra tekið í ríkisfjölmiðlum. Nú vildi ég koma því á framfæri, — æðsti yfirmaður ríkisfjölmiðlanna, hæstv. menntmrh., er því miður ekki viðstaddur, en til hans hefði ég gjarnan viljað beina þessum orð-

um mínum. Ég veit að formaður útvarpsráðs er ekki heldur viðstaddur þar sem hann situr nú annað merkisþing í annarri heimsálfu, og ég sé raunar ekki heldur varaformann útvarpsráðs. En ég vænti þá þess að fjölmiðlar, bæði blöð og útvarp, komi á framfæri þeirri ábendingu sem ég vil hér með lýsa stuttlega.

Þegar það kemur fram hvað eftir annað frá stærstu fjöldasamtökum þjóðarinnar eða forsvarsmönnum þeirra að þeirra mál, þeirra sjónarmið njóti ekki fyllsta réttar í ríkisfjölmiðlum og alls ekki samanborið við ýmis önnur samtök, — það eru nefnd samtök í því sambandi, sem ég skal ekki fara út í, — þá tel ég mjög eðlilegt og raunar skýrt andsvar af hálfu stjórnenda ríkisfjölmiðlanna að láta kanna þetta mál, láta athuga t. d. hvernig er háttað um viðskipti við þessi fjöldasamtök síðustu 3—4 árin og hvernig því er háttað um ýmis önnur samtök sem á einhvern hátt mega teljast hliðstæð, — er það rétt að alþýðusamtökin hafi ekki notið jafnréttis við ýmsa aðra í ríkisfjölmiðlum og hverju munar? Ég heiti á þá, sem stjórna útvarpi og sjónvarpi, að láta þessa könnun fara fram, það á að vera tiltölulega auðvelt. Um einstaka atriði kunna að vera skiptar skoðanir hverrig eigi að flokka, en í meginatriðum á að vera auðvelt að láta þessa könnun fara fram. Og ég skora á þá, sem stjórna útvarpi og sjónvarpi, að gera þetta, en sitja ekki lengur þegjandi undir því að á þá sé borið hvað eftir annað að þeir láti ekki stærstu fjöldasamtök landsins njóta jafnréttis við ýmsa aðra.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég hygg að við stjórnarandstæðingar höfum ekki talað þennan fundartíma meira en góðu hófi gegnir, en ég skal verða við óskum forseta um að vera ekki langorður. Ég hygg að það hafi verið heldur stjórnarliðarnir og þá sér í lagi ráðh., hæstv. forsrh. og viðskrh., sem til þessa hafa haldið hér lengstar ræður. (**Forseti:** Ég vil biðja hv. þm. afsökunar á því, ég nefndi hvorki stjórn né stjórnarandstæðinga í þessu efni, það á jafnt við alla).

Ég vil hefja mál mitt með því að þakka hæstv. forsrh. fyrir svör hans, en að meginefni voru þau að andmæla þeim fullyrðingum og ég álít staðreyndum sem fram koma í bæklingi Alþýðusambands Íslands um mun örari verðlagshækkanir, sem orðið hafa á þessum stutta tíma, heldur en gert var ráð fyrir og verkalýðsfélögunum var sagt meðan á samningum stóð.

Hæstv. forsrh. reyndi í ræðu sinni að hrekja þær staðreyndir sem þarna eru fram færðar. Ekkert af þessu tókst honum. Þær standa því enn óhraktar. Svo bættist ofan á að hæstv. viðskrh. kom upp á eftir, viðurkenndi meginefni þessa bæklings og sagði að það kynni að vera satt sem þar stæði.

Þetta álít ég vera meginefni þessa máls, en ekki hitt, hvað við kemur áskorunum hæstv. ráðh. um að allir hljóti að vera sammála um að berjast gegn verðbólgu. Að sjálfsögðu eru allir sammála um það. En það sýnir sig að þeir, sem fyrst bregðast í þeirri baráttu, eru aðaláskorendur um að aðrir standi sig, þ. e. hæstv. ríkisstj Það er hún sem bregst. Það er hún sem ríður á vaðið með allar aðalverðhækkanir sem átt hafa sér stað á þessu tímabili. Það er hún sem veldur því að verðbólguhraðinn er meiri en ráð var fyrir gert og verkalýðshreyfingunni var sagt meðan á samningum stóð. Þetta eru staðreyndir málsins og þetta er þegar viðurkennt óbeint í ræðu forsrh., þó að hann væri að reyna að hamla á móti, en beinlínis í ræðu viðskrh. Með þessa einkunn getur verkalýðshreyfingin vel við unað. Hún hefur skýrt frá staðreyndum, og eins og ég sagði í minni frumræðu, þá hefur hún nú í fyrsta sinn talið sig hafa efni á því fjárhagslega að hafa eigin sérfræðinga. Mun það m. a. vera undirstaða þess að hún getur nú lagt fram í fyrsta sinn raunhæfar staðreyndir um það hvernig útkoma þjóðarbúsins er gagnvart íslensku launafólki.

Það var sagt af hæstv. forsrh. í hálfgerðum lítilsvirðingartón að verkalýðshreyfingin hefði getað komið þessu á framfæri í fjölmiðlum. Ég ætlaði mér ekki að blanda útvarpsmálunum saman við þessar umr. Það hefur þegar verið skýrt frá því að verkalýðshreyfingin átti þess alls ekki kost að koma þessu á framfæri og varð því að velja þá einu leið sem hún hefur þegar gert með þeim árangri að Alþ. eyðir nú örlitlum tíma í að tala um mál launafólks á Íslandi og er þó vonum seinna.

Ég ítreka það, sem ég sagði í upphafi, að ég þakka ræðu forsrh. og svör hans, þó að þau ættu að vera til að andmæla fullyrðingum verkalýðshreyfingarinnar. En niðurstaðan af þeim andmælum var þó sú, að hann sagði að hann vonaði að verkalýðshreyfingin mundi eftir sem áður reyna að berjast gegn verðbólgu. Undir það geta sjálfsagt allir landsmenn tekið, hvort sem þeir eru meðal launafólks í verkalýðshreyfingunni eða ekki. En þá verður til þess að ætlast að sjálf forusta þjóðarinnar, ríkisstj., hafi manndóm í sér til þess að hafa þar raunhæfa forustu eins og henni ber. Það hefur hún ekki gert, nema síður sé. Hún hefur haft forustu um að gera það gagnstæða, að örva verðbólguna með hækkun á gjöldum opinberra þjónustuliða.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Hér hafa tveir ráðh. talað mjög langt mál um mál, sem að sjálfsögðu er stórt, en ég er ekki viss um að hafi gefið tilefni til þess mjög svo langa ræðuhalds, því að frumræður hér voru stuttar, og ef ætti að fylgja í slóð ráðh., þá gæti maður ekki orðið við tilmælum forseta um að tala aðeins stutt. Ég skal reyna að verða við því engu að síður, því að einkum ræða forsrh., stór hluti hennar, var þess eðlis að ég ætla ekki að fara að eyða neinum tíma í það. Það voru útskýringar hans á því hvers vegna verðhækkanir á einu og öðru hefðu verið nauðsynlegar og hvaða rök hefðu legið að baki o. s. frv., o. s. frv.

En hæstv. forsrh. hóf ræðu sína með því að gagnrýna Alþýðusambandið og verkalýðssamtökin fyrir að eyða fé sínu í útgáfu á bæklingi eins og þeim sem hér er lagður á borð hv. þm. og umræður snúast um. Ég held að við verðum að frábiðja okkur í verkalýðshreyfingunni ráðleggingar af þessu tagi. Það kæmi sér kannske vel fyrir ríkisstj. að við gæfum ekki út svona bæklinga, en það er áreiðanlegt að þessi bæklingur

hefur þegar haft sín áhrif og áreiðanlega borgað sig fyrir fólkið sem greiðir skatta sína til Alþýðusambandsins. Og áfram mun verða haldið á þessari braut þegar tilefni gefast til.

Spurt var hér í frumræðu hvort ríkisstj. viðurkenndi þær tölulegu staðreyndir sem settar væru fram í þessum bæklingi og endurteknar í ræðum eða hvort hún hefði einhverjar sérstakar athugasemdir við þær að gera, hvort þarna væri rétt farið með mál eða ekki. Ég verð nú gagnstætt því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að telja að hæstv. forsrh. hafi viðurkennt að þær tölulegu upplýsingar, sem settar eru fram í bæklingnum, séu réttar. Ég gat ekki annað merkt af ræðu hans en að hann viðurkenndi það. Hann sagði að vísu að hér væri ekki um staðreyndir að ræða, heldur ályktanir sem dregnar væru af vissum tölulegum staðreyndum.

Að það væri sérstaklega erfitt að rekja í sundur þá þætti sem áhrif kauphækkana væru í heildarverðhækkunum, út af fyrir sig get ég verið honum alveg sammála um að þetta getur verið býsna erfitt að gera. Þær tölur, sem hér eru nú settar fram, mér er kunnugt um að þessar tölur hafa verið bornar undir þá sem sérstaklega ættu að geta gert sér grein fyrir staðreyndum í þessu efni. Hitt er svo alltaf að sjálfsögðu álitamál, hvernig á að reikna áhrif kauphækkana inn í verðlagsmál. Þar hef ég oft haft miklar athugasemdir við að gera þegar verðlagsnefnd eða þeir, sem eiga að ákveða verðlagið, gefa sér einhverjar forsendur, — forsendur sem gjarnan eru svo látnar vera óumbreytanlegar árum saman. Ég nefni bara sem dæmi, að ég held að það sé viðtekin regla að verslunin fái að reikna áhrif kauphækkana á 55% af rekstrarkostnaði sínum, að launin séu talin það, og áhrif kauphækkana sem sagt í þessu hlutfalli alltaf reiknuð út í verðlagið. Hvort þetta er rétt eða ekki, um það má auðvitað endalaust deila, og svo er um óteljandi atriði. Það er því út af fyrir sig alveg rétt þegar hæstv. forsrh. segir að það sé erfitt að rekja þessa þætti í sundur. En einmitt þessar viðurkenndu formúlur, sem ég nú nefndi, voru allar notaðar við þá útreikninga sem hér liggja fyrir.

Ég gat sem sagt ekki merkt annað en að hæstv. forsrh. viðurkenndi að þær upplýsingar, sem felast í bæklingi Alþýðusambandsins, séu í meginatriðum réttar. Hið sama gerði hæstv. viðskrh., þannig að ég held að árangur þessara umr. hér verði þá a. m. k. sá að það þurfi ekki að standa neinn styr um hvað sé rétt og hvað sé ekki rétt í þessum upplýsingabæklingi.

Hæstv. viðskrh. talaði um tvenns konar misskilning og taldi að því hefði verið haldið fram að hæstv. ríkisstj. hefði talið kaupgjaldssamningana vitaverða, eins og hann orðaði það, og kauphækkanir hefðu verið allt of miklar. Í þessum bæklingi, sem hér er til umr., og í þeim ræðum, sem hér voru haldnar í upphafi þessara umr., minnist ég ekki þess að þetta hafi komið fram, og það er ekki þetta sem er fyrst og fremst verið að halda fram, heldur hitt, að því hefur mjög gjarnan verið haldið fram og ýtt undir það af hæstv. ríkisstj. með einmitt þessum ráðstöfunum í verðlagsmálum að allar verðhækkanir væru kauphækkunum að kenna, — allar verðhækkanir sem orðið hafa frá því að samningarnir voru gerðir. Þetta er mergurinn málsins. Það er þessi áróður sem hefur dunið látlaust, — og það mætti sjálfsagt koma hér með bunka af tilvitnunum ef því væri að skipta, — en það er þessi látlausi áróður, sem dunið hefur á verkalýðshreyfingunni, sem verið er að mótmæla og hamla gegn.

Ég ætla ekki að rekja svo mjög einstök atriði hér í umr., en ég vil vegna orða hæstv. forsrh. þar um segja það, að af hálfu Alþýðusambandsins eða verkalýðsfélaganna, þeirra manna sem staðið hafa að samningamálum þeirra, er ekki tortryggni í garð þeirra embættismanna sem hér hafa verið nefndir, þ. e. a. s. hagstofustjóra og forstöðumann Þjóðhagsstofnunarinnar, það er mjög langt frá því. Við viðurkennum hæfni þessara embættismanna og þekkjum mjög vel af eigin reynslu þau verðmætu störf sem þeir báðir og hvor um sig hafa unnið í þessum efnum. En það er sagt í bæklingnum, sem hér er rætt um, að þessir menn hafi fengið rangar upplýsingar og þess vegna hafi brugðist þær forsendur sem þeir höfðu fyrir spádómum sínum, skulum við segja, eða ágiskunum, — ágiskanir voru það, það er alveg rétt, hæstv. forsrh. sagði það, þetta voru aldrei kallaðar spár, heldur beinlínis ágiskanir. Hvort hér er um vísvitandi rangar upplýsingar að ræða eða ekki, það ætla ég ekkert að fullyrða um, en það, sem þeir lögðu fram, er annað en á daginn hefur komið. M. a. er það, að sums staðar þar sem miklar hækkanir hafa orðið áttu engar hækkanir að verða á þessu tímabili. Ég er ekki heldur að segja að hæstv. ráðh. hafi vitað betur, en þeir hafa þá látið undan þrýstingi sem sjálfsagt hefur verið ætlun þeirra að gera ekki.

Þegar hæstv. forsrh. var að gera hér grein fyrir orsökum verðhækkana, sem ég ætla ekki að fara að rekja, þá komst hann alveg furðulega að orði og ég verð að segja: kom með alveg furðulegar upplýsingar. Hann fullyrti að hin mikla hækkun á hitaveitugjöldum hefði verið gerð til þess að forða þúsundum manna frá mjög mikilli kjaraskerðingu. Það mætti sennilega taka góðan umræðukafla til þess að annaðhvort sanna eða afsanna svona fullyrðingar.

Ekki tók nú betra við þegar kom að hækkunum hjá Pósti og síma, því að þær voru þá orðnar þess eðlis að þær voru til þess að stofnunin gæti endurgreitt fé, sem hún hefur tekið bókstaflega ófrjálsri hendi. Það er í sjálfu sér ágætt að hæstv. forsrh. veitir Alþ. svona upplýsingar. En ekki er það traustvekjandi á viðkomandi stofnun né heldur því eftirliti sem ríkisstj. á að sjálfsögðu að hafa á slíkri stofnun, og þá meina ég ekki bara rekstur hennar, heldur ekki síður vörslu og umhyggju fyrir orlofsfénu.

Hæstv. forsrh. og raunar viðskrh. líka hörmuðu það báðir að Alþýðusambandið hefði tekið fulltrúa sinn út úr sexmannanefnd fyrir nokkrum árum, og mætti kannske skilja að þessi mál stæðu nokkuð öðru vísi ef það hefði ekki verið gert. Ég ætla ekki að fara að ræða þetta neitt til hlítar. Ég get sagt það, ég var aldrei sammála því að þetta væri gert og átti þá sjálfur sæti í sexmannanefndinni. Það var býsna erfitt verk að vera fulltrúi verkalýðshreyfingarinnar í þeirri n. og ekki vinsælt, hreint ekki vinsælt, en engu að síður hafði ég þá skoðun að það væri í þessari n. hægt að vinna þó það fyrir neytendur að ég gæti þolað

þær skammir sem ég fékk fyrir engu að síður. Hæstv. forsrh. sagði að vísu að það væru mjög fastar skorður sem sexmannanefnd yrði að fara eftir í ákvörðun um verðlagningu búvöru, og það eru einmitt þessar föstu skorður sem gerðu það að verkum, að Alþýðusambandið á sínum tíma sá ekki tilgang í því að hafa mann í sexmannanefnd.

Í þessu sambandi gat hæstv. forsrh. þess að nú væri búið að skipa n. til þess að endurskoða verðlagskerfi landbúnaðarvaranna og Alþýðusambandið hefði þegar skipað í þessa n. Hvort tveggja þetta er rétt, og það er fyrir ærið löngu að þessi n. átti að hafa verið kvödd til starfa, en einhverra hluta vegna hefur það dregist mjög. Hins vegar vil ég eins og hv. þm. Benedikt Gröndal vekja athygli á því, að á sama tíma og verið er að bjóða samstarf í slíkri n. eins og forsrh. gat hér um, hvað er þá að gerast á hv. Alþ? Fyrir Alþ. liggur núna frv. um breyt. á l. um framleiðsluráð, þar sem þegar er búið að afgreiða af meiri hl. landbn. hv. Nd. ákvæði um að verðmiðlunargjald hvers konar af öllum búvörum skuli reiknast sem dreifingarkostnaður. Þetta eru algjörlega ný ákvæði í lögunum. Í öðru lagi er lagt til að heimilt sé að taka tillit til fjármagnskostnaðar þessara búa þegar verðjöfnunargjald er ákveðið. Einnig þetta er nýtt ákvæði í lögunum.

Að sjálfsögðu hefur verkalýðshreyfingin fyrst og fremst áhuga á að verðmyndunarkerfið varðandi verðlagningu landbúnaðarvaranna verði tekið til athugunar. Ég ætla ekkert að fullyrða um það hvað hugsanlega gæti komið út úr slíkri endurskoðun, það dettur mér ekki í hug á þessu stigi málanna. En ég held að það væri öllum aðilum, bæði neytendum og ekki síður bændum og kannske allra síst ekki stjórnvöldum, mjög þarft og gott ef þessir aðilar gætu komið sér saman um stefnumörkun í þessum efnum. Það væri mjög þarft. Þegar verið er að koma í gegn hér mjög margumræddu máli, mjólkurmálinu svokallaða, sem raunar allir þm. eru orðnir sammála um að eigi að fara í gegn, en hnýtt er aftan í það mál svona afdrifaríkum atriðum fyrir neytendur um verðlagningu búvaranna í landinu, þá er útilokað að menn geti staðið að því að samþykkja breytinguna á mjólkurlögunum. Og ef hv. stjórnarþm. hafa keypt þjónkun sína við kaupmenn í Reykjavík því verði sem felst í þessum nýju ákvæðum um berytingar á lögunum um framleiðsluráðið, þá fullyrði ég að það er allt of dýru verði keypt og mun hefna sín.

Herra forseti. Ég lofaði að vera ekki allt of langorður, en vil aðeins segja það, að í lok ræðu sinnar kom hæstv. forsrh. með hugleiðingar um hvernig og hvenær kaupmáttur gæti aukist, hvenær kauphækkanir gætu verið raunhæfar og hvenær ekki, þær væru gagnslausar ef ekki fylgdi með framleiðniaukning og ýmsir aðrir hlutir, sem hann nefndi, kæmu til, eða viðskiptakjör þjóðarinnar út á við stórbötnuðu. Þetta er sú eilífa fullyrðing sem við heyrum gjarnan í verkalýðshreyfingunni (**Gripið fram í:** Í þriðja lagi breytt tekjuskipting.) Já, það var einmitt það. Í þriðja lagi er hægt að breyta tekjuskiptingunni í landinu. Ég heyrði það ekki hjá hæstv. forsrh., en vonandi verður það gert. Það er einmitt mergurinn málsins. Þeir samningar, sem gerðir voru í vetur og ákváðu almennu verkafólki í landinu dagvinnutekjur sem nema 55—60 þús. kr. á mánuði, — þegar við ræðum það að þessir samningar, eins og haldið hefur verið fram mjög í málgögnum ríkisstj., séu orsök þeirra verðhækkana sem orðið hafa og eins og fyrri daginn séu að kollkeyra allt í þjóðfélaginu, þá held ég að það sé hollt að menn hafi í minni að það verður áreiðanlega, ef ekki með öðrum ráðum, þá verður að breyta þessum hlutföllum með því að breyta tekjuskiptingunni í landinu.

Ingi Tryggvason: Herra forseti. Vegna ummæla hv. 2. landsk. þm. áðan um verðlagningu landbúnaðarvara finnst mér ég ekki geta komist hjá því að segja hér örfá orð. Sú spurning, sem hann sérstaklega beindi til þeirra sem væru í forsvari fyrir bændur, var á þá lund, ef ég hef skilið hana rétt, að hlutur dreifingarkostnaðar í heildarverði landbúnaðarvara færi sífellt hækkandi og það væri atriði sem mjög mikil nauðsyn væri að gefa gaum að.

Eins og mönnum er kunnugt og hér hefur komið fram í umr., þá verðleggur svokölluð sexmannanefnd landbúnaðarvörur flestallar til bænda í heildsölu og sumar í smásölu, flestar reyndar nú orðið. Við verðlagningu þessara vara nú síðast varð samkomulag í sexmannanefnd, þannig að ekki kom til þess að þyrfti að skjóta úrskurði n. til yfirnefndar sem því aðeins starfar að ekki náist samkomulag í sexmannanefnd. Samkomulag kallast það þegar meiri hl. n. samþ. verðlagninguna. Um flest atriði verðlagningarinnar að þessu sinni var samkomulag allra nm., en við einstök atriði sátu einstakir nm. hjá Þetta fyrirkomulag á verðlagningu hefur nú tíðkast um alllangt skeið og undirstaðan að þessari verðlagningu er sú, að framleiðendur vörunnar annars vegar og fulltrúar neytenda hins vegar komi sér saman um verð á landbúnaðarvörum sem leiði til þess að bændur hafi sem næst sambærilegar tekjur við ákveðnar viðmiðunarstéttir, eins og þær hafa verið kallaðar, í þjóðfélaginu. Þær stéttir, sem þarna er miðað við, eru verkamenn, bæði almennir verkamenn og iðnaðarmenn, og fram undir þetta hefur líka verið miðað við sjómenn, en er þó ekki lengur gert.

Upphaflega var gert ráð fyrir því, og raunar er það svo enn, að hlutverk n. sé einfaldlega að ganga þannig frá verðlagningu að hlutur bænda verði sambærilegur, þegar upp er staðið, við þessar viðmiðunarstéttir. Vel má færa til sanns vegar að vinna n. hafi meira færst inn á venjulegar samningaleiðir þar sem tillit hefur verið tekið til ákveðinna aðstæðna sem undir einstökum kringumstæðum hafa getað breytt nokkru um samningsniðurstöðu, og þá koma atriði til greina eins og t. d. þegar ákveðin var niðurgreiðsla á áburði á s. l. vori.

Nú um nokkuð langt skeið má heita að alltaf hafi orðið samkomulag í sexmannanefnd um verðlagninguna. Undanfarin nokkur ár hefur mjög sjaldan verið skotið til yfirnefndar ágreiningsefnum frá sexmannanefnd, og bendir það til þess að samstarf þar hafi verið nokkuð gott.

Ég vil taka undir það, sem hér hefur komið fram áður, að ég tel mjög miður farið að Alþýðusam-

band Íslands skuli ekki eiga fulltrúa í sexmannanefnd. Ég er sannfærður um það að ef svo væri, ef fulltrúi frá Alþýðusambandi Íslands væri í sexmannanefnd, þá mundi vera afstýrt ýmsum misskilningi sem oft virðist gæta hjá neytendum í sambandi við verðlagningu landbúnaðarvara.

Vegna þess, sem spurt var um dreifingarkostnað, finnst mér rétt að geta þess að fyrirtækin, sem vinna úr landbúnaðarvörum og dreifa þeim í heildsölu, eru að mestu leyti í eigu bænda. Mjólkursamlögin og sláturhúsin eru í eigu bændanna og fyrirkomulag á rekstri þeirra er þannig að þeim ber að skila því, sem afgangs er, þegar greiddur hefur verið vinnslu- og dreifingarkostnaðurinn, að svo miklu leyti sem dreifing fer fram í höndum þessara aðila, en allveruleg dreifing fer fram hjá smásöluaðilum sem ekki eru í neinum beinum tengslum við bændansamtökin. Með þessu móti færist ábyrgðin á verðinu yfir á bændurna. Ef áætlaður vinnslu- og dreifingarkostnaður, sá kostnaður sem áætlaður hefur verið til þessara hluta af sexmannanefnd, er of hár, þá fá bændur meira en verðlagsgrundvallarverð fyrir vöru sína. Ég sagði: er of hár, vegna þess að þá verður hann nógu hár til þess að það er hægt að skila meira en verðlagsgrundvallarverði og þetta hefur nokkrum sinnum orðið í smáum stíl. Ef hins vegar vinnslu- og dreifingarkostnaður er áætlaður of lágt, þá er ekki hægt að skila bændunum verðlagsgrundvallarverði.

Það, sem gerðist í verðlagningu á s. l. ári, var m. a. það, að þegar upp er staðið í lok árs 1975, þá kemur í ljós að mjög mikið vantar á að hægt sé að skila bændum verðlagsgrundvallarverði á einstökum vörum. Þetta er ekki enn þá fyllilega komið í ljós nema sums staðar. En mér er kunnugt um það, að á svæði *Mjólkurbús flóamanna* vantar rúmlega 1.80 kr. á það að hægt sé að skila bændum verðlagsgrundvallarverði fyrir árið 1975, *og þetta er bein afleiðing þess* að kostnaður við vinnslu og dreifingu var of lágt metinn af sexmannanefnd. Það er kannske rétt að geta þess hér, að það var ein sérstök ástæða til þess að svona fór, og hún var sú að verulega minnkaði það mjólkurmagn sem kom til vinnslu- og sölumeðferðar hjá mjólkurbúunum. Ákvörðunin um vinnslu- og drefingarkostnað, vinnslukostnað mjólkurbúanna og þann dreifingarkostnað sem þau annast, er tekin þannig að fengnir eru reikningar þessara fyrirtækja ásamt þeim rekstrarkostnaði sem þegar hefur beryst á hverju þriggja mánaða tímabili, og þær breytingar, sem fyrirsjáanlegar eru, og síðan er áætlað heildarmagn innveginnar mjólkur sem deilt er í heildarupphæð vinnslu- og dreifingarkostnaðar. Þegar mjólkurmagnið minnkaði, eins og raun varð á s. l. ári, þá lækkaði sú tala sem hægt var að deila með í heildarkostnaðinn, og niðurstaðan varð sú að mjólkursamlögin geta ekki skilað bændum verðinu.

Ég gat þess áðan að mjólkursamlögin yrðu alltaf að skila bændum því verði sem kæmi á hverju ári út úr rekstri. Þessi bú fá auðvitað að afskrifa eignir sínar á eðlilegan hátt, og það hafa þau gert. En sjóðamyndanir eru sáralitlar. Sum mjólkursamlögin leggja smávegis í svokallaðan byggingarsjóð, önnur gera það ekki, og varasjóðir, sem eru afar lítilvægir, eru til, en það eru mjög smáar upphæðir. Þannig er enginn sjóður fyrir hendi, engir fjármunir fyrir hendi til þess að mæta óvæntum auknum rekstrarkostnaði í þessum iðnaði. Þess vegna hljóta áhrifin af auknum rekstrarkostnaði, reyndar alveg eins af minnkuðum rekstrarkostnaði, að koma fram hjá bóndanum. Það verður bóndinn sem annaðhvort hagnast, ef rekstrarkostnaðurinn verður óeðlilega lítill, eða missir af tekjum sínum, ef hann verður mikill á hvern innveginn mjólkurlítra, og sama máli gegnir líka í sláturhúsunum yfirleitt. Þó eru aðeins undantekningar frá því. Það eru til sláturhús sem kaupa sláturfé á föstu verði.

Þetta sölukerfi, sem byggt hefur verið utan um landbúnaðarvörurnar er mér mjög að skapi. Það byggist einfaldlega á þessu, að sá kostnaður, sem nauðsynlegur er, fari til þess að vinna vöruna og dreifa henni, en ekkert þar fram yfir, þar sé ekki neinn möguleiki til þess að safna fjármunum með þessari verslun. Það má raunar segja um landbúnaðarvörur og verðlagningu þeirra, ekki einungis til bænda, heldur líka til þeirra sem vinna hana, að hún hefur á sér visst þjóðnýtingarform. Ef fóðurbætirinn lækkar eða einhver sú hagkvæmni er tekin upp í búskap sem lækkar framleiðslukostnað, þá á verð vörunnar að lækka eða a. m. k. hækka minna, því að oftast hefur allt færst í þá átt að undanförnu að hækkanir væru á almennu vöruverði. En hins vegar kemur það líka af sjálfu sér, að ef dreifingarkostnaður eykst og rekstrarvörukostnaður hækkar, kaup hækkar, þá hækkar verð þessara vara.

Gagnvart þessu atriði sérstaklega, hvort hafi aukist dreifingarkostnaður í hlutfalli við heildarverð á undanförnum árum, þá get ég ekki komið með mjög miklar upplýsingar, en þó hef ég það hér á blaði að við verðlagningu í ágústlok 1973 var áætlað verð til bænda samkv. verðlagsgrundvelli 71.5% af heildarverðinu. Ég tek fram að niðurgreiðslurnar hafa ekki áhrif á þetta dæmi. Þetta er heildarverðið án þess að niðurgreiðslur hafi þar nokkur áhrif á.

Í ágústlok 1973 var gert ráð fyrir að bændur fengju 71.5% af heildarverði nýmjólkur, en vinnslu- og dreifingarkostnaður yrði þá samkv. því 28.5%. Samkv. verðlagningunni, sem fór fram núna í mars, er gert ráð fyrir, að bóndinn fái 72.3% af heildarverði vörunnar eða hærri prósenttölu en gert var ráð fyrir á árinu 1973. Ástæðan til þess, að vinnslu- og dreifingarkostnaður hækkaði jafnmikið og raun bar vitni núna við verðlagninguna, var einfaldlega sú, að hann hafði verið metinn of lágur við undanfarna verðlagningu. Ég endurtek það, að verðlagningin nú er hlutfallslega hagkvæmari hvað þetta snertir. Þar er gert ráð fyrir minni hluta af heildarkostnaði, sem fer í vinnslu og dreifingu, heldur en var í ágústlokin 1973. Þetta eru að vísu áætlanir hvort tveggja, en ég man ekki nákvæmlega hvort áætlunin 1973 stóðst fyllilega, en það var a. m. k. mjög nálægt því. Hvort þessi áætlun núna stenst veit enginn enn þá.

Því miður hef ég ekki upplýsingar, sem nokkurt hald er í, um vinnslu- og dreifingarkostnaðarhlutfall af heildarverði landbúnaðarvara í nágrannalöndum okkar. En mér er kunnugt um það að hér er vinnslu- og dreifingarkostnaður lægri en í flestöllum, ef ekki öllum nágrannalöndum

okkar. Ég man eftir því að fyrir einum 2—3 árum athuguðum við þetta sérstaklega gagnvart Bandaríkjunum, og þá var þar að vísu nokkuð misjafnt vinnslu- og dreifingarkostnaður eftir því hvaða landbúnaðarvörur voru, en á mörgum vörum var vinnslu- og dreifingarkostnaður meira en helmingur af því verði sem neytandinn greiddi. Ég tel þess vegna að við getum mjög vel við unað vinnslu- og dreifingarkostnaði íslenskra landbúnaðarvara, þegar mið er tekið af almennu verðlagi í landinu, og það sé ekki sérstök ástæða þess vegna til að gagnrýna þessa verðlagningu nú frá því sjónarmiði að þar væri of vel gert við vinnslu- og dreifingaraðilana.

Hér hefur líka aðeins verið minnst á smásöluálagninguna. Það er rétt að taka það hér fram, að sexmannanefnd ákveður smásöluálagningu á landbúnaðarvörur, flestar landbúnaðarvörur, ekki þó allar, ekki t. d. svínakjöt, egg og kjúklingakjöt, og við síðustu verðlagningu lækkaði þessi álagning í prósentum af heildarverði, þó að krónutalan hækkaði í prósentum. Það hefur orðið samkomulag um nokkurs konar verðlagsgrundvöll smásöluálagningarinnar, þar sem kaup nemur rúmum 60% af heildarkostnaðinum við smásöludreifinguna og breytingar á álagningu landbúnaðarvara hafa verið í sem nánustu samræmi við breytingar á einstökum kostnaðarliðum sem smásöluverslunin hefur af því að reka verslun. Hitt má svo auðvitað um deila, hvort álagningarprósentan sé rétt, hvort hún sé of há eða ekki. En ég tel að það hafi verið mjög vandlega að breytingum staðið að undanförnu. Það má t. d. geta þess, af því ég man eftir því nú, að álagning á smjör var 8.9% fyrir síðustu verðlagningu landbúnaðarvara en 7.9% eftir síðustu verðlagningu. Þar hafði álagningin lækkað í hlutfalli af verði vörunnar þó að hún hefði hækkað að krónutölu.

Það er áreiðanlega rétt, sem hv. 7. þm. Reykv. sagði, að það er ekki sérstaklega vinsælt verk að verðleggja landbúnaðarvörur og kemur þar ýmislegt til. Öllum er ljóst að íslenskar landbúnaðarvörur eru ákaflega ríkur þáttur í framfærslu hvers einasta heimils í landinu, og það er fátt sem menn verða augljóslegar varir við heldur en þegar breytingar verða á verði þessara vara. Það stendur heldur ekki á því að menn geti leiðbeint um þessa hluti og hafi skoðanir á því hvort verðlagningin sé rétt og réttmæt eða hvort verðlag á landbúnaðarvörum sé hér við hæfi eða ekki, og mjög algengt er að neytendur og aðrir eru upplýstir um verðlag á landbúnaðarvörum erlendis sem á að sannfæra þá um það að betur væru þessar vörur framleiddar einhvers staðar annars staðar og fluttar hingað inn og seldar á lágu verði neytendum hér. Það getur vel verið að það komi litið þessu máli við, sem hér hefur verið rætt um, en þó get ég ekki stillt mig um að nefna það að mér er kunnugt um að á s. l. hausti var verð það, sem bændur í Noregi og Svíþjóð fengu fyrir dilkakjöt, til muna hærra en bændur fá hér eða sem nam um 1000 kr. ísl. fyrir 14—15 kg lambsskrokk, og er þá reiknað með því gengi sem í haust var á ísl. kr. Enn fremur er mér kunnugt um að verð á nýmjólk í Svíþjóð óniðurgreitt er til stórra muna hærra heldur en verð á nýmjólk væri hér óniðurgreitt. En hægt er að finna aðrar vörur sem eru á lægra verði, og eitt af því, sem veldur óánægju hjá neytendum, er að hér eru önnur hlutföll á milli verðs á ýmsum framleiðsluvörum landbúnaðarins heldur en tíðkast víða í nágrannalöndum, t. d. allt önnur hlutföll á milli verðs á smjöri og nýmjólk hér heldur en er hjá grönnum okkar á Norðurlöndum. Þetta er eitt af þeim atriðum sem sjálfsagt væri að taka til skoðunar hvort ekki ætti að breyta og gæti e. t. v. aukið skilning neytenda á verðlagningu landbúnaðarvara.

Áður en ég lýk máli mínu hér, herra forseti, þá langar mig aðeins til þess að minnast á eitt atriði enn, og það eru orð sem hv. 7. þm. Reykv. og hv. 2. landsk. þm. létu falla í sambandi við það að hækkun fjárfestingarkostnaðar færi út í verðlagið. Eins og ég hef verið að reyna að sýna fram á, þá eiga vinnslufyrirtæki landbúnaðarins, mjólkursamlögin og sláturhúsin, ekki annars kost heldur en að aukinn rekstrarkostnaður fari út í verðlagið. (Gripið fram í.) Já, og auðvitað er eðlilegt að fjármagnskostnaður sé lögfestur meðan við verðleggjum á þennan hátt, að ætla bændum sambærilegar tekjur við ákveðnar viðmiðunarstéttir. Eðlilegt er og ekki hægt að komast hjá því að neytandinn greiðir kostnaðinn sem fellur á vöruna frá því að bóndinn skilar henni og þangað til hún kemur í hendur neytandans. Annars getur bóndinn ekki haft sambærilegar tekjur við þessar viðmiðunarstéttir. Og ef það fer svo að það þarf að fjárfesta í mjög dýrum framkvæmdum til þess að sinna þessu verkefni, að vinna vöruna og dreifa henni, þá hlýtur sá kostnaður að koma inn í verðlagið. Hvar á hann annars staðar að koma? Ef bóndinn ætti að greiða þennan kostnað, þá er það á kostnað þeirra launa sem honum ber að hafa samkv. lögum. (Gripið fram í.) Það getur kannske verið umræðuefni hver ætti að eiga vinnslustöðvarnar, og ég tel að ef sá dagur kæmi að hægt væri að sýna fram á að bændur notuðu sér þessi fyrirtæki til sérstaks fjárhagslegs ávinnings, þá gæti það efni komið fyllilega upp hver ætti að eiga þau. Það er rétt að bændur eru taldir eiga þessi fyrirtæki, en það er ekki hægt að sýna fram á það nokkurs staðar að þeir hafi notað sér eignarumráð yfir þessum fyrirtækjum til sérstaks fjárhagslegs ávinnings fyrir bændastéttina. Það er bændum mjög mikið áhugaefni að neytendur fái vöruna með sem sanngjörnustu verði, að það sé sem minnstur munur á því verði, sem bóndinn fær, og því, sem neytandinn fær. Það er bændunum áhugaefni vegna þess að okkur er öllum ljóst að þessar vörur eru dýrar og að það er hægt að ofbjóða kaupgetu almennings. Þess vegna er það mjög nauðsynlegt, ef þessar stéttir eiga að geta lifað hlið við hlið í landinu, bændur og verkamenn, að þeir skilji hver annan og að bóndinn geri það sem í hans valdi stendur til þess að verði þessara vara sé haldið niðri, ekki síst milliliðakostnaðinum. Ég tel mig geta sýnt fram á það með rökum og með samanburði við það, sem annars staðar er, ef ég hefði betri tíma til að afla upplýsinga um það heldur en ég hef haft í dag, að í þessu efni hafa fyrirtæki landbúnaðarins, sláturhús og mjólkursamlög, staðið sig vel, ekki bara gagnvart bændunum, heldur engu síður gagnvart neytendunum. En hitt endurtek ég, að hækkaður kostnaður við rekstur þessara fyrir-

tækja getur hvergi komið fram annars staðar en í almennt hækkuðu vöruverði.

Ég ætla ekki, herra forseti, að lengja þessar umr. meira en orðið er. Þó vil ég aðeins geta þess í sambandi við þann lista yfir verðhækkanir, sem alþm. hefur verið sendur núna nýlega, og taka undir það, sem hér hefur raunar verið sagt bæði af formælendum ríkisstj. og stjórnarandstöðu, að það er erfitt að skilja á milli, það hlýtur að vera mjög erfitt að finna nákvæmlega út hvaða verðhækkanir stafa af kauphækkunum og hverjar ekki. Þegar litið er t. d. á svokallaðan verðlagsgrundvöll landbúnaðarins, þá koma kauphækkanirnar þar ákaflega víða inn í. Það er búið að hækka verðið á áburðinum til bóndans, en það er ekki enn komið inn í verðlagsgrundvöll. Hluti af þeirri hækkun, sem þá verður, er vitanlega kauphækkun, — sú kauphækkun sem komið hefur fram á heilu ári því að það hefur ekki orðið breyting á verði tilbúins áburðar síðan á vordögum s. l. ár. Ef við tökum t. d. lið í verðlagsgrundvelli eins og kostnað við vélar, þá er verulegur hluti af hækkun á þeim lið svokölluð aðkeypt viðgerðarvinna. Sú aðkeypta viðgerðarvinna breytist eftir breytingum á kaupgjaldi. Það eru fleiri liðir þar, eins og t. d. varahlutir. Jafnvel varahlutirnir taka breytingum í verði með breyttu kaupgjaldi. Flutningskostnaðurinn, þær breytingar, sem verða á flutningskostnaðarlið, eru sannarlega mjög tengdar kaupgjaldsbreytingum, og svona mætti lengur telja, viðhald útihúsa, rafmagnið o. s. frv. Ég er þeirrar skoðunar að það sé afar erfitt að telja það fram, svo að nákvæmt sé, hvaða verðlagshækkanir má rekja til kauphækkana hverju sinni og hverjar ekki.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég skal verða við tilmælum hæstv. forseta um að vera afar stuttorður, en það eru tvö atriði sem mér finnst nauðsynlegt að vekja athygli á í framhaldi af þeim umr. sem hér hafa orðið. Raunar tel ég þær löngu umr. sem hér hafa orðið, alveg óvenjulega langar, leiða skýrt í ljós að það var full ástæða til þess að hv. þm. Eggert G. Þorsteinsson bæri fram þá fyrirspurn sem hann bar fram. En þau tvö atriði, sem ég vil nefna, eru þessi:

Ég tel að þessar umr. hafi ekki leitt til þeirrar niðurstöðu sem þjóðin á heimtingu á að þær leiði til. Þing og þjóð eiga heimtingu á því að á því fáist hlutlaus skýring hvernig á því stendur að verðlagshækkanir hafa orðið meiri en launþegar og vinnuveitendur í góðri trú gerðu ráð fyrir þegar samningarnir voru gerðir. Þess vegna vil ég beina því til hæstv. ríkisstj., — ég ætlast ekki til þess að lengja þessar umr. með því að fá neitt svar við því á þessari stundu, — að hún gefi út skýrslu um hvað aðilum vinnumarkaðarins var sagt um væntanlegar verðhækkanir, sem auðvitað eru áætlun, við samningaborðið og það sé borið saman við það sem raunverulega hefur orðið að mati hæstv. ríkisstj. Ég held að það sé svo mörgum kunnugt, að alveg óhætt sé að segja það, að þeim helstu embættisstofnunum, sem um málið fjölluðu, bar ekki alveg saman í áætlunum sínum um væntanlegar verðhækkanir. Við því er ekkert að segja. Allir aðilar treysta þeim ágætu embættismönnum sem þar var um að ræða, forstjóra Þjóðhagsstofnunarinnar annars vegar og hagstofustjóra hins vegar. Enginn dregur í efa að það, sem þeir sögðu aðilum vinnumarkaðarins, var byggt á bestu fáanlegum upplýsingum og samkv. bestu þekkingu og auðvitað af heilum hug. En reynslan hefur orðið önnur en þarna var gert ráð fyrir. Þing og þjóð á rétt á því og það ættu að vera hagsmunir allra aðila að það sé skýrt hvernig á því stendur að þetta hefur ekki orðið eins og þar var gert ráð fyrir.

Hitt atriðið, sem ég vil vekja athygli á, er að svo virðist sem tæpur fjórðungur þeirrar verðhækkunar, sem orðið hefur frá 1. febr. til 1. apríl, sé hækkun á opinberri þjónustu og tæpur helmingur hækkun búvöru. Þetta gerir það að verkum að óhjákvæmilegt er að beina þeim eindregnu tilmælum til hæstv. ríkisstj. að hún efni það fyrirheit sitt sem hún gaf, þegar hún tók við völdum, að láta endurskoða frá grunni þá aðferð sem nú er beitt við verðlagningu landbúnaðarvöru. Nefnd hefur verið skipuð í þessu efni, en hún hefur ekki hafið störf. Það, sem gerst hefur nú alveg nýlega varðandi verð búvöru og Alþýðusambandið dregur sterklega í efa að hafi verið rétt, mér skilst að lögsókn sé hafin eða væntanleg, gerir það að verkum að þetta má ekki dragast. Og ég vil nota þetta tækifæri til þess að hvetja ríkisstj. eindregið til þess að leiða þetta mál sem fyrst til lykta.

Það voru þessi tvö atriði sem ég tel nauðsynlegt að komi inn í þessar mjög svo löngu umr. sem orðið hafa.

Heimildir færeyinga til fiskveiða innan fiskveiðilandhelgi Íslands, þáltill. (þskj. 528). — Ein umr.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Hér eru til umr. í hv. Sþ. tvær þáltill. frá ríkisstj., annars vegar um staðfestingu á niðurstöðu viðræðna um heimildir færeyinga til fiskveiða innan fiskveiðilandhelgi Íslands og hins vegar till. til þál. um staðfestingu á samkomulagi við ríkisstj. Noregs um takmarkaðar veiðar norskra skipa innan fiskveiðilögsögu Íslands.

Við höfum rætt um það, ég og hv. væntanlegir talsmenn stjórnarandstöðunnar í þessum umr., að það kynni að vera fullt svo hagkvæmt fyrir okkur að ræða bæði atriðin í senn, og ef forseti hefur ekkert við það að athuga, þá ætla ég að leyfa mér að hafa framsögu um báðar þessar till. nú, því að ég geri ráð fyrir að menn líti á þessi mál nokkuð í samhengi, og finnst mér það ekki óeðlilegt. En framsaga mín mun ekki verða löng því að hér er um að ræða raunar endurnýjun á samningum sem áður hafa verið í gildi, og ég held að það sé fullnægjandi fyrir mig í framsögu að geta um þær breytingar sem orðið hafa á þessum samningum við þá endurnýjun sem fram fór og ég er hér að ræða um og við sem til máls kunnum að taka.

Viðræðurnar við færeyinga fóru fram 12. mars 1976, og á fundi utanrmn. föstudaginn 19. mars leyfði ég mér að gera þeirri hv. n. grein fyrir þeim og jafnframt að láta þess getið hverjar breytingar hefðu orðið helstar við samningsuppkastið miðað við samkomulagið við færeyinga er

féll úr gildi 13. nóv. s. l. Þessar breytingar eru þær helstar, að samkv. gamla samkomulaginu mátti heildaraflinn vera 20 þús. tonn á ársgrundvelli og þar var ekki tiltekið hver þorskaflinn mætti vera, og til upplýsinga er rétt að geta þess, að heildarafli færeyinga á Íslandsmiðum árið 1974 varð 19 407 tonn, en um árið 1975 hef ég eigi upplýsingar að svo komnu máli. Þá var ekki heldur tiltekið hver þorskaflinn mætti vera, en hann varð 12 125 tonn á því ári. Í því samkomulagi, sem hér er lagt fyrir hv. Alþ., er gert ráð fyrir að heildaraflinn megi vera 17 þús. tonn og að þorskafli verði þó ekki meiri en 8 þús. tonn. Hér er að vísu ekki um mikinn niðurskurð að ræða, það skal viðurkennt. En ég tel þó að með því að takmarka þorskaflann, með því að takmarka afla á þeirri fisktegund, sem hvað verst er á vegi stödd í hafinu umhverfis Ísland, sé hér allmikill ávinningur á ferðinni. Nú eru færeyingum alveg bannaðar saltfiskveiðar með togskipum, en áður höfðu þeir leyfi til að stunda slíkar veiðar með tveimur togurum á vissu tímabili ársins.

Samkomulagið er eins og áður uppsegjanlegt með 6 mánaða fyrirvara.

Að öðru leyti er ekki í þessari þáltill. um niðurstöður viðræðna um heimildir færeyinga til fiskveiða innan fiskveiðilandhelgi Íslands að ræða, nema að því er viðkemur nokkrum grunnlínupunktum sem eru færðir til samræmis við reglugerðina um útfærsluna í 200 mílna lögsögu, en eins og öllum hv. alþm. er kunnugt var grunnlínupunktum lítillega breytt í reglugerðinni frá 15. júlí s. l. frá því sem þeir höfðu verið í fyrri reglugerð.

Það er auðvitað ástæðulaust að geta um það, það leiðir af líkum og mátti ganga út frá því sem gefnu auðvitað, að færeyingar vildu fá meiri aflaheimildir. Þeirra lágmarkskrafa var upphaflega að halda samningnum eins og hann var og helst þó að auka við hann. Það þótti að sjálfsögðu útilokað. Og um það má deila hvort frekari niðurskurður hefði átt að koma til en hér varð þó niðurstaðan. En mörgum fannst og finnst, hygg ég, að færeyingar hafi hér allmikla sérstöðu, þar sem þeir eru a. m. k. ekki síður háðir fiskveiðum en við og kannske í enn ríkara mæli ef hægt væri.

Ég held, að ég láti þessa framsögu duga um færeyska samkomulagið, en sný mér þá að því norska, með leyfi forseta eða a. m. k. án mótmæla forseta. Þær viðræður fóru fram 10. mars s. l., eða 10. f. m., og eru í líkum dúr og var samkomulag um frá 1973. Þær breytingar, sem eru helstar, eru þær að á tímabilinu frá 1. des. til 15. febr. eru þessar línuveiðar nú bannaðar. Það var ekki tekið fram í fyrra samkomulagi, en mun að vísu ekki hafa verulegt gildi þar eð norðmenn munu ekki hafa stundað þessar veiðar á þessu tímabili. Þó þótti rétt að festa þetta með samningum skilyrðislaust þannig að enginn vafi væri á því. En ég álít að mikilvægasta ákvæðið, sem er að finna í samkomulaginu við norðmenn, sé það, að í því eru ákvæði um að íslensk stjórnvöld muni ákveða hámarksafla, þ. á m. þorskafla. Nú hefur þetta enn ekki verið gert, en hlýtur að verða gert mjög bráðlega því að nú hafa þegar borist umsóknir frá norskum fiskiskipum um að hefja hér þær veiðar sem samkomulagið tekur til.

Þessi norski samningur fjallar um sáralítið efni. Veiðar norðmanna voru árið 1974 1453 tonn og þar af voru 171 tonn af þorski, þannig að hér er um mjög lítið magn að ræða, eins og hv. þm. sjá, og er aðallega um að ræða keilu, sem nær þó 893 tonnum á því ári sem ég hef lagt hér til grundvallar.

Það var stefna núv. ríkisstj. eins og þeirrar fyrri að gera samninga við þessar þjóðir, sem ég hef hér nefnt, og auk þess belga, og þegar það var gert á sínum tíma, þá voru ekki andmæli við því. Samkomulagið við Belgíu fór til hv. utanrmn. einhvern tíma fyrir jólahléið, ég man ekki nákvæmlega hvaða dag það var. Það hefur ekki komið þaðan. En ég vil leyfa mér, herra forseti, að fara fram á það að þegar þessari umr. verður nú frestað, hvenær sem það kann að verða, í dag eða síðar, þá verði málum þessum tveim vísað til hv. utanrmn., og ég beini þeim eindregnu tilmælum til þeirrar hv. n. að hún láti ekki dragast að afgreiða þessi mál þrjú, samkomulagið við Belgíu einnig, því að ég tel það óviðkunnanlegt og kann því illa að framkvæma samkomulag sem Alþ. hefur ekki lagt blessun sína yfir. Hins vegar má auðvitað geta þess og kannske til nokkurrar réttlætingar á því að hafin er framkvæmd á samkomulagi, sem Alþ. hefur ekki staðfest, að yfirgnæfandi meiri hl. utanrmn. hefur lýst sig þessum þáltill. fylgjandi og þeim samkomulagsþáttum sem ég hef gert hér að umtalsefni.

Samkomulagið við norðmenn var, auk þess að vera rætt í utanrmn., rætt í landhelgisnefnd, af því að svo vildi til að fundur var í landhelgisnefnd um annað mál fyrst og fremst. En sú aðferð var ekki viðhöfð um samkomulagið við færeyinga og má e. t. v. að því finna. En vandséð er þó verkaskiptingin milli landhelgis- og utanrmn. að því er til slíkra tilvika tekur.

Ég sé ekki ástæðu til þess að rekja hverjar undirtektir till. fengu í einstökum atriðum í þeim n. sem ég hef hér minnst á að ræddu málin. Það munu vafalaust aðrir gera.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Nokkur tíðindi hafa borist af landhelgismálum undanfarna daga og þau helst af miklum aðgerðum Landhelgisgæslunnar á miðunum fyrir austan land með óvenjulega góðum árangri því að fiskveiðar bresku togaranna hafa verið truflaðar í stórum stíl, enda virðist komið los á aðgerðir breska flotans. Vona ég að það sé að koma betur og betur í ljós að við séum búnir að vinna þann þátt þessa þorskastríðs sem fram getur farið á miðunum sjálfum.

Hins vegar eru fregnir af litlum aðgerðum hæstv. ríkisstj., og á ég þá sérstaklega við framkvæmd á samningunum við vestur-þjóðverja. Hæstv. ríkisstj. fann á sínum tíma upp ákvæðið um að fresta mætti framkvæmd þessara samninga 1. maí ef ekki væri búið að fá Efnahagsbandalagið til þess að láta af tollaþvingunum sínum í okkar garð. Nú hefur það ekki tekist, en þegjandi og hljóðalaust lætur ríkisstj. kyrrt liggja þetta ágæta vopn sem hún smíðaði sér á sínum tíma, eins og það hefði aldrei verið til, en hefur uppi tal um að einhverjar aðgerðir

séu í gangi suður í Brüssel eða Bonn eða á báðum stöðum, þó að enginn viti nánar um, hvað það er, og ekki bóli á árangri slíkra aðgerða.

Nú liggja hér fyrir tveir samningar við erlend ríki, og felst í öðrum þeirra að íslendingar láti af hendi allmikið fiskmagn. Það virðist vera orðið harla einkennilegt líf sem við lifum í þessu landi, því að við komumst allbærilega af fyrir gjaldeyri sem við eigum ekki, og við gerum samninga við aðrar þjóðir og gefum þeim fisk sem við eigum ekki heldur. Allt þetta gerir stjórn sem manni virðist tímum saman að ekki sé til og stjórni eftir stefnu sem erfitt er að sjá að sé heldur til.

Þar sem liðið er á dag skal ég láta hjá líða frekari umr. um ástand þessara mála þó að sífellt sé tilefni til slíkra umr., en snúa mér að þeim tveim samningum sem fyrir liggja.

Í fyrsta lagi er samningurinn við færeyinga sem gerir ráð fyrir að þeir fái heimild til að veiða 17 þús. tonn af fiski, en höfðu áður heimild til að veiða 20 þús. tonn og veiddu eitthvað nálægt því s. l. ár eftir upplýsingum hæstv. utanrrh.

Nú er það svo, að þrátt fyrir margra mánaða umr. og athuganir hefur ríkisstj. ekki enn markað neina stefnu eða gert neinar till. til Alþ. um það, hve mikið magn af þorski sé rétt að veiða á þessu ári innan þeirra marka sem vísindamenn telja að stofninn þoli. Við kunnum sjálfsagt öll þessar tölur utan að. Helst mundu vísindamenn vilja að ekki væru tekin nema 230 þús. tonn, en einhverjir hafa látið gott heita að hafa þá tölu 280 þús. Miðað við þá samninga, sem gerðir hafa verið við þjóðverja og belga, og miðað við þær veiðar, sem við vitum að breskir togarar hafa stundað hér, og þann afla, sem þeir hafa fengið, virðist vera augljóst að íslendingar verði sjálfir síðar á þessu ári að draga mjög saman þorskveiðar sínar ef heildarveiðin á að vera innan þeirra marka sem vísindamenn telja nauðsynlegt ef okkur á að takast að bjarga þorskstofninum. Engu að síður hefur engin ákvörðun verið um þetta tekin og það bólar ekkert á henni. Ég veit ekki hvenær á að taka þá ákvörðun. En aðalvertíð er lokið þó að hún hafi ekki verið svo góð að umtalsvert sé. Íslendingar bíða eftir því að ríkisstj. hafi forustu um þessi mál og þá að fundin verði niðurstaða um það að hverju þjóðin ætlar að stefna. Eigum við að draga það magn, sem öðrum þjóðum er ætlað, frá 280 þús. eða jafnvel 230 þús. tonnum og takmarka eigin veiðar við það sem eftir er? Ef það er ekki ætlun okkar, höfum við þá í hyggju að fara langt upp fyrir þann kvóta sem vísindamenn telja að óhætt sé að taka af stofninum?

Þetta er einhver örlagaríkasta ákvörðun sem íslenska þjóðin og íslensk stjórnvöld hafa staðið andspænis, — ákvörðun sem varla getur orðið skemmtileg eða þægileg fyrir neinn aðila í þessu landi, en hefur slík áhrif á framtíðarafkomu okkar að hjá henni verður ekki komist. Og því fyrr sem hún er tekin, því betra. Í sambandi við þetta mál hafa komið fram hugmyndir frá ýmsum aðilum að óhjákvæmilegt verði fyrir íslendinga að leggja öllum bátaflotanum vikum eða mánuðum saman, og það er von að fólk, sem byggir afkomu sína beint á bátaflotanum og afurðum hans, bíði óttaslegið eftir því að fá að vita hver niðurstaðan verður.

Þar sem sá samningur, sem þegar hefur verið gerður við Færeyjar og Alþingi á nú að staðfesta, gerir ráð fyrir því að færeyingar fái að taka hér verulegan afla, sem jafnast á við stóra verstöð, finnst okkur Alþfl.-mönnum að það sé með öllu óverjandi að staðfesta slíka aflagjöf á sama tíma sem við getum ekki mannað okkur upp í það að taka ákvarðanir um hvaða örlög ríkisstj. eða Alþ. ætlar okkar eigin þjóð í þessum efnum. Á meðan það er algjörlega óvíst hve mikinn afla er ætlunin að taka, sérstaklega af þorski, og að hvaða leyti þarf að takmarka veiðar íslendinga sjálfra, þá teljum við að ekki sé verjandi að bæta á þær heimildir, sem veittar hafa verið til annarra. Við treystum okkur því ekki til að samþykkja samninginn við færeyinga enda þótt við, eins og væntanlega allir aðrir íslendingar, teljum okkur eiga að sýna færeyingum vináttu og tillitssemi umfram aðrar þjóðir í fiskveiðimálum.

Vandi okkar varðandi aflann í heild er svo mikill að honum verður ekki þokað til hliðar af vináttuástæðum einum. Auk þess má gjarnan minnast þess, að færeyingar eru ekki aðeins háðir fiskveiðum, þeir eru líka háðir dönum sem hafa sniðið þeim svo þröngan stakk í landhelgismálum að við íslendingar getum varla verið hrifnir af.

Þá kem ég að landhelgissamningnum við norðmenn sem ríkisstj. hefur gert og hér er einnig til staðfestingar Alþ. Þessi samningur felur tvímælalaust í sér fulla viðurkenningu á yfirráðum íslendinga yfir 200 mílna fiskveiðilögsögunni. Í gömlu samningunum, sem við gerðum á sínum tíma við norðmenn, var ákvæði, liður nr. 4, sem hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Samkomulag þetta haggar í engu sjónarmiðum samningsaðila um heimild strandríkis til að ákvarða umtak fiskveiðilögsögu sinnar.“

Ákvæði eins og þetta hafa verið í fleiri samningum, og þetta þýðir að sú þjóð, sem við erum að semja við, er að segja: Við viðurkennum ekki með þessum samningi 200 mílurnar eða 50 mílurnar. Nú hafa norðmenn gengið inn á að fella þetta ákvæði niður, og hvað þýðir það? Þeir fella niður ákvæði sem var í samningum og þýddi að þeir neituðu að viðurkenna útfærslu okkar. Ef þeir fella það niður er ekki hægt að skilja það öðru vísi en svo, að þar með séu öll andmæli af þeirra hálfu og allir fyrirvarar niður fallnir. Að vísu setja þeir annað í staðinn. Þar taka þeir sér eingöngu fyrirvara um línuna milli íslensks lands og norsks lands, þ. e. a. s. milli Íslands og Jan Mayen, en sú lína er, eins og við vitum, enn óráðin og hefur sá fyrirvari því litla þýðingu. Af þessu er augljóst að þessi samningur við norðmenn er formleg staðfesting á viðurkenningu þeirra á 200 mílunum.

Þá felur samningurinn í sér að við íslendingar eigum að ákveða einhliða hversu mikinn fisk norðmenn fái að veiða í lögsögunni. Þetta er nákvæmlega í samræmi við það sem við höfum barist fyrir á Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, að strandríki fái að ákveða sjálft hve mikinn afla það heimilar öðrum þjóðum að

veiða í sinni landhelgi. Þetta er atriði sem í sjálfu sér eitt mundi nægja til þess að telja verður samninga þessa viðurkenningu á íslensku útfærslunni.

Af þessu leiðir að íslensk yfirvöld hljóta með ákvörðunarvaldi sínu að tryggja að norðmenn fái aldrei afla sem er meiri en svo að þeir sæti sama samdrætti og íslendingar kunna að þurfa að sæta sjálfir. Þar sem hér er um sáralítið magn að ræða, eins og hæstv. utanrrh. benti á, innan við 1500 tonn á ári og þar af innan við 200 tonn af þorski, þá skiptir aflamagnið engu fyrir okkur, en hins vegar skiptir þessi algera viðurkenning norðmanna okkur miklu máli.

Ég leyfi mér að fullyrða að ef við gætum fengið slíka samninga við breta og þjóðverja mundi það jafngilda fullnaðarsigri íslendinga í landhelgisdeilunum. Þegar þetta er athugað sé ég ekki hvernig nokkur íslendingur getur verið á móti því að staðfesta þennan samning. Þeir, sem ekki vilja staðfesta samninginn, vilja ekki vinna landhelgisdeilurnar. Þeir vilja halda þeim áfram.

Niðurstaða þm. Alþfl. er því sú, að okkur beri málefnislega að samþykkja staðfestingu á samningnum við norðmenn.

Ég gerði hér að umræðuefni ákvæði norska samningsins varðandi viðurkenningu á útfærslu íslendinga. Í gamla færeyska samningnum var ákvæði um að íslenska ríkisstj. mundi því aðeins veita færeyingum umrædd leyfi að lýst verði yfir, að færeysk togskip virði 50 mílna fiskveiðilögsögu íslendinga. Færeyingar munu hafa gert þetta. Meiri viðurkenningu hafa þeir ekki frelsi til að veita landhelgi okkar, hvað sem þeim sjálfum finnst. Það verður að fara í *gegnum utanrrn. í hinni háu Kristjánsborg í* Kaupmannahöfn. En merkilegt er að þetta ákvæði um að færeyingar veiti okkur þá litlu viðurkenningu, sem þeir geta veitt, er fellt niður. Finnst mér það vera enn ein gild ástæða til þess, að það sé ekki rétt að viðurkenna færeysku samninganna.

Ég hef þá gert grein fyrir því hver afstaða Alþfl. verður til þessara tveggja samninga, og þarf ekki að hafa um málið fleiri orð.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Þar sem ég á sæti í þeirri n., sem mun fá þetta mál til meðferðar, mun ég verða mjög stuttorður við þessa umr.

Almennt séð teljum við alþb.-menn að það séu engin rök fyrir því og raunar ekkert svigrúm til þess að veita öðrum þjóðum veiðiheimildir innan íslenskrar fiskveiðilögsögu. Það er verið að ræða um það og hefur verið rætt um það á undanförnum mánuðum að við verðum að takmarka eigin veiðar, jafnvel stórlega, a. m. k. sóknina í þorskstofninn. Það vefst að vísu fyrir mönnum og þá stjórnvöldum ekki síður en öðrum að koma fram með skynsamlegar hugmyndir um hvernig eigi að framkvæma þessar takmarkanir. Enn sem komið er hafa þær verið af skornum skammti. Og satt best að segja virðist áhugi stjórnvalda á þeirri takmörkun veiða á þorskstofninum sem ég tel ná langsamlega affarasælasta og eðlilegasta, þ. e. a. s. að gera allt sem á færi stjórnvalda er til þess að auðvelda aðrar veiðar íslenskra skipa, þar sem ekki er eins illa komið og að því er tekur til þorskstofnsins, — þessi sjálfsagða aðferð við takmörkun á veiðum íslendinga virðist eiga erfitt uppdráttar. Kemur það m. a. fram í því að ýmsir þeir aðilar, sem áhuga hafa á því að reyna aðrar veiðar, fá harla litla fyrirgreiðslu hjá stjórnvöldum. Jafnframt verður það segjast, að samningur eins og sá, sem gerður var við vesturþjóðverja, auðveldar íslendingum ekki að breyta til um veiðar og fríða eða minnka sóknina í þorskstofninn með þeim hætti.

Þetta læt ég nægja almennt um viðhorf okkar alþb-manna til samninga um veiðar innan íslenskrar fiskveiðilögsögu við aðrar þjóðir. Við gerum að vísu nokkurn mun á því hvort um er að ræða verulegar veiðiheimildir að því er þorskstofninn varðar eða aðra fiskstofna, en þó er það ekki afgerandi í okkar huga, vegna þess að það gefur auga leið að við íslendingar verðum, eins og nú er komið, að hagnýta alla þá möguleika til fiskveiða sem um er að ræða innan 200 mílna lögsögunnar.

Þegar ég hef sagt þetta vil ég koma að því, að varðandi þann samning, sem gerður hefur verið við færeyinga, gegnir í mínum huga og okkar fleiri alþb.-manna nokkuð öðru máli en varðandi alla aðra samninga, gerða og hugsanlega við aðrar þjóðir um veiðar innan fiskveiðilögsögunnar. Ég lít þannig á að færeyingar hafi í þessu efni algera sérstöðu og samningur út af fyrir sig við þá eina þurfi ekki að gefa og gefi ekkert fordæmi gagnvart öðrum ríkjum. Hvort sá samningur, sem gerður hefur verið, er eðlilegur miðað við þær aðstæður að við verðum að skera niður okkar eigin veiðar, það er svo annað mál, og að því kem ég e. t. v. lítillega hér á eftir.

En í hverju er þá sérstaða færeyinga fólgin? Hún er að mínum dómi fólgin í þessu:

1. Færeyingar eru háðari fiskveiðum en nokkur önnur þjóð. Oft er um það rætt og við leggjum eðlilega á það ríka áherslu hversu við íslendingar erum háðir fiskveiðum. Þegar þau mál eru rædd á alþjóðavettvangi, t. a. m. á hafréttarráðstefnu, finnst okkur oft og tíðum að um okkur gegni alveg sérstöku máli, þar sem það er alger undantekning þar að þjóð sé eins háð fiskveiðum og við erum. Sú eina þjóð, sem er enn þá háðari fiskveiðum en við íslendingar, er, eins og ég sagði áðan, færeyingar. Þetta er fyrsta atriðið sem mér finnst að verði að líta á þegar menn gera upp hug sinn um það hvort möguleikar eru á því að gera undantekningu að því er færeyinga varðar.

2. Ég tel að í þessu efni beri okkur að líta á það með skilningi að færeyingar eru því miður ekki sjálfir einráðir um sína hafréttarpólitík. Þeir hafa ekki verið það og eru það því miður ekki enn. Þeir eru hluti af Danaveldi og Danmörk er, eins og öllum er kunnugt, aðili að Efnahagsbandalagi Evrópu, og sú hafréttarpólitík, sem þar er rekin, hefur haft og hefur áhrif á hafréttarmálefni færeyinga. Þetta tel ég vera annað atriði sem íslendingum ber sérstaklega að hafa í huga þegar um það er að ræða hvort hugsanlegt sé að gera undantekningu að því er varðar færeyinga eina eða ekki.

3. Þá vil ég nefna það, að fram á s. l. ár hygg ég að færeysk stjórnvöld hafi fylgt þröngri hafréttarpólitík, ef svo má segja, en sú landsstjórn, sem þar ræður nú, hefur breytt um stefnu að þessu leyti og lýst því yfir að hún berjist fyrir 200 mílna útfærslu, fyrir 200 mílum við Færeyjar. Ég tel að einnig beri að hafa þetta í huga þegar það er metið hvort hægt er að gera undantekningu að því er færeyinga varðar.

4. Þá vil ég og nefna það, að milli færeyinga og íslendinga, færeyskra sjómanna og íslenskra sjómanna og útgerðarmanna, er bæði gömul og ný samvinna á ýmsum sviðum sem ég þarf ekki að rekja lengi því að hún er alkunnug. Það má aðeins minna á það, að á þeim árum þegar mjög skorti á að íslendingar fengjust til veiða á allan skipaflota landsmanna, fyrir svo sem 15 árum eða þar um bil, þá voru það færeyingar ár eftir ár sem komu hingað og lögðu sitt af mörkum til þess að íslenski flotinn allur gæti stundað veiðar. Samvinna hefur verið, að því er ég hygg, góð á undanförnum árum milli íslenskra aðila og færeyskra um sölu á frystum fiski á Bandaríkjamarkaði. Þessi samvinna og samstaða grannþjóðanna og frændþjóðanna færeyinga og íslendinga ætti að mínum dómi að fara vaxandi, og ég tel að við ættum að gera það sem í okkar valdi stendur til þess að slík samvinna á ýmsum sviðum og þá ekki síst á sviði sjávarútvegs, á sviði markaðsmála o. s. frv. fari vaxandi á komandi tímum, en ekki minnkandi. Og ég lít þannig á að strax og tímabært verður talið, strax og færeyingar hafa fengið umráð yfir stækkaðri landhelgi sinni, ef ekki fyrr, þá verði athugaðir möguleikar á því að gera gagnkvæma samninga milli þessara þjóða sem báðum gætu orðið til hagsbóta, þ. e. a. s. að íslendingar fengju ákveðin — og kannske umfram aðrar þjóðir — fiskveiðiréttindi innan færeyskrar fiskveiðilögsögu og færeyingar hefðu slík réttindi innan íslenskrar fiskveiðilögsögu.

Hitt er svo annað mál og hlýtur að verða skoðað í þeirri n., sem fær málið til meðferðar, hvort hér hefur verið gerður við færeyinga samningur sem teljast verður eðlilegur miðað við allar þær umr. sem eru um það að við íslendingar verðum að skera niður okkar fiskveiðar og þá alveg sérstaklega okkar þorskveiðar. Það er ómótmælanlegt að hér er um allmikið magn af fiski að ræða, sérstaklega af þorski, og mér virðist í fljótu bragði að niðurskurðurinn sé hér minni en sá sem oft og tíðum hefur verið rætt um að þyrfti að verða að því er íslendinga sjálfa snertir. Og það verð ég að segja, að enda þótt ég, eins og ég hef leitast við að færa hér nokkur rök að, líti svo á að færeyingar hafi og eigi að hafa algera sérstöðu í okkar huga, þá er útilokað að nokkur þjóð, jafnvel frændþjóð okkar færeyingar, eigi að fá meiri rétt eða sæta minni niðurskurði, ef svo má segja, á afla sínum hér innan fiskveiðilandhelginnar heldur en sem svarar því sem íslendingar verða að sæta sjálfir. Þetta tel ég að þurfi athugunar við og þurfi að fá upplýst í n., áður en endanlega er tekin afstaða til þessa samnings eins og hann liggur nú fyrir. En almennt séð tel ég að ekki sé aðeins vel stætt á því, heldur sé eðlilegt að við leggjum annan mælikvarða á færeyinga að því er veiðiheimildir í fiskveiðilandhelgi snertir heldur en nokkra aðra þjóð.

Um norska samninginn, sem ræddur er jafnframt þeim sem á dagskrá er, er á dagskránni næstur á eftir, um hann gegnir í mínum huga allt öðru máli. Aflamagnið er þar að vísu lítið, en ég sé ekki að það séu nein rök fyrir því að veita norðmönnum veiðiheimildir innan íslenskrar landhelgi umfram fjölmargar aðrar þjóðir. Og ég verð að segja það, að mér finnst það skjóta dálítið skökku við hjá þeim hv. Alþfl.-þm. að telja að þessi samningur við norðmenn sé alveg sjálfsagður, en að samningsgerð við færeyinga sé nánast útilokuð. Það má kannske segja að þetta sé ekki stórt mál, þ. e. a. s. þegar litið er á aflamagnið. En það er hins vegar verulegt „prinsip"-mál í mínum huga hvort almennt séð verður ekki að líta þannig á að við höfum engin efni á því að vera að gera slíka samninga við aðrar þjóðir. Þá er rétt að líta á það stuttlega hvort það sé einhver sérstök ástæða líkt og með færeyinga sem geri það að verkum að við ættum endilega að gera samninga við norðmenn umfram aðra. Ég tel svo ekki vera. Í fyrsta lagi er þessi samningur ekki sambærilegur frá sjónarmiði norðmanna við það sem færeyski samningurinn er frá sjónarmiði færeyinga. Þetta er algert lítilræði fyrir norðmenn, munar þá í rauninni ekki nokkurn skapaðan hlut í þjóðarbúskap þeirra, en veltur á mjög miklu að því er færeyinga snertir. Þá er ástæðulaust að gleyma því, að þó að norðmenn vinni með okkur á ýmsum sviðum og hafi gert það að vissu marki á Hafréttarráðstefnunni, þá eru þeir einhverjir allra skæðustu keppinautar okkar á fiskmörkuðum og hafa lengi verið. Og ég verð að segja það, að stuðningur þeirra í hafréttarmálum okkar hefur ekki alltaf verið sérstaklega mikill eða uppörvandi og er skemmst að minnast þess að býsna oft hafa þeir rætt um það og lagt á það áherslu að þeir ætli ekki að færa út einhliða, þeir ætli að fara að öllu með lögum og bíða eftir því að það verði með samningum eða lögum gert. Vitanlega hefur verið í þessu nokkur broddur í garð okkar íslendinga og sagt óbeinum orðum að einhliða útfærsla okkar hafi ekki verið í samræmi við alþjóðalög.

Hitt, sem hv. 2. landsk. þm., formaður Alþfl., lagði áherslu á, er að í þessum samningi sé viðurkenning, sé svo mikilvæg viðurkenning á 200 mílna útfærslu okkar að þess vegna beri að gera samninginn. Það sé ég nú ekki, og sérstaklega sýnist mér að eins og málum öllum er komið sé gersamlega ástæðulaust að kaupa það einhverju verði að norðmenn viðurkenni kannske óbeint útfærslu okkar í 200 mílur. Ég sé ekki að það þurfi að semja við þá um fiskveiðiheimildir til þess að fá það fram. Og ég veit ekki hversu hátt hossar þessi óbeina viðurkenning, sem kannske kann að felast í þessum samningi, eða hversu mikils virði hún er okkur.

Eins og ég sagði, þá fer þetta mál og það, sem næst er á dagskránni, til þeirrar n. sem ég á sæti í og þar verður um það fjallað og afstaða til þess tekin. Ég sé þess vegna ekki ástæðu til að hafa þessi orð öllu fleiri nú, en vil aðeins undirstrika þetta tvennt, að almennt séð teljum við alþb.-menn engin rök fyrir því að gera samninga um veiðiheimildir við útlendinga, en ýmsir

okkar a. m. k. höfum tilhneigingu til að segja: Um færeyinga gegnir alveg sérstöku máli og okkur ber að líta á þeirra mikla vanda mjög vinsamlega og gera það sem við getum framast til þess að leysa hann og halda á þann hátt uppi þeirri góðu samvinnu sem verið hefur á milli þessara frænda- og vinaþjóða um langan tíma einmitt að því er fiskveiðar og fisksölumál snertir.

Magnús T. Ólafsson: Herra forseti. Hér liggja fyrir till. um staðfestingu Alþ. á breyttu fiskveiðisamkomulagi við tvær norrænar þjóðir. Breytingarnar eru ekki stórvægilegar hvað það varðar hvert aflamagn þeim er ætlað samkv. þessum till., samanborið við þær reglur sem áður giltu. En hins vegar hafa tvímælalaust orðið verulegar breytingar nú á síðustu missirum á viðhorfum manna og vitneskju, a. m. k. almennri vitneskju í landinu um það hver skilyrði fiskveiðum á Íslandsmiðum eru búin. Að mínu viti þarf að líta til þessa hvors tveggja þegar afstaða er tekin til þeirra mála sem hér eru rædd í einu, þótt tvenn þingmál séu, og efni málsins samkv. tel ég það mjög eðlilegt.

Hvað varðar till. um staðfestingu á þeirri niðurstöðu, sem varð af viðræðunum við norðmenn, er í mínum huga þýðingarmest að þar er íslendingum alfarið veitt sjálfdæmi um hvaða aflamagn þau norsku skip, sem þar er um rætt, mega taka innan íslenkrar fiskveiðilögsögu. Þetta er vissulega mjög þýðingarmikið atriði. En ég tel eðlilegt að Alþingi og þjóðin eigi heimtingu á því að fá jafnframt vitneskju um það hver mörk hæstv. ríkisstj. ætlar þarna að setja. Svo langur tími er liðinn frá því að þetta samkomulag var gert að hlutaðeigandi stjórnvöld hljóta að hafa gert upp hug sinn um það hvaða aflamagn, bæði heildaraflamagn og þorskaflamagn, norðmönnum sé ætlað. Komi ekki upplýsingar um það fram í þessum umr. vil ég mega vænta þess, að þær verði fyrir hendi þegar málið kemur til meðferðar í nefnd.

Varðandi till. um staðfestingu á niðurstöðum viðræðna við fulltrúa færeyinga er það að segja, að þar er gert ráð fyrir tiltölulega lítilli aflaminnkun frá því sem verið hefur, en þó hlutfallslega nokkurri á þorskaflanum. Sömuleiðis hefur það tvímælalaust þýðingu að þar er girt fyrir veiðar færeyskra togara í salt sem þeir hafa stundað samkv. fyrra samkomulagi og með miklum árangri að þeirra dómi sem með því fylgjast. Vissulega er það hverju orði sannara að færeyingar eru eina þjóðin í nágrenni okkar sem segja má að sé á sama báti og við og byggi afkomu sína yfirgnæfandi á sjávarafla. Og vegna gamalla tengsla þjóðanna og nýrra er ekki nema eðlilegt að íslendingar vilji líta á þörf færeyinga framar öllum öðrum sem um er að ræða. En eins og aðstæður hafa breyst, þá er nauðsynlegt að skoða gaumgæfilega hvað langt við getum gengið til að mæta óskum þeirra.

Það liggur fyrir að hæstv. ríkisstj. telur og ég tel að það sé í samræmi við ríkjandi skoðun með þjóðinni að ekki sé annars kostur en að takmarka afla á þorski á Íslandsmiðum eins og nú standa sakir. Þetta mál hefur mjög verið rætt hér á þingi og utan þess. Álitsgerðir hafa komið fram um þessi mál. En þótt nú sé liðinn þriðjungur árs, bólar ekki á neinni niðurstöðu frá stjórnvöldum. Engin vitneskja liggur fyrir um að hæstv. ríkisstj. hafi nokkra ákvörðun tekið um hversu þeim aflatakmörkunum verði háttað sem flestir telja að hljóti að koma á þorskafla okkar íslendinga sjálfra.

Þegar afstöðu á að taka til till. um veiðisamninga við aðrar þjóðir, er það að mínum dómi eðlileg krafa að jafnframt sé lögð fram vitneskja um það hver afli okkur íslendingum sjálfum er ætlaður, a. m. k. á því ári sem nú er að líða. Það er mjög erfitt að taka ákvarðanir um aflamagn öðrum til handa þegar alveg er rennt blint í sjóinn með það hvaða aflamagn íslendingum sjálfum er ætlað, því að hvert þorsktonn, sem fiskimenn annarra þjóða fiska við Ísland, er tekið af þeim afla sem við íslendingar gætum annars sjálfir dregið hér úr sjó. Því vil ég mega vænta þess að skýrt verði frá því af ríkisstj. hálfu, ef ekki í þessum umr., þá a. m. k. í meðförum n., hverjar till. hún muni gera, hverjar ákvarðanir hún muni taka um það aflamagn, það heildaraflamagn, sem óhætt sé að veiða á Íslandsmiðum af þorski á þessu ári, og þannig sjáist hver hlutur okkar íslendinga verður ekki síður en hver hlutur fiskimönnum annarra þjóða er ætlaður.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. 1972 sendi Hafrannsóknastofnunin þáv. sjútvrh. umsögn sína og álit um ástand fiskstofnanna og jafnframt aðvörun um það að takmarka mjög verulega sóknina í þorskinn. Ástandið var ekki síður alvarlegt þá en nú. En þrátt fyrir það að þessi aðvörun var send var samið um veiðar við erlendar þjóðir, m. a. við breta um 130 þús. tonn og við frændur okkar færeyinga, þar sem ekki voru sett nein aflatakmörk á, og samið var við norðmenn. Þá var samið um veiðar við belga. En það náðust ekki samningar við vestur-þjóðverja. Og þessum samningum greiddu allir þrír ræðumennirnir, sem voru hér á undan, og raunar allir fjórir greiddu þeim atkv. Ég fyrir mitt leyti greiddi atkv. með öllum samningunum nema samningunum við breta.

Nú skulum við aðeins hugleiða hvort ekkert hefur gerst síðan, hvort það hafi ekki verið tekið tillit til þess ástands sem er. Hefur það virkilega farið fram hjá hv. þm. stjórnarandstöðunnar sem hefur gerst undanfarna mánuði? Það hefur verið gerð með margvíslegum aðgerðum stórfelld minnkun á sókn í þorskveiðar, með margvíslegri reglugerðaútgáfu sem hefur verið gerð í fullu samráði og í flestum tilfellum eftir till. Hafrannsóknastofnunarinnar til þess að draga úr sókninni. Það hefur verið gefin út reglugerð um aukna möskvastærð í botnvörpu. Það hefur verið gefin út reglugerð um stækkun möskva í dragnót. Það hafa verið sett ný friðunarsvæði og því hefur verið fylgt eftir mjög ákveðið. Þó eru til raddir sem hreinlega furða sig á því að það séu teknir menn, ef þeir eru íslenskir, við brot á veiðum. Það liggur fyrir hér í seinni d., í Nd., frv. um upptöku á ólöglegum afla, sem vonandi verður orðið að lögum í næstu viku. Allt þetta eru aðgerðir sem leiða af sér minnkandi sókn

og aukna friðun á þorski sérstaklega. Ég vona að ræðumenn hafi ekki alveg gleymt þessu, þó að þeir hafi gleymt því í ræðum sínum áðan.

Hvað er svo meira sem er að gerast? Jú, Alþ. hefur ekki tekið ákvörðun um hve mörg kg af þorski á að veiða á árinu 1976, sögðu þeir. En það hefur einn hv. þm. flutt um það till., sem liggur fyrir. Hún er enn þá fyrir Alþ. Ég hef lýst því yfir í landhelgisnefnd, sem hv. 2. landsk. þm. á sæti í, að ég hef talið að það væri fært að ákvarða þorskveiðina við 280 þús. tonn á þessu ári. Stjórnunarnefnd fiskveiða hefur einróma samþykkt þessa till. og þar með fulltrúar Hafrannsóknastofnunarinnar í þeirri n. Hún hefur aldrei verið formlega borin undir ríkisstj., en ég hygg að ég megi segja og ég þori eiginlega að fullyrða það, að ríkisstj. er einnig þessarar skoðunar. Ég hef ekki heyrt nokkurn tíma nokkurn ráðh. líta öðruvísi á þessi mál.

Þá kem ég að því: Eigum við að setja eða áttum við að setja ákveðna till. fram í byrjun þessa árs um að stöðva veiðar, taka upp net í páskavikunni eða lengur, stöðva botnvörpuveiðar eða togarana um allt land? Verðum við ekki að taka mið af því, hvernig ástandið er, hvernig þessi vertíð fór til marsloka og fram í apríl? Það var steindauð vertíð frá Hornafirði og að Breiðafirði. Það er stórfelldur samdráttur á vertíðarafla, en lítilfjörleg aukning á togaraafla. Þannig horfa málin við frá mínum bæjardyrum séð. Ég tel gersamlega útilokað að setja ákveðnar reglur sem eiga að gilda allt árið. Ef við sjáum að þorskaflinn ætlar að fara mikið fram úr þessu og ef aflamagn þetta er veitt þegar kemur að hausti, þá verðum við að grípa til stöðvunar á flotanum á tilteknu tímabili, 1—2 vikur. En við getum ekki ákvarðað það fyrir fram. Við verðum að taka tillit til þess hvað er að gerast í kringum okkur og hvað við getum gert meira til þess að beina flotanum yfir á aðrar veiðar.

Það má t. d. nefna að á s. l. ári var aflakvóti humarveiða 2300 tonn. Nú liggur fyrir till. frá Hafrannsóknastofnuninni um að auka þennan kvóta í 2800 tonn. Við getum dregið enn meira úr sókninni í þorskinn og aukið á þennan hátt sóknina í humar. Við höfum í hyggju að auglýsa nú þegar eftir umsóknum um veiðileyfi og ætlum að láta byrja þessar veiðar nokkru fyrr en á s. l. ári til þess að ekki skapist hlé frá því að vertíð lýkur. Á þennan hátt ætlum við að draga úr sókninni í þorskinn. Við höfum einnig í hyggju að auka verulega sóknina í aðrar veiðar og þá alveg sérstaklega í karfann. Hafa staðið yfir alllengi samningar um leigu á stórum togara til að fara í þessa karfaleit og karfaveiði, og ef hún gefur góða raun, sem fiskifræðingur sá, sem henni stjórnar, hefur mikla trú á og eru vonir um, þá fari fleiri skip á þessar veiðar. En þar er einn mikilvægur galli, en það er verðlagið sem er á karfa. Hyggilegast væri að setja jafnaðarverð eða lækkun á þorski til þess að verðbæta aðrar fisktegundir. Vilja hv. stjórnarandstæðingar standa að slíkri till. og hv. stjórnarstuðningsmenn líka? Hvað verður sagt þá ef lækka á verðið á þorski og bæta bæði verð á karfa og ufsa? Vilja þm. standa almennt að því? Ég er hræddur um að Alþ. muni starfa eitthvað fram eftir sumri áður en samkomulag næst í þeim efnum hvað þá heldur við þá sjómenn sem fiska þorskinn, þó að hinir væru fúsir, sem ætla að fara í karfann, að fallast á slíkt. Það er ekki auðhlaupið að því að gera slíkar breytingar.

Þá kem ég að því, sem hv. stjórnarandstæðingar hafa verið að tala hér um, að við höfum ekkert svigrúm til þess að gera nokkurn samning við aðrar þjóðir, þetta sé svo takmarkaður afli og það sé svo takmarkaður og illa farinn þorskstofninn að við megum ekki gera nokkurn samning. Þetta er alveg hárrétt, það sem það nær. En þá komum við að því: Höfum við ráð á því að fá allar þjóðir upp á móti okkur? Hefur málstaður okkar á Hafréttarráðstefnunni ráð á því að hver þjóðin á fætur annarri standi þar upp og segi: Þessir íslendingar eru svo óbilgjarnir að þeir vilja ekki ræða samninga við aðrar þjóðir? Halda menn virkilega því fram að það hefði orðið til styrktar málstað íslensku þjóðarinnar á Hafréttarráðstefnunni ef hægt hefði verið að skýra frá því að íslendingar hefðu ekki viljað gera veiðisamning við frændur sína færeyinga, sem eiga allt sitt líf og tilveru komna undir fiskveiðum og fiskvinnslu? Ég er hræddur um að málstaður okkar íslendinga hefði orðið fyrir þungu áfalli ef hægt hefði verið að flytja slíkar fréttir af framkomu okkar.

Hvað erum við svo að gera sjálfir? Við erum að leita eftir veiðum á fjarlægum fiskimiðum. Við tökum þátt í samstarfi Norðaustur-Atlantshafsnefndarinnar um síldveiðar í Norðursjó. Við viljum gjarnan fá sem hæstan aflakvóta þar fyrir okkur. Við viðurkennum aftur að það eigi að setja mjög strangar ákvarðanir um heildaraflakvóta á síldveiðarnar á Norðursjónum og jafnframt að það eigi ekki að veiða þar síld nema til manneldis. Við viljum fá hlutdeild í aflakvótanum af því að við höfum veitt í Norðursjónum, og við höfum haldið þessari hlutdeild. Það er mikil óánægja eftir síðasta fund, sem haldinn var í London, og við íslendingar erum óánægðir með lækkaðan aflakvóta þótt við hefðum fellt okkur við lægri heildarkvóta. Það er gefið mál að einstakar þjóðir og þá sérstaklega norðmenn munu ekki sætta sig við þessa útkomu, og það verður framhaldsaðalfundur seint í næsta mánuði í Lissabon þar sem þessi mál verða tekin upp að nýju. Við höldum áfram okkar striki. Við viljum fá þarna aflakvóta og við þurfum sannarlega að koma okkar skipum á veiðar, — skipum sem geta ekki stundað annað en nótaveiði, sérstaklega hinum sérbyggðu nótaskipum og einnig fleiri skipum sem eru ella aðgerðalaus.

Við erum einnig að berjast fyrir því að fá aukin veiðiréttindi á loðnu við Kanada. Það hefur tekið alllangan tíma og staðið í miklu stappi að undanförnu, en ég hygg að ég upplýstri ekki neinu leyndarmáli, þó að ég segi að allar líkur bendi nú til að við fáum samninga við Kanada um að landa þar 20—25 þús. tonnum af loðnu á komandi sumri, sem mundi þýða að þrjú slík skip gætu stundað þar veiðar. Jafnframt hef ég miklar vonir um að við fáum leyfi og réttindi til þess að landa í norska bræðsluskipið Norglobal 15 þús. tonnum. Þarna getur verið um að ræða 35—40 þús. tonn af loðnuveiði við Kanada í sumar. Með þessu móti, að ná samkomulagi við kanadamenn, koma þeir til með eftir útfærsluna

að ráða algerlega sjálfir þessum veiðum, og þá höfum við gert samning við þá sem gefur okkur tilefni til að ætla að við getum haldið þessum veiðum áfram á komandi árum með því að falla frá mótmælum út af aflakvótunum sem Norðvestur-Atlantshafsnefndin gekk frá í fyrra, og þar með náum við samningum við strandríki sem við höfum unnið að.

Sama er að segja um veiðar okkar við Grænland. Þegar fiskveiðilögsagan verður færð út við Grænland, þá þurfum við sannarlega á samningum við grænlendinga að halda. Grænlendingar eru í ríkjasambandi við dani eins og færeyingar, og það væri gott innlegg hjá okkur að neita færeyingum um alla samninga og eiga svo að koma eftir kannske eitt ár og biðja um veiðiheimildir við Grænland. Það væri nú stjórnmálamennska í lagi!

Hv. 3. landsk. þm. spurði varðandi norska samninginn. Ég ætla ekki að fara neitt út í hann frekar, hæstv. utanrrh. gerði það í sinni framsögu og þar hef ég engu við að bæta. En því get ég bætt við, að það, sem snýr að sjútvrn. — og ég hygg að ég megi þar tala fyrir ríkisstj. í heild þó að ég hafi ekki fyrir fram spurt um það — er að við ætlum okkur að framfylgja þeim samningi og þeim veiðiheimildum á svipaðan hátt og verið hefur á undanförnum árum. Hins vegar er auðvitað erfitt að segja ákveðið upp á tonn af hverri tegund því að það eru margir bátar sem veiða í einu, þannig að það getur leikið á nokkrum tugum tonna. Þorskafli norðmanna er nú svo lítilfjörlegur, en hann var 171 tonn hér við land á árinu 1974 og meira að segja minni á s. l. ári eða 142 tonn. Við fáum ársfjórðungslegar skýrslur frá norðmönnum og þá getum við auðvitað fylgst með sundurliðuninni. Hins vegar hefur uppistaðan í þessum afla norðmanna verið keila og langa, og það hefur verið nokkuð breytilegt frá ári til árs. Stundum hefur þetta verið nokkuð áþekkt, eins og t. d. á árinu 1970. Þá var langa 1247 tonn og keila 1288 tonn. Þá veiddu norðmenn hér liðlega 3800 tonn. 1971 veiddu þeir 3500 tonn, 1972 2600 tonn og 1973—1975 frá 1450—1850 tonn, þannig að þessar veiðar hafa dregist verulega saman, og á s. l. ári, árinu 1975, voru af þessum 1850 tonnum 1614 tonn langa og keila. Ég vona, að ég hafi svarað þá þessari fsp. hv. þm.

Varðandi færeyinga, hvort þeir verða að sæta minni niðurskurði á afla en við íslendingar komum til með að sæta, þá vil ég svara því til að við íslendingar eigum ekki að sæta neinum niðurskurði á afla nema þorski, en aftur aukningu á ýmsum öðrum tegundum og þ. á m. á mjög verðmiklum fiski, eins og ég nefndi áðan, þar sem humar er og ég kem inn á síðar um annan verðmætan fisk. En ef við lítum á þorskafla færeyinga á liðnum árum, þá var hann á árinu 1974 12 125 tonn, en samkv. samningnum má hann vera að hámarki 8 þús. tonn. 1973, eftir að aðvörunin kom og enginn toppur var settur á veiðar færeyinga, þá fór þorskafli þeirra í hvorki meira né minna en 14 200 tonn. Það er því ekki lítill niðurskurður sem er gerður gagnvart færeyingum og meiri niðurskurður en aflamagnið segir til um, því að þegar skip veiða í salt, þá er ekki verið að hugsa um það þó að smáfiskur sé með. Það er hægt að vinna hann um borð, og voru oft mjög stífar aðdróttanir í þeim efnum, að þessir saltfisktogarar væru oft í smáfiski. Þetta er tekið af færeyingum nú með þessum samningi. Þessi samningur segir nákvæmlega til um það hve hátt þeir mega fara í afla, en hins vegar má segja það og segja með réttu, að niðurskurður þeirra er tiltölulega minni á öðrum fisktegundum, en mjög mikill eins og ég hef þegar sagt frá og skýrt frá hvað snertir þorskveiðarnar.

Hv. 2. landsk. þm. sagði að danir hefðu sniðið færeyingum þröngan stakk í landhelgismálinu, og það er alveg rétt. Eigum við þá virkilega að þrengja enn þá meira þennan stakk, sem danir hafa sniðið færeyingum, með því að neita þeim um allar veiðiheimildir á Íslandsmiðum? Ég segi: Það kemur ekki til greina hvað mig snertir að ég vilji taka þátt í því, enda virðist ég þá vera orðinn meiri jafnaðarmaður en hv. formaður íslenska Alþfl. er í viðhorfi sínu til færeyinga. Mér finnst leiðinlegt að heyra að jafnágætur og skýr maður og hv. 2. landsk. þm. er skuli láta slík orð frá sér fara. Mér finnst mjög leiðinlegt að það skuli hafa komið fyrir hann. En það er oft erfitt þegar menn ætla að leika á mjórri línu, þá er jafnvægið kannske ekki alltaf í sem bestu lagi.

Þrátt fyrir það ástand sem er bæði í efnahagsmálum okkar og fiskveiðimálum, þá tel ég, og er sammála hv. 2. landsk. þm. um það, að samningurinn við norðmenn sé mikill sigur fyrir okkur. En ég er svo aftur sammála hv. þm. Gils Guðmundssyni og fleirum alþb.-mönnum, eins og hann orðaði það, að það sé aftur sanngjarnt að semja við færeyinga. Við sjáum aftur, hverjir eru Gils Guðmundsson o. fl. í Alþb., þegar kemur að atkvgr., og hverjir eru þá hinir. En þetta er það sem Gils Guðmundsson o. fl. segja og vilja. Það finnst mér vera sanngjörn og eðlileg afstaða til færeyinga, sem við höfum vissulega skyldur við. En við erum ekki bara að láta af hendi. Við erum einnig að tefla hér tafl, við þurfum að leita samninga hjá öðrum þjóðum í sambandi við fiskveiðar okkar, bæði nú og í framtíðinni. Þessu megum þm. alls ekki gleyma.

Til viðbótar því, sem ég sagði áðan um á hvern hátt við hyggjumst draga úr sókninni í þorskstofninn, þá mun koma hér fyrir Alþ. í næstu viku efnahagsmálafrv. frá ríkisstj. og í því frv. er að finna fjáröflun til friðunar- og fiskverndarmála sem er komin undir hve hárri upphæð Alþ. vill verja og hvernig Alþ. vill afla fjár til þeirra hluta. Þess vegna er ekki á þessu stigi, fyrr en það mál liggur ákveðið fyrir, hægt að segja hvernig við ætlum að efla enn frekar fiskrannsóknir. Það liggur þegar fyrir heimild ríkisstj. um að taka togara á leigu. Það, sem fyrir okkur í sjútvrn. vakir og er í fullu samræmi við óskir og þarfir Hafrannsóknastofnunarinnar, það er í fyrsta lagi að gera víðtæka leit að loðnu. Rannsóknastarfi rannsóknaskipa Hafrannsóknastofnunarinnar hefur verið gerð ný áætlun til samræmis við þetta, og er þar gert ráð fyrir að loðnuleit fyrir Norðurlandi hefjist um mánaðamótin júní—júlí, eða mig minnir nánar tiltekið 2. júlí. Jafnframt því þarf, eftir því sem fjármagn leyfir, að fá góð loðnuveiðiskip til þess að stunda þessar veiðar. Er mikil trú og bjartsýni

ríkjandi hjá þeim fiskifræðingum okkar sem fjalla um þessi mál að þessar veiðar megi takast þó að þær hafi borið mjög lélegan árangur á s. l. ári. Jafnhliða þessu er ætlunin að hefja víðtæka leit að úthafsrækju og taka ábyrgð á eða styrkja með eðlilegum hætti útgerð a. m. k. tveggja rækjuveiðiskipa. Þessi veiði á að geta orðið arðbær því að það er gott verð á rækju og sama má einnig segja um loðnuna. Þá er ætlunin, þegar sá togari sem er verið að falast eftir í leigu fyrir Hafrannsóknastofnunina, tekur til starfa, þá komi hann til með fyrst og fremst að leita að nýjum karfamiðum og komur einnig til greina að auka þá leit eftir því sem fjármagn leyfir. Jafnframt verður gerð leit að kolmunna, og vafalaust verður gerð einhver leit að spærlingi.

Allt þetta miðar að því að draga úr sókninni í þorskinn. En hins vegar er sá galli á, t. d. hvað spærlinginn snertir, að verðið á honum er það lágt að útgerð og vinnsla borgar sig ekki nema það verði breyting til hins betra. Þetta er nú nokkuð, auk þess sem ég hef áður sagt hér varðandi veiðar annars staðar sem að er stefnt.

Í sambandi við það, sem hv. 3. þm. Reykn. sagði, að leitað hefði verið til stjórnvalda til þess að koma skipum á aðrar veiðar, þá hef ég ekki orðið var við að það hafi verið leitað til stjórnvalda. Hins vegar sá ég í samtali í Tímanum fyrir nokkrum dögum að leitað hefði verið til stjórnvalda varðandi veiðar á kolmunna. Ég fór að reyna að grafast fyrir þetta, hver þessi stjórnvöld væru, því að sjútvrn. hafði ekkert fengið og ekkert heyrt um það. Þá frétti ég að síðustu að það hefði komið í þessum mánuði bréf til Fiskimálasjóðs um einhvern styrk. Það bréf fer fyrir Fiskimálasjóð, en ég hef ekki orðið var við að þessar beiðnir hafi komið nema í sambandi við tilraunir með rækju. Hins vegar hefur verið greitt fyrir vinnslu á kolmunna, sem er tilraunavinnsla, og það er unnið að leit að mörkuðum fyrir hertan kolmunna til Nígeríu. Hefur verið seld þangað sending til reynslu og gefur góða raun, en við þurfum að reyna enn meira á það á þessu ári. Enn fremur hefur hann verið sendur og seldur til Bandaríkjanna frystur. En þetta verður auðvitað engin stórmarkaður og í raun og veru enginn markaður sem teljandi er á þessu ári. Slíkt tekur lengri tíma.

Ég vona að hv. stjórnarandstæðingar skilji það til hlítar að erfitt er að gera heildaráætlun um að það skuli fiska þetta á þessu almanaksári, á sama tíma og við höfum ekki heildarstjórn veiðanna vegna hinna ólöglegu veiða breta og ýmissa erfiðleika hér heima. Íslendingar láta ekki sérstaklega vel að stjórn, og við höfum séð og heyrt hvernig þó nokkuð margir íslenskir fiskimenn hafa tekið friðunaraðgerðum. Það er oft léttara að tala um friðunaraðgerðir þegar menn benda á misgerðir annarra, en gleyma því aftur að þeir eru kannske sjálfir sekir, þessir miklu friðunarmenn. En það almenningsálit er að skapast á Íslandi að það er ekki litið á það sem smáhrekk að stela fiski af friðuðum svæðum eða veiða með ólöglegum hætti. Og slíkt almenningsálit verður að verða enn sterkara og það á að vera hvað sterkast hér á Alþingi.

Ég gat ekki látið hjá líða en fara um þetta mál þessum orðum vegna þeirra aths. sem fram komu varðandi það að ekkert hafi heyrst um stjórnun fiskveiðanna.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég ætlaði mér í upphafi aðeins að segja hér örfá orð. Ég átti alls ekki von á því að hæstv. sjútvrh. sýndi svo litla stjórnmálamennsku í sinni ræðu eins og raun varð á áðan, þrátt fyrir þá staðreynd að hann fór að þýsnast yfir því hversu lítil stjórnmálamennska væri til í þeim mönnum sem stæðu gegn samningunum við færeyinga.

Hæstv. ráðh. byrjaði að tala um skýrsluna frá 1972 sem var, eftir því sem hann sagði, jafnalvarleg og margumtöluð „svarta skýrsla“. Ég nenni satt að segja ekki að vera að elta ólar við þetta skítkast hæstv. ráðh. Það er ekki í fyrsta skipti sem hann leikur þennan leik og beinir máli sínu þá fyrst og fremst nú sem hingað til gegn fyrrv. hæstv. sjútvrh., sem hann veit að er nú fjarstaddur, og notar þess vegna tækifærið.

Ég ætla síðan að fara örfáum orðum um þá samninga sem hér liggja fyrir til umr., báða tvo, og tína þá til örfá atriði um hvorn þeirra.

Mér finnst að fyrir löngu sé nóg komið af samningum um fiskveiðar til handa útlendingum í íslenskri fiskveiðilandhelgi, eins og ástandið er á fiskstofnunum nú. Og þó að þessir samningar séu ekki um ákaflega mikið fiskmagn, nema það er nokkurt hjá færeyingum, þá er það mín skoðun að annaðhvort eigum við að halda okkur við það að segja að við höfum ekki afla til skiptanna handa öðrum og hvert það tonn, sem við leyfum útlendingum að veiða, sé frá okkur tekið, það er opinberlega viðurkennd staðreynd, — annaðhvort er að halda sér við þessar röksemdir eða þá hreinlega leggja þær röksemdir frá okkur sem hafa þó dugað okkur best í þeirri baráttu sem við heyjum nú í sambandi við landhelgismálið.

Í samningunum við norðmenn er gert ráð fyrir því að við hér á hv. Alþ. samþykkjum samninginn án þess að þar sé nokkuð tekið til um hversu mikið magn þeir megi veiða, þó að í samningnum standi jafnframt að vísu að við höfum sjálfdæmi um það hversu mikið magn það skuli vera. Þess vegna hefði það verið nauðsynlegt af hálfu stjórnvalda að geta þess í þessari þáltill. hvert magnið átti að vera, nákvæmlega, svo að menn séu ekki að skrifa upp á óútfylltan víxil með því að samþykkja samninginn eins og hann liggur fyrir.

Í samningnum segir m. a. að norðmenn megi fiska hér á tímabilinu frá 15. febr. til 1. des., þ. e. a. s. þeir eiga að fá að stunda þessar veiðar sínar um hávertíðina á skipum sem eru ekki lítil, — þarna er stærðarinnar getið, — þau mega vera allt að 125 fet, og jafnframt er sagt að í sérstökum tilvikum geti verið einnig um að ræða að leyfa öðrum skipum að veiða hér sem væntanlega gætu þá verið stærri. Skip, sem eru 125 fet að lengd, eru liðlega 38 m að lengd. Þetta löng skip eru svona 350—400 tonn, þannig að þarna er alls ekki um nein smáskip að ræða.

Ég verð að segja það sem mína skoðun að mér finnst óviðeigandi að samþykkja þessa samninga, í fyrsta lagi vegna þess að við höfum ekkert af okkar fiski að láta, í öðru lagi vegna þess að norðmenn hafa ekki veitt okkur neinn stuðning í landhelgismálinu, nema síður sé, og engin ástæða fyrir okkur að sýna þeim yfirleitt nokkurn skapaðan hlut í þeim efnum því að stuðningur í landhelgismálinu hefur ekki verið neinn frá norðmönnum í raun hingað til. Í sambandi við samninginn við færeyinga skal ég viðurkenna að ég lít það nokkuð öðrum augum að semja við færeyinga um fiskveiðar við Ísland heldur en aðrar þjóðir vegna þeirrar algeru sérstöðu sem færeyingar hafa. Hins vegar hlýtur að gilda sú sama röksemd gagnvart veiðiheimildum til handa færeyingum eins og fyrir aðrar þjóðir, að við höfum ekkert að láta af fiski nema hann sé þá tekinn frá okkur og með þessum samningi erum við að láta af okkar fiski 17 þús. smálestir. Hæstv. ráðh. fór með nokkrar tölur um það hversu mikið færeyingar hefðu veitt hér undanfarin tvö ár og nefndi þá 1974 og síðar. Ég vil segja það, að ef hæstv. ráðh. hefði nefnt veiðitölur færeyinga frá árunum þar á undan, þá hefði nokkuð annað komið í ljós, vegna þess að þá veiddu færeyingar langtum minna en á árinu 1974, þannig að þessi útkoma, 17 þús. lestir til handa færeyingum, er margfalt meira en þeir veiddu hér um 1970. Um niðurskurð á veiðum færeyinga er því alls ekki að ræða, nema sé miðað við þorsk og þá við veiðar þeirra á þessum fisktegundum allra síðustu ár. Þess vegna finnst mér óeðlilegt að leyfa færeyingum að veiða svona mikið. Mér hefði fundist að þessar tölur hefðu átt að vera lægri, mér hefði fundist að þær hefðu átt að vera mun lægri, vegna þess að þarna er í raun ekki gert ráð fyrir niðurskurði á veiðum til handa færeyingum á sama tíma og það liggur ljóst fyrir að við verðum að skera okkar veiðar niður á þorski sérstaklega og jafnframt á öðrum tegundum ef fara á eftir till. Hafrannsóknastofnunarinnar, þrátt fyrir það, sem hæstv. ráðh. sagði hér áðan, að við þyrftum aðeins að skerða veiðar okkar á þorski, en gætum aukið afla okkar og sókn okkar í aðrar tegundir. Það er ekki rétt. Eftir því sem þeir segja hjá Hafrannsóknastofnuninni, þá er um ákveðið hámark að ræða um veiðar á karfa og ufsa, og eftir samningana við vestur-þjóðverja er ekki meira eftir af þessu hámarksmagni, sem þeir benda á, en svo að við getum ekki aukið sóknina í þessar tegundir og allra síst ufsann. Það liggur alveg ljóst fyrir. Því geta menn flett upp hvenær svo sem þeir vilja í „svörtu skýrslunni" þannig að það atriði var rangt ekki síður en mörg önnur í ræðu hæstv. ráðh., því miður.

Það eru einnig önnur atriði sem mér finnast fremur neikvæð í samningsuppkastinu við færeyinga, heldur en þetta sem er þó veigamest og þyngst á metunum, og það er að samkv. samningnum í 1. gr. er þeim leyft að stunda veiðar allt að 4 sjómílum frá grunnlínum og að 6 sjómílum við Grímsey. Þeir fá sem sagt að fara inn fyrir 12 mílna línuna. Auk þess stendur hér að handfæraveiðar skuli heimilaðar að grunnlínu. Þarna er færeyingum leyft að fara inn fyrir 12 mílna línuna og mega stunda veiðar hér við Ísland samkv. þessum samningi allt árið.

Það er staðreynd að færeyingar eru ágætir fiskimenn. Þeir hafa verið hér lengi við land við fiskveiðar, og það er vitað mál að veiðar þeirra með línu og fleiri veiðarfæri hafa verið fyrir okkar fiskimönnum víða og um það hafa komið rökstuddar kvartanir frá togaraskipstjórum okkar. Með því að hleypa færeyingum svona nálægt landi án þess að nokkuð sé tekið til um það á hvaða svæðum þeir megi fiska, þeir megi sem sagt fiska hvar sem þeim sýnist utan við þessa línu án þess að um nokkur afmörkuð svæði sé að ræða, þá geta þeir verið innan um okkar menn með línu sína, þó að þar séu íslenskir togarar að veiðum, og getur línan vissulega valdið miklum truflunum á veiði þeirra og hefur gert. Það er ómótmælanleg staðreynd. Mér hefði fundist þess vegna að í þessum samningi hefði þurft að veita þeim veiðiheimildir á ákveðnum, fyrirfram tilteknum svæðum, þannig að menn hefðu þá vitað hvar væri von á veiðum færeyinga við landið.

Í sambandi við kaflann í samningnum sem fjallar um togveiðar, segir að færeyingar megi hafa hér 10 togveiðiskip á veiðum og þessi togveiðiskip megi veiða að 12 mílna línunni, þ. e. a. s. *langstærstan hluta ársins mega þeir veiða innan* um okkar skip hvar sem er við landið án nokkurra takmarkana eða tilskilinna svæða. Og það, sem mér finnst þó enn alvarlegra, er að þarna er talað um í almennum ákvæðum að þeir megi stunda veiðar með flotvörpu við Ísland. Flotvörpuveiðar íslendinga sjálfra eru takmarkaðar eða stendur til að takmarka þær, að vísu á vitlausum svæðum, vegna þess að hæstv. sjútvrh. treystir sér ekki til að takmarka flotvörpuveiðar fyrir Vestfjörðum, á því svæði þar sem þær eru þó stundaðar mest. Hins vegar gat hann vel fallist á að banna veiðar með flottrolli með suðurströndinni og vestur að Bjargtöngum, en alls ekki lengra, því að þá var hann kominn í það heilaga svæði þeirra vestfirðinga. Þar mátti ekki takmarka neitt. En í þessum samningi má ekki heldur takmarka flotvörpuveiðar færeyinga að því er mér sýnist. Þetta atriði, þó að það sé í augum margra hér kannske ekki stórt, þá sýnist mér það nokkuð stórt.

Í sambandi við samninginn við færeyinga, þar sem tiltekið er aflamagn um 17 þús. tonn, þá er auðvitað, ef af þessum samningi verður sem mér þykir líklegt, nauðsynlegt að hafa nákvæmt eftirlit með þessum veiðum. Það verður að hafa nákvæmt eftirlit með því að færeyingar noti sömu möskvastærð og við sem fer stækkandi og er nú 135 mm, en á að fara í 155 mm eða 160. Það þarf að hafa sams konar eftirlit með veiðum færeyinga varðandi smáfiskaveiðar og hjá okkur. En *hver er reynslan af því eftirliti og þeim greinum* um það sem settar hafa verið í samninga, t. d. við vestur-þjóðverja? Það hefði verið fróðlegt að spyrja hæstv. ráðh. að því, — ég sé að hér er hæstv. utanrrh. enn í salnum einn allra ráðh., — hversu oft íslensk varðskip eða eftirlitsskip hafi sett menn um borð í þýska togara til þess að kanna hvort þeir væru með löglega möskvastærð í netum sínum. Hversu oft hefur verið farið um

borð í þýska togara til þess að kanna hversu mikill hluti af aflanum væri þorskur? Hversu oft hefur verið farið um borð í þýska togara til þess að athuga hversu mikill hluti af aflanum væri smáfiskur? Ég þykist vita svörin við þessum spurningum. Ósköp einfaldlega vil ég leyfa mér að fullyrða að þetta eftirlit hefur ekki verið neitt. Það mætti líka spyrja í þessu sambandi: Hvað hafa þjóðverjar fiskað mikið af þorski til þessa dags? Hver veit það? Það veit enginn. Það er vitað mál að þjóðverjar fiska ekki einungis við Ísland. Í einum og sama túrnum geta þeir farið til Grænlands og fiskað þar. Þeir geta veitt hér við Ísland, á þessum ágætu veiðisvæðum sem hæstv. ríkisstj. útvegaði þeim við Suðausturlandið, og þeir geta einnig sagst vera að fá þorsk á Færeyjabanka á heimleið. Þeir geta sem sagt bókað þann þorsk, sem þeir fá á Íslandsmiðum, á önnur veiðisvæði, og við höfum engin skilyrði til að fylgjast með því, því miður.

Þegar samningurinn við vestur-þjóðverja var til umr. hér í hv. Alþ. 26.—27. nóv. sl., þá sögðu hæstv. ráðh. hver á eftir öðrum, mig minnir að hæstv. utanrrh. hafi m. a. sagt það eða hæstv. dómsmrh., nema báðir hafi gert það, að um leið og vestur-þjóðverjar væru búnir að taka hér 5000 tonn af þorski, þá skyldi öllum veiðum vera hætt, vegna þess að það væri ekki hægt að koma í veg fyrir að einhver þorskur slæddist með þegar verið væri að veiða annan fisk. Þetta sögðu þeir. En þeir vita ekkert um hvað vestur-þjóðverjar eru búnir að fá mikinn þorsk. Og þeir vita heldur ekkert um það og af eðlilegum ástæðum geta þeir ekki vitað um það hvenær þeir verða búnir að fá 5000 tonn. Mér er ekki kunnugt um að það hafi verið reynt að hafa eftirlit með veiðum þjóðverjanna, og því miður hefur það komið fyrir að þjóðverjarnir hafi sótt inn á alfriðað svæði við Suðausturland, í Berufjarðarál, það alfriðaða svæði sem var sett miklu stærra nú í vetur, en skyndilega og sennilega að beiðni þjóðverja minnkað án þess að tala við einn eða neinn um það efni. Við, sem störfuðum í fiskveiðilaganefnd, lögðum til að þarna yrði sett allstórt friðað svæði sem næði frá eystri kanti Berufjarðaráls og vestur á Papagrunn. Eftir stuttan tíma var þetta svæði allt í einu minnkað stórkostlega. Við lögðum til að þarna yrði friðað svæði eftir að hafa fengið beiðnir um þessa friðun frá þeim mönnum sem fiska aðallega á þessu svæði, þ. e. a. s. frá togaraskipstjórum, öllum togaraskipstjórum á Austurlandi. Þeir báðu sérstaklega um, að þarna yrði friðað. Og það er auðvitað hægt — og auðvitað skjalfest og ótvíræð staðreynd. En það var hæstv. sjútvrh. sem ekki var lengi að kippa þessu af fyrir vini sína, þýskarana.

Ef á að gera slíkan samning eins og þarna er um að ræða við færeyinga, þá þarf að líta eftir þessum hlutum og hafa það eftirlit raunhæft. Ég skal viðurkenna að það er ekki hægt að álasa hæstv. ríkisstj. eins harkalega og þyrfti að gera fyrir slælegt eftirlit í þessum efnum, ósköp einfaldlega vegna þess að Landhelgisgæslan hefur haft allt öðrum málum að sinna. Það skal viðurkennt að eins og stendur er sennilega erfitt að koma því við að líta mikið eftir þessum veiðum. En hitt er eftir sem áður staðreynd, að ég get ekki séð möguleikana á því að finna út hvenær við getum fengið nákvæmar upplýsingar um hvenær þjóðverjar hafa veitt þessi 5000 tonn af þorski.

Hæstv. sjútvrh. sagði m. a. áðan, þegar hann ætlaði að fara að kenna okkur hinum, þessum óbreyttu, eitthvað í stjórnmálamennsku, þ. e. a. s. þegar hann var ekki að kenna okkur alls konar fræði um hina og aðra hluti í sambandi við fiskveiðar og alþjóðamál og halda hér fyrirlestur um loðnu, spærling og sitthvað fleira, — og er það gleðilegt, ef bóksali vestan af Fjörðum er orðinn svona fróður í fiskveiðimálum íslendinga, — en hann vildi einnig kenna okkur stjórnmálamennsku. Hann sagði að það væru litlir stjórnmálamenn, sem neituðu nú að semja við færeyinga, vegna væntanlegra veiða okkar við Grænland þegar þar væri búið að færa út.

Ég verð að lýsa yfir því sem minni skoðun að ég er andvígur því að samþykkja þennan samning við færeyinga eins og hann er. Ég finn á honum marga galla, ég hef þegar nefnt nokkra. En það er einnig mín skoðun og ég vil lýsa yfir því að þegar við höfum fengið fullt vald yfir okkar fiskimiðum, þegar við ráðum einir yfir okkar 200 mílum, þegar enginn hefur rétt til þess að sækja inn á fiskimið okkar hér við Ísland, þá, þegar við höfum valdið og eigum miðin, þá megum við semja við færeyinga, þá eigum við að gefa þeim leyfi, en ekki eins og á stendur í dag. Þá eigum við að koma til vina okkar og frænda, færeyinga, og bjóða þeim veiðar hér, þar sem við höfum fullan rétt og þeir hafa engar kröfur, það er mín skoðun. En eins og ástandið er núna, þá tel ég það miklu hæpnara, því miður. Þá getum við líka farið að semja við stór-danina sem ráða þá væntanlega Grænlandi. Þá getum við farið að semja við þá um að leyfa færeyingum hér veiðar og kannske einhverjum öðrum í því veldi og fengið í staðinn einhverjar heimildir við Grænland. Það er líka stjórnmálamennska þó að hún sé ekki vestan af Ísafirði.

Ég vil ekki vera að tefja tímann meira, þegar svo er áliðið, í sambandi við þetta mál. En ég vil þó segja að lokum örfá orð í sambandi við það sem kom inn í umr. áðan, þ. e. a. s. í sambandi við veiðar vestur-þjóðverja og það sem er efst á baugi núna í sambandi við þær, þ. e. um frestun eða framlengingu samningsins nú næstu daga. Það var ákveðið í haust, það var ákveðin skoðun stjórnarinnar í haust, þegar farið var að tala um samninga við vestur-þjóðverja að þeir yrðu alls ekki gerðir nema bókun 6 tæki gildi áður. Síðan var fallið frá því og þjóðverjum gefinn 5 mánaða frestur. Þá var jafnframt lýst yfir því af hálfu ráðh., hæstv utanrrh. m. a., að ef bókun 6 hefði ekki tekið gildi eftir 5 mánuði, þá skyldi samningnum frestað, eins og það var orðað, og þjóðverjum meinaðar veiðar. Í því sambandi vil ég spyrja hæstv. utanrrh. fyrst hann er hér enn í salnum: Hvenær á að fresta samningnum, og hvort fá þjóðverjar að fara inn á þorskveiðisvæðið fyrir Vestfjörðum eða ekki? Það eru aðeins þessar spurningar tvær.

En það, sem ég vil þó bæta hér við, er um fjarskiptamálin sem hafa verið mikið í fréttum að undanförnu. Mér skilst að loftskeytamönnum þeim sem ekki vildu standa fyrir fjarskipatsambandi við óvinina, — þá á ég auðvitað ekki við

færeyinga eða þjóðverja, heldur við erkióvini íslendinga sem hafa ráðist á okkur með hernaðarofbeldi, — þeim hafi nú verið skipað á ný að taka upp fjarskiptasamband við þessa bandíta. Og ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. utanrrh. að því, hvort hann líti svo á að það sé brot á alþjóðlegum samningum að hafa ekki fjarskiptasamband eða neita að hafa loftskeytasamband við erlend herskip sem beita okkur hernaðarofbeldi á Íslandsmiðum. Það er skilningur minn á því atriði í þeim samningi sem gildir alltaf við öll venjuleg skilyrði, en fellur að sjálfsögðu úr gildi þegar um hernaðarátök eða ofbeldi er að ræða. Ég vildi þess vegna, auk þess að spyrja hæstv. ráðh. um skoðun hans á þessu máli, skora á hæstv. ríkisstj. að gangast nú fyrir því að það verði ekki haft samband við ofbeldismennina, nema þá kannske í algerum neyðartilvikum, en þeim verði ekki gert þægilegra að stunda ólöglegar veiðar á Íslandsmiðum með því að leyfa þeim að hafa hér samband við land.

Ég sagði víst áðan að ég væri á móti norsku samningunum alfarið og lýsi því yfir að ég mun greiða atkv. á móti þeim. Og ég hef það margt við væntanlega samninga við færeyinga að athuga, eins og ég hef rakið, að ég er andvígur þeim samningum eins og þeir eru, en mun ekki gefa yfirlýsingu að svo stöddu um það hvort ég greiði atkv. beint á móti þeim eða ekki vegna algerrar sérstöðu færeyinga í þessum málum.

Umr. frestað.

Efri deild, 93. fundur.

Föstudaginn 30. apríl, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Forseti tók öll dagskrármálin af dagskrá.

Neðri deild, 93. fundur.

Föstudaginn 30. apríl, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Forseti tók öll dagskrármálin af dagskrá.

Efri deild, 94. fundur.

Mánudaginn 3. maí, kl. 2 miðdegis.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 581). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Orlof, frv. (þskj. 559, 563). — Frh. 3. umr.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil þakka fyrir að fullnaðarafgreiðslu í þessari hv. d. á þessu frv. um orlof var frestað vegna framkominna brtt., sem ég flutti hér við 3. umr. Ég vona að hv. þm. hafi haft tíma til þess að kynna sér þessar brtt. og sjái sér fært að samþ. þær, helst allar, enda eru þessar brtt. fluttar til þess að einfalda meðferð orlofsfjár, einfalda það hlunnindakerfi sem í gangi er og mikið hefur verið deilt á. Það er einnig flutt til þess að koma á meira réttlæti.

Ég vil endurtaka það sem ég sagði í framsögu minni fyrir þessum brtt., að samkvæmt 13. gr. frv. er mönnum bannað að nota sinn orlofstíma á þann hátt sem þeir vilja sjálfir. Þeim er bannað að vinna sér inn tekjur í sinni atvinnugrein eða skyldum atvinnugreinum ef þeir kjósa það frekar en að fara í frí. Ég sjálfur er þannig gerður að ég get alls ekki tekið frí, og ég vil ekki með lögum láta banna mér að vinna það sem ég hef valið mér sem ævistarf, bara vegna þess að ég á að vera í fríi samkv. lögum. Ýmislegt getur gert nauðsynlegt fyrir hvern einn að vinna sér inn tekjur. Það getur verið að hann þurfi að afla sér aukinna tekna vegna húsbyggingar, vegna þess að hann eigi börn í skóla eða í annan kostnað til heimilishalds, en samkvæmt þessum lögum er honum óheimilt að starfa. Ég held líka að öllum sé ljóst að það er um þessi lög eins og um mörg önnur að fólkið fer ekki eftir þeim. Ég geri ekki ráð fyrir því að framkvæmdavaldið beiti þá þeim aðferðum sem það hefur, þ. e. a. s. lögreglu, til þess að stöðva fólkið við að vinna fyrir sér í orlofstíma ef það óskar eftir því.

Ef ég man rétt er það 14. gr., sem ég tel líka óeðlilega, en það er að eignaupptaka skuli eiga sér stað á orlofsfé ef þess er ekki vitjað innan 2 ára. Ég geri mér grein fyrir því að áður fyrr var þetta tímabil bara eitt ár, nú hefur það verið lengt í 2 ár, þannig að þeir, sem fjölluðu um þessar breytingar á orlofslögunum, gera sér líka ljóst að eitt ár var of stutt. Ég geri mér ljóst að 2 ár eru of stutt, bankakerfið hefur rétt til að fyrna sparifé á 15 árum, en hefur ekki notað sér þá heimild. Ég tel að þarna sé um eignaupptöku að ræða og vil því breyta til.

Sem sagt, ég vona að hv. þm. hafi haft tíma til að kynna sér þessar brtt. mínar og sjái sér fært að samþ. þær.

Umr. frestað.

Jarðalög, frv. (þskj. 565). — 1. umr.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 565 er frv. til jarðalaga sem ég hef leyft mér að leggja fyrir þessa hv. deild. Frv. svipaðrar gerðar hefur verið lagt fyrir hv. Alþ. áður, en náði þá ekki fram að ganga, og hafa nokkrar breytingar verið gerðar á frv. síðan það var hér til meðferðar.

Þetta frv. er til orðið með þeim hætti að á Búnaðarþingi árið 1971 var samþ. ályktun til stjórnar Búnaðarfélags Íslands og búnaðarmálastjóra um að hlutast til um það við landbrh. að hann skipaði n. til að endurskoða eftirtalin lög: Lög um kauprétt á jörðum, nr. 40 frá 15. apríl 1948. Ábúðarlög, nr. 36 frá 29. mars 1961. Og í þriðja lagi lög um ættaróðul og ættarjarðir. Hlutverk þeirrar n., sem skipa átti, var að semja frv. til nýrra laga um framangreint efni eða breytingar á gildandi lögum. Tilgangur með þessari endurskoðun var að aðstaða sveitarfélaga og einstaklinga, sem búsettir eru innan þeirra, við að ná og halda landi verði tryggð með sem bestum hætti og ábúðarlögin yrðu gerð einföld og réttlát í framkvæmd.

Hinn 18. ágúst 1971 skipaði landbrh. n. til að endurskoða þessa löggjöf og voru nm. þeir Ásgeir Bjarnason, forseti Sþ., Árni Jónasson erindreki, Sveinbjörn Dagfinnsson núv. ráðuneytisstjóri. Þessi n. skilaði svo frv. því sem á sínum tíma var lagt hér fram og hefur síðan verið endurskoðað.

Í það frv. til jarðalaga, sem hér liggur nú fyrir til 1. umr., er tekið saman efni sem er að finna í fernum lögum, auk þess sem í þessu frv. eru mörg nýmæli sem ekki hafa áður verið í íslenskri löggjöf.

Á undanförnum árum hefur eftirspurn eftir landi til annarra nota en landbúnaðar farið stórvaxandi. Einkum hafa jarðir verið keyptar háu verði þar sem góð aðstaða er til þess að setja niður sumarbústaði eða eftirsóknarverð hlunnindi fylgja jörðum, svo sem veiði. Verð slíkra jarða er þegar orðið það hátt að sjaldnast er viðráðanlegt fyrir bændur að kaupa þær og reynist oft fullerfitt fyrir sveitarfélög þrátt fyrir það að þau eigi lögboðinn forkaupsrétt. Afleiðingin er sú að margar vildisbújarðir hafa verið skákaðar niður, en það hefur torveldað eðlilegan búrekstur á mörgum og hefur föst búseta lagst niður vegna jarðarkaupa til félagssamtaka eða manna sem hafa ekki búskap í huga. Ég vil taka það fram við þessa umr., að ég tel rétt að gefa þéttbýlisbúum og öðrum, sem sækja eftir, kost á landspildum til ræktunar og til útivistarmöguleika og til þess að reisa þar sumardvalarhús. Reynslan hefur hins vegar sýnt að brýn þörf er á að fylgjast með slíkri ráðstöfun lands og hafa áhrif á hvar og hvernig landi er ráðstafað á þann hátt. Að öðrum kosti vofir yfir stórfelld röskun á búsetu fólks á dreifbýlissvæðum umfram það sem þegar er orðið og óeðlilegar verðhækkanir.

Frv. þessu ef að lögum verður, er ætlað að veita byggðarlögum aukið áhrifavald í þessum efnum og styrkja aðstöðu bænda, bændaefna og sveitarfélaga til jarðakaupa, skapa aðstöðu til að fylgjast með ráðstöfun fasteigna og fasteignaréttinda

utan skipulagðra þéttbýlissvæða og hafa áhrif á verðlag þeirra.

Þau ákvæði, sem eru í þessu lagafrv. og hafa með vissu hamlandi áhrif á ráðstöfun á jörðum umfram það sem verið hefur, eiga sér hliðstæður í löggjöf nágrannaþjóða okkar. Hafa verið sett lög og reglur um þetta efni í Noregi allt frá 1909 og hafa þau lög verið nýlega endurskoðuð og voru hert mjög við þá breytingu sem var gerð á þeim lögum 1974 eða 1975. Í Svíþjóð gilda að mörgu leyti svipaðar reglur og í Noregi að því leyti, að óheimilt er að selja bújarðir og lönd án heimildar frá landbrn., og lögð er áhersla á að eignarréttarskipti eigi sér stað fyrst og fremst þannig að kaupandi jarðar muni stunda landbúnað. Danir hafa á síðustu árum endurskoðað löggjöf um bújarðir og land utan þéttbýlissvæða. M. a. hefur þar haft áhrif á dani aðild þeirra að Efnahagsbandalaginu sem þeir telja að muni hafa mjög mikil áhrif á verð á landi og eftirsókn eftir landi hjá þeim.

Nýmæli í þessu frv. eru fyrst og fremst í II. kafla þess og er tilgangur með þeim að koma á fastari skipan en verið hefur um eigendaskipti og aðra ráðstöfun bújarða og lands utan þéttbýlissvæða í því skyni að hagsmuna bænda og annarra dreifbýlisbúa verði betur gætt en verið hefur, auk þess sem með lagafrv. þessu er stigið skref í þá átt að halda landverði niðri og hindra brask með land. En til þess að slíkt verði sem mest hindrað þarf auk þess, sem mælt er fyrir í þessu frv., að setja ákvæði í skattalög um hvernig gróði, annar en sá sem fæst með eðlilegum verðlagsbreytingum, skuli skattlagður. Er þar sérstaklega átt við önnur lönd en þau sem eru til landbúnaðar ætluð.

Með frv. þessu er verið að færa út í byggðarlögin visst vald, sem þau hafa alls ekki haft, til þess að hafa áhrif á hvernig landið er notað og hafa áhrif á verðlag eigna og umráða. Í frv. er gert ráð fyrir að stofna jarðanefnd og samvinna verði á milli jarðanefndar, sýslunefnda og sveitarstjórna. Hefur þetta verið í athugun. Í frv., sem lagt er fram nú, hefur þetta verið fært í það horf að gera vald sýslunefnda og samstarf við jarðanefnd þar að lútandi meira en gert var ráð fyrir í frv. upphaflega. Auk þess er svo jarðanefnd ætlað að vinna m. a. í þágu landnámsstjórnar og fá samstarf þar um í sambandi við frv.

Auk þess að fylgjast með og hafa áhrif á eigendaskipti lands og verð þess mundi samkv. frv., ef að lögum yrði, verða meiri aðgát höfð en verið hefur um skiptingu jarða sem mörg dæmi eru um að hafi verið gerð án nægilegrar forsjár.

Þá er gert ráð fyrir í frv. að hægt sé að sameina að nýju jarðarhluta sem skipt hefur verið út úr jörðum, og sé bú ekki rekið á þeim. Dæmi eru þess, um sameign á jörðum, þar sem einn sameigandi situr jörðina, að slíkt hafi skapað erfiðleika fyrir bóndann við rekstur og framkvæmdir á jörð. Í frv. þessu er opnuð leið úr slíkum vandræðum. Ráðh. getur heimilað honum að leysa til sín eignarhluta meðeigenda sinna samkvæmt 16. gr. þessa frv.

Í III. kafla frv. þessa er fjallað um forkaupsrétt á jörðum og jarðahlutum. Um það gilda nú lög nr. 40 frá 1948. Þýðingarmikil breyting frá þeim lögum er að leiguliði öðlast fyrst eftir 10 ára búsetu forkaupsrétt á undan sveitarstjórn, en samkv. núgildandi lögum nægir 3 ára búseta til þess að leiguliði hafi forkaupsréttinn á undan sveitarstjórninni. Hér er því um verulega breytingu að ræða frá því sem gildandi lög gera ráð fyrir.

Nýmæli felast í 25. gr. frv. og er hugsað til þess að seljandi og aðili, sem vill kaupa, setji ekki mjög hátt verð á eign sína í því skyni að skáka sveitarstjórn frá, en geri síðan e. t. v. kaup á annan hátt en sveitarstjórn var kynnt þegar forkaupsréttur var boðinn. Þá er frestur sá, sem sveitarstjórn hefur til þess að svara forkaupsrétti, lengdur úr 15 dögum í 4 vikur. Byggist þetta á því að nokkurn tíma getur þurft fyrir sveitarstjórn til þess að athuga kauptilboð og huga að fjármagnsútvegun og fleira vegna áformaðra kaupa. Hygg ég að rétt sé að gefa rýmri frest í þessu skyni en nú er.

Í því, sem ég hef nú sagt, hef ég getið helstu atriða í þessu frv., en vil þó bæta hér við að í V. kafla frv., sem er um Jarðasjóð, er að finna verulegar breytingar frá því sem nú er í lögum um Jarðeignasjóð ríkisins. Jarðasjóður hefur nú rýmri heimildir til að kaupa jarðir en áður. M. a. hefur sjóðurinn samkv. heimild frá 1972 keypt um 20 jarðir af bændum sem ekkert annað blasti við en að yfirgefa jarðir sínar vegna fjárhagserfiðleika þrátt fyrir vilja þeirra til áframhaldandi búsetu.

Herra forseti. Ég hef nú í stuttu máli gert grein fyrir þessu frv. og sé ekki ástæðu til að hafa öllu lengri framsöguræðu að þessu sinni, ekki síst þar sem þetta frv. hefur áður verið flutt hér í hv. d. þó að nokkur breyting hafi orðið á hv. þm. í deildinni. Til þess að hraða fyrir málinu vil ég fara fram á það við hv. landbn. þessarar hv. d. að hún taki upp samstarf við landbn. Nd. til þess að vinna að máli þessu, því að ósk mín er að það nái fram að ganga áður en þingi lýkur nú. Ekki síst finnst mér það mögulegt þar sem þetta mál er hér áður kunnugt og hefur verið allverulega rætt. Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Út af fyrir sig er það fagnaðarefni að sjá frv. til jarðalaga aftur komið hér á dagskrá. Ég hef ekki átt þess kost að fara fyllilega yfir samanburð á því frv., sem var hér til umr. fyrir tveim árum, og því frv., sem nú liggur fyrir. Við fljóta yfirsýn sýnist mér að frv. hafi ekki tekið neinum sérstökum breytingum til batnaðar, sum atriði sýnist mér hins vegar öllu miður fara, en það kann að vera rangt og koma betur í ljós við nánari athugun. Tilgangur frv. er sá sami og var með frv., sem lagt var hér fyrir 1973—74, þ. e. a. s. að tryggja að nýting lands utan skipulagðra þéttbýlissvæða sé eðlileg og hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði og eignarráð á landi og búseta á jörðum sé í samræmi við hagsmuni sveitarfélaga og þeirra sem landbúnað stunda.

Ég man eftir því að við umr. um þetta frv. þá greindi ég frá umsögn ýmissa ágætra bænda sem ég hafði sent þetta frv. Í einni umsögninni stóðu þau orð, sem mér urðu mjög hugstæð og

ég tók fyllilega undir og ætla hér að hafa upp aftur, með leyfi hæstv. forseta, en þar sagði þessi bóndi svo orðrétt í niðurlagi umsagnar um það frv: „Takist að ná tilgangi þeirra," þ. e. a. s. jarðalaga, „með ótvíræðri lagasetningu er stórt og afdrifaríkt skref stigið til verndar tilveru og hagsæld búnaðar og landsbyggð. Það er lífsnauðsyn þjóðarinnar að útiloka peningavaldið og braskarana frá ítökum í landinu. I öllum greinum er það höfuðbölvaldurinn, þ. e. a. s. peningavaldið, en hvergi þó eins háskalegur. Mér sýnist að ef frv. þetta nær lögfestu að verulegar skorður séu við því reistar ef þeir, sem á verðinum eiga að vaka, bregðast ekki."

Undir þessi orð þessa ágæta bónda — stórbónda — get ég fyllilega tekið. Og ég vona, að framkvæmd á þeim jarðalögum, sem við erum nú að fjalla um, ef að lögum verður, verði með þeim hætti sem hann lýsir hér.

Ég hef ekki kynnt mér nákvæmlega samanburð á greinum. Ég sé að sumt hefur verið fært saman og þess vegna öllu erfiðara að átta sig á því hvaða breytingar hafa verið gerðar. Ég sé það þó auðvitað að hér er um nafnbreytingu að ræða í II. kafla. Í staðinn fyrir „byggðaráð", sem ég kann betur við, er talað um „jarðanefnd". Mér sýnist að valdsvið sé nokkuð líkt. Þó mun vera um einhverja skerðingu að ræða og þá sérstaklega eru sveitarstjórnir kannske komnar öllu ákveðnari inn í þetta frv. en þær voru áður, þó að ég áliti þá að það væri alveg nægilega tryggt að sveitarstjórnirnar hefðu þarna fulla íhlutun. Það kann út af fyrir sig að vera rétt að þær hafi þarna enn aukna íhlutun. Í staðinn fyrir að ráðh. skipi formann n. án tilnefningar á hann nú að skipa formann n. úr hópi tilnefndra manna. Búnaðarsamband viðkomandi sýslu tilnefnir tvo menn í jarðanefnd í staðinn fyrir að það tilnefndi einn mann áður. Þarna kemur nú helmingaskiptareglan góða eitthvað inn í örugglega, það er ekkert út af fyrir sig við það að athuga.

Ég mun kanna frekar hvort hlutverk og verkefni jarðanefndar séu mjög skert frá því sem byggðaráðin höfðu. Ég sé t. d. varðandi 8. gr. fyrra frv. hennar ekki stað í hinu nýja. Þó kann að vera að hún sé þar einhvers staðar falin inni í öðrum greinum. Það var grein sem ég taldi mjög til bóta, en hún var einmitt á þá leið að byggðaráð skuli ekki veita leyfi sitt til ráðstöfunar fasteigna, sbr. 1. málsgr. 7. gr., ef um óeðlilega ráðstöfun er að ræða miðað við almennar viðskiptavenjur, ef ætla má að ráðstöfunin sé gerð til að hafa af henni sérstakan fjárhagslegan ávinning eða til að ráðstafa eigninni eða hluta af henni fljótlega aftur í hagnaðarskyni. Ég man að það var bent á að þarna gæti verið um einhverjar geðþóttaákvarðanir að ræða og ágiskun. Engu að síður held ég að þetta hafi verið töluvert nauðsynleg viðvörun varðandi ráðstöfun á jörð, og ég sakna þess að hafa ekki fundið þetta. Ég vonast til að í nefndarstarfinu finni ég grein sem eitthvað kemur inn á þetta þó að ég hafi ekki fundið hana við fljótan yfirlestur.

Það er vitað mál að höfuðtilgangurinn er að koma að einhverju í veg fyrir jarðabraskið svokallaða, sem hefur auðvitað verið til mikils óhagræðis og verið höfuðbölvaldur í íslenskum landbúnaði. Kemur auðvitað fyrst og fremst niður á landbúnaðinum sem slíkum. Hér hefur verið um hryggilega þróun að ræða, um margt eðlilega í þessu verðbólguþjóðfélagi okkar. Og við þurfum svo sem ekkert að vera hissa á því þó að þessi bölvaldur teygi arma sína inn á svið landbúnaðarins eins og inn á viðskiptasviðið almennt. Það er hins vegar atvinnuveginum sem slíkum svo skaðlegt að það verður með einhverjum hætti að hindra. Mér sýnist að í mörgu sé þetta frv. þannig, eins og hið fyrra, að það geri það, hindri þetta brask, og þó ég vildi um sumt hafa kannske öllu skýrari ákvæði.

Við 3. umr. þessa máls hér í Ed. á sínum tíma flutti hv. þm. Ragnar Arnalds brtt., sem samþ. var, varðandi það ef söluverð eignar væri óeðlilega hátt miðað við líklegt raunverð að áliti byggðaráðs, þá gæti forkaupsréttarhafi krafist mats á eigninni og gilti það þá sem söluverð. Um framkvæmd matsins fór eftir lögum þar um. Þá var samþ. viðbótartill. um að við matið skyldi ekki taka tillit til verðhækkana sem stöfuðu af því að skipulagt þéttbýlissvæði væri að byggjast upp í næsta nágrenni og ylli óvenjulegri eftirspurn eftir landi, heldur beri að miða við verðmæti hliðstæðra eigna þar sem þessar ástæður hafi ekki veruleg áhrif til verðhækkunar. Ég finn ekkert ákvæði í þessu nýja frv., sem kemur til móts við þessa brtt. sem samþ. var hér á sínum tíma með atkv. allra flokka hér í d. nema Sjálfstfl. Og vegna þess að hann hefur nú tekið að sér endurskoðun þessa frv., þá skil ég mætavel að sjálfstæðismenn hafi losað sig við þetta ákvæði, enda voru þeir því mjög andvígir. Þeir framsóknarmenn hafa þar sem sagt látið undan.

Ég fagna því að það skuli áfram vera um það að ræða að hlutverk Jarðasjóðs sé eflt. Ég veit um nauðsyn þess að það sé gert, honum séu fengin fleiri skylduverkefni, eins og hæstv. ráðh. minnti á áðan. Við vitum um allt of mörg dæmi um bændur sem flosnað hafa upp eignalausir menn vegna þess að þeir voru að yfirgefa jarðir sínar, — bændur sem eins og t. d. samkv. 4. lið 31. gr. hafa setið jarðir sem eru afskekktar og liggja illa við samgöngum. En nú einmitt er Jarðasjóði ríkisins heimilt að kaupa jarðir sem svo er ástatt um, tekið skýrt fram.

Varðandi Jarðasjóðinn að öðru leyti, sem ég skal ekki hafa mörg orð um nú við 1. umr. þar sem ég fæ þetta mál til meðferðar í n., þá minnist ég þó, eins og mér þótti þá að sumu leyti eðlilegt, afstöðu þeirra sjálfstæðismanna hér í d. um framlag til Jarðasjóðs. Þeir gagnrýndu það mjög á sínum tíma vegna þess að sjóðnum væri fengið svo miklu víðtækara hlutverk en hann hefði áður haft. Þá gagnrýndu þeir að lágmarkið væri 12 millj. ár hvert auk andvirðis seldra ríkisjarða í Jarðasjóð. Ég held að þessi gagnrýni hafi átt nokkurn rétt á sér þó á móti henni væri nú ekki komið. En það hlýtur þá að vera svo nú, að þar sem um óbreytta upphæð er að ræða og að mér sýnist að mestu leyti óbreytt verkefni, þá hljóti talan 12 millj. að vera ansi miklu gagnrýnisverðari nú en hún var þá, svo að þarna hefur nú eitthvað farið á milli mála við nána endurskoðun þeirra sjálfstæðismanna á þessu frv.

Ég sem sagt vildi aðeins taka þetta fram núna í upphafi. Það eru nokkur atriði sem ég vildi fá hér skýrari og á án efa eftir að bera fram brtt.

um með tilliti til þess hvað í fyrra frv. sagði. Ég efast um að ég gangi þar miklu lengra en það gerði.

Ég fagna því auðvitað að það er visst vald fært út í byggðarlögin, eins og hæstv. ráðh. sagði, með þessu frv. Ég skal alls ekki fara út í það núna í þessum umr. að ræða um óðalsjarðirnar og óðalsbændurna, sem varð okkur hæstv. ráðh. og reyndar fleirum hér mjög ánægjulegt og skemmtilegt umræðuefni þegar jarðalögin voru síðast á dagskrá, hver væri óðalsbóndi og hver ekki, hver væri kominn út af írum og hver ekki. Ég skal alveg sleppa því. En sem sagt, ég fagna því að frv. er komið á dagskrá hér hjá okkur, og það skal ekki standa á mér út af fyrir sig að afgr. meginefni þess, en ég áskil mér rétt til ýmissa breytinga og þá einkum í þá átt sem fyrra frv. gerði ráð fyrir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Iðnþróunarsjóður fyrir Portúgal, frv. (þskj. 584). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Á ráðherrafundi Fríverslunarsamtaka Evrópu 6. nóv. 1975 var ákveðið að mynda sérstakan sjóð á vegum samtakanna til aðstoðar við Portúgal sem er eitt af aðildarríkjunum. Var talið að slík sjóðsstofnun mætti stuðla að eflingu lýðræðis- og atvinnulífs í landinu og hún væri í samræmi við óskir ríkisstj. Portúgals. Unnið var að málinu á vegum samtakanna, og á fundi ráðs samtakanna 7. apríl s. l. var gengið frá lögum fyrir sjóðinn. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn taki til starfa þegar aðildarríkin hafa gengið frá nauðsynlegum staðfestingum. Sjóðurinn skal nema samtals 84.6 millj. sérstakra dráttarréttinda Alþjóðabankans, sem samsvarar um 100 millj. dollara. Hluti Íslands er 1% eða sem samsvarar nálægt 1 millj. dollara og greiðist á 5 árum. Gert er ráð fyrir að framlögin verði endurgreidd og hefjist endurgreiðslur eftir lok 11. starfsárs sjóðsins og ljúki fyrir lok 25 starfsárs sjóðsins. Framlög bera 3% ársvexti að loknu 6. starfsári hans.

Mér finnst Ísland hafa sérstaka ástæðu til að styðja þessa sjóðsmyndun þegar litið er á hin miklu og hagstæðu viðskipti sem við eigum við Portúgal. Árið 1975 nam útflutningur okkar til Portúgals 5 milljörðum 584 millj. kr., en innflutningur þaðan 343 millj. 1974 voru þessar tölur: útflutningur 3 milljarðar 389 millj. kr. og innflutningur 216 millj. kr. Vöruskiptajöfnuður gagnvart þessu landi hefur því verið okkur mjög hagstæður og hefur verið svo um langt árabil.

Í þessu sambandi er rétt að minna á Norræna iðnþróunarsjóðinn fyrir Ísland, sem stofnaður var af Norðurlöndunum 1970 í sambandi við aðild Íslands að Fríverslunarsamtökunum. Tilgangi og starfsreglum sjóðs þess, sem hér um ræðir, svipar að ýmsu leyti til reglnanna um Norræna iðnþróunarsjóðinn, enda mun mega rekja hugmyndina að stofnun sjóðs fyrir Portúgal þangað.

Ég sé, herra forseti, ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um efni þessa frv. í framsögu, en vísa til athugasemda og fskj. með því. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Meðferð einkamála í héraði, frv. (þskj. 586). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, er ekki fyrirferðarmikið og er einfalt í sniðum. Það fjallar um breyt. á 32. gr. einkamálalaganna um skipun í dómaraembætti eða réttara sagt um einn þátt í undirbúningi að skipun í héraðsdómaraembætti. Í frv. þessu er gert ráð fyrir því að áður en skipað er í héraðdómaraembætti, þá skuli leitað umsagnar sérstakrar n., sem sett er á fót með þessu frv. ef að lögum verður. En í 1. gr. felst efni frv., þar sem segir að á eftir 1. mgr. 32. gr. komi ný mgr., sem verði 2. mgr., svohljóðandi:

„Áður en embætti héraðsdómara er veitt skal leita skriflegrar umsagnar nefndar þriggja manna, sem dómsmrh. skipar til 3 ára í senn. Einn nm. skal tilnefndur af Hæstarétti, og er hann formaður, einn tilnefndur af samtökum dómara úr hópi héraðsdómara landsins og einn skipaður án tilnefningar. Dómsmrh. setur reglur um kjör dómarasamtakanna. Hann getur einnig sett reglur um tilnefningu varamanna, um fresti til að skila tilnefningum og um afleiðingar þess að nm. eru ekki tilnefndir, um fresti til að skila álitsgerðum svo og önnur framkvæmdaatriði."

Eins og kunnugt er, þá er það mjög mikilvægt í réttarþjóðfélagi að dómstólar séu sem sjálfstæðastir. Um það efni hefur orðið allmikil umr. í ýmsum löndum, sérstaklega eftir styrjaldarárin síðari. Þá veittu menn því athygli hversu þýðingarmikið það er, að til séu óháðir dómendur. Enn fremur má segja að raddir í þessa átt hafi orðið háværari vegna þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað í ýmsum þeim ríkjum sem kölluð eru velferðarríki, þar sem hið opinbera hefur æ meiri afskipti af ýmsum málefnum og hlutverk dómstóla verður þess vegna oft að dæma í ágreiningsmálum sem rísa af stjórnarframkvæmd eða eru í sambandi við stjórnarframkvæmd og eru þess vegna ágreiningur á milli framkvæmdavalds annars vegar og borgarans hins vegar. Þegar þannig stendur á, þá er það auðvitað mjög þýðingarmikið að borgarinn treysti á það að dómstólarnir séu algjörlega óháðir og séu ekki bundnir framkvæmdavaldinu eða framkvæmdavaldshafanum að neinu leyti.

Raddir um þetta efni hafa heyrst hér á landi eins og annars staðar, og hér hefur löngum gætt nokkurrar tortryggni í garð veitingarvaldhafans sem veitir dómaraembætti, sýslumanns- eða bæjarfógetaembætti, og þar þótt kenna stundum pólitískra sjónarmiða. Er út af fyrir sig ekki

óeðlilegt þó að slíkar raddir hafi kannske sérstaklega heyrst hér vegna þess að skipan þessara mála hefur verið nokkuð á annan veg en víðast hvar annars staðar þar sem dómarar taka almennt ekki þátt í pólitískum störfum. Hins vegar var það lengi vel tíðkað hér á landi og var alsiða, að sýslumenn og bæjarfógetar væru í framboði til Alþ. og væru þm. og skipuðu reyndar sæti á Alþ. með sóma, það vil ég segja, um langa hríð. Þetta hefur að vísu breyst mjög, þannig að það er nú, að ég held, ekki jafnlíkleg framavon til þess að fá þingsæti að komast í sýslumannsembætti eins og það kannske áður þótti. Og ég hygg að almenningsálit færist í það horf að þau störf geti illa saman farið, að sitja á þingi og gegna dómaraembætti.

Það er svo, að það hafa verið í mjög mörgum löndum settar reglur um þetta eða myndast venjur um það, um aðferðir við skipun í dómaraembætti. Það er rakið nokkuð ítarlega í grg. með þessu frv. hverjar þessar reglur eru í hinum ýmsu löndum og hirði ég ekki um að fara að endurtaka það hér. Það hefur þótt rétt að gera tilraun til þess hér að taka í lög ákvæði sem væru að nokkru leyti í líkingu við það sem sums staðar annars staðar tíðkast, sumpart fyrir venju, en sumpart samkv. beinum lagafyrirmælum. Dómstólunum sjálfum eru sums staðar, eins og kemur fram í þessari grg., veitt sérstaklega mikil áhrif á skipan í dómaraembætti. Það hefur ekki þótt fært eða ráðlegt hér að taka þann þátt beint upp. Hins vegar er þess freistað hér að fara vissa millileið, skipa n. þar sem fulltrúi frá Hæstarétti á sæti og hann sé jafnframt formaður í þessari umsagnarnefnd, dómarasamtökin tilnefni annan nm. og dómsmrh. hinn þriðja. Þetta er umsagnarnefnd og hún á að láta uppi skriflega umsögn um dómaraefni eða þá sem sækja um embætti. Veitingavaldið er hins vegar ekki skuldbundið til að fara eftir þeim ábendingum sem koma frá þessari n., en auðvitað má segja að ef álit hennar er eindregið, þá muni þurfa nokkuð ríkar ástæður frá veitingavaldi til þess að víkja frá því sem n. þessi leggur einróma til. Þannig má gera ráð fyrir því að eftir hennar umsögn verði farið, nema þá eitthvað sérstakt komi til. Með þessum hætti er reynt að skapa tryggingu fyrir því, að ekki gæti annarlegra sjónarmiða við skipun í þessi embætti, og jafnframt reynt að gera þó þetta fyrirkomulag það einfalt að það valdi ekki erfiðleikum. Ég held að ef slík skipun kæmist á, þá mundi hún auðvelda veitingavaldhafanum starf hans og eyða tortryggni sem oft gætir í sambandi við embættaveitingar.

Það er að sjálfsögðu svo, að ég hef ekki fremur en aðrir farið varhluta af því að það hefur verið orðað að gætt hafi hlutdrægni í embættisveitingum mínum. En eins og ég sagði áðan, þá hefur það lengi viljað brenna við hér á landi. Ég get þó a. m. k. sagt eitt með góðri samvisku, og það er að ég hef í mínum embættaveitingum algjörlega fylgt lagafyrirmælum og alltaf verið auglýst þau embætti sem laus hafa verið til umsóknar. Það vill nú svo vel til að ég hef ekki enn setið 5 ár, en þó hátt í það, í embætti dómsmrh., en samkv. skrá, sem ég hef látið gera yfir þau embætti sem ég hef veitt á þessu tímabili, eru það 34 stöður. Ég hef skrá yfir þau nöfn og ég verð að segja það, að ég get ekki eyrnamarkað þá marga hverja pólitískt. Og ég tek ekki nærri mér gagnrýni sem kemur fram og er almenns eðlis. Ég vil þá fá ábendingar um einhver tiltekin embætti, einhverjar tilteknar embættisveitingar sem athugaverðar hafa þótt. Á þessu tímabili hef ég sem sagt veitt 34 dómaraembætti. Jafnframt hef ég til hliðsjónar látið gera skrá yfir veitt dómaraembætti á árunum 1935—1965 eða 30 ára tímabili, og á því 30 ára tímabili hafa aðeins verið veitt 68 dómaraembætti. En þá eru það æðimörg tilfelli, þar sem ekki hefur verið farið að lögum að því leyti til, að dómarastöðurnar voru alls ekki auglýstar, heldur skipað í þær án þess að auglýsing ætti sér stað. Það hef ég líka á blaði, hverjar stöður það eru, en ætla ekki að fara að lesa það hér upp nema tilefni gefist til. En ég held sem sagt, að embættaveitingar mínar þoli alveg samanburð við þessar fyrri á 30 ára tímabilinu ef út í samanburð á því ætti að fara. Það ætla ég sem sagt ekki að gera að svo stöddu, en vil leggja áherslu á það, að ég tel þetta frv., sem hér er um að ræða, spor í rétta átt, viðleitni til þess að koma betri skipan á þessi mál og eyða tortryggni sem oft hefur, eins og ég hef þegar sagt, gætt í sambandi við skipun í þau embætti. Ákvæði, sem er að finna í þessu frv., eru mjög í samræmi við það sem nú gildir um skipun dómara í Hæstarétt, nema hvað þar er þá dómurinn sjálfur sem lætur uppi umsögn um umsækjendur, en ekki sérstök nefnd.

Það hafa komið fram á undanförnum árum sérstakar óskir um breytingar í þessa átt, ekki kannske endilega það skipulag sem hér er gert ráð fyrir, en breytingar sem hníga í sömu átt, sérstaklega frá héraðsdómurum hér í Reykjavík, en þar eru náttúrlega þeir starfsmenn, sem í þessum embættum sitja, aðgreindastir frá framkvæmdavaldi og ekki alveg á sama hátt tengdir framkvæmdavaldinu og þegar um sýslumenn er að ræða, þar sem mikill þáttur þeirra starfa eru framkvæmdavaldsstörf, eins og allir þekkja. Það er auðvitað ekki hið æskilega form á þessum málum, þó að það eigi sér langa sögulega hefð hér á landi, heldur er æskilegt að reyna smám saman að stíga í átt til fullkomins aðskilnaðar á milli dómsvalds og framkvæmdavalds. Það verður ekki gert í einu vetfangi, en ég vona að síðar á þessu þingi, þó að það fari nú að styttast í því, þá verði lagt fram frv. um nýja skipan dómstóla á héraðsdómstigi, en fyrir því ætla ég ekki að mæla fyrr en það hefur séð dagsins ljós.

Ég held, herra forseti. að ég þurfi ekki að fara fleiri orðum um þetta mál, af því að frv. sjálft, sem um er að ræða, er mjög skýrt og augljóst hvað í því felst. Ég leyfi mér að leggja til að frv. þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn. Og ég vil mælast til þess, ef mögulegt væri, að hún gæti hraðað störfum þannig að þetta einfalda frv. gæti hlotið afgreiðslu á þessu þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Lyfsölulög, frv. (þskj. 450, n. 569, 570). — 2. umr.

Frsm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. Ed. hefur haft til athugunar frv. til l. um breyt. á lyfsölulögum nr. 30 frá 29. apríl 1963. Höfuðtilgangur þessara breytinga er að í stað „lyfjaskrárnefndar" komi „lyfjanefnd", og er hún skipuð á nokkuð annan veg, þannig að tilnefningin er ekki lengur bundin við embætti, heldur eru það vissir sérfræðingar, sem eiga að skipa þann sess.

Heilbr.- og trn. hefur komist að þeirri niðurstöðu að rétt væri að flytja brtt. við frv., og flytur hún hana á þskj. 570. Fyrri brtt. hljóðar svo: „Yfirdýralæknir og einn héraðsdýralæknir taka sæti" og áfram eins og í frv. Í gr. stendur þetta: „Yfirdýralæknir tekur sæti í lyfjanefnd þegar fjallað er um mál, er sérstaklega varða dýralækningar." En rétt hefur þótt að einn héraðsdýralæknir taki einnig sæti í n. þegar svo stendur á og er þetta gert í samráði við heilbrrn. Enn fremur var það svo, að samkv. ósk rn. var gerð till. um aðra breytingu, þ. e. a. s. fyrir orðið „stofnunum" í 1. mgr. 2. gr. komi: „heilbrigðisstofnunum". Við nánari athugun hefur sú orðið raunin á, að það er talið að það sé ekki þörf á að flytja þessa brtt. og þess vegna leggur n. til að hún verði dregin til baka.

Nefndin hefur rætt frv., fengið umsagnir um það og leggur einróma til að það verði samþ. með þeirri breyt., sem ég hef nú getið um.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég er sammála, eins og kemur fram á nefndarskjalinu, áliti heilbr.- og trn. varðandi þessar breyt. á lyfsölulögunum. Ég vildi aðeins vekja athygli á því hve litlar og smávægilegar þessar breyt. eru, því að í sambandi við þessa löggjöf alla þarf á miklu veigameiri breyt. að ræða en þarna koma fram.

Ég get ekki stillt mig um það, úr því að þessi lyfsölulög eru komin hér á dagskrá, að vekja athygli á frv., sem hæstv. fyrrv. heilbrrh., Magnús Kjartansson, lagði hér fram á sínum tíma um þessi mál öll, um þær breyt. sem ég tel að þurfi að gera á öllum okkar lyfjasölumálum í heild og um hafði þá náðst töluvert viðtækt samkomulag. Ég get vitanlega ekki vænst þess af hæstv. núv. ríkisstj., að hún komi í nokkru til móts við þá miklu breytingu sem þar átti á að gera, og veit reyndar að í hópi þeirra manna er að finna eindregna andstæðinga þeirra breyt. sem þar var meiningin að gera, en voru hiklaust til bóta fyrir almenning í landinu. Ég gat ekki stillt mig um að vekja athygli á þessum merku frv. sem komust aldrei mjög langt hér í þinginu og voru tafin alldyggilega af hv. þáv. stjórnarandstöðu. Ég læt í ljós þá von að sem fyrst verði komið þessum málum öllum á þann veg að þau komist í heilbrigðara og betra form fyrir fólkið í landinu, svo sem meiningin var með frv. Magnúsar Kjartanssonar á sínum tíma, en það gerist vitanlega ekki fyrr en hann eða hans líki sest í þann stól.

Frsm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Í sambandi við þau orð, sem hv. 7. landsk. lét falla hér, vil ég aðeins geta þess, að eins og kemur fram í aths. við þetta frv., þá er starfandi n. að heildarendurskoðun lyfsölulaga. Þetta frv. er aðeins einn lítill liður í starfi hennar, þetta sem frá þeim er komið núna og tekið fram að á haustþinginu muni koma frekari till. Ég vil enn fremur taka það fram, að ég held að hér hafi verið mjög vel á þessum málum haldið og að lyf séu ódýrari hér en í okkar nágrannalöndum og að á dreifingu sé heldur gott skipulag.

Ég vil enn fremur vekja athygli á því í sambandi við eftirlit, sem hefur ekki minni þýðingu en verðlagið, að við höfðum á sínum tíma ágætan forstöðumann fyrir Lyfjaverslun ríkisins sem beinlínis stuðlaði að því, Kristinn heitinn Stefánsson, að hér var aldrei selt það lyf sem hefur valdið einna mestum skaða í Evrópu og reyndar víða um heim á seinni árum, taliomid, sem olli geysilega mörgum vanskapningum víða um heim og varð til mikilla hörmunga. Þetta lyf komst aldrei á lyfjaskrá hérlendis og þess vegna sluppum við við þær hörmungar.

ATKVGR.

Brtt. 570, samþ. með 14 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 570,2 tekin aftur.
2.—4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Fjölbrautaskóli á Norðurlandi vestra, þáltill. (þskj. 458). — Ein umr.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Á þskj. 458 flyt ég till. til þál. um fjölbrautaskóla á Norðurlandi vestra.

Með fjölbrautaskólahugtakinu er, eins og kunnugt er, átt við þess háttar skóla sem sameinar í skipulagi sínu og samræmir ýmsar tegundir framhaldsskólafræðslu sem nú er stunduð í ýmsum sérgreindum skólum, hvort heldur þeir heita menntaskólar, verslunarskólar, iðnskólar, vélskólar, fiskvinnsluskólar, húsmæðraskólar, búnaðarskólar, tónlistarskólar eða handíðaskólar. Þegar er fengið eitt fordæmi um fjölbrautaskóla þar sem er sá tilraunaskóli sem öðlaðist lagagrundvöll á árinu 1973, en þau lög voru upphaflega miðuð við þennan sérstaka tilraunaskóla í Reykjavík. Það vantar á að þessi nýja skipan skólamála hafi verið útfærð á landsmælikvarða, og því miður hefur ekki verið nægjanleg hreyfing í þá átt. En ég vil láta þess hér getið, að við hv. 7 landsk. þm., Helgi F. Seljan, flytjum á öðru þskj. till. þess efnis að sett verði löggjöf um samræmda framhaldsskólafræðslu er taki til landsins alls. Með flutningi þessarar till. sérstaklega um Norðurl. v. er gengið út frá því að kerfi þetta verði upp tekið um land allt.

Í þessari till. er gert ráð fyrir því að um verði að ræða kennslu á nokkrum stöðum í fræðsluumdæminu, en að skólastarfið verði byggt upp sem ein heild með náinni samvinnu og verkaskiptingu milli skólastaða.

Gert er ráð fyrir því að á tveimur skólastöðum verði starfrækt bóknámsbraut, þ. e. a. s. undirstöðunám til undirbúnings stúdentsprófi sem jafnframt yrði undirstöðunám á öðrum sviðum

bóklegs náms án þess að það leiddi til stúdentsprófs. Um yrði að ræða ýmsar námsbrautir eftir því sem aðstæður leyfa, t. d. tungumáladeild, raungreinadeild, náttúrufræðideild.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því að stofnuð verði sérstök iðn- og tæknibraut sem skiptist milli skólastaða eftir því, sem hagkvæmast þykir. Í því sambandi er rétt að láta þess getið að aðstaða er sérstaklega góð á Siglufirði til þess að þar fari fram kennsla í sjómennsku, matvælatækni og vélstjórn, enda samræmist það vel aðstæðum í siglfirsku atvinnulífi. Gagnfræðaskólinn á Siglufirði hefur einmitt horfið inn á þá braut að byggja upp námsbrautir á þessu sviði, og yrði því samþykkt þessarar till. í reynd beint framhald af því sem nú er verið að gera þar.

Á einum skólastaðnum yrði svo sérstök viðskipta- og verslunarbraut sem samsvari fjögurra ára námi, en á öðrum verði um að ræða tveggja ára nám.

Í till. er einnig gert ráð fyrir því, að námsbrautir í heimilisfræðum, hússtjórn og búfræði falli inn í þetta skólahald. Fengist það að sjálfsögðu í þeim búnaða- og hússtjórnarskólum sem fyrir eru í þessu kjördæmi, þ. e. a. s. á Hólum í Hjaltadal, Löngumýri og á Blönduósi. Einnig koma til greina námsbrautir á sviði lista, eftir því sem aðstæður leyfa og mundu þær skiptast milli skólastaða. Kemur þar einkum til greina tónmennt, myndlist og önnur handmennt.

Menn munu velta því fyrir sér hvort raunhæft sé að byggja upp skólastarf af þessu tagi í svo litlu kjördæmi sem Norðurl. v. er. En því er til að svara, að í grg. frv. er ítarlega farið út í að kanna hvort ekki sé fyrir hendi nemendafjöldi til grundvallar þessu skólastarfi, og miðað við það, sem nú er verið að undirbúa í öðrum kjördæmum, m. a. á Austurlandi, þá virðist það fullkomlega raunhæft. En vegna fámennis og vegna margbreytileika námsins er ljóst að ýmis vandamál geta komið upp í þessu sambandi, og einmitt þess vegna er gert ráð fyrir því í till. að skólastarfið verði skipulagt í áfangakerfi sem sameini námshópa úr ýmsum námsbrautum án tillits til hefðbundinnar bekkjaskiptingar og geri þannig framkvæmanlegt að fá sérmenntaða kennara til að fara á milli skólanna og standa fyrir námskeiðum. Hér er sem sagt gert ráð fyrir því að að nokkru leyti verði farið inn á nýjar brautir í skipulagningu skólastarfsins.

Ég flutti mjög ítarlega og langa framsöguræðu fyrir þessari till. þegar hún kom fram í fyrsta skipti, fyrir einu ári, og sé ekki ástæðu til að endurtaka það hér, en leyfi mér að vísa til ítarlegrar grg. sem fylgir till. Ég læt aðeins nægja að taka það fram að till. er óbreytt frá því sem var áður, að öðru leyti en því að í fyrra voru tilteknir þrír skólastaðir sem sérstaklega yrðu aðalmiðstöðvar skólastarfsins, það voru nefndir Siglufjörður, Sauðárkrókur og Blönduós. En réttara þótti við endurflutning málsins að tiltaka ekkert um hvaða skólastaðir kæmu þarna til álita, heldur gæfist þá frekar tóm til þess að ræða það ítarlega innan væntanlegrar skólanefndar og væri þá hægt að taka ákvörðun um það, eftir að ákvörðun hefði verið tekin um að koma skólanum upp.

Herra forseti. Ég sé enga ástæðu til þess að fjölyrða um þetta mál, þar sem ég hef sem sagt flutt ítarlega framsöguræðu fyrir því áður hér á Alþ. og enn fylgir till. ítarleg grg., en leyfi mér að leggja til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. menntmn.

ATKVGR.

Till. vísað til menntmn. með 13 shlj. atkv. og umr. frestað.

Fjarskipti, frv. (þskj. 497). — 1. umr.

Flm. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Við hv. þm. Helgi F. Seljan flytjum hér frv., þó fremur tvö en eitt, sem varða möguleika á því að lömuðu fólki eða bækluðu til gangs, svo að allt að því ósjálfbjarga megi kalla, verði gert kleift eða a. m. k. auðveldað að fá talstöðvar í bíla sína. Í grg. með þessu frv. segir:

„Hér er um að ræða mjög svo brýna nauðsyn fyrir fatlaða, að stuðlað verði að því að þeir geti haft talstöð í bíl sínum. Ætlast er til þess af hálfu flm., að undanþága þessi nái einungis til fólks sem er svo illa bæklað til gangs að það kemst tæpast eða ekki hjálparlaust milli húsa og bifreiða í sæmilegu veðri, en slíkt fólk getur átt líf sitt undir því, ef bíll bilar á vegum úti, festist í ófærð eða lendir út af vegi, að geta þá kallað á hjálp.

Samkvæmt upplýsingum Landssímans er starfrækslugjald talstöðva nú frá 1. apríl 1976 10 200 kr. auk söluskatts, en að sjálfsögðu yrði hann einnig gefinn eftir. Í gjaldinu felst greiðsla fyrir nánar tilgreindan fjölda samtala.“

Eins og ég sagði í upphafi, þá leggjum við hv. þm. Helgi F. Seljan samtímis fram frv. þar sem gert er ráð fyrir annarri fyrirgreiðslu sem miðar að því að auðvelda fötluðu fólki, sem slíks þarf með, að komast yfir talstöðvar í bíla sína.

Ég þarf nú ekki að halda langa ræðu með þessu frv., en ég vil vekja athygli á því, að enda þótt við kveðum á um að hér sé einkum miðað við þörf þess fólks sem er mjög illa bæklað til gangs, þá er því ekki að neita að álíka mun farið ýmsum brjóstholssjúklingum, að þeir munu ekki síður hafa þörf fyrir öryggistæki af þessari gerð.

Við komumst svo að orði í efnisgrein að ráðh. sé heimilt að fenginni umsögn tryggingaráðs og Tryggingastofnunar ríkisins að veita fötluðu fólki, lömuðu eða bækluðu til gangs undanþágu frá greiðslu starfrækslugjalds vegna talstöðva í bifreiðum þess. Raunar er það skoðun mín að enda þótt búa verði þannig um hnútana að heimild þessi verði ekki misnotuð, sem má nú raunar vera auðvelt með ákvæðinu um umsögn tryggingaráðs og Tryggingastofnunar ríkisins, þá sé hér um að ræða þess háttar tæki að ekki megi heldur vegna ótta við misnotkun útiloka það að fólk, sem ekki hefur hlotið ytri bæklun til gangs, en geti þurft þessara tækja með vegna annarrar bæklunar eða vanheilsu, geti orðið þess arna aðnjótandi. Ég er raunar viss um að jafnvel í almennum innanbæjarakstri þessa fólks milli heimilis og vinnustaðar geti tæki af þessari gerð bjarg-

að lífi ef svo ber við. Allmargt fólk hér á landi hefur fengið aðstöðu til þess að stunda vinnu fjarri heimili sínu þó það sé raunar illa fært að bjarga sér milli húss og bifreiðar jafnvel í góðu veðri.

Ég ætla ekki að tala lengra mál með þessu fyrra frv. þar eð síðara frv. sem lýtur að sama máli, kemur hér rétt á eftir.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Þegar ég kvaddi mér hljóðs hélt ég að ég væri að kveðja mér hljóðs um það mál sem virðist eiga að koma hér næst á eftir, en það er frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 1974, um tollskrá o. fl. (vegna fatlaðs fólks). En ég skal ekki hafa þessa ræðu mína miklu lengri. Ég ætla að hafa hana góða og segja það eingöngu að ég legg til að þessi frv. bæði, þetta frv., sem nú er til umr., og eins það sem kemur hér næst til umr., verði samþ. og helst samhljóða í þessari hv. deild.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 13 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 496). — 1. umr.

Flm. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Hér er um að ræða mál sem varðar hið fyrra frv. sem ég hef nýlokið við að mæla með. Í frv. er svo ráð fyrir gert að á eftir 37. lið 3. gr. l. nr. 6 frá 1974, um tollskrá o. fl. komi nýr liður, svo hljóðandi, en aðrir liðir merkist samkvæmt því: „Að lækka eða fella niður gjöld að fenginni umsögn tryggingaráðs og Tryggingastofnunar ríkisins af talstöðvum í bifreiðar fatlaðs fólks sem lamað er eða bæklað til gangs. Eftirgjöf þessi nái einnig til smíðaefnis í slíkar talstöðvar fyrir fatlaða." Í grg. segir á líkan hátt og í grg. með fyrra frv. um nauðsyn þess að bækluðu fólki verði auðveldað að komast yfir öryggistæki af þessari gerð. Landssími Íslands lætur nú smíða miðbylgjustöðvar sem þykja allgóðar til notkunar í bílum. Stöðvar þessar kosta 380 þús. kr. og eru heldur ódýrari en innfluttar stöðvar samsvarandi. Tollur af smíðaefni í stöðvar þessar nemur 35%. Talstöðvar af þessari tegund eru í tollflokki nr. 85 1532 og er tollur af þeim einnig 35%. Þess má geta, að algengt er að útgerðarmenn, sem láta smíða fiskiskip erlendis og búa þau tækjum þar, fái eftirgjöf innflutningstolla af talstöðvum.

Mér er kunnugt um, að menn þykjast sjá meinbug nokkurn á niðurlagi efnisgr. í lagafrv., þ. e. a. s. á því að eftirgjöf þessi nái einnig til smíðaefnis fyrir slíkar talstöðvar fyrir fatlaða. En samkvæmt upplýsingum sem ég hef aflað mér hjá talstöðvasmiðju Landssímans ætti ekki að vera erfitt að draga frá eða marka sérstaklega út það efni, sem fer í þær talstöðvar sem fötluðu fólki yrðu fengnar frá Landssímanum til þess arna.

Ég ítreka aðeins það, sem ég sagði í sambandi við fyrra frv. um nauðsyn þess að illa fatlað fólk fái tæki af þessari tegund í bíla sína, og óska þess að þessu máli verði vísað til fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. (þskj. 564). — 1. umr.

Flm. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér frv. til l. um breyt. um breyt. á l. nr. 101 frá 1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Ég vil hefja mál mitt með því að vitna í lög og það að gefnu tilefni útvarpssamtals landbrh. Það segir í 34. gr. framleiðsluráðslaganna: „Ríkisstj. (landbrn.) hefur einkarétt til að flytja til landsins kartöflur og nýtt grænmeti." Ríkisstj. eða landbrn. hefur síðan falið samtökum framleiðenda, þ. e. Framleiðsluráði landbúnaðarins, sem er ekki ríkisstofnun, — ég endurtek: samtökum framleiðenda forsjá þessa málaflokks.

Undanfarið hefur mikið verið skrifað um gæði þeirrar vöru, sem Grænmetisverslun landbúnaðarins hefur flutt inn, og þá aðallega um kartöflur.

Þær brtt., sem ég leyfi mér að flytja, eru svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„1. gr.: 31. gr. l. orðist svo:

Framleiðsluráð landbúnaðarins getur annast sölumál fyrir matjurta- og gróðurhúsaframleiðslu. Í því starfi skal það stuðla að því að fullnægt verði sanngjörnum óskum framleiðenda og neytenda.

2. gr.: 34. gr. orðist svo:

Varðandi innflutning og sölu matjurta- og gróðurhúsaframleiðslu gilda ákvæði l. nr. 17/1927, um varnir gegn sýkingu nytjajurta, eins og við á.

3. gr.: 36. gr. l. orðist svo:

Grænmetisverslun landbúnaðarins vinnur að því, að komið verði upp þar sem hentugt þykir vönduðum og hæfilega stórum geymslum fyrir garðávexti og grænmeti á helstu framleiðslu- og sölustöðum með hliðsjón af samgöngum og öðrum aðstæðum.

4. gr.: 37. gr. l. orðaðist svo:

Til þess að tryggja árvissa sölu garðávaxta skal Grænmetisverslun landbúnaðarins leitast við að hafa tiltæk úrræði til að taka á móti og koma í verð þeim hluta garðávaxtaframleiðslu sem ekki selst til manneldis hverju sinni.

5. gr.: 1. málsliður 38. gr. l. fellur niður.

6. gr.: Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1977."

Ég hef látið prenta stutta grg. með þessu frv. Hún er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Með þessu frv. er lagt til að einokunarákvæði um sölu á matjurta- og gróðurhúsaframleiðslu verði numin úr lögum. Ekki er gerð önnur breyting á starfsemi Grænmetisverslunar landbúnaðarins. Lagt er til að lögin taki ekki gildi fyrr en 1. jan. 1977, þannig að Grænmetisverslun landbúnaðarins, núv. framleiðendur og hugsanlega nýir heildsöludreifendur fái nokkurn aðlögunartíma þar til lögin taka gildi."

Ég held að þetta skýri sig nokkuð vel sjálft, en ég hef þó ekki lokið máli mínu, en vil leyfa mér, áður en ég held áfram, að vitna til ummæla

hæstv. viðskrh. í umr., sem hér áttu sér stað á föstudaginn síðdegis í Sþ., þar sem hann lét þau orð falla að einokunarrekstrarform hefur reynst illa. Ég leyfi mér því að vonast til þess með nokkrum rökum, að hæstv. viðskrh. samþ. þessa till. mína eða frv. til laga.

Með þessu frv., sem er flutt að tilhlutan Verslunarráðs Íslands að minni ósk, er lagt til að einokunarákvæði um sölu á matjurta- og gróðurhúsaframleiðslu verði numin úr lögum. Ekki er gerð önnur breyting á starfsemi Grænmetisverslunar landbúnaðarins. Lagt er til að lögin taki ekki gildi fyrr en 1. jan. 1977, þannig að Grænmetisverslun landbúnaðarins og núverandi framleiðendur og hugsanlegir heildsöludreifendur fá nokkurn aðlögunartíma þar til lögin taka gildi.

Einokun er þjóðhagslega óhagkvæmt fyrirkomulag á framleiðslu og sölu vöru og þjónustu. Því ber að forðast einokun, þar sem unnt er. Allir eru sammála um ókosti einokunarverslunar dana á Íslandi, en einokun okkar sjálfra er sama marki brennd. Neytendum er boðið minna vöruúrval á hærra verði en væri ef samkeppni ríkti. Einnig er öll þjónusta framleiðenda og seljenda að jafnaði lakari. Einokun er því fyrirkomulag á framleiðslu og sölu þar sem framleiðanda eða seljanda er sköpuð aðstaða til þess að hagnast á ósanngjarnan hátt á kostnað neytenda og alþjóðar. Fyrir Alþ. er því ekki verjandi að lögfesta slíkt sölufyrirkomulag, sem er andstætt hagsmunum þjóðarheildarinnar.

Þó að ég reikni með að þm. séu ljósir ókostir einokunar, sérstaklega að því er varðar Grænmetisverslun landbúnaðarins, svo mjög hafa þau mál verið rædd undanfarið, held ég samt að að okkur sé öllum hollt að rifja upp þessa ókosti.

Í dagblöðunum að undanförnu hefur komið fram að mun fátæklegra úrval er á grænmeti almennt hérlendis en erlendis. Þegar kartöflurnar eru teknar fyrir, þá er sagan mun ljótari. Ekki er langt síðan hér var kartöfluskortur og kartöflur ófáanlegar hérlendis um nokkurt skeið og að ástæðulausu. Því næst er almenningi boðið upp á erlendar kartöflur í sömu brúnu pokunum, sem enginn veit hvað er í. Dagblöðin hafa að undanförnu verið full af „gæðayfirlýsingum“ um þessar kartöflur ásamt myndum af útliti þeirra og fylgidýrum. Ekki ætla ég að lesa allt það hér sem skrifað hefur verið í blöðin, en samnefnarar þessara kvartana eru þannig:

1) Helmingur kartaflnanna er sjáanlega ónýtur þegar pokarnir eru opnaðir.

2) Helmingur þess, sem soðið er, reynist ónýtur þegar kartöflurnar eru afhýddar.

3) Þær kartöflur, sem á borð komast, eru þar enn þegar máltíð lýkur.

Ég held ég láti þetta nægja um það úval og þá þjónustu sem almenningi er boðið upp á, enda er hún alþekkt.

Hvort verð á kartöflum er hærra en það ætti að vera vegna einokunarinnar, því verður ekki svarað beint, þar sem við getum aldrei vitað hvert verið væri ef samkeppni væri á markaðnum. Til þess vantar samkeppnina. Hins vegar má líta á hvernig verð á kartöflum hefur breyst miðað við aðra matvöru og matvörur almennt. Í nóv. 1970 voru kartöflur ekki niðurgreiddar, en niðurgreiðsla á þessum vörum hófust í byrjun des. 1970. Síðan þá og þar til í nóv. í fyrra hefur útsöluverð á kartöflum hækkað um 225.5%—226.5%, en verð á eggjum, sem seld eru í frjálsri samkeppni, án afskipta verðlagsyfirvalda, hefur einungis hækkað um 177.3%. Matvara almennt hefur hins vegar hækkað um 237.3% og vara og þjónusta um 238.7%. Þessi hugmynd, sem útsöluverðið gefur, er þó villandi þar sem hvert kg af kartöflum var niðurgreitt um 18.82 kr. Raunverulegt verð á kartöflum hefur því hækkað um 307.5%—317.5% eftir því um hvorn verðflokkinn er að ræða, 1. eða 2. flokk. Þannig má sýna fram á að verð á kartöflum hefur hækkað um 140% umfram hækkun á verði eggja, um 80% umfram almenna hækkun matvöru, um tæp 80% umfram hækkun á almennu vöruverði.

Hér að framan hef ég sýnt fram á að almennar mótbárur gegn einokun, hærra verð, minna úrval og léleg þjónusta, eiga við um Grænmetisverslun landbúnaðarins jafnt og aðra einokun. Því ber að afnema þessa einokun til hagsbóta fyrir framleiðendur, aðra hugsanlega heildsöludreifendur og umfram allt hinn almenna neytanda, fólkið í landinu eða þjóðina sjálfa. Í þessum till. er þó ekki lagt til að leggja Grænmetisverslunina niður, heldur einungis það gert löglegt að samkeppni megi vera í verslun með þessa vöru. Að leyfa slíka samkeppni ætti ekki að skapa Grænmetisversluninni mikinn vanda ef hún hefur sinnt starfi sínu vel, þar sem hún nú ræður markaðnum. En hafi hún sinnt því illa er nauðsyn á afnámi einokunarinnar enn þá brýnni.

Herra forseti. Ég er hér með blaðagreinar eða réttara sagt blaðaviðtöl sem Alþýðublaðið hefur tekið og með leyfi ætla ég að rifja þær upp. Föstudaginn 30. f. m. skrifar Alþýðublaðið grein með þessari fyrirsögn: „Pólsku kartöflurnar falla í slæman jarðveg hjá neytendum.“ Síðan hefur blaðið viðtal við almenning, verslanir fyrst af handahófi og síðan húsmæður. Ég hleyp yfir það sem blaðamaðurinn skrifar frá eigin brjósti og fer í fyrsta viðtalið, við verslunarstjóra Dalvers, en þar segir:

„Það er nokkuð misjafnt hvernig fólk lætur af þessum nýju kartöflum. Sumir segja þær ekki vera manneldisfóður, aðrir láta betur af þeim. Pokarnir eru misjafnir og hefur því verið skotið að okkur hérna að líklega hafi þeim mexíkönsku verið blandað saman við þær pólsku.“ Ég ætla að skjóta því hér inn í að þetta er slæm ásökun. „Fólk segir sumar kartöflurnar vera kolsvartar og gegnum þær gangi einhvers konar spírur.“

Í Suðurveri er svarið svo hljóðandi:

„Þær eru sagðar vera aðeins skárri en þær sem komu frá Mexíkó. Margir eru þó mjög óánægðir með þessar pólsku, þær eru yfirleitt stórar og nokkuð mikið um að þær séu skemmdar að innan.“

Í kjötverslun Tómasar var því aðeins svarað til að fólki líkaði þær mjög illa og fyndi þeim allt til foráttu.

Í Kjörbæ var svarið:

„Ekki lætur fólk neitt sérstaklega vel af þeim. Þó er það almennt ánægðara með þær pólsku en þær mexíkönsku. En það verður þó ekki sagt að fólk sé yfirleitt yfir sig ánægt. Innan um allt er ein og ein kartafla mjög skemmd, en það kemur

ekki í ljós fyrr en búið er að sjóða þær og ætlunin er að fara að neyta þeirra og sýnir þá að matvaran er ekki lengur mannafæða."

Það eru viðtöl við fleiri verslanir og kaupmenn sem ég ætla að sleppa til að stytta tímann, það er mikil pressa á tíma hv. d., en minnast á ummæli húsmæðra. Það er talað við húsmóður í Torfufelli. Hún segir að pólsku kartöflurnar séu hreint svínafóður og ekki hótinu skárri en mexíkönsku sem tóku út yfir allan þjófabálk. Ég sé ekki ástæðu til að lesa það sem ég ætlaði að lesa hér í framhaldi af þessu né heldur grein sem birtist degi seinna í sama blaði um athugun, sem það dagblað sem ég vitnaði í, gerði á starfsemi Grænmetisverslunarinnar og þeirri vörutegund sem Grænmetisverslunin hefur boðið undanfarið. En ég held að það fari ekki á milli mála að það er full þörf á að gefa innflutning á þessari vörutegund frjálsan, þannig að eðlileg samkeppni skapist og vörugæði gætu aukist á sama tíma sem samkeppni yrði þá um verð. En vegna þess að hæstv. landbrh. er nú staddur hér í d., þá ætla ég að leiðrétta það sem fram kom hjá honum í viðtali við alþjóð í gærkvöld og vitna hér í bréf, sem skrifað var landbúnaðarráðuneytinu, Arnarhvoli, Reykjavík, 26. apríl 1976 og barst mér í morgun boðsent, en það er svo hljóðandi:

„Með vísun til 34. gr. laga nr. 101/1967 förum við hér með fram á við hið háa rn. að fá heimild til þess að flytja inn til landsins á þessu ári nýtt grænmeti samkv. tollskrárnr." — sem eru talin upp — „fyrir allt að 35 millj. kr. Eins og rn. er kunnugt hefur fyrirtæki okkar í áratugi annast innflutning, geymslu og dreifingu til verslana á nýjum ávöxtum. Í þessu sambandi viljum við vekja athygli á því að sumar tegundir nýrra ávaxta eru taldar viðkvæmari í geymslu og dreifingu en nýtt grænmeti. En þrátt fyrir það hefur tekist að sjá um þessa þjónustu við verslanir, enda hefur fyrirtækið komið upp fullkominni ávaxta- og grænmetisgeymslu.

Virðingarfyllst,
Eggert Kristjánsson & Co."

Ég sé að hæstv. ráðh. telur ekki ástæðu til þess að sýna, hvorki mér né þessari hv. d., þann heiður að hlusta á mál mitt þrátt fyrir óskir mínar, svo að ég ætla að láta máli mínu lokið í von um að í málflutningi þeirra, sem mæla á móti frv., komi fram heldur meiri kurteisi en ráðh. virtist viðhafa.

Ingi Tryggvason: Herra forseti. Það er nú víst skammur tími til ræðuhalda, en mig langar samt til að segja örfá orð í tilefni af frv. og ræðu hv. 12. þm. Reykv. Það er rétt, sem fram kom í máli hans, að ríkisstj. hefur að undanförnu framselt einkaleyfi til innflutnings á kartöflum til Grænmetisverslunar landbúnaðarins. Eftir því sem ég skil þetta frv., sem hér liggur fyrir, og málflutning flytjanda frv., þá er gert ráð fyrir að þetta einkaleyfi verði fellt niður og innflutningur á kartöflum og grænmeti gefinn frjáls.

Ég ætla mér ekki hér á þessum vettvangi að fara að deila almennt um hagkvæmni verslunarfrelsis og verslunartakmarkana. En ég vildi aðeins gera grein fyrir því hvers vegna þessi háttur er á hafður einmitt um kartöflurnar. Til þess liggja alveg sérstakar ástæður sem mér finnst nauðsynlegt að við höfum í huga þegar ákvarðanir eru teknar um þetta mál. Við vitum öll að Ísland liggur á norðurmörkum þess veðráttufars sem hentar til kartöfluræktar, þannig að kartöfluræktin hér í landinu gengur mjög misjafnlega. Í góðum árum gengur hún vel, í lakari árum miður og jafnvel getur svo farið í einstökum árum að kartöfluuppskera bregðist hér að verulegu leyti. Þetta ástand veldur því auðvitað að kartöfluræktin hér á undir ýmsum kringumstæðum erfiða samkeppnisaðstöðu við kartöfluræktarmenn í nágrannalöndum og þó lengra væri farið. Hins vegar er það svo, að einmitt þessi erfiða aðstaða veldur því líka að menn mundu alls ekki rækta hér kartöflur til sölu nema þeir hefðu nokkurn veginn öruggan markað fyrir framleiðslu sína. Ef það væri gefinn algjörlega frjáls innflutningur á kartöflum, þá mundi það leiða til þess að þegar góð kartöfluár væru í nágrenninu, þá fengjum við hingað ódýrar kartöflur og þær kartöflur ættu þá auðvelda samkeppni við innlenda framleiðslu. Ef aftur á móti harðnaði í ári í nágrannalöndunum eða af einhverjum ástæðum yrði þar skortur á kartöflum, þá þýddi þetta öfugt og við yrðum að borga hærra verð fyrir hina erlendu framleiðslu heldur en þá innlendu. Það er einmitt það sem gerist nú. Verð þeirra kartaflna, sem fluttar eru inn nú, er til muna hærra en það verð, sem Sexmannanefnd hefur ákveðið á innlendri kartöflframleiðslu. En því miður er innlenda kartöflframleiðslan nú um það bil öll að verða seld og alllangt síðan skortur varð á innlendum kartöflum í stórum landshlutum. Því er þess vegna á engan hátt að leyna að þessi háttur, sem hafður er á innflutningi kartaflna, er til þess gerður öðrum þræði að vernda hagsmuni framleiðenda. Jafnframt hefur svo verið í gildi löggjöf sem hefur átt að vernda hagsmuni neytenda. Ég hygg að að öllu samanlögðu megi segja að það hafi tekist a. m. k. mjög sómasamlega. Um það má þó vafalaust deila og örugglega má finna dæmi um að það hefði verið hægt að fá ódýrari kartöflur með einhverjum öðrum hætti eða einhvers staðar annars staðar að heldur en þær hafa verið keyptar. En samt sem áður hef ég hvergi séð nein fullnægjandi rök fyrir því að í heild hafi innkaupum Grænmetisverslunar landbúnaðarins verið óhaganlega fyrir komið.

Það ástand, sem nú ríkir á kartöflumarkaðinum, er talsvert óvenjulegt. Það hefur verið gerð grein fyrir því á opinberum vettvangi að innflutningur kartaflna til landsins, þeirra kartaflna sem hafði verið samið um kaup á, tafðist vegna frosta í Mið-Evrópu. Það voru fluttar kartöflur annars staðar að eða frá Mexíkó, og ég man ekki betur en það kæmu alveg sérstök meðmæli með þeim kartöflum fram í dagblöðum áður en þær voru fluttar hingað. Þær reyndust þó ekki góðar þegar til kom og voru skemmdar. Vafalaust er eitthvað að þeim kartöflum, sem nú eru fluttar frá Póllandi. Vafalaust má finna þar einhverjar skemmdir og ég get því miður ákaflega lítið dæmt um það af eigin reynd. Mér skildist að hv. flm. hefði af því heldur ömurlega reynslu, þar sem þær væru alls ekki borðaðar, eða mér fannst reikningsdæmið koma þannig út. Ég get sagt frá því til gamans að ég borðaði af þessum kartöflum í

morgun í fyrsta skipti og þær voru bara góðar að mínum dómi. En ætli það sé ekki einmitt einn vandinn við þetta, að þær umsagnir, sem verið er að lesa hér úr blöðum, eru ærið misjafnar, líklega eins og mennirnir eru? Mig minnir að einn verslunarstjóri segði að það væri ekki hægt að segja að fólkið væri yfir sig ánægt eða yfir sig hrifið af kartöflunum. Mér finnst að þetta geti hljóðað sem lof um kartöflurnar, ég veit ekki hversu mikið lof, en þetta er vitanlega ekki ný uppskera og ekki eins góðar kartöflur og nýjar væru.

Það var aðeins minnst hér á fleiri atriði sem ég hef ekki tíma til að gera mikil skil. Það var t. d. minnst á pokana sem vissulega hafa verið mjög mikið gagnrýndir. Það hefur mjög oft verið rætt um þetta vandamál að velja umbúðir utan um þær kartöflur sem seldar eru, en niðurstaðan hefur þó alltaf orðið sú, að þrátt fyrir allt væru þetta hentugustu umbúðirnar, bréfpokarnir. Ef sú vara, sem í þeim er, er ónýt, þá er hægt að skila þeim. Hins vegar er það rétt, að kartöflurnar sjást ekki í pokunum. Þeir pokar, sem kæmu til greina og sýndu kartöflurnar, hafa ýmsa aðra ókosti. Þeir t. d. leka óhreinindum. þannig að kaupmenn eru tregir að hafa þá í verslunum sínum. Þeir eru miklu dýrari, þeir pokar sem hafa verið á boðstólum af öðru tagi, og kartöflurnar þola lakar geymslu í ýmsum þessum umbúðum öðrum. Bréfið hefur þann kost að kartöflurnar geta andað þó þær séu í bréfinu. Þær eru þar í myrkri sem sömuleiðis er nauðsynlegt til þess að kartaflan geymist vel. Að öllu samanlögðu hafa þetta þó þótt hentugustu og ódýrustu umbúðirnar. Vel getur verið, að hægt sé að finna betri umbúðir, og væri ákaflega æskilegt að sem flestar upplýsingar um slíka hluti kæmu bæði til verðlagsyfirvalda og Grænmetisverslunar landbúnaðarins.

Það getur vel verið að þetta frv. sé ekki flutt til þess að skapa Grænmetisversluninni neinn vanda. Ég óttast þó að ef það yrði að lögum, þá mundi það skapa almennan vanda, ekki síður neytenda heldur en annarra. Það yrði óstöðugur markaður fyrir þessa vöru, við hættum að framleiða kartöflur sjálfir nema að mjög takmörkuðu leyti, yrðum öðrum háðir um innflutning á þessari vöru, fengjum vafalaust stundum bæði góðar kartöflur og ódýrar, aðra tíma fengjum við þær jafnvel kannske alls ekki eða það væru örðugleikar á því, og svona mætti lengi telja vankanta. Ég tel þó að það sé mjög mikilvægt öryggisatriði í okkar matvælaframleiðslu að viðhalda kartöflurækt og miða hana við það að við verðum í aðalatriðum sjálfum okkur nógir. En til þess að svo megi verða áfram, þá held ég að það sé óhjákvæmilegt að við tryggjum þeim mönnum, sem vilja framleiða kartöflur fyrir íslenska neytendur, — tryggjum þeim markað svo fremi þeir hafi á boðstólum góða vöru og framleidda fyrir markaðinn hér.

Ég orðlengi svo ekki meira um þetta að þessu sinni. Ég vil þó bæta því við, að mér finnst sjálfsagt að þetta frv. fái eðlilega meðferð þingsins og sé athugað. Þó að ég sjái á því ákveðna vankanta, þá er þetta mál sem marga skiptir, og mér finnst sjálfsagt að það sé athugað sem gaumgæfilegast og frá sem flestum hliðum.

Flm. (Albert Guðmundsson): Hæstv. forseti. Ég get ekki neitað því að ég átti von á einhverju slíku tali úr þessari átt, það kom mér ekki á óvart. En ég vil ítreka það að hv. d. eða hæstv. Alþ. hefur falið landbn. meðferð þessara mála og landbn. falið þau samtökum framleiðenda sem gerast innflytjendur um leið. Það getur vel verið að þetta sé rétt leið, ég er ekki að leggja neinn dóm á það. En það er augljóst að Grænmetisverslun landbúnaðarins í því formi, sem hún hefur starfað, hefur gjörsamlega brugðist skyldu sinni. Ég legg þó ekki til að hún verði lögð niður, heldur að eðlileg samkeppni verði henni við hlið.

Varðandi markað fyrir íslenskar kartöflur hér heima fyrir ef uppskera erlendis er góð og verð á íslenskum kartöflum og íslensku grænmeti undirboðið, þá eru hagstjórnartæki til þess að fyrirbyggja innflutning á erlendum vörutegundum ef við höfum nægilegt magn á einhverjum tíma hér heima af góðri vöru. Þetta er því eins og að blása út í loftið, að tala eins og hv. síðasti ræðumaður talaði.

Hv. síðasti ræðumaður heldur því fram að það fyrirkomulag, það kerfi, sem við búum við, virðist vera óhagganlegt. Ég ætla að leyfa mér að vitna hér, með leyfi hæstv. forseta, í ummæli formanns Neytendasamtakanna, en hann segir í viðtali:

„Neytendasamtökin hafa reynt að koma í veg fyrir að þessi vara væri flutt til landsins, en það er á einskis annars valdi en heilbrigðisyfirvalda að stöðva innflutning á skemmdri vöru. Við höfum reynt að benda á hvað hér er raunverulega að gerast, en eins og sjá má hefur þeim ábendingum ekki verið sinnt. Við höfum sem sagt ekkert vald til þess að stöðva svona innflutning, þó ekki skorti til þess viljann.“

Ég sé ekki ástæðu til að lesa það sem hann segir áfram. Það er um annað mál, en kemur þó einokun við, þegar einokunarfyrirtæki ákveður í hvaða magni hver og einn skal kaupa. Hann segir að það sé ekki aðeins óhentugt fyrir fátækt, gamalt fólk, sem ekki hefur efni á að kaupa mikið magn í einu, að leggja út fyrir vörunni sem skemmist svo í hita við geymslu, heldur líka erfiðleikum bundið fyrir gamalt fólk að bera 5 kg poka frá verslun og heim til sín. Það er því margt sem kemur hér inn í annað en bara skemmda varan.

Þar fyrir utan vitnaði ég hér í verð á vörunni og hvað hún hefur hækkað umfram það sem önnur matvara hefur hækkað. Það er kannske skýringin á því að þetta er eina fyrirtækið a. m. k. í Reykjavík sem er gulli búið í umgerð sinni. Þetta er best búna og virðulegasta og reisulegasta bygging sem er utan um eitt verslunarfyrirtæki í Reykjavík. Það furðar kannske engan þegar þeir sjá hver álagningin virðist vera.

Ég kom nú aðallega aftur í ræðustólinn, ekki kannske til að svara hæstv. síðasta ræðumanni, heldur til þess að bæta því við mína ræðu að ég óska eftir að þessu frv. verði vísað til fjh.- og viðskn.

Ingi Tryggvason: Herra forseti. Sá, sem einu sinni hefur blásið, hann hlýtur að mega blása aftur. Það, sem ég vildi fyrst og fremst gera athugasemd við hjá hv. 12. þm. Reykv., er sú full-

yrðing, að Grænmetisverslunin hafi gjörsamlega brugðist hlutverki sínu. Ég hef ekki sannfæringu fyrir því, að þessi fullyrðing sé rétt, og ég hef enga sannfæringu fyrir því, þó að hæfist hér samkeppni um innflutning, að það mundi breyta miklu kartöflugæðunum. Þær eru misjafnar, kartöflurnar. Það er af ýmsum ástæðum misjafnlega auðvelt að fá góðar kartöflur, og það mun út af fyrir sig ekki breytast þó að fleiri flytji þær inn.

Annað, sem ég vildi nefna, er að kartöflur hafa alltaf verið hér undir mjög ströngu verðlagseftirliti. Innlendar kartöflur eru verðlagðar af Sexmannanefnd, og Sexmannanefnd fylgist mjög nákvæmlega með reikningum Grænmetisverslunarinnar yfir kostnað við flokkun og pökkun og annan rekstrarkostnað verslunarinnar. Það er rétt að Grænmetisverslun landbúnaðarins á ágætt hús yfir sig. Þetta hús er gamalt og ágætt. En ég tel það enga goðgá að þessi viðskipti hafi sæmilega húsnæðisaðstöðu. Það er Grænmetisversluninni nauðsynlegt. Hún hefur lagt í mikinn kostnað við geymslur sem eru því miður kannske varla nógu miklar. Kartöflurnar eru geymdar bæði hér í Reykjavík og þó aðallega úti um land þar sem þær eru framleiddar.

Ég vil ekki bæta miklu meiru við það sem ég sagði hér áðan. Þetta mál þarf athugunar við, og mér finnst að hv. flm. frv. hafi gerst nokkuð fullyrðingasamur í málflutningi sínum. Ég efast stórlega um að sú bót yrði jafnvel á kartöflugæðum með breyttu fyrirkomulagi sem hann væntir. En í engu svaraði hann þeim atriðum sem ég tel aðalatriði þessa máls og aðalorsökina fyrir því að ekki er ástæða til að breyta um, og það eru öryggismálin í sambandi við kartöfluframleiðsluna og sá vilji okkar, sem ég álít að við höfum flestir, að við framleiðum sem mest af hinum nauðsynlegustu neysluvörum sjálfir.

Flm. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég ætla að endurtaka hér þær fullyrðingar sem ég óska eftir að hv. 6. þm. Norðurl. e. leiðrétti þá eftir nánari athugun á þessu máli, þannig að í ljós komi eftir hans athugun að ég fari með rangt mál.

Ég hef vitnað í ummæli fjölmargra. Ég er heimilisfaðir í Reykjavík og veit hvaða vörur eru á markaðnum hér og get borið þær saman við þær vörur sem hafa verið á markaðnum í nokkuð mörg ár. Ég get líka sagt að það hafa verið góðar kartöflur á markaðnum. Ég er ekki að segja að þær hafi alltaf verið vondar, og mér kemur ekkert á óvart þó að hv. 6. þm. Norðurl. e. hafi tekist að finna heilar kartöflur sem honum þótti góðar. En fullyrðingar mínar eru þessar, sem ég leyfi mér að endurtaka og ég bið hann sérstaklega um að leiðrétta ef rangt er með farið og það verður hann náttúrlega að gera af eigin reynslu því að hér er um neytendaspursmál að ræða og hver maður er neytandi. Fyrsta fullyrðingin var þessi: Helmingur kartaflnanna er sjáanlega ónýtur þegar pokarnir eru opnaðir. Annað: Helmingur þess, sem soðið er, reynist ónýtur þegar kartöflurnar eru afhýddar. Og þriðja: Þær kartöflur, sem á borðið komast, eru þar enn þegar máltíðinni lýkur. Ég skal með ánægju kaupa poka og bjóða hv. 6. þm. Norðurl. e. heim að borða með mér.

Ég var hér með aðra fullyrðingu sem er kannske það sem hv. þm. telur hvað alvarlegasta, ég fullyrti að Grænmetisverslunin hefði verið dýr í sinni verðlagningu þrátt fyrir þá n. sem hann vitnaði í. Má sýna fram á, sagði ég í minni ræðu, að verð á kartöflum hefur hækkað um 140% umfram hækkun á verði eggja, um 80% umfram almenna hækkun matvöru og um tæp 80% umfram hækkun almenns vöruverðs.

Þetta eru þær fullyrðingar sem ég leyfi mér að endurtaka hér.

Ingi Tryggvason: Herra forseti. Vegna þess, að hv. 12. þm. Reykv. beindi til mín ákveðnum spurningum, þá fannst mér ég vera til neyddur að svara þeim, eða fullyrðingum sem hann óskaði eftir að ég hrekti.

Ég get ekki annað sagt um gæði kartaflnanna en að það, sem hann tíundar hér, er ekki í samræmi við mína reynslu. Um hans reynslu get ég því miður ekki dæmt hér.

Um hækkunina á kartöflunum vil ég aðeins segja það, að mér er kunnugt um að kartöflur hafa hækkað mjög mikið og hækkun á erlendum kartöflum er í algjöru ósamræmi við þá hækkun sem orðið hefur á kartöflum hér innanlands. En ég álít að þetta sé ekki sök Grænmetisverslunar landbúnaðarins. Ég álít að hún hafi ákaflega lítil áhrif á almennt verðlag kartaflna á heimsmarkaði og það séu hinir almennu örðugleikar sem voru á framleiðslu kartaflna á s. l. ári sem valda þessari hækkun, en ekki aðgerðir Grænmetisverslunar landbúnaðarins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Skipan sóknarnefnda og héraðsnefnda, frv. (þskj. 342, n. 556, 557). — 2. umr.

Frsm. (Axel Jónsson): Herra forseti. Menntmn. þessarar hv. d. hefur haft frv. þetta til meðferðar, sendi það til umsagnar biskups og dóms- og kirkjumrn. og komu þaðan jákvæðar umsagnir. En í umsögnum dóms- og kirkjumrn. fólust ábendingar sem n. tók til greina. Og eins og fram kemur á þskj. 556 leggur n. til að frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem hún flytur á sérstöku þskj., en við afgreiðslu málsins voru fjarverandi Steingrímur Hermannsson og Ingi Tryggvason.

Eins og fram kom hjá flm. í framsögu fyrir þessu máli, þá er hér um að ræða breytingu á lögum frá 1907, um skipan sóknarnefnda og héraðsnefnda, og fjalla breytingarnar í fyrsta lagi um það að kveða nánar á um fundarhöld safnaðarnefnda, í öðru lagi um að opna möguleika fyrir því, þar sem sóknir eru nú orðnar víða allmiklu fjölmennari en áður var, að þá yrðu sóknarnefndarmenn fleiri en ella, og í þriðja lagi að stytta kjörtímabil sóknarnefnda og safnaðarfulltrúa úr 6 árum í 4 ár. En þegar þessi lög voru sett 1907 var m. a. ein meginbreytingin sú að lengja kjörtímabilið úr einu ári í 6. Á því merka þingi, 1907, sem var mjög afkastasamt

í lagasetningu, var kjörtímabil hliðstæðra n. eins og hér um ræðir almennt ákveðið 6 ár. En á síðari tímum hefur það þróast mjög yfir í það að kjörtímabil slíkra n. og stjórna væri aðeins 4 ár.

Ég gat þess, herra forseti, að menntmn. flytti brtt. við frv. og eru þær á þskj 557. Þær brtt. eru fluttar samkv. ábendingu dóms- og kirkjumrn.

Það er í fyrsta lagi að gera það ekki jafnafdráttarlaust að það skuli vera skylda að kjósa tvo fulltrúa til viðbótar í sóknarnefnd fyrir hver 2 þús. sóknarmanna sem bætast við 1000. Því er sett inn að í staðinn fyrir „skulu kjósa" komi: kjósa megi, en þetta þýðir í framkvæmd, ef þessu ákvæði er beitt, að fyrir fyrstu 500 eru kosnir 3, fyrir 1000 5 og síðan má kjósa 2 fulltrúa fyrir hver 2000 sem við bætast, þ. e. a. s. fyrir 3000 7, fyrir 5000 9 og fyrir 7000 11 sóknarnefndarmenn.

Í öðru lagi er síðan samkv. ábendingu dóms- og kirkjumrn. gerð till. um að í stað þess, eins og greinir í frv., að hlutkesti skuli ráða um hverja skuli kosið að tveimur árum liðnum, eftir að kosið er samkv. þessum nýju lögum, — það var ekki talið nógu ótvírætt hvernig með þetta skuli fara, og raunar er það ekki ótvírætt í lögunum í dag. Þess vegna var bent á að gera þetta alveg ótvírætt og hér er lögð til sú aðferð sem viðhafa skuli þegar kveðið er á um það hverjir skuli ganga úr n. þegar kosið er á fyrsta fundi eftir að lög þessi hafa öðlast gildi eða þegar sóknarnefndarmönnum fjölgar vegna þess að fjölgað hefur í viðkomandi sóknum. Í þriðja lagi er svo bætt inn ákvæði um að kosningar skuli vera óhlutbundnar, en hvorki í frv. né gildandi lögum er neins staðar að finna ákvæði um hvernig kjósa skuli. Hefur þetta verið framkvæmt mismunandi, en samkvæmt ábendingum rn. var lagt til að kveða skýrt á um það.

Ég sé ekki, herra forseti, ástæðu til að orðlengja þetta frekar, en vísa til þess, sem fram kemur á þskj. 556, að menntmn. mælir með samþykkt frv. með þeirri breytingu sem er að finna á þskj. 557.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 557,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 557,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
4.—5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Ljósmæðralög, frv. (þskj. 314, n. 568). — 2. umr.

Frsm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. Ed. hefur nú þriðja árið í röð, að mig minnir, haft til umfjöllunar frv. til l. um breyt. á ljósmæðralögum. Flm. frv. eru þm. Halldór Ásgrímsson og Helgi F. Seljan, og frv. þetta er flutt í þeim tilgangi að breyta og bæta stöðu ljósmæðra. Þetta kemur einkum fram í 1. gr. frv. sem er breyting við 4. gr. ljósmæðralaga og hljóðar svo:

„Launakjör skipaðra ljósmæðra skulu ákveðin með kjarasamningum eða af kjaradómi á sama hátt og laun opinberra starfsmanna — Laun skipaðra ljósmæðra í kaupstöðum skulu greidd mánaðarlega úr bæjarsjóði. — Laun skipaðra ljósmæðra í umdæmum utan kaupstaða skal greiða að ⅓ hluta úr sýslusjóði og ⅔ hlutum úr ríkissjóði. Launin greiða sýslumenn ársfjórðungslega fyrir fram. — Skipaðri ljósmóður, sem falið er um stundarsakir að gegna nágrannaumdæmi, ber að greiða fyrir það byrjunarlaun þess umdæmis. — Ríkissjóður leggur til áhöld í ljósmæðraumdæmin, og ákveður landlæknir í samráði við skólastjóra og aðalkennara Ljósmæðraskóla Íslands, hver þau skuli vera."

Í 2. gr. frv. segir:

„Ljósmóðir, sem skipuð er í starf samkvæmt lögum þessum, á rétt á orlofi ár hvert á sama hátt og aðrir opinberir starfsmenn."

Sannleikurinn er sá, að ljósmæður hafa lengi setið við annað borð en flestir aðrir opinberir starfsmenn og ekki notið ýmissa þeirra hlunninda sem þeir hafa átt kost á. Þeir, sem viðurkenna þátt ljósmæðra í heilbrigðisþjónustu þessa lands frá upphafi, hafa gert sér grein fyrir að þetta var ósanngjarnt, þar hefðu einhvern veginn orðið eftir og nauðsynlegt væri að bæta úr því. Þess vegna hefur hæstv. heilbr.- og trmrh. haft mikinn áhuga á því að þetta frv. næði fram að ganga, og því er það að heilbr.- og trn. Ed. er sama sinnis og leggur einróma til að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 94. fundur.

Mánudaginn 3. maí, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Magnús T. Ólafsson): Borist hefur svo látandi bréf:

„Reykjavík, 27. apríl 1976.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþb. í Vesturlandskjördæmi, Skúli Alexandersson útvegsmaður, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni.

Jónas Árnason,
5. þm Vesturl.

Til forseta neðri deildar."

Skúli Alexandersson hefur áður setið á þingi á þessu kjörtímabili. Kjörbréf hans hefur verið rannsakað. Býð ég hann velkominn til starfa.

Búfjárræktarlög, frv. (þskj. 582). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins o. fl., frv. (þskj. 442). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 601).

Veiðar utan fiskveiðilandhelgi, frv (þskj. 444). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 602).

Almannatryggingar, frv. (þskj. 475). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 603).

Atvinnuleysistryggingar, frv. (þskj. 476). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 604).

Eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum, frv. (þskj. 477, 579). — 3. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. sem er leiðrétting við 2. gr. frv., en þar hefur slæðst inn meinleg prentvilla í 4. mgr. Þar stendur „76 ára að aldri“, en á að vera 70 ára og breytingin fjallar um það. Nm. í þessari d. tóku eftir þessari breytingu rétt eftir að þeir höfðu gengið frá nál. sínu og því flyt ég þessa brtt. til leiðréttingar.

ATKVGR.

Brtt. 579 samþ. með 24 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Lögsagnarumdæmi Austur-Skaftafellssýslu, frv. (þskj. 388). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Norræni fjárfestingarbankinn, frv. (þskj. 461, n. 571). — 2. umr.

Frsm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar hv. d. hefur haft til athugunar frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um stofnun Norræna fjárfestingarbankans. Mál þetta er komið frá Ed., þar sem það var samþ. shlj., og leggur n. til að frv. verði samþ. í þessari hv. deild.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Skráning og mat fasteigna, frv. (þskj. 536, n. 566, 567). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Álit fjh.- og viðskn. er á þskj. 566, en þar leggur n. til að frv. þetta verði samþ. eins og það er komið frá Ed., en með tveimur litlum brtt. sem n. flytur á þskj. 567. Það voru haldnir sameiginlegir fundir í fjh.- og viðskn. beggja d. um þetta viðamikla mál, en frv. þetta var lagt fram í hv. Ed.

Um málið bárust umsagnir frá ýsmum aðilum, svo sem Verkfræðingafélagi Íslands, Þjóðhagsstofnun, Þróunarstofnun Reykjavíkur og Fasteignamati ríkisins. Það var tekið tillit til fjölmargra ábendinga sem komu fram í umsögnum þessara aðila og frv. breytt í allmörgum atriðum til samræmis við þessar ábendingar. Hæstv. fjmrh. rakti þessi atriði í framsöguræðu sinni við 1. umr. í síðustu viku og ég sé þess vegna ekki ástæðu til að rekja þau atriði frekar nema sérstakt tilefni gefist.

Eins og ég sagði, þá flytur fjh.- og viðskn. tvær brtt. við frv. á þskj. 567. Önnur þeirra er til samræmis við þá breytingu, sem gerð var á nafni stofnunarinnar í Ed., þ. e. a. s. stofnunin skuli heita Fasteignamat ríkisins eins og hún heitir nú, en ekki fasteignaskrá eins og gert var ráð fyrir í upphaflega frv. Þess vegna þarf að breyta 12. gr., síðasta orðinu í þeirri gr., það verði „fasteignamatsins“ í stað „skrárinnar“. — Þá er það brtt. við 17. gr., þar komi inn ný mgr. er verði 3. mgr. og hljóði svo: „Bújarðir skulu metnar miðað við notkun þeirra til búskapar á meðan þær eru nýttar þannig.“ Þessi mgr. var í upphaflega frv., en hefur fallið niður vegna

mistaka og þarf þess vegna að koma inn við þessa umr.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa um þetta fleiri orð, en ég læt í ljós þá von að frv. þetta nái fram að ganga. Það hafa verið gerðar á undanförnum árum allmargar tilraunir til þess að setja ný lög um skráningu og mat fasteigna. Ég vonast sem sagt til að þessi tilraun takist.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
6.—8. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
9.—11. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 567,1 samþ. með 23 shlj atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
13.—15. gr. samþ. með 25 shlj atkv.
16. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 567,2 samþ. með 23 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
18.—29. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi, frv. (þskj. 540). — 1. umr.

Flm. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég vil í upphafi taka það fram að hv. meðflm. mínir hafa lýst því yfir að þeir áskilji sér rétt til að flytja brtt. við frv. þetta og fylgja þeim sem fram kunna að koma.

Mál þetta hefur verið alllengi í deiglunni og lengur en menn varði. Það fór á sömu leið og við setningu þeirra laga, sem nú gilda í þessu efni, að allur undirbúningur reyndist viðameiri og tafsamari en menn í upphafi óraði fyrir, og því er það að málið kemur síðar til kasta hins háa Alþ. en skyldi.

Í 18. gr. laga nr. 102 frá 27. des. 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, er mælt svo fyrir að sjútvrn. skuli láta endurskoða lögin fyrir 31. des. 1975. Ekki verður því um kennt að rn. hafi ekki hafist handa snemma um endurskoðunina, þar sem drög voru lögð að stofnun endurskoðunarnefndar í desember 1974. Sú n. hóf störf í jan. 1975 undir forustu fiskimálastjóra, en skipuð fulltrúum frá Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda, Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Landssambandi ísl. útvegsmanna, allir hinir vöskustu menn til verka sinna með mikla þekkingu á verkefninu. Samkv. skipunarbréfi rn. var n. gert að halda fundi með sjómönnum og útvegsmönnum um land allt svo og samtökum þeirra og öðrum hagsmunasamtökum og móta síðan drög að till. til breytinga á lögum að fengnum sjónarmiðum fyrrgreindra aðila. Voru það tilmæli rn. að n. lyki störfum fyrir vorið 1975.

Þrátt fyrir ötult starf reyndist ókleift að fylgja settum tímamörkum. Í septemberlok skipaði sjútvrh. 7 alþm. í n. eftir tilnefningu allra þingflokka. Þrátt fyrir aukinn mannafla reyndist ekki unnt að leggja fram lögin endurskoðuð fyrir s. l. áramót svo sem tilskilið var, og er það fyrst nú fyrir skemmstu að lagasmiðin fékk þann búning að menn treystust til þess að ganga með hana fyrir gafl á hinu háa Alþ. Þótt skammt kunni að lifa þings nú ber hina brýnustu nauðsyn til að frv. þetta nái lagagildi enda ætti það ekki að vera ofverkið, þar sem frv. er fram borið af fulltrúum allra flokka, þótt þeir hafi varann á um fylgi við breytingar sem nauðsynlegar kunna að vera til samkomulags við þá sem nú fyrst eiga þess kost að koma á framfæri skoðunum sínum.

N. sló ekki slöku við í störfum sínum, hélt fjölmarga fundi víðs vegar um land, um 50 fundi alls, áður en þm. hófu nefndarstörf, en 24 síðan áður en upp var staðið. Vann þá þingmannanefndin enn að verkinu með ráðuneytismönnum og lögvitringum áður en lauk nösum. Hafrannsóknastofnunin og sérfræðingar hennar voru n. mjög innan handar um allar upplýsingar. Var mikill vilji fyrir að fara sem mest að þeirra ráðum, enda þótt það tækist ekki í öllu.

Þeir, sem nú vinna að lagasetningu um veiðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi, ættu ekki að þurfa að villast af vegi, svo hátt ber leiðarljósið, sem er verndun ofnýttra fiskstofna, að þeir mættu sem fyrst gefa okkur hámarksafrakstur. Menn skyldu því að óreyndu ætla að auðvelt væri að ná einingu um lagasetningu. Svo er þó alls ekki, eins og öllum hv. þm. er ljóst. Ég vil þá leggja áherslu á að um meginstefnuna eru menn einhuga. Það er í raun meira um að ræða að menn greini á um örfá strik í stjór eða bak, sem ekki mun hindra að sjóferðin heppnist þótt sigld verði og skipin nái heil í höfn. Sem jafnan fyrr er nauðsynlegt að öll skipshöfnin haldi vöku sinni og leggi enn harðar að sér um hríð. Að öðrum kosti verður ekki siglt fyrir öll þau sker á leiðinni kunna að vera.

Meginstefnan er verndun ókynþroska fisks. Ef okkur tekst að ráða þá gátu, þarf ekki annarra ráða að leita. Menn hafa að undanförnu heyrt hinar fjölbreyttustu till. um hver viðbrögð okkar skuli vera við hættuástandi fiskstofnanna. Flestar þær hugmyndir eru annaðhvort sprottnar af því að menn átta sig ekki á aðalatriði málsins eða þeir hafa ekki trú á að okkur tækist að hindra dráp á fiski í hrygningu, seiðum hans eða ungviði. Þótt við legðum helmingi flotans allt árið höfum við samt nægjanlegt sóknarafl til að drepa svo mikið af ungfiski að gereyða mundi aðalfiskstofnum okkar, ef þannig væri að verki staðið. Ef við náum hins vegar að hindra slíka ósvinnu, getum við beitt öllum flota okkar til sóknar allt árið um kring og stofnarnir munu ná hámarki á ný. Annað mál er hvort öll sókn yrði arðbær í bili.

Um þetta meginatriði snerist öll umr. fiskveiðilaganefndarinnar, hvernig vernda má fisk í hrygningu og ungviðið. Og till. hennar eru: Takmarkanir veiða með botnvörpu á uppeldisstöðvunum og flotvörpu á hrygningarsvæðum, stækkun möskva í netum og vörpum, alfriðun hrygningarstöðva, friðun að hluta eða alfriðun nýrra uppeldisstöðva nær eða fjær landi, stækkun á lágmarksstærð landaðs afla aðalnytjafiska, aukið eftirlit, skyndilokanir veiðisvæða, og þannig mætti fleira telja sem ég vík að eftir hendinni.

Margt af till. n. er að finna í þessu frv., en

aðrar eru þegar komnar til framkvæmda með setningu reglugerða sjútvrn. Enginn skyldi þó ætla sér þá dul að lagasetning eða útgáfa reglugerða um takmarkanir fiskveiða leysi allan vanda. Auðvitað er framkvæmdin aðalatriðið. Þess vegna þarf að stórauka eftirlit með framkvæmd laga og reglugerða og beita óspart skyndilokunum veiðisvæða þar sem hætta er á smáfiskadrápi eða ofveiði. Við verðum enn fremur að gera okkur ljóst að fiskimenn okkar eru flestir haldnir svo stríðri veiðináttúru að tekur öllum öðrum náttúrum fram, a. m. k. til sjós, og rummungar eru líka í þeim hópi allt að því jafnmargir að tiltölu og í landi. Þess vegna má ekki taka neinum vettlingatökum á framfylgd laga um fiskveiðar á Íslandsmiðum. Eins og sakir standa er betra að ofgera en vangera í þeim efnum. Agi verður að vera. Þótt undan sviði í bili munu menn áður en varir sjá að mest var það í þeirra eigin þágu. Ég legg áherslu á að tillögugerðin nú er byggð á grundvelli þeim sem fyrri fiskveiðilaganefnd skóp af vandvirkni.

Brtt. nú eru lærdómur sem menn hafa dregið af reynslunni og þeirri staðreynd sem augu allra virðast nú loks hafa opnast fyrir, að hætta er á að ofsókn gereyði mikilvægustu fiskstofnum landsmanna ef ekki er spyrnt við fótum af alefli. Ég endurtek að orð og mannasetningar hafa ekkert afl í þessum sökum ef áðgerðir fylgja ekki í kjölfarið.

Í 1. gr. frv. er að vísu nýmæli, sem í sjálfu sér hefur ekki mikið lagagildi, en sú skoðun var ráðandi að lögin hæfust á yfirlýsingu um tilgang þeirra.

2. gr. er óbreytt frá því, sem nú segir í 1. gr. núverandi laga. Allmikil umr. varð í n. um hvernig hún skyldi úr garði gerð. Þótti meiri hl. hennar sem ekki væri eðlilegt að íslenskum skipum væri með lögum bannað að veiða í eigin landhelgi og vildu að þeim væri það heimilt, en síðan kvæðu lög á um takmarkanir þeirrar heimildar. Er þingmannanefndin og rn. höfðu farið höndum um málið varð ofan á að hafa orðalagið óbreytt frá því sem nú er og hölluðust lagaspekingar fremur að því. Eru því íslenskum skipum bannaðar veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni nema þar sem sérstakar heimildir eru veittar til slíkra veiða í lögum þessum.

3. gr. frv. fjallar um veiðisvæði og veiðitíma þar sem íslenskum skipum er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu. Í núgildandi lögum voru veiðisvæðin allajafna miðuð við hina svonefndu grunnlínu, sem er lína dregin milli hinna svonefndu grunnlínupunkta sem ákveðnir voru með reglugerð. Nú er hins vegar lagt til að viðmiðunarstaðir svonefndir, sem viðmiðunarlína verður dregin milli, verði lögfestir. Viðmiðunarstaðirnir eru flestir hinir sömu og í núgildandi reglugerð, en er fjölgað um átta. Þykja staðir þessir eðlilegri til viðmiðunar af sérfróðum mönnum en hinir fyrri. Um lögfestingu viðmiðunarstaða og þar með grunnlínu voru menn sammála, því að ella mundi ráðh. með reglugerð geta gerbreytt svæðaskipan.

Við það er miðað í lagafrv. þessu að vald ráðh. nái aðeins til þess að þrengja veiðiheimildir og minnka sókn í fiskstofna frá því, sem ákveðið er í frv., en ekki að hann hafi á valdi sínu að rýmka. Það hefur að vísu þótt illa gefast að hafa stærðir skipa bundnar í lögum sem þessum. Getur það orsakað óeðlilega stærðarskiptingu flotans og skipastærðir og gerðir fari eftir öðrum lögmálum en skyldi. Þó er þessi háttur ekki aflagður í frv. þessu. Hins vegar er nú lagt til að breytt sé um frá því sem miðað var við brúttórúmlestir til þess að miða við mestu lengd skipa. Þykir einsýnt að slíkt sé öruggari viðmiðun, enda sannanlegt að menn hafa ýmsum brögðum beitt til að fá skip mæld niður fyrir lögfesta rúmlestastærð, svo sem 105 tonnin. Að sniðganga þannegin lög verður allavega mun torveldara ef við lengd skips er miðað. Því er nú í stað þess, sem áður var miðað við 105 brúttórúmlestir og minni, miðað við skip 26 m að lengd og minni. Fyrir 350 brúttórúmlestir er nú sett 39 m að lengd eða minni. Það skal fram tekið að bátur 26 m langur er yfirleitt rúmlega 100 brúttórúmlestir miðað við eðlilega rúmlestamælingu, en 39 m langt skip er að jafnaði nokkru minna en 350 brúttórúmlestir. Sú undantekning er gerð, að þótt skuttogarar með 1000 brensuhestafla vél séu styttri en 39 m, þá njóta þeir ekki þeirra ákvæða sem við eiga um önnur skip 39 m eða minni.

Fyrir Norðurlandi réttvísandi norður frá Horni og að línu réttvísandi norðaustur frá Langanesi verða þær breytingar á, að lagt er til að hafsvæðið milli 9 og 12 mílna verði lagt niður sem veiðisvæði skipa 350 brúttórúmlestir og minni, nú 39 m eða minni. Enn fremur er friðaða svæðið umhverfis Grímsey aukið úr 9 í 12 mílur og við Kolbeinsey úr 3 mílum í 12 mílur. Hin auknu friðunarsvæði við eyjarnar hafa þegar verið ákveðin með reglugerðum. Þá hefur nú nýlega verið friðað svæði í Reykjafjarðarál vegna smáfiskadráps. Og enn er þess að geta, að stórt svæði í hinum svonefnda Þverál djúpt norður og norðvestur af Horni hefur verið alfriðað árið um kring fyrir öllum veiðum.

Ýmsum mun að vonum þykja allmikið að gert fyrir Norðurlandi, auk þess sem allt hafsvæðið réttvísandi norður frá Hraunhafnartanga að línu réttvísandi austur frá Fonti hefur nú verið alfriðað allt árið út í 200 mílur fyrir flotvörpu og botnvörpu. Einkum mun sjálfsagt ýmsum útvegsbónda norður þar þykja orðið þröngt fyrir sínum dyrum, sér í lagi þegar hann gerir samanburð á veiðiheimildum nyrðra og syðra. En hér erum við komin að einu höfuðatriði málsins. Mestallt svæðið frá línu í norðvestur frá Straumnesi og allar götur í austur frá Glettinganesi sunnan Borgarfjarðar eystri eru aðaluppeldisstöðvar þorsksins. Að vísu eru svæðin fleiri fyrir öðrum landshlutum og varða fleiri fisktegundir sem mikla aðgæslu þurfa, en Norðurlandið og norðanverðir Austfirðir skera sig þó alfarið úr að því er snertir þorskinn sem einnig þarfnast mestrar verndar.

Um ástand fiskstofna almennt mun ég ekki ræða nú. Ítarlegar umr. hafa farið fram um þau mál undanfarna mánuði og álit fiskifræðinga eru öllum kunnug. Fiskifræðingar hafa sannað, að helstu uppvaxtarsvæði þorsksins séu út af Norðvestur-, Norður- og Norðausturlandi. Þeir segja, að útbreiðsla og magn smáþorsks sé tals-

vert misjafnt eftir svæðum og árstímum. Því er nauðsynlegt að halda uppi stöðugu og öflugu eftirliti á fyrrgreindum veiðisvæðum. Slíku eftirliti þarf að koma á og loka veiðisvæðum tímabundið eftir því sem þörf gerist.

Fyrir Austurlandi eru hreinar línur að Hvítingum út af Eystra-Horni við Lón. Þar er engin veiði leyfð innan 12 mílna frá viðmiðunarlínum. Breytingar voru lagðar til frá því sem nú gildir. Áður var grunnlína dregin beint úr Fonti í Glettinganes. Nú er hins vegar ákveðinn nýr viðmiðunarstaður við Skálatáarsker á Digranesi. Þessi breyting heimilar auknar togveiðiheimildir á allvænni sneið af Digranesflaki. Á móti kemur að veiðiheimildir fyrir togskip allt að 350 brúttórúmlestir, eins og það gildir í dag, sem hafa náð allt inn að þrem mílum frá fjöruborði við allan Héraðsflóann, eru úr sögunni samkv. þessum till. Þá er aukin friðun við Hvalbak úr 4 mílum í 5. Það fer ekki á milli mála að á vissum árstímum er Hvalbakssvæðið mikið smáfiskasvæði. Þar þarf stöðugt eftirlit og beitingu skyndilokana.

Frá Hvítingum og allt að Bjargtöngum háttar allt annan veg til en fyrir Norður- og Norðausturlandi. Þar veiðast bæði fleiri fisktegundir og þar eru aðalveiðisvæði hins fullþroska fisks. Enginn má þó halda, að þetta sé nein algild regla auk þess sem hér eru víða uppeldisstöðvar mikilvægra nytjafiska. Enn fremur ber þess vel að minnast að þar eru hrygningarstöðvar þorksins sem elst upp fyrir Norðurlandi. Það er því forsenda alls að kynþroska fiskur nái að tímgast, en sé ekki strádrepinn á leiðinni á miðin. Við verðum að veita hrygningarstofninum alla þá vernd, sem við höfum efni á.

Það hefði engan tilgang, að ég færi að þylja í belg og byðu hinar margbreytilegu togveiðiheimildir sem gilda og lagt er til í frv. þessu að gildi fyrir svæðið frá Hvítingum og að Bjargtöngum. Hlýt ég að láta nægja að vísa í því sambandi til grg. með frv. Í heild má segja að þær breytast að því leyti að þær verða allmiklu einfaldari en þær sem nú eru í gildi. Veiðar skipa af stærðinni frá 25 m og til 39 m eru þó takmarkaðri en áður, sérstaklega á svæðinu milli Lundadrangs og Reykjanesvita alveg sérstaklega á þetta við um Selvogsbankasvæðið þar sem eru aðalhrygningarstöðvar þorksins.

Á Faxaflóasvæðinu eru heimildirnar lítið sem ekkert breyttar og í og út af Breiðafirði eru þær með öllu óbreyttar. Veiðiheimildirnar fyrir Vestfjörðum frá Bjargtöngum að Horni eru óbreyttar, engar togveiðar leyfðar innan 12 mílna frá viðmiðunarlínu sem þar sem víðast annars staðar er óbreytt frá hinum gömlu grunnlínum. Ég vil vekja athygli á að í núgildandi lögum eru smæstu gerð báta heimilar togveiðar að fjöruborði á svæði fyrir vestan Grindavík og að Krýsuvík á tímabilinu frá 1. jan. til 15. sept. Eins voru áður í lögum heimildir fyrir sömu stærð báta til veiða að fjöruborði á vissum tímum fyrir Landeyjasandi. Ekki er till. að finna um slíkar heimildir í þessu frv., en mér kæmi ekki á óvart þótt slíkum till. yrði hreyft þar sem því er haldið fram af kunnugum mönnum að á þessi svæði gangi aðeins fullorðinn fiskur.

4. gr. frv. er óbreytt frá gildandi lögum.

Í 5. gr. er ráðh. gefið meira olnbogarými til að skipa veiðisvæðum milli veiðarfæra en í núgildandi lögum. En í núgildandi lögum náði slík heimild aðeins til veiða utan 12 mílna frá grunnlínu. Nú getur hann, ef þetta frv. verður að lögum, ákveðið hvers konar skiptingu milli veiðarfæra hvar sem vera skal, eftir því sem aðstæður krefjast hverju sinni.

6. gr. frv. er óbreytt frá því sem nú er í gildi.

7. gr. er óbreytt að öðru leyti en því, að samkv. frv. getur ráðh. ákveðið ný friðunarsvæði eða breytingar á eldri friðunarsvæðum, þannig að nái til allra veiðarfæra, en áður náði heimild hans einvörðungu til veiða með botnvörpu, flotvörpu og dragnót. Er þetta nýja ákvæði mikilvægt með tilliti til friðunar hrygningarsvæða sérstaklega, að þar verði hægt að koma á banni við öllum veiðum.

Þá er komið að nýjum þáttum þessa frv. Eins og ég hef áður getið um, lagði fiskveiðilaganefndin allt kapp á að finna úrræði sem dygðu til að hindra smáfiskadrápið þar sem sannfæring hennar stóð til þess að allt annað væri í rauninni léttvægt á borð við þá knýjandi nauðsyn. N. lagði fram ítarlegar till. þessu aðlútandi. Hún gerði ráð fyrir mjög ströngu eftirliti, skyndilokunum í allt að 7 daga og útgerð þriggja sérstakra eftirlitsskipa. Við nánari athugun þótti ekki fært að taka till. hennar fullkomlega til greina eftir orðanna hljóðan. Á alveg sérstaklega við í þessu sambandi að svo mikið eftirlit og útgerð í sambandi við það verður ekki sett í lög um nýtingu landhelginnar nema til skjalanna hafi fjárveitingavaldið fyrst komið.

8. og 9. gr. þessa frv. stefna þó í sömu átt og till. n. gerðu ráð fyrir. Og þótt vægilega sé til orða tekið verður meiningin, þegar til framkvæmdanna kemur, að verða hin sama. Um það verðum við hið allra fyrsta að taka ákvörðun að verja stórauknu fé og mannafla til hvers kyns eftirlits með fiskveiðum á Íslandsmiðum og þeim afla sem á land berst. Allt annað er ófyrirgefanlegt sinnuleysi. Vegna ólöglegs afla hygg ég að komið sé til móts við till. n. í því frv. til l. um upptöku ólöglegs afla sem kemur vonandi brátt til lokaafgreiðslu á hinu háa Alþingi. Það kann vel að vera að kerfið sé svo fljótvirkt að ákvörðun trúnaðarmanns ráðh. um skyndilokun veiðisvæðis í tvo sólarhringa sé nægjanlegt. Ég vil þó nú þegar varpa því fram hvort ekki sé varlegra að hafa tímann lengri, t. d. 4—5 sólarhringa. Sannleikurinn er sá, að eins og nú stendur á má segja að við getum ekki gert of mikið af því að loka þegar í stað veiðisvæðum þar sem gera má ráð fyrir að smáfiskadráp fari fram. Það á að loka slíku svæði þegar í stað, þótt aðeins leiki óljós grunur um smáfiskadráp eða minnsti orðrymtur sé uppi um að slíkt sé gert. Og gildir alfarið í þessu efni að betur er ofgert en vangert.

Smáfiskadráp er enn stundað í stórum stíl af íslendingum á eigin miðum. Undirmálsfiskur heldur áfram að berast á land, og enn miklu meira er aftur í sjó skilað. Hvað sem það kostar verður að sjá svo um að slíkum ókjörum linni. Annars er allt annað unnið fyrir gýg. Á hinn bóginn: Takist okkur alveg að hindra smáfiskadráp og seiða og vernda hrygningarfisk, þá er öllu borgið.

Í 10. gr. frv. er nýmæli sem heimilar ráðh. í

samráði við Hafrannsóknastofnun og að fenginni umsögn Fiskifélagsins að setja reglur um hámark þess afla sem veiða má af hverri fisktegund á tilteknu tímabili. Er slíkt ákvæði auðskilið, eins og nú er komið fyrir ýmsum fiskstofnum okkar.

Þeim fækkar nú, þeim atriðum málsins sem ég mun orðfæra nú, enda flest, sem á eftir fer í frv., lítið breytt frá því sem áður var.

Í núgildandi lögum eru ákvæði sem banna að nota heimild til dragnótaveiða í Faxaflóa fram til 1. júlí í ár. Allar dragnótaveiðar verða að sjálfsögðu háðar sérstökum leyfum og reglugerðum áfram. Það er álit fiskifræðinga að skarkolastofn okkar sé mjög vannýttur. Telja þeir að veiða megi allt að 10 þús. tonnum á ári af rauðsprettu. Þetta er dýrmætur fiskur og sælmeti hið mesta frá því í júní og fram á haust, að hann gengur á djúpmið til hrygningar. Nú greinir menn hins vegar mjög á um dragnótaveiðar Á hitt vil ég strax minna, að ákveðið hefur verið að stækka möskva í dragnót í 170 mm og talið af fiskifræðingum að þann möskva smjúgi allur fiskur nema sá sem er í vextinum eins og kolinn og kannske rígaþorskur, sem á skammt eftir hvort sem er. Enn er frá því að segja, að ýmsir fiskifræðingar halda því eindregið fram að notkun dragnótar og trolls róti upp botngróðri og dýrum sem séu nauðsynleg fæða fiska. T. d. er því haldið fram af fiskifræðingum sem rannsakað hafa og fylgst með lífríki Norðursjávar. Menn fullyrða að víða á gamalli og góðri fiskislóð í Faxaflóa sé nú urinn akur og illgresi eitt og illyrmi. Að leggja línu með tálbeitu á Bakkarif eða Bollasvið hér í Flóanum gefur ekki aðra raun en krossfisk á hvern krók, en engan ætan fisk. Þótt dragnót verði leyfð í Faxaflóa, þá er þó einsýnt að takmarka hana við ákveðin svæði og ákveðna tölu skipa. Áníðsla má hvergi eiga sér stað.

Menn benda á annað í þessu sambandi. Áður fyrr var oft mikil fiskgengd í Húnaflóa innanverðan. Nú hefur hann verið friðaður fyrir botnvörpu síðan 1952, en allt kemur fyrir ekki. Engan árangur virðist það bera. Ég er þeirrar skoðunar, að gera ætti tilraunir með að róta upp fiskafæðu í botni Húnaflóa og sjá hvað setur. Gaman og fróðlegt á marga vísu væri að heyra álit hv. þm. Vestf. og Norðurl. v. á þessu atriði.

Varðandi sektarákvæði vil ég leyfa mér að vitna í eftirfarandi grg. fiskveiðilaganefndarinnar, með leyfi hæstv. forseta:

„Viðurlög við brotum eru ætíð mikið matsatriði. Á það að sjálfsögðu jafnt við um fiskveiðilagabrot sem önnur brot. N. er ekki tilbúin til að taka afdráttarlausa afstöðu til þessa máls. Hún vill þó benda á eftirfarandi atriði: Rammi sektarákvæða er afar rúmur eða frá 1000—60 000 gullkrónur auk ákvæða um upptöku veiðarfæra, afla o. fl. Gengi gullkrónu er nú“ — segir n., það var 26. jan. 1976 — „þannig að 100 gullkrónur jafngilda kr. 9365.49“ — og er þetta mjög nákvæmt. „Sektir eru auk þess mjög misháar eftir því hve stór skip eiga hlut að landhelgisbrotum og má það vera eðlilegt að vissu marki. N. telur sektarbilið óeðlilega mikið, ekki síst þegar þess er gætt að svo virðist sem dómstólar hafi mjög skorðaðar reglur um beitingu sekta án tillits til aðstæðna. Það er ekki sama hvort skip er tekið að ólöglegum veiðum að vetri til í vondu veðri rétt innan fiskveiðimarka djúpt úti í hafi eða við allt aðrar aðstæður og e. t. v. langt innan markanna. Og í eðli sínu er brotið sama eða svipað, hvort heldur það er framið á stóru skipi eða smáu, auk þess sem minni skipin hafa að jafnaði rýmri veiðiheimildir en hin stærri og eiga þar með auðveldara með að staðsetja sig en stærri skipin þar sem þau veiða nær landi. En hvað sem þessu líður telur n. að dómstólar ættu að haga sektarákvörðunum sínum með mið af aðstæðum í miklu ríkara mæli en nú virðist vera gert.

N. leggur til að gerð sé nokkur tilraun til lagfæringa á þessu með því að hækka neðri mörk sekta úr 1000 gullkr. í 4000 gullkr. og lækka hin efri mörkin úr 60 þús. gullkr. í 40 þús. gullkr. Um þetta var þó allmikill ágreiningur. Það virðist nokkuð ljóst að þeir, sem eiga yfir höfði sér lægri sektir, séu í sumum tilfellum allbírræfnir við fiskveiðilagabrot, og líklega nær þetta þó til fremur fárra manna. Hins vegar eru efri mörkin svo há að þau gætu, ef beitt væri, leitt til algerrar eignarsviptingar skipstjórnarmanna þótt sæmilega bjargálna væru. Ólíklegt verður að telja að slíkt vaki fyrir löggjafanum. En hvað svo sem þessum lauslegu till. og hugleiðingum líður telur n. rétt að til verði kvaddir sérfræðingar í refsirétti til að fjalla um þennan þátt.“

Ég vil taka það fram að 100 gullkr. jafngiltu kr. 9847.20 kl. að verða 10 í morgun. Ég hef ekki athugað það síðan.

Ég hef þá lokið máli mínu. Það undrar engan þótt sitt sýnist hverjum, einnig hér á hinu háa Alþ., þegar um svo viðamikinn og mikilvægan málaflokk er að tefla sem vöxt og viðgang fiskstofnanna hér við strendur landsins, sem mannfólkið, sem byggir landið, á mest sitt undir. Smiðum þessa frv. kemur ekki á óvart þótt margt verði að verki þeirra fundið. Þeir eru þess einnig albúnir að beita allri sanngirni og taka fyllsta tillit til skoðana hv. þm. og vilja ýmislegt á sig leggja til að góð samstaða náist um lagasetningu þessa. Þó mundu þeir einkum og sér í lagi fagna öllum till. og ábendingum sem til þess sýndust fallnar að efla það sem öllu máli skiptir, baráttuna fyrir friðun ungfisksins.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að leggja til að að umr. þessari lokinni verði frv. þessu vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til sjútvn. með 24 shlj. atkv.

Neðri deild, 95. fundur.

Mánudaginn 3. maí, að loknum 94. fundi.

Fjáröflun til landhelgisgæslu, ríkisfjármál o. fl., frv. (þskj. 595). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. S. l. tvö ár hafa verið tími jafnvægisleysis í fjár-

málum ríkisins. Annað árið í röð varð verulegur greiðsluhalli hjá ríkissjóði. Ljóst er að skuldasöfnun ríkissjóðs hjá Seðlabankanum á sinn þátt í að viðhalda umframeftirspurn innanlands og umframkaupum erlends gjaldeyris.

Endanlegar tölur um afkomu ríkissjóðs fyrir árið 1975 liggja ekki enn þá fyrir og óvíst er hvort unnt verður að leggja ríkisreikninginn fyrir 1975 fram og gera grein fyrir honum á Alþ. fyrir þinglok að þessu sinni. Um miðjan maí á síðasta ári var A-hluti ríkisreiknings fyrir árið 1974 lagður fram og hafði reikningurinn í heild ekki áður verið lagður fram jafnsnemma árs. Að þessu sinni hefur úrvinnsla hans tafist vegna þeirra sérstöku aðgerða sem unnið hefur verið að síðustu mánuði í fjmrn., ríkisbókhaldi og ríkisendurskoðun til að auka eftirlit með útgjaldagreiðslum ríkisins og innheimtu tekna. Þær aðgerðir hafa leitt til þess að starf ríkisbókhaldsins hefur síðustu mánuði ekki beinst í jafnríkum mæli og á síðasta ári að uppgjöri ríkisreikningsins 1975, heldur einnig að samtímafærslum reikninga ársins 1976. Stefnt hefur verið að því að reikningurinn væri til afhendingar í aprílmánuði ár hvert og vonast ég fastlega til að svo verði framvegis, enda verður þá hin breytta skipan á greiðslum og bókun þeirra, sem unnið hefur verið að, komin í fastan farveg.

Enda þótt ársuppgjörinu fyrir árið 1975 sé ekki lokið tel ég rétt að gera grein fyrir bráðabirgðatölum um afkomu ríkissjóðs á árinu 1975 lítið eitt nánar en skýrt var frá í fréttatilkynningu fjmrh. hinn 8. jan. s. l., en þar kom fram að greiðsluhallinn væri 5 milljarðar kr. auk 845 millj. kr. vegna ábyrgðar ríkissjóðs á gengistryggingu innistæðna í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Þessar fjárhæðir endurspegla breytinguna á stöðu ríkissjóðs, A-hluta, við Seðlabankann á árinu 1975, bæði samkv. lánareikningum og viðskiptareikningum við bankann, þegar bætt hefur verið við 258 millj. kr. vegna gengismunar lána við bankann. Þessar tölur um greiðsluafkomu við Seðlabankann munu lítið breytast, en þær sýna annars vegar mismuninn á greiðslum tekna- og gjaldaliða og hins vegar lána- og viðskiptareikninga. Bráðabirgðatala um innheimtar tekjur ríkissjóðs er 49 milljarðar 660 millj. kr. og um útgreidd gjöld 56 milljarðar 110 millj. kr. Gjöld umfram tekjur eru því 6 milljarðar 450 millj. kr. að meðtöldum áðurgreindum 846 millj. kr. útgjaldalið vegna Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Innkomið fé, nettó, af lánsfé og breytingu viðskiptareikninga er samkv. bráðabirgðatölum 640 millj. kr.

Við endanlegt uppgjör ríkisreiknings munu þessar niðurstöðutölur breytast, m. a. vegna þess að uppgjör tekna ríkisreiknings er byggt á álögðum tekjum, en ekki innheimtum, og gjöld á áföllnum gjaldskuldbindingum, en ekki greiðslu þeirra.

Innheimtar tekjur ríkisins 1975 voru 39% hærri en árið áður. Hlutdeild beinna skatta í ríkistekjum hefur enn minnkað. Árið 1973 voru tekju- og eignarskattar tæp 23% af ríkistekjum, 16% árið 1974 og 12.5% 1975. Stafar þessi lækkun hlutfallsins árið 1975 bæði af lækkun tekjuskatts í apríl og aukinni notkun óbeinna skatta.

Tekjurnar samkv. framansögðu urðu 2 milljarðar 35 millj. kr. umfram fjárlög og skiptast þannig að vörugjaldið, sem lagt var á frá 17. júlí á s. l. ári, nam 1 milljarði 190 millj. kr. Tekjur af almennum aðflutningsgjöldum urðu 300 millj. kr. umfram fjárlög, en innflutningsgjald af bensíni og gúmmígjald 140 millj. kr. undir áætlun fjárl. Söluskattur varð um 300 millj. kr., launaskattur 250 millj. og hagnaður af Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins 600 millj. kr. umfram áætlun fjárl. Með lögum frá 26. apríl 1975, um ráðstafanir í efnahags- og fjármálum, voru gerðar ýmsar breytingar á álagningarreglum tekjuskatts og greiðslum fjölskyldubóta til hagsbóta fyrir þá sem höfðu lágar tekjur. Þessar aðgerðir leiddu til þess að tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti urðu 1200 millj. kr. lægri en fjárlög gerðu ráð fyrir.

Gjöld samkv. bráðabirgðayfirliti greiðsluhreyfinga urðu um 56 milljarðar og 110 millj. kr. eða um 8 milljörðum og 900 millj. kr. umfram gjaldaáætlun fjárl., og má rekja rúmlega helming þessarar fjárhæðar til tryggingamála og niðurgreiðslna, þar af um 2300 millj. kr. til tryggingamála og um 2000 millj. til niðurgreiðslu búvöru og uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir. Til útvegsmála að meðtalinni skuldbindingu vegna Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins fóru 1370 millj. kr. umfram fjárlög. Í þeirri fjárhæð er einnig kaupverð togarans Baldurs fyrir Hafrannsóknastofnun, 340 millj. kr. Greiðslur til landhelgisgæslu, vega- og samgöngumála, löggæslu- og dómsmála urðu einnig verulega umfram áætlun fjárlaga.

Í heild jukust ríkisútgjöld 1975 um 45% frá fyrra ári, samanborið við um 35% aukningu verðmætis þjóðarframleiðslunnar. Hlutfall ríkisútgjalda af þjóðarframleiðslu hækkaði úr 29% 1974 í 30.3% 1975. Hlutfallsleg skipting útgjalda eftir útgjaldaflokkum varð næsta svipuð og árið áður. Um helmingi ríkisútgjalda var varið til félagsmála, en um þriðjungi til atvinnumála, þar með taldar niðurgreiðslur sem námu 1/10 hluta heildarútgjalda ríkissjóðs.

Ríkisútgjöldin hafa því verið skriðþung að undanförnu og torvelt hefur reynst að laga þau tafarlaust að breyttum aðstæðum í þjóðarbúskapnum. Þetta er gömul og ný reynsla, bæði hér á landi og annars staðar, en jafnvægi verður að nást í ríkisfjármálum á þessu ári.

Af því, sem ég hef nú sagt, er ljóst að tekjustofnar hafa ekki staðið undir gjöldum og bilið milli tekna og gjalda breikkaði á árinu 1975. Horfur um framvindu útgjalda og tekna ríkissjóðs á þessu ári eru nú þannig að ljóst er að nokkur hætta er á að framhald verði á hallabúskap ríkissjóðs verði ekki spyrnt við fótum. Áframhaldandi halli á ríkisbúskapnum samrýmist ekki þeirri almennu stefnu í efnahagsmálum, sem ríkisstj. hefur markað, þ. e. að minnka viðskiptahallann við útlönd verulega á þessu og á næsta ári og draga úr hraða verðbólgunnar. Þess vegna er óhjákvæmilegt að tryggja með sérstakri löggjöf fjárhagslegt svigrúm til þess að efla landhelgisgæsluna og fiskleit og hafrannsóknir vegna framvindunnar í landhelgis- og sjávarútvegsmálum. Þetta frv., sem hér er til umr., er til þess

flutt að þessar brýnu skyldur megi rækja eins og þarf, en án þess að tefla fjárhagslegu jafnvægi í landinu í hættu af þeim sökum. Þess vegna er jafnframt nauðsynlegt að treysta fjárhagsstöðu ríkissjóðs almennt.

Frá því að fjárlög fyrir árið 1976 voru afgreidd hafa forsendur þær, sem lagðar voru til grundvallar þeim lögum, breyst í veigamiklum atriðum. Niðurstaða tekjuhliðar fjárl. var 60.3 milljarðar kr. Tekjuáætlunin hefur síðan verið endurskoðuð, einkum með tilliti til mats á áhrifum kjarasamninga á þróun þjóðarútgjalda og á tekjur ríkissjóðs á þessu ári, jafnframt því sem stuðst hefur verið við innheimtureynslu á fyrsta ársfjórðungi og metin áhrif verðhækkunar á áfengi og tóbaki í mars. Endurskoðun innheimtuspár fyrir árið 1976 gefur þá niðurstöðu að innheimtar tekjur ríkissjóðs í ár muni verða 64.3 milljarðar kr., en það er 4 milljarða hækkun frá fjárlögum.

Gjöld samkv. fjárl. námu 58.9 milljörðum kr. Gjaldaauki umfram áætlun fjárl. vegna till. um aukna fjárveitingu til landhelgisgæslu og fiskverndar og vegna verðlags- og launabreytinga nemur 6.1 milljörðum kr. Halli á lánahreyfingum mun að líkindum verða 0.1 milljarður umfram áætlun.

Án sérstakra ráðstafana yrði greiðsluafkoma ríkissjóðs á þessu ári þannig 2.2 milljörðum kr. lakari en að var stefnt við fjárlagaafgreiðslu. Meginástæður þessa eru annars vegar stóraukin umsvif Landhelgisgæslunnar, fyrirsjáanleg útgjöld við leit nýrra fiskimiða, tilraunir við að afla og nýta aðrar fisktegundir en til þessa hefur verið gert, svo og útgjöld vegna ráðstafana til að koma í veg fyrir ofnytjar tiltekinna veiðisvæða.

Hins vegar gætir beinna og óbeinna áhrifa almennra launasamninga og verðlagsbreytinga mjög á útgjöld ríkissjóðs. Laun starfsmanna ríkisins hafa hækkað og munu hækka með svipuðum hætti og samið hefur verið um á almennum vinnumarkaði. Í kjölfar almennra launahækkana fylgir hækkun bótagreiðslna almannatrygginga, auk þess sem hækkandi verðlag hefur áhjákvæmilega áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

Þegar eftir setningu fjárl. fyrir árið 1976 var hafist handa við gerð mánaðarlegrar greiðsluáætlunar tekna og gjalda fyrir allar ríkisstofnanir á árinu og var þessi áætlun tilbúin í byrjun febrúar. Gjaldaáætlunin er sundurliðuð eftir einstökum rn. og stofnunum og tekjuáætlun er gerð sérstaklega fyrir alla helstu tekjustofna. Áætlanir sem þessar eru forsenda þess að ná betri stjórn en verið hefur á útgjöldum ríkissjóðs á fjárlagaárinu og gera mun auðveldara en ella að fylgjast með þróun ríkisfjármála og bregðast skjótt við þar sem frávik frá áætlun koma í ljós.

Mánaðarleg tekjuáætlun ríkissjóðs hefur verið endurskoðuð í ljósi þeirrar heildarendurskoðunar á tekjum ríkisins sem nánar verður minnst á hér á eftir. Sé litið á innheimtureynslu fyrstu þriggja mánaða ársins eru innheimtar tekjur mjög svipaðar því sem búist er við í áætluninni þegar tekið hefur verið tillit til áhrifa verkfallsins í febrúar og söluskattsveltu. Samkv. niðurstöðu ríkisbókhalds virðist hafa náðst viðunandi jöfnuður gjalda og tekna fyrstu 3 mánuði þessa árs. Í aths. við frv. það, sem nú er til umr., er rækileg grein gerð fyrir margvíslegum útgjöldum ríkissjóðs sem breyst hafa frá upphaflegri áætlun. Gætir þar fyrst og fremst áhrifa verðlags- og kauplagshækkana, m. a. á útgjöld til almannatrygginga. Er nauðsynlegt að gagngerð endurskoðun fari fram á forsendum fjárlagaáætlunarinnar, bæði að því er varðar tekjur og gjöld, um leið og gerðar séu ráðstafanir til fjáröflunar vegna sérstakra verkefna landhelgisgæslu og fiskverndar.

Ég gat þess við 3. umr. fjárlagafrv. fyrir árið 1976 að nýskipan yrði tekin upp við greiðslu reikninga og greiðslubeiðna rn. hjá ríkisféhirði sem mikilvægan þátt í því aukna eftirliti með útgjaldagreiðslum stofnana ríkisins sem að er stefnt. Frá og með 1. maí komst þessi nýskipan á að fullu. Bókun greiðsluskjala fer nú fram áður en greiðsla er innt af hendi, og nú er vikulega hægt að fylgjast með útgreiðslum stofnana og fjárhagsstöðu þeirra. Kemur því í tæka tíð í ljós hvort greiðsla rúmast innan greiðsluáætlunar eða ekki. Fjárhagsvandi stofnana ríkisins í Ahluta ríkisreiknings ætti því framvegis að vera augljós talsvert áður en í óefni er komið.

Að undanförnu hafa umsvif Landhelgisgæslunnar verið stóraukin, svo sem nauðsynlegt hefur verið til að hindra veiðar erlendra skipa innan fiskveiðilögsögunnar. Hafa tveir togarar verið teknir á leigu til gæslustarfa og í athugun er enn frekari aukning skipastóls og flugvélakosts Landhelgisgæslunnar. Þessi mikla aukning á starfsemi Landhelgisgæslunnar hefur óhjákvæmilega í för með sér að fjárveiting á fjárl. muni hvergi duga og sýnt er að yfir 500 millj. kr. vanti á til þess að standa undir kostnaði við aukinn rekstur, þ. á m. aukningu leiguflugs og leigu skipa, svo og til tækjaöflunar til skipa og flugvéla. Auk þess þarf að sjá fyrir aukningu á launakostnaði vegna nýrra kjarasamninga og veita fé til greiðslu viðskiptaskulda frá fyrra ári. Loks ríkir talsverð óvissa um kostnað við Landhelgisgæsluna. Að þessu samanlögðu og þar sem nauðsynlegt er að fjárhagur Landhelgisgæslunnar sé rúmur þykir rétt að reikna með að fjárþörf gæslunnar umfram fjárlög geti numið 750 millj. kr. á þessu ári.

Vegna minnkandi þorskgengdar er mikilvægt að gera það sem unnt er til að halda fiskiskipum okkar til annarra veiða, en til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að stórauka fiskileit. Slík fiskileit verður ekki framkvæmd með þeim skipakosti sem Hafrannsóknastofnunin ræður yfir. Taka verður á leigu nokkur fiskiskip eða ábyrgjast útgerð slíkra skipa til þess að hægt sé að gera sér vonir um árangur. Til þessara verkefna, sem rakin eru nokkru nánar í grg., skortir talsvert fé. Það er og nauðsynlegt að verja nokkru fé til markaðs- og sölumála. Þá virðist ekki hjá því komist að auka fjárveitingu til eftirlits með veiðum og veiðarfærum veiðiskipa verulega. Nauðsynlegt er að fylgjast vel með friðuðum veiðisvæðum og að veiðarfæri séu í samræmi við reglur þar að lútandi, enda snar þáttur í að friða smáfisk. Í heild er talið að verja þurfi um 250 millj. kr. til þessara verkefna. Hér er

því aðeins um hugmynd að ræða. Aðalatriðið er að skapa fjárhagslegar forsendur fyrir virkri viðleitni til þess að finna og nýta nýja fiskstofna og vernda þá sem fyrir eru. Hér er mikið í húfi.

Eins og fyrr sagði er nú áætlað að útgjöld ríkissjóðs aukist um 6.1 milljarð kr. umfram fjárlög. Þar af er talið að ætla þurfi 1 milljarð kr. til Landhelgisgæslu og friðunaraðgerða, eins og áður er sagt. Þá er áætlað að launagreiðslur ríkissjóðs muni aukast um rúmar 1500 millj. kr. vegna launahækkana opinberra starfsmanna. Áhrif kjarasamninganna koma þó ekki einungis fram í auknum launakostnaði, heldur ekki síður í aukningu útgjalda almannatrygginga. Vegna orðinna og fyrirsjáanlegra hækkana á tryggingabótum í kjölfar launahækkana á árinu er áætlað að útgjöld til lífeyristrygginga aukist um 1300 millj. kr. í ár. Þá þarf einnig að sjá fyrir rúmlega 900 millj. kr. hækkun á kostnaðarhluta ríkissjóðs við sjúkratryggingar. Áhrifa verðlagshækkana mun að sjálfsögðu gæta í ríkisútgjöldum og í heild hafa þau áhrif verið metin til tæplega 900 millj. kr. kostnaðarauka ríkissjóðs í ár. Hér er einkum um að ræða verðhækkun aðkeyptrar rekstrarvöru og þjónustu, en jafnframt þarf að reikna með hækkun ýmissa lögboðinna rekstrargjalda og loks er hækkun markaðra tekjustofna talin hér með auk ýmissa umframgreiðslna sem þegar hafa verið samþykktar. Að lokum er talið að auka þurfi fjárveitingar til hafnamála og landbúnaðarmála um rúmar 400 millj. kr. í ár. Í hafnamálum er hér helst um að ræða aukin framlög til hafnargerðar í Þorlákshöfn og Grindavík, en þessar framkvæmdir eru fjármagnaðar að 6/10 hlutum með lánsfé frá Alþjóðabankanum, en 4/10 hlutum af ríkissjóði. Framkvæmdakostnaður hefur hækkað nokkuð síðan fjárhagsáætlun var gerð, aðallega vegna gengissigs að undanförnu. Hækkun á framlögum til landbúnaðarmála er vegna vísitöluhækkana sem orðið hafa frá því að áætlunin var gerð. Einnig má nefna framlag til Norræna fjárfestingarbankans sem áætlað er 57 millj. kr. á þessu ári

Eins og fyrr segir hefur áætlun um innheimtu ríkistekna nú verið endurskoðuð með hliðsjón af nýjustu vitneskju um verðlags- og launabreytingar í ár og áhrif þeirra á þjóðarútgjöld. Niðurstöður þessarar endurskoðunar sýna aukningu tekna af þeim stofnum sem ráðast af veltu, einkum söluskatti, en á móti vegur að nú er reiknað með að þjóðarútgjöld að raunverulegu verðgildi dragist nokkuð saman fremur en þau verði óbreytt eins og miðað var við við fjárhagsáætlun. Hið sama gildir um innflutning. Nú eru horfur á að hann dragist meira saman en áður var reiknað með, en vegna gengissigs að undanförnu er áætlað að tekjur af aðflutningsgjöldum aukist nokkuð. Þá er og reiknað með nokkru meiri tekjum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins en áður, og er það fyrst og fremst vegna verðhækkunar áfengis og tóbaks í marsmánuði s. l. Loks er gert ráð fyrir að ýmsar aðrar tekjur, sem fylgja verðlags- og launabreytingum, hækki nokkuð frá áætlun fjárl., en á hinn bóginn eru ekki horfur á að beinir skattar, einkum tekjuskattur, hækki umfram fjárlagatölur. Heildarniðurstaða þessa er sú, að gera megi ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs í ár fari að öllu óbreyttu um 4 milljarða kr. fram úr áætlun fjárlaga.

Samkv. þeim tölum, sem hér hafa verið raktar, eru nú horfur á að ríkisútgjöld verði um 600 millj. kr. umfram tekjur á þessu ári. Í fjárl. þessa árs var gert ráð fyrir, að jöfnuður lánahreyfinga yrði neikvæður um 1 milljarð og 100 millj. kr., en að auki verður nú að ætla um 100 millj. kr. halla til viðbótar, einkum vegna gengisbreytinga að undanförnu. Fjárvöntun ríkissjóðs er því nú áætluð um 1 milljarður og 800 millj. kr.

Við afgreiðslu fjárl. fyrir árið í ár var lögð á það rík áhersla að ríkisfjármálunum yrði beitt markvisst til þess að tryggja framgang efnahagsstefnu ríkisstj., ekki síst til þess að draga úr viðskiptahallanum við útlönd, enda var þá ljóst að frekari halla en gert var ráð fyrir í þjóðhagsspá og lánsfjáráætlun yrði alls ekki mætt með aukinni skuldasöfnun erlendis Af þessum sökum er nauðsynlegt að leysa þann fjárhagsvanda ríkissjóðs, sem hér hefur verið lýst, með innlendri fjáröflun, þannig að jafnvægi í ríkisbúskapnum verði tryggt. Þær ráðstafanir, sem frv. þetta felur í sér, ber jafnframt að skoða í samhengi við þær ákvarðanir í peningamálum sem Seðlabankinn hefur nýlega tekið eftir viðræður við ríkisstj. Með þeim ákvörðunum var að því stefnt að ná þolanlegu jafnvægi á fjármagnsmarkaði og tryggja getu bankakerfisins til þess að sinna brýnustu rekstrarfjárþörfum atvinnuveganna í ljósi þeirrar þróunar í verðlags- og launamálum sem nú er fyrirsjáanleg. Eigi þessi árangur að nást er nauðsynlegt að tryggja hallalausan ríkisbúskap.

Ráðstafanir þær, sem ríkisstj. leggur til með frv. þessu að beitt verði til að leysa fjárhagsvanda ríkissjóðs í ár, eru tvíþættar:

Í fyrsta lagi er lagt til að hið sérstaka vörugjald hækki nú úr 10% í 18% og haldist þannig til loka þessa árs. Jafnframt er lagt til að nokkrar nauðsynjavörur verði felldar undan gjaldskyldu, en öðrum vörum hins vegar aukið við. Tekjuauki ríkissjóðs vegna þessarar breytingar er áætlaður 1 milljarður og 600 millj. kr., en þar af er áætlað að verja 1 milljarði kr. til eflingar landhelgisgæslu og til friðunarráðstafana.

Innheimta vörugjalds hefur gengið allvel og tiltölulega fá ágreiningsefni komið í ljós við framkvæmd laganna. Meginkostur vörugjaldsins er hins vegar þau áhrif sem gjaldið hefur til takmörkunar innflutningi. Gjaldtakan treystir því gjaldeyrisstöðuna og er við það miðað við mat á tekjuáhrifum gjaldsins að nokkuð dragi úr innflutningi frá því, sem ella hefði orðið.

Í öðru lagi er lagt til að greiðslur ríkissjóðs vegna skattafsláttar upp í útsvar verði takmarkaðar. Hér er um að ræða að koma í veg fyrir að ákvæði skattalaga um persónuafslátt verði til þess að sveitarfélögin taki almennt að nota lífeyristekjur og lágar tekjur námsmanna sem álagningarstofn útsvars, enda er það í andstöðu við tilgang laganna svo og þá stefnu sem sveitarfélögin hafa lengst af fylgt. Er talið að þessi breyting bæti greiðsluafkomu ríkissjóðs um allt að 300 millj. kr. í ár.

Auk þess fjárhagsvanda, sem þegar hefur verið

gerð grein fyrir og ætlast er til að verði leystur með fyrrgreindum ráðstöfunum, er nú sýnt að verulegar fjárhæðir þarf til viðbótar fjárlagatölum eigi að vera unnt að sinna brýnustu verkefnum í vegamálum, eins og samgrh. mun gera nánari grein fyrir er vegáætlunin verður lögð fram. Er þessi fjárvöntun til vegagerðar nú talin geta numið um 450 millj. kr Með frv. þessu er lagt til að í ár verði lagður á skyldusparnaður með sama sniði og í fyrra og verði fé því, sem aflað er með skyldusparnaðinum, varið til vegagerðar. Samkv. tillögum frv. verður skyldusparnaður áfram 5%, en þær fjárhæðir, sem draga skal frá skattgjaldstekjum áður en til álagningar kemur, eru hækkaðar í því skyni að skyldusparnaður sem hlutfall af tekjum verði nokkurn veginn óbreyttur. Áætlað er að innheimta skyldusparnaðar geti numið 300 millj. kr. Auk þessarar fjáröflunar hafa markaðir tekjustofnar til vegagerðar nú verið hækkaðir í samræmi við hækkun byggingarvísitölu samkv. heimild 1. gr. laga nr. 78/1975, ákveðið hefur verið að hækka bensíngjald um 1.59 kr. og er áætlað að það gefi um 170 millj. kr. auknar tekjur í ár. Ég vek athygli á því að hér nefndi ég töluna 1.59 kr., en í grg. frv. er talað um 1.67 kr. Við endurskoðun og athugun kom í ljós að hér yrði um að ræða 1.59 kr. samkv. gildandi lögum, en ekki 1.67, eins og í grg. frv. stendur. Með nýrri reglugerð, sem gefin er út í dag, hefur innflutningsgjald á bifreiðum í jeppaflokki og snjósleðum verið hækkað fyrst um sinn úr 50% í 75%. en eftir 1. júlí í 90% samkv. heimild í l. nr. 4/1960, um efnahagsmál. Er áformað að tekjuauki af þessari hækkun, 150 millj. kr., verði í ár lánaður til vegagerðar.

Um þessa breytingu má annars segja að um árabil hefur tollur á jeppabifreiðum aðeins verið 40% meðan tollar á öðrum fólksbifreiðum hafa verið 90%. Gjaldamunur þessi hefur á sínum tíma vafalaust átt vissan rétt á sér, en með breyttum þjóðlífsháttum og örri bróun jeppabifreiða úr því að vera eingöngu landbúnaðarbifreiðar í að vera bifreiðar til almennra nota og ört vaxandi notkun þeirra í þéttbýli verður að telja forsendur brostnar fyrir þessum gjaldamun. Með hinni nýju reglugerð eru gjöld af þessum bifreiðum að mestu leyti samræmd í tveimur áföngum þeim gjöldum sem í gildi eru af almennum fólksbifreiðum. Rétt þótti að hækka á sama hátt gjöld af vélsleðum, en innflutningur þeirra hefur farið ört vaxandi á undanförnum árum, þar eð um að ræða ökutæki, sem eðlilegt verður að telja, að skattlögð séu í svipuðum mæli og fólksbifreiðar.

Hagstofan hefur metið verðlags- og kauplagsáhrif þeirra ráðstafana sem hér hefur verið gerð grein fyrir. Áhrifa hækkaðs vörugjalds mun ekki gæta strax af fullum þunga í verðlagi og er áætlað að breyting gjaldsins úr 10% í 18% og breyting gjaldstofnsins muni hækka framfærsluvísitöluna um 4 stig 1. júní n. k. og til viðbótar um 3 stig 1. okt. Hafa ber í huga að í núgildandi lögum um vörugjald er ákveðið að gjaldið skuli lækka úr 10% í 6% 1. sept. n. k. og hefur hingað til verið við það miðað að sú lækkun hefði í för með sér lækkun framfærsluvísitölu um 3—4 stig til ársloka 1976. Áhrif þess gjaldauka, sem frv. þetta fjallar um, munu því í raun vera 10—11 stiga hækkun framfærsluvísitölu á árinu miðað við fyrri forsendur.

Í frv. er lagt til að 2.5 framfærsluvísitölustig komi til frádráttar framfærsluvísitölu 1. júní áður en vísitölunni er beitt til kaupgjaldsbreytinga, jafnframt komi til viðbótar 2.5 F-stig til frádráttar 1. okt. Hér er við það miðað að 1 milljarði kr. af vörugjaldsaukanum verði varið til eflingar landhelgisgæslu og til friðunarráðstafana, eins og áður sagði. Viðtæk samstaða virðist ríkja um nauðsyn slíkra ráðstafana, og eðlilegt er að auknum útgjöldum ríkissjóðs til eflingar landhelgisgæslu og friðunarráðstafana sé mætt með skattlagningu. Hækkun bensíngjalds veldur hækkun framfærsluvísitölu um 0.5 stig og kemur það til viðbótar framangreindri hækkun.

Þegar jafna á niður kostnaði sem varðar sérstaklega brýna alþjóðahagsmuni, eins og hér er um að ræða að því er varðar landhelgisgæslu og fiskverndunarráðstafanir, er sérlega mikill vandi að velja réttláta og raunhæfa aðferð. Vörugjaldið er m. a. valið vegna þess að nauðsynlegt er að styrkja stöðuna út á við og eins af því að það leggst léttar á lífsnauðsynjar, sérstaklega eftir breytinguna sem frv. gerir ráð fyrir. Að hve miklu leyti slík skattlagning á að valda launahækkun með tilliti til allra aðstæðna verður ekki komist hjá að svara. Flestir munu telja rétt að kostnaður af þessu tagi sé borinn uppi af landsmönnum öllum og því naumast efni til launahækkunar. Tillaga frv. er í samræmi við þetta. Ég tel, að fjh.- og viðskn. þurfi að skoða sérstaklega till. frv. um frádrátt frá „rauðu strikunum“ í vísitölunni samkv. gildandi kjarasamningum.

Nú standa yfir eða eru í undirbúningi miklar orkuframkvæmdir sveitarfélaga og ber þar hitaveitur langhæst. Eru framkvæmdir þessar fjármagnaðar með ýmsu móti af Lánasjóði sveitarfélaga, Orkusjóði, með erlendum lánum o. s. frv. Þegar gengið var frá lánsfjáráætlun í des. s. l. var ekki unnt að gera þessum málum viðhlítandi skil og því nauðsynlegt að afla nýrra heimilda til að ríkisstj. geti veitt sveitarfélögum þann stuðning í þessum efnum, sem nauðsynlegur er, án þess að dregið sé úr ábyrgð eða frumkvæði sveitarfélaganna varðandi þessar framkvæmdir.

Till. frv. í þessum efnum eru tvíþættar:

Í fyrsta lagi er lagt til, að ríkissjóði sé heimilt að ábyrgjast lántökur sveitarfélaga vegna orkumála á þessu ári allt að 500 millj. kr.

Í öðru lagi felst í frv. heimild til fjmrh. til þess að leyfa sveitarfélögum, sem ráðast í meiri háttar hitaveituframkvæmdir, að afla fjár með verðbréfaútgáfu á innlendum markaði með hliðstæðum kjörum og ríkissjóður. Með þessu væri farið út á nýja braut er veitti sveitarfélögunum nokkru meira svigrúm en þau áður hafa haft varðandi lánsfjáröflun innanlands. Má vænta þess, að þau geti með þessum hætti vakið áhuga heimamanna á því að leggja sem mest fé af mörkum til hitaveituframkvæmda, jafnframt því sem dregið er úr erlendum lántökum til þeirra.

Verðbréfaútgáfa ríkissjóðs hefur sætt nokkurri gagnrýni að undanförnu og er nauðsynlegt að þessari nýju heimild verði beitt af varkárni.

Hitt er þó óneitanlegt, að slík lánsfjáröflun ætti að geta létt nokkuð á kröfum um lánveitingar innlánastofnana til hitaveitufram kvæmda.

Rétt er að lokum að benda á að Lánasjóður sveitarfélaga virðist hinn eðlilegi forustuaðili varðandi lánsfjármögnun smærri hitaveitufram kvæmda sem nú eru í undirbúningi víðs vegar um land. Er æskilegt að hann stuðli að sameiginlegu átaki lánastofnana til þess að veita hagkvæmum framkvæmdum á þessu sviði brautargengi, m. a. með samvinnu við Orkusjóð og Byggðasjóð.

Frá því að fjárlög voru afgreidd í des. s. l. hafa þjóðhagshorfur breyst talsvert og má telja að þær séu nú öllu lakari en þær virtust á s. l. hausti. Þróun útflutningsverðlags sjávarafurða hefur að vísu reynst hagstæðari en með var reiknað. Útflutningsverðlagið er um þessar mundir líklega 4—5% hærra í erlendri mynt en áður var spáð eða 13—14% hærra en í fyrra. Innflutningsverðþróunin virðist hins vegar svipuð og við var búist. En dræm fiskigengd við Suðvesturland og aflamissir vegna verkfalls, einkum á loðnuveiðum, veldur því að gjaldeyristekjur af sjávarvöruframleiðslu aukast líklega ekki frá fyrri spá, enda þótt útflutningsverð hafi hækkað meir en við var búist. Endurskoðun þjóðhagsspár fyrir árið 1976, sem nú er unnið að, m. a. vegna breyttra viðhorfa, bendir til þess að þjóðartekjur muni dragast nokkuð saman á árinu í stað þess að standa í stað, eins og áður var spáð. Þessar horfur ásamt veikri gjaldeyrisstöðu gera það enn brýnna en áður að þjóðarútgjöldin í heild dragist saman á árinu.

Akvæði þessa frv. verður að skoða í ljósi þess markmiðs að draga verulega úr viðskiptahallanum við útlönd þegar á þessu ári, og er nú útlit fyrir að það muni takast ef ekki verða óvæntir atburðir síðar á árinu. Þetta er þeim mun brýnna sem greiðslubyrði þjóðarinnar af erlendum lánum hefur aukist mjög að undanförnu og áhrifa mikillar skuldasöfnunar við útlönd mun gæta enn frekar á næstunni. Er því nauðsynlegt að takmarka svo sem unnt er frekari lántökur erlendis. En það verður ekki gert nema takist á næstu árum að treysta sem best innlenda fjáröflun og jafnframt að ráðast ekki í framkvæmdir nema fjáröflun sé tryggð.

Reynsla undanfarinna ára, einkum síðustu 2—3 ára, sýnir glöggt að hin árlegu fjárlög með hefðbundnu sniði hafa ekki reynst hentugt hagstjórnartæki til þess að mæta breyttum aðstæðum í efnahagsmálum. Þetta tímabil hefur verið tímabil mikils umróts í alþjóðlegum efnahagsmálum og tíðar breytingar á ytri skilyrðum þjóðarbúsins hafa sett sitt mark á framvindu íslenskra efnahagsmála. Af þessum og ýmsum öðrum ástæðum hefur oft þurft að grípa til aðgerða í efnahagsmálum, oftast með ríkisfjármál sem uppistöðu. Þannig má minna á efnahagslöggjöfina í apríl í fyrra, efnahagsmálafrv. og löggjöf sem komu fram á árinu 1974. Sú spurning hlýtur að vakna, hvort ekki geti verið eðlilegt að taka upp ný stjórntæki á sviði fjármála sem einfaldlega feli í sér viðurkenningu á þörfinni fyrir heimildir til þess að breyta innan ákveðinna marka tilteknum sköttum í hagstjórnarskyni og e. t. v. einnig vissum greinum ríkisútgjalda. Hin árlegu fjárlög ætti að semja í samhengi 3—4 ára áætlana um ríkisútgjöld og ríkistekjur og þau ættu að taka mið af markmiðum um þróun starfsemi hins opinbera til nokkurra ára í senn. Hins vegar væru svo gefnar heimildir fyrir ríkisstj. til að breyta á fjárlagaárinu ákveðnum mikilvægum tekjustofnum og tilfærslugreiðslum til hækkunar og lækkunar innan ákveðinna marka. Samþykktar Alþingis væri síðan leitað eftir á við næstu árlegu fjárlagaafgreiðslu og væri jafnan fráfararatriði ef ekki fengist. Hugmyndir af þessu tagi hafa nokkuð komið til umr., bæði hér á landi og annars staðar, en mér virðist að nú sé tímabært að Alþ. láti þetta mál til sín taka. Þetta gæti verið leið til þess að svara kröfum breyttra tíma.

Hér hefur verið tæpt í fáum orðum á breytingu á meginreglum fjárlagalöggjafarinnar. Vitaskuld eru þetta ekki fullmótaðar hugmyndir og ljóst er að breytingar af þessu tagi yrðu umdeildar. Í sumum greinum snerta þær beinlínis grundvallarreglur stjórnarskrárinnar. Ég tel hins vegar að ítarleg athugun á þessu efni sé æskileg því að til mikils er að vinna að fjármálastjórn geti verið virk og hafi möguleika til þess að bregðast eðlilega við breyttum aðstæðum í þjóðarbúskapnum á hverjum tíma.

Herra forseti. Ég mun nú ljúka máli mínu. Ég leyfi mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði þessu máli vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. Ég vonast til að viðskn. beggja hv. þd. starfi saman til þess að hægt sé að auðvelda framgang þessa máls. Það liggur í augum uppi að mál af þessu tagi, sem nú liggur fyrir Alþ. þarf að sjálfsögðu að ganga hið allra fyrst fram, þótt það um leið fái ítarlega athugun og skoðun í þingi. Gerðar hafa verið ráðstafanir til þess að þeir aðilar, sem um þetta mál fjalla á þingi, hafi haft í sínum höndum þessa helgi hugmyndir um efni þessa máls, og ég vonast til að hægt verði að ná víðtæku samkomulagi um hraða afgreiðslu þess.

Sigurður Blöndal: Herra forseti. Við höfum nú fengið hér á þskj. 595 þau árlegu vorbjargráð, ef svo mætti kalla það, sem virðast vera að verða reglulegur viðburður hér í störfum Alþ. og hæstv. fjmrh. vék nú að áðan að fjárlagaafgreiðslan með núverandi sniði væri kannske að verða úrelt mál. Það er auðvitað mál út af fyrir sig, sem kannske væri hægt að ræða hér og ætti að ræða. En alla vega held ég að við verðum að segja að tíminn, sem þessu frv. var valinn til birtingar, virðist vera mjög hnitmiðaður. Hann kemur núna eftir 1. maí þegar alþýðusamtökin hafa verið að gera sínar kröfur. Og maður getur ekki varist þeirri hugsun að það gerist hér alveg sama og virðist vera mjög títt og rætt var um hér í þingsölum fyrir helgi, að þegar verðhækkanir skella á, m. a. hækkanir opinberrar þjónustu, þá vill svo einkennilega til að þær koma einmitt þegar nýbúið er að gera kjarasamninga og langt í næstu vísitölubreytingar. Þessi tími er sem sagt mjög einkennilega valinn og þannig að það er óhætt að segja það að alþýðusamtökin höfðu

ekki möguleika til þess að láta í ljós álit sitt á skattlagningunni úti á götunni eða á þeim fundum sem haldnir voru. En það má segja það líka að alþm. hér hafa ekki haft mikið ráðrúm til að átta sig á þessu. Þeir hafa nánast ekkert ráðrúm haft til þess flestir þeirra. Þetta viðamikla frv. var að koma inn á borðið hjá okkur núna fyrir nokkrum — ja, kannske tveimur klukkutímum eða eitthvað svoleiðis, einstaka menn fengu það núna um helgina, en tími til að bera saman ráð sín var ákaflega skammur og það er ekki hægt annað en mótmæla mjög harðlega slíkri aðferð.

Í stuttu máli er það höfuðmál í þessu frv., sem nú liggur fyrir, að það eru nýjar álögur í formi skatta upp á ca. 2.2 milljarða kr. til áramóta, eins og hæstv. fjmrh. hefur gert grein fyrir. Þar af er stærsti liðurinn, þ. e. a. s. 1.6 milljarður, í formi nýs eða endurnýjaðs og hækkaðs vörugjalds sem hækkar nú í 18% í stað lækkunar í 6% eins og búið var að ákveða áður. Þetta er vissulega stærsti liður fjáröflunarinnar sem þetta frv. tekur til. Auk þess er svo allvæn upphæð, 300 millj., sem er skyldusparnaður á tekjur hjá fólki sem er með háar tekjur. Það er sama og gert var í fyrra, og í sjálfu sér get ég fallist á það að þetta er lánsfjáröflunarleið sem ég tel að eigi fullan rétt á sér.

Það er hins vegar ekki hægt annað en lýsa ákveðinni andstöðu við þá aðferð sem hefur verið höfð hér við framlagningu þessa frv. Í raun og veru er ekki hægt að segja annað en það er kastað hanskanum framan í Alþýðusamband Íslands og önnur launþegasamtök, vegna þess að mikilvæg ákvæði í þessu frv. raska verulega grundvelli kjarasamninganna frá í vetur. Það er þegar búið að raska þeim svo mikið, eins og kom greinilega fram í þeim löngu umr. sem urðu hér á Alþ. á föstudaginn var, að manni finnst ekki á bætandi. Það er í stuttu máli þannig að samkv. frv. á vörugjald, sem á að gefa tekjur upp á 1 milljarð kr., 1000 millj., að takast út úr vísitölusamhenginu, það á ekki að koma inn í vísitölu framfærslukostnaðar. Samkv. grg. frv. er um að ræða alls í kringum 10—11 stiga hækkun á framfærsluvísitölu með þeirri skattlagningu, beinni og óbeinni, sem frv. felur í sér, og þar af alls um 5 stig bótalaust. Aftur á móti bregður svo við að það er ekkert um það í frv. eða grg., ekki einu sinni í grg., að það verði sett neitt þak á álagningu verslunarinnar. Það hefur verið í flýti reynt að reikna það út að bara fyrir þennan eina milljarð, sem frv. gerir ráð fyrir að verði tekinn út úr vísitölunni, muni verslunarálagningin nema eitthvað í kringum 300 millj. kr. Þar fyrir utan er svo auðvitað það sem kemur í hlut verslunarinnar fyrir veltuaukninguna á hinum 600 millj. En ég er að tala hérna um þann hluta vörugjaldsins sem meiningin er að taka út úr vísitölunni samkv. frv. Þarna er sem sagt ekkert þak sett á álagningu verslunarinnar á þetta, og það má segja að þetta beri sannarlega vott um að drottinn þekkir sína. Við vitum af þessu hvar drottinn sjálfur situr, sá hugsar um velferð verslunarinnar. Það höfum við að vísu vitað lengi.

Það er einn megingalli á þessu frv. Það er að þar er hrært saman í einn graut fjáröflun vegna vandræða ríkissjóðs og fjárskorts Landhelgisgæslunnar, og þetta er í sjálfu sér óþolandi. Hæstv. ríkisstj. hefði alveg tvímælalaust borið siðferðileg skylda til þess að hafa samráð við stjórnarandstöðuna um hvernig ætti að leysa hin sérstöku fjárhagsvandræði Landhelgisgæslunnar. Þar fyrir utan er svo fjármálum Landhelgisgæslunnar hrært saman við nauðsyn nýrrar fiskileitar og hafrannsókna og nýrra úrræða í sambandi við fiskveiðarnar vegna rýrnunar þorskstofnsins og annarra fiskstofna, sem mestar veiðar hafa verið stundaðar á hingað til. Um nauðsynina á því gátu allir vitað í haust þegar fjárl. voru til afgreiðslu, þannig að það hefði verið mjög eðlilegt að menn hefðu þá þegar séð þetta fyrir og tekið þetta á eðlilegan hátt inn í afgreiðslu fjárl. Svarta skýrslan svokallaða var komin út, það var sem sagt búið að hringja bjöllunni og menn vissu að þetta var vandamál sem þurfti að takast á við.

Ég get ekki stillt mig um að vekja athygli á atriði sem stendur í grg. frv., þar sem rætt er um eflingu Landhelgisgæslunnar, og snertir einmitt þetta atriði, þessar hugmyndir eða þessi ákvæði um fjáröflun til hennar. Þar segir orðrétt í grg., með leyfi hæstv. forseta:

„Var þá gert ráð fyrir“ — þ. e. a. s. í haust eða á árinu 1975 — „að aðgerðir íslendinga til verndar fiskstofnum yrðu mjög bráðlega viðurkenndar réttmætar og deilur við önnur ríki yrðu til lykta leiddar.“

Þarna er það sagt svart á hvítu að hæstv. ríkisstj. hafi reiknað með því að það yrði samið við breta. Það var búið að semja við þjóðverja strax núna í haust, og þarna stendur það svart á hvítu að það átti að semja við breta. En svo þegar það tókst ekki, þá er vandinn kominn upp. Eins og þessu er hrært hér saman, þá er í raun og veru komið aftan að stjórnarandstöðunni með fjáröflunina og henni er hnýtt við aðgerðir sem stjórnarandstaðan, ég segi það a. m. k. fyrir munn Alþb., — hlýtur að verða andstæð í mjög mörgum atriðum, og ég trúi því og hef reyndar vitneskju um að launþegasamtök, eins og Alþýðusamband Íslands, hljóta að mótmæla kröftuglega ýmsum ákvæðum í þessu frv.

Ég vil víkja að fjáröflunartill. svolítið nánar. Aðalfjáröflunin er hugsuð með vörugjaldi, eins og ég sagði áðan. Það er út af fyrir sig kannske það jákvæðasta sem þar er að finna í því, það er hugmyndin að eigi sér stað viss tilfærsla milli vöruflokka frá því sem var þegar vörugjaldið var sett á á s. l. ári. Þar eru neysluvörur, eins og t. d. hveiti og sykur, sem eru beinar neysluvörur, og hráefni í margar nauðsynjar, þær eru teknar undan vörugjaldinu, en aftur unnar innfluttar vörur settar í staðinn. Sömuleiðis er timbur tekið undan, byggingartimbur, og það er út af fyrir sig gott og blessað. Við bíðum svo og sjáum, og við skulum taka vel eftir því hvort verð muni lækka á þeim fjölmörgu vöruflokkum sem svo aftur eru unnir úr þessum hráefnum, hveiti og sykri, og við skulum taka eftir því hvað byggingarkostnaður muni lækka við það að vörugjaldið er tekið af byggingartimbri. Við erum yfirleitt ekki vön því að slíkir hlutir gerist hér, þá sjaldan það kemur fyrir að vörur lækka á þessum árum. Við veitum því mjög sjaldan athygli að verð lækki þegar við

þurfum að fara að greiða endanlega fyrir vöruna eða þjónustu sem hún er tengd. Og það má segja að það þyrfti að setja tryggingu fyrir að það yrði gert. En í raun og veru eru milliliðirnir yfirleitt látnir halda sínu.

Það er hér í frv. reiknað með fjáröflun til Vegasjóðs um 450 millj., og það sæti síst á mér, sem þý við vegi sem frá sjónarmiði fólks hér mundu vart verða taldir akfærir, að neita nauðsyn fjáröflunar í Vegasjóð. En það er með þetta atriði eins og fleira í þessu frv. að þetta átti auðvitað að gerast strax í fjárl. Það hefur í raun og veru ekkert óvænt komið upp í þessu efni. Það var hægt að taka tillit til alls þessa við fjárlagaafgreiðsluna, þannig að það þyrfti ekki að vera að koma aftan að mönnum með sumarkomunni. En hins vegar hlýt ég að viðurkenna að það verður auðvitað að skoða allar hugsanlegar leiðir til fjáröflunar í Vegasjóð.

Það er með ýmsar aðrar fjáröflunarleiðir sem hér eru nefndar, þær snerta útgjöld sem menn gátu séð fyrir strax við afgreiðslu fjárl. Hæstv. ríkisstj. hefur þó greinilega ekki reiknað með þeim 750 millj. kr. sem hér er rætt um til landhelgisgæslunnar af því að hún hefur gert ráð fyrir því að samið yrði við breta. Hins vegar vil ég minna á það, að við fjárlagaafgreiðsluna í vetur fluttu þm. úr Alþb. brtt. þar sem þeir lögðu til að settar yrðu á fjárlög 350 millj. kr. til eflingar landhelgisgæslunnar strax í vetur. Alþb.-menn reiknuðu með að þörf yrði á því, og vissulega hefur það reynst rétt.

Í þessu frv. er ráðið í skattlagningunni eða tekjuöfluninni fyrst og fremst í aðalatriðum óbein skattlagning. Alþb. hefur bent á og alþjóð er kunnugt um að það er víða mikill leki í hinni beinu skattlagningu vegna rangra og ófullkominna ákvæða í tekjuskattslögum. Það rennur frá ríkissjóði stórfé sem þangað ætti að skila sér ef betur væri á haldið. Og ég vil þá nota tækifærið einmitt út af þessu að minna á það frv. á þskj. 34 sem hv. 5. þm. Norðurl. v., Ragnar Arnalds, hefur flutt snemma á þessu 97. löggjafarþingi um endurskoðun ákvæða tekjuskattslaga, um í fyrsta lagi fyrningu, í öðru lagi hámark vaxtafrádráttar og í þriðja lagi áætlað lágmark þeirra sem hafa tekjur af eigin atvinnurekstri. Í grg. fyrir frv. er bent á að með hjálp flýtifyrningar geti afskriftir á ári orðið upp í 25.35% fyrir öll flutningatæki, skip, bifreiðar, vinnuvélar og önnur tæki til mannvirkjagerðar. Síðan segir flm. orðrétt í grg., með leyfi hæstv. forseta:

„Hámark fyrninga á öðrum vélum er 2.5% lægra. Með þessum miklu fyrningarheimildum geta fyrirtæki á 4 árum sloppið við að greiða skatt af tekjum sem nema 80—90% af andvirði fyrnanlegra eigna sem þó er ætlað að endast mun lengur. Með stöðugri fjárfestingu geta fyrirtækin komist hjá því að greiða tekjuskatt um mjög langt skeið, og það furðulegasta er, að þegar eignin er fullfyrnd, þarf fyrirtækið aðeins að selja hana og festa sér í staðinn aðra eign til þess að geta byrjað að afskrifa á nýjan leik af fullum krafti. Er þá stundum um að ræða að eignirnar, sem koma í staðinn fyrir þær seldu, hafa áður verið að fullu afskrifaðar hjá fyrri eiganda, og getur þannig sama eignin orðið til þess að spara nýjum og nýjum eiganda tekjuskattsgreiðslur, sem nema mörgum millj. kr. Til þess að tryggja enn frekar að fyrirtækin sleppi vel frá álagningu tekjuskatts, er fyrirtækjunum heimilað í 17. gr. skattalaga að leggja í varasjóð ¼ af hreinum tekjum félaganna áður en tekjuskattur frá árinu áður hefur verið frá dreginn. Þessi fjórðungur tekna er skattfrjáls með öllu, og var upplýst á síðasta þingi að fyrirtæki með félagsformi hefðu dregið frá hreinum tekjum sínum 511 millj. kr. á árinu 1974 og lagt í varasjóð."

Hér er augljóslega um meiri háttar fjárhæðir að ræða, og þó að það sé auðvitað ekki ráðrúm til við afgreiðslu þeirra útgjaldaliða, sem þetta frv. ræðir um núna, þá er samt ástæða til að minna á að þarna eru stór göt í tekjuskattslögunum þar sem hægt væri að afla tekna sem mundi vera aflað réttlátlegar heldur en þar sem hér er áætlað eða meiningin að gera með óbeinni skattlagningu.

Ég vil endurtaka það, að það eru engin atriði í þessu frv. sem fjalla um ný vandamál, heldur vandamál sem ríkisstj. skaut á frest í haust og vetur fyrir jól, nema þá landhelgisgæslunnar. Og það var þó mat Alþb. að þá þegar væri þörf á því. Um verðbólguþróunina var vitað og að nýir kjarasamningar yrðu gerðir, bæði við Alþýðusamband Íslands eða aðildarfélög þess og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Bandalag háskólamanna. Stofnanir eins og Þjóðhagsstofnun og Seðlabanki hafa alltaf spár um verðlags- og verðbólguþróunina á hverjum tíma, þannig að við vissum auðvitað hvað mundi gerast. Þeir spá um hvað mikla prósentu verðbólgan hækki eitthvert tiltekið tímabil fram í tímann. Talsmaður Alþb. í hv. fjvn. Alþ. gagnrýndi einmitt við afgreiðslu fjárl. fyrir árið 1976 að þau spegluðu ekki nægilega fyrirsjáanlega bróun. Og svo er þessum úrræðum, sem við höfum á þessu þskj. sem til umr. er, dembt með hraði og engum fyrirvara yfir alþm., og við þykjumst vita að það verði keyrt með forgangshraði gegnum þingið. Það er enginn tími til gaumgæfingar á svo stóru máli, og slíkt virðist því miður einmitt vera einkennandi fyrir vinnubrögð hér á hinu háa Alþ., þar sem þar eru það hin litlu mál sem eru ræddd lengst og mest, en slík vinnubrögð eru löggjafarsamkundunni til lítillar sæmdar og forkastanleg.

Eins og drepið var á áðan, eru í 8. gr. frv. ákvæði um að verja allt að 1000 millj. kr. til eflingar landhelgisgæslu og fiskverndar. Okkur er öllum ljóst að útvega verður fé í þessu skyni. Nauðsyn fiskverndarinnar og leit að nýjum úrræðum í sjávarútvegi var auðvitað jafnaugljós í haust eins og hún er nú. En það var ekkert fyrir því hugsað þá, og menn geta því verið sammála um að það sé nauðsynlegt að gera það nú. Landhelgisgæsluna vantar sitt fé. Við verðum að viðurkenna að vörugjaldið er að sjálfsögðu miklu skárri fjáröflunarleið en söluskattur. En með því að taka verðhækkunina, sem af því leiðir, út úr vísitölunni, er farin leið sem ég held að sé óhugsandi að Alþýðusamband Íslands og önnur launþegasamtök muni samþykkja eins og allt er í pottinn búið og enn síður þegar verslunin á að fá að græða aukalega á því sem af öðrum er tekið. Ég endurtek að um þennan sérstaka gjaldalið átti hæstv. ríkisstj. að hafa samráð fyrir fram við stjórnarandstöðuna. Vegna þessarar málsmeðferðar hefur hæstv. ríkisstj. í raun réttri afsalað

sér möguleikum á hugsanlegri samstöðu við stjórnarandstöðuna um þetta sérstaka mál, þar sem hún hnýtir við það ráðstöfunum sem a. m. k. Alþb. telur að hefði mátt og átt að gera þegar við afgreiðslu fjárl. í vetur.

Einstök atriði þessa frv. ræði ég þá ekki frekar við þessa umr. En það er höfuðatriði við meðferð málsins í n. að launþegasamtökin verði þar til kvödd og það verði hlustað eftir áliti þeirra, bæði Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Bandalags háskólamanna, sem öll eru með nýgerða kjarasamninga.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Þingflokkur Alþfl. hefur þegar athugað og rætt það frv. sem hér er nú til 1. umr. Í tilefni frv. hefur þingflokkurinn gert eftirfarandi ályktun sem ég leyfi mér að lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„Þingflokki Alþfl. er ljós nauðsyn þess að afla verulegs fjár til þess að efla landhelgisgæsluna og auka fiskileit og hafrannsóknir. Hann er því reiðubúinn til þess að samþykkja það ákvæði frv. til l. um fjáröflun til landhelgisgæslu og fiskverndar, ríkisfjármál o. fl., sem lýtur að 1000 millj. kr. fjáröflun vegna landhelgisgæslunnar, fiskleitar og hafrannsókna, með tímabundinni hækkun á vörugjaldi í 13% á þessu ári, þó með því skilyrði að sú hækkun raski ekki gildandi kjarasamningum varðandi vísitölubætur. Í frv. felast hins vegar álögur sem eru langt umfram þessa fjárþörf og er í því ekki gert ráð fyrir að ríkissjóður leggi neitt á sig í sparnaðarskyni.

Þingflokkur Alþfl. telur að ríkissjóði beri að mæta hluta af þeim vanda, sem hér er um að ræða, með eigin sparnaði og er reiðubúinn til þess að samþykkja framlengingu skyldusparnaðarins, enda verði þá afgangi fjárhagsvandans, sem næmi um 500 millj. kr., mætt með sparnaði í ríkisútgjöldum. Þá telur þingflokkurinn ekki koma til mála að breyta nú fjögurra mánaða gömlum ákvörðunum Alþ. í fjárl. varðandi vegamál.

Frv. í heild ber þess ljósan vott, að ríkisstj. ræður að engu leyti við þann vanda sem við er að etja í efnahagsmálum þjóðarinnar. Þingflokkur Alþfl. telur að nú sé svo komið að ríkisstj. beri að segja af sér og reyna eigi myndun starfhæfari og ábyrgari ríkisstj., en að öðrum kosti virðist ekki um annað að ræða en að gefa þjóðinni kost á að taka afstöðu til núv. ríkisstj. með því að rjúfa þing og efna til nýrra kosninga."

Þetta er ályktun þingflokks Alþfl.

Ég tel rétt að rökstyðja þær skoðanir sem fram koma í þessari stefnuyfirlýsingu þingflokks Alþfl.

Samkv. grg. þessa frv. er sá fjárhagsvandi, sem því er ætlað að leysa með 18% vörugjaldi út þetta ár, um 1800 millj. kr., þar af eru 1000 millj. taldar nauðsynlegar vegna landhelgisgæslu, fiskleitar og hafrannsókna, en 800 millj. vegna almennra útgjalda ríkissjóðs. Eins og kemur fram í stefnuyfirlýsingu þingflokks Alþfl., er hann reiðubúinn til að samþykkja þá hækkun vörugjaldsins sem nauðsynleg er til þess að hægt sé að verja einum milljarði til landhelgisgæslu, fiskleitar og hafrannsókna, en til þess dugar hækkun vörugjaldsins í 13% út þetta ár. Þingflokkur Alþfl. er einnig reiðubúinn til þess að fallast á framlengingu skyldusparnaðarins sem ríkisstj. sjálf áætlar að mundi geta fært ríkissjóði 300 millj. kr. tekjur á þessu ári. Þar með er kominn 1300 millj. kr. tekjuauki frá því, sem áður hefur verið gert ráð fyrir, upp í 1800 millj. kr. tekjuþörf. M. ö. o.: það vantar 500 millj. kr. Þetta hlýtur að leiða athyglina að því að í frv. eru engin ákvæði, engin grein, ekki setning sem leggur ríkissjóði sjálfum þá skyldu á herðar að spara eigin útgjöld. Höfuðrökin fyrir því að nauðsynlegt sé að hækka tekjur ríkisins um 800 millj. til viðbótar því sem þarf vegna landhelgisgæslunnar, fiskleitar og hafrannsókna, er sú kauphækkun sem átti sér stað í febr. s. l. Sú kauphækkun nam 8—9%. Atvinnuvegum þjóðarinnar er ætlað að standa undir slíkri kauphækkun. Útflutningsatvinnuvegunum er ætlað að standa undir henni og þeir geta það eflaust af ýmsum ástæðum, vegna hækkandi verðlags og vegna bættrar rekstraraðstöðu. Kauphækkunin á auðvitað að hvetja fyrirtæki til þess að auka hagsýni í rekstri með því að spara útgjöld í rekstri sínum. En hið sama hlýtur að eiga að gilda um ríkið sjálft. Hver trúir því að fyrirtæki eins og ríkisbáknið, eins og ríkissjóður, sem hefur 60 milljarða kr. veltu á ári, geti ekki sparað þær 500 millj. kr. í heildarrekstri sínum sem hér vantar í raun og veru á, ef samkomulag yrði um að hækka vörugjaldið í 13% og framlengja þau ákvæði sem hafa gilt um skyldusparnað? Ég endurtek, að það vantar aðeins 500 millj. kr. á þá upphæð sem ríkisstj. sjálf telur sig vanta. Og ég endurtek til þess að leggja sérstaka áherslu á það, að stofnun eins og ríkissjóður, sem veltir um 60 milljörðum kr., hlýtur að geta sparað 500 millj. kr. Það er fullkomlega ástæðulaust að ætlast til þess að öll atvinnufyrirtæki í landinu spari vegna kauphækkunarinnar, en að ríkissjóður skuli ekkert gera í þá átt.

Þá er það annað aðalatriði frv. að vegáætlunin er endurskoðuð svo að segja frá grunni, og þó eru ekki nema 4 mánuðir síðan Alþ. samþykkti fjárlög þar sem gert var ráð fyrir ákveðnum útgjöldum til vegamála. Engu að síður er hér gert ráð fyrir 450 millj. kr. almennri tekjuaukningu Vegasjóðs og 170 millj. kr. tekjuauka af mörkuðum tekjustofnum, þ. e. a. s. hækkun á verði bensíns sem mun eiga að koma til framkvæmda í dag. En tekjuauki Vegasjóðs að öðru leyti, 450 millj., er 300 millj. af sparifé, sem ætlað er að lána Vegasjóði, og 150 millj. kr. tekjuauki vegna aukins bifreiðagjalds.

Það hefur aldrei gerst áður að jafnmikilvægur þáttur í útgjaldakerfi ríkisins eins og vegamálin eru og hljóta að vera eðli sínu samkv. sé endurskoðaður svo að segja frá grunni aðeins 4 mánuðum eftir að Alþ. hefur á eðlilegum tíma og með eðlilegum hætti tekið ákvarðanir um útgjöld til vegamála á yfirstanandi ári. Slíkt hefur aldrei gerst áður og er ljósast dæmi um það stjórnleysi sem og stefnuleysi sem ríkir í stjórnarherbúðunum, að rétt fyrir jól skuli stjórnarflokkarnir taka ákvörðun um ákveðnar fjárhæðir til vegamála, vitandi auðvitað í stórum dráttum um þá þróun sem væntanleg er á árinu í kaupgjaldsmálum og verðlagsmálum, en komast síðan

að þeirri niðurstöðu eftir 4 mánuði, að 4 mánuðum liðnum, að allt, sem sagt var og gert og hugsað í des., hafi verið vitleysa og nú þurfi að taka þessi mál öll saman til gagngerðrar endurskoðunar. Á slík vinnubrögð getur Alþ. ekki fallist, getur því ekki samþ. þá 620 millj. kr. útgjaldaaukningu til Vegasjóðs sem frv. gerir ráð fyrir.

Ég legg á það áherslu, að í stefnuyfirlýsingu þingflokks Alþfl. kemur fram fullkomin ábyrgðartilfinning gagnvart þeim verkefnum sem ég efast ekki um að öll þjóðin sé sammála um að séu brýn og nauðsynleg og horfi til heilla. Við viðurkennum að sjálfsögðu nauðsyn á eflingu landhelgisgæslunnar, á eflingu hafrannsókna og aukinnar fiskileitar, og erum reiðubúnir til þess að veita stuðning okkar til nauðsynlegrar fjáröflunar í því skyni. En við styðjum ekki fjáröflun sem ekki er hægt að rökstyðja með nauðsyn verkefnanna. Við styðjum ekki fjáröflun sem ber vott um stjórnleysi og sukk.

Hvað er ríkisstj. í raun og veru að gera með flutningi þessa frv.? Hvert er meginefni frv. ef reynt er að draga það saman í sem allra styst mál? Það er annars vegar að hækka vörugjald upp í 18% sem ætlað er að skila ríkissjóði á þessu ári um 1800 millj. kr., og afleiðing þessa játar ríkisstj. sjálf að muni verða 10—11 stiga hækkun á vísitölu framfærslukostnaðar. En þar með er sagan ekki öll sögð. Ríkisstj. ætlast til þess að 1000 millj. af þessum 1800 millj. verði bornar af launþegum landsins bótalaust, þ. e. að 5 stig í framfærslukostnaðarvísitölu, sem koma fram í tveimur áföngum, verði borin af launþegum án kaupuppbótar, m. ö. o. verði dregin frá „rauða strikinu“ svonefnda. Kjarni frv. er sá, að launþegum er ætlað að bera 1000 millj. kr. álögur algerlega bótalaust. Og þetta gerist í framhaldi af því að á undanförnum mánuðum hefur verðlag verið að hækka um 7.3%, sem aðeins má rekja til launahækkunar að því er varðar 1.3%, en hin 6% eru afleiðingar af gerðum stjórnvalda í verðlagsmálum. Ofan á þessa þróun í verðlagsmálum frá 1. febr. til 1. apríl leggur nú ríkisstj. fram frv. sem mun hækka vísitöluna, — sem hún játar sjálf að muni hækka vísitöuna um 10—11 stig, og þar af á helmingurinn að berast bótalaust af launþegum landsins. Er ekki von að maður spyrji: Er mælirinnn nú ekki fullur? Og til viðbótar þessum 1800 millj., sem hækka munu vísitöluna um 10—11 stig, þar af helmingurinn bótalaust, ætlar ríkisstj. að afla 620 millj. kr. tekna vegna Vegasjóðs, — tekna sem fyrir 4 mánuðum var ekki talin þörf á, tekna til framkvæmda sem stjórnarflokkarnir sjálfir töldu hægt að fresta í des. s. l. Slík ríkisstj. sem þannig fer að, ríkisstj. sem lætur verðlag hækka um 6% umfram það, sem kauphækkanirnar í febr. gáfu tilefni til, á 4 mánuðum, ríkisstj. sem ofan á þetta gerir till., sem hækka munu vísitöluna um 10—11%, og ætlast til þess að almenningur beri helminginn af því bótalaust, — slík ríkisstj. er ekki vanda sínum vaxin.

Hvaða mynd blasir við þjóðinni í efnahagsmálum nú á þessari stundu? Ég skal nefna um það örfá dæmi. Því er spáð að greiðslujöfnuður við útlönd muni á yfirstandandi ári verða neikvæður um 14.4 milljarða kr., því er spáð að það muni verða 14.4 milljarða kr. viðskiptahalli gagnvart útlöndum á yfirstandandi ári, og þetta er hvorki meira né minna en 6.5% af þjóðarframleiðslunni. Þetta er kannske gleggsta dæmið um það hversu gersamlega ríkisstj. hefur mistekist stjórn efnahagsmála nú á öðru valdaári sínu.

Hvernig hefur þróunin verið með erlendar skuldir íslendinga? Þar hefur þróunin vægast sagt verið uggvænleg. Skal ég — með leyfi hæstv. forseta — nefna nokkrar tölur í því sambandi. Í árslok 1971 námu skuldir íslendinga við aðrar þjóðir 25.3 milljörðum kr. Í árslok 1972 hafa þær hækkað upp í 30.1 milljarð kr., í árslok 1973 upp í 36.4 milljarða kr., í árslok 1974 upp í hvorki meira né minna en 50.2 milljarða kr. Og svo kemur ógnvænlegasta talan, talan sem alla ábyrga íslendinga hlýtur að hrylla við: í árslok 1975 voru erlendar skuldir þjóðarinnar komnar upp í 65.4 milljarða kr. og hafa þannig aukist frá árinu 1975 um 15 milljarða kr. eða meira en helming þess sem allar skuldirnar námu í árslok 1971.

Þessi gífurlega skuldaaukning gagnvart útlöndum, sem er einn alvarlegasti þátturinn í þróun efnahagsmála á undanförnum árum, hefur auðvitað í för með sér stóraukna greiðslubyrði gagnvart útlöndum. Við þurfum að verja stórauknum hluta af gjaldeyristekjum okkar til þess að greiða vexti og afborganir af skuldum. 1973 nam greiðslubyrðin, þ. e. afborganir og vextir af erlendum lánum, í hlutfalli við útflutningstekjur 9.7%. 1974 hafði þessi hlutfallstala aukist upp í 11.2%, 1975 hafði hún enn aukist upp í 14.8%, í ár er áætlað að hún muni nema 18.6% og eftir 2—3 ár er alveg öruggt að greiðslubyrðin verður orðin yfir 20%.

M. ö. o.: það stefnir að því innan örfárra ára að meira en ein króna af hverjum fimm, sem við öflum með útflutningsframleiðslu okkar, fari til þess að greiða vexti og afborganir af erlendum skuldum. Gleggra dæmi um óstjórn undanfarinnna ára verður varla fundið, og ég efast um að hægt sé að benda á hliðstæðu í nokkru nálægu landi, a. m. k. í Vestur-Evrópu, þess sem verið hefur að gerast varðandi erlenda skuldasöfnun og aukningu greiðslubyrðar af þeim sökum. Þarna erum við að leggja óbærilega byrði á framtíðina, á komandi kynslóð eða kynslóðir.

Það er skýrt dæmi um það fullkomna ráðleysi og fullkomna stjórnleysi sem ríkt hefur í stjórnarherbúðunum hvernig ríkissjóður hefur aflað sér í sívaxandi mæli fjár með því að sækja peninga í Seðlabankann, með því að láta Seðlabankann prenta þá peninga sem ríkissjóður hefur þóst þurfa til þess að nota eða eyða. Í árslok 1973 nam skuld ríkissjóðs við Seðlabankann 629 millj. kr., en í árslok 1974 — hverju haldið þið að skuld ríkissjóðs við Seðlabankann hafi numið þá? Ég geri ráð fyrir að menn trúi varla tölunni, en engu að síður er hún opinberlega staðfest. Í árslok 1974 var skuld ríkissjóðs við Seðlabankann orðin 3866 millj. kr. Ríkissjóður hafði sótt í Seðlabankann á árinu 1974 3.2 milljarða kr. og aukið skuld sína þar með upp í tæpa 3.9 milljarða kr. í árslok 1974.

Nú skyldi maður væntanlega halda að lengra væri varla hægt að halda á slíkri óheillabraut, frekari víxlspor af þessu stigi væri varla hægt að stíga. En hvað skyldi hafa gerst? Hver skyldi

skuld ríkissjóðs hafa verið í árslok 1975, við síðustu áramót? Og nú nefni ég enn tölu sem flestir óreyndir mundu hafa talið alveg ótrúlega — algerlega ótrúlega. Skuld ríkissjóðs við Seðlabankann nam í árslok 1975 9932 millj. kr., 9.9 milljörðum, og hafði skuldaaukning ríkissjóðs við Seðlabankann á árinu 1975 aukist um 6.1 milljarð. (Gripið fram í.) Ég skal alveg láta ósagt hvað fjmrh. hefur vitað um þetta efni og hvað hann kann ekki að hafa vitað um það, en a. m. k. hefur ríkissjóður tekið þessi lán í Seðlabankanum og fengið þau, og hér er auðvitað um að ræða miklu, miklu geigvænlegri tölur heldur en talist geta samrýmanlegar heilbrigðum ríkisbúskap og heilbrigðum þjóðarbúskap.

Og enn hefur sigið á ógæfuhliðina. Síðustu tölur, sem ég hef getað fengið um viðskipti ríkissjóðs við Seðlabankann, eru frá því í febrúarlok s. l. Þá var skuldin komin upp í 10.3 milljarða kr., svo að enn heldur skuldaaukningin áfram. Til febrúarloka hafði skuldin vaxið við Seðlabankann um 400 millj. kr.

Þetta allt saman, sem ég hef nefnt, er auðvitað órækur vitnisburður um að algerlega óhæf ríkisstjórn situr að völdum á Íslandi.

Það er mikið gert úr því að kauphækkun sú, sem um var samið, 8—9% í febr. s. l., hafi valdið miklum erfiðleikum og valdi sérstaklega útflutningsatvinnuvegunum miklum erfiðleikum. Í því sambandi vil ég minna á að ég hef kannað hvaða skoðanir séu uppi um það meðal sérfróðra manna hvert verðlagið á útflutningsvörum okkar íslendinga sé nú í hlutfalli við það sem var að meðaltali í fyrra. Þeir telja að útflutningsverðlagið í heild sé 13—14% hærra nú en það var í fyrra. Þessu hljóta allir góðir menn að sjálfsögðu að fagna. Þetta hlýtur að gera kleift fyrir útflutningsatvinnuvegina að greiða þá kauphækkun sem um var samið í febr., og ber því auðvitað að fagna. Engu að síður er nauðsynlegt að útflutningsatvinnuvegirnir eins og raunar öll fyrirtæki í landinu leitist við að haga rekstri sínum haganlegar og skynsamlegar en hingað til hefur átt sér stað. Það er áreiðanlega hægt. Sömu kröfu hlýtur maður að gera til sjálfs ríkissjóðsins, að hann leitist við að spara í rekstri sínum.

Sú mynd, sem ég hef dregið upp af ástandinu í íslenskum efnahagsmálum, er dekkri en ástæða hefur verið til að draga upp nokkurn tíma fyrr í sögu íslenskra efnahagsmála. Það syrtir nú meira í álinn á sviði íslenskra efnahagsmála en gert hefur áður, a. m. k. um mjög langt skeið. Þau dæmi, sem ég hef nefnt, þær tölur, sem ég hef talið, bera allar saman vott um einstaka óstjórn, einstakt stjórnleysi, einstakt ráðleysi af hálfu hæstv. ríkisstj. Og ráðleysið og stjórnleysið kemur í fyllstum mæli fram með flutningi þessa frv. Með flutningi þess teljum við þm. Alþfl. mælinn í raun og veru vera fullan. Þetta frv. er endanleg sönnun þess að hæstv. ríkisstj. ræður ekki við þann vanda, sem henni þó ber að takast á við. Það er þess vegna sem þingflokkur Alþfl. lýkur ályktun sinni eða stefnuyfirlýsingu með því að nú sé mælirinn fullur, að nú sé svo komið að ríkisstj. beri að segja af sér og reyna eigi myndun starfhæfari og ábyrgari ríkisstj. en þessi ríkisstj. hefur reynst. Að öðrum kosti virðist ekki um annað að ræða en að gefa þjóðinni sjálfri kost á því að taka afstöðu til núv. ríkisstj., sýna henni traust eða votta henni vantraust, sem ég efast ekki um að þjóðin mundi gera, með því að rjúfa þing og efna til nýrra kosninga.

Karvel Pálmason: Virðulegi forseti. Út af því, sem hv. 9. þm. Reykv. sagði áðan, þá er það auðvitað löngu orðið ljóst að núv. hæstv. ríkisstj. ræður ekkert líkt því við þann vanda sem við blasir og ætti auðvitað fyrir löngu að vera búin að segja af sér. Ætli það sé tilviljun ein að nú 3. maí, tveimur dögum eftir hinn alþjóðlega frídag verkamanna, sé lagt fram hér á Alþ. frv. sem hefur inni að halda slík þrælalög gagnvart verkalýðshreyfingunnni eins og greinilegt er að sum ákvæði þessa frv. hafa að geyma? Það má segja að það eru alltaf að koma betur og betur í ljós þeir eiginleikar núv. hæstv. ráðh., og það á ekki síst við hæstv. fjmrh., sem felast í því að geta svo að segja kyngt öllu sem hugsanlegt er af því sem áður hefur verið gert og sagt af hæstv. ráðh. hér á Alþ. Slíkir eru burðarþolshæfileikar hæstv. ráðh. í núv. ríkisstj. að með ólíkindum má telja.

Hér er nú til umr. frv. til l. sem fyrst og fremst hefur inni að halda að hækka hið illræmda vörugjald upp í 18%. Saga þessa vörugjalds og þar með saga hæstv. fjmrh. er samtengd með þeim hætti að 17. júlí s. l. var sett á þetta vörugjald með brbl. Í öðru fjárlagafrv. hæstv. fjmrh., sem lagt var fram hér á Alþ. í okt. s. l., var boðað afnám þessa vörugjalds frá og með síðustu áramótum. Við 3. umr. fjárl. í des. s. l. breytti hæstv. fjmrh. enn um stefnu og lagði til að lækkað yrði þetta vörugjald úr 12% í 10% til 1. sept. 1976, en þá skyldi það lækka í 6%. Og nú er þessi hæstv. ráðh. hér kominn með frv. um það — ekki að lækka þetta í 6%, það þurfti ekki, heldur að hækka það í 18%. Slíkur er nú gangur ekki bara þessa máls, heldur og velflestra mála hjá hæstv. ríkisstj. Og ekkert er ég hissa á því þó að hæstv. ráðh. brysti kjark til þess að láta þetta sjá dagsins ljós á Alþ. áður en verkalýðshreyfingin hélt upp á baráttudaginn 1. maí, s. l. laugardag. Frv. var þá tilbúið, en kjarkinn brast. Það þarf í raun og veru meira en meðalmennsku til þess að leggja slíkt á borð, ekki síst með hliðsjón af öllu því, sem á undan er gengið af hálfu hæstv. ríkisstj., og fjandskap hennar við verkalýðshreyfinguna eftir að samningum lauk á s. l. vetri. Hér er að mínu viti miklu meira en meðalmennska í skrípaleiknum, og það er slæmt hjá þeim stofnunum, sem hafa sirkus á sínum snærum, að ekki skuli hafa nýst eða uppgötvast þessir hæfileikar hæstv. ráðh. á fjölum fjölleikahúsa.

Við umr. hér utan dagskrár s. l. föstudag kom berlega í ljós hver er í raun og veru hugur hæstv. ríkisstj. og ekki síst oddvita hæstv. ríkisstj., forsrh., til verkalýðshreyfingarinnar. Þeirrar ræðu, sem hann hélt þá í sambandi við verðlagsmál og þróun þeirra frá lokum kjarasamninga, mun ábyggilega verða lengi minnst af þeim sem með verkalýðsforustu hafa farið og starfa á vettvangi verkalýðshreyfingarinnar.

Það frv., sem hér er nú til umr., er aðeins einn hlekkurinn í þeirri árásarkeðju sem hæstv. ríkisstj. hefur sett upp og ætlar sér sýnilega að

framkvæma gagnvart verkalýðshreyfingunni. En svo slæmt sem þetta mál, hækkun vörugjalds upp í 18%, er launafólki almennt í landinu, þá er þetta að mínu viti algert hnefahögg í andlit þess fólks sem býr úti á landsbyggðinni. Það var reiknað út eftir að 12% vörugjaldið var á sett, að 12% vörugjaldið þýddi í raun og veru allt upp í 21% eða vel það hækkun vöruverðs úti á landsbyggðinni. Hér er líklega í framkvæmd eitt af hinum marggefnu loforðum hæstv. ríkisstj. um stóreflda byggðastefnu. Það sýnir sig í þessu frv.

Auk annars í þessu frv. er rökstuðningur fyrir þessari nýju gjaldheimtu eða skattlagningu sá að afla þurfi tekna til að auka landhelgisgæsluna, til rannsókna í sambandi við fiskveiðar og til Vegasjóðs. Áður en vikið er að þeim þáttum er rétt að velta aðeins fyrir sér hvernig þetta mál, hækkun vörugjalds í 18%, sem kemur til með að auka skattheimtu í landinu um a. m. k. 1800 millj. kr. og helming þeirrar upphæðar eiga launþegar samkv. frv. að bera bótalaust, — það er vert að velta því fyrir sér hvernig slík aðgerð, slík ákvæði skoðast frá sjónarhóli verkalýðshreyfingarinnar, ekki síst þegar litið er aftur til þess tíma og þeirra yfirlýsinga sem hæstv. ríkisstj. gaf um það leyti sem verið var að ganga frá kjarasamningum um mánaðamótin febrúar—mars s. l. Afstaða verkalýðshreyfingarinnar kemur ótvírætt fram í ályktun sem gerð var á fundi miðstjórnar Alþýðusambands Íslands í morgun, og þarf engan að undra þá afstöðu, sem þar er lýst, sem kynnt hefur sér mál og fylgst með hvað verið hefur að gerast. Ég ætla ekki hér að vitna til þessarar ályktunar. Ég veit að hv. 7. þm. Reykv., sem talar hér á eftir, mun taka þetta mál og það, sem að því snýr, til sérstakrar meðferðar, og ég skal því sleppa því í mínu máli að lesa hér upp úr þessari ályktun, en þar kemur glögglega í ljós hvernig verkalýðshreyfingin litur það mál sem hér er nú lagt á borð alþm.

Ég veit ekki betur en allir þm. á hv. Alþ. hafi verið um það sammála, jafnt stjórnarandstaða og ekki síður hún heldur en hæstv. ríkisstj. og stjórnarliðar, að efla þyrfti landhelgisgæsluna og auka tekjur til þess. Því hefur verið marglýst hér yfir. Til þessa þáttar er gert ráð fyrir 1 milljarði kr., að vísu eru þar með tekjur til þess að auka fiskirannsóknir og slíkt, en megnið af þessum 1000 millj. mun þó ætlað til landhelgisgæslunnar. Því hefur verið marglýst yfir af hálfu talsmanna stjórnarandstöðunnar að þeir væru reiðubúnir til þess að taka þátt í því að finna leiðir til að efla landhelgisgæsluna, finna leiðir til að auka tekjur hennar til þess að af því gæti orðið. Og því hefur verið lýst yfir af hæstv. forsrh. og ég held líka af hæstv. dómsmrh. að stjórnarandstöðunni mundi verða gefinn kostur á því að fylgjast með því hvaða leiðir yrðu farnar til þess að afla tekna til landhelgisgæslunnar. Þetta eru efndirnar. Nú er lagt hér á borð hv. alþm. frv. þessa efnis án þess að eitt eða neitt samráð, mér vitanlega a. m. k., hafi verið haft við stjórnarandstöðuna um hvaða leið ætti að velja til að afla tekna til landhelgissjóðs. Mér er ekki um það kunnugt að það hafi verið rætt við stjórnarandstöðuna að fara þessa leið. Það er ekki fyrr en núna að það sést í frv.-formi hér á Alþ., hvernig hæstv. ríkisstj. ætlar sér að framkvæma þetta. Og þetta eru þær efndir á loforðum sem gefin hafa verið, ekki bara einu sinni og ekki tvisvar, heldur margoft hér á Alþ. af hæstv. ráðh. Slíkar eru efndirnar.

Eins og hér var komið inn á af hv. 9. þm. Reykv., þá er hér um að ræða eingöngu skattlagningu á almenning í landinu án þess að ein eða nein viðleitni sé sýnd til þess af hálfu ríkissjóðs að gera eitt eða neitt til þess að sýna sparnað og að hann gæti með þeim aðgerðum tekið á sig hluta þess sem afla þarf til þess að standa undir því sem gera á. Það væri út af fyrir sig sjálfsagt að taka það til athugunar, ef um það næðist samstaða, að hækka eitthvað vörugjald það, sem nú er í gildi, til þess að afla landhelgisgæslunni tekna. En það væri því aðeins hinn minnsti möguleiki á samstöðu um það mál að það kollvarpaði ekki með öllu og ógilti þá kjarasamninga sem gerðir voru nú fyrir nokkru. Ef hæstv. ríkisstj. ætlar að halda sér við það ákvæði þessa frv. að láta launþega bera bótalaust helming þessarar skattlagningar, þá er hún þar með endanlega að segja verkalýðshreyfingunni stríð á hendur, og ég a. m. k. hélt að nóg væri komið af andstöðu hæstv. ríkisstj. gagnvart verkalýðshreyfingunni eins og hún hefur á málum haldið á undanförnum vikum. Það er ekkert vafamál að haldi hæstv. ríkisstj. fast við þetta ákvæði frv., að ógilda þar með á þennan hátt kjarasamningana, þá hefur hún kastað stríðshanskanum fyrir fullt og allt gagnvart verkalýðshreyfingunni og hún ber þá ábyrgðina jafnframt.

Það er líka gert ráð fyrir því, eins og hér hefur komið fram, í þessu frv. að afla tekna til Vegasjóðs. Þegar fjárlög voru afgreidd í des. s. l. var ljóst öllum nema þá hæstv. ráðh. að það var talið að það vantaði um einn milljarð í tekjur til þess að hægt væri að halda raungildi framkvæmda þeirrar vegáætlunar sem í gildi er frá árinu 1974—1977, — einn milljarð. Á þetta var blásið þá og ekki talið þurfa að sjá fyrir neinum sérstökum tekjum til þess að brúa þetta bil. En nú er sem sagt gert ráð fyrir því að vegáætluninni sé umturnað og hún skorin upp frá rótum. 620 millj. af þessum 1800, en líklegast verða þær 2000, er ætlað að renna til Vegasjóðs. Ekki skal ég draga úr þeirri þörf sem er til að sjá Vegasjóði fyrir fjármagni til að standa straum af vegaframkvæmdum, þ. e. a. s. ef þær eru skynsamlegar og unnið það sem þarf fyrst og fremst að vinna og mest er þörfin. Ég hef fullan kjark til að nefna ákveðin dæmi í þessu efni þó að suma hv. stjórnarliða hafi á sínum tíma brostið kjark til að nefna ákveðnar framkvæmdir. En ég ætla að sleppa því í bili, það kemur á dagskrá síðar. Þetta er sem sagt myndin: Það var blásið á það í haust við afgreiðslu vegáætlunar að það þyrfti að afla fjár til Vegasjóðs, en nú er allt í einu komið upp með 620 millj. kr. þörf til þess að standa aðeins í stöðunni krónutölulega séð miðað við vegáætlunina sem er í gildi.

Ég hygg að hv. alþm. sé orðið ljóst af mínu máli, að ég er andvígur þessu frv. í meginatriðum. Ég skal þó taka fram að ég tel eðlilegt og gæti stutt það í þessu frv. sem fjallar um skyldu-

sparnaðinn. Ég hef verið hlynntur því og er það enn. En meginatriðum frv.: hækkun vörugjalds upp í 18% og að láta launþega í landinu bera helming þeirrar hækkunar bótalaust, er ég algjörlega andvígur. En þá er ekki nema eðlilegt að spurt sé: Hvað viljið þið, sem andvígir eruð þessum tekjuöflunarleiðum, gera til þess að afla tekna? Og það er fljótsagt. Það er vandalaust að ná þessari upphæð sem hér um ræðir, 2000 millj. og þótt meira væri, ná henni með því að breyta skattalöggjöfinni í landinu, með því að fara að ráðum sumra hverja hæstv. ráðh., sem hafa gefið fjálglegar yfirlýsingar hér, um að skattalögunum skyldi breytt á yfirstandandi þingi, þ. á m. hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. sem hafa gefið um það yfirlýsingu hér á Alþ. að skattalöggjöf yrði breytt á þessu þingi og það ætti að breyta henni í þá átt að breyta fyrningar- og afskriftarreglum. Fullyrði ég að það eitt mundi vel brúa það bil sem þarna er um að ræða til tekjuöflunar. En þar er augljóslega komið við kaunin í peningaflokkum hæstv. ríkisstj. nú, og það er greinilegt að það á ekkert að gera í sambandi við breytingu á skattalöggjöf, a. m. k. örugglega ekki í þessa átt, ekki á yfirstandandi þingi, heldur skal haldið áfram á þeirri braut, sem hæstv. ríkisstj. hefur markað sér, þ. e. að leita umfram allt á garðinn þar sem hann er lægstur, láta sverfa til stáls gagnvart verkalýðshreyfingunni. Þó að verkalýðshreyfingin hafi strax í haust boðið samstarf um lausn efnahags- og kjaramála, þá er á það blásið og ríkisstj. virðist ætla að halda þeirri stefnu áfram að vera í algjörri andstöðu við launafólk í landinu.

Mitt svar við því að afla tekna til þess, sem hér er um að ræða, er fyrst og fremst að það ber að gera með því að breyta skattalöggjöfinni, með því að láta af því verða, þó seint sé, að fyrirtæki og atvinnurekstur í landinu fari að láta eitthvað af hendi rakna til hins sameiginlega sjóðs. Og eins og ég sagði áðan, þessari upphæð og vel það væri hægt að ná með slíkri breytingu. En ég þykist vita að um slíkt er ekki að tala meðan núv. valdhafar ráða, en þeir verða þá að taka afleiðingum þess sem hér á að gerast. En ég ítreka það, það er enginn vafi á því, ef hæstv. ríkisstj. ætlar að lemja þetta frv. hér í gegnum þingið óbreytt eins og það nú lítur út, með þeim ákvæðum að ógilda kjarasamningana að þessu leyti, þá hefur hún þar með endanlega sagt verkalýðshreyfingunni stríð á hendur. Og af því verður hún sjálf að súpa seyðið.

Eðvarð Sigurðsson: Hæstv. forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er um nýjar álögur á landslýðinn sem nemur röskum 2.2 milljörðum kr. Hér er um að ræða fjárvöntun ríkissjóðs um það bil 1800 millj. kr., að sagt er, og að auki 450 millj. kr. til Vegasjóðs, en af þessum 1800 millj. kr. til ríkissjóðs eiga 1000 millj. að renna til eflingar landhelgisgæslunnar. Meginhluta þessa fjár á að afla með því að hækka vörugjaldið úr 10% í 18% og fella niður þá lækkun sem til stóð að á því yrði á haustmánuðum komandi. Áætlað er að þessar álögur muni nema um 10—11 stigum framfærsluvísitölunnar og að helmingur þessa skuli ekki hafa áhrif á hin svokölluðu „rauðu strik“ kjarasamninganna frá í vetur, þ. e. a. s. launafólkið á að taka á sig bótalaust sem nemur 1000 millj. kr. skattlagningu. Hins vegar er ekki nein ákvæði um það að finna í frv. að verslunarálagning fylgi ekki óbreyttum reglum. Ef frv. væri samþ. óbreytt mundi þessi hækkun valda sjálfsagt 400—500 millj. kr. tekjuaukningu hjá kaupsýlustéttinni, á sama tíma sem ætlast er til að launþegar beri 1000 millj. hækkun bótalaust.

Hér er sjáanlega um að ræða frv. og hugsaðar aðgerðir sem snerta mjög mikið allt launafólk í landinu, varða verkalýðshreyfinguna, verkalýðsfélögin mjög miklu. Þrátt fyrir það er þetta frv. lagt fram án þess að nokkurt samráð sé haft við Alþýðusambandið, þó að með frv. sé raskað grundvelli þeirra kjarasamninga sem gerðir voru í vetur. Það hefur verið föst venja hjá ríkisstjórnum æðilengi að ráðgast við eða a. m. k. að greina forustu Alþýðusambandsins frá slíkum frv. Það var ekki gert núna. Ég ætla ekki að fullyrða að það sé bein ásetningssynd, heldur að þar hafi kannske ráðið meira um miklar annir og kannske misgáningur að þetta skyldi ekki gert. Forustumenn Alþýðusambandsins urðu sér engu að síður úti um frv. sem útbýtt hafði verið til forustumanna þingflokkanna seint á laugardag. Við urðum okkur úti um þetta í gær og reyndum að skoða málið þá og raunar var þá haft símleiðis samband við hæstv. forsrh. Miðstjórn Alþýðusambandsins kom síðan saman til fundar klukkan 9 í morgun, ræddi málið þá eins ítarlega og kostur var og ályktaði um málið. Þessi ályktun var síðan rædd við hæstv. forsrh. um hádegisleytið í dag og hefur verið afhent hér í Alþ. til þeirra n. sem þetta frv. fá til meðferðar.

Ég veit að hér er mikil tímaþröng núna og þó að mikil ástæða væri til að tala býsna langt mál um það frv. sem hér liggur nú fyrir, þá skal ég þó engu að síður reyna að stytta mál mitt og mun aðallega lýsa hér ályktun Alþýðusambandsins, og ég tel að það sé ákaflega nauðsynlegt að hv. alþm. kynni sér þessa ályktun. Hún er lögð fram eftir að þessi mál hafa verið skoðuð og hún er lögð fram í trausti þess að það sé hægt að ná samkomulagi um afgreiðslu þessa máls. En vissir þættir í því eru þannig núna að útilokað er að verkalýðshreyfingin geti með nokkru móti samþ., og verði frv. samþ. óbreytt, þá fullyrði ég að það mundi valda því að verkalýðshreyfingin verður að taka margt til endurskoðunar og þ. á m. hvort ekki bæri að segja upp nýgerðum samningum með þeim fyrirvörum sem í samningunum eru varðandi uppsögn þeirra þó að samningstíminn sé ekki útrunninn.

Ég vil nú, hæstv. forseti, fá leyfi til að lesa þessa ályktun. Ég held að hún skýri nokkuð greinilega þau viðhorf sem miðstjórn Alþýðusambandsins mótaði alveg einróma á fundi sínum í morgun, og ég efast ekki um að hún túlkar þau sjónarmið sem uppi eru í verkalýðshreyfingunni varðandi þetta mál. Það eru aðeins tekin stærstu atriðin, margt hefði verið hægt að koma inn á, en ég trúi að hér komi fram meginafstaðan til þessa máls. Og það, sem í þessari ályktun segir, er einnig sú afstaða sem ég mun taka til þessa máls hér í hv. Alþ. Ályktun Alþýðusambandsins er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands hefur á fundi sínum 3. maí tekið til athugunar frv. til l. um fjáröflun til landhelgisgæslu og fiskverndar, ríkisfjármál og fjármögnun orkuframkvæmda sveitarfélaga og vill af því tilefni taka fram eftirfarandi:

Miðstjórnin viðurkennir þörf á auknum fjárráðum landhelgisgæslunnar, og þar sem hún hefur ekki aðstöðu til neins nákvæms mats á því hve sú fjárþörf er mikil, gerir hún ekki ágreining um þá áætlun sem frv. byggist á, en vill mega treysta því að hugsanlegu auknu fé til eflingar landhelgisgæslu og fiskverndar verði varið með skynsamlegum hætti. Bent skal þó á að í grg. frv. er ekki að finna neinar skýringar á því hvernig fénu skuli varið.

Að því leyti sem unnt er að einangra athugasemdir við frv. við allt að 1000 millj. kr. tekjuöflun í framangreindum tilgangi getur miðstjórnin eftir atvikum fallist á að farin sé sú leið sem frv. gerir ráð fyrir, þ. e. a. s. að fjárins sé aflað með tímabundinni hækkun vörugjalds. En miðstjórnin leggur þó jafnframt þunga áherslu á að hækkun vörugjaldsins verði algjörlega takmörkuð við fjárþörf landhelgisgæslunnar og þó enn frekar að slík takmörkuð hækkun vörugjaldsins við 1000 millj. kr. eða um 13% til næstu áramóta“ — ég vil hafa fyrirvara um þessa tölu, 13%, það er ekki víst að hún sé alveg nákvæm — „verði ekki á neinn hátt tengd riftun gildandi kjarasamningsákvæða um „rauðu strikin“. Telur miðstjórnin að þau ákvæði frv., sem að þessu lúta sbr. 8. gr. frv., séu ósvífin aðför að gerðum og gildum samningum aðila vinnumarkaðarins frá 27. febrúar s. l. og mótmælir þessum ákvæðum sem hreinni ósvinnu sem í raun afmái forsendur kjarasamninganna. Í þessu sambandi minnir miðstjórnin á brigð ríkisstj. á yfirlýsingum sínum þegar vörugjaldið var fyrst lagt á á s. l. ári, og á slæma reynslu af meðferð stjórnvalda á viðlagagjaldinu vegna náttúruhamfaranna á Heimaey, en það gjald var aldrei afnumið, þrátt fyrir skýlaus loforð, heldur fellt inn í almennt skattheimtukerfi ríkisins.

Að öðru leyti vill miðstjórnin taka þetta fram varðandi önnur tekjuöflunarákvæði frv.:

1) Að hún telur algerlega óeðlilegt að nýgerð vegáætlun sé nú rifin upp og eyðslufé hennar aukið um hvorki meira né minna en 620 millj. kr. Telur miðstjórnin að þessari upphæð beri að mæta með sparnaði.

2) Miðstjórnin mótmælir harðlega hækkun bensíns um 170 millj. kr., sbr. lið 1. hér að framan, og telur hana ekki nauðsynlega.

3) Miðstjórnin getur fallist á takmörkun persónuafsláttar til greiðslu útsvara, enda verði þá fulltryggt með lagaákvæði að takmörkun þessi verði ekki notuð til að íþyngja í útsvörum þeim sem það lágar tekjur hafa að þeir beri lítinn eða engan tekjuskatt. Sömuleiðis telur miðstjórnin eðlilegt að hækkun leyfisgjalds af jeppabifreiðum verði samræmd með því gjaldi sem gildir um aðrar bifreiðar.

4) Miðstjórnin getur fallist á að ákvæði skattalaga frá s. l. ári um skyldusparnað verði framlengd til loka þessa árs.

Ef farið væri að framangreindum ábendingum verður ljóst að tekjuþörf ríkissjóðs til þess að leysa þann vanda, sem unnt er að rökstyðja með viðunandi hætti, nemur ekki 2 245 millj. kr., eins og áætlað er í grg. frv., heldur 1 045 millj. kr., að frádregnum þeim greiðsluafgangi sem frv. gerir ráð fyrir, og stendur þá eftir því sem næst 1000 millj. kr. tekjuöflun til landhelgisgæslunnar sem miðstjórnin vill með tilgreindum skilyrðum fallast á.

Miðstjórnin væntir þess fastlega að ríkisstj. og Alþ. geti fallist á framangreindar óskir Alþýðusambands Íslands um breytingar á frv. og e. t. v. aðrar sem miðstjórnin óskar eftir að ræða frekar um undir meðferð málsins. Hún lítur einnig svo á að sú skriða verðhækkana og þar með kjaraskerðingar sem dunið hefur yfir almenning að undanförnu, sé þegar orðin svo geigvænleg að óverjandi sé með öllu að taka nú enn til við að klípa að óþörfu af launum almennings, og þá ekki síður þeirra sem við allra bágust kjör búa.

Loks verður ekki komist hjá að fordæma þá aðferð, sem frv. gerir ráð fyrir, að álagningarprósenta verslunarinnar haldist óbreytt þrátt fyrir stórhækkaðan gjaldstofn vegna hækkunar vörugjaldsins. Gengi frv. fram óbreytt mundi það færa kaupsýslustéttinni 400—500 millj. kr nýjar tekjur á sama tíma og enn er hert kjaraskerðing almennings. Skorar miðstjórnin því á hið háa Alþ. að breyta frv. í framangreinda átt. Enn þykir rétt að benda á að hækkun vörugjalds eins og frv. gerir ráð fyrir er í raun dulbúin lækkun gengis, og verði því ekki í meginatriðum fallist á tilmæli Alþýðusambandsins mun það að sjálfsögðu og þá einnig með hliðsjón af sífelldu gengissigi taka til athugunar að beita ákvæðum samninganna um heimild þeirra til uppsagnar ef veruleg breyting verður til lækkunar á gjaldmiðlinum. Miðstjórn ASÍ telur að hvorki sé unnt fyrir stjórnvöld siðferðislega né lagalega að skjóta sér á bak við neina orðaleiki.“

Þannig hljóðar sú ályktun sem miðstjórn Alþýðusambandsins gerði á fundi sínum í morgun.

Eins og ég sagði, þá væri full ástæða til að ræða hér býsna langt mál um þetta frv. og marga þætti efnahagsmálanna, en það hefur þegar verið gert hér af ýmsum og ég veit að tíminn er naumur og skal því ekki fara langt út í þá sálma.

Ég vil aðeins taka það fram, að það sem varðar verkalýðshreyfinguna að sjálfsögðu langmest og vegur þyngst af ákvæðum þessa frv., það er að með því skuli raskað grundvelli nýgerðra kjarasamninga. Það er ekki í fyrsta sinn sem reynt er með lagaákvæðum að gera slíkt. Og menn skulu hafa í huga með hvaða hætti kaupmáttur almennra launa er nú, hve gífurlega er búið að þrengja að fólki varðandi kaupgjaldið. Og eins hitt, að þegar er búið að leggja á nýja skatta sem ekki verða bættir í kaupgjaldinu og ekki koma inn í útreikning varðandi svokölluð „rauðu strik“ í kjarasamningunum, og á ég þar við hækkun á tóbaki og áfengi. Þetta hefur ekki áhrif á vísitöluna, en að sjálfsögðu er hér um að ræða útgjaldaaukningu fyrir fólk sem það ber bótalaust, og sjálfsagt finna reykingamenn sérstaklega fyrir því.

Hér er máske ekki um að ræða miklar upphæðir í sjálfu sér þegar skoðað væri hjá hverjum einstökum. Áætlað er að að óbreyttu frv. muni þetta

nema um það bil 0.8% í kaupi. Þetta er ekki höfuðatriðið, heldur hitt, það er sjálft grundvallaratriðið að gauga þessa skerðingarleið. Með þessu er í raun og veru launafólkið í landinu eitt látið standa undir þeim álögum sem nú á að framkvæma — og ég ætla ekki að vefengja nauðsyn þess — til eflingar landhelgisgæslunni. Ég tel þetta svo fráleitt að ekki komi til mála. Ég vil enn fremur benda á að ef í vaxandi mæli á að fara inn á þessa braut, hvar verður þá staðnæmst, hvenær er ekki hægt að koma og segja við verkafólk: Hér er um gott málefni að ræða? Við getum nefnt byggingu sjúkrahúsa o. s. frv. Í rauninni hefur þýsna mikið borið á einmitt slíkum tilhneigingum á undanförnum árum þó að þær hafi ekki komið til framkvæmda að verulegu ráði. Það er þetta sem við viljum með engu móti fallast á. Ég tala nú ekki um, það er svo hróplegt ranglæti að engu tali tekur, ef álagning verslunarinnar á að verða óskert og kaupsýslustéttin fengi þar með um það bil hálfan milljarð í sinn hlut á meðan landhelgisgæslan fengi ekki nema milljarð í sinn hlut. Ég trúi því satt að segja ekki að þetta sé ætlunin. En ekkert er í frv. sem bendir til annars.

Ég vil þá rétt draga saman niðurstöður þær sem felast í ályktun Alþýðusambandsins. Máski hafa menn ekki gripið það við fljótan lestur. En þær eru í stuttu máli að Alþýðusambandið viðurkennir fjáröflun sem næst 1800 millj. kr. og gerir það með því að fallast á að skyldusparnaðurinn verði framlengdur. Það er talið nema 300 millj. kr. Enn fremur er fallist á takmörkun persónuafsláttar til greiðslu útsvara. Það nemur öðrum 300 millj. kr. að mati ríkisstj. En þar ber að leggja áherslu á að sveitarfélögin noti þá ekki þessa heimild, því að þá mundi það koma niður á þeim sem kannski eru allra verst stæðir, þeim sem ekki bera neinn tekjuskatt, þ. e. a. s. það væri skólafólkið, kannski stærsti hlutinn, og síðan lífeyrisþegarnir. Enn fremur teljum við eðlilegt að leyfisgjald af jeppabifreiðum verði fært til samræmis leyfisgjöldum af öðrum bifreiðum, og það er metið á 150 millj. kr. í grg frv. Hér er þá um að ræða fjáröflun sem nemur 750 millj. kr., og til þess að ná nákvæmlega því sem er nú talin tekjuþörf ríkissjóðs, 1795 millj kr., þyrfti vörugjaldið ekki að hækka um 1600 millj. eins og frv. gerir ráð fyrir, heldur aðeins um 1045 eða 1050 millj. kr. Hvort þeirri fjáröflun umfram einn milljarð kr., sem rynni til landhelgisgæslunnar, væri skipt á þann hátt sem skýrt er frá í grg. frv., það læt ég alveg liggja á milli hluta, en tel þó að jafnmikið eyðsluráðuneyti og samgrn. hlýtur að vera og þá einkum varðandi vegamálin, það hljóti að geta sparað fé af sínum framkvæmdum sem nemur þessum 450 millj. kr. sem talið er að nú þurfi að afla til þess.

Ég ætla ekki að fara út í það hvar mætti spara, en út af fyrir sig væri ekki neitt vandamál að benda á dæmi sem þessu næmi.

Þessi niðurstaða ályktunar Alþýðusambandsins sem ég hef hér rætt um, þ. e. a. s. ef við föllumst á tekjuöflun sem nemur um 750 millj. kr., auk þess að vörugjaldið væri hækkað þannig að það færði ríkissjóði um einn milljarð kr., þetta er að sjálfsögðu því bundið að ekki verði á minnsta hátt hróflað við hinum svo kölluðu „rauðu strikum“ kjarasamninganna frá því í vetur. Með því er að okkar dómi verið að raska mjög verulega þeim grundvelli sem samningsaðilar vinnumarkaðarins hafa komið sér saman um í febrúar í vetur.

Ég veit ekki hvernig skilja ber þau ummæli sem hæstv. fjmrh. lét falla í ræðu sinni áðan, en ég tók eftir, lagði vel við hlustir, að hann benti á að þær þingnefndir, sem fengju málið til athugunar, þyrftu að taka sérstaklega til athugunar þau frávik sem í frv. fælust frá mörkuðum ákvæðum varðandi „rauðu strik“ samninganna. Ég ætla ekki, vegna þess hvernig hér stendur á nú, að fara að krefja um svör við þessu. En ég vona þó að þessi véfétt, ef það mætti skýra hana þannig, hún bendi þó í þá átt að þetta algjöra grundvallaratriði frá hálfu verkalýðshreyfingarinnar verði endurskoðað. Verði það hins vegar ekki gert og frv. verði samþ. eins og það nú liggur hér fyrir, þá vil ég að menn taki alvarlega og leggi við hlustir þegar sagt er í ályktun Alþýðusambandsins að verkalýðsfélögin verði þá að taka til athugunar að nota sér þau ákvæði samninga sem heimila uppsögn á gildistímanum. Ég er ekki með neinar hótanir. Hér er búið að þjarma svo að verkafólki með skerðingu kaupmáttarins, með sífelldum verðhækkunum, eftir að kjarasamningar voru gerðir í vetur, að það, sem kjarasamningarnir áttu að færa fólki á tímabilinu fram að 1. júní, verður mun minna en áætlað var. Komi til þess að verkalýðshreyfingin verði að segja upp sínum samningum, þá er alveg augljóst að það verður dýrara fyrir atvinnurekendum og þjóðfélaginu í heild heldur en það tæpa eina prósent sem atvinnurekendur yrðu að taka á sig. 0.8%, ef ekki verður hróflað við „rauðu strikunum“ í samningunum. Á þetta legg ég megináherslu.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr., en ég vildi þó láta það koma hér fram, að ég gerði tilraun til þess að hafa samband við forseta Alþýðusambands Íslands í gær. Og sé það rétt hjá síðasta hv. ræðumanni að sú venja hafi skapast að hafa samráð eða kynna Alþýðusambandi Íslands efni væntanlegra efnahagsráðstafana, þá var ekki í þessu tilviki út af því brugðið, enda náðum við síðar saman eins og fram kom hjá hv. þm.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 28 shlj. atkv.

Efri deild, 95. fundur.

Þriðjudaginn 4. maí, kl. 2 miðdegis.

Lyfsölulög, frv. (þskj. 609). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Ljósmæðralög, frv. (þskj. 314). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Skipan sóknarnefnda og héraðsnefnda, frv. (þskj. 610). — 3. um.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Tollheimta og tolleftirlit, frv. (þskj. 541, n. 587). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur tekið til athugunar frv. til l. um breyt. á lögum um tollheimtu og tolleftirlit. N. fékk til fundar við sig Kristin Ólafsson tollgæslustjóra og útskýrði hann frv. og tilgang þessarar lagasetningar. Hér er um það að ræða að hækka sektir vegna ólöglegs innflutnings og er þar um að ræða að hækka sektir úr 500 þús. í 4 millj. Gert er einnig ráð fyrir að tollyfirvöldum sé heimilt að ákveða sekt fyrir ólöglegan innflutning ef brot er skýlaust sannað og ætla má að brot varði ekki hærri sekt en 60 þús. kr. Þá er gert ráð fyrir því í frv. að tollyfirvöldum sé heimilt að sekta mann án þess að dómstólar fái málið til meðferðar, enda játist maðurinn undir þá meðferð. Okkur þótti rétt að breyta þessari upphæð í 80 þús., þannig að hún hækki í sama hlutfalli og sektin sem ég gat um áður, úr 500 þús. í 4 millj.

N. varð sammála um þessa afgreiðslu málsins og mælir með því að frv. verði samþ. þannig, en tveir nm. voru fjarverandi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 587 samþ. með 13 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Búfjárræktarlög, frv. (þskj. 582). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til landbn. með 14 shlj. atkv.

Áfengislög, frv. (þskj. 504). — 1. umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969, sem við flytjum hv. þm. Oddur Ólafsson, Jón Helgason og Bragi Sigurjónsson. Þetta frv. er flutt í beinu framhaldi af nefndarskipan Alþ. á s. l. vori eða fyrir um það bil ári. Sú n. starfaði töluvert mikið á s. l. sumri, eins nú í vetur og lagði fram visst álit til þingflokkanna. Afleiðingin varð svo sú af þeim viðræðum eða niðurstaðan að mál n. yrði flutt í tvennu lagi, annars vegar í frv.-formi og hins vegar í þáltill.-formi varðandi fræðsluþáttinn.

Ekki er það neitt efamál að í margvíslegum vanda hverrar þjóðar ber áfengisvandamálið einna hæst. Það snertir öll svið þjóðlífsins: heimilin, vinnustaðina, skemmtanalífið, dómsmálin. Jafnt kemur það við sögu æskunnar sem hinna öldruðu og hvarvetna getur það orðið hinn versti vágestur, orsakavaldur margs þess ógæfulegasta sem fyrirfinnst. Mannleg hamingja er víða að veði sett, mannslífið sjálft fær oftlega að lúta í lægra haldi, afbrotin eiga þar rætur sínar, slysin sömuleiðis og fórnardýr áfengisnautnarinnar verða að úrhrökum göturæsanna.

Engin prédikun á þetta að vera, en vart er unnt að hefja framsögu fyrir frv. um breyt. á áfengislögum án þess að minna um leið á vandann sjálfan, ógnvekjandi og sífellt vaxandi, svo mjög sem hann gegnsýrir þjóðlífið og veldur öllum hugsandi mönnum áhyggjum, hvaða afstöðu svo sem menn hafa annars til áfengisneyslu almennt. Ég mun leitast við að gera hér grein fyrir máli mínu án þess að það einkennist af eigin viðhorfi til þess. Sjálfur hef ég löngum velt fyrir mér hvað gera ætti. Oft hefur algjört bann verið efst í huga mér þegar hryggilegustu dæmin hafa komið upp. Oftar hef ég þó hallast að uppeldishliðinni, fræðsluþættinum, sem sterkasta bandamanninum gegn vá og voða ofneyslu áfengis. En oftast — og svo er í dag — hef ég staðið ráðvilltur og vonlítill gagnvart hrikaleiknum og fátt um það vitað hvað rétt væri og skynsamlegast og þá jafnframt árangursríkast. Eitt hefur mér þó ætíð verið ljósast alls: Viðhorf almennings í landinu, afstaða hans til málsins í heild hlýtur ævinlega að vera svo afgerandi að allar aðgerðir, öll framkvæmd hlýtur meira og minna að vera í samræmi við það almenningsálit sem ríkjandi er. Allar róttækar ráðstafanir t. d. þurfa og verða að eiga að baki sér sterkan vilja mikils hluta þjóðarinnar ef þær eiga að koma að haldi. Lagaákvæði, ströng og fyrirbyggjandi, verða dauður bókstafur einn ef framkvæmdir mótast af áliti sem gengur þvert á lögin, sem jafnvel er í því fólgið að því meir sem brotið er því betra.

Þegar við, sem kjörnir vorum í svokallaða áfengismálanefnd Alþingis, tókum til starfa á s. l. sumri var okkur öllum þetta fullljóst, og því beindist fyrsta starf okkar nær einvörðungu að upplýsingasöfnun annars vegar og könnun á skoðunum þess fólks víðs vegar um land sem að því vinnur að bægja frá þeim voða sem unnt er, þess fólks sem nýrra leiða vill leita. Sammála voru allir nm. um að taka þar af mið í framhaldi af svörum þessa fólks. Og á svörum stóð ekki og þar mátti finna fjölmargar skarplegar athugasemdir og tillögur og dýrmætar upplýsingar. Hér er ekki tími til að rekja þau svör að neinu ráði, en mig langar — með leyfi hæstv. forseta — að víkja lítillega að ýmsu sem þar kom fram, ýmist frá sérfræðingum eða því áhugafólki sem svaraði okkur.

Í bréfi frá áfengisvarnanefnd Siglufjarðar segir

svo, með leyfi hæstv. forseta: „Síaukin áfengisneysla ungs fólks á aldrinum 13—20 ára verður æ meira áberandi. Fjölgun staða, þar sem áfengi er selt hömlulítið, áfengisútsölustaða, vínveitingastaða og vínveitingaleyfa til félaga og stofnana, fer sívaxandi, aukin áfengisneysla í skemmtanalífi, léleg og villandi meðferð og framkvæmd þeirra mála, er varða brot á áfengislögunum, og þeirra reglna, sem um þau hafa verið settar, vanræksla menntakerfisins á fræðslu og fyrirbyggjandi starfi innan skólanna á skaðsemi áfengisneyslu á einstaklinginn.“

Í bréfi frá Gæsluvistarhælinu í Gunnarsholti segir svo, með leyfi forseta: „Vænlegast til úrbóta tel ég að koma á fót skyndihjálpar- og leiðbeiningarstofnunum og samræma störf þeirra og annarra stofnana og hæla, sem þegar eru fyrir hendi, sem veita áfengissjúklingum hjálp. Ég tel að leggja verði meiri áherslu á aðstöðu á hælinu til endurhæfingar á vinnuþreki og mannræktun þeirra sem illa eru farnir vegna áfengisneyslu svo þeir geti orðið sjálfbjarga. Þá tel ég að mikla áherslu eigi að leggja á fræðslu um áfengisvandamál í skólum og fjölmiðlum.“

Í bréfi frá áfengisvarnanefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu, Halldóri Kristjánssyni, segir svo um umfang áfengisvandamálsins, með leyfi forseta: „Ekki kann ég að leggja mat á umfang áfengisvandamálsins á Íslandi nú um sinn. Þyngst tel ég vega þar upplausn heimila og mannskemmdir sem þaðan stafa, þar sem fjöldi barna lifir við öryggisleysi og ósköp sem valda ævitjóni. Veit ég þó að slysadauði af völdum áfengis beinlínis er ekki minna en einn maður á viku hverri til jafnaðar auk þeirra sem verslast upp af hugstríði og hraklegu líferni. Tapaðar vinnustundir þeirra, sem kallað er að drekki hóflega eða án þess að teljast vandræðamenn, eru smámunir hjá þessu, og sama má sennilega segja um fjárhagslegt tjón af skemmdarverkum.“

Í umsögn Sigurbjarnar Einarssonar biskups segir um þetta vandamál: „Ég tel vandamálið umfangsmikið, hvað sem líður tiltækum tölfræðilegum upplýsingum um áfengisneyslu þjóðarinnar í heild í samanburði við aðrar þjóðir. Ég tel það óvefengjanlega staðreynd að fjöldi einstaklinga neytir áfengis sér og sínum til alvarlegs skaða. Þyngst vegur að mínu mati það að áfengisneysla kvenna og unglinga hefur bersýnilega stóraukist að undanförnu. Drykkfelldir feður hafa alltaf verið til. Nú er ekki óalgengt að mæður séu drykkjusjúkar. Ljóst er hverju slíkt sætir fyrir þau börn sem í hlut eiga. Gildir þar hið fornkveðna: „Fár er sem faðir, enginn sem móðir.“ Í annan stað fer það í vöxt að unglingar og jafnvel börn neyti áfengis. Má sjá þá á skemmtistöðum hvarvetna í meiri mæli eða minni, enda er einatt mikið framboð áfengis á slíkum stöðum bæði leynt og ljóst.“

Í svari frá sýslumanninum í Skaftafellssýslu, sem er stutt, en segir engu að síður sína sögu, Einari Oddssyni, segir svo, með leyfi forseta: „Áfengisvandamálið á Íslandi í dag er svo umfangsmikið að það verður varla mælt. Skortur á almennri fræðslu um áfengi, eðli þess og áhrif, er það sem helst á vantar. Og hvað er til úrbóta? Gott fordæmi eldri kynslóðarinnar.“

Ég gæti haldið áfram að rekja hér svör sem okkur bárust, en ætla aðeins að stikla á þremur atriðum til viðbótar.

Í bréfi frá sýslumanninum í Húnavatnssýslu, Jóni Ísberg segir svo, með leyfi forseta: „Ég held að við verðum að viðurkenna tilvist áfengisins og að algjört bann, sem væri það besta ef við værum einir í heiminum, sé tilgangslaust og haga okkur samkv. því. Ég hef sett fram þær till. að öll sala áfengis verði skráð á nafnnúmer og tölvuunnin, þannig að hægt væri að fylgjast með því hverjir keyptu óeðlilegt magn áfengis. Þá væri auðveldara að hafa hendur í hári leynivínsala og þeirra sem kaupa fyrir unglinga fyrir einn sopa.“

Í svari áfengisvarnanefndar Neskaupsstaðar varðandi það hvert álit hennar sé á vandamálinu er svarið stutt: „Nefndin treystir sér ekki til að svara fyrstu spurningunni.“ Síðan koma frekari svör við öðrum spurningum okkar.

Að lokum: Frá áfengisvarnanefnd Akureyrar kom svar við fyrstu spurningunni, þannig, með leyfi forseta: „Við teljum áfengisvandamálið vera eitt af erfiðustu og umfangsmestu vandamálum þjóðfélagsins og þar vegi þyngst eyðilegging heimilishamingju. Heimilin eru grunnur þjóðfélagsbyggingarinnar. Hamingja þjóðarinnar byggist á hamingjusömum heimilum. Í öðru lagi: Áfengið veldur beint og óbeint heilsuleysi, slysum og afbrotum. Og í þriðja lagi: Eyðslusemi og ýmiss konar óhóf eru fylgifiskar áfengisneyslu. Fátt er efnahag landsins hættulegra en misnotkun áfengis.“

Hér mætti halda lengi áfram. Ekki skortir heldur till. ýmsar sem verða kynnu til bóta ef framkvæmdar yrðu af reisn og röggsemi. Einn rauður þráður, ein meginniðurstaða er þó ljós, hvort sem um er að ræða svör sérfræðinga eða áhugafólks: Áfengisvandamálið er í dag hrikalegra en nokkru sinni. Þar er um nokkur meginatriði að ræða sem ég minni rétt á:

Í fyrsta lagi stóraukin áfengisneysla unglinga og jafnvel barna, sem stöðugt sækir neðar í aldursflokkana og eykur um leið hættuna á stórkostlegri fjölgun hreinna áfengissjúklinga í framtíðinni.

Í öðru lagi mjög aukin drykkja á heimilum í skjóli partýmennskunnar sem hvarvetna tröllríður fólki í öllu sínu veldi sem tiskufyrirbæri nútímans sem jafnframt hefur áhrif á uppeldi og mótun barna meira en þá grunar sem þessa iðju stunda við hliðina á vöggum hinna ungu.

Í þriðja lagi og nátengt þeim fyrrtöldu: Áhrif áfengis í skemmtanalífi þjóðarinnar, jafnt ungra sem aldinna. Við höfum hér sett fram nokkrar tillögur til breytinga, nokkrar tillögur til úrbóta og þær koma kannske ekki svo mjög inn á þetta. Áfengið er óhjákvæmilegur förunautur hvar sem mannfagnaður er haldinn, þar sem það telst nánast til undarlegheita að taka ekki þátt í Hrunadansinum.

Í fjórða lagi — og þær upplýsingar einkenndu svör allra þeirra sem við löggæslu fást eða nærri koma slysum: Áfengi er veigamesti orsakavaldur allra afbrota, jafnvel 80—90% allra þeirra eiga þangað rætur sínar að rekja á einn og annan veg. Slys, ekki síst umferðarslysin, eiga sinn örugga bandamann og félaga þar sem áfengið er, ýmist til limlestingar eða dauða, auk verðmætatjónsins.

Í fimmta lagi sem afleiðing af aukinni drykkju, einkum barna og unglinga, stóraukinn fjöldi áfengissjúklinga sem með ári hverju verður meira vandamál og eftir öllum sólarmerkjum að dæma mun verða enn hrikalegra ef ekkert verður að gert. Þrátt fyrir ný hæli, nýjar stofnanir er útigangur hlutskipti æ fleiri aðila í þjóðfélaginu.

Svona mætti gjarnan áfram halda enn lengur. Frá þeim, sem atvinnurekstur stunda, komu uggvænlegri upplýsingar en okkur hafði órað fyrir um glataðar vinnustundir eða vinnu undir áhrifum áfengis með þeim afköstum, sem því fylgja, og þeim mistökum, sem þar verða oft förunautar. Allt eru þetta margkunnar staðreyndir, en þó kom það okkur nokkuð á óvart, þar eð til svo gífurlega margra var leitað, hve samróma svörin voru og þau undirstrikuðu og jafnvel juku ugg okkar sem höfðum þó borið ærinn geig í brjósti varðandi þennan vanda allan.

Eftir þennan lestur, eftir viðtöl við ýmsa þá sem gerst máttu um málið vita og frá sem víðustum sjónarhóli, þá stóðum við andspænis því hvað gera ætti. Eftir miklar umr. í n. var það einróma álit að setja fram, eins og ég sagði áðan, nokkrar till. til breyt. á áfengislögunum, fyrst og fremst — og það undirstrika ég — til þess að fá umr. um málið, vekja það upp í sölum Alþ. til umhugsunar og rökræðu. Okkur var ljóst að til þess að þessar till. næðu þeim tilgangi yrði að ganga nokkuð langt, koma með fáar, en róttækar till. til breytinga og biðja þm. úr öllum flokkum að ljá þeim nafn sitt til framlagningar án þess þó að þeir tækju til þeirra endanlega og afgerandi afstöðu. Þögnin í sölum Alþ. um mál þetta er einhver mesta og alvarlegasta meinsemdin næst á eftir almenningsálitinu og slælegri lagaframkvæmd. Ef takast mætti með frv. þessu að vekja umr. janft hér sem úti í þjóðlífinu um vandann, þá væri ekki til einskis barist. Orð eru til alls fyrst, þögnin og kæruleysið verst alls.

Við afmörkuðum till. okkar við fjóra aðalþætti þessa frv. og fræðsluþáttinn sem fram kemur sérstaklega í þáltill. sem þegar hefur verið lögð fram. Ég mun víkja að einstökum atriðum, en fyrst langar mig — með leyfi hæstv. forseta — að lesa kafla úr grg. formanns n. okkar, Magnúsar Sigurjónssonar, um barna- og unglingadrykkjuna sérstaklega, þar sem vikið er að upplýsingum erlendis frá. Þar segir hann um það þegar aldursmarkið hefur verið fært niður: „Nú eru afleiðingarnar komnar í ljós. Hér eru örfá dæmi um niðurstöðurnar: Ein þekktasta og virtasta vísindastofnun heims á þessu sviði, Fíkniefnarannsóknastofnun Ontario-fylkis, hefur gert könnun sem staðfestir hörmulegar afleiðingar aldurslækkunarinnar. Yfirmaður stofnunarinnar, dr. Daniel Archibald, segir: „Lækkun aldursmarkanna hefur í för með sér stóraukna drykkju 14—17 ára unglinga. Fleiri og fleiri unglingar þurfa að leita aðstoðar vegna ofdrykkju.“ Í Bandaríkjunum var nýlega gerð könnun á áfengisneyslu ungra skólabarna. Charles Cook, sem skipuleggur áfengisvarnir í skólum Detroit-borgar, segir: „Drykkjuskapur er nú svo algengur í skólunum að drukknum nemendum er ekki veitt nein sérstök athygli lengur.“ Frá Danmörku: Yfirlæknir áfengisvarnamiðstöðvar Kaupmannahafnar, Egil Jensen, segir: „Hér eru 15—16 ára unglingar sem eru orðnir drykkjusjúklingar. Margir þeirra hófu áfengisneyslu um það bil 12 ára gamlir.“ Og frá Svíþjóð: Ólaf Burman áfengismálafrömuður, sem m. a. hefur haldið fræðslufyrirlestra hér á landi, segir: „Nú er í Svíþjóð hálf milljón manna illa farnir af völdum áfengisneyslu. Í nýlegri könnun kom fram, að í landinu eru um 300 þús. fullorðnir karlmenn áfengissjúklingar og misnotkunar áfengis verður sífellt meira vart hjá börnum og unglingum. Aldursflokkarnir, sem neyta áfengis, eru alltaf að verða yngri og yngri.“

Og af öllum þeim aragrúa svara skal ég aðeins taka fyrir þetta eina, frá lögreglustjóranum í Reykjavík, sem segir, með leyfi forseta: „Meðfylgjandi sendist yfirlit um tölu þeirra sem gistu fangageymslur lögreglunnar í Reykjavík á árinu 1974, ásamt upplýsingum um skiptingu þeirra í aldursflokka, kyn og fleira. Af yfirlitinu má sjá m. a., að áfengisvandamálið hér í borginni er umfangsmikið og margslungið, enda verður að hafa í huga að einungis hluti af því vandamáli kemur fram í skýrslum lögreglunnar. Athygli vekur að tala ungmenna, sem gista fangageymsluna, hefur farið vaxandi á síðustu árum.“ Síðan kemur löng grg. frá lögreglustjóra þetta varðandi. Þessi grg. segir að vísu sína sögu. Staðfestingu hennar fengum við hjá þeim læknum og sérfræðingum í ofdrykkjuvörnum, sem leitað var til.

Ég vík þá að frv. sjálfu.

1. gr. þess fjallar um vínveitingaleyfi, og ég held tæpast að um verði deilt þá breyt. sem þar er lögð til. Við rákum okkur á þá furðulegu staðreynd að í dag gilda fáránleg ákvæði um hvort tveggja, lengd leyfistíma hjá veitingahúsunum og leyfisgjaldið. Til 4 ára er leyfið veitt í dag og gjaldið er 4000 kr. Þó ákvæði séu nokkuð ljós í núgildandi lögum um eftirlit með þeim skilyrðum sem veitingahús þurfa að uppfylla til að fá umrætt leyfi, þá mun þar ekki allt með felldu, síður en svo. Sums staðar eru þessi skilyrði nafnið eitt. Vínveitingaleyfin skulu t.d. háð því að húsin hafi til reiðu heitan mat auk ýmiss konar nauðsynlegrar aðstöðu. Víða eru þess dæmin að hvort tveggja sé þverbrotið og ekkert fæst að gert. Þó hefur svo um þverbak keyrt að vínveitingaleyfin hafa verið afturkölluð, en samkv. upplýsingum fróðustu manna mundi þurfa að afturkalla æðimörg ef framfylgja ætti einföldustu skilyrðum eingöngu, og hirði ég ekki um að nefna þar einstök dæmi, en þau eru tiltæk í fórum nefndarinnar.

Við leggjum til að leyfin séu veitt til eins árs í senn, og þá treystum við því um leið að við endurnýjun leyfis sé þess gætt að frumskilyrðum leyfisveitingar sé fullnægt. Leyfisgjald hverju sinni leggjum við til að tífaldist, úr 4 þús. kr. í 40 þús., en vegna styttingar leyfistíma er hér um fertugfalda hækkun að ræða. Vínveitingahúsin eru reyndar sérkapituli í áfengismálum okkar sem ég hef ætíð litið á sem einhvern lævísasta, en jafnframt alvarlegasta skaðvaldinn, en út í það skal ekki farið hér. Aðeins vil ég minna á það þegar sum blaðanna eru að básúna sveitaböllin svokölluðu, sem um margt er allt of rétt, þá ættu skriffinnar þeirra að líta sér nær og bera saman við hin menningarlegu vínveitingahús og ástandið þar. E. t. v. eru þeir of tíðir

gestir þar sjálfir til að taka eftir því, en munurinn er oft næsta lítill að því er mér hefur sýnst, og hef ég þó reynt af hlutleysi úr vissri fjarlægð að bera saman hvort tveggja.

Mönnum kann að virðast að sú hækkun, sem við leggjum hér til á vínveitingaleyfunum, sé allhrikaleg. Við erum enda til viðræðu um að breyta þessum tölum eins og reyndar öllum frvgr. Þær eru settar hér fram til umr. fyrst og fremst.

Það fór ekki á milli mála að 2. gr. frv. yrði sú sem menn hrykkju mest við. Þeirri till. kom ég á framfæri í n. af þeirri einföldu ástæðu að ég hef fengið á undanförnum árum mikinn fjölda samþykkta frá áfengisvarnanefndum víða að af landinu, og í þeim samþykktum hefur nær alltaf verið um það atriði að ræða sem hér er að vikið, þ. e. a. s. ýmist um áfengiskaupaskírteini eða nafnskírteini og skráningu þeirra. Hins vegar er þessi till. ekki mín sem slík. Fyrstu hugmyndina að henni sem beinni frvgr. fékk ég frá fyrrv. aðstoðarráðh. heilbrigðismála í vinstri stjórninni, Öddu Báru Sigfúsdóttur, sem hreyfði þessari hugmynd fyrst á árinu 1973 og þá nánast í því formi sem hér er lagt til.

Ég dreg enga dul á það, að það er eðlilegt að menn hrökkvi þarna við. Höfuðtilgangurinn hjá áfengisvarnanefndunum með því að leggja þetta til er vissulega sá að draga úr drykkju, reyna það, fæla menn frá vínkaupum vegna aukins umstangs og fyrirhafnar, auk þess sem skráning á nafn hvers kaupanda væri viss hindrun einnig, ein þessara frelsiskerðinga sem mjög er hampað af þeim sem þykir óbreytt ástand býsna gott. Það er annars undarlegt hvað oft orðið frelsi heyrist nefnt varðandi áfengi, slík áþján og kvöl sem það getur orðið, og verður alltof mörgum. Við flm. tökum það fram í grg. að þetta er aðeins sett fram sem ítrasta till. og þar er það skýrt tekið fram. Notkun venjulegra nafnskírteina er okkar varatill. og við hana sættum við okkur vitanlega fullkomlega En þessi till. er komin frá allt of mörgum aðilum til þess að hún verði hundsuð algjörlega. Hér er um að ræða þá aðila sem um þessi mál fjalla hvarvetna á landinu, og það er ekki hægt að hundsa þeirra kröfur algjörlega í þessu efni. Þess vegna kom ég þessari till. á framfæri í n., og þess vegna er hún hingað komin. Notkun venjulegra nafnskírteina ætti vitanlega að vera jafnsjálfsögð þarna og víða annars staðar þar sem nafnskírteina er krafist af minna tilefni.

Tillaga um nafnskírteini og skráningar hefur, eins og ég sagði, ærið oft komið frá áfengisvarnanefndunum víðs vegar um land. Í raun er hér aðeins verið að flytja hana hér inn og kanna undirtektir við hana. Við flm. og nm., sem vorum um það sammála að leggja þetta fram sem till., við kunnum að vera þarna á villigötum, og síst of öllu — það tek ég skýrt fram varðandi allt þetta — vil ég lögfesta eitthvað sem í framkvæmd yrði markleysa ein og tjón. Síðan þessi till. kom fram hefur sú undarlega skoðun birst á prenti og það meira að segja víðar en á einum stað að með skráningunni væri farið inn á svið persónunjósna. Aldrei flaug mér eða höfundi þessarar till. 1973, Öddu Báru Sigfúsdóttur, það í hug að svo mikil viðkvæmni mundi verða í kringum þetta ákvæði. En satt er það. E. t. v. kann hér að vera um eitthvað slíkt að ræða. Hér er að vísu komið að málum sem leitt gætu til mikilvægra og að vissu leyti persónubundinna upplýsinga um áfengiskaup manna. En hitt er mér aftur á móti hulin ráðgáta með öllu, hvernig þessi skráningarskylda eða úrvinnsla hennar og þær upplýsingar, sem af henni leiddi, gætu á nokkurn hátt gefið upplýsingar eða ábendingar um skoðun viðkomandi aðila. Öllu slíku vísa ég á bug sem hreinni móðursýki mér óskiljanlegri. Um þetta hefur verið sagt að þarna ráði öfgar og brennivínshatur og þá alveg sérstaklega hjá 1. flm. Ég er fúslega til viðræðu um þá breyt. á þessu ákvæði sem mönnum kynni að sýnast réttmætari, og svo er reyndar um frv. þetta allt. Það er rétt eins og menn hafi, þegar þetta frv. kom fram, almennt reiknað með því að samtímis yrði þetta orðið að lögum og menn gætu átt von á þessu daginn eftir. En frv. er beinlínis sett fram og skýr grg. um að þetta sé fyrst og fremst sett fram til frekari umr.

En þrátt fyrir einstök upphlaup, þá hygg ég að umr. verði til góðs og þá hverfur a. m. k. úr sögunni sá áróður sem er býsna ágengur, að á Alþ. sé aldrei um þetta alvörumál fjallað. Engin af þessum greinum — það skal tekið fram — er okkur neitt heilagt mál. En við vorum sannfærðir um að því aðeins að till. gengju nokkuð langt vektu þær menn til einhverrar umhugsunar og umr. Annað væri útilokað. Og um gagnsemi þessara till. dæmi ég ekki heldur. Hitt veit ég mætavel og er sannfærður um, að það er engin tilviljun að ýmsar þessar till. og eiginlega flestar eða allar eru samnefnari af öllum þeim svörum sem við fengum við spurningum okkar á s. l. sumri. Það getur ekki verið tilviljun. En að því skal ég koma nánar síðar.

Ég vík þá að 3. gr. frv., en í grg. fyrir henni segir svo: „Hér er um breyt. á 20. gr. að ræða sem felur í sér m. a. niðurfellingu þessara orða í 1. málslið 4. mgr.: „nema í fylgd með foreldrum sínum eða maka“, og tilsvarandi síðar. Um þetta atriði eitt sér og þó einkum um aldurstakmarkið sjálft, 20 ár, 19 ár eða 18 ár, hefur mjög verið rætt í n., enda sitt sýnst hverjum. Hér er þó aðallega um samræmingaratriði að ræða, þ. e. að aðgangur að vínveitingahúsi og leyfi til vínkaupa séu bundin við sama aldur. Hér er miðað við 20 ár, en í n. hefur einnig komið fram að 18 ára markið kæmi almennt til greina, gegn því að þar yrði betur eftir fylgt með aðhaldi og eftirliti. Grein þessi er m.a. sett fram til umr. um þetta almennt, og þær upplýsingar, sem n. hefur undir höndum um reynslu annarra þjóða, munu þá verða veittar í umr. og í n. deildarinnar.“ — Það hef ég þegar gert með því að lesa upp úr ítarlegri samantekt Magnúsar Sigurjónssonar hér áðan. — „Þess skal getið að um samhljóða álit er að ræða erlendis frá um þetta atriði,“ eins og kom mjög glögglega fram í hans ágæta yfirliti, „þ. e. lækkun aldurstakmarks hefur í för með sér enn meiri drykkju sem færist jafnframt enn niðar í aldursflokkunum.“

Þetta kom mjög skýrt fram áðan, og sé ég ekki ástæðu til þess að endurtaka neitt af því.

Um aldursmarkið sjálft mætti lengi ræða. Ég hef þá skoðun sjálfur að aðalatriðið sé að fullt samræmi gildi og um leið að framkvæmd fylgi

lögunum eftir því sem framast er kostur. Hins vegar fer ekki hjá því að upplýsingar erlendis frá veki okkur til umhugsunar um þetta atriði. Mér hefur virst ástandið slíkt, þrátt fyrir ákvæði okkar um 20 ára markið, að mestu skipti að raunhæf framkvæmd væri möguleg, og ég hef tæpast séð þess nokkra von nema með lækkun aldursmarksins í t. d. 18 ár, eins og við Páll Þorsteinsson fyrrv. alþm. lögðum raunar til í frv. fyrir nokkrum árum, og hert um leið öll ákvæði varðandi eftirlit og framkvæmd á löggjöfinni. Um þetta hafa verið skiptar skoðanir í n. Það, sem hér er lagt til, varð ofan á svipað og með ákvæði 2. gr.

Ég vil benda — með leyfi hæstv. forseta — á nokkrar staðreyndir sem áfengisvarnaráð hefur sent frá sér og vissulega vega þungt. Þar segir að áfengislaganefnd, sem sænska þingið kaus og var að störfum tæpan áratug, lagði til að unglingum yngri en 20 ára yrði framvegis sem hingað til bannað að kaupa sterka drykki. Í öðru lagi, að ljóst er að mjög erfitt reynist að koma í veg fyrir ólöglega drykkju unglinga. Hún færist einungis til enn yngri aldursflokka með lækkuðu aldursmarki. Í þriðja lagi: Unglingadrykkja hérlendis jókst fyrst að marki þegar rekstur vínveitingahúsa var leyfður. Áhrif þeirra á þjóðlífið komu greinilega í ljós í þjónaverkfallinu í fyrra og þegar dómsmrh. lét loka þeim í febrúar í ár. Auðveld framkvæmd til að draga úr unglingadrykkju er að fjölga eftirlitsmönnum með vínveitingastöðum. Þeir eru nú tveir í Reykjavík, en þyrftu að vera 15. Eftirlit þetta er framkvæmt ríkissjóði að kostnaðarlausu. Í fjórða lagi: Afnám þess fyrirkomulags, að laun þjóna standi í réttu hlutfalli við áfengissölu þeirra, yrði áreiðanlega til góðs.

Þetta ásamt því, sem kom fram í ábendingum formanns n., Magnúsar Sigurjónssonar, læt ég nægja. En sá hinn sami hefur einnig flutt till. til vara sem ég mun einnig koma hér á framfæri, en hún er þannig, með leyfi hæstv. forseta — hann segir að vísu fyrst: „Best væri að fella niður allar undanþágur og standa fast á 20 ára aldursmarkinu. En ef ekki er vilji fyrir hendi til að ganga svo langt, þá er þó til stórra bóta að binda undanþáguna frá 20 ára aldrinum við 18 ár, þannig að greinin orðist þá svo: „Ungmennum að 18 ára aldri er heimilt að dveljast til kl. 8 að kvöldi á veitingastað, þar sem vínveitingar eru leyfðar, séu þau í fylgd foreldra sinna eða maka. Dyraverðir, eftirlitsmenn og framleiðslumenn skulu láta ungmenni, er koma á slíka staði eða dvelja þar eftir kl. 8 að kvöldi án samfylgdar foreldra eða maka, sanna aldur sinn á þann hátt að sýna nafnskírteini með mynd eða á annan fullnægjandi hátt, enda sé ástæða til að ætla að hlutaðeigandi hafi ekki náð 20 ára aldri.“ Þessu kem ég hér með á framfæri sem sérstakri varatill. frá formanni n., Magnúsi Sigurjónssyni.

Ég legg enn áherslu á það, að hér er um að ræða eins og í 2. gr. umhugsunarefni sem ekki verður afgr. í dag eða á morgun. Hér er um svo alvarlegt og þýðingarmikið atriði að ræða að ég vil einskis láta ófreistað til að þar á fáist einhver lausn, einhver bót frá ástandi dagsins í dag. Þingmönnum ber að freista þess að finna bestu leiðina. En það er nú einmitt til marks um það ofstæki sem er í hv. 1. flm. þessa frv., að hann hefur maldað mest í móinn í n. varðandi aldurstakmarkið. Ég hef sem sagt verið á þeirri skoðun, sem ég var þegar ég flutti frv. með hv. þm. Páli Þorsteinssyni á sínum tíma, að það sé óraunhæft að binda sig við 20 ára aldursmarkið þrátt fyrir allt og við verðum að horfast í augu við raunveruleikann í þessu og hafa fullt samræmi í 18 ára aldrinum og herða svo bara viðurlögin þar við. Þetta er mín persónulega skoðun sem ég lýsi yfir hér eins og ég hef gert í n. áður. En meiri hl. n. lagði sem sagt til áframhaldandi 20 ára aldursmark og það yfirfært enn frekar en er í gildandi lögum.

Í 4. gr. er um nýmæli að ræða sem einn nm., Steinar Guðmundsson, hefur margsinnis vakið máls á í ræðu og riti. Ég læt grg. hans ákveðna og berorða, nægja sem rökstuðning, svo sem áréttingu á athugasemdum með frv., en grg. Steinars er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: „Ofdrykkjuvarnastöðvar hafa hvarvetna reynst mjög vel í baráttunni gegn ofdrykkju í atvinnu- og fjölskyldulífi frá því þær fyrst voru skipulagðar á árunum 1945—1955. Í Bandaríkjunum, Kanada, Ástralíu og meðal velflestra Evrópuþjóða er þetta kerfi, leiðbeiningarstöðin í ofdrykkjuvörnum, notað í sífauknum mæli með mjög góðum árangri. Reynslan hefur orðið sú, að ofdrykkjuvarnir einangrast ekki frá áfengisvörnum, heldur vaxa þær í áttina til þeirra, því í reynd beinist hið virka björgunarstarf ýmist inn á braut bindindis eða bindindisfræðslu eða inn á starfsvettvang AA-stefnunnar eða leiðir venjulegrar heilsugæslu. Nú er vitað og verður ekki hrakið að ef miðað er við niðurstöður margendurtekinna athugana, sem fram hafa farið meðal vestrænna þjóða æ ofan í æ undanfarna áratugi, má ætla að aðeins 5% þeirra drykkjumanna íslenskra, sem ekki geta bjargað sér til eðlilegra lífnaðarhátta vegna ofdrykkju, njóti einhverrar opinberrar aðstoðar sér til bjargar. 95%, sem eru drykkjumenn á ýmsum stigum ofdrykkju eða alkóhólisma, eiga það eitt sameiginlegt að hafa ekki lagt á hilluna viðleitnina til að bjarga sér og sínum efnalega og reyna að skila dagsverkinu þótt gloppótt verði það stundum. En það kaldranalega er, að einmitt á meðan þetta fólk drattast til að skila vinnuvikunni af sér er því meinuð öll aðstoð til að ná fótfestu til eðlilegra lífnaðarhátta. Hinir aftur á móti, sem gefast upp og hætta að vinna, þurfa engu að kvíða með afkomuna. Þeir eiga víða skjól og skilning, enda er nokkuð vel séð fyrir þörfum þessara 3—5% hér á landi. Félagsmálastofnun Reykjavíkur, gistiskýlið í Þingholtsstræti, Hlaðgerðarkot, Víðines, Gunnarsholt o. fl.

„Ekki get ég séð,“ segir Steinar áfram, „að miklu lengur sé hægt að þrjóskast við að sinna ofdrykkjuvandamálinu íslenska og neita að beita þeim tækjum og aðferðum sem best hafa gefist erlendis. Reynslan er sú hér eins og annars staðar að menn ríghalda í þann aumingjaskap sem speglast í útigangsdrykkjumanninum, þetta auðnuleysi sem tilheyrir lengst leiddu 5%, svo að menn hafi eitthvað til að benda á þegar talað er um drykkjuskap, svo menn hafi eitthvað til að æfa líkn sína á eða óskapast yfir, svo síður sé hætta á að á þá sjálfa kynni að verða bent. Þessum

skrípaleik verður að linna. Fyrsta sporið er leiðbeiningarstöð í ofdrykkjuvörnum með samstarfi við fánabera bindindishugsjónarinnar. Leiðbeiningarstöð án afvötnunaraðstöðu er fráleit, bæði vegna þess að mjög oft er leitað hjálpar þegar ætlar um koll að keyra vegna drykkjuskapar og þarf því að vera aðstaða til að láta renna af mönnum og hins vegar vegna þess að á vissu skeiði fráhvarfstímans er drykkjumaður betur viðmælandi en nokkurn tíma annars um vandræði sín, og tekst æfðum leiðbeinanda þá oft að nýta þessa stundum ekki nema örfáu klukkutíma, þessa ljósglætu algjörrar uppgjafar, til að hefja það samstarf sem enst getur til langvarandi bata, sbr. sjálfan mig fyrir 20 árum."

Þetta voru lokaorð í grg. Steinars Guðmundssonar fyrir þessari grein um leiðbeiningarstöð í ofdrykkjuvörnum.

5. og 6. gr. laganna fjalla um eðlilega og sjálfsagða hækkun sektarákvæða. Jónas Gestsson, einn nm., fór vandlega ofan í þessi mál, miðaði hækkunina við eðlilegasta mælikvarða, verðhækkun áfengis, frá því að eldri lög um sektarákvæði voru sett, og að hækkun upphæðanna er í samræmi við það.

Ég hef haldið æðilanga tölu fyrir frv. þessu. Þó er hér ekki öll sagan sögð. N. fór þess einnig á leit við þm. allra flokka að þeir flyttu þáltill. um fræðslumál. Það hefur nú verið gert og er fyrsti flm. þeirrar till. hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir og mun hún bráðlega gera grein fyrir þeirri till. Ég geri mér ekki vonir um neina afgreiðslu þessa frv. nú. N. var efst í huga að koma einhverju á framfæri, umdeildu og róttæku umfram allt, til þess að hreyfing mætti á málið komast. Fyrir n. hönd færi ég meðflm. mínum þakkir fyrir góðar undirtektir um flutning frv., þó ég viti að þeir hafi uppi ýmsar athugasemdir við einstök atriði sem eflaust koma hér fram. N. mun starfa áfram þar til hún telur störfum sínum það vel komið að þingið sjálft taki frumkvæðið í sínar hendur. Eftir því er beðið, eftir úrbótum er beðið af miklu fleiri en bindindismönnum. Æ fleiri heimta að eitthvað sé að gert. Vissulega væri hægt að benda á ótalmargt í þessu máli sem ég teldi betur mega fara og þá alveg sérstaklega skipulag æskulýðs- og íþróttastarfs sem eins öflugasta bandamanns í baráttunni gegn ofneyslu áfengis. Þar um vantar ekki lög, heldur framkvæmd og fjármagn um leið.

Að lokum þetta: Hér er um ítrustu till. að ræða, sumar beinlínis fram settar til þess að ýta við mönnum án minnstu vonar um að þær verði að veruleika í óbreyttri mynd. Það, sem sköpum skiptir í þessu máli öllu máli, er almenningsálitið, — álitið sem þjóðin sem heild hefur á málinu, umfangi vandans og ráðum til úrbóta. En Alþ. á að gera sitt til þess að móta það álit og leggja á ráðin um það hvað gera eigi. Með umr. um málið, öfgalausum og víðsýnum, er það unnt.

Þrátt fyrir það að hér sé um ítrustu till. að ræða í sumum tilfellum og aðeins að fáu vikið, þá álít ég að við eigum að geta rætt um þessi mál á öfgalausan hátt með öllu, og þrátt fyrir það að ég sé sjálfur bindindismaður, þá vona ég að enginn vænj mig í þessu efni um öfgar. Aðalstarf mitt hefur verið að uppeldismálum. Þaðan hygg ég að fáir gætu sagt þá sögu að öfgar hefðu ráðið ferðum varðandi veikburða tilraunir mínar til að vara við skaðlegum áhrifum áfengisneyslu. Þeim, sem þykja þessar till. ganga of langt, skal bent á þá fyrirvara sem við höfum á þeim, jafnt nm. og þó enn frekar flm. þessa frv. Engu skal upp á menn þvingað. En ástandið kallar á aðgerðir, og til þess að svo megi verða þarf að opnast umr. og hún þarf að verða hér á þingi sem hreinskilnust og hleypidómalausust. Okkar álit var það að fáar róttækar till. væru vænsta leiðin til þessa. Í trausti þess er frv. borið fram. Það bið ég menn að athuga, jafnt innan þings sem utan, áður en sleggjudómarnir falla í þeirri blindu sem þjóðin virðist að miklu leyti slegin í þessu máli.

Þetta frv. mun verða endurflutt í byrjun næsta þings, e. t. v. þá í breyttri mynd, e. t. v. í samræmi við það sem hér kemur fram núna í þeim stuttu umr. sem eflaust verða um þetta mál nú. En að lokinni þessari umr. vil ég, herra forseti, óska eftir því að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Ég get að mörgu leyti lýst yfir ánægju minni yfir því að þetta frv., sem hér er borið fram, hefur séð dagsins ljós hér á hinu háa Alþ., því ég skal gera þá játningu hér að ég hafði hugsað mér að bera fram frv. um breyt. á áfengislöggjöfinni, en með tilkomu þessa frv. gefst tækifæri til þess að koma með þær brtt. á áfengislögunum sem að mínum dómi eru nauðsynlegar.

Ég er alveg sammála þeim hv. alþm., flm. þessa frv., að það er eitt erfiðasta og kannske vandasamasta og að mörgu leyti sorglegasta viðfangsefnið sem íslenska þjóðin á í dag við að etja, áfengisbölið í þeirri ískyggilegu mynd sem hefur náð að þróast með þjóðinni. En ég vil þá einnig taka það skýrt fram, að þær till., sem felast í meginmáli þess frv. sem hér liggur fyrir, eru að mínum dómi ekki líklegar til að bæta úr því ástandi sem nú ríkir í þessum málum. Ég held að ef maður af sanngirni, raunsæi og alveg án allra fordóma gefur sér tíma til að athuga þessi vandmeðförnu mál ofan í kjölinn, þá held ég að þáttur löggjafans varðandi þetta mál sé ekki til að státa af. Ég held að mikið af þeim vandamálum, sem hér er við að setja, og yfirleitt hvernig þessi mál hafa þróast til hins verra í þjóðfélaginu megi rekja til hinna dæmalausu ákvæða eða réttara sagt löggjafar sem þessi þjóð hefur þurft að una við frá því að svokölluð áfengislöggjöf var sett. Í þjóðfélagi þar sem hægt er að kaupa í lítravís í gallonavís áfengi sem er að styrkleika 45 eða 47%, eins og margar víntegundir eru á boðstólum hér í áfengisútsölunum, en á sama tíma er ekki leyfð neysla svokallaðs áfengs öls, slík löggjöf getur ekki boðið upp á annað en stórkostleg vandræði.

Það er svo margt sem hægt er að finna að í sambandi við þessa löggjöf sjálfa svo og framkvæmd hennar að það væri hægt að halda um það margra klukkutíma ræðu. Ég vil ekki, eins og nú er komið afgreiðslu mála á Alþ., fara að tefja starfsemi þingsins með ítarlegum umr. nú á þessu stigi málsins. Aðeins þótti mér tilhlýði-

legt nú þegar við 1. umr. að koma fram þeim sjónarmiðum, eins og að vissu leyti kom fram í framsögu hv. flm. þessa frv., hv. 7 landsk. þm., að menn skyldu fara gætilega í að setja lög sem mótuðust af áliti almennings sem gengi þvert á lögin. En ég held því miður að það séu ákaflega mörg ákvæði í áfengislögunum sjálfum og gilda um framkvæmd þeirra sem einmitt stefna í þá átt.

Ég sagði áðan að það dyldist engum að það væri við gífurleg þjóðfélagsvandamál að etja í sambandi við það ástand sem hefur skapast út af misnotkun áfengis í þjóðfélaginu. En ég vil láta það koma hér skýrt fram, að mitt mat á því máli er að við læknum það ekki með síauknum boðum og bönnum og hækkunum á einhverjum upphæðum, sektarupphæðum, eða með því að herða refsiaðgerðir. Við læknum þetta ekki með því. Hvaða sjónarmið og hvaða skoðanir sem við höfum á þessum málum, þá verður ekki sú staðreynd umflúin að áfengi er förunautur mannkynsins og búið að fylgja mannkyninu frá örófi alda, og við erum ekki þess umkomnir, allra síst nú á þessum síðustu tímum eftir að við erum nærri því komnir í miðdepil alheimsumferðarinnar, að útiloka okkar þjóð frá þessari neysluvöru. Þess vegna er það áreiðanlega öllum fyrir bestu að menn reyni að líta á þessi mál öfgalaust, af raunsæi, af skynsemi og reyni að haga lögum, reglugerðarákvæðum og ákvæðum um framkvæmdina í sambandi við samskipti við þetta vandamál þannig að það verði frekar til þess að ala upp kynslóð sem hefur þann manndóm og þroska að geta umgengist þessa neysluvöru eins og mönnum sæmir. En þar hefur hlutur löggjafans verið mjög slakur og þarf mikið um að bæta. Mönnum hefur verið ákaflega gjarnt að setja kíkinn fyrir blinda augað, loka augunum fyrir þeim staðreyndum sem við blasa í sambandi við þessi mál og halda að með síauknum boðum, bönnum og alls konar refsiaðgerðum, eftirliti, sé hægt að lækna þessa meinsemd. En það er bara ekki svona, það er ekki hægt að lækna hana með þessu. Og íslenska þjóðin hefur það dýrkeypta reynslu og margra áratuga reynslu af samskiptum sínum og viðureign í þessum málum að mönnum ætti að vera orðið ljóst að það verður og ber ríka nauðsyn til að taka öðruvísi á þessum málum heldur en gert hefur verið af löggjafanum til þessa.

Mönnum er mjög gjarnt í sambandi við þessi mál að vera tíðrætt um áhrif svokallaðra vínveitingastaða og vínveitingahúsa í sambandi við allt það mikla ólán sem skapast vegna ofneyslu áfengis. En eigum við ekki í þessu sambandi að hafa augun opin fyrir því að við búum við þær staðreyndir að við erum með mannfjölda sem skiptir þúsundum og jafnvel tugþúsundum sem óska eftir því að eiga einhvern samastað, aðgang að einhverjum slíkum stöðum, hvort heldur er til þess að fá sér glas af víni eða til að koma saman. En löggjafinn hefur gengið svo frá þessum málum að það er ákaflega erfitt að veita þessa þjónustu.

Ég vil enn fremur benda á þá staðreynd sem er fyrir hendi í okkar þjóðfélagi að æskulýðurinn og á ég þá helst í því sambandi við skólagöngufólkið, fólkið á táningaaldrinum, ef svo mætti að orði komast, þetta fólk sem þannig er háttað um, það dvelst ekki á sínum heimilum. Það er alveg sama hvernig heimilin eru útbúin. Það er ekki vegna þess að það hafi ekki góða aðstöðu á heimilum. Það er ekki vegna þess, að aðbúð þess er ábótavant, heldur er tíðarandinn sá að aldurshóparnir óska að halda saman, þeir óska að vera í hóp, ræða sín hugðarefni saman og geta gert það á þeim stöðum sem þeir sjálfir ákveða. Ég er því ekki í nokkrum vafa um að mikilvæg og hagræn lækning í sambandi við þessi mál væri að fjölga stórkostlega veitingastöðum, t. a. m. í þéttbýlinu eins og hér í Reykjavík og fleiri þéttbýlisstöðum. Það á að endurskoða gjörsamlega frá rótum ákvæði áfengislöggjafarinnar um það hvar má veita vín og undir hvaða kringumstæðum má veita vín, fyrir utan náttúrlega þá sjálfsögðu ákvörðun og breytingu að leyfa neyslu áfengs öls. En að vera með þá bábilju og hégilju, eins og ríkt hefur í þessum málum, að það sé bundið einhverri eldhúsastöðu og búnaði til matseldar hvort hægt er að drekka kollu af öli og sitja saman og rabba um landsins gagn og nauðsynjar ef menn óska eftir því, sjá menn ekki hvílík bábilja er þarna á ferðinni?

Ég hef reynslu bæði sem neytandi og sem foreldri af þessum málum. Ég er fulltrúi þeirrar kynslóðar sem ólst upp, þegar hún ók upp úr grasi, við spönsku vínin, við tíkarbrandinn við mólinógutlið, við hundaskammtinn, við landabruggið og svo að lokum við kolvitlausa áfengislöggjöf.

Þessum skilyrðum, sem minni kynslóð voru sett af löggjafanum, er ekki að þakka að fleiri af okkur fóru ekki í hundana heldur en farið er. Það má segja að það sé forsjóninni fyrir að þakka að þrátt fyrir allt hefur þó ekki farið verr en fór. Ég held því að í sambandi við þessi mál væri miklu nær að taka til raunhæfrar athugunar að reyna að bæta úr þessum málum. Og ég segi fyrir mitt leyti, að ég vil gjarnan leggja mitt lóð á þá vogarskál að það verði tekið til athugunar hvort við eigum ekki að skapa okkar ungmennum betri skilyrði til þess að geta hist á sómasamlegum litlum veitingastöðum, þar sem þau kynnu að óska eftir að dvelja, hvort heldur yfir kollu af áfengu öli, og þau mega líka fá sér vínglas ef svo ber undir. Með því að skapa skynsamlega reglugerð um framkvæmd og hvernig rekstri slíkra staða væri háttað væri ég ekki í nokkrum vafa um að það væri hægt að finna grundvöllinn fyrir því að þetta fólk umgengist þessa hættulegu vöru, skulum við segja, en vöru sem yfirgefur okkur ekki, hún fylgir okkur frá vöggu til grafar. Þetta er í mörgum tilfellum kannske einhver besti vinur sem mannkynið á og hefur oft reynst einhver besti gleðigjafi. En það hefur einhvern tíma verið sagt að það má misnota alla vináttu, það er hægt að misnota allt. En staðreyndin er fyrir hendi, að það er alveg sama hvaða löggjöf og hvaða reglugerðir við setjum hér um á hinu háa Alþ., við afnemum ekki samskipti okkar við þessa neysluvöru. Þess vegna hlýtur valkosturinn að vera hvort ekki er hægt að finna einhvern flöt á því, og ég held að það sé veglegt hlutskipti hins háa Alþ. að hafa forustu um að skapa grundvöllinn fyrir því að umgengni þjóðarinnar verði um meðferð þessarar vöru á sem mannsæmastan hátt fyrir þjóðfélagið í heild.

Jón Helgason: Herra forseti. Það er ekki ástæða fyrir mig að hafa hér mörg orð um þar sem ég get tekið undir það sem hv. 1 flm. þessa frv. sagði í framsöguræðu sinni áðan. En mér var ljúft að verða aðili að því að flytja þetta frv., í fyrsta lagi af því að mér fannst sjálfsagt að það nál., sem áfengismálanefnd, sem Alþ. kaus, skilaði, væri flutt hér á Alþ., og svo í öðru lagi að það væri þörf á að vekja athygli á þessu máli þar sem ég er þeirrar skoðunar að áfengisvandamálið sé eitt af okkar stærstu vandamálum, og það er mikilsvert að fá umr. um það.

Eins og við vitum, þá er almenningsálitið ekki nægilega sterkt gegn neyslu áfengis eins og er. Mér virðist að almenningur líti þessi mál ekki nægilega raunsæjum augum. Við verðum varir við það, t. d. í umr. um áfengismál, að þessu vandamáli er stundum mætt með hálfgerðu háði, þrátt fyrir þau ömurlegu örlög sem margir hafa hlotið af völdum áfengis. Mér finnst að það skjóti skökku við viðbrögð manna sem algengust eru þegar hættu ber að höndum, en um hættu er tvímælalaust oft að ræða þegar áfengi er annars vegar. Við vitum það t. d. ef einhver er staddur í sjávarháska að þá eru flestir boðnir og búnir til þess að aðstoða eftir föngum og bjarga. En þó að við sjáum að margir hljóti ill örlög af völdum áfengis, láti lífið af völdum þess eða verði óvinnufærir þá virðist sem almenningsálitið sé ekki nægilega sterkt til þess að bregða þar skjótt við.

Ég ætla ekki að halda því fram að þær till., sem hér eru fluttar, séu endilega þær bestu eða það eina rétta, og við vitum að það er sitthvað, hvað við teljum æskilegast að nái fram að ganga, og svo hitt, hvað við teljum að raunhæft sé og beri bestan árangur á hverjum tíma. En ég held að í þessu máli skipti ákaflega miklu viðhorf ríkisvaldsins, að það sé viðurkennt af ríkisvaldi að neysla áfengis sé vandamál sem þurfi að neyta allra úrræða til að draga úr og berjast gegn. Og ég er algjörlega ósammála skoðun hv. 2. þm. Norðurl. e. að við eigum að viðurkenna að þessi neysla og afleiðingar hennar séu óhjákvæmilegar og sjálfsagðar, hafi verið og eigi að vera förunautur okkar manna. Og ég er þá einnig algjörlega ósammála því að bjargráð í þessu máli sé að auka vínveitingar og aðstöðu til neyslu þess, reisa fleiri vínveitingahús og auka frelsi í þessum málum, t. d. með áfengum bjór. Ég held að reynslan hafi sýnt að það er ekki bjargráðið í þessum efnum. Við höfum það fyrir augum hversu mikið vandamál þetta er bæði fyrir marga einstaklinga og þjóðfélagið í heild beinlínis í miklum fjárútlátum. Það þarf að reisa mikið af sjúkrahúsum til þess að taka á móti þeim sem beðið hafa skipbrot af völdum áfengis. Það þarf að margfalda löggæslu til að líta eftir þeim sem hafa neytt þess í óhófi. Og mér finnst að það sé algjörlega fyrir neðan virðingu mannsins að slíkt skuli henda, að hann þurfi slíkt eftirlit. Ég vil endurtaka það, að það sem ég tel fyrst og fremst tilgang þessa frv. er að vekja athygli á þessu máli og reyna að fá það fram að ríkisvaldið telur neyslu áfengis svo mikið vandamál að það þurfi að neyta allra úrræða til að draga úr henni.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Það kemur fram í þessu máli eins og mörgum öðrum að þótt menn hafi í raun og veru sama markmið, þá greinir þá á um leiðirnar. Ég efast ekkert um að hv. 2. þm. Norðurl. e. geri sér fulla grein fyrir vandamálum ofdrykkjunnar og hann geri sér fulla grein fyrir því að þjóð okkar er í miklum vanda vegna þess að við drekkum of mikið og of illa. En okkur kemur bara ekki saman um hvaða leiðir eigi að fara að því marki að minnka drykkjuna eða gera hana hóflegri. Þetta er kannske ekki óeðlilegt, því að stundum getur verið með hættulega sjúkdóma eða hættuleg efni að visst öryggi sé í því að komast í snertingu og fá svonefnt ónæmi fyrir því. T. d. er fyrir mann til að umgangast annan með kúabólu nauðsynlegt að það sé búið að sprauta í hann kúabólu áður. Þetta er aftur á móti ekki svo um áfengið, vegna þess að áfengið er ávanaefni og leiðin til þess að gera mann að ofdrykkjusjúklingi er einmitt að hann fari þessa hægfara leið, að hann smakki á efninu fyrst og haldi síðan áfram og hver snafs, það má í raun og veru segja að hann kalli á þann næsta, fyrst og fremst vegna eðlis þess efnis, á sama hátt og sjúklingur sem er skorinn upp á spítala, hann fær morfín, og það er sama með morfínið, það kallar gjarnan á næsta skammt vegna þess að það hefur þetta sama eðli og þessa sömu eiginleika. Þess vegna er hætt að gefa manninum morfín eins fljótt eins og mögulegt er, og þó kemur stundum fyrir að það er of seint.

Hitt er svo annað mál, að það frv., sem hér liggur fyrir, er ekki um neitt bann á vínveitingum og það er ekki um neitt áfengisbann að neinu leyti. Það, sem hér er fyrst og fremst um að ræða er, að það er verið að vissu leyti að þrengja kosti þeirra sem mega veita vín. Þeir þurfa að borga meira í ríkissjóð til þess að fá leyfi til að selja mönnum áfengi. Í öðru lagi á að reyna að hafa áhrif á leynivínsöluna með því að láta menn hafa sérstök áfengiskaupaskírteini með nafnnúmeri og mynd. Þetta þykir kannske ekki gott, og ég er ekki viss um að flm. séu endilega sannfærðir um að það komi til að þessi grein verði samþ. En það er vitað mál að a. m. k. hér í Reykjavík og jafnvel víðar á landinu eru fullorðnir menn sem hafa af því sína atvinnu og sína möguleika til að drekka brennivín að sniglast í kringum áfengisútsölurnar, fara inn í þær, taka við peningum af ófullveðja unglingum og kaupa áfengi til þess að afhenda þeim aftur og fá sjálfir hluta af því. Þetta vita allir, og þetta er hægt að sanna hvenær sem er. En þetta er eitt af því sem á að reyna að fyrirbyggja með þessu ákvæði.

Þetta, sem 1. flm. lagði áherslu á, að flm. væru ekki allir sammála um ákvæðið um 20 ára aldurinn, það er alveg rétt. Það er mikið ósamræmi í þessu eins og það er, og ég held að það væri rétt að flytja þetta niður í 18 ár, eingöngu vegna þess að unglingar eru þroskaðri núna og eru búnir að umgangast skemmtistaði og vín kannske lengur en fyrr á tímum, þannig að þeir eru e. t. v. komnir á giftingaraldur, a. m. k. kvenfólkið, 18 ára og er óeðlilegt að hafa ekki samræmi í þessu. Ég held því að þarna sé svolítið vafasamt hvað gera skuli.

Hitt er svo annað mál, að alkóhólisminn er stórkostlegt vandamál. Og þetta er ekkert nýtt. Þetta er aldagömul saga og aldagamalt vandamál. Menn voru lengi vel ósköp rólegir og álitu vínið af hinu góða, en ekki hinu illa. Þetta er, eins og

við vitum, frá biblíulestrinum. Sömuleiðis er það að jafnmerkur maður og Pasteur, hann leit á áfengi sem heilsusamlegan og góðan drykk. Það er kannske ekki fyrr en löngu seinna sem menn virkilega uppgötva þá annmarka sem brennivínsdrykkjunni fylgja, en þeir eru nefnilega ansi margir. Þeir eru svo margir að nú mun vera í flestum menningarlöndum eða löndum þar sem ekki er bannað að drekka áfengi vegna trúarbragða, þá mun þetta vera ein af algengustu dauðaorsökum. T. d. í Bandaríkjunum er þetta þriðja algengasta dauðaorsök. Og meira en það, segjum það sé þriðja algengasta dauðaorsök, en það er líklega langsamlega algengasta sjúkdómsorsökin. Nú á þeim tímum, þegar fjöldi þjóða er að kvarta mjög yfir kostnaði við heilsugæslu, þá getum við ekki komist hjá því að athuga það gaumgæfilega að áfengið veldur gífurlega mörgum sjúkrahúsdögum, að það gerir mikinn fjölda manna og kvenna óvinnufæran, ýmist um tíma eða fyrir fullt og allt, að starfsævi manna, sem drekka í óhófi, styttist jafnan um 15—20 ár, og það sem kannske er þó verst af öllu, þetta hefur mjög mikil áhrif á allt fjölskyldulífið og kemur því ekki eingöngu niður á þeim einstaklingi sjálfum sem drekkur áfengið, heldur á öllu hans umhverfi og hefur mikil áhrif á lífshamingju fjölskyldunnar, hvort sem það er faðirinn, sonurinn eða dóttirin sem í hlut á.

Ég lít svo á að þessar breytingar á áfengislögunum séu til bóta og ekki síst 4. gr. Það er eins og tekið var fram hér, það er í raun og veru nýmæli að koma upp afvötnunarstöð. Það skal viðurkennt að þetta er ekki óumdeilt, og ég veit ekki hvort sérfræðingar okkar á þessu sviði eru nokkuð sérstaklega spenntir fyrir því að fá svona sjálfstæða stofnun. En þetta hefur reynst víða mjög vel, og ég held að það sé alveg öruggt mál að við gætum notið þess hér og gætum haft mikið gagn af slíkri stöð ef hún ynni í samvinnu við ofdrykkjuvarnirnar í landinu. Það er að ýmsu leyti auðvelt fyrir slíka stöð að hafa samband við atvinnulífið, hafa samband við sjúklingana úti á vinnustað, fylgjast nokkuð með þeim, kannske öllu betur en opinberar stofnanir. Þetta ásamt ýmsu öðru gerir það að verkum að ég álít að það væri nokkuð stór áfangi á okkar leið ef hægt væri að koma þessari stöð á laggirnar sem allra fyrst.

Við fáum víst þetta frv. til meðferðar í heilbr.- og trn. og þess vegna ætla ég ekki að hafa um það fleiri orð núna. Ég vildi gjarnan að við reyndum að koma þessu frá okkur ef tími ynnist til. Ég sé ekki að þetta sé frv. sem geti valdið mikilli andstöðu. Við erum hér að gera tiltölulega einfaldar tilraunir sem reyndar eru nokkuð viðurkenndar annars staðar, og ég held að það geti varla verið andstaða, nema ef það skyldi frekast vera gegn aldursmarkinu.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Hér er fjallað um mál sem furðu lítið eru rædd í sölum hins háa Alþ., þess háttar vandamál að miklu meira er um það vert heldur en ýmis önnur sem mjög löngum tíma er varið í umfjöllun á. Í þessu frv. finnst mér 1. gr. og 4. gr. horfa til nokkurra bóta og raunar mikilla bóta, en aftur á móti eru 2. og 3. gr. alveg fráleitar og bera vott um ákaflega takmarkaðan eða jafnvel öndhverfan skilning á eðli þessa vandamáls. Hér er ekki verið að þrengja kosti þeirra sem selja áfengi, síst af öllu sprúttsalans stærsta, Áfengisverslunar ríkisins, og jafnvel ekki heldur kosti leynivínsalanna. Svo vill til að mennirnir, rosknu mennirnir sem hv. þm. Oddur Ólafsson talaði um, sem sniglast í kringum vínbúðirnar og gera unglingum þann greiða að kaupa fyrir þá áfengi gegn því að fá sopa í staðinn, þetta eru ekki fjárplógsmenn, þetta eru menn sem sjálfir eru áfengissjúklingar.

2. gr. þessa lagafrv. ber vott um svo ómannúðlegt og óeðlilegt viðhorf til áfengissjúklinganna sem hugsast getur, sprottið upp af sama hugarfari og sú ráðstöfun hjá forustumönnum áfengisvarnamála hér á landi, sem þótt undarlegt megi virðast eru gjarnan forustumenn áfengissölunnar líka, byggt á sams konar hugarfari og sú ráðstöfun að blanda ólyfjan í þær tegundir af ódýrum vínanda sem fáanlegar eru á frjálsum markaði. Er þar nokkur vandi á höndum því ekki má þessi ólyfjan verða þess háttar að drykkurinn verði banvænn beinlínis. En þá er valin sú tegundin af ólyfjan sem helst er til þess fallin að lítillækka þessa menn sem ríkið er búið að gera að ofdrykkjumönnum með áfengissölu, samtímis því sem þetta sama hæstv. ríki hefur svo forustu um baráttu gegn drykkjuskap, — ólyfjan sem er til þess fallin að smán þessara manna verði sem mest, með því að þeir fái niðurgang, óstöðvandi niðurgang með skjótum hætti, þar sem bæði er um að ræða brennslusprittið og ýmsar tegundir af svokölluðum hárspíritus.

Dæmin um meðferð áfengissjúklinga og drukkinna manna, um það með hvaða hætti þeir eru sviptir þegnréttindum, ekki með dómi, heldur raunverulega í samfélaginu á opinberan hátt, dæmin um meðferð þeirra af hálfu lögreglu, hversu oft höfum við ekki lesið það í dagblöðunum að maður finnst liggjandi meðvitundarlaus á götu og hann er drifinn tafarlaust í fangageymslu lögreglunnar, honum er hent þangað inn, látinn liggja þar um nóttina og svo eru menn steinhissa á því morguninn eftir að maðurinn er látinn, og það reyndist ekki vera af völdum ofneyslu áfengis, heldur vegna þess að hann hafði reyndar fengið slag og legið þarna. Jafnvel þó að hann hefði legið þarna ofurölvi og sýktur af ofneyslu áfengis, þá er hann sjúkur fyrir því. Þetta er náttúrlega ekki beinlínis geðsleg meðferð á sjúkum manni þó að af ofneyslu áfengis sé, að henda honum umsvifalaust í fangageymslu. Hvar er stoð fyrir því í almennri siðgæðisvitund íslendinga eða í lögum að maður, sem kaupir með löglegum hætti og á löglegum aldri áfengi í vínbúð ríkisins, ef hann verður veikur af neyslu þess, hvort sem það er meira eða minna, hann glati rétti sínum til sæmilegrar meðferðar af hálfu samborgara sinna og löggæslumanna?

Ég skyldi með glöðu geði greiða atkv. með algjöru vínbanni ef til þess kæmi, en ég er því gjörsamlega mótfallinn að gerðar séu ráðstafanir til þess að lítillækka þá menn sem kaupa hér áfengi og neyta lögum samkv., að lítillækka þá sem einstaklinga á einn eða annan hátt. Sú hugmynd að skrá nafnnúmer hvers kaupanda, hafa nafnnúmer hvers kaupanda við áfengiskaup hans, halda skrá yfir slíkt, með hvaða hætti ætti þetta

að koma í veg fyrir að rosknu mennirnir, sem ekki eiga fyrir einni, sniglast þarna í kring og reyna að komast yfir sjúss með fyrrgreindum hætti, — hvernig á það að koma í veg fyrir að þeir haldi þessu áfram? Á að takmarka það magn sem menn mega kaupa af áfengi? Þessir menn, sem hv. síðasti ræðumaður gat um áðan, eru þekktir. Löggæslumenn, ef þeir vilja sinna þessu, þá væru þeir í engum vandræðum með að sanna á þá sekt — ekki neinum.

Ég hef grun um það, ég er ekki alveg viss um það að vísu, en ég hef grun um það að í lögum mæli ekkert gegn því að hver ríkisborgari kaupi nokkrar áfengisflöskur á dag og fari með heim til sín ef honum býður svo við að horfa. Ég er kunnugur því að fyrirhyggjusamir fésýslumenn hafa jafnvel lagt peningana sína í að koma sér upp svolitlum lager í kjallaranum hjá sér af brennivíni fremur en að setja þetta í ríkistryggð skuldabréf eða gull og silfur. Einn lést fyrir nokkrum árum sem skildi eftir sig, að því er mér skilst, 5.6 tonn af gömlu áfengi. En hann lést nú frá þessu öllu saman.

Það er engin trygging fyrir því að menn stundi ekki leynivínsölu þó að áfengiskaup þeirra séu skráð. Það væri engin sönnun fyrir því að ég stundaði leynivínsölu þó að ég keypti sem samsvaraði 5 flöskum á dag 365 daga ársins. Hugsunin á bak við þessa skráningu er lítillækkun, að ýta undir sektarkenndina, þá sektarkennd sem m. a. hefur gert ýmsa menn að ofdrykkjumönnum. Það verður svo gjarnan með þann verknað sem menn fremja illu heilli, með slæmri samvisku, að honum er enn þá gjarnara að verða árátta og árátta af verstu tegund.

En ég sem sagt felli mig vel við 1. gr. og 2. gr. frv. og 4. gr. frv., sem mér finnst vera til þess fallnar að bæta nokkuð úr slæmu ástandi. Ég ítreka það, að með glöðu geði skyldi ég greiða atkv. með algjöru vínbanni, en ekki með neinni þeirri ráðstöfun sem er til þess fallin að minnka þá sem kaupa á löglegan hátt þessa vöru, og allra síst þá sem eru nú komnir í svaðið.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég vil þakka þeim hv. þm. sem hér hafa talað um frv. þetta og tekið undir ýmislegt, haft sitt hvað við annað að athuga, eins og ég alltaf átti von á og eins og mér þótti í raun mjög æskilegt varðandi alla þessa umr.

Það er vitað að um áfengismálin í heild eru mjög skiptar skoðanir hér á landi. Það, sem einum sýnist í því efni bjargráð, þykir öðrum mesta óráð, og þannig fer t. d. um okkur alla sem hér höfum talað. Við höfum lagt mikla áherslu á það hvað hér væri um mikið vandamál að ræða, ógnvekjandi vandamál, en við höfum ekki verið fullkomlega sammála um leiðirnar að því marki, og við það er ekkert að athuga.

Aðeins vil ég segja út af því sem hv. 5. þm. Norðurl. e., Stefán Jónsson, sagði áðan um áfengissjúklingana, ómannúðlegt viðhorf til þeirra, að varðandi þetta atriði hafði ég aldrei út í það hugsað, hreint út sagt, að þeir væru yfirleitt það vel fjáðir að þeir kæmu til greina með að verða mjög hátt skráðir varðandi þessa skráningu hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. (Gripið fram í.) Já, en ég hafði aldrei og gat aldrei ímyndað mér að það kæmi í raun og veru svo mjög við þá, og ég er sannfærður um, að það gerir það auðvitað ekki. Og ég tek það alveg sérstaklega fram, að því er ég sagði í framsögunni, að það var aðstoðarráðh. heilbrigðismála, Adda Bára Sigfúsdóttir, sem fjallaði um þetta mál í heilbrrn. Þá fékk hún reyndar frá áfengisvarnanefndum þessa hugmynd upphaflega, eins og ég skýrði hér frá, kom með hana fyrst til mín og óskaði þess að ég flytti hana hér inn í Alþ. Hennar hugmynd í sambandi við þetta var sú, svo að það fari ekkert á milli mála að við höfum ekki ætlað að lítillækka nokkurn í því efni, hvorki hún eða ég eða við aðrir flm., að það voru leynivínsalarnir, þó ég viðurkenni það og segði í framsögu að þetta gæti verið mjög hæpin aðferð og vafasöm til þess að hafa upp á þeim og síður en svo fyrirbyggjandi. En viðhorf okkar Öddu Báru, svo ég vitni aftur í hana í sambandi við þetta, var eingöngu þetta, að leynivínsalarnir kynnu þó að óttast þetta ákvæði.

Á það hefur verið bent, eins og ég sagði í framsögu minni, að auðvitað gætu leynivínsalarnir bara hreinlega farið til næsta manns og fengið hann til þess að kaupa áfengi í staðinn fyrir sig, og það kann vel að vera. Ég sagði líka áðan að þetta kynni að vera eitt af þeim vindhöggum sem við erum að slá í baráttunni gegn áfengisbölinu. Ég dreg það ekkert í efa að ýmis önnur ráð væru tiltækari, bara ef við fyndum þau, bara ef við ættum þau.

Hitt vil ég taka skýrt fram, af því mér fannst eins og ræða hv. þm. Stefáns Jónssonar væri eins konar umvöndun og þá auðvitað sérstaklega til mín sem 1. flm. þessarar till. varðandi meðferð ölvaðra og drykkjusjúkra, að þar er ég honum hjartanlega sammála og hef aldrei látið nein orð falla í þá átt að sú meðferð væri til sóma, og 4. gr. lagafrv. hér er einmitt komin til beinlínis til þess að reyna að koma í veg fyrir ýmis stórslys í þeim efnum, þ. e. a. s. um leiðbeiningarstöðina í ofdrykkjuvörnum. Það er svo aftur rétt að ríkið, sjálft ríkið hefur með þessa áfengissölu að gera og síðan er það fært inn á fjárlögin sem hreinn gróðaliður.

Í ágætri ræðu við fjárlagaafgreiðsluna í vetur benti hv. þm. Sigurður Björgvinsson á það hve gífurlega hátt gjaldaliðurinn gæti farið og hann efaðist um það stórlega — og þar er ég honum sammála — að nokkur nettóhagnaður yrði þar af þegar allt kemur til alls. Og ég hygg að það sé meira en sannleikur. Hins vegar er það ekki rétt, því miður að þetta sama ríki sem hefur með áfengissöluna að gera hafi eins og hv. þm. Stefán Jónsson einhverja forustu í baráttunni við áfengisbölið. Það hefur það nefnilega ekki. Ríkisvaldið gerir ákaflega lítið í baráttu við áfengisböl og það gerir ákaflega lítið einnig til þess að hjálpa þeim sem eru orðnir áfengissjúklingar, að vísa þeim á réttan veg. Það lætur sér nefnilega að mestu leyti nægja þessa gróðatölu á fjárlögum ár hvert og grípur svo til þess að hækka áfengið sí og æ, ekki til þess að menn hætti við að kaupa það, heldur til þess að fá auknar tekjur í ríkissjóð árlega.

Ég sem sagt vísa því frá mér varðandi 2. gr. að þar hafi ráðið nokkurt ómannúðlegt viðhorf gagnvart áfengissjúklingum, síður en svo. Ég vildi

einmitt að okkur tækist að gera miklu meira fyrir þá en gert er. Þar eru ýmis áhugasamtök sem hafa gert hrein kraftaverk í þeim efnum, eins og AA-samtökin sem hafa unnið ákaflega gott verk. Tveir félagar í þessum samtökum eru einmitt í áfengismálanefnd Alþ. sem leggur þessar till. hér fram, og ég held að þeim hafi ekki heldur, hvorugum þeirra, dottið nein ómannúðleg viðhorf í hug varðandi áfengissjúklinga. Þetta á við um leynivínsalana. En ég skal jafnframt játa það að ekki er ég öruggur um árangur sem erfiði af þessari till. okkar, en ég taldi það ómaksins vert engu að síður að koma með hana hér. Áfengisvarnanefndirnar víðs vegar um land höfðu lagt þetta til, og sú manneskja, sem ég met einna mest af þeim sem hafa unnið að okkar heilbrigðismálum, var á þessari skoðun á sínum tíma og því taldi ég rétt að koma þessari till. hér að.

Hv. þm. Jón G. Sólnes kom einmitt að því að þáttur löggjafans væri ekki til að státa af. Það er rétt. En svo fremi að það eigi við þátt löggjafans í setningu löggjafar, hversu miklu fremur á það þá ekki við um framkvæmdina. Það er einmitt í framkvæmdinni sem brotalamirnar eru hvað verstar og hættulegastar, að unga fólkið t. d. veit að því er óhætt að brjóta þessi lög miskunnarlaust án þess að nokkuð sé að gert. Fyrirmyndina um þessi lagabrot hefur það vitanlega frá okkur hinum eldri, það er vitað mál líka.

Ég ætla ekki að fara að deila hér um spurninguna um áfengt öl, það hef ég gert svo oft áður. Ég skal segja hv. þm. Jóni G. Sólnes það, að ég held að ég væri tilbúinn — og hef sagt það áður — ég held ég væri tilbúinn að skipta á þessu tvennu alveg í hreinum skiptum, það kynni vel að vera, áfenga ölinu annars vegar og sterku vínunum hins vegar. Það hefur, held ég, engum talsmanni áfenga ölsins dottið nokkurn tíma í hug að vera hér með hrein skipti. Áfenga ölið á hreinlega að koma inn sem viðbót, viðbót við annað og þá í raun og veru hrein viðbót við áfengisneyslu almennt. En það, sem bjargar okkur töluvert í samanburði við aðrar þjóðir hvað áfengisneyslu snertir, er einmitt þetta, að við höfum ekki áfengt öl. Það er drukkið gífurlega mikið magn af því í mörgum öðrum löndum sem við höfum samanburð við, og hér er beint um að ræða áhrif þessa öls. Ég hef aldrei til útlanda komið svo ég get ekki dæmt þar um, og ég efast um að ég geri það á næstunni, þannig að ég geti fengið þarna af einhvern samanburð. En nægilega mikið veit ég þó án þess að hafa komið þangað til þess að vita að við megum fagna því meðan þetta er ekki algengasti vinnufélagi manna á vinnustað, — ég segi vinnufélagi eða fjandmaður á vinnustað, — áfenga ölið, því það vitum við og það veit ég að hv. þm. Jón G. Sólnes er mér hjartanlega sammála um, að það er ekki hollt í för á vinnustöðum þar sem þetta er orðinn sjálfsagður hlutur og dregur svo úr vinnuafköstum manna að um það liggja fyrir óyggjandi skýrslur.

Annars vegar talaði hann um það að í raun og veru væri vandamálið það að kenna fólkinu umgengni við áfengið. Það væri það sem ætti að gera, en ekki þessi boð og bönn. Fyrir þessu lokuðum við, sem værum með till. í bindindisátt, oft augum. Því miður er bara svo, að það gildir það sama um hvort tveggja, hvort tveggja gengur jafnilla, það að kenna fólkinu þessa umgengni, þessa réttu og sönnu umgengni við áfengi, sem menn tala oft um, og hitt, að setja einhver boð og bönn og ætla með því móti að framfylgja heilbrigðri stefnu í áfengismálum. *Við verðum sem sagt einhverja millileið að fara* fyrst við treystum okkur ekki til, sem væri hreint óráð miðað við núverandi ástand, að framkvæma algjört áfengisbann, sem væri vitanlega, eins og ég sagði, hreint óráð vegna þess almenningsálits sem er hér vegna þeirra aðstæðna, — ekki kannske vegna þeirrar ömurlegu lýsingar hv. þm. þegar hann var að segja frá bannárunum og Spánarvínsárunum hér áðan, því ýmislegt af því sem hann tilgreindi þar og vildi tilgreina sem fylgifiska þeirra bannára, ýmsa þá fylgifiska þekkjum við nú í dag í öllu áfengisfrelsinu, svo sem bruggið, smyglið og annað því um líkt. Það viðgengst nefnilega mætavel þrátt fyrir allt frelsið og þrátt fyrir ótakmarkaða ómöguleika fólks til þess að ná sér í áfengi á annan hátt. Að það hafi verið hrein einkenni bannáranna sem við höfum blessunarlega losnað við, það held ég að hvorugum okkar detti í hug.

En að lokum aðeins í sambandi við veitingastaðina: Getum við ekki verið sammála um það, þegar við erum að tala um fjölgun veitingastaða fyrir ungt fólk, að við eigum að fjölga þeim á þann hátt að við fjölgum eðlilegum skemmtistöðum fyrir ungt fólk með tilheyrandi tómstundaaðstöðu án þess að áfengi sé þar endilega með í för? Ég held að ég hljóti að hafa skilið hv. þm. Jón G. Sólnes þannig að hann væri ekki að fara fram á að stórfjölga vínveitingahúsum til að koma unglingunum þangað inn, heldur eðlilegum skemmtistöðum án áfengis með góðri tómstundaaðstöðu. Það er einmitt eitt af því sem sú nefnd, sem hefur fjallað um þessi mál, hefur alveg sérsaklega að vikið og mun senda bréf um til þeirra aðila sem helst má vænta forustu frá í þessum efnum, um fjölgun skemmtistaða, og þá ekki bara skemmtistaða eins og Klúbbsins og annarra slíkra óþverrastaða, heldur fjölgun almennilegra staða þar sem ekki væri eintóm ómenning á boðstólum eins og þar t. d. Skal ég þó ekki taka það veitingahús alveg sérstaklega út úr nema af því ég hef oft ekið þar fram hjá og séð alla þá eymd og vesöld sem þar er í kring sem aðeins dæmi auðvitað um eitt af þessum húsum.

Og mín lokaorð skulu vera þau sem ég hafði reyndar fyrr sagt í minni framsögu: Till. okkar eru settar fram til umr. Ég tel að það, sem þegar er komið, hafi verið til góðs, mjög til góðs, bæði það, sem ég hef verið sammála, og það, sem ég hef verið ósammála ekki síður. Öll framhaldandi umr. í þessu efni er til góðs, og hún á að vera hér inni á þingi. Það er okkar skylda að halda henni vakandi, en ekki sofa algjörlega á verðinum og láta það verða sem hv. þm. Stefán Jónsson vék hér að áðan, að ríkisvaldið hafi forustu, raunverulega forustu í baráttunni gegn áfengisbölinu.

Oddur Ólafsson: Hæstv. forseti. Það voru örfá orð vegna ræðu hv. 5. þm. Norðurl. e. Ég hef

aldrei litið á það sem neina sérstaka lítillækkun þó menn þyrftu að láta skrá nafnnúmerið sitt eða sýna einhver skilríki. Ég fer t. d. iðulega inn í banka að fá mér víxil. Ég kemst ekki hjá því að skrifa nafnnúmerið þar og e. t. v. þyrfti ég að sýna það líka, en ég held að ég verði ekki fyrir neinni sérstakri lítillækkun þess vegna. Hins vegar væri kannske mögulegt að gera þetta lítillækkandi ef upp væri hafinn nógu mikill áróður fyrir að svo væri, en það held ég að sé algjör misskilningur. Það er a. m. k. ekki tilgangur flm. Þeir hafa þann tilgang, eins og getið var um áðan, í fyrsta lagi að ná til leynivínsala. Í öðru lagi vekur skilríkið athygli á þeirri staðreynd að hér er ekki um venjuleg matvælainnkaup að ræða. Það hlýtur að vera eitthvað sérstakt um þau kaup að segja þar sem þarf skilríki til kaupanna. Þetta tvennt, að það geti ekki allir farið þarna inn og keypt, ekki þeir sem eru innan við ákveðinn aldur, og svo einnig hitt, að menn þurfa að hafa skilríki, þá er það m. a. til þess að geta síðar flett upp í plöggum og séð hvað mikið hefur verið keypt og af hverjum, hvort það t. d. getur verið skýring á sjúkdómi eða einhverju því öðru sem aflaga hefur farið. Og það er sannarlega mikil ástæða til þess að beita einhverju slíku, því hér er miklu meiri alvara á ferðum heldur en menn virðast gera sér grein fyrir. Einmitt 4. gr. þessa frv. á, eins og síðasti ræðumaður gat um, að reyna að gera tilraun til að bæta um í þessu efni. Hún á að reyna það. Og ég held að ef við getum náð til þeirra, sem hafa drukkið mikið, nógu snemma, áður en áfengið er búið að eyðileggja of mikið af þeirra heilasellum, þeirra æðum eða maga, ef við getum tekið þá og meðhöndlað þá á réttan hátt, þá er mikið fengið, eins og t. d. við berklasjúklingarnir vorum í gamla daga teknir, hvað sem við sögðum, jafnvel með lögregluvaldi, þó að við værum frískir, færðir inn á sjúkrahús, látnir liggja þar kannske árum saman. (Gripið fram í.) Já, og möguleikinn til að lækna okkur. Og það má segja um áfengissjúklinginn líka, hann er öðrum hættulegur. Það vita allir að áfengissjúklingur er öðrum hættulegur t. d. undir stýri, og svo er líka vitað mál að við meiri hluta glæpa hér á landi er áfengi einhvers staðar í grenndinni. (Gripið fram í.) Rétt. Ekki skal standa á mér.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Ég vil eins og aðrir, sem hafa skrifað sig sem flm. að þessu frv., gera í örfáum orðum grein fyrir afstöðu minni.

Í fyrsta lagi skrifaði ég upp á frv. til þess að votta þeim mönnum virðingu mína sem hafa barist gegn áfengi, því mér er ljóst að hér er um afar mikið vandamál meðal þjóðarinnar að ræða. Ég tók það held ég fram við 1. flm. frv. að ég væri ekki viss um að ég væri öllu sammála sem í frv. stæði, og hann gat þess að svo mundu fleiri vera. Ég vil í þessu tilfelli nefna 2. gr., að ég felli mig ekki vel við hana eins og hún er orðuð. Mér finnst óþarfi að vera með þessi svokölluðu sérstöku áfengiskaupaskírteini. Sömuleiðis, eins og fleiri ræðumenn hafa tekið fram, væri ég á því að aldurstakmarkið í 3. gr. væri miðað við 18 ár fremur en 20 ár. Þetta er bara almenns eðlis.

Þá vil ég víkja að því að í hjarta mínu hef ég alltaf verið samþykkur því að algert bann væri á áfengum drykkjum hér á landi. En ástæðan fyrir því, að ég hef þó aldrei fylgt því, er að ég þykist sjá að það sé alveg vonlaust að koma slíku á, og bann, sem ekki er hægt að framfylgja, tel ég vera skakka afstöðu.

Ég er í hjarta mínu algjörlega andvígur áfengu öli. Ástæðan fyrir því er að ég þykist hafa fengið sannanir fyrir því að það er ekki síður háskalegur drykkur heldur en sterkir drykkir. Ég minnist þess að ég talaði einu sinni við ungan námsmann sem vann yfir sumartímann úti í Þýskalandi á búgarði. Bóndinn þar þurfti að láta vinna byggingarvinnu hjá sér, og mennirnir, sem hann fékk að ráða í þá vinnu, kröfðust þess að þeir fengju ákveðinn skammt af áfengu öli yfir daginn. Og pilturinn sagði mér að það hefði mátt heita svo að eftir hádegi hefðu allir verkamennirnir verið ófærir til vinnu. Þeir lágu í áfenga ölinu fyrri hluta dagsins og voru orðnir ófærir til vinnu þegar leið á dag. Mér hefur líka orðið það ljóst af skrifum sem ég hef fylgst með í sænskum blöðum. Þeir afléttu um skeið — og hafa kannske ekki breytt því enn — banni við áfengu öli eða ákveðinni prósentu af styrkleika öls, og það hefur verið mat margra, sem um það mál hafa skrifað í blöð í Svíþjóð, að það hafi verið mjög óheppilegt spor.

Loks vil ég geta þess að eitt af því, sem mér fyndist að ætti að berjast fyrir betur en enn hefur verið gert, sé að hið opinbera, ráðh. og t. d. sveitarfélög, stæðu ekki fyrir því að veita áfenga drykki í veislum. Og ég vil ljúka orðum mínum með því að votta menntmrh. Vilhjálmi Hjálmarssyni virðingu mína fyrir að hann hefur haft forustu um að hafa ekki slíkt um hönd í sínum veislum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 96. fundur.

Þriðjudaginn 4. maí, kl. 2 miðdegis.

Norræni fjárfestingarbankinn, frv. (þskj. 461). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 612).

Skráning og mat fasteigna, frv. (þskj. 606). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Íslensk stafsetning, frv. (þskj. 406). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Virðulegi forseti. Þótt hér sé um þýðingarmikið mál að ræða skal ég láta nægja stutta framsögu.

Allar breytingar á íslenskri stafsetningu síðan tekið var að gefa út opinberar tilskipanir um þau efni, ekki síst, þær hafa vakið umtal og oftast deilur. Síðustu breytingar, sbr. reglugerð nr. 272/1973 og reglugerð nr. 132/1974, voru engar undantekningar í þessu efni. M. a. hefur gagnrýni komið fram á Alþ. núna um þessar síðustu breytingar. Eins og kunnugt er liggur fyrir Alþ. frv. um að hverfa frá breytingum þeim, sem gerðar voru 1973 og 1974, og binda með lögum eldri tilhögun. Það er vitað að um þetta allt saman eru að sjálfsögðu skiptar skoðanir. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, snertir aðeins óbeint þennan ágreining, og ég skal gera í mjög stuttu máli grein fyrir frv. og tildrögum að flutningi þess.

Á síðasta þingi var samþ. ályktun um að skora á ríkisstj. að undirbúa löggjöf um íslenska stafsetningu. Það kemur tvennt til álita í sambandi við slíka löggjöf, tel ég: annars vegar að Alþingi ákveði sjálft með lögum stafsetningarreglur í einstökum atriðum, svo sem lagt er til í fyrrnefndu frv. Gylfa Þ. Gíslasonar og fleiri hv. þm., og svo hins vegar að sett verði lög um meðferð stafsetningarmála eingöngu þar sem kveðið sé á um það með hverjum hætti taka skuli ákvarðanirnar. En reglugerðir þær, sem út hafa verið gefnar um þetta efni, styðjast ekki við bein lagafyrirmæli eins og kunnugt er.

Ég hallast að síðarnefndu leiðinni, eins og frv. raunar ber með sér. Þar ber einkum tvennt til. Alþingi fjallar um ákaflega margvísleg málefni og það væri að mínum dómi að bera í bakkafullan lækinn að það tæki einnig að sér að semja reglur um stafsetningu, um greinarmerki o. s. frv. Í annan stað tel ég almennt skoðað að tíðar breytingar á íslenskri stafsetningu séu afar óæskilegar. En samsetning Alþings er að sjálfsögðu mjög breytileg, reglulegar kosningar fjórða hvert ár o. s. frv., og kynni það að örva til breytinga, hvetja til örari breytinga.

Á hinn bóginn sýnist mér það bæði sjálfsagt og eðlilegt að meðferð stafsetningarmálanna lúti ákveðnum fyrirmælum í íslenskri löggjöf. Það tel ég sjálfsagt. Í þessu frv. er gert ráð fyrir að um breytingar allar verði fjallað nánast á þremur stigum. Komi til tals að breyta viðteknum stafsetningarreglum, þá skipar menntmrn. samkv. tilnefningum nefnd sérfróðra manna og leitar síðan umsagnar fleiri aðila eftir því sem ástæður þykja til. Þá semur menntmrn. reglur um stafsetninguna, um breytingarnar, sem til greina kynnu að koma, og svo loks skal aflað heimildar Alþingis fyrir breytingunum eins og þær þá lægju fyrir. Hér er sem sagt lagt til að ekki sé raskað þeirri hefð sem gilt hefur að menntmrn. setji reglur um stafsetninguna, en leitast við að tryggja bæði áhrif málvísindamanna við allan undirbúning og svo það jafnframt að leyfi til breytinganna sé bundið samþykki Alþingis.

Ég skal nú engu spá um það, hversu hv. alþm. líst þessi aðferð, en rétt þykir mér að leggja þessa hugmynd fram til skoðunar samhliða öðrum. Mér er alveg ljóst að það getur þurft að gera ýmsar breytingar á þessu frv., þótt fallist yrði á tilhögunina í megindráttum, og vitanlega kann svo að fara að hv. alþm. hafni þessari hugmynd með öllu, það er mér alveg ljóst. Þetta hefur ekkert verið rætt hér og um það ríkir vitanlega fullkomin óvissa, og við því er þá ekkert að segja. En ég hins vegar minni á það, að Alþ. hafði falið ríkisstj. að undirbúa frv. um stafsetninguna og að þetta frv. er samið í menntmrn. Og þó að ekki þætti eðlilegt að flytja það sem stjfrv., þar sem þá líka ráðh. voru ekki öldungis á eitt sáttir um efni þess, þá hafði ríkisstj. hins vegar ekkert við það að athuga að ég legði það fram á þann hátt sem ég hef gert.

Eins og ég sagði áðan, þá snertir þetta frv. aðeins óbeint þann ágreining sem risið hefur m. a. hér á hv. Alþ. um breytingarnar frá 1973 og 1974, og mér varð það strax ljóst af viðtölum við einstaka þm., að lögfesting þeirra ákvæða, sem í þessu frv. felast, mundu eins og nú er ástatt sæta harðri andstöðu beinlínis vegna þessa ágreinings. Ég tel mjög æskilegt að leysa þetta mál í heild eftir því sem unnt er með víðtæku samkomulagi hér á Alþ., og ég held að það sé skynsamlegt að skoða þær hugmyndir sem þetta frv. felur í sér um leið og aðra þætti málsins sem þegar liggja fyrir Alþingi í formi þingmáls.

Ég legg svo til að frv. verði að lokinni umr. vísað til menntmn.

Gylfi Þ. Gíslason: Hæstv. forseti. Ég skal ekki lengja umr. um þetta mál á þessum miklu annadögum hins háa Alþ. Ég tel þó rétt að minna á að fyrr á þessu þingi fluttu 6 þm. úr fjórum stærstu stjórnmálaflokkunum, auk mín Sverrir Hermannsson, Þórarinn Þórarinsson, Jónas Árnason, Gunnlaugur Finnsson og Ellert B. Schram, frv. til l. um íslenska stafsetningu þar sem gert er ráð fyrir því að horfið verði frá þeirri breytingu sem fyrrv. menntmrh. gerði á stafsetningunni með reglugerð fyrir tveimur árum.

Forsaga málsins er sú, að rétt áður en Alþ. lauk störfum á s. l. vori fluttu 5 þm. till. til þál. um löggjöf um íslenska stafsetningu, en þar var ríkisstj. falið að undirbúa löggjöf um það efni, en þangað til slík lög yrðu sett skyldi fylgja þeirri stafsetningu sem í gildi var áður en menntmrn. gaf út auglýsingu um breytta stafsetningu 1973 og 1974. Geri ég ráð fyrir að hæstv. ráðh. hafi flutt það frv., sem hann nú mælti fyrir, í framhaldi af þessari áskorun 5 þm. á s. l. Alþ.

En þáltill. var samþ. í því formi að ríkisstj. var falið að undirbúa löggjöf um íslenska stafsetningu, en hins vegar samkomulag um að fella niður það ákvæði að þangað til slík lög yrðu sett skyldi fylgja hinni gömlu stafsetningu. Við umr. um till. lýsti menntmrh. því yfir að hann teldi skynsamlegt að sett yrði löggjöf um íslenska stafsetningu. Það hefur hann endurtekið nú í framsöguræðu sinni hér og fagna ég þeirri endurteknu yfirlýsingu hans. En eftir að hann gaf þessa yfirlýsingu undirritaði meiri hl. alþm., eða 33 þm., áskorun á ráðh. í þá átt að hann gerði ráðstafanir til, eins og segir orðrétt í áskoruninni, með leyfi hæstv. forseta, „að stafsetning sú, sem gildi tók 1929, verði notuð við prentun þeirra skólabóka sem nú er verið að undirbúa og nota á næsta vetur.“ Í þessari áskorun kom fram ótvíræður

vilji meiri hl. alþm. og er raunar vitað að hann var stærri heldur en þeir 33 þm., sem undir ályktunina skrifuðu um að halda fast við þá stafsetningu sem gilt hafði áður en fyrrnefndar auglýsingar voru gefnar út 1973 og 1974.

Í framhaldi af þessum málalokum á s. l. þingi fluttum við sexmenningarnir það frv. sem ég áður vitnaði til og hefur verið til meðferðar í hv. menntmn. Samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef fengið úr n., mun vera von á nál. frá n. nú á allra næstu dögum, og hefur mér skilist að meiri hl. n. muni mæla með samþykkt frv., e. t. v. þó með nokkurri breytingu sem ég geri ráð fyrir að við flm. frv. séum reiðubúnir til að fallast á. Ég vil að það komi fram hér, að það er eindregin ósk okkar sexmenninganna, sem fluttum frv. sem ég nefndi áðan, á þskj. 140, að það frv. hljóti afgreiðslu hv. menntmn. og afgreiðslu Alþ. nú áður en störfum þess lýkur.

Sverrir Hermannsson: Virðulegi forseti. Ég hef ekki mörg orð um þetta að segja, þetta frv. sem liggur fyrir hér til umr. Sem stendur er vitanlega ekkert samkomulag um afgreiðslu þess. En út af fyrir sig gæti ég vel fellt mig við þessa aðferð þegar og ef menn ná saman um það að koma skipan á þá hluti sem nú eru mjög svo á reiki um íslenska stafsetningu. Um þetta hefur verið flutt frv., og það gerðu 6 þm. vegna þess að hæstv. *menntmrh.* hafði ekki farið að þeirri þál. sem gerð var um þetta mál á s. l. vori, þegar ályktað var að samin skyldi löggjöf eða skorað var á ríkisstj. að semja löggjöf um þetta efni.

Það er svo sem ekkert nýtt að í þessu efni séu virtar að vettugi ályktanir Alþ., því að hér var einu sinni ályktað, eftir að auglýsing hafði verið birt um brottnám zetunnar, þá ályktaði Alþ. að þeirri ákvörðun skyldi hrundið, en að því var ekki farið. En vonandi líður ekki á löngu þangað til breytt verður um í þessu efni. Og því var það að þetta frv. um íslenska stafsetningu var flutt, af því að ekki bólaði á að eftir hinni ályktuninni yrði farið.

Þegar verður gengið frá, sem ég vænti að verði nú fyrir lok Alþingis, lögum um stafsetningu, þá er ég að minu leyti reiðubúinn til þess að líta á þessa aðferð hvernig endurskoðun á reglum um stafsetningu skuli fara fram, þó ekki að fela það svo þröngri nefnd og fámennri í hendur sem gert er ráð fyrir samkv. þessu frv. Ég álít að þar eigi að koma til skjalanna miklu fleiri aðilar en þarna er gert ráð fyrir, þar sem talin er upp Íslensk málnefnd, kennarar við háskólann í íslenskri málfræði og stjórn Félags íslenskra fræða. Það þarf vitanlega að leita víðar fanga í því efni um skipan n. en þarna kemur fram, og ég geri ráð fyrir því að það út af fyrir sig ætti ekki að þurfa að verða ásteytingarsteinn.

En það verður vitanlega með vísan til allrar forsögu málsins knúið fast á um að frv. það til l., sem hér liggur fyrir og væntanlega verður afgr. úr menntmn. hið fyrsta, hljóti afgreiðslu á þessu þingi. Það er í samræmi við ályktanir Alþ., bæði hinnar eldri og hinar nýrri, frá því á vordögum í fyrra. Og ég vil leyfa mér — og það er enda í samræmi við það sem ég þóttist hafa rætt við hæstv. menntmrh. um — að vænta þess að það verði ekki settur fótur fyrir það sérstaklega að þingmeirihluti, sem ég hygg að sé fyrir afgreiðslu þessa máls, fái náð vopnum sínum í þessu máli. Um það vildi ég gjarnan fá skýr svör. En það breytir hins vegar engu um það hver þau svör verða, þótt neikvæð yrðu, að það verður vitanlega knúið fast á um framgang þessa máls. En ég endurtek það, að að því búnu er ég fyrir mitt leyti alveg reiðubúinn til þess að ræða um það að slíkur háttur skuli verða á hafður um endurskoðun reglnanna sem hér er gert ráð fyrir, þótt ég sé hins vegar þeirrar skoðunar að það þurfi aðeins að hnika til frá því sem gert er ráð fyrir í þessu frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til *menntmn.* með 24 shlj. atkv.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 581). — 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Hæstv. forseti. Þetta frv. var lagt fyrir hv. Ed. og hefur verið afgr. þaðan. Efni þess er tvíþætt: Annars vegar er að afnema það hámark sem nú er varðandi lán til kaupa á eldri íbúðum. Sú breyting var gerð á síðasta þingi að hækka hámark þess, sem árlega mætti nota í þessu skyni, úr 80 millj. í 160 millj. Hins vegar er eftirspurnin og þörfin svo mikil og svo margt sem mælir með því að rýmka heimild til þess að veita lán til kaupa á eldri íbúðum að rétt þykir að gera þá breyt. sem lagt er til með þessu frv. að gerð verði, en hún er á þá lund, að í stað þess að binda hámarksupphæðina í lögum sé svo ákveðið að húsnæðismálastjórn skuli árlega gera till. til ráðh. um heildarfjárhæð sem heimilt sé að veita á ári hverju í þessu skyni, þannig að það verði mat húsnæðismálastjórnar og félmrn. árlega hversu háa upphæð skuli heimilt að nota í þessu skyni.

Hin breytingin er í 2. gr. Hún er varðandi leiguíbúðir, en á árinu 1973 var ákveðið að heimilt skyldi á næstu 5 árum að veita sérstök lán til byggingar allt að 1000 leiguíbúða sveitarfélaga. Hafa komið fram eindregnar óskir frá sveitarfélögum, og hefur Samband ísl sveitarfélaga tekið eindregið undir þær óskir, að hlutaðeigandi sveitarfélögum verði heimilað áu tímaskilyrða að selja umræddar íbúðir einstaklingum, stofnunum og fyrirtækjum að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Við meðferð málsins í Ed. voru gerðar tvær breytingar á frv. Önnur er sú að auk heimildar til að veita lán til kaupa á eldri íbúðum og til endurbóta á eigin húsnæði öryrkja komi: „til endurbóta á eigin húsnæði öryrkja og ellilífeyrisþega“. Þessi breyting var samþ. að till. hv. 2. þm. Reykn., Odds Ólafssonar. — Síðari breyt. er varðandi leiguíbúðirnar og var hún flutt af félmn. Ed. Hún er á þá leið að á næstu 5 árum skuli veita slík lán sem þar um ræðir út á eigi færri en 150 íbúðir ár hvert eða samtals 750 íbúðir, m. ö. o. að í stað heimildar sé húsnæðismálastjórn nú lögð á herðar sú skylda að á ári hverju skuli veita lán út á eigi færri en 150 íbúðir.

Ég tel að þessar breyt. báðar eigi fullkominn rétt á sér og legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og félmn.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. félmrh. alveg sérstaklega fyrir þetta frv. sem ég tel að sé mjög til bóta. Ég vil enn fremur og ekki síður þakka félmn. Ed. fyrir að breyta frv. eða auka inn í frv. skylduákvæðinu. Um það ákvæði leyfði ég mér að flytja þáltill. á síðasta þingi. Hún náði ekki fram að ganga. En ég get ekki annað en lýst sérstakri ánægju minni yfir því að málið skuli nú vera leyst, að það skuli nú vera komið í höfn. Jafnvel þó að ég hefði kosið að boginn hefði verið spenntur ofurlítið fastar, þannig að um væri að tefla fleiri íbúðir, þá sætti ég mig eftir atvikum vel við það þó ekki verði nema 150 íbúðir á ári sem skylda verði að lána út á. En það er algert meginatriði að þessar leiguíbúðir verði ekki hornrekur í húsnæðismálakerfinu, eins og þær því miður hafa verið, því þær hafa ekki orðið þær forgangsframkvæmdir sem þeim var ætlað að verða, svo sem Breiðholtsframkvæmdirnar voru á sínum tíma. Og það byggist að mínu mati fyrst og fremst á mismunandi orðalagi laga og reglugerða. Þar sem talað var um heimild í lögunum um leiguíbúðirnar var talað um skyldur í reglugerðinni um Breiðholtsíbúðirnar. Þess vegna er þessi brtt. mikilsverð og góð.

Sveitarfélögin þurftu að fá heimild til þess að selja eitthvað af þessum íbúðum, því þetta er mikil fjárfesting fyrir þau og þær aðstæður geta skapast að þeim sé ofraun að sitja með þær allar. Ég legg áherslu á að það er nauðsyn að setja skorður við að þau megi selja þær allar, en það er sjálfsagt að lofa þeim að selja eitthvað af þeim þegar svo vill verkast. Það er nauðsyn fyrir sveitarfélögin allra hluta vegna að geta boðið upp á leiguhúsnæði, og það ákvæði frv. er enn fremur mjög til bóta. En ég vil þó leyfa mér að kynna örstutta brtt. eða viðbótartill. við þetta frv., því að það er einn annmarki enn á leiguíbúðarlögunum sem ekki hefur verið lagaður. Hann var þó ekki bundinn í lögum í byrjuninni. Hann skapast í reglugerð um 1000 leiguíbúðir sem er frá 26. febr. 1974. Þetta er reglugerð nr. 45 og er í B-deild Stjórnartíðinda. Þar segir í 3. gr. í reglugerðinni: „Þegar húsnæðismálastjórn hefur samþ. að veita lán til að byggja leiguíbúðir samkv. reglugerð þessari skal húsnæðismálastjórn annast eða láta annast allan tæknilegan undirbúning framkvæmda, könnun aðstæðna á byggingarstað, gerð teikninga, verklýsinga og kostnaðaráætlana, eftirlit og tæknilega aðstoð á byggingartímanum."

Það er ekkert smáræði sem tæknideildinni er ætlað að færast þarna í fang. Ég vil ekki draga úr því að það sé nauðsynjamál að þetta sé vandlega undirbúin framkvæmd á hverjum stað. En reynslan hefur sýnt að þegar kostnaðarreikningar tæknideildar Húsnæðismálastofnunar hafa borist viðkomandi sveitarfélögum, þá hafa þeir reynst geysiháir og forráðamönnum sveitarfélaga hefur ekki litist á að þeir réðu við að greiða þá. Það hefur sem sagt komið í ljós að það er of dýrt að stjórna þessu alfarið frá Reykjavík, framkvæmdum sem gjarnan eru í fjarlægum landshlutum, í svo ríkum mæli sem gert hefur verið og það er ráðlegra að nýta betur starfskrafta heimamanna, enda sé fyllstu ráðdeildar gætt og hönnun verksins og aðsta yfirstjórn að sjálfsögðu í höndum Húsnæðismálastofnunar. Þess vegna vil ég leyfa mér að flytja svo hljóðandi brtt., að aftan við 3. gr. frv. bætist: „Skal Húsnæðismálastofnun annast eða láta annast gerð teikninga og láta í té tæknilega aðstoð á byggingartímanum í samráði við viðkomandi sveitarfélög". Sem sagt er fellt niður þarna það sem segir í reglugerð: „allan tæknilegan undirbúning framkvæmda og könnun aðstæðna á byggingarstað og gerð verklýsinga og kostnaðaráætlana og eftirlit". Þetta er sem sagt orðað vægilegar, sú krafa sem gerð er til tæknideildar, heldur en gert er í reglugerðinni. Mér sýnist að þetta sé einföld aðferð til þess að fá reglugerðinni breytt, að binda það í lögum að Húsnæðismálastofnun eigi að annast eða láta annast gerð teikninga, láta í té tæknilega aðstoð á byggingartímanum í samráði við viðkomandi sveitarfélög. Ég held að það yrði öllu þessu leiguíbúðaplani til framdráttar ef hægt væri að nýta betur starfskrafta heimamanna og ná niður þessum lið í kostnaðinum.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég vil þakka hv. 3. þm. Norðurl. v. orð hans um frv. og hans ágætu undirtektir. Varðandi brtt. hans þá vil ég taka undir það, að ákvæði reglugerðarinnar frá því í febr. 1974, sem hann nefndi, tel ég einnig að þurfi endurskoðunar við. Ég tel að þau ákvæði séu of ákveðin og það sé réttileg ábending hjá hv. þm. að það eigi að veita heimamönnum meira svigrúm til að vinna að ýmsum þessum verkefnum heldur en gert er ráð fyrir í þessari reglugerð.

Ég tel eðlilegt að hv. félmn., sem fær málið til meðferðar, ræði brtt. og þetta ákvæði reglugerðarinnar, fjalli um það og meti það hvort ekki sé æskilegt að gera hér breyt. á og hvort þá væri rétt að setja inn ákvæði um það í frv. eða gera ráð fyrir að reglugerðinni yrði breytt. Að venju mundi brtt. hv. þm. koma til atkv. við 2. umr. málsins ef ekki hefur tekist að finna samkomulag um aðra lausn málsins. Það er nauðsynlegt að þetta frv. verði að lögum á þessu þingi, og vildi ég taka það sérstaklega fram hér og beina því til hv. félmn. um leið og ég tel æskilegt að hún athugi ábendingar hv. 3. þm. Norðurl. v.

Páll Pétursson: Ég vil þakka hæstv. félmrh. fyrir góðar undirtektir við þá brtt. sem ég var að kynna áðan. Ég vona að hæstv. félmn. sjái sér fært að skoða þetta mál og finna lausn á vandanum. En ég vil leggja sérstaka áherslu á það, að brtt. mín má ekki í sjálfu sér verða til þess að fresta framgangi málsins því það er mjög brýnt og gott. Þau tvö atriði, sem frv. nefnir, eru nauðsynleg, jafnvel þó að ég teldi ástæðu til þess að hitt fengi að fljóta með. En það má ekki verða á kostnað þess að það nái ekki fram að ganga.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til félmn. með 21 shlj. atkv.

Búnaðarbanki Íslands, frv. (þskj. 411). — 1. umr.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 411 er frv. til l. um breyt. á lögum um Búnaðarbanka Íslands. Þetta frv. er heildarlöggjöf

er varðar bankann að öðru leyti en stofnlánadeild og veðdeild bankans. Lögin um stofnlánadeild Búnaðarbankans voru endurskoðuð 1973, en gert er nú ráð fyrir að endurskoða þau á nýjan leik og sömuleiðis lögin um veðdeild Búnaðarbankans.

Er ég kynnti þetta mál í hv. Ed. gerði ég ítarlega grein fyrir starfsemi bankans og hvernig hann hefur vaxið á síðari árum, en mun ekki að þessu sinni fara út í það tímans vegna, heldur aðeins gera grein fyrir því hvað hér er á ferðinni, en með þessu frv. er gert ráð fyrir að heildarlöggjöf Búnaðarbankans sé samræmd heildarlöggjöf annarra ríkisbanka, þ. e Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands.

Það hefur verið rætt um það á undanförnum árum að setja eina löggjöf fyrir ríkisbankana, og þó að þetta frv. verði að lögum, sem ég vona, þá breytir það engu um að hægt sé að fella það saman í eina löggjöf, heldur væri þá búið að samræma þessa löggjöf Búnaðarbankans sem er að stofni til orðin mjög gömul eða frá því 1941 eða 1942 og nauðsyn ber til að samræma starfsemi hinna bankanna, ekki síst þar sem Búnaðarbankinn er nú orðinn annar stærsti bankinn í landinu og fer ört vaxandi og hefur gert svo á síðustu árum.

Það atriði, sem hér er til meðferðar, er að yfirstjórn bankans verður með sama hætti og er hjá öðrum ríkisbönkum, að gert er ráð fyrir að bankastjórar verði þrír eða heimild verði til þess og einnig að þar megi ráða aðstoðarbankastjóra eins og er í hinum ríkisbönkunum

Enda þótt það sé ekki tekið fram í þessu frv. að Búnaðarbankinn megi hafa gjaldeyrissölu til meðferðar eins og hinir bankarnir hafa og Seðlabankinn og Póstur og sími einnig, þá er stefnt að því, eftir að þetta frv. yrði orðið að lögum, að gera samning við Seðlabankann um það, en í 19. gr. seðlabankalaganna er heimild til þess að semja við bankann um rétt til þess að versla með erlendan gjaldeyri og verður stefnt að því að gera það. Það er líka hugsunin með þessu að starfsemi Búnaðarbankans, enda þótt hún sé að verulegu leyti í þágu atvinnuveganna, verði það í enn ríkari mæli ef hann fengi gjaldeyrisréttindi því þá mundu þau fyrirtæki, sem skipta við hann með önnur viðskipti sín en gjaldeyrisviðskipti, einnig geta haft við hann gjaldeyrisviðskipti og þar af leiðandi aukið viðskipti sín við þann banka. Sömuleiðis er það svo með þróun þeirri sem átt hefur sér stað á síðari árum með útfærslu bankanna með útibúastofnun, að það gerir að verkum að nauðsyn ber til að nokkur verkaskipting eigi sér stað milli bankanna í ríkari mæli en verið hefur. Að þessu yrði stefnt með því samkomulagi sem Búnaðarbankinn kæmi til með að gera í sambandi við gjaldeyrisréttindi sín.

Fleiri atriði eru og í frv. þessu sem ganga í þá meginstefnu að lög Búnaðarbanka Íslands verði hliðstæð lögum annarra ríkisbanka, viðskiptabanka, og þess vegna er þetta frv. flutt.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn., og ég leyfi mér jafnframt að óska eftir því við hv. landbn. að hún hraði afgreiðslu málsins svo það geti orðið að lögum á þessu þingi.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Hæstv. landbrh. hefur gert grein fyrir frv. um Búnaðarbanka Íslands á þskj. 411 sem þegar hefur verið samþ. í Ed. svo ég þarf ekki mörgu við að bæta og skal vera mjög stuttorður.

Seðlabanki Íslands var stofnaður 1961 og lög um hann eru nr. 10 frá því ári. Í framhaldi af setningu þeirra laga voru lög um Landsbanka Íslands endurskoðuð og umsamin. Þau eru nr. 11 frá 1961. Jafnframt voru endurskoðuð lög um Útvegsbanka Íslands og samræmd löggjöfinni um Landsbankann. Þau eru nr. 12 frá 1961. Við lögum um þriðja ríkisviðskiptabankann, Búnaðarbanka Íslands, var ekki hreyft að því sinni. Þau eru nr. 115 frá 1941 og þó raunar eldri að stofni til, svo sem 1. gr. þeirra laga ber með sér, en þar segir: „Banka skal stofna er nefnist Búnaðarbanki Íslands.“ Þannig hefjast lögin um Búnaðarbankann enn í dag þó hann hafi lifað og starfað í hálfan fimmta áratug og sé nú annar stærsti banki þjóðarinnar. „Tilgangur bankans er að styðja landbúnaðinn og greiða fyrir fjármálaviðskiptum þeirra er stunda landbúnaðarframleiðslu,“ segir í lögum hans. Þessu hlutverki hefur bankinn jafnan reynt að gegna af fremsta megni og gerir enn í dag. En jafnframt er hann fyrir löngu orðinn alhliða viðskiptabanki sem rekur almenna bankastarfsemi og á viðskiptavini í öllum stéttum þjóðfélagsins.

Frv. þetta miðar að því að samræma löggjöf um Búnaðarbankann lögum hinna ríkisbankanna svo og kröfum tímans. Eðlilegt er að viðskiptabankarnir þrír í eigu ríkisins njóti svipaðra réttinda og beri skyldur samkv. því. Með þessu frv. er þó ekki gert ráð fyrir því að Búnaðarbankinn fái gjaldeyrisréttindi, sem hann hefur þó lengi barist fyrir, en að öðru leyti leyfi ég mér að vitna til orða hæstv. landbrh. sem hann viðhafði um þetta atriði.

Með þessu frv., ef samþ. verður, næst að öðru leyti allnáið samræmi við lög Landsbankans og Útvegsbankans. Það verður því að teljast eðlilegt og sjálfsagt að það nái fram að ganga á þessu þingi.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki við þessa 1. umr. hafa mörg orð um þetta frv. Ég vil aðeins láta það koma fram að sú skoðun okkar þm. Alþb. að það sé í sjálfu sér eðlilegt og síður en svo neitt við það að athuga að svipuð löggjöf gildi um Búnaðarbanka Íslands og aðra ríkisbanka. Þetta út af fyrir sig teljum við í alla staði eðlilegt og höfum síður en svo neitt við að athuga, en erum fúsir til að styðja.

Hins vegar hljótum við að leggja á það nokkra áherslu að við getum ekki séð, a. m. k. ekki eins og nú horfir í fjármálum þjóðarinnar, að það geti verið um að ræða brýna nauðsyn að fjölga bankastjórum við Búnaðarbankann. Við teljum að það hafi á engan hátt verið rökstutt að þarna sé um neina sérstaka nauðsyn að ræða og teljum að hún sé í rauninni ekki fyrir hendi.

Það er rétt að minna á það í sambandi við þetta mál, endurskoðun á löggjöf um Búnaðarbankann, að fyrrv. ríkisstj., þar sem Framsfl. var öflugasti flokkurinn, — fyrrverandi ríkisstj.

hafði þá stefnu í málefnum ríkisbankanna að sameina a. m. k. tvo þeirra og undirbúningur hafði farið fram í sambandi við það mál, og það var a.m.k. á tímabili ekki annað vitað en að fyrrv. ríkisstj. ætlaði að láta verða af því, að úr þessari sameiningu yrði. Því miður reyndist veruleg andstaða gegn þessu máli og það fórst þess vegna fyrir að fyrrv. ríkisstj. kæmi því fram sem þó virtist vera a. m. k. á tímabili stefna hennar og þeirra flokka sem að fyrrv. ríkisstj. stóðu.

Nú er sem sagt komið hér fram frv. um ýmsar breytingar, sumar allmiklar, en að mörgu leyti heldur minni háttar breytingar á löggjöfinni um Búnaðarbanka Íslands, og eins og ég sagði áðan, að því leyti sem um er að ræða samræmingu við aðra hliðstæða ríkisbanka, þá er í sjálfu sér ekkert við það mál að athuga. Fyrst þessi leið var farin, en hætt við allar hugmyndir, a. m. k. í bili, um sameiningu og fækkun ríkisbanka, þá er ekkert við þetta að athuga. En ég hef ekki enn séð þau rök sem liggja til þess að einmitt nú þurfi endilega að fjölga bankastjórum við þennan ríkisbanka. Ég hygg að margur muni telja að þörf sé á ýmsu öðru en því að fjölga bankastjórum.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Aðalefni þessa frv. er, eins og hér hefur áður verið sagt, að fjölga bankastjórum við Búnaðarbanka Íslands. Það er nauðsynlegt, held ég, í þessu sambandi að líta aðeins til baka og renna augum yfir það hvað hefur gerst í þessum málum, þó að ekki sé langt um liðið, þ. e. a. s. frá árinu 1971.

Eins og hér var vitnað til áðan, þá voru þeir flokkar, sem stóðu að fyrrv. ríkisstj. undir forsæti Framsfl., um það sammála og tóku upp í málefnasamning þeirrar ríkisstj. að endurskoða bæri allt bankakerfið og vinna þannig að sameiningu banka og fjárfestingarsjóða. Þetta var eitt af ákvæðum málefnasamnings ríkisstj. Framsfl., Alþb. og SF sem mynduð var 1971. Og í áframhaldi af þessu ákvæði málefnasamningsins var sett á fót n. 29. maí 1972, 7 manna n., sem í áttu sæti Jóhannes Nordal bankastjóri, Ármann Jakobsson, Björgvin Vilmundarson, Guðmundur Hjartarson, Jóhannes Elíasson og Magnús Jónsson, allt bankastjórar. Þessi n. skilaði áliti í jan. 1973, og gerðist kannske það ólíklega, að þessi n. varð sammála í meginatriðum varðandi þessi mál. Hún varð sammála um það að hér væru peninga- og lánastofnanir miklu fleiri en hagkvæmt gæti talist, og í álitsgerð þessarar n., var lögð á það áhersla að nauðsyn væri á endurskoðun löggjafar varðandi þessar stofnanir. Í þessu nál. segir m. a. að allt bendi til þess að víðtækrar samstöðu sé að vænta í þessum efnum sem geti m. a. leitt til samruna í stærri og virkari heildir.

Í álitsgerð þessarar n. kemur fram að hún vildi fækka viðskiptabönkum í 3—4, og miðað við aðstæður, sem þá voru, taldi hún eðlilegast að fækka hlutafélagsbönkum í einn til tvo og fækka ríkisbönkunum úr þremur í tvo og líklegustu leiðina til þessa, þ. e. a. s. að fækka ríkisbönkunum úr þremur í tvo taldi þessi n. bankastjóranna að væri að sameina Búnaðarbankann og Útvegsbankann. Þetta var í meginatriðum sú niðurstaða sem þessi n. komst að. Og ef þessi ráðstöfun hefði verið gerð, þá var um að ræða að kominn væri á fót með sameiningu Útvegsbanka og Búnaðarbanka banki á stærð við Landsbankann sem væri á svipuðum grundvelli og væri svipað sterkur til þess að sinna verkefnum. Og þá hefði að áliti þessara vísu manna skapast það ástand að í landinu væru tveir tiltölulega sterkir ríkisbankar sem hefðu mjög svipaða dreifingu útlána og þar með væri sköpuð eðlileg og heilbrigð samkeppni.

Frv. í þessa átt var lagt fram hér á Alþ. veturinn 1973—1974, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Síðan hefur mér vitanlega ekkert í þessu máli gerst fyrr en nú að fram kemur stjórnarfrv. þar sem lagt er til og er meginefni frv. að grípa nú til þess ráðs að fjölga bankastjórum við Búnaðarbankann. Það hlýtur að vakna sú spurning hjá hv. þm. hvað hér hafi gerst, með hliðsjón af því að forustuflokkurinn, sem margir töldu, í fyrrv. ríkisstj. Framsfl., hann var á þeirri skoðun þá að stefna bæri að því að fækka bönkunum og sameina þá. Lagt var fram stjfrv. þess efnis þá, og það hlýtur því að vera spurning, hvað hefur breyst. Hefur breyst sú skoðun Framsfl. að það beri að fækka ríkisbönkum, sameina þessa tvo og gera þá þar með að álíka stórum banka og Landsbankinn sem gæti betur náð þeim tilgangi sem ætlað er. Ef svo er, að þessi þáv. skoðun Framsfl. hefur breyst, hver er þá ástæða þess og hvert á framhaldið að verða? Eins og hér var komið inn á áðan, hvað sem þessu líður er þá rétti tíminn til þess nú, í því árferði sem nú ríkir hér á landi, að það megi teljast til bjargráða í þjóðfélaginu í sambandi við fjárhags- og efnahagsmál að fjölga bankastjórum?

Ég held að það sé augljóst að þetta frv. og meginefni þess er ótímabært, ef menn líta til þess sem áður hefur verið hugleitt í þessum efnum og allir voru sammála um fyrir þremur árum að bæri að stefna í aðra átt en hér er lagt til.

Ég skal ekki hafa um þetta öllu fleiri orð. Þó get ég ekki stillt mig um að víkja hér aðeins örfáum orðum að öðru vegna umr. sem fram fóru í hv. Ed. þegar þetta mál var þar á dagskrá. Þar var um að ræða í fyrsta lagi valdsvið bankaráðs, hvert það væri, og þá vitnað til sérstakra atvika sem upp höfðu komið innan bankakerfisins í sambandi við launamál, uppbætur á yfirvinnu og hlunnindi bankastjóra. Það gerðist nokkru áður en samningar milli aðila vinnumarkaðarins voru undirritaðir, að út spurðist að talsverð, er óhætt að segja held ég, hækkun launa hjá bankastjórum átti sér stað. Ég skal ekki í þessu sambandi nefna neinar tölur, en þó mun óhætt að segja að hér hafi verið um að ræða ríflega hækkun til þessara embættismanna miðað við þá hækkun sem átti sér stað í kjarasamningum. En burtséð frá því, þá var að því vikið af einum bankaráðsmanni einmitt þessa banka, Búnaðarbankans, í umr. í Ed. hvert í raun og veru væri valdsvið bankaráðs í sambandi við launagreiðslur. Þar er um að ræða, eins og ég hygg að öllum sé kunnugt, að þar teljast 13 mánuðir í ári miðað við greidd laun. Seðlabankinn hafði á síðasta ári, eftir því sem ég best

veit, tekið upp þær reglur að greiða uppbætur á þessi 13 mánaða laun fyrir yfirvinnu sem talið var að innt væri af hendi. Þessi bankaráðsmaður vissi ekki til þess að neinar slíkar samþykktir hefðu verið gerðar í bankaráði Búnaðarbankans a. m. k., og mér skildist á þessum umr. að þess vegna spyrði hann um valdsvið bankaráðs með hliðsjón af því að það hafði ekki fjallað um þessa ákveðnu, tilteknu hluti í sambandi við launamál innan bankans.

Einnig bar þar á góma hlunnindi bankastjóra sem þessi bankaráðsmaður, hv. 7. landsk. þm., taldi stífustu ráðherrahlunnindi og þykir þá mörgum mikið sagt. Ekki hafði hann vitað til þess að þessi atriði varðandi hlunnindi bankastjóra hefðu verið samþykkt í þessu tiltekna bankaráði, eða gaf þá yfirlýsingu að honum væri ókunnugt um að neitt fyndist í bókun bankaráðs á fundum um samþykktir í þessa átt. Sé þetta rétt, þá virðist það augljóst, — ég segi: sé þetta rétt, ég vil ekkert fullyrða í þeim efnum, ég geri ráð fyrir að hæstv. landbrh. sem bankamálaráðh. þessa banka geti upplýst þetta hér á eftir, — en sé þetta rétt, þá sýnist mér augljóst að bankaráð hefur a. m. k. ekki í þessu tiltekna tilviki tekið ákvarðanir í þessum efnum sem mér finnst a. m. k. augljóslega eðlilegt að það ætti að gera og ætti að vera í þess verkahring. Mér finnst út af þessu að það væri æskilegt að fá um það vitneskju, helst beint frá hæstv. ráðh. Ég vil a. m. k. í lengstu lög trúa því, sem hæstv. ráðh. segir og hef ekki ástæðu til annars. En ef þessi dæmi, sem hér hafa verið nefnd og spunnust inn í umr. í hv. Ed., ef þau eru rétt, þá sýnist mér augljóst að það þurfi að gera á bragarbót í sambandi við valdsvið bankaráðs, þannig að það verði ekki tilteknir einstaklingar sem starfsmenn viðkomandi stofnana sem ákvarði þessa hluti, heldur eigi það að vera í verkahring bankaráðanna sem í meginefnum fjalla um starfsháttu viðkomandi stofnunar.

Ég dreg enga dul á að hún var vægast sagt mjög óheppileg, þessi ákvörðun um verulega hækkun launa bankastjóra án þess að gerð væri, að því er ég best veit, nokkur tilraun til þess af hálfu hæstv. ríkisstj., að hafa þar hemil á. Það var a. m. k. vægast sagt óheppileg ráðstöfun á þeim tíma sem hún var gerð að framkvæma slíka hækkun, á þeim tíma sem hæstv. ríkisstj. og ráðh. prédika næstum dag og nótt sparnað á sparnað ofan og á þeim tíma sem barist var um á hæl og hnakka til þess að halda niðri að verulegu leyti eðlilegum kauphækkunum til handa launafólki almennt.

Ég er ekki með þessu að segja að þeir séu ekki vel að því komnir, bankastjórar, að hafa sæmileg laun. Ég hygg að þeir hafi haft það fyrir og það hafi ekki verið nein sérstök ástæða til þess á þessum þrengingartímum að stíga svo stórt skref til hækkunar á launum þeirra sem raun ber vitni, með hliðsjón af ástandinu almennt í landinu. Og ég tel að þarna hefði hið margumtalaða sparnaðartal hæstv. ríkisstj. átt að koma til og að hún hefði a. m. k. haft hönd í bagga í þessum efnum í stað þess að láta viðkomandi stofnanir og, eftir því sem þessi tiltekni bankaráðsmaður, sem ég vitnaði til áðan, álítur, bankastjóra einráða um veigamiklar ákvarðanatökur innan stofnunarinnar sem ættu að heyra undir stjórn stofnunarinnar.

Það er því ástæða til þess að spyrja hæstv. ráðh. um hvort þetta, sem hér hefur verið dregið fram, sé í raun og veru það sem gerst hefur. Er það ekki í verkahring bankaráðs að ákvarða laun til starfsfólks viðkomandi stofnunar, eða er það gert eingöngu af viðkomandi bankastjórum? Mig langar til að fá vitneskju um hver það hafi verið sem tók þessar ákvarðanir sem bankaráð Búnaðarbankans eða a. m. k. þessi tiltekni bankaráðsmaður taldi sig ekki vita um að hefðu verið teknar af hálfu bankaráðsins.

Að öðru leyti vil ég segja það um þetta frv., að ég tel að það sé algerlega óþarft og sé ekki neina brýna nauðsyn til þess að endilega nú þurfi að grípa til þess ráðs að fjölga bankastjórum, það séu ærin önnur verkefni sem fjármunum væri betur varið til á þessum þrengingartímum og æskilegra væri að horfið væri til hins fyrra og farið að vinna betur að því að framkvæma það ákvæði málefnasamnings fyrrv. ríkisstj. undir forsæti núv. dómsmrh. að reyna a. m. k. að stemma stigu við útþenslu bankakerfisins frá því sem er og þessir tilteknu, þaulreyndu bankastjórar töldu að væri mjög óhagkvæmt miðað við ástand í þjóðfélaginu, a. m. k. eins og það var þá. Og ekki mun það talið hafa skánað mikið síðan. A. m. k. tel ég fyrir mitt leyti þetta frv. óþarft og mun í samræmi við það greiða atkv. gegn því, að hér verði stigið það skref núna að fjölga bankastjórum.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Hv. þm., sem hér var að tala síðast, beindi fyrst og fremst, held ég, fsp. sínum til landbrh. og ég ætla ekki að svara fyrir hann. (KP: Heyrir ekki þessi stofnun undir hann?) Jú, jú. En hann talaði dálítið meira almennt um þessi mál og þess vegna vildi ég segja út af því, sem hann ræddi um launaákvarðanir í bönkum, að ég veit ekki betur en í bankalögum yfirleitt sé mælt þannig fyrir að laun starfsmanna skuli ákveðin með reglugerð sem bankaráð setur. Að vísu eru sérlög um hvern banka og ég skal ekki ábyrgjast að þau séu öll samhljóða að þessu leyti, en ég hygg það þó vera.

Hitt er svo annað mál, að í framkvæmdinni hefur ekki verið farið eftir þessu ákvæði bókstaflega, heldur hafa bankastarfsmenn í reyndinni fengið, að ég ætla, samningsrétt um sín kjör og hafa þá samið við bankaráðin eða nefndir sem bankaráðin hafa væntanlega sett sem samningsaðila við starfsmannafélögin. Þannig hygg ég þetta vera í framkvæmd. Ráðh. hefur hins vegar ekkert um launakjör bankastarfsmanna að segja. Ráðh. hefur aðeins, og ég hygg að það sé eins um þann ráðh. sem fer með Búnaðarbankann, hann hefur aðeins vald til að ákveða þóknun bankaráðsmanna og ég get upplýst það að hún hefur ekki enn fengist hækkuð.

Að öðru leyti ætla ég ekki að fara að ræða um það hvort þessi hækkun, sem hann talaði um á launum eða fríðindum bankastjóra, hafi verið réttmæt eða ekki eða hvaða ástæður hafi til hennar legið. Ég þykist þó vita að þar hafi verið miðað við aðra ákveðna starfsmenn í ríkiskerfinu.

En út af því, sem hv. þm. Karvel Pálmason sagði um ásetning fyrri stjórnar og hennar gerðir til þess að koma við sameiningu ríkisbanka, þá er það rétt, sem hann mælti um þá nefndarskipun, sem átti sér stað á sínum tíma, og um þær till. sem hún gerði um sameiningu Útvegsbankans og Búnaðarbankans. Frv. um það mun hafa verið lagt fram á Alþ., en það hlaut ekki afgreiðslu. Ég hygg að verið hafi þrátt fyrir þá stefnuyfirlýsingu, sem ríkisstj. hafði gert um þetta á sínum tíma, nokkur ágreiningur um hvort að þessu ráði skyldi horfið, bæði innan þings og utan, og þetta mál þess vegna verið lagt á hilluna, enda ekkert slíkt ákvæði í málefnasamningi núv. ríkisstj.

Hins vegar tek ég mjög undir það sem landbrh. sagði, að það þarf að eiga sér stað viss breyting á verkaskiptingu hjá ríkisbönkunum og þá fyrst og fremst á þá lund að Búnaðarbankinn, sem er orðinn mjög stór og öflugur banki, verður að taka í stærri stíl en hann hefur gert hingað til að sér viss verkefni. Það hygg ég að verði gert með eðlilegustum hætti með samningum á milli bankanna og þá ekki hvað síst með samningum á milli Búnaðarbankans og Útvegsbankans, og Landsbankinn kemur þar auðvitað inn í líka og þá sérstaklega með tilliti til þess að sá atvinnuvegur, sem hvílir þyngst á Útvegsbankanum, sjávarútvegurinn, þyrfti að mínum dómi að meira leyti en nú er að flytjast yfir til Búnaðarbankans. Ég tel eðlilegt að Búnaðarbankinn taki í því sambandi á sig meiri skyldur heldur en hann hefur nú. Að vísu hefur hann gengið talsvert í þá átt að taka þetta að sér eða a. m. k. einstök útibú hans. En ég tel þetta sanngjarnt, ekki síst vegna þess að t. d. sá staður sem Útvegsbankinn hefur viðskipti við og hefur haft viðskipti við, ein stærsta verstöð landsins, Vestmannaeyjar, varð fyrir því áfalli á sínum tíma sem öllum er kunnugt um og það hefur auðvitað komið talsvert þungt niður á Útvegsbankanum. En jafnframt því sem slík breyting ætti sér stað, þá er auðvitað eðlilegt að Búnaðarbankinn fái gjaldeyrisréttindi, og Seðlabankinn hefur heimild til þess að veita honum slík réttindi samkv. seðlabankalögunum. En um leið og hann fær slík réttindi, þá er eðlilegt að hann taki á sig fullkomnar skyldur í samræmi við það. Þegar litið er á þetta og hann settur þannig að öllu leyti á bekk með hinum ríkisbönkunum, þá er ekki óeðlilegt að stjórn hans verði skipað með sama hætti og þeirra.

En þetta álít ég að sé ekki heppilegt að gera með valdboði og raunar ekki gerlegt að stokka þannig upp á ný verkefni á milli bankanna, heldur verði það að gerast með samningum þeirra á milli.

Að öðru leyti vil ég upplýsa það, að þó að hafi verið horfið frá fyrirhugaðri sameiningu bankanna, sem mörg skynsamleg rök mæltu með að mínum dómi, þá hefur verið samið frv. til allsherjarbankalaga, um ríkisbankana, sem mundi leysa af hólmi hin einstöku sérlög sem um þá gilda og hvort eð er eru nú að miklu leyti samhljóða. Ég tel eðlilegt að það sé sett heildarlöggjöf um þá. Þetta frv. er tilbúið hjá mér. Sömuleiðis hefur verið samið heildarfrv. um einkabankana. En um þá ýmsu hlutafélagsbanka eða einkabanka, sem hafa verið settir á stofn, hefur þeirri reglu verið fylgt að sett hafa verið sérlög um hvern einstakan banka. Það gildir að vísu sama um þá eins og ríkisbankana, að þau sérlög eru í mörgum greinum og ég held að sé óhætt að segja í flestum greinum svipuð, og þess vegna er líka að mínum dómi eðlilegt að steypt sé saman þessum einstöku sérlögum í heildarlög. Og það er líka tilbúið frv. um það efni sem hjá mér liggur. En þar sem langt er liðið væntanlega á þingtímann nú, þá taldi ég það tæpast þjóna nokkrum tilgangi að vera að leggja þessi frv. fram nú, því að þau eru þess eðlis að það er eðlilegt að menn vilji fá nokkurn tíma til þess að athuga þau og íhuga, og þess vegna hefur verið gert ráð fyrir því að þau yrðu fyrst lögð fram að hausti. En ég tek undir það, að í þessum væntanlegu lögum er þörf á því að mínu mati að skilgreina öllu skýrar og betur valdsvið bankaráða heldur en gert er í núgildandi löggjöf, ekki aðeins að því er varðar vald þeirra, heldur líka ábyrgð, og setja skýrari og fyllri ákvæði um það.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, en vildi aðeins taka þetta fram í tilefni af því sem fram kom hjá hv. þm. Vestf., Karvel Pálmasyni, og upplýsa þetta um þá fyrirhuguðu bankalöggjöf sem um er að ræða að reynt verði a. m. k. að setja. En þó að sú breyting, sem nú er verið að tala um á Búnaðarbankanum, verði gerð, þá fellur hún að sjálfsögðu að öllu leyti inn í þann ramma sem gert er ráð fyrir að væntanleg bankalöggjöf sniði bönkunum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbn. með 22:2 atkv.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. (þskj. 208, n. 562 og 583, 555). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Hv. landbn. hefur rætt þetta frv. á mörgum fundum og sent það til umsagnar ýmissa aðila. Umsagnir bárust frá sumum þeirra og voru flestar jákvæðar þó þar kæmu fram allmargar ábendingar um breytingar. N. kvaddi á sinn fund Svein Tryggvason framkvæmdastjóra Framleiðsluráðs landbúnaðarins, Stefán Björnsson forstjóra Mjólkursamsölunnar í Reykjavík, Skúla Johnsen borgarlækni, Baldur Johnsen frá Heilbrigðiseftirliti ríkisins og enn fremur fulltrúa frá Kaupmannasamtökum Íslands. Enn fremur var haft samband við formann Stéttarsambands bænda. N. varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþ. með nokkrum breytingum sem ég mun koma að síðar.

Eins og segir í aths. við frv. skipaði hæstv. landbrh. n. í marsmánuði 1973 sem átti að kynna sér fyrirkomulag á sölu og dreifingu á mjólk og mjólkurvörum við vegar um land og gera till. um breytingar ef að athuguðu máli það sýnist nauðsynlegt. Þessir menn voru skipaðir í n.: Þorsteinn Sveinsson kaupfélagsstjóri, Egilsstöð-

um, Hreinn Sumarliðason kaupmaður í Reykjavík, Ólafur Andrésson bóndi í Sogni. Bjarni Helgason frá Neytendasamtökunum í Reykjavík, Stefán Björnsson forstjóri í Mjólkursamsölunni í Reykjavík og Sveinn Tryggvason framkvæmdastjóri Framleiðsluráðs landbúnaðarins er var formaður n. N. skilaði verkefni sínu í desembermánuði sama ár og varð sammála um að rétt væri að taka til endurskoðunar fyrirkomulag á sölu og dreifingu á mjólk, rjóma og skyri og öðrum skyldum vörum.

Þegar núverandi verðlagskerfi var tekið upp á landbúnaðarvörum árið 1947 kom til hið svokallaða grundvallarverð á landbúnaðarvöru, sem er það verð, sem framleiðendum er ætlað að fá fyrir framleiðslu sína hverju sinni. Kostnaði við vinnslu og dreifingu landbúnaðarafurða er síðan bætt ofan á þetta svokallaða grundvallarverð. Sé sá kostnaður mikill hækkar það verðið til neytenda, en lækkar ekki útborgunarverð til framleiðenda svo framarlega sem kostnaðurinn er rétt metinn af Sexmannanefnd. Þessu var ekki þannig farið þegar mjólkurl. voru sett. Hver sparaður eyrir kom þá af sjálfu sér sem hækkun útborgunarverðs og allar aukatekjur gerðu það einnig.

Þær verslanir, sem nú eru orðnar algengar og kallast kjörbúðir eða sjálfsafgreiðslubúðir, voru óþekktar árið 1935 þegar fyrstu mjólkursölulögin voru sett. Þá voru sérverslanir í stærra mæli en nú er. Datt þá fáum í hug að hægt væri, eða forsvaranlegt að selja mjólk í öðrum verslunum en sérstökum mjólkurbúðum og brauðsölubúðum.

Umbúðir utan um mjólk hafa einnig tekið miklum breytingum. Sala mjólkur á flöskum og í lausu máli var þá ríkjandi og hefur því orðið mikil breyting á þessu eftir að plastumbúðir voru teknar í notkun. Nú vilja flestir neytendur fá keyptar allar matvörur sínar, þar með taldar mjólk og mjólkurvörur, á einum og sama stað í hinum svokölluðu kjörbúðum. Þar er mikið vöruúrval að öllum jafnaði og allt annað en áður var í slíkum verslunum. Ekki má hins vegar gleyma því að mjólkin og skyrið og aðrar slíkar vörur eru mjög viðkvæmar í geymslu. Verður því að hafa þær verslanir, sem versla með slíkar vörur, þannig úr garði gerðar að ekki sé hætta á því að þessar vörur skemmist af utanaðkomandi áhrifum.

Verði mjólkursalan gefin frjáls og mjólkurbúðir Mjólkursamsölunnar lagðar niður yrði Samsalan fyrir verulegum tekjumissi. Frá upphafi voru seldar brauðvörur, sælgæti, öl og gosdrykkir o. fl. í mjólkurbúðum Samsölunnar til þess að lækka rekstrarkostnað. Þessar sölutekjur námu í byrjun um það bil 14% af heildarsölutekjum búðanna, en nú nálægt 20%.

N. lagði til að gerðar yrðu eftirfarandi breytingar á mjólkurdreifingunni:

1) Tekin verði upp sérstök skráning á heildsöluverði nýmjólkur, rjóma, súrmjólkur, jógúrts og öðrum slíkum vörum sem nú eru ekki skráðar sérstaklega í heildsölu. Smásöluverðsálagning verði einnig ákveðin sérstaklega á þessum vörutegundum. Þessi verðskráning, svo sem ákvörðun á heildsöluverði verði gerð af Sexmannanefnd eða þeim verðlagsyfirvöldum sem síðar kynni að vera falin verðskráning búvara.

2) Einkaréttur Mjólkursamsölunnar eða mjólkursamlags á sölu mjólkur, rjóma og skyrs nái aðeins til heildsöludreifingar, en ekki til smásöludreifingar eins og verið hefur.

3) Við dreifingu mjólkur, rjóma, skyrs og annarra skyldra vara, svo sem súrmjólkur, jógúrts og undanrennu, skal heildsöluaðili taka sérstakt losunagjald sem ákveðið er af Sexmannanefnd. Sé gjald þetta ákveðið án tillits til þess vörumagns sem losað er hverju sinni frá bifreið heildsöluaðila við útsölustað.

4) Ekki skal leggja neinar hömlur á hvaða smásöluverslanir megi selja umræddar vörur, en þó má ekki selja vörurnar í verslunum sem heilbrigðisyfirvöld viðkomandi sveitarfélaga telja að fullnægi ekki kröfum er gera verður um hreinlæti og annan útbúnað.

Það kom fram hjá borgarlækni að úrbóta væri þörf í mörgum tilvikum í þeim verslunum sem nú selji mjólk og til þess að fá nauðsynlegar úrbætur mundu heilbrigðisyfirvöld innkalla öll leyfi til sölu á mjólk og mjólkurvörum ef frv. þetta yrði að lögum. Taldi borgarlæknir að nauðsynlegar lagfæringar mundu taka langan tíma og því væri óvarlegt að gera ráð fyrir að yfirtakan á smásölunni gæti farið fram fyrr en á næsta ári. Varð samkomulag um það milli aðila að miða þessa yfirtöku í síðasta lagi við 1. febr. 1977.

Í árslok 1973 lágu fyrir till. n. um breytingar á sölumálum mjólkur, eins og að framan greinir. Fyrirhugað var að þær fylgdu með heildarskoðun á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl. sem þá hafði verið í undirbúningi nokkurn tíma. Hins vegar kom í ljós, þegar sú endurskoðun lá fyrir, að ekki reyndist þingmeirihl. fyrir þeim till. sem lagt var til að gerðar yrðu á lögunum. Og þannig standa málin enn í dag.

Hér í sölum Alþ. er því miður mjög takmarkaður skilningur á gildi og þýðingu landbúnaðarins fyrir þjóðina, enda hefur það verið mjög í tísku að undanförnu að kenna honum um flest það sem miður hefur farið í þjóðfélaginu og hæst hafa þeir gasprað er minnsta þekkingu hafa á þessum málum, eins og oft vill verða. Hér í hv. Alþ. gerðist það fyrir fáum árum að formaður eins stjórnmálaflokks lagði til að dregið yrði mjög úr framleiðslu kindakjöts, en aftur á móti yrði stóraukin framleiðsla á ull og gærum. Fleira þessu líkt mætti telja upp, ef þurfa þykir.

Ég held að það sé ekki ofsagt að það ríki engin bjartsýni meðal bænda um að framleiðslulögunum verði breytt á næstunni, a. m. k. ekki þeim til hagsbóta, þó óvefengjanlega liggi fyrir að bændur hafi aldrei náð þeim launum sem þeim er ætlað, lögum samkvæmt þ. e. a. s. svipuðum launum og aðrar vinnandi stéttir hafa á hverjum tíma. Þegar eins sanngjarn maður og hv. þm. Eðvarð Sigurðsson talaði eins og hann gerði hér í hv. Alþ. um þessi mál s. l. föstudag, hvers er þá að vænta um suma aðra? Hv. þm. á sæti í landbn. Nd. og ætti því að hafa meiri innsýn í þessi mál en ýmsir aðrir hv. þm. Samt sem áður talaði hann um þær breytingar á framleiðsluráðslögunum, sem nú er verið að fjalla hér um, í nokkurs konar hneykslunartón og taldi það næstum að segja ósvinnu að meiri hl. landbn. skyldi leggja til að þessar till. yrðu samþ. á þessu þingi. Hins vegar var hv. þm. búinn að lýsa yfir fylgi sínu við þá grundvallarbreytingu sem í frv. felst, að gefa frjálsa smásöluna á mjólk og mjólkurvörum.

En þessi breyting leiðir það af sér að ekki verður komist hjá því að taka um leið til endurskoðunar ákvæði um verðjöfnun á mjólk og mjólkurvörum, því breytingin sjálf leiðir það af sér að í ýmsum tilvikum kallar hún á aukna verðjöfnun, ella kæmi breytingin svo misjafnlega niður á vinnslustöðunum og þá um leið bændum á viðkomandi svæði að ekki verður við unað. Ég vil ekki trúa því að óreyndu að hv. þm. Eðvarð Sigurðsson láti sig það engu skipta. Ég hef a. m. k. staðið í þeirri trú fram að þessu að hann vilji jafna aðstöðumuninn í þjóðfélaginu, en ekki hið gagnstæða. Til að auka rekstrarhagkvæmni í mjólkurbúunum og sláturhúsunum hefur verið stefnt að því að gera þau stærri, en af því leiðir að flutningsleiðir að þeim stöðvum verða lengri.

Í raun og veru er það á valdi löggjafans hvort þessi stefna nær fram að ganga eða ekki, því ef flutningakostnaðurinn verður ekki verðjafnaður er þessi tilfærsla óhugsandi þar sem bændum yrði herfilega mismunað með slíku móti. Það er álit þeirra sem best þekkja til þessara mála að þó að tekið væri fullt tillit til þess kostnaðar sem af flutningunum leiðir, þá mundi verðið á þessum vörum lækka til neytendanna þar sem vinnslukostnaður yrði til muna lægri í fullkomnum vinnslustöðvum en í hinum smáu sem vegna mikils stofnkostnaðar gætu ekki tekið í þjónustu sína eins fullkominn tæknibúnað. Enn fremur er talið að það sé mjög hagkvæmt fyrir þjóðarheildina að mjólkurvinnslustöðvarnar taki upp ákveðna og fastmótaða verkaskiptingu sín á milli, ein vörutegund sé framleidd á þessum stað og önnur á hinum.

Þó þessi verkaskipting sé hagkvæm og heildarfjármagnskostnaður verði minni með þessum hætti í öllum mjólkurstöðvunum á landinu, þá verður fjármagnskostnaðurinn mjög mismunandi á hverja einingu eftir því hvað á að fremleiða í hverri vinnslustöð. Ef á að koma þessari verkaskiptingu á milli mjólkurstöðvanna og notfæra sér hina fullkomnustu tækni og sjálfvirkni sem nú þekkist leiðir það af sér mikinn mismun milli aðila á kostnaði við fjárfestingu og flutningskostnaði að og frá vinnslustöðvunum. Til að hægt sé að greiða framleiðendum sama verð fyrir framleiðsluna, hvar sem þeir eru búsettir á landinu, eins og framleiðsluráðslögin ætlast til, þá verður ekki hjá því komist að verðjafna áður nefnda tvo kostnaðarliði.

Ég vil ekki trúa því að óreyndu að hv. alþm. vilji stuðla að því með lagasetningu að bændum verði mismunað eða vilji hindra eðlilega verkaskiptingu milli vinnslustöðvanna, en slík verkaskipting mundi stuðla að betri nýtingu og betri og verðmeiri framleiðslu.

Eins og sjálfri verðlagningunni er háttað á lögum samkv. að tryggja bændum svipaðar tekjur og vinnustéttirnar hafa eða viðmiðunarstéttirnar, eins og stendur í lögunum, þ. e. a. s. verkamenn, iðnaðarmenn og sjómenn. Að vísu hefur það gengið þannig að bændur hafa aldrei náð þessum launum, en að því hlýtur að verða stefnt að þessu marki verði náð. Og það er siðferðileg skylda þjóðfélagsins að tryggja bændum svipuð kjör og aðrar stéttir hafa á hverjum tíma. Út frá því verður að ganga að það verði gert, og þá hlýtur öll hagræðing, er stuðlar að minni vinnslukostnaði, að koma neytendum til góða. Því er það hagur neytendanna fyrst og fremst að þeirri skipun sé komið á sem stefnt er að nú í þessu efni.

Á þskj. 555 eru þær brtt. sem meiri hl. hv. landbn. hefur gert við þetta frv. En áður en ég lýsi efnisatriðum þeirra tillagna vil ég taka fram í sambandi við 2. gr. frv., en 2. gr frv. er um að Framleiðsluráð úthluti leyfum til slátrunar stórgripa, þ. e. a. s. nautgripa og hrossa, að það er vitnað í þeirri gr. í 18 gr., en á að vera í 14. gr., en 14. gr. laganna er m. a., með leyfi forseta um það „að leyfi til slátrunar skal veita öllum félögum og einstaklingum, sem slátrunarleyfi höfðu haustið 1965". Það felur í raun og veru í sér að það sé ætlast til þess að þeir, sem hafa nú leyfi til þess að slátra eða nú slátra nautgripum og hrossum í húsum sem eru sæmilega búin, þeir haldi slíkum leyfum eins og var gert með lögum frá 1966.

Það kom fram umsögn frá starfsstúlkum í mjólkurbúðum þar sem þær höfðu áhyggjur af því að ef þessi breyting yrði, þá mundu þær missa vinnuna. Um þetta var rætt við kaupmennina og þeir hétu því að gera það sem í þeirra valdi stæði til þess að útvega þessum konum vinnu. En landbn. hafði af því áhyggjur að fyrir stóran hóp kvenna, sem um langt árabil hefur starfað í mjólkurbúðum og eru orðnar fullorðnar, yrði erfitt að fá vinnu. Að vísu er engin trygging fyrir því að Kaupmannasamtökin geti útvegað þessum konum öllum vinnu, en þau hétu því, að gera það sem í þeirra valdi stæði til þess.

Hér eru einar 12 brtt. Flestar af þeim eru aðeins um að orðalagi sé breytt, en nokkrar samt um efnisatriði, og ætla ég aðeins að drepa á þau helstu.

Brtt. er um það, að þegar fjallað er um það sem viðkemur hrossum í sambandi við verð á hrossakjöti, þá verði kallað til Hagsmunafélag hrossabænda á sama hátt og kallaðir eru til í Sexmannanefnd fulltrúar frá félögum t. d. garðyrkjubænda og eggjaframleiðenda.

Varðandi 5 brtt., þá var í sambandi við losunargjaldið ákveðið að gjaldið skyldi vera jafnhátt að krónutölu hvort sem þar væri lítið eða mikið magn sem væri losað á hverjum stað. En n. breytir þessu í heimildarákvæði. N. getur ákveðið gjald þetta jafnhátt í krónutölu.

Í 8. brtt. er lagt til að ef væri talið eitthvað ábótavant með framleiðsluna á mjólk, þá kæmi þar ekki einungis til mjólkureftirlitsmaður og héraðslæknir, heldur einnig héraðsdýralæknir. Við bættum honum við, að hann fjallaði um lokunina ef þætti ástæða til þess að hætta að taka mjólk af framleiðendum. Enn fremur er þar sett: „Um framkvæmd þess sölubanns skal setja ákvæði í reglugerð." Og hér segir áfram í 8. brtt. „Nú telur heilbrigðisnefnd eða héraðslæknir meðferð sölumjólkur áfátt hjá einstöku mjólkurbúi og mjólkursöluaðila, og getur heilbrigðisnefnd þá stöðvað sölu mjólkur frá þeim aðila og krafist úrbóta á því, sem áfátt er, áður en sala hefur verið leyfð að nýju. Um slíkar aðgerðir ber n. að hafa samráð við Heilbrigðiseftirlit ríkisins."

Í 10. brtt. setur n. til samræmingar í sambandi við fjármagnskostnaðinn í sláturhúsum inn í bliðinn: „Í því sambandi er heimilt að taka tillit til mismunandi fjármagnskostnaðar mjólkurbúa."

E-liðurinn er þannig, með leyfi forseta: „Heimilt er að taka verðjöfnunargjald af öllum búvörum til að jafna halla á útflutningi ef verðábyrgð samkvæmt 12. gr. nægir ekki.“ Brtt. okkar er: „Gjald þetta hefur ekki áhrif á dreifingarkostnað eða útsöluverð“ þ. e. a. s. að auðvitað mundu bændur bera þetta sjálfir.

Síðasta brtt., sem ég sé ástæðu til að nefna, er: „Breytingar þær, sem felast í 3.—8 gr. frá eldri ákvæðum, skulu koma til framkvæmda eigi síðar en 1. febr. 1977“ — þ. e. a. s. yfirtakan á mjólkursölunni.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þessar brtt.

Umr. frestað.

Neðri deild, 97. fundur.

Þriðjudaginn 4. maí, að loknum 96. fundi.

Fjáröflun til landhelgisgæslu, ríkisfjármál o. fl., frv. (þskj. 595, n. 616 og 619, 617, 618, 620). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur G. Einarsson): Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. meiri hl. fjh.- og viðskn., en álit meiri hl. er á þskj. 616. N hefur haldið fundi bæði í gærkvöld og í dag, og voru fundirnir sameiginlegir með fjh.- og viðskn. beggja þd. Ég mun nú rekja í örstuttu máli vinnubrögðin í nefndinni.

Það komu allmargir aðilar til fundar við n. og gerðu þar grein fyrir viðhorfum sínum og veittu ýmsar upplýsingar. Ráðuneytisstjórarnir í fjmrn. og dómsmrn. gerðu sérstaklega grein fyrir fjárþörf Landhelgisgæslunnar, en sú fjárþörf er áætluð samkvæmt þessu frv. 750 millj. kr. Við afgreiðslu fjárl. fyrir árið 1976 var við það miðað að útgjöld Landhelgisgæslu næmu rúmlega 907 millj. kr. árið 1976, en til viðfangsefna Landhelgisgæslunnar voru þá ekki talin skipin Baldur og Ver. Þessir ráðuneytisstjórar áttu viðræður við fjhn.-menn 12. mars s. l. Þá kom fram að áætluð hækkun, sem nauðsynleg væri vegna Landhelgisgæslunnar, væri um 500 millj. kr. Þá var reiknað með að almennur rekstrarkostnaður á þeim skipum og flugvélum, sem ætlað var til á fjárl., ykist um 22 millj. kr á mánuði á þessu ári eða samtals um 264 millj. kr. Sérstök aukning á leiguflugi frá því í mars og út árið var áætlað að kostaði um 3 millj. á mánuði og tækjaöflun til úrbóta skipum og flugvélum 50 millj. til viðbótar fjárlögum. Vegna skipaleigu voru svo áætlaðar 150 millj. Það var skipið Baldur. Eftir að þessi áætlun var gerð hefur togarinn Ver verið tekinn á leigu. Áætlað er að leigugjald fyrir það skip verði 30 millj. kr. á árinu, en sviparður rekstrarkostnaður og á Baldri eða um 90 millj. kr. Nýir kjarasamningar hafa svo komið til síðan þessi áætlun í mars var gerð. Þeir munu valda kostnaðarauka sem talinn er nema um 90 millj. kr. Þá var rekstrarskuld frá síðasta ári 40 millj. kr. Þannig sést að fjárþörf Landhelgisgæslunnar er 750 millj. kr.

Hæstv. sjútvrh. kom á fund n. og gerði grein fyrir fjárþörf vegna fiskverndar, en til hennar er ætlað að verja samkv. þessu frv. 250 millj. kr. Það má segja að það sé nokkuð erfitt um nákvæma sundurliðun á þessum kostnaði, en viðfangsefnin eru mörg og ég nefni þessi helst: Botnfiskarannsóknir er áætlað að framkvæma og munu standa yfir samningar um leigu á togara vegna leitar að karfamiðum. Þetta þarf að gera til þess að draga úr sókninni í þorskstofninn. Þá verður leitað að grálúðumiðum og þarf að taka bát á leigu til þess. Einnig verður leitað að skarkolamiðum fyrir Norður- og Austurlandi. Það verður framkvæmd loðnuleit á djúpmiðum fyrir Norðvestur- og Norðurlandi, það mun rannsóknarskipið Bjarni Sæmundsson framkvæma. Leitað verður djúpsjávarrækju og leitað kolmunna, og svo mætti lengi telja. Samkvæmt því fiskveiðilagafrv., sem hér er nú til umr. í þinginu, er gert ráð fyrir stórfelldri aukningu á eftirliti með veiðunum. Þetta eru helstu viðfangsefnin, og eins og ég sagði er ætlað að verja til þessa 250 millj. kr. og sýnist sjálfsagt ýmsum að hér sé tiltölulega lítilli upphæð varið til þessara mikilvægu mála.

Á fund n. komu svo í morgun fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands. Þeir lýstu þar ályktun sem miðstjórn ASÍ gerði á fundi sínum í gær, og þeir lýstu viðhorfum sínum til þessa frv. Ég þarf í sjálfu sér ekki að fara mörgum orðum um þessa ályktun miðstjórnarinnar, hún er sjálfsagt öllum kunn. En í stuttu máli má segja að miðstjórnin viðurkenni þörf á aukinni fjáröflun til landhelgisgæslunnar. Hún getur einnig eftir atvikum fallist á að það sé farin sú leið, sem frv. gerir ráð fyrir, þ. e. a. s. að fjárins sé aflað með tímabundinni hækkun vörugjalds. Miðstjórnin tekur að öðru leyti fram varðandi önnur tekjuöflunarákvæði frv. að hún telur óeðlilegt að vegáætlun, eins og það er orðað, „sé nú rifin upp og eyðslufé hennar aukið um hvorki meira né minna en 620 millj. kr.“ Hún mótmælir hækkun bensíns sem áætluð er 170 millj. Hún fellst hins vegar á takmörkun persónuafsláttar til greiðslu útsvara, en um það fjallar II. kafli frv. Og miðstjórnin getur fallist á að ákvæði skattalaga frá s. l. ári um skyldusparnað verði framlengd til loka þessa árs, en um það fjallar III. kafli frv. Hins vegar mótmælir miðstjórn Alþýðusambandsins ákvæðum 2. mgr. 8. gr. sem fjallar um það að verðhækkun sú, er leiði af þeim hluta hækkunar vörugjalds, sem gengur til landhelgisgæslu og fiskverndar, skuli ekki hafa áhrif til hækkunar á launum.

Þetta eru helstu atriði úr ályktun Alþýðusambandsstjórnarinnar.

Þá komu á fund miðstjórnarinnar einnig í morgun fulltrúar frá Vinnuveitendasambandinu og Verslunarráði. Þeir lýstu einnig viðhorfum sínum til frv. og í stuttu máli má segja að þeirra skoðun hafi verið að frv. væri í meginatriðum andstætt þeirri stefnu, sem þeir hafa sett fram í sambandi við ríkisfjármál. Þeir telja að draga eigi frekar úr ríkisútgjöldum heldur en gert hefur

verið. Það er rétt að geta þess, að fulltrúar Verslunarráðsins mótmæla þeim fullyrðingum sem koma fram í ályktun Alþýðusambandsins um að vörugjaldið muni færa kaupsýslustéttinni 400—500 millj. kr. í auknum tekjum. Þeir lögðu fram skjal þar sem er athugun á afkomu verslunarinnar. Þeir telja sig sýna fram á að verslunin hafi ekki fengið leiðréttingu mála sinna sem aðrir og fremur væri þörf á hækkun álagningar en lækkun.

Fulltrúi Félags ísl. iðnrekenda gerði grein fyrir skoðunum iðnrekenda á frv. og sérstaklega á 5. gr. þess. Þeir hafa sent inn nú síðdegis í dag, eftir að nefndarfundur í Nd.-nefndinni var haldinn, ákveðnar brtt. sem ég mun koma á framfæri við fjh.- og viðskn. hv. Ed. Þessar brtt., sem ég tel rétt að gera aðeins grein fyrir, eru viðbót við 2. gr. gildandi laga um sérstakt tímabundið vörugjald. Það er viðbót við greinina sem hljóðar svo: „Á sama hátt skal endurgreiða framleiðanda ógjaldskyldrar framleiðslu það sérstaka vörugjald sem hann hefur sannanlega greitt við kaup á hráefnum og efnivörum til framleiðslu sinnar.“ Ég vil aðeins í þessu sambandi benda á að í 7. gr. frv. er heimild til ráðh., sem ég hygg að muni duga til þess að fullnægja þessum óskum Félags ísl. iðnrekenda. — Þá er einnig brtt. við 5. gr. frv. þar sem lagt er til að 1. mgr. 5. gr. orðist svo: „Það hækkaða vörugjald, sem lagt skal á innlenda framleiðslu og innflutning samkv. 1. gr. laga þessara, skal greitt af sölu eða annarri afhendingu innlendrar framleiðslu frá og með 5. júní 1976 og af innfluttum vörum sem teknar eru til tollmeðferðar frá og með 5. maí 1976.“ Þetta atriði hefur verið rætt sérstaklega við fjmrh., og það mun verða tekið til sérstakrar athugunar í rn. hvernig með skuli fara.

Þá komu á fund n. fulltrúar frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Þeir tóku fram að fundur í stjórn bandalagsins hefði ekki verið haldinn, en lýstu engu að síður viðhorfum sínum til frv. Mér hefur nú fyrir stundu borist bréf frá Bandalaginu þar sem er greint frá ályktun er einróma var samþ. á fundi stjórnar BSRB í dag. Ég skal nefna hér nokkur helstu atriði sem koma fram í þessari samþykkt:

Stjórnin lýsir sig sammála stjórnvöldum um að verja verði fjármagni til landhelgisgæslu eftir því sem á þarf að halda við núverandi aðstæður. Hins vegar mótmælir stjórn BSRB því harðlega að fjár til landhelgisgæslu eða annarra útgjalda ríkisins á þessu ári sé aflað með auknum álögum á almenning. Stjórn BSRB vekur athygli á að á yfirstandandi ári er gert ráð fyrir fjáröflun til í fyrsta lagi járnblendisverksmiðju á Grundartanga, 975 millj. kr., sem litlar eða engar líkur eru fyrir að nota þurfi á árinu 1976, eins og segir í ályktuninni, í öðru lagi vegna Kröfluvirkjunar 2865 millj. sem sundurliðast svo: í fyrsta lagi stöðvarhús 1694 millj., borholur 600 millj. og línulagnir 571 millj. Og í þriðja lagi benda þeir á brúargerð yfir Borgarfjörð, 390 millj. Mér skilst að ef hætt yrði við þessar framkvæmdir sé málið að áliti stjórnar BSRB raunverulega leyst. Ég bendi hins vegar á það að fyrstu tveir liðirnir: járnblendiverksmiðjan og Kröfluvirkjun, eru alls ekki í fjármáladæminu að öðru leyti en sem viðkemur lánahreyfingum, og samkvæmt till. BSRB ættum við að heyja landhelgisstríð okkar með því að taka lán. Ég veit ekki hvort hv. þm. þykir það skynsamleg ráðstöfun. Þriðja atriðið, sem stjórn BSRB nefnir, er brúin yfir Borgarfjörð. Hún er ekki heldur beint á fjárlögum, heldur er hún í vegáætlun og greidd af Vegasjóði. — Eg ræði þessar till. BSRB ekki frekar.

Þá komu á fund n. fulltrúar frá Þjóðhagsstofnun sem gerðu grein fyrir ýmsum útreikningum á áhrifum frv. En ég sé ekki ástæðu til að fara sérstaklega út í það mál, enda gerði hæstv. fjmrh. nokkra grein fyrir því í sinni framsögu við 1. umr. málsins og einnig kemur þetta fram í grg. frv.

Ég hef þá rakið hér í stórum dráttum hverjir komu á fund n. og lýstu þar skoðunum sínum og viðhorfum til frv.

Afstaða Alþýðusambandsins og BSRB til þess ákvæðis frv., sem er í 2. mgr. 8. gr., þess efnis að verðhækkun sú, er leiðir af þeim hluta hækkunar vörugjalds, sem gengur til landhelgisgæslu og fiskverndar, skuli ekki hafa áhrif til hækkunar á launum, hefur vissulega valdið miklum vonbrigðum. Miðað við kröfur um aukin framlög til landhelgisgæslu mátti ætla að menn væru almennt reiðubúnir til að taka á sig byrðar, jafnt launþegar sem aðrir, og aukinn kostnaður við gæslu landhelginnar og aukinn kostnaður við fiskvernd leiddi ekki sjálfkrafa til launahækkana í þjóðfélaginu. Með ákvæðum frv. varðandi þetta efni reyndi raunverulega á það hvort tal manna um þessi efni væri þannig að á því mætti byggja. Með afstöðu launþegasamtakanna í þessu máli sýnist mér að því miður hafi komið í ljós að svo var ekki. En með framlagningu frv. hefur á þetta reynt. Það var gerð tilraun til að ná samstöðu um að aukinn kostnaður við gæslu landhelginnar sérstaklega vegna stríðsins við breta færi ekki út í verðlagið. Þessi tilraun hefur því miður mistekist, þvert á það sem yfirlýsingar og kröfur aðila hafa gefið tilefni til að ætla. Vegna þessa og til þess að halda frið um þetta mikilvæga mál samþ. ríkisstj. fyrir sitt leyti að fjh.- og viðskn. þessarar d. flytti brtt. við frv. þess efnis að 2. málsgr. 8. gr. frv. félli brott. Það er efni brtt., sem getur á þskj. 617. Þetta þýðir launahækkun sem nemur 0.8—0.9%, þ. e. a. s. 0.40—0.45% hækkun 1. júní n. k. og 0.40—0.45% hækkun frá 1. okt. n. k. Það er kannske í sjálfu sér ekki mikil upphæð sem hér er um að ræða. Samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar mun hér vera um 3——4 hundruð millj. kr. að ræða sem launagreiðendur eða atvinnuvegirnir taka með þessu á sig. En með þessu kemur sem sagt í ljós hver hugur fylgir máli þegar menn tala um fórnir og þjóðhollustu í þágu málstaðar okkar í landhelgismálinu.

Ég þarf ekki að fara um þetta mál mörgum fleiri orðum: Ég lýsi hér með um leið þeirri brtt. sem ég hef þegar nefnt og öll n. stendur að. Ég lýsi ánægju minni með þá samstöðu, sem þó næst hér, og ég vona að þessi breyting á frv. verði til þess að lægja öldurnar sem vegna þessa máls kunna að hafa risið. Ég segi: kunna að hafa risið, vegna þess að ég er ekki viss um að þær hafi verið eða hefðu orðið svo mjög háar. Um aðrar fram komnar einstakar brtt. sé ég ekki ástæðu til að ræða að sinni.

Frsm. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason): Hæstv. forseti. Eins og frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. tók fram náðist ekki samstaða um þetta frv. í hv. fjh.- og viðskn. þessarar d. að öðru leyti en því, að fullkomið samkomulag varð um að fella niður það ákvæði 8. gr. sem gerði í upphaflega frv. ráð fyrir því að hækkun vísitölu um 5 stig skyldi ekki bætt með kauphækkunum samkvæmt gildandi kjarasamningum. Um þetta varð fullkomið samkomulag í n. og ber eindregið að fagna að svo skuli hafa farið. Málið var rætt á sameiginlegum fundum fjh.- og viðskn. beggja d., samtals 3 fundum. Og fulltrúar SF, sem ekki eiga sæti í fjh.- og viðskn., fylgdust með meðferð málsins, eins og kemur fram í tillöguflutningi sem ég mun geta um hér á eftir. Þrátt fyrir þá miklu breytingu til bóta, sem felst í breytingu 8. gr., erum við í minni hl. n. ásamt formanni þingflokks SF, Karvel Pálmasyni, andvígir frv. í heild og munum greiða atkv. gegn því ef sú brtt., sem við flytjum og ég mun gera hér grein fyrir á eftir, verður felld.

Við í minni hl. n. viðurkennum nauðsyn þess að afla tekna til að efla landhelgisgæsluna, fiskleit og hafrannsóknir og erum reiðubúnir að styðja 1000 millj. kr. tekjuöflun í því skyni. En frv. gerir ráð fyrir miklu meiri tekjuöflun. Það gerir ráð fyrir 1800 millj. kr. tekjuöflun til ríkissjóðs og 620 millj. kr. til Vegasjóðs. Það gerir m. ö. o. ráð fyrir 2400 millj. kr. álögum. Og þrátt fyrir ákvæði um 2400 millj. kr. álögur á almenning í landinu er ekki ein setning í frv. um sparnað af hálfu ríkisins til þess að mæta þeim útgjöldum sem ríkisstj. virðist telja 2400 millj. kr. tekjuöflun nauðsynlega til.

Það er viðurkennt í grg. frv. sjálfs að samþykkt þess mundi það hafa í för með sér 10—11% hækkun á vísitölu framfærslukostnaðar. Í frv., eins og það var upphaflega, voru ákvæði um að 5 vísitölustig af þessum 10—11 stigum skyldu ekki hafa áhrif á kaupgjald, en þessi 5 stig voru talin svara til þeirra 1000 millj. sem verja á til landhelgisgæslu, fiskleitar og hafrannsókna. Upphaflega var m. ö. o. ætlun hæstv. ríkisstj. að láta launþega í landinu bera 1000 millj. kr. hækkun á verðlagi vegna 18% hækkunar á vörugjaldi bótalaust. Ef hæstv. ríkisstj. hefði haldið fast við þessa ákvörðun sína, þá hefði hún með því riftað nýgerðum kjarasamningum launþega og vinnuveitenda og í því hefði að sjálfsögðu falist harkaleg árás á hagsmuni launþega og þó ekki síst á samningsrétt samtaka þeirra, sem þeir hljóta að telja höfuðhlutverk sitt að standa styrkan vörð um. Þetta átti að gerast í framhaldi af því að verðlag hefur hækkað um 7.3% á tímabilinu 1. febr. — 1. apríl, en aðeins 1.3% af þeirri verðhækkun má með rökum rekja til þeirrar kauphækkunar sem samið var um í febr., um 8—9% en hin 6% má með rökum rekja til stjórnvaldsákvarðana, þ. e. til ákvarðana ríkisstj. sjálfrar.

Eins og ég sagði áðan ber tvímælalaust og hiklaust að fagna því að samkomulag hefur orðið um að af þessari árás verði ekki, þ. e. a. s. að sú verðhækkun, sem hlýst af samþykkt frv., verði bætt í samræmi við ákvæði gildandi kjarasamninga.

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands hefur gert ítarlega ályktun um þetta frv. og höfum við í minni hl. leyft okkur að prenta þessa ályktun sem fylgiskjal með þessu nál. Í ályktuninni telur miðstjórnin sig geta fallist á að 1000 millj. kr., sem varið yrði til landhelgisgæslu, fiskleitar og hafrannsókna, verði aflað með tímabundinni hækkun vörugjalds sem í ályktuninni var talin þurfa að nema 13%. Þessi tala var byggð á bráðabirgðaathugun á málinu sem gerð var um síðustu helgi og hlaut að vera gerð í nokkurri skyndingu. Nánari rannsókn síðar hefur hins vegar leitt í ljós að 14% hækkun vörugjaldsins er nauðsynleg til þess að tekjur af því nái 1000 millj. kr. á ári. Teljum við í minni hl. fjh.- og viðskn. sjálfsagt að hafa það sem sannara reynist og höfum raunar haft um það samráð við miðstjórn Alþýðusambands Íslands.

Við í minni hl. fjh.- og viðskn. flytjum ásamt formanni þingflokks SF, Karvel Pálmasyni, sem fylgst hefur með störfum n., á sérstöku þskj. brtt. um að vörugjaldið skuli lækkað úr 18% í 14%, þ. e. a. s. í þá hlutfallstölu sem nauðsynleg er til þess að tryggja ríkissjóði þær 1000 millj. kr. tekjur sem nauðsynlegar eru vegna landhelgisgæslunnar, vegna fiskleitar og vegna hafrannsókna. Þannig falla sjónarmið okkar og sjónarmið miðstjórnar Alþýðusambands Íslands algjörlega saman.

Við í minni hl. getum einnig fallist á að haldið verði áfram innheimtu skyldusparnaðar, en það mundi bæta hag ríkissjóðs og draga úr fjárþörf hans. En það er einnig í samræmi við það sjónarmið sem sett er fram í ályktun miðstjórnar Alþýðusambands Íslands.

Ég tel rétt að vekja sérstaka athygli á fjórum atriðum sem miðstjórn Alþýðusambandsins vakti sérstaka athygli á í ályktun sinni.

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands segir í fyrsta lagi að hún telji algjörlega óeðlilegt að nýgerð vegaáætlun sé nú rifin upp, eins og það er orðað í ályktuninni, og eyðslufé hennar aukið um hvorki meira né minna en 620 millj. kr. Telur miðstjórnin að þessari upphæð beri að mæta með sparnaði.

Í öðru lagi mótmælir miðstjórnin harðlega hækkun bensíns um 170 millj. kr. og telur hana ekki nauðsynlega.

Í þriðja lagi segir miðstjórnin að hún geti fallist á takmörkun persónuafsláttar til greiðslu útsvara, enda verði þá fulltryggt með lagaákvæði að takmörkun þessi verði ekki notuð til þess að íþyngja í útsvörum þeim sem það lágar tekjur hafa að þeir beri lítinn eða engan tekjuskatt. Sömuleiðis telur miðstjórnin eðlilegt að leyfisgjald, af jeppabifreiðum verði samræmt því gjaldi sem gildir um aðrar bifreiðar.

Og í fjórða og síðasta lagi tekur miðstjórnin fram að hún geti fallist á að ákvæði skattalaga frá s. l. ári um skyldusparnað verði framlengd til loka þessa árs, eins og ég raunar gat um áðan.

Síðan segir miðstjórnin að ef farið væri að framangreindum ábendingum, þá verði tekjuþörf ríkissjóðs til að leysa þann vanda, sem unnt sé að rökstyðja með viðunandi hætti, ekki nema 1045 millj. kr. að frádregnum þeim greiðsluafgangi sem frv. gerir ráð fyrir. Stendur þá eftir því

sem næst 1000 millj. kr. tekjuöflun til landhelgisgæslunnar sem miðstjórnin vill með tilteknum skilyrðum fallast á og við í minni hl. fjh.- og viðskn. höfum gert till. um að tryggja ríkissjóði tekjur til.

Þá er þess að geta að tveir þm. Alþb. flytja á sérstöku þskj. till. um 6% skatt á hreinar rekstrartekjur áður en fyrningar- og varasjóðsframlög hafa verið dregin frá. Áætla þeir að þessi skattur nemi um 1000 millj. kr. eða jafnhárri upphæð og þörf er á til landhelgisgæslu, fiskleitar og hafrannsókna. Hins vegar mun allur þingflokkur Alþb. greiða atkv. með till. minni hl. fjh.- og viðskn. og formanns þingflokks SF um lækkun vörugjaldsins úr 18% í 14%. Hafa því flm. skattbreytingartill. ákveðið að hún komi ekki til atkv. ef samkomulagsleið sú, sem felst í till. minni hl. og hv. þm. Karvels Pálmasonar, verður samþ. Þess vegna verður till. Alþb.-þm. tveggja um skattamál tekin aftur við 2. umr. og kemur ekki til atkvgr. fyrr en við 3. umr.

Að lokum skal ég láta þess getið og undirstrika alveg sérstaklega að við í stjórnarandstöðunni, sem stöndum að þeim tillöguflutningi sem felst í till. um lækkun vörugjaldsins úr 18% í 14%, teljum ríkissjóði skylt að draga úr útgjöldum sínum til þess að mæta þeim auknu útgjöldum sem hún telur óhjákvæmileg og eru umfram þann tekjuauka sem lýst hefur verið að við erum reiðubúnir til að samþ. Við teljum að hér sé ekki um hærri fjárhæð að ræða en svo að vandalaust væri að mæta henni með sparnaði hjá ríkissjóði, enda hvort eð er nauðsynlegt af almennum efnahagsástæðum að ríkissjóður gæti hófs í útgjöldum sínum.

Karvel Pálmason: Virðulegi forseti. Eins og fram kom í ræðu frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. átti ég þess kost að fylgjast með störfum þeirrar n. meðan hún fjallaði um þetta mál. Er ástæða til að þakka viðkomandi það. Hann gat þess einnig að ég ásamt hv. 9. þm. Reykv., Gylfa Þ. Gíslasyni og hv. 2. þm. Austurl., Sigurði Blöndal, við stæðum að flutningi brtt. við frv. Þeirri brtt. hefur líklega ekki verið útbýtt enn og sama mun vera að segja um nál. minni hl. fjh.- og viðskn., það mun ekki enn komið á borð þm.

Eins og ljóst var af umr. og afstöðu stjórnarandstöðuflokkanna hér á Alþ. í gær var snúist harkalega gegn frv. eins og það var lagt fram og eins og líkur voru á að það ætti að standa allt fram eftir degi í dag. Þessi andstaða byggist ekki síst á þeim ákvæðum frv. þar sem gert var ráð fyrir því að um 5 vísitölustig væru tekin úr sambandi og ættu ekki að hafa áhrif á kaup launþega í landinu vegna þeirra aðgerða í peningamálum sem frv. gerir ráð fyrir. Þar með átti að svipta launafólk kauphækkun sem það átti og á samkvæmt gildandi kjarasamningum rétt til. Þetta var eitt af þeim meginatriðum sem allir stjórnarandstæðingar snerust hvað harkalegast gegn í frv. eins og það upphaflega var. Hér var um það að ræða einnig og ekki síður að með slíkum ákvæðum var verið að ógilda í raun og veru með lagaboði löglega gerða samninga aðila vinnumarkaðarins. Og ekki síst var ástæða til þess að snúast gegn slíku ákvæði með hliðsjón af því sem verið hefur að gerast í verðlagsmálum nú undanfarna tvo síðustu mánuði eða á þeim tíma sem liðinn er frá því kjarasamningar voru undirritaðir 1. febr. s. l., en eins og margoft hefur komið fram hefur verðlag hækkað um 7.3% á þessu tveggja mánaða tímabili, frá 1. febr. — 1. apríl, en aðeins rúmlega 1% af því má rekja til samningsgerðarinnar og kauphækkunar þeirrar sem af þeim samningum leiddi.

Nú hefur hins vegar gerst sá ánægjulegi atburður, að ég tel, að hæstv. ríkisstj. hefur séð sig um hönd. og ber að fagna því að hún dregur til baka bá ákvörðun sína að raska með þeim hætti, sem frv. gerði ráð fyrir, gerðum kjarasamningum og hefur fallið frá því að láta það ákvæði frv. koma til framkvæmda að hin margumtöluðu 5 vísitölustig skuli ekki hafa áhrif á framfærsluvísitölu. Þetta er vissulega að mínu viti ánægjulegur atburður, merki um það að vera má að hæstv. ríkisstj. sjái sig um hönd í þeirri afstöðu sem allt of oft hefur á undanförnum vikum bryddað á í hennar málatilbúnaði, sem a. m. k. mér og mörgum öðrum hefur þótt bera keim þess að andúð ríkti af hálfu hæstv. ríkisstj. í garð verkalýðshreyfingar og launþega. En hér er sem sagt um að ræða verulega breytingu á þessu frv. frá því sem það var lagt fram og ætlast var til að það yrði af hálfu hæstv. ríkisstj. Því ber að fagna. Hér hefur vissulega verkalýðshreyfingin með tilstilli stjórnarandstöðu hér á Alþ. að mínu viti náð fram verulegum sigri gegn þeim áformum hæstv. ríkisstj. að ráðast svo á samningsréttinn í landinu eins og vissulega mátti ætla og tilefni var gefið til með frv. ríkisstj. eins og það var lagt fram hér í gær. Þessu ber að fagna.

En eftir sem áður stendur deila um það hversu mikið þurfi að hækka hið margumtalaða vörugjald til þess að komi að nægilegu gagni sú fjáröflun sem nauðsynleg er til þeirra þátta sem fyrst og fremst er hér um talað. Eins og hv. 9. þm. Reykv. gat um áðan, þá stend ég að till. um að vörugjald verði hækkað í 14%, sem er talið nægja til þess að standa undir fjáröflun til landhelgisgæslu, fiskleitar og hafrannsókna. Það er sá munur sem í milli ber, en hæstv. ríkisstj. leggur hér til að hækka vörugjaldið upp í 18%.

Ég gat þess í gær við 1. umr. málsins að ég hefði talið að allt það fjármagn, sem í þessu frv. er talið að þurfi til þeirra framkvæmda sem um ræðir, hefði mátt fá ef farið hefði verið að kröfum verkalýðshreyfingarinnar og stjórnarandstöðuflokkanna hér á Alþ. um að breyta skattalöggjöfinni í þá átt að atvinnurekstur og fyrirtæki í landinu væru nú látin fara að borga eitthvað til sameiginlegs sjóðs, sem stendur undir margvíslegum þáttum þjóðlífsins. Það er gefið mál, að því er virðist, að engra slíkra breytinga er að vænta af hálfu hæstv. ríkisstj. á þessu þingi. Í sjálfu sér eru vart aðstæður til þess, svo langt sem þinghaldi er nú komið, að fara að gera hér till. um gjörbreytingu á skattalögum í þessa átt, enda nýjustu fréttir úr herbúðum hæstv. ríkisstj. og hæstv. fjmrh. að hugsanlega megi vænta slíkra breytinga á skattalöggjöf eða frv. um þær á næsta þingi. Hugsanlega, sagði ég. Ég sé að hæstv. fjmrh. hristir höfuðið, og vel má vera að það sé ekki einungis að þess megi vænta á næsta þingi, heldur verði að bíða enn þá lengur. Harma ég það

ef svo er. En ég sem sagt tel að öllu þessu fjármagni hefði mátt ná með slíkri breytingu, og það var vissulega tími kominn til að breyta ákvæðum skattalaga í þessa átt.

Eins og hér hefur komið fram stendur öll stjórnarandstaðan að flutningi þessarar brtt., þ. e. a. s. við 1. gr., að í stað 18% komi 14% vörugjald. Tveir þingmenn Alþb. hafa borið fram till. þess efnis að ef þessi till. verði felld, þá komi ný tekjuöflunarleið eins og þar til greinir, sem ég skal ekki rekja. En ég vil aðens segja það að lokum, að ef þessi till. verður felld, þá mun ég og við þm. Samtakanna greiða atkv. með till. Alþb.-manna um þá tekjuöflun sem þar er gert ráð fyrir. En sú till. kemur að öllum líkindum ekki til atkv. fyrr en við 3. umr. málsins.

Ég skal ekki, virðulegi forseti, hafa þessi orð fleiri. Mér finnst sérstök ástæða til að fagna þeim áfangasigri sem verkalýðshreyfingin fyrst og fremst kannske og stjórnarandstaðan hér á Alþ. hefur náð í baráttunni við hæstv. ríkisstj. um að ekki muni þó a. m. k. að þessu sinni gengið inn á þá braut að rifta löglega gerðum kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins sem örugglega hefði, ef af yrði, allalvarlegar og viðtækar afleiðingar fyrir þjóðfélagið.

Sigurður Blöndal: Herra forseti. Eins og hv. 9. þm. Reykv. og hv. 5. þm. Vestf. hafa þegar tekið fram, þá höfum við, ég og hv. 5 þm. Suðurl. borið hér fram brtt. við það frv. hæstv. ríkisstj. sem hér liggur fyrir til umr. Við flytjum þessa brtt. á þskj. 618. Hún er um aðra leið til fjáröflunar til landhelgisgæslunnar og fiskverndar en þá sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt til í frv. sem hér er til umr.

Ég ætla að lesa till. 1. brtt. okkar á þskj. 618 er þannig: „Við 1. gr. Greinin falli niður.“ 2. brtt. okkar er sú, að á eftir 9. gr. í frv. hæstv. ríkisstj. komi ný gr. er verði 26. gr. l. nr. 68 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum: „Félög og einstaklingar, sem hafa skattskyldan rekstur með höndum, skulu við álagningu skatta fyrir skattárið 1975 greiða sérstakan 6% skatt er miðaður sé við hreinar rekstrartekjur, áður en fyrningar skv. 15. gr. og varasjóðsframlag skv. 17. gr. 2. málsgr. hafa verið dregin frá.“

Ég lýsti í ræðu minni í gær hér í þessari hv. d. hugmyndum og till. Alþb. um breytingar á fyrningarreglum fyrirtækja eða rekstraraðila. Við teljum að þúsundir millj. kr. gangi hjá garði óskattlagðar vegna fráleitra fyrningarreglna sem ég rakti þar nokkru nánar. Og við vitum og almenningur veit líka að með hjálp þeirra hefur stór hópur manna komist yfir óeðlilega fjármuni á skömmum tíma. Sýnt er að á þessu ári verða engar breytingar gerðar á fyrningarreglum skattalaganna. En okkur er jafnframt kunnugt um að stjórnvöld hafa skattamál og þar með fyrningarákvæði í endurskoðun. Fyrir því teljum við eðlilegt að gera bráðabirgðabreytingar til þess að ná nú þegar nokkru af því fé sem nú er óskattlagt.

Í sambandi við frv. hæstv. ríkisstj. hefur Alþýðusamband Íslands nú komið með sáttatilboð og því hefur hv. 9. þm. Reykv. greint frá í framsöguræðu sinni fyrir nál. minni hl. fjh.- og viðskn. Þetta sáttaboð lítum við á sem tilraun til samkomulags. Við lítum á það í raun og veru sem útrétta hönd til samkomulags til að leysa þann sérstaka vanda sem nú er fyrir höndum. Alþb. styður þá viðleitni og fyrir því stend ég sem fulltrúi Alþb. í fjh.- og viðskn. að sameiginlegu nál. og tillögugerð minni hl. fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar.

Verði þessi tilraun til sátta til einskis, þessi tilraun sem byggð er á ályktun Alþýðusambands Íslands, og ef þær till., sem fram koma í nál. og við höfum gert sérstakar brtt. um, verða felldar, þá flytjum við hv. 5. þm. Suðurl. þá varatill. á þskj. 618 sem ég hef lesið og snertir 1. og 9. gr. frv. hæstv. ríkisstj. sem hér er til umr. Við drögum hana hins vegar til baka við þessa umr., þannig að hún komi ekki til atkv. fyrr en við 3. umr.

Till. okkar hv. 5. þm. Suðurl., sem hefur verið rædd í þingflokki Alþb. og menn eru þar sammála um, gengur út á beina skattlagningu, en ekki óbeina. Þetta er skattlagning sem á ekki að fara út í verðlagið. Þetta er skattlagning á rekstur, bráttóskattur, hliðstæður við þann sem almenningur fær nú í formi útsvars. Þetta er skattlagning sem er tæknilega framkvæmanleg. Öll gögn, sem til hennar þarf, eiga að liggja fyrir í skattstofum landsins því hún gerist á líkan hátt og álagning til útsvars. Skattstofninn gæti verið samkvæmt heimildum, sem við höfum haft til umráða, eitthvað kringum 18 milljarða kr. Og til þess að afla 1000 millj. eða eins milljarðs kr., sem er sú fjárhæð sem sagt er að þurfi til Landhelgisgæslunnar og Hafrannsóknastofnunarinnar til rekstrar vegna landhelgisdeilunnar og þorskastríðsins og til að finna ný úrræði í fiskveiðunum, til þess að afla þessara 1000 millj. þarf 6% af þessum stofni sem ég gat um og er eins og ég sagði í upphafi og kemur fram í brtt., hreinar rekstrartekjur fyrirtækja og einstaklinga áður en fyrningar og varasjóðsframlög hafa verið dregin frá. Þessi leið, sem við bendum hér á, tefur á engan hátt þá tekjuskattsálagningu sem nú á sér stað í skattstofum landsins. Og hér er ekki um að ræða álögur á allan almenning, ekki á launafólk, ekki á elli- og örorkulífeyrisþega, ekki á skólafólk. Hér er sett fram hugmynd að tilraun til að láta þá bera byrðar í þágu samfélagsins sem hefur tekist að létta þær óeðlilega á kostnað t. d. þeirra hópa sem ég nú nefndi.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Í þeim orðum, sem ég sagði hér við 1. umr. málsins í gær, dró ég fram þá höfuðgagnrýni, sem Alþýðusamband Íslands hefur látið frá sér fara um þetta frv. Hún var í höfuðatriðum tvíþætt. Sambandið taldi að hér væri um of mikla skattlagningu að ræða, og í öðru lagi, og á það lagði miðstjórn Alþýðusambandsins mikla áherslu, að með frv. þessu væri verið að rifta grundvelli nýgerðra kjarasamninga með því að láta ekki þær verðhækkanir á vörum, sem af frv. leiddi, hafa áhrif á kaupið, þannig að hin svokölluðu „rauðu strik“ áttu ekki að breytast af þeirra völdum. Í meðferð málsins nú í hv. fjh.- og viðskn. hefur þessum síðara þætti verið breytt, þannig að hækkun á vöruverði mun nú koma inn í vísitöluna til áhrifa á „rauðu striks“-samningana á sama hátt og aðrar verðlagsbreytingar í landinu. Ég fagna því að þessi breyting hefur orðið, og ég vona að þetta boði að ríkisvaldið láti

af þeim gjörðum sínum, sem hafa verið því miður allt of oft viðhafðar, að grundvelli kjarasamninga hefur verið rift með lagaboði. Ég endurtek að ég fagna því, sem hér hefur nú gerst, og hefði ekki þurft að hafa þessi orð mín fleiri ef ekki hefði komið til nokkur allþung orð af hálfu frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn., hv. þm. Ólafs G. Einarssonar, í garð alþýðusamtakanna sem ég ekki get látið ómótmælt og hlýt að svara.

Hann sagði í fyrsta lagi að afstaða sú, sem komið hefði fram í ályktun Alþýðusambandsins, hefði valdið miklum vonbrigðum. Síðan gerði hann grein fyrir því hvað hér væri um að ræða í fjármunum, um það bil 0.4% í kaupi 1. júlí og síðar annað eins, eða samtals 0.8% í kaupi á þessu ári, og sagði, þegar um slíkt smáræði væri að ræða, þá hefði mjög ljóslega komið í ljós hjá Alþýðusambandinu og alþýðusamtökunum hver hugur fylgdi máli þegar talað er um þjóðarsamstöðu um landhelgismálið, eins og hann komst a. m. k. efnislega að orði. Ég tók það ákaflega skýrt, held ég, fram í gær í minni ræðu að það væru ekki þessi prósentubrot sem máli skiptu og afstaða Alþýðusambandsins hefði verið nákvæmlega hin sama til þessa þáttar frv., hvort sem um 0.1% í kaupi hefði verið að ræða eða 10% í kaupi. Hér er um „prinsip"-afstöðu að ræða, afstöðu til málanna, en ekki hvort um er að ræða eitthvað meiri eða minni röskun á kaupgjaldinu. Að sjálfsögðu verður málið því erfiðara sem um hærri upphæðir er að ræða, en afstaðan til þessa grundvallaratriðis, að breyta ekki eða raska grundvelli kjarasamninga með lagasetningu, hefði verið nákvæmlega hin sama.

Þetta vil ég sérstaklega undirstrika aftur, þótt ist gera það nægilega í gær, en vil enn undirstrika það.

Þá sagði hv. þm. einnig að gerð hefði verið tilraun til að ná samstöðu um fjáröflun til landhelgisgæslunnar. Hvenær hefur þessi tilraun verið gerð? Ég harmaði það í ræðu minni í gær að Alþýðusambandið, sem óhjákvæmilega hlýtur að vera aðili í þessu máli, fékk ekki að sjá þetta frv. fyrr en á sunnudaginn var, þ. e. a. s. daginn áður en það var lagt fram hér á hv. Alþ., og þá er málið fullbúið. Ég fullyrði það að ef gerð hefði verið tilraun til þess að ná samstöðu um fjáröflun til handa landhelgisgæslunni og það hefði verið gert í tíma og menn hefðu tekið sér tíma til þess, þá hefði það tekist. Því er hér einvörðungu um að kenna að hæstv. ríkisstjórn hefur haldið svo á málum að menn stóðu frammi fyrir orðnum hlut sem verkalýðshreyfingin gat alls ekki samþ. Þetta kom í veg fyrir það — og þetta eitt — að um samstöðu væri að ræða.

Þetta er einvörðungu um það sem snertir fjáröflun til landhelgisgæslunnar. Um almenna fjárþörf ríkissjóðs að öðru leyti gegnir auðvitað allt öðru máli. Þar er um að ræða þann veigamikla þátt sem stjórn allra efnahagsmála landsins hlýtur að vera. Það er á ábyrgð ríkisstj. Um það verður hún að sjálfsögðu að fjalla og klóra fram úr. En um fjáröflun til landhelgisgæslunnar, sem allir eru sammála um að er nauðsynleg, hefði getað tekist algjör eining og þjóðarsamstaða ef slíkrar einingar hefði verið leitað. En að slíkt er ekki nú fyrir hendi, það er á ábyrgð ríkisstj. en ekki Alþýðusambandsins.

Garðar Sigurðsson: Virðulegi forseti. Það mætti spyrja hvers vegna slíkt frv. eins og hér er til umr. er nú komið fram. Það er eins og engum hafi dottið það í hug á s. l. hausti að þurft hefði að gera ráð fyrir stórkostlegum auknum fjárveitingum til landhelgisgæslu og til annarra þeirra þarfa sem getið er um í þessu frv., til eftirlits fiskveiðum, fiskleitar og annars því um líks sem efst var á baugi um þær mundir þegar svarta skýrslan svonefnda var hér mest rædd. Hefði ekki verið hægt að sjá þetta fyrir? Gátu ekki áætlunarráðgjafar ríkisstj. og hæstv. ríkisstj. sjálf með sína spádómsgáfu sett á blað hjá sér áætlaða fjárþörf í þessu skyni? En því miður virðist spádómsgáfa hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum ekki vera of mikil.

Það var í sólmánuði á s. l. ári, þá hvarflaði það að hæstv. fjmrh. og sérfræðingum hans að setjast niður og reikna hvernig ríkisreikningurinn kæmi út um komandi áramót. Þá þóttust menn sjá það fyrir að upp á vantaði um 1800 millj. kr. Í því skyni að reyna að rétta af þann reikning kom þeim það ráð helst í hug að leggja nýjan skatt á almenning og koma á 12% vörugjaldi. Með því móti áætluðu þeir að um áramót væri ríkissjóður sléttur.

Þegar fjárlög komu hér til afgreiðslu höfðu þeir reiknað upp á nýtt og komist að raun um að enn vantaði peninga. Þá var um að ræða upphæð sem giskað var á að væri um 770 millj. kr. En til frekara öryggis vegna þeirrar þenslu, sem þá var í þjóðlífinu, reiknuðu þeir með 1000 millj. kr. fjárvöntun. En hver varð svo í rauninni hallinn? Hallinn var ekki aðeins 700—1000 millj., heldur reyndist hann koma upp á 6000 millj. Þannig reyndist spádómsgáfan á þeim mánuðum. Til þess að bæta upp þennan halla, sem ég talaði um áðan, var ákveðið að halda áfram vörugjaldi sem aðeins átti að gilda til s. l. áramóta. Það skyldi hins vegar lækkað í 10% til 1. júlí á þessu ári, en eftir það átti vörugjaldið að lækka enn í 6% og hverfa síðan um áramót. Með því móti höfðu sömu aðilar reiknað að ríkissjóður stæði sléttur á komandi árum.

En nú hefur hins vegar komið í ljós enn á ný að vitlaust hefur verið reiknað — einu sinni enn. Í stað þess, að 6% vörugjald hefði átt að duga fram að áramótum, er nú lagt til að vörugjaldið verði hækkað í 18%. Þessi 18% eru þrisvar sinnum hærra en gert var ráð fyrir að vörugjaldið yrði frá 1. júlí. Og þessi 18% eiga að gera 1600 millj. Í frv., eins og það lá fyrir, var gert ráð fyrir að þær 1000 millj. sem reiknað var með til Landhelgisgæslu og Hafrannsóknastofnunar o. fl., sú hækkun færi ekki inn í vísitölu. Í því sambandi sagði hv. þm. Ólafur G. Einarsson áðan að það átti að reyna hver hugur fylgdi máli hjá verkalýðshreyfingunni, hvort hún vildi ekki taka að sér að bera þann bagga sem af þessu kynni að hljótast, og hann sagði að það væri óeðlilegt að aukinn kostnaður við landhelgisgæslu yrði til þess að hækka almennt kaupgjald í landinu. En í þessu sama frv. var gert ráð fyrir og er enn gert ráð fyrir því að sú heildsöluálagning og smásöluálagning, sem kemur vegna þessara fjármuna, komi inn í verðlagið. Hún skal lenda hjá versluninni. Það eru upphæðir upp á 400 millj. a. m. k. Meðlimir Alþýðusambandsins máttu ekki fá

sinn hlut réttan samkv. frv. eins og það lá fyrir en hins vegar vafðist það ekki fyrir hæstv. ríkisstj. að verslunin gæti fengið í sinn hlut þarna, nokkur hundruð millj., og datt ekki í hug að átelja það á neinnar handar máta, enda segir í ályktun miðstjórnar Alþýðusambands Íslands á þessa leið, með leyfi forseta, um þetta atriði:

„Loks verður ekki komist hjá að fordæma þá aðferð, sem frv. gerir ráð fyrir, að álagningarprósenta verslunarinnar haldist óbreytt þrátt fyrir stórhækkaðan gjaldstofn vegna hækkunar vörugjaldsins, en gengi frv. fram óbreytt mundi það færa kaupsýslustéttinni 400—500 millj. kr. nýjar tekjur á sama tíma og enn er hert kjaraskerðing almennings.“

Nú hefur hins vegar verið tekin sú ákvörðun að verkafólk fái þetta að nokkru bætt. En hins vegar er þess ekki enn getið í frv. og engar brtt. hafa komið fram um það að álagningarprósentan skuli breytast.

Ég álít að þessi aðferð sé röng, að þarna sé ekki af neinu að taka og sé þó til bóta sú breyting sem gerð hefur verið, vegna þess að þær verðhækkanir, sem dunið hafa yfir þjóðina að undanförnu, séu nægilegur baggi vinnandi fólki þannig að það geti ekki látið meira af sínu.

Í umr. áðan risu tveir hv. þm. — báðir kratar — upp og lýstu yfir því að öll stjórnarandstaðan stæði að brtt. sem er flutt af hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasyni, Sigurði Blöndal og Karvel Pálmasyni. Þessir hv. þm. voru, eins og menn hafa tekið eftir, Gylfi Þ. Gíslason og Karvel Pálmason. Ég veit ekki hvaðan þessir hv. þm. höfðu umboð til þess að lýsa þessu yfir, vegna þess einfaldlega að ég mun ekki greiða þeirri brtt. atkv. Ég sé ekki annað en þarna sé aðeins um nokkurra prósenta lækkun að ræða, en ég sé engan eðlismun á þessum till., og þar sem ég álít að þessi tekjuöflunaraðferð sé röng, þá er hún röng hvort sem beðið er um 18% eða 14%. Vegna þessa álits míns, að þessi tekjuöflunaraðferð sé röng, hef ég ásamt hv. þm. Sigurði Blöndal flutt brtt. við frv. í þá veru að afla fjárins með öðrum hætti. Hv. þm. Sigurður Blöndal hefur þegar gert grein fyrir þeirri brtt. svo að ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um hana.

Vilborg Harðardóttir: Forseti. Þótt liðið sé á kvöld get ég ekki látið hjá líða að mótmæla hér þeirri stefnu, sem ríkisstj. hefur markað, og því fordæmi, sem gefið er með því að leggja á vörugjald þegar aðkallandi er fjáröflun. Þetta fordæmi má nota síðar meir, ég vil benda á það og ég vara við þessu. Hér er um að ræða svívirðilega árás á kjör launafólks, 10—11 stiga hækkun framfærsluvísitölunnar, og ekki nema von að fólk almennt í bænum og í landinu spyrji: Var ekki nóg komið? Ég vil minna á það að í síðustu kjarasamningum var ekki samið um bætur vegna þeirra kjaraskerðinga sem höfðu orðið undanfarið samningstímabil. Það var fyrst og fremst leitast við að mæta komandi verðhækkunum eftir mati Hagstofunnar og Þjóðhagsstofnunar samkv. þeim forsendum sem ríkisstj. hafði gefið. En í reynd hafa verðhækkanirnar orðið mun meiri og svo fljótt, að sumir voru ekki einu sinni búnir að fá kauphækkunina sína útborgaða áður en verðbólgan var búin að éta hana.

Og enn er gengið til atlögu við alþýðu manna. Nýja árásin jafngildir, eins og fram hefur komið, 10—11 stiga hækkun á framfærsluvísitölunni. Stóran hlut átti ekki einu sinni að reikna inn í kaupgjaldsvísitöluna samkv. frv. ríkisstj., og þótt ég geti að mínu leyti fagnað því að ríkisstj. hafi vegna hálfgerðra hótana Alþýðusambands Íslands neyðst til að falla frá þessu ákvæði, þá stendur hitt óbreytt eftir sem áður, að einni stétt í landinu á að færa á silfurdiski meira en helming þeirrar upphæðar sem almenningur á að láta af hendi til landhelgisgæslunnar, milli 400 og 500 millj. eftir því sem reiknað hefur verið út. Og þessi stétt er auðvitað kaupmenn. Hafi einhver efast um það hingað til fyrir hvaða stétt þessi ríkisstj. vinnur, þá getur hann sannfærst nú. Þessir sérstöku skjólstæðingar ríkisstj. fá sem sé að leggja ofan á vörugjaldið sömu álagningarprósentu og áður, fyrst í heildsölu og síðar í smásölu. Svo lúaleg sem þessi árás er, sem hér er gerð á kjör almennings, er þó aðferðin kannske enn svívirðilegri, sú aðferð að koma þannig aftan að samtökum stéttarfélaganna rétt eftir lausn langra vinnudeilna og langvinnra kjarasamninga. Sjálfsagt er það heldur engin tilviljun að komið er fram með þetta frv. eftir baráttudag verkalýðsins, 1. maí. Hver veit nema jafnvel sendisveinar íhaldsins, sem komið hafa sér inn í samtök verkafólks, hefðu ekki talið stætt á því að kljúfa samstöðu gegn slíkri árás ofan á allt annað sem dunið hefur yfir þessar vikur?

Ef þessar álögur voru nauðsyn, voru þær þá ekki löngu fyrir séðar? Var það ekki þegar fyrir séð í haust, löngu fyrir afgreiðslu fjárl., að fé vantaði til landhelgisgæslunnar?

Ég vil minna á það að þm. Alþb. fluttu hér till. um fjárframlag til landhelgisgæslunnar. Svarta skýrslan var komin löngu fyrir afgreiðslu fjárl. Þörfin fyrir Hafrannsóknastofnunina og þörfin fyrir Landhelgisgæsluna hefur verið viðurkennd af flestum, a. m. k. í orði, þótt hv. þm. stjórnarliðsins hafi ekki veitt till. um aukin framlög til Landhelgisgæslunnar fylgi. Skýringin á afstöðu þeirra felst e. t. v. í aths. með þessu frv. Ég vil benda á það að í kaflanum um eflingu landhelgisgæslunnar stendur orðrétt, með leyfi forseta:

„Var þá gert ráð fyrir að aðgerðir Íslendinga til verndar fiskstofnum yrðu mjög bráðlega viðurkenndar réttmætar og deilur við önnur ríki yrðu til lykta leiddar.“

Hvernig var gert ráð fyrir að þær yrðu til lykta leiddar? Ætlaði hæstv. ríkisstj. sem sagt að vera búin að semja — og hvernig þá? Hvaða svikasamningar voru það sem þeir gerðu ráð fyrir að vera búnir að gera? Ég spyr.

Sú aðferð, sem beitt hefur verið við tilbúning þessa frv., hlýtur að vekja furðu, ekki síst þegar litið er til þess að í raun og veru eru allir sammála um að afla þurfi fjár til landhelgisgæslunnar og til fiskleitar. Hvers vegna í ósköpunum var þá ekki leitað samráðs við stjórnarandstöðu og þá ekki síður við samtök launafólks? Með því að kýla í gegn afgreiðslu slíks kjaraskerðingarfrv. á tveim dögum án þess að hafa kynnt þessum

aðilum málið fyrst er ríkisstj. að gefa stjórnarandstöðunni frí. Við getum verið „stikkfrí“ frá þessu frv. Við erum firrt þeirri ábyrgð að þurfa að benda á aðrar leiðir.

Ég ætla nú ekki að fara í einstakar greinar þessa frv., en vil að lokum vekja athygli á nafni frv., hvort þar er ekki verið að leiða athyglina frá eiginlegu inntaki þess. Frv. heitir: „Frumvarp til laga um fjáröflun til landhelgisgæslu og fiskverndar, ríkisfjármál og fjármögnun“ o. s. frv. Ég held að ég vildi leggja til, a. m. k. munnlega, að undirfyrirsögnin í I. kafla gildi sem fyrirsögn frv., að þetta heiti „Frumvarp til laga um vörugjald“ — og ekki einu sinni um tímabundið vörugjald, því að það er nú bara eins og hver annar brandari vikunnar að tala um tímabundið gjald. Slíku trúir enginn íslendingur lengur eftir reynslu undanfarinna ára þegar allar tímabundnar álögur hafa verið framlengdar ár frá ári. Þess er skemmst að minnast á næturfundum hérna fyrir jólin þegar þm. voru látnir samþykkja framlengingu hverrar álögunnar á fætur annarri.

Karvel Pálmason: Virðulegi forseti. Ég skal ekki tefja umr. öllu lengur. Það eru aðeins örfá orð vegna þess sem bæði kom fram hér í gær og eins áðan.

Það er í sambandi við álagningarprósentu verslunarinnar. Það er ekkert um það að finna í frv. hvernig með það verður farið. En samkv. upplýsingum, sem Þjóðhagsstofnun lét í té í morgun á fundum fjh.- og viðskn., þá er það ljóst að framkvæmd þessa hefur verið með þeim hætti við álagningu vörugjaldsins í fyrra að þar hefur verið um að ræða í reynd óbreytta álagningarprósentu eins og hún var þegar gjaldið var lagt á, þ. e. a. s. verðlagsnefnd virðist hafa tekið þá ákvörðun að óbreytt álagningarprósenta skyldi vera. Þó er hér sagt: „þó ívið lægri en óbreytt“ — ívið lægri. En sem sagt, mér sýnist að framkvæmdin hafi verið sú að verslunarálagning hafi haldist að mjög miklu eða svo til öllu leyti óbreytt þrátt fyrir álagningu vörugjaldsins. Mig langar því til að spyrja einhvern hæstv. ráðh., hæstv. forsrh. eða hæstv. viðskrh., — hæstv. fjmrh. er ekki hér við, — hvort það sé meining hæstv. ríkisstj. að með álagningarprósentu vegna þessa hækkaða vörugjalds, sem nú er gert ráð fyrir, verði farið á sama hátt og gert var við álagningu vörugjaldsins á árinu 1975. Er það meining hæstv. ríkisstj. að álagningarprósenta til verslunar, þrátt fyrir þessa gífurlegu hækkun á vörugjaldi, verði óbreytt? Ég óska mjög eindregið eftir því að fá skýr svör frá öðrum hvorum þessara hæstv. ráðh. um þetta atriði.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður hefur raunar þegar vikið að því sem ég ætlaði að spyrja um. Ég minni aðeins á í því sambandi að ég flutti fyrr í vetur brtt. við frv. um vörugjaldið þess efnis að ekki yrði heimilað að leggja á vörugjaldið heildsölu- eða smásöluálagningu. Ég held að ég muni það rétt, að við það tækifæri lýsti hæstv. viðskrh. því yfir að það væri óeðlilegt að binda slíkt í lögum þar sem hér væri um að ræða atriði sem væri á valdi verðlagsyfirvalda, þ. e. a. s. verðlagsyfirvöld réðu því hvort heildsölum og smásölum í landinu yrði heimilað að hagnast á því að ríkisstj. teldi sig til knúna að leggja nýjan skatt á landslýð. Það liggur sem sagt fyrir að hér er um ákvörðun að ræða sem er algerlega í höndum verðlagsyfirvalda, og æðsti maður þeirra mála er að sjálfsögðu hæstv. viðskrh., svo fremi sem þau mál eru ekki á ábyrgð og afgreiðslu ríkisstj. allrar. Ég vil því gera fsp. þá, sem hv. síðasti ræðumaður flutti sér, enn beinni og afdráttarlausari til hæstv. viðskrh. Og fsp. mín er: Mun hann geta gefið Alþ. einhver svör við því hvort hann muni heimila heildsölum og smásölum að leggja heildsölu- og smásöluálagningu ofan á þá hækkun vörugjalds sem hér er verið að ákveða?

Ég vil taka það sérstaklega fram, að ef reiknað væri með heildsöluálagningu, flutningsgjaldi, smásöluálagningu og söluskatti, þá þýðir 1000 millj. kr. hækkun á vörugjaldi aukin útgjöld fyrir neytendur um ca. 1600 millj. kr. Nokkuð á fjórða hundrað millj. kr. af þessari rúmlega 600 millj. kr. aukabyrði kemur í hlut heildsala og smásala sem aukinn hagnaður vegna tilkomu vörugjalds. Ég tel það að sjálfsögðu í hæsta máta óeðlilegt að ákveðnar stéttir í þjóðfélaginu hagnist með þessum hætti um svo mikið fé. Þegar ríkissjóður telur sig knúinn til þess að afla tekna með nýrri skattheimtu, þá er það í hæsta máta óeðlilegt að ákveðin stétt manna í þjóðfélaginu hafi beinan hag af því. Þess vegna beini ég þessari fsp. til hæstv. viðskrh.: Mun hann heimila að lagt verði á þá hækkun á vörugjaldinu, sem hér um ræðir, álagning heildsala og smásala? Um söluskattinn til ríkissjóðs þarf sennilega ekki að tala í þessu sambandi.

Ég ætla ekki að fara öllu fleiri orðum um það mál sem hér er til umr., enda hefur afstaða stjórnarandstöðunnar, a. m. k. flestallra stjórnarandstæðinga og þ. á m. þeirra sem valist hafa sérstaklega til þess að tala fyrir hönd stjórnarandstöðunnar í þessu máli, komið skýrt og ljóst fram.

Vegna þeirra orða, sem hv. þm. Garðar Sigurðsson mælti hér áðan og komu mér mjög á óvart eins og ýmislegt sem virðist vera að gerast í þeim herbúðum nú, vil ég taka það fram að þó að bæði hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason og hv. þm. Karvel Pálmason standi að brtt. á þskj. 620, þá er þriðji aðilinn þar einnig tillögumaður, fulltrúi Alþb. í fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar, þannig að maður skyldi vænta þess að hann hefði staðið að þeirri till. fyrir hönd síns þingflokks sem væntanlega hefur mótað sér stefnu í þessu máli. Ég vil einnig vekja athygli á því sem kom fram í orðum þessa sama hv. þm., að enda þótt tveir þm., sem hann kennir við jafnaðarstefnu og undanskilur þá væntanlega hv. þm. Sigurð Blöndal, hvort sem það er með hans leyfi eða ekki, að þeir tveir hv. þm., sem standa að þessari brtt., þeir Gylfi Þ. Gíslason og Karvel Pálmason, hafa ekki hér verið að móta ákveðna stefnu í fyrsta skipti, heldur að taka undir stefnu sem þegar hefur verið mótuð. Og hver var það sem mótaði þá stefnu? Það var miðstjórn Alþýðusambands Íslands sem segir svo, með leyfi forseta, í ályktun sinni:

„Að því leyti sem unnt er að einangra áhrif frv. við allt að 1000 millj. kr. tekjuöflun í

framangreindum tilgangi, getur miðstjórnin eftir atvikum fallist á að farin sé sú leið sem frv. gerir ráð fyrir, þ. e. a. s. að fjárins sé aflað með tímabundinni hækkun vörugjalds“ o. s. frv.

Ég vil enn fremur minna á að sá, sem fyrstur lýsti þessari stefnu sem fram kemur í brtt. þeirra þremenninganna hér á Alþ., var hv. þm. Eðvarð Sigurðsson, formaður Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, í ræðu sinni hér í gær. Mig furðar hins vegar á því að hv. þm. Garðar Sigurðsson skuli að þessu leytinu til skerast úr leik og ekki taka þátt í því með öðrum hv. þm. í stjórnarandstöðunni að standa að baki þeirri stefnu sem mótuð hefur verið með einróma samþykki allra miðstjórnarmanna Alþýðusambands Íslands, sem mættir voru á miðstjórnarfundinum sem haldinn var um þetta mál, og fyrst lýst hér á Alþ. af hv. flokksbróður hans, hv. þm. Eðvarð Sigurðssyni. Eru sennilega fleiri en ég sem undrast nokkuð þessa afstöðu.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Um það atriði, sem fsp. tveggja síðustu ræðumanna beindist að, verður fjallað í verðlagsnefnd og af réttum verðlagsyfirvöldum. Þegar ákvörðun verður tekin um álagningu, þ. á m. um það hvort eða að hve miklu leyti eigi að breyta álagningu vegna þessa vörugjalds, þá koma ýmis atriði til skoðunar og hljóta að koma til skoðunar. Ég er þess vegna ekki á þessu stigi reiðubúinn til að gefa neina yfirlýsingu um það efni sem þeir settu fram.

ATKVGR.

Brtt. 618 tekin aftur til 3. umr.

— 620 felld með 21:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BGr, EðS, GilsG, GÞG, SkA, KP, SBl, VilbH, MO, SighB.

nei: SigurlB, SV, SvH, TÁ, VH, ÞS, EBS, ÓOsk, FÞ, GuðlG, GTh, GF, HES, IngJ, LárJ, MÁM, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, RH.

GS *greiddi ekki atkv.*

8 þm. (SvJ, SvB, GHG, IG, JóhH, JSk, MB, PS) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 21:11 atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
3.—7. gr. samþ. með 21:8 atkv.
Brtt. 617 samþ. með 27 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
10.—12. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
13.—14. gr. samþ. með 24:8 atkv.
15. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21:10 atkv.

Neðri deild, 98. fundur.

Þriðjudaginn 4. maí, að loknum 97. fundi.

Fjáröflun til landhelgisgæslu, ríkisfjármál o. fl., frv. (þskj. 625, 618). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 618 felld með 21:11 atkv.
Frv. samþ. með 21:11 atkv. og afgr. til Ed.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. (þskj. 208, n. 562 og 583, 555). — Frh. 2. umr.

Frsm. minni hl. (Eðvarð Sigurðsson): Hæstv. forseti. Ég verð að finna að því með hvaða hætti umr. þessa máls er látin bera að. Hér er um mjög þýðingarmikið mál að mínum dómi, og það er nú tekið fyrir hér á kvöldfundi þegar hv. þm. eru búnir að vera á löngum fundum. En þrátt fyrir það að þetta beri að með þessum hætti, þá skal ég ekki skorast undan því að flytja framsögu fyrir minni hl. landbn. um þetta mál.

Eins og fram hefur komið varð landbn. ekki sammála um afgreiðslu málsins og við hv. 2. landsk. þm. stöndum að minnihluta áliti.

Þetta mál er búið að vera til mjög vandlegrar skoðunar hjá landbn., og eins og fram kom hjá frsm. meiri hl. n. hafa ýmsir aðilar verið til kallaðir og við þá rætt og ýmsar breytingar gerðar á frv. En ég vil byrja á að segja það, að mér finnst þetta frv., eins og það var lagt hér fyrir, einkar hroðvirknislega unnið, og kannske bera vitni um það þær brtt. sem meiri hl. landbn. flytur og ég verð að telja að yfirleitt allar séu til bóta á frv., að svo miklu leyti sem þær snerta ekki það viðkvæma mál sem helst varð að deiluefni milli meiri og minni hl. landbn. Ég ætla ekki að fara að telja hér upp þær ávirðingar sem ég tel að séu á frv. eins og það var lagt fram, kem þó síðar að sérstaklega einu atriði sem ég tel mjög ámælisvert.

Þetta frv. fjallar um breyt. á l. um Framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl. og efni þess má kannske skipta í þrjú höfuðatriði. Það er í fyrsta lagi lítilvæg breyting á skipan Framleiðsluráðsins. Hún er eðlileg og ég get verið sammála um hana. Það eru einnig minni háttar breytingar varðandi stórgripaslátrun sem ég get einnig verið sammála. Aðalefnisþættir þessa frv. eru einkum tveir. Það er í fyrsta lagi hið svokallaða mjólkurmál sem felur það einkum í sér að einkaréttur mjólkurbúa og Mjólkursamsölu til dreifingar á mjólk í smásölu er nú afnuminn og einkarétturinn er nú einvörðungu bundinn við heildsölustigið. Í öðru lagi er svo sá þáttur sem er um annað alveg óskylt efni í lögum um Framleiðsluráð. Helstu nýmælin í þeim breytingum, sem þær greinar fjalla um, er að verðjöfnunargjald af öllum búvörum skuli teljast til dreifingarkostnaðar og þegar verðjöfnunargjald er ákveðið, þá skuli heimilt að taka tillit til fjármagnskostnaðar sláturhúsa og mjólkurbúa. Þetta eru tveir höfuðefnisþættir frv. sem hefur verið fjallað um mjög mikið í hv. landbn. og að lokum náðist ekki samstaða um afgreiðslu málsins.

Varðandi mjólkurmálið, eins og ég vil nefna það hér, þá er það mál sem er búið að ræða býsna mikið og er búið að vera áður til umfjöllunar hér á hv. Alþ. Það mál er þannig að við, sem skipum minni hl., hefðum getað staðið að einhuga af-

greiðslu þessa frv. ef ekki hefði komið til hinn annar veigamikli efnisþáttur þess, sem fjallar um verðjöfnunargjöldin, dreifingarkostnaðinn og fjármagnskostnaðinn. Við buðum samkomulag í n. um afgreiðslu mjólkurmálsins út af fyrir sig og hefðum ekki sett fyrir okkur þær breytingar, sem ég hafði hér fyrst orð á, varðandi skipan Framleiðsluráðsins og önnur atriði sem þar koma til. En þessu samkomulagstilboði okkar var hafnað, og það gerir það að verkum að við leggjum til að þetta frv. í heild sinni verði fellt.

Varðandi mjólkurmálið er það að segja, að við erum samþykkir því að sú skipan verði tekinn upp að einkasala í smásölu fyrir mjólkurbúin og Mjólkursamsöluna verði numin úr lögum, og reyndar má segja að þetta sé þegar orðið þannig í reynd. Það eru æðimörg ár síðan matvöruverslanir hér í Reykjavík fóru að hafa mjólk til sölu í smásölu, og nú er svo komið að meiri hluti allrar mjólkursölunnar hér í Reykjavík er kominn í hendur kaupmannanna, þannig að hér er í raun-inni ekki um neitt annað að ræða en að játa staðreynd sem þegar er orðin. Ég þarf ekki að hafa um það mörg orð, er sammála um lýsingu á þeirri þróun sem orðið hefur í þessum málum bæði varðandi meðferð mjólkurinnar sjálfrar, líka varðandi umbúðir sérstaklega og svo alla aðstöðu til þess að geyma mjólk í kæli í venjulegum matvörubúðum. Allt er þetta orðið með allt öðrum hætti en áður var og gerir það mögulegt að mjólkin sé í venjulegum matvörubúðum. Þetta erum við sjálfsagt öll alveg sammála um.

En þó að við værum sammála varðandi þennan hluta mjólkurmálsins, þá gerðum við hins vegar aths. við framkvæmd málsins, framkvæmd þessarar breytingar. Það mætti kannske segja að hún varðaði ekki þetta frv. sjálft. Það er einvörðungu um að afnema þennan einkarétt Mjólkursamsölu og mjólkurbúa. Hins vegar fylgir þessari ráðstöfun það að Mjólkursamsalan í Reykjavík og Kaupmannasamtökin hafa gert með sér samning um framkvæmd málsins sem felur það í sér að Mjólkursamsalan leggur niður allar sínar mjólkurbúðir og kaupmenn ýmist yfirtaka þær, þær verða sameinaðar öðrum búðum kaupmanna, og í sennilega örfáum tilvikum — mjög fáum — verða þær áfram reknar sem mjólkurbúðir. Þetta hefur tvennt í för með sér: Í fyrsta lagi að sá fjöldi kvenna sem hefur haft atvinnu í mjólkurbúðum Mjólkursamsölunnar, þessar konur munu vera eitthvað á bilinu 160—170 talsins, þær missa sína atvinnu. Við höfum lagt á það verulega áherslu að það hefði þurft að sjá fyrir atvinnuöryggi þessara kvenna. Að vísu liggja fyrir yfirlýsingar frá hálfu forráðamanna Kaupmannasamtakanna að þessar konur skuli hafa forgang til vinnu við þau störf sem þær geta við tekið í þeirra verslunum. En það er ákaflega langt frá því að hér sé um nokkra tryggingu að ræða, og ég reikna frekar með að það verði alla vega minni hluti þessara kvenna sem geti áfram fengið vinnu við sitt hæfi í verslunum. Æðistór hluti þessara kvenna er orðinn nokkuð fullorðinn, eru þessu starfi mjög vel vanar og mjög hæfar til þessa starfs, en engan veginn að vita hvernig til tækist hins vegar ef þær ættu að ganga í óskyld verslunarstörf. Það verður að átelja að ekki skuli hafa verið séð fyrir þessum þætti málsins þegar Mjólkursamsalan og Kaupmannasamtökin gerðu þennan samning sín í milli.

Í öðru lagi höfum við bent á að allveruleg hætta sé á að a. m. k. sum bæjarhverfin hér í Reykjavík og þó einkum eldri bæjarhverfin nú orðið, — þetta var öfugt áður, þá voru það fyrst og fremst nýju bæjarhverfin sem voru afskipt, — en með þessari breytingu núna teljum við sem sagt verulega hættu á því að einkum ýmis hverfi í gamla bænum hér í Reykjavík verði afskipt um þjónustu þegar búðir Mjólkursamsölunnar verða lagðar niður. Þetta kemur í ljós þegar skoðað er hvernig staðsetning verslana er. Og það ber sannarlega að hafa í huga að stærsti hluti mjólkursölunnar mun sennilega framvegis verða í stórum verslunum, svokölluðum mörkuðum, stórum mörkuðum og stórum kjörbúðum. Þessar verslanir eru ekki á þessu svæði, og í gamla bænum býr mikið af fullorðnu fólki sem enga aðstöðu hefur til að sækja þessa stórmarkaði.

Það er ekki auðvelt að setja ákvæði í þetta frv. varðandi þessi atriði sem ég hef nú nefnt. Það er í raun og veru, má segja, kannske ekki verkefni frv. sjálfs og þó mætti það vera hið síðara a. m. k. En maður skyldi vona þó að Mjólkursamsalan gengi ekki lengra í þeim efnum að leggja niður sínar búðir, þrátt fyrir þann samning sem hún hefur gert við Kaupmannasamtökin, en svo að þjónustu við þetta fólk verði borgið.

Í þriðja lagi höfum við lagt áherslu á atriði sem kemur fram í umsögn borgarlæknisins í Reykjavík varðandi frv. Í umsögn hans koma fram ýmis athyglisverð atriði, og ég vil leyfa mér — með leyfi hæstv. forseta — að nefna hér tvö atriði og lesa þá úr hans umsögn. Hann hefur þá getið þess að alltaf hafi verið hið ágætasta samstarf milli heilbrigðisyfirvalda borgarinnar og Mjólkursamsölunnar varðandi allan útbúnað, geymsluaðstöðu og afgreiðsluaðstöðu fyrir mjólk og mjólkurvörur í búðum Samsölunnar. Og það verður áreiðanlega að segjast að einmitt búðir Samsölunnar langflestar hafa verið til fyrirmyndar á þessu sviði. Síðan segir í umsögn borgarlæknis á þessa leið:

„Það hefur komið fram af hálfu Kaupmannasamtakanna að æskilegast væri að öll mjólkursala ætti sér stað úr matvöruverslunum, en ekki verði sérstakar mjólkurverslanir, svo sem verið hefur hingað til mjög víða. Með því að allar mjólkurbúðir Mjólkursamsölunnar verði seldar er möguleiki á að hinum sérstöku mjólkursöluverslunum fækki mjög, en í staðinn sæki kaupmenn um að fá að selja mjólk og matvöru úr öllum nýlenduvöruverslunum sínum. Fram til þessa dags hefur mjólkurdreifing úr verslunum kaupmanna verið leyfð á allmörgum stöðum í borginni. Aðstaða til mjólkursölu í þessum verslunum er mjög misjöfn og víða ófullnægjandi, en þar hefur heilbrigðiseftirlitið orðið að láta undan kröfum um leyfi til mjólkursölu vegna skorts á mjólkurbúðum í viðkomandi hverfum. Síðari ár hafa eingöngu stærstu verslanir fengið leyfi til mjólkursölu og þá gerðar strangar kröfur til aðstöðu og alls útbúnaðar sem ekki hefur verið hægt að fullnægja í minni verslunum."

Síðan ræðir borgarlæknir um þau skilyrði sem muni verða sett af hálfu heilbrigðisráðs til þess að búðir fái leyfi til mjólkursölu. Og hann ræðir síðan um í framhaldi af þessu að fjöldi kaupmannaverslana, sem hingað til hafi haft leyfi til mjólkursölu, verði nú að sækja um leyfi að nýju ef mjólkurbúðir Samsölunnar verði lagðar niður. Hann lýkur síðan umsögn sinni á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Er það því eindregin ósk mín að hv. þn. afgreiði ekki fyrirliggjandi frv. án þess að tryggt verði með einhverjum hætti að sem flestir núverandi mjólkurútsölustaðir Mjólkursamsölunnar verði reknir áfram sem slíkir, því að ella væri hætta á að notaður yrði sá þrýstingur sem áður getur um af hálfu kaupmanna og leiddi til þess að veruleg afturför ætti sér stað í sambandi við þær miklu úrbætur sem átt hafa sér stað á undanförnum árum varðandi geymslu og hreinlætisaðstöðu á útsölustöðum þeirrar viðkvæmu vöru sem mjólk og mjólkurafurðir eru.“

Þarna kemur sem sagt fram hjá borgarlækni verulegur uggur um að það muni slakna verulega á því, að nægjanlegar heilbrigðiskröfur verði gerðar til þeirra verslana sem með mjólkina fara í smásölu nú, þegar þessi umskipti hafa átt sér stað. Á þetta höfum við lagt ríka áherslu, að þetta yrði verulega athugað, og með þeim lengda umþóttunartíma, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., trúi ég að það ætti að vera hægt að ganga frá þessum málum ef allir þeir aðilar, sem eiga að sjá um framkvæmd, ganga vel fram í því efni.

Þegar n. ræddi við forustumenn Kaupmannasamtakanna kom fram mjög eindregin vilji hjá þeim til þess að séð yrði til þess að allir heilbrigðis- og hollustuhættir svöruðu til fyllstu krafna sem heilbrigðisyfirvöld gerðu. Ég vil vænta þess að það standi ekki á að þetta verði svo í framkvæmd. Það er talið t. d. að í þessum stórmörkuðum eigi að vera mjög hægur vandi að hafa þetta í sem bestu lagi. Nú er mér kunnugt um að í einni allra stærstu versluninni, sem afgreiðir mjólk núna, vantar ákaflega mikið upp á að hún hafi nægar kæligeymslur fyrir þá mjólk sem hún tekur á móti, t. d. á föstudögum, sem er langhæsti söludagurinn, því að í þessum verslunum kaupir fólk mjólkina jafnan til heillar viku. Og þá er mörg þúsund lítrum hrúgað inn á gólf verslunarinnar og látið standa þar í stofuhita. Þetta er náttúrlega atriði sem undir engum kringumstæðum má viðgangast, ekki undir neinum kringumstæðum. Við leggjum sem sagt mikla áherslu á að við framkvæmd þessarar breytingar verði mjög stranglega fylgst með því að þær verslanir, sem fá leyfi til mjólkursölu, uppfylli ströngustu skilyrði á þessu sviði heilbrigðismálanna sem heilbrigðisyfirvöld gera.

Þetta eru helstu aths. sem við höfum gert við framkvæmd þess sem verður með breytingunni á mjólkurlögunum sjálfum eða framleiðsluráðslögunum. En þrátt fyrir þær aths., sem við höfum gert hér að lútandi, hefðum við verið reiðubúnir til þess að samþykkja þessa breytingu á lögunum, breytinguna á því að einkarétturinn á smásölu til handa Mjólkursamsölu og mjólkurbúum yrði afnuminn, og teljum það eðlilega þróun.

En þá kem ég að þeim kafla frv. sem við með engu móti getum orðið sammála meiri hl. um, og það eru breytingarnar sem felast í síðari greinum frv. Við höfum getað orðið samferða meiri hl. varðandi þær breytingar sem eru í frv. aftur að 8. gr. þess, eða 9. gr. sem verður ef brtt. eru samþykktar, þ. e. a. s. breyting á 30. gr. laganna. Og þó einkum og sér í lagi getum við ekki fallist á þær miklu breytingar á framleiðsluráðslögunum, sem felast í breytingunni á 40. gr., og þær breytingar, sem liggja fyrir í brtt. meiri hl. við 9. gr. frv., sem yrði þá 10. gr., en þetta eru allt saman breytingar á 40. gr. laganna. Ég ætla ekki í neinum smáatriðum að fara að telja þetta upp, en það, sem hér er um að ræða, er að við mótmælum algerlega að þau nýmæli og þær breytingar verði nú á lögunum gerðar sem fela það í sér að verðjöfnunargjald af öllum búvörum skuli reiknast inn í dreifingarkostnaðinn, það skuli skilyrðislaust tekið fram í lögunum að þetta skuli gert. Ég bið menn að athuga að þetta eru alger nýmæli í lögunum ef samþ. verður.

Í öðru lagi er einnig tekið fram um fjármagnskostnað sláturhúsa og mjólkurbúa að það skuli heimilt að reikna fjármagnskostnað þessara vinnslustöðva inn í verðjöfnunargjaldið og þar með í dreifingarkostnaðinn. Um hve stóra hluti hér getur verið að ræða skal ég ekki fullyrða, en ég hygg að nú sé t. d. í undirbúningi á Norðurlandi, á Akureyri, mjólkurstöð sem muni kosta 100 millj. Þetta er einnig algert nýmæli í lögum. Nú ætla ég ekki að fullyrða að það geti ekki komið til álita að taka þennan kostnað að einhverju leyti inn í afurðaverðið til neytenda, búvöruverðið. En að gera það svona afdráttarlaust í lögum eins og hér er gert og við þær aðstæður sem nú eru, það teljum við algerlega fráleitt.

Þá vil ég koma að því atriði líka sem er náttúrlega það alversta, sem var í þessu frv. þegar það er lagt fram og sýnir hvers konar vinnubrögð hafa verið viðhöfð við samningu þessa frv., sem má alveg með endemum teljast. Ég vil þá byrja á því að minna á 12. gr. laga um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu o. fl. Það var svo hér á árum áður að æðimikið var um útflutning á búvörum, útflutning sem ekki var á því verði sem svaraði til þess verðlags sem ákveðið var hér innanlands. Þetta var orðið svo að það var með öllu óbærilegt að bæta ofan á verðlagið innanlands öllum þeim upphæðum sem þurfti til að bændur fengju það grundvallarverð, sem svaraði til þess tilgangs laganna að þeir hefðu sambærilegar tekjur við aðrar vinnandi stéttir. Þetta leiddi síðan til þess að í árslok 1958 var að kröfu verkalýðssamtakanna og fyrst og fremst Alþýðusambandsins gert samkomulag við þáv. ríkisstj., og landbrh. í þeirri ríkisstj. var hv. 1. þm. Sunnl., Ingólfur Jónsson, — samkomulag sem felst í því að 12. gr. var þá sett inn og í henni segir, með leyfi hæstv. forseta: „Óheimilt er að bæta upp söluverð landbúnaðarvara á erlendum markaði með því að hækka söluverð þeirra innanlands.“ Síðan var tekin upp sú regla að 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar, útflutningur á því skyldi verðbættur úr ríkissjóði með útflutningsuppbótum. Þetta fyrirkomulag hefur síðan verið í gildi og er náttúrlega alger grundvöllur þess að neytendur geti sætt sig við það fyrirkomulag

á verðlagningu búvara sem verið hefur. En í þessu frv., eins og það var lagt fyrir hér í upphafi, breytingunni við 40. gr. laganna, þ. e. 9. gr., segir svo:

„Heimilt er að taka verðjöfnunargjald af öllum búvörum til að jafna halla af útflutningi, ef verðábyrgð samkv. 12. gr. nægir ekki.“ Í þessu sama frv. er svo ákvæði um það að verðjöfnunargjald af búvörum skuli fara inn í dreifingarkostnaðinn, reiknast inn í hann alveg skilyrðislaust. Með þessu ákvæði var augljóslega að því stefnt að afnema þetta grundvallaratriði sem felst í 12. gr. sem ég áðan las.

Ég verð að segja það, að ég vona að hér hafi verið um afglöp hæstv. landbrh. að ræða, en ekki ásetning, og vil ég þó spyrja hreinlega um hvort svo hafi verið. Hérna er um geysilega mikilvægt atriði að ræða. Þessu var breytt í meðferð n. og tekin af tvímæli um að þetta raskar ekki 1. mgr. 12. gr. sem ég las hér áðan. En þegar svona hlutir geta gerst og lagt er fram frv. af hæstv. landbrh., stjfrv., sem auðvitað ríkisstj. öll er búin að leggja blessun sína yfir, — þegar svona afglöp geta gerst í frv., — ég vona að það séu afglöp, sé ekki annað verra, — þá er ekki alveg að ástæðulausu að maður sé tortrygginn þegar á að setja hvers konar verðjöfnunargjald af búvörum inn í dreifingarkostnaðinn, þá geti leynst tilhneiging til þess að hafa verðjöfnunargjaldið kannske svo hátt að eitthvað væri upp á að hlaupa í þeim tilgangi, sem felst í e-liðnum sem ég hér las áðan, breyting á 40. gr. Ég vil enn fremur undirstrika það — að Framleiðsluráðið, sem um þessi mál fjallar, er einvörðungu skipað fulltrúum Stéttarsambands bænda og sumum þeirra tilnefndum af vinnslustöðvunum, stærstu vinnsluaðilunum í þeim greinum sem hér er um að ræða. Ég vona að mér fyrirgefist það þó að það læðist nokkur tortryggni að.

Þessi nýmæli eru sett inn í lögin núna á sama tíma og má segja næstum á sömu stundu og verið er að setja á laggirnar og kalla til starfa nefnd manna sem á að hafa það verkefni að endurskoða lög um Framleiðsluráð, en endurskoða þó sérstaklega allt verðmyndunarkerfi landbúnaðarvaranna. Verkalýðshreyfingunni hefur verið boðið að eiga aðild að þessari endurskoðun og Alþýðusambandið, sem er sá aðili, hefur fyrir allnokkru skipað fulltrúa sinn í n. En einhverra hluta vegna hefur þessi n. ekki enn verið kölluð til starfa. Það gefur auga leið að vissulega hljóta allir neytendur og verkalýðssamtökin kannske alveg sérstaklega að hafa mikinn hug á því að eiga aðild að þessari endurskoðun. En það læðist að manni sá grunur að þetta starf sé ekki enn þá hafið, kannske einmitt til þess að áður en það hæfist væri búið að keyra í gegn þá breytingu á lögunum, sem hér er að stefnt. Ég sé þá ekki til hvers væri í raun og veru fyrir t. d. Alþýðusambandið að eiga fulltrúa í slíkri n. Ég sé ekki annað en það sé vísvitandi með þessum breytingum stefnt að því að eyðileggja störf þessarar n. áður en hún hefur þau, sem sagt að rifta þeim grundvelli sem gæti verið til einhverrar vitlegrar stefnumótunar í þessum efnum.

Það er af þessum sökum sem við hv. 2. landsk. þm., sem skipum minni hl. landbn., getum ekki með nokkru móti fallist á, að frv. verði samþ. eins og það nú er, og leggjum því til að það verði fellt. Og þá er engin samstaða heldur um mjólkurmálin sem vel hefði þó verið hægt að koma hér á. Ég tel alveg fráleitt, þegar verið er að reyna að leita samstöðu um afgreiðslu mjólkurmálsins, að rugla þá saman jafnóskyldum hlutum og gert er með þessu frv.

Hv. frsm. meiri hl., Stefán Valgeirsson, gat þess í sinni framsögu að það ríkti nú engin bjartsýni hjá bændum um breytingar á framleiðsluráðslögunum í sambandi við þá endurskoðun sem hugsuð er. Hann sagði að ég hefði talað í miklum hneykslunartóni fyrir nokkrum dögum um þær breytingar sem fælust í þessu frv. Ja, hvort það hneykslar einn eða annan, það læt ég mér í léttu rúmi liggja. En ég hef endurtekið hér það sem ég sagði þá og kannske með enn þyngri orðum.

Hann talaði um að frv. og þær breytingar, sem í því felast, verkaskiptingin milli búanna o. s. frv., eins og hann hafði orðað það, kölluðu á aukna verðjöfnun, þ. e. a. s. meira verðjöfnunargjald. Og þá er komið að því, sem mörg okkar hafa kannske haldið og borið í huga sínum að sú breyting, sem verið er að gera á framleiðsluráðslögunum með því að fá kaupmönnunum alla mjólkursöluna í hendur, verði einmitt til þess að verðlagið á búvörunum og mjólkinni alveg sérstaklega verði hærra til neytenda vegna breytingarinnar. Þetta liggur í orðum hv. þm. Stefáns Valgeirssonar, vegna þess að allt verðjöfnunargjald á samkv. frv. að fara inn í dreifingarkostnaðinn, auk þess, — ég skal ekki fara nánar inn á það, ég tel að það muni fljótlega sýna sig — að kaupmenn þurfa að fá meira fyrir smásöluna á mjólkinni en Samsalan hefur látið sér nægja. Og það verður að segja Samsölunni og yfirleitt þessum fyrirtækjum til hróss að dreifingarkostnaði hefur verið haldið hér mjög í skefjum. Það skal ég fyllilega viðurkenna. En ég tel verulega hættu á því að þarna verði breyting einmitt með því að fá kaupmönnunum mjólkina einvörðungu í hendur.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson lagði á það þunga áherslu að allar þessar ráðstafanir, með fjármagnskostnaðinn, með verðjöfnunargjaldið, ættu að verða til þess að tryggja bændum það sem lögin eiga að tryggja þeim, þ. e. a. s. sömu tekjur og viðmiðunarstéttirnar hafa. Ég hef alltaf út af fyrir sig verið mjög hlynntur þessu ákvæði í lögum, að bændur skyldu bera úr býtum fyrir störf sín eitthvað svipað og vinnandi fólk í bæjunum hefur. Eg hef hins vegar alla tíð verið mjög efins um, — og ekki efins um, ég er alveg sannfærður um að þessu marki á ekki að ná einvörðungu með því að ákveða útsöluverð á búvörum og með því skuli þeir, sem verst eru settir, fá þessar viðmiðunartekjur. Samsetning bændastéttarinnar er á þann veg að þetta er röng aðferð, hreinlega röng aðferð. Við skulum hugsa okkur að það þyrfti að hækka búvörurnar um — það er alveg sama hvaða upphæð maður nefnir, við skulum segja 10%, þá er alveg öruggt að þriðjungur af bændastéttinni, til þess að hann

fengi það sem hann virkilega þyrfti að fá, þá er þessi aðferð með verðlagningu búvaranna algerlega ófær. Þessi þriðjungur fær kannske, ja hvað eigum við að segja, í hæsta lagi 10% af þeirri hækkun sem væri ákveðin, í hæsta lagi það og sennilega þó minna, á meðan hinir, ⅔, fá langt umfram það sem þeir þyrftu á að halda. Þess vegna á ekki að hafa þennan hátt á. Það á að breyta hér um. Og það er m. a. þetta sem væri verkefni þeirrar endurskoðunarnefndar að fást við sem gert er ráð fyrir, að hefji störf bráðlega.

Ég verð nú að spyrja hv. þm. Stefán Valgeirsson og mættu nú raunar fleiri svara hér um það, hvort þeir telji í raun og veru verðlagsmálin einhlít til þess að jafna kjör bændastéttarinnar innbyrðis, eins og þyrfti að gera. Ég held að það sé fráleit leið og allt of dýr. Það er hægt að fara aðrar leiðir sem ná markinu betur og eru ódýrari.

Ég get nú látið máli mínu lokið, en vil aðeins undirstrika það, að með þeirri samsetningu á frv. og þeim ákvæðum öllum, með því að blanda saman svona óskyldum málum eins og ég hef hér rakið, þá sjáum við okkur ekki fært að standa að samþykkt þess og leggjum til að það verði fellt. Það væri í raun og veru hægt að tala hér miklu lengra mál um þetta og ýmis atriði, sem hann kom inn á, en ég ætla ekki að teygja tímann frekar núna.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Hv. 7. þm. Reykv., frsm. minni hl., sem var að ljúka hér máli sínu, flutti ræðu sína eins og hans er von og vísa að mestu leyti með hófsemi og kurteisi, eins og hann er þekktur að. Hins vegar voru nokkur atriði sem hann vék að mér sérstaklega, sem ég mun samt ekki fara að taka neitt illa upp, enda voru þau á misskilningi byggð. En til þess að taka af allan vafa um það, þá vil ég taka fram strax að það var aldrei með minu samþykki gert að þetta ákvæði komst inn í frv., að verðjöfnunargjaldið, sem tæki til útflutnings búvara, ætti að ganga inn í verðlagið. Það hefur farið af vangá í gegnum prentun. Mér var algerlega ókunnugt um það, enda aldrei komið til hugar að það væri hægt að halda hvoru tveggja: gamla ákvæðinu, sem ég man vel eftir frá mínum fyrstu þingárum hér og reyndar úr mínum búskap, og svo hinu, sem síðar kom til þess að tryggja það. Hins vegar hefur alltaf verið ákveði um að mega jafna þetta hjá stéttinni innbyrðis, og það, sem í raun og veru skorti þar helst á, var að mega jafna á milli vöruflokka þar sem ekki hefur verið gert. Þetta vil ég nú segja alveg afdráttarlaust og skal þá um leið játa það, að auðvitað má segja að ég hefði átt að gæta þess arna. En ég veit að þessi hv. þm. er það þingvanur og það sanngjarn maður að hann gerir sér grein fyrir því að það er ómögulegt fyrir ráðh. að fylgjast með prófarkalestri á hverju frv. sem hann kann að flytja. Hitt verð ég náttúrlega að játa að mér hefur yfirsést að taka eftir þessu í upphafi. (Gripið fram í.) Ja, það gerir maður nú yfirleitt ekki, að lesa yfir handritið, það verður maður yfirleitt að láta sína samstarfsmenn gera. Og auðvitað gæti manni líka yfirsést eins og þeim, þótt maður læsi yfir handrit. Ráðh. leggur aftur línurnar þegar frá þessu er gengið. Og venjan er sú, þegar um breytingar er að ræða, að fara yfir það sem breytt er og maður er búinn að leggja fyrir að breyta ætti, en ekki önnur atriði, og ég er nú ekki algerlega með á því hvernig þetta hefur getað skeð. Ég hygg að það hafi bara fallið niður viðbótin þarna um að þetta ætti ekki að gerast með þessum hætti.

Út af því sem hv. þm. ræddi um skipun n. til þess að endurskoða framleiðsluráðslögin og af hverju það væri ekki komið í verk, þá skal ég einnig gefa skýringu á því. Það er af þeirri einföldu ástæðu að tilnefning þeirra aðila, sem átti að tilnefna, hefur gengið mjög seint og það var rekið mjög eftir þessu. Síðast voru vinnuveitendur búnir um páskana að tilnefna aðalfulltrúa sinn, en eru nú loksins búnir að tilnefna varafulltrúa, svo að nú liggur þetta fyrir og er ekki annað eftir en ganga frá bréfinu til þeirra aðila sem skipaðir verða í n. Ég hafði ætlað mér að vera við það riðinn að semja það bréf, en síðustu dagar hafa ekki verið rólegir dagar til þeirra verka svo að ég mun nú gera það eins fljótt og ég hef tíma til.

Hins vegar vil ég segja það út af því sem hann sagði hér, að eins og hann man, meðan fyrrv. stjórn sat, þá flutti ég frv. um þetta efni eftir að n. hafði þá unnið að því og var sammála um að gera þessa breytingu. Og ég er honum sammála um það atriði, að þó að Mjólkursamsalan hafi unnið mikið og gott verk, og ég þakka honum lofsamleg ummæli um hennar störf, þá er okkur það báðum ljóst að sú breyting hefur orðið á að það er ekki hægt að komast hjá því að breyta því skipulagi sem nú er. Áður en ég fór að fara með þessi mál sem ráðh., þá var mér þetta ljóst, m. a. af kynnum mínum af dreifingu mjólkur hér í bænum. Eftir að ég fór að halda hér nokkurs konar heimili, þá sá ég að þetta gat verið óheppilegt og ekki alls kostar ánægjulegt. T. d. kynntist ég því að ágæt kjörbúð, sem hefði að sjálfsögðu átt að selja mjólk, en er kannske farin að selja mjólk núna, mér er ekki kunnugt um það, — hún hafði ekki mjólkursölu, en lítið bakarí, sem var þarna skammt frá, hafði aftur mjólkursöluna í sínum höndum. Ég er nú ekki fyrir að fara oft í búðir, en þurfti þess þá stundum vegna þess að konan mín var þá ekki hér, og þá hafði ég aldrei farið í þetta bakarí til innkaupa, heldur bara í kjörbúðina sem var þarna í grenndinni og var mjög skemmtileg. En vegna mjólkurkaupanna varð að gera það. Svona smáhlutir geta auðvitað alls staðar gerst og hljóta alltaf að gerast og eru ekki til að benda á nema sem lítið dæmi um hvernig þróunin hefur breytt þessu.

Sama er að segja um umbúðirnar á mjólkinni nú og þegar Mjólkursamsalan hóf sitt lofsverða starf. Þar er náttúrlega orðin geysileg breyting. Þá var mjólk mikið seld í lausu máli, síðar í flöskum. Nú er hún seld í hyrnunum, eins og kunnugt er, og er allt annað og getur farið vel í hvaða búð sem er. En hitt er alveg rétt, að nauðsynlegt er að kæling sé þarna í lagi.

Út af konum þeim, sem vinna að dreifingu mjólkur, þá ræddi ég það á sínum tíma við forstjóra Mjólkursamsölunnar þegar var verið að

vinna að þessum málum að það bæri brýna nauðsyn til að huga að því að þær þyrftu ekki að missa sína atvinnu við þessa breytingu og yrði því að fara að þessu með gát í öllum atriðum. Hann tók mjög vel undir það, og ég vona því að það verði reynt af fremsta megni og það muni takast að reyna að bæta úr því. Að vísu er ekki hægt í því sambandi frekar en í öðru að tryggja þetta fullkomlega og það hefði ekki heldur verið hjá Samsölunni sjálfri, því að auðvitað hefði hún orðið að gera breytingu á rekstri sínum í einstaka tilfellum þó að hún hefði haldið þessu svona áfram, og eins og hv. 7. þm. Reykv. tók fram, þá hefur breytingin orðið veruleg þrátt fyrir þetta einkasöluleyfi. Astæðan til þess að ég bar þetta fram nú í vetur, því að ég hafði hugsað mér að tengja þetta endurskoðun á aðallögunum, var samþykkt sem ég fékk frá stjórn Samsölunnar þar sem hún óskaði eindregið eftir því að frv. yrði flutt, og það taldi ég að væri gert frá hennar hendi vegna hugsanlegs samkomulags um þær breytingar sem hún þyrfti að sjá um á sínum eignum sem hún hættir að starfrækja eftir þessa breytingu. Það er af þeim ástæðum sem þetta frv. var nú fram borið. Og það er ekki heldur að mínu mati neitt verra, þó að þessi breyting sé fram komin um leið og heildarlögin eru endurskoðuð því að það má þá taka tillit til þeirra framkvæmdagalla sem geta komið fram við þessa breytingu. Ég geri ráð fyrir að heildarendurskoðunin taki sinn tíma.

Ég vil taka undir það með hv. 7. þm. Reykv. að brýna nauðsyn ber til að gæta eins og fyrr fullkomins og hins mesta eftirlits með hreinlæti og hollustuháttum, og ég sé enga ástæðu til að það ætti ekki að vera hægt hér eftir sem hingað til. Heilbrigðisyfirvöld bæjarins hljóta að sjálfsögðu að segja til um það, og hraðinn í þessu verður að vera með þeim hætti að það má ekki ganga út á það. Mér finnst þau ummæli heilbrigðisyfirvalda um framkvæmdir Samsölunnar mjög þakklætis- og lofsverð, en ég sé ekki ástæðu til annars en það ætti að vera hægt að líta eftir hinu. Auðvitað eru í þessu veilur eins og hv. 7. þm. Reykv. gat um í einni stórverslun, þar sem hann taldi að ekki væri nógu vel fyrir kælingu á mjólkinni séð nú þegar vegna þess hve mikið magn væri selt þar. Þetta er að sjálfsögðu eitt af þeim atriðum sem þarf að hafa mjög í huga í sambandi við þessa breytingu og þá þróun sem hún kann að hafa í för með sér.

Út af þeim þætti sem hann vék að áðan og ég er nú búinn að skýra og mun ekki fara neitt að munnhöggvast um það hvort vísvitandi hafi verið stefnt að einhverju sem maður taldi sig ekki vera að gera, þá tel ég mig nú hafa gert grein fyrir því og ætla ekki að fara að orðlengja frekar um það. En út af dreifingarkostnaðinum, þá tel ég að það eigi með þessu frv. að vera tryggt að honum verði haldið í skefjum þar sem sami aðilinn, sem ákveður dreifingarkostnaðinn nú, á að gera það, því að Sexmannanefnd á að ákveða dreifingarkostnaðinn, og ég held að það mundi verða álíka hér eftir sem hingað til. Auðvitað hefur hún í verðlagningu sinni á búvörum orðið að taka tillit til dreifingarkostnaðarins bæði í sambandi við mjólk og kjöt, og stundum hefur verið að Mjólkursamsölunni höggvið um það að dreifingarkostnaðurinn væri óeðlilega mikill. Mér finnst hins vegar mjög ánægjulegt að heyra að hv. 7. þm. Reykv. segir það hér og nú að það verði að viðurkennast að dreifingarkostnaði af hálfu Mjólkursamsölunnar hafi verið haldið í skefjum. Ég get svo sem tekið undir það að ég treysti henni betur heldur en kaupmönnum almennt. En ég held að það sé jafnljóst, að hvað sem því líður, þá var ekki unnt hjá þessari breytingu að komast því að þróunin leiddi til þess. Það er þannig að húsmæðurnar fara yfirleitt orðið í stærri búðirnar og þá vilja þær fá mjólkina þar líka. Þessu held ég að við verðum að gera okkur grein fyrir.

Út af fjármagnskostnaðinum, þá veit ég ekki betur en tillit til hans hafi verið tekið í framkvæmd í sambandi við ákvörðun Sexmannanefndar um langt árabil. Og ég þykist muna það frá því að ég fór í fyrsta sinn í framboð í Vesturlandskjördæmi, — það var ekki þegar ég fór í fyrsta sinn í framboð í Mýrasýslu, — þá var það einn af frambjóðendunum sem ræddi mikið um byggingu Mjólkurbús flóamanna sem honum fannst firn mikil og fráleitt að vera að framkvæma, þó að allir muni nú telja að gott hafi verið að þá hafi verið gert og ljóst er nú að Mjólkurbú flóamanna er ódýr bygging. Þess vegna held ég, enda fannst mér það koma fram í ræðu hv. 7. þm. Reykv., að þetta hafi verið gert. Hins vegar taldi hann líkur fyrir því að þetta yrði gert með meiri hörku en áður hefur verið, og sé ég ekki ástæðu til að ætla það. Auðvitað er aldrei hægt að fortaka neitt í slíkum efnum. Það getur verið bundið við einstaklinga á hverjum tíma sem um fjalla. En í Sexmannanefnd verður þetta meðhöndlað og þannig hefur það farið að í langtum fleiri tilfellum hefur orðið samkomulag í Sexmannanefnd um verðlagningu heldur en til árekstra hafi komið. Það finnst mér sönnun þess að það megi reikna með að svo muni einnig verða hér eftir þrátt fyrir þessa breytingu.

Út af því sem hv. 7. þm. Reykv. sagði, að hann hefði verið fylgismaður þess að bændur hefðu sömu tekjur og viðmiðunarstéttirnar, þá efast ég ekkert um að hann mælir þar rétt. En á hitt vildi hann benda, að vöruverðið með þeim hætti sem gert væri, þar sem ég gat ekki skilið annað en hann áliti að það væri miðað við að tryggja hinum minnsta að hann næði þessu marki, það hlyti að leiða til þess að sá stærsti hefði miklu meira. Nú tel ég ekki að um það sé að ræða í sambandi við vísitölubúið, því að vísitölubúið er stærra bú en minni búin, en aftur minna bú en stærri búin. Það hefur líka komið í ljós við athugun, sem Búreikningaskrifstofan og starfsmenn Búnaðarfélags Íslands hafa gert á þessu, að það eru meðalbúin sem gefa bestu raun í raunverulegum tekjum bænda. Það er líka afskaplega einstaklingsbundið á marga vegu hvar nettótekjurnar verða mestar. Ég held að þetta eigi við í atvinnurekstri yfirleitt. Ég held að það séu ekki allaf þeir, sem aflahæstir eru, sem koma með bestu útkomuna í sambandi við útgerð á skipunum, það sé margt fleira sem komi þar til, eins og nýtni og aðgæsla og fleira þess háttar sem einnig getur verið hjá þeim aflamiklu, en þarf ekki alltaf að vera það. Ég held að það sé líka alveg sama í hvaða stéttir við förum. Það

eru misjafnar tekjur hjá öllum stéttum. Og ég held að það sé t. d. mjög áberandi í iðnaðarstéttunum að þar séu misjafnar tekjur manna. Þess vegna eru öll slík meðaltöl eins og þetta auðvitað ekki hið raunverulega verðlag, heldur er það viðmiðunaratriði sem notað er til verðákvörðunar. Eins er það svo, að það eru mörg ár sem þetta viðmiðunarverð hefur ekki náðst og það hefur verið misjafnt eftir héruðum. Á s. l. ári mun það ekki hafa náðst nema á einstaka stöðum og mun hvorki hafa náðst í mjólk né kjöti. Og það er enginn vafi á því að sumar eins og s. l. sumar hefur veruleg áhrif á afkomu bænda á þessu ári, eins og náttúruöflin hafa í sambandi við þá sem slíkan atvinnurekstur stunda. Þetta veit ég að hv. 7. þm. Reykv. er ljóst og hann gerir sér fullkomlega grein fyrir. Ég verð að segja það, að ég harmaði alltaf þegar hann hætti störfum í Sexmannanefnd á sínum tíma og tel að það hefði verið betur farið að Alþýðusambandið hefði haldið áfram að eiga þar fulltrúa.

Hv. 7. þm. Reykv. kom einnig inn á að það gæti verið fleira en verðlagsmálin, það væru ekki þau einhliða sem væru afgerandi um að tryggja kjör bænda miðað við aðrar stéttir. Þetta er alveg rétt. Í frv. að framleiðsluráðslögum, sem ég lagði hér fram á sínum tíma, þá sem landbrh. í vinstri stjórninni, kom þetta fram. Þá var tekin upp sú hugmynd að gera að reglu að semja við ríkisvaldið um verðlagið og meta þá fleira en verðákvörðunina til tekna í því skyni. Þessi regla, sem þar var sett fram, er notuð í Noregi og fyrirmyndin að henni var fengin þar. Ég er ekki svo sem neitt öruggur um að sú aðferð muni reynast betur en sú að semja stétta á milli um þetta verðlag. En það hlýtur að verða eitt af þeim atriðum sem kemur til skoðunar hjá n. þeirri sem fjallar um framleiðsluráðslögin, einmitt þetta, hvort á að fara inn á þá braut að semja við ríkisvaldið eða semja við neytendur vörunnar. En þar er einnig hægt að koma þessari hugmynd að sem hv. 7. þm. Reykv. drap hér á áðan.

Ég skal nú ekki fara að þreyta menn með lengra máli um þessi atriði sem komu fram í ræðu hv. 7. þm. Reykv. Ég vona að ég hafi tekið það fram sem mestu máli skiptir í því sem hann sagði hér áðan og það sem sagt hafi komið til skila þar sem mér fannst að misskilnings gætti. En ég vil að lokum taka það fram að ekkert er mér nær skapi heldur en að samstarf geti verið á milli neytenda og framleiðenda um þessi efni, og ég hef alltaf haft trú á því að farsælasta leiðin væri sú að samningar gætu verið þar í milli og það væri hagsmunamál beggja aðila. Hins vegar er mér það fullkomlega ljóst að í kröfuþjóðfélagi nútímans er kannske mjög erfitt að koma því við, jafnvel þótt að bestu manna yfirsýn á báða vegu væri reynt að halda slíku til haga og koma því saman. Ég efast ekkert um að þeir, sem hafa mikla reynslu úr stéttabaráttu, verða oft og tíðum að haga hlutum á annan veg en þeir sjálfir kysu, ef þeir mættu ráða, og þeim sýndist til mestu farsældar. Ég hef alltaf litið svo á að bændastéttin og fólk í þeim stéttum, sem við köllum í þessu tilfelli viðmiðunarstéttirnar, hafi um marga hluti sameiginlegra hagsmuna að gæta. Þess vegna ætti að vera hægt að koma þessum málum vel fyrir. Það er því von mín að þeir aðilar, sem fjalla um endurskoðun á þessari löggjöf sem ég reikna með að taki nokkurn tíma, jafnvel þó að þeir hafi oft og tíðum lent í kasti og deilum, þá gæti þeir fyrst og fremst þess að reyna að finna farsæla lausn á þessu máli. Ég vona að það verði gert. Og sá aðilinn, sem ég hef ætlað mér að skipa formann í þessari n., er maður sem ég þekki að því að reyna að leita að leiðum með sanngirni og hyggindum og hefur hófsemi í frammi í málflutningi sínum og málsmeðferð. Þess vegna treysti ég því nú, að svo fari að þetta frv., sem hér er til afgreiðslu og ég vona að verði að lögum nú, verði neytendunum og framleiðendunum til gagns og endurskoðun framleiðsluráðslaganna verði það einnig og ekki síður þegar henni er lokið og hún verður að lögum orðin, hvort sem það verður í mínum höndum eða annarra manna sem með þessi mál kunna að fara.

Gunnlaugur Finnsson: Virðulegi forseti. Ég flyt á þskj. 608 brtt. við þetta frv., brtt. sem stendur nokkuð til hliðar við þau efnisatriði sem rædd hafa verið af þeim hv. ræðumönnum sem tekið hafa til máls á undan mér við þessa umr. Brtt. er við 8. gr. l., 2. mgr., og gengur út á lítið innskot í þá grein þar sem gert er ráð fyrir sérstökum ráðstöfunum þar sem mjólkurþörf einstakra byggðarlaga verður aðeins fullnægt með kostnaðarsömum flutningum milli sölusvæða. Ég hef hagað brtt. þannig að hún raski sem minnst tilgangi frv. og efnisatriðum í heild, en er þó að mínu mati þýsna mikilvæg og snertir mál sem ég ræddi þegar frv. þetta var til 1. umr. í öndverðum febrúarmánuði s. l.

Ég gerði þá grein fyrir afstöðu minni til frv., og ég vil vísa til þess, sem ég þá sagði, og sé ekki ástæðu til þess að hafa hér uppi langa tölu varðandi þessa brtt. mína, enda tiltölulega lítill tími. Ég gerði þá grein fyrir því að ég liti svo á, að þrátt fyrir þá kosti, sem voru settir í framleiðsluráðslögin, sem ég hygg að séu að stofni til frá árinu 1947, þá kosti að þar var gert ráð fyrir því að það fengist jafnt grundvallarverð fyrir landbúnaðarvörurnar hvar sem er í landinu, þá teldi ég að þá hafi verið gengið út frá því að aðstaða manna til framleiðslu væri líka nokkuð svipuð. Ég hygg að í því tilviki hafi jafnvel orðið nokkur breyting á, og svo mikið er víst að síðan hefur almennt séð þýsna mikið vatn runnið til sjávar og í þjóðfélaginu hafa á öðrum sviðum verið gerðar ráðstafanir til þess að menn standi sem jafnastir við sinn atvinnurekstur, bæði að því er snertir verð fyrir vöru sem og kostnað vegna atvinnurekstrarins.

Í þessu tilviki vil ég t. d. benda á það, að það tók margra ára baráttu að fá verðjöfnun á olíu. Það þótti í eina tíð ekki sjálfsagt að olía væri seld sama verði hvar sem vera skal um landið. Það hafði þá feikilega mikil áhrif á afkomu atvinnufyrirtækja sem og einstakra heimila hvort kaupa varð olíuna á hinu dýra verðinu eða á því verði þar sem hún fékkst ódýrust.

Það hefur verið rætt um það árum saman að það væri sanngirnismál að raforka væri seld sama verði hvar sem vera skal á landinu. Þar hefur ver-

ið við ramman reip að draga. Söluaðilar olíunnar eða dreifingaraðilar voru aðeins þrír í landinu, en rafveitur í landinu skipta tugum og þar hefur ekki náðst samkomulag né heldur löggjafarvaldið verið reiðubúið til þess að taka af skarið og gera þær ráðstafanir að mönnum yrði tryggð alls staðar raforka á sama verði. Hér er milljónamunur eða meira hjá stórum og sambærilegum fyrirtækjum þar sem raforka er dýrust og þar sem hún er ódýrust.

Fyrir nokkrum árum var mjög mikið rætt um í bændastétt að það bæri að gefa áburðarsöluna frjálsa. Það varð ekki, sem betur fer, vil ég segja. Það skipulag hefur þar gilt að áburður er seldur á jöfnunarverði við hvaða höfn landsins sem vera skal. Áburðurinn er að vísu eitthvað ódýrari látinn á bíla í Gufunesi, en það er líka gert ráð fyrir sérstökum flutningastyrk þar sem lengst er að flytja hann með bílum. Mismunurinn á áburði til bænda er tiltölulega lítill. Munurinn er sem nemur mismunandi hafnargjöldum eða mismunandi kostnaði við uppskipun og afhendingu hans.

Hér má svo aftur á móti bera saman olíu annars vegar og rafmagn hins vegar, áburð annars vegar og fóðurbæti hins vegar. Þar eru innflutningsaðilar fjölmargir. Þar er verðið mjög mismunandi, eflaust bæði eftir innflutningsfyrirtækjum sem og þeim stöðum þar sem verslunin fer fram. Ég gat þess við 1. umr. að með því að fara vægt í sakirnar, mjög vægt í sakirnar, þá mætti reikna með milli 150 og 160 þús. kr. mismun á meðalbúi bara á þessari einu rekstrarvöru. Og enda þótt fundið sé vegið meðaltal fyrir þessa grein, fyrir þennan þátt framleiðslukostnaðar, þá sé ég ástæðu til þess að vekja athygli á því að vægi hinnar dýrari vöru er ákaflega lítið því að hún er tiltölulega dýr í þeim héruðum þar sem framleiðslan er lítil, dýrari en þar sem stærstu landbúnaðarhéruðin eru og framleiðslumagnið er mest og notkun fóðurvörunnar mest. Þess vegna vegur þetta háa verð tiltölulega lítið inn á vegið meðaltal í framleiðslukostnaðinum.

Nú var það ekki svo að ég gerði till. um að það yrði farið í þennan endann í bili til þess að jafna þennan kostnað og þar með rekstrarafkomu búanna. Ég geri mér grein fyrir því að ef það verður gert, þá þarf að setja um það nokkuð nákvæmar reglur til þess að koma í veg fyrir misnotkun. Og ég gerði mér ekki vonir um að það yrði hægt að setja slíkar reglur ef þetta frv. ætti fram að ganga nú á þessu þingi. Ég fór hins vegar eingöngu fram á að tekið yrði upp í frv. eitt lítið heimildarákvæði sem þó var býsna þýðingarmikið, ákvæði um að Framleiðsluráði yrði heimilað að styðja að aukinni framleiðslu á þeim svæðum þar sem nú þegar þarf að fullnægja eftirspurninni með kostnaðarsömum flutningum. Ég geng út frá því sem gefnu að þetta yrði síðar til umfjöllunar Framleiðsluráðs, rn. og Stéttarsambandsins til nánari útfærslu. Ég vil geta þess að Stéttarsambandið í sinni umsögn um frv. lagði til að þetta yrði gert, en landbn. sá sér ekki fært að verða við því.

Ég geri mér alveg grein fyrir því að í slíkri umfjöllun kæmu upp vandasöm mál: Hvenær ætti að taka upp fjárstuðning við ákveðin svæði? Yrði það strax og flytja þarf dýrum flutningum mjólk á milli mjólkursölusvæða, eða yrði það gert þegar um er að ræða alvarlegan árlangan skort? Ég fyrir mitt leyti tel engan vafa leika á um það að hér er um að ræða fyrst og fremst byggðarlög sem eiga í vök að verjast og þar sem ástandið er orðið þannig að árlangur skortur er. Ef það er orðið svo í stærstu héruðum landsins að um skort er að ræða, þá tel ég það mál vera annars eðlis. Þá er það orðið spurning um hvort hlutfallið á milli verðlagningar sauðfjárafurða og nautgripaafurða er rétt og það hljóti að leiðréttast eftir þeim leiðum.

Ég hef lýst því áður að ég telji að einhverjar slíkar aðgerðir séu nauðsynlegar, og ég hef sagt að ég tel að í dag sé þetta virk spurning á einum stað á landinu hvað snertir mjólkurframleiðslu, þ. e. a. s. á sölusvæði Mjólkursamlags Ísfirðinga, þar sem stöðugur samdráttur hefur orðið síðasta áratug. Og ég vil sérstaklega vekja athygli á því að þegar við erum að ræða um fjármagn til þessara hluta, þá er gert ráð fyrir því að verðjöfnunargjald komi til á milli mjólkursamlaga þannig að samsvarandi verð fáist. Með sífellt minnkandi framleiðslu verður rekstur slíkrar stöðvar óhagkvæmari með hverjum mjólkurlítranum sem mjólkurframleiðslan dregst saman um. Og það kann að vera spurning hvenær réttlætanlegt sé að reka mjólkurbú. En það má segja að það sé ekki höfuðverkur þeirra sem að því standa, svo lengi sem verðjöfnunargjald er greitt til þess að tryggja bændum að vissu marki verðlagsgrundvallarverð fyrir þá mjólk sem framleidd er. Ég tel þess vegna að það sé skynsamlegt og við verðum að horfast í augu við þá þróun sem hefur átt sér stað, það sé skynsamlegt að gera fyrir fram ráðstafanir til örvunar sem snýr þessari þróun við. Og þarna er spurning um það hvort Alþ. er reiðubúið til þess að standa að byggðarlegum ráðstöfunum í þá átt sem gert er í Noregi, en þar mun vera heimildarákvæði sem eru framkvæmd og þar sem heimild er notuð til þess að greiða hærra gjald á framleiðsluvörur í vissum landshlutum.

Mér þykir leitt að landbn. skuli ekki vera öll stödd hér í kvöld. Ég sakna hér t. d. hv. 1. þm. Suðurl. Og það hefði gjarnan mátt vekja athygli á og spyrja hvort það væri hugsanlegt, ef slík ákvæði ættu ekki heima í framleiðsluráðslögum, að Byggðasjóður vildi taka slíkt upp í sína stefnuskrá. Ég verð að segja, að ef það væri ekki fyrir hendi, þá má segja að það sé sama hvaðan gott kemur. En ég tel að hér sé um mjög veigamikið atriði að ræða, atriði sem ekki þolir þá bið sem áreiðanlega verður við endurskoðun á framleiðsluráðslögunum, þolir ekki að bíða eftir niðurstöðu varðandi verðmyndunarkerfið í heild og önnur þau atriði sem þar verða tekin fyrir.

Ég held að til þess að snúa þessari þróun við sem ég er að tala um ekki að ástæðulausu og er ekki hégómamál, — ég held að þar verði að vísu að koma til fleiri atriði en þau sem ég er að tala um hér. En það er eitt af þeim atriðum sem verða að koma.

Á þessu svæði er enn öll mjólk flutt í mjólkurbrúsum. Þar er ekki tankvæðing komin á. Í dag er ekki talið hagkvæmt að reisa minna en 40 kúa fjós. Enginn ungur maður hefst nú handa við slíkt ef hann á að flytja alla sína mjólk í mjólkurbrúsum fram og til baka um erfiða vegi.

Þess vegna þarf að koma til annað atriði. Slík breyting getur ekki átt sér stað nema tekið sé á samgöngumálunum. Þar verður að gera vissar lagfæringar til þess að hægt sé að tryggja nokkurn veginn samgöngur að vetri til og flutning á þessum framleiðsluvörum.

Í þriðja lagi vil ég segja að það þurfi þá tímabundnu staðaruppbót sem ég hef verið að tala um og ég hef óskað eingöngu eftir að Framleiðsluráðinu verði gefin heimild til að taka ákvörðun um ef því sýndist að það væri rétt, og ég tel að það eigi að gera.

Og í fjórða lagi tel ég að það þurfi að koma sérstök lánafyrirgreiðsla til þeirra sem vilja reisa fjós og önnur mannvirki til slíkrar framleiðslu. Það dugar þar ekki að þessi atvinnugrein búi þannig að lánsfé að það þurfi að bíða 3 ár eftir því að fá lánafyrirgreiðslu ef viðkomandi aðili ætlar að hefja framkvæmdir. Það dugar ekki, ef ungur maður hyggst stíga það skref og hefur sótt um það á þessu ári, að geta ekki fengið slíka lánafyrirgreiðslu, jafnvel ekki þó að hann hafi sótt um það á s. l. ári, ef hann hefur ekki getað fengið leyfi til þess þá. Og mér er til efs að það mundu margir vera ánægðir með þá möguleika sem fást við atvinnurekstur almennt.

En það er engin hætta á því, eins og stendur, að það reyni á þetta atriði, vegna þess að þeir, sem eru vanir því að flytja mjólk í sínum brúsum, hugsa ekki um hvað langan vinnudag þarf að vinna. Þegar þeir hætta, þá verða engir sem taka við þessari framleiðslu ef þær forsendur verða ekki fyrir hendi sem ég taldi hér upp, fyrstu þrjár. Og ég vil ítreka það, að ég tel að þetta sé ekki aðeins spurning um það hvort sveitir verða byggðar. Þetta er ekki síður, — ég legg á það áherslu, —— þetta er ekkert síður öryggisatriði fyrir íbúana í kaupstöðunum og þorpunum. Það er ekki hægt að fullnægja grein framleiðsluráðslaganna um að þessar vörur skuli vera til á markaði nema þessi framleiðsla eigi sér stað.

Það kann vel að vera að það sé hægt að geyma mjólk lengur en gert hefur verið áður. En ég held samt miðað við þá vetur sem við þekkjum, og það hefur sýnt sig til þessa að það hefur ekki verið hægt að hafa þessar vörur á markaði þannig að þær hafi fullnægt eftirspurn, fyrir utan það hvaða áhrif það hefði svo í byggðalegu tilliti. Niðurstaða mín er þess vegna sú, að ég hef ekki fyrir mitt leyti getað unað þeirri niðurstöðu sem n. komst að. Ég tel að málið þoli ekki bið, og ég tel að þessi þáttur sé jafnþýðingarmikill og þeir aðrir þættir sem fram koma í frv. Þess vegna er það mér að meinalausu þó að þetta frv. verði ekki samþ. á þessu vori og bíði haustsins, ef það tekst að koma þá slíku ákvæði inn.

Frsm. meiri hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Ég vil taka það fram í sambandi við þá brtt., sem hv. 4. þm. Vestf. hefur hér flutt, að þetta mál einmitt, till. svipaðs eðlis var rædd mjög í landbn. og ég gerði ítrekaðar tilraunir til þess að fá meiri hl. n. til að samþykkja hana, en um það tókst ekki samstaða. Það er alveg rétt að þarna er mikill vandi á höndum, t. d. á því svæði sem hann mun aðallega bera fyrir brjósti. Og það er víða vandi á höndum í þessu tilliti. En eins og hefur komið fram í þessum umr. varð ekki samkomulag um aðrar breytingar en n. hefur flutt hér og ég hef talað fyrir áður og þarf ekki að ræða um það frekar.

En það er víðar en í heimabyggð hv. þm. sem eru erfiðleikar í samgöngumálum í sambandi við tankvæðingu. Ég horfi t. d. með miklum kvíða í sambandi við hreppana út með Eyjafirði núna sem eru að tankvæðast, þar sem er mjög snjóþungt, en í sumum tilvikum er vegurinn jafnhár landinu umhverfis og gefur auga leið að það verða miklir erfiðleikar að halda þeim opnum, enda var það veturinn 1975—1976, að tæplega fjórði hlutinn af útsvörunum í Svarfaðardal fór í snjómokstur á þeim vetri, og það segir sína sögu.

Það hefur verið samþykkt í Stofnlánadeildinni að lána 70% út á fjós í sambandi við Inn-Djúpsáætlun, og mér er kunnugt um að Byggðasjóður hefur hætt þar 15% við, þannig að út af fyrir sig geta þeir, sem fá lán á annað borð, sæmilega við unað. Það eru sem sagt 85%. Hins vegar er, eins og hv. þm. minntist lítillega á, þannig ástatt nú um Stofnlánadeildina að hún getur ekki veitt lán til nýrra framkvæmda á þessu ári nema komi nýtt fjármagn til og að mínu mati ríkir þar neyðarástand sem þarf að athuga nánar og fjalla um. En ég ætla ekki að ræða það meira nú. Það verður gert síðar.

Í sambandi við það, sem frsm. minni hl. ræddi um, ætla ég að koma að aðeins örfáum atriðum þar sem hæstv. landbrh. er nú búinn að svara honum í flestum tilvikum. Hann gat um það í sambandi við e-liðinn í 40. gr., taldi það alveg dæmalaust, að það hefði fallið þarna niður mgr. Ég vil nú upplýsa að það féll niður úr frv. meira en þetta, hvernig sem á því stendur. (**EðS:** Hvar týndist það?) Ja, hvernig sem það týndist, því að ég sá handritið og þegar 1. umr. fór fram hér í hv. d., þá hrökk ég við einmitt þegar ég las bæði b- og c-liðinn. Þeir voru á annan veg, hvernig sem á því stendur, því hef ég ekki skýringu á, heldur en var þegar ég las handritið að frv. yfir, eins og hæstv. ráðh. er búinn að gera grein fyrir. En af því að ég var búinn að sjá frv. eða handritið, þá datt mér ekki í hug að lesa það fyrr en einmitt þegar umr. fór fram. Þannig geta nú hlutirnir stundum gerst.

Hv. þm. Eðvarð Sigurðsson ræddi dálítið um meðalbúið, grundvallarbúið, og tekjur bændanna og bar fram spurningu til mín hvort ég áliti, að það væri hægt að jafna kjör bændastéttarinnar með verðákvörðunum einum saman á landbúnaðarvörum. Það er náttúrlega alveg augljóst mál að það er ekki hægt. Ég skal fúslega játa það. En grundvallarbúið er töluvert miklu stærra en meðalbúið er í raun og veru. Grundvallarbúið er miðað við 400 ærgildi, en meðalbúið mun í raun og veru vera um 340 ærgildi eða því sem næst. Og ég held að ég muni það rétt, að meðaltekjur bændastéttarinnar, það hæsta sem þeir hafa náð, er 83%, ef ég man rétt, af kaupi viðmiðunarstéttanna, eins og það hefur verið gert upp, t. d. í hagskýrslum. Það var mikil reynsla fyrir mig, þegar ég fór að athuga þessi mál, bæði í sambandi við kaupfélagið heima og upplýsingar annars staðar, einmitt þetta, sem hæstv. ráðh. minntist á áðan, að meðalbúið hefur gefið bónd-

anum mestar tekjur. Það er eins og stærri búin, þegar þau eru komin yfir vissa stærð, séu óhagkvæmari eða sýni yfirleitt verri útkomu og svo náttúrlega aftur minnstu búin. Það er auðvitað hægt að jafna þetta með ýmsu móti, en það verður líka að gera það í sambandi við verðlagið, það er alveg ljóst. En það er ekki hægt eingöngu.

Hv. þm. Eðvarð Sigurðsson ræddi dálítið um mjólkurbúðirnar í Reykjavík, hvernig borgarlæknir lýsti þeim fyrir okkur í landbn. Það var alveg rétt lýsing á því. En það kom fram í sumum umsögnunum, sérstaklega utan af landi, að þar eru engir heilbrigðisfulltrúar. Þeir eru ekki nema á stærri stöðunum. Og þó að þar séu heilbrigðisnefndir, þá eru þær ekki nema lítið starfandi, og þess vegna lögðu a. m. k. sumir af þeim, sem umsagnir sendu, áherslu á að það yrði gefin út reglugerð. Og ég vil nú beina því til ráðh. að hann hlutist til um að það verði gefin út reglugerð um það efni, hvernig mjólkurbúðir skuli vera útbúnar til þess að heilbrigðisnefndir geti leyft að selja mjólk í slíkum búðum. Það er ekki hætt við því hér í Reykjavík og kannske á hinum stærri stöðum, en það þurfa að vera einhvers konar lágmarksskilyrði í slíkri reglugerð til þess að uppfylla lágmarkskröfur um þetta efni. Ég hef aðeins kynnt mér hvernig þessu er komið fyrir bæði í Danmörku og Noregi, og ég hygg að í öllum tilvikum megi ekki afhenda í verslanir meiri mjólk og slíkar vörur en það sem kemst í kæli hverju sinni. (Gripið fram í.) Já, það megi ekki afgreiða meira en kemst í kælirúmið í hvert sinn. Ég held að það sé lágmarkskrafan. Hins vegar eru ýmsar aðrar kröfur sem borgarlæknir nefndi sem ég mun ekki fara út í hér, sem stangast dálítið á við þau skilyrði sem munu vera sett t. d. á Norðurlöndum, en um það verða kaupmenn og aðrir að kljást við hann. Það verður auðvitað að tryggja að þessi vara skemmist ekki í þessum sölubúðum á nokkurn hátt. Þannig verður að ganga frá þeim málum.

Það er alveg rétt að ég sagði í minni ræðu að sú breyting, sem stefnt er að í sambandi við mjólkursöluna, leiddi það af sér að það þyrfti aukna verðjöfnun í vissum tilvikum, og ég skal koma með dæmi. Þau sýna betur en annað, sérstök dæmi, hvað ég á við. Ég á t. d. við lítil mjólkursamlög eins og eru í Ólafsfirði, þar sem Kaupfélagið þar tekur við litlu mjólkurmagni, nokkur hundruð þúsund lítrum á ári, og hefur ekki tekið neitt í raun og veru fyrir hús eða annað og skilar bændunum því verði sem ákveðið er, sem sagt hefur ekki tekið neitt fyrir nema bara eitthvað lítillega fyrir vinnsluna sjálfa. Nú verður ákveðið heildsöluverð og þá verður Kaupfélagið að láta hina verslunina fá töluvert mikið af mjólkinni. Þessi breyting á þessum stað og þvílíkum leiðir af sér að það verður að koma þarna aukin verðjöfnun út af þessari breytingu.

Hins vegar skal ég ekkert segja um það, það verður reynslan ein sem sýnir það, hvort dreifingarkostnaðurinn vex hér á höfuðborgarsvæðinu við þessa breytingu. Ég hef alltaf óttast að það yrði, en reynslan ein sker úr um það hvort sá ótti er á rökum reistur eða ekki. Ég hef talið að Mjólkursamsalan væri búin að missa þetta úr höndum sér og þess vegna væri ekki um annað að gera heldur en að stíga þetta skref. En það er kannske lærdómsríkt að athuga hvernig þetta er núna í sambandi við dreifingarkostnaðinn. Vinnslu- og dreifingarkostnaður á mjólk í dag er nú 22.61 kr., en umbúðir utan um hvern lítra af sölumjólk, þá er átt við fernur, kosta 7.45 kr., þ. e. a. s. þetta er samtals 30.05 kr., en grundvallarverðið í dag er 61 kr., sem sagt, þriðjungurinn af heildarverðinu er vinnslu-, dreifingar- og umbúðakostnaður. Í sambandi við aftur kjötið, þá er slátur-, dreifingar og heildsölukostnaður í dag 103 kr. á hvert kg og geymslukostnaður og vextir 8 kr. eða samtals 11 kr.

Eins og kom fram hjá hæstv. ráðh. áðan vantar víða á verðið í ár, bæði kjöt og mjólk. Það vantaði 1.70 hjá Flóabúinu, og þeir telja að bara vegna þess að magnminnkun varð, — það var um 6%, ef ég man rétt, minna sem barst að búinu heldur en áætlað var, — munaði 1.13 kr., að þeir telja, vegna þess að það var minna magn en búist var við, og afgangurinn er vegna þess að vinnslu- og dreifingarkostnaðurinn varð meiri en Sexmannanefnd áleit að hann mundi verða. Hér er enn meiri munur á með kjötið. Mér er sagt að það muni vanta allt upp í 7—8 kr. þar sem verst er, þar sem mest vantar.

Hv. þm. Eðvarð Sigurðsson gat um þessa breytingu í sambandi við að taka tillit til fjármagnskostnaðarins og það mætti taka hann með í verðjöfnuninni, en þá er eins og ráðh. sagði, það hefur verið gert. Ég vil bara lesa hér upp 40. gr. í gildandi lögum, b-liðinn: „Mjólk og mjólkurvörur: Greiða skal sérstakt verðmiðlunargjald af allri mjólk mjólkurbúanna til að koma á hentugri vinnuskiptingu á milli búanna svo og til verðmiðlunar milli mjólkursölusvæða eftir því sem Framleiðsluráð telur þörf á, sbr. 4. gr.“ Það hefur verið, eins og ég segi, tekið tillit til þess kostnaðar sem leiðir af þessari vinnuskiptingu. Hv. þm. gat um að nú væri verið að byggja stórt mjólkursamlag norður á Akureyri. Það er rétt. Það er byggt að ósk Framleiðsluráðs og á fyrst og fremst að framleiða þar ost sem er kallaður óðalsostur og er hægt að fá fyrir hann í útflutningi þrisvar sinnum meira en fyrir þann ost sem nú hefur verið hægt að framleiða í hinum ýmsu búum. Þá er náttúrlega spurningin: Á Kaupfélag eyfirðinga að fá hagnaðinn af því að vinna þennan ost? Bóndinn fær þarna þrisvar sinnum meira fyrir sína framleiðslu heldur en hin búin eða hann hefur haft af að framleiða þann ost sem hefur verið fluttur út. Þarna er verið að gera átak fyrir þjóðina, og annað hvort verður þá að taka tillit til þess fjármagnskostnaðar sem af því leiðir að framleiða þessa vöru eða þá að mjólkurbúið á Akureyri fái þann hagnað sem af því leiðir að fara í þessa framkvæmd. Aðra hvora leiðina verður að fara. Og ég held að það sé í öllum tilvikum einmitt sjálfsagt að taka tillit til fjármagnskostnaðarins í þessum tilvikum, vegna þess að það er ekki hægt að koma á verkaskiptingu á milli búanna með öðrum hætti, og það hefur verið gert eins og ég gat um áðan. Hins vegar var talið rétt að breyta þessu þannig að það kæmu alls ekki upp neinar deilur um það að þetta væri sjálfsagt og leyfilegt. En ég held að

það hafi verið gert frá því að ég man eftir, og kannske hefur ekki verið þörf á því að setja þetta ákvæði inn núna, það kann að vera. En þetta mun vera ástæðan.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta frekar. Ég vil taka undir það sem hæstv. landbrh. sagði áðan, að einmitt verkamenn og bændur ættu í raun og veru að styðja meira hver annan en hefur oft verið. Ég er bóndi, en ég hef líka verið verkamaður og ég hef meira að segja verið í forustuliði í verkalýðsfélögum um nokkurra ára skeið. Ég tel að þessar stéttir ættu og hafi sameiginlegra hagsmuna að gæta, vinnandi fólk í bæjunum eigi að sýna bændastéttinni tillitssemi og bændastéttin eigi að sýna tillitssemi líka og hefur oft gert það í sambandi við þá sem verst eru settir og lægst launin hafa í þéttbýlinu.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Eins og fram hefur komið felur frv. þetta í sér nokkrar breytingar á framleiðsluráðslögum og þó fyrst og fremst tvær, eins og greinilega kom fram í ræðu hv. frsm. minni hl. landbn. Aðalbreytingin, sem er meginefni þessa máls, fjallar um mjólkursölu og mjólkurdreifingu og felur það í sér að afnuminn er réttur mjólkurbúa og Mjólkursamsölu til einkasölu á mjólk í smásölu og nær réttur þessara aðila til einkasölu ekki nema til heildsölu.

Það er öllum kunnugt að þetta mál er gamalt ágreiningsefni sem oft hefur verið fjallað um, bæði hér á Alþ. og utan þess á undanförnum árum. Sú hefur orðið raunin í tímans rás að flestir eða nálega allir eru nú orðnir á eitt sáttir um að það sé hyggileg skipan sem þetta frv. gerir ráð fyrir um þetta efni, og er það vel.

Um þá tæknilegu erfiðleika, sem vissulega eru því samfara að færa mjólkursöluna í smásölu hér í Reykjavík t. d. alfarið til kaupmanna frá Mjólkursamsölunni, skal ég lítið ræða. Þeir erfiðleikar eru nokkrir og einmitt af því tilefni hefur verið lengdur sá frestur sem frv. upphaflega gerði ráð fyrir til þess að þessi breyting tæki gildi.

Ég hygg að fá mál hafi verið athuguð af meiri gaumgæfni í landbn. Nd. en einmitt þetta, og ég held að ég megi segja að þeir aðilar, sem n. kvaddi á sinn fund, bæði af hálfu Kaupmannasamtakanna og af hálfu Mjólkursamsölunnar, Framleiðsluráðs og raunar aðrir aðilar, hafi haft fullan skilning á og viljað leggja sig í líma við að sigla fram hjá þeim agnúum sem sumir hafa óttast í sambandi við þessa breytingu. Og það er í fullu samkomulagi við þessa aðila gert að fresturinn til gildistöku er lengdur til 1. febr. n. k.

Ég vil taka það fram út af því sem fram kom hjá hv. 7. þm. Reykv., frsm minni hl. n., að hann óttaðist að þessi breyting hefði í för með sér aukinn dreifingarkostnað á mjólk og mjólkurvörum, þá er, eins og hér hefur raunar komið fram, það mál undir ákvörðunum Sexmannanefndar komið. Ég tel að engin ástæða sé til þess að gera því skóna að svo fari. Kaupmenn, sem sótt hafa á um að fá leyfi til mjólkursölu, hafa jafnan látið í ljós að hagur þeirra í sambandi við sölu á mjólk og mjólkurvörum væri fyrst og fremst fólginn í því að mjólkursalan drægi til sín viðskiptavini og hefði í för með sér aukin viðskipti á öðrum varningi. Og ég held að við verðum að treysta því að þetta sjónarmið verði ráðandi áfram eftir að kaupmenn hafa fengið mjólkursöluna í sínar hendur og Sexmannanefnd geti þannig með góðri samvisku haldið nokkuð í við hækkun dreifingarkostnaðar á mjólk. Ég held þess vegna að þessi ótti sé ástæðulaus og að ekki verði ástæða til að reikna dreifingarkostnað og álagningu á mjólk í smásölu því fyllsta verði sem sala og dreifing þessarar vöru í raun útheimti ef önnur atriði væru ekki reiknuð inn í það dæmi. Að öðru leyti ætla ég ekki að fjalla um þessa breytingu á skipan mála sem er aðalefni þessa frv. En ég vil þó aðeins taka það fram, að svo er málum komið að mér sýnist að það væri mjög óheppilegt og horfði jafnvel til mikilla vandræða ef ekki tækist nú að afgreiða þetta frv., og er ófyrirséð hvað af því leiddi í sambandi við hag og rekstur Mjólkursamsölunnar hér í Reykjavík og þá um leið framtíð þessa máls. Þess vegna tel ég það mjög mikilvægt að nú takist á þessu Alþ. að afgreiða þetta mál og að af fullum krafti verði unnið að því að undirbúa þá breytingu sem hér er um að tefla svo að þeim undirbúningsráðstöfunum, sem nauðsynlega þarf að koma í framkvæmd áður en breytingin tekur gildi, verði lokið fyrir 1. febr. n. k.

Það kom fram í máli hv. 7. þm. Reykv. að annað aðalefnisatriði þessa frv., sem er þó miklu minna, er fólgið í því að taka verðjöfnunargjöld upp í dreifingarkostnað. Þetta er nýmæli og þetta má segja að sé nokkur breyting frá því, sem er í gildandi lögum. Hins vegar er um miklu minni breytingu að ræða og vafasamt hve mikla breytingu er um að ræða þó að inn í verðjöfnunargjöldin sé tekinn fjármagnskostnaður mjólkurbúa og sláturhúsa eins og raunar hefur hér verið drepið á. Þar er fyrst og fremst um að ræða breytingu á lögum til að taka af tvímæli sem vissulega hafa verið í sambandi við skilning á lögunum og framkvæmd þeirra á undanförnum árum. Þó hefur framkvæmdin með samkomulagi aðila verið með þeim hætti sem frsm. meiri hl. n. lýsti áðan úr þessum ræðustól og þarf ekki að endurtaka. Þar er því ekki um neina meiri háttar breytingu að ræða, aðeins þá breytingu á lagagreininni til þess að taka af tvímæli að heimilt sé að reikna fjármagnskostnaðinn inn í verðjöfnunargjöldin.

Ég held að ekki sé ástæða til þess að bæta við það, sem hæstv. landbrh. sagði í sambandi við e-lið 9. gr. frv. Það held ég að blasi við öllum, að hann er eins og raun er á í frv. fyrir mistök, og það hefur ekki verið meining hæstv. ríkisstj. að frv. færi fram með þeim hætti sem það var hvað þetta snerti.

Ég held einnig að það sé ástæðulaust að gera því skóna af hálfu hv. 7. þm. Reykv. að það hafi verið einhver undirmál í því af hálfu hæstv. ríkisstj. eða hæstv. landbrh. að koma fram þeim breytingum sem felast í þessu frv. í sambandi við verðjöfnunargjöldin áður en n. væri skipuð til þess að fjalla um heildarendurskoðun framleiðsluráðslaga. Eins og hv. þm. er kunnugt er þetta frv. flutt fyrir áramót eða á haustþinginu, en það kom ekki verulega á dagskrá að skipa n. til endurskoðunar á lögunum fyrr en á síðari hluta þessa vetrar, enda þótt þar væri um að ræða að uppfylla fyrirheit sem höfðu verið gefin alllöngu

áður. Þess vegna held ég að ástæðulaust sé að gera því skóna að þegar þetta frv. var flutt hafi nokkur undirmál verið með í því efni. Þetta hygg ég að hv. þm. Eðvarð Sigurðsson viðurkenni við nánari íhugun, enda þarf ekki að efa sanngirni hans og réttsýni í málum sem þessum.

Ég held að ég fari ekki frekar út í efnisatriði þessa frv., en ég vil fara örfáum orðum í fyrsta lagi um þá brtt. sem hér liggur fyrir á þskj. 608 frá hv. 4. þm. Vestf. Það var skoðun n. eða a. m. k. yfirgnæfandi meiri hl. landbn. að ekki bæri að taka inn í þetta frv. ný efnisatriði, og það hefur ekki verið gert, frá því að frv. var lagt fram. Þetta tel ég að sé eðlilegt sjónarmið með tilliti til þeirrar heildarendurskoðunar sem stjórnskipaðri n. verður falið að vinna á næstu mánuðum. Í öðru lagi var innan n. ágreiningur um efni þeirrar brtt. sem hv. þm. Gunnlaugur Finnsson hefur flutt, og það liggur fyrir að n. sem slík hefur með engu móti viljað ganga inn á að taka hana upp að þessu sinni.

Í sambandi við þessa till. vil ég segja það, að þar er gripið á vandamáli sem eðlilegt er að þm. leiði hugann að. Ef svo er háttað að mjólk skortir árlangt, eins og hv. 4. þm. Vestf. ræddi um, á vissum landssvæðum eða að landbúnaður yfir höfuð er í hættu með það að þurrkast út á tilteknum landssvæðum, þá er um stærra mál að ræða en svo að það verði alfarið leyst í sambandi við verðlagsmál landbúnaðarins. Þar er um þjóðfélagslegt vandamál að tefla sem mér sýnist yfir höfuð að sé mál þjóðfélagsins í heild að leysa, en ekki að leyst verði, a. m. k. ekki alfarið, í sambandi við verðlagningu á búvörum og þar með annað tveggja af bændastéttinni í heild eða af hálfu neytenda með því að veita því inn í verðið. Þetta mál þarf a. m. k. mjög mikillar athugunar við og er eðlilegt að það verði gert með því að gaumgæfa það frekar við endurskoðun laganna, og væntanlega hefur nefndin þá meiri tíma til þess að leita allra úrræða sem hugsanleg eru í þessu efni.

Ég held að það sé ekki ástæða til að fjalla hér um mörg þau efni sem hv. þm. gat um, enda koma þau þessu máli lítt við svo sem vegakerfi, lánveitingar Stofnlánadeildar o. s. frv. Enda þótt allt þetta snerti hag og afkomu bænda á tilteknum svæðum og raunar um landið í heild, þá er það eðli sínu samkv. óskylt lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins og á því varla heima undir þessum dagskrárlið. Ég held þess vegna að það sé mjög eðlileg sú afstaða sem landbn. hefur tekið í þessu efni, og er ástæða til þess að vona og ætla að lausn finnist á vandamálum slíkra byggðarlaga í sambandi við framhaldsmeðferð þessa máls og eftir öðrum leiðum, sem ekki síður sýnast færar.

Hv. þm. Eðvarð Sigurðsson varpaði fsp. í fyrsta lagi til formanns n. og frsm. meiri hl. og til annarra þm. um það hvort núverandi verðlagskerfi landbúnaðarins væri nægileg trygging til þess að jafna kjör bændastéttarinnar innbyrðis. Því fer vitaskuld fjarri að svo sé, enda verð ég að líta svo á, að ekkert verðlagskerfi geti gert það og það væri óeðlilegt, ef verðlagskerfi væri byggt upp með þeim hætti að það tryggði bændum jöfn kjör hvernig svo sem þeir höguðu sínum atvinnurekstri og hvernig svo sem aðstæður þeirra væru að öðru leyti. Ég vil hins vegar taka það fram, að núverandi verðlagskerfi landbúnaðarins er þannig úr garði gert að það hvetur til aukinnar framleiðni bændastéttarinnar. Aukin framleiðni í þessari atvinnugrein eins og öðrum er það sem allir ættu að vilja keppa að og ekki síst þeir sem eru fulltrúar neytenda, því að framleiðni felur það í sér að varan er framleidd með lækkuðum framleiðslukostnaði. Það má segja, að verðlagningarkerfið hvetji til innbyrðis samkeppni bændanna vegna þess að um meðaltalsbústærð er að ræða þar sem kostnaðarliðir og tekjuliðir eru reiknaðir út og sá bóndi, sem getur framleitt sína vöru með meiri hagkvæmni en verðlagsgrundvöllurinn gerir ráð fyrir, hann nær í fyrsta lagi meiri tekjum út úr sínu búi og hans búrekstur verkar í þá átt að lækka framleiðslukostnað vörunnar. Þetta tel ég að vissu leyti verulegan kost við þetta verðlagningarkerfi, og það ætti ekki að varpa því kerfi fyrir róða og að óhugsuðu máli og taka upp annað, a. m. k. meðan ekki er sýnt fram á að annað sé betra.

Ég skal ekki ræða um þetta miklu frekar. En ég trúi því að það hafi verið af heilindum mælt og hef enga ástæðu til þess að ætla annað, sem fram kom hjá hv. 7. þm. Reykv., að hann vildi að hagur bænda yrði með þeim hætti að þeir næðu sambærilegum tekjum við aðrar stéttir, viðmiðunarstéttirnar sem kallaðar eru, og að hann taldi einnig að samstarf ætti að takast sem best á milli neytenda og framleiðenda. Hagsmunir neytenda og framleiðenda fara í flestum greinum saman, og það er full ástæða til þess að vinna þannig að málum og þessi lög, framleiðsluráðslögin, eru einnig byggð upp um samstarf þessara aðila í þjóðfélaginu. Þess vegna held ég að það sé rétt að halda áfram því kerfi sem nú gildir um Sexmannanefnd sem byggð er upp af hálfu framleiðenda annars vegar og neytenda hins vegar. Ég tel að samstarf sem ákvæðin um Sexmannanefnd geri ráð fyrir, hvetji til og skapi aukinn skilning í milli þessara þjóðfélagshópa og það jafnvel svo að neytendafulltrúarnir í Sexmannanefnd geti ekki síður varið og skýrt verðhækkanir á búvörum en fulltrúar framleiðenda sjálfir. Þetta er mikill kostur og ég tel að þessu kerfi sé rétt að viðhalda fremur en að samningur fari fram á milli framleiðenda og ríkisvaldsins.

Ég skal svo ekki lengja þessa umr. meira. Ég tel að sú mikla vinna, sem landbn. Nd. hefur lagt í þetta mál, hafi orðið til þess að bæta frv. og þær brtt., sem meiri hl. n. flytur á þskj. 555, séu allar verulega til bóta. Ég vænti þess fastlega að frv. nái fram að ganga á þessu Alþingi, því að ef það gerðist ekki, þá væri um mikla óvissu að tefla í sambandi við þær breytingar sem flestir vilja nú ná fram í sambandi við mjólkursöluna. Sú óvissa mundi leiða til vandræða fyrir þá aðila sem þar eiga hlut að máli.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta merkilega frv. sem hér liggur fyrir. Eins og hér hefur verið bent á, er eitt af meginatriðum þess mjög umdeilt mál, um afnám á einkarétti Mjólkursamsölu til að dreifa og selja mjólk til neytenda. Ég hygg að það stefni í rétta átt að leyfa almennum kaupmönnum að hafa þessa vöru til sölu. Það hefur

raunar tíðkast nú þegar að einstakir kaupmenn hafa haft þessi réttindi, og mér virðist að þar hafi ríkt nokkuð handahófskennt val á hverjir hafi fengið að selja og hverjir ekki, þannig að það er eins gott að þarna gangi það sama yfir alla heildina, svo fremi að nauðsynlegum skilyrðum sé fullnægt hvað heilbrigðisaðstæður snertir o. fl.

Það, sem ég ætlaði að minnast á hér aðeins í örfáum orðum, var sú brtt. sem hv. 4. þm. Vestf. hefur borið fram á þskj. 608.

Mér er satt að segja óskiljanlegt vegna hvers meiri hl. hv. landbn. hefur ekki getað fallist á þessa till. því að mér finnst hún í eðli sínu sjálfsögð og í rauninni í nákvæmlega sama anda og fyrri mgr. þeirrar gr. í frv. sem um er að ræða, þ. e. a. s. 8. gr. Í 2. mgr. gr., sem brtt. er gerð við, er talað um að Framleiðsluráði sé heimilt að styrkja flutninga á mjólk milli einstakra byggðarlaga þar sem um sé að ræða mjög kostnaðarsama flutninga. Þetta er eðlilegt og sjálfsagt og hefur raunar verið tíðkað í mjög miklum mæli og að manni finnst óeðlilega miklum mæli. Ég hygg að hann muni nema tugum millj. þessi kostnaðarsami flutningur á mjólk milli landssvæða. Hins vegar virðist ákaflega miklu skynsamlegra og jákvæðara að koma í veg fyrir mjólkurskort með því að stuðla að mjólkurframleiðslu á þessum hlutaðeigandi svæðum, þannig að ekki þurfi þessir kostnaðarsömu flutningar til að koma.

Það er vitað mál, eins og kemur fram í fyrri mgr. þessarar 8. gr., að það hefur nú þegar verið sýndur nokkur skilningur á þessum erfiðu aðstæðum, og í tillgr. er lagt til að stuðla að aukinni mjólkurframleiðslu eftir ýmsum leiðum með bættum samgöngum, félagsbundinni sölu og enn fremur að fyrirskipa misjafnt mjólkurverð til framleiðenda eftir árstíðum. Allt þetta eru að mér virðist eðlilegar ráðstafanir einmitt til þess að mæta þeim erfiðu aðstæðum sem skapast á hverjum einasta vetri hér og þar um landið. Ég hygg að hv. 4. þm. Vestf. hafi ekki borið þetta fram einungis með Mjólkursamlag ísfirðinga í huga, heldur skapast þessar aðstæður víða á landinu. Ég veit ekki betur en á milli Akureyrar og Reykjavíkur fari fram stórkostlegir mjólkurflutningar á hverjum vetri, jafnvel með flugvélum og eftir öðrum kostnaðarsömum leiðum.

Það er vitað mál að mjólk er sú neysluvara sem enginn neytandi vill án vera og getur verið án, og því er það augljóst hagsýnismál að mínu mati að framleiðslan fari fram á eins nálægu svæði við markaðinn og nokkur tök eru á. Það er hæpið að mínu mati að leggja of mikið upp úr stórmjólkurframleiðslubúum á þeim landssvæðum sem heppilegust eru til nautgriparæktar og mjólkurframleiðslu. Það hefur réttilega verið bent á hér að meðalbúin eru hvað notadrýgst og bera sig að jafnaði og þegar á heildina er litið betur en stóru búin. Þess vegna eigum við að styðja við þá búskaparháttu, þar sem þeir eiga við.

Það er alveg rétt, sem hv. þm. Pálmi Jónsson benti á, að þessi litla brtt. um að stuðla að aukinni mjólkurframleiðslu á svæðum, sem eiga erfitt uppdráttar, leysir engan veginn allan vandann. Það er gefið mál. En þetta er einn hluti af þeim ráðstöfunum sem hægt er að gera til þess að örva menn á þessum svæðum til að stunda þessa framleiðslu sem neytendur á aðliggjandi markaði nauðsynlega þurfa með. Og ég vil undirstrika það, sem kom fram í máli hv. 4. þm. Vestf., þetta er ekki eingöngu mál bændanna, heldur ekki síður fólksins sem þarf mjólkurinnar með. Ég vil þess vegna að þessum orðum loknum mæla eindregið með því að þessi litla brtt. verði samþ. Hún stuðlar að mínu mati að hagkvæmari lausn þessara mála heldur en það að leggja sífellt aukið fjármagn í flutninga á mjólk milli svæða.

Frsm. minni hl. (Eðvarð Sigurðsson): Hæstv. forseti. Það eru nokkrar aths. vegna þeirra ummæla sem hér hafa komið fram í umr.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson sagði áðan að í raun og veru væri ekki verið að breyta neinu með þeim ákvæðum frv. að taka verðjöfnunargjaldið inn í dreifingarkostnaðinn, og í því efni vitnaði hann til núverandi 40. gr. laganna og las þar upp b-liðinn, þar sem ákvæði er um að taka skuli sérstakt verðmiðlunargjald af allri mjólk mjólkurbúanna o. s. frv. Þetta er búið að vera í lögum alla tíð og einnig varðandi kindakjötið. En það, sem er nýtt, og það, sem ég hef verið að leggja áherslu á í öllum mínum málflutningi, er að nú á að reikna skilyrðislaust þetta verðmiðlunargjald inn í dreifingarkostnaðinn. Þetta er það nýja sem felst í frv., en ekki að verðjöfnunargjald hafi ekki áður verið lagt á það vita allir, og það er máske eitt af veigamestu ákvæðum þessara laga.

Það hefur fleira komið fram í þessu efni. Hæstv. landbrh. taldi að það hefði ævinlega verið tekið tillit til fjármagnskostnaðarins í dreifingarkostnaðinum. Ég skal ekkert fullyrða um að hve miklu leyti tekið hefur verið tillit til fjármagnskostnaðar vinnslustöðvanna. En ég skal fyllilega viðurkenna það að með einhverjum hætti og að einhverjum hluta kemur fjármagnskostnaður inn í framleiðslukostnaðinn og þar með sjálfsagt inn í endanlegt verð vörunnar. En það, sem er nýtt í þessu frv., er að nú er alveg ótvíræð heimild, sem ég hygg nú að verði óspart notuð, til þess að taka fjármagnskostnaðinn inn í verðjöfnunargjaldið. Ég minnist þess þegar það mikla fyrirtæki, Mjólkurbú flóamanna, var á sínum tíma byggt, þá var það ákaflega umdeild ráðstöfun, eins og hér kom fram hjá hæstv. fjmrh. Og ég veit ekki betur en að bændur á Suðurlandi hafi tekið drjúgan þátt í kostnaðinum við byggingu mjólkurbúsins, og allt andrúmsloft var þá þannig að það hefði ekki verið með neinu móti hægt að setja allan þann fjármagnskostnað inn í smásöluverðið. Á þessu tímabili fengu bændur á Suðurlandi aldrei grundvallarverð fyrir mjólkina. En á sama tíma var norður við Eyjafjörð greitt árum saman langt yfir grundvallarverðið til bænda. Hins vegar er röðin nú komin að þessum byggðarlögum að reisa mjög dýrt fyrirtæki til mjólkurvinnslunnar. Er máske ætlunin að sá kostnaður skuli nú allur koma inn í dreifingarkostnað, sá fjármagnskostnaður? Hefði þá ekki verið nær með einhverjum hætti að byggja upp, — það er kannske erfitt að byggja upp sjóði á þessum ógnartímum, en manni finnst a. m. k. hafa verið ástæða til að hafa einhverja tilburði í þá átt,

en borga ekki alltaf út. (Gripið fram í.) Eru miklir sjóðir til? Það er þetta sem ég hef verið að reyna að benda hér á. Og þessi ákvæði, að reikna verðjöfnunargjaldið og fjármagnskostnaðinn inn í dreifingarkostnaðinn, eru þau atriði þessa frv. sem að mínum dómi, eins og mál nú standa, eru aðalefni frv. og gera það að verkum að ég get ekki með nokkru móti staðið að samþykkt þess og hlýt að mótmæla harðlega.

Hv. þm. Pálmi Jónsson sagði að aðalefni frv. væri breytingin á mjólkursölunni. Í raun og veru ætti það að vera aðalefni þessa frv. En hins vegar eru þessar viðhengingar við sjálft mjólkurmálið þess eðlis að þær eyðileggja að samstaða geti orðið um málið, enda þótt menn séu sammála um að með mjólkursöluna, smásölu mjólkurinnar, sé rétt og tímabært að fara á þann hátt sem frv. gerir ráð fyrir.

Hæstv. landbrh. sagði að það hefði verið beint að ósk Mjólkursamsölunnar að þetta frv. væri nú flutt. Það kemur fram í grg. frv. Og ég skil út af fyrir sig vel þá stöðu sem Mjólkursamsalan er komin í varðandi smásölu á mjólk. Hins vegar tel ég ekki að hún hefði átt að ganga jafnlangt og gert er með því að undirgangast það í samningum við kaupmennina í Reykjavík að leggja niður allar sínar búðir. Það er of langt gengið. En Samsalan getur hvenær sem er aftur tekið upp smásölu á mjólk. Það er ekki verið að taka neinn rétt af henni til þess og ég vil sannarlega undirstrika það.

Varðandi þennan e-lið, sem ég gerði að umtalsefni í ræðu minni, í breytingu við 40. gr. laganna, þ. e. a. s. að verðbæta innanlandshallann á útflutningi, við hann vill nú enginn kannast og mér þykir það ákaflega eðlilegt. Það er a. m. k. mannlegt, en kannske, eins og stundum er sagt, ekki stórmannlegt. Einhvers staðar hlýtur þetta að hafa orðið til. Enginn veit hvar þetta hefur gloprast niður eða hvernig á því stendur að ákvæðin voru svona þegar frv. var lagt fram. Ég ætla ekki að fara um það fleiri orðum. En hins vegar tekur það ekki úr mínum huga þá tortryggni sem er fullkomlega leyfileg, hvernig hægt væri að nota verðjöfnunargjaldið þegar slíkt hefur verið sýnt í stjórnarfrv.

Það eru ýmis atriði önnur sem vert væri að taka hér til umr., en nú er orðið býsna áliðið kvölds og ég hef áður gagnrýnt þann tíma sem þessi umr. nú fer fram á.

Hæstv. landbrh. taldi að það ætti að vera fullkomlega tryggt að dreifingarkostnaði yrði haldið í skefjum þar sem hann væri enn ákveðinn af sama aðila og hingað til, þ. e. a. s. Sexmannanefnd. Það er út af fyrir sig rétt. En Sexmannanefnd hafa alla tíð verið settar æði þröngar skorður við ákvörðun verðlags búvaranna, og með þeim breytingum, sem nú er verið að gera, ef þetta frv. nær fram að ganga, er starfssvið Sexmannanefndar takmarkað miklu meira en áður. Þess vegna er engin trygging fyrir því að hægt verði að halda dreifingarkostnaði í skefjum — ekki nokkur trygging fyrir því.

Ég ætla ekki að fara í neinar allsherjarumr. hér um landbúnaðarpólitíkina, verðlagsmálin yfirleitt, eins og hæstv. landbrh. þó gaf tilefni til. Það hefur ákaflega lengi verið vitað að það er viss bústærð sem er hagkvæmust í búrekstri og gefur mestan arð. Það eru ekki litlu búin og það er ekki heldur stærstu búin, það liggur þarna einhvers staðar á milli. Það fer að sjálfsögðu eftir aðstæðum, hvernig aðstæður eru með vinnuafl á búunum, en áreiðanlega er það rétt, það er sem sagt svona nálægt vísitölubúinu sem er hagkvæmasta búið, ef svo mætti segja. Ég ætla ekki heldur að fara að ræða hér nánar um það atriði sem ég kom hér inn á, að hve miklu leyti rétt sé að nota verðlagsmálin til þess að ná því markmiði sem lögin kveða á um, að bændur skuli hafa sömu tekjur og viðmiðunarstéttirnar. En þær umr. og þau orð, sem hér hafa fallið, hafa ekki á neinn hátt breytt þeirri sannfæringu minni að verðlagsmálin á ekki að nota ein til þeirra hluta. Það er algerlega röng stefna.

Varðandi þá brtt., sem hv. þm. Gunnlaugur Finnsson hefur lagt hér fram, vil ég aðeins segja það, að þar er áreiðanlega hreyft við mjög miklu vandamáli, — vandamáli sem gerir vart við sig víða á landinu og í vaxandi mæli af ýmsum ástæðum. En kannske er einna ríkust ástæðan sú að mjólkurframleiðsla í næsta nágrenni við þorp og bæi hefur mikla tilhneigingu til þess að minnka verulega, og ég held að ástæðurnar til þessa séu augljósar. Á síðustu árum hefur vinna aukist mjög mikið í þorpum víða úti um landið og bæjum, og möguleikarnir til þess að ná upp verulegum tekjum við vinnu í þorpunum hafa áreiðanlega orðið til þess að búskapur í nágrenni þessara staða hefur minnkað og lagst niður jafnvel. Þetta er svona í næsta nágrenni Reykjavíkur. Þetta er svona í sveitunum hér austan Hellisheiðar, t. d. í Ölfusinu og Flóanum trúi ég líka. Þetta er svona á Austurlandi og einnig á Vesturlandi. Þetta er vandamál sem sjálfsagt er býsna erfitt að taka á, en engu að síður vandamál sem ég út af fyrir sig er alveg sammála um að sú nefnd, sem á að fjalla um endurskoðun laganna, ef af henni verður, ætti að taka til rækilegrar athugunar. En till. hv. þm. Gunnlaugs Finnssonar get ég ekki verið með og þá fyrst og fremst vegna þess að upp í hana er tekin ein af þessum fjármagnstill. Hann tekur þá till. upp, og af þeirri ástæðu einni get ég ekki samþykkt þessa till. En þetta er vandamál sem tvímælalaust þarf að fjalla um og reyna að leysa.

Hæstv. landbrh. og raunar fleiri hafa hér látið falla fögur orð um að samvinna ætti að vera á milli neytenda, verkamanna, bænda, og hæstv. ráðh. lét í ljós þá skoðun að þeir aðilar, sem um endurskoðunina á lögunum ættu að fjalla, nái samstöðu þessum aðilum öllum til góðs. Það er ákaflega fallegt að segja svona orð. En þau verða ákaflega marklaus á sama tíma og er verið að gera þær ráðstafanir sem felast í þessu frv. og að mínum dómi a. m. k. gera það að verkum að fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar koma með beiskan hug til starfa í slíkri endurskoðunarnefnd, ef þetta frv. nær fram að ganga, þ. e. a. s. þessi fjármagnskafli þess allur. Og ég verð að segja það, að ég ber ekki mikla virðingu fyrir fögrum orðum þegar slíkar athafnir fylgja eins og hér er nú verið að leggja grunn að að gera.

Gunnlaugur Finnsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs hér aftur vegna ummæla sem komu fram í ræðu hv. 2. þm. Norðurl. v. Mér fannst að í hans ræðu kæmi fram að ég ætlaðist til með minni till. að með henni væri leyst að öllu leyti

stórt og nánast risavaxið vandamál, og í annan stað gat hann þess, að ég hefði farið vítt og breitt í minni ræðu og talað um óskyld mál, svo sem vegamál. Ég vildi gera þá aths. við þetta, að ég held að ég hafi lagt á það áherslu að þetta væri eitt af fleiri atriðum, ein af ráðstöfunum sem þyrfti að gera til þess á meðan tími væri til að snúa þróuninni við, og til þess að rökstyðja það nefndi ég aðeins önnur atriði, eins og t. d. vegamálin. Ég hef aldrei látið mér detta í hug að þetta atriði eitt leysti allan vandann.

Hann minntist aðeins á það risavaxna vandamál þegar svo væri komið að það væri mjólkurskortur allt árið. Ég tel að það sé svo gott sem allt árið þegar þannig er að aðeins rétt um hásumarið næst sú framleiðsla sem nægir til sölu nýmjólkur og framleiðslu rjóma og skyrs, en meginhluta ársins, ég þori að segja 10 mánuði ársins, þurfi að flytja þessar afurðir að og auk þess verulegt magn af nýmjólk meira en hálft árið.

Ég vil aðeins gera þessa aths. og ítreka það, að ég tel að ef komið væri inn með svona aðgerð til hliðar við aðrar, þá sé möguleiki til — ég leyfi mér að segja með mjög litlu fjármagni — að hafa þau áhrif að þróunin snúist við, þau áhrif að skapa þarna annað hlutfall milli sauðfjárafurða og mjólkurafurða heldur en gilda í landinu í heild.

Í sambandi við umr. um óskyld mál hefur mér heyrst að hér hafi verið rætt um mál utan við þau ákvæði sem verið er að breyta í framleiðsluráðslögum. Hér hefur verið farið út í umr. um verðmyndunarkerfið í heild. Það er stórt mál, og ég ætla ekki að fara inn á þá braut nú á næturfundi að ræða það mál. En það er mál sem þarf vissulega mjög nána athugun. Og ég vil taka undir það, að það eru ýmis atriði sem gera aðstöðu bænda í landinu í heild mjög misjafna. Ég vil bara nefna hér eitt atriði, þann gífurlega mun sem frumbýlingar búa við eða þeir sem hafa fjárfest fyrir þennan tíma, ja, við skulum segja fyrir 1970 og búa við allt, allt önnur lánskjör heldur en þau sem eru í framkvæmd í dag. Ég tel að þetta sé mál bændastéttarinnar sjálfrar og þetta sé mál meðal annarra sem hún þurfi að leysa innbyrðis. En um þetta ætla ég sem sagt ekki að ræða í þetta sinn, það hlýtur að bíða síðari tíma.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 96. fundur.

Þriðjudaginn 4. maí, kl. 9 síðdegis.

Fjáröflun til landhelgisgæslu, ríkisfjármál o. fl., frv. (þskj. 625). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Þegar ég í hv. Nd. mælti fyrir máli því er hér er til umr. gerði ég allítarlega grein fyrir stöðu ríkisfjármála og þróun þeirra að undanförnu og rakti forsendur þeirra ráðstafana sem fyrirhugaðar eru samkvæmt þessu frv. Þar eð ég geri ráð fyrir að þm. þessarar hv. d. hafi með einum eða öðrum hætti haft tækifæri til þess að kynna sér það sem þar var sagt mun ég hér fara að nokkru fljótar yfir sögu.

S. l. tvö ár hafa verið tími jafnvægisleysis í fjármálum ríkisins. Annað árið í röð varð verulegur greiðsluhalli hjá ríkissjóði og ljóst er að skuldasöfnun ríkissjóðs hjá Seðlabankanum átti sinn þátt í að viðhalda umframeftirspurn innanlands og umframkaupum erlends gjaldeyris. Endanlegar tölur um afkomu ríkissjóðs fyrir árið 1975 liggja ekki enn þá fyrir, en ljóst er að gjöld umfram tekjur árið 1975 urðu 6.4 milljarðar, bráðabirgðatala um innheimtar tekjur eru 49.7 milljarðar, en útgjöld 56.1 milljarður. Í heild munu ríkisútgjöld árið 1975 hafa aukist um 45% frá fyrra ári, samanborið við 35% aukningu verðmætis þjóðarframleiðslunnar. Horfur um framvindu útgjalda og tekna ríkisstjóðs á þessu ári eru nú þannig að ljóst er að nokkur hætta er á að framhald verði á hallabúskap ríkissjóðs verði ekki spyrnt við fótum. Áframhaldandi halli á ríkisbúskapnum samrýmist ekki þeirri almennu stefnu í efnahagsmálum sem ríkisstj. hefur markað, þ. e. að minnka viðskiptahallann verulega á þessu og næsta ári og draga úr hraða verðbólgunnar. Þess vegna er óhjákvæmilegt að tryggja með sérstakri löggjöf fjárhagslegt svigrúm til þess að efla landhelgisgæsluna og fiskileit og hafrannsóknir vegna framvindu í landhelgis- og sjávarútvegsmálum. Þetta frv. er til þess flutt að þessar brýnu skyldur megi rækja eins og þarf og til þess að tryggja fjárhagslegt jafnvægi í landinu og stöðu ríkissjóðs.

Forsendur fjárlaga fyrir árið 1976 hafa breyst í veigamiklum atriðum. Niðurstaða tekjuhliðar fjárlaganna var 60 milljarðar 300 millj. kr. Tekjuáætlun hefur síðan verið endurskoðuð, einkum með tilliti til mats á áhrifum kjarasamninga á þróun þjóðarútgjalda. Endurskoðun innheimtuspár sýnir að innheimtar tekjur ríkissjóðs í ár muni verða 64.5 milljarðar kr., en það er 4 milljarða hækkun frá fjárlögum. Gjöld samkvæmt fjárlögum námu 58.9 milljónum kr. Gjaldaauki umfram áætlun fjárlaga vegna tillagna um aukna fjárveitingu til landhelgisgæslu og fiskverndar og vegna verðlags- og launabreytinga nemur 6.1 milljarði. Halli á lánahreyfingum mun að líkindum verða 100 millj. kr. umfram áætlun.

Án sérstakra ráðstafana yrði greiðsluafkoma ríkissjóðs á þessu ári þannig 2.2 milljörðum kr. lakari en að var stefnt við fjárlagaafgreiðslu. Meginástæða þess er annars vegar stóraukin umsvif landhelgisgæslunnar, fyrirsjáanleg útgjöld við leit nýrra fiskimiða, tilraunir við að afla og nýta aðrar fisktegundir en til þessa hefur verið gert svo og útgjöld vegna ráðstafana til að koma í veg fyrir að tiltekin veiðisvæði verði ofnýtt.

Hins vegar gætir beinna og óbeinna áhrifa almennra launasamninga og verðlagsbreytinga mjög á útgjöld ríkissjóðs. Laun starfsmanna ríkisins hafa hækkað og munu hækka með svipuðum hætti og samið hefur verið um á almennum vinnumarkaði. Í kjölfar almennra launahækkana fylgir hækkun bótagreiðslna almannatrygginga, auk þess sem hækkandi verðlag hefur óhjákvæmileg áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

Þegar eftir setningu fjárlaga fyrir árið 1976 var hafist handa við gerð mánaðarlegra greiðsluáætlunar, tekna og gjalda allra ríkisstofnana á árinu, og var þessi áætlun tilbúin í byrjun febrúar. Gjaldaáætlunin er sundurliðuð eftir einstökum ráðuneytum og stofnunum og tekjuáætlunin er gerð sérstaklega fyrir alla helstu tekjustofna. Áætlanir sem þessar eru forsenda þess að ná betri stjórn en verið hefur á útgjöldum ríkissjóðs á fjárlagaárinu og gera mun auðveldara en ella að fylgjast með þróun ríkisfjármála og bregðast skjótt við, þar sem frávik frá áætlunum kemur í ljós.

Hin mikla aukning á starfsemi landhelgisgæslunnar hefur óhjákvæmilega í för með sér að fjárveiting á fjárl. mun hvergi duga. Er sýnt að 500 millj. kr. vanti á til þess að standa undir kostnaði við aukinn rekstur, þar með talin aukning leiguflugs og leiga skipa, svo og til tækjaöflunar til skipa og flugvéla og vegna aukningar á launakostnaði vegna nýrra kjarasamninga. Fjárþörf gæslunnar umfram fjárl. getur numið 750 millj. kr. á þessu ári.

Stórauka verður fiskileit vegna minnkandi þorskgengdar. Slík fiskileit verður ekki framkvæmd með þeim skipakosti sem Hafrannsóknastofnunin ræður yfir. Taka verður á leigu nokkur fiskiskip eða ábyrgjast útgerð slíkra skipa. Til þessa verkefnis, svo og markaðs- og sölumála og til eftirlits með veiðum og veiðarfærum, er talið að verja þurfi í heild 250 millj. kr. Hér skiptir höfuðmáli að skapa fjárhagslegar forsendur fyrir virkri viðleitni til þess að finna og nýta nýja fiskstofna og vernda þá sem fyrir eru.

Áætlað er að útgjöld ríkissjóðs aukist um 6,1 milljarð umfram fjárlög, þar af er talið að ætla þurfi 1 milljarð til landhelgisgæslu og friðunaraðgerða. Þá er ætlað að launagreiðslur ríkissjóðs muni aukast um rúmar 1500 millj. vegna launahækkana opinberra starfsmanna. Áhrif kjarasamninga koma bæði fram í auknum launakostnaði og aukningu útgjalda almannatrygginga. Vegna orðinna og fyrirsjáanlegra hækkana á tryggingabótum í kjölfar launahækkana á árinu er áætlað að útgjöld til lífeyristrygginga aukist um 1300 millj. í ár. Þá þarf einnig að sjá fyrir rúmlega 900 millj. kr. hækkun á kostnaðarhluta ríkissjóðs við sjúkratryggingar og er hér aðeins um launagreiðslur að ræða. Áhrif verðlagshækkana mun að sjálfsögðu gæta í ríkisútgjöldum og í heild hafa þau áhrif verið metin til tæplega 900 millj. kr. kostnaðarauka ríkissjóðs í ár. Þá þarf að auka fjárveitingar til hafnamála og landbúnaðarmála um rúmlega 400 millj. kr. vegna aukinna framlaga til hafnargerðar í Þorlákshöfn og Grindavík.

Áætlun um innheimtu ríkistekna hefur nú verið endurskoðuð með hliðsjón af nýjustu vitneskju um verðlags- og launabreytingar í ár og áhrif þeirra á þjóðarútgjöld. Endurskoðunin sýnir aukningu tekna af þeim stofnum, sem ráðast af veltu, einkum söluskatti, en á móti vegur að nú er reiknað með að þjóðarútgjöld að raunverulegu verðgildi dragist nokkuð saman. Horfur eru á að innflutningur dragist meira saman en áður var reiknað með, en vegna gengissigs að undanförnu er áætlað að tekjur af aðflutningsgjöldum aukist nokkuð. Þá er og reiknað með nokkru meiri tekjum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins en áður. Loks er gert ráð fyrir að ýmsar aðrar tekjur, sem fylgja verðlags- og launabreytingum, hækki nokkuð frá áætlun fjárlaga. En á hinn bóginn eru ekki horfur á að beinir skattar, einkum tekjuskattur, hækki umfram fjárlagatölur. Gert er ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs á þessu ári fari að öllu óbreyttu um 4 milljarða fram úr áætlun fjárlaga.

Samkvæmt þeim tölum, sem hér hafa verið raktar, eru nú horfur á að ríkisútgjöld verði um 600 millj. kr. umfram tekjur á þessu ári. Í fjárl. þessa árs var gert ráð fyrir að jöfnuður lánahreyfinga yrði neikvæður um 1100 millj. kr., en að auki verður nú að ætla fyrir um 100 millj. kr. halla til viðbótar, einkum vegna gengisbreytinga að undanförnu. Fjárvöntun ríkissjóðs er því nú áætluð nema um 1800 millj. kr.

Við afgreiðslu fjárl. fyrir árið í ár var lögð á það rík áhersla að ríkisfjármálum yrði beitt markvisst til að tryggja framgang efnahagsstefnu ríkisstj., ekki síst til að draga úr viðskiptahallanum við útlönd, enda var þá ljóst að frekari halla en gert var ráð fyrir í þjóðhagsspá og lánsfjáráætlun yrði alls ekki mætt með aukinni skuldasöfnun erlendis. Af þessum sökum er nauðsynlegt að leysa fjárhagsvanda ríkissjóðs með innlendri fjáröflun þannig að jafnvægi í ríkisbúskapnum verði tryggt. Ráðstafanir samkvæmt frv. ber jafnframt að skoða í samhengi við nýlegar ákvarðanir Seðlabankans í peningamálum sem teknar voru eftir viðræður við ríkisstj. Með þeim var að því stefnt að ná þolanlegu jafnvægi á fjármagnsmarkaði og tryggja getu bankakerfisins til að sinna brýnustu rekstrarfjárþörf atvinnuveganna. Eigi þessi árangur að nást er nauðsynlegt að tryggja hallalausan ríkisbúskap.

Fjáröflun samkvæmt frv. er þríþætt:

Hið sérstaka vörugjald hækki úr 10% í 18% og haldist þannig til loka þessa árs. Tekjuauki ríkissjóðs er áætlaður 1600 millj. kr., þar af er áætlað að verja allt að einum milljarði til eflingar landhelgisgæslu og friðunarráðstafana.

Í öðru lagi verða greiðslur ríkissjóðs vegna skattafsláttar upp í útsvar takmarkaðar. Komið verði í veg fyrir að ákvæði skattalaga um persónuafslátt verði til þess að sveitarfélögin taki almennt að nota lífeyristekjur og lágar tekjur námsmanna sem álagningarstofn útsvars, enda er það í andstöðu við tilgang laganna svo og þá stefnu, sem sveitarfélögin hafa lengst af fylgt. Er talið að þessi breyting bæti greiðsluafkomu ríkissjóðs um allt að 300 millj. kr. í ár.

Í þriðja lagi verði skyldusparnaður áfram 5%. Fjárhæð til frádráttar frá skattgjaldstekjum, áður en til álagningar kemur, er þó hækkuð í því skyni að skyldusparnaður sem hlutfall af tekjum verði nokkurn veginn óbreyttur. Áætlað er að innheimta skyldusparnaðar geti numið um 300 millj. kr., og eins og fram kemur í frv. er gert ráð fyrir að þessi fjárhæð verði notuð í sambandi við vegáætlun þá sem lögð verður fram hér á næstunni.

Sem fjáröflun í tengslum við frv. er bensíngjald hækkað um 1.59 kr. og innflutningsgjald af bifreiðum í jeppaflokki og af snjósleðum er hækkað. Með síðarnefndu hækkuninni eru gjöld af þessum ökutækjum að mestu leyti samræmd í

tveimur áföngum þeim gjöldum sem í gildi eru af almennum fólksbifreiðum. Áætlað er að hækkun bensíngjalds auki tekjur ársins um 170 millj., þ. e. a. s. Vegasjóðs, og tekjuauki af innflutningsgjaldi bifreiða nemi 150 millj. kr. Fé, sem aflað er með skyldusparnaði, hækkun bensíngjalds og innflutningsgjalda af bifreiðum, mun ráðstafað, eins og ég sagði áður, til vegagerðar og mun gerð grein fyrir fjármálum vegagerðarinnar við framlagningu vegáætlunar.

Hagstofan hefur metið verðlags- og kauplagsáhrif ráðstafana samkvæmt frv. Framfærsluvísitala mun hækka um 4 stig 1. júní og til viðbótar um 3 stig 1. okt. Vegna gildandi ákvæða um lækkun vörugjalds hins 1. sept. n. k. eru áhrif gjaldauka samkvæmt frv. því í raun 10—11 stiga hækkun framfærsluvísitölu á árinu miðað við fyrri forsendur. Í frv., eins og það var lagt fram í hv. Nd., var gert ráð fyrir að 2.5 framfærsluvísitölustig kæmu til frádráttar framfærsluvísitölu 1. júní n. k., áður en vísitölunni væri beitt til kaupgjaldsbreytinga, því til viðbótar kæmu 2½ framfærsluvísitölustig til frádráttar 1. okt. Hér var miðað við að 1 milljarður af vörugjaldsaukanum yrði skattlagning til landhelgisgæslu og til friðunarráðstafana sem viðtæk samstaða er um og enginn efni eru til að leiði til víxlhækkana kaupgjalds og verðlags. Í upphafi var gert ráð fyrir að full samstaða væri um fjáröflun til landhelgisgæslu og fiskfriðunarráðstafa og slík fjáröflun ylli því ekki hækkun kaupgjalds. Því miður hefur komið í ljós að stjórn ASÍ og BSRB treystu sér ekki til slíkrar samstöðu og hafa, eins og fram hefur komið, gert harðorða yfirlýsingu þar að lútandi. Áhrif af tekjuauka til landhelgisgæslu, sem nemur einum milljarði, er gert ráð fyrir að nemi í kaupgjaldsvísitölu um 0.8%. Það varð því niðurstaðan í hv. Nd., eins og fram kom í ræðu formanns fjh.- og viðskn. Nd., að flutt var till. af fjh.- og viðskn. þar sem lagt var til að 2. málsgr. 8. gr. frv., eins og það var lagt fram yrði felld niður, og var sú till. samþ.

Nú eru í undirbúningi miklar orkuframkvæmdir sveitarfélaga og ber þar hitaveitur langhæst. Þegar gengið var frá lánsfjáráætlun í des. s. l., var ekki unnt að gera málum þessum viðhlítandi skil og er því nauðsynlegt að afla nýrra heimilda til þess að ríkisstj. geti veitt sveitarfélögum nauðsynlegan stuðning í þessum efnum án þess þó að dregið sé úr ábyrgð eða frumkvæði þeirra sjálfra varðandi þessar framkvæmdir. Till. frv. í þessum efnum eru tvíþættar. Í fyrsta lagi að ríkissjóði sé heimilt að ábyrgjast allt að 500 millj. kr. erlendar lántökur sveitarfélaga vegna orkuframkvæmda á þessu ári. Í öðru lagi felst í frv. heimild til fjmrh. til að leyfa sveitarfélögum, sem ráðast í mikilsháttar hitaveituframkvæmdir, að afla fjár með verðbréfaútgáfu á innlendum markaði með hliðstæðum kjörum og ríkissjóður. Með þessum hætti mætti vekja áhuga heimamanna á því að leggja sem mest fé af mörkum til hitaveituframkvæmda jafnframt því sem dregið yrði úr erlendum lántökum til þeirra.

Frá því að fjárlög voru afgreidd í des. s. l. hafa þjóðhagshorfur breyst talsvert og má telja að þær séu nú öllu lakari en þær virtust á s. l. hausti. Þróun útflutningsverðlags sjávarafurða hefur að vísu reynst hagstæðara en með var reiknað en dræm fiskgengd við Suðvesturland og aflamissir vegna verkfalls, einkum á loðnuvertíð, veldur því að gjaldeyristekjur af sjávarútvegi aukast líklega ekki frá fyrri spá, enda þótt útflutningsverð hafi hækkað meira en við var búist.

Ákvæði þessa frv. verður að skoða í ljósi þess markmiðs að draga verulega úr viðskiptahallanum við útlönd þegar á þessu ári. Er nú útlit fyrir að það muni takast ef ekki verða óvæntir atburðir síðar á árinu. Þetta er þeim mun brýnna sem greiðslubyrði þjóðarinnar af erlendum lánum hefur aukist mjög að undanförnu og áhrif mikillar skuldasöfnunar við útlönd mun gæta enn frekar á næstunni. Er því nauðsynlegt að takmarka svo sem unnt er frekari lántökur erlendis. En það verður ekki gert nema takist á næstu árum að treysta sem best innlenda fjáröflun og jafnframt að ekki sé ráðist í framkvæmdir nema fjáröflun sé tryggð.

Reynsla undanfarinna ára, einkum síðustu tveggja, þriggja ára, sýnir glöggt að hin árlegu fjárlög með hefðbundnu sniði hafa ekki reynst hentugt hagstjórnartæki til þess að mæta breyttum aðstæðum í efnahagsmálum. Þetta tímabil hefur verið tímabil mikils umróts í alþjóðlegum efnahagsmálum og tíðar breytingar á ytri skilyrðum þjóðarbúskaparins hafa sett mark sitt á framvindu íslenskra efnahagsmála. Af þessum og ýmsum öðrum ástæðum hefur oft þurft að grípa til aðgerða í efnahagsmálum, oftast með ríkisfjármál sem uppistöðu. Þannig má minna á efnahagslöggjöfina í apríl í fyrra og efnahagsmálafrv. og löggjöf sem fram kom á árinu 1974. Sú spurning hlýtur að vakna hvort ekki geti verið eðlilegt að taka upp ný stjórntæki á sviði fjármála sem einfaldlega feli í sér viðurkenningu á þörfinni fyrir heimildir til þess að breyta innan ákveðinna marka tilteknum sköttum í hagstjórnarskyni og e. t. v. einnig vissum greinum ríkisútgjalda. En árleg fjárlög ætti að semja í samhengi þriggja, fjögurra ára áætlana um ríkisútgjöld og ríkistekjur og þau ættu að taka mið af markmiðum um þróun í starfsemi hins opinbera til nokkurra ára í senn. Hins vegar væru svo gefnar heimildir fyrir ríkisstj. til þess að breyta á fjárlagaári inu ákveðnum mikilvægum tekjuliðum og tilfærslugreiðslum til hækkunar eða lækkunar innan ákveðinna marka. Samþykktar Alþ. væri síðan leitað eftir á við næstu árlega fjárlagaafgreiðslu og væri jafnframt fráfaraatriði ef ekki fengist samþykkt.

Hugmyndir af þessu taki hafa nokkuð komið til umr. bæði hér á landi og annars staðar, en mér virðist að nú sé að verða tímabært að Alþ. láti þetta mál til sín taka með einhverjum hætti. Það gæti verið leið til þess að svara kröfum breyttra tíma.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira hér um þetta frv. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. Nefndir beggja þd. hafa starfað saman og á þeirra fund hafa komið þeir aðilar sem óskað var eftir til þess að fá upplýsingar, auk þeirra sem vildu láta frá sér heyra. Vonast ég því til að hægt verði að afgreiða þetta frv. úr hv. Ed. nú á þessu kvöldi.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Ég skal reyna að vera ekki langorður og mæta þannig ósk hæstv. fjmrh. að d. reyni að hraða þessu máli í gegn, því að mér er ljóst að eins og málum er háttað, þá sé ekki rétt að tefja málið að óþörfu. Hins vegar þykir mér rétt að gera ofurlítið grein fyrir skoðunum mínum varðandi þetta frv. Er þá fyrst að taka það fram að mér virðist það bæði bera vott um töluverða hroðvirkni og eins að auðséð sé að það hafi gengið dálítið illa að koma því saman hjá stjórnarliðum.

Ég vil gera grein fyrir því, sem ég hef í raun og veru áður tekið fram í allt öðru tilefni hér í d. og ég er ekki einn um þá skoðun, að almenningur í landinu sé orðinn mjög hræddur við fjármálastjórn þessarar ríkisstj. Ber þar hæst gífurlega skuldasöfnun erlendis sem ekkert hóf virðist hafa verið á hjá þessari ríkisstj. Þar næst að hún virðist ekki kunna fótum sínum forráð varðandi útgjöld ríkisins. Þetta tel ég vera svo alvarlegt að það þurfi að undirstrika það skýrt og skorinort við þessa umr., að þarna hefur farið verulega úrskeiðis og má ekki svo áfram halda. Hér var í þinginu fyrir einum eða tveimur dögum sagt frá því af hálfu stjórnarandstæðinga og ekki mótmælt af hálfu stjórnarliða að greiðsluhalli í ár væri áætlaður 14.4 milljarðar kr., erlendar skuldir hafi verið um s. l. áramót 65.4 milljarðar og afborganir og vextir af þessum miklu skuldum yrðu sennilega um 18% af útflutningstekjum okkar í ár. Síðan var því lýst yfir að í lok febrúar hefði ríkissjóður skuldað Seðlabankanum yfir 10 milljarða kr. Þó eru útflutningsverðmæti okkar greinilega hækkandi og er áætlað að þau verði í ár 13—14% hærri en árið sem leið. Þetta eru mál sem mér finnst ákaflega athyglisverð og ríkisstj. þurfi að skoða betur en hún virðist hafa gert. Við þetta bætist að í þessu frv. er ekki að merkja að hún sé nokkuð farin að sjá að sér. Undanfarið hafa verið leyfðar hækkanir á ýmiss konar greiðslum sem almenningur verður að greiða, þannig að vaðið hefur verið ofan í pyngju almennings æ ofan í æ undanfarið. Það hafa verið hækkuð gjöld til Pósts og síma verulega eða um 24%, búvörur hafa hækkað til neytenda um 25%, hljóðvarp og sjónvarp um 31%. En það, sem tekur steininn úr, eru nýtilgreindar hækkanir, 60%, sem tryggingafélögum hefur verið leyft að hækka iðgjöld sín. Enn er svo verið að tilkynna, m. a. í þessu frv., að það eigi að hækka enn bensín, og þó að segja megi að margir hér á landi noti bifreið sem lúxus, þá er það í heild ekki svo, því að við íslendingar höfum ekki í raun og veru annað samgöngutæki en bílinn og við erum því að þessu leyti ekki sambærilegir við t. d. Norðurlandabúa eða aðra nágranna okkar sem geta tekið sér önnur farartæki en bílinn þegar svona er búið að bensínverðinu. Ég vildi því láta það koma hér fram skýrt og skorinort, að ég tel að hin gegndarlausa hækkun, sem alltaf er verið að leggja á varðandi bensín, er röng stefna. Það er röng stefna að leggja svona gífurlegt gjald á bensinnotkun landsmanna vegna þess, eins og ég tók fram áðan, að bíllinn er nauðsynlegt almenningstæki. Og ég vil benda á annað. Það bruðl, sem ég tel að ríkissjóður hafi sýnt við þær aðstæður sem eru núna í þjóðfélaginu, orkar inn í allt þjóðfélagið. Sveitarfélögin sprengja upp sínar tekjur og sín útgjöld og hugsa sem svo: Ef ég dansa ekki með ríkinu, þá missi ég af snúningshraðanum í dansinum. Og einstaklingar hugsa alveg á sama hátt. Það er verið að ýta undir verðbólguhugsunarháttinn og ríkið gengur á undan.

Nú er það ekki svo að það sé ekki sumt í þessu frv. sem við í stjórnarandstöðunni teljum góðra gjalda vert. Er þá fyrst að nefna að við vitum að það þarf að bæta og auka landhelgisgæsluna við þær aðstæður sem nú eru. Af þeim sökum höfum við ekki lagst gegn því, þó að við sjáum háskann við það að hækka vörugjald, þ. e. ekki lagst gegn því að vörugjald verði hækkað sem því nemur að mæta auknum útgjöldum við landhelgisgæsluna og fiskileit og ýmsar friðunaraðgerðir sem hugsaðar eru í sambandi við sjávarútveginn.

Í gærdag eða gærkvöld þá gerði sjútvrh. okkur í fjh.- og viðskn. ítarlega og skilmerkilega grein fyrir því hvernig hann hugsaði sér að verja þeim auknu tekjum sem sjútvrn. fengi í gegnum þetta frv. Ég hygg að við höfum verið allir á því, sem á hlýddum, að þar væri skynsamlega hugsað til mála og við gátum vel tekið undir það með ráðh., að þetta væri fremur of lítið heldur en of mikið. En jafnframt tókum við undir þá skoðun hans að einhvers staðar yrði að setja punktinn og einmitt í því árferði, sem við höfum nú og lifum nú við, verður punkturinn að koma nokkuð fljótt.

Annað er það sem mér virtist mjög athyglisvert við þær umr. sem urðu í fjh.- og viðskn., en það var að hlusta á raddir þeirra fulltrúa samtaka sem kvaddir höfðu verið til skoðanaskipta í n. Fulltrúi vinnuveitenda sagði t. d., ég held ég fari rétt með það: Hugmyndir frv. eru andstæðar hagsmunum vinnuveitenda. — Takið eftir þessu, fulltrúi vinnuveitenda byrjaði sína ræðu með því að segja: Ég tel að þær hugmyndir, sem eru í frv. ríkisstj., séu andstæðar hagsmunum vinnuveitenda. — Síðan gerði Davíð Scheving harða árás á frv., m. a. það í því sem hann taldi gert á hlut iðnrekenda, innlends iðnaðar, fram yfir það sem innflytjendur yrðu að þola. Hann sagðist ekki sjá annað en í þessu frv. væri enn verið að leggja stein í götu innlends iðnaðar. Þetta voru raddir frá vinnuveitendum. En síðan komu fulltrúar frá Alþýðusambandinu og fulltrúar frá BSRB og þeirra raddir voru á þá lund sem fjmrh. lýsti raunar áðan. Þær voru svo harðvítugar gegn 8. gr. frv. að ríkisstj. sá sig til neydda að draga hana að meginhluta eða 2. mgr. þeirrar greinar til baka.

En formaður BSRB tók enn dýpra í árinni heldur en nokkurn tíma fulltrúar ASÍ. Hann sagði: Ég tel að ríkisstj. eigi að afla allra þeirra tekna, sem hér er farið fram á, með auknum sparnaði, það eigi ekki að leggja neitt á þjóðina nú auk þess, sem áður hefur verið gert, og það sé enginn vandi, sagði þessi fulltrúi BSRB. Ég vil skjóta því hér inn í, ég veit ekki annað en hann sé yfirlýstur framsóknarmaður. (Gripið fram í.) Kristján Thorlacius. (Gripið fram í.) Jæja, en hann hefur ekki verið langt frá Framsókn þó hann hafi kannske einu sinni eða svo þokað út af þeim stig. En hann sagði að frá sínu sjónarmiði og sjónarmiði BSRB-stjórnarinnar, sem þarna voru mættir fulltrúar frá, mætti taka þetta t. d. allt á þrem liðum: fresta Kröfluvirkjun, ekki hætta við hana, en fresta framkvæmdum, fresta Borgarfjarðarbrúnni og fresta málmblendinu á Grundartanga. Honum var að vísu bent á að þetta væri kannske

ekki allt fjármagnað úr ríkissjóði, en hann sagði: Það er áætlað að taka lán fyrir þessu, og má þá ekki nota þessi lán í eitthvað sem er nauðsynlegra í dag heldur en þetta þrennt sem hann nefndi. Og annar fulltrúi sagði við borðum ekki malbik þegar við erum soltin og við borðum ekki járnbenta steinsteypu úr Borgarfjarðarbrú þegar við getum ekki reist okkur þak yfir höfuðið. Svona voru þeir nú harðir í afstöðu sinni. Og þetta eru ekki, — ég endurtek það, — þetta eru ekki allt saman andstæðingar ríkisstj. Þetta eru menn úr röðum hennar líka sem bentu á að ríkisstj. yrði að gæta sín með fjármálin.

Nú kann einhver að segja: Vill ekki maður sem telur sig fulltrúa utan af landi að lagt sé aukið fé í vegi? Auðvitað viljum við allir að vegirnir séu betri en þeir eru. Og einhver kynni að spyrja: Vilja ekki fulltrúar utan af landi að lagt sé aukið fé í hafnirnar, vilja ekki fulltrúar utan af landi að ýmislegt væri gert betur en gert er við hinn búandi mann í sveitum landsins? Við getum svarað þessu öllu játandi. En það verður í þessu sem öðru að líta á ríkjandi ástand, og þegar einstaklingurinn hefur ekki peninga í pyngjunni til þess að kaupa hitt eða annað, þá kaupir hann það ekki ef hann er skynsamur. Hann fer ekki í banka að slá sér víxil sem hann er nokkurn veginn viss um að hann geti ekki greitt eða hræddur um að geta ekki greitt, heldur notar hann þá skynsemi að neita sér um þetta. Þess vegna segjum við: Ríkið á nú að neita sér um ýmsar þær framkvæmdir sem ríkisstj. lítur svo á að séu nauðsynlegar og við lítum öll á að séu nauðsynlegar, en við verðum að taka tillit til aðstæðna. Og þarna verður að okkar mati að færa á milli liða. Ég er ekki að segja að það eigi endilega að fella allt niður sem er nefnt í þessu frv., t. d. aukin framlög til vega, en það verður þá að taka það af öðru og ábyggilega spara sumt. Við þekkjum það ósköp vel, sem vitum þó um lélega vegi, að það virðist stundum vera lagt fé í þá spottana sem ekki endilega þarf fyrir næsta vetur og hinir látnir bíða sem höfðu verið enn þá nauðsynlegri. Mér dettur í hug að taka dæmi af því að í fyrrasumar voru áætlaðir, — og ég held notaðar — 80 millj. í vegi suður frá Blöndósi sem ég veit ekki annað en venjulega, í hvaða veðri sem er, sé ágætisvegur eftir því sem vegurinn er norður. Sama var gert í nágrenni Akureyrar. En aðrir vegir, sem voru miklu síður til þess fallnir að þola t. d. vetrarumferðina, urðu að bíða. Þarna var ekki gætt þeirrar hagsýni sem þarf að gæta þegar fjármunir eru takmarkaðir.

Ég lofaði því að hafa þessa tölu ekki langa. En ég vildi undirstrika að mín skoðun er, og hún er ábyggilega í samræmi við skoðun mjög margra nú meðal þjóðarinnar, að ríkisstj. fari ógætilega í fjármálum sínum og þetta frv. sýnir að hún hefur ekki enn þá vitkast. Hún vill ekki gæta sín, hún vill ekki spara, hún vill taka úr vösum einstaklinga, félaga og sveitarfélaga það sem henni sýnist og hún telur að þurfi í þær framkvæmdir sem hún endilega vill koma á. Við getum, eins og kemur fram af því sem hefur verið rætt í Nd. og verður vafalaust svipað flutt hér í Ed., — við getum fallist á það, þó við sjáum margs konar annmarka á því, að vörugjald sé þetta ár hækkað upp í 14%, við getum fallist á skyldusparnaðinn, en ég lýsi mig andvígan hækkun á bensíni og ég endurtek það að allt annað, sem bent er á í frv., á að mínu mati og okkar í stjórnarandstöðunni að taka gegnum sparnað, en ekki í gegnum þá eyðslu sem hér virðist vera höfð á lofti.

Nú kann einhver að segja og spyrja: Ertu þá á móti heimild til ríkissjóðs að taka eða ábyrgjast lán vegna tiltekinna framkvæmda sem hér eru nefndar? Annað er lúkning Skeiðfossvirkjunar og hitt er til hitaveituframkvæmda á Akureyri. Ég er, eins og ég sagði áðan, við núverandi aðstæður mótfallinn aukningu erlendra skulda. Hins vegar er lúkning Skeiðfossvirkjunar bæði nauðsynleg og komin það langt að það verður að komast í gagnið, og hitaveituframkvæmdir á Akureyri eru gjaldeyrissparandi framkvæmdir og af þeim sökum tel ég réttlætanlegt að lán eða ábyrgðir til þess séu veittar, þó ég endurtaki aftur að erlend skuldasöfnun ríkisstj. er að mínu mati háskaleg svo ég taki ekki dýpra í árinni.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég hygg að býsna margir okkar þm. gætu a. m. k. í hjarta sínu orðið sammála um að betur hefði hæstv. ríkisstj. aðskilið fjáröflunarmál landhelgisgæslunnar að þessu sinni frá annarri þeirri fjárheimtu sem ráðgerð er í frv. sem fyrir okkur liggur í dag. Hér er af praktískum ástæðum skákað í skjóli þarfa landhelgisgæslunnar — óumdeilanlegrar þarfar landhelgisgæslunnar fyrir fé — til þess að réttlæta atlögu ríkisstj. að löglegum samningum alþýðusamtakanna nýlega gerðum um kaup og kjör.

Við alþb.-menn föllumst á að afla þurfi 1000 millj. kr. til að standa straum af auknum kostnaði vegna landhelgisgæslunnar. Ætlan okkar er sú að vísu að hægt væri að hafa upp í þau útgjöld einnig með öðru móti heldur en að leggja nokkrar álögur á launafólk í þessu landi. Við höfum á takteinum till. sem lúta að þess háttar fjáröflun. Eigi að síður styðjum við sjónarmið sem fram hafa komið hjá Alþýðusambandi Íslands og hinir stjórnarandstöðuflokkarnir hafa einnig lýst fylgi við um lágmarksálögur á launafólk í þessu skyni, til þess að fjármagna landhelgisgæsluna, en munum að sjálfsögðu bera fram okkar till., gera grein fyrir þeim úrræðum sem við sjáum til þess að afla fjár til landhelgisgæslunnar án slíkrar beinnar atlögu við kjör almennings.

Býsna margir munu hafa heyrt yfirlýsingu hæstv. fjmrh. í sjónvarpi á þá lund að hann teldi óeðlilegt að launafólk fengi bætur í launum fyrir þau útgjöld sem það yrði fyrir vegna fjárveitingu til landhelgisgæslunnar. Hins vegar er nú ljóst að hæstv. fjmrh. stendur að því er virðist nokkurn veginn á sama þótt kaupsýslumenn fái nokkur hundruð millj., eða nánar tiltekið 4—5 hundruð millj. í aukatekjur vegna þessarar ráðstöfunar.

Svo ég minnist lítils háttar á hugmyndir okkar alþb.-manna um leiðir til þess að afla tekna til landhelgisgæslunnar með öðrum hætti en þeim að leggja þessi gjöld á launafólk, þá þykjumst við sjá fyrir möguleika á því að afla a. m. k. þessara 1000 millj. kr. með sérstökum skatti á fyrirtæki. Við höfum þegar fyrir 8 vikum — nær þó 9 vikum borið fram frv. hér í þessari hv. d. um sérstakan toll sem lagður yrði á vörur frá

Stóra-Bretlandi, 25% toll á vörur sem fluttar eru inn til landsins frá Bretlandi. Þetta frv. rökstuddum við á þann hátt að við kaupum vörur frá Bretlandi fyrir 8 milljarða á ári, flytjum þangað vörur aðeins fyrir 4 milljarða. Auðgert ætti að vera að fá þessar vörur frá öðrum löndum, frá öðrum ríkjum sem við eigum ekki í þess háttar átökum við sem við eigum nú í við breta, og eðlilegt væri að þeir ágætir íslendingar sem vildu halda áfram að kaupa breskan varning þrátt fyrir það óeðlilega ástand, sem nú ríkir á milli landanna, fengju að minnast landhelgisgæslunnar í nokkru með peningum sínum. Með þessum hætti má segja að fólk hefði nokkuð frjálst val að þessu leyti. En 25% aukatollur á vörur frá Bretlandi, miðað við innflutninginn eins og hann var í fyrra, mundi gefa 2 milljarða í ríkissjóð eða tvöfalda þá upphæð sem hér er um að ræða að vanti til landhelgisgæslunnar, og þó við reiknum með því að verulega dragi úr sölu á breskum varningi vegna þessa álags, þessa aukagjalds, þá má reikna með því að hafast mundi inn með þessum hætti 1 milljarður, þannig að þá þyrfti ekki að leggja þetta gjald á aðra en þá sem endilega vildu inna það af höndum.

Ég hafði ekki ætlað mér að tala langt mál við 1. umr. á móti frv. þessu. Ég vil aðeins ítreka þetta sjónarmið mitt, að þó það sé e. t. v. við hæfi, ef tekið er tillit til afstöðu ríkisstj. í ýmsum öðrum málum, að hún skáki nú í skjóli landhelgisgæslunnar þegar lagðar eru á nýjar álögur, stórfelldar álögur á launafólk í þessu landi, þá sé þetta tiltæki stjórnarinnar óafsakanlegt. En svo ég yfirgefi nú ekki ræðustólinn án þess að veita hæstv. fjmrh. nokkra viðurkenningu, þá hygg ég að hugmyndin, sem fram kom hjá honum í ræðu hans undir lokin, um breytingu á stjórnsýslu á fjármálasviðinu sé ekki fráleit, því mér virtist hún miða að því að leitað yrði, ef svo má segja, hámarksnýtingar lágmarksgreindar í tæka tíð við framlagningu fjárlaganna.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Samkv. því frv., sem liggur fyrir hér, er gert ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs verði á árinu 1976 um 6.7 milljörðum kr. hærri en áætlað var við samþykkt fjárlaga fyrir síðustu áramót. Þessi niðurstaða kemur fram um það leyti sem nærri nákvæmlega tvö ár eru liðin síðan hæstv. núv. fjmrh. lýsti því yfir hér á hv. Alþ. að það væri hægðarleikur að lækka útgjöld ríkisins og þar með skattheimtuna um 4.5 milljarða kr. Þessi upphæð, sem hæstv. núv. fjmrh. fannst algjörlega ofaukið í ríkisútgjöldunum, samsvarar líklega um 8.5 milljörðum kr. í dag. Í ljósi þessara fyrirheita var naumast að undra að Sjálfstfl. þætti slíkur þm. efnilegur til að gegna starfi fjmrh. þegar formaður Framsfl. myndaði ríkisstj. fyrir hæstv. núv. forsrh. nokkrum mánuðum eftir að þessi minnistæðu fyrirheit um stórfellda og auðvelda lækkun ríkisútgjalda voru flutt hv. Alþ. og þjóðinni allri.

Ferillinn síðan er öllum kunnur. Ef miðað er við hina nýju áætlun, sem birtist í því frv. sem hér er til umr., hafa ríkisútgjöld hækkað frá fjárlögum ársins 1974 um nær 38 milljarða kr., ef tekið er tillit til tilfærslu á útgjöldum til sveitarfélaga sem samþ. var í árslok 1975. Útgjöld hafa hækkað á tveim árum, frá fjárlagatölu ársins 1974, sem var 29.4 milljarðar, í hina nýju áætlunartölu, að viðbættum útgjaldaliðum sem fluttir voru á sveitarfélögin, samtals í 67.1 milljarð kr. eða um 128% frá því 1974. Þessi gífurlega útgjaldaaukning hefur átt sér stað langt umfram tekjur ríkissjóðs. Slíkur stórfelldur halli og skuldasöfnun hefur m. a. valdið mjög mikilli hækkun vaxtagreiðslna og afborgana. Sífellt hærri hluta skattheimtunnar er varið til greiðslu þessara útgjaldaliða ríkissjóðs. T. d. má geta þess að vaxtagreiðslur í A-hluta fjárlaga, sem námu 714 millj. kr. 1975, eru á fjárlögum þessa árs áætlaðar 1656 millj. kr. eða hafa hækkað um næstum 1 milljarð kr. á einu ári. Hækkun vaxta í A-hluta á einu ári nemur næstum því þeirri upphæð sem með því frv., sem hér liggur fyrir, er verið að samþ. til landhelgisgæslu og hafrannsókna. Sé hins vegar miðað við fjárlög 1974 hafa vextir í A-hluta hækkað úr 413 millj. kr. í 1656 millj. eða ríflega fjórfaldast. Vaxtagreiðslur í A- og B-hluta nema samtals á þessu ári vegna gífurlegrar skuldasöfnunar 4564 millj. og hafa hækkað um nær 3 milljarða kr. frá árinu 1974 — um nær 3 milljarða á tveim árum. Þessi frammistaða í ríkisfjármálum, stórfelldur hallarekstur og skuldasöfnun, er með slíkum eindæmum að allur almenningur er hættur að undrast ný afrek hæstv. ríkisstj. á þessu sviði.

Samhliða þessum dæmalausa árangri hefur yfirsýn yfir ríkisfjármálin verið slík að forsvarsmönnum ríkissjóðs virðist vera fyrirmunað að gera sér ljóst hver hinn raunverulega staða er á hverjum tíma. Þess vegna verður að taka öllum tölum og áætlunum í þessu frv. með miklum fyrirvara, þar talar reynslan. Í stuttu máli mætti t. d. rekja það hvernig þingheimi og þjóðinni birtist vitneskja hæstv. fjmrh. um stöðu ríkissjóðs og hvert stefndi í ríkisfjármálum á s. l. ári. Um miðjan júlí í fyrra töldu ráðamenn ríkissjóðs að búast mætti við 1 850 millj. kr. halla á ríkissjóði á því ári að óbreyttum tekjustofnum. Þá var lögfest 12% vörugjald sem koma átti í veg fyrir hallann, og skýrt var tekið fram að það ætti að falla niður um áramótin 1975—1976. Þegar fjárlagafrv. var lagt fram þremur mánuðum síðar var talið í grg. þess að þrátt fyrir álagningu vörugjalds, sem í júlí var talið að tryggði hallalausan rekstur, yrði samt 770 millj. kr. halli á ríkissjóði. Um hálfum mánuði síðar flutti hæstv. fjmrh. fjárlagaræðuna og fannst þá vissara að nær tvöfalda áætlunina um hallann og taldi að hann yrði um 1270 millj. kr. Um 50 dögum síðar, eða 18. des. s. l., fór fram umr. um framlengingu vörugjaldsins. Þá nefndi formaður meiri hl. fjh.- og viðskn. töluna 3.5 milljarðar í halla. Þá liðu enn 12 dagar ársins og skömmu eftir áramót gaf fjmrn. út tilkynningu um afkomu ríkissjóðs á árinu 1975 og taldi hallann hafa numið — ekki 3.5 milljörðum kr. eins og 12 dögum áður, heldur hvorki meira né minna en 5000 millj. kr. Á þessum 12 dögum hafði áætlunin um hallann hækkað um 1500 millj. kr. Enn er því við að bæta, að jafnvel má búast við því að hallarekstur ríkissjóðs á s. l. ári hafi verið verulega meiri en upp var gefið fyrst eftir áramótin og gæti orðið nær 6 en 5 milljörðum kr.

En vissulega væri forvitnilegt fyrir hv. þdm. að heyra hvaða tölu hæstv. ráðh. telur líklegasta þessa stundina. Hann hefur að vísu fengið að reyna að það er erfitt að spá og „einkum um framtíðina", eins og þar stendur, en e. t. v. tækist honum betur upp að segja til um liðna tíð þannig að upplýst verði hver afkoma ríkissjóðs reyndist raunverulega á s. l. ári.

Í því ráðleysi, sem ríkt hefur í ríkisfjármálum hjá hæstv. ríkisstj., hefur Seðlabankinn verið látinn halda ríkisbúinu gangandi með stöðugri seðlaprentun og þrotlausum lánveitingum til ríkissjóðs. Á fyrsta heila árinu í stjórnartíð hæstv. fjmrh., árinu 1975, jók hann skuldir ríkissjóðs við Seðlabankann úr 3866 millj. kr. í 9932 millj. eða um 6066 millj. kr. Það svarar til þess að skuldaaukningin hafi numið 17 millj. kr. á hverjum degi allt árið eða að hæstv. fjmrh. hafi aukið skuldir ríkissjóðs við Seðlabankann um 700 þús. á hverri klukkustund allt árið 1975. Það koma 700 þús. kr. á hverja klukkustund, ekki aðeins í vinnutíma hæstv. ráðh., heldur líka meðan hæstv. ráðh. svaf.

Þetta eru hálfnöturlegar staðreyndir. Og ekki er ánægjulegri saga af stríði hæstv. fjmrh. við vörugjaldið sem hér er sérstaklega verið að fjalla um. Þetta gjald átti að duga til að tryggja hallalausan ríkisbúskap 1975 og átti síðan að hverfa úr sögunni eftir þá dyggu þjónustu. Niðurstaðan varð svo sú, sem ég var að gera grein fyrir áðan. Þrátt fyrir vörugjaldið nemur hallinn líklega 6 milljörðum kr. Hæstv. ríkisstj. varð að vekja drauginn upp og hinir vísindalegu útreikningar um, að gjaldið yrði að vera 10% í 8 mánuði og síðan 6% í 4 mánuði, standast ekki fremur en annað. Það fer allt á eina leið um fyrirheit hæstv. fjmrh.

Það, sem aðallega brast við afgreiðslu fjárlaga ársins 1975, var að tekjur voru stórkostlega ofáætlaðar. Þar var gert ráð fyrir auknum neyslusköttum samtímis því sem lífskjör almennings voru að stórrýrna. Efnahagsráðstafanir til að auka tekjurnar ollu síðan stórfelldum verðhækkunum og útgjaldaaukningu og hallarekstri ríkissjóðs. Nú þegar er komið í ljós að við afgreiðslu fjárlaga ársins 1976 voru útgjöld verulega vanáætluð. Vanáætlunin er langt umfram þá útgjaldahækkun sem hlýst af almennum verðlagsbreytingum, en þær hafa til þessa ekki orðið af sérstökum efnahagsráðstöfunum. Nú er lagt til að auk þess 4000 millj. kr. tekjuauka, sem almennar verðlagshækkanir færa ríkissjóði, verði aflað 1920 millj.. kr. nýrra tekna, 300 millj. kr. útgjöldum verði síðan ýtt yfir á sveitarfélögin og 300 millj. kr. verði teknar að láni hjá því hátekjufólki sem telur tekjur sínar fram til skatts.

Afstaða Alþb. til þessa frv. og þessara till. hefur komið rækilega fram í umr. og nál. í Nd. og í ræðu hv. 5. þm. Norðurl. e. hér áðan og ástæðulaust að ég fari að hafa um þá afstöðu mörg orð.

Stjórnarflokkarnir hafa nú fallið frá þeim ásetningi sínum að vöruverðshækkunin vegna fjáröflunar til landhelgisgæslu og hafrannsókna kæmi ekki fram í kaupgjaldsvísitölu. Er ástæða til að fagna þeim árangri stjórnarandstöðuflokkanna og Alþýðusambands Íslands og annarra launþegasamtaka, að knýja þá breyt. fram að samþykkt frv. raski ekki að því leyti kjarasamningum í landinu. Ég tel ekki óeðlilega þá breyt. á skattalögum, að komið sé í veg fyrir að sveitarfélög leggi útsvör á lífeyrisþega og námsfólk í því skyni að ríkissjóður greiði skattinn, en tryggja verður að slíkur skattur verði ekki á þessa aðila lagður. Hins vegar tel ég ámælisvert að velja þennan tíma til lagasetningarinnar þegar sveitarfélög hafa samþ. fjárhagsáætlun fyrir þetta ár. Eðlilegra væri að raska þessum reglum á öðrum tíma árs eða þegar fjárhagsáætlanir hafa ekki verið samþ. Þetta þyrfti að samþ. að hausti til, þannig að þær gildi næsta ár.

Það kemur í ljós við afgreiðslu þessa frv., sem búast mátti við, að eina ráð hæstv. ríkisstj. til að mæta auknum útgjöldum er ný skattheimta. Sparnaður í rekstri er ekki lengur svo mikið sem hugleiddur. Þetta er í fullu samræmi við þá frammistöðu sem hæstv. ríkisstj. sýndi með því að standa ekki við yfirlýsta stefnu hæstv. fjmrh. um niðurskurð fjárlagaútgjalda um 3500 millj. kr. á s. l. vori. Enda þótt fjvn. hefði þá lagt fram till. um niðurskurð upp á 2000 millj. kr. tókst hæstv. fjmrh. þó ekki að koma í framkvæmd nema um 1000 millj. kr. lækkun á þessum fjárlagaliðum og efast þó ýmsir um að sú tala hafi náðst.

Á sama tíma og skattar eru sífellt hækkaðir til að hafa upp í hítina heldur útþensla áfram á rekstrarliðunum, og það er í rauninni í samræmi við þetta og einkar táknrænt um fjármálastefnuna að sama dag og þetta frv. um 2000 millj. kr. auknu skattheimtu vegna bágrar stöðu ríkissjóðs var lagt fram í Nd., þá var tekið á dagskrá hér í Ed. frv. til l. um að stofna nýtt embætti biskups á Hólum, frv. um að fjölga biskupum í landinu upp í tvo, sjálfsagt með tilheyrandi fjölgun biskupsritara og aukningu skrifstofuhalds. Að sjálfsögðu fylgdi ekki orð í grg. um áætlaðan kostnað að þessu nýja embætti eða embættum. Þetta er nákvæmlega í stíl við alla fjármálastefnuna til þessa og sýnir að áfram verður haldið á óheillabrautinni.

Hæstv. ríkisstj. hefur því miður nægilegt atkvæðamagn á Alþ. til þess að halda sóunarstefnu sinni og stjórnleysi í efnahagsmálum áfram, og við það verður þjóðin að búa um sinn. En lærdómsrík ættu henni að vera þessi tvö ár sem Sjálfstfl. hefur farið með fjármálastjórnina.

Ég vil svo að lokum aðeins fara fram á það við hæstv. fjmrh. í sambandi við þann kafla sem fjallar um ríkisábyrgð á lánum vegna orkuframkvæmda sveitarfélaga að hann upplýsi, ef honum er það kleift, hver er nú áætlaður framkvæmdakostnaður við Hitaveitu Suðurnesja á árinu 1976 og hvernig fjármögnun fyrirtækisins stendur, hve mikið fjármagn hefur verið tryggt til framkvæmdanna og hvaðan það er fengið.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Allt er þá þrennt er, og þrátt fyrir ágætar ræður þeirra hv. þm., *flokksbræðra minna, sem hér hafa talað*, þá vil ég nú við 1. umr. leggja nokkur orð í belg og tefja þá ekki tímann aftur síðan, þegar líða tekur á kvöldið.

Ekki þótti mér það fallegt hér á dögunum, þegar ég var austur á landi, þegar ég hitti þar

gamlan bónda sem ég veit ekki annað en sé enn þá ágætur framsóknarbóndi, sem líkti núv. hæstv. ríkisstj. við afvelta kind. Kvað hann það eitt ólíkt með þeim að svo virtist sem lífslöngunin væri annars eðlis eða hreinlega væri ríkisstj. svo róleg að hún lægi aðeins og biði þess sem verða vildi, kindin hreyfði þó fæturna, einkum ef hún yrði einhvers vör kringum sig, það gerði ríkisstj. hins vegar ekki á hliðstæðan hátt. Ég reikna þó með því að þessi ágæti bóndi hefði fallist á að þetta frv. væri þó fjörkippur af svipuðu tagi og fótahreyfingar hinnar afvelta kindar. Ekki skal ég dæma um réttmæti þessarar lýsingar, en víst er um það að í þessum orðum speglast býsna vel afstaða almennings til hæstv. ríkisstj. nú þessa dagana.

Eftir hina stórkostlegu verðhækkanaskriðu undanfarinna vikna munu fáir hafa reiknað með því að ríkisstj. hugsaði enn til sérstakra nýrra álagna á fólk almennt án þess um leið að gera einhverjar tilraunir til sparnaðar, þess margumræddu sparnaðar sem hæstv. fjmrh. er víðfrægur fyrir að hafa jafnan á orði, þegar hann ræðir þessi mál. Ég hygg að fleirum hafi farið svo sem formanni verkalýðsfélagsins á Fáskrúðsfirði sem margrengdi mig fyrir helgina um það að ég segði satt frá þessum nýju álögum, enda fannst honum sem flestum öðrum fullnóg komið af slíkum góðgerðum. Hann hafði fyrir skömmu staðið í ströngum vinnudeilum fyrir hönd sinna félagsmanna og stendur reyndar enn á vissum sviðum.

Ég held þó að aðalatriðið í hugum fólks nú sé spurningin um það hvort engin önnur leið hafi verið fær til að ná því marki að afla nægra tekna til þeirra tveggja þátta sem almenningur er sammála um að þurfi að efla með einhverjum hætti, þ. e. a. s. landhelgisgæsluna og framlög til fiskleitar og tilraunaveiða. Það er svo annað mál, að fólk sér það auðvitað glögglega að hvoru tveggja hefði mátt sjá fyrir að mestu leyti við afgreiðslu fjárlaga, enda stóð þá ekki á því að fella till. alþb.-manna um 350 millj. kr. hækkun framlags til landhelgisgæslunnar sem þá var kölluð hrein yfirborðstill., sýndartill. Sú upphæð reyndist þó, miðað við þetta frv., aðeins tæpur helmingur þess sem nú er talið þurfa. En hvað um það, fólk spyr um aðrar leiðir en að ganga beint að hinum almenna launamanni hverju sinni, leggja á launafólk almennt þær byrðar framar öðrum. Almenningi sýnist einfaldlega að svo virðist sem til séu þeir í þessu landi sem þyldu allvel að bera þessar byrðar. Á þetta hefur verið bent það rækilega af talsmönnum Alþb. og sér í lagi af formanni flokksins með sérstakri tillögugerð hér á Alþ. að fólk er farið að sjá að til eru þeir sem hæstv. ríkisstj. hlífir ótæpt á sama tíma og hún knýr enn dyra hjá alþýðufólki. Þessar till. hafa nú komið hér beint fram frá talsmönnum Alþb.

Oft er því haldið fram að stjórnarandstaðan sé ábyrgðarlaus gagnvart þörfum eins og hér um ræðir, krefjist framkvæmda og athafna, en bendi ekki á tekjur á móti. Alþb. hefur hér gert meira en að vísa á fullnægjandi tekjur. Það hefur bent á tekjur frá þeim aðilum sem betur mega við því að bera þessar byrðar en það fólk sem álögur ríkisstj. leggjast þyngst á, einmitt mörgum þeim sem almenningur saknar sárlega að sjá ekki á skattskránum vegna ýmissa þeirra fáránlegu reglna sem firra þá eðlilegum framlögum til samfélagslegra þarfa. Eftir þessu verður sannarlega tekið nú. Fólk ber saman þessar tvær leiðir, á því er enginn vafi. Það er heldur enginn vafi á því hvora leiðina almenningur kýs, hvor leiðin er sanngjarnari og réttlátari. Þetta vildi ég undirstrika hér.

Ég skal ekki lengja umr. hér. Vinnubrögð öll eru forkastanleg. Þrátt fyrir það að stjórnarandstaðan hafi lýst yfir því að hún væri fús til viðræðna um tekjuöflun til landhelgisgæslunnar, þá er ekkert samráð við hana haft. Frv. er fleygt á borð þm. og þar má nær engu breyta og í raun engu utan þess ákvæðis sem beint snertir kjarasamninga verkafólks sem numið var brott af ótta við þá alvöruþrungnu aðvörun sem alþýðusamtökin sendu frá sér við þessari hátíðargjöf, þessari 1. maí-gjöf ríkisstj. Það væri svo eftir öðru varðandi þessa hæstv. ríkisstj., sem gamli framsóknarbóndinn lýsti svo fagurlega sem ég vék að hér í upphafi, að sú líking við fótahreyfingu kindarinnar mundi helst eiga við um þann fjörkipp sem felast mundi í nokkur hundruð millj. kr. gjöf til kaupsýslumanna hér á landi sem sýnist eiga að færa þeim á silfurdiski jafnhliða þessari 1000 millj. kr. fjáröflun til landhelgisgæslu og fiskverndar. Það er svo annað mál hvort þessum aldna bónda þykir sá fjörkippur til bóta. Það dreg ég stórlega í efa, vægast sagt.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég mun ekki halda hér langa ræðu, enda hafa ræður hv. stjórnarandstæðinga ekki gefið tilefni til þess. Þær hafa verið stuttar og málefnalegar. En ég vil þó, áður en frv. fer til n., aðeins segja örfá orð.

Ég er ekki sammála því, sem hér hefur verið haldið fram, að ríkisstj. sé að fela sig á bak við nauðsynleg útgjöld til landhelgisgæslu. Það er greinilega tekið fram í frv. að það er fleira sem stendur til að gera fyrir það fé, sem hér á að afla, heldur en það eitt að efla landhelgisgæslu og auka fiskirannsóknir. Það er ekkert launungarmál. Það er sundurliðað í aths. frv. til hvers nota eigi fjármagnið, og þess vegna er það ekki á rökum reist að halda því fram að hér sé um neinn feluleik að ræða. Koma þar fyrst og fremst til vegamál og orkumál.

Hv. 1. landsk. þm. gat þess að skuldasöfnun núv. ríkisstj. erlendis væri úr hófi fram, og síst ætla ég að bera á móti því að hún sé of há. Og hann gat þess að því væri spáð að greiðslubyrðin í hlutfalli við útflutningstekjur mundi á þessu ári verða 18.6%. Það er vissulega mjög há tala. En ég held að það sé rétt að rifja það þá upp, t. d. á 10 ára tímabili, hver þessi greiðslubyrði hefur verið. Hún er svona eftir skýrslu hagfræðideildar Seðlabanka Íslands: 1967 11.5, 1968 15.1, 1969 16.7, 1970 11.2, 1971 10.0, 1972 11.4, 1973 9.7, 1974 11.2, 1975 14.8 og 1976 áætlað 18.6, eins og hv. þm. nefndi. Hér eru mjög háar tölur, það skal viðurkennt, en það er ekkert ýkjalangt síðan greiðslubyrðin náði svipuðum fjárhæðum, og það var ekki í tíð þessarar hæstv. ríkisstj. Þetta var í tíð þeirrar ríkisstj. sem átti

sæti frá 1959 til 1971. Þá komst greiðslubyrðin í 16.7% og nú erum við sem sagt aðeins að skríða fram úr því hámarki sem þá var sett. En í tíð vinstri stjórnar var greiðslubyrðin miklu lægri, eins og kemur fram af þeim tölum sem ég hef leyft mér að vitna til. Ég held að það sé nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir því — ekki einungis hvernig málin eru í dag, heldur einnig hvernig þau hafa verið. Ég er ekki að mæla þessu bóta, en ég vísa til allra þeirra framkvæmda sem nú er verið að vinna að og lánin hafa fyrst og fremst verið tekin til. Hv. þm. gat þess að hitaveita á Akureyri væri gjaldeyrissparandi og þess vegna mætti gjarnan taka lán til hennar. En það eru bara fleiri framkvæmdir sem eru gjaldeyrissparandi og valda því að verulegu leyti hversu mikið erlend lán nú hafa verið tekin.

Það má vel vera að hv. stjórnarandstæðingar sætti sig við niðurskurð á ýmsum framkvæmdum sem ríkið stendur í. Og persónulega er ég þeirrar skoðunar að menn verði að haga seglum eftir vindi og framkvæma eftir því sem getan leyfir. En ég man ekki betur þau ár sem ég hef setið hér á Alþ., sem eru að vísu ekki ýkjamörg, en þó nokkur orðin, en að í hvert skipti, sem minnst er á vegamál, þá hafi risið upp a. m. k. helmingur þm. og krafist þess að vegir yrðu bættir í sínu kjördæmi. Ég veit ekki betur en að í hvert skipti sem póst- og símamál hefur borið á góma, þá hafi menn risið upp og sagt: Símaþjónustan í mínu kjördæmi er ómöguleg og hana verður að bæta. Og ég man ekki betur en að hér hafi margsinnis á hverju þingi verið fluttar till. um bætt sjónvarpsskilyrði og útvarps víðs vegar um landið. Allt eru þetta auðvitað réttmætar kröfur. En menn verða þá að gera sér grein fyrir því jafnframt að það kostar fé að byggja þessar framkvæmdir og það verður ekki hægt að gera það án þess að leggja fjármagn til þeirra hluta. Það er matsatriði hve hratt á að fara í slíkar framkvæmdir, það skal viðurkennt, og vafalaust hefði mátt hægar fara oft og einatt, ekki bara núna. En það er víst að ánægju mundi það ekki vekja hjá landsmönnum yfirleitt. Allt eru þetta, að ég hygg, fyrst og fremst dreifbýlismál sem margur vill kenna sig við og eigna sér þegar búið er að framkvæma þau, en gjarnan vera laus við að bera ábyrgð á þeirri fjáröflun sem þarf til þess að koma þessum framkvæmdum í verk.

1. landsk. gat þess að frv. væri svo slæmt að það væri andstætt hagsmunum vinnuveitenda, andstætt hagsmunum iðnrekenda, andstætt hagsmunum launþega í Alþýðusambandi Íslands og andstætt hagsmunum launþega í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Og eflaust finnst öllum þetta frv., eins og gjarnan þegar þarf að leggja á nýjar álögur, vera andstætt sér. En væri betra að frv. væri hagstætt einhverjum þessara aðila? Ég efa það. Ég held að það sé best að það beri allir byrðarnar og að þær álögur sem leggja þarf á, komi sem jafnast niður, sem sagt illa við alla, af því þær gera það vissulega. (Gripið fram í.) Ja, verslunin, það er mál sem verður ábyggilega kannað sér á parti. Það er sagt að verslunin muni græða á þessu ótalin hundruð millj. kr. Og það er eflaust rétt að teknamegin hjá verslun koma stórar fjárhæðir. En gæti ekki hugsast að það kæmi eitthvað gjaldamegin líka? Er ekki flest verslun hér rekin fyrir lánsfé, og kostar það ekki sitt að auka lager og kaupa inn dýrari vörur heldur en nú er? Ég gat ekki hlustað á svar viðskrh. við þessari spurningu í Nd. í dag, en ég hygg að hann hafi þó sagt að þessi mál yrðu könnuð í verðlagsnefnd og þar yrði reynt að meta það hver hagur verslunarinnar sérstaklega yrði af þessum ráðstöfunum, og það vona ég að verði gert.

Ég skal ekki eyða tíma hv. d. í langa ræðu um þetta mál, en ég vil segja það að lokum, að ég efa það ekki að jafnhjartgóður og velviljaður maður og hv. 7. landsk. þm. vildi gjarnan stytta líf afvelta kindar ef hann hefði á því tök, og ég gæti vel ímyndað mér að hann hefði sama hugarfar til þessarar ríkisstj. eins og bóndinn til kindarinnar, en einhvern veginn virðist hann nú bara vanta það sem til þarf til þess að stytta lífið.

Bragi Sigurjónsson: Það er aðeins, herra forseti, örstutt varðandi þann samanburð sem hæstv. utanrrh. las um skuldahlutfall ríkissjóðs áður fyrr. Hann var alveg réttur. Hann var einmitt lesinn í Nd. nú fyrir örstuttu. En ég vil minna á hvaða ár voru 1967 og 1968. Ég held að engum blandist hugur um að þá átti þjóðin erfiðara undir fæti en nú, og þó komst ekki þetta hlutfall jafnhátt og það er í dag þegar allir telja að útflutningstekjur okkar séu hækkandi. Og ég minni á að þetta var farið að lagast hjá ríkisstj, eins og kom fram í tölu, sem nefnd var frá 1970. En núna, þegar byrjað er að syrta í álinn á ýmsa lund, þá hækkar þessi skuldafótur eða hvað maður á að kalla það enn hjá ríkisstj., þannig að mér virtist sá samanburður, sem hæstv. utanrrh. las, heldur óhagstæður fyrir núv. ríkisstj. svo ekki sé meira sagt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 17 shlj. atkv.

Efri deild, 97. fundur.

Þriðjudaginn 4. maí, kl. 11.30 síðdegis.

Fjáröflun til landhelgisgæslu, ríkisfjármál o. fl., frv. (þskj. 625, n. 626 og 627, 628, 629). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég skal í eins stuttu máli og ég get gera grein fyrir áliti og störfum fjh.- og viðskn. og því áliti sem meiri hl. hefur skilað.

Það hafa verið haldnir sameiginlegir fundir n. beggja bd. og hafa ýmsir aðilar komið til fundar við n. og útskýrt sín sjónarmið og gefið ýmsar upplýsingar, og kemur það fram í nál. hvaða aðilar það voru. N. varð ekki sammála um afgreiðslu málsins og meiri hl. skilar sérstöku áliti, en minni hl. skilar séráliti og flytur brtt.

Í fyrsta lagi fór nokkur tími n. í að gera sér grein fyrir þeirri fjárþörf sem hér er um að ræða, og í fyrsta lagi útskýrði ráðuneytisstjóri í dómsmrn. fjárþörf Landhelgisgæslunnar. Hann gat þess að það hafi verið áætlað fyrir tveimur mánuðum tæpum að Landhelgisgæslan þyrfti um 500 millj. vegna útgjalda sinna: til almenns rekstrar á þeim skipum, sem fyrir eru, 270 millj., til tækjakaupa 50 millj., til leigu á skipinu Baldri og rekstrar þess 150 millj. og leigu á flugvél 30 millj. Auk þess hefur bæst við rekstur og leiga á varðskipinu Ver sem er áætlað um 120 millj., aukinn launakostnaður vegna kjarasamninga 90 millj. og umframkostnaður vegna ársins 1975, seinni hluta árs, um 40 millj., eða samtals um 750 millj. kr. Það kom greinilega fram að hér er um áætlun að ræða og erfitt að fullyrða um hvort hún stenst að öllu leyti, en því verður reynslan að skera úr. Það er hins vegar ljóst að hér er ekki um ofáætlun að ræða.

Hæstv. sjútvrh. kom á fund n. og gerði grein fyrir fjárþörf Hafrannsóknastofnunar og ýmissa annarra stofnana til fiskileitar og veiðitilrauna. Hann gerði grein fyrir því í fyrsta lagi að það yrði sendur togari til að leita fyrst og fremst að karfa, og hann áætlaði að kostnaður af því yrði ekki minni en 45 millj. kr. Í öðru lagi gat hann þess að það væri fyrirhugað að taka einn bát á leigu til að gera tilraunir með veiði á grálúðu með línu, í þriðja lagi að leigja lítinn bát til að kanna skarkolamið, í fjórða lagi leit að loðnu í júlí til sept. og leigja skip til að reyna þessar veiðar, í fimmta lagi leit að djúpsjávarrækju og það kæmi mjög til greina að styrkja 2—3 skip til þessara veiða og þá eitt frá Austfjörðum, eitt frá Norðurlandi og eitt frá Vestfjörðum, án þess að það væri endanlega afráðið, í sjötta lagi leit að kolmunna, og í sjöunda lagi gat hann þess að það væri vart á dagskrá nú leit að spærlingi þar sem væri mjög slæmur markaður fyrir þann fisk. Auk þess gat hann um ýmsa aðra liði, eins og fjárvöntun hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, einnig markaðsleit, humarrannsóknir o. fl., o. fl. Það kom því mjög skýrt fram í máli ráðh. að hér var ekki of í lagt að áætla 250 millj. til þessara þarfa. Hann gat þess að það væru uppi óskir um mun meira fé, en það væri því miður ekki hægt að verða við því, en þörfin væri mjög brýn.

Þá kemur fram í frv. ýmis önnur fjárþörf, til vegagerðar m. a. Er gert ráð fyrir því að framkvæmdir við nýja vegi verði óbreyttar að krónutölu frá því sem gert var ráð fyrir, en hins vegar hefur viðhald hækkað mjög vegna aukinnar dýrtíðar, snjómoksturs o. fl. sem skapar mikinn fjárhagsvanda Vegagerðarinnar. Er ljóst að hér er um allmikinn vanda að ræða þótt það megi líta á það ýmsum augum hvort sé rétt að mæta þeim vanda með aukinni fjáröflun. En það er a. m. k. skoðun mín að það verði ekki undan því skotist að hafa þá vegi okkar, sem til eru í þessu landi, sæmilega færa, hefla þá og halda þeim við, auk þess sem vegagerð á þessu ári er í mjög miklu lágmarki miðað við mörg undanfarin ár.

Ég sé ekki ástæðu til þess að gera frekar grein fyrir fjárþörfinni, hún kemur mjög skýrt fram í aths. við frv. Og þegar menn ræða um að það sé fremur ástæða til þess að spara í ríkisútgjöldunum, þá mættu menn hafa í huga hvernig síðustu fjárlög voru afgreidd. Það var reynt að gæta þar ítrasta aðhalds og koma í veg fyrir að fjárl. hækkuðu mjög í meðförum þingsins. Hljóta menn að hafa það í huga þegar það er gagnrýnt að ekki skuli vera reynt að spara meira í ríkisútgjöldunum, að það var reynt hið ítrasta að mínum dómi til að gera það þegar fjárl. voru afgreidd. Hins vegar hefur því miður komið í ljós að það þarf að afla heldur meiri tekna, og það er vissulega gagnrýnisvert að ekki skyldi unnt að ganga betur frá fjárlagafrv. Það hefði að mínum dómi mátt sjá fyrir að það væri mun meiri þörf á fjármagni til Vegagerðarinnar strax þá, og það hefði vissulega mátt með betri afgreiðslu á fjárl. og betri vinnubrögðum koma í veg fyrir að það þyrfti meiri tekjuöflun nú en aðeins til landhelgisgæslunnar. En við hljótum að viðurkenna staðreyndir og haga okkur í samræmi við það, nú þegar það kemur í ljós að hér er um allmikla fjárvöntun að ræða.

Það má um það deila hvernig þessa fjár skuli aflað. Það koma vissulega margar leiðir til greina. Það er hugsanlegt að afla þess með beinum sköttum eða óbeinum sköttum, þá söluskatti, vörugjaldi eða tollum. Hér er valin sú leið, að leggja á viðbótarvörugjald. Ég get ekki stillt mig um að láta í ljós þá skoðun að ég hefði talið að mörgu leyti heppilegra að fara hér blandaða leið og bæta að einhverju leyti við beina skatta og að einhverju leyti óbeina skatta. Það má hins vegar segja að það sé meginatriðið að afla þessara tekna, en þó verður ætíð að hafa í huga á hvern hátt það skuli gert. Það er einnig hugsanlegt að gera það með breytingum á skattalöggjöf. En að mínum dómi er fráleitt að ráðast nú í breytingar á skattalöggjöf í miðjum önnum skattstofanna. Þegar þær eru að leggja á fólkið í landinu og fyrirtækin, þá er ekki hægt að framkvæma breytingar á skattalöggjöfinni. Ég sé hins vegar að minni hl. n. gerir till. um að gera breytingar á skattalögum, leggja sérstakan skatt á skattskyldan rekstur. Í þeim hópi eru ýmsir aðilar sem hafa ekki miklar tekjur og má. t. d. nefna bændur landsins. Ég býst við og það var upplýst á fundi í fjh.- og viðskn. að þeirra hluti í þessum stofni væri a. m. k. 4 milljarðar plús einhverjar afskriftir. Ég er ekki þeirrar skoðunar að þessi stétt manna þoli mjög verulegar álögur. Hún er ekki það tekjuhá í dag að það sé hægt að ætla henni að hún geti greitt verulegar álögur umfram aðra. En um það eru sjálfsagt skiptar skoðanir, og ég sé að fulltrúar minni hl. álíta að svo sé. (Gripið fram í.) Ég bíðst afsökunar á því, vegna þess að brtt. liggur aðeins hér fyrir eins og hún var flutt í Nd. (Gripið fram í.) Já, ég skal ekki hafa fleiri orð um það, en aðeins benda á að þetta kemur við fleiri en þá sem vel eru settir, og það verða menn að hafa í huga þegar eru gerðar breytingar á skattalögum, auk þess, sem ég tel að það sé allt of seint að ráðast í slíka breytingu nú.

Það komu ýmsir aðilar til fundar við n., m. a. fulltrúar Alþýðusambands Íslands. Það hefur verið gerð mjög góð grein fyrir ályktun þeirra í mörgum ræðum hér í þinginu og sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um það, en aðeins benda á að Alþýðusambandið fellst á að fjárins sé aflað með tímabundinni hækkun vörugjalds, þ. e. a. s. 1000 millj. kr. til landhelgisgæslunnar, en lagði hins vegar á það ríka áherslu að þessi hækkun verði

ekki á neinn hátt tengd riftun gildandi kjarasamningsákvæða um „rauðu strikin“. Það hefur nú verið fallið frá þeirri ákvörðun og gengið til móts við þau sjónarmið og óskir Alþýðusambandsins. En þetta minnir okkur á að það er nú svo með skattheimtu til ríkisins að það verður því miður ekki alltaf hægt að koma því svo fyrir að skattheimta til ríkisins sé bætt í auknum launum. Og það getur aldrei mótast hér heilbrigð efnahagsstefna ef skattheimta hefur ávallt áhrif á vísitöluna. En hitt er svo annað mál, að ég er á engan hátt að mæla því í mót að laun séu vísitölutryggð, þvert á móti. Hins vegar verða menn að hafa það í huga að til þess að ná góðri stjórn á efnahagsmálum verður fjármálavaldið og ríkisstjórn að hafa þar visst svigrúm án þess að hækkun opinberra gjalda komi inn í vísitölu.

Fulltrúar Alþýðusambandsins lögðu einnig á það mikla áherslu, að álagningarprósenta verslunar haldist óbreytt, og gerðu grein fyrir því í sinni ályktun. Þetta mál var rætt í Nd. og þá svaraði hæstv. viðskrh. því þannig, með leyfi hæstv. forseta, að um þetta atriði verði fjallað í verðlagsnefnd af réttum verðlagsyfirvöldum, og þegar ákvörðun verður tekin um álagningu, þ. á m. um hvort eða að hvað miklu leyti eigi að breyta álagningu vegna þessa vörugjalds, þá koma ýmis atriði til skoðunar og hljóta að koma til skoðunar. Ég er þess vegna ekki á þessu stigi reiðubúinn til þess að gefa neina yfirlýsingu um það efni sem þeir settu fram, þeir sem spurðu um þetta atriði. Þetta er atriði sem verður fjallað um í verðlagsnefnd. Það er sá vettvangur þar sem ber að fjalla um þetta atriði. Það verður að sjálfsögðu að hafa í huga að það leggst einnig ýmis kostnaðarauki á verslunina, svo sem fjárfestingakostnaður o. fl., og verður sjálfsagt fjallað um öll þau atriði í verðlagsnefnd. Vænti ég þess að þau mál geti fengið farsæla afgreiðslu þar, þar sem fullt tillit verði tekið til þessara sjónarmiða.

Einnig komu til fundar við n. fulltrúar BSRB og skiluðu einnig ályktun til n. Þeir voru að miklu leyti samþykkir ályktun Alþýðusambandsins, en lögðu á það áherslu að reynt yrði að spara svo sem unnt væri í ríkisbúskapnum. Ég hef nú því miður ekki tekið þetta álit með mér, en m. a. lögðu þeir til að það yrði frestað framkvæmdum við Kröflu, frestað framkvæmdum við Borgarfjarðarbrú og reynt að sýna ítrasta sparnað. Það er hins vegar ljóst að við megum ekki blanda saman um of lánahreyfingum annars vegar og rekstrarútgjöldum ríkissjóðs hins vegar, eins og oft vill verða þegar talað er um sparnað. Lán eru því miður ekki tekjur, þótt menn séu nú orðnir svo ruglaðir í peningamálum að það séu margir farnir að álíta svo að lán séu tekjur. En því miður verður ekki hægt að líta svo á og þess vegna verða menn að hafa það í huga, þegar rætt er um sparnað, að benda þá fyrst og fremst á rekstrarútgjöld, en ekki á lánahreyfingar.

Þar komu einnig fulltrúar frá Vinnuveitendasambandi og Verslunarráði Íslands og iðnrekendum. Verslunarráð Íslands sendi n. ályktun þar sem það leggur í stuttu máli áherslu á að það dragi ekki í efa að það sé þörf á fjáröflun til eflingar landhelgisgæslu, en hins vegar vilji það benda á, að það sé hægt að mæta þessum fjárhagsvanda á tvennan hátt: í fyrsta lagi með aukinni skattheimtu og í öðru lagi með niðurskurði ríkisútgjalda. Það leggur til að þessum vanda verði mætt með niðurskurði ríkisútgjalda og frestun ótímabærra framkvæmda. Í þriðja lagi bendir það á, að í frv. sé gert ráð fyrir að fjmrh. geti heimilað sveitarfélögum verðbréfaútgáfu vegna hitaveitufrankvæmda, og varar við þeirri þróun þar sem það álítur að nóg sé komið af slíkri verðbréfaútgáfu.

Það komu einnig til fundar við Ed.-nefndina fulltrúar frá Bandalagi háskólamanna og þeir lögðu á það áherslu að þeir kysu fremur að þessu vandamáli væri mætt með sparnaði í ríkisrekstrinum.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta frv. Ég vil taka undir orð fjmrh. um að hagstjórnargeta fjárl. og tekjuöflunar ríkisins sé orðin mjög vafasöm. Það er afskaplega lítill hreyfanleiki í tekjuöfluninni. Það er afskaplega erfitt að auka við beina skatta, þar sem það verkar ekki fyrr en ári síðar, og það gæti vissulega bætt þar úr ef tekið væri upp staðgreiðslukerfi. Mér er alveg ljóst að hér verður að vera meiri teygjanleiki, bæði varðandi útgjaldahlið og tekjuöflun, ef vel á að fara í stjórn efnahagsmála. Ég vil einnig ítreka það að bæði fjmrh. og fjvn. beiti sér fyrir því að það sé vandað mun meir til fjárlagagerðarinnar. Það hefur í bæði þau skipti, sem ég hef tekið þátt í afgreiðslu fjárlaga, ekki verið að mínum dómi vandað eins til fjárlagagerðarinnar og æskilegt hefði verið og eiga sjálfsagt ýmsir á því sök. En það er mjög mikilvægt að þessi vinna verði vönduð og Alþ. geti treyst mun betur þeim tölum, sem þar eru fram settar, heldur en raun hefur orðið á. Ég veit að það er oft erfitt að spá fram í tímann, en með vönduðum vinnubrögðum má örugglega gera betur.

En ég vil að lokum ítreka það, að meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþ. óbreytt eins og það var afgr. frá Nd.

Frsm. minni hl. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Frv. þetta hefur verið til umr. í dag í Nd. og við 1. umr. málsins hér í Ed. var það tekið til umr. af þremur alþb.-mönnum, sem gerðu því ágæt skil, og af þeirri ástæðu er ekki ástæða fyrir mig að fara hér mjög ítarlega út í þetta mál. En ég vil fara hér yfir nokkur meginatriði þess.

Hér er að sjálfsögðu um hreint tekjuöflunarmál að ræða sem er af því sprottið að fjárlög, sem samþ. voru fyrir s. l. áramót, voru algjörlega óraunhæf. Það virðist því vanta 2000 millj. kr. miðað við þau verkefni sem núv. ríkisstj. hefur ætlað sér að rækja. Allt var þetta að sjálfsögðu fyrirsjáanlegt um s. l. áramót. Það var fyrirsjáanlegt að útvega þyrfti meira fjármagn til eflingar landhelgisgæslunnar, og á það bentum við alþb.-menn og ítrekuðum með sérstökum tillöguflutningi þar um. Eins var ljóst að þær upphæðir, sem nefndar voru í fjárlögum og ætlaðar voru til fiskleitar, voru algjörlega ónógar miðað við verkefnin. Annar liður fjárlaga, sem var bersýnilega mjög svo óraunhæfur, var sá liðurinn sem sneri að kaupgjaldi opinberra starfsmanna og hefur það að sjálfsögðu komið á daginn.

Nú þegar afla þarf tekna til að bæta hag ríkissjóðs var að sjálfsögðu fráleit hugmynd frá öndverðu að ætla sér að fella þá fjáröflun út úr

vísitölu því hér er ósköp einfaldlega um að ræða að það þarf að fylla skarð í fjárlagadæminu sem er ekkert annaðrs eðlis í sjálfu sér en önnur þau nauðsynjamál sem eru í fjárlögum. Sem betur fer hefur það gerst við afgreiðslu þessa máls vegna þrýstings frá Alþýðusambandi Íslands og vegna baráttu stjórnarandstæðinga gegn því að riftað yrði gerðum kjarasamningum, að ríkisstj. hefur séð að sér og ákveðið að hækkun vörugjaldsins komi öll inn í vísitölu.

Fjárhagsvandamál ríkissjóðs verða hins vegar ekki rakin til þess að hæstv. fjmrh. hafi verið almennt allt of linur við að afla ríkissjóði tekna. Hann hefur staðið fyrir mjög svo hressilegum álögum á almenning í landinu, bæði í formi stórhækkunar á sölusköttum með vörugjaldi á vörugjald ofan og með sérstökum bráttóskatti á alla útsvarsgreiðendur. Allar hafa þessar álögur beinst að buddu hins almenna manns. En hitt er svo annað mál, að jafnframt þessu hefur það blasað við um langt skeið að þúsundir millj. kr. rynnu fram hjá garði hæstv. fjmrh. án þess að nokkur tilraun væri gerð til þess að fella þar á skatt. Þar á ég að sjálfsögðu við reksturinn í landinu sem sleppur mjög við skattaálögur vegna fáránlegra fyrningarreglna og annarra galla á núverandi tekjuskattslögum. Ég hef svo oft rætt það mál hér á Alþ. að ég sé ekki ástæðu til að fara nánar út í þá sálma hér. En ljóst er af yfirlýsingum hæstv. fjmrh. að hann ætlar enn að láta líða eitt skattlagningarár án þess að hreyft verði við þessum miklu óskattlögðu tekjum.

Þegar þetta frv. um vörugjald var lagt fram gerði stjórn Alþýðusambands Íslands samþykkt þar sem hún taldi sig reiðubúna að samþ. eftir atvikum allt að 13—14% hækkun vörugjaldsins með vissum skilyrðum. Þetta var framrétt hönd til sátta, og færð voru að því full rök að 1000 millj. kr. fjáröflun mundi duga. Með þeim rökstuðningi, sem þar var færður fram, er Alþb. reiðubúið að standa að þessari viðleitni Alþýðusambandsins að ná samstöðu um að vörugjaldið hækki ekki nema í 14%. Og þetta á við stjórnarandstöðuflokkana alla. Við flytjum því sem aðaltill. okkar hér þá till., sem Alþýðusambandið hafði áður lagt fram, um að vörugjaldið verði 14%.

Hitt kemur svo skýrt fram í nál. okkar, að við alþb.-menn höfum bent á að aðrar leiðir til fjáröflunar hefðu verið heppilegri og æskilegri en jafnvel álagning 14% vörugjalds, og til að undirstrika þetta sjónarmið okkar flytjum við aðra till., varatill., þar sem gert er ráð fyrir því, að 1000 millj. kr. verði aflað í ríkissjóð með sérstakri álagningu 6% bráttóskatts á rekstrartekjur.

Eins og fram kemur í nál. okkar munum við ekki láta atkv. falla um þessa till. við 2. umr. málsins þar sem þetta er varatill. og hún verður dregin til baka endanlega ef aðaltill. okkar verður samþ., en endurflutt við 3. umr. ef aðaltill. okkar verður felld. Þessi till. er á þskj. 628 og ég vil nú fara nokkrum orðum um þessa till. En hana verður sem sagt að skoða í ljósi þeirra aðstæðna sem ég nú hef lýst, sem sagt að veikasta hliðin á skattlagningarkerfi okkar í dag er sú að skattur á rekstur er hlutfallslega mjög óverulegur og þar eiga fyrningarreglurnar einkum sökina.

Við leggjum til að á sérhvern skattskyldan rekstur félaga og einstaklinga skuli við álagningu nú í sumar bætt ofan á aðra skatta 6% bráttóskatt sem miðaður sé við hreinar rekstrartekjur fyrirtækja áður en fyrningar og varasjóðsframlög hafa verið dregin frá. Ég hjó eftir því að hv. frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. taldi mjög óæskilegt að hreyfa við tekjuskattslögunum svo seint, og virtist mega skilja af orðum hans að till. væri á einhvern hátt erfið í framkvæmd vegna þess hversu seint hún væri fram komin. Ég held að þetta sé misskilningur hjá hv. þm. Ef tími hefði unnist til, ef við værum hér að ræða um breyt. á skattalögum í febrúarmánuði t. d., þá hefðum við alþb.-menn kosið að gera beina brtt. við núverandi fyrningarreglur tekjuskattslaganna og það hefði verið raunhæft á þeim tíma. Við viðurkennum hins vegar að það er ekki raunhæft í dag. En þetta er ekki brtt. við hinar almennu, venjulegu fyrningarreglur, mun engu breyta um þá álagningu sem nú er í gangi hjá skattstofum víðs vegar um land, mun ekki á nokkurn hátt torvelda skattlagningu né tefja fyrir henni. En samþykkt till. mundi fyrst og fremst hafa það í för með sér að að lokinni almennri álagningu tekjuskatts yrðu skattstofurnar að fara yfir framtöl allra þeirra einstaklinga og félaga, sem rekstur hafa með höndum, og ákveða þennan viðbótarskatt. Og þar sem um er að ræða mjög skýran og einfaldan skattstofn sem blasir við í tölum talið í skýrslum skattstofunnar, þá á þetta að vera mjög einfalt verk og auðunnið, kosta tiltölulega lítið og vera fljótgert. Vil ég heyra rök fyrir því ef hv. þm. telur að hér fari ég með rangt mál.

Ég hjó einnig eftir því að hv. þm. taldi að hér væri um sérstaka árás á bændastéttina að ræða. Ég held að ef hv. þm. kynnti sér þá till., sem við höfum hér fram borið, mundi hann sjá að svo er ekki. En ég vil taka það fram að misskilningur hans kann að stafa af því að hann var ekki búinn að fá till. í hendur, en hún er ekki alveg með sama hætti og till. sem flutt var í Nd. Við nánari athugun bættum við einni málsgr. við till. sem einmitt er ætlað að koma í veg fyrir að samþykkt þessarar gr. komi illa við þá sem hafa sjálfstæðan rekstur með höndum, en hafa tiltölulega litlar tekjur og a. m. k. litla fjárfestingu. Þessi setning er svo hljóðandi: „Nú hefur notkun fyrningarheimilda samkv. 15. gr. lækkað skattgjaldstekjur við álagningu tekjuskatts fyrir skattárið 1975 um lægri fjárhæð en 200 þús. kr., og skal þá skatturinn lækkaður um helming, en falla niður, ef nefnd fjárhæð er lægri en 100 þús. kr.“

Ekki veit ég hvort allir hv. þm. hafa náð kjarna þessa máls, en ég vil þá fara örfáum viðbótarorðum um þetta atriði. Það felur það í sér að hafi viðkomandi rekstraraðili alls ekki notað fyrningarheimildir, þá fær hann ekki þennan skatt á sig. Hafi hann notað fyrningarheimildir til að lækka sinn tekjuskatt sem nemur á bilinu frá 100 þús. kr. til 200 þús. kr., sem þýðir þá væntanlega að hann hefur hagnast af fyrningarreglum einhvers staðar á bilinu frá 2 þús. kr. og upp í 80 þús. kr., eftir því í hvaða skattstiga hann hefur hugsanlega lent, þá greiðir hann aðeins helming þessa skatts. Það er aðeins ef viðkomandi aðili hefur haft með höndum svo mikla fjárfestingu að hann hefur getað fyrnt meira en 200 þús. kr. á árinu og þar með sloppið við verulegar skattgreiðslur í sam-

bandi við álagningu tekjuskatts að hann lendir í því að borga þennan skatt. Ég er sannfærður um að mikill meiri hl., vafalaust yfirgnæfandi meiri hl. bænda lendir þar af leiðandi ekki í þessum skatti, einmitt vegna þess að þó að fjárfestingar séu allmiklar í landbúnaði, þá munu menn almennt ekki ná þessum mörkum. En nái þeir þeim, hafi þeir haft með höndum svo miklar fjárfestingar á árinu að þeir nái þessum mörkum, þá er ekki nema eðlilegt og sanngjarnt að þeir borgi viðbótarskatt, því þá hafa þeir notað fyrningarheimildir í óhófi. Þá hafa þeir væntanlega notað allt að 28% fyrningu sem er miklu meiri fyrningarheimild en nokkurt vit er í, og þá er ekki nema sanngjarnt að þeir greiði þennan skatt. En þetta á að sjálfsögðu ekki aðeins við bændur, heldur kann þetta að eiga við ýmsa aðra rekstraraðila sem ósanngjarnt er að gjaldi fyrir einhverja aðra sem sleppa vel frá tekjuskatti vegna þess, að þeir hafa hagnýtt sér fyrningarreglur.

Ástæðan til þess, að þessi viðbótarsetning fylgdi ekki till. þegar hún var flutt í Nd., var einfaldlega sú að ákaflega lítill tími gafst til undirbúnings tillögugerðinni vegna þess mikla hraða sem ríkisstj. hefur á afgreiðslu þessa máls, og þetta atriði hafði því fallið niður við gerð till. En því skal að vísu bætt hér við, að sjálfsagt mætti orða þessa tillögugrein á annan veg og hafa þá kannske fleiri þrep en tvö, eins og hér er lagt til, en þurft hefði meiri tíma til að undirbúa till. á þann veg.

Í sambandi við bændastéttina, þá get ég ekki stillt mig um að minna hv. þm. á að það er verið að leggja töluverðar byrðar á bændastéttina með álagningu þessa vörugjalds. Ýmsar mjög nauðsynlegar heimilisvélar hækka t. d. verulega í verði í stórum stíl og ýmsar mjög nauðsynlegar fjárfestingarvörur landbúnaðarins. Staðreyndin er auðvitað sú, að bóndinn getur tæpast hreyft sig svo hann sé ekki þar með að gjalda einhvern aukaskatt í ríkissjóð vegna samþykktar þess vörugjalds sem hér er til umr. Hann getur ekki rakað sig án þess að borga þar með skatt í ríkissjóð, hann getur ekki stráð salti í grautinn sinn, vegna þess að fjmrh. mun þar ná nokkrum aurum hverju sinni, og hann getur ekki piprað plokkfiskinn sinn án þess að fjmrh. komi þar við sögu. Það er því ekki hægt að halda því fram að bændastéttin komi frá þessari skattlagningu án þess að eitthvað lækki í buddunni.

Flestum mun ljóst vera að vörugjald er nokkurs konar gengislækkun. Þó að sú gengislækkun gangi ekki yfir allar vörur, þá gengur hún yfir stóran hluta af vörum á markaðinum. Og þetta er svo sannarlega ekki fyrsta gengisfellingin sem núv. ríkisstj. stendur fyrir. Hún var ekki búin að starfa meira en hálft ár þegar hún hafði þegar staðið fyrir tveimur stórfelldum gengislækkunum sem hvor um sig var milli 20 og 25% eftir því hvernig reiknað er. Þar við hefur svo bæst gengissig sem er hvorki meira né minna en 20% frá seinustu opinberu gengislækkun, þegar dollarinn var skráður á 149 kr., en er nú skráður á 179 kr. eða rétt um 180 kr. Til viðbótar þessu kemur svo vörugjaldið sem lagt var á á s. l. sumri og svo vörugjald á vörugjald ofan.

Það hefur verið meginreglan í sambandi við gengisbreytingar og lengstum óumdeilt að álagning verslunarinnar ætti ekki að hækka í krónutölu vegna ráðstafana sem í orði kveðnu væru gerðar til að bæta afkomu þjóðarbúsins og að ein stétt manna ætti ekki að hagnast stórlega á slíkum efnahagsaðgerðum. Þess vegna hefur það löngum verið ákveðið að álagningarprósenta skuli lækka í tengslum við slíkar efnahagsaðgerðir. Og þetta var lengstum óumdeilt. En nú í seinni tíð og þá fyrst og fremst í tíð þessarar stjórnar hefur verið farið inn á aðrar brautir. Er þess skemmst að minnast að þegar vörugjald var lagt á í sumar mun verslunarstéttin hafa hagnast mjög verulega á þeirri skattlagningu enda var þá engin breyting gerð á álagningarreglum. Það er því ekki að ófyrirsynju að stjórnarandstöðuflokkarnir og Alþýðusambandið hafa lagt ákaflega ríka áherslu á að þetta endurtaki sig ekki.

Hér kom fram áðan að viðskrh. hefði fjallað um þetta í Nd., við umr. um þetta frv. í dag, og hann hefði lýst þar yfir að þetta mál yrði athugað. Ekki náði nú yfirlýsingin lengra hjá hæstv. viðskrh. og fyrr hefur maður heyrt svo loðnar yfirlýsingar sem lítið hafa merkt í reynd.

Við alþb.-menn teljum sjálfsagt og eðlilegt að slá því föstu í eitt skipti fyrir öll, varðandi afgreiðslu þessa máls a. m. k., að álagning í heildsölu og smásölu skuli ekki hækka að krónutölu vegna hækkunar vörugjalds samkv. 1. gr. þessa frv. Við flytjum því, hv. þm. Geir Gunnarsson og ég, þá till. á þskj. 628 til viðbótar við till. um sérstakan 6% skatt. Um aðrar frvgr. get ég verið fáorður. Ég stend ekki gegn því að ákvæði II. kafla frv., III. kafla þess og IV. kafla nái fram að ganga. Ég tel að vísu að ákvæði II. kafla um breytingu á greiðslu persónuafsláttar séu nokkuð seint á ferðinni og í reynd mjög óeðlilegt að ætla að breyta þessu atriði eftir að allar sveitarstjórnir hafa gert sínar fjárhagsáætlanir. En þar sem ég tel ekki að það sé eðlilegt að sveitarstjórnir njóti tekna í þessu formi, þá læt ég það afskiptalaust persónulega þótt þessi breyting nái fram að ganga. Í sannleika sagt hafa stjórnarandstöðuflokkarnir ekkert sérstaklega fjallað um þetta atriði. Ég geri ráð fyrir að menn láti þetta ákvæði afskiptalaust. Eins er um önnur ákvæði hér, bæði skyldusparnað og fjármögnun orkuframkvæmda sveitarfélaga. Við alþb.-menn erum heldur hlynntir skyldusparnaðinum, og ég geri ráð fyrir því að við munum flestir greiða atkv. með því að hann nái fram að ganga. Og eins er um fjármögnun orkuframkvæmda sveitarfélaganna. Það skal hins vegar tekið fram að afstaða okkar til frv. mótast á engan hátt af afstöðu okkar til þessara kafla þess, enda eru þetta minni háttar mál. Við munum því greiða atkv. gegn frv. ef aðaltill. okkar um lækkun vörugjaldsins nær ekki fram að ganga.

Í þessu sambandi vil ég aðeins láta þess getið hér að ég er ekki algjörlega sammála því mikla umtali sem sem verið hefur um tröllslega skuldabyrði íslenska ríkisins, og ég get í ýmsu tekið undir það sem fram kom hjá hæstv. utanrrh. Einari Ágústssyni. Ég tel ekki neina sérstaka ástæðu til að örvænta þó að greiðslubyrðarhlutfall erlendra lána hafi nokkuð hækkað seinustu árin af skiljanlegum ástæðum. Þar er að sjálfsögðu fyrst og fremst um það að ræða að ráðist hefur verið í margs konar fjárfestingu sem er óhjákvæmileg og nauðsynleg og mun skila þjóðinni miklum arði. Er yfirborðskennt að minni hyggju að vera að

amast við þeirri fjárfestingu sem að mestu leyti var óhjákvæmileg og sjálfsögð. Ég nefni t. d. framkvæmdir í orkumálum sem eiga eftir að skila þjóðinni miklum arði, og eins er hitt, að tölur af þessu tagi segja sjaldnast nema hálfa söguna því þær mótast fyrst og fremst af þeim sveiflum sem eiga sér stað í útflutningstekjum þjóðarinnar. Þegar verðlag á afurðum okkar hækkar og útflutningstekjurnar hækka, þá lækkar þetta hlutfall og svo aftur öfugt. Það er þess vegna engin tilviljun að á s. l. áratug skyldi þetta hlutfall verða langsamlega hæst á árunum eftir að síldin hvarf af miðunum og útflutningstekjur okkar urðu hvað lægstar.

Í sambandi við erlenda skuldabyrði er það mjög tíðkað að reyna að framreikna hana og áætla hversu mikið hún eigi eftir að vaxa á næstu árum. En ég tel að þeir útreikningar séu harla hæpnir, að ekki sé meira sagt, og hef margt við þá að athuga þó að ég fjölyrði ekki um það hér. En eitt af því, sem ævinlega gleymist að taka tillit til í slíkum útreikningum, er hin erlenda verðbólga sem einnig er fyrir hendi og þar með verðrýrnun erlendra gjaldmiðla, sem skuldir okkar eru einkum miðaðar við, en það hefur að sjálfsögðu í för með sér í reynd, ef til lengdar lætur, að þessi hlutföll hækka ekki nándar nærri eins mikið og þau mundu gera ef þetta er reiknað út einfaldlega stærðfræðilega án þess að tekið sé tillit til þessarar grundvallarstaðreyndar. Ég tel í sambandi við erlenda skuldabyrði að aðalatriðið sé að við erlenda lántöku sé þess gætt stranglega að lánsfé renni til framkvæmda sem eru annað tveggja gjaldeyrisaflandi eða gjaldeyrissparandi og að ekki séu tekin erlend eyðslulán. En varðandi þátt núv. ríkisstj. í þessum efnum, þá er það kannske einkum það sem mætti um sakast hvað hana snertir, að hún hefur haldið á gjaldeyrismálum þjóðarinnar frámunalega illa og hún hefur sannarlega tekið hvert eyðslulánið af öðru. Það er fordæmanlegt, en ekki hitt, að tekin séu erlend lán til nauðsynlegrar fjárfestingar og framkvæmda sem eiga eftir að skila þjóðinni miklum arði.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um álit minni hl. n. og till. okkar alþb.-manna.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég vil í upphafi leyfa mér að þakka fjh.- og viðskn. beggja d. fyrir störf þeirra í sambandi við það frv. sem hér er til umr. og fyrir það að hægt hefur verið að vinna að þessu máli að það sýnist geta hlotið afgreiðslu á þessum klukkutíma e. t. v.

Í sambandi við ræðu hv. 5. þm. Norðurl. v., sem lauk hér máli sínu áðan sem frsm. minni hl., þá held ég að ég verði að leiðrétta það sem hann sagði síðast þegar hann ræddi um erlendar lántökur. Framan af hafði hann rök að mæla í sambandi við þau sjónarmið sem hann þar kom fram með, en hann endaði ræðu sína á því að benda á að núv. ríkisstjórn hefði tekið erlend lán til eyðslu. Hér er ábyggilega um að ræða mikinn misskilning hjá hv. þm. því að erlendar lántökur í ár og á s. l. ári voru til framkvæmda sem annaðhvort voru, eins og hann vék að, til gjaldeyrisöflunar eða til þess að spara gjaldeyri. Hitt liggur svo ljóst fyrir, að vegna þess hvernig okkar viðskiptakjörum er komið og vegna þess hvernig gjaldeyrisstaða Seðlabankans hefur verið, þá hefur Seðlabankinn orðið að útvega sér viðskiptalán, þ. e. a. s. gjaldeyrislán til þess að sinna þeim þörfum, og það eru allt annars konar lán en þau sem ríkissjóður tekur til opinberra framkvæmda. Og ef litið er á lánsfjáráætlun þá, sem samþykkt hefur verið fyrir árið 1976, þá kemur þar auðvitað í ljós að þau erlendu lán, sem taka skal, eru í sambandi við opinberar framkvæmdir eða framkvæmdir sveitarfélaga sem, eins og hv. þm. vék að, eru til þess að spara gjaldeyri eða til þess að afla aukins gjaldeyris.

Það hefur mátt heyra það hér á ræðum hv. stjórnarandstæðinga að þeir vilja ógjarnan vera andvígir þeim atriðum þessa frv. sem þeir telja að ópraktískt sé fyrir þá að vera í andstöðu við. Þeir hafa hins vegar ekki viljað axla þá byrði sem því fylgir að halda þar með að sjálfsögðu ríkisfjármálunum í jafnvægi. Þeir hafa ekki viljað taka þátt í því að axla þá byrði sem ljóslega liggur fyrir okkur að taka á okkur í sambandi við landhelgisgæsluna, í sambandi við fiskvernd og það sem verður að vinna í sambandi við það hvernig komið er okkar fiskstofnum.

Hér hafa verið settar fram hugmyndir, bæði í hv. Nd. og hér í hv. Ed., til lausnar á þessum vanda, sem mig furðar að hér skuli heyrast, þ. e. að leysa rekstrarvandamál ríkissjóðs með því að hætta við framkvæmdir og nota erlendu lánin til þess að eyða í rekstrargjöld hjá ríkissjóði. Ég hefði nú talið að þeir aðilar, sem vilja gagnrýna fjármálastjórn núv. ríkisstj., hefðu a. m. k. ekki komið með þessar till. hér til úrlausnar og til úrbóta, því ef núv. ríkisstj. tæki þær til eftirbreytni, þá væri hægt að gagnrýna hana fyrir hvernig fjármálastjórnin væri.

Það rekur sig hvað á annars horn þegar verið er að gagnrýna, eins og gjarnan vill verða þegar menn hafa ekki till. fram að færa í sambandi við lausn á vandamálunum. Það á að gera ýmsa hluti, en hins vegar má hvergi við koma og ekki er bent á nein úrræði til lausnar.

Ég skal nú ekki fara lengra út í þessar umr. Ég vildi þó aðeins vekja athygli á því, sem ég sagði í upphafi máls míns hér og kom kannske gleggra fram í ræðu minni í hv. Nd., þar sem ég vék að fjármálum ríkissjóðs og gerði grein fyrir bráðabirgðatölum ríkisbókhalds í ríkisreikningum 1975. Ég taldi mig hafa komið fram þar með þær tölur sem ríkisbókhaldið hefur látið frá sér fara. Ég skal fúslega viðurkenna að þær upplýsingar, sem gefnar voru í sambandi við fjármál ríkisins á s. l. ári, voru ekki með þeim hætti sem skyldi. En það, hvernig þær komu fram og þær miklu breytingar sem urðu á ríkisfjármálunum á því ári, er hægt að rekja kannske örfáa mánuði aftur í tímann.

Þegar menn gagnrýna hvernig útkoma fjárlaganna 1975 reyndist, þá held ég að það sé ekki úr vegi fyrir okkur að líta á tölurnar 1974, en hv. 11. landsk. þm., Geir Gunnarsson, var einmitt formaður fjvn. þegar fjárlagafrv. fyrir 1974 var samþ., — þær tölur, sem í því fjárlagafrv. voru, til samanburðar við ríkisreikninginn 1974 — og útkomu hans verður núv. fjmrh. vart kennt um þar sem hann hafði ekki tækifæri til að koma þar að nema seinustu fjóra mánuði ársins. Tekjur fjárl. 1974 voru áætlaðar 29.9 milljarðar kr., þær

reyndust 37 milljarðar og 700 millj. Ef menn telja að hér sé um að ræða vandvirknislega fjárlagagerð, þá þeir um það. Gjöldin voru áætluð 28.8 milljarðar, en reyndust rúmur 41 milljarður, nærri 50% hærri en fjárlagatalan var. 1975 eru tekjurnar áætlaðar 47.6 milljarðar, en reynast 49.7, gjöldin eru áætluð 47.4, reynast 56.1. Ef bornar eru saman tölur fjárl. og ríkisreiknings fyrir árið 1974 og árið 1975, þá stenst árið 1975 mjög vel samanburð við árið 1974 sem ég held að sé algjört Íslandsmet, þ. e. mismunurinn á milli fjárlaga 1974 og ríkisreikningsins 1974. Mér er fullkomlega ljóst að hér eru ýmsar skýringar. Þá voru gerðar breytingar og annað eftir því sem leiddi af sér meiri tekjur fyrir ríkissjóð, sem aftur leiddi af sér meiri gjöld fyrir ríkissjóð, þannig að þegar tölur eru teknar, þá segja þær ekki allt. En ef menn á annað borð vilja gjarnan gera samanburð á tölum, þá verða þeir líka að gera samanburð á milli ára. Hér er dæmi um það hvernig fjárlagagerð á ekki að vera, og ég er sammála þeim hv. þm. sem hér hafa látið þá skoðun sína í ljós að við verðum að vinna vandvirknislega að okkar fjárlagagerð. Ég vék að því bæði í minni framsöguræðu í hv. Nd. og svo hér í dag að fjárlög okkar, sem stjórnunartæki eru kannske ekki í dag eins heppileg og skyldi og við þyrftum að finna leiðir til þess að geta brugðist við vanda án þess að þurfa að gera uppskurð á fjárl. kannske á hverju miðju ári.

Út af fyrirspurn, sem hv. 11. landsk. þm. Geir Gunnarsson, beindi til mín varðandi Hitaveitu Suðurnesja, þá hef ég hér upplýsingar sem ég veit réttastar, að á þessu ári er framkvæmdakostnaður við hitaveituna áætlaður milli 1100 og 1300 millj. Það er gert ráð fyrir því að fjáröflun verði unnin með þeim hætti að innlent fé verði a. m. k. helmingur og þá unnið að því að fá erlent lánsfé að helmingi. Þetta eru þær hugmyndir sem uppi eru nú. Í þessu frv. er m. a. gert ráð fyrir að fara inn á nýjar brautir í sambandi við útgáfu verðtryggðra bréfa og gefa m. a. Hitaveitu Suðurnesja tækifæri til þess að afla sér fjármagns í sambandi við útgáfu slíkra bréfa. (Gripið fram í.) Á meðan frv. er ekki orðið að lögum eru það till. og hugmyndir, en um leið og það hefur öðlast lagagildi kemur það til framkvæmda. A. m. k. hef ég þannig litið á.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um það sem fram hefur komið. Eins og ég sagði í upphafi máls míns ítreka ég þakkir mínar til fjh.- og viðskn. beggja d. og þm. um samstarf varðandi framgang þessa máls.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Það er aðeins stutt aths. Hæstv. fjmrh. sagði áðan að þegar kæmi til þess að axla byrðarnar varðandi landhelgisgæsluna og fiskileit og fleira slíkt, þá vildi stjórnarandstaðan ekki taka á sig þær byrðar. Ég held ég hafi tekið rétt eftir því. Þetta er ekki rétt. Við einmitt flytjum hér till. um að leggja á vörugjald til þess að mæta einmitt þessum atriðum. og varatill. er hjá alþb.-mönnum um sömu upphæð verði aðaltill. ekki samþ. Þetta kalla ég ekki að við viljum ekki axla byrðarnar og vil leiðrétta ráðh. þar. Í öðru lagi vil ég benda á að við vorum fyrst og fremst, eða ég í minni ræðu, að benda á annað sem væri í frv. og ætti að koma vegna aukinna framkvæmda, að í ýmsu öðru teldum við, eins og sakir stæðu nú, að yrði að spara. Hitt, sem hann var að blanda inn í varðandi erlend lán sem ætti að nota í eyðslu, held ég að stafi af því að ég vitnaði í ræðu eða ummæli Kristjáns Thorlacius þar sem hann var að benda á hvernig hann hefði viljað að að þessu væri staðið, að í staðinn fyrir að leggja vörugjaldið á væri eingöngu sparað eða frestað ýmsum framkvæmdum sem hann teldi að mætti og ætti að fresta við núverandi aðstæður.

ATKVGR.

Brtt. 628,1 tekin aftur til 3. umr.
— 629 felld með 12:6 atkv.
1. gr. samþ. með 12:6 atkv.
2.—5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 628,2 felld með 12:6 atkv.
6. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
7.—8. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
10.—12. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
13.—14. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
15. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Efri deild, 98. fundur.

Miðvikudaginn 5. maí, kl. 0.58 árdegis.

Fjáröflun til landhelgisgæslu, ríkisfjármál o. fl., frv. (þskj. 625, 628, 1). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Það er hér nánast smáathugasemd sem ég vildi gjarnan að kæmist með í skýrslur um afgreiðslu þessa máls, svofelld:

Fyrir aumingjaskapnum þeir sjá ekki sólina,
en svolítið kaupmönnum umbuna.
Nú legg ég til að þeir lengi ólina
og létti þrýstingi á bumbuna.

ATKVGR.

Brtt., 628,1 felld með 12:6 atkv.
Frv. samþ. með 12:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 630).

Sameinað þing, 83. fundur.

Miðvikudaginn 5. maí, kl. 2 miðdegis.

Forseti tók öll dagskrármálin af dagskrá.

Sameinað þing, 84. fundur.

Miðvikudaginn 5. maí, að loknum 83. fundi.

Auglýsingar erlendra fyrirtækja í sjónvarpinu, þáltill. (þskj. 55). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Jöfnun á kostnaði við kyndingu húsa, þáltill. (þskj. 394). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál (þskj. 522).

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Svo sem að venju mun verða gefin Alþ. skýrsla um utanríkismál og samskipti Íslands við aðrar þjóðir, bæði tvíhliða viðskipti og þátttöku í alþjóðastofnunum.

Þessi skýrsla, sem nú verður flutt, hefur legið frammi nokkra hríð. Hún var afhent hv. Alþ. fyrir páskahlé og ég vona þess vegna að hv. alþm. hafi að þessu sinni gefist nægur tími til þess að athuga hana og gera þá við hana þær aths. sem þurfa þykir.

Ef ég ætti að benda á eitt atriði, sem er einkennandi fyrir ástandið í alþjóðamálum í dag, mundi ég telja að það væri ákvörðun Fords Bandaríkjaforseta að hætta að nota franska orðið „detente“ um samskipti austurs og vesturs, en segja í stað þess að koma verði á friði í skjóli valds, þ. e. að forsendan fyrir því að dregið sé úr spennu í samskiptum stórveldanna sé nægur hernaðarmáttur og vígbúnaður.

Á þessu ári eru forsetakosningar í Bandaríkjunum. Hefur það að sjálfsögðu sín áhrif á samskipti austurs og vesturs og þróun í alþjóðamálum almennt. Fram hefur komið að hinn almenni kjósandi í Bandaríkjunum er óánægður með stefnu Bandaríkjanna gagnvart Sovétríkjunum. Mönnum finnst Sovétríkin hafa unnið hvern sigur á fætur öðrum í viðskiptum landanna og vitnað er til framleiðslu eldflauga, skriðdreka og skipa meðan talað er um afvopnun, róið undir deilum í Austurlöndum nær, reynt hefur verið að ná yfirráðum í Portúgal gegnum minni hl., sem þó ekki tókst, stuðningur við samþykktina í Sameinuðu þjóðunum um zionisma og nú síðast að kúbanskir hermenn voru sendir til Angóla.

Afstaða Bandaríkjanna á alþjóðavettvangi virðist fara harðnandi, en framtíðin mun skera úr því hvaða áhrif þetta kann að hafa á hinar svonefndu SALT-viðræður (takmörkun langdrægra kjarnavopna) í Genf og eins umræður um niðurskurð herstyrks í Mið-Evrópu sem farið hafa fram í Vínarborg. Það er skoðun mín að verði ekki áframhaldandi minnkun spennu milli austurs og vesturs í mynd SALT-samnings og frekara samkomulags um afvopnun hafi harla lítið áunnist með Öryggismálaráðstefnunni í Helsinki og í öryggismálum almennt.

Tvennt er það sem gleðjast ber yfir í þróun mála hér í Evrópu. Ég á þar við í fyrsta lagi þær breytingar sem orðið hafa á Spáni, sem vonandi leiða til að stofnuð verði þar lýðræðisstjórn og komið á pólitísku frelsi án þess að til blóðsúthellinga komi. Í öðru lagi er það hinn mikli pólitíski þroski sem portúgalska þjóðin hefur sýnt í hinni snöggu umhverfingu sem varð á högum hennar. Nú er nýlokið hinum fyrstu frjálsu kosningum sem haldnar hafa verið þar í landi í 50 ár. Það er allra von að vel takist með stjórnarmyndun í landinu svo að lýðræðið fái að þróast þjóðinni til farsældar.

Vonandi á sá dagur eftir að renna upp að friður ríki í löndunum fyrir botni Miðjarðarhafs. Nú geisar borgarastyrjöld í Líbanon og hætta er á að hún breiðist út og úr verði styrjöld á svæðinu. Ég tel alveg nauðsynlegt að Sameinuðu þjóðirnar grípi þegar inn í þetta mál og komi á vopnahléi svo að hægt sé að byrja að reyna að finna lausn á þessu sorglega vandamáli Líbanonþjóðarinnar. Eins og ég hef margsagt áður, þá er það skoðun mín að eina lausn mála sé sú að framkvæmdar verði samþykktir Sameinuðu þjóðanna, því að eini möguleikinn á varanlegum friði á þessu landssvæði er að fullt tillit sé tekið til allra aðila og þ. á m. lögmætra réttinda Palestínumanna og tilveruréttar allra ríkja á svæðinu.

Það ber að harma þegar bornar eru fram á vettvangi Sameinuðu þjóðanna tillögur sem þjóna þeim tilgangi einum að spilla fyrir möguleikum á samkomulagi í þessum erfiðu deilum. Hér á ég við till. er lagði að jöfnu zionisma og apartheid í kynþáttamálum. Ég mun rekja hér á eftir nokkuð nákvæmlega sögu þess máls í Sameinuðu þjóðunum, en þó tæpast eins rækilega og í prentuðu skýrslunni segir til að tefja ekki tímann um of. Einnig verð ég að láta í ljós vonbrigði yfir meðferð Kóreumálsins hjá Sameinuðu þjóðunum á síðasta Allsherjarþingi. Samþykktar voru tvær tillögur sem gengu í berhögg hvor við aðra, en slík afgreiðsla stuðlar ekki að því að auka áhrif Sameinuðu þjóðanna í heiminum. Ég lagði áherslu á þetta atriði á fundi utanrrh. í Stokkhólmi nú fyrir skömmu og hvatti til þess að Norðurlandaþjóðirnar ynnu saman að því að koma í veg fyrir slíka málsmeðferð í framtíðinni.

Nú er nýlokið borgarastyrjöld í Angóla og hefur Ísland viðurkennt Angólaríkið.

Stórveldin hafa enn styrkt aðila með vopnum og herafla og verður að líta á þá þróun sem mjög varhugaverða, enda virðist hún þegar vera farin að hafa áhrif á samskipti þeirra. Það hlýtur að vera ósk allra að hinum undirokuðu þjóðum í Afríku, sem enn ekki hafa fengið frelsi, auðnist að ná því sem allra fyrst og án þess að til bardaga komi. Ísland mun styðja allar tillögur og ráðstafanir sem Sameinuðu þjóðirnar beita sér fyrir í þessum efnum.

Sérfræðingar telja að ýmislegt bendi til þess að ástandið í efnahagsmálum í heiminum fari nú aðeins batnandi. Virðist nokkuð vera að draga úr áhrifum hinna geysilegu hækkana á olíu, þó að enn þá búi mörg iðnaðarríkin við mikið atvinnuleysi. Vonandi er að þessi þróun haldi áfram á öllum sviðum efnahags- og þróunarmála í heiminum.

Ég mun nú víkja að þátttöku Íslands í hinum ýmsu alþjóðastofnunum og utanríkisþjónustunni almennt.

30. Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna stóð yfir í New York frá 16. sept. til 17. des. 1975 eða í 3 mánuði, eins og venja er. Ég sótti þingið í byrjun og flutti þar ræðu í almennum umr. hinn 29. sept. Í þessari ræðu gerði ég nokkra grein fyrir afstöðu okkar til ýmissa alþjóðamála og starfa allsherjarþingsins. Gerði ég jafnframt ítarlega grein fyrir útfærslu fiskveiðilögsögu Íslands í

200 mílur og grundvallarsjónarmiðum okkar á Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna.

Meðal hörðustu deilumála þingsins voru, eins og á 29. Allsherjarþinginu, Palestínumálið og ástandið í Suður-Afríku. Eins og ég gat um í inngangsorðum mínum, vakti till. um að leggja „zionisma" að jöfnu við kynþáttastefnu og apartheid mesta athygli og deilur, og fjalla ég nánar um meðferð þessa máls hér á eftir. Einnig var fjallað um Kýpurdeiluna og Kóreuvandamálið.

Palestínumálinu var eins og áður vísað beint til Allsherjarþingsins án fyrri afgreiðslu í n. Hófust umr. um það 3. nóv. og stóðu í 5 daga. Rösklega 40 lönd tóku þátt í umr., sem voru á köflum mjög hatrammar.

Að lokinni umr. samþykkti Allsherjarþingið tvær ályktunartillögur í málinu.

Egyptar lögðu fyrstir fram tillöguuppkast, sem flest önnur Arabalönd gátu ekki sætt sig við fyrr en gerðar höfðu verið á því verulegar breytingar. Till. kveður svo á um að bjóða skuli frelsishreyfingu palestínumanna (PLO) á jafnréttisgrundvelli að taka þátt í öllum fundum og ráðstefnum sem haldnar eru á vegum Sameinuðu þjóðanna um deilumálin í Austurlöndum nær. Jafnframt er lagt til við Öryggisráðið að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að Palestínuþjóðinni verði kleift að njóta þjóðernisréttinda sinna í samræmi við ályktunartillögur frá síðasta Allsherjarþingi. Till. var samþ. með 101:8 atkv.

Síðari till. fjallar einkum um að Allsherjarþingið kjósi nefnd 20 ríkja sem gera skuli till. um á hvern hátt Palestínuþjóðin nái réttindum sínum í samræmi við ályktun frá síðasta þingi. N. á að skila skýrslu til Öryggisráðsins fyrir 1. júní 1976. Öryggisráðið hefur fjallað um þá skýrslu skal n. ganga frá skýrslu fyrir 31. Allsherjarþingið. Till. þessi var samþ. með 93:18 atkv., 27 ríki sátu hjá. Ísland greiddi atkv. á móti.

Ástandið í Austurlöndum nær var á dagskrá 28. og 29. Allsherjarþingsins, en á báðum þeim þingum var afgreiðslu þessa máls frestað. Á 30. Allsherjarþinginu var þessi dagskrárliður hins vegar tekinn fyrir að tilhlutan Arabalandanna. Umr. um málið hófust á Allsherjarþinginu 1. des. Um 40 ríki tóku þátt í umr. og voru það flest sömu ríki og töluðu í umr. um Palestínumálið sem greint er frá hér á undan.

Arabalöndin og Austur-Evrópulöndin höfðu sig langmest í frammi og var umr. því mjög einhliða gagnrýni á Ísrael og raunar að mestu endurtekning á Palestínuumr. Nokkur óháð ríki og ríki frá Austur-Evrópu báru fram till. í málinu sem að mestu byggði á tillöguuppkasti frá Arabalöndunum. Arabaríkin gerðust ekki meðflytjendur að till. þegar ljóst var að óháðu ríkin vildu ekki samþykkja að ganga lengra í kröfum um að Ísraelsmenn drægju sig til baka frá arabísku landssvæðunum en þeim sem hernumin voru eftir 1967.

Í till. er lýst þungum áhyggjum yfir áframhaldandi hernámi ísraelsmanna á arabískum landssvæðum. Fullyrt er að nauðsynlegt sé til varanlegrar lausnar á vandamálunum að kalla Genfarráðstefnuna saman sem fyrst með þátttöku allra viðkomandi aðila, þ. á m. frelsishreyfingar palestínuaraba. Hvatt er til, að öll ríki forðist að láta Ísrael í té hernaðarlega og efnahagslega aðstoð, og farið fram á það við Öryggisráðið að það geri nauðsynlegar ráðstafanir samkv. ákveðinni tímaáætlun að framkvæmdar verði allar ályktanir Allsherjarþingsins og Öryggisráðsins sem miða að varanlegum friði á svæðinu.

Till. var samþ. með 84:17 atkv., 27 ríki sátu hjá, Ísland greiddi atkv. á móti. Fastafulltrúi gaf skýringu á atkv. Íslands eftir atkvgr. um till. og sagði m. a. að réttlát og varanleg lausn vandamálanna yrði að grundvallast á ályktunum Öryggisráðsins. Hann sagði að afstaða Íslands í þessu máli markaðist af ósk um að lögmæt réttindi Palestínuþjóðarinnar næðu fram að ganga, en jafnframt að réttindi allra ríkja á svæðinu yrðu tryggð. Hann kvað Ísland hafa greitt atkv. á móti till. einkum vegna þess að í hana vantaði nauðsynlegt jafnvægi.

Samkv. ályktun 29. Allsherjarþingsins hefur framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna gengist fyrir viðræðum milli Kýpurstjórnar og fulltrúa tyrkneska minni hl. á Kýpur. Þessar viðræður báru takmarkaðan árangur og leystu engin pólitísk vandamál.

Þrjár efnistill. komu fram í málinu: Í fyrsta lagi till. frá Kýpur sem lýsir tyrki algerlega ábyrga fyrir ástandinu á Kýpur. Í öðru lagi till. frá Tyrklandi þar sem ekki var minnst á að erlent herlið skyldi dregið til baka frá eyjunni og hvorki vísað til samþykkta Öryggisráðsins um málið né til ályktunar síðasta Allsherjarþings. Í þriðja lagi báru 5 óháð ríki fram till. sem í aðalatriðum var byggð á málamiðlunartill. þessara sömu landa á síðasta þingi. Í till. þessri er nokkuð farið bil beggja, en þess þó eindregið krafist að erlent herlið hverfi frá Kýpur. Till. óháðu ríkjanna var samþykkt með 111:1 atkv.

Samkomulag varð um málamiðlunaryfirlýsingu varðandi Kóreumálið á 28. Allsherjarþinginu þar sem hvatt var til að viðræður ríkjanna um sameiningu með friðsamlegum hætti héldu áfram á grundvelli sameiginlegrar yfirlýsingar þeirra frá 4. júlí 1972. Þær vonir, sem bundnar voru við þessa yfirlýsingu, hafa með öllu brugðist og samskipti ríkjanna farið versnandi s. l. tvö ár. Mörg ríki tóku þátt í þessum umr. Kína og Sovétríkin m. a. töluðu máli Norður-Kóreu og gagnrýndu Bandaríkin harðlega. Af hálfu Bandaríkjanna var lýst yfir eindregnum stuðningi við Suður-Kóreu og ítrekuð till., sem utanrrh. Bandaríkjanna bar fram í almennu umr. á Allsherjarþinginu, þess efnis, að kölluð yrði saman sérstök ráðstefna um Kóreumálið með þátttöku Norður- og Suður-Kóreu, Kína og Bandaríkjanna. Tvær till. voru lagðar fram í málinu og tókst ekki að ná samkomulagi á milli deiluaðila um málamiðlunartexta. Niðurstaðan varð svo sú, að báðar þessar till. voru samþykktar sem þó ganga hvor í sína áttina.

Að því er varðar efnahags- og þróunarmál urðu störfin í 2. nefnd á 30. Allsherjarþinginu af eðlilegum ástæðum eins konar framhald af 7. aukaþinginu sem fjallaði um þróunarmál og alþjóðlega efnahags- og viðskiptasamvinnu. 7. þinginu lauk daginn sem 30. þingið var sett. Á 7. aukaþinginu tókst að ná málamiðlunarsamkomulagi um ályktun um þessi málefni. Ekki tókst þó að ná einingu um stærsta málið sem var til meðferðar hjá n., þ. e. um endurskoðun áætlunar-

innar um annan þróunaráratug Sameinuðu þjóðanna. Greinilegt var að þróunarlöndin vildu stíga skref fram á við frá því málamiðlunarsamkomulagi sem náðst hafði á 7. aukaþinginu um þróunar- og efnahagsmálefni. Sum iðnvæddu ríkin voru hins vegar ekki tilbúin enn til að ganga lengra en þau höfðu gert með samkomulaginu á 7. aukaþinginu. Þessi ríki vildu m. a. bíða eftir niðurstöðum Parísarráðstefnunnar og 4. ráðstefnu UNCTA áður en þau féllust á frekari tilslakanir. Hópur ríkjanna 77 lagði fram í 2. nefnd uppkast að till. um endurskoðun þróunaráætlunarinnar. Ákveðið var að þetta uppkast yrði grundvöllur í samningaviðræðum í óformlegri vinnunefnd innan 2. nefndar þar sem þau lönd, sem þess óskuðu, gátu tekið þátt. Þrátt fyrir langar og strangar samningaviðræður heppnaðist ekki að ná einingu án atkvgr. um ályktun og endurskoðun á markmiðum 2. þróunaráratugs Sameinuðu þjóðanna

N. samþykkti ályktunina um endurskoðunina með 94 atkv., enginn á móti, 7 ríki sátu hjá. Fjöldi ríkja, fyrst og fremst úr hópi hinna iðnvæddu, gerðu fyrirvara um fjölmargar greinar ályktunarinnar og töldu sig þar með ekki vera bundin af ákvæðum þeirra.

Allsherjarþingið samþykkti ályktunina með 123 atkv., enginn á móti, en 8 ríki sátu hjá.

Er till. Efnahags- og félagsmálaráðsins um áætlunina um framkvæmd áratugsins gegn kynþáttamisrétti kom til umr. í 3. nefndinni lögðu nokkur ríki fram brtt. sem fól í sér að stimpla zionisma sem hliðstæða kynþáttastefnu og apartheid. Þar af leiðandi skyldi áratugnum og baráttunni gegn kynþáttastefnu og kynþáttamisrétti ekki síður beint gegn zionisma en gegn apartheid. Er þessi brtt. hafði verið lögð fram tilkynntu nokkur fleiri ríki til viðbótar sig meðflutningsaðila að brtt. Í umr. um brtt. lýsti fulltrúi Ítalíu fyrir hönd Efnahagsbandalagsríkjanna yfir því, að yrði brtt samþ. mundu ríkin 9 greiða atkv. gegn till. í heild svo breyttri. Bandaríkin lýstu því sama yfir, og kom fljótt í ljós að mikill meiri hluti hinna vestrænnu ríkja var sömu skoðunar. Þessi brtt. olli klofningi í hópi Afríkuríkja. Mörg þeirra lýstu því yfir að þau óttuðust að samþykkt brtt. gæti eyðilagt áætlunina um baráttuna gegn kynþáttastefnu og kynþáttamisrétti sem full eining hafði náðst um í Efnahags- og félagsmálaráðinu.

Að beiðni flytjanda brtt. var umr. um áætlunina gegn kynþáttamisrétti frestað um nokkra daga í n. Fljótt kom í ljós að Arabaríkin höfðu í hyggju að draga brtt. til baka, en leggja í stað þess fram nýja sjálfstæða till. er fól í sér efni brtt. Ágreiningur kom upp milli Arabaríkjanna og Afríkuríkjanna um orðalag á þeirri till. Afríkuhópurinn lagði á það áherslu að Arabaríkin flyttu þetta mál eftir öðrum dagskrárlið í von um að það mundi fremur firra áætlunina um árangur gegn kynþáttamisrétti tjóni, en Arabaríkin urðu ekki við þeim óskum Er málið kom að nýju til umr. í n. kom upp vandamál í sambandi við þingsköp, og eftir langar umr. um það efni var samþykkt að leggja mætti fram hina sjálfstæðu till. sem kvað á um að zionismi væri eitt form kynþáttastefnu.

Sierra Leone lagði fram formlega till. um að till. yrði frestað til 31. þingsins. Zambía lýsti strax yfir stuðningi við þessa till. Umr. um till. urðu hins vegar stuttar þar sem Arabaríkin lögðu fram dagskrártill. um lok umr. og atkvgr. um till Sierra Leone. Till. um að fresta málinu til 31. þingsins var felld með 68:45 atkv., 16 ríki sátu hjá. Öll vestræn ríki greiddu atkv. með frestuninni að undanteknum Portúgal og Tyrklandi. Spánn og Grikkland voru fjarstödd. Afríkuhópurinn klofnaði í atkvgr. Afríkuríkin fyrir sunnan Sahara skiptust þannig að 12 greiddu atkv. með frestuninni, en 16 voru á móti. Allmörg vestræn ríki kusu að flytja atkvæðaskýringar fyrir atkvgr. um þær þrjár till. undir dagskrárlið 68 sem nú lágu fyrir n. Fulltrúi Sviþjóðar flutti atkvæðaskýringu af hálfu norrænu landanna 5. Minnt var á að norrænu ríkin væru meðal hinna dyggustu í baráttunni gegn kynþáttastefnu og kynþáttamisrétti. Hins vegar mundi samþykkt zionismatillögunnar hafa í för með sér róttæka breytingu á markmiðum áætlunarinnar um áratuginn gegn kynþáttamisrétti. Norrænu ríkin mundu þess vegna greiða atkv. með Ecosoc-tillögunum tveimur, en gegn till. varðandi zionisma. Yrði zionisma-till. samþykkt í n. áskildu norrænu löndin sér rétt til að endurskoða afstöðu sína til Ecosoc-till. tveggja þegar þær kæmu til afgreiðslu á þinginu.

Ecosoc-till. um áætlunina um áratuginn gegn kynþáttamisrétti var samþ. í n. með 124:1 atkv. og 2 sátu hjá. Ecosoc-till. um alþjóðaráðstefnu í sambandi við áratuginn var samþ. með atkvæðatölunum 126, 1 á móti og 1 sat hjá. Þá kom til atkv. till. varðandi zionisma. Till. var samþ. með atkvæðatölunum 70, 29 og 27 sátu hjá. Öll vestræn ríki greiddu atkv. gegn till. að undanteknum Spáni, Portúgal og Tyrklandi sem greiddu atkv. með henni. Þegar till. kom til afgreiðslu á þinginu lagði fulltrúi Belgíu fram till. um að zionisma-till. yrði frestað til 31. þingsins. Till. Belgíu var felld með 67:55 atkv. Zionisma-till. í heild var síðan samþ. á þinginu með 72:35 atkv. og 32 sátu hjá. Till. um alþjóðaráðstefnu í sambandi við áratuginn gegn kynþáttamisrétti var samþ. í þinginu með atkvæðatölunum 116, 18, 7. Norrænu ríkin voru meðal þeirra sem greiddu atkv. gegn till.

Þá kemur hér nokkur kafli um Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Ég held að ég vísi til skýrslunnar að því er varðar upphaf þess máls, en greini þá aðeins frá því að Ísland hefur frá upphafi stutt hugmyndina um Háskóla Sameinuðu þjóðanna og látið í ljós áhuga á að kanna möguleika á þátttöku í starfsemi hans. Var í fyrstu einkum hugleidd samvinna við háskólann varðandi rannsóknir á auðlindum hafsins, en athyglin beinist nú frekar að samvinnu við háskólann um rannsóknir og kennslu á sviði jarðhitaorku. Í þessu sambandi má geta þess að á fundi auðlindanefndar Sameinuðu þjóðanna í Tokíó í mars 1975 hafði Ísland frumkvæði að flutningi till., sem samþ. var einróma, um að Háskóli Sameinuðu þjóðanna beitti sér fyrir rannsóknum og fræðslu varðandi nýtingu jarðhita. Þessari hugmynd hefur verið mjög vel tekið og má nú telja verulegar líkur á að eitt af verkefnum háskólans verði á

þessu sviði. Komið hefur verið á framfæri við rektor háskólans fyrstu hugmyndum íslenskra stjórnvalda um hugsanlega samvinnu um þessi mál og jafnframt leitað eftir viðbrögðum háskólans, m. a. um kostnaðarhliðina. Til grundvallar umr. um málefni háskólans í 2. nefnd lágu skýrslur háskólaráðsins og var þeim fylgt úr hlaði í n. af rektor háskólans. Skýrði hann frá að unnið væri nú að því að setja saman nákvæma framkvæmdaáætlun um starfsemi háskólans í framtíðinni. Rektor lýsti vonbrigðum sínum yfir því, að aðeins 5 ríki hefðu fram til þessa lagt háskólanum til fé, og lét í ljós vonir um að fleiri ríki sýndu stuðning sinn við háskólann í verki með fjárframlögum.

Í almennu umr. um málefni háskólans gáfu allmörg ríki ádrátt um fjárframlög til skólans. Nokkur ríki létu í ljós áhuga á að taka upp samvinnu við skólann. Fastafulltrúi Íslands tók þátt í almennu umr. og skýrði þar m. a. frá að ríkisstj. Íslands hefði í athugun till. um samvinnu við háskólann á sviði rannsókna og fræðslu um nýtingu jarðhitaorku.

Sem kunnugt er hefur verið samstarf milli Íslands og Þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna frá árinu 1972. Á þessum tíma hefur Ísland fengið að jafnaði 200 þús. dala framlag á ári frá stofnuninni, en heildarfjárframlag var ákveðið 1 millj. dala á 5 árum. Fé þetta hefur runnið til 20 verkefna á ýmsum sviðum þjóðlífsins, þ. á. m. málmleitar, ferðamála, útflutningsstarfsemi iðnaðarins, lax- og silungarannsókna, fiskvinnslurannsókna, landbúnaðarrannsókna o. fl. Samkv. áætluninni var ráðgert að framlagi Þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna yrði lokið í árslok 1976, en í marsmánuði s. l. bárust þær fregnir frá Þróunarstofnun að allar greiðslur til verkefna á Íslandi hefðu verið stöðvaðar þar sem upphaflegt fjárframlag hefði þegar verið greitt í árslok 1975 og auk þess hefðu greiðslur farið sem svaraði rúmlega 400 þús. dölum fram úr áætlun. Hefur þetta komið nokkuð illa niður á vissum verkefnum hérlendis sem ráðgert var að ljúka með fjármagni frá stofnuninni.

Ég skýrði frá því í skýrslu um utanríkismál á s. l. ári að þar sem styrkir Þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna væru fyrst og fremst ætlaðir hinum fátækari þróunarlöndum hlyti það að vera kappsmál að Ísland stefndi að því að árlegt framlag þess yrði sem svarj því sem stofnunin greiðir hérlendum aðilum. Svo hefur ekki orðið í framkvæmd og sem fyrr segir erum við nú í 400 þús. dala skuld við stofnunina umfram þá 1 millj. dali sem okkur var úthlutað.

Þá kemur hér kafli um Hafréttarráðstefnuna sem ég held að sé rétt að lesa.

Á fundi ráðstefnunnar, sem hófst í New York 15. mars og mun standa til 7. maí, — það eru sem sagt tveir dagar eftir af þessum tíma þegar þessi orð eru töluð, — eru til umr. þeir þrír kaflar frv. að hafréttarsáttmála sem fyrir lágu frá formönnum aðalnefndanna þriggja, svo og fjórði kaflinn sem forseti ráðstefnunnar hefur lagt fram og fjallar um lausn deilumála. Ekki er gert ráð fyrir að störfum ráðstefnunnar verði lokið á þessum fundum, heldur verði annar fundur að koma til og er hann ráðgerður í Genf frá 15. júlí fram í septemberbyrjun. Standa vonir til að á þessum síðari fundi verði hægt að komast að heildarniðurstöðu, þannig að undirritun hafréttarsáttmála geti farið fram í Caracas skömmu síðar. Ekkert verður þó fullyrt um hvort sú áætlun muni standast.

Störfin á New York-fundinum fara fram á óformlegum fundum í aðalnefndunum þremur, en auk þess í starfshópum sem öll þátttökuríki geta átt fulltrúa í. Mun þá hver hópur ræða tiltekinn málaflokk. Auk þess hefur Evensen-nefndin haldið reglulega fundi og stöðugir fundir eru í hinum ýmsu svæðahópum og strandríkjahópum. Málum verður þannig smám saman þokað áfram til afgreiðslu í aðalnefndum og loks á allsherjarfundi. Þar sem öll málin eru nátengd og eiga að leysast í heild, verður ekki um það að ræða að sérstakir þættir séu afgreiddir óðruvísi en sem liður í heildarlausn. Verður þá aðallega um það að ræða að finna málamiðlanir í einstökum atriðum. Er þá líklegt að gefa þurfi eftir á ýmsum sviðum til að fá önnur atriði tryggð og mun sú hugsun ganga í gegnum alla málaflokka og einnig milli þeirra, en alls liggja nú fyrir ráðstefnunni um 400 greinar.

Enda þótt störf í undirbúningsnefnd Hafréttarráðstefnunnar og störf á ráðstefnunni sjálfri hafi farið fram síðan 1970 hefur aldrei verið gripið til atkvgr., heldur hafa störfin miðast við það að reyna að ná endanlegri heildarlausn með samkomulagi. Hafa þá allir gert sér grein fyrir því að enda þótt e. t. v. væri hægt að ná ⅔ hluta atkv. fyrir ýmsum þáttum málanna, jafnvel einhvers konar heildarlausn, þá mundi sú lausn ekki binda þau ríki sem ekki vildu gerast aðilar að endanlegum hafréttarsáttmála. Það er einmitt þess vegna sem allan tímann hefur verið unnið að þessum málum með heildarlausn fyrir augum sem gæti hlotið stuðning sem allra flestra. Verður því að hafa í huga öll atriði málsins til þess að hægt sé í ljósi þess að finna þann farveg sem allir eða flestallir geta átt samleið í.

Í stórum dráttum er aðstaðan á ráðstefnunni nú þessi:

Alþjóðahafsbotnssvæðið: Hér eru enn mikil átök um völd fyrirhugaðrar hafsbotnsstofnunar. Þróunarríkin hafa alltaf viljað að stofnunin sjái sjálf um hagnýtingu auðlinda á svæðinu og hafi þar algera yfirstjórn, en iðnþróuðu ríkin hafa frá upphafi talið að stofnunin ætti aðeins að úthluta leyfum til ríkja eða fyrirtækja. Auk þess er mikill ágreiningur um fyrirkomulag stofnunarinnar sjálfrar, þ. e. samsetningu einstakra deilda hennar, þings, ráðs o. s. frv. og völd þeirra. Ýmsar málamiðlunartillögur hafa verið ræddar og hefur málið þokast talsvert áfram. Er þá jafnframt miðað við það bak við tjöldin að einhver afsláttur af hálfu þróunarríkjanna komi til greina til að tryggja réttindi í sambandi við efnahagslögsöguna. Inn í allt þetta blandast svo spurningin um stærð svæðisins þar sem þau ríki, sem viðáttumikil landgrunn hafa, vilja hafa yfirráð yfir þeim einnig utan 200 mílna svæðisins, en t. d. Afríkuríkin vilja að svæðið utan 200 mílna verði eign alþjóðahafsbotnsstofnunarinnar. Rætt er um þá málamiðlun, að einhvers konar arðskipting komi til greina á landgrunnssvæðinu utan 200 mílna, þannig að

alþjóðahafsbotnsstofnunin fái þaðan tekjur. Væntanlega verður niðurstaðan sú áður en lýkur, en allt hangir þetta sem sagt saman.

Yfirráðasvæði ríkja: Hér koma til reglur um grunnlínur, landhelgi, landgrunn og efnahagslögsögu. Miðað er við svipaðar grunnlínur og á 1958-ráðstefnunni, þ. á m. beinar grunnlínur og allt að 12 mílna landhelgi. Þá er miðað við allt að 200 mílna efnahagslögsögu er taki til lífrænna og ólífrænna auðlinda í landgrunni og hafi. Hins vegar eru mikil átök um nánara efni efnahagslögsöguhugtaksins og eru þar þrjár höfuðstefnur: Í fyrsta lagi að strandríki hafi mjög víðtæk réttindi, sem nánast mundi þýða sama og landhelgi. Í öðru lagi að strandríki hafi aðeins rétt til hagnýtingar auðlinda, en að öll önnur réttindi tilheyri alþjóðasamfélaginu. Í þriðja lagi eru svo mismunandi blæbrigði af millileiðum þar sem átök eru um að hvað miklu leyti strandríki geti haft yfirráð yfir vísindalegum rannsóknum og ráðstöfun gegn mengun. Á ráðstefnunni er unnið eftir þriðju leiðinni og reynt að finna milliveg er tryggi bæði hagsmuni strandríkisins og hagsmuni hins alþjóðlega samfélags á siglingafrelsi o. s. frv. Allt er þetta í deiglunni og málamiðlanir eru skoðaðar í samhengi við aðra málaflokka. Hér koma einnig til kröfur um réttindi annarra ríkja innan efnahagslögsögu strandríkis. Er þar aðallega um að ræða kröfu frá landluktum ríkjum og landfræðilega afskiptum ríkjum sem ekki hafa aðstöðu til að koma upp slíku svæði hjá sér. Mikil átök eru um þessar kröfur.

Reglur á úthafinu utan efnahagslögsögu: Hér kemur til endurskoðun á reglum frá 1958-ráðstefnunni, bæði um siglingafrelsi, verndun fiskstofna og ráðstafanir gegn mengun o. s. frv.

Umferð um sund: Mikið hefur þokast í áttina til samkomulags um þessi efni og er þar um að ræða jafnvægi milli siglingafrelsis annars vegar og hins vegar að tryggðir séu hagsmunir strandríkja. Vonir standa til að samkomulag geti náðst um þetta atriði.

Lausn deilumála: Í áðurnefndum kafla um lausn deilumála er gert ráð fyrir mjög viðamiklu kerfi varðandi lausn deilumála, og er þá gert ráð fyrir sérstökum dómstóli og sérstökum nefndum er fjalli um ágreining. Eins og nú standa sakir er gert ráð fyrir því í 18. gr. þessa uppkasts að ágreiningur varðandi þau atriði, sem úrskurðarvald strandríkisins nær til samkv. samningnum, verði ekki borinn undir þessar stofnanir nema sérstaklega standi á. Uppkastið var rætt á almennum fundi ráðstefnunnar 5. og 6. apríl, en ekkert verður fullyrt á þessu stigi um það hver niðurstaðan verður. Uppkastið verður rætt lið fyrir lið í sérstakri n. þar sem allir eiga sæti.

Eins og áður segir eru öll þessi mál enn í deiglunni. Aðalverkefni íslenzku sendinefndarinnar hefur frá upphafi verið að vinna að heildarlausn er tryggi yfirráð strandríkis yfir auðlindum allt að 200 mílum frá ströndum, þannig að strandríki ákveði sjálft leyfilegan hámarksafla fiskstofna og möguleika sína til að nýta hann, svo og að úrskurður þriðja aðila um ágreining í því efni komi ekki til greina. Varðandi öll önnur atriði er stefnan sú að hafa samvinnu við aðrar sendinefndir um alls konar málamiðlanir er þoki málum áfram áleiðis að þessu höfuðmarki. Er því nauðsynlegt af Íslands hálfu að fylgjast sem best með öllu sem er að gerast bæði á fundum og bak við tjöldin og taka þátt í hinum ýmsu starfshópum og undirnefndum. Er það feiknamikið starf, en árangurinn hefur verið góður hingað til. Þetta verður áfram verkefni íslensku sendinefndarinnar og verður enn að leggja höfuðáherslu á að fyrirbyggja að þau atriði, sem okkur varða mestu, fari úr böndum. Sérstök athygli beinist þá að kaflanum um lausn deilumála sem óneitanlega er nú í aukinni hættu eftir þau átök sem átt hafa sér stað á Íslandsmiðum. Verður sendinefndin að sjálfsögðu að vaka vel á verðinum og láta engin tækifæri ónotuð. Og ég vil nota þetta tækifæri til þess að flytja þeim mönnum, bæði þm. og embættismönnum, sem þessa n. hafa skipað, sérstakar þakkir fyrir vel unnin störf, bæði þeim sem hana skipa nú og áður hafa gert það. Þeir eiga vissulega stóran þátt í því hvernig okkur hefur þó tekist að þoka málum áleiðis á þessari mikilsverðu ráðstefnu.

Frumdrög þau, sem nú eru til umr., voru lögð fram eftir að störfum síðasta fundar var lokið.

Síðustu fréttir, sem ég hef frá formanni íslensku sendinefndarinnar á Hafréttarráðstefnunni, Hans G. Andersen sendiherra, eru skeyti sem hljóðar svo:

„Ekki búist við að endurskoðað frumvarp að hafréttarsáttmála verði lagt fram fyrr en á fimmtudag eða jafnvel föstudag.“ Það er sem sagt á morgun eða daginn eftir morgundaginn. „Líklegt er að hagsmunir Íslands verði þar tryggðir þannig:

a. Strandríkið ákveði sjálft leyfilegt aflamagn og möguleika sína á að hagnýta það og úrskurður þriðja aðila komi þar ekki til.

b. Réttindi landfræðilega afskiptra ríkja nái ekki til þróaðra ríkja eða a. m. k. ekki til svæða þar sem þjóð byggir afkomu sína á fiskveiðum.

Ákvörðun um næsta fund ráðstefnunnar verður ekki tekin fyrr en á föstudag. Afríkuríkin og ýmis ríki í öðrum heimshlutum vilja fresta fundum til næsta árs, en sæmilegar líkur eru á að Genfarfundur næsta sumar verði ákveðinn. Þetta er þó alls ekki öruggt. Símum nánar þegar endurskoðaður texti liggur fyrir.“

Þetta skeyti er dags. 3. maí eða sem sagt í fyrradag, og ekki hefur komið annað skeyti, þannig að sýnt er að textinn liggur enn ekki fyrir.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að landhelgismálinu.

Hinn 25. nóv. 1975 ákvað breska ríkisstj. að senda herskip inn fyrir fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að aðstoða breska togara við veiðar og vernda þá gegn íslenskum varðskipum. Í þriðja skipti á 17 árum notaði breska ríkisstj. hervald til þess að neyða íslendinga til að láta undan í deilumáli sem viðkemur lífshagsmunum íslendinga, — ég vil nú segja: reyndi að nota hervald til að knýja okkur til undanhalds. Breska ríkisstj. notaði einnig herflugvélar af Nimrod-gerð, þyrlur, dráttarbáta, birgðaskip og önnur aðstoðarskip til þess að aðstoða herskipin. Ein af þeim aðferðum, sem herskipin og dráttarbátarnir beita, er að sigla á íslensku varðskipin og hafa þau á þann hátt endurtekið valdið miklum skemmdum á varð-

skipunum og stofnað lífi áhafna þeirra í mikla hættu, oft víðs fjarri breskum togurum. Eitt slíkt atvik átti sér stað innan óvefengjanlegrar lögsögu Íslands, aðeins 2 sjómílur frá landi.

Íslenzka ríkisstj. hefur að sjálfsögðu sent ströng mótmæli gegn innrás breskra herskipa inn í íslenska fiskveiðilögsögu og lýst yfir að íslensk varðskip muni halda áfram að framfylgja íslenskum lögum og reglum eftir bestu getu innan íslensku fiskveiðilandhelginnar. Um leið var tilkynnt að engar viðræður gætu átt sér stað fyrr en herskipin hefðu verið kölluð út úr landhelginni.

Enda þótt ljóst hafi verið að íslenski fiskstofninn var þegar kominn í hættu á s. l. ári var íslenska ríkisstj. reiðubúin að hefja samningaviðræður um viss fiskveiðiréttindi innan fiskveiðilögsögunnar. Hinn 28. nóv. 1975 var undirritaður samningur við Belgíu og Vestur-Þýskaland um fiskveiðiréttindi. Hinn 10. mars 1976 var undirritaður samningur milli Noregs og Íslands þar sem norska ríkisstj. viðurkennir rétt íslensku ríkisstj. til þess að ákveða hámark afla innan 200 mílna fiskveiðilögsögunnar. Jafnframt var undirritað samkomulag við landsstjórn færeyinga hinn 20. mars s. l. Þessar samþykktir þekkjum við því að þær eru einmitt á dagskrá þessa fundar og verða væntanlega ræddar síðar á honum.

Eina ríkið, sem ekki hefur viljað viðurkenna hið sérstaka vandamál Íslands, er Bretland. Hinn 17. nóv. 1975 var bresku ríkisstj. tilkynnt að ríkisstj. Íslands væri reiðubúin að hefja viðræður enda þótt ljóst væri orðið að íslenski togaraflotinn gæti auðveldlega veitt allan þann fisk sem fiskifræðingar álíta að öruggt sé að veiða í nágrenni við landið á árunum 1976 og 1977.

Hinn 7. jan. 1976 átti sér stað mjög alvarlegur atburður á íslensku fiskimiðunum þegar bresku freigátan Andromede sigldi á varðskipið Þór og olli miklum skemmdum. Síðdegis þann dag lýsti forsrh. Íslands því yfir að ef önnur slík ásigling ætti sér stað mundi íslenska ríkisstj. vera tilneydd til að slíta stjórnmálasambandi við Bretland. Svar breska flotans var að sigla enn einu sinni á íslenskt varðskip hinn 9. jan. og olli sá árekstur jafnvel meira tjóni heldur en árekstur-inn þann 7.

Hinn 8. jan. 1976 ákvað íslenska ríkisstj. að gera vissar ráðstafanir í deilunni, m. a. að gefa ríkisstj. hinna NATO-landanna skýrslu um hið alvarlega ástand, sem upp hefði komið vegna ólöglegrar valdbeitingar breska flotans, og til að leita stuðnings þeirra innan Atlantshafsbandalagsins. Einnig var ákveðið að biðja hr. Joseph Luns aðalframkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins að koma til Íslands til viðræðna. Dr. Luns kom til Íslands hinn 14. jan. 1976 og ræddi vandamálið við íslenska stjórnmálaleiðtoga, en hélt síðan til London þar sem hann ræddi málið við breska stjórnmálaleiðtoga. Hinn 16. jan. tilkynnti forsrh. Íslands á blaðamannafundi að ef bresku herskipin yrðu kölluð út úr landhelginni væru íslendingar reiðubúnir til að hefja viðræður við breta um hugsanlega lausn á deilunni. Ef hins vegar bresku herskipin hefðu ekki verið kölluð út úr fiskveiðilandhelginni innan tveggja til þriggja daga mundi íslenska ríkisstj. slíta stjórnmálasambandi við breta.

Hinn 19. jan. 1976 lýsti íslenska ríkisstj. því yfir að ef bresku herskipin og Nimrod-þoturnar héldu áfram starfsemi sinni innan íslensku 200 mílna fiskveiðilandhelginnar eftir miðnætti 24. jan. mundi ríkisstj. líta svo á að stjórnmálasambandi milli Bretlands og Íslands hefðu verið sagt upp. Þennan sama dag tilkynnti breska stjórnin að hún mundi kalla herskip sín út úr landhelginni og að forsrh. Íslands væri boðið til London til að ræða við breska forsrh. Forsrh. Íslands heimsótti Bretland dagana 24.—27. jan. ásamt fylgdarliði til að kanna möguleika á samkomulagi við breta. Eftir að till. breta um mögulega samninga við íslendinga höfðu verið rannsakaðar nákvæmlega af íslensku ríkisstj., stjórnmálaflokkum og utanrmn. Alþ., flutti forsrh. breska sendiherranum á Íslandi eftirfarandi svar hinn 3. febr. 1976:

„Með tilvísun til viðræðna milli forsrh. Íslands og Bretlands skal eftirfarandi tekið fram:

Eftir að hafa íhugað meginatriði viðræðnanna álítur íslenska ríkisstj. að þær till., sem komu fram af breskri hálfu um hámarksafla breskra togara, séu óaðgengilegar. Íslenska ríkisstj. er samt sem áður tilbúin að hefja viðræður við ríkisstj. Bretlands um samning til skamms tíma."

Breska ríkisstj. lýsti því yfir að hún væri reiðubúin að hefja viðræður við íslendinga um skammtímasamning. En að kvöldi 5. febr. 1976 höfðu bresk herskip enn á ný farið inn fyrir íslenska fiskveiðilögsögu og Nimrod-þoturnar fylgdu brátt í kjölfarið. Breska ríkisstj. notaði það yfirskin að íslenskt varðskip hefði þann dag skorið á togvíra breska toarans Loch Eriboll. Togari þessi var þá á veiðum innan friðaða svæðisins norðaustur af Íslandi, en þetta svæði er lokað öllum skipum, þ. á m. íslenskum skipum, allt árið og er talið eitt af mikilvægustu hrygningarsvæðum og uppeldisstöðvum fyrir fisk í nágrenni við Ísland. Varðskipið skar ekki togvíra togarans fyrr en honum höfðu verið gefnar margítrekaðar aðvaranir um að draga inn net sín og færa sig út af svæðinu. Allan þann dag, eins og síðar, voru bresku togurunum gefin stöðug fyrirmæli af skipstjórnarmönnum verndarskipanna og þá sérstaklega dráttarbátsins Lloydsman að hlýða ekki fyrirskipunum íslensku varðskipanna. Íslenska ríkisstj. mótmælti harðlega þessum endurteknu afskiptum breska flotans og lýsti því yfir að enginn grundvöllur væri fyrir frekari viðræðum meðan herskipin héldu sig innan íslensku fiskveiðilögsögunnar.

Eftir að bresku freigáturnar höfðu enn einu sinni farið inn fyrir íslensku fiskveiðilögsöguna hefði íslenska ríkisstj. getað framkvæmt yfirlýsingu sína frá því í jan. um að slíta strax stjórnmálasambandi við Bretland. En þar sem aðalframkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins, dr. Luns, hafði boðið aðstoð sína við að reyna að fá herskipin kölluð enn einu sinni út úr landhelginni og vegna þess að hann hafði hvatt íslensku ríkisstj. til þess að fresta einhliða aðgerðum þar til hann hefði kynnt sér málið rækilega var ákvörðuninni um stjórnmálasambandsslit frestað í næstum tvær vikur.

Hinn 6. febr. 1976 tilkynnti utanrrn. Bretlands að breska togaraútgerðin hefði samþykkt að fækka togurum sínum við Ísland úr 139 í 105 og

að minnka heildarafla sinn niður í 100 þús. tonn á ári eða 7 þús. tonn af þorski á mánuði. Rétt er að benda á að það er athyglisvert að í jan. 1975 var meðalfjöldi breskra togara á Íslandsmiðum 15 togarar á dag og í febrúarmánuði 1975 var sambærileg tala 26 togarar. Í jan. og febr. 1976 var tala þessara togara um það bil 40 og stundum um 50 og þar yfir. T. d. var hinn 16. jan. 1976 51 breskur togari að veiðum við Ísland, og 17. jan. voru þeir 52. Með hliðsjón af því að bresk togaraútgerð er á undanhaldi og breskum togurum fækkar stöðugt er aðeins hægt að líta á þessa fjölgun sem beina ógnun við íslendinga.

Hvað viðvíkur þeim hámarksafla, sem bretar leggja til, þ. e. 100 þús. tonn á ári, skal ég geta þess að árið 1975 var heildarafli þeirra um 113—115 þús. tonn, þannig að sú yfirlýsing breta að takmarka afla sinn við 100 þús. tonn hefur enga þýðingu.

Hinn 7. febr. 1976 hélt breski togaraflotinn undir vernd breskra herskipa inn á friðuðu svæðin norðaustur af Íslandi. Togaraflotinn hefur síðan að mestu leyti stundað veiðar sínar innan þess svæðis, og nýleg úttekt á svæðinu, sem gerð var 13. febr. 1976, staðfesti það, sem lengi hefur verið vitað, að langstærsti hlutinn af veiðinni er ungur fiskur og fiskur undir lágmarksstærð. Þetta er þess vegna ekkert annað en rányrkja af verstu tegund. Það friðaða svæði, sem minnst er á hér að ofan, er lokað fyrir allri veiði allt árið samkv. nýjum reglugerðum sem gengu í gildi 5. febr. 1976, en svæði þetta var áður lokað yfir tímabilið frá apríl fram í júní ár hvert. Breska ríkisstj. lýsti því yfir að henni hefðu ekki verið tilkynntar þessar nýju friðunarreglur íslendinga. Þetta er rétt. Þar sem bretum hafa ekki verið veitt leyfi til þess að veiða innan 200 mílna fiskveiðilögsögu íslendinga getur það ekki talist rökrétt að þeim séu tilkynnt hvaða reglugerðir séu í gildi á þessu svæði. En engin afsökun er þetta þar sem breskum embættismönnum var skýrt frá þessum nýju reglum í sambandi við viðræður forsrh. í London í jan., auk þess sem reglugerðirnar voru birtar opinberlega á Íslandi á venjulegan hátt og breska sendiráðið í Reykjavík hlýtur að hafa tilkynnt ríkisstj. sinni þessar reglugerðir. Að lokum má geta þess, að íslenska landhelgisgæslan hefur hvað eftir annað tilkynnt breskum togurum að þeir væru að veiða innan friðaðs svæðis.

Ásiglingar á íslensk varðskip hafa verið tíðar. Hinn 6. febr. 1976 sigldi breska freigátan Juno tvisvar á varðskipið Týr. Hinn 12. febr. 1976 sigldi breska freigátan Diomede á varðskipið Baldur norðaustur af Íslandi og urðu töluverðar skemmdir á varðskipinu. Gerði freigátan fjórar tilraunir til viðbótar til þess að sigla á Baldur, en varðskipinu tókst í hvert skipti að forðast árekstur. Sú ásökun breska varnarmálaráðuneytisins, að Baldur, sem aðeins gengur 17 sjómílur á klukkustund, hafi siglt fyrir stefni Diomede, sem gengur mun hraðar eða um það bil 30 sjómílur, er auðvitað fráleit.

Hinn 14. febr. 1976 fékk íslenska ríkisstj. skýrslu frá dr. Luns um viðræður hans við breska ráðh. í London nokkrum dögum áður um nýjar hugmyndir breta til að semja við íslendinga. Þessar hugmyndir voru athugaðar nákvæmlega, en niðurstaðan varð sú að þær gætu ekki skapað grundvöll fyrir samkomulagi.

Íslenska ríkisstj. taldi ekki fært að halda áfram stjórnmálasambandi við Bretland sem hvað eftir annað beitir íslensku þjóðina hervaldi, og var stjórnmálasambandi þess vegna slitið hinn 19. febr. 1976.

Á fundi Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn hinn 28. febr. til 4. mars 1976 sendi forsætisnefnd samtakanna frá sér yfirlýsingu til ríkisstj. Norðurlanda þar sem hún tekur m. a. fram að nærvera bresku freigátanna við Ísland komi í veg fyrir friðsamlega lausn og nauðsynlegt sé að kalla þær í burtu til þess að auðvelda lausn fyrir báða aðilana.

Í fréttatilkynningu, sem birt var að loknum fundi utanrrh. Norðurlandanna, sem haldinn var í Stokkhólmi dagana 25. og 26. mars s. l., kom hið sama fram, og hefur stuðningur bræðraþjóðanna aldrei komið skýrar í ljós.

Bretar halda áfram árásum sínum á íslensku varðskipin og virðast þær frekar hafa færst í aukana undanfarna daga, þegar þetta er ritað, en síðan hefur orðið breyting á og íslensku varðskipin hafa hvað eftir annað getað hindrað veiðar bresku togaranna. Nú eru bresku togararnir á heimleið og við óskum þeim góðrar heimferðar og góðrar heimkomu og vonum að þeir verði sem allra lengst heima hjá sér.

Allir íslendingar eru sammála um gildi norrænnar samvinnu. Má vera að sú sé ástæða þess hversu tiltölulega lítið er um hana rætt. Hvað sem um það má segja er ljóst að þátttakan í Norðurlandasamvinnunni er einn helsti hornsteinn íslenskrar utanríkisstefnu.

Norðurlandaráð er samstarfsvettvangur þjóðþinga Norðurlandanna, svo sem kunnugt er. Forsætisnefndin hefur viðamiklu hlutverki að gegna milli funda Norðurlandaráðs. Mikinn hluta þess tíma, sem skýrsla mín nær yfir, hefur frú Ragnhildur Helgadóttir alþm. haft það vandasama verk með höndum að vera fyrst norrænna kvenna forseti ráðsins. Fimm fastar undirnefndir starfa mikið allt árið um kring. Fjalla þær um efnahags-, menningar-, félags-, samgöngu- og lagamál. Fer mikilvægt starf fram í þessum nefndum, starf sem stöðugt eflir norræna samvinnu.

Á vegum Norðurlandaráðs hafa ýmsar stofnanir verið settar á laggirnar víða um Norðurlöndin. Má t. d. nefna Kjarnorkumálastofnunina, Þjóðfélagsmálastofnunina, Samastofnunina, Eldfjallastofnunina og Norræna húsið. Af meiri háttar norrænum skoðanaskiptum er skemmst að minnast 24. þings Norðurlandaráðs, sem haldið var í Kaupmannahöfn 28. febr. til 4. mars s. l. Verður stuðningsyfirlýsing þess þings við málstað Íslands í fiskveiðilögsögudeilunni við breta lengi í minnum höfð, eins og ég áðan gat um. Og á fundi utanrrh. Norðurlandanna 25. og 26. mars s. l. var samþ. yfirlýsing hliðholl málstað okkar í landhelgisdeilunni. Var þar endurtekið það norræna álit að bresku herskipin verði að yfirgefa íslensku fiskveiðilögsöguna til þess að hægt sé að leysa deiluna. Eru þessar tvær yfirlýsingar um utanríkismál sérlega eftirtektarverðar og marka að sumu leyti tímamót í sögu Norðurlandaráðs.

Auk 24. þings Norðurlandaráðs, reglubundinna ráðherrafunda og nefndafunda má nefna samn-

ingastörfin sem ávallt eru mikil á hverju ári. Sem dæmi má taka Norðurlandasamning um stofnun Norræna fjárfestingarbankans og staðsetningu hans í Helsingfors sem undirritaður var í des. Einnig má nefna Norðurlandasamning um erfðir og skipti á dánarbúum sem annað dæmi um samning sem ekki lætur mjög mikið yfir sér, en styrkir engu að síður ásamt mörgum öðrum svipuðum það margslungna samstarf, sem Norðurlöndin hafa komið sér upp.

Norðurlönd hafa komið ár sinni vel fyrir borð með nokkuð *mismunandi* hætti í milliríkjaskiptum, en þau eru einhuga að því er viðvíkur eflingu norræns samstarfs. Mismunandi fyrirkomulag á samskiptum þeirra við önnur ríki hefur að sjálfsögðu fyrst og fremst sprottið af viðleitni Norðurlandanna hvers um sig til að gæta sem best eigin hagsmuna, en um leið hefur þessi fjölbreytni á vissan hátt orðið þeim sem heild styrkur. Og með hinu nána samstarfi sín í milli um alþjóðamál, t. d. á Sameinuðu þjóða-þingum, hefur þeim oft tekist að hafa áhrif til farsællar þróunar langt umfram það sem ætla mætti um ekki fjölmennari ríki. Þess er að vænta að norrænt samstarf haldi áfram að eflast og dafna.

Nokkur orð um Evrópuráðið: Eins og ég hef minnst á í fyrri skýrslum mínum um utanríkismál hafa á undanförnum árum átt sér stað allmiklar umr. um framtíðarhlutverk Evrópuráðsins. Var það einkum stækkun Efnahagsbandalagsins á öndverðu árinu 1972 sem kom þessum umr. á stað. Hafa þær haldið áfram síðan með nokkrum hléum, en niðurstaða þeirra virðist ótvírætt vera sú að Evrópuráðið muni um ófyrirsjáanlega framtíð hafa mjög gagnlegu hlutverki að gegna sem vettvangur frjálsra skoðanaskipta á sviði stjórnmála álfunnar.

Umr. þær, sem hér er vikið að, um verksvið og framtíð Evrópuráðsins hafa að sjálfsögðu verið mjög tengdar umr. um aukin völd Evrópuþingsins sem er ráðgjafarþing þeirra níu landa er aðild eiga að Efnahagsbandalagi Evrópu. Hafa þar verið uppi hugmyndir um að kjósa fulltrúa á Evrópuþingið beinni kosningu og fá því í hendur aukin völd, jafnvel ráðgjafarvald. Svipaðar hugmyndir hafa af og til einnig skotið upp kollinum varðandi ráðgjafarþing Evrópuráðsins, en þær hins vegar fengið misjafnar undirtektir.

Landhelgismál Íslands hefur öðru hverju komið til umr. á vegum Evrópuráðsins, bæði í einstökum nefndum, svo sem fiskveiðinefndinni, sem er undirnefnd landbúnaðarnefndar, og sömuleiðis á fundum ráðgjafarþingsins sjálfs. Á þetta jafnt við um deiluna um fiskveiðar milli Íslands og Vestur-Þýskalands, áður en samningar tókust um lausn þeirrar deilu, sem um núverandi deilu Íslands og breta um fiskveiðiréttindin. Er óhætt að fullyrða að þessar umr. hafa getað talist jákvætt *innlegg í lausn deilunnar milli Íslands og* Vestur-Þýskalands á sínum tíma, en auk þess hefur Evrópuráðið verið ágætis vettvangur til þess að kynna málstað Íslands á sviði landhelgis- og fiskveiðimála og hefur hvert tækifæri, sem gefist hefur, verið notað til þess að koma á framfæri skoðunum er styðja hinn íslenska málstað í þessu máli. Deila Íslands og Bretlands um fiskveiðar hefur nokkrum sinnum verið á dagskrá hjá Evrópuráðinu í vetur og er það enn.

Eins og ég hef áður getið um hefur Evrópuráðið látið Kýpurdeiluna mjög til sín taka og reynt eftir megni að koma fram með gagnlegar till. til þess að leysa þá hörðu og erfiðu deilu. Þá hafa atburðirnir í Portúgal og ástandið í stjórnmálum þar verið mjög til umræðu, einkum innan ráðgjafarþingsins. Virðist svo sem Evrópuráðið hafi haft góð áhrif á þróun þessara mála, og nú nýlega undirritaði stjórn Portúgals aðild að menningarsáttmála Evrópuráðsins og líta sumir á það sem fyrsta skref í þá átt að Portúgal gerist fullgildur aðili að þeim lýðræðislegu samtökum sem Evrópuráðið er. Ef Portúgal skyldi gerast aðili að Evrópuráðinu, þá verður það 18. landið sem tengist þeim samtökum með fullri aðild.

Eins og kunnugt er eiga 3 fulltrúar Alþ. sæti á ráðgjafarþingi Evrópuráðsins og eru það alþm. Ingvar Gíslason fyrir Framsfl., Þorvaldur Garðar Kristjánsson fyrir Sjálfstfl. og nú Jónas Árnason fyrir Alþb. Varamaður í þessari þingmannanefnd er Pétur Sigurðsson alþm.

Fulltrúar Íslands í Mannréttindadómstóli Evrópu og í Mannréttindanefndinni voru þeir sömu og áður, þ. e. a. s. prófessor Þór Vilhjálmsson og dr. Gaukur Jörundsson.

Á árinu 1975 voru gerðir þrír nýir viðskiptasamningar við Sovétríkin, Pólland og Kúbu. Samningurinn við Sovétríkin gildir í 5 ár, frá 1. jan. 1976 til 31. des. 1980, og er með honum lagður grundvöllur undir áframhaldandi viðskipti við Sovétríkin með sömu vörutegundir og svipað magn og undanfarin ár. Helsta breytingin, sem leiðir af nýja samningnum, er sú að viðskipti landanna greiðast í frjálsum gjaldeyri og hætt er við jafnkeypisfyrirkomulagið samkv. eindreginni ósk Sovétríkjanna. Í reynd hefur ekki tekist að halda jöfnuði í viðskiptum milli landanna síðan heimsmarkaðsverð á olíu hækkaði 1973, og er ekki búist við að þessi breyting hafi í för með sér nein veruleg áhrif á viðskiptin.

Nýi viðskiptasamningurinn við Pólland gildir einnig í 5 ár, frá ársbyrjun 1976 til ársloka 1980. Hann er í öllum aðalatriðum samhljóða fyrri viðskiptasamningi við Pólland. Bæði löndin skuldbinda sig til að veita innflutningi hvors annars bestu kjör samkv. GATT-sáttmálanum. Allar greiðslur milli landanna fara fram í frjálsum Bandaríkjadollurum eða öðrum skiptanlegum gjaldmiðli.

Viðskiptasamningurinn við Kúbu var undirritaður 24. nóv. 1975 og gildir til ársloka 1977. Síðasti viðskiptasamningur við Kúbu rann út 3. okt. 1964, en þá höfðu engin viðskipti átt sér stað milli landanna í 3 ár. Er þess vænst að samningsgerð þessi greiði fyrir sölu á saltfiski til Kúbu sem legið hefur niðri í mörg ár, en enn sem komið er hafa engin viðskipti tekist á grundvelli nýja samningsins.

Samkv. aðildarsamningi Íslands að EFTA og fríverslunarsamningi Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu lækkuðu verndartollar á iðnvörum innfluttum frá aðildarríkjum þessara samtaka um 10% um síðustu áramót og eru því nú 40% af þeim tollum sem giltu fyrir inngönguna í EFTA. Allir tollar á íslenskum vörum, sem falla undir EFTA-samninginn, féllu strax niður við inngöngu Íslands í EFTA, en tollar á iðn-

aðarvörum frá Íslandi hafa lækkað í Efnahagsbandalaginu um 80%. Þessar tollalækkanir ná þó ekki til sjávarafurða sem samið var sérstaklega um í bókun nr. 6 sem fylgdi friverslunarsamningnum. Tel ég ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um það. Það er mönnum mjög kunnugt hér.

Á vegum GATT í Genf fara nú fram viðræður um tollalækkanir og afnám annarra viðskiptahamla. Hófust þessar viðræður með ráðherrafundi GATT í Tokíó í sept. 1973 og var gert ráð fyrir að þeim lyki á árinu 1975. Það hefur ekki reynst mögulegt og er núna búist við að samningnum ljúki árið 1977 eða jafnvel 1978. Í þeim almennu umr., sem fram hafa farið, hefur Ísland haft samstöðu með Finnlandi, Noregi og Svíþjóð og staðið að sameiginlegum yfirlýsingum um nauðsyn frjálsra og óháðra viðskipta. Hafa þessi lönd lagt á það mikla áherslu að áríðandi sé að komast hjá nýjum innflutningshöftum og takmörkunum á viðskiptum á þeim erfiðleikatímum sem gengið hafa yfir undanfarin ár.

Þá nokkur orð um öryggismál:

Eins og að framan greinir hefur fastaráð Atlantshafsbandalagsins og aðalframkvæmdastjóri þess komið mikið við sögu í landhelgismálinu. Fastafulltrúi Íslands þar upplýsir ráðið stöðugt um þróun mála og framferði breta við strendur Íslands. Framkvæmd á samkomulagi ríkisstj. við stjórn Bandaríkjanna, sem gert var hinn 22. okt. 1974, gengur nokkurn veginn að óskum. Framkvæmdir standa yfir við byggingu 132 húseininga á Keflavíkurflugvelli og verður þeim lokið í okt. 1976. Auk þess hefjast framkvæmdir við 200 húseiningar á næstu vikum og er áætlað að þær verði tilbúnar til íbúðar í árslok 1977. Jafnframt er unnið að því að fá fjárveitingu fyrir 160 íbúðareiningum frá Bandaríkjaþingi sem ráðgert er að komnar verði upp í árslok 1978. Verður þá að fullu séð fyrir húsnæðisþörfum varnarliðsmanna og fjölskyldna þeirra innan Keflavíkurflugvallar.

Unnið er að því að aðskilja almennt farþegaflug frá starfsemi varnarliðsins og mun varnarliðið sjá um að byggja veg að nýju flugstöðinni, aðkeyrslur að flugbrautum og eldsneytisgeymslur, en íslendingar standa sjálfir straum af kostnaði við flugstöðvarbygginguna. Nýr flugturn verður byggður á vegum varnarliðsins, en hann kemur í stað núverandi flugturns sem orðinn er úreltur.

Fækkun í varnarliðinu um 420 hermenn gengur samkv. áætlun. Verkefni, sem áður voru í höndum varnarliðsmanna, eru nú framkvæmd af íslenskum aðilum og íslendingar hafa verið ráðnir í störf varnarliðsmanna. Sem dæmi má nefna að Póstur og sími hefur tekið að sér að manna lóranstöð strandgæslunnar á Keflavíkurflugvelli, Flugleiðir hafa tekið að sér þjónustu við farþegaflug varnarliðsins og samningar standa yfir um að Flugleiðir sjái einnig um vöruafgreiðslu fyrir varnarliðið. 139 íslendingar hafa verið ráðnir í störf varnarliðsmanna og auk þess verða 76 íslendingar ráðnir í störf varnarliðsmanna á næstu mánuðum. Íslenskir starfsmenn á vegum varnarliðsins er nú um 900 talsins. 70—100 manns verða ráðnir yfir sumarmánuðina, eins og venja hefur verið. Um það bil 250 stöður varnarliðsmanna hafa verið lagðar niður og er það samkv. áætlun.

Beinu sambandi hefur verið komið á allan sólarhringinn milli varnarliðsins og landhelgisgæslunnar til að tryggja fulla samvinnu við björgun úr sjávarháska. Gerðar hafa verið ráðstafanir til að koma fyrir bensínleiðslum í varðskipum fyrir björgunarþyrlur til að lengja flugþol þeirra í björgunarleiðöngrum. Einnig er gert ráð fyrir samvinnu við þjálfun íslendinga í tækniskólum landhelgisgæslu Bandaríkjanna.

Ráðstafanir hafa verið gerðar til að hafa samvinnu milli varnarliðsins og flugmálastjórnar Íslands um aukið öryggi í flugmálum er snerta báða aðila í senn. Gerð hefur verið úttekt af varnarliðinu er varðar flugöryggi og gerð áætlun til úrbóta. Fyrsti hluti áætlunarinnar er bygging nýs flugturns og radars á Keflavíkurflugvelli sem hefst í okt. 1976, og mun sérstök samstarfsnefnd sjá um að öllum öryggisþörfum verði fullnægt, bæði fyrir farþegaflug og flug varnarliðsins. 5 ára áætlun hefur verið gerð til að bæta lendingarskilyrði á Keflavíkurflugvelli, sem mun gera flugvöllinn hæfari til lendingar við slæm veðurskilyrði.

Varnarliðið hefur undanfarið haft samvinnu við almannavarnir ríkisins um aðgerðir vegna náttúruhamfara og stórslysa og gerð hefur verið áætlun um björgunaraðgerðir vegna stórslysahættu á Keflavíkurflugvelli og Reykjanesi.

Svo sem kunnugt er hefur utanrn. til umráða húsnæði að Hverfisgötu 115, Reykjavík. Núverandi húsnæði er þó aðeins hugsað sem bráðabirgðalausn. Langtímalausnin mun haldast í hendur við þær úrbætur sem gerðar verða á húsnæðismálum stjórnarráðsins alls.

Oft hefur það valdið erfiðleikum hve starfsmenn utanrrn. eru fáir því að almennum verkefnum fer stöðugt fjölgandi. Auk þess hefur margt aukið störfin á undanförnum árum. Má þar fyrst og fremst nefna landhelgismálið, en einnig fjölmörg önnur verkefni sem sinna verður. Á móti má að vísu nefna að telexsamband við öll íslensku sendiráðin gerir það að verkum að þau eru nú í miklu nánari tengslum við utanrn. en áður var. Sendiráðin fá á hverjum degi símskeyti með helstu fréttum að heiman. Og fleira mætti nefna sem sýnir upplýsingamiðlun innan utanríkisþjónustunnar.

Ísland hefur nú formlegt stjórnmálasamband við 60 lönd. Auk þess höfum við ræðissamband við nokkur lönd. Við höfum nú ræðismenn í 147 borgum í 43 löndum. Á tímabilinu 1. febr. 1975 til 31. mars 1976 tók Ísland upp stjórnmálasamband við eftirtalin ríki: Bangladesh, Bahamaeyjar, Thailand, Tanzaníu, Angólu, Albaníu og Írak. Ekki er hægt að segja, að hér sé um afdrifarika atburði að ræða þar sem hér eiga fjarlæg ríki hlut að máli, en engu að síður er það athyglisvert, er Ísland viðurkennir 5 þriðja heims ríki í einu.

Í utanríkisþjónustu allra landa er það talið auka starfshæfni starfsmanna að þeir séu fluttir milli landa með nokkurra ára fresti. Það er talið heppilegt að þeir kynnist sem flestum stöðum og störfum og víkki þannig sjóndeildarhringinn.

Samkv. forsetaúrskurði 22. mars 1976 um sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og sendiræðisskrifstofur eru íslensk sendiráð enn 11 að tölu og umdæmi þeirra eru talin upp á bls. 39 í hinni fjölrituðu skýrslu þar sem getið er um forsetaúrskurðinn, en í þessum forsetaúrskurði er nú það nýmæli að sendiherra í fjarlægum löndum er staðsettur eða búsettur hér í Reykjavík.

Að lokum, herra forseti, vil ég þakka utanrmn. fyrir samstarfið á liðnu ári eða síðan ég flutti hér skýrslu síðast. Ég hef reynt að sitja sem flesta fundi nefndarinnar til að skýra afstöðu ríkisstj. til hinna ýmsu mála og eins til að n. fái að fylgjast sem best með gangi utanríkismála. Segir í skýrslunni: Ég hugsa gott til samstarfsins við n. í framtíðinni. Ég veit nú ekki hvað ég á að leggja mikið upp úr því, en ég alla vega þakka mjög vel fyrir samstarfið sem liðið er.

Er þá lokið að flytja skýrsluna.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt á því að þakka hæstv. utanrrh. fyrir að flytja hér á Alþ. skýrslu um utanríkismál, svo sem hann hefur nú gert. Þá lýsi ég einnig ánægju minni yfir því að skýrslan var að þessu sinni lögð fram það snemma á þingi að gott tækifæri hefur gefist til að lesa hana og athuga og sæmilegur tími ætti að verða að þessu sinni til að ræða utanríkismálin nokkuð ítarlega, svo sem æskilegt og raunar sjálfsagt er. Þetta segi ég algerlega án tillits til innihalds skýrslunnar og án tillits til utanríkisstefnu hæstv. ríkisstj., en að þeim efnum kem ég síðar.

Víðast hvar á þjóðþingum nálægra ríkja eru utanríkismál ólíkt fyrirferðarmeiri og oftar á dagskrá en hér. Hér á Alþ. er þó um breytingu að ræða til bóta frá því sem áður var, fyrir t. a. m. 10—15 árum þegar viðburður mátti heita ef eiginlegar rökræður eða málefnalegar umr. áttu sér stað um utanríkismál. Sá háttur, sem á hefur verið hafður nú um nokkurt skeið, að utanrrh. leggi fyrir Alþ. skýrslu um utanríkismál og síðan fari fram umr. um hana, er vissulega góðra gjalda verður og ætti að ákveðast með lögum eitthvað í þá átt sem frv. mitt um breytingar á þingsköpum Alþ. kveður á um. Vona ég að það mál fái jákvæða afgreiðslu nú á þessu þingi og tel mig vita að hæstv. utanrrh. er því meðmæltur. Einkum tel ég mikilvægt að festa í lög að skýrsla utanrrh. skuli lögð fram og rædd á hentugum tíma þegar þm. geta gefið sér eðlilegt tóm til að fjalla um utanríkismálin og utanríkisstefnu ríkisstj. hverju sinni. Slíkar umr., ef efnisríkar og málefnalegar eru, tel ég ekki síður mikilvægar en margt það karp um misjafnlega veigamikil alinnlend málefni sem hér eru á dagskrá flesta þingdaga.

Frv. mitt, sem að því hnígur að festa í sessi árlegar umr. um utanríkismál og tryggja þeim algert lágmarksrúm í þinghaldinu hverju sinni, er engan veginn flutt að tilefnislausu. Það er staðreynd að þessi árlega umr. um utanríkismál hefur verið hornreka og að henni hefur verið þrengt á ýmsar lundir. Er þess skemmst að minnast að í fyrra fór umr. fram að kvöldlagi, en aðalfundartíminn fór þá í karp um misjafnlega merkileg innanlandsmál, sum heldur rýr í roði. Hygg ég að það hafi verið fleiri en ég sem veittu því athygli að líklega vegna tímasetningar umr. um utanríkismál í fyrra sögðu ríkisfjölmiðlarnir, útvarp og sjónvarp, sáralítið frá þessum umr. Mætti þó ætla að grg. utanrrh. um utanríkismál landsins væri þess virði að gera henni skil á borð við fsp. um brú eða veg, þó að maður nefni ekki viðhorf okkar óbreyttra þm., sem þátt tökum í slíkum umr., til alþjóðamála og mat á utanríkismálastefnu ríkisstj.

Ég vil í framhaldi af þessum orðum þakka hæstv. forseta Sþ. fyrir að verða nú í dag af myndarskap við þeim tilmælum að ætla þessari umr. eðlilegt rúm í dagskránni. En þrátt fyrir það að svo sé í dag tel ég fulla þörf á að setja fastar reglur um þessa utanríkismálaskýrslu og umr. um hana í líkingu við það sem lagt er til í frv. mínu um þingsköp.

Eins og ég sagði áðan er mér um það kunnugt að á þjóðþingum annarra Norðurlanda t. a. m. eru utanríkismál ólíkt oftar til umr. en hér hjá okkur. Að sumu leyti eru sjálfsagt til á þessu eðlilegar skýringar, þ. á m. sú, að stærri og efnaðri þjóðir en við erum koma miklu víðar við sögu á vettvangi utanríkismála. Þær eiga t. a. m. aðild að langtum fleiri stofnunum Sameinuðu þjóðanna en okkur reyndist kleift. Aðstoð frændþjóðanna við þróunarlöndin er miklu meiri og fjölþættari en okkar og þannig mætti lengi telja. En þrátt fyrir þennan mun, sem ég viðurkenni að sjálfsögðu að er verulegur, tel ég ýmislegt mæla með því að Alþ. íslendinga ætli umr. um utanríkismál nokkru meira rúm hér eftir en hingað til og bindi þær þá ekki einungis eða mestmegnis við einn dag á ári, daginn sem skýrsla utanrrh. er rædd.

Ég vil vekja sérstaka athygli á því að norðmenn t. a. m. hafa gert það að fastri reglu hjá sér að rökræða í Stórþinginu einn dag á ári norræna samvinnu og þá einkum þau mál sem ofarlega eru á baugi hjá Norðurlandaráði. Þessi umr. fer jafnan fram skömmu fyrir þing Norðurlandaráðs hverju sinni. Síðast átti slík umr. sér stað í Stórþinginu 24. febr. s. l., en Norðurlandaráðsþing var haldið í Kaupmannahöfn fáum dögum síðar. Umr. þessi í Noregi fer fram á grundvelli skýrslu eða grg. ríkisstj. um norrænt samstarf. Mér er ekki kunnugt um hvort umr. af þessu tagi eru í eins föstu formi annars staðar á Norðurlöndum eins og er í Noregi.

Ég tel vel koma til greina að taka hér upp hinn norska sið, að fjalla undir sérstökum dagskrárlið um margþætta og vaxandi starfsemi Norðurlandaráðs. Ætti slík umr. að fara fram eftir að Alþ. hefur kosið fulltrúa í Norðurlandaráð, en nokkru áður en Norðurlandaráðsþing hefst. Gæti það orðið fulltrúum nokkurt vegarnesti, enda þótt ég telji ekki rétt að Alþ. fari inn á þá braut að gefa þeim bein fyrirmæli um afstöðu til mála. Raunar verður að teljast eðlilegt að skýrslugerð og frumkvæði um umr. um mál Norðurlandaráðs komi frá íslenska samstarfsráðherranum, en ekki utanrrh., þ. e. a. s. þá frá hæstv. forsrh. eins og nú standa sakir.

Mér þótti ástæða til að vekja athygli á þessu. Gæti það þá verið til athugunar hjá þingflokkum og ríkisstj. hvort ekki væri rétt að taka upp þann hátt að ræða norrænt samstarf og þá einkum samstarfið innan Norðurlandaráðs undir sérstökum dagskrárlið einu sinni á þingi hverju.

Í ræðu minni í fyrra um skýrslu hæstv. utanrrh. fjallaði ég nokkuð ítarlega um starfshætti utanrmn. og mun ekki endurtaka nema fátt af því sem ég vék að þá. Enn sem fyrr er mér ljúft að þakka hæstv. utanrrh. fyrir góða samvinnu við n. og þann trúnað sem hann hefur sýnt n.

og ég hygg að aldrei hafi komið að sök, heldur miklu fremur eytt eða fyrirbyggt tortryggni sem ella kynni að hafa skotið upp kollinum. Það telst og til góðra og þakkarverðra nýmæla að nú um nokkurt skeið hefur utanrmn. fengið ársskýrslur allra íslenskra sendiráða og skýrslur eða grg. um flesta meiri háttar fundi eða ráðstefnur sem utanrrn. á aðild að. Þá er það og nýjung að sendiherrar okkar eru teknir að koma á fundi í utanrmn. þegar því verður við komið, segja þar tíðindi og sitja fyrir svörum. Tel ég þetta allt vissulega til bóta, enda þótt mér þyki enn skorta allmikið á að utanrmn. starfi með þeim sjálfstæða hætti sem æskilegt væri og efni ættu að geta staðið til. Vel veit ég það, að n. er fyrst og fremst ráðgefandi í utanríkismálum, en meiri hl. Alþ. og ríkisstj. hverju sinni mótar stefnuna. En jafnframt er utanrmn., a. m. k. þegar þing er ekki að störfum, tengiliðurinn milli löggjafarvalds og framkvæmdavalds og þangað geta stjórnvöld væntanlega oft sótt vísbendingu um afstöðu þingflokka til einstakra mála.

Það á sér enn stað í vissum tilvikum að ríkisstj. tekur mikilvægar ákvarðanir í utanríkismálum og mótar þar ákveðna stefnu án þess að hafa lagt málin áður fyrir utanrmn. og leitað álits hennar, svo sem lög mæla fyrir um og skylt er að gera. Fram skal tekið að langtum minni brögð eru að þessu í ráðherratíð hæstv. núv. utanrrh. en áður var, en þó kemur það fyrir. Síðasta tilvik af þessu tagi átti sér stað í vetur þegar hæstv. utanrrh. var veikur og í sjúkrahúsi. — Þar eð mér er kunnugt um að hæstv. ráðh. hefur haft og vill hafa gott samstarf við utanrmn., geri ég þetta ekki að frekara umræðuefni nú. Ég vil hins vegar enn leggja á það áherslu, og þá öðrum hæstv. ráðh. til áminningar, að lögum samkv. skal ríkisstj. bera undir utanrmn. mikils háttar ákvarðanir í utanríkismálum áður en þær eru teknar. Enginn dregur í efa að ákvarðanatakan er í höndum ríkisstj. og þá Alþ. þegar því er að skipta, en hafa ber jafnan samráð við utanrmn.

Vík ég þá að hinni ítarlegu skýrslu hæstv. ráðh. Við hana hef ég ýmsar aths. að gera svo og hugleiðingar fram að færa í tilefni af henni. Það er staðreynd, að mat mitt og hæstv. utanrrh. á þróun sumra þátta alþjóðamála er ekki hið sama. Fer nú vafalaust svo, eins og oftast vill verða í rökræðum, að ég kem til að verða mjög fáorður eða jafnvel þögull um þá þætti skýrslunnar sem ég er sammála eða hef engar umtalsverðar aths. við að gera, en ræði einkum hitt, þar sem um ágreining eða verulega ólík áhersluatriði er að ræða.

Skýrslan hefst á hugleiðingum hæstv. utanrrh. um þróun alþjóðamála undanfarin missiri og einkenni þeirra nú. Sú mynd, sem hæstv. ráðh. bregður þar upp, þykir mér vera í daufara lagi og eins og dálítið hornskökk. Hann nefnir lítt eða ekki það sem að mínum dómi einkennir öðru fremur þá þróun sem á sér greinilega stað um þessar mundir víða um lönd og er nú tekin að setja vaxandi svipmót á Evrópu. Undirokaðar þjóðir halda áfram að berjast fyrir frelsi sínu og sjálfstæði. Hinn heimssögulegi viðburður, þegar þjóðin í Víetnam vann úrslitasigur í langvinnri og ógnþrunginni styrjöld við Bandaríki Norður-Ameríku, mesta herveldi heims, og leppa þess herveldis, hefur haft gífurleg áhrif á alla framvindu mála víðs vegar um lönd. Undirokaðar þjóðir hrista hlekkina og sprengja þá af sér, nú síðast Angóla. Ríki þriðja heimsins, sem flest eru frumbýlingar að því er tekur til sjálfstæðrar þjóðartilveru, ganga í gegnum ýmsar eldraunir í baráttu sinni fyrir efnahagslegu sjálfstæði og öryggi. Þar er víða við ramman reip að draga og framtíðin sums staðar næsta ótrygg. En jafnt og þétt virðist þeim ríkjum fjölga í þessum heimshluta sem sannfærast um að sósíalismi af einhverri tegund sé hið eina þjóðfélagskerfi sem fært geti fólkinu í löndum þriðja heimsins bætt lífskjör og frelsi, komið nýfrjálsum ríkjum Asíu og Afríku á legg.

Í Evrópu á sér einnig stað um þessar mundir mjög athyglisverð breyting sem á vafalaust eftir að hafa mikil áhrif á þróun mála hér í álfu og allan gang heimsmála. Einn þátt þessarar breytingar nefnir hæstv. utanrrh. í skýrslu sinni, en minnist ekki á aðra. Hann nefnir umskiptin mikilvægu í Portúgal og vonir manna að lok einræðis á Spáni kunni að vera skammt undan. En það er einnig mjög einkennandi fyrir stjórnmálaþróun Evrópulanda nú, hversu sósíalistar og kommúnistar eru að eflast í mörgum þessara ríkja, hversu óháða og gagnrýna stefnu ýmsir öflugir kommúnistaflokkar, svo sem flokkarnir í Frakklandi og Ítalíu, hafa tekið upp gagnvart Sovétríkjunum, og síðast, en ekki síst hversu vaxandi tilhneigingar gætir víða um álfuna þess efnis að flokkar verkalýðshreyfingar og sósíalisma fari að vinna saman, hætti að berast á banaspjót, en gerist vopnabræður, hvort heldur er í stjórnarandstöðu eða sem sameiginlegir aðilar að ríkisstj. Þetta eru satt að segja mikil tíðindi og getur að mínu viti margt gott af þeim leitt í sambandi við alþjóðasamskipti og baráttu fyrir friði og afvopnun.

Ég var staddur í Danmörku í vetur þegar flestir helstu leiðtogar sósíaldemókrata í Evrópu héldu þar ráðstefnu og ræddu einkum afstöðuna til vinstri sósíalista og kommúnista. Ég fylgdist svo sem best ég gat með fréttum af þinginu, enda hlaut það að teljast næsta forvitnilegt sem þarna var að gerast. Einn íslenskur sósíaldemókrati sat fundinn, hv. 9. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason, og fæ ég ekki betur heyrt og séð en þessi fundur hafi orðið honum eins konar niðurdýfingarlaug þar sem hann var endurskírður til sósíalisma. Ekki fara af því sögur hvort hv. 9. þm. Reykv. vitnaði þarna á þinginu um þá alvarlegu hrösun að hann var árum saman í bland við tröllin, starfaði með aðalflokki kapitalista í landi sínu og virtist hafa týnt niður flestum kenningum jafnaðarmanna. En svo áhrifamikið reyndist þinghaldið í Helsingör, að fullyrt er og mig langar til að hafa það fyrir satt að hv. 9. þm. Reykv. taki nú daglegum framförum í sósíalískum fræðum.

Ekki ríkir alls staðar ánægja með það ef flokkar verkalýðshreyfingar og sósíalisma í Evrópu taka að vinna saman. Svo einkennilega vildi til — eða var það e. t. v. ekki tilviljun? — að sömu dagana og fundur sósíaldemókrataleiðtoganna

var haldinn í Danmörku átti Kissinger utanrrh. Bandaríkjanna erindi til Danmerkur, og hann var ekkert að liggja á því þá fremur en endranær að aukið samstarf sósíaliskra flokka og hugsanlega aðild kommúnista að ríkisstjórnum í NATO-löndum væru að dómi Bandaríkjanna ótíðindi hin mestu og hroðalegt slys sem fyrir hvern mun yrði að koma í veg fyrir. Og það er vafalaust að þessi kenning bandariska utanrrh. átti sér nokkra fylgismenn á sósíaldemókratafundinum. Var talið að helstur fánaberi þeirrar stefnu hafi verið Helmut Schmit, kanslari Vestur-Þýskalands. En ótvírætt mun það, að meira fylgi hafði stefna þeirra Mitterans — og er ekki óhætt að segja Gylfa? — sem byggist á því að aukið samstarf sósíaliskra flokka sé ekki aðeins réttlætanlegt undir vissum kringumstæðum, heldur æskilegt og jafnvel nauðsynlegt. Og nú hafa þær fréttir borist hingað, ég held í gær eða fyrradag, að jafnvel Helmut Schmidt sé kominn á þá skoðun að það sé ekki heimsendir í nánd, eins og hann orðaði það, þótt kommúnistar yrðu aðilar að samsteypustjórn í enhverju NATO-ríki.

En það eru fleiri en bandaríkjamenn sem hafa áhyggjur þungar og líta á þessa þróun býsna alvarlegum augum, eins og það er víst kallað. Ég held að það sé ekkert launungamál að Rússar gera það líka og e. t. v. engu síður en bandaríkjamenn. Og skýringin liggur, held ég, í augum uppi. Um langt skeið hafa ráðamenn í Kreml leitast við að hafa sem sterkust tök á kommúnistaflokkum Evrópulanda, ekki aðeins sósíalísku landanna, heldur einnig svokölluðum bræðraflokkum í kapítalískum löndum. Með fáeinum undantekningum hefur þeim sovétmönnum gengið illa hin síðari ár að framkvæma þessa forræðisstefnu sína og þó aldrei verr en nú. Og þeir Kremlarbændur sjá það í hendi sér að sjálfstæðir og öflugir sósíalista- og kommúnistaflokkar Vestur-Evrópu koma til með að hafa mikil áhrif á sósíalísku löndin í Austur-Evrópu og verða þeim hvatning til aukins sjálfstæðis, aukinnar reisnar gagnvart Sovétríkjunum. Jafnvel kynnu þessir atburðir að hafa áhrif í Sovétríkjunum sjálfum.

Þá er það og ljóst að bæði bandaríkjamönnum og sovétmönnum stendur nokkurn veginn jafnmikill stuggur af umtalsverðum breytingum á því valda- og yfirráðakerfi sem þessi tvö risaveldi hafa komið sér upp og kosta kapps um að viðhalda, einatt í furðumiklu bróðerni þegar til kastanna kemur. Skipting mikils hluta heims í áhrifasvæði milli risaveldanna hefur verið staðreynd og hvort veldið um sig hefur talið sig þess umkomið, meira að segja litið á það sem rétt sinn að viðhalda þessari skiptingu og skakka leikinn á áhrifasvæði sínu ef því hefur þótt ástæða til. Ég tel ekki þurfa að nefna dæmi um þetta, þau eru svo alkunn. Ég held að einhver mikilvægasta breyting, sem nú er að gerast í veröldinni með nokkuð jöfnum, en þó heldur vaxandi þunga, sé sú, að æ fleiri ríki eru að losa sig undan yfirráðum og forsjá stórveldanna tveggja og hverfa inn á brautir sjálfstæðari stefnu, jafnt í innanlands- sem utanríkismálum. Og spá mín er sú, að stöðugt fleiri ríki muni á komandi árum, á allra næstu árum, leita að lausn þjóðfélagsvandamála sinna samkv. þeim leiðum sem liggja til sósíalisma. Þær leiðir geta verið ýmsar og mishratt verður sjálfsagt farið, en sú er rökstudd von mín og trú að í þessa átt miði. Og vitanlega er grundvallaratriði að hver þjóð velji sér sitt skipulagsform sjálf og þá einnig og ekki síður sína leið til sósíalisma.

Sjálfsagt má við því búast að öllum breytingum, sem verða á áhrifasvæðum risaveldanna hvors um sig, fylgi spenna, hótanir og jafnvel gagnaðgerðir af ýmsu tagi. En ég held að sú þróun, sem ég hef nú leitast við að lýsa stuttlega, verði ekki stöðvuð, og þegar til lengdar lætur er ég sannfærður um að hún leiði til góðs. Minnkandi áhrifamáttur og ægivald herveldanna og risaveldanna beggja er að mínum dómi skilyrði fyrir friðvænlegri horfum í batnandi heimi.

Því miður má gera ráð fyrir því að næstu mánuðir verði nokkrir óróleika- og taugaspennutímar á alþjóðavettvangi, ekki síst varðandi samskipti og samkeppni risaveldanna. Valda því m. a. og e. t. v. einkum forsetakosningar í Bandaríkjunum í haust og háværar kröfur herskárra íhaldsafla þar um að vígbúnaðarkapphlaupið verði hert, betur verði þjarmað að rússum og sósíalismi og kommúnismi hvarvetna barinn niður hiklaust og án miskunnar. Mun það síst bæta ástandið að afturhalds- og vopnabrasksmaðurinn Ronald Reagan vinnur nú stórsigur í hverjum kosningunum af öðrum og Ford forseti telur sér ógnað af haukunum svo nefndu til hægri. Þess vegna er hætt við að hann og hans lið auki nú heldur vopnaskak til þess að færa bandaríska þjóðinni sönnur á að þeir séu engir eftirbátar í krossferðinni gegn rússum og kommúnistum. Væntanlega gera rússar sér ljóst að sérstakt spennuástand ríkir í Bandaríkjunum fram að forsetakosningum eða fram yfir þær og láta ekki frýjuorð og jafnvel hótanir bandaríkjamanna hafa allt of mikil áhrif á gerðir sínar. Hvað sem um Bréznef karl má segja, held ég að hann sé ekki taugaveiklaður til muna og er það óneitanlega kostur á manni í hans stöðu.

Næsti kafli í skýrslu hæstv. utanrrh. fjallar um Sameinuðu þjóðirnar og síðasta Allsherjarþing þeirra og afstöðu Íslands til ýmissa mála á þinginu. Ég ætla að sleppa því að ræða þennan kafla skýrslunnar þar sem það verður gert af öðrum ræðumanni af hálfu Alþb. Þó get ég ekki látið hjá líða að fjalla lítið eitt um grg. þá á bls. 17 í skýrslunni, þar sem rætt er um samstarf Íslands og Þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna. Þykir mér rétt í því sambandi að víkja að aðstoð Íslands við þróunarlöndin, en hæstv. ráðh. getur hennar að engu í skýrslu sinni. Ég held að það sé ekki ósennileg tilgáta að hæstv. ráðh. finni til þess alveg eins og ég að þar sé af litlu að státa og naumast hægt að fjalla um þau mál kinnroðalaust.

Þegar borið er saman framlag okkar til þróunarmála annars vegar og ásókn okkar í fjármuni Þróunarsjóðs Sameinuðu þjóðanna hins vegar megum við sannarlega blygðast okkar, íslendingar. Á Alþ. 23. mars 1971 var samþykkt löggjöf um aðstoð Íslands við þróunarlöndin. Hið sama ár var samkv. þessum nýsettu lögum kosin stjórn þeirrar stofnunar og skyldi hún hún hafa framkvæmdir mála með höndum. S. l.

haust sendi þessi stjórn alþm. fjölritaða skýrslu um starfsemina frá upphafi og fram til þess tíma þegar skýrslan kom út. Í skýrslunni var einnig að finna ýmsar gagnlegar upplýsingar um vandamál þróunarlandanna og þátttöku Íslands og þó öllu heldur skort á umtalsverðri þátttöku í lausn þeirra. Taka vil ég fram að við stjórn þessarar stofnunar er ekki að sakast um það þótt hlutur Íslands liggi mjög eftir í þessum efnum. Stofnunin hefur haft yfir sáralitlum fjármunum að ráða og ég fæ ekki betur séð en þeir hafi yfirleitt verið vel notaðir og skynsamlega. Hér er við Alþ. og ríkisstj. eða réttara sagt ríkisstjórnir að sakast.

Aðstoð Íslands við þróunarlöndin hefur einkum verið látin í té í formi norræns samstarfs á þessu sviði. Hefur þar verið um að ræða greiðslu á framlagi Íslands til samnorrænna verkefna í Kenýa og Tanzaníu. Hafa og nokkrir íslendingar verið ráðnir til starfa í þágu þessara landa.

Í fyrrgreindri skýrslu stjórnar Aðstoðar Íslands við þróunarlöndin er á bls. 27 og 28 að finna upplýsingar um framlög Íslands til þróunarlandanna annars vegar og framlög Þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna til verkefna á Íslandi hins vegar. Árið 1975 nam framlag okkar til Þróunarsjóðs Sameinuðu þjóðanna — ég held að það hafi verið algert lágmarksskyldaframlag — 9 millj. 600 þús. kr. Þá var framlag okkar til Aðstoðar Íslands við þróunarlöndin 10 millj. kr. Á hinn bóginn hefur Þróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna á árunum 1972—1976 veitt Íslandi til ýmissa verkefna 1 millj. Bandaríkjadollara, 175 millj. kr. á núv. gengi, eða að jafnaði 200 þús. dollara á ári, en það er á núverandi gengi um 35 millj. kr. Þetta er það sem árlega hefur hrotið á borð íslendinga að undanförnu úr Þróunarsjóði Sameinuðu þjóðanna, tvöföld sú upphæð sem við höfum greitt til þróunarverkefna og Þróunarsjóðs. En eins og skýrsla hæstv. utanrrh. ber með sér höfum við auk þessa milljón dollara framlags með einhverju móti getað kríað út úr Þróunarsjóðnum 400 þús. dollara eða 70 millj. ísl. kr. til viðbótar og skuldum við nú Þróunarsjóði þessa upphæð. Og einhvers staðar las ég það í blöðum ekki alls fyrir löngu að einhverjir ágætir íslenskir menn voru að furða sig á því, að Þróunarsjóðurinn ætlaði nú að fara að kippa að sér hendinni og hætta jafnvel að greiða okkur þróunarstyrkinn. Það má vafalaust til sanns vegar færa að sitthvað sé vanþróað hér á landi, en þessi saga öll er vottur þess að efstur á blaði er þar líklega vanþróaður hugsunarháttur.

Í lögum um aðstoð Íslands við þróunarlöndin, 2. gr., 4. lið, segir á þessa leið, að verkefnið sé „að vinna á annan hátt að því að framlag íslendinga í þessu skyni“ — þ. e. til framkvæmda í þágu þróunarlanda — „nái sem fyrst því marki, sem samþykkt hefur verið á þingi Sameinuðu þjóðanna, að það nemi 1% af þjóðartekjum.“ Hér fer ekkert á milli mála. Sú stefna er mörkuð á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna að ríki sem þess eru umkomin, keppi að því marki að leggja 1% þjóðartekna til þróunarhjálpar. Í íslenskum lögum er fimm ára gamalt ákvæði um það að Ísland setji sér þetta mark. Sviþjóð mun vera eina ríkið í veröldinni sem þegar á þessu ári nær þessu marki, að leggja fram 1% þjóðartekna til stuðnings við þróunarlönd, en nokkur ríki önnur munu þegar vera með um eða yfir ½%, t. d. Noregur með 0.6%. En hvar er nú Ísland í röðinni? Maður blygðast sín fyrir að segja frá því, svo aftarlega er það. Samkv. upplýsingum, sem ég hef aflað mér hjá Þjóðhagsstofnun, er talið að svo nefnd verg þjóðarframleiðsla, en við það mun almennt miðað í alþjóðlegum skýrslum um þjóðartekjur, hafi árið 1975 numið um 185 milljörðum kr. Framlag okkar til Þróunarsjóðs Sameinuðu þjóðanna nam, eins og ég sagði áðan, 9.6 millj. það ár og framlag til Aðstoðar við þróunarlöndin 10 millj. Samkv. þessum tölum er það rúmlega 1‰ — einn af þúsundi — sem við rausnuðumst til þess að leggja þarna af mörkum á síðasta ári. Og sagan er ekki þar með öll sögð. Ekki má gleyma því að það ár sóttum við í Þróunarsjóðinn nær tvöfalda þessa upphæð. Maður er gersamlega orðlaus. Og það er ákaflega skiljanlegt, að hæstv. utanrrh. hefur kosið að láta þögnina hylja sem mest af þessari átakanlegu sögu. Raunar skín það út úr orðum hans að hann er ekki ánægður með frammistöðu okkar íslendinga í þessu efni, en auðsætt er að hann hefur hlustað óþarflega fast á þá barlómsbumbu sem nú er barin sem ákafast um efnahagsörðugleika okkar íslendinga. Hæstv. ráðh. setur því markið ekki hátt þar sem hann kemst svo að orði í skýrslu sinni, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég skýrði frá því í skýrslu um utanríkismál á s. l. ári að þar sem styrkir Þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna væru fyrst og fremst ætlaðir hinum fátækari þróunarlöndum hlyti það að vera kappsmál að Ísland stefndi að því að árlegt framlag þess yrði sem svari því sem stofnunin greiðir hérlendum aðilum. Svo hefur ekki orðið í framkvæmd. Og sem fyrr segir erum við nú í 400 þús. dala skuld við stofnuna umfram þá 1 millj. dala sem okkur var úthlutað.“

Mér finnst hæstv. utanrrh. vera hér allt of lítilþægur. Ég heiti nú á hann að taka forustu um það að því verði komið til leiðar þrátt fyrir allan íslenskan barlóm þessi missirin um peningaleysi að Ísland reki af sér slyðruorðið sem allra fyrst hvað þessi mál snertir og verði þar heldur veitandi en þiggjandi. — Læt ég svo útrætt um þetta vandræðamál að þessu sinni.

Þá vík ég að þeim hluta skýrslunnar, bls. 18—22, sem fjallar um Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Grg. um stöðu hafréttarmála er í sjálfu sér glögg, en hún ber það með sér að hún er annaðhvort samin að meginstofni áður en fundir hófust í New York 15. mars s. l. eða þegar sú fundarlota var nýlega hafin. Þessum fundarhöldum í New York er nú að ljúka og er þó enn nokkur óvissa ríkjandi um það hvernig mál standa þegar upp er staðið og hvert framhaldið verður. Samkv. síðustu fréttum eru íslensku fulltrúarnir þó fremur bjartsýnir og er talið að vonir standi til þess að okkar mál standi vel og að framhaldsfundur verði í Genf í sumar, en þó er það ekki talið alveg víst. Raunar er það talið ósennilegt nú, eftir því sem mér er tjáð, að fundurinn í Genf, þótt haldinn verði í sumar og haust eða fram á haust, hann komist að heildarniðurstöðu um þessi mál, en raunar er réttast að spá sem minnstu um framvindu þess-

ara mála. Þess mun nú skammt að bíða að maður fái fréttir af því hvernig þau standa nú í lok þeirrar lotu sem nú er að ljúka.

Ég hef heyrt þær raddir, og það er kannske ekki nema að vonum, sem mæla eitthvað á þessa leið: Ætlar þessari ráðstefnu um hafréttarmál aldrei að verða lokið? Er ekki verið að spila þarna einhverja lönguvitleysu sem aldrei tekur enda fyrr en þá einn góðan veðurdag að spilamenn eru orðnir svo leiðir að þeir standa upp og fara? — Og enn fremur er spurt: Er það ekki tilgangslaus sóun fjármuna íslenska ríkisins að vera að gera út tiltölulega fjölmenna sendinefnd á þessa ráðstefnu, þrjá, jafnvel fjóra embættismenn og sérfræðinga og fimm stjórnmálamenn þar að auki? — Um þetta hvort tveggja vil ég leyfa mér að fara örfáum orðum.

Undirbúningur Hafréttarráðstefnunnar hófst árið 1970. Ráðstefnan var formlega sett síðla árs 1973, en hún tók raunverulega ekki til starfa fyrr en í Caracas í Venezúela sumarið 1974. Síðan stóðu fundir í Genf í tvo mánuði vorið 1975 og nú er þriðju vinnulotu að ljúka í New York. Og hvert er nú verkefni þessarar ráðstefnu? Hversu líklegt er að hún hafi getað lokið því verkefni á mjög skömmum tíma? Verkefnið er í stuttu máli það að reyna að koma sér saman um sáttmála eða heildarlöggjöf á alþjóðamælikvarða um allt sem snertir 7/10 hluta af yfirborði jarðar, þ. e. a. s. heimshöfin öll og hafsbotninn, öll verðmæti sjávar og sjávarbotns, jafnt lifandi sem lífvana. Verið er að reyna að setja lög um fyrirhugaða hafsbotnsstofnun, starfshætti hennar og þing. Verið er að setja reglur um grunnlínur, um landhelgi, um landgrunn og um efnahags- eða auðlindalögsögu. Verið er að reyna að semja alþjóðalög um yfirráð yfir og eftirlit með vísindalegum rannsóknum, svo og um varnir gegn mengun sjávar. Reglur þarf að setja sem tryggja siglingafrelsi annars vegar og hagsmuni strandríkja hins vegar. Til umfjöllunar er lagabálkur um lausn deilumála. Um öll þessi viðamiklu og margþættu mál liggur nú fyrir frv. í mörgum köflum, um 400 gr. alls. Um margar þessar gr., jafnvel um heila kafla, hefur þegar náðst nær alger eða jafnvel alger samstaða, en um aðrar, sumar veigamiklar, hefur verið og er ágreiningur sem stöðugt er reynt að jafna. Þegar þess er gætt að allt frá upphafi hefur verið að því stefnt að ná heildarlausn með sem allra víðtækustu samkomulagi, helst algeru samkomulagi allra þjóða sem sækja ráðstefnuna, þá er þarflaust að furða sig á því þótt þetta geysiviðtæka starf, sem þarna er verið að reyna að vinna og á mörgum sviðum er alger frumsmíð, taki nokkuð langan tíma.

Sá misskilningur virðist býsna algengur hér á landi að Hafréttarráðstefnan glími fyrst og fremst eða nær eingöngu við setningu laga og reglna um fiskveiðar og yfirráðarétt yfir fiskimiðum. En þetta er aðeins eitt af verkefnum ráðstefnunnar, að vísu eitt hinna veigameiri. En fáir aðrir en við íslendingar telja það langveigamesta verkefnið. Ástæðan er sú að leitun er á þjóð sem er háð fiskveiðum í jafnríkum mæli og við. Þegar færeyingar eru undanskildir kann ég ekki þá þjóð að nefna þótt leitað sé um veröld alla.

Þá vík ég aðeins að hinu atriðinu, sem ég hef séð gagnrýnt í blöðum, að við séum með allt of fjölmenna sendinefnd á Hafréttarráðstefnunni, það sé dýrt og þjóni engum tilgangi, nóg sé að svo sem þrír embættismenn og sérfræðingar fylgist með störfum þessarar ráðstefnu. — Ég er ekki sammála þessu. Í sambandi við ýmsa alþjóðafundi og ráðstefnur á sparnaðarsjónarmiðið fyllsta rétt á sér, en að því er tekur til Hafréttarráðstefnunnar, held ég, að það sjónarmið eigi ekki að sitja í fyrirrúmi. Þar er um svo mikilvæg mál að ræða fyrir okkur íslendinga að gera verður allt sem hægt er til að tryggja sem hagstæðasta niðurstöðu. Ég held líka að segja megi með fullum rétti að störf ráðstefnunnar hafi þegar borið mjög mikilvægan árangur, og ég vona að hið sama megi segja um störf íslensku sendinefndarinnar. Á þessari ráðstefnu og á undirbúningsfundum hennar hefur dafnað og þróast hugtakið um 200 mílna auðlindalögsögu, og jafnvel þótt ráðstefnan færi út um þúfur eða næði ekki tilgangi sínum að fullu, þá stæði það eftir algerlega óhaggað að mikill meiri hluti ríkja heims fylgir nú 200 mílna auðlindalögsögu og hvert strandríkið á fætur öðru mun færa út einhliða á allra næstu missirum ef ekki verður komið allsherjarsamkomulag. Þetta er árangur sem náðst hefur að verulegu leyti á Hafréttarráðstefnunni og hann ber vissulega ekki að vanmeta.

Það er vissulega ánægjulegt til þess að vita, að allur þorri fulltrúa á Hafréttarráðstefnunni, þessari einhverri fjölmennustu alþjóðaráðstefnu sem haldin hefur verið, veit um og viðurkennir það forgönguhlutverk sem íslendingar hafa gegnt að því er tekur til fiskveiðilögsögu, fyrst með útfærslu í 12 mílur, þá í 50 mílur og loks í 200 mílur. Þessi forganga Íslands í útfærslumálum, algerlega einstæð í okkar heimshluta, hefur, það þori ég að fenginni reynslu að fullyrða, aflað Íslandi og íslendingum viðurkenningar og virðingar umfram flest annað. Í þessu sambandi þykir mér rétt að skýra frá því og leggja á það áherslu, að það er alger misskilningur, sem sumir virðast halda, að málsmetandi menn, t. a. m. á Hafréttarráðstefnu og víðar, áfellist okkur íslendinga fyrir deilurnar við breta og liggi okkur á hálsi fyrir að hafa ekki látið undan vopnuðu ofbeldi og samið. Ég fullyrði hiklaust að þessu er yfirleitt þveröfugt farið. Ef undan eru skildir fulltrúar örfárra ríkja virðist mér hins gæta miklu fremur, að þessi afstaða okkar þykir bera vott um manndóm og kjark. Í augum allra fulltrúa nýfrjálsra ríkja og margra annarra njótum við íslendingar álits og málstaður okkar stuðnings einmitt vegna þess að við höfum ekki látið breta kúga okkur. Það er gamla sagan um Davíð og Golíat sem rifjast upp fyrir mörgum og hitar um hjartarætur, ekki síst fulltrúum ríkja sem þekkja stórveldahroka og nýlendukúgun af eigin raun. Ég held að flestum fulltrúum Hafréttarráðstefnunnar sé ljóst að barátta íslendinga um yfirráðarétt yfir fiskimiðum sínum hefur verið og er barátta um líf og dauða. Hefðum við ævinlega látið undan bretum og samið við þá umtölulitið eða án átaka stæðum við ólíkt verr að vígi en við gerum á Hafréttarráðstefnunni nú. Það er

manndómurinn sem borin er virðing fyrir. Það er þá fyrst þegar lítil þjóð vill taka áhættu og leggja eitthvað í sölurnar til að standa á rétti sínum sem aðrir veita því athygli hversu mikið er í húfi fyrir það fólk sem slíkt gerir. Þetta er okkar styrkur á Hafréttarráðstefnunni og meðal þjóðaleiðtoga, en síst af öllu veikleikamerki.

Næsti kafli í skýrslu hæstv. utanrrh. fjallar um landhelgismálið og átökin við breta. Ég mun ekki ræða það mál að þessu sinni. Bæði mundi það lengja ræðu mína um of, er auk þess þrautrætt og þó löngum á dagskrá hér með ýmsu móti. Sný ég mér því beint að þeim kafla skýrslunnar, sem hefst á bls. 30 og fjallar um Norðurlandasamvinnu. Um hann verð ég mjög stuttorður þar sem ég get tekið undir flest eða allt það sem hæstv. ráðh. segir um gildi norrænnar samvinnu. Hún eflist stöðugt á ýmsum sviðum, einkum þó að því er tekur til menningarmála, en einnig á vettvangi margvíslegra félagslegra samskipta. Mér hafa að vísu orðið það vonbrigði og ýmsum fleirum að hvorki að því er tekur til varnarmála né efnahagsmála hefur orðið um að ræða það samstarf og þá samstöðu norrænna þjóða sem nokkrar vonir stóðu til í upphafi. Enda þótt mismunandi viðhorf Norðurlandaþjóða til hernaðarbandalaga og aðild dana að Efnahagsbandalagi Evrópu torveldi mjög náið samstarf á þessum sviðum sem ég nefndi, er þó kleift að hafa samráð og samstöðu um utanríkismál og jafnvel um efnahagsmál að vissu marki. Og að því er tekur til efnahagssamvinnu er hægt að gera sér vonir um að hún geti vaxið á tilteknum sviðum. Er Norræni fjárfestingarbankinn nýi til vitnis um vilja Norðurlandaráðs í því efni.

Þá vil ég ítreka það, sem ég vék að fyrr í ræðu minni, hvort ekki kunni að vera rétt og tímabært að ræða árlega á Alþ. norrænt samstarf og þá einkum þau mál sem efst eru á baugi hjá Norðurlandaráði hverju sinni. Færi best á því að slík umr. yrði á grundvelli skýrslu frá íslenska samstarfsráðh., og virðist henta vel að velja til slíkrar umr. vikurnar á undan þingi Norðurlandaráðs hverju sinni.

Næstu tveir kaflar í skýrslu hæstv. ráðh. fjalla um Evrópuráðið og viðskiptasamninga Íslands við aðrar þjóðir árið 1975. Um þessi efni ætla ég ekki að ræða, en sný mér beint að kafla sem hefst á bls. 36 og ber heitið: Öryggismál.

Þar er fyrst greint frá því hvernig til hefur tekist um framkvæmd viðbótarsamnings þess við Bandaríkin sem hæstv. núv. ríkisstj. gerði nálægt upphafi valdaferils síns. Er hæstv. utanrrh. hæstánægður með horfur í þeim efnum, og það er raunar hvergi í allri skýrslunni nema á þessum stað sem hinn hógværi ráðh. gerist töluvert rogginn og finnst heldur en ekki til um frammistöðu sína og sinna manna. Í skýrslunni segir ýmist, að umsamdar framkvæmdir gangi að óskum eða samkv. áætlun. Þarna kemur fram að mikið er um byggingarframkvæmdir á vellinum, og er gert ráð fyrir að fyrir árslok 1978 verði búið að reisa tæpar 500 nýjar íbúðir á vallarsvæðinu. Þá virðist unnið að því nokkuð ötullega að íslendingar taki að sér æ fleiri þjónustustörf í þágu hersins. Íslenskir menn annast nú þjónustu við farþegaflug hins svo nefnda varnarliðs, og á döfinni er að innfæddir sjái einnig um vöruafgreiðslu fyrir liðið. Þá virðist hæstv. ráðh. vera hæstánægður með það hvernig verið er að hræra saman með flestu hugsanlegu móti almannavörnum ríkisins og ýmiss konar björgunarstarfsemi og slysavörnum annars vegar og setuliðinu bandaríska hins vegar. Allt þykir mér þetta, sem lesa má um á bls. 36 og 37 í skýrslunni, heldur óskemmtilegur lestur og bera vott um að verið er markvisst og með sameiginlegu átaki bandarískra og íslenskra stjórnvalda að festa ameríska herinn í sessi á Íslandi, búa honum notalega vist og fjölga íslenskum þjónum sem snúast í kringum fyrirfólkið. Það verð ég að segja, að þetta er heldur ömurlegur áfangi á hlykkjóttri braut Framsfl. í herstöðvarmálinu. Á ég bágt með að trúa að herstöðvaandstæðingar í þeim flokki, og þeir eru sem betur fer margir, telji þetta æskilega þróun. Mundi það ekki sannast sagna að vegna herstöðvamálsins og fjölmargra mála annarra sé nú mörgum framsóknarmanni orðin leið dvölin í Heiðnabergi íhaldsins og þrái þá stund að flokkur hans mætti losna úr prísundinni?

Herra forseti. Ég hef nú lokið við að fjalla um þau atriði í skýrslu hæstv. utanrrh. sem ég hyggst gera að umræðuefni að þessu sinni. Hins vegar eru nokkur atriði utanríkismála, sum mikilvæg, sem ekki er fjallað um í skýrslunni, en full ástæða væri til að gera hér að umræðuefni. Þar sem ég er þegar orðinn nokkuð langorður og aðrir ræðumenn eiga fullan rétt á því að flytja mál sitt á skaplegum tíma dags mun ég aðeins víkja að örfáum atriðum og reyna að stytta mjög mál mitt.

Skýrslur þær, sem nú hafa verið birtar bæði af bandarískri og íslenskri hálfu um könnunarviðræður ráðamanna þessara þjóða í marsmánuði árið 1949, bregða um sumt nýju ljósi á aðdragandann að inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið. Ætti það nú naumast að þurfa að vefjast fyrir neinum, sem vill vita hið rétta, hver var annar aðaltilgangurinn með aðild Íslands að bandalaginu og komu Bandaríkjahers á Keflavíkurflugvöll tveim árum síðar. Formælendur aðildar Íslands að NATO og formælendur bandarískra herstöðva hér hafa löngum hamrað á því að tilgangurinn hafi verið að tryggja Ísland gegn hugsanlegri innrás rússa. Nú er engum blöðum um það að fletta lengur að í sambandi við væntanlega NATO-aðild bollalögðu ameríkskir og a. m. k. ákveðnir íslenskir ráðamenn um byltingaöfl í landinu sjálfu, um að kommúnistar gætu hrifsað til sín völdin hvenær sem væri, um að íslenska lögreglan væri allt of fámenn og þar þyrfti skjótlega og myndarlega úr að bæta. Það liggur nú fyrir skjallega sannað að það var umræðu- og áhyggjuefni nafngreindra íslenskra og bandarískra ráðamanna hvernig alið yrði á tortryggni meðal íslendinga svo að þeir fengjust til að trúa því að ekki óverulegur hluti þjóðarinar, íslenskir sósíalistar, ætlaði að svíkja hana í hendur erlendu valdi. Hafa bandaríkjamenn séð að síðan yrði auðveldara að nota andrúmsloft ótta og tortryggni til að fá íslendinga til að hleypa erlendum her inn í landið. Öll eru þessi gögn býsna fróðleg, ekki aðeins séð í sögulegu ljósi, heldur til að glæða skilning á

eðli íslenskrar NATO-aðildar og hersetu og að glæða skilning á eðli bandarískrar utanríkisstefnu fyrr og síðar.

Það, sem ég tel öðru fremur skorta í skýrslu hæstv. utanrrh., er tilraun til að vega og meta þá strauma og þær stefnur í alþjóðamálum sem mest gætir um þessar mundir og á hvern hátt breyttir tímar kynnu að geta haft áhrif á utanríkisstefnu íslendinga. Við byggjum veröld, sem háð er stöðugum breytingum, og hljótum á hverjum tíma að leitast við að gera okkur grein fyrir stöðu okkar í hringiðu atburðanna. Fyrr í ræðu minni fjallaði ég nokkuð um þessi efni frá mínu sjónarmiði og læt við það sitja.

Að lokum vil ég segja þetta: Flokkur minn, Alþb., er engum háður öðrum en félagsmönnum sínum, íslensku alþýðufólki sem hefur öðlast þá lífsskoðun að sósíalismi samfara lýðræði sé það þjóðskipulag sem vert sé að berjast fyrir. En Alþb. viðurkennir einnig mikilvægi þeirrar baráttu — og telur hana mál dagsins í dag — sem snýst um það að treysta stjórnarfarslegt, efnahagslegt og menningarlegt sjálfstæði Íslands og íslenskrar alþýðu. Það er af þessum sökum sem Alþb. hefur barist og mun berjast af alefli fyrir *fullum sigri íslendinga í landhelgismálinu*. Það er af þessum sökum sem Alþb. spyrnir fast gegn vaxandi ítökum og áhrifum erlendra auðhringa á íslenskt atvinnulíf og hagnýtingu íslenskra auðlinda. Það er af þessum sökum sem Alþb. heldur áfram af vaxandi þunga baráttunni fyrir úrsögn Íslands úr NATO, fyrir brottför alls herliðs héðan og fyrir afnámi herstöðva. Ég hef þá bjargföstu sannfæringu að þessi barátta verði árangursrík á komandi árum. Þá skoðun mína byggi ég ekki síst á því að þessi stefna er hin eina sem tryggt getur þjóðfrelsi og búið í haginn fyrir alþýðuvöld í auðvalds stað á Íslandi.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Aðeins fá ár eru liðin síðan ráðh. tóku að gefa Alþ. reglulega skýrslur um utanríkismál þjóðarinnar. Ég er sannfærður um að það er ósk alls þingheims að þetta verði hefð í þingstörfum, og vil ég því þakka hæstv. utanrrh. fyrir hina ítarlegu skýrslu hans, sem hefur verið lögð fyrir þingið, fyrir að að *þessu sinni reyndist unnt að veita allgóðan frest* til athugunar fyrir umr. og hæstv. forseta fyrir að finna henni eðlilegan tíma svo seint á þingi.

Slíkar skýrslur um utanríkismál eiga ekki fyrst og fremst að vera saga utanríkismálanna á viðkomandi tímabili. Það er ástæðulaust að færa hana inn í þingtíðindin, hún er skráð á mörgum stöðum. Hins vegar er æskilegt, þegar hæstv. ráðh. getur, að nota slíkar skýrslur til að segja einhver tíðindi, eins og hann t. d. gerði varðandi landhelgismálið á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. En alveg sérstaklega er nauðsynlegt að þessar skýrslur séu þann veg samdar að fram komi stefna og skoðanir hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj., þannig að þingið geti um þau mál fjallað. Það skiptir hér langmestu máli. Gott er fyrir okkur að vita að hæstv. utanrrh. hefur skýrar og mjög heilbrigðar skoðanir á málefnum palestínu-araba og zionismanum. En það hefði líka verið æskilegt að heyra skoðanir ráðh. um það hver framvinda landhelgismálsins verður, ekki síður en rekja dagsetningar liðinna atburða. Það hefði verið fróðlegt að heyra hugmyndir hans um samband landhelgismálsins og varnarliðsins sem mikið hefur verið rætt í landinu undanfarna mánuði. Það hefði verið fróðlegt að heyra hugmyndir hans um sambúð okkar við Efnahagsbandalag Evrópu nú og í framtíðinni og ýmislegt fleira.

Ég mun innan skamms ræða helstu kafla skýrslunnar, en áður en að því kemur verð ég að beina nokkrum orðum til vinar míns, hv. 3. þm. Reykn., Gils Guðmundssonar, sem sýndi flokki mínum þann sérstaka heiður að blanda honum inn í þessa umr. um utanríkismál. Hann gerði grein fyrir því þegar hv. 9. þm. Reykv. var endurskírður til sósíalismans. Þetta á að hafa gerst úti í Kaupinhafn snemma á árinu þar sem hv. 9. þm. Reykv. sat á jafnaðarmannaráðstefnu, en hv. 3. þm. Reykn. hefur setið einhvers staðar úti í bæ og væntanlega lesið í Land og folk um það sem gerðist á fundinum.

Ekki skal ég draga úr því að það geti snert alþjóðamál hvernig sambúð er á milli jafnaðarmanna og kommúnista. En ég vil minna hv. þm. á að það getur verið ærið mikilvægt fyrir stjórnmálamenn og flokksleiðtoga að kunna fótum sínum forráð þegar þeir hefja samstarf við kommúnistíska flokka. Hv. þm. talaði um „flokkinn minn Alþb.“ Sú var tíðin, að hann stóð í þessum sal og talaði um flokkinn sinn Þjóðvarnarflokk Íslands. Hvað er orðið af Þjóðvarnarflokki Íslands? Ég get fullvissað hv. þm. um að þótt það þurfi að skíra okkur alþfl.-menn með dýfu öðru hverju ætlum við okkur ekki með okkar flokk í spor Þjóðvarnarflokksins. Það get ég líka sagt honum, að ef hann heldur enn vöku sinni í þægilegu þingsætinu vona ég að honum sé það ljóst að Alþb. hefur alls ekki hreinsað sig af kláða kommúnismans og þarf að tvíbaða það áður en von er til þess að það geti orðið verulegur þátttakandi í *því að sameina vinstri öfl á Íslandi og hefja hér þróttmikla baráttu fyrir sósíalisma á grundvelli lýðræðis*.

Herra forseti. Ég mun ekki fara mörgum orðum um þann kafla skýrslunnar, sem fjallar almennt um alþjóðamál, en vil þrátt fyrir það lýsa ánægju minni með þann kafla. Mér finnst það vera hárrétt hjá hæstv. utanrrh. að byrja slíka skýrslu á almennu yfirliti til þess að betur megi, ef menn vilja, sjá vandamál okkar í ljósi þeirra atburða sem eru að gerast. Ég hef verulega tilhneigingu til þess að líta á detente-málin svipuðum augum og hæstv. ráðh., þótt hitt sé rétt hjá hv. 3. þm. Reykn., að margt annað hefur gerst og er að gerast sem mun teljast til sögulegra tíðinda, þá ekki síst fjörbrot heimsveldisstefnunnar og aukið þjóðfrelsi.

Mér þykir gott að sjá að hæstv. ráðh. fjallar nokkrum orðum um málefni Spáns og Portúgals, og vil ég hvetja til þess að við íslendingar veitum þeim sérstaka athygli. Til þess eru ríkar ástæður því að þessi lönd hafa lengi verið með mestu markaðslöndum okkar og skipta okkur miklu máli, eins og þeir vita sem muna pólitíska atburði og þróun mála síðan fyrir stríð, hvernig örlög spánverja og portúgala hafa verið. Ég tel ástæðu til að íslendingar geri það sem þeir kunna að geta til þess að hvetja til lýðræðis-

legrar þróunar og þjóðfrelsis í þessum löndum. Ég minni á að okkur ber skylda til að jafna viðskipti okkar við þessi ríki, því að við getum ekki eins og viðskiptum er nú háttað, búist við því að þau geti til lengdar keypt svo mikið af okkur án þess að við kaupum meira á móti. Meðan Portúgal var undir einræðis- og harðstjórn hagfræðiprófessors var haldið fast um pyngjuna og portúgalir áttu gjarnan mikla gjaldeyrissjóði. Þá kom það vandamál ekki upp að þeim væri erfitt að borga öll saltfiskkaupin með hörðum gjaldeyri. En ég hygg að þeir muni eiga allmiklu erfiðara með það í dag, enda má lesa það í venjulegum fréttatímaritum að skortur sé á saltfiski í Portúgal.

Það er gott að heyra að hæstv. utanrrh. lofar eindregnu fylgi við ákvarðanir Sameinuðu þjóðanna í þjóðfrelsismálum, t. d. í Afríku. Eðlilegt skref er að viðurkenna stjórnir sem þar hafa náð völdum, hvort sem mönnum líkar atburðarásin betur eða verr. Í þessu sambandi kemst ég þó ekki hjá að minna á að lítið hefur farið fyrir áminningum til þjóðarinnar frá utanrrn. um að hafa í hávegum viðskiptabann Sameinuðu þjóðanna á Suður-Afríku, t. d. út af apartheid-stefnu þess lands, sem hefur verið ítrekað hvað eftir annað af Sameinuðu þjóðunum. Mér sýndist, þegar ég leit í tölur nýlega, að vörukaup okkar frá Suður-Afríku væru stöðugt vaxandi. Það má vel deila um hvort þetta viðskiptabann sé skynsamlegt og hvort það kæmi ekki harðast niður á saklausum blökkumönnum ef við hættum að kaupa þaðan ávexti. En ef við ætlum að fylgja stefnu Sameinuðu þjóðanna, þá er hún, að því er mér skilst, þessi. Sama stefna ríkir gagnvart Rhódesíu, en ég hef ekki fundið merki um nein bein viðskipti við það land.

Hæstv. utanrrh. hefur varið lengstum kafla í skýrslu sinni til þess að fjalla um Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna og önnur mál skyld þeim samtökum. Þetta er eðlilegt að því leyti að á þeim vettvangi verða íslendingar hvað eftir annað að greiða atkv. um málefni sem snerta ekki aðeins okkur sjálfa, heldur öllu frekar önnur ríki heimsins. Um slíkt geta orðið og hafa orðið deilur og er gott að fá glöggar upplýsingar um gang þeirra mála, en æskilegt hefði verið að fá þær tiltölulega fljótt í kjölfar Allsherjarþingsins, og ekki verður sagt að sá tími, sem þetta mál tekur, sé í samræmi við það hversu fljótt er farið yfir ýmsa síðari efnisþætti skýrslunnar.

Hér hefur þegar verið minnst á skipti íslendinga við Þróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna, og ég tek undir það með hv. síðasta ræðumanni að ég skammast mín fyrir þau skipti. Sú var tíðin árum saman að íslendingar smeygðu sér inn hjá Efnahagsstofnuninni í París og gátu fundið þar einhverja tæknistyrki, sem voru ætlaðir fátækum, fáfróðum og ómenntuðum þjóðum, og krækt sér í einhverja peninga. Það virðist aldrei vera hik á íslenskum yfirvöldum ef þau sjá færi á slíkum þjófnaði á alþjóðavettvangi. Það getur vel verið að stjórnendur Þróunarstofnunarinnar líti þeim augum á okkur íslendinga að þeir telji okkur eiga þarna heima. Það getur vel verið að fjármálastjórn okkar, sem nú er öllum augljós sem fylgjast með alþjóðlegum fjármálum, gefi mönnum ástæðu til að ætla að við hljótum að vera algerlega vanþróuð þjóð og þurfum því á slíkri hjálp að halda. Engu að síður ættum við að hafa stolt til þess að troða okkur ekki þarna inn og taka þar mörgum sinnum meira en við leggjum sjálfir fram í alls konar hjálp sem við eigum að geta veitt okkur sjálfir.

Hæstv. ráðh. flutti tiltölulega nýjar fréttir af Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna og voru þær góðar svo langt sem þær náðu. Við höfum óttast, og hefur verið full ástæða til þess, að þar kynnu að koma fram ýmis sjónarmið sem ættu eftir að reynast okkur óhagstæð, svo gæti farið að ýmislegt, sem komið var inn í fyrsta heildartextann og snertir hagsmuni okkar, fengi ekki staðist þegar gagnsókn þeirra ríkja, sem hafa öndverða hagsmuni, hæfist. Nú virðast horfur á að þessi ákvæði, sem ég hirði ekki um að telja hér upp því að þau þekkja allir, fái að standa í öðrum heildartextanum og hlýtur það að gefa okkur vaxandi vonir um að það takist að hafa þessi ákvæði inni í hafréttarbálkinum sem vonandi verður árangur þessarar ráðstefnu. Hitt er annað mál, að það virðist ekki vera ljóst hvort svo langt hefur miðað þessum fundum í New York að óhætt sé að gera sér rökstudda von um að málinu ljúki í næsta áfanga, en við það fáum við að sjálfsögðu ekki ráðið.

Landhelgismálin taka ekki mikið rúm í skýrslunni, og það sem um þau er sagt, er fyrst og fremst sögulegt yfirlit. Í gær og í dag hafa gerst allmerkileg tíðindi þegar bresku togararnir hafa siglt burt og fékk þjóðin að heyra í hljóðvarpi um hádegið fagnaðarboðskap um íslenskan sigur í málinu. Ég verð að játa að ég er örlítið vantrúaður á að þessi heimsigling togaraskipstjóranna sé merki um endanlega uppgjöf Bretaveldis, og mér kæmi ekki á óvart þótt málinu væri ekki lokið með þessu. Þrátt fyrir það er ég enn þeirrar skoðunar að í raun og veru höfum við íslendingar fyrir nokkru unnið þann þátt landhelgismálsins sem fram getur farið á miðunum, og við eigum ekki annað eftir en að halda út án þess að verða fyrir nokkru því tjóni eða valda nokkru því tjóni sem ekki verður bætt. Mér virðist að við eigum nú að halda á landhelgismálinu í þeim anda að héðan í frá sé verkefnið ekki að vinna sigurinn, það hefur í raun og veru þegar gerst, og við munum fá það í hafréttarsáttmálanum, þegar hann kemur, — hvernig sá sigur verður, — heldur eigum við nú og héðan í frá að hugsa um hvernig við ætlum að vinna að friðun eftir þennan ófrið. Það hefur oft reynst öllu erfiðara fyrir þjóðir að vinna friðinn heldur en að vinna átökin.

Þegar við sjáum fram á að við hljótum að fá 200 mílurnar og alger yfirráð yfir þeim sjálfir, þannig að það verði ákvörðun okkar ef einhverjir aðrir fá að veiða þar, þá er að hyggja að því, hvað er annað í veði í þessum átökum. Kemur í fyrsta lagi til hugar, að þessi átök hafa borist inn á markaðsmál okkar og það meira en lítið. Þau hafa orðið til þess að við höfum orðið að sæta tollastríði af hálfu Efnahagsbandalags Evrópu og við höfum orðið fyrir stórfelldu fjárhagstjóni af þeim orsökum. Í öðru lagi höfum við haft áhuga á að hafa leyfi til að veiða á nokkrum stöðum nærri öðrum löndum og svo er að heyra á hæstv. sjútvrh. að við höfum enn áhuga

á síldveiðum í Norðursjó. Þær eru að vísu í lágmarki eða nærri lágmarki nú, en þær hafa numið um 40 þús. smálestum, sem er mikið magn og mikið verðmæti, og þær eiga vonandi eftir að aukast. Ráðh. hefur skýrt frá því að við séum einnig að semja við kanadamenn um að fá kvóta við strendur þeirra til síld- eða loðnuveiða. Við verðum að hyggja að þessum hliðum málanna, og ég tel að við eigum nú að beina landhelgismálinu sem mest inn á þær brautir að vinna sigurinn, því að við höfum ekkert við 200 mílur að gera ef við getum ekki selt fiskinn sem við veiðum þar og við höfum ekkert við 200 mílur að gera ef við þurfum að lifa áfram í úlfúð og illindum við svo að segja allar nágrannaþjóðir okkar. Það getur orðið erfitt fyrir okkur ef við fáum hvergi að dýfa færi í sjó utan við 200 mílurnar nema e. t. v. á alþjóðlegum svæðum. Það er of snemmt fyrir okkur að fórna öllum möguleikum okkar til að veiða á miðum utan við 200 mílurnar.

Þessum atriðum finnst mér að við ættum að dusta af rykið og hafa þau í huga við meðferð landhelgismálsins héðan í frá. Í því sambandi hefði ég talið að ríkisstj. þyrfti að vita töluvert mikið um viðhorf manna, t. d. í aðalstöðvum Efnahagsbandalagsins í Brüssel, því að það mun í vaxandi mæli verða sá aðili sem við þurfum að snúa okkur að. Landhelgin öll heyrir undir bandalagið sem heild samkv. Rómarsáttmálanum, og ef bretum tekst að undanþiggja 12 eða 50 mílur verður það undanþága frá meginreglunni.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta að sinni, en vil láta þessi grundvallarsjónarmið koma fram. Ég hef gagnrýnt meðferð ríkisstj. á þessu máli alveg frá byrjun. Ég tel að það hafi verið lífsnauðsyn fyrir íslendinga að sýna ítrustu hörku í þessu máli framan af, meðan við vorum að sannfæra andstæðinga okkar svo og allar aðrar þjóðir um að við hefðum til að bera þá skapfestu og seiglu að láta ekki beygja okkur og standa við þá útfærslu sem við höfum gert. En þá fannst mér ríkisstj. vera hikandi og sífellt að þreifa fyrir sér eftir einhverjum útleiðum. Nú þarf hins vegar að skoða málið á miklu víðari grundvelli. En hafi ríkisstj. gert það, þá hefur hún haldið því leyndu og ekki skýrt þingi eða stjórnarandstöðu neitt frá þeim málum.

Mér finnst að það sé ekki hægt að ræða um landhelgismálin á Alþ. þennan dag, þar sem breski togaraflotinn er nú flúinn einu sinni enn, hvort sem hann kemur aftur eða ekki, án þess að eitt eða tvö orð séu látin falla í garð landhelgisgæslunnar. Það hafa að vísu átt sér stað leiðinleg skoðanaskipti hér í þinginu s. l. sólarhring um einlægni manna og vilja til að fórna einhverju fyrir landhelgismálið. En ég vona að þau orð séu gleymd og hitt muni reynast rétt, að þjóðin standi öll saman og vilji allt gera sem gera þarf í þessu máli.

Oft eru sögð fögur orð um frammistöðu þeirra manna sem eru á varðskipum okkar, og skal ég engu við það bæta öðru en koma hér á framfæri hugmynd sem ég sá í blaði einu utan af landi, en er að vísu frá öðrum þjóðum fengin. Hún er á þá lund að við ættum að veita áhöfnum þessara skipa einhver heiðursmerki eða minnispeninga fyrir að hafa tekið þátt í þessu stríði á sérstakan hátt. Þótt ég sé alger andstæðingur heiðursmerkja, þá finnst mér að afreksmerki hins íslenska lýðveldis, sem til er samkv. forsetaúrskurði og má veita íslendingum fyrir að bjarga lífi manna, sé mjög vel til fallið og ætti að búa til sérstakan flokk afreksmerkja sem starfsmenn landhelgisgæslunnar fengju. Það yrði vafalaust létt að slá í leiðinni einhverja minjapeninga, sem safnarar geta borgað fyrir, til að greiða kostnaðinn.

Norðurlandaráð og samvinna á Norðurlandavettvangi hafa verið allmikið rædd, og vil ég taka undir þá hugmynd, að ástæða væri til þess að hafa sérstakar umr. um norrænt samstarf a. m. k. einu sinni á ári og þá einhvern tíma í sambandi við þing Norðurlandaráðs.

Þróun, sem verður ár frá ári án þess að við tökum mikið eftir því, stefnir óðfluga í þá átt að Norðurlöndin verði á vissan hátt eins og eitt ríki. Það er verið að sameina fleira og fleira og opna leiðir yfir landamærin, ef ekki brjóta landamærin niður. Við munum áður en langt líður nálgast það að frá sjónarmiði einstaklinga og hinna ýmsu samtaka, sem þeir mynda um hagsmuna- og áhugamál sín, eru Norðurlöndin að verða ein heild. Og það er athyglisvert, sem ég veit að aðrar þjóðir munu taka eftir, að við skulum geta gert Norðurlöndin að einu samfélagi sem við öll lifum í, en á sama tíma haldið og ræktað hver sína menningu og sína tungu, og sérstaklega að þetta skuli vera hægt á sama tíma sem norrænu ríkin verða þó að hafa nokkuð ólíka utanríkisstefnu. Þetta virðist vera alger andstæða. En við nánari íhugun hygg ég að menn muni komast að raun um að hér er um stórmerkilega þróun að ræða.

Það má segja að meðferð landhelgismálsins hafi endurspeglað þetta, því að vilji þingfulltrúa í Norðurlandaráði og samúð þeirra með okkur var svo rík að þeir gátu ekki stöðvað sóknina innan þingsins til að gera ályktun um samstöðu með íslendingum. Við höfum glaðst yfir þessu og þetta hefur vakið mikla athygli. En það hefur ekki mikla raunhæfa þýðingu. Þegar spurt var um það í danska þinginu hvað danska stjórnin segði um þetta svaraði utanrrh. eins og góður diplómat að hann hvorki játaði stuðningi við ályktunina né neitaði, þetta væri bara samþykkt sem væri beint til ríkisstjórna Norðurlandanna. Ég veit að í breska utanrrn. hefur meira verið tekið eftir þessu svari heldur en öllum fögru ræðunum á Norðurlandaþinginu sjálfu. Þarna var komið inn á hin eiginlegu utanríkismál og utanríkisstefnu Danmerkur sem ekki er ætlunin að Norðurlandaráð móti, eins og einn danskur þm. mun hafa sagt. Þegar um er að ræða flesk og egg og vopn, þá segir danska utanríkispólitíkin til sín. Á því sviði eru leiðir Norðurlandanna því miður ekki hinar sömu.

Hæstv. ráðh. hefur sett inn í skýrslu sína dálítinn kafla um viðskiptamál, og þar tel ég í raun og veru að mest skorti á að þetta geti kallast tæmandi eða ítarleg skýrsla um utanríkismál íslendinga. Ég tel að sennilega séu hinar hraðvaxandi skuldir okkar í viðskiptum við umheiminn alvarlegasta utanríkisvandamál sem við eigum nú við að stríða. Það er mál þess eðlis, að það hlýtur að koma mjög við allt starf utanríkisþjónustunnar og rn. sjálfs. Nú er mér vel kunnugt um með hvaða hætti meðferð utanríkisviðskipta deilist á milli

viðskrn. og utanrrn., og skýrsla hæstv. utanrrh. fjallar eingöngu um þann litla hlut, sem utanrrn. hefur í þessum málum, sem sagt að sjá um pappírsvinnuna og undirskriftina á viðskiptasamningum. Ég ætla ekki að gera hið innra skipulag okkar að umræðuefni, það er allt of mikið mál og ekki ástæða til að vekja það upp nú. En ég vil beina athygli manna að því, að alvarlegasta vandamál íslendinga á sviði utanríkismála í dag fellur þarna á milli skips og bryggju. Það er í höndum tveggja rn. og skal ég ekki segja hvernig samstarfið er, ég vona að það sé í alla staði gott. En það skulum við ekki halda, að þótt lög um stjórnarráð hér á Íslandi skipti málum á milli þessara tveggja rn. og umr. um þessa verkaskiptingu hafi legið niðri í meira en áratug af því að nánir samverkamenn úr sama flokki fóru með þessi rn., þá sé þetta vandamál í sjálfu sér leyst. Eins og ég áður sagði er útilokað annað en vandamál eins og gjaldeyrismál okkar í dag og skuldasöfnun erlendis hljóti að grafa undan öllu trausti, ekki bara á efnahag okkar og endurgreiðslumöguleika heldur á sjálft sjálfstæði okkar. Það er útilokað annað en svona vandamál hljóti að koma við utanrrn. og utanríkisþjónustuna.

Næsti kafli, sem ég mun gera að umræðuefni, snertir öryggismál og er það sá kaflinn þar sem skýrsla ráðh. hafði einna helst fréttir að færa þegar hún kom út, eins og sjá mátti af fjölmiðlum. Það, sem þeim þótti einna nýstárlegast í skýrslunni, voru tölur um hvernig húsbyggingar ganga á Keflavíkurflugvelli. Ekki geri ég lítið úr því. Ég hef á fyrri árum auglýst eftir að hæstv. ráðh. fjallaði nánar um þessi mál, og ég tel það góðra gjalda vert að hann gerir það og segir okkur hvað er um að vera í skiptum okkar við varnarliðið og hvernig þróun þeirra mála er í samræmi við það samkomulag sem gert var skömmu eftir að núv. ríkisstj. var mynduð. Svo virðist sem þar séu mörg verkefni í gangi, og m. a. taka íslendingar nú við fleiri og fleiri störfum af varnarliðsmönnum, ekki aðeins þjónustustörfum, eins og hér voru nefnd, heldur líka störfum eins og rekstri lóranstöðvanna sem eru miðunartæki kjarnorkukafbáta. Er athyglisvert að nú fyrst, 15—20 árum eftir að þessar stöðvar voru byggðar hér á landi, er komin fram till. á þingi um að við gefum út sjókort með lóranlínum svo að við, þessi mikla siglingaþjóð, getum notað þessar stöðvar. Skal ég ekki fjalla frekar um það, því að ég hef ekki tæknilega kunnáttu til að dæma um það hvort þær eru til þess fallnar.

Ég tel að þróun mála í skiptum okkar og varnarliðsins sé skynsamleg og góð. Ég tel að íslendingar eigi stöðugt að taka í sínar hendur fleiri og fleiri störf og miða allt við að við getum — því fyrr, því betra — stjórnað þessum flugvelli við friðsamlegar aðstæður, ef að því kemur og annast allan rekstur hans einir. Fyrir fáum árum e. t. v. fyrir einu ári, var víðs fjarri því að við hefðum getað tekið við þeim rekstri öllum þannig að um væri að ræða sómasamlegan rekstur á stórum alþjóðaflugvelli og einhver mannvirki sem stæðu í sambandi við varnarstöðu landsins.

Ég sé ekkert athugavert við það að íslendingar taki vaxandi þátt í björgunarmálum og tel raunar að björgunarsviðið allt sé eitt af þeim, sem við ættum fljótlega að geta tekið algerlega að okkur. Ég veit að það er hernaðarleg andstaða hjá ameríkumönnum gegn því. Þeir kunna ekki við að hafa her eða flotasveitir annars staðar án þess að hafa það lið sem þeir þurfa til björgunar. Það verður að yfirvinna, því að engin ástæða er til þess að við íslendingar getum ekki rekið þessa björgunarsveit að öllu leyti nema e. t. v. að standa undir kostnaðinum. Þar sem hún mun vinna fyrir fleiri en okkur ætti að vera hægt að finna einhverja lausn á því máli.

Mér þykir heldur dapurlegt að heyra að það hafi verið gerð 5 ára áætlun um endurbætur á flugvellinum sjálfum til að gera hann hæfari til næturflugs. Ég hef alltaf haldið að þetta væri fyrsta flokks alþjóðlegur flugvöllur og mundu hvaða vélar sem vilja geta lent þar áhyggjulaust. Ef hann er orðinn svo langt á eftir að það þarf 5 ára áætlun til að gera hann — ekki fullkomlega hæfan, heldur „hæfari“ til næturflugs og blindflugs, þá mundi ég vilja athuga hvort það þarf ekki skjótari viðbrögð heldur en hér er gert ráð fyrir. En um það verður ekki dæmt án þess að kynnast málsatvikum.

Síðasti meginkafli skýrslunnar fjallar um utanríkisþjónustuna sjálfa. Þar hafa verið gerðar ýmsar breytingar og virðist mér þær, sem mesta þýðingu hafa, vera skynsamlegar. Ég er fylgjandi því og hef verið um langt árabil að láta embættismenn, sem sitja í rn. hér í Reykjavík, vera sendiherra okkar í ýmsum fjarlægum löndum þar sem við höfum ekki sendiherra með búsetu, frekar en hrúga þeim verkefnum á sendiherra í nágrannalöndum svo að þeir eru mikinn hluta ársins á ferðalögum. Ég tel að með þessu munum við styrkja heimastöðvar utanríkisþjónustunnar, þ. e. a. s. rn. sjálft, með auknum mannafla. Það verða óhjákvæmilega bestu menn og reyndustu sem fá þessi störf, og ég tel að það sé mjög til hins betra að geta styrkt sjálft rn. þannig að það hafi meiri breidd og fleiri reyndum mönnum á að skipa hér heima. Ýmislegt fleira mætti nefna í sambandi við þennan kafla sem ég sé þó ekki ástæðu til.

Ég hef nú farið í gegnum meginkafla skýrslunnar og eins og hv. síðasti ræðumaður staðnæmst öllu frekar við það sem ég hef eitthvað við að athuga, þó ég hafi nefnt sumt af hinu líka.

Ef litið er á utanríkismálin í heild verð ég því miður að ljúka máli mínu með því að komast að mjög neikvæðri niðurstöðu varðandi þau. Ef við lítum á þróun málanna síðan 1971, sem að ýmsu leyti verður að teljast samfellt tímabil, þá höfum við á þessu tímabili ráðist í tvær stórfelldar aðgerðir á sviði utanríkismála þar sem er útfærsla landhelginnar í 50 og síðan 200 mílur. Við höfum gert þetta við þær aðstæður að við máttum búast við erfiðleikum vegna þess. Og það hefur ekki staðið á þeim. Árangurinn hefur orðið sá, ef litið er yfir svið utanríkismála í dag, að við eigum því miður í meiri eða minni deilum við langflesta nágranna okkar.

Ef við byrjum á Bandaríkjunum, þessu risaveldi sem við eigum af landfræðilegum ástæðum óhjákvæmilega mikil skipti við, voru þau í tíð vinstri stjórnarinnar dregin á asnaeyrunum með sífelldum yfirlýsingum um stefnu sem síðan var ekki framkvæmd, með því að draga kommúnistíska ráðh. í baknefnd á bak við hæstv. utanrrh. og eyðileggja þannig þá stöðu sem hann á að

hafa í samningum við aðrar þjóðir. Ég blanda ekki inn í þetta í sjálfu sér deilunum um það hver stefna okkar á að vera gagnvart Bandaríkjunum. Við vitum vel að við höfum mismunandi skoðanir á því. En við verðum að taka meginákvarðanir í varnarmálum á þann hátt að þegar það er gert, þá verði staðið við það og aðrar þjóðir geti tekið eitthvert mark á stefnuyfirlýsingum ríkisstj. í utanríkismálum. Ég nefni þetta nú vegna þess að ég tel að önugleiki bandaríkjamanna í sambandi við kröfur okkar um að fá frá þeim herskip sé ósköp eðlileg afleiðing af því að þeir séu orðnir þreyttir á framferði okkar og því hvernig við rekum utanríkispólitík. Í þessum efnum legg ég ekki alla sök á hæstv. utanrrh. Það fylgir að vísu utanríkismálum hjá öllum þjóðum að forsrh. hafa mikil afskipti af þeim og ýmsir aðrir ráðh. hafa mikla tilhneigingu til þess að komast inn á það svið líka. Við höfum sannarlega séð dæmi af því versta af því tagi þegar umheiminum er tilkynnt um meiri háttar ákvarðanir í íslenskum utanríkismálum með fréttatilkynningu frá dómsmrn. sem forsrh. a. m. k. hefur aldrei heyrt nefnda og ég veit ekki hvort utanrrh. hefur vitað af áður en hún var send út. Ef menn, sem eru komnir til æðstu valda hér á Íslandi, halda að það sé hægt að reka samskipti við aðrar þjóðir með því að gefa út blaðatilkynningar um það að þær verði að gera svo vel að senda okkur vopn, ef þær ekki geri það strax, þá förum við bara til andstæðinga þeirra, — ef þeir halda að þetta sé leiðin til þess að ná einhverjum árangri í rekstri utanríkismála, þá eru þessir menn á villigötum eða þeir vita ekki hvað þeir gera.

Ég er þeirrar skoðunar að ríkisstj. hefði átt að ræða ítarlega við Bandaríkin um landhelgismálið snemma eftir að við tókum ákvörðun um 200 mílurnar. Ég er þeirrar skoðunar að við hefðum átt að gera þeim ljóst að við teldum ótvírætt að þeir bæru miklar skyldur gagnvart okkur við fjögurra mílna línuna, þótt deila mætti um það sem er þar fyrir utan, og búa þá undir að þeir gætu blandast inn í málin í sambandi við þá línu. Og það hefði á því stigi átt að færa þegar í tal að okkur kynni að skorta skip til landhelgisgæslunnar því að það var okkur sannarlega ljóst þá þegar. Ef þetta hefði verið gert og síðan hefði verið fylgt mannasiðum í samskiptum þjóða, þá efast ég ekki um að við værum þegar búnir að fá einhver skip sem samkomulag hefði orðið um.

Ég er ekki þeirrar skoðunar að það kunni góðri lukku að stýra að ætla sér að fá tæki í landhelgisbaráttuna lánuð eða gefin í skyndi. Við erum gjarnir á að fá flugur, Íslendingar, og rjúka til að framkvæma þær. Við fengum eina slíka flugu í stríðslokin og vorum búnir að fá hingað tvo hraðbáta sem áttu að gerbreyta landhelgisgæslunni. En þeir höfðu ekki verið hér lengi þegar við sáum hvers kyns var, og þurfti að senda mann til Englands sem með ærinni fyrirhöfn fékk bresku stjórnina til að taka við þessum skipum aftur. Fyrir fáum árum kom það upp að gott mundi vera að fá lánaðar flugvélar fyrir landhelgisgæsluna hjá bandaríkjamönnum, þeir mundu eiga mikið af flugvélum sem þeir notuðu ekki og mundu henta okkur vel. Voru fengnir tveir stórir flugbátar sem eru notaðir til slíkra starfa víða um heim. En reynslan af þeim varð samt sem áður sú, að ég held, að landhelgisgæslan hafi verið þeirri stund fegnust þegar hún losnaði við þá aftur. Því ítreka ég það að í þessum efnum hefði þurft að vera alllangur fyrirvari ef vel hefði átt að takast.

Ef við lítum á sambúð okkar við Evrópu þarf ekki að nefna Stóra-Bretland, bretar hafa sjálfir séð fyrir því. En það er alvarlegt mál að þurfa að standa í illdeilum við Efnahagsbandalag Evrópu þó að okkur sé ekki að skapi sú þróun, sem þar er, og gangi illa að skilja sitt hvað í samtölum við þá embættismenn, sem þar sitja við völd. Fram hjá því verður ekki gengið að Efnahagsbandalagið tekur við rúmlega þriðjungi af öllum útflutningi okkar og við fáum þaðan um ⅔ af innflutningi okkar af ýmsum gildum ástæðum. Við megum búast við því að Spánn og Portúgal tengist Efnahagsbandalaginu á einhvern hátt nánar áður en langt líður svo að þýðing þessa svæðis fyrir okkur sem markaðssvæði og innkaupasvæði mun fara vaxandi. Og það er engin vitglóra í að gera ekki allt sem hægt er til þess að komast að einhverju samkomulagi, því að ekki dugir að snúa sér undan og fara í fýlu þó að okkur líki ekki hvernig þeir koma fram við okkur.

Varðandi löndin austan járntjalds hefur sambúð okkar um langan tíma verið mjög góð, oft á tíðum betri en margra annarra landa í Vestur-Evrópu. En nú er staðan þannig að austur-þjóðverjar og pólverjar nánast bíða eftir því að fá samninga um veiðiheimildir. Grálúðukvótinn stendur óuppfylltur í framleiðsluáætlun Austur-Þýskalands fyrir þetta ár og þeir eru í mestu vandræðum með það hvernig þeir eigi að fylla kvótann. Sovétríkin hafa án efa einhvern slíkan áhuga, enda hafa þau veitt hér djúpt undan landinu undanfarin ár.

Þarna eru því óleyst vandamál, og Norðurlöndin standa ein, þar sem hægt er að segja að við höfum sæmilega góða sambúð við þau. En þótt þau sýni okkur þá vinsemd að taka afstöðu með okkur sem þau gerðu í Norðurlandaráðinu og hafa gert á fundum norrænu utanrrh., þá vita allir, sem fylgjast með þessum málum, að landhelgismál okkar hefur valdið utanríkispólitík norðmanna og dana stórkostlegum erfiðleikum. Hæstv. sjútvrh. steig upp í munninn á sjálfum sér, svo að ég noti erlenda samlíkingu, með blaðaviðtali sem var birt í Færeyjum og endurprentað í blöðum í Noregi og í voru svívirðingar um norðmenn. Norsk blaðaskrif lýstu hinni mestu undrun og var gefið í skyn í blaði eins og Fiskaren, sem einmitt þeir lesa sem hafa áhuga á málum okkar, að það væri meira en skrýtinn ráðh. sem talaði þannig og það væri mikil vinsemd af utanrrn. í Osló að láta þetta kyrrt liggja. Það verður ekki dregin dul á að þeir töldu að sú spenna, sem við höfum sett í landhelgismálið, hafi komið þeim í vandræði frá þeirra sjónarmiði. Til er líka það sjónarmið að þeir hafi komið okkur í vandræði með því að vera eins konar dragbítar í málinu, vilja ekki fara eins hratt og við. En við verðum að reyna að skilja fleiri sjónarmið en okkar eigin ef við viljum meta utanríkismál. Við getum ekki búist við því, að við getum fengið að ákveða utanríkisstefnu fyrir Noreg og Danmörk.

Ég hef þannig bent á að skipti okkar við nálega öll grannríki okkar einkennast af deilum, stundum

illindum og vandræðum, sem að vísu stafa að verulegu leyti af útfærslu landhelginnar. Ekki má gleyma þeirri orsök. Engu að síður er það hlutverk utanríkisþjónustunnar, utanrrh., ríkisstj. og þjónustunnar allrar, að ná markmiðum þjóðarinnar með eins góðum friði við aðrar þjóðir og hægt er. Og við megum ekki, jafnvel þótt við berjum okkur á brjóst af ættjarðarást, vanmeta það verkefni sem bíður okkar þegar líður að því að við erum búnir að vinna stríðið og þurfum að fara að hugsa um að vinna friðinn í landhelgismálunum. Við verðum að koma samskiptum okkar við allar þessar þjóðir í eðlilegt horf, í það horf sem lítil, friðsamleg og óvopnuð þjóð vill hafa skipti sín við umheiminn. Þetta er mikið verkefni.

Ég tel að þessi vandræði séu öll stórum verri vegna þess að oft á tíðum hefur verið klaufalega á þessum málum haldið og hef ég nefnt dæmi þess. En það verður ekki við öllu séð. Atburðarásin hefur verið hröð. Kröfur fólks hér heima hafa verið miklar, tilfinningar hástemmdar, svo að engan veginn hefur verið þægilegt með þetta að fara. Samt sem áður er verkefnið eftir, og það er mikið verkefni.

Ég vil að lokum láta í ljós þá von að stríðið sé að vinnast endanlega og okkur muni einnig takast að vinna friðinn í landhelgismálinu. En þegar hann er unninn og viðskipti okkar við aðrar þjóðir eru komin í vinsamlegt og gott horf, þá höfum við sterkari undirstöðu undir efnahagslega framtíð heldur en við höfum áður haft. Þá verðum við betur búnir til þess að mæta þeim erfiðleikum sem nú íþyngja okkur, og þá getum við afhent næstu kynslóð stærra Ísland en við tókum við.

Magnús T. Ólafsson: Herra forseti. Það skal vera upphaf máls míns að tjá hæstv. utanrrh. þakkir fyrir að hann skuli hafa lagt fyrir Alþ. ítarlega skýrslu um utanríkismál og efnir nú til umr. um hana að liðnum rúmum fresti frá því að skýrslan var lögð fram. Umr. um utanríkismál eru að mínum dómi nauðsynlegur þáttur í þingstörfunum ár hvert og aldrei brýnni en einmitt nú, þegar svo standa sakir að við Íslendingar eigum í útistöðum við annað ríki og lífshagsmunamál þjóðarinnar eru að vissu leyti til ákvörðunar á alþjóðavettvangi.

Í þeirri skýrslu, sem hæstv. utanrrh. hefur lagt fram, er einkum fjallað um þá þætti utanríkismála sem felast í beinum samskiptum Íslands við önnur ríki og þátttöku Íslands í alþjóðastofnunum. Ég fyrir mitt leyti sakna þess einkum að ekki skuli þar rækilegar fjallað um þróunina á alþjóðavettvangi í stórum dráttum, því að þótt segja megi að einstakir atburðir eða einstakar tilhneigingar í samskiptum ríkja hafi ekki í svip sérstaka þýðingu fyrir Ísland, varði ekki okkur Íslendinga beinlínis á líðandi stund, þá er það segin saga að þróunin í alþjóðamálum mótar, þegar til lengdar lætur, það alþjóðlega umhverfi sem við þurfum að taka mið af og átta okkur á ef við eigum að geta séð okkur sæmilega farborða í viðsjárverðum heimi. Ég verð að segja að mér finnst kaflinn um þróun alþjóðamála helst til rýr í roðinu og þar geti einstakir hlutir orkað tvímælis, sem máske er ekki nema von þegar í örstuttu máli er tæpt á viðamiklum viðfangsefnum. En ég vil ítreka það, að það eru, þegar dýpra er grafið, grundvallarbreytingar á síðustu áratugum á skilyrðum alþjóðlegra samskipta sem hafa gert okkur Íslendingum fært að halda okkar hlut í alþjóðlegum samskiptum eins og raun ber vitni. Ég tel því að þótt það varði okkur kannske ekki beinlínis í framvindu líðandi stundar, þá hefði verið rétt af hæstv. utanrrh. að setja fram í sem stærstum dráttum afstöðu hæstv. ríkisstj. til tíðinda eins og þeirra stóratburða sem gerðust í Suðaustur-Asíu á síðasta ári, sömuleiðis að gera grein fyrir þeim megindráttum sem þegar má sjá í marghliða valdatafli sem á sér stað milli stórveldanna þriggja, Bandaríkjanna, Sovétríkjanna og Kína, og gætir í öllum álfum þótt með mismunandi hætti sé. Sömuleiðis sakna ég þess að ekki skuli fjallað að einhverju marki um þær miklu sviptingar sem eiga sér stað í efnahagsmálum heimsins. Mér finnst mjög skjóta skökku við að láta þær liggja á milli hluta, því að tvímælalaust höfum við Íslendingar fengið ómjúklega að kenna á samdrættinum sem orðið hefur á undanförnum missirum í heimsviðskiptum og alþjóðlega verðbólgan hefur ekki látið okkur ósnortna.

Það hefur orðið okkar hlutskipti nú um nokkurt skeið að heyja harða og langdregna viðureign við Bretland sem til skamms tíma var talið ráða lögum og lofum, ef ekki á heimshöfunum öllum, þá sér í lagi á Norður-Atlantshafi. Einmitt í dag hafa borist fregnir sem að mínum dómi bera þess vott að við erum smátt og smátt að þokast nær fullnaðarsigri í þriðju lotu landhelgisátakanna við breta. Þær aðstæður, sem gert hafa okkur fært að heyja þessa baráttu með þeim árangri, sem hingað til hefur náðst, og valda því, að við eygjum nú lokamarkið eða teljum okkur a. m. k. flestir eygja það, felast í breytingum sem gerst hafa, stundum hægt og stundum hratt, á valdahlutföllum, oft á fjarlægum heimshornum, og í breyttum sambýlisháttum ríkja, jafnt fjær okkur og nær. Því vil ég enn ítreka það, að ég tel að rétt væri, þegar slíkar skýrslur eru fluttar sem hæstv. utanrrh. hefur nú lagt fram, að þá sé í sem stærstum dráttum gerð grein fyrir því hvernig ríkisstj. Íslands á hverjum tíma lítur á framvindu heimsmálanna, án þess auðvitað að hægt sé að ætlast til að rakið sé út í æsar hvert og eitt mál sem ofarlega kann að vera á baugi. Í samræmi við þetta er það álit mitt að hlutföll í skýrslu hæstv. ráðh. séu ekki með öllu eðlileg milli kaflans um alþjóðamál og þróun þeirra annars vegar og mjög nákvæmrar grg., sem þar er birt um meðferð og úrslit mála á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, hins vegar. Margt af því, sem þar er um fjallað, tel ég léttvægara en önnur mál sem látin eru órædd.

Vissulega hefur þátttakan í starfi Sameinuðu þjóðanna verulega þýðingu fyrir Ísland. Ég vil í því sambandi nefna sér í lagi tvö mál. Annað er Háskóli Sameinuðu þjóðanna og hugsanleg þátttaka Íslands í starfi hans. Ég vil leggja áherslu á að hæstv. ríkisstj. láti einskis ófreistað til að fylgja eftir og fylgja fram þeim áþreifingum sem farið hafa fram um að deild úr Há-

skóla Sameinuðu þjóðanna geti starfað hér á landi. Eins og mál horfa nú við þykir langvænlegast, að það sé deild sem fjallar um hagnýtingu jarðhita. Það hefur ekki aðeins virðingarauka í för með sér fyrir Ísland og íslensk vísindi og íslenska tækni ef alvara verður úr því að slík deild Háskóla Sameinuðu þjóðanna starfi hér á landi. Ég er einnig sannfærður um að það mun hafa nú þegar og þó enn frekar þegar frá líður mikla efnahagslega þýðingu, því að þar með eru sköpuð ákjósanleg skilyrði til þess að íslensk þekking á náttúrulögmálum, íslensk verkkunnátta við hagnýtingu jarðhita geti orðið til þess að afla íslenskum aðilum verkefna í fjarlægum löndum við framkvæmdir sem sýnilegt er að munu vaxa af feiknahraða á næstu árum og áratugum, eftir því sem þær þjóðir, sem yfir jarðhita ráða, gerast ákveðnari og hafa meiri þörf fyrir að hagnýta sér þessa tiltölulegu ódýru og nærtæku orkulind.

Hitt atriðið, sem sérstaklega varðar Sameinuðu þjóðirnar, eru þeir styrkir og framlög sem Ísland hefur þegið frá Þróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna. Ég get verið stuttorður um það atriði því að þeir tveir hv. alþm., sem á undan mér töluðu, gerðu það báðir að umtalsefni. Ég vil fyrir mitt leyti taka undir þá skoðun, sem fram kom í þeirra máli, að ekki sé sæmandi að Ísland hagnýti sér þessa þróunaraðstoð með þeim hætti, sem gert hefur verið um nokkur ár, og þar þurfi sem skjótast að verða breyting á sóma lands og þjóðar vegna.

Hvað samstarf Norðurlanda varðar vil ég aðeins drepa á það, að ég tel að íslensk stjórnvöld þurfi að hyggja vel að því að halda uppi nægilegri kynningu á því margþætta og gagnlega starfi sem fram fer á þeim mörgu sviðum sem Norðurlandasamvinna nær nú til. Þess gætir töluvert enn, þrátt fyrir það að menn ættu að vita betur, að fólk telur þessa samvinnu hálfgert hégómamál. En ég held að öllum, sem kynnst hafa þeim málum, beri saman um að það er öðru nær. Því skiptir máli að almenningur fái vitneskju um það sem þar er gert á fjölmörgum sviðum, ekki aðeins þeir sem í samvinnunni standa á hverjum tíma.

Ég vil lýsa ánægju minni með þá ráðstöfun, sem hæstv. utanrrh. skýrir frá, að fela starfsmanni utanrrn. að halda uppi sambandi við fjarlæg lönd sem við höfum stjórnmálasamband við, en ekki eru tök á að stofna sendiráð í. Ég tel tvímælalaust að seta slíks farandsendiherra í Reykjavík sé mjög heppileg lausn á erfiðu viðfangsefni. Ekki þarf annað en líta til Asíu til að sjá að nær óleysanlegt er að láta mann t. d. með aðsetur í Kína annast jafnframt sambandið við Japan og Indland eða mann með aðsetur í Tokíó halda uppi sambandinu við Kína. Slíkt mundi leiða til margháttaðra erfiðleika og jafnvel leiðinda. Þar að auki tel ég einsætt að þetta fyrirkomulag, að farandsendiherrann í Reykjavík, haldi uppi sambandi eftir því sem þörf gerist við mörg lönd í fjarlægum álfum, spari bæði tíma og fé miðað við það sem verið hefur, að sendiherrar í hinum og þessum Evrópulöndum hafa skipt sambandinu við fjarlægu löndin á milli sín með þeim afleiðingum að menn t. d. hafa verið á löngum og erfiðum ferðalögum um sömu heimsálfuna, einn að heimsækja þau ríki, sem hann á að halda uppi sambandi við, kannske í Austur-Afríku, annar í Vestur-Afríku.

Ég vil láta í ljós að ég tel að þó hefði mátt ganga lengra í því sem í skýrslu hæstv. utanrrh. segir að ætlunin sé, að farandsendiherra þessi hafi samband við ríkin í Asíu og Afríku. En samkv. þeirri upptalningu, sem kemur fram í skýrslunni, er gert ráð fyrir að enn hafi sendiherra, sem einhvern tíma verður kannske aftur í London, sambandið við Nígeríu, sendiherrann í Moskvu sambandið við Mongólíu og sendiherra í Genf sem stendur sambandið við allmörg Afríkuríki, einkum í austurhluta álfunnar. Ég tel að þetta skref hefði átt að stíga til fulls og sinna þessum fjarlægu ríkjum alfarið héðan frá Reykjavík.

Aldrei hefur það komið skýrar fram að mínum dómi heldur en á Hafréttarráðstefnunni, sem enn stendur, hversu þýðingarmikið það er að starfslið utanríkisþjónustu okkar sé sem best starfi sínu vaxið. Dæmið, sem þar liggur í augum uppi um hvers Ísland hefur reynst megnugt á alþjóðavettvangi þegar það hefur rækt mál sem það varðar miklu og það hefur látið til sín taka af allri þeirri kunnáttu og öllu því afli sem við ráðum yfir, sýnir hverjum árangri er hægt að ná ef mál eru rétt undirbúin og þeim fylgt eftir á skynsamlegan hátt. Lotunni á Hafréttarráðstefnunni, sem nú er að ljúka, virðist ætla að slota á þann veg að frumvarpsákvæðin, sem þar komi fram, tryggi hagsmuni Íslands á viðunandi hátt. Og fullvíst þykir að afstýrt sé þeim málatilbúnaði sem helst hefði getað valdið íslenskum hagsmunum skaða. Það er tvímælalaust að þakka rækilegu og góðu starfi að hafréttarmálunum frá upphafi, ef svo fer sem virðist að Hafréttarráðstefnan ljúki svo störfum að íslenskir hagsmunir séu þar skjalfestir í væntanlegum alþjóðasamningi á þann hátt sem við höfum stefnt að frá upphafi.

Nátengd meðferð hafréttarmálanna er svo landhelgisdeilan sem við stöndum í við breta sér í lagi. Þar hefur komið til einstæðs atburðar í samskiptum Íslands við önnur ríki, slit hafa orðið á stjórnmálasambandi við Bretland. Hvað sem breska stjórnin og breskir togaramenn tvístíga, held ég að engum íslendingi blandist hugur um að þeirra málstaður er tapaður, og það vita reyndar bretar sjálfir. Vandræði þeirra nú felast í því að þeir eru að leita eftir einhverri undankomuleið úr þeirri smánarstöðu sem þeir hafa bakað sér sjálfir. Það er því áríðandi að við íslendingar förum að búa okkur undir að fylgja eftir sigri sem ég tel að sé í sjónmáli. Þar eins og reyndar í öllum öðrum köflum þessarar viðureignar á að spyrja að leikslokum, en ekki vopnaviðskiptum. Mest rúm tekur þar í mínum huga hversu fer um viðskiptasamband Íslands við ríkin á meginlandi Evrópu og reyndar Bretland og Írland nú orðið líka, sem standa saman að Efnahagsbandalaginu.

Bókun 6 er dauður bókstafur hvað sjávarafurðir okkar snertir. Samningurinn við þjóðverja, sem okkur var sagt að mundi leysa það mál, hefur ekki reynst þess megnugur enn. Ríkisstj. hefur ákveðið að bíða átekta og neyta ekki þess réttar, sem hún hefur til þess að fresta framkvæmd samningsins um veiðar þjóðverja í fiskveiðilög-

sögunni, og kveðst hafa spurt þjóðverja hvað þeir séu að gera til þess að koma bókun 6 í framkvæmd. Ég tel það með ólíkindum að hæstv. ríkisstj. sé svo ófróð að hún hafi ekki fylgst með þessu máli frá upphafi og hafi einhverja vitneskju um hvað þjóðverjar hafa aðhafst og hverjar horfur eru á að þeir nái árangri. Ég vil mega mælast til þess að hæstv. utanrrh. miðli þingi og þjóð slíkri vitneskju sem hann kann yfir að ráða.

Eitt af þeim málum, sem upp hafa komið á alþjóðavettvangi nú alveg á síðustu mánuðum og mikla athygli hefur vakið beggja vegna Atlantshafs, þótt lítið hafi farið fyrir því í umr. hér á landi, er svokallað Sonnenfeldtmál. Sonnenfeldt þessi gengur næst Henry Kissinger að áhrifum og völdum í utanrrn. Bandaríkjanna. Fyrir nokkru flutti hann grg. um viðhorf Bandaríkjastjórnar til mála í Evrópu á fundi bandarískra sendiherra í Evrópulöndum sem haldinn var í London. Þótt fundurinn væri lokaður komst brátt í blöð í Bandaríkjunum og síðan í Evrópu skýrsla um það sem Sonnenfeldt lét sér þar um munn fara. Þar kom í rauninni fram staðfesting á því, sem lengi hefur verið almannarómur, en reynt hefur verið að dylja, að þótt Bandaríkin og Sovétríkin látist gjarnan vera miklir andstæðingar á yfirborðinu, þá fer fram milli þeirra meira og minna leynt samspil þar sem hvort styður annað bak við tjöldin að halda tökum á þeim hluta Evrópu sem varð þeirra áhrifasvæði við skiptingu álfunnar í lok heimsstyrjaldarinnar síðari. Sonnenfeldt komst svo að orði, að það væri tvímælalaust hagsmunum Bandaríkjanna fyrir bestu að á kæmist það sem hann kallaði lífrænt samband milli Sovétríkjanna og þeirra Austur-Evrópuríkja sem nauðug eru á áhrifasvæði þeirra. Í máli hans lá að sjálfsögðu að þessi skipan mála tryggði á hinn bóginn best ítök Bandaríkjanna vestan markalínunnar um Evrópu þvera. Þessi gagnkvæmi stuðningur undir niðri milli stórveldanna kemur líka í ljós þegar gáð er að því hvernig ráðamenn þeirra hvors um sig láta gagnvart því ríki Evrópu þar sem mest pólitísk óvissa ríkir sem stendur, þ. e. a. s. Ítalíu. Þar hafa Kissinger í Washington og Susloff í Moskvu látið frá sér fara yfirlýsingar sem hvorar tveggju miða tvímælalaust að því að hindra það að vinstri flokkar á Ítalíu, og þá sérstaklega kommúnistar, geti náð valdaaðstöðu í landinu með þeirri stefnu sem þeir reka, þ. e. a. s. að verða svo áhrifamikill flokkur á þingi að Kristilegir demókratar hljóti að taka tillit til þeirra eða ganga til samstarfs við þá.

Kissinger segir að ótækt sé að fá kommúnista til áhrifa í NATO-ríki, og Susloff lætur á sér skilja að það sé verr en ekki að flokkar, sem ekki lúta forskriftum frá Moskvu, þótt kommúnistaflokkar heiti, hefjist til valda og áhrifa í Evrópuríkjum. Þetta er svo sem ekki ný bóla. Mörg dæmi slík hafa gerst fyrr og síðar. En þetta dæmi er alveg sérstaklega athyglisvert og skýrt og sýnir að Evrópuríki, hvort sem smá eru eða stór, þurfa sjálf að sjá fótum sínum forráð, en varast eins og heitan eldinn að fela risaveldunum forsjá sína. Og við Íslendingar þurfum einnig að taka mið af því sem gerist í þessu máli og öðrum slíkum. Reynsla okkar af NATO og af hersetu bandaríkjmanna hér á landi er orðin það löng og við mismunandi skilyrði og allra síðast við þau skilyrði að bandalagsríki okkar og Bandaríkjanna einnig hefur beitt valdi í skiptum við Íslendinga. Af þessari þróun og þessari framvindu mála hljótum við að draga ályktanir þegar mótuð er stefna okkar í utanríkismálum um ókomna tíma. Við hljótum einnig að læra af þeim skjölum sem nýbirt eru um skipti Bandaríkjanna og Íslands á árinu 1949. Þar kemur skýrt fram að Íslendingarnir, sem þá fóru til Washington, hafa fyrst og fremst verið að leita réttlætingar á afstöðu sem fyrir fram var mótuð. Hins vegar er ljóst af bandarísku gögnunum, sér í lagi þeim sem ætluð eru til heimanotkunar í Washington, að markmið bandaríkjamanna, þaulhugsað, vel undirbúið og framfylgt kappsamlega, var að gera Íslendinga og Ísland háð Bandaríkjunum fjárhagslega á ýmsan hátt til þess að ná sem varanlegastri hernaðaraðstöðu á Íslandi. Það er að mínum dómi engum blöðum um það að fletta að þetta var kjarni málsins er þeir atburðir gerðust sem lýst er í þessum skjölum.

Nú hefur reynslan enn staðfest að það eru bandarískir hagsmunir, en ekki íslenskir, sem ráða því að bandarísk herstöð er hér í landinu. Bandaríkjastjórn getur ekki einu sinni séð af einni hraðsnekkju til þess að efla vanbúinn íslenskan landhelgisgæsluflota. Staðreyndirnar, sem nú liggja fyrir, hljóta að verða umhugsunarefni og umræðuefni, og eðlilegt er að Alþ. sé þar helsti umræðuvettvangur. En í skýrslu hæstv. utanrrh. er ekki fjallað einu orði um þessi mál. Þar er aðeins rætt um yfirstandandi framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli.

Ég held að öllum, sem þetta mál skoða án fyrir fram mótaðrar afstöðu, hljóti að koma saman um að lexían, sem við Íslendingar eigum að læra af þessari reynslu, sé sú, að við eigum að treysta á sjálfa okkur og eigin forræði. Það er gagnslaus grilla að okkur sé nóg að hlaupa til bandaríkjamanna og biðja þá ásjár ef eitthvað bjátar á hjá okkur í samskiptum við aðra, bara af því að bandaríkjamenn sjá sér hag í því að hafa herstöð á Keflavíkurflugvelli. Málgögn Sjálfstfl. ólu á því í átökunum eftir útfærsluna í 50 mílur að einungis afstaða þáv. ríkisstj. til Bandaríkjanna og til herstöðvarinnar og til NATO væri þess valdandi að við þyrftum að troða illsakir við breta, bandamenn okkar. Þessi áróður kom nú í koll ríkisstj. sem Sjálfstfl. veitir forustu. Það var mikið tímanna tákn þegar sumir áköfustu herstöðvasinnar á Suðurnesjum voru svo vonsviknir af framkomu átrúnaðargoða sinna á heiðinni að þeir gerðust forsprakkar í aðgerðum gegn herstöðvunum og létu sem þeir væru albúnir að urða bandarísku hermennina eða drita þá inni að fornum sið, svo sem fornmenn gerðu þegar þeir vildu sýna öðrum sem megnasta fyrirlitningu.

Herra forseti. Áður en ég lýk máli mínu vil ég sérstaklega þakka utanrmn. og sér í lagi formanni hennar að mér hefur verið veitt tækifæri til að sitja fundi n. og fylgjast með störfum hennar þótt þingfylgi skorti okkur samtakamenn til að hljóta þar sæti. Mér er einnig ljúft

að geta borið um að hæstv. utanrrh. hefur tvímælalaust sýnt að honum er hugleikið að hafa náið samráð við utanrmn. og greiða störf hennar.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir skýrslu þá um utanríkismál er hann hefur nú flutt þingheimi. Jafnframt þakka ég honum fyrir góða samvinnu við utanrmn.

Að lögum fer utanríkisþjónustan með utanríkismál og gætir í hvívetna hagsmuna Íslands gagnvart öðrum ríkjum. Hún skal einkum gæta hagsmuna Íslands að því er snertir stjórnmál og öryggismál, utanríkisviðskipti og menningarmál. Samkv. þingsköpum er utanríkismálum vísað til utanrmn. og skal rn. ávallt bera undir hana utanríkismál sem fyrir koma, einnig milli þinga. Þetta samstarf hefur farið vaxandi á undanförnum árum. Hefur það tvímælalaust orðið til góðs fyrir alla aðila, glætt samstarfsvilja og gagnkvæman skilning og greitt úr ýmsum þáttum mála.

Því hefur verið haldið fram að skýrsla um utanríkismál yrði að koma fram það tímanlega á hverju reglulegu Alþ. að þm. gæfist kostur á að kynna sér hana rækilega og ræða eftir vild. Hefur frv. til að tryggja þetta atriði verið flutt á þessu þingi af hv. 3. þm. Reykn. Þetta frv. er nú til meðferðar í n. Ég hygg að hæstv. utanrrh. sé síður en svo andvígur því að þessari ræðu séu einhver tímatakmörk sett á hverju þingi. Um þetta munu þó vera skiptar skoðanir þó að ekki sé stórvægilegt atriði. Það er jafnan svo að umhugsunarvert er hvort marka eigi ákveðna þætti mála með löggjöf eða ekki. Sumir telja jafnvel æskilegra að ákveðnar þingvenjur mótist ár frá ári og skapist ákveðin hefð sem þm. telja sér skylt að fara eftir eins og skráð lög væru. Ég skal ekki segja hvernig þessu frv. reiðir af. Það hefur ekki verið rætt til fulls eða afgr. úr n. enn þá. Hitt var rétt, sem hv. 3. þm. Reykn. gat um, að þessi mál eða umr. um utanríkismál eru með öðrum hætti en áður var, þ. e. a. s. eins og hann benti réttilega á, þá mátti það heita viðburður ef utanríkismál bar á góma áður fyrr. Utanríkismálin voru hornreka, sumpart af eðlilegum ástæðum meðan landið var ekki fullvalda, sumpart af því að íslendingar hafa verið lítt vanir að fást við utanríkismál og jafnvel feimnir að ræða þau, eins og dæmi sanna um öryggismál, þar til nú á síðari árum að farið er að ræða þessi mál ögn frjálslegar og veita þeim þá athygli sem þau verðskulda. En það hefur nú að mínum dómi skapast nokkur venja í þá átt að síðustu árin hefur skýrsla um utanríkismál verið lögð fram og flutt af utanrrh. okkar, og fer vel á því. En það er hverju orði sannara hjá hv. 3. þm. Reykn., að vissulega væri æskilegt að gefa sér rýmri tíma til að ræða þessi mikilvægu mál hér á hv. Alþ. og jafnvel aðra málaflokka, eins og hann benti á um norska Stórþingið sem valdi sér norrænt samstarf að umræðuefni a. m. k. einn dag eigi alls fyrir löngu.

Skýrsla hæstv. utanrrh., er hann flutti að þessu sinni, er löng og efnismikil. Það eru því ekki nema fá orð sem látin verða falla um hana af minni hendi og þá aðeins vikið að fáum atriðum og stiklað á stóru.

Á alþjóðavettvangi hefur margt borið til tíðinda á liðnu ári og undanfarna mánuði. Hefur Ísland og íslenskir fulltrúar komið þar nokkuð við sögu og lagt lóð á vogarskálar eftir efnum og ástæðum. Svo sem eðlilegt er fjallar gildur þáttur eða kafli ræðunnar um þátttöku íslendinga í samtökum Sameinuðu þjóðanna og störf á þeim vettvangi. Hæstv. utanrrh. sótti Allsherjarþingið s. l. haust, flutti þar ræðu þar sem hann kom á framfæri sjónarmiðum íslendinga varðandi okkar stærstu mál, útfærslu fiskveiðilögsögu Íslands í 200 mílur og afstöðu á Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Vafalaust hefur þessi kynning á málstað og markmiðum íslendinga haft sitt að segja. Það þykir jafnan með forvitnilegustu dagskráratriðum Allsherjarþingsins þegar leiðtogar og ráðamenn þjóðanna stíga í stólinn á öndverðu þingi og reifa helstu áhugamál sín og markmið.

Á Allsherjarþinginu þykir hverri þjóð nokkurs virði að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Íslenska sendinefndin er ekki fjölmenn á því þingi á borð við sendiflokka annarra þjóða, en reynir þó vafalaust að láta til sín taka eftir mætti. Oft hentar vel og er raunar alveg nauðsynlegt og óhjákvæmilegt að hafa náið samstarf við sendinefndir annarra þjóða, svo sem Norðurlandaþjóðanna, sem þar hafa oft ráðið ráðum sínum með góðum árangri svo sem mörg dæmi sanna.

Margar hugmyndir og mörg stór mál koma að sjálfsögðu fram á hinu fjölmenna alþjóðaþingi. Nefna má, eins og raunar hv. síðasti ræðumaður, 3. landsk. þm., ræddi nokkuð, hugmynd um stofnun Háskóla Sameinuðu þjóðanna sem fyrst var borin fram af U Thant, þáv. framkvæmdastjóra þeirra, fyrir 10 árum. Þessa hugmynd hafa íslendingar stutt og látið í ljós áhuga sinn um þátttöku. Hefur sérstaklega verið hugleidd samvinna við þessa menntastofnun að því er varðar rannsóknir á auðlindum hafsins og jarðhitaorku og nýtingu jarðhita. En í þessum málum fer sem oftar að margar þjóðir eru fúsari til að lýsa áhuga sínum á góðum framfara- og menningarmálum en að leggja þeim fé. En peningarnir eru afl þeirra hluta sem gera skal í lífi einstaklinga og þjóða. Vonandi er að hin ýmsu ríki, sem gefið hafa ádrátt um fjárframlög til þessa máls, láti þau af hendi rakna hið fyrsta.

Fjölmörg fleiri áhugaverð mál eru nefnd í þessum kafla í ræðu hæstv. ráðh., þótt fárra einna sé hér getið. Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna er nú að ljúka í New York, þ. e. a. s. þeim áfanga hennar sem hófst 15. mars s. l. Síðustu fréttir, sem þaðan hafa borist, gefa góðar vonir um að vænlega horfi þar í málefnum okkar íslendinga. Heildarlausn þessara mála hlýtur þó að byggjast á margþættri málamiðlun og flókinni samningagerð. Eins og segir í skýrslu ráðh. hefur aðalverkefni íslensku sendinefndarinnar verið frá upphafi að vinna að heildarlausn er tryggi yfirráð strandríkis yfir auðlindum allt að 200 mílum frá ströndum, þannig að strandríki ákveði sjálft leyfilegan hámarksafla fiskstofna og möguleika sína til að hagnýta hann svo og að úrskurður þriðja aðila um ágreining í því efni komi ekki til greina.

Utanrrh. rakti sögu landhelgismálsins frá 25. nóv. á síðasta ári er bretar sendu herskip sín

inn í íslenska fiskveiðilandhelgi til aðstoðar togurum sínum í þriðja skipti á 17 árum. Ég mun ekki rekja þá sögu að þessu sinni, enda er hún flestum í fersku minni. Þar hafa mál yfirleitt verið borin undir álit utanrmn. Alþ. og áfangar í þeim efnum kynntir svo sem skylt er að lögum.

Landhelgisdeilan við breta hefur oft verið hörð og alvarleg að undanförnu. Ásiglingar á íslensk varðskip hafa verið tíðar og lífshættulegar, veiðar breta á alfriðuðum svæðum fordæmanlegar, ríkisstj. og ráðamenn á hinn bóginn oft harðlega gagnrýndir fyrir linkind og léleg vinnubrögð. Þó er það svo að tvö þorskastríð nægðu ekki til stjórnmálaslita við breta. Af því varð fyrst 19. febr. 1976, að liðnum þrem mánuðum hins þriðja þorskastríðs.

Vissulega teljum við og vonum að lokasigur sé í nánd í þessu máli, þessum sjóhernaði og hættulegu átökum. Ber þar að sjálfsögðu að lofa og meta að verðleikum vasklega framgöngu varðskipsmanna okkar sem seint verður fullþökkuð, miðað við vinnuaðstöðu alla, áhættu og erfiði. En dag skal að kvöldi lofa. Heimsiglingu breta var fagnað hér í salnum síðdegis í dag. En kvöldfréttir herma að þeir haldi nú aftur og enn á Íslandsmið, hvað sem við tekur að þessu sinni.

Þá ræddi hæstv. utanrrh. um norræna samvinnu. Taldi hann að allir íslendingar væru sammála um gildi hennar, hún væri einn helsti hornsteinn íslenskrar utanríkisstefnu. Ætla má að hér sé rétt með farið. Þó hygg ég að hér ráði nokkru um mat manna í hverju norrænt samstarf felst á hverjum tíma. Margir kunna illa fálæti frænda okkar í sumum málum, hneykslast jafnvel á því að norðmenn skuli ekki vera boðnir og búnir að lána okkur vopnaða knerri og langskip til að berja á bretum fyrir Austurlandi samstundis og farið er fram á það. Ég þykist þó vita að flestir kunni vel að meta norræna samvinnu þegar hún lýsir sér í verki og virkum stuðningi við stærstu hagsmunamál okkar. Að mínu mati á norræn samvinna að skipa öndvegi í samskiptum okkar við aðrar þjóðir.

Ég ætla enn fremur að þátttaka Íslands í vestrænu samstarfi á vettvangi Evrópuráðsins sé gagnleg. Þar hafa íslensk málefni verið kynnt á undanförnum árum og ýmis mál verið rædd sem varða Ísland miklu.

Einn kafli í skýrslu þeirri, sem hér er til umr., fjallar um viðskiptamál á árinu 1975. Greindi ráðh. frá því að þrír nýir viðskiptasamningar hefðu verið gerðir á árinu: við Sovétríkin, Pólland og Kúbu. Vissulega er hér um afar mikilvægt svið íslenskra utanríkismála að ræða sem hér gefst þó ekki tími til að fjalla um nánar. Meginatriðið er að íslendingar vilja eiga góð samskipti við allar þjóðir heims, hvaða trúnað sem þeir hafa að leiðarstjörnu.

Loks ræddi hæstv. utanrrh. nokkuð um öryggismál, varnarmál, framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli og utanríkismál almennt og „lauk vel máli sínu“, eins og þar stendur.

Ég hygg að hæstv. utanrrh. verði, ef svo má segja, varla hankaður að neinu marki fyrir þessa ræðu. Hún er vel og skilmerkilega samin og segir mikið frá óvefengjanlegum atburðum, þótt nýliðnir séu, og staðreyndum. En það má auðvitað öllum ræðumönnum gera að sakfella þá fyrir það, sem ósagt er látið. Þannig þótti hv. 3. þm. Reykn. of lítið rætt um aðstoð við þróunarlöndin og minntist eitthvað á vanþróaðan hugsunarhátt í því sambandi. Ég ætla ekki að gera ræðu þessa hv. þm. að sérstöku umræðuefni á þessu kvöldi. Hún var skilmerkilega saman sett að formi til, hvað sem um boðskapinn má segja. Það var ekki erfitt að greina rauða þráðinn í þeim spuna: Alheimssigur heimskommúnismans í vændum. „Sovét-Ísland, óskalandið, hvenær kemur þú?“ var eitt sinn kveðið. En það er hverju orði sannara hjá hv. 3. þm. Reykn. og öðrum ræðumönnum, sem að því hafa vikið, að utanríkismálin eru hin allra mikilvægustu mál sem öllum alþm. ber að rækja og virða, því að fáir málaflokkar og meðferð þeirra varða svo mjög hamingju íslensku þjóðarinnar, öryggi og heill í nútíð og framtíð.

Sigurður Blöndal: Herra forseti. Ég vil byrja á því að taka undir það sem aðrir ræðumenn í þessum umr. hafa hafið mál sitt á, þ. e. að þakka hæstv. utanrrh. fyrir þá greinargóðu skýrslu og á margan hátt ítarlegu sem hann hefur flutt hér. Ég tek enn fremur undir það sem aðrir hafa sagt, að ég tel að það sé eitt af því í starfsháttum Alþ. sem til bóta hefur verið nú síðustu ár að hæstv. utanrrh. tók upp þessa venju. Á hinn bóginn vil ég gjarnan láta það í ljós, að ég hygg að það séu mjög réttmætar og skynsamlegar aths. sem hv. 3. landsk. þm. kom með áðan í sambandi við efnisjafnvægi í skýrslunni og það mundi vera mjög gagnlegt að fá yfirlit um stefnu ríkisstj. í alþjóðamálum frekar en er í skýrslunni, en eitthvað á þann hátt sem hv. 3. landsk. rakti hér áðan.

Hv. 3. þm. Reykn. gat þess í dag við umr. að hann mundi ekki koma í ræðu sinni sérstaklega inn á þann kafla í skýrslu hæstv. utanrrh. sem fjallar um Sameinuðu þjóðirnar, það mundi annar gera. Það hefur nú fallið í minn hlut að segja nokkur orð um þann kafla. Þau verða svo sem ekki mjög mörg og ekki tæmandi, en ég ætla þó að fara um þennan kafla sérstaklega nokkrum orðum og er það höfuðefni þess sem ég segi hér.

Þar til vinstri stjórnin tók við 1971, þá held ég að ég megi segja að Ísland hafi verið meðal þjóða heims einn af mestu aftaníossum Bandaríkjanna hjá Sameinuðu þjóðunum. Strax á árinu 1971 tekur Ísland að rífa sig undan áhrifavaldi Bandaríkjanna og verður á dögum vinstri stjórnarinnar verulega sjálfstæðara í utanríkismálum en áður var. Og ég hygg að samtímis hafi í raun og veru styrkst tengslin milli Íslands og hinna Norðurlandanna á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Þau höfðu auðvitað alltaf verið mikil í flestum málum, en þó minnist maður þess, að oft og tíðum skar Ísland sig úr hópi Norðurlandaþjóðanna í afstöðu til mála á Allsherjarþinginu þegar Bandaríkin voru á öðru máli. Þetta var fyrir tíma vinstri stjórnarinnar hér.

Þessi stefnubreyting íslensku ríkisstj. eða íslendinga á þessum tiltekna vettvangi, það má segja að hún fari nokkurn veginn saman við þá staðreynd að einmitt á þessum sömu árum linast tök risaveldanna og þá einkanlega Bandaríkjanna á fylgiríkjum sínum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Sameinuðu þjóðirnar eru alveg tvímælalaust

góður vettvangur á sviði alþjóðasamskipta, og ég hef trú á því að hann sé raunverulega einn sá besti sem við eigum ef hann er notaður rétt til þess. Og þá vil ég gjarnan láta í ljós þá skoðun, sem ég hef öðlast við það að sitja tvisvar sinnum á Allsherjarþinginu, hluta af því með tveggja ára millibili, að ég held að það væri þörf á því að styrkja sendiráð okkar hjá Sameinuðu þjóðunum meira en gert er yfir allsherjarþingstímann. Að vísu er venjulegast einn maður frá rn. hér sendur vestur á þessum tíma, en það er í rauninni varla nóg. Ég held að það mætti mjög gjarnan taka mann úr öðru sendiráði, þar sem kannske er lítið umleikis á þessum árstíma, og senda vestur mann eða menn á Allsherjarþingið. Mér hefur sýnst að ýmsar þjóðir geri þetta. Að vísu geta fulltrúar þingflokkanna, sem fara á Allsherjarþingið og *hafa gert það nú líklega um nær 10 ára skeið*, vissulega létt verulega undir með fastanefndinni þó að slíkt eigi alls ekki að vera aðaltilgangurinn með því að senda þá þangað.

Það er gaman að hafa verið vitni að því að atkv. Íslands á þessum vettvangi er alls ekki einskisvert, þarna á Allsherjarþinginu. Við verðum iðulega vör við það, er við störfum í sendinefnd okkar þar, að einörð afstaða okkar getur breytt afstöðu a. m. k. sumra hinna Norðurlandanna sem við höfum nánust samskipti við í ýmsum málum og kannske ekki síst þeim sem varða þriðja heiminn. Það er í þessum leik eins og mörgum öðrum: undirlægjan og auminginn er fyrirlitinn og einskis metinn, en sá, sem ber höfuðið hátt og sýnir í orðum og gerðum sjálfstæða skoðun og sjálfsvirðingu, er virtur þótt lítill sé. Það gátum við þó allténd lært í Biblíunni ungir, svo að maður tali ekki um hve ríkur þáttur það var í hinni fornu siðfræði norrænna manna. Við vitum raunar þessu til góðrar staðfestingar, og hv. 3. þm. Reykn. vitnaði einmitt til þess í dag við þessa umr., að margt stórt hjarta í litlu brjósti víða um heim hefur slegið hraðar yfir fréttunum af því hvernig litla Ísland hefur boðið Jóni bola, annáluðum ribbalda og yfirgangssegg um aldir, byrginn, þótt ég sé þess fullviss að það sama hjarta hefði slegið enn hraðar ef Ísland hefði verið hnarreistara og greitt högg sín af minna hiki og linku en oft hefur verið í þessu þorskastríði.

Mér virðist, ef maður tekur síðustu tvö ár, frá 1973—1975, ber þau saman, þá hef ég á tilfinningunni, — ég get kannske ekki stutt það beinlínis með tölum í fljótu bragði, hef ekki farið í það að bera saman atkvgr. frá þessum tveimur árum, — ef ég tek árið 1973 og svo aftur 1975, þá hef ég ekki farið í það að bera saman atkvgr. Íslands *um ýmis mál á Allsherjarþinginu*, en mér finnst þó að hún hafi breytt ofurlítið um svip. Ég mundi kannske ekki kalla að um stefnubreytingu væri að ræða, en mér hefur fundist hún hafa breytt nokkuð um svip, frekar í þá átt sem var fyrr, öllu meiri tilhneiging til þess að fylgja Bandaríkjunum í vissum málum. Ég verð að segja að það er kannske eitt tiltekið mál sem m. a. hefur komið inn hjá mér þessari skoðun. Það var atkv. Íslands í sambandi við palestínu-arabana haustið 1974. Ég verð að segja það að mér hnykkti ákaflega mikið við þegar ég frétti um hvernig atkv. Íslands hefði fallið í því máli, og mér fannst sú skýring, sem því fylgdi, ekki vera mjög sannfærandi, að ég noti ekki sterkara orð. Sem sagt, ég segi ekki að það sé um að ræða verulega stefnubreytingu enn þá, heldur sveigju hliðhollari Bandaríkjunum og fylgiríkjum þeirra. Ég skal ekki fara fleiri orðum um þetta atriði.

Ég ætla þá að víkja að því, sem raunar hefur verið gert af ræðumönnum á undan, þ. e. að máli Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Ég bar fram hér á hv. Alþ. fsp. í fyrra, fyrir nokkurn veginn ári, til hæstv. menntmrh. um hvað því máli liði, þátttöku Íslands eða afstöðu Íslands til Háskóla Sameinuðu þjóðanna, og fékk um það greið svör. En þar sem hér er um mjög merkilegt mál að ræða sem hefur fengið mun seinvirkari meðhöndlun en ég held að ástæða væri til, þá vil ég gjarnan fara um það nokkrum orðum.

Mér sýnist í fljótu bragði, en get auðvitað ekki staðhæft það, að fyrir seinlæti kunnum við að hafa misst af því að getað fengið hér deild frá Háskóla Sameinuðu þjóðanna varðandi hafrannsóknir þegar í upphafi, því að ég minnist þess að þá var t. d. önnur lítil eyþjóð, Malta, fljót á sér að bjóða fram nýlega stofnaða alþjóðlega hafrannsóknastofnun hjá sér til þess að tengjast Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Hins vegar hefur það gleðilega gerst að nú mun hafa verið athugað — og mun það mál vera í gangi — að bjóða Háskólanum samvinnu um nýtingu jarðvarma, og því vil ég vissulega fagna. Það lá fyrir þegar fyrir ári að yfirmaður auðlindadeildar Sameinuðu þjóðanna hafði mikinn áhuga á því að Ísland legði fram kunnáttu og reynslu á þessu sviði. Það er kannske ástæða til að minna á það hér að eðli þessa Háskóla Sameinuðu þjóðanna *er dálítið sérstakt*. Þetta er ekki venjulegur stúdentaháskóli, eins og okkur er tamast að hugsa um, heldur er háskólinn fremur hugsaður sem alþjóðlegt vísindasamfélag, og tenging Háskóla Sameinuðu þjóðanna við stofnanir hjá aðildarlöndunum er þess eðlis að það er hægt að byrja með mjög lítinn hlut, þannig að fjárútlát ættu ekki að þurfa að vera mjög mikil. Mér hefur sýnst eftir öllu, sem ég hef kynnt mér þetta mál, að það séu ákaflega miklir möguleikar til þess að sníða sér þarna stakk eftir vexti.

Háskóli Sameinuðu þjóðanna er vissulega samkv. stofnskránni einna fremst hugsaður í þjónustu þróunarlandanna. Við höfum fengið þarna möguleika til þess að flytja út kunnáttu, og eins og hv. 3. landsk. þm. benti á, það gæti síðar leitt til þess að við gætum flutt hana út í formi fjármuna með því að taka beinan þátt í verklegri nýtingu jarðvarma á öðrum svæðum jarðarinnar. En jafnframt hljótum við með þessu að flytja inn kunnáttu, þar sem sú deild, sem hér þarf að koma, hlýtur að verða sótt af vísindamönnum frá ýmsum þjóðlöndum og gefa þannig möguleika til þeirrar ómetanlegu snertingar út á við sem öllum vísindamönnum er nauðsynleg og nauðsynleg fyrir gengi í vísindastörfum.

Ég vonast til þess fastlega að hæstv. ríkisstj. sjái sóma og hag Íslands í því að hraða sem mest framgangi þess að Ísland gerist sem fyrst formlegur aðili að Háskóla Sameinuðu þjóðanna, en láti málið ekki daga uppi í hinum löngu og krókóttu göngum stjórnarráðsins.

Þá get ég ekki að lokum, herra forseti, stillt mig

um að víkja að örfáum orðum sem hæstv. utanrrh. lét falla af sinni alkunnu hógværð og kurteisi í framsöguræðu sinni. Þegar hann var kominn að lokum langrar og ítarlegrar skýrslu sinnar sagðist hann ætla að segja aðeins nokkur orð um öryggismál, svona eins og í afsökunarskyni: Á ég að fara að hreyfa svo lítilfjörlegu máli? Í þessu orðalagi og þeim hætti, sem hæstv. utanrrh. notaði þarna, felst eiginlega dálítið merkileg þverstæða. Þetta mál hefur kannske meira en nokkurt annað klofið þessa þjóð í tvennt. Sjálfur hefur hæstv. utanrrh. lagt sitt af mörkum til þess að viðhalda hér herstöð Atlantshafsbandalagsins um ófyrirsjáanlegan tíma og jafnvel að auka þar umsvif á sama tíma og spenna milli risaveldanna hefur slaknað stórlega. Og þá má minna á, því til staðfestingar, einmitt það sem hv. 3. þm. Reykv. nefndi hér áðan um þessa, — ja, mér liggur við að segja: þessa frægu ræðu sem Sonnenfeldt, aðstoðarmaður Kissingers, flutti nýlega vestur í Bandaríkjunum um það. Þetta fyrirbæri, þ. e. herstöðina hér, hefur hæstv. ráðh. metið svo og látið í ljós frammi fyrir alþjóð að væri lífsnauðsyn íslendingum, annars mundi hann kasta þessu drasli út í hafsauga, eins og hann hefur jafnan látið liggja að í öðru orðinu. Sumir hv. alþm. hafa nýlega talið öryggið, þ. e. a. s. herstöðina, svo mikilvæga að fórna bæri hluta af sjálfri lífsbjörginni, þorskinum, í kjaft Jóns bola fyrir það. Ég veitti því sérstaka athygli um daginn ummælum sem höfð voru eftir hv. 4. þm. Austurl., Sverri Hermannssyni, á þingi Norðurlandaráðs í vetur í þessa átt. Úr orðum hans mætti smíða þokkalegt vígorð fyrir þá 55 þús. íslendinga sem á þjóðhátíðarárinu mikla lögðust á fjóra fætur og báðu um herstöð um aldur og ævi. Þetta vígorð gæti verið: „Heldur herstöð en þorsk.“ En þegar svo hæstv. utanrrh. kemur í ræðu sinni í dag að þessu lífakkeri, hinu svokallaða öryggismáli, þá lætur hann sér duga um það nokkur orð í hálfgildings afsökunartón. Og þá mundi maður kannske að lokum spyrja hvort það hafi verið samviska eða meðfæddur heiðarleiki hæstv. utanrrh. sem þarna skaut upp kollinum.

Vilborg Harðardóttir: Herra forseti. Sá kafli í skýrslu hæstv. utanrrh., sem vakið hefur mesta athygli mína, er sá sem ber heitið Öryggismál og fjallar um bandaríska herliðið á Keflavíkurflugvelli og samskipti þess við íslenska aðila. Þar kemur fram, eins og reyndar aðrir hv. þm. hafa bent á hér, að sífellt er verið að festa þennan her í sessi með æ meiri byggingarframkvæmdum, og greinilega er unnið markvisst að síauknu samstarfi íslenskra aðila við herinn og það mikilvægra aðila eins og þeirra sem fara með flugmál, almannavarnir og meira að segja landhelgisgæsluna. Allt þetta býr í haginn fyrir herinn og er auðvitað rétt einn liðurinn í þeim áróðri sem lævíslega er verið að reyna að læða að þjóðinni, þeim áróðri sem beinist að því að grafa undan trú hennar á sjálfa sig og eigin getu og beinist að því að koma fólki til að halda — já, helst trúa því að herinn sé okkur ómissandi.

Það er svo sem skiljanlegt að hæstv. utanrrh. og hans flokkur reyni að hafa eitthvað sér til afsökunar, reyni að útskýra á einhvern hátt skoðanabreytingu sína frá því að þeir störfuðu í vinstri stjórn og þóttust ætla að vinna að því að láta herinn fara. Út af fyrir sig má kannske þakka hæstv. utanrrh. að segja þó þetta mikið, skýra þjóðinni þó frá þessu af því, sem er að gerast á Keflavíkurflugvelli. En þó eru sumir hlutir sem vantar algerlega í þessa skýrslu, enda voru þetta bara „örfá orð,“ tvær bls. í skýrslunni, þessi svokölluðu öryggismál. Það, sem hér vantar, eru efnahagslegu áhrifin. Það er ekki nóg að segja hve margir íslenskir starfsmenn starfi á vegum varnarliðsins. Það væri gaman að fá að vita líka, hvað margir íslenskir starfsmenn starfa óbeint á vegum hersins, starfa hjá íslenskum fyrirtækjum sem hafa þarna atvinnurekstur og byggja lífsafkomu sína á þessum her. Það væri mjög fróðlegt fyrir íslendinga að heyra hve mikill hluti af þjóðartekjunum kemur frá þessum atvinnurekstri. Og sérstaklega væri einkar fróðlegt að heyra hve miklar tekjur fyrirtæki eins og SÍS, Reginn eða ESSO hafa þarna á Keflavíkurflugvelli. Allt þetta vantar í þessa skýrslu. Ég vil beina því til hæstv. utanrrh. hvort hann geti ekki gefið okkur meiri upplýsingar um efnahagsleg áhrif af hernum. Ég er alveg viss um að ef hann vildi, þá gæti hann þetta, og ég vænti þess að hann svari a. m. k. einhverju um þetta og ef ekki nú, að það komi þá seinna og í síðasta lagi í næstu skýrslu hans.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég vil hefja þau fáu orð, sem ég ætla að segja hér að sinni, með því að þakka þeim hv. ræðumönnum, sem tekið hafa þátt í þessari umr., fyrir málefnalegar, skýrar og vel samdar ræður. Ég er alveg sammála því, sem fram kom hjá hv. 3. þm. Reykn., að umr. um utanríkismál mættu gjarnan skipa veglegri sess í störfum Alþ. heldur en þær hafa gert og gera raunar enn. Og það skal síst standa á mér að taka þátt í slíkum umr. meðan ég á hér sæti á þessu háa Alþ. Ég hygg að það sé til mikilla bóta að ræða þessi mál í þeim anda, sem þau hafa verið rædd hér í kvöld, og það sé til upplýsinga fyrir ýmsa sem ekki hafa kannske lagt allt of mikið að eyrun og leitt hugann að því sem er að gerast í kringum okkur og þar með stöðu okkar í umheiminum.

Í því sambandi vil ég þá fyrst víkja að því að ég tel eðlilegt að Alþ. setji utanrrh. nokkur tímamörk um það hvenær þings þessi skýrsla, sem honum er ætlað að flytja, sé á ferðinni. Það er vissulega alveg hárrétt, sem fram kom í ræðu hv. 3. þm. Reykn., að á stundum hefur þessi skýrsla verið of seint á ferðinni og þess vegna orðið hornreka í þeim umr. sem hér fara fram og stundum, eins og t. d. á s. l. ári, rædd hér eiginlega milli þátta, ef svo má segja, og þar af leiðandi umr. ekki gefinn sá gaumur sem hún hefði þó að mínu mati átt skilið.

Það hefur komið fram hjá flestum, sem hér hafa tekið til máls, að í þessa skýrslu vanti ýmislegt sem þar hefði átt að vera. Ég ætla alls ekki að bera á móti því að í henni hefði mátt vera miklu fleira og skýrslan þá þeim mun lengri og ítarlegri. En það er ávallt matsatriði, hygg ég, hvaða efnisatriði eru tekin í slíka skýrslu, og því er ekki að leyna að skýrslan hefur verið í nokkuð föstu formi frá því fyrst var byrjað að gefa hana hér á hv. Alþ., og ég hygg að mínar skýrslur séu ekki mikil undantekning frá því. Það hefur mest

verið gert af því að lýsa því, sem er staðreynd, og því, sem gerst hefur frá því að síðasta skýrsla var flutt, fremur en að freista þess að gera úttekt á alþjóðamálunum. Þetta hefur ekki verið það sem á erlendu máli er kallað „analýsa“ á utanríkismálum almennt, heldur eins og ég segi, miklu fremur staðreyndaupptalning og nokkur skýring frá mér og þeim utanrrh., sem þessa skýrslu hafa gefið á undan mér, á því hvers vegna afstaða Íslands hefur verið þann veg sem hún hefur reynst. En það er náttúrlega vel hægt að bæta úr þessu, og ég segi fyrir mitt leyti að ef ég á eftir að gefa hér enn eina skýrslu um utanríkismál, þá er ég mjög fús til þess að hafa hliðsjón af þeim ábendingum sem hafa komið fram í dag og kvöld og mundi þá reyna eftir fremsta megni að gera þá úttekt sem hv. ræðumönnum hér hefur fundist skorta.

Ég er ekki ósammála því, sem hv. þm. hafa gert að umræðuefni, í neinum verulegum atriðum. Ég hygg að úttekt þeirra margra hverra hafi verið raunsæ og get tekið undir margt af því sem hér hefur komið fram um heimsmálin og það sem er að gerast. Ég vil þó leyfa mér að benda á það, að í þessari skýrslu er, að ég hygg, í fyrsta sinn gerð örlítil tilraun til þess að nefna þróun alþjóðamála, sem ekki hefur verið, að ég man, gert áður í sams konar skýrslum. Það kann að vera að það sé óskýr mynd og hornskökk, eins og hér hafa verið látin orð falla um. En þá er að taka ábendingum um það og reyna að gera myndina a. m. k. eitthvað skýrari, hvernig sem gengur svo um það að hafa hana hornrétta. Það verður sjálfsagt alltaf dálítið matsatriði hvenær mynd er hornrétt, eftir því hver horfir á hana og hvaðan horft er á hana.

Ef ég vík fyrst að því sem fram kom hjá hv. 3. þm. Reykn., þá beinist athyglin að Þróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna og samskiptum okkar við hana. Mér er engin launung á því að ég er fjarri því að vera ánægður með okkar hlutskipti í því sambandi. Ég hef ávallt, þegar ég hef lagt fram till. til fjárlaga, haft miklu hærri fjárhæð á óskalistanum heldur en þá sem samþykkt hefur verið, og ég ætla að bæta örfáum orðum við það sem ég sagði í skýrslunni.

Samkv. samkomulagi við Þróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna var ákveðið að stofnunin veitti framlag til Íslands tímabilið frá 1972 til ársloka 1976 að fjárhæð samtals 1 millj. Bandaríkjadala. Greiðsla skyldi dreifast yfir þessi 5 ár eftir verkefnum, en nokkuð jöfnum greiðslum. Síðar var ákveðið að Ísland fengi aukaframlag sem nemur tæplega 343 þús. dölum. Þetta framlag átti að greiðast úr varasjóði UNDP, eins og stofnunin heitir á erlendu máli, en ekki koma til skuldar gegn hugsanlegri aðstoð eftir samningstímabilið 1972—1976. Gegn framlagi stofnunarinnar var ákveðið að kæmi mótframlag frá Íslandi sem nemur 8% af heildarframlagi hennar eða 80 þús. dollarar sem skyldu greiðast með jöfnum greiðslum, 16 þús. dölum á ári, yfir samningstímabilið. Rétt er að taka fram að þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna er fyrst og fremst ætluð raunverulegum þróunarríkjum og hefur sætt vaxandi gagnrýni að veitt skuli fé til landa þar sem þjóðartekjur á mann eru tiltölulega háar, þótt viðurkennt sé að það sé ekki eini mælikvarðinn á þörf fyrir þróunaraðstoð. Hefur Þróunarstofnunin hvatt þá þiggjendur þróunaraðstoðar, sem betur eru stæðir, til þess að auka hin frjálsu framlög sín, þannig að þau nemi a. m. k. sömu fjárhæð og aðstoðin eða hærri. Ég hef drepið á þetta atriði í skýrslu minni til Alþ. undanfarin tvö ár og hvatt til að svo verði hvað Ísland varðar.

Mótframlagið, 16 þús. dollarar á ári, hefur ekki verið greitt af Íslands hálfu frá því árið 1974.

Frjáls framlög Íslands til UNDP hafa hækkað nokkuð undanfarin tvö ár. Árið 1975 hækkaði frjálsa framlagið frá Íslandi um 60% frá árinu áður. Framlag Íslands nam 9 millj. 688 þús. ísl. kr. það ár og 12 millj. 943 þús. kr. árið 1976, sem svarar til um það bil 40% af framlagi stofnunarinnar til Íslands þessi tvö ár. Um nokkru lægri hlutföll er að ræða árin 1972—1974.

Hinn 2. mars 1976 barst utanrrn. bréf frá Sameinuðu þjóðunum þar sem frá því er skýrt að Þróunarstofnunin sjái sér ekki fært að greiða 342 949 dollara úr varasjóði sem minnst er á að framan og ákveðin var árið 1974. Hinn 22. mars 1976 barst Rannsóknastofnun landbúnaðarins skeyti frá Sameinuðu þjóðunum þar sem tilkynnt var að verkefni þau, sem fjármögnuð hefðu verið af UNDP yrðu stöðvuð þegar í stað vegna fjárskorts. Samkv. upplýsingum fastanefndar Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum hafði stofnunin í jan. 1976 veitt Íslandi 98 þús. dali í aðstoð umfram þá eina millj. dala sem um var samið fyrir árin 1972—1976. Vegna 35 millj. dala halla á fjárl. UNDP árið 1976 og væntanlega helmingi meiri halla á árinu 1977 var sú ákvörðun tekin að skera niður framlög til styrkþega á árinu 1976. Þessi niðurskurður kom ekki beinlínis niður á upphaflegu framlagi til Íslands þar sem það var þá þegar uppurið, heldur kom það niður á loforði UNDP um umframaðstoð úr varasjóði, áðurnefndum 342 þús. dölum. Auk þess voru skorin niður verkefni til landbúnaðar- og skógræktarrannsókna sem ákveðið hafði verið að fjármagna fram til ársloka 1979 með gjaldfresti til næsta væntanlegs tímabils þróunaraðstoðar til Íslands, þ. e. 1977—1981. Nemur sú fjárhæð í Bandaríkjadollurum 40 950. Niðurstaðan hefur orðið sú, að ekkert framlag rennur til Íslands á árinu 1976 að því undanskildu að sérfræðingar þeir, sem eru starfandi á bindandi ráðningarsamningum hjá stofnuninni, munu starfa út samningstíma sinn á Íslandi.

Þessi niðurstaða hefur komið sér illa fyrir ýmsa hérlenda aðila. Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Iðnþróunarstofnun Íslands standa nú í miðjum verkefnum og hefur þessi þróun þau áhrif að óvissa ríkir um framkvæmd verkefnanna og hætta er á að þeir fjármunir, sem lagðir hafa verið nú þegar í þessi verkefni, fari til spillis. Hafa þessar tvær stofnanir eindregið mælst til þess að einhverjar úrbætur fáist. Og þannig hefur þetta jafnan verið í minni ráðherratíð, að hin svonefndu fagráðuneyti hafa ávallt knúið á um framlögin þegar ég hef haft uppi tilburði til að afnema þau, og hygg ég að hv. 3. landsk. þm., sem á sínum tíma var ráðh., kannist vel við þetta. En hann gerði þetta sérstaklega að umræðuefni og því nefni ég hann til.

Þar sem núverandi áætlunartímabil rennur út í lok þessa árs þarf ríkisstj. að taka afstöðu

til þess hvort leita skuli eftir áframhaldandi aðstoð næsta tímabil, árin 1977—1981, og þá til hvaða verkefna, eða hvort falla beri frá beiðni um aðstoð í núgildandi formi. Það kemur þarna ýmislegt til greina í þessu sambandi og það eru nokkrir kostir sem um er að tefla, en ég skal ekki tefja tímann á að fara út í að þessu sinni, en er fús til að ræða við þá þm., sem þess óska, utan fundar eða á fundi, ef þess er óskað, og alla vega við hv. utanrmn. áður en ákvörðun um það mál er tekin.

Þetta vildi ég segja um Þróunarstofnunina og jafnframt það, að Aðstoð Íslands við þróunarlöndin, stofnunin sem ber þetta nafn, á hér enga sök, eins og raunar hefur verið tekið fram. Það er einungis fjármagn, sem vantar, en hvorki vilji né geta til að vinna úr því.

Þá vil ég aðeins nefna það sem minnst hefur verið á um Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna og sendinefnd Íslands þar. Ég held að ég hafi tekið það fram í frumræðu minni að þeir aðilar, sem sótt hafa Hafréttarráðstefnuna af Íslands hálfu, hvort heldur það eru embættismenn eða stjórnmálamenn, hafa unnið þar gott starf, og við vonum það öll áreiðanlega að uppskera þess starfs sé nú að koma í ljós á þann hátt að Hafréttarráðstefnan komist að þeirri niðurstöðu sem ég gat um í skeytinu frá formanni n., Hans G. Andersen sendiherra, og tryggir sjónarmið og hagsmuni íslendinga eins og við höfum unnið að öll þessi ár. Ég held því að það sé alveg óhætt að taka undir það sem hér hefur verið sagt, að störf íslensku sendinefndarinnar á Hafréttarráðstefnunni hafi verið farsæl og unnin af fullum heillindum og mikilli festu og dugnaði. Og ég ætla ekki að biðja nokkurn mann afsökunar á því að hafa sent það sem hér er kallað fjölmenn sendinefnd á þessa ráðstefnu, því að á henni er fjallað um það mál sem okkur ríður allra mest á að komist farsællega í höfn. Og þegar við berum íslensku sendinefndina saman við allan þann aragrúa af sérfræðingum og stjórnmálamönnum sem hana sækja frá öðrum þjóðum, þá hygg ég að það megi nánast furðu gegna hversu Ísland hefur oft haft þar mikið að segja og hversu aðrir hafa hlustað vel og gaumgæfilega á það sem íslenska sendinefndin hefur haft fram að færa. Ég get vel endurtekið það, sem ég hef áður sagt úr þessum ræðustól, að formaður íslensku sendinefndarinnar nýtur alþjóðlegrar viðurkenningar sem þjóðréttarfræðingur og það eru ýmsir sem sækja til hans ráð þótt frá stærri þjóðum séu.

Þá sagði hv. 3. þm. Reykn. að ríkisstj. og þá ég kannske sér á parti væri að festa herinn hér í sessi með meiri framkvæmdum og meiri samskiptum en áður hefði verið. Þessi skoðun kom einnig fram hjá nokkrum öðrum ræðumönnum og þá einkum hjá hv. 3. þm. Reykv. Ég vil nú enn einu sinni minna á það, að í samkomulagi því, sem gert var í okt. 1974, var ekki hróflað á nokkurn hátt við ákvæðum Atlantshafssáttmálans, þannig að enn þá er það óbreytt sem áður var, að hvaða ríkisstj. á Íslandi sem hefur þá stefnu að vilja herinn burtu getur gert það eftir þeim leiðum sem ávallt hafa verið frá því að samningurinn var gerður, þ. e. með því að leita umsagnar NATO-ráðsins fyrst og segja síðan samningnum upp með 6 mánaða fyrirvara, og þá er herliðið skuldbundið til að fara á einu ári, á 12 mánuðum. Það, sem gerst hefur, er því einungis að það var fallið frá 6 mánaða uppsagnarfrestinum. En ákvæðin eru ótvíræð, og eins og ég áðan sagði, þá getur hver sú ríkisstj. sem þess óskar notað sér þau, þannig að við höfum ekki á nokkurn hátt bundið hendur framtíðarinnar í þessu efni. En hitt er auðvitað rétt og sjálfsagt að viðurkenna, að frá stefnu vinstri stjórnarinnar var horfið, og það hef ég áður sagt hér og dreg enga dul á að ég harma og er með í þeim leik af öðrum ástæðum sem ég hef einnig gert grein fyrir úr þessum ræðustól og skal ekki tefja tímann á að rekja frekar.

En ég minni á það, að jafnvel í till. vinstri stjórnarinnar var þó gert ráð fyrir nokkurri vinnu af hendi íslenskra aðila. Íslendingar áttu samkv. þeim till. að taka að sér rekstur radarstöðva. Í þeim till. var einnig rætt um nokkra veru herliðs hér, þannig að hér er magnmunur, en síður efnis að mínu mati. Það er verið að fækka í hernum með þeim framkvæmdum og því fyrirkomulagi sem tekið var upp, og ég geri mér vonir um að áfram verði haldið á þeirri braut. Það er jafnframt verið að einangra herinn með því að flytja hann allan inn á svæðið og hætta þeirri sambúð íslendinga og bandarískra hermanna sem á sér stað hér á Faxaflóasvæðinu og þó fyrst og fremst á Reykjanesskaga. Það er ekki vegna þess að ég beri þvílíkan kinnroða fyrir þetta mál að ég þori tæpast að nefna það, eins og hér hefur verið gefið í skyn eða látið að liggja, að kaflinn er stuttur, en það skal ég viðurkenna, heldur vegna þess að þegar samningurinn var til umr. á sínum tíma, þá gerði ég grein fyrir innihaldi hans hér á hv. Alþ. og sú grg. er til í þingtíðindum og þar getur hver sem það vill skoðað hvað ég þá sagði. Og það er auðvitað matsatriði hversu oft þarf að segja sömu hlutina. Ég sá ekki ástæðu til þess að gera það, að endurtaka það sem ég hef hér áður sagt, en það er auðvitað hægt að gera það.

Hv. 3. þm. Reykv. fann að því að það vantaði upplýsingar um ýmislegt annað viðkomandi hernum heldur en það sem ég var hér að nefna: Efnahagsáhrifin, hve margir ynnu hjá öðrum atvinnuveitendum á Keflavíkurflugvelli og um tekjur einstakra stofnana og félaga af viðskiptunum við herinn. Það hafa verið áður birtar upplýsingar a. m. k. um tölu starfsmanna á Vellinum og ég hef þetta ekki við höndina í kvöld. En það er alveg sjálfsagt að veita upplýsingar um þessi efni því að frá minni hálfu er hér ekki um nokkurt leyndarmál að ræða. Ég mun þess vegna við fyrsta tækifæri verða við ósk hv. 3. þm. Reykv. um að upplýsa þau atriði sem hún gerði að umtalsefni í sinni ræðu.

Hv. 2. landsk. þm. hélt hér langa og efnismikla ræðu, fann að ýmsu í skýrslu minni, eins og eðlilegt kann að vera og áður hafði komið raunar fram hjá hv. 3. þm. Reykn. Það vantar náttúrlega margt í þessa skýrslu. T. d. er ekkert getið um hv. 9. þm. Reykv. í henni, en það er einmitt eitt af þeim atriðum sem hér hafa verið gerð að umtalsefni. Hv. 2. landsk. þm. óskaði þess að við upplýstum um viðhorfin í Efnahagsbandalagi Evrópu til þess atriðis að bókun nr. 6 gæti komið til framkvæmda, og svo vill til að sendiherra

okkar hjá Efnahagsbandalaginu mun ganga á fund eins af framkvæmdastjórum þess í fyrramálið og þá vænti ég þess að nýjustu upplýsingar um það, sem þarna kann að vera að gerast, liggi fyrir.

Hv. þm. hélt því fram, að samþykkt Norðurlandaráðs í landhelgismálinu væri lítils virði, og nefndi því til staðfestingar að danskur utanrrh. hefði ekki viljað tjá sig í þinginu um afstöðu ríkisstj. til þess. Það er auðvitað alveg hárrétt hjá hv. þm. að Norðurlandaráð er ekki stefnumótandi aðili um utanríkismálastefnu aðildarþjóðanna. En það gerðist meira í þessu máli heldur en það að Norðurlandaráðsþing ályktaði eða forsætisnefndin þó öllu heldur. Það var einnig ályktað á utanrrh.-fundi Norðurlandanna í mjög svipuðum dúr og gert var á Norðurlandaráðsþingi, og þar kemur stefna viðkomandi ríkis fram, því að það er óhugsandi að ráðh. geti samþykkt slíka ályktun nema hafa til þess samþykki sinnar ríkisstj. Ég fyrir mitt leyti geri því mikið með þennan stuðning. Ég tel hann mikils virði. Hitt er auðvitað alveg víst, að hann hefur ekki fengist átakalaust.

Um skiptingu verkefna milli viðskrn. og utanrrn. væri auðvitað ástæða til að ræða ítarlegt mál því að að mínu mati er sú skipting óeðlileg. En hún er ekki ný. Hún hefur viðgengist í mörg ár og ég hygg að hv. 2. landsk. sé ekki alveg ókunnugt um það hvenær hún hófst og kannske líka af hverju hún er eins og hún er. En þetta hefur nú verið sett í lög af hv. Alþ. og það hafa ekki komið fram hér neinar ábendingar og þaðan af síður till. eða frv. um að breyta þessu fyrirkomulagi. En það er í sem stystu máli þannig að utanrrn. hefur þau afskipti ein af milliríkjasamningum að utanrrh. undirritar þá, að öllu öðru leyti eru þeir gerðir af viðskrn. og framkvæmdin er einnig í þess höndum. Og ég get fyllilega játað að sá kafli, sem fjallar um utanríkisviðskiptamál í skýrslu minni er saminn í viðskrn. vegna þess að þar eru málin til meðferðar.

Ég ætti kannske ekki að gera ræðu hv. 2. landsk. þm. að frekara umtalsefni. En vegna síðustu orða hans um að ráðherradómur minn væri nú ekki sérlega beysinn, í minni ráðherratíð hefði það gerst að við hefðum orðið óvinir allra, allra ríkja, austan hafs og vestan, þá langar mig að segja það, að það er náttúrlega hægt að vera allra vinur. Það er tiltölulega vandalitið. Það var sagt hér á hv. Alþ. fyrir nokkrum árum að það væri siðleysi að færa út landhelgina einhliða. Ef það hefði ekki verið gert, þá værum við áreiðanlega góðir vinir breta og þjóðverja og Efnahagsbandalagsríkjanna og Austur-Evrópuríkjanna sem eru að sækja um grálúðuveiðar sem við getum ekki fallist á. Það hefur líka verið sagt að það kæmi ekki til mála að hrófla við aðild Íslands að NATO og veru bandarísks herliðs hér á landi. Ef það hefði aldrei komið til tals, ef enginn hefði nokkru sinni haft þá hugsun að breyta þessum atriðum, þá værum við áreiðanlega enn þá í mjög góðu vinfengi við bandaríkjamenn. En ég held að þetta sé nú ekki svona, að við séum ekki óvinir allra þessara ríkja. Ég er nefnilega ekki frá því að a. m. k. sums staðar þyki það ekki óeðlilegt að íslendingar reyni að hafa uppi sjálfstæða tilburði og að framkvæma eitthvað af því sem þeir telja til heilla horfa í íslensku þjóðfélagi. Mér hefur aldrei dottið það í hug að ég væri sérlega góður ráðh. eða mín störf væru ekki þannig að þau mætti gagnrýna. Og ég er ekkert viðkvæmur fyrir því að vera gagnrýndur, enda hef ég fengið að reyna það undanfarin 5 ár og úr ýmsum áttum. Ég vonast til þess að ég verði þó aldrei svo slakur ráðh. að enginn telji ómaksins vert að gagnrýna það sem ég geri.

Hv. 3. landsk þm. talaði um að ég hefði ekki minnst á atburðina í Asíu. Ég hygg að ég hafi gert það í síðustu skýrslu, fyrir ári, enda voru þeir þá nýafstaðnir. Og hann benti á ýmislegt í ágætri ræðu sem hann teldi ástæðu til að þessi skýrsla hefði fjallað um. Ég hef nokkuð gert það að umtalsefni áður að það er matsatriði hvað taka beri í slíka skýrslu, og það er nú svo að þetta var mitt mat, að þetta skyldi vera svona í þetta skipti, en það má vissulega endurskoða það og hafa skýrsluna með öðrum hætti næst og sjálfsagt að taka ýmislegt til greina sem hér hefur verið minnst á.

Ég vil svo aðeins að lokum segja það, að ég kannast ekki við það, sem hv. 2. þm. Austurl. hélt hér fram, að afstaða Íslands á vettvangi Sameinuðu þjóðanna í atkvgr. hefði breyst mjög, eftir að núv. stjórn tók til starfa, frá því sem hún var í tíð vinstri stjórnarinnar. Hann nefndi ekki sérstaklega dæmi um þetta, en minntist þó á að hann hefði hrokkið við þegar hann sá hvernig atkv. Íslands hafði fallið í málefnum palestínuaraba. Ég skal alveg fúslega viðurkenna það að í sambandi við störfin á Allsherjarþinginu kemur það æðioft fyrir að í utanrrn. verður að taka ákvarðanir með mjög skjótum hætti. Það eru sífellt að koma fram nýjar till., brtt. og annað þess háttar, sem lítið sem ekkert tóm gefst til þess að skoða hér heima. Það verður að senda út fyrirmælin svo að segja samstundis, og það hefur komið fyrir, ég skal alveg viðurkenna það, að ég hef gefið fyrirmæli til sendinefndar um atkvgr. sem ég hef síðar við nánari skoðun álitið að hefði mátt gera á annan hátt. En í þessu máli er þessu ekki til að dreifa, því að nokkurt tóm gafst til að hugleiða viðfangsefnið. Og ég hygg að öll sendinefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum, þegar þetta mál var á döfinni, að einum meðlim undanskildum, hafi lagt til að atkv. Íslands félli á þann veg sem það gerði og með þeim rökstuðningi sem því fylgdi og er birtur í skýrslunni. Við erum þó ekki í lakari félagsskap en svo að Danmörk og Noregur, tvö Norðurlandanna af hinum fjórum, eru með okkur. Vissulega er það matsatriði hvernig atkv. á að falla í tilvikum sem þessum, og ég get vel skilið að ýmsir hefðu viljað ganga lengra til stuðnings við palestínu-araba heldur en þarna er gert. En það var mitt mat eftir að hafa hlustað á fyrst og fremst fastafulltrúann og aðra embættismenn okkar hjá Sameinuðu þjóðunum að svona skyldum við greiða atkv., og það er á mína ábyrgð að það var gert eins og það var.

Ég vil svo, herra forseti, ekki tefja tíma þingsins með frekari aths. um þær ræður sem fram hafa komið, en að endingu aðeins endurtaka það, að ég er þakklátur þeim, sem tóku þátt í þessum umr., fyrir málefnalegar og prúðmannlegar ræður og styð það eindregið að utanríkismál verði oftar rædd en gert hefur verið.

Heimildir færeyinga til fiskveiða innan fiskveiðilandhelgi Íslands, þáltill. (þskj. 528). — Frh. einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Samkomulag um takmarkaðar veiðar norskra skipa innan fiskveiðilögsögu Íslands, þáltill. (þskj. 529). — Ein umr.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Nú gerast margir atburðir í senn, og ég varð of seinn að biðja um orðið við fyrra dagskrármálið, en ég ætlaði þó ekki að nota þann ræðutíma, sem ég hér tek og skal verða mjög skammur, til þess að gera frekari grein fyrir þeim þáltill. sem til umr. eru. Þær hafa þegar verið rökstuddar. Ég reyndi að rökstyðja þær, hv. 2. landsk. rökstuddi þáltill. þá, sem hér er til umr., svo vel að ég get ekki gert það betur, og hv. 3. þm. Reykn. rökstuddi þá till., sem verið var að greiða atkv. um, svo vel að ég get ekki heldur bætt um það.

En það voru tvær fsp. sem hv. 5. þm. Suðurl. beindi til mín sem hann óskar svara við og er auðvitað sjálfsagt að reyna að veita.

Sú fyrri var um framlengingu samningsins við vestur-þjóðverja eða réttara sagt hvenær ætti að fresta honum. Ég vil vísa til þeirrar ræðu sem ég hélt í hv. Ed. til að svara fyrirspurn þar, að ég tel óhugsandi að það geti dregist ýkjalengi að ákvörðun um það verði tekin. En hún hefur enn ekki verið tekin. Og eins og ég sagði í ræðu hér áðan um annað mál, þá er að vænta nýrra upplýsinga um afstöðu Efnahagsbandalagsins til okkar mála á morgun.

Hin fsp. var um það hvort synjun loftskeytamanna á því að hafa samband við breskar freigátur væri brot á alþjóðlegum samningum. Ég hef beðið lögfræðing í utanrrn. að athuga það, og hann vísar til alþjóðasamkomulags um fjarskipti sem gert var í Malaga, Torremolinos 1973 og Ísland er aðili að, en hefur enn ekki fullgilt. Niðurstaða hans er sú að enginn grundvöllur hafi verið til að stöðva fjarskiptin.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir skýr og góð svör.

Svarið við fyrri spurningunni er að mínum dómi ánægjulegt, og ég vona að hafi ekki verið staðið við það að bókun 6 taki gildi, þá verði samningnum frestað eins og lofað var við umr. hér í haust.

Varðandi fjarskiptamálið, þá finnst mér að atferli breta á miðunum, þar sem þeir hafa margsinnis beitt okkur hernaðarofbeldi, sé nægilegt til þess að slíkir samningar um fjarskipti geti ekki staðist lengur. Ég legg á það áherslu að starfsmönnum Pósts og síma, loftskeytamönnum úti um land, sé ekki skylt að annast slíka þjónustu við ofbeldismennina sem munu líklegast halda áfram hinum gráa leik hér á Íslandsmiðum um nánustu framtíð, og hefði viljað leggja til að hæstv. ríkisstj. gæti séð sér fært að banna hreinlega fjarskipti við skip ofbeldismanna frá Bretlandi.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Menningarsjóður Norðurlanda, þáltill. (þskj. 293). — Ein umr.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Á þskj. 293 er till. til þál. um heimild fyrir ríkisstj. til að fullgilda samning um Menningarsjóð Norðurlanda. Menntmrn. hefur staðið að þessari samningsgerð, en það kemur í minn hlut að leggja það fram og því fylgja svo hljóðandi aths.:

Hinn 1. júlí 1967 tók gildi samningur milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um Menningarsjóð Norðurlanda. Samningur þessi hefur nú verið endurskoðaður og gerðar á honum nokkrar breytingar. Á 23. þingi Norðurlandaráðs, er haldið var í Reykjavík í febr. 1975, var lýst stuðningi við samninginn í hinni endurskoðuðu gerð og var hann síðan undirritaður af fulltrúum ríkisstjórnanna á fundi ráðherranefndar Norðurlanda, menntamálaráðherrunum, í Stokkhólmi 12. júní 1975. Með þáltill. þessari er leitað heimildar Alþ. til að fullgilda samninginn fyrir Íslands hönd.

Breytingar þær, sem samningurinn felur í sér frá hinni fyrri gerð, eru þessar helstar:

1. Gerðar hafa verið nokkrar breytingar formlegs eðlis sem eiga rætur að rekja til þeirrar skipunar sem komst á samkv. samningi milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar frá 15. mars 1971 um samstarf á sviði menningarmála. Meðal breytinga af þessu tagi má nefna að fulltrúar ríkisstj. í sjóðsstjórn verða að formi til skipaðir af ráðherranefnd Norðurlanda, en ekki hverri einstakri ríkisstj.

2. Í fyrri gerð samningsins var fjárhæð árlegra fjárveitinga til sjóðsins tilgreind svo og í hvaða hlutföllum framlög til sjóðsins skyldu greidd af aðildarríkjunum. Var sú skipting miðuð við fólksfjölda. Í hinni endurskoðuðu gerð er mælt fyrir um að sjóðnum skuli árlega ákveðið ráðstöfunarfé í hinni norrænu fjárhagsáætlun um samstarf á sviði menningarmála, 4. gr. Greiðsluhlutfalla er hins vegar ekki getið sérstaklega, enda leiðir af sjálfu sér að skipting framlaga verður eftir hinni almennu reglu sem á hverjum tíma gildir um fjárveitingar samkv. hinni sameiginlegu fjárhagsáætlun. Miðað við núverandi skiptireglur veldur þetta ekki breytingu á greiðsluhlutfalli Íslands sem er 1%. Fjárveitingar til Menningarsjóðs Norðurlanda hafa farið hækkandi og undanfarin ár verið hærri en samningurinn mælti fyrir um. Upphaflega var heildarfjárveitingin 3 millj. danskra kr., en er í fjárhagsáætlun fyrir árið 1976 ráðgerð 6.5 millj. danskra kr.

3. Ákvæðum þeim, sem fjalla um starfslið sjóðsins, hefur verið breytt nokkuð. Í fyrri gerð voru nefnd dæmi um tiltekna þætti menningarstarfsemi sem styrkhæfir væru. Með almennara orðalagi

greinarinnar hafa menn viljað reisa skorður við því að nokkurt svið menningarmála yrði af formlegum ástæðum talið falla utan við verksvið sjóðsins. Til aukins sveigjanleika horfa og breytingar á 3. gr. þar sem rætt er um almenn skilyrði til að verkefni sé styrkhæft.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til að þáltill. þessari verði vísað til hv. utanrmn. þegar umr. um hana hefur nú verið frestað.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Efri deild, 99. fundur.

Fimmtudaginn 6. maí, kl. 2 miðdegis.

Kjarasamningar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, frv. (þskj. 572). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., á þskj. 572, fjallar um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Með því eru lagðar til veigamiklar breytingar á gildandi lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna að því er varðar félagsmenn innan vébanda Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Helstu breytingar, sem í frv. felast, eru að lagt er til að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja fái takmarkaðan verkfallsrétt við gerð aðalkjarasamnings og að jafnframt falli niður þau sjálfvirku tengsl sem verið hafa á milli kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og fjmrh. og kjarasamninga heildarаðila almenna vinnumarkaðarins, þ. e. a. s. Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands.

Þetta mál á sér langan aðdraganda og nokkuð langa sögu. Á mörgum þingum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hafa verið samþ. ályktanir og áskoranir í þá átt að opinberir starfsmenn fengju verkfallsrétt um launa- og kjaramál sín. Í þessu sambandi hefur gjarnan verið vitnað til kjarasamningalöggjafar á Norðurlöndum þar sem verkfallsréttur opinberra starfsmanna á sér nokkra sögu.

Í málefnasamningi fyrrv. ríkisstj. voru ákvæði er lutu að þessu. Þar var m. a. vikið að verkfallsrétti með þeim skilyrðum að æviráðning félli niður og sjálfkrafa tengsl við kjör annarra stétta í þjóðfélaginu yrðu rofin.

Þann 7. mars 1972 skipaði þáv. fjmrh., Halldór E. Sigurðsson, n. til að endurskoða lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 55 1962, og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38 1954. N. þessi, sem starfaði undir formennsku Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttardómara, samdi síðan frv. til l. um kjarasamninga opinberra starfsmanna sem varð að l. nr. 46 1973. Með þeim lögum var samningsrétti opinberra starfsmanna breytt í nokkrum veigamiklum atriðum. Helstu breytingarnar voru þær, að Bandalag háskólamenntaðra manna fékk í fyrsta sinn sjálfstæðan samningsrétt og að samningsréttinum var skipt milli heildarsamtaka opinberra starfsmanna og hinna einstöku aðildarfélaga innan þeirra. Um verkfallsrétt náðist ekki samkomulag að því sinni.

Kröfum um verkfallsrétt opinberra starfsmanna var þó haldið fram af samtökunum og um þær gerðar samþykktir sem kröfðust verkfallsréttar þegar á s. l. ári. Í framhaldi af því efndi, eins og kunnugt er, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja til fundarhalda um málið og setti fram á s. l. ári við stjórnvöld kröfu um óskoraðan verkfallsrétt við gerð aðalkjarasamninga sem gera átti haustið 1975, þ. e. a. s. s. l. haust. Ríkisstj. ákvað því í okt. s. l. að hefja viðræður við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Bandalag háskólamanna um verkfallsréttarmálið til þess að kanna hvort unnt yrði að finna samkomulagsgrundvöll er allir aðilar gætu sætt sig við.

Eftir langvarandi og ítarlegar viðræður aðila náðist samkomulag milli viðræðunefndar ríkisins og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, þ. e. 1. apríl s. l., um nýjan aðalkjarasamning og samkomulagsdrög um verkfallsrétt o. fl. í 18 liðum. Ríkisstj. samþ. þessi drög fyrir sitt leyti og ákvað að láta semja lagafrv. það, er hér liggur fyrir, á grundvelli þeirra draga, enda var meginsjónarmiði hennar um takmörkun og form verkfallsréttarins til skila haldið í drögunum.

Helstu efnisatriði samkomulagsdraganna eru eftirfarandi:

Í 1. gr. er ákvæði þess efnis að fram fari endurskoðun á lögum um réttindi og skyldur. Æviráðning verði þrengd frá því sem nú er, en þeir, sem þegar hafi æviráðningu, haldi henni. Í þessu sambandi vil ég benda á að samkvæmt dómi Hæstaréttar frá 12. des. 1974 hafa stjórnvöld nú nokkuð frjálsar hendur um að ráða starfsfólk með gagnkvæmum uppsagnarfresti. Sú almenna skoðun, að allir ríkisstarfsmenn hafi æviráðningu eða æviráðningarrétt, er því á misskilningi byggð.

Í 2. gr. er kveðið á um að stefnt skuli að því að ný kjarasamningalög taki gildi frá og með 1. júlí 1977 að því er aðalkjarasamning varðar og megi segja honum upp miðað við þann dag. Verkfallsheimild fylgi nýjum kjarasamningi sem gerður er eftir það. Ákvæði um sérkjarasamninga taki þó gildi þegar í stað. Ákvæði frv. til bráðabirgða er í samræmi við þetta.

Í 3. gr., sbr. 7. gr. frv., er fjallað um gildissvið aðalkjarasamninga og sérkjarasamninga. Gildissvið aðalkjarasamnings er víkkað, en gildissvið sérkjarasamninga þrengt frá því sem nú er. Um aukatekjur og hlunnindi, sem líkt er farið, skal ákveða í reglugerð.

Í 4. gr., sbr. 8. gr. frv., segir að aðalkjarasamningur skuli gilda skemmst í 24 mánuði, uppsagnarfrestur skuli skemmst vera 3 mánuðir. Lögbundinn endurskoðunarréttur með gerðardómi eða verkfallsrétti fylgir ekki aðalkjarasamningi.

Í 5., 6. og 7. gr., sbr. 16. gr. frv., er fjallað um meðferð sérkjarasamninga. Þeim fylgir ekki verkfallsréttur og ganga þeir til úrskurðar kjaranefndar ef ekki næst samkomulag milli aðila. Kjaranefnd skipa 5 menn: þrír tilnefndir af Hæstarétti, einn tilnefndur af heildarsamtökum starfsmanna og einn af fjmrh. Verkefni kjaranefndar eru nánar tilgreind í VI. kafla frv.

8. gr. fjallar um samstarfsnefnd sem aðilar beina til einstökum deilumálum.

9. gr. fjallar um verkfallsheimildina og tekið fram að hún nái aðeins til aðalkjarasamnings.

Í 10. gr. eru taldir upp þeir einstakir starfsmenn sem óheimilt er að gera verkfall, en þeir eru einkum æðstu embættismenn dómsvalds og ákæruvalds, stjórnsýslu og sáttasemjara, allir starfsmenn Alþingis, skrifstofu forseta Íslands, forsætisráðuneytis, utanríkisráðuneytis og ýmsir forstöðumenn ríkisstofnana og staðgenglar þeirra. Þessi upptalning er þó alls ekki tæmandi. Í 14. gr. eru almenn ákvæði um að skylt sé að halda uppi nauðsynlegri öryggisgæslu og heilsugæslu þrátt fyrir verkfall. Sérstök nefnd, kjaradeilunefnd, ákveður hvaða starfsmenn skuli starfa í verkfalli. Kjaradeilunefnd skal skipuð 9 mönnum og er skipunartími n. 4. ár. Formaður skal skipaður af Hæstarétti, tveir kjörnir af Sþ., þrír skipaðir af fjmrh. og þrír valdir af hlutaðeigandi heildarsamtökum launþega. N. getur skipt vinnuskyldu milli starfsmanna, en verkefni hennar er að sjá til þess að verkfall stofni ekki öryggis- og heilsugæsluþjónustu við borgarana í hættu. Ég vil taka fram að þetta meginatriði varð ekki að ágreiningsefni milli aðila. Formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja tekur t. d. fram í grein, sem hann skrifar í síðasta tölublað Ásgarðs, blað Bandalagsins, að það sé stefna Bandalagsins, sem leggja beri sérstaka áherslu á, að þrátt fyrir verkfall verði haldið uppi nauðsynlegri öryggisgæslu og heilsugæslu.

Í 11. gr. draganna segir hvernig ákveða skuli kjör þeirra starfsmanna sem taldir eru upp í 10. gr. Aðalreglan er sú, að náist ekki samkomulag um kjör þessara starfsmanna, á kjaranefnd að úrskurða um þau. Um þetta er fjallað í V. kafla frv. Þá er gert ráð fyrir að kjör hæstaréttardómara, ríkissaksóknara, sáttasemjara ríkisins og þeirra, sem eru utan vébanda heildarsamtaka, verði ákveðin einhliða af kjaranefnd.

Í þessu sambandi vil ég taka fram, að þar sem margir þeirra, sem taldir eru upp í 10. gr. draganna, eru utan vébanda Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, þar af margir innan Bandalags háskólamanna, en geta þó orðið félagar í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, var talið rétt að taka upptalningu þessa upp í lög nr. 38 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, en ekki inn í lagafrv. þetta sem einungis snýr að Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Frv. í þessa veru hefur þegar verið samið og liggur fyrir hv. þd. í tengslum við þetta frv. Í 1. gr. frv. er tekið fram að lögin taki ekki til ráðherra, hæstaréttardómara, saksóknara ríkisins og bankastarfsmanna, og gildir það þótt þeir séu félagsmenn í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja.

Í 12. gr. draganna segir að um boðun verkfalls fari samkvæmt samþykktum heildarsamtaka.

Í 13. gr. draganna, sbr. 15. gr. frv., segir að kjaradeila skuli ganga til sáttasemjara ríkisins ekki síðar en mánuði fyrir lok uppsagnarfrests og skuli hann þá kveðja tvo menn til starfa með sér að sáttum.

Í 14. gr. draganna, sbr. III. kafla frv., eru ákvæði um framkvæmd verkfalls. Verkfall skal boða með skemmst 15 daga fyrirvara. Verkfall má ekki hefja fyrr en sáttatillaga hefur verið felld. Sáttanefnd skal leggja fram sáttatillögu a. m. k. 5 sólarhringum fyrir lok verkfallsboðunarfrests. Þegar sáttatillaga hefur verið lögð fram getur sáttanefnd frestað verkfalli í allt að 15 daga. Eftir að verkfall er hafið getur sáttanefnd ávallt komið fram með miðlunartillögu. Sáttatillaga eða miðlunartillaga telst felld ef yfir 50% greiddra atkv. eru á móti henni, enda hafi yfir 50% atkvæðisbærra ríkisstarfsmanna greitt atkvæði. Annars telst till. samþ. Sáttanefnd stjórnar atkvgr. og talningu og úrskurðar endanlega um öll vafaatriði.

Í 16. gr. draganna, sbr. IX. kafla frv., eru ákvæði um trúnaðarmenn. Ákvæði frv. um trúnaðarmenn eru efnislega samhljóða gildandi samningum aðila um réttarstöðu og skyldu trúnaðarmanna.

Í 17. gr. draganna, sbr. 45. gr. frv., er fjallað um viðurlagaákvæði. Gert er ráð fyrir að brot geti varðað stöðumissi, sektum eða varðhaldi.

Í 18. gr. draganna segir að breytt verði ákvæðum um fjármögnun lífeyrisréttinda lífeyrisþega í hinum verðtryggðu lífeyrissjóðum starfsmanna ríkisins. Lífeyrissjóðirnir verði skyldaðir til að ávaxta 30% af heildarútlánafé sínu í verðtryggðum skuldabréfum ríkissjóðs. Miðað verði við að ríkissjóður ábyrgist og greiði einungis þann hluta lífeyrisins sem lífeyrissjóðirnir sjálfir geta ekki risið undir með tekjum sínum af vöxtum og verðbótum af ofangreindum verðtryggðum lánum. Gert er ráð fyrir að félmrh. ákveði með reglugerð sambærilegar reglur um lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga. Þá er og gert ráð fyrir að lögin um lífeyrissjóð opinberra starfsmanna verði endurskoðuð og breytt til samræmis við þetta að því er varðar a. m. k. þá sjóðfélaga sem eru félagsmenn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og frv. þetta tekur til.

Ég hef nú rakið efnisatriði samkomulagsdraganna frá 1. apríl s. l. Er lagafrv. það, sem hér liggur fyrir, á því byggt og frv. efnislega samhljóða drögunum svo langt sem þau ná. Ég tel þó rétt að rekja í stuttu máli efni einstakra kafla frv. Að öðru leyti vísa ég til aths. við frv.

I. kafli frv. fjallar um það til hvaða starfsmanna það nái, um fyrirsvar starfsmanna við gerð kjarasamninga og rétt starfsmanna til að vera aðilar að Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Aðalbreytingin frá I. kafla núgildandi kjarasamningalaga er sú, að frv. tekur einungis til starfsmanna innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og að starfsmenn Alþingis geti nú fallið undir lögin ef þeir eru félagar þar.

Í II. kafla er fjallað um gildissvið kjarasamninganna, uppsögn kjarasamninga, uppsagnarfrest og hvernig ljúka skuli ágreiningi um sérkjarasamninga. Í 17. gr. er ákvæði þess efnis að aðilar kjarasamnings beri fébótaábyrgð á samningsrofum sem þeir sjálfir eða lögmætir fulltrúar þeirra gerast sekir um í störfum sínum fyrir þá og um takmörkun á aðfararheimild í ákveðnum eignum aðila. Grein þessi er efnislega samhljóða 8. gr. l. nr. 80 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Í III. kafla frv. eru ákvæði um verkfallsrétt Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, framkvæmd hans og takmarkanir á honum. Í 4. tölulið 20. gr. er sérstaklega tekið fram að samúðarverkföll séu óheimil.

Í IV. kafla eru ákvæði um skyldur starfsmanna til að halda uppi nauðsynlegri öryggis- og heilsugæslu svo og ákvæði um kjaradeilunefnd. Í 2. mgr.

27. gr. er kveðið á um að neiti Bandalagið eða fjmrh. að nefna menn í kjaradeilunefnd, eða menn þeir, sem nefndir hafa verið, neiti að starfa, skuli þeir þrír, sem kjörnir eru af Alþingi og Hæstarétti, nefna menn í n. þannig að hún sé fullskipuð.

V. kafli fjallar um þá einstaka starfsmenn sem óheimilt er að gera verkfall og hvernig ákveða skuli kjör þeirra og hef ég áður komið að því.

VI., VII. og VIII. kafli fjalla um skipan kjaranefndar og starfssvið, um félagsdóm, úrskurðarvald og afskipti hans af deilumálum aðila, og um samninganefndir starfsmanna, samstarfsnefnd og rétt starfsmanna borgar-, bæjar- og sveitarstjórna til að fá samningsrétt samkvæmt lögunum, en eins og ég áður gat um setur félmrh. reglugerð um það efni. Ákvæði þessara kafla eru að mestu leyti óbreytt frá núgildandi kjarasamningum um sama efni og þarfnast ekki sérstakra skýringa.

IX. kafli frv. fjallar um trúnaðarmenn, vald þeirra, réttindi og skyldur. Ákvæði þessi eru nýmæli í kjarasamningalögum, en byggð á ákvæðum í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur frá 1938 og samkomulagi sem gert hefur verið við Starfsmannafélag ríkisstofnana um trúnaðarmenn. Greinar skýra sig að öðru leyti sjálfar.

Í frv. er gert ráð fyrir að ákvæði þess taki gildi 1. júlí 1977, sbr. ákvæði til bráðabirgða þar sem segir að ákvæði II., VI. og VII. kafla skuli, eftir því sem við á, gilda um þá sérkjarasamninga sem gerðir verði í framhaldi af aðalkjarasamningi frá 1. apríl s. l. Ef gerð sérkjarasamninga, sem nú standa yfir, verður ekki lokið fyrir 1. júní n. k. skal kjaranefnd samkv. II. kafla taka deiluna til meðferðar og ljúka úrskurði um ágreiningsefni fyrir 1. júlí n. k. og gildir þá úrskurður hennar sem samningur frá og með 1. júlí n. k. Aðalkjarasamningi er hins vegar fyrst heimilt að segja upp miðað við 1. júlí 1977 og taka önnur ákvæði laganna gildi í samræmi við það. Kjaradeilunefnd samkv. IV. kafla frv. skal þó skipuð og taka til starfa eigi síðar en 1. jan. 1977.

Við Bandalag háskólamanna náðist ekki samkomulag um breytingar á kjarasamningalögunum að þessu sinni og nær frv. því ekki til félagsmanna þess. Lög nr. 46 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og l. nr. 33 1915, um bann við verkfalli opinberra starfsmanna, gilda því áfram um félagsmenn þess bandalags. Ástæður fyrir því, að ekki náðist samkomulag við Bandalag háskólamanna, voru einkum þær að Bandalagið gat ekki sætt sig við ýmis ákvæði í drögunum, þ. á m. um tveggja ára samning án endurskoðunarréttar á samningstímanum. Talið var einnig að upptalning á þeim, sem undanþegnir væru verkfallsrétti, væri of viðtæk. En auk þess taldi Bandalag háskólamanna nauðsynlegt að fram færi heildarendurskoðun laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins jafnhliða kjarasamningalögunum. Af ríkisvaldsins hálfu er þó fullur vilji til að halda áfram viðræðum við Bandalag háskólamanna og mun verða stefnt að því að finna viðunandi lausn á deilumálum aðila, er allir geti við unað, fyrir 1. júlí 1977.

Þá munu samningsréttarmál Sambands íslenskra bankamanna að öllum líkindum koma til athugunar nú á næstunni, en frv. þetta tekur ekki til þeirra.

Með frv. þessu, ef að lögum verður, er stigið stórt skref í kjarasamningamálum opinberra starfsmanna. Hér er um áfanga að ræða sem markar þáttaskil í samskiptum ríkisins og Bandalags starfsmanna ríkisins. Krafan um verkfallsrétt er jafngömul samtökum starfsmanna hins opinbera þó að hún hafi ekki fengið hljómgrunn meðal ráðamanna fyrr en nú á síðustu árum. Af hálfu ríkisvaldsins hefur kröfum um verkfallsrétt jafnan verið mætt með kröfum um sjálfstæðari samningsgerð opinberra starfsmanna og afnám þeirra sérstöku réttinda sem opinberir starfsmenn hafa haft umfram aðra launþega. Með árunum hefur dregið úr þeirri sérstöðu sem opinberir starfsmenn hafa haft og einkum hefur verið fólgin í verðtryggingu lífeyris og æviráðningu. Annars vegar hafa aðilar vinnumarkaðarins náð samkomulagi um verðtryggingu lífeyris þeirra launþega sem eru í lífeyrissjóðum innan ASÍ, og hins vegar hafa stjórnvöld í vaxandi mæli ráðið starfsmenn með gagnkvæmum uppsagnarfresti.

Með samkomulagi því, sem liggur til grundvallar lagafrv. þessu, er gert ráð fyrir að dregið verði enn úr þeirri sérstöðu sem opinberir starfsmenn hafa haft um ráðningarform og fjármögnun lífeyrisréttinda sinna.

Afstaða ríkisstj. til þessa frv. réðst þó ekki síður af því að verkfallsréttur sá, sem það fjallar um, er háður skynsamlegum takmörkunum. Í fyrsta lagi er verkfallsrétturinn einungis á hendi heildarsamtaka til stuðnings kröfum um aðalkjarasamning sem gildir skemmst í tvö ár, en ekki sérkröfum einstakra hópa. Í öðru lagi er óheimilt að hefja verkfall nema áður hafi verið felld sáttatill. í atkvgr. sem a. m. k. helmingur atkvæðisbærra starfsmanna hefur tekið þátt í. Í þriðja lagi er verkfallsboðunarfrestur 15 dagar og sáttanefnd heimilt að fresta verkfalli í aðra 15 daga. Öll þessi atriði eiga að tryggja að það sé ekki gripið til verkfallsvopnsins nema að vel yfirveguðu máli og að undangenginni almennri könnun á vilja starfsmanna þar sem krafist er lýðræðislegrar lágmarksþátttöku. Síðast, en ekki síst eru í frv. ákvæði um að tryggja borgurunum nauðsynlega öryggis og heilsugæsluþjónustu þótt til verkfalls opinberra starfsmanna komi.

Eins og ég gat um áttu sér stað ítarlegar viðræður í vetur og vor við fulltrúa Bandalags starfsmanna ríkis og bæja um þetta mál og að lokum tókst það samkomulag sem kemur fram í grg. með þessu frv.

Marga mun sjálfsagt óa við því skrefi sem stigið er með þessu lagafrv. Frv. er vissulega stórt skref. En ég leyfi mér að vona að það sé skref í rétta átt og verði opinberum starfsmönnum og ríkisvaldinu og þjóðinni allri til heilla.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frv. hér við 1. umr. málsins. Frv. er ávöxtur samkomulags sem fjölmenn stéttasamtök hafa gert við ríkisvaldið og af hálfu okkar alþb.-manna kemur ekki annað til greina en að fallist sé á þá niðurstöðu.

Eins og kunnugt er hafa opinberir starfsmenn

haft minni rétt en aðrir frjálsir menn í þessu landi. Að vísu hafa þeir haft takmarkaðan samningsrétt um laun sín og kjör, en sá samningsréttur hefur þó verið þeim annmörkum háður að þeir hafa enga möguleika haft til að knýja á um kröfur sínar. Þeir hafa orðið að lúta gerðardómi sem oft og tíðum hefur verið þeim mjög þungur í skauti.

Alþb. hefur lengi fylgt þeirri stefnu að opinberir starfsmenn ættu að fá samningsrétt eins og aðrir launþegar, og við höfum oft flutt till. þess efnis, enda er það svo að í öllum nálægum löndum þykir það sjálfsagt mál að opinberir starfsmenn njóti réttinda á vinnumarkaðinum á við aðra launþega.

Sú niðurstaða, sem nú er fengin, er að vísu alls ekki í fullu samræmi við kröfur opinberra starfsmanna og enn síður í samræmi við stefnu okkar alþb.-manna. Í þessu samkomulagi eru ýmis ákvæði sem eru mjög ófullnægjandi. Ég get t. d. nefnt hér það ákvæði, að samningstíminn skuli bundinn við tvö ár. Slíkt ákvæði kynni að vera eðlilegt ef opinberum starfsmönnum væri örugglega tryggðar fullar verðbætur launa á samningstímabilinu hverju sinni. En þar sem við búum í sérstæðu þjóðfélagi þar sem einstæð óðaverðbólga gengur yfir ár frá ári undir afleitu stjórnarfari og þar sem öllum er ljós sú gagngera viðleitni ríkisvaldsins að koma í veg fyrir fullar verðuppbætur launa, þá er ákvæði af þessu tagi að sjálfsögðu mjög óhagstætt. Enn síður getur samkomulagið verið nokkurt fordæmi fyrir verkalýðshreyfinguna og fyrir það form sem nú er í lögum um lausn á vinnudeilum almennt.

Eins og flestum mun kunnugt dreymir ýmsa menn í þessu þjóðfélagi drauma um að skerða réttindi verkalýðshreyfingarinnar til að knýja á um laun sín. Menn dreymir um að draga úr samtakamætti launamanna og lama getu þeirra til þess að standa vörð um hagsmuni sína. En við verðum að sjálfsögðu að skoða það samkomulag, sem hér liggur fyrir, einfaldlega í ljósi þess að það snertir stóran hóp launamanna sem hefur verið réttlaus eða a. m. k. réttlitill, en er með þessu samkomulagi að öðlast takmarkaðan samnings- og verkfallsrétt.

Það er því skoðun okkar alþb.-manna, að enda þótt menn hljóti að líta á þetta samkomulag með nokkurri tortryggni ef menn eru einungis að líta á núverandi réttindi hinna almennu verkalýðsfélaga, þá sé hitt miklu mikilvægara, að hér er tvímælalaust um að ræða mjög mikilvægt og stórt skref í rétta átt fyrir fjölmennan hóp launamanna. Við alþb.-menn munum því reyna að greiða götu þessa frv. hér í þinginu.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég tel rétt þegar við 1. umr. þessa máls að fara um það nokkrum orðum.

Frv. þetta til l. um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja veldur þáttaskiptum í samskiptum opinberra starfsmanna og ríkisins ef samþ. verður. Hér er um að ræða að opinberum starfsmönnum er veittur verkfallsréttur og þar með er horfið frá banni á verkfalli opinberra starfsmanna sem hefur verið í lögum allt frá því árið 1915. Ég tel að í þessu felist röng og varhugaverð stefna. Þetta samrýmist hvorki okkar veika ríkisvaldi né reynslu þeirri sem við höfum af verkföllum í þessu landi. Vera kann að einhverjum finnist þessi skoðun ekki lýsa miklum skilningi af minni hálfu á mikilvægi opinberra starfsmanna og stöðu þeirra. En svo er ekki. Þvert á móti mótast þessi skoðun einmitt af því hve þýðingarmiklu hlutverki opinberir starfsmenn hafa að gegna. Það er líka fátt mikilvægara í einu þjóðfélagi en að búið sé þannig að opinberum starfsmönnum að þeir megi vel við una launakjör, öryggi og allan aðbúnað. Þetta þarf sérhver ríkisstj. að skilja og virða án þess að veifað sé yfir henni svipu verkfallsvopnsins.

Það er að sjálfsögðu skylda ríkisvaldsins að haga starfsemi sinni á svo hagkvæman hátt að hún kosti skattborgarana ekki fé að óþörfu, en veiti þeim fyrirgreiðslu og þjónustu sem nauðsynleg er í nútímaþjóðfélagi. Sumum kann að virðast í fljótu bragði sem þessi höfuðsjónarmið hljóti að stangast á. En svo er þó ekki, því að oftlega fer það saman að hægt er með skynsamlegu skipulagi og fyrirkomulagi á störfum að spara ríkinu fé, veita almenningi betri þjónustu og um leið bæta kjör starfsmanna. Ríkið á mikið undir því, eins og hinir opinberu starfsmenn sjálfir, að samstarf sé gott og skilningur ríki á milli þessara aðila.

Það er ekki einungis hér á landi sem verkföll opinberra starfsmanna eru bönnuð. Ég veit ekki betur en að það sé hin almenna regla í öðrum þjóðlöndum þar sem samanburður kemur til greina. Frá þessu eru undantekningar. En hvað sem er um þessi efni í öðrum löndum ber okkur fyrst og fremst að líta á íslenskar aðstæður. Hvað sem kann að vera í öðrum löndum vikið frá banni við verkfalli opinberra starfsmanna er þess að gæta, að aðstæður eru þar aðrar en þær eru hjá okkur. Hvergi í sjálfstæðu ríki er ríkisvaldið veikara en einmitt hér á landi, og það ætti ekki að þurfa að minna á þessa staðreynd, svo greypt sem hún ætti að vera í okkar þjóðarvitund. Sporin hræða. Við minnumst fjörbrota okkar forna þjóðveldis og hver örlagavaldur það var að á skorti ríkisvaldið. Ég er ekki að jafna þessu við ástandið í dag. Við getum þó verið allir sammála um að okkar ríkisvald er veikt. Það ástand er ekki sambærilegt við það sem annars staðar gerist. Við höfum ekki her og ætlum okkur ekki að hafa her. En í öðrum löndum er herinn þrautaráðið þar sem hermenn eru látnir ganga í ýmis þau störf sem nauðsynleg eru til þess að halda uppi þeirri þjónustu sem hvert ríki verður að sjá um undir öllum kringumstæðum.

Ég sagði áðan að reynsla okkar af verkföllum mælti ekki með verkfallsrétti til handa opinberum starfsmönnum. Við kunnum að hafa mismunandi skoðanir á verkföllum. En hvaða skoðanir sem menn hafa í því efni, þá hljóta allir að gera sér það ljóst að vinnustöðvanir, ef til þeirra kemur, hljóta alltaf að valda þjóðarbúinu meira eða minna tjóni og þannig torvelda, svo langt sem það nær, raunverulegar kjarabætur. Og eru menn nú ekki í raun og veru orðnir sammála um það að verkfallsbaráttan sé orðin meira eða minna úrelt aðferð til kjarabóta? Menn vilja kannske ekki allir orða þetta á þennan veg, heldur að verkfallsbaráttan hafi ekki borið tilætlaðan árangur.

Er það ekki í raun og veru þetta sem forseti Alþýðusambandsins segir okkur nú þessa dagana. Segir hann ekki að í raun og veru sé allt nú þegar unnið fyrir gýg sem áunnist hafi fyrir nokkrum vikum í almennasta verkfalli sem nokkru sinni hafi verið háð hér á landi? Hvað þýða svo yfirlýsingar forseta Alþýðusambandsins um það að nú nægi ekki lengur hin faglega barátta verkalýðsfélaganna, heldur verði að taka upp pólitíska baráttu? Ef þetta er ekki dómur um fánýti verkfallsvopnsins, þá veit ég ekki hvað það er.

Ég er sammála forseta Alþýðusambandsins að það hljóti að vera betra að taka upp kjarabaráttuna á stjórnmálalegum grundvelli. Það mætti segja mér að það væru í raun og veru margir sem væru sammála í þessu efni. Það mætti segja mér að áður en langur tími liði yrðu æ fleiri og fleiri sammála um þetta. Hins vegar veit ég að það er ágreiningur um það eftir hvaða stjórnmálaleiðum sé vænlegast að fara til þess að ná árangri í kjarabaráttu verkalýðsins í landinu. Um það höfum við mismunandi skoðanir. En stjórnmálum er samfara skoðanaágreiningur. En kjarni málsins er sá, að ef kjaramálin eru leyst eftir stjórnmálalegum leiðum, þá hlýtur það að leiða að einhverju leyti eða í einhverju formi til fráfalls frá verkfallsvopninu. Það leiðir til samninga og lýðræðislegra stjórnvaldsráðstafana án valdbeitingar verkfallsbaráttunnar. Mér virðist það því kaldhæðnislegt að einmitt nú skuli eiga að hefja til vegs verkfallsaðferðina með því að veita opinberum starfsmönnum verkfallsrétt. Mér virðist það vera að ganga aftur á bak og í öfuga átt.

Nokkrum árum eftir að íslendingar fengu fjárforráð eða á þingi 1875 voru sett lög um laun opinberra starfsmanna, og fram til 1962 var sú skipan á launamálum opinberra starfsmanna að Alþ. setti með sérstökum launalögum ákveðin laun þeim til handa. Hér skal ekki rakin sú saga. Ég minnist aðeins á hvað gerst hefur á síðari árum. Nefni ég í þessu sambandi lögin nr. 38 frá 1954, um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, sem veittu ríkisstarfsmönnum ýmsar réttarbætur, og ég nefni lög nr. 92 frá 1955, um laun starfsmanna ríkisins. En þáttaskilum valda lögin um kjarasamninga opinberra starfsmanna frá árinu 1962. Það var þá sem Alþ. kom til móts við óskir opinberra starfsmanna og veitti þeim samningsrétt í kjaramálum sínum. Alþ. afsalaði sér því valdi, sem það hafði með setningu launalaga, og fól endanlegt úrskurðarvald um launakjörin Kjaradómi ef samningar tækjust ekki. Það mátti vita að það hefði meginþýðingu, ef þetta fyrirkomulag ætti að heppnast, að samningsaðilar gætu haldið þannig á málum að samkomulag næðist án þess að málið þyrfti að ganga til Kjaradóms.

Ég skal ekki fjölyrða nú um það hver reynslan hefur orðið af þessu fyrirkomulagi. Ljóst er að opinberir starfsmenn eru ekki nægilega ánægðir með það. En ég tel meira en vafasamt að kasta þessu fyrirkomulagi fyrir róða, heldur beri að bæta það með tilliti til þess að opinberir starfsmenn geti við unað. Kemur þá til greina bæði að breyta skipan Kjaradóms og ákvæðum um þau efni sem Kjaradómur skal hafa hliðsjón af við úrlausnir sínar. Við höfum þegar reynslu um svipað fyrirkomulag við ákvörðun um verð á landbúnaðarafurðum svo og við ákvörðun fiskverðs, og framkvæmd þeirra mála hefur reynst á þann veg að bæði bændur og sjómenn hafa unað við þetta fyrirkomulag við ákvörðun á kjörum þeirra þó að þeir hefðu engan verkfallsrétt um þessi efni. Hvers vegna, spyr ég, skyldi ekki vera hægt að gera svo við opinbera starfsmenn að þeir gætu einnig unað núverandi skipulagi kjaramála þeirra þótt þeir hefðu ekki heldur verkfallsrétt?

Kröfunni um verkfallsrétt til handa opinberum starfsmönnum hefur verið hampað hér á Alþ. Við meðferð frv. að lögum nr. 92 frá 1955, um laun starfsmanna ríkisins, kom fram brtt. um að opinberum starfsmönnum væri heimilaður verkfallsréttur. Við frv. að lögum nr. 55 frá 1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, komu fram till. um verkfallsrétt til handa opinberum starfsmönnum. Í báðum þessum tilfellum voru brtt. þessar fluttar af kommúnistum, en felldar af þm. allra flokka nema kommúnista, hvort sem þeir voru þá kallaðir sósíalistar eða alþb.-menn. Og þegar alþb.-menn komu í ríkisstj. á árinu 1971 beittu þeir áhrifum sínum til þess að í málefnasamning vinstri stjórnarinnar var tekið upp það ákvæði að ríkisstj. vildi að opinberir starfsmenn fengju fullan samningsrétt um kjör sín, enda hyrfu þá öll sjálfvirk tengsl milli launasamninga þeirra og annars launafólks, eins og það var orðað í þessum málefnasamningi. Þetta var skilið svo, enda yfirlýst af hálfu vinstri stjórnarinnar, að opinberum starfsmönnum skyldi veittur verkfallsréttur. Þetta stefnuskráratriði framkvæmdi vinstri stjórnin ekki, og má því með sanni segja að henni var ekki alls varnað.

Það verður ekki annað sagt en að fram hafi komið á Alþ. mikill áhugi hjá alþb.-mönnum fyrir því að veita opinberum starfsmönnum verkfallsrétt, svo sem glögglega mátti heyra á máli síðasta hv. ræðumanns. Mig undrar því ekki ánægja þeirra með það frv., sem hér er til umr. Hins vegar hefur fram að þessu alltaf verið sterk og yfirgnæfandi andstaða gegn þessum fyrirætlunum og þá fyrst og fremst frá sjálfstæðismönnum. Það er ekki heldur að finna nein ákvæði um það í málefnasamningi núv. ríkisstj. að ríkisstj. hygðist koma á verkfallsrétti opinberra starfsmanna. Hins vegar hefur núv. ríkisstj. lagt fram frv. það sem við nú fjöllum um og er það meira en ég átti von á. Það hryggir mig sannarlega að slík ríkisstj. sem hæstv. núv. ríkisstj. skuli kjósa sér það hlutskipti að vilja eiga yfir sér reidda verkfallssvipu opinberra starfsmanna, en láta sér ekki nægja að gera svo vel við opinbera starfsmenn að þeir megi una hag sínum.

Axel Jónsson: Herra forseti. Ég skal við þessa umr. ekki vera langorður. Það er lagt til að málið komi til þeirrar n. sem ég á sæti í. En ég vil samt nú strax við 1. umr. málsins láta í ljós ánægju mína yfir að þetta frv. er fram komið, og það er byggt á samkomulagi sem gert hefur verið, — samkomulagi sem ég treysti fyllilega að verði til góðs. Ég hef þá trú að þetta sé réttlætismál sem hér er á ferðinni, og ég treysti opinberum starfsmönnum til að fara með þann rétt sem þeim er hér veittur innan vissra takmarkana. Það er fram tekið að uppi verði haldið öryggisgæslu og heilsu-

gæslu og er það vitanlega sjálfsagt og mun ekki hafa verið ágreiningsefni milli ríkisstj. annars vegar og stjórnar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hins vegar. Ég tel þetta mjög merkan áfanga, að frv. um þetta efni skuli vera flutt sem stjórnarfrv., fagna því og styð það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 17 shlj. atkv.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 573). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 573, varðar breyt. á lögum nr. 46 frá 24. maí 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Í raun er frv. þetta til komið vegna breyt. þeirra á samningsréttarmálum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja sem gert er ráð fyrir í frv. því til l. um kjarasamninga BSRB sem hér hefur verið afgr. til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. Eins og ég gat um í framsöguræðu minni fyrir því frv. náðist ekki samkomulag við Bandalag háskólamanna um breyt. á gildandi kjarasamningalögum að því er félagsmenn þeirra varðar og mun því lögin frá 1973 um kjarasamninga opinberra starfsmanna gilda áfram um Bandalag háskólamanna og Læknafélag Íslands. Með þessu frv. er lögð til sú ein breyt. á lögunum nr. 46/1973 að félagsmenn BSRB falli ekki lengur undir þá löggjöf.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til frekari umr., en legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, frv. (þskj. 574). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Frv. þetta til breyt. á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38 frá 1954, er flutt í tengslum við þau tvö frv. sem ég hef áður gert grein fyrir og einnig byggt á þeim samkomulagsdrögum sem liggja til grundvallar þeim frv.

Í 10. gr. þeirra samkomulagsdraga, sem gerð var grein fyrir áður og eru í grg. með frv. um kjarasamninga BSRB, er gert ráð fyrir að starfsmönnum, er skipa tiltekin störf, skuli óheimilt að gera verkfall. Hér er um að ræða ýmsa embættismenn og tiltekið starfsfólk við dómgæslu, löggæslu og stjórnsýslu. Sú upptalning er þó ekki tæmandi. Stór hluti þeirra stöðuheita, sem upp eru talin í frv., er nú skipaður mönnum sem eru utan vébanda Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og upptalning á þeim á því ekki heima í frv. til l. um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Þessar stöður allar er þó nauðsynlegt að undanþiggja verkfallsrétti með lögum þar sem allir ríkisstarfsmenn geta orðið félagar í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Eðlilegt þykir að þessi ákvæði séu bundin í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins þar sem þau taka til allra ríkisstarfsmanna án tillits til aðildar þeirra að starfsmannafélögum eða heildarsamtökum.

Um frv. að öðru leyti leyfi ég mér að vísa til athugasemda með því. Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Laun starfsmanna ríkisins, frv. (þskj. 575). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Með frv. því, er hér liggur fyrir á þskj. 575, er lagt til að lögbundin þóknun til innheimtumanna ríkissjóðs fyrir innheimtu ríkissjóðstekna verði felld niður, en þeim verði þess í stað ákveðin laun fyrir þessi störf með reglugerð.

Er efni frv. þessa hliðstætt 3. mgr. 7. gr. frv. til l. um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja er nú hefur verið afgr. til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. þessarar d. Þeir innheimtumenn, sem frv. þetta nær til, eru bæjarfógetar, sýslumenn, lögreglustjórarnir í Reykjavík, á Keflavíkurflugvelli og í Hafnarhreppi og tollstjórinn, yfirborgardómarinn, yfirborgarfógetinn og yfirsakadómarinn í Reykjavík. Núverandi skipan á greiðslum fyrir innheimtu er sú að innheimtumenn fá ákveðinn hundraðshluta af því sem þeir innheimta og fer stiglækkandi eftir því sem upphæðirnar eru hærri. Þannig eru nú greidd t. d. 1% innheimtulaun fyrir 200 þús. kr. sem innheimtar eru, en ¼‰ af því sem innheimtist umfram 10 millj. Samkv. núgildandi reglum eru innheimtulaun hins vegar á engan hátt miðuð við það hversu mikið fé innheimtumenn hafa til innheimtu eða hversu háan hundraðshluta af því tekst að innheimta. Innheimti tveir innheimtumenn því jafnmargar krónur fá þeir nú jafnhá innheimtulaun, enda þótt annar þeirra hafi innheimt allt það sem til innheimtu var hjá honum, en hinum hafi aðeins tekist að innheimta helming af því sem á var lagt í hans umdæmi. Laun innheimtumanna hafa því fram að þessu ráðist af því hversu stór umdæmi þeirra eru, en hlutfallslegur árangur við innheimtuna hefur ekki verið metinn sem skyldi. Hafa innheimtumenn í stærstu umdæmunum því haft óeðlilega mikil innheimtulaun, en innheimtumenn í hinum smærri hafa lítið borið úr býtum, enda þótt þeir næðu mjög góðum árangri við innheimtuna.

Með bréfi, dags. 27. okt. 1971, skipaði þáv. fjmrh. n. til að gera till. um breytt fyrirkomulag á greiðslu aukatekna sýslumanna, bæjarfógeta og sambærilegra embættismanna. Nefndarmenn voru Baldur Möller ráðuneytisstjóri, Björn Fr. Björnsson sýslumaður, Björn Hermannsson núv. tollstjóri og Sigurgeir Jónsson bæjarfógeti. Skilaði n. till. sínum í júní 1972 og gerði till. um róttækar

breyt. á núv. aukatekjureglum. Till. n. miða að því að gera innheimtulaunakerfið að hvata til bætts innheimtuárangurs jafnframt því að jafna hlut innheimtumanna frá því sem verið hefur. Þykir eðlilegt að nýjar reglur um innheimtulaun þessara embættismanna verði settar með reglugerð. Bæði er það í samræmi við 3. mgr. 7. gr. frv. um kjarasamninga BSRB og eins í samræmi við það að föst laun sýslumanna eru nú ákveðin einhliða af ráðh. í samræmi við ákvæði 2. mgr. 4. gr. laga nr. 46/1973. Virðist því eðlilegt að ákvörðunarvaldið um önnur kjör þeirra verði einnig í höndum ráðh. svo að unnt sé að ná heildarsamræmi við ákvörðun kjara þessa hóps ríkisstarfsmanna.

Þau meginatriði, sem taka verður tillit til við setningu reglugerðar um aukatekjur innheimtumanna ríkissjóðs, eru annars vegar að útgjöld ríkissjóðs vegna greiðslna innheimtumanna aukist ekki frá því sem nú er, og hins vegar, að innheimtulaunin verði innheimtumönnunum virkur hvati til bætts innheimtuárangurs, en því marki má ná með því að tengja fjárhæð innheimtulauna þeim hundraðshluta af álögðum gjöldum sem innheimtist árlega hjá hverjum manni. Þá er eðlilegt að stefna að því með reglugerðinni að mest sé greitt fyrir þau gjöld sem erfiðust eru í innheimtu, en minna eða jafnvel ekkert fyrir hin auðveldustu þeirra, t. d. tolla.

Herra forseti. Með því, sem ég hef nú sagt, og vísun til grg. frv. leyfi ég mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Biskupsembætti, frv. (þskj. 585). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er lagt fyrir hv. Ed., er um það að biskupsdæmi hinnar íslensku þjóðkirkju skuli vera tvö: Skálholtsbiskupsdæmi og Hólabiskupsdæmi, en sú skipan, sem gert er ráð fyrir í frv., skal þó ekki komast á fyrr en fé hefur verið veitt til þess á fjárlögum.

Þetta frv. er samið af dr. Ármanni Snævarr hæstaréttardómara að tilhlutan dóms- og kirkjumrn. Með frv. fylgir mjög ítarleg grg. sem Ármann Snævarr hefur samið og get ég þess vegna látið nægja að mestu leyti að vísa til þeirrar grg.

Ákvæði er um það í þessu frv. að jafnframt því sem þessi nýja skipan taki gildi er gert ráð fyrir að þá mundu leggjast af embætti vígslubiskupa.

Sú skoðun, að það skuli sett hér upp tvö biskupsembætti, virðist njóta nokkurs fylgis um þessar mundir. Sú skoðun er að hluta til sjálfsagt reist á því að það sé ofviða einum biskupi að inna af hendi öll þau störf sem honum eru lögð á herðar, en að hluta til og e. t. v. fyrst og fremst er hún þó byggð á sögulegri hefð.

Það er að sjálfsögðu óþarfi hér að rekja alla þá sögu sem liggur að baki þessu frv. Eins og kunnugt er voru í öndverðu sett á fót þessi tvö biskupsdæmi hér í Skálholti og á Hólum, og í kjölfar þess að þessi biskupsdæmi voru þar sett á stofn, þá byggðust báðir þessir staðir upp, um aldaraðir helstu menningarsetur Íslands.

A hinu myrkasta skeiði í Íslandssögunni, ofanverðri 18. öld, var biskupssetur fyrst flutt frá Skálholti til Reykjavíkur og biskupsstóll á Hólum síðan lagður niður. Má segja að það sé undarlegt með hve hljóðlátum hætti þetta gat í raun og veru gerst, að biskupsstóll og skóli væru þannig fluttir til og lagðir niður. Að vísu gerðust fleiri breytingar í íslenskri sögu, eins og kunnugt er. Þá var Alþ. líka lagt niður. En þá er þess að geta að Alþ. það, sem þá var starfandi, var ekki orðið annað en dómstóll og þess vegna var það eðlileg breyting þegar landsyfirrétturinn kom í stað þess og ekki nema tilflutningur á staðnum sem þar átti sér stað. Hitt er svo annað mál, að Alþ. var aftur endurreist, fyrst sem ráðgjafaþing og síðan í þeirri veru sem það upphaflega var.

En annað hlutskipti beið aftur á móti hinna fornu biskupsstóla. Hvorki Skálholt né Hólar urðu að nýju biskupssetur, og við svo búið situr enn í dag. Á síðari árum hefur vegur Skálholts þó farið vaxandi, fyrst og fremst með endurbyggingu hinnar fornu dómkirkju og síðan með stofnun lýðháskóla á staðnum. Því má með sanni segja að Skálholt sé nú í hópi þeirra menningarsetra hérlendis sem hæst ber. Um Hóla er það að segja, að þeirra niðurlæging varð aldrei alger eins og Skálholts að því leyti til að hin forna kirkja stóð þar þó og seinna var þar settur á fót bændaskóli, eins og kunnugt er, á síðari hluta síðustu aldar, sem hefur síðan starfað og þannig sett svip sinn á Hólastað, þannig að vegur Hóla hefur að vísu verið á sinn hátt alltaf mikill og haft sína þýðingu. En sá skóli, sem þar var fyrr, var þó ekki endurreistur þar, heldur endurreistur á Akureyri, ef svo má segja, og biskupsstóll hefur ekki verið endurreistur á Hólum.

Það, sem stefnt er að með þessu frv., er að endurreisa biskupsstól á Hólum. Ég dreg ekki í efa að sú ráðstöfun yrði til þess að efla Hólastað og gera hann á ný að þeirri kirkjulegu og menningarlegu miðstöð sem hann óneitanlega var í tæpar sjö aldir.

Frv. þetta, sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir því að biskupsdæmi þjóðkirkjunnar verði tvö, Skálholtsbiskupsdæmi og Hólabiskupsdæmi. Þessi skipan er mjög í ætt við frv. sem Magnús Jónsson prófessor flutti á Alþ. árið 1941 svo og frv. það sem samþ. var af Kirkjuþingi 1958. Af fjárhagsástæðum þykir aftur á móti ekki fært að leggja til að biskupsdæmin verði þrjú, eins og ráðgert er í frv. því sem samþ. var á Kirkjuþingi árið 1968.

Við afmörkun biskupsdæmanna tveggja hefur verið tekið mið af núverandi skiptingu landsins í prófastsdæmi í stað þess að fylgja hinni fornu skiptingu milli Skálholts- og Hólabiskupsdæma. Þannig er lagt til að Hólastifti nái til Strandasýslu, Norðurlands alls og Austurlands að undanskilinni Austur-Skaftafellssýslu. Tekur

það þar með til sex prófastsdæma með um það bil 45 þús. íbúum. Undir Skálholtsbiskup heyra þá 9 prófastsdæmi með liðlega 170 þús. íbúum. Umdæmi hans yrði því miklu fjölmennara heldur en Hólabiskupsdæmi, en hins vegar landfræðilega litlu stærra en umdæmi Hólabiskups.

Í frv. er gert ráð fyrir að Skálholtsbiskup sitji í Reykjavík, en Hólabiskup á Hólum. Þó er heimilt að flytja biskupssetur frá þessum stöðum með forsetaúrskurði sé meiri hluti þjónandi presta og safnaðarfulltrúa í viðkomandi biskupsdæmi því meðmæltur.

Önnur efnisatriði þessa frv. lúta m. a. að verkefnum biskupa og verkaskiptingu milli þeirra, vörslu sjóða og annarra kirkjueigna, stöðu biskupa, þ. á m. á Kirkjuþingi og í kirkjuráði, lögkjörum og vígslum. Um þessi atriði er ekki ástæða til að fjölyrða, heldur vísast í því sambandi til grg. Þó er rétt að vekja athygli á því, að ætlunin er að endurskoða sérstaklega lög um biskupskosningu og önnur þau lög er biskupsembætti varða og því er ekki að finna nein ákvæði um kosningu biskupa í þessu frv.

Drög að þessu frv. voru lögð fyrir kirkjuráð og biskup hefur sent svo hljóðandi svar, dags. 1. apríl 1976, sem ég vil leyfa mér að lesa hér upp, með leyfi forseta:

„Fyrir nýafstöðnum aðalfundi kirkjuráðs lágu m. a. til athugunar og umsagnar drög að frv. til laga um biskupsdæmi hinnar íslensku þjóðkirkju, sbr. bréf hins háa dóms- og kirkjumrn. frá 9. f. m. Nokkur dráttur varð á því fram yfir það sem áformað var að kirkjuráð gæti haldið aðalfund sinn. Að þessu sinni ollu því forföll sumra kirkjuráðsmanna sakir veikinda og annarra orsaka.

Um téð frv. gerði kirkjuráð eftirfarandi samþykkt samhljóða:

Kirkjuráð fagnar frv. kirkjumrh. um tvö biskupsdæmi hinnar íslensku þjóðkirkju og felur biskupi að kynna ráðh. þessa skoðun sína, jafnframt því að það telur eðlilegt að norðlendingar sjálfir ráði embættissetri Hólabiskupsdæmis.

Af þessu tilefni vill kirkjuráð einnig minna á frv. um biskupsdæmi þjóðkirkjunnar er samþ. var á Kirkjuþingi 1968.“

Þetta var samþykkt sem kirkjuráð gerði, en síðar segir svo í bréfi biskups:

„Mér er það ánægja að kynna hæstv. ráðh. þessa afstöðu kirkjuráðs til umræddds máls. Ég vil jafnframt leyfa mér að minna á að ég hef bæði á Prestastefnu og á Kirkjuþingi látið uppi ósk og flutt till. um að norðlendingar fengju hið fyrsta sinn eigin sjálfstæðan biskupsstól. Var sú till. mín samþ. á Kirkjuþingi 1972 að þjóðkirkjan fengi þessa umbót sem gjöf í tilefni þjóðhátíðarársins 1974. Það var vitaskuld ekki tilgangur minn né Kirkjuþings 1972 að brigða þeirri stefnu sem Kirkjuþing markaði 1968 með samþykkt frv. um þrjú biskupsdæmi í landinu, en þar eð frekari hreyfing hafði ekki komist á málið á þeim grundvelli þótti eðlilegt að benda á þann möguleika að sækja að fyrrgreindu marki í áföngum.

Öllum er ljóst að Hólabiskupsdæmi hinu forna hefur ekki verið bættur sá missir sem það varð fyrir er hinn norðlenski biskupsstóll var lagður niður. Má því þykja tímabært að bæta hér um. Þar er um að ræða sanngirnisrök auk annarra röksemda sem styðja að breytingu á skipun mála að þessu leyti. Kunnugt er og augljóst að söguleg ræktarsemi við biskupssetrin að fornu, Skálholt og Hóla, ræður miklu um áhuga manna á nýskipan biskupsdæma. Verður ekki heldur hjá því komist að hvor staður um sig fylgi hinum í meginatriðum um aðhlynningu og uppbyggingu. Staðirnir skipa vegna sögu sinnar áþekkan sess í hugum þjóðarinnar. Á undanförnum árum hefur Skálholt risið úr rústum. Alþ. afhenti þjóðkirkjunni staðinn til eignar og umsjár með lögum 1963. Síðan hefur staðnum verið þokað áleiðis að því marki að verða kirkjulegt höfuðsetur.“

Ég hirði ekki um að lesa meira úr þessu bréfi biskups, en það mun að sjálfsögðu eða afrit þess verða lagt fyrir þá n., sem fær þetta frv. til meðferðar. Sömuleiðis vil ég geta þess að það hafa borist allmargar samþykktir til ráðuneytisins, einkanlega frá sóknarnefndum á þessu svæði og þó sérstaklega á Norðurl. v. og einnig frá Prestafélagi hins forna Hólastiftis. Þær áskoranir liggja í rn., en munu að sjálfsögðu verða sendar þeirri n. sem fær þetta frv. til meðferðar.

Eins og ég áðan sagði er grg. með frv. það ítarleg að ég sé ekki ástæðu til þess að vera að endurtaka það hér sem þar segir, en vænti þess að hv. þm. kynni sér hana.

Það er að sjálfsögðu ekki ætlast til þess eða gert ráð fyrir því að þetta frv. verði afgr. á þessu þingi þó að rétt þætti að leggja það fram til kynningar. Það er eðlilegt að það taki nokkurn tíma og menn vilji fá nokkurt svigrúm til þess að athuga það áður en afgr. verður.

Ég skal svo, herra forseti, ekki fara fleiri orðum um þetta, en leyfi mér að óska þess að frv. verði að umr. þessari lokinni vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls held ég að það sé rétt að ég geri grein fyrir andstöðu minni við þetta frv., ekki síst með tilliti til þess að með nokkuð sérstæðum hætti hefur mitt nafn verið tengt kirkjulegum áhuga um skeið, þó að það geti nú kannske farið milli mála.

Ég hélt satt að segja að það væri nú engin tilviljun að þetta frv. var lagt fram, að því er ég held best, 30. apríl. Sá dagur er oft hliðstæður 1. apríl varðandi ýmsar tiltektir. En þó kann það vel að vera að hér sé um fulla alvöru að ræða í þessu efni, þó mér fyndist satt að segja lítill sannfæringarkraftur í orðum hæstv. ráðh., svo eiginlegt sem einmitt þessum hæstv. ráðh. er að tala fyrir sínum málum á mjög sannfærandi og trúverðugan hátt. En hæstv. ráðh. fullyrðir að þarna sé um fullkomna sannfæringu að ræða, alvörumál og ekkert aprílgabb.

Það er mikið talað um það nú og ekki að ófyrirsynju að við lifum á erfiðum tímum. Með tilliti til þess eru næstum dag hvern nýjar álögur lagðar á þjóðina. Og eins er mikið talað um það að við þurfum að koma á auknum sparnaði í okkar ríkisrekstri, þar þurfi að spara. Það er því von að fólk sé nokkuð undrandi þegar fram kemur frv. sem beinist alveg í þveröfuga átt

og að því er ég held að flestir telji í algjörlega þarflausa átt. Ég hef hlaupið yfir þessa ítarlegu grg. Satt er það, ítarleg er hún, og hún er ákaflega ágæt vegna þess að þetta rifjar upp fyrir manni söguna og er að því leyti til ljómandi lesning. En þessi grg. hefur ekki á nokkurn hátt sannfært mig um nauðsyn þess að fjölga biskupum hér á landi.

Nú er það hins vegar tekið fram af hæstv. ráðh., að þetta sé aðeins sett fram til kynningar nú, og eins er tekið fram í 1. gr. að sú skipan, sem hér um ræðir, skuli komast á þegar fé er veitt á fjárlögum í þessu skyni. Má þá kannske vera að á þessu geti orðið alllöng bið og því ekki ástæða til að hafa mjög mörg andstöðuorð hér við. En óneitanlega skýtur þetta frv. mjög skökku við allt tal ráðamanna í dag um að við eigum að halda að okkur höndum, við eigum að spara í ríkisrekstrinum og við lifum á erfiðum tímum. Það er þetta sem ég hef fundið að fólk er töluvert undrandi á, alveg sérstaklega frá hendi þessa hæstv. ráðh.

Ég held að það sé alveg öruggt mál að biskupi Íslands séu ekki ofviða þau verkefni sem hann hefur í dag. Mér sýnist starfssvið hans ekki á nokkurn hátt vera slíkt. Hann hefur sér við hönd öruggan og ágætan biskupsritara, og ég hygg að hann sé ekki heldur ofhlaðinn störfum þó að hann sinni málefnum landsins alls. Ég ræddi þetta mál á sínum tíma við fyrrv. biskupsritara og hann taldi að hér væri síður en svo um það að ræða að starfið væri á nokkurn hátt ofviða fyrir þetta embætti. En það var afkastamaður, það skal játað.

Varðandi málið að öðru leyti vil ég segja það, að hæstv. ráðh. vék hér að hefðinni, og það er kannske það eina sem að baki stendur sem hægt er að líta á með nokkurri sanngirni varðandi virðingu þess ágæta Hólastaðar. En mikið þætti mér nú viturlegra, af því að það er auðveldara og kostnaðarminna, að byrja á byrjuninni og byrja þá á Skálholti og flytja biskupinn þangað. Í svokallaðri stofnananefnd gerðum við einmitt till. um það ákveðið að biskupsembættið yrði flutt austur í Skálholt, svo sem mun hafa verið mikið áhugaefni núv. biskups, þ. e. a. s. áður en hann varð biskup. Og ég hef heyrt þær mótbárur helstar við því að flytja þetta embætti héðan úr Reykjavík í Skálholt að það væri svo geysilega kostnaðarsamt. Hvað þá um nýtt biskupsembætti á Hólum sem ætti að standa undir nafni, ég tala nú ekki um undir virðingu hins forna Hólastaðar? Ég er hræddur um að það kæmi allduglega við pyngju skattborgaranna ef væri farið að endurreisa þá virðingu alla sem Hólastað fylgdi á sínum tíma þegar hann var í blóma.

Ég vil sem sagt byrja á því og treysti hæstv. kirkjumrh. til þess að hefja þetta starf í sambandi við biskupsembættið á þann veg að flytja biskupsembættið austur í Skálholt. Það væri góð byrjun. Síðan skyldi ég vera til viðræðu einhvern tíma seinna, þegar við lifðum á batnandi tímum vonandi, að endurreisa hinn forna Hólastað. En ég verð bara að segja nákvæmlega eins og er: Mér þykir virðing Hóla ágæt eins og hún er með sinn bændaskóla. Það snertir ekki kirkjuleg málefni, satt er það. En ég dreg í efa að virðing Hóla yrði nokkru meiri þótt þar sæti biskup. Það færi mjög eftir mönnum og aðstæðum öllum. En virðing Hóla gæti orðið mikil ef bændaskólinn þar væri stórefldur og honum veitt betri og meiri aðstaða en nú er og þar komið á fót framhaldsmenntun fyrir bændur og búnaðarráðunauta í landinu. Ég sem sagt mundi miklu fremur kjósa þá skipan mála heldur en að fara að bæta þar við einni silkihúfunni í okkar þjóðkirkju.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég þarf ekki að vera fjölorður. Það er auðvitað eðlilegt að hver og einn hafi sína skoðun á þessu og er ekkert við því að segja þó að hv. síðasti ræðumaður sé andstæður því að sett verði upp tvö biskupsdæmi.

Ég vil hins vegar segja það, að þó að hv. þm. ætti að vera sparnaður mjög ríkt í huga, þá verður að líta á það um hvað er að ræða hverju sinni. Ég hygg að kirkjan, hin íslenska þjóðkirkja, sé ekki sérstaklega þung á vogarskál fjárlaga. Ég held að það séu æðimargir liðir aðrir sem eru þar hlutfallslega þyngri. Og ég held að það sé ekki ástæða til þess út af fyrir sig að telja það eftir, borið saman við ýmsa aðra þætti málanna, þó að það væri varið einhvað örlitlu meira til hennar, þá vitaskuld í þeirri trú að það starf, sem unnið er af kirkjunni, skili einhverjum árangri, og ég vil vona að svo sé, bæði að því er varðar hið trúarlega og eins að því er varðar hið siðferðilega uppeldi þjóðarinnar. Ef það er ekki svo að kirkjulegt starf skili einhverjum góðum árangri að því leyti, þá er það að einhverju leyti ekki eins og það ætti að vera. Ég efa það ekki að kirkjulegt starf presta og safnaða, sem auðvitað á að vera samtvinnað, getur haft heillavænleg uppeldisleg áhrif ekkert síður en skólastarf, og það er vissulega svo að á því þurfum við nú að halda í okkar þjóðlífi að fá þannig heillavænleg uppeldisáhrif, heillavænlegri uppeldisáhrif en nú eru. Ég veit að kirkjan tekur ákaflega litinn hlut á móti því t. d. sem jafnágæt menningarstofnun og Sjónvarp tekur. En ég held að það sé umhugsunarefni hvort uppeldisáhrif sjónvarpsins muni að öllu leyti vera jafnþroskavænleg og t. d. kirkjunnar ef rétt væri á haldið.

Þetta vildi ég aðeins segja, að kirkjan hefur ekki verið eyðslusöm og það hefur ekki verið ausið í hana fé, hvort sem það er af því að skipan Alþ. er talsvert á aðra lund en var áður fyrr. Þá sátu á Alþ. margir sæmdar- og höfuðklerkar um áratugabil, settu sinn svip á Alþ. og voru þar til sæmdar, en hafa vafalaust einnig borið hag kirkjunnar nokkuð fyrir brjósti. Nú hefur verið fátt um presta á Alþ. um hríð, og ég er raunar ekki að halda því fram að þeir geti ekki og eigi ekki fyrst og fremst að vinna sín störf utan Alþ. Auk þessa vildi ég bæta því við, að þó að menn hugsi um sparnað, þá hafa menn líka í huga viss byggðarsjónarmið. Þau byggðarsjónarmið komu fram hjá þeirri ágætu n. sem síðasti ræðumaður, hv. þm. Helgi F. Seljan, sat í. Þau komu fram í því að lagt var til að ýmsar stofnanir þótti vel mega flytja út á land. En það er í flestum tilfellum gefið mál að flutningnum mundi

fylgja nokkur kostnaður og að það mundi líka í sumum tilfellum vera dýrara að reka stofnanirnar utan Reykjavíkur heldur en í Reykjavík. Samt sem áður getur staðið svo á að þetta sé fyllilega betrumbætanlegt, að dreifa þannig ýmsum stjórnstöðvum um landið. Að þessu er þegar talsverður vísir kominn. Það er búið að dreifa út vegaskrifstofum, það eru komnar vegaskrifstofur í flestöll eða öll kjördæmi landsins. Það er núna að koma fræðslustjóri í hvert kjördæmi landsins. Það er ekki nokkur vafi á því að þessi dreifing valdsins hefur talsverðan kostnað í för með sér, það mætti spara með því að taka alls ekki upp þetta skipulag, ljá alls ekki máls á því, heldur hafa það allt hér í Reykjavík. En samt sem áður hafa menn ekki lagt í það.

Þegar allt kemur til alls, þá er það ekki víst, það á eftir að sýna sig hvort biskup á Hólum mundi kosta miklu meira en einn fræðslumálafulltrúi í einhverju kjördæmi, að ég nú ekki tali um vegamálastjóra í einhverju kjördæmi. Þetta bið ég menn að hafa í huga.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég ætla aðeins út af því, sem hæstv. dómsmrh. sagði hér áðan, að segja örfá orð. Undir eitt tek ég mjög ákveðið, og það er varðandi það uppeldisstarf sem kirkjan getur og á að vinna að. Ég er nú ekki endilega að segja að það uppeldisstarf hafi alltaf fallið í réttan farveg að mínu áliti. En ég er hins vegar jafnsannfærður um að það uppeldisstarf getur gert það og margir prestar hafa sinnt því starfi, æskulýðsstarfinu, með miklum ágætum og haft mjög heillavænleg áhrif á ungt fólk í því efni. Það er raunar frumskylda þeirra, finnst mér, að komast í sem best samband við börn og unglinga og ná sem heilbrigðustum tengslum við það unga fólk. Þá á ég vitanlega við að þeir sinni því hlutverki sínu að efla almennt siðgæði í stað þess kannske, eins og stundum hefur viljað við brenna, að reyna að troða upp á þetta unga fólk ýmsum hreinum kreddukenningum sínum. Það er sem betur fer í miklum minni hluta.

Ég skal lýsa því hér yfir, að því að mér varð svo tíðrætt um sparnað og það orð varð einnig hæstv. dómsmrh. einnig mjög oft á munni hér áðan, að ekki sé ég eftir því fé sem fer í heilbrigt og eðlilegt æskulýðsstarf hjá íslensku kirkjunni. Ég vildi glaður horfa á eftir einhverjum krónum í það. Ég vildi þá jafnframt tryggja það og mega vona það að íslenska kirkjan haldi áfram á þeirri frjálslyndisbraut sem hún hefur verið allt fram undir þetta. En ég yrði heldur óhress hins vegar yfir því, og þá mundi afstaða mín e. t. v. verða önnur til framlaga í þessu skyni, ef hún færðist í þá þröngsýnisátt, sem vindar berast nú að austan úr Skálholti.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég er nú einn þeirra þegna þessa kalda lands sem gjarnan vildu sjá meiri áhrif frá kirkjunni, meiri áhrif í sambandi við siðferðilegt uppeldi þessarar þjóðar af kirkjunnar hálfu sem hæstv. kirkjumrh. gat um. Ég hygg að við höfum látið það dragast fulllengi, hvernig svo sem á því stendur, að gera úttekt á hlutverki kirkjunnar í þessu samfélagi okkar.

Það er alveg rétt sem hæstv. ráðh. segir, til kirkjunnar er ekki varið miklu fé. En ég vildi gjarnan að ráðstafanir yrðu gerðar til þess, af því að ráðin eru tiltæk, að gera úttekt á árangrinum af starfi okkar klerkastéttar og okkar kirkjulega starfi til þess að geta síðan lagt á það dóm hvort æskilegt sé að auka fjárveitingar til kirkjunnar, hvort það fé, sem varið er til kirkjunnar, renti sig nú í þjóðlegum dyggðum æskulýðsins eða hvort þetta litla fé, sem til kirkjunnar er veitt, beri bókstaflega engan árangur.

Mér er persónulega kunnugt um það að ýmsir góðir þjóðlegir þegnar austanlands og norðan hafa lengi haft áhuga á því að Hólastóll yrði endurreistur. En ég hygg nú að þeir ætlist ekki til þess að það verði mjög ódýr biskup sem þar settist að, fyrirheit um billegan biskup mundu tæpast gefa byr undir vængi vonum þeirra um endurreisn staðarins.

Hin sögulega rómantík í sambandi við biskupsstólana hina fornu er nú blandin nokkru beisku raunsæi. Það þótti ekki gott að búa í grennd við stórhöfðingja, það þótti raunar gott að búa fjarri biskupssetrunum. En þetta breytir ekki þeirri staðreynd að æskilegt er að myndarlega sé búið að hinum fornu sögulegu höfðingjasetrum okkar. Það tel ég æskilegt, og æskilegt að það rísi í fyrsta lagi minnismerki um forna sögulega þýðingu þessara staða og að sú starfsemi sé rekin ekki síst á Hólum sem nágrannasveitunum sé nokkur sæmd að. En ég tek undir það með hv. þm. Helga F. Seljan, að í svipinn sé ég meiri von til þess að þetta verði gert á Hólum með því að efla búnaðarskólann þar, verja jafnvel því litla fé, sem það mundi kosta að reka þarna ódýrt minni háttar biskupssetur, — verja því fé um sinn til skólans. Ég held að ávinningurinn væri þar vísari.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Sveitarstjórnarlög, frv. (þskj. 527, n. 598). — *2. umr.*

Axel Jónsson: Herra forseti. Hér er um að ræða mál sem flutt var í Nd. af þm. allra flokka, frv. til breyt. á sveitarstjórnarlögum varðandi laun oddvita. Eins og fram er tekið í grg. hafa laun oddvita til þessa verið 4% af tekjum, sem oddvitar innheimta fyrir sveitarsjóði, og auk þess gjald sem miðast við íbúafjölda sveitarfélaga. Gjald það var á s. l. ári 260 kr. á íbúa. Frv. þetta gengur í þá átt að laun oddvita verði 6% af öllum rekstrartekjum sveitarfélagsins. Sú breyting var gerð á frv. í Nd., að auk þess sem í 1. gr. í frv. segir: „í hreppum þar sem sveitarstjóri er ekki starfandi“ — þar var bætt við: eða annar starfsmaður við stjórn sveitarfélagsins, skulu oddvitar svo eiga rétt á launum o. s. frv.

Félmn. þessar hv. d. ræddi málið á fundi sínum og leggur til að það verði samþ. eins og fram kemur á þskj. 598. Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Eggert G. Þorsteinsson og Steingrímur Hermannsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Ábyrgð á láni til virkjana í Tungnaá, frv. (þskj. 23, n. 596, 597). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur tekið til athugunar frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að ábyrgjast lán er Landsvirkjun hyggst taka til virkjana í Tungnaá. Hæstv. fjmrh. fór þess á leit við n. að hún beitti sér fyrir að flytja brtt. við frv. sem koma fram á þskj. 597. En breytingarnar eru þess efnis, að í stað fjárhæðarinnar, sem kemur fram í 1. gr. frv., 2 milljarðar 385 milljónir kr., komi: 15 milljónir Bandaríkjadala. Þessi fjárhæð, 2 milljarðar 385 milljónir, er 15 milljónir Bandaríkjadala á því gengi er var er frv. var lagt fram á sínum tíma, en það þótti hins vegar rétt að hafa þessa fjárhæð í Bandaríkjadölum eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í öðrum gjaldmiðli. Einnig hefur verið bætt við ákvæði sem er svo hljóðandi samkvæmt brtt. sem fjh.- og viðskn. leggur fram:

„Ríkisstj. er heimilt að taka lán er komi að hluta eða öllu leyti í stað ábyrgðar samkvæmt 1. mgr. og endurlána það Landsvirkjun með þeim kjörum og skilmálum sem hún ákveður."

Það kann að vera að það muni reynast hagkvæmara að þetta lán verði tekið sem hluti af annari lántöku ríkisins, og þá þarf að vera fyrir hendi heimild fyrir ríkisstj. til að taka slíkt lán og endurlána það Landsvirkjun.

Fyrirsögn frv. breytist í samræmi við þessa breytingu og verður þannig:

„Frv. til laga um heimild fyrir ríkisstj. til að ábyrgjast lán Landsvirkjunar og til að taka lán og endurlána það Landsvirkjun til virkjana í Tungnaá."

Fjh.- og viðskn. leggur til að frv. verði samþ. með þessum breytingum sem ég hef nú gert grein fyrir og koma fram á þskj. 597.

ATKVGR.

Brtt. 597,1 (ný 1. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 597,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 11 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Ríkisreikningurinn 1974, frv. (þskj. 436, n. 588). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1974 og mælir með að það verði samþ. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru þeir Ragnar Arnalds og Jón Helgason. Albert Guðmundsson tekur ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja þetta mál. Það var gerð mjög góð grein fyrir því af fjmrh. og kemur skýrt fram í frv. hvað hér er um að ræða. Ég vil aðeins endurtaka það að n. mælir með því að frv. þetta verði samþ.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Tollheimta og tolleftirlit, frv. (þskj. 614, 654). — 3. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. við frv. til l. um breyt. á lögum um tollheimtu og tolleftirlit sem er mjög einföld í sniðum, en það er aðeins að inn komi ný gr. er verði 4. gr. og orðist svo: „Lög þessi öðlast þegar gildi."

Það hafði fallið niður að setja gildistökuákvæði í frv. þegar það var flutt og hafði einnig farið fram hjá nm., en hins vegar munu lögin, ef samþ. verða, ekki taka gildi fyrr en eftir 3 mánuði ef þetta ákvæði vantar. En þar sem er brýnt að þessi lög taki gildi hið fyrsta, þá er ástæða til þess að taka það fram að lög þessi öðlist þegar gildi, og hef ég leyft mér að flytja brtt. þess efnis.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 654, sem var of seint fram komin, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 654 samþ. með 12 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Skráning og mat fasteigna, frv. (þskj. 606). — Ein umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Eins og menn muna var frv. til l. um skráningu og mat fasteigna afgr. frá Ed. fyrir nokkru, og menn muna það e. t. v. að við frv. voru fluttar mjög margar brtt. og m. a. var breytt nafni stofnunarinnar. Hafði fallið niður á einum stað að gera ráð fyrir nafnbreytingunni. Þess vegna var í Nd. breytt síðasta málslið 12. gr. í samræmi við það. Einnig var flutt brtt. við 17. gr. og þar féll niður í vélritun, svo að sagt sé frá eins og er, ein mgr., þ. e. a. s. málsgr.: „Bújarðir skulu metnar miðað við notkun þeirra til búskapar á meðan þær eru nýttar þannig." Hér er því aðeins um lítils háttar mistök að ræða, sem varð hins vegar að lagfæra. Ég vil því leggja til að frv. verði samþ. eins og það er nú komið frá Nd.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 663).

Eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum, frv. (þskj. 605). — Ein umr.

Frsm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, var til meðferðar í heilbr.- og trn. Ed. og er endursent okkur frá Nd. vegna þess að okkur hafði sést yfir að í 2. gr. frv. stendur á einum stað 6 í staðinn fyrir 0, þ. e. a. s. „falli félagi frá áður en hann nær 76 ára aldri" stendur hér, en á að sjálfsögðu að vera 70. Þess vegna er frv. komið hingað aftur. Er lagt til að frv. verði samþ. eins og það kemur nú frá Nd. núna.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 664).

Fjölbýlishús, frv. (þskj. 460, n. 621, 622). — 2. umr.

Frsm. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég þarf ekki, þó að málið sé viðkvæmt og tiltölulega nýjung í lagasmíði hér á landi, að hafa um það langa framsöguræðu, málið var rætt svo skýrt og skilmerkilega við 1. umr. Þar kom fram, sem einnig er óþarft að vera að fjölyrða um, að meginundirstaðan undir þessu frv. eru breyttir byggingarhættir sem átt hafa sér stað hjá þjóðinni á síðari árum eða jafnvel áratugum eftir að farið var að byggja fleiri en eina íbúð á tiltekinni lóð. Samábyrgð í þessum efnum, sem er óhjákvæmileg afleiðing af slíkum byggingum, hefur valdið viðkvæmum þrætum meðal manna sem búið hafa á þessum lóðum, og allar líkur benda til að ört vaxandi byggðarlög sæki meira til þess að byggja fjölbýlishús í náinni framtíð heldur en þegar hefur verið gert.

Það er því augljóst að nauðsyn ber til að þreifa sig áfram með löggjöf og reglugerðir til þess að gera þetta sambýli bærilegra en í mörgum tilfellum hefur reynst, og um það fjallar þetta frv. Það er svo ekkert nema reynslan sem sker úr um það hvort þarna hefur verið hitt á nákvæmlega réttu leiðina, þá einu réttu. Það er sjálfsagt að þessi lög taki breytingum með hliðsjón af þeirri reynslu sem af lagasetningunni fæst. En ég hygg að enga greini á um það, enda hefur það ekki komið fram, að lagasetning um þetta efni er mjög brýn nauðsyn.

Félmn. þessarar hv. d. kallaði á sinn fund þá aðila, sem að frv. þessu stóðu eða það sömdu, og reyndi eftir föngum að kynna sér hvað lá til grundvallar einstökum greinum þess. Betur þótti fara á því að gera tvær breytingar, sem nánast eru aðeins orðalagsbreytingar og fram koma á þskj. 622. Er brtt. annars vegar flutt að ósk húsnæðismálastjórnar um tilgreinda staðla á byggingum. Hins vegar þótti n. sjálfri fara betur á því, að fengnum umsögnum, að í stað þess að hægt væri að krefjast þess að sá, sem ekki hefði staðið í skilum og færði þannig ábyrgð yfir á sambýlismenn sína, það stendur í frv. að honum sé gert að flytja úr viðkomandi íbúð, þá sé sagt að hægt sé að krefjast þess að hann flytji. Það er kröfuréttur þeirra sem í skilum standa o. s. frv.

Aðrar breytingar leggur félmn. ekki til að gera á frv. Eins og ég sagði, tel ég ekki ástæðu til að tyggja hér upp aftur það sem um málið var sagt við 1. umr., það er mönnum það vel kunnugt, og vísa því til álits þdm., sem fram kom í þeim umr., og þá ekki síst framsöguræðu hæstv. félmrh. fyrir frv.

N. var einróma samþykk því að frv. yrði samþ. með þessum tveimur breytingum á orðalagi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 622,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
5.—8. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
9.—15. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
16. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 622,2 samþ. með 14 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
18.—19. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Neðri deild, 99. fundur.

Fimmtudaginn 6. maí, kl. 2 miðdegis.

Lyfsölulög, frv. (þskj. 609). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Þetta frv. um breytingu á lyfsölulögum er samið af n. sem skipuð var til þess að gera till. um breytingar á lyfsölulögum og í áttu sæti landlæknir, deildarstjóri í heilbrrn. og prófessorarnir Sigurður Líndal, Vilhjálmur G. Skúlason og Þorkell Jóhannesson og Sigurður Ólafsson lyfsali, og það er aðeins hluti af þeirri endurskoðun sem verið er að vinna að í sambandi við lyfsölumál.

Höfuðatriði þessa frv. er það að heiti lyfjaskrárnefndar er breytt í lyfjanefnd, og enn fremur er nokkur breyting gerð á, hvernig n. er skipuð, og gerð nokkur breyting á lyfjaeftirliti ríkisins. En hins vegar heldur þessi n. áfram störfum sínum og endurskoðun sinni á lyfjamálum og er búist við að hún muni ljúka störfum næsta haust eða fyrri hluta vetrar og þá muni verða flutt frv. um heildarbreytingu í lyfjamálum. En n. lagði áherslu á að þessar breytingar yrðu gerðar nú, bæði vegna samræmingar á heiti, störfum og hlutverki lyfjanefndar hér og á Norðurlöndum og eins eru hér þrengri ákvæði en eru í gildandi lögum varðandi fíkniefni og ávanalyf.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta mál, en leyfi mér að leggja til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 23 shlj. atkv.

Ljósmæðralög, frv. (þskj. 314). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 22 shlj. atkv.

Hafnalög, frv. (þskj. 611). — 1. umr.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Hæstv. forseti. Frv. á þskj. 611 er um breyt. á hafnalögum og eru það tvær litilfjörlegar breytingar um Hafnabótasjóð.

Fyrri breytingin lýtur að því að innheimt verði vörugjald af vöru, sem skipað er á land eða umskipað utan löggiltra hafnarsvæða, og renni þau gjöld beint í Hafnabótasjóð. Eðlilegt er að allir sitji við sama borð hvað snertir greiðslu vörugjalda, en nokkur dæmi eru um að hjá greiðslu þessara gjalda hafi verið komist þegar ferming eða afferming hefur farið fram utan hafnarsvæða. Jafnframt er eðlilegt að þessi vörugjöld renni í hinn sameiginlega fjárfestingar- og styrktarsjóð hafnanna.

Hin breytingin er fólgin í því að hækka lánsheimild Hafnabótasjóðs úr 350 í 750 millj. kr., en nú þegar hafa verið notaðar 335 millj. kr. af heimild Hafnabótasjóðs til lántöku. Ber brýna nauðsyn til að bæta úr þessu og rýmka þessa heimild, og enda þótt það hafi verið hugsunin að hafa fleiri atriði í þessu frv. var það ekki talið hyggilegt þar sem svo er á þingið liðið.

Ég vona, að þetta frv. geti gengið í gegn án mikillar fyrirhafnar því að það er svo augljóst að nauðsyn ber til þess og eðlilegt er að svo verði. Ég treysti því að hv. n. vinni fljótlega að málinu og leyfi mér að lokinni þessari umr. að leggja til að því verði vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til samgn. með 23 shlj. atkv.

Ábúðarlög, frv. (þskj. 632). — 1. umr.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Hæstv. forseti. Á þskj. 632 er frv. til ábúðalaga. Frv. þetta er samið af n. og var lagt hér fram fyrir tveim árum eða svo, hefur svo verið endurskoðað, en á því hafa ekki verið gerðar miklar breytingar.

Nú eru í gildi lög um ábúð frá 1884, 1933, 1951 og 1961. Lögin eiga við eftir því hvenær ábúð hefst. Þannig fer eftir l. nr. 1 frá 1884 um ábúð þeirra sem hófu búskap fyrir 1. jan. 1934. Samkv. þeim lögum er réttarstaða leiguliða mun verri heldur en eftir yngri ábúðarlögum, þannig að landsdrottinn er t. d. ekki skyldur að kaupa hús sem leiguliði hefur látið gera þó að haganleg séu, og er leiguliða þá heimilt að rífa þau og hafa með sér efni og önnur verðmæti úr þeim. Ábúðarlögin frá 1933, 1951 og 1961 eru í höfuðatriðum efnislega lík. Þessi mörgu lög um nær sama efni hafa hins vegar oft orðið til þess að valda misskilningi. Í lögunum eru ákvæði sem eru óþörf vegna almennra reglna laga um breyttar búsháttar- og þjóðfélagsaðstæður.

Með þessu frv. hefur verið leitast við að haga efnisskiptingu þannig að saman færi það sem saman á að vera, stytta lögin eftir föngum án þess af þeim sökum að rýra þau að efni, og efni skyldi haldið svipuðu og í fyrri lögum. Var ákveðið að ráðgast við prófessor Gauk Jörundsson og gera till. um að fella úr gildi með þessum lögum eldri ábúðarlög, þó að samningar samkv. þeim lögum haldi gildi sínu að svo miklu leyti sem annað leiðir ekki af ákvæðum frv. þessa, ef að lögum yrði.

Rétt er talið að taka með í ábúðarlögum ákvæði um erfðaábúð sem hingað til hefur verið í sérstökum lögum, nr. 102 frá 21. des. 1962.

Frv. þetta er lagt fram til þess að fella nú saman í eina heild ákvæði, er varða ábúð á jörðum, og gera þau skýr og ákveðnari en verið hefur. Í þessu frv. eru líka ýmis ákvæði sem gera þessi atriði rýmri en verið hefur.

Aðalatriði málsins er þó það, að með þessu frv. eru gerð ein ábúðarlög er varða alla er við leiguábúð búa, og líka eru þau felld að þeirri reynslu, sem fengist hefur, og miðað við þær aðstæður, sem nú eru, bæði um erfðaábúð og fleira er skiptir máli í sambandi við ábúð á jörðum.

Ég ætla ekki við þetta tækifæri að hafa um þetta frv., þótt merkilegt og gott sé, fleiri orð, vil freista þess að það geti náð fram að ganga á þessu hv. þingi. Ég leyfi mér að fara þess á leit við hv. landbn. Nd., sem ég legg til að fái málið til meðferðar, að hún leiti eftir samstarfi við hv. landbn. Ed. um málið.

Ég legg svo til, hæstv. forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbn. með 21 shlj. atkv.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, frv. (þskj. 540, n. 637, 638). — 2. umr.

Frsm. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Sjútvn. Nd. hefur fjallað um frv. til l. um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands á þskj. 540 á nokkrum fundum sínum og sameiginlegum fundi með hv. sjútvn. Ed. Það kann að vera að hv. þm. sýnist sem n. hafi kastað höndunum til þessa verks, en að því er að gá að 5 af 7 nm. áttu sæti í endurskoðunarnefnd núgildandi laga, þannig að þeir höfðu þæft málið á tugum funda. Það er því að vonum að þeir þóttust í stakk búnir til þess að afgreiða málið með þeim hraða sem raun ber vitni um.

N. varð sammála um afgreiðslu málsins með brtt. og till. um ákvæði til bráðabirgða sem er að finna á þskj. 638.

Þær breytingar eru þrjár sem fram eru fluttar. Það er um að loka svæðinu frá Hvítingum og að Ingólfshöfða í tvo mánuði yfir netaveiðitímann alfarið fyrir togveiðum með flotvörpu og

botnvörpu. Það eru mánuðirnir mars og apríl, sem svæðið er allt lokað fyrir botnvörpu og flotvörpu frá Hvítingum og að Ingólfshöfða út fyrir 12 mílurnar. Svo hefur það verið í núgildandi lögum. En samkv. till. okkar, sem frv. fluttum, var ætlunin sú að bátar 26 metrar og minni fengju heimild til þess að veiða 3 mílur frá fjöruborði allt árið um kring, líka þessa tvo mánuði, og enn fremur að skip 39 metrar og minni fengju að veiða 4 mílur frá viðmiðunarlínu allt árið. En eftir að hafa rannsakað málið gaumgæfilega komst n. að þeirri niðurstöðu að alfarið hefur verið stunduð útgerð með netum á þessum svæðum á þessu tímabili, mánuðina mars og apríl, og þess vegna óráðlegt að hleypa þar að öðrum óskyldum veiðarfærum. Þetta er fyrsta breytingin, sem er að finna við 3. gr., a-liður og undirliðir 1, 2, 3 og 4.

2. brtt. er sú, að í núgildandi lögum er heimild til þess að veiða að harðalandi, upp í fjöruborð að segja, á svæði vestan við Grindavík og austur fyrir Krýsuvíkurbjarg. Enn fremur var í l. frá 1969 heimild til þess að veiða að fjöruborði á svæði réttvísandi suðvestur frá Þjórsárósum og að línu sem hugsast þá dregin frá Urðarvita í Faxaskersvita. En þar sem Urðarviti er horfinn nú er tekinn önnur viðmiðun, sem er Faxaskersviti um línu dregna í ytri brún Ystakletts sem eru mörkin þar sem örugglega er siglt fyrir það að menn hafi heimild til þess að beita veiðarfærum á það svæði þar sem vatnslagnir og raflagnir vestmannaeyinga liggja frá ströndu. Þetta var í l. frá 1969, en var fellt niður við endurskoðunina 1973, þetta leyfi, á tímabilinu frá 15. febr. til 16. apríl. Enn fremur var sótt fast á að sams konar svæði yrði opnað frá Hjörleifshöfða austur að Alviðruhömrum. N. varð sammála um það eftir að hafa rannsakað það mál ítarlega að mæla með því að heimilt yrði að veiða að fjöruborði á þessum tveimur tilteknu svæðum, fyrir Landeyjasandi og fyrir Krýsuvíkurbjargi aðallega, og byggir till. sínar á því að menn gerkunnugir málunum fullyrða og staðfesta við okkur að á þetta svæði gangi ekkert nema stór fiskur. Það er till. um að svæðið fyrir Krýsuvíkurbjargi og vestur fyrir Grindavík verði opið frá 1. jan. til 15. sept., eins og er samkv. núgildandi lögum, en hitt svæðið verði einvörðungu opið frá 15. febr. til 16. apríl, í tvo mánuði. Þetta eru brtt. sem n. vill flytja við 3. gr.

Síðan er till. um ákvæði til bráðabirgða. Þegar breytt var í till. n. frá því, sem áður var, miðað við 105 tonn og minni og 350 tonn og minni, þá var ekki ætlunin að skerða hlut þeirra sem höfðu fallið undir þær heimildir samkv. þeirri stærðarmælingu, heldur er einvörðungu verið að reyna að sigla fyrir þau sker að menn fari á svig við lögin, eins og þeir eiga miklu hægra um vik með að gera ef miðað er við brúttórúmlestatölu, en ekki mestu lengd skipa. Það verður aldrei mjög mikið hægt að sigla fram hjá ákvæðunum með því að í lögum verði ákvörðun um lengd skipsins í staðinn fyrir rúmlestatölu. En mjög mikið hefur borið á því að hin ákvæðin hafi verið sniðgengin. Sannanlega hafa skip allt að 180 smálestir verið mæld niður fyrir 105 eða ofan í 105 smálestir með ýmsum tilfæringum, eins og að loka eða opna vistarverur og hafa ekki mælingabönd í lestum o. s. frv., ótal ráð sem menn hafa fundið til þess að smeygja skipum undir þessar reglur, sér í lagi 105 tonna regluna.

Nokkur skip, t. d. skip frá Akureyri, sem hafa fallið undir 105 tonna regluna, mundu, ef einvörðungu væri miðað við 26 m og engin undanþága gefin frá því, ekki ná sömu heimildum til veiða og þau áður höfðu. Enn fremur varðandi 350 tonna stærðina, þá er allajafna svo að 39 m skip eru nokkru minni en 350 rúmlestir. Það eru ein 6 skip, m. a. Mandalsskipin 4, sem byggð voru í fyrra og hittiðfyrra, sem hafa notið réttinda 350 rúmlesta mælikvarðans, en mundu ekki ná sömu heimildum samkvæmt þessum ákvörðunum um mestu lengd. Því er það að lagt er til hér að í lögin komi ákvæði til bráðabirgða þar sem þau skip, sem áður hafa notið veiðiheimildar samkv. stærðarmælingu 105 brúttórúmlestir og minni og 350 brúttórúmlestir og minni, skulu áfram njóta sömu veiðiheimildar samkv. lögum þessum og skip 26 m og minni og 39 m og minni. Hér munar litlu, en það var, eins og ég segi, alls ekki áform endurskoðunarnefndarinnar að svipta nein skip þeim réttindum, sem þau áður höfðu haft, með því að breyta til um viðmiðun yfir í metra í staðinn fyrir rúmlestir, heldur að sigla fyrir allt önnur sker, eins og ég hef nefnt.

Ég hef svo ekki fleira um þetta að segja. En ég vænti þess fastlega, þótt ég þykist þess fullviss á hinn bóginn að menn hafi löngun til þess e. t. v. að gera hér á ýmsar breytingar, þá vænti ég þess fastlega að menn geti orðið á þetta sáttir því að hin mesta og brýnasta nauðsyn er á að málið nái framgangi fyrir þingslit.

Karvel Pálmason: Virðulegi forseti. Ég skal ekki tefja þessa umr. úr hófi fram, en ég vil þó ekki láta þetta mál fara svo í gegn hér í d. að ég segi ekki um það örfá orð, ekki kannske síst vegna þess að ég hef nokkuð fylgst með því í gegnum hina margumtöluðu fiskveiðilaganefnd.

Ég geri ráð fyrir því að 1. flm. þessa frv. hafi í framsögu fyrir því rakið þetta mál, hvernig það hefur gengið til. Ég vil hins vegar taka fram, af því að ég hef hvergi séð það í frv., — vel má vera þó að það sé þar, — að allir flm. að þessu frv., að ég held, höfðu fyrirvara um flutning eða stuðning við hugsanlegar brtt. sem fram kæmu. (Gripið fram í: Það var tekið fram.) Það var tekið fram, já ég þóttist vita það.

Í gildandi lögum í þessum efnum var ráð fyrir því gert að þessi lög yrðu endurskoðuð á árinu 1975, og eins og fram kemur í grg. með þessu frv. var skipuð n. í þetta mál á s. l. ári. Fyrst og fremst var þar um að ræða í byrjun nefndarmenn frá hagsmunasamtökum sjávarútvegsins, og síðan kom inn í þetta n. sem var tilnefnd af þingflokkum hér á Alþ. Þegar þingmannanefndin svokallaða kom inn í þetta mál, þá var það ljóst strax að í grundvallaratriðum var um mikinn ágreining að ræða, annars vegar meðal þm. margra a. m. k. og hins vegar þeirra nm. sem voru fyrir frá hagsmunaaðilum. Ég skal ekki rekja þetta hér að neinu marki, en það var sem sagt ljóst

að veigamikil ágreiningsatriði komu þarna strax upp sem að vísu á síðara stigi tókst svo að samræma að verulegu leyti a. m. k í mörgum tilvikum, þannig að menn gátu orðið um það sammála að flytja þetta frv hér á þingi, að vísu með fyrirvörum, því að það gengur svo til oftast að aldrei fá menn allt það sem þeir kysu, kannske allra síst þegar um er að ræða svo mikið þrætuspil sem hefur verið um að ræða á undanförnum árum þegar þessi mál hafa verið til umfjöllunar hér í þinginu

Það var sérstaklega eitt sem a. m. k. ég, þegar ég sá hugmyndir nm. frá hagsmunahópunum, var algerlega andvígur strax í upphafi, en það voru hugmyndir um það að 7 manna n. skipuð af aðilum þessara hagsmunahópa færi í raun og veru í meginatriðum með alla stjórn fiskveiðimála sem lyti að því sem hér er um að ræða. Með þessum hætti taldi ég a. m. k., og ýmsir fleiri voru þeirrar skoðunar, að með slíkri ákvörðun væri verið að taka úr höndum Alþ. þá stjórn og þau áhrif sem Alþ. á að mínu viti að hafa í sambandi við þessi mál eins og svo mörg önnur. En hér var um grundvallarágreining að ræða. Niðurstaðan varð sem sagt sú, eins og frv. ber með sér, að endanlega var um það sú samstaða sem hér birtist, að í grundvallaratriðum skyldi byggt í þessu frv. á nokkuð sömu meginsjónarmiðum og gildandi lög gera ráð fyrir. En auk þess komu upp í n. mjög andstæð sjónarmið um ýmis ákvæði sem ákveðin eru með reglugerð, og í mörgum tilvikum var þar um að ræða ágreiningsatriði sem útkljáð voru með atkvgr. Þess vegna eru nokkur þau reglugerðarákvæði, sem sett hafa verið og byggð á afstöðu meiri hl. þessarar fiskveiðilaganefndar, í andstöðu við það sem ég og sumir aðrir nm. töldu að gera ætti. En ég skal ekki fara að rekja það við þessar umr. Þar skiptust menn í meiri og minni hl. og síðan er það sjútvrh. að taka endanlega afstöðu.

Ég vil aðeins nefna hér í fyrsta lagi eins og stækkun möskva í botnvörpu. Núna í maí átti að taka gildi stækkun á þessum möskva úr 120 mm í 135. Í reglugerð er gert ráð fyrir því að um næstu áramót, ef ég man rétt, fari möskvastærð í þessari tegund veiðarfæra upp í 150 mm. Ég ásamt nokkrum öðrum nm. var þeirrar skoðunar að það bæri að láta reyna á það fyrst hver reynsla yrði af 135 mm möskvastærð, áður en endanlega væri slegið föstu að hún skyldi verða 155 mm. M. a. byggði ég þetta sjónarmið mitt og kannske ekki síst á því að sérfræðingar þessara mála hjá Hafrannsóknastofnuninni töldu að enn, eða þegar þessi mál voru a. m. k. rædd í fiskveiðilaganefndinni, væri ekki komin fullkomin reynsla á það hvaða raun 135 mm möskvi gæfi annars vegar og hins vegar stækkun upp í 155 mm, eins og nú er gert ráð fyrir að taka upp. Það var sem sagt talið að enn hefðu ekki farið fram nægjanlegar tilraunir með 155 mm möskva til þess að óyggjandi væri að taka þá ákvörðun nú að réttlætanlegt væri að stækka hann svo mjög sem er þó gert með þessari ákvörðun.

Auk þess var ég þeirrar skoðunar að það ætti að breyta ákvæðum um hrygningarsvæði, færa þau til, fyrst og fremst kannske á Selvogsbankasvæðinu, og fara þar nær því áliti sem fiskifræðingar töldu sig hafa óyggjandi rök fyrir að væri mesta hrygingarsvæðið á þessum slóðum, en það var útsett á korti eins og þeir töldu að æskilegast væri að það væri látið gilda.

Það er augljóst mál að á undanförnum árum hefur verið mjög mikil tilhneiging í þá átt að þrengja mjög að þeim veiðisvæðum sem togarar hefðu til að leita á. Enn er í þessu frv. gengið mjög í sömu átt, a. m. k. hér á Selvogsbankasvæðinu, því að samkv. þessu frv. er togsvæðið frá gildandi löggjöf minnkað um nær helming frá því sem það er. Það er auðvitað augljóst að hin stóraukna togaraútgerð, sem átt hefur sér stað á undanförnum árum, hlýtur frekar að krefjast aukins svæðis fyrir þennan þátt fiskveiðanna heldur en öfugt. A. m. k. í mínum huga ætti því að vera mjög til umhugsunar hvort ekki sé um of þrengt að þessum þætti veiðanna, þ. e. a. s. togaraflotanum, umfram það sem teljast má eðlilegt og allar röksemdir mæla með. En ég ætla ekki, a. m. k. ekki á þessu stigi máls, að hefja hér neinar þrætur eða deilur um það efni og læt það a. m. k. að svo komnu máli liggja á milli hluta.

Þriðja atriðið, sem snertir frv. sjálft, en ekki reglugerðarákvæði, var í sambandi við hið margumtalaða leyfakerfi. Nm. fiskveiðilaganefndar frá hagsmunahópunum vildu þar breyta til og innleiða nýtt leyfakerfi fyrir þær veiðar sem háðar eru leyfum. Ég er þeirrar skoðunar að það hafi sýnt sig, ef á annað borð er talið nauðsynlegt, sem ég tel a. m. k. við þær kringumstæður sem við búum við í dag nauðsynlegt, að ýmsar veiðar séu háðar leyfum, þá tel ég að þeirri leið, sem farin hefur verið og mér vitanlega hafa ekki verið uppi a. m. k. háværar óánægjuraddir um, ætti að halda meðan ástæða er til þess að leyfakerfið sé í gildi.

Það er augljóst mál að í ástandi því, sem nú er komið upp í sambandi við þorskveiðar hvað frekast, þ. e. a. s. að svo miklar blikur eru á lofti að ástæða er til ekki bara að draga úr ásókn í þorskstofninn, heldur og ekki síður að reyna að gera ráðstafanir til þess að fylgja fram þeim lögum, sem í gildi eru, til þess að hafa einhvern hemil á veiðum og einnig að reyna að tryggja að það, sem úr sjónum kemur, sé nokkurn veginn frambærileg vara, þá er að mínu viti mjög nauðsynlegt að gera breytingar til þess að stemma stigu við þeirri herfilegu misnotkun sem ég vil telja að uppi sé höfð varðandi gildandi lög um netaveiðar. Það er öllum, að ég held, ljóst, hvort sem menn viðurkenna það opinberlega eða ekki, að mjög mikil brögð eru að því að ákvæði um hámarksnetafjölda, sem má vera með í sjó í hvert skipti, eru þverbrotin. Það er því full ástæða til og þörf að gera til þess ráðstafanir að herða svo eftirlit í þessu svo og mörgu öðru, sem að þessum málum lýtur, að þær veiðar séu stundaðar með einhverjum skynsamlegum hætti miðað við gildandi lög. Auk þess hef ég haldið því fram að þessi brot á gildandi löggjöf í sambandi við netaveiðar geri það að verkum að sá afli, sem á land berst, sé miklum mun lélegri vara heldur en ef veiðarnar væru stundaðar innan þeirra takmarka sem gildandi löggjöf gerir ráð fyrir. Það liggur í augum uppi.

Það var sem sagt, eftir því sem ég best man, einróma álit þessarar n., að eitt af meginverk-

efnunum, sem nú væru fram undan, væri að herða eftirlit með veiðum, koma í veg fyrir bæði smáfiskadráp og annað, sem því fylgir, og að það ætti að vera fyrst og fremst leiðarljós n. og stjórnvalda að gera tilraun til þess að búa svo um hnúta í þeirri löggjöf, sem nú er fyrirhugað að setja, að sýnt væri að við stefndum að því að haga þessum málum með miklum mun skynsamlegri hætti en hingað til hefur gerst. Eitt af því, sem n. var sammála um, var að stefna ætti að því að auka svo eftirlit landhelgisgæslunnar og eftirlit Hafrannsóknastofnunar að staðsett skyldi og gert út eitt eftirlitsskip í hverjum landsfjórðungi. Þetta er auðvitað nauðsynlegt, en kostar að sjálfsögðu mikið fé. Ég hélt því fram strax í n. að að sjálfsögðu væri ég einróma samþykkur þessari afstöðu, en slíkt þýddi að sjálfsögðu ekki að setja í lög nema því aðeins að jafnhliða væri tryggt fjármagn til þess að hægt væri að framkvæma það. Og það hefur komið á daginn að ríkisstj. hefur ekki talið sér fært að sjá fyrir því fjármagni sem óneitanlega þarf til þess að slíkt geti átt sér stað. Það hefði verið miklum mun æskilegra allra hluta vegna og ekki síst vegna þess herta eftirlits, sem mjög nauðsynlegt er að komist á, að hægt hefði verið að hrinda bessu í framkvæmd. En það verður auðvitað að horfast í augu við þá staðreynd, ef fjármagn fæst ekki til þessa eins og annars, þá er um tómt mál að tala um að framkvæma það. Í stað þess að setja inn í frv. að gert skyldi út eitt slíkt skip í hverjum landsfjórðungi, þá er gert ráð fyrir í 8. gr. að stefnt skuli að því að auka eftirlit landhelgisgæslunnar með sérstöku eftirlitsskipi.

Þó að ég segi þetta, þá þykist ég vita að fullkominn vilji er fyrir því af hálfu stjórnvalda að auka þetta eftirlit, þó að það verði ekki gert fyllilega í samræmi við það sem ítrustu óskir n. voru. Og þó að ekki sé sterkara að orði kveðið heldur en gert er ráð fyrir í þessu frv., þá er enginn vafi á því að vilji manna er til þess að herða þetta eftirlit og auka frá því sem það nú er. Einnig er gert ráð fyrir því í frv. að trúnaðarmenn sé heimilt að setja um borð í veiðiskip og með því að auka mjög á eftirlit í þessum efnum, sem eins og margoft hefur komið fram er mjög nauðsynlegt, og vel má vera að sú leið in sé æskilegri. Það er enginn vafi að hún kemur að gagni. Hvort hún kemur að meira gagni heldur en hin, það skal ég ekki um segja. A. m. k. verður hún ódýrari í framkvæmd, en er eigi að síður til mikilla bóta frá því sem nú er.

Þá er eitt atriði, sem mikið hefur verið rætt á undanförnum árum. Það er í sambandi við hinar margumtöluðu skyndilokanir. Ég held að það sé enginn vafi á því að menn eru almennt að verða um það meira sammála að sú aðferð að beita skyndilokunum í sambandi við eftirlitið á fyllsta rétt á sér og nauðsynlegt að búa þannig um hnúta að hana sé hægt að framkvæma með sem mestum árangri. Mörgum hefur þótt og það líklega ekki að ástæðulausu að þær skyndilokanir, sem viðhafðar hafa verið á undanförnum árum, taki það langan tíma að nauðsynlegt sé að gera þá breytingu á að þetta sé hægt að gera svo að segja á stundinni þegar vart verður við óeðlilega mikið magn smáfisks sem veiðist á tilteknu svæði. Og það er einmitt að finna í þessu frv. ákvæði um þetta, að ákvörðun um skyndilokun sé hægt að taka á svo stuttum tíma að það sé með ólíkindum annað en það ætti að koma að fullum notum. Að vísu er gert ráð fyrir því að slík ákvörðun gildi ekki nema í tvo sólarhringa, menn telja ýmsa meinbugi á því að láta slíka skyndiákvörðun gilda lengur, en í öllum tilvikum ætti að vera á þeim tíma hægt að ganga úr skugga um hvert réttmæti þessarar lokunar er, og enginn vafi er á því að þetta ákvæði verður til þess að tryggja það að skynsamlegar verði að þessum málum staðið eftir en áður.

Ég skal ekki fara öllu meira út í einstakar greinar eða einstök ákvæði frv. Það hefur sjálfsagt komið fram í framsöguræðu 1. flm., en ég vil þó aðeins víkja að enn einu ákvæði frv., en það er í sambandi við refsingar sem beita á gegn brotum. Nú er ég einn af þeim mörgu, vil ég segja, sem verið hafa þeirrar skoðunar að refsiákvæði í sambandi við þessi mál og refsingar hafa verið a. m. k. í framkvæmd það óverulegar að í mörgum, kannske fjölmörgum tilvikum, hefur mönnum þótt borga sig að brjóta viðkomandi löggjöf þrátt fyrir það að þeir ættu yfir höfði sér augljóslega refsingu samkv. gildandi lagaákvæðum. Þetta hefur, að ég held, margoft sannast. Það er því full ástæða til þess að reyna að koma málum þessum þann veg fyrir að menn a. m. k. frekar en nú er veigri sér við því að framkvæma slík lögbrot eins og í allt of mörgum tilvikum hefur átt sér stað, ekki hvað síst nú á þeim tíma sem við stöndum í styrjöld við aðra þjóð vegna rányrkju hennar hér á miðum og ólöglegra fiskveiða. Það er hryggilegt að á sama tíma skuli það gerast að ótalmörg dæmi liggi fyrir um að íslendingar sjálfir hagi sér með sama hætti og þeir veiðiþjófar frá Bretlandi sem hafa verið hér á miðunum.

Sjálfsagt greinir menn á um það hvaða leið sé best til að fá sem skynsamlegasta lausn á þessum málum. En það er nýmæli í þessu frv. að auk þess, eins og verið hefur, að hægt sé að svipta viðkomandi skipstjóra skipstjórnarréttindum í tiltekinn tíma, þá sé einnig hægt að svipta viðkomandi skip veiðileyfi í tiltekinn tíma. Ég held einmitt að það sé þetta sem sé nauðsynlegt að koma á. Menn vita að þó að viðkomandi skipstjóri hafi verið sannur að sök og sviptur skipstjórnarréttindum í svo og svo langan tíma, þá hefur í framkvæmd verið svo að fundnir hafa verið leppar til þess að fullnægja forminu, þannig að viðkomandi einstaklingur hefur eftir sem áður verið sá sem stjórnað hefur og ráðið, en nafn einhvers annars hefur verið skráð á viðkomandi skjöl sem þurft hefur að útfylla til þess að fullnægja öllum formsatriðum. Það er því enginn vafi á því að með því að koma inn í löggjöf að heimilt sé að svipta viðkomandi skip veiðileyfi, þá kemur það til með að sporna mjög við því að framkvæmd séu þau lögbrot, sem menn hafa haft fyrir augunum margoft á hverju einasta ári. Ég er því þeirrar skoðunar að hér sé ekki ofgert í sambandi við aukið aðhald í þeim efnum að reyna að koma í veg fyrir lögbrot, það

mætti ganga lengra að mínu viti. En ég tel þetta þó svo til bóta að það sé sjálfsagt að reyna það.

Ég skal svo ekki, virðulegi forseti, hafa þessi orð öllu fleiri. Ég er ekki á þessari stundu a. m. k. með neinar brtt. í huga og hef ekki ætlað mér, þó að ég hafi haft fyrirvara um flutning málsins, að flytja brtt. Vel má vera að mál snúist svo að nauðsynlegt sé að gera slíkt. En ég held að það sé nauðsynlegt að sem víðtækust samstaða náist hér á Alþ. um að koma þessu máli nú í höfn. Ég geri mér ljóst að það er með marga hv. þm. eins og mig, að nokkuð er hér og kannske margt sem menn hefðu kosið að fyrir væri komið með öðrum hætti, en það er nauðsynlegt að koma þessu í framkvæmd nú. Hér eru mörg nýmæli sem eru að mínu viti til bóta frá því sem er í gildandi lögum — nýmæli í þá átt að halda skynsamlegar á málum, ekki síst í því ástandi sem nú er, heldur en gert hefur verið. Ég tel að það sé því nauðsynlegt, þrátt fyrir það að ég hefði kosið margt á annan veg, að koma þessum jákvæðari atriðum til framkvæmda, og ég vænti þess að a. m. k. þetta frv. fari í gegnum þingið án þess að í meginatriðum verði miklar breytingar á því gerðar.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Þó að það kæmi fram í framsögu hjá 1. flm. frv. við 1. umr. að flm. væru allir með fyrirvara um einstök atriði, þá er það alveg rétt sem einnig hefur komið hér fram, bæði í framsögu hans og hjá öðrum hv. þm., sem um málið hafa talað og einnig hefur það mjög greinilega komið fram í þeirri n. sem undirbjó frv., að í grundvallaratriðum eru menn almennt efnislega sammála, þ. e. a. s., því er varðar verndun og friðun fiskistofnanna.

Hér er um mjög stórt, viðamikið og þýðingarmikið mál að ræða sem oft hefur valdið miklum umr. á Alþ., þegar það hefur verið til umr. Þykir mér rétt í mjög stórum dráttum að fara nokkrum orðum um þær lagasetningar eða þær breytingar sem gerðar hafa verið á lögum um bann við botnvörpuveiðum.

Á árunum milli 1960 og 1968 var mjög sótt á það af ýmsum þm., bæði mér og öðrum, að fá nokkra rýmkun á þessum lögum til handa smærri fiskibátum. Um þetta varð aldrei samkomulag á Alþ. fyrr en með frv. sem flutt var af okkur þremur þm. í þessari hv. d. 1968, þar sem gerð var mjög einföld breyting á lögunum, en þó mjög róttæk. Hún var þess efnis að leyfðar skyldu togveiðar á svæðinu frá Horni og austur um að Rauðunúpum inn að 4 mílum fyrir skip allt að 200 brúttótonnum að stærð. Engar till. voru í þessu frv. um breytingar á svæðinu fyrir Austurlandi, en á svæðinu frá Stokksnesi að Reykjanesi var gerð sú breyting að skipum allt að 200 brúttótonn að stærð skyldu heimilaðar veiðar allt inn að þremur mílum frá fjöruborði meginlandsins. Frv. þetta náði fram að ganga, var samþ. einróma, mótatkvæðalaust í þessari hv. d. og ég held einnig í hv. Ed. hinn 18. des. 1968. Var þetta fyrsta breytingin sem um langan tíma hafði verið gerð á lögum um bann gegn botnvörpuveiðum og fór þannig í gegn, þó að um mjög róttæka breytingu hafi verið að ræða, eins og ég sagði áðan. Það var engu breytt á svæðinu frá Reykjanesi að Horni, var látið standa óbreytt eins og svæðið fyrir Austurlandi, eins og ég gat um áðan.

Næsta breyting, sem gerð var á lögunum, var einnig mjög viðamikil, en það var sú breyting sem gerð var síðari hluta árs 1969. Það mál var undirbúið af n. sem þáv. sjútvrh. hafði skipað og vann sú n. mjög mikið og viðamikið starf, ferðaðist um landið, átti viðræður við aðila í öllum landsfjórðungum og hlustaði á þeirra umsagnir um þær breytingar sem n. var þá með í huga og stóð síðan að flutningi frv. sem náði samþykki, varð að lögum með til þess að gera litlum breytingum frá því sem það var þegar það var lagt fram.

1973 var enn gerð breyting á lögunum. Sú breyting var undirbúin á nákvæmlega sama hátt og breytingin sem gerð var 1969. Sjútvrh. skipaði n. til að undirbúa breytinguna á lögunum og var hún að mestu leyti skipuð sömu mönnum og skipuðu n. frá 1969. Hún hafði sama hátt á og hin fyrri nefnd. Hún ferðaðist um landið, hélt fundi í öllum landsfjórðungum og hlustaði enn á álit hagsmunaaðila og dró sínar ályktanir eftir því sem hún taldi eðlilegt, af því sem fram kom á þessum fundum.

Það þarf ekki að lýsa því, það hefur verið gert hér áður, að það kom greinilega í ljós strax 1969 að mjög skiptar skoðanir eru um þetta mál svo að segja innan hvers byggðarlags og einnig heildarsamtaka bæði sjómanna, útgerðarmanna og fiskvinnslumanna. En breytingin, sem gerð var 1973, náði einnig samþykki til þess að gera mjög lítið breytt frá því að frv. var lagt fram. Það var þá einnig lagt fram sem þmfrv.

Samkv. þeim lögum bar að endurskoða lögin og skyldi það gert fyrir árslok 1975. Sú endurskoðun eða undirbúningur þeirrar endurskoðunar fór fram á nokkuð annan hátt en áður hafði verið. Núv. hæstv. sjútvrh. skipaði n., að ég held 5 manna, frá hagsmunaaðilum, þ. e. a. s. útvegsmönnum, fiskiðnaðarmönnum og sjómönnum, og auk þess var fiskimálastjóri formaður n. Þessi n. lagði mjög mikið starf af mörkum, fór ítarlega í gegnum lögin og þær breytingar sem hún taldi að þyrfti á þeim að gera, enda tók hún sér mjög góðan tíma til starfa. En þessari n. tókst ekki að ljúka störfum á síðasta ári þó að breytingin hefði átt að vera orðin lögfest fyrir áramót, og að mig minnir í okt. voru skipaðir 7 þm. frá öllum flokkum í n. til viðbótar þeim aðilum sem þar voru fyrir. Umr. urðu miklar í n. og skoðanir þm. og nm., sem áður höfðu starfað, voru í mörgum atriðum mjög skiptar og misjafnar. En til þess að fá þó endi á málið og til þess að fá það út úr n. varð að samkomulagi að búið var til frv., sem nm. stóðu allir að, með fyrirvara hver fyrir sig um ýmis ákvæði frv., og var það þannig afhent sjútvrn. Það frv. hefur nokkuð verið unnið upp og kemur nú fram hér á Alþ. í meginatriðum eins og n. hafði gengið frá því, þó að nokkrar breytingar væru þar á.

Eins og ég sagði í upphafi, þá liggur það fyrir að þó að nm. hafi greint á um ýmis atriði og þó að flm. frv. hafi greint á um ýmis atriði, þá hafa allir haft það að leiðarljósi að hér væri það mikið nauðsynjamál á ferð, sérstaklega eins og nú stendur á með fiskistofna kringum landið, að menn yrðu að gæta mjög hófs í því að flytja

brtt. sem kynnu að valda því að framgangur málsins tefðist og frv. næði kannske ekki fram að ganga á þessu þingi eða fyrir þinglok, sem ég held að við séum þó allir sammála um að sé alveg nauðsynlegt. Við erum allir mjög sammála um, eins og ég tók fram áðan, að herða beri ákvæði frá gildandi lögum að því er varðar verndun og friðun fiskistofna og að veita sjútvrh. og sjútvrn. meiri rétt til aðgerða heldur en þó felst í hinum fyrri lögum og er í gildandi lögum, því að það hefur sýnt sig að þau ákvæði, sem ætlast var til að veittu sjútvrh. nokkuð víðtækan rétt til ýmissa ráðstafana, reyndust of seinvirk í framkvæmd. Að því er stefnt í þessu frv. að Hafrannsóknastofnun og sjútvrn. hafi umboð og fullt leyfi til þess að gera mjög ákveðnar ráðstafanir ef svo ber við að þeir aðilar, sem best fylgjast með þessum málum, þ. e. starfsmenn Hafrannsóknastofnunar, telja til þess ástæðu í sambandi við bæði seiðadráp og smáfiskaveiði. Um þetta erum við allir sammála, eins og ég hef áður fram tekið. En okkur kann að greina eitthvað á um þær leiðir sem við teljum að best megi að haldi koma.

Hv. síðasti ræðumaður, hv. 5. þm. Vestf., vék hér nokkuð að netaveiðum og togveiðum. Ég get verið honum alveg sammála um það að reglugerðin, sem á sínum tíma var sett um takmörkun fjölda netaveiðarfæra hjá hverjum bát, hafi því miður ekki komið til þeirra framkvæmda, sem til var ætlast af þeim mönnum, sem þáttill. fluttu í því sambandi, og þeim mönnum, sem studdu framgang þess máls hér á Alþ. Þetta ber vissulega að harma. En ég held að við í dag, miðað við aðstæður og þegar við stöndum frammi fyrir því að þorskstofninn hefur minnkað svo mjög að menn eru almennt mjög uggandi um að það geti mjög illa farið ef ekki verði gripið til alveg sérstakra ráðstafana, þá hljóti mjög að koma inn í það dæmi og allar aðgerðir, sem gera þarf í sambandi við veiðarnar, á hvern hátt dregið verði úr veiðum á smáfiski. Menn greinir mjög á um það hvað skuttogararnir nýju séu stórtækir í þessu sambandi. Því hefur verið haldið fram, bæði hér á hv. Alþ. og í þeirri n., sem undirbjó þetta frv., að það ættu sér stað slíkir hlutir í sambandi við veiðar skuttogaranna að þar yrði að beita mjög ströngum og ákveðnum aðgerðum. Við höfðum heyrt það í undirbúningsnefndinni af einum nm. að menn í landi á Vestfjörðum hefðu á það hlustað í tali á milli tveggja togara sem voru að ræða sín aflabrögð að þeir voru að fá 10—14 tonn í hali, en hirtu aðeins af þessum fiski 2—3 tonn, hinu var mokað í sjóinn aftur. Ef slíkt byggist á einhverjum staðreyndum, þá sjá allir hvert stefnir í sambandi við hugmyndir okkar um heildarveiðimagn af þorskstofninum eða það sem talið er að við megum taka af þorskstofninum á þessu ári. Og mér er alveg ómögulegt að skilja hvernig Hafrannsóknastofnunin og hæstv. sjútvrh. ætla að ákveða eitthvert heildarmagn ef eru rök fyrir því að smáfiskur sé drepinn í það stóru magni að það séu kannske allt að ⅔ hlutar í vissum tilfellum sem mokað er í sjóinn aftur af smáþorski sem inn á dekk skipsins kemur. Ég held að það hljóti að vera mjög erfitt fyrir aðila að ákveða heildarmagn nema það liggi alveg ljóst fyrir einnig hvað mikið af smáfiski er drepið og mokað út aftur, því að auðvitað verður það að takast inn í dæmið ef á að áætla stærð þorskstofnsins og ákveða það magn sem veiða má. Menn hafa verið í þessu sambandi með ýmsar hugmyndir um aðferðir sem að haldi mættu koma og nægilega róttækar væru. Ég vil í því sambandi leyfa mér — með leyfi forseta — að lesa hér upp samþykkt frá 34. Fiskiþingi sem haldið var á s. l. hausti, en þar segir svo í 7. gr. samþykktar Fiskiþings:

„Skipstjórnarmönnum er skylt að hirða og flytja að landi allan þann fiskafla, er þeir drepa við veiðarnar, og skila við löndun sundurliðaðri skýrslu um tegundir, magn og veiðisvæði. Fiski undir lágmarksstærð skal haldið aðskildum frá öðrum afla í veiðiskipi og landa honum í umsjá ferskfisksmats Framleiðsluefirlits sjávarafurða. Andvirði afla, sem umfram er 5% af heildarþunga og smærri er en lágmarksstærðir, skal renna til Landhelgissjóðs. Á sama hátt skal fara með allan afla sem ekki nær mati gæðaflokka í flokkun ferskfiskmatsins.“

Þessi samþykkt Fiskiþings frá því í haust kom mjög til umræðu á nefndarfundum við undirbúning þessa máls, en menn höfðu á þessu misjafnar skoðanir og það, sem vakti athygli mína, var að fulltrúar togaraeigenda töldu þetta mjög erfitt í framkvæmd. Þetta hefur einnig heyrst að ég hygg bæði hér á Alþ. og eins í sjútvn. þessarar hv. d., að togaraeigendur telji þessa samþykkt mjög erfiða í framkvæmd. En þá hlýtur að vakna sú spurning, ef þetta mál er erfitt í framkvæmd, að þá hljóti að eiga sér stað miklu meira smáfiskadráp heldur en við þó teljum okkur vita um, því að ef það væri aðeins um lítið magn af smáfiski að ræða sem togararnir fengju í vörpur sínar og innbyrtu, þá væri þetta ekkert vandamál.

Ég vil benda á að ef sett yrði inn í frv. eitthvert slíkt ákvæði, þá auðvitað mundi það jafnhliða ná til þeirra báta sem togveiðar stunda, því að vel kann að vera að einnig þeir fái smáfisk í sín veiðarfæri, og vitað er að þeir fá vissar tegundir af flatfiski sem þeir kæra sig lítið um að koma með að landi. En auðvitað yrði þetta einnig að ná jafnt til þeirra.

Í sambandi við aðrar ráðstafanir tel ég að hv. Alþ. hljóti að hafa þau sjónarmið sem ég hef verið áður að lýsa og vonast til að um verði alger samstaða, að það, sem auðvitað ber að gera, er er friða hrygningarsvæði þorsksins á svæðinu frá Stokksnesi og alla leið að Látrabjargi. Það er vitað að fiskur hrygnir á tilteknum svæðum á öllu þessu svæði. Það hefur verið með reglugerð tekið allstórt svæði af Selvogsbanka, ég man nú ekki alveg fermílnafjöldann á því, en hygg þó að hann muni vera á milli 500 og 700 fermílur. Þetta er mjög stórt svæði og er á miðju Selvogsbankahrauninu, og ég held að allir séu sammála um þessa aðgerð. Og við verðum að vona að með friðun á svo stóru svæði á aðalhrygningarstöðum þorsksins, þá beri það þann árangur að hrygning takist betur en ef veiðar væru stundaðar með netum óhindrað á öllu svæðinu. Ég hef persónulega trú á því að með öðrum aðgerðum verði það til þess að vinna þorskstofninn upp aftur þótt það að sjálfsögðu

taki sinn tíma. Ég minnist þess í þessu sambandi að vestmannaeyingar samþykktu á sameiginlegum fundi skipstjórnarmanna, sjómanna og útvegsmanna í Eyjum þegar á árinu 1957 að fara fram á við þáv. hæstv. sjútvrh. að friða tiltekin hrygningarsvæði vestan við Vestmannaeyjar sem þá voru einvörðungu veiðisvæði Vestmannaeyjabáta. Á þeim tíma voru aðrir bátar ekki farnir að sækja á þetta svæði, en þrátt fyrir það óskuðu þeir, sem sjávarútveg stunduðu í Vestmannaeyjum á þessum tíma, þ. e. útgerðarmenn, skipstjórnarmenn og sjómenn, að tiltekin svæði á þeirra eigin veiðisvæði, sem þá var, yrðu friðuð um hrygningartímann. Því miður varð hæstv. ráðh. ekki við þessum tilmælum eftir að hafa fengið um það umsögn frá fiskifræðingum.

Ég tók þetta mál upp síðar með þáltill. 1961 og var málið þá tekið til umr. í sjútvn. N. sendi það rétta boðleið til fiskifræðinga, en því miður kom þá aftur í ljós að þeir töldu á þeim tíma að netaveiðarfæri væru ekki það afkastamikil að þau gætu drepið það mikið magn af þorskstofninum, hrygningarstofninum, að það hefði nokkuð að segja, það færi aðeins eftir því hvernig til tækist með klakið hversu stór sá árgangur yrði sem út úr þeirri hrygningu kæmi. Þetta varð auðvitað til þess að n. treysti sér ekki til þess að skila áliti á þeim grundvelli sem þáltll. mín gerði ráð fyrir, en gerði þó um þetta almenna samþykkt um friðun hrygningarsvæða við landið. En það mál fékk aldrei neinn byr eða neinar undirtektir og því miður lá það allt of lengi í salti hjá þeim aðilum, sem auðvitað hefðu átt að taka það til skoðunar, og enginn skriður komst á þetta mál fyrr en reglugerð var sett, ef ég man rétt, 14. júlí 1973 um friðun hrygningarsvæðis á Selvogsbanka.

Þetta er nú allt liðin tíð. Mér þótti rétt í sambandi við þetta mál að benda á það sem áður hafði komið fram í sambandi við hugsanlega friðun hrygningarsvæða og auðvitað var gert í þeim tilgangi einum að koma við verndun á þorskstofninum, forðast ofveiði, ef hægt væri, með slíkum aðgerðum.

Í sambandi við hina hliðina á málinu, þ. e. verndun uppeldisstöðva ungfisksins, þá er sem betur fer kominn á það allverulegur skriður, búið að gera þar á undanförnum árum nokkuð róttækar ráðstafanir og ég vil mjög viðurkenna og þakka hæstv. núv. sjútvrh. fyrir þá afstöðu sem hann hefur tekið í því máli, því að það er með reglugerð, sem hann gaf út, að hið stóra svæði fyrir Norðausturlandi var allt friðað fyrir togveiðum allt árið. Áður hafði verið gefin út um það reglugerð að friða þetta svæði í aðeins tvo mánuði sem auðvitað segir að mínum dómi ekki neitt til um það hvort slíkar ráðstafanir bera árangur eða ekki. En við verðum að vona að bæði friðun þessa svæðis, þessa uppeldissvæðis ungfisksins, og önnur friðunarsvæði, sem nú hafa verið friðuð með útgáfu reglugerðar, sýni innan ekki of langs tíma að þessar ráðstafanir beri árangur.

Það, sem ég er nokkuð uggandi yfir og er það sérstaklega í sambandi við friðun á svæðinu hér við Suðurland, hrygningarsvæðinu, er að ekki hafi frá upphafi verið fylgst nægjanlega með hvort skip og bátar sæktu inn á þetta svæði. Ég spurðist fyrir um það hjá hæstv. fyrrv. sjútvrh., hvaða ráðstafanir hefðu verið gerðar í sambandi við útgáfu reglugerðarinnar með eftirliti af hendi Landhelgisgæslunnar sem þá eins og nú var störfum hlaðin og önnum kafin við önnur störf en gæslu hér á grunnslóðum. Hygg ég að það hafi farið mjög úrhendis að nægilegt eftirlit væri haft með veiðum á þessu svæði, og ég óttast að þetta hafi einnig átt sér stað nú undanfarin ár, bæði á s. l. vertíð og einnig nú í vetur, og hafi ekki verið komið í veg fyrir að bátar væru með veiðarfæri inn á þessu svæði. En eftirlit á þessu svæði getur verið mjög einfalt. Ég tel að það þurfi ekki nema einn bát af meðalstærð, 100 tonna bát, sem lægi inni á miðju svæðinu. Hann gæti gegnum sín radartæki fylgst með öllum skipaferðum um svæðið og mundi vera fljótur að átta sig á hvort um veiðiskip væri að ræða sem legðu net sín á þau svæði eða stunduðu þar togveiðar. En þetta hefur því miður ekki verið gert á þennan hátt, og ef ekki verður nægjanlegt eftirlit og alveg öruggt eftirlit með að ekki eigi sér stað veiðar á hinum friðuðu svæðum, þá auðvitað ber þessi viðleitni ekki árangur og við fáum skakka mynd út úr dæminu og rangar hugmyndir um hvers virði slíkar aðgerðir eins og hér hafa átt sér stað raunverulega eru. Mér er ekki heldur kunnugt um hvort fiskifræðingar hafa nokkuð fylgst með því t. d. hvort fiskmagn á hinu friðaða svæði á Selvogsbanka hafi aukist á undanförnum 3—4 árum sem reglugerð er búin að vera í gildi um bann við veiðum á þessu svæði. Ég hef aldrei heyrt neitt orð um það frá neinum aðila, hvort það hafi verið kannað hvort þetta hafi borið árangur eða ekki. En þetta er auðvitað mjög auðvelt að gera. Það er hægt með mælitækjum að kanna hvort meiri fiskur er á þessu svæði eða utan við það, og ég vil beina því eindregið til hæstv. ráðh., þó að nú sé nokkuð á tímann liðið sem þessi friðun stendur yfir, að það verði gerðar ráðstafanir til þess ekki aðeins að vernda svæðið, heldur einnig að kanna hvort fiskifræðingar telji að þetta beri þann árangur sem menn hafa verið að vonast eftir.

Ég var einn af þeim flm. sem áskildu sér rétt, bæði þegar við skiluðum nál. til rn. og eins þegar þetta frv. var lagt hér fram, til að flytja eða fylgja brtt. sem fram kynnu að koma. En ég tel að nokkurt samkomulag í rétta átt hafi náðst í hv. sjútvn. Nd. sem nú hefur skilað áliti og brtt., og þar sem ég tel, eins og ég hef áður sagt, að allar breytingar kunni að tefja framgang málsins, þá hef ég tekið þann kostinn að flytja a. m. k. enn þá enga brtt., því að ég tel svo mikilvægt að málið nái fram að ganga nú á þessu þingi að ég tel að þm., þótt þeir hafi ýmsar skoðanir á ýmsum greinum frv. og telji að þær mættu á annan veg vera, þá beri þeim að stilla mjög í hóf að gera nokkuð í því að flytja till. sem gætu orðið til þess að tefja framgang málsins. Ég var frá upphafi t. d., svo að ég bendi á eitt atriði, mjög mótfallinn því að horfið væri frá hinum fyrri grunnlínupunktum sem voru í sambandi við veiðar íslenskra skipa innan fiskveiðilögsögunnar og ákveðnir voru í reglugerð þegar útfærsla hafði átt sér stað, og voru þeir við

útgáfu reglugerðarinnar frá 1973 38 talsins, ef ég man rétt. Nú er bætt við nýjum viðmiðunarpunktum, sem n. kallar, 49 talsins. Ég held að úr þessu sé gerð allt of mikil flækja fyrir þá aðila sem eiga að hafa eftirlit með veiðunum og hjá þessu hefði greinilega mátt komast ef samkomulag hefði verið um það í undirbúningsnefndinni að halda sig að hinu einfaldara kerfi sem áður gilti. Sannarlega kom aldrei neitt í ljós sem ég tel að ylli neinum vandræðum eða töfum í sambandi við eftirlit hjá landhelgisgæslunni eða framkvæmd málsins.

Þá var annað atriði sem ég vildi nú óska upplýsinga um hjá hæstv. ráðh., en ég sé ekki að hann sé hér í salnum og ber að harma það að hann skuli ekki hafa aðstöðu til að vera hér þegar þetta mál er rætt við 2. umr. En vonandi kemst þó fsp. mín til hans eða henni verði komið á framfæri við hann, en hún er varðandi 14. gr., 2. mgr., hvernig sú heimild, sem frv. gerir ráð fyrir að honum verði veitt, verði framkvæmd. En 2. mgr. 14. gr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðh. getur einnig ákveðið í reglugerð að aðrar veiðar í tiltekin veiðarfæri skuli háðar sérstökum eða almennum leyfum."

Það er áður í greininni búið að tilgreina þær veiðar, sem leyfum eru háðar, en það eru leyfi til að veiða humar, síld, loðnu, spærling, kolmunna. Var ekki ágreiningur um það. Þó að menn settu fram þá skoðun að eðlilegra væri að ákveða heildarmagn af hverri tegund sem veidd er, þannig að rn. í samráði við Hafrannsóknastofnun setti ákvæði um heildarmagn hverrar fisktegundar, þá urðu menn þó um það sammála að enn þá væri kannske ekki ástæða til þess að hverfa frá því kerfi sem í gildi hefur verið í sambandi við þessar veiðar. En ég held að að því hljóti að koma að inn á þá braut verði farið að vera ekki að skammta hverjum og einum bát veiðileyfi, heldur verði heildarmagnið ákveðið og útgerðarmenn og sjómenn séu látnir sjálfráðir um það hvernig þeir nota þá aðstöðu sína meðan heildarmagnið hefur enn ekki verið fullveitt.

Ég vil endurtaka fsp. mína til hæstv. sjútvrh., af því að hann er kominn hér í salinn, en hún var varðandi síðari mgr. 14. gr. þar sem sagt er:

„Ráðh. getur einnig ákveðið í reglugerð að aðrar veiðar í tiltekin veiðarfæri skuli háðar sérstökum eða almennum leyfum."

Ég á við með þessu hvort það liggi fyrir að rn. sé með í huga að ákveða t. d. um tiltekin skip sem stunda togveiðar, hvort það er togari eða bátar, — hvort það muni verða ákveðið í leyfi sem þeir kunna að fá samkv. þessari heimild hve mikið magn þeir megi veiða annaðhvort á tilteknum tíma eða yfir árið og eins hvort þetta mundi gilda t. d. um netaveiðar, að það væri ákveðið í leyfi, sem kynni að verða gefið út til báta sem vilja stunda netaveiðar, að þeir mættu aðeins veiða tiltekið magn, en yrðu að hætta þegar því marki væri náð. Ég ætla að bíða með að segja álit mitt um þetta þar til ég heyri svar hæstv. ráðh. við því hvernig hann telur að þetta ákvæði verði framkvæmt, ef það verður samþ. eins og það kemur fram í síðari mgr. 14. gr.

Ég vil aðeins undirstrika það sem ég sagði, að ég tel í sambandi við bæði botnvörpuveiðar og hugsanlegar neta- og línuveiðar að ef þarf að ákveða hámarksmagn sem leyft er að veiða af þorski í þessi veiðarfæri, þá verði ekki farið út í að skammta það í smáum stíl handa einstökum veiðiskipum, heldur verði heildarmagnið ákveðið, að sjálfsögðu í samráði við Hafrannsóknastofnun, annaðhvort í tiltekinn tíma á ári eða heildarmagn yfir árið og síðan verði skip að hætta veiðum þegar því heildarmagni er náð, en þau hafi frjálsar hendur með að keppa innbyrðis um veiðarnar meðan verið er að veiða upp í fyrir fram ákveðið heildarmagn. Ég tel að ef á annan veg væri farið, þá mundi það setja mjög annan svip á allar veiðar. Það mundi draga úr hinum sæknu og sæknustu fiskimönnum og kannske setja veiðarnar niður á meira meðalmennskustig heldur en ég tel að beri að gera. Ég tel að menn eigi að hafa sem frjálsastar hendur um veiðarnar, það aflamagn sem þeir geta náð í með veiðarfæri sem þeir stunda, þó að ég viðurkenni að í einstökum smærri atriðum, eins og t. d. í sambandi við rækju og skelfisk og hinar viðkvæmustu tegundir, þá sé kannske enn ástæða til að vera með skömmtunarkerfið þó að vissulega beri að stefna að því að það verði afnumið.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er eins og frsm. málsins gat um, 1. flm., búið að vera lengi í smíðum og ræða við allmarga aðila víðs vegar um landið. Það er mikið vandaverk að semja slíkt frv. sem þetta, og það fer aldrei svo að það sé hægt að gera alla ánægða með það frv. og þær ráðstafanir sem þarna verður að gera. En það er eins með þetta nú og jafnan áður, að þm. hafa reynt að skilja sjónarmið hver annars og slá af sínum kröfum, bæði fyrir sín byggðarlög og skoðunum sínum um viðhorf, bæði í hinum einstöku veiðigreinum og sömuleiðis í sambandi við stjórnun og skipulag veiða. Ég tel að þegar á allt þetta er litið hafi vel tekist til um samningu þessa frv., og um þær brtt., sem hv. sjútvn. flytur, er ég n. sammála í öllum atriðum. Ég tel að þar hafi verið gerðar skynsamlegar og eðlilegar breytingar og tekið mið að ákveðnum, tilfinnanlegum vandamálum sem ekki varð komist hjá að taka tillit til.

Ég vil fyrst og fremst þakka fiskveiðilaganefndinni fyrir störf hennar, bæði hinni upprunalegu n. og sömuleiðis þeim þm. sem unnu í n. Þetta er, eins og ég sagði áðan, mjög vandasamt starf. Og síðast, en ekki síst vil ég þakka flm. þessa frv. fyrir framlag þeirra og sjútvn. fyrir störf hennar við að koma þessu máli áleiðis.

Ég ætla ekki að ræða þetta mál neitt efnislega. Það hefur verið gert á svo margan hátt áður og þá ekki síst af 1. flm. frv. En út af fsp. hv. 3. þm. Suðurl. varðandi hvern skilning ég hefði á 14. gr. þessa frv., þá vil ég taka það fram að þær veiðar, sem eru háðar leyfum, eru ekki skammtaðar í raun og veru á hvern bát þannig að allir bátar fái jafnan afla. Þar er tekinn hámarksskammtur eins og á skelfiskveiðum. En það segir ekki, þegar veiði er treg,

að hver bátur nái sínum hámarksskammti, enda er aflamunur mjög mikill á þessum veiðum víðast hvar og mjög mismunandi frá ári til árs. Hins vegar er ein veiðitegund sem hér er um að ræða, síldveiðarnar, sem hafa verið leyfðar aðeins á s. l. hausti, þar fengu öll skip sinn kvóta uppfylltan vegna þess að hér var um svo lítið magn að ræða sem var til skipta að auðvelt var fyrir hvern og einn að veiða sitt aflamagn og það á mjög skömmum tíma. Þetta fyrirkomulag varðandi síldveiðarnar verður vafalaust með mjög svipuðum hætti og það var á s. l. sumri. Sama er að segja um aðrar síldveiðar og sérstaklega síldveiðar í Norðursjó. Hins vegar er við veiðar á þeim fiski sem nóg er til af og engar slíkar takmarkanir þarf að setja, þar er sóknin leyfð alveg skilyrðislaust, eins og í loðnuveiðarnar, og þar er líka mjög mikill munur á aflamagni skipa. Það fer eftir stærð skips, gerð veiðarfæra og síðast, en ekki síst dugnaði skipstjórnarmanna og annarra skipverja.

Varðandi það ákvæði að ráðh. geti einnig ákveðið í reglugerð að aðrar veiðar í tiltekin veiðarfæri skuli háðar sérstökum eða almennum leyfum, um það get ég ekki fullyrt hvernig það verður útfært ef til þess þarf að koma. Það eru miklar líkur á að setja verði hömlur á þorskveiðarnar á meðan núverandi ástand varir. En það vil ég taka fram, að ég er því mjög mótfallinn að skipta aflamagni á þorskveiðum niður á skip þannig að það verði skornir helst niður þeir sem best hafa aflað á undanförnum árum, því að með því að taka upp slíkt fyrirkomulag værum við hreinlega að refsa þeim sem mest hafa aflað og sýndu mestan dugnað við veiðar, og það er aðferð sem ég mun ekki beita ef til þessara takmarkana kemur. Hitt er svo annað mál, að þær takmarkanir, sem gera þarf og ég tel hugsanlegt að verði gerðar, þær verði látnar ganga jafnt yfir alla, þannig að verði stöðvaðar veiðar tiltekinn dagafjölda, þá gangi það auðvitað jafnt yfir öll skip, hvar sem er á landinu og hvaða tegund veiðarfæra sem er. Hins vegar eru auðvitað hömlur settar á veiðar með gerð veiðarfæra og með takmörkuðu magni veiðarfæra, eins og t. d. netafjölda og með stækkun möskva í botnvörpu. Á þennan hátt hyggst ég reyna að ná þessari takmörkun fram og með stöðvun um nokkra daga eða nokkrar vikur í senn ef við sjáum að við þurfum endilega að taka þessar ákvarðanir til þess að ganga ekki of nærri þorskstofninum. Hitt tel ég, og það er mín afdráttarlausa skoðun, að það komi aldrei til greina að veiði duglegustu og mestu aflamannanna verði skorin meira niður en veiðar annarra. Þess vegna tel ég að það komi aldrei til greina að setja aflakvóta á hvern bát eða hvern togara.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Svo sem kunnugt er voru veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni samþ. á Alþ. 19. des. 1973 eftir allmiklar sviptingar hér í hv. d. Nú er hér til umr. frv. til l. um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Þar er um að ræða endurskoðun á þeim lögum sem ég áðan nefndi.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um málið á þessu stigi, en vil aðeins láta þetta koma fram: Þm. Vesturl. hafa rætt þetta mál sín á milli og hafa það til nánari skoðunar í samráði við heimamenn við Faxaflóa og Breiðafjörð. Þeim er ljóst að hér er um mjög viðkvæm ágreiningsefni að ræða og mikilvæg hagsmunamál. Erfitt verður að ná niðurstöðu sem allir sætta sig við. Þó er mikils um vert að reyna að ná sem víðtækastri samstöðu allra aðila málsins. Í samráði við aðra þm. Vesturl. lýsi ég því yfir að við áskiljum okkur allan rétt til að flytja brtt. við þetta mál síðar, við 3. umr. eða í seinni d., að nánar athuguðu máli, þó að þessari umr. ljúki og málið haldi áfram.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Mér sýnist hvorki mikil né knýjandi ástæða til þess að við flm. þessa frv. förum að setja hér á langar tölur um það, ósköp einfaldlega vegna þess í fyrsta lagi að okkar álit liggur fyrir á þskj. 540, allmikið að vöxtum, og þar kemur fram sú niðurstaða sem að lokum fékkst eftir alllangt starf og ég vil segja að sumu leyti nokkuð erfitt, vegna þess að þetta mál er þannig vaxið að þegar á að setja reglur um veiðisvæði kringum allt landið og reglur um ýmislegt annað varðandi fiskveiðar, þá er það gömul og þekkt staðreynd að skoðanir eru afar skiptar um allt land, ekki aðeins þannig að um mismunandi skoðanir sé að ræða milli landshluta, heldur einnig milli einstakra verstöðva, einnig skoðanamunur milli hinna ýmsu hópa sem veiða með mismunandi veiðarfærum. Það er t. d. allt annað álit sem þeir hafa, sem veiða með handfærum og línu og með netum, heldur en þeir sem leggja aðallega stund á togveiðar. Og þeir, sem stunda togveiðar, hafa einnig mismunandi álit eftir því hvort um er að ræða aðila sem veiða á minni bátum með trolli eða þá sem stunda togveiðar á stærri skipum, þ. e. a. s. nýjum togurum. Þess vegna er ljóst að næstum er útilokað að gera alla ánægða með nokkurri niðurstöðu, hvernig svo sem hún væri sett saman.

Hlutverk þmn., sem fékk þetta mál til meðferðar, var ekki síst að reyna að samræma þessi sjónarmið og gerast sáttasemjari eða velja milli hinna ýmsu möguleika á þann hátt að sem flestir gætu sætt sig við það samkomulag sem fram kæmi, vegna þess að það er ekki aðeins okkur ljóst að það er erfitt að koma með nokkra endanlega niðurstöðu sem allir geta fellt sig við, heldur einnig þeim sem þurfa að vinna eftir þessum lögum.

Ég vil segja það í upphafi að þegar við þm., sem erum flm. frv., ásamt hv. þm. Steingrími Hermannssyni og hv. þm. Jóni Árm. Héðinssyni, þegar við komum að þessu máli, þá höfðu fulltrúar hinna ýmsu hagsmunahópa unnið í n. í allmarga mánuði, líklega eina 10—11 mánuði, og það, sem þeir höfðu komið sér saman um, leit vissulega allt öðruvísi út heldur en það frv. sem hér er lagt fram og það í mjög mörgum og oft í allveigamiklum atriðum. Þar var ekki síst deilt um það hvað ætti að vera í lögum og hvað í reglugerðum. Og ég vil segja það strax, að mitt sjónarmið í þessu máli var að hafa það í lögum á-

fram sem hafði verið í lögum og halda því í reglugerðum áfram sem þar hafði áður verið, þ. e. a. s. ég aðhylltist í þessu máli tregðulögmálið eins og svo oft áður, því að í vissum hlutum er óhætt að segja að hæfileg íhaldssemi sé nauðsynleg.

Það er ekki eingöngu vegna þessarar íhaldssemi minnar persónulega að ég tók þessa afstöðu, heldur líka vegna þess að þeir, sem síðan þurfa að vinna eftir þessu frv., þ. e. a. s. skipstjórar á togskipunum, sem hafa þetta á sínu vinnuborði ásamt reglugerðinni, eru vanir því að hafa þetta form á. Þeir eru vanir að fletta upp þessu og lesa það, sem sett er fram, með þessum hætti, og það var ein höfuðástæðan fyrir því að ég vildi hafa þetta svona.

Sömuleiðis voru í þeim drögum, sem þar höfðu verið lögð fram, lagðar til breytingar miklar í sambandi við það hvernig ætti að veita veiðileyfi og ýmsilegt annað. Hv. þm. Sverrir Hermannsson, sem var 1. flm. frv. og aðaltalsmaður, hefur gert rækilega grein fyrir ýmsum þessum atriðum svo að ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja um þau.

Frá þeim lögum, sem nú eru í gildi, til þessa frv. eru nokkrar breytingar og þær eru ekki fyrst og fremst í sambandi við breytingar á veiðisvæðum, þ. e. a. s. togveiðitímum, heldur ekki síst breytingar sem fela í sér meira eftirlit og strangari gæslu varðandi það að reynt sé að koma í veg fyrir óhóflegt dráp á smáfiski og hvernig skyldi við því brugðist vegna þeirra upplýsinga sem komið hafa fram um ástand fiskstofnanna. Það var mín skoðun og margra fleiri í þmn. að þar þyrfti að leita þeirra ráða sem best dygðu og yrðu sem fyrst að gagni, og það var að okkar dómi að reyna að koma á einhverri stjórn — eða stjórnun, eins og það heitir víst núna — á fiskveiðarnar í fyrsta lagi og í öðru lagi með því að stækka möskva í botnvörpunni. Við höfum nú um alllangt skeið notað botnvörpur með möskva í poka um 120 mm á stærð horna í milli. Nú höfum við í þessari n. lagt til að þessi möskvi yrði stækkaður verulega, fyrst í 135 mm, sem var raunar búið að ákveða áður, en síðan í 155 mm, sem er geysilegt stökk ef miðað er við 120 mm möskva. Með þessari aðgerð, ef rétt er að staðið og vel eftir litið, er þegar komið í veg fyrir það að mjög smár fiskur komi upp í vörpunni. Ég sagði nú kannske heldur mikið, að það væri komið í veg fyrir það, þ. e. a. s. það dregur úr því að mjög smár fiskur komi upp í vörpunni. Og það er einmitt þessi mjög smái fiskur, sem er um og undir máli, sem við megum alls ekki veiða nú. Það er kunnugt af þeim skýrslum sem við höfum vitnað í hér oftsinnis að það er aðeins einn árgangur sem er stór í okkar þorskstofni, og það er sá árgangur sem varð þriggja ára nú fyrir nokkrum dögum, mun hafa klakist út í aprílmánuði 1973, og þessi stofn er svo langtum stærri en þeir, sem bæði koma á undan og á eftir, að hann stendur þar hátt upp úr. Þess vegna er, eins og ástandið er hjá okkur á þorskstofninum, hrygningarstærð hans hefur farið ört minnkandi og er komin niður í aðeins fjórðung þess sem hún var fyrir 10 árum, það verkefni, sem blasir við okkur núna, að reyna að koma sem stærstum hluta þessa árgangs til kynþroskaaldurs sem mun taka líklega um 3—4 ár frá þessari stundu því að þá getur hann farið að hrygna. Ef okkur tekst þetta, — og sá vandi er fyrst og fremst bundinn við þetta ár, árið 1976, og hluta af næsta ári, — að gera þær ráðstafanir sem duga til þess að hann sé ekki drepinn á þessu aldursskeiði, og það er ekki einungis hættulegt með tilliti til framtíðarinnar, með tilliti til þess að ná upp hrygningarstofninum, heldur er einnig ákaflega óhagkvæmt að veiða fisk á þessu aldursstigi vegna þess að á næsta ári og næstu tveimur árum þyngist hann hvað mest. Það er sem sagt ekki hentugt að slátra þessum syndandi dílkum fyrr en þeir koma af fjalli.

Annað stjórntæki í þá veru að koma í veg fyrir að þessi mikla innistæða, sem við eigum þarna í árganginum frá 1973, brenni ekki upp í einhverju bráðræðisveiðiæði hjá okkur á næstu árum var að reyna að geta stemmt stigu við smáfiskadrápinu einnig með öðrum hætti en með mjög stækkuðum möskva, og það var að geta lokað svæðum sem ljóst var að smáfiskur hefði gengið á. Heimild hefur verið til að gera þetta áður, en það hefur tekið langan tíma. Nú er í frv., í 6. og 8. gr., heimild til að loka svæðunum umsvifalaust, þetta atriði, að geta beitt skyndilokunum ákveðið og fljótt þar sem þess virðist þurfa við, það er að mínum dómi og okkar í þessari n. eitt það allra stærsta. Bregðist hins vegar þessi tvö atriði, þá eru öll þau strik, sem við sjáum á kortunum aftan til í þskj. og öll sú geometría og dagsetningar og bönn að öðru leyti til lítils. Þetta er sem sagt meginatriðið. Æskilegast væri að við hefðum tök á því að hafa slíkt eftirlit með veiðum, jafnvel daglegt eftirlit með öllum veiðum, að við gætum verið laus við þetta, að við getum stjórnað þessu allt að því frá degi til dags þannig að skynsamlega væri að unnið. En því miður höfum við ekki efni á því að gera það og ekki neinar ástæður á neinnar handar máta, því miður. Í lfrv. er sem sagt komið það sem við vildum og ég lagði sérstaka áherslu á að yrði í lögunum, sem betur fer. Hins vegar eru í reglugerðum sett afmörkuð línu- og netasvæði eða föst lokuð svæði þar sem vitað er að smáfiskur heldur sig aðallega. Auk þess er gert ráð fyrir að skyndilokunum verði beitt á þeim svæðum þar sem vitað er að smáfiskur heldur sig á vissum árstímum. Þetta hefur áreiðanlega verið tíundað hér lið fyrir lið í ræðum hv. fyrri ræðumanna svo að það er kannske ekki ástæða til þess að orðlengja um það, þó að þarna sé að mínum dómi um allra stærstu atriðin að ræða, þ. e. þau atriði sem hníga að því að við getum komið í veg fyrir að dánartala þessa árgangs verði of há. Ég álít það eitt frumskilyrðið til þess að við getum aftur fengið hér upp styrkan hrygningarstofn. Og ef tekst að gæta sín á þessu ári og því næsta, þá er ég ekki í nokkrum vafa um að fiskveiðar eiga eftir að aukast hér verulega og skapa okkur mikinn auð í þjóðarbúið, svo að ég tali nú ekki um þegar við losnum við óboðna gesti sem hafa gert sig freklega heimakomna á okkar miðum án þess að berja að dyrum og hafa sýnt okkur hinn versta ruddaskap í hvívetna.

Þó ég vilji nú ekki tefja tímann í löngu máli, þá er varla hægt að komast hjá því að minnast

hér á einstakar greinar. Ég vék hér áðan að 6. gr., sem fjallar um heimildir til rn. að banna togveiðar þar sem það þykir nauðsynlegt af áðurgreindum ástæðum, og 8. gr. þar sem fjallað er um framkvæmd þess, og ég legg á það enn þá áherslu að það er mikið atriði að vel takist til einmitt í þessum efnum. Það er auðvitað hægt að tala hér um hverja grein fyrir sig sem snertir þessi atriði, en í 14. gr. tel ég mikilvægt þar sem kemur fram að það sé unnt að setja aðrar veiðar en rækjuveiðar, humarveiðar, síldveiðar, loðnuveiðar, spærlingsveiðar og kolmunnaveiðar undir leyfi. Ég tel t. d. persónulega að það sé mjög gagnlegt að geta tekið t. d. netaveiðarnar og sett þær undir leyfi, ekki síst með tilliti til þess að ákafir fiskimenn, sem í hita augnabliksins gleyma stundum að þeir þurfa að gæta sín á vissum reglum, geta átt það yfir höfði sér að missa veiðileyfi, t. d. til netaveiða, ef þeir þverbrjóta þær reglur, sem um þær eru eða kunna að verða settar. Það er vitað mál að nú um alllangan tíma hefur netafjöldi á netabátum verið takmarkaður og sett ákveðið hámark hvað hver bátur mætti vera með mörg net í sjó, og miðast sá netafjöldi við þann mannskap sem á bátnum er. Er það gert vegna þess að þar sem fæstir menn eru um borð, þar er gert ráð fyrir að þeir geti dregið færri net en aðrir daglega, því að æskilegast er að á hverjum degi séu öll net viðkomandi netabáts dregin úr sjó. Að öðrum kosti skemmist sá afli sem þarf að liggja tvær nætur eða þrjár eða fleiri. Fráleitt er að haga sér eins og netaveiðimenn hafa því miður margir gert um mörg undanfarin ár, að demba út ótölulegum fjölda neta. Í stað þess að vera með 120—150 net, eins og mest er leyfilegt að vera með, hafa þeir leyft sér að vera með 200—300 og jafnvel enn fleiri net í sjó, sem þýðir að það er útilokað að draga meira en helming eða jafnvel ekki nema þriðjung af öllum þeim netum á hverjum degi. Það þýðir ósköp einfaldlega að stór hluti aflans verður léleg vara, og þá er aðeins miðað við að um eðlilega tíð sé að ræða, þ. e. a. s. góð tíð og ekki miklar frátafir, því að það er engin leið að koma í veg fyrir að fiskur verði tveggja til þriggja nátta ef illa viðrar, eins og t. d. núna á vertíðinni. Reynslan hefur orðið sú að þar sem mikið er um þetta, að netaveiðiskipin séu með allt of mörg net í sjó, þar hefur líka matið hríðfallið. Á sama tíma og við erum að tala um að vernda hrygningarfiskinn og smáfiskinn, þá sýnist það vera glæpi næst að hauga í land netafiski í allt of umfangsmikil veiðarfæri sem fer kannske að helmingi til og jafnvel að ⅔ í slæman gæðaflokk, í stað þess að geta komið með góða vöru í land. Það er vont að vera að drepa kannske síðustu þorskana til þess að hálfeyðileggja þá og gera þá verðlitla.

Hér var í einni ræðu áðan, svo að ég grípi nú inn í einstök atriði, talað um að það ætti að skylda öll fiskiskip að koma með allan afla sinn að landi, hvernig svo sem á stæði og hvernig sem aflinn væri, til þess að það væri hægt að fylgjast með hvað væri drepið af smáum fiski. Ég er hér með það í höndunum sem Gaukur Jörundsson prófessor í lögum segir um þetta mál. Um það atriði segir prófessorinn:

„Ég er sammála því að ástæða sé að taka til athugunar hvort ekki ætti að leggja bann við því að fleygja afla. Ákvæði í þá átt verða þó sennilega að bíða um sinn. Ástæður til þess eru m. a. þær að Ísland er aðili að alþjóðlegum samningum sem banna að tiltekinn ólögmætur afli sé fluttur að landi."

Þetta segir hann. Fyrir utan þessar lögfræðilegu skýringar er hægt að segja að af praktískum ástæðum er ýmislegt sem mælir á móti því að það sé unnt að framkvæma þetta ákvæði þótt í lög væri sett. Það er hætt við því að þótt skipstjórar séu skyldaðir að koma með í land aflaðan undirmálsfisk, — fisk sem allir um borð vita að ekkert verð fæst fyrir, fisk sem þarf að landa og er meiri löndunarkostnaður á heldur en fyrir hann fæst í landi, — og mannskapurinn, sem þarf þá að gera að þessum fiski og hirða hann hefur sennilega ekki ýkjamikinn áhuga á því að vera að puða í því að ganga frá þessum fiski þannig að hann ýldi ekki allar lestar og geri allt ómögulegt, — þá verði það fyrsta sem karlarnir geri, — og þeir gera að undir dekki núna, — að þeir sparki þessu í sjóinn og komist hjá því að leggja á sig aukalega vinnu. Þetta er nú það sem yrði í raun og veru.

Það er margt sem hægt væri að setja inn í slíkar reglur sem ekki er þægilegt að eiga við í raunveruleikanum. Þess vegna álít ég slíkt ekki æskilegt, a. m. k. ekki að svo komnu máli.

Ég kemst þó ekki hjá því að segja hér örfá orð um það sem gerst hefur í sambandi við veiðiheimildirnar innan landhelginnar þótt stutt verði. En það er nú þannig að á langstærstu svæðum við landið er ekki um mjög miklar breytingar að ræða. Það er t. d. hér út af Faxaflóa, Breiðafirði og Vestfjörðum, þar hafa nánast engar breytingar verið gerðar varðandi botnvörpuheimildir.

Út af Norðurlandi hafa verið gerðar smávægilegar breytingar, sem eru þó fyrst og fremst fólgnar í því að skip allt að 350 tonn að stærð máttu fara aðeins inn fyrir 12 mílurnar allt árið, en við urðum sammála um það í n., jafnvel þó að menn séu alls ekki sammála um það fyrir norðan, ég veit það, — við urðum sammála um það í n. að þetta atriði ætti að fara burt og við skyldum halda öllum fyrir utan 12 mílur. Það hagar nú svo til að jafnvel þótt við vildum gera öllum jafnt undir höfði í sambandi við veiðisvæði og fjarlægð frá landi, t. d. að segja öllum að fara út fyrir 12 mílur, það væri kannske sú jafnaðarmennska sem skynsamlegast væri að leggja fram, ég veit að sumir eru svo miklir jafnaðarmenn að þeir hefðu kannske lagt það til, — en það hagar nú svo til að jafnvel þó að við getum breytt ýmsu með slíkri lagasetningu eins og nú stendur til að gera, þá er okkur alveg ómögulegt að setja lög um breytingu á landgrunninu. Það verður að vera eins og það er. Þess vegna er dálítið misjafnt hvar við getum dregið þessar línur eftir aðstæðum, og það má öllum vera ljóst. En þessi breyting þarna fyrir Norðurlandi kemur til vegna þess einmitt sem er grunntónninn í verkinu, eins konar stef sem gengur í gegnum alla fiskveiðisinfóníu okkar sem við höfum verið að vinna að og endurskoða

síðan í haust, að einmitt á þessu svæði er talið að sé um mestan smáfisk að ræða að jafnaði. Það er auðvitað nokkuð misjafnt. En þess vegna varð ekki fallist á að fara inn fyrir 12 mílna línuna. Það er sett fast verndarsvæði utan um Kolbeinsey sem hefur verið gert í reglugerð. Ég er ekki að segja að það sé eingöngu rn. verk. Við höfum bent á ýmislegt slíkt og höfum haft samráð í þeim efnum við Hafrannsóknastofnun og álit sérfræðinga, bæði hvað þetta varðar og annað, svo að þar er einnig verið að vernda smáfisk.

Fyrir Austurlandi eru sáralitlar breytingar nema sama eðlis eins og fyrir Norðurlandi. Þar var skipum, sem eru allt að 350 lestir að stærð, heimilt að fara nokkuð inn fyrir 12 mílurnar frá Langanesi og á svæðinu yfir Bakkaflóa og Vopnafjörð og Héraðsflóa, fara í Héraðsflóanum þó hvað næst landi. Það er nú ekki víst að þessi breyting, að reka þessi skip út fyrir á þessu svæði, skipti ýkjamiklu máli, ósköp einfaldlega vegna þess að þarna er ekki mikið um báta af þessari stærð að ræða sem stunda veiðar á svæðinu. Það eru tiltölulega mjög fá skip. Ég þori ekki alveg að nefna töluna en fjöldann mætti líklega telja á fingrum annarrar handar, svo fá skip er þarna um að ræða. En af sömu ástæðum var þetta gert til þess að reyna að hindra smáfiskadráp.

Fyrir Suðausturlandi hafa verið gerðar nokkrar breytingar. Hv. þm. Sverrir Hermannsson gat þess, held ég, í sinni ræðu að það svæði, sem lokað var þarna fyrir togveiðum á vissum tíma vegna smáfiskahættu, það er að vísu ekki í þessum lögum, en ég held, að hann hafi örugglega bent á að það þyrfti að fylgjast með því á þeim tíma sem smáfiskur hefur aðallega gengið inn á þetta svæði og þá yrði beitt skyndilokunaraðferðinni. Ég get ekki séð að nokkur annmarki geti verið á því, því að við vitum alveg hvenær fiskur gengur einmitt á þetta svæði, það er ekkert leyndarmál. Menn vita það af reynslunni, og þess vegna sé ég ekki heina ástæðu til þess að taka það inn í lög.

Það hafa orðið nokkrar breytingar á togveiðiheimildum þarna aðrar, og sumum finnst að á svæðinu fyrir Suðausturlandi og Suðurlandi hafi togveiðiheimildir fyrir stærri skip verði nokkuð auknar á vissum árstímum meðan þær hafi verið takmarkaðar sums staðar annars staðar. Vissulega eru þær takmarkaðar þarna líka. En hvað þetta snertir, þá hefur verið um nokkra aukningu að ræða á vissum árstímum og þá er því til að svara, að það er staðreynd að á þessu svæði er yfirleitt ekki um smáfisk að ræða eins og gerist út af norðanverðum Vestfjörðum, fyrir Norðurlandi og víða annars staðar, t. d. við Hvalbakinn. Auðvitað skríður þarna smáfiskur um eins og alls staðar annars staðar. En þarna er yfirleitt um góðan fisk að ræða, og einhvers staðar verða vondir að vera. Við byggjum nú okkar veiðar í vaxandi mæli á hinum nýja og glæsilega togaraflota sem hefur haldið uppi þjóðarbúskapnum undir vondri stjórn nú undanfarin ár, og við værum sennilega komnir á uppboð einhvers staðar ef hans hefði ekki við notið, þó að sumir hv. þm. litla flokksins, sem kallaður var hér einu sinni og er nú raunar enn þá minni, hafi staðið hér upp hver af öðrum til að lýsa því hvað það hafi verið vont verk að ausa út fé til þess að kaupa þessi skip.

Ekki verður hægt að komast hjá því að minnast aðeins á togveiðimöguleika togskipanna fyrir Suðvesturlandi. Þar er allmjög þrengt að togurunum yfir vertíðina og það er gert í því skyni að togararnir geti ekki nálgast hrygningarfiskinn eins mikið og verið hefur. Á vissum tíma ársins, þ. e. a. s. um hávertíðina, þegar línu- og netasvæðin eru lokuð og hrygningarsvæðið er lokað á Selvogsbankanum, þá hafa þessir togarar nánast ekkert erindi austur fyrir Reykjanes til að fiska annars staðar en utan við 12 mílur. Ég held að það sé varla ástæða til þess að fara að rekja það allt í smáatriðum.

En það er ekki hægt að víkjast undan því að minnast hérna dálítið á þær brtt. sem fjalla um þessi svæði, Suðausturlandið og Suðurlandið.

1. brtt. er við Suðausturlandið. Hún er í fjórum liðum, sem þó eru eiginlega ekki nema tveir, vegna þess að 3. og 4. liður eru undirliðir 1. og 2. liðar. Þar segir aðeins að það sé meiningin að loka og þrengja aðeins frá því sem er í frv. togveiðar á hrygningartímanum á þessu svæði, eins og hefur verið í lögum áður, og er þess vegna ekkert nema gott um þessar till. að segja frá mínu sjónarmiði.

B-liður þessarar brtt. er í tveim liðum um það að leyfa nú aftur, eins og var í lögum og er í gildandi lögum varðandi annað svæðið, að leyfa minnstu bátunum að fiska upp að ströndinni á takmörkuðu svæði í takmarkaðan tíma. Um það svæði, sem var ekki í gildi í síðustu lögum, er það að segja að þar er einungis um tveggja mánaða veiðiheimild að ræða, frá miðjum febrúar að miðjum apríl. Það þykir sannað af reynslunni að á þetta svæði sé ekki hægt að fara til að sækja sér smáan fisk. Þarna er í rauninni eingöngu um allstóran göngufisk að ræða og að langmestu leyti ýsu. Og það var nú svo að í vetur voru nokkrir bátar teknir að ólöglegum veiðum, mjög nálægt landi þarna sumir hverjir, og var mikið fjaðrafok um þetta í blöðunum og sum blöð í þessu landi, undir forustu náttúrlega Alþýðublaðs-Vísis, gengu hreinlega berserksgang yfir því að hér væri um stórkostlegan glæp að ræða sem væri jafnvel verri en þau sorglegu glæpamál sem hafa verið hér í gangi nú um alllangan tíma. Þetta voru verstu óvinir þjóðarinnar sem þarna höfðu stolist inn fyrir strikið, ekki var annað hægt að skilja á þessum skrifum. En ég get sagt það, að á þessum tíma, þegar þessir bátar fengu þennan afla, var ekki um auðugan garð að gresja í fiskveiðum hér um Suðurland. Þá voru netabátarnir að basla við að krækja í einhvern afla í afar erfiðri tíð og töpuðu miklum veiðarfærum og höfðu miklar keyrslur og gátu ekki stundað sjó nema öðru hvoru og netin lágu þess vegna lengi í sjó. Þeir komu með slæman afla, eyddu mikilli olíu og höfðu mikinn veiðarfærakostnað, þ. e. a. s. með þeim veiðiaðferðum var aflað tiltölulega lélegs hráefnis með gífurlegum kostnaði. Hins vegar höfðu þessar togveiðar margt til síns ágætis. Þar var alls ekki um neina keyrslu að ræða. Þar var alls ekki um neinn veiðarfærakostnað að ræða. Þar var alls ekki um smáfiskadráp að ræða. Þar

var alls ekki um lélegt hráefni að ræða. Þar var einungis um fyrsta flokks fisk að ræða. Matið á fiskinum, og ég hef vigtarnótur upp á það og matsnótur, var þannig að allur fiskurinn fór 100% í 1. flokk og ekkert af honum var undirmálsfiskur. Þessar veiðar höfðu hins vegar hinn stóra galla, — og ég er ekki að mæla með slíkum veiðum að því leyti til, — þessar veiðar höfðu marga kosti, en aðeins einn galla, og sá galli var að þær voru ólöglegar. Þarna var fiskað vitlausu megin — *ekki við línu, heldur við hugsaða* dregna línu út af ströndinni.

Ég ætla ekki að láta mér detta það í hug að mæla hér með lögbrotum, hvorki af þessu tagi né öðru. En af þessu, sem ég hef sagt um þetta mál, ætti að vera ljóst að það er ekki skynsamlegt að hafa leyfilegar veiðar og koma með vondan fisk með miklum tilkostnaði á sama tíma og bannaðar eru veiðar sem skila eingöngu fyrsta flokks hráefni með litlum tilkostnaði. Eina ráðið við þessu að mínum dómi og okkar í n. er að koma í veg fyrir þetta og lagfæra þennan hnút, leyfa bátunum hreinlega að veiða upp við sandinn á þessum tíma, að veiða göngufiskinn, stóra fiskinn, sem allur fór og hefur ævinlega farið í 1. flokk. Þess vegna legg ég eindregið til að a. m. k. þeir fáu hv. alþm., sem mega vera að því að hlusta á umr. um frv. til l. um veiðar í fiskveiðilandhelgi, geti skilið hvað hér er um að ræða, að hér er ekki verið að hleypa mönnum upp að landi til neinna hornsílaveiða eða til þess að ganga á stofninn eða til þess að gera eitthvað ljótt sem við megum ekki, heldur til þess að veiða skynsamlega og það góðan fisk og allan stóran.

Um hina brtt. af þessari tegund er óþarfi að segja mikið. Þetta hefur verið í lögum nú að undanförnu og hefur reynst vel. Þarna hefur ekki komið ýkjamikill afli á ári hverju. Þó hefur þetta farið yfir 2000, upp í jafnvel 3000 tonn, og aflamat gefur til kynna að þar sé einnig um stóran fisk að ræða, og gildir þá sama um þetta og hitt atriðið.

Ég vil nú ekki segja neitt eiginlega um ákvæði til bráðabirgða, en legg samt til að menn lesi það yfir. Það sjá flestir hvers eðlis það er. Ég *vil helst ekki hafa mörg orð um það, en fylgi* því samt, eins og ég hef undirskrifað. Ég hafði um það einhver orð í upphafi að okkur, sem létum hafa okkur til þess að fara í þessa n. til þess að koma saman lögum um þetta efni, var efst í huga að reyna að koma í veg fyrir smáfiskadráp og reyna að stuðla að því að hinn stóri stofn, sá eini stóri stofn sem við eigum, fái lifað af til þess tíma að hann geti skilað sæmilegum arði og helst eignast nokkur afkvæmi eins og önnur lifandi kvikindi til þess að viðhalda þeim stofni sem íslenska þjóðin lifir á. Og til þess voru að okkar dómi fyrst og fremst þær aðferðir að stækka möskva mikið, svo að smæsti fiskurinn slyppi, og þeita skyndilokunum, eins og ég sagði áðan, þ. e. a. s. geta komið í veg fyrir það strax að fiskveiðar á smáfiski í stórum stíl kæmu upp. Þetta eru undirstöðuatriðin sem við höfðum fyrir augunum þegar við vorum að vinna að þessu frv. Ef það tekst ekki og eftirlit með því rennur út í sandinn, þá er allur sá línudráttur og öll sú flatarmyndafræði, sem er augljós af þeim kortum sem fylgja frv., til einskis.

Ég vil að endingu leggja áherslu á það við hv. þm. þessarar d. að hafi þeir nú eftir þessa 2. umr. einhverjar sérstakar aths. fram að færa við einstaka liði frv., um fiskisvæðin eða um aðrar greinar frv. sem fjalla um aðra þætti málsins, þá láti þeir okkur í sjútvn. vita af því sem fyrst og helst sem skýrast og greinilegast, en fari ekki að kasta hér inn við 3. umr. alls kyns brtt. *sem gætu orðið til þess að tefja afgreiðslu* málsins. Ég legg mikla áherslu á það, að ég álít að það sé tvímælalaust nauðsynlegt að koma þessu frv. í gegn áður en þing lýkur störfum og margbreytilegur tillagnaflutningur við 3. umr. gæti orðið til þess að tefja málið og gæti orðið til þess að sprengja það upp. Og ég segi fyrir mig, að ég get varla séð fyrir endann á því sem skeð gæti ef af slíku yrði. Þess vegna vil ég segja það aftur, að ég hvet hv. þm. í þessari d. til þess að taka þessari ábendingu og láta vita strax af hugmyndum sínum og vinna af ábyrgð að koma þessu máli farsællega í höfn.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég lít svo á að það beri að fagna þessu frv. og það sé í mörgum greinum til bóta. Það þarf ekki að fjölyrða um nauðsyn fiskverndar fyrir okkur íslendinga, og það þarf ekki að endurtaka það hér einu sinni enn að á fiskvernd og skynsamlegri hagnýtingu fiskimiða hlýtur lífsafkoma þessarar þjóðar að byggjast. Ég sé þó ástæðu til þess að vekja athygli á auknum erfiðleikum skuttogara fyrir norðan. Það er lokað með ákvæðum þessa frv. fyrir þeim veiðisvæði sem þeir hafa haft og hafa verði opin. Útgerð togara fyrir norðan er ýmsum erfiðleikum háð. M. a. þurfa þeir um lengri veg að fara nú heldur en áður hefur verið.

Það mun orka nokkuð tvímælis hvort ákvæði í þessu frv. eru í öllum greinum nákvæmlega nógu skýr og réttlát. Í 3. gr. segir: „Þar sem í lögum þessum er rætt um skip 39 metrar að lengd og minni, eru undanskildir skuttogarar með aflvél 1000 bremsuhestöfl eða stærri.“ Síðan hefur í brtt. verið sett ákvæði til bráðabirgða sem svo hljóðar: „Skip, sem áður höfðu notið veiðiheimilda samkv. stærðarmælingu 105 brúttórúmlestir og minni og 350 brúttórúmlestir og minni, skulu áfram njóta sömu veiðiheimilda samkv. lögum þessum og skip 26 m og minni og 39 m og minni.“

Það mun a. m. k. um eitt skip á landinu orka nokkuð tvímælis hvort það fellur undir þetta ákvæði, ákvæði til bráðabirgða mun ekki taka af lagabókstafinn, en þetta skip, sem ég á við, er 256 brúttólestir. Lengdin er 38.22 m., svo að hvort tveggja liggur innan leyfilegra marka og meira að segja ríflega það. En hins vegar eru hestöfl vélar 1060. Hins vegar falla undir ákvæðin skip sem eru allmiklu stærri og lengri, en með vél sem samkv. nýjum mælingum hefur mælst innan ákveðinna marka, þeirra marka sem leyfð eru samkv. frv. Ég treysti hv. sjútvn. til þess að samræma þetta og finna á þessu réttláta lausn. Það er mikið atriði í viðkvæmri og vandasamri löggjöf eins og þessari að mönnum finnist hún vera réttlát, svo að þeir hlýði henni. Það er

engan veginn auðvelt og engan veginn vandalaust. En ég treysti sem sagt n. til þess að leggja sig fram um að finna þarna eitthvert orðalag sem ekki verði misskilið, sem ekki sé hægt að hártoga og taki af öll tvímæli um hvernig skilja beri þetta og réttlætis sé gætt, þannig að minni skip séu ekki útilokuð þó að þau hafi ekki látið mæla niður vél eins og önnur.

Það er annað atriði sem ég er óánægður með í þessu frv., en ég er kannske einn um þá skoðun hér, henni hefur a. m. k. ekki verið haldið mjög á lofti. Það er hvað ákvæðin um flotvörpuna eru rúm. Ég lít svo á, að það væri ástæða fyrir okkur að takmarka mjög, jafnvel banna alfarið veiðar í flotvörpu. Flotvarpa er veiðitæki sem engu hlífir. Hún fer vítt um sjó og ef hún er notuð af mikilli grimmd samfara botnvörpu, þá tekur hún mestallt kvikt. Ég held að það ætti að spara a. m. k. veiðar í flotvörpuna og nota hana ekki á aðrar tegundir en þær sem ekki er hægt að nýta með öðrum hætti. Það kann að vera að einhverjar fisktegundir séu á sundi í sjónum sem ekki sé hægt að ánetja með öðrum hætti. En að nota flotvörpu til þorskveiða, það held ég að sé framúrskarandi fyrirhyggjulaust. Og eigi flotvarpan að verða okkar framtíðarveiðarfæri, þá kostar mikið að búa flotann þessu tæki. Þess vegna held ég að heppilegast hefði verið að banna notkun hennar. Ég tel það megingalla á fiskveiðisamningnum við þjóðverja að þeim er leyft að veiða í flotvörpu. Og meðan svo er og sá samningur er í gildi, þá er náttúrlega tómt mál að tala um það að banna íslendingum það sem þjóðverjum er leyft.

Jón Skaftason: Virðulegi forseti. Ég skal nú ekki verða til þess að lengja þann tíma sem þetta merkilega frv. okkar hefur tekið hér í hv. d. Ég get tekið undir flest af því sem meðflm. mínir hafa sagt um frv. Á það ber að sjálfsögðu að líta sem nokkurs konar málamiðlun sjónarmiða höfunda og flm. sem að sjálfsögðu falla í sumum atriðum ekki algerlega saman við skoðanir hvers og eins ef færi væri á að koma þeim fram. En það er eðli málamiðlunar að allir verða að slá eitthvað af sínum ítrustu óskum og á því byggist frv.-gerðin.

Ég vil taka undir það, sem hér hefur verið sagt, að það yrði að mínu viti afskaplega erfitt ástand sem mundi ríkja ef þetta frv. næði ekki fram að ganga á þessu þingi. Raunar var gert ráð fyrir því í gildandi lögum að lögin skyldu endurskoðuð fyrir s. l. áramót hvað ekki tókst vegna þess að verkefnið er erfitt. Við erum nú að fá upplýsingar um lélegt ástand ýmissa helstu nytjafiska við landið sem gerir þessa frv.-gerð enn þá erfiðari.

Ég vil taka undir það að tvö sjónarmið réðu fyrst og fremst afstöðu frv.-höfunda. Það er einlæg viðleitni þeirra að setja þær reglur sem til þess væru fallnar að koma í veg fyrir að smáfiskadrápið gengi í jafnríkum mæli áfram eins og því miður hefur verið til þessa, og vil ég vitna til ræðu hv. þm. Garðars Sigurðssonar áðan, sem talaði að mínu viti afar skynsamlega um nauðsyn þess að leyfa þorskárganginum 1973 að komast upp. Og til þess er fyrst og fremst það ráð tekið að leggja til, þó að það hafi að vísu verið gert með reglugerð, að stækka mjög möskva í togveiðarfærum og enn fremur að reyna að draga úr sókninni á þeim veiðisvæðum sem vitað er að smáfiskurinn elst aðallega upp á.

En þessi var ekki ástæðan fyrir því að ég kem hér upp, að endurtaka neitt af því sem félagar mínir hafa um þetta sagt, að mínu viti flestallt mjög skynsamlega og réttilega, heldur var tilefnið ræða hv. síðasta ræðumanns, Páls Péturssonar, sem vék að ákvæði til bráðabirgða í brtt. sem sjútvn. flytur við frv. Hann sagði þar að ákvæði til bráðabirgða viki fyrir almennum lagagreinum og uppi væri visst vandamál á Sauðárkróki um veiðiheimildir, eins togskips vegna breytinga sem frv. hefur í för með sér. Ég veit að það er rétt sem hann segir. En hitt er rangt hjá honum, að ákvæði til bráðabirgða hafi ekki nákvæmlega sama lagagildi og aðrar brtt. n. Það hefur sama lagagildi og sjálfar frv.-gr. Þó viðurkenni ég að það er ekki alveg ljóst hvernig skilja beri ákvæði til bráðabirgða miðað við ákvæði í 3. gr. frv. Ég vil þó taka það fram og undirstrika að ákvæði til bráðabirgða er sett inn til þess að koma í veg fyrir að viss skip, sem eru á stærðarmörkunum og missa veiðiréttindi við þá breytingu sem nú á að taka upp, þ. e. a. s. að lengd skipanna á að ráða um veiðiheimildir í stað brúttósmálestatölu áður, að þau missi einskis í við þessa breytingu. Þegar á það er litið að það er megintilgangur þessa bráðabirgðaákvæðis, þá mundi ég vilja túlka það svo lagalega að þetta ákvæði ætti einnig að ná til þess skips sem hér hefur verið lítillega talað um. En ég viðurkenni að þetta er ekki alveg ljóst. Ég tel því að það ætti að fá sérstaka lagalega skoðun á milli 2. og 3. umr. hvort þessi skilningur minn er réttur eða ekki, því ef hann er rangur, þá er þarna um að ræða einstakt tilfelli, einstakt vandamál, sem skapast við það að breyta um stærðar mælingu, ef svo mætti segja, skipa. Grundvallarhugsun okkar í sjútvn. var sú, að þau fáu skip, sem lentu í vandræðum út af þessum breytingum, skyldi ekki missa réttindi. En sem sagt, ég tel að það sé eðlilegt að þetta verði athugað lögfræðilega á milli 2. og 3. umr., hvort þessi skilningur minn er réttur. Sé hann ekki réttur, þá kemur til athugunar hvað eigi að gera um þetta einstaka, takmarkaða tilfelli.

Frsm. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð, með því sem ég hygg að þessari umr. sé að ljúka.

Ég er mjög ánægður með þær umr. sem hafa farið fram hér um þetta frv. því þær bera með sér að það er viðtækur stuðningur við frv. og gagnrýni í lágmarki. Aðeins vildi ég víkja að því sem hv. síðasti ræðumaður nú orðfærði og hv. þm. Páll Pétursson ræddi hér í sinni ræðu varðandi eitt sérstakt skip, Hegranes, fyrir Norðurlandi.

Í fyrsta lagi liggur ekki fyrir að skipið sé búið aflvél sem er rúmlega eitt þús. bremsuhestöfl. Eftir því sem hann gaf mér upp, þá er aðeins rætt um hestöfl og það kunna að vera, eins og venjulega er mælt, framleidd hestöfl í strokk, sem eru töluvert miklu hærri tala heldur en bremsu-

hestöfl eða afl á ás. Þetta þarf að kanna. Ég hef leitað úrskurðar skrifstofustjóra Alþ. um þetta atriði, og hans úrskurður er sá, að þar sem skipið er undir 39 metrum, eða 38.22 m í mesta lagi, gildi ákvæði til bráðabirgða um þetta skip. Verði enginn til þess að mótmæla þessari túlkun þá skoða ég hana gilda í sambandi við afgreiðslu þessa máls.

Hann minntist á flotvörpuna og var gagnrýninn á þau leyfi sem til hennar eru veitt. Ég vil upplýsa hann um það að í reglugerð hefur verið bannað að beita flotvörpu á svæðinu frá Hvítingum og allar götur að Bjargtöngum. Og þetta er svæðið þar sem má segja alfarið er hrygningarsvæði og bannað að beita flotvörpu við þorskveiðar. Á það legg ég áherslu þar sem flotvörpunni má oft beita með miklum árangri við bæði ufsa- og sér í lagi við karfaveiðar, t. d. hér á Reykjaneshryggnum. Flotvarpan hefur sýnt gildi sitt bæði fyrir Vestfjörðum og Norðurlandi og í hana hefur yfirleitt ekki veiðst smáfiskur, yfirleitt alls ekki.

Það er algengt að menn eru haldnir ýmsum fordómum um hin ýmsu veiðarfæri, en oftast er það á miklum misskilningi byggt. Menn verða að gá að því ef hrygningarfiskur er drepinn t. d. í net, þá gerir það að sjálfsögðu jafnmikinn skaða eins og hann væri drepinn með einhverjum öðrum hætti. Ég held þess vegna að vegna hinna miklu takmarkana eftir reglugerð á notkun flotvörpunnar á þessu stóra svæði til veiða á þorski, þá muni togaraútgerðarmenn ekki frekar ráðast í flotvörpubúnað á skipum sínum en orðið er. Ég held þess vegna að sú takmörkun, sem þegar liggur fyrir samkvæmt þessari reglugerð, sé alveg nægjanleg til þess að draga úr beitingu þessa veiðarfæris sem er ekki hættulegt að mínum dómi nema þegar hrygningarfiskur gengur á riðin því þá gengur hann oft í torfum miðsævis eða alllangt frá botni.

Fleira hefur komið fram í þessum umr. sem ég sé ekki sérstaka ástæðu til að orðfæra nú, en það kunna að vera einstök atriði sem nefndin þyrfti að athuga milli umr. Ég legg áherslu á það við hæstv. forseta, ef þess er nokkur kostur, að 3. umr. geti farið fram nú í dag eða á kvöldfundi.

Páll Pétursson: Virðulegi forseti. Ég ætla að þakka þær yfirlýsingar sem nm. hafa gefið um skilning sinn á þessu máli, og jafnframt lít ég svo á, þar sem ekki hafa komið mótmæli fram frá sjútvrh. við skilningi þeirra og túlkun, að þá liggi það alveg ljóst fyrir, að Hegranes SK-2 falli undir þetta ákvæði til bráðabirgða og sé tryggt að því séu heimilaðar veiðar eins og hliðstæðum skipum.

Hvað varðar flotvörpuna og það, sem síðasti ræðumaður nefndi í því sambandi, þá veit ég að það eru takmarkanir sums staðar á notkun flotvörpu hér syðra og vestra, en hún er leyfð fyrir Norðurlandi þar sem smáfiskurinn frægi virðist nú vera einna efst í hugum manna þegar talað er um lokun veiðisvæða. Og við erum alltaf ákærðir fyrir smáfiskadrápið fyrir norðan. En ég held að það væri ástæða til þess að fara varlega með flotvörpuna og ég er ekki alveg sannfærður um að smáfiskur veiðist ekki í flotvörpu þó að svo væri á hv. síðasta ræðumanni að skilja. Það eru að vísu slegnir varnaglar í þessu frv. um notkun flotvörpunnar. Sjútvrh. eru veittar heimildir til þess að beita bönnum og skyndiráðstöfunum út af flotvörpunni og ég treysti honum raunar ljómandi vel til þess að láta að sér kveða í því efni.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 638,1 samþ. með 27 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
4.—23. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 638,2 (ný 24. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 638,3 (*nýtt ákv. til brb.*) *samþ. með* 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Upptaka ólöglegs sjávarafla, frv. (þskj. 488, n. 636). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Sjútvn. d. hefur haft til meðferðar frv. til l. um upptöku ólöglegs sjávarafla á þskj. 443, Ed.-mál. N. hefur athugað þetta frv. gaumgæfilega. Það kom strax fram í n. að mönnum varð nokkuð starsýnt á einstök ákvæði þessa lagafrv. og þótti ýmsum sem heldur betur væri þar stungin tólg. Þess vegna var það að fyrir frumkvæði formanns n., hv. þm. Péturs Sigurðssonar, var á það ráð brugðið að biðja lagaprófessor Gauk Jörundsson um álit hans á lagafrv. Þetta átti einkum við um aðferðina við að gera afla upptækan, eins það að upptakan er óháð því hvort um refsiverðan verknað var að tefla eða ekki, enn fremur að úrskurður ráðuneytisins varð aðfararhæfur.

Ég vil geta þess að þetta frv. er mjög á þá sveif, sem fiskveiðilaganefnd ræddi og lagði raunar til í fyrstu till. sínum, og þess vegna gengið mjög til móts við till. hennar í raun og veru með þessari lagasetningu. Lagaprófessorinn dregur ekki úr því að hér sé um óvenjulega lagasetningu að tefla í raun og veru, en álítur alfarið að nauðsyn sé á, eins og komið er málum í sjávarútvegi okkar.

Það var þríþætt fsp. til lagaprófessors Gauks Jörundssonar.

Í fyrsta lagi að upptöku aflans samkv. frv. yrði beitt án tillits til þess hvort nokkur hefði gerst sekur um refsiverðan verknað. Áhöfn, t. d. hásetar, ætti litinn þátt í ákvörðun um hvar veitt væri. Af þessum sökum bitnaði upptaka harkalega á sumum skipverja a. m. k. þar sem þeir þyrftu m. a. að leysa verk af hendi að meira eða minna leyti án launa eftir því hve mikið kvæði að upptöku afla.

Þessu svarar Gaukur Jörundsson svo, með leyfi forseta:

„Fyrirmælum frv. um upptöku afla án tillits til þess, hvort um refsiverðan verknað hefur verið að ræða eða ekki, er einkum ætlað að girða fyrir að ólöglegar veiðar verði stundaðar í trausti þess að ekki verði komið fram sönnun um að um sök hafi verið að ræða, en sú sönnun getur oft verið erfið. Þessi regla getur að vísu leitt til

þess að afli sé gerður upptækur enda þótt sök eða önnur refsiskilyrði séu ekki fyrir hendi. Reglan réttlætist hins vegar fyrst og fremst af ríkri nauðsyn á verndun fiskstofna og af því að mikið aðhald sé að því ef enginn getur gert sér vonir um ávinning af ólöglegum afla. Slíkt leiðir almennt til aðgátar við veiði og girðir fyrir að farið sé fram hjá friðunarákvæðum, en á því væri hætta ef upptaka væri takmörkuð.

„Mín skoðun er sú“, segir lagaprófessorinn, „að ofangreind rök réttlæti nægjanlega að ákvæði um upptöku ólöglegs afla sé óháð því hvort um refsiverðan verknað hefur verið að ræða eða ekki.

Að sjálfsögðu er rétt að upptaka afla samkvæmt ákvæðum frv. getur komið hart niður á saklausum skipverjum þar sem þeir njóta ekki árangurs erfiðis síns. Ýmsir erfiðleikar yrðu þó á því að setja ákvæði er tryggðu þessum skipverjum greiðslu, t. d. aflahlut af þeim afla sem gerður hefur verið upptækur. Þarf þar að skera úr hverjir eigi að njóta slíkra greiðslna eða aflahlutar t. d., hvort það eigi að vera allir aðrir en skipstjórnarmenn. Einnig þyrfti að taka afstöðu til hluta útgerðarinnar. Veigamest er samt að mínum dómi að ákvæði í þessa átt mundu rýra mjög aðhald það, sem frv. er ætlað að veita, og þar með gildi slíkrar lagasetningar yfirleitt, eins og að framan hefur verið rakið. Til hliðsjónar má enn fremur benda á að lög nr. 102 frá 1973, um bann við veiðum með botnvörpu og flotvörpu, eru reist á því að skipstjóri beri fjársektarábyrgð á því og þá óháð sök hans ef fiskiskip stundar ólöglegar veiðar innan fiskveiðitakmarkanna, sbr. hæstaréttardóm nr. 41 frá 1970.“

Þetta var um hið fyrsta atriði sem fyrir prófessorinn var lagt, en í öðru lagi var sú fsp. gerð til hans hvort ekki ættu heima í frv. ákvæði um bann við að fleygja afla. Því svarar prófessorinn svo, með leyfi forseta:

„Ég er sammála því að ástæða sé til að taka til athugunar hvort ekki ætti að leggja bann við því að fleygja afla. Ákvæði í þá átt verða þó sennilega að bíða um sinn. Ástæður til þess eru m. a. þær að Ísland er aðili að alþjóðlegum samningum sem banna að tiltekinn ólögmætur afli sé fluttur að landi. Þarfnast þetta mál a. m. k. nánari athugunar.“

Í þriðja lagi var spurt um það atriði að úrskurði ráðuneytis mætti fullnægja með aðför. Og því svarar lagaprófessorinn svo:

„Ekki er venjulegt að úrskurðir ráðuneyta eða annarra handhafa framkvæmdavalds séu aðfararhæfir. Einnig er úrskurðarvald sjútvrn. samkvæmt frv. óvenjulegt. Ég tel þó hvort tveggja réttlætanlegt vegna ríkrar nauðsynjar á því að friðunarreglum sé fylgt fram tafarlítið og af festu og að lögfesting þessara ákvæða sé ekki varhugaverð.“

Þetta er umsögn lagaprófessors Gauks Jörundssonar sem ég tek alveg gilda.

N. varð ekki sammála um afgreiðslu frv. Meiri hl. leggur til að það verði samþ. óbreytt en hv. þm. Garðar Sigurðsson kvaðst mundu skila séráliti enda þótt það kynni að verða mælt af munni fram.

Garðar Sigurðsson: Virðulegi forseti. Það er skammt stórra höggva í milli. Ég sagði það í hv. n., sem um þetta mál fjallaði og ég á sæti í, að ég væri samþykkur stórum hluta þessa frv., þ. e. a. s. anda þess sem verið er að gera, því sem stefnt er að í þessu frv. Það er einn þeirra þátta sem er fylgifiskur þess frv. sem við vorum að ræða hér áðan. Það er hvernig á að fara með þann afla sem ólöglega er tekinn, hvað á að gera við það sem komið er með að landi, t. d. of mikið af smáum fiski, ef bátur fer fram yfir kvóta sem honum hefur verið skammtaður, t. d. á síldveiðum, eins og átti sér stað á hinum sérkennilegu síldveiðum í fyrra, eða afla fenginn með ólöglegum veiðarfærum, t. d. trolli með ólöglega möskvastærð o. s. frv. eða þar sem kannske togskip fær afla á línu- og netasvæði eða farið inn á lokuð hrygningarsvæði og annað þess konar. Ég er sammála því að slíkur afli sé gerður upptækur sem þannig er fenginn. Og ég held að við höfum allir verið sammála um það, a. m. k. á pappírnum, að þá væri þetta heldur í áttina, það væri stefnt að því með þessu frv. a. m. k. sagt að menn hafi ætlað sér að gera sæmilega góðan hlut, þótt ég sé ekki viss um að þetta verði nú öðruvísi í raun og veru, ef menn fá ekkert fyrir þann afla sem þeir koma með af þessu tagi í land þrátt fyrir mikla vinnu, en að þeir sparki smáfiskinum í sjóinn, það verði það sem skeður. Hitt er svo annað mál, að stundum eru menn gripnir á staðnum með ólöglegan afla. Það er heimilt að gera afla upptækan ef menn eru að fiska í landhelgi. Þess vegna ætti einnig að vera einhver leið að hirða af mönnum það sem þeir hafa tekið ófrjálsri hendi með einhverjum hætti, eins og að fara fram yfir þann kvóta sem okkar hæstv. sjútvrh. hefur skammtað þeim í því skyni að passa það að hlutaðeigandi fiskstofn sé ekki étinn upp til agna á óskikkanlegum tíma.

En það er nú svona með hvert mál, að á því eru ýmsir fletir, ég segi ekki bara hliðar, því að þær eru nú venjulega tvær, en fletir geta verið fleiri eftir því hversu málið er hornótt. Og óneitanlega held ég að ég verði að halda því fram að þetta frv. sé býsna hornótt, vegna þess að aðferðin við að nálgast þennan afla og hvernig eigi að ákvarða hann, hver eigi að úrskurða hvað sé ólöglegt og hvað mikið magn sé ólöglegt og hver á að úrskurða hversu mikils virði þessi ólöglegi afli er, það er ekki dómsmrn. sem kveður upp dóminn, það er ekki dómsvaldið sem segir til um hvað sé ólöglegt í þessum efnum. Í þessu frv. er dómsvaldið flutt upp í sjútvrn., og ég er ekkert viss um að hæstv. ráðh. né starfsmenn rn. séu svo sem ýkjahrifnir af því að fá þetta, sem kannske mætti kalla vald, en er þó kannske miklu frekar alls kyns óþægindi og ekkert skemmtilegt að eiga við. Þetta finnst mér sem sagt óeðlilegt við frv., að þarna eru farnar nokkuð nýjar leiðir í þessum efnum. Sá, sem talinn er sekur samkv. mælingum manns frá ferskfiskeftirlitinu eða einhverjum öðrum slíkum, hann er ekki fyrst látinn fara fyrir dóm og hans mál rannsakað, og það er ekki dómari sem skoðar hjörtun og nýrun í því tilviki sem þar er á ferðinni, heldur eru mælingar eða matsnótur

látnar vera þar til grundvallar, eins og segir í 3. gr., með leyfi forseta. Það er rétt að lesa hana alla svo ekki fari fram hjá neinum að þarna er um allnýstárlega gr. að ræða. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Sjútvrn. úrskurðar hvort um ólöglegan sjávarafla er að ræða samkv. lögum þessum og í hve miklu magni. Leiki vafi á um magn ólöglegs sjávarafla er heimilt að áætla það magn eftir framkomnum gögnum.

Rn. úrskurðar enn fremur hvert skuli vera andvirði hins ólöglega afla sem gera skal upptækan og skal þá miða við heildarverðmæti aflans eða þess hluta hans, sem við á.“

Og þá á hæstv. rn. væntanlega að skera úr um það þar sem við á, eins og þarna segir. Svo heldur greinin áfram:

„Rn. byggir ákvarðanir sínar samkvæmt þessari gr. á upplýsingum sérstakra eftirlitsmanna þess, starfsmanna Framleiðslueftirlits sjávarafurða og öðrum tiltækum sönnunargögnum. Rn. skal jafnan gefa hlutaðeigandi kaupendum og seljendum meints ólöglegs sjávarafla kost á að gera grein fyrir sínu máli.“

Skyldi það nú vera að þeir mættu kannske láta í sér heyra þegar væri verið að hirða af þeim fiskinn, mættu svo sem mjamta eitthvað um það? En hann skal tekinn, samt skal hann tekinn, þó þeir megi hafa málfrelsi, því að úrskurðarvaldið er með þessum lögum sett í hendur sjútvrn.

Síðan kemur það í 4. gr. og eiginlega alveg óþarfi að taka það fram, að málinu megi vísa til meðferðar sakadóms. Mega ekki allir kæra, sem álíta sig ofríki beitta eða órétti. Það liggur í hlutarins eðli, a. m. k. á meðan hér er skikkanlegt réttarríki á yfirborðinu. Og svo segir, þrátt fyrir að víkja megi þessu til sakadóms, að ekki skuli „það fresta því að rn. geti innheimt andvirði þess ólöglega afla sem það gerir upptækan“ — það skal gert strax — „hjá kaupendum eða seljendum þess afla, eftir því sem við á hverju sinni. Úrskurði rn.“ — þ. e. a. s. sjútvrn., ekki dómsmrn. eða dómstóla þess — „má fullnægja með aðför að viku liðinni frá birtingu hans.“ Hv. þm. Sverrir Hermannsson flutti hér framsöguræðu um þetta erindi og gerði það ágætlega og hefur farið um þetta góðum höndum og litið þetta réttsýnum augum frá því að við tókum það til meðferðar í n. og ekkert undan því að kvarta. Meira að segja las hann hér upp grg. prófessors Gauks Jörundssonar sem fjallar um þetta mál, og ef menn hafa hlustað grannt þá hefur það ekki farið fram hjá þeim að í augum sjálfs prófessorsins, sem er einmitt fenginn oft til þess að gefa úrskurði um efni mála sem þykja nokkuð vafasöm, þar sem um umdeild atriði er að ræða, vegna sinnar færni í þessum efnum, honum jafnvel ofbýður þó hann skrifi afar hógvært mál. Og jafnvel þó hv. þm. Sverrir Hermannsson hafi lesið þetta yfir, þá kemst ég ekki hjá því að minna hér á nokkrar málsgr. í umsögn þessa ágæta prófessors.

Um fyrsta lið, sem hann er spurður, segir hann, með leyfi forseta:

„Fyrirmælum frv. um upptöku afla án tillits til þess hvort um refsiverðan verknað hefur verið að ræða eða ekki, er einkum ætlað að girða fyrir að ólöglegar veiðar verði stundaðar í trausti þess að ekki verði komið fram sönnunum að um sök hafi verið að ræða, en sú sönnun getur oft verið erfið. Þessi regla getur að vísu leitt til þess að afli sé gerður upptækur enda þótt sök eða önnur refsiskilyrði séu ekki fyrir hendi“. Þessi viðurkennandi setning er býsna sláandi.

Síðan segir prófessorinn á öðrum stað, um aflahlut og annað þess konar:

„Ýmsir erfiðleikar yrðu þó á því að setja ákvæði er tryggðu þessum skipverjum greiðslu t. d. aflahlut af þeim afla sem gerður hefur verið upptækur. Þarf þar að skera úr hverjir eiga að njóta slíkra greiðslna eða aflahlutar t. d., hvort það eigi að vera allir aðrir en skipstjórnarmenn. Einnig þyrfti að taka afstöðu til hluta útgerðarinnar.“

Þarna er um allmikið mál að ræða. Þarna er verið að tala um þann hlut sem skipshöfninni yfirleitt ber, en hún kynni kannske að missa af, jafnvel þó hún hafi lagt í það allmikla vinnu.

Að lokum, svo ég sé nú ekki að lesa mjög mikið upp af þessu, vil ég þó aðeins geta síðasta atriðisins í grg. prófessorsins, en þar segir, með leyfi forseta:

„Ekki er venjulegt að úrskurðir rn. eða annarra handhafa framkvæmdavalds séu aðfararhæfir. Einnig er úrskurðarvald sjútvrn. samkv. frv. óvenjulegt. Ég tel þó hvort tveggja réttlætanlegt vegna nauðsynjar á því að friðunarreglum sé fylgt fram tafarlítið og af festu og að lögfesting þessara ákvæða sé ekki varhugaverð.“

Þetta var sem sagt niðurstaða prófessorsins, að það væri óhætt að setja þessi lög. En það fer ekki fram hjá neinum að þarna er um býsna óvenjulegar og allharkalegar aðfarir að ræða. Hann getur þess m. a. að þarna sé framkvæmdavaldi og dómsvaldi ruglað saman, það sé óvenjulegt að úrskurður rn. eða annars framkvæmdavalds sé aðfararhæfur. Og þó ég sé ekki lögfræðilega menntaður, þá fer ekki hjá því að við ómenntaðir hv. þm. hljótum að reka augun í þetta, þessar býsna alvarlegu setningar í áliti prófessorsins.

Ég var sem sagt frekar á því að slíkt frv. af einhverju slíku tagi þyrfti að koma fram. Það vafðist dálítið fyrir mér að skila hér því sérálíti sem ég hafði boðað á fundi sem haldinn var í gær. Að vísu hefur lítill tími gefist til þess að setjast niður og til skrifta á þessum tíma, fundir hafa verið fram á kvöld og byrjað eldsnemma á morgnana þessa dagana. En ég verð að segja það um 3. gr., svo harkaleg sem hún er þarna, þá er þetta svo hálögfræðilegt að ástæða þótti til að leita til færasta sérfræðings í málinu. Það er svo að í hv. sjútvn. skortir okkur ekki lögfræðinga og menn með slíka menntun. Það er stór prósenta hv. n. lögfræðingar, og þeir þurftu að spyrja sér vitrari menn um þetta, svo að það þarf engan að undra þó að það hefði ekki verið hægt að hlaupa til og hamra á ritvélina strax athugasemdir við þetta í smáatriðum og síðan brtt. sem fjalla um svona mikið deilumál eða vafaatriði.

Ég var að velta því fyrir mér hvort ég ætti að koma með brtt. Ég ætla að rekja nokkur atriði sem ég var að velta fyrir mér í þessum efnum.

Ég var að velta því fyrir mér í fyrsta lagi að koma með brtt. í þá veru að í staðinn fyrir að dómsvaldið flyttist þarna til á Lindargötunni, þá væri gengið frá þessum málum svipað og gert er í sambandi við landhelgisbrot almennt. Þar stendur yfirleitt ekki á því að dæma þá grunuðu. Þó það taki áratugi og jafnvel hálfan annan áratug að koma áfram málum braskaranna í landi, þá stendur ekki á því að dæma sjómennina. Um leið og þeir eru og áður en þeir eru komnir í land, þá eru gullsnúraðir landhelgiskapteinar búnir að dæma þá seka í fjölmiðlum fyrir fram, eins og staðreynd var í vetur. Þeir voru yfirlýstir veiðiþjófar, áður en mál þeirra voru tekin fyrir, og síðan dæmdir sem veiðiþjófar innan örfárra klukkustunda, færri klukkustunda heldur en það tekur ár að dæma þá sem eru að lauma í vasa sinn söluskatti eða öðrum jafnvel enn verr fengnum gróða. Mér var sem sagt sagt að detta í hug að það væri farið með slík brot með svipuðum hætti, réttur yrði settur þegar þessir menn kæmu í land og fjallað yrði um þau af dómsmálayfirvöldum. Það hefði kannske verið réttast að gera það. En það er nú svo með þá aðferð, þó að hún virðist vera réttlátust þegar þetta er skoðað bara frá þessari hlið, þá hefur hún líka galla. Hún hefur þann galla að til þess að geta tekið þetta fyrir af bæjarfógetum og dómstólunum, þá er það ekki hægt öðruvísi heldur en að kæra mennina fyrst. Það verður að kæra þá til sakadóms fyrir smátittina sem kynnu kannske að vera fram yfir í aflanum. Það er svo sem ekkert gaman að þurfa að standa í slíku svo ég held að jafnvel sá kostur, þó slæmur sé, eins og hann er í frv. eins og það er, sé jafnvel betri en það. Hvað er þá til ráða ef báðir þeir kostir, sem nú þegar hafa verið fundnir, eru svo slæmir að manni hrýs hugur við? Þá fór ég að stefna mínum gráu heilasellum að því verkefni að finna einhverja aðra lausn sem færi kannske bil beggja. Þessi fámenna fylking komst að þeirri niðurstöðu að kannske væri hugsanlegt að lögreglan gæti með einhverjum hætti tekið þátt í rannsókninni og mælt tittina með ferskfiskeftirlitinu, þannig að þarna færi fram rannsókn undir handarjaðri yfirvaldsins án þess að mennirnir yrðu dregnir fyrir lög og dóm og kannske úthrópaðir í fjölmiðlum fyrir fram fyrir glæpi. Þetta var möguleiki.

Ég veit ekki hversu hratt á að koma þessu máli áfram. Það er kannske meiningin að klára allar umr. núna í striklotu í stíl við þann æðibunugang sem jafnvel minnir á Olympíuleika stundum í þessu þingi þegar að lokum dregur. Það rekur hver á eftir öðrum og engu má breyta. Ég óttast að eitthvað af frv. dagi hér uppi og verði að svipuðum fyrirbærum og þeir sem bera þessi frv. fram, þ. e. a. s. nátttröllum. En ef okkur gæfist tími til þess að skoða þetta enn þá betur, þá gæti ég að sjálfsögðu komið með skriflegt álit áður en frv. verður afgr. Ég bað um dálítinn frest á þessu, en á því voru taldir nokkrir vankantar og ég féllst á það eftir atvikum að gera þá grein fyrir afstöðu minni munnlega, því ég hef ekki hingað til verið fremstur í flokki til að tefja hér fyrir málum. Þó að málið sé kannske þannig vaxið að það sé svo sem ekki beint mjög praktískt, þá eru á þessum tímum allir uppfullir af þeirri hysteríu að allur fiskur sé hér búinn. Þá verður að rétta mönnum eitthvað til þess að róa þá. Svona frv. er eitt af þessum litlu bitum sem gætu kannske orðið til þess að lækka svolítið öldurnar í þessum efnum.

Virðulegi forseti — mér er jafnvel óhætt að segja herra forseti, sé ég. Mér hefur kannske orðið heldur meira skrafdrjúgt um þetta litla frv. en ástæða væri til. En það er nú svona, þegar maður sér venjulegt dýr, þá kippist maður ekkert við, maður er svo vanur þeim, en sjái maður bastarða, þá glennir maður upp sín rannsóknaraugu og þess vegna er eðlilegt að maður velti svolítið vöngum yfir þessu. Ég læt sem sagt þessar athugasemdir duga að sinni og set kannske eitthvað á pappír um málið áður en það hverfur hér úr hv. deild ef tími gefst til. En framboð á tíma virðist hafa minnkað núna undanfarna daga.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér það beint þegar ég kom hingað á hið háa Alþ. í nokkra daga nú í lokin að skipta mér mikið af umr. hér á lokastigi umr. og afgreiðslu mála. Ég get þó ekki setið á mér að taka þátt í umr. um það mál sem hér er á dagskrá, frv. til laga um upptöku ólöglegs sjávarafla. Bæði er að mér finnst frv. þetta mjög vafasamt, þótt ekki sé meira sagt, og í athugasemdum við frv. er farið með sannleikann á svolítið sérstakan hátt.

Þeim orðrómi hefur verið haldið ótrúlega mikið á lofti að íslenskir fiskimenn væru að ganga af flestum fisktegundum við landið dauðum. Það er meira að segja svo, að stjórnmálamenn, sem haldið hafa ræður á sjómannadaginn, a. m. k. í fyrra og hitteðfyrra, hafa ekki nefnt á nafn hina margrómuðu og margföldu afkastagetu hvers íslensks sjómanns í því að drepa fisk miðað við sjómenn annarra þjóða. Það liggur við að manni hafi fundist það mikil ósvinna hjá íslenskum togarasjómönnum að fiska smáfisk á miðunum innan um enska togara. (Gripið fram í.) Af hverju fóru íslendingar ekki á önnur mið og lofuðu bretum að vera einum á smáfiskmiðunum? Manni fannst einhvern veginn að íslenskur fiskimaður væri vondur maður. Þeir fyrir norðan drepa smáfisk og þeir fyrir sunnan búa til netamorkur úr hrygningarfiskinum.

Það var nú svo hér um árið þegar þekktur stjórnmálamaður var með þær hugmyndir og till. að fækka þyrfti bændum, þeir væru of fjölmenn stétt hér á Íslandi, þá svöruðu bændur fyrir sig og gerðu út af við þessa hugmynd það rækilega að fækkun bænda hefur varla komist á dagskrá síðan. Mig furðar að sama skuli ekki hafa skeð í sambandi við sjávarútveg og sjómenn nú undanfarið. Ef svo hefði verið hefði frv. í líkingu við það frv., sem hér liggur fyrir til umr., aldrei séð dagsins ljós.

Það mætti tala langt mál um þá vondu íslensku sjómenn sem veiða í landhelgi, fara inn á friðuð svæði, veiða smáfisk, eru með of mörg net í sjó og gera ýmislegt ljótt af sér. En sumir þessara karla eiga málsbætur og þeir, sem ekki eiga málsbætur, eru pínulítill hluti af íslenskri

sjómannastétt. Þeir eru kannske það lítill hluti af íslenskri sjómannastétt að bera mætti þá saman í hlutföllum við þá bændur í Húnaþingi, sem ekki vildu tvíbaða, og hina, sem böðuðu. Ég er svo ekki í vafa um að ekki væri erfiðara að fá þessa fáu sjómenn til að hætta lögbrotum en að fá Björn á Löngumýri til að baða.

Frv. að lögum eins og það, sem hér liggur fyrir, gerir frekar að æsa til lögbrota heldur en hitt. Skipshöfn á íslensku fiskiskipi er mjög mismunandi fjölmenn, getur verið frá einum manni upp í 30. Af hverri skipshöfn er sjaldan nema einn maður ábyrgur. Þar af leiðandi getur ekki orðið nema einn maður sekur í sambandi við þá ólöglegu atburði sem um getur í þessu frv. Mér sýnist því að þetta frv., ef að lögum yrði, næði ekki til annarra skipa en þeirra sem væru með einn skipverja, þ. e. trillukarla á skaki eða grásleppu, jafnvel þó að Gaukur Jörundsson lagaprófessor hafi látið sinn stimpil fylgja þessu lagafrv. hingað í þingið.

Ég hef litið í þau lög sem vísað er til í athugasemdum með lagafrv. þessu, reynt að finna hliðstæðu í málatilbúnaði. Í þeim lögum er tekið fram að skipstjóri sé ábyrgur og jafnvel útgerð. Í því frv., sem hér er til umr., er enginn ábyrgur aðili. Af 30 manna skipshöfn eru því allir samábyrgir og jafnt skaðabótaskyldir.

Ég get ekki látið mér detta í hug að hægt sé að gera upptækan aflahluta skipverja sem unnið hafa við veiðarnar, komið afla fyrir í lest, jafnvel á síldveiðum saltað síld í tunnur og gert hina aðskiljanlegustu hluti, allt án þess að hafa hugmynd um að um lögbrot sé að ræða og allt gert samkv. skipunum þess manns sem þeim ber að hlýða næstum skilyrðislaust samkv. íslenskum lögum. Eftir því sem ég veit best hefur háseti á skipi ekki heimild til að neita skipstjóra sínum um að gera flestöll störf sem gera ber á skipi og hefur enga heimild til að neita því og er jafnvel sekur maður ef hann gerir svo. Vera má að í sjómannalögum sé skipstjóri gerður ábyrgur fyrir slíkum verknaði sem um getur í frv. þessu. Það breytir því þó ekki að í þeim lögum, sem vísað er til í athugasemdum við frv. þetta, er skýrt tekið fram að skráðir skipverjar séu undanþegnir ábyrgð. Þetta á reyndar ekki alveg við um alla hluti sem ske í sambandi við það sem brotlegt er í þeim lögum sem vísað er til í sambandi við þetta. Það er tekið fram um þá aðila sem aðstoða við landhelgisbrot og þess háttar, að þar eru skráðir skipverjar á skipi algjörlega undanþegnir og saklausir menn fyrir rétti þar sem litið er vitaskuld á það að þeim ber skylda til þess að hlýða sínum skipstjóra undir hvaða kringumstæðum sem er. Ég tel því að í frv., sem hér liggur fyrir, hefði þurft að vera ákvæði um að skipverjar allir, að undanskildum þeim sem ræður, væru undanþegnir skaðabótaskyldu eða upptöku á sínum aflahlut.

Í 3. gr. frv. er svo kveðið á að sjútvrn. skuli gerast lagalegur úrskurðaraðili, enda ekki vonum seinna að létt sé af löggæslu og dómsmrn. störfum. Svo sem heyrst hefur í vetur er það rn. störfum hlaðið. Sjútvrn. skal m. a. byggja úrskurði sína á upplýsingum starfsmanna Framleiðslueftirlits sjávarafurða. Hér mun vera átt við hið svokallaða ferskfiskmat. Eins og hv. alþm. muna sjálfsagt urðu nokkrar umr. bæði hér á hinu hv. Alþ. og í fjölmiðlum um framkvæmd ferskfiskmatsins á síðasta ári. Í þessum umr. kom í ljós að um marga annmarka var að ræða á ferskfiskmatinu og í nokkrum tilfellum var algjörlega gengið fram hjá því og ekkert mat framkvæmt. Liðið er nú meira en ár síðan þessar umr. fóru fram, en ég veit ekki til þess að framkvæmd ferskfiskmatsins hafi í neinu breyst. Um ferskfiskmatið mætti segja ýmislegt og það furðulegt, en ég læt það eiga sig nú. Ég vil þó láta þá skoðun í ljós að það sé mjög vafasamt að hægt sé að láta stofnun, sem meira og minna er sniðgengin vera upplýsingaaðila um hvað sé löglegur eða ólöglegur afli í sambandi við þau lög, sem hér er lagt til. að samþ. verði.

4. gr. margnefnds frv. er að mínu mati pínulítið brosleg og um leið að mestu leyti gagnslaus. Greinin er þó ætluð til þess að vera þungamiðja eða undirstaða undir það að hægt sé að framkvæma lögin. Gagnsleysi og broslegheit þessarar greinar gera það að verkum að greinarnar þrjár á undan eru mjög lítils virði. Hv. alþm. er sjálfsagt kunnugt um að þau eru ekki mörg íslensku fiskiskipin sem ekki hafa rekstrarlán hjá viðskiptabanka. 35% af afla þessara skipa er veðsettur viðskiptabanka. Auk þess er með lögum ráðstafað 10% af aflaverðmæti allra skipa til Stofnfjársjóðs fiskiskipa. Þar ofan í kaupið er oft um ýmsar aukaveðsetningar á afla að ræða, bæði í sambandi við afborganir af skipum og veiðarfærakaupum o. fl. Aðfararrétturinn samkv. 4. gr. er undir mörgum kringumstæðum algjörlega gagnslaus nema fram komi í lögunum að hann sé á undan öllum slíkum kvöðum sem ég hef nefnt hér. Ég fæ því ekki annað séð en jafnvel skriflegur upptökuúrskurður sjútvrn. í afla sé bæði haldlítið og broslegt plagg nema kannske gagnvart trillukörlum sem eru einir á trillum, eins og ég nefndi áðan. Það gæti verið. Þeir eru sjaldan með neinar miklar veðsetningar í kringum sinn afla. Það er kannske hægt að ná upp grásleppuafla og skaki.

Í meðförum hv. Ed. hefur frv. þessu bæst ný grein. Það er ekki gott að segja af hvaða hvötum hún er þar komin inn, en það er þó alltaf hægt að segja að hún gefi frv. aukna breidd. Hún gefur sem sagt ráðh. heimild til þess að gefa út reglugerð til að fylla út í frv. Það hefði verið lítils virði ef hún hefði ekki verið þarna með.

Þá er komið að athugasemdunum, og í upphafi máls míns gat ég þess að þar þætti mér frjálslega farið með sannleikann. Í athugasemdum þessum segir, með leyfi hæstv. forseta, í 2. mgr.:

„Brot á ýmsum veiðireglum, sem settar voru með stoð í lögum nr. 44 5. apríl 1948 eða lögum nr. 102 27. des. 1973, varða sektum, en ekki upptöku afla, og oft getur það gerst að slíkar sektir verða jafnvel mun lægri en andvirði þess afla sem fenginn er með því að brjóta veiðireglur.“ Nú fer nú að koma að aðalþungamiðjunni í þessu: „Síldveiðarnar við Ísland á s. l. hausti geta gefið dæmi um þetta. Eins og kunnugt er var hámarksafli sá, sem hver bátur mátti veiða, 215 tonn síldar. Margir síldarbátanna fiskuðu mun meira en þessum kvótum nam, mismunandi mikið, en allt upp í 144 tonn fram yfir kvótann.

Bráttóverðmæti umframafla þessa báts, miðað við að allt hafi farið í 1. flokk, mun nema 5 millj. 760 þús. kr.“ Og enn þyngir á: „Ekki er vitað til þess að neinn af skipstjórum þeim, sem kærðir voru fyrir að hafa brotið þessa reglu um hámarksafla, hafi enn hlotið sektardóm, en samkv. lögum nr. 44 5. apríl 1948 er ekki unnt að dæma þá í meira en 1 millj. kr. sekt, þannig að ljóst er að sumir hafa hagnast mjög verulega á þessum brotum,“ er sagt hér. „Þetta þykir alls ekki viðunandi, og heldur ekki að menn geti greitt sektir að öllu eða nokkru leyti með ólöglega fengnum afla. Þess vegna er lagt til í frv. þessu að „ólöglegur sjávarafli skuli gerður upptækur.“

Með þessum orðum er gefið beint í skyn að skipstjórar síldveiðiskipa hafi hagnast á ólöglega fengnum afla. Það er hægt að hafa þetta eins og sannleika ef því er slegið föstu að sektarákvæðum sé ekki beitt. En ef sektarákvæðum er beitt er þetta algjör rökleysa. Aflahlutur skipstjóra af 6 millj. kr. aflaverðmæti nálgast ekki að vera 1 millj. kr.

Ef athugasemdir með lagafrv. eru byggðar á slíkum rökum sem þessum, hvernig er þá frv. sjálft? Ég tel að svo sé með það mál, sem hér liggur fyrir, að ég vona að það verði dregið til baka eða, sem reyndar er réttari leið, tekið til endurskoðunar nú milli 2. og 3. umr. Ég var með hugmyndir um að flytja sjálfur brtt., en bæði er það að ég er óvanur þingstörfum og eðlilegra væri að fleiri kæmu þar saman til að laga til, að ég taldi það ekki rétt. En ég vil ítreka það, að ég tel alveg fráleitt að fara með lagafrv. þetta áfram eins og það er nú í pottinn búið og það sé útilokað að ætlast til þess að við getum gert upptækan sjávarafla hjá skipverjum veiðiskipanna. Það er heldur engin sekt, það er engin kvöð á skipstjóra þó að af honum, þegar hann í land kemur, skipstjóra og útgerð, sé tekinn aflinn og skipverjar hans þurfi að bera sektina með honum. En ef hann þarf að borga hásetunum sínum og skipverjunum eða útgerðin þarf að standa undir því að borga þeim hlutinn úr þeim afla sem er ólöglega fenginn, þá fer þeim að svíða. Annars svíður þeim ekki neitt. Og á hinn mátann, eru þessi lög gagnslaus ef 4. gr. á að vera eins og hún er. Ef 4. gr. er ekki bundin því að veðréttur banka og allra annarra aðila sé burt felldur, þá er hún gagnslaus, vegna þess um leið og ég sendi skipið mitt á síldveiðar, þá er ekkert auðveldara fyrir mig heldur en veðsetja Pétri eða Páli aflann. Þó þetta sé kannske ljót leið og þó ég þurfi ekki að gera þetta fara allt að 35% til bankans, við erum fæstir ríkir sem fáumst við þetta, og 10% í Stofnfjársjóð og svo fleira og fleira.

Ég skal fúslega viðurkenna þá þörf er liggur bak við framlagningu þessa frv. og fram kemur í 1. mgr. athugasemda við frv. Ég vil því ítreka enn að ég legg eindregið til að sjútvn. og ráðh. taki þetta frv. til athugunar og lagi það til 3. umr., þannig að það komi að því gagni sem því er ætlað, og sérstaklega þessi tvö atriði legg ég áherslu á. Ég vil benda á það einnig og láta vita um það hér á hv. Alþ. að ég hafði samband við Sjómannafélag Reykjavíkur og Sjómannasamband Íslands og spurði aðila þar að því hvort þetta hefði verið borið undir þá til umsagnar, og það kom í ljós að hvorki Hilmar Jónsson, formaður Sjómannafélags Reykjavíkur né Jón Sigurðsson formaður Sjómannasambands Íslands höfðu hugmynd um þetta frv. Að gera slíka hluti sem þessa án þess að bera þá undir þessa aðila, það finnst mér fjarstæðukennt.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég tók með mér stjórnarskrá lýðveldisins Íslands hingað í ræðupúltið til þess að lesa upp úr þeirri ágætu löggjöf hinu háa Alþ. til upprifjunar. En í 2. gr. stjórnarskrárinnar íslensku segir, með leyfi forseta:

„Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnvöld samkv. stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdavaldið. Dómendur fara með dómsvaldið.“

Þessi þrískipting, sem fram kemur í 2. gr. stjórnarskrárinnar, er hinn rauði þráður í stjórnarskrá Íslands og rauði þráður í allri lagasetningu í lýðræðisríki eins og okkar.

Það frv., sem hér er á dagskrá, brýtur því miður þvert gegn þessum grundvallarreglum. Í 3. gr. frv. segir t. d.: „Sjútvrn. úrskurðar hvort um ólöglegan sjávarafla er að ræða samkv. lögum þessum.“ Síðan segir í sömu gr.: „Leiki vafi á um magn ólöglegs sjávarafla er heimilt að áætla það magn eftir fram komnum gögnum.“ Og áfram segir í sömu gr.: „Rn. úrskurðar enn fremur hvert skuli vera andvirði hins ólöglega afla sem gera skal upptækan“ o. s. frv.

Öll þessi grein og reyndar frv. allt felur það í sér að rn., embættisvaldið fær heimild til þess að kveða upp úrskurði og dóma og fylgja þeim eftir. Þetta er kannske ekki fullkomin nýlunda í lagasetningu, en engu að síður þannig úr garði gert að það stangast algjörlega á við þær grundvallarreglur sem hér hafa verið, þ. e. a. s. að stjórnvöld, ríkisstj., forseti og stjórnarráðið, sjái um stjórnsýsluna og framkvæmd hennar, en að dómendur fari með dómsvaldið, enda segir í grg. með frv., með leyfi forseta: „Má vera að hér þyki nokkuð gengið inn á verksvið dómstóla, en því er til að svara að þetta fyrirkomulag mun væntanlega flýta mjög afgreiðslu þessara mála.“ Rn. viðurkennir að það orki mjög tvímælis hvort rétt sé að ganga inn á verksvið dómstóla, gerir sér grein fyrir því hvað er að ske með framlagningu þessa frv., en réttlætir það með því að það kunni að hraða afgreiðslu mála. Hvenær má finna takmarkanir fyrir slíkri ráðabreytni þegar það er nægileg ástæða að mati stjórnvalda að það geti flýtt fyrir afgreiðslu mála að embættisvaldið kveði upp dóma og framfylgi þeim og það sé best að sleppa alveg að fela dómstólum að skoða mál af hlutlægni og réttsýni? Að mínu mati er frv. algjörlega óaðgengilegt því að það virðir ekki þessa grundvallarreglu sem ég hef gert að umtalsefni. Það viðurkennir ekki þann sjálfsagða rétt að hver maður skuli saklaus vera þangað til sekt sannast.

Það hefur líka komið á daginn að hv. sjútvn. hefur talið frv. mjög hæpið og fengið prófessor í stjórnlagafræði til þess að segja álit sitt á frv. Það er ákaflega óvanalegt að slíks þurfi með

og sýnir auðvitað hvers eðlis þetta frv. er. Prófessorinn kemst að vísu að þeirri niðurstöðu að frv. muni standast gagnvart stjórnarskrá Íslands. Sú niðurstaða er að sjálfsögðu mjög umdeilanleg og ekki mundi ég vilja skrifa undir hana. En það er athyglisvert að í umsögn hans segir m. a., með leyfi forseta: „Fyrirmælum frv. um upptöku afla án tillits til þess, hvort um refsiverðan verknað hefur verið að ræða eða ekki, er einkum ætlað að girða fyrir að ólöglegar veiðar verði stundaðar, í trausti þess að ekki verði komið fram sönnun um að um sök hafi verið að ræða, en sú sönnun getur oft verið erfið. Þessi regla getur að vísu leitt til þess að afli sé gerður upptækur enda þótt sök eða önnur refsiskilyrði séu ekki fyrir hendi.“ Prófessorinn segir þarna fullum fetum að reglan geti leitt til þess að menn séu dæmdir, að þeir þurfi að bera tjón af eða þurfi að láta nokkuð af hendi rakna vegna atferlis síns, enda þótt þeirra sök sé alls ekki sönnuð og hugsanlega muni hið þveröfuga koma í ljós, þ. e. að þeir séu algjörlega saklausir.

Ég vonast til þess að hv. d. geri sér grein fyrir því hvað hér er á ferðinni. Það er beinlínis verið að setja reglu um það að stjórnvöldum sé heimilt að kveða upp dóma og láta menn gjalda fyrir einkaframferði enda þótt það atferli sé alls ekki saknæmt.

Prófessorinn kemst að þeirri niðurstöðu, eins og ég sagði áðan, að reglan réttlætist vegna hinnar ríku nauðsynjar á verndun fiskstofna, og þetta hefur, að mér skilst, verið forsendan fyrir því að hv. n. hefur fallist á eða samþ. að mæla með afgreiðslu og samþykkt þessa frv. Nú hef ég ekki á móti því að fiskstofnar séu verndaðir og tel að það sé fátt brýnna heldur en að sú verndun eigi sér stað og að komið sé í veg fyrir ólögmæta veiði. En er það samt réttlæting, sú nauðsyn sem á þessari verndun er, er það réttlæting fyrir því að gengið sé þvert á þær grundvallarreglur sem viðhafðar hafa verið um lagasetningu á Íslandi? Hvenær er sú réttlæting fyrir hendi? Er það ekki margvíslega og iðulega í hinu daglega lífi að það þarf að grípa fram fyrir hendur manna, stöðva eða hindra eitthvert ákveðið atferli. Til þess eru lög, til þess eru fógetar, lögregla og dómstólar að hindra að ólöglegt framferði eigi sér stað. Það má grípa til kyrrsetningar, löghalds og ýmissa annarra fógetaaðgerða til þess að koma í veg fyrir hugsanlegt ólögmætt atferli. En það hefur aldrei eða a. m. k. í aðalatriðum ekki verið farið út á þá braut að veita stjórnsýslunni, embættismannavaldinu, þetta dómsvald og láta það ganga beinlínis fram hjá venjulegri málsmeðferð og dómstólaleið.

Ég óttast það, ef farið er út á þessa braut, að þá sé vegurinn vísaður fyrir stjórnvöld á hverjum tíma til þess að gefa sér einhverjar ástæður til þess að setja slík lög, segja: Það er rík nauðsyn, sem réttlætir svona lagasetningu. Og ég á eftir að sjá hvar takmörkin eru fyrir því. Það er einmitt forsendan fyrir þrískiptingunni í lýðræðisríkinu að áður fyrr voru einmitt stjórnvöld sem gerðu ekki greinarmun á þessum mikilvægu atriðum, misstu sjónar á því, hver væru takmörk valdsins, og settust í dómarasæti jafnframt því sem þeir settu lögin og framkvæmdu þau.

Ég hvet Alþ. til þess að halda þessa reglu í heiðri. Ég er ekki að gera sjútvrn. eða þeim, sem þar stjórna, upp annarlegar hvatir og ég skil að fyrir þeim vakir það eitt að taka föstum tökum gagnvart ólögmætum veiðum og að búa svo um hnútana að fiskstofnar verði verndaðir í reynd. En ég bendi á að það sé hægt að fara aðrar leiðir heldur en þetta frv. gerir ráð fyrir, og ég mælist eindregið til þess að þær séu athugaðar. Það má, eins og fyrr segir, grípa til alls kyns fógetaaðgerða. Það má heimila sjútvrn. og starfsmönnum þess að stöðva veiðar viðkomandi skips, gera ákveðnar kröfur um tryggingar eða setja lagaákvæði um sérstakan forgang og hraða mála sem upp kunna að koma og orka tvímælis. Þannig mundi sjútvrn. geta sinnt sínu hlutverki að annast stjórnsýsluna og sjá um að lög og reglur séu framkvæmd og stöðva hugsanlega ólögmætar aðgerðir, en láta síðan dómstólunum eftir að meta það og dæma hvort álit og skoðanir rn. ættu við rök að styðjast. Ég vil trúa því að með þeim aðferðum og ýmsum öðrum megi ná fram því meginmarkmiði sem þetta frv. stefnir að, þ. e. a. s. vernda fiskstofna og koma í veg fyrir ólögmæta veiði. Hvað sem líður nauðsyn þessa máls og hvað sem líður lögfræðilegu mati og jafnvel þótt hægt sé að færa rök fyrir því að frv. brjóti ekki í bága við stjórnarskrána, verðum við að hafa líka í huga annað mat og aðrar meginreglur: Það er hið siðferðilega mat. Það er réttlætiskennd okkar allra. Það er dómgreindin. Og það er skylda okkar alþm. að sjá um að stjórnvöld, hver sem þau eru og hverjir sem þar eru, gangi ekki inn á athafnafrelsi og skerði ekki þær leikreglur sem í heiðri hafa verið hafðar á Íslandi. Við hljótum af þeim ástæðum að mæla gegn þessu frv. og mælast til þess að það sé lagað svo við verði unað. Ég vil því, herra forseti, láta það í ljós hér að ég er algjörlega á móti svona lagasetningu, því ég er á móti því að embættisvaldið sé jafnframt dómsvald.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Þetta frv. hefur verið rætt í ríkisstjórn Íslands, í þingflokkum stjórnarflokkanna og vafalaust í þingflokkum stjórnarandstöðunnar. Í ríkisstjórn Íslands eru fimm lögfræðingar, þar af tveir fyrrverandi prófessorar. Í þingflokki Sjálfstfl. og Framsfl. eru allmargir lögfræðingar og meðal annarra sá sem var að tala hér áðan. Enginn þeirra hefur látið í ljós nokkrar efasemdir um, að þetta frv. bryti í bága við stjórnarskrá Íslands, fyrr en þessi hv. þm. nú þegar málið kemur til 2. umr. í seinni deild eftir að það er búið að liggja fyrir Alþ. í allmarga mánuði. En með allri virðingu fyrir þessum hv. þm., þá treysti ég miklu betur dómgreind og lærdómi dr. Gauks Jörundssonar og fyrrv. lagaprófessora við Háskóla Íslands svo ég læt þessar athugasemdir hans mig litlu varða.

Dómendur eiga að fara með dómsvald, segir stjórnarskráin. Það er alveg hárrétt. Lögregla hefur heimild til þess að sekta mann fyrir umferðarlagabrot. Tollverðir mega taka sektir af mönnum, sem koma með ólöglegan tollvarning

til landsins, innan ákveðinna marka, og þeir fá afgreiðslu. Það er sem sagt upptaka afla hjá þessum mönnum af því að þeir hafa komið með hann ólöglega til landsins. Þarna hefur stjórnarskráin verið brotin að dómi þessa hv. þm. vafalaust.

Það er ekki verið að dæma neinn samkvæmt þessu frv., það er algjör della úr þm., hrein og klár della. Hér er aðeins verið að koma á þeirri reglu að skip sitji við sama borð eða líkt borð hvaða veiðar sem það stundar, og það er hreinn misskilningur hjá ræðumanninum, sem talaði hér á undan, að skipstjóri beri einn sökina, áhöfninni beri að hlýða skipstjóra í blindni, ef skipstjóri segi háseta að smygla brennivíni til landsins, þá eigi hann að hlýða að dómi þessa hv. þm. Ég hef aldrei heyrt aðra eins rakaleysu hér á Alþ. eins og þessa. Ég held að agi á íslenskum skipum eða agi hér á okkar ágæta landi sé ekki það mikill að menn hlýði í blindni því sem einhver yfirmaður skipar hverju sinni. Ég bendi þessum hv. þm. á hvað er gert gagnvart sjómönnum sem stunda botnvörpuveiðar og eru teknir við ólöglegar veiðar. Þar er afli gerður upptækur og meira til, veiðarfæri líka. Hvað er gert með togarana þegar þeir eru teknir í landhelgi? Þeir eru teknir, þeir fá ekki að fara út fyrr en kveðinn hefur verið upp dómur. En það, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, er að kæra alls ekki alla. Það eru sum brot það lítilfjörleg að það er langbesta og fljótasta refsingin að gera upptækan hinn ólöglega afla þegar brot eiga sér stað, en það þarf ekki endilega að kæra viðkomandi fyrir sakadómi. Það hlaðast upp mál fyrir sakadómi svo hundruðum skiptir. Það mætti auka töluvert á útgjöld fjárlaganna ef ætti að fara að kæra hvern einasta mann sem brýtur veiðileyfi, hversu smávægilegt sem það er. Það tel ég að sé spor í öfuga átt. Það er eins og það sé komið fullkomið atvinnuleysi hjá lögfræðingum eftir þessari síðustu ræðu og þeir sjái fjandann á veggnum og engan möguleika á atvinnuleysisstyrk. Hvað er gert gagnvart þeim mönnum sem brjóta nú? Þeir eru sviptir veiðileyfum í nokkra daga, við skulum segja t. d. við skelfiskveiðar. Hefur þá ekki stjórnarskráin verið brotin í fjöldamörg ár? Hvers konar ríki er það sem við lifum í? Og þetta hefur allt farið fram hjá hv. síðasta ræðumanni, 11. þm. Reykv., nú klukkan að verða 7 á þessum degi verður hann þess áskynja að stjórnarskrá lýðveldisins Íslands sé fótum troðin.

Það er ágætt að koma á stofnun eins og Hafrannsóknastofnun sem kostar hundruð milljóna í framkvæmd til þess að vernda fiskstofnana, til þess að leiðbeina í atvinnulífinu, til þess að vera ráðgjafi ríkisvaldsins á hverjum tíma. Svo þegar hún bendir á veilur, bendir á að við verðum að auka friðunaraðgerðir, við verðum að auka aga, þá er sagt: Nei, engar takmarkanir, við megum ekki skerða frelsi sjómanna, þeir verða að fá að fiska svo að stjórnmálamennirnir geti haldið áfram að tala um að þeir veiddu fleiri fiska heldur en sjómenn nokkurrar annarrar þjóðar, eins og ræðumaður sagði hér áðan. — Ég vil mjög gjarnan að íslenskir sjómenn fiski meira en sjómenn allra annarra þjóða. En þegar við verðum að takmarka sókn í ákveðnar tegundir að ráði vísindamanna okkar, þeirra manna sem við höfum falið þetta hlutverk, þá verða íslenskir sjómenn að fara eftir þeim reglum. En við eigum ekki að gera þessa stjórnun að ofstjórn. Við verðum að taka mið af því hvernig ástandið er samkvæmt áliti okkar vísindamanna og fara eftir því. Við þurfum ekki að takmarka veiðar, sem betur fer, á fjölmörgum tegundum, og þar er í raun og veru engin stjórnun. Það hafa ekki verið miklar takmarkanir varðandi þorskstofninn.

Í sambandi við athugasemdirnar með þessu frv., sem hv. 5. þm. Vesturl. gat um, að menn græddu á því að brjóta, eins og á síldveiðunum, það sé ég hvergi í athugasemdum, að skipstjórinn hafi grætt á því að brjóta ákvæði um veiðar. Það er nefnt hver upphæðin er sem um er að ræða, að margir síldarbátanna fiskuðu mun meira en þessum kvóta nam, mismunandi mikið, en allt upp í 144 tonn fram yfir kvótann. „Brúttóverðmæti umframafla þessa báts, miðað við að allt hafi farið í fyrsta flokk, mun nema 5 millj. 760 þús. kr. Ekki er vitað til þess að neinn af skipstjórum þeim, sem kærðir voru fyrir að hafa brotið þessa reglu um hámarkssíldarafla, hafi enn hlotið sektardóm“ o. s. frv. Síðan er sagt að sumir hafi hagnast mjög verulega á þessum brotum. Það er ekki sagt að skipstjóri viðkomandi báts hafi hagnast á brotinu. Það er auðvitað útgerðin og skipshöfnin öll sem hagnast á þessu broti svo það er ekki verið neitt að fara í kringum þessa hluti. Það er verið að skýra frá því hver hafi verið heildarafli, aflaverðmæti umfram það sem mátti veiða og hvað hámarkssektin er, ekki að skipstjórinn hafi grætt einn á því að brjóta, heldur er það auðvitað útgerð og áhöfnin í heild.

Ég tel að ef við ætlum að fylgja eftir að viðhalda friðunarráðstöfunum, viðhalda aflakvóta í einstakar tegundir af fiski nú um hríð, þá verðum við að beita sömu viðurlögum gagnvart þeim mönnum, sem brjóta þessar reglur, eða svipuðum og gagnvart þeim sem stunda botnvörpuveiðar og gerast sekir um brot á botnvörpulögunum. Við megum ekki mismuna á þennan hátt. Við verðum að koma í veg fyrir að þessi brot endurtaki sig. Það er fyrst og fremst það sem máli skiptir, að menn finni að það borgar sig ekki að brjóta, það sé skilyrðislaus upptaka afla. Ef viðkomandi maður telur sig þeittan órétti, þá getur hann leitað úrskurðar dómstólanna, og því er ekkert dómsvald sett í hendur öðru rn., það dæmir engan mann í sekt, það er aðeins þetta ákvæði um upptöku afla sem verður þá leiðrétt. Ef rn. eða starfsmönnum þess verður á að beita mann eða menn rangindum, þá hefur maðurinn þann rétt. Dómsvaldið er fyrir hendi. En það er ákaflega lítils virði að setja reglur um aflakvóta, eins og gert var á síldveiðum á s. l. hausti, þegar dómsvaldið er svo seint og þungt í vöfum eins og við vitum. Það er ekkert nýtt á Íslandi, það er ekkert nýtt í öðrum löndum, og það er engin ástæða til þess að vera með neinar ásakanir, hvorki á hendur einum né öðrum, í þeim efnum þegar þessi verkefni hafa þanist svo út. Ef við ætlum að viðhalda

því, þá fáum við svona 300—400 ný mál á ári fyrir hvers konar brot, brot sem sjútvrn. eða trúnaðarmenn þess kæra sig alls ekki um að kæra til sakadóms, sem eru það lítils virði. En hitt skilja menn best, upptöku afla, og það er það sem skiptir höfuðmáli. Ég ætla að taka það fram að ég hef ekki breytt um skoðun eftir lögskýringu 11. þm. Reykv. Hann þyrfti sennilega að flytja yfir mér fleiri ræður í sama dúr og þessa síðustu.

Frsm. meiri hl. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Ég vil fyrst aðeins víkja að atriði sem nokkrir þm. hafa vakið athygli mína á, en það eru lög nr. 25 frá 22. apríl 1967, um Landhelgisgæslu Íslands, en þar segir svo í 17. gr., að „í sjóð, er nefnist Landhelgissjóður Íslands, skal renna sektarfé og andvirði upptækra verðmæta vegna brota gegn fiskveiðilöggjöfinni“ o. s. frv. Í frv., sem er til umr. nú, er gert ráð fyrir að stofna sjóð sem í skal renna andvirði hins ólöglega sjávarafla, og einfalt mál er það að sjálfsögðu, að þetta, ef að lögum verður, eru ný lög sem koma í stað hinna að þessu leyti, þannig að vitanlega gilda þau og mundu þá verða breytt hinum fyrri um landhelgisgæsluna í þessu atriði þegar þau verða endurskoðuð. Ég vænti þess að þetta sé fullljóst.

Það hafa orðið nokkrar umr. um þetta frv. Hv. þm. Garðar Sigurðsson ræddi málið sem að líkum lét þar sem hann hafði lýst því yfir að hann mundi skila séráliti í málinu. Það kom að vísu í ljós, sem ég átti von á, að andstaða hans við frv. risti ekki djúpt. Hann var þarna á grunnmiðum, að segja má, kannske í landhelgi Lúðvíks Jósepssonar. Því fer að vísu fjarri að hann sé að aðhafast neitt ljótt þar eða stunda rányrkju. Hann er þar í slefi hjá aðaldráttarbátnum og á ekki gott með að skera sig úr því togi, og þess vegna er nú það að hann þurfti að hafa þessa sérstöðu í orði. En síðan hafa hv. þm. Skúli Alexandersson og Ellert B. Schram rætt málið, og Ellert vitnaði í að hér mundi vera á ferðinni að brjóta sjálfa stjórnarskrána. Að sjálfsögðu eru það bábiljur einar, enda var fram á það sýnt af hálfu hæstv. sjútvrh. og til þess vitnað að hér er ekkert annað á ferðinni í sjálfu sér en það sem lengi hefur auðvitað viðgengist, að það bitnar á allri skipshöfn til að mynda ef skip er staðið að ólöglegum veiðum, að því leyti sem afli þess er gerður upptækur, og vitaskuld ber áhöfn ekkert úr býtum af þeim aflafeng. En vegna þess að n. þótti sem hér væri mjög djúpt tekið í árinni í ákvæðum þessa frv., þá vísaði hún málinu til umsagnar lagaprófessors Gauks Jörundssonar og úrskurður hans eða umsögn er að mínum dómi með þeim hætti að sker úr um það að hér er alls ekki um neitt það athæfi að tefla að það brjóti í bága við sjálfa stjórnarskrána.

Þetta frv. er fram lagt í framhaldi af þeim umr., sem urðu í fiskveiðilaganefndinni um með hvaða hætti hægt væri að hindra smáfiskadráp og að stundaðar yrðu ólöglegar veiðar að þessu leyti, og flutt um það sérfrv. Það er alveg ljóst mál að eins og sakir standa má einskis láta ófreistað til þess að reyna að hindra þessa ósvinnu. Og eins og ég hef margoft tekið fram í umr. um frv. til laga um veiðar í fiskveiðilandhelginni, þá er miklu betra ofgert en vangert í þessum sökum. En ég held að menn misskilji það líka að þessu verði beitt í tíma og ótíma, það sé ástæðulaus ótti. Ég held að þessum ákvæðum verði ekki beitt nema borðleggjandi sé að um brot sé að tefla. Ég óttast það ekkert. En það er alveg nauðsynlegt að auka agann á þessu sviði, því nær daglega berast a. m. k. þeim, sem eru nátengdir þessum útvegi, fréttir um athafnir sem útilokað er að láta fara fram án þess að bregða við. Ég ætla ekki og þarf ekki að upplýsa hv. þd. um það, því ég geri ráð fyrir því að flestir þeir, sem hér eru, hafi fylgst með því. Ég held að í þessu efni, eins og fram kom hjá hv. þm. Ellert B. Schram, þá leggi hann allt of alvarlegan skilning í málið að því leyti sem sjútvrn. sé að taka sér í hendur dómsvald, því að skýrum stöfum stendur í þessu frv. að það megi vísa málinu til sakadóms til réttrar dómsmeðferðar. Hér er aðeins verið að auka aðhald, að hægt sé þegar í stað að láta menn kenna á kólfinum ef þeir ætla að fara fram sem þeir hafa gert enda þótt fyrir liggi hið mikla hörmungarástand okkar fiskstofna. Það hefur sýnt sig í framkvæmdinni að nauðsynlegt er að geta þegar í stað tekið í taumana því ella fer þetta allt út í deilur og endalaust málaþras. Það hefur áreiðanlega enginn löngun til þess, hvorki í sjútvrn. né annars staðar, að sýna sjómönnum óbilgirni. En ef þeir geta ekki farið fram siðsamlega í þessu og eins og drengir góðir, sem þeir eru í raun og veru, þá þarf að taka í taumana, og ég sé ekki betur en að a. m. k. sé alvarleg tilraun gerð til þess með setningu slíkra laga sem þessara.

Ég geri ekki ráð fyrir að neinn ætli mér það að ég sé að biðja um nein þrælalög yfir íslenska fiskimenn. Það kæmi mér a. m. k. á óvart ef svo væri. En þeir, sem hafa haft með höndum framkvæmd laga um gæslu á þessu sviði, eiga sér þann lærdóm að hér þurfi að fá í hendur vopn samkv. slíkum lögum sem þessum að beita megi svo agi aukist. Mönnum gengur ekkert nema gott eitt til, það fyrst og fremst að hindra og vinna að því að þeim ókjörum linni að stunduð sé rányrkja og að brotin séu lög sem gilda, mönnum gengur ekkert annað til, og menn átti sig á því að það er í þeirra eigin þágu fyrst og fremst sem slík lög eru sett, mjög hvöss lög, mjög hörð lög. En reynslan sýnir að það verður ekki ofgert í þessum sökum ef við eigum að ná þeim árangri sem okkur liggur líf við að ná.

Ellert B. Schram: Virðulegi forseti. Ég leyfði mér fyrr í dag að taka til máls og ræða málefnalega það frv. sem hér er á dagskrá, og ég lýsti andstöðu minni gegn þessu frv. Það gaf hæstv. sjútvrh. tilefni til þess að gera persónu mína og menntun mína að umtalsefni og gefa í skyn að mínar hvatir til þessarar afstöðu væru af umhyggju fyrir atvinnumöguleikum lögfræðinga. Og hann undraðist nokkuð, að ég hafi ekki séð ástæðu til þess að láta þessa skoðun mína í ljós fyrr en klukkan að ganga 7 nú í kvöld.

Það væri í sjálfu sér ástæða fyrir mig að svara í sömu mynt ef ég hefði tamið mér slíkan mál-

flutning. Ég hef hins vegar reynt að forðast persónuleg atyrði hér á hinu háa Alþ. og mun leitast við að halda þeirri reglu áfram. En hitt er því miður allt of áberandi, að einstakir stjórnmálamenn taka það persónulega óstinnt upp þegar sett er fram gagnrýni eða sett fram sjónarmið öndvert þeirra á málum sem þeir bera fyrir brjósti. Og svo er því miður um hæstv. sjútvrh. Hann tekur það persónulega illa upp þegar ég hef skoðanir á þessu máli sem falla ekki alveg að skoðunum hans og efni frv. Ég tel það miður. Ég held að persónur manna eða menntun þeirra eigi ekki að blandast inn í umr. um grundvallaratriði eins og ég gerði að umtalsefni.

Hæstv. sjútvrh. gat þess sérstaklega að hann mæti greind og lærdóm lagaprófessorsins Gauks Jörundssonar meir heldur en mína greind og minn lærdóm, og ég skal ekki amast við því. Ég fer ekki í mannjöfnuð og ég geri ekki kröfur til þess að vera metinn til jafns við virðulegan prófessor. En skoðun hef ég engu að síður og læt hana í ljós. Það má vel vera að einhvern tíma komi að því að lærdómsgráður manna ráði áhrifum þeirra í þessu þjóðfélagi, og kannske kemur að því að kosningar á þjóðþing verði óþarfar og að málin verði til lykta leidd með því að ákveða lögin uppi í Háskóla Íslands eða með því að fela stjórnarráðinu dómsvald í þessu landi. En það verður vonandi ekki í minni tíð og ég a. m. k. verð ekki samferða á þeirri göngu. Hingað veljast menn á Alþ. eftir stjórnmálaskoðunum og lífsviðhorfum og verða að láta afstöðu sína mótast af sannfæringu og samvisku. Ég hef ekki geð til þess að hvika frá sannfæringu minni í svona miklu grundvallarmáli af tillitssemi við einstaka menn eða af ótta við að einhverjir lærdómsmenn hafi aðrar skoðanir en ég.

En varðandi það atriði, sem ráðh. gerði að umtalsefni, að ég hefði ekki látið þessa skoðun mína í ljós fyrr en nú við þessa umr., þá má það vera gagnrýnisvert. Ég hef þó því til að svara að ég hafði ekki séð þetta frv. áður en það var lagt fram og flutt hér við 1. umr. Ég tók ekki til máls við þá umr., en ég lét álit mitt strax í ljós við einn nm. í sjútvn., og ég gerði mér vonir um að n. gerði eðlilegar breyt. á frv. En þegar það reynist ekki vera, þá kveð ég mér hljóðs hér við 2. umr. Ég tel mig hafa gert það áreitnislaust og málefnalega. Auðvitað skiptir það ekki máli hvenær skoðanir eru settar fram, heldur hvernig og á hvaða forsendum þær eru fram settar.

Ég tel það mjög alvarlegt ef hæstv. ráðh. stendur í þeirri trú að það sé ekki verið að færa rn. neitt vald í hendur sem sé sambærilegt við dómsvald. Hann heldur því fram hér í dag að frv. sé hliðstætt ýmsum öðrum lögum og vitnar til þess að lögreglumenn hafi heimild til þess að sekta menn og sömuleiðis tollverðir, eftir því sem mér heyrðist. En það er auðvitað fjarri lagi að hægt sé að líkja þessu saman. Það eru til margvísleg lög sem kveða á um hvað sé brot, og það er tekið fram í þessum lögum mjög víða hver séu viðurlögin ef brot eru framin. En það er alltaf undir þeim kringumstæðum mjög afmarkað og skýrt tekið fram hvert brotið sé. Og viðurlögin eru jafnframt ákveðin, tiltekin, skýr og afmörkuð. Þegar um slík lagaákvæði er að ræða, þá er þar um minni háttar brot að ræða, t. d. umferðarbrot svo að eitthvað sé nefnt. Og undir öllum kringumstæðum hafa aðilar rétt til þess að skjóta máli sínu til æðra stjórnvalds eða dómstóla.

Þetta frv. er allt annars eðlis. Hér er sett fram sú meginregla að það megi beita aðila viðurlögum jafnvel þótt sekt sé ekki sönnuð og verði ekki sönnuð. Ég vek t. d. athygli á því að í 2. gr. frv. segir að upptaka sé „óháð því hvort um refsiverðan verknað hefur verið að ræða.“ Og ég vek athygli á því að í 3. gr. segir að „leiki vafi á um magn ólöglegs sjávarafla er heimilt að áætla það magn eftir fram komnum gögnum“. Þessum ákvörðunum rn. verður ekki hnekkt.

Í 4. gr. er tekið fram að málum megi vísa til meðferðar sakadóms, en það skuli ekki fresta því að rn. geti innheimt andvirði ólöglegs afla. Ég hef skilið þetta ákvæði svo að það sé til komið fyrir rn. til þess að hnykkja betur á gagnvart þeim aðilum sem hugsanlega hafa framið eitthvert brot, það sé ákvæði sem geri rn. kleift að fylgja þeirri ákvörðun sinni eftir með því að kæra viðkomandi til sakadóms og þá væntanlega í framhaldi af því höfða mál og krefjast dóms ofan á það sem fyrr hefur verið ákveðið.

Í grg., sem fylgir með frv., segir beinlínis, með leyfi forseta, eftirfarandi: „Má vera að hér þyki nokkuð gengið inn á verksvið dómstóla.“ Það er beinlínis skilið svo og túlkað af höfundum þessa frv. að frv. gangi inn á dómstólasviðið, og það er verið að færa rn. ákveðið dómsvald. Að vísu er það réttlætt vegna mikilvægis málsins. En hvað sem fyrri forsendu líður, þá stendur það óumdeilt og viðurkennt af frv.-höfundunum að rn. fái þetta mikla vald, og þess vegna er ég hissa á því að hæstv. ráðh. neiti þessari staðreynd og fullyrði í ræðu sinni í dag að rn. sé ekki dómstóll og muni ekki verða dómstóll samkv. þessu frv. Ég held að það sé best fyrir alla að viðurkenna þetta. Það liggur alveg ljóst fyrir. Svo getum við aftur deilt um það hvort þetta eigi að vera svona eða ekki. En við skulum ganga út frá þessari augljósu staðreynd. Ég held að ef hæstv. ráðh. byggir þessa ályktun sína, að rn. fái ekki dómsvald á áliti lagaprófessorsins, þá hafi hann misskilið það álit. Og ef flutningur hans á þessu frv. er byggður á þessari skoðun, þá sýnist mér hann fara nokkuð villur vegar og sé ástæða til að endurskoða flutning frv. Og ég bið hann í fullri kurteisi um að skoða einmitt það atriði betur. Ef hann vill ekki að rn. sé dómstóll og skilur frv. þannig, þá er eðlilegt að frv. sé breytt þannig að allur vafi sé tekinn af þar um.

Ég hélt því fram hér í dag að mikill vafi léki á hvort þetta frv. stæðist gagnvart stjórnarskrá. Stuðningsmenn þessa frv., hæstv. ráðh. og frsm. n., hafa vitnað til álits hins háa prófessors og telja að ég sé hér að halda fram röngum skoðunum. Og frsm. n. tók þannig til orða hér áðan að að sjálfsögðu væri betta bábilja ein. Það er auðvitað ágætt að vera svona viss í sinni sök. Ég skal viðurkenna að þó ég hafi lögfræðimenntun, þá mundi ég ekki geta tekið svona ótvírætt til orða, að segja að sjálfsögðu sé það bábilja. Ég hef ekkert fullyrt hvað þetta

snertir, og ég tók fram í dag að það orkaði mjög tvímælis hvort þetta stæðist gagnvart stjórnarskrá. Ég leyfi mér að halda því fram að það gerði það ekki, en ég hef ekkert endanlega fullyrt um það, og ég treysti mér ekki til þess að taka svo djúpt í árinni, eins og frsm. n. gerir, að vísa öllu öðru á bug og segja einfaldlega að allt annað sé bábilja heldur en það sem ég sjálfur held fram. En hitt er líka, að þegar ég vitna til stjórnarskrár, þá er ég ekki eingöngu að halda því fram að það brjóti hugsanlega í bága við stjórnarskrána, heldur er ég að lesa upp 2. gr. stjórnarskrárinnar til þess að minna á hver sé grundvallarstefnan í stjórnskipun íslendinga, minna á þá stefnu að við viljum skilja að dómsvald og framkvæmdavald. Og það breytir því ekki neitt hvað þetta frv. snertir þó það sé hægt að vitna til þess að einhver önnur lög séu til sem séu hliðstæð þessu frv. sem er á dagskrá. Það breytir því ekki að hægt sé að halda því fram og komast að þeirri niðurstöðu að þetta brjóti ekki beinlínis í bága við stjórnarskrána, heldur er það stefnan, inntakið í frv., sem skiptir máli: hvert erum við að fara, hver er andi lagasetningarinnar? Það er þetta sem ég er að vekja athygli á og vara við. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að hafa valdskiptingu nokkuð skýra, og ég er þeirrar skoðunar að það eigi að veita viðnám gegn þeirri því miður sterku þróun sem lýtur að því að framkvæmdaaðilar, stjórnarráðið og rn., fái meiri og meiri völd í sínar hendur.

Ég held sem sagt að spurningin sé einfaldlega sú: Erum við þeirrar skoðunar að það eigi að færa embættismönnum það vald í hendur að þeir geti ákveðið að menn hafi brotið af sér og ákveðið refsinguna vegna þeirra meintu brota? Viljum við auka völd rn. á þennan veg, eða getum við náð því markmiði sem frv. stefnir að, þ. e. a. s. vernda fiskinn og koma í veg fyrir ólöglegar veiðar? Getum við náð þessu markmiði með öðrum hætti heldur en að fela rn. þetta mikla vald? Ég er í grundvallaratriðum andvígur þeim leiðum sem frv. felur í sér, hvort sem það brýtur í bága við stjórnarskrána eða ekki. Ég er á móti þeirri stefnu sem felst í þessu frv. hvað þessa aðferð snertir.

Ég hef margendurtekið að ég er heils hugar stuðningsmaður þess að vernda fiskstofna, það erum við allir íslendingar og viljum taka hart á því ef um ólöglegan sjávarafla er að ræða. En ég held því fram að hægt sé að ná þessu fram með öðrum hætti en þeim sem frv. segir til um.

Frsm. n., hv. þm. Sverrir Hermannsson, sagði áðan að betur væri ofgert en vangert, og ef þetta er hugarfarið bak við frv., þá er ég ekki hissa þó það líti svona út. Ef menn eru þeirrar skoðunar að það eigi að brjóta grundvallarreglur og gera lítið úr rétti þeirra, sem fyrir barðinu á þessu verða, og láta rn. og stjórnarráðið hafa hag af öllum vafa, þá skil ég vel að frv. líti svona út. Hv. þm. Sverrir Hermannsson sagði: „Ég held að því verði ekki beitt.“ Það er náttúrlega ósköp einfalt að segja svona núna: „ég held að þessu verði ekki beitt nema í ítrustu neyð.“ En við höfum hér frv. fyrir framan okkur og sjáum þar hvað hægt er að gera eftir að það er orðið að lögum.

Virðulegi forseti. Þessum athugasemdum mínum vildi ég koma hér á framfæri, þessum skoðunum mínum og sjónarmiðum, til þess að það fari ekki á milli mála að gagnrýni mín er byggð á málefnalegri afstöðu. Hvort hæstv. ráðh. tekur mark á því eða ekki, það skiptir ekki öllu máli fyrir mig, heldur ræður það nokkru um úrslit þessa máls. Ég mun hins vegar halda áfram að flytja ræður sem vara við slíkri valdatilfærslu og læt engar hótanir eða skæting hafa áhrif á mig.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Þar sem ég hef nú þegar rætt þetta frv. í alllöngu máli sé ég ekki ástæðu til þess að flytja hér langa ræðu. Þar sem ég talaði í dag um þetta mál af fullri alvöru og vonandi nokkurri festu, þá ætla ég að leyfa mér að grípa hér fremur niður í atriðum sem maður hefði ekki ansað ef maður hefði verið eins alvarlega þenkjandi og ég vissulega var í byrjun umr. Það er vegna þess að hér hefur vissulega verið gefið tilefni til þess að sögð séu um þetta nokkur orð í viðbót.

Síðan ég flutti hér mitt mál hafa nokkrir þm. tekið til máls um frv. og svo sannarlega haft margt við það að athuga, m. a. hv. 5. þm. Vesturlands sem að mínum dómi reif þetta frv. niður í frumeindir sínar, þ. e. a. s. tætti það sundur lið fyrir lið, og ég varð ekki þess var að hæstv. sjútvrh. gæti með nokkrum rökum hrakið það sem hann sagði. Auk þess flutti hér lögfræðilega ræðu hv. þm. Ellert B. Schram, og ég gat ekki heyrt betur, þó ég hafi ekki þekkingu í þeim fræðum, en hann hefði vissulega farið þar með röksemdir sem hljóta að vega nokkuð þungt. Vitnaði hann m. a. í sjálfa stjórnarskrána, og því máli hans reyndi hæstv. ráðh. að svara mestmegnis með hálfgerðum skætingi, því miður, og alls konar óþörfum athugasemdum sem voru alls ekki á þeim stað sem þeim hæfði, og með alls konar dæmum reyndi hann að svara máli hv. 5. þm. Vesturl.

Svo kemur kommissar Hermannsson, hv. þm. af Austurlandi, og fullyrðir hér að það eigi ekkert að vera að marka lögfræðing Ellert B. Schram vegna þess að hæstv. ráðh. hafi gjörsamlega spænt upp öll hans rök og rekið þau öll til föðurhúsanna og kveðið hann endanlega í kútinn. Ég er ekki alveg sammála um það, ósköp einfaldlega vegna þess að þau dæmi, sem hæstv. ráðh. hafði tiltækust og voru honum efst í huga, voru þau að bera þessa upptöku alla saman við það þegar tollvörður hirðir af mönnum ólöglega innfluttan spíra eða eitthvað slíkt. Þar er alls ekki um hluti að ræða sem hægt er að jafna saman, ekki síst vegna þess, að í 3. gr. frv. er það sjútvrn. sjálft sem úrskurðar um hver afli sé ólöglegur. Tollvörðurinn veit hins vegar nákvæmlega hvaða varning má flytja inn í landið og getur hirt samstundis það sem er á bannlista. En þarna á rn. sem sagt samkvæmt 3. gr. að úrskurða: í fyrsta lagi um það hvort afli sá, sem á land kemur, sé ólöglegur, og ekki aðeins það hvort hann sé ólöglegur, heldur hve mikið magn af aflanum sé ólöglegt, og svo er úrskurðarvald rn. enn fremur fólgið í því að það skal líka geta

metið þetta til fjár og það, sem rn. byggir ákvarðanir sínar á, eru matsnótur starfsmanna Framleiðslueftirlitsins. Svo er auðvitað í lok 3. gr. ágætis ákvæði um að þeim, sem hafi verið sviptir verðmætum sínum löglega eða ólöglega, er gefinn kostur á að gera grein fyrir sínu máli, eins og þar stendur.

Hæstv. ráðh. vék einnig að því að ef afli yrði gerður upptækur vegna landhelgisbrota fengi skipshöfnin ekkert fyrir sinn snúð. En við fyrirgefum hæstv. ráðh. vanþekkingu hans í þessum efnum eins og mörgum öðrum í sambandi við sjávarútvegsmál og erum ekkert að dylgja um að það sé fyrir heimsku sakir. Það er bara vegna þess að hann hefur ekki meiri reynslu en svo að jafnvel svo stór atriði hafa gjörsamlega farið fram hjá honum og tilheyra ekki enn þá hans þekkingarforða. En mannskapurinn hefur í raun fengið fullan hlut úr þeim afla sem upptækur er gerður af þeim sökum, og mér er það sönn ánægja að geta veitt hæstv. ráðh. þessar upplýsingar svo hann haldi ekki áfram að vaða um í villu og svíma og í þessum efnum sem hingað til.

Það er varla viðkunnanlegt að nefna næsta dæmi sem hæstv. ráðh. tilfærði þegar honum var bent á að hásetar um borð í skipi eru skyldugir til þess að vinna alla þá vinnu sem til fellur um borð, m. a. að annast frágang, aðgerð, hreinsun og allt slíkt í sambandi við þann afla sem um borð kemur, hvort sem hann er smár eða stór. Það er alger skylda og sjómenn mega ekki neita að vinna við nein slík störf úti á skipi. Það er meira að segja í sjómannalögum að það megi beita þá hörðu, það megi beita þá valdi og líkamlegum refsingum ef þeir hlýða ekki. Það er í lögum. Og þó ég sé ekki lögfræðingur, þá þori ég að fullyrða að ég þekki siglingalögin og sjómannalögin betur en hæstv. sjútvrh. og einnig í þessum efnum.

Síðasta dæmið, sem hæstv. ráðh. tók til, ætti að vera honum kunnugt, þegar hann bar þetta saman við það þegar menn eru sviptir veiðileyfum sínum, eins og til humarveiða og rækjuveiða, ef þeir gera þar eitthvað rangt, t. d. á humarveiðum að toga fyrir innan ákveðið dýpi eða þá að nota ólöglegar aðferðir að öðru leyti. Það stendur í leyfisbréfunum, sem mennirnir fá í hendurnar sem stunda veiðar samkvæmt leyfum, þeir skrifa undir það þegar þeir taka við þessum leyfum, að þeir játast undir að missa leyfið ef þeir brjóti þau tilteknu ákvæði sem í leyfisbréfunum standa.

Öll þessi upptalning, þ. e. a. s. öll þau dæmi sem hæstv. ráðh. tók máli sínu til stuðnings og voru að mati hv. þm. Sverris Hermannssonar svo þung á metunum að ekki stæði eftir steinn yfir steini í málflutningi hv. þm. Ellerts B. Schram, — þessi atriði í ræðu hæstv. ráðh. hafa ekki hreyft við einu einasta atriði í því sem kom fram í máli hv. 11. þm. Reykv.

Mér er vissulega oft ánægja að geta notið þess að fá að hlusta á hv. þm. Sverri Hermannsson, ekki síst vegna þess að hann kemst oft svo ágætlega að orði og er ekkert við það að athuga þó maður hafi gaman af að hlusta á slíkt málfar, jafnvel þó maður sé ekki alveg sammála öllu því sem gengur fram af hans munni. Hann vildi halda því fram áðan að ég hefði svo sem ekkert verið á móti frv. þó ég hefði sagt það, ég væri samþykkur því að eitthvað þyrfti að gera í þessa veru. Þó ég hefði greinilega lýst því yfir að ég væri ekki samþykkur þeim aðferðum sem beitt væri, þá orðar hann það þannig að ég hafi aðeins haft sérstöðu í orði. Kannske er þetta einn af hans orðaleikjum, að sérstaða í orði í munni Sverris Hermannssonar þýði það sem ég kalla munnlegt sérálit. En það er ekki yfirleitt sami skilningur sem felst í báðum þessum orðasamsetningum.

Hv. þm. Sverrir Hermannsson brá á leik og hélt því fram að ég væri á býsna grunnu vatni í þessu, og jafnvel vildi hann halda því fram að ég væri í togi hjá hv. þm. Lúðvík Jósepssyni. Má þá vera sterk og ekki síst löng dráttartaugin okkar á milli þar sem hann er fyrir vestan haf. Allt þetta tal er auðvitað bara til gamans. En ég held að mér sé óhætt að segja það, að fiski ég í grunnu vatni, þá er ég ansi hræddur um að hv. þm. Austurl., Sverrir Hermannsson, sé að fiska í býsna gruggugu vatni í þessu máli.

Hér hefur mikið verið talað um álit prófessors Gauks Jörundssonar. Ég tel það allmerkilegt plagg og dreg alls ekki í efa þá þekkingu og skarpskyggni sem sá maður ræður yfir. Það dettur mér ekki í hug. En aðeins með því að lesa það sem þessi ágæti lögfræðingur segir, þá fer það ekki fram hjá neinum að þarna er um frv. að ræða sem mörg ákvæði þess hljóta að orka tvímælis á ýmsan hátt ef grannt er skoðað. Hann segir t. d. um upptöku ólöglegs afla að sú regla að aflann megi taka, hvort sem um refsiverðan verknað er að ræða eða ekki, hún réttlætist fyrst og fremst af ríkri nauðsyn á verndun fiskstofna. Það sér hver maður að þarna er svolítið einkennlegt samband á milli, að þessi vöndur, sem menn eiga kannske yfir höfði sér eða hrygglengju, að geta misst afla hvort sem um sök sé að ræða eða ekki, geti orðið aðhald í þá veru að menn séu ekki að gera sér vonir um ávinning af ólöglegum afla. En fyrst og fremst er hér atriði í 3. gr. hans álits þar sem segir, með leyfi forseta: „Ekki er venjulegt að úrskurðir rn. eða annarra handhafa framkvæmdavalds séu aðfararhæfir. Einnig er úrskurðarvald sjútvrn. samkvæmt frv. óvenjulegt. Ég tel þó hvort tveggja réttlætanlegt vegna ríkrar nauðsynjar á því að friðunarreglum sé fylgt.“ Kannast menn ekki við orðalagið? Þar segir: „Ekki er venjulegt“ — ég vil segja sem betur fer, það er ekki venjulegt að slíkir úrskurðir rn., þeirra sem hafa með framkvæmdavaldið að gera, séu aðfararhæfir. Þarna er verið að rugla saman auðvitað, eins og hv. þm. Ellert B. Schram sagði og ég gat einnig í dag, þarna er verið auðvitað að færa framkvæmdavaldinu nokkurn hluta dómsvaldsins í hendur. Og sama segir prófessorinn um úrskurðarvaldið. En þetta er réttlætanlegt að mati prófessorsins. Það er nauðsynlegt til þess að friðunarreglum sé fylgt. Þetta þýðir á venjulegu máli ósköp einfaldlega það að prófessorinn leyfir sér að segja í sinni álitsgjörð að tilgangurinn helgi meðalið. Sú regla hélt ég að væri löngu úr sér gengin, a. m. k. í þjóðfélagi eins og okkar. Og sannleikurinn er sá, að jafnvel þó að ég sé ekki að halda því fram að þetta verði á neinn

hátt misnotað þó að lögum yrði, þá er verið að fara þarna réttarfarslega út á mjög hálan ís.

Ég er viss um að það eru ekki margir hv. þm. í þessari hv. d. sem löglærðir eru, og þeir eru býsna margir, sem treysta sér til að standa hér upp og neita þessu, að þarna sé vissulega farið út á dálitið varhugaverða braut. Við skulum ekkert fara að stilla upp neinum dæmum um það hvað gæti komið fyrir ef unnið yrði í svipuðum anda, þ. e. a. s. þetta er eiginlega alveg nauðsynlegt til þess að halda uppi lögum og reglum þurfum við að gera þetta eða hitt sem ekki er venjulegt. Þetta þekkist í ríkjum sem hafa allt annað stjórnarfar en er hér á Íslandi og er notað óspart, að sami aðili hafi allar þessar þrjár tegundir valds á sinni hendi. Þeir setja lög, framkvæma þau og dæma eftir þeim sjálfir. Slíkt stjórnarfar er víða til í heiminum í dag, og ég held að það sé ekki slíkt stjórnarfar sem við hér á hinu háa Alþ. erum að fara fram á. Ég held þvert á móti að við ættum allir sem einn að berjast gegn slíku. Við eigum ekki einu sinni að gera það í slíku máli eins og þessu. Það er varhugavert að rétta skrattanum litla fingurinn, hvort sem er í þessum efnum eða ekki.

Hæstv. dómsmrh. sagði í þessum stól í vetur, þegar var verið að tala hér um sakamál og dómsmál og verið var að fjalla um tiltekin sakamál í þjóðfélaginu, að hann liti svo á — og lagði á það þunga áherslu — að enn þá sé það svo í þessu þjóðfélagi, sem betur fer, að menn séu álitnir saklausir þar til sekt þeirra sé sönnuð. Í þessu frv. er verið að fara öfuga leið. Fyrst eru þeir sektaðir, þeir mega kvarta og síðan mega þeir leggja það fyrir dómstólana til þess að hreinsa sig af sökinni. Þeir eru sem sagt álitnir sekir fyrst, þeim er refsað, þeir þurfa að láta af hendi fjármuni, síðan mega þeir koma til dómstólanna og spyrja hvort þeir geti verið svo elskulegir að rannsaka málið og reyna að sýna fram á að þeir séu saklausir. Hlutverk dómsvaldsins á að vera að sýna fram á að menn séu sekir, þangað til teljast þeir saklausir, þangað til er ekki hægt að beita þá refsingum og þangað til er ekki hægt að taka af þeim fjármuni, hvorki í formi fiskafla eða annars. Ýmislegt af þessu sagði ég m. a. í dag, og það segir hv. þm. Sverrir Hermannsson að sé sérstaða í orði. Á mínu tungumáli heitir það að hafa munnlegt sérálit, og mitt sérálit var munnlegt vegna þess að mér hafði ekki gefist tóm til í fyrsta lagi að setja saman skriflegt sérálit og útbúa brtt. Og það hljóta þessir menn, sem deila hér um lögfræði og berjast með lagabókstöfum og krækja hver í annan með lagakrókum, að skilja, að þeim, sem eru ekki menntaðir í því fagi, hlýtur að vera nokkur vandi á höndum að flytja brtt. við frv. sem lærðir lögfræðingar þurfa að vísa til úrskurðar eða óska eftir áliti sér lærðari manna í fræðunum.

Ég vil þess vegna að lokum biðja menn að huga alvarlega að þessum hlutum áður en þeir keyra þetta mál í gegn með offorsi. Þarna er um meira og alvarlegra mál að ræða heldur en að geta komið höndum yfir einhverja fisktitti sem ekki ná fram yfir eitthvert ákveðið strik á mælikvarða. Þarna er verið að vega að grundvallarreglum í okkar réttarfari. Og ég hygg að það væri sæmst fyrir hæstv. sjútvrh. að leyfa þessu máli að fara aftur til n., fá þar betri skoðun og taka það síðan til umr. og afgreiðslu þegar það hefur hlotið þá lækningu sem ég álít að því sé nauðsynleg.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Ég taldi mig hafa í dag lagt fram allmikil rök fyrir því að það frv., sem hér er til umr., væri til lítils gagns í því skyni sem á að beita því. Og ég benti einnig á að í þessu frv væru vissir annmarkar sem varla væri hægt að bjóða mönnum. Þeir, sem hafa komið hér upp og andmælt mínum skoðunum, hæstv. sjútvrh. og hv. þm. Sverrir Hermannsson, gerðu sér mjög lítið far um að hrekja það, sem ég hafði sagt í þessum efnum, að öðru leyti en því að hæstv. sjútvrh. bar á móti því að skipstjóri á skipi hefði það mikið vald að hann réði yfir skipshöfn sinni, þannig að hann gæti sagt henni að vera á veiðum á ólöglegum svæðum eða þess háttar, þar hlytu skipverjarnir að geta gripið inn í, og jafnaði slíkum ráðum skipstjóra við það að þeir ættu að hlýða honum í því að smygla brennivíni eða spíritus eða einhverju slíku á ólöglegan hátt. Ja, lágt geta nú hv. þm. fallið, en ég hélt að ráðh. kæmust aldrei í slíkan samjöfnuð sem þennan.

Það, sem ég var að segja í sambandi við þetta, var að ég lít svo á að það sé útilokað að ætla að venjulegir skipverjar geti í neinu komið í veg fyrir að skipstjóri þeirra veiði á ólöglegum svæðum. Það er enginn möguleiki fyrir háseta, jafnvel stýrimann, hvað þá vélstjóra, að vita um það þegar skipstjóri segir: Hér skulum við leggja trossuna — á hvaða stað er trossað. Það er útilokað fyrir annan en þann sem hefur fylgst með ferð skipsins og hefur staðsetningargræjurnar í sinni hendi. Það er ekki nokkur leið að það eigi að fara að dæma skipverja fyrir slíkan verknað skipstjóra. Það er útilokað, algjörlega útilokað. Það má koma með ýmiss konar önnur dæmi í sambandi við að það er útilokað að ætla sér að hafa skipshöfn í einum hóp sakfellda fyrir slíkt.

Til viðbótar við þennan góða samanburð, sem hæstv. ráðh. kom með um spíritusinn og vald skipstjóra við veiðar, þá lýsti hann því yfir að þegar afli væri gerður upptækur á togurum sem veiddu í fiskveiðilandhelgi, þá væri það á mjög svipaðan hátt gert og í þessu frv. sem hér liggur fyrir. Ég hef ekki fimm lögfræðinga til ráðuneytis, eins og hæstv. ráðh. sagði að hann hefði í sinni góðu ríkisstj., sem er víst alveg satt, þeir eru fimm þar saman komnir, ég ætti kannske að segja sem betur fer. Ég held að það sé enginn lögfræðingur í þingflokki Alþb. sem ég hefði getað leitað til til að fá upplýsingar um þetta og ekki heldur í Alþfl. (Gripið fram í.) Jú, formaðurinn, það er rétt. Hann hefur ekki verið hér, og þar af leiðandi hef ég ekki getað leitað til hans í þessu máli. En í sambandi við það að skipverjar séu ábyrgir fyrir gerðum skipstjóra síns í sambandi við landhelgisbrot ætla ég að lesa hér upp úr þeim lögum, sem vísað er til í athugasemdum með þessu frv., og vita hvort sú yfirlýsing hæstv. ráðh. og hv. þm. Sverris Hermannssonar stenst að þetta sé eins. (**Gripið fram í:** Fá þeir aflahlut?) Þeir fá aflahlut, já. Það getur verið kannske að einhverjir aðilar séu

að reyna að stinga honum undan, en ég veit ekki til þess og það er ekki sagt í lögunum. „Hver sá maður, sem leiðbeinir skipi við ólöglegar botnvörpu- eða flotvörpuveiðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi eða liðsinnir því við slíkar veiðar eða hjálpar hinum brotlegu til að komast undan hegningu fyrir þær, skal sæta sektum 1000 til 15000 gullkrónum, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924. Sömu hegningu skal hver sá sæta sem er í botnvörpuskipi eða á bát við skipshliðina þegar það er að ólöglegum veiðum í landhelgi, nema hann geti gert þá grein fyrir dvöl sinni þar að líklegt þyki að hann eigi enga hlutdeild í hinum ólöglega veiðiskap þess. Ákvæði þessarar gr. gilda ekki um þá menn sem eru lögskráðir skipverjar á botnvörpuskipinu.“ Það er tekið fram að um sektir í þessum málum snerti ekki skipverja.

Í öðru lagi nefndi ég í ræðu minni í dag að í sambandi við ákvörðun um upptöku afla væri í þeim lögum, sem varða töku botnvörpuskipa, ákveðið atriði um að gagnvart upptöku félli veðréttur niður. Það er þannig í þessum lögum: „Við upptöku og aðför fellur niður veðréttur eða aðrar kvaðir sem hvíla kunna á uppteknum verðmætum.“ Og ég vil halda því fram að samkvæmt því frv., sem hér er, sé gagnslaus sú upptaka sem framkvæmd er, hún er algjörlega gagnslaus og þar af leiðandi er frv., eins og það liggur fyrir, algjörlega ómark.

Það er óþarfi fyrir hæstv. sjútvrh. og hv. þm. Sverri Hermannsson að vera að tala um að það þurfi að friða og við verðum að standa allir saman í því. Við erum ekkert ósammála um það. Við erum allir sammála um að það þurfi að gera. En það á ekki að gera það með þeim aðferðum sem hér er beitt. Það er útilokað að gera það.

Ég held ég þurfi ekki að lesa meira upp úr þessu lagasafni. Ég ætla aðeins að ítreka enn það sem ég sagði í dag, að í sambandi við upptöku afla og það að hafa skiverja alla samábyrga þá er verið að ýta undir brot í þessu máli. Það er verið að ýta undir brot, það er verið að gera allan hópinn samábyrgan og ekki þann, sem ræður, neitt frekar ábyrgan heldur en hina. Það þýðir það að skipstjóri gerir það miklu frekar að hætta á að veiða á ólöglegan máta, þegar hann veit að hans útgerð né hann sjálfur ber ekki neina umframsekt umfram skipverja hans. Það er verið að hvetja til þess. Ég held að þarna snúist hlutirnir við og séu á þann hátt sem hæstv. sjútvrh. talaði um eða á öfugan veg. Hann var að tala um að þeir væru að reyna að koma á stjórnun með þessum lögum, en ekki ofstjórn. Hér er um að ræða ofstjórn eða öfuga stjórn.

Hv. þm. Sverrir Hermannsson talaði um að það þyrfti að auka agann, auka aðhald, taka í taumana og þyrfti að vernda. Ég held að við séum allir sammála um að þetta þurfi að gera. En ég ætla að undirstrika það, að það er ekki gert með þessu lagafrv. sem hér liggur frammi, ef að lögum verður. Þegar á að fara að beita þessum lögum, þá líður ekki á löngu þar til allir verða varir við það að þessi lög eru ekkert annað en pappírsplagg og við höfum gert frekar leiðinlegt verk hér á hv. Alþ. ef við samþ. frv. án þess að breyta því. En ég held að það sé vilji fyrir því að þessu frv. verði breytt, og ég veit það að a. m. k. í mínum flokki er vilji fyrir því að það verði komið á einhverri stjórnun í þessum málum, en það er útilokað að gera það með þeirri aðferð sem hér á að beita. Það er útilokað. Ég vil því taka undir það sem hv. þm. Garðar Sigurðsson sagði hér áðan og ég sagði reyndar í minni fyrri ræðu, að ég hvet hæstv. ráðh. til þess að fá sjútvn. þessarar hv. d. til að taka þetta mál aftur til athugunar og að þessu máli verði komið í farsæla höfn, — ekki í þá höfn sem það stefnir núna með þeirri skoðun sem hér hefur verið uppi frá hendi hæstv. ráðh. og hv. þm. Sverris Hermannssonar.

Jón Skaftason: Herra forseti. Það hafa orðið nokkrar umr. um það frv. sem hér er til meðferðar í hv. d. um upptöku ólöglegs sjávarafla og er það ekki óeðlilegt út af fyrir sig. Hér hafa ýmsir þm. tekið að mínu viti nokkuð stórt upp í sig um nokkur atriði, og mér hefur fundist nokkuð á skorta um rökstuðning fyrir þeim stóryrðum sem þar hafa verið viðhöfð. Ég ætla ekki að fara að lengja þennan fund með því að víkja að mörgum þeim atriðum, skal raunar að mestu einskorða mig við eitt atriði sem mér finnst aðalatriði þessa máls og mér sem einum af lögfræðingum í sjútvn. þessarar d., sem mælir með frv., standi nokkuð nærri að skýra, á hverju ég byggi stuðning minn við þetta frv., þegar litið er til þeirra athugasemda og andmæla sem hér hafa verið höfð uppi, ekki síst frá hv. þm. Ellert B. Schram sem vildi að því láta liggja að frv. bryti gegn sjálfri stjórnarskránni, væri á vissan hátt í andstöðu við þann anda sem þar er að finna um þrískiptingu valdsins í þjóðfélaginu. Á þetta get ég ekki fallist með hv. þm. Ellert B. Schram, enda fannst mér rökstuðningur hans fyrir þessari staðhæfingu ekki vera beint sannfærandi. Ég viðurkenni að með þessu frv. er nokkuð mikið vald lagt í hendur sjútvrh. og sjútvrn., en enginn rökstuðningur hefur komið fram í þessum umr. fyrir því að það vald, sem færa á sjútvrn. með samþykkt þessa frv., brjóti gegn stjórnarskránni, hvorki beint né óbeint, enda liggur hér fyrir álitsgerð virðulegs prófessors við lagadeild Háskólans sem segir hið þveröfuga.

Hvað á að fara langt í þeim efnum að færa rn. vald er að mínu viti fyrst og fremst undir pólitísku mati komið sem við hér á hv. Alþ. erum að sjálfsögðu fullfærir um að meta hverju sinni. Mitt mat er það í þessu tilfelli, miðað við ríkjandi ástand fiskstofna og aðstæður allar, að eðlilegt sé að nokkuð mikið vald í þessum efnum geti verið á hendi ráðh. og rn. Upptaka ólögmæts sjávarafla er að mínu viti ekki bein refsing og þarf þess vegna ekki að gera sömu kröfur til réttarverndar þess aðila sem kann að vera brotlegur eins og gert er í þeim tilfellum þegar um hreina refsingu er að dæma, t. d. fangelsi, sem að sjálfsögðu er þá hjá dómstólum.

En aðalatriðið í þessu, og það er ástæðan til þess að ég kvaddi mér hér hljóðs, er að mér virðist að staðhæfingar, sem hafa komið fram hjá nokkrum þm. um að taka eigi þau efni, sem frv. fjallar um, undan lögsögu dómstóla og færa til rn., þær fá ekki staðist. Aðalatriði þessa máls er í 4. gr. þar sem er kveðið alveg skýrt á um þetta:

„Ákvörðun rn. um upptöku afla skal tekin í skriflegum úrskurði. Málinu má vísa til meðferðar sakadóms, en ekki skal það fresta því að rn. geti innheimt andvirði þess ólöglega afla, sem það gerir upptækan hjá kaupendum eða seljendum þessa afla, eftir því sem við á hverju sinni.“ Það er sem sagt alveg ljóst samkv. efni frv. að ef útgerðarmaður skips eða skipstjóri, sem verður fyrir því að ólögmætur afli er hjá því gerður upptækur, telur að rn. hafi í sínum úrskurði farið offari og ekki byggt úrskurðinn á réttum rökum, þá hefur hann allar leiðir opnar til þess að fara með þetta fyrir dómstóla og það er aðalatriði þessa máls. Ég vil benda á að þetta er ekki einsdæmi íslenskri löggjöf. Það var a. m. k. fyrir nokkru ákveði um það í lögum um tekju- og eignarskatt og ég held að það sé þar enn, að þar var lögtekin svokölluð skattsektanefnd, ef ég kann hana rétt að nefna. Hún hefur vald til að ákveða skattsektir. Vilji skuldari slíkra sekta ekki una þeim úrskurði sem skattsektanefnd ákveður, þá er hægt að bera hann undir dómstóla. Þetta tel ég hliðstætt að nokkru leyti því sem hér er talað um að skuli fara með varðandi ólöglegan sjávarafla.

Mér finnst að við séum með því að lögtaka ákvæði þessa frv. aðeins að svara á virkan hátt vissri þörf í þjóðfélaginu án þess að við séum á nokkurn hátt með samþykkt frv. að brjóta gagnvart þeirri helgu réttarvernd sem hver einstaklingur í lýðræðisþjóðfélagi á rétt á að njóta. Þess vegna, þótt ég viðurkenni að frv. færi nokkuð mikið vald á mjög takmörkuðu sviði til rn., þá tel ég að aðstæður allar geri það eðlilegt og af þeirri ástæðu er ég fylgjandi frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

2.—6. gr. samþ. með 16:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓE, PP, SV, SvH, TÁ, VH, ÞS, BGr, ÓÓsk, GilsG, HES, JSk, LárJ, MÓ, MB, MÁM.

nei: SvJ, EðS, EBS, GS, SkA, SBl, VilbH.

SigurlB, SvB, FÞ, GF, KP, RH greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÓlJ, PJ, PS, SighB, GuðlG, GHG, GTh, GÞG, IngJ, IG, JóhH) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Tómas Árnason: Virðulegi forseti. Ég er ekki ánægður með þetta lagafrv. vegna þess að þar er gert ráð fyrir því að heimila rn. úrskurðarvald með þeim hætti sem nánar er skilgreint í frv. (**Gripið fram í:** Hv. þm. skrifar án fyrirvara undir nál.) Ég er ekki búinn að ljúka máli mínu. En með tilliti til þess að það er heimild í lögunum fyrir aðila í málum, sem falla undir lögin, að vísa málum til meðferðar dómstóla, og í öðru lagi með tilliti til þess að ég geri mér grein fyrir því að það er mjög æskilegt að málið gangi fram í þinginu, þá segi ég já.

Eðvarð Sigurðsson: Ég tel að í ræðu hv. 11. þm. Reykv. hafi komið fram mjög sterk rök og aðvaranir um meðferð þessa máls og með vitnun til þeirra segi ég nei.

Skúli Alexandersson: Þar sem ég tel, að frv. þetta nái ekki þeim tilgangi, sem um getur í aths. um 1. gr. frv., en ég er samþykkur þeirri þörf sem þar kemur fram, þá segi ég nei.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20:1 atkv.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. (þskj. 208, n. 562 og 583, 555, 608). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 555,1 (ný 1. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

— 555,2 samþ. með 23 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 555,3 (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 555,4 (ný 3. gr., verður 4. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 555,5 samþ. með 22 shlj. atkv.

4. gr. (verður 5. gr.), svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 555,6 (ný 5. gr., verður 6. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 555,7 samþ. með 22 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 555,8 (ný 7. gr., verður 8. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 608 felld með 19:8 atkv.

Brtt. 555,9 samþ. með 23 shlj. atkv.

8. gr. (verður 9. gr.), svo breytt, samþ. með 22:11 atkv.

Brtt. 555,10 samþ. með 22:7 atkv.

9. gr. (verður 10. gr.), svo breytt, samþ. með 20:11 atkv.

Brtt. 555,11 (ný 10. gr., verður 11. gr.) samþ. með 20:9 atkv.

11. gr. (verður 12. gr.) samþ. með 18:8 atkv.

Brtt. 555,12 samþ. með 22 shlj. atkv.

Ákv. til brb., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20:10 atkv.

Happdrætti Háskóla Íslands, frv. (þskj. 633). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. þetta, sem hér liggur fyrir um breyt. á l. nr. 13 13. apríl 1973, um Happdrætti Háskóla Íslands, svo og tvö önnur frv. sem lögð hafa verið fram í hv. þd., um breyt. á l. nr. 16 13. apríl 1973, um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, og um breyt. á l. nr. 18 22. apríl 1959, um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga, eru flutt í tilefni af tilmælum frá forráðamönnum þessara happdrætta um heimild til að nota tölvu við útdrátt vinninga í happdrættum þessum. Ástæða þess að happdrættin óska þess að breyta þannig til um drátt er þríþætt. Í fyrsta lagi telja þau miklum örðugleikum bundið nú að fá gerða miða eins og þá sem hingað til hafa verið notaðir við drátt. Í öðru lagi telja þau mikinn kostnað við drættinn með þeim hætti sem átt hefur sér stað. Og í þriðja lagi telja þau að þetta leiði til tímasparnaðar.

Við athugun á lögum um happdrættin kemur fram að þar segir að dráttur skuli fara fram opinberlega. Með því er að sjálfsögðu átt við það að almenningur eigi rétt á að vera viðstaddur drátt, og jafnframt hefur verið litið svo á að sá dráttur skuli fara fram með þeim hefðbundna hætti að dregin séu saman númer og vinningur og á þann hátt unnt að fylgjast með hverjum drætti. Dráttur í tölvu fer hins vegar fram samkv. forskrift sem skráð er á gataspjöld og gerð er fyrir fram, en drátturinn byggist þó á talnaröð sem dregin er með hefðbundnum hætti.

Ég hef talið rétt að lögunum um happdrætti yrði breytt áður en heimild yrði veitt til að framkvæma drátt með þessum nýja hætti, þótt hugsanlegt hefði e. t. v. verið að túlka gildandi lagaákvæði svo að það væri heimilt. En mér þykir rétt að Alþ. fái að fjalla um það atriði og segja sitt álit á því.

Rétt er að taka það fram að happdrættisdráttur með tölvu er tíðkaður víða erlendis og hér á landi eru vinningar í skuldabréfahappdrættum ríkissjóðs dregnir út í tölvu. Um fyrirkomulag allt við drátt þarf að sjálfsögðu að setja nánari reglur í reglugerð, þ. á m. um skipun eftirlitsnefndar.

Af hálfu happdrætta hafa verið ráðagerðir um að geta hafið drátt með þessum nýja hætti þegar á þessu ári. Er því æskilegt að unnt verði að afgr. þessi frv. á yfirstandandi þingi. Vil ég því mælast til þess að hv. þd. og sú n., sem fær málið til athugunar, stuðli að því að svo geti orðið enda þótt nú sé farið að styttast til þingloka.

Ég vil að lokum leggja til að frv. því, sem ég hef nú mælt fyrir, svo og tveimur næstu frv., sem ég mun ekki sérstaklega mæla fyrir, verði vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, frv. (þskj. 634). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga, frv. (þskj. 635). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 28 shlj. atkv.

Afréttamálefni, fjallskil o.fl., frv. (þskj. 538, n. 643). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Virðulegi forseti. Þetta frv. er komið frá Ed. N. hefur rætt frv. á fundum sínum og athugað umsagnir frá Búnaðarfélagi Íslands, Sambandi ísl. sveitarfélaga og Landgræðslu ríkisins, og voru þær allar jákvæðar. N. varð sammála um að mæla með samþykkt frv. með breytingu sem ég mun lýsa síðar.

Höfuðefni þessa frv., sem hér er lagt til að verði að lögum, er breyt. á lögum nr. 42 frá 1969, um afréttamálefni, fjallskil o. fl., en þar eru tengd saman í einum lagakafla þau ávæði sem miða að því að tryggja verdun og skynsamlega nýtingu afrétta og heimalanda. Kaflinn nefnist því: Um verndun beitilands og um ítölu. Ítala er róttækasta ráðstöfunin sem gripið verður til auk beinnar friðunar landsins, og má margt gera til verndar og bóta á beitilandinu áður en henni er beitt.

Í 1. gr. þessa kafla er lagt til að stjórnum fjallskiladeilda verði lögð sú skylda á herðar að fylgjast með ástandi afrétta og heimalanda með tilliti til beitarálags. Skuli hafa um þetta samráð við gróðurverndarnefnd héraðsins og Landgræðsluna. Með þessu er því slegið föstu að hreppsnefndirnar séu ábyrgur aðili varðandi þessi mál.

Í næstu grein eru taldar þær aðgerðir sem stjórnun fjallskiladeilda er heimilt eða skylt að grípa til þar sem talin er þörf aukinnar gróðurverndar eða bættra aðferða við nýtingu beitilandanna.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða frv. nema í sambandi við 24. gr., en í henni er mælt fyrir um hver skuli hlutdeild hverrar jarðar í beitarrétti í sameiginlegum beitilöndum og afréttum. Eins og frv. var, var aðalreglan sú að réttur hvers býlis miðaðist við beitarþol heimalands jarðarinnar. Hafi það ekki verið ákvarðað fyrir einstakar jarðir og ekki eru tök á að láta mæla það skal miða við landverð jarðanna, þ. e. a. s. þess lands þeirra sem raunverulega er nýtt til beitar fyrir þann búpening sem almennt er reiknn á afrétt. Er þá átt við landverð óræktaðs lands og ræktaðs lands, að svo miklu leyti sem það er notað til beitar, en ekki til heyöflunar eða til vetrarfóðurs.

Þessi grein, eins og hún var í lögunum, mundi í mörgum tilvikum kippa búskaparaðstöðu undan jörðum ef ítölu yrði beitt. N. kallaði á sinn fund formann Stéttarsambands bænda og enn fremur erindreka Stéttarsambandsins og landgræðslustjóra, og eftir að búið var að velta þessu fyrir sér á ýmsa vegu, þá var sameiginleg niðurstaða n. að flytja brtt. við 3. gr.:

„Í stað „Réttur hvers lögbýlis skal vera í hlutfalli við beitarþol heimalands jarðarinnar“ í 4. mgr. 24. gr. komi: Réttur hvers lögbýlis, sem sérmetið var við fasteignamat árið 1932, skal að ⅓ vera jafn, en að ⅔ skal hann vera í hlutfalli við beitarþol heimalands jarðarinnar.“

Með þessari brtt. telur n. að það ætti ekki eða síður að vera hætta á því að þeim jörðum, sem kunna að hafa lítil heimalönd, sé mismunað þannig að það sé kippt búskaparaðstöðu undan fótum þeirra sem á þeim búa. Eftir að hafa rætt

þetta mál við landgræðslustjóra, sem á að verulegu leyti að hafa áhrif á hvernig þessu er beitt og hvenær, teljum við að þeirri hættu, sem hefði e. t. v. getað verið fyrir hendi í vissum tilvikum, eins og greinin var, sé bægt frá.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 643 samþ. með 27 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
4.—5. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Búnaðarbanki Íslands, frv. (þskj. 411, n. 642). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Virðulegi forseti. Þetta frv. er einnig komið frá Ed. og var samþ. þar óbreytt. N. hefur rætt þetta frv. á fundum sínum og mælir með samþykkt þess. Tveir nm. skrifa undir nál. með fyrirvara, þeir hv. alþm. Eðvarð Sigurðsson og Benedikt Gröndal.

Þegar n. ræddi þetta mál í n. kom í ljós að hv. þm. Eðvarð Sigurðsson og Benedikt Gröndal höfðu það við frv. að athuga að þeir voru á móti því að fjölga bankastjórum, og enn fremur var fyrirvari hv. þm. Benedikts Gröndals um það að hann taldi að Búnaðarbankinn ætti að heyra undir bankamrh., en ekki landbrh. Það voru þessir fyrirvarar sem ég tel mér skylt að nefna í þessari framsögu.

Ég vil geta þess að þegar lögin um Seðlabanka Íslands voru sett 1961, þá voru endurskoðuð lögin um Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands og aðlöguð þeim breyttu aðstæðum sem urðu við tilkomu Seðlabankans og margs konar breytingum sem höfðu orðið í þjóðfélaginu frá þeim tíma sem löggjöf þessara banka var sett. Lögin um Búnaðarbanka Íslands eru frá 1941. Mörg ákvæði laganna, meira að segja heilir kaflar þeirra, eru orðin óraunhæf og úrelt og því komið mál til að löggjöfin um Búnaðarbanka Íslands sé samræmd lögum hinna ríkisbankanna og sniðnir af þeim vankantar sem eru á lögunum, t. d. vegna þeirra breyt. sem hafa orðið á lögum um stofnlánadeild landbúnaðarins.

Þær höfuðbreytingar, sem eru í þessu frv., eru þær að nú er gert ráð fyrir að Búnaðarbankinn fái leyfi til þess að hafa þrjá bankastjóra í stað tveggja og enn fremur að ráða aðstoðarbankastjóra.

Hv. 3. þm. Reykn. sagðist ekki hafa heyrt nein rök fyrir því að það væri þörf á því að fjölga bankastjórum við Búnaðarbankann. Það kom fram hjá honum við 1. umr. þessa máls. Ég vil benda á að Búnaðarbankinn er næststærsti banki þjóðarinnar. Spariinnlán í þessum banka eru að nálgast 10 milljarða. Samkv. orlofslögunum eiga bankastjórar að hafa mánaðarorlof. Það leiðir af sér að í hálfan þriðja mánuð er aðeins einn bankastjóri starfandi í þessum banka, jafnvel þó að engin forföll önnur séu hjá bankastjórunum. Ég tel það alveg óhugsandi að einn maður sé bankastjóri svona stórrar stofnunar og í raun og veru óverjandi að bjóða nokkrum manni að vera þarna einn í starfi, þannig að ég held að það séu alveg fullkomin rök fyrir því að þessu sé breytt, enda vil ég benda á það í þessu sambandi að í hinum bönkunum, Landsbankanum og Útvegsbankanum, sérstaklega Útvegsbankanum sem er miklu minni banki, eru 3 bankastjórar og 2 aðstoðarbankastjórar. En eftir núgildandi lögum um Búnaðarbanka Íslands er ekki leyfilegt að hafa aðstoðarbankastjóra. Þetta hefur verið mjög bagalegt á undanförnum árum. Það hefur meira að segja komið fyrir heilar vikur að hvorugur af þessum bankastjórum hefur verið við, annar hefur verið í sumarfrii og hinn veikur. Ég held því að það séu fjölmörg rök fyrir því að full þörf sé á að fjölga bankastjórum við Búnaðarbankann, og það er því undarlegra að það skuli ekki hafa verið búið fyrir löngu.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Frsm. n. hefur raunar gert grein fyrir fyrirvara mínum, en ég verð því miður að bæta örlitlu við þó það taki 2 eða 3 mínútur.

Hann nefndi réttilega að ég lýsti andstöðu við það að fjölga nú upp í 3 bankastjóra í Búnaðarbankanum. Ég skal viðurkenna að miðað við það, sem tíðkast í hinum ríkisbönkunum, væri fyllilega eðlilegt að Búnaðarbankinn hefði 3 bankastjóra, og er hann raunar, eins og hér hefur komið fram, sá bankinn sem örast hefur vaxið. En ég tel mjög illa til fallið af ríkisstj. að gangast fyrir fjölgun hæst launuðu embættismanna í landinu eins og nú er komið efnahagsmálum.

Það hefur heyrst mikill barlómur um fjárhagsástand ríkisins og verið lagðar álögur á þjóðina út á það síðustu daga. En samt lifum við dag eftir dag að það eru lagðir fram bunkar af nýjum frv. frá ríkisstj., og hvað segja þessi frv. okkur um opinbera starfsmenn sem ríkisstj. telur sig vanhaga um? Það er, grá fyrir járnum, bremsunefnd í fjmrn. til að skera niður hvern einasta venjulegan mann í þeim launaflokkum sem alþýða manna hefur hjá ríkisbákninu. En svo koma þessi frv. á borð hjá okkur: Það er nýr bankastjóri, það er nýr biskup, og í dag kom enn ein bókin sem gerir ráð fyrir 15 nýjum dómurum. Annað frv., sem við fengum í dag, gerir ráð fyrir nýjum forstjóra og nýrri deild í stórri ríkisstofnun, það er að vísu í staðinn fyrir tvo kommissara, en varla verður það ódýrara. Og svo er hér frv. sem gerir ráð fyrir því að á þessu ári verði bætt við 7 manns, aðallega sérfræðingum og verkfræðingum, hjá Vegagerðinni. Er tilkynnt að á næstu 4 árum eigi að bæta við 23.

Það gangа ein lög yfir miðlungsmennina í þessu þjóðfélagi, en önnur lög þegar hæstv. ríkisstj. þarf að fá meira af fínum silkihúfum. Þá vantar ekki í kassann.

Þetta er engin stefna. Það eru ístöðulausir menn með öllu sem tala þannig við almúga manna, en geta svo ekki sagt nei þegar þarf að búa til nýja bankastjórastöðu eða biskupsstöðu eða 15 dómaraembætti eða nýtt forstjóraembætti eða nýja deild með framkvæmdastjóra eða 23 embætti sérfræðinga í Vegagerð landsins.

Ég held að við ættum að láta þetta allt saman bíða þangað til ríkisstj. getur sýnt okkur ríkis-

kassa með örlítið betri afkomu og ekki þarf að taka árlega 5 til 10 milljarða úr Seðlabankanum, nýprentaða seðla, sem engin verðmæti eru fyrir og ekkert annað eru heldur en loft til að blása út verðbólguna.

Hitt atriðið, sem ég geri athugasemd við, er að Búnaðarbankinn á að heyra undir landbrh. Það er aikunna að uppi eru mismunandi skoðanir um það hvort bankarnir, sem hér á landi eru oft kenndir við ákveðna atvinnuvegi, eigi að heyra undir fagráðh. viðkomandi atvinnuvegar eða hvort þeir eigi sem bankar að heyra undir bankamrh., sem er viðskrh. Ég tel að það sé miklu eðlilegra að bankarnir heyri allir undir bankamrh. og séu þar á einum stað, en sá ráðh. hafi yfirsýn yfir þá alla. Það er í raun og veru enginn greiði við fagráðh. eins og landbrh. að setja hann yfir Búnaðarbankann, vegna þess að honum er falið að gæta hagsmuna landbúnaðarins og ekki er alveg víst að það sé heppilegt að hann eigi að gæta beggja aðila, af því að fyrir kemur að það þurfi að segja annað en já í bönkum.

Ég get viðurkennt að það má færa fram rök með og á móti báðum þessum sjónarmiðum. En í þingflokki Alþfl. hölluðust menn frekar að því að skynsamlegra væri að Búnaðarbankinn og hinir bankarnir heyrðu undir bankamrh., en bankamálin heyra undir viðskrn. Ég ætla því að leyfa mér að flytja skriflega brtt., sem er breyting á tveim orðum, en felur þetta í sér, að í stað landbrh. heyri Búnaðarbankinn undir viðskrh. sem fer með bankamál.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 671) samþ. með 25 shlj. atkv.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 671 felld með 20:7 atkv.
8.—9. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með 18:6 atkv.
11.—14. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
15.—26. gr. samþ. með 21:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Neðri deild, 100. fundur.

Fimmtudaginn 6. maí, að loknum 99. fundi.

Fiskveiðasjóður Íslands, frv. (þskj. 547, n. 652, 653). — 2. um.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Skaftason): Virðulegi forseti. Sjútvn. hefur haft til athugunar undanfarna daga frv. til l. um Fiskveiðasjóð Íslands sem er 254. mál þessa þings. Þegar það var hér til 1. umr. gerði hæstv. sjútvrh. ítarlega grein fyrir þeim breytingum sem frv. gerir á gildandi lögum um Fiskveiðasjóð Íslands og skal ég ekki fara að lengja þennan fund með því að víkja að þeim breytingum. Á fund n. til að ræða frv. komu tveir bankastjórar Útvegsbankans, þeir Jónas G. Rafnar og Bjarni Guðbjörnsson, svo og forstjóri Fiskveiðasjóðs, Sverrir Júlíusson, og lýstu skoðunum sínum eða skoðunum þeirra stofnana, sem þeir veita forstöðu, á frv. Niðurstaðan í n. varð sú að n. mælir samhljóða með samþykkt frv. með örfáum breytingum sem ég ætla að gera hér grein fyrir í fáum orðum.

1. brtt. sjútvn. á þskj. 653 lýtur að 1. gr. frv., en hún hljóðar þannig að á eftir 1. málslið komi nýr málsliður, svo hljóðandi:

„Útvegsbanki Íslands skal veita sjóðnum nauðsynlega fyrirgreiðslu og starfsaðstöðu.“

2. brtt. n. er við 7. gr. frv., en þar leggur n. til að g-liður 7. gr. verði felldur niður.

3. breytingin, sem n. gerir tillögu um, er á 8. gr. frv. Þar er lagt til að síðasti málsliður falli niður, en við gr. bætist: „Stjórn Útvegsbanka Íslands ræður aðra starfsmenn sjóðsins en um ræðir í 7. gr. samkvæmt till. forstjóra sjóðsins. Um laun og kjör þeirra gilda sömu ákvæði og um starfsmenn Útvegsbankans.“

4. og síðasta brtt., sem sjútvn. flytur við frv., er við 10. gr., en lagt er til að við síðasta málslið hennar bætist: „og í ársskýrslu Útvegsbankans.“

Þessar breytingar n. lúta allar að þeirri meginbreytingu sem á frv. verður, að samkvæmt frv. í upphaflegri mynd var gert ráð fyrir því að slíta hin formlegu tengsl sem sjóðurinn hefur haft við Útvegsbanka Íslands, en n. þótti eftir athugun á þessu atriði ekki ástæða til þess að standa að slíkri breytingu. Að sjálfsögðu breytast þá ákvæðin í athugasemdum frv. til samræmis við þær breytingar sem ég var hér að lýsa.

Eins og ég sagði, þá standa allir hv. nm. í sjútvn. Nd. að nál. á þskj. 652. Pétur Sigurðsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Eins og hv. frsm. sjútvn. sagði, þá stöndum við allir að samþykkt þessa frv. ef þær brtt., sem við flytjum, verða samþykktar. Þessar brtt. fjalla um það að tengsl Fiskveiðasjóðs við Útvegsbankann verði ekki slitin. Það varð að samkomulagi milli mín og annarra í n. að ég stæði að frv. að öðru leyti, þó ég hefði fremur kosið að hafa viss atriði nokkuð öðruvísi. Vil ég aðeins geta eins atriðis, sem er um skipun í stjórn Fiskveiðasjóðs.

N. var sett á laggirnar til þess að kanna þetta mál og setja saman þetta frv., og hún gerði till. um að ekki yrði fjölgað í stjórn Fiskveiðasjóðs, þar yrðu áfram 5. En þarna er bætt inn fulltrúum hagsmunasamtaka, þ. e. a. s. einum fulltrúa frá fiskvinnslunni og einum fulltrúa frá sjómönnum, og síðan er tekinn inn maður sem kemur án tilnefningar, skipaður af ráðh. En hins vegar er annar fulltrúi Landsbankans og annar fulltrúi Útvegsbankans, þessir bankar höfðu tvo fyrir, þeir fara báðir burt. Ég held að það sé til bóta að fulltrúar hagsmunasamtakanna fái sæti í stjórn sjóðsins, en vægi atkvæða þeirra aðila hefði orðið meira, ef þeir hefðu fengið 2 menn af 5, heldur en er gert ráð fyrir nú, að þeir verði ekki nema 2 af 7. En til þess að gera ekki mikinn ágreining og tefja tímann, þá gat ég eftir atvikum fallist á þetta atriði þar sem það stóð til bóta, sú breyting sem gerð var, að því leyti að fulltrúar sjómanna eru í þessu einnig.

Hins vegar er varla hægt að afgreiða þetta mál öðruvísi en að geta aðeins um málsmeðferðina. Þegar þetta frv. er sett saman er Útvegsbankinn ekki spurður um eitt eða neitt. Málið er ekki borið undir stjórn eða bankaráð Útvegsbanka Íslands. Og þegar ég hitti hér úti í Landsbanka í gær eða hvort það var í dag formann bankaráðs Útvegsbanka Íslands, þá hafði hann ekki heyrt getið um málið. Sýnir það að þarna er farið dálítið einkennilega að, vegna þess að í upphafi var Fiskveiðasjóður deild í Útvegsbankanum. Tengsl Fiskveiðasjóðs og Útvegsbankans voru skert fyrir 10 árum, 1966, og nú með samsetningu þessa frv. var gert ráð fyrir að tengsl Fiskveiðasjóðs við bankann yrðu rofin algjörlega. Þegar slíkt stendur til finnst mér ákaflega undarlegt að ekki skuli haft samband við bankastjóra eða bankaráð, ekki síst með tilliti til þess að þessi fjárfestingarsjóður mun vera sá elsti í landinu, stofnaður fyrir liðlega 70 árum. Hefði þetta mál verið þannig að átt hefði að taka til endurskoðunar stöðu annarra fjárfestingarsjóða gagnvart bönkunum, t. d. Iðnlánasjóðs gagnvart Iðnaðarbanka, Stofnlánadeild landbúnaðarins gagnvart Búnaðarbanka, Byggingarsjóður ríkisins gagnvart Landsbanka o. s. frv., þá væri svo sem ekki mikið við það að athuga þó að þetta hefði verið hluti af ákveðinni heildarstefnu í málum fjárfestingarlánasjóða. En svo var ekki. Það átti einungis að snúa sér að þessum sjóði. Mér hefði fundist lágmarkið að höfundar frv., en einn þeirra er staddur hér inni í þessari hv. deild, hefðu getað rætt um þetta við bankaráð Útvegsbankans, þó ekki hefði verið nema formanninn. Og annað er það, að þegar hv. sjútvn. þessarar d. fær málið til meðferðar eftir 1. umr., þá vorum við flestir auðvitað í þeirri góðu trú að þetta samráð hefði verið haft. Það gat ekki nokkrum manni dottið í hug að það hefði ekki verið gert, svo sjálfsagt þótti okkur þetta. Og formaður n. vildi bara afgreiða þetta. Eftir nánari athugun, málið var athugað á tveim fundum, var ekki einu sinni stungið upp á því að senda málið hlutaðeigandi aðilum til umsagnar. Landsbankinn lét þarna mann frá sér, Útvegsbankinn sömuleiðis og sjóðurinn algjörlega slitinn úr tengslum við Útvegsbankann og staða starfsfólks sjóðsins hefði orðið ótrygg. Það eru þessi atriði sem ég hef við málsmeðferðina að athuga, og mættu menn gæta þess í framtíðinni að sýna þá tillitssemi þeim aðilum, sem mál varða mikið, að bera þau undir þá, a. m. k. að gefa þeim kost á að segja álit sitt í umsögn.

Frsm. (Jón Skaftason): Virðulegi forseti. Það eru aðeins örfá orð út af ræðu hv. síðasta ræðumanns. Ekki fannst mér hann fara mjög nákvæmlega með það sem gerðist í hv. sjútvn. þegar þetta mál var þar til umr. og fulltrúar Útvegsbankans voru þar og fulltrúar Fiskveiðasjóðs, því Jónas G. Rafnar sagði það og lýsti því þar yfir að sér hefði borist þetta uppkast að frv. nokkuð löngu áður en það var lagt fram á hv. Alþ. Sama kom fram hjá forstjóra Fiskveiðasjóðs, Sverri Júlíussyni, að hann hafði fengið frv.-drögin til athugunar áður en málið var lagt fyrir Alþ. Þannig er það fjarri lagi að þessir aðilar hafi ekki haft aðstöðu eða tíma til þess að kynna sér frv. og koma athugasemdum sínum að við sjútvrh. sem mun hafa haft frumkvæði að því að þessum aðilum bárust drögin að frv. Það er fjarri því að það sé rétt.

Að öðru leyti tel ég ekki ástæðu til að orðlengja þessa umr., nema geta þess í lokin að því var yfirlýst af bankastjórum Útvegsbankans á þessum fundi, eftir að þeir höfðu gefið sínar upplýsingar um efni frv., að þeir óskuðu ekki eftir því að fá það sent til umsagnar.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Þetta er hér um bil nokkurn veginn rétt sem hv. síðasti ræðumaður sagði. En ég vil vekja athygli á því að það var kallað á framkvæmdastjóra Fiskveiðasjóðs og bankastjóra Útvegsbankans eftir fyrsta fund okkar um málið í n., þar sem ég gat alls ekki fellt mig við þá málsmeðferð að hafa ekki samband við þessa aðila og óskaði eftir því að það yrði gert. En eftir að þeir voru búnir að gera grein fyrir sínu máli í gærmorgun, þá sáu þeir ekki ástæðu til þess að tefja málið með því að við þyrftum bara að bíða eftir skriflegri umsögn frá þeim eða öðrum aðilum. En alla vega er málsmeðferðin heldur leiðinleg og þyrfti að haga þessu betur yfirleitt við meðferð slíks máls, og það held ég að hv. þm. Jón Skaftason hljóti að viðurkenna þó hann hafi gert þessa athugasemd áðan.

ATKVGR.

Brtt. 653,1 samþ. með 28 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 653,2 samþ. með 29 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt., 653,3 samþ. með 29 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 653,4 samþ. með 29 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
11.—26. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Neðri deild, 101. fundur.

Fimmtudaginn 6. maí, að loknum 100. fundi.

Fiskveiðasjóður Íslands, frv. (þskj. 673). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, frv. (þskj. 666). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Upptaka ólöglegs sjávarafla, frv. (þskj. 488). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 674).

Afréttamálefni, fjallskil o. fl., frv. (þskj. 672). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og endursent Ed.

Búnaðarbanki Íslands, frv. (þskj. 411). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Karvel Pálmason: Virðulegi forseti. Ég heyri að stjórnarliðar eru orðnir órólegir og vilja fara að komast til náða og ég skal ekki níðast á þeim í þeim tilgangi að þeir þurfi mín vegna að sitja hér öllu lengur. En það er nú svo, að það eru aðrir sem ráða hér ferðinni en ég, því miður. En ég ætlaði aðeins að segja hér nokkur orð nú við 3. umr. þessa máls.

Ég spurði hæstv. bankamrh. Búnaðarbankans um það við 1. umr., hvort hann gæti upplýst um það hvort rétt væri það sem haldið var fram af einum hv. þm. í Ed., hv. 7. landsk. þm., bankaráðsmanni úr Búnaðarbankanum, að þar hefðu verið teknar ákvarðanir í launamálum og fríðindum til handa bankastjórum án þess að um það hefði verið fjallað í bankaráði eða bankaráð samþ. það. Ég hef enga trú á öðru en hæstv. ráðh. verði við þeirri beiðni minni nú við 3. umr. málsins að upplýsa þetta. Ég veit að hann veit þetta, hlýtur að vita, en ég vildi mjög gjarnan að hann yrði við þessari beiðni nú þótt seint sé.

Ég dró enga dul á það við 1. umr. þessa máls að ég teldi margt nauðsynlegra í okkar þjóðfélagi, eins og málum er nú háttað, heldur en að grípa til þess ráðs að fjölga nú endilega bankastjórum. Ég hef reynt að fylgjast með því hver rök þeirra, sem að þessu frv. standa, eru fyrir því að svo mikið kapp er á það lagt endilega nú að þetta verði gert. Ég tók eftir því áðan við 2. umr. að hv. þm. Stefán Valgeirsson, 3. þm. Norðurl. e., sagði að hér væri um að ræða næststærsta banka þjóðarinnar og að það væru m. a. þau rök sem leiddu til þess að ástæða væri til að gera þessa breytingu. Nú má vel vera að þetta sé rétt. En eftir því sem ég best veit og hef fylgst með málum og stöðu bankanna hér í þjóðfélaginu, þá skilst mér að tiltölulega best sé ástandið í Búnaðarbankanum, hann standi tiltölulega best og hafi kannske þróast hvað best með eðlilegum hætti, þrátt fyrir það eða kannske vegna þess að þar eru aðeins tveir bankastjórar. Ég sé ekki að hér sé um að ræða nein sérstök rök fyrir því að fjölga nú bankastjórum Búnaðarbankans í þrjá.

En ég tók eftir öðru hjá hv. þm. Stefáni Valgeirssyni, formanni bankaráðs Búnaðarbankans, sem hann taldi líka vera hvað veigamestu rökin fyrir því að fjölga þyrfti nú bankastjórum við Búnaðarbankann, sem sagt þeim, að hann sagði að báðir bankastjórarnir væru langtímum saman fjarverandi. Hann sagði að báðir bankastjórar viðkomandi stofnunar væru langtímum saman fjarverandi, og vissulega geta það verið rök ef svo er ástatt í stofnuninni að þetta sé með þessum hætti. (**Gripið fram í:** Hvar eru þeir?) Ja, það er nú spurning. Kannske vill hv. þm. spyrja formann bankaráðs Búnaðarbankans um það. En mér fundust þetta merkilegar upplýsingar. Ég ætlaði ekki að leiða það hér í umr., en mér finnst þetta merkilegar upplýsingar ef það er notað sem rök í þessu máli að báðir þessir bankastjórar séu það langdvölum fjarverandi að það út af fyrir sig geri nauðsynlegt að koma þeim þriðja að, og ég sé ekki neitt sem tryggi að hann geti ekki jafnframt verið jafnlengi fjarverandi og hinir tveir. Það þyrfti þá a. m. k. að setja einhverjar skorður við því ef þetta er með þessum hætti. Nú veit ég að ef hv. þm. Stefán Valgeirsson hefur mismælt sig áðan, þá kemur hann hér og leiðréttir þetta, og ég tek það fyllilega til greina. En þetta var sem sagt ein af aðalröksemdunum hjá honum fyrir þessari nauðsynlegu breytingu. (Gripið fram í.) Ég þarf þess ekki. Ég hlýddi með athygli á ræðu hv. þm., eins og ég geri alltaf þegar hann tekur til máls. Það er ekki að ástæðulausu sem það er gert. Það er sérstakur húmor yfir ræðuflutningi, í þeim stíl sem ástæða er til að veita athygli, og ég hef gert það. Að vísu skal það viðurkennt og þess saknað að það er nú mun sjaldnar en áður hefur verið sem við njótum þeirrar ánægju að heyra í hv. þm. (Gripið fram í.) Já, það getur verið að það standi til bóta og þá er vel.

Þessu vildi ég koma að hér við 3. umr. málsins. Sem sagt, ég óska nú eftir að hæstv. ráðh. upplýsi þetta. Ef þetta er rétt, þá er auðvitað

með ólíkindum ef það getur gerst að aðrir en þeir, sem í raun og veru eiga að ráða viðkomandi stofnun, taki þar svo mikilvægar ákvarðanir sem hér um ræðir án þess að stjórnendur, hinir raunverulegu stjórnendur stofnunarinnar, hafi þar lagt blessun sína yfir. Ég er ekki að fullyrða þetta, en þetta kom fram í hv. Ed. og ég vildi mjög gjarnan fá um það upplýsingar.

Auðvitað er það mjög einkennilegt að einmitt nú á þessum hörmungartímum undir handleiðslu hæstv. ríkisstj. skuli endilega vera lagt svo mikið kapp á að taka ákvarðanir um þessa hluti, á sama tíma og ráðandi menn í þjóðfélaginu berjast um á hæl og hnakka, nótt sem nýtan dag, í þeim efnum að brýna fyrir þjóðinni sparnað á sparnað ofan. Og eins og hér var sagt í kvöld, þá hrúgast nú hér inn dagsdaglega stjórnarfrv. sem hafa inni að halda skuldbindingar til útgjalda fyrir ríkissjóð, svo að líklega hundruðum millj. skiptir, en þá er ekki að því er virðist séð nein ástæða til sparnaðar.

Það var sagt hér áðan, að auk þessa með bankastjórann telja menn nú brýna nauðsyn bera til, til þess að öllu siðgæði verði fullnægt, að bæta við einum biskupi, 15 dómurum var hér sagt, 27 — ef ég man töluna rétt — starfsmönnum hjá Vegagerðinni, hjá hæstv. samgrh., hann er iðinn við kolann eins og fyrri daginn, og svona mætti lengi telja. Þetta er sem sagt sú sparnaðarforsjá sem hæstv. ríkisstj. ætlar landsmönnum að hafa að leiðarljósi í öllu þessu tali. Nei, ekki er nú svo vel, það sjá aðrir um þá drykkju.

En ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð. Ég vænti þess að bæði hæstv. ráðh. og ég tala nú ekki um hv. þm. Stefán Valgeirsson — (Gripið fram í.) Það eru nú heldur léleg svör sem koma úr þeim herbúðum. En ég vænti þess að ef ég hef farið hér með rangt, þá verði það leiðrétt.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég hef hingað til ekki skipt mér af þessum umr. um Búnaðarbankann, en þar sem eru nú síðustu forvöð að láta í ljós álit sitt, þá tel ég rétt að segja hér örfá orð.

Það er raunar ekki margt sem ég hef að þessu að finna. Það eru margar ágætar setningar í þessu frv. og sjálfsagðar, t. d. eins og að Búnaðarbankinn láti sér nægja að nota almanaksárið eins og annað fólk sem sitt starfsár. En það vekur furðu mína að yfirstjórn bankans skuli vera í höndum landbrh., en ekki viðskrh. eins og aðrir bankar eða bankamrh. Það er ekki vegna þess að ég vantreysti hæstv. landbrh. til að sinna þessu verkefni, því fer mjög fjarri. En þegar ég sá þessa grein, þá skelfdist ég mjög, þó ekki væri nema bara vegna þess að mér datt í hug að sjútvrh. hæstv. mundi fara að girnast Útvegsbankann, og ég hefði þess vegna frekar viljað breyta þessari grein heldur en að breyta starfsháttum þess banka.

Einnig er það ánægjulegt, það sem segir í 2. gr., að ríkissjóður beri ábyrgð á öllum skuldbindingum Búnaðarbanka Íslands, og eru þær þá vel tryggðar. En aðalerindið var það, að í þessu frv. skuli það vera eitt höfuðatriðið að fjölga bankastjórum. Heyrst hefur það upp á síðkastið að alltaf vantaði meiri og meiri peninga og draga þyrfti úr útlánum o. s. frv., og kannske gæti skýringin verið sú að fleiri góða menn þyrfti til þess að útbýta litlum peningum heldur en miklum, því auðvitað er erfiðara að skipta milli litlu fé heldur en ef af nógu er að taka.

Það hefur verið mikið rætt um það að þyrfti að spara, það þyrfti að draga saman, en þenja ekki út kerfið o. s. frv. Þetta hefur verið mjög á dagskrá í þjóðfélaginu, ekki síst eftir að sá harmagrátur hefur verið syngjandi í eyrum landslýðs að hér væri allt að fara yfir um. Þess vegna finnst mér að síst hafi verið ástæða til þess að fjölga mönnum eins og bankastjórum, það væri það síðasta sem gera ætti, því þessir tveir bankastjórar hafa dugað til þess að stjórna bankanum hingað til, jafnvel þótt þeir væru eftir upplýsingum hv. þm. Stefáns Valgeirssonar langtímum fjarverandi. Kannske er þá skýringin á því að sá, sem á að ráða nú í viðbót, fari að leita að hinum, og það er betra að þá komi ekki fyrir hann að hann týnist í leitinni að hinum, sem eru farnir. Og dettur mér þá í hug gömul vísa, sem mun vera á þessa leið, með leyfi forseta:

„Týndur fannst, en fundinn hvarf,
að fundnum týndur leita þarf.
Þá týnist sá er fundinn fer
að finna þann sem týndur er.“

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 680).

Háskóli Íslands, frv. (þskj. 451, n. 576, 577). — 2. umr

Ellert B. Schram: Herra forseti. Menntmn. hefur haft frv. þetta til meðferðar og mælir með samþykkt þess með einni breyt. sem fram kemur á þskj. 577. N. hefur leitað álits einstakra háskóladeilda og fengið til viðtals við sig rektor Háskóla Íslands, Guðlaug Þorvaldsson, og að fengnum þeim upplýsingum, sem þannig bárust n., er niðurstaða n. að mæla einróma með samþykkt frv.

Breyt. sú, sem n. leggur til að gerð sé, er við 10. gr., síðasta málslið 2. mgr., en gert er ráð fyrir að hann orðist svo: „Einnig getur kennari óskað skipunar prófdómara í einstakri prófgrein eða prófþætti ef hann telur sérstaka ástæðu til þess.“ Þessi brtt. skiptir ekki sköpum. Hún er aðeins til þess að taka af allan vafa um skilning á ákveðnu orðalagi í nefndri grein.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 577 samþ. með 21 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
11.—12. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Sálfræðingar, frv. (þskj. 438, n. 600). — 2. umr.

Frsm. (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. Þetta frv. til l. um sálfræðinga hefur verið rætt í menntmn. og orðið algjör samstaða um það. Í Ed. var gerð á frv. breyt. á 5. gr. sem gengur út á það, að afturkalla megi löggildingu sálfræðinga séu vissar ástæður fyrir hendi, þ. e. a. s. sjúkdómur, misnotkun vímugjafa, hár aldur eða af öðrum ástæðum. Í Ed. var þessi upptalning á ástæðum: misnotkun vímugjafa og hár aldur, felld niður, en talið nægja að tilfæra sjúkdóm eða aðrar ástæður.

N. þótti full ástæða til að mæla með þessu frv. Það felur í sér löggildingu á starfsheiti og starfsemi sálfræðinga. Þetta er ung og vaxandi starfsgrein hér á landi og í öðrum löndum nýtur hún slíkrar lögverndar. Til samanburðar má nefna að í fyrra og á s. l. þingi hlutu félagsráðgjafar hliðstæða lögvernd. Því þykir eðlilegt og sjálfsagt að sálfræðingar, sem raunar eru á margan hátt í störfum tengdir félagsráðgjöfum, njóti hliðstæðra réttinda.

N. mælir því með frv. með áorðnum breyt. frá Ed. Einn nm. var fjarstaddur afgreiðslu málsins, Ellert B. Schram. Það er því niðurstaða menntmn. Nd. að málið, eins og það er komið frá Ed., hljóti samþykki.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. var ég fjarverandi afgreiðslu málsins. Á þeim fundi sem þetta mál var tekið til meðferðar í n., fyrsta fundinum sem málið var til meðferðar þar, óskaði ég eftir nokkurra daga fresti á afgreiðslu málsins vegna þess að ég vildi gera nánari athugun á því hvernig orðalag ákvæðinnar greinar í frv. skyldi vera. Ég gat því miður ekki verið viðstaddur endanlega afgreiðslu málsins og gat því ekki komið athugasemdum mínum á framfæri í n., en vil því gera það hér nú.

Ég hef ekkert við frv. sem slíkt að athuga, efni þess eða megininnihald, heldur var það athugasemd varðandi orðalag 1. gr. sem ég vildi gera að umtalsefni, en þar segir, með leyfi forseta: „Rétt til að kalla sig sálfræðinga hér á landi hafa þeir einir sem til þess hafa fengið leyfi menntmrn. Öðrum aðilum er óheimilt að nota starfsheiti sem til þess er fallið að gefa í skyn að þeir hafi hlotið löggildingu sem sálfræðingar.“ Og í aths. með þessari gr. segir: „Með gr. er sálfræðingum, sem hlotið hafa viðurkenningu rn., veittur einkaréttur á að kalla sig sálfræðinga.“ M. ö. o.: hægt er að gagnálykta út frá þessari setningu á þá leið að það séu fyrir hendi sálfræðingar sem ekki megi kalla sig sálfræðinga! Ég skil greinina svo. Ég held að það sé réttur skilningur að þarna sé um það að ræða að rn. veiti þessari stétt manna leyfi til starfa sem slíkri. Það er andkannalegt ef einstaklingur er búinn að ganga í gegnum nám við viðurkennda háskólastofnun og fá sín prófskírteini eins og námið gefur tilefni til og prófin og er orðinn fræðingur, annaðhvort verkfræðingur, lögfræðingur eða sálfræðingur, þá sé honum óheimilt að kalla sig sálfræðing nema fá til þess sérstaka heimild í menntmrn. Ég efast um að það sé stætt á því. Ég held alla vega sé það ekki sanngjarnt eða skynsamlegt að orða lagagr. svo að mönnum sé óheimilt að kenna sig við það starf og við þá menntun sem þeir hafa öðlast. Þess vegna vildi ég gera breyt. á þessari grein þannig að allur vafi væri tekinn af um að þarna væri átt við starfsréttindi viðkomandi aðila. Ég mundi vilja að greinin væri orðuð eitthvað á þessa leið: „Þeir einir öðlast starfsréttindi sem sálfræðingar sem fengið hafa leyfi menntmrn. Óheimilt er að nota starfsheiti, sem til þess er fallið að gefa í skyn, að leyfi rn. liggi fyrir.“

Þetta vil ég nú leggja fram sem skriflega brtt., til þess að þetta sjónarmið komi hér fram, og vil mælast til þess að þetta atriði verði athugað svo ekki fari á milli mála hvað best væri að gera við þessa grein. Ég legg þessa skrifl. brtt. fram, en mun ekki óska eftir atkvgr. um hana við þessa umr., en fresta henni til 3. umr.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Það ber að harma, að þetta atriði skyldi ekki hafa verið rætt í n. Hv. þm. Ellert B. Schram hefur gert grein fyrir því að hann var fjarverandi þegar frv. var endanlega afgr., en við vissum raunar að hann hafði beðið um frest án þess að við vissum þó hvers vegna, en þetta hefði vissulega verið nauðsyn að ræða í n. Mér var kunnugt um að þetta atriði var rætt þegar frv. var til umr. í menntmn. Ed., þegar hún fjallaði um þetta mál, og þar fékkst skýring á þessu ákvæði.

Hér er um að ræða eins og segir í 1. gr., að rétt til að kalla sig sálfræðinga hér á landi hafa þeir einir sem til þess hafa fengið leyfi menntmrn., þ. e. a. s. hér er verið að löggilda bæði starfsheiti og starfsemi. Ég vil vekja athygli hv. þm. á því að með þessari grein er ekki eingöngu verið að gæta hagsmuna sálfræðingastéttarinnar eða einstaklinga sem stundað hafa þetta nám í einhverjum skólum. Þetta er fyrst og fremst hugsað til verndar almenningi. Það er hugsað sem trygging fyrir því að fólk leiti til manna sem hafa fengið menntun sem viðurkennd er af rn. og öðrum hæfum aðilum. Þetta er megintilgangurinn og þetta tel ég mjög mikilsvert og mun því greiða atkv. gegn brtt hv. 11. þm. Reykv.

Við vitum að hér er um afskaplega margvíslegt nám að ræða. Menn hafa stundað sálfræði eða sálarfræði í hinum ýmsu menntastofnunum í hinum ýmsu löndum, og á bak við þetta frv. liggur mikil vinna og viðleitni til að samræma þessa menntun og meta hvers konar menntun eigi að viðurkenna til þess að menn geti fengið starfsheiti sitt löggilt. Ég hef þá trú að ef maður kemur út úr skóla með sálfræðipróf og fær það ekki löggilt, þá sé það af því að hann teljist ekki hafa þá þekkingu eða menntun til að bera að það sé — ég get sagt: óhætt almennings vegna að hann kalli sig þessu nafni og villi þannig á sér heimildir. Ég vil enn fremur vekja athygli á því, að það var samnorræn n. sem komst að þeirri niðurstöðu að það væri rétt að fara þessa leið, og það er mjög varhugavert fyrir íslendinga að skera sig úr um mikilvægt atriði eins og þetta. Það getur líka haft afdrifarík áhrif fyrir íslenska sálfræðinga ef svo fer, sem e. t. v. horfir, að það komist á gagnkvæm réttindi til

starfa á Norðurlöndunum, þá hlýtur undirstaða þessa réttar að vera sú að samræming sé á löggildingu starfsheitis og starfsemi.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 675) samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég lýsi mig samþykka hv. þm. Svövu Jakobsdóttur. Ég held að hennar skilningur sé réttur, og minn skilningur var í raun og veru sá sami. Ég tók fram í framsögu fyrir nál. að þarna væri um að ræða löggildingu á starfsheiti og starfsemi, og það er, held ég, alveg laukrétt athugað, að það er ekki fullkomin trygging fengin fyrir starfshæfni sálfræðings enda þótt hann hafi glæsileg próf frá bestu menntastofnunum í höndunum. Því mun þetta greinilega vera hugsað sem vernd fyrir skjólstæðinga sálfræðinga, en ekki fyrir stéttina sem slíka. Ég mun því, ef til atkvgr. kemur, greiða atkv. gegn brtt. hv. 11. þm. Reykv.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að vefengja í sjálfu sér skilning tveggja síðustu ræðumanna á tilgangi þessara laga og orðalaginu á frv. Það, sem mér finnst einfaldlega óaðgengilegt, er að ef einstaklingur er búinn að stunda ákveðið nám, búinn að fá sín prófskírteini, eins og námið gefur tilefni til, og próf hjá viðurkenndri háskólastofnun, þá geti hann ekki borið það starfsheiti sem hann hefur þannig öðlast nema með leyfi frá menntmrn. Ég hef vakið athygli á því í umr. í sambandi við þetta og sýnt dæmi um það, hliðstætt dæmi. Ef ég stunda laganám við Háskóla Íslands, þá útskrifast ég sem lögfræðingur og hef prófskírteini upp á það og það getur ekkert rn. bannað mér að kalla mig lögfræðing. Hins vegar geta viðkomandi aðilar eftir ákveðnum reglum, sem gilda á þessum vettvangi, ákveðið hvort ég fái starfsréttindi til að starfa sem lögfræðingur, og til þess getur t. d. rn. veitt leyfi.

Í þessu tilfelli er það svo að í 1. gr. þessa frv. er tekið fram að menn verði að fá leyfi mennmrn. til þess að kalla sig sálfræðinga enda þótt þeir séu með prófskírteini upp á það að þeir séu sálfræðingar. Þetta nær ekki nokkurri átt að minni hyggju. Ég held að það, sem átt er við, eins og ég sagði áðan, sé að menn þurfi að fá leyfi til þess að starfa sem sálfræðingar. Þess vegna eigum við að orða þessa grein þannig að það taki af allan vafa um þetta og orðalagið sé á þá leið að þeir einir geti fengið leyfi til þess að starfa sem sálfræðingar sem rn. er búið að leggja blessun sína yfir.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég held að þetta sé misskilningur hjá hv. 11. þm. Reykv., að þetta sé óeðlilegt ákvæði þarna í 1. gr. Ég vil aðeins minna á að það er búið að vinna þetta frv. ansi mikið. Í fyrsta lagi er það nú undirbyggt í Sálfræðingafélagi Íslands og síðan að því unnið í rn. Ed. hafði málið til nokkuð vandlegrar meðferðar, að ég hygg, og kallaði til sín menn, og síðan er frv. búið að fara í gegnum þn. Það er ekki þar með sagt að það geti ekki alltaf verið hægt að betrumbæta, en þetta bendir til þess að málinu sé ekki flaustrað af.

Ég hef ekki fylgst það vel með undirbúningi þessa máls að ég geti gefið þær fyllstu skýringar sem þeir geta gefið sem unnið hafa að þessu máli. En ég vil leyfa mér að benda á t. d. að í fyrra voru sett hér lög um félagsráðgjöf, og 1. gr. þeirrar löggjafar er alveg nákvæmlega eins og 1. gr. þessa frv., að öðru leyti en því að þar er talað um leyfi heilbrrh. Þetta er sniðið eftir þeim lögum, og ég held að það hafi verið algjör samstaða um þau lög hér í fyrra. Þetta var rætt á milli ráðh., hvar eðlilegt væri að skipa sálfræðingunum, en þeir vinna ákaflega mikið í skólakerfinu svo það þótti rétt að menntmrn. fjallaði um þeirra mál.

Svo finnst mér rétt að benda á það, að um þetta mál hefur verið fjallað sameiginlega af Norðurlandaþjóðunum. Nefnd, sem hefur starfað á vegum Norðurlandaráðs hefur leitast við að koma á samræmdri löggjöf um þetta á öllum Norðurlöndum, en slík löggjöf hefur ekki verið til. Í framhaldi af undirbúningsvinnu þessarar n. hafa verið sett lög í Noregi nú þegar og þetta frv. er í samræmi við þá löggjöf. Ég vil ekki segja að það sé alveg sniðið eftir henni, en það er uppbyggt í samræmi við hana og jafnframt í samræmi við það sem gert var hér í fyrra varðandi félagsráðgjöfina.

Svo vil ég einnig rifja það upp, að það er náttúrlega um að ræða fleiri próf heldur en próf frá Háskóla Íslands. Menn geta stundað sálfræðinám í mörgum löndum og háskólum sem kannske veita mismunandi mikla undirstöðu, mismunandi yfirgripsmikla menntun, og það er m. a. með tilliti til þess sem talið er nauðsynlegt að hafa um þetta lagaákvæði. Og það, sem stefnt er að sem meginreglu, er að það skuli ekki gerðar minni kröfur hér heldur en á Norðurlöndum, sbr. t. d. norsku lögin sem ég áðan nefndi. Og ég vil enn árétta að þau ákvæði, sem í frv. eru, þau eru í samræmi við inntökuskilyrði í Sálfræðingafélagið. Ég held því að það sé á misskilningi byggt hjá hv. 11. þm. Reykv. að nauðsynlegt sé að breyta þessum ákvæðum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Neðri deild, 102. fundur.

Föstudaginn 7. maí, kl. 0.50 árdegis.

Háskóli Íslands, frv. (þskj. 676). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Framleiðsluráð Landbúnaðarins, frv. (þskj. 669). — 3. umr.

Frsm. minni hl. (Eðvarð Sigurðsson): Herra forseti. Eg vil nota þetta tækifæri til þess að rifja enn upp höfuðatriði þessa frv. og afstöðu mína til þess. Nú er enn komið fram yfir miðnætti. Það var einnig á síðkvöldi sem 2. umr. um þetta mál fór fram og maður fer að halda að svo nálgist að hér sé um einhvers konar myrkraverk að ræða.

Ég hygg að það hafi verið í huga flestra hv. þm. að með þessum breyt. á framleiðsluráðslögunum væri höfuðtilgangurinn að koma í höfn hinu svokallaða mjólkurmáli, þ. e. a. s. að afnema einkarétt Mjólkursamsölu og mjólkurbúa til þess að hafa mjólk í smásölu. En aftan við frv., aftan við mjólkurmálið eða þann hluta frv., er svo hnýtt algjörlega óskyldum málum og af þeim sökum gat ekki orðið samkomulag um afgreiðslu þessa máls. Ég hygg þó að allir hv. dm. séu sammála um að mjólkurmálinu hefði þurft að koma í höfn með samkomulagi allra þm. Þau nýmæli, sem hnýtt er aftan í þann hluta frv. sem lýtur að lausn mjólkurmálsins, eru þau að verðjöfnunargjald og fjármagnskostnaður skuli skilyrðislaust tekin inn í dreifingarkostnaðinn. Þetta er gert núna, um leið og endurskoðun verðlagsmála landbúnaðarvara er að hefjast með störfum sérstakrar n. sem m. a. verkalýðshreyfingin á aðild að. Ég hef talið þessa málsmeðferð hreina móðgun við neytendur og verkalýðshreyfinguna alveg sérstaklega, og ég færi enn fram hin sterkustu mótmæli gegn þessari málsmeðferð. Vegna þess að við lausn mjólkurmálsins hafa verið tengd algjörlega óskyld mál, mál sem geta reynst neytendum mjög afdrifarík, er ekki annar kostur fyrir hendi en að fella þetta frv. eins og það nú er.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sala Reykhóla, frv. (þskj. 607). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. er flutt af fimm þm. Vestf. að beiðni hreppsnefndarinnar í Reykhólahreppi og fjallar um það að ríkisstj. sé heimilt að selja Reykhólahreppi í Austur-Barðastrandarsýslu jörðina Reykhóla að undanskildu landi tilraunastöðvarinnar og Þörungaverksmiðjunnar hf., en um aðild eða eignarrétt hreppsfélagsins að hitavatnsréttindum fari eftir samningum milli ríkisins og hreppsins.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frv. Það fylgir því ítarleg grg. um þörf hreppsins fyrir að eignast þetta land vegna skipulags. Þarna er verið að reisa þéttbýliskjarna sem er eðlilegt og rétt að hreppsfélagið eignist. Þetta var sent sem almenn áskorun til þm. Vestf., að flytja þetta mál, og vísa ég að öðru leyti til grg.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni umr. verði málinu vísað til hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

Sameinað þing, 85. fundur.

Föstudaginn 7. maí, kl. 2 miðdegis.

Leiguíbúðir sveitarfélaga, fsp. (þskj. 397). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég hef á þskj. 397 leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. félmrh., svo hljóðandi:

„1. Hverjar eru horfur varðandi framkvæmdir við leiguíbúðir á vegum sveitarfélaga á yfirstandandi ári?

2. Hvað er líklegt að mikill fjöldi nýrra leiguíbúða verði leyfður á þessu ári og hver er skipting þeirra eftir kjördæmum?

3. Hvað mun miklu fjármagni verða varið til þessara framkvæmda í ár?“

Það er langt um liðið síðan þessi fsp. var borin fram. Ýmsilegt hefur gerst síðan í þessu máli, m. a. hefur Húsnæðismálastofnun ríkisins gefið út fréttabréf og í tilefni af því hafa komið fréttir í blöðum sem hafa orðið þess valdandi að um misskilning ýmissa hefur orðið að ræða, og menn hafa jafnvel haldið að heildartalan 281 íbúð væri tala þessa árs og væri þá aldeilis um framför að ræða frá því sem verið hefur, en það sést auðvitað við nánari yfirlestur að er ekki. Fyrir þingi liggur svo frv. sem í Ed. tók þýðingarmiklum breytingum, þar sem í staðinn fyrir heimild til byggingar leiguíbúða og aðstoð Húsnæðismálastofnunarinnar þær varðandi, þeirri heimild var breytt í skyldu, fært yfir í 150 íbúðir að lágmarki á ári, sem var auðvitað geysileg breyting, þannig að nú má telja að þessar leiguíbúðir hafi í húsnæðismálakerfinu sama forgang og verkamannabústaðirnir hafa.

En fsp. er vitanlega jafntímabær um horfur á þessu ári varðandi nýframkvæmdir. Fjölmörg sveitarfélög bíða þess nú með óþreyju hvernig málum reiðir af varðandi þær leiguíbúðir sem sveitarfélögin setja nú í æ ríkari mæli traust sitt á til að leysa þann mikla húsnæðisvanda sem þar er víða og knýr æ fastar á. Það þarf vitanlega að gera stórátak á þessu ári ef á að komast nálægt því marki sem upphaflega var sett, þó aðeins sem heimildarákvæði, þ.e.a.s. 200 íbúðir árlega í 5 ár, miðað við það að nú sé um þriðja framkvæmdaárið að ræða, og samkvæmt fréttabréfinu er ekki fullákveðið enn þá nema um þessa 281 íbúð. Það er að vísu ljóst að erfiðleikar lánakerfisins eru miklir og enn á t. d. hópur manna eftir að fá fyrirgreiðslu, fær hana að vísu í þessum mánuði, sem gerði fokhelt á s. l. ári, og sem annað dæmi tek ég það að 15. apríl s. l. voru afgreidd lán til þeirra sem keyptu eldri hús, t. d. í júlí, ágúst og september í fyrra, og svo mætti áfram telja.

Í fréttabréfinu segir frá því að 19 sveitarfélög hafi hafið byggingu 61 íbúðar fyrir eigið fé á árinu 1975 og 4 sveitarfélög muni hefja framkvæmdir við samtals 20 íbúðir á árinu sem þær höfðu fengið lánsloforð fyrir í fyrra og máttu byrja þá fyrir eigið fé. Síðan segir — með leyfi forseta — orðrétt í þessu fréttabréfi:

„Enn hafa ekki verið teknar endanlegar ákvarðanir um nýjar framkvæmdir á árinu 1976 umfram þær sem nefndar eru í svari b og c við

fyrstu spurningunni, þ. e. a. s. um þessa 61+20 eða 81 íbúð. Að óbreyttu ástandi má búast við að nýjar framkvæmdir á árinu 1976 verði þær sem getið hefur verið í þessum liðum.“

Ég geri algeran greinarmun hér á, fjármögnun þessara íbúða og hins vegar þeirra sem í ár kynni að vera veitt leyfi til og þá ekki á sama hátt og s. l. ár, fyrir eigið fé sveitarfélaganna, heldur nýjar íbúðir með eðlilegri fyrirgreiðslu Byggingarsjóðs ríkisins. Og það er því fremur ástæða til að reikna með því að við þetta verði ekki látið sitja þegar þetta skylduákvæði er nú komið svo gott sem inn í lögin. En um viðbótina við þessa 81 íbúð, sem þarna er um að ræða, er ég fyrst og fremst að spyrjast fyrir, ef hæstv. ráðh. gæti hér og nú gefið skýrari og eindregnari og umfram allt auðvitað jákvæðari svör til sveitarfélaganna en þau hafa fengið hjá Húsnæðismálastofnuninni og á fréttabréfinu er að sjá. Mér þykir nokkur nauðsyn á því að fá fram hugsanlega skiptingu eftir kjördæmum, þó auðvitað hefði verið æskilegast að nöfn einstakra sveitarfélaga, sem leyfi hlytu, lægju fyrir sem allra fyrst. Hér er um að ræða þær framkvæmdir á félagslegum grundvelli sem einkenna nú allar fyrirætlanir sveitarfélaganna úti um land. Því er von að þrýst sé á um það að fá við því sem skýrust svör á hverju megi eiga von á þessu ári, og því er þessi fsp. borin fram, m. a. eftir eindregnum óskum sveitarstjórnarmanna.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Fyrsta spurning hv. þm. er á þessa lund:

„Hverjar eru horfur varðandi framkvæmdir við leiguíbúðir á vegum sveitarfélaga á yfirstandandi ári?“

Samkvæmt upplýsingum húsnæðismálastjórnar eru þær horfu þessar:

Samkvæmt þegar gerðum samningum er gert ráð fyrir að á árinu 1976 komi til greiðslu samtals 439 millj. kr. til íbúða sem bygging hófst við 1974—1975. Þá stendur yfir gerð lánssamninga við 23 sveitarfélög, sem ýmist hafa þegar hafið framkvæmdir eða munu hefja framkvæmdir á næstu vikum, um byggingu 82 íbúða að fjárhæð samtals 518 millj. kr. Gert er ráð fyrir að þessi fjárhæð skiptist jafnt á árin 1976 og 1977, þ. e. 259 millj. kr. hvort ár. Auk þess er gert ráð fyrir greiðslu verðbóta vegna hækkunar byggingarkostnaðar á árinu 1976 að fjárhæð 229 millj. kr. Samtals er þannig gert ráð fyrir 927 millj. kr. til byggingar leiguíbúða sveitarfélaga.

Önnur spurning er þessi:

„Hvað er líklegt að mikill fjöldi nýrra leiguíbúða verði leyfður á þessu ári og hver er skipting þeirra efir kjördæmum?“

Enn hafa ekki verið teknar endanlegar ákvarðanir um nýjar framkvæmdir á árinu 1976 umfram þær sem nefndar voru hér áður, þ. e. a. s. 82 íbúðir, og skipting þeirra eftir kjördæmum er þessi: Vestfirðir 31, Norðurland vestra 12, Norðurland eystra 9, Austurland 11, Suðurland 19.

Þriðja spurningin:

„Hvað mun miklu fjármagni verða varið til þessara framkvæmda í ár?“

Eins og kom fram í svari við fyrstu spurningu mun væntanlega um 927 millj. kr. verða varið til byggingar leiguíbúða á vegum sveitarfélaga árið 1976.

Þessi svör eru byggð á upplýsingum frá húsnæðismálastjórn varðandi það sem þegar hefur verið ákveðið. Eins og hv. fyrirspyrjandi gat um, þá var gerð breyting í Ed. á frv. sem fyrir liggur um breyt. á l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins, þar sem gert er ráð fyrir að 150 leiguíbúðir séu reistar á ári hverju. Ef það frv. verður að lögum með þessari breytingu mun þetta mál að sjálfsögðu tekið til nýrrar skoðunar.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. svörin. Ég hlýt hins vegar að telja miður að enn skuli engar ákvarðanir hafa verið teknar um viðbót við þessar 82 íbúðir sem þarna er um að ræða. Ég hlýt að treysta á hæstv. ráðh. að hann sjái svo til að skylduákvæði, sem sett var í Ed., það komi a. m. k. til framkvæmda á þessu ári á þann veg að það verði raunhæft nú þegar. Það er þó ekki meira átak en það, að þar kæmu til 70 íbúðir til viðbótar, og ekki væri það ofgert, það væri algjört lágmark í þessum efnum.

Upphafleg áætlun er orðin hrikalega langt á eftir, og ef ekki verður að gert á þessu ári, þá sígur enn á ógæfuhliðina og þá bætist þetta ár við þau ár undanfarandi sem þetta mál hefur að nokkru verið olnbogabarn hjá húsnæðismálastjórn. Hins vegar veit ég að hér er um mjög fjárfrekt verkefni að ræða, en engu að síður það nauðsynlegt að það verður hreinlega að hafa forgang.

Ég vildi aðeins benda á það að enn þá er ekki um það að ræða að verið sé að jafna metin milli Reykjavíkur og landsbyggðarinnar í þessu efni, eins og þó var meiningin með þessari heimild. Það má ekki skoða sem neinn meting af minni hálfu sem landsbyggðarmanns. En hér er um beina afleiðingu af Breiðholtsframkvæmdunum margumtöluðu að ræða, og ég veit að Reykjavíkurborg getur nú á grundvelli þess, sem þá var gert, auðvitað lagt fram aukið fé til verkamannabústaðanna á þessu svæði og á því mun eflaust vera full þörf. Ég held að það sé rétt hjá mér, að þar hafi yfir 300 íbúðir verið í gangi á s. l. ári og voru teknar í notkun þá og nú á þessu ári. Ég skal síst hafa á móti því, en vek aðeins athygli á því að þetta gerist nú, á sama tíma og hér fækkar fólki beinlínis. Og ég sé að það verður verulegt framhald á byggingu verkamannabústaða hér einnig á þessu ári og ekkert nema gott um það að segja. Þarna er um forgangsverkefni að ræða með verkamannabústaðina sem ég tel út af fyrir sig eðlilegt. En á sama tíma fjölgar fólki verulega úti á landi í kjölfar þeirrar atvinnuuppbyggingar sem þar varð, og þar stendur víða á svörum um nauðsynlega fjármögnun til félagslegra framkvæmda einmitt í sambandi við leiguíbúðirnar. Það má hins vegar deila um það hvort sveitarfélögin hafi ekki farið í of ríkum mæli inn á þær og sinnt hinu hlutverkinu síður, þ. e. a. s. verkamannabústöðunum. Ég áfellist sumar sveitarstjórnir fyrir að hafa farið of alfarið inn á þessar íbúðir, í stað þess að halda sig að því kerfi sem hefur vissulega forgang hjá húsnæðismálastjórn. En það

er greinilegt að leiguíbúðirnar, sem áttu að jafna þennan mun sem varð á sínum tíma vegna Breiðholtsframkvæmdanna sem auðvitað komu eingöngu höfuðborginni til góða, hafa ekki enn þá orðið til þess að jafna þessi met. Það hallar enn á landsbyggðina miðað við síðasta ár þrátt fyrir einhverjar framkvæmdir í verkamannabústöðum þar einnig. Og ég er hræddur um að svo verði eins á þessu ári nema verði gert verulegt viðbótarátak. Ég legg sem sagt aðaláherslu á það að á þessu veltur mjög framtíðarþróun fjölmargra þéttbýlisstaða, að nú verði rösklega að unnið, og ekki mun heldur veita af þeirri atvinnu sem við þetta mun einnig skapast ef vel verður að staðið. Ég vil því leyfa mér að skora á hæstv. ráðh. að sjá til þess að það verði a. m. k. ekki gengið skemmra á þessu ári en skylduákvæði, sem við samþ. í Ed., sagði til um, að það fari a. m. k. af stað á þessu ári 150 leiguíbúðir á vegum sveitarfélaganna.

Leir í Dalasýslu til iðnaðar, fsp. (þskj. 408). — Ein umr.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Á Alþ. 1956 flutti ég till. til þál. um rannsókn á leir í Dalasýslu til iðnaðarframleiðslu. Þessi till. var samþykkt lítt breytt að orðalagi snemma á árinu 1957 sem ályktun Alþ. Till. þessi var upphaflega samin og unnin í samráði við Guðmund Einarsson frá Miðdal og fylgdi henni grg. frá hans hendi. Þar skýrir hann m. a. svo frá, að árið 1927 hafi hann byrjað að athuga aðstæður fyrir leirbrennslu á Íslandi. Fyrstu sýningu á leirmunum hélt hann 1930. Síðar vann hann að rannsókn jarðefna og athugun á að reisa hér á landi bæði leir- og postulínsverksmiðju, ferðaðist um landið og safnaði sýnishornum og lét reyna þau. Landið allt varð honum nákunnugt. Í 25 ár kveðst hann hafa mestmegnis notað leir frá Búðardal og unnið hann bæði í vélum og til vandaðasta listiðnaðar. En hann taldi mest aðkallandi að koma á fót verksmiðju fyrir byggingarvörur og annan þungaiðnað, svo sem flísar, þakhellur, rör, stein til skreytingar og einangrunar. Enn fremur gæti slík verksmiðja unnið blómapotta, leir til heimilisþarfa og ýmsar vörur fyrir rafmagnsiðnað. Að sjálfsögðu þyrftu ýmis skilyrði að vera fyrir hendi á staðnum, svo sem næg hráefni, greiðir sjóflutningar, nægileg raforka.

Þó að ályktun Alþ. lægi fyrir voru skoðanir skiptar um þetta mál eins og raunar flest önnur. Margt þurfti að athuga. Áhugamenn héldu því þó jafnan vakandi. Ég nefni tvo verkfræðinga, sem lögðu því liðsinni: Aðalstein Júlíusson og Einar Sigurðsson, m. a. með því að stuðla að því að sænskur leirverksmiðjuforstjóri heimsótti Dalasýslu í þessu skyni, Folke Calender. Honum leist vel á allar aðstæður þar. En það er margt sem rannsaka þarf og skoða áður en slíku fyrirtæki er ýtt úr vör, m. a. hin hagræna hlið og markaðsmál. Á síðustu árum hafa ýmsar athuganir farið fram á þessu sviði, skilyrði batnað á ýmsan veg og áhugi manna verið sívakandi á heimaslóðum. Því er þessi fsp. borin fram á þskj. 408 af hv. 2. þm. Vesturl., Ingiberg J. Hannessyni, er sat um tíma á þingi í vetur„ og mér. Fsp. hljóðar svo:

„1. Leiðir könnun sú, sem átt hefur sér stað á undanförnum árum á notagildi leirs í Dalasýslu, til þess að fyrirhuguð sé vinnsla leirsins með stofnun tilraunaverksmiðju í sýslunni?

2. Ef um jákvæðar niðurstöður er að ræða í þessu sambandi hvenær má þá vænta þess að hafist verði handa um stofnun og starfrækslu slíkrar verksmiðju?“

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Fsp. þeirra alþm. Ingibergs Hannessonar og Friðjóns Þórðarssonar er á þessa lund:

„1. Leiðir könnun sú, sem átt hefur sér stað á undanförnum árum á notagildi leirs í Dalasýslu, til þess að fyrirhuguð sé vinnsla leirsins með stofnun tilraunaverksmiðju í sýslunni?

2. Ef um jákvæðar niðurstöður er að ræða í þessu sambandi, hvenær má þá vænta þess að hafist verði handa um stofnun og starfrækslu slíkrar verksmiðju?“

Eins og hv. 4. þm. Vesturl., Friðjón Þórðarson, rakti í ræðu sinni, var samþ. á Alþ. 13. febr. 1957 þál. samkv. till. sem hann flutti á því þingi, en hún var á þessa leið:

„Alþ. skorar á ríkisstj. að láta nú þegar fullrannsaka hvort hagkvæmt muni vera að reka leirverksmiðju í Dalasýslu og jafnframt að gera athugun á því hvar leirlög séu í landinu sem best henta til leiriðnaðar í stórum stíl.“

Af opinberri hálfu mun lítið hafa verið aðhafst í málinu á næstu árum, enda skorti þá auk frekari rannsókna ýmis almenn skilyrði til þess að hrinda þessu máli í framkvæmd, svo sem nægilega raforku.

Á Alþ. 1970 bar Ásgeir Bjarnason fram fsp. um hvað liði undirbúningi að rannsóknum í þessu máli. Iðnrh. fól Rannsóknastofnun iðnaðarins og jarðkönnunardeild Orkustofnunar árið 1970 að framkvæma rannsóknir á leirlögum í nágrenni Búðardals og raunar annars staðar á landinu. Þessar stofnanir skiluðu álitsgerðum í okt. 1971, jan. 1973 og okt. 1973. Árið 1972 var aftur gerð fsp. sem þeir stóðu að, Ásgeir Bjarnason og Friðjón Þórðarson, um það hver væri niðurstaða rannsókna þeirra sem fram hefðu farið á íslenskum leirtegundum og hvort grundvöllur væri fyrir leirverksmiðju í Dalasýslu. Ráðh. gerði grein fyrir rannsóknum þeim, sem fram höfðu farið. Það kom fram að nægur leir væri í Dalasýslu, leirinn væri viðkvæmur, en bæta mætti það með íblöndun annarra efna. Kanna þyrfti frekar markaðsmöguleika og hvaða vörur hægt væri að framleiða úr leirnum. Síðar fór fram á vegum Rannsóknaráðs ríkisins könnun á leirnum við Búðardal og Rannsóknaráðið sendi frá sér skýrslu um málið í okt. 1974.

Nú skulu raktar í höfuðdráttum niðurstöður af þessum athugunum og rannsóknum.

Besta leirsvæðið er mynni Laxárdals, það er um 5 km² að flatarmáli og eru efstu 3—5 metrar af leirmynduninni þar líklega nýtilegir. Sé svo má vinna a. m. k. 40 millj. tonna af leir í Hvammsfirði. Efnasamsetning Búðardalsleirsins er yfirleitt eins hvar sem hann er tekinn á svæðinu. Vegna efnasamsetningar leirsins, en hann inniheldur mikið af járni og alkalísam-

böndum, er hann viðkvæmur í brennslu. Hann er grófkornóttur og veldur það því að erfitt er að þurrka hann án þess að hann springi. Styrkleiki leirsins er ekki mikill og er hann vandmeðfarinn í vinnslu. Þessi atriði, sem hér voru rakin, mætti þó lagfæra með íblöndun annarra leirtegunda og steinefna. Þessar niðurstöður benda til þess að með hreinsun og íblöndun annarra leir- og steinefna sé mögulegt að bæta svo vankanta Búðardalsleirsins að hægt verði að framleiða úr honum iðnvarning með sjálfvirkum vélum. Til þess að sannreyna þetta eru prófanir og frekari rannsóknir nauðsynlegar.

Með tilliti til þess, sem hér hefur verið greint, virðist koma til greina að stofna undirbúningsfélag í þeim tilgangi að rannsaka nánar möguleika þá sem eru til að bæta þá vankanta sem Búðardalsleirinn hefur, að rannsaka nánar hvaða iðnaðarvörur er hægt að framleiða úr þeim leir blönduðum eða óblönduðum, að kanna markað fyrir hinar ýmsu tegundir hugsanlegs iðnvarnings og loks að beita sér fyrir stofnun framleiðslufélags ef hagkvæmt þætti.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir upplýsingarnar og greið svör í þessu máli. Af þeim kemur fram að á síðustu árum hefur eitt og annað verið rannsakað í þessum efnum að opinberri hálfu, og ber að þakka það. Ég bæti því ekki miklu við það sem ég sagði áðan, vil þó benda á að þau þrjú meginskilyrði, sem Guðmundur heitinn myndhöggvari nefndi hér á árum fyrr að þyrftu að vera til staðar, hafa nú breyst mjög til batnaðar, þ. e. a. s. það er búið að rannsaka nú að nægilegt hráefni er á þessu svæði, samgöngur eru batnandi, óneitanlega, og verður að segja að næg raforka sé fyrir hendi, eins og er a. m. k. Ég vek athygli á því að þetta mál virðist enn þarfnast nokkurra rannsókna. En um leið vil ég einnig segja og benda hv. þm. á hvað ýmsu hefur farið fram á þessu sviði á undanförnum árum. Listmunagerð úr leir hefur fleygt fram á síðustu árum. Þetta er sá iðnvarningur sem er hvað líklegastur til þess að flytja á erlendan markað, og það eru taldir miklir og vaxandi möguleikar á útflutningi á þessari vöru til annarra landa.

Og vafalaust er það, að leir verður hagnýttur í framtíðinni til ýmissa annarra og margvíslegra nota, bæði beint og óbeint, svo sem listamaðurinn og brautryðjandinn Guðmundur frá Miðdal benti á. Það er vaxandi áhugi á rannsókn og hagnýtingu innlendra jarðefna. Má nefna sem dæmi þáltill. hv. 1. þm. Suðurl. á þskj. 467. Möguleikarnir til rannsókna og úrvinnslu vaxa ár frá ári. Land okkar hefur verið talið fátækt að jarðneskum verðmætum, en það er enn lítt kannað. Það er „álfu vorrar yngsta land", eins og skáldið sagði, ónumið á margan hátt og auðugt af fyrirheitum.

Flutningur ríkisstofnana, fsp. (þskj. 426). — — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. Ég ber hér fram fsp. á þskj. 427 til hæstv. forsrh. um flutning ríkisstofnana. Fsp. er í tveimur liðum og er á þessa leið:

„1. Hver er afstaða ríkisstj. til hugmynda um flutning ríkisstofnana út á landsbyggðina?

2. Er þegar af hálfu ríkisvaldsins hafinn undirbúningur að slíkum flutningi? Ef ekki, hvenær má þá vænta ákvörðunar í þá átt?"

Það fór ekki fram hjá neinum hv. þm. er bók ein mikil að vöxtum var lögð á borðið hjá þeim um jólaleytið í vetur. Var hér á ferð nál. um flutning ríkisstofnana, ávöxtur af starfi ríkisskipaðrar 7 manna n. á árinu 1972 undir forsæti dr. Ólafs Ragnars Grímssonar. Skyldi n., eins og segir í skipunarbréfi til n., með leyfi forseta: „kanna staðarval ríkisstofnana og athuga hverjar breytingar komi helst til greina í því efni." Það er alveg ljóst að nm. létu hendur standa fram úr ermum og unnu mikið og merkilegt starf við söfnun margs háttar upplýsinga og gagna, athugun á þeim og síðan tillögugerð. M. a. skilar n. frá sér frv. til l. um flutningsráð ríkisstofnana, en því er m. a. ætlað að vera Alþ. og ríkisstj. til ráðuneytis í þessum málum í framtíðinni. N. kynnti sér 243 stofnanir og stofnanategundir, þar af 157 ríkisstofnanir í Reykjavík. Athugaðir voru þrenns konar möguleikar á flutningi ríkisstofnana.

1. *Heildarflutningur, þ. e. öll stofnunin er flutt á einn stað.*

2. Deildarflutningur. Einstakar deildir stofnunar með vel afmörkuðu starfssviði eru fluttar til annarra staða.

3. Útibúastofnun, þar sem stofnuninni er ætlað að veita landsmönnum staðbundna þjónustu og yrði því að starfrækja sams konar útibú í öllum landshlutum.

N. leggur til að 25 stofnanir verði fluttar í heild frá höfuðborgarsvæðinu, frá 9 stofnunum fari fram deildarflutningur og 36 stofnanir setji á stofn sérstök útibú utan höfuðborgarsvæðisins. Áætlar n. að till. hennar á grundvelli tiltekinna forsendna feli í sér flutning á samtals 3700 íbúum frá þessu svæði.

Ég hef hér að ofan drepið á örfá meginatriði í hinum ítarlegu athugunum og niðurstöðum n. Enginn þarf að ganga þess dulinn að hér er annars vegar stórt og mjög vandasamt og viðkvæmt mál sem ekki verður afgreitt í skyndi. Það felur í sér marga agnúa og erfiðleika og jafnframt marga ótvíræða kosti. Of mikil samþjöppun opinberrar stjórnsýslu og þjónustu hér á höfuðborgarsvæðinu hefur í för með sér augljósa hættu og margvíslegt tilfinnanlegt óhagræði fyrir íbúa landsbyggðarinnar, ekki síst þar sem erfiðast er um samgöngur og ýmsa opinbera þjónustu, svo sem í símamálum, en símamálin hafa í vetur verið mjög oft til umr. hér á hv. Alþ. Þegar hefur raunar verið farið inn á þessa braut. Vegagerð ríkisins hefur stofnað útibú um landið sem hafa gefist mjög vel. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hefur stofnað útibú á Ísafirði og í undirbúningi er annað slíkt í Neskaupsstað, Hafrannsóknastofnunin á Húsavík og fyrirhuguð eru útibú frá þeirri stofnun í öllum landshlutum. Þannig er þetta komið nokkuð á veg, en þarf greinilega frekar að huga að skipulagi og aðferðum í framtíðinni. Við, sem erum hlynnt

valddreifingu í landinu og viljum jafna, eftir því sem kostur er, aðstöðu landsmanna til lífvænlegrar búsetu um landið allt, bæði í atvinnulegu, félagslegu og menningarlegu tilliti, teljum að hér sé annars vegar mjög mikilvægt mál sem nauðsynlegt sé að veita sérstaka athygli og skapa um almenna umr. Einmitt með það sjónarmið fyrir augum er þessi fsp. borin fram nú hér á Alþ., þ. e. til þess að fá vitneskju um hvort þegar hefur verið um þetta fjallað af hæstv. ríkisstj. og hverjar hafi verið undirtektir hennar og áform um frekari framgang málsins.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi, 9. landsk. þm., Sigurlaug Bjarnadóttir hefur greint frá hverjar fsp. eru og skal ég ekki endurtaka það, en geta þess að forsrn. skipaði 25. apríl 1972 n. til að kanna staðarval ríkisstofnana og athuga hverjar breytingar komi helst til greina í því efni. Rn. barst álit n. 29. nóv. 1975.

Í bréfi 19. maí 1975 setti n. fram hugmyndir um það hvernig með till. hennar skyldi farið. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Reynslan af störfum sams konar n. í Noregi og Svíþjóð sýnir að mjög gagnlegt ef ekki nauðsynlegt er að till. n. verði til almennrar og opinberrar umfjöllunar í a. m. k. nokkra mánuði eða missiri áður en stjórnvöld taka ákvarðanir um afstöðu sína til einstakra tillagna. N. telur því rétt og farsælast að álitið verði fyrst gefið út án afstöðulýsingar stjórnvalda og hinum ýmsu hlutaðeigandi aðilum, ríkisstofnunum, landshlutasamtökum, samtökum opinberra starfsmanna o. fl. verði gefinn ríflegur tími til að gera sér grein fyrir eðli tillögugerðarinnar og móta afstöðu til einstakra liða. Reynslan í nágrannalöndum hefur sýnt að slík almenn og víðtæk umfjöllun gerir málið mun auðveldara viðfangs þegar til ákvarðana kemur.

N. þykir einnig rétt að kynna rn. á þessu stigi þrjár mismunandi aðferðir sem stjórnvöld geta beitt við fyrsta áfanga ákvarðanatöku um flutning ríkisstofnana. Allar þessar aðferðir eru bundnar við að hin almenna umr. hafi farið fram um nokkurt skeið.

Fyrsta aðferðin fæli í sér að setja á stofn flutningsráð ríkisstofnana“ sem n. gerir till. um eins og hv. fyrirspyrjandi gat um. „Flutningsráðinu væri síðan falið að vinna nánar úr áliti n. og undirbúa till. um nauðsynlega lagasetningu og reglugerðarbreytingu. Þessi leið hefði ýmsa kosti, ef stjórnvöld vildu koma málinu áleiðis, en teldu af ýmsum ástæðum ekki tímabært að ákveða strax flutning tiltekinna ríkisstofnana.

Önnur aðferð fæli í sér að ákveða flutning ríkisstofnana í samræmi við till. n., hluta þeirra eða allar, og láta þar við sitja. Flutningur ríkisstofnana væri þá ekki talinn vera varanlegt verkefni, heldur einstök afmörkuð aðgerð.

Þriðja aðferðin væri fólgin í samspili framkvæmdar á bæði fyrstu og annarri aðferð. Þessi leið kæmi til greina ef stjórnvöld teldu stofnanaflutning varanlegt verkefni og nægilega samstöðu fyrir hendi um tilteknar till. n. til að koma þeim þegar í framkvæmd.“

Hér var um tilvitnun að ræða í bréfi stofnananefndar. Í bréfi, sem forsrn. ritaði n. 9. des. 1975, segir:

„Rn. fellst á það sjónarmið, sem fram kemur í bréfi n. frá 19. maí 1975, að till. n. verði til almennrar og opinberrar umfjöllunar í a. m. k. nokkra mánuði eða missiri áður en stjórnvöld taka ákvarðanir um afstöðu sína til einstakra till. Í samræmi við þetta mun rn. hafa forgöngu um að áliti n. verði dreift til þm., landshlutasamtaka, fjölmiðla, viðeigandi stofnana o. fl., og hefur það þegar verið gert. Þegar þessir aðilar hafa mótað afstöðu sína til málsins og víðtækar opinberar umr. hafa farið fram um till. n. hefur mótast forsenda fyrir því að stjórnvöld taki ákvarðanir sínar.“

Þessu áliti n. var dreift til áðurgreindra aðila í des. s. l. N. setti fram það sjónarmið í bréfi sínu 19. maí 1975 að aðilar fengju tíma til að ræða nál., síðan fengju stjórnvöld nokkurn tíma til að taka afstöðu til þess á grundvelli sjónarmiða sem fram hefðu komið, og loks yrðu till. lagðar fyrir Alþ. Ríkisstj. hefur ekki enn talið tímabært að taka afstöðu til hugmynda um flutning ríkisstofnana út á landsbyggðina og af hálfu ríkisvaldsins er ekki hafinn undirbúningur að slíkum flutningi. Ákvarðana í þessu efni er ekki að vænta fyrr en þeir mörgu aðilar, sem fengið hafa nál. um flutning ríkisstofnana til skoðunar, hafa sett fram sjónarmið sín að þessu leyti.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda sérstaklega fyrir að hafa vakið máls á þessu efni hér sem vissulega er þess vert. Ég get ekki heldur stillt mig um að þakka hæstv. forsrh. alveg sérstaklega fyrir góð viðbrögð hans á sínum tíma þegar hann tók við embætti og n. var nær að veslast upp af ástæðum sem ég greini ekki nánar frá hér.

Hér var um till. að ræða sem gengu alllangt, allróttækar till. En ég held að allir þeir, sem hafa kynnt sér nál., geti verið sammála um að fyrir till. sé færður allgóður og traustur rökstuðningur, og það mælir þess vegna ekkert sérstaklega afgerandi á móti þeim till. sem n. setti fram. Ég tek það alveg sérstaklega fram hér, að mörgum úti á landi þykir einmitt sem svo, að við höfum of skammt gengið sem í þessa n. vorum settir. Ég tek undir það, þó ég sé einn af nm., að þarna hafi verið unnið mjög gott starf. En ég þakka það fyrst og fremst formanni n. sem vann hér mjög skipulega og sérstaklega vel allt undirbúningsstarf, þ. e. Ólafur Ragnar Grímsson. Hann lagði þarna traustan grunn sem á að vera auðvelt fyrir stjórnvöld að byggja á, og við í n. lögðum honum auðvitað lið eftir okkar getu.

Það er rétt að við lögðum á það áherslu að um þetta yrði almenn umr. og góð kynning. Ég hefði hins vegar viljað óska eftir því að einhver aðili annaðist þessa beinu kynningu að einhverju leyti, þetta yrði kynnt betur, t. d. í fjölmiðlum, en gert hefur verið, og ef rn. sæi sér sér fært að hafa beint samband við þá helstu aðila sem þetta mál varðar. Það skildist mér reyndar á hæsv. forsrh. að mundi vera gert. En á eitt vildi ég

leggja aðaláherslu, og til þess kom ég hér raunar upp í ræðustól, að ég treysti á hæstv. ríkisstj. að hún leggi fram í þingbyrjun næst frv. um flutningsráð ríkisstofnana, vegna þess að það er forsenda þess að eitthvað verði í þessum málum gert skynsamlegt. Það bindur ríkisstj. ekki við eitt eða neitt ákveðið varðandi flutning á þessum stofnunum, útibú frá þeim eða deildir, en það kemur málinu á þá hreyfingu, á þann rekspöl sem getur orðið til þess að eitthvað verði úr framkvæmdum á till. nefndarinnar.

Fyrirspyrjandi (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. mjög skýr og mjög ákveð svör. Ég skal játa að ég orðaði fsp. mína þannig að ég átti í rauninni von á neitandi svari, því mér er alveg fullkunnugt um og skil mætavel að ríkisstj. getur ekki farið af stað með undirbúning og áform í svo viðamiklu máli fyrr en gerð hefur verið margfalt meiri athugun og farið hefur fram — og það vil ég leggja áherslu á með hæsv. ráðh. — að farið hefur fram margfalt meiri almenn umr. um málið frá öllum hliðum. Eins og ég gat um er þetta vafalaust mjög vandasamt verk og má með engu móti rasa um ráð fram í þessum efnum, og mjög mikið ber að sjálfsögðu að leggja upp úr að haft sé samráð við marga aðila, ekki síst hin ýmsu sveitarfélög úti um landið, hver væru viðhorf og óskir manna almennt úti um landsbyggðina á þessu máli.

Hæstv. ráðh. vitnaði til Noregs og Svíþjóðar, og ég sé það í nál. hinu mikla, sem ég gat um áðan, að þar eru þessum málum í nágrannalöndum einmitt gerð nokkur skil. Svíar stofnuðu sérstaka n. í þessu skyni árið 1957 og hafa þegar hafið framkvæmdir í þessa átt. 10 ríkisstofnanir hafa verið fluttar frá Stokkhólmi og aðrar 20 telur n., að ætti að koma til greina einnig um flutning út á landið. Í Noregi var þessi n. stofnuð árið 1961, en málið enn á undirbúningsstigi.

Ég vil minna á að þetta er ekki í fyrsta skipti sem slík n. tekur til starfa hér á landi. 6 manna n. vann að sama verkefni á árunum 1958—1962, og till. þeirrar n. voru m. a. þær að Alþ. skyldi flutt til Þingvalla og biskupsstóll úr Reykjavík til Skálholts. Hvorug þessara till. hefur enn komist í framkvæmd, og ég held að það sé margt sem við þurfum að huga að áður sem gerlegra er og skynsamlegra, alla vega hvað Alþ. viðvíkur, heldur en þessar eldri till. tvær. En ég endurtek, að tilgangur þessarar fsp. er fyrst og fremst að koma hreyfingu á þetta mál, skapa um það umr. og kanna viðhorf allra landsmanna til málsins.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Því miður heyrði ég ekki nema niðurlag ræðu hæstv. forsrh. og ég ætla ekki heldur að ræða efnislega um þetta mál. Ég vil aðeins fara örfáum orðum almenns eðlis þar að lútandi.

Það hefur verið ljóst alllengi að þetta mál hefur verið mjög á dagskrá og talið eitt af a. m. k. mörgum þeim málum sem gætu orðið einn hlekkur í því að koma á frekara jafnvægi í byggð landsins, þ. e. a. s. til styrkingar dreifbýlinu, byggðasefnunni. Hér er augljóslega um mikið nauðsynjamál að ræða. Auðvitað er það vandmeðfarið. Það gera menn sér ábyggilega ljóst. En eigi að síður er nauðsyn á að hér verði breyting á, þannig að þjónustustofnanir ýmsar séu fluttar með starfsemi sína út til landsbyggðarinnar. Þetta hefur verið gert í einstaka tilvikum, að vísu í litlum mæli, en ég hef ekki heyrt annað á þeim stöðum og svæðum, sem þetta hefur verið gert, heldur en það sé talið að það hafi gefið mjög góða raun yfir höfuð að tala. En ég vil aðeins taka undir það, sem kom fram hjá hv. þm. Helga F. Seljan, að það sé nauðsynlegt að kynna þetta miklum mun betur með skipulegum aðferðum, koma á stað umr. á stöðum og svæðum til þess að fá fram viðbrögð og umr. um þetta stórmál, að ég vil kalla, fyrir landsbyggðina. Ég held það sé mjög mikil nauðsyn á því. Og ég vil vænta þess að hæstv. forsrh. beiti sér fyrir því á þann veg sem talinn er líklegastur til árangurs.

Ég tók eftir því að hv. þm. Helgi F. Seljan talaði á þann veg að það var eins og hæstv. forsrh. núv. hefði gefið n. vítamínsprautu. Hann orðaði það á þann veg að hún hafi verið að veslast upp um það leyti sem hæstv. núv. forsrh. tók við starfi. (**HFS**: Fjárhagslega séð.) Ég hefði gjarnan viljað fá frekari skýringu á því hver hin raunverulega veiki var sem var komin vel á veg með það að n. væri að veslast upp, þannig að vítin yrðu þá höfð til þess að varast þau í framtíðinni.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég er ekki þess umkominn að svara fsp. síðasta hv. ræðumanns og leiði hana þess vegna hjá mér og vísa til þeirra sem þátt tóku í nefndarstarfinu. En ég kveð mér hér hljóðs til þess að láta þess getið í tilefni af tilmælum um að forsrn. beitti sér fyrir upplýsingastarfsemi vegna nál., að ég tel að nál. sjálft ætti að vera nægileg upplýsingamiðlun. Það hefur verið sent til fjölmargra aðila og raunar allra þeirra aðila sem tilgreindir eru í nál., auk þess til landshlutasamtaka og fjölmiðla. Ef þessir aðilar, sem eiga mestra hagsmuna að gæta í tengslum við starf n. og nál. sjálft og till. sem það felur í sér, hafa ekki meiri áhuga á málinu en svo að þeir hafi ekki frumkvæði í sér til að fjalla um málið held ég að það sé vitnisburður út af fyrir sig og megi af því lærdóm draga. Ég er ekki með þessu að gefa í skyn að þannig sé þessu farið. Það er ekki enn liðið eitt missiri síðan nál. var sent þessum aðilum og enn getur vel verið að viðkomandi aðilar taki það til meðferðar, en auðvitað kemur til greina að einhverjum tíma liðnum að leita beinlínis umsagna þessara aðila um efni nál.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég sagði áðan varðandi kynningu á þessu áliti okkar n. að það væri nauðsynlegt að það færi fram víðtækari umr. um það og ég treysti forsrn. til frekari kynningar á því heldur en nú er orðin. Ég veit að sú kynning gagnvart aðilum úti á landi er fullkomlega nægileg. En ég held að það sé enn þá meiri nauðsyn á því að kynna þessar till. rækilega og ræða þær rækilega við forsvarsmenn hinna ýmsu stofnana sem hér er um að ræða. Það var aðallega það sem ég átti við með þessu, því þar veit að er um ýmsa erfiðleika og ýmis ljón

á veginum að ræða. En varðandi forvitnisfsp. hv. þm. Karvels Pálmasonar áðan, þar sem hann vildi vita í hverju björgunarstarfsemi hæstv. forsrh. hefði verið fólgin, þá skal ég upplýsa hv. þm. um það að um nokkra hríð höfðu ýmsir fjárhagsörðugleikar háð mjög starfi n., því að af starfi hennar varð ýmis kostnaður, og við vorum í þann veginn að gefast upp á þessu ef þessi kostnaður fengist ekki greiddur, þessi bráðnauðsynlegi kostnaður. Ég var að þakka hæstv. farsrh. fyrir að hafa snarlega kippt þessu atriði í lag og séð um að n. gæti haldið áfram störfum greitt þann kostnað, sem þegar var á fallinn, og þann kostnað, sem af störfum n. frekar leiddi.

Rafdreifikerfi í sveitum, fsp. (þskj. 519). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ólafur B. Óskarsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. iðnrh. á þskj. 519 um rafdreifikerfi í sveitum, svo hljóðandi:

„1. Hefur ríkisstj. áform um endurbyggingu rafdreifikerfis í sveitum landsins til að gera mögulega rafhitun húsa?

2. Ef svo er: a) hefur áætlun verið gerð um þessa framkvæmd, b) hver er áætlaður kostnaður, c) hvenær er áætlað að framkvæmdum ljúki?“

Þessi fsp. skýrir sig nú held ég sjálf að mestu leyti, en um ástæður til hennar er það að segja að nú að undanförnu hefur verið mikið talað um að nýta innlenda orkugjafa til húshitunar, og þá kemur tvennt til greina: hitaveitur eða rafhitun. Það er svo með sveitirnar að þær eru að langmestu leyti á þeim svæðum sem heyra undir rafhitun, og þá vaknar sú spurning, hvort rafdreifikerfin þoli þá auknu raforkunotkun sem því er samfara. Skv. upplýsingum frá starfsmönnum Rafmagnveitna ríkisins mundi þurfa u. þ. b. 1 mw. á hver 100 hús í rafhitun, og þá sést að þarna er um verulega orkunotkun að ræða. Auk þess má búast við aukinni orkunotkun að öðru leyti. T. d. er af leiðbeinendum í landbúnaði lögð aukin áhersla á súgþurrkun sem knúin er þá að sjálfsögðu af raforku, auk ýmissar iðnaðaruppbyggingar.

Þó að ég takmarki þessa fsp. við sveitirnar er þetta að sjálfsögðu mál sem snertir þéttbýlisstaðina ekki síður því dreifikerfi þessara aðila eru að miklu leyti samtengd. Til þess að taka dæmi af handahófi fór ég að spyrjast fyrir um þetta hvað snertir mitt byggðarlag, Húnavatnssýslu. Þá kom í ljós að flutningslínan frá Laxárvatnsvirkjun við Blönduós og vestur um Húnavatnssýslur til Hvammstanga væri fullnýtt eins og er, og sama var að segja um flutningslínu til Skagastrandar, hún væri fullnýtt líka, og væri hægt að bjarga því máli við með spennustillingu í 4—5 ár, en þá sé fyrirsjáanleg endurbygging sem væri mjög mikið fyrirtæki. Nú hygg ég að t. d. Skagaströnd sé á því svæði sem sennilegt væri að þyrfti að nota rafhitun. Mér er ekki kunnugt um að áætlanir séu þar fyrir hendi um hitaveitu. Þó get ég að sjálfsögðu ekki um það sagt.

Þetta eru í stuttu máli þær ástæður sem lágu til þessarar fsp., að spyrjast fyrir um hvort áætlanir hefðu verið gerðar um þessa hluti.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Húshitunarmálin hafa verið mjög til athugunar að undanförnu og munu allir sammála um að að því skuli stefnt að allir landsmenn geti hitað hús sín með innlendum orkugjöfum. Þar kemur tvennt til greina: Annars vegar hitaveitur, hins vegar rafhitun. Raunar kemur blönduð leið einnig til greina og skal ég ekki fara frekar út í það hér, en þar sem nokkurt heitt vatn kann að finnast, en ekki nægilegt, getur komið til greina að hafa blönduð kerfi.

Varðandi hitun húsa með jarðhita hefur orðið mikil breyting nú á skömmum tíma. Fyrir réttum tveim árum var lögð fram á Alþ. álitsgerð um nýtingu innlendra orkugjafa og var talið í þeirri grg. að um það bil 65% landsmanna mundu geta á næstu árum fengið upphitun með jarðvarma. Síðan hefur það gerst að með auknum rannsóknum, jarðhitaleit og könnun, auknum borkosti og borunum hafa þessar horfur vænkast svo mjög að nú má telja víst að a. m. k. 80% landsmnana, e. t. v. meira, muni á næstu árum geta notið hitaveitna í stað 65% sem áætlað var fyrir tveim árum. Ég nefni þetta atriði hér fyrst af ýmsum ástæðum. Í fyrsta lagi vegna þess að jarðvarminn er ódýrasta aðferðin til húshitunar, ódýrast fyrir notendur, sparar gjaldeyri í stórum stíl og hefur margvíslega kosti.

En því víðar sem hægt yrði að nýta jarðhitann til húshitunar, að sama skapi dregur úr þörfinni fyrir rafhitun og það dreifikerfi sem nauðsynlegt er hennar vegna. Hins vegar er ljóst að allvíða í landinu hagar svo til að ekki er hægt að vænta upphitunar með jarðvarma, og eins og hv. fyrirspyrjandi gat um á þetta auðvitað sérstaklega við um sveitir og strjálbýli, þannig að í sveitum verður að mjög verulegu leyti að gera ráð fyrir rafhitun húsa.

Nú hefur um mörg undanfarin ár verið unnið að því að tengja sveitabýli landsins við samveitur. Í því skyni hafa verið veittar verulegar fjárhæðir árlega, og nú er svo komið að flest býli, sem eru ekki mjög afskekkt, hafa verið tengd samveitu. Hér er um kostnaðarsamt og oft erfitt verkefni að ræða. Þessi tenging hefur víða verið af vanefnum gerð vegna þess að kostað hefur verið kapps um að tengja sem flest býli. Auk þess er svo komið að þær tengingar, sem fyrst voru gerðar í sambandi við rafveitur sveitanna, eru nú orðnar of veikar vegna þess að þá var ekki gert ráð fyrir jafnmikilli aukningu raforkunotkunar og raun hefur á orðið. Framhald rafvæðingar strjálbýlisins er tvíþætt: annars vegar rafvæðing þeirra býla sem ekki hafa enn verið tengd samveitum, hins vegar er styrking núverandi dreifikerfis sem víða er of veikt til að taka við vaxandi orkuflutningi.

Iðnrn. og orkuráð hafa haft þessi mál til athugunar og verið rækilega um þau rætt. Fyrir rösku ári, eða í aprílmánuði 1975, var ákveðið eftir ítarlegar umr. í orkuráði og rn. að fela Rafmagnsveitum ríkisins að gera heildaráætlun fyrir allt landið um þær framkvæmdir sem gera þyrfti og nauðsynlegar teljast til styrkingar sveitakerfinu vegna fyrirhugaðrar hitunar húsa með rafmagni. Rafmagnsveitur ríkisins hafa unnið að þessari áætlunargerð. Henni er ekki lokið, en samkv. lauslegri frumáætlun frá Raf-

magnsveitunum um umfang þessa verkefnis er talið að þurfi að verja um 1000 millj. kr. til þess að dreifikerfið geti annast flutning orku til húsahitunar. Ég vil taka fram að þetta eru bráðabirgðatölur og þessari rannsókn er engan veginn lokið. Úr Orkusjóði hefur verið veitt nokkurt fé bæði til þessara rannsókna og byrjunarframkvæmda.

Þannig standa þessi mál, og það er ekki unnt að segja fyrir um tímamörk fyrr en heildaráætlun hefur verið gerð. Er ljóst að þar er annars vegar um mjög viðamikið og veigamikið verkefni að ræða, en um leið mjög aðkallandi. Strax þegar þessi áætlun, sem Rafmagnsveitum ríkisins var falið að gera á s. l. ári, liggur fyrir kemur til ákvörðunar bæði hvernig afla skuli fjár til þessarar styrkingar dreifikerfisins og hve langan tíma skuli ætla til þessara framkvæmda.

Fyrirspyrjandi (Ólafur B. Óskarsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. svör hans við fyrirspurnum mínum, og ég fagna því, sem fram kom í máli hans, að Rafmagnsveitur ríkisins vinni að áætlunum um þessi mál. Eins og kom fram í máli ráðh. er hér um bæði tímafrekt verk og kostnaðarsamt að ræða. Því er nauðsyn að gerðar séu nákvæmar áætlanir um þetta verk þannig að sem skipulegast verði að því unnið.

Það er eðlilegt að á undanförnum árum og áratugum, þegar lagt var kapp á að hraða dreifingu rafmagns um byggðirnar eða raflýsingu sveitanna, eins og það var kallað, og þá að sjálfsögðu miðað við þá orkuþörf og þau viðhorf sem þá voru fyrir hendi, að það hafi verið nokkuð á kostnað styrkleika þessara lína. En ég vil leggja áherslu á mikilvægi þess að framkvæmdum þessum við dreifikerfi raforku verði hraðað. Þetta er eitt af mikilsverðustu málum dreifbýlisins, bæði þéttbýlis og sveita, bæði hvað varðar húshitun og iðnaðaruppbyggingu, að þessi mál séu í góðu horfi. Með tilliti til aukinnar raforkuframleiðslu á næstu árum verður þessi þörf enn brýnni því það kemur að sjálfsögðu ekki að gagni að framleiða aukna raforku ef ekki er hægt að dreifa henni til þeirra staða þar sem notkun verður fyrir hendi. Ég vil því hvetja hæstv. ríkisstj. og Alþ. til að taka þessi mál föstum tökum og vinna markvisst að þeim á næstu árum.

Sameinað þing, 86. fundur.

Föstudaginn 7. maí, að loknum 85. fundi.

Forseti tók öll dagskrármálin af dagskrá.

Sameinað þing, 87. fundur.

Mánudaginn 10. maí, kl. 2 miðdegis.

Minnst látins fyrrv. alþingismanns.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Eiríkur Þorsteinsson fyrrv. kaupfélagsstjóri og alþm. andaðist hér í Reykjavík s. l. laugardag, 8. maí, 71 árs að aldri.

Eiríkur Þorsteinsson var fæddur í Grófarseli í Jökulsárhlíð 16. febr. 1905. Foreldrar hans voru Þorsteinn bóndi þar, síðar ökumaður á Seyðisfirði Olafsson bónda í Jórvík í Hjaltastaðaþinghá Jónssonar og kona hans, Jónína saumakona Arngrímsdóttir bónda að Vífilsstöðum í Hróarstungu Eiríkssonar.

Grófarsel var lítil jörð og hugðu foreldrar Eiríks, þegar fjölskyldan stækkaði, á búferli til Vesturheims, þangað sem móðurbræður Eiríks höfðu áður flust og vegnaði vel. Var Eiríki, sem þá var nokkurra mánaða gamall, komið í fóstur hjá móðurbróður sínum, Eiríki Arngrímssyni bónda að Surtsstöðum í Jökulsárhlíð, dugandi bónda og völundi á tré og járn. Ekki varð af vesturför, fjölskyldan ílentist á Seyðisfirði, en Eiríkur ólst upp hjá fósturforeldrum á Surtsstöðum. Hann stundaði nám einn vetur í Gagnfræðaskólanum á Akureyri, innritaðist síðan í eldri deild Samvinnuskólans haustið 1927 og lauk samvinnuskólaprófi vorið 1928. Starfsmaður Kaupfélags Langnesinga á Þórshöfn var hann á árunum 1928—1931. Hann veitti 1931—1932 forstöðu Kaupfélagi Grímsnesinga að Minniborg, sem þá var verið að sameina Kaupfélagi Arnesinga. Kaupfélagsstjóri Kaupfélags Dýrfirðinga á Þingeyri var hann 1932—1960 og jafnframt framkvæmdastjóri útgerðarfélaga þar. Hann fluttist til Reykjavíkur og var starfsmaður Sambands ísl. samvinnufélaga 1960—1972. Vestra var hann um skeið formaður skólanefndar Núpsskóla og átti sæti í hreppsnefnd Þingeyrarhrepps, var oddviti 1946—1950. Hann var kjörinn alþm. Vestur-Ísfirðinga við aukakosningar 1952 og var þm. þeirra til vors 1959, sat á 7 þingum alls.

Meginþáttur ævistarfs Eiríks Þorsteinssonar var unninn á Þingeyri við Dýrafjörð. Þar tók hann á kreppuárum við stjórn kaupfélags, sem átt hafði í fjárhagserfiðleikum um árabil. Kaupfélaginu stjórnaði hann með gætni og tókst að sneiða hjá stóráföllum. Þegar batnaði í ári jukust umsvif kaupfélagsins undir styrkri stjórn Eiríks. Með miklum myndarbrag risu þar ný hús yfir verslun og vinnslustöðvar landbúnaðar og sjávarútvegs. Urðu framkvæmdir kaupfélagsins og stórhugur og hvatning kaupfélagsstjórans lyftistöng í framfarasókn byggðarlagsins til nýtingar á gæðum lands og sjávar. Á Alþingi vann hann vel kjördæmi sínu til hagsbóta. Þar bjuggu menn við erfiðar samgöngur, og þar lagði hann fram liðstyrk sinn með alkunnum dugnaði og varð mjög mikið ágengt.

Eiríkur Þorsteinsson var aðsópsmikill atorkumaður, hvar sem hann lagði hönd að verki. Hann var einarður málafylgjumaður, sem með harðfylgi og dugnaði varð frumkvöðull margra umbóta. Samvinnuhreyfingunni helgaði hann fyrst og fremst ævistarf sitt. Ég vil biðja hv. alþm. að minnast Eiríks Þorsteinssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Efri deild, 100. fundur.

Mánudaginn 10. maí, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Ábyrgð á láni til virkjana í Tungnaá, frv. (þskj. 661). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Tollheimta og tolleftirlit, frv. (þskj. 662). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Sveitarstjórnarlög, frv. (þskj. 527). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 715).

Ríkisreikningurinn 1974, frv. (þskj. 436). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 716).

Fiskveiðasjóður Íslands, frv. (þskj. 673). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Með þessu frv. til l. um Fiskveiðasjóð Íslands eru gerðar allveigamiklar breyt. á núgildandi lögum. Höfuðbreytingin er breyting á stjórn sjóðsins, sem er á þann veg að nú eiga sæti í stjórninni 5 bankastjórar, einn frá Seðlabanka og tveir frá hvorum aðalviðskiptabanka sjávarútvegsins, Landsbanka og Útvegsbanka, en með þessu frv. er gert ráð fyrir að verði einn fulltrúi frá hverjum þessara þriggja banka, einn fulltrúi tilnefndur af Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sjávarafurðadeild SÍS og Sölusambands ísl. fiskframleiðenda, einn tilnefndur af Landssambandi ísl. útvegsmanna og einn tilnefndur af Sjómannasambandi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. Sjöundi fulltrúinn verði tilnefndur

af sjútvrh. sem jafnframt skipar úr hópi stjórnarmanna form. og varaform. sjóðsstjórnar.

Þá er einnig nýmæli í þessu frv. að það er tekin upp heimild til að lána út á eldri skip, en það hefur ekki verið í lögum um Fiskveiðasjóð, heldur aðeins lánað út á verðmætisaukningu í eldri skipum. En ég vil taka fram að það getur varla komið til framkvæmda á þessu ári, þessi lánaflokkur, vegna þess að það er fyrir löngu búið að ákveða lánsfjárþörf og lánsfjármöguleika Fiskveiðasjóðs, svo að það er ekki hægt á miðju ári að taka þennan lánaflokk til framkvæmda, en verður eðlilega, ef þetta frv. verður að lögum, gert strax í byrjun næsta árs.

Þá er einnig heimild til þess að auka nokkuð ákvarðanavald forstjóra sjóðsins, þannig að öll minni mál þarf ekki að leggja fyrir stjórnina, eftir nánari ákvörðun stjórnarinnar þó um upphæð lána til þess að gera afgreiðsluna einfaldari og eðlilegri og reyna að hraða afgreiðslu mála.

Í frv. var upprunalega gert ráð fyrir nokkurri breyt. á núgildandi lögum þannig að tengslin við Útvegsbankann voru slitin með frv. Ég gat þess í framsögu fyrir málinu í Nd. að athuga þyrfti þessa hlið nokkru betur því að þótt tengslin hafi að verulegu leyti verið slitin við Útvegsbankann með lögunum frá 1966, sem síðan hafa gilt, er sjóðurinn í húsnæði Útvegsbankans og í vissum tengslum. Hér var því gerð nokkur breyt. á í meðförum Nd. á þessu máli. En höfuðbreytingin, sem þar var gerð, var að tryggt er að starfsmenn Fiskveiðasjóðs njóta sömu kjara og réttar og starfsmenn Útvegsbankans. Benti ég einnig á í framsögu fyrir frv. í Nd. að það þyrfti að tryggja betur. Sjútvn. Nd. varð við þessum óskum og frv. var breytt í Nd. samræmi við þetta. Ég má því segja að það er fullt samkomulag, eins og frv. er nú, við starfsmenn sjóðsins, að þeir haldi öllum sínum réttindum og öllum sömu réttindum og starfsfólk Útvegsbankans hefur.

Hér segir: „Stjórn Utvegsbanka Íslands ræður aðra starfsmenn sjóðsins en um ræðir í 7. gr. skv. till. forstjóra sjóðsins.“ Ég vil taka fram varðandi það, sem síðar segir: „Um laun og kjör þeirra gilda sömu ákvæði og um starfsmenn Útvegsbankans“ — að þá er auðvitað átt við alla starfsmenn sjóðsins, einnig forstjóra og aðstoðarforstjóra eins og aðra starfsmenn. Þannig lít ég á að skilja eigi þessar greinar, enda er það í fullu samræmi við óskir og vilja starfsmannafélags Fiskveiðasjóðs.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um efni frv. Ég tel að með þessu frv. sé stigið veigamikið skref í þá átt að taka upp útlán til eldri skipa, greiða þannig fyrir kaupum og sölum þessara skipa, en stefna ekki alltaf að því að byggja nýtt, fara í stóraukna fjárfestingu þess vegna í landi þar sem er jafnmikill skortur á fjármagni og hjá okkur. Því tel ég að þessi ákvæði séu til bóta, og sömuleiðis sú heimild sjóðsstjórnarinnar að stofna til tæknideildar Fiskveiðasjóðs. Ég tel að hér þurfi að brjóta í blað þótt verði ekki gert alveg strax, því að sjóður eins og Fiskveiðasjóður á að hafa að mínum dómi mun meiri hemil á því á hvern hátt skip eru byggð og þar eigi ekki að ríkja of mikið frelsi hjá hverjum einstaklingi, eftir að lán eru ákvörðuð og teikningar liggja fyrir verði takmörk fyrir því sett hvað slíkur stofnlánasjóður sem þessi á að fallast á veigamiklar breytingar, sem kosta orðið jafnvel marga tugi milljóna, frá því að afgreiðsla málsins á sér stað hjá sjóðsstjórninni.

Breytingarnar á stjórn sjóðsins er í fullu samræmi við óskir og vilja hagsmunaaðila í sjávarútvegi sem hafa hvað eftir annað farið fram á þessar breyt. Og í þeirri n., sem undirbjó þetta frv. og í áttu sæti fulltrúar fiskvinnslustöðva, útgerðar, fulltrúi Seðlabankans og tveir fulltrúar án tilnefningar, gerðu þeir þá till. að breyta stjórninni á þann hátt að hún verði áfram fimm manna stjórn, þrír frá bönkunum, einn frá fiskvinnslunni og fimmti frá Landssambandi ísl. útvegsmanna. Eina breyt., sem við í sjúvrn. höfum gert á frv. frá því að þetta nál. var lagt fram, var að fjölga í stjórninni úr 5 í 7 þannig að samtök sjómanna fengju þar fulltrúa. En til þess að það stæði ekki á jöfnu, fulltrúar hagsmunahópanna og fulltrúar bankanna, þá töldum við nauðsynlegt að oddamaður yrði fulltrúi ríkisvaldsins sem yrði þá skipaður eins og aðrir til tveggja ára. Ég tel að þetta sé til mikilla bóta og það er, eins og ég sagði áðan, komið til móts við alla þessa aðila.

Frv. var mjög vel tekið af fulltrúum allra flokka í Nd. og náðist um það fullt samkomulag í sjútvn. Nd., og þó að það sé seint á ferðinni, þá vænti ég þess að hv. þd. og sú n., sem fær það til afgreiðslu, geri sitt besta til að greiða fyrir framgangi málsins þannig að þetta frv. verði að lögum áður en þingi verður slitið.

Herra forseti. Ég legg svo til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. sjútvn.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég get tekið undir það með hæstv. sjútvrh. að eðlilegt var að endurskoða lög um Fiskveiðasjóð Íslands. Þetta er ákaflega stór og mikill sjóður, stærsti sjóður sem starfar á okkar landi. Mjög mikilvægt er að samræma útlán hans þeirri almennu útlánastefnu sem gildir hverju sinni og áreiðanlega þarf meiri heildarsamræmingar og skoðunar við en verið hefur. Ég fagna breyt. eins og t. d. á útlánum til eldri skipa og heimild til þess að setja á fót tæknideild. Ég vil hins vegar láta það koma fram strax að ég er ekki sannfærður um að sú breyt. sem gerð er á stjórn sjóðsins sé rétt. Ég sé ekki að þessi breyt. tryggi betri samræmingu heldur en verið hefur við aðra útlánastarfsemi, og ég er ekki þrátt fyrir till. þeirrar n., sem um þetta fjallaði, sannfærður um að þeir fjölmörgu aðilar í þjóðfélaginu, sem hagsmuna eiga að gæta í starfsemi sjóðsins, fái þarna aðild þannig að þeir verði ánægðir, einhver hópur þeirra verður það, en aðrir ekki, og ég er loks í ákaflega miklum vafa um hvort það er rétt að svona sjóður, með opinberu fjármagni að sjálfsögðu, sé að verulegu leyti afhentur hagsmunasamtökunum.

Ég vil að þetta komi fram. Mín spurning er sú, hvort ekki hafi verið athugað að slík sjóðsstjórn sé kosin hlutfallskosningu á Alþ. Ég held að þannig hefði aðild að stjórn sjóðsins verið betur í samræmi við vilja Alþ. og stjórnvalda. Ég er í

fljótu bragði heldur á þeirri línu og vil láta koma hér fram sem sagt, að ég hef ekki, þegar þetta mál hefur verið neint í þingfl. Framsfl., tjáð mig fylgjandi þeirri skipan stjórnar sem þarna er gert ráð fyrir.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég vil benda á það að stór hluti af tekjuöflun til Fiskveiðasjóðs er lagður á sjávarútveginn í útflutningi og þeir sem framleiða þann útflutning eru sjómenn, útgerðarmenn og þeir sem að fiskvinnslu starfa. Þeir leggja þetta fjármagn til. Þetta er skattur sem á þá er lagður. Ríkisvaldið leggur svo aftur á móti á fjárlögum ¾ á móti þessu útflutningsgjaldi sjávarútvegsins, og það fylgir einnig sú kvöð á ríkisstj. á hverjum tíma að útvega þessum sjóðum, eins og Fiskveiðasjóði, gífurlega mikið lánsfé. Það, sem vakti fyrir þeirri n. sem hafði þetta frv. til endurskoðunar, var að fulltrúar sjávarútvegsins ættu sæti í þessari sjóðsstjórn af þeirri ástæðu að þeir leggja eigin stofnlánasjóði til svo mikið fjármagn sem raun ber vitni. Þannig er með ýmsa aðra stofnlánasjóði. Þeir eru ýmist í vörslu eða undir stjórn þess banka eða sjóðs sem fer með skyld málefni. Þar eiga menn sæti sem eru nátengdir þessum atvinnugreinum og starfa innan þeirra og í samtökum þeirra. Hins vegar hefur það verið í gildi hvað þennan eina sjóð snertir, stærsta stofnlánasjóð atvinnuveganna, að honum hefur verið stjórnað af bankastjórum frá byrjun, til 1966 af bankastjórn eins banka, eftir 1966 af bankastjórum þriggja banka. Eg tel fráleitt og ég er sammála hv. síðasta ræðumanni hvað það snertir, að það er útilokað að hagsmunasamtök eigi að fá meiri hl. í stjórn slíks sjóðs. En ég hef verið óánægður með það öll þessi ár að bankarnir eigi að hafa algjör yfirráð yfir slíkum sjóði sem þessum.

Það er ekki verið að gera litla breyt. með þessu sem hér er lagt til, að í staðinn fyrir að bankastjórar séu 100% stjórnendur þessa sjóðs, þá verða þeir ekki nema 3 af 7 ef þetta frv. nær fram að ganga. Hitt tel ég svo sjálfsagðan hlut, að bæði sjómenn, útvegsmenn og fiskvinnsla eigi þarna fulltrúa. Hins vegar ef við ætlum að fara að reyna að ná til hvers einasta manns í sjávarútvegi, þá mundum við enda kannske með 15 manna stjórn á Fiskveiðasjóði eða jafnvel 20 eða 25, og það verður aldrei mín tillaga. Ég tel þetta ágæta breyt., mjög þarfa breytingu.

Ég er andvígur þeirri hugmynd að stjórn sjóðs eins og þessa sé kjörin af Alþ. og að atvinnugreinin sjálf eigi ekki að fá neinn fulltrúa. Og ég vil bæta því hér við, að við endurskoðun á sjóðakerfinu var það einróma ósk og krafa allra fulltrúa í þeirri n., og þar áttu launþegar sex fulltrúa, að breyting í þessa átt yrði gerð. Útvegsmenn tóku mjög undir þessa breytingu, og það er ekki síst fyrir það að ég geri þá breytingu á þessari grein frv. frá því sem n. lagði til, að fjölga úr 5 í 7. En ég tel að frekari fjölgun í stjórn sé til mikils óhagræðis og verður þung í vöfum. Við getum vel haldið okkur við þessa tölu, finnst mér, en ekki að fjölga enn meira. Það held ég að verði þungt í vöfum í lánastofnun eins og þessari. Það ættu að duga 7 menn í stjórn Fiskveiðasjóðs, a. m. k. á meðan dugar að hafa 7 menn í stjórn Framkvæmdastofnunarinnar og Byggðasjóðs.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Hér er lagt fram frv. til l. um Fiskveiðasjóð Íslands sem hefur fengið, að því er virðist, sæmilegan tíma til meðferðar í Nd. Eg ætla að margir séu þeirrar skoðunar að fyrirhuguð lánveiting til kaupa á eldri fiskiskipum sé til mikilla bóta og að ýmislegt annað í þessu lagafrv. horfi til bóta.

Mér þótti gott að heyra hæstv. sjútvrh. greina frá því að tekið hefði verið tillit til skoðana starfsmanna Fiskveiðasjóðs varðandi réttindi þeirra. Fulltrúar starfsmanna komu hér í Alþingishúsið í þann mund sem fjallað var um þetta lagafrv. í Nd. og lýstu yfir áhyggjum sínum varðandi réttarstöðu sína, og nú skilst mér og ég trúi því, sem hæstv. ráðh. segir, að ráðin hafi verið bót á þeim meinbugum sem starfsmennirnir sáu helst á þessu atriði.

Varðandi skipun sjóðsstjórnarinnar, þá er ég ekki reiðubúinn að trúa því að talan 7 sé endilega sú eina sanna og rétta, fyrst 5 manna stjórnin var ekki nægilega fjölmenn, þá sé 7 manna stjórn endilega sú stjórn sem henti þessum sjóði. Það eru til fleiri helgar tölur en talan 7 ef út í það er farið, og ég hef ekki heyrt rökstuðning fyrir því að fyrst 5 manna stjórn var ekki nógu fjölmenn, þá sé 7 manna stjórn vissulega nógu fjölmenn.

Ég hefði óskað eftir því að tími gæfist til að fjalla um þetta frv. í n. í Ed. líka á eðlilegan hátt. En nú er bara svo komið með öll þessi síðbornu frv. hæstv. ríkisstj. og einlægan ásetning þeirra, sem þingstörfum ráða, að ljúka störfum Alþ. áður en langt líður fram yfir miðjan mánuðinn, að svo virðist sem hin veigamestu og þýðingarmestu frv. þurfi að afgreiðast með undra skjótum hætti. Ég hef sjálfur ekki orðið var við það að starfsþrek eða gáfur þm. ykjust svo ört með hækkandi sól að hægt sé að ætlast til þess að þessi vaska drengjasveit, sem hefur látið vefjast fyrir sér lítil mál, lítilvæg mál allan veturinn, hún sé þess umkomin að afgr. hin stærstu og þýðingarmestu mál af mikilli skynsemi á örfáum dögum.

Jón Árnason: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Við hv. 3. þm. Vesturl. fluttum frv. á síðasta þingi sem gengur mjög í svipaða átt og þetta frv. gerir varðandi stjórn Fiskveiðasjóðs, og ég ætla aðeins að þakka hæstv. sjútvrh. fyrir að hann flytur nú þetta frv. sem er, eins og ég sagði, mjög í þá átt sem frv., sem við fluttum í fyrra, stefndi að. Það, sem skiptir hér mestu máli, er að þeir, sem eiga undir þennan sjóð að setja, fái að vera aðilar að og fylgjast með afgreiðslu Fiskveiðasjóðs á málefnum útvegs og sjómanna. Mér finnst að eins og frv. ákveður, þ. e. að útvegsmenn og sjómenn séu aðilar að stjórn sjóðsins, það sé einmitt rétt stefna sem farin er í þessum málum. En ég er einnig sammála hæstv. sjútvrh. um að þessi tala stjórnarmanna er alveg nægilega mikil og það komast að sjónarmið sem nauðsynlegt er í sambandi við

starfrækslu Fiskveiðasjóðsins með ákvæðum þessa lagafrv.

Ég er í þeirri n., sem ég geri ráð fyrir að fái þetta mál til meðferðar, og sé ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta, en ég vil þó strax við 1. umr. taka það fram að ég þakka hæstv. ráðh. fyrir að hafa flutt þetta frv.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að gera neinar sérstakar athugasemdir við frv. það til l. um Fiskveiðasjóð sem hér er til umr. og afgreiðslu nú, heldur aðeins benda á að 3. gr. gerir ráð fyrir því að sá banki, sem hér er verið að stofna, verði um aldur og ævi, a. m. k. þangað til fyrirhuguðum lögum verður breytt, eins og í 3. gr. segir:

„Auk stofnfjár samkvæmt 3. gr. l. nr. 75 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands, skal fjáröflun til Fiskveiðasjóðs vera með eftirtöldum hætti:

a) Vextir af lánum og öðrum kröfum.

b) Útflutningsgjöld af sjávarafurðum sem renna til sjóðsins lögum samkvæmt.

c) Til viðbótar tekjum sjóðsins samkvæmt b-lið greiðir ríkissjóður honum árlega fjárhæð er nemi ¾ hlutum af tekjum samkvæmt b-lið."

Ég hefði talið eðlilegra að allar tekjur af útflutningsgjöldum rynnu í þennan sjóð, og ég hefði talið eðlilegt að d-liðurinn yrði eitthvað tímabundnari heldur en hann er. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Til viðbótar framlagi til sjóðsins samkvæmt b- og c-liðum greiðir ríkissjóður honum árlega 35 millj. kr."

Mér finnst að við verðum að gera ráð fyrir því þegar við erum að stofna svona sjóði, sem eru raunverulega ekkert annað en vísir að bönkum, að þeir verði einhvern tíma sjálfstæðar stofnanir, og þá fyndist mér ekki óeðlilegt að þeir, sem eru fulltrúar ríkisstj. í þeirri sjóðsstjórn, falli úr henni og sjóðurinn lúti þá alfarið stjórn atvinnuveganna. Ég held að við verðum að snúa við þeim hugsunarhætti sem ríkir yfirleitt þegar sjóðir eru myndaðir, að viðkomandi atvinnugreinar verði um aldur og ævi styrkþegar hjá ríkissjóðnum. Það var bara þetta sem ég vildi benda á. Ég held það hefði verið hugljúfara fyrir atvinnugreinina sjálfa að eygja það að einhvern tíma í framtíðinni yrði hún algjörlega sjálfstæð.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Orkubú Vestfjarða, frv. (þskj. 495, n. 649). — 2. umr.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Iðnn. hefur tekið þetta frv. til ítarlegrar meðferðar og fengið menn á sinn fund til að ræða frv. og fengið umsagnir sem leitað var eftir um frv.

Hjá þrem mönnum, sem komu á fund n. eða sendu umsagnir, þ. e. hjá formanni Rafmagnsveitna ríkisins, framkvæmdastjóra Rafmagnsveitna ríkisins og orkumálastjóra, komu fram ýmsar athugasemdir við þetta frv. Það var svo sem að það væri réttara að Alþ. athugaði nánar hvað gerðist um skipulag þessara mála í öðrum landshlutum áður en þetta frv. væri samþ. Það kom og athugasemd við það ákvæði frv. að gert er ráð fyrir, að hlutverk Orkubús Vestfjarða verði bæði orkuvinnsla og orkudreifing, og lögð var nokkur áhersla á að það gæti verið eins gott að hafa þessa þætti aðskilda. Enn fremur kom fram plagg þar sem framkvæmdastjóri Rafmagnsveitna ríkisins ásamt nokkrum öðrum starfsmönnum Rafmagnsveitnanna hafði skrifað ýmsar athugasemdir við einstaka liði þessa máls. Ég segi þessa máls, því það var eiginlega frekar í sambandi við framkvæmd orkumála á Vestfjörðum heldur en skipulagsmálin sem þetta frv. fjallar um.

Þetta frv. er samið af orkunefnd Vestfjarða sem hafði tvíþætt verkefni: annars vegar sem varðaði skipulagsmálin og hins vegar sem varðaði framkvæmdir í orkumálum á Vestfjörðum. Og í umr. n. komu allverulega á dagskrá einmitt hugmyndir um framkvæmdaþátt þessara mála sem ekki eru hér lagðar fram í frv.-formi. En í tilefni af þessu fékk n. á sinn fund 3 sérfræðinga af 7 sem höfðu unnið með orkunefnd Vestfjarða að þessum málum, einkum framkvæmdamálunum, til þess að skýra og gera grein fyrir málum þeim sem tiunduð eru í skýrslu orkunefndar Vestfjarða, en ekki sem fylgiskjal með þessu frv., heldur í skýrslu sem hefur verið afhent öllum þm. Þannig gafst n. gott tækifæri að kynna sér þessi mál. Þá skal ég enn fremur geta þess að n. fékk á fund sinn formann Landsvirkjunar, Jóhannes Nordal. Síðast, en ekki síst leitaði n. eftir umsögnum þriggja aðila sem þetta mál varðar í einu eða öðru formi. Það er í fyrsta lagi Fjórðungssamband vestfirðinga, í öðru lagi Samband ísl. sveitarfélaga og í þriðja lagi Samband ísl. rafveitna. Öll þessi samtök sendu n. umsögn um frv. og mæltu öll með samþykkt þess. Að þessari meðferð í iðnn. lokinni tók n. þá afstöðu að mæla einróma með samþykkt frv.

Í nál. á þskj. 649 er ein brtt. Hún varðar 1. gr. frv. Í 1. gr. frv. segir: „Ríkissjóður Íslands og sveitarfélög á Vestfjörðum skulu setja á stofn orkufyrirtæki er nefnist Orkubú Vestfjarða." Í athugasemdum með þessari gr. stendur: „Gert er ráð fyrir að stofnun Orkubús Vestfjarða grundvallist á *frjálsum samningum*, sbr. 15. gr. 1. mgr." En í 15. gr. 1 málsgr. eru ákvæði sem varða sameignarsamning hins fyrirhugaða fyrirtækis. Eins og n. sú, sem vann að samningu frv., hafði gert ráð fyrir, þá taldi hún að það væri tekið fram skýrt í aths. við 1. gr. frv. og að öðru leyti í grg. frv. að hér væri um það að ræða að þeim aðilum, sem til greina koma og gert er ráð fyrir að stofni Orkubú Vestfjarða, Rafmagnsveitum ríkisins og sveitarfélögunum á Vestfjörðum, væri ekki gert skylt að gera slíkt. Það væri algjörlega háð því hvað þessir aðilar vilja samþ. í þessu efni og enginn aðili skuldbundinn endanlega í þessu efni fyrr en hann hefur skrifað undir sameignarsamning. N. taldi rétt og var sammála einnig um að hnika til orðalagi, sem ekki þýðir efnisbreytingu, en einungis að gera þessa hugsun enn greinilegri ef vera mætti. Þess vegna felst í brtt. n. á þskj. 646 að „þessum aðilum", eins og segir í brtt., „skal heimilt", en í frv. segir: „skulu setja á stofn."

Þetta er það sem fram hefur farið á vegum iðnn. um þetta mál og sé ég ekki ástæðu til þess að fara að fjölyrða frekar um það hér, nema þá að gefnu tilefni.

Efni þessa frv. er um að það skuli stofnað Orkubú Vestfjarða af sveitarfélögunum þar og ríkissjóði Íslands.

Um hlutverk þessa fyrirtækis segir í 2. gr. frv. að það nái til alls orkuiðnaðar á Vestfjörðum, hvort heldur orkugjafinn er vatnsafl, jarðvarmi, olía eða annað. Orkuvinnsla og orkudreifing heyrir hvor tveggja til verkefna fyrirtækisins. Og það er hlutverk fyrirtækisins að virkja vatnsafl og jarðhita á Vestfjörðum. Um þetta hlutverk fyrirtækisins er einnig komið að í 6. gr. frv., þar sem tekið er fram að það sé skipulagslega mögulegt fyrir einstök sveitarfélög að annast einstakar, tiltekna, afmarkaða þætti þessara mála sjálf, ef þau kjósa það frekar. Það er í samræmi við grundvallarhugmyndina að frv. þessu.

Um félagsformið og eignarhlutdeild aðila að þessu fyrirtæki er að finna ákvæði í 3. gr. frv. Þykir rétt að samvinna ríkisins og sveitarfélaganna á Vestfjörðum í orkumálum þessa landshluta sé í formi sameignarfélags. Þetta er sama félagsform og haft er annars staðar á slíkum landshlutarfyrirtækjum ríkis og viðkomandi sveitarfélaga, svo sem á Landsvirkjun, Laxárvirkjun og Hitaveitu Suðurnesja. En það yrði þó ekki gert ráð fyrir, að eignarhlutdeild sameignaraðila sé í beinu hlutfalli við stofnframlag hvers og eins. Hins vegar er gert ráð fyrir að þeir aðilar, sem eiga orkumannvirki á Vestfjörðum, hvort heldur er ríki eða sveitarfélög, leggi þau fram til hins nýja fyrirtækis samkvæmt sérstökum reglum sem nánar er komið inn á í 5. gr. frv.

Skipting eignaraðildar milli ríkis annars vegar og sveitarfélaganna hins vegar, þ. e. a. s. að ríkið eigi 40%, en sveitarfélögin samtals 60%, tekur mið af því að mannvirki Rafmagnsveitna ríkisins á Vestfjörðum hafa verið reist til þess að þjóna fólkinu í þessum landshluta. Hið háa orkuverð, sem fólkið þar hefur greitt, hefur verið framlag þess til þessara mannvirkja. Með tilliti til þessa og annarra sjónarmiða varðandi markaðshlutdeildina er skipting eignaraðila milli ríkissjóðs og sveitarfélaganna ákveðin.

Í 4. gr. er svo kveðið á að ábyrgð sameigenda á skuldbindingum Orkubús Vestfjarða gagnvart kröfuhöfum skiptist innbyrðis samkvæmt eignarhlutföllum. Eignarhlutfall ríkisins er fastákveðið 40%, en eignarhlutfall sveitarfélaganna innbyrðis getur verið breytilegt og skiptist ábyrgðin eftir eignarhlutföllum eins og þau eru þegar ábyrgðin verður virk. Og þessi ákvæði um skiptingu eignarhlutdeildar sveitarfélaganna innbyrðis byggist á þeirri hugsun að rétt sé að hlutur hvers einstaklings í þessu almenningsfyrirtæki vegi jafnmikið hvar sem hann er búsettur á Vestfjörðum.

Í 5. gr. frv. er svo að finna ákvæði um yfirtöku á orkumannvirkjum þeim sem eru fyrir hendi á Vestfjörðum. Er gert ráð fyrir að Orkubú Vestfjarða hefji starfsemi sína með yfirtöku á þeim rekstri sem Rafmagnsveitur ríkisins og orkuveitur sveitarfélaganna á Vestfjörðum hafa með höndum. En á vegum þessara aðila er öll orkuvinnsla og orkudreifing á Vestfjörðum í dag. Þessari eignayfirfærslu skal fylgja að Orkubú Vestfjarða yfirtaki skuldir, sem svari til stofnkostnaðar á mannvirkjum þeim sem það tekur við.

Í 15. gr. er að finna ákvæði, eins og ég áður vék að, um sameignarsamning sem verður grundvöllur að þeirri félagsstofnun sem hér er um að ræða. Hann byggir á því, eins og ég áður sagði, að það náist samkomulag milli þeirra aðila sem fyrirhugað er að taki þátt í þessu nýja fyrirtæki, þ. e. a. s. þessi samningur verði á frjálsum grundvelli. Í raun og veru þýðir þetta það, að þetta frv. um skipulag orkumálanna á Vestfjörðum er um heimildarlög sem mundi vera farið eftir ef samkomulag næst milli viðkomandi aðila, endanlegt samkomulag um stofnun þessa fyrirtækis. Í raun og veru þýðir það að með því að þetta frv. yrði samþ. og gert að lögum kæmust þessi skipulagsmál orkumálanna á Vestfjörðum á raunverulegt samningsstig.

Ég legg áherslu á að hér er einungis um að ræða þann þátt orkumálanna á Vestfjörðum sem veit að skipulagsmálum. Um framkvæmdir í orkumálunum, virkjanir og annað slíkt hlýtur að koma til kasta Alþ. síðar eins og venja er, en það mundi t. d. við meiri háttar virkjanir verða að leita til Alþ. samkvæmt almennum lögum um sérstaka heimild til slíks, og svo er um allar helstu framkvæmdir sem til greina gætu komið. Sú n., sem vann að þessu frv. og gerð þess, gerði líka till. um framkvæmdir, en þær eru ekki hér til umr. og liggja ekki fyrir hér. Það eru aðeins hugmyndir og till. Það, sem þyrfti að ske til þess að koma þeim á frekara umræðustig, væri að sjálfsögðu, ef verður af stofnun þessa fyrirtækis, að stjórn þess vildi gera þessar till. að sínum till., sínum fyrirrætlunum, að meira eða minna leyti.

Ég ætla ekki að lengja umr. með því að fara að ræða vítt og breitt um verkefni í orkumálum Vestfjarða. En ég tek það fram, enda augljóst mál, að hvati þess að þetta mál er komið á þann grundvöll, sem hér liggur fyrir í því frv. sem við hér ræðum, er að það eru óhemjumikil ólevst verkefni í þessum efnum í þessum landshluta. Það er mikið sem þarf að framkvæma og aðhafast til þess að ná því marki að orkuþörf vestfirðinga verði fullnægt með innlendum orkugjöfum. En þetta er að sjálfsögðu meira en að tala um.

Inn í þetta mál hlýtur að koma hver fjárhagsgrundvöllur hins nýja fyrirtækis verður. Orkunefnd Vestfjarða lagði mikla vinnu í það að leggja þau mál niður fyrir sér og gera nokkra grein fyrir því efni, eins og hægt er á því stigi sem þessi mál standa núna. Það er gert í skýrslu n. sem ég hef áður vitnað til og hefur verið afhent öllum þingmönnum. Inn í spurninguna um fjárhagsgrundvöllinn kemur náttúrlega ekki síst það hvert orkuverðið á að verða, og auðvitað verður það það markmið sem vestfirðingar hlióta að keppa að, að með því skipulagi, sem þeir taka upp, verði þeim unnt að búa við orkuverð sem verði sem næst því, sem best gerist annars staðar í landinu eða sambærilegt við það. Inn í þetta koma mörg atriði fyrir utan orkuverðið sem ráða um hver fjárhagsgrundvöllur þessa fyrirtækis verður. Það verður að gera ráð fyrir því að vestfirðingar njóti eftir sem áður þeirra

aðgerða sem ríkisvaldið kann á hverjum tíma að gera til þess að jafna orkuverð í landinu, á hliðstæðan hátt sem það gerir nú, með verðjöfnunargjaldi eða á annan hátt, þ. e. a. s. að vestfirðingar njóti eftir sem áður jafnréttis við aðra landsmenn í þessu efni, þó breytt sé skipulagi þessara mála frá því sem nú er.

Ég vil svo að lokum varðandi fjárhagsgrundvöllinn og allar þær athuganir, sem hafa verið gerðar á raunhæfni þessara hugmynda, aðeins víkja að einu atriði og það er spurningin um eignir Rafmagnsveitna ríkisins. Þau orkumannvirki, sem í dag eru á Vestfjörðum, eru að mestu leyti í eigu Rafmagnsveitna ríkisins. Það skiptir því höfuðmáli með hvaða kjörum yfirfærsla fer fram á þessum eignum. Það er gert ráð fyrir því, eins og ég hef áður getið um, að í þessu efni verði tekið mið af stofnkostnaði þessara mannvirkja og okkur þykir að það sé eðlileg viðmiðun. En eins og ég hef lagt á áherslu áður, verður að semja milli væntanlegra aðila um þetta atriði. Og það er líka þess að geta, að nefnd sú, orkunefnd Vestfjarða, sem hefur unnið á vegum iðnrh. að þessum málum, hefur lagt sérstaka áherslu í grg. sinni á það, að um leið og þetta mál er gert upp verði að sjá Rafmagnsveitum ríkisins borgið. Þetta er mál sem við teljum að ekki sé hægt að gera upp fyrr en það liggur fyrir hvers konar samningar getur verið um að ræða og með hvaða kjörum yrði reiknað á eignum Rafmagnsveitna ríkisins. En þetta er ein höfuðástæðan fyrir því að það er talið að það sé ekki hægt að nálgast þetta viðfangsefni og fást við það á annan hátt en hér er gert ráð fyrir, þ. e. fyrst að samb. heimildarlög um þetta og svo verður að ráðast um framkvæmdina. Við vonum að vísu að framkvæmdir takist, en við getum ekki fullyrt um það fyrr en allir þessir samningar hafa farið fram.

Ég sagði áðan, að grundvöllur Orkubúsins væri hin mikla þörf á markvissum aðgerðum í orkumálum Vestfjarða. Þetta á almennt við alla þætti þessara mála. En þetta er sérstaklega aðkallandi núna og nýtilkomið að vissu leyti hvað varðar jarðvarma á Vestfjörðum og þá möguleika sem kunna að felast í hagnýtingu hans. Ég sagði að þetta væri tiltölulega nýtilkomið. Fram á síðustu mánuði eða síðustu missiri hefur það svo verið, bæði í almenningsvitund og meðal kunnáttu- og fræðimanna, að það hefur ekki verið litið á Vestfirði sem jarðhitasvæði sem hefði mikla hagnýta þýðingu fyrir héttbýlisstaði þar fyrir hitaveitu með upphitun húsa fyrir augum. Nú hefur þetta viðhorf mjög breyst. Þetta kann að hafa ómetanlega þýðingu fyrir framvindu orkumálanna á Vestfjörðum og framtíð byggðabróunar í þessum landshluta sem svo mjög hefur átt í vök að verjast á undanförnum áratugum. Og það má geta þess hér, að það er þegar ákveðið að á þessu ári verði boraðar vinnsluholanir á Ísafirði, í Bolungarvík, í Súgandafirði, á Patreksfirði, Tálknafirði og Borðeyri. Og það hefur verið þegar gert ráð fyrir að það verði boraðar rannsóknarholur bæði á Þingeyri og Hólmavík. Af þessu má marka hve yfirvöld þessara mála leggja mikið upp úr því að hagnýta þá möguleika sem hér kunna að vera fyrir hendi.

Nú tek ég það fram að það er ekki öruggt að alls staðar verði endanlega jákvæður árangur í þessu efni. En það er nú talið öruggt að 15% vestfirðinga geti a. m. k. notið hitaveitna. En það kann vel að vera ef aðeins tveir staðir koma til viðbótar, tveir af stærstu stöðunum, þá verði það komið yfir 50%. Er þess vegna ákaflega mikil þörf á að flýta þessum aðgerðum. En þar sem jákvæður árangur fæst, þar er næsta viðfangsefnið að byggja hitaveitur, og vestfirðingar telja að það sé ákaflega þýðingarmikið að skipulagi þessara orkumála á Vestfjörðum sé komið í það horf sem frv. þetta gerir ráð fyrir, til þess að hið nýja félag, þar sem allir Vestfirðingar bindast samtökum um að ráðast til atlögu við þessi stóru verkefni, komist á. Þess vegna leggja vestfirðingar mikla áherslu á að þetta frv. nái fram að ganga á þessu þingi. Og í raun og veru er það svo, að það, sem vestfirðingar eru að fara fram á, er aðstoð ríkisvaldsins til þess að þeir geti hjálpað sér sjálfir.

Auðvitað eru það ekki einungis jákvæðir hlutir fyrir Vestfirði, ef svo mætti segja, sem gerast við lögtöku þessa frv. Vestfirðingar taka ekki einungis við réttindum, þeir taka á sig skyldur. Þeir taka á sig þær skyldur að bera fjárhagslega ábyrgð á skuldbindingum og rekstri hins nýja fyrirtækis. Og ég veit að hv. þm. vita það eins vel og ég og eins vel og orkunefnd Vestfjarða, sem vann að þessum málum, að þegar reynt er að ná samstöðu um slík efni sem þessi, þá er nokkuð löng leið að því marki. Og svo hefur reynst í þessu sambandi. Það er engin launung og það er ekki nema eðlilegt að á Vestfjörðum hafi komið fram mismunandi sjónarmið og mismunandi hagsmunir. Það er t. d. mismunandi aðstaða fyrir þá þéttbýlisstaði, sem hafa möguleika á jarðvarma til húshitunar, og hina staðina, sem hafa ekki þessa möguleika. Þarna er um mismunandi hagsmuni að ræða og spurningin er hvort þeir, sem hafa jarðvarmann, vilja láta aðra, sem hafa ekki þessi gæði, njóta góðs af.

Annað atriði, sem mjög spannst inn í allar umr. um þetta mál, var sú staðreynd að þau eru ekki nema sum sveitarfélög á Vestfjörðum, og þau eru örfá, sem eiga nokkrar eignir í orkumannvirkjum, en flest eiga engar vegna þess að Rafmagnsveitur ríkisins tóku þær eignir, sem þau áttu áður, í sínar hendur á sínum tíma. M. ö. o.: þegar talað er um að sveitarfélögin leggi fram sínar eignir, þá eru það ekki nema sum sveitarfélögin á Vestfjörðum sem geta gert það og flest geta ekki gert það. En frv. þetta gerir ráð fyrir, að allir sitji við sama borð samt hvað varðar eignarhlutdeildina, að eignarhlutdeildin fari eftir íbúatölunni í hverju sveitarfélagi.

Nú hefur það skeð, ég leyfi mér að segja að það hefur komið í ljós sá félagslegi þroski hjá vestfirðingum í þessu máli að þeir hafa ákveðið að horfa ekki hver í sínu byggðarlagi á sín þrengstu sérhagsmunasjónarmið, heldur hafa að leiðarljósi að með því að gera sameiginlegt átak muni þeir að lokum allir hafa hag af. Og það er ánægjulegt að geta þess nú, að s.l. föstudag tók það sveitarfélag, sem mest leggur

fram af eignum, þessi mál fyrir. Það var gert í bæjarstjórn Ísafjarðar á bæjarstjórnarfundi sem haldinn var s. l. fimmtudagskvöld. Þar var samþ. með atkv. allra bæjarfulltrúanna níu að lýsa stuðningi við þetta frv. og lögð sérstök áhersla á, að það næði fram að ganga á þessu þingi. Ég get þessa dæmis til þess að leggja áherslu á þann þunga vilja sem er á Vestfjörðum í þessu máli. Vestfirðingar leggja kapp á það að fá möguleika til að fara þá leið í skipulagsmálum orkumálanna sem hér er farið fram á. Þeir vænta þess að með samþykkt þessa frv. komist þessi mál á samningastig, eins og ég áður sagði, og síðar á framkvæmdastig. Þeir telja að þetta sé besta leiðin í skipulagi þessara mála á Vestfjörðum. Og þeir telja líka svo og nefnd sú, sem hefur unnið að samningu þessa frv., að með þessari leið sé farin sú leið sem einnig sé best þjóðhagslega séð.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Í sambandi við þetta mál og raunar á þessu þingi hafa orkumálin almennt og skipulag þeirra mjög verið til umr. Ég tel ástæðu til að hefja mál mitt með því að ræða nokkuð um þau almennt því þannig skýri ég betur það sem ég mætti kalla vissa fyrirvara í sambandi við þá breyt. sem ég fylgi þó af heilum hug og gert er ráð fyrir í frv. til l. um orkubú Vestfjarða.

Orkumálin hér í landi tóku mikinn sprett við olíukreppuna svonefndu. Eðlilegt var að stjórnvöld og Alþ. legðu þá ríka áherslu á að nýta innlenda orkugjafa í stað olíu. E. t. v. var það þó af nokkru meira kappi en forsjá. Þá var ákveðin virkjun Kröflu, þá var veitt heimild nokkru síðar til virkjunar Bessastaðaár, Suður-Fossár, einnig ákveðin samtenging á milli Norðurlands og Suðurlands og Sigölduvirkjun hafði þegar verið ákveðin. Ég ætla ekki að ræða nú um þessar einstöku framkvæmdir. Ég hygg að þær hafi allar töluvert til síns ágætis. Þó óttast ég að við margar þeirra hafi orðið nokkur mistök sem hafa reyndar verið rædd hér á hv. Alþ. Ég held hins vegar að langsamlega alvarlegast í þessu máli hafi verið skortur á skipulagi sem tryggi samræmingu og hagkvæmustu framkvæmd í þessum mjög kostnaðarsama málaflokki.

Þessi mál voru í fáum orðum framkvæmd þannig að Landsvirkjun sér að sjálfsögðu um sína virkjun, Sigölduvirkjun, sérstök n. var sett á fót til að annast Krófluvirkjun, sérstök n. til þess að annast undirbúning að Bessastaðaárvirkjun, sérstök n. til þess að annast Suður-Fossárvirkjun og sérstök n. til þess að annast lagningu norðurlínu. Þó skal það tekið fram að á því hafa orðið nokkrar breytingar, t. d. norðurlínan nú verið færð undir Rafmagnsveitur ríkisins. Meira að segja er það svo að í sumum spennistöðvum, sem eru stórar og kostnaðarsöm fyrirtæki, eiga allmargir aðilar hlut, þrír eða fjórir e. t. v., og er æði flókið að samræma óskir þeirra allra.

Þó ég nefni þetta hér veit ég fyllilega að hv. þm. gera sér grein fyrir því og ég tek það fram að hæstv. orkuráðh. hefur sjálfur lagt á það ríka áherslu að þetta þurfi að breytast. Ég er ekki með þessu að áfellast hann. Þetta er arfur frá nálægt því fyrri kynslóðum. Við höfum dreift þessum orkumálum okkar, t. d. er nokkuð langt síðan raforkuskrifstofan, sem var ágæt skrifstofa, var af einhverjum ástæðum klofin í sínar frumeindir. Henni var skipt í þrennt. Held ég að þannig hafi þróunin því miður verið um nokkuð langan tíma að skipta þessu á fleiri hendur en að sameina það til betri samræmingar.

Framsfl. hefur fjallað um þessi mál. Hafa þau verið þar á dagskrá lengi, m. a. mjög í sambandi við þáltill. sem lögð var fram hér 1972. Ég harma fyrir mitt leyti að sú þáltill. fékk ekki fram að ganga, því þótt ég væri ekki alveg á þeirri skoðun sem þar kom fram að öllu leyti, þá stefndi hún þó markvisst að því að reyna að sameina þetta betur en nú er.

Ég lýsi best minni skoðun á þessum málum með því að lesa hér — með leyfi hæstv. forseta — samþykkt, sem aðalfundur miðstjórnar Framsfl. gerði í gær um skipulag orkumála. Hún er svo hljóðandi:

„Stefnt skal að jöfnun orkuverðs um land allt. Í því skyni skal lögð áhersla á að tengja saman raforkukerfi einstakra landshluta og tryggja þannig sem hagkvæmastar framkvæmdir og rekstur með samkeyrslu allra orkuvera og dreifikerfa. Í þessum tilgangi skal stefnt að eftirgreindu skipulagi orkumála:

1. Unnið verði að því að koma á fót einu fyrirtæki, sem annist alla meginraforkuvinnslu og flutning raforku á milli landshluta. Ríkisstj. taki í þessu skyni upp samninga við Landsvirkjun, Laxárvirkjun, Andakílsárvirkjun, Rafveitu Vestmannaeyja, Rafveitu Siglufjarðar og aðrar rafveitur, sem eiga og reka orkuver, um sameiningu slíks reksturs í einni landsvirkjun. Aðilar að þessu fyrirtæki og stjórn þess verði ríkissjóður og landshlutaveitur. Eignarhluti ríkissjóðs skal aldrei vera minni en 50%. Fyrirtækið undirbýr virkjanir og lætur virkja annað.

2. Unnið verði að því að koma á fót landshlutaveitum sem annist alla dreifingu og sölu á raforku í viðkomandi landshluta. Landshlutaveitur þessar geti einnig annast rekstur hitaveitna. Þær sjá um framkvæmdir, sem nauðsynlegar eru vegna viðkomandi reksturs. Aðilar að slíkum landshlutaveitum og stjórnum þeirra verði sveitarfélögin og væntanleg Íslandsvirkjun. (Það nafn hefur þarna verið gefið því fyrirtæki sem var um rætt í 3. lið.)

3. Orkustofnun verði ríkisstj. til ráðuneytis um orkumál og annist upplýsingasöfnun hvers konar um orkulindir þjóðarinnar, geri áætlanir um nýtingu þeirra og annist frumrannsóknir fyrir virkjanir. Orkustofnun veiti Íslandsvirkjun og landshlutaveitum nauðsynlega þjónustu."

Þetta er sú stefna sem mörkuð var samhljóða á þessu þingi, og eins og ég sagði áðan er ég henni mjög sammála. Þarna er mörkuð sú meginstefna að reyna að sameina raforkuvinnsluna á eina hendi og tryggja þannig þá mestu hagkvæmni sem við getum vænst í slíkum framkvæmdum og jafnframt jöfnun orkuverðs um land allt. Hins vegar er hlutur heimamanna hvergi fyrir borð borinn. Þeim er ætlað það verkefni að taka við orkunni, dreifa henni, reka

dreifistöðvar og dreifikerfi, að reka hitaveitur og vera þátttakendur í þeirri landsveitu sem lagt er til að komið verði á fót.

Nú mætti ætla að með slíka samþykkt sé mér erfitt að standa að því frv. sem hér liggur fyrir því að það er rétt að þetta frv. gengur að nokkru leyti gegn því sem hér er lagt til. Í frv. um Orkubú Vestfjarða er lagt til að eitt fyrirtæki annist bæði frumvinnslu raforkunnar og dreifingu hennar og jafnframt rekstur hitaveitna, þ. e. a. s. liðir 1 og 2 í því, sem ég las upp áðan, eru raunar sameinaðir á Vestfjörðum í eitt fyrirtæki. Fjórðungssamband Vestfjarða tók þessi mál fyrir fyrir um það bil 1½ ári og reið þar mjög myndarlega á vaðið. Skipulag orkumála á Vestfjörðum eru í ákaflega svipuðum vandræðum eins og víða um landið. Þar eru fjórar sjálfstæðar rafveitur auk Rafmagnsveitna ríkisins og því alveg ljóst að þar var endurskipulagning mjög nauðsynleg. Þetta sáu heimamenn og tóku sig því til og hrundu af stað þeirri athugun og þeim undirbúningi sem orðið hefur til þess að þetta frv. var samþ. Þetta frv. er sem sagt miðað við þær aðstæður sem eru á Vestfjörðum nú og jafnframt miðað við þá staðreynd að við eigum ekki samræmda, ákveðna stefnu í skipulagi orkumála þessarar þjóðar.

Þetta frv. er einnig miðað við það að Vestfirðirnir eru aðskildir meira en aðrir landshlutar frá orkukerfinu og mun vera lengra í land, því miður, að þangað fáist lína og samtenging. Því er að sumu leyti og öllu leyti raunar, á meðan samtengingin fæst ekki, erfiðara að sjálfsögðu að tryggja samrekstur orkuvera þar og þeirra orkuvera sem í öðrum hlutum landsins eru starfrækt. Á fund iðnn. mætti m. a. Aðalsteinn Guðjohnsen, formaður Sambands ísl. rafveitna, og lagði ég þá þessa spurningu fyrir hann. Hann kvað það vera sína skoðun, að rekstur orkuveranna ætti að vera sjálfstæður og sameinaður, eins og við leggjum til í till. sem ég las áðan, en hann taldi hins vegar að Vestfirðirnir væru undantekning af þeim ástæðum sem ég rakti áðan.

Mér sýnist því að þessi sameining á Vestfjörðum þurfi á engan máta, eins og nú er, að stríða gegn því sem lagt er til. Hins vegar legg ég á það ríka áherslu að ef slík stefna verður samþ. sem ég lýsti, þá ber að mínu mati að skoða mjög vandlega hvort Vestfirðirnir eigi ekki að falla inn í það kerfi einnig og þá stokkast upp það skipulag sem frv. um Orkubú Vestfjarða gerir ráð fyrir nú. Á þetta legg ég mikla áherslu, og þótt ég hafi ekki kosið að flytja um þetta till. eða ákvæði til bráðabirgða í frv. vil ég það komi skýrt fram hér.

Ég hef að sjálfsögðu ekki nema eitt markmið, og það er að Vestfirðirnir búi við þau hagstæðustu kjör sem hægt er að veita íslendingum í orkumálum. Ef þau kjör verða hagstæðari með þeirri sameiningu orkuframleiðslunnar sem við teljum forsendu hagkvæmra framkvæmda og rekstrar, þá eiga Vestfirðirnir að sjálfsögðu að njóta þess þótt þeir hafi riðið á vaðið og lagt til skipulag miðað við þær forsendur og aðstæður sem nú eru fyrir hendi.

Ég vil ekki hafa þetta mjög langt mál. Þó vil ég aðeins geta um tvær umsagnir sem komu til iðnn., sem hv. frsm. gat reyndar að nokkru, en ég vil fara um fáeinum orðum.

Ég gat því miður ekki verið á þeim fundi þar sem mættir voru þeir menn sem til voru kvaddir og nefndir hafa verið. Ég hef hins vegar rætt við þá flesta. Komið hafa fram atriði sem ég hef mjög hugleitt og mér finnst rétt að komi fram, og ekki síst þarf hæstv. ráðh. að hugleiða það þegar hann tekur mál þetta til framkvæmdar. Hjá formanni stjórnar Rafmagnsveitna ríkisins og einnig hjá formanni stjórnar Landsvirkjunar hefur komið fram ákaflega sterk og ákveðin athugasemd við þá eignatilfærslu sem gert er ráð fyrir.

Í frv. er ákveðið að ríkissjóður eigi 40% í Orkubúi Vestfjarða. Það er ákveðið án tillits til þeirra eigna sem gert er ráð fyrir að flytja á milli. Fyrir þessu er ekki talið vera fordæmi og þetta þurfi að skoða mjög vandlega lagalega, og get ég út af fyrir sig samþ. það. En hins vegar, eftir því sem ég hef hugleitt það meir, virðist mér að þetta þurfi ekki að vera til fyrirstöðu. Að sjálfsögðu eru Rafmagnsveitur ríkisins þjóðareign og er Alþ. heimilt að ráðstafa þessu á þann máta sem íbúum landsins er hagkvæmast. Ég get ekki fallist á að ákveðinn hluti landsins eigi ákveðinn hluta Rafmagnsveitna ríkisins. Ég tel þetta sameign og því erfitt að taka upp skiptingu í einhverju hlutfalli t. d. við íbúafjölda. Það er t. d. ljóst að vissir landshlutar hafa notið í rekstri hagkvæmari rekstrar annarra landshluta, þannig hefur verið flutt á milli. Það er eignartilfærsla. Því hef ég ekki að athuguðu máli getað fallist á þessar ábendingar þó að ég komi þeim hér á framfæri.

Hins vegar tel ég mér skylt að fara nokkrum orðum um grg. sem kom undirskrifuð af forstjóra Rafmagnsveitna ríkisins og skrifstofustjóra þeirrar stofnunar. Reyndar mun vera fyrirliggjandi töluvert ítarlegri skýrsla sem þessir starfsmenn og fleiri hafa tekið saman.

Mér finnst nú margt í þessari skýrslu einkennast af fordómum og þannig að mér þykir undarlegt, að slíkt skuli fram borið. Engu að síður er þar ábending sem er ákaflega nauðsynleg og menn verða að gera sér grein fyrir. Í útreikningum, sem fram komu í skýrslu þeirrar nefndar, sem undirbjó frv., og í frv. er gert ráð fyrir ákveðnu mati á eignum. Þetta er vefengt mjög sterklega, og ég vil — með leyfi forseta — lesa það. Þar segir: „Áður hefur verið minnst á að stofnkostnaður og skuldir, sem Orkubú Vestfjarða yfirtekur samkv. frv., sé pr. 31. des. 1974 946 millj. kr. Pr. 31. des. 1975 mun þessi tala vera mjög nálægt 1 milljarður 587 millj. kr. Ef yfirtaka fer fram í lok þessa árs, pr. 31. des. 1976, má lauslega áætla að hér sé um 1 milljarð 800 millj. kr. að ræða. Ef afborgun og vextir af þessari fjárhæð eru reiknaðir 18%, þá er hér fjármagnskotnaðarupphæð 324 millj. kr. Þó er Suður-Fossárvirkjun ekki meðtalin, en Orkubú Vestfjarða reiknar með henni til yfirtöku. Kostnaður virkjunarinnar ásamt tengingu við Vestfjarðakerfið mun vera nálægt 500 millj. kr. og fjármagnskostnaður af þessum sökum einum um 90 millj. kr. eða alls eftir yfirtöku um 414 millj. kr. Þrátt

fyrir niðurfellingu þessa fjármagnskostnaðar og enda þótt enginn rekstrarkostnaður sé talinn vegna þeirra mannvirkja, sem Orkubú Vestfjarða yfirtekur, kemur fram rekstrarhalli í áætlun þeirri að upphæð 299 millj. kr. Árið 1985 er reiknaður halli orðinn alls 727 millj. kr. án vaxta af þeim skuldum sem þannig skapast. Með 12% vöxtum er þessi halli þá orðinn um 1400 millj. kr. og ársvextir um 150 millj. kr.

Hér er þó ekki öll sagan sögð um það fjárhagsfen sem vestfirðingar hætta sér út í með stofnun Orkubús Vestfjarða. Í áætlun Orkubús Vestfjarða um rekstrarafkomu að slepptum áðurnefndum fjármagnskostnaði, 414 millj. kr., er reiknað með fjármagnskostnaði nýrra mannvirkja aðeins 12%, 40 ára lán. Ef hér er reiknað raunsærra, miðað við 18%, eykst útgjaldabyrði um nálægt 317 millj. kr. á ári. Halli Orkubús Vestfjarða er sem áður segir í grg. Orkubús Vestfjarða talinn verða 299 millj. kr. árið 1978, en ætti að reiknast 299 + 414 + 317 + 90 = 1120 millj. kr. samtals á því ári.“

Þetta er svo ljótur lestur að mönnum hlýtur að hrylla við. Ekki vil ég standa að því að beina vestfirðingum inn í slíkt öngþveiti sem þarna er lýst. En ég vil vekja athygli á því að þetta er ekki heldur fallegur dómur um rekstur Rafmagnsveitna ríkisins, því rekstur Rafmagnsveitna ríkisins á þessu svæði verður sannarlega ekkert arðbærri heldur en rekstur Orkubús Vestfjarða, og ég fæ raunar ekki betur séð en að með því frv., sem nú liggur fyrir, sé þó stefnt að meiri hagkvæmni. Stefnt er að sameiningu beirra rafveitna, sem fyrir eru, og þar m. a. stefnt að því, sem ég tel mikilvægasta ákvæði þessa frv., að sameina á einni hendi rekstur hitaveitna eða fjarhitastöðva og raforkudreifingu. Þar næst miklu betri nýting á raforkunni heldur en fæst eins og nú er þegar þetta er á fjórum höndum og auk þess hitaveitur sérstaklega í höndum einstakra sveitarfélaga. Ég get því á engan máta séð að þessi afkoma verði lakari með því skipulagi, sem lagt er til, heldur hljóti hún að verða betri. En þetta er mjög athyglisvert og vekur menn til umhugsunar um það að víða hlýtur að vera pottur brotinn í rekstri Rafmagnsveitna ríkisins, ef slíkt ástand er á Vestfjörðum, og sannarlega mjög verðugt til umhugsunar. Hitt er svo alveg ljóst, að það er að sjálfsögðu ekkert vit í því fyrir vestfirðinga að taka við þessu feni ef það á allt að fylgja. Það er alveg ljóst að gera þarf upp dæmið við Rafmagnsveitur ríkisins og það sem verða eignir að yfirfærast á þann máta að rekstrargrundvöllur sé fyrir hendi.

Ég beitti mér þess vegna fyrir því í n. að 1. gr. frv. var breytt í heimild. Ég þorði ekki — ég segi það í hreinskilni — að standa að því að festa í lög að þetta skuli gert, því að þetta er algjörlega háð því að þeir samningar náist við ríkisvaldið um yfirtöku eigna Rafmagnsveitna ríkisins sem skapa Orkubúinu rekstrargrundvöll. Án þess að það fáist er ekkert vit í að leggja í það fyrirtæki. En þá er einnig ekki síður nauðsynlegt að stokka upp rekstur Rafmagnsveitna ríkisins.

Ég vona að þessi orð hafi í fyrsta lagi skýrt mína afstöðu og einnig skýrt málið nokkuð. Ég vona að þetta frv. fái framgang á þessu þingi. Ég tek enn einu sinni fram að þetta er að mínu mati það skásta skipulag sem við eigum kost á á Vestfjörðum eins og nú er ástatt. En ég legg á það ríka áherslu aftur að þetta skipulag beri að endurskoða ef annað skárra verður upp tekið hjá þjóðinni almennt.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég lýsti því við 1. umr. þessa máls og ég vil ítreka þá skoðun mína við 2. umr., að með samþykkt þessa frv. er tvímælalaust mikilvægt spor stigið fram á við, og það á einkum við vegna þess, að hér er verið að sameina margar smáar rafveitur á Vestfjörðum, og þá alveg sérstaklega vegna þess, að hér er ætlunin að ráðast með sameiginlegu átaki í mjög nauðsynlegar framkvæmdir á Vestfjörðum, þar sem eru hitaveituframkvæmdirnar og bygging fjarvarmaveitna þar sem óvissa ríkir um hvort heitt vatn fæst úr jörðu eða ekki.

En ég vil einnig ítreka hér það sjónarmið, sem ég setti fram við 1. umr. málsins, að samþykkt þessa frv. má ekki verða til þess að valda enn meiri ringulreið en orðin er í skipulagi raforkumála. Það eru tvímælalaust allt of margir aðilar hér á landi sem fást við rannsóknir og undirbúning að byggingu stórvirkjana. Það er alveg rétt, sem fram kom hjá hv. þm. Steingrími Hermannssyni áðan, að gamla raforkumálaskrifstofan hefur verið klofin í tvennt og ástandið hefur verið þannig nú á undanförnum árum, t. d. hvað snertir virkjanir á Norðurlandi, að starfsmenn Orkustofnunar hafa verið á einni hæðinni að banna ákveðnar rafvirkjanir á Norðurlandi á nákvæmlega sama tíma og starfsmenn Rafmagnsveitna ríkisins hafa verið að hanna þessar sömu rafvirkjanir. Þar við bætist svo að þriðji aðilinn, þ. e. a. s. Laxárvirkjunarstjórn, á lögum skv. að hafa frumkvæði um orkuöflun á Norðurlandi og hefur því haft hugann við þessi verkefni. Og fjórði aðilinn, þ. e. a. s. Landsvirkjun, er einnig mjög virkur aðili að virkjanarannsóknum, einkum á Suðvesturlandi, og hefur marga starfsmenn sem vinna að því verkefni.

Ég tel að það megi ekki gerast að með samþykkt þessa frv. sé verið að stíga spor aftur á bak í þá átt að auka ringulreiðina í skipulagi raforkumála. Einnig er hitt, að of mikill verðmunur er á raforku hér á landi og hefur verið lengi. Ég bendi á það, að notandi rafmagns hér í Reykjavík borgar um þessar mundir liðlega 10 kr. fyrir hverja kwst., en notandi rafmagns á Vestfjörðum, Norðurlandi eða Austfjörðum, sem fær rafmagn frá Rafmagnsveitum ríkisins, borgar tæpar 16 kr. fyrir kwst. Þetta er að sjálfsögðu þegar bæði fastagjaldið og einingargjaldið er reiknað saman. Sem sagt, viðskiptavinir Rafmagnsveitna ríkisins verða að láta sér lynda að borga liðlega 50% hærra orkuverð, og þetta er að sjálfsögðu ástand, sem er algjörlega óþolandi. Ég tel hættu á því að með samþykkt frv. eins og hér er á ferðinni, frv.

um Orkubú Vestfjarða, geti vestfirðingar átt það á hættu að verðmunurinn milli þess raforkuverðs, sem Orkubúið býður þeim, og svo aftur verð þess hér í Reykjavík, verði enn meiri en nú er. Ég bendi á það að vestfirðingar eiga enga verulega stóra virkjun, enga verulega hagkvæma virkjun sem framleiðir orku með sambærilegu verði og stóru virkjanirnar hér á landsvirkjunarsvæðinu eða virkjanir sem eru fyrirhugaðar, t. d. á Norðurlandi Kröfluvirkjun eða Blönduvirkjun eða aðrar virkjanir þar sem virkjunarkostnaður á kwst., þegar virkjunin er fullnýtt, er áætlaður milli 1.50 kr. og 1.80 kr. á núverandi verðlagi. Slíkir virkjunarvalkostir eru ekki til á Vestfjörðum. Ég tel því æðimikil rök fyrir því og ekki að ástæðulausu að óttast að um verði að ræða stórhækkun raforkuverðs á Vestfjörðum nema aðrar aðgerðir til verðjöfnunar komi til og þá þurfi þær að vera æðimiklar.

Ég tek líka undir það, sem fram kom í álitsgerð Rafmagnsveitna ríkisins og lesið var upp áðan af hv. þm., að mér er ekki fyllilega ljóst hversu djúpt það er, fjárhagsfenið sem vestfirðingar kynnu að vera að fara út í, nema þeir nytu miklu betri kjara í viðskiptum sínum og uppgjöri við Rafmagnsveitur ríkisins en nú eru horfur á.

Ég tek líka undir þau ummæli, sem fram komu hér áðan og höfð voru eftir orkumálastjóra, að hann vildi gjarnan sjá hvert yrði skipulagið í öðrum landshlutum á raforkumálum áður en gengið yrði frá skipulagi orkumálanna á Vestfjörðum. Og ég bæti því við, að ég vildi helst af öllu sjá hvert yrði heildarskipulag raforkumála á öllu landinu. Ég viðurkenni hins vegar að þessi mál eru nokkuð sérstaks eðlis á Vestfjörðum.

Það má ekki einblína á raforkuöflunina og á raforkuhlið þessa máls. Ég tel að aðalatriði þessa frv. sé raunverulega það, að með samþykkt þess gefst óvenjulega gott tækifæri til að ráðast af krafti að stærsta og mikilvægasta verkefni þeirra vestfirðinga, að byggja upp hitaveitur eða fjarvarmaveitur á flestum þéttbýlisstöðum fjórðungsins. Ég tel að hvað þessa hlið málsins snertir sé það mjög til fyrirmyndar, og ég tel því ekki rétt að tefja framgang þessa máls eingöngu vegna þess að ég er ekki fyllilega ánægður með þá hlið málsins sem snýr að raforkuöflun og raforkudreifingu. Ég tel að sú hliðin, sem snýr að hitaveitunum, sé meginatriðið og að þó að skipulag raforkumálanna sé mjög óljóst enn og best hefði verið að koma þeim málum á hreint áður en frv. af þessu tagi hefði verið samþ., þá verðum við að bíta í það súra epli að það dregst eitthvað að koma þeim málum á hreint, og þá er ekki ástæða til að tefja framgang þess mikla nauðsynjamáls að hitaveitur séu byggðar á Vestfjörðum og hafinn sé undirbúningur að því stórverkefni þegar í stað. En ég legg á það sérstaka áherslu að sú hliðin, sem snýr að raforkuöfluninni á Vestfjörðum og felst í þessu frv., er bráðabirgðaskipulag. Ég tel því að eðlilegast væri að í frv. væri bráðabirgðaákvæði sem einmitt lyti að því að skipulag þessara mála væri ekki endanlegt. Ég mun því leyfa mér að flytja brtt. við 2. umr. málsins, svo hljóðandi, að aftan við frv. komi ákv. til brb., svo hljóðandi:

„Stefnt skal að því að endurskipuleggja skipan raforkumála á landinu öllu með það fyrir augum að allir landshlutar tengist saman í eitt orkuveitusvæði, en ein samstarfsstofnun ríkis og sveitarfélaga annist virkjunarrannsóknir og taki ákvarðanir um nauðsynlegar virkjanir og selji jafnframt rafmagn í heildsölu til dreifingaraðila á sama verði um land allt. Meðan þessi skipan raforkumála er ekki orðin að veruleika annast Orkubú Vestfjarða virkjanarannsóknir og byggingu og rekstur raforkuvera á Vestfjörðum, en með nýrri skipan raforkumála skal ráðh. beita sér fyrir endurskoðun þessara laga.“

Ég vona, að efni þessa bráðabirgðaákvæðis sé alveg fullljóst. Hér er í örstuttu máli dregin fram stefna Alþb. í raforkumálum. Við teljum sjálfsagt og eðlilegt að landshlutarnir séu allir tengdir saman og að eitt orkuöflunarfyrirtæki annist orkuöflunina, en um leið verði tryggt að rafmagnið sé selt í heildsölu á sama verði um land allt, og við teljum að það sé ekki mögulegt að tryggja þetta markmið öðruvísi en einn virkjunaraðili eigi í hlut. En ég vek athygli á því orðalagi, þar sem minnst er á þennan eina aðila, að þar er talað um samstarfsstofnun ríkis og sveitarfélaga. Við teljum að sjálfsögðu enga ástæðu til að slá því föstu að hér verði fyrst og fremst um ríkisfyrirtæki að ræða, heldur sjálfsagt og eðlilegt að þarna verði um að ræða einhvers konar samvinnufélag ríkisins annars vegar og landshlutasamtakanna hins vegar eða þá einfaldlega sveitarfélaganna.

Þessi stefna Alþb. hefur legið ljós fyrir um nokkurt skeið, og ég fagna því mjög að þetta sjónarmið virðist eiga ákveðna formælendur í fleiri flokkum en Alþb. T. d. kom það mjög skýrt fram að miðstjórnarfundur Framsfl. hefur nú um helgina gert samþykkt í raforkumálum sem er nákvæmlega eins í öllum meginatriðum. Það er því ljóst að þessi stefna á sér marga formælendur. Ég leyfi mér að vona og er reyndar fullviss um að þessi stefna á einnig ýmsa talsmenn í Sjálfstfl. Ég geri ráð fyrir því að Alþfl.-menn séu mjög svipaðrar skoðunar. Og ég harma það ef þróun mála hvað snertir skipulag raforkumála á eftir að þróast í átt til vaxandi ringulreiðar, enda þótt flest bendi til þess að meiri hl. Alþ. vilji stefna í allt aðra átt. Ég vil leyfa mér að vona að þeir hv. þm., sem eru efnislega fylgjandi því sjónarmiði sem fram kemur í þessu bráðabirgðaákvæði, styðji og stuðli að samþykkt þess. Ég er að sjálfsögðu reiðubúinn til að draga þessa brtt. aftur til 3. umr. ef einhver von væri um að samkomulag gæti um hana tekist eða óskir kæmu fram um að hún yrði tekin til nánari skoðunar, og leyfi mér að ljúka, herra forseti, að leggja hana fram sem skriflega brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 708) samþ. með 13 shlj. atkv.

Ingi Tryggvason: Herra forseti. Frv. það til l. um Orkubú Vestfjarða, sem hér er til 2. umr. í hv. Ed. hefur, eins og fram hefur komið í ræðum manna hér, verið til umfjöllunar í iðnn. Ed. og allir iðnnm. hafa skrifað undir nál. sem í sér felur þó nokkra breyt. á frv. frá því sem áður var, — þá breyt., að í stað þess að frv. gerði upphaflega ráð fyrir að ríkissjóður Íslands og sveitarfélög á Vestfjörðum skyldu setja á stofn orkufyrirtæki, þá er þessu orðalagi breytt þannig að ríkissjóði Íslands og sveitarfélögum á Vestfjörðum skal heimilt að stofna orkufyrirtæki o. s. frv.

Ég vil strax segja frá því hér, að þessi orðalagsbreyting hafði veruleg áhrif á afstöðu mína til þessa frv., vegna þess að þrátt fyrir verulega umfjöllun í iðnn. og þrátt fyrir allítarlegar umr. hér á hv. Alþ. um þetta frv., þá er ég ekki í raun og veru enn þá sannfærður um að þetta sé rétta lausnin á orkuvandamálum vestfirðinga. Hins vegar álít ég að í sjálfu sér sé það skipulag, sem hér er gert ráð fyrir, til fyrirmyndar og mér finnst líklegt að svipað skipulag á orkumálum landsmanna allra væri heppilegt. Ég ákvað þess vegna, þrátt fyrir það að ég teldi að betra væri að hafa heildarskipan þessara mála yfir allt landið, að styðja að því að þetta frv. næði fram að ganga. Ég vil taka það skýrt fram að þau vandkvæði, sem kunna að vera á því að þetta mál nái fram að ganga eða þetta mál verði hæfileg lausn á orkuvandamálum Vestfjarða, eru miklu fremur því bundin, að svona fyrirkomulag kunni að verða of dýrt fyrir vestfirðinga sjálfa, heldur en að þetta skipulag skaði landið að öðru leyti með tilliti til skipulagsmála í þessu efni. En ég álít að það sé mjög nauðsynlegt, ef kemur til heildarskipulags á þessum málum, að þá gangi vestfirðingar inn í það skipulag. Við nánari athugun sýnist mér að nauðsynlegt sé að athuga hvort ekki sé þörf á að gera nokkra breyt. á 15. gr. frv., þar sem segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Þegar eftir gildistöku laga þessara skal iðnrh. gangast fyrir að sameignarsamningur sé gerður milli aðila og stofnfundur fyrirtækisins haldinn skv. reglum 9. gr., eftir því sem við á. Skal þessu lokið á árinu 1976.“ Mér finnst að þarna sé nokkuð fast að orði kveðið miðað við orðalag 1. gr., og ég vil mælast til þess að eftir 2. umr. verði þetta atriði tekið til athugunar í n. með það fyrir augum að breyta hugsanlega orðalagi þessarar greinar svo að það samræmist betur en mér finnst nú vera orðalagi 1. gr. Og þá hefði mér þótt eðlilegt líka að viðaukatill. Ragnars Arnalds yrði tekin til athugunar í nefndinni.

Ég ætla ekki að tefja hv. þdm. með löngu máli um þetta, en þó get ég ekki stillt mig um að láta þess getið að ég tel mjög mikla nauðsyn á því að hraðað verði heildarskipulagningu raforkumála, bæði hvað snertir raforkuöflun og raforkudreifingu, og vil í því efni vísa til nýgerðrar samþykktar á miðstjórnarfundi Framsfl. sem reyndar hefur verið lesin hér upp. Ég held að þessi mál séu orðin svo brýn og það sé orðið svo ljóst hversu brýn þau eru, að mikil nauðsyn sé að gengið sé rösklega til verka um lausn þeirra.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég hlýt í upphafi máls míns að óska vestfirðingum til hamingju með ýmis grundvallaratriði í lagafrv. því sem hér er fjallað um núna. Ég varð strax við lestur þess og fylgiritsins, sem frv. fylgdi til okkar þm., hugfanginn af ýmsum atriðum þessa máls, m. a. mjög svo frumlegri lausn og lýðræðislegri á eignaraðildarvandamálinu, svo að aðeins eitt atriði sé nefnt. Mér er það ljóst að meðal vestfirðinga hefur náðst mjög mikil samstaða um þetta mál og gleðileg samstaða og raunar langt umfram það sem maður hefur átt að venjast þegar um þess háttar mál er að fjalla milli byggðarlaga með mismunandi aðstæður og mismunandi sjónarmið.

Ég vil á engan hátt tefja afgreiðslu þessa máls eða bregða fyrir það fæti. Hitt fór ég ekki dult með í iðnn. né heldur vil ég gera það núna, að ég hefði gjarnan viljað að lengri tíma hefði verið varið til undirbúnings þessa máls. Í meðferð n. komu ýmsir annmarkar í ljós, sem auðvelt hefði átt að vera að sneiða hjá, ýmsir agnúar sem hefði verið æskilegt að nema burt. Loks er það, að mér þykir að ekki hafi verið með öllu unnið nógu varlega að undirbúningi að hinni efnahagslegu hlið þessa frv. Það kemur t. d. í ljós að ekki hafði verið haft samráð við Rafmagnsveitur ríkisins, þessa stofnun sem er ekki ómerkilegri en svo, að hún á nú meiri hl. í þeim eignum sem hér er um að véla á Vestfjörðum.

Í þessu riti, fylgiriti sem við þm. fengum með frv. og ég lýsti áðan yfir ánægju minni með — ég ítreka það að ég hafði gott af því að lesa þetta rit, mér fannst það uppbyggilegt og ýmislegt, sem þar kemur fram, ákaflega athyglisvert — þar eru útreikningar sem voru vefengdir á nefndarfundi hjá okkur af form. Rafmagnsveitna ríkisins, framkvæmdastjóra og skrifstofustjóra. Ég tek undir það sem áður hefur verið sagt hér um skjöl sem þeir RARIK-menn lögðu fram á nefndarfundinum, að mér þótti ekki orðalag eða ýmsar aths. þar með öllu vingjarnlegar. En þó er þetta nú svo, að þegar skakkar t. d. í útreikningi á rekstrarkostnaði hins fyrirhugaða orkuhús árið 1978 svo mjög sem raun ber vitni hérna, að annars vegar reikna aðstandendur frv. með 299 millj. kr. rekstrarhalla, en sérfræðingar RARIK reikna þarna út 1120 millj. kr. rekstrarhalla þá hefði ég viljað að okkur hefði gefist tími til að láta fara ofan í þessa útreikninga aftur af þriðja aðila og fá grg. m. a. um það nákvæmlega í hverju skakkar þarna í útreikningunum og þá jafnframt fá áætlun um það með hvaða hætti hið nýja fyrirtæki, Orkubú Vestfjarða, eigi að yfirtaka eignir Rafmagnsveitna ríkisins á þann hátt að skuldirnar, sem eignunum fylgja, verði vestfirðingum ekki ofviða að rísa undir þeim og jafnframt á þann hátt að hið illa stæða fyrirtæki, Rafmagnsveitur ríkisins, verði ekki látið sitja uppi með skuldirnar, en svipt þessum eignum þannig að þessar skuldir færist þá yfir aðra þá sem eftir sitja með Rafmagnsveitur ríkisins.

Hv. frsm., Þorv. Garðar Kristjánsson, gerði — og lagði á það mjög mikla áherslu í lok ræðu sinnar — ítarlega grein fyrir þörf vestfirðinga fyrir, ef til þess kemur að komið verði

á heildarskipulagi raforkumála fyrir landið allt, að fá aðild að heildardreifikerfinu, þar sem miðað yrði við það að raforka yrði seld á einu og sama verði um landið allt, ef slíkt reyndist hagkvæmara fyrir vestfirðinga heldur en að *búa að sínu orkubúi, einkaorkubúi, sérstaklega.* Það er náttúrlega því við að bæta, að ef vestfirðingar ætla sér að njóta hagnaðar af Landsvirkjun eða landsveitu á raforku, þá verða þeir að takast á herðar nokkrar skyldur gagnvart því fyrirtæki einnig. Má þá ætla að miða þurfi skipulag orkubúsins við það að auðvelt verði fyrir orkubúið að gerast aðili að þessu landsfyrirtæki.

Ég undirritaði nál., þar sem mælt er með samþykkt frv., án nokkurs fyrirvara. Ég er þeirrar skoðunar að breyt., sem gerð var á 1. gr. frv., þar sem kveðið er á um það, að hér sé um heimildarlög að ræða, skýrar en hv. frsm., Þorv. Garðar Kristjánsson, gerði grein fyrir að verið hefði í frv. í hinni upprunalegu mynd — þessi breyt. gerir það að verkum að hér sé ekki lagt í neina áhættu að þessu leyti. Það er á valdi yfirstjórnar orkumála og síðan vestfirðinganna sjálfra, sem hér eiga mest í húfi, og á valdi Rafmagnsveitna ríkisins að haga svo málum að til hagsbóta verði ekki aðeins fyrir vestfirðinga, heldur verði einnig tekið tillit til hagsmuna annarra aðila.

Ég get tekið undir gagnrýni hv. þm. Inga Tryggvasonar á 15. gr. Ég held að rétt sé að taka hana til athugunar í n. með tilliti til hinnar breyttu 1. gr., og gefst þá jafnframt tækifæri til þess að fjalla um brtt. Ragnars Arnalds.

Ég ítreka svo aðeins þetta í lokin, að ég tel nauðsynlegt að þannig verði um hnútana búið af hálfu löggjafans að auðvelt verði fyrir vestfirðinga að gerast aðilar að því stóra landsfyrirtæki sem koma þarf til framleiðslu á orku og til orkurannsókna, — búið svo um hnútana að þetta lagafrv., sem við fjöllum um hér, verði síst til þess að torvelda það að slíkt heildarfyrirtæki megi komast á á landinu. Ég tel að samþykktir þær um raforkumál, sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson gerði grein fyrir að samþ. hefðu verið á miðstjórnarfundi Framsfl. og greinilega eru teknar upp úr samþykkt Alþb. um raforkumál, — ég tel, að þessar samþykktir horfi til hins betra, og ég vildi gjarnan að þessar samþykktir fengju að setja örlitinn blæ á þetta lagafrv. sem hér liggur fyrir.

ATKVGR.

Brtt. 649 samþ. með 11 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—17. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 708 tekin aftur til 3. umr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með shlj. atkv.

Fjölbýlishús, frv. (þskj. 665). — 3. umr.

Frsm. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frá 2. umr. málsins hefur mér verið bent á af lögfróðum mönnum að nauðsynlegt muni reynast, til þess að umrætt frv., ef að lögum verður, haldi sem bestu gildi, að aftan við 7. gr. bætist orðin: „enda sé fullnægt skilyrðum laga um skráningu og mat fasteigna.“ Þetta er talið nauðsynlegt til samræmis við aðrar gr. frv. þar sem einnig er vitnað til umræddra laga.

Ég hef ekki haft aðstöðu til þess að bera þessa breytingu undir félmn., en leyfi mér að flytja hana sem einstaklingur og hafandi verið frsm. fyrir n. Brtt. er skrifleg og of seint fram komin og ég vil óska þess við forseta að hann leiti afbrigða fyrir till.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 711) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 711 samþ. með 14 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv. og afgreitt til Nd.

Saltverksmiðja á Reykjanesi, frv. (þskj. 376, n. 651). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Iðnn. þessarar d. hefur haft til meðferðar frv. til l. um saltverksmiðju á Reykjanesi og skilar áliti á þskj. 651. Þar mælir meiri hl. iðnn., allir nm. nema einn, með samþykkt frv. með þeim breytingum sem þar koma fram og ég mun gera lauslega grein fyrir síðar.

Ég vil geta þess í upphafi, eins og fram kemur í grg. þessa frv., að þetta mál er búið að vera lengi í meðferð. Fyrst var rannsókn á salti framkvæmd hjá Raforkumálaskrifstofunni og var þá Krýsuvík höfð í huga. Var þá reiknað með 50 þús. tonna framleiðslu. Hún reyndist ekki hagkvæm, einkum vegna þess að kostnaður var ákaflega mikill við að dæla sjó upp Krýsuvíkurbjarg og til Krýsuvíkur. Nokkru síðar vakti Baldur Líndal verkfræðingur athygli á því að aðstaða mundi vera stórum betri suður á Reykjanesi þar sem jarðhiti er mikill og auk þess vatn í þeim jarðhita mjög mengað af sjó, ef við getum kallað það svo, svo mjög að gjarnan er það vatn nefnt jarðsjór.

Rannsóknaráð ríkisins ákvað að standa að athugun á þessu og var fyrsta athugunin gerð 1966 með því að fá þá verkfræðingana Vilhjálm Lúðvíksson og Baldur Líndal til þess að gera frumkönnun á þessu svæði á Reykjanesi. Þeir gerðu það með miklum ágætum, efnagreindu þetta vatn og gerðu sér grein fyrir hinum ýmsu eiginleikum þess. Í ljós kom að þessi jarðsjór er í fyrsta lagi sjór sem hefur misst um það bil 40% af vatnsinnihaldi sínu og er þess vegna með töluvert meira innihald salts og annarra fastra efna en sjór, en auk þess hafa orðið veruleg efnaskipti við ferð sjávarins í gegnum hin neðri jarðlög, dottið út ákveðin efni, en önnur aukist. Er það mest áberandi að magnesíum fellur út, en kalsíumklóríð hefur aukist töluvert og sömuleiðis kali. Að vandlega athuguðu máli var talið að þarna gæti verið grundvöllur

til framleiðslu á salti og e. t. v. einhverjum öðrum hliðarefnum.

Var þá ráðist í næsta skref þessara rannsókna og gerð athugun á hagkvæmni 150 þús. tonna saltverksmiðju á Reykjanesi. Í ljós kom að saltverksmiðja af þeirri stærð mundi vera alveg á mörkum, en hins vegar kom þá einnig í ljós að það mundi vera æskilegt að framleiða þarna önnur hliðarefni sem til falla við þessa framleiðslu, fyrst og fremst kalsíum, klóríð, kalí og brómíum. Fleiri efni falla þarna til, en í töluvert minna magni og ekki talið arðbært að vinna. Haldið var síðan áfram þessum rannsóknum stig af stigi og að lokum stöðvast við 250 þús. tonna saltverksmiðju sem Rannsóknaráð skilaði um ítarlegri skýrslu í júlí 1972 og ég er með hér.

Þá vil ég geta þess, að í þessu sambandi öllu voru framkvæmdar ítarlegar hliðarrannsóknir. M. a. hafði Orkustofnun með höndum mjög ítarlega rannsókn á orkusvæðinu, og í þessu tilfelli var Orkustofnun ákaflega treg til að láta í té umsögn um orku svæðisins fyrr en hún hefði fengið að bora mjög mikið. Á hennar vegum voru boraðar samtals 8 holur og þar af 3 vinnsluholur. Mér fannst þetta töluvert mikið í lagt á sínum tíma, en ég er sannfærður um að þetta var rétt. M. a. kom í ljós að þetta orkusvæði var svo frábrugðið því, sem þeir höfðu þekkt áður, að þeir töpuðu tveimur vinnsluholum, þær hrundu saman. Það var ekki fyrr en tekin var upp sú aðferð að fóðra holu niður í botn að síðasta holan stóð og stendur enn og blæs með miklum krafti. Ég held satt að segja að víðar á orkusvæðum okkar hefði mátt hafa svo vandlega athugun áður en ályktun er gerð og álit gefið.

Ég vil einnig geta þess, að í þessu sambandi var leitað til erlendra aðila um markaðshlið þessa máls, m. a. samið við fyrirtækið Sviss Battelle Institute sem tók að sér sérstaka rannsókn á markaði fyrir kalsíumklóríð og kalí. Einnig fékkst tækniaðstoð Sameinuðu þjóðanna og hingað til lands ágætur kanadískur sérfræðingur sem starfaði að markaðsathugun í marga mánuði, ferðaðist víða um Evrópu og Norður-Ameríku og skilaði mjög ítarlegri skýrslu um söluhorfur á þeim efnum sem þarna er um að ræða.

Því nefni ég þetta nú hér, að vísu aðeins í fáum orðum, til þess að menn geri sér grein fyrir því að þessi athugun öll var mjög ítarleg. Þá er einnig eðlileg sú spurning, sem komið hefur fram: Hvers vegna er nú nauðsynlegt að byggja tilraunaverksmiðju? Er þessari rannsókn ekki lokið? Í þessu sambandi öllu verður að gæta þess að hér er um að ræða vinnslu úr jarðsjó sem mun ekki eiga sinn líka annars staðar í heiminum. Salt og ýmis föst efni eru að vísu unnin víða úr saltlegi, sem kallað er á ensku brine, en yfirleitt eru þessir legir með mjög mismunandi eiginleikum, sumir súrari, en aðrir basískari, sums staðar mikil útfelling og tæring mikil, og þessi lögur, sem er á jarðhitasvæði, mun ekki eiga sinn líka annars staðar þar sem við höfum getað fengið um upplýsingar. Það var því alveg ljóst í upphafi að einn mikill og kostnaðarsamur liður í þessu yrði ítarleg könnun á því hver útfelling og tæring yrði við frumstig þessarar vinnslu sem er að losna við vatnið úr jarðsjónum og fá mettaðan lög hinna föstu efna. En ekki var talið rétt að ráðast í þá kostnaðarsömu tilraun nema í mjög litlum mæli. Það var gert í mjög litlum tækjum, sem kostuðu lítið, aðeins til að fá frumhugmyndir. En ekki var talið rétt að leggja í heildartilraun fyrr en málið hefði fengið enn nákvæmari athugun.

Því var skilað um þetta skýrslu, eins og ég sagði áðan, árið 1972, sem fór til iðnrrn. sem lét framkvæma mjög ítarlega endurskoðun á þessu, bæði verkfræðilega endurskoðun og hagfræðilega endurskoðun. Skýrslur bárust frá þeim aðilum sem þetta framkvæmdu, annars vegar Þjóðhagsstofnun og hins vegar Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens, ásamt amerískum sérfræðingum á sviði eimingartækni, og var það sameinað í skýrslu iðnrn.: „Saltverksmiðja á Reykjanesi", sem kom út í mars 1974. Í þeirri skýrslu eru niðurstöður Rannsóknaráðs að öllu leyti staðfestar og að sumu leyti jafnvel markaðshorfur taldar betri en þar.

Þá vil ég nefna það sem þarna á að framleiða.

Gert er ráð fyrir því að framleiða 250 þús. tonn af salti, en um þetta salt verð ég að fara nokkrum orðum því mér fannst í n. koma fram töluverður misskilningur á eiginleikum þessa salts. Salt og salt getur verið tvennt ákaflega ólíkt. Salt það, sem unnið er með sólarorku með uppgufun, inniheldur öll önnur föst efni sem falla til botns þegar vatnið gufar upp. Það getum við kallað óhreint salt. En það er hins vegar nógu gott til þess að nota t. d. í saltfisk og margt fleira. Hins vegar ef nota á saltið til iðnaðarframleiðslu, til framleiðslu á t. d. klóri, sem notað er hins vegar í plastiðnað, þá verður saltið að vera hreint og þá er þetta salt tekið, það leyst upp og eimað á mjög svipaðan máta og ætlunin er að gera hér, þannig að önnur föst efni, sem í því eru, eru felld út. Þetta er ákaflega mikilvægt atriði. Það salt, sem hér er verið að tala um að vinna, er þetta hreina iðnaðarsalt sem er í þrefalt hærra verði á heimsmarkaði heldur en hið — ja, ég vil kalla það óhreina eða ósundurskilda salt, heldur en salt jarðar, mætti segja.

Hins vegar má nota þetta salt í saltfiskverkun. Með það voru gerðar tilraunir. Segja má, að það sé óþarflega hreint, og kom í ljós við þær tilraunir að það var galli að missa viss efni burt. Var það lagað með því að blanda þeim í, einkum kalsíum klóríði, sem fæst í ríkum mæli við þessa framleiðslu einnig. Er unnt að fá þannig að mati Rannsóknastofnunar Fiskifélagsins fyrsta flokks salt. Þó þarf einnig að breyta kornastærð, það er of fínt þetta salt sem þarna fæst, og er það gert með því að þjappa það saman og mala það síðan aftur með slíkri íblöndun, þjöppun og mölun. Er þá framleitt mjög gott salt til saltfisks framleiðslu, og er gert ráð fyrir því í þessum áætlunum að um það bil 50 þús. tonn renni til slíks.

Nokkuð hefur verið á það deilt að saltið til innanlandsframleiðslu hefur verið verðlagt töluvert hærra heldur en saltið sem flutt er út.

Vissulega hefur þessi íblöndun og þjöppun og mölun aukinn kostnað í för með sér, það er ljóst. En hitt skal viðurkennt, að við verðlagningu á þessu salti var tekið jafnframt mið af innfluttu salti og verðið sett þar aðeins neðar. Þannig má segja að með þessari sölu innanlands, þó hún sé til hagsbóta fyrir saltfisksframleiðendur, með nokkru verið að greiða niður það salt sem fer til útflutnings, skiptingin er á þann veg.

Auk þessa salts er gert ráð fyrir að framleiða þarna um 67 þús. tonn af kalsíumklóríði, um 24 þús. tonn af kalí og kringum 700 tonn af brómi.

Við markaðsathuganir á þessu kom í ljós að kalíið og brómið er mjög vel seljanlegt, en kalsíumklóríð er erfiðara með. Þó fengust tilboð frá Svíþjóð og reyndar víðar um kaup á nokkru magni af kalsíum klóríði.

N. hafði betta mál til meðferðar og fékk á sinn fund bæði Vilhjálm Lúðvíksson og Baldur Líndal. Var þar upplýst það sem nm. vildu um undirbúning málsins og málið sem slíkt. Þar voru einnig lögð fram mikil gögn um þessa verksmiðju, bæði skýrslur, sem ég er með hér, og miklu meira, m.a. bréfaskriftir, sem fram fóru meðan málið var hjá iðnrn., við ýmsa norræna aðila, t.d. aðila eins og Norsk Hydro og Boligen í Svíþjóð og fleiri stóra innflytjendur salts og annarra slíkra jarðefna sem hér um ræðir. Kom þar fram mjög eindregin þeirra skoðun að framleiðsla þessarar verksmiðju væri vel seljanleg, að sjálfsögðu ef framleiðsluverðið er samkeppnisfært. Vitanlega er það háð því.

Að þessu öllu undangengnu hefur sem sagt hæstv. iðnrh. ákveðið að beita sér fyrir því að síðasta skrefið í þessari tilraun, — á það legg ég áherslu, þetta er tilraun enn, — verði stigið, þ. e. a. s. byggð tilraunaverksmiðja á Reykjanesi. Um hana hefur verið gerð kostnaðaráætlun og er hún upp á 137.6 millj. kr. Það er raunar meira en kostnaðurinn við byggingu tilraunaverksmiðjunnar, þar er líka rekstur, áætlanagerð o. fl. Gert er ráð fyrir því að með þessari tilraunaverksmiðju verði rannsakað fyrsta skrefið, að losna við vatnið úr jarðsjónum og metta hann. Það er það skref sem er hættulegast með tilliti til tæringar og viðkvæmast með tilliti til allra hitaflata, hvað þeir þurfa að vera stórir o. s. frv. og úr hvaða efni þeir þurfa að vera. Gert er ráð fyrir því að með þessari tilraun fáist allar nauðsynlegar hönnunarforsendur. Tilraunaverksmiðjan gengur sem sagt ekki lengra en að framleiða þennan mettaða jarðsjó. Það er ekki ætlunin að halda áfram og fella út efnin. Það er tækni sem er vel þekkt og er engum vandkvæðum bundin.

Ég tel þannig að enn sé haldið áfram á þeirri braut, sem upphaflega var mörkuð, að undirbúa þetta mál sem allra best. N. taldi hins vegar rétt að leggja nokkru meiri áherslu á það en fram kemur í frv. að hér er um undirbúningsfélag að ræða, ekki endanlegt félag. Okkur fannst þetta geta valdið misskilningi, það orðalag sem í frv. er. Við leggjum því fram brtt. á þskj. 651.

Fyrsta brtt. við frv. er við fyrirsögn þess og er liður nr. 3 í brtt. Lagt er til að fyrirsögnin verði: „Frv. til l. um undirbúningsfélag saltverksmiðju á Reykjanesi.“

Í öðru lagi þá gerir n. ráð fyrir breytingu á 3. gr. sem eru ekki efnislegar, en draga betur fram það verkefni félagsins að vanda undirbúning þessara framkvæmda og saltverksmiðjunnar. N. leggur til að upphaf gr. verði orðað svo: „Hlutafélagið skal láta endurskoða þær niðurstöður sem fyrir liggja. Það skal framkvæma eða láta framkvæma hvers konar viðbótarrannsóknir sem það telur nauðsynlegar til undirbúnings að byggingu og rekstri saltverksmiðju, m.a. skal félagið láta reisa og reka tilraunaverksmiðju. Þá skal undirbúningsfélagið láta framkvæma ítarlegar markaðsathuganir“ o. s. frv. óbreytt frá því sem nú er.

Þetta er efnislega með öðrum orðum eins, en þarna er sérstaklega dregið fram að endurskoða enn einu sinni það sem fyrir liggur og ég vil ekki síður leggja áherslu á að láta framkvæma markaðsathuganir, því þótt þær séu ítarlegar, eins og ég lýsti áðan, og hafi raunar stöðugt verið í gangi, þá eru á þessum sviðum miklar breytingar í allri efnaframleiðslu og nauðsynlegt að hafa þær nýjustu fyrir hendi þegar endanleg ákvörðun verður tekin um þessa verksmiðju.

Þá er samkvæmt ábendingu frá Náttúruverndarráði lagt til að skotið verði inn í 7. gr. orðinu „náttúruvernd“ á undan „mengunarvarnir og öryggi, heilbrigði“ o. s. frv., þ. e. a. s. í þá upptalningu, sem þar kemur fram, er skotið inn orðinu „náttúruvernd“.

Þá vil ég geta þess, að leitað var umsagna um þetta frv. hjá Iðnþróunarstofnun og Samtökum sveitarfélaga á Suðurnesjum og eru þær umsagnir báðar jákvæðar. Iðnþróunarstofnun getur þess að það kunni að vera óþarfi að hafa þetta hlutafélag. Á það get ég fallist, en ég leitaði óformlega álits sveitarstjóra á Suðurnesjum um það atriði og taldi hann alls ekki ólíklegt að sveitarfélög þar vildu taka þátt í þessu félagi með einhverjum smáhlut, og mér finnst alls ekki saka að það sé opið. Ég hef því fyrir mitt leyti og þeir, sem undir þetta nál. skrifa, ekki lagt til að á því verði gerð breyting.

Ég vona að ég hafi skýrt þetta mál nokkuð. Ég hef reynt að drepa á það sem mér fannst dálitið misskilið þegar um málið var rætt, vona það hafi skýrst, og legg málið fyrir til umr.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Þegar þetta mál var endanlega afgreitt frá iðnn. þessarar hv. d. tók ég það fram, að ég vildi ekki vera aðili að því nál. sem samþ. var af meiri hl. n. Afstaða mín byggist ekki á því að ég sé andvígur því að farið sé út í slíkar framkvæmdir eins og hér er um að ræða. Ég vil strax taka það fram að ég er ákaflega mikill stuðningsmaður þess að við reynum til hins ítrasta að nota á sem fjölbreytilegastan hátt allar þær orkulindir sem fyrirfinnast í okkar landi, bæði til framleiðslu raforku og svo enn fremur í framhaldi af því til margs konar iðnaðar. Og ég vil taka það fram að ég lýsi fyllstu ánægju minni og vanmet ekki á neinn hátt það mikla verk sem ég

veit að hefur verið unnið í sambandi við undirbúning þessa máls. Það hefur verið unnið af árvekni og kostgæfni, og mér er fyllilega ljóst að hér liggur að baki mjög merkileg og þýðingarmikil starfsemi hinna ágætustu og færustu vísindamanna okkar á þessu sviði.

Það, sem veldur mér nokkrum áhyggjum í sambandi við það frv. sem hér liggur frammi, er sú stefna sem í þessu frv. er mörkuð eins og í svo mörgum öðrum. Þegar á að fara út í stærri framkvæmdir í okkar þjóðfélagi í sambandi við að nota þá miklu möguleika sem við kunnum að eiga til að nýta þá miklu orku eða margvíslegu orkugjafa sem fyrirfinnast hjá okkur, þá er eins og menn sjái enga aðra leið heldur en að þar eigi hið opinbera eða ríkisvaldið að hafa alla forustu um framkvæmdir í slíkum málum.

Ég get nú þegar lýst því yfir að ég er fyrir löngu búinn að fá mig fullsaddan af þeim yfirlýsta áhuga sem virðist vera ríkjandi í okkar þjóðfélagi um að efla á öllum sviðum, hverju nafni sem nefnist og hvar sem við verður komið, ríkissósíalisma.

Slík stefnumið stríða gjörsamlega á móti minni lífsskoðun, bæði sem einstaklings og enn fremur hélt ég að þau væru algerlega gagnstæð grundvallarstefnu þess stjórnmálaflokks sem ég er fulltrúi fyrir hér á hinu háa Alþingi.

Ég hef talið og hef oft látið þess getið að ég teldi ekki óeðlilegt fyrir okkur sem þjóð að við hefðum þá stefnu í málum sem þessum, þar sem um er að ræða mjög fjárfrekar framkvæmdir og enn fremur framkvæmdir þar sem þörf er á mikilli tækniþekkingu, að þá gerðum við mögulegt að nýta erlent fjármagn og tækniþekkingu og flytja hana til landsins eða, ef svo mætti að orði komast, veita slíkri starfsemi landvistarleyfi, en að okkar aðild byggðist fyrst og fremst á orkusölunni, að veita aðstöðuna, og svo að við létum í té vinnuaflið og þjónustuna.

Frá mínum bæjardyrum er það grundvallaratriði að fjárhagsleg afskipti ríkisins af slíkum fyrirtækjum verði sem allra minnst og helst engin. Hins vegar gæti fyllilega komið til greina að einstaklingum og fyrirtækjum innlendra aðila væri heimilað og jafnvel gata þeirra greidd til þess að annast um slík samskipti sem nauðsynleg væru milli hins erlenda aðfengna fjármagns og tækniþekkingar. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu og teldi einmitt að það væri fyllsta ástæða fyrir hið opinbera að gera þær breytingar, sem nauðsynlegar kunna að vera, bæði á reglum um meðferð og vegferð erlends gjaldeyris og fjármagns, að slíkt væri gert miklu auðveldara fyrir alla aðila heldur en nú er.

Í sambandi við þetta frv., sem hér er til umr., kemur fram í 4. gr. frv. að fyrst og fremst er verið að heimila ríkisstj. að leggja fram reiðufé allt að ákveðinni upphæð, 60 millj. kr., leggja svo félaginu til mannvirki og undirbúningsrannsóknir. Í þriðja lagi að veita ríkisábyrgðir fyrir lánum allt að 100 millj. kr. Þarna er sem sagt um mjög háar upphæðir að ræða til hluta sem gersamlega eru gerðir í tilraunaskyni og enginn getur sagt um hvort verður jákvæður árangur af ellegar ekki.

Á fundi í hv. iðnn. gerði ég fsp. til sérfræðinga, sem voru staddir á fundinum, um það hvort þeir teldu ekki eðlilegt, miðað við þær aðstæður sem eru nú í okkar þjóðfélagi eftir að við höfum gert nýja kjarasamninga, eftir að þó nokkuð mikið gengissig hefur orðið, hvort þá væri ekki ástæða til að endurskoða þær upphæðir sem tilgreindar eru í 4. gr. þessa frv., miðað við það að þessar upphæðir voru búnar til, að ég hygg, seint á árinu 1975. Nú leynist það engum að áætlunarupphæðir, sem reiknað er með seint á árinu 1975, geta undir engum kringumstæðum verið fullnægjandi fyrir framkvæmdum sem á að framkvæma á miðju ári eða síðla yfirstandandi árs. Mér var hreinlega svarað fsp. mínum og aths. á þann hátt að þegar þessar áætlunarupphæðir hefðu verið samdar, þá hefði verið svo ríflega áætlað fyrir hugsanlegum verðaukningum að það væri óhætt að treysta þessum tölum sem hér eru tilgreindar. Ég fyrir mitt leyti sætti mig ekki við þessa skoðun, og ég er alveg sannfærður um að þegar til framkvæmda kemur munu þær tölur, sem eru tilgreindar í 4. gr. frv., reynast gjörsamlega úreltar, svo veikur er grundvöllurinn, sem þessi framkvæmd er byggð á. En það skiptir nú kannske ekki meginmáli í sambandi við afgreiðslu þessa máls. Aðalatriðið er sú stefnumörkun sem felst í frv. sjálfu og ég er gjörsamlega andvígur. Ég tel ekki óeðlilegt, þegar búið er að vinna jafnþýðingarmikið rannsóknarstarf og hér hefur verið gert, að þá væri það gert kunnugt og mætti jafnvel auglýsa að þessar niðurstöður væru fyrir hendi og að mönnum væri heimilt að gera hreint og beint tilboð um það að gerast aðilar að slíkri framkvæmd sem hér er fyrirhuguð með nánara samkomulagi við hlutaðeigandi stjórnvöld. Ég segi fyrir mitt leyti að ég get ekki séð hættuna sem felst í því þó að erlendu fyrirtæki, ef á annað borð slíkt fyrirfinnst, væri veitt leyfi t. d. til að setja á stofn þessa tilraunaverksmiðju um saltvinnslu á Reykjanesi sem rætt er um í þessu frv. Ég held að það væri enginn vandi fyrir okkur að búa svo um hnútana að það yrði ekki til skaða fyrir íslenskt þjóðlíf þó að þetta væri gert og fjármagnað af erlendum aðilum. Það vildi ég láta taka mjög til athugunar.

Ég vil svo að lokum ítreka að ég er innilega samþykkur þeirri stefnu að við reynum til hins ítrasta að nota allar þær orku- og auðlindir sem fyrirfinnast í okkar þjóðfélagi, en ekki á þann hátt og ekki skv. þeirri stefnu sem mörkuð er í þessu frv.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég vil fyrst og fremst láta í ljós ánægju mína með afgreiðslu þessa máls úr hv. iðnn. Mér þykir vænt um þessa afgreiðslu, því ég álít að það sé þörf fyrir sveitarfélög á Suðurnesjum að fá það atvinnuöryggi og þá auknu fjölbreytni í atvinnulífi sem ég held að þessi verksmiðja geti veitt þeim.

Ég vil alveg sérstaklega taka það fram vegna orða síðasta hv. ræðumanns, að ég held að það sé svo í þessu tilfelli í fyrsta lagi, að ríkið ætli sér alls ekki að eiga meiri hl. í þeirri verksmiðju sem reist verður, og í öðru lagi gæti

ég trúað því að sveitarfélög og fyrirtæki á Suðurnesjum hefðu fullan hug á því að gerast þarna hluthafar. Að það sé endilega nauðsynlegt að það sé erlent fé fram yfir innlent sé ég ekki neina nauðsyn á. Þetta er ekki það stórfyrirtæki borið saman við ýmislegt annað sem við höfum ráðist í, og að öðru leyti gætir nokkurrar sérstöðu hér, þar sem jörðin leggur til bæði orkuna og hráefnið, þannig að út kemur fullunnin vara og meira að segja vara sem að nokkru leyti er nýtt á okkar heimsmarkaði. Ég tel að það sé full þörf á að fara að vinna að þessari verksmiðju vegna þess að höfuðatvinnuvegur þessa umhverfis, sem þarna er um að ræða, þ. e. Suðurnesja, stendur höllum fæti og það er veruleg nauðsyn að renna fleiri stoðum undir atvinnulífið á þessum stöðum heldur en nú er fyrir hendi.

Ég vil enn fremur taka það fram, sem hér hefur þegar verið drepið á, að einmitt þetta verkefni, saltverksmiðja á Reykjanesi, er sérstaklega vel undirbúið og sérstaklega vel rannsakað, eins og hv. frsm. gat um, kannske betur rannsakað en nokkurt annað stórverkefni sem við höfum ráðist í. Þess vegna held ég að við getum með nokkru öryggi haldið því fram að það álit sérfræðinganna sé rétt, að hér sé um álitlega verksmiðju að ræða, og ekki þurfi að óttast að það verði aldrei meira en tilraunaverksmiðja.

Frsm. meiri hl. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Aðeins örstutt aths. út af ræðu hv. þm. Jóns G. Sólness.

Ég ætla ekki að blanda mér í kapítalismann og allt það. Ég vil hins vegar segja það persónulega, að ég mundi aldrei samþ. að erlendum aðila væri afhent rannsókn á okkar náttúruauðlindum, t. d. virkjun náttúruauðæfa, hvorki Kröflu né suður á Reykjanesi. Þetta er verk sem við eigum að annast sjálfir. Svo kemur hitt til athugunar, þegar að framleiðslunni kemur, hvort þar á til að tryggja markað og fleira að leita þátttöku erlendra aðila. Ég held að þetta sé misskilið. Hér er um tilraun að ræða, hér er um rannsókn að ræða, og erlendir aðilar hafa engu betri aðstöðu en við til að framkvæma hana.

Annars stóð ég fyrst og fremst upp til þess að leiðrétta atriði sem ég held að hann hafi aðeins misskilið. Hann gat þess að hann spurði sérfræðing, sem hjá okkur mætti, Baldur Líndal, um kostnaðaráætlun. Baldur útbýtti til okkar sundurliðaðri kostnaðaráætlun sem gerð var 2. febr. 1976 og hann gat þess, þegar hann var að því spurður hvort hún gæti enn staðist, þá sagðist hann hafa bætt við hana 25% og sagði að þrátt fyrir þær hækkanir, sem hefðu orðið, teldi hann ekki að hún væri enn þá komin upp fyrir þetta. Um þetta geta menn vitanlega haft skiptar skoðanir, en ég segi fyrir mitt leyti að mér finnst að Baldur Líndal hafi ríflega bætt við þessa kostnaðaráætlun sína. Hitt skal ég taka undir með hv. þm., að þegar til framkvæmda kemur verður þessi tala eflaust orðin hærri, og um það var ekki spurt og um það er ekki deilt.

Jón Árnason: Herra forseti. Ég held að það fari ekki á milli mála að við séum allir sammála um að hér er um merkilegt mál að ræða sem æskilegt væri að hægt væri að koma í framkvæmd. Ég kveð mér hljóðs í sambandi við eitt atriði sem tengt er þessu máli og ég vildi gjarnan fá betur upplýst en fyrir liggur. Í 1. gr. segir: „Með saltverksmiðju er í lögum þessum átt við iðjuver til vinnslu á salti fyrir innlendan og erlendan markað og hagnýtingar á efnum sem til falla við þá vinnslu.“ Í sambandi við þetta frv. og þetta ákvæði í 1. gr. vildi ég vekja sérstaka athygli varðandi framleiðslu á þeim aukaefnum sem gert er ráð fyrir að framleiða jafnhliða saltframleiðslunni. Mér er sagt að til framleiðslu á þeim viðbótarefnum, sem gert er ráð fyrir að hagnýta og talið er að sé nauðsynlegt til að fá fjárhagslegan grundvöll undir fyrirtækið og til falla við vinnsluna, þurfi mikið magn af kalksandi eða skeljasandi.

Nú er það svo sem kunnugt er að hér er fyrir hendi önnur verksmiðja á Faxaflóasvæðinu sem byggir sína framleiðslu á þessu sama hráefni. Það liggja hins vegar ekki fyrir upplýsingar um það hve mikil skeljasandsnáman er í Faxaflóa eða um hvað langa framtíð hún mundi endast Sementsverksmiðjunni til sinnar framleiðslu. Ef þetta er rétt sem ég hef hér vikið að varðandi skeljasandsþörfina, þá tel ég að ekki verði hjá því komist að ítarleg rannsókn fari fram á því hve mikið magn af skeljasandi sé hér fyrir hendi, þannig að það liggi fyrir að grundvellinum undir rekstri annarrar verksmiðju, þ. e. Sementsverksmiðjunnar, sé ekki kippt undan með stofnsetningu þessarar nýju verksmiðju sem við hljótum þó, eins og ég sagði í upphafi máls míns, að viðurkenna að sé mjög æskileg framkvæmd. Það kann að vera að það sé um einhverjar ýkjur að ræða í sambandi við þetta og að magnið af skeljasandi sem þessi verksmiðja þarf til sinnar framleiðslu, sé ekki ýkjamikið. Ef þetta er rétt, en það hefur ekki komið neitt fram hér í upplýsingum varðandi þetta mál hvað skeljasandurinn er stór liður, tel ég óhjákvæmilegt að það sé gengið úr skugga um og rannsakað ítarlega hvað náman í Faxaflóa er stór. Við vitum að Sementsverksmiðjan notar geysilega mikið magn af þessu hráefni til sinnar framleiðslu og hér er um fjárfestingu að ræða sem kostar mörg hundruð millj. kr. Það segir sig sjálft að það er útilokað að stefna rekstri þeirrar verksmiðju í nokkra óvissu.

Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu við þessa umr. Ég veit að hv. 2. þm. Vestf. ræður yfir upplýsingum um þetta mál, og vildi ég gjarnan að hann léti okkur þær í té, hvort það er nokkur ástæða til þess að athuga þetta mál nánar eða hvað mikil slík hráefnisþörf er fyrir þessa nýju verksmiðju sem ég hef vikið sérstaklega að.

Frsm. meiri hl. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Mér er sönn ánægja að svara þessari fsp. Þannig var mál með vexti að meðan gert var ráð fyrir 150 þús. tonna framleiðslu á salti fannst þeim, sem að þessu unnu, vera á mörkum ardsemi að flytja saltið út. Var þá hafin athugun á því hvort ekki mætti nýta þetta salt

innanlands. Sú rannsókn fór síðan fram, þótt markaðshorfur fyrir saltið sem slíkt stórum bötnuðu, og um síðustu áramót kom út skýrsla, mjög ítarleg skýrsla, hjá Rannsóknaráði um þetta.

Við þessa framleiðslu er hugmyndin, sem Baldur Líndal hefur skoðað og gert sjálfstæðar og mjög athyglisverðar rannsóknir á, að sumu leyti einstæðar tilraunir, að saltið verði notað og með svokölluðum „jónaskiptum" framleitt úr sjó eða fellt út úr sjó magnesíumklóríð. Í þessu sambandi þarf töluvert mikinn skeljasand á seinna stigið, þar sem magnesíumklóríð er síðan tekið og framleitt magnesíumoxíð. Þá þarf mikinn skeljasand, og það er alveg hárrétt, sem hv. þm. sagði, að í þessu sambandi hefur einmitt og það fyrir löngu verið vakin athygli á því að áður en tekinn yrði skeljasandur í Faxaflóa, þá yrði að rannsaka þær námur langtum betur.

Þegar markaðshorfur fyrir efni þessarar verksmiðju sem slíkrar bötnuðu var þetta lagt til hliðar. Enginn skeljasandur er notaður við þá framleiðslu sem hér er gert ráð fyrir. Það er sem sagt á framhaldsstiginu sem skeljasandur yrði nauðsynlegur.

Hitt vil ég taka fram, að það eru einmitt í sambandi við þessa saltverksmiðju mjög athyglisverðir möguleikar á framhaldsiðnaði, ekki aðeins á framleiðslu magnesíums, heldur framleiðslu á klóri og fleiru, ef hér kæmi slíkur efnaiðnaður, og það er eitt af því sem hefur ávallt mjög ýtt undir það hjá mér að styðja þessa rannsókn.

Ég vona að ég hafi svarað hv. þm. Sem sagt, fyrir þetta stigið er enginn skeljasandur nauðsynlegur, en ef farið yrði út í magnesíumframleiðsluna, þá er þarna nauðsynleg mikil athugun.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 651,1 samþ. með 15 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
4.—6. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 651,2 samþ. með 14 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
8.—9. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 651,3 (ný fyrirsögn) samþ. með 15 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi, frv. (þskj. 666). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. er flutt af sex þm. í Nd., en fyrir næstum því hálfu öðru ári skipaði ég n. fulltrúa úr sjávarútvegi undir forsæti fiskimálastjóra til þess að undirbúa drög að frv. um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Eftir að sú n. hafði haldið fundi víðs vegar um landið var skv. tilnefningu þingfl. skipaðir 7 þm. í þessa n. til viðbótar og af þeim eru 5 flm. þessa frv., en einn flm. frv., hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, tók sæti í þeim viðræðum sem áttu sér stað á milli þm. og sjútvrn. vegna fjarveru 1. landsk. þm., Jóns Árm. Héðinssonar, sem starfaði í fiskveiðilaganefnd. Af öðrum þm. hér í hv. þd. starfaði þar Steingrímur Hermannsson, hv. 2. þm. Vestf., form. sjútvn. Ed.

Þegar þmn. og fiskveiðilaganefndin höfðu lokið störfum og sent drögin í sjútvrn. með bréfi, að mig minnir dags. 5. febr., fór rn. yfir frumvarpsdrögin og hafði sérstakar aths. fram að færa hvað snerti þrjú tiltekin atriði. Það var hin lagalega uppsetning frv. og var leitað umsagnar Gauks Jörundssonar prófessors um það atriði. Hann skilaði eftir nokkurn tíma áliti sem þm. í n. féllust á að fara eftir við uppsetningu frv. Þá var einnig nokkur ágreiningur um veiðisvæði og tilhögun veiðileyfa og náðist einnig samkomulag um það atriði eins og það er nú í þessu frv. Enn fremur var nokkur ágreiningur eða skoðanamunur um lokun friðunarsvæða, veiðieftirlit og annað þess háttar, en varð einnig samkomulag um það orðalag sem er í frv. Hins vegar gerðu rn. og þmn. enga breyt. á till. um veiðar á einstökum svæðum og er það óbreytt frá því sem fiskveiðilaganefnd og þmn. lögðu til, sem og um öll önnur atriði.

Þegar frv. kom til Nd. fylgdi því úr hlaði 1. flm. frv., hv. þm. Sverrir Hermannsson, og í sjútvn. voru gerðar á frv. tilteknar breyt., svæðabreytingar. Sérstaklega varð breyting á veiðisvæðinu við Suðausturland og sömuleiðis við Suðurland. Enn fremur var sett inn í frv. gildistaka laganna. Og í fjórða og síðasta lagi var sett inn ákvæði til bráðabirgða að skip, sem áður hefðu notið veiðiheimilda skv. stærðarmælingu 105 brúttórúmlestir og minni og 350 brúttórúmlestir og minni, skuli áfram njóta sömu veiðiheimilda skv. lögum þessum og skip 26 m og minni og 39 m og minni, eins og nú er tekið inn í þetta frv.

Ég ætla ekki að ræða frekar efnislega um frv. eða veiðar á einstökum svæðum. Ég tel að það sé réttara að gera í n. Að vísu starfaði sjútvn. Ed. lítillega með sjútvn. Nd., en ég legg ríka áherslu á að sjútvn. þessarar hv. d. hafi samráð við formann fiskveiðilaganefndar og reyni einnig að ná samstöðu, ef uppi eru till. og samkomulag verður um breyt. á frv. frá því sem það var afgr. í hv. Nd., þannig að það megi skapast samstarf á milli deilda og frv. þurfi ekki að fara oft á milli d. Við vitum að hér er um ákaflega erfið mál að ræða sem örðugt er að ná samkomulagi um, og enginn okkar getur fengið frv. afgr. eftir eigin höfði, heldur verðum við að leita samstarfs til að koma þessu mikilvæga máli fram.

Ég tel að það verði mjög slæmt ef frv. nær ekki fram að ganga því að hér er um mjög veigamiklar breyt. að ræða. Ég tel aftur mikinn feng að því að þær till. eða ábendingar, sem enn eru uppi, verði ræddar ítarlega í sjútvn. og reynt að ná samstöðu um þær breyt. sem helst er knúið á um. Í Nd. náðist fullkomin samstaða um þær brtt. sem þar voru gerðar og frv. var samþ. með shlj. atkv. í Nd. við 2. umr. og umræðulaust við 3. umr. Hins vegar komu fram ákveðnar ábendingar sem verða kynntar í sjútvn. þessarar hv. d. og taka verður ákvörðun um.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði þessu frv. vísað til hv. sjútvn.

Jón Árnason: Herra forseti. Hér er vissulega um mikilsvert mál að ræða og skiptir miklu hversu til tekst um löggjöf og setningu reglugerða varðandi hagnýtingu þeirra fiskstofna sem verið hafa aðaluppistaðan í þeim sjávarafla sem íslendingar hafa veitt og verkað til útflutnings, en það hefur sem kunnugt er verið grundvöllurinn að þeirri gjaldeyrisöflun sem þjóðin hefur byggt lífsafkomu sína á.

Eins og fram kemur í aths. við frv. hafa meðal þeirra, sem frv. þetta sömdu, verið skiptar skoðanir um ýmis atriði málsins. Með tilliti til þess hefur sá háttur verið á hafður varðandi afgreiðslu frv. í n. að þar hefur meiri hl. atkv. ráðið. Það kemur hins vegar ekki fram um hvaða þætti frv. mestur ágreiningur hefur verið. En strax og frv. hafði verið lagt fram í Nd. komu fram, eins og hæstv. sjútvrh. skýrði hér frá áðan, brtt. sem flm. féllust á og voru samþ. Ég geri einnig ráð fyrir því að svo muni fara þegar frv. hefur verið tekið til athugunar í þessari hv. d., að fram komi nýjar brtt. við einstök atriði frv.

Varðandi það, sem hæstv. sjútvrh. sagði um samvinnu við sjútvn. Nd. varðandi þær brtt. sem kynnu að verða fluttar við frv. í þessari d., þá vil ég segja það, að það var haldinn einn fundur sameiginlega með n. í Ed. og Nd. í upphafi þar sem var lítillega rætt þetta frv. og farið yfir það, en síðan var ekkert samráð haft við okkur frekar af þeirri hv. n. varðandi þær brtt. sem n. flutti eða að það væri nokkuð leitað frekar eftir því hvort við vildum koma á framfæri brtt. við frv. þegar sjútvn. Nd. skilaði áliti um málið.

Það er öllum að sjálfsögðu ljóst að hér er um mikið nauðsynjamál að ræða og ekki verður hjá því komist að lögfesta ákveðnar reglur um hagnýtingu fiskimiðanna. En með því er ekki allt fengið. Þá er eftir að tryggja það að lög og reglugerðir séu haldnar, því að vissulega er ekki því að leyna að íslendingar hafa ekki sýnt gott fordæmi í þeim efnum. Er skemmst að minnast þess hvernig fór á s.l. hausti um takmörkun á síldveiðinni.

Að sjálfsögðu er margt sem menn getur greint á um ýmis ákvæði þessa frv., og þannig hlýtur alltaf að vera um málefni sem þetta. Koma þar inn í margs konar hagsmunir og sérsjónarmið. En öllum er ljóst að hér verðum við að ná saman og treysta á að sú löggjöf, sem Alþ. samþ. og hæstv. sjútvrh. færir síðan út með reglugerðum til að fara eftir, verði á þann veg að gott hljótist af.

Það er eitt, sem ég veit að skiptar skoðanir eru um í þessu máli, en það er varðandi friðunarsvæðin, hvað víða þau eiga að vera og hvað stór. Gert er ráð fyrir að ráðh. geti lokað ákveðnum veiðisvæðum með tiltölulega litlum fyrirvara að höfðu samráði við fiskifræðinga og Fiskifélag Íslands. Í þessu sambandi er spurningin hvort ekki sé heppilegra í sumum tilfellum varðandi þau veiðisvæði sem vitað er um að ungfiskur heldur sig á að einhverju leyti árlega, að þau veiðisvæði séu ákveðið lokuð, en aftur á móti heimilt að opna fyrir veiðar á vissum tíma þegar fiskifræðingar hafa rannsakað veiðisvæðin og sannfærst um að ekki sé um smáfisk að ræða. Öllum ber saman um að það geti verið nokkuð frábrugðið frá ári til árs hvar smáfiskurinn heldur sig hverju sinni, þó að vissar uppeldisstöðvar séu taldar árvissar í þessum efnum.

Það er ekki ætlun mín að tala langt mál við þessa umr., en ég tel að afgreiðslu þessa máls verði vel að vanda og að leggja beri höfuðáherslu á þá þætti frv. sem lúta að friðunarráðstöfunum ungfisks og uppeldisstöðva. Því aðeins getum við vænst þess að sjávarútvegur og fiskveiðar geti á ókomnum árum verið sá burðarás í íslensku efnahagslífi sem þær hafa verið, að kveðin verði niður hvers konar rányrkja sem um er að ræða og skynsamleg hagnýting fiskstofnanna látin sitja í fyrirrúmi.

Ég á sæti í þeirri n., sem fá mun mál þetta til meðferðar, og hef þá aðstöðu til að koma á framfæri þeim breyt. sem ég tel óhjákvæmilegt að gerðar séu á frv. Ég get því geymt mér að ræða málið frekar við þessa umr.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Hér er komið fram frv., sem beðið hefur verið eftir, að lagagerð sem nauðsynleg er, og fer ekki á milli mála að við verðum að stuðla að því að lagasetning í þessa veru eigi sér stað. Ég hef fyrr gert grein fyrir því úr þessum ræðustól í vetur að ég hefði óskað þess að þetta frv. hefði komið svo snemma fram að hægt hefði verið að nota þinghlé til þess að kynna það úti í kjördæmunum. Ekki er svo að skilja að ég ímyndi mér að við munum nokkru sinni setja lög varðandi veiðar í fiskveiðilandhelgi sem allir muni vel við una, málið er þess eðlis. En ég er þeirrar skoðunar að það hefði verið mjög æskilegt að sjómenn okkar og útgerðarmenn í kringum landið hefðu fengið tækifæri til þess að ræða þetta frv., til þess að deila um það innbyrðis, þannig að við hefðum getað orðið þeirrar leiðbeiningar aðnjótandi að hlýða á aths. þeirra, jafn margbreytilegar og þær hljóta að verða, áður en málið væri tekið til lokaafgreiðslu. En ég skil það sjónarmið hæstv. sjútvrh. að vilja fá þetta frv. afgr.

Ég tek undir það með hv. þm. Jóni Árnasyni, að betur hefði verið unnið þannig að sjútvn. þessarar d. hefði fengið að taka meiri þátt í umfjölluninni með sjútvn. Nd. Svo vill til að flestir nm., sem stóðu að samningu þessa lagafrv., eiga sæti í sjútvn. Nd. Þar hafa þeir að sögn, svo ég noti þeirra eigið orðalag eða form. n., þvælt um málið vikum saman án þess að við í sjútvn. Ed. höfum fengið neitt tækifæri til að fylgjast með rökstuðningi þeirra. Af þessu leiðir það sem raunar sjútvrh. sagði áðan, að hann byggist við og ætlaðist til að við þyrftum að fjalla um þetta mál ákaflega mikið að nýju í sjútvn. Ed. Það gladdi mig að heyra það á máli hans að hann ætlaðist til þess að við gerðum það ærlega og gerðum það vandlega, en náttúrlega rösklega þar sem ætlast er til þess að málið verði afgr. á þessu þingi.

Ég sé ekki betur en við hljótum að kveðja á okkar fund fjölmarga sérfræðinga til þess að ræða málið við. Að vísu eigum við aðgang að hinum háttskrifuðu og fjölgáfuðu og grandvöru nm. í sjútvn. Nd. sem fjölluðu um samningu þessa frv. En eigi að síður hljótum við að fjalla um það sjálfstætt að mínu viti í sjútvn. þessarar d., og ég geri ráð fyrir því að ég muni standa að nokkrum breyt., ekki ákaflega veigamiklum, en þó nokkuð veigamiklum, og bera fram brtt. við frv. En ég held að við hljótum eigi að síður að verða við beiðni hæstv. sjútvrh. um að flýta störfum eftir því sem við getum. Enn fremur finnst mér nú að við eigum að fresta afgreiðslu frv. heldur en að afgr. það með sýnilegum göllum vegna tímaskorts.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Það hefur verið margsagt að þetta frv. sé seint á ferðinni inn í þingið og mjög óheppilegt að það skuli jafnvel koma í síðustu vinnuviku til afgreiðslu hér í hv. Ed. Þrátt fyrir það að hver þingflokkur hefur átt fulltrúa við undirbúning að samningu frv., þá er, eins og síðustu ræðumenn drápu á og jafnframt hæstv. ráðh., málið þannig vaxið í eðli sínu að það er viðkvæmt og verður alltaf viðkvæmt, og undir þau orð hæstv. ráðh. vil ég taka að enginn fær allt er hann vill í þessu efni. Hlýtur málið í eðli sínu að vera samkomulagsatriði og því er réttmæt sú ósk hv. þm., sem hér hafa talað, að nokkurt svigrúm gefist til umfjöllunar í þessari hv. d. Ég segi fyrir mig, að ég tók það margsinnis fram í undirbúningsnefndinni, að ef hugur fylgdi máli ætti að vera unnt að skila drögum að frv. í hendur ráðh. þegar fyrir jól. Þetta margsagði ég í haust, að ég skyldi þannig standa að því, vinna það mikið í þessu. Þrátt fyrir ýmsar annir að haustlagi hjá þm. og sumum okkar er vorum í fjvn., þá var málið það mikilvægt að bæði ég og fleiri í n. vildum fórna í það nægum tíma svo hæstv. ráðh. fengi drög að þessu frv. í hendur fyrir jól. Þannig átti að vera unnt að koma því fyrr áleiðis og allir þm. hefðu fengið svigrúm til að ræða málið, bæði innbyrðis í sínum þingflokki og út á við. Auðvitað verður aldrei fullyrt og ekki unnt að fullyrða að það hefði fengið betra form með þessum hætti. Það kemur aðeins eitt upp á teningnum þegar honum er kastað og ekkert að vita hvort heildarniðurstaða hefði orðið betri. En hitt held ég að megi segja, að með því að ræða málið eins og það hefur jafnan verið gert frá upphafi og leyfa mönnum að tjá sig mjög um málið, þá sé að vænta þess að betur verði staðið að því að framfylgja lögum og reglum á hafinu, þegar menn hafa átt tækifæri á að koma með aðfinnslur og ábendingar og heyrt rök á móti, að ekki sé hægt að taka allt til greina.

En það var eins og hv. 1. þm. Vesturl. benti á, að mjög brestur á um að menn virði lög og reglur á þessum vettvangi, því er nú verr og miður, og eru of mörg dæmi um það að menn hafi brotið þau okkur til tjóns.

Hér er vissulega mál á ferðinni er snertir undirstöðu okkar efnahagslífs, og er því ekkert óeðlilegt að menn telji nauðsynlegt að fara um það mörgum orðum og hafa til þess í n. verulegan tíma. Þannig háttar nú þingfundi og tímasetningu þessa dags, að ekki ætla ég að þreyta hv. þm. um of og eyða of löngum tíma í 1. umr., en geyma mér heldur lengra mál til 2. umr. Ég vil þó aðeins fjalla um frv. af því ég hef átt sæti í þremur n., er starfað hafa hér á Alþ. við undirbúning að þessari fiskveiðilöggjöf okkar, í fyrsta skipti var ég formaður þeirrar n., og jafnan fórum við vítt um landið og heyrðum í mörgum mönnum. Slíkt hefur átt sér stað enn einu sinni við undirbúning þessa frv., og ég tel rétt og sanngjarnt að sem flestir eigi kost á því að koma fram hugmyndum sínum og skýra sín sjónarmið, þó að það sé jafnan viðurkennt að þau sjónarmið byggist oft og einatt mjög sterkt á því hvað snertir eiginhagsmuni og jafnvel stundum mjög þrönga hagsmuni. En þetta frv. getur ekki tekið tillit til slíkra þröngra einkahagsmuna. Það hlýtur að vera hafið yfir það og fyrst og fremst mótast af því að taka tillit til þess ástands, sem fiskstofnarnir eru í, og heildarhagsmuna þjóðarinnar. Ég tel að frv. í núverandi mynd geri þetta. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir að koma frv. í það form sem það í raun og veru er í að mestu leyti til að tryggja sem mestan heildarárangur, eins og segir þegar í 1. gr., að hér á að stuðla að viðgangi og hagkvæmustu nýtingu fiskstofna innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi. Það hlýtur og á að vera tilgangur frv.

Síðan gat hæstv. ráðh. um formið á frv. og það er einnig gert í grg. Við sjáum í 2. gr. að íslenskum skipum eru bannaðar veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni nema þar sem sérstakar heimildir eru veittar til slíkra veiða í lögum þessum. Þetta er hið gamla form. Hæstv. ráðh. er kunnugt um það að við í n. vildum geta litið svo á að veiðar íslenskra skipa væru frjálsar, — það þyrfti ekki að taka fram að þær ættu að vera bannaðar, — þær ættu að vera frjálsar frá ákveðinni línu, sem við töldum rökrétt að hafa til lágmarksöryggis, og út að 200 mílunum, þótt um togveiðar, botnvörpu og flotvörpu, væri að ræða. Það væri geðþekkara að geta haft þennan hátt á, og ég fæ reyndar ekki skilið, þegar við lítum á það sem heild að við höfum nú yfir þessari lögsögu að ráða, hvers vegna þarf að tala um að banna íslenskum skipum þessar veiðar. Ég felli mig ekki við röksemd prófessorsins. Við bönnum auðvitað öllum erlendum aðilum að veiða í okkar landhelgi, en að banna sjálfum okkur að gera það sætti ég mig ekki við að sé lífsnauðsyn. Ég vil heldur að það verði hægt að banna veiðar á ákveðnum svæðum, eins og er gert ráð fyrir í vissum greinum frv. Það er lífsspursmál og mun ég koma að því síðar. Sennilega verður ekki hægt að viðurkenna þetta sjónarmið mitt, en ég vil þó að það komi skýrt fram, að miklu geðþekkara hefði verið að líta þannig á, og þetta vildum við sumir í n. að væri form. frv.

Hv. Alþ. verður sennilega að lúta sjónarmiðum þeirra er túlka þau lög er við hér setjum, þó mér fyndist að við ættum að hafa þann þroska og það rökrétta hugsun að við gætum búið til lög sem héldu í þessu efni.

Frá 5. gr. og nokkru lengra í frv. er fjallað um mikilvæga þætti og ætla ég lítils háttar að drepa á þá þætti.

Það er þá í fyrsta lagi að við vorum allir sammála um í þessari hv. undirbúningsnefnd að þetta frv. ætti samkv. 1. gr. sinni og tilgangi að gera átak í því efni að hægt væri að stuðla að aukinni friðun og sérstaklega skyndifriðun þar sem komið hefur í ljós, — og það segir í okkar grg. og það segir einnig í athugasemdum við frv., — að óhóflegt smáfiskadráp hefur átt sér stað við landið. Það er öllum ljóst og þarf ekki að vitna í margumrædda skýrslu frá Hafrannsóknastofnuninni um ástand fiskstofna og annarra dýrategunda á Íslandsmiðum og nauðsynlegar friðunaraðgerðir innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi til að rökstyðja það að þetta frv. verður að bera það með sér að um aukna friðunarmöguleika sé að ræða. Og af því tilefni var orðuð upp, ef ég man rétt, frá fyrri lögum 5. gr. núgildandi laga, en þar segir: „Nú á sér stað á tilteknu veiðisvæði seiða- og smáfiskadráp í þeim mæli að varhugavert eða hættulegt getur talist, og skal þá sjútvrn. að fengnum umsögnum Hafrannsóknastofnunarinnar gera nauðsynlegar friðunarráðstafanir til að sporna við því. Er rn. heimilt með tilkynningu að loka afmörkuðum veiðisvæðum um lengri eða skemmri tíma fyrir öllum togveiðum svo og öðrum veiðum ef nauðsynlegt þykir. Jafnan skal umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar liggja fyrir áður en slíkar tímabundnar veiðitakmarkanir eru úr gildi numdar.“ Þetta segir í 5. gr. núgildandi laga.

Reynslan sýnir okkur því miður, að þrátt fyrir þetta ákvæði, sem við töldum á sínum tíma að væri mikið spor fram á við til að koma í veg fyrir smáfiskadráp, hefur framkvæmdin verið þung í vöfum og oft tafist um of að tryggja friðun samkv. þessari gr. Því var samin hér í þessu frv. ný gr. sem er 8. gr. Raunar má segja að það fjalli fleira um þetta í frv. Það má segja að það byrji þegar í 6. gr. og sé áfram fjallað um það í 7. gr. og 8. gr. að tryggja eftirlit, sem við lögðum mikla áherslu á að yrði nú betur gert en verið hefði nokkru sinni áður. Í 6. gr. segir: „Nú á sér stað á tilteknu veiðisvæði seiða- og smáfiskadráp í þeim mæli að varhugavert eða hættulegt getur talist, og skal þá sjútvrn. gera nauðsynlegar ráðstafanir“ o.s. frv. Og í 7. gr. er fjallað um að það skuli auglýsa þegar í stað. En í 8. gr., og hún er breytt frá því sem við vildum flestir eða allir hafa, þar segir: „Stefnt skal að því, að auk eftirlits Landhelgisgæslunnar skuli sérstök eftirlitsskip, sem gerð verði út af Hafrannsóknastofnuninni, fylgjast með fiskveiðum í fiskveiðilandhelginni í því skyni að koma í veg fyrir óhóflegt smáfiskadráp.“ Við höfum allir talið að óhjákvæmilegt væri að tryggja fast eitt eða tvö skip. Þau þyrftu ekki að vera stór, en þyrftu að hafa valdsvið til þess að vera á veiðisvæði. Það er mikill misskilningur að það sé eingöngu verið að eltast við togara, það sé alltaf verið að eltast við togara. Það er fjöldi báta á togveiðum og ýmsum öðrum veiðum sem eftirlit þarf að vera með og hefur aldrei verið gert og mun ekki verða gert nema 8. gr. tryggi að þetta sé hægt, og það verður ekki gert að mínu mati og flestra í þessari n. nema hafa skipin fyrir hendi. Þau mega vera bátar, jafnvel innan við 100 tonn, eða þá eftirlitsmenn um borð, en ég tel persónulega að vel athuguðu máli að ógerningur sé að hafa eftirlitsmann um borð, honum sé varla stætt á því að vera þar dag eftir dag og þurfa að berjast við erfiðar aðstæður. Þess vegna hallaðist ég að því að við ættum að reyna t.d. tvo báta og vildi því hafa þessa grein ákveðnari.

Nú hefur nýlega verið tryggt mikið fjármagn til fiskleitar. Það frv. er nú þegar orðið að lögum. Ég hefði, ef ég hefði verið staddur hér á þinginu, bætt við að það ætti að fara einnig í eftirlit. Þó að peningar samkv. þeim lögum eigi að renna til Landhelgisgæslunnar, þá hefði ég viljað tryggja það a.m.k. að ákveðin upphæð færi í þessa 2—3 báta sem ég tel alveg lífsnauðsyn að komi og það verði tryggt betur en 8. gr. gerir, því hún fer aftur á hlið miðað við það sem við vildum allir í n., að skyndifriðanir verði miklu raunhæfari en verið hefur. Og þetta viðurkenna allir, sem nálægt þessum málum hafa komið undanfarið, og var viðurkennt um allt land margsinnis af ræðumönnum, hvar sem þeir voru á fundum, og það mun formaður n., herra fiskimálastjóri, geta viðurkennt að þetta kom alls staðar fram, þannig að ég er undrandi á því að sjá að þetta skuli vera svo, nema á þeirri einu forsendu að menn séu svo bjartsýnir að við losnuðum við átök við bretana innan skamms og þá geti Landhelgisgæslan snúið sér að þessu eftirliti. En þá þarf ekki stórt skip í það. Það þarf ekki skip sem kostar milljón á dag í olíu, það er öðru nær. Nei, það er vel hægt að fá bát, sem kostar aðeins nokkur þús. kr. að reka á dag, í svona eftirlit eins og ég hugsa mér og við gerðum í n., og hann getur fylgst með mörgum bátum og hann getur líka fylgst með mörgum togurum og hann getur sent menn um borð er skoði allan afla, er upp kemur, og fylgist því með því hvað er að ske á miðunum. Og þá kemur spurningin: Hvað á þessi maður að hafa mikil völd? Það er erfitt atriði og um það greinir hálærða menn á. Hér gerir frv. ráð fyrir tveimur dögum. Ég tel þetta einum degi of lítið sem lágmark. Ég tel lágmark vera þrjá daga, eingöngu vegna eðlis málsins, að ráðh. hafi smá svigrúm. Jafnvel þó hann vilji tilkynna og staðfesta ákvörðun þessara eftirlitsmanna þegar í stað, sem ég veit að a.m.k. hæstv. núv. ráðh. vill gera sem allra fyrst, þá getur staðið svo á að hann sé bæði upptekinn, og hann á sitt eðlilega frí um helgar og helga daga og ekki hægt að heimta það, hvorki af honum né hans starfsmönnum, að þeir séu alltaf við fyrirvaralaust. Þess vegna tel ég rétt, að þriggja daga ákvæði haldist, þó ekki sé lítið á annað en eðlilegan frítíma sem allir eiga og flestir vilja nota a.m.k. að sumri til. Þess vegna finnst mér farið aftur á bak frá því sem við vildum í þessari margumræddu undirbúningsnefnd. Staðfesting á þessum skyndilokunum og nauðsyn þeirra mun svo eiga sér stað þegar smásvigrúm hefur unnist til að taka betur á því, annaðhvort með beinum sérstökum rannsóknum á vegum hafrannsóknaskips eða

með öðrum betri og öruggum tilraunum eða athugunum.

Þetta vildi ég leggja á mikla áherslu og tel að þessu þurfi að breyta. Ég veit að hæstv. ráðh. hefur hlotið að athuga þetta mál nokkuð áður og sjálfsagt kemur fram einhver skýring, annaðhvort í ræðu á eftir eða á nefndarfundi, hvers vegna þetta var ekki gert heldur sterkara en frv. gerir ráð fyrir. En ég sætti mig ekki við þetta eins og það er, þó í held sé ég ánægður með frv. eins og ég sagði áðan, og þakka hæstv. ráðh. fyrir að hafa komið því þannig áfram.

Síðan segir í 9. gr.: „Starfsmenn Framleiðslueftirlits sjávarafurða skulu fylgjast með samsetningu landaðs sjávarafla". Þetta er nú þegar tryggt í lögum um það, að fara skal fram mat á öllum fiski. En hér er það betrumbætt og settur á viðbótarhnútur svo ekki geti þeir skotið sér undan því að meta fisk samkv. samsetningu, en það var þegar tryggt í hinum lögunum. En sjálfsagt er nauðsynlegt að hafa það einnig í þessum lögum. Hins vegar er ég ekki alveg ánægður með seinni mgr.: „Skipstjórum veiðiskipa er skylt að veita þær upplýsingar um samsetningu afla í afladagbók sem Fiskifélag Íslands segir fyrir um á hverjum tíma." Spurningin er um: Hvað er afli? Mönnum finnst kannske undarlega spurt. En þegar það er staðreynd að menn verða stundum að henda 10—20% af þeim fiski sem í ákveðið veiðarfæri kemur, þá set ég spurningarmerki við orðið „afla" hér. Ég nefnilega lít á það sem afla sem inn fyrir borðstokk kemur þó honum sé hent frá borði. Það þarf ekki að landa öllum afla í land á Íslandi, og þá fer að verða erfitt fyrir þessa menn sem eiga og skulu samkv. frv. og skulu samkv. væntanlegum lögum fylgjast með samsetningu aflans. Ég sé því ekki annað en það verði að skylda skipstjórnarmenn til að segja til um samsetningu afla, er inn fyrir borð kemur, eða eitthvað í áttina að því, sem sagt að gera þeim skylt að segja frá því er í veiðarfæri kemur og samsetningu alls þess afla. Það getur vel verið að menn segi að það sé ekki hægt að treysta slíkum skýrslum, en það verður á það að reyna, og ég ætla mikinn meiri hluta skipstjóra það ráðvanda og heiðarlega að þeir muni satt frá skýra. Ég ætla það, þrátt fyrir að sumir hafi talið það mjög hvimleitt að heyra skipstjóra ákveðinna flota og ákveðinna veiðisvæða gefa sjálfum sér siðferðisvottorð, þegar á heildina er litið séu þetta menn sem vilja hafa það í raun er sannast og réttast er. Því tel ég að lög með slíku ákvæði geri þeim ekki neitt erfitt að standa við það, sem lögin ætlast til að þeir geri, og segja samviskusamlega frá öllum afla. En ef þetta stendur svona, þá er létt verk að skjóta sér undan því og segja: Aflinn er aðeins það sem á land kemur — og hafa ekki áhyggjur af því er fyrir borð fer, sem er ekki leyfilegt að landa og er of smár fiskur, og þá er illa farið.

Miklar umr. urðu um það í n. hversu víðtækt vald hæstv. ráðh. ætti að hafa samkv. þessu frv. og voru sumir á því að ráðh. ætti að hafa mjög mikið vald og geta sett reglugerðir um næstum allt varðandi fiskveiðar. Ég var hins vegar á því, eins og frv. ber með sér, að við ættum að lögleiða hér grundvallaratriði, grunnlínurnar, sem við mættum fiska að landinu með flotvörpu, og það væri ekki nema á valdi Alþ. að hreyfa þær vegna þess að það hefur sýnt sig í gegnum árin að það er mjög viðkvæmt atriði og snertir menn mjög misjafnlega, og ég efast um að nokkur ráðh., hver svo sem hann væri, mundi æskja eftir því að hafa slíkt vald. Þó hafði komið mjög skýrt fram sums staðar á fundum og jafnvel innan n., ekki eiginlega þingmannahópsins, heldur fyrst og fremst hinna, eða sú skoðun ríkti að það væri lífsnauðsyn nú til þess að hafa hemil á ýmsum vandamálum að ráðh. hefði allt þetta vald í hendi sér og gæti stjórnað með reglugerðum næstum daglega, eins og einu sinni var orðað. Þetta held ég að sé mikill misskilningur og ég tel það farsælt eins og frv. hefur farið þarna milli skers og báru, að leysa ákveðin erfið vandamál með ákveðinni löggjöf, en gefa hins vegar ráðh. færi á því að bjarga viðkvæmum málum með reglugerð og undirbúa það í tæka tíð. Einnig var uppi sú hugmynd að hæstv. ráðh. yrði að ræða við verktaka í ráðgjafanefnd í þessu skyni og bera mikið undir hana. Við lögðumst sumir eða allir þm. heldur á móti slíku, og ég sé að hæstv. ráðh. hefur fallist á það sjónarmið okkar að það væri ekki æskilegt að hafa of mikið bundið í þessu efni. Hann hefur auðvitað alltaf aðgang að stjórn Fiskifélagsins og Fiskifélaginu og mörgum öðrum hagsmunahópum og hlýtur að leita til þeirra eftir því sem hann telur efni og ástæðu til, og er ég honum sammála í því efni, að núv. búningur frv. sé eðlilegur í þessu skyni.

Hæstv. ráðh. hefur þegar — og það er mjög þakkarvert — hlustað á till. er n. gerði á sínum tíma um stækkun á möskva og breytingar á friðunarsvæðum, og vil ég sérstaklega þakka honum það að hann stækkaði friðunarsvæðið fyrir Norðurlandi sem í mörg ár hafði verið mikið áhugamál mitt og ég vildi alltaf hafa stærra og fast allt árið, hvað sem líður vísindalegum rannsóknum til þess að byggja þessa friðun á. Sumir sögðu að hún væri ekki nægileg fyrir hendi. Við margir, sem erum aldir þarna upp og höfum róið á þessi mið árum saman, vitum að á þessu svæði er jafnan smáfiskur. Og það er ekkert nema gott um það að segja ef stór fiskur dvelst þar um stund og stækkar. Þá fá austfirðingar hann bara síðar heldur búsnari en hann var áður og síðan sunnlendingar ef hann sleppur frá Vestfjarðamiðum. Ég tel hér engu hætt, heldur mikla bót í þessu efni. Þess vegna þakka ég hæstv. ráðh. sérstaklgea fyrir að hlusta á þessar raddir sem vildu þessa friðun.

Önnur friðunarsvæði hafa verið stækkuð og aðrir möguleikar. Sumir segja að það sé um að gera að friða allt og friða, en það verða líka öfgar og fjarstæða. Við verðum að drepa fiskinn. Kjarni málsins er að drepa fiskinn rétt og eðlilega. A því lifum við. Og eitthvað verður drepið af smáfiski þó að við verðum að fara varlega í það og sérstaklega varlega í það næstu 2—5 árin.

Við verðum að byggja fiskstofnana upp með heilbrigðri og skynsamlegri nýtingu og heilbrigðri og skynsamlegri sókn, og þess vegna er vandamálið svo mikið, að nú er stofninn í al-

gjöru lágmarki. Um það deila menn ekki. Ég tel að þrátt fyrir margt gott í þessu frv. og sem heild ágætt, þá verði að herða hér nokkuð á svo að framkvæmd þessarar viðleitni, sem frv. ber með sér, verði tryggð. Ég óttast ella að það fari í sömu átt og verið hefur undanfarin ár. Um þetta mikilvæga atriði um skyndifriðanir vegna óvarlegs smáfiskadráps á vissum svæðum, þar sem erfitt er að ýta skipstjórum burt, verður að hafa ákvæði í lögum er tryggi að svæðunum sé lokað. Þá eru allir skipstjórarnir jafnir. Það er svo erfitt fyrir góða menn, sem vilja passa sig, 2—3—4 af 10—20 togara hóp, að fara eina burt. Við verðum að skilja að það er raunverulega frágangssök, jafnvel þó menn verði að henda þriðja til fjórða hverjum fiski, þá eru aflamenn einu sinni aflamenn og þegar aðrir gera það, þá neyðast þeir nauðugir viljugir til að halda veiðunum áfram. Þetta hafa ágætismenn margsinnis sagt mér og jafnvel menn er hafa stuðlað að verulega miklum friðunum og hafa skrifað um þær í blöð og vilja standa við það hvar og hvenær sem vera skal — mjög miklir og góðir aflamenn. En þetta er viðkvæmt mál, að sigla burt frá góðum afla þó fiskur sé smár og jafnvel hættulega smár þegar margir aðrir halda áfram. Þá er engin önnur leið en að friða um stund svæðið og sjá hvað setur í því efni, hvort fiskur fjarlægir sig aftur, hvort smáfiskurinn grisjar sig frá hinum eða ekki. Um þetta verður að vera skýrt ákvæði í lögum, og það er eiginlega það eina sem ég er sérstaklega óánægður með að skuli ekki vera heldur harðara en við gerðum ráð fyrir, því það er farið aftur á bak í því efni eins og frv. er nú sett fram.

Ég tek undir aftur með 1. þm. Vesturl. að við verðum að tryggja það að lög og reglugerðir í þessu efni séu vel haldin. Það er ekki sæmandi að una við annað, og frv. verður að tryggja að svo sé. Það mun kosta eitthvert fjármagn, en við verðum þá að tryggja það um leið. Ég tel að nýsamþykkt lög geri það. Þess vegna verðum við að bæta heldur úr í 8. gr., og ég vona að sjútvn. komi með þá breyt. að tryggja eitthvert lágmarksátak. Mér finnst ekki nóg að segja: „stefnt skal að". Það verður þá að liggja fyrir að eitthvað sé að ske hér á miðunum í okkar landhelgismáli er sannfæri mig um að verkefni okkar skipa verði ekki bundið við annað starf en að eiga við okkur sjálfa fyrst og fremst. Auðvitað kemur að því og vonandi fyrr en síðar að okkar landhelgisskip verði fyrst og fremst eftirlitsskip gagnvart okkur sjálfum og björgunar- og þjónustuskip. En því miður er það ekki fyrir hendi í dag. Ég vildi þess vegna hafa þetta á hreinu í væntanlegum lögum og mun stuðla að því að þetta frv. geti haldið áfram og verði að lögum nú í vor. En ég vildi aðeins í leiðinni forvitnast um það hjá hæstv. ráðh.: Hefur hann auglýst nú þegar breytingu á væntanlegri möskvastærð á trolli, svo menn viti um það í tæka tíð að stefnt sé að því að stækka möskvann? Margir vita það, en hefur það verið auglýst í tæka tíð svo menn komi ekki með undanþágubeiðnir og vandræðakröfur, og einnig að þau atriði, sem hann hefur gert grein fyrir á öðrum vettvangi, verði tryggð á þessu ári? Ég veit að hann persónulega vill a. m. k. stuðla að því að það komist í höfn.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm., sem hafa talað í þessu máli, fyrir góðar undirtektir, og jafnframt er ég mjög ánægður yfir því að allir hafa þeir lýst því yfir að þeir vilja stuðla að framgangi málsins.

Út af fyrirspurn hv. síðasta ræðumanns, þá hefur möskvastærð verið auglýst og aðlögunartíminn. Hins vegar skal ég játa það í sambandi við möskvastærð á dragnót að þar er enginn aðlögunartími, en hún hefur einnig verið auglýst.

Varðandi 8. gr., þá vil ég aðeins nefna það, að við töldum rétt að hafa þetta orðalag heldur en að hafa ákveðinn fjölda báta. Hafrannsóknastofnunin hefur ákveðna báta sem hún notar. Það er líka til og það munum við í sjútvrn. taka upp í okkar fjárlagatill., hvernig við ætlum að framfylgja þessu. Það er því í hendi fjárveitingavaldsins á hverjum tíma hve mikið stofnunin fær til þess að halda eftirliti uppi og það tel ég að sé nóg.

Í sambandi við uppsetningu frv., þá er ég sammála hv. síðasta ræðumanni að þetta hefði verið æskilegt. En við létum setja frv. upp bæði á þennan hátt og eins á hinn háttinn og þegar við sáum uppsetninguna frá grein til greinar, þá fannst okkur að sú uppsetning, sem mér persónulega leist betur á, gæti ekki gengið. Það er of langt mál að skýra það hér. Þess vegna hurfum við frá því og tókum upp gömlu uppsetninguna.

Ég ætla ekki að fjölyrða frekar um málið. Ég endurtek þakkir mínar til hv. þm. og vænti þess að sjútvn. fari mjög fljótt í þetta mál og við reynum að ná sem víðtækustu samstarfi um að koma því í gegn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Ferðamál, frv. (þskj. 494, n. 655, 526, 656). — 2. umr.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Samgn. hefur haft til athugunar frv. til l. um skipulag ferðamála. Við 1. umr. þessa máls gerði hæstv. samgrh. grein fyrir efni frv. og þeim breyt. sem það gerir ráð fyrir frá því sem er í núgildandi lögum, en þær eru helstar að Ferðaskrifstofa ríkisins annast framvegis aðeins almennan ferðaskrifstofurekstur ásamt rekstri Edduhótelanna, en Ferðamálaráð taki við annarri starfsemi sem Ferðaskrifstofa ríkisins hefur annast. Jafnframt gerir frv. ráð fyrir ýmsum breyt. á skipan og starfsemi Ferðamálaráðs. Þá er kveðið á um 10% gjald á vörusölu Fríhafnarinnar í Keflavík, sem renni annars vegar til landkynningar og hins vegar til endurbóta á aðstöðu fyrir ferðamenn á fjölsóttum stöðum. Einnig eru auknir möguleikar Ferðamálasjóðs til að sinna hlutverki sínu.

Samgn. hefur rætt þetta mál á fundum sínum og var einn sameiginlegur með samgn. Nd. Á

þeim fundi mættu Ólafur Steinar Valdimarsson, form. n. þeirrar sem undirbjó þetta frv., Lúðvík Hjálmtýsson, form. Ferðamálaráðs og Björn Vilmundarson, forstjóri Ferðaskrifstofu ríkisins, og skýrðu þeir þær breyt. sem í frv. felast. Samgn. varð sammála um að leggja fram nokkrar brtt. við frv. og eru þær á þskj. 656.

Í 1. gr. er bætt inn orðunum „og félags-“ til að leggja áherslu á að ferðamálin eru mikilvægur þáttur bæði í atvinnu- og félagslífi.

Skv. 7. gr. frv. eru Ferðamálaráði falin fjölþætt verkefni og til þess að leysa þessi verkefni hlýtur að vera æskilegt að nýta sem best þekkingu allra þeirra sem þar sitja og að þessum málum vinna. Samgn. leggur því til að ákvæði 5. gr. frv. um, að Ferðamálaráði skuli skipuð sérstök stjórn, verði fellt niður og sama skipan verði höfð eins og verið hefur með Ferðamálaráð að því leyti, en í staðinn verði kveðið á um að Ferðamálaráði sé heimilt að skipa undirnefndir sem vinni að einstökum málaflokkum og þannig verði meiri hagkvæmni í starfsemi ráðsins og einnig sé heimilt að skipa sérstaka framkvæmdanefnd komi í ljós að slíkt sé æskilegt, en um það og fleira verði sett nánari ákvæði í reglugerð. En samhliða þessari breyt. á skipulagi Ferðamálaráðs leggur samgn. til að bætt verði tveimur fulltrúum í ráðið, þannig að samgrh. skipi þrjá og önnur flugfélög en Flugleiðir hafi rétt til að tilnefna einn, en eins og við vitum gegna minni flugfélög allmiklu hlutverki í ferða- og samgöngumálum hér á landi. Það kom til tals að fjölga í ráðinu, þannig að það yrði þá skipað allt að 15 fulltrúum, en samgn. gengur ekki lengra en þetta í fjölgun í till. sínum, en e. t. v. verður það þá skoðað síðar ef æskilegt þykir.

Í samræmi við þessa breyt., að fella niður ákvæði um stjórn, þá fellur niður orðið „stjórn“ í nokkrum greinum frv., og kemur það fram í brtt. n. Skv. frv. er gert ráð fyrir að 10% gjaldið af vörusölu Fríhafnarinnar skuli fyrst og fremst renna til landkynningar, eins og ég sagði áður, en þó sé Ferðamálaráði einnig heimilt að veita styrki af því til að koma upp eða endurbæta aðstöðu fyrir ferðamenn á stöðum sem eru fjölsóttir, og mun þar átt við tjaldstæði, hreinlætisaðstöðu og fleira þess háttar. Sú till. stafar af því að augljóst er hvað víða er brýn þörf á slíku. Samgn. taldi að engu síður væri nauðsynlegt að Ferðamálaráð hefði heimild til að stuðla að og styrkja byggingu gistirýmis þar sem reynslan hefur sýnt að skortur á því er víða mikið vandamál, bæði fyrir þá, sem skipuleggja hópferðir um landið og vantar aðstöðu til gistingar á eðlilegum áfangastöðum, og einnig fyrir heimamenn vegna þess fjölda sem heimsækir ýmsa staði enda þótt aðstaða sé þar ekki viðunandi. Af þessum sökum leggur n. til að 8. gr. frv. verði breytt þannig að Ferðamálaráð hafi heimild til að láta nokkurn hluta 10% gjaldsins renna til Ferðamálasjóðs sem skv. 24. gr. noti það til að örva byggingu gistirýmis, eins og Ferðaskrifstofa ríkisins mun aðeins hafa gert, en eðlilegt virðist að þetta sé nú hlutverk Ferðamálasjóðs, annaðhvort með framlögum eða eignaraðild, eftir því hvort heppilegra þykir, en það getur riðið baggamuninn að einhver slík örvun og stuðningur fáist.

Við 18. gr. er bætt ákvæði um að upphæð bankatryggingar fyrir rekstur ferðaskrifstofu skuli endurskoðuð ekki sjaldnar en á þriggja ára fresti og þá breytt til samræmis við almennar verðbreytingar. Enn fremur er við 18. gr. bætt því ákvæði að ferðaskrifstofur skuli árlega senda rn. ársreikninga sína, endurskoðaða af löggiltum endurskoðanda, en n. taldi óeðlilegt að fella slíkt ákvæði alveg úr lögum eins og gert var ráð fyrir með frv.

Að lokum leggur n. til að 35. gr. verði breytt þannig að í stað ákvæða um aðgangseyri að fjölsóttum ferðamannastöðum í umsjá ríkisins komi ákvæði um heimild fyrir innheimtu á sanngjörnu gjaldi fyrir veitta þjónustu á slíkum stöðum, en þó þurfi samþykki Náttúruverndarráðs fyrir slíku á þeim stöðum sem eru á þess vegum. Þetta er fyrst og fremst orðalagsmunur, að kalla þetta gjald fyrir veitta þjónustu í staðinn fyrir aðgangseyri að slíkum stöðum.

Samgn. er sammála um að mæla með samþykkt frv. með þessum breyt., en fjarverandi við afgreiðslu málsins var Jón Árnason.

ATKVGR.

Brtt. 656,1 (ný 1. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 656,2 (ný 4. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 656,3 (ný 5. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 656,4 (ný 6. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 656,5 (ný 8. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
9.—15. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 656,6 samþ. með 16 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
17. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 656,7 (ný 18. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
19.—23. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 656,8 samþ. með 17 shlj. atkv.
24. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
25.—27. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 656,9 (ný 28. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
— 526 tekin aftur til 3. umr.
29. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
30.—34. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 656,10 (ný 35. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
36.—37. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17. shlj. atkv.

Jarðalög, frv. (þskj. 565, n. 681 og 682, 683, 692). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Landbn. hefur haft þetta frv. til umfjöllunar og rætt það á fundum sínum, en nm. náðu ekki samstöðu um það. Einn nm., minni hl. landbn., Bragi Sigurjónsson, skilar séráliti sem hér hefur verið lagt fram og geri ég það ekki að umtalsefni frekar, en vil í örfáum orðum koma að viðhorfi okkar í meiri hl. n. til þessa frv.

Ég get að vísu sparað mér að tala langt mál um þetta stóra frv. þar sem hæstv. landbrh. gerði ítarlega grein fyrir því við 1. umr. um það. Ég vil þó undirstrika það að frá því að það var lagt fram hér fyrir tveimur árum fullum hafa verið gerðar á því ýmsar þýðingarmiklar breytingar og tel ég að þær séu veigamestar sem varða þau ákvæði frv. að sveitarstjórnunum er fenginn með ótvíræðum hætti ákveðinn réttur til ákvörðunar um ráðstöfun jarðeigna og nýtingu þeirra og að þær fái til þess bakstuðning jarðanefnda, eins og þær eru nefndar í þessu frv. sem hér er til umr. Þá er einnig að mínum dómi og okkar í landbn. veigamikil breyt. hvað varðar skipulagsmál í strjálbýli. Er frv. nú samræmt sveitarstjórnarlögum þar sem sveitarstjórnirnar hafa eftir þeim fyrst og fremst og eingöngu með skipulagsmál að gera. Það var að nokkru leyti samtvinnað verkefni byggðaráðs í frv. eins og það var flutt. Þá gerir þetta frv. ráð fyrir því að Landnám ríkisins starfi áfram og byggðaráðunum, sem áður hétu svo, en nú eru kölluð jarðanefndir, er ætlað að vera til aðstoðar sveitarstjórnum, eins og ég nefndi áðan, og landnámsstjórn, en um leið er gert ráð fyrir því, að leggja niður landnámsnefndir héraðanna sem starfa eftir landnámslögum.

Þá er þess að geta, að í þessu jarðalagafrv. er að finna ákvæði um sumarbústaði, um skipulega uppbyggingu sumarbústaðahverfa og um ákvörðunartöku í sambandi við landssvæði sem hentug eru talin til útilífsnota fyrir almenning.

Það má segja að í þessu, sem ég hef hér nefnt, sé að finna veigamestu atriðin sem komið hafa til breyt. við endurskoðun jarðalagafrv.

Ég tel ekki, eins og ég sagði áðan, ástæðu til að fara neitt frekar út í þær breyt., hvernig þær eru. Það hefur hæstv. landbrh. gert áður, eins og ég gat um. En ég vil aðeins segja það að lokum að einn nm. skrifar undir þetta nál. með fyrirvara sem hann mun skýra hér á eftir, og hefur hann flutt brtt. við frv. sem meiri hl. landbn. gat ekki orðið ásáttur um.

Eins og fram kemur á nál. meiri hl. leggur meiri hl. landbn. til að frv. verði samþ. óbreytt. Meiri hl. n. sem sagt flytur ekki brtt. við frv. og leggur til að það verði samþ.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Vegna fjarveru minnar um sex vikna skeið hér úr þingsölum var ég ekki við þegar þetta frv. kom til n. í þetta sinn, en tvívegis áður hefur frv. til jarðalaga borið hér á fjörur okkar og efnislega er ég því nokkuð kunnugur. En eins og frsm. meiri hl. drap á hafa verið gerðar á því nokkrar breyt. í áttina að því að samkomulag hefur tekist með þeim gömlu, andstæðu flokkum er lengi hafa haft nokkuð andstæð sjónarmið í heimspeki sinni, og kann það að vita á eitthvað betra sambýli á kærleiksheimilinu, en mörg önnur teikn hafa gefið til kynna undanfarið. En hvað sem því líður, þá er hluti af þessu frv. að okkar skapi í Alþfl., þó annað sé miður.

Ég sé að staðgengill minn hefur skilað sérstöku nál. og einnig nokkrum brtt., og ætla ég rétt að hlaupa á brtt., en nál. er stutt og varla þörf á því að rekja það nánar í löngu máli.

Hann hefur lagt til að 1. gr. verði svo hljóðandi:

„Tilgangur laga þessara er að tryggja að nýting landsins utan skipulagðra þéttbýlissvæða sé eðlileg og hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði og að eignarráð á landi og búseta á jörðum sé í samræmi við hagsmuni þjóðarheildarinnar.“

4. gr. orðist svo:

„Í hverju kjördæmi, þar sem bújarðir eru, skal starfa jarðanefnd, skipuð 5 mönnum og jafnmörgum til vara. Búnaðarsamband eða búnaðarsambönd viðkomandi kjördæmis tilnefna tvo menn í jarðanefnd, kaupstaðir kjördæmis tilnefna tvo menn, en ráðh. skipar form. n. án tilnefningar.“

Þetta atriði var á sínum tíma mikið ágreiningsefni, hvernig með skyldi fara með þessar jarðanefndir, en þrír menn eiga að vera í þessum n. og óumdeilanlega munu þeir fá mikil völd. Það fer á milli mála. Kann að skapast um það allmikil togstreita í héraði þegar fram líða tímar. Það er trú okkar og þess vegna teljum við þetta ekki heppilegt ákvæði. Hefur staðið mjög lengi í mönnum að kyngja þessu, en nú virðist sem með einhverjum hætti hafi náðst samkomulag, og á eftir að koma í ljós á hvaða grundvelli það er, hvort helmingaskiptaregla hefur ráðið þar í við úthlutun formannssæta. En það, eins og ég segi, mun koma í ljós í tímans rás. En ég tel heilbrigðara að þetta sé á breiðara grundvelli gert og með hliðsjón einnig af möguleika fyrir þéttbýlissvæði að eiga nokkra fulltrúa í þessari væntanlegu jarðanefnd.

2. og 3. málsgr. 6. gr. orðist svo:

„Nú telja sveitarstjórn og jarðanefnd að ráðstöfun fasteignar sé andstæð hagsmunum sveitarfélagsins né samrýmist almannaheill umhverfisins, og er þá rétt að synja um áformaða ráðstöfun eignarinnar.

Nú verða sveitarstjórn og jarðanefnd ekki sammála um meðferð máls, og getur þá hvort um sig skotið ágreiningsefninu til ráðh. sem fellir úrskurð að fenginni umsögn Búnaðarfélags Íslands og Landnáms ríkisins. Eigandi fasteignar getur einnig skotið máli sínu til úrskurðar ráðh. telji hann sig rangindum beittan í úrskurði sveitarstjórnar og jarðanefndar um ráðstöfun fasteignar sinnar.“

Hér er mikilvægt mál og réttindamál hvers einstaklings, að hann eigi áfrýjunarrétt ef hann unir ekki ákvörðun jarðanefndar um meðferð sinna eigna, og sýnist þetta sanngjarnt ákvæði.

Á eftir 14. gr. komi ný gr. er verði 15. gr. og orðist svo: „Nú er góð bújörð og vel í sveit sett í sameign og enginn ábúandi á jörðinni né heldur nást kaup á henni vegna tregðu eigenda, og er þá viðkomandi sveitarfélagi skylt að leysa jörðina til sín samkv. mati og koma henni í ábúð.“

Þetta er einnig mjög viðkvæmt og mikilvægt mál, ef menn vegna einhverra annmarka sitja á þessu og land nýtist ekki og kann að orsaka það að nágranni lendi í miklum vanda. Hér er mjög mikilvægt og viðkvæmt mál á ferðinni og er afar erfitt að ráða sanngjarnlega fram úr öllum þeim tilvikum er upp kunna að koma. Hefur staðgengill minn lagt til að svo yrði um fjallað eins og ég hef nú upp lesið. Ekki skal

ég segja hvort þetta er tæmandi eins og tilvik geta verið breytileg, en þetta mun áreiðanlega vera áfangi í lausn á viðkvæmu vandamáli.

20. gr., er nú verður 21. gr., orðist svo:

„Kostnaður við störf jarðanefndar greiðist að hálfu af hlutaðeigandi landshlutasambandi og að hálfu af ríkissjóði. Landbrh. ákveður þóknun nm.“

Hér er um einfalda greiðslubyrði að ræða við störf þessara n.

21. gr., sem nú verður 22. gr. 1. málsgr. orðist svo:

„Eigi að selja fasteignaréttindi sem lög þessi taka til, sbr. 3. gr., á sveitarstjórn þess sveitarfélags, þar sem eignin er, forkaupsrétt að þeim.“

7. brtt. er við 28. gr. „Í stað „Ráðh.“ í upphafi gr. komi: Alþingi.“ Það er um ráðstöfun á ríkisjörðum og er hér um tímamótaspor að ræða ef ráðh. á að hafa úrslitavald um sölu á ríkisjörðum. En það hefur alltaf verið svo, að það þurfi sérstök lög um það, og mætti tilnefna frægt dæmi um hversu oft hefur orðið að bera fram frv. hér á Alþ. til að ná fram sölu jafnvel á einni jörð, en það hefur þurft margsinnis svo að meiri hl. næðist hér á Alþ. um það mál. Það er varhugavert í meira lagi að taka það vald úr höndum Alþ. og láta það í hendur eins manns að ráðstafa eignum ríkisins þegar jarðir eru annars vegar — mjög varhugaverð vinnubrögð.

Síðan er 8. liðurinn, við 29. gr., að 2. töluliður falli burt. Og 9. liður er um að 30.—60. gr. falli niður.

Þetta eru þær till. sem hann leggur til, en augljóst er að meiri hl. hefur ekki viljað fallast á mörg þau sjónarmið er hann hefur haft uppi. Verður að reyna á það hér í hv. d. hvort einhver hljómgrunnur er a. m. k. fyrir sumum þessara atriða. Sérstaklega eru þau tvö og jafnvel þrjú sem ég trúi vart öðru en hv. dm. vilji hafa enn óbreytt í lögum, en það er að tilgangur þessara laga verði að tryggja sem besta búsetu, og er þá eðlilegt að viðbót komi við 1. gr., og einnig ítreka ég enn einu sinni að það er varhugavert að breyta svo til að Alþ. hætti að fjalla um sölu á ríkisjörðum. Það ætti alls ekki að eiga sér stað.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls lýsti ég yfir fullkomnum stuðningi við megintilgang þessa frv., þ. e. a. s. að hindra óeðlilegt jarðabrask. Ég hlýt því, þó að ég sjái ýmsa annmarka á frv. og einkum að mér hefur ekki gefist tími til þess að bera það nægilega saman við eldra frv., — því hlýt ég að styðja þetta frv. í meginatriðum.

Ég vil hins vegar segja það, að tíminn hefur verið býsna stuttur til þess að fjalla um þetta mál og bera saman eldri gerð frv., sem var hér til meðferðar fyrir tveim árum, og það frv. sem nú liggur fyrir og er sameiginleg niðurstaða þeirra stjórnarflokka sem nú ráða ríkjum.

Ég skil vel að sumir þeir menn, sem voru í landbn. Ed., hafi ekki þurft langan tíma, því það eru sömu mennirnir sem voru við það að bræða saman sjónarmið Sjálfstfl. og Frams.fl. í málinu, og þeir þurftu eðlilega ekki langan tíma til þess að fara yfir þetta frv. Engu að síður hef ég skrifað undir þetta frv., samþ. það, með ákveðnum fyrirvara. Ég hef áður lýst því hvers vegna ég skrifa undir frv., vegna þess að að meginstofni til er það til bóta. En fyrirvari minn byggist auðvitað á rétti til þess að flytja og fylgja brtt.

Varðandi brtt. minni hl., þá vildi ég fyrst gera þær stuttlega að umræðuefni, þ. e. a. s. þær þeirra sem mér finnst máli skipta.

Ég sé ekkert athugavert við það þó að 1. gr. orðist þannig að eignarráð á landi og búseta á jörðum sé í samræmi við hagsmuni þjóðarheildarinnar. Ég álít nefnilega að hagsmunir landbúnaðarins og hagsmunir þjóðarheildarinnar hljóti á hverjum tíma að fara saman ef rétt er að staðið. Þess vegna sé ég ekkert athugavert við þessa brtt. og mun fylgja henni.

3. brtt. minni hl. er að vísu örlítið ákveðnar orðuð, en ég sé þó ekki það mikið tilefni til hennar að ástæða sé til að fylgja henni sérstaklega. Hún er að vísu nokkur áréttíng á 6. gr., en ekki nægilega mikil að mínum dómi til þess að ástæða sé til að gera þar á breytingu.

Varðandi 9. brtt., þá síðustu, þar lenti ég í örlitlum vanda í sambandi við þetta mál. Ég hef ekki verið allt of hrifinn af þessum kafla um óðalsjarðirnar og alltaf fundist í því nokkur fordild. En þegar þetta frv. var hér til umr. á sínum tíma, þá féllst ég á að láta þennan kafla gilda. Tveir ágætir bændur austan af landi komu mér í annan og æðri skilning um þessar óðalsjarðir sem einmitt eitt tæki til þess að hindra jarðabrask, og ég kann þeim bestu þakkir fyrir, því að ég hygg að það sé töluvert til í þessu. En fordildin heldur nú áfram engu að síður. En ég kann ekki við að endurskoða afstöðu mína í þessu máli eða áskilja mér rétt til skoðanaskipta, eins og nú er mjög í tísku.

En varðandi eigin brtt. er það að segja, að í gamla frv. var það tekið sérstaklega fram að ef um óeðlilega ráðstöfun væri að ræða miðað við almennar viðskiptavenjur, þá skyldi byggðaráð, nú jarðanefnd, ekki veita leyfi sitt til ráðstöfunar fasteigna, sbr. 1. mgr. 7. gr. þá, eða ef ætla má að ráðstöfunin sé gerð til að hafa af henni sérstakan fjárhagslegan ávinning eða til að ráðstafa eigninni eða hluta af henni fljótlega aftur í hagnaðarskyni. Ég sé það að í frv. nú er komið inn á þetta að nokkru í 25. gr. Þar er talað um ósanngjarna skilmála miðað við almennar viðskiptavenjur, þ. e. a. s. þar er aðeins möguleikinn á mati, en ekkert um það að jarðanefnd hafi heimild til þess að neita um leyfi til ráðstöfunar fasteignarinnar. Því hef ég leyft mér að endurvekja þessa gr. sem mér þótti um margt ágæt, og var einmitt rakið hér á sínum tíma átakanlegt dæmi um misnotkun á þessu atriði, þannig að nú komi ný gr. á eftir 8. gr., svo hljóðandi: „Ekki skal veita leyfi til ráðstöfunar fasteignar, sbr. 1. mgr. 7. gr., ef ætla má að ráðstöfunin sé gerð til að hafa af henni sérstakan fjárhagslegan ávinning eða til að ráðstafa eigninni eða hluta af henni fljótlega aftur í hagnaðarskyni.“

Á það var deilt á sínum tíma af þáverandi stjórnarandstöðu að þetta væri teygjanlegt hlutverk, „ef ætla mál“, og erfitt að átta sig á því hvað um væri að ræða. En þeim samstarfs-

mönnum mínum þáv. í Framsfl. þótti þetta fullnægjandi þá og ég vona að þeim þyki þetta fullnægjandi enn og geti þess vegna fallist á að taka þetta gamla afkvæmi sitt aftur inn í núv. frv.

2. brtt. er sú hin sama og samþ. var hér við 3. umr. úr Ed., þá fram borin af Ragnari Arnalds, verður nú varðandi 25. gr. í þessu frv. á eftir ákvæðunum um forkaupsréttarhafa og mat á eign komi svo hljóðandi grein:

„Við matið skal ekki taka tillit til verðhækkunar sem stafar af því að skipulagt þéttbýlissvæði, sbr. 4. gr. þessara laga, er að byggjast upp í næsta nágrenni og veldur óvenjulegri eftirspurn eftir landi, heldur ber að miða við verðmæti hliðstæðra eigna þar sem þessar ástæður hafa ekki veruleg áhrif til verðhækkunar.“

Þessi grein var alveg sérstaklega til komin vegna ákveðins máls sem þá var mjög á döfinni, Votmúlamálsins svokallaða. Og þessi till. var samþ. hér í d. af okkur alþb.-mönnum, alþfl.-mönnum og einnig öllum viðstöddum framsóknarmönnum í deildinni.

Ég vil því reyna á það enn á ný hvort ekki er hægt að fá þessa um margt eðlilegu till. inn, og ég vil aðeins skjóta því að, að mér finnst fara afar vel á því að ég sjálfur flytji þessa till. nú í staðinn fyrir hv. þm. Ragnar Arnalds, þar sem ekki er eins ástatt fyrir okkur varðandi eignarráð á landi. Það vill nefnilega svo til að ég á jörð sem nákvæmlega eins er ástatt um og væri hægt að sprengja upp úr öllu valdi ef mönnum sýndist svo, og ég vil koma í veg fyrir það einmitt að ég verði nokkurn tíma svo slæmur maður að verða braskari, hv. þm. Albert Guðmundsson. Það er einmitt það sem ég er að koma í veg fyrir með þessari tillögu.

En í 3. brtt. kem ég inn á mál sem var nokkuð umdeilt á sínum tíma. Það er í sambandi við Jarðasjóð. Þar var ákveðið að lágmark framlags í Jarðasjóð yrði 12 millj. ár hvert. Með tilliti til aukinna verkefna Jarðasjóðs var það gagnrýnt að upphæðin væri óbreytt frá fyrri lögum eða ekki nógu mikið breytt frá fyrri lögum og væri of lág. Nú hefur verðlag auðvitað allt rokið upp úr öllu valdi síðan frv. var hér síðast til meðferðar, og þess vegna þykir mér eðlilegt, að þessi upphæð verði a. m. k. tvöfölduð, og legg því til að í staðinn fyrir 12 millj. komi 25 millj. kr., lágmarkið, og ég geri það ekki síður með tilliti til þess að ég veit að Jarðeignadeild ríkisins og Jarðasjóður eiga í allmiklum erfiðleikum með að greiða bændum það sem þeir eiga rétt á í sambandi við það þegar þeir hverfa af ríkisjörð.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð. Ég mun styðja frv. í meginatriðum. Ég lýsi fylgi við 1. brtt. minni hl., sé ekki ástæðu til þess að fylgja öðrum till. af hálfu minni hl. og vonast til þess að þær till., sem ég ber hér fram og eru mjög í samræmi við það sem áður hafði gerst hér í hv. d., þær muni fást samþykktar.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil strax í upphafi máls míns segja það, að ég er á móti þessu frv. til jarðalaga og tel það stefna í átt til hreins kommúnisma. Þetta er upptaka á eignum manna sem búa í þéttbýli sem þeir eiga utan sinnar heimabyggðar, sveitar eða byggðarlags. En ég hafði visst gaman af því að hv. síðasti ræðumaður, Helgi Seljan, 7. landsk. þm., skyldi upplýsa það að hann væri þó gæddur vissri braskaranáttúru, hann hefði eignast jörð, en væri nú að stuðla að því með lagasetningu á Alþ. að koma í veg fyrir að þessi hvöt hans nái nú lengra á þessum gróða- og braskaravegi. (Gripið fram í.) Já, ég svara nú ekki hv. þm. því sem hann skaut hér að, en það leynist ýmislegt meðal fulltrúa öreiganna. Ég óska þeim til hamingju með kapítalistann innan sinna vébanda.

Ég vil upplýsa hv. 7. landsk. þm. að ég vil ekki taka þátt í því að viðurkenna að hér hafi verið bræddd saman sjónarmið Sjálfstfl. og Framsfl. almennt. Ég vil mótmæla því. Ég tel mig í Sjálfstfl. Það getur vel verið að það séu menn innan Sjálfstfl. sem telja þetta mjög gott frv., en ég tel það ekki vera svo. Það vill nú svo til að margir af þeim, sem búa úti á landi og hafa erfiðað og lagt það til landsins sem þeir hafa getað með erfiði og miklu hugviti, hafa á elliárum losað sig við sínar jarðir og komið sér svo fyrir í ellinni í þéttbýli. Ég er ansi hræddur um að það verði erfiðara eftir að þetta frv. nær fram að ganga, að jarðanefndir komi til með að takmarka söluverð þessara eigna. Ég efast um að þeir geti í framtíðinni fengið sér smáíbúð t. d. í Reykjavík, Akureyri eða annars staðar þegar þeir þurfa á hvíld að halda og kannske að vera nálægt sjúkrahúsi. Nei, ég held að þetta frv. sé að mörgu leyti vanhugsað og síst til bóta fyrir einmitt þá sem menn þykjast vera að berjast fyrir, en það eru bændurnir sjálfir.

Ég er sammála því sem kemur fram hjá hv. varaþm. Alþfl., Braga Sigurjónssyni, sem því miður er horfinn af þingi áður en þetta mál er tekið til afgreiðslu, þegar hann segir, með leyfi hæstv. forseta, í sínu nál. á þskj. 682 — ég grípur hér inn í þetta nál.:

„Annað markmið frv. virðist að festa í sessi eignar- og umráðarétt sjálfseignarbænda og sveitahreppa yfir öllu landi, bæði þinglýstum jarðeignum sem og afréttum og óbyggðum öllum, lóðum og lendum utan skipulagðra þéttbýlisstaða, gögnum lands og gæðum, sbr. 3. gr. frv.

Undirritaður telur að jafnafdráttarlaust yfirráða- og valdsvið fyrirhugaðra jarðanefnda, sem frv. leggur til að verði, og skipaðra með þeim hætti, sem frv. ætlast til, hljóti að leiða til árekstra með íbúum sveitahreppa og íbúum þéttbýlisstaða, þar eð skipan jarðanefndanna virðist miðuð við hagsmuni sjálfseignarbænda og sveitahreppa einvörðungu.“

Ég held, að þetta frv. stuðli einmitt að þessu ósætti milli íbúa í þéttbýli og íbúa í strjálbýli. Bragi Sigurjónsson heldur áfram í sínu nál.:

„Hætt er við að líkir árekstrar kunni að skapast varðandi úthlutun og ákvörðun útilífssvæða og sumarbústaðalóða, einnig ráðstöfunarstjórn á fasteignum sem eitt sveitarfélag á í öðrum, t. d. Reykjavíkurborg í Grafningshreppi (Nesjavellir) eða Hafnarfjarðarbær í Grindavíkurhreppi (Krýsuvík), svo að dæmi séu nefnd. Enn

er að geta slíkra tilfella þegar íbúar þéttbýlisstaða telja sig þurfa að kaupa jörð, jarðir eða jarðahluta í öðru sveitarfélagi sér til landrýmis. Þarf hér að koma sveigjanlegri sjónarmiðum að með skipan jarðanefnda en ætla verður að skipan samkv. frv. bjóði upp á, og er tillöguflutningur í sambandi við þetta nál. m.a. við það miðaður.“

Svo koma brtt. sem þegar hafa verið lesnar hérna upp og ég kæri mig ekki um að endurtaka.

Ég vil þá rétt aðeins koma að því, sem ég tel athugunarvert í þessu frv., og byrja þá á jarðanefndunum sjálfum. Það segir í 5. gr.:

„Jarðanefndir skulu hver á sínu svæði vera sveitarstjórnum til aðstoðar við framkvæmd laga þessara, sbr. 1. gr., með því að“ o. s. frv.

Er ekki nóg að kjörnir fulltrúar í hverju sveitarfélagi sjái sjálfir um að lögum sé framfylgt í viðkomandi sveitarfélagi? Þarf virkilega að koma með eina silkihúfuna til viðbótar í stjórnkerfi landsins, jafnvel þótt þetta komi í staðinn fyrir aðra nefnd og jafnvel þótt hún sé prjónuð og þá kannske úr rauðu? Ég álít að þetta sé alveg furðulegt, að sveitarstjórn, kjörnum fulltrúum, skuli ekki vera treyst til þess að lögum sé framfylgt á hverjum stað og það skuli þurfa að skipa sérstakar n. til þess að sjá um að sveitarstjórnir framfylgi lögum. Eina ráðið er náttúrlega að kjósa þá menn sem fólkið treystir á hverjum stað, en ekki setja eftirlitsmenn til að sjá um að þeir starfi eins og þeir eiga að starfa lögum samkvæmt.

Það, sem kemur í 3. lið 5. gr., þar sem segir að jarðanefnd skuli fylgjast með því að sveitarstjórn gæti ákvæða gildandi laga um mannvirkjagerð í sveitinni, töku hvers konar jarðefna og stuðla að góðri umgengni um land og mannvirki, hvað á þetta að þýða? Hvers vegna komum við ekki með till. um að það verði sett eitthvað yfir Alþ., nýtt Alþ. til þess að hafa eftirlit með okkur hér sem þjóðin virðist vera að verða óánægð með? (Gripið fram í.) Ég sé að það væri kannske athugandi að breyta þá þingsköpum vegna framískota hv. 5. þm. Norðurl. v., þannig að tveir eða fleiri geti talað í einu.

Í 6. gr. er talað um hvernig aðilar, peningastofnanir og aðrir, geti eignast land, geti eignast það í „nauðungarsölu á uppboði, þar með talinni útlagningu til veðhafa“ o. s. frv. En um það, hvernig þeir geta losnað við það aftur, það er hvergi nokkurs staðar getið um að þessar peningastofnanir, sem eru þó ríkisfyrirtæki, geti losnað við þessar jarðir sínar aftur ef þær eru neyddar til þess að taka við þeim. En ég álít að það sé ekki nokkur leið að forsvara það að Sjálfstfl. láti Framsfl. teyma sig út í að samþykkja þetta frv. Það er andstætt því sem ég álít að sé stefnuskrá og lífsskoðanir sjálfstæðismanna. Það er hvergi nokkurs staðar í frv., sem ég get séð, að réttur eiganda sé tryggður að öðru leyti en því að hann getur áfrýjað til ráðh. En það kemur fram seinna í frv. — ég man nú ekki hvar það er — að ef eigandi telur sig hafa kaupanda að jarðareign sinni og sveitarstjórn eða jarðanefnd telur verðið of hátt, þá getur hún flokkað það undir brask og vefengt það, metið það og tekið eign annarra á því verði sem hún ákveður sjálf. Það gengur meira að segja svo langt í 26. gr. að undir ákvæði laga þessara um forkaupsrétt koma ekki til framkvæmda eftirfarandi atriði. En síðasta mgr. hljóðar svo: „Falli fasteignarréttindi við erfðir til annarra en þeirra, sem greinir í 1. tölul., á hreppsnefnd rétt á að fá þau keypt því verði sem þau eru lögð erfingjum til arfs.“

Erfingjar hafa ekki einu sinni leyfi til þess að eiga þetta ef sveitarstjórn eða jarðanefnd ákveður að taka það af þeim. Er hægt að koma með slíkt? Brýtur þetta ekki í bága við stjórnarskrána? Hvað er að ske hér? Ætlar Sjálfstfl. að láta Framsfl. teyma sig út í svona bölvaða vitleysu? Það er tæplega þörf á því að lesa 13. og 14. gr., ég vildi biðja hv. þm. um að lesa þær sjálfir áður en þeir greiða atkv. í þessu máli. En ég ætla nú samt að lesa hérna 14. gr.:

„Nú er jörð í sameign, en einn sameigenda rekur bú á jörðinni og hefur þar fasta búsetu, og getur ráðh. þá leyft honum að leysa til sín eignarhluta meðeigenda sinna, enda hafi sveitarstjórn, jarðanefnd og landnámsstjórn mælt með því. Náist ekki samkomulag um verð á hinum innleystu hlutum, skal fara um mat og greiðslu bóta eftir lögum um framkvæmd eignarnáms.“

Ég kalla þetta bara hreinan dónaskap, að koma fram með svona frv. — hreinan dónaskap. Hvað skeður ef hér í Reykjavík verður látin fara fram athugun á því hvað bændur eiga mikið af íbúðum og reykvíkingar, þeir sem leigja hjá þeim, vildu kaupa íbúðirnar? Við gætum látið fara fram mat á þessum íbúðum eftir okkar geðþótta, en söluverðið yrði ekki gangverð, það yrði matsverð og bændur yrðu neyddir til að selja sínar íbúðir. Þetta er nákvæmlega það sama. Og hvað skeður þá? Hver veit nema svona frv. skapi slíkt stríð eins og kemur fram í nál. hv. þm. Braga Sigurjónssonar? Það getur vel verið.

Með þessu frv. ætla opinberir aðilar beinlínis að ráða fyrir bændur. Má segja að þeir séu sviptir eignarrétti. Það er furðulegt að Sjálfstfl. skulu láta draga sig út í þessa bölvaða vitleysu, eins og ég sagði áðan. Og ég endurtek það, ég efast um að þetta sé leyfilegt samkv. stjórnarskránni.

Gera bændur sér ljóst hvaða réttur er tekinn af þeim með þessu frv.? Halda bændur virkilega að Framsfl. sé að gera þeim einhvern greiða? Ég held, að bændur vilji selja sínar jarðir, þegar þeir eru búnir að strita ævilangt og þurfa að komast í hvíld, kannske nær heilsuhælum, þurfa kannske að bregða búi vegna heilsubrests, hafa þá notað tækifærið og losað sig við sínar jarðir og eignir og keypt íbúð hér í Reykjavík eða annars staðar nálægt sjúkrahúsum. Ég endurtek það, ég efast um að bændur séu fylgjandi því að þurfa að hlíta söluverði jarðanefndar eða sveitarstjórnar.

Ég veit ekki hvort 9. gr. er nokkuð betri en hinar, en þar segir, með leyfi forseta: „Óheimilt er að þinglýsa skjölum varðandi ráðstöfun fasteignar sem lög þessi taka til.“ Það er óheimilt manni að þinglýsa eign sinni. Aðrir eigendur

fasteigna í landinu þurfa ekki að leita til opinberra stofnana til þess að fá heimild til þess að þinglýsa eign sinni eða til sveitarfélaga.

Í 18. gr. segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Nú er fasteign ráðstafað andstætt fyrirmælum laga þessara.“ Sem sagt, ef eigandi fasteignar ráðstafar henni að eigin geðþótta, sem er að sjálfsögðu andstætt þessum lagafyrirmælum, varðar sú ráðstöfun refsingu sbr. 61. gr. Auk þess getur sveitarstjórn þá með samþykki jarðanefndar og ráðh. höfðað mál til ógildingar ráðstöfuninni, til ógildingar á því sem maður hefur gert við sína eigin eign. Og hvað segir svo í 61. gr.? „Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að 100 þús. kr. Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð opinberra mála.“ Það er ekkert annað. Maðurinn er sektaður og dreginn fyrir dómstóla fyrir það eitt að hafa selt sína eigin eign. Vesalings Sjálfstfl., hvað er að verða um hann? Hvað er að verða um Sjálfstfl.?

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, ég held að þau séu þegar orðin nógu mörg, og ég efast ekkert um að þau leiða af sér einhverjar umr. Ég á von á því vegna þess að samstaða um þessi mál er fyrir fram ákveðin í öllum flokkum. Alþb.-menn hafa komið hér upp og lýsa ánægju með þetta. Það er frsm. úr Sjálfstæðisfl. Það er landbrh. sem flytur frv. Þetta er stj.frv. Ég held að þjóðin verði að fara að vakna. Þetta virðist vera gulltryggt og því vitlausari sem hluturinn er, þegar hann kemur hér fram, þeim mun betra er að koma honum í gegn, því auðveldara. Það ættu hv. þm. að vita.

Hv. 6. þm. Sunnl. gat þess í sinni ræðu, kom að því, að sveitarstjórn væri fenginn ótvíræður réttur með þessu frv. En ótvíræður réttur til hvers? Til að skipuleggja. Sveitarstjórnir fara eingöngu með skipulagsmál og athugun á sumarbústaðastæðum o. s. frv. Ég held að það sé hvergi í þessu frv. sem sveitarstjórn er fenginn ótvíræður réttur. Það er alls staðar sett á þá lögregla: jarðanefnd, eftirlitsnefnd, og sums staðar er talað um að jarðanefnd hafi tillögurétt til sýslunefndar. Ég held að réttur sveitarfélaga sé þarna fótumtroðinn. Það getur vel verið að það sé rétt sem hv. 1. landsk. þm. sagði, að frv. gefi til kynna batnandi samhýli á kærleiksheimili og í samstarfi stjórnarflokkanna. Þá verð ég að segja, ef þetta er sýnishorn af því, þá óttast ég um framtíðina.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég ætlaði ekki að hafa mál mitt langt. Ég verð samt að láta það álit mitt í ljós að mér hefur alltaf fundist óþarfi þessar takmarkanir á ráðstöfun þeirra fasteigna, er hér um ræðir, frekar en annarra. Lengst af hefur verið hægt að fara með okkar jarðeignir eins og aðrar fasteignir, og þrátt fyrir það sé ég ekki annað en að við framleiðum landbúnaðarafurðir handa okkur sjálfum og sé algjör óþarfi að auka þá framleiðslu, þannig að það ætti ekki að vera í þeim tilgangi gert að tryggja að hver sú jörð, sem ekki er nýtt til landbúnaðar í augnablikinu, skuli innan tiltekins árafjölda verða nýtt sem landbúnaðarjörð. Það er fyrst og fremst það sem ég hef að athuga við þetta. Mér finnst 13. og 14. gr. vera óeðlilegar, og mig langaði til að koma með tvær fsp. til ráðh.:

1. Hvað á þessi skipting að ná langt aftur?

Það er vonandi ekki svo að reykvíkingar geti keypt upp afganginn af landnámi Ingólfs eða að ákvæðin nái aftur til 17.—18. aldar, því jarðir voru nefnilega miklu stærri áður fyrr heldur en núna. En það getur ekkert um það í greinunum hvað um sé að ræða annað en að það sé jarðarpartur og einmitt, eins og mun nú vera algengast, að þarna er um skipti vegna erfða að ræða. Þá er þetta ansi viðkvæmt mál víða, og ég held það sé algjörlega ástæðulaust að líta þannig á að það hamli landbúnaði í landinu verulega þó að fleiri eigendur en einn séu að stöku jörð í landinu. En það er með þetta eins og margt annað, áróðurinn hefur verið sterkur. Hver sá, sem á jarðarpart, er talinn braskari, og þetta hefur haft þau áhrif að nú virðast í raun og veru allir á einu máli um það, að erfingjum skuli mismunað. Þótt finna megi dæmi um óheppilegar ráðstafanir, þá eru það undantekningar. Ég held að það sé algjör misskilningur hjá 12. þm. Reykv. að þetta sé gert fyrir bændurna, að það séu hagsmunir þeirra sem séu hafðir í huga þegar verið er að setja þessi lög því að allar takmarkanir á ráðstöfun fasteigna, jarðanna, hljóta að þýða að menn séu óöruggari með að fá fjármagn sitt til baka sem þeir hafa lagt í framkvæmdir á sínum jörðum, og ég held að þetta sé ekki það sem muni lyfta okkar landbúnaði upp.

En það, sem mig langaði mikið til að vita, var m. a. varðandi 13. og 14. gr., hvort um er að ræða t. d. lönd sem erfingjar hafa fengið til þess að geta byggt, við skulum segja sumarbústað þar sem þeir eru uppaldir eða við hvað á að miða því að eins og gengið er frá þessu í greinunum, þá held ég að það sé eingöngu komið undir áhuga sveitarstjórnar eða ráðh. hvað langt á að ganga í því að gera land upptækt. Ég á ósköp erfitt með að fella mig við það að slíkt eignarnám sem hér á að fara fram sé eitthvað í þágu almennings. Ég get ekki séð að það sé neitt sem styður þá hugmynd, og eins og ég segi, ég held að allt, sem torveldar viðskipti með jarðirnar, verði til þess að menn hiki meira við að fjárfesta í jörðum, bæta þær og gera þær verðmeiri, einmitt vegna þess að þeir vita að það er ekki öruggt að þeir fái það til baka sem þeir hafa lagt í þær.

Frsm. meiri hl. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Ég tel mig ekki þurfa að segja mörg orð um það sem hér hefur komið fram eftir að ég skýrði frá áliti okkar í meiri hl. landbn. Ég held að ýmislegt af því, sem sagt hefur verið síðan, hafi verið sagt vegna vanþekkingar á því málefni sem hér er til umr.

Mér er alveg sama um það hvort t. d. hv. 12. þm. Reykv. er sjálfstæðismaður eða hvort hann talar hér sem sveitarstjórnarmaður, hann hefur ekki fundið þann þráð sem er í þessu frv. og virðist ekki vita af því markmiði sem liggur að baki því. Og ég vil halda því fram að þetta sé ekki í fyrsta skipti sem sveitarstjórn á Íslandi þarf að styðja sig við einhvern bakhjarl þegar hún tekur ákvörðun. Ég veit ekki betur en sveitarstjórn í strjálbýlinu

megi ekki taka ákvörðun um fjármálaskuldbindingar nema bera það undir sýslunefnd, og ég hygg að það sama gildi um kaupstaði, að þeir verði að hafa samráð við það rn. sem yfir þá er sett. Og þetta, sem er gert ráð fyrir í þessu frv., að jarðanefnd sé til ráðuneytis við sveitarstjórn, er fyrst og fremst fyrir það að það hefur komið í ljós að sveitarstjórnir eru víða um land það veikar fyrir að þær þurfa bakstuðning til þess að koma fram ákvörðunum sem þær eiga að taka skv. lögum. Er þar ekki eingöngu um að ræða málefni eins og það sem hér er til umr. Það eru ýmis önnur ákvörðunarefni sem sveitarstjórn þarf að taka sem líkt stendur á um, og vil ég þá sérstaklega nefna forðagæslu, sem ég veit að vísu að hv. 12. þm. Reykv. hefur ekki mikla reynslu í. En annað er, sem hann ætti að hafa nokkra reynslu í, en honum virðist hafa gleymst, og það er að sveitarstjórnir hafa þurft að taka ákvörðun og leggja hömlur á vilja borgaranna að fleiri fyrirmælum heldur en þeim sem eru í þessu frv. sem hér er til umr. Ég held að ég muni það rétt að borgarstjórn Reykjavíkur hafi t.d. þurft að ákvarða um ráðstöfun fasteignar hér í borginni til ákveðinna nota á þessum vetri. Ég hygg að það hafi ekki verið í heimildarleysi eða fyrir það að borgarstjórnin hafi ekki þóst vera að gera rétt. Ég er ekki að gagnrýna á neinn hátt þá ráðstöfun þegar neitað var um að setja upp markað við Sundahöfn. Það er ég ekki að gagnrýna á neinn hátt. Ég vil aðeins benda á það að sveitarstjórn tók þarna í taumana og hamlaði gegn umráðarétti á eign innan borgarmarkanna.

Ég ætla ekki að fara ýkjamörgum orðum um þetta frekar. En út af því, sem hv. 2. þm. Reykn. gerði hér að umtalsefni í sambandi við 14. gr. frv., hvort hér væri átt við að ábúandi jarðar mætti leysa til sín sumarbústaði á jörðinni, þá er að sjálfsögðu fjarri lagi að við það sé átt. Ég hygg að sveitarstjórnarmenn og bændur hafi aldrei lagt þann skilning í sumarbústað að hann héti jarðarhluti, sem er beinlínis getið um í þessu frv., þannig að ég tel að það fari ekkert á milli mála hvað er átt við í því efni.

Áður en ég lýk máli mínu þykir mér rétt að koma hér lítils háttar að einu atriði sem hv. 7. landsk. þm. kom að. Það var till. frá Ragnari Arnalds sem var samþ. hér í Ed. þegar fyrra frv. var hér til afgreiðslu og hann sagði að hefði verið til komin fyrst og fremst vegna dæmis um jarðarsölu austur í Flóa, svokallaðs „Votmúlamáls". Hættulegra mál var það ekki en svo, að Votmúlabóndinn gat ekki selt, svo það varð ekki að hættuefni í því tilliti. En ég vil undirstrika það sem ég gat um í umr. þá, að ég er andvígur því að um eignir manna gildi ekki sömu ákvæði hvar sem þær liggja í landinu, og ég var andvígur því að það væru reistar sérstakar skorður við því hversu hátt verð mætti vera á bújörðum bænda, en ekki öðrum eignum í landinu.

Ég staðfesti það að sjálfsögðu að um þetta efni eru ekki þau ákvæði sem samþ. voru hér að till. Ragnars Arnalds á sínum tíma. En ég vil minna á það, að í stefnuræðu forsrh., sem flutt var í okt. s.l., er skýrt frá því að ríkisstj. hafi tekið til endurskoðunar ýmis ákvæði skattalaga, svo sem skattlagningu söluhagnaðar, og ef þarf að setja einhverjar sérstakar skorður við því sem er um að ræða í þessari tillögugerð sem Ragnar Arnalds var með og hv. 7. landsk. þm. tekur nú upp, þá tel ég miklu eðlilegra að það sé gert með einu ákvæði fyrir allar eignir í landinu heldur en að taka út úr aðeins jarðir í strjálbýli.

ATKVGR.

Brtt. 683,1 felld með 9:5 atkv.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 683,2 felld með 10:4 atkv.
4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 683,3 felld með 9:4 atkv.
6. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
7.—8. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 692,1 felld með 8:6 atkv.
9.—13. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
14. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 683,4 felld með 8:6 atkv.
15.—19. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 683,5 felld með 9:2 atkv.
20. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 683,6 felld með 9:4 atkv.
21. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
22.—24. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 692,2 felld með 10:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: EggÞ, GeirG, HFS, JÁH, RA, StJ, StH.
nei: AJ, ÁB, EÁ, HÁ, IT, JHelg, OÓ, StG, AG, ÞK.

JGS greiddi ekki atkv.
2 þm. (GH, JónÁ) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Fyrir þremur árum, þegar frv. þetta var til meðferðar hér á Alþ., að vísu í nokkuð breyttu formi, kom til atkv. brtt. frá okkur alþb.-mönnum sem var nákvæmlega eins orðuð, með nákvæmlega sama innihaldi og sú till. sem hér er borin upp til atkv. Hún var þá flutt í beinu framhaldi af svonefndu Votmúlamáli og hún var samþ. hér í d. með miklum meiri hl. atkv. af þáv. þm. stjórnarfl., hv. þm. Framsfl., SF og Alþb., auk þm. Alþfl. Ég er vissulega furðu sleginn yfir því að ýmsir þeir, sem sögðu já við þessari sömu till. fyrir þremur árum, segja nú nei. Að sjálfsögðu segi ég já.

25. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
26.—27. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 683,7 felld með 10:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: RA, StJ, EggÞ, GeirG, HFS, JÁH.
nei: StH, StG, AJ, ÁB, EÁ, HÁ, IT, JHelg, OÓ, ÞK.

AG, JGS greiddu ekki atkv.
2 þm. (GH, JónÁ) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég tel mér ekki fært að greiða atkv. í þessu máli vegna þess að ég hef þá trú að hér sé um stjórnarskrárbrot að ræða og teldi eðlilegt að atkvgr. yrði frestað þangað til það er upplýst hvort

hægt er að afsala valdi Alþ. yfir til annarra aðila, ráðh. eða annarra.

28. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 683,8 felld með 9:2 atkv.
29. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
30.—32. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 692,3 felld með 9:6 atkv.
33. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
34.—37. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 683,9 felld með 12:2 atkv.
38.—62. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 485, n. 678, 526, 679). — 2. umr.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Félmn. hefur tekið frv. þetta, sem hér er til umr., til meðferðar og m. a. hefur n. fengið á fund sinn ráðuneytisstjóra félmrn. og framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga. N. leggur til að frv. þetta verði samþ. með breyt. sem till. eru gerðar um á þskj. 679. Fjarverandi afgreiðslu málsins var Steingrímur Hermannsson.

Hér er um að ræða frv. til l. um breyt. á lögum um tekjustofna sveitarfélaga varðandi tvö atriði, aukaframlag úr Jöfnunarsjóði til sveitarfélaga annars vegar og fólksfækkunarframlag hins vegar, og eru efnisatriði þessa frv. í 1. og 2. gr.

Í 1. gr. er fjallað um aukaframlag úr Jöfnunarsjóði. Samkv. frv. þessu er þar um að ræða það helsta nýmæli í þessari gr., að hér er gert ráð fyrir að heimilað sé að greiða aukaframlög til sveitarfélaga sem verða fyrir fjárhagstjóni vegna ákvæða laga nr. 94 frá 30. des. 1975, um breyt. á lögum vegna nokkurra verkefna sveitarfélaga og kostnaðar við þau. Þetta ákvæði er sett inn hér í samræmi við yfirlýsingu hæstv. félmrh. sem hann gaf þar um á fundi í hv. Nd. Alþ. hinn 19. des. s. l. Þá er einnig hér um það nýmæli að ræða í 1. gr. frv., að heimilað er að greiða aukaframlag samkv. 2. mgr. 1. gr. þótt ekki sé fullnægt skilyrðum samkv. stafliðum a—c í gr. þessari. Enn er það nýmæli í þessari gr., að félmrn. skal afla umsagnar stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga áður en það ákveður aukaframlög til einstakra sveitarfélaga og verður að telja öflun slíkra umsagna eðlilega og sjálfsagða, segir í grg. með þessu frv. Og þá er loks að geta þess nýmælis, að gert er ráð fyrir að auka megi fé það, sem nota má til veitingar aukaframlaga úr Jöfnunarsjóði, frá því sem er í gildandi tekjustofnalögum, en þar segir m. a. að draga skuli frá úthlutunarfé 5% af tekjum Jöfnuarsjóðs til þess að mæta aukaframlagsútgjöldum. En í þessu frv. er m. a. gert ráð fyrir að til þess að mæta útgjöldum samkv. 1. gr. frv. megi verja 6% af tekjum Jöfnunarsjóðs. Er talið að aukning á þessu fé megi telja nauðsynlega, m. a. með tilliti til aukinna greiðslukvaða samkv. 2. mgr. 1. gr frv. Það, sem ég hef nú rakið, varðar aukaframlag sem veita skal sveitarfélögum.

Í 2. gr. frv., eins og ég áður gat um, eru ákvæði um fólksfækkunarframlag. Í gildandi lögum er gert ráð fyrir að fólksfækkunarframlagið skuli nema sem svarar meðalútsvari á íbúa í landinu næst liðið ár margfaldað með íbúafækkunartölunni. Í 2. gr. þessa frv. felst sú breyt., að fólksfækkunarframlagið er lækkað og það er gert ráð fyrir að miða við helming meðalútsvars á íbúa, en ekki á meðalútsvar íbúa í landinu eins og nú er. Það er um þetta atriði sem félmn. hefur gert brtt. á þskj. 679. Þar er lagt til að þessu orðalagi sé breytt, það sé ekki að *framlagið skuli nema helmingi meðalútsvars*, heldur allt að meðalútsvari. Þetta þýðir það, að það er raunverulega lagt í vald félmrh. að taka ákvörðun um það hvað fólksfækkunarframlagið getur verið mikið. Það skal vera veitt ef skilyrðum er fullnægt, en það er hvorki tekið fram að það skuli vera nákvæmlega helmingur meðalútsvars né sem svarar fullu útsvari á íbúa í landinu, heldur að það skuli nema allt að meðalútsvari. Það er þá á valdi ráðh. að kveða á um upphæðina. Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir að sveitarstjórnir verði að hafa sótt um aukaframlag fyrir 15. júlí ár hvert. Þessari dagsetningu er breytt þannig, að félmn. gerir till. um á þskj. 679 að í staðinn fyrir „15. júlí“ komi: árslok, þ. e. a. s. að það þurfi að senda umsókn fyrir árslok.

Ég tel að ég hafi hér gert grein fyrir aðalefni þessa frv. svo og efni þeirra brtt., sem félmn. leggur til á þskj. 679.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 679 samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Efri deild, 101. fundur.

Mánudaginn 10. maí, að loknum 100. fundi.

Námslán og námsstyrkir, frv. (þskj. 364, n. 645 og 686, 646, 687). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Axel Jónsson): Herra forseti. Menntmn. þessarar hv. d. hefur haft þetta mál til meðferðar um nokkurt skeið, og eins og fram er tekið í nál. á þskj. 645 frá meiri hl. n. fjölluðu menntmn. beggja d. um málið á sameiginlegum fundum og til fundar við nefndirnar komu fulltrúar frá menntmrn. og námsmönnum og veittu ýmsar upplýsingar og greindu frá viðhorfum sínum. Menntmn. hefur rætt frv. á mörgum fundum og fengið umsögn fulltrúa í Þjóðhagsstofnuninni um málið. Mætti hann einnig á fundi n. og gaf frekari skýringar. Fulltrúar námsmanna mættu einnig á fundi n. N. varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl., undirritaðir nm., leggur til að frv. verði samþ. með þeim brtt. sem fluttar eru á sérstöku þskj. Minni hl. skilar séráliti. Fjar-

verandi við afgreiðslu málsins var Bragi Sigurjónsson.

Hæstv. menntmrh. gat ítarlega þeirra nýmæla sem í frv. felast frá gildandi lögum, og vitna ég til framsöguræðu hans hér í hv. þd. 24. febr. s. l. Eins og fram kom hjá hæstv. ráðh. var fyrsta löggjöfin um Lánasjóð ísl. námsmanna sett 1961. Ljóst er af þeim umr., sem fram fóru á hinu háa Alþ. um málið þá, að af hálfu þeirra, sem að lagasetningunni stóðu, var það hugsun þeirra þá að byggja upp kerfi námslána sem innan fárra ára gæti orðið að verulegu leyti sér fjárhagslega nóg. Þá var það ekki hugsun löggjafans að námslánin yrðu að mestu leyti fjármögnuð með framlögum úr ríkissjóði, þó sú hafi orðið raunin á. Hæstv. menntmrh. sagði í sinni framsöguræðu efnislega á þá leið, að nú væri svo komið að aldrei hefði það verið fjarlægara en nú að Lánasjóður ísl. námsmanna gæti orðið sterkur. Líkur mætti færa fyrir því að sjóðurinn endurheimti að raungildi um eða innan við 10% af útlánuðu fé miðað við meðalverðbólgu á Íslandi. Því væri það markmið, sem menn höfðu í upphafi um námslánakerfið, orðið mjög fjarlægt.

Lögin hafa verið endurskoðuð 1967, 1968 og 1972. Umgetin endurskoðun miðast fyrst og fremst við það að lögin tækju til námsmanna fleiri skóla eða að tilteknir skólar hefðu breytt um heiti. Fer ég ekki frekar út í það, en staðreyndin er að þrisvar sinnum hefur lögunum verið breytt vegna þess að í þeim var upptalning á þeim skólum sem námsmenn í ættu rétt á lánum frá sjóðnum. Það er því með tilliti til fenginnar reynslu og tilliti til örra breytinga á menntunarkerfi landsins talið rétt að hverfa frá upptalningu skólanna, en setja í þess stað heimild til ráðh. til þess að ákveða með reglugerð til hvaða skóla lögin taka.

Svo sem að líkum lætur hefur Lánasjóðurinn mjög aukið umfang sitt á undanförnum árum. Nú er talið að um 3350—3400 námsmenn njóti styrkja og lána úr sjóðnum, þar af rúmlega 1000 erlendis. Árið 1970 voru veittar á fjárlögum 75 millj. kr. til námslána, árið 1974 402 millj., árið 1974—1975 úthlutaði lánasjóðurinn um 680 millj. kr. Á fjárlögum 1976 eru 840 millj. til Lánasjóðsins og þar að auki lántökuheimild fyrir ríkissjóð til að ábyrgjast 600 millj. kr. lán fyrir Lánasjóðinn. Framlag á fjárlögum og lántökuheimild eru því samtals 1440 millj. og síðan tekjur sjóðsins af endurgreiðslum og vöxtum um 15—20 millj., þannig að ráðstöfunarfé sjóðsins getur verið innan við 1500 millj., nánast 1460 millj. kr. Fram hefur komið hjá fulltrúum námsmanna að þeir telji sig geta fært rök að því að til þess að fullnægja að þeirra dómi eðlilegri þörf þyrfti 2 600 millj. til útlána og styrkja.

Herra forseti. Ég nefndi þessar tölur til að benda á þá gífurlegu þenslu sem átt hefur sér stað í útlánum Lánasjóðsins og þrátt fyrir það er ekki um það að ræða að talið sé að Lánasjóðurinn hafi getað fullnægt hinni svokölluðu umframfjárþörf námsmanna. Meginorsök þess, að svona hefur til tekist, er hin mikla verðbólga undanfarandi ára og þar sem lánin úr sjóðnum voru ekki verðtryggð skiluðu þau sér í sífellt minnkandi raungildi til Lánasjóðsins, og nú er svo komið, eins og ég hef áður vikið að, að aðeins um 10% lánanna skila sér í raun. Önnur veigamikil ástæða er fyrir því, hvernig fjármálum Lánasjóðsins er komið, er að Lánasjóðurinn hefur á liðnum árum fært út kvíarnar þannig að nemendur æ fleiri skóla hafa öðlast rétt til lántöku úr sjóðnum. Munar hér miklu á því, sem var upphaflega í lögunum, og því sem nú er. Það er því öllum ljóst að breyta þarf frá núgildandi ákvæðum um endurgreiðslur.

Haustið 1972 skipaði menntmrn. nefnd til að endurskoða lögin um námslán og námsstyrki. N. skilaði álitsgerð 7. apríl 1973. Menntmrn. lét síðan semja frv. upp úr þeirri álitsgerð, að mestu samhljóða henni nema hvað varðaði ákvæði um vexti. Frv. þetta náði ekki afgreiðslu hér á hv. Alþ. Þó var menntmn. þessarar hv. d. á fundum sínum búin að ganga frá brtt. við frv. Þar er fyrst gerð till. um verðtryggingu lánanna að hluta ásamt með vöxtum, að vísu lágum.

Eins og ég hef áður getið náði þetta frv. ekki afgreiðslu hér á hv. Alþingi vorið 1974, og ræði ég ekki frekar um það né þær brtt, sem fyrir hugaðar voru við það, nema frekara tilefni gefist til.

Lögin voru á ný tekin til endurskoðunar haustið 1974, og 30. júlí 1975 var skipuð n. til að vinna að endurskoðun laganna. Í skipunarbréfi n. var tekið fram að nefndarstörfum skyldi hagað þannig að unnt yrði að leggja fram og afgr. ný lög fyrir lánasjóðinn hið fyrsta. Í n. voru skipaðir Torfi Ásgeirsson deildarstjóri í menntmrn. og var hann formaður n. Aðrir nm. voru Ellert B. Schram alþm., Finnur Birgisson arkitekt, Gunnar Vagnsson, formaður stjórnar Lánasjóðs ísl. námsmanna, Halldór Ásgrímsson alþm., Höskuldur Ásgeirsson nemandi í framhaldsdeild Fiskvinnsluskólans og Örn Marinósson deildarstjóri í fjárlaga- og hagsýslustofnun. N. kannaði málið frá ýmsum hliðum og lagði fram útreikninga, till. og skýringar. Er þetta frv. byggt á undirbúningsstarfi n. í veigamiklum atriðum. Meginbreytingin frá gildandi lögum er tvíþætt. Námslán skulu nú vera verðtryggð, en vaxtalaus og endurgreiðslur þeirra að hluta miðaðar við tekjur lánþega að námi loknu.

Eins og ég tók fram í upphafi máls míns gerði hæstv. menntmrh. ítarlega grein fyrir frv. í framsögu fyrir því. Fulltrúar námsmanna hafa einnig lagt fram frv. og grg. Þá hefur kjarabaráttunefnd námsmanna sent opið bréf til alþm. sem felur í sér gagnrýni á frv. til l. um námslán og námsstyrki, eins og segir í upphafi þess. Fjöldamargar ályktanir og erindi frá ýmsum hópum námsmanna hafa einnig borist.

Eins og áður er getið sendi menntmn. þessarar hv. d. frv. þetta svo og frv. námsmannanna til athugunar hjá Þjóðhagsstofnuninni. Einnig kom Hallgrímur Snorrason, er gerði umrædda athugun í Þjóðhagsstofnuninni, á fund nefndarinnar.

Herra forseti. Ég vík nú að fyrrgreindum atriðum svo og brtt. meiri hl. menntmn. sem eru, eins og fyrr segir, á þskj. 646.

Um 1. og 2. gr. frv. er ekki umtalsverður ágreiningur milli frv. þess, sem hér er til umr., og frv. námsmannanna. Námsmenn fallast á þá breyt. frá gildandi lögum að ekki verði um að

ræða upptalningu á skólum eins og verið hefur og verið hefur tilefni þess að lögunum hefur þrisvar sinnum verið breytt.

3. gr. frv. er að miklu leyti samhljóða 2. gr. gildandi laga, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Stefnt skal að því að opinber aðstoð við námsmenn samkv. lögum þessum nægi hverjum námsmanni til að standa straum af árlegum námskostnaði þegar eðlilegt tillit hefur verið tekið til aðstöðu hans til fjáröflunar.“ Samsvarandi gr. í frv., sem er eins og áður segir 3. gr., er þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Stefnt skal að því að opinber aðstoð við námsmenn samkv. lögum þessum nægi hverjum námsmanni til að standa straum af eðlilegum náms- og framfærslukostnaði þegar tillit hefur verið tekið til tekna námsmanns og maka hans, fjölskyldustærðar, framfærslukostnaðar í því landi þar sem nám er stundað, lengdar árlegs námstíma og annarra atriða er áhrif kunna að hafa á fjárhagsstöðu námsmanns. Nánari ákvæði um úthlutun námslána og styrkja skulu sett samkv. ákvæðum 16. gr.“ Greinin er því ítarlegri og tekur til fleiri atriða en samsvarandi grein gildandi laga, m. a. í því að taka tillit til framfærslukostnaðar auk námskostnaðar. Þá er og tekið fram að taka beri tillit til tekna maka, fjölskyldustærðar, framfærslukostnaðar í því landi þar sem nám er stundað, lengdar árlegs námstíma og annarra atriða er áhrif kunna að hafa á fjárhagsstöðu námsmanna.

Í áður áminnstu opnu bréfi til alþm. frá kjarabaráttunefnd námsmanna kemur fram hörð gagnrýni á upphaf þessarar greinar. Með tilliti til þess ástands, sem er í fjármálum nú, og með vísun til þeirrar þróunar, sem átt hefur sér stað á undangengnum árum, tel ég þessa gagnrýni ekki sanngjarna. Ég hef áður vikið að því hve útlán Lánasjóðsins hafa stóraukist á undangengnum árum án þess að sjóðurinn fengi til baka nema örlítið brot í raungildi af útlánum sínum.

Í þessu sambandi ber að hafa í huga, þegar sagt er að ekki hafi nógu mikið miðað í áttina að settu marki á þessu tímabili, að þá hafa æ fleiri skólar bæst inn í námslánakerfið og hlýtur það að teljast veruleg bót. Það er mikilvægt að ná því marki að mæta að fullu umframfjárþörf námsmanna. Ég tel þó enn mikilvægara að fjölmargir aðilar, sem enga aðstoð fengu og báru því verulegar byrðar, hafa með breyttum ákvæðum notið námsaðstoðar. Þetta hljóta þeir að meta sem þessa hafa notið. Þetta hefur hins vegar eðlilega íþyngt Lánasjóðnum. Ég gat þess áður að á fjárlögum 1970 voru veittar 75 millj. til námslána, 1974 um 400 millj. og 1976 840 millj. auk lántökuheimildar til handa ríkissjóði í þessu skyni upp á 600 millj. kr.

Í þætti í Ríkisútvarpinu í vetur þar sem rætt var um námslán og námsstyrki af þeim hæstv. menntmrh., Gesti Guðmundssyni þjóðfélagsfræðinema, Steingrími Arasyni viðskiptafræðinema og Stefáni Pálssyni starfsmannastjóra, sem sæti á í stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna, kom eðlilega margt fróðlegt fram. M. a. svaraði Stefán Pálsson spurningu stjórnanda þáttarins um hvort námsmenn, sem stunduðu nám sitt erlendis, fengju hærri styrki eða lán og eftir hverju það færi. Stefán Pálsson svaraði þessari spurningu þannig, með leyfi forseta: „Það fer eftir framfærslu í hverju landi.“

Það er kannske rétt að fara lauslega yfir það hvernig framfærsla er reiknuð. Ársframfærsla í heimahúsum á Íslandi er reiknuð 443 þús. fyrir hvern námsmann. Fyrir námsmann utan heimahúsa á Íslandi eru það 581 þús. En ég reiknaði meðaltalstölu námsmanna erlendis og það er í kringum 600 þús. Námsaðstoðin við námsmenn erlendis og hérlendis hefur miðast við 85% af þessari tölu, en þess er þó að geta, að tekjur manna eru umreiknaðar eða þær eru ekki reiknaðar að fullu til námsnota. Og ef við lítum á það dæmi lítillega, þá er það svo að ef námsmaður á Íslandi hefði 400 þús. kr. tekjur, þá væru aðeins 282 500 kr. reiknaðar til námsnota. Hann mundi fá 85% 298 þús. eða 254 þús. Hann hefði 400 þús. kr. tekjur raunverulega. Hann fær lán upp á 254 þús., en þó er framfærslukostnaður á Íslandi utan heimahúsa 581 þús. Hann fær 73 þús. kr. meira til ráðstöfunar en framfærslukostnaður er reiknaður. Það verður ávallt nokkurt matsatriði við hvað skal miðað þegar umframfjárþörf er metin. Ég læt svo útrætt um þetta atriði í gagnrýni námsmannanna. Þó að fullur vilji og skilningur sé á nauðsyn þess að hægt sé að koma til móts við námsmenn til að mæta eðlilegri umframfjárþörf þeirra, þá tel ég óskynsamlegt, eins og nú er háttað, að binda það skilyrðislaust í lögum.

Varðandi þá gagnrýni, sem fram kemur í fyrrgreindu bréfi kjarabaráttunefndar námsmanna um breytta tilhögun á skipan sjóðsstjórnar, vísa ég henni á bug. Það er ekki óeðlilegt að nemendur annarra skóla en Háskóla Íslands tilnefni einn mann í stjórnina í stað háskólaráðs. Varðandi það atriði, sem fram kemur í umgetnu bréfi kjarabaráttunefndar námsmanna, að hér sé á ferðinni tilhneiging ráðh. til að tryggja rn. meiri hl. í stjórn sjóðsins, þá fær það ekki staðist þegar litið er til gildandi laga og hvernig ráðh. hefur farið með rétt sinn samkv. þeim til tilnefningar á fulltrúa í sjóðsstjórnina.

Þá kem ég að því atriðinu sem auk upphafs 3. gr. er aðalágreiningsefni af hálfu námsmanna um frv. Það er um endurgreiðslurnar á lánunum.

Eins og ég hef áður vikið að, þá eru allir, sem raunhæft hugsa um málefni Lánasjóðsins, sammála um nauðsyn þess að verðtryggja lán úr honum til að tryggja fjárhagsgetu hans í framtíðinni.

Eins og ég hef áður að vikið fékk Þjóðhagsstofnunin frv. til athugunar og einnig frv. námsmanna. Ég ætla — með leyfi hæstv. forseta — að lesa það sem þar segir:

„Afar lauslegar athugasemdir um frv. til l. um námslán og námsstyrki:

1. Þær athugasemdir, sem hér fara á eftir, fjalla einkum um tilhögun endurgreiðslna námslána samkv. frv. til l. um námslán og námsstyrki svo og samanburð þeirra till. og till. kjarabaráttunefndar stúdenta. Hvað endurgreiðslur varðar eiga till. frv. og námsmanna það sameiginlegt, að gert er ráð fyrir að horfið sé frá núverandi kerfi óverðtryggðra og vaxtalágra lána að fullri verðtryggingu lána, en án vaxta. Jafnframt er í báðum till. gert ráð fyrir að

endurgreiðslur verði tengdar tekjum. Tilhögun tekjutengingar endurgreiðslna er hins vegar það sem skilur í milli till. frv. og till. námsmanna. Í till. námsmanna er gert ráð fyrir að endurgreiðslur verði að fullu háðar tekjum og ráðist af tekjum lánþega umfram viðmiðunartekjur sem ákveðnar eru með viðmiðun við útgjöld samkv. grunni framfærsluvísitölu að teknu tilliti til fjölskyldustærðar. Í till. frv. er tekjutryggingin hins vegar takmörkuð með ákvæðum um verðtryggingar lágmarksendurgreiðslu sem öllum lánþegum er skylt að inna af hendi án tillits til tekna. Sameiginlegt einkenni beggja till. er hámark endurgreiðslna, þ. e. að heildarendurgreiðslur fara aldrei fram úr heildarskuld að viðbættri verðtryggingu. Báðar till. gera enn fremur ráð fyrir að endurgreiðslutíminn verði lengstur 20 ár og að þeim tíma liðnum verði eftirstöðvar lána óafturkræfar.

Við mat á þessum till. þyrfti að gæta þriggja sjónarmiða.

Í fyrsta lagi þyrfti að vera unnt að meta væntanlega greiðslubyrði lána jafnframt því sem ákveða þarf hver greiðslubyrði skuli eða skuli ekki vera. Í frv. er í reynd ekki að finna neina hugmynd um hver sé æskileg eða eðlileg greiðslubyrði. Í grg. segir aðeins að till. eigi að tryggja að engum lánþega verði ofþyngt með endurgreiðslu. Enga nánari skilgreiningu á þessu er þó að finna í grg. Um mat greiðslubyrðar verður fjallað hér á eftir.

Í öðru lagi þarf að gæta þess sjónarmiðs að endurgreiðslur verði verulegur hluti fjármögnunar Lánasjóðsins eða að Lánasjóðurinn fái umtalsverðan hluta námslána endurgreiddan á raunvirði, eins og segir í grg. frv. Hér er því gert ráð fyrir að sjóðurinn standi að verulegu, en þó ekki að öllu leyti undir eigin lánastarfsemi með endurgreiðslum. En enga ábendingu er að finna um það, hvaða hlutfall heildarendurgreiðsla af lánum eða fjármögnun geti talist fullnægjandi eða að skuli stefnt.

Í þriðja lagi virðist eðlilegt að þess sé gætt að eftirspurn eftir lánum úr sjóðnum sé að nokkru stýrt með lánskjörum. Hér er um það að ræða, að nauðsynlegt er að lánskjör séu nógu stíf til þess að tryggja að bægt verði frá sjóðnum lánsfjáreftirspurn þeirra sem ekki hafa beinlínis þörf fyrir námslán og/eða geta séð fyrir fjárþörf sinni með öðrum hætti. Þar með yrði jafnframt tryggð betri nýting fjármagns Lánasjóðs.

Hér á eftir verður fjallað nokkru nánar um till. frv. um endurgreiðslur námslána í ljósi þessara þriggja sjónarmiða.

2. Eins og hér hefur komið fram er það einkum till. frv. um lágmarksendurgreiðslur sem skilur sig frá till. námsmanna. Rétt er að huga nokkru nánar að því hvað till. um lágmarksendurgreiðslur felur í sér almennt. Helsti galli þessa fyrirkomulags er væntanlega sá að mögulegt sé að greiðslubyrði lágmarksafborgunar og verðtryggingar verði of þung fyrir tekjulága lánþega með stóra fjölskyldu. Með skynsamlegri ákvörðun lágmarksafborgunar ætti hins vegar að vera unnt að koma í veg fyrir að slíkt verði almennt, og ætti þá að vera auðvelt að fást við þau einstöku tilfelli sem upp kynnu að koma og beita heimildarákvæðunar 5. mgr. 8. gr. frv. Helstu kostir, sem felast í till. frv. um lágmarksafborganir, eru hins vegar þessir:

1) Með fyrirkomulagi þessu eru lánasjóðnum tryggðar meiri og jafnari endurgreiðslur en ella.

2) Enn fremur verða afborganir mun minna háðar því hversu samviskusamlega tekjur eru taldar fram til skatts.

3) Loks eru reglur um lágmarksendurgreiðslur gagnlegar í kerfi tekjutengdra lána til þess að hafa áhrif á eftirspurn eftir lánum úr sjóðnum.

Hér verður því jafnframt að hafa í huga að þessum eftirspurnaráhrifum fylgir tvenns konar vandi: Annars vegar að sá áhættuþáttur, sem hér kemur til, geti útilokað lánsfjáreftirspurn þeirra sem eru í erfiðri fjárhagsaðstöðu og ekki búast við háum starfstekjum að námi loknu, og hins vegar að kerfið geti bæði fyrirfram og eftir á raskað vali manna milli seljanlegrar og efnalegrar og óseljanlegrar eða andlegrar uppskeru námsins.

Að nokkru er það sameiginlegt einkenni till. frv. og till. námsmanna að í báðum kerfunum er beinlínis gert ráð fyrir óbeinum styrkveitingum til námsmanna, bæði í heild og einstaklingsbundið. Þetta er þó takmarkað með lágmarksafborgunum í till. frv., en vegna þeirra verður styrkjaþáttur kerfisins hins vegar að nokkru háður vilja manna til töku áhættu sem verður að teljast annmarki á öllum beinum styrkjakerfum. Styrkjaþáttur þess kerfis, sem felst í till. námsmanna, er hins vegar mjög mikill þar sem gert er ráð fyrir að afborganir á hverju einu ári geti orðið óverulegar eða fallið alveg niður við ákveðin tekjumörk. Þessu kerfi fylgir því lítil áhætta og hefur að þessu leyti því lítilleg eða engin áhrif á eftirspurn eftir lánum úr sjóðnum, jafnframt því sem fullljóst er að með þessu móti verða heildarendurgreiðslur í sjóðinn væntanlega mun minni en ella og skila sér síðar. Almennt má þó segja um bæði þau kerfi sem felast í till. frv. og till. námsmanna, að gera má ráð fyrir að þau hafi hamlandi áhrif á lánseftirspurn úr sjóðnum frá þeim, sem hafa rúman fjárhag og/eða búast við miklum tekjum strax að námi loknu, og hvetji til ásóknar í önnur lán. Þessu veldur að þeir, sem stefna í hátekjuhópa, geta eflaust margir séð fram á að lánskjör þau, sem Lánasjóður ísl. námsmanna býður, eru stífari en almennt gerist á peningamarkaði.

3. Upplýsingaskortur háir mjög allri talnalegri athugun á tekjutengdu námskerfi. Til þess að unnt sé að ætlast á um væntanlegt endurgreiðsluhlutfall námslána þarf til haldgóðar upplýsingar um tekjudreifingu lánþega að námi loknu. Slíkar tekjudreifingatölur eru ekki fyrir hendi og verða vart áætlaðar af nokkrum áreiðanleika að svo stöddu. Auk upplýsinga um tekjur þyrfti jafnframt að ætlast á um dreifingu lánþega eftir fjölskyldustærð og þar með tekjudreifingu þeirra eftir fjölskyldustærð, en slíkar upplýsingar eru ekki fáanlegar. Því er ljóst að allur reikningur tekjutengdra endurgreiðslna hlýtur að vera afar ótraustur. Útreikningar endurgreiðsluhlutfalls byggjast á hinn bóginn á áætlunum um lánveitingar sjóðsins, þ. e. um lánsfjárhæðir, fjölda lána og skiptingu á tekjuhópa að námi loknu. Við þetta verður að beita

gögnum Lánasjóðs ísl. námsmanna um lánastarfsemina að undanförnu ásamt hugmyndum um þá stefnu sem líklegt virðist að tekin verði í lánveitingum sjóðsins.

Að öllu samanlögðu verður því að álykta að reikningur endurgreiðsluhlutfalls sé afar varhugaverður eins og sakir standa vegna þess hve mikil óvissa ríkir um hversu traustar reikningsforsendur eru í reynd. Á vegum kjarabaráttunefndar stúdenta hafa hins vegar verið gerðir útreikningar á endurgreiðslum og endurgreiðsluhlutföllum. Þessir reikningar eru reistir á safni tilbúinna og áætlaðra forsendna um meðaltekjur starfsstétta og ágiskunum um tekjur eiginkvenna, einkum samkv. skattaframtölum fyrir árið 1974 með áætlunum um hækkun til meðaltals 1975 og dreifingu eftir fjölskyldustærð. Ljóst er að hér er víða í besta falli um grófar ágiskanir að ræða. Jafnframt verður að benda á að hér er ekki gerlegt að ætlast á um beinar tekjudreifingartölur lánþegahópsins, heldur er einungis unnt að nálgast þá dreifingu með notkun meðaltekna starfsstétta. Forsendur um lánsfjárhæðir, lánafjölda og skiptingu eru áætlaðar eftir gögnum Lánasjóðs ísl. námsmanna. Samkv. þessum heimildum hefur verið reiknað meðallán 1975 miðað við að umframþörf væri brúuð að fullu og að áætluð fjárþörf námsmanna yrði þegar í upphafi hins nýja lánakerfis hækkuð til samræmis við niðurstöður kostnaðarkönnunar. Niðurstöður þessara útreikninga námsmanna gefa til kynna að um 54% útlána muni skila sér í sjóðinn á 20 ára endurgreiðslutíma. Hér verður ekki reiknað á þessum grunni fyrir till. frv. og því ekki settar fram neinar beinar samanburðartölur við útreikninga námsmanna um heildarendurgreiðslur.

Eins og að ofan segir eru heldur engin skýr ákvæði í frv. um afborganir umfram lágmark nema hvað snertir hámark afborgana miðað við tekjur. Þegar af þessum sökum verða reikningar endurgreiðsluhlutfalls hæpnari en ella. Hins vegar má m.a. með því að beita lánaforsendum stúdenta reikna það endurgreiðsluhlutfall sem einungis lágmarksafborganir gætu gefið. Þær eru að auki óháðar tekjum samkv. frv. og þarf því ekki að styðjast við neinar tekjudreifingarforsendur við slíka reikninga. Miðað við forsendur námsmanna um meðallán 410 þús., fjölda lána og skiptingu námshópa annars vegar og lágmarksafborganir samkv. frv., 50 þús. kr. á ári, hins vegar, fæst sú niðurstaða að heildarendurgreiðslur með lágmarksafborgunum á 20 árum gætu numið 54% af heildarskuld (athuga að hér hafa 50 þús. kr. miðað við framfærsluvísitölu 507 1. febr. 1976 verið færðar til ársmeðaltals 1975 til samræmis við meðallánatölu). Með lágmarksafborguninni einni fæst því hér sama niðurstaða og með öllum afborgunum í kerfi námsmanna. Væri hins vegar reiknað með 40 þús. kr. lágmarksafborgunum miðað við framfærsluvísitölu 507 yrði endurgreiðsluhlutfallið hins vegar um 44%.

Nú er þess að gæta að meðallánið 410 þús. kr. skiptir hér meginmáli. Eins og áður er sagt er það fundið miðað við fulla brúun umframfjárþarfar, og nýtt kostnaðarmat er því allmiklu hærra en meðallán Lánasjóðs ísl. námsmanna er í reynd. Samkv. upplýsingum Lánasjóðs ísl. námsmanna má gera ráð fyrir að meðallán í þeirri úthlutun, sem nú er nýlokið, nemi um 320 þús. kr. Sé reiknað með þessu meðalláni fást mun hærri endurgreiðsluhlutföll eða 73% miðað við 50 þús. kr., 62% miðað við 40 þús. kr. og 55% miðað við 35 þús. kr. lágmarksafborgun á ári.

Þótt ekki sé ætlunin að fara mörgum orðum um þessar niðurstöður má e.t.v. gera við þær tvær athugasemdir. Í fyrsta lagi er ljóst að miðað við 40—50 þús. kr. lágmarksafborganir verður ekki um mikið svigrúm að ræða til að beita tekjutengdum aukaafborgunum þannig að tekjutengingarinnar gæti verulega. Í öðru lagi má ætla að miðað við hugmyndir um einhverja líklega tekjudreifingu lánþegahópsins muni flestallir námsmenn eiga að greiða einhverja aukaafborgun samkv. till. frv. Þetta hefur það tvennt í för með sér, að endurgreiðsluhlutfallið gæti orðið talsvert hærra en með lágmarksafborgunum eingöngu og aukaafborganir þyrftu sennilega ekki að fara í hámark til þess að megnið af lánunum skilaði sér til baka, og á hinn bóginn virðist ljóst að margir hópar greiddu lán sín á mun skemmri tíma en 20 árum.

Í framhaldi af þessu má minna á að bæði útreikningar námsmanna og þeir, sem hér hafa verið tíundaðir, eru miðaðir við meðalendurgreiðslu 20 ára og segja því ekkert til um tímaferil endurgreiðslna. Í hreinu tekjutengdu kerfi eins og í till. stúdenta má búast við vegna hækkandi launa með starfsaldri að endurgreiðslur skili sér fremur síðar en fyrr á endurgreiðslutímabilinu. Endurgreiðslur munu hins vegar skila sér fyrr í því kerfi sem frv. kveður á um, en það þýðir jafnframt þyngri greiðslubyrði en í till. námsmanna.

4. Hér að framan var almennt fjallað um kosti og galla lágmarksafborgana í tekjutengdu námslánakerfi, en e.t.v. mætti ræða nokkru nánar um það sérstæða fyrirkomulag lágmarksafborganna sem felst í frv. Þar er annars vegar gert ráð fyrir að árlegar lágmarksendurgreiðslur séu óháðar tekjum, eins og eðlilegt er, en hins vegar er svo gert ráð fyrir að þær séu óháðar heildarskuld lánþegans og er það öllu óvenjulegra. Þetta veldur því, að því lægri, sem heildarskuld lánþegans er þeim mun fyrr verður hann að inna hana af hendi. Í sjálfu sér virðist það ekki óeðlilegt að lágar skuldir innheimtist fyrr en háar. En hér verður þó að gæta að tvennu, að vegna aukaafborgananna, sem ráðast af tekjum, er við því að búast að lágar skuldir greiðist enn fyrr en ella og hins vegar að sá styrkiaþáttur, sem er innbyggður í kerfið, nær þannig ekki til lágra lána, þ.e. lána sem eru í heild sama fjárhæð eða lægri en lágmarksafborgunin í 20 ár.

Þannig má almennt segja að kerfið taki langt nám fram yfir skammt þar sem miklar skuldir sæta betri kjörum en litlar skuldir. Ljóst er einnig að á þeim tíma, sem það tekur að ljúka greiðslu námslána, verður greiðslubyrði lántakanda vegna lítillar skuldar hin sama og vegna mikillar skuldar. Hér verða ekki settar fram neinar hugmyndir um lausn þess vanda, ef vandi er talinn, en aðeins bent á að slík lausn gæti falist í tengingu lágmarksafborgana og heildarskuldar.

5. Að lokum verða hér settar fram örstuttar athugasemdir um einstaka þætti till. frv.:

a. Undanfarin 15 ár hefur kaupmáttur launa almennt aukist um yfir 4% að meðaltali á ári. Rétt virðist að reikna með að kaupmáttarþróun verði með einhverjum svipuðum hætti áfram, a.m.k. ef til lengri tíma er litið, en það hefði í för með sér að greiðslubyrði vegna lágmarksafborgananna léttist ár frá ári.

b. Í frv. eru engin ákvæði um skattalega meðferð verðtryggingar námslána. Það er hins vegar álitamál hvort verðtryggingin verði frádráttarbær við álagningu tekjuskatts og fyrir fram verður engu slegið föstu þar um. Rétt gæti því verið að álits ríkisskattstjóra verði leitað um þetta efni.

c. Ákvæði frv. um endurgreiðslu lána hjóna kunna að orka tvímælis og verið gæti að hér ætti samsvörun við ákvæði skattalaga betur við."

Herra forseti. Þá vík ég að brtt. meiri hl. menntmn. á þskj. 646.

Fyrsta brtt. er við 8. gr. frv., um að gr. orðist eins og þar segir. Þar er í upphafi gr. lagt til að föst endurgreiðsla árlega lækki úr 50 þús. í 40 þús. kr. Léttir þessi breyting greiðslubyrði, sér í lagi þeirra sem lægri tekjur hafa og falla því síður undir ákvæðin um aukaafborganir, og er hér gengið til móts við óskir námsmanna. Í öðru lagi eru einnig í þessari mgr. ákvæði sem tryggja að þeir, sem skemur en 4 ár njóta námsaðstoðar, greiða ekki fulla uppbót á fastar greiðslur, heldur, eins og segir í gr., ekki hærri fjárhæð en 10 þús. kr. vegna hvers byrjaðs námsárs sem námsaðstoð hefur verið veitt til. Hér er einnig gengið til móts við óskir námsmanna og farið inn á þá braut, sem m.a. er bent á í athugasemdum Þjóðhagsstofnunarinnar um tengingu lágmarksafborgananna og heildarskulda. Hér er um breyt. að ræða sem kemur þeim sérstaklega til góða sem verða stuttan tíma í námi og hafa að námi loknu ekki háar tekjur. Þá er í þriðja lagi lögð til sú breyt. á þessari gr., þ.e. 3. mgr. 8. gr., að séu hjón bæði lántakar skuli þau greiða hálfa endurgreiðslu samkv. 1. mgr. af láni hvors um sig. Hér er einnig gengið til móts við óskir námsmanna og léttir þessi breyt. greiðslubyrði hjóna sem bæði eru lántakendur úr sjóðnum. Í fjórða lagi er breyt. sem gengur í þá átt að ákvæðin um fasta árlega afborgun svo og aukaafborganir taki einnig til sambýlisfólks sem skattlagt er samkv. 1. málsl. 5. mgr. B-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975. Rétt þykir að leggja til að þeir aðilar, sem ákvæði fyrrgreindra laga taka til, þ.e. sambýlisfólk, njóti í þessum lögum sömu ákvæða og hjón, þó svo að ekki hafi komið fram beinar óskir um þetta af hálfu námsmanna.

Þá er lögð til sú breyt. á 9. gr., sem fram kemur í 2. mgr., sem er bein afleiðing þeirrar breyt. sem tekin er inn í 8. gr., 3. mgr. 8. gr., þ.e. að sambýlisfólk, sem skattlagt er samkv. áður umgetnum lögum, falli á sama hátt og hjón undir ákvæðin um viðmiðunartekjur. Með þessum breyt. er einnig mjög létt á um afborganir hjóna og sambýlisfólks sem bæði eru lántakendur úr sjóðnum, og vitnast í því efni til athugasemda sem fram koma hjá fulltrúa Þjóðhagsstofnunarinnar.

Þá vil ég aðeins víkja að því sem segir í niðurlagi athugasemda fulltrúa Þjóðhagsstofnunar, þ.e. b-lið, en þar segir svo, eins og ég áður las, með leyfi forseta: „Í frv. eru engin ákvæði um skattalega meðferð verðtryggingar námslána. Það er hins vegar álitamál hvort verðtryggingin verði frádráttarbær við álagningu tekjuskatts og fyrir fram verður engu slegið föstu þar um. Rétt gæti því verið að álits ríkisskattstjóra verði leitað um þetta efni."

Ég leitaði álits ríkisskattstjóra um þetta mál og taldi hann með tilliti til þess hvernig með þessi mál væri farið, þá væru verðbæturnar frádráttarbærar á sama hátt og vextir, og vísað til úrskurðar ríkisskattanefndar nr. 804 frá 9. sept. 1968, en þar var úrskurðað að greiddar verðbætur væru frádráttarbærar á sama hátt og vextir. Í því tilfelli var um að ræða verðtryggingu ásamt með lágum vöxtum, 4—5½%, af húsnæðismálalánum. Hér er hins vegar um verðtryggingu að ræða er kemur alfarið í stað vaxta þar sem lánin eru vaxtalaus.

Þá er breyt. við 12. gr. frv. þar sem gengið er til móts við óskir námsmanna. Brtt. hljóðar svo:

„Greinin orðist svo:

Stjórn Lánasjóðsins sé heimilt að veita aðstöðujöfnunarstyrki til námsmanna sem verða að kosta sig fjarri heimili sínu vegna náms sem er aðstoðarhæft samkv. 1. og 2. gr., enda verði sams konar nám ekki stundað þar sem umsækjandi á heima. Jöfnunarstyrki til námsmanna á Íslandi skal ákveða með tilliti til ferðakostnaðar og húsnæðiskostnaðar á dvalarstað.

Fé því, sem veitt er á fjárlögum til námsstyrkja, skal m.a. varið til þess að vega upp á móti kostnaðarauka hjá þeim námsmönnum sem fara utan til náms, og skulu þeir að jafnaði ganga fyrir er stunda nám er eigi verður stundað hérlendis."

3. mgr. er óbreytt frá upphaflegu frv.

Þá er og breyt. við 16. gr. frv. um að upphaf 3. mgr. orðist svo:

„Sjóðstjórn setur reglur um önnur atriði úthlutunar" o.s.frv. Þykir betur á fara að nota orðið önnur í stað smærri, eins og er í frv.

Ég hef hér vikið að þeim breyt. sem meiri hl. menntmn. leggur til að gerðar verði á frv. Breyt. miða að því að létta greiðslubyrði þeirra, sem í erfiðari aðstöðu eru, og skapa aukið svigrúm til aðstöðujöfnunar námsmanna. Það er trú mín að verði fyrrgreindar breyt. samþ., þá verði greiðslugeta þeirra, sem lán taka úr Lánasjóðnum, ekki íþyngt um of, um leið og fjárhagsgrundvöllur Lánasjóðs námsmanna verður betur tryggður og því auknar líkur til þess að hann geti fyrr veitt raunverulega fulla umframaðstoð þeim sem þess þurfa.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði samþ. með þeim breyt. sem lagðar eru til á þskj. 646.

Frsm. minni hl. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mun gera hér grein fyrir sjónarmiðum minni hl. menntmn.

Þegar um er að ræða Lánasjóð ísl. námsmanna, þá eru tvö meginatriði sem ástæða er til að leggja sérstaka áherslu á. Í fyrsta lagi er það meginatriði að lánveitingar séu nægilegar til þess að fullnægja umframfjárþörf námsmanna. Í öðru lagi er það meginatriði hvernig tilhögun endurgreiðslna er á lánum. Það er vissulega mikið atriði að Lánasjóðurinn eflist,

en eyðist ekki í eldi verðbólgunnar. En hitt er ekki síður mikilvægt, að endurgreiðslubyrðin sé ekki óhæfileg, að hún fæli menn ekki beinlínis frá námi, heldur hvetji þá til náms.

Um fyrra atriðið er það að segja, að í lögunum frá 1967, um námslán og námsstyrki, var kveðið svo á að stefnt skyldi að því að aðstoð hins opinbera við námsmenn nægði námsmönnum til að standa straum af eðlilegum náms- og framfærslukostnaði þegar eðlilegt tillit hefði verið tekið til tekna, fjölskyldustærðar og fleiri atriða. Síðan eru liðin 9 ár og á þessum tíma hefur mjög þokast í þessa átt. Þegar lögin voru sett árið 1967 mun um 43% af umframfjárþörf námsmanna á þeim tíma hafa verið fullnægt, en á árinu 1974 var þessi prósentutala komin nokkuð yfir 80%. Síðan hefur hún staðið í stað og nú á þessu ári gengið verulega til baka. Viðbára ríkisstj. og stjórnarfl. er öllum kunnug. Það er borið við peningaleysi, að þjóðin eigi í miklum erfiðleikum og hafi ekki efni á því að lána námsmönnum sínum fé til þess að þeir geti framfleytt sér meðan þeir eru við nám.

Þessi viðbára gæti kannske staðist ef lögin væru algjörlega óbreytt og ihaldsemin mikil, eins og hún vissulega er. En nú þegar hér birtist frv. um námslán sem gerir ráð fyrir gífurlegum breytingum á lánskjörum, þannig að í staðinn fyrir að lánin skili sér að verðgildi 7% til baka til sjóðsins, eins og hefur verið, 7—8%, þá er ætlunin að tífalda þessa upphæð, þannig að milli 70 og 90% af lánunum skili sér aftur í fullu raungildi. Þegar þannig er komið er að sjálfsögðu einstaklega ömurlegt að horfa upp á það að meiri hl. Alþ. skuli ekki treysta sér til þess að stíga þá sporið að fullu með því að tryggja námsmönnum greiðslu á fullri umframfjárþörf. Það er vissulega hámark þess nirfilsháttar gagnvart námsmönnum sem lýsir sér í þessum lögum að enn einu sinni á að orða þessa gr. með því loðna orðalagi sem hefur verið á henni um 9 ára skeið: „Stefnt skal að.“

Eins og kunnugt er felur þetta frv. það í sér að námsfólki verða eftirleiðis boðin lán með langtum lakari kjörum en gerist hjá bönkum, fjárfestingarsjóðum eða yfirleitt nokkurri annarri innlendri lánastofnun. Ég hélt satt að segja, þegar þetta frv. kom fyrst fram og var hér kynnt af hæstv. menntmrh., sem því miður er ekki viðstaddur þessa umr. og verður það að teljast mjög furðulegt, en þegar þetta frv. var hér kynnt, þá hélt ég í sakleysi mínu að um væri að ræða vanhugsað fljótræði sem yrði leiðrétt, því ég áleit að hæstv. ráðh. léti sér ekki til hugar koma að gera slíkan frv.-óskapnað að lögum. En núna er það komið á daginn að það á að keyra beint af augum með frv. lítt breytt. Þær breyt., sem meiri hl. menntmn. leggur til að verði gerðar á frv., eru mjög óverulegar og breyta afar litlu um eðli þessa máls.

Eins og ég tók fram áðan, þá er mjög nauðsynlegt að efla Lánasjóð námsmanna, ekki fyrst og fremst til þess að spara ríkinu þá fjármuni sem lagðir hafa verið til þessa sjóðs, heldur til þess að unnt verði að láta lánakerfið ná til miklu fleiri námsmanna heldur en nú njóta lána og styrkja. Það þarf að stórefla námsaðstoðarkerfið og alveg sérstaklega þarf að huga að kjörum framhaldsskólanema sem ekki koma nú til með að heyra undir þessi lög, en ég óttast að um það verði ekkert hugsað fyrr en sjóðurinn hefur eflst verulega frá því sem nú er. Og ég viðurkenni fúslega að það er illt að horfa upp á þennan vísi að sjóði, — hann hefur aldrei orðið annað en vísir að sjóði, — að horfa upp á hann brenna á eldi verðbólgunnar ár eftir ár þótt miklu sé í hann mokað. Þess vegna tel ég og sjálfsagt langflestir, sem skoðað hafa þessi mál, að verðtrygging nokkurs hluta lánanna hefði í sjálfu sér alls ekki verið óeðlileg og komið vel til greina. Og ég get upplýst það hér, sem sjálfsagt flestir vita, að þegar þessi mál voru til umr. hér á Alþ. fyrir fáum árum, þá hafði tekist allvíðtæk samstaða um breyttar reglur sem m. a. fólu í sér verðtryggingu að nokkrum hluta, en því miður fór svo, að sú breyt. náðist ekki fram og það er kannske þess vegna að við verðum nú að horfa upp á þessa frv.-ómynd hér í dag.

Námslán hafa fram að þessu verið á afar hagstæðum kjörum, sem í sjálfu sér er ekkert óeðlilegt gagnvart þeim sem síðar eiga eftir að verða láglaunamenn, en aftur á móti óþarfi gagnvart væntanlegum hátekjumönnum. En vegna þessara hagstæðu kjara og vegna óðaverðbólgu seinustu ára hafa þessi lán í reynd orðið fyrst og fremst styrkir. Ég vil leggja á það sérstaka áherslu hér, vegna þess að það virðist ganga dálítið illa að koma mönnum í skilning um það grundvallaratriði, að það er að sjálfsögðu reginmunur á því hvort lán eru verðtryggð að einhverjum hluta, t. d. að ⅓ hluta, eins og lán húsnæðismálastjórnar, eða að hálfu leyti, eins og er um allra óhagstæðustu tegundir fjárfestingarlána, eða hvort lán eru gegngistryggð, sem er það skásta af þessu öllu sem ég nú nefni, eins og lán Iðnþróunarsjóðs, svo ég nefni enn eitt dæmið, eða þá að lánin eru verðtryggð að fullu, eins og stefnt er að hjá Lánasjóði námsmanna. Á þessu er sem sagt reginmunur. Það að fara að gera námslán nú í einni svipan að óhagstæðustu lánum sem þekkjast á íslenskum lánsmarkaði er að sjálfsögðu slík kollsteypa í afstöðu stjórnvalda til námsmanna að dæmalaust er, og þetta lýsir að sjálfsögðu afar glöggt og skýrt viðhorfum núv. hægri stjórnar til menntamála almennt. Ég vil hins vegar vara við því að afleiðingin mun ekki lengi láta á sér standa. Það er alveg vafalaust að ef frv. þetta verður að lögum, þá muni hundruð námsmanna, sem ekki eiga von á háum launum að námi loknu, ekki treysta sér til að taka þessi óhagstæðu lán og þar af leiðandi tefjast verulega í námi eða gefast upp. Þessi breyt. mun því verulega auka misréttið í þjóðfélaginu og valda því að við fjarlægjumst aftur það markmið sem stefnt hefur verið að á undanförnum árum, að skapa jafnrétti til náms.

Ég vil enn ítreka það hér, að frá sjónarmiði mínu og margra annarra og sjálfsagt flestra annarra er ekkert óeðlilegt við það að hátekjumenn endurgreiði námslán með verðtryggingu. Við lifum í þjóðfélagi þar sem tekjumunur er mjög verulegur. Meðan þessari skipan hefur ekki verið breytt er alls ekki óeðlilegt að miklir hátekjumenn skili aftur til þjóðfélagsins því sem þeir hafa fengið að láni til þess að afla sér þeirrar menntunar sem gerir þeim kleift að verða hátekjumenn. Ég vek á því athygli að

meðal námsmanna hefur verið ríkur skilningur á nauðsyn þess að Lánasjóður ísl. námsmanna yrði efldur með hörðu og óvægilegu endurgreiðslukerfi gagnvart þeim sem hagnast af námi sínu. En ég vil leggja á það sérstaka áherslu að það hefur alltaf verið algjört skilyrði af hálfu námsmanna að væru lánakjörin verulega hert, t.d. með verðtryggingum, þá yrðu skýr mörk dregin milli þeirra, sem lenda í hópi hálaunamanna, og hinna, sem ekki njóta efnahagslegra ávinninga af námi sínu.

Í till. kjarabaráttunefndar námsmanna, sem má segja að séu grundvöllur að þessari lagasmíð sem hér birtist, þá var námsmönnum skipað í 3 hópa. Í fyrsta hópnum voru þeir, sem reikna má með að kynnu að hafa tvöfaldar tekjur vísitölufjölskyldu á ári, en það mun vera fast að 3 millj. kr. á núv. verðlagi. Þessir menn áttu að endurgreiða lán sín með fullri verðtryggingu á tiltölulega mjög skömmum tíma, á þá var lögð mikil byrði. Í öðrum hópnum voru þeir sem höfðu viðmiðunartekjur vísitölufjölskyldu allt upp í tvöfaldar þær tekjur, þ.e.a.s. voru á bilinu frá 1400—2800 þús. eða fast að 3 millj. Þessir lántakendur áttu að greiða 3 5% af heildartekjum fjölskyldunnar í allt að 20 ár. Það hefði að vísu orðið mjög mismunandi hvað þessi hópur hefði greitt eftir því hvort menn hefðu talist hærra megin í þessum tekjuhópi eða í lægri hlutanum. Þeir sem hefðu verið hærri hefðu vafalaust greitt sín lán með fullri verðtryggingu, en þeir tekjulægri hefðu væntanlega fengið lánakjör sem hefðu getað talist nokkuð hófleg. Í þriðja hópnum voru svo þeir lánþegar sem hugsanlega hefðu að námi loknu lægri tekjur en þessar margnefndu viðmiðunartekjur. Samkv. till. námsmanna var gert ráð fyrir því að þeir greiddu alls ekki af lánunum.

Ég vil leggja alveg sérstaka áherslu á það hér, að þegar minnt er á, að þetta frv. sé smíðað upp úr till. námsmanna, og þegar sagt er, að námsmenn hafi fallist á verðtryggingu, en það er því miður það sem hætt er við að standi upp úr í fjölmiðlum og eftir hinu sé ekki tekið, fyrirvörunum, þá verða menn að reyna að koma því inn í höfuðið á sér að námsmenn hafa raunverulega aldrei fallist á verðtryggingu námslána. Það er rangt að taka svo til orða. Þeir hafa fallist á þessa verðtryggingu eingöngu gagnvart væntanlegum hátekjumönnum. En ef litið er á hóp hinna tekjulægri má frekar segja, að till. þeirra hafi falið í sér að þeir hlytu námslaun, en ekki námslán, og að sjálfsögðu með þeim rökum að þeir, sem ekki hafa hagnast af námi sínu og fengið hærri tekjur að því loknu en almennt gerist, þeir hafi einungis verið að gera þjóðfélagi sínu gagn með náminu og eigi þar af leiðandi að njóta launa en ekki lána. Þetta er afar rökrétt afstaða, og það er á þessu grundvallaratriði sem till. námsmanna eru reistar. Það er svo rétt að bæta því hér við, að þrátt fyrir þessa mildilegu afstöðu námsmanna til endurgreiðsluskyldu lágtekjumanna kemur það út úr reikningsdæminu, ef reynt er að áætla skilahlutfall lánanna, að um 54% lánanna hefðu skilað sér í sjóðinn á 20 ára endurgreiðslutíma miðað við raungildi lánsfjár og rýrnun peninganna. Í þessu sambandi er kannske rétt að nefna ummæli Þjóðhagsstofnunar einmitt um þetta atriði, og það skal viðurkennt að það er tekið svo til orða í umsögn Þjóðhagsstofnunar að hér sé um grófa útreikninga að ræða þar sem menn verði að gefa sér ýmsar forsendur sem erfitt sé að sanna til fulls að séu hinar réttu, en ég vil benda á að sérfræðingar Þjóðhagsstofnunar fóru vandlega yfir þessa reikninga og þeir sáu ekki ástæðu til að vefengja þá og það er ekkert sem bendir til þess að þessi tala sé of lágt reiknuð. Hitt má vel vera, að þessi tala kunni að vera hærri ef tækist að reikna hana nákvæmlega út.

Samkv. því frv., sem ríkisstj. hefur hér lagt fram, og með þeim brtt., sem meiri hl. menntmn. leggur nú til að samþ. verði, eiga allir lántakendur að greiða a.m.k. 40 þús. kr. á ári án tillits til tekna, og sú upphæð á að hækka í samræmi við framfærsluvísitölu. Það er rétt að benda hér alveg sérstaklega á þau ummæli sem formaður menntmn. las upp úr bréfi Þjóðhagsstofnunar áðan, að miðað við meðallán í þeirri úthlutun, sem nú er nýlokið, mun þessi fasta lágmarksendurgreiðsla, 40 þús. kr. á alla námsmenn, skila sjóðnum hvorki meira né minna en 62% af raungildi veittra lána, og þetta eru nákvæmir útreikningar að sögn sérfræðinga Þjóðhagsstofnunar. Þessi tala ein, 40 þús., sem nú á að gera að lögum, skilar sjóðnum 62% að raungildi. Ofan á þetta ætlar svo ráðh. að bæta sérstakri aukaafborgun sem svo er kölluð, en er ekki nánar skilgreind í frv. En ef miðað er við að þar sé um einhverja verulega afborgun að ræða til viðbótar, þannig að tekjuviðmiðunin sé til einhvers, sé ekki orðin tóm, þá er alveg ljóst að hér er verið að samþ. frv. sem felur í sér að 80—90% lánanna skili sér aftur til sjóðsins með fullri verðtryggingu, og þá fer ekkert milli mála að hér er tvímælalaust um langtum óhagstæðari kjör að ræða en boðin eru hjá nokkrum lánasjóði eða fjárfestingarsjóði í landinu. Þar komast ekki óhagstæðustu fjárfestingarlán í neinn samjöfnuð, og er auðvelt að færa rök að því. Þau eru margfalt hagstæðari jafnvel þótt á þeim séu vextir.

Ég ætla ekki hér að rekja fjöldamargar ályktanir og mótmæli sem borist hafa frá námsmönnum um þetta efni og hv. þm. hafa fengið í hendur. Það er ástæðulaust að fara að lesa þær hér allar. En þessi mótmæli eru ekki borin fram að ástæðulausu.

Minni hl. menntmn. telur að sjálfsögðu fráleitt með öllu, að ekki séu notuð stærri orð, að þessi ákvæði verði að lögum. Það er ein helsta brtt. okkar á þskj. 687 að þessi fasta lágmarksendurgreiðsla falli niður. Það er hins vegar till. okkar að farin verði nokkur millileið. Við setjum fram þessa hugmynd í von um að slík millileið fengi frekar að njóta náðar fyrir augum hæstv. ríkisstj. en till. námsmanna, enda þótt ég telji að fyllstu rök séu fyrir þeirri tilhögun sem námsmenn leggja sjálfir til. Sú millileið, sem við leggjum hér fram og gengur nokkru meira á hlut námsfólks heldur en till. námsmanna gera, felur það í sér að laun, sem eru fyrir neðan hálfar viðmiðunartekjur vísitölufjölskyldu, þ.e.a.s. eru fyrir neðan 600—700 þús. kr. tekjur á ári, sleppa algjörlega við greiðslur í sjóðinn meðan launin eru ekki hærri en þetta. En þeir, sem þar eru fyrir ofan, greiða 2% af brúttótekjum sínum til sjóðsins allt þar til kemur upp í viðmiðunartekjur vísitölufjöl-

skyldunnar, en þá er gert ráð fyrir að komi aukaafborgun sem nemi 2—12% af brúttótekjum allt upp í tvöfaldar viðmiðunartekjur, þó þannig að enginn greiði meira en 10% vergra tekna til skatts, en það ákvæði er sameiginlegt með till. námsmanna og till. rn.

Um aðrar till. okkar er það að segja, að við bendum í fyrsta lagi á það að óeðlilegt er að taka þannig til orða eins og gert er í 2. mgr. 2. gr.: „Lánasjóði er heimilt að veita fjárhagsaðstoð öðrum námsmönnum en þeim sem tilgreindir eru í 1. mgr. þessarar gr.“ o. s. frv. Við teljum eðlilegt að sagt sé: „Lánasjóður veitir einnig fjárhagsaðstoð öðrum námsmönnum en þeim sem tilgreindir eru“ o. s. frv. Við teljum að það sé engin ástæða til að vera að draga neitt af þessu. Við viljum að sagt sé skýrt og skorinort að þetta skuli gera.

Önnur brtt. er um fulla brúun umframfjárþarfar. Ég hef þegar gert hana að umtalsefni og má eiginlega segja að það sé ein veigamesta breyt. sem fólgin er í okkar till. og ein sú sjálfsagðasta.

Þriðja brtt. okkar snertir 4. gr. Við leggjum sem sagt til, að stjórn Lánasjóðs námsmanna sé óbreytt frá því sem nú er, og fylgjum þar till. kjarabaráttunefndar námsmanna. Við teljum að full rök séu fyrir því að háskólaráð skipi einn mann í sjóðsstjórnina, en teljum hins vegar algjöran óþarfa að menntmrn. skipi tvo menn án tilnefningar. Nægilegt ætti að vera að menntmrn. skipaði einn og yrði hann þá jafnframt formaður sjóðsstjórnar. Í þessari brtt. er einnig fólgið það ákvæði að framkvæmdastjóri sjóðsins sé ráðinn samkv. till. sjóðsstjórnar, en ekki að fengnum till. Við teljum að líkt og núv. stjórnarfl. telja sjálfsagt að stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins ákveði hver eigi að vera forstjóri hennar og ríkisstj. hafi aðeins hið formlega vald að skipa samkv. till. stjórnar Framkvæmdastofnunar, þá sé rétt að hafa sama hátt á hjá Lánasjóði, að sjóðsstjórnin ráði raunverulega hver er gerður að framkvæmdastjóra sjóðsins.

Við gerum brtt. við 6. gr., en þar er gert ráð fyrir því og hefur lengi verið gert ráð fyrir því að námsmenn leggi fram yfirlýsingu tveggja manna um að þeir taki að sér sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu lánsins ásamt verðtryggingu þess. Við teljum að þegar er verið að leggja þessar drápsklyfjar á námsmenn sem á að innheimta í 20 ár eftir að námsmenn hafa lokið námi, þá blasir það við öllum heilvita mönnum að það fæst ekki nokkur maður til þess að skrifa upp á sjálfskuldarábyrgð fyrir svo gífurlegum lánum. Það vilja víst áreiðanlega flestir vera lausir við það. Það er því algjör óþarfi að vera að krefjast þess áfram þegar endurgreiðslukröfurnar eru nú orðnar svona miklar, að menn fari að snapa einhverju og einhverja úti í bæ til þess að skrifa upp á skuldabréfin með sér. Þetta er ákvæði sem á alls ekki lengur heima í þessum lögum.

Við 7. gr. höfum við gert enn eina brtt., þ. e. a. s. nánar tiltekið við 1. málslið 3. mgr., en hún orðast svo: „Lán veitt gegn yfirlýsingum ábyrgðarmanna falla öll í gjalddaga ári eftir námslok“ og er afleiðing af hinni fyrri brtt. Við viljum að ábyrgðarmennirnir verði líka felldir út úr þessari gr.

6. brtt. okkar fjallar um endurgreiðslurnar og ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um hana.

7. brtt. fjallar um vanskilin, en í frv. ráðh. segir: „Verði veruleg vanskil á endurgreiðslum námslána skal stjórn sjóðsins heimilt að fella allt lánið í gjalddaga.“ Það er bara eins og um sé að ræða togara eða frystihús, en ekki námsmenn og menn sem kannske skulda á aðra millj. kr. í námslán. Ef þeir geta ekki borgað í eitt skipti, þá eiga þeir bara að borga allt saman. Hvers konar endileysa eru ákvæði af þessu tagi! Menn verða að vita um hvað þessi lög eiga að fjalla og geta ekki verið að herma um ákvæði af þessu tagi eftir lögum um fjárfestingarsjóði sem eru auðvitað allt annars eðlis. Við flm. þessara till. teljum sjálfsagt að hér verði beitt svipuðum reglum og beitt er í sambandi við álagningu skatta, þar sem gengið er út frá því sem sjálfsögðum hlut að það falli ekki á menn skattar langt fram í tímann ef þeir geta ekki borgað í eitt skipti, heldur verði menn skyldaðir til þess að greiða einhverja dráttarvexti eins og er í sambandi við skattframtöl, og sé ég ekki ástæðu til að rökstyðja þessa brtt. frekar Ég vil nú eindregið fara fram á það við hæstv. menntmrh. sem kann að hafa bitið það blýfast í sig að hagga ekki við svo heilögum hlutum í þessu frv. eins og endurgreiðslukerfinu, hvort hann vildi nú ekki taka aðeins til athugunar fáránleg ákvæði eins og þetta.

Ég hef hér hlaupið yfir eina brtt. sem ég vil einnig mjög eindregið biðja hæstv. ráðh. að skoða svolitið betur, en það er að aftan við 8. gr. um endurgreiðslurnar bætist ný mgr., svo hljóðandi: „Endurgreiðslur af námslánum, sem veitt hafa verið samkv. eldri lögum, skulu hafðar til hliðsjónar við ákvörðun endurgreiðslna samkv. lögum þessum. Skulu endurgreiðslur samkv. eldri lögum dragast frá þeirri upphæð sem lánþegi mundi ella greiða samkv. lögum þessum.“

Er ekki alveg ljóst að það er mjög óeðlilegt að þeir, sem hafa þegar tekið allmikil námslán samkv. núv. lögum og þurfa að greiða þau, að engin undantekning sé gerð hvað þá snertir t. d. varðandi það hvað samanlögð upphæð afborgunar og aukaafborgunar megi nema hárri upphæð? Það segir í frv. að samanlagt megi þessi upphæð ekki nema meira en 10% vergra tekna til skatts og að lágmarksendurgreiðsla eigi ekki að nema meira en 40 þús. kr. Væri hér ekki sjálfsagt og eðlilegt að draga frá greiðslur vegna eldri lána, þannig að þeir sem hafa tekið lán samkv. fyrra kerfi borgi ekki meira en þó þessar lágmarksgreiðslur sem hér eru nefndar. Ef hæstv. ráðh. lítur svo á að hér sé einhver meinloka á ferðinni, þá er ég hræddur um að hann verði að skoða sinn hug vandlega og vita hvort meinlokan er ekki þar.

Við 12. gr. höfum við svo gert svolitla brtt. Það er í raun og veru brtt. við brtt. meiri hl. menntmn. og er ekki alvarlegs eðlis, en skiptir þó töluverðu máli, en það er að í sambandi við aðstöðujöfnunarstyrki til námsmanna, sem verða að kosta sig fjarri eigin heimili sínu vegna náms, þá geti þar ekki einungis komið til greina þeir, sem nefndir eru í 1. gr., heldur einnig þeir, sem nefndir eru í 2. gr. Mér er nær að halda að þetta hljóti að vera mistök hjá nefndinni.

Ég er næstum viss um að það eru mistök hjá n. að taka ekki tillit til fyrri lána, því ég man ekki betur en að meirihlutamenn í n. hafi tekið mjög vel í að draga þá upphæð frá og mér er nær að halda að mönnum hafi bara sést yfir að taka það með í brtt. Eins gæti ég trúað því að menn gætu fallist á að aðstöðujöfnunarstyrkirnir, sem nefndir eru í 12. gr., giltu ekki aðeins um þá, sem nefndir eru í 1. gr., heldur einnig þá, sem nefndir eru í 2. gr. Um það fjallar till. okkar.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál nú þegar ég hef gert grein fyrir till. okkar sem skipum minni hl. þessarar n. Ég vil bara að endingu segja þetta: Afglöp hæstv. ríkisstj. eru orðin æðimörg á ekki mörgum ævidögum. Meðal verstu verka þessarar stjórnar er að sjálfsögðu aðför hennar að ýmsum hópum þjóðfélagsins sem eiga undir högg að sækja. Stríð ríkisstj. við láglaunafólk í landinu hefur nú staðið linnulaust frá því að stjórnin kom til valda. Hún hefur afrekað það að skerða lífskjör þeirra, sem verst eru settir í þjóðfélaginu, um þriðjung, og þó er enn verri aðför ríkisstj. að lífeyrisþegum, að þeim þjóðfélagsþegnum sem hafa ekki neinar tekjur aðrar en örorkubætur og ellilífeyrisgreiðslur ásamt tekjutryggingu. En nú er sem sagt röðin komin að námsmönnum.

Ég vil leggja á það sérstaka áherslu hér að með samþykkt þessa frv. er ekki aðeins verið að ráðast á námsmenn. Samþykkt þessa frv. er árás á íslenska menntakerfið, og þessi aðför að kjörum námsmanna hlýtur að hafa hinar verstu afleiðingar fyrir framhaldsmenntun á Íslandi almennt. Ég er ekkert að fara í launkofa með það og ég aðvara hæstv. menntmrh. um það, að hann hefur lagt hér fram ýmis vond mál, en þetta er það versta, það langversta. Ef þetta frv. verður að lögum, þá hefur hann reist sér níðstöng sem lengi verður í minnum höfð.

Ég vil leyfa mér að lokum að skora á þm. að styðja þær sjálfsögðu brtt. sem við í minni hl. höfum lagt hér fram, en fella frv. ella.

Umr. frestað.

Saltverksmiðja á Reykjanesi, frv. (þskj. 719). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Jarðalög, frv. (þskj. 565). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég sé ástæðu til að taka hér til máls við 3. umr. þótt komið sé fram yfir miðnætti hér í störfum Alþ., en það er vegna þess að ég vil vekja athygli á því að ég tel að við séum að breyta hér 40. gr. stjórnarskrár Íslands, en hún fjallar um tekjuöflun ríkisins og ráðstöfun á eignum ríkisins. Hún er stutt og ætla ég að fá leyfi til að lesa hana, en 40. gr. stjórnarskrár Íslands hljóðar svo: „Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Ekki má heldur taka lán, er skuldbindi ríkið, né selja eða með öðru móti láta af hendi neinar af fasteignum landsins né afnotarétt þeirra nema samkv. lagaheimild."

Með því að breyta þessu tekur Alþ. það mikilvæga skref, sem hefur verið í ártug hér í lögum, að falla frá því ákvæði í stjórnarskránni að það þurfi sérstök lög hverju sinni til að ráðstafa eignum ríkisins. Ég vek athygli á þessu merkilega skrefi í 28. gr. þessa frv. Að viðhöfðu nafnakalli við 2. umr. var brtt., er flutt var af minni hl. landbn., felld, en í 28. gr. segir: „Ráðh. er heimilt að selja jarðir eða jarðarhluta í ríkiseign." Hv. 12. þm. Reykv. taldi þetta einnig það mikilvægt ákvæði að rétt væri að hæstv. forseti frestaði umr. og kynnti sér nokkuð viðhorf manna í þessu efni og bæri viðhorf einhverra þekktra lagaskýrenda eða prófessora hér inn í hv. d. Við þessu hefur hann ekki orðið, nema það verði hlustað á þessa ósk nú, en ég hefði gjarnan viljað fá þetta athugað nánar. Hins vegar tel ég það nauðsynlegt fyrir þá, er túlka eiga þessi lög síðar og fara eftir þeim, að það liggi þá alveg ótvírætt fyrir að hæstv. ráðh. telji að þessi stjórnarskrárheimild veiti honum almennt vald skv. því frv., er síðar verður að lögum skv. 28. gr. þessa frv., til þess að selja eignir ríkisins að fenginni ákveðinni umsögn og þurfi ekkert um það að ræða fremur við Alþ. En hér á sér stað mjög merkileg og athyglisverð breyting. Fyrsti hluti þessarar gr. er um almenna tekjuöflun og að ekki verði lagður skattur á hinn almenna borgara nema að fenginni lagaheimild. Einnig hefur stjórnarskrá lýðveldisins jafnan tryggt að ekki verði ráðstafað eignum lýðveldisins nema að fenginni lagaheimild. Þetta hafa allir flokkar talið eðlilegt. Ef hv. Alþ. vill hér gjörbreyta um og fela einum manni, sama hver það er, um óákveðna framtíð almenna ráðstöfun eigna ríkisins, að fenginni að vísu ákveðinni umsögn og meðmælum ákveðinna manna, þriggja manna, jafnvel pólitískt skipaðra, að ósk ráðh., þá er hér um grundvallarstefnubreytingu að ræða að mínu mati og fleiri manna hér í hv. d. Ég tel þetta ákvæði svo mikilvægt að það sé ekki verið að spyrna gagnvart anda þessa frv. og laga væntanlegra, heldur að við verðum að gera okkur nákvæmlega grein fyrir því út í hvað við erum að fara hér, hvaða vald við erum að taka af Alþ. og selja í hendur eins manns, þó hann leiti umsagnar þriggja annarra manna og það ágætra manna oft á tíðum auðvitað.

Ég vil vekja athygli á þessu enn einu sinni, og ég verð að láta í ljós þá ósk að við fáum umsögn góðra manna, sem eru stjórnlagafræðingar, því jafnvel þó að ágætir menn hafi samið þetta frv. og það hafi verið rætt í n., þá hefur oft komið fyrir að mönnum hafi skotist yfir viss atriði, það verð ég að segja. Hæstv. forsrh. er nú viðlátinn, en gat ekki verið viðlátinn atkvgr. áðan, og það væri ekki úr vegi að heyra

skoðun hans á þessu mikilvæga máli. Ég ætla ekki nokkrum manni það að hann sé að halla á rétt og hlut ríkisins — alls ekki. Ég vil aðeins að málið sé athugað eilítið nánar, og ég skal ekki tefja meira fyrir málinu þannig að það fái ekki eðlilegan framgang. En ég vil undirstrika það, að hér liggi um nánari og ákveðnari umsögn. Verði gr. samþ. óbreytt tel ég að Alþ. breyti anda 40. gr. stjórnarskrárinnar og afhendi ráðh. óhindrað vald til að selja eign ríkisins, og það er ákaflega athyglisverð breyting. Ég get ekki annað, herra forseti, en vakið athygli á þessu, vegna þess að þegar þetta frv. er orðið að lögum tel ég að hæstv. ráðh. hafi þetta vald og þurfi aðeins að leita umsagnar um ráðstöfun til þessarar n. Hann ræður svo hvað hann gerir með þá umsögn. En við erum búin að afsala honum til handa valdinu í þessari gr. stjórnarskrárinnar, því þegar þetta er orðið að lögum má gera þetta örugglega almennt talað.

Frsm. meiri hl. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Það er hér gerð aths. við ákvæði í frv. til jarðalaga sem ég álít að sé eðlilegt að við ræðum lítils háttar. Ég skal reyna að eyða ekki á það mörgum orðum, en ég vil vekja á því athygli að þetta ákvæði í frv., sem hér er til umr., er óbreytt frá því sem var í fyrra frv., sem búið var að samþ. hér í hv. Ed. fyrir tveimur árum fullum. En ég vil einnig vekja athygli á því, að þegar það frv. var til meðferðar í landbn. Ed., þá fengum við til fundar við okkur nm. dr. Gauk Jörundsson prófessor og hann var inntur eftir því og sérstaklega inntur eftir því, hvort þetta ákvæði stangaðist á við stjórnarskrána, og taldi hann það ekki vera. Ég vil líka minna á það, að við höfum unnið þetta frv. upp að nýju og með okkur við þau vinnubrögð hefur verið ráðuneytisstj. í landbrn., Sveinbjörn Dagfinnsson, og hefur hann ekki fundið ástæðu til þess eða ekki metið málið þannig, að það væri ástæða til að breyta þessu ákvæði. Ég vil vekja athygli á því einnig, að í stjórnarskránni er gert ráð fyrir því að sölur megi ekki gera án lagaheimildar, og ég vil telja, hvað sem menn annars segja um þetta ákvæði, að með þessu sé fengin heimild í lögum til þess að selja jarðeign.

Ég sé því ekki að á þessu stigi sé neitt óvenjulegt við að samþ. þetta ákvæði eins og það er. Ég vil geta þess, að ef það kæmi í ljós við enn þá nánari athugun, sem ég á ekki von á, að hún leiði nýtt í ljós í þessu efni, þá er önnur deild eftir og mundi þess vegna vera hægt að kippa málunum í lag ef þetta dæmdist vera þannig að það stæðist ekki.

Ég vil því leggja til, herra forseti, að frv. verði samþ. eins og það liggur hér fyrir.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Þau orð, sem síðasti ræðumaður sagði hér, eru alveg rétt frásögn af því sem skeð hefur, en það aðeins sannar eitt, að stundum skýst, þó skörpum sé, okkur öllum, og ég átti sæti í þessari landbn. Ég man ekki að ég hafi verið viðstaddur fund þegar lagaprófessorinn kom. En það, sem ég er að reyna að vekja athygli á, er að sá andi, sem er í 40. gr. stjórnarskrárinnar, heldur ekki lengur þegar þetta er orðið að lögum. Hér segir: „né selja eða með öðru móti láta af hendi neinar fasteignir landsins né afnotarétt þeirra nema skv. lagaheimild."

Hér erum við að leita eftir lagaheimildinni. Það hefur alltaf verið venja áður að við hvert einstakt tilfelli, þegar lagður er á skattur og þegar eign ríkisins er seld, þurfi sérstök lög. Hér er verið að vísa í þessu frv. á almennt ákvæði er gildir um óákveðinn tíma, þangað til við breytum því aftur, og það á aldrei að spyrja Alþ., aldrei framar í því efni. Það er það sem ég er að benda á, að við erum að breyta anda þessa ákvæðis 40. gr. stjórnarskrárinnar. Auðvitað fer ráðh. að lögum ef þetta verður að lögum og það verður heimilt að gera þetta. Þetta er ekki stjórnarskrárbrot sem slíkt. Ég er aðeins að undirstrika það hvaða stefnumörkun við erum hér að framkvæma. Ég tel ótvírætt að við erum að framkvæma hér stefnumörkun ef þetta verður samþ. Ef mönnum sýnist svo að það þurfi aldrei að spyrja Alþ. framar um ráðstöfun eigna ríkisins sem nema tugum millj. eða hundruðum millj., þá hafa menn þá sannfæringu. Ég tel hins vegar, þegar ekki má leggja nokkrar kvaðir á nokkurn landsmann og jafnvel einnig ekki ráðstafa eignum ríkisins, — og hér neðanmáls er vitnað í Hæstaréttardóma því til staðfestingar og hæstiréttur hefur fjallað um þessa gr. og ráðstöfun eigna ríkisins og staðfest að það þurfi sérstök lög í hverju einstöku tilfelli þegar ráðstöfun á sér stað, þá er virkilega um stefnumörkun að ræða. En hæstv. ráðh. mun auðvitað fara að lögum. Hann hefur þetta vald, hann leitar umsagnar þriggja manna, og þess vegna er það ekki brot á stjórnarskránni kannske sem slíkt.

Ég er aðeins að vekja athygli á því að við erum að gjörbreyta anda þessarar 40. gr. og við þurfum aldrei framar á löggjöf um þetta að halda hér á Alþ., þegar hæstv. landbrh., hver sem hann verður, vill selja jörð, — auðvitað er enginn ódauðlegur í ráðherrastól fremur en ein ríkisstj. er ódauðleg, — hann hefur einn manna þetta mikilvæga vald, og þetta er virkileg stefnubreyting. Ef hæstv. ríkisstj. telur lífsspursmál að fá þetta núna, þá má hún auðvitað hagnýta sér meiri hl., en ég tel að það sé bráð nauðsyn að vekja athygli á þessari grundvallarbreytingu frá því sem verið hefur í stjórnarskrá íslenska lýðveldisins frá upphafi.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Það eru aðeins fáein orð. Ég vil eindregið hvetja forseta til að fresta endanlegri afgreiðslu þessa máls þannig að unnt sé að kanna það til hlítar hvert er álit lögfróðustu manna um þetta efni. Ég er nefnilega ekki sammála seinasta ræðumanni um að hér sé fyrst og fremst um að ræða stefnuatriði eða stefnubreytingu. Ég hallast eindregið að því að samþykkt þessarar frvgr. sé stjórnarskrárbrot. Ég greiddi því atkv. með brtt. þess efnis að fella þetta ákvæði niður, en vegna þess að ég var víst fyrstur í nafnakalli, þá kom ég ekki við að gera grein fyrir atkv. mínu þar sem ég hafði ekki fengið stjórnarskrána í hendur, en eftir að við höfum fengið hana í hendur, þá tel ég að þetta liggi nokkuð ljóst fyrir. Það segir

í stjórnarskránni í fyrsta lagi að ekki megi leggja skatta á almenning án þess að lög liggi fyrir og í öðru lagi að ekki megi selja eða afhenda fasteignir án þess að lög liggi fyrir. Ég bið menn aðeins að hugleiða hvernig málið liti við varðandi skattlagningu. Dettur mönnum í hug að heimilt væri að samþ. hér á Alþ. að hér eftir skyldi ríkisstj. ráða allri skattlagningu án nokkurra skattlagningarákvæða og hún hefði í hendi sér að ákveða hversu háar prósentutölur væru í skattstigum eða á hverja skyldu lagðir skattar og á hverja ekkki. Að sjálfsögðu væri slíkt stjórnarskrárbrot, og það er það sem stjórnarskrárgjafinn var með í huga, að hann taldi sjálfsagt að í hvert sinn sem skattur væri á lagður, þá fjallaði Alþ. um það og veitti sína heimild. Það stenst því ekki að gefa svo almenna heimild til framkvæmdavaldsins að hún feli í sér næstum því hvað sem er. Nákvæmlega sama gildir þegar um er að ræða sölu fasteigna, að hingað til hefur það verið föst regla að Alþ. samþ. sölu á hverri einstakri fasteign fyrir sig og það stenst ekki frá sjónarmiði stjórnarskrárinnar að gefa svo almenna heimild að það sé ekkert tiltekið um hvaða fasteignir löggjafaratriðið fjallar eða til hvers heimildin nær.

Ég er sem sagt þeirrar skoðunar að þetta standist ekki og vil eindregið hvetja hæstv. forseta til að fresta umr. a. m. k. til morguns þannig að menn fái ráðrúm til að skoða þetta betur.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Það er nú að fara aftan að siðunum að ég fer að deila hér við lögfræðinga um skilning á lagaákvæði, en ég tel mig hafa nokkurn rétt til þess að túlka að þarna hafi ekki verið gengið út fyrir það sem stjórnarskráin gerir ráð fyrir. Í fyrsta lagi vil ég — með leyfi hæstv. forseta — vekja athygli á 40. gr. stjórnskipunarlaganna þar sem segir:

„Engan skatt má á leggja né breyta né taka af nema með lögum. Ekki má heldur taka lán, er skuldbindi ríkið, né selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins né afnotarétt þeirra nema skv. lagaheimild.“ Minn skilningur er sá, að lagaheimildin, sem þarna sé um að ræða, sé í þeim lögum sem hér er verið að setja, og ég man t. d. þegar kreppulánalögin voru sett á sínum tíma, sem voru þó almenn lög, þá var heimilt að selja jarðirnar aftur án sérstakra laga, og svo var einnig gert nú fyrir nokkrum árum þegar lausaskuldum bænda var breytt, að þá var sett inn heimild til þess að kaupa af þeim jarðir og mátti þá einnig selja þær aftur. En þessu til viðbótar vil ég geta þess, sem segir í aths. um nefndarskipunina, með leyfi hæstv. forseta:

„Hinn 18. ágúst 1971 skipaði landbrh. n. til þess að starfa að þessu verkefni. N. skipuðu Ásgeir Bjarnason alþm., form., Sveinbjörn Dagfinnsson skrifstofustjóri (sem er lögfræðingur) og Árni Jónasson fulltrúi. Dr. juris Gaukur Jörundsson prófessor hefur verið n. til ráðuneytis við samningu frv. þessa.“

Að því er ég best veit er dr. Gaukur Jörundsson talinn einhver færasti lögfræðingur landsins í eignarrétti, og mér fyndist það furðu gegna ef honum hefði orðið á að sjást yfir að væri hægt að gefa slíka heimild. Hitt held ég að sé rétt, að það sé neitt eftirsóknarvert fyrir ráðh. að hafa þessa heimild, og hún byggist náttúrlega á því að jarðanefnd og þeir, sem um eiga að fjalla, geti fjallað um þessi mál og þess vegna sé ráðh. ekki einn til ákvörðunar í þessu sambandi og fjarri því. Hins vegar finnst mér að það hafi oft borið á því að hv. Alþ. hafi talið að það hefði annað með sinn tíma að gera heldur en að samþ. sölu einstakra jarða, og að minni hyggju var ekki talið að það væri sérstaklega eftirsóknarvert að halda í það.

Ut af fyrir sig hef ég enga löngun til að halda í þetta ákvæði því það er ekki þess virði. Hins vegar er það, sem miklu meira máli skiptir, að ef væri stöðvuð afgreiðsla frv. núna, þá mundi það tefja málið og við höfum nú nóg með tímann að gera úr því sem komið er. Það skiptir mig miklu meira máli heldur en ákvæðið í sjálfu sér. Og ég verð að segja það, að ég dreg í efa að það muni fást færari maður til þess að segja um þetta ákvæði en dr. Gaukur Jörundsson. Hins vegar er ég fús til að leita álits fleiri slíkra manna, eins og prófessora við Háskólann, um þetta atriði við meðferð málsins í Nd. Það mundi þá ekkert gerast annað en frv. kæmi hingað aftur ef væri talið að þetta orkaði tvímælis. Mér finnst að hv. d. geti vel afgr. frv. með því fyrirheiti því ég gef það fyrirheit í áheyrn hv. dm., þannig að þeir geta hermt það upp á mig ef þeir halda að ég muni bregðast því, Ég mun þegar á morgun óska eftir því að leitað sé álits um þetta. En ég hafði nú haldið að þar sem slíkur maður sem dr. Gaukur var fenginn til þess að vera með við samningu frv. og sá skilningur er t. d. hjá skrifstofustjóra Alþingis, að það sé í þessu tilfelli skv. þessum lögum sem málið sé afgr., eins og mér hefur nú skilist að hafi komið fram hjá hv. 1. landsk., að það væri þá framkvæmdin sem um væri að deila. Hún er í sjálfu sér ekki neitt atriði fyrir mig. En ég óska eftir því að málið nái fram að ganga og við höfum nóg með tímann að gera. Ég skal leita eftir áliti á þessu atriði þannig að það liggi fyrir áður en málið fer út úr n. í Nd.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég er kannske ekki alveg nógu kunnugur vinnubrögðum Alþ., og það getur verið að ókunnugleiki minn flæki mál í þessu tilfelli meira en eðlilegt er eða vant er, en ég vildi aðeins að það kæmi fram, að ég álít að þeir hv. þm., sem ekki eiga sæti í þessu tilfelli í landbn. og hafa ekki annan vettvang til þess að gera sínar aths. við frv. en í þessari hv. d. við umr., hafi þeir eitthvað við frv. að athuga, þ. e. a. s. frv., sem koma frá n., þá sé eðlilegt að þeir óski eftir því að mál séu athuguð nánar. Og ég vil leyfa mér að óska eftir því að úr því verði skorið af fagmönnum hvort hér væri um stjórnarskrárbrot að ræða. Ég skal ekki deila við hæstv. ráðh., ég er ekki lögfræðingur frekar en hann, en ég hef haft tilhneigingu til að túlka lagaheimild, sem hann vitnaði hér í, þ. e. a. s. stjórnarskrána, á þann hátt að það bæri að sækja um heimild til Alþ. hverju sinni þegar selja ætti ríkisjarðir eða eignir. Ég skal ekki draga í efa að dr. Gaukur Jörundsson sé mjög hæfur maður, en mér er

næst að halda að honum hafi yfirsést hér. Hann er mannlegur eins og hver annar og þar af leiðandi ekki óeðlilegt að hann geti gert mistök eins og hver annar. Ég hafði ekki hugsað mér að veita þessu frv. brautargengi og mun greiða atkv. gegn því, en ég mun ekki leggjast gegn því að málið hljóti þá meðferð sem hæstv. ráðh. óskaði eftir þrátt fyrir það sem ég hef sagt hér í umr. í kvöld.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Þrátt fyrir tilmæli hæstv. landbrh. get ég alls ekki fallist á að það sé eðlileg eða sanngjörn málsmeðferð að þessu mikla vafamáli, sem hér er verið að ræða, skuli sleppt fram hjá d. og málið sent til Nd., þannig að þessi d. hafi engin tök á því að koma í veg fyrir að þessi ákvörðun sé tekin. Ég met orð hæstv. landbrh. mikils oftast nær, en það er ekki þar með sagt að ég geti fallist á að hann sé nokkur einvaldur hér í þinginu, og ég tel ekki að með orðum hans sé fengin nein trygging fyrir því að Nd. renni ekki málinu í gegn óbreyttu án þess að hafa skoðað málið sérstaklega. Ég hef mikið álit á prófessor Gauk Jörundssyni, en ég tel ekki að einhver setning, sem hann hefur látið falla í hv. landbn. Ed., taki af allan vafa um þetta efni. Ég veit það vel að hæstv. landbrh. hefur líka álit á fleiri fræðimönnum. Einn þeirra er form. Framsfl. fyrrv. prófessor í stjórnskipunarrétti, Ólafur Jóhannesson. Ég vil láta hæstv. ráðh. heyra hvað Ólafur Jóhannesson segir um þetta efni í bók sinni: „Stjórnskipun Íslands“. Ég hef því miður ekki haft tíma til þess að fletta bókinni þannig að ég finni þau atriði þar sem að þessu er vikið, en ég finn hér strax eina eða tvær setningar þar sem einmitt þetta, sem hæstv. landbrh. er nú að gera, er dregið mjög stórlega í efa, og skal ég nú láta hann heyra. Á bls. 290 er einmitt fjallað um málefni af þessu tagi og þó aðeins rétt vikið nákvæmlega að þessu atriði, en þar segir hæstv. núv. dómsmrh., Ólafur Jóhannesson: „Og þegar stjórnarskráin sjálf býður að eitthvað skuli gert með lögum er almenna löggjafanum, eins og áður er sagt, almennt óheimilt að fela framkvæmdavaldshöfum ákvörðun um þau efni.“ Það er nákvæmlega þetta sem verið er að gera. Og hann bætir við: „Er spurning hvort þessa hefur ætíð verið nægilega gætt.“

Ég tel að þetta taki af allan vafa um það að þetta mál beri að skoða og það strax, áður en þessi d. afgr. málið, og vil því eindregið fara þess á leit við forseta að hann verði við þeim tilmælum, sem hér hafa komið fram, og fresti málinu.

Forseti (Þorv. G. Kristjánsson): Það hafa nokkrir þdm. eindregið óskað eftir því að þessu máli, sem hér er til umr. verði frestað. Þeir hafa borið við að það jaðri við eða jafnvel sé um að ræða stjórnarskrárbrot ef frv. þetta er samþ. eins og það liggur fyrir. Ég tel að hér sé þess vegna um slíkt mál að ræða að það sé eðlilegt að fresta umr. og það reki ekki nauður til að ljúka þessu máli á þessum næturfundi. Í þessu felst af hálfu forseta enginn dómur um réttmæti þess sem hér hefur verið haldið fram, en hann telur rétt að málið verði athuagð. Ég vænti að menn fallist á það að fresta umr. nú, en einn hv. dm. hefur kvatt sér hljóðs.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég hef átt sæti í þeirri n. sem átti hlut að þessu máli og frá því fyrsta að farið var að ræða þetta frv. var haft samráð við lögfræðinga, aðra en þá, sem beinlínis unnu að málinu, en sem kunnugt er þá er ráðuneytisstjórinn í landbrn. glöggur lögfræðingur. Í öðru lagi minnist ég þess, að þegar þetta frv. var hér til meðferðar áður í Alþ., þá átti sæti í landbn. Ed. Alþ. sýslumaður rangæinga, Björn Fr. Björnsson, og var hann mjög kritískur á allt það í þessu máli sem varðaði eignarréttinn, og geta aðrir einnig um það borið hér í hv. Ed., fleiri en ég, ef það er vefengt sem ég segi. Ég minnist þess, að n., sem vann þetta mál, hafði náið samband við Gauk Jörundsson prófessor og einnig landbn. Ed. á sínum tíma og hann taldi hvorki þetta ákvæði í frv. né heldur önnur hliðstæð brjóta í bága við stjórnarskrána. En eigi að síður finnst mér, úr því að þetta er vefengt hér, að þá getum við vel frestað þessu máli til morguns og reynt að afla frekari upplýsinga um þetta mál heldur en að menn virðast gera sér að góðu nú. Það er hvorki minn vilji né annarra dm. hér að samþ. það er brýtur í bága við stjórnarskrána. En á það vil ég minna í sambandi við 28. gr. þessa frv., að hér er einungis um sölu að ræða til sveitarfélaga, ekki til einstaklinga. Sveitarfélögin eru ekki heldur frjáls að því að selja sínar eignir nema með samþykki annarra aðila. Og í þriðja lagi koma þarna til í öllum þessum tilvikum þær n. sem hafa talsvert með að gera jarðeignamálin, ef þetta frv. verður að lögum, þ. e. jarðanefndir. Ég ætla því að það sé ekki svo laklega um þessa hnúta búið eins og kannske virðist vera í fljótu bragði.

Síðast, en ekki síst vil ég á það minna að í öll þau ár, sem ég hef verið á Alþ. og leitað hefur verið lagaheimildar um að selja ríkiseignir eða ríkisjarðir, man ég ekki eftir því að Alþ. hafi hafnað slíkum heimildum fyrir hönd ríkisins og það þótt einstaklingar hafi átt í hlut í flestum tilvikum. Gegnir um það þó nokkuð öðru máli heldur en þegar um félagsheildir er að ræða eins og sveitarfélögin. En eigi að síður, eins og ég tók fram áðan, vil ég ekki vera meinsmaður þess að þessi gr. frv. og aðrar þær, sem talið er að brjóti í bága við stjórnarskrána, verði nánar athugaðar.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki fara að þreyta neinar kappræður um þetta og allra síst um lögfræðileg atriði í þessu sambandi, en þykist þó muna að þetta frv. mun hafa farið í gegnum þessa d. áður og þá hafi hv. 5. þm. Norðurl. v. setið hér og samþ. þetta ákvæði. (**RA:** Það var af vangá.) E. t. v. hefur honum farið fram síðan því maðurinn er ungur og reynslunni ríkari. En ég skal verða við ósk hæstv. forseta um frestun svo þetta ákvæði orki ekkert tvímælis og fer þá

fram á það við hv. nm. í landbn. að þeir bregði fljótt við og segi sitt álit um þetta. En ég hygg að þau rök, sem hér hafa verið talin fram, muni renna nægum stoðum undir málið. En það er heldur ekkert að því að hafa þær stoðir sem styrkastar og þá skulum við bara gera þetta. Ég fellst á ósk hæstv. forseta.

Umr. frestað.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 725). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Ferðamál, frv. (þskj. 723). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Við 1. umr. um frv. til l. um skipulag ferðamála flutti ég till. sem var samhljóða till. sem ég flutti hér við afgreiðslu þessa máls fyrir þrem árum, nánar tiltekið árið 1973, og þá var þessi till. samþ. samhljóða hér í þingdeildinni. Nú hefur mál þetta verið afgr. við 2. umr. án þess að samgn. d. vildi sinna þessari till. í einu eða neinu, og flest bendir til þess að nú eigi að fella till. sem var samþ. hér samhljóða fyrir þrem árum, og vil ég eindregið óska eftir skýringu á þessari afstöðu þingmanna. Ég heyrði sagt hér áðan að einhver hefði laumað því að hv. n. að þessi till. ætti ekki við þessi lög, þessi till. ætti frekar heima í grunnskólalöggjöfinni. En hér er um misskilning að ræða. Þegar ég flutti till. mína á sínum tíma, þá kom fram nákvæmlega sama sjónarmið, að till. ætti heima í grunnskólalögunum. Og þá sömdum við um það, ég og þáv. menntmrh.. hvernig skyldi skipta tillögugreininni, hver hluti af henni ætti heima í grunnskólalögunum og hver ætti heima í lögunum um ferðamál, og ég flyt hér nú þann hluta sem allir voru þá sammála um að ætti heima í lögum um skipulag ferðamála. Sérstaklega minnist ég þess að þá hafði framsögu fyrir minni hl. samgn. hv. þm. Jón Árnason, og hann tók þátt í þessu samkomulagi og varð innilega sammála okkur um að brýna nauðsyn bæri til að samþ. þessa tillögu.

Þessi till. er hvorki stór né örlagarík fyrir þjóð eða land, en þetta er till. sem á sér praktískan tilgang og miðar að því einu að þegar byggðar eru heimavistarbyggingar, þá sé eitthvert tillit tekið til þess við hönnun húsnæðisins að byggingin yrði notuð að sumrinu til fyrir gistihópa eða ferðamannahópa, innlenda eða erlenda, þannig að heimavistirnar séu ekki frá öndverðu hannaðar þannig að þær komi að litlum sem engum notum ⅓ hluta af árinu. Þetta höfum við horft upp á nú á undanförnum árum æðioft. Ég veit að vísu að sums staðar hafa sveitarstjórnir haft frumkvæði að því að haga hönnun húsnæðisins þannig að hægt hefur verið að segja að um nothæft fyrsta flokks gistirými væri að ræða, en í æðimörgum tilvikum hefur reynslan orðið sú að sveitarstjórnir hafa sagt: Hvar eigum við að fá peninga til þess að borga dýr tæki á herbergi í heimavistum úr því að við fáum ekkert framlag úr ríkissjóði til þess arna? Við stöndum ekki í því, að leggja fram þá fjármuni. — Og þar af leiðandi hefur húsnæðið verið byggt án þess að tilllit væri tekið til þessa sjónarmiðs.

Ég tel að það sé nauðsynlegt að í frv. um ferðamál sé beinlínis tekið inn ákvæði sem slái því föstu að það sé skylda Ferðamálaráðs að fylgjast með þessum málum og að það eigi að fara fram á það að byggingateikningum sé hagað svo að húsnæðið fullnægji lágmarkskröfum sem gerðar eru til rekstrar gistihúss þegar því sýnist að þörf sé á slíkri breytingu. Eins er nauðsynlegt að Ferðamálasjóði séu ætlaðir einhverjir fjármunir til þess að standa straum af lánveitingum í þessu skyni. Þess vegna er nauðsynlegt að setja í lögin ákvæði um þetta efni.

Ég endurtek það hér að mér er með öllu óskiljanlegt hvers vegna samgn. gat ekki hugsað sér að mæla með samþykkt þessarar till. enda þótt allir hv. dm. samþ. hana fyrir þrem árum. Mér er nær að halda að menn hafi ekki hugleitt þetta mál nægilega vel, fengið rangar upplýsingar. Vil ég eindregið fara þess á leit í fyrsta lagi að fá einhverjar skýringar á því hvers vegna menn treysta sér ekki til að samþykkja þessa breytingu nú, en ella, ef engar skýringar er að fá, að þeir þá styðji þessa fram komnu brtt.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég hjó eftir því að hv. flm. þessarar brtt. sagði í lok ræðu sinnar að það væri nauðsynlegt að gera ráðstafanir til þess að tryggja Ferðamálaráði fé til þess að standa undir kostnaði við slíkar breytingar, og ég skildi hann jafnframt svo sem hann teldi að það væri gert með þessari brtt. Ég er ekki alveg viss um að ég hafi skilið hann rétt. En hins vegar lít ég svo á, að vísu við fljótlega skoðun á þessu, að það sé ekki gert með þessari brtt. Sjóðnum er aðeins tryggt lánsfé, en það er auðvitað mjög nauðsynlegt að það sé frá því gengið að hann hafi fé til ráðstöfunar til þess að standa undir þessum tiltekna kostnaði með beinum greiðslum. Ég bendi nú á þetta að gefnu því tilefni að þá sjaldan að farið hefur verið inn á það að hanna skólahúsnæði með sérstöku tilliti til ferðamannanota og þá nokkru dýrara en ella, þá hefur leitt af því hrein vandræði. Það hefur ekki verið neins staðar peninga að fá til þess að greiða mismuninn.

Ég hygg nú satt að segja að það sé minni ástæða til þess nú heldur en var fyrir nokkrum árum að setja inn í lög ákvæði í þessa átt, vegna þess að það er orðin alveg viðtekin venja þegar gengið er frá heimavistarhúsnæði að þar geti gist bæði börn og fullorðnir, rúmin eru við það miðuð nú orðið ævinlega. Og í annan stað er alltaf gengið út frá því að það sé vatn á heima-

vistarherbergjum. Þetta gerir það að verkum að herbergin eru fullboðleg til gistingar, en eru þó ekki í dýrasta flokki eins og þau herbergi þar sem það fylgir. Það er verulegur kostnaðarmunur á því hvort baðherbergi fylgja með eða ekki, en það er fyrst og fremst það sem um er að ræða hér. Og ég held það sé alveg nauðsynlegt að búa svo um hnúta að Ferðamálaráði, eða hverjir sem það eru sem ætlað er að standa undir þessum sérstaka kostnaði, þeim verði tryggt fé til þess, öðruvísi en lánsfé. Ef það kunni að vera meiningin að tekjur komi í gegnum reksturinn, þá held ég það sé mjög ótrygg tekjuöflun, satt að segja, miðað við það hvernig hótelrekstur hefur borið sig þar sem ég þekki til. Ég tel að það sé ekki brýn ástæða til að taka upp í löggjöf ákvæði sem þetta og beinlínis líka varasamt, nema sé þá séð fyrir fjármagni til þess að kosta það.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hæstv. menntmrh. að hér er fyrst og fremst um það að ræða hvort heimavistarherbergin almennt falla undir það að heita fyrsta flokks eða annars flokks. Og staðreynd er það líka að héðan í frá — og það er kannske löngu orðið svo — er mjög erfitt að reka hótel sem býður eingöngu annars flokks gistirými vegna þess hversu miklu lægra gjald er tekið fyrir það. Þetta er einmitt kjarni málsins, að rekstur, sem á að byggjast eingöngu á annars flokks gistiherbergjum, stenst mjög illa og þar af leiðir að hann er rekinn með tapi. Það, sem hér er fyrst og fremst verið að hugsa um, er að koma í veg fyrir þetta með því ósköp einfaldlega að veita þeim aðilum, sem ætla sér að reka heimavistirnar að sumarlagi, lán til þess að þeir geti staðið undir þessum byrjunarkostnaði. Það er allra manna mál að hann margborgar sig þegar fram í sækir, og það er alveg rétt, sem hæstv. menntmrh. segir, það hefur einmitt vantað að einhvers staðar væri hægt að fá fé í þessu skyni. Einmitt þess vegna er till. mín fram borin, að ætla Ferðamálasjóði þetta verkefni og ætla honum sérstaka fjárveitingu í þessu skyni.

Ég vil taka það fram í tilefni af orðum hæstv. menntmrh., — ég skildi hann nú ekki alveg, — þegar hann sagði að þetta væri ekki nægileg útvegun fjár, að taka svo til orða sem hér er gert. Ég vil undirstrika það að þetta er hin venjulega aðferð þegar ríkissjóður veitir lán einhverjum aðila, þá þarf fyrst og fremst að ákvæði um það sé samþykkt í lögum sem fara fyrir þrjár umr. í báðum d. Og það er það sem hér er að gerast. Það er ósköp einfaldlega verið að veita ríkissjóði heimild til að veita þetta lán. Verði þessi till. samþ., þá liggur það fyrir að ríkissjóður getur annað tveggja útvegað þetta lán — hann þarf ekki endilega að taka það úr eigin vasa, hann getur útvegað þetta lán — eða lagt það fram úr ríkissjóði, til þess þarf ekki ákvörðun á fjárlögum eða neina aðra ákvörðun. Lagaheimild af þessu tagi er að sjálfsögðu fullkomlega nægileg.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Það er rétt, sem hv. þm. Ragnar Arnalds sagði, að fyrir 2—3 árum var allmikið um þetta rætt og ekki að ástæðulausu, því á það hefur iðulega verið bent að heimavistarskólar hafa verið þannig úr garði gerðir að þeir hafa ekki verið vel nýtanlegir sem sumargistihús, miðað við þær kröfur sem nú eru almennt gerðar, ekki aðeins af erlendum ferðamönnum, sem gjarnan hefur verið bent til, heldur einnig af íslenskum ferðamönnum. Ég var þeirrar skoðunar að þetta væri mikill galli og sjálfsagt að reyna að lagfæra þetta. Hins vegar var þá vakin athygli á því að þessu fylgir mikill kostnaðarauki og þetta er alls ekki sjálfgert. Þá var samin till., ég man ekki hvort hún er orðrétt eins og þessi, en ég trúi hv. flm., og satt að segja finnst mér þessi till. ákaflega saklaus. Ferðamálaráð getur farið fram á að teikningum sé hagað svo að húsnæði fullnægi þeim kröfum o. s. frv. Menntmrn. getur neitað því, það er engin skylda. Ferðamálaráð getur farið fram á þetta. Ég verð nú að segja fyrir mitt leyti að varla þarf lög til þess að heimila Ferðamálaráði að fara fram á þetta, satt að segja. (**Gripið fram í:** Það þarf peninga.) Já, en það stendur: „Jafnframt er heimilt í þessu skyni að veita Ferðamálaráði eða viðkomandi byggingaraðila lán úr ríkissjóði fyrir milligöngu Ferðamálasjóðs.“ **Það er heimilt, en fjmrh.** þarf alls ekki að nota þá heimild. Í raun og veru er með þessari till. bara verið að vekja athygli á þessum framkvæmdarmáta (Gripið fram í.) Já, það er verið að stuðla að því að Ferðamálaráð hafi þarna frumkvæði og fari gjarnan fram á þetta, en framkvæmdin er eftir sem áður háð samþykki ráðuneyta og ríkisstjórnar. Ég vil lýsa því yfir að ég mun, eins og ég greiddi þessu atkvæði á sínum tíma, greiða því atkvæði nú.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef setið í Ferðamálaráði sem varaformaður frá stofnun Ferðamálaráðs. Og ég vil segja það, að þessi till. er orðrétt það sem Ferðamálaráð hefur allan tímann barist fyrir. Ég vil ítreka það, sem ég sagði við fyrri umr. um þetta sama mál, að Ferðamálaráði hefur orðið nokkuð ágengt í þessu máli. Ferðamálaráð hefur óskað eftir því við menntmrn. að fá að fylgjast með þegar heimavistir eru á teiknibórðinu og menntmrn. hefur ávallt sýnt mikinn samstarfsvilja. Ef Ferðamálaráð hefur ekki verið ánægt með undirtektir, þá hafa þær verið annars staðar frá en frá menntmrn. Þá hafa þau verið frekar frá skólaeftirlitinu og hönnuðum bygginganna. En sem sagt, þetta er ekki í fyrsta skipti sem þetta kemur fyrir mínar sjónir, við höfum starfað á þennan hátt og ég tel sjálfsagt að þessi brtt. verði samþ. En ég vil gefa hæstv. ráðh. þær upplýsingar að heimavistir fyrir börn og fullorðna án þeirra þæginda, sem ferðamenn gera kröfur til að hafa, þ. e. blöð og klósett við hvert herbergi, eru ekki lengur boðlegar í dag fyrir heimavistarfólkið sjálft. Við erum að færast nær og nær nýjum tímum, og það er ekki sjálfsagðara að láta ferðamenn hafa þessi þægindi heldur en fólkið sem býr þar að vetri til. Ég held við þurfum að betrumbæta þær heimavistir, sem þegar hafa verið byggðar, og sjá til þess að þær, sem byggðar eru í framtíðinni, full-

nægi þeim kröfum sem nútíminn og framtíðin gera.

Ég vil upplýsa það að Ferðamálasjóður hefur oft af veikum mætti reynt að koma til móts við byggingaraðila og standa undir þeim viðbótarkostnaði sem heimavistirnar að sjálfsögðu þurfa vegna fullkomnari herbergja og aðstöðu heldur en þeir höfðu kannske hugsað sér að hafa án þess að gera viðkomandi heimavistir að sumarhótelum. En Ferðamálasjóður hefur verið vanmáttugur. Hann hefur alls ekki haft yfir að ráða því fjármagni sem til þess þurfti að standa undir þeim kostnaði, sem hann sjálfur vildi.

Í þessu frv. er Ferðamálasjóður fjármagnaður svo langt fram yfir það sem hann hefur verið hingað til að ég held að hann geti gegnt þessu hlutverki sínu án þess að hafa reglulegt fjármagn eða framlög eða lán, eins og hér segir í brtt., allt að 20 millj. kr. árlega. Ég hefði viljað fella niður þessi síðustu orð: „allt að 20 millj. kr. árlega“ — og þá yrði síðasta málsgr.: „Jafnframt er heimilt í þessu skyni að veita Ferðamálaráði eða viðkomandi byggingaraðila lán úr ríkissjóði fyrir milligöngu Ferðamálasjóðs.“ Og þá fer það bara eftir þeirri upphæð, sem vantar hverju sinni, og náttúrlega að undangenginni athugun, hvað sú upphæð er stór.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir því samkv. 8. gr., með leyfi hæstv. forseta, sem ég leyfi mér að lesa hér upphafið að, en það hljóðar svo: „Lagt skal sérstakt gjald á vörusölu Fríhafnarinnar í Keflavík og skal það nema 10% af árlegu söluverðmæti. Gjald þetta rennur óskipt til Ferðamálaráðs Íslands sem ráðstafar því til landkynningarverkefna á sínum vegum. Ferðamálaráði er heimilt að veita einka- eða opniberum aðilum styrki af þessu fé til að koma upp eða endurbæta aðstöðu fyrir ferðamenn á stöðum sem fjölsóttir eru. Ákvarðanir stjórnar Ferðamálaráðs um ráðstöfun þess fjár skulu staðfestar af ráðh.“ Þetta eru viðbótartekjur, ef þær þá skila sér reglulega, þá er þetta til mikilla bóta fyrir Ferðamálaráð. En eins og menn vita eflaust, þá var sams konar ákvæði í samningum sem við gerðum við þá aðila sem fengu einkasöluleyfi á Keflavíkurflugvelli sem ekki stóðust. Við fengum ekki þá peninga þaðan sem við gerðum ráð fyrir í upphafi.

Í 25. gr. er gert ráð fyrir því, með leyfi hæstv. forseta, að tekjur Ferðamálasjóðs verði þessar: „1. Árlegt framlag úr ríkissjóði, eigi lægra en 40 millj. kr.“ Þetta er nýtt ákvæði sem gerir það að verkum að Ferðamálasjóður er miklu öflugri og starfhæfari en hann hefur verið.

Þar til viðbótar segir í 26. gr.: „Ferðamálasjóði er heimilt að fengnu samþykki ríkisstj. að taka allt að 300 millj. kr. lán eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt ef árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins nær ekki til að hann geti á viðunandi hátt gegnt hlutverki sínu.“ Þetta er líka veruleg aukning á þeirri lánsheimild sem við höfðum áður. Ferðamálasjóður er því miklu öflugri eftir samþykkt þessa frv. heldur en hann hefur verið. En ef þetta nægir ekki, ef Ferðamálasjóður er þrátt fyrir þessar breytingar, sem frv. gerir ráð fyrir, ekki nógu öflugar, þá tel ég alveg nóg að láta þessa grein standa eins og hún er, en að niður falli síðustu orðin: „allt að 20 millj. kr. árlega.“

Að öðru leyti lýsi ég samstöðu minni um þessa brtt. Ragnars Arnalds.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Hv. 5. þm. Norðurl. v. hefur rætt hér allmikið um brtt. sem hann hefur borið fram og óskað eftir skýringum frá nm. hvers vegna hún hafi ekki verið tekin upp. Hann vitnaði í það að hún hafi verið samþ. hér fyrir nokkrum árum.

Það er nú ekki svo að n. hafi alls ekki fjallað um þetta mál. Það hefur komið hér fram að í þessari brtt. er fyrst og fremst talað um heimildir, sem sagt telji Ferðamálaráð heimavistarbyggingu í þágu skóla, sem ríkissjóður kostar að einhverju leyti, henta til starfrækslu sumargistihúss, geti það farið fram á o. s. frv. Það hefur verið upplýst hér bæði af menntmrh. og af hv. þm. Albert Guðmundssyni, sem á sæti í Ferðamálaráði, að mjög góð samvinna er á milli þessara aðila. Þá er um það að ræða að hafa eitthvert fé til þessara hluta. Hitt er svo annað mál, að það er náttúrlega fyrst og fremst um það að ræða, þegar heimavist er byggð, að hún sé notuð sem heimavist og henti fyrst og fremst til þess. Það er jafnframt mjög æskilegt að það sé hægt að nýta þessa sömu heimavist yfir sumartímann, en það hlýtur þó að verða að hafa það í huga að sem heimavist á hún fyrst og fremst að notast. En ég tel að n. hafi tekið mjög jákvæða afstöðu til þessara mála almennt, þ. e. a. s. uppbyggingaraðstöðu hér innanlands, því við 8. gr. var gerð sú brtt. að það sé heimilt að veita einka- og opinberum aðilum styrki til að koma upp eða endurbæta aðstöðu fyrir ferðamenn á stöðum sem fjölsóttir eru, og einnig að það sé heimilt að veita styrki til mála samkv. 24. gr., þ. e. a. s. sjóðnum er heimilt samkvæmt 24. gr. að veita einka- og opinberum aðilum lán til framkvæmda við gisti- og veitingastaði gegn fullnægjandi tryggingum. Sjóðnum er einnig heimilt að veita einka- og opinberum aðilum gegn fullnægjandi tryggingum lán til annarra þátta ferðamála en í 1. lið greinir, svo framarlega sem með lánveitingunni er stuðlað að þróun íslenskra ferðamála. En samkvæmt brtt. n. við 8. gr. er einnig heimilt að veita styrki til þessa. Ég tel því að þetta hafi verið meðhöndlað mjög jákvætt í n. Það hefur einnig komið fram hjá hv. þm. Albert Guðmundssyni að Ferðamálasjóður fær mjög aukið fjármagn til umráða, og þess vegna tel ég mjög varasamt að binda þess konar lánveitingu við 20 millj. kr. árlega. Við vitum að það má vera að sú upphæð úreldist og sé alls ekki nægileg í einhverjum tilfellum. Ég sé ekki betur en það sé fyllilega séð fyrir þessu í frv., sérstaklega með tilliti til þeirrar staðreyndar að hér hefur tekist mjög góð samvinna á milli aðila, og því sé ég enga ástæðu til að samþykkja þessa brtt.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Það eru örfá orð aðeins. Ég held að þetta sé nú kannske mergurinn málsins sem hv. 5. þm. Austf. sagði núna seinast að í 24. gr. þessa frv. hefur Ferðamálasjóður allar þessar

heimildir. Hann hefur heimild til þess að veita einka- og opinberum aðilum lán til framkvæmda við gisti- og veitingastaði gegn fullnægjandi tryggingum og aðrar slíkar heimlidir eru allar þarna.

Annars stóð ég nú upp vegna atriðis sem ég hlýt að gera athugasemdir við. Hv. 2. þm. Vestf. sagði að sumir skólar væru illa nýtanlegir fyrir gistihús. Þetta er rétt. En það á aðeins við gömlu skólana, en ekki þá sem verið er að byggja nú á síðustu árum. Það á alls ekki við nýja skóla, eins og t. d. nýja barnaskólann á Hallormsstað sem er talinn úrvals gistihús, — hann hefur ekki baðaðstöðuna að vísu, — og það á ekki við skólann í Reykholti, heimavistina þar, þetta er úrvals aðstaða. Það er ekkert annað, sem þarna skilur á milli í heimavistunum, heldur en það að ekki fylgir það hverju herbergi. Þetta vil ég láta koma fram.

Sumir geta kannske tekið undir það, sem hv. 12. þm. Reykv. sagði, að fólkið, sem býr í heimavistunum á vetrum þarf að hafa böð og klósett við hvert herbergi. En hins vegar á ég satt að segja bágt með að taka undir þetta á meðan við búum við þau ofboðslegu vandræði í húsnæðismálum skólanna á Íslandi eins og þau eru í dag. Tugum ef ekki hundruðum nemenda er kennt uppi á háalofti hérna í Kennaraháskólanum í Reykjavík. Sums staðar er alls ekkert skólahúsnæði til. Um allt land meira eða minna vantar okkur íþróttahúsnæði við skólana, svo maður nefni nú það sem alkunna er. En auðvitað er það ánægjulegt ef við getum veitt börnum okkar og unglingum, sem dveljast í heimavistum, þessa aðstöðu, en það verður þá sem sagt að koma í gegnum ferðamálin og fjármagnið að vera tryggt.

Hv. þm. 5. þm. Norðurl. v. greindi frá því og það kom ljóst fram, að hann gerir ráð fyrir því að með því að fá húsnæðisaðstöðu þetta bætta muni menn fyrst geta rekið hótelin með viðunandi árangri og þá líka hiklaust greitt þennan mismun. Þetta út af fyrir sig leyfi ég mér að draga algjörlega í efa. Ég er ofurlítið kunnugur rekstri hótela í skólahúsnæði, og það er að vísu kvartað yfir gömlu húsunum. Aftur á móti í nýjum húsum, eins og á Hallormsstað, er ekki kvartað fyrir hönd þeirra gesta sem bera uppi sumarreksturinn, en það eru hóparnir. Ég held að þá hópa, sem bera uppi sumarumferðina á Edduhótelunum, vanti ekki fyrst og fremst dýrara húsnæði sem yrði þá að vera nokkuð miklu dýrara ef það ætti að bera uppi þennan kostnað. En aftur á móti bentj hv. 12. þm. Reykv. á, að það er gert ráð fyrir því að Ferðamálasjóður hafi samkvæmt frv. beinar tekjur sem mætti þá grípa til ef reksturinn stæði ekki undir auknum kostnaði.

Annars er ég í sjálfu sér ekkert að berjast á móti þessari till. frá hv. þm. Hv. dm. mega ekki skilja orð mín þannig. En hitt er svo annað mál, að einmitt þetta, viðleitni eða áhugi fyrir að hafa skólahúsnæðið dýrara en bær reglur greina, sem almennt er gengið út frá með skólahúsnæði, hefur valdið menntmrn. drjúgum erfiðleikum. Hitt held ég að sé alveg óhætt að taka undir, að það hefur verið fullur samstarfsvilji af hálfu menntmrn. og þeirra, sem hafa hannað skólahúsnæði, að teygja sig eins og hægt hefur verið við ríkjandi aðstæður í þá átt að gera húsnæðið sem best nýtilegt fyrir ferðamannaþjónustuna. En ég held að meginatriðið sé það, að heimildir eru í frv. eins og það er, og brtt. því ekki nauðsynleg.

ATKVGR.

Brtt. 526 samþ. með 7:6 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 103. fundur.

Mánudaginn 10. maí, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. (þskj. 669). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23:8 atkv. og afgr. til Ed.

Sálfræðingar, frv. (þskj. 438, 675). — 3. umr.

Ellert B. Schram: Virðulegi forseti. Við 2. umr. þessa máls leyfði ég mér að bera fram brtt. við 1. gr. frv. Sú brtt. er á þskj. 675. Brtt. er fram borin vegna þess að orðalag 7. gr. í frv. er á þá leið að leyfi menntmrn. þurfi til að koma til þess að sálfræðingar megi kalla sig sálfræðinga. Þetta hefur mér fundist óaðgengilegt og óeðlilegt þar sem ég tel að eftir að menn hafi öðlast starfsheiti eftir nám og próf í viðurkenndum stofnunum, þá geti rn. ekki tekið aftur af mönnum þessi starfsheiti, þessar lærdómsgráður. Því er það mín skoðun að rétt sé að breyta orðalagi þessarar gr. þannig að rn. geti veitt leyfi til þess að menn öðlist starfsréttindi sem sálfræðingar, enda hefur það verið upplýst að til þess sé stofnað að rn. veiti starfsréttindin.

Nú urðu nokkrar umr. um þetta mál og þessa till. við 2. umr., og ég tel að út af fyrir sig hafi þær umr. varpað nokkru ljósi á hugsunina bak við þetta orðalag sem í frv. er og að fyrir liggi hvernig túlka beri ákvæðið, hvernig það sé skilgreint, og jafnframt hafa komið fram mínar aths. Tel ég það vera út af fyrir sig, eins og fyrr segir, nokkurs virði að þetta hafi skýrst í umr. Menntmrh. lýsti því yfir við 2. umr. að hann gæti ekki tekið tillit til þessara aths. minna, og fram hefur komið í menntmn. Nd. að hún getur ekki fallist á brtt. Það er því sýnt hver örlög till. verða, og ég mun því draga hana til baka. En ég vil aðeins ítreka þá afstöðu mína, að mér finnst almennt séð fráleitt að rn. geti eða eigi að hafa vald til að ákveða hvort menn hafi leyfi til að bera þau starfsheiti og þá lærdómstitla sem þeir hafa öðlast með námi og prófi frá viðurkenndum menntastofnunum. Þetta gerir frv. óneitanlega eins og frá því er gengið af hálfu flytjanda, og því get ég ekki samþ. þessa gr. a. m. k., en mun láta við það sitja.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég var nú eiginlega að hugsa um að falla frá orðinu þegar hv. þm. tók till. sína til baka. En ég held þó að það sé rétt vegna meðferðar málsins að ég láti koma hér fram nokkru nánari rök fyrir því að afgreiða þetta mál óbreytt heldur en ég gerði við umr. hérna um nóttina. Þá greindi ég frá því að þetta frv. er alveg í samræmi við löggjöf sem sett var um félagsráðgjöf á síðasta Alþ. og að þetta er þáttur í norrænu samstarfi um þessi mál. Það hefur verið fjallað um þetta mál í samstarfi Norðurlandanna og undirbúningur hér heima hefur verið að mínum dómi nokkuð ítarlegur og farið fram á vegum Sálfræðingafélags Íslands og síðan í menntmrn. En ég held að það sé rétt að ég setji fram nokkur atriði til viðbótar þessu.

Mér sýnist að það séu ekki rök að vitna til lögmannsréttinda því til stuðnings að eðlilegra sé að miða löggildingu sálfræðinga við réttindi til starfs fremur en rétt til að kalla sig sálfræðing. Lögmaður verður að hafa staðist embættispróf í lögfræði og það nám er stundað hérlendis við Háskóla Íslands. Þess vegna getur ekki ríkt þar neinn vafi um hvort tilskildu námi hefur verið lokið eða ekki. Við Háskóla Íslands er svo unnt að ljúka BA-prófi í sálarfræði, en það er aðeins fyrri hluti fullgilds náms sálfræðinga, áfangi sem þarf að bæta við, eða um það bil tveggja ára nám við erlenda háskóla til þess að ljúka fullnaðarprófi sálfræðinga. Slíkt framhaldsnám til lokaprófs geta menn stundað víða um heim og t. d. hafa núverandi meðlimir í Sálfræðingafélagi Íslands numið í 8 löndum. Það er m. a. þess vegna sem það er talið nauðsynlegt að það gildi samræmdar reglur um þau menntunarskilyrði sem fullnægja þarf í þessu tilviki, og þá þykir mönnum eðlilegt að hafa hliðsjón af þeim meginreglum sem gilda á Norðurlöndum í þessum efnum. Er þá sérstaklega vitnað til norskrar löggjafar frá 1973, en hún er sett í framhaldi af þeirri samstarfsvinnu Norðurlandanna sem fram hafði farið áður, og þess sjónarmiðs er einnig gætt í þessu frv.

Mér fannst rétt að láta þetta koma fram, en ég held það sé ekki ástæða til að fara út í fleiri efnisatriði fyrst hv. þm. hefur dregið till. sína til baka.

Frsm. (Sigurlaug Bjarnadóttir): Hæstv. forseti. Ég tók til máls við 2. umr. þessa máls og þarf þar litlu við að bæta. Ég vil lýsa ánægju minni yfir að hv. 11. þm. Reykv. hefur dregið till. sína til baka. Ég held að afstaða hans byggist á nokkrum misskilningi, en ég skil fyllilega hvað fyrir honum vakir. Hann tók svo til orða að lögin, eða frv., eins og það liggur fyrir nú mundi, ef að lögum verður, geti svipt menn sinni lærdómsgráðu. Þetta er nú ekki rétt því að sannleikurinn mun vera sá að það mun enginn háskóli til sem útskrifar menn sem sálfræðinga. Þeir útskrifa þá með lærdómstitlum sem fela ekki sjálft sálfræðinganafnið í sér, eins og cand. psych., maitre de psych. o. s. frv., eftir því hvaða háskóli er annars vegar. Þessir lærdómstitlar eru auðvitað þeim, sem þá hafa öðlast, heimilir. Lærdómsgráðan verður sem sagt alls ekki tekin af þeim, heldur eru nokkrar hömlur settar á notkun heitisins sálfræðingur, sem eins og við bentum á um daginn felur í sér samkv. áorðinni hefð annarra ríkja í þessu máli ekki einungis lærdómsgráðuna, heldur einnig starfsréttindin. Þannig held ég að það sé rétt ábending sem hér kom fram síðast, að höfundar þessa frv. hafa viljað með 1. gr. skapa almenningi tryggingu fyrir því að menn gætu ekki stundað sálfræðistörf einungis í krafti síns háskólaprófs, heldur þyrftu þeir að mati rn., og stéttarfélagsins að hafa nauðsynlega hæfni til að bera. Ég tel frv. sem sagt betra eins og það stendur án brtt. og fagna því að fram komin brtt. hefur verið dregin til baka.

Gylfi Þ. Gíslason: Hæstv. forseti. Hér er um nytsamlegt og nauðsynlegt frv. að ræða sem ég fyrir mitt leyti hef stutt og mun styðja að verði að lögum. Þegar eru í gildi, eins og hv. þm. er kunnugt og komið hefur fram í umr., lagaákvæði hverjir megi nefna sig verkfræðinga, arkitekta og félagsráðgjafa, og nú bætast sálfræðingar í þennan hóp sem hefur lögverndað starfsheiti.

Í þessu sambandi vil ég vekja athygli á og beina því sérstaklega til hæstv. menntmrh. að hann athugi það mál nánar, að vandamálið er viðtækara en svo að það hafi verið leyst með þeim lagaákvæðum sem nú eru í gildi um verndun tiltekinna starfsheita háskólamenntaðra manna. Ég nefni í þessu sambandi starfsheiti það sem sú deild veitir sem ég starfa við í Háskóla Íslands, viðskiptadeildin. Henni var komið á fót árið 1940 og hefur þannig starfað í 35 ár. Það starfsheiti, sem hún veitir, er svo sem kunnugt er viðskiptafræðingur. Áður höfðu starfað hér hagfræðingar og hafði aldrei verið neinn ágreiningur um að hagfræðingur væri gott orð og starfsheiti sem aldrei hefur verið neinn ágreiningur um. Á síðari árum, eftir að nám í viðskiptadeild var lengt, komu upp þær hugmyndir meðal stúdenta deildarinnar að breyta nafni hinna brautskráðu og nefna þá einnig hagfræðinga, sem er gamla starfsheitið á þeim sem lagt hafa stund á þær höfuðgreinar sem í viðskiptadeildinni eru kenndar, hagfræði. Ekki er þetta þó ágreiningslaust, hvorki meðal stúdenta né kennara deildarinnar. Áður fyrr var viðskiptafræðinámið þriggja ára nám, en er nú fyrir löngu orðið fjögurra ára nám minnst, auk þess sem námsefni er orðið miklu fjölbreyttara en það áður var. Hefur þetta orðið tilefni til umr. um það hvert vera skuli starfsheiti þeirra sem ljúka prófi í viðskiptafræðum í viðskiptadeildinni. En auk þess er um það að ræða að viðskiptadeildin er orðin ein af fjölmennustu deildum Háskóla Íslands og það er álitlegur fjöldi kandidata sem brautskráist á hverju ári frá viðskiptadeildinni. En samtímis því stunda ýmsir nám í svipuðum greinum við erlenda háskóla, og þess eru dæmi að slíkir menn nefni sig einnig viðskiptafræðinga þótt á vitorði allra, sem til þekkja, sé að nám þeirra svari engan veginn til þess viðskiptafræðanáms sem lögð er stund á í viðskiptadeild Háskóla Íslands.

Á allra síðustu árum hefur og skotið upp öðrum nýjum starfsheitum. Ýmsir nefna sig rekstrarhagfræðinga, aðrir nefna sig rekstrarfræðinga, og er ekki von að almenningur geti áttað sig á

því hvað í þessum starfsheitum felst. Hér hefur sem sagt á sviði þeirra manna, sem hafa lagt stund á hagfræðigreinar fyrst og fremst og leggja stund á þau störf, komið til skjalanna nokkur ruglingur varðandi starfsheiti. Væri mjög æskilegt að þetta vandamál yrði kannað og reynt að koma á fastri skipan líkt og átt hefur sér stað varðandi verkfræðinga, arkitekta, félagsráðgjafa og nú stendur til að lögfest verði varðandi sálfræðinga.

Ég leyfi mér að beina því til hæstv. menntmrh. að hann taki þetta mál til athugunar. Það hefur verið rætt verulega meðal kennara og stúdenta viðskiptadeildar og er orðin brýn nauðsyn á því að einhverri fastri og skynsamlegri reglu verði komið á varðandi starfsheiti þeirra sem fyrst og fremst hafa lagt stund á háskólanám í hagfræðigreinum.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Hæstv. forseti. Vegna ábendinga hv. síðasta ræðumanns, sem ég efa ekki að séu á rökum reistar, því að hann þekkir þessi svið mjög vel vegna starfa þar lengi, þá vil ég láta það koma fram að ég vil mjög gjarnan taka þann þátt þessara réttindamála til athugunar í samráði við þá sem hlut eiga að máli í Háskólanum.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 714).

Framkvæmdastofnun ríkisins. frv. (þskj. 640). — 1. umr.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Hæstv. forseti. Frv. það, sem hér er flutt, er til efnda á því ákvæði stefnuyfirlýsingar ríkisstj., að lög Framkvæmdastofnunar ríkisins skuli endurskoðuð. Strax við upphaf stjórnarsamstarfsins var þm. Ingólfi Jónssyni, Steingrími Hermannssyni, Sverri Hermannssyni og Tómasi Árnasyni falið að semja frv. til l. um breyt. á l. um Framkvæmdastofnun ríkisins. Fyrstu till. sínar lögðu þeir fram haustið 1974, en að ósk minni héldu þeir störfum sínum áfram og tóku afstöðu til ýmissa hugmynda sem fram komu um breytingar á skipulagi Framkvæmdastofnunar. Í byrjun síðasta mánaðar lögðu þeir fram þær till. sem hér eru kynntar og stjórnarflokkarnir hafa sameinast um.

Allsnarpar umr. urðu um Framkvæmdastofnun ríkisins haustið 1971 hér á Alþ. þegar frv. til l. um hana var rætt. M.a. var að því fundið að með stofnuninni var breytt um starfshætti við efnahagslega ráðgjöf til ríkisstj., Efnahagsstofnunin var lögð niður og gerð að deild í Framkvæmdastofnuninni. Með l. nr. 54 frá 1974 var hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunar lögð niður og gerð að deild í Framkvæmdastofnuninni. Með l. nr. 54 frá 1974 var hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunar lögð niður og Þjóðhagsstofnun komið á fót. Sú ráðstöfun hefur reynst heilladrjúg. Þjóðhagsstofnun hefur áunnið sér traust og tiltrú og reynst ómetanleg við alla úttekt á efnahag þjóðarinnar og ráðgjöf á þeim efnahagslegu umbrotatímum sem við höfum lifað frá því að hún fékk sjálfstæðan grundvöll.

Samkv. 1. gr. frv. er Framkvæmdastofnun ríkisins sjálfstæð stofnun sem annast áætlanagerð, byggðamál og lánveitingar. Úr lögum eru felld ákvæði þar sem mælt er fyrir um að stofnunin sé ríkisstj. til aðstoðar við stefnumótun í efnahags- og atvinnumálum og hún annist hagrannsóknir, með tilvísun til þess sem ég hef áður sagt.

Samkv. 1. gr. frv. skal stofnunin starfa í þremur deildum: áætlanadeild, byggðadeild og lánadeild. Í þessu ákvæði kemur fram það nýmæli að mælt er fyrir um sérstaka byggðadeild við stofnunina, en samkv. 9. gr. frv. skal hún gera áætlanir um þróun byggða og atvinnulífs í þeim tilgangi að tryggja atvinnu og búsetu í byggðum landsins. Deildin fjallar um áhrif opinberra aðgerða í byggðaþróun og gerir till. til úrbóta, ef þörf þykir. Hún skal í störfum sínum hafa nána samvinnu við áætlanadeild og lánadeild. Samkv. þessu tekur byggðadeild að sér hluta þeirra verkefna sem hingað til hafa heyrt undir áætlanadeild. Þar ber hæst landshlutaáætlanir, sem unnar verða í samhengi og samræmi við heildaráætlanir, sem unnar verða í samhengi og samræmi við heildaráætlanir áætlanadeildar. Þá mun deildin hafa nána samvinnu við lánadeild um útlán Byggðasjóðs.

Í þessu sambandi vil ég vekja athygli á því, að hinn 5. mars s.l. ritaði mþn. um byggðamál mér bréf þar sem hún mælti með því að við Framkvæmdastofnun ríkisins verði sett á fót byggðadeild sem hafi það verkefni að fylgjast með framkvæmdum byggðamála. Segir mþn. að þar sem byggðamál séu meðal meginviðfangsefna Framkvæmdastofnunar ríkisins virðist eðlilegt að þau séu tekin fastari tökum í nýrri deild, byggðadeild. Ég tel að með 9. gr. þessa frv. sé komið til móts við óskir mþn. og ef frv. þetta verður að lögum verður það á valdi stjórnar Framkvæmdastofnunar að ákveða hvenær hin nýja deild tekur til starfa.

Hér á Alþ. hafa menn löngum deilt um það hvernig yfirstjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins sé best fyrir komið. Utan þings hefur málið einnig verið tíðrætt. Hafa menn einkum fundið að því fyrirkomulagi sem mælt er fyrir um í gildandi lögum, að ríkisstj. skipi þriggja manna framkvæmdaráð er annist daglega stjórn stofnunarinnar. Ráð þetta má leysa frá störfum með mánaðar fyrirvara. Hafa ýmsir látið í ljós þá skoðun að með þessu ákvæði sé gengið of langt til pólitískrar yfirstjórnar á jafnmikilvægari stofnun og hér um ræðir, málefnum hennar væri betur borgið ef æðstu starfsmenn hennar væru ráðnir með öðrum hætti, og hefur þar t.d. verið vísað til þess hvernig bankastjórar eru ráðnir. Með frv. er skipan þessara mála breytt þannig að nú gilda svipaðar reglur um ráðningu forstjóra og framkvæmdastjóra deilda stofnunarinnar og t.d. um bankastjóra.

Samkv. 3. gr. frv. skipar ríkisstj. stofnuninni forstjóra samkv. till. stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar Á sama hátt skipar ríkisstj. framkvæmdastjóra einstakra deilda. Ráðning þessara manna miðast við 12 mánaða gagnkvæman upp-

sagnarfrest. Samkv. þessu er lagt til að framkvæmdaráð stofnunarinnar hverfi úr sögunni, og jafnframt eru í 2. og 4. gr. frv. ákvæði um breytingu á stjórnarháttum í samræmi við þetta þannig að valdsvið stjórnar er aukið.

Í 5. gr., þar sem fjallað er um áætlanadeild, er tekið mið af því að sérstakri byggðadeild er komið á fót og henni falið það verkefni að gera áætlanir um þróun byggða og atvinnulífs víðs vegar um landið. Mælt er fyrir um nánara samstarf áætlanadeildar við rn. og opinberar stofnanir þegar um er að ræða áætlanir fyrir þessa aðila, framkvæmdir ríkis og aðrar opinberar framkvæmdir, en deildin skal vinna að þeim í samráði við hlutaðeigandi rn. og stofnanir. Þá eru sett skýrari ákvæði um samráð deildarinnar við samtök og stofnanir atvinnuveganna við gerð áætlana. Niður eru felld ákvæði þess efnis að ríkisstj. skuli samþykkja áætlanir, en ákvæði um slíka samþykkt hafa valdið þeim misskilningi að ríkisstj. ábyrgðist frá upphafi allt fjármagn sem framkvæmd áætlunar kann að krefjast.

Í svari við fsp. um byggðaáætlun Norður-Þingeyjarsýslu hér á Alþ. fyrir skömmu gerði ég ítarlega grein fyrir þeim viðhorfum sem ríkt hafa til þess sem felst í slíku samþykki ríkisstj. Með ákvæðinu, eins og það er í frv., er ætlast til að áætlanir fái stefnumarkandi gildi og þar með skírskotað til allra hlutaðeigandi aðila að hafa áætlanirnar til viðmiðunar við ákvarðanatöku og stuðla þannig að framgangi þeirra. Raunar hefur ekki verið öðruvísi á málin litið en að skuldbindingar hins opinbera vegna áætlana væru bundnar af réttum lögheimildum í hverju tilviki. Gildi áætlunarinnar felst í henni sjálfri, því að hún er nytsöm við öflun heimilda, einkum fjárveitinga og lánveitinga.

Í stefnuræðu þeirri, sem ég flutti á Alþ. haustið 1974, ræddi ég m.a. um almenna áætlanagerð og sagði:

„Slík áætlanagerð er nauðsynleg til að öðlast yfirsýn yfir líklega og æskilega þróun atvinnuveganna, þannig að fullt samræmi sé milli öflunar atvinnutækja og möguleika á nýtingu vinnuafls og landsgæða. Almenn áætlanagerð er ekki valdbundin framkvæmdaáætlun, heldur til viðmiðunar og leiðbeiningar fyrir einstaklinga, samtök þeirra, fyrirtæki og atvinnuvegi. Þá er ekki síst nauðsynlegt að hið opinbera sýni gott fordæmi og geri vandaðar áætlanir um opinberar framkvæmdir og um byggðaþróun í samráði við sveitarfélög."

Ég tel að með þeim breytingum, sem gerðar eru á lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins með þessu frv. sé stuðlað að því að áætlanagerðir verði virkara stjórntæki þar sem mælt er fyrir um nánara samráð milli áætlanadeildarinnar og þeirra sem eftir áætlununum skulu starfa.

9. gr. frv. fjallar um byggðadeild, en um hana hef ég þegar rætt.

Um lánadeild er skýrt fram tekið í 10. gr. að lánadeild hafi með höndum starfrækslu Framkvæmdasjóðs og Byggðasjóðs. Þá er mælt fyrir um það að deildin skuli árlega semja áætlun um fjáröflun og útlán Framkvæmdasjóðs Íslands og vinna í samvinnu við aðrar stofnanir að því að samræma áætlun þessa, lánsfjáráætlun ríkisstj. Við afgreiðslu fjárl. fyrir þetta ár var slík lánsfjáráætlun í fyrsta sinn lögð fram hér á Alþ. og hefur ríkisstj. ákveðið að slíkur háttur skuli á hafður framvegis. Þetta nýmæli í lögum Framkvæmdastofnunarinnar tekur mið af þeirri ákvörðun.

Lagt er til að þau ákvæði falli úr 12. gr. núgildandi laga þar sem segir að stjórn Framkvæmdastofnunar geti að fengnu samþykki ríkisstj. og í samráði við banka og stærstu fjárfestingarsjóði sett almennar reglur um hvers konar framkvæmdir skuli hafa forgang umfram aðrar. Skuli þá lánastofnanir og opinberir sjóðir haga lánveitingum í samræmi við það. Engri stofnun sé þó skylt að veita lán sem hún telji ekki eðlilega trygg.

Á þetta ákvæði hefur aldrei reynt og að flestu leyti samræmist það illa almennum sjónarmiðum um hagstjórn í frjálsu markaðskerfi. Raunar hefur það aldrei leyst neinn vanda að grípa til slíkra örþrifaráða sem fólgin væru t.d. í að banna ákveðnar tegundir bygginga.

Engar efnisbreytingar eru gerðar á V. kafla núgildandi laga um Framkvæmdasjóð Íslands.

Í 14. gr. frv., um fjáröflun til Byggðasjóðs, er mikilvægasta breytingin fólgin í því að í stað lögbundins framlags úr ríkissjóði að upphæð 100 millj. kr. árlega næstu ár er lagt til að ríkissjóður leggi Byggðasjóði til fjármagn þannig að árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins verði eigi lægra en sem svarar 2% af útgjöldum fjárl.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. frá 29. ágúst 1974 segir að framlag til Byggðasjóðs „nemi 2% af útgjöldum fjárlagafrv." Þótt það ákvæði verði að lögum, sem hér var lýst að framan, er ljóst að samkomulag það milli stjórnarflokkanna, sem gert var við stjórnarmyndunina og lýst er í stefnuyfirlýsingunni, mun gilda á meðan núv. stjórnarsamstarf varir, þ.e.a.s. að framlag ríkissjóðs til Byggðasjóðs verði áfram 2% miðað við útgjaldahlið fjárlagafrv. án tillits til eigin ráðstöfunarfjár sjóðsins. Þetta er pólitísk skuldbinding og yfirlýsing sem ekki verður frá horfið. Hin lögbundna regla er hins vegar til viðmiðunar sem lágmarksskuldbinding til frambúðar.

Í 19. gr. frv. er lagt til að Framkvæmdastofnuninni verði heimilað að afla Byggðasjóði 600 millj. kr. að láni á næstu 5 árum eftir að frv. er orðið að lögum gegn ábyrgð ríkissjóðs. Í núgildandi lögum er þessi heimild bundin við 300 millj. kr. á ári.

Í þessum tveimur ákvæðum um fjármögnun Byggðasjóðs kemur greinilega fram áhugi stjórnvalda á því að efla sjóðinn og styrkja þannig að hann hafi í raun getu til að sinna verkefnum sínum. Framkvæmdastofnun ríkisins hefur tekið að sér ýmis verkefni sem áður voru hjá öðrum aðilum eða ekki sinnt, eins og t.d. sérstakar lánveitingar til skipasmíða innanlands. Starfsemi sjóðsins hefur nokkuð verið gagnrýnd að því leyti hve hún mismunaði atvinnufyrirtækjum eftir því hvar þau starfa í landinu. Á upphaflegum starfsreglum sjóðsins hefur verið gerð nokkur breyting og þær rýmkaðar á þann veg, að nú veitir sjóðurinn t.d. lán til fiskiskipa hvar sem er á landinu.

Ég tel að Byggðasjóður geti náð markmiðum sínum um eflingu byggðar utan þéttbýlisins hér í Reykjavík og næsta nágrenni borgarinnar án þess að mismuna atvinnufyrirtækjum í sömu grein sem eiga við sömu eða svipuð vandamál

að stríða, hvar svo sem starfræksla þeirra fer fram.

Með 16. gr. frv. eru felld niður ákvæði úr núgildandi lögum þess efnis að Byggðasjóður hafi heimild til þess að gerast meðeigandi í atvinnufyrirtækjum. Hefur það þótt gefast illa að lánasjóðir séu eigendur atvinnufyrirtækja. Tilgangi sínum nær Byggðasjóður betur með því að styrkja aðra aðila í því að byggja upp atvinnurekstur.

Loks vek ég athygli á þeirri breytingu sem ráðgerð er varðandi skiptingu á greiðslu rekstrarkostnaðar Framkvæmdastofnunar. Samkv. núgildandi lögum skulu ríkissjóður, Seðlabanki Íslands, Framkvæmdasjóður og Byggðasjóður auk sérstakra sjóða, sem stofnuninni kann að verða falin umsjá með, greiða í sameiningu kostnað af starfsemi Framkvæmdastofnunarinnar. Í frv. er gert ráð fyrir að ríkissjóður og Seðlabanki hætti þátttöku sinni í greiðslu þessa kostnaðar. Eftir stóreflingu Byggðasjóðs ætti greiðsla kostnaðarins ekki að verða neitt vandamál, enda er það næsta óeðlilegt og fá fordæmi fyrir því að slík stofnun þurfi á rekstraraðstoð að halda frá ríkissjóði og Seðlabanka. Þegar Þjóðhagsstofnun var komið á fót var um það samið að Seðlabanki og ríkissjóður skiptu með sér kostnaði af rekstri þeirrar stofnunar og þá út frá því gengið að sjóðir Framkvæmdastofnunar stæðu sjálfir undir rekstrarkostnaði hennar. Með frv. er lagt til að sú skipan verði lögbundin.

Ég hef hér drepið á helstu þætti þessa frv. um breytingu á lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins, en vísa að öðru leyti til grg. með frv.

Herra forseti. Ég vil gera það að till. minni að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn. þessarar deildar.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Þetta frv. er býsna síðbúið. Það er alkunna að þegar hæstv. núv. ríkisstj. tók við völdum, þá lýsti hún yfir þeirri áætlun sinni að flytja frv. til l. um breyt. á Framkvæmdastofnun ríkisins sem komið hafði verið á fót í stjórnartíð ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar. En síðan eru liðin næstum tvö ár, næstum tvö ár eru liðin síðan hæstv. núv. ríkisstj. tók við völdum, og fyrst nú sér frv. um breytingu á stjórn þessarar stofnunar dagsins ljós. Getur þetta varla borið vitni um annað en það að ekki hafi öllum í stjórnarflokkunum sýnst eitt og hið sama um meðferð þessa máls.

Þegar Framkvæmdastofnuninni var komið á fót á sínum tíma var flokkur minn, þingflokkur Alþfl., fylgjandi málinu í grundvallaratriðum. Hins vegar vorum við mjög ósáttir um stjórnarfyrirkomulag stofnunarinnar, kommissarakerfið svonefnda, þar sem gert var ráð fyrir því að 3 menn, skipaðir af ríkisstj. og þá væntanlega einn frá hverjum stjórnarflokkanna eins og raun varð á, skyldu verða valdamestu mennirnir innan stofnunarinnar og þannig stjórnmálaáhrif innan hennar óeðlilega mikil.

Þingflokkur Sjálfstfl. gagnrýndi einnig mjög sterklega þetta stjórnarfyrirkomulag og gekk raunar mun lengra en við í Alþfl., vegna þess að Sjálfstfl. snerist gagngert gegn samþykkt þessa frv. á sínum tíma. Var því ekki óeðlilegt að menn byggjust við því nú, eftir að Sjálfstfl. hafði tekið við stjórnarforustu, að hann beitti sér fyrir gagngerum breytingum á stjórn þessarar stofnunar og starfsemi hennar að ýmsu leyti. En engin breyting varð á stofnuninni, stjórn hennar og rekstri við valdatöku núv. hæstv. ríkisstj. Kommissörunum var fækkað úr þremur ofan í tvo, í staðinn fyrir að þar væru fulltrúar þriggja fyrrv. stjórnarflokka komu nú tveir fulltrúar núv. stjórnarflokka. Og nú eftir næstum tveggja ára umhugsunartíma er flutt frv. þar sem í raun og veru eru aðeins tvær nýjungar. Önnur er í 1. gr. þar sem gert er ráð fyrir stofnun byggðadeildar. Það er ákvæði sem ég tel vera skynsamleg og styð fyrir mitt leyti. En í 4. gr. eru ákvæði um skipan stjórnarinnar. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Samkv. till. stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins skipar ríkisstj. forstjóra er annast daglega stjórn stofnunarinnar. Á sama hátt skipar ríkisstj. framkvæmdastjóra áætlanadeildar, byggðadeildar og lánadeildar.“

Auðvitað er hér um að ræða bót frá því sem áður var, að ráðnir væru þrír forstjórar, þrír framkvæmdastjórar sem beinlínis var ætlað að vera pólitískir fulltrúar ríkisstj. innan stjórnkerfis Framkvæmdastofnunar ríkisins. En þannig vill til, hvort sem það er tilviljun eða ekki tilviljun, að af 3. gr. verður ekki ráðið hvort ríkisstj. ætlast til þess að þessir forstjórar verði einn eða tveir. Þannig vill til að þegar talað er um forstjóra, þá er þar auðvitað um þolfall orðsins forstjóri að ræða, en orðmyndin „forstjóra“ í þessu sambandi, ríkisstj. skuli skipa forstjóra, gæti verið bæði eintala og fleirtala. Nú langar mig til að beina þeirri fsp. til hæstv. forsrh. hvort orðið sé þarna í eintölu eða fleirtölu eða hvort framkvæma eigi þessa gr. í eintölu- eða fleirtölumerkingu orðsins forstjóri. Og svo skemmtilega vill til að í það eina annað skipti sem forstjórahugtakið er nefnt í frv., það er í 4. gr. frv., sem sagt við breytingar á 5. gr. laganna, þar gildir það sama. Þar er að vísu um að ræða eignarfallsmynd af orðinu forstjóri, en hún er líka „forstjóra“ bæði í eintölu og fleirtölu. Þar er talið hver verkefni forstjóra séu m.a. Hér gæti verið um að ræða einn forstjóra, tvo eða þrjá. Mér þætti mjög vænt um að fá það upplýst af hálfu hæstv. ríkisstj. hvað í þessu felst eða hvort á því er einhver sérstök skýring að ekki er tekið greinilega fram um það eða kemur í ljós hvort forstjórarnir eigi að vera einn, tveir, þrír eða jafnvel kannske enn þá fleiri, sem ég læt mér þó varla detta í hug.

Í frv. því, sem við þm. Alþfl. fluttum þegar á síðasta þingi og endurfluttum í upphafi þessa þings, vegna þess að okkur var farið að þykja nóg um þann drátt sem var á afgreiðslu málsins af hálfu hæstv. ríkisstj., kemur skýrt fram í 1. gr. frv. að við höfðum hugsað okkur einn forstjóra sem við kölluðum að vísu framkvæmdastjóra. En þar stendur: „Ríkisstj. skipar framkvæmdastjóra Framkvæmdastofnunar ríkisins er annast daglega stjórn stofnunarinnar.“ En svo kemur framhaldið sem tekur af öll tvímæli um að orðið er notað í eintölumerkingu. Þar segir: „Framkvæmdastjórinn og forstöðumenn deilda mynda framkvæmdaráð stofnunarinnar.“ Og það erum ekki aðeins við þm. Alþfl., sem vorum og erum þeirrar skoðunar að forstjórinn eða framkvæmdastjórinn eigi að vera einn.

brtt., sem fulltrúar Sjálfstfl. í fjhn. Nd. fluttu við frv. á sínum tíma þegar það var flutt og síðan lögfest, brtt. þeirra Matthíasar Á. Mathiesen núv. hæstv. fjmrh. og Matthíasar Bjarnasonar núv. hæstv. sjútvrh., var svo hljóðandi ákvæði, með leyfi hæstv. forseta: „Að fengnum till. Framkvæmdastofnunar ríkisins skipar ríkisstj. forstj. stofnunarinnar.“ Hér gæti enn leikið vafi á við hvað væri átt. En það er tekinn af allur vafi í næstu setningu í áframhaldandi: „er hefur yfirumsjón með daglegum rekstri áætlanadeildar og lánadeildar“, ekki „hafa“, heldur „hefur“, svo að það tekur af öll tvímæli um að þarna hafa fulltrúar Sjálfstfl. í fjhn. hugsað sér að framkvæmdastjórinn væri aðeins einn. Það gæti verið tilætlunin með þessu frv. núna, en það er ekki ljóst af óljósu orðalagi frv. sem ég endurtek að ég væri þakklátur fyrir nánari skýringar á.

Ég skal endurtaka það að ég tel tvímælalaust til bóta að kommissarakerfið sé í grundvallaratriðum afnumið og ríkisstj. skipi yfirstjórn þessarar stofnunar. En ég vil líka láta það koma fram, að ég hefði talið eðlilegasta skipun, sem var skoðun Alþfl. og Sjálfstfl. á sínum tíma, að einn forstjóri væri þarna nægilegur. Ég vil láta þess getið, sem einnig var skoðun þingflokks Sjálfstfl. á sínum tíma, að æskilegt sé að hliðstæð skipun yrði hér höfð á og er orðið samkomulag um milli allra flokka, að ég hygg, varðandi stjórnina á bönkunum, að bankastjórasæti skipi ekki alþm. Ég skal fúslega viðurkenna að ekki væri eðlilegt að lögbinda neitt um þetta efni varðandi Framkvæmdastofnunina frekar en átt hefur sér stað varðandi bankana. En sú regla hefur reynst vera heilbrigð og skynsamleg að þm. skipi ekki bankastjórasæti, og þó um þessa grundvallarreglu hafi nokkuð verið deilt í upphafi, þá hygg ég allir séu núna orðnir sammála um að það fari ekki saman að gegna störfum á Alþ. annars vegar og stjórna peningastofnunum sem fara með útlánavald hins vegar. Og hið sama tel ég eiga við um Framkvæmdastofnun ríkisins sem er valdamikil lánastofnun að verulegu leyti.

Mér er ljúft að taka fram að með þessu á ég engan veginn við það að þeir tveir núv. þm., sem gegna framkvæmdastjórastörfum við Framkvæmdastofnunina, séu ekki fyllilega starfi sínu vaxnir. Mér er það alveg ljóst og vil að enginn misskilningur sé um það, að þessi skoðun á ekkert skylt við það að ég vantreysti þeim til starfa. Þvert á móti, ég treysti þeim til þessara starfa og annarra starfa sem eru jafnvandasöm og jafnvel vandasamari en hér er um að ræða. Hér er aðeins um grundvallarsjónarmið að ræða, það grundvallarsjónarmið að líta eigi á Framkvæmdastofnun ríkisins hliðstæða bankastofnunum sem þegar er orðið almennt samkomulag um að eigi ekki að vera stjórnað af mönnum sem jafnframt gegna skyldum sem alþm.

Ég læt þetta duga, en vænti þess að fá um það upplýsingar af hálfu hæstv. ríkisstj. hver fyrirætlun hennar er varðandi framkvæmd 3. gr. frv.

Tómas Árnason: Herra forseti. Framkvæmdastofnun ríkisins var sett á stofn með l. nr. 93 frá 20. des. 1971 og tók til starfa í janúarmánuði 1972. Í framkvæmdinni varð þetta þannig að í samræmi við ákvæði framangreindra laga voru þrjár stofnanir, sem höfðu starfað mismunandi langan tíma, Efnahagsstofnunin, Framkvæmdasjóður Íslands og Atvinnujöfnunarsjóður, felldar saman í eina stofnun, Framkvæmdastofnun ríkisins, og Byggðasjóður jafnframt efldur með óafturkræfum framlögum úr ríkissjóði samkv. ákvæðum laganna. Þessi stofnun starfaði upphaflega í þrem deildum: hagrannsóknadeild, sem auk þess að vera deild í stofnuninni heyrði beint undir ríkisstj. og var henni til ráðuneytis í efnahagsmálum, og svo áætlanadeild og lánadeild. Með yfirstjórn stofnunarinnar fór 7 manna stjórn kosin hlutfallskosningu á Alþ. til fjögurra ára.

Ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar, sem hóf störf í júlímánuði 1971, hafði ákveðið að koma á fót stofnun eins og þeirri sem hér um ræðir. Tilgangurinn með því að koma Framkvæmdastofnuninni á fót var: 1) Að stefna að eflingu atvinnuveganna og sérstakri byggðaþróun með skipulögðum áætlunarvinnubrögðum. 2) Að tengja saman undir einni stjórn stofnanir og sjóði sem til þessa höfðu starfað sitt í hverju lagi. 3) Að koma á fót heildarstjórn í fjárfestingarmálum. 4) Að koma upp stofnun sem hefði yfir að ráða sérfræðilega menntuðu og þjálfuðu starfsliði úr ýmsum greinum og væri ríkisstj. til ráðuneytis í efnahagsmálum.

Á árinu 1974 voru gerðar veigamiklar breytingar á löggjöfinni um Framkvæmdastofnun ríkisins. Með setningu laga um Þjóðhagsstofnun og breytingu á l. nr. 93 frá 1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins, var hagrannsóknadeild lögð niður og felld úr gildi önnur ákvæði sem snertu starfsemi þeirrar deildar. Þessi breyting tók gildi 1. ágúst 1974. Síðan hefur Framkvæmdastofnunin starfað í tveim deildum: áætlanadeild og lánadeild.

Í grg. fyrir frv. að l. um Framkvæmdastofnun ríkisins var beinlínis tekið fram að æskilegt yrði síðar meir að gera breytingar á þessari löggjöf, sem var ný sinnar tegundar, í samræmi við þá reynslu sem menn öðluðust af starfsemi stofnunarinnar. Það má því segja að stofnun Þjóðhagsstofnunarinnar hafi verið beint framhald af því sem upphaflega var ráð fyrir gert. Ég álít að þetta hafi verið í beinu framhaldi af því hvernig mál þróuðust í Framkvæmdastofnuninni.

Þær meginbreytingar, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, eru að mínu mati fjórar: 1 fyrsta lagi stórefling Byggðasjóðs á þá leið að framlög til sjóðsins úr ríkissjóði skuli eigi nema lægri fjárhæð árlega en sem svarar 2% af útgjöldum fjárl. að frádregnu eigin ráðstöfunarfé sjóðsins. Í öðru lagi með því að Framkvæmdastofnunin annist byggðamál í auknum mæli, m. a. með stofnun sérstakrar byggðadeildar sem hafi í störfum sínum sem nánasta samvinnu við áætlanadeildina og lánadeildina, sérstaklega varðandi lánamál. Með þessu er lögð áhersla á að tengja saman áætlanastarfið og lánveitingar. Í þriðja lagi gleggri skilgreining á verkefnum lánadeildarinnar, m. a. með setningu skýrari ákvæða um meðferð árlegrar áætlunar um lánveitingar og fjármögnun Framkvæmdasjóðs. Í fjórða lagi er svo í fyrsta sinn gert ráð fyrir því í lögum að ríkisstj. láti semja sérstaka heildarlánsfjáráætlun, sem ætlað sé að vera stefnumarkandi um

framkvæmdir og framkvæmdagetu þjóðarbúsins á hverjum tíma. Auk þessa er lagt til að leggja niður framkvæmdaráðið sem hefur verið skipað með sérstökum hætti af ríkisstj. Hins vegar er gert ráð fyrir að stjórn Framkvæmdastofnunarinnar geri till. til ríkisstj. um ráðningu forstjóra stofnunarinnar og framkvæmdastjóra deildanna. Aðrar breytingar, sem frv. gerir ráð fyrir, eru tiltölulega smávægilegar og raunar staðfesting á því hvernig mál hafa skipast í Framkvæmdastofnuninni í framkvæmdinni.

Langþýðingarmesta breytingin, sem frv. þetta felur í sér, er að festa í lög að árlegt framlag úr ríkissjóði til Byggðasjóðs skuli nema 2% af útgjöldum fjárl. að frádregnu eigin ráðstöfunarfé sjóðsins. Hér er um að ræða lágmarksframlag á ári hverju. Hins vegar hefur núv. ríkisstj. lýst yfir í stjórnarsáttmála að leggja til Byggðasjóðs 2% af útgjöldum á fjárlagafrv. að viðbættu ráðstöfunarfé sjóðsins. Til að skýra þetta nánar minni ég á að tekjur Byggðasjóðs samkv. núgildandi lögum eru fyrst og fremst 100 millj. kr. árlegt framlag ríkissjóðs og á það að gilda til og með árinu 1981, enn fremur 70,9% af skattgjaldi álbræðslunnar í Straumsvík og frá árinu 1978 skyldi þessi hundraðshluti hækka í 75.9%. Ef gerður er samanburður á tekjum Byggðasjóðs samkv. gildandi lögum og stjórnarsáttmálanum verður útkoman hækkun fyrir árið 1975 sem nemur samtals 683 millj. kr. Annars vegar er 77 millj. kr. skattgjald af álbræðslu og 100 millj. kr. framlag úr ríkissjóði og hins vegar 860 millj. kr. framlag úr ríkissjóði. Varðandi árið í ár, 1976, nemur hækkun tekna Byggðasjóðs samkv. stjórnarsamningnum 884 millj. kr. Álgjaldið og framlag úr ríkissjóði samkv. lögum hefði numið 239 millj. kr., en 2% af útgjöldum fjárlagafrv. hins vegar 1123 millj. kr. Samkv. stjórnarsamningnum nema því viðbótartekjur Byggðasjóðs á árunum 1975 og 1976 samtals 1567 millj. kr.

Eins og áður segir gerir frv. ráð fyrir að framlag ríkissjóðs verði aldrei lægra en 2% af fjárlögum að frádregnu ráðstöfunarfé sjóðsins. Ef ákvæðinu í stjórnarsamningnum um framlag til Byggðasjóðs væri ekki til að dreifa mundi ráðstöfunarfé Byggðasjóðs á þessu ári nema 1180 millj. kr. samkv. frv. í stað 1250 millj. kr. Af þessu er ljóst hve stórlega lágmarksframlög ríkisins til Byggðasjóðs eru aukin með þessari fyrirhuguðu breyt. á l. um Framkvæmdastofnunina samanborið við gildandi lög. Með því að tryggja, að ráðstöfunarfé Byggðasjóðs verði ekki lægra en sem nemur 2% af útgjöldum fjárl., er hrundið í framkvæmd þýðingarmiklum þætti í stefnuskrá Framsfl. Það hefur lengi verið mikill áhugi okkar framsóknarmanna að stórefla Byggðasjóðinn og því sérstök ástæða til þess að láta í ljós ánægju yfir þessari þróun mála.

Byggðasjóður hefur nú starfað í full 4 ár. Á þessum tíma nema lánveitingar úr sjóðnum samtals 2 milljörðum 442 millj. kr. ef miðað er við s. l. áramót. Lánveitingar skiptast þannig á einstök ár: Árið 1972 480.4 millj., árið 1973 357.3 millj., árið 1974 661.7 millj. og árið 1975 943 millj. kr., eða samtals 2 milljarðar 442 millj. Við s. l. áramót nam eigið fé Byggðasjóðs 1828.5 millj. kr. Stærstu verkefnin, sem Byggðasjóður hefur lánað til, eru nýsmíði fiskiskipa, kaup notaðra skipa og endurbætur, fiskvinnsla, iðnaður, landbúnaður og sveitarfélög. Þá er sú breyting í frv. frá gildandi lögum að Framkvæmdastofnuninni sé heimilt að afla Byggðasjóði allt að 600 millj. kr. lánsfjár árlega í 5 ár í stað 300 millj. sem nú er í lögum.

Það lagaákvæði gildir áfram að hlutverk Byggðasjóðs sé að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með því að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífs með hliðsjón af landshlutaáætlunum og til að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir að lífvænlegar byggðir fari í eyði. Hvers vegna sjá menn ástæðu til þess að stofna og starfrækja öflugan Byggðasjóð? Hvaða ástæður eru það sem þarna liggja til grundvallar? Aðalástæðan er sú gífurlega byggðaröskun sem átt hefur sér stað í landinu á undanförnum áratugum, en hún er í aðalatriðum á þá leið að fólk hefur flust búferlum í stórum stíl svo til alls staðar úr strjálbýlinu til Stór-Reykjavíkursvæðisins. Á áratugunum 1950—1970 fjölgaði um 54 600 manns á Reykjavíkur- og Reykjanessvæðinu, en aðeins um 11 400 annars staðar á landinu. Þannig tók þetta svæði til sín sem svaraði 83% af heildarfjölgun landsmanna á þessum tveim áratugum. Ég geri ekki að sérstöku umtalsefni þá stórfelldu byggðaröskun sem átti sér stað í landinu á fyrra helmingi þessarar aldar.

Byggðaröskun af því tagi, sem hér hefur átt sér stað, hefur margháttuð áhrif í för með sér. Margar byggðir eiga í vök að verjast og koma helsærðar út úr slíkum sviptingum. Sumar hafa lagst niður með öllu. Fólk hefur horft upp á eignir sínar og staðfestu verða að engu á sama tíma sem aðrir hagnast stórlega á breytingunum. Skilyrði til menntunar og félagsaðstöðu í svo til öllum greinum hafa orðið erfiðari og dýrari út um landið. Atvinnutækifærum unga fólksins fækkar og það leitar gjarnan til Suðvesturlandsins. Sumar greinar atvinnulífsins dragast saman eða jafnvel veslast upp með öllu. Helstu stjórnstöðvar þjóðfélagsins hafa risið upp í Reykjavík og þróast þar. Þá er ýmislegt dýrara úti á landinu en í Reykjavík, svo sem flutningskostnaður vöru, sem leggst á hana, símaþjónusta, rafmagn, húsahitun og margt fleira mætti nefna í því efni.

Þá vaknar spurningin: Á þjóðfélagið að láta þessa þróun halda áfram? Er það þjóðinni til hollustu og heilla að heilir landshlutar leggist í auðn, eða á að snúast gegn þessari þróun mála af einurð og karlmennsku? Ég er í engum vafa um að framför alls landsins og allrar þjóðarinnar hlýtur að verða íslenskri þjóð til farsældar og hlýtur að styrkja möguleika þjóðarinnar til að nýta auðlindir landsins. Þess vegna trúi ég því að efling Byggðasjóðs ásamt aukinni áherslu á skynsamlega byggðaþróun sé eitt af stórmálum þjóðarinnar og muni í bráð og lengd breikka og styrkja undirstöður þjóðfélagsbyggingarinnar.

Frv. gerir ráð fyrir því að stofnuð verði sérstök byggðadeild við Framkvæmdastofnunina sem geri áætlanir um þróun byggða og atvinnulífs í þeim tilgangi að tryggja atvinnu og búsetu í byggðum landsins. Byggðadeildin fjalli um áhrif opinberra aðgerða á byggðaþróun og geri till. til úrbóta ef þörf þykir. Þessi deild á að taka að sér hluta þeirra verkefna sem hafa

verið falin áætlanadeildinni, t.d. haldi hún áfram gerð landshlutaáætlana í samhengi og samræmi við heildaráætlanir áætlanadeildar. Til viðbótar er svo gert ráð fyrir að deildin fjalli sérstaklega um áhrif opinberra aðgerða á þróun byggða, fylgist vel með samanburði á lífskjörum fólks um land allt og geri till. til úrbóta ef þörf er á.

Það var fyrir forgöngu mþn. um byggðamál sem tekið var inn í frv. ákvæði um sérstaka byggðadeild. Ég álít að eitt veigamesta hlutverk byggðadeildar eigi að verða að stuðla að þróun einstakra byggðarlaga. Deildin þarf að gera staðgóða haglýsingu af sem flestum byggðarlögum og hafa jafnan á takteinum öruggar upplýsingar um hagræn efni byggðanna, svo að auðvelt verði að beina fjármagni til uppbyggingar á skynsamlegan hátt, auk þess sem byggðaþróunaráætlanir eru lagðar til grundvallar.

Þegar hæstv. dómsmrh. Ólafur Jóhannesson talaði fyrir frv. til l. um Framkvæmdastofnun ríkisins á sínum tíma, þá var hann sérstaklega spurður að því hvort það væru einhverjar bannlínur sem yrðu dregnar með tilliti til fyrirgreiðslu. Hann svaraði því svo til að ekki væri gert ráð fyrir neinni bannlínu í löggjöfinni og gætu allir landshlutar og allar byggðir komið þar til greina með fyrirgreiðslu eftir því sem þörf krefur á hverjum tíma. Það er að minni hyggju þýðingarmikið að menn hafi það í huga að byggðaröskun getur haldið áfram í landinu og hún getur orðið með ýmsum hætti. Það er ekki alveg gefið mál að hún verði með sama hætti og verið hefur undanfarna áratugi. Ýmsar ástæður geta legið til þess, svo sem framfarir á sviði tækni og vísinda, náttúruhamfarir, og margt fleira mætti nefna sem getur valdið því að byggðaröskun verði með öðrum hætti en sú sem við þekkjum af reynslu undanfarandi áratuga, þótt líklegast sé að við munum enn um sinn berjast við þann vanda.

Þegar sett eru grundvallarlög um byggðamál, þá er auðvitað nauðsynlegt að gera ráð fyrir því í slíkri löggjöf að þörfin hverju sinni verði ákvarðandi um það með hverjum hætti fyrirgreiðslu til einstakra byggðarlaga og einstakra landshluta verður háttað. Þau meginverkefni lánadeildar að annast starfrækslu Byggðasjóðs og Framkvæmdasjóðs standa óhögguð, en lagt er til að sett verði skýrari ákvæði um meðferð árlegrar áætlunar um lánveitingar og fjármögnun Framkvæmdasjóðs og þá með hliðsjón af heildarlánsfjáráætlun sem tekin hefur verið upp á vegum ríkisstj. Segja má að hér sé verið að lögfesta það fyrirkomulag sem smátt og smátt hefur þróast upp um meðferð fjáröflunar og útlánaáætlanir Framkvæmdasjóðs, auk þess sem gert er ráð fyrir að áætlun um starfsemi Framkvæmdasjóðs á hverju ári verði samræmd heildarlánsfjáráætluninni áður en hún komi til endanlegrar afgreiðslu hjá stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins.

Lögum samkv. er Framkvæmdasjóði Íslands ætlað það hlutverk að veita lán til meiri háttar opinberra framkvæmda og fjárfestingarsjóða. Framkvæmdasjóður hefur verið öflugur lánasjóður sem á að vera þungamiðjan í fjárfestingarlánakerfinu. Eigið fjármagn Framkvæmdasjóðs var upphaflega 22.1 millj. bandaríkjadollara, sem svarar til 3991 millj. kr. miðað við núverandi gengi. Hins vegar var eigið fjármagn sjóðsins við síðustu áramót aðeins 1349 millj. kr., sem samsvarar 7.9 millj. bandaríkjadollara. Eigið fé Framkvæmdasjóðs Íslands er því nær þrisvar sinnum minna en það var við stofnun sjóðsins árið 1953. Ástæðan fyrir því, að sjóðurinn hefur rýrnað að verðgildi, er sú að lengi vel lánaði hann eigið fé sitt eingöngu í íslenskum krónum, en þegar krónurnar voru greiddar til baka hafði verðbólgan rýrt verðgildi þeirra til mikilla muna. Þetta er raunar skýrt dæmi um hvernig verðbólgan leikur fjármagn þjóðarinnar. Haldist hún nógu mikið og nægilega lengi hlýtur fjármagn þjóðarinnar að eyðast að mestu. Þegar menn eru að gera ráðstafanir, sem auka á verðbólgu, er verið að vega að framtíðarundirstöðum þjóðfélagsins, auk hins mikla ranglætis og röskunar sem fylgir verðbólgunni. Hér er aðeins um að ræða eitt dæmi þess, en þau eru mörg fleiri og býsna nærtæk. Þó að Framkvæmdasjóður sé ekki sérstaklega efldur með þessari löggjöf er þó nauðsyn á að efla eiginfjárstöðu hans og má gera það með ýmsum hætti, t.d. að marka honum ákveðna tekjustofna og eins hitt, að láta Framkvæmdasjóð annast miklu meira en gert hefur verið lánveitingar til meiri háttar framkvæmda, eins og raunar gert er ráð fyrir í lögum.

Lagt er til að gera þá breytingu á löggjöfinni um Framkvæmdastofnun ríkisins að fella niður úr 1. gr. laganna það ákvæði að Framkvæmdastofnunin hafi með höndum heildarstjórn fjárfestingarmála. Í stað þess er lagt til að lögfesta að Framkvæmdastofnunin vinni í samvinnu við aðrar stofnanir að því að gera sérstaka lánsfjáráætlun ríkisstj. í grg. fyrir frv. er nánar greint frá fyrirhuguðum vinnubrögðum í þessum efnum. Ætlunin er að skipa áfram samvinnunefnd eða samstarfsnefnd undir forustu fjmrn. sem vinni þetta verk. Aðrir aðilar að þessari n. verða Framkvæmdastofnunin, Þjóðhagsstofnunin, Seðlabankinn og e.t.v. fleiri aðilar. En orðrétt segir svo í grg., með leyfi hæstv. forseta:

„Lánsfjáráætlun ríkisstj. er nánast heildaryfirlit yfir þróun lánamarkaðarins innanlands og heildarlántökur erlendis. Henni er ætlað að vera stefnumarkandi um framkvæmdir og framkvæmdagetu þjóðarbúsins á hverjum tíma."

Hér er raunverulega komið að kjarna málsins. Heildarstjórn fjárfestingarmála felst í gerð lánsfjáráætlunarinnar sem ríkisstj. í heild verður að samþykkja áður en hún öðlast gildi.

Þmn., sem fjallaði um endurskoðun l. um Framkvæmdastofnunina og ég átti sæti í, gerði upphaflega ráð fyrir því að samin yrði sérstök áætlun um fjárfestingu og þróun, þ.e.a.s. fjárfestingaráætlun sem næði bæði yfir fjárfestingu hins opinbera og einkaaðila, enn fremur yrði svo gerð lánsfjáráætlun til þess að fjármagna fjárfestingaráætlunina. Nú hefur verið horfið að því ráði að gera lánsfjáráætlun sem á að vera stefnumarkandi um framkvæmdir og framkvæmdagetu þjóðarbúsins á hverjum tíma. Af þessu er því ljóst að lánsfjáráætluninni er ætlað að vera heildarfjárfestingaráætlun, og hugsunin, sem að baki býr, er í fyrsta lagi að byggja á skynsamlegri fjármögnun og í annan stað að ráðast ekki í meiri fjárfestingu á hverjum tíma en framkvæmdageta þjóðarbúsins leyfir. Í þriðja lagi er áætluninni ætlað að stuðla að því að

tryggja heilbrigða framvindu efnahagsmála. Með gerð og samþykkt lánsfjáráætlunar hefur ríkisstj. betri heildaryfirsýn yfir þróun lánastarfseminnar og heildarframkvæmdir landsmanna á hverju ári. Skynsamlegt væri að frv. að lánsfjáráætlun gæti legið á borði ráðh. að loknu sumarleyfi. Ríkisstj. gæti þá tekið lokaákvarðanir um endanlega gerð áætlunarinnar og lagt hana fyrir Alþ. með fjárlagafrv. Á þennan hátt ætti að liggja fyrir þm. heildarmynd af fjárl. ríkisins og fjárfestingar- og fjármögnunaráformum næsta árs.

Ég hef nú rakið þau atriði í frv. til l. um breytingar á Framkvæmdastofnun ríkisins sem ég tel vera langþýðingarmest. Nokkrar aðrar till. eru gerðar í frv. til breytinga, en ég tel að þær séu yfirleitt það smávægilegar að ég sé ekki ástæðu til að gera þær sérstaklega að umræðuefni.

Jón Skaftason: Herra forseti. Ég hefði nú e. t. v. getað fallið frá orðinu, því að erindi mitt í ræðustólinn að þessu sinni var það eitt að bera fram tvær fsp. til hæstv. forsrh. sem hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason hefur þegar sett fram. En við nokkur tækifæri á undanförnum árum, þegar málefni Framkvæmdastofnunar ríkisins hafa komið til umr. hér á hv. Alþ., hef ég leyft mér að leggja þar nokkur orð í belg.

Ég hef gagnrýnt rekstur Framkvæmdastofnunar ríkisins aðallega á þeirri forsendu að hún væri að of miklu leyti undir flokkspólitískri stjórn sem í reyndinni gerði henni nær ókleift að sinna þeim almennu hagfræðilegu málefnum sem stofnun eins og Framkvæmdastofnun ríkisins á að standa að. Vil ég þar til nefna t. d. það mikilvæga málefni í þjóðarbúskap okkar að undirbúa og semja áætlunargerðir um stærstu þætti í þjóðarbúskapnum. Ég held að reynslan, sem við höfum haft af starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins frá því að hún tók til starfa á árinu 1972, sanni að það er í aðalatriðum rétt, sem ég hef haldið fram, að þessi mikilvæga stofnunar ríkisins frá því að hún tók til starfa aukinni áætlunargerð í þjóðarbúskap okkar né styrkt efnahagslegt jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Ég hef ekki heyrt nein rök færð fram fyrir því að þetta séu rangar staðhæfingar. Ég las meira að segja upp hér fyrir nokkrum mánuðum á hv. Alþ. úr skýrslu Framkvæmdastofnunar ríkisins frá 1974 þar sem því er lýst með óyggjandi orðalagi að einmitt hin flokkspólitísku áhrif á starfsemi áætlanadeildarinnar hafi komið í veg fyrir, að áætlanadeildin hafi getað skilað þeim árangri sem hægt var að krefjast af henni með sanngirni og hægt var að búast við. Ég skal ekki fara út í að rekja þau mál nú. En mér þætti æskilegt að hæstv. forsrh. svaraði skilmerkilega hér á eftir þeirri spurningu sem hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason setti fram áðan. Mér leikur ekki síst hugur á að fá að vita hvort um skipan forstjóra eða framkvæmdastjóra stofnunarinnar eigi að gilda svipuð viðhorf og gilda nú um ráðningu bankastjóra viðskiptabankanna, þar sem ég held að bankaráðin hafi flest eða öll tekið þá ákvörðun að starfandi alþm. geti ekki verið bankastjórar. Og ég tel, að með þeim gífurlega auknu fjármunum, sem frv. þetta á að færa til Framkvæmdastofnunarinnar, þ. e. a. s. með þeirri aukningu sem á að verða á Byggðasjóði, sé það mikið atriði að fá um það skýr svör hvort þetta viðhorf á að ráða hjá hæstv. ríkisstj. þegar hún skipar forstjóra Framkvæmdastofnunarinnar, hvort sem þeir verða einn eða tveir eða fleiri.

Ég tek eftir því að í frv. er gert ráð fyrir að uppsagnarfrestur forstjóra eigi að vera 12 mánuðir. Í gildandi lögum er það ákvæði að framkvæmdaráðsmanni megi segja upp með eins mánaðar fyrirvara, og er það undirstrikun þess að af hálfu hæstv. síðustu ríkisstj. var litið á framkvæmdaráðsmenn sem eins konar trúnaðarmenn flokkanna sem þá ríkisstj. studdu. Ef þessi breyting þýðir það að meining hæstv. ríkisstj. sé að hverfa frá því að skipa flokkspólitíska fulltrúa sem forstjóra Framkvæmdastofnunarinnar, þá tel ég þessa breytingu eðlilega. Ef hins vegar á að halda því áfram sem gilt hefur til þessa samkv. lögum, þá tel ég þetta afar óeðlilega breytingu.

Ég veit ekki hvort ég tók rétt eftir því, en mér heyrðist hæstv. forsrh. segja í ræðu sinni áðan efnislega að Byggðasjóður gæti styrkt fjárhagslega sambærilegan atvinnurekstur hvar sem væri á landinu. Hafi ég heyrt þetta rétt, þá fagna ég þeirri breytingu, því að ein og aðalástæðan fyrir því að ég hef ekki getað fellt mig við hina flokkspólitísku yfirstjórn Framkvæmdastofnunarinnar, er sú furðulega skoðun þeirra, sem þar hafa ráðið málum, sem minnir um ýmislegt á störf Péturs mikla Rússakeisara sem dró strik á landakort, að þeir hafi talið sig þess umkomna að geta dregið línu um vissa staði á landinu og sagt að á þetta svæði mætti alls ekki lána, það væri óheilagt svæði sem ekki mætti lána inn á. Nú skal ég viðurkenna að á þessu hefur orðið nokkur breyting hin síðustu árin og síðustu mánuðina. T. d. er farið, að því er ég best veit, að lána út á skip hvar sem er, en þó stendur þessi mismunun áfram að verulegu leyti. Það þýðir ekki að rökstyðja þetta á þeim grundvelli að á þessu svæði, Suðvesturlandssvæði, Reykjanesi, hluta af Suðurlandi og Reykjavík, megi ekki lána því að þar hafi fólki fjölgað. Sannleikurinn er sá að Framkvæmdastofnunin hefur lánað á mörg svæði í landinu önnur sem hafa verið fólksfjölgunarsvæði ár eftir ár. Ég þarf ekki annað en minna á minn ágæta fæðingarbæ, Akureyri, og raunar miklu fleiri staði á landinu þar sem lán frá Byggðasjóði hafa verið veitt og fagna ég því. En ég fæ ekki séð hvernig þannig megi gera upp á milli staða ef ekki eru notaðar sömu forsendur í öll skiptin.

Ég vil svo aðeins að endingu taka það fram, að ég fagna því og er reiðubúinn til að veita stuðning öllum raunhæfum og skynsamlegum fjárstuðningi hins opinbera til þess að viðhalda jafnvægi í byggð landsins. Ég hef aldrei verið því andvígur. Ég tel það mikilvægt hlutverk, og raunar tel ég að fyrir löngu hefði átt að vera búið að móta betur og á skiljanlegri hátt hvað er í reyndinni átt við þegar talað er um byggðastefnu. Þar virðist ýmislegt óljóst og sumt rekst á annað í þeirri framkvæmd. Ég get því fagnað því að Byggðasjóður á með þessu frv. að fá aukið fjármagn þó að ég telji vafasamt að lög-

festa slíkt. Í þessu tilfelli er það í stjórnarsáttmálanum að efla skuli stórlega fjárráð Byggðasjóðs og það hefur verið gert. En að taka þetta upp í löggjöf og marka jafnháan tekjustofn og Byggðasjóðurinn á að fá með þessu frv. í lögum tel ég dálítið vafasamt á tímum óðaverðbólgu í þjóðfélaginu þar sem gerð fjárl. gæti verulega miklu ráðið um það hvernig tekst til í baráttunni við verðbólguna. Það tel ég meira en vafasamt. Það er þegar nægilega mikið af svokölluðum mörkuðum tekjustofnum í okkar ríkisbúskap, og ég held að við fjárlagagerð valdi slíkt iðulega miklum vandkvæðum og á þau vandkvæði á ekki að auka.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég get tekið undir það sem hér hefur verið sagt, að frv. þetta um breyt. á l. um Framkvæmdastofnun ríkisins er seint á ferðinni. Það er kunnugt að hæstv. ríkisstj. hafði boðað strax á sínum fyrstu dögum að hún ætlaði sér að gera breyt. á l. um Framkvæmdastofnun ríkisins, en það hefur dregist allan þennan tíma eða í tæp tvö ár að koma þessu í verk.

Við vitum að ein meginástæða þess, að yfirlýsing var gefin um það í stjórnarsáttmálanum að lög um Framkvæmdastofnun ríkisins skyldu endurskoðuð, var að annar stjórnarflokkurinn, Sjálfstfl., hafði snúist mjög öndvert gegn lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins, deilt hart á þá löggjöf og lýst sig andvígan þeirri stofnun í meginatriðum. Flokkurinn vildi halda því fyrirkomulagi í öllum aðalatriðum sem hafði gilt áður en sú stofnun var sett á fót.

Nú kemur sem sagt loksins þetta endurskoðunarfrv. um Framkvæmdastofnun ríkisins og þá sjá menn hvaða breytingar á að gera á þessari löggjöf. Ég get ekki séð annað en það sé ljóst af þessu frv. hæstv. ríkisstj. að Sjálfstfl. hafi fallið frá mótmælum sínum gegn lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins. Hann fellst á það fyrirkomulag að halda því áfram og er ekki lengur með till. um að hverfa að eldra fyrirkomulaginu. Hann hefur hins vegar beitt sér fyrir því að fá fram nokkrar minni háttar breytingar á gildandi löggjöf, — ég segi minni háttar, því að það er ómögulegt að sjá annað en að það, sem felst í þessu frv., skipti sáralitlu máli. Þessar breytingar felast, að mér sýnist við fljótan yfirlestur, fyrst og fremst í því að nú er gert ráð fyrir að stjórn Framkvæmdastofnunarinnar eigi að ráða forstjóra fyrir stofnunina, einn eða fleiri. Það er ekki ljóst hversu margir þeir eiga að vera. En áður var það svo, að það var gert ráð fyrir því að ríkisstj. réði forstjóra þessarar stofnunar. Nú gefur það auðvitað alveg auga leið að þeir, sem standa að ríkisstj. á hverjum tíma, verða jafnframt í meiri hl. í stjórn Framkvæmdastofnunarinnar og það eru nákvæmlega stömu aðilarnir sem þarna koma til með að ráða forstjóra og er hér aðeins aðferðamunur, en enginn eðlismunur. Ég tel líka af gamalli reynslu í þessum efnum að það væri nokkurn veginn gefið eftir því orðalagi, sem hér er á ferðinni, ef svo stæði á að stjórnarflokkarnir yrðu þrír, þá yrðu þessir framkvæmdastjórar líka þrír og ef stjórnarflokkarnir yrðu fjórir, þá yrðu framkvæmdastjórarnir eflaust fjórir, enda allt galopið í báðar áttir í þessum efnum í orðalaginu í frv. og hefur þar ábyggilega gamalreyndur, slunginn stjórnmálamaður, hv. 1. þm. Sunnl., kunnað að haga réttu orðalagi við þessa endurskoðun til þess að geta haldið til hverrar áttar sem hagstæðast væri. Þarna er því ekki um neina eðlisbreytingu að ræða. Þetta er aðeins smásýndarbreyting. Og Sjálfstfl. stendur jafnhlægilegur eftir sem áður ef hann ætlar að halda því fram að í þessu sé fólgin einhver breyting samkv. stefnu hans á þessari stofnun.

Þá er annað atriði sem finna má í breytingum, að ein af deildum stofnunarinnar, sem hefur alltaf verið kölluð áætlanadeild, nú á að kalla hana byggðadeild, en láta hana vinna nákvæmlega það sama. Þetta var ekki lítil stefnubreyting hjá Sjálfstfl., að fá fram nafnbreytingu á þessari stofnun! Hér er auðvitað ekki um neinar teljandi efnisbreytingar að ræða. Þessi byggðadeild er í rauninni, eins og kemur fram í grg. frv., sú deild sem kölluð hefur verið áætlanadeild og hefur starfað við stofnunina og eru ætluð í öllum meginatriðum sömu verkefnin. Hér er því líka um sýndarbreytingu að ræða að mínum dómi.

Svo kemur það atriði, sem í sjálfu sér er engin breyting varðandi þau deilumál sem uppi voru á sínum tíma varðandi lögin um Framkvæmdastofnun ríkisins, að nú er gert ráð fyrir því að taka inn í löggjöfina ákvæði um aukna tekjuöflun Byggðasjóðs í samræmi við það sem hæstv. ríkisstj. hafði gefið yfirlýsingar um og byrjað er að framkvæma. Það er auðvitað engin nauðsyn á því að setja þetta ákvæði í lög. Ef ríkisstj. hefur samið um þetta og gefur út tilkynningu um að tekjur sjóðsins skuli vera með þeim hætti sem nú hefur verið ákveðið, þá vitanlega gildir það. En það, sem þó vekur einkum athygli mína í þessum efnum fyrst menn fóru að taka þetta atriði upp og setja það inn í löggjöfina, það er að það skuli þá ekki vera farið eftir stjórnarsáttmálanum í þessum efnum, heldur tekið upp nýtt orðalag sem þýðir í rauninni allt annað. Í stjórnarsáttmálanum segir orðrétt: „Framlag til sjóðsins“ — þ. e. til Byggðasjóðs — „nemi 2% af útgjöldum fjárlagafrv.“ En í frv. er þetta orðað á allt annan veg. Þá er nú sagt: „Framlag úr ríkissjóði, þannig að árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins verði eigi lægra en sem svarar 2% af útgjöldum fjárl.“ Það er auðvitað augljóst mál að það stefnir að því að þetta orðalag þýði minni fjárveitingu til sjóðsins en stjórnarsáttmálinn hafði gert ráð fyrir, því að hann hafði gert ráð fyrir því að Byggðasjóður skyldi fá 2% miðað við útgjaldahlið fjárl. En nú er gert ráð fyrir því að draga frá þeirri upphæð það sem sjóðurinn á sjálfur til eigin ráðstöfunar. Hér á því að lögbinda nokkru lægra framlag en lofað hafði verið. Ég held að það hefði verið miklu betra fyrir hæstv. ríkisstj. að láta ógert að taka þetta upp í frv. til breyt. á l. um Framkvæmdastofnun fyrst hún tók það ekki nákvæmlega upp eins og segir í stjórnarsáttmálanum. En í þessum efnum tel ég heldur ekki vera um neina sérstaka meginbreytingu að

ræða, því að það var búið að ákveða tekjur sjóðsins í þessum efnum í sjálfum stjórnarsáttmálanum og það hlaut að standa.

Mér sýnist því að hér sé efnislega séð um litlar breytingar að ræða og Sjálfstfl. hafi breytt um stefnu varðandi Framkvæmdastofnun ríkisins, hann hafi horfið frá sínum fyrri mótmælum og fellst nú á þessa löggjöf og stefnu hennar í öllum meginatriðum. En hitt væri vissulega fróðlegt að fá að vita, sem hér hefur verið spurt um, hvort ætlunin sé að ráða að stofnuninni tvo framkvæmdastjóra eða aðeins einn eða jafnvel enn þá fleiri, sem sagt fá alveg skýr svör um hvað þetta orðalag merkir sem hefur verið minnst á í þessum umr. og einnig að fá svar við því, sem hér hefur einnig verið spurt um, hvort megi skilja ummæli hæstv. forsrh. þannig að hann teldi að rétt væri að um ráðningu væri að ræða á nokkuð hliðstæðan hátt og nú gilti um bankastjórastörf, þar sem um er að ræða framkvæmdastjóra Framkvæmdastofnunar. Það er rétt að fá það einnig alveg skýrt upplýst er það ætlunin að sami háttur verði hafður á í báðum tilfellum, þ. e. a. s. að sá maður eða þeir menn, sem verða ráðnir sem forstjórar Framkvæmdastofnunarinnar, eigi þá ekki jafnframt að sinna alþingismennsku, eins og virðist nú vera orðin nokkurn veginn föst regla um þá sem ráðnir eru sem bankastjórar, þeir skuli þá ekki vera alþm. jafnframt. Ég kann betur við að fá alveg skýrt fram hjá hæstv. forsrh. hvað er átt við í þessum efnum, að hverju er stefnt, en ekki að þetta sé opið í báða enda.

Ég vil segja það, að ég er ekki samþykkur þeim aths. sem fram hafa komið þegar rætt hefur verið um Framkvæmdastofnunina og forstjóra hennar, þar sem mikið hefur verið gert úr því að vegna þess að þeir hafi verið og séu enn pólitískir aðilar, þá sé ekki hægt að standa þar eðlilega að störfum. Ég er ekki á þeirri skoðun. Ég álít að það sé í rauninni hrein blekking að tala um það að efnt verði til áætlanagerðar í sambandi við uppbyggingu atvinnulífs í landinu og í öðrum hliðstæðum tilvikum án þess að á bak við það séu pólitískar ákvarðanir, pólitískar stefnur, allt annað sé rugl, menn geti ekki flokkað þetta undir einhverja skoðanalausa embættismennsku. Hér er auðvitað um þýðingarmikla stjórnsýslustofnun að ræða, nátengda ríkisstj., sem vinnur að því að koma fram ákveðinni stefnu stjórnvalda á hverjum tíma og áætlanagerð, og ákvarðanir hljóta vitanlega að mótast nokkuð af því, enda gert ráð fyrir því að ríkisstj. leggi síðustu hönd á samþykkt slíkra áætlana. En ég er hins vegar á þeirri skoðun að það fari mjög illa á því að alþm. séu í jafntímafrekum störfum og forstjórastarf er fyrir stofnun af þessu tagi eða gegni bankastjórastörfum, og fleiri störf geta þar komið til greina. Þeir, sem sinna störfum á Alþ. sem alþm., hafa nægilega mikið að gera, og það fer ekki vel á því að þeir séu í öðrum störfum sem kalla á fulla starfsþjónustu svo að segja frá morgni til kvölds. Það er annað mál. En mér er það alveg ljóst að stjórn stofnunar af þessu tagi sem Framkvæmdastofnunin er hlýtur að vera undir yfirstjórn pólitískra aðila og er eðlilegt að Alþ. kjósi stjórn stofnunarinnar og ríkisstj. hafi síðan síðasta orðið í sambandi við framkvæmdir og áætlanagerð.

Um afstöðu mína til þessa frv. mun fara eftir því hvaða upplýsingar koma fram um málið í þeirri n. sem fær það nú til meðferðar. Ég hef þegar sagt það, að mér sýnist að hér sé ekki um neinar veigamiklar breytingar að ræða, heldur minni háttar breytingar sem ekki skipta neinu verulegu máli, og vel kæmi til greina að gera á lögunum ýmsar aðrar breytingar en hér er á minnst. Ég mun ekki að þessu sinni fara að ræða hér almennt um stefnu í byggðamálum eða hversu vel hafi tekist til með stefnu núv. hæstv. ríkisstj. í byggðamálum. Ég tel að þar hafi flest illa tekist til og þar ráði ekki fyrst og fremst úrslitum hversu mikið fé kann að verða lagt í Byggðasjóð á hverjum tíma, heldur sé þar um grundvallarstefnuatriði stjórnvalda að ræða á miklu víðara sviði. Ég mun sem sagt miða afstöðu mína til þessa frv. við það hvaða upplýsingar koma til með að liggja fyrir við afgreiðslu málsins í þeirri n. sem nú fær það til meðferðar.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að svara þeim fsp. sem hér hafa komið fram.

Það er spurt um það hvort orðalag frv. gefi tilefni til þess að álykta að forstjóri skuli vera einn eða fleiri. Í þessu sambandi er það alveg rétt, að orðalag frv. segir ekkert ákveðið um það, hvort forstjóri skuli vera einn, þeir skuli vera tveir eða fleiri, hvort hér er um eintölu, tvítölu eða fleirtölu að ræða. Í raun er samkv. frv. ákvörðun um það lögð í vald stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar og samkv. því mun ríkisstj. skipa forstjóra stofnunarinnar.

Í öðru lagi er spurt um það eða um það rætt hvort hér eigi inn að koma einhver ákvæði þess efnis að forstjórar megi ekki gegna öðrum störfum, eins og t. d. störfum alþm. Menn eru þó sammála um það, hygg ég, hvort sem þeir eru þeirrar skoðunar að fremur beri að forðast það eða það skipti ekki máli í þessu tilviki, að ekki sé æskilegt að hafa það lögákveðið, og er það eins og er nú um bankastjórastörf.

Ég vil láta það koma fram, að það er alveg rétt að hér er um seinbúið frv. að ræða og það eru viss ágreiningsefni sem eru á þessum vettvangi milli stjórnarflokkanna. Hér er um málamiðlun að ræða. Ég vil í tilefni af orðum síðasta hv. ræðumanns láta það koma fram, að málsvarar Sjálfstfl. gagnrýndu fyrst og fremst þrjú meginatriði í frv. um Framkvæmdastofnun.

Það var í fyrsta lagi að hér væri um of mikla miðstýringu ofan frá að ræða. Úr henni hefur verið verulega dregið og gert ráð fyrir að hér sé meira um samræmingaraðila að ræða en stjórnvald sem með valdbeitingu fengi vilja sínum framgengt.

Í öðru lagi var gagnrýni okkar sjálfstæðismanna á þá lund að kommissarakerfið svokallaða eða framkvæmdaráðskerfið væri í raun á þann veg að framkvæmdaráðið þyrfti ekki að standa stjórn stofnunarinnar skil á gerðum sínum og væri naumast ábyrgt gagnvart ríkisstj. Um þetta var reyndar deila. Nú er þessu fyrir

komið eins og er í ríkisbönkunum og hefur það ekki sætt gagnrýni af hálfu sjálfstæðismanna né annarra alþm.

Í þriðja lagi var það gagnrýnt af hálfu sjálfstæðismanna að það væri opnuð leið til valdbeitingar í lögum um Framkvæmdastofnun. Það skal undirstrikað og um leið viðurkennt að til slíkrar valdbeitingar kom aldrei í starfi Framkvæmdastofnunarinnar, þótt viss uggur væri í mönnum að til þess gæti komið. Þessi valdbeitingarleið er ekki til staðar í því frv. sem hér er um að ræða.

Ég vildi þá aðeins skýra það, að í frv. því, sem hér er borið fram, er gert ráð fyrir ákveðnum tekjum Byggðasjóði til handa. Hér er um lágmarkstekjur að ræða og það er á valdi fjárveitingavaldsins við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni að kveða á um hvort þetta sé hæfilegt eða nægilegt fjármagn í þessu skyni eða hvort ákveða þurfi Byggðasjóði meiri tekjur. Það var mat ríkisstj., strax eftir að hún var mynduð og þegar stjórnarflokkarnir gerðu sinn stjórnarsáttmála, að verulegs átaks væri þörf og því var ákveðið að ætla 2% af útgjöldum fjárlagafrv. sem tekjur í Byggðasjóð. Það er enn álit ríkisstj. að þessara tekna sé þörf út þetta kjörtímabil, og við það mun verða staðið, eins og ég lýsti yfir í minni ræðu. Hins vegar er ekki óeðlilegt að í tengslum við þetta mat á tekjuþörf sjóðsins sé ákveðin til frambúðar einhver lágmarksviðmiðun sem ætla má að sé tekjuþörf í framtíðinni, og í því felst einnig nokkur stefnumörkun að ætla Byggðasjóði og því mikilvæga verkefni, sem sá sjóður hefur að rækja, nokkuð öruggan tekjustofn. Hér er ekki um ósamræmi að ræða, heldur ákvarðanir sem eru fyllilega rökréttar og í samræmi hvor við aðra, annars vegar yfirlýsing ríkisstj., sem gildir a. m. k. þetta kjörtímabil, og svo stefnumörkun til lengri frambúðar.

Við 1. umr. þessa frv. sé ég ekki ástæðu til að orðlengja frekar um það.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Þar sem ég hef margoft látið uppi skoðanir á Framkvæmdastofnun ríkisins og lögum um þá stofnun, þá vil ég strax nú við 1. umr. láta koma fram meginviðhorf mitt til þess frv. sem hér er lagt fram.

Fyrst vil ég rifja það upp að miklar deilur urðu strax þegar frv. um Framkvæmdastofnun ríkisins kom fram á árinu 1971 og var þá Sjálfstfl. fremstur í flokki þegar frv. var gagnrýnt. Sú gagnrýni var ekki sett fram til þess að andmæla margvíslegum tilgangi sem fram kom í því frv., heldur þeirri aðferð sem beitt var, hvernig lögin voru úr garði gerð, hvað snerti vald stofnunarinnar og vinnubrögð. Að því leyti tel ég að það sé rangt, sem fram kom hjá hv. þm. Lúðvík Jósepssyni, þegar hann heldur því fram nú að Sjálfsfl. hafi gefist upp í þessu máli. Staðreyndin er óneitanlega sú, að með því frv., sem hér er lagt fram, er mjög dregið úr þessu valdi og margvíslegum ákvæðum laganna breytt í þá átt sem hugur Sjálfstfl. stefndi til á sínum tíma og vonandi enn. Sjálfstfl. og þ. á m. ég er að sjálfsögðu ekki á móti eðlilegri, heilbrigðri byggðastefnu, var ekki á móti hagrannsóknum né áætlanagerð. En það var hin pólitíska stefnumörkun, sem frv. fól í sér og lögin um Framkvæmdastofnunina höfðu að geyma, sem var andstæð stefnu Sjálfstfl. og ýmissa annarra sem þátt tóku í þeim umr. á sínum tíma.

Sú stefnumörkun, sem þessi lög fólu í sér, var fyrst og fremst sú að mikið vald var sett í hendur einnar stofnunar við hliðina á og fram hjá ríkisstj. og um leið fram hjá Alþ. sem fjárveitingarvaldi. Og jafnframt var það gagnrýnt að stofnun framkvæmdaráðs og áhrif og völd þeirra, sem í það völdust, hefðu svip pólitískra hrossakaupa, það væri farið aftur til vinnubragða, sem þekktust hér áður fyrr og gáfust mjög illa, buðu upp á margvíslega spillingu og misnotkun og hefur verið reynt að hverfa frá á Íslandi. Þarna var sem sagt horfið aftur til þess fyrirkomulags.

Nú er lagt fram frv. um breyt. á þessum l., og ég vil halda því fram að það beri með sér að að miklu leyti hafi verið tekið tillit til þeirrar gagnrýni sem fram hefur verið sett. Þetta ber að viðurkenna og þakka. Einkum vek ég athygli á breytingum á 1. gr., 12. gr. og 30. gr., en þeim hefur öllum verið breytt á þann veg að úr völdum stofnunarinnar er mjög dregið og hennar hlutverki breytt að því leyti sem um er rætt í þessum gr. Ég tel ekki ástæðu til þess að rekja það efnislega, þm. geta borið það saman af skjölum og þeim gögnum sem fyrir liggja. Ég mun því sleppa að þessu sinni að fara mjög nákvæmlega út í umr. um hvert einstakt atriði.

Ég tel að það hefði mátt ganga miklu lengra með breytingum á l., og hef ég margvíslegt við það að athuga hvernig frv. er lagt fram hvað snertir önnur atriði, sem eru sum meiri háttar, en flest þó minni háttar. Og þegar ég segi þetta, þá geng ég út frá því að stefnt sé að áframhaldandi lífi þessarar Framkvæmdastofnunar. Ég hef talið eðlilegra að stofnunin yrði alfarið lögð niður og það hefði verið gert til þess að stokka upp, til þess að eyða þeirri tortryggni, sem skapast hefur gagnvart þessari stofnun, og byggja upp þetta kerfi á nýjan leik á þann hátt sem fallið hefði að skoðunum m. a. míns flokks. Þetta segi ég og endurtek það án þess að ég sé að andmæla tilgangi þessara laga. Ég skil hann og ég styð hann, en ég held að honum sé hægt að ná án þess að þessi stofnun sé fyrir hendi, það megi leysa hana upp og framkvæma þá hluti, sem henni er nú falið, með öðrum og heppilegri hætti. En ef sem sagt gengið er út frá því að stofnunin standi áfram, þá hef ég einkum tvennt við þetta frv. að athuga.

Það er í fyrsta lagi skipan framkvæmdastjóra eða forstjóra þessarar stofnunar sem fram kemur í 4. gr., og í öðru lagi það ákvæði sem kveður á um ákveðið framlag úr ríkissjóði og á að vera í 28. gr., breyting á 27. gr. Ég vil aðeins víkja að því síðarnefnda fyrst örfáum orðum.

Alþ. semur og samþykkir á hverju ári fjárlög og í höndum Alþ. skal fjárveitingavaldið vera. Eins og fram hefur komið í umr. hér í dag hefur það verið vaxandi vandamál fyrri Alþ. að hafa nokkra stjórn á fjármálum og efnahagsmálum vegna þess hversu það, Alþ., er bundið af margvíslegum lögum sem mæla fyrir um fjár-

veitingar. Það eru markaðir tekjustofnar og mörkuð útgjöld. Þetta hefur mjög bundið hendur okkar og hefur margoft komið fram, þegar menn hafa t. d. sett fram óskir og aðstæður hafa kallað á hugsanlegar breytingar á fjárl., t. d. til niðurskurðar, þá hefur svigrúm okkar verið mjög lítið einmitt vegna margvíslegra laga sem binda hendur okkar hvað fjárlög og fjárveitingar snertir. Og með þessu frv. er enn gengið inn á þá óheillabraut að binda hendur okkar og marka ákveðin útgjöld sem ekki verður hnikað til. Ég hef auðvitað ekkert á móti því að ákveðið fé sé látið ganga til byggðamála. En ég tel það hljóta að vera pólitískar ákvarðanir þeirra, sem ráða hverju sinni, hversu mikið skal lagt fram og það sé auðvitað háð þessum pólitíska vilja og aðstæðum hverju sinni. En þær aðstæður geta auðvitað breyst frá ári til árs og eðlilegt væri að þingið hefði eitthvað um það að segja, en þyrfti ekki að lúta sérstakri löggjöf um þetta efni. Ég mun styðja það heils hugar sem fram kemur í stjórnarsáttmála, að þessi ríkisstj. og meiri hl. hér á þingi skuli leggja fram ákveðið fé til byggðamála, og ég tel að að svo miklu leyti sem fram kemur í stjórnarsáttmálanum, þá sé þessum vilja fullnægt.

Ég skal ekki vera margorður um þá gagnrýni sem fram hefur komið um að fé, sem ráðstafað er úr Byggðasjóði, sé ráðstafað til einstakra kjördæma meir en annarra án fullrar sanngirni eða raka. En ég vil túlka 29. gr. núgildandi laga svo, að hlutverk Byggðasjóðs sé ekki einvörðungu að ráðstafa fé til hinna dreifðu byggða, sem svo eru nefndar, heldur, eins og reyndar kemur fram í þessari gr., til að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir að lífvænlegar byggðir fari í eyði, þ. e. a. s. það fé, sem Byggðasjóður hefur til ráðstöfunar, geti farið til kjördæma, til byggðarlaga sem til þéttbýlis teljast og skuli bæta aðstöðu manna til búsetu í byggðarlögum, hvort heldur er í dreifbýli eða þéttbýli. Ég legg áherslu á að þessi skilningur sé ríkjandi hjá Byggðasjóði og hjá Framkvæmdastofnun.

Þetta var annað atriðið sem ég vildi sérstaklega gera að umtalsefni. Ég er fullur efasemda um að rétt sé að lögbinda ákveðið ráðstöfunarfé, eins og 14. gr. gerir ráð fyrir.

Hitt atriðið er skipan forstjóra. Það er rétt, sem hér hefur komið fram, að ákvæði 4. gr. gefur enga vísbendingu um það hvort ætlast er til þess að forstjóri sé einn eða fleiri. Í sjálfu sér er hægt að fallast á að þegar um er að ræða stóra og mikla stofnun í þjóðfélaginu, þá sé ekki útilokað að þar sé forstjóri fyrir þeirri stofnun, einn forstjóri, sem hafi yfirsýn yfir stofnunina og samræmi störf hennar. Það getur ekki verið gagnrýnisvert og ekki heldur sú aðferð að sá forstjóri sé skipaður af ríkisstj. eins og jafnan er gert undir slíkum kringumstæðum. Ef sú verður niðurstaðan, þá get ég ekki haft neitt á móti því. En ég hef ástæðu til þess að halda að ætlunin sé að ráða fleiri en einn forstjóra, og ég dreg þessa ályktun m. a. af orðum hæstv. forsrh. áðan, þar sem hann að gefnu tilefni vegna fsp., sem komu fram, svaraði þessu ekki ákveðið eins og auðvitað var farið fram á. Aðra ályktun er því miður ekki hægt að draga af svari hans heldur en gert sé ráð fyrir að forstjórarnir verði fleiri en einn. Hann tók fram að það væri á valdi stjórnar Framkvæmdastofnunar hversu margir þeir yrðu. Það er rétt samkv. því sem lesa má af frv. En ég held því fram að það sé ákaflega óeðlileg aðferð. Við vorum t. d. fyrir nokkrum dögum að ræða um og fjalla um lagafrv. um breyt. á l. um Búnaðarbanka Íslands. Sú meginbreyting, sem fólst í því frv., var einmitt að Alþ. var að ákveða hversu margir bankastjórar ættu að vera við þá bankastofnun, en það var ekki heimild fyrir bankaráð þess banka að ákveða hvort bankastjórinn væri einn, tveir, þrír eða fleiri. Ég held að sami háttur eigi að vera um þetta frv. og um þessa stofnun, að það sé Alþ. sem ákveði það skýrt og greinilega hversu margir forstjórarnir eigi að vera. Ég segi að hann eigi að vera einn, vegna þess að ef forstjórarnir verða fleiri, þá er það auðvitað alveg nákvæmlega sama fyrirkomulagið og verið hefur hingað til, pólitísk samtrygging og hrossakaup á milli einstakra flokka. Og það er rétt sem hv. þm. Lúðvík Jósepsson segir, að ef það verða þrír eða fjórir flokkar í ríkisstj., þá eru allar líkur á því að þarna verði bætt við forstjórum til þess að uppfylla kröfur og þarfir einstakra flokka. Til hvers er verið að uppfylla þessar kröfur, þessar þarfir? Það er auðvitað vegna þeirra hrossakaupa sem fram fara hverju sinni milli pólitískra flokka, annar getur varla tilgangurinn verið, til þess að halda einhverju jafnvægi, til þess að sjá um að einn fái ekki meira heldur en annar, til þess að passa upp á sína.

Ég tek það fram einu sinni enn, að ég er ekki að halda því fram að einhver misnotkun eða misbeiting hafi í sjálfu sér átt sér stað hjá þeim sem starfað hafa hjá þessari stofnun. Þeir eru, eins og sagt er, hæfir menn. En ég held um leið í þessu sambandi að hversu miklum hæfileikum sem menn eru búnir, þá eigi þeir ákaflega erfitt með að sinna þingmannsstörfum jafnframt því sem þeir eru forstjórar fyrir svona stórri stofnun. Starf þeirra fyrir stofnunina hlýtur allt að vera unnið á hlaupum eða þá að þingstörf þeirra séu öll unnin á hlaupum, og hvorugt er gott. Ég held þess vegna að það sé algerlega nauðsynlegt að sá maður, sem velst sem forstjóri yfir þessa stofnun, sinni því alfarið og hafi ekki önnur störf með höndum, og auðvitað er það fráleitt, að forstjórar í Framkvæmdastofnuninni séu jafnframt alþingismenn, þó ekki sé nema vegna þeirrar pólitísku tortryggni sem af því stafar og af því hlýst. Það er þegjandi samkomulag um það í seinni tíð að alþm. séu ekki bankastjórar, og ef þeir gefa kost á sér og veljast til þingsetu, þá segja þeir af sér þeim störfum í bönkum sem þeir höfðu fyrir. Þessi regla hefur skapast vegna þess að menn hafa séð að þetta fer ekki saman. Það er siðferðilega óheppilegt, og þó að það sé ekki misnotað, þá býður það upp á misnotkun og fólk vill ekki blanda því saman, bankarnir vilja ekki blanda því saman, almenningur, sem leitar til bankanna, vill ekki tvinna þetta svo saman að

menn séu að biðja um lán eða fá lán vegna pólitísks litarháttar. Sem betur fer er í vaxandi mæli sá hugsunarháttur ríkjandi að þarna skuli gera mjög sterkan greinarmun á, menn skuli fá hlutlausa, sanngjarna afgreiðslu þegar þeir sækja um einhverja fyrirgreiðslu hjá hinu opinbera, án þess að spurt sé um pólitíska lit. Þetta er siðferðiskrafa sem almenningur setur fram og Alþ. setur fram og ríkisstj. á að taka undir og taka af skarið um. Það er ætlast til þess að ríkisstj. skipi forstjóra í samræmi við og samkv. till. Framkvæmdastofnunar, en í stjórn Framkvæmdastofnunar veljast auðvitað fyrst og fremst stjórnmálamenn, þm., og er í sjálfu sér ekkert við það að athuga. En hér hefur ríkisstj. öll tök á því að fylgja þessari reglu, sem ríkt hefur í bönkunum, og koma til móts við þessa eðlilegu kröfu.

Herra forseti. Það er margt fleira sem mætti segja um þetta frv. En ég skal vegna tímaþrengingar láta þessu lokið núna. Ég endurtek, að það er margt í þessu frv. sem horfir til bóta, margt hefur verið lagfært og skal ég fyrstur manna viðurkenna það. En þegar eftir standa ákvæði eins og t. d. um skipan forstjóra og óvissa í því sambandi, þá geta menn ekki sætt sig við frv. að öllu leyti, og ég held því fram að um það verði mikið fjaðrafok og miklar deilur ef menn ætla að halda því til streitu að forstjórarnir verði fleiri en einn og að þeir verði skipaðir án þess að taka tillit til þeirrar reglu sem ég hef gert að umtalsefni.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni af því að það hefur ekki fengist endanlega úr því skorið í svörum hæstv. forsrh. hvort það sé tilgangur Sjálfstfl. eftir tveggja ára umþóttun sem forustuflokkur ríkisstj. að snúa þá baki við þeirri stefnu sem talsmenn flokksins mörkuðu hér á Alþ. á sínum tíma þegar sett voru lög um Framkvæmdastofnun ríkisins. Á þeim tíma, þegar þessi lög voru sett, vann ég við að skrifa þingfréttir héðan frá Alþ., og ég man ekki eftir annarri eins sprengingu hjá einum stjórnmálaflokki eins og þeirri sem varð hjá Sjálfstfl. af því tilefni, vegna þess að það eitt að setja þessa stofnun á laggirnar var að áliti talsmanna flokksins hér á Alþ. með meiri háttar hneykslum í íslenskri pólitík, og kórónaði þó allt saman hvernig að stjórn þeirrar stofnunar var staðið með því að taka upp hið margumrædda kommissarakerfi þar.

Þegar núv. ríkisstj. tók til starfa voru sett í málefnasamning hennar ákvæði um að þessi mál, lög um Framkvæmdastofnun ríkisins, skyldu þegar tekin til endurskoðunar, og höfðu talsmenn Sjálfstfl. og málgögn hans það mjög á orði að þetta væri eitt af merkjunum um það að nú ætlaði forustuflokkur ríkisstj., Sjálfstfl., að sjá til þess að snúið yrði við á þeirri óheillabraut sem fyrrv. ríkisstj. hefði gengið. Og eitt af því, sem átti að nota í þessum viðsnúningi undir forustu Sjálfstfl., var að gera umfangsmiklar breytingar á lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins, og fóru menn þá ekkert í grafgötur með það hvaða breytingar ætti að gera á. Að sjálfsögðu áttu þær breytingar að vera í anda þeirra till. sem talsmenn flokksins fluttu hér á Alþ. þegar þessi mál voru til umr. á sínum tíma.

Nú hefur það gerst að Sjálfstfl. hefur haft þessa endurskoðun með höndum ásamt samstarfsflokki sínum í tvö ár, og niðurstaðan virðist vera sú að ákveðið er af hálfu talsmanna ríkisstj. og Sjálfstfl. að ganga jafnvel enn þá hreinna til verks heldur en áður var gert um það að lögbinda fyrri starfshætti, ekki aðeins stofnunina og tilvist stofnunarinnar, heldur einnig þá stjórn sem yfir þá stofnun var sett, þannig að ekki verður sjálfstæðismönnum kennt um það að vera mjög miklir endurskoðunarsinnar í þessu tilviki. Sú endurskoðun, sem þar hefur verið unnin, hefur frekar verið maóistisk heldur en krúsjefsk.

En það eru fleiri en hv. þm. Ellert B. Schram sem eru uggandi um óljóst orðalag í þessu frv. og óljóst orðalag hæstv. forsrh. hér áðan þegar hann var beðinn um að skýra nokkru nánar fyrir þingheimi hvað átt væri við þegar rætt er um forstjóra þessarar stofnunar, hvort átt væri við einn eða fleiri. Ellert B. Schram, hv. þm., er ekki einn um að búast við því að þarna búi það raunverulega undir að eftir að endurskoðunin hefur farið fram, þá verði staðfest sú skipun sem verið hefur á stjórn stofnunarinnar allar götur frá því að þessi stofnun var sett á fót. Og til þess að fylgja e. t. v. eftir þeim grunsemdum, sem hv. þm. Ellert B. Schram hafði uppi í ræðu sinni áðan, þá vil ég vitna í eitt af málgögnum ríkisstj., dagblaðið Vísi frá fimmtudeginum 6. maí s. l. Í þetta blað skrifar frétt um Framkvæmdastofnunina ritstjóri blaðsins, Þorsteinn Pálsson, sem mun eins og aðrir ritstjórar málgagna ríkisstj. fylgjast talsvert með því hvað er að gerast í stjórnarherbúðunum, a. m. k. hvað menn eru að hugsa í þeim flokki sem þessi ágæti ritstjóri styður. En svo vildi til að fimmtudaginn 6. maí s. l., áður en frv. um Framkvæmdastofnun ríkisins var lagt fram á Alþ., en væntanlega eftir að það frv. hafði verið kynnt í þingflokki sjálfstæðismanna, þá skrifar ritstjóri Vísis frétt í blað sitt um að væntanlegt sé nú frv. frá ríkisstj., nýtt lagafrv. um Framkvæmdastofnun ríkisins. Og hvaða fyrirsögn velur ritstjóri Vísis á frétt sína? Fyrirsögnin er svo hljóðandi, með leyfi forseta: „Tómas og Sverrir áfram í Framkvæmdastofnun.“ Þetta er fyrirsögn sem ritstjóri Vísis, eins af stjórnarmálgögnunum, velur á frétt sína um það frv. sem hér er til umr. í dag. Síðan segir ritstjórinn orðrétt í þessari frétt sinni, með leyfi forseta:

„Eftir því sem Vísir kemst næst er ekki gert ráð fyrir að núv. framkvæmdaráðsmenn hætti störfum við stofnunina þó að nýju lögin nái fram að ganga. Stefnt mun vera að því að afgreiða þetta frv. sem lög frá Alþ. fyrir þinglok.“

Yfir þessari vitneskju bjó einn af helstu og fremstu talsmönnum Sjálfstfl. þegar 6. maí s. l., áður en þetta frv., sem nú er til umr., hafði verið lagt fram. Og hvað er þessi trúnaðarmaður

Sjálfstfl. að segja í þessari frétt sinni? Hann er að segja í fyrsta lagi að á þessum tveimur árum á valdastólum í ríkisstj. sé Sjálfstfl. alveg horfinn frá þeirri stefnu í málefnum Framkvæmdastofnunar ríkisins sem talsmenn hans mörkuðu í tillöguflutningi og í löngum og harðyrtum ræðum hér á Alþ. þegar Framkvæmdastofnunin var þar til umr. í fyrsta sinn. Hann er að segja frá því að Sjálfstfl. hafi snúið bakinu við þeirri stefnu sem hann markaði, og ég legg áherslu á að ekki aðeins allir þm. hans, þáverandi, heldur allar stofnanir flokksins sem um þetta mál hafa fjallað, allt frá félögum ungra sjálfstæðismanna hér í Reykjavík og upp í æðstu trúnaðarstofnanir flokksins, hafa margítrekað á þeim árum sem liðin eru síðan. Þessi trúnaðarmaður Sjálfstfl. er að skýra frá því í þessari frétt að flokkurinn sé horfinn frá þessari stefnu, búinn að snúa bakinu við öllum sínum fyrri samþykktum og allri sinni fyrri afstöðu í sambandi við þetta mál.

En Þorsteinn ritstjóri Pálsson er einnig að skýra frá öðru. Og hvað er það? Hann er að skýra frá því að stjórnarflokkarnir tveir hafi samið um það hvaða kommissarar skuli halda störfum við stofnunina að samþykktum þeim breytingum á lögum hennar sem hér liggja fyrir Það ætti e. t. v. heldur að kalla þá zar-kommissara eftir að búið er að löggilda þá Sjálfstfl.-löggildingu eins og hér er um að ræða. Og hverjir eru svo þessir zar-kommissarar sem Þorsteinn Pálsson er að segja okkur frá í frétt sinni frá 6. maí að eigi að stjórna Framkvæmdastofnun ríkisins? Það eru sömu kommissarar, sömu ágætir alþm. og hafa stjórnað henni á þessu kjörtímabili.

Ég tek það sérstaklega fram að ég er með þessu síður en svo að finna að störfum þessara ágætu manna. Ég er aðeins að benda á það að einn af helstu trúnaðarmönnum Sjálfstfl. skýrði frá því í blaðafrétt heilum sólarhring áður en frv. það, sem hér er verið að ræða, var lagt fram, og byggði þá frásögn á vitneskju sem honum hlýtur að vera handhægt að afla sér í sínum flokki, að það sé búið að ganga frá því í samkomulagi stjórnarflokkanna, ekki aðeins að snúa Sjálfstfl. algerlega frá sinni fyrri stefnu í þessu mikilvæga máli, heldur sé einnig búið að ganga frá því í samkomulagi stjórnarflokkanna hverjir eigi að vera þeir tveir menn, sem væntanlega muni stjórna Framkvæmdastofnuninni sem forstjórar eftir samþykkt þessara lagabreytinga.

Ég trúi því vart að hv. þm. Ellert B. Schram geti öllu lengur verið í vafa um hvernig mál þessi standa, eftir að búið er m. a. að benda honum á þetta atriði. Og mig uggir að af þeim, sem reynt hafa að gerast spámenn í þessum málum, verði Þorsteinn Pálsson ritstjóri sá sem sannast mun hafa spáð.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég kemst ekki hjá því að gera örlitla aths. vegna ummæla sem hér hafa komið fram, sérstaklega hjá Jóni Skaftasyni, hv. þm. Það er leiðinlegt að flytja sömu ræðuna upp aftur og aftur, en nokkuð kennir endurtekninga í máli manna hér í þessum umr. frá umr. sem urðu um Framkvæmdastofnun ríkisins í haust, þar sem fyrir lá mál sem hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason flutti um sama efni. Þá var uppi hafður þessi sami söngur eins og hv. þm. Jón Skaftason hafði hér uppi nú rétt áðan, og ég kemst ekki hjá því að endurtaka sumt af því, sem ég sagði þá, og bæta þá lítillega öðru við.

Hann kvartar yfir því sérstaklega hvað óskaplega sitt kjördæmi, Reykjaneskjördæmi, sé afskipt og þetta svæði hér, Reykjavík og Reykjanes, vegna svívirðilegra útlánareglna hjá Byggðasjóði. Byggðasjóður er arftaki Atvinnujöfnunarsjóðs sem settur var á stofn sérstaklega vegna byggingar álversins í Straumsvík. Frá því draup skattgjald til þessa Atvinnujöfnunarsjóðs og Byggðasjóður er beint framhald af því plani. Atvinnujöfnunarsjóður var settur upp til atvinnujöfnunar til þess að reyna að vega á móti þeirri búseturöskun sem fyrirsjáanlegt var að mundi fylgja í kjölfar álversbyggingarinnar.

Það er svo sem engan veginn hægt að játa því að Framkvæmdastofnunin greiði ekki fyrir þessu kjördæmi og þessu þéttbýlissvæði hér við Faxaflóann. Ur Framkvæmdasjóði eru lánuð beint smálán, en safnast þegar saman kemur, og þau eru einkum til þessa svæðis. Það er lánað milli 60 og 70 millj. fljótt á litið samkv. ársskýrslu Framkvæmdastofnunar 1975 beint úr Framkvæmdasjóði í Reykjanes- og Reykjavíkurkjördæmi, en sáralítið í önnur kjördæmi. Úr Byggðasjóði er líka lánað í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi. Samkv. töflu 16 í skýrslu þeirri, sem ég vitnaði til, ársskýrslu Framkvæmdastofnunar 1975, þá var staðan þannig með veðlán Byggðasjóðs eftir kjördæmum 21.12. 1975, að útistandandi skuldir Reykjavíkur við Byggðasjóð voru 21.12. 1975 166.2 millj. kr. og Reykjaness tæpar 300 millj., á Vesturlandi 517, Vestfjörðum 420, Norðurl. v. 517, Norðurl. e. 845, Austurl. 677, Suðurl. 325, þannig að það er engan veginn hægt að segja að Byggðasjóður veiti ekki fyrirgreiðslu í þessi kjördæmi. Ég tel að það hafi ekki verið upphaflegt markmið með stofnun Byggðasjóðs að svo færi, og ég tel að Byggðasjóður eigi að vera fyrir landsbyggðina, enda er beinlínis nafnið valið með það fyrir augum.

Það væri fróðlegt að athuga fleiri sjóði, hvernig lánveitingum þeirra er háttað. Fiskimálasjóður t. d., það er að vísu ekki öflug stofnun, en hann lánar ansi drjúgt á Suðurnesin og hér í Reykjavík. Ég hef ekki tölur um það handbærar hér, en ég sá þá skýrslu um daginn og það er mestallt fé lánað á þetta svæði við Faxaflóa. Ég hef ekki nýjustu tölur um lánveitingar Atvinnuleysistryggingasjóðs, en á árunum 1972, 1973 og 1974 var lánað í Reykjavíkurkjördæmi 114 millj., í Vesturl. tæpar 20 millj., Vestf. 30 millj., Norðurl. v. tæpar 25 millj., Norðurl. e. 72 millj., Austurl. 46 millj., Suðurl. 5.3 millj. og Reykn. 46 millj., svo að ekki eru þeir nú afskiptir þarna, öðru nær.

Það væri fróðlegt að athuga þetta með Byggingarsjóð ríkisins, hvernig honum er varið, en þetta svæði hefur gersamlega forgang í húsnæðismálalánakerfinu. Ég vonast til að fá tækifæri

til að eyða að því nokkrum orðum áður en þingi lýkur. En það gengur svo langt að þeir fá meira að segja að byggja leiguíbúðir suður á nesjum, bæði í Keflavík og í Njarðvíkum, en eru þó með tepptar svo hundruðum skiptir íbúðir í hermannaleigu sem búið er að fá fyrirgreiðslu út á úr hinu íslenska húsnæðismálalánakerfi.

Það má enn fremur undirstrika það að stjórnsýslan er hér mestöll í Reykjavík og það drýpur frá henni á þetta svæði miklu fremur heldur en annars staðar á landinu. Þessi söngur er leiðinlegur og óþarfur fyrir þm. Reykn. að hafa uppi.

Hvað varðar hina pólitísku stjórn á Framkvæmdastofnuninni, þá tel ég að hún sé réttmæt og vil undirstrika það, að ég tel að þannig eigi að stjórna. Ég tel jafnframt að Seðlabankinn ætti að lúta svipaðri stjórn. Ég er á því að það þyrfti að setja kommissara við Seðlabankann og hann væri í einhverjum tengslum við fjármálastefnu og fjármálaþróun þá sem ríkjandi þingmeirihl. óskar eftir að stuðla að, og tryggingin fengist með því best að hann lyti með einhverjum hætti svipuðum stjórnarháttum.

Þetta var sem sagt aths. sem ég ætlaði að koma hér á framfæri.

Magnús T. Ólafsson: Herra forseti. Þegar verið var að undirbúa stofnun Framkvæmdastofnunar ríkisins var uppi milli þeirra þriggja flokka, sem þá stóðu að ríkisstj. og höfðu einsett sér að koma þessari nýju ríkisstofnun á fót, verulegur ágreiningur fyrst og fremst um eitt skipulagsatriði hjá Framkvæmdastofnuninni. Þá settum við Samtakamenn eindregið fram það sjónarmið að einn framkvæmdastjóri skyldi valinn fyrir þessa stofnun og bera framkvæmdaábyrgð á störfum hennar. Þetta sjónarmið varð þá að lúta í lægra haldi fyrir afstöðu samstarfsflokka okkar í ríkisstj., og hefur engin breyting orðið á því fyrirkomulagi sem upp var tekið um framkvæmdaráð fyrr en nú, að lagt er til að nafninu sé breytt, en þar með er ekki gefið, eftir því frv. sem hér liggur fyrir á þskj. 640, að eðli þessa höfuðs stofnunarinnar breytist.

Ekki þarf ég að rekja fyrir þingheimi hversu marga dálkmetra í Alþingistíðindum hv. þm. Sjálfstfl. hafa lagt af mörkum í áranna rás um Framkvæmdastofnunina, starfsemi hennar, eðli hennar og skipulag. Sá ríkulegi orðaflaumur, sem frá þeim hefur komið, hófst á þinginu 1971 og hefur síðan brotist fram í stórum gusum, t.a.m. mjög ríflegum í upphafi þessa þings. Ég hef verið ósammála mörgu og ég held flestu í gagnrýni Sjálfstfl. á Framkvæmdastofnunina frá öndverðu, en þó varð ekki annað skilið á málflutningi þeirra sjálfstæðismanna en að um eitt atriði væru þeir sammála því sem ég og minir samherjar héldu fram þegar stofnunin tók til starfa, sem sé að rétt væri að koma framkvæmdaábyrgð á eins manns hendur. En það ætlar ekki að verða kápan úr því klæðinu, að ég og þeir, sem sömu skoðunar eru, geti orðið samstíga sjálfstæðismönnum í þessu atriði.

Nú liggur fyrir frv. um breyt. á l. um Framkvæmdastofnun frá ríkisstj. sem tók það upp í stefnuyfirlýsingu sína, að sjálfsögðu fyrir frumkvæði Sjálfstfl., að eitt af hennar brýnni verkefnum væri að gera breytingar á starfi og skipulagi Framkvæmdastofnunarinnar. Þetta frv. hefur látið eftir sér bíða, en liggur nú loks fyrir, og þá kemur í ljós að það er öðru nær en að einn framkvæmdastjóri eigi að koma í stað framkvæmdaráðs. Þvert á móti er ljóst bæði af því, hvernig frv. er orðað, þótt það megi teljast nokkuð tvírætt eins og það kemur fyrir á pappírnum, og ekki síður af því, sem fram hefur komið í þessum umr., að afráðið er af hálfu Sjálfstfl. og þá beggja núv. stjórnarflokka að þarna skuli vera framkvæmdastjórar, ótiltekið hve margir. Og er þá svo komið að Sjálfstfl. er lagstur fyrir fullt og allt við stjóra í þessu máli og ekki einn stjóra, a.m.k. sinn á hvort borð, gott ef ekki sinn á hvort borð bæði í stafni og skut áður en lýkur. Furða ég mig ekkert á því þó að sumir sjálfstæðismenn, eins og t.d. hv. 11. þm. Reykv., reyni enn að æmta gegn þeirri ráðabreytni sem ofan á hefur orðið í þeirra flokki, þótt oft hafi hann um þetta mál verið öllu skeleggari en í ræðu sinni hér í dag.

Af öðrum atriðum í þessu frv. vil ég sérstaklega gera að umtalsefni það ákvæði sem fjallar um að stofnuð skuli ný deild við Framkvæmdastofnunina, byggðadeild. Af því, sem um hana segir í 9. gr., er ljóst að þessi byggðadeild mun hafa að meginverkefni áætlanagerð. Í gr. segir m.a., með leyfi hæstv. forseta: „Byggðadeild gerir áæltanir um þróun byggða og atvinnulífs í þeim tilgangi að tryggja atvinnu og búsetu í byggðum landsins.“

Þarna er um að ræða að í stofnun þessari eiga að vera tvær deildir sem hafa áætlanagerð á sinni könnu. Þar er áætlanadeild eins og verið hefur og verður áfram eftir þessa breytingu, en við tekur ný deild sem tekur við byggðaáætlununum sér í lagi. Ég held að það hljóti að liggja í augum uppi að þessi skipting áætlanagerðarinnar hlýtur að vera mjög vandasöm, ekki aðeins í öndverðu meðan hin nýja deild er að setja sig á laggirnar og koma festu á starfshætti sína, heldur hlýtur svo alltaf að vera, því að heildaráætlanir, sem virðast eiga að vera á könnu áætlanadeildar, og byggðaáætlanir, sem byggðadeild á að annast, hljóta að sjálfsögðu að grípa hvorar inn í aðrar. Þarna verður að gæta mjög vel að ef ekki á að koma upp ósamræmi og árekstrar. Þetta er mjög vandasamt verkefni, og ég held að það verði enn vandasamara með því að hafa þann hátt á, ef þetta frv. nær fram að ganga, að áfram sé framkvæmdastjórnin í höndum fleiri manna en eins. Það vita allir að slíkt samræmingarverk hlýtur að vera auðveldara þegar einn maður hefur ákvörðunarvaldið heldur en þegar deildir, sem búast má við að eigi í einhverri togstreitu um verkefni, sem búast má við árekstrum á milli, þurfa að leita um lokaúrskurði í slíkum ágreiningsmálum til framkvæmdastjórnar sem skipuð er a.m.k. tveim mönnum og enginn veit í rauninni hve mörgum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi, frv. (þskj. 331, n. 650 og 684, 641). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Þetta mál hefur verið til athugunar hjá hv. menntmn., eins og það hefur reyndar verið áður, og meiri hl. menntmn. mælir með því að frv. verði samþykkt með tveimur breytingum. Er það í öllum aðalatriðum sama afgreiðsla af hálfu meiri hl. og á síðasta þingi, þ. e. a. s. að gera tillögur til breytinga á 9. gr. frv., en hún fjallar um það hvernig með tvo þarnefnda skóla skuli fara, þ. e. a. s. Samvinnuskólann og Verslunarskólann, ef frv. verður að lögum. En ákvæði þar fjallar um fjárveitingar ríkissjóðs til nefndra skóla hvað snertir rekstrar- og stofnkostnað.

Breytingin, sem n. leggur til að gerð sé, er í því fólgin að kveðið er á um hvernig fara skuli með skólahúsnæði ef það er ekki nýtt í þágu skólanna og ef skólarnir eru lagðir niður. Á hinn bóginn er gerð lítils háttar breyting á skipan skólanefnda, þannig að menntmrn. eigi þar fulltrúa. Þá er gerð till. um að í stað þess að lögin öðlist nú þegar gildi, þá sé sett ákvæði sem kveði á um að þau taki gildi 1. jan. 1977. Í því sambandi vil ég vekja athygli á því að mistök hafa átt sér stað við frágang þskj., þar sem segir á þskj. 641 að 12. gr. skuli orðast eins og þar segir. Þetta er rangt. Hið rétta er að till. er að lögin öðlist gildi 1. jan. 1977, og mun þetta verða leiðrétt.

N. hefur klofnað um afgreiðslu þessa máls og mun minni hl. væntanlega gera grein fyrir afstöðu sinni. Þess skal getið að þessi afgreiðsla meiri hl. er í fullu samræmi við fyrri afstöðu hans varðandi þetta frv.

Frsm. minni hl. (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls þann 1. mars tók hæstv. menntmrh. fram að till. frá n. þeirri, er vinnur að endurskoðun á skólaskipan framhaldsskólastigsins í heild, væri að vænta innan fárra vikna, þ. e. a. s. frá 1. mars, jafnvel í marsmánuði eða áður en honum lyki. Hæstv. menntmrh. lofaði að hlutast til um að menntmn. Alþ. yrði gerð grein fyrir niðurstöðu þeirrar n. vegna þess að heppilegt væri að gefa þeim niðurstöðum auga um leið og fjallað væri um þetta frv. Með þessu hefur hæstv. ráðh. viðurkennt að samhengi væri svo skýrt milli þeirra tveggja mála að æskilegt væri að fjallað yrði um þau bæði í einu, því að skipulag viðskiptamenntunar er einn þáttur framhaldsskólastigs sem nú er í allsherjarendurskoðun. Hæstv. menntmrh. hefur sagt mér að hin raunverulegu störf þessarar n. séu búin og lítið eða ekkert muni eftir nema ganga skipulega frá till. Það er því frá mínum bæjardyrum séð algerlega óverjandi að knýja á að þetta frv. verði samþ. nú þegar svo stendur á.

Eins og ég sagði, þá er viðskiptamenntun einn þáttur þess samræmda framhaldsskóla sem n. mun gera till. um, og er því í hæsta máta óeðlilegt að festa í lögum skipulag viðskiptamenntunar sérstaklega, eins og gert yrði ef frv. þetta yrði samþykkt, áður en till. um heildarskipulag samræmds framhaldsskóla liggja fyrir.

Ekki verður á þessu stigi séð hvort það fyrirkomulag viðskiptamenntunar, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, falli eðlilega inn í heildarskipulag framhaldsskólastigs, og raunar má fullyrða að sum ákvæði þessa frv. stangast beinlínis á við þær hugmyndir sem menn gera sér um samræmdan framhaldsskóla. Sömu sjónarmið koma fram í umsögnum stjórnar Landssambands framhaldsskólakennara og Félags háskólamenntaðra kennara. Í umsögn Landsambands framhaldsskólakennara segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú er unnið að nánari skipulagningu náms á framhaldsskólastigi. Þar er lögð áhersla á að allar námsbrautir verði í framtíðinni í fjölbrautaskólum. Því virðist eðlilegt að fresta samþykkt þessa lagafrv. þar til nánar verður séð hver skipan þessara mála verður í skólum ríkisins.“

Í umsögn Félags háskólamenntaðra kennara segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Frv. ber þess ljósan vott að það er fram borið vegna Samvinnuskólans og Verslunarskóla Íslands. Þótt þessum tveimur skólum verði e. t. v. ekki jafnað saman mætti álíta að þetta frv. sé ótímabært vegna þeirrar heildarathugunar, sem nú fer fram á framhaldsskólastiginu, og væntanlegra laga þar um og því væri vafasamt að festa enn í sessi þær stofnanir sem hingað til hafa notið sérstöðu sinnar.“ Og síðar í sömu umsögn, með leyfi forseta: „Þar til lög um framhaldsskólastigið verða samþykkt, sem er mjög aðkallandi og verður vonandi á næsta þingi, mætti leysa vanda sérskólanna tveggja með sérstökum fjárveitingum.“

Þetta var umsögn Félags háskólamenntaðra kennara.

Ég tel varhugavert að taka þessi sjónarmið ekki til greina. Skólamál eru viðkvæm mál. Þau varða marga, og það er höfuðatriði að samkomulag náist með skólamönnum. Það er gæfulegra að ná samstarfi um þessi mál í heild en knýja þetta frv. fram gegn vilja þeirra sem eiga að vinna samkv. þessum lögum, ef þetta frv. verður að lögum.

Allir umsagnaraðilar gera aths. við frv. auk þessa. Þeir mótmæla því að ríkið skuli ekki gera sömu kröfur um eignaraðild og stjórnunaraðild til einkaskóla og gert er til annarra skóla sem ríkið rekur í samráði við aðra, t. d. sveitarfélögin. Að vísu reynir meiri hl. menntmn. að klóra hér í bakkann, en að mínu viti ganga þær till. ekki nógu langt. Þar er t. d. gert ráð fyrir því að menntmrh. eigi aðeins einn fulltrúa í n. í stað þess, sem mér hefði þótt rétt, að fulltrúi tilnefndur af menntmrh. væri formaður skólanefndar.

Þá hef ég gert aths. við það að knúið skuli á um samþykkt þessa frv. sem felur í sér umtalsverð ríkisútgjöld, á sama tíma og framlög til skólamála almennt hafa verið skorin niður og iðnmenntun ekki sinnt sem er þó brýnasta

viðfangsefnið á sviði framhaldsmenntunar. Samkv. þessu frv. mundi á þessu ári 90 millj. verða varið til Verslunarskólans í rekstrarkostnað og 20—25 millj. til Samvinnuskólans auk 20—25 þús. á mánuði aukalega fyrir hvern nemanda sem er í heimavist. Nú má segja að meiri hl. menntmn. sé sömu skoðunar og ég um kostnaðaraukann, þ. e. hann hefur gert till. um að lög þessi öðlist ekki gildi fyrr en 1. jan. 1977. Hefur meiri hl. þar með í rauninni fallist á sjónarmið mín í þessu efni en það tel ég enn ein rökin fyrir því að algerlega óþarft sé að knýja á um samþykkt frv. þessa á þessu þingi. Nær væri að samræma fyrst kostnaðarþátttöku ríkisins til hinna ýmsu skóla, áður en einkaaðilum eru veitt meiri framlög en sveitarfélögum. Til samanburðar má geta þess að ríkið greiðir aðeins helming af stofnkostnaði Iðnskóla, en með þessu frv. er ríkinu gert að greiða 80% af stofnkostnaði Verslunarskólans og Samvinnuskólans. Ég minni á það að fyrir Alþ. hefur legið þátill. frá hv. þm. Helga Seljan um að ríkið greiði stofnkostnað iðnskóla að fullu og geri þeim þar með jafnhátt undir höfði og menntaskólum Þessari till. hefur ekki verið sinnt, en hins vegar knúið mjög á um það að Verslunarskólinn og Samvinnuskólinn fái úrlausn sinna mála.

Ég er þeirrar skoðunar samkv. því sem ég hef nú greint frá, að það sé ekki nein nauðsyn á því að knýja á um þetta frv. Ég tel að forsendur hafi breyst svo mjög frá því að þetta frv. var áður til umfjöllunar á Alþ. að rétt sé að því sé vísað til ríkisstj. og fjallað verði um fyrirkomulag viðskiptamenntunar í tengslum við heildarendurskoðun náms á framhaldsskólastigi. Og ég er sömu skoðunar og stjórn Félags háskólamenntaðra kennara, að þangað til megi leysa vanda þessara tveggja sérskóla með sérstökum fjárveitingum eins og gert hefur verið fram að þessu.

Magnús T. Ólafsson: Hæstv. forseti. Ég skrifa með fyrirvara undir nál. meiri hl. menntmn. á þskj. 650, og aðalerindi mitt í ræðustól er að gera grein fyrir hvernig á þeim fyrirvara stendur. Meginástæðan er sú, að ég tel að í brtt. á þskj. 641 hefði átt að ganga lengra en þar er gert í að tryggja að stofnframlög ríkissjóðs til þeirra viðskiptamenntunarskóla, sem um er rætt, myndi ríkiseign. Í brtt. er kveðið svo á að séu skólarnir niður lagðir eða ekki hagnýtt í skólanna þágu húsnæði sem ríki hefur lagt stofnframlag til, þá skuli eignarhluti í þessu húsnæði í samræmi við stofnkostnaðarframlög hverfa til ríkisins. Ég hefði talið réttara að breytingin hefði náð lengra, að kennslu- eða heimavistarhúsnæði við þessar stofnanir, sem reist er fyrir ríkisfé, yrði ríkiseign strax þegar húsnæðið rís. En ég tel þennan mun ekki svo afdrifaríkan að ég geti ekki staðið með meirihlutaálitinu sem leggur til að frv. verði samþykkt.

Það má frá almennu sjónarmiði taka undir það sem frsm. minni hl., hv. 5. landsk. þm., hefur sagt, að æskilegt hefði verið að frv. um skipan framhaldsmenntunar hefði legið fyrir áður en mál sem þetta er afgreitt. En ég tel samt að rétt sé að afgreiða þetta frv. af þeim ástæðum sem nú skal greina.

Þessir tveir einkaskólar, sem frv. á fyrst og fremst við, hafa um áratugaskeið leyst af hendi mestalla menntun til starfa í verslun og viðskiptum sem veitt er á landinu. Aðsókn að þessu námi er feikimikil. Nýskeð hefur verið frá því skýrt að Samvinnuskólinn til að mynda hafi á þessu vori orðið að vísa á bug fjórum ef ekki fimm nemendum á móti hverjum einum sem hann getur veitt skólavist næsta vetur. Á undanförnum árum hefur orðið æ erfiðara þeim einkaaðilum, sem skólana reka, að halda skólastarfinu í því horfi sem þörf er á og vilji fyrir hjá eignaraðilunum, af fjárhagsástæðum vegna vaxandi tilkostnaðar. Því hefur raunin orðið sú að ríkið hefur lagt fram sem styrki til þessara skóla vaxandi hluta af því fé sem skólarekstrinn kostar. Úr því að svo er komið að mikill hluti eða meginhluti rekstrarkostnaðar þessara skóla er í rauninni úr ríkissjóði, þá tel ég heppilegast og heilbrigðast að stíga það skref til fulls og setja lagareglur um hvernig framlögum ríkisins til viðskiptamenntunarinnar sé hagað enda þótt hún sé áfram um skeið a. m. k. í höndum einkaskóla, en ekki ríkisskóla.

Ingvar Gíslason: Virðulegi forseti. Ég stend að sjálfsögðu með meirihlutaálitinu, eins og ég hef gert með undirskrift minni undir nál., og tel að það sé nú kominn eðlilegur tími til að þetta frv. nái fram að ganga. Sannleikurinn er sá, að þetta frv. er búið að velkjast hér fyrir þinginu ansi lengi á allmörgum þingum og hefur ekki náð fram að ganga. En það má rekja sögu þessa frv. nokkuð langt aftur í tímann.

Það mun hafa verið í stjórnartíð hv. 9. þm. Reykv., Gylfa Þ. Gíslasonar, þegar hann var ráðh., þá skipaði hann n. manna til að kanna þessi mál, og held ég að frv., eins og það er nú lagt fyrir og er til umr. hér, sé nokkurn veginn í sama horfi og sú n. skilaði því af sér. Í þessari n. voru aðilar frá ýmsum. Það var allfjölmenn n. sem um þetta fjallaði. Það voru fulltrúar rn., þar voru fulltrúar frá þeim verslunarskólum sem starfa í landinu og þar munu hafa verið fulltrúar ýmissa annarra sem að þessu stóðu, þannig að þetta á sér alllangan aðdraganda. Ég held að það hafi verið veruleg framför að því að fá þetta frv. fram.

Það sýnir sig að það eru þrjú höfuðatriði sem felast í þessu frv. Það er í fyrsta lagi, — og það er auðvitað aðalatriði frv. sem við megum ekki horfa fram hjá, ég vil leggja áherslu á, — það er aðalatriði frv. að efla viðskiptamenntunina í landinu með því að flytja hana á framhaldsskólastigið í mjög auknum mæli. En auk þess eru líka önnur atriði í þessu frv. Það eru ákvæði í 7. gr. um að það sé heimilt að stofna sérskóla á vegum ríkisins sem veiti viðskiptamenntun, og þar er gert ráð fyrir því að ef slíkur skóli yrði stofnaður, þá yrði hann settur niður á Akureyri. Og svo kemur þriðja atriðið, sem mest hefur verið deilt um. Það er um að styrkja með auknum fjárveitingum þá einkaskóla sem lengi hafa starfað í landinu að verslunarmenntun. Þessir skólar eru Verslunarskóli Íslands og Samvinnuskólinn.

Þetta eru í rauninni þau þrjú höfuðatriði sem þetta frv. fjallar um, og ég held að þó að þetta frv. hafi verið helst til lengi í gerjun, þá sé nú kominn tími til þess að samþykkja það í öllum höfuðatriðum. Ég get ekki fallist á þær röksemdir, sem fram hafa komið hjá minni hl. menntmn., að það sé ástæða til að stöðva þetta frv. núna vegna þess að það fari fram heildarendurskoðun á framhaldsskólastiginu. Ég held, að þess gerist ekki þörf. Ég held að þetta frv. falli eðlilega inn í þá endurskoðun. Ég hygg það.

Ég vil benda á að þetta frv. er mjög mikilvægur þáttur í því að efla hagnýta skólamenntun, ef svo má segja. Þetta er starfsmenntun, viðskiptamenntun. Þetta er beinlínis hagnýt starfsmenntun. Að vísu er kannske ekki rétt að nefna þetta verkmenntun, vegna þess að við leggjum oftast nær annan skilning í það orð, en samt sem áður er þetta svo skylt verkmenntun að ég sé ekki annað en þetta sé í rauninni einn angi af því ef rétt er skoðað. Og við skulum líka minnast þess, að það hefur ekki verið til að ráði nein veruleg viðskiptakennsla á vegum ríkisins fyrr en nú á allra síðustu árum, eftir að farið var að stofna til viðskiptanámsbrauta á framhaldsskólastigi, ýmiss konar tilraunir gerðar með það og hafa sjálfsagt gefist vel í mörgum tilfellum. En það er einmitt það sem þetta frv. gengur út á, að efla þetta, og er höfuðatriðið. En fyrst og fremst hafa það verið þessir tveir einkaskólar, Verslunarskólinn og Samvinnuskólinn, sem hafa sinnt þessari menntun og eiga að baki sér mjög langa sögu, þannig að skiptir mörgum áratugum. Ég hygg að Samvinnuskólinn sé um 60 ára gamall eða fast að því og Verslunarskólinn mun vera miklu eldri, stofnaður upp úr aldamótum, að ég hygg. Og þessir skólar hafa sparað ríkinu mjög mikið fé. Þess vegna er það að við í meiri hl. n. höfum ekki viljað breyta neitt út frá þeirri stefnu sem fram kemur hjá fyrstu höfundum þessa frv., að þessir skólar skuli styrktir allmikið og verulega, að auka við þá styrk frá ríkinu, en halda þeirri stefnu að þeir fái að starfa sem sjálfseignarstofnanir og sjálfstætt. Hins vegar höfum við, sem skipum meiri hl. menntmn., lagt á það mikla áherslu að það yrði að breyta 9. gr. frá því sem hún kom fram frá ráðh. nú og á sér rætur í því sem frumhöfundar frv. lögðu til. Og sú breyting, sem við leggjum aðallega til í sambandi við þetta frv. nú, varðar 9. gr. sem fjallar einmitt um réttarstöðu Samvinnuskólans og Verslunarskólans. Og þessi gr., 9. gr. frv., hefur verið orðuð að verulegu leyti upp á nýtt og hana er að finna á þskj. 641. En efnisbreytingarnar eru eins og frsm. meiri hl. n. var að lýsa hér áðan og ganga út á það að auka hlutdeild ríkisins eða fá ríkinu hlutdeild í stjórn skólans og tryggja eðlilegan rétt ríkisins í sambandi við eignaraðild að því skólahúsnæði sem ríkissjóður tekur þátt í að reisa.

Þetta þykir mér rétt að taka fram. Sem sagt, ég held að það geti tæpast verið réttmæt rök að þetta frv. sé nokkur hindrun eða gangi þvert á vinnu sem nú er verið að vinna að því að skipuleggja framhaldsskólastigið. Ég held að það falli þar alveg inn í og verði síst til að tefja þá almennu endurskoðun, heldur miklu fremur að hraða henni. En sem sagt, ég held að það sé kominn tími til þess að Alþ. samþykki þetta frv. og geri það að lögum. Rökin fyrir því eru nákvæmlega þau sömu í dag eins og var fyrir 4—5 árum þegar fyrst var farið að hreyfa þessu máli, og ég sé ekki að á því sé nein sérstök breyting.

Það er nú nokkuð mikið talað um hvað þetta muni kosta ríkissjóð mikil útgjöld, og það er út af fyrir sig rétt að þetta mun leiða til aukinna útgjalda hjá ríkissjóði. En þá vil ég líka benda á það í leiðinni að ríkissjóður er þegar farinn að veita á fjárl. allháar upphæðir til Verslunarskólans og Samvinnuskólans og munu upphæðirnar á gildandi fjárl. vera um 71 millj. til Verslunarskólans og 12 millj. rétt rúmar til Samvinnuskólans sem er miklu fámennari skóli. En eigi að síður hefur þetta í för með sér aukningu, sem mig minnir að hafi verið áætluð af menntmrn. um 30—50 millj. á ári ef þetta frv. verður að lögum, þannig að menn mega ekki heldur ofgera það hvað þetta er mikil útgjaldaaukning fyrir ríkissjóð, því að ríkissjóður er þegar farinn að greiða allháar upphæðir til þessara skóla.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta, en ég vona að hv. þd. sjái sér fært að verða við þeirri till. okkar menntmn.-manna að samþykkja frv. með þeim breytingum sem fram koma á sérstöku þskj. þar um.

ATKVGR.

Till. á þskj. 684 um að vísa frv. til ríkisstj. felld með 20:4 atkv.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 641,1 (ný 9. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
10.—11. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 641,2 (ný 12. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Neðri deild, 104. fundur.

Mánudaginn 10. maí, að loknum 103. fundi.

Viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi, frv. (þskj. 718). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Tollheimta og tolleftirlit, frv. (þskj. 662). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti. Frv. á þskj. 662 er komið frá Ed. Í þessu frv. eru gerðar till. til breyt. á l. um tollheimtu

og tolleftirlit. Megintilgangurinn með þeim breytingum, sem hér eru lagðar til, er að ákvæði IX. kafla l. um tollheimtu og tolleftirlit, sem lúta að refsingu og öðrum viðurlögum vegna ólögmæts innflutnings á vörum til landsins, verði breytt. Það skal hins vegar tekið fram að í breytingum þessum felast engin nýmæli, en ef frv. nær fram að ganga munu ákvæði þess verða tollgæslunni til styrktar og veita einstökum ákvæðum laganna meiri virkni en nú er.

Í 2. mgr. 61. gr. núgildandi laga um tollheimtu og tolleftirlit er svo hljóðandi ákvæði, með leyfi hæstv. forseta: „Sömu refsingu skal sá sæta sem selur eða afhendir vörur, enda viti hann eða megi vita að þær séu ólöglega innfluttar.“ Með 1. gr. þessa frv. er lagt til að orðalagi þessarar mgr. verði breytt þannig að viðtaka á ólöglega innfluttum vörum, hvort sem hún er gegn endurgjaldi eða ekki, verði ótvírætt gerð að sjálfstæðu broti. Með breytingu í þá átt verður eigi lengur dregin í efa heimild í lögum til refsingar fyrir það atferli að kaupa eða veita viðtöku án endurgjalds ólöglega innfluttum vörum sem viðtakandi veit eða mátti vita að þannig eru til komnar.

Breytingar, sem lagt er til að gerðar verði á 2. mgr. 71. gr. núgildandi laga, eiga fyrst og fremst rætur að rekja til verðlagsbreytinga og neikvæðra áhrifa þeirra á þau markmið sem stefnt er að. Þar er lagt til að hámarksfjárhæð sekta verði 4 millj. kr.

Þá eru gerðar brtt. á 2. mgr. 76. gr. sem varða enn fremur sektarákvæði.

Ég sé ekki ástæðu til, virðulegi forseti, að fjölyrða um frv., en legg til að því verði vísað til hv. fjh.- og viðskn. að lokinni þessari umr. og til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 21 shlj. atkv.

Ábyrgð á láni til virkjana í Tungnaá, frv. (þskj. 661). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti. Í l. nr. 37 16. apríl 1971 var ríkissjóði heimilað að veita ríkisábyrgð á láni sem Landsvirkjun tæki vegna fjármögnunar kostnaðar við undirbúning virkjunar Tungnaár, bæði við Sigöldu og Hrauneyjafoss, við byggingu þeirrar sem fyrr yrði ráðist í, svo og vatnsmiðlunarvirkjun við Þórisvatn og lúkningu Búrfellsvirkjunar. Seinni áfanga Búrfellsvirkjunar lauk sumarið 1972 og Þórisvatnsmiðlun var að fullu lokið á árunum 1972—1973, en eins og vitað er, þá er gert ráð fyrir að Sigölduvirkjun ljúki á þessu og næsta ári. Téð ríkisábyrgðarheimild frá 1971 takmarkaðist við 2 milljarða 772 millj. kr., þ. e. 31.5 millj. Bandaríkjadala eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri erlendri mynt, en á genginu 1 Bandaríkjadollar 88 kr. Á þeim tíma lágu ekki fyrir endanlegar áætlanir um stofnkostnað Sigölduvirkjunar, enda virkjunin þá ekki komin á útboðsstig. Endurskoðaðar áætlanir hér að lútandi á grundvelli verksamninga og þróunar í verðlags- og efnahagsmálum sýna að ríkisábyrgðarheimildir vegna lána í þágu Sigölduvirkjunar þurfa að hækka um 15 millj. Bandaríkjadala eða um 2679 millj. kr. á skráðu gengi 1 Bandaríkjadollar kr. 178.60. Í frv. þessu er því farið fram á heimild fyrir ríkisábyrgð á lántöku að þessu marki, eins og ég hef nú gert grein fyrir.

Ég legg svo til, virðulegi forseti, að frv. þessu verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

Happdrætti Háskóla Íslands, frv. (þskj. 633, n. 700). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Ellert B. Schram): Virðulegi forseti. Hv. allshn. hefur skoðað þetta frv. svo og önnur tvö frv. sem eru eins og varða önnur happdrætti, en frv. fela öll í sér sams konar breytingu á viðkomandi lögum, þ. e. a. s. að taka tölvu í notkun happdrættanna þegar vinningar eru dregnir út og skipuð sé n. af hálfu rn. til eftirlits með þeirri framkvæmd. N. varð sammála um að mæla með samþykkt þessa frv. og hinna tveggja, en hv. þm. Svava Jakobsdóttir áskildi sér rétt til að flytja eða fylgja brtt.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Eins og kom fram í máli hv. frsm., þá hef ég ekki eingöngu áskilið mér rétt til að flytja eða fylgja brtt., heldur hef ég einnig skrifað undir með fyrirvara. Þegar allshn. var að athuga þessi frv., þá kom það glöggt í ljós hvað tölvumenning er utan við alla venjulega mannlega þekkingu og mannlegt líf. Við fengum á okkar fund starfsmann, deildarstjóra úr dómsmrn., Ólaf Walter Stefánsson, sem gaf okkur upplýsingar eftir bestu getu, en játaði jafnframt að hann hefði raunar sjálfur enga þekkingu á því sem hann væri að greina okkur frá, heldur væri hans þekking komin frá sérfræðingi úr háskólanum. Hins vegar voru ummæli hans á fundinum þó það sannfærandi og sá sérfræðingur í háskólanum sem hann vitnaði til, dr. Þorkell Helgason, að mínu viti það trúverðugur að ég taldi óhætt að fylgja n. og mæla með samþykkt þessa frv.

Ég ætla mér ekki þá dul að lýsa því hvaða breyting verður á þegar dráttur fer fram með tölvu í stað handafls, en mér skilst að það sé tryggt í upphafi dráttar að allir hafi jafnan rétt. Ég skrifa undir með fyrirvara vegna þess að þrátt fyrir þetta, sem ég hef núna sagt, þá finnst mér varhugavert að Alþ. sé að setja lög um tölvunotkun meðan við höfum enga heildartölvulöggjöf. Ég minni á nauðsyn þess að setja slíka löggjöf. Það liggur fyrir till. um það á þessu þingi og það lá fyrir till. um það á síðasta þingi. Og ef framhaldið á að vera svona, að við

verðum að fara að ákveða með lögum tölvunotkun hér og þar, þá er vissulega grundvallaratriði að til sé löggjöf um tölvunotkun.

Það, sem vakti fyrir mér þegar ég áskildi mér rétt til þess að flytja brtt., var að það mun svo fyrir mælt í núgildandi lögum um Happdrætti háskólans, að a. m. k. tveir nm. séu lögfræðingar. Með því frv., sem hér liggur fyrir, eru engin ákvæði um neina sérmenntaða menn. En sakir tímaskorts hef ég ekki getað aflað mér nægilegra upplýsinga um hvort hér þyrfti menn með einhverja sérstaka tæknimenntun og hef þess vegna ekki flutt brtt., en vil beina því til hæstv. dómsmrh., hann er ekki staddur hér að vísu, en ég vil leggja áherslu á og vona að þessi tilmæli komist þá til skila, að hann athugi það þegar þessi n. verður sett.

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi forseti. Það eru aðeins örfá orð, og til þess að spara tíma ætla ég að láta það, sem ég segi nú um þetta frv., nægja um önnur tvö sem einnig munu koma hér til 2. umr. eftir afgreiðslu í n. Það eru frv. um happdrættin þrjú.

Ég hef haft sömu afstöðu til nál. sem gefin hafa verið út á þskj. 700, 701 og 702 varðandi öll þessi frv., að skrifa undir nál. með fyrirvara. Það er ekki vegna þess að ég sé á nokkurn hátt andvígur þeirri hagræðingu sem verið er að koma á fót með flutningi þessara frv. í sambandi við drátt vinningsnúmera hjá þessum happdrættum. Hér er aðeins um vinnuhagræðingu að ræða, að taka tölvur þar í notkun, auk þess sem ekki mun vera hægt, að því er mér skilst, að halda öllu lengur áfram með þá aðferð sem notuð hefur verið, þ. e. a. s. láta draga með gömlu aðferðinni, þar eð miðar sem notaðir eru við slíkan drátt fást ekki lengur prentaðir, eftir því sem mér skilst. Ég hef ekki fyrirvara á því að skrifa undir þetta nál. vegna þess að ég sé á móti þessari hagræðingu, heldur af sömu ástæðum og hv. síðasti ræðumaður tók fram, að mér finnst mjög óæskilegt að vera með lögum að koma fleiri og fleiri verkefnum af slíku og þvílíku tagi til meðferðar í tölvum og öðrum slíkum tækjum án þess að nokkur lög séu sett um meðferð slíkra tækja og heimild til notkunar gagna sem þau tæki vinna, eins og viðgengst í flestum eða öllum nálægum löndum. Það er af þeirri ástæðu sem ég hef undirritað nál. með fyrirvara, en ekki því að ég hafi neitt á móti þeirri hagræðingu sem þarna er rekin. En ég segi eins og hv. síðasti ræðumaður, að mér finnst mjög óeðlilegt að vera sífellt að fjölga slíkum verkefnum eins og hér um ræðir án þess að sett sé löggjöf um hvernig nota megi þau geysimiklu auknu afköst og þær upplýsingar sem geyma má með þeim hætti sem hér er um að ræða.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, frv. (þskj. 634, n. 701). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Ellert B. Schram): Virðulegi forseti. Þetta frv. er að öllu leyti eins í sniðum og það frv. sem hér var á dagskrá áðan, og vísa ég til þeirrar framsögu sem ég hafði þá. En niðurstaðan er sú að allshn. mælir með samþykkt frv. með þeim fyrirvörum sem fram hafa komið hjá einstökum nm.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Vöruhappdrætti fyrir Samband ísl. berklasjúklinga, frv. (þskj. 635, n. 702). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Ellert B. Schram): Virðulegi forseti. Hér er um að ræða þriðja sams konar frv. Afgreiðsla n. er sú sama og á hinum tveim fyrrnefndu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 581, n. 670, 615). — 2. umr.

Frsm. (Gunnlaugur Finnsson): Virðulegi forseti. N. fjallaði um þetta mál á fundi sínum og varð sammála um að leggja til að frv. yrði samþ. óbreytt.

Við 1. umr. kynnti hv. 3. þm. Norðurl. v. brtt. sem hann lagði fram. Brtt. þessi vék að því að þrengja ákvæði sem eru í reglugerð um úthlutun lána við byggingu 1000 leiguíbúða sveitarfélaga. Í umr. um annað mál hér á Alþ. í mars í vetur kom fram, þegar rætt var um þátill. um hönnun opinberra bygginga, að þessi ákvæði, eins og þau eru í reglugerðinni og eins og þau hafa verið framkvæmd hjá húsnæðismálastjórn, hafa leitt til þess að hönnunarkostnaður þessara íbúða hefur orðið að mati ræðumanna óeðlilega hár. Ákvæðið, eins og það er í 3. gr. reglugerðarinnar, 2. mgr., er þannig, með leyfi forseta:

„Þegar húsnæðismálastjórn hefur samþykkt að veita lán til að byggja leiguíbúðir samkv. reglugerð þessari skal húsnæðismálastjórn annast eða láta annast allan tæknilegan undirbúning framkvæmda, könnun aðstæðna á byggingarstað, gerð teikninga, verklýsinga og kostnaðaráætlana, eftirlit og tæknilega aðstoð á byggingartímanum.“

Það kom fram hjá hv. flm. brtt. að hér væri ekki á nokkurn hátt leitað samstarfs eða umsagnar sveitarfélaganna sjálfra, en það væri eðlilegt þar sem hér væri um að ræða framkvæmdir sem sveitarfélögin reistu og ættu, að til þeirra yrði leitað varðandi framkvæmdir. Með tilvísun til ummæla hæstv. félmrh. að ræðu flm. lokinni, þar sem hann tók undir ummæli hans og taldi að n. þyrfti að skoða þessa till. vandlega, þá sýndist n. ekki ástæða til þess að taka þessa brtt. inn í frv. og væntir þess að hæstv. félmrh. beiti sér fyrir því, þar sem þarna er um reglugerðarákvæði og framkvæmdarákvæði að ræða, að þeim verði breytt í þá veru sem flm. lagði til. Fyrir því varð niðurstaða n. sú að mæla með og leggja til að frv. yrði samþ. óbreytt, en nm. áskildu sér allir rétt til þess að flytja eða fylgja brtt. ef fram kynnu að koma hér við 2. umr.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. frsm. og félmn. fyrir afgreiðslu málsins. Í reglugerð um úthlutun lána og byggingu 1000 leiguíbúða sveitarfélaga, sem sett var 26. febr. 1974, er það ákvæði í 3. gr. sem hv. frsm. rakti. Við 1. umr. málsins flutti hv. 3. þm. Norðurl. v. brtt. við frv., sem hér liggur fyrir, um að sveitarfélög skyldu hafa meiri rétt til afskipta af undirbúningi leiguíbúða heldur en í reglugerðinni segir. Það hefur orðið samkomulag um, að sú till. komi ekki hér til atkv., en hins vegar vil ég lýsa því hér yfir að félmrn. mun í samráði við Húsnæðismálastofnun ríkisins og Samband ísl. sveitarfélaga endurskoða ákvæði 2. mgr. 3. gr. umræddrar reglugerðar með það fyrir augum að rýmka það ákvæði og gefa sveitarfélögum frjálsari hendur um hönnun íbúða og undirbúning framkvæmda.

Páll Pétursson: Virðulegi forseti. Ég fellst á afgreiðslu n. á málinu. Ég óska ekki eftir því að brtt. á þskj. 615 komi til atkv. Ég þakka hæstv. félmrh. þessa yfirlýsingu. Aðalatriðið er það náttúrlega að reglugerðin sé endurskoðuð með tilliti til fenginnar reynslu og ef mönnum þætti tiltækilegt að haga henni á hagrænni hátt en mér sýnist að hún hljómi nú, þá verði henni breytt.

ATKVGR.

Brtt. 615 tekin aftur.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Fasteignasala, frv. (þskj. 489, n. 613). — 2. umr.

Frsm. (Ellert B. Schram): Virðulegi forseti. Frv. þetta var lagt fram í Ed. og er um breyt. á lögum um fasteignasölu og felur það í sér að skylt sé að geta þess í öllum skjölum varðandi fasteignakaup hver hafi samið skjölin. Enn fremur skulu þeir, sem fasteignaviðskipti annast, geta nafnsins í auglýsingum, eins þótt viðskiptin séu rekin í nafni skrásetts firma. Gert er ráð fyrir því að sams konar ákvæði verði sett í lög og þetta nái jafnframt til kaupa og sölu á skráningarskyldum skipum.

Röksemdin með þessu frv. er sú að fasteignafirmum fjölgi stöðugt, en að sama skapi ríkir nokkur óvissa um það hver annist eða beri ábyrgð á fasteignafyrirtækjum. Jafnframt er nokkur óvissa í því hver hafi samið viðkomandi skjöl, sem oft geta orkað tvímælis og valda oft málaferlum eða alla vega deilum. Til þess að koma í veg fyrir þessa óvissu er þetta frv. lagt fram. Það hefur fengið samþykki Ed. og allshn. Nd. mælir með samþykkt þess.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.-3. gr samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Almenningsbókasöfn, frv. (þskj. 7, n. 657 og 685, 197, 658). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 658. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Gunnlaugur Finnsson): Virðulegi forseti. Menntmn. hefur fjallað um þetta frv. á fjölmörgum fundum. Svo sem segir í nál., þá var frv. lagt fram með fyrstu málum þingsins, það er mál. nr. 7 og þskj. 7. En síðan frv. var lagt fram hefur orðið breyting á þar sem sett voru lög fyrir jól í vetur, nr. 94 frá 30. des. 1975, um breytingu á verkefnaskipun ríkis og sveitarfélaga, þann veg að almenningsbókasöfn, sem greitt var til að hluta af ríki og að hluta af sveitarfélagi, voru færð yfir til sveitarfélaganna að öllu leyti. Í framhaldi af því flutti hæstv. menntmrh. brtt. á þskj. 197 þar sem tekið var tillit til þeirra breytinga sem átt höfðu sér stað.

Þegar n. tók að fjalla um þessar brtt. sem og frv. í heild eins og það lá fyrir, þá kom í ljós að ekki mundu allir sammála því að þær brtt. næðu fram að ganga, og á ég þá við fyrst og fremst fulltrúa sveitarfélaganna í landinu, þ. e. a.s Samband ísl. sveitarfélaga. Það er rétt að geta þess að með verkefnayfirfærslunni var gert ráð fyrir því að niður félli 20 millj. kr. framlag af hálfu ríkisins, en kæmi aftur á móti til sveitarfélaganna í formi aukinnar hlutdeildar í söluskattsstigum.

Ég vil vekja athygli á því, að jafnhliða því sem gert var ráð fyrir að sveitarfélögin fengju á næstu þremur árum mjög aukið fjármagn frá ríkinu, þá var í upphaflega frv. líka gert ráð fyrir því, að sveitarfélögin sjálf verðu mun meira fé til almenningsbókasafna heldur en verið hefur á undanförnum árum, enda þótt staðreyndin sé sú að sum sveitarfélög verja nú þegar til almenningsbókasafnanna álíka mikilli upphæð og gert er ráð fyrir í frv. Þá

var gert ráð fyrir því að hækkun framlaga ætti sér stað á þremur árum.

Ef við lítum á þessar 20 millj. sem gert var ráð fyrir að yrðu færðar yfir, þá samsvarar það tæplega 100 kr. á hvern íbúa í landinu. En á næstu þremur árum, að þessu ári meðtöldu, var gert ráð fyrir því að þessi upphæð hækkaði í 300 kr. á íbúa.

Það var grundvallartriði af hálfu Sambands ísl. sveitarfélaga, að jafnhliða því að ríkið hætti að veita stofnframlög og hætti að veita rekstrarstyrki, þá væri þessi málaflokkur að öllu leyti á vegum sveitarfélaganna og þar af leiðandi ætti ekki að setja lög um að skylda sveitarfélögin til eins eða neins í þessum efnum, að ætti að vera þeirra eigið málefni, þar sem þau hefðu veg og vanda af því hvernig tækist til um framkvæmd. Hins vegar var það skoðun menntmrn. að sveitarfélögunum hefðu verið lagðar vissar skyldur á herðar jafnhliða því að þau fengu auknar tekjur af söluskattinum, og það vildi ekki fallast á að skyldur yrðu ekki lagðar á herðar sveitarfélaganna. N. reyndi að finna millileið sem báðir aðilar gætu sætt sig við, en eins og fram kemur í nál. tókst það ekki að fullu. Ég geri ráð fyrir því að aðilar séu ekki alls kostar ánægðir með þær brtt. sem meiri hl. menntmn. varð sammála um að flytja.

N. náði ekki samstöðu um málið. Svava Jakobsdóttir og Magnús T. Ólafsson hafa skilað minnihlutaáliti. Ég vil enn fremur taka það fram að formaður n. var erlendis þegar hún gekk frá sínum till., en nefndarformaður Ingvar Gíslason vann mjög mikið í þessu máli enda þótt hann væri ekki viðstaddur þegar það fékk endanlega afgreiðslu. En hann hefur látið þess getið að hann standi að brtt. eins og n. gekk endanlega frá þeim, enda að verulegu leyti hans verk.

Ég ætla þá að snúa mér að því efnislega að drepa á þær brtt. sem meiri hl. n. leggur til að verði samþykktar.

1. brtt. er smávegis orðalagsbreyting. Þar er gert ráð fyrir því, að í staðinn fyrir að það sé talað um að í öllum byggðum landsins séu bókasöfn, þá sé það fyrst og fremst tryggt að allar byggðir landsins skuli njóta þjónustu almenningsbókasafna. Ástæðan fyrir þessari breytingu er fyrst og fremst sú, að við teljum ekki rétt að í frv. séu ákveðin fyrirmæli um að í öllum sveitarfélögum landsins skuli vera almenningsbókasöfn. Nú er vitað að Samband ísl. sveitarfélaga hefur tekið upp orðið „byggð“ yfir sveitarfélag, og það hefur komið fram hjá bókafulltrúa og fleirum að til þess að ná viðunandi marki varðandi bókasafnsþjónustu í landinu sé það ekki skilyrði að bókasafn sé staðsett í hverju sveitarfélagi, heldur fyrst og fremst að hvert einasta sveitarfélag, hver einstök byggð njóti þjónustu almenningsbókasafna. Og þar hafa komið fram hugmyndir um ákveðinn fjölda bókasafna, ákveðinn staðal, þ. e. a. s. ákveðna stærð og ákveðna aðstöðu í hverju bókasafni og þjónustu útibúa frá því.

Í samræmi við þetta er 2. brtt., að í þeim sveitarfélögum þar sem héraðsbókasafn er ekki starfandi eða önnur bókasöfn, þá sé orðalagið aðeins: í hreppum þar sem héraðsbókasöfn eru ekki. Þetta samrýmist fyrri breytingunni betur að því leyti, að það er ekki ákveðið orðað að bókasöfn skuli vera í öllum hreppum.

3. brtt., sem flutt er, varðar raunar höfuðágreiningsefni um þetta frv., en það er lögbundið framlag sveitarfélaganna. Með þeirri brtt., sem meiri hl. menntmn. leggur til að verði samþykkt, er gert ráð fyrir þeirri upphæð sem brtt. mentmrh. frá því í vetur gera ráð fyrir. Hins vegar er gert ráð fyrir því að undanþágu sé hægt að gefa frá þessari lágmarksupphæð. Og í viðbótargr. segir, að þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar gr. getur sveitarfélag ákveðið annað lágmark ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, enda mæli félmrn. með undanþágu hverju sinni. Mér þykir ástæða til að vekja athygli á því að meiri hl. n. valdi félmrn. til þess að vera hinn lögformlegi aðili sem samþykki undanþágurnar, séu þær gefnar, vegna þess að félmrn. fer með yfirstjórn málefna sveitarfélaganna. Það hefur aðstöðu til að fylgjast með og kanna fjárhagsáætlanir og reikninga sveitarfélaganna og meta það hvort ástæða sé til að þessi undanþága verði veitt, enda þótt menntmrn. fari að öllu öðru leyti með málefni almenningsbókasafnanna.

4. brtt. er í fullu samræmi við lögin frá í vetur um yfirfærslu verkefna og gerir ráð fyrir því að 9. gr. frv. falli niður.

Í 5. brtt. eru numin brott þau ákvæði sem kveða á um aðild ríkissjóðs.

Í 6. brtt. er gert ráð fyrir því að það sé starfandi sérstakur fulltrúi sem í rn. annist málefni safnanna, og þar er gert ráð fyrir því að þessi fulltrúi sé að öðru jöfnu bókasafnsfræðingur með reynslu í starfi. Þar er enn fremur gert ráð fyrir því að ráðh. geti skipað ráðgjafarnefnd og séu í ráðgjafarnefndinni tveir fulltrúar, annar frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og hinn frá Bókavarðafélagi Íslands og hann sé starfandi í almenningsbókasafni.

7. brtt. er till. um nýja gr. í frv. Þar er gert ráð fyrir að bæjarbókasöfn, borgarbókasafnið í Reykjavík þar undir, og bæjar- og héraðsbókasöfn, svo sem þau eru skilgreind í 3. gr. frv., þ. e. a. s. bókasöfnin starfa í kaupstöðum og rækja jafnframt bókasafnsþjónustu í byggðum í kring, þau ráði forstöðumann sem er bókasafnsfræðingur. Auk þess er gert ráð fyrir því að bókasafnsfræðingar eigi að jafnaði forgangsrétt til bókavarðarstarfa. Má því segja að þessi grein tryggi á nokkurn hátt réttindi bókasafnsfræðinga.

8. brtt. fjallar svo um það að reglugerð skuli samin í nánu samstarfi við Samband ísl. sveitarfélaga og að höfðu samráði við sérstaka fulltrúa Bókavarðafélags Íslands og Félags bókasafnsfræðinga, einn frá hvorri félagi. Breytingin í þessari gr. er fyrst og fremst sú, að rn. er ekki skorinn stakkur um einstök ákvæði reglugerðarinnar og bókasafnsfræðingar koma þarna inn ásamt Bókavarðafélaginu og Sambandi ísl. sveitarfélaga sem ráðgjafaraðilar og aðilar að samningu reglugerðarinnar.

9. brtt. er í raun og veru í samræmi við breytta tímasetningu. Þegar frv. var lagt fram var gert ráð fyrir að lögin tækju gildi 1. jan. 1976. Nú er komið langt fram yfir þann tíma. Gert er ráð fyrir að lögin öðlist gildi nú þegar, en að umþóttunartíminn, 3 ár, verði frá 1. jan. 1976 að telja, þannig að lögin ættu að vera komin til fullra framkvæmda á sama tíma og upphaflega frv. gerði ráð fyrir.

Og þá er að lokum 10. brtt. þar sem tekin er inn ný gr., ákvæði til bráðabirgða, þar sem menntmrn. og Samband ísl. samvinnufélaga skulu sameiginlega gangast fyrir gerð heildaráætlunar um uppbyggingu og aðsetur almenningbókasafna. Mér þykir ástæða til þess að vekja sérstaklega athygli á þessari grein. Ég tel mjög brýna þörf á að slík athugun eigi sér stað. Mér er fullkunnugt um að málefnum almenningsbókasafnanna hefur verið misjafnlega sinnt hjá sveitarfélögunum. Eins og ég sagði áðan verja sum sveitarfélög þegar álíka hárri upphæð til almenningsbókasafna og gert er ráð fyrir í frv., eins og það var lagt fram í haust. En hitt er vitað, að á — ég vil segja — ótrúlega mörgum stöðum eru málefni safnanna í hinum megnasta ólestri. Þegar sú athugun hefur átt sér stað sem hér er gert ráð fyrir, þá ætti að vera miklum mun auðveldara að meta hvert átak þurfi að gera til þess að bókasafnsmálin í heild komist í viðunandi horf. Og í ljósi þeirra upplýsinga sem þá liggja fyrir, tel ég eðlilegt að Alþ. fjalli aftur um það mál og taki þá sínar ákvarðanir varðandi málefni safnanna í heild.

Frsm. minni hl. (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Svo sem fram kemur í nál. á þskj. 685, þá höfum við hv. 3. landsk. þm. skilað séráliti í þessu máli og leggjum við til að frv. um almenningsbókasöfn verði samþykkt í því formi sem það var upphaflega lagt fram, þ. e. a. s. við leggjum til að fjármögnun verði háttað á þann veg sem gert er ráð fyrir í hinu upphaflega frv., að ríki og sveitarfélög leggi fjármagn til bókasafnanna. Við getum þó fallist á þær brtt. meiri hl. sem lúta að innri starfsemi safnanna og við teljum þær til bóta. Þeim hefur hv. frsm. meiri hl. þegar lýst. En á brtt. meiri hl., sem lúta að fjármögnun safnanna, þ. e. a. s. 3., 4. og 5. brtt., getum við ekki fallist.

Það er skemmst af að segja að þetta frv. hefur verið algert vandræðabarn meiri hl. menntmn. Nd. í allan vetur og orðið um það mikill ágreiningur. Undir lokin lá við að maður væri hættur að greina, hver væri að deila við hvern og hver væri á móti hæstv. ráðh. í þessu máli og hver með honum. Og það var raunar ekki að undra þótt ýmsir rugluðust, því að það var hæstv. menntmrh. sjálfur sem snerist að nokkru gegn eigin frv. Þegar það var lagt fram í haust, þá voru skýr ákvæði um framlög bæði af hálfu ríkis og sveitarfélaga, og það voru fleiri þm. en ég sem töldu að hér væri um stórmyndarlegt átak að ræða. Við vissum að bókasöfn voru víða í fjársvelti. Fjárframlög ríkis höfðu verið allt of lág og mörg sveitarfélög höfðu ekki fjárhagslegt bolmagn til að sinna bókasafnsmálum sem vert væri. Þetta frv. miðaði að því að auka fjárráð safnanna, og fögnuðu nú allir, eins og ég sagði áðan, þessu framtaki hæstv. ráðh. En fögnuðurinn minnkaði heldur betur í des. þegar breytingin var gerð á verkefnum sveitarfélaga með l. nr. 94/1975. Bókasöfnin voru svipt ríkisframlagi, og hafði frv. hæstv. ráðh., sem beið allan tímann í n., þá rýrnað heldur betur. Eftir stóðu framlög sveitarfélaga, sem hæstv. ráðh. hækkaði að vísu aðeins með brtt. Rétt er þó að geta þess, að í hlut sveitarfélaga komu 20 millj. til bókasafnsmála eða vegna bókasafnsmála, án þess þó að nokkur trygging væri fyrir því að þessum 20 millj. yrði varið í það verkefni fremur öðrum.

Ég þarf ekki að tíunda hér óánægju margra sveitarstjórnarmanna með þessa lagabreytingu. Um hana vita allir hv. þm. Og þegar eftir þá lagabreytingu bárust menntmn. Nd. boð frá stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga í bréfi þar sem óskað var eftir því að frv. yrði endurskoðað. Framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga kom á fund n. og kom í ljós að endurskoðunin átti að hníga að því að burt yrði kippt ákvæði um lágmarksframlög sveitarfélaga úr því að ríkið hefði kippt að sér hendi með sín framlög. Á þessum fundi upplýsti framkvæmdastjórinn að frv. hefði í sinni upprunalegu mynd fengið jákvæðar undirtektir Sambands ísl. sveitarfélaga, enda búið að hafa samráð við stjórnina um það frv., að því er mér skildist. Sagði framkvæmdastjórinn að persónulega fyndist sér ekki fráleitt að taka upp aftur samstarf ríkis og sveitarfélaga í bókasafnsmálum, en því aðeins að peningar kæmu til. Ég ítreka, þetta var hans persónulega skoðun.

Eins og sjá má af brtt. meiri hl., þá féllst hann ekki á þessa kröfu Sambands ísl. sveitarfélaga að öllu leyti, en lét æðimikið undan, því að í 3. brtt. er kveðið svo á að sveitarstjórn geti ákveðið annað lágmark ef sérstakar ástæður séu fyrir hendi, enda mæli félmrn. með þeim. Í fyrsta lagi er afskaplega óeðlilegt að leyfi félmrn., sem hefur ekki nokkurn skapaðan hlut með framkvæmd bókasafnsmála að gera, skuli þurfa til. Með því er í rauninni verið að kippa úr mentmrn. allri yfirstjórn fjármála bókasafnsmála. Í öðru lagi er alveg augljóst að hér er verið að kippa síðustu stoðinni undan fjármögnun bókasafna. Þetta ákvæði, að sveitarstjórn geti ákveðið annað lágmark, þýðir í raun og veru að hún geti sleppt því að verja fé til bókasafna ef hún telur sérstakar ástæður til. Svo slæm sem lög um almenningsbókasöfn frá 1963 voru hvað snertir fjármögnunina, þá er þetta frv. enn verra því að hér er opnuð leið til þess að svo geti farið að líði ár eftir ár án þess að nokkru fjármagni sé varið til bókasafna.

Menntmn. barst umsögn frá bókafulltrúa ríkisins, þeim manni sem hefur með bókasafnsmál að gera á vegum menntmrn. Og það er fróðlegt að lesa hér umsögn hans um það hvernig háttað er bókasafnsmálum í landinu um þessar mundir. Hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Best er ástandið í kaupstöðum þar sem fastráðnir starfsmenn eru við bókasafnið. Aðrir liðir hækka þá í hlutfalli við laun. Þó er farið að kreppa að söfnunum í þessum bæjum einnig. Í héraðsbókasöfnunum er ástandið vægast sagt

hörmulegt. Þeim hefur mörgum verið haldið uppi með sjálfboðavinnu fórnfúsra manna, og má raunar sama segja um flest söfn í landinu. Þegar þessi fórnfúsa kynslóð fellur frá sigur á ógæfuhliðina, því að engar tekjur eru til að greiða henni laun. Mörkuð stefna var að eitt safn í sýslu eða héraði væri einhvers megnugt og gæti í auknum mæli tekið við bókasafnsþjónustunni. Þessi hefur ekki orðið raunin á þar sem Alþ. hefur ekki látið sig neinu skipta hvort héraðsbókasöfn störfuðu eða yrðu að loka vegna húsnæðisleysis og rekstrarfjárskorts.“ — Sýnir bókafulltrúinn fram á það, hve framlag ríkisins hefur farið síminnkandi á undanförnum árum og engan veginn verið í samræmi við fjárþörf.

Ég held, herra forseti, að það þurfi ekki að hafa fleiri orð um þetta. Við, sem gerðum okkur vonir um að nú ætti að gera stórátak í bókasafnsmálum, höfum orðið fyrir miklum vonbrigðum. Við höfðum ætlast til annars af hæstv. menntmrh. en hann gengi nánast af bókasöfnum í landinu dauðum.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ekki skal ég sverja fyrir það að þetta frv. um almenningsbókasöfn, sem verið hefur til meðferðar hjá menntmn. í vetur, hafi reynst vandræðabarn og talsvert erfitt meðferðar. En hins vegar held ég að niðurstaðan af starfi n. sé eftir atvikum sæmileg og að flestir geti vel við unað ef rétt er skoðað. Þau tíðindi gerðust í vetur, sem hér hefur verið lýst, að það fór fram verkefnayfirfærsla milli ríkis og sveitarfélaga, þannig að kostnaðurinn við almenningsbókasöfnin var fluttur alveg yfir á sveitarfélögin og sveitarfélögin fengu að auki aukna hlutdeild í söluskattstekjum.

Þá var það náttúrlega að ýmsu leyti óeðlilegt, þegar svo var komið að sveitarfélögin fengu þarna auknar tekjur, að ríkið tæki að sér að halda uppi þessum sérstaka þætti í félags- og menningarþjónustu. Og það var ekki nema eðlilegt að hæstv. menntmrh. liti svo á að eðlilegast væri að sveitarfélögin tækju þetta alfarið á sig með beinu lagaboði.

En við urðum fljótlega vör við það, sem störfum í menntmn., að þessum till. hæstv. menntmrh. var afar illa tekið af hálfu sveitarfélaganna og þetta setti málið sem sagt í erfiða stöðu fyrir okkur. Og það hefur komið í okkar hlut að reyna að finna leið út úr þessum ógöngum. Það má vel vera að það megi finna ýmsa agnúa á þeirri leið sem við höfum valið sem styðjum brtt. á þskj. 658, en ég er alveg sannfærður um að Alþ. átti ekki betri kosta völ eins og þessu máli var komið. Þess vegna vil ég mæla alveg sérstaklega með þessum till. Auk þess er það svo að ýmis ákvæði koma ný inn í frv. í brtt. meiri hl. menntmn. sem ég tel vera mjög mikilvægar. Menntmn. hefur lagt sig fram um það m. a. að lögfesta aukin réttindi bókasafnsfræðinga, og það kemur víðar fram í þessum brtt., og ég tel það vera mikla framför frá því sem áður var. Ég tel eðlilegt að þegar við eigum orðið allmikinn fjölda vel menntaðra bókasafnsfræðinga, þá er það fullkomlega eðlilegt að þeir fái að njóta sinnar menntunar og gangi fyrir almennt í bókavarðarstöður og einkum þó stöður yfirbókavarðar við öll hin stærri söfn. Um þetta lágu fyrir hjá menntmn. sérstakar óskir frá Félagi bókasafnsfræðinga, og ég hygg að öll menntmn. sé sammála um að rétt hafi verið að ganga sem mest til móts við óskir þeirra og kröfur.

Svo vikið sé nánar að þessum brtt. sem hér liggja fyrir, þá er þetta höfuðbreytingin, brtt. 3 á þskj. 658, við 8. gr., um það hvernig hún skuli orðast. Ef hún er nú lesin með réttu hugarfari og af gaumgæfni, þá held ég að mönnum sé ljóst að í rauninni er verið að lögfesta lágmarksframlög sveitarfélaga til almenningsbókasafna og tilgreint hvernig það skuli vera. Þar er farið í einu og öllu eftir þeim till. sem hæstv. menntmrh. flutti við málið í vetur. En hitt er rétt, að til þess að reyna að sætta sveitarfélögin við sinn hlut, þá er ákvæði, sem er undanþáguákvæði sem sveitarfélögin geta gripið til ef sérstaklega stendur á og ef félmrn., sem mest samskipti hefur við sveitarfélögin, gefur samþykki sitt til, þannig að ég held að ef þessi gr. er lesin rétt og skilin rétt, þá þurfi menn ekki að óttast að þarna sé ekki um að ræða verulega framför frá gildandi löggjöf og þetta muni ekki auka stórlega framlög til bókasafnsmála í landinu. Auk þess vil ég benda á það, að í till. menntmn. er ákvæði til bráðabirgða þar sem menntmrn. og Sambandi ísl. sveitarfélaga er gert að gangast fyrir gerð heildaráætlunar um uppbyggingu og aðsetur almenningsbókasafna. Ég held að þó að þetta ákvæði láti kannske ekki mikið yfir sér, þá leyni það nokkuð á sér. Þarna er gerð till. um að stofna til samstarfs á milli menntmrn. og Sambands ísl. sveitarfélaga um bókasafnsmálin, um gerð heildaráætlunar um uppbyggingu þeirra og hvar þau skuli vera staðsett. Ég held að þetta sé mjög mikilvægt ákvæði og sé rétt að lesa það í framhaldi af eða með 8. gr., eins og hún kæmi til með að orðast ef brtt. meiri hl. menntmn. yrðu samþykktar.

Það er að vísu alveg rétt, sem fram kom hér hjá hv. 5. landsk. þm., að ástand margra bókasafna er mjög slæmt. En ég held að við megum ekki heldur gleyma því, að það hafa orðið alveg gífurlegar framfarir í bókasafnsmálum á ýmsum stöðum á landinu og bókasafnsmálum er mjög vel komið á mörgum stöðum, vil ég segja. Sveitarfélögin hafa lagt þar mikið á sig. Ég nefni í því sambandi Reykjavíkurborg sem heldur uppi myndarlegri bókasafnsstarfsemi og hefur í huga að gera enn betur. Eg vil nefna Hafnarfjörð, Ísafjörð og einnig og alveg sérstaklega Akureyri þar sem gert hefur verið mjög myndarlegt átak á síðustu árum í þessum efnum. Þar hefur verið reist stór og myndarleg bókhlaða og safnið hefur verið eflt á allan hátt. Þar vinnur allstór hópur manna við bókasafnið og bæjarfélagið hefur lagt á sig gífurlega miklar fjárhæðir við að halda uppi þessari starfsemi, þannig að það er náttúrlega algerlega ofmælt að ekki hafi neitt verið gert í þessum málum. Ég held að það sé möguleiki á því að hvetja sveitarfélögin yfirleitt til þess að vinna meira að þessum málum, og ég held m. a. að ef það verður, sem við höfum lagt hér til, meiri hl. menntmn., að menntmrn. og sveitarfélögin setjist niður í sam-

einingu til þess að fjalla um þessi mál og gera áætlun í þessum efnum, þá er ég ekki í neinum vafa um að það á eftir að bera mjög jákvæðan árangur, þannig að ég held nú, þrátt fyrir það að þetta frv. hefur saunarlega verið vandræðabarn hér í þinginu og einkum og sér í lagi erfiður krógi fyrir okkur menntmn.-menn, þá vona ég nú samt að við séum búnir að siða það svo til og uppfæra það svo snoturlega í falleg föt að það eigi eftir að verða okkur til sóma frekar en hitt, sem hv. þm. Svava Jakobsdóttir var hér að lýsa áðan.

Ólafur G. Einarsson: Hæstv. forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta mál, en ég vil aðeins lýsa því yfir að ég mun styðja brtt. sem lagðar hafa verið fram af meiri hl. menntmn. Ég hlýt þó að segja að ég er ekki alls kostar ánægður með þá miklu forsjá sem gert er ráð fyrir að ríkið muni hafa með sveitarfélögunum samkv. þessu frv., forsjá sem ég tel óþarflega mikla. Ég tek það þó fram að rammalöggjöf um bókasafnsmál tel ég alveg sjálfsagða, og ég held að þetta frv., ef samþ. verður, muni reynast hæf rammalöggjöf um almenningsbókasöfn.

Ég held að fyrirmæli í lögum sem þessum þurfi að vera hófleg og þ. á m. fyrirmæli um fjárframlög sem sveitarfélögunum er gert að greiða í þessu skyni. Það má segja að með brtt. er komið til móts við þetta sjónarmið af meiri hl. menntmn. Það kann vel að vera að einhverjum þyki það gamansöm lausn sem á þessu er fundin með síðasta málsl. 3. brtt., þar sem veitt er heimild til þess að víkja frá lágmarksframlögunum að vissum skilyrðum fullnægðum. En ég sætti mig sem sagt við þessa till. eins og hún þarna er orðuð.

Ég held að það sé dálítið erfitt að meta það hvert skuli vera lágmarksframlag til einstakra verkefna, í þessu tilfelli til bókasafna. Mér sýnist að 1300 kr., sem ætlaðar eru á hvern íbúa í kaupstað, séu nokkuð há upphæð. En um það ætla ég ekki að ræða sérstaklega nú. Ef það kemer í ljós, þá munu vafalaust einhver sveitarfélög sækja um lækkun á þessu framlagi samkv. heimildinni í 8. gr. ef hún verður samþykkt.

Um nál. minni hl. menntmn. væri kannske ástæða til þess að fara nokkrum orðum. Það segir í álitinu að með þeirri breytingu, sem gerð var á verkefnum sveitarfélaga í des. s.l., svipti meiri hl. Alþ. bókasöfnin ríkisframlagi með öllu, en sveitarfélögum einum gert að skyldu að leggja fram fé til þessara mála. Þetta er alveg rétt, og menn geta orðað þetta með þessum hætti ef þeir vilja. Það er alveg rétt að þarna var gengið til móts við þær óskir sveitarfélaganna að þetta verkefni yrði algerlega í þeirra höndum. Það hafði verið sett fram löngu áður sem ósk sveitarfélaganna að þau önnuðust ein um bókasöfnin. Með því móti gera sveitarfélögin sér að sjálfsögðu grein fyrir því að þau verði að leggja fram fé til bókasafnanna og standa þar á eigin fótum. Ég hef bent á það áður og geri það enn, að það, sem gert hefur verið í bókasafnsmálum úti um land, hefur verið gert þrátt fyrir ríkisframlagið, en ekki vegna þess. Ríkisframlagið hefur ekkert dregið sem heitið getur hjá þeim sveitarfélögum sem hafa verið að koma sér upp bókasöfnum eða halda þeim við.

Um óánægju margra sveitarstjórnarmanna, sem hv. þm. Svava Jakobsdóttir sagði hér frá, kann ég ekki neinar sögur. Ég kannast ekki við það að í hópi sveitarstjórnarmanna hafi komið fram óánægja sérstaklega með yfirfærslu þessa verkefnis. Um önnur verkefni, sem voru yfirfærð, erum við ekkert að ræða hér. Hún kom vissulega fram um ýmis þeirra, en ég kannast ekki við óánægju með þetta. Um persónulegt álit framkvæmdastjórans ætla ég heldur ekkert að ræða hér. Það kemur mér á óvart ef hann hefur lýst því yfir á fundi menntmn. að hann vildi færa þetta í sama horf og áður. En það ætla ég að sjálfsögðu ekki að rengja hér, ég hef enga aðstöðu til þess.

Hv. þm. Svava Jakobsdóttir sagði að það væri óeðlilegt að félmrn. úrskurðaði eða veitti leyfi til lækkunar á framlagi sveitarfélagsins og með því væri kippt úr hendi menntmrn. fjárhagslegum umráðum yfir söfnunum, ef ég hef tekið rétt eftir. Ég sé satt að segja ekkert eðlilegt við það að menntmrn. hafi fjárhagsleg umráð yfir sveitarfélögunum að þessu leyti. Þau umráð eru í hendi félmrn. (Gripið fram í.) Já, þarna er um að ræða einn þátt í samskiptum ríkis og sveitarfélaga, og það er miklu eðlilegra að þetta úrskurðarvald sé í hendi félmrn. eins og hér er gert ráð fyrir.

Ég veit að hæstv. menntmrh. er maður til þess að svara fyrir sig, en mér þykir það nokkuð harkalega að orði komist þegar sagt er af hv. þm. Svövu Jakobsdóttir að menntmrh. muni með þessu nánast ganga af bókasöfnum í landinu dauðum. Þetta er ekki sæmandi málflutningur, svo ekki sé meira sagt.

Ég þarf ekki að hafa þessi orð mín miklu fleiri, en mér sýnist að aðalatriðin í þessu máli séu þessi: Frv. hlaut að breytast frá því sem það var lagt fram hér á fyrstu dögum þingsins vegna þess að Alþ. varð við þeirri beiðni sveitarfélaganna að yfirfæra þetta verkefni til þeirra. Sveitarfélögin hafa ekki síðan farið fram á breytingu í þá átt að ríkisstyrkur yrði tekinn upp að nýju, eins og minni hl. menntmn. leggur til að gert verði. Óttinn við að bókasöfnin muni drabbast niður vegna þess að ríkið leggi ekki lengur neitt til þeirra, sá ótti er ástæðulaus með öllu, það fullyrði ég. Ég fullyrði að sveitarfélögunum verður það metnaðarmál að gera meira, gera stærra átak í eflingu bókasafna sinna eftir að þau hafa fengið meiri umráð yfir þeim en áður. Það verður þeim metnaðarmál, og þess vegna er ég bjartsýnn á að vegur þeirra muni fremur vaxa heldur en hitt.

Með þessu frv. er sett löggjöf um almenningsbókasöfn, — löggjöf sem ég held og vona að hægt verði að una við. Ég tek undir með hv. þm. Ingvari Gíslasyni að ákvæðið til bráðabirgða um samstarf menntmrn. og Sambands ísl. sveitarfélaga að gerð heildaráætlunar um uppbyggingu og aðsetur almenningsbókasafna, þetta ákvæði er mikilvægt. Og ég ítreka að sveitarfélögunum er vel treystandi til átaka í þessum efnum. Þeim er treystandi til þess reyndar án sérstakrar forsjár ríkisins. En ég legg hins vegar áherslu

á það að samstarf bessara aðila, ríkisins og sveitarfélaganna, verði vonandi bessum málaflokki til gagns.

Magnús T. Ólafsson: Hæstv. forseti. Hv. 5. þm. Reykn. kveðst ekki kannast við það að sveitarstjórnarmenn séu óánægðir með það að við yfirfærslu sé kostnaður við bókasöfn lagður einvörðungu á sveitarfélögin og afnumið ríkisframlag bæði til rekstrar þeirra og til byggingarframkvæmda í þágu safnanna. Nú vil ég ekki rengja það út af fyrir sig að það fái staðist að sveitarstjórnarmenn og jafnvel meiri hl. þeirra séu því fylgjandi í sjálfu sér að slík tilfærsla eigi sér stað. En ég tel það hafa komið fram með óyggjandi hætti í meðförum þess máls, sem hér er verið að ræða, að fulltrúar sveitarstjórnarmanna, sem þeir hafa sett yfir samtök sín, séu óánægðir með það hvernig að málinu er staðið, því að menntmn. hv. d. barst í vetur svo hljóðandi bréf, dags. í Reykjavík 11. febr., með leyfi hæstv. forseta:

„Á stjórnarfundi Sambands ísl. sveitarfélaga 30. f.m. var m.a. rætt um frv. til l. um almenningsbókasöfn, 7. mál, þskj. 7, sem stjórninni hafði borist til umsagnar með bréfi menntmrn. Nd., dags. 14. nóv. s.l. Enn fremur var rætt um brtt. við frv. sem menntmrh. hefur flutt. Varðandi þetta mál gerði stjórn sambandsins eftirfarandi ályktun:

„Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga leggur til, að fyrirliggjandi frv. til l. um almenningsbókasöfn á þskj. 7 verði endurskoðuð frá grunni vegna nýrra viðhorfa eftir gildistöku l. nr. 94 frá 1975, og lýsir sig fúsa til að eiga aðild að slíkri endurskoðun.“

Framanritað tilkynnist hv. deildarnefnd hér með.“

Hér leggur stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga sem sagt eindregið til að tekin séu til gagngerðrar endurskoðunar bæði hið upphaflega frv. og brtt. hæstv. menntmrh. við það sem fylgdi á eftir tilfærslunni á útgjöldum. Ég tel einsýnt af því, sem fram hefur komið í þessu máli, að við höfum haft rétt fyrir okkur úr stjórnarandstöðunni, sem héldum því fram fyrr í vetur að sú yfirfærsla verkefna frá ríki til sveitarfélaga, sem þar átti sér stað, væri a.m.k. í sumum atriðum vanhugsuð og allt of fljótráðin. Það er eindregið álit mitt að það hafi verið misráðið að taka bókasöfnin með í þessa breytingu á verkefnaskiptingunni, hvað sem segja má um aðra liði, og það kom brátt í ljós að mínum dómi að málið ratаði í ógöngur vegna þessarar ráðabreytni.

Ég las hér áðan tilmæli Sambands ísl. sveitarfélaga, og þeim var fylgt eftir með því að framkvæmdastjóri sambandsins kom og átti ítarlegar viðræður við menntmn. um þetta mál. Ég get staðfest það sem hv. 5. landsk. þm. sagði, að aðspurður sagði framkvæmdastjórinn það skoðun sína að sveitarstjórnir gætu fellt sig við að frv. yrði gert að lögum óbreytt frá því sem það var lagt fram, sem sagt, þessi tilfærsla verkefna gengi til baka. Ég fullyrði ekki hvað framkvæmdastjórinn hefur fyrir sér í þessu efni, en þessa skoðun lét hann í ljós. Vandinn lá í því að eftir að kostnaður af söfnunum var alfarið fluttur til sveitarfélaganna, þá var síður en svo einfalt mál á hvern hátt unnt væri að setja í lög ákvæði sem tryggðu að söfnunum yrði sinnt á viðunandi hátt. Það hafði komið í ljós, eins og hv. 5. þm. Reykn. réttilega benti á áðan, að á þeim árum, þegar ríkisframlagið rýrnaði að verðgildi ár frá ári, þá hlupu mörg sveitarfélög mjög myndarlega í skarðið og juku sín framlög til bókasafnanna langt fram yfir það sem lagaskylda bauð. En við megum ekki loka augunum fyrir því að þetta er ekki algild regla. Það eru einnig til sveitarfélög, eins og bókafulltrúi ríkisins benti á í umsögn sinni, sem hafa blátt áfram skotið sér bak við það að verðgildi ríkisframlagsins rýrnaði jafnt og þétt og sagt sem svo, að úr því að ríkið uppfyllti aðeins lágmarksskyldu, þá væri rétt að hlutaðeigandi sveitarfélag gerði það líka.

Það kom í ljós að sveitarstjórnarmenn vildu með engu móti fallast á þau ákvæði sem ráð var fyrir gert í upphaflegri brtt. hæstv. menntmrh., og menntmn. starfaði að því lengi vetrar á mörgum fundum að finna leið út úr þessum vanda. Það er svo alveg sér á parti, að enn er á engan hátt séð hvernig dreifingin á söluskattshlutanum, sem á að ganga upp í ríkisframlagið á þessu ári, kemur niður þegar hún dreifist milli sveitarfélaganna og hversu vel hún hrekkur. En meiri hl. menntmn. hefur tekið þann kost að reyna að gera það besta sem þeir telja sig geta úr því sem komið er. Og ég vil taka það fram að formaður n., hv. 1. þm. Norðurl. e., hefur lagt sig í líma til að leysa úr þessari flækju og ráða fram úr þessum vanda. Og það er ekki hans sök eða vegna þess, að hann hafi ekki gert það sem unnt var til að halda n. saman, að hún skyldi að lokum klofna um málið. En við í minni hl. teljum sem sagt að einsýnt sé af því, sem komið hefur fram í meðförum n., að skárri kosturinn sé að hverfa aftur til fyrri háttar, að það verði hætt við þessa tilfærslu sem svo bráðræðislega var til stofnað, í bili a.m.k., því að ég vil alls ekki fyrir mitt leyti útiloka það að við frekari skoðun geti fundist heppileg leið til þess að færa þetta verkefni til sveitarfélaganna. En ég tel, að hún hafi ekki fundist í þetta skipti, heldur hafi verið rasað hér um ráð fram.

Ég vil taka það sérstaklega fram að andstaða mín og okkar í minni hl. er aðeins við þær brtt. sem fjalla um fjárhagsmálefni safnanna. Ég fyrir mitt leyti og við í minni hl. bæði getum stutt fúslega þær till. sem gerðar eru af hálfu meiri hl. um að tryggja starfsréttindi þess sérmenntaða fólks í safnamálum sem nú kemur til starfa í vaxandi mæli eftir því sem kennslu í bókasafnsfræðum í Háskóla Íslands vex fiskur um hrygg.

ATKVGR.

Brtt. 658,1 (ný 1. gr.) samþ. með 24:1 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 658,2 samþ. með 26 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.

5.—7. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 197 teknar aftur.

Brtt. 658,3 (ný 8. gr.) samþ. með 20:8 atkv.

Brtt. 658,4 (9. gr. falli niður) samþ. með 20:8 atkv.

Brtt. 658,5 (ný 10. gr., verður 9. gr) samþ. með 19:8 atkv.

Brtt. 658,6 (ný 11. gr., verður 10. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.

12. gr. (verður 11. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 658,7 (ný gr., verður 12. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 658,8 (ný 13. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 658,9 (ný 14. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 658,10 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 25 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Íslensk stafsetning, frv. (þskj. 140, n. 703 og 704). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ellert B. Schram): Virðulegi forseti. Allshn. hefur haft frv. til l. um íslenska stafsetningu, 115. mál, til athugunar um nokkurt skeið. N. hefur nú afgreitt málið og er skemmst frá því að segja að hún hefur klofnað í afstöðu sinni til frv. Meiri hl. n., sem ég er frsm. fyrir, mælir með að frv. verði samþykkt með breytingu á 4. gr. frv.

Eins og þingheimi er kunnugt um, þá vöknuðu upp miklar deilur í þjóðfélaginu um íslenska stafsetningu eftir að auglýsingar menntmrn. voru birtar á árunum 1973 og 1974. Þær auglýsingar kváðu á um allverulegar og róttækar breytingar á íslenskri stafsetningu og voru menn langt frá því að vera á eitt sáttir um þær breytingar. Þær deilur náðu hingað inn í sali Alþ., og á þinginu 1973—1974 var borin fram þáltill. sem var síðan samþ. og var á þá leið að Alþ. ályktaði að hrundið skuli þeirri ákvörðun að fella z niður í íslensku ritmáli, en deilur voru, eins og mönnum er kunnugt um, helst um það hvort z skyldi vera áfram í ritmáli eða ekki. Þessi ályktun Alþ. var ekki virt, því reglunum var ekki breytt í samræmi við vilja Alþ. hvað þetta snertir.

Á þinginu 1974—1975 var því þetta mál aftur á dagskrá og var þá enn samþykkt þál. varðandi íslenska stafsetningu, og nú var samþykkt Alþ. á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að undirbúa löggjöf um íslenska stafsetningu.“

Þegar menn var farið að lengja eftir frv. til l. um íslenska stafsetningu, þá var lagt fram frv. til l. af hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasyni og fimm öðrum hv. þm. og það frv. er nú hér á dagskrá.

Öllum er ljóst að vegna þessara ákvarðana á Alþ. annars vegar og auglýsingar menntmrn. hins vegar hefur ríkt veruleg óvissa um íslenska stafsetningu og hefur það verið til mikils baga fyrir fræðsluyfirvöld og í kennslumálum almennt. Hver sem niðurstaðan verður nú um þetta mikla ágreiningsmál, þá geri ég ráð fyrir að flestir séu sammála um að nauðsynlegt sé að taka af allan vafa í þessum efnum, það sé nauðsynlegt nú á þessu þingi að úrslit liggi fyrir, að afstaða Alþ. sé ljós varðandi íslenska stafsetningu og þær grundvallarreglur sem deilt er um. Það er af þessum ástæðum sem meiri hl. n. mælir með því að frv. á þskj. 140 verði samþykkt með einni breytingu. Ástæðurnar eru í fyrsta lagi sú, að nauðsyn er á að úrslit fáist í þessu máli, og í öðru lagi að sjálfsögðu, að meiri hl. er þeirrar skoðunar að þær reglur skuli gilda sem frv. felur í sér.

Minni hl. n., þrír hv. þm., mun sjálfsagt gera grein fyrir afstöðu sinni til þessa máls, en í nál., sem dreift hefur verið af þeirra hálfu, kemur fram eða er sagt frá því að meiri hl. n. hafi fellt þá till. að taka til meðferðar og afgreiðslu jafnhliða það frv., sem hér er á dagskrá, og frv. það, sem hæstv. menntmrh. hefur borið fram. Það er rétt að það var ákveðið af meiri hl. n. að afgreiðsla á frv. hæstv. menntmrh. skyldi látin bíða, og sú ákvörðun var tekin á þeim fundi sem afgreiðsla þessa frv. var ákveðin. Þegar ég segi: bíða, þá er það ekki endilega svo, að n. vildi alls ekki afgreiða frv. hæstv. ráðh., heldur vildi hún láta á það reyna hver afstaða þingsins væri til þess frv. sem hér er á dagskrá.

Forsendur þessarar afstöðu eru fyrst og fremst þær, að fyrir þá, sem vilja að zetan sé tekin upp í íslensku ritmáli, er ekki annarra kosta völ heldur en þrýsta á um afgreiðslu á þessu frv. Fyrir liggur auglýsing menntmrn. um að zetan skuli felld úr ritmáli, og á það hefur reynt hér á þingi að þrátt fyrir yfirlýsingar Alþ. um breytingar í þessu efni hefur því ekki verið sinnt. Virðist því ekki annarra kosta völ en það sé ákveðið með lögum að zetan skuli tekin upp aftur. Þar af leiðandi er nauðsynlegt að það frv., sem hér liggur fyrir, sé afgreitt. Það hefur forgang að matí meiri hl. n. Að því afgreiddu má síðan athuga hvaða meðferð og afgreiðslu frv. hæstv. menntmrh. skal hafa.

Fullyrt er í áliti minni hl. að þessi frv. stangist algerlega á. Nú skal ég ekkert um það segja. En ef svo er, þá felst vitaskuld með afgreiðslu og samþykki á þessu frv., sem hér er á dagskrá, þá felst í því um leið afgreiðsla og afstaða til hins frv. Ef það er skoðun minni hl. og annarra þm. að þessi frv. geti ekki orðið samþykkt bæði tvö, þá erum við að hafna hinu og svo aftur öfugt. Þess vegna finnst mér í sjálfu sér það ekki vera röksemd til þess að skapa sérstöðu í n. eða til þess að hafna þessu frv. út af fyrir sig þó að hitt málið hafi ekki verið afgreitt samtímis úr nefnd.

Sú brtt., sem lögð er fram af meiri hl. n., er við 4. gr. frv., en þar er gert ráð fyrir því að niðurlag gr. breytist eins og í till. segir. Ég tel ekki ástæðu til þess að útskýra það frekar, það sést ljóslega við lestur frv. og till. Ég tel ekki heldur ástæðu til að fara frekari orðum um þetta álit meiri hl., en niðurstaðan er að lagt er til að frv. sé samþykkt með nefndri brtt.

Frsm. minni hl. (Magnús T. Ólafsson): Hæstv. forseti. Ég hlýt að lýsa óánægju minni með að þetta mál sé tekið til umr. á miðlungi vel sóttum næturfundi í hv. d. Þetta mál er, eins og allir hv. dm. vita, eitt af mestu hitamálum sem koma til kasta þingsins, búið er að ræða það oftar en einu sinni, en eins og hv. 11. þm. Reykv. tók fram, telja menn, hverja skoðun sem þeir hafa á málinu, að mál sé að þeim deilum linni

og í ljós komi hvern hátt Alþ. vill hafa á meðferð stafsetningarmála. Um slíkt mál tel ég að eigi að fjalla í fullri dagsbirtu og á eðlilega sóttum þingfundi, en ekki laumast með málið um þingsali að næturþeli.

Eins og tekið er fram í upphafi nál. okkar, sem minni hl. skipum, er ekki svo að fyrir hv. d. liggi aðeins eitt frv. um stafsetningarmál. Frv. eru tvö. Annað er 115. mál, frv. Gylfa Þ. Gíslasonar o. fl., um íslenska stafsetningu. Hitt málið er 194. mál, frv. hæstv. menntmrh. um setningu reglna um íslenska stafsetningu. Á þessum tveim frv. er grundvallarmunur. Þeir, sem bera 115. mál fram, gera ráð fyrir því að upp verði tekinn algerlega nýr háttur á meðferð íslenskra stafsetningarmála. Þeir gera ráð fyrir því að Alþ. kveði á um stafsetningaratriði með beinni lagasetningu. Það er tvímælalaust niðurstaðan af þeim málflutningi að hér eftir verði, ef það frv. verður samþ., stafsetning íslenskrar tungu ákveðin með atkvgr. á Alþ. um hvert og eitt atriði sem þar kemur til álita hverju sinni. Það er í sem stystu máli gert ráð fyrir, að upp sé tekin sú stafsetning sem ákveðin var með auglýsingu menntmrn. 1929, með einu fráviki hvað varðar undanþágu frá því ákvæðinu sem alkunna er að flm. bera sér í lagi fyrir brjósti. Þeir taka upp í frv. sitt undanþágu frá kennslu z í fyrstu 6 bekkjum skyldunáms sem veitt var á árinu 1934 og síðan gilti jafnlengi og auglýsingin frá 1929 gilti. Ég mun síðar koma að því hvað þessi málatilbúnaður felur í raun inni í sér, en vil áður í stuttu máli lýsa því meginefni sem felst í frv. hæstv. menntmrh.

Í því frv. er gert ráð fyrir þveröfugri starfsaðferð við þá sem felst í 115. þingmáli. Í frv. menntmrh. er ákveðið að menntmrn. setji, eins og hingað til hefur verið, reglur um íslenska stafsetningu. Síðan eru ákvæði um það hverjir sérfróðir aðilar skuli fjalla um undirbúning að tillögum um stafsetningarreglur og breytingar sem til greina eru taldar koma á þeim stafsetningarreglum sem gilda á hverjum tíma. Er þar um að ræða mjög svipaða starfshætti og hingað til hafa tíðkast, nema tiltekið er frá hvaða aðilum skuli leita tilnefningar í n. sem fjalla skuli um stafsetningarreglur og breytingu á þeim. Vil ég lýsa því yfir strax fyrir mína hönd að þótt ég sé hlynntur frv. hæstv. menntmrh. tel ég vel koma til greina aðra skipun þeirrar n. en ákveðin er í 2. gr. frv. Hið nýja, sem lagt er til í 194. máli, frv. menntmrh., er að þegar fjallað hefur verið um stafsetningarreglur eða breytingar á þeim með svipuðum hætti og hingað til hefur tíðkast, þá skal niðurstaðan af því starfi lögð fyrir Alþ. í formi þáltill. Þar ætti að mínum dómi að vera fullnægt óskum þeirra sem telja að ekki sé rétt að gengið verði lengur fram hjá Alþ. og það fái tækifæri til að segja sitt orð um stafsetningarbreytingar sem á döfinni kunna að vera. En þetta er, eins og sjá má, gerólíkt því að fyrir Alþ. skuli koma hver og ein stafsetningarregla og geti þar komið til meðferðar í umr. og gengið undir atkv. Þegar til þess er litið að hér er verið að fjalla um sama mál, en sitt á hvorn hátt, með svo gerólíkum hætti sem ég hef lýst, þá þykir mér furðu gegna að meiri hl. menntmn. skyldi á fundi fella till. um að n. tæki til afgreiðslu bæði þessi frv. Þessi afstaða meiri hl. n. hefur orðið til þess að við í minni hl. höfum lagt til þá afgreiðslu 115. máls sem kemur fram í rökstuddri dagskrá okkar á þskj. 704 og ég mun síðar skýra nánar frá.

Það er nauðsyn að alþm. geri sér ljóst hvaða afleiðingar það mundi hafa fyrir meðferð stafsetningarmála hvor aðferðin er valin, sú sem lögð er til í frv. Gylfa Þ. Gíslasonar o. fl. eða sú sem hæstv. menntmrh. leggur til í frv. sínu að viðhöfð sé. Það er ljóst af því sem á undan er gengið að ef tekinn verður upp sá háttur að Alþ. fjalli um einstök stafsetningaratriði, setji um þau lög og afgreiði þau, þá hljóta þeir, sem óánægðir eru með niðurstöðuna hverju sinni, að leita fyrsta færis að fá fram breytingu með tillöguflutningi á Alþ. Það er því gefið að verði sá háttur upp tekinn, sem gert er ráð fyrir í frv. á þskj. 140, þá verða stafsetningarmál til meðferðar á Alþ. ævinlega þegar svo stendur á að einhver umtalsverð óánægja ríkir með eitthvert atriði stafsetningar. En nú er öllum ljóst að mjög er torvelt að fjalla um eitt stafsetningaratriði án tillits til annarra í flestum tilvikum. Því getur farið svo, ef þessi háttur er upp tekinn, að einstök stafsetningaratriði séu ákveðin með atkvgr. á Alþ., þá skapist ýmiss konar misræmi og árekstrar í stafsetningarreglum sem gætu haft í för með sér verulegan og afdrifaríkan glundroða þegar að því kæmi að kenna stafsetningarreglur og fara eftir þeim.

Sú starfsaðferð, sem viðhöfð hefur verið við ákvörðun stafsetningarreglna, er ekki sprottin af duttlungum neinna einstakra manna, heldur viðhöfð vegna þess að menn hafa þóst sjá að stafsetningarreglur þyrfti að skoða í heild, að undirbúa þær í heild og afgreiða sem heild því að þar grípa svo mörg atriði hvert inn í annað. Þetta er líka sá háttur sem við yrði hafður ef farið væri að þeim ákvæðum sem felast í frv. hæstv. menntmrh. á þskj. 406. Þeirri meðferð máls mundi fylgja að Alþ. tæki í þál.-formi afstöðu til stafsetningarreglna í heild, samþykkti þær eða synjaði, en tæki ekki að setja stafsetningarreglur í einstökum atriðum. Ég vil því leggja sérstaka áherslu á að að mínum dómi er mjög áríðandi að menn geri sér við afgreiðslu þessa máls sem ljósast að hér er ekki verið að fjalla fyrst og fremst um einstakt stafsetningaratriði, hvort z skuli ritað eða ekki í íslensku ritmáli, heldur er fyrst og fremst verið að fjalla um það hvaða starfsaðferðum á að beita þegar ákvarðanir eru teknar um íslenska stafsetningu. Þegar af þeirri ástæðu fæ ég blátt áfram ekki skilið hvernig meiri hl. menntmn. fær rökstutt þá afstöðu sína að einungis önnur starfsaðferðin, einungis önnur hlið málsins skuli afgreidd þar úr n., því að óhjákvæmilegt er í öllum skynsamlegum vinnubrögðum að fjalla fyrst um og ákveða starfsaðferðina áður en farið er að eiga við framkvæmdina ef vel á að fara.

Ég mun ekki að svo stöddu gera sérstaklega að umtalsefni þær röksemdir sem flm. færa í grg. fyrir flutningi frv. á þskj. 140. En ég vek aðeins athygli á því að í þeim málatilbúnaði, grg. og rökstuðningi er ekki orði vikið að þessu meginatriði málsins, að því hversu hér er verið

að leggja til að breytt sé frá þeim starfsháttum sem fylgt hefur verið hingað til og hverjar afleiðingar það hlýtur að hafa að breytt sé frá þeim á þann hátt sem frv. á þskj. 140 felur í sér. Hins vegar er einmitt þetta atriði meginefnið í grg. með frv. hæstv. menntmrh., og því get ég ekki fallist á þá staðhæfingu hv. 11. þm. Reykv. að frv. á þskj. 140 eigi skilyrðislaust að hafa forgang. Ég teldi þvert á móti að það málið, sem grípur á grundvallaratriðinu, sjálfri málsmeðferðinni, ætti að hafa forgang í afgreiðslu menntmn. og í meðförum hv. d. Það er ósvinna að mínum dómi af hálfu meiri hl. að gera í raun og veru þessa tilraun til að stinga frv. á þskj. 406 undir stól í bráð a.m.k. og láta eins og það sé ekki til, en afgreiða aðeins annað tveggja mála sem fjalla um sama efni, en á gerólíkan hátt.

Það er nauðsynlegt að hv. alþm. athugi þetta mál og bæði frv. hleypidómalaust. Og það er sjálfsögð aðferð skynsamra manna að taka ákvörðun um aðferð, þegar fleiri en ein kemur til greina, áður en farið er að fjalla um framkvæmdaatriði. Þessi er ástæðan til að við í minni hl. menntmn. leggjum til að mál það, sem hér liggur fyrir, verði afgr. með rökst. dagskrá sem svo hljóðar:

„Þar sem ákvæði þessa máls fela í sér lagasetningu um einstök atriði stafsetningar, en fyrir d. liggur einnig frv. um meðferð stafsetningarmála í heild, sem gerir ráð fyrir lokaákvörðun Alþ. um stafsetningarreglur í formi þál., tekur d. þetta mál af dagskrá, en tekur í staðinn á dagskrá fyrsta fundar næsta fundardag 194. mál, frv. menntmrh. til l. um setningu reglna um íslenska stafsetningu.“

Það kann að vera að einhverjum hv. alþm. komi þessi málsmeðferð, sem hér er lögð til, ókunnuglega fyrir sjónir, og það skal fúslega viðurkennt að hún er ekki alvanaleg. En ég hygg að við nánari athugun sjái þeir að hún er fyllilega þingleg og styðst við þingsköp í alla staði, að þessi leið, sem lagt er til í rökstuddri dagskrá okkar í minni hl., er eina leiðin sem við áttum völ á til þess að koma því til leiðar að hv. d. tæki ekki aðeins afstöðu til málsins á þskj. 140, heldur einnig málsins á þskj. 406. Og það er, eins og ég áður sagði, sannfæring mín og okkar, sem að þessu nál. stöndum, að eðlilegt sé, eins og þetta mál er vaxið, að frv. á þskj. 406 hafi forgang. Það yrði tvímælalaust affarasælast fyrir meðferð stafsetningarmála í bráð og lengd að viðhöfð verði framvegis þau vinnubrögð sem þar er gerð till. um.

Ég kvaðst mundu víkja lítillega í máli mínu að því ákvæði sem felst í 4. gr. frv. á þskj. 140 og hljóðar á þá leið að heimila menntmrh. að kveða svo á að þess skuli ekki krafist í 1.—6. bekk grunnskóla að kennt sé að nota z, heldur megi í þess stað nota s í bekkjum þessum. Hvernig geta menn látið sér til hugar koma að lögfesting slíks ákvæðis geti samræmst þeim lúðurhljóm sem felst í upphafsorðum þessa frv.? „Ein skal vera stafsetning íslenskrar tungu.“ Þrátt fyrir þessi hljómmiklu orð, þrátt fyrir þessa stóru fullyrðingu er lagt til í sama frv. að ekki skuli þurfa að kenna þessa einu stafsetningu öll fyrstu 6 ár skyldunáms. Í þessu felst að mínum dómi slíkur tvískinnungur að ég sé ekki hvernig Alþ. ætlar að afgreiða mál, sem slík áhersla hefur verið lögð á, sem svo mjög hefur verið rætt, á þennan hátt. Ef menn telja fortakslaust að z verði að vera í íslensku ritmáli, þá eiga menn að stíga skrefið til fulls. Það á ekki að vera að búa til tvenns konar stafsetningu að óþörfu og það á þann hátt að úr verður annars vegar lærðra manna stafsetning, þeirra sem læra til hlítar að nota z og viðhafa hana í rituðu máli og svo hinna sem skemmri skólagöngu fá og verða ekki aðnjótandi svo langrar stafsetningarkennslu að þeir geti tileinkað sér z-reglur til gagns.

Án þess að ætla að ræða eða endurtaka það, sem sagt hefur verið í umr. áður um einstök stafsetningaratriði, vildi ég leggja höfuðáherslu á þann hugarklofning, þann tvískinnung sem þarna kemur fram í frv. á þskj. 140. Sömuleiðis vil ég vekja athygli á því á þessu stigi máls að það er síður en svo að stafsetningarmálum sé skipað til einhverrar frambúðar með þessu frv. Mestur hluti af því starfi, sem stafsetningarnefndin síðasta vann, var ekki fólgin í því að breyta reglunum frá 1929, breytingarnar nú til tiltölulega mjög fárra atriða, þótt sum þeirra séu þýðingarmikil, það skal skýrt tekið fram. En þau eru fá. Aðalstarfið og aðalafraksturinn af starfi þeirrar n. og aðalefnið í þeim stafsetningarreglum, sem settar voru að því starfi loknu, felast í því að fyllt er í eyður sem voru eftir að stafsetningarreglurnar frá 1929 gengu í gildi, eyður sem komu í ljós í skólastarfi á áratugunum sem liðu á milli þess að þessar tvenns konar stafsetningarreglur voru settar. Þar var kveðið á um atriði sem einskis var getið og ekki um fjallað í fyrri reglum. Þar voru fyrri reglur nánar útfærðar á margan hátt, eins og reynsla undanfarinna áratuga hafði kennt þeim mönnum, sem um fjölluðu og allir voru móðurmálskennarar, að nauðsyn bæri til. Það er algerlega þýðingarlaust að halda því fram að í stað þessa starfs og þeirra reglna, sem af því spruttu og fylltu í eyðurnar sem hinar stuttu stafsetningarreglur frá 1929 skildu eftir, sé fylgt með ákvæði 3. gr.: „Að öðru leyti skal um stafsetningu fylgt þeim meginreglum sem farið var eftir á tímabilinu frá 1929—1973.“ Til þess að þetta ákvæði hefði eitthvert gildi yrði að liggja til grundvallar rannsókn á því hvaða reglum var fylgt, hvaða óskrásettum reglum var fylgt um stafsetningaratriði sem ekki var um fjallað í þágildandi stafsetningarauglýsingu.

En þessar aths. mínar við nokkur atriði í frv. á þskj. 140 eru sem sagt ekki í mínum augum mergurinn málsins, heldur það hvort brugðið verður á það ráð að Alþ. setji stafsetningarreglur, hverja og eina, eða hvort taka á upp þann hátt að Alþ. fjalli um stafsetningarreglur í heild, eftir að þær hafa verið unnar kerfisbundið með svipuðum hætti og verið hefur og verði hér eftir ekki settar einvörðungu á ábyrgð menntmrh. á hverjum tíma, heldur fái meðferð Alþ. áður en þær ganga í gildi.

Ég vil t.d. benda hv. alþm. á, hvernig farið hefur fyrir frændum okkar norðmönnum. Þar hefur geisað áratugum saman illvíg barátta sem norðmenn kalla „málstriden“ og þykir ein hvim-

leiðasta plága sem getur þar í landi. Þar takast menn ákaflega á utan þings og innan oft og einatt um tunguna, ekki aðeins um stafsetningaratriði, heldur einnig um málfarsatriði, og hefur það tvímælalaust orðið til þess að torvelda óþarflega málþróun og menningarstarf í því ágæta landi Noregi. Skilyrði eru þar auðvitað töluvert önnur en hér, mállýskuskipting í einangruðum byggðum, svo að ég er ekki að gera því skóna að við lendum alveg í sömu súpunni og norðmenn hafa gert ef á það ráð er brugðið sem lagt er til í frv. á þskj. 140. En ég efast ekki um að verði það frv. samþykkt, þá verður á ókomnum árum leikinn hér á landi leikur sem að breyttu breytanda verður eftirmynd af málþrætu og máltogstreitu þeirra norðmanna, en áreiðanlegt er að við hana vildu þeir langflestir vera lausir og óska að aldrei hefði verið til hennar efnt.

Svava Jakobsdóttir: Forseti. Ég þarf ekki að fjölyrða mjög um þetta mál. Hv. síðasti ræðumaður og frsm. fyrir okkar sameiginlega nál., minni hl., hefur fjallað ítarlega um það nál. og gert hv. Alþ. grein fyrir því. Ég hlýt þó að taka undir þau orð sem hann sagði í upphafi ræðu sinnar, að ég harma það mjög að þetta mál skuli tekið til umr. síðla á næturfundi þegar aðeins örfáir þm. eru inni. Hér er um afdrifaríkt málefni að ræða sem varðar allan almenning og raunar ríkisfjármálin líka. En ég hlýt að taka til máls vegna þess að flestum hv. þm. er kunnugt um það, að ég er einn af þessum óhamingjusömu fylgismönnum zetunnar. En ég fæ ekki séð að unnt sé að fjalla um þetta þmfrv. án þess að taka fyrst afstöðu til frv. hæstv. ráðh. um það hvernig stafsetningarreglur skuli settar. Ég hlýt að harma það að meiri hl. hefur sýnt óbilgirni í þessu máli og ábyrgðarleysi. Það liggur í augum uppi að ef þetta frv. verður samþ., þá er búið að fremja vissan verknað, þá er búið að festa í sessi vissa starfsaðferð og hv. Alþ. hefur þar með ekki verið gefinn kostur á að velja milli þeirra tveggja starfsaðferða, sem liggja fyrir Alþingi.

Ég er fylgjandi þeirri aðferð sem lögð er til í frv. hæstv. ráðh., og meginástæðan er sú, að ég tel að reynslan hafi sýnt það á þessu þingi og þinginu í fyrra og gott ef ekki á þinginu þar áður að það er ákaflega óheppilegt og engum til góðs að alþm. séu að fjalla um einstök stafsetningaratriði og einstaka stafi í stafrófinu. Eitt er nauðsynlegt í stafsetningarreglum og í íslensku máli, að þar ríki festa og þar sé ekki verið að hlaupa úr einu í annað. Við getum ekki átt það á hættu vegna skólamanna, vegna nemenda og vegna almennings að tilviljunarkenndur þingmeirihl. sé hverju sinni að breyta stafsetningarreglunum, setja inn z eitt árið, afnema hana það næsta, setja hana aftur inn það þriðja. Og ef þannig á að fara einnig með i og y og ei og guð veit hvað, þá liggur í augum uppi hvernig þetta muni enda. Ringulreiðin blasir við, og ég hygg að því muni hv. þm. Sverrir Hermannsson ekki neita.

Ég ítreka það, forseti, að ef þetta frv. verður samþykkt, þá er um leið verið að samþykkja þá aðferð, sem á að hafa um setningu stafsetningarreglna, en ég tel mikilvægara að Alþ. ákvarði fyrst og fremst aðferðina áður en hún tekur tillit til einstakra stafsetningaratriða. Og ég vil eindregið vara hv. alþm. og hv. z-menn hér á þingi við því að reyna að nota Alþ. sem persónulegt hagsmunatæki sitt.

Ingvar Gíslason: Virðulegi forseti. Það var nú ekki beint ætlun mín að tala lengi um þetta mál og mun ekki gera það. Hins vegar verð ég að segja það, að það kom mér nokkuð á óvart að þetta mál skyldi vera tekið upp á þessum fundi og e. t. v. stefnt að því að hafa atkvgr. hér í kvöld um málið. Ég vil leyfa mér að fara fram á það við hæstv. forseta að svo verði a. m. k. ekki gert, það fari ekki fram atkvgr. um þetta mál nú á þessum fundi, heldur verði henni frestað til næsta fundar.

Ég tel það út af fyrir sig ekkert óeðlilegt þó að það séu skiptar skoðanir um það hvernig eigi að stafsetja íslenskt mál. Mér finnst það vera ósköp eðlilegt að menn skiptist í flokka um það eða skiptist á skoðunum um það eins og flest annað. En hitt verð ég að segja, að þær deilur, sem hér hafa orðið á undanförnum árum um stafsetningarmál, hafa komið mér þannig fyrir sjónir að þetta sé sótt af einhvers konar íþrótt og ofurkappi sem ég felli mig ekki við. Og nú sé ég ekki betur heldur en það sé meining þeirra, sem að þessu frv. standa. Og ég felli mig ákaflega illa við það, og ég harma það alveg sérstaklega að minir ágætu félagar í þeirri n., sem ég stýri, skuli verða til þess að ýta undir þetta ofurkapp vissra manna. En það, sem ég vil sérstaklega benda á, er þetta, að ég fæ ekki betur séð en þetta ofurkapp hafi það beinlínis að markmiði að reyna að knésetja hæstv. menntmrh. um sitt mál, beinlínis sé ástæðan sú að reyna að knésetja hæstv. menntmrh. um það mál sem hann hefur borið hér fram í þinginu. Hann hefur gert það sem í hans valdi hefur staðið og það sem honum bar að gera. Hann hefur lagt fram frv. um stafsetningarmál, og ég tel að það sé óeðlilegt að sækja svo fast að þessu frv. hæstv. menntmrh. eins og fram kemur í aðferð þeirra sem standa að því frv. sem hér er til umr.

Ég hef vissu fyrir því að hæstv. mnentmrh. hefur gert tilraun til þess að ræða við flm. frv. og reyna að finna sameiginlega leið út úr þessu. En eftir því sem næst verður komist, og raunar bera þessar umr. því vitni, það að málið er á dagskrá nú ber því vitni að þessi viðleitni hæstv. menntmrh. til þess að koma á sáttum í málinu hefur ekki borið árangur. Ég vil vekja athygli þingheims á þessu sérstaka atriði, þessari alveg einstöku aðferð til þess að reyna að knýja hæstv. menntmrh. til undanhalds með ofurkappi.

En eins og ég segi, þá finnst mér það út af fyrir sig ekkert óeðlilegt þó að það geti orðið deilur um stafsetningarmál og menn hafi mismunandi skoðanir á því hvernig best sé og eðlilegast að stafsetja íslenska tungu. En ég held hins vegar að við þurfum að aðgæta vel um þá aðferð sem við viljum beita í því sambandi. Ég hef margsinnis lýst þeirri skoðun minni hér, að ég er andvígur því að Alþ. fjalli um stafsetningarmál með þeim hætti sem þetta frv. gerir

ráð fyrir, þ. e. a. s. að það sé að fjalla um stafsetningarmál í einstökum smáatriðum. Ég held að það sé langaffarasælast eins og verið hefur ætíð, að það sé á valdi ráðh. að ákveða stafsetningu. Ég held að það sé langheppilegasta aðferðin að svo sé, það sé gert með reglugerð, eins og ætíð hefur verið gert og hefur gefist vel. Hins vegar get ég vel tekið undir þá stefnu sem hæstv. menntmrh. hefur sett fram í frv. sínu í Nd.-máli nr. 194. Ég get vel tekið undir það, og það er þess vegna einmitt sem ég hef fylkt mér í lið með minni hl. í menntmn. í þessu máli, en á ekki samleið með meiri hl. sem hefur tekið það að sér að ganga á mjög óeðlilegan og óviðurkvæmilegan hátt gegn hæstv. menntmrh.

Svo er nú það atriðið sem stendur upp úr mönnum mjög hér, þeim sem fylgja þessu frv. sem hér er til umr., að það þurfi að vera festa í stafsetningarmálum. Ég held að við séum öll sammála um að það sé nauðsynjamál að það sé festa í stafsetningarmálum. En ég held að það sé síst meiri festa og raunar sé það nokkurn veginn víst að það tryggi ekki festu í stafsetningarmálum að láta Alþ. fjalla um einstaka þætti stafsetningar. Ég er sannfærður um að heppilegra er að það mál sé í höndum ráðh. og hann muni betur tryggja það heldur en Alþ. að slík festa sé í stafsetningarmálunum. M. a. af þeirri ástæðu hlýt ég að vera á móti því að fela Alþ. að fjalla í einstökum smáatriðum um stafsetningarmálin.

En ég skal ekki teygja lopann öllu lengur eða fara að rekja hér einstakar skoðanir mínar á því hvernig ég vil láta stafsetja íslenska tungu. Það skal ég ekkert fara út í, enda er ég enginn sérfræðingur í því sérstaklega. En ég vil leyfa mér að beina máli mínu enn til virðulegs forseta um það að atkvgr. verði ekki látin fara fram um þetta mál nú í kvöld.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Það skal tekið fram, að ætlunin er að ljúka þessari umr., en fresta atkvgr. þar til í upphafi næsta fundar.

Sverrir Hermannsson: Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessar umr. mjög. Þetta mál hefur á næstliðnum þingum verið þæft svo rækilega að þar er í raun og veru fáu við að bæta. En þó eru nokkur orð, sér í lagi í máli hv. síðasta ræðumanns, Ingvars Gíslasonar, sem gerðu það að verkum að ég sá mig til knúinn að gera málið aðeins að umtalsefni.

Það hefur verið að því unnið að þetta mál væri tekið fyrir hér á kvöldfundi. Ég held að hv. þm. Magnús T. Ólafsson hafi orðað það svo, að hann kynni því illa, eða tekið það fram, að um þetta mál ætti að fjalla í dagsbirtu, en ekki að laumast með það að næturþeli. Ég minni nú á það að mörg jafnvel mikilvægari mál, — kannske ekki mér hjartfólgnari, ekki segi ég það kannske, — hafa verið afgreidd miklu síðar um kvöld og um nótt heldur en nú er. Það hefur enginn ætlað sér að læðupokast með þetta. Ég hef aldrei farið í launkofa með afstöðu mína í þessu máli, og ég tek hjartanlega undir það að atkvgr. og frekari umr. fari fram um hábjartan dag og hvenær sem menn þess óska. Því fer alls fjarri að ætlun sé að fara í felur með málið.

En það hefur verið gert töluvert að umtalsefni og hv. minni hl. menntmn. hneykslast á því að meiri hl. hefur ekki fengist til þess að afgreiða fyrst frv. til l. sem hæstv. menntmrh. hefur flutt, og hv. þm. Ingvar Gíslason talar sem svo að með þessari aðferð sé verið að reyna að knésetja hæstv. menntmrh. Þetta sýnir að hv. þm. hefur ekkert samband haft við hæstv. menntmrh. um málið, aldrei átt við hann viðtal um það. Það hef ég aftur á móti gert æ ofan í æ. Hæstv. menntmrh. sendi þetta frv. inn í þingflokk Sjálfstfl. í vetur til athugunar, og honum er fullkunnugt um að þaðan var það sent aftur og því var alfarið hafnað, ekki vegna þess að aðferðin út af fyrir sig væri fordæmd, heldur vegna þess að það var ekki samkomulag um að taka upp neina athugun um aðferð sem viðhafa skyldi fyrr en undirstaðan væri réttleg fundin, út frá hverju skyldi gengið.

Ég vil strax víkja að þessu frv. Ég er ósammála því að aðeins 3 menn frá háskóla eigi sæti í slíkri n. Ég mundi vilja hafa þá 7. Ég hef till. um það hvernig n. skuli skipuð. Ég mundi vilja hafa báða formenn menntmn. Alþ. í þeirri n. og e. t. v. einn frá Félagi menntaskólakennara og enn annan frá bókaútgefendum. Þarna væru teknir menn úr ýmsum áttum sem gjarnan hafa áhuga og vitsmuni til að bera til að fjalla um þessi mál. Og ef menn fallast á það og hafa sett lög um þessa aðferð, þá er það þessarar n. að skila til hæstv. menntmrh. till. sínum, en síðan mundi hann kynna þingi hvernig breyta skyldi þeim grundvelli sem byggt var á í 45 ár. Menn hafa það gjarnan á orði að mikil ringulreið ríki í þessum efnum og það er vissulega rétt. Menn segja jafnvel nú þegar gerð er tilraun til þess að hverfa aftur til þess skipulags sem var á þessum málum, að það muni valda ringulreið að hverfa aftur til hinnar gömlu reglu. Það hefði átt að flökra að hv. þm. Magnúsi T. Ólafssyni meðan hann var menntmrh. hvort ekki mundi valda ringulreið að fara að breyta um með þeim hastarlega hætti sem hann gerði eftir 45 ára reglur í þessum efnum. Þess vegna er það að þegar við höfum orðið sammála, og sættir geta ekki tekist fyrr en við höfum náð einhverjum ákveðnum grundvelli til að byggja á og ganga út frá, þá gæti ég vel fellt mig við þessa aðferð.

Og hvað um það að fordæmt er að Alþ. hafi með þetta að gera. Samt vilja menn samþykkja till. um það að áður en settar eru stafsetningarreglur eða gerðar breytingar á þeim skal afla heimildar Sþ. í þál.-formi. Hvað þýðir þetta? Er hægt að fella sig við þetta kannske vegna þess að menn hafi hugsað sér að þeir geti haft áfram þá aðferð að fortaka ályktanir Alþ.? Ef þetta er samþ. og ef tekin væri aftur upp sá siður að fara að þál., þá er trúlegt að Alþ. mundi leggja síðustu hönd á hvaða breytingar yrðu á stafsetningu. En ég vil einmitt víkja að þessari nýju aðferð sem er með ólíkindum í þessu máli.

Hinn 29. apríl 1974 var samþ. á Alþ. svo hljóðandi þál., með leyfi virðulegs forseta:

„Alþingi ályktar, að hrundið skuli þeirri ákvörðun að fella z niður í íslensku ritmáli."

Ég álít að þessi þál. snúi alveg eins að núv. hæstv. menntmrh. eins og hinum fyrri sem gerði ekkert með hana.

En það hefur verið samþykkt fleira í þessa veru. Hinn 16. maí 1975 er svo hljóðandi ályktun samþ., með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að undirbúa löggjöf um íslenska stafsetningu.“

Það er grundvallarmisskilningur ef einhver ætlar að halda því fram að þetta frv. hans um þær reglur, sem eiga að gilda um hvernig endurskoða skuli, komi eitthvað stafsetningu við. Það er grundvallarmisskilningur. Stafsetning kemur hvergi nærri þessu, heldur sú aðferð sem viðhafa skuli við endurskoðun á reglum um stafsetningu. Hér er ályktað að skora á ríkisstj., og það er verst að hæstv. forsrh. er ekki við því að hann hefur þar formennsku á hendi, og ég hlýt að kalla hann til ábyrgðar fyrir því að ekki er farið eftir þessari ályktun. Og þar sem engir tilburðir voru hjá hæstv. menntmrh. að fara eftir ályktuninni, þá voru það þm. sem tóku sig saman um að láta gera heilstætt frv. til l. í þessu efni. Ég fæ ekki séð að þetta beri að með neinum óvenjulegum hætti. En hér eru alls konar útúrdúrar og sveiflur teknar til þess að reyna að drepa málinu á dreif. Og meira að segja hv. landsk. þm. Svava Jakobsdóttir er rugluð svo rækilega að hún er búin að týna niður zetunni.

Nei, að það sé verið með ofurkappi að sækja þetta mál til þess að knésetja hæstv. menntmrh. er alger firra sem ég mótmæli. Hann sagði mér þegar hann lagði fram frv. sitt, hæstv. menntmrh., að hann gerði það til þess að sýna Alþ. þetta mál sitt og kynna það. Hann hefur aldrei í mín eyru lagt áherslu á að þetta mál næði fram að ganga. Hann hefur þvert á móti sagt við mig að hann mundi ekki setja fót fyrir það að meiri hl. Alþ., ef hann væri til fyrir lagafrv. okkar, hann fengi að njóta sín. Ég veit að hann staðfestir þetta fúslega þegar og ef honum list. Það er einmitt það sem þarf, það er að fá festu í þetta mál. Hún hefur ekki verið að undanförnu. Hafa menn kynnt sér það hvernig ástandið er sem ríkir í skólum landsins nú? Meira að segja er það svo, að mjög víða er það sem kennarar reyna að búa til stafsetningarpróf þar sem sneitt er alfarið fram hjá öllum þessum hinum nýju reglum, ekkert orð látið koma fyrir þar sem ætti að standa z né heldur um lítinn eða stóran staf, svo að maður sleppi nú við að skrifa íslendnigur með litlum staf og fái fyrir það rétt að vísu — eða skrifa það með stórum og fá fyrir það villu. Og hver er reynsla þeirra manna sem gerst ættu til að þekkja? Við höfum hér heila fylkingu manna á fskj. með frv. Geta þeir, sem valdið hafa ruglingnum í stafsetningunni, lagt einhverja slíka vitnisburði fram máli sínu til stuðnings? Ég er hræddur um að það mundi vefjast fyrir þeim, enda hefur í vaxandi mæli aukist óánægjan hjá kennurum þjóðarinnar með þetta fyrirkomulag, og raunar er það svo að enginn veit sitt rjúkandi ráð.

Hér er lögð áhersla á það af hv. þm. Magnúsi T. Ólafssyni að það sé tvískinnungur í máli þeirra sem flytja frv., og vísar til þess að hér er heimildargr. um að hafa sömu reglu sem Haraldur heitinn Guðmundsson setti 1934 um að ekki væri skylda að kenna z í barnaskólum. Með því að leggja til að menntmrh. hafi þessa heimild er enginn að fyrirskipa honum að nota hana. Ef hv. þm. Magnús T. Ólafsson getur sýnt honum fram á það með rökum sínum að þetta sé hið mesta óráð og það sé verið að skipta þjóðinni niður í lærða menn og ólærða í máli, þá er ég hræddur um að hæstv. menntmrh. mundi fara að þeim rökum. Og vera að nefna norðmenn í þessu sambandi, það er með ólíkindum. Það gerir enginn nema sem lætur sér detta það í hug að íslendingar hafi aldrei heyrt minnst á ástandið sem ríkir í Noregi í þessum málum, sem á ekkert skylt við það, sem betur fer, sem ríkir hér á Íslandi, ekki í neinu. Þeir eru ekki öfundsverðir, það er mikið rétt. En að fara að jafna því til þess sem er hjá okkur, þar sem við tölum og ritum allir sömu tunguna, nokkurn veginn nákvæmlega eins, með örlitlum, vart nú orðið finnanlegum blæbrigðum, það er auðvitað út í hött og ekki þessu máli til neins stuðnings. Ég er hræddur um það, eins og ég segi, að það þyrfti ekki að vera að seilast um hurð til lokunnar ef það væri verið að ræða einhver rauð strik hérna eða vísitölur eða einhver smáframlög, hvort heldur það væri til vegagerðar eða annars, þó að það þyki hið mesta hneyksli að taka þetta mál til umr.

En ég vil þá víkja að efnahagshlið þessa frv., og það er gott að hæstv. forsrh. er mættur hér, formaður stjórnarinnar sem ég vísa til ábyrgðar um það að eigi að semja lög um íslenska stafsetningu, eins og honum var falið í ályktun Alþ. frá 16. maí í fyrra, og bíð eftir þakklæti til okkar þm., sem fluttum þetta frv., fyrir að hafa tekið af ríkisstj. ómakið.

En ég vil þá víkja að efnahagsþætti þessa máls, því að það gengur best í þá sem hafa asklokið fyrir himin.

Það vill svo til að það prentaða mál, sem við nú höfum í landinu, er að talið er yfir 95% prentað á því ritmáli sem gilt hefur frá 1929 fram að því óreiðan hófst með auglýsingaherferð hæstv. fyrrv. menntmrh. Nú er það svo að ljósmyndatækni hefur fleygt svo fram að það að endurútgefa þessar bækur er talið aðeins brot af kostnaði við það sem væri að setja þær allar upp á nýtt, — aðeins brot af þeim kostnaði. Og nú er komið að því, þar sem mjög mikið af þessum bókum, bæði skáldritum og fræðibókum og öðru, hefur verið gefið út í mjög litlu upplagi sem að líkum lætur, þar sem þjóðin var miklu fámennari fyrir örfáum áratugum en hún er nú, að það þarf að fara að gefa það út upp á nýtt. Og nú athugi menn, þeir sem geyma ríkiskassann, að hér eru engar smáfúlgur á ferðinni sem þetta skiptir, og ljósmyndatæknin er orðin það fullkomin að á þessu er megin munur. Á þetta vildi ég benda, og nú kynnu kannske einhverjir að hrökkva við sem eins og ég segi hafa asklokið fyrir himin og vilja helst ekki um annað tala heldur en efnahagsmál og þykir það sérviska að menn hafi áhuga á einhverju öðru, leiðinleg sérviska.

Ég er tilbúinn til þess að styðja hæstv. menntmrh. til allra góðra hluta í þessu sambandi, og það er mjög mikill misskilningur ef hv. þm. Ingvar Gíslason heldur að ég ætli með einum eða neinum hætti að taka þátt í að knésetja þann mann. Það er alger misskilningur og algert klámhögg af hv. þm. að orða þetta svo.

Hann kemur ókunnugur frá útlöndum, hann hafði í vetur legið á þessu frv. löngum og ekki afgreitt það. Síðan brá hann sér af bæ og kemur svo ókunnugur málatilbúnaði nú og setur fram fullyrðingar sem eiga sér enga stoð.

Nei, Alþ. á ekki að fjalla um málið, er sagt. En þó er í till. hæstv. menntmrh. gert svo ráð fyrir að áður en nokkur breyting kemur til greina, þá eigi að afla sér heimildar hjá Alþ. í þál.-formi. Þetta er með nákvæmlega sama hætti, nema við höfum þá myndað festu í málinu í þessu atriði með því að hafa sett lögin.

Hvað á hv. þm. Svava Jakobsdóttir við með því þegar hún endar ræðu sína með því að segja að hún vilji vara menn við því að nota Alþ. sem persónulegt hagsmunatæki sitt? Hvernig útleggst þetta? Á þetta við mig í þessu máli? Nú er að fá svar við þessu. En hv. þm. hefur nú brugðið sér af bæ.

Ég fer nú að stytta mál mitt, en ég hlýt enn að vekja athygli á því og endurtek það að gefnu tilefni að tvívegis hefur Alþ. sjálft tekið af skarið í þessu máli. Það fer ekkert milli mála og það fer heldur ekkert milli mála hvað við var átt. Og af því að hv. þm. Svava Jakobsdóttir er mætt hér, þá vil ég, ef hún gæti gefið sér tíma til, biðja hana svo vel að gera að útleggja fyrir mig síðustu mgr. í hennar ræðu sem var svona: Ég vil vara hv. alþm. við því að nota Alþ. sem persónulegt hagsmunatæki sitt. — Sérstaklega vil ég fá að vita það í þessu máli. Getur hún kannske svarað því strax? (SvJ: Málvísindalega eða efnislega? Hvað meinti hv. þm.?) Efnislega? Persónulegt hagsmunatæki sitt, ég vil fá að vita hvað það þýðir í þessu máli. En ég var að ræða um það að tvívegis hefur Alþ. lýst yfir vilja sínum í þessu máli svo að ekkert verður um villst. Og ef á að fara að taka upp þá aðferð að virða að vettugi beinar ályktanir Alþ. og handhafar framkvæmdavaldsins ætla að leyfa sér það, þá gæti farið í verra, eins og menn hljóta að sjá af því að vantraust er t.d. ævinlega borið fram í þál.-formi, og ef vantraust yrði nú borið fram á stjórn, þá mundi það líklega þykja hart við að búa að handhafar framkvæmdavaldsins virtu það að vettugi. Og ég vil spyrja: Var kannske ekkert að marka þáltill., var það ekki að marka þegar hv. þing felldi hér þáltill. um vantraust á ríkisstj. á þessum vetri?

Hér eru tvær till., ályktanir Alþ., samþykktar, sem handhafar framkvæmdavaldsins hafa virt að vettugi. Slík brot á þingræðinu getur ekki gengið. Ég vona að menn átti sig á því áður en fer í verra. Nei, ég tek undir það, við skulum greiða atkv. um þetta og ræða það áfram, ef mönnum svo sýnist, um hábjartan dag. Það ætlar enginn að fara með veggjum í þessu máli, enginn aftan að neinum og engan á að knésetja. Það er aðeins beðið um það að Alþ. eða meiri hl. þess fái að ráða. Það var farið fram á það og ekki fleira.

Frsm. meiri hl. (Ellert B. Schram): Virðulegi forseti. Ég var búinn að gera grein fyrir áliti meiri hl. n., sem um þetta mál fjallaði, og hef í sjálfu sér engu þar við að bæta. En vegna ummæla hv. þm. Ingvars Gíslasonar tel ég mig knúinn til þess að koma hingað upp í ræðustólinn aftur og bera af meiri hl. nokkrar sakir.

Hv. þm. lét að því liggja að meiri hl. n. væri að beygja menntmrh. til undanhalds og lýsti því að hér væri um að ræða óeðlilegan og óviðurkvæmilegan hátt á afgreiðslu máls. Þessu vil ég algerlega vísa á bug, og mér kemur það á óvart að hv. þm., sem jafnframt er formaður menntmn., skuli taka svona til orða.

Hæstv. menntmrh. vissi um þann áhuga, þann ásetning meiri hl. n. í síðustu viku að afgreiða þetta mál, og hann vissi um fjarveru formanns n. Honum var kunnugt um að ég sem varaformaður mundi stýra þeim fundi og leiða umr. um þetta mál, og hann lét ekki í ljós við mig nein mótmæli við væntanlegri afgreiðslu málsins eða hafði efnislega við það að athuga að tekin yrði afstaða til þessa frv. í n. á umræddum fundi. Þessu vildi ég koma á framfæri, og vísa ég þessum ummælum á bug sem viðhöfð voru af hv. þm. Ingvari Gíslasyni varðandi störf og vinnubrögð meiri hl. nefndarinnar.

Ég vildi aðeins bæta því við, sem ég reyndar tók fram í framsögu minni, að það er mikill fjöldi íslendinga sem vildi ekki sætta sig við auglýsingu menntmrh. þar sem zetan var felld úr ritmáli og aðrar veigamiklar breytingar voru gerðar á notkun íslenskrar stafsetningar. Ég er í hópi þeirra manna sem vilja hafa z í íslensku ritmáli og vil leita ráða til þess að ná fram því sjónarmiði mínu. Það liggur fyrir að viljayfirlýsingar Alþ., sem lúta að sömu niðurstöðu og horfa í sömu átt, hafa verið virtar að vettugi. Og það liggur líka fyrir að frv. hæstv. ráðh., sem liggur fyrir þinginu, leysir ekki þennan vanda. Það kveður ekkert á um það hvort zetan skuli vera tekin upp aftur eða ekki. Ef við víkjum nú til hliðar því frv., sem hér er til umr., og tækjum fyrir og afgreiddum frv. hæstv. ráðh., þá stæðum við frammi fyrir sama vanda áfram. Það lægi ekki ljóst fyrir hver úrslit eða afstaða Alþ. eða stjórnvalda væri til þessa veigamikla atriðis, til grundvallarreglna í íslenskri stafsetningu. Ég hef því ekki séð neina aðra leið heldur en þá að fylgja frv. til l. frá sex þm. sem kveður á um að horfið sé til þeirrar stafsetningar sem gilti áður en auglýsing rn. var birt á sínum tíma. Af þeirri ástæðu hef ég skrifað undir og samþykkt það frv. sem hér liggur fyrir.

Frsm. minni hl. (Magnús T. Ólafsson): Hæstv. forseti. Það er annars leiðinlegt, finnst mér, hve jafnviðkunnanlegur maður á margan hátt og 3. þm. Austurl. getur verið fullyrðingasamur. Hann virðist tæpast geta sett fram það, sem hann vill koma að í þessum umr., án þess að taka í hverri grein eins stórt upp í sig og hann getur með nokkru móti ginið yfir. Ég hef hér á nokkrum blöðum ýmislegt af því sem hann vildi slá föstu í sínu ekki mjög langa máli og gæti talað langt mál þó ekki væri gripið nema á örfáum atriðum.

Hv. þm. lýsti yfir æ ofan í æ, og reyndar brá því líka fyrir í máli hv. 11. þm. Reykv., að í viðbrögðum við afgreiðslu á till. um z í ritmáli hefði, eins og hv. 3. þm. Austurl. komst að orði, „ályktun Alþingis verið forköstuð“, og hann sagði að Alþ. hefði „tekið af skarið svo að ekki verður um villst“. En hvernig var nú afgreiðslan á þessari margumræddu þáltill. um z í ritmáli? Á

fundi Sþ. mánudaginn 29. apríl 1974 kom þessi till. til atkv. Hún var þar samþ. með eins atkv. meiri hl., en meðal þeirra, sem hjá sátu, var til að mynda einn þáv. hv. þm. sem gerði grein fyrir atkv. sínu á þessa leið:

„Herra forseti. Ég tel fjarstæðu að gera mál eins og þetta að þingmáli, tel það alls ekki koma Alþ. við hvort ákveðið er að rita y eða z eða einfaldan eða tvöfaldan samhljóða í ritmáli.“

Sem sagt, afstaða þessa þáv. þm. var sú, að slíkt mál sem þáltill. hv. 3. þm. Austurl. um z í ritmáli ætti alls ekki að koma til kasta Alþ. Annað mál er að einhverjum hefði nú kannske fundist rökréttara af hálfu þess fyrrv. þm., sem þar átti hlut, að greiða þá atkv. gegn till. sem þá hefði verið fallin, hefði þessi mæti maður haft til að bera meiri rökhugsun í þetta skipti. Þetta get ég ómögulega túlkað sem eindreginn, ótvíræðan þingvilja sem skilyrðislaust beri að breyta eftir, alveg burt séð frá því hver hefð ríkir um það hverja skyldu einfaldar þál. leggja á ríkisstj. og einstaka ráðh.

Hv. 3. þm. Austurl. ræddi mjög um, að það gæti nú dregið dilk á eftir sér ef ekki væri farið að sínum vilja í þessu máli, og beindi einkum orðum sínum til forsrh. Það hefur komið fyrir áður að í skeleggu máli hv. 3. þm. Austurl. skýtur upp öngum af ýmsum innanflokksvandamálum Sjálfstfl., sem að jafnaði geymast þar í þingflokksherbergi, en hv. 3. þm. Austurl. virðist taka mjög nærri sér, bera með sér af slíkri tilfinningasemi að hann ræður ekki við sig þegar í þingsalinn kemur og tæpir á slíku hér í ræðustól með hálfkveðnum vísum. Ég veit ekki hvort hv. þm. er með því að æra upp sult í okkur öðrum þm. sem kannske vildum vita meira en hann lætur uppi hverju sinni eða hvort hann er á þennan hátt að ná sér niðri á flokkssystkinum sínum. Þó er síðari skýringin nær mínum huga, og minnist ég þá hvassra orða sem hv. þm. viðhafði við Sunnlendingagoða, hv. 1. þm. Suðurl., eftir tiltekna kosningu í þingflokki Sjálfstfl. í fyrravor. En hvað um það, þetta er nú útúrdúr.

En varðandi margítrekað umtal hv. þm. um vantraust, þá get ég ekki annað en bent honum á að á sínum tíma, þegar till. um z í ritmáli var til afgreiðslu, þá var mér í lófa lagið að lýsa yfir að ég tæki samþykkt hennar sem vantraust á mig að gera hana þar með að hápólitísku máli. Þetta gerði ég ekki vegna eðlis málsins. En hins vegar hv. 3. þm. Austurl. fer hamförum til þess að gera þetta áhugamál sitt að flokksmáli Sjálfstfl., en virðist að dæma eftir ræðu hans hér áðan ekki hafa haft erindi sem erfiði. Bágindi á því heimili snerta mig ekki mjög djúpt. En hver veit nema við getum haft hv. 3. þm. Austurl. veðurvita um ástandið þar innan stokks og utan stokks hér eftir sem hingað til?

Hv. 3. þm. Austurl. var að lýsa eftir því hvað menn ættu við með orðum sínum í þessum ræðustól. Mér er nú næst að spyrja: Hvað á hv. þm. við þegar hann talar um að það geti „farið í verra“. Hann viðhafði þessi orð ekki einu sinni, heldur oft og lagði á þau mikla áherslu. Er hann að tala um að teknar verði t. d. upp hólmgöngur? Eigum við hv. þm. að hittast með skammbyssur hér í alþingishússgarðinum einhvern daginn? Ætlar hann að skora mig á hólm? Eða ætlar hann að skora hæstv. forsrh. á hólm? Hverjum er hann að hóta? Hví þessa óskaplegu geðshræringu? Hefur eitthvað afskaplegt gerst í þingflokki Sjálfstfl., eitthvað sem kannske þyrfti að rannsaka? Þetta ætla ég nú að láta nægja að sinni um tóninn í máli hv. 3. þm. Austurl. En atriðin voru mörg í máli hans sem gefa tilefni til andsvara og leiðréttinga og nákvæmari frásagnar en hann temur sér þegar sá gállinn er á honum.

Til að mynda fór hann hér mörgum orðum — og beindi enn orðum sínum til hæstv. forsrh. — um það hvílíka fjárhagsþýðingu það hefði að láta standa núgildandi stafsetningarreglur, sagði alfarið að það útilokaði með öllu ljósprentun á merkum fræðiritum sem því miður voru gefin út í litlum upplögum í öndverðu og hafa verið ófáanleg, en menn vildu gjarnan sjá á bókamarkaði á ný. Um þetta er fjallað í grg. með frv. á þskj. 140. En það er bara ekki heil brú í þeirri röksemdafærslu. Það hafa fleiri þjóðir en íslendingar breytt ákveðnum stafsetningaratriðum. Það hafa danir gert, gerðu það upp úr 1950, ef ég man rétt. Það gerðu svíar, ég held nokkru fyrr. Síðan eru liðnir áratugir, ef þessi ártöl eru rétt munuð hjá mér. Enn í dag eru vel metnir bókaútgefendur með þessum þjóðum að gefa út ljósprentuð fræðirit sem komu á prent löngu áður en stafsetningarbreytingarnar áttu sér stað, algerlega án þess að láta setja þau upp og færa til núgildandi stafsetningar. Þau eru bara ljósprentuð eins og þau komu fyrir, til að mynda ekki minna grundvallarfræðirit um dönsk málvísindi heldur en Ordbog over det danske sprog eftir Dahlerup, og einhver annar kom þar við sögu, en Dahlerup er aðalhöfundur. Þetta verk er, ef ég man rétt, í 28 bindum. Þetta er sú ítarlega danska orðabók sem danir telja að muni endast sér enn um áratugi. Hún var þrotin og hún var ljósprentuð, og ekki var stafsetningarbreytingin þar til neins trafala. Þess vegna er þetta algerlega tilbúin tylliástæða, að ljósprentun fræðirita og hvaða rita sem er sé útilokuð nema að færa þar hvern stafkrók til þeirrar stafsetningar sem gildir þegar ljósprentun á sér stað. Einu ritin, sem þetta gildir um, eru skólabækur, vegna þess að sú auglýsing, sem ég undirritaði á sínum tíma um z, fjallar ekki um það að óheimilt sé að z sjáist á prenti í íslensku máli þó að einstakir menn hafi haft tilhneigingu til að túlka hana þannig. Hún fjallaði um það að z skyldi ekki lengur kennd í skyldunámsskólum né skólabækur í þeim skólum prentaðar á þeirri stafsetningu. Þetta er nú svo til allt gildissviðið. Það er ekki verið að torvelda eðlilega bókaútgáfu með þessu. En í grg. með frv. á þskj. 140 er gerður úlfaldi úr þessari mýflugu, talað um gífurlegan aukakostnað sem hljótist af slíkri stafsetningarbreytingu. Og hv. 3. þm. Austurl. kemur hér og gerir úr þessum úlfalda a. m. k. fíl, ef ekki hval. Svona röksemdafærsla er alls ekki samboðin hv. þm.

Sömuleiðis er það hreinn tilbúningur að í stafsetningu ríki einhver glundroði og skólamenn viti ekki í hvern fótinn þeir eigi að stíga, móðurmálskennarar viti ekki hvað þeir eigi að kenna. Þetta er alger tilbúningur. Kennarasamtökin urðu

einmitt fyrst til að mótmæla því að nokkur breyting yrði gerð í skyndi á þeim stafsetningarreglum sem á sínum tíma voru settar með minni undirskrift. Ef einhver glundroði hefur skapast, ef einhver óvissa er ríkjandi, þá stafar hún af því að þetta mál, sem borið er nú fram á þskj. 140, hefur verið sótt af offorsi, af ofurkappi, án þess að sjást fyrir í nokkru, án þess að flm. leiði hugann að því hverjar afleiðingarnar yrðu þegar til lengdar léti ef farið væri að vilja þeirra, alveg eins og fram kom í fyrstu orðunum sem hv. 3. þm. Austurl. mælti í þessum ræðustól hér áðan. Hann sló því nefnilega fram að fyrst gerði hann kröfu til þess að hafa sitt mál fram, svo væri hann til umr. um hvaða starfsreglur skyldi setja við meðferð stafsetningarmála. Fyrst yrði „undirstaðan réttleg að vera fundin", eins og hv. þm. komst að orði. Þetta er að hafa alger hausavíxl á hlutunum. Undirstaðan er starfsaðferðin, síðan kemur framkvæmdin. Og þessi sami misskilningur kom í rauninni fram hjá hv. 11. þm. Reykv., frsm. meiri hl. menntmn. Hann sagði í sinni síðari ræðu að meiri hl. teldi að frv. á þskj. 140 ætti að hafa forgang, því að ef frv. menntmrh. yrði að lögum, þá sæju þeir, sem vildu að z yrði aftur tekin upp í stafsetningu, enga leið til að koma fram því máli sínu. Þetta er ekki bara misskilningur, þetta stappar nærri blindu, því að frv. hæstv. menntmrh. gerir einmitt ráð fyrir því að um nýjar stafsetningarreglur, breytingu á stafsetningu, þurfi Alþ. að fjalla í formi þál. Ég tel mér um það kunnugt að hæstv. menntmrh. hafi hug á því að taka einhver stafsetningaratriði til athugunar og þá yrði með þau farið eftir þeim reglum sem frv. hans gerir ráð fyrir yrði það að lögum. Sé nú meiri hl. stuðningsmanna frv. á þskj. 140 á Alþ. jafnótvíræður og þeir vilja vera láta, liggur þá ekki í augum uppi að til þess að koma fram reglum, sem hæstv. menntmrh. vildi setja á ný, eða breytingum, sem hann vildi gera, þá yrði hann til þess að fá samþykki Alþ. að láta fylgja þeim breytingum á þessu atriði sem fullyrt er að yfirgnæfandi meiri hl. Alþ. vilji fá fram fyrir hvern mun? Ef fylgið við mál flm. frv. á þskj. 140 er jafnmikið og eindregið og þeir halda fram, þá er þeirra hlutur jafnvel tryggður þótt frv. menntmrh. verði gert að lögum og eftir því farið. En þá er girt fyrir það að Alþ. verði að vettvangi átaka um einstök stafsetningaratriði æ ofan í æ eftir því hver vilji þm. er hverju sinni. Þess vegna skil ég ekki hvers vegna hv. þm., sem meiri hl. skipa, gátu ekki sameinast okkur í minni hl. um það að mæla með samþykkt frv. hæstv. menntmrh. Sé þeirra fylgi jafneindregið og þeir halda fram, þá er þeirra hlutur jafnt tryggður, aðeins mundi líða heldur lengri tími þangað til hann yrði að veruleika. Ég vil biðja hv. þm. að hugleiða þetta og hvort þeir komist ekki að þeirri niðurstöðu við nánari athugun að þetta sé rétt mat.

Það er af svo miklu að taka í máli þessara hv. þm. beggja, 11. þm. Reykv. og 3. þm. Austurl., sem svara væri vert að þar verður að velja og hafna. En í framhaldi af því, sem ég sagði síðast, þá vil ég brýna það fyrir hv. þm. að þegar þeir tala um að taka af allan vafa nú með því að samþykkja frv. á þskj. 140 eru þeir síður en svo að ráða málinu til lykta í eitt skipti fyrir öll, því að ef sú starfsaðferð er viðhöfð sem þar er gerð till um, þá getur hvaða þm. sem er tekið hvaða stafsetningaratriði sem honum sýnist upp þegar á næsta þingi í formi lagafrv., og svona getur þetta gengið koll af kolli. Þeir stefna í ófæru í stafsetningarmálum með starfsaðferðinni sem þeir vilja viðhafa. Það er mergurinn málsins.

Þegar hv. 3. þm. Austurl. og ekki í fyrsta skipti tekur að vitna í nafnalistann, sem fylgir frv. á þskj. 140, og spyr þá sem á öðru máli eru: Hvar er ykkar nafnalisti? Því hafið þið ekki safnað undirskriftum? — þá er því fyrst til að svara, að sem betur fer, vil ég segja, hefur það verið starfsaðferð sómakærra alþm. hingað til að sækja mál sitt og verja hér í þingsölum fyrir þm., en ekki hlaupa af hverju tilefni út um borg og bý að safna undirskriftum undir eitthvað sem þá langar til að taka upp á þingi. En það hafa svo sem fleiri látið til sín heyra en þessir hundraðmenningar og það fólk sem ég tel síst hafa minni dómgreind til að bera um þetta efni. Ég gæti lesið lengi nætur ef ég færi að kemba rækilega úrklippusafn mitt. En ég ætla aðeins að grípa niður á einstökum atriðum.

Ég minni t.d. á grein úr sjálfu Morgunblaðinu, málgagni beggja hv. þm., 11. þm. Reykv. og 3. þm. Austurl., þar sem svo segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ekki er ýkjalangt síðan tekið var að líta á íslenska málfræði sem mikils háttar náms- og fræðigrein. Það var ekki fyrr en á seinni hluta 19. aldar og fyrri hluta þessarar að henni var skipað til öndvegis í skólum landsins. Fullnaðarsigur þessarar stefnu var stafsetningin sem 33 þm. vilja nú að haldist óbreytt og ekki síður, vel að merkja, greinarmerkjasetning sú, sem jafnan hefur fylgt henni þótt reglugerð um hana væri víst aldrei gefin út. Nefnd sú, sem nýverið varpaði z fyrir borð og breytti reglunum um stóran og lítinn staf, gerði raunar meira, miklu meira, því að hún kollvarpaði gersamlega þessum hefðbundnu setningarfræðilegu greinarmerkjum og setti nýjar reglur þar um. Virðist bylting sú hafa farið fram hjá hv. þm. og mega það undur heita, því að hún er mun róttækari en þær lítilfjörlegu breytingar sem n. gerði á stafsetningunni."

„Það á ekki að hringla með stafsetninguna, segja menn," segir Erlendur Jónsson enn fremur í Morgunblaðinu, „og undir það geta víst flestir tekið. Löggjafinn skyldi þá líka minnast þess að lög og reglur eru lítils virði ef þeim er ekki hlýtt, og hvaða reglur hafa verið þverbrotnar hér jafngengdarlaust síðustu áratugina og stafsetningarreglurnar? Örugglega engar. Vísvitandi brotnar, á ég þá auðvitað við, um hitt tala ég nú ekki. Z hefur í reynd verið lítið meira en skólabókalærdómur og þó jafnvel hornreka sem slík, þar sem börn voru ekki látin læra hana fyrr en eftir fermingu.

Eftir að reglugerðin var gefin út um niðurfellingu z og breyttar reglur um stóran og lítinn staf ásamt gerbreyttum greinarmerkjareglum munu flestir hafa álitið að ekki yrði hróflað meir við íslenskri stafsetningu í bráð, og í þeirri trú hafa vafalaust margir hafist handa við samningu nýrra kennslubóka og breytingu gamalla í

samræmi við hinar nýju reglur. Á nú að stöðva allt það verk og láta höfunda og bókagerðarmenn standa á hemlum á gulu ljósi og bíða eilífðarnóns eftir allsendis óvissum niðurstöðum, sem síðar kunna að verða ómerktar?"

Þetta segir Erlendur Jónsson í Morgunblaðinu. Ég gæti einnig vitnað í það sama blað um skoðanir til að mynda Jóns úr Vör sem hann hefur sett þar fram. Ég gæti vitnað í Þjóðviljann, t. d. það sem dr. Jakob Benediktsson, ritstjóri Orðabókar háskólans, hefur að segja. Ég tel hann vita síst minna um efnið en hvern þeirra hundraðmenninga sem hv. 3. þm. Austurl. vill leiða fram til vitnis hér. En ég er hér ekki til þess að halda uppi málþófi. Ég hef reynt að flytja rök fyrir því að sú stefna, sem við í minni hl. menntmn. setjum fram í nál. okkar, er öllum fyrir bestu. Hún er, ef menn fást til að líta fram fyrir líðandi stund, heilladrýgri heldur en að taka upp stefnu sem gerir hvaða stafsetningaratriði sem vera skal að rifrildisefni um ófyrirsjáanlega framtíð.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Það er einvörðungu í tilefni af orðum sem hv. formaður menntmn. Nd., hv. þm. Ingvar Gíslason, lét falla í ræðu sinni sem ég tel rétt að ég segi örfá orð. Hann sagði að áhugi okkar flm. þessa frv. og fylgismanna þess standi í sambandi við það sem hann kallaði löngun okkar til þess að knésetja hæstv. menntmrh. og þá væntanlega að við bærum til hans vantraust. Þessari staðhæfingu vil ég ekki láta ómótmælt, ekki síst vegna þess að ég er formaður stjórnarandstöðuflokks, en þeir tveir þm., sem talað hafa með málinu, eru báðir í stuðningsflokki hæstv. ríkisstj. Samnleikurinn er auðvitað sá að hér er um algerlega ópólitískt mál að ræða.

Mergur málsins er að mínu viti sá sem hv. 3. þm. Austurl., Sverrir Hermannsson, lagði megináherslu á í ræðu sinni áðan, að Alþ. hefur þegar látið í ljós ótvíræðan meirihlutavilja í þessu máli með samþykkt till. til þál. á þinginu 1974—1975, þ. e. a. s. í fyrra, en þá ályktaði Alþ. að fela ríkisstj. að undirbúa löggjöf um íslenska stafsetningu. Þetta var alveg undir þinglokin. Og í kjölfar þessarar ályktunar létu 33 þm. það skriflega í ljós við hæstv. menntmrh. — og þeir hefðu getað verið fleiri, það vitum við allir — að þeir væru fylgjandi því að hin gamla stafsetning yrði tekin upp aftur þegar á næsta hausti, þ. e. a. s. við endurprentun þeirra skólabóka sem á s. l. sumri lá fyrir að endurprenta. Hæstv. menntmrh. hefur því vitað og veit áreiðanlega enn að það er greinilegur meiri hl., verulegur meiri hl. fyrir því á Alþ. að breyta þeirri ákvörðun sem fyrrv. menntmrh. tók þegar hann breytti þeim reglum um stafsetningu sem gilt höfðu í fjóra áratugi.

Hversu fjarri því fer að í þessari skriflegu áskorun hinna 33 felist tilraun til þess að knésetja hæstv. menntmrh. eða lýsa að einu eða neinu leyti vantrausti á honum í þessu sambandi, hversu víðs fjarri því fer má m. a. sjá af því að einn hinna 33, sem skrifuðu undir þetta skjal og lýsir sig þar með fylgjandi því að tekin verði aftur upp hin gamla stafsetning sem gilt hafði síðan 1929, er starfsbróðir minn í hans eigin flokki, þ. e. a. s. formaður þingflokks Framsfl., Þórarinn Þórarinsson. Má geta nærri hvort formaður þingflokks Framsfl., jafngrandvar og reyndur maður og hann er, sé að gera nokkra tilraun til þess með því að lýsa skoðun sinni á þessu máli að knésetja sinn ágæta menntmrh.

Ég vildi sem formaður stjórnarandstöðuflokks aðeins láta það í ljós að ég lít svo á að hér sé um algerlega ópólitískt mál að ræða og ekki eigi að blanda trausti eða vantrausti á hvorki einstökum ráðh. né ríkisstj. í heild inn í þetta mál. Menn hafa skiptar skoðanir um þetta alveg án tillits til stjórnmálaskoðana. Mergurinn málsins er sá, að ég tel það eðlilegt að Alþ. láti í ljós vilja sinn í þessu máli með afstöðu sinni til þess frv. sem um það hefur verið flutt, fyrst það tafðist hjá hæstv. menntmrh. að verða við þeirri áskorun, sem samþ. var á s. l. vori, að láta undirbúa frv. um íslenska stafsetningu sem þá átti auðvitað að vera í samræmi við hina gömlu stafsetningu, vegna þess að það var augljós og vitanlegur vilji meiri hl. þm. að svo skyldi gert.

Ég endurtek svo það sem hv. 3. þm. Austurl. sagði í ræðu sinni, undirstrika það frekar: Það eina, sem fyrir okkur vakir í málinu, er að eðlilegur þingvilji fái að njóta sín í þessu máli eins og hann á að fá að njóta sín í öllum málum.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð. — Út af ummælum, sem hér hafa fallið, vil ég undirstrika það að ég hef að sjálfsögðu engan áhuga á því að setja fót fyrir að meiri hl. Alþ. komi fram vilja sínum, eins og einhver orðaði hér, þvert á móti. Þetta er auðvitað alveg ópólitískt mál, og setjum svo að Alþ. samþykki það frv. sem hér er til umr. og setji lög, þá að sjálfsögðu verður þeim framfylgt. En hitt er svo annað mál, og því aðeins lagði ég fram það frv. sem ég hef hér flutt, að ég tel það skynsamlegri leið að meðhöndla málið á þann hátt, sem það frv. gerir ráð fyrir, heldur en á þennan hátt, að Alþ. sjálft setji stafsetningarreglurnar.

Mér þykir rétt að láta það koma fram hér að ég var andvígur þeim breytingum sem gerðar voru á íslenskri stafsetningu 1973 og 1974, a. m. k. í mjög veigamiklum atriðum. Vegna mikillar íhaldssemi að þessu leyti taldi ég rangt að gera nokkrar breytingar á stafsetningunni þá. Ég var þó mismunandi mikið andvígur hinum einstöku atriðum. Og ég get alveg sagt það að ég græt með glotti þó að horfið yrði frá þessum breytingum í veigamiklum atriðum. En hins vegar var ég ákaflega veikur fyrir röksemdum hv. þm. Gils Guðmundssonar þegar hann gerði grein fyrir atkv. sínu við meðferð þáltill. í Sþ. 1974. Hann benti á að allir menn gætu lifað án botnlanga. Það vefðist fyrir mönnum eigi að síður hvenær skyldi taka hann, en engum dytti í hug að græða hann í aftur eftir að hann hefði verið numinn brott. Ég tel þessar ábendingar pottþéttar nánast, og ég mundi telja það miður farið að taka á ný til við það að rita z. En ég verð að segja það, að ég gæti þó fremur fellt mig við það ef notkun hennar væri takmörkuð t. d. við stofn orða, orða af útlendum uppruna o. s. frv.

Af þessu, sem ég nú síðast hef sagt, leiðir það að sjálfsögðu að ef mitt frv. yrði samþ.,

þá mundi ég beita mér fyrir því að stafsetningin yrði tekin til athugunar.

Sem sagt, varðandi afgreiðslu þessara tveggja frv. um íslenska stafsetningu sem nú liggja fyrir þessari hv. d., þá vil ég bara segja þetta, án þess að fara út í nokkurn málfræðilegan rökstuðning eða tefja þessa umr. svo sem nokkuð: Í fyrsta lagi það, að ég er andvígur því að Alþingi setji reglur um íslenska stafsetningu í einstökum atriðum. Ég hef fært — og fleiri raunar, og seinast hér hafa menn fært fram sín rök fyrir þessari skoðun, og ég skal ekki fara út í að endurtaka það. En hins vegar tel ég eðlilegt að Alþ. setji nú, þótt það hafi ekki áður verið gert, löggjöf um meðferð stafsetningarmálanna, sbr. það frv. mitt sem hér liggur fyrir, þótt það hafi ekki verið afgreitt úr nefnd.

Ég stakk upp á því í vetur að þingflokkarnir tilnefndu menn, einn frá hverjum, til þess að ræða þetta mál og athuga hvort menn gætu ekki fundið sameiginlega niðurstöðu. Við héldum einn fund, og þótt það færi vel á með mönnum, þá var það mitt mat eftir þann fund að það væri ljóst að sumir og þá fyrst og fremst stuðningsmenn og flm. þessa frv., sem hér er til umr., væru ekki til viðtals um afgreiðslu á frv. mínu fyrr en gengið hefði verið til úrslita um það frv. sem hér er til umræðu. Af þessu leiddi svo það að ég beitti mér ekki fyrir fleiri viðræðufundum með þessari nefnd.

Ég vil aðeins rifja það upp, sem öllum hv. dm. er ljóst, að till. mín í þessu máli felast í því frv. sem ég hef flutt og eru í stuttu máli þessar: Að um breytingar á íslenskri stafsetningu sé í fyrsta lagi fjallað af málvísindamönnum og kennurum, það er auðvitað allt til skoðunar hvernig þau ákvæði endanlega yrðu í löggjöf. Í öðru lagi kæmi málið síðan fyrir menntmrn. og svo menntmrh. sem svo í þriðja lagi yrði að leita heimildar Alþingis fyrir hverri breytingu sem gera skyldi. Í mínum huga eru tvenn rök einkum fyrir þessu síðast nefnda: Annars vegar íhaldssemi mín í þessum efnum. Ég álít að við eigum að vera afar íhaldssamir um breytingar á okkar stafsetningu og breyta henni ekki nema að mjög vel athuguðu máli og eftir nokkuð almenna umr. um málið. En það einmitt tryggir að slík umr. fari fram, að sett eru skilyrði um að málið sé gert að þingmáli, lagt fyrir Alþ. áður en af breytingum verður.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta við þessa umr. Mín till. er einfaldlega sú og mín ósk í þessu máli að frv. mitt verði afgreitt, e. t. v. með breytingum. Það er mér t. d. ekkert fast í hendi þó að menn kynnu að breyta þar ýmsum atriðum, eins og ég t. d. drap á áðan varðandi nefndarskipunina. Og ég get sagt það, að bæði vegna hinnar miklu óánægju, sem virðist vera með breytingarnar frá 1973 og 1974, og svo einnig vegna eigin skoðana minna á þeim breytingum, þá mundi ég taka málið upp og beita mér fyrir því, að það yrði unnið efnislega á næstu mánuðum, og stefna að því að breytingar eða niðurstöður af þeirri vinnu yrðu lagðar fyrir næsta Alþingi. Þannig mundi ég haga *mínum* aðgerðum ef mitt frv. næði hér fram að ganga.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Skipan sóknarnefnda og héraðsnefnda, frv. (þskj. 610). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 88. fundur.

Þriðjudaginn 11. maí, kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég get með glöðu geði orðið við þeim tilmælum að orðlengja ekki þessa framsöguræðu mína því það er ástæðulaust.

Ég kveð mér hér hljóðs til þess að inna eftir viðbrögðum hæstv. ríkisstj. við síðustu atburðum á miðunum fyrir Austurlandi. Svo sem hv. þm. er öllum kunnugt, þá hófu bresku herskipin að nýju ásiglingar á íslensku varðskipin eystra af meiri hörku og tillitsleysi en nokkru sinni áður nokkrum klukkustundum eftir að breska stjórnin hafði tilkynnt að fjölgað yrði herskipum á Íslandsmiðum og nokkrum klukkustundum áður en birtur var samræmdur texti síðasta fundar Hafréttarráðstefnunnar um 200 sjómílna auðlindalögsögu, þar sem tekinn er af allur vafi um það að íslendingar skuli sitja einir að fiskimiðum sínum og vafinn tekinn af um þetta atriði svo skýlaust að jafnvel Evensen, fiskimálaráðherra Noregs, sem hefur þótt heldur hægfara og varfærinn í þessum málum, lýkur nú upp sínum munni um það að hér með séu 200 sjómílurnar orðnar að þjóðarétti.

Ég get ekki frætt hv. alþm. um það sem á miðunum skeði þarna eystra á föstudaginn umfram það sem fram hefur komið í fjölmiðlum, en ummerkin geta menn séð eða hluta af þeim í austurhöfninni hérna í Reykjavík.

Og því kveð ég mér nú hér hljóðs utan dagskrár að frá ríkisstj. hefur það eitt komið fram varðandi atburðinn þarna eystra sem marktækt er sem lesa má í ritstjórnargrein Morgunblaðsins, málgagns forsrh., á laugardaginn, þar sem raunar segir berum orðum í ritstjórnargreininni að sú ályktun, sem hægt sé að draga af atburðunum þarna eystra, sé að skynsamlegasta leiðin sé friðsamleg lausn til skamms tíma. Ályktunin, sem er dregin af því sem skeði á miðunum fyrir Austurlandi, er sú, að nú eigi að semja við breta. Ef Alþ. á ekki heimtingu á því að ríkisstj. láti í té nánari útleggingu á þessari yfirlýsingu sinni, þá held ég að það mætti a. m. k. orða það þannig að æskilegt væri að hv. Alþ. fengi nánari skýringu, ekki síst vegna þess að þessi yfirlýsing er í grundvallaratriðum í samræmi við margyfirlýsta stefnu hæstv. forsrh. í deilu okkar við breta, því viðbrögð hans hafa æ verið þau, er bretar hafa hert hernaðaraðgerðir sínar á miðunum, að hann hefur þá látið málgagn sitt svara með kröfu inn á við um samninga við þá. Af hálfu okkar alþb.-manna hefur því verið haldið fram að slík viðbrögð við hertum hernaðaraðgerðum af hálfu breta væru til þess fallin að eggja þá til frekari aðgerða þessarar tegundar á miðunum. Fyrst

þeir fá rétta svörun við einni ofbeldisaðgerð, þá reikna þeir með enn þá betri svörun við þeirri næstu og enn þá harðari.

Af hálfu okkar er talin fullkomin ástæða til þess að krefjast ljósra svara um raunverulegar fyrirætlanir ríkisstj. í landhelgismálinu eins og nú er komið.

Formaður Framsfl., hæstv. dómsmrh., hefur nýlega kveðið fastar að orði en áður og það á miðstjórnarfundi í Framsfl. um þá skoðun sína að Ísland eigi tæpast samleið með Atlantshafsbandalaginu eins og nú sé komið, að tæpast sé við hæfi að íslendingar láti her NATO sitja hér í landi, og kveðið mjög, að ég segi ekki fast beinlínis, en þó ljósum orðum um þá framkomu bandaríkjamanna, meintra verndara okkar, að synja okkur nú um gæsluskip sem við þurfum á að halda á miðunum.

Nú er fram undan utanríkisráðherrafundur Atlantshafsbandalagsins í Osló, og ein af hliðarspurningunum í tengslum við þetta mál, sem æskilegt væri að fá nú svar við, er þessi: Ætlar utanrrh. okkar að sitja þennan ráðherrafund NATO við hliðina á breska utanrrh. eftir það sem á undan er gengið? Hvað þarf að ske hérna á miðunum, fyrir hvaða skakkaföllum þurfum við að verða, fyrir hvaða tjóni þurfum við að verða af hálfu herskipa Atlantshafsbandalagsins til þess að hæstv. ríkisstj. þyki ekki lengur við hæfi, til þess að hæstv. ráðh. ríkisstj. verði sammála um að það sé ekki lengur við hæfi að við eflum þetta sama hernaðarbandalag? Í hvaða nauð þurfum við að komast til þess að hæstv. ríkisstj. álykti sem svo að það sé óhæfilegt að við höfum her frá Atlantshafsbandalaginu sitjandi á Miðnesheiði, veitum Atlantshafsbandalaginu stoð með þeim hætti til þess að níðast á okkur.

Til þess að spara tíma, vegna þess að ég geri ráð fyrir að eftir því kynni að verða innt, þá vil ég nú þegar vekja athygli á því að af hálfu Alþb. er þess krafist að við lýsum nú yfir því, að ríkisstj. lýsi nú yfir því að við munum segja okkur úr Atlantshafsbandalaginu, að amerísk herinn eigi að víkja af landi okkar og auknum hernaðaraðgerðum breta á miðunum okkar verði svarað með því að setja fleiri pólska skuttogara til gæslunnar.

En sem sagt, ég óska þess að forsrh. segi okkur frá því, af því að nú hefur gefist sannarlega tóm til að fjalla um þetta mál í ríkisstj., sökum þess að fyrir skemmstu hafði verið lýst yfir því að ríkisstj. hefði öll þessi mál til athugunar vegna þess að ýmislegt væri nú fyrirsjáanlegt í landhelgismálinu, þá óska ég eftir því að hæstv. forsrh. segi okkur frá því hvað ríkisstj. hefur nú ákveðið í þessum málum.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Fyrir síðustu helgi keyrði um þverbak þeim svívirðilegu árásum bresku herskipanna á varðskip okkar og má kraftaverk heita að ekki varð af stórslys. Ég tel að viðbrögð hæstv. ríkisstj. við þessum atburðum hafi verið svo lítil að það verði að ámælis hér á Alþingi.

Mér virðist að ýmislegt hafi gerst núna allra síðustu vikur sem styrki mjög allan málflutning okkar.

Í fyrsta lagi voru þessar síðustu árásir alveg sérlega harðar og hljóta að virðast öllum þeim, sem sjá tilgangsleysi þeirra, sem furðulegt ráðleysisflan af bresku ríkisstj.

Í öðru lagi var Hafréttarráðstefnan að ljúka fundi í New York þar sem gengið var frá nýjum texta og að því er virðist algjörlega óumdeilt að 200 mílna útfærsla verði ekki vefengd sem alþjóðlega heimil ráðstöfun, og meira að segja forseti ráðstefnunnar á að hafa sagt að útfærsla t. d. Bandaríkjanna hafi greitt mjög fyrir þróun þessa máls.

Í þriðja lagi hafa bretar sýnt friðunarsvæðum okkar meiri fyrirlitningu heldur en áður.

Í fjórða lagi er nú orðið ljóst að þeir hafa haldið úti fjölda togara, sem annars hefði verið lagt, og eru sýnilega að reyna að sanna fyrir sjálfum sér og öðrum að þeir hafi stundað hér veiðar með meiri togaraflota heldur en raun undanfarinna ára hefur sýnt okkur, og geta menn giskað á hvað þeir ætla sér að hafa út úr því.

Í fimmta og síðasta lagi er meginvertíð lokið hér á Íslandi. Við vitum hvernig hún fór, og við vitum líka að allar horfur eru á því að um mitt ár verði búið að veiða allan þann þorsk sem fiskifræðingar geta framast talið öruggt að veiða ef stofninn á ekki að bíða alvarlegt tjón. Það er því ljósara en nokkru sinni að breski togaraflotinn undir vernd breska flotans verður hér fram í fullkominni andstöðu við friðunarsjónarmið og með fullkomnu tillitsleysi til örlaga þorskstofnsins, þó að allir viti að afkoma okkar um ófyrirsjáanlega framtíð er tengd þessum stofni.

Allt eru þetta rök sem við þekkjum, en hafa styrkst við þá atburði sem ég hef nefnt, og væri því ástæða til að nota hvert tækifæri og hvert tilefni til að koma þeim á framfæri.

Ég skil ekki hvers vegna sendiherra okkar með sitt starfslið í New York hefur ekki fengið fyrirmæli um að krefjast fundar í Öryggisráðinu. Og ég skil ekki hvers vegna sendiherra okkar með starfslið sitt í Brüssel hefur ekki fengið fyrirmæli um að óska eftir fundi í NATO-ráði. Við erum að vísu langþreytt vegna þess hve lítinn árangur þessar stofnanir hafa getað veitt okkur og okkar málstað hingað til. En þær eru einu sinni ekki sterkari en þetta, og dropinn holar steininn í þessum málum. Þess vegna tel ég að við megum ekki sleppa tækifærum eins og þessum, sérstaklega þegar þau kosta okkur nálega ekki neitt.

Að lokum er fram undan utanríkisráðherrafundur Atlantshafsbandalagsins í Osló, og ég er þeirrar skoðunar að utanrrh. Íslands eigi ekki að sækja þennan fund, heldur senda orðsendingu sem aðalritari getur lesið þessum fundi þar sem við drögum mynd eitthvað líka því sem ég hef verið að tala hér um. Ég er sannfærður um það, eins og lítur út í dag, að það mundi vera mun áhrifaríkara ef ráðh. kæmi ekki til fundarins, heldur en hitt, þó að hann sæti þar inni á lokuðum fundi og héldi þar ræðu yfir starfsbræðrum sínum. Ég minnist þess að í fyrsta þorskastríðinu átti Atlantshafsbandalagið 10 ára afmæli og hélt mikla afmælisráðstefnu í London. Alþm. áttu að vera uppistaðan í sendinefnd Íslands á þeirri ráðstefnu, en

þeir neituðu að fara og það kom sýnilega við þá sem stóðu að ráðstefnunni. Það vakti sýnilega miklu meiri athygli heldur en nokkur málflutningur hefði getað vakið.

Að lokum stenst ég ekki freistinguna að endurtaka eitt atriði sem ég nefndi í umr. um utanríkismál nú nýlega. Það er hugmynd sem ég sá í blaði norðan af Akureyri um að við sýnum sjómönnum Landhelgisgæslunnar einhverja sérstaka virðingu sem öðrum landsmönnum hefur ekki verið sýnd og mun ekki verða sýnd. Ég tel að forseti Íslands ætti að gefa út sérstakan flokk af afreksmerki íslenska lýðveldisins sem var samkvæmt forsetabréfi frá 1950 til þess að verðlauna þá sem bjarga mannslífum. Ég tel að starf Landhelgisgæslu-sjómannanna sé fyllilega sambærilegt við það og þeir einir eigi að fá merki þessa flokks. Ég bið hæstv. ríkisstj. um að íhuga þetta og ræða það, hvort hún vill ekki ráðleggja forseta Íslands að gera þetta.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Það er svo sannarlega ekki oft sem ég stend hér upp utan dagskrár og hef raunar aldrei beðið um orðið utan dagskrár fyrstur manna hér á hinu háa Alþ. síðan ég tók hér sæti fyrir nokkrum árum.

En atburðir undanfarinna daga hafa verið svo alvarlegir í mínum augum að mér finnst útilokað annað en þjóðin fái að heyra eitthvað frá hinu háa Alþ., heyra einhver viðbrögð frá þessari stofnun, ekki síst vegna þess að frá hæstv. ríkisstj. sem heild hefur ekkert verið sagt um þetta mál annað en það, að við höfum sent skrifleg mótmæli og höfum jafnvel í hyggju að mótmæla við Öryggisráðið og eitthvað slíkt, eins og við höfum oft beitt, en með engum árangri.

Ég vil í upphafi geta þess að ég hef raunar ekki búist við að þessu sinni bitastæðum svörum frá hæstv. ríkisstj. fremur en endranær. Þar hafa svörin jafnan verið á eina lund. Þar hefur verið talað um að við ættum að sýna stillingu, við ættum að leita eftir samúð frá erlendum vinaþjóðum okkar og eins og ég sagði áðan, senda skrifleg mótmæli og allt í þeim dúr, sem hefur ekki verið til neins, raunar ekki til neins annars en styrkja breta í þeirri trú að hér sitji stjórn að völdum sem geti látið bjóða sér allt. Ég veit að þetta eru hörð orð, en ég tel að reynslan frá því að svokallað þorskastríð hófst hafi sýnt það og þess vegna sé alveg óhætt að halda því fram. Auk þess sem maður býst ekki við allt of mörgum svörum og þaðan af síður greinagóðum frá hæstv. ríkisstj. eða einstökum ráðh., þá hafa yfirlýsingar ráðh. ekki reynst svo ábyggilegar sem maður hefði mátt búast við. Ég hélt að ætti að vera hægt að treysta þeim til fullnustu í sambandi við þessa hluti. Er þess skemmst að minnast þegar rætt var um að gera samninga við vestur-þjóðverja hér í haust, þá lýstu ráðh., hæstv. ráðh. í ríkisstj. nokkrir yfir því, að ekki kæmi til greina að semja við vestur-þjóðverja nema bókun 6 tæki gildi, og eins og kunnugt er var þá vikið frá því skilyrði. Yfirlýsingarnar héldu ekki. Hins vegar skyldi gefinn 5 mánaða frestur, og treystu þá allir því að eftir þennan óhæfilega frest yrði þó alla vega staðið við það að væri ekki bókun 6 komin til framkvæmda eftir 5 mánuði, þá yrði samningnum frestað. Þær yfirlýsingar, sem gefnar voru í þessu máli, hafa ekki heldur staðist.

Það alvarlegasta í málsmeðferðinni varðandi landhelgina er að mínum dómi það að við íslendingar, sem eigum mest undir því, við höfum aldrei tekið frumkvæðið á neinu stigi málsins. Allir okkar leikir í þessum efnum hafa verið þannig að þeir hafa verið eða áttu að vera svör við þeim aðgerðum sem andstæðingarnir hafa gert í málinu, en svörin hafa öll verið með þeim hætti að þeir leikir okkar hafa nánast verið eins konar biðleikir, en aldrei verið í þeim dúr að við höfum tekið frumkvæðið á neinu sviði. Nú hefur hins vegar brugðið svo við á undanförnum dögum, að tveir hæstv. ráðh. úr ríkisstj., hæstv. dómsmrh. og hæstv. utanrrh., hafa látið hafa eftir sér um þetta mál nokkru harðari ummæli en áður hafa komið. Er þar um að ræða þá ræðu sem hæstv. ráðh. Ólafur Jóhannesson flutti á aðalfundi miðstjórnar Framsfl. nú fyrir stuttu, þar sem hann fjallaði um landhelgismálið. Ég vil ekki skorast undan því sem hæstv. forseti fór fram á, að ræðumenn skyldu vera stuttorðir, en ég get ekki komist hjá því að vitna í ummæli þessara tveggja ráðh. og leita eftir svörum frá þeim um það hvert framhaldið kunni að geta orðið.

Í máli hæstv. ráðh. Ólafs Jóhannessonar kemur skýrt fram að það, sem við höfum gert vegna ofbeldis breta með því að leita aðstoðar bandalaganna og við höfum kvartað undan þessum aðgerðum breta fyrir Öryggisráði og Atlantshafsráði, að allar þær tilraunir hafa verið til lítils eða nánast til einskis, og þar segir hæstv. ráðh., með leyfi forseta: „NATO hefur ekki reynst þess megnugt að hefta flotainnrás einnar bandalagsþjóðar í lögsögu annarrar og það hefur ekki einu sinni treyst sér til þess að fordæma innrás breta í orði.“

Þá segir hæstv. ráðh. á öðrum stað: „Það skal ekki dregið í efa að þannig megi túlka varnarsamninginn. En hitt hefur valdið íslendingum vonbrigðum, að Bandaríkin skyldu ekki sjá sér fært að verða við tilmælum íslendinga um lán eða leigu á einu eða tveimur strandgæsluskipum og að bandarískt utanrrh. skyldi telja þörf á því að ganga úr götu sinni til þess að tilkynna hinum breska starfsbróður sínum sérstaklega að Bandaríkin mundu alls ekki láta íslendingum í té skip. Að mínum dómi hefði mátt ætlast til annarra viðbragða af hálfu bandarískjamanna. Ég get ekki skilið þá menn sem lýsa undrun sinni á því að leita þyrfti til bandarískjamanna með slík tilmæli. Ég get ekki skilið þá stjórnmálamenn,“ segir hæstv. ráðh., „sem láta sér um munn fara ummæli sem einna helst verða skilin á þá lund að við megum aldrei gera neitt, sem kemur bandarískjamönnum í illt skap, hvað þá meira.“ Og hæstv. ráðh. heldur áfram: „Þjóðir Efnahagsbandalagsins, sem við erum í bandalagi við í NATO, hafa reynt að beita fjárhagslegum þvingunum til að knýja okkur til undanhalds í þessu máli.“

Þetta sagði hæstv. ráðh. Þarna kveður hann á ýmsum stöðum allfast að orði, og ég vil leyfa mér að fara fram á það við hæstv. ráðh. að hann geri hv. Alþ. grein fyrir þeim skilningi sem leggja ber í þessi orð, ef hann telur þörf á að útskýra þau eitthvað nánar. En þau eru að mínum dómi mjög sterk og þýða ekkert

annað en það, að hér hafi verið staðið rangt að málum, við höfum ekki fengið neinar undirtektir og bandaríkjamenn hafi greinilega tekið afstöðu með bretum í málinu. Það sýnist mér vera augljóst.

Varðandi þau skip, sem íslendingar fóru fram á að fá í Bandaríkjunum, hefur verið skrifað í bandarískum blöðum. Ég rakst á það ekki fyrir löngu í bandarísku blaði, Miami Herald, frá 24. apríl s.l., þar var grein um það að Bandaríkjastjórn hefði neitað íslendingum um báta á leigu. Í þeirri grein kemur m.a. fram, sem er höfuðatriðið, að til séu í eigu varnarmálaráðuneytis Bandaríkjanna 14 slík skip, og sú málsgr. endar þannig: „Og engin þeirra í notkun.“ Nú kom það fram hjá öðrum hæstv. ráðh. núna í útvarpsþætti að það væri að hans dómi fyllilega unnt að pressa áfram á bandaríkjamenn í þessum efnum, og þá er aðeins spurningin um það, í hverju sú pressa ætti að vera fólgin. Það er ljóst að því, sem ég hef sagt hingað til, að sú pressa getur ekki verið fólgin í munnlegum eða skriflegum mótmælum, heldur getur hún ekki komið öðruvísi að gagni heldur en hún sé í verki, að við leikum einhvern mótleik til þess að bandaríkjamenn og aðrir samstarfsmenn okkar í Atlantshafsbandalaginu verði áþreifanlega varir við.

Hæstv. ráðh. Einar Ágústsson svaraði spurningum í þættinum Bein lína nú í fyrrakvöld, minnir mig, þar sem hann var mikið spurður um landhelgismálið. Þar sagði hæstv. utanrrh. m.a., að við ættum nú að láta NATO vita af því að það sé erfiðleikum háð fyrir hvaða stjórn sem ríkir á Íslandi að hafa áfram samvinnu við bandalagið þegar ein þjóðin hagar sér með þessum hætti. Og hæstv. ráðh. hélt áfram: „Ég tel líka að vera hersins hér sé ekki sjálfsagður hlutur.“ Þetta þýðir að mínum dómi það, að við þurfum að mati hæstv. utanrrh. að snúa okkur til NATO með einhverjar slíkar ákvarðanir sem þeir skildu og fyndu fyrir og yrðu til þess að rétta okkar hlut, þó ekki væri til annars heldur en að við tækjum einu sinni frumkvæðið í þessu máli.

Hæstv. ráðh. var einnig spurður um það af einum sem hringdi í þáttinn hvort árásir breta á varðskipin jafngiltu ekki stríðsyfirlýsingu. Þannig var spurningin. Svar hæstv. utanrrh. var á þann vega að árásirnar á skipin væru meira en stríðsyfirlýsing, svo segir hann orðrétt: „Ég tel að það sé stríð, styrjaldaraðgerðir.“ Þetta eru nokkuð ákveðin orð af munni hæstv. utanrrh. Þar lýsir hann því yfir að bretar séu hreinlega í stríði við íslendinga og þessar aðfarir freigátanna á miðunum séu styrjaldaraðgerðir. Þetta er orðrétt. Og í því sambandi, eftir að sjálfur utanrrh. þjóðarinnar hefur sagt þessi orð, þá hlýtur sú spurning að vakna hjá þjóðinni hvort það sé með nokkru móti hægt að rökstyðja þátttöku okkar í Norður-Atlantshafsbandalaginu meðan bretar, ein svokölluð bandalagsþjóð okkar, eru í styrjöld við okkur að mati hæstv. utanrrh?

Við vitum að vera okkar í NATO er forsendan fyrir því að hér sé her í landinu. Og ef við gripum nú til einhverra mótaðgerða sem snertu herinn í landinu og takmörkuðu hans starfsemi, þá held ég að þrátt fyrir samninginn og uppsagnarfresti sé það ástand, sem nú er og að mati hæstv. ráðh. er styrjaldarástand, nægilegt til þess að allir slíkir frestir falli sjálfkrafa burt. Það er venjan þegar svo stendur á. Og til þess að gera langt mál stutt, þá vil ég að lokum lýsa því sem minni skoðun hver ætti að vera okkar mótleikur í stöðunni og fyrsti leikurinn í öllu þessu tafli, þar sem sjálft líf þjóðarinnar liggur undir, sem gæti talist leikur til þess að ná frumkvæðinu. Aðgerðir okkar væru fólgnar í því að radarstöðvar bandaríkjamanna hér á landi yrðu stöðvaðar. Það er mjög auðvelt að koma því við að fjarskiptamiðstöð hersins og NATO á landinu yrði lokað. Að eftirlits- og æfingarflug hersins í Keflavík væri stöðvað á meðan NATO-ríki er í styrjöld við Ísland. Það er staðreynd, að eitt af NATO-ríkjunum með skip úr NATO-flotanum er í styrjöld við íslendinga, og þess vegna eigum við, á meðan slíkt ástand varir, ekki að leyfa neina starfsemi NATO á Íslandi. Annað er ekki rökrétt.

Að lokum vil ég aðeins segja það, að varðandi það, sem kom fram í ræðum tveggja fyrri ræðumanna, hv. þm. Stefáns Jónssonar og hv. þm. Benedikts Gröndals, um utanríkisráðherrafundinn, þá er ég alveg sammála því að við eigum ekki að láta hæstv. utanrrh. sækja þennan fund, og jafnvel þó hann hafi sagt frá því í útvarpsþætti þeim, sem ég vitnaði til áðan, að hann mundi líklega fara á fundinn, þó hann fullyrti það ekki, og reyna að skamma þá þarna ytra og halda yfir þeim ræður. Ég efast ekki um að hann mundi nota tækifærið til þess. Ég efast ekki um það. En ég held að sterkara en allar slíkar ræður og allur slíkur yfirlestur yfir NATO-klíkunni þar ytra, sterkara en það allt saman væri það ef hæstv. utanrrh. léti alls ekki sjá sig á þeim fundi. Og til þess að ná þar einnig frumkvæðinu og gera afstöðu okkar enn þá sterkari, enn þá eftirtektarverðari, væri það, að um leið og utanrrh. neitaði að sækja fundinn, þá sama dag yrði sendiherra íslendinga í Brüssel kallaður heim. Með þessum hætti mætti slá tvær flugur í einu höggi, og þetta yrði sannarlega leikur sem eftir yrði tekið. Með því værum við íslendingar og jafnvel hæstv. ríkisstj. byrjuð að rétta ofurlítið úr kútnum. Þá gæti kannske komið sá dagur að andstæðingar okkar í málinu litu ekki á það sem sjálfsagðan hlut að það mætti bjóða okkur allt, það mætti neita okkur um allt og það mætti ætlast til alls af okkur í undansláttarátt.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég fer ekki mörgum orðum um hversu alvarlegir þeir atburðir voru sem áttu sér stað á miðunum s.l. fimmtudagskvöld. Þótt ýmislegt hörmulegt og hroðalegt hafi átt sér stað á miðunum eftir að bretar sendu flota sinn hingað á Íslandsmið og þótt þessir atburðir séu í sjálfu sér ekki annað en keðja af slíkum atburðum, þá hefur sjaldan áður skollið hurð eins nærri hælum og í þetta skipti og tæpar hefur vart staðið að mannslífum væri glatað.

Það er af þessu tilefni spurt um viðbrögð ríkisstj. Ríkisstj. hefur rætt þessi mál og hélt m.a. fund í gær og ákvað þar að taka málið upp í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna og fastaráði Atlantshafsbandalagsins, og hafa ráðstafanir þegar verið gerðar til þess. Þá mun Einar Ágústs-

son utanrrh. fylgja málinu eftir og sækja mál okkar þegar hann sækir utanríkisráðherrafund Atlantshafsbandalagsins í Osló í næstu viku.

Ég tel að ég hafi með þessu svarað tveim fyrstu fsp. hv. 5. þm. Norðurl. e. og vil einnig láta það koma hér fram að mér var gert aðvart um ætlan þingmannsins að taka málið upp hér utan dagskrár, en mér er einnig kunnugt um að utanrrh. var ekki gert kunnugt um það og hann er bundinn af skyldustörfum sem löngu voru ákveðin.

Hér hefur það borið á góma, m.a. hjá hv. þm. Benedikt Gröndal, 2. landsk. þm., að hann teldi að utanrrh. ætti ekki að sækja þennan fund, og fleiri hafa undir það tekið. En samt sem áður vildi hv. 2. landsk. þm. að málið yrði tekið upp og flutt á vettvangi Öryggisráðsins og fastaráðs Atlantshafsbandalagsins. Við eigum sem sagt að taka málið upp í Atlantshafsbandalaginu, en síðan eigum við ekki að mæta til þess að flytja málið. Hér er um slíka mótsögn að ræða sem óskiljanleg er hjá jafnskýrum, greindum og yfirveguðum þm. sem hv. 2. landsk. þm. er. Vitaskuld eigum við að flytja þetta mál á vettvangi bæði Sameinuðu þjóðanna og Atlantshafsbandalagsins. Við eigum ekki að gera andstæðingi okkar, bretum, þann greiða að hverfa af hólmi þegar við erum að flytja mál okkar til sigurs.

Þriðja fyrirspurn hv. 5. þm. Norðurl. e. var varðandi skrif Morgunblaðsins og samninga við breta. Ég svara aðeins hver mín skoðun er og vil ítreka það sem ég hef lýst hér yfir einnig fyrir hönd ríkisstj., að við breta er ekki samið meðan þeir hafa herskip innan 200 mílna fiskveiðilögsögu okkar. Og fari þeir út með herskipin, þá fer það eftir því, hvert efnisinnihald væri mögulegt í slíkum samningum eða aðgerðum af okkar hálfu, hvort ég teldi fært að leysa deiluna með þeim hætti. En ef hv. þm. á við það, þegar hann segir að ég hafi ávallt viljað semja, að ég hafi ávallt viljað leysa þessa deilu með friðsamlegum hætti, þá hefur hann rétt fyrir sér. Ég hef ítrekað lýst því yfir að ég teldi það frumskyldu hverrar sjálfstæðrar, ábyrgrar þjóðar að leitast við að leysa deilumál sín með friðsamlegum hætti, með samningum ef mögulegt er. En ég hef ávallt tekið það einnig fram, að svo getur verið að eigi sé unnt að komast að sanngjörnum samningum, eins og raun hefur á orðið í þessu tilfelli, og þá er að taka því. En ómögulega getur þessi hv. þm., sem hefur e.t.v. öðrum fremur skreytt sig með friðarást og hlutleysishjali, verið á móti þessari grundvallarstefnu í samskiptum þjóða.

Ég tel ástæðu til þess að minnast á hér að gefnu tilefni að við íslendingar höfum vissulega ávallt haft frumkvæði í landhelgismálinu, bæði gagnvart bretum og öðrum þjóðum. Við höfum ávallt gert það, allt frá því að við ákváðum að færa út einhliða í 200 mílur og síðan, og þetta hefur borið þann árangur að við höfum takmarkað veiðar breta á tiltölulega litlum hluta af heildarsvæðinu sem 200 mílna lögsagan nær yfir. Engu að síður er það rétt, að veiðar breta valda okkur tjóni, og það er alvarlegt mál út af fyrir sig þótt ekki kæmu til þær sérstöku hættur sem eru á miðunum fyrir mannslíf vegna þeirra átaka sem þar eiga sér stað. Og sú ábyrgð er engu að síður á okkar herðum, stjórnmálamannanna. Okkur ber að leitast við að standa undir þeirri ábyrgð með því að bægja þeim hættum frá eins og frekast er unnt. Auðvitað er ábyrgðin einkum og sér í lagi hjá andstæðingunum, bretunum, vegna þess virðingarleysis sem þeir með atferli sínu hafa sýnt fyrir mannslífum.

Það getur vel komið upp í hugum okkar að það sé ekki sæmandi okkur að eiga skipti við slíka þjóð sem þannig hefur komið fram. Og við höfum sýnt það með einum hætti, með því að slíta stjórnmálasambandi við breta. Ég tel að ýmislegt fleira komi til greina áður en við gerum sjálfum okkur tjón og málstað okkar með því að flytja hann ekki meðal annarra vinveittra þjóða og mæta ekki á utanríkisráðherrafundi Atlantshafsbandalagsins í næstu viku, t.d. að hætta að einhverju leyti þeim ferðalögum og samskiptum sem við höfum við breta og Bretland. Það er þó hæpið að þetta sé okkar málstað til gagns, vegna þess að ég er sannfærður um, að við erum að vinna á, við erum að vinna almenningsálitið á band með okkur, bæði í Bretlandi, að ég tali ekki um á alþjóðavettvangi, og við verðum að nota hvert einasta tækifæri, sem við höfum, til þess að vinna betur að því að vinna málstað okkar stuðning. Þegar til lengdar lætur, þá er ég viss um að þetta almenningsálit, t.d. í Bretlandi, gæti orðið sterkara en áhrifamiklir pólitískir hagsmunir innanlands þar í landi, þótt við hljótum að vísu að gera okkur grein fyrir því að flokkaskipting og styrkleikahlutfall á breska þinginu eru svo jöfn að einstaka kjördæmi geta haft úrslitaáhrif á hvaða stjórn eða stjórnarstefnu er þar fylgt, og því er undir slíkum aðstæðum e.t.v. óeðlilega mikið tillit tekið til einstakra kjördæma sem gætu talist vafakjördæmi og áhrif þeirra því óeðlilega mikil. En þrátt fyrir það hef ég þá trú að almenningsálitið í heild sinni vinni á þegar til lengdar lætur og verði okkur styrkur og stuðli að sigri okkar einnig hvað varðar stefnu ríkisstj. í Bretlandi. Með sama hætti tel ég að við styrkjum stöðu okkar með því að flytja mál okkar á alþjóðavettvangi og meðal vina okkar og stappa stálinu í þær þjóðir sem eru þó þrátt fyrir allt þeirrar skoðunar að flotaíhlutun breta sé alvarlegt brot á þeim samskiptareglum sem hafa ber í heiðri þjóða á milli.

Það er nefnt hér að ósamræmi sé í gerðum breta, og ég hef lagt áherslu á það ósamræmi. Ég hygg að flestar þjóðir sjái það. Á Hafréttarráðstefnunni og innan Efnahagsbandalagsins hafa þeir eina stefnu, aðhyllast 200 mílna fiskveiðilögsögu og einkalögsögu sjálfum sér til handa gagnvart öðrum Efnahagsbandalagslöndum. Hér á Íslandsmiðum neyta þeir hins vegar allra bragða og þ.á m. ofbeldis til þess að brjóta í bága við þessa alþjóðareglu sem nú má telja vera viðurkennda.

Í þessu sambandi má og nefna frumkvæði okkar í hafréttarmálum innan Sameinuðu þjóðanna og á fundum Hafréttarráðstefnunnar. Ég tel sérstaka ástæðu til að lýsa ánægju minni yfir þeim árangri sem náðist á síðasta fundi Hafréttarráðstefnunnar, og ég vil nota tækifærið til þess að þakka sendinefnd okkar á þeim fundi, en margir meðlimir hennar eru hér innan salar, og einnig þeim, sem utan salar eru, og alveg sérstaklega formanni sendinefndarinnar, Hans G. Andersen, fyrir frammistöðu þeirra og þann

árangur að á þessum fundi tókst að vernda þau ákvæði uppkastsins að hafréttarsáttmálanum sem okkur eru mikilvægust. Enn kunna hættur að leynast, og við þurfum að vera á verði og halda áfram því árvakra starfi, sem unnið hefur verið á þessum vettvangi, þar til Hafréttarráðstefnunni lýkur. En einmitt þegar litið er á bæði þennan árangur á fundum Hafréttarráðstefnunnar, jafnvel þótt ekki fari þar allt að okkar óskum sem við þó skulum vona, og að þegar er kunngerð einhliða útfærsla margra þeirra ríkja sem aðild eiga að Atlantshafsbandalaginu, er ljóst að sigur okkar er í sjónmáli. Þegar svo er, þá er ekki ástæða til að örvænta, eins og mér finnst gæta hjá ýmsum hv. þm., og ég held að fátt sýni betur árangur stjórnarstefnu og samhuga átaks allra þm., svo langt sem sá samhugur hefur náð.

Ég vil einnig láta í ljós þá skoðun mína að með samræmdum aðgerðum á stjórnmálasviðinu út á við og inn á við og aðgerðum Landhelgisgæslunnar, en starfsmenn hennar hafa sýnt mikinn dugnað og kjark í sínu starfi að öllu leyti og eiga þakkir okkar allra skilið, ég tel engum vafa bundið að með slíkum samræmdum aðgerðum fellur sigurinn í okkar skaut. Við skulum þó ekki ganga of fljótt um gleðinnar dyr, en átta okkur á því að baráttunni er ekki lokið. En vegna þess að sigurinn er í sjónmáli, þótt hann sé ekki þegar að öllu okkar, höfum við enga ástæðu til þess að sýna örvæntingu, heldur eigum við miklu frekar að efla samhug okkar til þess að ná settu marki.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal verða við þeim tilmælum að lengja ekki mjög þessar umr. þó að vissulega sé til þess ástæða að ræða ítarlega það mál sem hér er nú til umræðu, ekki síst í ljósi þeirra atburða sem nú síðast gerðust á miðunum.

Ég vil byrja á því að fagna því sérstaklega að hæstv. forsrh. er nú hættur öllu tali hér á Alþ. um að það sé nánast vítavert af hv. þm. úr stjórnarandstöðunni að hefja máls á þessu máli hér utan dagskrár á Alþ. Vera má að nú sé hæstv. ráðh. og ríkisstj. í heild farin að líta þetta mál það alvarlegum augum eftir þá atburði, sem gerðust nú síðast á Austfjarðamiðum, að menn hafi skipt um skoðun og telji það ekki óeðlilegt og allra síst óæskilegt að löggjafarsamkoman fjalli um þetta mál þegar slíkt gerist eins og nú hefur átt sér stað. En menn minnast þess, að í flest, ef ekki öll þau skipti sem stjórnarandstæðingar hafa tekið þetta mál hér upp til umr. á Alþ. utan dagskrár, vegna þess að öðruvísi hafa ekki fengist um það umr., þá hefur hæstv. forsrh. ekki dregið neina dul á að hann teldi það óæskilegt og nánast væri það að gera andstæðingunum greiða að taka þetta mál til umr. hér á Alþ. Sem betur fer hefur þetta breyst, a.m.k. er ekki látið á því bera nú, og það er þó skárra en áður hefur verið.

Þeir, sem hér hafa talað á undan mér úr stjórnarandstöðunni hafa talið að svo lítil viðbrögð hafi komið fram af hálfu hæstv. ríkisstj., þrátt fyrir þá alvarlegu atburði sem gerðust á Austfjarðamiðum, að það bæri að átelja hæstv. ríkisstj. fyrir slík vinnubrögð. Og það er vissulega ekki að ástæðulausu. En nú hafa hv. þm. heyrt af vörum hæstv. forsrh. þau viðbrögð sem hæstv. ríkisstj. ætlar nú að sýna í þessu máli, þegar málum er svo komið, eins og hæstv. forsrh. sagði réttilega áðan, að aldrei hefur legið nær að mannslíf glötuðust heldur en einmitt í þessum atburði. Og viðbrögðin eru þau, þau eru nú ekki aldeilis amaleg, hæstv. forsrh. sagði orðrétt: „Ríkisstj. hefur rætt málið og ákveðið að taka málið upp í Öryggisráðinu og fastaráði Atlantshafsbandalagsins.“ Nákvæmlega það sama sem áður hefur gerst og í raun og veru engan árangur borið. Hvað telja menn að það gagni þó að enn eitt bréfið fari frá hæstv. ríkisstj. til Öryggisráðsins og til fastaráðs Atlantshafsbandalagsins án þess að nokkuð raunhæft í verki sé sýnt til þess að fylgja því eftir? Ég a.m.k., og þó er ég talinn heldur vinveittur vestrænni samvinnu, það hefur ekki farið milli mála, en ég tel þó að þetta geri lítið gagn ef nokkuð. Ég hef enga trú á því að þessir aðilar geri eitt eða neitt áhrifaríkt í þessu máli til stuðnings okkur íslendingum, nema því aðeins að þeim verði svo að segja stillt upp við vegg sýnt fram á það, að ef þeir taki ekki öðruvísi á málinu en þeir hafa hingað til gert, þá geti það haft alvarlegar afleiðingar fyrir samskipti íslendinga og aðila sem að þessum alþjóðastofnunum standa.

Ég hef sem sagt enga trú á því að þetta beri neinn árangur, og þess vegna verður að beita öðrum vinnubrögðum. Þeim hef ég lýst og mínu sjónarmiði hér áður og þarf ekki að endurtaka það. En ég tel að við íslendingar eigum fyrst og fremst að snúa okkur að þeim aðila sem er hinn sterkasti innan Atlantshafsbandalagsins, Bandaríkjunum, sem hafa með samningum tekið að sér varnir landsins og auk þess skuldbundið sig til að styðja íslendinga við gæslu landhelginnar, að þessum aðila eigi að snúa sér og gera honum ljóst að ef hann geri ekkert í þessu máli sem að gagni megi koma okkur íslendingum, þá sé það a.m.k. ekki fjarri að það geti gerst þeir atburðir hér sem leiði til þess að sú niðurstaða, sem íslendingar hafa af hendi látið til Atlantshafsbandalagsins, verði ekki lengur fyrir hendi. Ég er ekki í neinum vafa um það, ef skynsamlega væri haldið á málum á þennan veg, að þá mundi árangur nást á tiltölulega skömmum tíma.

Það var áðan vitnað til leiðara Morgunblaðsins fyrir nokkrum dögum um friðsamlega lausn til skamms tíma. Auðvitað er þetta ekkert nýtt og það veit auðvitað hv. þm. Stefán Jónsson. Þetta eru skrif sem meira og minna hafa gengið í Morgunblaðinu allt frá þeim tíma og í raun nokkru áður en útfærslan tók gildi. Þess vegna a.m.k. fyrir mitt leyti, kemur þetta mér ekki á óvart. Aðstandendur Morgunblaðsins margir hverjir og þeir sterkir eru þeirrar skoðunar að það eigi þrátt fyrir allt, sem á undan hefur gengið og gerst, þá eigi að semja við Breta. Og þessi öfl eru því miður ekki bara innan raða hlutafélagsins Árvakurs, hvort sem menn telja það lítla eða stóra Árvakur, eins og sum hver stjórnarblöðin eru nú farin að skilgreina þá hluti, þessi öfl hafa verið og eru enn til innan hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokka, því miður. En þó hefur örlað á því undanfarnar vikur að það hefur verið látið líta svo út af sumum hæstv. ráðh. Framsfl., að þeir væru á annarri

skoðun gagnvart aðgerðum vegna innrásar breta í landhelgina, þeir væru á annarri skoðun í þeim efnum og hverra ráða ætti að leita og hvaða ráðum skyldi beitt gagnvart NATO heldur en hæstv. ráðh. Sjálfstfl. Hér var vitnað áðan til ummæla, sem hæstv. dómsmrh. hafði viðhaft á miðstjórnarfundi Framsfl. nú um helgina, og einnig til ummæla, sem hæstv. utanrrh. hafði viðhaft bæði í hljóðvarpi og svo einnig í viðtali við dagblaðið Vísi í gær, en þar sagði hæstv. utanrrh. að það væri vandfundið það sem NATO væri að verja hér á Íslandi. Ég a. m. k. hef viljað skilja þessi ummæli hæstv. ráðh. Framsfl. á þann veg að þeir vildu vera harðari í þeim viðbrögðum sem hægt væri að sýna gagnvart þessum síendurteknu ofbeldisaðgerðum breta. En því miður hefur slíkt ekki mér vitanlega enn séð dagsins ljós í verki af þeirra hálfu. Mér þykir miður að hvorki hæstv. dómsmrh. né hæstv. utanrrh. skuli vera hér við, og ég skal því ekki fara lengra út í þessa sálma þar að lútandi, vegna þess að þeir eru hér ekki í salnum. En mér þætti fróðlegt að vita hvort hæstv. ríkisstj. er algjörlega einhuga í því að gera enn eina tilraunina til þess að senda skrifleg mótmæli, skriflega beiðni um að málið verði tekið upp í Öryggisráðinu og í fastaráði Atlantshafsbandalagsins, hvort það sé svo að hæstv. ráðh. Framsfl. hafi ekki viljað láta frekar aðhafast í þessum efnum og láta frekar á það reyna hvaða leiðir væru farsælli til þess í raun og veru að hafa áhrif á þessa aðila til að standa betur með okkur Íslendingum en gert hefur verið. Hæstv. ráðh. sagði líka í viðtali við dagblaðið Vísi í gær, efnislega a. m. k., að hann teldi að bandaríkjamenn hefðu frekar tekið sér stöðu með bretum heldur en okkur. Það er því engin furða þó að almenningur á Íslandi sé farinn að velta því fyrir sér hverra gæða við njótum af verunni innan Atlantshafsbandalagsins og af því að hafa gert samning við Bandaríkin um varnir landsins. Það vefst ábyggilega fyrir mörgum þeim Íslendingum, sem hingað til hafa verið hlynntir aðild að vestrænni samvinnu og Atlantshafsbandalaginu, að finna út hver þessi gæði eru, eftir það sem nú hefur gerst.

Ég vil aðeins minna á það sem hæstv. forsrh. sagði hér áðan. Hann sagði nokkurn veginn orðrétt að gæslan á miðunum hefði borið þann árangur að afli breta hefði mjög verið takmarkaður frá því sem áður var. Ég minnist þess að það er ekki lengra síðan en líklega tveir-þrír mánuðir að a. m. k. hæstv. sjútvrh. taldi það af og frá að það væri hægt að verja íslenska landhelgi fyrir ágengni breta með neinum árangri. Þetta hefur þó gerst og það sýnir að það er hægt að nokkru verulegu leyti að takmarka veiðar breskra veiðiþjófa hér á miðunum. Ef landhelgisgæslan er efld með þeim hætti sem þarf og skipum bætt í gæsluna, þá er þetta hægt.

Ég vil svo aðeins að lokum segja það sem mitt álit, að ég tel að það mundi miklu frekar verða eftir því tekið ef hæstv. utanrrh. sækti ekki NATO-fundinn nú í næstu viku, — ég er nærri viss um að það mundi vekja meiri athygli, ef hæstv. utanrrh. færi hvergi, heldur en hitt, að hann sitji þennan fund. Þó að hann, sem ég efast ekki um, talaði yfir hausamótum þessara hv. aðila, þá mundi hitt samt að mínu viti hafa meiri áhrif, ef hann léti ekki sjá sig þar vegna þessa.

Ég vil svo að lokum taka undir það sem kom fram hjá hv. þm. Benedikt Gröndal. Ég tel að hæstv. ríkisstj. ætti að velta því fyrir sér mjög gaumgæfilega hvort það er ekki full ástæða til þess að láta slá og gefa út afreksmerki lýðveldisins sem einungis starfsmenn Landhelgisgæslunnar gætu hlotið sem sérstakan viðurkenningarvott fyrir þau frábæru störf sem þeir aðilar hafa innt af hendi. Ég fyrir mitt leyti tel að þetta komi fyllilega til greina og ætti að skoðast gaumgæfilega. Ég vænti þess að hæstv. ríkisstj. a. m. k. velti því máli fyrir sér, hvort slíkt væri ekki talið mjög eðlilegt og æskilegt með hliðsjón af því sem gerst hefur.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég skal reyna að stytta mál mitt því mér er ljóst að það er knappt um tíma hér á Alþ. eins og komið er. En aðaltilefni þess, að ég kveð mér hér hljóðs, eru nokkur atriði sem fram komu í ræðu hæstv. forsrh. um þetta mál. Það var ljóst á málflutningi hans að hann telur fullnægjandi að viðbrögð okkar að þessu sinni verði með svipuðum hætti og áður. Hann talar um að við eigum að kæra þessa atburði fyrir Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Það tel ég tiltölulega mjög lítils virði. Við höfum reynt þá leið áður, og við vitum mætavel að Öryggisráðið fjallar um slíka atburði, slík mál, að það eru ákaflega litlar líkur til þess að þetta mál okkar verði tekið þar mjög alvarlega. Ég geri því ekki ráð fyrir miklum árangri af því. Hitt atriðið, að kæra málið enn einu sinni til fastaráðs NATO, eins og gert hefur verið í hliðstæðum tilfellum oft áður, ég hygg að menn geri sér enn þá minni vonir um árangur af því heldur en nokkurn tíma af viðbrögðum Öryggisráðsins. Í þriðja lagi talar svo hæstv. forsrh. um að utanrrh. mæti á næsta fundi NATO-samtakanna í Osló og flytji þar okkar mál, og eins og hæstv. ráðh. sagði: flytji þar mál okkar til sigurs. Ja, mikil er trú hæstv. forsrh. ef hann býst nú við því að ofan á það, sem á undan er gengið, verði nú ræðuhöld utanrrh. okkar á þeim fundi til þess að við náum fullum sigri í þessu máli.

Ég held að hæstv. forsrh. verði að gera sér grein fyrir því að viðbrögð af þessu tagi eru gjörsamlega ófullnægjandi og nálega einskis virði af okkar hálfu. Spurningin er auðvitað þessi, hvort við lítum þannig á þessa hluti, eins og mér fannst koma fram í máli hans, að við gætum nú sagt: Sigur í þessari deilu er í sjónmáli. Það er ekki mjög langt undan. Sigurinn kemur. Við verðum að sýna það að við erum ekki að örvænta. Við getum beðið. — Þetta er auðvitað ein leið: gera ekki neitt og láta þetta ganga yfir, sem yfir okkur hefur verið að ganga, í trú á það að framtíðin færi okkur fullnaðarsigur. Hitt er svo aftur það, að hugleiða hvaða ráð við eigum til. Hvað getum við gert til þess að tillit til okkar verði tekið? Hver eru þau ráð?

Ég álít að þessir síðustu atburðir séu sérstaklega alvarlegir vegna þeirrar stöðu sem landhelgismálið hefur fengið nú, eins og hefur verið minnst á í þessum umr. Við gerum okkur grein fyrir því að það er orðin gjörbreytt aðstaða í deilu okkar við breta frá því sem var

á árinu 1972 þegar deilan upphaflega hófst. Nú geta bretar ekki með neinu móti reynt að vitna til alþjóðaréttar varðandi þessi mál. Það er þvert á móti komin upp sú staða að á alþjóðavettvangi er búið að staðfesta stefnu okkar í þessu máli á þann hátt, bæði af bretum og nær öllum öðrum þjóðum, að enginn getur tekið sér þau orð í munn lengur að þetta sé andstætt við alþjóðavilja og alþjóðareglur, það sem við erum að gera, og eins og við vitum eru bretar sjálfir opinberlega farnir að gera hliðstæðar kröfur og við gerum. En þeir halda eigi að síður áfram fyrirgangi sínum, þrátt fyrir allar þessar breytingar, og spurningin er sú: Hvað ætla þeir að halda þessum yfirgangi lengi áfram og með hvaða hætti?

Við verðum auðvitað líka að hafa það í huga í þessum efnum hvernig þeir aðilar, sem við hljótum að beina þessu máli talsvert alvarlega til, hafa tekið okkar máli. Við höfum rætt þessi mál við Bandaríkin á beinan og óbeinan hátt af skiljanlegum ástæðum. Við höfum fengið þar auðvitað hinar verstu móttökur. Bandaríkin neita okkur um lítils háttar fyrirgreiðslu í sambandi við útvegun á hentugu strandgæsluskipi fyrir okkur. Við vitum mætavel að þeir hefðu getað greitt fyrir okkur á þessu sviði, en þeir segja bara nei, draga okkur fyrst lengi á málinu og neita svo. Og svona til þess að auðmýkja okkur til fulls í málinu þá undirstrikar utanrrh. þeirra í viðtölum í Bretlandi við breska ráðh. að þeir séu raunverulega, bandaríkjamenn, með bretum í þessari deilu, það komi ekki til mála að þeir fari að styðja íslendinga með því að útvega þeim skip. Þetta er auðvitað auðmýking. Þetta er auðvitað fjandsamleg framkoma eins og hún getur frekast orðið, þessi framkoma Bandaríkjanna.

Sama er að segja auðvitað um öll viðbrögð NATO. Þau hafa verið okkur einskis virði, yfirborðskennd, og þau hafa ekki einu sinni fengist til þess að fordæma breta sem árásaraðila í þessum efnum, hvað þá meir.

Það er mín skoðun, eins og ég hef lýst hér oft áður, að það sé bæði rökrétt og eðlilegt og það sé eina ráð okkar, eins og sakir standa, ef við ætlum ekki að láta þessa hluti yfir okkur ganga, að sýna þessum aðilum, bæði forustumönnum NATO og Bandaríkjanna, að við höfum sjálfsvirðingu, við höfum nokkurn metnað, við látum ekki traðka á okkur, ganga yfir okkur, beita okkur órétti — sýna þeim það í verki að við eigum viss ráð gagnvart þeim, og okkar ráð eru auðvitað þau, að við eigum að tilkynna forustumönnum NATO að við munum svipta bandalagið þeirri aðstöðu sem það hefur í okkar landi. Við getum byrjað það á okkar aðgerðum í þrepum, eins og hefur verið minnst á hér áður. Það er hægt að loka fyrir vissa hluti fyrst og aðra hluti síðar, þar til kannske kæmi að því að þeir færu að skilja alvöru málsins. Og það væri alveg á sama hátt hægt að tala við bandaríkjamenn og gera þeim það ljóst að við erum ekki eingöngu þiggjendur af þeim, þeir eru ekki síður þiggjendur af okkur í þeim málum sem þeir meta mikils. Við eigum líka að tala við þá þannig. Og virðing okkar hjá þessum aðilum mundi vaxa, en ekki minnka, ef við héldum þannig á málunum.

Ég hef sagt það áður, sumpart til þess að hugga þá sem trúa í blindni á þátttöku í NATO, að það er mín skoðun að ef íslensk stjórnvöld héldu með myndarskap á þessu máli, þá þyrfti ekki einu sinni til þess að koma að við gengjum úr NATO, þeir væru orðnir nægilega hræddir löngu áður en kæmi að því og við værum búnir að ná okkar sigri. En við skulum gera okkur það alveg ljóst, að verði haldið áfram af okkar hálfu á sama hátt og verið hefur til þessa, þá lækkum við og lækkum í áliti sífellt hjá forustumönnum þessara samtaka og þeir óvirða okkur meir og meir með framkomu sinni og ganga meir og meir á okkar hagsmuni. Það er þetta sem spurningin stendur um í þessu máli: Eigum við að beita þeim ráðum, sem við vitum að við eigum til, til þess m.a. að koma því til leiðar að bretar viðurkenni almennar staðreyndir, eins og málin hafa þróast nú í hafréttarmálum, og víki burt með herskip sín af okkar miðum? Ég er ekki í neinum vafa um að sú staða er nú komin upp að breskir forustumenn eru farnir að íhuga hvernig þeir eigi að komast út úr þessari vitleysu. Auðvitað geta þeir ekki haldið áfram í marga mánuði enn. Það er augljóst mál eftir það sem gerst hefur. En ég held að við eigum að flýta fyrir þróuninni í þessu með því að tala því máli við þessa aðila sem þeir skilja.

Tilefni mitt er sem sagt aðallega að leggja að ríkisstj., að vísu ekki allt of vongóður í þeim efnum, en að leggja enn einu sinni að henni að endurskoða afstöðu sína í þessum málum og beita þeim ráðum sem við höfum til þess að knýja hér fram breytingar. Það getur orðið okkur býsna dýrt að hanga með þá aðstöðu, sem við búum við í dag, hér á fiskimiðunum út allt þetta ár. En það er ákaflega hætt við að það verði ef slík linkind verður uppi af hálfu stjórnvalda sem verið hefur. Ég held hins vegar að með réttum ráðum ættum við að geta losað okkur við þennan ófögnuð nú alveg á næstu mánuðum, ef við beitum réttum ráðum.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég vísa algjörlega frá mér þeirri ásökun hæstv. forsrh. að ég líti á landhelgismálin með nokkurri örvæntingu. Þvert á móti hef ég í rúmlega þrjár vikur haldið því fram að við séum í raun búnir að vinna það sem hægt er að vinna af þessu stríði á miðunum. Fyrir þá bjartsýni hef ég orðið fyrir aðkasti af hálfu eins af ráðh. ríkisstj. og hún hefur verið kölluð ábyrgðarleysi. Ég held ég vari því hæstv. forsrh. við, ef hann er nú kominn á það stig að sigurinn í málinu sé í sjónmáli, að það kann að vera að einhverjum mislíki á bak við hann ef menn leyfa sér slíkar skoðanir.

Það er algjör misskilningur hjá hæstv. forsrh. að það sé nokkurt ósamræmi í því að taka þetta mál upp í NATO-ráðinu einu sinni enn og hinu, að utanrrh. mæti ekki á ráðherrafundum. Atlantshafsráðið situr að jafnaði allt árið í Brüssel og fulltrúar í því eru sendiherrar þátttökuþjóðanna. Ég tel að sendiherra okkar hefði átt að biðja um fund strax um helgina og hefði fengið þann fund, ef ekki í gær, þá í dag. Það er allt annað mál þegar ráðh. Atlantshafsþjóð-

anna halda fundi sína sem eru að jafnaði tvisvar á ári og er annar þeirra, vorfundurinn haldinn í Osló í næstu viku. Ég hef alltaf haldið því fram að það væri sterkt fyrir okkur íslendinga að vera ávallt reiðubúnir til að ræða þessi mál við alla sem telja sig eiga við okkur erindi um þau, og þetta hefur verið gert. En einmitt vegna þess að við höfum rætt málin við hvert tækifæri við aðra, þá er hægt að ná árangri með því að hætta einu sinni að mæta — að mæta ekki.

Það vakti athygli þegar fulltrúar Sovétríkjanna gengu út hjá Sameinuðu þjóðunum, af því að þeir höfðu setið þar frá því bandalagið var stofnað. Ráðleysingjar, sem eru á sífelldu flakki inn og út á fundum og ráðstefnum, þeir ná e. t. v. ekki miklum árangri með slíkum aðferðum. En fyrir okkur mundi þetta tvímælalaust verða mjög áhrifamikið, og það er algjör fjarstæða að kalla það að hörfa af hólmi.

Það er til önnur útgáfa af þessari baráttuaðferð, og hún er sú að ráðh. fari á fundinn og reyni að komast á mælendaskrá mjög snemma og flytji stutta ræðu og gangi síðan út. Blaðamenn í Brüssel héldu einu sinni að utanrrh. okkar hefði gert þetta, en það reyndist víst vera misskilningur.

Ég tók líka fram að ég tel að ráðh. eigi að senda skýringu á því, af hverju hann mætir ekki, og fá hana lesna af aðalritara eða einhverjum öðrum, þannig að það fari ekki á milli mála hvað um sé að vera, hér sé um mótmælaaðgerð að ræða, og það mun ekki fara fram hjá neinum hvert þeirri aðgerð er beitt. Sendiráð okkar í Osló gæti síðan sent út fréttatilkynningu um þetta, enda munu verða þarna 200—300 blaðamenn staddir á meðan á fundinum stendur í Osló.

Menn tala um að það hafi engan árangur borið að vísa þessu máli til Öryggisráðsins, og er mikið til í því. En meiri hl. þeirra mála, sem vísað er þangað, fær ekki miklu meiri raunhæfa afgreiðslu, en öll fá þau kynningu og áróður út úr því að um þau er fjallað á þessum vettvangi. Við megum þess vegna ekki missa þolinmæðina og fussa á Sameinuðu þjóðirnar bara af því að okkur hefur ekki dottið í hug hingað til neitt ráð til að vekja frekari athygli á málinu. Hvernig væri t. d. nú, vegna þess hvað á Hafréttarráðstefnunni í New York miðaði þó langt áfram, að koma á framfæri í Öryggisráðinu till. um átakahlé innan 200 mílna þangað til Sameinuðu þjóðirnar eru búnar að ljúka verkefni Hafréttarráðstefnunnar. Það standa yfir átök um þetta mál, átök sem á sumum stöðum, t. d. hér við Ísland, gætu hæglega leitt til manntjóns og vandræða, og það er ekkert eðlilegra en alþjóðasamtök beittu sér fyrir átakahléi (moratorium) á svæðum út að 200 mílum á meðan á þessu tímabili stendur. Þetta er hugmynd sem vel mætti ræða. Ég veit að við eigum ekki fast sæti í Öryggisráðinu og kann að vera að við getum ekki sjálfir flutt um það till., en við fáum sæti þar meðan fjallað er um okkar mál. Það mætti líka athuga hvort ekki væri hægt að fá einhverja aðra til að styðja slíka till. Það er ekki bara hér við Ísland sem vandræði eru á þessu sviði. Nú fyrir nokkrum dögum tók fallbyssubátur frá Panama tvo bandaríska túnfiskbáta og flutti til lands. Þeir höfðu í flugvél komið að 4 slíkum skipum sem voru að ólöglegum veiðum innan 200 mílna landhelgi Panama. Og þeir heimta af bandaríkjamönnum að þeir fái greidda 100 þús. dollara sekt eða eitthvað um 18 millj. kr., þannig að tilefni eru víðar en hér þó að sennilega sé hvergi um eins mikla hættu á alvarlegum afleiðingum að ræða og hér. Þetta er till. um friðarráðstöfun algjörlega í anda Bandalags Sameinuðu þjóðanna. Ég hygg að það yrði erfitt að mæla gegn henni á þeim vettvangi. Þannig verða menn að nota þessi tæki og sýna við það örlítið ímyndunarafl, en ekki setjast niður eins og slagsmálahundar sem viðurkenna ekkert annað en hnefaréttinn. Þetta eru mál sem við höfum fjallað um og barist um fyrst og fremst í orði og þar munu þau vinnast, og við megum ekki líta niður á neinn vettvang þar sem við getum haldið þessum málum frekar til streitu.

Að lokum tek ég mjög undir ummæli hæstv. forsrh., er hann lét í ljós þakkir til sendinefndar okkar hjá Sameinuðu þjóðunum, Hans G. Andersens formanns hennar, sem hefur unnið þar frábært starf, og annarra sem voru á fundinum í New York. Þeir hafa náð miklum árangri við að halda textanum eins og við viljum hafa hann. En ég tek líka undir það að við skulum ekki hefja of mikinn sigurfagnað, vegna þess að nefndarformenn á ráðstefnunni, og forseti hennar og margir fleiri ráðamenn hennar, sem hafa staðið að gerð þessa texta, eru flestir frá strandríkjum. Það má því búast við að þeir séu heldur hliðhollir svipuðum málstað og okkar, og má gera ráð fyrir að landluktu ríkin eigi eftir að gera sína höfuð- og lokasókn, og sú sókn verður gerð þegar fer að líða að atkvgr. Mér segir svo hugur um að það muni verða till. frá þeim sem verði að afgr. með atkv. þegar þar að kemur. Við skulum vona að við verðum eins heppnir leikinn út og við höfum verið til þessa.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ekki veit ég, ég er ekki nógu kunnugur þingsköpum til þess að átta mig á því, en hvaðan kemur hugmynd sú um 5 mínútur? Ég hygg að ég hafi manna best látið að tilmælum hæstv. forseta um að stytta mál mitt í upphafi, varð ekki var við að hann gerði neina tilraun til að stytta mál annarra manna og ekki heldur síðasta ræðumanns. En þetta tekur mig ekki langan tíma. (**Forseti:** Ég vil minna hv. þm. á að það hefjast fundir í deildum þegar kl. vantar korter í fjögur, þannig að það eru 5 mínútur eftir sem þessi fundur getur staðið. Hins vegar ef hv. þm. þarf að tala lengur, þá verður það að vera síðar í dag eða í kvöld.) Ég geri ráð fyrir að ég verði langt kominn á þessum 5 mínútum.

Ég ætlaði að þakka hæstv. forsrh. svör hans, slík sem þau voru. Við höfum gert okkur grein fyrir því að það er síður en svo af illu hjartalagi sem hann hefur stundum verið að dómi okkar ýmissa fulllinur í viðbrögðum sínum við atburðum á fiskimiðunum í þessu þorskastríði. Ég ligg honum ekki á hálsi fyrir það. Hinu mótmæli ég, að ég hafi nokkurn tíma skreytt mig öðrum fremur með friðarást eða hlutleysishjali. Ég hef stært mig af því að vera ekki hlutlaus í neinu meginmáli, og ég hef ekki reynt að draga

fjöður yfir það geðslag mitt að vilja einmitt heldur slást heldur en frið um það sem mér finnst vera ósæmilegt og ranglátt. En hér komum við e.t.v. að meginefni þessa máls. Geðslag íslenskra ríkisstj. undir forsæti hæstv. forsrh. Geirs Hallgrímssonar er það hljóðfæri sem bretar virðast kunna að spila á. Nótan er slegin á miðunum fyrir austan með því að bresku herskipin sigla á íslensk varðskip, og þá kemur ávallt sama hljóðið úr hæstv. forsrh. suður í Reykjavík, ætíð sama hljóðið: semja, semja. Við hefðum allir kosið það efalaust, alþm., að samkomulag hefði orðið um útfærslu fiskveiðilögsögunnar, að við hefðum náð marki okkar án átaka. En það varð ekki. Við urðum að slást.

Raunverulega förum við ekki fram á annað, alþb.-menn, en samræmi milli þeirra svara, sem starfsmenn Landhelgisgæslunnar gefa við yfirgangi breta úti á miðunum, og þeirra svara, sem ríkisstj. gefur. Þegar Týr rétti sig af á föstudaginn eftir hér um bil 3 mínútur og kom upp úr kafinu með aðra skrúfuna burtu og ristan byrðing og brotinn borðstokk, þá hélt skipherrann áfram sem horfði og klippti á vír næsta togara. Svar hans var sem sagt þetta: Halda áfram að verja landhelgina.

Viðbrögð ríkisstj. eru annars konar. Þegar breski flotinn lætur virkilega á sér kræla á miðunum eystra, þegar gripið er til nýrra ofbeldisaðgerða, þá vælir í aðalmálgagni ríkisstj.: Ég gefst upp, ég gefst upp. — Þetta svar af hálfu ríkisstj. við hverri ofbeldisaðgerðinni á fætur annarri hefur leitt til þess að bretar hafa hert sig, vegna þess að þeir sjá eða þykjast sjá að þessar aðgerðir renti sig. Þeir sjá um aðgerðirnar á miðunum, aðrir sjá um hina pólitísku túlkun málsins uppi á Íslandi. Við höfum margsinnis bent á leiðir, baráttuaðferðir í þeirri stöðu sem við erum í núna, alþb.-menn, — raunhæfar leiðir.

Ég get ekki tekið undir hugmyndina um slátt heiðursmerkja til þess að hengja á varðskipsmenn. Ég held það geti haft ákaflega mikla siðferðilega þýðingu að standa við bakið á þeim í þessum slag og láta þá finna að við ætlum ekki að ganga að neins konar nauðungarsamningum í þessum átökum.

Það má vera hverjum sæmilega greindum manni ljóst að við eigum ekkert erindi í NATO, hernaðarsamtökum sem beita valdi sínu gegn okkur, það hafi sýnt sig að ameríski herinn hér á landi er ekki vinsamlegur heldur öllu fremur fjandsamlegur. Við þurfum að kveðja hann og segja honum að fara heim. Það hefur sýnt sig að krafa okkar alþb.-manna, að svo miklu leyti sem við henni var orðið, um að setja togara til gæslustarfanna, hún hefur borið árangur. Og eitt er víst, að flaðrið sem andsvar við ofbeldisaðgerðum af hálfu breta á miðunum, það er ekki æskilegt núna, það er ekki æskilegt svar.

Svo vil ég aðeins í lokin vekja athygli hæstv. forseta á því og kveðja hv. alþm. til vitnis um það að ég hefi stillt mig um það með öllu að nefna hæstv. ráðh. í þessari ríkisstj. þeim nöfnum í þessu sambandi sem mér eru skapi næst og vel færu.

Forseti tók öll dagskrármálin af dagskrá.

Efri deild, 102. fundur.

Þriðjudaginn 11. maí, kl. 3.50 síðdegis.

Orkubú Vestfjarða, frv. (þskj. 722). — 3. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að leggja hér fram skriflega þrjár brtt. sem ekki eru efnisbreytingar, en við nánari athugun þykir rétt að víkja þar nokkuð til orðalagi.

1. brtt. er við 5. gr. frv., en þar er rætt um það að Rafmagnsveitur ríkisins og ríkissjóður svo og orkuveitur sveitarfélaga á Vestfjörðum skuli afhenda Orkubúi Vestfjarða til eignar sem stofnframlög mannvirki sem eru á Vestfjörðum í raforkuverum, rafstöðvum, kyndistöðvum og jarðvarmavirkjunum ásamt tilheyrandi flutnings- og dreifikerfi, síðan segir: „enda yfirtaki fyrirtækið skuldir sem svarar til stofnkostnaðar af mannvirkjum þeim sem það tekur við.“ Það hefur komið í ljós að hugsanlegt er að nokkuð ólíkur skilningur kynni að verða lagður í orðið stofnkostnaður, hvort ætti að miða við upphaflegan stofnkostnað eða við núgildi eða eitthvað annað, og til að taka þarna af tvímæli vil ég leggja til að niðurlag þessarar gr. hljóði svo: „enda yfirtaki fyrirtækið samkvæmt samkomulagi skuldir vegna mannvirkja þeirra, sem það tekur við.“ Þá er ljóst að um þetta verður að semja milli aðila. Félli þá niður orðið „stofnkostnaður“, en yrði miðað við samkomulag aðila.

2. brtt. er varðandi 12. gr. Þar er ríkisstj. heimilað að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á lánum sem Orkubú Vestfjarða tekur til orkuframkvæmda. Hámarksupphæð er ekki ákveðin í frvgr., en miðað við það sem algengast er um heimildir til ríkisábyrgðar. Þykir réttara að setja hér hámark, og legg ég því til að á eftir orðunum „orkuframkvæmda“ komi: „að fjárhæð allt að 2500 millj. kr eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.“ Í grg. frv. kemur það fram að á næsta áratug er gert ráð fyrir allmiklum orkuframkvæmdum á Vestfjörðum og mun vera þar nefnd talan 5 milljarðar. Þegar af stofnun Orkubúsins hefur orðið og farið er að ráðast í framkvæmdir og ef þarf á hærri ríkisábyrgð að halda en hér er tilgreint, þá kemur málið að sjálfsögðu aftur fyrir Alþ.

Þá er varðandi 15. gr. orðalagsbreyting sem er afleiðing af breytingu á 1. gr. Það var samþ. við 2. umr. að í stað þess að ríkissjóður Íslands og sveitarfélög skuli setja á stofn orkufyrirtæki, þá sé þeim það heimilt, og í samræmi við það þykir réttara að orða upphaf 15. gr. þannig, að þegar eftir gildistöku laga þessara skuli iðnrh. beita sér fyrir því að sameignarsamningur sé gerður.

Ég vænti þess að um þessar brtt. þurfi ekki að verða ágreiningur. Þær eru fyrst og fremst til leiðréttingar og skýringar.

Hv. 5. þm. Norðurl. v. hefur borið fram brtt. á þskj. 708. Það er ákvæði til bráðabirgða og segir þar að stefnt skuli að því „að endurskipuleggja skipan raforkumála á landinu öllu með það fyrir augum að allir landshlutar tengist

saman í eitt orkuveitusvæði“ og svo nánar eins og till. greinir.

Það er rétt að taka fram út af þessari brtt. að skipulag orkumála er hjá okkur mjög á aðra lund en vera þyrfti. Við höfum hér á Suðvesturlandi Landsvirkjun sem er sameignarfyrirtæki ríkis og Reykjavíkurborgar og hefur það verkefni að sjá þessum landshluta fyrir orku. Þetta fyrirtæki hefur starfað á mjög myndarlegan hátt og af mikilli fyrirhyggju, þannig að nú þegar Sigölduvirkjun er langt komin hefur fyrirtækið tilbúna áætlaða og hannaða næstu virkjun, Hrauneyjarfoss. Annars staðar á landinu er þessu á annan veg farið. Nú er að vísu stefnt að því með þessu frv. að koma á föstu skipulagi á orkumál Vestfjarða. Ef litið er t.d. á Norðurland, þá er þar Laxárvirkjun sem hefur sitt veitusvæði. En starfsemi og fyrirætlanir Laxárvirkjunar hafa oftar en einu sinni verið hindraðar og henni hefur ekki tekist að sinna því hlutverki vegna ýmissa erfiðleika, eins og kunnugt er. Bæði hafa fyrirætlanir Laxárvirkjunar í sambandi við frekari virkjanir í Laxá ekki náð fram að ganga og ekki heldur umsóknir og fyrirætlanir hennar um gufuveitu á sínum tíma í Bjarnarflagi eða stækkun þeirrar veitu. Sérstök n. starfar nú að því að gera till. um Norðurlandsvirkjun og vænti ég till. hennar nú alveg á næstunni. N. var skipuð fyrir nokkru fyrir Austurland. Hún hefur sent frá sér till., a.m.k. bráðabirgðatillögur, um skipulag þeirra mála.

Varðandi orkumálin í heild vil ég taka það fram, að nú í rúmt ár hafa sérfræðingar unnið að allsherjarúttekt á orkumálum eða orkubúskap Íslendinga og hefur verið lögð í það mikil vinna. Varðandi heildarskipulagið er í ráði að setja á næstunni n. á laggirnar til þess að kanna þau mál og gera till. um þau, og er ætlunin að sú n. geti starfað í sumar og haust þannig að till. frá henni gætu legið fyrir næsta þingi.

Ég tel ekki æskilegt að till. eins og sú, sem liggur fyrir á þskj. 708, verði samþ. nú og sett inn í þetta frv., en vildi skýra frá þessu sem ég nú hef greint og legg til við hv. d. að hún samþ. ekki till. á þskj. 708.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 737) samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki vera fjölorður um málið, en aðeins segja örfá orð í tilefni af þeim brtt. sem liggja fyrir.

Hæstv. iðnrh. hefur nú skýrt till. þær sem hann hefur lagt fram á þessum fundi, og ég vil að það komi hér fram, að ég hef ekkert á móti þessum brtt.

Það er, eins og hæstv. ráðh. gat um, lagt til að í 5. gr. skuli ekki miðað við stofnkostnað af mannvirkjum, heldur að það skuli gert ráð fyrir að yfirtaka fari fram á skuldum vegna mannvirkjanna skv. samkomulagi. Í raun og veru lít ég svo á að hér sé ekki neinn beinn efnismunur sem felst í þessari till. frá því sem er í frv., vegna þess, eins og kom fram við 2. umr. í því sem ég sagði þá, að það er grundvallaratriði varðandi frv. um Orkubú Vestfjarða að það náist samkomulag um yfirtöku þessara eigna, eigna Rafmagnsveitna ríkisins og eigna sveitarfélaganna á Vestfjörðum í orkumannvirkjum. Þetta er fyrsta brtt.

Önnur brtt. kveður á um að það skuli tiltaka ákveðna fjárhæð varðandi heimild til ríkisábyrgðar. Ég hef að sjálfsögðu heldur ekkert við það að athuga.

Þá er það þriðja brtt., að í stað orðanna „gangast fyrir“ komi: „beita sér fyrir“, en þetta á við 15. gr. frv. þar sem fjallað er um hlutverk iðnrh. varðandi það verkefni að koma á samcignarsamningum. Ég fellst einnig á þau sjónarmið sem hæstv. ráðh. setti fram varðandi þessa brtt. og hafði áður verið sett fram af hv. 6. þm. Norðurl. e.

Þá er sú brtt. sem lá fyrir við 2. umr. og var tekin aftur til 3. umr., þ.e. brtt. Ragnars Arnalds. Ég hef ekkert við það að bæta sem hæstv. iðnrh. sagði um þessa brtt. En ég vil aðeins að það komi fram, að ég tel að ef þessi brtt. verður samþ., þá sé þessu máli stofnað í fullkomna óvissu, svo ekki sé meira sagt. Ég held að þá geti svo farið að það verði ekkert að stofnun Orkubús Vestfjarða. Það er ekki vegna þess að í þessari brtt. komi fram sérstök stefnumörkun í orkumálum landsmanna, heldur einfaldlega vegna þess að það er gert ráð fyrir að þær ráðstafanir, sem yrðu nú gerðar í sambandi við stofnun Orkubús, gætu orðið aðeins bráðabirgðaráðstafanir. Ég tel að mér sé óhætt að lýsa því hér yfir að þá muni ekki vera áhugi hjá sveitarfélögum á Vestfjörðum, sem eiga eignir í orkumannvirkjum, að leggja þær fram til fyrirtækis sem væri einungis ætlað að standa til bráðabirgða. Auðvitað er það svo, að hvað sem við ákveðum nú í dag um framtíðarskipan þessara mála, þá er það að sjálfsögðu alltaf á valdi Alþ. að gera þær breytingar á sem það telur að sé rétt á hverjum tíma. Ég held að m.a. af þessum ástæðum væri ákaflega óeðlilegt að samþ. þessa brtt. hv. 5. þm. Norðurl. v.

Með því að ég veit að bæði þessi hv. þm. og flokksmenn hans á Vestfjörðum eru — og ég legg sérstaka árherslu á flokksmenn hans á Vestfjörðum — eru áhugamenn um að koma á þeirri skipan sem flest í frv. um Orkubú Vestfjarða, þá vildi ég leyfa mér að mega vona að 5. þm. Norðurl. v. gæti hugsað sér að taka þessa till. aftur af þessum ástæðum.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég lagði á það áherslu við 1. umr. þessa máls að mér fyndist það á allan hátt óeðlilegt að áður en slík ákvörðun sem þessi væri tekin, þá lægju ekki fyrir skýrar línur um það hvernig heildarskipulag yrði í raforkumálum þjóðarinnar. Að vísu hefur orðið sú breyting á, að hér er aðeins um heimild að ræða. En ég hefði talið að það hefði verið á allan hátt eðlilegra að fyrst hefði verið mótuð heildarstefna um framtíðina, sem ég veit að hæstv. iðnrh. vinnur að, og ég veit einnig að það er mikið verk að vinna slík mál og ég skil fyllilega að það taki alllangan tíma. Hins vegar þykist ég vita að það muni ekki líða á löngu þangað til slíkt liggur fyrir, og hefði ég talið eðlilegra að þetta mál biði betri tíma eða fram til haustsins.

Það hefur verið gerð sú brtt. við 5. gr. að eignir Rafmagnsveitna ríkisins skuli afhentar Orkubúi Vestfjarða miðað við stofnkostnað, að því er mér skilst, en aftur skuldir skv. samkomulagi. Hér hlýtur að vera um afskaplega þýðingarmikið mál að ræða varðandi rekstrarafkomu þessa væntanlega fyrirtækis, því það hlýtur að skipta sköpum fyrir væntanlegt Orkubú á hvaða verði þessar eignir eru yfirteknar og hvaða skuldir fylgja þar með. Það kom hér fram í umr. að Rafmagnsveitur ríkisins legðu á það áherslu að Orkubúið ætti að sjálfsögðu að yfirtaka hlutdeild í rekstrarskuldum. Hins vegar virtist mér að það hefði ekki verið gert ráð fyrir því þegar frv. var samið. Svona óvissuatriði, sem nú er verið að athuga betur, hefði ég talið að þyrfti að skoða gaumgæfilega og hvaða áhrif það hefði á rekstrarafkomu þessa væntanlega fyrirtækis. Mér finnst á allan hátt óeðlilegt að þetta mál sé afgr. með slíkum hraða að það liggi ekki betur fyrir hv. Alþ., vegna þess að ég trúi því vart að það sé í slíkt óefni komið í þessum málum fyrir vestfirðingum að þeir geti ekki beðið með að stofna fyrirtæki sitt fram til hausts-ins. Mér finnst á allan hátt óeðlilegt að Alþ. sé að gefa heimildir, ýmiss konar heimildir, án þess að það liggi ljóst fyrir hvort þær verði notaðar eða ekki. Mér finnst að það hafi komið fram vissar efasemdir við þessar breyt. sem hér hafa komið fram, og sýnist mér málið hafa verið sótt af heldur miklu kappi og vantað meiri forsjá.

Þá kemur fram það innskot í 12. gr. að það eigi að heimila allt að 2500 millj. kr. lántöku. Ég veit ekki betur en að ríkisstj. hafi mótað þá stefnu í haust að það skyldi lögð lánsfjáráætlun fyrir Alþ. á hverju þingi, og mér þykir það á margan hátt óeðlilegt að nú sé komin lánsfjárheimild inn í þetta frv. Það er að vísu rétt að það hafa verið samþ. ávallt sérstök lög um lánsfjárheimildir fyrir Landsvirkjun. En ég hefði talið að þær upphæðir ættu einnig að vera í lánsfjáráætlun, og ég tel á allan hátt óeðlilegt að fara nú að setja lánsfjárheimildir inn í þessi lög. Það er eðlilegt að slíkar lánsfjárheimildir séu skoðaðar betur með tilliti til framkvæmdanna, arðsemi þeirra. Við höfum yfir litlu fjármagni að ráða, og mér er ekki kunnugt um að það séu til mjög hagkvæmir virkjunarmöguleikar á Vestfjörðum. Þess vegna tel ég varhugavert að ráðast í vatnsaflsvirkjanir þar og hefði verið hagkvæmara að leggja þangað línur. Hins vegar geri ég mér grein fyrir því að það, sem er kannske þýðingarmest fyrir vestfirðinga nú, það er að koma hitaveitumálum sínum áfram. Ég hef grun um að það liggi ekki heldur nægilega vel fyrir hvaða árangurs er þar að vænta af þeim borunum sem nú fara fram.

Ég vil sem sagt taka það fram, að mér finnst hafa komið upp mikil óvissa í sambandi við þessi mál í þeim umr. sem hér hafa farið fram. Ég viðurkenni það að ég hef ekki átt sæti í þeirri n. sem um það hefur fjallað, en ég hef ekki fengið sannfæringu fyrir því að hér sé verið að stíga rétt spor, hvorki fyrir þjóðina né vestfirðinga, og því mun ég ekki treysta mér að standa að afgreiðslu þessa frv.

ATTKVGR.

Brtt. 737,1 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 737,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 737,3 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 708 felld með 10:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu.

já: GeirG, HFS, JÁH, RA, StJ, EÁ.
nei: GH, JGS, OÓ, StH, StG, AG, AJ, ÁB, EggÞ, ÞK.

HÁ, JHelg greiddu ekki atkv.
2 þm. (IT, JónÁ) fjarstaddir.
Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég er sammála þeirri meginstefnu sem fram kemur í þessari brtt. Ég tel hins vegar óeðlilegt að hnýta við þetta frv. svo mikilvægri ákvörðun um stefnumörkun í raforkumálum landsins í heild. Ég fagna jafnframt þeirri yfirlýsingu sem kom fram hjá hæstv. ráðh. áðan, að að þessu muni verða unnið í sumar og till. þá liggja fyrir í haust. Ég segi því nei.

Frv. samþ. með 12:2 atkv. og afgr. til Nd.

Iðnþróunarsjóður fyrir Portúgal, frv. (þskj. 584, n. 699). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur tekið frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til aðildar að Iðnþróunarsjóði fyrir Portúgal til athugunar og hefur orðið sammála um að mæla með að það verði samþ. Það kom fram að menn töldu að vísu að við hefðum ekki yfir fjármagni að ráða til að leggja til slíkra hluta, en með tilliti til þess hve mikið við flytjum af vörum til Portúgals og hvað Portúgal er þýðingarmikið viðskiptaland okkar, þá taldi n. ekki annað fært en að standa að því að Ísland yrði aðili að þeim Iðnþróunarsjóði sem hér er gert ráð fyrir. Mælir n. því með að frv. verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Háskóli Íslands, frv. (þskj. 676). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þetta frv. er komið hingað frá Nd. og fékk þar skjóta fyrirgreiðslu. Það er um breyt. á lögum um Háskóla Íslands. Það er orðinn töluverður aðdragandi að gerð þessa frv., en efni þess er komið frá háskólaráði. Breyt. þær, sem frv. inniheldur, varða þrjú atriði: kjör rektors og stjórn deilda, stofnun nýrrar deildar, félagsvísindadeildar, og í þriðja lagi fyrirkomulag prófa, einkum varðandi prófdómara.

Það fylgja þessu frv. nokkuð ítarlegar athugasemdir og m. a. vegna þess held ég að ég geti látið nægja örstutta framsögu fyrir því hér, en ég skal þó aðeins víkja að hverjum þessara þriggja þátta.

Aðild stúdenta og starfsmanna Háskólans, annarra en prófessora, að rektorskjöri og stjórn deilda hefur mjög verið til umr. í háskólaráði undanfarin tvö ár. Það hefur orðið samstaða í háskólaráði um þá tilhögun sem greinir í 1.—5. gr. frv. og svo í 7.—9. gr. Kveðið er á um atkvæðisrétt allra sem fastráðnir eru, settir til fullra starfa við Háskólann og stofnanir hans og hafa háskólapróf. Þá eru ákvæði um breytta aðild stúdenta að rektorskjöri. Samkv. ákvæðum frv. fá þeir þriðjungsaðild og hafa allir stúdentar atkvæðisrétt, í stað þess að nú eiga atkvæðisrétt fulltrúar stúdenta í háskólaráði og tveir fulltrúar stúdenta í háskóladeildum. Aðild stúdenta að stjórn deilda er einnig rýmkuð. Ég vil taka það fram að hér er þó ekki gengið lengra með aukna aðild stúdenta í stjórnun Háskólans heldur en títt er í nálægum löndum, nema síður sé.

Þá er annað atriðið. Það er lagt til að hin nýja deild, félagsvísindadeild, verði til með þeim hætti að sálarfræði, uppeldisfræði og bókasafnsfræði, sem nú er skipað í heimspekideild, flytjist þaðan í hina nýju deild, þar sem einnig verða greinar þær sem nú falla undir námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum. Þá er einnig gert ráð fyrir því að kennsla í félagsráðgjöf fari fram í deildinni, þegar sú kennsla er komin á laggirnar. Það er álit háskólamanna að hér sé um beina hagræðingu að ræða, en þessi till. um stofnun félagsvísindadeildar er reist á álitsgerð n. sem háskólarektor skipaði í jan. 1975 til þess að kanna hvort stofna bæri nýja deild við Háskólann er nái yfir áður nefnd fræði. Álitsgerð þessarar n. er allítarleg og þar eru færð fram rök fyrir því að hagkvæmast sé beinlínis að stofna til þessarar nýju deildar. Og ég vil taka það sérstaklega fram, að það er alls ekki gert ráð fyrir því að stofnun hennar hafi aukinn kostnað í för með sér, nema síður væri.

Um undirbúning að breyttu prófdómarafyrirkomulagi er það að segja, að menntmrn. skipaði í nóv. 1975 að frumkvæði háskólaráðs n. til að kanna möguleika á lækkun prófkostnaðar við Háskóla Íslands sem satt að segja er orðinn ansi mikill. Þessi n. skilaði áliti litlu síðar og það fylgir raunar með frv. sem fskj. En það er sem sagt í þessu frv. gert ráð fyrir gjörbreytingu prófdómarafyrirkomulagsins, þannig að prófdómarar eru felldir niður nema sérstaklega standi á við skrifleg próf. En hins vegar er haldið fyrri hætti að því er varðar munnlegu prófin.

Eins og ég sagði áðan, með vísun til þess að ítarlegar aths. fylgja frv. og svo álit n. sem prentað er með því fskj., þá held ég að ég sleppi að fjölyrða frekar um málið hér. En ég vil leggja áherslu á tvennt: Í fyrsta lagi er þetta beinlínis sparnaðarfrv. Breytingin á stjórn Háskólans hefur engin útgjöld í för með sér, en að vísu ekki sparnað heldur og ekki stofnun hinnar nýju deildar. En breytingin á prófdómarafyrirkomulaginu er talin spara á ári hverju 7—8 millj. kr.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til menntmn. með 16 shlj. atkv.

Jarðalög, frv. (þskj. 565, 729). — Frh. 3. umr.

Frsm. meiri hl. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Vegna tilmæla, sem komu fram í umr. um jarðalagafrv. á síðasta fundi þessarar hv. d., vil ég upplýsa að ekki hefur tekist að ná til forstöðumanns lagadeildar Háskólans til þess að fá umsögn deildarinnar um það hvort ákvæði 28. gr. frv. væru andstæð stjórnarskránni. Hins vegar tókst að lokum að ná sambandi við dr. Gauk Jörundsson prófessor sem staðfesti fyrra álit sitt varðandi þetta efni. Hann telur eins og áður að ákvæði 28. gr. stangist ekki á við ákvæði stjórnarskrárinnar.

Landbn. þessarar hv. d. hefur tekið þetta atriði til umr. að nýju, og n. hefur orðið sammála um að flytja brtt. sem birtist á þskj. 729 og nýlega hefur verið lögð fram hér í d., og hefur orðalag 28. gr. með þeirri breyt. verið fært til samræmis við ákvæði í gildandi lögum um Jarðeignasjóð sem er að finna í 6. gr. þeirra laga, þar sem segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Jarðir, sem ríkið eignast samkv. 1. gr. þessara laga, má selja sveitarfélögum eða upprekstrarfélögum sem jörðin heyrir til, enn fremur einstaklingum til varanlegrar ábúðar.“ Einnig segir síðar í gr.: „Heimilt er og, að fengnum meðmælum Landnáms ríkisins, Búnaðarfélags Íslands og hlutaðeigandi sveitarstjórnar, að selja jarðir þessar öðrum jarðeigendum í sama sveitarfélagi til að bæta búrekstraraðstöðu þeirra.“

Landbn. leggur einróma til að hv. d. samþ. þessa brtt. og vænti ég þess að dm. geti þá orðið ásáttir um frvgr. með þessari breyt., þar sem hún er gjörsamlega færð til samræmis við orðalag hliðstæðrar gr. í gildandi lögum um þetta efni.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Með skírskotun til þess, sem ég sagði við umr. um þetta frv. í gær, legg ég til að frv. verði felllt.

ATKVGR.

Brtt. 729 samþ. með 15 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 14:1 atkv. og afgr. til Nd.

Námslán og námsstyrkir, frv. (þskj. 364, n. 645 og 686, 646, 687, 730). — Frh. 2. umr.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég skrifaði undir álit meiri hl. menntmn. með fyrirvara, og þykir mér rétt að gera í nokkrum orðum grein fyrir þeim fyrirvara.

Ég vil í upphafi lýsa nokkrum grundvallarsjónarmiðum mínum í sambandi við námslán. Ég er því sammála að með námsláni á að gera öllum íslendingum kleift að sækja langskólanám sem til þess eru hæfir af öðrum ástæðum, og á þannig að reyna að jafna svo aðstöðu sem frekast má vera á milli landsmanna. Ég legg hins vegar á það ríka áherslu að námsmenn mega gjarnan hafa nokkuð fyrir sínu námi og ég tel æskilegt að námsmenn stundi nokkra vinnu, t. d. að sumri til, og er því að ýmsu leyti ekki fyllilega ánægður með það hvernig reiknuð er út umframfjár-

þörf námsmanna. Ég er einnig þeirrar skoðunar að það eigi að vera grundvallaratriði að menn endurgreiði sín lán. Ég fellst hins vegar á það að námslán eigi ekki að vera eins og myllusteinn um háls námsmanna þegar þeir hafa lokið námi, þannig að þeir, sem af einhverjum ástæðum ná ekki viðundandi tekjum, þurfi ekki að hafa af þessu sérstakar áhyggjur.

Fyrir um það bil þrem árum voru námslán tekin til endurskoðunar, enda þá orðin brýn þörf þar sem ljóst var að það kerfi, sem við höfum búið við, er alls kostar ófullnægjandi, endurheimtur af lánum slíkar að það getur hvergi nærri talist fullnægja því sjónarmiði sem ég lýsti áðan, að menn endurgreiði sín lán. Ég tók þátt í þeirri endurskoðun og þótti mér þá ánægjulegt að sá hópur námsmanna, sem einkum vann að þessu, sýndi mikinn skilning og mér fannst raunar að mín sjónarmið og þess hóps færu mjög saman. Mér sýndist þessi hópur vera reiðubúinn til að endurgreiða sín lán, en vildi þó hafa nokkra tryggingu fyrir því að þar yrði ekki um óeðlilegan bagga að ræða. Þá munaði raunar litlu að samkomulag næðist. Það varð því miður ekki og málið hefur síðan dregist og færst í stórum meira óefni.

Í vetur og í fyrra hefur verið unnið á vegum hæstv. menntmrh. að því að athuga þetta mál, og var þá sett á fót n. sem námsmenn áttu sæti í. Mér hefur sýnst, eftir því sem ég best sé, að sú n. hafi unnið athyglisvert starf og það hafi satt að segja ekki munað miklu að þar næðist samstaða þegar af einhverjum ástæðum það samstarf var rofið og menntmrn. á eigin vegum gekk frá því frv. sem hér hefur síðan verið lagt fram. Ég harma þessi málalok og tel að ekki hafi verið eins vandlega eftir því gengið að ná samstöðu og rétt hefði verið, og mér fannst frv. bera þess merki þegar það var lagt fram. Mér sýndist t. d. á nefndarfundi um þetta frv., þar sem fulltrúar námsmanna mættu, að þeir væru stórum betur undirbúnir til umr. um málið en fulltrúar menntmrn. Þeir höfðu lagt í það mikla vinnu að reyna að gera sér grein fyrir þeirri endurgreiðslu sem hér um ræðir, og þótt ég taki það fram fyrir mitt leyti að mér finnst 60% endurgreiðsla ekki mikil og geri raunar ráð fyrir því að menn, sem stunda langskólanám, fái þær tekjur að endurgreiðslan verði í raun langtum meiri, þá var þar um ákveðna viðmiðun að ræða, ákveðna tekjuskiptingu að ræða sem námsmenn lögðu til grundvallar og ákveðin hámarkslán. Um þær forsendur mátti að sjálfsögðu allar deila og þær geta orðið aðrar. En ljóst var að þeir höfðu unnið mjög vandlega sínar till. og sínar hugmyndir á þeim forsendum sem þeir þá gáfu sér. Mér þótti illt að ekki skyldi í þeirri n., sem hafði starfað, nást samkomulag um slíkar forsendur svo að þær gætu þá einnig legið til grundvallar fyrir þeim till. sem stjórnvöld lögðu fram. En svo var ekki, og satt að segja, þrátt fyrir nokkuð ítrekaðar tilraunir, hefur ekki tekist að fá slíkan grundvöll. Að vísu met ég það álit sem komið hefur frá Þjóðhagsstofnun eða einum ágætum starfsmanni þar. Ég hygg nú satt að segja að niðurstöður þessa álits hafi komið ýmsum á óvart og sýnt töluvert meiri endurgreiðslu heldur en ráð var fyrir gert. Byggt er á þeim forsendum sem námsmenn höfðu gefið sér og, eins og ég sagði áðan, eru alls ekki að sjálfsögðu hinar einu réttu.

Mér sýndist að 8. gr., endurgreiðslugreinin í þessu frv., væri dálítið úr lausu lofti gripin þar sem ekki lágu fyrir nægilegar athuganir á þeirri endurgreiðslu sem hún hefur í för með sér, og þetta var staðfest af því áliti sem fékkst frá Þjóðhagsstofnun að mínu mati. Ég t. d. tel að unnt hefði verið með meiri vinnu að festa betur í frv. þá aukagreiðslu sem námsmönnum fyrir ofan viðmiðunartekjur er ætlað að greiða. Það er mjög opið í þessu frv. og alls ekki heldur ljóst hvað hin fasta greiðsla, 50 þús. kr., eins og lagt var fram, leiðir til í endurgreiðslu. Þetta er nú heldur ljósara eftir niðurstöðu Þjóðhagsstofnunar og er þar um töluvert hærri upphæð að ræða en fulltrúar menntmrn. töldu þegar við þá var rætt. Sýnir það ljóslega hve málið var satt að segja lítið skoðað.

Ég verð að segja það, að ég tel út af fyrir sig ekki erfitt fyrir langskólagenginn mann, að greiða 50 þús. kr. á ári, og ég hygg að þeir verði ákaflega fáir, sem eiga í erfiðleikum með það. Hins vegar get ég fallist á að einhverjir geti orðið svo undir í lífsbaráttunni og fallið svo niður í tekjum eða lent í erfiðleikum að það reynist erfitt. Slíkt er alltaf mögulegt, og 50 þús. kr. greiðsla getur þá orðið erfið. Því var ég í n. á þeirri skoðun að réttara væri að miða þessa endurgreiðslu við ákveðinn hundraðshluta af tekjum. Ég nefndi t. d. 3%, þannig að fullar viðmiðunartekjur væri þessi endurgreiðsla yfir 30 þús., e. t. v. 34—35 þús. Ég óskaði eftir því að þetta yrði skoðað og þá jafnframt gert ráð fyrir því að þessi hundraðshluti færi hækkandi þegar yfir viðmiðunartekjur kæmi. Því miður treystir Þjóðhagsstofnun sér ekki til þess að gera sér og okkur grein fyrir því hver endurgreiðsla yrði með þessu kerfi. Það er fyrst og fremst með tilliti til þessa að ég skrifa undir með fyrirvara. Ég skrifa undir með fyrirvara til að lýsa óánægju minni með að fá eftir allt það starf, sem menntmrn. hefur lagt í þetta mál, ekki a. m. k. sæmilegar ágiskanir um hvað t. d. slíkt hundraðshluta endurgreiðslukerfi hefði í för með sér í endurgreiðslu miðað við þær forsendur sem gefnar eru um laun, sem — eins og ég vil enn endurtaka — ég tel satt að segja ákaflega varlegar.

Ég vildi því sjá þær brtt. sem fram kæmu frá minni hl. sem mér var ljóst að var heldur á þessari skoðun. Ég felli mig ekki við brtt. minni hl. við 8. gr., þar sem þessi endurgreiðsla er færð niður í 2% og felld að öllu niður við hálfar viðmiðunartekjur. Ég tel þarna farið of langt niður og námsmönnum enginn greiði gerður með svo lítilli endurgreiðslu. Ég held að þeir gætu vel staðið við nokkru hærri hundraðshluta og mun því ekki fylgja þessari brtt. Ég tel að lækkun niður í 40 þús. kr. fasta greiðslu á ári sé til bóta í till. meiri hl. og mun fylgja því, þó ég hefði kosið, eins og ég hef sagt, nokkuð aðra leið. Ég tel reyndar að allar aðrar breyt. meiri hl. séu til bóta og mun því greiða atkv. með þeim.

Ég get fallist á sumar athugasemdir sem komu fram í sambandi við brtt. minni hl. og mun skoða þær. Ég lít ekki svo á að orðalag í 3. gr.: „Stefnt

skal að því að opinber aðstoð við námsmenn samkv. lögum þessum nægi hverjum námsmanni til að standa straum af eðlilegum náms- og framfærslukostnaði" — sé hættulegt. Ég get ekki séð það. Þetta er að sjálfsögðu háð því sem veitt er á fjárlögum hverju sinni. Staðreyndin er sú að þarna eru aðrir endar opnir, eins og t. d. eðlilegur náms- og framfærslukostnaður, hver er eðlilegur náms- og framfærslukostnaður og hvað er eðlilegt tillit tekið til tekna námsmanna o. s. frv. Ég vil að þetta sé gert þannig að það sé hvatning til námsmanna til að ná sér í tekjur. Ég hef ekki sætt mig við það, að þegar duglegir námsmenn ná sér í meiri tekjur en gert er ráð fyrir sem lágmark, þá sé lánið lækkað svo sem gert hefur verið. Ég held það mætti gera ráð fyrir heldur meiri tekjum, en binda þær þar fast, svo mér sýnist þetta „stefnt að" algjört aukaatriði. Ég held einnig að gagnrýni námsmanna sé misskilningur í sambandi við stjórn þessa sjóðs. Mér sýnist að þar sé hlutur námsmanna ekkert síður góður heldur en nú er, og raunar er það staðreyndin, ekki síst í sambandi við það sem kemur síðar í þessu frv., að öll ákvörðun þar er í höndum ráðh. fyrst og fremst og hefur raunar verið það, og e. t. v. má því um kenna, hvernig farið hefur, að menntmrn. hefur alls ekki gætt þess eins og skyldi að skoða vandlega þær reglur sem gilt hafa um úthlutun námslána.

Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð þó margt mætti segja. Ég vil ljúka þessu með því að segja að ég fagna því mjög hvað ákveðinn hópur námsmanna hefur tekið þessum grundvallarsjónarmiðum vel, að endurgreiða sín lán og auka og styrkja námslánasjóðinn, hefur tekið því vel að verðbinda þessi lán. Ég tel það töluverða fórn frá því sem nú er. En miðað við það að menn stefna að því að endurgreiða sín lán, þá er eðlilegt að til móts við þá sé hins vegar gengið með því að leggja ekki á vaxtabyrði. Ég mun fylgja breyt. meiri hl., en ég vil endurtaka það að ég harma og átel það að ekki skyldi langtum betur vera að því gengið að ná samstöðu við námsmenn sem mér sýnist að hefði getað verið alveg á næsta leiti ef að því hefði verið stefnt.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Hér er nú á lokastigi, að því er mér virðist, mál sem lengi hefur verið lofað að yrði ráðin bót á, þ. e. a. s. fjármagnsþörf fyrir Lánasjóð ísl. námsmanna. Á sínum tíma var það sett sem markmið að innan tiltölulega fárra ára skyldi vera mætt svonefndri umframfjárþörf námsmanna 100%. Það hefur nú fallið í hlut þriggja ríkisstj. að reyna að ná þessum áfanga, en ekki tekist. Og nú á að staðfesta um óákveðinn tíma fram í tímann að ekki verði staðið við þetta gamla fyrirheit, sem ég held að séu nærri 9 ár síðan var fyrst gefið, og orðalag 3. gr. á aðeins að vera: „Stefnt skal að því að opinber aðstoð við námsmenn samkv. lögum þessum nægi hverjum námsmanni" — og svo eru fyrirvarar og svo eru fyrirvarar og möt og möt. Lengra treystir hv. Alþ. sér ekki að ganga og er það slæmt.

Í fyrstu ræðu hæstv. núv. fjmrh. boðaði hann að frv. um námslán og námsstyrki kæmi þá þegar fram og yrði afgr. við fyrstu fjárlög er hann stæði að. Það stóðst ekki. Og ríkissjóður stendur höllum fæti og glymur í tómum kassanum. Það er úr vöndu að ráða, og til þess að reyna að bæta hér úr hafa menn loksins náð samstöðu um að reyna að samþ. frv. er hafi eiginlega ekki hljómgrunn hjá neinum manni almennt talað. En það er kannske með þetta eins og margt annað, að það er ómögulegt að fá frv. er allir verða ánægðir með og þess vegna verði að höggva á hnútinn með eins konar Salómonsdómi. Og þetta er sá dómur sem meiri hl. hefur komið sér saman um nú að skuli gilda þar til annað verður ákveðið síðar meir. Við, sem stöndum að minni hl., höfðum í tíð vinstri stjórnar unnið að því í menntmn. að ná samkomulagi við fulltrúa námsmanna, og eins og frsm. minni hl. drap hér á, þá var vel á veg komið að ná samstöðu, en vegna annarra atvika brast hún á síðustu stundu. Tel ég að það hafi verið slæmt, því ella hefði staða þessa sjóðs verið miklu betri í dag og menn komið á raunhæfara samkomulagi milli ríkisvaldsins og námsmanna.

Það þýðir ekki að fárast um það sem ekki getur átt sér stað aftur. Það er liðinn tími. Við erum hér að fjalla um tiltekið frv., og meiri hl. leggur til að það verði samþ. eins og hann hefur frá gengið. Ég tel þetta slæmt. Ég tel það slæmt vegna þess að mikið undirbúningsstarf hafði farið fram, eins og síðasti ræðumaður drap á, og hér í hv. d. situr einn þm. er starfaði að þessu, og mér skildist á fulltrúum námsmanna að þeir hafi orðið fyrir miklum vonbrigðum, þegar þeir sáu þetta frv., og alls ekki átt von á því.

Það er eðlilegt að fulltrúar námsmanna vilji halda dauðahaldi í þau góðu kjör sem þeir höfðu á sínum tíma. En þó gerðu menn sér ljóst að slíkt gat ekki haldið óbreytt áfram. Þess vegna er það rétt, og það munu allir staðfesta, að þeir voru tilbúnir og eru tilbúnir að taka á sig verulegar kvaðir og jafnvel miklar kvaðir fyrir suma hópa, að endurgreiðsla lána hækki verulega og vísitala komi inn, þannig að sjóðurinn fái árlega verulega stóran hluta af sínu fjármagni aftur, því það er viðurkennt af öllum, hvort sem menn eru fulltrúar stjórnar eða stjórnarandstöðu, að óhægt er fyrir ríkissjóð og vonlaust í framtíðinni að punda út milljörðum í þetta sem beinum styrkjum. Það dettur engum slíkt í hug. Hins vegar taldi ég alltaf, eins og var á sínum tíma, fyrir 3 árum, rétt að hafa þessi lán í tvenns konar formi, og harma ég að það skuli ekki vera tekið upp og því haldið áfram. Ég vildi hafa A-lán, ef við köllum það svo, og B-lán, sem ég mundi þá kalla styrki, hafa þá minni. Og einmitt vegna þess, eins og síðasti ræðumaður drap á, að margir vilja vinna vel yfir sumarið og maður má ekki refsa slíkum mönnum sem vilja leggja á sig mikla vinnu, bæði til lands og sjávar, og tengjast þjóðlífinu miklu betur en margir hafa talið æskilegt að menn geri, og það tel ég plús, þá var skynsamlegra að mínu mati að rétta mönnum styrki, hafa þá tölu lægri, hafa nokkra tugi milljóna til reiðu í því skyni eða jafnvel á annað hundrað milljónir og hvetja menn til að spjara sig og fá um það góðar umsagnir og láta menn velja og hafna. Ég tel að ríkissjóður hefði sloppið betur út úr því og viðkomandi

maður getað ráðið því hvaða kerfi hann vildi fara inn í.

Þetta fékk ekki hljómgrunn núna í þessu frv., hvað sem hefur valdið. Þó að á sínum tíma væri verulegur áhugi á þessu, að mér skildist, hjá öllum aðilum, þá hefur ekki orðið niðurstaðan á að hafa þetta í þessu formi. Við í minni hl. viljum hafa meira svigrúm í 8. gr., sem er raunar aðalgrein þessa frv., um veitingu lánanna og hvernig á að mæta þörfum námsmanna við hinn mikla og vaxandi námskostnað, sem er mikill hér á landi og ekki síður erlendis. Það kom skýrt fram hjá fulltrúum námsmanna að tekjur langskólamanna eru afar misjafnar, og það er hv. þdm. mætavel kunnugt um. Það má segja að í eðli sínu sé lánið fjárfesting og fjárfestingin eigi að skila sér aftur í auknum tekjum og jafnvel betri lífsafkomu. En reynslan sýnir samt sem áður að ekki bera allir það mikið úr býtum að þeir séu til stórra átaka í framtíðinni, hverju sem um er að kenna. Ég tel því eðlilegt að nokkuð rúmt svigrúm sé fyrir hendi í löggjöfinni að íþyngja mönnum ekki um of, þó ég styðji það eindregið að þegar menn hafi miklar tekjur og tryggar, þá greiði þeir mjög hátt hlutfall, mjög hátt og fast að fullu. Annað er ekki sæmandi fyrir nokkurn mann er tekur við miklum launum og háum í þjóðfélaginu en að standa skil á því fjármagni sem hann hefur fengið að láni frá ríkisvaldinu til að skapa sér þessar tekjur.

Með þessu frv. verður að vera tryggt, en það tel ég að sé ekki gert, að allir eigi jafnrétti til náms. Fulltrúar námsmanna, fjölmargir, ólíkir hópar, margtaka fram í fjölmörgum bréfum, og ég efast ekki um að það sé rétt staðhæfing, að þetta frv. tryggi ekki þennan rétt og að því leyti förum við aftur á bak. Það er hálfslæmt að hæstv. menntmrh. skuli ekki geta sinnt hv. d. með því að vera hér viðstaddur, því hann var borinn þungum sökum af frummælanda minni hl. hér í gærkvöldi og nótt, og ég vil endurtaka það, að það eru þungar sakir að staðfesta það — og ég hef þá skoðun — að þetta frv. geri mönnum mishátt undir höfði. Það nær ekki nokkurri átt að afgreiða lög um þessi mál er gera mönnum mishátt undir höfði. Frv. verður að tryggja það að hver sá maður, sem til þess hefur hæfileika, eigi kost á því námi er hann vill stunda. Annað er ekki sæmandi í dag á Íslandi.

Ef þetta sjónarmið verður ekki viðurkennt í þessum lögum með breytingum, þá er illa farið og til þess að ná þessari túlkun fram og þessum tilgangi verður að fallast á brtt. minni hl. Annars tryggir löggjöfin ekki þetta grundvallaratriði sem ég trúi ekki öðru en allir séu sammála um. En menn brestur aðeins kjark til að takast á við þann vanda sem er að tryggja þennan eðlilega og sjálfsagða rétt í nútímaþjóðfélagi öllum til handa, sama hvaðan námsmaðurinn kemur og hverja hann á að.

Menn hafa látið í það skína að 60—80% greiðslukvöð væri sanngjörn, og hún er sanngjörn fyrir einstaka hópa manna, en hún er gjörsamlega ofviða öðrum. Því er óhjákvæmilegt að svigrúm um endurgreiðslu sé allrúmt og verði að fara eftir ýmsu í því efni. Það er ekki tryggt með því að setja fasta tölu inn sem lágmarkstölu. Þetta liggur fyrir hér skjalfest í mörgum bréfum, en er of langt mál að fara að rekja það. Hv. þdm. hafa fengið þessi bréf, og ég verð að ætlast til þess að þeir líti á þau og hlusti á þau rök sem þar eru skriflega sett fram. Ef ekki er hlustað á þessi rök, þá er það trú mín að margir hverfi frá námi, og þá er illa farið og þá hefur þetta frv. og þessi lög neikvæð áhrif fyrir jafnvel hundruð ungra námsmanna. En það er öðru nær að þau eigi að túlka slíkt, lögin, þau eiga að hjálpa mönnum.

Það er athyglisvert að við erum hér í þann veginn að afgreiða frá d. frv. sem felur í sér að þeir, sem taka þessi lán með aðstoð ríkisvaldsins, sæti verri lánskjörum en nokkrir aðrir þegnar í þjóðfélaginu. Það hefur þó verið talið hingað til að heilbrigt nám og skynsamlegt nám væri hin besta fjárfesting sem hægt væri að gera í þjóðfélaginu. En af því að fjárfestingin er svona góð, eiga þá kjörin að vera verri en nokkurs staðar annars staðar í þjóðfélaginu? Eru það rökin fyrir því að hafa kjörin svona slæm? Það þykir mér undarleg röksemdafærsla.

Borið er við einni ástæðu í fyrra og nú — og hvað á næsta ári? Árferðið er svo slæmt, segja menn, að ekki sé hægt að ganga lengra. Er hæstv. ríkisstj. þá tilbúin, ef árferðið verður betra á næsta ári, að breyta lögunum og rýmka um lánsheimild? Eg held að enginn maður taki mark á slíkri yfirlýsingu, það eru þegar komnar svo margar yfirlýsingar að þær eru orðnar fleiri en legió, og nennir enginn að eltast lengur við slíkar yfirlýsingar. Þær hafa ekki staðið deginum lengur. Það er því ekkert val um annað en að hlusta á þær brtt. sem við flytjum í minni hl., ef menn hafa það að markmiði, eins og núv. ríkisstj. og tvær ríkisstj. áður hafa margstaðfest og raunar allir stjórnmálaflokkar þess vegna staðfest og gefið yfirlýsingar um eða talsmenn þeirra, að stefnt skuli að því að umfram fjárþörf námsmanna verði að fullu mætt. En þetta frv., sem á nú að verða að lögum, gerir það ekki. Þess vegna eru það brigðmæli að standa ekki að því.

Ég trúi því ekki að menn vilji ekki sameinast um þetta nú, þrátt fyrir að nú sem stendur er heldur þungt fyrir fæti hjá ríkissjóði og þjóðarbúinu í heild. En það léttir ekki á að láta marga hverfa frá námi, sem þegar eru byrjaðir, vegna þess að þeir treysti sér ekki til að taka lánin, bókstaflega treysti sér ekki. Og það er líka trú mín að ábyrgðarmenn fáist ekki til að standa á bak við skuldbindingar með þá greiðslubyrði sem þetta frv. á að leggja lántakanda á herðar. Ég vil vænta þess a. m. k. að því atriði, að krefjast þess ekki af lántakanda að hann útvegi tvo ábyrgðarmenn í viðbót við sínar tryggingar, sé haldið til streitu. Yrði stórhjálp fyrir marga að fella burt það atriði. Ef sjórn Lánasjóðsins getur ekki tryggt með öðrum hætti að námsmaðurinn geti staðið í skilum, þá á Alþ. og löggjöfin ekki að knýja það fram að mínu mati, alls ekki. Það er ekki sanngjarnt ákvæði, ekki undir neinum kringumstæðum, og alls ekki þegar svona er staðið að verki. Ég ætla því að vænta þess, að þó meiri hl. vilji ekki hlusta á allt sem við leggjum til, verði a.m.k. samþ. að þetta ákvæði falli burt. Ef þeir ágætu menn, sem veljast í stjórn

þessa sjóðs, eru ekki færir um að meta hvað er raunhæf trygging, þá eru þeir raunverulega ekki færir um að sjá um rekstur á þessu mikla kerfi sem hér er fyrir hendi þegar í dag og á að vera fyrir hendi og veltir milljörðum. Gífurleg skriffinnska er kringum þetta ákvæði, það er óeðlilegt, það er óheilbrigt og það er ósanngjarnt.

Það mætti fjalla um þetta mál mun lengur og vitna hér í ýmis erindi sem til okkar hafa komið, og við, sem höfum fjallað um þetta mál undanfarin mörg ár raunar og hlýtt á marga námsmenn og margar sendinefndir, gætum innbyrðis skipst á skoðunum hér lengi. En ég held að í sjálfu sér séum við ekki svo langt frá því að vilja allir takast á við þennan vanda og leysa hann sómasamlega. Það skortir aðeins í dag þrek til að þora að spá fram í tímann og hafa löggjöfina þannig að hún fullnægi því gamla loforði sem allir stjórnmálaflokkar hafa lýst yfir, að innan fárra ára fái námsmenn 100% fjármagn fyrir sínar umframþarfir, til þess að hver maður á Íslandi eigi þess kost að læra það sem hugur hans stendur til. Og annað er ekki sæmandi fyrir Alþ. en að tryggja slíka löggjöf.

Frsm. meiri hl. (Axel Jónsson): Herra forseti. Ég ætla aðeins að greina hér frá brtt. sem ég hef flutt á þskj. 730. Fallið hafði niður úr brtt. 3, við 12. gr., en upphaf hennar er þannig: „Stjórn Lánasjóðsins er heimilt að veita aðstöðujöfnunarstyrki til námsmanna sem verða að kosta sig fjarri eigin heimili sínu vegna náms sem er aðstoðarhæft samkv. 1. gr.“ Brtt. er um að í stað „samkv. 1. gr.“ komi: samkv. 1. og 2. gr. — Þetta skýrir sig sjálft, en eins og ég sagði áður, herra forseti, þá hefur þetta fallið niður og leiðréttist hér með.

Ég skal svo ekki vekja upp frekari umr. á þessu stigi um málið og læt máli mínu lokið.

Umr. frestað.

Neðri deild, 105. fundur.

Þriðjudaginn 11. maí, kl. 3.50 síðdegis.

Skipan sóknarnefnda og héraðsnefnda, frv. (þskj. 610). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Íslensk stafsetning, frv. (þskj. 140, n. 703 og 704). — Frh. 2. umr.

Lúðvík Jósepsson: Hæstv. forseti. Það var aðeins um það, að eins og öllum er nú kunnugt, þá er hér á ferðinni mikið áhuga- og kappsmál margra hv. þm. og því vilja allir vera viðstaddir þá merkilegu atkvgr. sem á að fara fram um þetta mál. En svo vill til að í minum flokki vantar tvo þm. eins og sakir standa, en þeir munu hins vegar mæta til þings væntanlega á morgun eða koma í bæinn á morgun. Ég vil ekki fara fram á það að þessari atkvgr. verði frestað, af því að hér er um 2. umr. að ræða, en fer eindregið fram á það að 3. umr. um málið fari ekki fram fyrr en á fimmtudag, hún fari sem sagt ekki fram á morgun, vegna þess að þessir þm. eða a. m. k. annar þeirra kemur í bæinn á morgun og er mjög óvíst að þeir geti tekið þátt í atgvgr. En eins og ég segi, þar sem hér er um slíkt örlagamál að ræða sem allir þekkja, þá fer ég mjög eindregið fram á að þessi háttur verði hafður á, þó að atkvgr. við 2. umr. fari nú fram.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Það er altítt að tvo þm. vanti á þingdeildarfundi og kippa hv. þdm. sér ekki upp við það, jafnvel þótt um enn stærri mál sé að ræða heldur en það sem hér er verið að fjalla um. Ég frestaði atkvgr. um þetta mál þar til í dag vegna tilmæla hv. þm., og ég tel í engu níðst á neinum þótt frv. sé látið halda áfram með þeim hraða sem gildir um önnur mál þessa dagana. Við þetta vil ég bæta að einn hv. þm. kvartaði sáran yfir því í gærkvöld að málið væri rætt að kvöldi dags. En ég hafði hugsað mér að stefna að því að reyna að fá umr. um þetta mál í dagsbirtu í dag og þess vegna var ætlunin að setja annan fund á eftir og byrja á 3. umr. (Gripið fram í.) Það er ekki víst, en ég hef lofað því að hv. þm. fái tækifæri til þess að ræða málið í dagsbirtu, þeir sem kjósa að gera það.

ATKVGR.

Till. til rökst. dagskrár á þskj. 704 felld með 21:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvJ, VH, ÞS, EðS, GS, IG, JSk, SkA, KP, LJós, MO.

nei: SigurlB, SvH, TÁ, ÞÞ, BGr, EBS, EKJ, FÞ, GHG, GF, GÞG, IngJ, JóhH, LárJ, MB, MÁM, ÓE, PP, PJ, SighB, RH.

8 þm. (SV, GilsG, GuðlG, GTh, HES, VilbH, ÓlJ, PS) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 19:4 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 19:4 atkv.
Brtt. 703 samþ. með 19:4 atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 19:4 atkv.
5.—6. gr. samþ. með 19:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21:8 atkv.

Neðri deild, 106. fundur.

Þriðjudaginn 11. maí, að loknum 105. fundi.

Happdrætti Háskóla Íslands. frv. (þskj. 633). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, frv. (þskj. 634). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga, frv. (þskj. 635). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Íslensk stafsetning, frv. (þskj. 140, sbr. 703). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VH, ÞS, ÞÞ, BGr, EBS, EKJ, FÞ, GHG, GTh, GF, GÞG, IngJ, JóhH, LárJ, MB, MÁM, ÓE, PP, PJ, SighB, SigurlB, SvH, RH.

nei: EðS, GS, IG, SkA, LJós, MÓ, SvJ, TÁ.

KP greiddi ekki atkv.

8 þm. (GilsG, GuðlG, HES, JSk, VilbH, ÓlJ, PS, SV) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Ingvar Gíslason: Það er að vísu óvenjulegt að greidd séu atkv. á þennan hátt um það hvort mál megi koma fyrir með afbrigðum. En ég tel það ekki óeðlilegt, þó að beðið hafi verið sérstaklega um þetta af þeim hv. þm. sem stakk upp á því að þessi atkvgr. yrði viðhöfð, vegna þess að hann hafði beðið hæstv. forseta alveg sérstaklega um að þetta mál yrði ekki tekið fyrir núna, og það er óvenjulegt, satt að segja, að forseti verði ekki við slíkum hógværum beiðnum. Ég skal ekki ræða þetta frekar efnislega, en af því, sem ég hef sagt, er ljóst að ég segi nei.

Lúðvík Jósepsson: Forseti. Ég vil ekki á neinn hátt leggja stein í götu þess að þetta mál fái fullnaðarafgreiðslu á þessu þingi. Ég tel að það sé fyllilega tryggt þó að 3. umr. um málið sé ekki knúin fram nú á þessum fundi. Það er af þeim ástæðum sem ég segi nei við því að veita afbrigði til að knýja málið fram á þessum fundi sem ég sé enga ástæðu til að verði og reynt að koma í veg fyrir að ákveðnir menn, sem vilja taka þátt í afgreiðslu málsins, geti fengið að taka þátt í afgreiðslu þess, og þar skiptir aðeins um einn eða tvo daga.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Út af orðum hv. þm. vil ég taka fram, að þegar ég sagði að ég hefði ákveðið að þetta mál yrði tekið til umr. nú á þessum fundi sagði ég ekkert um að ég væri ákveðin í því að málið yrði afgr. á þessum fundi. Og ég skal fúslega verða við því að atkvgr. um málið fari fram í upphafi næsta fundar d., og hygg ég að menn hljóti að geta sæst á þá málsmeðferð og sjái að þeir hv. þdm., sem vantar á fundinn, eru áreiðanlega úr báðum liðum, bæði úr liði fylgismanna frv. og andstæðinga þess. Get ég ómögulega séð að þessi niðurstaða mín sé ósanngjörn. Það er þá ákveðið að atkvgr. fer fram á næsta fundi.

Umr. frestað um stund.

Almenningsbókasöfn, frv. (þskj. 724). — 3. umr.

Ólafur G. Einarsson: Hæstv. forseti. Það er ekki ætlun mín að fara að tefja hér neitt að ráði afgreiðslu þessa máls, frv. til l. um almenningsbókasöfn. Ég var heldur seinn að kveðja mér hljóðs við 2. umr. málsins í gær, en mér þykir nauðsynlegt að koma hér að leiðréttingu vegna orða hv. þm. Magnúsar T. Ólafssonar í gærkvöld eða öllu heldur vegna túlkunar hans á bréfi stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga sem sent var í febr. s.l. Túlkun hv. þm. á þessu bréfi var sú, að hún sýndi óánægju Sambands ísl. sveitarfélaga og að mér skildist sveitarstjórnarmanna yfirleitt með þá ákvörðun að yfirfæra þetta verkefni algjörlega til sveitarfélaganna.

Í bréfinu eða í stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga er ályktað að stjórnin telji að endurskoða þurfi þetta frv. frá grunni. Sú ósk var ekki sett fram vegna óánægju með verkefnayfirfærsluna, heldur vegna þess að það hlaut að vera eðlileg ályktun vegna einmitt breytinga á verkaskiptingunni. Það var nauðsynlegt að endurskoða frv. eins og það var lagt fram snemma á þinginu. Það var nauðsynlegt að endurskoða það frá grunni vegna þeirrar stefnubreytingar sem orðið hafði. Endurskoðunin var nauðsynleg vegna ýmissa ákvæða í frv. eins og það var, og hún var líka nauðsynleg vegna brtt. sem hæstv. menntmrh. hafði lagt fram. Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga var óánægð með brtt. hæstv. menntmrh. eins og þær voru og eru á þskj. 197. Sambandsstjórnin gat ekki sætt sig við það að ríkisvaldið væri að segja sveitarfélögunum fyrir um það hversu miklum fjárhæðum skyldi varið til þessara verkefnanna eða hinna. Ég vil gjarnan vita hvort það er skoðun minni hl. menntmn. að ríkisvaldið eigi að segja sveitarfélögunum til hversu miklar fjárhæðir þau eigi að leggja í hin og þessi verkefni. Eiga sveitarfélögin t.d. að una því að ríkisvaldið segi þeim hversu miklu fjármagni þau skuli verja þetta eða hitt árið t.d. til gatnagerðar, til vatnsveituframkvæmda eða einhverra annarra verkefna sem eru alfarið á þeirra snærum. Þetta er nákvæmlega sama sem hér er að gerast. Það er búið að yfirfæra þetta verkefni, rekstur almenningsbókasafna, til sveitarfélaganna, og þess vegna hafa þau ekki viljað una því að ríkisvaldið sé að segja þeim hversu miklar fjárhæðir skuli lagðar í þetta tiltekna verkefni ár hvert. Þetta var ástæðan fyrir ályktun sambandstjórnarinnar, ályktun þess efnis að nauðsynlegt væri að endurskoða þetta frv. frá grunni. Ályktunin átti ekkert skylt við óánægju sem kann að vera hjá einstökum sveitarstjórnarmönnum vegna yfirfærslu þessa verkefnis til sveitarfélaganna.

Ágreiningurinn á milli meiri hl. Alþ. og minni hl. menntmn., mér sýnist að hann sé einfaldlega einmitt um verkefnayfirfærsluna. Minni hl. menntmn. vill að horfið sé til fyrri skipunar á þessum málum, en það vill meiri hl. Alþ. ekki. Það er þegar búið að ákveða það með lagasetningu nú fyrir jólin á þessu þingi. Ég tel þetta verkefni eiga að vera í höndum sveitarfélaganna, en minni hl. menntmn. telur að svo eigi ekki

að vera. Um þetta er ágreiningurinn. Minni hl. n. vill sem sagt hverfa aftur til fyrri hátta, en það vill meiri hl. Alþ. ekki.

Ég þarf ekki að hafa um þetta fleiri orð. Ég vildi aðeins mótmæla þessari túlkun hv. þm. Magnúsar T. Olafssonar á bréfi sambandsstjórnarinnar frá í vetur.

Magnús T. Ólafsson: Herra forseti. Annað hvort hef ég hagað orðum mínum eitthvað óskýrt á fundinum í gærkvöld eða þau hafa ekki borist rétt til eyrna hv. 5. þm. Reykn., því ég tók ekki bréf stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga því til sönnunar að andstaða væri af hálfu sambandsins og það væri að lýsa þar óánægju sinni með yfirfærslu fjármögnunar almenningsbókasafna frá ríki að hluta til sveitarfélaganna einvörðungu. Ég var aðeins að vitna í þetta bréf til að sýna fram á hve þessi yfirfærsla hefði verið slælega undirbúin, hvað hún hefði verið fljótráðin og hvað henni hefðu fylgt mikil vandkvæði a. m. k. hvað þetta verkefni snertir, því að brtt. hæstv. menntmrh. við frv., sem hann bar fram fyrr á þinginu, var einmitt til komin vegna þessarar verkefnaskiptingar. Þegar bæði þessi brtt. og hið upphaflega frv. liggja fyrir, þá lætur stjórn sambands ísl. sveitarfélaga til sín heyra og hvetur til þess, vegna þess hvernig málið sé komið, að málið í heild sé tekið til endurskoðunar. Það fer ekki á milli mála að þetta atriði hefur orðið mjög erfitt viðfangs og krafist mikillar vinnu bæði af menntmn.-mönnum og einnig hafa þar komið við sögu menn úr hópi sveitarstjórnarmanna. Ég mótmæli því að ég hafi rangtúlkað þetta bréf, og ég held fast við það að efni þess styrki okkar mál sem teljum og töldum að þessi tilfærsla hafi verið svo slælega undirbúin að hún hafi haft í för með sér vandkvæði og erfiðleika sem ég tel að alls ekki sé bitið úr nálinni með með þeim brtt., sem meiri hl. menntmn. bar nú fram. Þess vegna hefði verið heppilegast allra hluta vegna að hverfa aftur að upphaflegri gerð frv., eins og við í minni hl. lögðum til.

Frsm. minni hl. (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykn. spurði úr þessum ræðustól hvort það væri skoðun minni hl. að ríkið ætti að segja sveitarfélögum fyrir verkum um hvert ætti að verja ákveðnum upphæðum til ákveðinna verkefna og þá hve háum. Ég skildi hann þannig og ég vænti þess að það sé rétt eftir haft. Mér þótti þessi spurning í meira lagi undarleg, vegna þess að þskj. bera það með sér að þetta er skoðun meiri hl. Það er einmitt þetta sem felst í frv. meiri hl., að lágmarksframlög sveitarfélaga skuli ákveðin á Alþ., og ég tók svo eftir að hv. þm. Ólafur G. Einarsson hefði greitt þessu atkv. í gær.

Till. minni hl., sem felldar voru í gær, fjölluðu hins vegar um það að bæði ríki og sveitarfélög skyldu leggja fé til þessara mála, og það kom fram á fundi menntmn. með framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga að það teldi hann eðlilegan hátt. Hann viðurkenndi líka á þessum fundi að sú verkefnabreyting sem gerð hefði verið í des., hefði verið gerð, — og nú skal ég vitna orðrétt í það sem ég skrifaði eftir honum, með leyfi hæstv. forseta: „í frekar miklu hasti og sveitarstjórnarmenn væru ekki allir ánægðir með þessi mál". Þetta vita allir hv. þm., og það þýðir ekki fyrir hv. 5. þm. Reykn. að koma hvað eftir annað í þennan ræðustól, hvenær sem afleiðingar þessarar lagabreytingar ber á góma, og láta sem þetta allt hafi verið gert í sátt og samlyndi.

Það er viðurkennt af stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga að það var óánægja með þessi mál. Þeir töldu sig fyrst og fremst ekki hafa fengið nægilegt fjármagn til þess að sinna þeim verkefnum sem ríkið lagði þeim á herðar. Og hv. þm. Ólafur G. Einarsson veit það áreiðanlega betur en ég að það áttu sér stað miklar umr. um þetta mál og það var mikill ágreiningur og sveitarfélögin höfnuðu vissum verkefnum sem ríkið ætlaði að færa þeim, eins og t. d. að taka á sig stofnkostnað dagvistunarheimila. Ég er hér með í höndum tímaritið Sveitarstjórnarmál, nr. 6 frá árinu 1975, og þar skrifar Páll Líndal grein sem heitir „Orð og gerðir". Til þess að skýra mál mitt og skýra þessi mál örlítið betur fyrir hv. 5. þm. Reykn., þá er mér ljúft að lesa þessa grein Páls Líndals í heild. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta, og hún byrjar, með leyfi hæstv. forseta, með tilvitnun í stefnuskrá ríkisstj.:

„Leggur áherslu á að sjálfstæði sveitarfélaga verði eflt og þeim fengin í hendur aukin verkefni og auknir tekjustofnar til að standa undir þeim. Sköpuð verði skýr skipting verkefna og tekjustofna milli ríkis og sveitarfélaga. Stuðlað verði að valddreifingu o. s. frv. Haft verði í þessum efnum náið samstarf við sveitarfélögin og samtök þeirra.

Hvað oft skyldi maður búinn að sjá og heyra ályktanir og yfirlýsingar í þessa átt. Það skorti heldur ekkert á slíkt þegar núv. ríkisstj. tók við völdum. En hvernig hefur svo tekist að sinna þessum fögru fyrirheitum. Vitur maður sagði fyrir ekki mjög löngu: „Í upphafi var það orðið, en nú er það frasinn". Þetta virðist eins og sniðið eftir því sem gerst hefur. Þegar ríkisstj. tók að sinna málefnum sveitarfélaganna var það með þeim hætti að þjarmað var að þeim fjárhagslega. Það hefur komið í ljós að hin fögru fyrirheit voru bara frasar í hefðbundnum stíl.

Í nóvembermánuði var efnt til mikillar umr. um þá yfirfærslu verkefna og tekna sem gert var ráð fyrir í grg. fjárlagafrv. Af hálfu sveitarfélaganna var þessum hugmyndum tekið af fullum skilningi þótt hins vegar mætti deila um fjárhæðir einstakra liða. En hvað gerist svo? Gengið er meira og minna fram hjá ábendingum stjórnar sambandsins. Og verkið er svo kórónað með því að ríkið ryðst inn á aðaltekjustofn sveitarfélaganna.

Flestir, sem hafa kynnt sér málin, munu nú sammála um að óeðlilegt sé að sveitarfélög séu skattlögð til að standa undir sjúkratryggingum sem þau hafa engin tök á eða stjórnar-

aðild að. Hefur verið margítrekað, að það sé helsta nauðsynjamálið til að greiða úr samskiptaflækjunni að ríkið taki að öllu leyti á sig kostnað við þær. Er það í huga margra miklu meira hagsmunamál en að fá aukna hlutdeild í söluskatti. Það vita líka allir að sá kostnaður, sem ríkið hefur einhliða kallað yfir sveitarfélögin á þessu sviði, er að sliga mörg þeirra.

Í viðræðunum, sem áður getur, og á fulltrúaráðsfundinum í nóv. var lögð megináhersla á þetta. Í stað þess að taka þessa frómu ósk til greina, sem hefði sjálfsagt talist ofrausn, er á einni nóttu dembt á sveitarfélögin að innheimta sem álag á útsvör framlag til sjúkratrygginga. Svo mikið kapp er lagt á að koma þessu yfir á sveitarfélögin að jafnvel mótmæli ráðh. sveitarstjórnarmála eru að engu höfð og þessar byrðar lenda í lokin fyrst og fremst á almenningi. Það eru nefnilega ýmsir aðilar í þjóðfélaginu sem borga ekki útsvör. Sjá allir að í raun gerir þessi ráðstöfun sveitarfélögunum mun erfiðara fyrir um nauðsynlega tekjuöflun.

Þá eru lögin um yfirfærslu verkefna túlkuð af ríkisvaldinu á þann veg að ríkið geti komist undan því að meira eða minna leyti að greiða sveitarfélögunum áfallnar skuldbindingar miðað við áramót. Fræðsluskrifstofur landshlutanna eru algjörlega skildar eftir á flæðiskeri.

Allt tal um sjálfstæði sveitarfélaga og landshluta er innantómt hjal meðan svona er á málum haldið, ef ekki annað verra. Sveitarfélög, sem eru að sligast fjárhagslega, hafa í raun litla möguleika til að ráða sjálf málefnum sínum, svo tekin séu orð úr stjórnarskránni. En það er víst engin von til þess að þeir, sem að þessu standa, hætti við frasana um sjálfstæði sveitarfélaga, aukin verkefni og sjálfstæða tekjustofna, valddreifingu og annað í þeim stíl. Þess er hins vegar varla að vænta að mikið verði lagt upp úr slíku eftirleiðis".

Hér lýkur grein Páls Líndals og mér virðist hann ætla að reynast sannspár. Það virðist engin von til þess að þeir, sem að þessu stóðu, ætli að hætta við frasana um sjálfstæði sveitarfélaganna. Ræða hv. 5. þm. Reykn. bendir eindregið til þess, og ef marka má orð Páls Líndals, þá verður ekki mikið gert með orð hv. 5. þm. Reykn. í þessu efni framar. Hann ræddi hér í gær um að almenningsbókasöfnin hefðu mjög víða eflst þrátt fyrir ríkisframlag, en ekki vegna ríkisframlags. Mér finnst ég hafi heyrt þetta áður hjá þessum hv. þm. Það er eins og hann sé að gefa í skyn að ríkisframlag sé til óþurftar. Það, sem hann á við, að ég hygg, er að ríkisframlagið hafi verið svo lítið að það hafi ekki munað um það og sveitarfélögin sum hafi sinnt þessum málum af eigin rammleik þrátt fyrir lítið ríkisframlag. Um þetta deilir enginn. Þetta vita allir. En þegar hv. 5. þm. Reykn. talar svona, þá vill hann gjarnan gleyma því að tilgangurinn með því frv., sem hér var lagt fram í haust, var að stórauka framlag ríkisins. Það áttu að koma 80 millj. kr. til almenningsbókasafna í heild ef frv. hefði orðið að lögum í sinni upprunalegu mynd. Þá hefði Reykjavík fengið í sinn hlut tæpar 30 millj. Ef ég man rétt var ríkisframlag til Borgarbókasafnsins í Reykjavík á síðasta ári um 3 millj. Ég hef þó fyrirvara um þessa tölu af því að ég hef ekki blaðið hjá mér, en þetta er ekki fjarri lagi. Ætlar nú hv. 5. þm. Reykn. að halda því fram að Borgarbókasafnið hefði ekki munað um tæpar 30 millj. kr.? Þar vinnur stórhuga fólk, það er gott safn og það er að vinna gott verk. Ég er þeirrar skoðunar að þetta fólk hefði fyllilega átt skilið að fá þetta ríkisframlag til þess að geta gert draum sinn um betra bókasafn að veruleika.

Það er nú svo, þegar við erum að tala um bókasöfn, þá finnst mér eins og sumir hv. þm., sem taka til máls um bókasöfnin, séu að tala eingöngu um húsnæði sem eigi að vera geymslustaður fyrir bækur og þar eigi að vera eitt afgreiðsluborð þar sem hægt sé að afhenda bók til útlána eða taka við henni aftur þegar henni er skilað. Þetta er ákaflega gamaldags hugmynd um bókasöfn, og bókasafnsfræðingar og margir sveitarstjórnarmenn, sem láta sig þessi mál varða, hafa allt aðrar hugmyndir um það hvernig bókasöfn eigi að vera. Nýjar hugmyndir um bókasöfn eru á þann veg að það væri raunar meira réttnefni að kalla söfnin menningarstöðvar. Þeir, sem hafa haft aðstöðu til þess að kynna sér fullkomin bókasöfn í erlendum stórborgum, skilja muninn á þessu tvennu, þessum gömlu hefðbundnu bókasöfnum og þessum menningarstöðvum þar sem eru stórir salir, þar sem frammi liggja ekki eingöngu bækur, heldur blöð og tímarit, og af því að við höfum nógan tíma í þessari hv. þd., þá get ég gjarnan lýst einu slíku bókasafni í stórborg í Kanada sem ég kom í en ég hef reynt að gera mér far um að skoða ný almenningsbókasöfn og skólabókasöfn þegar ég hef haft tækifæri til að komast til annarra landa.

Þetta bókasafn í þessari borg í Kanada var þannig að það var gríðarlega stór salur, bækur upp eftir öllum veggjum, blöð og tímarit lágu frammi. Þetta var bókasafn hverfisins og fólk gekk þar inn ekki eingöngu til þess að fá sér lánaðar bækur, heldur til þess að hittast, spjalla saman um lesefnið, um það sem efst var á baugi, og það hvarflaði að mér þegar ég sá þetta, — ég sá heilu fjölskyldurnar þarna saman, kunningja og vini grúfa sig yfir lestrarefni, — að þetta mundi vera eitthvað í líkingu við það sem maður hefur heyrt lýst baðstofulífi á Íslandi þegar heimilisfólk kom saman, las upphátt hvert fyrir annað og ræddi síðan efni þess sem lesið hafði verið. Þar að auki voru vitaskuld herbergi þar sem þeir, sem þess þurftu, gátu notið næðis til náms eða lestrar. Þarna var hægt að fá lánaðar hljómplötur til þess að hlusta á eða fá lánaðar heim, og þarna voru svokölluð nýsigögn þar sem hægt var að fræðast á annan hátt en með lestri af bókum.

Hv. þm. Ólafur Einarsson þarf ekki að halda það að slíkar menningarstöðvar rísi hér á Íslandi, hvorki í Reykjavík né annars staðar, með því framlagi sem hv. meiri hl. á Alþ. ætlar sér að samþ. nú. Það er algjört óraunsæi. En

ég get sagt honum það, að í rauninni hefði ég að uppfylltum vissum skilyrðum ekkert á móti því að sveitarfélögin ein hefðu á hendi rekstur almenningsbókasafna ef þau réðu yfir því fjármagni að þau gætu reist slíkar menningarstöðvar. Bókafulltrúi ríkisins fullyrðir að bókasafnsmálin séu í svo mikilli lægð að það hefði líklega tekið ein 10 ár með því framlagi, sem hið upphaflega frv. gerði ráð fyrir, að koma þessum bókasöfnum í sæmilegt horf. Að 10 árum liðnum hefði hugsanlega verið hægt að tala um það að sveitarfélögin tækju ein á sig þetta verkefni ef þeim væru fengnir tekjustofnar á móti. En það hefur ekki verið gert, og það er mergurinn málsins. Og meðan það er ekki gert, þá hljótum við, sem skipum minni hl. n., að leggja áherslu á að ríkið leggi sveitarfélögunum til það fjármagn sem nægilegt þætti til þess að kippa bókasafnsmálum upp úr ládeyðunni.

Ég get bætt því við, að ég tel hag Borgarbókasafnsins í Reykjavík, jafnvel þó við gerðum ekki þá kröfu til þess að það sé menningarstöð á borð við það sem ég var að lýsa áðan, engan veginn borgið. Það er í þröngu húsnæði, mjög þröngu húsnæði. Það þyrfti að halda uppi betri þjónustu en það nú gerir og hefur það þó gert vel í þeim efnum. En fyrst og fremst er það húsnæðið, og fyrst og síðast eru það bókakaupin. Það þýðir ekki að reisa hús ef bókasöfnin hafa ekki fjármagn til þess að kaupa bækur. Þetta er ágreiningsefnið varðandi bókasafnsmálin og er afleiðing af því hvernig meiri hl. Alþ. stóð að frv. um verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga í des. s. l. í sambandi við eða í samhengi við afgreiðslu fjárlaga. Þetta veit hv. 5. þm. Reykn. afar vel.

Herra forseti. Ég gæti haldið lengi áfram að spjalla hér um bókasöfn. En af því ég veit að hv. meiri hl. þessarar d. er mjög umhugað um að lögfesta hér stafsetningaratriði og auka enn á ringulreiðina í þjóðfélaginu, eins og það væri ekki alveg nóg ringulreið í efnahagsmálum, heldur þyrfti líka að bæta á hana í stafsetningarmálum, þá læt ég máli mínu lokið.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Það virtist koma hv. þm. Svövu Jakobsdóttir eitthvað á óvart að ég hafði spurt minni hl. hv. menntmn. hvort það væri skoðun þeirra hv. þm. að ríkið ætti að segja sveitarfélögunum fyrir verkum, hve miklum fjárhæðum ætti að verja til einstakra verkefna, og nefndi þar dæmi. Þetta virtist koma á óvart vegna þess að ég hefði greitt atkv. í gær með brtt. meiri hl. menntmn. Ég hélt ég hefði gert grein fyrir afstöðu minni í umr. í gær, en til þess að þetta sé ljóst skal ég ítreka það að ég lýsti óánægju minni með þessa forsjá ríkisins. Ég lýsti óánægju minni með það að ríkið væri að segja sveitarfélögunum fyrir verkum, eins og gert er í 8. gr. þessa frv., um lágmarksframlög sveitarfélaganna til þessa verkefnis. En ég gerði grein fyrir því að ég gæti út af fyrir sig fallist á þetta vegna þess að komið væri inn heimildarákvæði um að það mætti víkja frá þessari reglu að fullnægðum vissum skilyrðum. Þetta vona ég að sé þá alveg ljóst.

Ég held ég megi fullyrða að fyrir tilstilli hv. þm. Svövu Jakobsdóttur hefur áður komið inn í Alþingistíðindi a. m. k. hluti úr þessari grein Páls Líndals, en það er vafalaust gagnlegt að fá hana í heild inn í þingtíðindi. Ég ætla hins vegar að hlífa Páli Líndal við því að fara að ræða þessa grein hans hér á Alþ. Við höfum annan vettvang til þess að tala saman. Þess vegna læt ég útrætt um það. Ég get hins vegar sagt það hér að innheimta 1% gjaldsins á útsvarsstofn, sem er að hluta til efni þessarar greinar Páls Líndals, var ekki að mínu skapi fremur en annarra sveitarstjórnarstjórnarmanna. Og ég get upplýst það hér, af því að það var ekki nafnakall um það frv., að ég greiddi ekki atkv. með því. En þetta mál er ekki hér til umr. og ég læt þess vegna útrætt um það.

Við erum að tala hér öðrum þræði um sjálfstæði sveitarfélaganna, nokkuð sem ég held að þm. allra stjórnmálaflokka vilji gjarnan styðja, þannig tala þeir. Það er mín skoðun að aukið sjálfstæði sveitarfélaganna náist ekki með því að gera þau háð framlögum frá ríkinu á þessu og hinu sviðinu, og ég held að það sé einmitt þarna sem okkur greinir á, og mér sýnist það raunar vera alveg ljóst. Þarna er ágreiningurinn. Ég hef ekki áhuga á auknum framlögum ríkisins til verkefna sem ég tel að eigi að vera í höndum sveitarfélaga. Þetta er eitt af þeim verkefnum, og um það hafa sveitarstjórnarmenn náð samkomulagi á sínum þingum, á sínum vettvangi. Ég vil að sveitarstjórnir hverfi frá sífelldu betli til Alþ. og til ríkisins um ríkisframlög til þessara og hinna málaflokka. Þau eiga hins vegar að fá tekjustofna í samræmi við verkefni sín, og þau eiga að fá að ráða niðurröðun verkefnanna, en ekki að láta segja sér þar fyrir verkum. Mér sýnist líka að hv. þm. Svava Jakobsdóttir treysti ekki sveitarfélögunum fyrir þessu verkefni sem við erum að ræða hér, vill sem sagt leiðsögn ríkisins í þessu sem mörgu öðru. Það vil ég hins vegar ekki. Og ég vil aðeins ítreka það, að ég treysti fullkomnlega hverju byggðarlagi til þess að verja því fjármagni sem þarf til bókasafna, til þess að koma upp myndarlegum bókasöfnum, og ákvæði þessa frv. um lágmarksframlög sveitarfélaga skipta þess vegna hér ekki nokkru máli. Þar sem er áhugi fyrir að koma upp slíkum menningarstofnunum sem bókasöfn eru, þar munu sveitarstjórnir verja því fjármagni sem þarf til þess að koma því ætlunarverki í framkvæmd.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð. En ég held að það sé rétt að afstaða mín til þess atriðis, sem hefur orðið nokkurt deilumál í sambandi við afgreiðslu þessa frv., komi hér fram.

Á undanförnum árum hefur það verið bundið í lögum að í skólamálum og í bókasafnsmálum skuli hið opinbera leysa af hendi tiltekna þjónustu. Ég álít að slík kvöð eigi að haldast, hvort

sem svo framkvæmdin er kostuð af sveitarfélögum eða ríki. Það er aftur spurning og má deila um það að *minni hyggju* hvort þessi kvöð eigi að vera bundin við ákveðna þjónustu, eins og gildir um framkvæmd skólamála á Íslandi, eða hvort hún á að vera bundin við ákveðin framlög í krónum, eins og hefur verið um bókasöfn. Það er engin breyting frá því sem það hefur verið. Það hefur verið þannig samkv. lögum þar um, að hið opinbera hefur lagt fram vissar fjárhæðir. Það var verulegt framlag á sínum tíma þó það hafi síðar rýrnað.

Ég er sem sagt andvígur því að hverfa frá slíkri kvöð varðandi bókasöfnin, alveg eins og engum mundi detta í hug, hver svo sem greiða skyldi kostnað við fræðslumálin, að hverfa frá því að hafa fræðsluskyldu í landinu og skyldu til að reka skóla. En hitt er svo annað mál, og það er það sem er vitnað í af hálfu sveitarstjórnarmanna, það eru auðvitað fjölmörg mál sem sveitarfélögin annast, ýmist ein eða í félagi við hið opinbera, sem ekki hvílir á slík kvöð þó það séu þjónustuframkvæmdir. Þau eru mörg. Það er gatnagerð, það eru hafnarmannvirki o.fl., o. fl. Mér finnst mikill eðlismunur t. d. á þessum málaflokkum sem ég nefndi, annars vegar og svo hins vegar fræðslu- og skólamálunum og þeirri þjónustu sem almenningsbókasöfnum er ætlað að veita. Mér fannst rétt að þetta kæmi hérna fram, og ég vona að það þurfi ekki að vekja neinar frekari umr. um þetta mál í heild. Ég hefði helst kosið það að sjálfsögðu að lágmarksframlögin væru ekki takmörkuð og það væri ekki heimild til þess að takmarka þau. Það er álit meiri hl. menntmn. að taka slíka heimild inn í lögin, og ég verð að sætta mig við það ef það verður ofan á hér á þinginu, sem reyndar er þegar orðið við 2. umr. þessa máls hér í d. En þrátt fyrir þetta er ég ekki í nokkrum vafa um að þetta frv., ef að lögum verður, og svo ákvæðin um skólabókasöfn í grunnskólalögunum og samstarf um þetta tvennt á mörgum hinna fámennari staða, þetta hvort tveggja verður til þess að lyfta undir starfsemi bókasafnanna í landinu. Ég er ekki í nokkrum vafa um það.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Íslensk stafsetning, frv. (þskj. 742). — Frh. 3. umr.

Frsm. minni hl. (Magnús T. Ólafsson): Hæstv. forseti. Mikið virðist á liggja að koma þessu máli út úr hv. d., og verður ekki annað séð en að þar sé beitt forsetavaldi til hins ítrasta og jafnvel fram yfir þau mörk sem hæfileg og sæmileg hafa verið talin í þessari deild.

Margt má nú hugsa um það hvað að baki býr, en ég fæ ekki dregið aðra ályktun af þeim atkvgr., sem fram hafa farið hingað til í d. um málið, en að tveir þingfl. hafi í rauninni gert það að flokksmáli. Sá hraði, sem hér er ætlunin að viðhafa, hefur þótt viðunandi í þinglok þegar um stjórnarfrv. hefur verið að ræða sem hæstv. ríkisstj. og meiri hl. hennar hefur ákveðið að skuli ná fram að ganga. Því er ekki til að dreifa í þessu tilviki, a. m. k. svo vitað sé, og reyndar benda þær staðreyndir, sem fyrir liggja, í þveröfuga átt. Hér er um að ræða þingmannafrv., og það hefur komið í ljós bæði í umr. og við atkvgr. að sá hæstv. ráðh., sem fer með þann málaflokk sem málið varðar, hæstv. menntmrh., er málinu mótfallinn og vill hafa allt annan hátt á skipan þeirra mála en þarna er fram sett. Engu að síður er málið knúið áfram eins og um væri að ræða stjórnarfrv. sem líf eða dauði ríkisstj. ylti á. Einhvers staðar er þarna þverstæðu að finna úr því að mál, sem sá ráðh., sem um það fjallar og það er skyldast, er andstæður, er samt jafnvel látið hafa forgang umfram afdráttarlaus stjórnarfrv.

Máske er skýringar að leita í því fyrirbæri að tveir þingflokkar virðast hafa gert málið að flokksmáli, Sjálfstfl. og Alþfl. Vegna blaðaviðtala við 1. flm., hv. 9. þm. Reykv., fyrir nokkrum dögum hlýtur mönnum að koma til hugar hvort hér sé kannske að spretta fram vísir að hinni nýju nýsköpunarstjórn sem hann kveðst stefna eindregið að. Slíkt er auðvitað hulið í hugum manna enn þá, þangað til einhver merkileg viðtöl birtast kannske í síðdegisblöðunum, sem getur auðvitað orðið hvenær sem er. Það er ómögulegt að spá fyrir fram um hvað þau fá upp úr mönnum ef gripið er hæfilegt tækifæri til að hafa við þá viðtöl. En þarna er nú, þó svo væri, ekki kominn sá þríhyrningur sem þarf til að ekta nýsköpunarstjórn sé komin á laggirnar, tvíhyrningur er fjarstæða í sjálfu sér. Þarna er þá í hæsta lagi einhver grunnlína, en frá henni einni er ómögulegt að reikna nokkurn flöt, eins og þeir muna sem fengist hafa við flatarmálsfræði á skólaferli sínum.

En ég vil ítreka það að mér kemur kynlega fyrir sjónir sá mikli ákafi sem lagður er á afgreiðslu þessa máls. Það var tekið til 2. umr., að ég held, á milli kl. 10 og 11 á kvöldfundi í gærkvöld, og nú er yfir lýst að ætlunin sé að ljúka um það umr. a. m. k., þótt máske verði atkvgr. við 3. umr. frestað til næsta fundar, 18 stundum síðar. Það er máske hugmynd þeirra, sem hér ráða ferðinni, að best sé að koma þessu máli sem skjótast á þann áfangastað sem þeir óska vegna þess að einhverjar vomur kunni að koma á einhverja sem dregist hafa á að veita því fylgi ef þeir gera sér ljóst hver áhrif það muni hafa og hverjar afleiðingar verða.

Því var lýst nokkuð í umr. hér í gærkvöld að óhjákvæmileg afleiðing þess háttar, sem ætlunin er að taka upp með flutningi þessa frv., er sú að einstök stafsetningaratriði geta orðið og hljóta að verða átakaefni og afgreiðsluefni á Alþ. héðan í frá. Nú hefur sú stafsetning, sem ætlunin er að nema úr gildi með flutningi þessa frv., að nokkru leyti gilt í þrjá vetur og að sumu leyti í tvo. Því hefur verið haldið hér fram í umr. að þær breyt., sem urðu undanfari hennar, hafi valdið glundroða í skólastarfi. En ég vil fullyrða að það er ekki rétt. Þvert á móti er það reynsla þeirra kennara sem ég veit um að framkvæmd þessarar breyt. í skólunum hafi verið auðveldari í meðförum heldur en þeir gerðu sér í hugarlund í upphafi. Því er það, eins og ég hef vikið að áður, að ekki er frá skólamönnum, ekki frá móðurmálskennurum kominn sá málatilbúnaður sem hér er á ferðinni. Þvert á móti urðu þeir manna fyrstir til að mótmæla

því þegar tillöguflutningur kom fram á Alþ. um að breyta þeirri stafsetningu sem ákveðin var 1973 og 1974, að á það ráð yrði brugðið.

Upphaf þeirrar lotu, sem nú er hér til afgreiðslu á Alþ. í frv.-formi, var í rauninni undirskriftaskjal sem oft hefur verið vitnað í hér í umr. og 100 manns úr ýmsum starfsgreinum, en ég held upp til hópa af menntamannastétt, sendu hæstv. menntmrh. og var birt jafnframt í blöðum og öðrum fjölmiðlum. Það er fjarri því að þarna séu skólamenn í fararbroddi. Hér má sjá framkvæmdastjóra og félagsmálafulltrúa samvinnufélaganna, fuglafræðing, hagsýslustjóra, seðlabankastjóra, og svo mætti lengi telja, áfengisvarnaráðunaut, svo tekin séu nokkur stöðuheiti af handahófi. En aðdraganda þessarar undirskriftasöfnunar hefur verið lýst á prenti í Morgunblaðinu fyrir tæpu ári. Þar skýrði Jón úr Vör skáld frá því að hann hefði um það vitneskju hvernig þessi undirskriftasöfnun er til komin. Hann skýrði svo frá að háskólakennari einn og forstöðumaður Örnefnastofnunar hefði beitt sér fyrir þessari undirskriftasöfnun, og svo vill til að sá maður er nátengdur 1. flm. frv. á þskj. 140.

Nú skal ég fyrstur manna viðurkenna hæfileika og dugnað þess sem í hlut á, Þórhalls Vilmundarsonar prófessors, sem hann hefur sýnt á ýmsum sviðum. En að sá málatilbúnaður, sem hann stendur að og fær hóp manna af ýmsum starfsgreinum til fylgis við með undirskriftasöfnun, sé allsendis óyggjandi í alla staði, á það get ég ekki með nokkru móti fallist. Forgöngumaður undirskriftasöfnunarinnar og frumkvöðull hennar, Þórhallur Vilmundarson prófessor, hefur komið víða við í íslenskum menntum og víða skilið eftir sig spor í þeim fræðum sem hann hefur lagt stund á. Þó mundu sporin vera enn greinilegri ef ekki hefði viljað svo til að hann hefur ráðist í verkefni sem enn er ólokið, en koma þó vonandi á sínum tíma.

Frægasta dæmi um það mun vera útgáfa 13. bindis Íslenskra fornrita sem prófessor Þórhallur tók að sér á sínum tíma og var langt kominn með fyrir hálfum öðrum áratug, ef ég man rétt. Ég komst fyrst á snoðir um þessa merku sögu þegar ég fékkst við bóksölu. Þá komu í bókaverslunina, þar sem ég starfaði, æ ofan í æ pakkar bóka frá forlagi Sigfúsar Eymundssonar sem voru í umbúðum sem vöktu athygli mína. Þetta voru áprentaðar arkir úr einu bindi Íslenskra fornrita, bindi sem ekki var komið út, 13. bindinu. Þar var texti af Harðar sögu með skýringargreinum og texti af Flóamannasögu með skýringargreinum, og ljóst var af því hversu mjög þetta umbúðaefni var notað hjá bókaforlagi Sigfúsar Eymundssonar að þar voru miklar birgðir fyrir hendi af þessum úrvalspappír sem menn vita að notaður er í fornritaútgáfuna og slíkt mál var á prentað. Mér þótti að vonum forvitnilegt að vita hvernig á því stæði að bókaútgáfa í borginni notaði í umbúðir um vöru sína áprentaðar arkir úr bindi af Íslenskum fornritum sem alls ekki var komið fyrir almenningssjónir. Þarna var ekki um gallaðar arkir að ræða, heldur hafði prentun þeirra tekist með ágætum, en fóru samt til notkunar í umbúðapappír. Eftirgrennslanir mínar leiddu til þeirrar vitneskju að prófessor Þórhallur Vilmundarson hefði á sínum tíma verið kominn langt með útgáfu þessa bindis Íslenskra fornrita sem enn er ekki komið út, eins og menn vita, en í miðjum kliðum útgáfunnar hefði hann gert uppgötvun sem síðan hefur orðið vísir að nýrri, kunnri og yfirgripsmikilli kenningu í örnefnafræði. Við þessa uppgötvun í örnefnafræðinni, hvort sem það var nú í Flóamanna sögu eða Harðar sögu, hefði hann talið allt útgáfustarf sitt að bindinu ónýtt og sátrinu eða satsinum, eins og prentsmiðjumenn kalla, hefði verið tortímt, hætt við útgáfuna og þær áprentuðu arkir, sem þannig urðu útgáfuhæfar og ónýtar, notaði bókaútgáfa Sigfúsar Eymundssonar af nýtni í umbúðir utan um vöru sína. Og þegar ég stóð í þessum eftirgrennslunum, þá komst ég að raun um það að meðal bókasafnara í borginni eru lausar arkir af prentuðum hluta þessa óútkomna bindis Íslenskra fornrita mjög eftirsóttir safngripir.

En síðan er allkunna og þarf ekki að rekja hér í löngu máli hvern slóða uppgötvun prófessors Þórhalls í örnefnafræði hefur dregið. Hann hefur fengið í hendur forstöðu Örnefnastofnunar, sjálfstæðrar stofnunar í tengslum við Þjóðminjasafn, rekur hana af miklum dugnaði og hefur í fjölsóttum fyrirlestrum í Háskóla Íslands kynnt niðurstöður sínar þar. Og þar eru niðurstöðurnar þær helstar, eins og öllum, sem á mál mitt heyra, ætti að vera kunnugt, að raunin sé sú, þegar skoðaðir hafa verið staðhættir og skoðaðar ljósmyndir af landslagi víðs vegar um land nærri þeim býlum sem að sögn Landnámu og annarra fornra heimilda bera nöfn landnámsmanna eða sögualdarmanna, þá komi í ljós við skoðun ljósmynda og athugun á landslagseinkennum að þessir landnámsmenn séu síður en svo geymdir í bæjarnöfnum eða öðrum örnefnum, þar sé um að ræða, ég held í flestum ef ekki öllum tilvikum, það sem prófessor Þórhallur nefnir náttúrunöfn, þ. e. a. s. örnefnin, sem menn hafa haldið dregin af nöfnum landnámsmanna og annarra fornmanna, séu dregin af hólum, steinum, hæðum eða öðru sem á ber í útsýni frá því bæjarstæði sem um er fjallað hverju sinni.

Því hef ég rakið þessa sögu í nokkrum orðum að hún er í mínum huga dæmi um það hversu menn geta orðið í fræðilegum áhuga, fræðilegum áhuga sem í sjálfu sér er lofsverður, einsýnni og ákafari en góðu hófi gegnir. Og hliðstæða þess ákafa og þeirrar einsýni, sem þarna hefur komið í ljós á fræðasviðinu hjá prófessor Þórhalli, er málafylgja sú sem að hans frumkvæði var vakin með undirskriftasöfnuninni sem hann beitti sér fyrir og varð til að hrinda af stað þeirri hryðju í setubardaganum sem nú er háð hér í hv. deild.

Ég ætla ekki að rekja frekar en ég áðan gerði að það er síður en svo að skólamenn eða málvísindamenn, þeir sem sérstaka aðstöðu hafa til að segja álit sitt á stafsetningu og stafsetningarbreytingum, setji svip sinn á þennan undirskriftalista, þó vissulega megi finna í þeim hópi menn úr þessum starfsgreinum og fræðigreinum. (Forseti: Ég vil spyrja hv. ræðumann hvort hann eigi langt eftir af ræðu sinni.) Hæstv. forseti. Ég býst við að eiga a. m. k. jafnmikið eftir og ég hef lokið. (Forseti: Þá vil ég biðja hv. ræðumann að gera hlé á ræðu sinni. Það hefur verið boðaður fundur í Sþ. kl. hálfsex og hv. þm.

verður þá gefinn kostur á að halda áfram ræðu sinni á næsta fundi deildarinnar.) Ég tek því góða boði, hæstv. forseti. — [Frh.]

Umræður utan dagskrár.

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi forseti. Af því tilefni, hversu langt er liðið á fundartíma og honum er raunar lokið, mun ég stytta mjög mitt mál og hafa það mun styttra en ég gerði ráð fyrir þegar ég bað um orðið utan dagskrár. En ástæðan fyrir því, að ég bað um orðið hér utan dagskrár, er sú, að mér þykir rétt að gera örþrifatilraun til þess að reyna að fá hv. Nd. og hv. Alþ. til þess að sinna þeim mikilvægu og afdrifaríku málum sem til d. hefur verið beint um úrbætur í dómsmálum og rannsókn sakamála nú í vetur. Ljóst virðist nú vera að hv. Alþ. ætlar að heykjast á því að afgreiða svo mikið sem eitt einasta af þeim fjölmörgu málum í þessum málaflokki sem fyrir Alþ. hafa verið lögð. Fari svo, þá tel ég að Alþ. hafi brugðist skyldu sinni og valdið almenningi í landinu sárum vonbrigðum, fólki sem beðið hefur eftir því í allan vetur að löggjafarsamkoman reki af sér slyðruorðið og geri þær úrbætur í réttarfarsmálum þjóðarinnar sem svo lengi hefur verið látið dragast að gera, en till. hafa nú verið lagðar fram um hér á Alþ.

Ég ætla ekki að fjölyrða neitt um ástandið í þessum efnum, það hef ég áður gert og það margsinnis í ræðum á Alþ. í vetur. Ég ætla aðeins að vekja athygli á því að nú hefur það gerst í fyrsta sinn um langt skeið að fjöldi frv. og þáltill. hefur verið lagður fyrir hv. Alþ., og vil ég þar sérstaklega nefna frv. hæstv. dómsmrh. um rannsóknarlögreglu ríkisins og fylgifrv. þess sem lögð voru fram fyrir þessa hv. d. fyrr í vetur. Ekki vantaði að þessi frv. fengju góðar viðtökur þegar þau voru lögð fram á sínum tíma. En það hefur bókstaflega ekkert gerst, ekki nokkur skapaður hlutur, í meðferð Alþ. á þessum málum, þrátt fyrir það að hæstv. dómsmrh. hefur æ ofan í æ fundið sig knúinn til þess að óska sérstaklega eftir því við þessa hv. d. að hún reyndi að ljúka afgreiðslu þessara frv.

Sú ákvörðun var tekin á fundi allshn. þessarar hv. d. s.l. föstudag að afgreiða þessi frv. ekki. Ég á sæti í þessari n., en boðaði veikindaforföll fyrir þennan fund og var því ekki viðstaddur. Hins vegar tók ég málið upp að nýju á fundi allshn. í morgun og reyndi að fá þar fram afstöðubreytingu. Það virtist hins vegar ekki unnt. Þá lét ég bóka hörð mótmæli við þessari afstöðu meiri hl. n. þar sem ég tel bæði rétt og skylt að afgreiða þessi frv. og vel unnt þrátt fyrir ósamhljóða umsagnir ef vilji er fyrir hendi. Sú afstaða, sem hv. allshn. hefur tekið í þessu máli, er sú versta sem hægt er að taka undir þessum kringumstæðum og langt í frá vansalaus fyrir Alþ., sýnir sinnuleysi sem fólk hlýtur að eiga erfitt með að trúa eins og málum er háttað. En enn er þó ekki of seint að reyna að rétta hér við.

Í gær lét hæstv. ríkisstj. frá sér fara lista yfir mál þau sem afgreiða á fyrir þinglok. Í þeim lista var engin upptalning á þeim málum sem hæstv. dómsmrh. hefur óskað eftir að afgreiða, en mun hafa verið sett fram í dag frá hæstv. ráðh., og þar mun fram koma að hann óskar eftir því að þetta frv. um rannsóknarlögreglu ríkisins verði afgreitt. Ég ætla eindregið að skora á þá stjórnarsinna að verða við þessum tilmælum hæstv. ráðh. og taka það fram fyrir hönd mína og minna flokksmanna að við erum reiðubúnir til þess að stuðla að afgreiðslu þessara mála.

En ég get ekki látið hjá líða að minnast á eitt annað mál þessu skylt og vona að ég sé ekki farinn að syndga of mikið upp á náðina. Ég á örfá orð eftir ósögð. (**Forseti:** Jú, hv. þm. er nú farinn að syndga upp á náðina. Þau mega þá ekki vera nema örfá.) Þau eru örfá. Og það er um þáltill. sem við höfum flutt, þremenningarnir, ég, hv. þm. Jónas Árnason og hv. þm. Karvel Pálmason. (**Forseti:** Ég vil nú biðja hv. þm. að fara ekki að ræða um þingmál efnislega, hann hafði fengið orðið í fundarlok til þess að reka á eftir afgreiðslu vissra mála, en ekki til að fara að ræða mál efnislega.) Það ætla ég ekki heldur að gera, hæstv. forseti. Ég ætla bara að ítreka það, að ég óska eftir því að þessi þáltill. sé einnig afgreidd frá n., en hún hefur hlotið sömu afgreiðslu n. og önnur mál varðandi dómsmálin, að n. hefur tekið þá afstöðu að afgreiða málið ekki. Og það segir sitthvað um afstöðu n. að komast að slíkri niðurstöðu, vegna þess — og það skulu vera mín síðustu orð — að það hafa borist óskir frá þeim, sem rannsókn mála sinna, um að heimilað verði að fjölga starfsmönnum við þessar rannsóknir. Þeim óskum hefur ekki verið sinnt þar eð talið er að vanti nauðsynlegar heimildir á fjárl. til þess að fjölga starfsmönnum við slíkar rannsóknir. Ef Alþ. afgreiðir þá till., sem við höfum lagt fram, er sú heimild fengin. Ef það verður hins vegar staðið við það sem hv. allshn. eða meiri hl. hennar hefur ákveðið, að fresta málinu og afgreiða það ekki, þá jafngildir það yfirlýsingu til handhafa framkvæmdavaldsins um það að Alþ. fyrir sitt leyti vilji ekki fallast á tilmæli þeirra um aukinn starfskraft til þessara starfa. Og ég vil bara hvetja þm., og lýk máli mínu með því að vitna í leiðara Morgunblaðsins frá því í morgun, leiðara málgagns hæstv. forsrh., þar sem mjög eindregið er tekið undir nauðsyn þeirra aðgerða sem þáltill. okkar þremenninganna lýtur að.

Páll Pétursson: Virðulegi forseti. Vegna þess að hæstv. dómsmrh. getur ekki verið á þessum fundi vegna anna, þá leyfi ég mér að taka hér til máls og gera stutta aths. við mál síðasta ræðumanns.

Mér er fullkunnugt um afstöðu hæstv. dómsmrh. Hann óskar eindregið eftir því að frv. um rannsóknarlögreglu og fylgifrv. þess nái fram að ganga á þessu þingi. Hann lét þess getið strax þegar hann mælti fyrir þessum málum hér, og sú ósk hans er enn í fullu gildi.

Það er rétt, sem fram kom hjá hv. ræðumanni, Sighvati Björgvinssyni, að í því skjali sem hér var útbýtt í gær um þau mál sem ríkisstj. óskaði eftir að gengju fram á þinginu fyrir þing-

lok, féll niður málaflokkur dómsmrh., og það mun hafa orðið fyrir mistök. Ég vil leyfa mér, — með leyfi forseta — að lesa upp þessi mál svo að það fari ekkert á milli mála hvað hann óskar eftir að gangi fram:

1. Rannsóknarlögregla ríkisins ásamt tveim fylgifrv.
2. Breytingar á lögum um meðferð opinberra mála.
3. Skipan dómsvalds í héraði.
4. Lögreglustjórn, tollstjórn o.fl.
5. Skotvopn, sprengiefni og skoteldar.
6. Umferðarlög, þ.e. 23. mál.
7. Veiting ríkisborgararéttar.
8. Norræn vitnaskylda ásamt fylgifrv.
9. Breytingar á lögum um meðferð einkamála, ef ekki er ágreiningur af hálfu þn. og það væri æskilegt vegna samræmis við önnur Norðurlönd.

Ég á sæti í allshn. Nd. eins og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson. Ég hef reynt að ýta á eftir rannsóknarlögreglufrv., eins og Sighvati Björgvinssyni mun vera kunnugt um. Frv. þetta var sent til umsagnar, ég man nú ekki dagsetningu nákvæmlega, það var líklega 31. mars. Umsagnir bárust greiðlega á tilsettum tíma nema ein. Lögreglustjóraembættið í Reykjavík óskaði eftir fresti. Formaður n., Ellert B. Schram, var í útlöndum, þegar fresturinn rann út, og ég veitti sem varaformaður fulltrúa lögreglustjóra, William Möller, frest, aukafrest um tveggja daga skeið. Þegar umsögnin barst var formaður n. heim kominn og tekinn við forustu í n. Nokkuð dróst að halda fund í n., og þegar málið loks var tekið fyrir til meðferðar, þá féllst ég á að þessar aths. þyrftu skoðunar við, og eins bárust aths. frá lagadeild háskólans. Ef nm. treysta sér til þess að verja tíma í fundi um málið, þó að nú styttist til þingloka, þá skal ekki standa á atbeina mínum við að koma málinu fram, og ég er þess mjög fýsandi að svo verði gert.

Þetta eru góð mál og bráðnauðsynleg, ég tek undir það með hv. þm. Sighvati Björgvinssyni. Það er nauðsynlegt að þau mál nái fram að ganga sem fyrst, og þau ættu að bæta úr þeim vanda sem hér er fyrir höndum. Hins vegar tel ég að þau bæti úr þessum vanda og geri minna áríðandi framgang þeirrar þáltill. sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson endaði mál sitt á að geta um.

Sameinað þing, 89. fundur.

Þriðjudaginn 11. maí, að loknum 88. fundi.

Atvinnusjúkdómar, þáltill. (þskj. 548). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Útgáfa fiskikorta, þáltill. (þskj. 549). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Umræður utan dagskrár.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ástæðan til þess, að ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár um þingsköp er sú að nú rétt áður en þessi fundur í Sþ. var settur var tveimur hv. þm. í Nd. neitað um orðið til þess að ræða mál sem koma fram utan dagskrár til umr. í hv. Nd. Ég vil þess vegna eindregið beina þeim tilmælum til hæstv. forseta Sþ. að hann geri það sem í hans valdi stendur til þess að hv. þm. sé ekki meinað málfrelsi hér á þingi, hvort sem um er að ræða í d. eða í Sþ. Og mín eindregna beiðni til hæstv. forseta er sú að hv. þm. sé á þennan hátt gert jafnt undir höfði, þeim sé ekki meinað að taka til máls eins og átti sér stað í hv. Nd. nú rétt áðan. Þetta eru mín eindregnu tilmæli til hæstv. forseta.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Út af því, sem hv. 5. þm. Vestf. sagði um að mönnum væri meinað að taka til máls utan dagskrár, þá kannast ég alls ekki við það. Sá háttur hefur verið á hafður í vetur að þm. hafa fengið að tala utan dagskrár alltaf þegar þeir hafa óskað og eins lengi og þeir hafa óskað.

Fjáraukalög 1973, frv. (þskj. 35, n. 648). — 2. umr.

Frsm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Fjvn. hefur haft til athugunar frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1973. Hún hefur borið saman fjárlög og ríkisreikning fyrir árið 1973 og leggur til einróma að frv. verði samþ. óbreytt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fjáraukalög 1974, frv. (þskj. 437, n. 647). — 2. umr.

Frsm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Fjvn. hefur haft til athugunar frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1974. N. hefur borið saman niðurstöður ríkisreiknings og fjárlaga fyrir árið 1974 og leggur til að frv. verði samþ. óbreytt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Skýrsla samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1975 (þskj. 464).

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 464 er skýrsla samgrh. um framkvæmd vegáætlunar 1975. Þessi skýrsla var lögð fram hér á hv. Alþ. 30. mars s.l. og mun ég nú gera grein fyrir henni.

Frá vegamálum á s.l. ári er í stuttu máli þetta að segja: Markaðar tekjur Vegasjóðs voru í vegáætluninni áætlaðar 2 425 millj., en urðu í raun 2 111 millj. eða 314 millj. kr. undir áætlun, þ.e. 12,9%. Í þáltill., sem lögð var fram í fyrravor, voru markaðar tekjur áætlaðar 2 250 millj. Sú tekjuáætlun var í meðförum þingsins hækkuð um 175 millj. kr. Þeirri hækkun var skipt af handahófi með um 100 millj. af bensínskatti og 75 millj. af þungaskatti. Miðað

við hina upphaflegu áætlun urðu markaðar tekjur í raun 139 millj. kr. undir áætlun eða 6.2%. Skiptist lækkunin þannig: Bensín var 102 millj. kr. undir áætlun eða 5.8%, þungaskattur 3 millj. eða 0.7%, gúmmígjald 34 millj. eða 35.4%. Bensínsalan á árinu, nóv. 1974 til okt. 1975, var 103.6 millj. lítrar eða 0.8 millj. lítrum minna en á árinu 1974, þrátt fyrir mikla fjölgun bifreiða á árinu 1975. Meðaleyðslan á hverja bifreið var á árinu 1975 1610 lítrar eða 7.2% minni en á árinu 1974 og 10.8% minni en meðaleyðsla á hverja bensínbifreið undanfarandi 10 ár. Má til fróðleiks geta þess að á árunum 1966—1970 var meðaleyðsla á hverja bensínbifreið 1887 lítrar, en á árunum 1971—1975 1720 lítrar. Þessi þróun stafar af því að bensínknúðar vörubifreiðar eru að hverfa og einnig bensínfrekar fólksbifreiðar, því að hið háa bensínverð hefur aðeins haft áhrif á söluna undanfarandi tvö ár. Tekjur af gúmmígjaldi urðu 34 millj. kr. minni en áætlað var eða 35.4%. Var innflutningur á hjólbörðum tæp 60% af því sem verið hafði árið 1974 og mun minna en undanfarandi 5 ár. Vafalaust hefur efnahagsástand veruleg áhrif á sölu hjólbarða.

Útgjöld á vegáætlun urðu 191 millj. kr. hærri en áætlað var eða 5.1%. Af þessari útgjaldaaukningu voru 133 millj. kr. vegna vetrarviðhalds. Ríkissjóður mun taka á sig 175 millj. kr. af halla á mörkuðum tekjum og verður því hallinn á vegáætluninni 330 millj. kr.

Til þess að mæta að nokkru þeim greiðsluerfiðleikum, sem af greiðsluhallanum leiddi, varð að hluta að fresta framkvæmdum fyrir um 61 millj. kr., en það var við Hafnarfjarðarveg í Kópavogi, Norðurlandsveg við Blönduós, Sauðárkróksbraut um Hegranes og frágangsvinnu á Skeiðarársandi. Þessar framkvæmdir voru valdar með tilliti til þess að engri þeirra átti að ljúka á árinu og þær höfðu allar fjárveitingar á árinu 1976. Á því fresturinn ekki að valda neinni seinkun á því svo að þeim verði lokið á réttum tíma.

Áætlunin um nýjar framkvæmdir í vega- og brúargerð var í vegáætluninni miðuð við verðlag í júní á s.l. ári. Hækkanir á því verðlagi fram í ágúst urðu 7—9%. Þessari verðhækkun varðandi vegagerð var mætt með því að draga úr einstökum framkvæmdum sem verðhækkuninni nam. Hins vegar verður þeirri aðferð eigi beitt við brúargerð og fóru því útgjöld á þeim lið 22 millj. kr. fram úr áætlun, enda voru byggðar allar þær brýr sem gert var ráð fyrir í vegáætlun.

Fjárveiting til vegaviðhaldsins var miðuð við verðlag í jan. 1975, en frá þeim tíma og til ágúst varð 33.2% hækkun á vísitölu viðhaldskostnaðar og var dregið úr framkvæmdum við sumarviðhald sem þessum verðhækkunum nam. Hafði það að sjálfsögðu miður heppileg áhrif á viðhald veganna, eins og vikið verður að hér á eftir.

Í vegáætlun s.l. ár var í fyrsta skipti, síðan gerð vegáætlunar hófst árið 1964, byrjað á því að skipta fjárveitingu til viðhalds þjóðvega í sumarviðhald annars vegar og vetrarviðhald hins vegar. Var þetta gert af þeim sökum að kostnaður við vetrarviðhaldið var ákaflega breytilegur frá ári til árs eftir veðurfari. Voru því fjárframlög til almenns viðhalds vegakerfisins, sem nú hefur verið nefnt sumarviðhald, háð því hvort snjóalög voru mikil eða lítil. Í grg. með till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1974—1977 var fjárveiting til vetrarviðhalds ákveðin 194.7 millj. kr. á árinu 1975 og við það miðað að gildandi snjómokstursreglur frá 1967 yrðu endurskoðaðar og endurskoðunin kæmi til framkvæmda á s.l. hausti. Sökum óvenjulegra snjóþyngsla veturinn 1974—1975 var kostnaður við vetrarviðhald á miðju s.l. ári orðinn 50 millj. kr. meiri en allri fjárveitingu til vetrarviðhalds nam. Var af þeim sökum eigi talið gerlegt að breyta framkvæmd á snjómokstursreglum á s.l. hausti eins og gert hafði verið ráð fyrir í vegáætlun. Geta má þess, að dýrasti fjallvegurinn í vetrarviðhaldi reiknað á km var Oddskarð með 386 þús. kr. Næst kemur Ólafsfjarðarmúli með 300 þús. á km og þar eftir Fjarðarheiði með 292 þús. kr. Kostnaður við mokstur á Öxnadalsheiði og Hellisheiði á Suðurlandi var 240 þús. kr. á km. Á þeirri fyrrnefndu var vegi haldið opnum tvisvar í viku, en á þeirri síðarnefndu dag hvern. Gefur það nokkra hugmynd um hver kostnaðarauki er samfara aukinni þjónustu við umferðina.

Þá er í skýrslunni tafla um þungatakmarkanir á vegum vegna aurbleytu. Kemur þar fram að á mörgum fjölförnum vegum og í heilum héruðum varð að takmarka öxulþunga við 5—7 tonn í mánuð eða meira á tímabilinu frá miðjum apríl og fram undir maílok. Sýnir þetta ljóslega hve veikburða mikill hluti vegakerfisins er og hvað aðkallandi er að styrkja og endurbyggja marga gömlu vegina sem byggðir voru fyrir aðra umferð en á þeim er í dag.

Til viðhalds malarveganna voru malaðir og harpaðir um 358.9 rúmmetrar af efni í slitlag, þ.e. 30% minna en árið 1974. Kemur þar m.a. fram sá samdráttur sem gera varð í vegaviðhaldi vegna verðhækkana sem getið var hér að framan.

Framkvæmdir við gerð nýrra vega og brúa: Fjárveiting til nýrra vega í áætluninni var alls 1866 millj. kr. og til nýrra brúa 151 millj. kr. eða samtals 2017 millj. kr. Nam því fjárveitingin til nýrra framkvæmda um 54% af öllum útgjöldum í vegáætlun. Ef tekið er tillit til frestunar nýrra framkvæmda og umframgreiðslna á vegáætlun verða nýjar framkvæmdir samt rétt um 50% af öllum útgjöldum á vegáætlun.

Til hraðbrauta var alls varið 890 millj. Stærstu framkvæmdirnar voru við Suðurlandsveg í Flóa, og var þar 14 km kafli með bundnu slitlagi opnaður til umferðar austan við Selfoss á s.l. hausti. Þá var tekin í notkun 7 km nýr vegur til Þorlákshafnar í beinu framhaldi af Þrengslavegi, og er lega hans við það miðuð að eðlilegt framhald fáist um Hafnarskeið og brú á Ölfusá hjá Óseyrarnesi. Þar sem nokkur blaðaskrif hafa orðið um þennan veg og heimamenn hafa óspart látið í ljós óánægju sína og vonbrigði yfir því hve holóttur hann hefur

verið í rigningartíð, þykir rétt að skýra það mál örlítið nánar.

Vegurinn er í hraðbrautarflokki og byggður fyrir það að á hann verði lagt bundið slitlag, 6.5 m á breidd og með 1 m bekkjum beggja vegna, eða alls 8.5 m á breidd er vegyfirborðið. Þar sem ekki var fé fyrir hendi til þess að leggja bundið slitlag á veginn í fyrrasumar, en það hefði verið æskilegasta lausnin, varð að setja á hann malarslitlag, mala hraun í slitlagið og bæta í það nokkrum leir til þess að binda það. Voru gerðar tilraunir með heppileg hlutföll milli hrauns og leirs áður en framkvæmdir hófust við gerð slitlagsins. Við vinnslu hraunsins muldist það meira niður en gert hafði verið ráð fyrir og var því fullmikið af fínu efni í veginum. Hér við bætist sú staðreynd að mjög erfitt er að halda svo breiðum malarvegi sem hér er um að ræða nægilega kúftum til þess að hann steypi af sér vatni. Þetta tvennt gerði að vatn sat á veginum og holur mynduðust skjótt undan mikilli umferð í riguingatíð eins og á öllum malarvegum. Nú hefur verið bætt bindiefnasnauðu slitlagsefni í veginn og hann heflaður nokkuð og standa vonir til þess að hann verði þokkalegur til umferðar. Góður verður þessi vegur þó eigi fyrr en bundið slitlag hefur verið lagt á hann.

Reynslan af þessari vegagerð og raunar einnig á nokkrum stöðum á Norðurlandsvegi þar sem vegir hafa verið byggðir í fullri breidd undir slitlag með bekkjum, en slitlagið ekki lagt, leiðir í ljós að malarvegum með þeirri breidd er nær ógerningur að halda sæmilega við í mikilli umferð sökum þess að þeir eru of breiðir til þess að vatnið geti runnið af þeim með eðlilegum hætti.

Af öðrum hraðbrautarframkvæmdum má nefna að lokið var við að undirbyggja tæpa 6 km á veginum milli Keflavíkur og Garðs og er áætlun að slitlag verði sett á þann vegarkafla í ár. Framkvæmdum var haldið áfram við Hafnarfjarðarveg í Kópavogi og fer nú að hilla undir að þeim framkvæmdum verði lokið í samræmi við samkomulag við Kópavogskaupstað, en mikið verkefni er enn eftir sunnan Kópavogs. Meðalumferð á dag var á s.l. ári um 17 þús. bílar á þessum vegi, sem er langt umfram það sem vegur með einni akrein í hvora átt getur annað með góðu móti.

Á Vesturlandsvegi var byggð brú yfir Kiðafellsá og standa vonir til þess að hún verði tengd á þessu ári. Og lokið var framkvæmdum við Brynjudalsvog inn á Múlanes.

Unnið er að því að koma upp nauðsynlegum vinnubúðum og ýmiss konar aðstöðu til brúargerðar yfir Borgarfjörð og eru nú fyrstu mannvirkin að rísa úti í firðinum.

Við Ísafjörð var lokið malbikun vegarins milli Ísafjarðar og Hnífsdals og byrjað á byggingu hraðbrautar innan við kaupstaðinn.

Á Norðurlandsvegi var unnið að undirbyggingu hraðbrautarkafla beggja vegna við Blöndu ós sem áformað er að lagt verði á bundið slitlag á yfirstandandi ári. Vegna greiðsluerfiðleika Vegasjóðs var þó framkvæmdum þar frestað fyrir 19 millj. Það á þó ekki að tefja það að verkinu verði lokið í ár, eins og til stóð.

Á Norðurlandsvegi norðan Akureyrar var lokið malbikun á 3.6 km löngum kafla og undirbyggður nokkur kafli til viðbótar.

Um þjóðbrautir og landsbrautir ásamt landshlutaáætlununum er þetta að segja: Fjárveiting til þessara vegaflokka var samtals 976 millj. kr. Þessu fé var varið til þess að framkvæma eins og til stóð og nánar greinir í skýrslunni um framkvæmd vegáætlunar 1975, að undanskildum 10 millj. kr. sem frestað var framkvæmdum við Sauðárkróksbraut um Hegranes vegna greiðsluerfiðleika Vegasjóðs, eins og áður hefur verið greint frá. Þessar framkvæmdir eru of margar og dreifðar til þess að þær verði allar upp taldar. En stærstu framkvæmdir og um leið þeirra merkust var við Djúpveg, en á árinu var varið til Djúpvegar 80 millj. kr. og var lokið undirbyggingu 27 km kafla um Hestfjörð. Var Djúpvegur opnaður fyrir umferð í byrjun okt. þó að mörg verkefni séu þar enn ófullgerð, m. a. er eftir að setja slitlag á mikinn hluta hins nýja vegar. Með þessari framkvæmd er komið á hringveg um Vestfirði sem vestfirðingar hafa lengi þráð og er mikil samgöngubót í héraðinu.

Af öðrum meiri háttar framkvæmdum má nefna framkvæmdir við Seyðisfjarðarveg um Fjarðarheiði og tókst að koma veginum fram á Efra-Staf þó seinasta áfanga sé ekki fullokið. Í Oddsskarði voru styrktir gangamunnar vestan skarðsins og standa vonir til að þessu verki verði lokið á næstu tveim árum.

Til girðinga og uppgræðslu var varið 40 millj. kr. og fóru 2/3 upphæðarinnar til girðinga, en 1/3 til uppgræðslu meðfram gömlum vegum, en auk þess var varið til uppgræðslu vegna nýbygginga 20.5 millj. kr. Var því alls varið til uppgræðslu tæpum 34 millj. kr. Þó að varið hafi verið til girðinga samkv. girðingalögum meðfram vegum tæpum 27 millj. kr. sígur þó enn á ógæfuhlið í þessum efnum, því að kröfur um girðingar hækkuðu úr 142 millj. í árslok 1974 í 242 millj. í árslok 1975, þó að varið hafi verið til þessara framkvæmda 27 millj. á árinu.

Brúargerðir: Bein fjárveiting til bygginga brúa var 151 millj. kr. auk fjárveitinga til brúargerða innan einstakra vegaflokka, eins og á hraðbrautum og í landshlutaáætlunum. Alls voru byggðar á árinu 15 smábrýr, samtals 93 m að lengd, og 18 brýr 10 m og lengri sem voru alls 328 lengdarmetrar Voru því alls byggðar á árinu 33 brýr samtals 421 m að lengd. Mikið verk er þó enn óunnið í þessum efnum því enn eru í notkun á þjóðvegakerfinu 68 brýr 10 m og lengri sem byggðar voru fyrir árið 1930 og næsta augljóst mál að þær brýr geta ekki verið fullnægjandi fyrir þau ökutæki sem nú eru á vegakerfinu.

Þá er hér næst frá sýsluvegum að segja. Framlag til sýsluvega í vegáætlun hækkaði um 38 millj. kr. Í vegáætlun voru 85 millj. á árinu 1975. Af þessari hækkun voru 32.5 millj. kr. teknar inn á vegáætlun til þess að mæta tvö-

földun á heimaframlagi einstakra hreppa sem notfæra vildu sér þá breyt. á 21. gr. vegalaga sem samþ. var á s. l. vori. Var upphaflega gert ráð fyrir að helmingurinn af öllum hreppum mundi notfæra sér þessa heimild. Raunin hefur hins vegar orðið sú að aðeins 1/4 hluti hreppa landsins notfærði sér heimildina á árinu 1975, og er líklegt að ástæðan fyrir því sé sú, að breyt. á vegalögunum var samþ. það seint að sýslunefndum var ekki almennt kunnugt um eðli þessarar breytingar. Margar sýslur hafa nú þegar tilkynnt að þær muni greiða tvöfalt heimaframlag í hverjum hreppi, og má því búast við að þátttakan verði mun meiri í ár en á sl. ári.

Til vega í kaupstöðum og kauptúnum: Sú breyting, sem varð á 34. gr. vegalaga s. l. vor, kom til framkvæmda s. l. sumar, en það var að svonefndum 10% sjóði var breytt í 25% sjóð. Til ráðstöfunar voru í sjóði þessum tæpar 88 millj. kr. Af þeirri fjárhæð úthlutaði fjvn. 70 millj. kr. til 10 kaupstaða og kauptúna í tveimur kjördæmum. Miklar vonir eru bundnar við framlag úr þessum sjóði hjá mörgum kaupstöðum og kauptúnum við lagningu bundins slitlags á þjóðvegi í þéttbýli á hverjum stað.

Til véla- og áhaldakaupa: Alls voru keyptar vélar fyrir 89 millj. kr. Fjárveiting var 20 millj., en 59 millj. voru afskrift véla. Var því fjárfest í vélum um 10 millj. kr. meira en ráðstöfunarfé og er það í skuld. Stafar þetta af því að rekstrarútkoma vélanna var mun lakari á s. l. ári en áætlað hafði verið, komu þar til bæði innlendar og ekki síst erlendar verðhækkanir á rekstrarvörum. Unnið var áfram við byggingu áhaldahúsa út um land og er mikið verkefni fyrir höndum í þeim efnum, t. d. á Ísafirði, Sauðárkróki og Húsavík, þar sem lítið eða algjörlega ófullnægjandi aðstaða er fyrir hendi.

Til tilrauna í vegagerð: Fjárveiting í vegáætlun var alls 13 millj. kr. til tilraunanna. Geymt fé frá fyrra ári var 1.1 millj. kr. svo um var að ræða til ráðstöfunar 14.1 millj. kr. Unnið var að ýmsum tilraunum, en bróðurparturinn af fjárveitingu þessari fór í tilraunakafla Sverris Runólfssonar á Kjalarnesi. Er kostnaður við þá vegagerð nú orðinn 27 millj. kr., en vegarkafli þessi er 1.2 km á lengd. Hefur nú verið lagt fyrir Sverri að ljúka þessum tilraunum fyrir 30. júlí n. k. og hefur hann þá hait um tvö ár til þess að ljúka þessum vegarkafla. Verði hann ekki búinn að ljúka vegarkaflanum þá, verður hann tekinn úr hans höndum.

Verkfræðilegur undirbúningur framkvæmda: Unnið var að verkfræðilegum undirbúningi framkvæmda fyrir yfirstandandi ár og næsta ár í samræmi við vegáætlun og er greint frá helstu verkefnum í skýrslunni. Tvö af þessum verkefnum höfðu sérstaka fjárveitingu í vegáætlun, en það var rannsókn á brúargerð um Ölfusárós sem veitt var til 5 millj. kr. Var lokið við kortagerð 1:5000 yfir allt vegsvæðið frá Þorlákshafnarvegi um Ölfusárósa, Eyrarbakka og áfram austur Gaulverjabæjarveg að Stokkseyri. Enn fremur var unnið að ýmsum vatnafræðilegum athugunum og mælingum við ósinn og gerð lokaáætlun um kaflann frá Selfossi til Eyrarbakka. Hafa þessar rannsóknir verið kynntar fyrir þm. Suðurlandskjördæmis. Þá var 2 millj. kr. fjárveiting til þess að rannsaka með hvaða hætti yrði hentugast að tengja Inn-Djúp við Austur-Barðastrandarsýslu. Var unnið að mælingum á vegarstæðum yfir Steingrímsfjarðarheiði, Þorskafjarðarheiði og Kollafjarðarheiði. Einnig var gerð könnun á lífríki fjarða í Austur-Barðastrandarsýslu og gerðar dýptarmælingar í Þorskafirði, Djúpafirði og Gufufirði. Athuganir á snjóalögum á íramangreindum heiðum hafa staðið yfir í 2—3 ár. Niðurstöður þessara rannsókna hafa verið kynntar fyrir þm. Vestfjarðakjördæmis og stjórn Fjórðungssambands Vestfjarða.

Geta má þess að sérstakar athuganir á snjóalögum hafa farið fram á Holtavörðuheiði á s. l. þrem árum. Af niðurstöðum þessara athugana á að vera unnt að ákveða framtíðarvegarstæði á heiðinni á yfirstandandi ári.

Herra forseti. Ég hef nú lokið þessari grg. eða útdrætti úr þeirri grg., en hún er, eins og skýrslan ber með sér, mjög nákvæm og vel gerð af hálfu vegamálastjórnarinnar, eins og hennar er vandi, og geta hv. þm. kynnt sér það sem á vantar í þeim efnum.

Vegáætlun 1976—79, þáltill. (þskj. 667). — Fyrri umr.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 667 er till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1976—1979. Það er ekkert nýtt að vegáætlun sé seint á ferð hér á hv. Alþ., og verð ég að lýsa þeirri sök á hendur mér að ég hef ekki verið betri í þeim efnum en fyrirrennarar mínir. Er það miður að ekki er hægt að hraða þessu máli meira en orðið er, en hv. þm. er kunnugt um ástæðurnar fyrir því, því það er alltaf verið að reyna að fá meira fé til vegaframkvæmda, eins og nauðsyn ber til, en er seinlegt verk fyrir núv. samgrh. sem aðra.

Áætlun um fjáröflun til vegagerðar fyrir árin 1976—79 skiptist í tvo meginþætti. Það eru markaðar tekjur, sem svo er aftur skipt í innflutningsgjald af bensíni, þungaskatt og gúmmígjald, og sérsök fjáröflun, sem skiptist í almenna og sérstaka lánsfjáröflun.

Áætlun um markaðar tekjur er í meginatriðum byggð á sömu forsendum og tekjuáætlunin 1974—77 sem lögð var fyrir Alþ. vorið 1975. Markaðar tekjur nettó lækka þó í heild fyrir árið 1976 úr 2570 millj. kr. í 2484 millj., en hækka aftur 1977 í 2824 millj.

Lækkaðar tekjur 1976 stafa aðallega af minnkandi eldsneytiseyðslu bensínbifreiða, þannig var meðaleyðsla á bíl á árinu 1974 og næsta ár þar á undan 1750 lítrar, en lækkar niður í 1600 lítra á árinu 1975 eða um rúmlega 9%. Aðrar breytingar, sem átt hafa sér stað á gjaldstofni markaðra tekna, eru þessar: Á s.l. ári var breytt reglugerð um þungaskatt. Í byrjun mars á yfirstandandi ári var gefin út ný reglugerð um þungaskatt þar sem eigendum dísilbifreiða undir 4 tonna heildarþunga er heimilað að velja

um hvort þeir greiði fast árgjald, sem nú er 70 þús. kr. á ári, eða ákveðið gjald af km, sem nú er kr. 2.80. Þessi breyting eykur á óvissu um tekjur af þungaskatti auk þess sem hún hlýtur að hafa lækkandi áhrif á skattinn. Loks er í áætlun um markaðar tekjur Vegasjóðs gert ráð fyrir að gjaldstofnar hækki miðað við 1. maí s.l. samkv. nýrri heimild í lögum um fjáröflun til vegagerðar um að hækka megi þessa gjaldstofna samkv. breytingu á vísitölu byggingarkostnaðar, og er þessi heimild nú notuð í fyrsta skipti.

Innflutningsgjald af bensíni hækkar á áætlunartímabilinu úr 1873 millj. kr. 1976 í 2288 millj. kr. árið 1979. Gjaldið nemur nú á bensínlítra, eftir að síðasta hækkun átti sér stað fyrir nokkrum dögum, 17.59 kr. Við áætlun gjaldsins hefur verið tekið tillit til minnkandi kaupgetu almennings og hækkaðra innflutningsgjalda af bifreiðum, þannig að bifreiðum með bensínhreyfli fjölgi ekki nema úr 64 300 bifreiðum um mitt s.l. ár í 77 200 árið 1979, en það er töluvert minna en þarf til þess að standa undir eðlilegri endurnýjun bifreiðaeignarinnar. Einnig er reiknað með að bensíneyðslan aukist aftur frá þeirri meðaleyðslu á bifreið sem var á s.l. ári, eða úr 1600 lítrum í 1620 lítra á þessu ári, og haldist sú meðaleyðsla óbreytt á áætlunartímabilinu.

Þungaskattur: Áætlað er að þær breytingar, sem áður er getið á innheimtu þungaskatts af dísilbifreiðum, gefi Vegasjóði 120 millj. kr. í auknar tekjur á ársgrundvelli. Áætlað er að skatturinn gefi á þessu ári nettó 562 millj. kr. Á næsta ári verður um verulega hækkun að ræða, ætti hann þá að fara upp í 720 millj. kr., árið 1978 í 763 og 1979 í 806. Skipting þungaskatts milli árgjalds og km-gjalds er í stórum dráttum þannig að árgjaldið nemi tæpum ¼ hluta skattsins, en km-gjaldið ¾.

Áætlun tekna af gúmmígjaldi er byggð á bifreiðainnflutningi og endurnýjunarþörf á hjólbörðum þeirra bifreiða sem eru í notkun. Á árunum fyrir 1975 var meðalendurnýjun á bifreið 23 kg, en fór niður í 16 kg á s.l. ári. Við áætlun gúmmígjaldsins er gert ráð fyrir að endurnýjunin verði 18 kg á bifreið á þessu ári, en aukist á áætlunartímabilinu upp í 22 kg á bifreið. Auk þess er reiknað með gúmmígjaldi af innfluttum bifreiðum. Áætlað er að gjaldið nemi 77 millj. kr. á þessu ári, en verði orðið 110 millj. á síðasta ári áætlunartímabilsins.

Þá er komið að hinum aðalþættinum, lánsfjáröfluninni, hinni sérstöku fjáröflun, sem skiptist, eins og áður segir, í almenna lánsfjáröflun og sérstaka fjáröflun. Í vegáætlun er gert ráð fyrir sérstakri fjáröflun að upphæð 1050 millj. kr. hvort áranna 1976 og 1977. Í lánsfjáráætlun fyrir árið 1976 er gert ráð fyrir sömu fjárhæð vegna Vegasjóðs í samræmi við gildandi vegáætlun. Af þessari fjárhæð er gert ráð fyrir að 500 millj. kr. verði aflað með sölu happdrættisskuldabréfa samkv. heimild í l. nr. 36 1975, um fjáröflun til Vegasjóðs vegna framkvæmda við Norður- og Austurveg og l. um fjáröflun til vegagerðar. Sökum mikils fjárskorts Vegasjóðs er gert ráð fyrir að aflað verði viðbótarlánsfjár að upphæð 300 millj. kr., sbr. lög um þetta efni sem nýlega hafa verið samþ. á Alþ. Gert er ráð fyrir að almenn lánsfjáröflun til Vegasjóðs árin 1977—1979 nemi sömu heildarupphæð eða um 1350 millj. kr.

Gert er ráð fyrir sérstakri lánsfjáröflun á þessu ári að fjárhæð 250 millj. kr. Hér er um að ræða skammtímalán, til eins eða tveggja ára, hjá framkvæmdaaðilum og verða þau endurgreidd af fjárveitingum í vegáætlun á árunum 1977 og 1978.

Heildarfjáröflun samkv. því, sem hér er sagt að framan, verður á þessu ári 4 milljarðar 614 millj. kr., á næsta ári 4 milljarðar 724 millj. kr., á árinu 1978 4 milljarðar 896 millj. og 1979 5 milljarðar 74 millj. kr., en það jafngildir 2.4% hækkun 1977 frá 1976, 3.6% hækkun á milli áranna 1977 og 1978, 3.6% á milli áranna 1978 og 1979.

Skipting útgjalda samkvæmt þessari þáltill. um vegáætlun: Útgjöld á vegáætlun eru miðuð við verðlag eins og það er í dag, og eru því teknar inn þegar umsamdar kauphækkanir og þær verðhækkanir sem vitað er um. Hins vegar er miðað við óbreyttan taxta vinnuvéla, en líkur eru fyrir því að þeir hljóti að breytast eitthvað til hækkunar. Útgjöldum er skipt í nokkra liði í áætluninni, eins og sést á töflu á blaðsíðu 2, og verður hér fjallað nokkuð um hvern lið fyrir sig.

Stjórn og undirbúningur: Til þessa liðar er áætluð 251 millj. kr. á þessu ári, en það er um 5.4% af heildarútgjöldum. Á síðasta ári áætlunarinnar, 1979, er þessi liður kominn upp í 295 millj. kr. eða 5.8% af heildarútgjöldum þess árs. Áætlað er að til starfa í þessari deild verði samtals fengnir 23 opinberir starfsmenn á áætlunartímabilinu. Við þessa tölu er þó það að athuga að 16 af þessum mönnum eru þegar starfandi hjá Vegagerðinni, þar af 8 undirverkstjórar, en heimilt hefur verið að ráða 2 undirverkstjóra árlega sem verkstjóra. Ekki verður aukið við mannafla Vegagerðarinnar nema brýna nauðsyn beri til og þá samkvæmt eðlilegum reglum þar um. Í dag er ráðið í 130 stöður á kjörum ríkisstarfsmanna hjá Vegagerð ríkisins, en fyrir hendi er heimild fyrir ráðningu í 136 stöður. Þannig er óráðið í 6 stöður og er þar um að ræða skrifstofufólk o.fl. Óvíst er að hve miklu leyti verður ráðið í þessar stöður á áætlunartímabilinu og verður reynt að gæta hins mesta hófs í því.

Eins og kunnugt er var tekin upp sú stefna hjá Vegagerð ríkisins fyrir nokkrum árum að setja upp útibú úti á landi, umdæmisskrifstofur sem þjónuðu bókhaldsþörf viðkomandi umdæmis. Sú reynsla, sem þegar hefur fengist af þessari tilhögun, er mjög góð. Vegagerðin hefur nú keyrt bókhald sitt í tölvu um tveggja ára skeið. Er nú hægt mánaðarlega að fá yfirlit yfir stöðu einstakra verkefna og starfsemi Vegagerðarinnar í heild. Bókhaldið er þannig orðið virkt tæki til stjórnunar fyrirtækisins. Þrátt fyrir þetta aukna upplýsingamagn, sem hefur fengist með þessu nýja bókhaldskerfi, hefur reynst mögulegt að fækka um 5 starfsmenn við skrifstofuhald hjá Vegagerðinni.

Um viðhald þjóðvega er þetta að segja: Þessi liður er áætlaður 1411 millj. kr. á yfirstandandi

ári, eða 30.6% af heildarútgjöldum. Á síðasta ári áætlunartímabilsins er þessi fjárhæð komin upp í 1735 millj. kr., sem er heldur hærra prósentuhlutfall af heildarútgjöldunum eða 34.2%. Hins vegar má áætla að vísitala viðhalds 1. júlí n.k. hækki frá því í janúar um 54.6%. Ekki er unnt sökum fjárskorts að hækka fjárveitingar til vegaviðhalds í samræmi við ofangreinda breytingu á verðlagi. Er till. um hækkun vegaviðhalds árið 1976 miðuð við 28.7% heildarhækkun og tillaga um fjárveitingu til vegaviðhalds í heild á árunum 1977—1979 við það miðuð að hækka fjárveitingu þessi ár í áföngum til þess að mæta miklum verðhækkunum.

Viðhaldi þjóðvega er skipt í þrennt, þ.e.a.s. sumarviðhald, vetrarviðhald og vegmerkingar. Á yfirstandandi ári er áætlað að 1129 millj. kr. fari til sumarviðhalds eða um 80% af viðhaldinu í heild. Í athugasemdum við vegáætlunina er ítarlega fjallað um sumarviðhald. Þar kemur fram m.a. að til þess að endurnýja malarslitlag á vegi landsins geti talist eðlilegt að malbera árlega um 1366 km. Á síðasta ári var varið 73.5 millj. kr. til viðhalds vega með bundið slitlag. Ekki hefur verið gerð úttekt á endurnýjun slitlags næstu árin, en á þessu ári þarf að endurnýja slitlag fyrir um 70 millj. kr.

Um viðhald brúa og vegheflun er það að segja að fjárveitingar eru þar í algjöru lágmarki og þyrfti t.d. fjárveitingar til viðhalds brúa að hækka verulega til þess að það gæti verið í góðu lagi. Vegheflunina er ekki unnt að minnka neitt að ráði því að verði langt tímabil á milli heflunar myndast djúpar og stórar holur sem auk þess að vera hvimleiðar fyrir umferðina valda því að næsta heflun verður verulega dýrari en að öðrum kosti hefði orðið. Lagt er til að fjárveiting til vegheflunar verði 210 millj. kr. á árinu 1976, 220 millj. á árinu 1977 og 251 millj. á árunum 1978 og 1979, á hvoru árinu fyrir sig.

Til rykbindingar er varið á þessu ári um 40 millj. kr., 50 millj. á næsta ári og 57 millj. á árunum 1978 og 1979. Sé það markmið sett að rykbinda alla vegi með meiri umferð en 500 bíla á dag og einnig að rykbinda alla þá vegkafla, sem liggja nálægt byggðum bæjum, þjónustumiðstöðvum og í nágrenni við þéttbýli þó að þar sé minni umferð, þarf að rykbinda samtals um 432 km. Til þess að hægt væri að ná þessu marki í ár þyrfti að verja til rykbindingar 85.1 millj. kr. eða meira en helmingi hærri upphæð en áætlunin gerir ráð fyrir.

Til vinnslu efnis er lagt til að fjárveiting verði 196 millj. kr. á þessu ári, 216 millj. 1977 og 246 millj. á árunum 1978 og 1979. Með vaxandi umferð og meiri kröfum til veganna er nauðsynlegt að vinna efni í slitlag malarvega. Eftir því sem meira er vandað til malarslitlags, því lengur endist það í veginum og minnkar við það nauðsynleg vegheflun.

Loks er í sumarviðhaldinu gert ráð fyrir 72 millj. kr. á þessu ári vegna vatnaskemmda og ófyrirséðra atvika. Þessi tala er 85 millj. kr. á næsta ári og 94 millj. kr. á árunum 1978 og 1979. Reynslan hefur verið sú að á hverju ári hefur stórfé verið varið til viðgerða vegna vatnaskemmda og annarra ófyrirséðra atvika og er því hér varla ofáætlað.

Þá er komið að vetrarviðhaldi. Í aths. með vegáætluninni er yfirlit yfir vetrarviðhaldið á árunum 1967-1975. Kemur þar fram að að meðaltali hefur kostnaður við vetrarviðhald verið tæpar 225 millj. kr. á ári miðað við verðlag 1975. Miðað við áætlaða vísitölu í júlí n.k. áætlast þessi kostnaður 264 millj. kr. á þessu ári og á næsta ári, en 300 millj. kr. á árinu 1978 og 342 millj. á árinu 1979.

Í till. til þál. um vegáætlun fyrir árið 1974—1977, sem var samþ. á Alþ. vorið 1975, var reiknað með að snjómokstursreglum yrði breytt haustið 1975. Eins og fram kemur í skýrslunni um framkvæmd á vegáætluninni sem ég var að lesa hér áðan var með eindæmum snjóþungt víða á landinu frá áramótum til vors 1975. Á áætluðu verðlagi 1975 var reiknað með að snjómoksturskostnaður yrði 147 millj. kr., en það var meðaltal áranna 1967—1973. Síðan var bætt við þá fjárveitingu sem nam 47 millj. vegna þess að fyrirhugað var að breyta snjómokstursreglum. Heildarfjárveitingin var því 194.7 millj. kr. Kostnaðurinn við snjómoksturinn á árinu 1975 nam hins vegar 321.7 millj. kr. Þar sem kostnaður fyrri hluta ársins var meiri en sem nam fjárveitingunni til vetrarviðhaldsins með breyttum reglum síðari hluta árs þótti ekki tiltækt að breyta reglunum að því sinni.

Samkvæmt till. um breytingu á snjómokstursreglum er reiknað með að kostnaður vegna vetrarviðhaldsins hækki um 83 millj. kr. á ári miðað við áætlað verðlag í júlí n. k. Miðað við verðlag, sem viðhaldskostnaður er reiknaður á árin 1978 og 1979, verður kostnaðaraukinn 92 millj. kr. vegna breytinga á snjómokstursreglum.

Til vegamerkinga eru áætlaðar 18 millj. kr. á ári allt áætlunartímabilið og fjárveiting til þessa liðar nokkuð hækkuð. Er það m. a. gert til þess að hægt sé að halda áfram endurnýjun á vegvísum og leiðarmerkjum helstu vegamóta á landinu, en það er gert samkvæmt áætlunum um endurskipulagningu vegvísakerfisins. Hluta af þessari fjárveitingu verður eins og undanfarin ár varið til að setja upp ný merki samkv. reglugerð um umferðarmerki og til viðhalds á eldri merkjum.

Til nýrra þjóðvega: Heildarfjárveiting í þessum flokki er á yfirstandandi ári 2 milljarðar 124 millj. kr. eða 46% af heildarfjárhæðinni. Þessi fjárhæð verður nokkru lægri á næsta ári eða 2016 millj., 1940 millj. 1978 en 2026 millj. 1979. Til hraðbrauta, þjóðbrauta og landsbrauta er á yfirstandandi ári gerð till. um sömu fjárveitingar og í gildandi vegáætlun. Fyrir árin 1977—1979 er till. miðuð við svipaðar heildarupphæðir til þessara vegaflokka í heild og þeim er skipt í sömu hlutföllum og á árinu 1976. Á yfirstandandi ári eru fjárveitingar til þessara þriggja vegaflokka 80% af fjárveitingunni til nýrra þjóðvega í heild.

Fjárveiting til girðinga og uppgræðslu meðfram vegum er óbreytt frá því sem var í síðustu vegáætlun, eða 40 millj. kr. á árunum

1976 og 1977, en hækkar í 50 millj. á árunum 1978 og 1979. Í árslok 1975 námu ógreiddar kröfur vegna girðinga samkvæmt girðingalögum alls 242 millj., svo sem nánar greinir í skýrslum um framkvæmd vegáætlunarinnar, eins og ég skýrði áðan. 2/3 þessarar fjárveitingar hefur á undanförnum árum verið varið til girðinga, en 1/3 til sáningar á grasfræi. Á fjórum árum vegáætlunar mun því um 120 millj. kr. verða varið til girðinga eða sem nemur tæpum 50% af lögmætum kröfum um síðustu áramót.

Til sérstakra áætlana, þ. e. Austurlandsáætlunar, Norðurlandsáætlunar og Djúpvegar, er samtals varið á þessu ári 377 millj. kr., á næsta ári 325 millj. og eins árin 1978 og 1979.

Á árinu 1977 er fjárveiting til Austurlandsáætlunar hækkuð úr 75 í 100 millj. kr. og er sú fjárveiting látin haldast á áætlunartímabilinu. Með þessari hækkun á að vera unnt að ljúka jarðgöngum um Oddsskarð á árinu 1977, en ekki verður hægt að ljúka öllum verkum í Austurlandsáætlun á áætlunartímabilinu.

Fjárveiting til Norðurlandsáætlunar er hækkuð úr 175 millj. kr. á árinu 1977 í 200 millj. og er sú fjárveiting látin haldast út áætlunartímabilið. Þessi hækkun er sérstaklega ætluð til endurbyggingar á Norðurlandsvegi á Holtavörðuheiði ásamt öðrum fjárveitingum á öðrum liðum á vegáætlun til þess verks.

Fjárveitingu til Djúpvegar er haldið óbreyttri áætlunartímabilið, 25 millj. kr. á ári.

Til fjallvega o. fl.: Þessum liðum er skipt í aðalfjallvegi og aðra fjallvegi, reiðvegi og þjóðgarðsvegi o. fl. Fjárveitingin í heild er 32 millj. kr. hvort árið 1976 og 1977 og 35 millj. árin 1978 og 1979. Af þessari fjárhæð er veitt til aðalfjallvega, sem taldir eru 900 km 7 millj. kr. hvort árið 1976 og 1977, en 8 millj. á árunum 1978 og 1979. Lagt er til að fjárveiting til annarra fjallvega verði 14 millj. kr. á árunum 1976 og 1977 og 16 millj. kr. á árunum 1978 og 1979.

Til þjóðgarðsvega og vega að fjölsóttum ferðamannastöðum er lagt til að fjárveitingin verði 10 millj. kr. árlega á áætlunartímabilinu og til reiðvega 1 millj. kr. á ári.

Til brúargerða er gerð till. um óbreytta fjárveitingu frá gildandi vegáætlun eða 226 millj. kr. Hins vegar er gert ráð fyrir smávægilegri hækkun á árunum 1978 og 1979. Af þessari fjárhæð fer mikill meiri hluti til brúa sem eru 10 m og lengri.

Um sýsluvegasjóði er þetta að segja: Með breytingu á 19. gr. vegalaga, sem samþ. var á s. l. vori, voru heimreiðar að einstökum bæjum styttar úr 200 m í 50 m. Þegar breyting þessi var gerð var áætlað að heildarlengd sýsluvegakerfisins mundi aukast um 15% vegna breytingarinnar. Fyrir liggur nú að heildarlengingin er 281 km eða 9.6%. Sýsluvegir voru fyrir breytinguna 2927 km, en eru nú taldir á fylgiskjali með þáltill. 3208 km. Til þess að styrkja fjárhagsstöðu sýsluvegasjóðanna var einnig samþ. á s. l. vori sú breyting á vegal. að heimila einstökum hreppsfélögum að innheimta tvöfalt gjald í héraði, þ. e. fyrir sex dagvinnustundir í stað þriggja, og fá á móti tvöfalt framlag frá Vegasjóði á sama ári. Var þetta fyrst og fremst gert til þess að styrkja stöðu þeirra sýsluvegasjóða þar sem unnið er að tankvæðingu vegna mjólkurflutninga. Sökum þess hvað lagabreyting þessi var samþ. seint á s. l. vori var í rauninni aðeins 1/4 hluti hreppa sem notfærði sér þessa heimild. Þegar liggja fyrir yfirlýsingar frá mun fleiri hreppum um að notfæra sér heimildina nú, og er gert ráð fyrir því að helmingur allra hreppa í landinu muni notfæra sér hana í ár og 2/3 hlutar allra hreppa á árunum 1977—1979. Miðað við þessar forsendur mun ráðstöfunarfé sýsluvegasjóðanna aukast úr 180 millj. kr. á árinu 1976 í tæpar 280 millj. á árinu 1979. Ljóst er þó að efla þarf fjárhagsaðstöðu sýsluvegasjóðanna enn frekar og er það eitt af verkefnum þeirrar n. sem skipuð var á s. l. vori til að endurskoða vegalögin. Mun vera samstaða í meginatriðum um leiðir til úrbóta í þessu efni.

Til vega í kaupstöðum og kauptúnum: Með breytingu á vegal. s. l. vor voru íbúamörk þeirra kaupstaða og kauptúna, sem njóta sérstaks framlags samkv. 30. gr. vegal., færð úr 300 í 200. Við þessa breytingu fjölgaði þeim stöðum, sem framlags njóta samkv. þessari grein, um 7 og eru þeir nú alls 61. Við breytinguna hafa þjóðvegir í þéttbýli lengst um 7.1 km og eru nú taldir 131.3 km. Skipting þessara vega á einstök kjördæmi og ástand þeirra er sýnt á fskj. 2.7.—1 í þáltill. Heildarframlag til þessara vega hækkar úr 292 millj. kr. árið 1976 í 397 millj. kr. árið 1979. Þá er gert ráð fyrir að skiptitala á hvern íbúa verði 1150 millj. kr. á yfirstandandi ári.

Næst er um véla- og verkfærakaup og byggingu áhaldahúsa. Gert er ráð fyrir að fjárveiting til véla- og verkfærakaupa verði óbreytt frá fyrri vegáætlun á árinu 1976 eða 20 millj. kr., síðan sama upphæð á næstu árum eða alls 80 millj. kr. á áætlunartímabilinu. Gert er ráð fyrir því fé ásamt afskriftafé véla verði eins og að undanförnu fyrst og fremst varið til endurnýjunar á þeim vinnuvélum sem Vegagerðin þarfnast en ekki fást leigðar á almennum markaði, svo sem vegheflum, vélum til malarvinnslu, vélum til brúargerða o. s. frv. Hefur það komið fram hér að ef breyting sú á snjómokstursreglum, sem verið hefur til umr. að undanförnu, nær fram að ganga verður ekki unnt með ofangreindri fjáröflun að auka vélakost eins og nauðsynlegt er til að mæta auknum snjómokstri.

Gert er ráð fyrir að fjárveiting til bygginga áhaldahúsa verði á þessu ári óbreytt frá fyrri vegáætlun eða um 30 millj. kr. Af henni er áætlað að nota 4.5 millj. kr. til kaupa á íbúð fyrir umdæmisverkfræðing á Reyðarfirði, en að öðru leyti verði fjárveitingunni varið til að ljúka byggingum á Hvammstanga og til minni framkvæmda við önnur áhaldahús. Auk þess verður henni varið til að undirbúa mörg önnur aðkallandi verkefni sem fyrir dyrum standa. Af þeim má sérstaklega nefna áhaldahús á Ísafirði, Sauðárkróki og á Húsavík í stað ófullnægjandi húsa þar. Einnig þarf að undirbúa

stækkun vélaverkstæðis á Reyðarfirði. Á árunum 1976—1977 var lagt til í síðustu vegáætlun að fjárveiting á þessum lið yrði hækkuð úr 18 í 30 millj. kr. hvort árið með það fyrir augum að byggja hús fyrir Vegamálaskrifstofuna í Reykjavík því hún er nú til húsa á þremur stöðum við mikil þrengsli, en af því leiðir augljóslega óhagræði og verulegan aukakostnað í daglegum rekstri. En þar sem fjármagn til áhaldahúsabygginganna er ekki meira en það sem þessu nemur þykir ekki ráðlegt að hefja framkvæmdir við þetta hús fyrr en kostnaðaráætlun og fjármagn liggur fyrir til þess að ljúka framkvæmdum. Hluta af þessari fjárveitingu verður varið til þess að undirbúa þessa framkvæmd.

Til tilrauna í vegagerð: Þessi fjárveiting er 1/2% af mörkuðum tekjum Vegasjóðs samkvæmt lögum og nemur 15 millj. kr. á þessu ári, 17 millj. á næsta ári og 18 og 19 á síðari hluta vegáætlunartímabilsins. Áætlað er að haldið verði áfram tilraunum við ýmsa þætti til vegagerðar á þessu vegáætlunartímabili, eins og verið hefur.

Halli á vegáætluninni: Frá því að vegáætlun var samþ. árið 1975 varð óhjákvæmilegur halli á nokkrum liðum. Vegur þar þyngst að fyrri hluta vetrar var snjómoksturinn mjög dýr, eins og áður hefur komið fram. Þá urðu tekjur 139 millj. kr. undir áætlun. Að öðru leyti skiptist hallinn þannig: Á stjórn og undirbúningi 16 millj. kr., á vetrarviðhaldi 133 millj. kr., á viðhaldi brúa 20 millj. kr. og á brúagerðum 22 millj. kr. Samtals er þessi halli á áætlunartímabilinu 191 millj. kr. Þegar hallanum á tekjuáætluninni, 139 millj. kr., er bætt við verður halli samtals 330 millj. kr. Í þeirri till. um vegáætlun, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir að greiða 100 millj. kr. af hallanum á þessu ári, en afganginum verði jafnað á árin 1977—1979.

Herra forseti. Ég hef nú reynt í sem stystu máli að fara yfir till. þá til þál. sem hér er nú til umr. og meðferðar á hv. Alþingi. Áður en ég lýk máli mínu vil ég víkja nokkuð að þeim verkefnum, sem ég tel stærst af þeim sem unnið er að, og þeim, sem ég tel brýna nauðsyn til að vinna að, og þeim þáttum í vegamálum, sem ég vil aðeins fara nokkrum orðum um áður en ég lýk máli mínu.

Stærsta verkefni, sem nú er unnið að, er eins og kunnugt er brúargerðin yfir Borgarfjörð, en sú ákvörðun var endanlega tekin með atkvgr. hér á hv. Alþ. fyrir ári. Unnið hefur verið að þessari framkvæmd, og vegna þess að fjármagn skortir til vegamála verður að fara með minni hraða í framkvæmdina heldur en æskilegt er. Það, sem einna hættulegast er í sambandi við þetta mál að mínu mati, er að þær þrjár brýr á aðalveginum fyrir botni Borgarfjarðar, þ. e. brúin yfir Andakílsá, brúin yfir Hvítá og brýrnar yfir Ferjukotssíkin, þær muni bila undan þunga umferðarinnar áður en þessu verki verður lokið. Brúin á Hvítá bilaði í fyrrasumar, og er það nú svo að það er neðri bogi hennar sem heldur uppi því stykki sem endurbætt var í efri boganum til þess að umferðin geti verið með eðlilegum hætti. En ljóst er að brýr eins og þessar allar, sem eru um 50 ára gamlar og þaðan af eldri, þola ekki þá umferð sem nú er orðin. En þetta er aðaltengileiðin milli Norður- og Vesturlands við Suðurlandið og mundi því verða mikið áfall ef um bilun yrði að ræða.

Ég ætla samt ekki við þetta tækifæri að eyða fleiri orðum að þessu, en ég vek athygli á þessu og svo sem ég hef áður gert, að ákvörðun um þessa framkvæmd, sem hér var samþ., byggðist á þeim rannsóknarniðurstöðum sem áður höfðu fengist.

Eins og kom fram í því, sem ég hef sagt hér að framan, á göngunum í gegnum Oddsskarð að vera lokið á árinu 1977. Ég efast ekki um að þeir, sem þar standa að, hefðu óskað þess að það hefði getað orðið á árinu 1976, en samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef þar um, er það ekki talið framkvæmanlegt, þó að fjármagn væri til þess að ljúka því verki á þessu ári, en hins vegar henti það vel tveggja ára framkvæmd til þess að ganga frá því svo sem æskilegt er. Verður það mikil samgöngubót, að maður vonar, þegar það er komið.

Verulegt átak var gert í veginum á Fjarðarheiði á s. l. ári, en því verki er ekki heldur lokið, eins og fleiri verkum sem við vinnum nú að. En áfram verður haldið með það verk og svo einnig að vinna að því að koma framtíðarvegi þeirra austlendinga fram fyrir Lónsheiði. Vonast ég til að hægt verði á þessu ári að gera þar þá tilraunaaðgerð sem nauðsynleg er talin vegna þess verks.

Eitt af þeim málum, sem ég hef mikla löngun til að geti verið kveikt á í sambandi við þessa vegáætlun, er brú yfir Ölfusá hjá Óseyrarnesi. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem ég hef frá Vegagerð ríkisins, er það svo að margt af því, sem notað er við vegagerðina í Borgarfirði nú og verður meðan það verk stendur yfir, verður svo notað við brúargerð á Ölfusá hjá Óseyrarnesi því að það hentar á báðum þessum stöðum og mundi hún taka við þegar því verki væri lokið.

Sama er að segja um þá rannsókn, sem ég gat hér um áðan, um veg frá Ísafjarðardjúpi yfir í Barðastrandarsýslu, að rannsókn á því máli er ekki heldur lokið, en að því verður unnið og það verður eitt af framtíðarverkefnunum.

En í vegagerð mun ekki skorta verkefni á næstunni, og eitt af því, sem hefur orðið mjög áberandi nú á þessu vori, er að okkar gömlu vegir þola ekki þá umferð, sem er orðin um þá, og sérstaklega ekki þá stóru flutningavagna sem aka um okkar þjóðvegi. Þeir eru ekki byggðir fyrir þá. Hefur því viðhald og erfiðleikar á vegaumferðinni verið mjög miklir í vor. Viðhaldinu, sem við hv. þm. höfum nú kannske ekki verið nógu næmir fyrir, verður að sinna betur en gert er ef vel á að fara.

Þegar þetta allt er haft í huga, þá kemur að stóru spurningunni, og það er hvernig á að fjármagna þetta. Ég mun hafa orðað það ein-

hvern tíma þannig hér á hv. Alþ., að það væri svo með útgjaldaliði að málefnin væru yfirleitt góð og væru öll góð mál þangað til þau væru orðin að einni samanlagðri tölu, þá væri þetta orðið vont mál því þá þyrfti að afla fjár til þess að rétta af slagsíðuna sem þar væri mynduð. Þannig er þetta með vegagerðina, að raunverulega vantar vegagerðina meiri tekjuöflun en hún hefur nú. Það er of mikið af framkvæmdum í vegagerð gert með lánsfé, og það er líka of lítið fjármagn sem fer til vegagerðarinnar í heild. Þetta er ég viss um að við erum sammála um, allir hv. þm. Á s.l. ári, eins og kom fram hjá mér fyrr, var ákveðið bæði í hinni almennu tekjuöflun Vegasjóðs og einnig í sérstökum lögum að selja happdrættisskuldabréf til vegagerðar, og í síðari lögum var ákveðin ráðstöfun á því sem að vísu er mjög víðtæk, því það var austrið, suðrið og vestrið og norðrið sem var að mestu leyti tengt, það var norðausturhluti landsins sem ekki var innan þessara vébanda. Við ákvörðun nú mun þetta að sjálfsögðu verða haft í huga.

Ég vil svo einnig segja það, sem ég man nú ekki hvort ég hef skýrt frá hér á hv. Alþ. áður, að á s.l. sumri skipaði ég n. til þess að endurskoða vegalögin. Í þessa n. var valið með tilliti til þess að allir stjórnmálaflokkar, sem eiga fulltrúa hér á hv. Alþ., ættu menn í n., en auk þess er svo ráðuneytisstjórinn í samgrn., sem er formaður, og vegamálastjóri, sem er varaformaður n. Þessi n. hefur unnið mikið verk, en ekki þó það mikið að hægt væri á þessu þingi að leggja niðurstöður hennar fyrir Alþ. Ég mun hins vegar óska eftir því að hún haldi þessu verki áfram. Og eitt af því, sem ég tel brýna nauðsyn til, er að gera aðalvegina heilsteypta þannig að það sé ekki verið að búta þá niður í hraðbrautir, þjóðbrautir eða landsbrautir. Það veldur vissum erfiðleikum við fjárskiptingu að hafa slíka flokkun á aðalvegum landsins. Þess vegna er það mín till. í sambandi við störf n. að stefna að þessu.

Ég mun nú senn ljúka máli mínu. En um leið og ég geri það vil ég leyfa mér að þakka Vegagerðinni í landinu fyrir gott samstarf og gott verk sem hún hefur unnið á s.l. ári og við undirbúning þessarar vegáætlunar eins og annarra vegáætlana sem lagðar hafa verið fram hér á hv. Alþ. Það er ekki þeirra manna sök þó þetta mál sé seint á ferðinni. Það er heldur sök okkar sem stjórnvöld köllumst og það er af þeirri ástæðu sem ég greindi frá áðan. Hins vegar er það afskaplega mikils virði fyrir okkur að eiga trausta og góða framkvæmdaraðila, eins og vegamálastjóri og hans starfsmenn eru, til þess að sjá um þessi mál í framkvæmdinni og reyna að gera sem mest úr þeim fjármunum sem til skipta eru. Ég vil einnig sérstaklega vekja athygli á því og þakka það jafnframt að þeir hafa með því verkfyrirkomulagi að dreifa starfskröftum sínum út um landið farið inn á þá braut sem við köllum nú byggðaþróun og gerir það að verkum að betra er að vinna að þessum málum vegna þess að starfsmennirnir, sem þessum verkum stjórna, hafa miklu meiri staðbundna þekkingu heldur en almennt gerist um slíkar framkvæmdir í okkar þjóðfélagi. Og ég segi það sem mína skoðun að ég mundi gjarnan vilja vinna að því, ef tök væru á, að taka fleiri málaflokka til slíkrar meðferðar, eins og t.d. hafnamálin í landinu. Ég tel að það væri mikils virði ef hægt væri að dreifa starfskröftunum þannig um landsbyggðina.

Ég vil nú, herra forseti, láta máli mínu lokið og óska eftir því að að lokinni fyrri umr. verði þáltill. vísað til síðari umr. og hv. fjvn.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Þeir, sem hafa ekki aðrar spurnir af stöðugleika íslensks efnahagslífs en samanburð á fjárframlögum til nýrra þjóðvega árið 1976 í núgildandi vegáætlun, sem samþ. var í fyrravor, annars vegar og hins vegar till. um fjárveitingar til sömu framkvæmda í þeirri endurskoðuðu áætlun fyrir 1976 sem verið er að leggja fram nú, mundu án efa álíta að hér ríkti fyrirmyndarstöðugleiki í efnahagslífinu. Fjárhæðirnar, sem ætlaðar eru til einstakra verkþátta í ár í þeirri endurskoðuðu framkvæmdaáætlun sem hér er lögð fram, eru svo algjörlega óbreyttar frá núgildandi áætlun að væri ályktað út frá þeim samanburði, þá skyldu menn ætla að við byggjum við fullkomlega stöðugt verðlag. Út frá þeim samanburði gætu menn haldið að þeirri ríkisstj., sem farið hefur með stjórn efnahagsmála undanfarin 2 ár, hafi tekist firnavel að framkvæma aðalfyrirheit sitt um að halda verðbólgunni sem allra mest í skefjum.

Framlag til hraðbrauta á árinu 1976 er áætlað 1081 millj. kr. eða algjörlega óbreytt frá áætlun sem samþ. var í fyrra fyrir það ár. Framlag til þjóðbrauta á árinu 1976 var ákveðið 352.6 millj. kr. í fyrra, en er nú við endurskoðun áætlað 363 millj. kr. Framlag til landsbrauta í ár var í fyrravor ákveðið 263.4 millj. kr., en nú við endurskoðunina 263 millj., þar munar 400 þús. kr. Framlag til girðinga og uppgræðslu er óbreytt 40 millj. kr. Framlag til Austurlandsáætlunar er óbreytt 177 millj. kr. Framlag til Norðurlandsáætlunar er óbreytt 75 millj. kr. Og framlag til Djúpvegar er áætlað óbreytt 25 millj. kr. Í heild hækka framlög til nýrra þjóðvega á árinu 1976 frá því, sem áætlað var í fyrra, úr 2 114 millj. kr. í 2 124 millj. Fjárveitingin í heild hækkar því um 10 millj. eða um 0.47%.

Þegar hins vegar er haft í huga að vísitala vegagerðar mun verða um 34% hærri nú í sumar, þegar allar kostnaðarhækkanir eru komnar fram, en hún var í fyrra, þá er ljóst að raungildi fjárveitinga, sem óbreyttar eru að krónutölu, er um ¼ eða um 25% minni en í fyrra. Framkvæmdir við gerð nýrra þjóðvega verða því í sumar um 25% minni en í fyrra og höfðu þær þá einnig lækkað um 25% frá því árinu áður, frá árinu 1974. Það þýðir að samkvæmt þeirri till. til þál. um vegáætlun, sem hér er verið að leggja fram, verða framkvæmdir við nýja þjóðvegi: hraðbrautir, þjóðbrautir, landsbrautir og samkvæmt sérstökum áætlunum, að raungildi einungis 56.3% af framlögum í vegáætlun fyrir árið 1974. En þegar sú áætlun var lögð fram áttu Sjálfstfl.-menn á hv. Alþ. naumast nógu sterk orð til að lýsa hneykslan sinni á því, hve lítið fé væri ætlað til nýrra

framkvæmda á því ári, og tóku skýrt fram að leiðin til úrbóta í þessu efni væri sú ein að fá Sjálfstfl.forustuna. Hann hefur haft ríkisstjórnarforustu við gerð og endurskoðun vegáætlunar s.l. 2 ár. Í bæði skiptin, í hvort skipti fyrir sig, hefur raungildi framkvæmda verið skorið niður um 25%. Raungildi fjárveitinga hefur lækkað nærri um helming á þeim tveim árum sem Sjálfstfl. og Framsfl. hafa ráðið málum.

Efndirnar á fyrirheitunum um auknar framkvæmdir í vegamálum eru að sjálfsögðu í órofa tengslum við og eru hvorki verri né betri en efndirnar á höfuðvandamáli, höfuðstefnumáli stjórnarflokkanna, að halda verðlaginu í skefjum og tryggja trausta stefnu í ríkisfjármálum og efnahagsmálum almennt. Nei, því miður, hægri stjórnin með sinn mikla meiri hl. á Alþ. hefur hvorki getað tryggt stöðugra verðlag né aukið raungildi fjárframlaga til vegamála eins og ræðumenn Sjálfstfl. hétu við afgreiðslu vegáætlunar 1974, þvert á móti. Á sama tíma og dregur úr verðbólgu erlendis og verðlag innfluttrar vöru hækkar ekki meir en 6—7% á þessu ári geisar linnulaus óðaverðbólga á Íslandi. Afleiðingarnar eru m.a. þær að nú við endurskoðun vegáætlunar fyrir árið 1976 eru framkvæmdir ársins skornar niður að raungildi um 25% frá því sem í fyrra var áætlað um framkvæmdir á þessu ári. Ef metið er raungildi fjárveitinga í þessu sambandi ber sérstaklega að hafa í huga að hér eru innifaldar framkvæmdir vegna hinnar sérstöku fjáröflunar sem fólst í setningu laga um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna framkvæmda við Norðurveg og Austurveg, að upphæð 2000 millj. kr. á 4 árum. Gert er ráð fyrir því, að af þessari fjáröflun komi 500 millj. kr. til nota við framkvæmdir á árinu 1976, og án efa hafa flm. frv. og aðrir hv. alþm. reiknað með því að þessi upphæð mundi koma til viðbótar við almennar framkvæmdir, eins og þær voru áætlaðar í núgildandi vegáætlun, og vera nýtt og stórt átak í vegamálum. En niðurstaðan er hins vegar sú, að við framkvæmdir ársins 1976 og framkvæmdir næstu ára fellur þessi fjáröflun inn í almenna lánsfjáröflun til venjulegra framkvæmda, en bætist ekki við, og þrátt fyrir 500 millj. kr. fjáröflun á grundvelli þessara sérstöku laga rýrna heildarframkvæmdir við nýbyggingu þjóðvega á þessu ári um 25%, í stað þess að þessi lagasetning ætti að tryggja viðbótarframkvæmdir.

Það verður sannarlega ekki auðvelt verk að skipta heildarfjármagninu á einstakar framkvæmdir ef fyrst á að taka af upphæðinni, sem hefur verið lækkuð um 25% að raungildi, 500 millj. kr. sérstaklega til Norður- og Austurvegar og síðan að skipta afganginum með venjulegum hætti. Það mundi þýða 43% niðurskurð annarra framkvæmda á þessu ári. Ef raungildi fjárveitinga til nýrra þjóðvega ætti að vera hið sama og á núgildandi vegáætlun fyrir árið 1976 auk sérstakrar fjáröflunar til Norðurlandsvegar og Austurlandsvegar, þá þyrfti fjárveitingin til þessara framkvæmda að vera riflega 700 millj. kr. hærri en nú er ákveðið í endurskoðaðri vegáætlun sem hér er verið að ræða, og þar til viðbótar hefðu ýmsir búist við því að kæmu þessar 500 millj. vegna happdrættisláns til byggingar Norðurvegar og Austurvegar. Ef raungildið ætti að vera hið sama og var áætlað í þeirri vegáætlun fyrir árið 1974, sem Sjálfstfl. fordæmdi sem mest, þyrfti upphæðin nú að vera milli 1300 og 1400 millj. kr. hærri en nú er gert ráð fyrir í ár, þ.e. upphæðin í ár þyrfti að vera milli 60 og 65% hærri en nú er ráðgert. Síðan vantar þá fé til sérstakra framkvæmda við Norðurlandsveg og Austurlandsveg.

Fjárveitingunni til framkvæmda við nýja þjóðvegi í ár, þeirri fjárveitingu sem hefur verið rýrð um ¼ að raungildi, er þó haldið í óbreyttri krónutölu frá áætluninni í fyrra með því að auka heildarlántökur. Þær eru haldreipi og úrræði hæstv. ríkisstj. á öllum sviðum, en duga þó ekki til. Lántökurnar eru nú við endurskoðun vegáætlunar hækkaðar frá áætlun í fyrra úr 1050 millj. kr. í 1600 millj. kr. vegna framkvæmda í ár eða um ríflega hálfan milljarð kr. Lántökurnar hafa verið auknar um 52% fyrir árið 1976 og þær jafngilda 75% af áætluðu framlagi til allra nýrra þjóðvega, þ.e.a.s. 75% af framkvæmdum við allar hraðbrautir, þjóðbrautir og landsbrautir og framkvæmdir við Norðurlandsáætlun, Austurlandsáætlun og Djúpveg, og þó rýrna heildarframkvæmdir um fjórðung. Jafnframt er meginhlutanum af greiðsluhalla í árslok 1975 velt yfir á næstu ár. Hluti af hinum stórauknu lántökum eru skammtímalán sem gert er ráð fyrir að verði að greiða á næstu 1—2 árum og koma þá til rýrnunar framkvæmda þegar á árunum 1977 og 1978.

Ég held að ástæðulaust sé að fjalla um síðari ár vegáætlunarinnar. Í þeirri óðaverðbólgu, sem ríkir, hafa slíkar áætlanir takmarkað gildi, en vonandi verður runnin upp betri tíð þegar að framkvæmd þeirra ára kemur, bæði að því er varðar ytri aðstæður og stjórnarstefnu í landinu.

Þar sem ég á sæti í þeirri n., sem fær vegáætlunina til umfjöllunar, tel ég ekki ástæðu til að ræða ítarlega um hana hér og nú, en tel rétt að hv. þm. og þjóðin öll geri sér sem ljósasta grein fyrir því hvert stefnir í vegamálum og hvað í áætluninni felst, einkum varðandi þann tíma sem næstur er, árið í ár, en þær till. ætti að vera raunhæfast að búast við að séu fullgildar till. sem lítt eða ekki verði hnikað.

Eins og ég hef þegar rakið felst í þeirri till. til þál. um vegáætlun, sem hér er til umr., varðandi framkvæmdir í ár niðurskurður nýframkvæmda í vegagerð um 25% frá því sem áætlað var í fyrra um þessar sömu framkvæmdir, þrátt fyrir nýja lagaheimild um 500 millj. kr. fjáröflun á árinu til Norðurlandsvegar og Austurlandsvegar. Sá niðurskurður kemur til viðbótar álíka niðurskurði sem varð á framkvæmdum ársins 1975, og jafnframt er gert ráð fyrir vaxandi skuldasöfnun í hlutfalli við nýjar framkvæmdir. Það virðist einungis tímaspursmál og reikningsdæmi hve mörg ár það taki hægri ríkisstjórnina með þessu áframhaldi, ef henni auðnaðist aldur, að koma nýframkvæmdum í vegamálum niður í svo sem ekki neitt með skerðingu raungildis fjárveitinga um 25% á ári.

Um aðrar framkvæmdir, t.d. viðhald þjóðvega, er svipaða sögu að segja. Mjög skortir á nauðsynlega endurnýjun slitlaga á vegum, einkum malarslitlaga. Í grg. með vegáætlun segir um þetta atriði, með leyfi hæstv. forseta: „Árlega þarf því að malbera 1366 km. Á síðasta ári voru malbornir 660 km á þjóðvegum landsins eða

tæplega helmingur af því sem nauðsynlegt þykir.“ Og um viðhald brúa segir í grg.: „Á síðasta ári var varið til viðhalds brúa 50.4 millj. kr. Ekki hefur verið gerð nein úttekt á því hve mikið fjármagn þyrfti til viðhalds brúa, en ljóst er að vegna fjárskorts á undanförnum árum hefur viðhald brúa verið stórlega vanrækt og þyrfti því þessi fjárveiting að hækka verulega“.

Fjárveiting til viðhalds brúa var í fyrra 50.4 millj. og hækkar ekki verulega, heldur einungis um 7.6 millj. eða um 11% þegar verðlagshækkanir eru 30—40%, þannig að raungildi fjárveitinga mun lækka mjög verulega samkvæmt þeim till. sem hér eru gerðar.

Framlög til viðhalds þjóðvega á árinu 1976 hækka nokkuð að krónutölu frá núgildandi vegáætlun fyrir sama ár, en samkv. upplýsingum, sem fyrir liggja, er gert ráð fyrir því, að þegar verðlagshækkanir, sem eru á næstu grösum, hafa komið fram hafi framkvæmdakostnaður við viðhald þjóðvega hækkað um 72%. Þetta var ekki mismæli, hækkunin er talin verða um 72% frá því í fyrrasumar. Framlag til viðhalds þjóðvega lækkar því að raungildi á árinu 1976 frá því, sem samþ. var í fyrra fyrir það sama ár, um nálega 25% þrátt fyrir þá krónutöluhækkun sem ýmsir hafa talið eina ljósa punktinn í þeirri endurskoðuðu vegáætlun sem hér liggur fyrir. Framkvæmdir við viðhald þjóðvega munu því rýrna verulega frá því sem áætlað var í fyrra og tæpar 500 millj. kr. vantar á til þess að raungildi viðhaldsfjár haldist, og jafnframt því dragast heildarframkvæmdir við nýja þjóðvegi saman um fjórðung, eins og ég hef áður rakið.

Það verður vissulega erfitt verk fyrir þm. að gera till. um skiptingu síminnkaðs framkvæmdafjár þegar þarfirnar kalla alls staðar að. Ég mun ekki fjalla hér um einstakar framkvæmdir, en get þó ekki látið hjá líða að harma það að þegar framkvæmdir við fjölfarnasta veg landsins, Hafnarfjarðarveg, gætu fjármagnsins vegna, miðað við núgildandi vegáætlun, loks komist suður fyrir Arnarneshæð, — en þessar framkvæmdir eru nú langt á eftir fyrri áætlunum, m. a. var framkvæmd við Hafnarfjarðarveg frestað á síðasta ári um sem svarar 28 millj. kr. — þá skuli vera útlit fyrir að framkvæmdir sunnan Arnarneshæðar geti strandað á því að skipulagsyfirvöld ríkisins og bæjaryfirvöld í Garðabæ hafa ekki komist að niðurstöðu um legu vegarins. Ég tel slíka stöðu þessa máls algjörlega óviðunandi og hef borið fram ósk um að fulltrúar þessara aðila komi á fund þm. kjördæmisins og vegamálastjórnar til þess að ræða þetta mál, en skipulagsatriði mega með engu móti koma í veg fyrir að endurbótum á þessum vegi verði haldið áfram eftir því sem fjármagn ýtrast leyfir.

Við fulltrúar stjórnarandstöðunnar, sem sæti eigum í fjvn., töldum í fyrra að of skammur tími hefði gefist til afgreiðslu vegáætlunar, en hún var þá lögð fram í byrjun apríl, þótt hún væri einungis rædd í n. síðustu vikuna áður en hún var afgreidd á Alþ. hinn 16. maí. En lengi getur vont versnað, ekki aðeins að því er varðar fjárveitingarnar sjálfar sem árlega eru skornar niður, heldur er vegáætlun nú ekki lögð fram fyrr en 7. maí, miklu seinna en áður hefur verið. Þessi vinnubrögð eru algjörlega ótæk og ámælisverð. En í þetta horf virðist sækja á öllum sviðum um vinnubrögð hæstv. ríkisstj., a. m. k. að því er varðar þau mál sem fjvn. á að fjalla um. Má í því sambandi minna á að n. voru einungis ætlaðir tveir starfsdagar fyrir jól til þess að afgreiða fjárlagafrv. milli 2. og 3. umr. Það ætti öllum að vera ljóst að slík vinnubrögð sem hæstv. ríkisstj. viðhefur eru öllum til tjóns, stjórnarsinnum sem stjórnarandstæðingum, og hv. Alþ. til vansæmdar. Þess vegna vænti ég þess að þeir, sem málum ráða, taki sig á í þessum efnum.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Þegar till. um vegáætlun var lögð fyrir Alþ. fyrir um það bil ári gerði ég nokkuð að umræðuefni þá meginstefnu sem kom fram í þeirri áætlunargerð og þeirri till. sem þá var lögð fyrir Alþ. Ég vakti þá athygli á því að till. einkenndist af því að um gífurlega mikinn niðurskurð væri að ræða á vegagerðarframkvæmdum. Þá var ljóst að niðurskurðurinn mundi nema a. m. k. 25—30% miðað við magnframkvæmdir, vegna þess að ekki þótti þá, þegar sú till. var gerð, fært að hækka fjárveitingar þrátt fyrir hækkaðan framkvæmdakostnað nema að sáralitlu leyti. Ég benti þá á, að sú till. væri algjörlega óraunhæf og fengi í rauninni ekki staðist í framkvæmd og það yrði að takast á við það vandamál að útvega Vegasjóði auknar tekjur með einum eða öðrum hætti, annaðhvort með því að auka beinar tekjur hans eða þá með lánsútvegunum. Ég gerði þá einnig að umtalsefni nokkuð þá stefnu, sem fram kom í þeirri till. varðandi skiptingu þessa takmarkaða vegafjár, og benti þá á að augljóst væri að nú væri sótt í það horfið að skipta vegafénu allmikið öðruvísi en verið hafði um alllangt skeið, þ. e. a. s. það var augljóst að það var verið að auka fjárveitingar til hraðbrautaframkvæmda á kostnað annarrar vegagerðar í landinu. Við þessu varaði ég einnig þá. Mér sýnist sú till. að vegáætlun, sem hér liggur nú fyrir þar sem um er að ræða endurskoðun á áætlunum fyrir árin 1976 og 1977 og nýjar áætlanir síðan fyrir 1978 og 1979, þessi áætlun sé byggð upp á mjög svipaðan hátt og fyrri till. var, sú sem ég fann mest að í umr. í aprílmánuði í fyrra.

Ég vil vekja athygli á því, að gert var ráð fyrir í fyrri áætlun, þeirri áætlun sem raunverulega er í gildi, að 1976 yrði heildarfjárveitingin 4120 millj. kr. Nú er hins vegar þessi fjárhæð hækkuð í 4614 millj. kr. En þá er þó gert ráð fyrir því nú að verja 100 millj. kr. af þessari upphæð í skuldagreiðslu, þannig að það má tala um að heildarfjárveitingin eftir þessari endurskoðunartill., sem hér liggur fyrir fyrir yfirstandandi ár, verði rétt rúmlega 4500 millj. kr. Eins og þegar hefur verið bent á í þessum umr. er alveg ljóst, miðað við hækkandi framkvæmdakostnað, að þá er hér um að ræða minnkun beinna framkvæmda í vegagerðarmálum sem mun nema í kringum 25%, og þetta kemur til viðbótar við hliðstæðan niðurskurð sem varð á s. l. ári.

Þetta er auðvitað mjög alvarleg þróun, og það er ómögulegt annað en að hæstv. samgrh. hljóti að taka það alvarlega til athugunar ásamt með öðrum þm. hvernig eigi að bregðast við vanda af þessu tagi ef ekki er úr meira fjár-

magni að spila til vegagerðarmála. Ég fullyrði að þessi niðurskurður í fjárveitingum til vegagerðar er miklum mun meiri en til annarra hliðstæðra framkvæmda í landinu um þessar mundir. Ef t. d. er litið til hafnargerða og þar með teknar allar hafnargerðir í landinu, landshafnirnar og stóru hafnarframkvæmdirnar sem unnið hefur verið að, eins og í Þorlákshöfn og Grindavík, þá er hér um miklu meiri samdrátt að ræða í vegagerðarmálum en í hafnargerðarmálum. Sé á hliðstæðan hátt litið til íbúðarhúsabygginga, og hefur mönnum þótt þar vera um nokkurn samdrátt að ræða, þá kemur hið nákvæmlega sama út. Þar er ekki um nándar nærri jafnmikinn samdrátt að ræða í beinum framkvæmdum framkvæmdalega séð eins og á sér stað í vegagerðarmálum. Sé hins vegar litið til ýmissa ríkisstofnana, til þess fjármagns sem þær fá til sinnar ráðstöfunar, hvort sem það er Ríkisútvarpið, Landssíminn, Sementsverksmiðja ríkisins eða aðrar stofnanir, þá er hér um gjörsamlega aðra stefnu að ræða. Niðurskurðurinn í vegagerðarmálum er margfalt og miklu meiri en á öllum öðrum sviðum.

Þessa staðreynd eiga menn að virða fyrir sér og átta sig á því hvort þetta er sú stefna sem menn ætla að halda. Ég álít að hér sé um alranga stefnu að ræða. Þetta stafar að nokkru leyti af því að framkvæmdir í vegamálum hafa verið byggðar upp að undanförnu þannig að Vegasjóður hefur haft afmarkaðar tekjur sem ekki hafa farið hækkandi, jafnvel fremur lækkandi. Ríkissjóður leggur fram sáralítið til hreinna vegagerðarmála. Og þá er aðeins um að ræða lántökur sem á þennan hátt hafa orðið minni til vegagerðarframkvæmda heldur en til ýmissa annarra framkvæmda í landinu.

En það er ekki aðeins að þetta sé einkenni á vegáætluninni, þeirri sem lögð var fram fyrir ári og þá samþ. og er raunverulega gildandi í dag, heldur er þetta enn á ný megineinkennið á þeirri vegagerðaráætlun sem nú liggur fyrir. Ég vil segja það, að mér þykir næsta furðulegt að það skuli vera ráðh. úr hópi Framsfl. sem treystir sér til að leggja fram vegáætlun sem einkennist af þessari stefnu og það á þeim tíma sem ríkisstj. talar hvað mest um byggðastefnu og hvernig þurfi að styðja við bakið á landsbyggðinni. En þetta er sem sagt staðreynd sem menn standa frammi fyrir.

En það er enn annað og verra sem blasir við augum þegar þessi áætlun er skoðuð nánar og þegar litið er hér á heildina, en það er hvernig síðan er staðið að því að skipta þessu takmarkaða framkvæmdafé. Þá blasir við enn þá verri mynd að mínum dómi. Svo er nú komið að um helmingur, rétt í kringum helmingur af öllu framkvæmdafé til nýbyggingar vega gengur til svonefndra hraðbrauta. Þannig er vegáætlunin sem er í gildi nú í ár. Það mun vera á milli 49 og 50% af nýbyggingarfé sem ákveðið er að verja til hraðbrautabygginga, og það er einmitt þessi liður sem hefur vaxið mest þegar litið er á fjárveitingar í krónum talið, en auðvitað verður þá hlutur hinna veganna tilsvarandi miklu verri. Og hér er haldið áfram þessari sömu stefnu. Um helmingur framkvæmdafjárins á að ganga til hraðbrautagerðar.

Þegar hraðbrautirnar eru svo athugaðar út af fyrir sig, þá kemur t. d. í ljós að sá landsfjórðungur, sem ég er fulltrúi fyrir, Austurland, fær ekki eina einustu krónu af hraðbrautafé, — ekki eina einustu krónu. M. ö. o.: helmingnum af öllu nýbyggingarfé, því fé sem á að verja til þess að gera nýja vegi, er ráðstafað með þeim hætti að sá landshlutinn, sem er verst á vegi staddur í vegagerðarmálum alveg tvímælalaust samkv. opinberum tölum þar um, hann fær ekkert af helmingnum af því. Svonefndar hraðbrautir virðast hafa sérstakan forgang. Það er svo auðvitað enn saga út af fyrir sig að athuga nánar hvert þetta hraðbrautafé fer, því að því er ekki heldur skipt á neinn hátt eðlilega á milli hinna kjördæmanna, þar er um mikla misskiptingu að ræða.

Það átti að heita svo á s. l. ári, á árinu 1975, að það væri þó varið 3 millj. kr. í Austurlandskjördæmi til þess að greiða þar gamla skuld, en síðan auðvitað ekkert, vegna þess að það eru nær engir vegir í því umdæmi sem eru flokkaðir undir þetta heiti, ná undir það að vera hraðbraut. En er það nú ekki einnig nokkuð kaldhæðið að það skuli vera ráðh. úr hópi Framsfl. sem gerir till. um að hækka fjárveitingar til hraðbrautaframkvæmda meira en áður hefur verið gert á kostnað fjárveitinga til þjóðbrauta og landsbrauta með þessari útkomu til dæmis fyrir Austurland? Ég vil biðja hæstv. samgrh. að taka þetta alvarlega til athugunar, og ég vil segja honum það, að menn á Austurlandi — og þeir munu reyndar gera það miklu víðar — þeir taka þetta mjög alvarlega, og það mætti segja mér að þeir þyrftu að fara að gæta vel að sér, frambjóðendur Framsfl. á Austurlandi, ef þeir koma á nýjan leik með till. af þessu tagi. Það er auðvitað alveg furðulegt að ætla sér að standa að slíkum till. því í þessu felst svo mikil ósanngirni.

Það er augljóst mál að það, sem gerst hefur í þessum málum, er að þegar sú sérstaka fjáröflun sem í gangi hafði verið um skeið til þess að koma áleiðis framkvæmdunum á Skeiðarársandi, þegar hún féll niður, og var varið aðeins að litlu leyti á árinu 1975 til þeirra framkvæmda og síðan auðvitað að engu leyti nú á árinu 1976, þá var farin sú leið að taka það fjármagn, sem þá var hægt að taka, og setja það nær allt í svonefndar hraðbrautir. Þetta er auðvitað stefna sem er ekki hægt að standa að.

Þá vil ég einnig minna á það, að sett voru lög um það eftir allmiklar umr. hér á Alþ. að þeirri fjáröflun, sem í gangi hafði verið til vegagerðarmála fyrir framkvæmdirnar á Skeiðarársandi í formi happdrættislána, skyldi haldið áfram, en því fjármagni, sem fengist áfram samkv. þessari leið, skyldi varið til alveg ákveðinna framkvæmda. Ákveðið var með þessum lögum að þessum 500 millj., sem áætlað var að afla með þessum hætti, skyldi varið til svonefnds Norðurvegar héðan frá Reykjavík til Akureyrar og til Austurvegar frá Reykjavík um Suðurland til Austurlands. Og það kom alveg skýrt fram að menn voru sáttir um það að ⅔ af þessu áætlaða fjármagni skyldu á hverju ári renna í Norðurveg og ⅓ átti að renna til Austurvegar. Í vegagerðaráætluninni, sem lögð var fram fyrir ári og ég minntist á áðan, kom þessi fiárhæð skýrt og greinilega fram. Þar var liður sem hét Norður- og Austurvegur, 500 millj. kr. á árinu 1975, 500 milli. kr. á árinu 1976 og 500 millj. kr. á árinu 1977. Þetta kom skýrt fram

í upphaflegu áætluninni sem lögð var fram fyrir ári. En þegar gengið var endanlega frá vegáætluninni fyrir árin 1975, 1976 og 1977 var hins vegar ekki búið að ganga formlega frá þessari samþykkt hér á Alþ. eða þessum lögum, og því miður var sá háttur tekinn upp að taka þetta fé, sem fékkst með þessari fjáröflunarleið, og bæta því, eins og ég sagði, að mestu við hraðbrautarframkvæmdirnar á árinu 1976. Og nú gerist það, þegar þessi áætlun er lögð fram fyrir árin 1976—1979, að þá týnist þessi löggjöf með öllu, þá finnur maður hvergi þessa áætluðu upphæð samkv. lögunum um 500 millj. til Norðurvegar og Austurvegar. Hún kemur hvergi fram. Hún týnist, og er þó bein lagaskylda að ráðstafa þessari fjárhæð á hverju ári til þessara vegaframkvæmda. Það er ekki hægt að sjá annað en að hæstv. ráðh. hafi annaðhvort gleymt því að taka inn þessa fjárhæð, og vonandi er þessi fjáröflun þarna eftir fyrir utan þær fjárhæðir sem eru tilgreindar í áætluninni, og fer þá heldur að vænkast hagurinn, eða þá að hann hafi tekið þessa fjáröflun og bætt henni ofan á hraðbrautaáætlanir sínar, eins og því miður varð ofan á árið 1976. En auðvitað verður ekki unað við að það verði ekki staðið við lög sem hér hafa verið samþ., og það verður að gera þessa breyt. á þessari áætlun sem hér liggur fyrir. Ég lít þannig á að t. d. varðandi svonefndan Austurveg héðan frá Reykjavík um Suðurlandsundirlendi og til Austurlandsins eigi um 170 millj. kr., þriðji partur af 500 millj., að koma fram á þessari áætlun og þar verði aðeins um það að ræða, væntanlega þá aðallega á milli okkar fulltrúa Suðurlandskjördæmis og Austurlandskjördæmis, að skipta þessari fjárhæð, 170 millj. kr., þar sem vegurinn liggur í gegnum þessi tvö kjördæmi. Þætti mér þá eðlilegt að í hlut okkar í Austurlandskjördæmi af þessu fé kæmi a. m. k. helmingur þessarar fjárhæðar á þessu ári, á árinu 1977, þar sem augljóst er að við höfum ekki fengið neitt af henni á árinu 1976. Hins vegar hefur upphæðin á því ári runnið til Suðurlandskjördæmis, þó nokkuð í formi hraðbrautaframkvæmda í því umdæmi.

Það kann vel að vera að það verði erfitt á þeim fáu dögum, sem eftir eru af þinghaldi að þessu sinni, að leysa þessi vandleystu fjármál vegagerðarinnar í landinu vegna þess hvað þessi mál liggja hér seint fyrir. En þá sé ég heldur ekki annan kost en þann að reynt verði að ná samkomulagi um viðunandi lausn á vegáætlun fyrir yfirstandandi ár, 1976, og þá í mesta lagi fyrir árið 1977, og svo verður að taka þetta mál fyrir á nýjan leik og gefa sér þá betri tíma, því það sjá allir að ekki verður við það unað að vegaframkvæmdir úti á landsbyggðinni, þar sem um er að ræða þjóðvegi og landsbrautir, þær framkvæmdir verði skornar jafnrosalega mikið niður eins og þessi till. boðar til viðbótar við þann niðurskurð sem varð með samþykkt síðustu vegáætlunar.

Ég efast ekkert um það af gömlum kynnum við hæstv. samgrh. að hann mundi auðvitað manna helst vilja fá einhverjar umbætur í þessum málum, þannig að um meira fjármagn væri að ræða. En hann á þá að leita eftir stuðningi Alþ. í þeim efnum. Hafi hann verið kveðinn alveg í kútinn í ríkisstj. og neyddur til þess að leggja fram áætlun af þessari gerð, þá verður hann að leita til Alþ. Ég er alveg sannfærður um að alþm. geti ekki unað við áætlun í vegagerðarmálum sem einkennist af þeim tölum sem hér liggja fyrir. Þarna er um svo miklu meiri samdrátt í vegagerðarmálum landsbyggðarinnar að ræða en í nokkrum öðrum hliðstæðum framkvæmdum að það er engu saman að líkja.

Sú lítilvæga hækkun, sem hæstv. ráðh. hefur fengið fram á fjárframlögum til vegagerðarmála á þessu ári, fer öll í hækkun á stjórnunarkostnaði frá fyrri áætlun um um það bil 63 millj. kr. og til vegaviðhalds rúmlega 300 millj. kr., en að öðru leyti standa yfirleitt sömu tölur og áður, sem auðvitað þýðir að hér er um stórkostlegan niðurskurð að ræða í framkvæmdum. Ég vildi við þessa umr. vekja sérstaka athygli á þessu og vil nú vænta þess að hæstv. samgrh. og reyndar fjvn., sem fær málið til athugunar, taki málið fyrir á þessum grundvelli sem ég hef rætt, að leita að því hvernig hægt er að afla meira fjár til vegagerðarmála en hér er ráðgert, og að unnið verði síðan að því að skipta því fjármagni á réttlátari hátt en hér er lagt til. Ég tel að sú verulega aukna áhersla, sem lögð hefur verið á beinar hraðbrautaframkvæmdir frá því sem áður var, fái ekki staðist, það sé ekki réttlátt að ganga þannig á það fjármagn sem annars hefði átt að renna til almennra þjóðbrautaframkvæmda og landsbrauta með eðlilegum hætti.

Þá vil ég einnig minnast á það, að samkv. þessari áætlun er gert ráð fyrir því að fjármagn til Austurlandsáætlunar, sem hefur verið í gangi í allmörg ár, eigi að fara minnkandi. Þessi áætlun var á sínum tíma gerð með alveg ákveðnum samningi á milli þm. Austurl. og viðkomandi ríkisstj. á árinu 1970 og hún átti að ná yfir árin 1971—1975. Áætluninni átti að vera lokið á árinu 1975. Og hér var samið um ákveðnar framkvæmdir, þær kortlagðar og gerð áætlun yfir þær, og reynt var lengst af að standa við þessa áætlun og hækka árleg framlög miðað við það sem framkvæmdakostnaður hækkaði. En svo nú hin síðari ár hefur þetta snúist við. Þá er ekki lengur farið að standa við áætlunina og nú stendur þarna mikið út af. Það er gert ráð fyrir því í þeirri vegáætlun fyrir árið 1976 sem í gildi er. En hér er að vísu komin fram ný till. til endurskoðunar, að til Austurlandsáætlunar verði varið 177 millj. kr., en á næsta ári þar á eftir, á árinu 1977, verði aðeins um 100 millj. kr. fjárveitingu að ræða og síðan áfram á árinu 1978 100 millj. og enn á árinu 1979 100 millj. kr., svo eitthvað á það að dragast heldur betur, að standa við framkvæmd á þessari áætlun. Ég álít auðvitað að það nái engri átt að ætla að gera ráð fyrir lækkandi framlögum til þess að ljúka þessari áætlunargerð.

Eins og ég hef bent á áður, þá er þarna um að ræða slíka aðstöðu víða á Austurlandi að það verða ábyggilega vandfundnir staðir á landinu sem búa við slík skilyrði eins og ýmsir staðir þar búa við. Ég veit ekki um neinn stað, sem hefur 1800 íbúa eins og minn heimastaður, Neskaupstaður, sem þarf að búa við það að vera utan vegasambands í 4 mánuði á ári og þar yfir, því venjulega verður, eftir að búið er að opna eða ryðja snjó, að þola þá að vegi sé lokað fyrir mestallri umferð í alllangan tíma á eftir

vegna þess að vegurinn þoli ekki umferðina. Það er ekkert gaman að standa að almennum rekstri á stöðum þar sem þannig háttar samgöngum. Svipað er að segja um annan stað á Austurlandi, þar sem er Seyðisfjörður. Þar er verið að reyna að brjótast í gegn og ljúka við áætluð mannvirki, en það hefur ekki fengist nægilegt fjármagn og því hefur verkið dregist von úr viti. Og ég get ekki séð að það nái nokkurri átt, eins og komið er þessari áætlun, að gera ráð fyrir minnkandi fjármagni í þessu skyni. Ég held því að þarna þurfi fremur að auka fjárveitinguna en minnka, eins og þessi áætlun gerir ráð fyrir. Hitt viðurkenni ég, að það er hægara sagt en gert að gera ráð fyrir auknu fjármagni þegar úr litlu er að spila, sérstaklega ef sú stefna verður ofan á að það eigi að ráðstafa um það bil helmingi alls nýbyggingarfjár á hverju ári til svonefndra hraðbrauta. En þá er líka enn þá meiri ástæða til þess að t. d. Austurland fái ríflega fjárveitingu í gegnum Austurlandsáætlun til vegagerðarmála þegar það fær ekkert af svonefndu hraðbrautafé.

Ég skal ekki lengja þessar umr. frekar að sinni, en vildi við þetta tækifæri aðeins vekja athygli á þessum alvarlegu hliðum málsins sem snerta hér heildarmyndina. En ég get ekki skilið að það verði hægt að búa við það að þannig verði staðið að vegagerðarmálum í ár og á næstu árum eins og þessi áætlun gerir ráð fyrir. Ég álít því að verkefnið sé að reyna að ráða fram úr því að hér geti orðið um meira fjármagn að ræða en áætlunin gerir ráð fyrir og einnig þurfi að skipta því á réttlátari hátt, eins og ég hef minnst á.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Till. til þál. um vegáætlun hefur loksins séð dagsins ljós og er óneitanlega furðulega seint á ferðinni. Þegar ein vika er eftir fram að áætluðum þinglausnum, þá birtist loksins þessi till. til þál. um vegáætlun sem þersýnilega er einhver ljótasti skapnaður í tillöguformi hvað snertir vegamál er lengi hefur sést hér í þinginu.

Ég tek hér til máls til þess að það komi alveg ljóst fram þegar við fyrri umr. þessa máls að ég er í grundvallaratriðum ósamþykkur þeirri stefnu sem lýsir sér í þessari till., og ég er auk þess sannfærður um að með flutningi þessarar till. stefnir hæstv. ráðh. afgreiðslu þessara mála í hinn mesta rembihnút. Ég þykist finna það á mér.

Hv. seinasti ræðumaður, hv. þm. Lúðvík Jósepsson, gerði hér allmikið að umtalsefni hinn rosalega niðurskurð, einkum á sviði þjóðbrauta og landsbrauta, og ég sé ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um þá hlið málsins. Ég vil hins vegar ræða þeim mun meira um þá skiptingu í meginútgjaldaliði sem þessi till. ber með sér.

Ég lít svo á að í vegamálum hér á landi sé um tvö meginverkefni að ræða sem séu nokkuð ólík að eðli. Annars vegar eru hraðbrautaframkvæmdirnar, þar sem er það mikla verkefni sem bíður okkar á næstu áratugum, að leggja varanlegt slitlag, olíumöl, malbik eða steypu, á ýmsar fjölförnustu leiðirnar. Hitt verkefnið er svo að byggja upp trausta malarvegi hvarvetna á fjölförnum leiðum, þannig að um sé að ræða nothæfa vetrarvegi sem standa upp úr í snjónum og breytast ekki í fúamýri að vorinu. Ég skil ekki hvers vegna í ósköpunum þarf að ríkja einhver ágreiningur um það að síðara verkefnið verður að hafa forgang og fyrra verkefnið á því aðeins rétt á sér að sæmilega miði varðandi þetta aðalverkefni, að byggja upp trausta malarvegi á öllum fjölförnustu leiðum. En það er skemmst frá að segja að í þessum tillöguóskapnaði, sem hæstv. ráðh. hefur lagt hér fram, er allt önnur stefna mörkuð, þveröfug stefna, og það blasir sem sagt við að lagning hraðbrauta gleypir svo óhæfilegan hluta framkvæmdafjárins að öll önnur vegagerð er stórkostlega skorin niður.

Ég skal nefna hér tölur. Á árinu 1976 er áætlað af 2124 millj., sem fari til framkvæmda í vegamálum, verði 1081 millj. varið til hraðbrauta eða rétt 50% og á árinu 1977 1046 millj. af 2016 eða 52%. Ég vil vekja á því sérstaka athygli að undir forustu núv. samgrh. hefur þessi nýja stefna verið tekin upp. Þessi stefna var ekki ríkjandi áður. Hún var t. d. ekki ríkjandi í tíð seinustu vinstri stjórnar. Hlutdeild hraðbrautaframkvæmda í samanlögðum framkvæmdum, heildarframkvæmdum í vegamálum, var á árinu 1972 246 millj. af 1119 eða 22%. Á árinu 1973 er sama hlutfall 23%, og á árinu 1974 var áætlað að verja 300 millj. af 1286 í hraðbrautaframkvæmdir, þannig að enn var gert ráð fyrir hlutfallstölu um 23%. Því verður nú hins vegar að bæta við, að á árinu 1974 urðu stjórnarskipti og á því ári urðu allmiklar verðlagshækkanir sem gerðu samgrh. kleift að gjörbreyta um stefnu í vegamálum þótt búið væri að samþ. samgönguáætlun fyrir það ár, og því fór það svo að í reynd var varið 516 millj. af 1706 til hraðbrautaframkvæmda á árinu 1974 eða 30% vegafjárins, sem sagt hlutfallstalan hækkaði um 7% frá því sem gert hafði verið ráð fyrir í upphaflegri vegáætlun sem ekki fékkst endurskoðuð á þinginu veturinn 1974. Ég get ekki fullyrt hverjir bera ábyrgð á þessari breytingu sem átti sér stað sumarið 1974, en það er þá sem þessi stóra breyting hefst, sumarið 1974, þegar hlutfallstalan hækkar úr 23 og upp í 30%. En svo er það á fyrsta heila ári núv. samgrh. í ráðherrastól sem fyrst verður gjörbreyting á þessum hlutföllum, því þá hækkar hlutfall hraðbrautaframkvæmda í heildarframkvæmdum upp í 48% úr 30% á aðeins einu ári, raunverulega úr 23% upp í 48%. Og eins og ég hef áður rakið, þá er nú ætlunin að fikra sig með þessa tölu upp í 50% á þessu ári og síðan upp í 52% á næsta ári.

Ég vil minna á að það er ekkert nýtt að hér á Alþ. sé kvartað yfir því að hraðbrautaframkvæmdir gleypi allt of stóran hluta af framkvæmdafénu. Ég þykist vita að á árunum 1969 og 1970, en þá átti ég ekki sæti á Alþ., hafi mikið verið yfir þessu kvartað. Ég hef ekki, því miður, þær tölur við höndina, get ekki borið þær saman við ástandið eins og það var síðan á tímum vinstri stjórnarinnar, en hitt er sjálfsagt flestum í minni, að á þinginu í fyrravor var mjög yfir þessari breyt. kvartað og hart deilt á hæstv. samgrh. yfir þessa afgerandi stefnubreytingu. Við fluttum þá, nokkrir þm., till. þess efnis að fluttar yrðu 525 millj. úr hraðbrautaframkvæmdum og yfir í framkvæmdir í þjóðbrautum og

landsbrautum, og við bentum reyndar á með hvaða hætti þessi tilflutningur ætti að gerast. Við lögðum til að framkvæmdum við Borgarfjarðarbrú yrði frestað og þeim fjárveitingum, sem ætlaðar væru til hennar á þessum tveimur árum, 525 millj., yrði varið til framkvæmda við erfiðustu fjallvegi landsins og þá einkum Holtavörðuheiði, því að eins og flestir muna, þá leyfði hæstv. samgrh. sér á s.l. ári að standa að samþykkt vegáætlunar án þess að gert væri ráð fyrir að varið yrði einni einustu krónu til framkvæmda á Holtavörðuheiði, þessum erfiðasta þröskuldi á leiðinni milli Reykjavíkur og Akureyrar. Hann fékk þessu sem sagt ráðið, að þessi till. var felld og ekki ein einasta króna var til Holtavörðuheiðarinnar, og líku gegndi um marga erfiðustu fjallvegi landsins.

Ég ætla ekki hér að fara að gera Borgarfjarðarbrúna að miklu umtalsefni því að við eigum eftir að ræða um einstakar framkvæmdir við 2. umr. þegar till. um þær koma fram. En ég er ansi hræddur um, úr því að verið er að rifja upp umr. um þetta mál frá því í fyrra, að veturinn í vetur hafi sannað nokkuð áþreifanlega hvort er meiri þröskuldur á leiðinni norður í land, Holtavörðuheiðin eða vegurinn um Borgarfjörð yfir Hvítá. Þar er víst æðimikill munur á ef menn á annað borð hafa augu og eyru og vilja vita hvernig ástandið er.

Ég vil sem sagt ekki fara að láta þessar umr. við fyrri umr. snúast allt of mikið um einstakar framkvæmdir, hvort sem um er að ræða stórframkvæmdir í kjördæmi samgrh. eða aðrar framkvæmdir. En úr því að ég er búinn að nefna þessar framkvæmdir, þá get ég látið þess getið að ég er alveg jafnósáttur við það t.d. hvað snertir framkvæmdir í mínu kjördæmi, Norðurlandi vestra, að þar skyldi vera varið á s.l. ári 56 millj. kr. í vegarkafla, sem að allra dómi er einhver ágætasti vegarkaflinn á leiðinni norður í land, á sama tíma og margir verstu vegarkaflarnir voru algjörlega skildir eftir. En þetta átti sér stað vegna þess að hraðbrautastefnan varð ofan á og ákveðið var að verja mjög hárri upphæð í litinn vegarspotta í kringum Blönduós sem að allra dómi í þessu kjördæmi, að því er ég held, er ekki brýnasta verkefnið þar um slóðir. Þannig er þetta hins vegar vafalaust víðar en í þessum tveimur kjördæmum.

Varðandi þessar tölur að öðru leyti og þar sem ég tala hér ekki hvað síst sem þm. norðlendinga, þá get ég ekki látið hjá líða að nefna það, að ég tel að norðlendingar beri alveg sérlega skarðan hlut frá borði í sambandi við þessa áætlun hæstv. ráðh. Ég minni á það að í vegáætlun 1974 var gert ráð fyrir því að Norðurlandsáætlun svonefnd fengi 175 millj. kr., og nú, þegar lögð er fram áætlun um vegaframkvæmdir 1976 og vitað er að á þessu tímabili hefur kostnaður við vegagerð meira en tvöfaldast, þá er enn gert ráð fyrir því að varið sé til Norðurlandsáætlunar 175 millj. kr. Sem sagt, hún hefur ekki hækkað um eina einustu kr. þrátt fyrir þær gífurlegu hækkanir sem orðið hafa á framkvæmdakostnaði. Já, það er greinilegt að peningarnir eiga að fara eitthvað annað í þetta sinn.

Hv. þm. Lúðvík Jósepsson ræddi áðan um hneykslið sem snertir happdrættisféð sem verja átti til Norðurvegar og Austurvegar, og ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það sem hann sagði þar um. Það er bersýnilegt að meiningin er hjá hæstv. ráðh. að taka það fé og demba því í hina almennu fjárþörf Vegasjóðs, stinga raunverulega algjörlega undir stól þeim lögum sem samþ. voru hér í fyrra. En það á kannske eftir að koma betur í ljós í umr. í fjvn. og við 2. umr. málsins hvað raunverulega á að verða af þessu fé.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð miklu fleiri nú við fyrri umr. málsins. Ég bæti því bara við, að ég er sannfærður um að mikill meiri hl. alþm. er raunverulega ósamþykkur þeirri stefnu sem hæstv. ráðh. markar með flutningi þessarar till. Þetta er bersýnilega vond byggðastefna sem hæstv. ráðh. gerist hér talsmaður fyrir. Og ég tek undir það, sem áreiðanlega fleirum en hv. þm. Lúðvík Jósepssyni kemur í hug við lestur þessarar þáltill., að það er óskiljanlegt, að þegar ráðh. Framsfl. sem telur sig vera sérstakan talsmann hinna dreifðu byggða, þegar hann kemst loksins í ráðherrastól samgöngumála, þá er það hann sem hefur frumkvæðið að því að snúa stefnunni í vegamálum landsbyggðinni í óhag meira en nokkur fyrirrennari hans hefur gert, og er þá mikið sagt.

Ég vil leyfa mér að skora á hv. alþm. að taka hreinlega stjórnina af hæstv. samgrh. Héðan af veitir ekki af neinu öðru en því. Ég tel að það verði hreinlega að kollvarpa þessari vegáætlun sem hann hefur lagt fram. Það þarf í fyrsta lagi að skera verulega niður þær fjárhæðir sem hann ætlar til hraðbrautaframkvæmda, en auka í þess stað fjárveitingar til þjóðbrauta og landsbrauta, því að það er ljóst að ráðh. ætlar sér bersýnilega að vanrækja þá liði alveg sérstaklega. Fleiri breytingar kemur til greina að gera. Ég tel að þau skiptihugtök, sem notuð eru í vegáætlun, séu löngu orðin úrelt og mjög óheppileg og sé mikil þörf á að breyta þeim, að skipta vegum upp í hraðbrautir annars vegar og svo þjóðbrautir og landsbrautir hins vegar. Ég tel að það sé að mörgu leyti hæpið að skipta þessu svona strangt eftir kjördæmum eins og gert er. Það er alveg bersýnilegt að fjallvegirnir, erfiðustu þröskuldar á leiðum milli landshluta, eru þeir vegaspottar sem hafa verið útundan, og ástæðan er vafalaust sú, að þeir liggja gjarnan, þessir fjallvegir, á mörkum kjördæma. T.d. liggur Holtavörðuheiðin á mörkum þriggja kjördæma, og kannske á það sinn þátt í því hversu illa gengur að ná samkomulagi um fjármagnsútvegun til þessarar bráðnauðsynlegu framkvæmdar. Ég hefði því talið koma vel til greina að fjallvegir í hópi þjóðbrauta yrðu hafðir sem sérstakur liður í vegáætlun, og þá gæfist kannske betra tækifæri til að einbeita sér að því að fjármagna þá nægilega vel.

Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til að fjölyrða frekar um þetta mál nú við fyrri umr. málsins.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Hv. þm. Geir Gunnarsson vék aðeins að því áðan í ræðu sinni sem gerðist hér á Alþ. fyrir tveim árum um svipað leyti, þegar verið var að ræða þáltill. um vegáætlun, en þá mun líklega hafa átt sér stað eitthvert mesta ábyrgðarleysi sem um getur í þingsögunni og að því ábyrgðarleysi stóðu fyrst

og fremst hv. þm. Sjálfstfl., og höfuðpaur þess ábyrgðarleysis var hv. 1. þm. Sunnl., Ingólfur Jónsson. Þá gáfu þessir hv. þm. margir hverjir fjálglegar yfirlýsingar og átöldu harðlega þá stefnu, sem uppi var í sambandi við framkvæmdir í vegamálum, og töldu að þá fyrst væri steininum kastað í sambandi við framkvæmdirnar og það óraunsæi sem ætti sér stað, niðurskurð og litla framkvæmdagetu, miðað við þá áætlun sem þá var til umr.

Það hvarflar óneitanlega að manni að hugsa til þess tíma þegar litið er á það plagg, sem hér er nú til umr., sem er annað í röðinni sem lagt er fram af hæstv. núv. ríkisstj. og annað í röðinni hjá núv. hæstv. samgrh. Það hefur verið vikið að því hér áður að við afgreiðslu vegáætlunar síðar á vorinu 1975, var um að ræða niðurskurð í kringum 25% frá því sem var 1974, og nú er annað árið í röð um að ræða um 25—26% niðurskurð. Niðurskurður í framkvæmdamagni á þeim tveim árum, sem hæstv. núv. samgrh., einn höfuðpostuli byggðastefnutalsins innan Framsfl., hefur stýrt þessum þætti mála, er yfir 50%. Það er engin furða þó að ýmsir þm. séu undrandi á því að einmitt þessi hæstv. ráðh., úr þessum flokki, einn af æðstu foringjum Framsfl., þess flokks sem hvað mest hefur kennt sig við byggðastefnu, og vinur hinna dreifðu byggða, — þetta skuli vera ferill þessa hæstv. ráðh.

Hv. þm. Lúðvík Jósepsson orðaði það eitthvað á þann veg áðan að frambjóðendur Framsfl. á Austfjörðum mættu fara að gá að sér ef þeir ætluðu sér ekki að falla í næstu kosningum. Ég hugsa að það gæti átt sér stað víðar að slíkt gerðist. En eitthvað gæti nú verra gerst heldur en það þó að nokkrir þm. Framsfl. féllu við næstu kosningar. Það væri ekki það versta sem gæti gerst í áframhaldi af þessu. Það er auðvitað miklu verra að hér skuli í raun og veru vera snúið við þeirri byggðastefnu sem uppi var þó í tíð fyrrv. ríkisstj. Það er miklu alvarlegra, hvernig hnefinn er nú reiddur til höggs að dreifbýlisfólki með þessari báltill. sem hér er lögð fram, heldur en það þó að nokkur stykki af hv. þm. Framsfl. féllu. Það skarð yrði ábyggilega hægt að bæta. En það verður erfiðara um að bæta í sambandi við þá röngu stefnu, sem ég vil kalla, sem hér er boðuð sem áframhald af því sem gerðist við afgreiðslu síðustu vegáætlunar. En kannske er þetta einn þáttur hinnar þróttmiklu byggðastefnu sem síðasti miðstjórnarfundur Framsfl., sem haldinn var um síðustu helgi, var að dásama svo mjög í tíð núv. hæstv. ríkisstj. Vel má vera að Framsóknarforingjunum og þar með hæstv. samgrh. þyki þetta þróttmikil byggðastefna sem beri að lofa og prísa. En eitt er víst, að þeir íbúar dreifbýlisins, sem hér er fyrst og fremst vegið að, þeir lofa ekki og prísa þessa stefnu hæstv. ráðh. og ríkisstj.

Hér er sem sagt lögð fram till. til þál. um milli 25 og 26% niðurskurð í framkvæmdamagni varðandi vegaframkvæmdir. Það hefur verið talsvert rætt af þeim sem talað hafa hér á undan, um þá óeðlilegu skiptingu á því tiltölulega litla fjármagni, sem til ráðstöfunar er samkv. þessari þáltill., milli annars vegar hinna svokölluðu hraðbrauta og hins vegar þjóðbrauta og landsbrauta. Þetta hlutfall hefur aukist mjög hraðbrautunum til framdráttar í tíð núv. hæstv. ríkisstj., hæstv. samgrh., eins og var vikið að áðan, og nú er svo komið að af þeim rétt rúma milljarði, sem ætlaður er til framkvæmda í hraðbrautum samkv. gildandi vegáætlun, er það nærri því helmingur sem fer í eitt ákveðið kjördæmi. Kannske er það tilviljun ein, að jafnhliða því sem hlutfall hraðbrauta í framkvæmdum er svona stórkostlega aukið, þá er það kannske tilviljun ein líka að svo stór hluti af þessari púlíu í framkvæmdum í hraðbrautum fer í eitt ákveðið kjördæmi í landinu, þ. e. a. s. Vesturlandskjördæmi. Það er auðvitað óeðlileg skipting sem þessi, að nær helmingur alls framkvæmdafjárins, sem ætlaður er til nýbygginga, skuli fara til hraðbrauta, þegar það er skoðað í ljósi þess að sum kjördæmi fá samkv. vegáætlun, sem nú er í gildi, ekki einn einasta eyri af þessum helming framkvæmdafjárins á árinu 1976 og önnur sáralítið fjármagn í þessum framkvæmdaflokki.

Hér þarf auðvitað um að breyta. Það þarf að breyta þessu hlutfalli. Og kannske er heppilegasti og besti tíminn til þess einmitt nú, vegna þess, eins og segir í aths. með þessari þáltill., með leyfi forseta: „Á árinu 1976 eru mjög óverulegar greiðslur af fjárveitingum til hraðbrauta bundnar af verksamningum.“ Hér á því að vera hægt, ef vilji er fyrir hendi hjá hv. alþm. sem ég efa ekki að er fái samviskan að ráða, sannfæringin, þá ætti að vera hægt að breyta þessu hlutfalli og setja meira fjármagn á þá staði sem miklu verr eru settir samgöngulega séð, einangraðir vegna samgönguleysis, heldur en að ráðstafa svona stórum hluta í hraðbrautaframkvæmdir sem koma að mestu leyti a. m. k. á tiltölulega afmarkað svæði í þeim landshlutum sem best eru settir með samgöngur.

Það er auðvitað sagt, og það er rétt svo langt sem það nær, að það er erfitt um vik að auka mjög framkvæmdir til þessara framkvæmda nú vegna fjármagnsleysis. Það skal viðurkennt. En ég vil þó í því sambandi, þó að auðvitað sé það ekki mitt fyrst og fremst að marka stefnuna í þessum málum og benda á leiðir til fjármögnunar, þá vil ég þó vekja athygli hæstv. samgrh. á því að a. m. k. ein fjármögnunarleið er ónotuð sem hefur verið notuð og er réttlætismál að nota. En það er vegskatturinn. Það er hægt að ná inn á þessu árabili, sem vegáætlunin gerir ráð fyrir sem hér er lögð fram, um 320 millj. kr. nettó, á þessu 4 ára tímabili, með því að taka upp veggjald, sem er eðlilegt og meira en það, sem er sjálfsagt. Vel má vera að einhverjir segi: Það er tiltölulega lítið sem þetta gefur miðað við þá þörf sem er fyrir hendi. — En hér væri þó um að ræða um 80 millj. kr. nettó á ári sem á þennan hátt mætti auka tekjur til framkvæmda í vegamálum, og þetta er auðvitað sjálfsagt að nota og ekkert sjálfsagðara. Ég vænti þess að hæstv. samgrh. sé eins og fleiri hv. þm. mér sammála um að í þeim þrengingum, sem hæstv. ríkisstj. telur sig vera í í sambandi við fjáröflun, þá eigi að nota þessa leið skilyrðislaust.

Ég vil enn fremur taka undir það, sem hér hefur komið fram hjá nokkrum ræðumönnum, að auk þess sem það er nauðsynlegt að breyta hlutföllum varðandi framkvæmdirnar, þá er auð-

vitað nauðsynlegt líka að finna leið til þess að auka það fjármagn sem þarf svo að sæmilega sé að verki staðið í sambandi við vegaframkvæmdir á þessu ári og næstu árum. Og ég er nærri viss um það, að ef hæstv. samgrh. leggur sig fram við að finna og benda á þessar leiðir, þá mun ekki standa á hv. þm. að taka upp samstarf við hann um að standa með einhverjum hætti að frekari fjáröflun til þess að hægt sé að sinna betur en þessi þáltill. gerir ráð fyrir framkvæmdum í vegamálum á næstu árum.

Það er kapítuli út af fyrir sig í sambandi við vegáætlun núna, þau vinnubrögð sem hér virðist vera farið að taka upp á hv. Alþ. Núna í síðustu viku þinghaldsins er verið að byrja á því að ræða vegáætlun sem a. m. k. þeir, sem telja sig kunnuga þeim málum, telja að það þurfi a. m. k. hálfan mánuð fyrir viðkomandi n., sem málið fær til meðferðar, til að vinna að svo að skikkanlegt þyki. En til þess eru nú ætlaðir nokkrir dagar. Þetta var gagnrýnt við afgreiðslu vegáætlunarinnar fyrir ári. Þá var þó rýmri tími ætlaður heldur en nú er. Ég vil því taka undir þær gagnrýnisraddir sem hér hafa komið fram, að með þessum vinnubrögðum er öllum aðilum, sem um málið fjalla og að því standa, gert miklum mun erfiðara fyrir en þörf er á og nokkur eðlilegheit standa til.

Þessi vegáætlun gerir ráð fyrir svo að segja nákvæmlega óbreyttri krónutölu í framkvæmdum miðað við gildandi vegáætlun og er af sumum talið, heyrist mér, nokkuð gott. En ég a. m. k. tel að hér sé um að ræða svo veigamikinn þátt ekki síst til styrktar og eflingar dreifbýlinu að einskis megi láta ófreistað til þess að hægt verði að bæta hér úr verulega frá því sem þessi áætlun nú gerir ráð fyrir. Ég tek t. d. eftir því í sambandi við snjómoksturinn, — það mun vera búið að standa yfir núna í 3 eða 4 ár endurskoðun reglna í sambandi við snjómokstur sem mér vitanlega flestir aðilar eru sammála um að séu löngu úreltar, — í þessari áætlun er enn gert ráð fyrir því að bíða í 2 ár þangað til þessar reglur, sem nú eru tilbúnar endurskoðaðar, eiga að koma til framkvæmda. Ef veggjaldið væri tekið upp sæi það vel fyrir þessum þætti árlega, þannig að með því að taka það upp væri hægt strax á n. k. hausti að láta taka gildi hinar nýju, endurskoðuðu reglur um snjómokstur sem margir hafa beðið eftir með óþreyju að sæju dagsins ljós í framkvæmd. Bara með því að nota þennan tekjustofn væri hægt að hrinda þessu í framkvæmd strax á þessu ári. En það má kannske ekki.

Það er sem sagt ljóst að ef þetta mál gengur fram eins og hér er lagt til að það geri, þá er enn verið að raska með óeðlilegum hætti búsetu manna í þessu landi. Hér er helmingur þess fjár, sem á að setja í nýframkvæmdir í vegum, settur á suðvesturhornið, eins og vanalega í öllu gert á kostnað þess fólks sem foringjar Framsfl., þ. á m. hv. þm. Þórarinn Þórarinsson, einn af postulum þeirra framsóknarmanna, hefur býsnast hvað mest yfir, að Framsfl. væri hinn mesti dreifbýlisflokkur allra stjórnmálaflokka í landinu. En verkin sýna merkin. (Gripið fram í.) Nei, það getur enginn mælt á móti því að verkin sýna merkin. Það er rétt hjá hv. þm. Stefáni Valgeirssyni. Hér er enn ein sönnun þess að Framsfl. og þeir, sem þar ráða ferðinni, þótt að mörgu leyti slæmir séu, þá eru þeir í þeim félagsskap nú sem vissulega gerir þá enn þá verri en nokkur efni standa til að því er þetta áhrærir. Og það er ömurlegt til þess að vita að hæstv. samgrh., sem er þó trúandi til margra góðra verka njóti hann frjálsræðis eins og hann þarf, — það er ömurlegt til þess að vita að hann skuli vera bundinn á þennan hátt í þessum félagsskap. (Gripið fram í.) Hvað segir hæstv. utanrrh.? (Gripið fram í.) Hæstv. samgrh. stendur enn. En líklega er engin von til þess, þó að menn tali hér um hættu á því að þm. Framsfl. margir hverjir falli í næstu kosningum, þá er líklega síst von til þess að hann falli, hæstv. samgrh., hann virðist standa það föstum fótum, kannske ekki óeðlilega með hliðsjón af því sem hefur verið að gerast í því kjördæmi undir hans forsjá síðustu árin. En mörgum öðrum hv. þm. Framsfl. er hætta búin. (Gripið fram í: Það virðist nú fleirum hætt.) Fleirum en? (Gripið fram í: En framsóknarmönnum.) Vel má það vera. Mér heyrist nú að menn hafi hér haft mestar áhyggjur af þeim þó ég hafi það ekki. Það er ábyggilega hægt að bæta þau skörð ef þau koma.

En ég get ómögulega stillt mig um að minnast hér örfáum orðum á það sem hæstv. samgrh. lét í raun og veru verða sín lokaorð fyrr í dag í framsögu fyrir þessari þáltill., og það var það sem hann kallaði nauðsynlegustu næstu verkefni. Og þar nefndi hann að sjálfsögðu brúna yfir Borgarfjörð (Gripið fram í.) Já, það mun vera rétt, það mun hafa verið unnið af fullum krafti við þetta mannvirki á síðasta ári og allan þennan vetur, á sama tíma og skornar hafa verið niður framkvæmdir í dreifbýliskjördæmum upp á tugi millj. í vegaframkvæmdum.

Í öðru lagi nefndi hæstv. samgrh. Oddsskarð, og þar er auðvitað um framkvæmd að ræða sem valdið hefur mönnum miklum vonbrigðum hversu seint er á ferðinni og seint kemst í gagnið, og skal það á engan hátt talið eftir þó að framkvæmdum þar yrði hraðað þannig að því verki yrði lokið sem allra fyrst.

En svo kom þriðja verkefnið sem bráðliggur á, sagði hæstv. samgrh. Það var brú yfir Ölfusá, rökstutt með því að það miðaði svo vel áfram framkvæmdum við brúna yfir Borgarfjörð að það væri hægt að nota allt efni þaðan til þess að byggja brúna yfir Ölfusá. (Gripið fram í: Nei, tækin var það.) Og tækin líka, auðvitað.

Þetta eru þau verkefni sem eru í næstu augsýn hæstv. samgrh. Vel má vera að til séu þeir menn, og líklega eru þeir til fleiri en hæstv. samgrh., sem telja Borgarfjarðarbrúna og brúna yfir Ölfusá hin brýnustu verkefni sem beri fyrst og fremst að einbeita kröftum og fjármagni að nú á allra næstu árum. Ég er hins vegar í hópi þeirra manna sem telja að þessi verkefni megi bíða, það séu önnur nauðsynlegri sem frekar beri að hrinda í framkvæmd og fyrr en þessum tveimur. Það er auðvitað ákaflega ákjósanlegt að fá teppalagðan Borgarfjörðinn undir brúnni. En það er auðvitað bara spurning hvort við höfum efni á þessu í því árferði sem við nú búum við, ekki síst vegna þeirrar stefnu sem hæstv.

ríkisstj. hefur uppi í sambandi við efnahags- og fjármál. Ég held að hafi nokkurn tíma verið þörf á því að hv. þm. tækju í taumana og gripu fram fyrir hendur hæstv. ríkisstj., þá væri vissulega þörf á því hér. Ég er ekki að segja þetta vegna þess að ég sjái eftir því til handa vestlendingum, að þeir njóti þessara gæða, eða sunnlendingum í sambandi við Ölfusárbrúna. Það er síður en svo. Þeir eru sjálfsagt allra góðra hluta verðir og eiga það skilið. En það er bara um það að ræða að hér verður í því árferði, sem er peningalega séð, að gera upp á milli framkvæmda meðan ekki er meira fjármagn úr að spila heldur en menn sjá fyrir augum nú. Og þá eru það frekar þessi verkefni sem eiga að bíða. Þau koma sjálfsagt, en þau eiga að bíða og það á að hrinda í framkvæmd öðrum þarfari og miklu nauðsynlegri verkefnum sem ættu að geta átt þátt í því, ef vel er að verki staðið, að snúa þeirri öfugþróun við sem ekki hvað síst grassérar nú undir handleiðslu hæstv. ríkisstj., sem er byggðarröskun ef ekkert verður að gert. Ég a. m. k. treysti á það, að hvað sem öllum pólitískum sjónarmiðum líður, þá velti hv. þm. því fyrir sér hvort það er brýnasta verkefnið núna í framkvæmdum í vegamálum að halda af fullum krafti áfram framkvæmdum við Borgarfjarðarbrúna sem á samkvæmt gildandi vegáætlun að taka nærri helminginn af þessum milljarði sem á að fara í hraðbrautaframkvæmdir, hvort það er brýnasta nauðsynjaverkefnið nú, og í áframhaldi af því, hvort það er næst á eftir sem brýnasta verkefni brú yfir Ölfusá. Í mínum huga eru báðar þessar framkvæmdir talsvert miklu fjær heldur en ýmsar aðrar sem þyrfti að vinna að og kæmu í raun og veru að miklu meira gagni heldur en þessar tvær framkvæmdir. Ég vil því vona, þó að engar breytingar séu enn komnar fram í þessa átt, að þá tel ég engan vafa á því að það muni koma fram brtt. í þessa átt. Það er nauðsynlegt — mér liggur við að segja lífsnauðsynlegt — að breyta þessum hlutföllum og einnig hitt, nauðsynlegt að finna leiðir til þess að hægt sé að veita meira fjármagn til framkvæmda í vegum í heild heldur en þessi hörmungartill., sem hér liggur til umr., gerir ráð fyrir. Og ég vænti þess a. m. k., og segi þetta nú af því að hv. 1. þm. Sunnl. er kominn inn í salinn sem áhrifamikill aðili innan herbúða hæstv. ríkisstj., að hann verði mér og öðrum sammála og samferða í því að nýta þann tekjustofn sem augljóslega liggur fyrir að hægt er að nýta ef vilji er fyrir hendi, þ. e. a. s. veggjaldið. Þó að honum hafi orðið á þau mistök undanfarin tvö ár að snúast gegn því, þá eiga menn kröfu á því að leiðrétta sig, skipta um skoðun og horfa fram til betri vegar, og ég vænti þess að hv. 1. þm. Sunnl. verði okkur hinum dreifbýlisþm. samferða í því að nýta þennan tekjustofn í því hörmungarárferði sem hæstv. ríkisstj. er búin að búa að og búa til að verulegu leyti á þeim tveim árum sem hún hefur setið við völd. Og einnig hitt, að hann ásamt hv. þm. öðrum geri sitt til þess að finna leiðir sem eru til þess líklegar og vænlegar að hægt sé að koma meira fjármagni til framkvæmda í vegamálum heldur en þessi till. til þál. gerir ráð fyrir.

Ég skal ekki, herra forseti, nú við fyrri umr. hafa fleiri orð hér um. Ég vænti þess að sú n., sem málið fær til meðferðar, fjvn., og ég veit raunar að það stendur ekki á fjvn.-mönnum að leggja sitt af mörkum til þess að hægt verði hér úr að bæta. En það verður að öllum líkindum að vera undir forsjá hæstv. ríkisstj. Ef sú forsjá bregst, þá verða auðvitað hinir almennu þm. að taka ráðin í sínar hendur og sjá til þess að hér verði breytt um stefnu, því að stefna sem þessi er andsnúin því byggðastefnutali og þeirri byggðastefnu sem ég held að allir stjórnmálaflokkar í landinu hafi á stefnuskrá. Hún er andsnúin því að hægt verði að byggja upp allt landið. Hún er í þá átt að raska byggð. Það þarf að koma í veg fyrir að slík stefna festi frekar rætur í þjóðfélaginu en hún hefur nú þegar gert, og það þarf að gera að þessu sinni með því að breyta stefnunni í sambandi við framkvæmdir í vegamálum, þ. e. a. s. eins og þeim er skipt milli hinna ýmsu verkþátta og verkframkvæmda.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Ég kemst ekki hjá því að vekja athygli á — ég vil segja mjög alvarlegum mistökum sem orðið hafa við samningu þeirrar till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1976—79 sem hér liggur fyrir til umr.

Ég vil vekja athygli á því að 16. maí 1975 voru hér á hinu háa Alþ. samþ. lög um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna framkvæmda við Norðurveg og Austurveg, og 1. gr. þessara laga hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ríkissjóður gefur út happdrættisskuldabréf að upphæð allt að 2000 millj. kr. til sölu innanlands á næstu 4 árum.“

Ég endurtek: „Ríkissjóður gefur út.“ Það er skylda ríkissjóðs að gefa út þessar 2000 millj. á 4 næstu árum frá þeim tíma þegar lögin voru samþ.

Og 7. gr. laganna hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Fjármunir þeir, er inn koma fyrir sölu happdrættisskuldabréfanna, skulu renna til Vegasjóðs og skal þeim varið að ⅝ hlutum til að greiða kostnað við gerð Norðurvegar milli Akureyrar og Reykjavíkur og að ⅛ hluta til að greiða kostnað við gerð Austurvegar milli Reykjavíkur og Egilsstaða um Suðurland.“

Það er sem sagt lögbundið að gefa út þessa upphæð fjár og að verja fénu í þessum sérstaka tilgangi sem um er rætt í þeirri grein sem ég nú síðast las upp.

Í till. til þál. sem nú er til umr., grein 2 undir lið 3, sem heitir: Til nýrra þjóðvega — stendur: 1. Hraðbrautir, og síðan koma upphæðirnar. 2. Þjóðbrautir. 3. Landsbrautir. 4. Girðingar og uppgræðsla. 5. Sérstakar áætlanir. Og undirliðir: 1. Austurlandsáætlun. 2. Norðurlandsáætlun. 3. Djúpvegur, og síðan upphæðirnar þar aftur frá.

Nú er að vísu sú upphæð, sem til Djúpvegar er varið, að þessu sinni úr ríkissjóði, að mér skilst með sérstakri ákvörðun. En þegar happdrættislánin voru boðin út vegna Djúpvegar, þá var sú upphæð talin þarna sérstaklega undir „sérstökum áætlunum“. Svo hlýtur einnig að eiga að gera um þá framkvæmd sem skylt er að gerð verði eftir lögum um Norðurveg og

Austurveg. Það má c. t. v. segja að orðalagið „á næstu 4 árum" segi ekki að það sé skylt að skipta þessu á 4 ár, að það eigi að vera 500 millj. kr. á hverju einstöku ári. Um það má kannske deila. Það má líka eða hefði mátt deila um það á síðasta ári hvort þá hefði ekki átt að bjóða út lánfé og byrja þessar framkvæmdir. Að vísu var þá komið fram undir mitt ár þegar lögin voru samþ., og ég gerði það ekki að ágreiningsefni og hef engan ásakað fyrir það að á s.l. ári skyldi ekki hafið útboðið. En þegar ár er liðið frá því að lögin voru samþ. þá er skylt að bjóða út að mínu mati ekki minna en 500 millj. kr. í þessum tilgangi. Þó skal ég endurtaka það sem ég sagði áðan: Um það má deila og um það kynni ég að vera til viðræðu að eitthvað minna væri boðið út í þessum tilgangi nú, ef vissa væri fyrir því að það fengist þá bætt upp á næsta ári, eða þá að hin leiðin yrði farin, að þessar 500 millj. allar yrðu út boðnar, en einhver lítill hluti þeirrar fjárhæðar yrði lánaður til þess að mæta vanda annarra, því að vissulega er hann mikill alls staðar.

Meginatriði málsins er það að þetta er lögbundið og fram hjá því verður ekki sneitt. Þess vegna verður að flytja brtt. eða breyta þessu ákvæði í greininni sem ég las upp áðan. Ég mun þó ekki flytja brtt. nú, því ég er þess fullviss að samgrh. mun sjálfur að athuguðu máli gera það, því það er lagaskylda að haga málum þannig.

Nú kynnu einhverjir að segja að meira fé en 500 millj. fari til framkvæmda á þessum vegum sem ég nefndi. Og það er sjálfsagt rétt. En það var öllum ljóst, bæði flm., ráðh., þeim sem andstæðir voru frv. eða kannske fylgdu því þótt þeir bentu á annmarka í sínum eigin kjördæmum og annars staðar, þá var öllum ljóst að hér var um að ræða viðbótarfjármagn við hinar almennu fjárveitingar, en alls ekki að þau kjördæmi, sem þessi vegur liggur um, ættu að missa af almennum fjárframlögum vegna hans. Það vissu allir menn, það var út frá því gengið strax í grg., í framsöguræðu minni, ræðu hæstv. samgrh. og ræðum allra þeirra sem að því viku. Þess vegna er alveg óhjákvæmilegt að þetta verði leiðrétt og um það hlýtur að verða gerð krafa, bæði af mér og mjög mörgum öðrum. Eina leiðin til að gera þetta ekki, væri sú að breyta lögunum sem samþ. voru í fyrra, og ég er hræddur um að það sé enginn meiri hl. fyrir því á hv. Alþ.

Ég skal ekki blanda mér í deilurnar um skiptingu milli hraðbrauta og annarra vega. Það er vissulega mikið álitamál og kemur illa við sum kjördæmi, eins og hv. 2. þm. Austf. vék að hér, að verja svo miklu fé til hraðbrauta. En á hitt vil ég benda, að það er algjör misskilningur að hraðbrautir séu eingöngu þeir vegir sem verið er að leggja á bundið slitlag. Ég held að það mætti verja ekki bara milljörðum, heldur milljarðatugum til að byggja upp hraðbrautir sem eru mjög slæmar, en þessir vegir teljast hraðbrautir vegna hins mikla umferðamagns sem á þeim er. Þess vegna má sannarlega nýta alla þessa upphæð og miklu, miklu meira en það til þess að byggja upp vegi án þess að hverfa að því að leggja þá bundnu slitlagi. Hins vegar hef ég verið þeirrar skoðunar að þegar fjármagn er til þess að hefja framkvæmdir við slitlag, þá megi ekki eingöngu leggja alla vegi út frá Reykjavík, það þurfi líka að byrja frá Akureyri og um fjölfarin þorp og kaupstaði. Ég tel rangt að aldrei sé heimilt að hefja slíka framkvæmd á fullnaðarvegi frá neinum punkti á landinu nema Reykjavík. Og ég held að menn ættu að geta verið mér sammála um þetta, því að vissulega er fjölfarnari vegur t. d. út frá Akureyri, um Blönduós og víðar heldur en t. d. hér uppi í Hvalfirði. En það er ekki meginmálið. Ég held að menn séu sammála um að það geti ekki verið neinir peningar, að neinu ráði a. m. k., á þessu ári til að leggja bundið slitlag. En það er áreiðanlega hægt að nota hraðbrautafé.

Mér er fullljóst að það er mikill fjárhagsvandi sem við eigum við að glíma, og ég er einn þeirra sem hefðu gjarnan viljað skera niður framkvæmdir, síst þó kannske vegaframkvæmdir, og reyna að spara á ríkisútgjöldum eins og frekast er kostur á mörgum sviðum. Menn mundu þá kannske segja að það kæmi úr hörðustu átt að ég væri nú að krefjast þess að þessi lög yrðu framkvæmd. En lög eru nú einu sinni lög og þau verður að framkvæma nema þeim sé þá breytt. Og að því er fjárhagsvandann varðar, þá gat ég þess að jafnvel þótt ekkert fé hefði verið veitt samkvæmt þessum lögum á síðasta ári, þá væri ég til umr. um annaðhvort að eitthvað minna yrði boðið út í þennan veg, en nú er einmitt verið að bjóða þetta fé út, og þar sem það er boðið út, þá er óheimilt að verja einni krónu til nokkurs annars en samkvæmt þessum lögum, að því er ég tel, það er algjörlega óheimilt. En ég er sem sagt til viðræðu um annaðhvort að lána eitthvað af því fé til Vegasjóðs, ef Alþ. ályktar það, eða hitt, að eitthvað minna verði boðið út á þessu ári, en undir engum kringumstæðum að það verði þá nema tiltölulega lítill hluti upphæðarinnar og undir öllum kringumstæðum að bátill. verði breytt og felldur inn í hana sérstakur liður í þessum tilgangi, því enginn getur breytt lögum með þál.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að lýsa stuðningi við þá skoðun síðasta ræðumanns að þessar 500 millj. eða svipuð tala hlýtur að standa sér, annað er ekki hægt. Og það er ekki hægt að taka þessa áætlun til meðferðar í fjvn. fyrr en við vitum um það að það fái að halda. Ég hef alltaf verið á þeirri skoðun. Ég studdi frv. á sínum tíma og sú skipting, sem frv. gerir ráð fyrir, — en ég held að hv. ræðumaður hafi ekki drepið beint á það, hann hefur auðvitað gengið út frá því að allir kynnu það utan bókar, það er svo einfalt, ⅔ gagnvart Norðurlandi og ⅓ í Austurveginn, sem yrði þá samkomulag um hvernig dreifðist þar, — sú tala, sem þetta frv. tryggir í sérstakri áætlun, hlýtur að vera sér. Og við verðum að fá það staðfest, sjónarmið ráðh. að það haldi. Við getum ekki haldið áfram að vinna í fjvn. í þessu máli ella. Ég styð það eindregið og tek undir ósk hans og kröfur um að það liggi á hreinu þegar í fyrramálið.

Það hefur verið vikið hér nokkuð aftur í tímann og þá hafa rifjast upp atburðir sem áttu sér stað 1974. Það vill nú svo til að ég hef nú

það blað hér við höndina er ég hlustaði á ræðu hv. 1. þm. Suðurl. og skrifaði allmikið úr ræðu hans. Væri nú fróðlegt að rifja það dálítið upp. Á einum stað segir hann: „Vegamálin komin í þrot — orðrétt tilvitnun — og frestun gífurleg, jafnvel allt að 43% bæði árin og stefnir í hrein vandræði. Þó hefur ríkissjóður haft auknar tekjur í bensínsölu um 400 millj. kr., segir ræðumaður, og hlýtur að geta verið aflögufær. Og hækkunin á tveim s.l. árum á öllu þessu mikla fjármagni, sem hann sér þá að Vegasjóður hljóti að hafa, nálgast 100%, segir hann, og framkvæmdagetan ætti að vera gífurleg. Svo komst hann í meiri hl. og við skyldum nú ætla að þessum orðum fylgdi gífurlegur kraftur og framkvæmdageta. En því miður hefur verðbólgudraugurinn verið slíkur á veginum að hamlað hefur eðlilegri för, og framkvæmdagetan hefur ekki orðið eins og hugur hefur staðið til hjá þessum aldna og virðulega þm.

Þessi áætlun, sem hér liggur fyrir nú, er enn ein staðfesting á því hversu óhemjulega verðbólgudraugurinn hefur leikið illa fjármagn til framkvæmda. Það væri auðvitað ánægjulegt — og um það geta allir verið sammála — að hafa meira fé til ráðstöfunar. En þá verða menn að þora að horfast í augu við þann vanda að fást við það að tryggja aukið fjármagn. Hins vegar er á það að líta að margt stjórnleysi hér á landi hefur stuðlað að þessari þróun og ekki síst nú seinast t. d. vörugjaldið sem kemur afar illa fram í framkvæmdum við vegagerð og öllum vélum. Ég hef hér gamalt yfirlit — það er nú orðið allgamalt — frá Vegagerð ríkisins um vélakost Vegagerðar ríkisins, og sýnir það að hún er heldur fátæklega búin að vélakosti og hefði betur mátt gera um mörg ár hjá mörgum ríkisstjórnum. en samkv. áætluninni 1973 greiðir hún fyrir leiguvélar 536 millj. kr., en notar eigin tæki fyrir 207 millj. kr. Og í þessari áætlun núna er reiknað með 20 millj. kr. fjármagni til að kaupa vinnuvélar. Það er andvirði lítillar jarðýtu. Meira að segja kunningi minn, bóndi sem býr í kjördæmi hv. 1. þm. Suðurl., var að kaupa jarðýtu ekki fyrir alllöngu og ætlar að vinna fyrir Vegagerðina. Sú jarðýta kostaði tæpar 40 millj. kr. Þetta er ungur, duglegur piltur og er búinn að vinna fyrir Vegagerðina með jarðýtu undanfarin ár og hefur gert það bara gott, eins og sagt er, — röskur, duglegur maður og vinnur vel og mikið. Þess vegna finnst mér 20 millj. kr. í þágu Vegagerðarinnar mjög lítið fjármagn og enn minna ef við ætlum að hafa óbreytta upphæð næstu 4 árin, 20 millj. á ári. Og svo segjum við þessum mönnum að spjara sig, og margt gott hafa þeir gert, en það er ekkert hægt að gera tækjalaus í þessu efni, hvort sem um er að ræða vegagerðarmenn undir stjórn hins ágæta vegamálastjóra eða einstaklinga sem ekki hafa góð tæki. Við verðum því að tryggja það, að Vegagerð ríkisins hafi sómasamlegan tækjakost, og tryggja meira fjármagn til endurnýjunar, annað gengur ekki. Það er einn þátturinn í því að tryggja meiri framkvæmdir þegar fjármagn er lítið til ráðstöfunar, að verk gangi vel, og ekki svo lítill þáttur í nútímatækni. Þegar við krefjumst þess að vegagerð sé góð og lagt næstum yfir eða gegnum hvað sem vera skal, þá hljótum við að vera okkur þess meðvitandi að góð tæki eru forsenda slíkrar vegagerðar. En vonbrigðin eru mikil með þessa áætlun eins og raunar hina síðustu sem við höfum. Það er sagt að ríkissjóður sé févana. Það er sagt að það vanti tekjur. Hins vegar er öllum það ljóst, er fá sér bíl, að bíllinn er orðinn rándýr og að mínu mati allt of dýr. Það hefur aldrei farið fram þein könnun á því meðal þm. hvort þeir vilji lækka bílinn og hækka bensínið. Ég er þó í þeim hópi sem vill hafa bílinn ódýrari, en bensínið hærra, og þá eru menn frjálsir að eyðslu.

Það hefur verið mikið rætt um það hér að illa horfði með hlutfallið á milli hraðbrauta, þjóðbrauta og landsbrauta og við, sem værum þéttbýlismenn, þyrftum verulegan hluta af lausu fjármagni. Nú geta allir reiknað það út og sett í hlutfall sjálfir ef þeir vilja. Ég hef gert það mér til dundurs. Þegar ég fór að bera þetta nákvæmlega saman var það ekki svo afleit þróun. Hún er ekkert geigvænleg. Hún er eilítið upp á við 1975, 1976 og 1977, en svo aftur niður á við. Það er ósköp eðlilegt ef við berum þetta saman. Það eru sérstök verkefni, sem miklu fjármagni hefur verið ráðstafað í, til þess að takast á við lágmarksvanda sem varð að leysa hér, stórátak í vegagerð, hraðbrautagerð við þéttbýlið. Nú er komið svo að eftir talningu eru hraðbrautir víða á landinu og blessunarlega er komið gott slitlag á veg langt austur frá Selfossi, það er byrjað að undirbúa það við Akureyri og við Blönduós og það verður gert lítils háttar á Austfjörðum. En hraðbrautir, ég hef lagt hér saman þessa flokka og gert samanburð á milli tveggja ára, en á Austfjörðum eru aðeins hraðbrautir 7.8 km. 1974 og hefur sú tala ekki breyst neitt að ráði í skýrslu vegamálastjórnar fyrir 1976, Vestfirðir með 8.2 hvort árið. 1974, 1976. Hins vegar er breyting á Suðurlandi, breyting nokkur á Reykjanesi og lítils háttar hreyfing á hinum stöðunum. En umferðaþunginn er svo gífurlegur á vissum köflum, þar sem bílamergðin skiptir mörgum þúsundum á dag, jafnvel á annan tug þúsunda, að það er vonlaust annað en að mæta þeim þunga með hraðbrautagerð af fullkomnasta tagi. Annars fer allt í öngþveiti. Um þetta þurfa menn ekki að þrátta. Menn verða þá að flytja fólkið á milli með öðrum hætti. Og eins og hæstv. samgrh. drap á hér, þegar um 17 þús. bílar fara á sólarhring um þessa litlu brú sunnan Kópavogs, þá sjá allir menn hvers lags óhemjuþungi á sér stað á þeim vegarkafla. Það er ekkert val um að bíða lengur. Það þarf ekki nema að springi á bíl eða lítils háttar óhapp eigi sér stað, þá er komin samfelld keðja af bílum hér frá Reykjavík og alveg suður í Hafnarfjörð á hálftíma eða jafnvel styttri tíma. Sjá allir að þetta er ekki hægt, að hafa þennan flöskuháls, ef svo má segja, áfram. Það verður að leysa þann vanda, en það kostar mikið, því við getum ekki lagt í svona vegaframkvæmd sem á að duga nokkur ár, hún verður að duga jafnvel í áratugi. Hún er þess eðlis. En þegar þessum lágmarksátökum er náð hér í þéttbýlinu, þá er eðlilegt, og það kemur fram í vegáætluninni, að þetta hlutfall breytist aftur deifbýlinu í hag, og ég er því alveg samþykkur. Þá mun áreiðanlega vegarkafli í gegnum Austfirði, ein-

hverja staði þar, og á Norðurlandi og jafnvel hér á Vesturlandi fá sitt hraðbrautafé án nokkurrar mótspyrnu frá þéttbýlismönnum, án nokkurrar mótspyrnu eða eftirsjá. En þar sem uppbygging á vegafé kemur frá umferðinni og umferðarþunginn er mestur á ákveðnum svæðum, þá hlýtur að vera eðlilegt að byrja á hraðbrautagerð þar sem umferðarþunginn er mestur, enda hefur það oft verið staðfest hér á hv. Alþ. og hlýtur að eiga sér stað í 1—2 ár enn þá.

Því miður er hæstv. ráðh. ekki við, en einn þáttur, sem fór fram úr áætluninni, var snjómokstur. Hann drap á að nýjar reglur um snjómokstur væru í athugun, en heildarhalli á vegáætlun var 333 millj. kr. og snjómokstur var stór þáttur í því, ef ég man rétt 133 millj. kr. Þetta er há tala, sumum kannske finnst að hún sé of lág, en nauðsynlegt er að fá nákvæma skiptingu um þetta og e. t. v. getum við fengið hana í n. Brúargerð fór 22 millj. fram úr áætlun, það kemur fram í grg. Það er ekki há tala, en erfitt er að hætta við brú nema sjá enda ná landi, svo það er eðlilegt að í verðbólguhreyfingu og verðhækkanahreyfingu fari það nokkuð fram úr áætlun. Heildarhreyfingin er ekki gífurlega mikil í svona mikilli veltu. En auðvitað þarf að leysa þennan vanda sem skapast hefur, þessar 330 millj. Hluta af þessum vanda er velt áfram í staðinn fyrir að takast á við að leysa hann strax. Ef menn treysta sér ekki til að gera það í þessari áætlun, þá verður ríkissjóður með öðrum hætti að bjarga þessu. Það er ekki sæmandi að velta þessum halla frá s.l. ári áfram í vegáætlun. Mér finnst það ekki sæmandi vinnubrögð. Það verður að gera sér grein fyrir því að þetta verður að leysast án þess að vera í vegáætlun mörg ár fram í tímann. Það er mikið vandamál, sem menn eiga við að etja, að skipta fjármagninu í nýja vegi og gamla vegi, og hér á bls. 24, neðst, segir: „Árlega þarf því að malbera 1366 km, en á síðasta ári voru malbornir 606 km.“ Þetta er óhæft ástand. Þetta er auðvitað óhæft ástand, og sérstaklega hlýtur þetta að vera bagalegt á vissum köflum á landinu. Og þá kemur togstreitan um það: Eiga menn að fara aðeins hægar í endurnýjun vissra vega og hafa þá sómasamlega nothæfa sem fyrir eru í landinu? Ég fæ ekki með nokkru móti séð skynsemi í því að rjúka svo hart áfram við nýbyggingu að ekki sé almennilega akfært á þeim vegum sem fyrir eru í landinu, því það hlýtur að vera dýr tollur fyrir alla að aka á nærri óhæfum vegi og stórskemma ökutæki. Það er dýr tollur. Og ég vildi að unnt væri að fá nánari upplýsingar um þetta, hvar þetta hefur helst átt sér stað, að menn báru ekki niður eðlilega á landinu, þegar hér er tekið svona til orða. En ég tel þessa setningu einkar athyglisverða, en hún er neðst á bls. 24, eftir að fjallað hefur verið nokkuð um vegaviðhald og nokkru nánar um það efni. En ég vil ekki tefja fundinn það lengi, herra forseti, með því að fara að lesa það upp. Það geta þm. sjálfir gert.

Við viljum allir fá góða vegi. Um það eru menn sammála. Menn eru hins vegar ekki reiðubúnir til að svara því eða það hefur ekki komið fram í ræðu nokkurs manns hér í kvöld hvort menn eru tilbúnir að leggja á aukna skatta í því efni. Þetta er auðvitað atriði sem þarf að fara varlega í við núverandi aðstæður, það viðurkenni ég fúslega. Ég hef þó látið þá skoðun í ljós að persónulega get ég staðið að því að hreyfa verð bílsins nokkuð niður á við og bensínið þar með upp á við, en 1 kr. í bensínhækkun gefur ríkissjóði um eða yfir 100 millj. kr. Og ef ég man rétt er hér á einni bls. — það er hér á bls. 19 — rætt um innflutning á bílum, og sjá allir menn í hendi sér að þær gífurlegu sveiflur, sem eiga sér stað í bílainnflutningi landsmanna, eru óþolandi vinnubrögð — eru hreint óþolandi vinnubrögð, og það er miklu eðlilegra að geta haft þennan innflutning nokkuð jafnan á milli áranna. Það hlýtur að vera betra fyrir hæstv. samgrh. að geta gengið út frá eðlilegum innflutningi, segjum 7—8 þús. bílum á ári, heldur en að sjá það að eitt árið séu fluttir inn nærri 12 þús. bílar og svo komi annað ár á eftir með undir 4 þús. bílum. Meðalverð á góðum bíl í dag er um 1½ millj. kr., jafnvel fast að 2 millj. kr. núna eftir aukaálögur. Það verður mönnum ofviða að kaupa bíl með þessum hætti og þegar víxilvextir eru orðnir svo háir sem raun ber vitni. En ríkissjóður fær mikið í aðra hönd frá bílnum, verulega mikið fjármagn, og billinn er ómissandi hverri fjölskyldu á landinu, enda er bílaeign landsmanna orðin slík að líðlega koma rétt 4 persónur á bíl. Það er hlutur sem hver fjölskylda vill eiga og á að vera fært að eiga, en svo á að vera frjálst að nota hann og frjálst að eyða bensíni samkv. eigin geðþótta. Sumir munu segja að það komi illa við dreifbýlismenn að hafa bensínið dýrara. Það kann vel að vera að vissu marki. En menn eru þá frjálsir að því hversu mikið þeir vilja aka að óþörfu. En þéttbýlismenn eru allgjarnir á það um helgar að fara alls konar ferðir sem sumir mundu flokka undir óþarfa ferðir og jafnvel átroðning í því efni, en gæfu hins vegar ríkissjóði eða Vegasjóði í þessu tilfelli mikið laust fé.

Það hefur komið hér fram allhörð gagnrýni frá stjórnarandstöðunni á þessa þáltill., og ég vil taka undir margt sem sagt hefur verið í því efni. Óeðlileg rýrnun framkvæmda á sér hér stað bæði í ár og á s.l. ári. Hún er óeðlileg, og hún er ekki í samræmi við aðra þróun í þjóðfélaginu, alls ekki. Það getur vel verið að ýmsum finnist að sé vel mögulegt að draga úr miklum framkvæmdum í vegakerfi landsmanna. En þá þyrfti að skipta upp nánar en hér er gert og gera sér betur grein fyrir því, en til þess gefst ekki nokkur kostur. Hæstv. ráðh. sá sig knúinn til þess í upphafi ræðu sinnar að afsaka það af hreinskilni að nú væri þessi áætlun svo seint á ferðinni að vart eða ekki væri verjandi. Okkur í fjvn. er gert að fara í gegnum þetta plagg og skila því sómasamlega frá okkur á svo stuttum tíma að það er naumast eða ekki hægt ef vel á að takast til, hvað sem orsakar þetta. Það var auðheyrt af orðum hæstv. ráðh. að honum leið ekki vel út af þessu og hann bauðst til að taka á sig vandkvæði í því efni. En það er ekki svona einfalt. Þetta verður að koma fyrr fram og Alþ. verður að hafa tækifæri til að fjalla nánar um þetta, sérstaklega þegar menn eru farnir að togast mjög á um skiptingu fjármagnsins og þegar slíkir annmarkar koma fram á þáltill. eins og

síðasti ræðumaður drap hér á, og ég hef lýst stuðningi við skoðun hans í því efni, að þessar 500 millj. eða þessi sérstaka fjáröflun frá happdrættisfénu hlýtur að standa utan við þessa þáltill. og ekki inni í heildarfjármagninu, þó hún megi standa á síðum ályktunarinnar í sérstöku verkefni. Það er eðlilegt og sjálfsagt. En ég skildi þau lög aldrei þannig að það ætti, ef ég má orða það svo, að svína á þeim svæðum er lögin, happdrættislögin, björguðu fjármagni til. Stuðningur minn var aldrei bundinn slíku skilyrði, aldrei nokkurn tíma.

Ég stóð að því í fyrra að samþ. brúna yfir Borgarfjörð. Það má deila um hvað hratt á að takast á við það mikla átak. En við verðum að horfa á aðra hluti í *því sambandi*, að ákveðin brú er að gefa sig eftir nærri 50 ára góða þjónustu og annar vegarspotti er líka að gefa sig eftir mikla notkun, og við verðum að velja og hafna. Ég stóð að því með hæstv. ráðh. að stuðla að því — og gerði grein fyrir atkv. mínu hér í nafnakalli — að þessi brúargerð hæfist og ég vil halda henni áfram. Hins vegar get ég líka endurskoðað það *og fallist á það, ef aðstæður* eru mjög þröngar eins og þessi þáltill. ber virkilega með sér, að rétt sé að fara nokkru hægar í sakirnar með þessa brú og setja þá einhverjar þungahamlanir á gömlu brýrnar til þess að mæta knýjandi þörfum annars staðar á landinu. Þetta er atriði sem við eigum að hafa svigrúm til að vinna og meta í fjvn. En gefst það svigrúm? Fáum við þessar upplýsingar vegna tímaskorts? Ég dreg það því miður í efa. Þá verður kylfa að ráða kasti. En það er kannske ekki það æskilegasta í vegamálum að slíkt eigi sér stað.

Nei, því miður er margt neikvætt við þetta plagg. Sjálfsagt verður enginn ánægður, og þá er erfitt úr að ráða. Augljóst er að verðbólgudraugurinn er hér alls ráðandi og erfiðleikar því samfara, en það stafar að ýmsu leyti af stjórnleysi og ákvörðunum, sem ég gagnrýni harðlega, í verðbólguaukandi átt. Því er réttmætt af okkur í stjórnarandstöðunni að gagnrýna þessa áætlun allharkalega, eins og þegar hefur komið fram.

Páll Pétursson: Herra forseti. Sumir þm. stjórnarandstöðunnar hafa býsnast hér yfir þessari áætlun og farið hörðum orðum um hæstv. samgrh. fyrir að leyfa sér að leggja þvílíkt plagg fram. Hv. 5. þm. Vestf. gekk svo langt að telja það langt til jafnað hvað þessi áætlun væri slæm og hvað þetta væri ómögulegur ráðh., og er þá væntanlega að meina örlagavald sinn, fyrrv. hæstv. samgrh., Hannibal Valdimarsson, sem lagði fram hér einar þrjár áætlanir fyrr á árum. Ég get hins vegar ekki tekið undir þennan söng. Ég hef haft tækifæri til þess að fylgjast með hæstv. samgrh. undanfarið, mér er kunnugt um að þetta hefur verið þó nokkuð ströng fjáröflun hjá honum, og ég held að hann hafi sýnt talsverðan framkvæmdahug, að draga þó þetta. Það voru nefnilega engar líkur á því á tímabili, sýndist mér, að krónutalan héldist. Auðvitað rýrna framkvæmdir ákaflega að magni til, en krónutalan hangir þó í þessari áætluðu tölu og það er þó alltaf nokkuð. Það má hins vegar ekki skilja orð mín svo að mér finnist þessi þáltill. um vegáætlun neitt óskaplagg. Það er síður en svo. Ég vildi gjarnan að hún væri miklu reisulegri en mér sýnist hún vera, miklu rýmri en raun ber vitni.

Hv. þm. Ragnar Arnalds taldi málið stefna í rembihnút, eins og hann orðaði það. Við verðum að hjálpast að við að leysa þennan hnút, Ragnar. Og hnúturinn er m.a. þannig til kominn að það þarf að endurskoða vegalögin, en því miður er ekki búið að gera það. Það er ekki búið að endurskoða þau og þess vegna stöndum við frammi fyrir ýmsum vanda sem annars væri auðleystari. Við verðum að hjálpa hver öðrum til þess að bjargast eins og best gengur.

Þessi flokkun í hraðbrautir, landsbrautir og þjóðbrautir er orðin ákaflega úrelt og afleit, það er rétt hjá hv. þm. Ragnari Arnalds.

Vegna ummæla hér í áætluninni um að fresta beri breytingum á snjómokstursreglum til ársins 1978, þá vil ég taka fram að ég tel það óviðunandi. Mér finnst að núv. reglur séu úreltar og slæmar, og ég hefði kosið að þeim væri breytt fyrr en 1978.

Hv. þm. Jón Árm. Héðinsson lýsti eftir því hvert þessir snjómoksturspeningar hefðu farið. Ég get ekki stillt mig um að fletta upp á bls. 9 í skýrslu samgrh. um framkvæmd vegáætlunar 1975. Þar kemur sem sé í ljós að kostnaður við snjómokstur á leiðinni Reykjavík til Selfoss er 12½ millj. kr., en á Holtavörðuheiði, sem er þó allt annar og meiri fjallvegur heldur en Hellisheiði, sem tæpast kemur nú snjór á, þar var ekki varið nema 7.2 millj. í snjómokstur. Á leiðinni frá Haganesvík og til Siglufjarðar var ekki varið nema 5.3 millj. Hérna sjáum við hvað þetta eru ómögulegar reglur. Það hlýtur að vera hægt að nýta þessa peninga betur. Það hlýtur að vera hægt að verja þeim þannig að opnaðir séu þeir vegir sem þarf að opna, en ekki sé verið að skakast á auðum vegi aftur og fram í góða veðrinu með snjómoksturstæki sólarhringum saman, eins og hlýtur að vera gert hér á Hellisheiði.

Ragnar Arnalds, hv. þm., talaði skynsamlega um það að auka fé til erfiðustu fjallveganna, og ég tek alveg undir þetta með honum um Holtavörðuheiðina, að þar þarf að gera myndarlegt átak. En hæstv. samgrh. taldi upp Holtavörðuheiðina einmitt sem eitt af þeim brýnustu verkefnum sem þyrfti að taka myndarlega á, og við verðum allir að hjálpast að við að verja myndarlega fé til Holtavörðuheiðar. Hins vegar voru hv. þm. Geir Gunnarsson og hv. þm. Jón Árm. Héðinsson að tala um veginn til Hafnarfjarðar. Ég hef farið hann stundum í vetur og ég hef aldrei orðið var við annað en hann væri sæmilega greiðfær. Ég fór hann seinast í fyrradag, þá var það alveg hlemmivegur. Hins vegar var Norðurárdalurinn bara drullusvað og nýlega búið að moka Holtavörðuheiðina. Þess vegna held ég að það liggi enn þá meira á því að lagfæra eitthvað þar heldur en nokkurn tíma á Hafnarfjarðarveginum.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki fara langt út í umr. um þau atriði sem hér hafa komið fram, en vil þó aðeins gefa skýringu á þeim og lýsa að mörgu leyti ánægju minni yfir þessum umr., þrátt fyrir það þó að á mig hafi verið deilt sem er

nú venja hér á hv. Alþ. Það orkar oft tvímælis fyrir ráðh. hvort það er betra fyrir hann að fá lof eða last frá andstæðingum sínum. En þetta hvort tveggja fékk ég nú hjá sumum þeirra, og a.m.k. ætluðu þeir mig betri mann heldur en kæmi fram í vegáætluninni. Hvort það reynist nú skal ég ekkert um segja. Ég hef einhvern tíma orðað það svo sjálfur, að það væri allt í lagi að vera illmenni ef maður væri ekki auminginn líka.

En ég ætla að byrja á því að ræða aðeins við minn gamla samstarfsfélaga, hv. 2. þm. Austurl. Það má vel vera að það muni reynast erfitt fyrir þm. Framsfl. á Austurlandi að tala fyrir þessum málum þar nú. En það gæti nú líka verið að það hafi verið erfitt fyrir þm. Framsfl. á Vesturlandi að tala fyrir sínum kjósendum þegar í Austurland voru settar yfir 200 millj. af vegáætlun sem þá var innan við 2000 millj. í heild, umfram það sem lagt var til skipta í kjördæmi, en það var eftir hlutfallinu. En þá var verið að vinna að stórum verkefnum og eðlilegt að færi mikið fé í verk eins og Skeiðarársand. Það var óhugsandi að leysa það verk nema þm. sæju yfir málið í heild og vildu leggja það á sig. Það gerðum við alveg hiklaust, og ég segi fyrir mig að ef ég hef tapað atkv. út á það, þá sé ég ekkert eftir þeim, því þá hefði ég gjarnan viljað að þeir kjósendur hefðu haft meiri víðsýni en að raun bæri vitni um. En ég hef ekki nokkra trú á að hafa tapað nokkru atkv. út á það.

Sama gerðist á sínum tíma, en það er nokkuð langt síðan, það var haustið 1960, þá var gert verulega stórt átak í vegagerð á Vesturlandi. Það var þegar vegurinn um Ólafsvíkurenni og Búlandshöfða og brúin yfir Hraunsfjörð voru gerð. Þetta voru stór átök á þeim tíma sem þá voru gerð í vegamálum á Vesturlandi, og hefur ekki verið gert neitt stórátak þar síðan þangað til núna. Þetta stafar einfaldlega af því að það er nú svo með okkur þm., þó að allir vilji illa um okkur tala, þá erum við nú skástu menn þegar á er litið og unum hver öðrum að vinna og leysa þau verkefni sem best eru og nauðsyn ber að leysa í það og það skiptið.

Ég held t.d. að við munum allir hafa staðið að því á sínum tíma að láta byggja Keflavíkurveginn, bara af þeirri einföldu ástæðu að því eru takmörk sett hvað hægt er að keyra á malarvegum þegar umferðin er orðin geysilega mikil, og þá verður að breyta því yfir í varanlegt slitlag.

Ég er alveg viss um, að bæði ég og hv. 2. þm. Austurl. höfum staðið að þessu og sjáum ekki eftir því og segjum bara: guði sé lof að það var gert. Og svo gerðum við meira, því að við tókum þátt í ríkisstj. þegar því var breytt og ríkissjóður látinn greiða af lánunum sem voru tekin til vegagerðarinnar, en áður hafði Vegasjóður gert það. Og það ber náttúrlega að hafa í huga, þegar menn eru að meta, bæði þm. og aðrir, hvað ríkissjóður hefur upp úr umferðinni, þá ber að meta það að ríkissjóður greiðir líka af lánunum sem hafa verið notuð til að byggja upp vegina.

Sama er að segja um Austurveginn. Ég sé sannarlega ekki eftir því að hafa staðið að þeirri framkvæmd. Það er myndarleg og góð framkvæmd og umferðin á þeim vegi var orðin svo geysilega mikil að það var orðið erfitt að halda honum sem malarvegi. Hann tók auðvitað fé frá okkur hinum í viðhaldinu vegna þess að viðhaldið var orðið svo gífurlegt. Sama var einnig að segja um veginn hér um Mosfellssveitina, upp í Kollafjörð, og raunverulega er það þannig á Kjalarnesi líka og þannig mætti lengi telja. Ég er ekki að deila á neinn fyrir þetta og allra síst svo kraftmikinn dugnaðarmann eins og hv. 2. þm. Austurl. Ég held að honum finnist það ekki nema eðlilegt þegar menn spyrna í þóftu til þess að koma áfram nauðsynlegum framkvæmdum.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. að hafnamálin hafa tekið til sín meira fjármagn en vegirnir hlutfallslega. En það stafar af hafnalögunum sem tóku gildi í ársbyrjun 1972, ef ég man rétt, og það hefur aldrei verið unnið meira í hafnagerð á Íslandi en á s.l. ári. En ég man það líka að þegar var verið að samþ. hér að koma á hafnargerðinni í Þorlákshöfn, þá voru ekki allir á eitt sáttir um hvernig ætti að gera það, heldur deildu menn um þetta eins og menn gera í pólitík. Þeir vita að þessi ver þennan kantinn og hinn er að slá upp veilunum á hinum kantinum. Og þetta er ekki nema það mannlega og eðlilega.

Það hefur glatt mig stórkostlega í þessum umr. að finna hvað hv. þm. eru samstæðir um það sem nauðsyn ber til að auka fé til vegagerðar í landinu. Þetta gleður mig ekki hvað síst þar sem fyrir nokkrum dögum, næstum því að segja, einni eða tveimur vikum, þegar ríkisstj. lagði fram frv. sitt um efnahagsaðgerðir, var eitt af því sem fulltrúar, eins og er kallað, bæði Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins deildu harðast á ríkisstj. fyrir, stóðu sameiginlega að, það var að auka fjármuni til vegagerðar. Ég ætla ekkert að fara að afsaka mig fyrir það hvað þessi áætlun er seint á ferð, en hún er tengd þeirri ákvörðun sem þá var tekin, því með efnahagslögunum var ákveðið að skyldusparnaðurinn, sem er um 300 millj., skyldi ganga til vegagerðar í landinu. Það var ekki fyrr en búið var að ákveða það að hægt var að stimpla þá tölu inn á vegáætlun. En þá kom bara þetta: Bjargráðin voru þau að draga úr vegaframkvæmdum í landinu. Og ég gleðst því yfir að heyra alla þá hv. þm., sem hér hafa talað, hvar í flokki sem þeir eru, heyra þá taka undir það að réttmætt sé að auka við fjárveitingu til vegagerðar, en ekki að draga úr vegaframkvæmdum.

Ég held því fram, og ég er alveg viss um að ég hef þar rök að mæla, að betri vegir í landinu er einn þáttur í gjaldeyrissparnaði okkar. Við þurfum minna viðhald á bílunum en að öðrum kosti, og við eyðum minna en við gerum núna, svo slæma vegi sem við búum við, og bensín og olía eru þau efni sem við flytjum mest inn af nú. Þess vegna er ég alveg sannfærður um að hér er um beinan gjaldeyrissparnað að ræða fyrir þjóðina ef við getum bætt vegina.

Það, sem ég vil svo segja í sambandi við þetta og ég gleðst yfir og er mér miklu meira virði heldur en hitt sem hefur verið sagt og menn hafa verið að atyrða mig fyrir því það eru smámunir, — það, sem ég vil segja, er að það er alveg nauðsynlegt, eins og ég kom að í dag, að endurskoða tekjuöflun til vegagerðarinnar.

Ég tek undir það með hv. 2. þm. Austurl. og þeim öðrum sem hér hafa talað, að brýna nauðsyn ber til þess arna. Ég mun reyna að verða til þess að það dragist ekki. Vinur minn, hv. 5. þm. Vestf., vildi nú losna við mig úr ráðherrastólnum. En rétt áður en ég fór úr fjármálaráðherrastólnum tryggði ég þeim vestfirðingum happdrættisfé í Djúpveginn, og hann reiknaði með að ég mundi gera eitthvað svipað áður en ég færi úr ráðherrastól næst. Það var bara þess háttar sem ég reiknaði með frá hans hendi. En það bíður þess tíma þegar þar að kemur, og ég held að það hafi enginn löngun til þess að vera eilífur augnakarl í ráðherrastóli.

En út af því, sem hefur verið talað um skiptingu hér á milli hraðbrauta og þjóðbrauta, þá er það í beinu sambandi við það, sem ég tel alveg rétt fram tekið, að vegalögin, eins og þau eru núna, og skiptingin þar er orðin úrelt. Þess vegna ber brýna nauðsyn til þess að vinna að því að setja ný vegalög þar sem við byggjum þetta upp með öðrum hætti en við gerum núna með skiptingu á milli hraðbrauta og þjóðbrauta, sem er ekkert annað en það að þjóðbrautirnar, sem við vorum að fást við áður, þær eru komnar í hraðbrautaflokk af sjálfu sér. Það hefur ekkert breyst nema að það eru orðnir svo margir bílar sem fara eftir þeim. Nú er t. d. þjóðbraut komin langt fram allan Norðurárdal, það er komið í hraðbrautaflokk, var áður í þjóðbrautaflokki og hefur ekkert breyst við þetta, nema viðhaldið er orðið enn þá verra og enn þá verra að fást við þetta. Hins vegar þegar kemur á Holtavörðuheiðina, þá dettur vegurinn niður í þjóðbrautaflokk. Svo þegar aftur er komið norður fyrir, þá kemur á ný hraðbrautaflokkur. Þetta er það sem mér finnst alveg ómögulegt. Mér finnst að þessi aðalhringur þurfi að vera einn og hinn sami og það sé ómögulegt að hugsa sér að taka þetta svona í hnútum, og það gerir það að verkum að það er erfitt að skipta þessu.

Ef við víkjum að Holtavörðuheiðinni, sem er mikil og merkileg, þá er ég alveg undrandi á því að ágætir hv. þm., sem hafa orðið að fara yfir Holtavörðuheiðina, skuli hafa gleymt henni eins og þeir hafa gert. Mér er nú næst að halda það að ég muni það rétt, að það, sem hafi þó verið gert af vegabótum á Holtavörðuheiði, hafi fyrst og fremst verið framlag þm. Vesturl. Það hafa fyrst og fremst verið þeir sem hafa beitt sér fyrir þessu, og ég er alveg viss um að mitt minni brestur þar ekki. Ég hef ekki orðið var við að þið, hv. þm. Norðurl., hafið t. d. lagt fé af Norðurlandsáætlun í Holtavörðuheiði. Ef ég fer þar með rangt mál, þá bið ég afsökunar, því ég veit ekki betur. Það hefur þá verið á þessu eða s. l. ári, en ég man nú ekki eftir því. Hitt er annað mál, að mér er fullkomlega ljóst að á Holtavörðuheiðinni er einn af þeim vegum sem verður að endurbyggja. Það verður ekki komist hjá því.

Og þá vil ég um leið segja í sambandi við það, sem hv. 4. þm. Norðurl. v., Eyjólfur Konráð, vék að út af happdrættislánunum, að auðvitað ætlast enginn til þess að við förum að stinga þessu á okkur eða koma því ekki til skila. Ég sé hér t. d. í gamalli vegáætlun, og þannig er hugsunin að setja þetta upp þegar vegáætluninni verður skipt í fjvn., þar sé ég t. d. að það er til hraðbrauta ákveðin tala, svo kemur önnur tala í sama dálki: til hraðbrauta, lán frá Alþjóðabankanum. Ég hef hugsað mér að uppsetningin yrði þannig að það kæmi fram hvað væri af happdrættisfé í þessu og hinu almenna, og þannig held ég að við séum ekki í neinum vandræðum með það. Hitt er mér alveg ljóst, að við náum ekki eins miklu í vegagerðinni í landinu almennt núna eins og við vildum vera láta vegna þeirra efnahagserfiðleika sem við eigum í og reynum að halda aftur af okkur. Ég segi fyrir mig, ég hefði viljað fá að setja meira út af happdrættisskuldabréfum, en til þessa hefur ekki fengist samþykkt fyrir því. En m. a. tókst að fá skyldusparnaðinn niður í sambandi við efnahagsráðstafanirnar inn í vegamálin af því að ráðamenn og þeir, sem um fjölluðu, töldu að það væri þó betra að fara þá leið heldur en að bæta núna ofan á happdrættisútgáfu. Við vitum að það hafa verið gerð mikil hróp að því máli núna þessar síðustu vikur, og auðvitað vildum við gæta hófs í þeim efnum. En það er afskaplega fjarri mér að láta mér detta það í hug að þetta komi ekki til skila, og það er líka afar fjarri mér að láta mér detta það í hug að vegir eins og á Holtavörðuheiði verði ekki til meðferðar í sambandi við þessa vegáætlun. Og það er sama um suður- og austurhlutann, allt þetta tel ég að við verðum að taka inn í þetta dæmi að því leyti sem við getum nú. Og það er ekki af því að okkur skorti löngunina, heldur að við verðum að haga okkur eftir þeim kringumstæðum sem þjóð okkar býr nú við í efnahagsmálum, þó að ég telji hins vegar, eins og ég sagði áðan, að það sé bæði gjaldeyrissparnaður og á margan hátt hagur að því að gera samgöngur á landi betri.

Út af því, sem hv. 1. landsk. þm., Jón Árm. Héðinsson sagði um okkar ágætu Borgarfjarðarbrú, sem er einn af þessum skemmtilegu hlutum í lífinu, meira að segja er hún svo kröftug að snjall teiknari, Sigmund, teiknaði mig í brú, og það hef ég aldrei getað gert á ævinni, hef nefnilega aldrei verið neinn íþróttamaður og get aldrei fengið mynd af mér sem þessa því það er ómögulegt að hafa hana í raunveruleikanum, en þetta er út af fyrir sig ekki nema gott, — en út af því, sem hv. 1. landsk. sagði, hann talaði um þessi mál með rólegheitum og vinsemd, þá vil ég segja það, að um Borgarfjarðarhérað og Vesturland, sunnanvert Snæfellsnes og raunverulega Vestur-Húnavatnssýslu, og meira en það, alla leið að Akureyri og Húsavík, þessa leið fara þungaflutningabílar og það er ómögulegt að takmarka þungann á þessari brú af þeirri ástæðu. T. d. Borgarfjarðarhérað og þetta vestursvæði, það hefur ekki neinar aðrar samgöngur, það hefur ekkert flug og það hefur engin skip, svo að þess vegna fara flutningarnir þarna fram, og þýðir ekki að reikna með því að það sé hægt að takmarka þá, því það er óframkvæmanlegt. Eins og ég sagði í dag, það sem ég óttast nú mest, af því að það verður að gæta hófsemi í þessu, er að það verði of lengi á leiðinni nema forsjónin verði okkur hliðholl.

Það er líka eitt sem kom fram í ræðu hv. 1. landsk. þm. sem mér finnst athyglisvert og megi mjög athuga. Og það er ekki langt síðan við ræddum þetta, við hæstv. fjmrh., að lækka leyfisgjaldið, en færa það aftur yfir á bensínið. Þetta er atriði sem kemur mjög til greina og

ber að athuga. Og við vorum báðir sammála um að þetta ætti að gera. I ár getum við ekki gert þetta, þannig að það gæti ekki tekið gildi fyrr en við næstu áramót, vegna þess að ríkissjóður fær leyfisgjaldið í sinn vasa núna. Og svo er annað sem við þurfum að athuga, það eru áhrifin á blessaða vísitöluna sem hefur oft reynst okkur erfið. Ég er ekki alveg viss um hvort er óhagstæðara, leyfisgjaldið eða bensínið. Það er a. m. k. svo langt síðan ég hef látið skoða það að ég þori ekki að segja um það. En þetta er atriði sem ég tel að eigi að kanna.

Þá er það minn ágæti vinur, þessi sem vill láta mig fara úr ráðherrastól ef ég geri eitthvað fyrir hann í leiðinni, hv. 5. þm. Vestf. Hann var að tala um að við værum ekki miklir byggðastefnumenn og annað þess háttar og ekkert hefðum við gert í þá átt, allt hefði þetta verið öfugt. Var það nú alveg öfugt þegar við vorum að breyta þéttbýlisvegafénu úr 10% í 25%? Var það andstætt byggðastefnu? Hverjir njóta þess? Eru það ekki kauptún og kaupstaðir úti á landsbyggðinni? Þegar var verið að koma því í framkvæmd með lögum, þá var það álit þeirra, sem voru andstæðir því, að þetta væri óhagstætt þeim hér á þéttbýlasta kjarnanum. Þessu finnst mér hv. þm. hafa gleymt.

Ég minni einnig á sýslusjóðsvegina. Við höfum gert nokkurt átak í að breyta þessu þó að mér sé ljóst að betur má ef duga skal. Og raunverulega er það nú alltaf svo að sem betur fer tæmum við ekki allt. Og þegar við, sem nú erum á þingi, hættum, þá verður sjálfsagt nóg handa þeim sem á eftir koma, jafnvel þó þeir séu röskir. Þetta hefur þó gengið í þessa átt. Og þetta aftur með hraðbrautir og þjóðbrautir, það er engin breyting annað en það, að þjóðbrautirnar hafa bara komist í hraðbrautaflokkinn. Það, sem við aftur þurfum að gera, er að koma þessu inn sem heildarmáli, og ég vonast til að þeir ágætu menn, sem ég hef nú fengið til þess að sitja í n. og vinna að endurskoðun á vegalögum, þeir komi sér saman um heildarstefnu, verði ekki of miklir smámunamenn og reyni að elta uppi hvern einasta skika, heldur finni stóru línurnar í þessu, því að þeir verða líka að gera sér grein fyrir því að með þeim hætti er ekki verið að slá hinar smærri brautir út, heldur koma þær bara eftir öðrum leiðum og gera okkur málið auðveldara heldur en að öðrum kosti hefði orðið.

Nú skal ég, herra forseti, ekki orðlengja þetta frekar. Ég hef gert grein fyrir þessu máli eins og það sýnist frá mínum bæjardyrum séð, og mín gleði er mest yfir því að heyra almennan áhuga fyrir að auka fé til vegamála í landinu. Ég vona að okkur takist að finna sameiginlega leið til þess að gera þetta, og ég vona líka að okkur takist að endurskoða vegalögin til þess að bæði við, sem sitjum á þingi þetta kjörtímabil, og þeir, sem á eftir koma, geti notið þess að vinna að framkvæmd þessara mála við betri skilyrði heldur en nú er, vegna þess að lögin, sem við búum nú við, voru ágæt að okkar dómi, ég held við höfum allir fylgt þeim þegar þau voru sett. En þróunin hefur breytt þessu, og auðvitað eigum við ekki að vera þannig að við eigum að loka okkur inni í því sem við gerðum einhvern tíma, heldur eigum við bara að fylgjast með þróuninni og sjá hana fyrir og helst að reyna að leggja brautir sem standast þróunina og það sem fram undan er. Og það er ég líka viss um að við viljum allir gera.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég skal reyna að vera stuttorður af því að það er liðið langt á kvöld. Það var aðallega eitt atriði, sem kom fram í ræðu hæstv. ráðh., sem varð þess valdandi að ég kvaddi mér hljóðs, af því að ég tel að það sé mjög nauðsynlegt að leiðrétta þann misskilning sem mér fannst koma þar fram hjá honum. En þessi misskilningur hefur heyrst stundum áður.

Það kom fram hjá hæstv. ráðh. að hann taldi að það væri nú kannske ekki mjög mikið við það að athuga þó að eitthvað hallaði á okkur austfirðinga í skiptingu vegafjárins núna þar sem við fengjum ekkert af hraðbrautafénu, en um helmingur stofnframkvæmdafjárins fer til hraðbrauta, vegna þess að áður hefðum við fengið stóran hlut og meiri hlut en aðrir, og var þá greinilegt að hann átti við fjárveitingar til framkvæmdanna á Skeiðarársandi. Hér er auðvitað um grundvallarmisskilning að ræða. Það er ekki með neinu móti hægt að telja þær framkvæmdir, sem gerðar voru á Skeiðarársandi, vegaframkvæmdamál fyrir Austurland sérstaklega. Þessu máli var stillt þannig af nær öllum sem þar komu nærri, að þetta ætti að teljast sérstök þjóðargjöf í tilefni hins mikla afmælis byggðar í landinu, og mér er nær að halda að allir hafi verið á einu máli um að þessi framkvæmd væri þess eðlis að það væri ekki hægt að flokka hana undir eitt eða neitt kjördæmi. Það verður því ekki afsökuð nein misskipting núna á vegafénu með því að það fé, sem gekk til Skeiðarársandsframkvæmdanna, hafi verið sérstaklega fjárveiting til austfirðinga. Ég vil líka geta þess í leiðinni að ef maður tekur vegalengdina frá miðstöðinni hér í Reykjavík til míns heimastaðar í Neskaupstað, þá er nákvæmlega upp á km jafnlangt að fara norður fyrir land eins og suður fyrir land, og líklega býr meiri hl. austfirðinga þannig að það er síður en svo að hér sé um neitt styttri leið að ræða. En vissulega er vegagerðin yfir Skeiðarársand þýðingarmikil, einkum fyrir suðurhluta okkar kjördæmis. En þetta var auðvitað liður í því að koma á hringvegi um landið sem hafði mjög almenna þýðingu fyrir ferðamál í landinu og fyrir landsmenn alla, og er auðvitað mjög óréttmætt að ætla að fara að flokka þetta sérstaklega til fjárveitinga til Austurlands. Ég álít að það sé alveg nauðsynlegt að hæstv. ráðh. átti sig fyllilega á þessu og beri ekki neinu slíku við, vegna þess að það er óréttmætt og yrði þá til þess að hallað yrði verulega á okkur austfirðinga í skiptingu vegafjár ef þannig yrði hugsað.

En svo voru það nokkur önnur atriði sem komu fram hjá hæstv. ráðh. sem vöktu nokkuð athygli mína. Ég gat ekki heyrt að hann tæki hér neitt, nema með óbeinum orðum, undir þær ábendingar sem hér höfðu komið fram

hjá mörgum þm. um að það þyrfti beinlínis að gera ráð fyrir meira framkvæmdafé til vegagerðar í landinu og það yrði að afla meira fjár í þessu skyni, annaðhvort með því að auka tekjur vegasjóðs eða afla frekari lána. Hann sagði að vísu að þessar raddir gleddu sig og hann væri ánægður að heyra þær o. s. frv., en frekari undirtektir komu ekki. Spurningin er sú, hvort hann vill snúast í því að reyna að fá hér fram breytingar eða hvort hann telur að það sé ekki kleift, vegna þess að það er auðvitað það stóra í þessu máli: Er hægt að breyta þessari áætlun þannig að hér verði meira til skiptanna, meira til framkvæmda í heild? Mér er alveg ljóst að það er ekki hægt að komast út úr þessum vanda með öðrum hætti en að hafa meira fé, þó að ég álíti það að það sé hægt að skipta fénu á réttlátari hátt en gert er ráð fyrir í þessum tillögum.

Þá var annað atriði, og það var það að ég gat ekki heyrt það á máli hæstv. ráðh. að hann svaraði því á eðlilegan hátt að nauðsynlegt væri að breyta þessari áætlun þannig að það kæmi skýrt fram í henni að ⅔ af þeim 500 millj. kr., sem á að afla með happdrættislánaaðferðinni, gengju til Norðurvegar, frá Reykjavík til Akureyrar, og ⅓ ætti að ganga til Austurvegar, frá Reykjavík um Suðurland til Austurlands. Ég vil benda hæstv. ráðh. á það, að jafnvel þó að hann vilji skýra till. sínar á þann veg að segja að það sé gert ráð fyrir því að þessir ⅔ hlutar af þessum 500 millj. gangi til Norðurvegar í gegnum hraðbrautaféð sem áætlað er á leiðina hér frá Reykjavík til Akureyrar, þá dugir þessi skýring ekki um Austurveg. Samkvæmt þeirri skiptingu, sem liggur fyrir hér og er gildandi vegáætlun, þar sem skipt er hraðbrautafé upp á 1081 millj., eins og er í till. núna, þá er í Suðurlandsveg skipt 65 millj. kr. og um aðra fjárveitingu er ekki að ræða í þessa braut, ekki af þessu fé. Það vantar a. m. k. algjörlega þann hlutann af þessu fé sem á að fara til okkar á Austurlandi, nema það eigi að fara þannig að því að segja bara: Gamla upphæðin sem fór áður til Austurlandskjördæmis, í þjóðvegi þar og í landsbrautir þar, það er innifalið í þeirri upphæð og það á bara að minnka við okkur á því sviði. Ekki vil ég nú trúa því að hæstv. ráðh. detti slíkt í hug. Það er alveg ljóst að áætlunin fær ekki staðist með neinum hætti gagnvart Austurvegi og verður að taka breytingum. En ég held að það verði að breyta henni líka gagnvart Norðurvegi, vegna þess að það hefur alltaf verið reiknað með því að þetta fé kæmi umfram aðrar fjárveitingar, en gengi ekki inn í almennar fjárveitingar til vegagerðar sem hafi verið reiknað með að meira eða minna leyti áður.

Ég skal nú ekki lengja þessar umr. frekar, en verð að segja það, að þó að hæstv. ráðh. minnist á það að hann hafi fengið í sambandi við efnahagsráðstafanir ríkisstj. nú nýlega nokkuð aukið fé til vegamála, eitthvað yfir 300 millj., þá er alveg augljóst að því fé, sem þar kemur, hefur öllu verið varið einvörðungu til þess að hækka stjórnun vegamála og til þess að hækka viðhald á vegum. En því hefur ekki verið varið samkvæmt till. til nýbygginga vega. Um það er ekki að ræða.

Ég sem sagt ítreka bara svo fyrri óskir mínar um að hæstv. ráðh. veiti því nú frekari athygli sem við höfum hér sagt um þessi mál og skiptir hér mestu máli. Ég hef aldrei tekið undir neinar deilur á hann út af því að hann hafi barist fyrir því að fá fram merkilega framkvæmd í vegamálum í sínu kjördæmi, þ. e. a. s. að koma á þessari margumtöluðu brú. Ég skil það mætavel að hann hefur barist fyrir því máli. Mér dettur ekki í hug að deila á hann fyrir það á nokkurn hátt. En hitt vil ég ekki ætla honum, að slík framkvæmd eigi að verða til þess að taka fé af þeim sem minnst hafa fyrir og hafa greinilega dregist aftur úr, af því að um það verður ekki deilt að t. d. þeir aðilar, sem ég hef verið að benda hér á, hafa dregist aftur úr og áður gefin loforð við þá hafa ekki verið efnd.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Byggingarsjóður ríkisins, þáltill. (þskj. 502). — Ein umr.

Flm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 502 till. til þál. um skiptingu Byggingarsjóðs ríkisins eftir kjördæmum. Hún er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta fara fram athugun á því hvort ekki sé tímabært og réttmætt að breyta lögunum um Húsnæðismálastofnun ríkisins, nr. 30 frá 1970, þannig að á árlegum lánveitingum Byggingarsjóðs ríkisins verði a. m. k. að hluta skipt á milli kjördæma samkv. ákvörðun Alþ., svo sem gert er með Vegasjóð".

Undanfarin ár hefur þróunin orðið sú að mestur hluti nýrra íbúðarhúsa hefur risið á höfuðborgarsvæðinu. Þessi þróun tók stökk með samningum ríkisins og verkalýðshreyfingarinnar um framkvæmdir í Breiðholti. Þessar framkvæmdir voru fjármagnaðar að verulegu leyti af Byggingarsjóði ríkisins. Byggingarsjóði var gert að skyldu að greiða 80% af kostnaði við 1000 íbúðir á móti 20% frá kaupanda, og við leiguíbúðirnar 250 þurfti Reykjavíkurborg einungis að greiða 20%, en reiknaði gatnagerðargjöldin upp í það. Byggingarsjóður varð að taka á sig þessa skyldu án þess að honum væri útvegað aukafjármagn í þessu skyni og kom það að sjálfsögðu niður á þjónustu við einstaklinga og byggingarfélög. Einkum var þetta áberandi á landsbyggðinni þar sem þjóðfélagsþróunin hefur verið sú að fólki hefur þótt öruggara að festa fé sitt í íbúðarhúsnæði á Reykjavíkursvæðinu en annars staðar á landinu, hvað þá að geyma það í bönkum.

Þegar byggðastefnan ruddi sér til rúms voru sett lög um byggingu 1000 leiguíbúða á vegum sveitarfélaga í dreifbýli, nr. 59 frá 1973, en þessar 1000 leiguíbúðir var heimilað að reisa á næstu 5 árum, þ. e. a. s. árunum 1974—1978.

Lögin voru orðuð þannig, að heimilt væri að lána 80%, í stað þess að í reglugerðinni um Breiðholtsíbúðirnar sagði: „Skylt er að lána 80%“.

Ekki var Byggingarsjóði útvegað aukafjármagn vegna leiguíbúðarframkvæmdanna fremur en vegna Breiðholtsframkvæmdanna. Leiguíbúðirnar hafa vegna orðalags reglugerðar ekki orðið forgangsframkvæmdir, svo sem var um Breiðholtsframkvæmdir, heldur verið látnar sitja á hakanum.

Það kom strax í ljós að þörfin fyrir þessar leiguíbúðir var mjög brýn. Samkv. ársskýrslu Húsnæðismálastofnunar 1974 höfðu þá borist 1454 umsóknir um þessar 1000 íbúðir. Hér í þessum ræðustól hafa verið talin fram margvísleg rök fyrir nauðsyn þess að byggja þessar leiguíbúðir. Ungt fólk, sem er að stofna heimili, hefur oft ekki fjármagn til þess að koma sér upp þaki yfir höfuðið strax við heimilisstofnun. Aðkomufólk, sem sveitarfélögum er nauðsyn á að fá til tímabundinna eða framtíðarstarfa, þarf að eiga kost á húsnæði. Leiguhúsnæðisleysið hefur haft það í för með sér að fjöldi ungmenna hefur farið suður fremur en að ílendast í heimabyggðum, og fjöldi manna, sem áhuga hefur haft á störfum úti á landi, hefur ekki lagt í það að taka sér þar bólfestu vegna þess að hentugt leiguhúsnæði hefur ekki staðið til boða meðan viðkomendur hafa verið að byggja yfir sig eða að ákveða sig hvort þeir ættu að leggja í það að búa sitt framtíðarheimili þar. Jafnframt þurfti að gera sveitarfélögum kleift að selja eitthvað af þessum íbúðum þegar svona stendur á. En því er verið að kippa í lag núna með lagasetningu hér á Alþ. um Húsnæðismálastofnun, svo sem öllum er kunnugt.

Vegna þess, hve ásóknin í leiguíbúðir var mikil, upphófust deilur á milli forráðamanna sveitarfélaga og landshlutasamtaka og Húsnæðismálastofnunar um skiptingu þessara 1000 íbúða milli sveitarfélaganna. Það er enda augljóst, að í verðbólguþjóðfélagi eins og við lifum í er dýrt að þurfa að bíða í árabil eftir því að fá byggingarleyfi.

Árin 1974 og 1975 voru samþ. lán vegna bygginga um 200 leiguíbúða og sveitarfélögum auk þess heimilað að hefja byggingu 81 íbúðar á eigin kostnað án þess að gefin væru fyrirheit um greiðslu eða greiðslufyrirkomulag á hluta ríkisins. Nú er búið að samþ. lán vegna þessarar 81 íbúðar, en það eru óafgreiddar 393 umsóknir frá fyrra ári um leiguíbúðir.

Fyrirheitin um leiguíbúðirnar 1000 munu hafa það í för með sér að heldur hefur dregið úr fjölda umsókna einstaklinga í dreifbýlinu um íbúðarlán á meðan umsóknum á höfuðborgarsvæðinu fjölgar stöðugt. Þetta er mjög iskyggileg þróun. Húsnæðismálastofnunin úthlutaði seint í mars öðrum hluta lána til þeirra sem fengu byrjunarlán 1. sept. 1975. Úthlutað var 139 millj. 670 þús. kr. Þar af fóru til íbúða í Reykjavík og á Reykjanesi 123 millj. 760 þús., en í hlut allra annarra landsmanna komu aðeins 15 millj. 910 þús. Þessa þróun verður að stöðva.

Ég tel að eðlilegt sé að Alþ. láti þetta mál til sín taka og hafi hönd í bagga með skiptingu fjármagnsins eftir kjördæmum. Jafnframt virðist vel geta komið til greina að veita hærri lán til bygginga á þeim landssvæðum þar sem sannarlega er dýrara að byggja, bæði vegna veðráttu og flutningskostnaðar og annarra orsaka, og þetta getur enn fremur verið mikilvægur þáttur í byggðastefnu.

Ég gat um eitt tilvik þar sem fjármagnsstraumurinn til höfuðborgarsvæðisins kemur skýrt í ljós. Í ársskýrslu Húsnæðismálastofnunar 1974 er skrá um A-, B-, D-, E- og F-lán útborguð úr veðdeild á árunum 1955—1974. Þar kemur í ljós að lán hafa verið veitt út á 21 567 íbúðir, þar af 15 395 í Reykjavík og á Reykjanesi, en á landsbyggðinni 6 172. Hluti Reykjavíkur og Reykjaness í heildarfjármagninu var þá 74.3%. Auk þess eru hér í Reykjavík flestir þeir lífeyrissjóðir sem einhvers eru megnugir, og hér er enn fremur sérstök lánastofnun sem eingöngu mun lána til íbúðarhúsa, þ. e. til íbúðarkaupa eða byggingar, þ. e. Sparisjóður Reykjavíkur.

Ég tel óhjákvæmilegt að stöðva þessa þróun. Á þinginu í fyrra leyfði ég mér að flytja þáltill. um jafnrétti sveitarfélaga í dreifbýli og Reykjavíkur í húsnæðismálum. Þar lagði ég til að lánafyrirgreiðsla til leiguíbúðanna yrði jafnhagkvæm og sjálfvirk og var um Breiðholtsframkvæmdirnar. Allshn. Sþ. vísaði till. til Húsnæðismálastofnunar til umsagnar, og Húsnæðismálastofnun lagði til að till. yrði send n. sem starfar og starfað hefur lengi að endurskoðun húsnæðismálalöggjafar. Félmn. Ed. hefur nú tekið upp þetta skylduákvæði, sem var meginmál þessarar till., og komið því inn í breyt. á l. um Húsnæðismálastofnun og málið er farsællega leyst. Kann ég henni bestu þakkir fyrir.

Húsnæðismálastjórn er vel skipuð. Hún er starfandi hér í Reykjavík og skipuð reykvíkingum, en okkur dreifbýlingum þykir nú stundum sem við eigum þar of fáa formælendur. Ég tel óhjákvæmilegt að við kjörnir fulltrúar þjóðarinnar hér á Alþ. látum þetta mál til okkar taka vegna þess að við svo búið má ekki standa. Við verðum að hafa með einhverjum hætti hönd í bagga með skiptingu fjármagnsins, svo sem er t. d. um vegáætlun, og við ættum að hafa þá þekkingu á staðháttum að við værum betur til þess fallnir en embættismenn kerfisins. Þá gefst færi á þjóðfélagslegri skýringu sem óhjákvæmilegt er að koma á fót. Það er þýðingarlaust að byggja upp atvinnufyrirtæki úti í dreifbýlinu, fyrirtæki sem bera uppi þjóðarbúið, byggja skóla, heilbrigðis- og menningaraðstöðu, en láta svo húsnæðismálaþáttinn lenda í ólestri, þróunin á þar að stefna í aðra átt.

Landshlutasamtök sveitarfélaga hafa bent á nauðsyn þessarar skýringar, m. a. á fundi á Ísafirði í fyrra, þar sem þau töldu óhjákvæmilegt að veita örvunarlán, þar sem þörfin væri brýnust. Þessi stýring gæti verið með ýmsu móti, bæði forgangur einstakra framkvæmda og einnig væri hugsanlegt og raunar réttmætt að veita mishá lán eftir landssvæðum. Það er kunn-

ara en frá þurfi að segja að það er miklu dýrara að byggja í dreifbýlinu heldur en hér, bæði vegna mikils flutningskostnaðar, miklu lengri byggingartíma þar sem vegna veðráttu er ekki hægt að steypa nema um þriðjung ársins fyrir vestan, norðan og austan og jarðvinna öll er torveld vegna klaka, á meðan hér syðra er byggingarstarfsemi í fullum gangi allan veturinn. Langur byggingartími hefur að sjálfsögðu í för með sér stóraukna vaxtabyrði. Þá er rétt að nefna að sums staðar er skortur á iðnaðarmönnum.

Ég vænti þess að flestir hv. alþm. verði sammála mér um nauðsyn þess og réttmæti að finna leið til að tryggja réttan hlut dreifbýlisins í húsnæðismálum, því annars tekst okkur ekki að byggja landið allt, nýta gögn þess og gæði og auðlegð sjávarins í kringum landið.

Ég óska eftir því, herra forseti, að þessari umr. verði frestað og málið sent allshn. til umfjöllunar.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Með örfáum orðum vildi ég lýsa yfir fullkomnum stuðningi mínum við þessa ágætu till. sem hér er komin fram. Ég vil þá um leið benda á það, að þessi till. fer mjög í sömu átt í raun og veru og frv. sem ég hef leyft mér að flytja nokkur undanfarin þing um útibú frá Húsnæðismálastofnun ríkisins. Þetta tvennt færi örugglega vel saman, og ég veit að þegar ég flutti þetta frv. fyrst, þá varð ég þess var hjá Húsnæðismálastofnun ríkisins, því miður, að gegn þessu var töluverð andstaða á sínum tíma, að Húsnæðismálastofnunin færi að reisa slík útibú eða koma á stofn slíkum útibúum, þó að þau ættu jafnframt að vera í sambandi og samvinnu við skipulagsskrifstofur landshlutanna og vera í nánum tengslum við útibú banka á hverjum stað.

En vegna þess að ég varð var við þessa andstöðu þá fannst mér andstaðan eiginlega vera næg fyrir þó ég gerði ekki þá till. sem hv. þm. Páll Pétursson gerir að sinni og ég get fyllilega tekið undir, heldur sagði ég í þessu frv. að Húsnæðismálastofnunin ætti að sjá útibúunum fyrir fé til afgreiðslu lána með tilliti til heildarútlána og þá átt við það að heildarfjárþörf og heildarlánsupphæð fyrir landið allt verði skoðuð af yfirstjórn og ákvörðun hennar verði útibúin að lúta, en auðvitað verður að ætla yfirstjórninni það eitt að hún skipti lánsfénu á hverjum tíma af fullkomnu réttlæti. Þetta hefur, eins og hv. þm. benti á áðan, alls ekki verið svo. Úti á landsbyggðinni ríkir, eins og hann sagði, mjög alvarlegt ástand í húsnæðismálum, og þegar ég bar fram fyrirspurn hér fyrir nokkrum dögum til hæstv. félmrh. um leiguíbúðirnar, sem nú er góðu heilli verið að koma í gegn sem skyldu í staðinn fyrir heimild áður, þá upplýsti hæstv. ráðh. að aðeins væri búið að taka ákvörðun um 81 íbúð á þessu ári, þ. e. a. s. þær íbúðir sem leyfðar voru í fyrra fyrir eigið framkvæmdafé sveitarfélaganna þá, en ekkert nýtt hefði verið ákveðið, engin viðbót við þessa 81 íbúð, en þetta gæti staðið til bóta. Ég skoraði þá á hæstv. ráðh. að heita því a. m. k. að það yrði staðið við það að gefa loforð um a. m. k. 150 íbúðir á þessu ári, eins og skyldu-ákvæðið mundi sennilega verða samþ. hér á Alþ. Því miður fékk ég ekki svar frá hæstv. ráðh. þar um, en þetta verður að telja algjört lágmark. Ég veit að við hv. þm. Páll Pétursson erum báðir sammála um það að vitanlega á þetta ákvæði, ef að lögum verður sem hlýtur að verða, að koma til framkvæmda nú strax á þessu ári, sérstaklega með tilliti til þess hvað þetta mál hefur dregist úr hömlu.

Hv. þm. Páll Pétursson minntist hér á eitt atriði sem er mjög til athugunar og þyrfti hreinlega að komast á, og það voru örvunarlánin. Ég ætla aðeins að benda á það í þessu sambandi, að á síðasta ári vinstri stjórnarinnar voru þessi örvunarlán nærri komin í gegn hér á Alþ. og þá var flutt um örvunarlán frv. sem að stóðu þm. allra flokka. Á sama tíma var uppi annað frv. sem gekk að vísu nokkuð miklu lengra, frá þáv. stjórnarandstöðu, og þetta mál strandaði æ ofan í æ í n. á þessum mismunandi skoðunum sem þarna voru um upphæð þessara lána, þ. e. a. s. hv. þm. Sjálfstfl. vildu ganga miklu lengra sumir hverjir heldur en við í byggðanefndinni svokölluðu vildum ganga. En síðan hefur svo ekkert gerst í þessum efnum, og ég held að það væri verðugt verkefni okkar hv. þm. Páls Pétursssonar og annarra ágætra manna, sem vildu slást í lið með okkur á næsta þingi, að endurvekja þetta frv. um örvunarlánin, hvort sem þau kæmu í gegnum Byggingarsjóð ríkisins, Byggðasjóð, eins og kom einnig til greina, eða hvernig þau væru fengin og fjár til þeirra aflað.

En aðalerindi mitt var sem sagt að lýsa yfir stuðningi við þessa ágætu till. sem hér er fram komin og áreiðanlega væri mjög til góðs fyrir íbúðabyggingar á landsbyggðinni í heild.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Endurvinnsluiðnaður, þáltill. (þskj. 294, n. 591). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Atvmn. fékk til athugunar till. hv. þm. Ingólfs Jónssonar um endurvinnsluiðnað á þskj. 294, 134. mál. Till. hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta fara fram ítarlega athugun á því hvort endurvinnsluiðnaður í ýmsum greinum gæti orðið arðvænlegur hér á landi, dregið úr gjaldeyriseyðslu og veitt mörgum örugga atvinnu.“

N. hefur athugað till. og kynnt sér umsagnir er borist höfðu frá Rannsóknaráði ríkisins, Félagi ísl. iðnrekenda, Iðnþróunarstofnun Íslands og Iðnþróunarsjóði. Mælir n. með samþykkt till. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Sverrir Hermannsson og Steingrímur Hermannsson. Undir þetta álit skrifa Páll Pétursson, Gils Guðmundsson, Karvel Pálmason, Jón G. Sólnes og Guðmundur H. Garðarsson.

Það er skemmst af því að segja, að umsagnir um till. voru allar mjög jákvæðar. Við stöndum í þeirri meiningu að þetta sé merkilegt mál sem beri að gefa fullan gaum og það hefur lítillega verið unnið að þessu máli. — Þessar athuganir

kosta að vísu talsvert fé ef þær eiga að verða ítarlegar og róttækar, en við leggjum sem sagt til að þessi till. verði samþ.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fiskileit og tilraunaveiðar, þáltill. (þskj. 295, n. 592, 593). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Atvmn. barst á þskj. 295 till. til þál. um fiskileit og tilraunaveiðar. Flm. var Tómas Árnason. Till. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að hún beiti sér fyrir því að skipuleg leit verði gerð að kolmunna og spærlingi á þessu ári. Veiðiskip verði tekið á leigu í þessu skyni og hefji það jafnframt tilraunaveiðar. Enn fremur verði hert á leit og tilraunaveiðum á loðnu á síðari hluta sumars og næsta haust."

Atvmn. athugaði till., kynnti sér umsagnir er borist höfðu frá Hafrannsóknastofnun og Fiskifélagi Íslands. N. leggur til að till. verði samþ. með breyt. sem hún flytur till. um á sérstöku þskj. Jón G. Sólnes tók ekki afstöðu til málsins. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Steingrímur Hermannsson og Sverrir Hermannsson. Undir þetta skrifa Páll Pétursson, Gils Guðmundsson, Karvel Pálmason og Guðmundur H. Garðarsson.

Brtt. við þessa grein er á þskj. 593 og er þannig: „Í stað orðanna „Veiðiskip verði tekið á leigu í þessu skyni og hefji það jafnframt tilraunaveiðar" komi: Tryggt verði að tilraunaveiðar hefjist."

Okkur fannst, fyrst þegar við fórum að skoða þetta mál, að ekki færi hjá því að þó að málið væri gott og sjálfsagt, þá mundi ekki skorta á það frumkvæði sem nauðsynlegt væri til að það næði fram að ganga efnislega hvernig sem færi um till. En því miður gerðist það að tækifæri til leitar að kolmunna eða tilraunaveiða á kolmunna með einu ágætu aflaskipi héðan frá Reykjavík var ekki sinnt og það fórst fyrir að sá veiðileiðangur væri gerður sem til stóð að gera. Við lítum svo á og það var rækilega undirstrikað við umr. um þessa till. fyrr í vetur, að þar sem fiskur er af skornum skammti í sjónum, þorskfiskar, þá ber að leggja höfuðáherslu á leit og veiðar á öðrum fisktegundum. Það má bæta því við að okkar fremsti loðnusérfræðingur, Hjálmar Vilhjálmsson, lét frá sér fara mjög ákveðnar ábendingar í blaðaviðtali nú fyrir örfáum dögum um nauðsyn þess að verja tíma og fjármunum til tilraunaveiða á loðnu í sumar norður í hafi, því að þar taldi hann að gæti verið um verulega mikla aflavon að ræða. En við leggjum sem sagt til að till. þessi verði samþ.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sykurhreinsunarstöð í Hveragerði, þáltill. (þskj. 297, n. 589, 590). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Þessi till. á þskj. 297 um sykurhreinsunarstöð í Hveragerði, flutt af Þórarni Sigurjónssyni, hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta fara fram könnun á hagnýtu gildi þeirra hugmynda sem upp hafa komið um sykurhreinsunarstöð í Hveragerði."

Atvmn. athugaði till. þessa og umsögn sem barst frá Rannsóknaráði ríkisins. Mælir n. með samþykkt till. með breyt. sem hún flytur till. um á sérstöku þskj. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Sverrir Hermannsson og Steingrímur Hermannsson. Undir þetta skrifa Páll Pétursson, Gils Guðmundsson, Karvel Pálmason, Jón G. Sólnes og Guðmundur H. Garðarsson. Brtt. er á þskj. 590 og hljóðar á þá leið, að við leggjum til að í stað orðanna „í Hveragerði" bæði í tillgr. og fyrirsögn komi orðin: hér á landi.

Við töldum eðlilegt að ríkisstj. léti fara fram þessa könnun, hvort það hefði hagnýtt gildi að hreinsa hér sykur, en við treystum okkur ekki til þess að mæla þar með einum stað endilega fremur en öðrum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 103. fundur.

Miðvikudaginn 12. maí, kl. 2 miðdegis.

Afréttamálefni, fjallskil o. fl., frv. (þskj. 672). — Ein umr.

Ingi Tryggvason: Herra forseti. Í hv. Nd. var gerð breyt. á frv. til l. um breyt. á lögum um afréttamálefni, fjallskil o. fl. Þessi breyt. felur það einkum í sér að það eru teknar upp ákveðnar reglur um það að ⅓ hluti af rétti hvers lögbýlis, sem sérmetið var í fasteignamati árið 1932, skuli vera í hlutfalli við fjölda jarða, — ⅓ hluti af réttinum til afréttarlands skuli miðast við fjölda lögbýla eða lögbýli eins og þau voru 1932, en ⅓ hlutar skuli vera í hlutfalli við beitarþol heimalands jarðarinnar. Þetta er einkum gert vegna þess að það hefur komið í ljós sums staðar á landinu, þar sem athugað hefur verið um ítölu, að býli, sem um langan aldur hafa byggt afkomu sína á sauðfjárrækt og notkun afréttarlands, mundu, ef ítölulögum væri beitt án tillits til þessarar fornu hefðar og búskaparvenju, hafa mjög litla eða nær enga möguleika á því að stunda sauðfjárrækt sem hliðargrein við annan búskap.

Ég held að það þurfi ekki að orðlengja um þetta. Það hefur áður verið gerð grein fyrir þessu frv. og gerð grein fyrir því að einn megintilgangur þess er að betur verði mögulegt að skipuleggja not beitilands til sauðfjárræktar heldur en verið hefur áður og koma í veg fyrir að land verði ofnýtt. Hitt er það, að heimalönd jarða eru mjög misstór og allmargar jarðir í landinu, sem lítil heimalönd hafa, hafa um mjög langan aldur notað sameiginleg beitilönd sveitarfélags eða upprekstrarfélags. Með þessari breyt. er komið til móts við sjónarmið þeirra sem telja, að um verulega röskun væri að ræða á þeirra búskaparháttum ef ákvæðinu um ítölu yrði beitt til hins ítrasta.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 753).

Iðnþróunarsjóður fyrir Portúgal, frv. (þskj. 584). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. (þskj. 669). — 1. umr.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 669 er frv. til l. um Framleiðsluráð landbúnaðarins eins og var gengið frá því í hv. Nd. Alþ. Þetta frv. er hluti af framleiðsluráðslögum, en frv. um heildarlöggjöf var á sínum tíma samið og var gert ráð fyrir að flytja þetta þá í einu lagi. Var sérstök n. fengin til þess að fjalla um málið í upphafi þegar frv. var samið og svo einnig þegar þeim kafla, sem er aðalatriðið í þessu frv., var bætt inn í frv.

Ég hafði hugsað mér að flytja ekki þennan þátt frv., sem hér er til meðferðar, fyrr en hægt væri að flytja frv. í heild, en af tvennum ástæðum hef ég breytt þar um. Í fyrsta lagi varð um það samkomulag við kjarasamninga í fyrra að lögin yrðu endurskoðuð og aðilar vinnumarkaðarins, eins og þeir eru nú nefndir, vinnuveitendur og ASÍ-menn, fengju aðild að þeirri endurskoðun, og hefur nú verið gengið frá skipun n., það er verið að senda þau bréf út. En ástæðan til þess, hvað það hefur dregist, er fyrst og fremst sú að tilnefning frá hálfu aðila gekk seint, og sérstaklega voru það vinnuveitendur sem voru þar seint á ferðinni. Og í öðru lagi er hin ástæðan sú, að á fundi stjórnar Mjólkursamsölunnar sem haldinn var 6. nóv. s.l., var samþ. svofelld ályktun, með leyfi hæstv. forseta: „Á fundi stjórnar Mjólkursamsölunnar í gær, 6. þ. m., var rætt um breyt. þá sem fyrirhugað var að gera á framleiðsluráðslögum og þá sérstaklega um mjólkursölumálið. Stjórnarnefndarmenn voru sammála um að það þurfi að leiða mjólkursölumálið til lykta sem allra fyrst, enda þótt aðrar breyt. á framleiðsluráðslögunum verði ekki gerðar samtímis."

Að fenginni þessari samþykkt og með tilliti til þess að ég geri ráð fyrir því að það taki nokkurn tíma að skoða svo umfangsmikil lög sem framleiðsluráðslögin eru og e. t. v. geta verið þar nokkuð skiptar skoðanir um ýmis atriði, sem ég samt vona að takist að leysa með samkomulagi, þá sá ég ástæðu til að bera fram þetta frv.

Það eru tvö atriði í raun og veru sem eru meginuppistaða í þessu frv. Það er fyrst og fremst um breytingu á mjólkursölu bæði hér og annars staðar, en þar er stuðst við þá þróun sem orðið hefur á síðari árum, því að hvort tveggja er, að með kjörbúðunum hafa möguleikar til mjólkursölu breyst og með þeim breytingum, sem orðið hafa á umbúðum á mjólk, hefur verið hægt að selja mjólk í hinum almennu matvöruverslunum. Það mun og vera ósk þeirra aðila, neytendanna og húsmæðranna sérstaklega, sem fara í innkaupaferð, að geta keypt allar vörur á sama stað, eins og þær geta í hinum stóru verslunum, og einnig er nú hægt að gera mjólkurinnkaup með þeim hætti að kaupa fyrir fleiri en einn dag í einu, því að geymsluþol mjólkurinnar í hinum nýju umbúðum og svo breyting á heimilunum í sambandi við kæliskápa gerir það að verkum að auðvelt er að geyma mjólk einhvern tíma heima fyrir.

Þessar ástæður hafa legið til þess að breytingin hefur orðið sú, að þrátt fyrir það að Mjólkursamsalan hafi haft einkaleyfi til sölu mjólkur, þá er salan komin meira en 50% í hendur almennra verslana og hefur dregið úr sölu Mjólkursamsölunnar sjálfrar. Að hennar mati var ekki rétt að halda því kerfi áfram sem var upphaflega tekið upp 1934 og hefur reynst hið ágætasta. Er ekkert að undra þó að 40 árum liðnum sé ástæða til að breyta þar um, og að sjálfsögðu á að fara þar að því sem hagkvæmast er að formi til, eins og hér er stefnt að og samkomulag var um í þeirri n. sem vann að uppbyggingu þessa frv.

Annar þáttur í þessu frv., sem olli misskilningi í hv. Nd. Alþ., var að hægt er að jafna vegna mismunandi stofnkostnaðar milli afurðagreina, eins og á milli mjólkur- og kjötsölu. Þetta hefur að vísu alltaf verið gert, en í þessu frv. er það tekið fram. Það var hald manna að þetta stangaðist á við það ákvæði að ekki mætti leggja ofan á söluverðið á innlendum markaði. Þetta frv., sem hér er og var að vísu breytt í Nd., tekur af tvímæli um það, það hafði aldrei það inni að halda, vegna þess að í 12. gr. framleiðsluráðslaganna, eins og hún er í gildi og eins og hún verður í gildi þrátt fyrir þá breyt, sem hér er á ferðinni, segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Óheimilt er að bæta upp söluverð landbúnaðarvara á erlendum markaði með því að hækka söluverð þeirra innanlands." Þessu ákvæði er ekki hreyft og stendur óhaggað. Ég bar það undir skrifstofustjóra Alþingis hvort það tæki ekki af öll tvímæli að þessum ákvæðum, sem voru í frv., var breytt í Nd. að því leyti að þar var sérstaklega tekið fram að ekki mætti nota þetta á þann veg að leggja það á útsöluverð á innlendum markaði til þess að bæta þarna upp. Hér var aðeins um það að ræða að framleiðendum væri heimilt að jafna sín á milli, en ekki að taka það gjald frá neytendum. Það var á misskilningi byggt, eins og þessi lagagr. ber með sér.

Út af þeim umr., sem þar komu einnig fram, hef ég kynnt mér það við meðferð frv. við endurskoðun frá upphafi hefur alltaf ríkt sá skilningur að hér væri aðeins um það að ræða að bændurnir, framleiðendur í þessu tilfelli, gætu fært sín á milli, en ekki lagt það á neytendur, ef skorti á að t. d. mjólkin gæfi betri útkomu en kjötið, þá mætti hreyfa þar í milli.

Svo er í þessu frv. gert ráð fyrir því, að þrátt fyrir þá breyt. að Mjólkursamsalan hætti að vera einkaaðili sem smásali, þá verður hún það sem heildsali og má að sjálfsögðu reka búð sem smásali líka, en er enginn einkaaðili þar um. En Sexmannanefnd ákveður verð í heildsölu og einnig í smásölu þannig að hún ákveður dreifingarkostnaðinn eins og hún gerir nú. Enn fremur er gert ráð fyrir því að greiða verði sérstakt losunargjald, þannig að það sé ekki hægt að krefjast þess að fá smámagn án þess að fyrir

það verði að greiða. Þá er ætlast til þess að hversu lítið magn sem fengið er, þá sé sama gjald tekið fyrir flutninginn, miðað við þær reglur sem þar gilda um. Þetta er að sjálfsögðu gert í öryggisskyni og til þess að halda við það sem verið hefur, að dreifingarkostnaður á mjólk verði sem minnstur.

Það var tvennt, sem kom fram í umr. í hv. Nd., sem var mjög ánægjulegt. Það var í fyrsta lagi að það yrði að viðurkenna að dreifingarkostnaði á mjólk hér á landi hefði verið mjög í hóf stillt og mundi vera minni hér en annars staðar gerðist. Ég vona að þrátt fyrir þessa breyt. takist að halda því, enda finnst mér að það eigi að vera þar sem sömu aðilar fjalla um verðlag á dreifingarkostnaði eftir sem áður.

Í öðru lagi komu þau vottorð frá heilbrigðisyfirvöldum hér í bæ að Mjólkursamsalan hefði staðið sig mjög vel í því að hafa búðir sínar í því lagi, að þær væru til fyrirmyndar, og lögðu heilbrigðisyfirvöldin á það áherslu að það yrði áfram og þessi breyting yrði því ekki gerð með of miklum hraða svo að þessu væri fullnægt. Þess vegna er ákvæði til bráðabirgða að þau ákvæði, sem þetta varðar, komi ekki til framkvæmda fyrr en 1. febr. 1977.

Smærra atriði er það, að Stéttarsamband bænda, sem upphaflega var 5 manna stjórn og hefur átt sæti í Framleiðsluráði, en nú er orðin 7 manna stjórn, hún sitji öll í Framleiðsluráði. Það er talið óeðlilegt að það falli ekki saman við þá breytingu sem gerð var á stjórninni, að tveir menn séu hafðir þar útundan.

Um önnur atriði í sambandi við þetta frv. sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða, enda gerði ég grein fyrir frv. í hv. Nd. þegar ég lagði það þar fram. Ég hef sem sagt vakið athygli á því, sem voru tekin af öll tvímæli um með Nd., að sú verðjöfnun, sem þarna er talað um, er gerð eingöngu innbyrðis hjá framleiðendum búvara, en gengur ekki út í verðlag í neyslunni. Höfuðbreytingin er hins vegar í sambandi við dreifingu og sölu á mjólkinni, og mér skildist á umr. þar um að flestir væru sammála um að þessa breytingu þyrfti að gera.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn. Og ég treysti hv. n. til þess að vera dugleg við störf sín, eins og hún hefur verið við önnur þau verkefni sem ég hef fengið henni í hendur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Sjúkraþjálfun, frv. (þskj. 112, n. 720, 721). — 2. umr.

Frsm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um frv. til l. um sjúkraþjálfun á allmörgum fundum. Þetta frv. hefur verið alllengi hjá n. til umfjöllunar og byggist það á því að ekki hefur verið fullkomin samstaða um málið hjá þeim aðilum sem við þessi lög eiga að búa ef frv. verður samþ.

Að loknum viðræðum og fengnum umsögnum frá ýmsum aðilum, er þetta mál snertir, hefur n. sent frá sér brtt. á þskj. 721 og ætla ég aðeins að gera hv. dm. grein fyrir í hverju þessar breyt. eru fólgnar.

Fyrsta brtt. n. er við 2. gr., og leggur hún til að gr. orðist svo: „Leyfi samkvæmt 1. gr. skal veita þeim íslenskum ríkisborgurum sem hafa lokið prófi við skóla sem viðurkenndur er fullkominn sjúkraþjálfunarskóli af heilbrigðisstjórn þess lands sem námið er stundað í. Leita skal umsagnar stjórnar námsbrautar í sjúkraþjálfun við Háskóla Íslands og landlæknis áður en leyfi er veitt.“ Þetta er nokkur breyt. frá frv. eins og sjá má.

Enn fremur leggjum við til að 3. gr. orðist svo: „Nú uppfyllir maður skilyrði 2. gr. að öðru leyti en því að hann hefur ekki íslenskt ríkisfang, og er þá ráðh. heimilt að veita honum ótakmarkað eða tímabundið leyfi til þess að stunda sjúkraþjálfun, enda hafi stjórn námsbrautar í sjúkraþjálfun við Háskóla Íslands og landlæknir mælt með leyfisveitingunni.“

Breytingin er þá fyrst og fremst tvenns konar. Í fyrsta lagi að við bætum þarna við orðinu „ótakmarkað“ til viðbótar við „tímabundið“, og í öðru lagi að stjórn námsbrautar í sjúkraþjálfun við Háskóla Íslands og landlæknir mæli með leyfisveitingunni. En eins og frv. hljóðaði var það Félag ísl. sjúkraþjálfara og landlæknir sem áttu að mæla með leyfisveitingunni.

Við leggjum enn fremur til, að 4. gr. orðist svo: „Sjúkraþjálfari starfar við hæfingu og endurhæfingu sjúkra og heilbrigðra sem fólgin er í þjálfun, fræðslu og kennslu.“ Hér er aðeins um að ræða aðra röðun orða.

Aðalvandamálið var varðandi 5. gr., en 5. gr. í frv. hljóðar svo: „Ekki má sjúkraþjálfari taka sjúkling til meðferðar án tilvísunar læknis.“ Í núgildandi lögum hljóðar aftur á móti gr. sem um þetta fjallar, þ. e. a. s. 3. gr., svo: „Ekki má sjúkraþjálfari taka sjúkling til meðferðar án tilvísunar og fyrirsagnar læknis.“ Þarna var nokkur skoðanamunur milli lækna og sjúkraþjálfara um hvernig þetta skyldi hljóða í framtíðinni, en aðilar hafa orðið á eitt sáttir um að samþ. þessa till., að 5. gr. orðist svo: „Ekki má sjúkraþjálfari taka sjúkling til meðferðar án samráðs við lækni.“ Lögð er mikil áhersla á að fá samkomulag viðkomandi aðila um þetta atriði vegna þess að þeir þurfa að starfa mikið saman og í raun og veru ekki hugsanlegt annað en að þeir hafi samráð um meðferð sjúklinga.

Loks er svo ákvæði til bráðabirgða: „Þar til námsbraut í sjúkraþjálfun við Háskóla Íslands tekur til starfa skal leita umsagnar Félags ísl. sjúkraþjálfara um þau atriði sem stjórn námsbrautar í sjúkraþjálfun við Háskóla Íslands er ætlað að fjalla um í þessum lögum.“

Þetta eru þær brtt. sem n. hefur látið frá sér fara og gefur frá sér svo hljóðandi nál.:

„N. hefur rætt frv., leitað umsagna um það og fengið á sinn fund stjórnir félaga sjúkraþjálfara og orkulækna. N. leggur einróma til að frv. verði samþ. með þeim breyt. er hún gerir till. um á sérstöku þskj.“

Til glöggvunar á þessu máli langar mig til að

lesa hér bréf er við fengum frá orkulæknum og hljóðar svo:

„Í tilefni af frv. til l. um sjúkraþjálfun, sem nú liggur fyrir Alþ., vill Félag ísl. orku- og endurhæfingarlækna lýsa sig andvígt 5. gr. frv. Í grg. með frv. segir að gr. sé efnislega samhljóða 3. gr. núgildandi laga. Svo er þó ekki og vill félagið leggja áherslu á að 5. gr. í frv. verði shlj. 3. gr. núgildandi laga, en þar hljóðar hún svo: „Ekki má sjúkraþjálfari taka sjúkling til meðferðar án tilvísunar og fyrirsagnar læknis.“

Í þessu sambandi bendir félagið á að læknirinn skoðar, rannsakar og metur sjúkling, ekki aðeins hreyfikerfi hans, heldur einnig önnur líkamskerfi. Hann öðlast þannig bestu heildarinnsýn í ástand hans, andlegt og líkamlegt, og er þar af leiðandi kunnugastur hvaða meðferð hann þarfnast. Það er starf læknis að ákveða, veita eða segja fyrir um meðferð, ekki aðeins sjúkraþjálfara, heldur einnig aðra meðferð, svo sem skurðaðgerðir, lyf, geðræna hjálp o. s. frv. Hann er á þeim vettvangi sem öðrum ábyrgur gagnvart sjúklingi. Það er því fyllilega rökrétt að læknir segi fyrir um sjúkraþjálfun eins og aðra meðferð. Að því er félaginu er best kunnugt eru ströng ákvæði í siðareglum sjúkraþjálfara í flestum löndum heims um að sjúkraþjálfari taki ekki sjúkling til meðferðar nema læknir óski þess og ávísi meðferð. Sams konar eða svipuð ákvæði eru í lögum flestra landa um sjúkraþjálfun, að því er best er vitað, þar sem slík lög eru til á annað borð. Verði hins vegar talið nauðsynlegt að fella niður orðin „og fyrirsagnar læknis“, sbr. 3. gr. núgildandi laga, leggur félagið áherslu á, að 5. gr. frv. orðist svo: „Ekki má sjúkraþjálfari taka sjúkling til meðferðar nema í samráði við lækni.“

Þannig er það að báðir aðilar hafa fallist á þetta orðalag, og að þessum árangri náðum leggjum við sem sagt eindregið til að frv. verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 721,1 (ný 2. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
— 721,2 (ný 3. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
— 721,3 (ný 4. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
— 721,4 (ný 5. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
6.—9. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 721,5 samþ. með 16 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
11.—12. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
13. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 721,6 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Kjarasamningar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, frv. (þskj. 572, n. 698). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur tekið til meðferðar frv. til l. um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. N. fjallaði samhliða um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 46 24. maí 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og einnig um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og mun ég að mestu fjalla um þessi þrjú mál samhliða í minni framsögu ef ekkert er við það að athuga.

Á fund n. komu þeir Þorsteinn Geirsson fulltrúi í fjmrn. og Kristján Thorlacius formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, og staðfestu þeir að þessi frv. væru í samræmi við samninga þá sem gerðir hefðu verið milli ríkisins annars vegar og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hins vegar.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja hefur allt frá stofnun barist fyrir fullum samningsrétti fyrir kjörum sínum. Fram til 1962 bjuggu opinberir starfsmenn við svokölluð launalög, á Alþ. voru samþ. launalög þar sem kjör opinberra starfsmanna voru ákveðin. En það ár fékk BSRB samningsrétt, þ. e. a. s. BSRB fékk tillögurétt í kjaradeilum sem var á þá lund að ef BSRB væri ekki búið að semja við ríkisvaldið fyrir ákveðinn tíma, þá færi kjaradeilan sjálfkrafa fyrir Kjaradóm.

Reynslan af þessum Kjaradómi hefur að dómi BSRB verið æðimisjöfn, og þeir hafa talið að þessu bæri að breyta. Og ef maður rekur gang mála varðandi Kjaradóm þá er hann skipaður 5 dómendum og jafnmörgum varadómendum. Hæstiréttur skipar þrjá dómendur, fjmrh. skipar einn og heildarsamtök, sem viðurkenningu hafa hlotið, einn dómanda. Það hefur tvisvar sinnum komið fyrir, árin 1963 og 1971, eftir að opinberir starfsmenn fengu lagfæringar á launum sínum til samræmis við aðrar stéttir að á þessa samninga hefur verið bent m. a. af verkalýðshreyfingu sem aðalröksemd fyrir bættum kjörum þeirra aðila. Hins vegar hefur það einnig komið fyrir að BSRB hefur ekki fengið samsvarandi launahækkun og aðrir í þjóðfélaginu ef þeirra samningar hafa fylgt í kjölfarið. Dómurinn hefur þá skyldu að taka tillit til afkomuhorfa þjóðarbúsins og þær á dómurinn jafnan að hafa í huga. Og í dómsniðurstöðu 1972 sagði dómurinn eitthvað á þá leið, að samanburður við aðrar stéttir kynni að gefa tilefni til frekari launahækkana. En dómurinn gaf það jafnframt í skyn að synjunin gæti stöðvað launakapphlaupið milli launþegahópa, og þann rétt, sem fólst í því sem ég nefndi áður, að taka tillit til afkomuhorfa þjóðarbúsins hafði dómurinn í huga.

Starfsmenn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hafa ekki viljað una þessum dómi og verið á margan hátt óánægðir með þær niðurstöður sem stundum hafa komið frá honum.

Ef við lítum til nágrannalandanna í ljósi þess að opinberir starfsmenn vilja meiri rétt og annað form á þeim rétti er launafélagi í Svíþjóð heimilt að beita verkfalli í kjaradeilum, en er þó skylt að vinna störf sem tryggja að lífi fólks sé ekki stofnað í hættu og eins störf sem koma í veg fyrir að unnið sé tjón á eignum. Þess má geta að þrátt fyrir verkfallsrétt halda opinberir starfsmenn í Svíþjóð æviráðningu með svipuðum hætti og gert er ráð fyrir í lögum nr. 38 14.

apríl 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Í Finnlandi er samningsréttur svipaður og í Svíþjóð. Þó er heimilt að vísa deilu til kjaradeilunefndar ríkisins sé talið að baráttuaðgerðin kunni að valda alvarlegri truflun á mikilvægum starfsþáttum þjóðfélagsins. Með þessum hætti er hægt að fresta verkfalli starfshóps um hálfan mánuð.

Í Danmörku hafa opinberir starfsmenn ekki verkfallsrétt. Takist ekki samningar leggur ríkisstj. fram frv. um launalög. Verkföll hafa þó verið framkvæmd hjá ýmsum starfshópum opinberra starfsmanna.

Í Noregi er verkfallsréttur ekki í venjulegri mynd, en starfsmönnum er heimilt að segja upp störfum með tveggja mánaða uppsagnarfresti og er ekki heimilt að ráða aðra í þær stöður meðan á kjaradeilu stendur.

Þessi mál standa því misjafnlega á Norðurlöndunum, en BSRB og aðilar þess hafa einkum litið til þess skipulags sem er viðhaft í Finnlandi.

Það er alveg ljóst að þótt opinberir starfsmenn hafi ekki haft verkfallsrétt hér á landi, þá hafa starfshópar knúið mjög á að undanförnu þótt verkfallsréttur hafi ekki verið fyrir hendi, og það er alveg ljóst að stöðugt fleiri hópar sætta sig ekki við það. Það má t. d. nefna verkfræðinga, lækna, flugumferðarstjóra, sjónvarpsstarfsmenn, póstmenn, sem stóðu fyrir jólayfirvinnubanni í eina tíð, símamenn, gæslumenn við geðhjúkrun og kennara. Starfsmenn í ríkisverksmiðjum, kennarar tækniskóla og félagar LSFK hafa knúið fram samninga með verkföllum, verkfallsboðun eða öðrum aðgerðum án þess að heimild sé til þess í lögum. Með samningum, sem ríkisvaldið hefur gert í kjölfar þessara aðgerða, hefur ríkisvaldið í reynd viðurkennt á borði verkfallsrétt ákveðinna hópa og samið á jafnréttisgrundvelli við launþega á sama hátt og þá sem verkfallsrétt hafa.

Það er alveg ljóst og það má telja fullvíst að fleiri hópar komi til með að nota þetta í framtíðinni, þó að 60 ára gömul löggjöf segi annað þar um.

Það kom fram hjá formanni Bandalags starfsmanna ríkis og bæja að samtökin hafa beitt sér fyrir athugun og fundahöldum og kannað hversu mikið fylgi er innan samtakanna fyrir því að fá verkfallsrétt. Það kom fram í hans máli að á öllum fundum og hjá nær öllum samtökum innan BSRB væri meirihlutafylgi fyrir þessum rétti, og nefndi hann töluna 85% að meðaltali. Það hefur hins vegar komið í ljós að í einu félagi, Starfsmannafélagi stjórnarráðsins, er ekki meirihlutafylgi fyrir þessum rétti. En eftir því sem ég best veit mun það vera eina félagið og tiltölulega fámennt.

Að mínum dómi er verkfallsréttur og réttur til að semja um kjör sín sjálfsögð mannréttindi. En vandinn er hins vegar hvernig farið er með þennan rétt. Það hefur komið fram og menn óttast, að með því að samþ. þetta frv. muni Bandalag starfsmanna ríkis og bæja vera með stöðuga verkfallssvipu á ríkisvaldið. Ég hygg að það sé ekki það sem mönnum ber að óttast. Menn geta og hafa tekið sér þennan rétt þrátt fyrir ákvæði laga, og ríkisvaldið hefur viðurkennt það að vissu leyti, enda hygg ég að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja hafi ekki áhuga fremur en aðrir launahópar á að beita þessu vopni. Það er eflaust áhugi flestra og nær allra að koma í veg fyrir slíkt.

Það er mjög mikilvægt varðandi verkfallsréttinn hvernig staðið er að verkfallinu, hvernig það er boðað og hversu margir taka þátt í að boða það sama verkfall. Í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur eru tilgreind þrjú atriði fyrir löglega boðuð verkföll. Það er í fyrsta lagi að það sé samþ. við almenna leynilega atkvgr. sem staðið hefur a. m. k í 24 klst., enda hafi félagsstjórnin auglýst nægilega hvar og hvenær atkvgr. um vinnustöðvunina skyldi fara fram. Í öðru lagi samþ. af samninganefnd eða félagsstjórn sem gefið hefur verið umboð til að taka ákvörðun um vinnustöðvunina með almennri atkvgr. sem farið hefur fram á sama hátt og greint er undir 1. lið. Í þriðja lagi samþ. af trúnaðarmannaráði ef lög viðkomandi félags fela því slíkt vald, enda hafi vinnustöðvunin verið samþ. með a. m. k. ¾ hlutum greiddra atkv. á lögmætum trúnaðarmannaráðsfundi.

Þessir liðir bera það með sér að tiltölulega fámenn samninganefnd eða félagsstjórn getur ákveðið hvenær hefja skuli verkfall ef hún hefur umboð til þess frá viðkomandi félagi. Ef við lítum hins vegar á á hvern hátt skuli staðið að boðun verkfalls samkv. því samkomulagi sem hefur verið gert við BSRB, þá kemur það fram í fyrsta lagi í nokkrum liðum í aths. við frv. á bls. 9. Þar segir m. a.: „Almenn regla að heimilt sé að gera verkföll og verkbönn til að stuðla að framgangi krafna í vinnudeilum. Verkfallsheimild nær aðeins til aðalkjarasamnings.“ Síðan kemur: Þessum mönnum er óheimilt að gera verkfall: a. Hæstaréttardómarar, ríkissaksóknari, sáttasemjari ríkisins. b. Héraðsdómarar o. s. frv. c. Ráðuneytisstjórar o. s. frv. d. Starfsmenn sáttasemjara ríkisins. e. Starfsmenn Alþingis o. s. frv. f. Forstöðumenn stjórnsýslustofnana o. s. frv. g. Forstöðumenn atvinnurekstrar og þjónustufyrirtækja og ýmsir fleiri. Þannig er ljóst að það eru ýmsir mikilvægir aðilar sem er óheimilt að gera verkfall. Auk þess er skylt að halda uppi nauðsynlegri öryggisgæslu og heilsugæslu þrátt fyrir verkfall.

Svokölluð kjaradeilunefnd ákveður hvaða einstakir starfsmenn skuli vinna í verkfalli. Í n. skulu eiga sæti 9 menn: 3 skulu valdir af fjmrh., 3 af heildarsamtökum launþega, 2 kjörnir af Sþ. og einn skipaður af Hæstarétti og skal hann jafnframt vera formaður n. Það er því ljóst að fyrir því er séð, að nauðsynlegar undanþágur verði veittar til þess að sinna öryggis-, slysa- og sjúkraþjónustu sem verður að vera fyrir hendi.

Í samningum segir að um boðun verkfalls skuli fara samkv. samþykkt heildarsamtaka. Kjaradeila skal ganga til sáttasemjara ríkisins ekki síðar en mánuði fyrir lok uppsagnarfrests. Strax og deila er komin til sáttasemjara skal hann kveðja tvo menn til starfa með sér að sáttum. Verkfall skal boða með 15 daga fyrirvara. Verkfall má ekki hefja fyrr en sáttatillaga hefur verið felld. Sáttanefnd skal leggja fram sáttatillögu a. m. k. 5 sólarhringum fyrir lok verkfallsboðunarfrests. Þegar sáttatillaga hefur verið

lögð fram getur sáttanefnd frestað verkfalli í allt að 15 daga. Eftir að verkfall er hafið getur sáttanefnd alltaf komið fram með miðlunartillögu eftir venjulegum reglum. Samúðarverkföll eru óheimil. Síðan kemur: Sáttatillaga og miðlunartillaga telst felld ef yfir 50% greiddra atkv. eru á móti henni, enda hafi yfir 50% á kjörskrá greitt atkv. Annars telst sáttatillaga samþ. Það er því ljóst, að hér gilda mjög strangar reglur um verkfallsboðun.

Það má einnig geta þess að samkv. þessu samkomulagi er samningstími alllangur miðað við það sem gengur og gerist. Það kemur fram í samningum að aðalkjarasamningur skuli gilda skemmst í 24 mánuði frá gildistökudegi miðað við mánaðamót og uppsagnarfrestur verði skemmst þrír mánuðir. Lögbundinn endurskoðunarréttur með gerðardómi eða verkfallsrétti fylgir ekki aðalkjarasamningi.

Ég held að það sé ljóst af því sem ég hef hér sagt, að með þessu samkomulagi og með þessu frv. er stefnt að verulegum samningsréttindum fyrir Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, en hins vegar þurfi menn ekki að óttast að það verði beitt mikilli verkfallssvipu gagnvart ríkisvaldinu. Ég tel að hér sé komið á sjálfsögðum réttindum til þessara starfshópa sem þeir hafa fallist á og samþ. og vil því aðeins að lokum leggja til að frv. verði samþ., og mælir n. shlj. með því.

Jón Árnason: Herra forseti. Hér er um allmikinn lagabálk að ræða sem unnið hefur verið að um alllangan tíma af hálfu fjmrn. og fulltrúa Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og er nánast samkomulag sem þessir aðilar hafa gert með sér, en þó að sjálfsögðu háð samþykki Alþ. En þrátt fyrir þennan undirbúning, sem málið hefur fengið, er því haldið fram að ekki hafi verið fullkannaðir af hendi fulltrúa starfsmanna sumir þættir samkomulagsins, þ. á m. vilji þeirra um verkfallsheimildina með þeim skilmálum sem fram koma í þessu frv. Ég hef a.m.k. fengið upplýsingar um það að niðurstöður í hinum ýmsu félögum séu á annan veg en fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni, þar sem hann fullyrti að um 85% af heildartölu félagsmanna í hinum ýmsu félögum væru því fylgjandi að þetta verkfallsákvæði væri, með þeim takmörkunum þó sem í frv. eru. En það er rétt sem hann sagði og ég hafði líka frétt varðandi starfsmenn sjálfs stjórnarráðsins, og þar var meiri hl. gegn þessu ákvæði samkomulagsins.

Í III. kafla frv., í 18. gr., segir svo, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði l. nr. 33/1915, um verkfall opinberra starfsmanna, er Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja heimilt að gera verkfall í þeim tilgangi að stuðla að framgangi krafna sinna í deilu um aðalkjarasamning með þeim skilyrðum og takmörkunum sem sett eru í lögum þessum og lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.“

Að vísu er rétt, eins og fram kom í ræðu frsm. n., að nokkrar takmarkanir eru á því hvenær opinberir starfsmenn mega hefja verkföll. En allt fyrir það er ég þeirrar skoðunar að þennan rétt eigi ekki að samþykkja til handa opinberum starfsmönnum nema því aðeins að þeir sitji við sama borð og aðrir launþegar í landinu hvað atvinnuöryggi og annað snertir. Atvinnuöryggið hefur alla tíð verið metið mikils, og það er einmitt á þeim forsendum sem opinberir starfsmenn hafa verið látnir fórna verkfallsrétti.

Nú er það svo, að í hvert skipti sem verkfall er boðað, þá láta æ fleiri aðilar í ljós þá skoðun að þessi baráttuaðferð sé orðin úrelt og að í slíkum menningarþjóðfélögum, sem nú eru í hinum menntaða heimi, hljóti að mega finna heilbrigðari leið til þess að útkljá málin og komast að sanngjörnum niðurstöðum um skiptingu þjóðarteknanna en hér á sér stað með þessum hætti. Mér finnst hart til þess að vita að einmitt nú þegar þessum skoðunum er að vaxa fylgi, þá skuli til þess koma að íslenska ríkið og starfsmenn þess leggi höfuðáherslu á að innleiða þetta úrelta kerfi sem hefur allt til þessa verið talið að ætti ekki við um opinbera starfsmenn.

Nú hefur mér verið tjáð, eins og ég sagði áðan, að á meðal opinberra starfsmanna og t.d. í sjálfu stjórnarráðinu séu mjög skiptar skoðanir um verkfallsákvæði samkomulagsins. Liggur það fyrir, eins og hér hefur komið fram, að þar er meiri hl. á móti því.

Ég vil að lokum taka það fram, — ég ætla ekki að orðlengja mikið um þetta mál því að það er aðallega varðandi þetta atriði sem ég er í andstöðu við þetta frv., — en ég vil að lokum taka það fram að það er mín skoðun að opinberir starfsmenn eigi ekki að sitja við lakari launakjör en aðrir launþegar í landinu, og ég held að það ætti að vera auðvelt að finna leið til þess að tryggja að svo verði. En þessari aðferð, að knýja fram kröfur sínar með verkföllum og það án þess að opinberir starfsmenn hafi fallist á að sitja að öðru leyti við sama borð og aðrir launþegar í landinu, henni get ég ekki verið fylgjandi. Ég er andvígur þessu ákvæði frv. og mun greiða atkv. gegn því þegar málið kemur til afgreiðslu í deildinni.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Með örfáum orðum vil ég lýsa afstöðu minni til þessa frv. og þessara samninga. Hér er um að ræða afstöðu til þegar gerðra samninga milli ríkisvaldsins og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, og í raun og veru er hér ekki um að ræða meginspurninguna, þ.e.a.s. um fullan og óskoraðan samningsrétt til handa BSRB, heldur mjög svo takmarkaðan samningsrétt.

Ég hlýt að gera aths. við það, sem hér hefur komið fram áður, að þó að einhvers staðar í einhverra röðum vaxi þeirri skoðun fylgi að verkföll séu úrelt fyrirbæri, þá sýnir reynslan okkur allt annað. Reynslan frá síðasta vetri er t.d. gleggst til vitnis þar um, þegar verkalýðsfélögin áttu einskis annars úrkosta en reyna þá leið til þess að ná í nokkru fram sínum rétti. Ég held því að það líði langur tími þangað til við komumst svo langt á þróunarbrautinni að verkföll verði úrelt fyrirbæri, þau eigi ekki fullan rétt á sér. En þau eru vitanlega alltaf,

eins og tekið er fram af verkalýðshreyfingunni, hennar nauðvörn, hennar síðasta tækifæri til þess að leiðrétta sinn hlut.

Þessir samningar, sem hér er um að ræða, eru áfangi sem samtök ríkisstarfsmanna í heild, þrátt fyrir einstakar deildir e.t.v., hafa fallist á sem fyrsta skrefið að fullum samningsrétti í líkingu við þann samnings- og verkfallsrétt sem aðildarfélög Alþýðusambands Íslands hafa nú. Það er rétt að það virðist nú sótt að þeim rétti, sem verkalýðsfélögin hafa haft og hafa, og þann rétt verður að vernda, á það skal lögð þung áhersla. En á þennan áfanga ber auðvitað að líta fyrst og fremst í ljósi þess að hér er um fólk að ræða sem alls engan slíkan rétt hafði. Einmitt með tilliti til þess ber þó að fagna áfanganum, þó að ég viti að félagar BSRB, sérstaklega þeir lægra launuðu, telji hann yfirleitt of skammt ganga.

Mönnum verður ansi tíðrætt um atvinnuöryggið margumtalaða með æviráðningunni svokölluðu. En mér er sagt að sú æviráðning og það öryggi, sem henni fylgir, sé nú æ meira að hverfa og í einstökum tilfellum sé hún nær alveg horfin, menn séu ráðnir til ákveðins tíma og um æviráðningu sé ekki að ræða. Hitt vill mönnum líka gleymast æðioft, hve láglaunahóparnir innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja eru margir og hvað kjör þeirra eru í raun hrakleg. Og ég fullyrði að kjör margra þeirra væru betri í dag hefðu þeir haft þennan rétt sem þeir öðlast nú með þessu lagafrv.

Ég get nefnt dæmi um það ótalin sem opinber starfsmaður um mína starfsævi alla þegar á opinberum starfsmönnum hefur verið brotið óvægilega einmitt vegna réttarstöðu þeirra gagnvart kjaramálum sínum — eða réttara sagt réttarleysis þeirra. Og vitanlega hefur það ævinlega komið harðast niður á þeim lægst launuðu í þeirra hópi. Ég veit líka um þau neikvæðu áhrif sem dómar Kjaradóms, sem einu sinni áttu allt að leysa, höfðu iðulega og réttláta reiði opinberra starfsmanna af þeim sökum. Ég veit t.d. að ekki fór mín stétt, kennarastéttin, varhluta þar af, svo mjög sem sérstaða þeirrar stéttar hefur verið teygð og toguð langt um of til þess einmitt að halda kjörum kennarastéttarinnar niðri til stórskaða fyrir stéttina í heild.

Það er líka rétt að undirstrika nauðsyn þess fyrir svo fjölmenn samtök sem Bandalag starfsmanna ríkis og bæja að þurfa ekki að vera eins gersamlega háð samanburði við Alþýðusamband Íslands og verið hefur, þó að stundum hafi sá réttur meira að segja verið algerlega af þeim tekinn, að verða að una við það eitt að sitja aðgerðalausir með öllu, svo fjölmennur launþegahópur, þegar einstök verkalýðsfélög eða heildarsamtök þeirra hafa oft með fórnfrekri baráttu verið að vinna að bættum launakjörum opinberra starfsmanna um leið. Með þessum áfanga er a.m.k. úr því dregið, þó að ég áliti sem opinber starfsmaður alla mína starfsævi að þá hljóti takmark opinberra starfsmanna, — og það veit ég að er yfirgnæfandi meiri hl. fyrir í þeirri starfsstétt sem ég hef tilheyrt, kennarastéttinni, — markmið þeirra og takmark hljóti og eigi að vera að sitja við sama borð og meðlimir Alþýðusambands Íslands, heyja baráttu fyrir sínum kjörum, færa sínar fórnir ef því er að skipta.

Þar sem hér er um margt merkilegan áfanga að fullum samnings- og verkfallsrétti opinberra starfsmanna að ræða hlýt ég að styðja þessi frumvörp, fjögur samtengd sem hér eru nú til 2. umr., en eingöngu — og það skal ítrekað — sem réttarbót þeirra sem engan rétt höfðu, fyrsta skrefið til þeirra sem höfðu áður — ég vil segja nær engan rétt til beinna ákvarðana um kaup sitt og kjör. Í þjóðfélagi eins og okkar hlýtur nefnilega fullur samningsréttur að vera lokatakmarkið hjá opinberum starfsmönnum, að þeir sitji þar sem næst við sama borð og verkalýðshreyfingin í dag, eigi þar þann sama rétt sem hefur bjargað verkalýðshreyfingunni til þessa dags þegar í nauðir hefur rekið og verður áfram hennar helgasti réttur.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13:1 atkv.
2.—6. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
7.—17. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
18. gr. samþ. með 12:2 atkv.
19.—25. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
26.—29. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
30.—33 gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
34.—35. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
36.—41. gr. samþ með 15 shlj. atkv.
42.—46. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13:2 atkv.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 573, n. 695). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur tekið til athugunar frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 frá 24. maí 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. N. fjallaði um þetta frv. samhliða 258. og 260. máli og leggur til að þetta frv. verði samþ.

Ég gerði í framsögu um 258. mál grein fyrir þessu máli í heild. En það kom fram í umr. að það var litið svo á að hér væri um fyrsta skrefið að ræða í baráttu opinberra starfsmanna fyrir samningsrétti. Það er nú ekki svo að hér sé um fyrsta skrefið að ræða því að ýmis skref hafa verið stigin áður, m.a. þegar ákveðið var að opinberir starfsmenn fengju samningsrétt, en ef samningar næðust ekki, þá væri málinu vísað til Kjaradóms. Reynslan verður að skera úr um það hvernig framkvæmd þessara mála reynist. En við hljótum að leggja á það áherslu að allar reglur um verkfallsboðun og framkvæmd verkfalls séu sæmilega skýrar, því að það er nú svo að það hefur mjög oft í þessu landi verið boðað til ólöglegra verkfalla og ekki gætt þess að fara að lögum. Það er því nauðsynlegt að það sé nokkur tími, frestur, sem gefist þangað til verkfall kemur í framkvæmd, þannig að ekki sé hlaupið til allt í einu og verkfall boðað öðruvísi en málið hafi verið skoðað mjög gaumgæfilega.

Það var einnig allmikið rætt um æviráðningu opinberra starfsmanna. Ég vil geta þess að í des. 1974 var kveðinn upp í Hæstarétti dómur þar sem talið var að heimilt sé að ráða opinberan starfsmann með gagnkvæmum uppsagnar-

fresti og svipta menn þar með í framtíðinni æviráðningu. Það skal þó tekið fram að þeir starfsmenn, sem ráðnir voru fyrir áramótin 1974, verða án gagnkvæms uppsagnarfrests, þeir njóta æviráðningar áfram. En samkv. þessum dómi er heimilt að ráða menn í þjónustu ríkisins með gagnkvæmum uppsagnarfresti, og það mun vera allmikið um það að svo sé gert. Ég tel það vera rétta stefnu að það sé gagnkvæmur uppsagnarfrestur, og ég hygg að það séu allmargir opinberir starfsmenn sem telja eðlilegt að gagnkvæmur uppsagnarfrestur sé fyrir hendi. Það má einnig geta þess að þau atriði, sem þurfa að vera fyrir hendi ef um brottrekstur úr starfi er að ræða, eru allmörg, og koma fram í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna:

1. Ef starfsmaður brýtur af sér í starfi með: a) óstundvísi eða annarri vanrækslu, b) óhlýðni við lögfest boð eða bann yfirmanns, c) vankunnáttu eða óvandvirkni, d) ölvun í starfi, e) framkomu í eða utan starfs ósæmilegri, óhæfilegri eða ósamrýmanlegri því starfi.
2. Fullnægir ekki lengur skilyrðum til þess að fá skipun, setningu eða ráðningu í stöðuna.
3. Hefur náð hámarksaldri.
4. Skipunartími hans samkv. tímabundnu skipunarbréfi er útrunninn.
5. Hann flyst í aðra stöðu.
6. Staðan er lögð niður.

Nú hafa dómar að vísu fallið þannig að um ólöglegan brottrekstur hefur verið að ræða, en samt mun það aldrei hafa komið fyrir að starfsmaður hafi verið dæmdur inn í starf aftur. Þetta sýnir að æviráðningin er nú ekki eins föst í sessi og margir vilja halda fram og það er hægt að beita uppsögnum þótt sakir séu tiltölulega litlar.

Að svo mæltu vil ég ítreka það að fjh.- og viðskn. leggur til að frv. þetta verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, frv. (þskj. 574, n. 696). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 frá 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. N. hefur fjallað um þetta frv. samhliða 258. og 259. máli og leggur til að frv. verði samþ.

Ég hef í framsögu fyrir þeim málum, sem n. afgreiddi samhliða þessu máli, gert grein fyrir málinu, en þetta frv. fjallar fyrst og fremst um það hvaða starfsmönnum er óheimilt að gera verkföll, og frv. gerir ráð fyrir því að nýjar mgr. bætist við 29. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

N. leggur því til að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Laun starfsmanna ríkisins, frv. (þskj. 575, n. 697, 712). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á l. nr. 92 24. des. 1955, um laun starfsmanna ríkisins Til fundar við n. komu þeir Björn Fr. Björnsson sýslumaður, Ásgeir Pétursson sýslumaður og Björn Hermannsson tollstjóri, fulltrúar sýslumanna og bæjarfógeta, og einnig þeir Þorsteinn Geirsson og Árni Kolbeinsson fulltrúar frá fjmrn. N. leggur til, að frv. verði samþykkt, en það mun hafa fallið niður við prentun nál. að Albert Guðmundsson undirritaði nál. með fyrirvara, og það liggur fyrir brtt. frá hv. þm. Albert Guðmundssyni á þskj. 712 sem gerir ráð fyrir viðbót við þetta frv. og mun hann væntanlega gera grein fyrir henni.

Það kom fram, að þetta mál hefur verið alllengi til meðferðar, en er nú liður í samkomulagi við BSRB. Með frv. þessu er lagt til að felld verði niður ákvæði 25. gr. l. nr. 92 1955 sem kveður á um lögbundna þóknun til innheimtumanna ríkissjóðs vegna innheimtu ríkissjóðstekna, en þeim verði í þess stað ákveðin laun fyrir störf þessi með reglugerð er fjmrh. setur.

Það hefur verið gert uppkast að slíkum reglum og þar er gert ráð fyrir því að lítið sem ekkert verði greitt fyrir aðflutningsgjöld. En það hefur verið allmikið greitt fyrir aðflutningsgjöld sem hefur m.a. valdið því að tollstjórinn í Reykjavík hefur fengið óeðlilega há innheimtulaun. Það er einnig gert ráð fyrir að greiða tiltölulega lítið fyrir söluskatt því að hann innheimtist vel, en hins vegar betur fyrir tekju- og eignarskatt og þá með það í huga að innheimtulaun verði fyrst og fremst greidd þegar komið er upp fyrir ákveðið innheimtuhlutfall. En áður mun það hafa verið þannig að innheimtulaunin voru fyrst og fremst greidd af fyrstu innheimtunum. Með þessu er reynt að hvetja til betri innheimtu. Einnig er gert ráð fyrir því að innheimtulaunin miðist að einhverju leyti við hve innheimtuhlutfallið er gott hjá viðkomandi innheimtumanni. Þetta frv. gerir því ekki ráð fyrir því, miðað við það uppkast sem hefur verið gert að reglugerð, að innheimtulaun starfsmanna ríkisins hækki. Það er hins vegar ástæða til þess að ætla að þau lækki eitthvað í heild, en hins vegar dreifist þau mun meir til þessara innheimtumanna. Sá, sem lækkar mest, er fyrst og fremst tollstjórinn í Reykjavík, en hins vegar munu væntanlega hækka allnokkuð minni umdæmi, sem hafa mun minni innheimtu á aðflutningsgjöldum og söluskatti en tollstjórinn í Reykjavík. Jafnframt er þess vænst að þessar breytingar verki sem hvatning á þessa sömu innheimtumenn til að gegna starfi sínu enn betur. Þótt það sé skoðun mín að slík hvatning ætti ekki að þurfa að vera fyrir hendi, þá virðist það nú samt vera svo að það verki mun betur á innheimtuhlutfallið ef slíkur hvati er fyrir hendi.

Fjh.- og viðskn. leggur því til að frv. verði samþ., en eins og ég gat um áður undirritaði Albert Guðmundsson nál. með fyrirvara.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil þakka frsm. fjh.- og viðskn. þessarar hv. d. fyrir að hafa bent á þau mistök sem hafa orðið hér í prentun. Nál. skrifaði ég undir með fyrirvara, en þess er ekki getið, líklega er hér um prentvillu að ræða.

Ég vil taka það fram að ég er í öllum atriðum samþykkur frv. sem liggur hér fyrir, en hef þó flutt brtt. við frv. að gefnu tilefni. Ég tel að allir, sem innheimta söluskatt eða önnur gjöld sem teljast til ríkissjóðstekna, séu á sinn hátt starfsmenn ríkisins eða innheimtumenn ríkissjóðs. Flestir, sem innheimta söluskatt, gera það samkv. lögum eða skipun framkvæmdavaldsins, en hingað til endurgjaldslaust. Ég tel óhæfu að sumir þegnar þjóðfélagsins skuli skyldaðir til að leggja fram vinnu endurgjaldslaust, á sama tíma sem launaðir starfsmenn ríkisins, embættismenn, fá aukaþóknun fyrir að vinna sömu eða lík störf. Þar fyrir utan eru t. d. verslunarmenn ábyrgir fyrir söluskattsskilum, oft áður en greiðandi söluskatts hefur greitt skattinn til viðkomandi manna sem taka á móti söluskattinum. Ég get tekið sem dæmi, sem ekki er sjaldgæft og kemur oft fyrir, að kaupmaður láni t. d. efnalitlu fólki lífsviðurværi ef illa stendur á og þarf að standa skil á söluskatti áður en hann fær hann greiddan sjálfur. Ég tel að hér sé mönnum mismunað í launagreiðslum eftir því hvort það er launaður embættismaður eða skyldaður af ríkisvaldinu til að inna af höndum störf fyrir ríkisvaldið án launa.

Skipuð var nefnd af hæstv. fjmrh. 27. okt. 1971 til að gera till. um breytt fyrirkomulag á greiðslu aukatekna sýslumanna, bæjarfógeta og sambærilegra embættismanna. Ég vil taka fram að það, sem snýr að innheimtustörfum þessara embættismanna, er sambærilegt við hvaða innheimtustörf sem innt eru af hendi til að afla ríkissjóðstekna, — hvort sem mennirnir eru kallaðir embættismenn eða ekki, þá eru störfin þau sömu, svo að ég tel að þeir, sem eru skyldaðir til að innheimta, vinni sömu störf og þeir sem eru á launum hjá ríkinu til þess að gera það sama. N. skipuðu valinkunnir menn, þeir Baldur Möller, Björn Fr. Björnsson, Björn Hermannsson og Sigurgeir Jónsson, og ég held að það sé nokkur trygging fyrir því að hér hafi verið vel að verki staðið.

Þá stendur hér að n. hafi skilað till. sínum í júní 1972. Niðurstaðan var sú að n. taldi þörf á gagngerri breytingu á núverandi greiðslum fyrir innheimtu aukatekna. Miðuðu till. n. að því að jafna hlut innheimtumanna frá því sem verið hefur og jafnframt að því að gera innheimtukerfið að hvata til bætts innheimtuárangurs. Sem sagt, það þarf að hvetja embættismenn með aukatekjum til þess að gera skyldu sína.

Ég skal ekki fjalla um það hvort hér er rétt eða rangt að staðið, ég hef enga brtt. um þessi atriði að gera, en ég tel að þeir, sem hingað til hafa verið ólaunaðir, en skyldaðir til að inna þetta starf af hendi fyrir ríkissjóð, eigi að fá greiðslu fyrir það. Þess vegna hef ég leyft mér að flytja brtt., sem er á þskj. 712, við frv. til l. um breyt. á l. nr. 92 24. des. 1955, um laun starfsmanna ríkisins. Ég vil undirstrika það að þegar þjóðfélagsþegn er skyldaður til að inna störf af höndum fyrir ríkissjóð og þá til þess að afla ríkissjóði tekna, þá lít ég á hann sem starfsmann ríkisins hvað það snertir. Því hljóðar till. mín svo:

„Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:

Enn fremur skal fjmrh. með reglugerð ákveða þóknun til annarra innheimtuaðila ríkissjóðstekna (þ. e. annarra en opinberra starfsmanna).“

Það getur þá verið um að ræða fleiri starfshópa en verslunarstéttina.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég vil gjarnan taka undir það með hv. 12. þm. Reykv. að mér finnst að mörgu leyti óeðlilegt að það skuli þurfa að vera svo, að embættismenn þurfi að hafa ákveðinn hvata til að bæta sinn innheimtuárangur. Þeir eiga að fá laun fyrir sín störf og væri eðlilegast að þau laun væru þannig að þeir gætu skilað starfi sínu á sómasamlegan hátt, og ég efast ekki um að flestir þeirra munu gera það. En þetta kerfi hefur verið lengi og er því eðlilegast að mínum dómi, fyrst ekki er unnt að leggja það niður, að breyta því þannig að það sé meiri jöfnuður í því kerfi, og þess vegna styð ég það.

En varðandi þá brtt., sem hv. 12. þm. Reykv. hefur lagt fram, þá er hér um mál að ræða sem oft hefur verið rætt. Hér er um stórmál að ræða sem ég tel að sé á engan hátt hægt að afgreiða á þann hátt sem hér er gert ráð fyrir, þ. e. a. s. að heimila fjmrh. að greiða öðrum þóknun. Það er mál sem verður að athuga mun betur. Ég vil því leggja til að sú till. verði felld.

Þegar rætt er í grg. með frv. um sambærilega embættismenn við sýslumenn og bæjarfógeta, þá er fyrst og fremst átt við t. d. tollstjóra og lögreglustjóra, en kaupmenn og kaupfélög geta á engan hátt flokkast undir embættismenn. Það er hins vegar rétt, að það er mjög mikill galli í sambandi við söluskattinn að þeir, sem þurfa að stunda lánsviðskipti, og ég hygg að það sé einna mest hjá kaupfélögunum sem m. a. hafa mikil viðskipti við bændur, þurfi að standa skil á söluskatti jafnt þó að viðkomandi aðili skuldi mikla úttekt. En hvort þessi mál verða best leyst með því að menn fái innheimtuþóknun af söluskatti, það leyfi ég mér að draga í efa. Það er nú svo að það er mjög mismunandi hvað þarf að hafa fyrir því að selja vörur. Er það eðlilegt að aðili, sem selur við skulum segja vél sem kostar 10 millj., fái sömu innheimtulaun og sá sem selur stykkjavöru? Ég er þeirrar skoðunar að það eigi ekki að greiða þessum aðilum innheimtulaun. Þeir fá sína álagningu til að standa undir sínum kostnaði, og það er að mínum dómi með álagningunni sem á að standa undir kostnaðinum, en tel á allan hátt óeðlilegt að þeir fái innheimtulaun. Ég veit ekki til þess að það tíðkist í nokkru landi, þar sem ég þekki til, að sá aðili, sem selur vöruna, fái innheimtulaun fyrir að skila þeim aurum til ríkisins.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Í sjálfu sér er hálfslæmt að hæstv. fjmrh. skuli ekki vera viðlátinn, því að eins og kemur fram í aths. við þetta lagafrv. var á sínum tíma, þ. e. a. s. 1971, skipuð sérstök n. sem kannaði þetta mál til hlítar og skilaði allmikilli grg. um þetta mál. Við í fjvn. og sérstaklega í undir-

nefnd fjvn. ræddum við þessa menn eða a. m. k. suma þeirra og fengum þessi gögn í hendur, og eftir alllanga stund birtist þetta frv. og er nú til umfjöllunar í miklum tímaskorti.

Það er greinilegt að embættismenn hafa um það nokkuð mismunandi skoðun, hvaða þóknun á að taka fyrir að standa sig vel í sínum embættisrekstri. En það er gömul venja að það hefur verið talið nauðsynlegt að greiða þeim fyrir, sem innheimta fyrir ríkissjóð, umfram föst laun. Uppi hafa verið skoðanir um að gera á þessu verulegan greinarmun í prósentum talið eftir eðli innheimtugjaldanna, og einkum heyrði ég á mönnum að ekki ætti að byrja að borga neitt ef einhver innheimti 85—90%, því að það væri nánast lítil fyrirhöfn. Við, sem höfum staðið í atvinnurekstri, þekkjum það að okkur er sendur listi yfir starfsmenn okkar sem við skulum taka af ákveðin gjöld, og við fáum stórar sektir fyrir, atvinnuveitendur, ef við hlýðum því ekki. Þetta er yfirleitt bréf sem embættismaður viðkomandi yfirvalds skrifar og *yfirvaldið sem slíkt sér oft aldrei*, svo að fyrirhöfnin er öll sett í hendur annarra manna sem þurfa tíðum að standa í ýmsu til þess að standa skil á því er bréfið leggur mönnum kvöð á hendur að gera. En fyrir þetta fær enginn neitt nema taugaspennuna eina sér og hótun ef ekki er staðið vel í skilum.

Svo er hinn stóri þátturinn. Þegar farið er nú að nálgast þriðja tug milljarða sem er innheimt í gegnum söluskattinn, þá kostar það auðvitað mikla fyrirhöfn fyrir þá er sú kvöð fellur á. Og það er ekki nýtt hér á Alþ., það var hér virðulegur og góður fulltrúi Framsfl. sem fyrir mörgum árum lagði oft til að þetta starf yrði einhvers metið. En það hefur ekki náð fram að ganga enn þá. En ég vil að hæstv. fjmrh. sé gefið svigrúm til þess að ákveða með reglugerð, eins og segir í till. frá hv. þm. Albert Guðmundssyni, þóknun til annarra innheimtuaðila, og þá kemur auðvitað samvinnuhreyfingin þarna inn eins og allir aðrir. Það verður svo að vera mat þeirra, er hafa ávinning af þessu, hvort það fer í fyrirtækið eða til einhverra persóna innan fyrirtækisins sem eiga að standa skil á þessum mikilvægu gjöldum til ríkissjóðs. Og kvöðin um að standa skil á þessum mikilvægu gjöldum hefur nú verið sett svo ört að það þarf að skila þeim með mjög stuttum fyrirvara að viðlögðum gífurlegum sektum. Hefur orðið á því veruleg breyting frá því sem áður var, þannig að menn eru reknir áfram í því efni að gera góð skil.

Við höfum samþykkt hér á hv. Alþ. að leggja þessa kvöð á hinn almenna aðila í atvinnulífinu. En ég tel ekkert óeðlilegt að hæstv. fjmrh. — og mundi treysta núv. fjmrh. til að meta það án þess að setja ríkissjóð um of í hættu — viðurkenndi vel unnið verk í þágu ríkisins í innheimtuskyni. Ég styð því till. sem hv. 12. þm. Reykv., Albert Guðmundsson, ber fram. Ég tel, að hún eigi fullan rétt á sér og okkur væri sómi að því að hún tæki gildi frá og með 1. jan. 1977.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Í sambandi við þá brtt., sem hér hefur verið borin fram við afgreiðslu þessa frv., þá get ég tekið það fram að ég er alveg samþykkur þeim tilgangi eða þeirri hugsun sem stendur að baki þessarar till., og ég hef oft látið þá skoðun í ljós að ég teldi ekki óeðlilegt um svo gífurlega innheimtustarfsemi sem þarna er lögð á herðar hinum ýmsu atvinnurekendum og ýmsu aðilum í þjóðfélaginu í sambandi við innheimtu á veigamikilli tekjuöflun ríkisjóðs, þá væri það ekki ósanngjarnt að þessum aðilum væri veitt nokkur umbun af hálfu hins opinbera. Persónulega er ég þeirrar skoðunar að slík tilhögun gæti beinlínis borgað sig fyrir ríkissjóð, þannig að ef þetta yrði gert innan skynsamlegs ramma, þá gæti slík tilhögun að vissu leyti verkað sem nokkur hvati á menn að standa betur skil á þessum skatti, og ég held að þessi tilhögun gæti að mörgu leyti orðið til góðs. Hins vegar finnst mér ekki eðlilegt að ákvörðun í þessu *sambandi sé tengd lögum um laun starfsmanna* ríkisins, því að ég vil ekki eiga aðild að því að fara óbeinlínis kannske að fjölga allt í einu ríkisstarfsmönnum um nokkur þúsund manna í viðbót við allan þann mikla hóp sem telst innan þeirra raða í dag. Af þeirri ástæðu get ég ekki lagt þessari brtt. hv. 12. þm. Reykv. lið.

Annað er einnig í þessu sambandi sem hindrar mig í að fylgja þessari till. Nú er staðreynd að í fjárl. yfirstandandi árs er ákveðin upphæð sem ríkissjóður leggur til hagsmunasamtökum kaupsýslustéttarinnar í landinu. Ég var á sínum tíma á móti þessu fjárframlagi úr ríkissjóði, en þá var mér skýrt frá að þetta fjárframlag væri komið inn í fjárlög sem nokkurs konar málamiðlun eða viðurkenning af hálfu ríkissjóðs og hugsað sem umbun til verslunarstéttarinnar fyrir þá þjónustu sem hún lætur af hendi í sambandi við innheimtu söluskatts. Ef á að taka upp einhverja ákveðna tilhögun um það að veitt verði einhver innheimtuþóknun fyrir að *innheimta og standa skil á söluskatti*, þá vil ég að það verði gert á þann veg, að a. m. k. verði gengið frá því að þessi liður fjárlaganna falli þá niður um leið og frá slíkri ákvörðun um þóknun fyrir innheimtu hefur endanlega verið gengið. Því mun ég greiða atkv. gegn þessari till.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Aðeins nokkur orð til andsvara því sem hv. 5. þm. Austurl., Halldór Ásgrímsson, sagði í ræðu sinni nr. 2. í þessu máli. Ég er honum sammála um meginatriði þessarar till. og hef því ekki fremur en hann neina breytingu við hið svokallaða kerfi að gera, þó að það sé kannske verkefni út af fyrir sig og athugunarefni hvers vegna þessir starfsmenn geta ekki starfað að fullu af samviskusemi án aukatekna eins og aðrir þjóðfélagsþegnar að innheimtustörfum eða öðrum þeim störfum, sem þeim er falið að vinna og ber skylda til að gera samkv. sínum embættisskipunarbréfum. En það er annað mál og ég hef ekki neina till. um það frekar en hv. 5. þm. Austurl. að gera. En ég held, að hann hafi tekið hér afskaplega slæm dæmi þegar hann tók dæmið um sölu vélar sem kostaði kannske 10 millj. og af henni fengju menn þá eitthvað meiri þóknun heldur en, eins og hann sagði, innheimtulaun, heldur en þeir sem selja stykkjavöru. Ég held að þetta sé mjög mikill misskiln-

ingur. Hröð sala í stykkjavöru hefur yfirleitt miklu meiri veltu heldur en hæg sala í vélum, fyrir utan það, að vélasala kallar á alls konar skyldur við framtíðarþjónustu vélanna, bæði hvað varahluti snertir og eins þjónustu eins og upplýsingastarfsemi ef um bilanir er að ræða.

En það er annað sem ég vil alveg sérstaklega benda á vegna þess að það er stórt atriði. Innheimtulaun eru ekki innifalin í álagningu, þ. e. innheimtulaun fyrir innheimtan söluskatt eru ekki í álagningargrundvelli. Og ég veit ekki til þess, eins og hann sagði hér, — ég vitna í það sem ég skrifaði eftir honum: Það tíðkast ekki í neinu landi að innheimtulaun greiðist ekki fyrir innheimtu ríkissjóðstekna, — ég veit ekki um mörg lönd þar sem álagning er ekki að öllu leyti eða a. m. k. að mestu leyti algerlega frjáls. Ef svo væri hér þyrftu verslunarmenn og verslunin yfirleitt, hvort sem það heitir samvinnuverslun eða ekki, þá þyrfti hún ekki að taka á sig þann gífurlega innheimtukostnað, þann aukakostnað vegna vinnu við innheimtu ríkissjóðstekna eins og raun ber vitni, en fá hann ekki endurgoldinn. Sum stór fyrirtæki þurfa bóstaflega að hafa í sinni þjónustu sérstakt fólk til að gegna þessum kvöðum sem ríkisstj. eða ríkisinnheimtan leggur á þau í þegnskyldu, og þá er ég ekki viss um nema um stjórnarskrárbrot sé að ræða. Ég efast um að Alþ. geti sett þau lög sem skylda menn til að vinna fyrir ekki neitt. Ég stórefast um það. En það vita þeir, sem nokkuð fylgjast með verslun og þá stærri verslunum, að það þarf a. m. k. einn mann aukalega til að fylla út form á vegum ríkisins og sjá um að skil séu gerð á þann hátt sem lög mæla fyrir um.

Ég vil taka það fram, án þess þó að vita með vissu, að ég veit ekki um eitt einasta land 30—35 árum eftir lok heimstyrjaldarinnar síðustu sem enn þá býr við alls konar brbl. og reglugerðir sem settar voru á stríðsárunum, eins og t. d. álagningartakmarkanirnar sem koma í veg fyrir frjálsa verðmyndun í landinu. Ef verðmyndunin væri frjáls, þá væri hægt að byggja verðmyndunina upp á þann hátt að verðið stæði undir öllum tilkostnaði við rekstur fyrirtækja, en ég er sannfærður um að vörurnar yrðu þó ódýrari en þær eru í dag. Ég held því að þetta sé svo góð till., þessi brtt., að mér dettur ekki í hug að 1976 sé einn einasti þm. í Ed. — ég skal ekkert segja um Nd. — sem ekki samþykkir þessa brtt.

Hvað varðar málflutning flokksbróður míns, 2. þm. Norðurl. e., þá gleður það mitt hjarta að hann skuli vera samþykkur hugsuninni sem er að baki till. um greiðslu fyrir innheimtu ríkissjóðstekna til þeirra sem verða að innheimta þessar tekjur. Ég varð þess vegna nokkuð hissa að hann skyldi byrja mál sitt á þessum orðum, en enda með því að segja að hann ætlaði ekki að vera með till. Og hann tók fram að till. gæti orðið til góðs. En það er ekki rétt að tengja hana lögum um starfsmenn ríkisins. Með henni áleit hann að væri verið að fjölga í hópi ríkisstarfsmanna. Ég held að hópurinn, sem innheimtir þessar tekjur, breytist ekkert hvort sem till. er samþ. eða felld. Það heldur áfram að vera þegnskylduvinna fyrir þessa aðila að innheimta ríkissjóðstekjur ef hún verður felld. Það breytir engu. En það heldur líka áfram að vera þegnskylda, þessir aðilar og þessi vinnuhópur verður látinn inna af hendi þessi störf í þágu ríkissjóðs fyrir ekki neitt og minna en ekki neitt, vegna þess, eins og ég tók fram áðan, að mikill aukakostnaður er við mannahald og að sjálfsögðu allt sem leiðir af mannahaldi, skrifstofuhald og allt sem er í kringum það, húsnæði og annað, sem er hreinn mínus þá, vegna innheimtu ríkissjóðstekna. En hér segir — með leyfi hæstv. forseta — í aths. við lagafrv. þetta; ég las þetta reyndar upp áðan, ég ætla að lesa það aftur:

„Með bréfi, dags. 27. okt. 1971, skipaði fjmrh. n. til að gera till. um breytt fyrirkomulag um greiðslu aukatekna sýslumanna, bæjarfógeta og sambærilegra embættismanna". Ég álít að þegar er búið að taka verslunarstéttina og gera hana að sambærilegum embættismönnum við aðra innheimtumenn ríkissjóðstekna, þá eigi það sama að ganga yfir alla.

Varðandi ummæli hv. 2. þm. Norðurl. e. í sambandi við þær 3 millj. kr. sem eru á fjárlögum til kaupsýslustéttarinnar, þá er það ekki alveg rétt orðað, enda talar hv. þm. af mikilli vanþekkingu um þetta framlag, ekki bara hér, heldur líka við afgreiðslu fjárl. Þessar 3 millj. eru til komnar eftir kjarasamninga og eru framlag til Kaupmannasamtaka Íslands til þess að þau komi á stofn hagdeild. Þetta er veitt í alveg sérstökum tilgangi. En þetta er ekki, eins og hv. þm. gat um, umbun til verslunarstéttarinnar fyrir þá þjónustu sem hér er um að ræða, þ. e. innheimtu ríkissjóðstekna. Það er mesti misskilningur. Mér þætti vænt um ef hann vildi kynna sér málið betur og leiðrétta það síðan sjálfur.

Hvort það er góð till. eða slæm, sem hv. 2. þm. Norðurl. e. gerði í lok máls síns að fella niður þessa 3 millj. kr. fjárveitingu á fjárl. og í staðinn komi þóknun í einhverju formi, þá þóknun fyrir innheimtu ríkissjóðstekna, það er mál sem þarf að athuga betur og ég get ekki sagt um á þessu stigi. En það þyrfti þá að hækka það eitthvað meira en um það sem ég er með í huga fyrir innheimtu söluskatts o. fl. ef á að standa undir hagdeild, sem er sett á stofn að ósk ríkisstj. sjálfrar við gerð kjarasamninga.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessar umr. Ég vildi aðeins gera örstutta aths. við það sem hv. þm. Albert Guðmundsson sagði.

Það er nú svo að það verður tíðrætt í þessari d. um stjórnarskrárbrot, og ég skal ekki fullyrða hvort hér er um stjórnarskrárbrot að ræða, en mér þykir það frekar ósennilegt. Ég valdi þessi dæmi sem ég nefndi aðeins vegna þess að ég skildi á hans málflutningi að menn skyldu fá umbun fyrir að innheimta söluskattinn, en

ekki fyrir að selja vöruna. Það hlýtur að vera minni vinna að innheimta söluskatt af einum hlut og einni sölunótu heldur en innheimta söluskatt af hundruðum eða þúsundum sölunótna. Jafnvel þótt hv. þm. hristi höfuðið, þá veit ég að hann veit betur. Það var þess vegna sem ég valdi þessi dæmi. Þess vegna held ég að hann hafi misskilið mál mitt.

ATKVGR.

Brtt. 712 felld með 11:1 atkv.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3 umr. með 12 shlj. atkv.

Efri deild, 104. fundur.

Miðvikudaginn 12. maí, að loknum 103. fundi.

Kjarasamningar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, frv. (þskj. 572). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13:1 atkv. og afgr. til Nd.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 573). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, frv. (þskj. 574). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Laun starfsmanna ríkisins, frv. (þskj. 575). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Sjúkraþjálfun, frv. (þskj. 752). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Happdrætti Háskóla Íslands, frv. (þskj. 633). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. þetta hefur verið afgr. í Nd. Það er flutt samkv. tilmælum Háskóla Íslands. Efni þess er að það verði veitt lagaheimild til þess að nota tölvu við drátt í happdrættinu, en það **þykir ekki heimilt að gefa slíkt leyfi nema** um það sé fengin heimild í lögum. Tölvuútdráttur hefur ekki tíðkast í þessu happdrætti, en hins vegar hefur hann tíðkast við útdrátt í skuldabréfalánum.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þetta mál. Samsvarandi aths. eiga við um tvö næstu málin á dagskránni, 10. og 11. mál, og sé ég ekki ástæðu til að hafa sérstaka framsögu fyrir þeim. Ef n. sú, sem fær þessi mál til meðferðar, kynni að óska upplýsinga, þá bendi ég á skrifstofustjóra í rn., Ólaf Walter Stefánsson, sem getur gefið fyllri upplýsingar.

Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga, frv. (þskj. 635). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, frv. (þskj. 634). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Námslán og námsstyrkir, frv. (þskj. 364, n. 645 og 686, 646, 687, 730). — Frh. 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 687,1 felld með 11:4 atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 687,2 felld með 11:5 atkv.
3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 687,3 felld með 11:4 atkv.
4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 687,4 felld með 11:4 atkv.
6. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 687,5 felld með 10:4 atkv.
7. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 646,1 (ný 8. gr.) samþ. með 11:5 atkv.
Brtt. 646,2 (ný 9. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 687,7 felld með 10:5 atkv.
11. gr. samþ. með 11:2 atkv.
Brtt. 687,8 samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 730 kom ekki til atkv.
Brtt. 646,3 (ný 12. gr.), svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
13.—14. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
15. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 646,4 samþ. með 12 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
17. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:3 atkv.

Stofnlánasjóður vörubifreiða, frv. (þskj. 644). — 1. umr.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Samgn. hefur að beiðni samgrh. flutt frv. til l. um stofnlánasjóð vörubifreiða á flutningaleiðum. Í frv. þessu er kveðið á um að myndaður verði stofnlánasjóður til að veita lán til að aðstoða við kaup á vörubifreiðum, sem annast vöruflutninga út á land. Slíkir flutningar með vörubifreiðum hafa farið ört vaxandi og er það bæði vegna þess hvað flutningaþörfin hefur aukist og einnig hins, hvað vegakerfið hefur batnað, nýjar leiðir hafa opnast og stærri bifreiðar verið teknar í notkun, en það hefur gert flutningana hagkvæmari. Að einu leyti má þó segja að um öfugþróun hafi verið að ræða þar sem á sama tíma hefur dregið tiltölulega mjög úr flutningum á sjó þar sem þó hefur verið hægt að koma slíkum flutningum við. En vegakerfið er hins vegar víða illa undir það búið að þola margfaldan umferðarþunga. Það er tvímælalaust brýnt verkefni að endurskipuleggja flutninga á sjó með það fyrir augum að þeir uppfylli þær kröfur sem gerðar eru um öryggi og hraða og verði að því leyti samkeppnisfærir við landflutninga. En þrátt fyrir það þó að slíkt takist getur það ekki nema að takmörkuðu leyti komið í staðinn fyrir vöruflutninga með bifreiðum þar sem það er víða eini möguleikinn, eins og t. d. á Suðurlandi.

Það er því augljóst að þörfin fyrir stofnfjársjóð fyrir slík flutningatæki verður fyrir hendi og fer vaxandi þar sem flutningatækin stækka og endurnýjun þeirra verður þar af leiðandi erfiðari. Þetta hefur einmitt komið glöggt í ljós að undanförnu. Þess vegna hefur landsfélag vörubifreiðaeigenda á flutningaleiðum samþykkt að greiða 1% af veltu sinni til að stofna slíkan sjóð. Samkv. lauslegri áætlun er gert ráð fyrir að það framlag geti verið 8 millj. kr. árlega og samkv. þessu frv. greiddi ríkissjóður sömu upphæð. En þar sem staða bifreiðaeigenda var ákaflega erfið s. l. ár veitti framkvæmdasjóður þá bráðabirgðalán að upphæð 40 millj. kr. í þessu skyni til Iðnaðarbankans sem endurlánaði það síðan til vörubifreiðakaupa til skamms tíma. Hugmyndin var sú, að þetta lán gæti gengið til væntanlegs stofnlánasjóðs svo að hægt væri að breyta þessum skammtímalánum í föst lán. Þetta nær þó ekki fram að ganga fyrr en Alþ. hefur staðfest stofnun hans. Alþ. hefur líka viðurkennt þörfina fyrir úrlausn á þessum málum með samþykkt þáltill. um stofnlánasjóð vegna stórra atvinnubifreiða og stórvirkra vinnuvéla sem samþ. var hinn 18. mars s. l. Þar er hins vegar um miklu umfangsmeira verkefni að ræða svo að undirbúningur þess tekur lengri tíma. Samþykkt þessa frv. ætti þó ekki að tefja það, þar sem auðvelt ætti að vera að samræma það hinu væntanlega frv., en hins vegar knýjandi að finna lausn á því bráðabirgðaástandi sem ég gat um hér að framan að er á þessum skammtímalánum. Í þessum tilgangi er þetta frv. flutt.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður, frsm. samgn., hv. 4. þm. Suðurl., gerði í raun í lokin nokkra grein fyrir því hvernig á því stæði að þetta verkefni væri tekið út úr sér þrátt fyrir það að nýlega hefði verið samþ. á Alþ. till. til þál. sem við fluttum, Karvel Pálmason og Páll Pétursson, um stofnlánasjóð eða stofnlánadeild sem hefði það hlutverk að veita lán til kaupa á vörubifreiðum, langferðabifreiðum og stórvirkum vinnuvélum. Það kann að vera rétt, að hér sé um miklu viðameiri verkefni að ræða þegar þessi tæki koma inn í, bæði langferðabifreiðarnar og hinar stórvirku vinnuvélar. En á hitt legg ég áherslu, að vandi þessara aðila er síst minni en vörubílstjóra. Það er að vísu rétt að geta þess, að þeir, sem hafa keypt stórvirkar vinnuvélar, hafa sumir hverjir fengið vissa lánafyrirgreiðslu úr Byggðasjóði, en þurft til þess að uppfylla ýmis ströng skilyrði. Ég held að það sé rétt hjá mér að til þeirra hafi verið lánað allt að 30%, en skilyrði hafa verið mjög ströng varðandi þetta svo sem eðlilegt hlýtur að vera. Og auðvitað er óeðlilegt að Byggðasjóður eigi að koma hér í lánakerfið nema þá sem alveg sérstakur viðbótaraðili við hinn eiginlega stofnlánasjóð, sem sæi um þetta verkefni.

Má vera að hér sé um skref í áttina að þessum sjóði að ræða. Ég hef út af fyrir sig ekkert við það að athuga að til þessa sjóðs verði þannig stofnað, en hlýt þá jafnframt, ef meiningin er að koma þessu í gegn nú á þessu þingi, að treysta því sérstaklega, þar sem þetta hefur nú verið samþ. hér á Alþ., að þessir aðilar, þeir sem sjá um langferðabifreiðarnar, og hinir, sem eru með stórvirku vinnuvélarnar, verði ekki lengi utan við þennan sjóð, verði teknir sem allra fyrst

þar inn í. Ég er t. d. alveg sannfærður um að það stendur ekkert á þeim frekar en eigendum vörubílstjóranna að greiða þennan hluta af sinni veltu inn í þennan stofnlánasjóð. Ég hef það mikið rætt við þá aðila um þetta að ég veit að það stendur ekkert á því. Því held ég að ég verði að leggja á þetta sérstaka áherslu, ekki síst vegna þess að langferðabílarnir okkar, þ. e. a. s. þeir bílar sem annast áætlunarferðir, eiga í geysilegum erfiðleikum nú. Ég er jafnvel á því, að erfiðleikar þeirra, sem halda uppi áætlunarferðum víðs vegar um landið og ætíð fer þó fækkandi, — erfiðleikar þeirra séu enn þá meiri, tekjur þeirra enn þá stopulli en vörubílstjóranna. Og þegar ég var með þessa till. um atvinnubifreiðarnar og stórvirku vinnuvélarnar, þá hafði ég þessa aðila, langferðabílstjórana, alveg sérstaklega í huga, þó að vörubifreiðarnar kæmu að sjálfsögðu þar næstar á eftir og síðan hinar stórvirku vinnuvélar sem æ meira ryðja sér til rúms og eru orðnar nær ómissandi við öll meiri háttar verk.

Ég sem sagt treysti því að þetta sé, eins og hv. frsm. gat hér um, skref í áttina, það væri ekkert því til fyrirstöðu sem sagt að í þennan sjóð kæmu seinna þeir aðilar sem um er getið í till. sem samþykkt var hér um stofnlánasjóð vegna langferðabifreiða og stórvirkra vinnuvéla. Á það verður að treysta. Ég tel það hins vegar nokkru miður, að þessir aðilar skuli vera teknir sérstaklega út úr, af þeirri ástæðu að ég er viss um að vandi þeirra er ekki meiri en hinna, fyrir svo utan það að einmitt þessum vörubifreiðum, sem hér er sérstaklega um rætt, þ. e. a. s. þessum stærstu vörubifreiðum og bifreiðum sem flytja vörur landshluta á milli, þessum bifreiðum fylgir óneitanlega töluverð hætta fyrir þjóðvegina okkar og meira en það. Við þurfum sem sagt að taka alla flutninga okkar í raun og veru til gagngerðrar endurskoðunar, og ég veit ekki hvað við eigum að ganga langt í því að næstum allir flutningar á vörum milli landshluta fari fram með þessum stóru vörubifreiðum sem skemma vegi okkar meira og minna og eru þjóðvegakerfinu í heild mjög dýrir. Ég er hins vegar ekki að draga úr nauðsyn á þessari þjónustu. Hún er svo sannarlega fyrir hendi vegna þess sérstaklega að vöruafgreiðsla okkar með skipum hefur gersamlega verið í molum.

Ég vil sem sagt treysta því að ef það er meiningin að þetta frv. fái framgang núna, þá verði þeir aðilar, sem við Karvel Pálmason og Páll Pétursson höfðum sérstaklega í huga í þessu sambandi, eigendur langferðabifreiða og stórvirkra vinnuvéla, teknir sem allra fyrst inn í þennan sjóð.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég þarf held ég ekki að svara mörgum orðum því sem hv. 7. landsk. þm. sagði hér, þar sem ég held að það hafi komið fram í minni framsöguræðu hver ástæðan er fyrir því að þetta mál er tekið hér sérstaklega. Þeir aðilar, sem þetta frv. nær til, voru búnir að undirbúa þetta mál vel og mátti segja að það væri tilbúið til þess að leggja það fram þegar þátill. var samþykkt hinn 18. mars s.l. um undirbúning að stofnun sjóðs fyrir stórvirkar vinnuvélar og stóra bíla. En eftir samþykkt þeirrar þáltill. ætlaði samgrh. einnig að bíða með þetta mál og undirbúa það í sumar. En þessir aðilar, sem standa að þessum vöruflutningabifreiðum, leggja mjög mikla áherslu á að fá þetta frv. samþykkt vegna þess bráðabirgðaástands sem er á þeim lánum sem þeir fengu á s. l. ári og eru alger vandræði að geta ekki gengið frá. Þess vegna lögðu þeir mikla áherslu á að þetta mál yrði lagt núna fram.

Ég sagði einmitt það sama og hv. 7. landsk. þm. um nauðsyn þess að gera allt sem hægt væri til þess að létta á vegunum með betri skipulagningu á flutningum á sjó, en jafnframt að þessir landflutningar hljóta að halda áfram fyrir því vegna ástæðna sem ég tilgreindi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til samgn. með 16 shlj. atkv.

Dýralæknar, frv. (þskj. 289, n. 693, 369, 694). — 2. umr.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Landbn. hefur haft frv. til l. um breyt. á lögum um dýralækna til athugunar um alllangt skeið ásamt brtt. við frv. sem borin er fram af Jóni Helgasyni og Steinþóri Gestssyni. Landbn. sendi frv. þetta til umsagnar Búnaðarfélagi Íslands og til yfirdýralæknis og voru umsagnir þeirra aðila beggja á þá lund að þeir lögðu til að frv. og brtt. yrði samþ. óbreytt.

Ég held að ég þurfi ekki að hafa mörg orð um þetta frv. Frv. sjálft fjallar um umdæmi Strandasýslu og Vestur-Húnaþings, sem var eitt umdæmi áður. Nú er lagt til að skipta því, og í grg. er bent á það sem er forsenda fyrir því. Eins og þdm. er kunnugt er þarna um geysilegar fjarlægðir að ræða sem ekki verður hægt að brúa þannig að viðunandi sé í þessu efni nema með því að skipta umdæminu milli tveggja lækna. Hins vegar varðar sú brtt., sem er á þskj. 369, Rangárvallasýsluumdæmi. Lagt er til að skipta því nú vegna þess að gripafjöldi hefur þar stóraukist í umdæminu og það svo, að það er ekki viðhlítandi þjónusta sem mögulegt er fyrir einn mann að veita í því starfi. Það varð því niðurstaða landbn. að mæla með þessum skiptingum báðum. En ég vil láta það koma fram hér að n. hafði um það fullt samráð bæði við landbrh. og fjmrh. og töldu þeir sig báða samþykka þeirri breyt., sem hér er lagt til að gera.

Till. á þskj. 369, brtt. Jóns Helgasonar og Steinþórs Gestssonar, er tekin aftur þar sem landbn. hefur tekið meginmál hennar upp og gert að sinni till. ásamt því sem landbn. leggur til að 3. gr. frv. verði breytt. Í frv. var gert ráð fyrir að lög þessi öðluðust þegar gildi, en landbn. leggur til, að lög þessi öðlist gildi 1. jan. 1977. Þá er gert ráð fyrir því, eins og var í brtt. á þskj. 369, að þau lög, sem hér yrðu væntanlega samþ., ásamt breyt., sem gerðar hafa verið á lögunum eftir 1970, verði felld saman í ein lög og gefin út þannig til hægðarauka.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál, en landbn. leggur til að frv. verði samþ. með þeirri brtt. sem n. flytur á þskj. 694.

Jón Helgason: Herra forseti. Eg vil þakka hv. landbn. fyrir að hafa tekið brtt. frá okkur hv. 6. þm. Suðurl. og gert hana að brtt. sinni við frv., og dreg ég þá okkar till. til baka.

ATKVGR.

Brtt. 369 teknar aftur.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 694, 1 (tvær nýjar gr., verða 3.—4. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 694,2 (ný 3. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Búfjárræktarlög, frv. (þskj. 582, n. 631). — 2. umr.

Frsm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Það er mér mikil ánægja að mega mæla fyrir nál. landbn. um þessa breyt. á búfjárræktarlögum sem flutt var í Nd. af hv. varaþm. Sigurði Björgvinssyni og var um það að Búnaðarfélag Íslands skyldi skylt að sjá um að rækta og vernda íslenskt forustufé þannig að það glatist ekki sem sérstakt fjárkyn, heldur verði ávallt til stofn af hreinkynja forustufé sem tryggi viðhald þessarar búfjártegundar um ókomin ár.

Í grg. með þessu frv. sagði hv. flm. með leyfi forseta:

„Allt fram á fyrstu tugi þessarar aldar hefur forustufé verið mikilvægur þáttur í sauðfjárbúskap íslendinga. Meðan enn tíðkaðist að halda fé stift til beitar á vetrum og meðan það var flutt milli staða öðruvísi en vera rekið, stundum um langa vegu yfir fjallvegi og óbrúuð vatnsföll, kannske í ófærð og vondum veðrum, þá var það oft frábær dugnaður og vitsmunir forustufjárins sem gerðu mönnum kleift að sigrast á erfiðleikunum. En með breyttum búskaparháttum hefur forustuféð nú á síðustu árum sífellt verið að tapa því mikilvægi sem það áður hafði. Og ef svo heldur fram sem horfir er þess skammt að bíða að sú hætta vofi yfir að forustufé hverfi með öllu úr íslenskum búsmala."

Fyrir þessu flutti flm. á sínum tíma mikla og snjalla ræðu sem sannfærði Nd.-menn mjög rækilega um að hér væri þarft og gott mál á ferðinni. Þaðan er það komið, þetta frv., að vísu nokkuð breytt, en með sama aðaltilgangi. Og landbn. Ed. hefur athugað frv. og leggur til að það verði samþ. óbreytt eins og það er komið frá Nd., en fjarverandi afgreiðslu málsins voru Bragi Sigurjónsson og Jón Árnason.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Umferðarlög, frv. (þskj. 490, n. 578). — 2. umr.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Allshn. Nd. hefur rætt á fundum sínum frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 frá 23. apríl 1968, en till. um breyt. á þessum lögum fjalla um sektaákvæði og ákvæði um að ef við brot gegn lögum þessum eða reglum, sem settar eru samkv. þeim, er farið eftir fyrirmælum eða með vitund og vilja bifreiðaeigandans eða stjórnanda í starfi, þá skuli honum einnig refsað.

Allshn. mælir einróma með því, að frv. þetta verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Efri deild, 105. fundur.

Miðvikudaginn 12. maí, að loknum 104. fundi.

Dýralæknar, frv. (þskj. 765). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Umferðarlög, frv. (þskj. 490). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 783).

Búfjárræktarlög, frv. (þskj. 582). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 784).

Námslán og námsstyrkir, frv. (þskj. 764). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:5 atkv. og afgr. til Nd.

Dagvistunarheimili, frv. (þskj. 668). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þetta frv. er, eins og raunar er augljóst, lagt hér fram til kynningar aðeins. Um áramótin var rekstur dagvistunarheimila eitt af þeim verkefnum sem flutt voru frá ríkissjóði yfir á sveitarsjóðina. Það er skoðun okkar í menntmn. að þjónusta skuli vera óbreytt eigi að síður, og raunar kemur það fram í höfuðatriðum í þeim ákvæðum sem um tilfærsluna voru sett á sínum tíma. Menntmrn. telur hins vegar nauðsynlegt að gera til samræmingar við breytta tilhögun fleiri breyt. á lögunum um dagvistunarstofnanir en þær sem gerðar voru um leið og tilfærsla verkefnanna átti sér stað. Þær breyt., sem rn. leggur til að gerðar verði á lögunum, eru fluttar hér og málið er flutt sem heilstætt frv. Hins vegar er í aths. við frv. gerð ítarleg grein fyrir breyt. Ég sé ekki ástæðu til þess, með tilliti til aðstæðna, að tefja tíma hv. d. með því að rifja það allt upp hér í ræðuformi, en leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni umr. vísað til menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi, frv. (þskj. 718). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi. Samhljóða frv. var lagt fyrir bæði 94. og 96. löggjafarþing, en varð þá ekki útrætt. Það er undirbúið af n. sem fyrrv. menntmrh. skipaði 1971. Nál. og umsagnir voru prentaðar með frv. við fyrri flutning og þær eru ekki endurprentaðar að þessu sinni. Frv. var flutt í Nd. sem hefur nú gert á því nokkrar breyt. sem ég er út af fyrir sig alveg samþykkur. M.a. hefur sú breyt. verið gerð að gildistaka frv. er miðuð við 1. jan. 1977.

Meginstefna þessa frv. er að nemendur, sem lokið hafa skyldunámi, eigi þess kost að afla sér sérmenntunar til undirbúnings störfum í viðskiptalífinu um leið og þeir treysta almennt þekkingargrundvöll sinn, eins og gengur og gerist.

Með vísun til ítarlegra athugasemda, sem þessu frv. fylgja, og til ræðu, sem ég flutti við 1. umr. málsins í Nd., mun ég ekki fara út í það að rekja einstök efnisatriði þessa frv. hér við 1. umr. í hv. deild.

Ég held að það fari ekki á milli mála að þörf traustrar menntunar á viðskiptasviðinu hefur vaxið mjög svo með auknum umsvifum á þjóðarbúinu og með æ fjölbreyttari atvinnu- og viðskiptaháttum. Ríki og sveitarfélög hafa haft forustu um það að byggja upp hið almenna skólakerfi, um útfærslu og eflingu menntakerfisins í flestum greinum. En um viðskiptafræðsluna er hins vegar þá sögu að segja, að þungi hennar hefur hvílt á samtökum verslunarinnar sem rekið hafa tvo einkaskóla, Verslunarskóla Íslands og Samvinnuskólann í Bifröst, þó með mjög verulegum styrkjum úr ríkissjóði. Í þessu frv. er gert ráð fyrir að þessir skólar haldi áfram að starfa á vegum samtakanna, en með auknum stuðningi ríkisvaldsins. Svo er jafnframt ætlast til þess að námið verði þáttur í meira eða minna samræmdri menntun á framhaldsskólastiginu almennt og geti t.d. farið fram í fjölbrautaskólum, eftir því sem þeir koma til sögu, og svo þá í sérstökum verslunarskólum, fleiri heldur en einkaskólunum tveimur, ef ástæða þykir til þess.

Starfs- og rekstraraðstaða þessara tveggja einkaskóla er orðin ákaflega erfið, og er óhætt að segja að það sé varla unnt að gera ráð fyrir rekstri þeirra til langframa á svipuðum grundvelli og nú á sér stað. Ég hygg að það verði ekki undan því vikist að ríkið taki vaxandi þátt í rekstri þeirra eins og annarra skóla á framhaldsskólastiginu og eins og hér er lagt til að gera. Menn getur greint á um það kannske hvort það sé óhjákvæmilegt að gera þessa breyt. nú eða hvort hún geti komið síðar, en ég held að leiki ekki á tveim tungum að hún verði að koma. Þetta hefur verulegan kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð, og það er rétt og skylt að gera n. nánari grein fyrir því með því að leggja fyrir hana athugun fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar á þessu atriði, á kostnaðarhliðinni.

Ég vil svo aðeins láta það koma fram hér að í framhaldi af setningu grunnskólalöggjafarinnar fer nú fram beinlínis í samræmi við ákvæði þeirrar löggjafar endurskoðun á framhaldsskólastiginu í heild. Það er starfandi nefnd sem vinnur að gerð frumtill. um þessi efni og mun skila þeim áður en langir tímar líða. Ég hef rætt við þessa n. um þetta frv. og hún telur að löggjöf í samræmi við það geti í megindráttum fallið inn í þá heildarendurskoðun sem nú fer fram.

Með tilliti til þess, sem ég áður sagði um þá ítarlegu grg. sem fylgir þessu frv., þá þarf ég ekki að orðlengja þetta frekar, en leyfi mér að leggja til að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 15 shlj. atkv.

Neðri deild, 107. fundur.

Miðvikudaginn 12. maí, kl. 2 miðdegis.

Almenningsbókasöfn, frv. (þskj. 724). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Fasteignasala, frv. (þskj. 489). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 754).

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 581). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 755).

Umræður utan dagskrár.

Ellert B. Schram: Virðulegi forseti. Það var seinni partinn í gær sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sá ástæðu til að kveðja sér hljóðs utan dagskrár vegna starfa allshn. Ég var því miður bundinn annars staðar vegna skyldustarfa, en ég tel nauðsynlegt að strax nú í dag komi fram athugasemdir og mótmæli varðandi þau ummæli sem hann viðhafði í sinni ræðu þá. Hann taldi að allshn. og þá hv. Alþ. „ætli að heykjast á því að afgr. svo mikið sem eitt einasta af þeim fjölmörgu málum sem snerta dómsmál og rannsókn sakamála sem fyrir Alþ. hafa verið lögð", og hann taldi að sú afstaða, sem hv. allshn. hafi tekið í þessu máli, þ. e. a. s. um afgreiðslu á frv. til l. um rannsóknarlögreglu, væri sú versta, sem hægt væri að taka undir þessum kringumstæðum, og langt í frá vansalaus fyrir Alþ. og sýndi sinnuleysi sem fólk hlýtur að eiga erfitt með að trúa, eins og málum er háttað.

Þetta eru fullyrðingar sem ég vísa algjörlega á bug og eru auðvitað langt frá því að vera í samræmi við staðreyndir málsins. Vera má að þessar yfirlýsingar hv. þm. stafi af ókunnugleika. Ég tel það vera sennilegustu skýringuna því í vetur hefur hv. allshn. haldið 16 fundi, en hv. þm. hefur mætt á 5 nefndarfundum, en hann á sæti í þessari nefnd. N. hefur á þessum fundum sínum, 16 fundum, fengið til meðferðar 25 mál og hefur nú afgr. 16 þeirra frá sér. Af þeim, sem enn þá eru óafgreidd, eru 3 þingmannafrv., eitt frv. um ættleiðingu, sem nýbúið er að leggja fram, og 3 frv., sem fjalla um meðferð opinberra mála, skipan dómsvalds og rannsóknarlögreglu og eru öll skyld mál sem fylgjast að. Af þeim frv., sem n. hefur afgr. frá sér, eru 10 þeirra lögð fram af hálfu dómsmrn. og snerta dómsmál og lögreglumál, og tvö til viðbótar í þessum málaflokki hefur n. samþ. sem eru lögð fram af einstökum þm.

Frv. um rannsóknarlögreglu og tvö fylgifrv. með því frv. liggja enn óafgr. hjá allshn. Hv. þm. túlkaði þessa stöðu svo að Alþ. vildi ekki sinna dóms- og rannsóknarmálum. Þessi ályktun og áburður er alvarlegur, og það er mjög áríðandi að mótmæla honum kröftuglega. Rannsóknarlögreglufrv. var tekið fyrir í fyrsta skipti á fundi allshn. 9. mars s.l. og þá var það sent til umsagnar. Umsagnir lágu fyrir strax eftir páska eða í lok apríl. Seinkun á einni umsögn og fjarvera mín frá þinginu í tvo daga olli því að fyrsti fundur n. eftir páska var haldinn þriðjudaginn 4. maí. Þá var þetta mál sérstaklega tekið fyrir og ákveðið að halda sérstakan fund um þessi frv. á föstudegi, á sérstökum tíma, sem er ekki reglulegur fundartími n., þann 7. maí. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson mætti ekki á þeim fundi. Þá lágu fyrir umsagnir frá allmörgum aðilum og við yfirlestur á þeim kom í ljós að mjög veigamiklar athugasemdir komu fram. Það var því einróma álit nm., sem allir voru mættir að undanskildum nefndum þm., einróma álit þeirra að það væri eðlilegt og rétt að fresta afgreiðslu þessa máls að sinni. Það varð mat n. að þetta mál væri svo veigamikið að það væri ekki skynsamlegt og ekki heppilegt, ef horft væri til framtíðarinnar, að afgr. það í einni svipan, það væri til meira gagns fyrir dómstóla og löggæslu að það yrði ekki hrapað að nýju fyrirkomulagi sem áhrifamiklir og málsmetandi aðilar á þessum vettvangi vildu tjá sig um og voru kannske ósammála og óánægðir með þær till. sem gerðar höfðu verið. Í þessu máli skiptir augnablikið ekki öllu, heldur frambúðarskipan. Á það ber og að líta að það frv. til l. um rannsóknarlögreglu ríkisins, sem hér var rætt um og hefur verið til meðferðar, á að taka gildi í fyrsta lagi 1. jan. 1977. (**Forseti:** Ég vil nú biðja hv. þm. að stytta mjög mál sitt. Það er ekki ætlast til að slíkar umr. taki nema örfáar mínútur.) Ég skal gera mitt besta til að stytta mál mitt. Það er aðeins til þess að útskýra afgreiðslu þessa máls sem ég tel nauðsynlegt að þetta komi fram, vegna þess að hv. þm. virðist hafa fengið hér allnokkurn tíma í gær til þess að ræða um störf nefndarinnar.

Þar sem fyrir lá að frv. átti ekki að taka gildi fyrr en í fyrsta lagi 1. jan. 1977, þá má álíta að skjót afgreiðsla næsta haust á þessu frv. mundi ekki koma í veg fyrir það að það taki gildi með eðlilegum hraða og á eðlilegum tíma.

Ég skal, virðulegi forseti, svo ljúka máli mínu, aðeins segja það að þáltill., sem borin er fram af hv. þm. Sighvati Björgvinssyni, hefur ekki fengið afgreiðslu úr þessari n. Þar er um að ræða að veita embættum og rn. ótakmarkaða heimild til að ráða til starfa ýmsa sérfræðinga til þess að leysa fram úr margvíslegum dómsmálum. Það hefur ekki tíðkast að veita svo ótakmarkaðar heimildir hér á Alþ. Nefndin treystir sér ekki til að gera það nú. Ég vil því undirstrika að það er ekki vegna þess að allshn. hafi lítinn áhuga eða skort á skilningi á þessum málum sem hún hefur ekki treyst sér til að afgr. þessi mál, heldur einmitt vegna þess að hún vill búa svo um hnútana að það verði til frambúðar.

Svava Jakobsdóttir: Virðulegi forseti. Ég fékk þau skilaboð áðan frá hæstv. forseta í sæti mitt, að mér væri velkomið að taka til máls á þessum þingfundi í dag, og þykir mér hugur hæstv. forseta nokkuð hafa breyst til mín frá því í gær, er mér var meinað að taka til máls þegar ég hafði beðið um orðið. Ég hef skilið þingsköp svo að hér ríkti málfrelsi og þm. fengju að tala þegar þeir bæðu um orðið, en biðu ekki eftir því að forseti sendi þeim boð um að nú mættu þeir tala.

Í gær, þegar mér var meinað að tala, ætlaði ég að greina frá afstöðu minni í allshn. í því máli sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson gerði að umræðuefni utan dagskrár þar sem hann kvartaði undan því að mál fengjust ekki afgr. úr n. Það eru í sjálfu sér ákaflega eðlileg við-

brögð þm. að hann kvarti undan því, og mér hefur skilist að það sé skylda forseta að sjá svo til þess að n. afgr. mál eða gerðu grein fyrir afstöðu sinni. Ég heyrði ekki að hv. þm. fengi nein slík loforð af hálfu hæstv. forseta í gær.

Á fundi allshn. föstudaginn 7. maí lagði formaður allshn., hv. þm. Ellert B. Schram, til að máli þessu yrði frestað. Ég féllst á þetta fyrir mitt leyti vegna þess að þá var búið að láta þau boð út ganga hér á hv. Alþ. að miða ætti störf við það að þingi lyki eftir viku, þ. e. a. s. um helgina 15. maí. Þetta var fyrsti fundurinn sem við fjölluðum um mál þetta eftir að nm. allir höfðu kynnt sér umsagnir, og það var augljóst að það var mikil vinna fyrir höndum og vandasamt verk að búa það frv. svo úr garði að allir mættu vel við una. Og ég vona að hæstv. dómsmrh. fallist á að rétt sé að þm. vandi þetta verk sitt vel. Af þessum ástæðum féllst ég á að fresta þessu til næsta þings.

Hins vegar liggur einnig fyrir allshn. þáltill. frá þrem þm.: hv. þm. Sighvati Björgvinssyni, Jónasi Árnasyni og Karvel Pálmasyni, um heimild ráðh. til fleiri mannaráðninga vegna rannsókna afbrotamála. Sú till. fæst ekki heldur afgr. úr n., og skilningur formanns var sá, að með því að fresta frv. til l. um rannsóknarlögreglu hefði n. einnig frestað afgreiðslu á þessari þáltill.

Við umr. á næstsíðasta fundi n. féllst formaður hins vegar á það að þessi afstaða hans hefði engan veginn verið skýrt afmörkuð né hefði afstaða allra nm. legið ljós fyrir um þetta. Og alltjent er það svo að þetta var ekki minn skilningur, enda er það ekki bókað á fundi 7. maí að sú þáltill. hafi verið tekin sérstaklega fyrir, hvað þá að það hafi verið ákveðið að sú till. yrði ekki afgr. úr n. Ég vil beina því til hæstv. forseta að hann beiti áhrifum sínum til þess að allshn. skili þessari till. úr nefnd.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Út af orðum hv. þm. vil ég taka það fram, að það er alrangt að ég hafi minnstu tilhneigingu sem forseti til þess að hefta málfrelsi þm. yfirleitt. Það á jafnt við um hv. 5. þm. Vestf., sem kvaddi sér hljóðs í gær í tilefni af þessu máli, og hv. 5. landsk. Mér finnst eðlilegt að þm. ýti á eftir afgreiðslu mála í n., og ég tek undir þá hvatningu þm. að vitanlega eiga n. að kappkosta að skila frá sér málum svo snemma sem unnt er. En vegna þess að látið hefur verið í veðri vaka að einhvers konar gerræði hafi verið í frammi haft af minni hálfu, er tveimur hv. þm. var ekki veitt orðið utan dagskrár í gær, vil ég segja það, sem ég hygg að flestir hv. þdm. skilji og viðurkenni, að hér hafði verið boðaður fundur í Sþ. og á þeim tíma sem þessar umr. fóru fram í örfáar mínútur, þær upphófust rétt fyrir þann tíma sem Sþ. átti að hefja sinn fund. Það hlýtur því öllum að vera ljóst að sá tími sem Nd. hafði til umráða til síns fundar, var liðinn, og ég vísa því á bug að með því að neita hv. þdm. um orðið utan dagskrár, þegar svo stendur á, sé haft í frammi nokkurt gerræði, og því síður þegar það er gert, að strax á næsta fundi er sömu hv. þm. boðið að gera þær athugasemdir sem þeir höfðu ekki tækifæri til daginn áður tímans vegna.

Ég hygg að ég hafi með þessu gefið þá skýringu að það geti varla talist réttmætt af hálfu hv. þm. að kvarta um að þeim sé meinað málfrelsi hér í deildinni.

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi forseti. Út af þeim orðum, sem virðulegur forseti lét falla áðan, vil ég taka það sérstaklega fram að ég hef þurft á því að halda nokkrum sinnum í vetur, bæði hjá þessum ágæta forseta og öðrum, að fá að tala hér utan dagskrár og hef aldrei mætt öðru en fyllsta skilningi af þeirra hálfu. Ég skil það ósköp vel og það er eðlilegt að nú á síðustu dögum þingsins óski forsetar eftir því við þm. að þeir reyni að takmarka umr. utan dagskrár, og ég skal reyna að verða við því eftir því sem mér er framast unnt, því ég tel að þessi afstaða forseta sé skiljanleg. Ég mun reyna að fara eins fáum orðum um þetta mál og ég mögulega get.

Þá kemur fyrst að afgreiðslu frv. um rannsóknarlögreglu ríkisins, og ég tek það sérstaklega fram að í því skyni er ég að beina óskum til hæstv. forseta og hæstv. dómsmrh. um að þeir veiti atfylgi sitt til þess að mál af þessu tagi fáist afgr. á þessu þingi. Ég vil taka það fram í fyrsta lagi að umsagnir eru að vísu margar og mismunandi um þetta frv., en þær hafa borist fyrir talsverðum tíma. Þegar ljóst var að hv. þm. Ellert B. Schram, formaður allshn., mundi ekki vera tiltækur til að halda fund í n. vegna þess að hann var fjarri þingstörfum, þá komu aðrir nm. í hv. allshn. að máli við mig og spurðu hvort ég mundi þá vera fús til þess að reyna að fylgja málinu án þess að hv. formaður n. væri viðstaddur, og ég kvað það sjálfsagt þó að ekki til þess kæmi.

Til þess að reyna að hraða afgreiðslu þessa máls var sú ákvörðun tekin af hv. formanni n. að láta ljósrita allar þær umsagnir, sem borist höfðu, og senda öðrum nm. þessar umsagnir. Þær umsagnir voru tiltækar fyrir s.l. helgi, talsvert fyrir þá helgi, um miðja s.l. viku, og þá ákvað formaður allshn. að taka málið fyrir kl. 10 á föstudag s.l., eins og ég sagði frá í gær. Þá taldi ég að ætti að afgr. þetta mál og var fyrir mitt leyti tilbúin til þess. Hins vegar brá svo við, að á fimmtudag veiktist ég og bað um veikindaleyfi hér í hv. d., sendi boð um það hingað með þeim hætti sem vani er til og fékk það leyfi. Ég vil leyfa mér að spyrja forseta að því hvort hægt sé að atyrða þm., eins og mér skildist að hér væri gert, fyrir að mæta ekki á nefndarfundi þegar hann hefur fengið leyfi hæstv. forseta til þess að vera fjarverandi frá þingstörfum vegna veikinda. Er það þá þinglegt að ráðast á hann úr ræðustól hér í þingi fyrir að hafa ekki mætt á nefndarfundi?

Ég tek það fram að ég er enn tilbúinn til þess að afgr. málið um rannsóknarlögreglu ríkisins. Ég er enn tilbúinn til þess, treysti mér vel til þess að gera það og er búinn að gera upp hug minn hvað afstöðu varðar til þeirra athugasemda sem fram hafa komið. En aðeins til þess að sýna það að lokum hvaða háttur hefur verið hafður á afgreiðslu þessara mála, til þess að nefna dæmi um það sem ég nefndi ekki í gær, þá vil ég geta þess að á fundi allshn., þeim fyrsta sem

haldinn var eftir þennan tíma, sem var á mánudaginn eða í gær, þá skýrði formaður n. frá því að á föstudagsfundinum hafi verið samþ. að afgr. ekki úr n. þáltill. mína um rannsókn sakamála sem málgagn hæstv. forsrh. tók undir í leiðara í gær. Þó er ekki að finna eitt aukatekið orð í bókun þess fundar um að sú till. hafi svo mikið sem verið tekin á dagskrá, og á fundi allshn. í gær lét annar nm., hv. þm. Svava Jakobsdóttir, sem var við á föstudagsfundinum, bóka mótmæli við því að þáltill. mín um rannsókn sakamála hafi verið afgr. með fáránlegum hætti hjá nefndinni.

Ég er ekki að kvarta yfir því að allshn. hafi ekki afgr. ýmis mál varðandi dómsmál á þessum vetri, en ég er að kvarta yfir því að allshn. skuli ekki geta komið frá sér málefnum sem varða rannsókn sakamála, þeim fjölmörgu till. sem til hennar hefur verið beint á þessum vetri, m.a. frá hæstv. dómsmrh. Ég vil enn fremur ítreka það, að þegar liggur frammi skýlaus ósk frá hæstv. ráðh., sem verður að taka sem ósk frá ríkisstj., um að mál eins og frv. um rannsóknarlögreglu ríkisins verði afgr. úr n. og hv. stjórnarsinnar í n. standa gegn því, en ég, stjórnarandstæðingur, vil allt gera til þess að það sé unnt að ljúka þessum málum, þá er einkennilega að staðið. Og ég er ansi hræddur um að fleirum en mér þyki það undarlegt, eins og mál standa nú í íslensku þjóðfélagi varðandi rannsókn sakamála, að þá ætli þingið að heykjast á því að afgr. frá sér þau mál sem bæði einstakir þm. hafa til allshn. þessarar d. beint og eins hæstv. dómsmrh. og eru að allra áliti mjög mikilvæg fyrir þær breytingar sem þarf að gera til þess að auðvelda gang slíkra rannsókna og hraða þeim.

Ég ætla ekki að syndga frekar upp á náðina með því að tala hér lengur utan dagskrár, en vænti þess að ég hafi ekki farið langt fram yfir þann tíma sem mér hefur verið ætlaður.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég vil taka það fram til þess að það fari ekkert á milli mála, að ég hef óskað eftir því að frv. um rannsóknarlögreglu ásamt tveimur fylgifrv. yrði afgr., og þau þrjú eru meðal þeirra frv. sem eru á þeim lista sem dómsmrn. sendi frá sér og óskað var sérstaklega eftir að yrðu afgr. á þessu þingi. Ég tek það einnig fram að ég hef lagt fram fyrir þingið fjölmörg önnur stórmál sem mér hefur ekki dottið í hug að fara fram á afgreiðslu á þessu þingi. Ég nefni ættleiðingarlög, ég nefni barnalög, ég nefni lögréttulög, ég nefni frv. til l. um breyt. á meðferð opinberra mála sem er í sambandi við þetta lögréttumál, og ég nefni frv. um biskupsstóla, svo að nokkur séu nefnd.

Það er að vísu rétt að þessu frv. er ekki ætlað að taka gildi fyrr en um áramótin, en það er auðvitað þess eðlis að það þarfnast, hvenær sem það verður lögfest, ýmiss konar undirbúnings áður en það getur komið til framkvæmda. Því fyrr sem það er afgr., þeim mun betra.

Ég tel að þetta frv. hafi verið lagt fram það tímanlega á þingi að það hefði verið hægt að afgr. það a. m. k. sé ég að afgr. eru fjöldamörg mál, sem lögð hafa verið fyrir þingið síðar en ég lagði þetta frv. fram. Ég veiti því enn fremur athygli að fyrsti fundur í n. um þetta mál er haldinn 9. mars. Síðan virðist mér að sé gefinn allríflegur frestur til umsagna þar sem það er ekki fyrr en í maí sem það virðist liggja fyrir hverjar umsagnir hafa komið fram, og fyrst þá er farið að fjalla um þær. Ég get ekki stillt mig um í þessu sambandi að vekja athygli þingnefnda á því hvort það er ekki orðið fullmikið gert að því að senda mál til umsagnar, hvort það er ekki ákaflega einfaldur afgreiðslumáti að koma saman á fund, eftir að frv. hafa verið lögð fram, gera lista yfir þá aðila sem eigi að senda það til umsagnar og senda svo frv. þangað og bíða svo bara og gera ekkert fyrr en þær umsagnir hafa borist. Ég verð að telja að það geti í sumum tilfellum verið heppilegri og greiðari starfshættir fyrir hv. þingnefndir að kalla aðila, sem hér er um að ræða, á sinn fund og fá þá til þess að láta uppi álit sitt með þeim hætti heldur en hafa þann hátt á sem mér virðist í æ ríkari mæli vera farinn að tíðkast og ber að mínu mati vott um að þingnefndir eru farnar að reyna vinna sér störfin léttara og þess vegna vilja þau dragast á langinn eins og er.

Ég vil enn fremur benda á að í þessu tilfelli hafa umsagnir borist frá þeim aðilum sem má segja að þetta mál snerti mest og hafa langmesta reynslu varðandi slík mál, þ. e. Sakadómi Reykjavíkur og ríkissaksóknara, og báðir þessir aðilar mæla mjög eindregið með því að frv. verði afgr. sem lög. Lagadeild Háskólans, sem málið var sent til umsagnar, mælir eindregið með því þó að hún hafi gert sínar aths. Nú stóð að vísu svo á að í þeirri n., sem að frv. starfaði, var prófessor við lagadeild Háskólans sem einmitt kennir eða kenndi þá kennslugrein sem hér var um að ræða, og maður hefði getað haldið að hann hefði haft einhver samráð við eða kynnt sér viðhorf samkennara, og a. m. k. verð ég að telja að hans álit eigi að vega ekki minna heldur en kennara sem eru í allt öðrum fræðum. Þá vil ég enn fremur láta það álit mitt í ljós, af því að ég sagði, þegar ég lagði þessi frv. fram, að ég legði þau fram algjörlega óbreytt eins og þau komu frá þessari n. sem samdi þau, að það hefði verið eðlilegt af hv. allshn. að kveðja þá eða a. m. k. formann þeirrar n. á sinn fund og leita eftir skýringum hans á einstökum atriðum.

Ég held að það sé ekki hægt að segja að það sé nema í hæsta lagi ein umsögn, sem borist hefur, sem e. t. v. má kalla hálfneikvæða og áreiðanlega ekki meira en hálfneikvæða, og það er umsögn frá lögreglustjóranum í Reykjavík, en að sjálfsögðu er þessi háttur málanna ekki sérstaklega á hans sviði.

Ég syndga að vísu upp á náðina hjá hæstv. forseta, en ég gat ekki verið við hér í gær þegar þessi mál voru rædd og ég vildi aðeins láta þetta koma fram, en vil svo að lokum undirstrika það, að ég fer auðvitað ekki með neitt skipunarvald gagnvart þn. né hv. Alþ. Ég tel mig hafa gert mitt með því að leggja fram þessi frv. sem ég tel til stórra endurbóta á þessu sviði. Svo er það hv. Alþingis að segja til um hvað það vill gera. En að sjálfsögðu get ég ekki lokið máli mínu án

þess að þakka stjórnarandstöðunni sérstaklega fyrir þann stuðning sem hún veitir mér í þessu máli.

Karvel Pálmason: Virðulegi forseti. Ég hafði kvatt mér hér hljóðs í gær undir þessum dagskrárlið þá, utan dagskrár að segja, en var þá eins og hv. þm. Svövu Jakobsdóttur ekki hleypt í pontu á því stigi máls. En nú er hér frjálst í dag, og ég þakka hæstv. forseta það að heimila mér að segja nú örfá orð í tilefni af þessu. En áður en ég kem að því, þá vil ég vekja athygli hv. þdm. á því að það hlýtur að teljast furðulegt að þetta er í annað skipti síðan þing kom saman eftir jólaleyfið sem hæstv. dómsmrh. finnur sig til þess knúinn að setja ofan í við formenn n. og finna að starfsháttum n. hér á hv. Alþ. A. m. k. síðan ég kom inn á þing heyrir slíkt til undantekninga, að hæstv. ráðh. telji sig til þess knúna að knýja á um afgreiðslu mála úr n. En ég er ekkert hissa á þessu vegna þess að það er í mörgum tilvikum með eindæmum hvernig n. hafa starfað á þessu þingi. En nóg um það. Og meira að segja hæstv. forseti hnykkir á og hvetur nú hv. þm. Ellert B. Schram, form. allshn., til þess að boða nú til fundar og gera eitthvað í fyrramálið. Þannig er nú ástandið orðið hér á hv. Alþ. hjá stjórnarliðum. Stjórn þingsins er með þessum hætti, því miður. Það þarf að lagast.

En út af því, sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sagði hér í gær, þá virtist í gærdag líta þannig út að ekki Alþ. sem heild, heldur hv. stjórnarþm., meiri hl. hér á Alþ. eða meiri hl. sjónarliða í allshn., þeir ætluðu að heykjast á því að gera eitt eða neitt í afgreiðslu þessara mikilvægu mála sem hér hafa verið ekki hvað síst í sviðsljósinu á þessum vetri og þessu þingi, þ. e. a. s. lögreglumála og réttarfarsmála. Sem betur fer virðist þetta nú vera að breytast frá degi til dags, og vonandi má vænta þess að a. m. k. þau frv., sem hæstv. dómsmrh. leggur ríka áherslu á að fái afgreiðslu á þessu þingi, þau verði afgr. Ég sé að hæstv. dómsmrh. hristir höfuðið. Ég veit ekki hvort hann er algjörlega vonlaus um það orðinn að neitt slíkt eigi sér stað, en allt bendir til þess, því miður, segi ég. Það er öllum orðið ljóst að hér er um svo mikilvæg mál að ræða, ekki síst með hliðsjón af því sem verið hefur að gerast í þessum málum nú á undanförnum vikum og mánuðum, að það er brýn þörf á því að þau frv., sem hér hafa verið lögð fram og eru í þá átt að bæta ástand þessara mála, hljóti afgreiðslu þingsins. (Gripið fram í.) Já, ég var ekki kominn að henni. En það virðist alveg greinilegt, eftir því sem nú horfa mál, að það á að leggjast á þáltill. sem a. m. k. að mínu viti og okkar, sem að henni stöndum, og hæstv. dómsmrh. er þess eðlis að hún gæti að verulegu leyti greitt götu þeirra mála sem nú eru í ólestri vegna þess að ekki eru nægir starfskraftar fyrir hendi í kerfinu. (**Forseti:** Ég tek fram að dómsmálin eru ekki til efnislegrar umr. nú. Það var aðeins gefið orðið til að ræða um afgreiðslu tiltekinna mála úr n. Ég bið hv. þm. að hafa það í huga og ljúka nú mjög skjótt máli sínu.) Ég skal verða við beiðni hæstv. forseta, en ég heyrði ekki betur en allflestir hv. þm., sem hér hafa tekið til máls, kæmu með einum eða öðrum hætti að dómsmálunum sem fyrst og fremst er verið að ræða um í sambandi við afgreiðslu n. á þeim. En ég skal ljúka máli mínu að þessu sinni. Ég bara tek undir það sem hér hefur komið fram, að það er ekki vansalaust fyrir hv. Alþ. að láta þessi mjög brýnu mál liggja. Þau mál sem þegar hefur verið óskað eftir af hálfu hæstv. dómsmrh. að næðu fram að ganga á þessu þingi, þau á vitanlega að afgr. Annað er ekki sæmandi Alþ. eins og málum er nú háttað í þessum efnum.

Ellert B. Schram: Virðulegi forseti. Ég rakti það áðan í ræðu minni hvernig hv. allshn. hefði afgr. þau mál sem til hennar hefðu komið í vetur, og þar kom fram að mikill meiri hluti þeirra mála, sem höfðu verið afgr. var komin frá dómsmrn. Mér kemur því nokkuð á óvart að hæstv. dómsmrh. sjái tilefni til þess að setja ofan í við n., kvarta undan hennar störfum, því auðvitað ber meiri hl. ábyrgð á afgreiðslu mála í þessari n. sem öðrum, og bætir svo því jafnframt við að þakka stjórnarandstöðunni fyrir framlag hennar til þessara umr. Það má vel vera rétt hjá hæstv. dómsmrh. að það sé ýmislegt athugavert við nefndastörf. Það er þá ekki einsdæmi. Vinnubrögðin í allshn. eru auðvitað ekki einsdæmi og eru með líku sniði og í öðrum n. En staðreyndin er sú að þm. eru hér í ákaflega mörgum störfum, sumir þeirra í tveimur, þremur, allt upp í fjórum n., og það er ekki hlaupið að því að finna tíma til nefndastarfa eða að afgr. mál nema nánast á hlaupum einstaka sinnum í hverri viku. Það mundi ekki standa á mér að reyna að bæta úr þessu, en þessar eru staðreyndir málsins. Það gengur illa að finna tíma og gengur illa að fá menn til þess að mæta vegna starfa annars staðar, í öðrum n. og í þinginu sjálfu.

Dómsmrh. hefur lýst því yfir að hann hafi óskað eftir afgreiðslu á frv. til l. um rannsóknarlögreglu ríkisins. Sú ósk kom fram fyrir 2—3 dögum. Eitt er það, hvers hæstv. dómsmrh. óskar, og annað það, hvað n. eða þingið getur gert, eins og hann reyndar sjálfur tók fram. Það hefur verið afstaða mín til þessa máls, að ég treysti mér ekki til þess að mæla með afgr. jafnviðamikils máls og þetta frv. er á örfáum dögum. Málið kom til meðferðar n. 9. mars. Því var vísað til umsagna eins og alltaf á sér stað um afgreiðslu mála, og um það leyti sem umsagnir áttu að hafa borist aftur var gefið af hálfu ríkisstj. sérstaklega langt páskahlé og var ekki við okkur þm. að sakast um það. Strax að því loknu var hafist handa, en um það leyti, sem þing kemur saman aftur, 4. eða 7. maí, er það gefið út af hæstv. ríkisstj. að það eigi að slíta þingi 15. maí. Það var mér sagt, og ég treysti mér einfaldlega ekki til þess að afgr. þetta mál á rétt rúmri viku. Það verður hver að skilja það og skoða það eins og aðstæður eru.

Þetta mál var sent til umsagna margra málsmetandi aðila, eins og lagadeildar, ríkissaksóknara, lögreglustjórans í Reykjavík, Landssambands lögreglumanna, Félags rannsóknarlögreglumanna og ýmissa aðila annarra, og það komu fram ábendingar frá fleiri heldur en lögreglustjóranum í Rvík sem höfðu ýmislegt við frv. að athuga í veigamiklum atriðum. Og það var

ekki að mínu frumkvæði sem n. ákvað að bíða með afgreiðslu málsins. Það var bara borið undir nm. hvað þeir vildu gera, hvort þeir treystu sér til þess að ganga í málið og afgr. það á svo stuttum tíma, og það var einróma álit allra, sem á nefndarfundinum voru mættir, að til þess ynnist ekki tími og það yrði að skoða málið betur. Það var langt frá að ég hafi verið að beita mér fyrir því að þessu yrði frestað.

Þetta vildi ég láta koma fram og ítreka það, sem ég sagði áðan, að það mun ekki standa á allshn., ef ég á sæti í henni áfram, að vinna að þessu máli af krafti og áhuga, því ég vil síður en svo setja fótinn fyrir að réttlát skipan komist á rannsóknarmál og dómsmál hér á Íslandi og tel reyndar, þó að málinu sé frestað núna, að þá sé það ekki gert, síður en svo. Það mætti búast við því að frambúðarskipan verði betri ef málið er skoðað ögn lengur.

Ég vil svo aðeins að lokum vegna ummæla hv. þm. Sighvats Björgvinssonar út af till. hans og fleiri um rannsókn sakamála taka það fram, að hvort sem það er bókað í fundargerð þessarar n. eða ekki, þá var málið rætt á þessum nefndarfundi, 7. maí, og það var minn skilningur að það hafi verið niðurstaða n. að því máli skyldi frestað jafnframt. Ég held að það skipti ekki máli í þessu sambandi hvað er bókað, heldur hvað er rétt, og þetta er sannleikur málsins.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Ég vil taka fram út af orðum tveggja hv. þm. sem hafa skýrt frá því sem forsendu í sínum störfum að látið hafi verið það boð út ganga að þingi ætti að ljúka nú 15. maí, að ég kannast ekki við að það boð hafi verið látið út ganga af hálfu þingforseta. (Gripið fram í.) Nei, en það eru þingforsetar, nema þá eitthvað óvænt gerist, sem munu stýra fundum þingsins, og ef formaður allshn. vill marka orð deildarforseta um þetta, þá er það álit mitt að það verði ekki unnt að ljúka þingi fyrir 15. maí.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr., en það voru aðeins tvær eða þrjár aths. í tilefni af ræðu hv. 11. þm. Reykv., Ellerts B. Schram. Ég vil taka það fram, að auðvitað kom það fram þegar ég flutti málið að þó að ég gerði ráð fyrir því að það fengi góða athugun, þá óskaði ég auðvitað eftir því að það yrði afgr. Ég hafði sérstaka ástæðu til ætla að svo mundi verða gert, vegna þess að það stóðu upp allmargir þm., bæði stjórnarþm. og stjórnarandstöðuþm., þ. á m. stóð stjórnarþm. hv. 11. þm. Reykv. upp og lýsti ánægju sinni yfir að þetta frv. væri fram komið. Þetta var meðal þeirra mála sem voru á lista frá dómsmrn. yfir þau mál sem óskað var afgreiðslu á, og ef hann hefur ekki borist í hendur þm. samtímis og listi yfir önnur mál, þá er það ekki mín sök, þá er þar ekki við mig að sakast, því þetta fór til forsrh. á sínum tíma ásamt öðrum frv. (Gripið fram í.) Já, rétt er það, það var leiðrétt. Það hafði fallið niður, og það voru ekki mín mistök að hafa fellt niður þau mál sem frá dómsmrn. voru.

Ég vil ennfremur benda á að það eru ekki nokkur minnstu rök að fara að telja upp þau mál, sem afgr. hafa verið í allshn., og segja: Hún hefur afgr. svona og svona mörg mál. — Málin, sem lögð eru fram, eru svo gjörsamlega ólík. Ég tek til dæmis að í þessari tölu, sem hann telur að hafi verið afgr., eru þrjú smávægileg frv. um happdrætti. Það er hægt að ná tölunni upp með þessu. Það eru ýmis þau frv., sem ég hef lagt fram, sem hafa ekki haft að geyma stórvægilegar breyt. og hafa þó verið nauðsynleg, en það er ekki hægt að fá neinn jöfnuð í þessu með því að bera saman tölur á frv. Hins vegar eru ekki afgr. þessi mál og ekki heldur frv. sem ég hef lagt fram í Ed. og ekki er við n. þessarar hv. d. að sakast, — frv. sem ég tel stórmerkt mál og nauðsynlegt að afgr. og hefði verið nauðsynlegt að afgr. á þessu þingi og ætti að afgr., og það er um skotvopn og skotfæri.

Ég tel það því alls ekki að ástæðulausu þó að ég sé ekki sérstaklega ánægður yfir því hvernig allshn. hafa haldið á þeim málum sem ég hef lagt hér fram. Ég er ekki að tala neina tæpitungu um það, og mér finnst það vera önnur meðferð heldur en sumar aðrar n. láta þau mál sæta sem fyrir þær eru lögð. Það er nú aukaatriði. Og það er ekki heldur við þessa n. þessarar hv. d. beinlínis að sakast að það skuli ekki enn þá vera einu sinni búið að afgr. nál., að ég best veit, um ríkisborgararétt. Það frv. er þó lagt fram í þingbyrjun. Hv. Alþ. ætlar kannske að gera sér þann sóma að afgr. alls ekki á þessu þingi lög um ríkisborgararétt.

Friðjón Þórðarson: Virðulegi forseti. Ég get ekki stillt mig um að segja hér örfá orð vegna þess að mér finnst það koma úr hörðustu átt að hér skuli vera veist að hv. 11. þm. Reykv. sem nefndarformanni í allshn. því ég hef litið svo á og hef áður tekið það fram að mér virtist hann einn af ötulustu nefndarform. þingsins, eins og raunar kom fram í upphafi þegar hann skýrði frá þeim málum sem vísað hefur verið til allshn. og afgr. þaðan. Ég get ekki hælt mér af því að hafa mætt mjög vel í allshn. þó ég hafi fylgst þar með öllum málum, en þetta get ég sagt um formanninn.

Ég hef vanist því, að það er heldur hægagangur á málum sem lúta að lögreglumálefnum. Ég hef reynslu af því sjálfur. Og þegar hæstv. dómsmrh. lagði þetta frv. fram sagði hann í lok ræðu sinnar, með leyfi hins virðulega forseta:

„Ég tel rétt að benda á að þó að ég hafi að sjálfsögðu mikinn áhuga á fljótum framgangi þessa máls, þá muni vera rétt fyrir þá hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, að leita umsagna ýmissa aðila um efni þess, svo sem ríkissaksóknara, lagadeildar Háskólans og annarra sem henni þætti rétt að fjölluðu um málið."

Ég ætla svo ekki að bæta miklu við þetta, en ég gleðst að sjálfsögðu yfir hinum mikla og vaxandi áhuga og vaxandi réttlætisvitund hv. alþm. á vinstri væng íslenskra stjórnmála.

Gunnlaugur Finnsson: Virðulegi forseti. Ég skal hafa örfá orð um þetta. Það hafa komið hér fram deildar meiningar um það hvort till. um hröðun á rannsóknum, till. Sighvats Björgvinssonar hafi verið afgr. eða ekki afgr. úr n., og þar sem ég er skrifari n. vildi ég gera grein fyrir því að ég taldi þessa till. ekki hafa verið tekna til meðferðar formlega á þessum fundi. Þegar við ræddum um það hvort við kæmumst í gegnum 30 bls. af umsögnum frá ýmsum aðilum á þeim dögum, sem eftir eru af þinginu, og töldum að við hefðum tæplega möguleika á að vinna úr þeim svo sem vert væri og skylt einni n., þá barst í tal, að ég taldi utan dagskrár, því það er stundum talað utan dagskrár í n. líka, hvort till. Sighvats Björgvinssonar o. fl. yrði afgr. Þar kom fram það álit að þar sem þessi till. væri verulegt fjárhagsatriði hafi n. reynt að afgr. ekki slík mál nema þau yrðu tekin rækilega til athugunar hjá ríkisstj. og til athugunar hvort hægt væri á sama ári að fjármagna slíkar aðgerðir. Þetta sjónarmið kom fram hjá nefndarform. áðan og ég vil staðfesta það. Hins vegar tel ég að það mál hafi ekki endanlega fengið afgreiðslu þá.

Ég vil aðeins bæta því við að Alþ. er ásakað fyrir að taka ekki ákvarðanir, heldur láta embættismenn taka ákvarðanir fyrir sig. Það er ákaflega mikið matsatriði hvort og hve mikið á að senda út til umsagnar og hversu mikil vinna er lögð í það að vinna úr umsögnum og hvað græðist á þeim og hvað græðist á viðtölum við einstaka embættismenn og formenn þeirra n. sem hafa samið frv. sem lögð eru fram. Ég hef sjálfur verið í vetur að fjalla í annarri n. um frv. sem var samið af óvenju fjölmennri n. Það var sent út nokkuð víða og það kom í ljós að í umsögnum komu fram sjónarmið sem bentu á veilur eða galla í viðkomandi frv., og það verður eflaust til þess að það verður betur úr garði gert þegar það verður sent úr n. en það ella hefði orðið.

Ég vil lýsa því yfir að ég er því mjög fylgjandi að hægt verði að vinna að þessum málum sem lengst. Ég tel ekki höfuðatriði hvort það verður gert nú fyrir þingslit eða strax á haustdögum, en þá verður líka að vera mótuð stefna af hálfu ríkisstj. um það hvort og hversu mikið aukið fjármagn fer til þessara mála. Og mér finnst sem fjvn.manni, sem hefur staðið að því að fækka starfsmönnum, sem heyra undir dómsmrn., á þessu ári, að ég get ekki staðið jafnframt að till. um að það sé ótakmarkað hversu margir starfsmenn verði ráðnir aftur.

Íslensk stafsetning, frv. (þskj. 742. — Frh. 3. umr.

Frsm. minni hl. (Magnús T. Ólafsson) [frh.]: Hæstv. forseti. Ég mun hafa verið þar kominn í máli mínu, þegar fundartíma þraut í gær, að ég taldi mig hafa sýnt fram á að margnefnd undirskriftasöfnun, sem fór fram utan þingsins og varð til að hrinda af stað þessari lotu í stafsetningardeilum sem enn stendur, er þannig til komin og þannig úr garði gerð að ekki er hægt að líta á að þar hafi a. m. k. að meiri hl um fjallað aðilar sem hafi alveg sérstök skilyrði til þess að segja álit sitt á máli sem þessu. Á undirskriftendalistanum, sem prófessor Þórhallur Vilmundarson safnaði, eru held ég fullt eins margir náttúrufræðingar eða máske hagfræðingar og raunverulegir málfræðingar, og forustumaðurinn sjálfur fyrir undirskriftasöfnuninni er bókmenntafræðingur, en ekki málfræðingur.

En nú hefur það gerst við 2. umr. þessa máls að meiri hl. hv. d. hefur tekið ákvörðun sem felur í sér að lokið skuli þeim þætti í meðferð íslenskra stafsetningarmála að þau séu jafnan undirbúin og sett í það form, sem þeim þykir hæfa, af þeim sem sérfróðastir hafa verið taldir um þau og bærastir um að fjalla hingað til, þ. e. a. s. málfræðingum annars vegar og hins vegar reyndum og hæfum móðurmálskennurum. Sá háttur hefur verið á hafður 1918, 1929 og 1973—1974, að menn með þessa sérþekkingu, sérhæfingu og sérstöku reynslu af stafsetningarmálum legðu þar á gjörva hönd.

Eins og ég reyndi að vekja athygli á við 2. umr., þá felur samþykkt 115. máls, frv. á þskj. 140, í rauninni í sér að frá þessu fyrirkomulagi er horfið, að hér eftir skal það vera regla um stafsetningaratriðin, hvert og eitt, með beinni lagasetningu. Þetta hefur ekki aðeins áhrif á meðferð þessa máls og afdrif þess um ófyrirsjáanlega framtíð, það hefur líka áhrif á eðli þeirra umr. sem hér þurfa að fara fram í hv. d. Það verður þess valdandi að hin almennu rök, sem hingað til hafa verið sett fram, hljóta að verða að víkja nokkuð til hliðar, því að úr því að meirj hl. hv. dm. hefur lýst því yfir með því að samþ. frv. á þskj. 140 að þeir séu með beinni atkvgr. hér um tiltekin stafsetningaratriði allra manna færastir og allra manna hæfastir til að ákveða hvernig stafsetning skuli gilda í landinu, þá hljóta umr. í hv. d. að verða hér eftir á fræðilegum grundvelli, en ekki almennum grundvelli. Og það hlýtur að valda því, að farið er töluvert vítt um sviðið til þess að setja fram þann málefnagrundvöll sem afla þarf áður en slíkar ákvarðanir er hægt að taka.

Fræðileg athugun á slíku máli getur teygst afar víða. Áður en farið er út í einstök atriði, sem beinlínis varða stafsetninguna, langar mig til að sýna hv. dm. ofurlítið dæmi um hversu margþætt og viðfeðm slík athugun getur orðið.

Það hefur mjög kveðið við í máli hv. 3. þm. Austurl., 2. flm. frv. á þskj. 140, að hann hefur haft orð á því að í þessu máli og reyndar fleirum, sem hann hefur um fjallað, þyrfti hann að ná vopnum sínum, og hefur viðhaft þann orðsháttt í ýmsu samhengi, síðast í umr. um þetta mál fyrir örfáum dögum. Ég býst við að hv. þm. þykist loks hafa náð vopnum sínum í þessu máli, eins og honum er svo tamt að komast að orði. Þessi orðsháttur, þetta orðasamband ber að mínum dómi vott um það kapp í skaplyndi sem hv. 3. þm. Austurl. hefur til að bera og er ekki neitt misjafnt um það að segja. En ef leitað er hvert þessi orðsháttur er sóttur, þá kemur á daginn að hann er ekki frá mönnum kominn í öndverðu, eftir því sem fornar bækur segja, heldur frá jötni einum hundvísum og ekki af betra taginu að því slepptu. Um það

má leita sannfróðrar vitneskju í bók sem eignuð þykir með sannindum Snorra Sturlusyni og nefnist Snorra-Edda. Þar í Skáldskaparmálum, 17. kafla, segir frá því hvernig þessi orðsháttur varð til.

Nú vill svo ágætavel til, að ég hef hér í höndum frábæra útgáfu Snorra-Eddu, gefna út í Kaupmannahöfn að tilhlutan Árnanefndar á árunum 1848—1887. Reyndar er hún ljósprentuð í Osnabrück hjá Otto Zeller 1966, en bókin er jafngóð fyrir því og er ljósprentuð með þeirri stafsetningu sem ríkti í Kaupmannahöfn um miðja 19. öld og þykir engum mikið þótt slíkt sé unnt, og er þetta enn eitt dæmi um það hversu tilhæfulausar eru þær röksemdir z-manna, að núgildandi stafsetningarreglur útiloki eða torveldi þá nauðsynlegu starfsemi að gefa út mikilsverðar fræðibækur í ljósprentuðum útgáfum til hægðarauka öllum, sem nota þurfa, og til mikils kostnaðarsparnaðar öllu þjóðarbúinu.

Þessi útgáfa Snorra-Eddu var nú ekki undirbúin af neinum aukvisum. Undir formálann skrifa í Hafniæ í árslok 1948 ekki minni menn en Örsted, Werlauff, Engelstoft, Rafn, Kolderup-Rosenvinge og Konráð Gíslason, en gagnritari neðan við strik er enginn annar en Jón Sigurðsson forseti, og sá, sem um útgáfuna sá að miklu leyti, var einmitt Jón Sigurðsson. En auk alls annars ágætis þessarar útgáfu hefur hún þann ómetanlega kost, að öðrum megin í hverri opnu er frumtexti þeirra handrita sem við er stuðst, en hinum megin er texti þýddur á latínu. Þetta hefur geysilega mikla kosti og er mjög mikið hagræði þegar þessi mál eru rædd yfir hv. d. sem með verkum sínum í gær hefur lýst sig æðstu akademíu um íslenskt mál og hefur ákveðið að taka upp þann hátt að héðan af verði stafsetningarefnum ráðið til lykta, hverju og einu út af fyrir sig, með atkvgr. á hv. Alþ. Ég veit að alþm. munu fagna því og njóta þess vel að fá að heyra hvernig hljóma á latínu, þeirri göfugu tungu fornrómverja, ýmis kjarnyrði Eddunnar, því að ef við ætlum að leita fræðilegs grundvallar fyrir ákvörðunum okkar um stafsetningarmál, þá þýðir ekki bara að einblína á þann hebreska staf z. Það eru töluvert margir aðrir stafir í stafrófinu og þeir eru a. m. k. að ¾ hlutum komnir beina leið frá rómverjum hinna fornu. Bókstafi okkar a, b, c, d o. s. frv., næstum út stafrófið, fáum við frá rómverjum og öll hæfileg meðferð á þessum tæplega 30 stöfum í stafsetningu og máli byggist auðvitað á rökum sem sækja verður allt aftur til rómversks tíma ef rekja á til róta og fara með málið af þeirri fræðilegu alvöru og þeirri fræðilegu nærfærni sem grundvöllur var lagður að með atkvgr. hv. d. við 2. umr. um þetta mál.

En til staðfestingar því, að það eru ekki staðlausir stafir sem ég hef farið hér með um hverjir ágætismenn stóðu að þessari Eddaútgáfu, vil ég — með leyfi hæstv. forseta — lesa nokkur orð úr formálanum, sem auðvitað er á latínu:

„Ouuum de nova editione Eddaæ Snorrianæ instauranda consilium initum est, collegium nostrum ex codicibus primariis, Regio et Wormiano textum, cum variis lectionibus a Raskio jam susceptis, exscribendum curavit, cui deinde Finnus Magnusen collationem codicum Hypnonesiensium addidit. Dein hoc exscriptum cum codicibus primariis, nuper commemoratis, denuo contulit et lectiones eorum diligenter notavit" — ég bið hv. þm. að taka vel eftir — „diligenter notavit Jon Sigurdsson, legati Arnamagnæani stipendiarius, qui præterea fragmenta membranacea, editoribus hucusque ignota, collegit et exscripsit, deinde vero totus apparatus edendi, a nobis congestus ad virum doctissimum" — nú kemur þýðingarmikið atriði sem ég bið hv. þm. að taka vel eftir — „ad virum doctissimum et in his literis versatissimum" — ekki er nú lítið sagt — „Sveinbjörnum Egisson, Dr. Theol., nunc scholæ Reykjavicanæ in Islandia rectorem, transmissus est, qui operam latinæ interpretationis elaborandæ ex optione collegii nostri susceperat."

Margt er nú merkilegt í þessum formála fleira sem ástæða er kannske til að þm. fái að heyra síðar meir í þessari umr. Nú skal horfið að því sem Snorri segir um það hvernig menn komust upp á það að segja að þeir þyrftu að ná vopnum sínum. En vegna þess að hv. 3. þm. Austurl. var ekki hér í salnum, svo ég sæi, þegar ég skýrði frá hver nauðsyn ber til að rekja uppruna þess talsháttar, þá vil ég í örstuttum orðum ítreka það sem ég sagði þá, að hér er verið að færa fram dæmi um það hversu víða þarf fanga að leita og skyggnast um forn fræði og ný þegar hv. d. sest á rökstóla sem hinn eini og endanlegi ákvörðunarabili um það hvað skuli kennt íslenskum börnum að skrifa á skólabekk og hvað sett skuli í kennslubækur ungdómsins. Jæja, 17. kafli hjá Snorra í Skáldskaparmálum hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú skal enn segja dæmi, af hverju þær kenningar eru, er nú voru ritaðar, en áður voru eigi dæmi til sögð, svo sem Bragi sagði Ægi, að Þór var farinn í austur vega að berja tröll, en Óðinn reið Sleipni í Jötunheima, og kom til þess Jötuns, er Hrungnir hét." Þetta er þýðingarmikið nafn í sögunni. „Þá spyr Hrungnir, hvað manna sá er með gullhjálminn, er ríður loft og lög, og segir, að hann á furðugóðan hest. Óðinn sagði, að þar vill hann veðja fyrir höfði sínu, að engi hestur skal vera jafngóður í Jötunheimum. Hrungnir segir, að sá er góður hestur, en hafa lést hann mundu miklu stórfetaðra hest; sá heitir Gullfaxi. Hrungnir varð reiður og hleypur upp á hest sinn og hlevpir eftir honum, og hyggur að launa honum ofurmæli. Óðinn hleypir svo mikið, að hann var á öðru leiti fyrir, en Hrungnir var í svo miklum jötunmóð, að hann fann eigi fyrr en hann sótti inn of ásgrindur. Og er hann kom að hallardurum, buðu Æsir honum til drykkju; hann gekk í höllina og bað fá sér að drekka; voru þá teknar þær skálir, er Þór var vanur að drekka úr, og snerti Hrungnir úr hverri." Snerti, þetta er ágætt orð sem ég gæti trúað að hv. 3. þm. Austurl. gæti lagt sér á minni og notað stundum í ræðum hér á þingi. „En er hann gerðist drukkinn, þá skorti eigi stór orð." Það er eins og maður hafi orðið var við eitthvað svipað. „Hann lést skyldu taka upp Valhöll og færa í Jötunheima, en sökkva Ásgarði og drepa goð öll, nema Freyju og Sif vill hann færa heim með sér." Hvílíkt innræti! „En Freyja ein bjóst þá að skenkja honum, og drekka lést hann mundi allt ásaðl. En er ásum

leiddist ofuryrði hans, þá nefna þeir Þór; því næst kom Þór í höllina og hafði á lofti hamarinn, og var allreiður, og spyr, hver því ræður, er jötnar hundvísir skulu þar drekka, eða hver seldi Hrungni grið að vera í Valhöll, eða hví Freyja skal skenkja honum sem að gildi ása. Þá svarar Hrungnir og sér ekki vinaraugum til Þórs, sagði, að Óðinn bauð honum til drykkju, og hann var á hans griðum. Þá mælti Þór, að þess boðs skal Hrungnir iðrast, áður hann komi út. Hrungnir segir, að Ásaþór er það lítill frami, að drepa hann vopnlausan.“ Nú kemur kjarni málsins: „Hitt er meiri hugraun, ef hann þorir að berjast við hann að landamæri á Grjótúnagörðum, og hefur það verið mikið fólskuverk, sagði hann, er ég lét eftir heima skjöld minn og hein, en ef ég næði vopnum mínum, þá skyldum við nú reyna hólmgönguna.“ Þarna kemur það: að ná vopnum sínum. Það var Hrungnir jötunn sem mælti þetta þegar hann var kominn óboðinn í Ásgarð og var langt kominn að drekka þar allt öl. „Ef ég næði vopnum mínum, þá skyldum við nú reyna hólmgönguna.“ En enn er mikið eftir af sögunni. Hún batnar enn, eftir því sem á líður: „en að öðrum kosti legg ég þér við níðingsskap, ef þú vilt drepa mig vopnlausan. Þór vill fyrir engan mun bila að koma til einvígis, er honum var hólmur skoraður, því að engi hefur honum það fyrr veitt. Fór þá Hrungnir braut leið sína og hleypti ákaflega, þar til er hann kom í Jötunheima, og var för hans allfræg með jötnum, og það, að stefnulag var komið á með þeim Þór. Þóttust jötnar hafa mikið í ábyrgð hvor sigur fengi. Þeim var ills von af Þór ef Hrungnir létist, fyrir því að hann var þeirra sterkastur. Þá gerðu jötnar mann á Grjótúnagörðum af leiri og var hann níu rasta hár en þriggja breiður undir hönd, en ekki fengu þeir hjarta svo mikið, að honum sómdi, fyrr en þeir tóku úr meri nokkurri, og varð honum það eigi stöðugt, þá er Þór kom. Hrungnir átti hjarta það, er frægt er, af hörðum steini og tindótt, með þrem hornum, svo sem síðan er gert ristubragð það, er Hrungnishjarta heitir. Af steini var og höfuð hans, skjöldur var og steinn, víður og þjokkur, og hafði hann skjöldinn fyrir sér, er hann stóð á Grjótúnagörðum og beið Þórs, en hein hafði hann fyrir vopn og reiddi af öxl, og var ekki dælegur. Á aðra hlið honum stóð leirjötunninn, er nefndur er Mökkurkálfi, og var hann allhræddur; svo er sagt, að hann meig er hann sá Þór. Þór fór til hólmstefnu og með honum Þjálfi. Þá rann Þjálfi fram að, þar er Hrugnir stóð, og mælti til hans: Þú stendur óvarlega, jötunn, hefur skjöldinn fyrir þér, en Þór hefur séð þig og fer hann ið neðra í jörðu, og mun hann koma neðan að þér. Þá skaut Hrungnir skildinum undir fætur sér og stóð á, en tvíhenti heinina. Því næst sá hann eldingar og heyrði þrumur stórar; sá hann þá Þór í ásmóði, fór hann ákaflega og reiddi hamarinn og kastaði um langa leið að Hrungni. Hrungnir færir upp heinina báðum höndum, kastar í móti; mætir hún hamrinum á flugi, og brotnar sundur heinin, fellur annar hlutur á jörð, og er þar af orðin öll heinberg, annar hlutur brast í höfði Þór, svo að hann féll fram á jörð, en hamarinn Mjöllnir kom í mitt höfuð Hrungni, og lamdi hausinn í smámola og féll hann fram yfir Þór, svo að fótur hans lá of háls Þór. En Þjálfi vá að Mökkurkálfa, og féll hann við lítinn orðstír.“

Lengri er sagan, en ég sé ekki ástæðu til að þessu sinni að rekja þetta öllu lengra. Það er eins og endranær í þessari frábæru útgáfu, að hér má sífellt sjá hversu Sveinbjörn Egilsson útlagði snilldarstíl Snorra á latínu sem honum mun hafa verið lagin einna best af íslenskum mönnum síðari alda, eins og alkunna er, og þarf ekki að vitna langt til. Til að mynda segir svo, þegar Hrungnir vildi ná vopnum sínum, heininni: Hrungner ostendis, Thori Asico, si inermem occidisset, exiquo honori futurum: majus esse documentum fortiudinis, si audeat secum Grjotungardis ad regionum fines dimicare: et imprudentissime feci, inquit, quod domi clypeum et cotem meam reliqui, quaæ siarma hoc loco haberem, nunc in arenam descenderemus.“

Ég læt þessar tilvitnanir nægja til þess að sýna hv. þingheimi hversu snilldarlega Sveinbjörn Egilsson heldur á latínunni þegar hann snarar á þetta göfuga mál sígildum ritum forfeðra vorra. En enn vil ég ítreka það, sem vikið var að áður en ég hóf að vitna í Snorra, að eins og langt þarf að sækja uppruna þess að ná vopnum sínum, þá þarf um hvert atriði, sem stafsetningu og málvísindum tilheyrir, þar sem deildin kveðst orðin æðsta akademía, að beita svipaðri heimildakönnun og helst þó meiri gjörhygli en ég hef á skömmum tíma getað viðhaft til að viða að mér þessum heimildum, vil þó aðeins geta þess í framhjáhlaupi, að ég var minntur á þessa merku sögu af Hrungni og hversu hann náði vopnum sínum, þótt lítt dygðu. Þegar ég leit í bók þessa ágæta manns W.P. Ker um miðaldabókmenntir, þar sem hann tilfærir einmitt dæmið um Þór, Óðin, Hrungni, Mökkurkálfa og Þjálfa sem einhverja snjöllustu gamansögu sem evrópskar miðaldabókmenntir hafi af að státa.

En áður en lengra er haldið að rekja þau fræðilegu rök, sem nauðsynlegt er að deildin hafi á takteinum þegar mál þetta verður endanlega afgr. úr hennar höndum, tel ég brýna ástæðu til að þdm. hv. og þeir, sem síðar líta í Alþingistíðindi og glöggva sig á þessum umr., hafi þar á takteinum grg. frá stafsetningarnefnd sem setti á sínum tíma þær stafsetningarreglur sem gilt hafa undanfarin þrjú ár og meiri hl. hv. d. hefur nú ákveðið með atkvgr. í gær að kollvarpa, að því er flm. sjálfir segja í því skyni að forðast glundroða í stafsetningarkennslu og stafsetningarmálum, og mun ekki meira öfugmæli hafa verið mælt innan þessara veggja síðan Alþingishúsið reis. En þegar upp var hafinn andróður gegn þeim stafsetningarreglum, sem settar voru í tveimur áföngum haustið 1973 og vorið 1974, og þá sérstaklega gegn afnámi z í skólastafsetningu, þá sendi stafsetningarnefnd, sem þá starfaði, frá sér grg. þar sem hún gerði grein fyrir sínum sjónarmiðum og svaraði helstu rökum sem fram höfðu komið gegn niðurstöðu hennar. Í þessari n. störfuðu, — það hefur áður verið rakið hér, en ég tel ástæðu til að það fylgi með í þessum umr., — prófessor Halldór Halldórsson, Baldur Ragnarsson kennari, Gunnar heitinn Guðmundsson skólastjóri, Indriði Gísla-

son kennari, og Kristinn Kristmundsson skólameistari, allt valinkunnir móðurmálskennarar, flestir ef ekki allir með áratuga farsæla reynslu í því starfi. En þegar deilur þessar hófust, sem enn standa hér í hv. d., hafði stafsetningarnefndin þannig skipuð þetta að segja, með leyfi hæstv. forseta, og birtist grg. þeirra í málgagni hæstv. menntmrh. um miðjan vetur 1973:

Yfirskrift yfir mál þeirra stafsetningarnefndarmanna er: „Um afnám z, rök stafsetningarnefndar.“ Og þessi grg. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Undanfarnar vikur hefur töluvert verið rætt opinberlega um afnám bókstafsins z úr íslensku ritmáli samkv. auglýsingu útgefinni af menntmrn. 4. sept. s. l. Allmikill tilfinningahiti hefur einkennt umr. þessar af hálfu andstæðinga þessarar ákvörðunar, og hefur þá viljað fara sem oftar að stórt hefur verið tekið til orða, en málefnaleg rök lent utan garðs. Að athuguðu máli teljum við undirritaðir, sem áttum sæti í Stafsetningarnefnd, því nauðsynlegt að almenningur kynnist nánar þeim rökum, sem lágu til þess að n. lagði til að bókstafur þessi yrði niður felldur úr íslenskri stafsetningu.

Í erindisbréfi n. er lögð áhersla á að till. hennar um breytingar á stafsetningarreglum skuli vera til **einföldunar** á stafsetningunni. Ljóst er, að breytingin **eitt tákn (bókstafur)** í **stað tveggja um sama hljóð** felur í sér einföldun. Ef slík einföldun er framkvæmanleg án umtalsverðrar skerðingar á gagnsæi hins ritaða máls, þ. e. þeim einkennum þess sem auðvelda mönnum að átta sig á skyldleika orða og orðmynda, virðist hún í fyllsta máta eðlileg og æskileg. Er afnám z réttlætanleg samkv. þessum forsendum? Við teljum hiklaust að svo sé. Bókstafurinn z hefur lengi táknað sama hljóð og s, athugun leiðir í ljós að ritun s í stað z dregur lítið sem ekki úr gagnsæi málsins, í langsamlega flestum tilvikum eru tengsl fyrrverandi z-orða við skyld orð og orðmyndir jafnljós eftir sem áður. Hér breytir engu um þótt t. d. einstöku sagnir falli saman í rithætti í lýsingarhætti þátíðar við slíka breytingu, svo sem í „draumurinn hefur **ræst**“ og „hann hefur **ræst** bílinn“. Samhengið gerir augljóst að í fyrri setningunni er um að ræða sagnorðið að rætast og í hinni síðari sagnorðið að ræsa. Ljóst er að samruni þessara sagnmynda veldur ekki heldur misskilningi í tali og það er að sjálfsögðu **merkingarlegt samhengi** orðanna sem einnig þar sker úr. Um orð, sem áður voru rituð með z í stofni, er svipað að segja. Gagnsæi þeirra skerðist sjaldan þótt s sé ritað í stað z. Flestum mun fljótlega ljóst af **merkingarlegum** orsökum að t. d. **gæsla** hlýtur að vera skylt **gæta, neysla** skylt **neyta** o. s. frv. þótt ekki sé þar ritað z. Má fullyrða að þau orð munu vandfundin þar sem z ein hefur verið það leiðarljós sem eitt tengdi þau við önnur skyld orð.

Rittáknið z hefur alltaf verið óþarft í íslensku. Það táknaði í elsta ritmáli að fram væri borið tannhljóð plús s (ts), en vitanlega var ekkert auðveldara en tákna hljóðasambandið með tákni tannhljóðsins og s í elstu handritum er ýmist ritað ts eða z. Elsti og frægasti málfræðingur íslendinga, höfundur Fyrstu málfræðiritgerðar Snorra-Eddu, vildi hafa þennan hátt á og var því andvígur z. Í ýmsum fornum handritum er z notuð á allt annan hátt en tíðkaðist eftir reglunum frá 1929, t. d. er algengt, þegar fram kemur á 13. öld, að rita z til að tákna miðmynd sagna og efsta stig lýsingarorða ef ekki fór beygingarending á eftir stigsendingunni. Og jafnvel í elstu skinnbókum er z rituð í eignarföllum nafnorðs og lýsingarorðs, ekki aðeins ef rót endar á tannhljóði, heldur einnig á nn eða ll. Málfræðinga greinir á um það, hvað þessi rithátturr táknar. Síðar verður fullkominn ruglingur á notkun z, t. d. í Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar og Guðbrandsbiblíu.

Sérstakar reglur um notkun z komu ekki fram fyrr en í bók Rasmusar Kr. Rasks: **Lestrarkveri handa heldri manna börnum**, snemma á 19. öld. Allmiklar umr. urðu seint á öldinni um stafsetningu eftir framburði og bar þar hæst dr. Björn M. Ólsen sem vildi afnema z. Um aldamótin kom svo fram blaðamannastafsetningin svonefnda, en þar var mjög dregið úr notkun z og 1918 var hún alveg felld niður með auglýsingu frá ráðh. Jóni Magnússyni.

Af þessu yfirliti má sjá að lengi höfðu menn ekki verið á eitt sáttir um þennan staf og hélst það ósætti áfram. Fór svo að z-regla Rasks var aftur tekin upp 1929 með auglýsingu um íslenska stafsetningu í Lögbirtingablaðinu 28. febr. það ár. Var reglum um ritun z síðan fylgt við kennslu í skólum þar til á þessu skólaári, nema hvað barnaskólar fengu undanþágu frá því að kenna þær 1934, svo sem nánar verður að vikið. Fullyrða má að reglurnar frá 1929 styðjast engan veginn við forna ritvenju og bera sumar hverjar vitni um sprenglærðan afkáraskap og kjánalæti. Það væri t. d. gaman að færðar yrðu sönnur á að borið hafi verið fram **mæðtst**, en rithátturinn **mæðzt** er talinn eiga rætur í þessu formi, og fleiri dæmi mætti nefna um endurgerðar orðmyndir sem enga stoð eiga í heimildum né í heilbrigðri skynsemi. Og fullyrða má að reglurnar frá 1929 eiga enga forna hefð á bak við sig. Ef skrifa ætti z í samræmi við fornan rithátt á sama hátt og y, ý, ey — og ef menn vilja tvenns konar æ þyrfti að gera betri bæn og gerbreyta reglunum frá 1929, en hver yrði að bættari með því.

45 ár eru nú liðin frá því z var formlega innleidd í íslenska stafsetningu. Öll þessi ár hefur gífurlegum tíma verið varið árlega í efstu bekkjum skyldunámsstigs og þó einkum í 3. og 4. bekk gagnfræðastigs, svo og í menntaskólum og öðrum framhaldsskólum, til kennslu í notkun þessa bókstafs. Um árangurinn geta kennarar í þessum skólum best vitnað. Meginþorri nemenda hefur aldrei náð verulegum tökum á notkun z-reglna, og jafnvel þeir, sem talist hafa góðir stafsetjendur, hafa þar iðulega gert villur, annaðhvort vegna ónógrar þekkingar eða í fljótfærni. Alkunnugt er að allstór hópur manna, sem að öðru leyti hefur kappkostað að vanda stafsetningu sína sem mest, hefur viljandi ekki notað z. Í raun hefur mátt skipta mönnum í tvo flokka eftir því hvort þeir hafa kunnað eða viljað nota eða ekki. Þessi staðreynd hefur svo leitt til þess að almennt hefur verið litið á z sem eins konar „lærdómsstaf“ sem aðeins örfáir hafa kunnað að nota rétt. Dagblöð, tímarit, sjónvarpstextar fyrir breytinguna og jafnvel próf-

arkalesnar bækur hafa sýnt og sýna í ríkum mæli handahófskennda notkun z sem vitnar ótvírætt um vanþekkingu og óvissu manna um notkun hennar. Stafsetningarnefnd taldi því miklu betra að fella z niður með öllu.

Því hefur verið haldið fram að z hafi aldrei notið sín til jafns við aðra stafi af því að barnaskólarnir hafi brugðist þeirri skyldu sinni að kenna reglur um þennan staf, en allt hefði fallið í ljúfa löð ef z hefði notið þar „jafnréttis“ við aðra stafi. Kennarar barnaskólanna tóku snemma þá stefnu að færast undan að kenna um z í þeim skólum og sóttu það mál svo fast að menntmrh. veitti undanþágu fyrir þeirri kennslu þegar árið 1934. Rök barnakennaranna voru m. a. þau, að ærið nóg verkefni barnaskóla væri að kenna um önnur atriði stafsetningar en z þar sem stafsetningarkennsla yrði aldrei unnin nema að nokkru leyti í þeim skólum, enda bæði nauðsynlegt og skynsamlegt að sinna þar fremur öðrum þáttum móðurmálsins. Í annan stað sýndist mönnum að hin þyngri fræði um z væru ekki við hæfi barna þar sem nám þeirra krefðist meiri kunnáttu í málfræði en raunhæf væri á barnaskólastigi. En ekki var reynt að kenna z af því að þeim nemendum veitti ekki af að verja öllum sínum námstíma til annars sem talið var nauðsynlegra, enda með öllu óvíst um árangur af z-kennslu. Þessi umræddi bókstafur varð því til þess öllum bókstöfum fremur að nemendur skiptust í flokka, og getur slíkt komið illa við tilfinningar unglinga.

Margir kennarar eru þeirrar skoðunar, að heldur eigi að draga úr stafsetningarkennslu í skyldunámsskólum, en leggja þeim mun meiri áherslu á aðra þætti móðurmálsins. Mikið hefur verið rætt og ritað um stafsetningarstagl og ekki með öllu að ástæðulausu. Kennslu í stafsetningu hættir oft til að verða leiðigjörn og á eflaust sinn þátt í margnefndum námsleiða. Þess í stað vilja kennarar að nemendur noti orðabækur meira en áður og haldi þeim sið eftir að skóla lýkur. Nú fer það saman, að stafsetningarkennslan minnkar til mikilla muna við brottfall z, og einnig hitt, að z var „slæmur orðabókarstafur“. T. a. m. er auðvelt að ganga úr skugga um það í orðabók hvort rita skuli y í orði eða ekki. Allt öðru máli gegnir um z því hún var langoftast rituð í beygingarendingum sagna, en þær endingar eru ekki sýndar í almennum orðabókum.

Sumir halda því fram að auðvelt hafi verið að læra að skrifa z rétt, jafnvel mjög auðvelt, en fáir munu þeir nemendur og kennarar í unglinga- og gagnfræðaskólum sem aðhyllast þá skoðun. Og margur stúdentinn hefur kvatt menntaskólann ekki sterkur í þessum fræðum og þó átt langa glímu að baki. Að vísu er oftast auðvelt að rita z rétt í stofni orða, og gat þó oft að líta z í orðunum **reynsla, brennsla** og í fleiri slíkum orðum. Í endingum sagna reyndi hins vegar allvíða til muna á kunnáttu í málfræði. Tvær orðmyndir voru oft samhljóða, önnur rituð með s, hin með z, t. a. m. lýsingarorð (eða atviksorð) og sagnorð: **vænst—vænzt, gerst—gerzt, grennst—grennzt.** Þá var sama sagnorðið ýmist með s eða z eftir því hvað hátt var um að ræða — og þó samhljóða: **annast—annazt, hallast—hallazt, ætlast—ætlazt,** eða t greindi að samhljóða orðmyndir: **lézt—létzt, sezt—setzt, ázt—atzt.** Einnig hefur margur nemandinn verið í vafa um hvar z skyldi standa í boðhætti miðmyndar: **minnstu, keppstu, skjóztu, seztu** o. s. frv. Þessi örfáu dæmi nægja til að gefa í skyn, að álitamál getur verið hvort auðveldara var að læra reglur um z en önnur þau atriði í íslenskri stafsetningu sem helst valda erfiðleikum. Það liggur í augum uppi hversu skynsamlegt hefði verið að halda öllum þessum fræðum fast að 12 ára börnum eða enn yngri nemendum.

Þess er áður getið að afnám z skerðir lítið sem ekki gagnsæi orða. Þó skal því ekki neitað að ritun z gaf að jafnaði nokkra beina vitneskju um stofn orða, sem reyndar liggur þegar fyrir af merkingarlegum orsökum, sbr. það sem áður er sagt. Z í orðinu **vizka** minnti á t í **vit** og z í **stenzt** á d í **standa**. En þessi vitneskja og áferðarskýrleikur var allt of háu verði goldinn að okkar hyggju. Ef sú stefna að sýna stofn orða eða uppruna sem skýrast í riti ætti að ráða mestu næðist meiri árangur í þessu sambandi með því að rita d, ð, t ásamt s í **íslendska, heldstur, sættst.** Þá bæri t. d. einnig ritháttur**inn breiðka, víðkar og gleiðka** gleggra vitni um uppruna orðanna en sá ritháttur er nú tíðkast. Þótt sumar myndir nokkurra orða ólíkrar merkingar verði stafsettar eins eftir að z var aflögð er engu meiri hætta á misskilningi í riti en í mæltu máli þar sem framburður orðanna er og hefur verið hinn sami, og hefur áður verið að því vikið. Það er heldur engin ný bóla að óskyld orð séu rituð með sama hætti í íslensku máli. Eitt dæmi nægir. Merking eftirfarandi setningarbrots fer eftir framhaldinu, því merkingarlega samhengi sem orðið **beðið** stendur í: Hann hefur **beðið** .... Halldór Laxness hefur ritað tugi bóka, og fáir munu þeir að sönnu vera sem telja sig skilja allt í bókum hans. Því hefur þó aldrei verið haldið fram að skilningur manna skerptist ef z væri sett í þessi frægu rit.

Þegar að því er horfið að rita s þar sem áður var z í íslensku máli kemur til álita hvaða breytingar aðrar eru nauðsynlegar eða heppilegar. Til mála kæmi að rita d, ð, t ásamt s skv. uppruna: **gætsla, handski, fariðst.** En slíkur ritháttur hefur ekki tíðkast og er andstæður þróun málsins. Annar kostur er að skipta aðeins á s og z og hafast ekki annað að. Þá yrði t. a. m. ritað **hitst, sætst** og **stytst.** Um þann rithátt er það að segja að hann er hvorki í samræmi við framburð né stofna þessara orða: hitt, sætt og stutt. Hvort tveggja yrði þá talið rangt: að rita **hist, sæst** og **styst** í samræmi við framburð og **hittst, sættst** og **styttst** með hliðsjón af stofni. Ef þessi leið yrði valin er hætt við að margur námsmaðurinn þættist litlu bættari og ritvillur yrðu álíka margar og á dögum z.

Stafsetningarnefnd valdi þann kostinn að láta framburð ráða: rita **hist, sæst, styst** o. s. frv. **Sá ritháttur er langauðveldastur því þá má styðjast við auðlærða reglu: Aldrei skal rita t eða td næst á undan endingunni st.** . . .

Þeir, sem 1929 sömdu reglur þær um z sem gilt hafa þar til í sept. s. l., ákváðu að rita ekki z á eftir s eða ss. Við lýsingarhátt sagna, sem enda á st eða sst í germynd, var í miðmynd bætt endingunni st: **festst, lýstst, hresstst, kysstst.**

Ritháttur**inn feszt, lýszt, hresszt og kysszt hefði hins vegar verið í samræmi við aðrar reglur um z. Ekki verður sagt að endingin stst fari vel í íslensku máli, enda hefur hún vart verið borin fram, nema þá að stafsetningin hafi leitt til einhvers fikts í því efni. Menn hafa sagt orðin fest og feststt með sama hætti. Í námi þvældist þessi stafsetning fyrir nema nemandinn kynni glögg skil á germynd og miðmynd. Stafsetningarnefnd lagði því til, að „einfalt" st yrði látið nægja í báðum myndum í samræmi við framburð.**

Stafsetning, sem mjög tekur mið af uppruna, gerir ávallt þá kröfu að menn viti svo og svo mikið um málið, málfræði þess og form. Þar eru z-reglur síður en svo undantekning. Þær krefjast drjúgs tíma við fremur ófrjótt nám. Reynslan hefur aftur á móti sýnt að færni í z-reglum og stafsetningu almennt er ekki einhlít til þess að menn geti kallast sendibréfsfærir, geti stílað skammlaust mál sitt eða komið fyrir sig orði svo að viðunandi sé. Stafsetning er ekki málið sjálft, heldur búningur þess í riti, kunnátta í stafsetningu tryggir engan veginn málhæfni. Með því að rýmka nokkuð um hina formbundnu stafsetningu vinnst tími til að sinna betur **málinu sjálfu og notkun þess.** Af þeim sökum og öðrum, sem nú hafa verið greindar, er það því skoðun okkar, að afnám z úr íslensku máli sé spor í rétta átt, átt til **málverndar og málræktar.** Vegna ýmissa ummæla og umr., sem spunnist hafa um niðurfellingu z, höfum við undirritaðir talið rétt, eins og getið var í upphafi, að birta helstu röksemdir okkar um þessa ákvörðun og teljum málið hér með útrætt af okkar hálfu. Halldór Halldórsson, Baldur Ragnarsson, Gunnar Guðmundsson, Indriði Gíslason, Kristinn Kristmundsson."

Þessi grg. stafsetningarnefndar er, eins og menn sjá, mjög gagnorð. Þar eru hvergi málalengingar um einstök atriði, heldur leitast nm. við að setja fram í stuttu og skýru máli sjónarmiðin sem lágu því til grundvallar að þeir ákváðu að leggja til haustið 1973 að sú breyting yrði þá þegar gerð á stafsetningarreglum að z yrði felld niður í skyldustafsetningu í skólum. Sú málaleitan n. barst mér í hendur í ágúst 1973 og var á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég leyfi mér hér með að skýra yður frá, herra menntmrh., að n., sem þér skipuðuð með bréfi, dags. 11. maí 1973, til þess að endurskoða núgildandi stafsetningu og greinarmerkjasetningu, hefur starfað allmikið í sumar. N. hefur komist að niðurstöðu um ýmis atriði í væntanlegum till. sínum, en vill ekki, fyrr en hún hefur athugað málið betur, gera nú nema eina till. til yðar. Í n. varð samkomulag um að stafurinn z skuli, ef menntmrn. samþykkir, vera brottnuminn úr íslenskri stafsetningu og í hans stað skrifað s. Í því sambandi ber þó vegna fyrri reglna að athuga eftirfarandi:

1. Í stofnum fallorða skal tannhljóð haldast á undan s hvort sem svo er borið fram eður ei, t. d. lofts, lats; lands, skorts o. s. frv.

2. Í orðstofnum skal tannhljóð haldast á undan s ef svo er fram borið, t. d. reiðstu, gleðstu, hefur mæðst, græðst, dáðst; greiðsla, breiðsla o. s. frv."

(Forseti: Má ég spyrja hv. ræðumann hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni?) Hæstv. forseti. Mig langar að lesa þetta bréf til loka, en ég mun geyma mér þangað til síðar frekari málsatriði sem ég á mörg ótalin enn. (Forseti: Hugmyndin er að hafa fund í Sþ. núna kl. 4 og fresta þessum fundi.) Það er aðeins hálf síða sem mig langar að lesa áður en ég fresta máli mínu. (Forseti: Þm. heldur áfram ræðu sinni.)

„3. Ef stofn endar á tt skal því sleppt hvaða orðflokk sem um er að ræða, ef endingin st fer á eftir, t. d. (hefur) sest, flust, breyst, hist, stystur (af stuttur).

4. Ef lýsingarháttur þátíðar í germynd endar á st eða sst skal miðmyndarendingu sleppt, t. d. (hefur) leyst (af leysast), breyst (af breytast), kysst (af kyssast).

Ef menntmrn. er samþykkt ofangreindri breytingu telur n. eðlilegt að það tilkynni skólum um þetta atriði, svo að það geti komið til framkvæmda á næsta vetri. Þyrfti slík tilkynning að koma fyrir 15. september í haust."

Og undir þetta bréf ritar, fyrir hönd stafsetningarnefndar Halldór Halldórsson prófessor. — [Frh. — Fundarhlé.]

Fjölbýlishús, frv. (þskj. 713). — 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Hæstv. forseti. Þetta frv. til l. um fjölbýlishús er samið af n. sem félmrn. skipaði í nóv. 1973 vegna tilmæla Húseigendafélags Reykjavíkur um endurskoðun laga um sameign fjölbýlishúsa. Þrír menn voru í þeirri n. sem samdi frv.: Jón S. Ólafsson skrifstofustjóri í félmrn., formaður, Hrafn Bragason borgardómari og Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður. Þá var samþ. í marsmánuði 1974 að tillögu hv. alþm. Eggerts G. Þorsteinssonar þál. um að fela ríkisstj. að láta athuga um breyt. á lögum um sameign fjölbýlishúsa sem tryggi að í sambýlishúsum verði ekki aðrar íbúðir auglýstar til uppboðs eða aðfarar vegna vangoldinna gjalda en þær, sem eru í skuld hverju sinni, og er 7. gr. þessa frv. samin með tilliti til þessarar ályktunar Alþ.

Þetta frv. hefur legið fyrir hv. Ed. og náð þar samþykki. Ég vísa fyrst og fremst til allitarlegrar grg. um frv., bæði almennrar og athugasemda um einstakar greinar, enn fremur til uppkasts að reglugerð um ákvörðun eignarhluta í fjölbýlishúsi, sem er fskj. 1, og reglugerð um samþykktir fyrir húsfélög, sem er fskj. 2. Ég vil leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til félmn. með 24 shlj. atkv.

Saltverksmiðja á Reykjanesi, frv. (þskj. 719). — 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar **Thoroddsen**): Hæstv. forseti. Saltvinnsla og sjóefnavinnsla á Reykjanesi hefur verið til athugunar um margra ára skeið. Það mun vera meira en áratugur sem rannsóknir

hafa átt sér stað í því efni, og hafa þar einkum unnið að Rannsóknaráð ríkisins og ýmsar aðrar stofnanir og ráðgjafar. En aðalfrumkvöðull þessa máls og sá, sem mest og að staðaldri hefur unnið að þeim málum, er Baldur Lindal efnaverkfræðingur. Rannsóknum er komið það langt að rétt þykir nú að leggja til að stofnað verði hlutafélag er hafi það markmið að kanna aðstæður til að reisa og reka saltverksmiðju og reisa í því sambandi tilraunaverksmiðju.

Með þessu frv. er gert ráð fyrir að ríkisstj. beiti sér fyrir stofnun slíks hlutafélags og til samvinnu um stofnun eða starfrækslu þess félags skuli ríkisstj. heimilt að kveðja innlenda aðila sem áhuga hafa á málinu. Með þessu frv. er því ekki slegið föstu að í þessa verksmiðju skuli ráðist, en hér er lokastig tilrauna og undirbúnings og óhætt að segja að rannsóknir og áætlanir benda mjög til þess að hér gæti verið um álitlega vinnslu að ræða.

Frv. þetta var lagt fyrir hv. Ed. og samþ. þar einróma. Ég vil, án þess að fara frekar út í aðdraganda þessa máls, vísa til þeirrar grg. sem því fylgir, og legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til iðnn. með 22 shlj. atkv.

Framkvæmdastofnun ríkisins, frv. (þskj. 640, n. 736, 738 og 746, 739). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Lárus Jónsson): Virðulegi forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar hv. d. hefur haft til athugunar frv. til l. um breyt. á lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins. N. varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Þeir hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason og Lúðvík Jósepsson munu skila sérálíti. Nál. meiri hl. er á þskj. 736. Meiri hl. fjh.- og viðskn. leggur til að frv. verði samþ. í því formi sem það er, en undir það nál. skrifar Eyjólfur Konráð Jónsson með fyrirvara.

Frsm. 1. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason): Hæstv. forseti. Við 1. umr. málsins gerði ég almenna grein fyrir afstöðu þingflokks Alþfl. til þessa máls og sé ekki ástæðu til þess að endurtaka það mál.

Ég beindi við 1. umr. þeirri fyrirspurn til hæstv. forsrh. hvernig skilja bæri 3. gr. frv., hvort hana bæri að skilja þannig að tilætlunin væri að forstjóri Framkvæmdastofnunar yrði einn, eins og Sjálfstfl. ásamt Alþfl. hafi lagt til að yrði þegar lögin voru sett 1971, eða hvort skilja mætti gr. þannig að þeir gætu verið tveir, þrír, fjórir eða jafnvel tíu. Svarið var þannig, að það mætti samkv. gr. hafa forstjórana fleiri en einn, og var þessi skilningur staðfestur við umr. í hv. fjh.- og viðskn. Ég skil því málavexti þannig að tilætlunin sé að hafa óbreytta skipan á stjórn Framkvæmdastofnunarinnar, þ. e. að hún skuli lúta þingkjörinni stjórn, sem ég tel sjálfsagt og eðlilegt, og það eigi framvegis að vera tveir forstöðumenn sem nú verða nefndir framkvæmdastjórar og eru báðir þm. Þessari skipan erum við í þingflokki Alþfl. algjörlega andvígir. Er þar að engu leyti um að ræða neitt persónulegt vantraust á þeim einstaklingum sem þessum störfum gegna og eru um það mjög vel færir, heldur teljum við nægilegt að þarna sé einn forstjóri, og við teljum að þessi eini forstjóri eigi ekki að vera þm., heldur eins og tíðkast nú orðið um bankastjóra að þeir séu ekki þm.

Ég vil jafnframt vekja athygli á því, að í frv. er gert ráð fyrir nýrri deild við stofnunina og að hún lúti sérstökum framkvæmdastjóra. M. ö. o.: hér er hæstv. ríkisstj. enn við sama heygarðshornið, að fjölga háttsettum og hálaunuðum embættismönnum í kerfinu. Hv. Ed. hefur þegar að frumkvæði hæstv. ríkisstj. samþ. að fjölga bankastjórum við einn af ríkisbönkunum um einn, og hér á að fjölga framkvæmdastjórum við stóra ríkisstofnun um einn, sem óhætt er að segja að sé algjör óþarfi því verkefni stofnunarinnar eru ekki aukin með frv. frá því sem verið hefur.

Þá vil ég enn fremur láta þess getið, eins og er tekið fram í nál., að í sjálfu sér er mjög óeðlilegt að setja ákvæði í almennum lögum eins og gert er í 14. gr. þessa frv., að ákveðinn hundraðshluti af fjárlögum skuli ganga til ákveðinna verkefna. Hér er um að ræða framlag til Byggðasjóðs. Ég tel miklu eðlilegra að ákvæði um slíkt sé í stjórnarsamningi stjórnarflokka hverju sinni, og er ekki — síður en svo — nokkuð að athuga við það ákvæði sem er í stjórnarsamningi núv. stjórnarflokka, að 2% af fjárlagaútgjöldum skuli ganga til Byggðasjóðs. Ég vek hins vegar athygli á því, að það er minna framlag sem lögbundið er með þessu frv., en aðferðina tel ég í sjálfu sér vera óeðlilega, að binda fjárveitingavaldið með þessum hætti í einstökum lögum. Það hníga engin almenn rök að því, að þó að þm. væru almennt sammála um að auka framlög til skólamála eða til félagsmála, þá skuli sjálfkrafa í kjölfar þess sigla aukin framlög í Byggðasjóð, eða ef nauðsyn þykir að spara á fjárlögum af einhverjum sérstökum ástæðum útgjöld í einhverju ákveðnu skyni, þá skulj sjálfkrafa af því leiða minnkun framlags í Byggðasjóð. Auk þess tel ég að móta ætti fastari stefnu varðandi lánveitingar Byggðasjóðs heldur en átt hefur sér stað, þ. e. a. s. að um verði að ræða stærri heildarsjónarmið varðandi þær lánveitingar sem opinber skýrsla hefur verið gefin um, því að þar tel ég kveða of mikið að beinum fyrirgreiðslulánveitingum sem eru ekki þáttur í fastmótaðri heildarbyggðastefnu.

Í framhaldi af þeim almennu skoðunum, sem ég hef lýst að væru skoðanir flokks míns í þessu máli varðandi stjórn stofnunarinnar, hef ég leyft mér að flytja á þskj. 739 brtt. við 3. gr. varðandi stjórnina. Ég kaus að velja henni nákvæmlega það form sem fulltrúar Sjálfstfl. töldu eðlilegast og réttast í fjh.- og viðskn. haustið 1971. Sú till., sem ég flyt á þskj. 739, er efnislega samhljóða þeirri till. sem þeir fluttu þá, hæstv. núv. fjmrh. Matthías Á. Mathiesen og hæstv. núv. sjútvrh. Matthías Bjarnason, að því einu breyttu að ég tek að sjálfsögðu upp í till. ákvæði um Byggðadeild, sem ákveði er um í stjórnarfrv., og breyti nafni forstöðumanna deilda, sem svo heita nú, í framkvæmdastjóra deilda, eins og ríkisstj. hefur þegar lagt til í greininni.

Ég þarf auðvitað ekki að taka það fram að flokksmenn mínir munu greiða þessari till. atkv. Hún er flutt í samráði við þingflokk Alþfl. og ég vil a. m. k. mega vænta þess að fyrrv. flm. þessarar till. greiði henni atkv.

Frsm. 2. minni hl. (Lúðvík Jósepsson): Forseti. Ég hef skilað sérstöku nál. á þskj. 746 um þetta mál. Í rauninni er óþarft fyrir mig að ræða hér frekar um málið en ég hef þegar gert. Afstaða mín til þessa frv. kemur fram í þessu nál. og hafði að mestu komið fram við 1. umr. málsins. Ég tel að hér sé um svo lítilvægar breyt. að ræða á lögunum um Framkvæmdastofnun ríkisins að það skipti í rauninni sáralitlu máli hvort frv. nær fram að ganga eða ekki. Hér er ekki um neinar efnisbreyt. að ræða frá því sem nú er í gildi. Að vísu eru tekin upp í þetta frv. ákvæði um tekjustofn handa Byggðasjóði í öðru formi en er í gildandi lögum, en mjög í samræmi við það sem þó er í framkvæmd og er bundið loforðum hæstv. ríkisstj. um framlag til sjóðsins, svo ég tel að það skipti sáralitlu máli einnig um þá breytingu.

Afstaða mín til málsins verður því sú, að ég get fallist á sumar gr. frv. og mun greiða þeim atkv., en öðrum ekki, og eins og ég hef sagt, þá sýnist mér að það skipti sáralitlu máli hvort frv. nær fram að ganga eða ekki.

Eyjólfur K. Jónsson: Virðulegi forseti. Ég skrifa undir nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. með fyrirvara og tel mér skylt að gera í örfáum orðum grein fyrir því hvers vegna ég rita undir með fyrirvara.

Ég verð að segja það eins og það er, að þegar ég sá frv. fyrst fullbúið s.l. mánudag, í fyrradag, eftir að hafa verið erlendis um nokkurra vikna skeið, sá það í hv. fjh.- og viðskn., þá varð ég fyrir vonbrigðum. Ég hafði satt að segja ætlað að fyrirheit í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. um endurskoðun á þessum lögum mundi þýða eitthvað annað og meira en það sem nú hefur séð dagsins ljós. Ég hafði gert mér vonir um að við þessa endurskoðun yrði reynt að samræma störf Framkvæmdastofnunar ríkisins, Seðlabanka, hagdeilda bankanna og raunar þau störf, sem mörg hver eru unnin í fjmrn., mun betur en gert hefur verið, og ég hafði gert mér vonir um að við þá endurskoðun yrði unnt að fækka því fjölmenna starfsliði sem að öllu þessu vinnur, því að fyrir tiltölulega fáum árum unnu miklu færri menn að þessum störfum og gerðu það, held ég, alveg eins vel og sá fjöldi sem við þetta er nú.

Í meginatriðum tel ég þó frv. vera til bóta frá þeirri löggjöf, sem gildandi er, og mun því fylgja því við lokaatkvgr., en áskil mér allan rétt til að styðja brtt. ef svo verkast vill. En meginatriðið er það, að ég er ekki ánægður með málið eins og það er nú og vona að framhald verði á endurskoðun á þessum málum, því ég man það t. d., að þegar fé atvinnumálanefndar var úthlutað á árunum 1968 og 1969, þá var það álíka fjármagn og nú er til ráðstöfunar í Byggðasjóði, og ég hygg að tveir ágætismenn hafi unnið það verk með einni skrifstofustúlku. Það voru þeir Jónas Haralz og Kristinn Zimsen. Ég held að það sé alveg óruggt mál að það megi mjög fækka í þessum stofnunum, sem ég nefndi, og samræma miklu betur störfin en gert er og einfalda þetta allt í sniðum og jafnvel að sumar af þessum áætlunum, sem enginn maður les, mættu missa sig.

Stefán Valgeirsson: Virðulegi forseti. Við höfum leyft okkur að leggja hér fram brtt., þ. e. a. s. ásamt mér eru þeir hv. þm. Gunnlaugur Finnsson, Þórarinn Sigurjónsson og Páll Pétursson, við 15. gr. frv. Við gr. bætist: „Af árlegu framlagi ríkissjóðs í Byggðasjóð skulu 26% renna Stofnlánadeild landbúnaðarins."

Í sambandi við þessa till. kemst ég ekki hjá því að ræða þetta mál töluvert, þó að því miður sé tíminn stuttur sem við höfum til umráða, því að það er ekki hægt fyrir okkur bændafulltrúana að fara héðan af þingi öðruvísi en að ræða þessi mál og fá niðurstöðu hvernig eigi að fjármagna Stofnlánadeild landbúnaðarins og veðdeildina eins og nú horfir.

Þegar lánsfjárskýrsla hæstv. ríkisstj. kom fram fyrir áramótin, þá fylgdi sú yfirlýsing að það væri stefnt að því að fjárfestingarsjóðirnir mættu ekki auka sín útlán nema sem svarar 7%. En þegar þessi skýrsla kom fram, þá kom það í ljós að það vantaði 235 millj. upp á það að Stofnlánadeildin fengi sama fjármagn til útlána á árinu 1976 eins og hún hafði á árinu áður, 1975.

Í þessari lánsfjárskýrslu kemur líka í ljós að það var stefnt að því á árinu 1975 að útlán Stofnlánadeildarinnar væru 11% hærri en á árinu áður, en Fiskveiðasjóðs tæp 90% og Iðnlánasjóðs tæplega 50% hærri. Reyndin varð svo sú að á árinu 1975 voru útlán Stofnlánadeildarinnar 32% hærri en árið áður. Nú er það með Stofnlánadeild landbúnaðarins að hún í raun og veru lánar til ýmissa annarra hluta heldur en til landbúnaðarins beint. Hún lánar t. d. til alls íbúðarhúsnæðis í sveitum, og þegar það er skilgreint t. d. hjá Seðlabankanum, þá sé ég ekki betur en að sá liður sé settur með útlánum til landbúnaðarins, en ætti auðvitað að vera til íbúðarhúsabygginga. Enn fremur er það þannig, að í vinnslustöðvar landbúnaðarins, bæði sláturhús og mjólkuriðnað, lánar Stofnlánadeildin til þessara framkvæmda og það mun líka vera skilgreint á sama veg, að það sé til landbúnaðarins, en ætti að mínu mati að vera öðruvísi flokkað. E. t. v. skiptir þetta ekki meginmáli nema áróðurslega. Þegar er verið að tala um hvað fari af lánsfé til landbúnaðarins, þá verða menn að vera þess minnugir hvernig þessi skipting er.

Af þessum 1230 millj., sem deildin hefur til útlána á þessu ári, eru rúmar 400 millj. sem fara til þessara tveggja liða og eru þá rúmar 800 millj. til alls annars. Þannig er það nú með Stofnlánadeildina að hún hefur neyðst til þess að svara neitandi öllum lánsumsóknum sem hafa borist deildinni, bæði sem við neituðum í fyrra og hverri einustu lánsumsókn sem hefur borist nú. Deildin tók það til bragðs að gefa þó mönnum kost á því að endursækja og rökstyðja það og koma með vottorð um að það væri alls ekki hægt að fresta framkvæmdum. Slíkar umsóknir áttu að vera komnar inn fyrir miðjan maí. Þessum umsóknum rignir nú inn, og í mörgum tilvikum er það þannig að bændur eru búnir að

panta efni, þeir eru jafnvel byrjaðir á framkvæmdum og þeir vilja ekki trúa því að varðandi þær framkvæmdir, sem í eðli sínu er ekki hægt að fresta, fái þeir nú neitun frekar en ýmsir aðrir. En úr þessu hefur ekki verið leyst enn á nokkurn hátt.

Í skýrslu Framkvæmdastofnunar ríkisins kemur fram að það eru 26.4% sem búa í sveitum ef maður dregur frá þéttbýlið hér í Reykjavík og á Reykjanesskaga. Það þykir því ekki óeðlilegt að landbúnaðurinn fái sinn hlut af því fé sem fer í Byggðasjóð. Í þessari merkilegu skýrslu kemur fram að heildarfjárveiting til landbúnaðar, — ég fer eftir skýrslunni, hún er sjálfsagt rétt, — hafi verið 2.79%, og ef landbúnaður er ekki byggðamál, ef það er ekki skilgreint byggðamál hér á Alþ. eða í Framkvæmdastofnuninni eða annars staðar, hvað er þá byggðamál? Ég vil spyrja. Á s.l. ári var það afgr. af hæstv. ríkisstj. að í Stofnlánadeildina skyldu fara 150 millj., og mér satt að segja fannst það ekki nema eðlilegt þar sem þá var líka mikil fjárvöntun. En hvað gerðist? Það gerðist það að stjórn Framkvæmdastofnunarinnar hafnaði því sem ríkisstj. á fundum sínum hafði þá samþ. og lagt til. Og ég vil þakka hæstv. ríkisstj. fyrir það, að þrátt fyrir þessa neitun var staðið við það. Við fengum þetta fé með öðru móti, en það var ekki Framkvæmdastofnuninni að þakka.

Nú eru þessi mál, eins og ég sagði áðan, þannig að nú er kominn 12. maí. Nú bíða bændur eftir því að fá svar við því hvort þeir megi byggja hlöður við hús, þar sem eru engar hlöður við, eða hús við hlöður sem voru byggðar í fyrra eða hittiðfyrra, en hefur ekki verið hægt að byggja húsin. Ég vil spyrja hæstv. ríkisstj.: Hvaða úrræði eru önnur heldur en að taka þá fé af Byggðasjóði sem er ætlað á fjárlögum um hálfur annar milljarður, að mér sýnist, ef er ekki hægt að taka það þar? Ég geri ráð fyrir því að ýmsir komi hér upp á eftir mér og bendi á það, að ef þetta verði gert, þá geti Fiskveiðasjóður og aðrir sjóðir komið líka og krafist þess sama. (Gripið fram í.) Já, ég veit að hann fær það. En þá vil ég spyrja: Hvernig á að leysa málið? Það er ekki hægt að svara því á þann veg að þessi leið sé ekki fær vegna þess að við höfum samþ. það og ég verið aðili að því að það sé sinnt byggðamálunum. Ef þetta eru ekki byggðamál, þá er ég hættur að skilja hvað byggðamál eru.

Ég var á ferðalagi um Norðurlönd fyrir örfáum vikum og ég ræddi þar við ýmsa menn um hvernig þetta væri gert í þeirra löndum, að standa að slíku. Það væri allt of langt mál að fara að segja frá því hér og ég ætla ekki að eyða tímanum í það. En ég vil segja það, að okkur hefur t.d. verið sagt að danskur landbúnaður fengi ekki styrk vegna þess að hann væri í Efnahagsbandalaginu, það mætti ekki. Ég fékk nú aðrar upplýsingar. Ég fékk þær upplýsingar að danskur landbúnaður geti fengið allt upp í eða yfir 90% að láni. Þessi lán eru með 9½%—14½% vaxtakjörum, til 30 ára í sumum tilvikum, eða allt frá 10—30 ára eftir því til hvers það er. En ef einyrkjabóndi, sem er í litlum efnum, kaupir jörð og allt til þess, þá getur hann fengið 110 þús. danskar og styrk til þess að borga niður vextina, þó aldrei nema 5% á ári af þessum vaxtagjöldum, þannig að vextirnir fyrir hina efnaminni eru 4½—9½%. Og þeir, sem hafa stórbýli, eru með menn í vinnu, geta fengið upp í 220 þús. í styrk á sama hátt.

Ég tók eftir því í Noregi að landbúnaðurinn er styrktur þar með svo margs konar móti að ég held að hv. alþm. ættu að kynna sér það og viðhorf til þeirra mála. Ég talaði t.d. við fyrrv. landbrh. Torstein Treholt, sem er alþýðuflokksmaður, og ég er hræddur um að flokksbræður hans á Íslandi líti á landbúnaðarmál öðrum augum en hann gerir.

Ég ætla ekki að tefja meira tímann að sinni. Ég geri ráð fyrir því að það verði einhverjar umr. um þetta og mun ég þá einhverju bæta við. En ég endurtek það að við félagarnir fjórir höfum flutt þessa till. Við bendum á leið til þess að fá fjármagn í Stofnlánadeild landbúnaðarins og leysa þann vanda sem þar er. Ef hv. alþm. sjá sér ekki fært að fara þessa leið, þá spyr ég aftur: Vill hæstv. ríkisstj., vill hæstv. forsrh. benda á aðra leið? Sé það hægt, þá er vel, en sé það ekki, þá látum við þessa till. ganga til atkv.

Till. er víst of seint fram komin, enda skrifleg, og þarf því afbrigða við.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 757) samþ. með 25 shlj. atkv.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. e. hefur flutt skörulega ræðu sem sumpart fjallaði um fjárhagsvandræði Stofnlánadeildar landbúnaðarins og þann gífurlega vanda, sem bændastéttin er í af þeim sökum. Hvert orð, sem hv. þm. sagði um þetta efni, er rétt og ástæða til að árétta það. Ég verð hins vegar að segja það, að ég treysti mér ekki til þess að ljá fylgi mitt eða styðja þá till. sem hann hefur flutt um fjáröflun fyrir Stofnlánadeild landbúnaðarins, og er það af orsökum sem nú skal greint.

Það er eðli og hlutverk Byggðasjóðs að vera viðbótarlánasjóður við lánveitingar annarra stofnlánasjóða. Byggðasjóður veitir lán til iðnaðar, sjávarútvegs, fiskiðnaðar og landbúnaðar, og það er gert ráð fyrir því og hann er byggður upp til þess að það sé gert til viðbótar við lán almennra stofnlánasjóða. Ef sú leið er valin, sem hér er stungið upp á, þá er þessi regla brotin og þessi leið stríðir gegn hlutverki sjóðsins. Það hlýtur að blasa við, að ef slíkt væri samþ. að markaður yrði ákveðinn hluti af tekjum hans til Stofnlánadeildar landbúnaðarins mundu koma fram kröfur frá Fiskveiðasjóði og Iðnlánasjóði um tiltekna hluti til þeirra sjóða, og hæstv. sjútvrh. greip fram í ræðu hv. 3. þm. Norðurl. e. áðan og sagði að Fiskveiðasjóður mundi krefjast a.m.k. 50% af tekjum Byggðasjóðs. Þar með værum við komnir á það stig að eyðileggja Byggðasjóð með öllu, og þó að hér sé um að ræða mál sem hefur það í för með sér að afla fjármagns til Stofnlánadeildar landbúnaðarins og styrkja bændur í þeirra stórkostlega vanda, þá vil ég ekki með þeim hætti verða til þess að eyðileggja Byggðasjóð, svo mikilvægur tel ég að hann sé.

Ég tel í rauninni að ekki sé þörf fyrir mig að bæta miklu við þessi orð um þessa till. Hins vegar vil ég þó fara örfáum orðum um þetta mál umfram það sem hér hefur komið fram.

Á síðasta ári hygg ég að fyrst hafi verið tekið upp af stjórn Byggðasjóðs og Framkvæmdastofnunar ríkisins að lána til landbúnaðar. Hv. 3. þm. Norðurl. e. sagði að hér hefði verið um að ræða 2.79% af lánveitingum sjóðsins. Ég hef heyrt tölu nefnda, 164 millj., sem lánað hafi verið til þessarar atvinnugreinar á síðasta ári og er augljóst að þar er um stærra hlutfall að ræða heldur en hv. ræðumaður gat um. Hér er að mínum dómi um mikilvæga stefnubreytingu að ræða hjá forráðamönnum Byggðasjóðs og er út af fyrir sig þegar vert að þakka þá stefnubreytingu og e. t. v. spyrja hvers vegna þessir hættir hafi ekki verið teknir upp fyrr. Ástæða er einnig til þess að óska eftir því og bera fram eindregin tilmæli um að meira af fjármagni þessa sjóðs verði lánað til landbúnaðar heldur en gert hefur verið og e. t. v., að því verði sérstaklega varið til sérgreindra viðfangsefna í landbúnaði, svo sem vinnslustöðva og annarra félagslegra framkvæmda. Þó ég segi þetta hér og vænti þess að framkvæmdastjórn Byggðasjóðs taki þetta til umhugsunar og eftirbreytni, þá veit ég þó að miklar líkur eru til að það fjármagn, sem ráðstafað væri með þessum hætti, væri í raun betur komið í höndum Stofnlánadeildar landbúnaðarins því þá mundi það ganga til framkvæmda bændanna sjálfra í meira mæli. En það verður að líta á þessi mál öll í samhengi, og með því að fara eftir því, sem þessi till. greinir, er sjóðurinn settur í slíka hættu að ég treysti mér ekki til þess að stuðla að því.

En eins og ég sagði í upphafi míns máls, þá var hvergi ofmælt í ræðu hv. 3. þm. Norðurl. e. um vanda Stofnlánadeildar og veðdeildar Búnaðarbanka Íslands og stórkostleg vandræði bændastéttarinnar af þessum sökum. Ég vil bera fram þau mjög svo eindregnu tilmæli til hæstv. ríkisstj. að þess verði freistað eftir öllum leiðum að fá viðbótarfjármagn til Stofnlánadeildar landbúnaðarins og enn fremur til veðdeildar Búnaðarbanka Íslands til þess að unnt sé að svara nokkru a. m. k. af hinum endurnýjuðu lánsbeiðnum bænda með jákvæðum hætti, því þar er, eins og hv. þm. Stefán Valgeirsson gat um, í morgum tilvikum um hrein neyðartilfelli að ræða og ekki auðvelt að sjá fram úr hvernig um það fer ef ekki verður hægt að veita nokkurt lánsfjármagn til þess að hjálpa þar til. En eins og fjárhag deildarinnar er háttað hefur hún nú ekkert fjármagn til að svara þessum lánsbeiðnum jákvætt. Veðdeild Búnaðarbankans er svo gersamlega fjárvana að þar eru ekki horfur á að verði unnt að veita eitt einasta lán á þessu ári til jarðakaupa, og sjá allir að það er gersamlega óviðunandi. Þess vegna er þörfin ærin og ég beini enn ákveðnum tilmælum til hæstv. ríkisstj. að freista þess eftir öllum leiðum að koma þarna til móts við þessar miklu þarfir og auka fjármagn til þessara hluta.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess, herra forseti, að segja um þetta fleiri orð og mun ekki ræða frv., sem hér liggur fyrir, að öðru leyti.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa langt mál um þetta frv. sem hér liggur fyrir. Ég hygg að margar breyt., sem gerðar hafa verið á gildandi lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins, horfi til bóta. Hins vegar eru hér örfáar greinar og sér í lagi tvær sem mig langar til að gera athugasemdir við.

Það er í fyrsta lagi 3. gr. sem ég tel allt of óljósa. Það verður ekki séð af orðanna hljóðan í þeirri grein hvort ætlunin er að forstjórar séu einn, tveir eða þrír, og í athugasemdum um þá grein aftar í þskj. er lesandinn ekki neinu nær um það efni. Ég mun því áskilja mér rétt við afgreiðslu þessa máls og meðferð þess hér að styðja væntanlega brtt., sem ég hygg að von sé á við þessa gr., í þá átt að tekin séu öll tvímæli af um það að forstjóri stofnunarinnar verði aðeins einn. Ég tel að með fjölgun aðaldeilda innan stofnunarinnar úr tveimur í þrjár sé engan veginn þörf á að halda við fleiri en einum forstjóra. Eg vil taka fram, eins og hér hefur verið gert af öðrum hv. þm. sem tekið hafa til máls um þetta mál, að þetta er engan veginn — og ég vil leggja áherslu á það — að þessi afstaða mín markast ekki af því að hinir tveir núv. framkvæmdastjórar Framkvæmdastofnunar eigi ekki fyllsta traust skilið. Ég hef látið það í ljós í umr. um Framkvæmdastofnunina fyrr hér á þingi. Báðir eru þeir traustir menn og mætir og til alls góðs treystandi. En að grundvallarstefnu finnst mér að þarna þurfum við að breyta til og hafa forstjórann aðeins einn sem þá gegndi því starfi eingöngu og ekki öðru starfi með. Ég held að okkur hljóti öllum að vera ljóst að starf þessa forstjóra svo mikillar stofnunar sem Framkvæmdastofnun er hlýtur að vera fullt starf og vel það.

Ég vil í öðru lagi minnast aðeins á 14. gr. þessa frv. til l. sem kveður á um breyt. á 28. gr. gildandi laga þar sem kveðið er á um tekjur Byggðasjóðs. Þær eru í fyrsta lagi eignir Atvinnujöfnunarsjóðs samkv. lögum nr. 69/1966, framlag úr ríkissjóði, þannig að árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins verði eigi lægra en sem svarar 2% af útgjöldum fjárlaga og í þriðja lagi vaxtatekjur. Þarna er öðrum lið teknanna breytt nokkuð frá því sem tekið var fram í stjórnarsáttmála núv. ríkisstj., og ég fæ ekki betur séð og það hefur raunar komið fram hér í umr. að þetta ákvæði þýði rýrnun sjóðsins. Ég treysti núv. ríkisstj. fyllilega til að standa við yfirlýsingar sínar um að árlegt framlag ríkissjóðs í Byggðasjóð skuli nema 2% af útgjöldum fjárlagafrv. Í þessari till., sem nú er lagt til að komi inn í lögin, er að vísu talað um að ráðstöfunarfé sjóðsins verði eigi lægra en sem svarar 2% af útgjöldum fjárlaga, sem þýðir vafalaust nokkru hærri upphæð heldur en fjárlagafrv. Engu að síður sýnist mér þarna stefnt að því að setja visst þak á tekjur Byggðasjóðs, þannig að honum sé ekki gert jafnauðvelt að ávaxtast og vaxa eftir eðlilegum leiðum annarra sjóða. Ég geri þó ekki brtt. við þessa 14. gr., en ég verð að segja að ég er ekki fyllilega ánægð með hana og ég vona að í framtíðinni muni þetta ekki verka þannig að fjármögnun Byggðasjóðs verði erfiðari heldur en hún er í dag.

Að því er varðar fram komna brtt. frá hv. 3. þm. Norðurl. e., þá vil ég lýsa mig andvíga henni. Ég met fyllilega sjónarmið hans um erfiðleika stjórnar Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Ég veit að hann mælir rétt er hann bendir á mjög mikla og vaxandi erfiðleika þessa fjárfestingarsjóðs landbúnaðarins. Og síst vil ég gera lítið úr hverri góðri viðleitni til þess að styrkja hag landbúnaðarins. En eins og hv. þm. Pálmi Jónsson benti á, þá tel ég að hér yrði farið inn á ákaflega hættulega braut ef hver atvinnuvegur fyrir sig krefst ákveðins, afmarkaðs lánahlutfalls úr Byggðasjóði, og ég held að það sé hárrétt athugað að það mundi með tímanum ganga af Byggðasjóði dauðum, eða Byggðasjóði eins og við viljum að hann starfi. Við hljótum að gera kröfu til þess og vænta þess að þeir, sem með stjórn Byggðasjóðsins fara, hafi landbúnaðinn ekki að hornreku, og sannarlega skal ég taka undir það að landbúnaður er byggðamál að sjálfsögðu ekki síður en sjávarútvegur. En þarna þurfa að ráða önnur sjónarmið og aðrar aðferðir heldur en gert er ráð fyrir með því að fara fram á, ef ég heyrði rétt hjá hv. þm. Stefáni Valgeirssyni, að 26% af útlánum Byggðasjóðs skuli ganga til Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Þegar til umr. var hér á Alþ. haustið 1971 frv. til l. um Framkvæmdastofnun ríkisins, þá hygg ég að allir hv. þm. muni eftir þeim hamagangi sem uppi var hafður af hálfu þm. Sjálfstfl. gegn frv., gegn stofnuninni, og þeir töldu að með slíku væri verið að setja á stofn pólitískt bákn sem mundi valda alls konar spillingu í kerfinu, fjármunaspillingu, svo að ekki sé meira sagt. Aðalstórskotaliðsforingjar Sjálfstfl. í þessum umr. voru þeir nafnar, núv. hæstv. fjmrh. og hæstv. sjútvrh., auk hinnar sunnlensku kempu, hv. 1. þm. Suðurl., sem fyrir tæpum tveim árum gekk brosandi inn um dyr stofnunarinnar sem formaður stjórnar hennar og hefur setið þar, að því er virðist mjög ánægður, síðan án nokkurra breytinga. Þetta er í meginatriðum og sem fæstum orðum það sem gerðist haustið 1971 og það sem gerst hefur síðan og sýnir hvernig menn í raun og veru breytast við að komast í valdaaðstöðu eins og þm. Sjálfstfl. hafa nú komist í og setið í um tæplega tveggja ára skeið.

Það frv., sem hér er nú til umr., er fóstur núv. stjórnarflokka eftir stanslausa tveggja ára baráttu í þeim efnum að koma fram með einhvers konar frv.-smíð um breyt. á lögunum um Framkvæmdastofnun ríkisins. Slíkt var tekið upp í stjórnarsáttmála núv. stjórnarflokka. Það hefur verið flutt hér frv. um Framkvæmdastofnun ríkisins af hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasyni og fleirum, að ég held, a. m. k. þeim hv. þm. Á því hefur verið legið og beðið eftir því að þessi frv.-smíð sæi dagsins ljós, þótt í gegnum miklar þrengingar hafi þurft að fara á þessu tæplega tveggja ára tímabili.

Það, sem stórskotaliðsforingjar Sjálfstfl. haustið 1971 töldu fyrst og fremst varhugavert og fordæmanlegt, var það, að það var meiningin þá og var í reynd sett upp kerfi sem menn hafa nefnt „kommissarakerfi“, og í tíð fyrrv. ríkisstj. var þar um þrjá einstaklinga að ræða, þrjá fulltrúa, einn frá hverjum stjórnarflokki. Núv. hæstv. ríkisstj. breytti þessu þegar hún tók við völdum, og í stað þess að þeir voru þrír þá var þeim fækkað í tvo, þ. e. a. s. einn fulltrúa fyrir hvorn núv. stjórnarflokk. Þetta var siðmenningin sem átti sér stað og hefur blómgast síðan undir forsæti hv. þm. Ingólfs Jónssonar sem var að þeim nöfnum ólöstuðum einna skeleggastur í gagnrýninni á lögin um Framkvæmdastofnun ríkisins haustið 1971.

Í því frv., sem hér liggur nú fyrir, er, að því er ég best sé, ekki um að ræða neinar verulegar breyt. frá lögunum um Framkvæmdastofnun ríkisins sem nú er í gildi, nema þá einu breyt. að yfirfært er úr stjórnarsáttmála núv. stjórnarflokka ákveðið prósentuframlag til Byggðasjóðs sem nú er sett í frv. og væntanlega verður þá í lögunum. Þetta er hin eina raunverulega breyt. frá því sem nú er í lögunum um Framkvæmdastofnun ríkisins. Maður skyldi nú ætla eftir allt tal þeirra Sjálfstæðis-þm. um a. m. k. hættuna á stórkostlegri pólitískri spillingu í þessari ríkisstofnun, að þeir hefðu a. m. k. látið sjá hér dagsins ljós á Alþ. breyt. þar sem a. m. k. hefði verið reynt að koma í veg fyrir að þessi þróun mála ætti sér stað, þ. e. a. s. að þeir hyrfu nú til hinna fyrri hugmynda sinna haustið 1971 og legðu til að í þessu frv. væri það ótvírætt að þessari stofnun skyldi stjórnað af visku og dáð eins forstjóra í stað tveggja sem nú eru. En ekki er nú aldeilis svo að sjá, að það sé meining hæstv. ríkisstj. að breyta í þá átt, því að í fyrsta lagi er það að segja um 3. gr. frv., sem fjallar um þetta, að hana má skilja á báða vegu. Það má skilja hana sem svo að þarna geti verið um einn forstjóra að ræða, en þeir geta líka verið 5, 10 eða fleiri. En mér skilst að við 1. umr. hafi það komið fram hjá talsmönnum þessa frv. að meiningin væri að hér yrði ekki um einn forstjóra að ræða, heldur fleiri, þannig að hér er engin breyt. á ferðinni.

Ég vil taka það fram að haustið 1971, þegar lögin um Framkvæmdastofnun ríkisins voru hér til meðferðar, var það skoðun Samtakanna að það væri æskilegast að einn forstjóri yrði ráðinn að stofnuninni. Sú skoðun okkar hefur ekkert breyst. Við gerðum það að vísu til samkomulags haustið 1971 að fallast á þá niðurstöðu sem þá varð um að þar yrðu þrír framkvæmdastjórar, en við vorum þessarar skoðunar og erum þessarar skoðunar enn, að það muni affarasælast að um sé að ræða einn forstjóra fyrir þessa stofnun. Með hliðsjón af því teljum við eðlilegt að fylgja fram kominni brtt. frá hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasyni sem gengur í þessa átt og a. m. k. mætti ætla með hliðsjón af því, sem áður hefur gerst, að hv. þm. Sjálfstfl. muni greiða atkv.

Út af þeirri till. sem hér kom fram frá hv. þm. Stefáni Valgeirssyni o. fl., og þeim

ummælum sem hann lét falla hér, þá tel ég engan vafa á því að um er að ræða talsvert mikinn vanda Stofnlánadeildar landbúnaðarins í sambandi við fjármagnsvöntun. Það hygg ég að ekki verði í efa dregið. En ef samþ. yrði sú till. sem hann hér leggur til, þá væri a. m. k. frá mínum bæjardyrum séð, eins og hér hefur komið fram, í raun og veru verið að leggja niður í reynd það markmið sem Byggðasjóði var ætlað á sínum tíma, og mér vitanlega hafa ekki komið fram neinar hugmyndir eða till. aðrar en þá þessi í þá átt að breyta þessu höfuðmarkmiði Byggðasjóðs. Eins og hér kom fram áðan, þá er Byggðasjóður viðbótarlánasjóður, og hér hefur réttilega verið á það bent, að ef þetta yrði gert með Stofnlánadeild landbúnaðarins, þá kæmu að sjálfsögðu þegar fleiri sjóðir á eftir og þar með yrði í raun og veru gengið af Byggðasjóði dauðum, þannig að ég a. m. k. mun ekki geta stutt þá till. sem hér hefur komið fram í þessa átt, þó að ég viðurkenni fyllilega erfiðleika sem Stofnlándeild landbúnaðarins stendur frammi fyrir vegna fjármagnsskorts.

Eins og ég sagði áðan, þá er þetta frv. í raun og veru hvorki fugl né fiskur í þá átt sem talsmenn Sjálfstfl. hafa talað um að undanförnu. Þeir hafa greinilega orðið að sætta sig við það að kyngja hinum stóru orðum um Framkvæmdastofnun ríkisins, þar á meðal hv. 1. þm. Suðurl. sem viðhafði þó æðimörg stór orð þegar þetta mál var til umr. hér haustið 1971, og þeir hafa orðið að sætta sig við það að í öllum meginatriðum á Framkvæmdastofnunin að starfa á sama grundvelli og hún hefur gert allt frá upphafi. Þetta er meginniðurstaðan, þannig að þetta frv. hefur ekki inni að fela neinar raunverulegar breyt. á þeirri stofnun frá því sem nú er.

Ég vil svo að lokum ítreka það, að við munum greiða atkv. þeirri brtt., sem flutt er af hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasyni, með hliðsjón af því sem við töldum í upphafi réttast, þrátt fyrir það að við gengjum til samkomulags inn á annað haustið 1971.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég ætla að leiða hjá mér að ræða almennt um frv. til l. um Framkvæmdastofnun ríkisins, en ég verð að játa að ég hygg að þar sé ekki um neinar stórvægilegar breyt. að ræða frá núgildandi lögum.

Hv. 3. þm. Norðurl. e. flutti hér hressilega hugvekju. Ég hef því miður ekki getað slegist í fylgd með honum að flytja þá brtt. sem hann lýsti og fylgdi svo frísklega úr hlaði. Það er af ýmsum ástæðum, m. a. þeim sem hv. 2. þm. Norðurl. v. gat um. Við vitum að hér er um mikið vandamál að ræða, og okkur er kunnugt um stefnuyfirlýsingu ríkisstj. þegar hún tók við völdum. Við vitum um fjárvöntun stofnlánasjóða landbúnaðarins. En eigi að síður held ég að þetta mál verði ekki afgr. með svo einföldum hætti sem hv. 3. þm. Norðurl. e., vinur minn, gat hér um áðan. M. a. verðum við að hafa í huga, þegar við ræðum um ákveðna prósentutölu sem hinum dreifðu byggðum ber, hinar dreifðu byggðir eru ekki bara sveitarbýlin, heldur einnig þéttbýlið úti um land. Og hagsmunir hinna dreifðu býla og þéttbýliskjarnanna, þótt smáir séu úti um landið, eru svo nátengdir að þar verður ekki með nokkru móti skilið á milli. Hitt er annað mál, að fjárvöntun Stofnlánadeildar og veðdeildar landbúnaðarins er mikil. Við höfum stundum heyrt talað um að bændur væru í sérstöðu að því leyti að þeir þyrftu ekki annað en rétta fram höndina, þá fengju þeir lán sjálfkrafa út á sínar framkvæmdir. Þetta er hinn mesti misskilningur, eins og kom glögglega fram af máli hinna tveggja ræðumanna úr Norðurlandi sem hér töluðu áðan. Þess vegna vil ég taka undir þeirra mál sem var mjög réttmætt á allan hátt og ítreka að það verður ekki með nokkru móti dregið að athuga í grundvallaratriðum framtíðarmálefni og tekjustofna Stofnlánadeildar og veðdeildar. Og ég tek undir áskorun á hæstv. ríkisstj. að hún hrindi þessu máli í framkvæmd og láti nú þegar hefjast handa um að leysa brýnustu vandamál þessara stofnlánasjóða til frambúðar.

Ellert B. Schram: Virðulegi forseti. Það eru aðeins örfá orð við 2. umr. málsins. Ég var búinn að lýsa skoðunum mínum í meginatriðum við 1. umr. málsins og skal ekki endurtaka það að neinu verulegu leyti. Ég ætla aðeins að minna á að í þeirri umr. kom einkum tvennt fram sem var gagnrýnt eða alla vega bent á, og það voru einkum og sér í lagi athugasemdir við 3. gr. frv. um skipan forstjóra og framkvæmdastjóra. Ekki lá ljóst fyrir eftir þá umr., hvað ætlað er að gera varðandi fjölda forstjóra þessarar stofnunar. Eins og bent hefur verið á, þá er það opið eins og frv. er úr garði gert, að hægt er að skipa einn, tvo eða fleiri forstjóra. Er það lagt í vald stjórnar stofnunarinnar hversu margir forstjórarnir skuli vera. Þetta var gagnrýnt, og ég var í þeim hópi sem taldi að nægilegt væri að einn framkvæmdastjóri eða forstjóri væri við þessa stofnun. Bæði er það, að ef til þess yrði gripið, þá mundi það eyða að nokkru tortryggni og ásökunum á þessa stofnun um að þar færu fram einhvers konar hrossakaup. Einn forstjóri yrði og til sparnaðar fyrir stofnunina, og þá er auðvitað gert ráð fyrir því að hann sé í fullu starfi. Mjög hefur verið deilt á það ráðslag, sem verið hefur nú að undanförnu, að tveir alþm. gegni forstjórastörfum við stofnunina, og hafa menn bent á að það sé í ósamræmi við þær reglur sem ríkjandi hafa verið t. d. hjá bankastofnunum. Í rekstri banka og í lögum um banka er ákveðið hversu margir bankastjórarnir skuli vera, það er beinlínis bundið í lögum, og sú venja hefur verið viðurkennd og í heiðri höfð að bankastjórar séu ekki samtímis alþm. Til þess að taka af allan vafa um þessi efni og til þess að vilji Alþ. komi í ljós, þá mun ég nú leyfa mér að flytja brtt. við 3. gr. frv., 2. málslið, og gera till. um að gr. orðist svo:

„Samkv. till. stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins skipar ríkisstj. einn forstjóra. Skal hann annast daglega stjórn stofnunarinnar og má ekki gegna öðrum fastlaunuðum störfum.“

Þarna er ekki verið að banna einum eða neinum eða koma í veg fyrir að einhver sé kjörgengur til þessa starfs, en þá verða menn að gera upp við sig, ef þeir sækja um starfið, hvort þeir vilja vera þar í fullu starfi eða halda áfram sínum fyrri störfum og láta þá vera að sækja um þessa stöðu. Með samþykkt á þessari till. held ég að skýrar línur muni komast á í þessum efnum, og fullyrði ég að það væri í samræmi við hagsmuni þessarar stofnunar. Það er ekki óeðlilegt, ef hún á á annað borð að lifa áfram, að þar sé einhver forstjóri. Það er ónauðsynlegt að þeir séu fleiri en einn, þar sem framkvæmdastjórar eru fyrir hverri deild og hér mundi vera tryggt að sá forstjóri mundi sinna starfinu að fullu og öllu leyti, en ekki vera að gegna því í íhlaupaverkum.

Jafnframt því sem ég flyt þessa till., þá vil ég jafnframt leggja fram aðra brtt., en hún er við 29. gr. laganna. Nokkur gagnrýni hefur komið fram um hlutverk Byggðasjóðs og ráðstöfun á því fjármagni sem þar er úr að spila. Því er haldið fram að gert sé upp á milli einstakra kjördæma og byggðarlaga. Sérstaklega hafa þeir kvartað sáran sem eru fulltrúar fyrir þéttbýlli staði hér sunnanlands, einkum Reykjavík og Reykjanes. Nú hefur það verið fullyrt og kemur fram í skýrslum frá stofnuninni að lán eru veitt til þessara kjördæma og núv. stjórnendur stofnunarinnar hafa sveigt til þessarar áttar, að réttu lagi að mínu mati. Það er líka mín túlkun á 29. gr. laganna að þar sé beinlínis gert ráð fyrir því að ráðstafa megi fé og veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda til allra landshluta til þess að bæta aðstöðu til búsetu án tillits til þess hvort um er að ræða dreifbýli eða þéttbýli. Til þess að undirstrika þessa skoðun mína, sem ég tel vera rétta, og til þess að styrkja núv. stjórnendur stofnunarinnar í þeirri stefnu sinni að veita fé til allra landshluta, þá mun ég leyfa mér að leggja fram eftirfarandi brtt. við 29. gr. og mundi þá greinin hljóða svo í heilu lagi:

„Hlutverk Byggðasjóðs er að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með því að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífs hvarvetna á landinu með hliðsjón af landshlutaáætlunum, sbr. 8. gr., og til að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir, að lífvænlegar byggðir fari í eyði.“

Greinin er óbreytt nema inn í hana er bætt orðunum „hvarvetna á landinu“. Ég treysti því að menn hafi skilning á þessari sjálfsögðu till. og greiði henni atkv.

Brtt. mínar eru of seint fram komnar og eru skriflegar og þarfnast afbrigða.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 763) samþ. með 23 shlj. atkv.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég vil, vegna þess að hv. 2. þm. Norðurl. v. vefengdi það, að mér skildist, að lán til landbúnaðar væru 2.79%, benda á að á bls. 65 í þeirri skýrslu, sem Framkvæmdastofnun ríkisins hefur dreift á borð þm. fyrir árið 1975, er skiptingin svona, með leyfi forseta: Landbúnaður 104 millj. 933 þús. eða 2.79%. Fiskveiðar 1 milljarður 758 millj. rúmar eða 46.68%. Fiskiðnaður 615 millj. rúmar eða 16.32%. Og iðnaður er með 17%. Þetta sýnir a. m. k. að ef þessi skýrsla er rétt, þá er skiptingin eins og ég sagði áðan.

Þegar maður fer að fletta þessari skýrslu, þá virðist manni að minkabú og hænsnabú fái helst lán af þeim greinum landbúnaðarins sem sækja þar um lán.

En út af ræðu hv. þm. Pálma Jónssonar vil ég segja það, að það er alveg rétt að Byggðasjóður er uppbyggður sem viðbótarlánasjóður. En til hvers eru viðbótarlán ef engin stofnlán eru til þess að lána úr stofnlánasjóðunum sjálfum? Ég vil spyrja að því. Og í ræðu minni áðan óskaði ég þess og það hæstv. forsrh. að svara til um aðrar leiðir til að fjármagna Stofnlánadeild og veðdeild, og þá væri ég fús til að draga þessa till. til baka. En komi ekki yfirlýsingar um það hér á hv. Alþ., þá verður þessi till. að ganga hér undir atkv.

Út af því, sem hv. 9. landsk. þm. sagði í sambandi við að það væri óeðlilegt að þetta gengi í Stofnlánadeildina — (Gripið fram í.) Ja, er ekki Byggðasjóður eða það fjármagn, sem ætlað var í hann, fyrst og fremst til þess að styrkja byggð í landinu, — er það ekki? Og ef Byggðasjóður er byggður upp á kostnað stofnlánadeildarinnar, hins raunverulega byggðasjóðs, höfum við þá náð þeim tilgangi sem ætlast var til? Ég spyr.

Hv. 5. þm. Vestf. sagði að ef till. yrði samþ., þá væri gengið af Byggðasjóði dauðum. Þegar lögin um Byggðasjóð voru samþ., þá var ætlað til hans úr ríkissjóði 100 millj. á ári. Ég get ekki betur séð en að ef þetta frv. verður samþ. þannig, enda er það í stefnuyfirlýsingu hæstv. ríkisstj., að 2% af útgjaldaliðum fjárlaga renni í Byggðasjóð, þá geti það orðið um hálfur annar milljarður. Ég sé því ekki að það sé neitt óeðlilegt, um leið og þessi sjóður er stórefldur og ef finnast ekki önnur úrræði til þess að fjármagna byggðasjóði, þá sé ekkert eðlilegra en að rétt hlutfall, miðað það fólk sem býr á þessum landssvæðum, fái sinn hlut af þessum sjóðum.

Ég ætla ekki að ræða þessi mál frekar vegna þess að sá tími, sem er gert ráð fyrir að þingfundur standi, er nú liðinn. En ég vil minna á það að á síðasta ári var verðmæti unnið úr hráefnum landbúnaðarins flutt út fyrir rúma 3½ milljarð. Ég veit ekki betur en það sé möguleiki að selja kindakjöt í Noregi fyrir verð sem væri um 445 kr. kg. Ég veit ekki betur heldur en að ef það væri möguleiki að vinna úr íslenskri ull og skinnum, þá væri hægt að margfalda þann útflutning frá því sem nú er, ef við gætum bara fullunnið öll þessi hráefni, og að því verður stefnt. En það verður ekki gert með því að halda á byggðamálunum á kostnað

landbúnaðarins. Það verður ekki gert með því, og við fulltrúar dreifbýlisins getum ekki sætt okkur við slíka lausn. Þess vegna ítreka ég spurningu mína til hæstv. forsrh.: Eru önnur úrræði? Þá er ég fús til að draga þessa till. til baka, en annars ekki.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég tel að nauðsynlegt sé að sjálfsögðu að endurskoða fjáröflun til fjárfestingarlánasjóðanna og þ. á m. til Stofnlánadeildar landbúnaðarins. En ég hygg að hv. fyrirspyrjanda sé það manna kunnugast að það er umfangsmeira mál en svo að unnt sé að gera því skil í örstuttu svari sem takmarkað er tímans vegna og aðstæðna.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Það er aðeins örstutt athugasemd út af því sem hér hefur fram komið. Ég vil geta þess að ég hef þegar skipað n. til þess að endurskoða lög um Stofnlánadeild landbúnaðarins og veðdeild landbúnaðarins, þar sem ég legg sérstaka áherslu á að unnið sé að því að útvega þessum deildum sem mest eigið fjármagn. Þeir hv. tveir ræðumenn, sem hafa vikið að þessu, hv. 3. þm. Norðurl. e. og hv. 4. þm. Vesturl., eiga báðir sæti í þeirri n. og ég treysti þeim til þess að finna fjármuni til þeirra verkefna sem þeir hafa hér talað um. En fleiri verða með þeim, svo að þeir hafa nokkra sér til aðstoðar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 90. fundur.

Miðvikudaginn 12. maí, kl. 4 síðdegis.

Fjáraukalög 1973, frv. (þskj. 35, n. 648). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv.

Fjáraukalög 1974, frv. (þskj. 437, n. 647). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 36 shlj. atkv.

Vegáætlun 1976—79, þáltill. (þskj. 667). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til fjvn. með 35 shlj. atkv.

Alþt. 1975. B. (97. löggjafarþing).

Byggingarsjóður ríkisins, þáltill. (þskj. 502). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Endurvinnsluiðnaður, þáltill. (þskj. 294, n. 591). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 760).

Fiskileit og tilraunaveiðar, þáltill. (þskj. 295, n. 592, 593). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Brtt. 593 samþ. með 33 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 761).

Sykurhreinsunarstöð í Hveragerði, þáltill. (þskj. 297, n. 589, 590). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Brtt. 590 samþ. með 33 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 762).

Efri deild, 106. fundur.

Fimmtudaginn 13. maí, kl. 2 miðdegis.

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 62, n. 750, 751). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Frv. það um veitingu ríkisborgararéttar, sem hér liggur fyrir, hefur verið rætt á fundum allshn., en eins og að undanförnu voru þau vinnubrögð viðhöfð til að flýta fyrir afgreiðslu málsins að formönnum allshn. Ed og Nd. var falið ásamt skrifstofustjóra Alþ. að athuga frv., athuga umsóknir, sem fylgdu því, og umsóknir þær sem bárust eftir að frv. var lagt fram.

Í frv. sjálfu eru till. um 18 erlenda ríkisborgara sem sækja um íslenskan ríkisborgararétt, og er n. sammála um að mæla með því að þeir fái umbeðinn ríkisborgararétt. En auk þess flytur n. á sérstöku þskj. till. um að 37 erlendum ríkis-

borgurum til viðbótar verði veittur íslenskur ríkisborgararéttur. Ágreiningur varð ekki, hvorki í undirnefnd né allshn. Ed., um afgreiðslu umsókna.

Ég tel rétt að vísa hér til þeirra reglna, sem prentaðar eru með nál. um veitingu ríkisborgararéttar, en þær reglur, sem n. hefur unnið eftir eru í stuttu máli þessar: Í fyrsta lagi hafi umsækjandi óflekkað mannorð og sé að áliti tveggja valinkunnra manna starfhæfur og vel kynntur þar sem hann hefur dvalist. Útlendingar, aðrir en Norðurlandabúar, hafi átt lögheimili í 10 ár hér á landi, en Norðurlandabúar 5. Karl eða kona, sem giftist íslenskum ríkisborgara, fær ríkisborgararétt eftir 3 ára búsetu frá giftingu, enda hafi hinn íslenski ríkisborgari haft ríkisborgararétt ekki skemur en 5 ár. Erlendir ríkisborgarar, sem eiga íslenskan ríkisborgara að foreldri, fá ríkisborgararétt eftir 3 ára búsetu ef annað foreldrið er Norðurlandabúi, annars eftir 5 ár. Íslendingar, sem hafa gerst erlendir ríkisborgarar, fá ríkisborgararétt eftir eins árs búsetu, og íslensk kona, sem misst hefur ríkisfang sitt við giftingu, en hjónabandinu slitið og hún hefur öðlast heimili hér, fær ríkisborgararétt á fyrsta dvalarári hér, enda lýsi hún því yfir að hún ætli að dveljast áfram í landinu, og gildir hið sama um börn sem hafa náð 16 ára aldri.

Að öðru leyti tel ég ekki, herra forseti, ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál.

ATKVGR.

Brtt. 751 samþ. með 14 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Gatnagerðargjald á Akureyri, frv. (þskj. 80, n. 677). — 2. umr.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Félmn. hefur fjallað um frv. það sem hér er til umr. M.a. leitaði hún umsagnar bæði félmrn. og Sambands ísl. sveitarfélaga og fékk ráðuneytisstjórann í félmrn. og framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga til skrafs og ráðagerða um málið. Niðurstaða n. varð sú, að hún samþ. að leggja til að frv. þessu yrði vísað til ríkisstj. Fjarstaddur afgreiðslu málsins var Steingrímur Hermannsson.

Efni þessa frv., sem hér er um að ræða, er að Akureyri verði heimilað að leggja á gjald til þess að standa undir malbikun gatna hliðstætt því sem nú er ákveðið í lögum um gatnagerðargjald frá 1974, en þó með þeirri breytingu að það yrði heimilt að leggja á fasteignaskatt í þessu skyni þó að malbikaðar hafi verið fyrir meira en 5 árum þær götur sem fasteignirnar standa við, en samkv. gildandi lögum er það heimilt allt að 5 árum aftur í tímann.

Hér er um að ræða í fyrsta lagi lög sem varða einungis eitt sveitarfélag, og þótti n. það nokkuð varhugavert og óeðlilegt — kannske frekar að segja það óeðlilegt — að veita einu sveitarfélagi slíka heimild og betur færi á því að heimildin væri í almennum lögum. En þá er spurningin: Hvernig á með þetta mál að fara ef þetta yrði sett í almenn lög? Í raun og veru er þetta skattlagning á fasteignir sem farið er fram á heimild fyrir. Nú höfum við fyrir almennan fasteignaskatt samkv. lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Við höfum fyrir sérstakan skatt á fasteignir sem lagður er á við byggingu þeirra vegna vega, eða gatnagerðargjald. Í þriðja lagi höfum við svo ákvæði í lögum um skatt á fasteignir vegna malbikunarframkvæmda með sérstökum hætti í lögum frá 1974. Og hér kæmi fjórða tegund skattheimtu á fasteignir. Okkur þykir að það séu skynsamleg vinnubrögð að taka þetta mál allt til endurskoðunar og rasa ekki um ráð fram í þessu efni. Og með því að nú vinnur sérstök n. að endurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga, þá þótti n. ráð að sú n. tæki þetta mál til sérstakrar athugunar með það fyrir augum að það mætti finnast hagkvæm lausn á því. Með tilliti til þessa leggur n. til að frv. sé vísað til ríkisstj.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Ég verð að segja það í sambandi við það nál. hv. félmn. sem hér liggur fyrir að ég er ekki ánægður með þá afgreiðslu sem þetta frv. hefur hlotið hjá þeirri virðulegu n. Ég get að mörgu leyti skilið þau sjónarmið, sem fram koma í nál. og lýst var af frsm. n., hv. 3. þm. Vestf., og það getur þvælst fyrir mönnum að gæta nokkurrar varkárni við það hversu langt eigi að fara út á þá leið að heimila almenna fasteignaskatta. En eins og tekið var fram í ítarlegri grg. sem fylgdi þessu frv., bæði þegar það var lagt fram í fyrsta skipti seint á árinu 1975 og eins núna, þá gildir um þetta frv. nokkur sérstaða og að mínu mati dálitið einstök staða.

Það háttar þannig til í þessu byggðarlagi, Akureyri, sem er verið að fara fram á heimild til að leggja á sérstakt gatnagerðargjald, að bak við þá ákvörðun eru almennar óskir bæjarbúa. Bæjarstjórn Akureyrar, skipuð 11 mönnum af 5 mismunandi stjórnmálaflokkum, hefur einróma lagt til að þetta frv. yrði flutt og þessarar heimildar yrði óskað. Það er sem sagt almennur vilji bæjarbúa á Akureyri að flýta eins og hægt er að gera varanlegar götur á Akureyri, og íbúar bæjarins eru reiðubúnir að taka á sig aukakvaðir í þessu sambandi. En formsins vegna er ekki hægt að verða við þessum almennu óskum íbúa bæjarfélagsins nema fá til þess lögmæta staðfestingu ríkisvaldsins.

Maður heyrir það ákaflega oft á vettvangi stjórnmálanna að flokkarnir tala mikið um það í stefnuskrám sínum, að ég tala nú ekki um skömmu fyrir kosningar, að rétt sé að efla valdsvið sveitarstjórna. Þess vegna get ég ómögulega skilið hvað getur verið því til fyrirstöðu að verða við jafneindreginni ósk og hér er fram borin og er studd af almennum vilja þeirra íbúa sem skattinn eiga að gjalda og af hverju hið opinbera, í þessu sambandi löggjafinn, hið háa Alþ., bregst á neikvæðan hátt við þessum tilmælum. Ég get vel skilið það sjónarmið að mönnum sé það nokkuð til efs að skapa hin og þessi fordæmi. En ég fæ þá ekki heldur skilið að það

væri mikil hætta að samþ. þetta frv. og lofa reynslunni að skera úr um það hvernig framkvæmd samkv. ákvæðum þessa frv. mundi reynast.

Ef aftur bærist ósk til löggjafans frá öðrum sveitarfélögum sem vildu feta þessa sömu slóð, þá sé ég ekki að það væri nein hætta á ferðum þó það væri orðið við slíkum óskum. Sú beiðni, sem felst í ákvæðum þessa frv., er studd svo almennum vilja að mér finnst það vægast sagt hálfandhælislegt, að ekki sé meira sagt, að geta ekki orðið við þeim tilmælum sem felast í ákvæðum þessa frv., að ég tali nú ekki um þegar einnig má hafa það í huga að samþykkt þess kostar ríkissjóð ekki nokkra minnstu fjármuni. Ég get því ekki annað en lýst andstöðu minni við það nál., sem hér liggur fyrir, og mun óska þess að þetta frv. verði samþ.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég hafði við fyrstu athugun ímyndað mér það, þegar ég las nál. það sem hér um ræðir og heyrði framsögu með því, að hv. félmn. hefði alls ekki gefið sér neinn tíma til þess að fjalla um þetta frv. sem hér lá fyrir, þessa beiðni sem studd er í fyrsta lagi samþykki allra stjórnmálaflokka í bæjarstjórn Akureyrar, í öðru lagi rökstudd af brýnni nauðsyn og augljósri á Akureyri og í þriðja lagi svo sérstaks eðlis að tæpast kemur til greina að þarna sé um að ræða sköpun nokkurs konar fordæmis. Þá ímyndaði ég mér þetta, að hv. félmn. hefði alls ekki gefið sér tóm til þess í sívaxandi önnum þessa vetrar að fjalla um þetta frv. Nú hef ég sannfrétt það að n. hefur vissulega gert það, hún hefur fjallað um þetta frv. oftar en einu sinni og lagt í umr. um það töluverða vinnu, og því meiri furðu sætir það, að n. skuli komast að svona kolvitlausri niðurstöðu. En þetta sýnir okkur rétt einu sinni að það er ekki nein trygging fyrir því að n. gegn takmörkuðum skilningi komist að því réttari niðurstöðu, því lengur sem hún fjallar um málið, heldur e. t. v. hið gagnstæða.

Nú liggur það í augum uppi og veit hver maður að lögfestar hafa verið ráðstafanir varðandi opinber gjöld í einstökum byggðarlögum annars staðar, svo sem í Reykjavík, til ákveðinna framkvæmda. Ég fæ þau svör að það hafi verið rangt að gera slíkt í Reykjavík. Ég hef það gagnsvar, að það er algjört lágmark að íbúar Akureyrar, bæjarfélagið þar, fái samsvarandi heimild til þess að gera ráðstafanir, sem eru rangar að mati hv. félmn. Ed., sama rétt til þess eins og samfélag reykvíkinga. Hér er um að ræða ákaflega sérstakt vandamál sem hefur orðið til á alllöngum tíma. Bæjarfélag akureyringa hefur komist að þeirri niðurstöðu að hægast sé og réttast að leysa þetta fjárhagsvandamál með þessum hætti. Ég sé ekki nokkra ástæðu til þess fyrir hv. félmn. að fara að nota þetta sérstaka mál til þess að sýna fágætlega sjaldgæfa ráðdeildarsemi við umfjöllun samsvarandi mála hér í þessari hv. d. Ég lýsi yfir óánægju minni með þessa afgreiðslu. Ég tel hana fyrir neðan allar hellur. Og ég óska, eins og síðasti hv. ræðumaður, eindregið eftir því að þetta frv. verði samþ., m. a. vegna þess að slíkt mætti verða hv. félmn. svolítil refsing fyrir flaustursleg og yfirborðsleg vinnubrögð.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil ekki ganga eins langt og hv. síðasti ræðumaður, 5. þm. Norðurl. e., að segja að félmn. hafi ekki athugað nógu vel þau gögn sem liggja frammi. Það kemur fram í nál. að félmn. Ed. hefur haft frv. til ítarlegrar umfjöllunar. En ég harma það að n. skyldi komast að þeirri niðurstöðu sem hér liggur fyrir.

Í nál. segir að n. vilji vísa þessu máli til nánari athugunar ríkisstj. eða vísa því til ríkisstj. Ég veit ekki hvort n. meinar þá að vísa því til afgreiðslu ríkisstj. eða ekki. En ég vil að mörgu leyti taka undir það, sem hv. 5. þm. Norðurl. e. sagði hér og eins undir orð hv. 2. þm. Norðurl. e. Ég tel alveg fráleitt, að samþ. ekki þessa ósk frá akureyringum, sérstaklega þegar það kemur í ljós að allir kjörnir fulltrúar fólksins á Akureyri, í byggðarlaginu sjálfu, hafa sameinast um að gera átak í gatnagerðarmálum byggðarlagsins. Ég tel fráleitt að Alþ. eða ríkisstj. ætli að fara í þessu tilfelli eins og svo mörgum öðrum að vera einhver alfaðir og ráða með tilskipunum kjörnum fulltrúum sveitarfélaganna. Það er löngu kominn tími til þess að slíkri stjórn úr fjarlægð linni. Ég leggst eindregið gegn þeirri afgreiðslu, sem félmn. leggur hér til, og mun styðja samþykkt frv. eins og það liggur hér frammi.

Ég vil segja að við eigum að ýta undir það átak sem hér hefur verið lýst af hálfu hv. 2. þm. Norðurl. e. að standi til og allir séu sammála um að gera á Akureyri, en ekki að draga úr því. Ég efast ekkert um að það sé rétt, sem hér hefur komið fram hjá hv. 2. þm. Norðurl. e., að úr því að allir pólitískir fulltrúar, kjörnir fulltrúar fólksins á Akureyri, hafa samþ. þetta, þá sé algjör samstaða í byggðarlaginu um að gera þetta átak, og ég tel það til fyrirmyndar.

Ég vil sem sagt taka undir málflutning hv. 2. þm. Norðurl. e. og lýsi fullum stuðningi við óskir þeirra norðanmanna um þennan sérstaka skatt til þess að leggja varanlegt slitlag á götur Akureyrarbæjar.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð varðandi þetta frv. og þá afstöðu sem ég tók í félmn. varðandi það.

Þetta frv. er töluvert sérstaks eðlis. Þarna eru komnir þrír liðir: holræsagjald, byggingargjald og sérstakt gatnagerðargjald á Akureyri. Ég hygg að þetta varðandi holræsagjaldið og byggingargjaldið sé óþarft, í raun og veru sé bara spurningin um það sérstaka gatnagerðargjald sem þarna er um að ræða, það sé ekki annað sem verið er að meina með þessari afgreiðslu okkar, eins og hér hefur reyndar verið lögð áhersla á að við séum að gera með þessari afgreiðslu. En út af fyrir sig er ágætt að heyra það frá fulltrúum hv. stjórnarsinna hér á Alþ. að það að vísa máli til ríkisstj. sé sama og að drepa það. Það er út af fyrir sig ágætt að heyra þá yfirlýsingu, og það var nú ekki þannig meint, enda vafasamt hvort þarna er um stjórnarsinna að ræða, að mér skilst.

En varðandi þetta mál hafði ég þá sérstöðu í n. og við reyndar fleiri þar, að við töldum þetta mál nokkuð einkennilega til komið. Það

vill nefnilega svo til að tvisvar með stuttu millibili hafa verið til meðferðar hér á Alþ. frumvörp um gatnagerðargjöld almennt. Fyrst voru sett lög hér um þessi gatnagerðargjöld þar sem sveitarfélögum var heimilað að innheimta þessi gjöld með ákveðnum ákvæðum þar um. Þá man ég ekki eftir neinu erindi, þegar þetta mál var til meðferðar hér, frá Akureyri varðandi það mál, enda var það frv. borið fram af hv. varaþm. þá, Alexander Stefánssyni, o. fl. samkv. ósk ýmissa sveitarfélaga sem voru þá að ráðast í gatnagerðarframkvæmdir. Síðan kom það til, og þá var það sérstaklega vegna óska ýmissa sveitarfélaga sem höfðu verið búin að gera nokkurt átak áður í gatnagerðarmálum, þá kom fram ósk frá þeim — ekki frá akureyringum sem enn þá sváfu, að ég best veit, heldur frá ýmsum öðrum sveitarfélögum um að það yrði tryggt að hægt væri að leggja þetta gjald á þó að framkvæmdirnar væru liðnar, það væri búið að framkvæma þetta og þetta ætti að gilda fimm ár aftur í tímann. Engin aths. kom frá akureyringum um þetta. Meðan þessi frv. um gatnagerðargjöldin voru hér til meðferðar, þá sem sagt virtust þessir aðilar ekki hafa áttað sig á því að einmitt þarna var hið kjörna tækifæri fyrir þá, ef þeir þurftu á þessu að halda, að koma því að. Ég vil vísa til annarra manna, sem hafa verið í félmn. þessarar hv. d., um það hvort þeir muni eftir því að á meðan þessi frv. voru til umfjöllunar og meðan rétti tíminn, segi ég, var til þess að leiðrétta þetta hróplega ranglæti sem akureyringar eru nú að leiðrétta, meðan þessi frv. voru til umr., hvort nokkur ósk hafi frá þeim komið þá um þetta. Ég minnist þess ekki.

Ég álít hins vegar að lagasetning af þessu tagi sé röng. Ef við eigum að breyta því, og það var mjög til umr., en náðist ekki samkomulag um það í n., — ef við eigum að gera það, þá eigum við að fella þetta inn í almenn lög um gatnagerðargjöld og um það skal ég vera til viðræðu þegar á því er fundið heppilegt og gott form, en það tókst okkur ekki að finna í þessu tilfelli, enda erfitt þar sem um var að ræða ekki bara gatnagerðargjaldið, heldur var þarna líka ákvæði um óskyld efni, eins og holræsagjald og byggingargjald. En þetta set ég sem sagt mest út á þetta. Við höfum verið með þessi gjöld, gatnagerðargjöldin, hér til umr. í Ed. tvívegis á s. l. árum samkv. sérstökum óskum sveitarfélaganna. Þá höfum við ekki fengið nein viðbrögð frá akureyringum um sérstaka nauðsyn þeirra í þessum efnum. Ég veit að það stendur þannig á um fleiri sveitarfélög sem þyrftu þá að koma þar á eftir. Ég álít því að ef á að leysa þetta mál fyrir akureyringa, þá verði að koma til breyting á gatnagerðargjöldum almennt og það hefði verið rétta aðferðin fyrir þá núna að finna þá leið sem líklegust hefði verið til þess að fella það inn í lög um innheimtu gatnagerðargjalda.

Axel Jónsson: Herra forseti. Ég hef kannske ekki miklu við það að bæta sem frsm. félmn. hefur tekið fram og raunar síðasti ræðumaður líka. Sagan hefur verið rifjuð upp. Það voru sett lög um gatnagerðargjöld almennt og að þau mættu verka aftur fyrir sig. En eins og fram var tekið, þá átti að semja reglugerðir sem þyrftu staðfestingar rn. við um aukainnheimtu gatnagerðargjalda, og það, sem stóð í vegi fyrir því, að sveitarfélögin fengju þær reglugerðir staðfestar samkv. fyrstu lögum um þetta, var að í þeim lögum voru engin tímamörk um það hvað þau verkuðu langt aftur fyrir sig. Þess vegna komu lögin til meðferðar í annað sinn, og mig minnir að tímamark frá félmrn. hafi verið að lögin verkuðu 10 ár aftur í tímann. Það urðu miklar umr. einmitt í þessari hv. d. um það á sínum tíma, og einn alharðasti andstæðingur þess, að lögin fengju að verka 10 ár aftur í tímann, var, ef ég man rétt, hv. 12. þm. Reykv. Og niðurstaðan af því og raunar miðlunarleið var svo það ákvæði, sem í gildi er, að þetta geti verkað 5 ár aftur í tímann. Þetta fullnægir mjög mörgum stöðum sem eru svo gott sem að byrja á varanlegri gatnagerð.

En vandamál Akureyrar og fleiri kaupstaða er ekki leyst með þessu 5 ára marki. Eins og í nokkrum öðrum kaupstöðum var búið að setja varanlegt slitlag á gangstéttir á nokkurn hluta þeirra byggðarlaga, sérstaklega miðbæjarkjarnanna, áður en gatnagerðargjöldin voru tekin upp, og ákvæðin um gatnagerðargjöldin núna ná ekki til þessara svæða í bæjunum. Þetta er auðvitað ástæðan til þess að Akureyri óskar eftir breytingu á þessu og nokkur sveitarfélög önnur mundu fylgja í kjölfarið. Ég skil vel þörf þeirra fyrir þetta, og það er víst réttlætismál að þetta gangi þar jafnt yfir eins og í þeim öðrum sveitarfélögum þar sem 5 ára reglan brýtur ekkert í bága við framkvæmdina í heild vegna þess, eins og ég áður sagði, að það eru fjöldamargir staðir sem byrjuðu ekki varanlega gatnagerð innan þeirra tímamarka. En með tilvísun til þess, sem félmrn. var áður búið að úrskurða vegna fyrstu lagasetningar um þetta þar sem engin tímamörk voru þá sett, þá er eðlilegt að það sé sjálfu sér samkvæmt og lýsi því yfir að það geti ekki staðfest reglugerð samkv. þessum lögum sem er ótímasett aftur í tímann. Vandinn er að finna eitthvert form sem getur fullnægt þessum fáu sveitarfélögum sem er um að ræða. Þau eru tiltölulega fá, en þurfa lengri tíma til varðandi það ákvæði, hvað þetta skuli verka langt aftur í tímann. Það er fyrst og fremst um það sem vandinn snýst.

Akureyringar hafa hins vegar í fleiri tilvikum sérstök lög fyrir sinn ágæta stað. Þeir hafa sérstök lög fyrir holræsagjöld á Akureyri, sérstök lög fyrir gangstéttargjöld, sérstök lög fyrir lóðaskrárritara og þannig mætti lengur telja um það að þeir hafa nokkra sérstöðu utan Reykjavíkur hvað það snertir að vera með sérstaka löggjöf um tiltekin atriði sem eru nú á seinni tímum komin inn í heildarlöggjöf sem nær yfir sveitarfélögin öll. En vandamálið í þessu er sem sagt að finna það form að afturvirkni álagðra gatnagerðargjalda verði tímamörkuð. Hvað er hægt að ná samkomulagi um markmið í því efni, svo það dugi þessu sveitarfélagi og öðrum, það er spurningin. Þetta var það sem við í hv. félmn. stöðum andspænis, og þess vegna vildum við að leitað yrði af hálfu ríkisstj. leiða til þess að

finna lausn ekki eingöngu á vandamáli Akureyrar, heldur nokkurra staða annarra sem líkt er ástatt með, að þau hófu varanlega gatnagerð fyrir meira en 5 árum.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr., aðeins örstutt aths. — Viðvíkjandi ummælum hv. 7. landsk. þm., Helga Seljans, út af fyrirsögn þessa frv., þá er ég ekki alveg reiðubúinn til þess að gefa fullnægjandi skýringu á því, en ég held að þetta hafi verið m. a. til þess að einfalda nafn þessa gjaldstofns.

Ég held að í sambandi við það mál, sem hér er til umr., komi allmikill misskilningur fram hjá þeim hv. þm., sem tekið hafa til máls, og enn fremur hjá hv. félmn. d. þegar hún tók málið til afgreiðslu. Það var ekki beinlínis sem vakti fyrir mönnum, þegar var verið að óska eftir þessari heimild, hvort ákvæði um gatnagerðargjald verkuðu 3 ár aftur í tímann, 5 ár aftur í tímann eða eitthvað svoleiðis. Ég held að okkur sé öllum ljóst að það sé ákaflega takmarkað hvað lagafyrirmæli mega verka langt aftur fyrir sig. Það, sem hér er um að ræða, er að það er einlægur vilji bæjarbúa að taka á sig sérstakan skatt til þess að flýta framkvæmdum í gatnagerðarmálum bæjarins, og íbúarnir ætla að taka á sig þennan skatt hvort heldur þeir eru í þeirri aðstöðu að það er búið að malbika götu sem þeir búa við eða hafa byggt við jafnvel fyrir áratugum. Það er bara þessi vilji sem liggur á bak við og þessi ósk sem fram er borin af bæjarstjórn Akureyrar og nýtur stuðnings allra bæjarbúa. Þessi sérstaða, sem ég er að benda hér á, hygg ég að sé alveg einstök. Ef menn óska eftir, þá gætu þeir gert það að skilyrði fyrir því að ríkisvaldið samþykkti svona lagasetningu að jafneindregnar óskir væru að baki þeirri málaleitan.

Ég vil endilega leiðrétta þetta. Það er ekki verið að ræða hér um að lögfesta einhvern gjaldstofn sem eigi að verka svo og svo mörg ár aftur fyrir sig, heldur er þetta ósk um að fá löggildingu á þeim vilja bæjarbúa að taka á sig þá byrði sem því fylgir að geta hraðað þessum framkvæmdum sem allir íbúarnir, hvar í flokki sem þeir standa, eru sammála um að sé nauðsyn að framkvæma til þess að ná sem skjótast settu marki.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Það hafa verið höfð allstór orð í þessum umr.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. sagði að n. hefði komist að kolvitlausri niðurstöðu, eins og hann orðaði það. Auðvitað færði hann engin rök fyrir sínu máli. Hann sagði líka að hann skoraði á menn að refsa félmn. með því að greiða atkv. á móti till. hennar í þessu máli. Ég vil benda á að það er mjög óþinglegt að taka afstöðu til mála, sem menn eiga að taka málefnalega, með tilliti til þess hvort menn séu að refsa ákveðinni n. eða verðlauna. Auðvitað hefur félmn. ekkert gert nema skyldu sína að skila áliti í þessu máli, og það getur ekki talist refsivert.

Hv. 2. þm. Norðurl. e. var að tala um að líklega hefði félmn. misskilið þetta mál. Ég held að það sé ekki. Ég held að félmn. hafi ekki misskilið neitt í þessu efni og viti alveg hvað hún vill og hvað hún er að leggja til.

Hv. 7. landsk. þm. og hv. 10. landsk. þm. hafa báðir rætt nokkuð efnislega um þetta mál, svo að ég skal ekki fara að lengja umr. með því að fara að gera það. En ég verð að segja að ég er mjög undrandi á þeim málflutningi sem hefur komið hér fram, bæði hjá hv. 2. þm. Norðurl. e. og hv. 12. þm. Reykv., og mér skilst að hv. 5. þm. Norðurl. e. sé í einu og öllu sammála þessum ágætu þm. og allir eru þeir ágætir. En mér finnst að þeirra málflutningur mótist ákaflega mikið af þessari ákefð sem allt of mikið verður vart, bæði í þingsölum og utan þingsala, í að lengja álögur og skatta á almenning undir öllum kringumstæðum. Og svo áhugasamir eru menn, að þeir vilja ekki einu sinni gefa eðlilegt tóm til þess að athugað sé með hverjum hætti sé þá eðlilegast að fara að því að leggja skatta og byrðar á borgarana. Við tókum ekki í félmn. efnislega afstöðu til þessa máls. Við teljum að þetta mál hljóti að fá góða athugun, því að við leggjum ekki til að því sé í kot vísað, heldur til ríkisstj. Og ríkisstj. er að láta fara fram athugun á tekjustofnalögum sveitarfélaga.

Ég sagði að ég undraðist þennan áhuga hjá þessum hv. þm., þremenningum, um að leggja skatta og álögur á. Eins og ég tók fram í ræðu minni áðan, þá höfum við í tekjstofnalögunum ákvæði um fasteignaskatt á fasteignir. Við höfum í lögum um gatnagerðargjald frá 1974 ákvæði um gjald á fasteignir, um leið og byggingarleyfi er veitt, svokallað A-gjald. Við höfum annað gjald í þessum lögum um meiri gjöld á fasteignir, þriðju tegund af gjöldum á sömu fasteignir, þ. e. til þess að afla fjár til að koma slitlagi á götur. Nú er hér um að ræða fjórða ákvæðið um skatta.

Því er haldið mjög á lofti að þetta sé vilji allra akureyringa, og í því efni er bent á að bæjarstjórn Akureyrar hefur samþykkt áskorun um þetta og auðvitað efast ég ekki um það. En ég leyfi mér að efast um að húseigandi, sem búinn er í mörg ár að greiða fasteignagjald samkv. lögum um tekjustofna sveitarfélaga, húseigandi, sem búinn er að greiða gjald samkv. lögum um gatnagerðargjöld, og húseigandi, sem er nú krafinn um að greiða gjald til malbikunar, þó að hann sé í mörg ár búinn að búa við malbikaða götu sjálfur, — ég leyfi mér að efast um að allir slíkir menn á Akureyri hefðu samþykkt þetta ef það hefði verið borið undir þá. Eða halda menn að maðurinn, sem í mörg ár er búinn að eiga hús við malbikaða götu, hafi ekki greitt fasteignagjöld? Hefur hann ekki greitt skatta til þess að Akureyri gæti komið á götur varanlegu slitlagi? Hefur hann verið skattfrjáls, þessi maður?

Ég bendi aðeins á þetta til undirstrika það sem ég sagði, að mig undrar á þeirri skattagleði sem hér ríður húsum í hv. Ed. frá hv. 12. þm. Reykv., 2. þm. Norðurl. e. og fylgt er eftir af hv. 5. þm. Norðurl. e. Ég minnist á þetta að gefnu tilefni. En ég endurtek það að hæði ég og aðrir nm. höfðu enga tilhneigingu til þess að vilja koma þessu máli fyrir kattarnef. Við töldum það þess eðlis að það væri eðlilegt að athuga það í víðara samhengi: Í fyrsta lagi vegna þess að við töldum að það væri ekki rétt löggjafaraðferð að setja sérlög um einstök sveitarfélög í þessu efni. Í öðru lagi vegna þess að það gat orkað tvímælis, hvort ætti að setja almenn ákvæði um þetta í lög um gatnagerðargjald frá 1974 eða hvort það ætti að hækka fasteignaskatt samkv. lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Og með því að þessi löggjöf er almennt til endurskoðunar, þá töldum við það væru hyggileg, skynsamleg vinnubrögð að athuga þetta mál í samhengi við þessi mál almennt. Þetta er það sem félmn. hefur lagt til. Og ég verð að segja að mér þykir það ólíklegt ef menn hafa miklar rökstuddar ástæður til þess að vera á móti slíkri afgreiðslu. Og ég treysti hæstv. ríkisstj. mjög vel til þess að láta hendur standa fram úr ermum í þessu efni, þannig að þetta geti legið fyrir í haust og þá getum við tekið til við þetta mál á nýjan leik.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Það kom mér nokkuð á óvart hjá hv. síðasta ræðumanni, 3. þm. Vestf., forseta þessarar d., að hann skyldi grípa til hreinna ósanninda til að verja þann auma málflutning og aumu samþykkt félmn., að bera það á borð að við, þessir sem höfum mótmælt eða erum á annarri skoðun, séum einhverjir sérstakir boðberar stefnu sem er andstæð fólkinu í landinu um áframhaldandi skattpíningar. Virðingu þessarar d. er sannarlega misboðið með svona málflutningi, og ég reikna fastlega með því, þegar hv. þm. er bent á mistök sín, að hann biðji þá afsökunar.

Það hefur komið hér fram frá hv. 2. þm. Norðurl. e., sem er fulltrúi þess fólks sem sækir nú á hinu háa Alþ. um leyfi til þess að búa þrifalega um bústaði sína, að það sé yfirlýstur vilji allra kjörinna fulltrúa í heimabyggðarlaginu, Akureyri, að það fái heimild til þess að gera það. Ég hef enga ástæðu til þess að ætla að kjörinn fulltrúi þessa fólks á Alþ. fari þar með rangt mál þegar hann segir að bæjarbúar á Akureyri séu yfirleitt sammála um að hreinsa til í kringum sig og gera það á þann hátt að það skilji ekki eftir sig skuldareikning sem lagður er í lófa hvers mannsbarns sem fæðist, að það standi undir kostnaði á þeim tíma sem framkvæmdir eru gerðar. Við höfum gert allt of mikið að því að koma reikningum í lófa barna í fæðingardeildum þjóðarinnar hingað til. Ég tel þetta mjög mikilsvert atriði, að hver kynslóð fyrir sig standi undir þeim framkvæmdum sem hún ákveður að fram skuli fara á hverjum tíma. Ég vil því ítreka það að ég mun styðja þetta frv., eins og það kemur hér fram, eða þær óskir, sem koma fram í frv. eins og það liggur hér fyrir frá flm., þeim Jóni G. Sólnes, Inga Tryggvasyni og Stefáni Jónssyni, og tel það til mikilla bóta, ekki bara með framkvæmdirnar í huga, heldur hugarfarið sjálft sem liggur þar að baki, að fólkið, sem er aflögufært, sem vill greiða, vill búa vel í kringum sig, það fái að gera það í stað þess að taka dýr erlend lán eða enn þá dýrari verðtryggð lán frá þjóðinni, en það er það sem ég kalla reikninginn sem lagður er í lófa hvers mannsbarns sem fæðist.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég hef ekki mikið fylgst með þessum málum. En þegar ég verð var við að Akureyri og fulltrúar Norðurl. e. eiga hér undir högg að sækja að koma þessu máli fram vegna þess að hv. félmn. d. hefur tekið það í sig að afgreiða það með nokkuð afbrigðilegum hætti og án þess að veruleg rök séu borin fyrir þeirri afstöðu, þá get ég ekki látið hjá líða að leggja orð í belg.

Mér finnst að aðalatriði málsins sé það, að á örfáum stöðum á landinu háttar svo til að búið var að leggja talsvert mikið af varanlegu slitlagi á götur og gangstéttir fyrir 1970, og þessir aðilar geta því alls ekki sætt sig við núverandi lög eins og þau eru, lög frá 7. maí 1974, með þeirri breytingu sem var gerð árið eftir. Þeir fara því fram á að fá gerða hér breytingu á og óska eftir að hægt sé að leggja á gatnagerðargjöld, jafnt á alla bæjarbúa sem eiga fasteignir í bænum, óháð því hvenær varanlegt slitlag var lagt á göturnar. Þetta verður auðvitað að teljast mjög rökrétt krafa vegna þess að þeir, sem hafa áður fengið varanlegt slitlag fyrir framan hús sín, hafa fengið fjármuni allra bæjarbúa í þessu skyni. Þetta hefur verið gert með skattlagningu á alla bæjarbúa, en ekki á þá sérstaklega. Og nú, þegar á að bæta við varanlegu slitlagi, þá er auðvitað eðlilegt að allir greiði þetta, bæði þeir, sem eiga að fá varanlegt slitlag fyrir framan hús sín, og hinir, sem voru búnir að fá það áður. Þetta er kjarni málsins.

Það voru sett lög um gatnagerðargjöld árið 1974 og þar var heimilað að innheimta af öllum fasteignum við þær götur sem bundið slitlag er sett á og þar sem gangstéttir eru lagðar. Af einhverjum ástæðum, sem hafa ekki verið dregnar nægilega sterkt fram í þessum umræðum, neitaði rn. að fallast á það að gatnagerðargjöld samkv. þessum lögum, sem ég vitnaði í, verkuðu aftur fyrir sig, a. m. k. að neinu verulegu marki. Því var flutt hér frv. og því síðan breytt þannig að niðurstaðan varð sú að þetta var þannig orðað: „Gjald má innheimta af öllum fasteignum við þær götur, sem bundið slitlag hefur verið sett á og þar sem gangstéttir hafa verið lagðar, enda sé eigi lengri tími liðinn en 5 ár frá því að slitlag var sett eða gangstétt lögð.“ Þetta finnst mér hafi verið nokkuð einkennileg afstaða hjá Alþ. og verð að játa að ég hef ekki tekið nægilega vel eftir því þegar þessi breyting var gerð. En það er nú oft svo að maður tekur ekki eftir mistökum, sem eiga sér stað hér í þinginu, fyrr

en hv. kjósendur fara að kvarta og það hafa þeir gert.

Akureyringar segjast ekki geta sætt sig við þessa niðurstöðu. Og úr því að Alþ. hefur eftir að hafa eytt sérstökum tíma í það að endurskoða þessi mál, eftir að Alþ. hefur afgreitt málið með þessum erfiða varnagla sem Akureyri getur ekki sætt sig við, þá segja þeir akureyringar og það með atkv. allra bæjarstjórnarmanna: Þá viljum við bara fá sérstök lög sem snerta okkur eina, úr því að ekki er nokkur leið að fá leiðréttingu á þessu hjá Alþ. eftir itrekaðar tilraunir. — Og ég ætla aðeins að bæta því hér við, að nákvæmlega sams konar beiðni hefur borist frá Siglufirði, einnig stutt af mönnum úr öllum flokkum. Þeir telja sig alls ekki geta sætt sig við þessa niðurstöðu. Ég verð að vísu að segja það, að kannske hefði nú verið einfaldast að orðalagið á frv., eins og það var flutt í fyrra og samþ. hér í fyrra, hefði verið heppilegra, því að ég tel að það að binda sig við 5 ár aftur í tímann sé alveg fráleitt. Það er engin sanngirni í því, engin rök fyrir því. Það segir sig sjálft, það er réttlátast að það sé lagt á alla bæjarbúa, hvort sem þetta hefur verið framkvæmt eða á eftir að gera, ef þeir hafa þá ekki þegar sjálfir borgað sérstaklega fyrir það. En ég vil aðeins skjóta því að mönnum að í 3. mgr. 4. gr. frv., sem hér er til umr. og snertir Akureyri sérstaklega, segir: „Eigi er heimilt að krefjast þess hluta gjaldsins af fasteign eða hluta hennar sem áður hefur verið innheimt í byggingagjaldi.“ Það er alveg tryggilega um hnútana búið, að það er ekki verið að tvíheimta skatt af sama fólkinu eða af sömu fasteignunum.

Sem sagt, ég tel að eftir þau mistök sem Alþ. hefur gert í þessum málum að minni hyggju, m. a. vegna þess að flestir áttuðu sig ekki á því að sum bæjarfélög kynnu að lenda í þessum vanda og vegna þess að gatnagerðarlögin frá 1974—1975 eru fullnægjandi fyrir langflesta staði á landinu, það eru aðeins örfáir staðir sem þessi undantekningarákvæði þurfa í sambandi við þessi lög, en með hliðsjón af því sem hefur gerst í þessu máli hér á Alþ., þá tel ég ekki stætt á neinu öðru en að samþykkja frv. um Akureyri eins og það liggur hér fyrir, enda sé ég ekki að neinn skaði sé skeður eða yfirleitt að við, sem búum í öðrum byggðarlögum, höfum nokkurn rétt til þess að vera að skipta okkur af því hvernig akureyringar vilja haga sínum málum, þegar fyrir liggur að alger samstaða er um málið í bæjarstjórn Akureyrar. Ég hefði hins vegar kosið að um staði eins og Siglufjörð, sem opinberlega hefur farið fram á það, giltu nákvæmlega sömu lög og akureyringar hafa óskað eftir að gildi um Akureyri, að þessari kröfu yrði mætt með því að bæta siglfirðingum inn í þessi lög. Ég tel að afgerandi sé hverjir biðja um þetta, hverjir ekki. Það virðast ekki vera margir staðir sem biðja um þetta sérstaklega.

Ég sem sagt styð málið eindregið. Ég vil alls ekki tefja framgang þess. Ég hefði helst kosið að bæta Siglufirði þarna inn í, en vil samt alls ekki að það verði til þess að tefja framkvæmd málsins, ef hætta væri á því, þá mundi ég falla frá þeirri kröfu. Ég tel sem sagt, að krafa akureyringa eigi fyllsta rétt á sér og það sé aðalatriðið að við þeirra ósk sé orðið.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Mig óraði ekki fyrir því, þegar við í félmn. vorum að fjalla um þetta frv. á fundi eftir fund, að sú afstaða eða sú ákvörðun, sem n. tók, leiddi til þvílíkra umr. sem hér hafa orðið. Ég tel þess vegna rétt aðeins að koma fram með afstöðu mína til þessa máls, sem er í stuttu máli sú, að ég tel óeðlilegt að setja mörg lög um sama efni, um skattheimtu sem er lögð á sama gjaldstofninn. Ég tel það algeran óþarfa, og ég tel það ekki vera til annars heldur en gera stjórnunarkerfi hvers byggðarlags erfiðara heldur en vera þyrfti.

Ég er ákveðið þeirrar skoðunar að sveitarstjórnir eigi að hafa sem rýmstar hendur um ákvarðanatöku um framkvæmdir og þá um leið fjáröflun til þeirra. Ég vefengi á engan hátt þörf Akureyrarbæjar fyrir þá gjaldtöku sem hér er stefnt að að ná. En ég tel að þeirri gjaldtöku væri miklu auðveldara að ná með því einu að veita í lögum sveitarfélögum heimild til þess að hækka álag á fasteignaskatt meira en gert er, því að ef lesnar eru 4. og 5. gr. þessa frv., þá er nákvæmlega það sama sem liggur til grundvallar þessu gjaldi og þar sem fasteignaskattur er lagður á innan sveitarfélaga. Og með því að nú er að störfum nefnd sem á að gera till. um verkefni sveitarfélaganna og þá að sjálfsögðu um leið um tekjustofna þeirra, þá studdi ég það heils hugar að þetta mál gengi til hennar, því að ég tel það ekki alveg sjálfsagt að þn. fallist á hverja þá till. sem sveitarstjórn gerir, þrátt fyrir það að hún sé gerð samhljóða, vegna þess að það getur leitt til hluta sem í öðrum sveitarfélögum er ekki æskilegt. Og ég tel það ekki æskilegt að leggja á slíkt gatnagerðargjald að það þurfi að hafa fjóra reiti fyrir það á skattseðlinum.

Axel Jónsson: Herra forseti. Ég minntist einmitt á það í minni fyrri ræðu að ég væri undrandi yfir afstöðu hv. 12. þm. Reykv. nú miðað við afstöðu hans í fyrra þegar mál þetta var til afgreiðslu hér í Alþ. En þá voru það tveir hv. þdm., hann og hæstv. utanrrh., sem voru andvígir því að lög um gatnagerðargjöld verkuðu nokkuð aftur í tímann. Ég ætla — með leyfi forseta — að lesa hér hina örstuttu ræðu hv. 12. þm. Reykv. undir þeim umr. sem þá fóru fram, en hann sagði svo, með leyfi forseta:

„Ég tel eðlilegt að gatnagerðargjöld séu innheimt til að standa undir hluta af kostnaði við gatnagerð og þá endanlegt slitlag á bæði vegi, götur eða þá lagningu gangstétta. En ég tel óeðlilegt að sveitarstjórnum sé veitt heimild til þess að innheimta nú gjöld aftur í tímann eins og gert er ráð fyrir í frv. til l. er hér liggur fyrir. Ég tel að útsvör og opinber gjöld, eins og þau eru lögð á hverju sinni, hafi verið lögð á til þess að standa undir framkvæmdum hvers tímabils, og ég vil því lýsa því yfir að ég mun ekki greiða þessu frv. atkv. mitt, eins og það

liggur fyrir, þó að ég sé hlynntur því að gatnagerðargjöld séu lögð á.“

Efnislega sagði hæstv. utanrrh. nokkuð á svipaða leið, enda fór atkvgr. þannig að þetta var samþ., eins og hér stendur, með 9:2 atkv. Það var vegna þessarar hörðu afstöðu hv. 12. þm. Reykv. í fyrra gagnvart 5 ára ákvæðinu sem ég varð undrandi á málflutningi hans nú þegar hann vill samþykkja ótímabundið ákvæði um hvað þetta verki aftur fyrir sig. Mér finnst þarna ekki gæta fyllsta samræmis.

Ég viðurkenni að sveitarfélögin, eins og ég raunar tók fram við umr. í fyrra, sé vandi á höndum varðandi sína tekjuöflun, m. a. til þessara framkvæmda. Ég veit að Akureyrarkaupstaður hefur nýtt allar álagningarheimildir til fasteignaskattsálags til fulls, og þannig er það með kaupstaðina flesta. Ég endurtek ekki það sem ég sagði um tilurð gatnagerðargjaldsins í þessu formi. Við kópavogsbúar erum höfundar að því að hafa lagt á gatnagerðargjöld, við byrjuðum 1958 án þess að það væru nokkur lög fyrir því, það var samningsbundið gagnvart hverjum þeim sem fékk lóð úthlutað. Síðan hefur það þróast upp í það að um þetta hafa verið sett lög og reglugerðir, og ég endurtek: það strandaði á því ákvæði að reglugerð samkv. fyrstu lögum um þetta efni fól ekki í sér neina tímamörkun á hvort þau mættu verka aftur í tímann eða ekki. Þess vegna kom 5 ára markið, og hv. 12. þm. Reykv. var mjög andvígur því fyrir ári að þetta næði 5 ár aftur í tímann, hvað þá lengra. Það var þetta sem ég var undrandi yfir, að hann skyldi nú vera orðinn allt annarrar skoðunar heldur en við umr. um þetta mál hér á hv. Alþ. fyrir ári.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég ætlaði aðeins að vekja athygli hv. þm. á 5. gr. frv. þess sem hér um ræðir, og þá fyrst og fremst vil ég vekja athygli hv. nm. á þessari 5. gr., sérstaklega þeirra sem hafa haldið því fram að fasteignagjöld gætu komið í staðinn fyrir það sem hér um ræðir. En mér virðist á máli þeirra að þeir hafi ekki lesið 5. gr., kannske ekki hinar gr. heldur. En einmitt í 5. gr. felst skýring á því að fulltrúar allra stjórnmálaflokkanna í bæjarstjórn Akureyrar urðu sammála um efni þessa frv. og nauðsyn þess sem hér um ræðir. 5. gr. hljóðar svo: „Við ákvörðun gjalda samkv. 2. gr. og 4. gr. laga þessara skal miðað við lóðarstærð og stærð bygginga, eftir því sem nánar er ákveðið í gjaldskrá um byggingargjald og samþykkt um sérstakt gatnagerðargjald. Gjöldin má ákveða mismunandi eftir notkun fasteignar, svo sem hvort um er að ræða verslunar- og skrifstofubyggingar, iðnaðarhúsnæði, íbúðarhúsnæði o. s. frv. Ennfremur mega gjöldin af íbúðarhúsum vera mismunandi eftir því hvort um er að ræða einbýlishús, raðhús, fjölbýlishús o. s. frv.“

Ef hv. þm. og þó umfram allt hv. nm. fengjust nú til þess að skyggnast dýpra í 5. gr. frv., þá mætti þeim e. t. v. auðnast að renna í það grun að það, sem vakir fyrir bæjarstjórn Akureyrar, sé að láta þá aðila, sem bolmagnið hafa mest og fjárhagsgetuna, um það að bera meginþungann af fyrirhuguðum álögum.

Ég ítreka enn að mér þykja margar umr. á mörgum fundum hv. félmn. alls ekki sanna okkur það að fjallað hafi verið af alúð um frv. eða af skilningi. Frv. var lagt fyrir í fyrravetur og hefði því verið hægt að athuga það betur. Hér er um það að ræða, að akureyringar fái að borga það fé sem þeir sjálfir vilja. Þetta virðast hv. félmn.-menn ekki skilja. Erfiðleikar þeir, sem þessu valda, eins og nm. virðast halda, stafa ekki af skorti ákvæða um afturvirkni álagðra gatnagjalda. Nú vildi ég að ónefndir þm., sem ég þekki, hikuðu jafnmikið framvegis við að leggja gjöld á þá menn sem vilja það ekki.

Jón Helgason: Herra forseti. Það hafa verið sögð hér æðistór orð um afgreiðslu félmn. á þessu máli og þess vegna vildi ég með örfáum orðum gera grein fyrir afstöðu minni til þess.

Í þessu frv. er lagt til að Akureyrarbæ verði veitt heimild til þess að leggja á ákveðið gatnagerðargjald. Eins og við vitum, þá eru hér á landi á þriðja hundrað sveitarfélög. Og ef það væri farið út á þá braut að búa til lög fyrir hvert einasta sveitarfélag, mismunandi lög um hvert einasta gjald, þá held ég að lögin hér frá Alþ. yrðu nokkuð mörg. Þess vegna er lagt til í þessu nál. að það verði reynt að samræma þetta þannig að lagasetning um slíkt gjald gæti gilt fyrir fleiri sveitarfélög, gæti orðið algild. Það er þetta sem n. leggur til að verði athugað og skírskotar til þess að verið er að endurskoða lög um tekjustofna sveitarfélaga. Og þörfin fyrir þetta kom einmitt fram í máli hv. 5. þm. Norðurl. v. þar sem hann sagði: Siglfirðingar hafa þörf fyrir þetta líka. — Og gæti það ekki verið að það væru fleiri staðir sem hefðu þörf fyrir þetta?

Það er verið að tala um það hér, m. a. af hv. 5. þm. Norðurl. e. sem hér talaði síðast, að akureyringar eigi að fá að borga það sem þeir vilja. Ég get tekið alveg undir það. En þá finnst mér að lagaheimildir eigi að vera þannig að þær veiti sveitarfélögum rétt til að leggja á slík gjöld, það sé algilt fyrir öll sveitarfélög, en ekki verið að taka eitt einstakt út úr og búa til sérstök lög fyrir hvert sveitarfélag í landinu.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Það sagði einhver að ég væri búinn að tala tvisvar og það er rétt. Ég skal vera mjög stuttorður. Þetta eru, eins og hér var sagt af einhverjum áður, miklu meiri umr. heldur en við áttum von á sem stöndum að þessari till. hv. félmn.

Ég skal ekki fara hér út í efnisumr. um þörf og ástæður fyrir þessari tekjuöflun á Akureyri. Ég vil aðeins endurtaka það sem ég sagði áður, að í afstöðu n. og till. n. felst ekkert um það að n. leggist á móti því að það sé leyst úr þeim þörfum sem liggja að baki óskum akureyringa. Þvert á móti leggur n. til að málið verði sett í þær færustu hendur sem hún telur að til séu til þess að fjalla um málið með það fyrir augum að það hljóti góð málalok.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. kafaði djúpt að eigin sögn í 5. gr. frv., og mér fannst hann kafa svo djúpt að ég missti eiginlega af því hvað hann var að fara. En í sambandi við 5. gr. held ég að hann hafi ekki uppgötvað neitt sérstakt sem öllum ætti ekki að vera ljóst, því að í skýringum

við 5. gr. er tekið fram að þessi gr. sé nær shlj. 5. gr. l. nr. 51 frá árinu 1974, þ. e. 5. gr. í l. um gatnagerðargjöld. Þetta er allt sama tóbakið, ef svo mætti segja. Það, sem hér hefur komið fram, eins og ég hef áður bent á, er að það eru ferns konar tegundir af gjöldum sem eru að þvælast fyrir okkur. Okkur finnst að við þurfum að finna hagkvæma lausn á þessu til þess að það sé hægt að fullnægja þeim þörfum, sem vafalaust eru þarna fyrir hendi. Og ég tek undir það sem hv. 5. þm. Norðurl. v. sagði mjög málefnalega um þetta mál. Við þurfum að leysa þetta mál. En það er eins og hann sagði og síðasti ræðumaður, hv. 4. þm. Suðurl., undirstrikaði, að það eru fleiri en akureyringar sem þarf að líta til í þessu efni. Þetta er meginástæðan fyrir því að við teljum að það sé eðlilegt að setja almenna löggjöf um þetta. Þetta er nú svo einfalt.

Svo talaði hér hv. 12. þm. Reykv. Mér þykir mjög miður hvernig hann hefur talað í þessu máli. Mér finnst að hann hafi lítið rökrætt það. Hann hefur hins vegar haft stór orð og sagði að ég hefði farið með ósannandi. Það eru nokkuð stór orð að segja það að menn fari með ósannindi, og ég ætla ekki að láta slíku ómótmælt. Ég sagði að mér fyndist afstaða þessara tveggja og raunar þriggja góðu vina minna bera dálítinn keim af skattagleði í þessu máli, og mér kæmi það á óvart um tvo þeirra. Ég tek ekkert til baka af því sem ég hef sagt um afstöðu þeirra í þessu máli. Ég ætla ekki heldur að taka til baka að mér hafi komið það á óvart, vegna þess að ég tel að þetta sé ekki í samræmi við þá stefnu sem þessir ágætu menn hafa almennt í skattamálunum. Og ef hv. 12. þm. Reykv. kallar það ósannandi, þá hann um það. Hann var að tala um að ég ætti að biðjast afsökunar. Ég frábið mér allar leiðbeiningar frá honum um hegðun hér í þessum þingsal. Og ef verið er að tala um afsökun, þá gerði hann náttúrlega vel í því að biðjast afsökunar á því frumhlaupi sínu að hafa þessi orð í sambandi við það sem ég sagði um málið.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég skal ekki hafa mörg orð, en ég get ekki látið ómótmælt þeirri meginröksemd sem hér kemur fram aftur og aftur gegn samþykkt þessa frv., en hún er fagurfræðilegs eðlis. Hér stendur hver maðurinn upp á eftir öðrum og heldur því fram að það sé ekki hægt að samþykkja þetta mál því að þá eigi menn á hættu að lagasafnið verði allt útbíað í lögum um málefni einstakra sveitarfélaga, þar af leiðandi verði að gera aðeins ein lög um þetta efni. Ég vildi upplýsa menn um að það eru til þrenn lög um þetta efni. Í fyrsta lagi eru til almenn lög um gatnagerðargjöld sem gilda um öll sveitarfélög í landinu, samþ. 1974 með breytingu 1975. Í öðru lagi eru til sérstök lög um gatnagerðargjöld í Reykjavík. Og í þriðja lagi eru til sérstök lög um gatnagerðargjöld á Akureyri. Þessi lög eru til, eru nr. 87 frá 1970, og það er gert ráð fyrir því að þau detti út úr lagasafninu og falli úr gildi um leið og þessi lög verða samþykkt, þannig að ég sé ekki að alþm. væru neitt að flækja málið meira en það er orðið þó að þeir samþykktu þetta frv. Lög um gatnagerðargjöld yrðu alveg jafnmörg og þau eru nú.

Ég vildi bæta því við í sambandi við þá röksemd að hyggilegt væri að leita að hagkvæmari lausn undir forustu félmrn. í sumar, þannig að tækifæri gæfist til að leggja fram annað frv. næsta haust. Það út af fyrir sig er ekkert óeðlileg leið sem oft er farin. En við verðum bara að athuga það hvað er lengi búið að tefja þetta mál. Lög um gatnagerðargjöld voru samþ. hér 1974 og síðan eru sem sagt liðin tvö ár. Alþ. hefur gert mistök í þessum málum, og ég lít svo á að rn. hafi líka gert mistök í þessum málum með því að hafa ekki forustu um mótun stefnu sem sveitarfélögin gætu öll sætt sig við og samrýmdist þörfum þeirra og kröfum. Þetta er ekki stórpólitískt mál, og hefur sýnt sig í bæjarstjórnum úti á landi að hægt er að ná fullkominni samstöðu milli allra flokka um lausn þess. Þess vegna tel ég að það sé búið að tefja þetta mál of lengi. Það er búið að forklúðra málið nógu mikið þó að við förum ekki að tefja það enn frekar með einhverjum fagurfræðilegum röksemdum um það að í lagasafninu megi ekki vera sérstök lög um þau fáu sveitarfélög — og ég undirstrika það: þau eru örfá sem hafa sérstöðu í þessum efnum, sem þurfa að fá sérstaka löggjöf um sín mál. Það er Akureyri, það er Siglufjörður og kannske einn eða tveir aðrir staðir í landinu. Ég veit ekki um það, ég hef ekki heyrt óskir frá fleiri en þessum tveimur. (Gripið fram í.) Mér þykir það ekkert ósennilegt í sjálfu sér. Það er þá rétt að láta þær kröfur koma fram, og þeir, sem ekki ná því að setja fram sínar kröfur áður en frv. er endanlega afgreitt úr þinginu, þeir koma þá með sínar kröfur í sumar eða haust og þá er hægt að breyta þessum lögum eða gera aðrar breytingar. En núna eigum við að fallast á þær kröfur, sem fram eru komnar, nr. eitt frá Akureyri. Þess vegna er ég reiðubúinn að afgreiða málið til 3. umr. þannig að Akureyri sé þarna ein. En ég hef gert ráðstafanir til að kanna hvort siglfirðingar eru enn kröfuharðir um að mál þeirra séu tekin með svipuðum hætti og mun því hugsanlega við síðari meðferð þessa máls hér í þinginu, annað hvort við 3. umr. málsins eða þá mun ég ræða það við samþm. mína úr Norðurl. v. að athugað verði í Nd. um hugsanlega breytingu á þessu frv. þannig að það nái einnig til Siglufjarðar ef ljóst er að þeir vilja fá slíka breytingu fram.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að óska þess að ég fái nægilegan tíma til þess að svara fyrir mig. Ég skal reyna að gera það í eins stuttu máli og mér er unnt.

Ég vil ítreka að ég tel það óeðlilegar og ósanngjarnar fullyrðingar frá hv. 3. þm. Vestf. þegar hann bendlar mig og þá, sem hann minntist á í sínum málflutningi og geta varið sig sjálfir, við einhverja sérstaka skattpíningarstefnu í þessu máli eða einhverju öðru. Ef hann gæti nefnt eitt mál sér til stuðnings — eitt, þá væri ég honum afskaplega þakklátur, þar sem hann gæti rökstutt að ég hafi í þessu máli eða einhverju öðru haft uppi skattpíningarstefnu. Í þessu máli er ég að taka undir óskir íbúa á

Akureyri sem bornar eru hér fram af réttkjörnum fulltrúum þeirra og hafa verið samþykktar einróma af öllum pólitískum fulltrúum í bæjarstjórn. Ég er að taka undir þær óskir, en ég er ekki að flytja hér neinn persónulegan boðskap.

Ég vil þá beina svörum mínum til hv. 10. landsk. þm. Ég tel að það sé mikil framför og það sé heilræði frá minni hlið að óska eftir því að hann vitni miklu oftar í mínar ræður — miklu oftar. Það gæti eflaust bætt málflutning hans verulega, ef hann slítur það ekki úr samhengi. Það var engin samstaða í borgarstjórn Reykjavíkur um að láta gatnagerðargjöld verka aftur fyrir sig 5 ár eða lengur eða skemur, það er langt frá því, og það verður aldrei samstaða um það, meðan borgarstjórn er skipuð eins og hún er skipuð í dag, að láta gatnagerðargjöld verka aftur fyrir sig. En hitt er annað mál og það er rétt, að ég mótmælti því á sínum tíma sem borgarstjórnarmaður. En ég vil svara honum á sama hátt og hv. 3. þm. Vestf., að ég er að taka undir óskir bæjarstjórnar Akureyrar, ég ítreka það, þar sem samstaða hefur náðst með öllum pólitískum fulltrúum fólksins um að gera hreint í kringum sig með sérstöku átaki með sameiginlegum sjóði. Ég hef ekki neina ástæðu til þess að rengja það hjá hv. 2. þm. Norðurl. e., að það sé ekki rétt með farið þegar hann segir að það sé samstaða um það. Ég vil taka undir það og ég ítreka það.

En hvað varðar framlag hv. 4. þm. Suðurl. til þessa máls, að það sé varhugavert að búa til lög um hvert einstakt atriði í þágu sveitarfélaga. Ég tel að það sé rangt af löggjafanum að búa til allsherjarbúning allra sveitarfélaga. Það er svo misjafnt hvað sveitarfélögin vilja gera sínu byggðarlagi til hagsbóta og í hvaða röð þau vilja gera það. Og ég vil leggja á það áherslu að það verði ekki búin til einhver algild regla um sveitarfélög, að eitt sveitarfélag geti ekki dregið sig út og gert eitthvað annað en öll sveitarfélögin hafa rétt til þess að gera. Það á að vera eftir mati kjörinna fulltrúa á staðnum í hvaða framkvæmdaröð þau vilja búa að sínu byggðarlagi, en ekki eftir lögum frá Alþ., í hvaða röð þau eigi að taka verkefnin. Það er líka mismunandi hvaða verkefni eru aðkallandi á hverjum stað fyrir sig, og ég lýsi enn þá meiri stuðningi við þetta frv. en ég gerði áðan.

Axel Jónsson: Herra forseti. Ég mótmæli því að ég hafi slitið orð hv. 12. þm. Reykv. nokkuð úr samhengi þegar ég vitnaði til ræðu hans í fyrra og las hana orðrétt frá upphafi til enda. Ég hélt einmitt þessu sjálfur fram í fyrra. Ég var hlynntur því að þessi 5 ára regla væri samþykkt, það væri sett á vald hverrar sveitarstjórnar um sig að ákveða hvort hún notfærði sér það eða ekki, en það vildi hv. 12. þm. Reykv. ekki samþykkja.

Jón Helgason: Herra forseti. Það er aðeins vegna orða hv. 12. þm. Reykv. áðan. Það er rétt að okkur virðist greina þarna á. Ég vil setja lög sem geta gilt fyrir öll sveitarfélög, þannig að þau hafi nokkurt svigrúm til þess að ákveða sjálf hvernig þau vilja haga málum sínum, en ekki setja lög sem binda hvert einstakt sveitarfélag, þannig að það verði í einu og öllu að hlíta forsjá löggjafarvaldsins, en hafi ekkert forræði sjálft.

Ingi Tryggvason: Herra forseti. Mér fannst vel til hlýða að ég segða hér örfá orð þar sem ég er einn af flm. þess frv. sem hér er til meðferðar í hv. d.

Mér finnst aðalatriði þessa máls vera einfaldlega það, að það verður ekki annað séð en akureyringar hafi komið sér saman um aðferð til þess að fjármagna ákveðið verkefni hjá sér. Það er ekki heimild til þess í gildandi lögum að þeir fari þá leið sem þeir sjálfir óska. Það hefur ekki komið fram, svo að ég hafi heyrt, í þessum umr. að út af fyrir sig væru hv. alþm. ósamþykkir aðferðunum sem akureyringar hyggjast notfæra sér þarna, þó að þar kunni að vera einhver meiningarmunur á aðferðum og er ekki undarlegt. Þess vegna lít ég þannig á að fyrst Alþ. hefur ekki gert þá breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem þm. virðast vera margir sammála um að þurfi að gera og er eðlilegt að gera, þá sé óeðlilegt að tefja akureyringa í því að framkvæma þessi verkefni sem eru þeim mjög brýn með því að tefjist heimild í lögum til þess að þeir megi standa þannig að þessum málum sem þeir vilja. Það getur vissulega verið álitamál hversu stuðla beri að því að einstök byggðarlög fái sett lög um ákveðna þætti verkefna sem mörgum sýndust að væri heppilegast að fylgdust að um landið allt. En ég hygg að þetta sé ekki einsdæmi og ekki einu sinni einsdæmi í þessari hv. d., að hv. dm. samþykki sérstök lög fyrir ákveðna landshluta sem ýmsum að vísu sýndist að ættu að vera þáttur í heildarlöggjöf.

Ég endurtek það, að ég tel að akureyringar hafi staðið að þessu á þann veg sem þeim var einfaldastur og eðlilegastur, að fá viðurkennda aðferð sína til að leysa þetta brýna mál. Og þar sem ekkert hefur komið fram sem bendir til þess að ósamkomulag sé á Akureyri um þessa fjáröflunaraðferð, þá finnst mér eðlilegt að hv. Alþ. standi ekki í vegi fyrir því að nefnt sveitarfélag geti notað þá fjáröflunarleið sem það telur heppilega til þessara framkvæmda.

ATKVGR.

Till. á þskj. 677 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 9:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HÁ, HFS, JHelg, StH, StG, AJ, ÁB, EÁ, ÞK.

nei: GeirG, IT, JónÁ, JÁH, JGS, RA, StJ, ÁG.

OÓ greiddi ekki atkv.

2. þm. (GH, EggÞ) fjarstaddir.

Álbræðsla við Straumsvík, frv. (þskj. 138, n. 433 og 457). — Frh. 2. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. hefur sem kunnugt er verið samþ. í Nd. og fór til n. í hv. d. Meiri hl. n. mælti með frv. 2. umr. hefur beðið hér um stund af þeirri

ástæðu að æskilegt þótti að reyna að ná samkomulagi við bæjarstjórn Hafnarfjarðar um hluta Hafnarfjarðar af framleiðslugjaldi vegna álbræðslunnar. Að undanförnu hafa átt sér stað viðræður við fulltrúa hafnfirðinga, og er nú komin sú niðurstaða sem ríkisstj. og bæjarstjórn hafnfirðinga eru sammála um. En aðalatriðið í þessu máli hefur verið að reyna að tryggja að hlutur Hafnarfjarðarkaupstaðar yrði frá hans sjónarmiði fyllilega viðunandi, að við þær breytingar, sem verða á framleiðslugjaldinu með þessum nýja samningi, verði hlutur Hafnarfjarðar ekki lakari en hann hefur áður verið.

Það samkomulag, sem nú hefur orðið, er á þá leið að af árlegri heildarfjárhæð framleiðslugjaldsins skuli jafnvirði 240 þús. Bandaríkjadala renna til Hafnarfjarðarkaupstaðar, upphæð þessi skuli hækka í jafnvirði 250 þús. Bandaríkjadala á ári frá og með afhendingardegi rafmagns til 3. stækkunar bræðslunnar ef til hennar kemur samkv. aðalsamningnum. Í öðru lagi að til Hafnarfjarðarkaupstaðar skuli renna 18% af árlegri heildarfjárhæð gjaldsins. Að öðru leyti er svo óbreytt það sem renna skal til Iðnlánasjóðs, 4.1% af árlegri heildarfjárhæð gjaldsins, og að öðru leyti renni gjaldið í ríkissjóð er ráðstafi hlut sínum til greiðslu á skuldbindingum sínum gagnvart Byggðasjóði samkv. lögum á hverjum tíma. Þá er þriðja atriðið, sem snertir Hafnarfjörð, það að rætt var mjög um endurskoðun eða verðtryggingu á þessu gjaldi til Hafnarfjarðar, og samkomulag varð um að upphæð þá, er renna skal til Hafnarfjarðarkaupstaðar, megi endurskoða með hliðsjón af þróun fasteignaskatta á tveggja ára fresti, í fyrsta skipti 1. jan. 1979, með samningum milli ríkisstj. og Hafnarfjarðarkaupstaðar, og getur hvor aðili um sig óskað endurskoðunar hennar.

Þetta er meginefni þess samkomulags sem ríkisstj. og bæjarstjórn Hafnarfjarðar hafa fallist á. Ég vænti þess að þar sem þetta liggur nú fyrir þá geti frv. fengið greiða göngu í gegnum þessa hv. deild.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Það er nú svo langt liðið frá því að ég kvaddi mér hljóðs í sambandi við afgreiðslu þessa frv. að ég verð að biðja afsökunar á því að þetta verður víst allslitrótt hjá mér, mál mitt í sambandi við meðferð málsins hér í dag. Ég var að mínu mati með allfrjóa og góða ræðu í kollinum þegar ég kvaddi mér hljóðs fyrir eitthvað mánuði, en það hefur hagað svo til að þetta ætlar að verða einhvern veginn allt óaðgengilegra fyrir mig nú þegar ég sæki á heilasellurnar til notkunar við ræðuflutning minn nú.

Ég var einn af þeim aðilum í hv. iðnn. sem skipuðu þann meiri hl. sem mælti með samþykkt þessa frv. Ég held að staðreyndir séu þannig að hvort sem okkur líkar betur eða verr, þá er í gildi samningur við íslenska álfélagið um sölu á orku á föstu verði, samningur sem upphaflega hafði gildistíma 25 ár. Það er langt tímabil eftir af þeim samningi og samkv. ákvæðum þess samnings er verð orkunnar fastbundið. Það hefur verið oftsinnis og ítrekað við umr. þessa frv. fundið að því hvernig staðið var á sínum tíma að þessum samningi, og skal ég ekki fara að lengja umr. eða málalengingar í því sambandi. Ég get verið sammála samt sem áður þeim skoðunum sem komið hafa fram, að í svona máli getur það orkað ákaflega mikið tvímælis hversu lengi maður getur bundið slíka orkusölu föstu verði. Slíka gífurlega orku eins og hér er um að ræða og um svo langt tímabil, þá finnst manni ekki óeðlilegt að ákvæði væru í samningum um endurskoðun. En það kemur eiginlega ekki við þessu máli sem hér er verið að ræða um. Hvort sem okkur líkar betur eða verr, þá er þessi samningur í gildi.

Í sambandi við allar þær aths. og aðfinnslur sem komið hafa fram út af þessum margumræddu samningi, þá finnst mér rétt að það komi einnig fram, að mér skilst að þrátt fyrir allt hafi forsendan fyrir þeirri miklu framkvæmd, sem Búrfellsvirkjunin var á sínum tíma, verið að þessi samningur við Swiss Aluminium var fyrir hendi. Þessu megum við ekki gleyma. Og við megum ekki heldur að hinu leytinu líta fram hjá því, að þó að orkuverðið hafi sýnt sig síðan vera með lægra móti, þá er ýmislegt sem komið hefur í kjölfar þessara framkvæmda sem áttu sér stað þegar íslenska álverið var reist. Ég er þeirrar skoðunar að margt væri nú erfiðara og öðruvísi í okkar þjóðfélagi ef við hefðum þó ekki notið þess hagnaðar sem til að mynda verður við kaupgreiðslur frá þessu fyrirtæki, skatta og gjöld þess fólks sem hefur verið í þjónustu fyrirtækisins, fyrir utan allar þær geysilegu miklu upphæðir sem hafa verið inntar af hendi í sambandi við ýmisleg verkkaup og þjónustugjöld.

Þegar sú staðreynd blasir við manni að maður situr uppi með gerðan hlut sem maður að vissu leyti er ekki ánægður með og vildi gjarnan fá lagfæringu á, hvað eru þá eðlileg viðbrögð? Freista menn ekki að gera allt sem hægt er til að fá slíkum samningi eða slíkum skuldbindingum breytt? Og það er einmitt það sem ég held að hafi verið gert með því frv. sem hér er til umr. Hefur að mínu mati fyrir mjög gott starf þeirra manna, sem unnið hafa að þessum málum, fengist endurskoðun á þeim kjörum sem okkur hafa aðallega verið þyrnir í augum, en það var gjaldið fyrir orkuna til álversins. Þess vegna finnst mér það hrein markleysa þegar verið er að halda því fram, eins og gert hefur verið af sumum hv. þm. sem hafa rætt þetta mál hér, að við séum verr settir og tap okkar, eins og þeir hafa viljað orða það, sé aukið með þessum nýju samningum. Ég held að það dyljist engum, sem vill ræða þessi mál af sanngirni, að það hefur verið náð veigamiklum hagsbótum fyrir þjóðfélagið í heild með þeirri endurskoðun og þeim ákvæðum sem felast í því frv. sem hér er til umr.

Hitt er svo annað mál, að þegar maður er farinn að ræða slík mál eins og þessi, þ. e. samskipti okkar við erlenda aðila, hvort sem þeir eru stórir eða smáir, þá bendir það okkur ljósast á af hve mikilli varfærni og nærgætni maður þarf að fara í sambandi við frv. um stofnun járnblendiverksmiðjunnar. Öll slík samskipti þurfa geysilega mikillar yfirvegunar við. Það getur vel verið að tal mitt hér mótist af því að

ég hef ekki mikla reynslu af þingstörfum, en ég held að það þyrfti að efla stöðu einstakra þn. Mér finnst bera of mikið á því og það mun vera of áhrifamikið eða réttara sagt afdrifamikið um meðferð mála í þinginu að n. er skammtað ákveðið veganesti og ákveðin stefna frá framkvæmdavaldinu, hverjir sem það skipa í það og það skiptið, og oft er sú stefna mörkuð af hinum og þessum embættismönnum. Ég er ekki að kasta neinni rýrð á starf slíkra manna. Hér er oft um mjög mæta og mikla hæfileikamenn að ræða. En hins vegar finnst mér að það verði aldrei lögð nógu mikil áhersla á það, að í svona málefnum, svona stórpólitískum málefnum sem snerta samskipti þjóðarinnar við stórkostlega sterka fjármálaaðila erlenda, eru það fyrst og fremst kjörnir fulltrúar þjóðarinnar sem bera þar veigamesta ábyrgð á.

Því geri ég þetta að umræðuefni hér nú að það hefur komið upp í huga minn að mér fyndist ekki óeðlilegt að vissum nefndum þingsins væri gefinn betri og meiri aðstaða um skoðanakönnun og ákvarðanatöku í sambandi við slík mál. Á ég þá við að þær gætu jafnvel haft til umráða nokkurt fé, ef þeim byði svo við að horfa í það og það skiptið. Ég teldi t. d. alls ekki útilokað að í stórmálum eins og hér er um að ræða gætu þn. algerlega sjálfstætt skipað undirnefnd sem starfaði eingöngu á vegum hlutaðeigandi nefndar, en til þess að slíkt væri framkvæmanlegt þyrfti að sjálfsögðu að vera á þann veg um hnútana búið að slíkar n. hefðu nokkurt fé til umráða. Ég skýt þessari hugmynd hér fram vegna þess að ég er ekki í nokkrum vafa um að hún á rétt á sér. Ef vel tækist til um þá tilhögun, þá held ég að það væri oft hægt að komast hjá mistökum sem hafa orðið í sambandi við samningsgerð og framkvæmdir einmitt um samskipti okkar sem þjóðar og einstaklinga við erlenda aðila, eins og til að mynda er að ræða um í sambandi við afgreiðslu þess frv. sem hér er til umr.

Herra forseti. Að öðru leyti hef ég ekki meira um þetta mál að segja, en lýsi því yfir að ég styð afgreiðslu þessa frv. eins og mælt er með í áliti meiri hl. hv. iðnn.

Axel Jónsson: Herra forseti. Ég vil aðeins, vegna þess að ég bar þá ósk fram við 2. umr. þessa máls að umr. yrði frestað þar til gengið hefði verið frá samkomulagi við bæjarstjórn Hafnarfjarðar, lýsa ánægju minni og færa fram þakkir mínar fyrir að við þessari ósk var orðið. Það er trú mín að sá tími, sem hv. þd. hefur tekið sér í það að gefa þessu máli tóm til að þróast utan þings, hafi máske stuðlað fremur að því að ná þeirri farsælu samkomulagslausn sem orðin er, þar sem samkomulagið var samþykkt með 11 shlj. atkv. í bæjarstjórn Hafnarfjarðar að viðhöfðu nafnakalli.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13:4 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 13:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 107. fundur.

Fimmtudaginn 13. maí, að loknum 106. fundi.

Almenningsbókasöfn, frv. (þskj. 724). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Með vísun til þess, að í fyrri þd., Nd., þar sem þetta mál hefur þegar hlotið afgreiðslu, flutti ég framsöguræðu og gerði grein fyrir einstökum atriðum málsins, sú ræða hefur verið prentuð, þá mun ég ekki hafa þetta langt mál. En löggjöf um almenningsbókasöfn hefur verið nokkuð lengi á döfinni. Meginnýmæli í frv. fyrr og nú um þetta efni hafa verið varðandi fjármálin. Styrkir eða greiðslur til almenningsbókasafna hafa mjög gengið saman að kaupmætti, ef svo mætti segja, á undanförnum árum, þannig að þar sem sveitarfélög tóku ekki málið í sínar hendur, þar var bókasafnsþjónustan mjög ófullnægjandi. Ýmis fleiri atriði hafa verið í þeim frv., sem fram hafa verið lögð á Alþ. um þetta efni, einkum á fyrri þingum þar sem frv. voru þá ítarlegri.

Það frv., sem hér liggur fyrir nú, er í raun og veru rammalöggjöf aðeins, en þar er þó kveðið á um tiltekin fjárframlög til safnanna. Um áramótin var, eins og kunnugt er, gerð sú tilfærsla að sveitarfélögunum er nú einum ætlað að standa undir rekstri bókasafna. Nd. hefur breytt þessu frv. með tilliti til þessara breyttu aðstæðna og raunar gert á því fleiri breytingar sem ég tel smávægilegar og ýmsar til bóta. Og ég sætti mig við aðrar breytingar, sem þar hafa verið gerðar, og geri enga aths. við þær hér við umr. málsins í þessari hv. d. Ég vil hins vegar minna á að það er mjög aðkallandi að afgreiða þetta frv. og beinlínis aðgerðirnar í vetur kalla á afgreiðslu þess.

Ég held að það sé óhætt að segja að almennt er í landinu vaxandi áhugi og skilningur á starfsemi almenningsbókasafna. Að vissu leyti hafa orðið ný viðhorf með setningu grunnskólalaganna og ákvæðum þeirra laga um skólabókasöfn og um samstarf skólabókasafna og almenningsbókasafna.

Sem sagt, herra forseti, með vísun til þeirrar grg., sem frv. fylgir, og til framsöguræðu minnar í Nd. 15. okt. s. l., þá lýk ég þessum orðum og legg til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til menntmn.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af þessu frv. sem hæstv. menntmrh. hefur nú mælt fyrir. Ég fagnaði því mjög þegar frv. um almenningsbókasöfn kom fram í haust. Það var mjög til bóta og því var víða fagnað. Áhugamenn víðs vegar um land sáu nú hilla undir langþráðan draum sinn um eðlilegan styrk til bókasafna. Mig minnir að aðalefni frv. væri þess eðlis að fjárframlög ríkisins til almenningsbókasafna væru stórlega hækkuð, markið væri sett í þrem áföngum, og mig minnir að samkv. áætluninni hafi verið reiknað með á þessu ári 23 millj. af hálfu ríkisins, 46 á næsta ári og síðan 69. Eitthvað um það bil voru þessar tölur.

Ég endurtek ekki ævilok þessa þáttar frv., þessa merkasta þáttar frv., ég tíundaði þau hér í vetur og ég tel að þar hafi orðið slæm skipti þegar þetta verkefni var fært yfir á sveitarfélögin. Ég tel það m. a. vegna þess að þegar þetta verkefni var fært yfir á sveitarfélögin með því að hækka framlag til þeirra úr Jöfnunarsjóði, þá náði það framlag ekki einu sinni marki fyrsta ársins. Mig minnir það vera 20 millj. í stað þó þeirra 23 sem áttu að fást fram á fyrsta árinu. Við verðum að vona að þetta fáist lagfært á þann veg í þeirri endurskoðun, sem nú stendur yfir varðandi verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, að það verði þannig að þetta mark náist, sem upphaflega var sett í frv. í haust, og ekki verði látið sitja við þessa upphæð sem var gengið frá í vetur, heldur megi ná því marki að þrefalda ríkisframlagið, þ. e. a. s. fá það framlag úr Jöfnunarsjóði á þessum þremur árum, þessu og tveim þeim næstu.

Ég vek athygli á því að það er staðreynd, því miður, að áhugi sveitarfélaganna á þessum efnum er mjög misjafn. Ég þekki t. d. tvö dæmi um það austan úr minu kjördæmi hve gerólíkt þar er staðið að bókasafnsmálum, þar sem annað sveitarfélagið heldur sífellt í framlögin til bókasafnanna, en hitt sveitarfélagið gerir mjög vel við sitt bókasafn, enda sýna bókasöfnin auðvitað þess glögg merki.

Ég vil einnig nefna það varðandi breytinguna sem varð á þessu í vetur með bandorminum svokallaða að það var langt í frá að öll sveitarfélögin stæðu þá við þá ótvíræðu skyldu að nota framlagið úr Jöfnunarsjóði til þess að hækka framlögin til bókasafnanna. Ég veit um dæmi þess að þetta var vanrækt við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 1976, og það sýndi að áhugi sveitarfélaganna á þessu máli var misjafn. Sums staðar var þetta tekið inn og ríflega það, en annars staðar alls ekki. Það var þó auðvitað samkv. þessum lögum, sem við settum hér rétt fyrir jólin, skylt, og mér telst svo til að það hafi verið réttmætt fyrir hvert bókasafn og framlag sveitarfélagsins til þess að margfalda ríkisframlag þeirra með svona 2½, þá hefði rétt tala átt að koma út, því að styrkur ríkisins til almenningsbókasafna mun hafa verið 8 millj. á árinu 1975, en Jöfnunarsjóðsframlagið var 20 millj.

Mér þykir miður að hæstv. ráðh. skyldi þurfa að víkja svo frá þessu höfuðatriði þessa frv. sem raun bar vitni að það er nú ekki nema svipur hjá sjón frá því sem var þegar hann mælti fyrir því í Nd. í ágætri ræðu sem ég hlustaði á. Bókasöfnin eru nefnilega þess eðlis að auðvitað er það mikils virði að áhugi heimamanna sé ríflegur, en þau eru einnig þess eðlis, að ég tel sjálfsagt, eins og ég veit að hæstv. menntmrh. er líka sannfærður um í hjarta sínu, að ríkið komi þar til móts og örvi áhugann þar sem eitthvað vantar á hann. Annars skapast þarna óeðlilegur mismunur vegna þess hve áhugi sveitarfélaganna er misjafn. Ríkið á þarna að koma til örvunar, og það gerir það ekki á annan hátt betri en þann sem hæstv. ráðh. lagði til í upphaflegri gerð frv. Ég þykist vita að hæstv. ráðh. hafi gert það nauðugur að lóga þessu frv. í þeirri mynd sem það var og þurfa nú að bera það fram í þessari mynd.

Ég hef ekki kynnt mér nægilega vel þessar breytingar. E. t. v. er nægilega tryggilega frá því gengið nú að sveitarfélögin sinni þessari skyldu sinni gagnvart bókasöfnunum. Það verður örugglega svo að vera, því að eins og ég sagði áðan, ég þekki of mörg dæmi þess að sveitarfélögin svíkist um þessa skyldu sína gagnvart bókasöfnunum og hef þar um dæmi hreinlega úr minni heimabyggð sem eitt gleggsta dæmi þess, þar sem við höfum æ ofan í æ orðið í minni hl. í sveitarstjórn með sæmilegt framlag til bókasafns þar.

Ég sá einu sinni leikrit sem mér þótti býsna skemmtilegt. Það hét „Vængstýfðir englar.“ Það er með þetta frv. sem hér er, þó að ég vilji nú ekki líkja því kannske við engil í upphafi, þá dettur mér þetta leikrit í hug nú þegar þetta frv. kemur í þessari breyttu mynd, svona vængstýft hingað inn til okkar aftur. Og ég hefði sannarlega óskað þess, að hæstv. ráðh. hefði getað flutt frv. í sinni upphaflegu mynd og ríkið hefði komið þarna eins myndarlega til móts við bókasöfnin og hans meining var og eins og hann hafði barist fyrir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 781). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Álbræðsla við Straumsvík, frv. (þskj. 138). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 798).

Háskóli Íslands, frv. (þskj. 451, n. 748). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Axel Jónsson): Herra forseti. Menntmn. þessarar hv. d. hefur haft þetta mál til meðferðar, og eins og fram kemur á þskj. 748 leggur n. til að frv. verði samþ. eins og það kemur nú frá Nd., en fjarverandi afgreiðslu málsins

voru þeir Steingrímur Hermannsson, Jón Árm. Héðinsson og Ingi Tryggvason.

Eins og hæstv. menntmrh. tók fram í framsöguræðu sinni, þá er hér fyrst og fremst um þrjár breytingar að ræða á gildandi lögum um Háskóla Íslands: Í fyrsta lagi rektorskjör og stjórn deilda, í öðru lagi stofnun nýrrar félagsvísindadeildar og í þriðja lagi breytt próffyrirkomulag.

Hér er gert ráð fyrir allmiklu umfangsmeiri kosningu rektors heldur en áður var, þ. e. a. s. að stúdentar taka nú að meira leyti þátt í rektorskjöri en áður og einnig þeir prófessorar sem hafa verið settir, en áður var það bundið við að menn væru skipaðir. Eins og hæstv. menntmrh. tók fram varðandi stofnun nýrrar deildar, þá á það ekki að leiða af sér aukinn kostnað. Þessar greinar voru áður í öðrum deildum, eins og raunar kemur fram í aths. við frv. Í þriðja lagi er það svo varðandi próffyrirkomulagið. Eins og hæstv. ráðh. tók fram í sinni framsöguræðu mun sú breyting, sem hér er lögð til leiða af sér nokkurn sparnað, eins og hann tók fram 7—8 millj.

Ég ætla að leyfa mér, herra forseti, að víkja aðeins að því, sem segir um þetta nál. frá menntmn. Nd., en þar segir svo orðrétt, með leyfi forseta:

„N. hefur leitað álits einstakra háskóladeilda um frv. svo og stúdentaráðs og fengið til viðtals rektor Háskóla Íslands, Guðlaug Þorvaldsson prófessor. Það skal tekið fram að eigi bárust álitsgerðir frá öllum háskóladeildum, en það er sammerkt með þeim álitsgerðum, sem bárust, að deildir Háskólans lýsa sig í meginatriðum samþykkar efni frv. Þó kemur í ljós að innan Háskólans eru að einhverju leyti skiptar skoðanir um prófdómarafyrirkomulagið. Samt virðist einsýnt að mjög almennt á sú stefna frv. fylgi að fagna að fækkað verði þeim tilfellum þar sem prófdómarar eru skipaðir til starfa. Jafnframt er lögð áhersla á að kennarar Háskólans geti óskað skipunar prófdómara þegar þeim þykir sérstök ástæða til. Hefur nokkur ágreiningur staðið um skýrleik orðalags frv. um það tiltekna atriði. Til að taka af tvímæli leggur menntmn. til að orðalagi 10. gr. 2. mgr. i. f. verði breytt svo að í staðinn fyrir orðalagið: „Einnig getur kennari, telji hann til þess sérstaka ástæðu, óskað skipunar prófdómara í einstöku prófi“ komi: Einnig getur kennari óskað skipunar prófdómara í einstakri prófgrein eða prófþætti ef hann telur ástæðu til þess.“

Þetta var sú breyting, sem menntmn. Nd. gerði á frv. og kemur þar mjög til móts við þær óskir sem fram um þetta höfðu komið í umsögnum frá hinum einstöku deildum Háskólans.

„Með þessu orðalagi ætti að vera ljóst að kennari á þess kost að óska skipunar prófdómara til þess að dæma um úrlausnir allra stúdenta í hlutaðeigandi prófgrein eða prófþætti, en ekki einungis eins stúdents eða fárra, eins og orðalag frv. gaf tilefni til að ætla.

Stúdentaráð er meðmælt samþykkt frv.

Forseti heimspekideildar, Bjarni Guðnason prófessor, gerir þá sérstöku aths. við 1. gr. frv., að sér finnist að svonefndir „hlutadósentar“ og „hlutalektorar“ í læknadeild, sem skili 37% vinnu til Háskólans, ættu ekki að hafa atkvæðisrétt við rektorskjör.“

Ég sé ekki ástæðu til þess, að vitna frekar til umsagna þeirra sem fyrir liggja frá hinum ýmsu deildum Háskólans. Ég hafði hugsað mér að fá Guðlaug Þorvaldsson háskólarektor á fund n., en þá var hann erlendis. En við höfðum þessar umsagnir.

Ég vil aðeins láta þess getið að eftir að menntmn. gekk frá í þessu áliti hafði prófessor Ólafur Björnsson samband við mig og lýsti í fyrsta lagi óánægju sinni yfir því heiti sem hin nýja deild fengi, þ. e. félagsvísindadeild, og hann var einnig, eins og kom raunar fram í umsögn viðskiptadeildar, óánægður með ákvæði frv. um prófdómarafyrirkomulagið. En með þeirri breyt. sem gerð var á frv. í Nd. og eins og það liggur nú fyrir, þá var hann þó ánægðari með það eins og það er nú. — Ég vildi láta þessa getið, herra forseti, en eins og fram er tekið á þskj. 748 leggur menntmn. til að frv. verði samþ. eins og það liggur nú fyrir frá Nd.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—12. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Stofnlánasjóður vörubifreiða, frv. (þskj. 644, n. 766). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Samgn. hefur rætt frv. til l. um stofnlánasjóð vörubifreiða á flutningaleiðum og leggur til að frv. verði samþ. með þeirri breyt. að 2. töluliður orðist þannig:

„Árlegt framlag úr ríkissjóði eins og það er ákveðið með fjárlögum. Þó skal það framlag aldrei nema hærri fjárhæð en árlegt framlag sjóðsfélaga samkv. 1. lið þessarar gr.“

Það, sem í þessu felst, er það að nm. telja eðilegt að miða við framlag sjóðsfélaga, en hins vegar ákveði Alþ. við gerð fjárlaga hverju sinni hvort þessu hámarki verður náð eða ekki, þar sem við teljum að slíkt sé eðlilegri skipan mála.

Við 1. umr. málsins í gær var rætt um efni frv. og sé ég ekki ástæðu til þess að fjölyrða um það nú. Fjarverandi við afgreiðslu málsins í samgn. var Eggert G. Þorsteinsson, en Stefán Jónsson ritar undir með fyrirvara.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 766 samþ. með 13 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
6.—14. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 108. fundur.

Fimmtudaginn 13. maí, að loknum 107. fundi.

Háskóli Íslands, frv. (þskj. 451). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 799).

Stofnlánasjóður vörubifreiða, frv. (þskj. 794). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Efri deild, 109. fundur.

Fimmtudaginn 13. maí, að loknum 108. fundi.

Meðferð einkamála í héraði, frv. (þskj. 481, n. 768). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Frv. til l. um breyt. á lögum um meðferð einkamála í héraði, sem hér er til umr., er raunar afleiðing af frv. til l. um norræna vitnaskyldu sem er næsta mál á dagskrá. Eins og segir í grg. fyrir frv. til l. um norræna vitnaskyldu, þá er með því frv. orðið við tilmælum Norðurlandaráðs um norræna vitnaskyldu og lögin fela það í sér að hægt er að kveðja menn til að bera vitni á milli landa.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þessi frv. Þau hafa verið rædd í allshn. Ed. og nm., sem mættir voru, voru sammála um að mæla með samþykkt þeirra beggja. Fjarverandi afgreiðslu málsins var Eggert G. Þorsteinsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Norræn vitnaskylda, frv. (þskj. 480, n. 769). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Í framsögu fyrir næsta dagskrármáli á undan gat ég með nokkrum orðum um þetta frv. sem nú er til umr. í hv. Ed. og ætla ég ekki að bæta þar neinu við.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—13. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Happdrætti Háskóla Íslands, frv. (þskj. 633, n. 771). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Frv. þetta, sem hér liggur fyrir til afgreiðslu, er um breyt. á lögum nr. 13 13. apríl 1973, um Happdrætti Háskóla Íslands. Efni frv. er það, að ákveðið er í frv. að dráttur í Happdrætti Háskóla Íslands fari fram í Reykjavík undir eftirliti n. sem dómsmrh. skipar, og þess er getið í athugasemdum að Happdrætti Háskóla Íslands ásamt Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna og Vöruhappdrætti fyrir Samband ísl. berklasjúklinga hefur farið fram á heimild til að nota tölvu við drátt í happdrættinu og til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að breyta lögum happdrættisins.

Fyrir hv. d. liggja einnig frv. til l. um breyt. á Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna og Vöruhappdrætti fyrir Samband ísl. berklasjúklinga. Þessi frv. eru öll um sama efni og samhljóða að öðru leyti en því að mismunandi happdrætti eru nefnd í hinum ýmsu frv.

Herra forseti. Ég ætla ekki að halda lengri ræðu um þetta mál, en tel að með þessum fáu orðum hafi ég gert grein fyrir efni allra þriggja frv. Að lokum vil ég aðeins geta þess, að allshn. varð sammála um að mæla með samþykkt allra þessara frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, frv. (þskj. 634, n. 772). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Vöruhappdrætti fyrir Samband ísl. berklasjúklinga, frv. (þskj. 635, n. 773). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Efri deild, 110. fundur.

Fimmtudaginn 13. maí, að loknum 109. fundi.

Meðferð einkamála í héraði, frv. (þskj. 481). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Norræn vitnaskylda, frv. (þskj. 480). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Happdrætti Háskóla Íslands, frv. (þskj. 633). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 800).

Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, frv. (þskj. 634). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 801).

Vöruhappdrætti fyrir Samband ísl. berklasjúklinga, frv. (þskj. 635). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 802).

Neðri deild, 108. fundur.

Framkvæmdastofnun ríkisins, frv. (þskj. 640, n. 736, 738 og 746, 739, 757, 763). — Frh. 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Gylfi Þ. Gíslason: Hæstv. forseti. Við umr. gerði ég grein fyrir því að ég flyt á þskj. 739 till. um breyt. á 3. gr. frv., og er sú brtt. shlj. brtt. sem þeir fluttu 1971, þegar lögin voru sett, hæstv. núv. fjmrh. og hæstv. núv. sjútvrh. Eftir að ég flutti till. hefur komið fram önnur till. sama efnis á þskj. 763 frá hv. þm. Ellert B. Schram. Þar eð ég tel till. hv. þm. Ellert B. Schram betur orðaða og skýrari en hina gömlu till. flokksbræðra hans tek ég mína till. til baka og mun greiða atkv. með till. hv. þm. Ellerts B. Schram.

Brtt. 739 tekin aftur.

— 763,1 felld með 17:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SighB, SigurlB, SvJ, BGr, EðS, EBS, EKJ, GS, GilsG, GHG, GÞG, JSk, SkA, KP, LJós, VilbH, MÓ.

nei: ÓlJ, ÞP, PJ, PS, SvH, TÁ, VH, ÞÞ, GF, HES, IngJ, IG, JóhH, LárJ, MB, MÁM, RH.

ÓE, SV, ÞS, FÞ, GTh greiddu ekki atkv.

Einn þm. (GuðlG) fjarstaddur.

6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Gunnlaugur Finnsson: Hæstv. forseti. Enda þótt ég sé efnislega samþykkur síðari hluta till. um að það sé eðlilegt að stefna að því að forstjórar hafi ekki öðrum störfum að gegna þá tel ég eigi að síður ekki fært á þessu stigi málsins að ákveða það að forstjóri skuli aðeins vera einn, og þar af leiðandi segi ég nei.

Ingvar Gíslason: Ég tel miklu heppilegra að Framkvæmdastofnun ríkisins hafi fleiri en einn forstjóra. Svo hefur verið undanfarin ár. Það hefur gefist að mínum dómi afar vel. Þess vegna tel ég þessa till. síst til bóta og segi nei.

Jón Skaftason: Virðulegi forseti. Þar sem ekki hafa komið fram minnstu rök fyrir því að þörf sé á tveimur forstjórum fyrir þessari stofnun og þar sem mér er umhugað um að það fjármagn, sem renna á í Byggðasjóð, gangi til atvinnuuppbyggingar um landið, þá segi ég já.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Með skírskotun til þess sem forsrh. sagði þegar hann fylgdi þessu máli úr hlaði, þá er hér um samkomulagsmál að ræða. Á það samkomulag hef ég fallist og segi nei.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti. Með skírskotun til grg. hæstv. sjútvrh. segi ég nei.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Með skírskotun til grg. þeirra nafnanna, hæstv. ráðh. Matthíasar Bjarnasonar og hæstv. ráðh. Matthíasar Á. Mathiesen, segi ég nei.

3. gr. samþ. með 19:8 atkv.
4.—14. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 757 felld með 24:4 atkv.
— 763,2 felld með 27:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JSk, ÓE, PS, SvJ, EBS, GHG, GÞG, JóhH, RH.
nei: SkA, KP, LárJ, LJós, MÓ, MB, MÁM, ÓlJ, PP, PJ, SighB, SigurlB, SV, SvH, TÁ, VH, ÞS, ÞÞ, BGr, EKJ, FÞ, GS, GilsG, GF, HES, IngJ, IG.
VilbH, EðS, GTh greiddu ekki atkv.
Einn þm. (GuðlG) fjarstaddur.
3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti. Þar sem það hefur alla tíð verið skoðun mín að hlutverk Framkvæmdastofnunar sé að styðja að framkvæmdum hvarvetna um landið, sé ég ekki ástæðu til þess að breyta því og segi því nei.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Forseti. Með tilvísun til 29. gr. gildandi laga um hlutverk Byggðasjóðs tel ég þetta eina orð, sem lagt er til að breyta, óþarft og greiði því atkv. gegn till.

Sverrir Hermannsson: Virðulegi forseti. Með vísan til í fyrsta lagi orða hæstv. forsrh., er hann viðhafði í framsögu fyrir frv. þessu, þess efnis, að hann liti svo á að þessi aukningarsjóður, gæti, ef til þyrfti að taka, einnig orðið til uppbyggingar á þéttbýlissvæðum landsins eða hvarvetna á landinu, eins og hann orðaði það nokkurn veginn, og í öðru lagi með vísan til þess að unnið er að og í undirbúningi er á vissum sviðum að Byggðasjóður eða Framkvæmdastofnunin sjálf beiti afli sínu til þess að byggja upp til að mynda fiskiðnað á þéttbýlissvæðunum, sem nýtur ekki betri aðstöðu heldur en fiskiðnaðurinn í öðrum landshlutum, — með vísan til þessa hvors tveggja segi ég nei.

15.—25. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 725). — 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Hæstv. forseti. Þetta frv. var lagt fyrir Ed. og hefur verið afgreitt þaðan. Aðalefni þess er að rýmka heimild til þess að greiða aukaframlag úr Jöfnunarsjóði og stendur það í sambandi við frv. sem samþykkt var hér fyrir jól. Það frv., sem varð að lögum, fjallaði um flutning nokkurra verkefna og gjalda og tekjuliða frá ríki til sveitarfélaganna. Í því sambandi kom til orða að sum sveitarfélög teldu að þau mundu verða fyrir meiri útgjaldaauka heldur en tekjuauka næmi af þeim lögum, og var því þá lýst yfir í þeim umr. að yrði eitthvert sveitarfélag fyrir tjóni vegna þessara laga, þá mundi það verða bætt úr Jöfnunarsjóði í samráði við stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga. Aðalefni þessa frv. er því að fullnægja þessu fyrirheiti og kemur það fram í 1. gr. þessa frv.

2. gr. þessa frv. fjallar svo um nokkra breytingu á ákvæðum laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga varðandi fólksfækkunarframlag.

Þetta frv. var einróma samþ. í hv. Ed. Ég vænti þess, að það fái jafngóðar undirtektir hér, og legg til, að því verði vísað til 2. umr. og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til félmn. með 27 shlj. atkv.

Ferðamál, frv. (þskj. 728). — 1. umr.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Hæstv. forseti. Á þskj. 728 er frv. til l. um ferðamál og skipulag þeirra eins og það er eftir 3. umr. í Ed. Í hv. Ed. var þetta frv. lagt fram og gerði ég þá grein fyrir helstu breytingum sem í því eru frá eldri lögum og einnig frá þeim frv. sem áður hafa verið lögð fram á hv. Alþ. um ferðamál. En eins og kunnugt er þar mikla nauðsyn til þess að setja lög um ferðamál eins og þau eru farin að vera stór þáttur í nútímaþjóðfélagi.

Helstu breytingarnar í þessu frv. frá þeim frv., sem hafa verið hér til meðferðar, eru að gera yfirstjórnina einfaldari og málin einfaldari heldur en þau hafa áður verið. Ferðamálaráðið er nú æðsta vald fyrir utan samgrn., sem fer með yfirstjórn þessara mála, um stefnumótun í sambandi við ferðamál í landinu, og er með þessu frv. aðskilin starfsemi þess og Ferðaskrifstofu ríkisins. Ferðamálaráð skipa auk ráðh. þeir aðilar sem fást við ferðamál hér á landi og einnig er gert ráð fyrir því að ef fleiri Flugfélög en Flugleiðir verða hér mynduð sem mynda með sér samtök, þá geti þau fengið fulltrúa í þessu ráði.

Í 7. gr. frv. er gert ráð fyrir því hver séu verkefni ferðamálaráðsins, en það er skipulagn- og áætlunargerð um íslensk ferðamál, landkynning og fleiri þess háttar þættir.

Ég vil vekja athygli á því í sambandi við Ferðamálaráð og þessa starfsemi, að þá er tekið upp það sem leitað hefur verið eftir áður fyrr, annars vegar að Náttúruverndarráð er orðið aðili að Ferðamálaráði og einnig Félag ísl. leiðsögumanna, en það fólk hefur einnig leitað eftir því að fá aðild að Ferðamálaráðinu.

III. kafli frv. fjallar svo um Ferðaskrifstofu ríkisins og starfsemi hennar og er fyrst og fremst miðað við að hún reki starfsemi til þess að fá fólk til að ferðast um Ísland og skipu-

leggja ferðir hér innanlands, en sé ekki að annast skipulagningu á ferðum til útlanda.

IV. kaflinn er svo um almennar ferðaskrifstofur og það sem að þeim snýr. Í því sambandi vil ég vekja athygli á því, að það er gert ráð fyrir að tryggingarfé, sem ferðaskrifstofur verði að setja, sé 7 millj. kr. og á þriggja ára fresti skuli endurskoða þetta og færa það þá til þess verðlags sem þá er orðið. Fyrst og fremst á hlutverk þessa fjár að vera það, að ef ferðaskrifstofu ber upp á sker, þá sé notað af þessu fé til þess að koma því fólki heim aftur sem kynni að vera erlendis í ferðalagi á vegum þeirrar ferðaskrifstofu er um væri að ræða.

V. kaflinn er svo um Ferðamálasjóð. Það er rýmkað hans fjárframlag og einnig eru rýmkuð verkefni hans frá því sem hann hefur nú og gert ráð fyrir að útlánareglur hans verði svipaðar og eru hjá öðrum fjárfestingarlánasjóðum.

Þessi atriði eru meginatriði í þessu frv., auk þess sem í frv. er ákvæði um það að mega taka þátt í því með heimavistarskólum að leggja þeim til fé ef ákveðið er að hafa þar sumarhótel. Ferðaskrifstofa ríkisins mun annast þann þátt hér eftir sem hingað til og vonandi þá í enn þá ríkari mæli.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta mál að þessu sinni, vil hins vegar geta þess að það mun hafa farið út úr hv. Ed. shlj. Ég vonast því til að það fái svipaðan byr hér í þessari hv. d. og treysti því að það fái afgreiðslu á þessu þingi. Það er búið að vera til meðferðar á 3—4 þingum og nauðsyn ber til að koma þessu máli í fast horf.

Ég legg því til, hæstv. forseti, að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til samgn. með 27 shlj. atkv.

Orkubú Vestfjarða, frv. (þskj. 740). — 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Hæstv. forseti. Á s.l. sumri skipaði iðnrn. 7 manna n. til þess að vinna að orkumálum Vestfjarða og kanna viðhorf sveitarfélaga á Vestfjörðum til stofnunar Vestfjarðavirkjunar. Í skipunarbréfi var vísað til ályktunar Alþ. frá 1971 um orkumál Vestfjarða, og var þessari n. falið að gera till. um hvernig staðið verði að stofnun Vestfjarðavirkjunar sem verði sameign ríkisins og sveitarfélaganna þar og hafi það verkefni að annast framleiðslu og dreifingu raforku og hagnýtingu jarðvarma í þessum landshluta. N. starfaði mjög vel að þessum málum, skilaði ítarlegri grg. sem fjallaði um hvort tveggja, sjálft skipulag þessara mála og svo yfirlit um framkvæmdir á næsta áratug í raforku- og jarðvarmamálum.

Þetta frv. fjallar um hið fyrra atriði, þ.e.a.s. sjálft skipulagið. Er gert ráð fyrir að ríkissjóði Íslands og sveitarfélögum á Vestfjörðum sé heimilt að koma á stofn orkufyrirtæki sem nefnist Orkubú Vestfjarða. Tilgangur fyrirtækisins skal vera að virkja vatnsafl og jarðhita á Vestfjörðum þar sem hagkvæmt þyki. Skal Orkubúið eiga og reka vatnsorkuver og dísilraforkustöðvar til raforkuframleiðslu ásamt nauðsynlegum mannvirkjum til raforkuflutnings og raforkudreifingar. Þá skal fyrirtækið eiga og reka jarðvarmavirki og nauðsynlegt flutningskerfi og dreifikerfi fyrir heitt vatn. Skal fyrirtækið og eiga og reka fjarvarmakyndistöðvar ásamt nauðsynlegu dreifikerfi. Fyrirtækið skal annast virkjunarrannsóknir og aðrar undirbúningsrannsóknir eftir því sem ákveðið er hverju sinni. Er gert ráð fyrir að þetta Orkubú verði sameignarfélag ríkisins og sveitarfélaga á Vestfjörðum, eignarhluti ríkisins sé 40%, en eignarhluti sveitarfélaganna samtals 60%.

Sú tilhögun, sem hér er gert ráð fyrir að verði lögfest, er í samræmi við óskir bæði Fjórðungssambands Vestfjarða, Sambands ísl. rafveitna og Sambands ísl. sveitarfélaga.

Ég vil að öðru leyti vísa til ítarlegrar grg. með frv. Það var lagt fyrir hv. Ed. og var afgreitt þaðan. Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til iðnn. með 25 shlj. atkv.

Iðnþróunarsjóður fyrir Portúgal, frv. (þskj. 584). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Á ráðherrafundi Fríverslunarsamtaka Evrópu 6. nóv. 1975 var ákveðið að mynda sérstakan sjóð á vegum samtakanna til aðstoðar við Portúgal sem er eitt af aðildarríkjunum. Var talið að slík sjóðsstofnun mætti stuðla að eflingu lýðræðis og atvinnulífs í landinu og hún væri í samræmi við óskir Portúgals. Þá var unnið að málinu á vegum samtakanna, og á fundi ráðs samtakanna 7. apríl s.l. var gengið frá lögum fyrir sjóðinn. Er gert ráð fyrir því að sjóður þessi taki til starfa þegar aðildarríkin hafa gengið frá nauðsynlegum staðfestingum.

Ég leyfi mér, herra forseti, að öðru leyti að vísa til aths. þeirra, sem fylgja með frv., um fyrirkomulag á þessum sjóði. En ég vil aðeins taka það fram, að mér finnst Ísland hafa alveg sérstaka ástæðu til þess að styðja að því að þessi sjóðmyndun komist á þegar litið er á hin hagstæðu viðskipti sem við höfum haft og eigum við Portúgal. Á árinu 1975 nam útflutningur okkar til Portúgals 5 milljörðum 584 millj. kr., en innflutningur þaðan 343 millj. Árið áður eða 1974 voru þessar tölur: útflutningur 3 milljarðar 389 millj. kr. og innflutningur 216 millj. kr. Vöruskiptajöfnuður gagnvart Portúgal hefur því verið okkur mjög hagstæður og hefur svo verið um langt árabil og líklega hagstæðari en gagnvart nokkru öðru landi. Þessi sjóður, sem hér er hugsað til að stofna, er í raun og veru mjög sniðinn eftir hugmyndinni um Iðnþróunarsjóð Norðurlanda.

Ég leyfi mér að æskja þess að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og til hv. fjh.- og viðskn. Ég tek fram að frv. hefur þegar verið afgreitt í hv. Ed. samhljóða.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 21 shlj. atkv.

Sjúkraþjálfun, frv. (þskj. 752). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. er flutt að ósk Félags ísl. sjúkraþjálfara og er að mestu leyti byggt á till. að nýjum lögum um sjúkraþjálfun sem félagið sendi heilbr.- og trmrn. til umfjöllunar á s.l. ári, en núgildandi lög um þetta efni eru frá árinu 1962. Heilbrn. taldi till. félagsins horfa í flestu til bóta frá núgildandi ákvæðum, og við samningu þessa frv. í rn. hafa ekki verið gerðar neinar efnisbreytingar nema sú að fellt hefur verið niður úr 2. gr. í till. félagsins það skilyrði að viðkomandi skuli hafa meðmæli Félags ísl. sjúkraþjálfara og landlæknis, heldur skuli umsagnar þeirra leitað, eins og hefur verið gert í öðrum hliðstæðum frv. og lögum. Ef fólk uppfyllir menntunarskilyrði á að vera skylt að veita því starfsleyfi samkv. 1. gr. frv., þar sem segir að rétt til að starfa sem sjúkraþjálfari hér á landi og kalla sig sjúkraþjálfara hefur sá einn sem til þess hefur fengið leyfi heilbrrh., og leyfi skal veita þeim íslensku ríkisborgurum sem lokið hafa prófi frá skóla sem viðurkenndur er.

Ed. gerði nokkrar breytingar á frv. og ræddi það ítarlega, bæði við fulltrúa Félags ísl. sjúkraþjálfara og sömuleiðis komu á fund n. í Ed. orkulæknar, og voru breytingarnar gerðar, að ég best veit, í fullu samráði við þá.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 24 shlj. atkv.

Dýralæknar, frv. (þskj. 765). — 1. umr.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil aðeins kynna þetta frv. af því að flm. þess eru í Ed. Hér er um að ræða skiptingu á tveimur dýralæknisumdæmum, þ.e. Strandasýslu og Rangárvallasýslu. Er gert ráð fyrir, að ef frv. þetta verður að lögum, þá verði gildistaka þess miðuð við 1. jan. næsta ár og að sjálfsögðu háð því að fjárveitingar verði til starfanna, en nauðsyn ber til að gera þessar breytingar.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 24 shlj. atkv.

Ábúðarlög, frv. (þskj. 632, n. 743 og 744). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. N. hefur rætt þetta mál á fundum sínum. Meiri hl. mælir með að frv. verði samþ. óbreytt, en minni hl., hv. þm. Benedikt Gröndal, skilar séráliti.

Frv. til ábúðarlaga var lagt fram hér í hv. Nd. 1972, en hlaut þá ekki afgreiðslu og var endurflutt árið eftir. Frv. var þá sent til umsagnar til mjög margra aðila, t.d. til allra hreppsnefnda í sveitahreppum í landinu og til búnaðarsambanda, og bárust þá ýmsar ábendingar og brtt. sem hafa svo verið athugaðar og tekið verulega tillit til í sambandi við endursamningu á þessu frv. sem fór fram á s.l. vetri.

Þetta frv. er fyrst og fremst til þess að samræma ábúðarlög, en nú eru í gildi ábúðarlög frá 1884, frá 1933, frá 1951 og frá 1961, þannig að það veitir ekki af að samræma þessi mál og koma fyrir í einum lagabálki.

Í sambandi við endurskoðun á þessu núna var tekið mjög mikið tillit til hagsmuna leiguliða og í sjálfu sér var mjög gott samkomulag í n. Þó að hv. þm. Benedikt Gröndal skili séráliti, þá er það vegna þeirrar stefnumörkunar sem hv. þm. Alþfl. hafa tekið í þessum málum.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða hér einstakar brtt. því að þessi mál eru búin að vera svo oft hér til umfjöllunar, — ekki nema sérstakar ástæður verði til þess.

Frsm. minni hl. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Frv. þetta og frv. til jarðalaga eru nátengd hvort öðru og er rétt að líta á þau sem eina heild til að átta sig á efni þeirra. Í þessum frv. eru annars vegar sett miklu strangari ákvæði en áður hafa gilt varðandi jarðasölu, og tel ég það í sjálfu sér vera til mikilla bóta því að ekki veitir af að reyna að hafa hemil á hinu sívaxandi jarðabraski í landinu. Frv. voru fyrst flutt fyrir tveimur árum og hafa verið endursamin síðan, eins og hv. frsm. meiri hl. n. gerði grein fyrir. Virðist mér að þær breytingar, sem gerðar hafa verið, séu mjög til bóta því að þær munu bæta hlutskipti leiguliða frá því sem verið hefur. Er vissulega rík ástæða til að gefa því gaum hvernig farið hefur verið með leiguliða á jörðum undanfarna áratugi.

Mál þessi snerta svo mjög grundvallaratriði varðandi eignarrétt lands að ég sem fulltrúi Alþfl. kemst ekki hjá því að flytja rökstudda dagskrá og leggja til að málinu verði vísað til ríkisstj. í trausti þess að hún láti semja nýtt frv. sem byggist á þeim meginatriðum að landið verði eign ríkis og sveitarfélaga, nema bújarðir sem verði í eigu bænda áfram ef þeir kjósa, og nokkrum viðbótaratriðum sem leiðir af þessu meginatriði.

Að lokum vil ég eins og fyrir tveimur árum lýsa yfir, þó að ekki verði það talið neitt veigamikið efnisatriði, að það fer mjög í taugarnar á mér að við skulum nú á þessu ári vera að afgreiða löggjöf þar sem talað er um landsdrottin — þetta er eins og furðufyrirbrigði úr miðaldasögu — og leiguliða. Mér finnst raunar að það sé allt of mikið gert úr því hver teljist eigandi landsins, en minna úr því hverjir hagnýta það. Við eigum að hætta að kenna menn við eignartengsl þeirra við landið. Bóndi er bóndi hvernig sem því er farið, og við skulum dæma hann eftir einhverju öðru. Ég tel að það væri skynsamlegt og viðeigandi að hætta notkun þessara orðtækja frá grárri forneskju vegna þess að þau bera ríkan vott um stéttaskiptingu sem er löngu liðin hér á landi enda þótt leifar stéttaskiptingar séu hér vissulega fyrir hendi enn þá.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 744 felld með 19:5 atkv.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

5.—9. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
10.—20. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
21.—31. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
32.—37. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
38.—44. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
45.—46. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Lyfsölulög, frv. (þskj. 609, n. 733). — 2. umr.

Frsm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Heilbr.- og trn. þessarar d. hefur haft til athugunar frv. til l. um breyt. á lyfsölulögum, en það er 218. mál Ed. Ég sem formaður n. hef kynnt mér umsagnir sem voru sendar Ed., þ. e. a. s. umsagnir frá Dýralæknafélagi Íslands og Lyfsalafélagi Íslands sem eru jákvæðar um efni frv. Allir þeir nm., sem á fundi voru og undirrita nál. á þskj. 733, leggja til að frv. verði samþ. óbreytt.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Jóhann Hafstein, Ragnhildur Helgadóttir og Vilborg Harðardóttir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Ljósmæðralög, frv. (þskj. 314, n. 734). — 2. umr.

Frsm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Heilbr.- og trn. þessarar d. hefur haft til athugunar frv. til l. um breyt. á ljósmæðralögum, nr. 17 frá 19. júní 1933. Meiri hl. n., þeir sem undirrita þskj. 734, leggur til að frv. verði samþ. óbreytt. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Ragnhildur Helgadóttir, Vilborg Harðardóttir og Jóhann Hafstein.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Lántökuheimild til eflingar Landhelgisgæslunnar, frv. (þskj. 102, n. 735). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Þetta frv. var lagt fram snemma á þingtímanum eins og lög gera ráð fyrir þar sem hér er um að ræða frv. til l. um staðfestingu á brbl., frv. um lántökuheimild til eflingar Landhelgisgæslunnar. Frv. var rætt í fjh.- og viðskn. þessarar d. fyrir jólin og kom þá fram að allir nm. voru ákveðnir í því að mæla með því að frv. yrði samþ. Það hefur hins vegar dregist að leggja fram nál. þar sem til greina gat komið að taka inn í þetta frv. aðrar heimildir til að leysa fjárþarfir Landhelgisgæslunnar. Til þess þurfti þó ekki að koma.

Fjh.- og viðskn. flytur brtt. við frv. þess efnis, að í stað 450 millj. kr. heimildar til kaupa á gæsluflugvél fyrir Landhelgisgæsluna komi 600 millj. eða jafngildi allt að 9 millj. gyllina. Það er nauðsynlegt að hækka þessa upphæð af nokkrum ástæðum. Í fyrsta lagi vegna þess að gengi gyllinisins hefur breyst, þannig að þessi upphæð ætti þess vegna að vera 470 millj. nú, en auk þess hefur ekki verið aflað heimildar til þess að greiða það sem greiða þarf þegar flugvélin verður afhent, væntanlega seint á þessu ári. Það eru 15% af kaupverðinu. Þá þarf að afla heimilda vegna 5% af kaupverðinu sem greidd voru við undirskrift samningsins. Auk þess er eftir að kaupa nokkurn tækjabúnað í vélina. Þegar þetta er allt talið saman kemur út talan 600 millj. kr.

Fjh.- og viðskn. leggur til að frv. verði samþ. með þessari breytingu.

ATKVGR.

Brtt. 735 (ný 1. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Námslán og námsstyrkir, frv. (þskj. 764). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þetta frv. var lagt fram í Ed. og hefur fengið afgreiðslu þar. Það hefur tekið nokkrum breytingum. Geri ég út af fyrir sig engar aths. við þær.

Það er ekki ofmælt að lög um námslán og námsstyrki hafi verið nokkuð lengi í skoðun, og ætla ég ekki að rekja þá sögu hér. Gildandi löggjöf gerir ráð fyrir því að námsaðstoð sé að mestu leyti veitt í formi lána. Áður var þessu meira skipt í námslán og námsstyrki, en reynslan hefur orðið sú að lán þau, sem veitt eru samkv. gildandi lögum verða í framkvæmd sem styrkir væru þar sem lánin hafa verið óverðtryggð og greiðslufrestur langur. Af þessu leiðir að Lánasjóðurinn, sem svo er nefndur í daglegu tali, hefur yfir að ráða mjög takmörkuðu eigin fé. Þetta hefur orðið því tilfinnanlegra sem gífurleg aukning hefur orðið á eftirspurn eftir námslánum, sem er mjög eðlilegt þegar af þeirri ástæðu að lánin hafa í reynd nánast orðið styrkir. Þetta ár hefur ríkt mjög erfitt ástand um afgreiðslu úr sjóðnum, afgreiðslur hafa tafist æ ofan í æ til mikils óhagræðis fyrir lántakendur og auðvitað um leið alla þá sem að þessum málum hafa unnið.

Þessi þróun um viðgang lánasjóðs ísl. námsmanna gengur þvert á þann tilgang sem fólst í setningu gildandi löggjafar, eins og hún var formuð í byrjun, þ. e. 1961. Lesa má í þskj. frá þeim tíma að að því hefur verið stefnt að Lánasjóðurinn yrði nokkurn veginn sjálfum sér nógur á árinu 1978. Ég eyði ekki orðum að því hversu langt er frá að þetta mark hafi náðst því að eins og ég áðan sagði er eigið ráðstöfunarfé sjóðsins í dag, tveimur árum áður en þetta mark átti að nást, næsta lítið, það er því óhætt að segja að löggjafinn hefur verið miklu seinni en æskilegt hefði verið og nauðsyn bar

til að taka þessa löggjöf til endurskoðunar og breyta henni til samræmis við fengna reynslu.

Megintilgangur þessa frv. er tvíþættur: annars vegar að tryggja það að allir námsmenn, sem þess þurfa, geti fengið fullnægjandi úrlausn sinna mála, og í öðru lagi og raunar tvinnast það algerlega saman að byggja upp Lánasjóðinn og efla hann þannig að hann geti að verulegu leyti, þegar tímar líða fram, byggt á eigin fjármagni, þó ég geri hins vegar ráð fyrir því að ævinlega þurfi að koma til mjög veruleg framlög úr ríkissjóði til námsaðstoðarinnar.

Ég held að það sé tæplega ástæða til þess að ég fari hér nú við 1. umr. í síðari d. að fara ítarlega inn á einstök atriði þessa frv. Meginbreytingarnar eru kannske í því fólgnar að það er tekin upp verðtrygging á lánunum, að endurgreiðslukjörin eru að verulegu leyti bundin við tekjur lánþega að námi loknu, en þó með ákvæðum um lágmarksendurgreiðslur. Ég held að í þessum atriðum felist meginbreytingarnar. En sem sagt, með tilliti til þess að við 1. umr. málsins í fyrri d. flutti ég nokkuð ítarlega framsöguræðu og rakti efni einstakra greina o. s. frv. og sú ræða hefur þegar verið prentuð og er komin í Alþt. á borð sérhvers alþm., leyfi ég mér að vera fáorður við þessa 1. umr. hér í síðari d. og fjölyrði ekki frekar um málið, en legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. menntmn.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Þegar tekin er afstaða til frv. til l. um námslán og námsstyrki, þá verður að hafa tvennt í huga: Stuðlar frv., ef að lögum verður, að jafnrétti einstaklinga til náms, og er það í samræmi við þarfir menntakerfisins í heild? Það hefur orðið niðurstaða mín eftir athugun á frv. að það stuðli að auknu misrétti, þar sem lánin verða mjög óaðgengileg fyrir þá sem ekki eiga von á hálaunastörfum að námi loknu og mikil hætta er á að ásókn verði meiri í þær greinar sem skila af sér miklum tekjum að námi loknu. Svo hörð eru endurgreiðslukjörin sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Breytingar þær, sem hv. Ed. hefur gert, breyta engu um þessa meginstefnu frv.

Í lögum frá 1967 um námslán og námsstyrki var kveðið svo á að stefnt skyldi að því að aðstoð hins opinbera við námsmenn nægði til að standa straum af eðlilegum náms- og framfærslukostnaði þegar eðlilegt tillit hefði verið tekið til tekna, fjölskyldustærðar og fleiri atriða. Síðan eru liðin 9 ár og á þessum tíma hefur mjög þokast í þessa átt. Þegar lögin voru sett árið 1967 mun um 43% af umframfjárþörf námsmanna á þeim tíma hafa verið fullnægt, en á árinu 1974 var þessi prósentutala komin nokkuð yfir 80%. Síðan hefur hún staðið í stað og nú á þessu ári gengið verulega til baka.

Borið er við peningaleysi, að sjóðurinn eigi í miklum erfiðleikum og hafi ekki efni á því að lána námsmönnum fé til að þeir geti framfleytt sér meðan þeir eru við nám, þess vegna yrði að herða endurgreiðslukjörin til þess að lagfæra fjármál sjóðsins. Vegna þessarar röksemdafærslu Alþ. og fjárveitingavaldsins og ríkisstj. tóku námsmenn jákvæða afstöðu til þess að endurgreiðslur yrðu hertar, og lögðu þeir þegar fyrir tveim árum fram till. um endurgreiðslukerfi sem laut að því að námslán mundu endurheimtast í raungildi að verulegum hluta, en þó þannig að endurgreiðslur kæmu réttlátlega niður og yrðu engum greiðanda óhófleg byrði. Með þessum till. sínum um endurgreiðslur töldu námsmenn að væri rutt úr vegi öllum hindrunum fyrir því að námslán gætu orðið fullnægjandi. Því settu þeir á oddinn þá kröfu að sjóðurinn fullnægði algerlega umframfjárþörf námsmanna. Þetta hefur ekki gerst. Á þessu hefur engin breyting orðið í meðferð menntmn. Ed., en hins vegar hefur meiri hl. þeirrar hv. n. sannarlega ekki talið eftir sér að herða endurgreiðslukjör.

Samkv. frv., eins og það nú er, munu milli 70 og 90% af lánunum skila sér aftur í fullu raungildi. Þrátt fyrir þetta stendur enn eftir í frv. þetta orðalag: „stefnt skal að“, og engin fyrirheit gefin um fulla brúun umframfjárþarfar enda þótt það væri höfuðkrafa námsmanna, eins og ég tók fram áðan. Það fer ekki á milli mála að í þessum efnum sýnir Alþ., ef frv. þetta verður að lögum, furðulega ósvífni í garð námsmanna. Námsmenn komu sjálfir fram með ábyrgar og sanngjarnar till., og ég hef trú á því að unnt hefði verið að ná góðu samkomulagi við námsmenn ef ríkisvaldið hefði sýnt samstarfsvilja. En það hefur ekki gerst. Endurgreiðslukjör eins og frv. gerir ráð fyrir eru með þeim hætti að námsfólki verða eftirleiðis boðin lán með langtum lakari kjörum en gerist hjá bönkum, fjárfestingarsjóðum eða yfirleitt nokkurri annarri innlendri lánastofnun.

Nú er það svo, eins og hæstv. menntmrh. tók fram áðan, að lán úr Lánasjóði ísl. námsmanna hafa hingað til fremur verið styrkir en lán. Hafa allir verið sammála um að gera yrði ráðstafanir til þess að sjóðurinn eyddist ekki í verðbólgubáli. Efling sjóðsins var því nauðsynleg, bæði til þess að lánakerfið gæti náð til fleiri námsmanna og til þess að umframfjárþörf yrði brúuð og svo til þess að spara ríkinu þá fjármuni sem lagðir hafa verið til þessa sjóðs. En fyrr má nú rota en dauðrota. Hingað til hafa lánin skilað sér að verðgildi 7% til baka, en nú er ætlunin að milli 70 og 90% af lánunum skili sér aftur í fullu raungildi. Það liggur í augum uppi að þessi lán verða svo óhagstæð, að þeir einir, sem eiga von á hálaunastörfum, munu treysta sér til að taka þau, en hundruð námsmanna, sem eiga eftir að ganga inn í störf sem metin eru til meðaltekna eða lágtekna, munu ekki treysta sér til að taka þessi lán. Þessi hópur fólks mun því standa í sömu sporum og námsfólk almennt stóð áður en Lánasjóðurinn var stofnaður. Ef fólkið gefst ekki hreinlega upp við nám hlýtur það að tefjast vegna þess að það tekur frekar þann kostinn að vinna með námi en taka óhagstæðustu lán sem um getur á Íslandi. Hér er um svo hörmulega afturför að ræða að það er nánast ótrúlegt að það skuli vera knúið fram á hv. Alþ. Ef frv. þetta verður að lögum mun það auka verulega misréttið í þjóðfélaginu, eins og ég tók fram í upphafi máls míns, og þá munum við fjarlægjast verulega það mark að skapa jafnrétti til náms.

Það er frá mínu sjónarmiði ekkert óeðlilegt

þótt hátekjumönnum sé gert að endurgreiða námslán með verðtryggingu. Það er líka skoðun námsmanna sjálfra. En það hefur hins vegar verið algert skilyrði af þeirra hálfu að væru lánakjörin hert með verðtryggingu, þá yrðu skýr mörk dregin milli þeirra, sem lenda í hópi hálaunamanna, og hinna, sem ekki njóta efnahagslegra ávinninga af námi sínu. Það er því misskilningur, sem stundum hefur verið haldið fram, að námsmenn hafi fallist á verðtryggingu. Þeir hafa fallist á verðtryggingu eingöngu gagnvart hátekjumönnum og alltaf lagt áherslu á að lágtekjumönnum og fólki með miðlungstekjur verði hlíft. Lágmarksendurgreiðsla í formi fastrar upphæðar, eins og frv. þetta gerir ráð fyrir, með fullri verðtryggingu mun koma harðast niður á þeim sem lægstu launin hafa og skemmstan námstíma eiga að baki. Það er ekki nema að hálfu leyti rétt, sem hæstv. ráðh. sagði hér áðan, að endurgreiðslur væru miðaðar við efnahag. Það gildir eingöngu um aukaafborganir, en alls ekki um þessar lágmarksendurgreiðslur sem eru 40 þús. kr. samkv. frv. eftir meðferð Ed. Sú upphæð á enn fremur að hækka árlega í samræmi við breytingar á framfærsluvísitölu. Upplýst er af Þjóðhagsstofnun að sé miðað við meðallán í þeirri úthlutun, sem nú er nýlokið, mun þessi fasta lágmarksendurgreiðsla skila sjóðnum 62% af raungildi veittra lána. Þegar aukaafborganir bætast við má búast við að 80—90% lánanna skili sér aftur.

Till. kjarabaráttunefndar námsmanna, þar sem endurgreiðsla er miðuð við efnahag fólks að loknu námi, er mér fyllilega að skapi. En til þess að reyna samkomulag til hins ítrasta mun ég taka upp till. minni hl. menntmn. Ed. í trausti þess að stjórnarsinnar í þessari hv. d. sjái betur en meiri hl. hv. Ed. hvílíkt ranglæti er verið að fremja ef þetta verður samþ.

Aths. við aðrar gr. mun ég geyma mér þar til menntmn. hefur fjallað um þetta og gera þeim betur skil við 2. umr., en ég get þó að sinni ekki stillt mig um að benda á 11. gr. og það sem í henni felst. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Verði veruleg vanskil á endurgreiðslu námslána skal stjórn sjóðsins heimilt að fella allt lánið í gjalddaga.“

Þetta er svo furðulegt ákvæði að mann rekur í rogastans þegar maður les það í frv., og enn furðulegra er að hv. Ed. skyldi ekki hafa breytt þessu. Þeir, sem samþykkja þetta ákvæði, það er engu líkara en þeir geri ráð fyrir því að hér sé ekki við fólk að eiga, heldur glæpamenn sem eigi nú að herða að hvað sem það kostar. Þetta þýðir að ef lánþegi getur af einhverjum ástæðum ekki borgað í eitt eða tvö skipti, þá er öll skuldin fallin í gjalddaga. Þetta eru svo harðir kostir að með ólíkindum er. Hér er að mínu viti sjálfsagt að beita svipuðum reglum og beitt er við álagningu skatta. Ef menn geta ekki staðið í skilum með skatta er talið nægilegt að leggja dráttarvexti á það sem áfallið er. Ætti slíkt fyrirkomulag að vera sjóðnum alveg nægileg trygging.

Herra forseti. Ég hef bent á þau atriði, sem ég tel alvarlegust og fráleitust í þessu frv., og mun gera nánari grein fyrir afstöðu minni við 2. umr.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Ég á sæti í þeirra n., hv. menntmn. Nd., sem fá mun þetta mál til umfjöllunar og mun því ekki að þessu sinni, nú við 1. umr., hafa um það mjög mörg orð. Þó vil ég láta í meginatriðum álit mitt í ljós.

Það fer ekki milli mála vegna hvers þetta frv. til l. um námslán og námsstyrki er borið fram nú. Það er einfaldlega vegna þess að námslánasjóðurinn er algerlega fjárvana, og sú fjárvöntun stendur að sjálfsögðu í beinu sambandi við það að samkv. gildandi lögum er endurgreiðslukerfi sjóðsins óhæfilega slappt þannig að sjóðurinn hefur ekki fengið neitt af sínu lánsfé til baka. Eins og hv. dm. mun kunnugt um, giltu þær reglur áður að lánin voru vaxtalaus meðan á námstíma stóð eða stendur, því að enn eru þessi lög í gildi, síðan komu jafnar ársgreiðslur á allt að 15 árum með 5% ársvöxtum. Endurgreiðslur hefjast 5 árum eftir námslok, en vextir af lánunum reiknuðust frá námslokum. Það er allra manna mál og stúdenta og námsmanna sjálfra að hér hafi verið um sannkölluð gjafalán að ræða og við svo búið gæti ekki lengur staðið ætti sjóðurinn í framtíðinni að geta gegnt hlutverki sínu.

Frv., sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir verðtryggðum, vísitölubundnum lánum, en vaxtalausum og hefjist endurgreiðslur á þriðja ári frá námslokum. Ég er ekki frá því að þessar endurgreiðslureglur um fulla vísitölutryggingu séu nokkuð ósanngjarnar miðað við hvað almennt gerist á hinum almenna lánamarkaði. Þó hygg ég að endurgreiðsluhlutfallið, jafnvel þótt það færi í 70—90%, væri ekki óeðlilegt né ósanngjarnt sé ekki of hart af þeim gengið sem einhverra hluta vegna eiga bágt með að standa í skilum. En þetta mun ég athuga nánar við umfjöllun í nefnd.

Það, sem er námsmönnum nú hvað mestur þyrnir í augum, er þetta ákvæði í 3. gr. frv., að stefnt skuli að því að námsmenn samkv. lögum fái fjárframlög sem nægja þeim til framfærslu. Ég dreg enga dul á það að ég er algerlega mótfallin því að lögbinda það ákvæði að námsmönnum skuli tryggð, hvernig sem á stendur, full framfærsla meðan á námi stendur. Þar ber margt til, auðvitað fyrst það að aðstoð hins opinbera við námsmenn hlýtur að fara eftir efnahagsástandi í okkar þjóðfélagi. Við erum örfámenn þjóð í erfiðu og strjálbýlu landi. Við eigum svo til alla okkar lífsbjörg komna undir fiskinum sem er í sjónum, og öll vitum við, hvernig ástandið í þeim málum er nú. Þarf ég ekki að fara út í það frekar, svo mikið sem um það er búið að ræða hér í sambandi við okkar landhelgismál. Við stöndum frammi fyrir þeirri staðreynd og þeirri nauðsyn að við munum sjálfir vegna hættuástands okkar meginfiskstofna þurfa að takmarka mjög eigin sókn á fiskimiðin, og það hefur verið hreyft þeirri tölu að sú takmörkun, sem við sjálf þurfum að viðhafa á þessu ári, kunni að nema um 8—9 milljörðum kr. í útflutningsverðmætum á yfirstandandi ári. Það er því skiljanlegt og sjálfsagt að við þurfum nú að gera ýmsar kannske nokkuð sársaukafullar ráðstafanir til þess að mæta þessum neikvæðu aðstæðum sem að okkur steðja.

Kjarabaráttumenn námsmanna telja að ef vel ætti að vera þyrftu lán til námsmanna að nema um 2600 millj. kr. í ár Nefnd hefur verið sem lágmarkstala til að mæta þörf þeirra um 1700 millj. Mig langar til í því sambandi að benda á að í fjárl. yfirstandandi árs nema framlög ríkissjóðs til almennra fiskihafna á öllu landinu, — þar eru landshafnir ekki meðtaldar, — framlög til fiskihafna á öllu landinu, í öðru lagi fjárframlög til byggingar sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva og læknisbústaða og í þriðja lagi til byggingar allra grunnskóla á landinu, þessi fjárframlög til samans nema 2452 millj. kr., þ. e. a. s. þessir þrír liðir samanlagðir til þessara nauðsynjaframkvæmda nema um 150 millj. kr. lægri upphæð heldur en sú fjárupphæð sem námsmenn telja sig þurfa svo að vel væri til framfærslu á árinu.

Násmenn eru ekki myrkir í máli um skýlausan rétt sinn til þessarar aðstoðar. Það gæti skeð að það væru sumir aðrir þegnar þjóðfélagsins sem hefðu ekki minni rétt til samfélagslegrar aðstoðar heldur en námsmenn, með allri virðingu og viðurkenningu á þeirra þörf. Ef við lítum til aldraðs fólks í landinu sem öllum ber saman um að við gerum miklu miður við en okkur bæri, þetta gamla aldamótafólk okkar sem vann hörðum höndum, sumir hverjir án þess að fá nokkurn tíma tækifæri til að ganga í skóla, hversu mikla hæfileika sem þeir höfðu til þess, — þetta fólk, sem hefur byggt upp okkar velferðarþjóðfélag, á kannske ekki síður skilið að það væri virt í einhverju af samfélaginu þeirra framlag á liðnum árum og það fengi að njóta ávaxta sinna verka í einhverju er það eyðir sínu ævikvöldi nú.

Það er staðreynd að við erum 218 þús. sálir á okkar stóra og harðbýla landi, og það eru þessar 218 þús. sálir sem þurfa að standa undir nútíma velferðarþjóðfélagi. Það hefur stundum verið talað um það sem fullkomið kraftaverk að við skulum yfirleitt geta — þó stundum með nokkrum áföllum — staðið undir rekstri þess þjóðfélags sem við rekum í dag. Því er það vitað mál að við þurfum á öllum vinnandi höndum að halda. Peningar, sem við þurfum til hinna margvíslegu samfélagslegu framkvæmda sem okkur ber skylda til að sjá fyrir, þeir peningar vaxa ekki á trjánum né heldur falla þeir af himnum ofan. Þeir eru ávextir af vinnu vinnandi fólks í landinu.

Það hefur mikið verið talað hér í kröfum námsmanna um jafnrétti til náms og öll viljum við viðurkenna það meira en í orði. Við viljum viðurkenna það í verki einnig. Ég sé ekki betur en hörðustu kröfumenn í hópi námsmanna geri kröfur um meira en jafnrétti til námsins. Þeir ætla sér að hafa áhrif á efnahag fólks í þjóðfélaginu löngu eftir að námi lýkur. Ég fæ ekki betur séð en þarna fari námsmenn út fyrir sitt verksvið með þessari kröfu sinni, sem er ein af þeirra skýlausustu kröfum, að endurgreiðslur að námi loknu skuli vera í fullum tengslum við tekjur fólks. Þetta mundi koma út þannig í raun, og það viðurkenna þeir og fara ekkert dult með, að sumir námsmenn, sem þegið hafa eðlileg námslán, gætu losnað með öllu við nokkrar endurgreiðslur á sínum lánum. Mig langar til í því sambandi að lesa upp úr bréfi því sem alþm. fengu frá kjarabaráttunefnd námsmanna, dags. 8. maí, en þannig hljóðar kafli úr því, með leyfi forseta:

„Þar sem eina viðbáran gegn þeirri kröfu“ þ. e. a. s. að stefnt skyldi að, en ekki lögbundin full framfærsla — „var fjárskortur ríkissjóðs lýstu námsmenn sig reiðubúna til að fallast á að aukið yrði það fjárstreymi til Lánasjóðs námsmanna sem kemur í gegnum endurgreiðslur. Af hálfu námsmanna var þetta bundið því skilyrði að endurgreiðslur væru í ströngu samræmi við tekjur manna að námi loknu, þannig að þá fyrst kæmi til endurgreiðslna þegar tekjur manna færu umfram eðlilegan framfærslukostnað.“

Nú er það svo og ég vil taka undir það, að að sjálfsögðu er ekki góð atvinna og háar tekjur tryggðar með háskólanámi. Það er rétt. Það er mjög misjafnt í hvaða launaflokkum og í hvaða tekjuaðstöðu háskólamenntaðir menn lenda. En þetta sjónarmið, að námsmaður geti, ef hann er þannig innstilltur, stefnt að námi og þegið námslán fyrir nám sem hann veit að muni ekki leiða til tekna til hans lífsframfæris, það tel ég ákaflega hættulegt sjónarmið. Að sjálfsögðu verðum við að gera ráð fyrir því að í háskólamenntun felist möguleikar til að sjá sér farborða að námi loknu. (Gripið fram í.) Það er alveg rétt. Það er auðvitað ekki eingöngu háskólamenntun. Það er framhaldsmenntun hvers konar: kennaramenntun, nám í stýrimannaskóla og nám í vélskóla o. fl., svo að það er villandi, ég tek það fram, hafi ég talað eingöngu um háskólamenntun, en önnur menntun jafngild og jafnnýt kemur þar auðvitað einnig til. Mér finnst að við verðum að ætlast til og gera ráð fyrir að þeir, sem eru búnir að hljóta milljónir í námslán, ætlist til að geta endurgreitt það samfélaginu og geta orðið þjóðfélaginu að liði frekar en vera því áfram til byrði.

Ég held að í frv. sé fyllilega tekið tillit til þess að niðurfelling niðurgreiðslna geti átt fullkomlega rétt á sér. Ég vil vísa í því sambandi til vissra greina frv. Það er þá fyrst í 12. gr., en þar segir í 2. mgr., þá er raunar átt við námsstyrkina, ég kem að endurgreiðslunum seinna, en ég ætlaði að benda á þær greinar frv. sem taka tillit til sérstöðu námsmanna, en í 12. gr. segir í 2. mgr., með leyfi forseta:

„Sé námsmanni vegna örorku sinnar, framfærslu barna sinna eða maka eða af öðrum ástæðum að dómi sjóðsstjórnar illmögulegt að stunda nám sitt að fullnýttri lánaheimild má veita honum styrk úr sjóðnum, enda verði höfð hliðsjón af þeim bótum sem hann fær samkv. gildandi tryggingalöggjöf.“

Hér er tekið tillit til sérþarfa námsmanna meðan á námi stendur. Framar í frv., í 8. gr., segir í 5. mgr., og sú gr. tekur til endurgreiðslnareglnanna, með leyfi forseta:

„Ráðh. getur sett reglur er heimila stjórn Lánasjóðsins að gefa undanþágur frá endurgreiðslureglum ef sérstakar ástæður eru til. Stjórn sjóðsins er og heimilt að leyfa örari endurgreiðslur sé þess óskað.“

Ég held að við hljótum að fara inn á þá braut að reyna að taka til meðferðar og skoðunar mál

sem flestra námsmanna með tilliti til einstaklingsþarfa heldur en veita ótakmarkað lán yfir heildina án þess að rýna eftir því sem kostur er í raunverulega þörf umsækjenda. Ég held að við hljótum að setja okkur það sem meginmarkmið að enginn námsmaður þurfi vegna fjárskorts að hverfa frá því námi sem hann hefur áhuga og vilja til að leggja stund á. Það er staðreynd að þessi almenna krafa um síaukna opinbera forsjá fær ekki staðist. Við hljótum að verða að reyna að sníða okkur stakk eftir vexti í þessu máli sem öðrum. Nú er talið að um 3000 manns séu í hópi þeirra er rétt eiga til námslána. 3000 skattgreiðendur eru ekki lítill hópur er hér dregst frá þeim hópi íslendinga sem eiga að sjá ríkissjóði fyrir fjármögnunarfé til þess að halda okkar þjóðfélagi gangandi. Enginn neitar því, og síst skyldi ég vilja gera það, að menntun er góð. Mennt er máttur, segjum við oft þegar við viljum vera dálítið háfleyg, og menntun er góð fjárfesting í sjálfu sér. Við skulum þó ekki missa sjónar á því að það gæti farið svo, að við misstum of marga af okkar ungu mönnum, körlum og konum, út í langskólanám þannig að sjálf framleiðslustörfin hefðu ekki nógan mannafla til þess að vinna það sem vinna þarf á hinum almenna vinnumarkaði.

Á árinu 1968 gerði n. innan háskólans, svokölluð háskólanefnd, könnun á fjölda háskólagenginna manna. 1968 voru rúmlega 2800 íslendingar háskólamenntaðir. Við áramót 1975—1976 var þessi fjöldi 5000, og áætlað var þegar þessi n. starfaði að um áramót 1980—1981 yrði þessi tala 7400. Þetta er mun meiri fjölgun, þ. e. a. s. með töluna 5000 í huga við áramótin 1975—1976, heldur en gert hafði verið ráð fyrir, og þetta er mun örari fjölgun heldur en t. d. bræðraþjóð okkar í Danmörku á við að búa í sínu landi. Þess vegna held ég, og tala þá hreinskilnislega, — ég held að við megum vara okkur á því að gera langskólanám það miklu fýsilegra heldur en vinnu á hinum almenna launaða vinnumarkaði að þangað flykkist óeðlilega margt fólk, jafnvel fólk sem hefur takmarkaða hæfileika og takmarkaðan áhuga til að stunda sitt nám í háskóla eða öðrum framhaldsskólum, en gerir það hugsanlega fyrst og fremst af því að ríkissjóður býður það góð lánakjör. Ég held að í þessu felist hætta sem við verðum að hafa augun opin fyrir.

En ég endurtek, og það skulu vera mín lokaorð hér: Ég tel að ríkissjóði og almenningssjóðum beri skylda til þess með lagasetningu og fyrirgreiðslu að sjá til þess að enginn íslenskur námsmaður þurfi að hætta við nám vegna fjárskorts. Það hlýtur að vera okkar meginmarkmið. Þess vegna þurfum við líka, til þess að við getum gert vel til þeirra námsmanna sem raunverulega þurfa hjálpar við, að gæta þess að reglum sjóðsins sé þannig hagað að lánin lendi á réttum stað. Ég vil benda á að það hefur verið kvartað yfir að námslánasjóðurinn væri illa mannaður, það væri ekki nokkur leið fyrir það takmarkaða starfslið, sem hann hefur yfir að ráða, að hafa æskilegt eftirlit og aðhald með lánaumsóknum og lánagreiðslum. Ég held að hæfilega ríflegt starfslið til þessa sjóðs sem væri þess umkomið að rýna betur í einstakar umsóknir og sjá um að þessi dýrmæti sjóður færi til þeirra er raunverulega þurfa hjálpar með, — ég held að sú starfsmannaaukning, sem af því kynni að leiða, mundi borga sig margfaldlega í betri og réttlátari nýtingu þeirra fjármuna sem til námslána eru ætlaðir í heild.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Karvel Pálmason: Hæstv. forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár til þess að gera að umræðuefni þá tilkynningu hæstv. forseta í upphafi fundar í dag, þegar það var tilkynnt að 1. mál á dagskrá, íslensk stafsetning, yrði ekki hér til umr., heldur mun vera ætlunin að hafa umr. um það mál að loknum fundi í Sþ. í kvöld þar sem er um að ræða útvarp frá Sþ. á almennum stjórnmálaumr. Ég skal að vísu viðurkenna að ég er ekki mjög kunnugur þingsögunni langt aftur í tímann, en ég minnist þess ekki þann tíma sem ég hef verið hér á hv. Alþ. að boðað hafi verið til fundar í þd. að loknum fundi í Sþ. þar sem útvarpsumr. hafa átt sér stað, nema þá að þar hafi verið um að ræða áframhald umr. um það mál sem útvarpsumr. var um, en ekki tekið til umr. nýtt mál.

Ég vil einnig geta þess út af þessu að fyrir aðeins örfáum dögum óskaði forsrh. eftir því við stjórnarandstöðuflokkana að þeir greiddu fyrir því að þinghaldi yrði lokið nú innan mjög stutts tíma, þ. e. a. s. ekki síðar en um miðja næstu viku. Í tilefni af því var lögð fram skrá um frv. sem hæstv. ríkisstj. óskaði eftir að næðu fram að ganga. Á þessu plaggi var ekki um að ræða — það ég vil segja — hita- og deilumál sem allmjög hefur verið til umr. hér á þingi nú síðustu daga, þ. e. a. s. íslensk stafsetning. Ég er ekki með þessu — ég vil taka það sérstaklega fram strax — á nokkurn hátt að gera tilraun til þess að bregða fæti fyrir þetta mál, að það fái eðlilega meðferð og nái fram að ganga á þessu þingi. Það, sem ég er hér aðeins að gera að umræðuefni, er það, að ef svo mikill tími fer í umr. hér á Alþ. um önnur þau mál heldur en hæstv. ríkisstj. hefur óskað eftir samstarfi við stjórnarandstöðu um að næðu fram að ganga, þá dreg ég mjög í efa að það samkomulag, sem stjórnarandstaðan hefur gert við hæstv. ríkisstj., kunni að standast, því að auðvitað vildu þm. í stjórnarandstöðu í mörgum tilvikum halda uppi umr. um ýmis þau mál að engin tímapressa væri á, en draga sig að sjálfsögðu í hlé miðað við þá ósk sem fram hefur komið.

Auk þessa vil ég mjög eindregið fara fram á þetta við hæstv. forseta vegna þess að a. m. k. að því er mig áhrærir, þá stendur þannig á að ég mun tæpast geta verið hér við umr. í kvöld eða nótt þó að ég hefði undir eðlilegum kringumstæðum ekkert haft á móti því að sitja hér eina nótt undir umr. um það mál eða önnur. En það stendur þannig á og það er í tengslum við störf hér á Alþ. sem ég á a. m. k. mjög erfitt með að vera

hér og hlýða á umr. eða taka þátt í þeim í kvöld. Mér finnst að með hliðsjón af þessu sé það á engan hátt óeðlilegt að óska eftir því að þessi umr. fari ekki fram hér í kvöld eða nótt. En ef lögð er gífurleg áhersla á að þetta mál nái fram að ganga, sem ég á engan hátt skal átelja, þá getur það þýtt að ekki standist sú beiðni sem hæstv. forsrh. hefur lagt fram um að þinghaldi verði lokið á þeim tiltekna tíma, þá þyrfti að taka lengri tíma til þess að ljúka þingi að þessu sinni, og að sjálfsögðu hef ég ekkert á móti því. Ég vil ekki á nokkurn hátt leggja stein í götu þess að þetta mál eða önnur fái eðlilega meðferð hér í þinginu og eðlilega afgreiðslu. En út af þessari ósk, sem hæstv. forsrh. hefur borið fram, þá dreg ég mjög í efa að það geti staðist og með því að taka svona eitt mál út úr með nokkrum forgangi a. m. k., þá getur það þýtt það að sú ósk, sem forsrh. bar fram og ég og stjórnarandstaðan, held ég, öll hefur fallist á, geti úr skorðum gengið og gæti þýtt eðlilega lengra þinghald. Ég vildi því vænta þess að hæstv. forseti sæi sér fært að verða við þeirri beiðni minni að þingfundur verði ekki hér í hv. d. að loknum fundi í Sþ. í kvöld, vænti þess að hann geti tekið þá beiðni til greina.

Gylfi Þ. Gíslason: Hæstv. forseti. Hv. þm., sem nú kvaddi sér hljóðs utan dagskrár, lét þess getið í ræðu sinni að hann ætti sér ekki langa þingsögu að baki. Ég hef hins vegar setið á Alþ. í 30 ár og er því orðinn nokkuð kunnugur meðferð mála hér á löggjafarsamkomu íslendinga. Ég veit ekki betur — og það held ég að hv. þm. hljóti að vita líka — en að í gær hafi verið gert samkomulag um það að kvöldfundur yrði ekki á venjulegum tíma í gærkvöld, samkomulag milli hæstv. forseta d., hæstv. forsrh. og formanns stærsta stjórnarandstöðuflokksins, Alþb., Lúðvíks Jósepssonar, sem hafði mjög eindregið óskað eftir því að ekki yrði kvöldfundur á venjulegum tíma í gærkvöld, þó að slíkt tíðkist mjög á síðustu starfsdögum, jafnvel starfsvikum þingsins. Liður í því samkomulagi var að af hálfu Alþb. mundi engin tilraun verða gerð til þess með málþófi að tefja framgang þess þmfrv. um íslenska stafsetningu sem 6 þm. flytja úr öllum flokkum nema SF. En það er alveg augljóst mál hvað vakir fyrir hv. þm. sem lauk áðan máli sínu þegar hann óskar eftir því að þetta mál verði ekki tekið fyrir á kvöldfundi í kvöld. Það er eins og hann eða hans flokkur hafi ekki átt neina aðild að því samkomulagi sem gert var milli hæstv. forseta, ríkisstj. og Alþb. í gærkvöld varðandi meðferð mála hér á þingi.

Sannleikurinn er sá, að það er að gerast í þessu máli sem aðeins örsjaldan hefur gerst á þeim þrem áratugum sem ég hef átt sæti á Alþ., að gerð er tilraun til að hindra afgreiðslu máls með málþófi. Hv. þm. sagði að hæstv. forseti væri að taka þetta mál eitt sér út úr varðandi afgreiðslu mála. Þetta er algerlega ranglátur áburður á hæstv. forseta sem hefur stjórnað meðferð þessa máls eins og meðferð annarra mála af fyllstu réttsýni. Það, sem gerst hefur, er að annar af þm. SF, fyrrv. menntmrh. Magnús T. Ólafsson, hefur beitt ótilhlýðilegu og ósæmilegu málþófi, auðsjáanlega til að reyna að tefja framgang þessa máls. Þessi framkoma af hálfu hæstv. fyrrv. menntmrh. er þeim mæta manni vægast sagt til lítils sóma. Það er augljós tilraun til þess að tefja afgreiðslu máls þegar lesnir eru upp langir kaflar úr gömlum ritum á latínu og þegar lesnir eru kaflar úr fornsögum og þeim snúið upp á þm., svo að ég nefni ekki fleiri dæmi. Þegar slíkt á sér stað er það auðsjáanlega tilraun til málþófs sem ég segi að er þeim, sem slíkt viðhafa, til lítils sóma, vægast sagt. Hér er það því ekki hæstv. forseti sem er að skapa þessu máli sérstöðu, heldur er það þessi fyrrv. hæstv. menntmrh. sem á urðu þau óskaplegu mistök í ráðherratíð sinni að breyta meira en 40 ára gamalli hefð varðandi íslenska stafsetningu. Þegar ég segi að honum hafi orðið á þau hörmulegu mistök, þá segi ég það ekki aðeins fyrir hönd okkar sem flytjum frv., heldur vitna þar einnig og vil alveg sérstaklega vitna til orða hæstv. núv. menntmrh., eftirmanns hans, sem kvaðst aldrei mundu hafa gert þessa ráðstöfun ef hann hefði verið ráðh. á þeim tíma sem hæstv. fyrrv. menntmrh. tók ákvörðunina. Í reynd er því hæstv. núv. menntmrh. sammála okkur sexmenningunum sem að flutningi frv. stöndum þó að hann telji, eins og nú standa sakir, ekki eðlilegt að hann sem ráðh. geri breytingu á gerðum fyrirrennara síns. Skal ég út af fyrir sig ekki lá honum þá afstöðu.

En það, sem gerir mál þetta að alvarlegu máli, er að fyrrv. ráðh. skuli með augljósu málþófi gera tilraun til að hindra það að þingmeirihl. fái vilja sínum framgengt. Það veit hver einasti þm., það veit nú orðið þjóðin öll að það er meirihlutavilji fyrir því í báðum deildum Alþ. að ákvörðun fyrrv. menntmrh. verði hrundið og sú stafsetning, sem í gildi var í meira en fjóra áratugi, verði tekin upp aftur. Það að þetta gerist með flutningi þmfrv. er einfaldlega vegna þess að núv. menntmrh. var of svifaseinn í viðbrögðum sínum gagnvart þeim þingvilja sem honum var ljóst á síðasta þingi að var fyrir hendi með undirskriftum 33 þm., sem allir vita að hefðu þó getað verið fleiri. Það liggur raunar líka fyrir, eins og hv. þm. Sverrir Hermannsson hefur bent á hér í umr., að á því sama þingi sem fyrrv. menntmrh. gerði breytingar á stafsetningunni var ekki þingstuðningur á bak við þá ákvörðun. Meiri hl. þm. fyrir síðustu kosningar var sömu skoðunar og meiri hl. eftir kosningarnar 1974 er nú, og kom það fram í því að till. um áskorun á hann að falla frá ákvörðuninni var samþ. En hann virti þá áskorun að vettugi, vitnaði til þess að það hefði ekki verið meiri hl. þm. sem samþykkti till. Eins og þá stóð á var engan veginn hægt að draga í efa réttmætt vald ráðh. til þess að gefa út slíka ákvörðun meðan engin lög voru til um málið. En það er rétt að ég skjóti því hér inn að gefnu þessu tilefni að einn af lögfróðustu mönnum landsins hefur sagt mér að það sé mjög hæpið að á sínum tíma, 1929, þegar þáv. menntmrh. gaf út tilskipun, reglugerð, stjórnarráðsúrskurð um stafsetningu, þá hafi það verið heimilt án lagasetningar, þá hefði ráðh. átt að leita lagaheimildar fyrir gerð sinni. En síðan hefur verið lítið þannig á að hægt væri að breyta stafsetningu með einfaldri stjórnarráðsauglýsingu. Þess vegna var ég einn í þeim

hópi sem á síðasta þingi staðfesti það að ég teldi menntmrh. hafa haft fullan rétt til að taka þá ákvörðun sem hann tók og vefengdi að engu leyti réttmæti ákvörðunar hans.

Úr því sem komið er, þá er ég þeirrar skoðunar að rétta afgreiðslan á málinu sé ekki sú að núv. menntmrh. breyti með annarri tilskipun þessari ákvörðun, heldur að þingvilji varðandi málið fái að koma í ljós. En það er einmitt það sem fyrrv. menntmrh. er að reyna að koma í veg fyrir, og það er háttalag sem ég minnist ekki að nokkurt fordæmi sé fyrir í 30 ára þingsögu minni. Þessi framkoma hæstv. fyrrv. menntmrh. er atburður sem á eftir að geymast í þingsögunni.

Ég skal ljúka máli mínu, hæstv. forseti. Ég er forseta alveg sammála um að síendurteknar fsp. og umr. utan dagskrár umfram það sem nauðsynlegt og eðlilegt er eru ósiður sem hefur færst mjög í vöxt. Ég hef ekki staðið að slíku á þessu þingi né heldur fyrri þingum, en í þessu tilfelli hlaut ég að rísa upp til andsvara gegn stuðningi hv. ræðumanns við ósæmilegan málflutning flokksbróður hans. Og ég lýk máli mínu með því að óska eindregið eftir því að hæstv. forseti standi við úrskurð sinn um að 3. umr. um þetta mál ljúki á þessum sólarhring.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Ég vil nú, áður en hv. 5. þm. Vestf. stígur í ræðustólinn, geta þess að þegar hv. 5. þm. Vestf. gagnrýnir að óhæfilegur tími þingsins hafi verið notaður í þetta frv., þá stendur svo á að við 3. umr. þess hefur aðeins einn hv. þm. talað, en það er helmingurinn af þingflokki hv. 5. þm. Vestf.

Karvel Pálmason: Hæstv. forseti. Ég hef greinilega ekkert mælt um of þegar ég sagði áðan að mér virtist þetta mál hafa verið talsvert hitamál. A. m. k. virðist mér að hv. 9. þm. Reykv. hafi hitnað heldur betur í hamsi við það að ég talaði þó þau saklausu orð sem ég sagði áðan í minn beiðni, hvað þá hefði ég nú tekið upp efnislegar umr. um málið eins og hann gerði, hvað hefði þá gerst?

Ég tók það fram að ég væri ekki kunnugur þingsögunni, en hv. 9. þm. Reykv. bætti úr því að því er hann sjálfan varðaði. Hann sagði að í gær hefði verið gert samkomulag við formann stærsta stjórnarandstöðuflokksins um að kvöldfundur yrði ekki í gærkvöld og sagði að það væri augljóst að mér væri ekki kunnugt um þetta samkomulag. Það er alveg rétt. Mér er ekki kunnugt um þetta samkomulag. Hv. 9. þm. Reykv. er innar í því búri en ég greinilega hvaða samkomulag er gert á milli Alþb. annars vegar og stjórnarflokkanna hins vegar eða hæstv. forseta. En ég skildi hann svo að það væri ekki einu sinni að þarna væri samkomulag við Alþfl.. Það kom ekki fram. Þetta var bara samkomulag Alþb. annars vegar og hæstv. forseta hins vegar. (Gripið fram í.) Má vera, það kemur þá fram núna.

Ég sagði ekki áðan að ég teldi að óhæfilega langur tími hefði farið í þetta mál. Ég sagði að þetta mál eitt hefði verið tekið út úr að því er varðar önnur mál en þau sem hæstv. forsrh. óskaði eftir að færu í gegn. Og ég ítreka það og því bið ég hv. 9. þm. Reykv. að taka eftir, að ég var á engan hátt — og tók það fram — á engan hátt að reyna bregða fæti fyrir að þetta mál fengi eðlilega meðferð í þinginu og hlyti eðlilega afgreiðslu, síður en svo. Hann sagði áðan að hann minntist þess ekki á sinni löngu þingmannsævi að hér hefði verið haldið uppi málþófi um eitt einasta mál til þess að hindra að það næði fram að ganga. Nú er það orðið mjög sjaldan — aldrei, sagði hv. þm. áðan. Ég vil minna þennan hv. þm. á að það er ekki lengra síðan en vorið 1974 að þetta gerðist, og það gerði meðreiðarsveinn hv. 9. þm. Reykv. sem flm. að þessu frv., hv. þm. Sverrir Hermannsson. Þá hélt hann hér uppi málþófi, talaði linnulaust í fimm og hálfan klukkutíma vegna þess að hann var að gera tilraun til þess að hindra að ákveðin mál færu í gegn sem ekki tókst. (Gripið fram í.) Ég þykist vita að þó að einhverjum hv. þm. úr stjórnarandstöðunni dytti í hug að reyna að halda hér uppi málþófi til þess að koma í veg fyrir að þetta mál nái fram að ganga, þá fer málið í gegn eigi að síður, mér er það alveg ljóst.

En það, sem vakti fyrir mér, var þetta, að ég tel að hér sé a. m. k. um óvenjulega aðferð að ræða til þess að mál nái fram að ganga. Ég vænti þess að hv. 9. þm. Reykv. sé mér sammála um að þetta þmfrv. heiur hlotið aðra og kannske veglegri meðferð heldur en mörg önnur þmfrv. frá hv. þm.

Þetta var fyrst og fremst það sem ég vildi gera aths. við í máli hv. 9. þm. Reykv. Ég ítreka eindregið ósk mína um það að hæstv. forseti breyti þeirri ákvörðun sinni sem hann tilkynnti í upphafi fundar í dag um fund hér í hv. d. í kvöld eða nótt um þetta mál vegna þeirra ástæðna sem ég greindi frá áðan. Ég vænti þess að við því verði orðið. Ég hef ekki, a. m. k. ekki oft, óskað eftir því að málum væri frestað eða umr. vegna þess að ég hafi ekki getað verið við þær staddur, en núna stendur svona á, því miður. Ég hefði ekkert á móti því að sitja hér í kvöld eða nótt undir umr. um þetta mál. En því miður mun ég líklega ekki geta það ef við þetta verður haldið. Og hvað sem um það má segja að helmingur þingflokks SF hafi haldið hér uppi málþófi og umr. og teygt þetta mál í marga daga í umr., þá sýnir það bara einn af þeim fjölmörgu hæfileikum sem innan þessa þingflokks búa, að það er ýmislegt hægt að gera þó að þingflokkar séu litlir, umfram það sem virðist vera í sumum sem eru stærri, þannig að það ættu hv. þm. að íhuga, þeir sem gagnrýna mjög þennan hv. þm., Magnús T. Ólafsson, fyrir ósæmilegar aðfarir hér til að hindra mál. (**Forseti:** Ég bið hv. ræðumann um að ljúka máli sínu mjög skjótt. Ég hef ekkert við það athuga að hér sé rætt um meðferð mála, en slíkar umr. verða að vera mjög stuttorðar.) Já, ég skal verða við því, hæstv. forseti. En ég tel að hv. 9. þm. Reykv. hafi gefið tilefni til þess að ég varð þó þetta langorður. Það er hans sök þá, en ekki mín, og

það hefði átt að bitna á honum, en ekki mér.

Ég ætlaðist ekki til þess í upphafi að verða langorður eða hefja hér upp almennar umr. um þetta mál, enda var ég mjög stuttorður, og ég skal ljúka máli mínu nú þegar, hæstv. forseti. En ég vil ítreka þessa ósk mína, að hæstv. forseti verði við þeirri beiðni minni að fundur í d. í kvöld verði ekki haldinn vegna þessara ástæðna sem ég hef þegar greint frá. Og ég vil aðeins bæta því við, áður en ég lýk máli mínu, að þó að hv. 9. þm. Reykv. sé gjörla kunnugt um það sem gerst hefur milli Alþb. annars vegar og hæstv. forseta hins vegar, þá er ýmsum hv. þm. Alþb. ekki kunnugt um þetta loforð eða samkomulag. En vera má að samböndin séu betri í ýmsar áttir heldur en til eigin þm. flokksins.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Ég vil taka fram að hv. 5. þm. Vestf. hefur gert algerlega fullnægjandi grein fyrir því að hann mun hafa lögmæt forföll á fundinum í kvöld og fær að sjálfsögðu fjarvistarleyfi.

Svava Jakobsdóttir: Hæstv. forseti. Ég get verið stuttorð. Það kom fram í máli hv. 9. þm. Reykv. áðan að formaður þingflokks Alþb. hefði gert samkomulag um að þm. flokksins tækju ekki framar til máls um z-frv. ef kvöldfundur yrði ekki haldinn í gærkvöld. (GÞG: Mundu ekki beita málþófi.) Ég veit ekki — það kann vel að vera að hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason hafi notað þetta orðalag og sjálfsagt er það rétt, en ég geri hans orð ekki að mínum. Það, sem í þessu felst, er að hann fullyrðir að formaður þingflokks Alþb. hafi lofað því að við mundum takmarka ræðutíma okkar ef við tækjum til máls um z-frv. Er fullnægjandi fyrir hv. 9. þm. Reykv. að taka svo til orða? — Þetta er öldungis rangt hjá hv. 9. þm. Reykv. Ekkert slíkt loforð var gefið, og mér er ekki kunnugt um að það hafi einu sinni komið til tals varðandi samkomulag um að kvöldfundur yrði ekki haldinn í gærkvöld.

Ástæðan til að þess var farið á leit að kvöldfundur yrði ekki í gærkvöld var einfaldlega útvarpsumr. Það var búið að ákveða fund í d. í dag, og það var því augljóst að þeir, sem áttu að taka þátt í þessum útvarpsumr., höfðu engan annan tíma til undirbúnings en kvöldið í gærkvöld. Hv. 2. þm. Austurl., Lúðvík Jósepsson, formaður þingflokks Alþb., bauð að í staðinn skyldi þingflokkur Alþb. fallast á kvöldfund á föstudagskvöldið. En þingflokkur Sjálfstfl. hafnaði því, hann þyrfti allur í heild að sitja veislu. Þetta er meginástæðan fyrir því að ekki verður fundur á föstudagskvöld. Það á hins vegar að knýja fram næturfund núna um þmfrv. Gylfa Þ. Gíslasonar o. fl. Auðvitað er þessi ringulreið, sem hér hefur borið á góma utan dagskrár, vegna þess hversu mjög hefur verið knúið á um þetta frv., knúið fram með afbrigðum til 3. umr., varið til þess þegar einum næturfundi og tveim eftirmiðdögum að hálfu. Það liggur í augum uppi að það er rétt sem hv. þm. Karvel Pálmason sagði hér áðan að þetta hlýtur að koma niður á þeim frv. ríkisstj. sem hún hefur lagt áherslu á, að næðu fram að ganga. Og það er ekki vegna þess að stjórnarandstaðan sé að bregða fæti fyrir þau, heldur einfaldlega er það takmörkum háð hverju þm. geta unnið að fram á þriðjudagskvöld. En á þriðjudagskvöld hefur forsrh. farið þess á leit að yrðu þingslit.

Ég held, hæstv. forseti, að ég hafi gert rækilega grein fyrir því að frestun kvöldfundarins í gærkvöld var vegna þess að menn þurftu tíma til að undirbúa sig fyrir útvarpsumr. og fyrirsjáanlegt var að þeir höfðu ekki þennan eftirmiðdag til þess. Þingflokkur Alþb. bauð enn fremur fund á föstudagskvöldið en vegna veisluhalda gat þingflokkur Sjálfstfl. ekki sótt þingfund þá.

Ég vil að lokum lýsa því yfir að mér finnst mjög ósæmilegt að hv. 9. þm. Reykv. skyldi gefa svona villandi upplýsingar og beinlínis rangar þegar hvorki hv. þm. Lúðvík Jósepsson var við né heldur hv. þm. Magnús T. Ólafsson. Ég sé að hv. þm. Magnús T. Ólafsson er kominn í salinn, en ég treysti því fyllilega að hv. 2. þm. Austurl. muni staðfesta það sem ég hef nú sagt.

Gylfi Þ. Gíslason: Hæstv. forseti. Aths. skal vissulega vera örstutt. Ég vil aðeins taka það fram að ég heyrði og tók þátt í samtali hæstv. forseta og formanns þingflokks Alþb. varðandi ósk hans um að fundir yrðu ekki í gærkvöld, heyrði hann í því sambandi segja að það væri ekki gert í því skyni að tefja framgang frv. um stafsetningu og af hálfu Alþb. mundi ekki verða beitt málþófi í málinu. Það taldi ég drengilega mælt af hans hálfu, sérstaklega vegna þess að af hálfu málsvara SF er verið að beita málþófi í málinu.

Ég vil einnig leiðrétta þann skilning hv. þm. Karvels Pálmasonar að í framhaldi af því að hann gat um stuttan þingferil sinn, þá sagði ég í mínum fáu orðum áðan að á 30 ára þingferli mínum hefur það örsjaldan gerst, — ég sagði ekki aldrei, auðvitað hefur það gerst — örsjaldan gerst — að gerðar hafi verið tilraunir til að beita málþófi til að koma í veg fyrir framgang þingmáls með eðlilegum hætti.

Að síðustu vil ég segja að ég held að hv. þm. Karvel Pálmason hefði ekki átt að nefna síðasta dæmið um þetta sem var afgreiðsla grunnskólafrv. fyrir nokkrum árum. Þetta var eitt merkasta frv. sem fyrrv. hæstv. menntmrh. flutti. Það kom til lokaafgreiðslu á síðustu dögum þingsins og hæstv. ráðh. hafði ekki meiri hl. í stjórnarflokkunum fyrir samþykkt frv. Það þurfti aðstoð Alþfl. til að frv. næði samþykki, og sú aðstoð var fúslega veitt. Þessa mættu þessir hv. þm. gjarnan minnast í sambandi við afgreiðslu þessa máls.

Sverrir Hermannsson: Virðulegi forseti. Hvernig stendur á því að þegar ég bið í fyrsta skipti um orðið, þá skuli vera tekið fram að ég geri örstutta aths.. Að sínu leyti skal ég þó fara að þessu. En ég vil geta þess út af því, sem

hv. þm. Karvel Pálmason vitnaði til, að ég hefði málþófi beitt á sínum tíma, þá var það nú ekki — og hann hefur fylgst illa með ef hann hefur ekki tekið eftir því — vegna grunnskólafrv. sem hv. þm. Magnús Torfi hirti upp úr öskutunnu hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar og gerði að sínu frv. Það var út af allt öðru máli. Það var út af þeirri framferð að vinstri stjórnin fyrrv. neitaði að taka til umr. áskorun um vantraust sem 31 hv. þm. hafði þá skrifað undir. Þetta var aðalinntakið. Að vísu þurfti ég að ræða skólalöggjöfina í bland, eins og menn muna, og gera úttekt á henni, sér í lagi af því að ég hef komist að því að grunnskólalögin höfðu að mestu verið samin upp úr pésum sem gefnir voru út í Svíþjóð fyrir 25 árum og hétu „Gott at veta om grunnskolan, bra at veta om grunnskolan". (**Forseti:** Ég vil biðja hv. þm. að fara ekki að ræða um grunnskólafrv.) Ég kann þessu vel, að hér verði málþóf nokkurt um þetta mál, og sýnir betur og í sjónhendingu hversu þetta snertir menn innilega, og eflir þetta allt skoðun mína á því að hér þurfa menn að leggjast djúpt og fá nógan tíma til þess að ræða þetta vandamál sem er íslensk tunga og ritun hennar, og mun ekki verða sparaður tíminn. Enda þótt hæstv. forsrh. hafi nefnt í framhjáhlaupi að hann óskaði þess að það yrði þriðjudagur, lokadagurinn, þá kann að líða vikan svo, ef menn þurfa á því að halda, til þess að útlista bæði á íslensku og latínu innihald og þýðingu hinnar íslensku tungu.

Menn hafa rætt um að hér væri farið fram með hinu mesta offorsi og lastað þann framgang. Hv. þm. Magnús Torfi, hinn kurteisasti maður, sagði, að þetta væru næstum því myrkraverk, og óskaði eftir því eitt kvöld að málið yrði tekið fyrir í dagsbirtu. (Forseti hringir.) Og skekur nú enn forseti skellu að mér sem hef ekki talað hér um langa hríð í þessum máli, og þykir mér hart við að búa. En ég skal verða við þessari áminningu og ljúka máli mínu.

Við hv. þm. Svövu Jakobsdóttur vil ég segja þetta, að ég skil ekki turnan hennar í staðsetningarmáli, af því að ég fæ alls ekki séð hvaða fjárhagslegan ávinning hún getur af því haft. En svo skal hún spyrja hv. þm. Lúðvík Jósepsson að því hvað fór okkar í milli um það, þegar ég beitti mér fyrir því eftir neitun hæstv. forseta og virðulegs um að hafa ekki kvöldfund í gær og hæstv. forsrh., þegar ég fékk því framgengt. Nú þarf hún að taka upp ný sambönd við hv. 2. þm. Austurl., Lúðvík Jósepsson, að ganga úr skugga um það um hvað var samið og talað, því að mig vænti að hún muni engu ráða um framhaldið ef hann talar þá það sem hann talaði við mig á liðnum degi. En vissulega mun verða gefinn, gnægur tími til þess að ræða hið þýðingarmesta mál sem hér hefur borið á góma, sem er íslensk stafsetning. Enginn ætlar að draga úr því að mönnum gefist kostur á að útlista sitt mál þann veginn að við komumst að réttlegri niðurstöðu í framhaldi af því sem þing hefur áður gert tvívegis ályktanir þar um, bæði varðandi z og ályktun um að ríkisstj. sjálf semji frv. til l. um íslenska stafsetningu, hvað hún hefur ekki gert og við nokkrir þm. tókum af henni ómakið um. Ekki mun til þess draga að sparaður verði við þá tíminn þótt til loka sauðburðar standi.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Þessum umræðum er lokið. Það verður að halda áfram fundi d. um önnur dagskrármál. Ég bið hv. þdm. að hafa það hugfast þegar hér er veitt orðið utan dagskrár til þess að ræða um meðferð mála eða tiltekinn fundartíma í tilteknu máli, að þeir misnoti ekki það að gefið sé orðið með því að fara að ræða um önnur mál þó fróðleg séu.

Umferðarlög, frv. (þskj. 104, n. 623 og 639). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Páll Pétursson): Virðulegi forseti. Allshn. hafði til meðferðar þetta mál. Það fjallar um það að vátryggingarfélög þau, sem fengið hafa viðurkenningu samkv. 70. gr., skuli greiða 1½% af iðgjaldatekjum þeirra vegna lögboðinna ábyrgðartrygginga ökutækja til umferðarslysavarna og renni það til Umferðarráðs. Skulu framlög þessi greidd ársfjórðungslega og miðast við iðgjaldatekjur ársins á undan. Endanlegt uppgjör fer fram þegar ársreikningar hvers félags liggja fyrir. Það, sem á kann að vanta til þess að þessar tekjur nægi til að standa undir rekstri Umferðarráðs, greiðist úr ríkissjóði eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum.

Meiri hl. allshn. lét frá sér fara svo hljóðandi nál. á þskj. 623:

„N. hefur athugað frv. þetta og umsagnir þær er borist höfðu. N. varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Svava Jakobsdóttir og Sighvatur Björgvinsson skila séráliti. Meiri hl. n. vonast til þess að starfsemi Umferðarráðs komi að nokkru gagni og telur að þar sem auknar umferðarslysavarnir ættu að verða tryggingarfélögum til hagsbóta sé eðlilegt að þau beri af þeim nokkurn kostnað og alls ekki ástæða til þess að ætla að þau gætu rökstutt beiðnir um iðgjaldahækkanir vegna þessa gjalds. Meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþ."

Meiri hl. n. skipa Ellert B. Schram, Gunnlaugur Finnsson, Páll Pétursson, Ingólfur Jónsson og Friðjón Þórðarson.

Ég vil undirstrika sérstaklega það sem sagði í nál., að við teljum að þetta gjald til Umferðarráðs geti ekki orðið til þess að tryggingarfélögin rökstyðji iðgjaldahækkunarkröfur sínar, vegna þess að við lítum svo á að með bættum umferðarslysavörnum ætti rekstur þeirra að verða enn blómlegri heldur en hann er núna.

Frsm. minni hl. (Sighvatur Björgvinsson): Virðulegi forseti. Ég hefði vænst þess að bættar umferðarslysavarnir yrðu kannske frekar til þess að skila bifreiðaeigendum árangri heldur en tryggingarfélögunum, en þar greinir mig auðsjáanlega á við minn ágæta meðnm., hv. þm. Pál Pétursson.

Það er talsverður ósiður þegar tiltölulega stuttar umsagnir um ákveðin mál berast til þn. að í nál. skuli ekki vera getið um hvers eðlis þessar umsagnir eru, og þá því fremur þegar svo vill til að álit meiri hl. n. stingur gersamlega í stúf við umsagnir þær sem n. hafa borist.

Hv. þm. Páll Pétursson, sem mælti hér fyrir meiri hl. allshn., lagði á það mikla áherslu, enda er það gert í nál. meiri hl., að það sé alls ekki ástæða til þess að ef þessi breyting verði samþ., þá geti tryggingarfélög notað hana til þess að rökstyðja beiðnir um iðgjaldahækkanir. Hins vegar er hvorki í framsögu n. né í nál. meiri hl. svo mikið sem orði að því vikið að n. hefðu borist umsagnir um þessi mál. Og hverjar skyldu nú umsagnirnar vera?

Önnur umsögnin er frá Sambandi ísl. tryggingafélaga, þeim aðilum sem hv. þm. Páll Pétursson sagði að mundu alls ekki geta rökstutt beiðnir um iðgjaldahækkanir vegna þessa gjalds. Og hvað segir Samband ísl. tryggingafélaga í umsögn sinni? Það segir svo orðrétt, með leyfi forseta:

„Vér teljum því eðlilegra að veita Umferðarráði fé á fjárlögum svo að fylgst verði með þörfum ráðsins á hverjum tíma og hvernig fé þess er ráðstafað. Ef aftur á móti til samþykkis þessa frv. kemur óskum vér eftir því að tekið verði tillit til þessarar prósentu við ákvörðun iðgjalda.“

Hér setur Samband ísl. tryggingafélaga fram þá kröfu að ef frv. þetta verði samþykkt og þetta gjald lagt á, þá verði því velt beint yfir á tryggjendur bifreiða með hækkuðum iðgjöldum. Sjálfsagt verða tryggingafélögin ekki í neinum vandræðum með að rökstyðja óskir sínar um þau efni við a. m. k. núv. hæstv. ríkisstj. ef marka má verk hennar í sambandi við slík mál þar sem hún er nýbúin að veita tryggingafélögum 60% hækkun á iðgjöldum af ábyrgðartryggingum.

En það var ekki aðeins Samband ísl. tryggingafélaga sem sendi allshn. umsögn um þetta mál sem meiri hl. n. og frsm. meiri hl. þótti af einhverjum ástæðum ekki þurfa að geta um. Landssamband vörubifreiðastjóra sendi einnig allshn. umsögn um þetta mál, dags. 16. mars 1976. Þar segir m. a. svo, með leyfi forseta:

„Efni frv. er á þá leið að viðurkennd vátryggingafélög skuli greiða 1.5% af iðgjaldatekjum vegna ábyrgðartrygginga ökutækju til umferðarslysavarna er renni til Umferðarráðs. Landssambandið telur út af fyrir sig brýna nauðsyn á að efla umferðarslysavarnir og auka fjárframlög til Umferðarráðs. Á hinu leitinu álítur sambandið skattálagningu í frv. ósanngjarna því að hún muni einfaldlega leiða til þess að iðgjöld bifreiðaeigenda verði hækkuð og verði þeir þannig hinir raunverulegu skattgreiðendur þótt að formi til sé lagt á vátryggingafélögin.“

Hér liggur sem sé fyrir n. staðfestur vitnisburður í umsögn tveggja aðila, annars vegar neytendaaðila, ef svo má segja, tryggjanda, þar sem er Landssamband vörubifreiðastjóra, og hins vegar þess sem þjónustuna veitir og á að skattleggja með þessu frv. þar sem er Samband ísl. tryggingarfélaga. Báðir þessir aðilar, bæði tryggjendurnir og hinir tryggðu, lýsa því yfir við allshn. að verði gjaldtaka þessi samþykkt, þá muni hún leiða einfaldlega til þess að gjaldinu verði velt beint yfir á tryggjendur í formi hækkaðra iðgjalda.

Í ljósi þessa tel ég að það þurfi talsverða kjarkmenn til þess að segja, eins og meiri hl. allshn. gerir í áliti sínu, að það sé alls ekki ástæða til að ætla að tryggingafélögin geti rökstutt beiðnir um iðgjaldahækkanir vegna þessa gjalds, enda uggir mig að þeir meirihlutamenn í allshn. séu svolítið blendnari í þeirri trú heldur en fram kemur í bæði því, sem frsm. n. meiri hl. hefur hér sagt, og því, sem í nál. stendur.

En það er ekki aðeins í þessu fólgin ósanngjörn hækkun til bifreiðatryggjenda. Ég tel hana ósanngjarna vegna þess að ég tel að það sé fyrirséð að ef þessi breyting verður samþ., sem frv. gerir ráð fyrir, þá sé um að ræða nýja skattlagningu á bifreiðatryggjendur í viðbót við þær háu iðgjaldahækkanir sem nýlega hafa komið. En það er ekki aðeins það sem gerir það að verkum að við í minni hl. n. leggjum til að frv. verði fellt. Okkur þykir einnig mjög óeðlilegt að sá háttur sé hafður á um starfsemi umferðarráðs að því sé ætlaður markaður tekjustofn. Okkur finnst að þetta ráð eigi að lúta sömu reglum og flestar aðrar svipaðar stofnanir, að leggja fyrir fjvn. og Alþ. till. sínar og hugmyndir um fjárveitingar og till. um það og hugmyndir hvernig með það fé eigi að fara og síðan taki fjvn. og Alþ. afstöðu til beiðna n. um fjárveitingar eins og vaninn er að gert sé um flestar hliðstæðar stofnanir sem slíkum og þvílíkum verkefnum sinna og raunar öllum öðrum þeim verkefnum sem sérstakar stofnanir eru settar til þess að hafa umleikis fyrir ríki og ríkissjóð eins og hér er um að ræða. Okkur finnst það mjög óeðlileg leið, þo við viljum allt gera til þess að efla umferðarslysavarnir og m. a. að auka ráðstöfunarfé Umferðarráðs, þá finnst okkur mjög óeðlilegt að til þess ráðs sé gripið í því skyni sem gert er hér, að því sé ætlaður fyrir fram einhver tekjustofn sem breytist svo með tilliti til hækkunar eða lækkunar eftir ákvörðunum um iðgjöld á ábyrgðartryggingum bifreiða, en hins vegar sé ekkert tillit í þessu sambandi tekið til þeirra verkefna, sem Umferðarráð er að vinna, né heldur að þeir sem fara með með opinbert fé, eins og fjvn. og Alþ., eigi rétt til þess varðandi Umferðarráð eins og aðrar slíkar og þvílíkar stofnanir að fá að sjá frá ráðinu till. þess og hugmyndir um, hvernig það ætli að verja því fé sem það er að biðja um, og Alþ. og fjvn. að sjálfsögðu að taka síðan afstöðu til þeirra beiðna. Þessi tvö atriði, sem ég hef hér lýst, valda því að minni hl. n. leggur til að frv. þetta verði fellt.

Frsm. meiri hl. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég lít svo á að n. eigi að taka sínar ákvarðanir sjálfar. Það er að sjálfsögðu rétt að skoða umsagnir sem aflað er, en þær eiga engan veginn að ráða alfarið afgreiðslu mála hjá n. og um það hélt ég að við hv. þm. værum gersamlega sammála, því að það hefur borið við að við höfum verið sammála um það í hv. allshn. að hlaupa ekki eftir hverju kvaki sem n. kann að hafa borist.

Þar sem hv. frsm. minni hl. talaði um umsögn frá hinum tryggðu, þá vil ég taka það fram til skýringar að vörubílstjórar eru náttúrlega ekki allir hinir tryggðu. Það eru miklu fleiri sem þar er um að ræða. Hann las upp úr umsögn tryggingafélaganna. Mér var kunnugt um afstöðu þeirra. Það er hins vegar skoðun okkar í meiri hl. að þetta séu ekki rök, og þó að tryggingafélögin telji sig geta sent frá sér beiðnir um eitt og annað, þá er ekki þar með sagt að við teljum að það eigi að líta svo á að það séu haldgóð rök, jafnvel þó að þau vélriti það á pappír og sendi viðskrn. seinna meir. Spurningin er náttúrlega þessi, meginspurningin, hvort það er gagn að starfi Umferðarráðs. Við leyfum okkur að vona að það sé a. m. k. eitthvert gagn að því. Ég hef ekki kringumstæður til þess að dæma það alfarið og það er mjög erfitt að meta það tölulega. En mér líst svo á að það sé eðlilegt, ef Umferðarráð gæti stuðlað að bættum slysavörnum og aukinni umferðarmenningu, að verja til þess fjármunum. Ég sé ekkert athugavert við að nota þessa leið. Mér finnst þetta eðlilegri leið heldur en hin, að láta innheimta gjaldið til þessara mála frá vátryggingafélögunum sem vafalaust hljóta eðli málsins samkvæmt að hafa hag af því ef slysum fækkar og umferðarmenning eykst. Ef hins vegar menn fá um það staðfestan grun að það sé ekkert gagn að Umferðarráði eða lítið gagn, þá þarf þetta náttúrlega ekki að verða eilífur tekjustofn. Þá er opin leið að breyta lögunum aftur.

Frsm. minni hl. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Mér finnst þetta alveg furðuleg röksemdafærsla hjá hv. þm. Páli Pétursssyni. Ég er viss um að hann trúir því ekki sjálfur sem hann er að bera á borð fyrir okkur nú. Það að vera á móti einhverri ákveðinni tekjuöflun til Umferðarráðs þarf ekki endilega að þýða það, síður en svo, að við séum á móti því að umferðarslysavarnir séu efldar. Við skulum bara taka annað dæmi. Við skulum segja sem svo að einhverjum dytti það í hug hér á hinu háa Alþ. að sendinefnd sú, sem innan tíðar mun fara til Bandaríkjanna til að skoða þar freigátur eða einhver slík stríðsskip sem ég kann ekki að nefna, taki með sér í sínu farteski andvirði einnar slíkrar stríðsfreigátu og að í því skyni yrði lagður — ja, eigum við að segja skattur á landsmenn sem mundi nema nokkrum þús. millj. kr. ef maður hefur réttar upplýsingar um verð þessara skipa. Ég býst við að það mundu einhverjir hreyfa mótmælum hér á Alþ. En ætti þá að leggja það þannig út að þeir, sem hreyfðu mótmælum við slíkri aukaskattlagningu, væru á móti því að Landhelgisgæslan væri styrkt? Þetta er svipuð röksemd eins og að ætla að halda því fram að þeir, sem hreyfa mótmælum við því að fjár til umferðarslysavarna sé aflað með þessum hætti, séu á móti því að efla umferðarslysavarnir í landinu.

Ég sé síður en svo eftir þeim fjármunum sem Umferðarráð kemur til með að fá ef þetta frv. verður samþ. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar og við í minni hl. allshn. að það eigi að fá það eins og aðrar sambærilegar stofnanir með því að fjvn. taki erindi ráðsins fyrir vegi og meti í hvert sinn hversu mikið fé Alþ. og ríkisvald geta látið í té til þessa þarfa verkefnis og hversu mikið fé Umferðarráð eigi að fá. Ég tel það vera mjög varhugavert að ætla sér að taka upp eitthvert slíkt fordæmi eins og hér er verið að fjalla um, þó að mér sé að vísu kunnugt um að þeir hafi oft verið veikir fyrir því, framsóknarmenn, að notfæra sér alls konar markaða tekjustofna, eyrnamarka bæði tekjur og útgjöld til ákveðinna þarfa þannig að Alþ. og fjárveitingavaldinu sé oft sniðinn það þröngur stakkur að það sé varla að fjárveitingavaldið geti hreyft sig innan hans. En þessu vil ég vekja athygli á og leyfa mér að mótmæla mjög harðlega að ástæðan fyrir því, að við erum á móti þessari aðferð til að auka tekjur Umferðarráðs, sé sú að við séum á móti því að efla umferðarvarnir í landinu. Þetta veit ég að hv. þm. Páll Pétursson segir meira í gamni heldur en alvöru, og skil ég að hann skuli gera það, því að ég býst við að þann málstað, sem hann styður hér, sé heldur illt að verja með öðru móti en að tala meira í gamni heldur en alvöru, vegna þess að ég held að hann sé í raun og veru sömu skoðunar og bæði við í minni hl. og Samband ísl. tryggingafélaga og eins og Landssamband vörubifreiðastjóra, að það sé og muni verða afleiðingin af samþykkt þessa frv. að nýju skattgjaldi verði velt yfir á bifreiðatryggjendur í landinu. Hvort hann er mér og öðrum sammála um að þetta sé óeðlileg og óæskileg leið til þess að tryggja stofnun eins og Umferðarráði fé, að fá þeim einhvern markaðan, nýjan tekjustofn, í stað þess að um þeirra mál sé fjallað af fjárveitingavaldinu, fjvn. og Alþ. hverju sinni, veit ég ekki, en hitt veit ég, að a. m. k. hafa þm. og þá sérstaklega þm. Sjálfstfl. oft kvartað undan því hversu mikið væri að því gert að marka einstaka tekjustofna og einstök útgjöld ákveðnum eyrnamörkum. Þykir mér það kynlegt ef þeir ætla að snúast þannig í þessu máli að snúa baki við stefnu sinni þar um til þess að koma þessu máli fram. En það þykja víst ekki lengur tíðindi á Alþ. þó að Sjálfstfl. snúi öfugt við það, sem áður hefur verið í málum sem varða fjármál eða meðferð fjármuna.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég geri ráð fyrir að allir hv. þm. séu sammála um að það þurfi að gera allar tiltækar ráðstafanir til þess að stuðla að aukinni umferðarmenningu og þó ekki síður að stuðla að því að komið verði í veg fyrir þau tíðu umferðarslys sem átt hafa sér stað að undanförnu. Ég á ekki von á að nokkur hv. þm. sé andvígur þessu. Þetta frv., sem hér um ræðir, gerir ráð fyrir því að nú verði Umferðarráði fenginn ákveðinn markaður tekju-

stofn og þannig verði séð fyrir fjármögnun á starfsemi Umferðarráðs. Nú hélt ég, eins og hv. síðasti ræðumaður vék aðeins að, að það væri stefna Sjálfstfl. og ekki síst hæstv. núv. fjmrh. að það ætti fremur að draga úr mörkuðum tekjustofnum á fjárl. heldur en þar ætti að auka við. Mér þykir verst að hæstv. fjmrh. er ekki staddur í salnum, en ég hefði gjarnan viljað spyrja hann að því hvort það væri svo í raun og veru að þetta væri hans skoðun, hvort þetta væri allt í einu orðið leiðarljós Sjálfstfl. í sambandi við fjármálin, að auka á fjárlögum markaða tekjustofna til þess að fjármagna hina ýmsu þætti sem þar er um að ræða.

Sem sagt, ég geri ekki ráð fyrir að neinn þm. sé andvígur því að stuðla að aukinni umferðarmenningu og auknum vörnum gegn umferðarslysum. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að það mætti ýmislegt gera í skipulagi umferðarmála án þess að það kostaði mjög aukin útgjöld hjá ríkissjóði, með því að samræma betur en nú er þá aðila undir einum hatti sem starfa að umferðarmálum og auknum slysavörnum. Ég er þeirrar skoðunar að það séu allt of margir aðilar sem um þessi mál fjalla og auk þess að leiða af sér skipulagsleysi, þá leiði það af sér að það er meira og minna um það í sambandi við upplýsingar um umferðarmenningu að tvíverknaður eigi sér stað hjá þessum mörgu aðilum.

Það kemur fram í áliti minni hl. allshn. að umsagnir frá aðilum eins og Landssambandi vörubifreiðastjóra beri það með sér að verði horfið að þessu ráði, þá hljóti það að þýða — a. m. k. gera þeir ráð fyrir — að það hljóti að þýða hækkun iðgjalda til tryggingafélaganna. Nú eru ekki nema nokkrir dagar síðan tryggingargjöld á bifreiðum voru hækkuð, held ég um 70% frá því sem var. Ef samþykkt þessa frv. á enn að auka á það sem bifreiðaeigendum verður gert að greiða í tryggingar, þá sýnist mér vera stigið æðistórt skref til skattlagningar á eigendur bifreiða í þessu landi. Ég held að það sé enginn vafi á því að nokkur hluti af þeirri iðgjaldahækkun, sem tryggingafélögin fengu heimild fyrir nú fyrir nokkrum dögum, var óþarfur. Það er enginn vafi á því. Ef á að fara nú inn á þessa braut með lagasetningu, a. m. k. auka möguleikana, að þeir séu fyrir hendi til enn þá frekari skattlagningar í gegnum þetta kerfi á bifreiðaeigendur, í gegnum tryggingafélögin, þá held ég a. m. k. að það sé nú þegar nóg að gert og ekki á bætandi með lagasetningu eins og hér er lagt til að gert verði, auk þess sem ég a. m. k. tel að það geti verið mjög varhugavert að ganga öllu lengra í því að auka markaða tekjustofna á fjárl. Það er miklu eðlilegra að fyrir þessum fjármunum til Umferðarráðs, ef menn eru um það sammála að nauðsynlegt sé að það fái þessa fjármuni, þá er miklu eðlilegra að það sé séð fyrir því máli gegnum fjárlög að fjárveitingavaldið ákveði það hverju sinni hversu miklu skuli varið til þessara mála, heldur en hér sé um að ræða markaða tekjustofna.

Af því að hæstv. fjmrh. er nú genginn í salinn sem ekki er of títt a. m. k., svo að ekki sé meira sagt þá vil ég ítreka þá spurningu til hæstv. fjmrh. hvort það sé virkilega svo að það sé nú orðin stefna Sjálfstfl. og hæstv. fjmrh. í fjármálum ríkisins að auka markaða tekjustofna á fjárl. frá því sem þeir nú eru. Ég hef talið og mér hefur skilist að það væri stefna Sjálfstfl. að draga heldur úr eyrnamerkingum á fjárveitingum í mörkuðum tekjustofnum. En ef þessi er orðin raunin á, þá er það ekki eina dæmið líklega um að Sjálfstfl. þurfi vist á heilsuhæli, eins og einn hv. þm. flokksins orðaði það í Ed. Alþ. Þá eru að koma upp fleiri dæmi um það að hv. þm. Sjálfstfl. og foringjarnir í fjármálum þess flokks í sambandi við ríkisfjármál séu komnir svo langt út fyrir þá mörkuðu línu flokksins upphaflega að það sé ástæða til þess, kannske jafnvel fyrir stjórnarandstæðinga, að gera tilraun til þess að leiða þá á rétta braut. Það á auðvitað að vera í og með verkefni stjórnarandstöðu að gera hæstv. ráðh., hverjum sem þeir eru og á hverjum tíma, grein fyrir því, ef þeir villast á leiðinni, og gera tilraun til þess að koma þeim á rétt skrið í þeim efnum. En ég trúi því varla með tilliti til þess, sem á undan hefur gengið, að t. d. hæstv. fjmrh. greiði þessu frv. atkv. eins og það er. Þá hefur eitthvað meira en lítið breyst í stefnunni. Ég vænti þess að áður en atkv. verða greidd um þetta hér í hv. d., þá fái ég a. m. k. leiðarljósið hjá hæstv. fjmrh., hvað það er sem hefur breyst og hvort hann ætlar sjálfur að leggja út á þá braut að fjölga mörkuðum tekjustofnum á fjárl. frá því sem nú er. Ef þetta verður gert í þessu tilviki með þessu frv. og þessu málefni, þá er enginn vafi á því að það er fjöldinn allur af málefnum og málaflokkum sem ekkert síður ættu rétt til þess að fá markaðar á fjárl. tekjur heldur en þetta, þannig að það kæmi meira á eftir.

Gunnlaugur Finnsson: Herra forseti. Aðeins örlítið innlegg í þær umr. sem hér hafa farið fram um þetta mál. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson tók hér dæmi áðan um stríðsfreigátur. Það er nú því miður svo að það ber allt of mikið á því að menn vilji vera með vinsælum þætti í ákveðnu máli, en gegn hinum óvinsæla þætti þar sem þættirnir fara báðir saman. Menn vilja vera með eflingu einhvers ákveðins málefnis, en vilja alls ekki standa að tekjuöflun fyrir viðkomandi málefni.

Það hefur komið fram í þessum umr. af hálfu minni hl. að menn telja að Umferðarráði beri að starfa og hafa starfsfé og það beri að veita Umferðarráði nægar tekjur á fjárl., en ekki eftir þessum leiðum. Jafnframt hefur það komið fram að með því að fara þessa leið mundu gjöldin á bifreiðaeigendur hækka. Ég geng út frá þeirri forsendu sem vísri að menn meti störf Umferðarráðs og að þau beri árangur. Ef við tryðum því ekki, þá væri engin forsenda til fyrir auknu framlagi til ráðsins.

En þá er það spurning hvort á heldur að leggja á gjöld til Umferðarráðs eftir þeirri leið að leggja þau á bifreiðaeigendur í landinu eða fara þá leið að leggja þau á hinn almenna skattborgara án tillits til þess hvort hann greiðir gjöld af bifreiðum eða ekki. Það kom hér fram í sambandi við hækkun iðgjalda nú í vor hjá hv. 5. þm. Vestf., sem hér talaði á undan mér, að hækkunin í vor væri óþörf að allmiklu leyti.

Í þessu sambandi vil ég segja það, að hann virðist hafa fyllri upplýsingar um þetta heldur en allshn. hafði. Hún hafði ekki í höndum nein gögn þannig að hún gæti lagt mat á gerðir verðlagsnefndar. Verðlagsnefnd varð að kröfum tryggingafélaganna. Ég veit að hún varð ekki við þeim að nálægt því öllu leyti né hvort það hefur verið rétt mat eða ekki. En ég vil leggja áherslu á það fyrst og fremst, og þess vegna kom ég hingað upp, að aukið fé til Umferðarráðs þýðir ekki endilega aukna skattheimtu. Verðlagsnefnd hlýtur í ákvörðunum sínum að meta hve hækkunin er mikil miðað við þau tjón sem verða á næstliðnu ári. Og ef aukið starf Umferðarráðs leiðir til þess að tjónin verði færri og minni, þá þýðir þetta ekki aukna skattheimtu. Á þetta eitt vildi ég leggja áherslu.

Frsm. meiri hl. (Páll Pétursson): Herra forseti. Mér fannst þetta nú langsótt röksemd hjá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni með freigáturnar. Honum vex þetta mál mjög í augum sýnilega. Hann hefði átt að minnast þess að um daginn var til umr. einmitt hugmynd um að afla fjár til Landhelgisgæslunnar og þá höfðu menn eitt og annað við þá hugmynd að athuga. M.a. fór svo að menn fá líklega kauphækkun út á það þegar öll kurl koma til grafar. Ég hef hið besta traust á hv. fjvn. Alþ. Það má ekki skilja orð mín öðruvísi. Ég held að það sé allt í lagi að létta af henni því erfiði að meta þarfir Umferðarráðs, og ég held að það sé líka allt í lagi að létta Umferðarráði af ríkiskassanum og þar með úr vösum almennings og láta vátryggingafélögin fóðra Umferðarráðið. Það er nú þegar að þessu nokkurt fordæmi, því að eitt tryggingafélag, Samvinnutryggingar, ver talsverðu fé til umferðarslysavarna. Þær hafa á sínum snærum eitthvað sem heitir klúbbarnir Öruggur akstur. Ég er alveg viss um t.d. að hv. 5. þm. Vestf., sem er ákaflega viljugur og duglegur félagsmálamaður, bæði bindindismaður, þingflokksformaður og ég veit ekki hvað og hvað, ætti sér virkilega góða daga í slíkum klúbbi.

Umr. frestað.

Kjarasamningar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, frv. (þskj. 572). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Hæstv. forseti. Frv. það, sem hér er til umr., um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja fjallar um veigamiklar breytingar á gildandi lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Helstu breytingar, sem í frv. felast, eru að lagt er til að Bandalagið fái takmarkaðan verkfallsrétt við gerð aðalkjarasamnings og jafnframt falli niður þau sjálfvirku tengsl sem verið hafa milli kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og fjmrh. og kjarasamninga heildaraðila almenna vinnumarkaðarins.

Ríkisstj. ákvað í okt. s.l. að hefja viðræður við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Bandalag háskólamanna um verkfallsréttarmálið til að kanna hvort unnt yrði að finna samkomulagsgrundvöll er allir aðilar gætu sætt sig við. Eftir langvarandi og ítarlegar viðræður aðila náðist samkomulag milli viðræðunefndar ríkisjóðs og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja frá 1. apríl s.l. um nýjan aðalkjarasamning og samkomulagsdrög um verkfallsrétt o. fl. í 18 liðum. Ríkisstj. samþykkti þessi drög fyrir sitt leyti og ákvað að láta semja lagafrv. það, er hér liggur fyrir, á grundvelli þeirra, enda var meginsjónarmiðum hennar um takmörkun og form verkfallsréttarins til skila haldið í drögunum. Helstu efnisatriði samkomulagsdraganna, sem frv. þetta er byggt á, eru eftirfarandi:

Í 1. gr. samkomulagsins er ákvæði þess efnis að fram fari endurskoðun á lögum um réttindi og skyldur, æviráðning verði þrengd frá því sem nú er, en þeir, sem þegar hafi æviráðningu, haldi henni. Í þessu sambandi vil ég taka fram að samkv. dómi Hæstaréttar frá 12. des. 1974 hafa stjórnvöld nokkuð frjálsar hendur um að ráða starfsfólk með gagnkvæmum uppsagnarfresti. Sú almenna skoðun, að allir ríkisstarfsmenn hafi æviráðningu eða æviráðningarrétt, er því á misskilningi byggð.

Í 2. gr. er kveðið á um að stefnt skuli að því að ný kjarasamningalög taki gildi frá og með 1. júlí 1977 að því er aðalkjarasamning varðar og megi segja honum upp miðað við þann dag. Verkfallsheimild fylgi nýjum aðalkjarasamningi sem gerður er eftir það. Ákvæði um sérkjarasamninga taki þó gildi þegar í stað og ákvæði frv. til bráðabirgða eru í samræmi við þetta.

Í 3. gr. samkomulagsins, sbr. 7. gr. frv., er fjallað um gildissvið aðalkjarasamnings og sérkjarasamninga. Gildissvið aðalkjarasamnings er víkkað, en gildissvið sérkjarasamninga þrengt frá því sem nú er. Um aukatekjur og hlunnindi, sem líkt er farið um, skal ákveðið með reglugerð.

Í 4. gr., sbr. 8. gr. frv., segir að aðalkjarasamningur skuli gilda skemmst í 24 mánuði, uppsagnarfrestur skuli skemmstur vera þrír mánuðir, lögbundinn endurskoðunarréttur með gerðardómi eða verkfallsrétti fylgi ekki aðalkjarasamningi.

Í 5., 6. og 7. gr. samkomulagsins, sbr. 16. gr. frv., er fjallað um meðferð sérkjarasamninga. Þeim fylgir ekki verkfallsréttur og ganga þeir til úrskurðar kjaranefndar ef ekki næst samkomulag milli aðila. Kjaranefnd skipa 5 menn: 3 tilnefndir af Hæstarétti, einn tilnefndur af heildarsamtökum starfsmanna og einn af fjmrh. Verkefni kjaranefndar er nánar tilgreint í VI. kafla frv.

8. gr. fjallar um samstarfsnefnd sem aðilar skulu beina til einstökum deilumálum.

9. gr. fjallar um verkfallsheimildina og tekið fram að hún nái aðeins til aðalkjarasamnings.

Í 10. gr. eru taldir upp þeir einstakir starfsmenn sem óheimilt er að gera verkfall, en þeir eru einkum æðstu embættismenn dómsvalds og ákæruvalds, stjórnsýslu og sáttasemjarar, allir starfsmenn Alþingis, skrifstofu forseta Íslands, forsrn., utanrrn. og ýmsir forstöðumenn ríkisstofnana og staðgenglar þeirra. Þessi upptalning er þó alls ekki tæmandi.

Í 14. gr. eru almenn ákvæði um að skylt sé að halda uppi nauðsynlegri öryggisgæslu og heilsugæslu þrátt fyrir verkfall. Sérstök n.,

kjaradeilunefnd, ákveður hvaða starfsmenn skuli starfa í verkfalli. Kjaradeilunefnd skal skipuð 9 mönnum og er skipunartími n. 4 ár. Formaður skal skipaður af Hæstarétti, tveir kjörnir af Sþ., þrír skipaðir af fjmrh. og þrír valdir af heildarsamtökum launþega. N. getur skipt vinnuskyldu milli starfsmanna, en verkefni hennar er að sjá til þess að verkfall stofni ekki öryggis- og heilsugæsluþjónustu við borgarana í hættu.

Ég vil taka það fram að þetta meginmarkmið varð ekki að ágreiningsefni milli aðila, og vil ég sérstaklega benda á grein er formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Kristján Thorlacius deildarstj., ritaði í síðasta tölublað Ásgarðs, blaðs BSRB, þar sem tekið er fram að það sé stefna Bandalags starfsmanna ríkis og bæja sem leggja beri sérstaka áherslu á að þrátt fyrir verkfall verði haldið uppi nauðsynlegri öryggisgæslu og heilsugæslu.

Í 11. gr. draganna segir hvernig ákveða skuli kjör þeirra starfsmanna sem taldir eru upp í 10. gr. Aðalreglan er sú að náist ekki samkomulag um kjör þessara starfsmanna á kjaranefnd að úrskurða þau. Um þetta er fjallað í V. kafla frv. Þó er gert ráð fyrir að kjör hæstaréttardómara, ríkissaksóknara, sáttasemjara ríkisins og þeirra, sem eru utan vébanda heildarsamtaka, verði ákveðin einhliða af kjaranefnd. Í þessu sambandi vil ég taka fram að þar sem margir þeirra, sem taldir eru upp í 10. gr. samkomulagsins, eru utan vébanda Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, þar af margir innan Bandalags háskólamanna, en geta þó orðið félagar í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, var talið rétt að taka upptalninguna upp í lög nr. 38 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, en ekki inn í lagafrv. þetta, sem einungis snýr að Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Frv. í þessa veru hefur þegar verið samið og liggur fyrir hv. Alþ. í tengslum við þetta frv.

Í 1. gr. frv. er tekið fram að lögin taki ekki til hæstaréttardómara, saksóknara ríkisins, ráðh. og bankastarfsmanna, og gildir það þótt þeir séu félagsmenn í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja.

Í 12. gr. draganna segir að boðun verkfalls fari samkv. samþykktum heildarsamtaka.

Í 13. gr., sbr. 15. gr. frv., segir að kjaradeila skuli ganga til sáttasemjara ríkisins eigi síðar en mánuði fyrir lok uppsagnarfrests og skuli hann þá kveðja tvo menn með sér að sáttum. Í 14. gr., sbr. III. kafla frv., er ákvæði um framkvæmd verkfalls. Verkfall skal boða með skemmst 15 daga fyrirvara. Verkfall má ekki hefja fyrr en sáttatillaga hefur verið felld. Sáttanefnd skal leggja fram sáttatillögu a.m.k. 5 sólarhringum fyrir lok verkfallsboðunarfrests. Þegar sáttatillaga hefur verið lögð fram getur sáttanefnd frestað verkfalli í allt að 15 daga. Eftir að verkfall er hafið getur sáttanefnd ávallt komið fram miðlunartillögu. Sáttatillaga eða miðlunartillaga telst felld ef yfir 50% greiddra atkv. eru á móti henni, enda hafi yfir 50% atkvæðisbærra ríkisstarfsmanna greitt atkv. Annars telst till. samþykkt. Sáttanefnd stjórnar atkvgr. og talningu og úrskurðar endanlega um öll vafaatriði.

Í 16. gr., sbr. IX. kafla frv., eru ákvæði um trúnaðarmenn. Ákvæði frv. um trúnaðarmenn eru efnislega shlj. ákvæðunum í gildandi samningum aðila um réttarstöðu og skyldu trúnaðarmanna.

Í 17. gr. draganna, sbr. 45. gr. frv., er fjallað um viðurlagsákvæði. Gert er ráð fyrir að brot geti varðað stöðumissi, sektum eða varðhaldi.

Í 18. gr. draganna segir að breytt verði ákvæðum um fjármögnun lífeyrisréttinda lífeyrisþega í hinum verðtryggðu lífeyrissjóðum starfsmanna ríkisins. Lífeyrissjóðirnir verði skyldaðir til að ávaxta 30% af heildarútlánafé sínu í verðtryggðum skuldabréfum ríkissjóðs. Miðað verði við að ríkissjóður ábyrgist og greiði einungis þann hluta lífeyrisins sem lífeyrissjóðir sjálfir geta ekki risið undir með tekjum sínum af vöxtum og verðbótum af ofangreindum verðtryggðum lánum. Gert er ráð fyrir að félmrh. ákveði nánar með reglugerð sambærilegar reglur um lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að lög um lífeyrissjóði opinberra starfsmanna verði endurskoðuð og breytt til samræmis við þetta, a.m.k. að því er varðar þá sjóðfélaga sem eru félagsmenn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og frv. þetta tekur til.

Ég hef nú rakið efnisatriði samkomulagsdraganna frá 1. apríl s.l. Eins og fram er komið er lagafrv. það, sem hér liggur fyrir, á þeim byggt og frv. efnislega shlj. drögunum svo langt sem þau ná. Ég tel þó rétt að rekja í stuttu máli efni einstakra kafla frv. Að öðru leyti vísa ég til aths. við frv.

I. kafli frv. fjallar um það til hvaða starfsmanna það nái, um fyrirsvar starfsmanna við gerð kjarasamninga og rétt starfsmanna til að verða aðilar að Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Aðalbreytingin frá I. kafla núgildandi kjarasamninga er sú, að frv. tekur einungis til starfsmanna innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og starfsmenn Alþingis geta nú fallið undir lögin ef þeir eru félagar í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja.

Í II. kafla er fjallað um gildissvið kjarasamninga, uppsögn kjarasamninga, uppsagnarfrest og hvernig ljúka skuli ágreiningi um sérkjarasamninga. Í 17. gr. er ákvæði þess efnis að aðilar kjarasamnings beri fébótaábyrgð á samningsrofum sem þeir sjálfir eða lögmætir fulltrúar þeirra gerast sekir um í störfum sínum fyrir þá og um takmörkun á aðfararheimild í ákveðnum eignum aðila. Grein þessi er efnislega shlj. 8. gr. laga nr. 80 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Í III. kafla frv. eru ákvæði um verkfallsrétt Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, framkvæmd hans og takmarkanir á honum. Í 4. tl. 20. gr. er sérstaklega tekið fram að samúðarverkföll séu óheimil.

Í IV. kafla eru ákvæði um skyldur starfsmanna til að halda uppi nauðsynlegri öryggis- og heilsugæslu, svo og ákvæði um kjaradeilunefnd. Í 2. mgr. 27. gr. er kveðið á um að neiti Bandalagið eða fjmrh. að nefna menn í kjaradeilunefnd, eða menn þeir, sem nefndir hafa verið, neita að starfa, skuli þeir 3 nm., sem kjörnir eru af Alþ.

og Hæstarétti, nefna menn í n. þannig að hún verði fullskipuð.

V. kafli fjallar um þá einstaka starfsmenn sem óheimilt er að gera verkfall og hvernig ákveða skuli kjör þeirra, og hef ég áður komið að því.

VI., VII. og VIII. kafli fjalla um skipan kjaranefndar og starfssvið, um félagsdóm, úrskurðarvald og afskipti hans af deilumálum aðila og um samninganefndir starfsmanna og starfsnefndir og rétt starfsmanna borgar, bæjar- og sveitarstjórna til að fá samningsrétt samkv. lögum, en um þau atriði setur félmrh. reglugerð. Ákvæði þessara kafla eru að mestu leyti óbreytt frá ákvæðum núgildandi kjarasamningalaga um sama efni og þarfnast ekki sérstaklega skýringa.

IX. kafli frv. fjallar um trúnaðarmenn, val þeirra, réttindi og skyldur. Ákvæði þessi eru nýmæli í kjarasamningalögum, en byggð á ákvæðum í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur frá 1938 og samkomulagi sem gert hefur verið við Starfsmannafélag ríkisstofnana um trúnaðarmenn. Greinarnar skýra sig að öðru leyti sjálfar.

Í frv. er gert ráð fyrir að ákvæði þessi taki gildi 1. júlí 1977, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða, þar sem segir að ákvæði II. og VI. kafla og VII. kafla skuli, eftir því sem við á, gilda um sérkjarasamninga sem gerðir verði í framhaldi af aðalkjarasamningi frá 1. apríl s.l. Ef gerð sérkjarasamninga, sem nú stendur yfir, verður ekki lokið fyrir 1. júní n.k., skal kjaranefnd samkv. II. kafla taka deiluna til meðferðar og ljúka úrskurði um ágreiningsefni fyrir 1. júlí n.k. og gildir þá úrskurður hennar sem samningur frá 1. júlí n.k. Aðalkjarasamningi er hins vegar fyrst heimilt að segja upp miðað við 1. júlí 1977, og taka önnur ákvæði laganna gildi í samræmi við það. Kjaradeilunefnd samkv. IV. kafla frv. skal þó skipuð og taka til starfa eigi síðar en 1. jan. 1977.

Við Bandalag háskólammanna náðist ekki samkomulag um breytingar á kjarasamningalögunum að þessu sinni og nær frv. því ekki til félagsmanna þess. Lög nr. 46/1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og lög nr. 33/1915, um verkfall opinberra starfsmanna, gilda því áfram um félagsmenn BHM. Ástæður fyrir því, að ekki náðist samkomulag við Bandalag háskólmanna, voru einkum þær að þeir töldu sig ekki geta sætt sig við tveggja ára samning án sérstaks endurskoðunarréttar á samningstímanum og töldu upptalningu á þeim, sem undanþegnir eru verkfallsrétti, vera of víðtæka, en auk þess taldi Bandalag háskólamanna nauðsynlegt að fram færi heildarendurskoðun laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins jafnhliða kjarasamningalögunum.

Af ríkisvaldsins hálfu er þó fullur vilji til að halda áfram viðræðum við fulltrúa Bandalags háskólamanna og mun verða stefnt að því að finna viðunandi lausn á deilumálum aðila fyrir 1. júlí 1977 er allir geti við unað. Þá munu samningsréttarmál Sambands ísl. bankamanna að öllum líkindum koma til athugunar á næstunni, en frv. þetta tekur ekki til þeirra.

Með frv. þessu, ef að lögum verður, er stigið nýtt skref í kjarasamningamálum opinberra starfsmanna. Hér er um að ræða skref er markar þáttaskil í samskiptum ríkisins og BSRB. Krafan um verkfallsrétt er jafngömul samtökum starfsmanna hins opinbera þótt hún hafi ekki verið lögfest að neinu leyti fyrr en gert er ráð fyrir því nú. Af hálfu ríkisvaldsins hefur kröfu um verkfallsrétt jafnan verið mætt með kröfu um sjálfstæðari samningsgerð opinberra starfsmanna og afnámi þeirra sérstöku réttinda sem opinberir starfsmenn hafa haft umfram aðra launþega.

Með árunum hefur dregið úr þeirri sérstöðu sem opinberir starfsmenn hafa haft og einkum hefur fólgist í verðtryggðum lífeyri og æviráðningu. Annars vegar hafa aðilar vinnumarkaðarins náð samkomulagi um verðtryggingu lífeyris þeirra launþega sem eru í lífeyrissjóðum innan ASÍ, og hins vegar hafa stjórnvöld í vaxandi mæli ráðið starfsmenn með gagnkvæmum uppsagnarfresti. Með samkomulagi því, sem liggur til grundvallar lagafrv. þessu, er gert ráð fyrir að dregið verði enn úr þeirri sérstöðu sem opinberir starfsmenn hafa haft um ráðningarform og fjármögnun lífeyrisréttinda sinna. Afstaða ríkisstj. til þessa frv. réðst þó ekki síður af því að verkfallsréttur sá, sem það fjallar um, er háður skynsamlegum takmörkunum. Í fyrsta lagi er verkfallsrétturinn einungis á hendi heildarsamtaka til stuðnings kröfum um aðalkjarasamning sem gildir skemmst í tvö ár, en ekki sérkröfur einstakra hópa. Í öðru lagi er óheimilt að hefja verkfall nema áður hafi verið felld sáttatill. í atkvgr. sem a.m.k. helmingur atkvæðisbærra starfsmanna ríkisins hefur tekið þátt í. Í þriðja lagi er verkfallsboðunarfrestur 15 dagar og sáttanefnd hefur heimild til að fresta verkfalli í aðra 15 daga. Öll þessi atriði eiga að tryggja það að ekki sé gripið til verkfallsvopnsins nema að vel yfirveguðu ráði og að undangenginni almennri könnun á vilja starfsmanna þar sem krafist er lýðræðislegrar lágmarksþátttöku. Síðast, en ekki síst er í frv. ákvæði um að tryggja borgurunum nauðsynlega öryggis- og heilsugæsluþjónustu þótt til verkfalls komi.

Eins og ég gat um áðan, áttu sér stað ítarlegar viðræður í vetur og vor við fulltrúa Bandalags starfsmanna ríkis og bæja um mál þetta, og að lokum tókst fullt samkomulag. Mörgum mun sjálfsagt óa við því skrefi sem ætlað er að stíga með þessu lagafrv. ef að lögum verður. En ég leyfi mér að vona að það skref sé í rétta átt og verði bæði opinberum starfsmönnum og ríkisvaldinu og þjóðinni allri til heilla.

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að leggja til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég mun flytja mjög stutta ræðu um þetta stóra mál. Hún er aðeins til þess að gera grein fyrir því að ég hef gengið frá brtt. sem mig langar til að biðja hv. fjhn.-menn að gera svo vel að hafa í huga við meðferð málsins nú fyrir 2. umr. Ég skýri frá þessu nú við 1. umr. til þess eins að spara tíma þingsins. Ég held að það geti verið hagkvæm vinnubrögð að slík till. komi strax til athugunar hv. nefndar.

Þessi till. mín er við 24. gr. frv., 1. mgr. hennar, og hljóðar svo:

„Í stað orðanna „helmingur atkvæðisbærra ríkisstarfsmanna“ komi: ¾ atkvæðisbærra ríkisstarfsmanna. — Til vara: 65% atkvæðisbærra ríkisstarfsmanna.“

Sú hugsun, sem liggur að baki þessari till. minni, er hugsun sem áreiðanlega hefur leitað á marga árum saman. Þegar til deilna kemur á vinnumarkaði, þá er það því miður oft svo að þar taka of fáir ákvarðanir fyrir of marga. Ég veit að forustumönnum launþegasamtaka er það mikið kappsmál að bæta kjör meðlima sinna samtaka, og það er að sjálfsögðu viðleitni sem ber að stuðla að að takist. Ég er þeirrar skoðunar að hún nái bestum árangri með því að stuðla að því að launþegarnir sjálfir hugsi um kjör sín og taki þátt í að ákveða þau, m.a. með því að ganga út frá því að einstakir félagsmenn taki í ríkara mæli heldur en nú er í ýmsum samtökum þátt í ákvörðun um hugsanlega vinnustöðvun, svo afdrifarík aðgerð sem það kann að vera. Þess vegna er þessi till. mín fram borin, og leyfi ég mér að benda hv. fjh.- og viðskn. á að þessi till. liggur fyrir hv. deild.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég vil þegar við 1. umr. þessa máls lýsa yfir stuðningi þingflokks míns, þingflokks Alþfl., við framgang þessa frv. á þessu þingi. Ég tel mjög ánægjulegt að samkomulag skuli hafa tekist milli hæstv. ríkisstj. annars vegar og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hins vegar um lausn á ævagömlu deilumáli milli opinberra starfsmanna og ríkisvaldsins. Ég fagna því mjög að slíkt samkomulag skuli hafa tekist, en þetta frv. er byggt á því samkomulagi sem náðist. Ég hygg að báðir eigi þar þökk skilið fyrir góða og drengilega framgöngu til lausnar á málinu, bæði hæstv. ríkisstj. og forustumenn opinberra starfsmanna. Ég læt í ljós von um að áframhaldandi viðræður milli ríkisstj. annars vegar og Bandalags háskólamanna hins vegar leiði einnig til samkomulags milli þessara aðila sem geti síðan orðið grundvöllur að lagasetningu um þetta efni. Till. sú, sem hv. síðasti ræðumaður nefndi, mun að sjálfsögðu verða athuguð í fjh.- og viðskn. sem ég á sæti í.

Magnús T. Ólafsson: Herra forseti. Ég vil þegar við 1. umr. þessa máls lýsa stuðningi við þá niðurstöðu sem þar með er fengin af löngu starfi samninganefnda ríkisins og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja að koma samskiptum þessara aðila á nýjan og að beggja dómi heppilegri og heillavænlegri grundvöll en hingað til hefur verið fyrir hendi. Þetta samkomulag er í sjálfu sér að mínum dómi ánægjuefni þótt vera megi auðvitað að á báða bóga séu uppi mismunandi skoðanir á tilteknum atriðum. Ég vil einnig segja við þetta tækifæri að ég tel það hina einu réttu stefnu í kjaramálum opinberra starfsmanna, hina einu heillavænlegu stefnu fyrir kjör þeirra og aðstöðu að kjör þeirra séu metin og aðstaða þeirra mörkuð sem næst því sem er á svokölluðum frjálsum vinnumarkaði, þ. e. a. s. vinnumarkaði utan stofnana og fyrirtækja ríkisins. Það þýðir ekki að loka augum fyrir því að ákveðinn munur, sem þar hefur ríkt, hefur orðið til þess að valda nokkurri tortryggni, ég býst við á báða bóga, og þannig orðið til þess að torvelda viðleitni tveggja stórra launþegahópa að koma málum sínum í ákjósanlegt horf. Ég vil láta í ljós þá von að þessi grundvöllur, sem hér liggur fyrir, verði stórt skref í áttina til þess að launþegahreyfing Íslands, hvort sem er hjá opinberum aðilum eða einkaaðilum, geti orðið samstiga og samhent í kjarabaráttu sinni fremur hér eftir en tekist hefur hingað til.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 573). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, varðar breyt. á l. nr. 46 frá 24. maí 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Í rauninni er frv. þetta til komið vegna breytinga þeirra á samningsréttarmálum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja sem gert er ráð fyrir í frv. því sem ég mælti fyrir áðan.

Eins og ég gat um í framsöguræðu minni fyrir því frv. náðist ekki samkomulag við Bandalag háskólamanna um breytingar á gildandi kjarasamningalögum að því er félagsmenn þeirra varðar, og munu því l. nr. 46/1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, gilda áfram um félagsmenn Bandalags háskólamanna og Læknafélags Íslands. Með þessu frv. er lögð til sú ein breyt. á l. nr. 46/1973 að félagsmenn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja falli ekki lengur undir þá löggjöf.

Ég legg svo til, virðulegi forseti, að frv. þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, frv. (þskj. 574). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti. Frv. þetta er til breyt. á l. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954 og er flutt í tengslum við frv. það sem mælt var fyrir hér fyrir skömmu um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, og er það einnig byggt á þeim samkomulagsdrögum sem liggja til grundvallar því frv. Í 10. gr. þeirra samkomulagsdraga var gert ráð fyrir því að starfsmönnum, er skipa tiltekin störf, skuli óheimilt að gera verkfall. Hér er um að ræða ýmsa embættismenn og tiltekið starfsfólk við dómgæslu og löggæslu og stjórnsýslu, saksókn-

ara ríkisins og fulltrúa hans, svo og starfsmenn sáttasemjara, alla starfsmenn Alþingis, forsetaembættis, forsrn., utanrrn. og ýmsa forstöðumenn ríkisstofnana og staðgengla þeirra. Þessi upptalning er þó ekki tæmandi. Stór hluti þeirra stöðuheita, sem upp eru talin í frv., eru nú skipuð mönnum sem eru utan vébanda Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og upptalning á þeim á því ekki heima í frv. til l. um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Þessar stöður allar er þó nauðsynlegt að undanþiggja verkfallsrétti með lögum þar sem allir ríkisstarfsmenn geta orðið félagar í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Eðlilegt þykir að þessi ákvæði séu bundin í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins þar sem þau taka til allra ríkisstarfsmanna án tillits til aðildar þeirra að starfsmannafélögum og heildarsamtökum.

Um frv. að öðru leyti leyfi ég mér að vísa til aths. með því.

Ég legg svo til, virðulegi forseti, að frv. þessu verði vísað að lokinni þessari umr. til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Laun starfsmanna ríkisins, frv. (þskj. 575). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti. Með frv. því, sem hér liggur fyrir, er lagt til að lögbundin þóknun til innheimtumanna ríkissjóðs fyrir innheimtu ríkissjóðstekna verði felld niður, en þeim verði þess í stað ákveðin laun fyrir þessi störf með reglugerð. Er efni frv. þessa hliðstætt 3. mgr. 7. gr. frv. til l. um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja er nú liggur fyrir þinginu. Þeir innheimtumenn, sem frv. þetta nær til, eru bæjarfógetar, sýslumenn, lögreglustjórarnir í Reykjavík, á Keflavíkurflugvelli, í Hafnarhreppi, tollstjórinn, yfirborgardómarinn, yfirborgarfógetinn og yfirsakadómarinn í Reykjavík. Núverandi skipan á greiðslum fyrri innheimtu er sú að innheimtumenn fá ákveðinn hundraðshluta af því sem þeir innheimta og fer hann stiglækkandi eftir því sem upphæðirnar eru hærri. Þannig greiðast nú t.d. 1% innheimtulaun fyrir fyrstu 200 þús. kr. sem innheimtar eru, en ¼‰ af því sem innheimtist umfram 10 millj. kr. Samkv. núgildandi reglum eru innheimtulaun hins vegar á engan hátt miðuð við það hversu mikið fé innheimtumenn hafa til innheimtu eða hversu háan hundraðshluta af því fé tekst að innheimta. Innheimti tveir innheimtumenn því jafnmargar krónur fá þeir nú jafnhá innheimtulaun enda þótt annar þeirra hafi innheimt allt það sem til innheimtu var hjá honum, en hinum hafi aðeins tekist að innheimta helming af því sem á var lagt í hans umdæmi. Laun innheimtumanna hafa því fram að þessu ráðist af því hversu stór umdæmi þeirra eru, en hlutfallslegur árangur við innheimtuna hefur ekki verið metinn sem skyldi. Hafa innheimtumenn í stærstu umdæmunum því haft óeðlilega mikil innheimtulaun, en innheimtumenn í hinum smærri hafa lítið borið úr býtum, enda þótt þeir næðu mjög góðum árangri við innheimtu.

Með bréfi, dags. 27. okt. 1971, skipaði þáv. fjmrh. n. til að gera till. um breytt fyrirkomulag á greiðslu aukatekna sýslumanna, bæjarfógeta og sambærilegra embættismanna. Nm. voru þeir Baldur Möller ráðuneytisstjóri, Björn Fr. Björnsson sýslumaður, Björn Hermannsson, nú tollstjóri, og Sigurgeir Jónsson bæjarfógeti. Skilaði n. till. sínum 19. júní 1972 og gerði till. um allróttækar breytingar á núv. aukatekjureglum. Till. n. miðuðu að því að gera innheimtulaunakerfið að hvata til bætts innheimtuárangurs jafnframt því að jafna hlut innheimtumanna frá því sem verið hefur. Þykir eðlilegt að nýjar reglur um innheimtulaun þessara embættismanna verði settar með reglugerð. Bæði er það í samræmi við 3. mgr. 7. gr. frv. um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og eins í samræmi við það að föst laun sýslumanna eru nú ákveðin einhliða af ráðh. í samræmi við ákvæði 2. mgr. 4. gr. l. nr. 46/1973. Virðist því eðlilegt að ákvörðunarvald um önnur kjör þeirra verði einnig í höndum ráðh. svo að unnt sé að ná heildarsamræmi við ákvörðun kjara þessa hóps ríkisstarfsmanna.

Þau meginatriði sem taka verður tillit til við setningu reglugerðar um aukatekjur innheimtumanna ríkissjóðs, eru annars vegar að útgjöld ríkissjóðs vegna greiðslna innheimtulauna aukist ekki frá því sem nú er og hins vegar að innheimtulaunin verði innheimtumönnum virkur hvati til bætts innheimtuárangurs, en því marki má ná með því að tengja fjárhæð innheimtulauna þeim hundraðshluta af álögðum gjöldum sem innheimtist árlega hjá hverjum manni. Þá er eðlilegt að stefna að því með reglugerðinni að mest sé greitt fyrir þau gjöld sem erfiðust eru í innheimtu, en minna og jafnvel ekkert fyrir hin auðveldustu þeirra, t.d. eins og tolla.

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér svo að leggja til að frv. þessu verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Magnús T. Ólafsson: Hæstv. forseti. Ég vil leyfa mér að vekja athygli hæstv. forseta á því að í upphafi fundar síðdegis tók hún af dagskrá 1. dagskrármálið svo að það verður að setja nýjan fund í kvöld að loknum þessum fundi.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Út af þessari aths. er mér ljóst að ég vakti sérstaka athygli á því að þetta mál yrði ekki til umr. á dagfundinum í dag með því að segja að málið væri tekið út af dagskrá þar til síðar á fundinum. Slíkt er ekki óalgengt, enda forseta heimilt samkvæmt þingsköpum að breyta röð mála.

Magnús T. Ólafsson: Hæstv. forseti. Ég vil vekja enn athygli hæstv. forseta á því að mál er ekki hægt að taka inn og út af dagskrá á sama fundi. Ef mál einu sinni er tekið út af dagskrá, þá á það ekki afturkvæmt á dagskrá fyrr en á öðrum fundi. Þetta er ein af undirstöðureglum fundarskapa Alþingis.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Út af þessum ummælum vil ég taka fram að ég man eftir því á mínum alllanga þingferli, að þetta er nokkuð algeng málvenja forseta, en ef menn eru ekki á einu máli um að hér sé rétt að farið, þá mun ég nú taka út af dagskránni 1., 2., 6., 16., 19. og 22. dagskrármálið og boða nýjan fund strax að loknum þessum fundi.

Neðri deild, 109. fundur.

Fimmtudaginn 13. maí, að loknum 108. fundi.

Íslensk stafsetning, frv. (þskj. 742). — Frh. 3. umr.

Fundarhlé þar til að loknum útvarpsumr.

Frsm. minni hl. (Magnús T. Ólafsson) [frh.]: Hæstv. forseti. Svo þénanlega stóð á í máli mínu þegar ég gerði síðast málhvíld að ég var kominn að kaflaskilum og þarf því ekki að rekja til neinnar hlítar né endurtaka það, sem ég hafði áður sagt, til þess að þræði sleppi ekki í þessu máli. (Gripið fram í. — **Forseti:** Ég bið hv. þm. að gera svo vel að taka ekki fram í fyrir ræðumanni.) Ég hafði lesið bréf formanns stafsetningarnefndar með till. þeirra nm. (**SvH:** Hvaða nm.?) í stafsetningarnefnd (**SvH:** Í hvaða stafsetningarnefnd?) að gerð yrði sú breyting þegar á stafsetningu að tilkynnt væri að numin væri brott skylda til að kenna z í skólum. Þetta bréf varð til þess að þetta mál var tekið til sérstakrar ahugunar og afgreiðslu. (Gripið fram í.) Getur hæstv. forseti tryggt mér málfrið? (**Forseti:** Ég vil vekja athygli hv. þdm. á því að skylt er þdm. að lúta fyrirmælum forseta í hvívetna um reglu á fundinum.) Þetta bréf stafsetningarnefndar, sem ég las í lok máls míns í síðasta kafla þessarar tölu, fjallaði, eins og ég sagði, um að tekin yrði þegar afstaða til þessarar till. n. að fella niður z úr gildandi stafsetningu. Eftir athugun þessa máls var við þessari till. orðið og gefin út sú auglýsing um afnám z í íslensku ritmáli sem mjög hefur orðið um rædd síðan. En vegna þess að það hafa komið fram aðdróttanir um það að þessi till. n. um afnám z úr íslensku ritmáli hafi verið eftir pöntun frá mér, þá vil ég taka það skýrt fram að hvorki þetta atriði stafsetningar né önnur ræddi ég við einstaka nm. né n. alla, heldur fékk hún erindisbréf þar sem hlutverk hennar var fyrst og fremst skilgreint þannig að hún skyldi athuga þær stafsetningarbreytingar sem helst horfðu til einföldunar (**SvH:** Hvaða n. var þetta?) og samræmingar á íslenskum stafsetningarreglum.

Síðan má nú fara nokkuð fljótt yfir sögu því að það hefur áður borið á góma í þessum umr. í hv. d. að nokkrir þm. urðu til þess að bera fram þáltill. um að hnekkt skyldi þessari ákvörðun um afnám z. Hún hlaut hér meðferð og var að lokum samþykkt, eins og áður hefur verið rakið, með eins atkv. mun og úrslitum réð að hún hlaut slíkt samþykki, en féll ekki á jöfnum atkv., að einn hv. þáv. þm. gerði þá grein fyrir hjásetu sinni við atkvgr. að hann vildi með henni sýna að þingheimur ætti að fjalla um önnur verkefni en stafsetningu, hún væri illa fallin til meðferðar á hv. Alþ. Ég hafði lýst þeirri afstöðu minni skýrt og skorinort áður en atkvgr. fór fram að þar sem þál. væru ekki bindandi og það væri óumdeilt að hingað til hefði stafsetningarmálum ævinlega verið skipað með reglugerð ráðh., eins og ég hafði gert, þá gæti ég ekki tekið tillit til afgreiðslu á þessari þáltill. við þessa stafsetningarákvörðun né aðrar.

Síðan leið fram til vors 1974 að fram kom frá stafsetningarnefnd álitgerð hennar, allmikið rit, þar sem fjallað var um fjölmörg stafsetningaratriði. Voru þau tekin til athugunar og síðan afgreidd með auglýsingu þeirri um íslenska stafsetningu sem menntmrn. gaf út og ber tölurna nr. 132 frá 3. maí 1974.

Var nú enn kyrrt um hríð þangað til það gerist að menntmrh.-skipti verða, og þá hefst undirskriftasöfnun sú sem prófessor Þórhallur Vilmundarson beitti sér fyrir og ég hef áður lýst í fyrri köflum þessarar ræðu og reyndar vikið að í öðrum tölum um þetta mál. Þar kemur svo að þetta mál er flutt á ný inn í þingsalinn og þá í nýrri mynd, sem ég ætla ekki að rekja heldur, og síðan hafa umr. og deilur um þetta efni staðið af og til þangað til nú hefur orðið önnur langvinn hríð skömmu fyrir þinglausnir á þessu vori.

Áður en lengra er haldið vil ég taka skýrt fram að ég veit ekki til að á það hafi verið bornar brigður að ákvarðanir mínar, sem teknar voru um stafsetningarefni í tvennu lagi, haustið 1973 og vorið 1974, hafi verið í fyllsta samræmi við þær venjur og reglur sem gilt höfðu frá því að tekið var að skipa íslenskri stafsetningu með opinberum gerningum. Það hefur enginn, svo að ég viti, með neinum rökum reynt að vefengja að þar hafi verið rétt að verki staðið eftir þeim reglum fyrst og fremst hefðarreglum, sem komist höfðu á. Hefði því mátt ætla að svipaður friður yrði a.m.k. fyrst í stað um þessa ákvörðun eins og varð á opinberum vettvangi, — ég á við af hálfu alþm. og annarra opinberra aðila, — eftir þá ákvörðun sem tekin var 1929 þegar næst áður voru settar stafsetningarreglur. En það reyndist öðru nær. Upp risu nokkrir áhugamenn um að ónýta það sem gert hafði verið til að breyta stafsetningunni frá 1929. (**Forseti:** Ég vil skýra hv. ræðumanni frá því, að ég hef fengið mjög eindregin tilmæli um að gefið verði örlítið kaffihlé vegna þeirra sem þurft hafa að sitja hér fund í kvöld, og ég sé mér ekki annað fært en verða við því og verður gefið hlé til 23.30 svo að hv. þm. fær enn nokkra málhvíld.) Ég mótmæli því, hæstv. forseti, að mál mitt sé rofið á þennan hátt. Þeir, sem eru kaffiþyrstir, geta gjarnan slökkt þorsta sinn þó ég tali. (**Forseti:** Já, þetta var hugsað ekki síst með tilliti til hv. þm. sem tók hér einnig þátt í umr. í kvöld, en fyrst hann sjálfur vill ekki notfæra sér það hlé, þá mun hann fá að halda áfram máli sínu

og ég mun ekki finna að því þótt að þm. taki sér örlítið kaffihlé aðrir.) Ég þakka þessa einstæðu tillitssemi.

En þar var ég síðast að fjalla um stafsetningarmál, en ekki kaffidrykkju, sem virðist ofarlega í huga sumra manna hér, að ég var að víkja að því að upp risu sérstakir áhugamenn um að vega að þeim stafsetningarbreytingum sem ég hafði undirskrifað í tvö skipti. Sérstaklega hafa tveir hv. þm., hv. 3. þm. Austurl. og hv. 9. þm. Reykv., beitt sér mjög í þessu máli. Ég vissi auðvitað frá fyrra fari að hv. 3. þm. Austurl. var mjög óánægður með þá breytingu sem átti sér stað með auglýsingunni um að nema brott z úr ritmáli. En það var ekki fyrr en nokkru síðar að ég komst að raun um að a. m. k. jafnbrennandi áhugi bærðist í brjósti hv. 9. þm. Reykv. fyrir því að hnekkja þeim ákvörðunum sem teknar höfðu verið um breytingar á stafsetningunni frá 1929. En ég furða mig satt að segja á því að hv. 9. þm. Reykv. skuli svo mjög hafa gengið fram fyrir skjöldu í þessu máli, vegna þess að ég veit með vissu að hann, sem var fyrirrennari minn í embætti menntmrh., hugleiddi, ég held a. m. k. tvívegis, hvort rétt væri að gera stafsetningarbreytingar. Að vísu hvarf hann ekki að því ráði, en tvímælalaust sýndu verk hans þá að hann var sannfærður um að menntmrh. hefði að hefð og venju fullan rétt til þess að breyta stafsetningunni frá 1929, þó hann sjái nú ekki sólina fyrir henni og vilji festa hana í lög. En samkvæmni hefur nú aldrei verið eitt af einkennum þess hæfileikamikla þingmanns.

Ég vil leggja sérstaka áherslu á það, að um hefur verið að ræða samtök harðsnúins hóps sem hefur einsett sér að reyna að hrinda þeim stafsetningarbreytingum sem ég gerði. Ég skal ekki segja hvað fyrir hverjum og einum vakir. Ég skil langbest og hef fengið greinarbest rök fyrir afstöðu hv. 3. þm. Austurl., enda hefur hann aldrei farið í neina launkofa með sína afstöðu. En þegar ég hafði fyrir nokkru látið af menntmrh.-embætti og annar maður var kominn í það sæti, þá kemur allt í einu fram í dagsljósið undirskriftaskjal 100 manna, sem hér hefur áður verið lýst, manna af ýmsum starfsgreinum og ekki nema lítill hluti þeirra sérstaklega til fallinn vegna starfs eða menntunar að fjalla af sérþekkingu um stafsetningarmál, og lýstu yfir algerri andstöðu við þær stafsetningarbreytingar, sem ég hafði gert, og skoruðu á eftirmann minn að nema þær hið skjótasta úr gildi.

Nú brá svo við að á þessum lista var fjöldi manna sem ég hafði í menntmrh.-tíð minni mjög náin samskipti við og áttu til mín erindi oft og tíðum vegna starfa sinna eða stofnana sem þeir stjórna. Og mér er eiður sær að nokkur þessara manna hafi nokkru sinni í öll þau mörgu skipti sem við hittumst, hvort heldur var embættislega eða sem kunningjar, ýjað að því að fá mig til þess að hætta við til að mynda niðurfellingu z eða aðrar þær stafsetningarbreytingar sem þessir menn eins og aðrir áttu að vita, eftir að erindisbréf stafsetningarnefndar var gefið út og tilkynning birt um að störf hennar væru hafin, að hlytu að koma til álita.

Ég geri engum manni upp hvatir í þessu efni, en því hefur verið haldið fram í grein í Morgunblaðinu s.l. sumar, þar sem fjallað var nokkuð um þetta mál, að einhverjir úr þessum hópi væru að reyna að koma höggi á Magnús Torfa. Ég hef auðvitað ætíð gert mér grein fyrir því að menn, sem hafa einhver afskipti af opinberum málum, hljóti að eignast óvildarmenn, og það er ekki endilega víst að þeir gefi sig beinlínis fram meðan slíkir menn eiga eitthvað undir sér. En þegar þeir hverfa úr áhrifastöðum, þá koma þeir gjarnan fram í dagsljósið og reyna að svala huga sínum. En ég geri engum þessara manna upp slíkar hvatir, mér dettur það ekki í hug, enda skil ég ekki hvernig það mætti ske að það ætti að koma einhverju sérstöku höggi á mig með því að hnekkja stafsetningarbreytingum sem ég undirritaði.

Nei, þeir, sem verið er að reyna að koma höggi á með þessu uppþoti gegn stafsetningarbreytingunum frá 1973 og 1974, eru þeir kennarar og málvísindamenn sem undirbjuggu þær breytingar, það eru þeir kennarar í skólum um allt land sem tóku þeim breytingum fagnandi, það eru þeir nemendur í skólunum í þúsundatali sem fannst að þeir væru leystir af klafa, sérstaklega þegar z-kennslunni var hætt. Þessi afstaða kom mjög skýrt í ljós þegar vorið 1974 í bréfi sem stjórn Sambands ísl. barnakennara sendi mér. Það er dags. 4. apríl 1974 og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn Sambands ísl. barnakennara leyfir sér hér með að vekja athygli yðar á eftirfarandi till. sem samþ. var á fundi stjórnarinnar 2. þ. m.:

Stjórn Sambands ísl. barnakennara beinir þeim eindregnum tilmælum til menntmrh. og Alþ. að halda fast við ákvörðunina um að fella z niður úr íslensku ritmáli. Rittákn þetta hefur alltaf verið óþarft í íslensku og engin málfræðileg rök hníga að notkun þess, eins og stafsetningarnefndin hefur sýnt fram á með ljósum rökum í grg. sinni. Stjórn Sambands ísl. barnakennara leggur áherslu á að gífurlega löngum tíma hefur verið eytt í að kenna z-reglurnar í efstu bekkjum skyldunámsins og í framhaldsskólunum, dýrmætum tíma sem þarfara hefði verið að verja til raunhæfs málnáms. Stafsetningin er ekki málið sjálft, heldur búningur þess í riti. Með því að einfalda stafsetninguna að skynsamlegu marki er verið að gefa kennurum tækifæri til þess að sinna betur málinu sjálfu og notkun þess."

Undir bréfið ritar Ingi Kristinsson skólastjóri, formaður Sambands ísl. barnakennara.

Hér er látin í ljós í mjög stuttu og skýru máli afstaða heildarsamtaka íslenskra barnakennara. Og því lengra sem frá hefur liðið, því skýrar hefur komið í ljós að hér talar stjórn Sambands ísl. barnakennara svo sannarlega fyrir hönd yfirgnæfandi meiri hl. félagsmanna sinna, og svipuð er afstaða annarra kennarahópa eftir því sem mér er um kunnugt. Þess vegna var það all andkannalegt að ekki skyldi leitað álits slíkra samtaka og aðila frekar en gert var áður en í það var ráðist af flm. frv. á þskj. 140 að leggja til að kollvarpað væri stafsetningarbreytingunum og upp tekin á ný og lögfest stafsetningin frá 1929.

Þeir tala um það, forsvarsmenn þess frv., að þeir séu að vinna að því að varðveita festu í staf-

setningarmálum og hindra glundroða. Þetta er algert öfugmæli. Miðað við meðferð stafsetningarmál í tímans rás hefði verið eðlilegt að sú stafsetning, sem ákveðin var með auglýsingum 1973 og 1974, fengi að reyna sig í skaplegan tíma eins og hinar fyrri sem settar voru 1918 og 1929. Sú frá 1929 hafði staðið í tæplega hálfa öld og hafði fengið tækifæri til að reyna sig, sýna hverja getu hún hefði til að festast í skólum og máli. Og það kom í ljós í afstöðu hinna reyndustu manna á þessu sviði, hinna fróðustu manna, málvísindamanna annars vegar og móðurmálskennara hins vegar, að þeir töldu að þessi tæplega fimm áratuga reynsla hefði sýnt að það væri borin von að z-stafsetningin næði þeirri festu, fengi þá útbreiðslu sem stafsetning þarf að hafa til þess að gegna hlutverki sínu eins og til er ætlast og eðli málsins krefst.

Það eru því fyrst og fremst frumkvöðlar upphlaupsins gegn stafsetningunni frá 1973 og 1974 sem eru að efna til glundroða. Það eru þeir sem hafa gert þetta að átakamáli. Það eru þeir sem eru með málatilbúnaði sínum að efna til ófriðar í skólunum, þar sem hin nýja stafsetning frá 1973 og 1974 hefur fengið hinar bestu undirtektir. Ég vil þessu máli mínu til sönnunar vitna í bréf sem hæstv. menntmrh. hefur látið dreifa hér til alþm. í dag. Það er bréf til hæstv. menntmrh. frá starfsmönnum skólarannsóknadeildar menntmrn. Þar segir, með leyfi hæsv. forseta:

„Vegna frv. til l. um íslenska stafsetningu, flutts af Gylfa Þ. Gíslasyni o. fl., sendum við undirritaðir starfsmenn skólarannsóknadeildar menntmrn. yður, herra menntmrh., eftirfarandi áskorun með ósk um að henni verði komið á framfæri við Alþ. og menntmn. þess:

Við undirritaðir skorum á Alþ. að fella frv. Gylfa Þ. Gíslasonar o. fl. um íslenska stafsetningu og færum eftirtalin rök fyrir þeirri áskorun. Samþykkt frv. mundi torvelda að unnt verði að ná þeim markmiðum sem móðurmálsnáminu eru sett samkv. námsskrá fyrir grunnskóla sem verið er að búa til prentunar, hafa alvarlegar félagslegar afleiðingar í för með sér og skapa óánægju og jafnvel glundroða í starfi skólanna, eins og nánar verður vikið að hér á eftir.

Í námsskrá er áhersla lögð á að móðurmálsnám eigi fremur að vera fólgið í að efla málskilning og auðga málnotkun en að eyða tíma nemenda í þarflausa glímu við formsatriði. Eðlileg þróun stafsetningar felst í einföldun. Megineinkenni þeirra breytinga, sem gerðar voru á stafsetningu með auglýsingu frá menntmrn. frá 4. sept. 1973, var einföldun gerð að ráði n. er skipuð var sérfræðingum og kennurum. Meðan reynt var að kenna ritun z í skyldunámsskólum tókst aðeins litlum hluta nemenda að læra hana að gagni og miklum tíma og fjármunum var einnig eytt til einskis í þá kennslu í framhaldsskólum á kostnað þarfari viðfangsefna. Krafa um, að ritun z skuli kennd í skólum og z skuli notuð í kennslubókum og opinberum plöggum, felur því í sér kröfu um að skólar og opinberir aðilar stuðli að menntunarlegri stéttaskiptingu í landinu, skiptingu í minni hluta, sem kann hina opinberu stafsetningu, og meiri hluta, sem ýmist kann hana ekki eða kærir sig ekki um að nota hana. Lög, sem fela í sér að z skuli kennd í skólum, mundu dæma meiri hluta nemenda í skyldunámi til að tapa í glímu sinni við viðfangsefni sem þeir hvorki geta né vilja tileinka sér. Það kann að hindra útgáfu góðra námsbóka ef Alþ. samþykkir að skylda námsbókahöfunda og aðra, sem semja þau gögn sem gefin eru út á vegum ríkisins til að nota stafsetningu sem þeir telja úrelta og vilja ekki nota. Allar líkur eru á að á næstu árum fjölgi ört þeim höfundum sem ekki nota z, hvað sem lagasetningu á Alþ. líður. Það hlýtur einnig að valda óánægju og gæti valdið glundroða í starfi skólanna ef Alþ. samþykkir lög er fyrirskipa kennurum að kenna stafsetningu sem mörgum þeirra er þvert um geð að nota og þeir telja hafa skaðleg áhrif á árangur og áhuga nemenda sinna. Stefnt er að því í starfi grunnskóla að tekið verði sem mest tillit til þroska, áhugaefna og viðhorfa nemendanna. Lög, sem fela í sér að nemendum verði fyrirskipað að læra það sem þeir vilja ekki læra, geta skapað neikvæð viðhorf nemenda til skólastarfsins og skaðað eðlileg og ánægjuleg samskipti nemenda og kennara.

Reykjavík, 12. maí 1976.

Hörður Bergmann.
Baldur Ragnarsson.
Ólafur Snorrason.
Guðmundur Ingi Leifsson.
Kristín H. Tryggvadóttir.
Reynir Bjarnason.
Ingunn Tryggvadóttir.
Njáll Sigurðsson.
Hrólfur Kjartansson.
Ragnhildur Bjarnadóttir.
Anna Kristjánsdóttir.
Guðný Helgadóttir.
Elín Skarphéðinsdóttir.“

Þetta er starfsfólk skólarannsóknadeildar menntmrn., flest kennarar af yngri kynslóðinni sem tekist hafa á hendur það vandasama verkefni að endurnýja námsefni í skólum, hafa um það frumkvæði og umsjá að námsefni skólanna sé þannig úr garði gert að það sé bæði tímabært í samræmi við kröfur tímans og höfði sem beinast til áhuga nemenda og geri námið lifandi og árangursríkt.

Ég þarf í rauninni ekki að fjölyrða mjög um það efni sem í þessu bréfi felst. Það er svo skýr staðfesting sem hugsast getur á þeirri skoðun minni að verði að því ráði horfið að taka nú um lögboðna stafsetningu frá 1929 aftur, þá muni skapast í skólum landsins mjög erfitt og hættulegt ástand, hættulegt fyrir móðurmálsnámið, bæði í bráð og lengd. Og þeir alþm., sem stuðla að slíku, taka á sig þunga ábyrgð sem ég efast stórlega um að margir þeirra hafi gert sér ljóst hver er. Það eru þeir, sem vilja kollvarpa breytingum sem gilt hafa 2—3 kennsluár og hlotið furðugóðar undirtektir, miðað við það að nýjungar þurfa alltaf tíma til að festast, sem eru frumkvöðlar að glundroða í þessum efnum. Og það er grundvallarstaðreynd, sem aldrei má missa sjónar á, að stafsetningin er aldrei nema hluti af búningi ritaðs máls. Stafsetningin er ekki málið. Og í móðurmálskennslu er það illa

farið ef torveld, torlærð og flókin stafsetning verður til þess að draga tíma og athygli nemenda og kennara frá meginþáttum móðurmálskennslunnar og móðurmálsþjálfunarinnar, notkun málsins, málskilningnum, orðaforðanum, þjálfun í beygingakerfinu og þeirri vitneskju sem nauðsynleg er um undirstöðuatriði hljóðkerfisins. Því miður hefur raunin orðið sú á því tímabili, sem z-stafsetningin gilti, að margt af þessu hefur orðið að þoka allt of mikið um set fyrir annars vegar stafsetningaratriðum og þá fyrst og fremst z, hins vegar afar flókinni og óhentugri greinarmerkjasetningu sem að vísu var aldrei fyrirskipuð á sama hátt og stafsetningin frá 1929, en viðhöfð var þó lengst af því tímabili sem sú stafsetning gilti. En þeim greinarmerkjareglum, sem þar voru viðhafðar, var gersamlega kollvarpað með þeim reglum sem settar voru með stafsetningarreglunum frá 1974.

Það hafa fleiri látið til sín heyra um þau efni, sem nú eru efst á baugi í hv. d., af málræktarmönnum heldur en kennarar í skólarannsóknadeild menntmrn. Ég er hér með í höndum bréf frá Árna Böðvarssyni cand. mag. sem ekki þarf að kynna fyrir neinum þeim sem einhverju lætur sig skipta íslenska tungu, málrækt og málnotkun með vönduðum hætti. Árni er eins og kunnugt er höfundur íslensku orðabókarinnar sem Menningarsjóður hefur gefið út. Hann kom á rekspöl þættinum um daglegt mál í Ríkisútvarpinu, einhverju besta málræktarstarfi sem unnið hefur verið um áraraðir hér á landi, og hann hefur í bréfi, dags. í gær og stíluðu til menntmn. Ed. Alþ., en sendu mér og fleirum í afriti, tjáð sig um þetta mál. Ég tel einsýnt að þetta ítarlega og eindregna bréf þessa ágæta málræktarmanns komi fyrir eyru alþm. Árni Böðvarsson segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Eftir fréttum frá hinu háa Alþ. undanfarna daga að dæma virðist líklegt að frv. til l. um íslenska stafsetningu, þar sem lagt er svo fyrir að stafsetningarreglur frá 3. maí 1974 skuli niðurfelldar og m. a. tekin upp aftur z, komi nú alveg á næstunni til meðferðar í menntmn. Ed. Alþ. Í því sambandi tel ég mér rétt og skylt sem málfræðingi að vekja athygli hv. þn. á nokkrum atriðum sem ég er ekki viss um að komi nógu skýrt fram ella.

Stafsetningarbreytingarnar 1973—1974 horfðu flestar í þá átt að gera stafsetningarnám einfaldara, fljótlegra og þar með aðgengilegra þorra manna. Munaði þar mestu um niðurfellingu z sem í raun er að flestu leyti ekki annað en viðurkenning ritmáls á því sem gerðist í talmáli forfeðra okkar fyrir 1000—2000 árum. Nú hefur z-laus stafsetning verið kennd í skólum landsins í þrjá vetur. Í upphafi heyrðust nokkrar óánægjuraddir vegna afnáms z úr löggiltri stafsetningu, en ánægjuraddir nemenda og kennara voru þó miklu fleiri og fáar óánægjuraddir heyrast nú orðið, engar meðal nemenda. Ýmsum þeim, sem lagt hafa vinnu í að læra z-reglurnar til hlítar, finnst þeir hafa kastað þeirri vinnu sinni á glæ ef þeir eiga svo ekki að nota sér þessa kunnáttu og krefjast hennar af öðrum. Jafnvel er það til að mönnum finnist sem þeir séu sviptir íslenskukunnáttu ef þeir eiga ekki að skrifa að öllu leyti eftir stafsetningarreglum sem þeir hafa lært, svo sem að skrifa z eða tz, m. ö. o. mönnum finnst kunnátta í móðurmálinu vera að verulegum hluta kunnátta í gildandi ritreglum.

Þetta er háskalegur misskilningur. Ég varð fyrir þeirri reynslu, er ég annaðist útvarpsþætti um daglegt mál fyrir nokkrum árum, að aftur og aftur afsökuðu sumir ritfærustu bréfritararnir sig með því að þeir kynnu illa íslensku, þeir hefðu aldrei lært að skrifa z. Og þess verður oft vart að vel ritfært fólk þorir ekki að stinga niður penna af ótta við að verða sér til skammar vegna vankunnáttu í stafsetningu. Það veit að það kann ekki þá stafsetningu sem kennd er í skólum og íslenskueinkunn nemenda hefur of oft byggst að verulegu leyti á. Þetta vekur þann ugg að hætta sé á að annaðhvort spretti upp einhvers konar almúgastafsetning, þá trúlega ósamræmd samhliða löggiltri skólastafsetningu, eða öllu heldur að ritfært fólk leggi með öllu niður að skrifa ef stafsetning verður á ný gerð flóknari en hún hefur verið nú um þriggja ára skeið.

Ég hygg að öllum, sem til þekkja, sé vel ljóst að í skólum yrði veruleg andstaða gegn því að gera stafsetningu flóknari á ný með því að taka upp aftur z. Sú andstaða kæmi ekki aðeins frá nemendum sem sæju engan tilgang með þessu námi, heldur einnig frá öllum þorra kennara sem væru skyldaðir til þess að kenna notkun þessa stafs gegn betri vitund, því að þessi þriggja ára z-laus reynslutími hefur nægt til að sýna flestum þeim, sem í upphafi voru hikandi við afnám z, hversu lítið notagildi þess stafs er.

Sem dæmi um það viðhorf kennara til afnáms z get ég nefnt samþykkt sem gerð var af kennurum og nemendum Menntaskólans við Hamrahlíð á vordögum 1974 og send hinu háa Alþ. Þar lögðust langflestir kennarar skólans, m. a. allir íslenskukennarar hans, gegn því að taka z upp á ný.

Málfræðileg rök hafa verið færð fram til stuðnings z í stafsetningu. Það er rétt að með því að nota þann staf má sýna vissan þátt í uppruna orða, svo sem íslenzkur, dregið af lend, en ég hygg að tilhneiging sé til að ofmeta þennan þátt verulega. Á sama hátt mætti og krefjast þess að mismunandi uppruni æ væri sýndur í stafsetningu, eftir því hvort upphaflega hljóðið er á og skrifað þá æ eða ó, skrifað æ. Þá mundi stafsetningin sýna að glæpur er komið af glópur, en ekki glápa. Nafnorðið ær um sauðkind, sbr. á, er allt annað orð en ær, sama sem vitlaus, sbr. órar. En síðan Halldór Kr. Friðriksson leið og stefna hans varð undir fyrir síðustu aldamót mun engum hafa í alvöru komið til hugar að krefjast tvenns konar æs eftir uppruna í íslenskri stafsetningu, er mundi þó óneitanlega gera málið gagnsærra. Mönnum hefur ekki heldur hugkvæmst að láta skrifa x inni í orðum þar sem uppruni sýnir að gs eða ks koma saman, en hvorki er skrifað g né k, t. d. í franskur af frankskur, sbr. Frankaríki, eða enskur af eng- viðbætt -skur, sbr. England, sem þá ætti að skrifa franxkur og enxkur væri þessari kröfu haldið til streitu. Þetta mundi þó óneitanlega gera ritmálið gagnsærra.

Það er rétt að stafsetning af þessu tagi gerir samband milli skyldra orða sýnilegra á pappír.

En almennt mun þó litið svo á að hlutverk stafsetningar sé ekki að sýna uppruna orða, heldur að skapa ritmálinu nothæfan búning. Og hér er á það að líta að í eðlilegri málnotkun hugsum við yfirleitt ekki um það af hvaða stofni þetta eða þetta orð er þegar við notum það, heldur hitt, að hefðbundin notkun þess í samfélaginu er slík að það færi lesandanum, áheyrandanum þá hugmynd sem við ætlumst til. Ef okkur skortir hins vegar orð til að klæða hugsanir okkar í búning getum við myndað nýyrði, kannske óafvitandi, en kunnátta í z eða öðrum stafsetningarreglum hjálpar fólki ekkert til að orða hugsun sína né til að hugsa skýrt, þar kemur önnur kunnátta og þjálfun til greina.

Þeirri röksemd hefur verið hreyft að ekki sé unnt að semja íslenskar orðabækur meðan stafsetningarmálin séu í óvissu og þess vegna verði að taka ákvörðun strax, en frv. menntmrh., sem nú liggur fyrir Alþ., skjóti málinu á frest. Það er að vísu rétt, að ekki er unnt að ganga frá stafsetningarorðabók né kennslubók í stafsetningu meðan yfirvofandi eru breytingar á þeim reglum sem á að kenna. En nú hafa reglurnar frá 3. maí 1973 verið í gildi í 3 ár og hluti þeirra um einum vetri betur, og hitt er rangtúlkun, að óvissa um stafsetningu komi í veg fyrir samningu íslenskrar orðabókar. Til marks um það er orðabók Sigfúsar Blöndals, stærsta íslenska orðabókin sem til þessa hefur komið út, en í henni er skrifað s, en ekki z, je, ekki é, einfaldur samhljóði á undan öðrum samhljóða, kensla af kenna og raðað saman i, í og y og ý. Úr mínu eigin starfi við endurskoðun á orðabók Menningarsjóðs, sem ég ritstýrði og fyrst kom út 1963, get ég staðhæft að ákvörðun um z eða s mundi sáralítil áhrif hafa á þá vinnu. Ég hef gert könnun á síðustu spöltunum sem ég fékk í próförk. Á einum spalta, rúmum tveim síðum, í orðum sem byrja á is þyrfti að setja z í 4 línur alls, en í öðrum spalta, kal, á hvergi að vera z samkv. reglunum frá 1929. Óhagræði af breytingunni s í z eða ts yrði fyrst og fremst í þeim uppflettiorðum þar sem z er tiltölulega framarlega og hefur áhrif á röðunina. Þannig mundi neyzla með samsetningu færast aftur fyrir neyta, neytanda, en neysla er fyrir framan neyta í z-lausri stafsetningu. En hér er um fá orð að ræða.

Af því, sem hér hefur verið rakið, tel ég mér skylt að vara eindregið við því að lögbjóða z í íslenskri stafsetningu eða taka aðrar skjótráðnar ákvarðanir um einstök atriði í búningi ritaðs máls, ákvarðanir sem óhjákvæmilega hefðu í för með sér sterka andúð flestra nemenda í íslenskum skólum og sóun á mörgum starfsdögum allra íslenskukennara landsins öll skólaár sem þær væru í gildi, án nokkurs árangurs fyrir kunnáttu þjóðarinnar í móðurmálinu, nema þá til að fæla menn frá því að skrifa það.

Virðingarfyllst,
Árni Böðvarsson."

Þessir tveir vitnisburðir, annar frá einum manni, sem sérstaklega hefur fengið það hlutskipti að fjalla um íslenskt mál bæði sem orðabókarhöfundur og þáttstjóri í Ríkisútvarpinu, og hinn frá kennarahópi í skólarannsóknadeild menntmrn., eru að mínum dómi tvímælalaust rétt mynd af þeim hug sem ríkir meðal yfirgnæfandi meiri hluta kennarastéttarinnar til þess máls sem við erum að fjalla um. Því ítreka ég það, að það eru þeir, sem vega að stafsetningunni frá 1973 og 1974, sem eru að efna til glundroða, sem eru að efna til upplausnar í íslenskri móðurmálskennslu, sem eru að efna til vandræða í skólum landsins, og þeir mættu leiða meira hugann að því en þeir hafa gert hingað til.

Þess mun áreiðanlega gæta í þeim umr., sem eftir eiga að fara fram um þetta mál, að þær umr., sem orðið hafa hér á Alþ. um það, hafa orðið til að vekja þá menn til umhugsunar og aðgerða sem hafa hlotið það starf að kenna æsku landsins móðurmálið, sem hafa tekið sér það hlutverk að sinna málræktar- og málþróunarstarfi. Þess vegna er það afar brýnt að þetta mál sé rækilega rætt, að það sé leitt fram í dagsljósið hvað það hefði í för með sér að hlaupa nú til og ónýta teknar ákvarðanir, annaðhvort af hótfyndni eða meinfýsi, því að heil brú er ekki í þeim rökum sem á öðrum grundvelli hafa fyrir þessu máli verið færðar.

Svava Jakobsdóttir: Hæstv. forseti. Þar sem nokkuð langt er um liðið síðan umr. þessar hófust, þá þykir mér rétt að rifja hér upp upphaf þessa máls og ástæðuna fyrir því að við 3 nm. menntmn. Nd. skiluðum séráliti.

Til n. kom til meðferðar frv. til l. um setningu reglna um íslenska stafsetningu. Frv. þetta flutti hæstv. menntmrh. Í frv. þessu var gert ráð fyrir því að menntmrn. setti reglur um íslenska stafsetningu. Skyldu þær gilda um stafsetningarkennslu í skólum, um kennslubækur útgefnar á kostnað ríkisins eða styrktar af ríkisfé, svo og um embættisgögn sem út væru gefin. Þá var gert ráð fyrir því í þessu frv. menntmrh. að um setningu reglna skyldi leitað till. n. sem skyldi skipuð á þann veg að einn væri tilnefndur af deildarráði heimspekideildar Háskóla Íslands úr hópi fastra kennara háskólans í íslenskri málfræði, þ. e. prófessora, dósenta og lektora, annar tilnefndur af Íslenskri málnefnd úr hópi málnefndarmanna, en hinn þriðji af stjórn Félags ísl. fræða og skyldi hann vera móðurmálskennari á grunnskóla- eða framhaldsskólastigi. Ráðh. átti síðan að skipa einn nm. formann.

Þar fólst líka heimild fyrir rn. að leita umsagnar um till. n. hjá öðrum sérfróðum aðilum um íslenska tungu og móðurmálskennslu. Þá voru þau fyrirmæli í þessu frv. að ef það yrði að lögum skyldi við framkvæmdina gætt að stuðlað væri að æskilegri festu í stafsetningu og reglum ekki breytt örar en nauðsynlegt þykir til samræmis við eðlilega málþróun. Ég vek athygli hv. þm. á þessu atriði sem ég tel mjög mikilvægt. Síðan var svo kveðið á um í þessu frv. hæstv. ráðh. að heimildar sameinaðs Alþingis skyldi aflað í formi þál. áður en settar yrðu stafsetningarreglur eða gerðar breytingar á þeim.

Þegar hv. menntmn. barst þetta frv. til með-

ferðar, lá fyrir þmfrv. hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar o. fl. um það að festa skyldi með lögum stafsetninguna frá 1929, þ. e. a. s. snúa við á þeirri braut sem farin var fyrir þrem árum með auglýsingu menntmrn. Okkur þremenningunum, mér, hv. þm. Magnúsi T. Ólafssyni og hv. þm. Ingvari Gíslasyni, þótti strax auðsætt að hér yrði fyrst að taka ákvörðun um það hvernig setningu reglna skyldi hagað og það væri frumskilyrði að Alþ. fengi að fjalla um það og velja aðferðina. Með því að afgreiða z-frv. hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar o. fl. eitt sér fælist jafnframt í þeirri afgreiðslu sú ákvörðun að stafsetning skyldi ákveðin með lagasetningu. Við þremenningarnir vorum andvíg því að stafsetning skyldi ákveðin með lagasetningu. En það gilti einu hvaða rök við færðum fram fyrir þessu sjálfsagða máli, að okkur þótti, okkar röksemdir fengu engan hljómgrunn hjá hv. meiri hl.

Ég leyfði mér í fyrri ræðu um þetta mál í gær eða fyrradag — ég man nú ekki hvenær það var — að segja hér að með þessari afgreiðslu meiri hl. menntmn. væru þm. að nota Alþ. sem persónulegt hagsmunatæki sitt, því að það var vitað að þessir menn vildu fá z-una inn aftur, hvað sem það kostaði, og höfnuðu þinglegum vinnubrögðum um það að leyfa Alþ. fyrst að ákveða hvaða aðferð skyldi viðhöfð um setningu stafsetningarreglna. Ég geri ráð fyrir því að meiri hl. hafi tekið þessa ákvörðun vegna þess að hann telur sig vita að ef n. sú, sem gert er ráð fyrir í frv. hæstv. menntmrh., fengi þetta verkefni í hendur, þá fengju þeir ekki z-una aftur inn í málið, þ. e. a. s. þeir vita að málvísindamenn, kennarar, meginþorri fólks er á öðru máli en þeir sjálfir. Það gildir þá einu. Með bolabrögðum og gerræði skyldi þetta mál knúið fram hér á Alþ., fyrst tekið fyrir á næturfundi og eiginlega hagað svo til að fregnir af því, sem væri að gerast hér, bærust ekki út til almennings, með þeim afleiðingum að menn mundu vakna við lagaboð einn góða veðurdag um það að allt skyldi nú færa aftur í sama horf og það var fyrir þrem árum.

Til þess að skýra mál mitt enn frekar um afgreiðslu okkar í n., þá ætla ég að leyfa mér — með leyfi hæstv. forseta — að lesa hér nál. okkar. Það hljóðar svo:

„Á fundi menntmn. 7. þ. m. felldi meiri hl. nm. till. um að n. tæki til afgreiðslu auk þessa máls einnig 194. mál, frv. menntmrh. til l. um setningu reglna um íslenska stafsetningu. Minni hl. telur að þessi afstaða meiri hl. sé í alla staði óeðlileg. Frv. tvö fjalla um sama efni, en með svo gerólíkum hætti að sú aðferð, sem lagt er til í öðru frv. að viðhöfð sé um meðferð stafsetningarmála, útilokar í reynd þá málsmeðferð sem till. er gerð um í hinu. Mælir því bæði eðli máls og sanngirni með því að d. fái tækifæri til að fjalla um frv. jöfnum höndum.

Þetta mál gerir að verkum, ef samþykkt verður, að sá háttur er upp tekinn að Alþ. ákveði einstök atriði stafsetningar og setji stafsetningarreglur með löggjöf. Frv. menntmrh. kveður aftur á móti á um fyrirkomulag og meðferð á setningu reglna um stafsetningu, með þeim hætti að endurskoðun gildandi reglna og tillögur um breytingar á þeim sé í höndum menntmrn. Skal rn. um það efni leita till. n. sem skipuð sé mönnum með sérþekkingu á málvísindum og reynslu af móðurmálskennslu. Áður en rn. setur reglur þannig undirbúnar skal það samkv. frv. afla til þess heimildar sameinaðs Alþingis í formi þál.

Fram til þessa hefur stafsetningarmálum verið skipað á þann veg að menntmrn. hefur sett stafsetningarreglur að fengnum till. málvísindamanna og móðurmálskennara. Eðlilegt er, eftir þær deilur sem síðasta ákvörðun um stafsetningarreglur hefur vakið, að settar séu lagareglur um meðferð stafsetningarmála og afgreiðslu og beri stafsetningarreglur að lokum í heild undir Alþingi.

Allt annað mál er að löggjafinn fjalli um einstök atriði stafsetingar út af fyrir sig, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. Gylfa Þ. Gíslasonar o. fl. Sé farið út á þá braut verður ekki aftur snúið því að slíkt fordæmi opnar gáttir fyrir togstreitu þing eftir þing um þau atriði stafsetningar sem deilum kunna að valda hverju sinni, og gætu úrslit orðið sitt á hvað eftir breyttri skipan Alþ. Ekki er um það deilt að hæfileg festa í stafsetningu er eftirsóknarverð, en jafnljóst er hitt, að breytingar hljóta á henni að verða í rás tímans. Ber því að hugleiða afleiðingar mismunandi starfsaðferða við ákvörðun stafsetningar, en ekki líta einvörðungu á einstök stafsetningaratriði sem menn vilja hnekkja eða hefja til gildis.

Það er því till. okkar, sem skipum minni hl. menntmn., að málið, sem hér liggur fyrir, verði afgreitt með svo látandi rökstuddri dagskrá:

Þar sem ákvæði þessa máls fela í sér lagasetningu um einstök atriði stafsetningar, en fyrir d. liggur einnig frv. um meðferð stafsetningarmála í heild sem gerir ráð fyrir lokaákvörðun Alþ. um stafsetningarreglur í formi þál., tekur d. þetta mál af dagskrá, en tekur í staðinn á dagskrá fyrsta fundar næsta fundardag 194. mál, frv. menntmrh. til l. um setningu reglna um íslenska stafsetningu.“

Það er skemmst að segja, herra forseti, að þessi till. okkar var felld með nafnakalli og kom þá í ljós, að tveir stjórnmálaflokkar höfðu gert þetta að flokksmáli, að innleiða z-una og ákveða einstök stafsetningaratriði með löggjöf. Það voru Sjálfstfl. og Alþfl.

Hið alvarlega í þessu máli er auðvitað það, sem kemur fram í síðari hluta nál. okkar, að það fordæmi að löggjafinn fjalli um einstök atriði stafsetningar út af fyrir sig opnar gáttir fyrir togstreitu þing eftir þing um þau atriði stafsetningar sem deilum kunna að valda. Á það hefur verið bent að jafnvel þótt meiri hl. á þessu þingi kynni að geta knúið fram löggildingu z og fleira núna, þá liggur í augum uppi að á næsta þingi væri hugsanlega hægt að fella hana aftur burt og á þriðja þinginu væri hægt að taka hana inn aftur, á fjórða þinginu hægt að fella hana burt og þannig koll af kolli. Ef meiri hl. Alþ. telur að deilur af þessu tagi séu Alþ. til sóma, þá verður að hafa það og

væri ansi fróðlegt að vita það. En hitt er annað mál, að ég persónulega get ekki staðið að því að Alþ. stuðli á þennan hátt að ringulreið og togstreitu og því óþolandi ástandi sem þetta mundi valda í skólum landsins, — kennurum, nemendum og almenningi öllum.

Þetta mundi auðvitað enda á einn veg: það væri í rauninni engin föst stafsetning til í landinu, hver mundi skrifa eftir sínu höfði og telja sig vera að skrifa rétt, og hugsanlega væri svo líka. Það væri í rauninni enginn orðinn fær um að dæma hvað væru lög í þessum efnum og hvað ekki. Ég er á því að með þessum vinnubrögðum sé Alþingi íslendinga að verða sér til skammar, — að Alþ. sé að verða sér til slíkrar skammar, ef það ætlar að fara inn á þá braut að lögfesta einstök stafsetningaratriði og láta það vera háð duttlungum meiri hl. hverju sinni hvaða stafsetning skuli gilda í landinu, að því verði vart jafnað við annað en þá háðung sem Alþingi íslendinga varð sér úti um árið 1941. Þá varð Alþingi íslendinga sér svo til skammar, að seint mun gleymast, enda komið í sögu þjóðarinnar. Þá samþykkti Alþingi lög sem voru síðan dæmd í Hæstarétti stjórnarskrárbrot. Þessi lög voru sótt af miklu offorsi og þau lög hljóðuðu svo, með leyfi hæstv. forseta — þetta eru lög nr. 127 frá 9. des. 1941, um viðauka við lög nr. 13 frá 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt, — þau hljóðuðu svo, með leyfi hæstv. forseta:

„1. gr. Þó að 50 ár eða meira séu liðin frá dauða rithöfundar má ekki birta rit hans breytt að efni, meðferð eða málblæ ef breytingunum er svo háttað að menning eða tunga þjóðarinnar bíði tjón af. Eigi má heldur sleppa kafla úr riti nema þess sé greinilega getið í útgáfunni.

2. gr. Hið íslenska ríki hefur eitt rétt til þess að gefa út íslensk rit sem samin eru fyrir 1400. Þó getur rn. það, sem fer með kennslumál, veitt öðrum leyfi til slíkrar útgáfu og má binda leyfið því skilyrði að fylgt sé samræmdri stafsetningu fornri. Þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar hefur hið íslenska fornritafélag heimild til útgáfu fornrita.

3. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum, 100—10000 kr., og óheimil rit skulu gerð upptæk nema brot sé smávægilegt.

4. gr. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið gætir þess að lögum þessum sé framfylgt. Með mál út af broti á lögum skal farið sem almenn lögreglumál.

5. gr. Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og taka fyrirmæli þeirra til allra rita sem út verða gefin eftir gildistöku þeirra."

Þannig hljóðuðu lögin og þau voru samþykkt á aukaþingi haustið 1941.

Ástæðan til þess, að Alþ. rauk upp til handa og fóta, var sú að frést hafði að Halldór Laxness ætlaði að gefa Laxdælu út með nútímastafsetningu, en fyrst reyndi á þessi lög þegar þrír menn gáfu út Hrafnkötlu með nútímastafsetningu. Þessir þrír menn voru Halldór Kiljan Laxness, Ragnar Jónsson og Stefán Ögmundsson. Bókin kom út enda þótt lögin væru gengin í gildi, og 17. sept. 1942 er birt frétt í Morgunblaðinu um málshöfðun sem höfðuð hafði verið á hendur þessara þriggja manna fyrir brot á þessum lögum. Meint lagabrot þeirra var í því fólgið að þeir höfðu gefið söguna út með lögboðinni stafsetningu íslenska ríkisins. Hæstaréttardómurinn hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta, — ég bið hæstv. forseta afsökunar, það er fréttin úr Morgunblaðinu sem ég neyðist til að lesa, ekki hæstaréttardómurinn sjálfur. Hún hljóðar svo:

„Niðurstaða Hæstaréttar varð sú, að lögin um útgáfu fornrita, sem ákæran byggðist á, brjóti í bág við prentfrelsisgrein stjórnarskrárinnar, 67. gr. Voru hinir ákærðu því allir sýknaðir, en þeir voru Halldór Kiljan Laxness rithöfundur, Ragnar Jónsson forstjóri Víkingsútgáfunnar og Stefán Ögmundsson prentari. Það eru tveir af dómurum Hæstaréttar, þeir Þórður Eyjólfsson og Ísleifur Árnason prófessor, í stað Einars Arnórssonar, sem standa að þessum dómi. Þriðji dómarinn, Gizur Bergsteinsson, hafði sérstöðu. Hann taldi hina ákærðu brotlega við fyrrnefnd lög og vildi dæma þá í 400 kr. sekt hvern. Prentfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar ætti ekki við hér.

Í forsendum dóms hinna tveggja dómara segir svo m. a.:

Samkv. 67. gr. stjórnarskrárinnar skal vera prentfrelsi hér á landi, en þó svo að menn verða að bera ábyrgð á prentuðu máli fyrir dómstólum. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei í lög leiða. Ákvæði greinarinnar takmarkast að vísu af því að áskilja má mönnum höfundarrétt að ritum og meina öðrum útgáfu ritanna meðan sá réttur helst. En rök þau, sem að því hníga og byggjast á nánum persónulegum hagsmunum höfundar, liggja ekki til grundvallar fyrirmælum 2. gr. l. nr. 127 1941. Þau fyrirmæli eru sett til þess fyrir fram að girða fyrir það að rit, sem greinin tekur til, verði birt breytt að efni eða orðfæri, eftir því sem nánar getur í lögunum. Með því að áskilja ríkinu einkarétt til birtingar rita þessara og banna á þann hátt öðrum birtingu þeirra nema að fengnu leyfi stjórnarvalda hefur verið lögð fyrirfarandi tálmun á útgáfu ritanna sem óheimil verður að teljast samkv. 67. gr. stjórnarskrárinnar. Verður refsing því ekki dæmd fyrir brot á ákvæðum 2. gr. l. nr. 127 1941.

Samkvæmt framansögðu eiga hinir kærðu að vera sýknaðir af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu. Allan sakarkostnað, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, ber að greiða úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun kærðu í héraði, kr. 300, og laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 500 til hvors."

Hæstv. forseti. Ég hef ekki haft tíma til að færa þessar upphæðir til gildandi verðlags og get því ekki frætt hv. þingheim á því hvað það kostaði ríkissjóð mikið fé að þessi lög voru keyrð í gegn með offorsi en ég bendi á að stóraukin ríkisútgjöld geta verið afleiðing þess að Alþ. hagar sér á þennan veg. Það liggur auðvitað í augum uppi að ef á að fara að prenta allar námsbækur upp aftur á hverju einasta

ári skiptir það milljörðum. En ef svo færi að einhverjir kennarar neituðu að taka það upp aftur að kenna z-una eftir að hafa fellt hana niður í tvö ár, þá hlýt ég að benda á að það vantar í frv. hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar refsiákvæði, — **hvað á að gera við slíka kennara og hvernig á að refsa nemendum sem neita að læra z-una?** Fer þá hugurinn nokkuð að hneigjast aftur að dómsmálunum sem hv. síðasti ræðumaður kom inn á. Það er spurning um hvort við höfum nægilega margar fangelsisbyggingar ef kennarastéttin reynist mjög erfið viðfangs í þessu og dæmist öll lögbrjótar, allt að því í heild eftir þeim bréfum að dæma sem hv. Alþ. hafa borist í dag. Mér finnst því að hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason og hans meðflm. verði eiginlega að koma hér upp á eftir og gera okkur grein fyrir þessu, hvaða refsiákvæði þeir hafa hugsað sér.

Bókin kom út, Hrafnkatla kom út, og á titilblaði útgáfunnar stendur: „Hrafnkatla. Halldór Kiljan Laxness gaf út með lögboðinni stafsetningu íslenska ríkisins, Reykjavík 1942. Ragnar Jónsson, Stefán Ögmundsson.“ Í formála Halldórs Laxness stendur á þess leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Hrafnkatla er hér með örfáum undantekningum prentuð samkv. hinni sígildu útgáfu Konráðs Gíslasonar Kaupmannahöfn 1847, og færð til lögboðinnar stafsetningar íslenska ríkisins í sérstakri minningu um stjórnarskrárbrot það sem þjóðfífli íslendinga tókst að fá Alþingi til að drýgja í fyrra með setningu skoplaga þeirra gegn prentfrelsi á Íslandi þar sem íslendingum var gert að skyldu að nota danska 19. aldar stafsetningu kennda við Wimmer á íslenskum fornritum.“

Svo mörg voru þau orð. Skáldin finna alltaf leiðir til þess að ná sér niðri á jafnvel Alþ. ef með þarf.

Í lesbók Morgunblaðsins 1. júní 1968 var gerð grein fyrir þessu máli og blaðamaðurinn átti viðtal við Ragnar Jónsson og að ég hygg Stefán Ögmundsson, og það er næsta fróðlegt að heyra viðbrögð þessara manna þegar þeir fóru að rifja mál þetta upp. Í þessu viðtali sagði Ragnar, með leyfi hæstv. forseta:

„Það var litið á okkur sem hálfgerða landráðamenn og talið algert sáluhjálpartriði að stöðva þessa útgáfu okkar, fyrst með lögum, en síðan með málshöfðun. Ég minnist þess ekki að hafa í annan tíma heyrt ofstækisfyllri málflutning en þegar verið var að ræða á Alþ., frv. sem stefnt var gegn Laxdælu. Ég man enn hvað minn ágæti vinur, Sigurjón Á. Ólafsson, var ofsalega reiður og hann varaði þingið sérstaklega við okkur. Þegar við gáfum Hrafnkötlu út voru lögin gegn útgáfu fornritanna með nútíðarstafsetningu í gildi og við urðum því að fara varlega. Við bjuggumst hálft í hvoru við því að verkið yrði stöðvað á hverri stundu og því reið á að hafa hraðar hendur við prentun og dreifingu. Bókin var prentuð að nóttu til og við rótuðum út eins miklu af upplaginu og mögulegt var áður en dagur rann. Við vildum tryggja að upplagið yrði komið út um land áður en reynt yrði að gera það upptækt. Upplagið var mjög stórt og tvær prentanir. Í annarri þeirra voru nokkrar teikningar eftir Gunnlaug Scheving.“

Síðan segir Ragnar Jónsson um ástæðuna fyrir því, að hann réðst í þessa útgáfu, með leyfi hæstv. forseta:

„Ástæðan var sú, að við vorum sannfærðir um að þessi tiltölulega litla lagfæring á stafsetningu mundi opna fólki leið til þessara bókmennta. Það er alltaf góður mælikvarði á listir hve oft og lengi maður getur notið hvers listaverks, og hindra ber allt sem stendur í vegi fyrir því. Sumar bækur er hægt að lesa endalaust. Ég les Njálu t. d. á hverju ári og alltaf mér til óblandinnar ánægju. Það eru miklir töfrar yfir fornum bókmenntafjársjóði okkar. Það voru heimsborgarar sem skrifuðu Íslendingasögurnar. Að útgáfunnar hálfu töldum við það næga tryggingu að Halldór Laxness tók að sér að gefa sögurnar út.

Nú hefur það mál, sem við börðumst fyrir, unnið algeran sigur,“ heldur Ragnar áfram. „Nú þykir sjálfsagt að prenta Íslendingasögurnar með lögboðinni stafsetningu. Ég vil geta þess að nú í haust, þegar 25 ár eru liðin síðan hæstaréttardómurinn var kveðinn upp í þessu máli, er Grettissaga væntanleg hjá Helgafelli. Útgáfan verður tileinkuð 50 ára afmæli fullveldisins. Halldór Laxness gefur söguna út sem verður skreytt myndum eftir Þorvald Skúlason og Gunnlaug Scheving. Þá er Konungsskuggsjá væntanleg í útgáfu Jóns Helgasonar, einnig með nútímastafsetningu.“

Síðan spyr blaðamaður hvað Ragnari sé minnistæðast þegar hann hugsi til þessara atburða, og kempan Ragnar Jónsson svarar, með leyfi hæstv. forseta:

„Þetta eru skemmtilegustu dagar sem ég hef upplifað.“

Það var einnig talað við Stefán Ögmundsson og hann beðinn að lýsa þessum dögum. Og það er sagt frá því á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég hafði verið á vakt frá kl. 8 um morguninn. En þegar síðdegisvaktin hófst kl. 5 var mér afhent til setningar handrit að Hrafnkelssögu,“ segir Stefán Ögmundsson. „Þegar ég stóð upp kl. 7 morguninn eftir hafði ég lokið setningu á sögunni og 1. próförk var tilbúin. En þá var ég þreyttur. Að því er mig minnir hafði stafsetning ekki verið samræmd á öllu handritinu sem ég setti eftir og þurfti ég því að breyta henni jafnóðum. Varð ég fyrir þá sök að einbeita mér meira en ella og þess vegna var setningin erfiðari.“

Síðan segir Stefán Ögmundsson, með leyfi hæstv. forseta, að verkinu hafi verið hraðað eftir föngum og bókin hafi verið prentuð næstu nótt.

Stefán segir enn fremur, þegar hann er spurður að því hvort hann hafi ekki haft áhyggjur af því að vera að brjóta lög með þessu verki, og ég bið hv. þingheim að taka eftir því, það gæti verið nokkur vísbending um það hver virðing kennarastéttin bæri fyrir þeim lögum sem

hér er verið að knýja fram nú, en þessu svarar Stefán Ögmundsson á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Nei, ég hafði engar áhyggjur af því. Ég held að okkur hafi þótt skemmtileg tilbreyting að standa í þessum framkvæmdum. Svo vorum við ekki bara að stríða yfirvöldunum með þessu, heldur vorum við þess einnig fullvissir að við værum að auðvelda fjölda manna að lesa Íslendingasögurnar. Ég held að það sé ekkert efamál að með nútímastafsetningu verði sögurnar aðgengilegri fyrir allan þorra manna."

Þetta sagði Stefán Ögmundsson. Þessir menn voru brautryðjendur og börðust gegn íhaldssömum öflum sem vildu festa í lög að íslensku fornsögurnar yrðu aldrei gefnar út með þeirri stafsetningu sem nútímafólk tileinkaði sér, heldur skyldi vera ákveðið af Alþ. Íslendinga að þar skyldi ævarandi standa veggur á milli. Kannske hefur þessum þm. gengið gott eitt til. En það er ekki alltaf nóg ef skynsemina skortir. Ég held hæstv. forseti, að til þess að geta upplýst það, réttara sagt, til þess að ég hafi nú þessa menn ekki fyrir rangri sök, en geti sannfært bæði sjálfa mig og aðra hv. þm. um að mönnunum hafi gengið gott eitt til, þá sé rétt að ég leyfi hv. þm. að heyra hér þær ræður sem fluttar voru á 22. fundi í Nd. 18. nóv. er margumrætt frv. var tekið aftur til 2. umr., það hafði verið tekið af dagskrá 21. fundar. Frsm. talaði vitanlega fyrstur, en það var Bjarni Bjarnason. Hann sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar þetta mál var til 1. umr. var vísað til 2. umr. með því samkomulagi að menntmn. athugaði málið dálítið nánar með tilliti til hugsanlegra breytinga. Aðeins 4 af menntmn.-mönnum þessarar hv. d. eru hér nú staddir, en við gátum ekki náð saman fundi nema þrír og erum við flm. þessarar brtt. á þskj. 55, en fjórði nm., hv. þm. Dalasýslu, hefur nú séð till. og telur sig þeim samþykkan.

Um verulegar breytingar á frv. er ekki að ræða aðra en þá, sem um getur í 2. gr., að íslenska ríkið eitt hafi rétt til að gefa út íslensk rit sem samin eru fyrir 1400. 1. gr. frv. er að vísu dálítið breytt að orðalagi og 2. gr. er felld við í okkar brtt., og vænti ég þess að hv. þdm. geti fallist á að þetta fari betur saman. Við flm. þessarar brtt. væntum þess enn fremur að það þyki rétt að koma í veg fyrir að einstakir menn taki fornritin okkar og gefi þau út í því formi sem þeim sýnist. En með ákvæðum í 2. gr., ef að lögum verður, er loku fyrir það skotið að einstakir menn geti tekið fornritin og gefið þau út á eigin kostnað og sjálfum sér til hagnaðar. Þó er gert ráð fyrir að kennslumálaráðuneytið geti veitt leyfi til slíkrar útgáfu og enn fremur gert að skilyrði að fylgt sé samræmdri stafsetningu fornrita. Þá er og undantekning frá þeirri reglu að hið íslenska ríki eitt hafi rétt til að gefa út íslensk rit sem samin eru fyrir 1400. Hún er gerð gagnvart Hinu íslenska fornritafélagi sem er nú, eins og kunnugt er, að gefa út Íslendingasögurnar og önnur fornrit. N. taldi ekki rétt að þetta félag þyrfti að sækja um leyfi til framhaldsútgáfu fornritanna né að skertur yrði að nokkru leyti sá réttur sem það nú hefur.

Um brtt. sjálfar tel ég ekki ástæðu að fara fleiri orðum. Það getur vel verið að eitthvað komi fram í umr. um þær, sem verða kunna á eftir, og má þá skýra þær nánar. Mér finnst hins vegar rétt að fara nokkrum orðum um þetta mál í heild. Og vil ég þá fyrst segja það sem mína persónulega skoðun, að mér finnst ástæða til að athuga hvort látið skuli óátalið að einstakir menn hafi það að féþúfu að taka fornritin okkar og gefa þau út. Í því felst auk þess sú mikla hætta að þau verði þynnt út. Á það sjónarmið í uppeldismálum að ráða sem vinnur að því að tyggja í æskuna? Væri ekki vænlegra að láta hana stæla krafta sína, andlega og líkamlega, á verkefnum þar sem úrlausnin er árangur eigin snilli samfara eljusemi, hugviti eða skerpu? Hvert einasta barn getur stafsetningar vegna lesið Íslendingasögur, það ætla ég að leyfa mér að fullyrða. Ég tel skömm að því að eyða tíma í að kenna börnum erlend mál, en letja þau samtímis þess að lesa fornsögurnar á samræmdu máli af því að sá lestur sé of erfiður. Þó skal ég geta þess, að ég tel ekki aðalatriðið hvort þau eru gefin út með normaliseraðri eða lögboðinni stafsetningu á hverjum tíma.

Æskan les með minna móti nú. Það er ókyrrð í þjóðlífinu og á henni alið á margan hátt. Landið hefur á fáum árum opnast fyrir umheiminum. Þjóðin var óviðbúin og þurfti sinn tíma til að þroskast í hinu nýja umhverfi. Við þetta bætist hernámið og þær afleiðingar sem af því hlýtur að leiða. Það er hættulegt nú að kappkosta að telja fólki trú um að það eigi ekki að reyna á sig, það sé t. d. of mikill þrældómur að lesa fornsögurnar með samræmdri stafsetningu. Mér þykir ekki ósennilegt að unnið sé að því nú að skólabörn verði látin heimta fornsögurnar með nýju stafsetningunni.

Það er vitanlega ósannað mál að almenningur vilji ekki lesa fornsögurnar með fornri stafsetningu. Það sýnir fornritaútgáfan þegar Alþ. hefur séð sóma sinn í því að stilla svo til að hægt sé að selja bækurnar ódýrar. Nýlega bárust t. d. um 100 áskoranir úr einni sveit á Vestfjörðum um það að selja bækurnar svo vægu verði að fólk gæti keypt þær. Þeir menn, sem hafa áhrif á það hvað fólk les, ættu að vinna að því að koma fornritunum inn á hvert heimili í landinu. Reynslan sker svo úr því hvort þörf er á að reyna aðrar leiðir en nú eru farnar með fornritaútgáfuna.

Nýlega er kominn fram á sjónarsviðið nýr bókaútgefandi, kaupmaður hér í bænum sem hefur auðgast mikið á að selja almenningi „margarín." En vegna verðlagseftirlits gat hann ekki lengur auðgast á því. Hann fékk því í lið með sér sæmilega vinnufæra menn sem meta það mikils að fá erfiði sitt allvel borgað. Þeir fóru að gefa út bækur og völdu sér Íslendingasögur til þess samkv. lýsingu sem ég hef einhvers staðar lesið um fyrirhugað fyrirtæki í þessu sambandi. Þessir menn vinna nú aðeins á fyrsta stigi þess skemmdarverks að telja ungu

fólki trú um að það eigi ekki að lesa fornmálið, heldur þær bækur sem birtar eru með þeirri stafsetningu sem lögboðin er á hverjum tíma. Undantekningar megi þó gera ef til séu móðins rithöfundar, þrátt fyrir það að þeir afskræmi málið. Ég skal síðar koma að því hvernig framhaldið verður.

Nútímastafsetning er góð og blessuð. En að einstakir menn hafi leyfi til að taka fornritin og versla með þau, því mun ég leggja á móti. Þrátt fyrir það að liðnar séu 7 aldir síðan Íslendingasögur voru ritaðar eru margar þeirra hrein sígild listaverk, bæði að efni og búningi, fagur og fágætur vottur fornrar, þjóðlegrar menningar sem ástæða er til að miklast af. Mætti í þessu sambandi nefna sögur eins og Egilssögu, Njálssögu, Gunnlaugssögu ormstungu og síðast en ekki síst Laxdælasögu. Sú bók er nú upp gengin hjá fornritaútgáfunni. Halldór Kiljan Laxness er fenginn til að snúa henni í form nútímastafsetningar. Bókin er komin á markaðinn og er nú borin út í stórum stöflsem gjafabók. Bókin átti að skreytast með myndum. Ég hygg að Tryggvi Magnússon hafi átt að yrkja söguhetjurnar í myndum. En mikið lá við. Myndunum varð að fleygja og að prentun var látið vinna nótt og dag af ótta við að Alþ. gripi inn í og kæmi í veg fyrir braskið. Hví varð Laxdæla fyrir valinu? Að líkindum vegna þess að hún var uppseld hjá fornritaútgáfunni og þess vegna meiri líkur fyrir eftirspurn og þar með vitanlega hagnaði.

Eg get ekki stillt mig um að geta þess, að ég hef á a. m. k. tveim stöðum heyrt talað um að komin væri út ný skáldsaga eftir Halldór Kiljan Laxness og þetta væri ástarsaga þar sem bræður tveir hefðu barist um sömu konu. Þetta er dálítið ósennilegt, en á tveim stöðum hef ég orðið var við þetta. En þetta sýnir bara það hversu fákunnandi margt fólk í Reykjavík er í Íslendingasögum. En ég geri mér ekki miklar vonir um að þessi aðferð til að kenna fólki að lesa sögurnar verði svo farsæl að hún nái því marki sem útgefendurnir hafa látið í ljós að þeir ætluðu sér. Og þó skal ég enn einu sinni taka fram að ég tek þessa útgáfu ekki þannig að ástæða sé til að hefjast handa gegn henni. En þeir, sem renna grun í hvernig framhaldið verður, hljóta að stöðva þetta.

Nú er því haldið fram að þetta, að snúa Íslendingasögum á nútímastafsetningu, eigi að vera til þess að auðvelda fólki lestur þeirra og skýra sögurnar betur. Ég hef áður lýst skoðun minni á þessu og ætla ekki frekar út í það. En sami maðurinn, sem gefur út þessa sögu, segir svona í formálanum, með leyfi hæstv. forseta: „Er sem snillingurinn sé lengi að þreifa fyrir sér á hljómborðinu og kemur niður á ýmis lög og lagabrot, sum rismikil, önnur dulúðug eða skopleg, en í lausu orsakasambandi innbyrðis, stundum jafnvel engu, en slær aðeins endrum og sinnum nokkra kontrapunktíska tóna höfuðtemans sem ríkir þó leynilega yfir hug hans bak við öll önnur temu uns það brýst fram í seinni hluta verksins af óstöðvandi þunga og alhrifur höfund sinn.“ — Þetta stendur nú í formála þeirrar bókar sem á að vera enn þá skiljanlegri fyrir þann hluta manna sem misskilur fornritin á samræmdri stafsetningu. Þó þetta sé kannske ekki sérstaklega vitlaust, þá er það einkennilegt að vera að hrúga þarna saman orðum sem börn og unglingar vitanlega ekki skilja, fyrir utan það að þetta er ekki íslenskt mál sem þarna er flutt.

Þá ætla ég að koma að því, sem ég held að verði nr. tvö, en það er það að farið verður að endursegja sögurnar. Það verður næsta stigið og ég get sagt það hér með vissu að Grettissaga hefur verið tekin og endursögð í því formi að hún yrði aðgengilegri aflestrar fyrir börn og unglinga. En það var komið vitinu fyrir þá menn, sem að því stóðu, áður en bókin var prentuð og þeim sagt að það væri gott að fá þessa bók til þess að tæta hana svo í sundur að það kæmi ekki fyrir aftur. En verði útgáfan frjáls verður þetta næsta stigið. Og getur nokkrum manni fundist mikið vit í því að farið verði að gera Íslendingasögurnar aðgengilegri fyrir þá ódómbæru, sem ekki þekkja þær í sinni upprunalegu mynd, með því að færa þær í einhvern ævintýrabúning?

Þá hefur það verið boðað af þeim, sem að þessu standa, að þeir mundu fella niður ýmsa kafla úr bókinni og ættartölur. Það þarf enga bókfróða menn til þess að líta á þetta sem fjarstæðu. Þetta bjóða fornsögurnar ekki. Þær bjóða nafn söguhetjunnar ásamt með ættartölum, og það er mjög mikils virði og á því illa við að sleppa ættartölum úr fornsögunum. Það er og óhætt að einstakir menn fái að fella úr kafla eftir eigin geðþótta, og máli mínu til sönnunar vil ég lesa hér — með leyfi hæstv. forseta — kafla úr formála Laxdælu eftir Halldór Kiljan Laxness. Hann segir á þessa leið: „Í þessari útgáfu, sem byggist á þeirri er dr. Einar Ól. Sveinsson hefur gert á grundvelli handritasamanburðar fyrir fornritafélagið, hefur verið sleppt nokkrum þeim þáttum og greinum sem fjærstar standa höfuðyrkisefni verksins og því líklegastar að torvelda almenningi ljósan skilning á bókinni og skemmtun af henni.“

Þarna er slegið föstu að Halldór Kiljan geti ákveðið hvað hann telji standa fjærst yrkisefninu, og er slíkt óþolandi því að lesendurnir sjálfir geta fellt burtu þá kafla sem þeim þykir ekki gaman að eða að þeirra dómi eru fjærstir yrkisefni bókarinnar. En að láta einstaka menn fá að ákveða slíkt nær engri átt. Bollaþætti er sleppt úr þessari nýju útgáfu, og þó það geri ekkert til eða lítið, þá er þetta þó bessaleyfi.

Skemmdarverk nr. þrjú verður þá að taka sögurnar og skrifa þær um eftir eigin geðþótta og þá hef ég gefið yfirlit yfir útþynningu þá sem er að hefjast: í fyrsta lagi að breyta málinu, fella úr kafla og ættartölur, í öðru lagi að endursegja sögurnar í barnslegu formi og í þriðja lagi að umskrifa þær í eigin formi þess sem það gerir. Ég vil taka dæmi sem að vísu er fjarskylt þessu, en sýnir þó vel hvað ég á við með útþynningu.

Fyrir hér um bil 100 árum var kennari á Bessastöðum Sveinbjörn Egilsson, viðurkenndur bókmenntafræðingur. Hann tókst á hendur að þýða Ódysseifskviðu á íslensku, bæði í bundnu og óbundnu máli. Þetta rit er víða til hér á

landi og er viðurkennt af öllum sem listaverk. Ýmsir höfundar úti í heimi hafa haft svipað verk með höndum og Sveinbjörn, og má þar nefna danska skáldið Henrik Pontopidan. Hann tók Ódysseifskviðu þó á annan hátt heldur en Sveinbjörn Egilsson, því að hann færði hana í ævintýralegan búning og endursagði hana við hæfi barna og unglinga. Langar leiðir eru milli þessarar Ódysseifskviðu og þeirrar er Sveinbjörn Egilsson þýddi, og er varla hægt að hugsa sér Ódysseifskviðu í fullkomnara formi en hjá honum.

Nú er búið að þýða bók Pontoppidans á íslensku og er hún komin út. Sá, sem hefur þýtt hana, er Steinþór Guðmundsson kennari. Á titilblaði bókarinnar stendur: „Ævintýralegar frásagnir úr Ódysseifskviðu Hómers, endursagðar við hæfi barna og unglinga.“ Og neðar stendur: „Víkingsprent.“

Ég vil nú til gamans bera saman ýmsa kafla í þessum tveimur bókum, Sveinbjarnar og Pontoppidans, og geri það til frekari skýringar á orðinu útþynning, og ég óttast að þannig geti farið með Íslendingasögurnar í framtíðinni.

Á bls. 272 hjá Sveinbirni Egilssyni stendur: „Skriður mikill var á skipinu, og renndi það á land upp mjög til hálfs, svo var því róið knálega.“ Hjá Steinþóri Guðmundssyni á bls. 152 lítur þetta þannig út: „Þangað stefndu þeir skipinu og reru því hálfu á þurrt land með því að skerpa dálítið róðurinn síðasta sprettinn.“

Á bls. 276 hjá Sveinbirni Egilssyni stendur svo: „Þó tregaði hann föðurland sitt og reikaði mjög harmþrunginn fram við strönd hins brimótta hafs.“ Hjá Steinþóri Guðmundssyni á bls. 153 er þessu snúið þannig: „Meðan hann var þannig að barma sér og gekk þungstígur um fjöruna.“

Hjá Sveinbirni Egilssyni á bls. 282 stendur á þessa leið: „Að því mæltu brá gyðjan burt hulunni og sást þá landið. Þá gladdist hinn raunamæddi Ódysseifur og þótti vænt um að sjá föðurland sitt. Hann kyssti hina kornfrjóu jörð.“ Hjá Steinþóri Guðmundssyni á bls. 155 er þetta þannig: „Meðan hún var að tala dreifði hún þokunni svo að Ódysseifur þekkti landið sitt, laut til jarðar og kyssti jarðveginn.“

Ég tel að með þessu sé að óþörfu verið að þrengja upp á æsku þjóðarinnar þvældri og afbakaðri þýðingu og vil spyrja: Á þetta lengi að halda svona áfram? Svo eru ýmsir menn, sbr. grein Arnórs Sigurjónssonar í Þjóðólfi um daginn, að segja að þessir menn séu að frelsa þjóðina með útgáfu rita sem slíkra. Vel má vera að þessir menn geti hrifið æsku landsins, en dettur nokkrum í hug að þessum mönnum sjálfum komi til hugar að þeim takist það á þennan hátt. Þótt þeim takist að koma sögnunum til lestrar, þá er þó ljótt til þess að hugsa hvaða aðferð þeir beita.

Ég vona að hv. þm. sjái að hér þarf að taka í taumana áður en lengra er farið og láta ríkið framvegis ráða útgáfu og meðferð hinna íslensku fornrita.“

Herra forseti. Ég held að það fari ekki á milli mála að þessi hv. þm., sem talaði á fundi í Nd. árið 1941, hafi talið sig vera í einlægni að vernda íslenska menningu. Það tóku fleiri til máls um þetta og meðal annarra Einar Olgeirsson, og ég held að til þess að við gætum fengið rétta mynd af umr., þá verðum við einnig að fá að heyra hvað hann hafði til málanna að leggja við þessar umr. Um útgáfu fornsagnanna og stafsetningu á þeim sagði Einar Olgeirsson, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég sé að hér liggur fyrir brtt. við þetta frv. og er ekki vanþörf á að sýna að viðkunnanlegra sé að reyna að hugsa á íslensku, því að þegar þetta frv. var samið, þá var það augsýnilega hugsað á dönsku, a. m. k. 1. gr. þess. Það er því að vissu leyti gott að þetta hefur verið þýtt á þolanlega íslensku. Ég vil fá hv. þm. til að athuga með mér hvað menn eiga við þegar þeir tala um vissa forna stafsetningu á Íslendingasögum því að ég veit ekki betur en að handritin, sem Íslendingasögurnar eru ritaðar á, séu með stafsetningu þeirrar aldar sem um ræðir í hvert skipti. Þegar svo fornritafræðingar gáfu þessi rit út síðar, þá sköpuðu þeir stafsetningu sem þeim hverjum um sig fannst eiga best við. Ég hef gluggað í Íslendingasögurnar og Noregskonungasögurnar og séð að um mismunandi stafsetningu er þar að ræða, og prófessor Sigurður Nordal hefur staðhæft að þessi svokallaða gamla stafsetning sé útilokuð. Hvers konar stafsetning er þetta þá? Er það einhver sérstök stafsetning sem á að túlka fornmálið? Nei, það er hún ekki. Fyrir þá, sem nema fornmálið, er villandi að gefa fornsögurnar út á gamalli stafsetningu með því að setja hánum í stað honum og svo mætti lengur telja. Þessi stafsetning er því ekki rétt og hún villir okkur og er ekki samræmd í þeim útgáfum sem gefnar hafa verið út.

Ég vil svo víkja að því, hvort það sé nokkur goðgá að gefa fornsögurnar út með nútímastafsetningu. Þegar Njála var gefin út í fyrsta skipti hér á landi, í Viðeyjarklaustri árið 1844, þá var hún gefin út með stafsetningu þeirra tíma. Hún hefst þannig: „Mörður hét maður, er kallaður var gígja. Hann var son Sighvats hins rauða. Hann bjó á Velli á Rangárvöllum. Hann var ríkur höfðingi og málafylgjumaður mikill og svo mikill lagamaður að öngvir þóttu löglegir dómar nema hann væri í.“ — Á þessu sést að þeim, sem gáfu út Njálu þá, fannst sjálfsagt að gefa hana út á þeirra tíma stafsetningu, og var þetta þó á dögum Fjölnismanna sem börðust fyrir verndun tungunnar, enda er það rétt, því að það, sem prýðir hina fornu tungu, eru ýmis sérkennileg orð og málblærinn og því þarf það að haldast.

Um 100 ár eru síðan þessi Njála var gefin út. Enginn hefur reynt að sýna fram á að hún væri á nokkurn hátt skemmd á íslenskum fornbókmenntum. Fyrir síðasta stríð voru og ýmsir menn fullir áhuga á að gefa fornbókmenntirnar út á nútímastafsetningu. Eitt finnst mér líka mjög einkennilegt. Það er að hv. menntmn. Alþ. skuli ekki hafa snúið sér til neinna fræðimanna til að fá dóm þeirra um þetta frv. Árið 1939 kom fram frv. um að vernda nokkuð rétt íslenskra rithöfunda svo að þeir væru ekki órétti beittir. N. sendi þetta frv. til bókaútgefenda á landinu til að leita álits þeirra um þetta. Bókaútgefendur voru till. n. mótfallnir því að þeir sáu að ef Ísland gengi í Bernarsambandið, þá yrði þeirra hagnaður ekki sem áður. Þetta dæmi sýnir að þarna var leitað álits manna, en nú er ekkert gert til að kynna sér álit fróðra

manna á þessu frv. sem hér liggur fyrir. Hvers konar frágangur er þetta? Er þetta vöndun á því sem þjóðinni er helgast. Mér finnst nauðsyn á því að leita álits fróðra manna um þetta. T.d. væri gaman að vita hvað prófessor Sigurður Nordal segði um það.

Svo vil ég víkja nokkrum orðum að orðum hv. 2. þm. Árnesinga. Hann sagði að ekki væri þörf á að tyggja Íslendingasögurnar í æsku þjóðarinnar, og það er alveg rétt. Það er röng aðferð að haga sér þannig, en samt veit ég um einn mann sem hefur gert þetta. Það er Jónas Jónsson frá Hriflu. Hann hefur gefið út Íslandssögu og þar er tuggið á svívirðilegasta hátt í æskuna. Sagan er ekki einungis endursögn, heldur er einnig vitnað í fornsögurnar og það sett innan gæsalappa, en orðalaginu víða breytt. Það er alveg rétt hjá menntmn. að slíkt á ekki að láta líðast, en *Íslandssaga Jónasar Jónssonar* hefur verið kennd í skólum landsins um alllangt skeið og menntmn. hefur ekki reynt að laga þetta.

Hv. 2. þm. Árnesinga minntist á sem aðalatriði að íslenska ríkið ætti eitt að hafa rétt til að gefa út fornritin. Finnst hv. þm. að íslenska ríkið hafi staðið svo vel við útgáfu fornritanna að þetta beri að gera? Finnst hv. þm. betra að trúa ríkinu fyrir útgáfunum heldur en einstökum mönnum í þjóðfélaginu? Jónas Jónsson var einu sinni kennslumálaráðherra, og ég minnist þess ekki að hann sýndi nokkurn vilja í að vernda fornritin eða auka þekkingu landsmanna á þeim. Ritið „Verkin tala“ var sent og það gefins til þjóðarinnar, en ekki fornritin, nema þessi undarlega útgáfa af þeim í ritum hans sjálfs. Meðan menn eiga yfir höfði sér að svoleiðis maður eigi að vera kennslumálaráðh. álít ég að það sé ekki glæsilegt að eiga að einoka útgáfu fornritanna í höndum ríkisvaldsins.

Svo kom hv. 2. þm. Árnesinga með mjög svo skemmtilega sögu um mann hér í bænum sem farinn væri að fást við bókaútgáfu. Sumum mundi nú finnast ógeðfellt að vera með getsakir um menn sem ekki eiga þess kost að svara fyrir sig, — sumir hv. þm. stökkva upp á nef sér jafnvel á lokuðum fundi út af slíku, af því að þeim þykir það ógeðfellt. Það er annars skemmtilegt þegar staðhæfingar rekast svo gersamlega á eins og hjá hv. 2. þm. Árnesinga í ræðu hans áðan. Hann sagði að maður þessi hefði ekki hagnast mjög á smjörlíki, — en ég gæti nú samt hugsað mér að það væri mjög góður gróðavegur og betri heldur en bókaútgáfa, — og það væri að þakka verðlagsnefnd sem þó starfar að því að hækka verð á vörum. Ég veit ekki annað en verðlagsnefnd leyfi mönnum að leggja á vörur prósentvís, sem þýðir að því dýrara sem hráefni verða í innkaupi, því meira mega þessir menn, sem nota þau til framleiðslu, leggja á þau. Þessi verðlagsnefnd er því sköpuð til þess að gera mönnum, sem stunda slíka framleiðslu, mögulegt að leggja sífellt meira og meira á sína vöru. Sumir hafa viljað láta líta svo út sem þessi nefnd væri til þess sköpuð að lækka verð á vörum, en það er hreinasta bábilja. Þessi n. er gerð til þess að kúska menn til þess að kaupa hráefni þar sem það er verst og dýrast til þess að álagningin verði sem mest. Það stangast tvær fullyrðingar hjá þessum hv. þm. Svo talar hann um að þessi maður, sem hann nefndi, hafi gefið út Laxdælu og hún sé borin út sem gjafabók í bænum, en í hinu orðinu að það sé hagnaðarvonin sem þessum manni gangi til með útgáfunni. Ég á bágt með að skilja að þeir menn, sem vildu græða á bókaútgáfu, gerðu það með því að gefa mönnum stafla af þessum sömu bókum sem þeir gefa út. Ég held að þeir ættu að vera í ofurlítið meira samræmi við sjálfa sig þegar þeir deila á menn utan þings sem ekki hafa tækifæri til að svara fyrir sig sjálfir, svo að þeir eyðileggi ekki hverja setningu sem þeir tala.

Svo kom hv. 2. þm. Árnesinga inn á að tala um skemmdarverk, sem ætti að fara að vinna, og öll þau mismunandi stig sem þau væru á. Það undarlega í þessu sambandi var að þessi hv. þm. varð að viðurkenna að þessi útgáfa, sem hann nú sérstaklega ætti við og í raun og veru hefði gefið tilefnið til lagasetningar þessarar, væri þannig að við hana væri í raun og veru ekkert sérstakt að athuga. Nútímastafsetningin var sem sagt ekkert aðalatriði í sambandi við það. Og þar sem stytting var á sögunni í þessari útgáfu, þar var sleppt köflum sem ekki var kannske svo mikil eftirsjón í. Nú skulum við athuga þetta skemmdarverkaspursmál út frá því sem hv. 2. þm. Árnesinga var að segja, hvort það sé þörf á að koma Íslendingasögunum út til fólksins. Hann sagði okkur skemmtilega sögu um að hann hefði heyrt að talað hefði verið um það á tveimur stöðum í bænum að Halldór Kiljan Laxness væri búinn að gefa út skemmtilega skáldsögu þar sem tveir bræður væru að berjast um sömu konuna. Þegar það kemur fyrir á tveimur stöðum í bænum þar sem hann þekkir til, að þar skuli ástandið vera þannig að fólkið hafi aldrei heyrst Laxdælu nefnda, og þegar hún kemur út, þá renni það ljós upp fyrir þessu fólki að þarna sé saga mjög spennandi um tvo bræður sem berjist um sömu konu, en sér svo í formálanum að þessi saga hafi gerst fyrir *800—1000* árum, — getur ekki hv. 2. þm. Árnesinga þá séð hvílíkt þarfaverk hér er verið að vinna með því að fá fólk til að byrja á að lesa fornsögurnar af því að það haldi að þær séu nútímasögur?

Svo segir hv. þm. Árnesinga að þessi Laxdæla sé ekki þannig að rétt sé að setja löggjöf út af henni út af fyrir sig, en svo bætti hann við: En þeir sem renna grun í framhaldið. — Já, þar liggur nú hundurinn grafinn. Ástæðan til þess, að þetta frv. er komið hér fram, er ekki sú að Njála var gefin út fyrir nærri 100 árum á nútímamáli, ekki heldur sú að hv. þm. Suður-Þingeyjarsýslu hafi gefið út Íslendingasögur eins og það var nú gert, heldur þessi Laxdæla sem þó er, úr því sem komið er, látin vera og ekki talin óhafandi, en þó sérstaklega þetta: Þeir sem renna grun í framhaldið. Svo kemur hv. þm. að skemmdarverkum nr. tvö, þegar farið verður að endursegja Íslendingasögurnar. Hann veit af því að einhverjir menn hér í þjóðfélaginu muni hafa ætlað að fara að endursegja Grettissögu, og þegar það vitnast er farið til þessara manna og þeim hótað að þessi Grettissaga, þegar hún komi út, skuli verða tekin svo fyrir að ekki standi í henni steinn yfir steini. Hvernig stendur á því að það var ekki þotið hér inn á hæstv. Alþ. þegar þessi Grettissaga var á ferðinni og sett lög um það að það mætti

ekki gefa hana út? Þá var treyst á það að þegar væri farið að fara illa með Íslendingasögurnar, þá væru nægir menn í þjóðfélaginu til þess að fordæma það svo gersamlega að þær seldust ekki blátt áfram. Og þetta er það sem ég álít að eigi að gera. Hv. 2. þm. Árnesinga hefur frætt okkur um að þessi aðferð hafi reynst góð, hún hafi komið í veg fyrir að skemmdarverk nr. tvö hafi verið unnið, að endursegja Grettissögu. Og mér er ekki ljóst af hverju þessi ágæta aðferð gæti ekki dugað áfram. Ég endurtek það því, sem ég sagði við 1. umr., að ég álít að gagnrýni okkar þjóðar á þeim endursögnum, sem kæmu út af Íslendingasögunum, og áhugi hennar fyrir þeim mundi reynast næg vernd fyrir þær gagnvart þeim sem vilja skemma þær með slæmri meðferð í endursögnum. Vonast ég því til þess að hv. alþm. dragi af því réttar ályktanir sem hv. 2. þm. Árnesinga hefur tekið hér fram viðvíkjandi þessu atriði.

Ég vil benda á að með þessari brtt., sem hér liggur fyrir, er alls ekki komið í veg fyrir skemmdarverk. Það stendur í niðurlagi 1. gr., eins og lagt er til í brtt. að hún verði orðuð, með leyfi hæstv. forseta: „Eigi má heldur sleppa kafla úr riti nema þess sé greinilega getið í útgáfunni.“ Það má þannig sleppa kafla eða köflum úr fornritunum þegar þau eru gefin út ef þess er greinilega getið í útgáfunni.

Svo kemur þessi hv. þm. að skemmdarverkum nr. 3, þegar farið er að skrifa sögurnar um. Það er einmitt það stig skemmdarverkanna sem hv. þm. Suður-Þingeyjarsýslu, Jónas Jónsson frá Hriflu, gerði, og það er sannarlega nauðsynlegt að gera ráðstafanir gegn slíkum verknaði til þess að hann endurtaki sig ekki. En þær ráðstafanir er best að gera þannig að slík verk séu gagnrýnd, þegar þau koma fyrir, svo mikið að slíkt eigi sér ekki uppreisnar von. Frá mínu sjónarmiði er ekkert á móti því að setja lög í þá átt að ekki megi nota til kennslu í barnaskólum skaðskemmdar og rangsnúnar útgáfur af Íslendingasögunum, þannig að menn geti ekki gefið út kennslubækur í hagnaðarskyni, eða láta gefa slíkt út á ríkisins kostnað til þess að tyggja það í æskuna árum saman. Það þyrfti ekki meira til þess að koma í veg fyrir að slíkar bókmenntir væru tuggnar í æskuna en að kennslumálaráðuneytið væri dálítið vakandi.

Svo er eitt í sambandi við það sem hv. 2. þm. Árnesinga var að tala um, umskriftina á Íslendingasögunum og okkar fornritum yfirleitt. Nú langar mig til að spyrja þennan hv. þm.: Getur það ekki komið fyrir að þeir menn, sem með framkvæmd laga þessara ættu að fara, væru svo þröngsýnir að þeir létu þess háttar lagabókstaf ná út yfir það sem alls ekki var upphaflega ætlast til með því að setja þessi lög, þannig að þau væru látin ná út yfir það sem sum af okkar bestu skáldum hafa lagt í, að búa til ný listaverk, t. d. leikrit, með efni úr okkar fornsögum sem uppistöðu listaverksins? Það væru kannske til þeir menn sem mundu halda því fram að það væri að umskrifa fornsögurnar. Við getum t. d. í því sambandi nefnt að Jóhann Sigurjónsson hefur samið leikrit um sögulega viðburði og Matthías ort Grettisljóð. Yrkisefnin úr okkar sögum eru gullnáma fyrir okkar skáld. En það mætti kannske teygja bókstaf þessara laga nógu langt til þess að ná út fyrir að banna að taka yrkisefni úr okkar sögum og halda því fram að þar sé um að ræða umskrift á þeim. Það væri hins vegar algerlega rangt að hindra skáld í því að geta ausið af þeim brunni sem okkar fornsögur eru sem yrkisefni, og ég býst ekki við að sú hafi heldur verið meiningin með þessum lögum.

Hv. þm. vill ekki að það sé verið að þrengja skáldsögum upp á æskuna, en að sérstök útgáfa verði gefin út fyrir börn af fornritunum og þá verði að gera þar algeran greinarmun á sjálfum upprunalegu ritunum og þessum endursögnum.

Það nær ekki nokkurri átt að gera kröfu til máls og stíls og annars slíks neitt í líkingu annars þegar verið er að gefa fornrit út fyrir börn. Meiningin með útgáfu bóka fyrir börn, þegar þær eru umskrifaðar fyrir þau, er sú að kynna börnunum efni þeirra til þess að reyna að laða þau til að lesa þær síðar á upprunalega málinu þegar þau vaxa upp. Ég geri ráð fyrir að þetta sé meining hv. þm. með útgáfu fornritanna fyrir börn. Og þetta hefur verið gert úti í heimi, t. d. um rit eftir Shakespeare. Hann hefur verið endursagður fyrir börn og þykja þær endursagnir með afbrigðum góðar og eru taldar með betri bókmenntum á 19. öldinni og fjöldi enskra barna, sem mundi gefast upp á Shakespeare ef þau ætluðu að lesa hann, les þessar endursagnir sem þá verða eins konar dyr fyrir þau til þess að ganga um inn í þennan helgidóm.

En í sambandi við þessar endursagnir vil ég vekja athygli á því, að hv. 2. þm. Árnesinga minntist ekkert á þær leiðinlegu endursagnir af íslenskum fornritum sem ég kom að í minni ræðu.

Ég sé ekki neina þá hættu á ferð í okkar þjóðfélagi sem gæti réttlætt það að slík löggjöf sem þessi er hér á ferðinni. Ég sé ekki betur en það sé hins vegar full ástæða til þess að vernda rétt núlifandi rithöfunda, hætta ofsóknum gagnvart þeim og hætta því að láta vera hægt að nota rit þeirra að þeim fornspurðum, eins og nú á sér stað. Ég fæ ekki betur séð heldur en einmitt það, sem hér hefur komið fram í umr. um þetta mál, staðfesti það að okkar þjóð sé fyllilega fær um að vernda sín fornrit með heilbrigðri gagnrýni, þannig að barátta gegn þeim tilraunum, sem hefðu orðið til að spilla þeim, hefur komið í veg fyrir að þeim hafi verið spillt með slæmum endursögnum. Og jafnvel þeir, sem halda með þessu frv., geta ekki annað en viðurkennt að stafsetningin sé ekkert aðalatriði. Jafnvel hefur ekki verið reynt að halda því fram að hin forna stafsetning sé vísindaleg eða hentug að einhverju leyti, enda er hún hvorugt. Það er sem sé þannig, að ástæðan til þess, að þetta frv. hefur komið fram og er hér á ferðinni, er ekkert annað en firra og ákveðnir hleypidómar hjá ákveðnum manni. Og það væri hv. Alþ. ekki til sóma að fara að hlaupa eftir slíku.“

Herra forseti. Þetta var ræða sem Einar Olgeirsson flutti á Alþ. 18. nóv. 1941. Eins og hv. þm. hafa greinilega heyrt, þá var hér komið víða við, það var rætt um fornritin, útgáfur, barnasögur, verðlagsmál. En ég tel að það hafi

komið skýrt og greinilega fram líka að þessi hv. þm., sem ég hef hér vitnað í, hefur talað af sannfæringu um það sem hann taldi íslenskri menningu til góðs, enda þótt ég verði að biðja hv. þm. afsökunar á því að ég hef ekki getað flutt þetta með þeim sannfæringarkrafti sem Einar Olgeirsson hefur örugglega gert meðan hann var að mæla þetta. En það er nú svo að það er annað að frumflytja en lesa upp.

Það eru margar ræður enn sem ég á eftir að lesa hér, hæstv. forseti. (**Forseti**: Ég vek athygli á því að það er ekki heimilt samkv. 39. gr. þingskapa að lesa upp prentað mál nema með leyfi forseta.) Ég bað leyfis. Ég var að enda við að segja eða ætlaði að fara að segja, þegar forseti hringdi bjöllunni, að það eru margar ræður hér fróðlegar ólesnar, og það sem ég ætlaði að segja ef hæstv. forseti hefði haft þolinmæði, — að vísu er nú nokkuð liðið nætur, — þá ætlaði ég að benda á það að aðalatriðið í þessum umr. væri vissulega stafsetningin á útgáfunni. Og það, sem Einar Olgeirsson bendir á að hafi ekki verið neitt aðalatriði, væri eiginlega fróðlegt að sannreyna. Ég held að það sé rétt, sem haldið hefur verið fram, að mismunandi stafsetning heyrist ekki í framburði, og þess vegna hef ég hér tvær útgáfur af Hrafnkelssögu Freysgoða. Önnur þeirra er gefin út af Jóni Helgasyni, það er 3. útgáfa, og hin er gefin út af Halldóri Kiljan Laxness í Reykjavík árið 1942. Ég held að ég lesi hér úr báðum útgáfunum, og þá munu hv. þm. geta sannreynt það sjálfir að þótt ég lesi sama texta upp mismunandi stafsettan, þá geti þeir vart greint neinn mismun í framburði. Í fyrri útgáfunni, þeirri með samræmdri stafsetningu fornri, þá hljóðar það svo, með leyfi forseta:

„Nú sitja þeir þar til er dómar fara út. Þá kveður Sámr upp menn sína ok gengr til lögbergs; var þar þá dómr settr. Sámr gekk þá diarfliga at dóminum. Hann hefr þegar upp váttnefni ok sótti mál sitt at réttum landslögum á hendr Hrafnkatli goða, miskviðalaust með sköruligum flutningi. Þessu næst koma þeir Þjóstarsynir með mikla sveit manna; allir menn vestan af landi veittu þeim lið, ok sýndist þat at Þjóstarsynir váru menn vinsælir. Sámr sótti málið í dóm þangat til er Hrafnkatli var boðit til varnar, nema sá maðr væri þar viðstaddr er lögvörn vildi frammi hafa fyrir hann at réttu lögmáli. Rómr varð mikill at máli Sáms; kvazk engi vilja lögvörn fram bera fyrir Hrafnkel.

Menn hlupu til búðar Hrafnkels ok sögðu honum hvat um var at vera.

Hann veiksk við skjótt ok kvaddi upp menn sína ok gekk til dóma, hugði at þar mundi lítil vörn fyrir landi; hafði hann þat í hug sér at leiða smámönnum að sækja mál á hendur honum; ætlaði hann at hleypa upp dómum fyrir Sámi ok hrekia hann af málinu. En þess var nú eigi kostr. Þar var fyrir sá mannfjölði at Hrafnkell komsk hvergi nær; var honum þröngt frá í brott með miklu ofríki svá at hann náði eigi at heyra mál þeira er hann sóttu; var honum því óhægt at færa lögvörn fram fyrir sik.

En Sámr sótti málit til fullra laga, til þess er Hrafnkell var alsekr á þessu þingi.

Hrafnkell gengr þegar til búðar ok lætr taka hesta sína ok ríðr á brott af þingi ok unði illa við sínar málalykðir, því at hann átti aldri fyrr slíkar. Ríðr hann þá austr Lyngdalsheiði ok svá austr á Síðu, ok eigi léttir hann fyrr en heima í Hrafnkelsdal ok sezk á Aðalból ok lét sem ekki hefði í orðit.

En Sámr var á þingi ok gekk mjök uppstertr.

Mörgum mönnum þykir vel þó at þann veg hafi at borizk at Hrafnkell hafi hneykiu farit, ok minnask nú at hann hefir mörgum ójafnað sýnt.

Sámr biðr til þess at slitit er þinginu. Búask menn þá heim. Þakkar hann þeim bræðrum sína liðveizlu, en Þorgeirr spurði Sám hlæiandi hversu honum þætti at fara.

Hann lét vel yfir því.

Þorgeirr mælti: „Þykkisk þú nú nokkuru nær en áðr?“

Sámr mælti: „Beðit þykki mér Hrafnkell hafa sneypu er lengi mun uppi vera þessi hans sneypa, ok er þetta við mikla fémuni.“

„Eigi er maðrinn alsekr meðan eigi er háðr féránsdómr, ok hlýtr þat at hans heimili at gera. Þat skal vera 14 nóttum eptir vápnatak.“

En þat heitir vápnatak er alþýða ríðr af þingi.

„En ek get,“ segir Þorgeirr, „at Hrafnkell mun heim kominn ok ætli at sitia á Aðalbóli, get ek at hann mun halda mannaforráð fyrir yðr. En þú munt ætla at ríða heim ok setiask í bú þitt ef þú náir, at bezta kosti. Get ek at þú hafir þat svá þinna mála at þú kallir hann skógarmann, en slíkan ægishjálm get ek at hann beri yfir flestum sem áðr, nema þú hliótir at fara nokkuru lægra.“

„Aldrei hirði ek þat,“ segir Sámr.

„Hraustr maðr ertu,“ segir Þorgeirr, „ok þyki mér sem Þorkell frændi vili eigi gera endamiótt við þik. Hann vill nú fylgia þér þar til er ór slítr með ykkr Hrafnkatli, ok megir þú þá sitia um kyrt. Mun yðr þykkia nú vit skyldastir at fylgia þér, er vér höfum áðr mest í fengizk. Skulu vit nú fylgia þér um sinns sakir í Austfiörðu eða kantu nokkura þá leið til Austfiarða at eigi sé almannavegr?“

Sámr svaraði: „Fara mun ek ena sömu leið“ sem hann fór austan.

Sámr varð þessu feginn.“

Næst les ég með nútíma stafsetningu sömu kafla, og bið ég nú hv. þm. að taka vel eftir, hvort nokkur munur er á framburði, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú sitja þeir þar til er dómar fara út. Þá kveður Sámur upp menn sína og gengur til lögbergs; var þar þá dómur settur. Sámur gekk þá djarflega að dóminum. Hann hefur þegar upp vottnefnu og sótti mál sitt að réttum landslögum á hendur Hrafnkeli goða, miskviðalaust og með skörulegum flutningi. Þessu næst koma þeir Þjóstarsynir með mikla sveit manna; allir menn vestan af landi veittu þeim lið, og sýndist það að Þjóstarsynir voru menn vinsælir. Sámur sótti málið í dóm þar til er Hrafnkeli var boðið til varnar, nema sá maður væri þar við staddur er lögvörn vildi frammi hafa fyrir hann að réttu lögmáli. Rómur varð mikill að máli Sáms og spurt hvort enginn mundi lögvörn fram bera fyrir Hrafnkel.

Menn hlupu til búðar Hrafnkels og sögðu honum hvað um væri að vera.

Hann veikst við skjótt og kvaddi upp menn

sína og gekk til dóma, hugði að þar mundi lítil vörn fyrir landi; hafði hann það í hug sér að leiða smámönnum að sækja mál á hendur honum; ætlaði hann að hleypa upp dóminum fyrir Sámi og hrekja hann af málinu. En þess var nú eigi kostur. Þar var fyrir sá mannfjöldi að Hrafnkell komst hvergi nær; var honum þröngt frá í braut með miklu ofríki svo að hann náði eigi að heyra mál þeirra er hann sóttu; var honum því óhægt að færa lögvörn fram fyrir sig.

En Sámur sótti málið til fullra laga, til þess er Hrafnkell varð alsekur á þessu þingi.

Hrafnkell gengur þegar til búðar og lætur taka hesta sína og ríður í braut af þingi og undi illa við sínar málalyktir, því að hann átti aldrei fyrr slíkar. Ríður hann þá austur Lyngdalsheiði og svo austur á Síðu, og eigi léttir hann fyrr en hann kemur í Hrafnkelsdal og sest á Aðalból og lét sem ekki hefði í orðið.

En Sámur var á þingi og gekk mjög uppstertur.

Mörgum mönnum þykir vel þó að þann veg hafi að borist að Hrafnkell hafi hneykju farið, og minnast nú að hann hefur mörgum ójafnað sýnt.

Sámur bíður til þess að slitið er þinginu. Búast menn þá heim. Þakkar hann þeim bræðrum sína liðveislu, en Þorgeir spurði Sám hlæjandi hversu honum þætti að fara.

Hann lét vel yfir því.

Þorgeir mælti: „Þykist þú nú nokkru nær en áður?“

Sámur mælti: „Beðið þykir mér Hrafnkell hafa sneypu mikla er lengi mun uppi vera, og er þetta við mikla fémuni.“

Þorgeir mælti: „Eigi er maðurinn alsekur meðan eigi er háður féránsdómur, og hlýtur það að hans heimili að gera; það skal vera 14 nóttum eftir vopnatak.“

En það heitir vopnatak er alþýða ríður af alþingi.

„En ég get,“ segir Þorgeir, „að Hrafnkell muni heim kominn og ætli að sitja á Aðalbóli; get ég að hann mun halda mannaforráð fyrir yður. En þú munt ætla að ríða heim og setjast í bú þitt ef þú náir að besta kosti. Get ég að þú hafir það svo þinna mála að þú kallir hann skógarmann, en slíkan ægishjálm get ég að hann beri yfir aðra menn sem áður, nema þú hljótir að fara nokkru lægra.“

„Aldrei hirði ég það,“ segir Sámur.

„Hraustur maður ertu,“ segir Þorgeir, „og þykir mér sem Þorkell frændi minn vilji eigi gera endamjótt við þig. Hann vill nú fylgja þér þar til er úr slítur með ykkur Hrafnkeli, og megir þú þar sitja um kyrrt. Mun yður nú þykja við skyldastir að fylgja þér, er vér höfum áður mest í fengist. Skulum við nú fylgja þér um sinns sakir í Austfjörðu, eða kanntu nokkra þá leið til Austfjarða að eigi sé almannavegur.“

Sámur kvaðst fara mundu hina sömu leið sem hann fór austan og varð hann nú þessu feginn.“

Gekk hann þá „mjög uppstertur“ af þinginu, stóð hér. Ég vænti þess að hv. þm. hafi eigi getað greint neinn þann mismun á máli mínu er gæfi til kynna hvor stafsetningin notuð væri í útgáfunum.

Herra forseti. Ég fer nú að ljúka þessu í bili þó að margt sé enn ósagt sem ég mun koma að hér síðar þegar aðrir ræðumenn, sem bíða eftir því að taka hér til máls, hafa talað. Það er bara eitt atriði sem ég vildi víkja að í lokin. Það er sú staðreynd sem ég vildi benda á áður en ég fer úr þessum ræðustól, að það eru vissulega til margs konar setur í landinu. Orðið seta getur táknað vissa stellingu mannslíkamans, þ. e. a. s. þegar hann er hvorki lóðréttur, eins og hann er að jafnaði þegar hann stendur, heldur ekki láréttur, eins og hann er að jafnaði þegar hann liggur, heldur er það sú stelling sem maðurinn er í þegar hann situr á stól. Og ef stóllinn er með hallandi baki, þá er stelling líkamans mjög lík því sem stafurinn z er formaður. Aðrar setur eru til. Það er þráseta og þaulseta af því tagi sem hæstv. forseti Nd. hefur iðkað svo myndarlega hér í nótt. Hv. þm. eru stundum sakaðir um þaulsetu og þá er nú ekki átt við það að þeir sitji mjög lengi í stólum sínum hér í þingsal, heldur að þeir gefi of oft kost á sér til framboðs og að það skorti þar nægilega endurnýjun, og ekki skal ég nú alveg taka fyrir að það séu einstaka menn heldur þaulsætnir í þessari merkingu.

Svo er til önnur seta sem tíðkast hér á Alþ., og það er hjáseta. Hún kemur fyrir þegar einhver þm. fæst ekki með nokkru mögulegu móti til að taka afstöðu í einhverju máli, hvorki með því né móti. Þá heitir það að hann iðki hjásetu.

Enn er sú tegund setu hér á landi sem heitir herseta og hefur staðið í eina þrjá áratugi. Um þá setu hafa verið meiri deilur en um þessa z að vísu, og enn er til baráttufólk gegn þeirri setu eins og gegn hinni z-unni. Það fólk ætlar sér í Keflavíkurgöngu á laugardaginn kemur. Þessi seta var líka mikið rædd á Alþ. á sínum tíma. Þær umr. urðu nokkuð langar og ég geymi mér þær til síðari ræðu, en ætla að gefa aðeins sýnishorn af því hvað sagt var þá. Þá sagði Einar Olgeirsson, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég skal nú ræða þennan samning sjálfan og þau rök sem færð hafa verið fram fyrir honum. Ég vil geta þess út af því, sem hæstv. ráðh. sagði, að Atlantshafssáttmálinn veitti ríkisstj. rétt til að gera þennan samning, að það fer mjög í bága við það sem segir í Morgunblaðinu 22. mars 1949 um yfirlýsingu ríkisstj. Þá segir hann:

„Við skýrðum rækilega sérstöðu okkar sem fámennrar og vopnlausrar þjóðar, sem hvorki gæti né vildi halda uppi her sjálf, og munum því aldrei samþykkja að erlendur hér né hérstöðvar væru í landi okkar á friðartímum.“ Og síðar: „Er því allur ótti um það, að fram á slíkt verði farið við okkur ef við göngum í bandalagið, gersamlega ástæðulaus.“

Ég vil minna á þetta af því að þau rök, sem notuð hafa verið hér á landi s. l. 5 ár, hafa alltaf verið þau að það eina, sem íslendingar gætu verið öruggir með væri að ekki yrði hér herstöð á friðartímum. En grímunni var kastað þegar þessi hersamningur var gerður. Þá var herveldi Bandaríkianna látið tala.

Rökin, sem færð eru fyrir samningnum, eru þau að útlitið í alþjóðamálum sé svo alvarlegt og staða Íslands slík að nú verði að kalla her inn í landið. Svo framarlega sem menn ætla að fara inn á það að telja ófriðarástand í heim-

inum af því að styrjöld er í Kóreu, þá vil ég spyrja: Hvenær eru þá friðartímar? Síðustu 100 árin hefur varla liðið svo heilt ár að ekki hafi verið háður ófriður einhvers staðar í veröldinni af englendingum, frökkum, hollendingum, belgum eða öðrum nýlenduríkjum. Það hefur varla liðið svo ár að eitthvert þessara ríkja hafi ekki átt í árásarstyrjöld sem þau hafa komið af stað í Afríku eða Asíu eða annars staðar í heiminum. Þau hafa átt í árekstrarstyrjöldum út um alla veröld með þeim afleiðingum og með það í huga að drottna í veröldinni. Ég get vel skilið að hæstv. ráðh. geri sér ekki grein fyrir þessum staðreyndum sögunnar. Það er ekki svo langt liðið síðan hann skoraði á mig hér á Alþ. að nefna þó ekki væri nema eitt dæmi um að lýðræðisríki hefði nokkurn tíma framið árásarstríð, og ég var neyddur til að gefa honum tíma í mannkynssögu hér á Alþ. Það er nokkuð undarlegt að slíkir menn skuli finnast hér á Alþ. Það er eins og hann hafi ekki minnstu hugmynd um nokkurn skapaðan hlut af því sem gerst hefur í sögu mannkynsins síðustu aldirnar og geti ekkert lært af þeirri reynslu sem sagan hermir okkur hvernig þessi lýðræðisríki Vestur-Evrópu hafa brotið undir sig heiminn á síðustu öldum.

Það, sem nú er að gerast í veröldinni, er sá atburður að þjóðir, sem búnar eru að vera nýlenduþjóðir, sumar um aldir, eru að rísa upp og heyja sína sjálfstæðisbaráttu á sama hátt og við íslendingar. Svo framarlega sem þær hafa ekki eins góða aðstöðu og við höfðum, þá verða þær að heyja hana með vopnavaldi, eins og Bandaríki Norður-Ameríku urðu að gera þegar þau risu upp á móti bretum. Sagan síðustu 150 árin hefur verið saga um uppreisnir þessara nýlenduþjóða móti þjóðum Vestur-Evrópu og móti lýðræðisríkjum heimsins. Þessar nýlenduþjóðir eru að berjast fyrir því að ráða yfir sínum auðlindum, og við íslendingar höfum haft samúð með þessum þjóðum allan þann tíma sem við höfum barist fyrir okkar frelsi. Ef hv. alþm., sem nú eiga að dæma um þetta mál, hefðu gert sér far um að lesa erlendar fréttir og íslensk tímarit undanfarna öld, þá mundu þeir sjá að hjarta Íslands hefur ávallt slegið með þeim þjóðum sem barist hafa fyrir sínu sjálfstæði. Það hefur hver nýlenduþjóðin á fætur annarri risið upp á móti hinum voldugu menningar- og lýðræðisþjóðum Vestur-Evrópu, á sama hátt og íslendingar háðu sína sjálfstæðisbaráttu gegn dönum, og á sama hátt skiljum við að þessar þjóðir eru að berjast fyrir sínu frelsi og eru að því enn í dag. Og það, sem gerir þennan mun móts við það, sem gerðist fyrir öld, það er að þessar þjóðir eru stoltari í frelsisbaráttunni heldur en fyrr. Asíubúar eru að hrista af sér ok Vestur-Evrópu og Bandaríkjanna og koma til með að hrista það af sér þótt hæstv. utanrrh. reyni að hræða íslenska þm. með því hvað það sé ægilegt að asíubúar skuli vera að gera kröfu til þess að eiga þessar ríku auðlindir. Það er hins vegar skiljanlegt að sá utanrrh., sem sjálfur slakar til og afsalar réttindum íslendinga í þeirra sjálfstæðisbaráttu og yfirráðum yfir landhelginni, ávíti persa fyrir að heimta réttinn yfir auðlindunum í eigin hendur. Svo framarlega sem þau rök eiga að standast að nú séu ófriðartímar af því að þjóðir Asíu eru að varpa af sér kúgun Bandaríkjanna, þá má búast við ófrið alla þessa öld. Þjóðir Afríku, sumar, eru líka að rísa upp og þjóðir Suður-Ameríku eru að hrista af sér gullok Bandaríkjanna. Það verður haldið þannig áfram, jafnvel í heila öld. Það getur tekið áratugi fyrir þessar þjóðir að varpa af sér okinu, og eigum við íslendingar að telja að allan þann tíma skuli amerískur her vera hér á Íslandi.

Ég vil vekja eftirtekt á því, að svo framarlega sem þau rök, sem hæstv. ríkisstj. færir fram, eiga að standast, þá þýðir það að hér eigi að vera ameríkskur her um ófyrirsjáanlegan tíma á friðartímum. Hér var það greinilegt þegar hæstv. utanrrh. flutti sitt mál að það er trúaratriði fyrir honum að það sé óhugsandi að þjóðir eins og Bandaríkin, Bretland, Holland og Frakkland heyi árásarstríð, það sé útilokað. Þó eru ekki meira en tvö ár síðan Sameinuðu þjóðirnar lýstu Holland árásarríki. En staðreyndir koma þessu máli ekkert við því að það er trúaratriði að þessi ríki séu ekki árásarríki. Þetta eru rök sem ætlast er til að þm. fallist á — og fallist á með þeim forsendum að utanrrh. lýsi yfir að þó að Alþ. kæri sig ekki um að samþykkja samninginn, þá hafi ríkisstj. fullan rétt til að gera hann og ríkisstj. mundi gera hann þó að Alþ. felldi hann, m. ö. o. ríkisstj. tæki ekkert tillit til þess sem Alþingi segði, því að hún semdi við herveldi Bandaríkjanna og gæti gert það sem henni sýndist. Það er hins vegar ekki úr vegi að minnast á það um leið, þegar rætt er um það hvort friðartímar eða ófriðartímar séu, að Alþ. íslendinga hefur áður en ríkisstj. gerði þennan samning tekið sínar ákvarðanir einróma um hvað gera skuli þótt ófriðartímar væru að áliti Sameinuðu þjóðanna. Þegar Ísland gekk í Sameinuðu þjóðirnar, þá var það gert að meginskilyrði, með samþykki utanrmn. frá Íslands hálfu að Ísland væri ekki skyldugt til þátttöku í styrjöld sem jafnvel Öryggisráðið og þá stórveldin fimm væru sammála um að heyja. En í nál. utanrmn. segir:

Einna þýðingarmest ákvæðanna um skyldur og kvaðir er 43. gr. sáttmálans. Sú gr. áskilur meðlimum samningsrétt við Öryggisráðið um kvaðir samkv. gr., og leggur nefndin þann skilning í ákvæðið að engar slíkar kvaðir sé unnt að leggja á íslenska ríkið nema að fengnu samþykki þess sjálfs. Íslendingar eru eindregið andvígir herstöðvum í landi sínu og munu beita sér gegn því að þær verði veittar."

Hæstv. forseti. Ég læt máli mínu lokið í bili. En ég get ekki farið úr þessum ræðustól að sinni nema ítreka afstöðu mína til z og hersetu, og gegn hvoru tveggja mun ég halda áfram að berjast.

Vilborg Harðardóttir: Forseti. Þegar ég skoðaði lagafrv. hæstv. menntmrh., mál nr. 194, um setningu reglna um íslenska stafsetningu, þótti mér þar gert ráð fyrir fullþröngu úrvali manna í n. til að gera till., en þeir áttu allir að koma úr hópi sérmenntaðra manna í íslenskum fræðum. Þótt ég treysti mönnum í þeirri stétt til að gefa góðar ráðleggingar byggðar á sérkunnáttu sinni áleit ég hættu á að einmitt vegna sérþekkingarinnar kynni þeim að yfirsjást aðrir þættir tengdir þróun þjóðfélagsins almennt ef

þeir ættu einir að vera í ráðum og því væri heppilegra að þarna sætu einnig fulltrúar fleiri stétta. Hitt þykir mér aftur á móti jafnfráleitt, að menn, sem alls enga sérþekkingu hafa á íslenskum fræðum, ætli einir sér hér á Alþ. að setja þjóðinni stafsetningarreglur í krafti meiri hl. í þessum 60 manna hópi. Mætti hv. þingheimur í þessu sambandi reyndar minnast þess álitshnekkis er Alþ. beið fyrir rúmum þrem áratugum þegar meiri hl. þm. ákvað og samþykkti, hver væri rétt stafsetning forn, og setti í lög að ekki mætti gefa út bókmenntir okkar fornar nema með þeirri samræmdu stafsetningu, er þeir töldu rétta, og alls ekki með nútímalagi. Til allrar hamingju beindist gerræðið í það sinn að þeim er við kunnu að snúast og svara fyrir sig, Halldóri Kiljan Laxness rithöfundi sem vann að útgáfu fornbókmennta með nútímastafsetningu og hafði að sjálfsögðu ráðfært sig við ýmsa helstu menntamenn og gáfumenn og ýmsa bestu málfræðinga landsins sem veitt höfðu honum stuðning og ráð við þetta verk sem alþm. þá kölluðu orðrétt, með leyfi forseta, „að þýða Laxdælu á það mál sem úrhrak þjóðarinnar ber á vörum sér.“ Ekki er þetta svo sem í eina skiptið, því miður, sem máli og stafsetningu er ruglað saman. Fyrir slíkan misskilning hefur íslenskukennsla í skólum landsins löngum mátt líða er meiri tíma hefur verið eytt í að kenna stafsetningu en raunverulega lifandi málnotkun. Halldór Laxness segir sjálfur frá þessu máli í blaðagrein sem hann skrifaði á þessum tíma, 1941, og prentuð er í Vettvangi dagsins. Ég tek tilvitnun úr henni, með leyfi forseta, þar segir Laxness:

„Leyfist mér enn fremur að taka fram í sambandi við þessa útgáfu að ég álít það íslenskt landvarnarmál að sá sannleikur sé innrættur þjóðinni að mál fornrita vorra sé í meginatriðum það sem vér enn notum. En ef sú skoðun er viðurkennd að 13. aldar ritin séu í meginatriðum á því máli sem vér notum, nútímamenn, hlýtur bein afleiðing hennar að vera sú, að rit þessi eigi að gefa út með nútímastafsetningu handa oss. Rökrétt niðurstaða hinna, sem álíta fornritin ekki samin á sígildri íslensku, heldur gammelnorsk eða oldnordisk, hlýtur aftur á móti að vera sú að gefa bækur þessar út með hinni svokölluðu samræmdu stafsetningu (normalstafsetningu) sem upp var fundin af útlendum útgefendum þessara bóka, m. a. í þeim tilgangi, ýmist vísvituðum eða launvituðum, að afsanna að fornbókmenntir vorar væru ritaðar á íslenska tungu. Það var tilraun til að slíta fornbókmenntir vorar úr tengslum við Ísland og einkum íslenska siðmenning. Með því að gefa út Laxdælu með opinberri íslenskri stafsetningu hef ég viljað færa sönnur á að mál þessarar bókar sé íslenska, jafnauðlesin hverjum íslendingi, ungum og gömlum, eins og bókin væri skrifuð í dag, sígilt mál íslenskt og ekkert annað en íslenskt, en hvorki „oldnordisk“ né „gammelnorsk“. Þegar á hinn bóginn er talað um að fornrit vor skuli prenta með „samræmdri fornri stafsetningu“, eins og segir í skopfrv. því sem fram hefur komið á Alþ., þá er slíkt út í bláinn, með því að samræmd forn stafsetning er ekki til eldri en frá 19. öld. Hitt er hverju orði sannara, að stafréttar útgáfur fornritanna hafa einatt gildi fyrir málvísindamenn, en slíkar útgáfur eru torlæsilegar alþýðu manna. Normalstafsetningin, hin samræmda forna, á ekkert skylt við stafréttar útgáfur og er því hvorki vísindaleg né alþýðleg. Málvísindamenn líta ekki á slíkar útgáfur og almenningur er illfáanlegur til að lesa þær.“

Og enn svarar Halldór Laxness greinum í Tímanum og Alþýðublaðinu. Með leyfi forseta, fyrirsögnin er „Stafsetning enn“ og greinin er svo hljóðandi:

„Fúkyrðaausturinn út af stafsetningu heldur áfram. Seinast hafa blaðstjórar Tímans og Alþýðublaðsins tekið upp þráðinn þar sem Halldóri Guðjónssyni í Vestmannaeyjum sleppir, að þessu sinni vegna þess að ég skuli rita stjórnarráðsstafsetningu. Tilefnið er uppskrift sú með þeirri stafsetningu er ég gerði s.l. vetur af Laxdælu og nú er í prentun. Hriflu-Jónas hét mér þrælkunarvinnu í einum af sínum alkunnu menntunarleysisskrifum, það er tukthúsi fyrir að nota lögskipaða stjórnarráðsstafsetningu á bókinni. Hann talaði með fyrirlitningu um, að HKL væri nú farinn að spilla málinu með því að nota þá stafsetningu sem höfð væri „á bréfum stjórnarráðsins“. En þegar ritgerð hans var orðin að almennu athlægi í bænum lét hann koma á gang þeirri sögu í Tímanum að ég hefði ætlað að þýða Laxdælu, en orðið svo hræddur við tukthúshótunina að ég hefði hætt við það. Eitt veitist mér erfitt að skilja: Ef þessir dánumenn halda að ég skrifi eftir því hverju þeir hóta í dagblöðunum í það og það skiptið, þá ætti að vera tiltölulega einfalt fyrir þá að fá mig til að skrifa eins og þeir vilja, aðeins með því að hóta mér nóg. Þrælkunarvinna er sú refsing sem næst gengur lífláti. Jónas minn, hvernig væri að prófa næst að hóta mér morði, kæri vin?

Kannske er ég of skaplinur maður, en óneitanlega rennur mér til rifja að sjá gamla kunningja, menn sem voru þó einu sinni með sæmilegu ráði, vera að leita uppi öll andstyggilegustu meiðyrði tungunnar, öskrandi og froðufellandi, í dagblöðum landsins, ef ekki út af því að ákveðinn höfundur skrifar aðra stafsetningu en stjórnarráðsins, þá út af hinu, að sami maður skrifar stafsetningu stjórnarráðsins. Jónas frá Hriflu og Stefán Pétursson eru þó varla þau börn að halda að ég taki svo mikið mark á þeim að ég fari að stefna þeim. Og ég hélt að þeir ættu að þekkja mig allt of vel til þess að vita að fúkyrðaaustur er nákvæmlega hið ólíklegasta til að hafa áhrif á mig. Sú öld, sem kemur eftir okkur, mun dæma milli þeirra og mín, milli míns nafns og þeirra nafns. En meðan við lifum allir munu þeir hafa skapraunina, ég skemmtunina.

Með því að gefa út Laxdælu samkv. íslenskri stafsetningu hef ég viljað færa sönnur á að mál bókar þessarar sé íslenska, jafnauðlesin hverjum Íslendingi ungum og gömlum, eins og bókin væri skrifuð í dag, sígilt mál íslenskt og ekkert annað en íslenskt, en hvorki „oldnordisk“ né „gammelnorsk“. Það er þetta sem fyrirsvarsmenn hins norsk-danska málstaðar gegn íslendingum, eins og Jónas Jónsson, hafa leyft sér að kalla: „að draga fornbókmenntirnir niður í forina“. Vitaskuld hef ég ekki ráðist í þetta verk án þess

að ráðfæra mig fyrst við ýmsa helstu menntamenn landsins og gáfumenn og ýmsa bestu málfræðinga vora, þ. á m. dr. Jón Helgason prófessor við Kaupmannahafnarháskóla og dr. Sigurð Nordal prófessor við Háskóla Íslands, og hefur hinn síðari stutt mig að þessu verki með góðum ráðum.

Annars er krafan um fornbókmenntirnar með vorri stafsetningu ekki ný. Í grein eftir dr. Björn frá Viðfirði í Skírni 1907, þar sem þessi nafnkunni öndvegishöldur íslenskrar málfræði gerir að till. sinni að snúa fornum rithætti sem mest til nútímamáls á alþýðuútgáfu fornbókmennta, er m. a. komist svo að orði:

Brýna nauðsyn ber til að ryðja braut milli fornra og nýrra bókmennta og þau hamraströllin, er fyrst ber að leggja að velli á þeim vegi, eru þessar gömlu sérviskukreddur er dylja fornöldina augum almennings í fornu stafsetningarmoldviðri."

Og enn skrifar Laxness og nú um þá geðbilun sem fram fór á Alþ. um þetta leyti. Greinin nefnist „Hvað kemur næst?" — með leyfi forseta:

„Það sem hefur auðkennt síðustu Alþingi vor eru hin svokölluðu geðbilunarfrv. sem flutt hafa verið með Kleppsræðum, langhundum, blámennskuköstum og öðrum herfilegum látum til alþjóðarathlægis. Veturinn 1939—1940 var bandormurinn sálugi skrípamál þingsins og geðveikimál, en í þeim bálki voru ákvæði um ólíklegustu hluti, frá því að hafa reiðvegi meðfram akvegum og akvegi meðfram reiðvegum niður í ráðstafanir um menningarsjóð sem því jafngiltu að gera stofnun þessa að nokkurs konar þrælakaupmannastassjón í eyðimörku með dauða menn og vofur innanbúðar. Í fyrra snerist geðbilunin um að löggilda eina þrælakaupmannastassjón í viðbót undir nafni „viðskiptaháskóla", og fylgdi þeim málflutningi mikið af unaðslegri Kleppsræðumennsku og dýrlegir langhundar, sem enduðu á því að þingeyskur barnakennari, sem langaði til að leika Hitler hér í bænum, skrifaði leikrit í Tímann um rektor háskólans, dr. Alexander Jóhannesson.

Síðasta geðbilunarfrv. á Alþ. var það að banna að prenta sígildar íslenskar bókmenntir með löggiltri íslenskri stafsetningu, heldur skulu prenta þær með stafsetningu Wimmers frá þeim tímum að Íslendingasögur voru útgefnar í Danmörku til að sanna að þær væru ritaðar á „oldnordisk" og afsanna að þær væru ritaðar á íslensku. Var þessi danska 19. aldar stafsetning á Íslendingasögunum vatni ausin á Alþingi og hlaut í skírninni nafnið „Samræmd Stafsetning Forn", eins og þegar Don Quijote tók sápuskál rakarans og skírði hana með mikilli viðhöfn Riddarahjálm.

Hvað á nú að vera geðbilunarfrv. næsta þings? spyrja menn. Út af hverju megum við eiga von á Kleppsræðum, langhundum og blámennskuköstum næst? Þeir, sem gerst mega vita, segja að frv. muni vera í smíðum eða a. m. k. þurfi ekki að kvíða að á því verði nein tangarfæðing. Það kvað eiga að lögskipa ákveðinn móðurmálsframburð um land allt. Menn, sem kunnugir eru uppruna sams konar frv. á síðustu árum, telja sig ekki þurfa að gera því á fæturna hverju framburður sá verður líkur. A. m. k. mun ekki verða talið til lýta í þeim mælanda þótt hann verði í köflum dálítið sundurslitinn af kjöltri og kæmti. Þó mun verða lögfestur sérstakur „samræmdur framburður forn" þegar upp eru lesin rit á „samræmdri stafsetningu fornri" og verður þá stuðst við framburðarreglur Árna Pálssonar þegar hann fór að lesa upp fornsögur í útvarp og sagði hánum og vápn málfræðingum til mikils yndisauka.

Þegar búið verður að lögleiða þennan prýðilega framburð um allt land kemur röðin að göngulaginu, og munu nú enn verða saman skrifaðir miklir langhundar og haldnar þrútnar Kleppsræður. Verður brýnd fyrir þjóðinni nauðsyn þess að lögfest sé göngulag þess flokks hér á landi sem stendur að því leyti utan við íslenskt þjóðlíf og íslenska menningu að í honum hefur þrátt fyrir endalausa þrælakaupmennsku aldrei verið til neinn menntafrömuður né vísindamaður, varla einu sinni pokaprestur, enginn listamaður á neinu sviði, ekkert skáld né rithöfundur og yfirleitt enginn maður með fullu viti sem hefur getað haldið á penna. Með því að lögleiða göngulag þessara barna eyðimerkurinnar á að veita þeim nokkrar sárabætur fyrir þá hluti sem þeir hafa af náttúrunni verið öðrum íslendingum afskiptari, þeim er sögur fara af fyrr og síðar. Þá munu í lög um þetta verða sett ströng fyrirmæli um að menn gangi með „samræmdu göngulagi fornu" í grafreit þeim á Þingvöllum sem hlúir beinum hins ágæta höfundar þessarar vísu: „Illa er komið Íslending" o. s. frv."

Ég hef eytt nokkrum tíma í að segja frá máli Halldórs Laxness, vegna þess að það minnir um margt á það geðbilunarmál sem við erum að fjalla um núna, og eins lesið orð skáldsins, vegna þess að þau sýna og sanna að það er ekki stafsetningin sjálf, heldur málið og málnotkunin sem máli skiptir fyrr jafnt sem nú.

Málalok þessa leiðindamáls eru kunn. Hæstiréttur úrskurðaði að lögin brytu í bága við stjórnarskrá landsins, og atburðurinn varð Alþ. til ævarandi háðungar. Af þessu tilefni orti Steinn Steinarr þekkt kvæði sem ber nafnið „Samræmt göngulag fornt", grg. með samnefndu frv., og tel ég rétt að vitna í það hér núv. hv. þm. til viðvörunar, með leyfi forseta:

„Í því margs konar harki og umróti, er yfir stendur,
varð uppvíst því miður ei fátt um vorn þjóðrækniskort.
Sá menningararfur, sem oss var til varðveislu sendur,
er ekki hvað síst hið þjóðlega göngulag vort.

Það tengdi oss saman sem heild í hugsun og verki
og hafði að engu hvern nýjan og framandi sið,
það var stolt vort og dyggð, það var aðals- og einkennismerki
ónafngreinds stjórnmálaflokks, sem menn kannast við.

En guð sé oss næstur, það gerist margt hér á landi,
nú ganga menn uppréttir jafnvel um hábjartan dag.
Skal dotta í geðlausri deyfð sem á sama standi,
skal draga í svaðið hið íslenska göngulag.

Nei, aldrei skal takast þeim ættjarðarlausu
bjánum
að eyða þeim siðferðismætti sem hér stendur
vörð.
Álútir skulu menn ganga og hoknir í hnjánum
og horfa með stilling og festu á íslenska jörð.

Það er skylda hvers leiðandi manns á verði
að vaka
til verndar, ef þjóðlegt einkenni í háska er statt.
Ef Alþingi lætur nú mál þetta til sín taka,
má telja að til gagns hafi það verið saman kvatt."

Eins og fyrr getur er það frv., sem nú liggur fyrir framan okkur, ekki hið eina um stafsetningarmál sem fyrir þinginu liggur, og hefði vitaskuld verið langeðlilegast fyrir deildina að fá að fjalla um bæði samtímis, ekki síst þar sem samþykkt annars mundi í rauninni útiloka þá málsmeðferð sem gert er ráð fyrir í hinu. Er óskiljanlegt með öllu að meiri hl. allshn. skuli hafa vísað á bug samhliða afgreiðslu. Frv. hæstv. menntmrh. mundi, ef að lögum yrði, stuðla að ákveðinni festu í stafsetningarmálum, og eru áreiðanlega allir sammála um nauðsyn hennar, meira að segja z-liðið sem flutt hefur frv. á þskj. 140, eftir því sem segir í grg. þess, og hlýtur því að vekja furðu að þessir hv. þm. skuli ekki sjá að með samþykkt þessa frv. nú mundi opnuð leið til breytinga á stafsetningarreglum á hverju þingi að geðþótta þm. hverju sinni. Hljóta allir að sjá hvílíkum glundroða og vandkvæðum í starfi skólanna slíkt mundi valda, svo að ekki sé minnst á kostnaðinn við útgáfu námsbóka sem sífellt þyrfti að breyta til og frá. Hve stórt þetta dæmi er má marka af þeim upplýsingum Ríkisútgáfu námsbóka, að þótt ekki hafi verið breytt samkv. stafsetningarreglunum frá 1973 og 1974 þeim bókum sem ætla má að falli út á næstu 3—4 árum vegna endurskoðunar á námsefni, þá hefur nú þegar verið breytt stafsetningu á 35 kennslubókum og nær 100 nýjar kennslubækur hafa verið gefnar út með núgildandi stafsetningu. Og samkv. upplýsingum, sem fengist hafa, mun þetta samsvara því að um helmingur af úthlutunarbókum sé nú þegar með stafsetningu 1973 og 1974 og fjórðungur af öðrum bókum útgáfunnar. Ríkisútgáfan nær þó aðeins yfir grunnskólastigið og inni í þessu dæmi eru ekki íslenskar kennslubækur á hærri skólastigum. Hætt er við að kennarar eigi eftir að bregðast hart við því aukaálagi sem á þá er lagt með því að taka upp svona fyrirkomulag. Má minna á bréf stjórnar Sambands ísl. barnakennara frá 4. apríl sem dreift hefur verið hér á Alþ. Það er svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Stjórn Sambands ísl. barnakennara leyfir sér hér með að vekja athygli yðar á eftirfarandi till. sem samþykkt var á fundi stjórnarinnar 2. þ. m."
— þ. e. a. s. 2. apríl:

„Stjórn Sambands ísl. barnakennara beinir þeim eindregnu tilmælum til menntmrn. og Alþ. að halda fast við ákvörðunina um að fella z niður úr íslensku ritmáli. Rittákn þetta hefur alltaf verið óþarft í íslensku og engin málfræðileg rök hníga að notkun þess, eins og stafsetningarnefndin hefur sýnt fram á með ljósum rökum í grg. sinni. Stjórn Sambands ísl. barnakennara leggur áherslu á að gífurlega löngum tíma hefur verið eytt í að kenna z-reglurnar í efstu bekkjum skyldunámsins og í framhaldsskólunum, — dýrmætum tíma sem þarfara hefði verið að verja til raunhæfs málnáms. Stafsetningin er ekki málið sjálft, heldur búningur þess í riti. Með því að einfalda stafsetninguna að skynsamlegu marki er verið að gefa kennurum tækifæri til þess að sinna betur málinu sjálfu og notkun þess."

Þá hafa hv. þm. þegar heyrt hér bréf Árna Böðvarssonar, en ég vil þó til frekari áherslu endurtaka lok þess. Árni segir, með leyfi forseta:

„Af því, sem hér hefur verið rakið, tel ég mér skylt að vara eindregið við því að lögbjóða z í íslenskri stafsetningu eða taka aðrar skjótráðnar ákvarðanir um einstök atriði í búningi ritaðs máls, — ákvarðanir sem óhjákvæmilega hefðu í för með sér sterka andúð flestra nemenda í íslenskum skólum og sóun á mörgum starfsdögum allra íslenskukennara landsins öll skólaár sem þær væru í gildi, án nokkurs árangurs fyrir kunnáttu þjóðarinnar í móðurmálinu nema þá til að fæla menn frá því að skrifa það."

Z-menn hampa mjög í málflutningi sínum undirskriftum 100 manna, menntamanna og yfirmanna ýmissa stofnana, sem syrgja z-una. Þetta úrval undirskrifara er eins og hvert annað úrval og væri auðvelt að fá úrval annarra 100 manna eða 1000 af líkri gráðu eða öðrum sem mundu undirrita skjal með algerlega öndverðri skoðun. Má enda minna á í því sambandi að við skoðanakönnun í Félagi ísl. fræða kom í ljós að meiri hl. félagsmanna reyndist fylgjandi núgildandi stafsetningarreglum, og hefði z-málið verið tekið út sér hefði meiri hl. áreiðanlega orðið enn stærri. Þarna í hópi eru margir færustu málvísindamenn okkar og móðurmálskennarar. Vil ég nú — með leyfi forseta — vitna í ummæli nokkurra þeirra, sem birtust í Þjóðviljanum 17. júní í fyrra undir sameiginlegri fyrirsögn: „Íslensk tunga í samtíðinni." Dr. Jakob Benediktsson, sá mikli og viðurkenndi málvísindamaður, ritstjóri Orðabókar háskólans, segir m. a. svo, með leyfi forseta:

„Ég held þó að ofstopinn í garð Laxness á sínum tíma hafi verið mest út af réttritun. Það er undarlegt hvað stafsetning verður mönnum mikið tilfinningamál. Z er óþurftarstafur og ég er ákaflega feginn að vera laus við hana. Ritun z var merki um misskilin upprunasjónarmið og hún gerði málið ekki skiljanlegra. Z hefur stutta hefð í málinu, enda var hún ekki notuð frá 14. öld og fram á þá 19. með þeim hætti er síðar varð. Það var annað með y, því að þann staf reyndu menn alltaf að skrifa þótt misjafnlega tækist til. Og svo er sú röksemd, sem e. t. v. er veigamest, að það er löngu búið að fella z niður úr rithætti alls almennings með því að kenna hana ekki í barnaskólum. Því skyldu menn ekki gleyma, að stafsetning er ekki málið sjálft, heldur praktískt samkomulag um hljóðtáknun. Alþ. hefur einu sinni sett stafsetningarlög sem fjölluðu um rithátt á útgáfu fornrita og var stefnt gegn Halldóri Laxness, en með hæstaréttardómi var Halldór sýknaður og Alþ. gert ómerkt orða sinna og gerða. Þetta ætti að vera víti til varnaðar."

Asgeir Blöndal Magnússon cand mag., starfsmaður Orðabókar háskólans, segir svo, með leyfi forseta:

„Ég hef jafnan verið fremur andvígur z og raunar ýmsum fleiri atriðum sem tekin voru upp með stafsetningarbreytingunni 1929. Ég sakna því ekki z-unnar. Hins vegar gat það verið álitamál hvað koma ætti í staðinn, hvort menn áttu að binda sig við s eingöngu eða taka upp ts í tilteknum orðmyndum."

Finnur Torfi Hjörleifsson, langreyndur kennari á gagnfræðastiginu og menntaskólastiginu, segir svo, með leyfi forseta:

„Í endurskoðun námsefnis og kennsluhátta síðustu ár hefur orðið nokkur stefnubreyting. Námsskrár gera ráð fyrir aukinni kennslu í málnotkun. Enn situr þó að mestu við orðin tóm. Það er litlum vanda bundið að auka við námsskrár ákvæðum um nýtt efni. Miklu erfiðara reynist að skera niður úrelt, gagnslaust og jafnvel skaðlegt námsefni. Forheimskandi málfræði og óskynsamleg stafsetning stendur móðurmálskennslu fyrir þrifum, tekur tíma frá gagnlegu námi og mun halda áfram að gera það. Að sjálfsögðu ber að fagna allri viðleitni til að skera niður úrelt og skaðlegt námsefni. Niðurfelling z var þeirrar ættar. Að mínu viti hefði þurft að ganga mun lengra í að einfalda stafsetninguna, ganga t.d. í skrokk á tvöföldum samhljóða í stofni orða og í viðskeyttum greini. Við það hefði unnist dýrmætur tími."

Jón Böðvarsson cand. mag., menntaskólakennari, þrautreyndur móðurmálskennari í mörg ár, bæði á menntaskólastigi og gagnfræðastigi, nefnir ýmis dæmi um málfarslegan vanda sem tæknilegar og félagslegar aðstæður í samfélaginu valda og segir síðan, með leyfi forseta:

„Hér hefur verið staldrað við ýmsa váboða, en úr þeim vil ég þó ekki of mikið gera. Mér virðist menningararfleifð þjóðarinnar nægilega sterk til þess að vega hér á móti, einkum ef íslenskukennsla í landinu er með skynsamlegum hætti. Undanfarin ár hefur talsvert áunnist í þeim efnum vegna þess að menn, sem vit hafa á, hafa ráðið ferðinni og ýmsu breytt í skynsemdarátt. En þeir eiga furðu erfitt uppdráttar af ýmsum sökum. Sem dæmi nægir að nefna þessa alkunnu hörmungarstaðreynd: Þegar leggja skal aukna rækt við málnotkunarkennslu í stað z-reglna rísa upp alþm. úr öllum flokkum, sem eiga það eitt sameiginlegt að hafa enga heildarsýn yfir það sem verið er að framkvæma, og hyggjast með valdboði tryggja að áfram verði hismið látið skyggja á kjarnann."

Og Jón Gunnarsson mag. art., sem ég ætla að leyfa mér að fullyrða að sé einn mesti samanburðarmálfræðingur okkar núlifandi, lektor í málvísindum, hefur þetta að segja, með leyfi forseta:

„Það er einungis til einn mælikvarði sem máli skiptir um það hvort stafsetning hentar tungumáli vel eða illa. Stafsetning gegnir hlutverki sínu best ef hún er við það miðuð að tjá einungis þau hljóð sem málið byggist á, hvorki fleiri hljóð né færri. Það hlýtur því að teljast skref í rétta átt að z er horfin úr íslenskri stafsetningu, nema til séu einhver þau rök sem mæli sérstaklega með því að halda við þessum margumræddu bókstaf. Svo er að heyra á þm. 33 að slík rök séu til og er þá helst skírskotað til þeirrar hefðar í stafsetningu sem á komst 1929. Z-reglurnar, sem þá voru settar, eiga því ekki langa sögu, og vert er að minna þm. á að z-leysi í íslenskri stafsetningu á sér a.m.k. 600 ára hefð, svo að ekki þarf að amast við afnámi z þess vegna. Þm. vilja að börn okkar stafsetji" — nú kemur feitletrað: „í samræmi við uppruna og láti z þar sem tannhljóð hefur farið á glæ á undan s. Hræddur er ég um að þeim mundi vefjast tunga um tönn ef þeir ætla að fylgja þessari kröfu eftir með einhverjum röksemdum, því að hvað eiga þeir við með uppruna í þessu sambandi. Halda þeir að hann sé alltaf jafnljós? Það er a.m.k. víst að nokkuð skortir á að staffræðingunum 1929 væri uppruni orða eins ljós og þeir létu, og það er því miður staðreynd, að ekki er mikið um heilar brýr í z-reglunum þeirra. Og samt á að troða þeim í unglingana hvað sem tautar og raular, finnst verndurum málsins á Alþ. Hvers eiga blessuð börnin að gjalda?

Þegar ég var móðurmálskennari kom það fyrir að ég varð að gefa skynsömum og sjálfstæðum nemendum mínum heldur bágt fyrir þegar þeir glæptust til að halda að eitthvert vit væri í reglunum sem ég kenndi þeim og vildu stafsetja t.d. víz — vís, sess — sezz, — hvass — hvazz og beiskur — beizkur í samræmi við það.

Mikið er rætt um að móðurmál okkar sé í hættu og móðurmálskennslu beri að bæta. Ég held að lítil von sé til að unga kynslóðin fái aukinn áhuga á málinu svo lengi sem því er haldið að henni með þeim hætti sem hér hefur allt of lengi tíðkast. Hlutir eins og z-reglur, y-reglur og kommusetningarákvæði hljóta alltaf að bera vondan þef í nösum heilbrigðra unglinga og fæla þá frá vangaveltum um mál sitt fremur en laða þá að því. Hitt kynni að glæða áhuga nemenda, sem fallið hefur í stafsetningu, að vita að með honum hefðu einnig fallið þeir Snorri, Jónas og Kiljan og margir aðrir sem ekki eru beinlínis taldir hættulegir íslenskri menningu. Og hræddur er ég um að stafsetningin á handritunum okkar ætti þá heldur ekki upp á pallborðið.

Krafa þm. væri sjálfsagt sanngjörn ef þeir væru að beiðast þess eins að fá að skrifa z sjálfir þegar þá langar. En þeir fara fram á meira. Þeir heimta að þessum vandræðareglum sé áfram haldið að börnunum í landinu, og mætti ætla af málflutningi þeirra að hér sé um þvílíkt stórmál að ræða að með því standi íslensk menning eða falli. Mér finnst krafan fúlmennskuleg þegar ég hugsa til þeirra nemenda sem ég hef þurft að fella á prófi og skerða möguleika þeirra til meiri menntunar vegna prjáls á við z, y og kommusetningu. Z er vitaskuld fundið fé fyrir þá menntamenn sem vilja hreykja sér yfir aðra landsmenn, og hún er einnig eitt þeirra atriða sem vekja óverðskuldaða vanmetakennd gagnvart málinu hjá þorra almennings. Varla getur þm. þótt það heppilegt í lýðræðisþjóðfélagi að viðhalda atriði sem er jafnvel fallið til að auka á stéttaskiptingu. Og í því sambandi vil ég taka undir orð Jóhanns S. Hannessonar um hlut málfræðinga í þessum efnum. Málfræðingar hafa

ekki meiri hæfni en hver annar til að setja náunganum reglur um málnotkun, og ef þeir halda því fram eru þeir að villa á sér heimildir og færa sér hrekkleysi fólks í nyt. En verði z innleidd á ný vona ég að börnunum okkar gangi jafnilla að læra hana og áður, því að annars væri ástæða til að efast um heilbrigði þeirra.

Loks er hér málamiðlunartill. til z-liðsins: Leggjum niður s og skrifum z alls staðar. Þá sláum við tvær flugur í einu höggi: varðveitum z-una og kosti stafsetningarreglnanna nýju."

Þetta sagði Jón R. Gunnarsson.

Eftir þennan lestur er ekki úr vegi að huga að ummælum annars málvísindamanns, frægasta málfræðings okkar fyrr og síðar þótt nafn hans sé glatað. En þar á ég við höfund fyrstu málfræðiritgerðarinnar svokölluðu sem varðveitt er í Codex Wormianus af Snorra-Eddu og talin skrifuð um miðja 12. öld eða fyrr. Hún er fyrst í röðinni af fjórum málfræðiritgerðum í sama handriti og jafnframt elst. Ég hef hana hérna hjá mér, í ljósriti að vísu. En höfundur fyrstu málfræðiritgerðarinnar hefur eftirfarandi um z-una að segja, með leyfi forseta:

„Z. Hann er samsettur af deletu, ebreskum staf og settur er fyrir d, og af öðrum er heitir fate. Sjálfur er hann ebreskur stafur, þó sé hann í latínustafrófi og hafður, því að ebresk orð vaða oft í latínunni. Honum vísa ég heldur úr voru máli og stafrófi." Ég endurtek: „Honum vísa ég heldur úr voru máli og stafrófi, því að þó verða fyrir nauðsynja sakir fleiri stafir í þar en ellegar vilda eg hafa. Vil eg heldur rita þeim hinum fáum sinnum er þarf d og s."

Ég vil vekja ahygli hv. þm. á þessum ummælum elsta þekkta íslenska málfræðingsins, ekki síst þeirra hv. þm. sem vilja halda dauðahaldi í stafsetninguna frá 1929, en hún er í rauninni byggð á tilbúningi danskra málfræðinga á 19. öld, Rasks og fleiri ágætra manna, sbr. formála prófessors Jóns Helgasonar að Tveim kviðum fornum. Prófessor Jón segir m.a.:

„Íslendingar eru því vanastir úr bókum sínum að sjá fornaldarkvæði með annarri stafsetningu en nú er höfð. Að vísu er sú stafsetning tilbúin á 19. öld, ekki er nú meira að láta. Eigi að síður er hún góð og gild á sína vísu. Hún er studd vandlegum rannsóknum og hnitmiðuð af mikilli nákvæmni. Hún er gerð handa útlendingum sem vilja nema málið án þess að láta tefjast af margvíslegum ófullkomleik hinna fornu skrifara sem sjálfir töluðu þetta mál."

Og þar sem margt er í rauninni álíka óvíst um framburðinn og stafsetninguna er því fróðlegt að heyra, hvað meistari Jón hefur að segja um framburðinn í þessum sama formála, með leyfi forseta:

„En óbreyttur íslenskur lesandi nú á dögum hefur lítið við hana að gera. Ef hann fer að streitast við að lesa eftir henni mundi hann ekki einungis gera sig beran að afkárahætti, heldur lenda í ógöngum þegar í fyrstu setningu. Sumir halda að ef þeir segja ok og ek og mjök fyrir og og ég og mjög eða at og hvat og vatnit fyrir að og hvað og vatnið, þá sé komið fornmál, ég tala nú ekki um ef þeir segja líka maðr fyrir maður og vár fyrir vor. Róðu betur, lagsmaður. Ef þú heldur áfram að rugla saman i-um og y-um þá talar þú ekkert fornmál. Löngu eftir að allir voru farnir að segja og og mjög og að og vatnið og maður var ekki til sá vesalingur á öllu landinu að hann bæri rýður fram eins og ríður. Ef þú berð æ fram eins og nú er gert, þá talar þú ekkert fornmál. Þar átt þú að hafa e-hljóð og þó frábrugðið e-i, því að aldrei hafa orð eins og geta og gæta runnið saman. Ef þú berð orð eins og fætur og nætur fram með sama æ-i í báðum, þá er hæpið að unnt sé að segja að þú hangir í því að tala fornmál. Og umfram allt, ef þú kannt ekki að gera greinarmun á löngum samstöfum og stuttum, ef þú teygir þau hljóð sem ekki mátti teygja að fornu, þá ertu langar leiðir frá því að tala fornmál. Og þetta dregur meiri slóða en allt hitt, því að það hefur í för með sér að öll sú íþrótt, sem í fornum kveðskap er tengd við mismun dreginna hljóða og ódreginna, fer hjá þér fyrir ofan garð og neðan. Nei, vilji menn tala fornmál, þá dugir ekki neitt hálfverk. Þá verður heldur en ekki að taka til lærdómsins og bera allt fram að fornum hætti, og þá fer málið að vandast, því að sá lærdómur er ekki til í veröldinni að hann hrökkvi nándar nærri til. Menn þykjast vita í höfuðatriðum hvernig hljóðkerfi íslensks máls hafi verið á 12. öld (af því að fornar málfræðiritgerðir veita góðan stuðning og þó hvergi nærri nógan). En enginn er svo lærður að hann muni treystast til að lesa fornt kvæði eða sögukafla með framburði 12. aldar án vitundar um að ef maður frá þeirri öld mætti heyra mundi honum virðast kominn stamandi og málhaltur útlendingur. Svo að einungis eitt sé nefnt: engin vitneskja er varðveitt um tóna málsins, hvar farið var upp og hvar niður. Jafnvel hinn lærðasti má þakka sínum sæla að hann þarf ekki að ganga undir slíkt próf nema ef vera skyldi í eilífðinni (en þar getur hann þá gengið í tíma á undan). Og enginn þarf heldur að gera því skóna að þegar til að mynda skrásetjandi eddukvæða á 13. öld fór með þessi kvæði, hafi tungutak hans verið allt að einu sem skáldanna sjálfra, látum okkur segja á 9. eða 10. öld. Það er ekki háttur tungumála að standa í stað í þrjár eða fjórar aldir, þó að þess séu að vísu dæmi. Ef við svitnum við þá tilhugsun að eiga að fara í íslenskupróf hjá Snorra Sturlusyni, þá má vera að Snorri hefði líka mátt ókyrrast hefði hann átt að þola yfirheyrslu hjá Agli Skallagrímssyni.

Af því, sem nú hefur verið sagt, leiðir að við eigum engan skárri kost en lesa forn kvæði með þeim einum framburði sem við kunnum til hlítar, þeim sem við höfum alist upp við, nema auðvitað hreinsaðan af ósóma (það dugir ekki að segja: varði kvítan háls Völundur). Allt annað verður kák. Það er sagt að allt víravirki fornra hljóðfæra spillist, en við því verður ekki gert. Þess vegna er hér notuð nútíðarstafsetning og verða menn að láta sér nægja þá forneskju sem í henni er (hún er ekki neitt smáræði).

Hitt er jafnsjálfsagt og eðlilegt, að útlendir menn, sem þessi kvæði lesa, láti sér ekki koma til hugar að vera að elta ólar við íslenskan nútímaframburð, heldur búa sér til annan, lagaðan eftir því, sem menn vita framast um 12. aldar mál, en þessu fylgja engir táldraumar um að hann sé „réttur" nema til hálfs. Hann þokast aðeins

dálítið í áttina. Sumir skammsýnir íslendingar hafa stundum verið að fetta fingur út í þetta, en það er misskilningur; erindi þessara manna er að kynnast kvæðunum og skilja þau, en íslensk síðari tíma hljóðfræði liggur þeim í léttu rúmi, og ef þeir vilja stunda hana eru flestir aðrir textar betur fallnir. Þessi tilbúni samræmdi framburður er bróðir hinnar tilbúnu samræmdu stafsetningar sem enginn neitar að geti verið mjög hentug við byrjandakennslu.

En enda þótt stafsetning sé hér færð í nútímahorf er jafnframt haldið fast við að sjálfur textinn skuli óbreyttur í öllum greinum. Þetta er engin þýðing. Fornar endingar og beygingarmyndir eru látnar standa. Þær heyra þessu forna málstigi til og þeim getum við hæglega haldið þó að við kunnum ekki að stæla fornan framburð til neinnar hlítar. Eitt er að allt hljóðkerfi einhvers máls hnikist til og færist í nýjar skorður eins og orðið hefur í íslensku; annað er hvort ein og ein orðmynd hefur geymst eða hlotið að þoka fyrir annarri. Hér endar til að mynda 1. persóna þátíðar á a: ég hvessta, allt fram á 19. öld mun ég sagða, ég heyrða hafa verið til í mæltu máli. Hér er haldið myndunum Slagfiður, í þolfalli Slagfinn, og lukla, eignarfall fleirtölu af lykil; hvorug myndin getur verið okkur annarleg meðan við beygjum maður — mann og ketill — katla."

Ég ætla nú ekki að vitna lengra í meistara Jón, en dreg þetta fram til þess að sýna að margt gildir hið sama um stafsetninguna og framburðinn.

Það er rétt að minna hér á að z-reglurnar, sem upp voru teknar 1929, hafa fram á þennan dag í reyndinni aldrei verið kenndar nema hluta þjóðarinnar, þ. e. a. s. þeim hluta sem farið hefur í framhaldsnám. Má því segja með réttu að hér sé um eins konar yfirstéttarstafsetningu að ræða og vel við hæfi að það skuli einmitt helst hafa verið yfirmenn stofnana sem skrifuðu undir z-plaggið, en þeim og öðrum t. a. m. 33 þingmanna hópnum frá í fyrra, má benda á að ekki fyrirfinnst neitt það í lögum sem banni þeim að kenna börnum sínum einhverja heldri manna stafsetningu ef þeir vilja, þótt skólarnir kjósi stafsetningu alþýðunnar.

Ein af röksemdunum, sem z-liðið hefur fært fram máli sínu til stuðnings, hefur verið að með z-unni tækist betur að varðveita vísbendingar um uppruna orðanna og auka þannig málþekkingu almennings. En sé það eitthvað sérstaklega eftirsóknarvert að varðveita þetta atriði í stafsetningu, því þá ekki að hafa skrefið stærra og lögleiða um leið að ritaðar verði tvær gerðir af æ-i eins og gert er í hinni frægu samræmdu stafsetningu fornri, þ. e. a. s. samsett óe, t. d. í færi af fórum og samsett áe, t. d. í þræðir af þráður. Þetta gefur ekki síður og reyndar enn fremur vísbendingu um uppruna orða heldur en z-an, og legg ég eindregið til, að flm. frv. hugi að þessu og leggi sér hið fyrsta til þekkingu á uppruna orða með æ-i og jafnvel líka tvenns konar ö-i og temji sér rithátt samkv. því. Munu þeir þá enn um sinn, a. m. k. í eigin hugarheimi, geta risið hátt yfir sauðsvartan almúgann hvað stafsetningu snertir, því að enginn getur neitað því að mismunandi stafsetning eftir lengd skólagöngu kallar á aukna stéttaskiptingu, eins og starfsmenn Skólarannsókna benda m. a. á í sínu bréfi sem hér hefur verið áður lesið. En ég ætla að endurtaka það atriði til frekari áherslu, með leyfi forseta. Þeir segja um stéttaskiptinguna:

„Eðlileg þróun stafsetningar felst í einföldun. Megineinkenni þeirra breytinga, sem gerðar voru á stafsetningu með auglýsingu frá menntmrn. frá 4. sept. 1973, var einföldun gerð að ráði n. er skipuð var sérfræðingum og kennurum. Meðan reynt var að kenna ritun z í skyldunámsskólum tókst aðeins litlum hluta nemenda að læra það að gagni og miklum tíma og fjármunum var einnig eytt til einskis í þá kennslu í framhaldsskólum á kostnað þarfari viðfangsefna. Krafa um að ritun z skuli kennd í skólum og z skuli notuð í kennslubókum og opinberum plöggum felur því í sér kröfu um, að skólar og opinberir aðilar stuðli að menntunarlegri stéttaskiptingu í landinu, skiptingu í minni hluta, sem kann hina opinberu stafsetningu, og meiri hluta, sem ýmist kann hana ekki eða kærir sig ekki um að nota hana."

Og þeir segja enn fremur, með leyfi forseta: „Lög, sem fela í sér að z skuli kennd í skólum, mundu dæma meiri hluta nemenda í skyldunámi til að tapa í glímu sinni við viðfangsefni sem þeir hvorki geta né vilja tileinka sér."

Það mætti reyndar líka taka þá setningu með sem þeir benda á um glundroðann. Hún er svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Það hlýtur einnig að valda óánægju sem gæti valdið glundroða í starfi skólanna ef Alþ. samþykkir lög er fyrirskipa kennurum að kenna stafsetningu sem mörgum þeirra er þvert um geð að nota og þeir telja hafa skaðleg áhrif á árangur og áhuga nemenda sinna."

Eðlilega er það mönnum oft mjög kært, og ég skil það vel að þeim sé það ákaflega kært sem þeir hafa þurft að þræla mikið fyrir, stritast við að ná í sveita síns andlitis, hvort sem þar er um að ræða fjármuni, fasteignir, stöðu eða annað. Því læðist óneitanlega að manni sá grunur að ástæðan til fastheldni sumra z-liðsmanna nú sé a. m. k. að hluta til þessarar ættar, þeir sjálfir hafi átt bágt með á sínum tíma að tileinka sér fyrrum lögbundna notkun þessa umdeilda bókstafs og líti á það eins og hvert annað tap að þetta stöðutákn falli í verði með nýjum reglum. Og nú á að reyna að hækka gengi þess á ný. En það er mikill misskilningur hjá þessum mönnum að þeir geti ekki eftir sem áður ljómað í skyni umframþekkingar sinnar á þessu sviði ef þeir vilja. Það er nefnilega hvergi bannað að skrifa áfram z í eigin ritum, málgögnum eða þingræðum. Það eru aðeins skólabækur og opinber gögn sem skrifast verða með lögboðinni stafsetningu. Hitt er ekki annað en óbilgirni af þessum sömu aðilum, að ætlast til að til þess að þeir geti borið betur af öðrum skuli eytt dýrmætum tíma kynslóða skólanemenda í að læra óþörf rittákn sem engin málfræðileg rök mæla með, í stað þess að nýta meira af tímanum til raunhæfs málnáms. Og að ætla nú að breyta þriggja ára skynsamlegum reglum aftur til fyrra forms með valdboði frá Alþ. og gefa þannig það fordæmi að þessi stofnun geti að geðþótta breytt stafsetn-

ingu til og frá frá ári til árs tel ég glapræði sem seint verður bætt. Ég er þess enda fullviss að jafnvel þeir, sem fylgjandi eru fyrri rithætti og vilja halda honum sjálfir, bæði meðal undirritaranna 100 og þm. 33 og annarra, vilja ekki láta græða botnlangann í skólanemendur aftur. Þetta má Alþ. ekki gera, og skora ég á hv. þm. deildarinnar að fella þetta frv. og taka fremur til umr. fyrirliggjandi frv. hæstv. menntmrh. um framtíðarskipan á setningu reglna um íslenska stafsetningu.

Læt ég svo lokið máli mínu að sinni.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Við höfum nú verið að ræða hér á nokkuð löngum fundum þetta frv. sem hér er til umr. um íslenska stafsetningu sem hv. 9. þm. Reykv. er 1. flm. að, og verð ég nú að segja að nokkuð hefur það verið sótt af kappi að þetta frv. væri rætt og með helst til miklum hraða að mínum dómi. Ég held að þetta frv. sé þess eðlis að það væri nauðsynlegt að skoða miklu betur það efni sem í því felst. Sannleikurinn er sá, að jafnvel þótt það megi margt gott um efni þessa frv. segja og þó að það sé út af fyrir sig merkileg stafsetning sem fundin var upp árið 1929 og þá fest sem eins konar lög með reglugerð eða auglýsingu, eins og þá tíðkaðist, þá held ég að það sé, eins og nú er komið, ákaflega illa farið að flytja þetta frv. og ætla að fara að hverfa aftur til fyrri hátta í þessu efni.

Það hefur eðlilega og réttilega verið bent á að það sé mikils um vert að það riki festa í sambandi við stafsetningu, en ekki glundroði. Þetta er vitanlega alveg rétt, og ég hygg að þessi orð hafi fallið af hálfu hv. flm. þessa frv., og ég býst við að þeir hafi einkum notað þessi orð um það bil sem auglýsing var gefin út á sinni tíð, eða 1973, um afnám, og eins 1974, þegar ný reglugerð gekk í gildi um stafsetningu almennt. Þá var mikið talað um það að þetta mundi leiða til glundroða. En hitt er jafnvíst, að þetta eru þegar orðin lög, ef svo má segja. Það er búið að festa það að það skuli kenna í skólum landsins þá stafsetningu sem ákveðin var með auglýsingunni frá 1973 og 1974. Og ég verð að segja það, að það hlýtur þá að leiða til verulegs glundroða ef á að fara að hverfa aftur frá því, sem þá var ákveðið, og taka upp eldri stafsetningu og þvinga þetta upp á landslýð með löggjöf. Ef þetta leiðir ekki til glundroða, þá veit ég ekki hvað það er. Enda er það nú svo, að það hefur komið fram mikil andstaða og eðlileg gegn þessu frv., sem hér liggur fyrir, og gegn því, að það verði farið að hringla nú eftir tvö ár með stafsetningu á Íslandi. Þessi andstaða hefur auðvitað fyrst og fremst komið frá kennarastéttinni sem hefur það erfiða hlutverk að kenna börnum og unglingum réttritun eða stafsetningu. En þetta hefur einnig komið frá ýmsum öðrum. Ég efast um að hv. þm. hafi fyllilega gert sér grein fyrir því hvað hér er um að ræða og hversu margir það eru sem í reynd hafa áhyggjur af þessu meðal kennarastéttarinnar. Og ég kemst ekki hjá því að vísa til skjala sem ég hef hér í höndum og eru nýlega komin í mínar hendur og ég held að sé nauðsynlegt að kynna hér í hv. deild.

Ég hef hér t. d. meðferðis skeyti eða afrit af skeyti til menntmn. Ed. Alþ. Það mun vera sent 12. maí, þ. e. a. s. í fyrradag. Og með leyfi hæstv. forseta langar mig til að kynna þetta skeyti, sem hljóðar þannig:

„Við undirritaðir kennarar í Víðistaðaskóla, Hafnarfirði, lýsum okkur andvíga upptöku z í íslenska stafsetningu og treystum því að n.“ — þar er átt við menntmn. Ed. — „mæli gegn fram komnu frv. um z.“

Albert Már Steingrímsson.
Guðrún Halldórsdóttir.
Erla María Eggertsdóttir.
Jónína Ágústsdóttir.
Guðrún Petersen.
Ólafur Danivalsson.
Magnús Már.
Sigurður Óli Geirsson.
Sigrún Þórarinsdóttir.
María Eiríksdóttir.
Garðar Guðmundsson.
Hörður Zóphaníasson.
Rúnar Már Jóhannsson.
Jóhanna Harðardóttir.
Sigrún Arnórsdóttir.“

Þá hef ég einnig í höndum skeyti sem einnig er stílað til menntmn. Ed., og leyfi ég mér að lesa þetta skeyti, sem er stutt, með leyfi hæstv. forseta:

„Lýsum okkur andvíg upptöku z í íslenska stafsetningu. Treystum því að n. mæli gegn fram komnu frv. um z.

Kennarar við Lækjarskólann, Hafnarfirði.“

Og enn er hér eitt skeyti:

„Menntmn. Ed. Alþingis,
Alþingi, Reykjavík.
Lýsum okkur andvíg upptöku z í íslenska stafsetningu. Treystum því að n. mæli gegn fram komnu frv. um z.

Stjórn Kennarafélags Flensborgarskóla.“

Þessi skeyti segja sína sögu. Þau sýna það að starfandi kennarar hafa síður en svo áhuga á því að horfið verði til þeirrar stafsetningar, sem lögleidd var, ef svo má til orða taka, sem ákveðin var með auglýsingu ráðh. árið 1929 og gilti allt til ársins 1974. En það eru líka mörg fleiri bréf sem votta það að kennarastéttin hefur ekki áhuga á því að viðhalda z í íslenskri réttritun. Ég er hér með í höndum bréf sem er skrifað 4. apríl 1974, frá Sambandi ísl. barnakennara. Það bréf hefur verið kynnt hér, held ég, áður í hv. d., þannig að það er kannske óþarfi að ég sé að lesa það frá orði til orðs. En það er undirskrifað af Inga Kristinssyni, formanni stjórnar Sambands ísl. barnakennara, og þar leyfir stjórnin sér að vekja athygli á till. sem samþ. var á fundi stjórnar sambandsins 2. apríl 1974. Þar er þeim eindregnu tilmælum beint til menntmrh. og Alþ. að halda fast við ákvörðunina um að fella z niður úr íslensku ritmáli, og segir í þessu bréfi að þetta rittákn hafi alltaf verið óþarft í íslensku og ekki hnígi nein málfræðileg rök fyrir notkun þess, eins og sýnt hafi verið fram á af öðrum. Einnig segir í þessu bréfi orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Með því að einfalda stafsetn-

inguna að skynsamlegu marki er verið að gefa kennurum tækifæri til þess að sinna betur málinu sjálfu og notkun þess.“

Ég tel mjög mikilvægt að menn festi sér í minni þetta bréf sem komið er frá samtökum íslenskra barnakennara. Og ég verð að segja að það er dálítið undarlegt ef bréfi af þessu tagi hefur engin áhrif á skoðanamótun hv. þm. í máli sem þessu. Ég veit að það mundi a. m. k. hafa stórmikil áhrif á mig ef ég væri ekki þess sinnis sem ég er, ef slík álitsgerð bærist mér í hendur. Og sem sagt, mig undrar það að hv. þdm. skuli ekki hafa kynnt sér betur afstöðu kennarastéttarinnar í þessu máli og þeir skuli ekki láta það ráða afstöðu sinni hvernig hún lítur á þetta mál, því að vissulega hvílir þetta mál, kennsla réttritunar eða stafsetningar, hún hvílir langsamlega mest á kennarastéttinni, og það eru kennararnir sem vita best hvernig það er að kenna þessa stafsetningu eða kenna stafsetningu yfirleitt, og þá sérstaklega þá stafsetningu sem í gildi var um 45 ára skeið og allir viðurkenna og vita að var mjög erfið — flókin og erfið. Ég get sagt það til gamans að ég hef það eftir reyndum háskólakennara hér við Háskóla Íslands að það sé í hans deild um það bil helmingur þeirra kandidata, sem taki próf, sem sér virðist að hafi haft á valdi sínu að stafsetja rétt eftir þeim reglum sem giltu frá 1929—1974. Hann taldi að það væri um það bil helmingur kandidata sem hefði þetta á valdi sínu. Ég skal nú ekki fullyrða neitt um hvað rétt er í þessu, en þetta var hans skoðun. Og einkum taldi þessi háskólakennari að misbrestur hefði verið á því að stúdentarnir kynnu að fara rétt með z og hefðu gert það bæði á þann veg að sleppa z, þar sem hún átti að vera, og setja hana inn í orð, þar sem hún átti ekki að vera, þannig að það er jafnvel svo að þessi merkilega stafsetning, sem nú á að fara að lögfesta sérstaklega, getur tæpast talist vera lærðra manna stafsetning. Það er þá kannske miklu fremur að hún sé hálærðra manna stafsetning.

Fleiri gögn hef ég hér í fórum mínum, sem nýlega hafa borist hingað, sem sýna það augljóslega að mörgum ágætum manni þykir það síður en svo til bóta að ætla að fara að lögfesta hinar eldri reglur. Ég er hér t. d. með afrit af bréfi Árna Böðvarssonar cand. mag., en það bréf hefur þegar verið kynnt hér í deidlinni og er óþarfi að ég lesi það allt saman upp. En af ýmsu er þar að taka sem ég hygg að væri mjög hollt fyrir hv. þdm. að kynna sér, en því miður eru ansi fáir af þdm. staddir hér nú á þessum næturfundi, og er það í rauninni illt því að hér er verið að ræða mjög mikilsvert mál, og það hefði einkum og sér í lagi verið mikilsvert að hv. þdm. hefðu fengið aðstöðu til að kynna sér erindi Árna Böðvarssonar málfræðings. En sem betur fer er þetta bréf stílað til menntmn. Ed. Alþ., og fari nú svo mót von minni að þetta frv. gangi til Ed. og komi þar fyrir, þá er það þó a. m. k. bót í máli að þetta erindi Árna mun liggja fyrir d. eða a. m. k. fyrir menntmn. Ed., og kann að vera að þetta erindi ætti eftir að leiða þá, sem þar kunna að vera fylgjandi því frv. sem hér er til umr., til rétts skilnings á eðli þess og afleiðingum.

Ég hef nú rætt hér nokkuð um það, að það sé mjög óeðlilegt og hljóti að leiða til glundroða ef nú á að fara að breyta til um réttritunarreglur hér hjá okkur eftir að nýjar reglur hafa verið í gildi aðeins í tvö ár. Ég held, að menn hafi ekki gert sér fyllilega grein fyrir því hver vandamál stafsetningar eru almennt og hafa ætíð verið. Ég óttast því miður að hv. þdm. hafi yfirleitt ekki kynnt sér það hversu vandamál stafsetningar eru margvísleg. En þó er það nú svo auðvitað að kennarastéttin og ýmsir aðrir hafa hugleitt þetta bæði fyrr og síðar og menn hafa flutt um þetta erindi og ritað um þetta greinar, og ég held að það væri mjög nauðsynlegt að menn vildu kynna sér, þótt í litlu væri, nokkuð af því, hvernig menn hafa velt þessum málum fyrir sér.

Ég hef hérna meðferðis grein eftir Halldór Halldórsson sem nú er prófessor í málfræði við háskólann. Þetta er orðin nokkuð gömul grein, þetta er í rauninni erindi, prentað erindi, sem var flutt á þingi norðlenskra barnakennara 9. júní 1950 á Akureyri. Og í þessu erindi fer Halldór Halldórsson málfræðingur og nú prófessor almennum orðum um íslenska stafsetningu og nefnir þetta: Rabb um íslenska stafsetningu. Þetta erindi Halldórs Halldórssonar gefur góða innsýn í ýmislegt varðandi stafsetninguna eins og hún var þá og raunar um stafsetningu eins og hún er á hverjum tíma og þau vandamál sem fylgja stafsetningu og stafsetningarreglum, stafsetningarkennslu. Ég vil nú leyfa mér, hæstv. forseti, að fá að glugga dálítið í þessa grein og leyfi mér þá að að vitna til hennar beinum orðum og lesa upp úr henni.

Það segir svo í upphafi þessarar greinar:

„Eiríkur Sigurðsson kennari fór þess á leit við mig fyrir hálfum öðrum mánuði að ég flytti hér fyrirlestur um íslenska stafsetningu. Ég get ekki láð Eiríki að hann skyldi fara á fjörurnar við mig um þetta, því að mér er ógerningur að neita því að ég er nokkuð við stafsetningarmál riðinn. Ég hef um alllangt skeið stundað íslenskukennslu og þá um leið stafsetningarkennslu, og ég hef samið tvær bækur er varða íslenska stafsetningu. Ég ætti því að geta og get sagt ýmislegt um þetta efni, en þó er mér nær að ætla að Eiríkur hafi verið seinheppinn í vali sínu. Ef satt skal segja hefur mér alltaf virst árangur af stafsetningarkennslu minni ömurlega lítill.“

Þetta eru orð Halldórs Halldórssonar um árangur af kennslu sinni í stafsetningu, og var Halldór Halldórsson þó talinn með allra bestu kennurum. Og hann heldur áfram:

„Þetta hefur orðið til þess að ég hef e. t. v. hugsað meira um þennan þátt námsefnisins en aðra. Það er sagt að ýmsir merkir uppeldisfræðingar hafi verið misheppnaðir uppalendur. Ástæðan gæti verið sú að lélegur árangur í uppeldi barna þeirra hafi orðið þeim tilefni til spaklegra hugleiðinga er notagildi höfðu fyrir aðra sem lag höfðu á að hagnýta sér tillögur þeirra og vísdómsbendingar. Við skulum vona að ég sé undir svipaða sök seldur, þ. e. að ég geti leiðbeint öðrum á þessum hálu brautum þótt árangur af stafsetningarkennslu minni hafi virst mér lítill.

Mér hefur stundum dottið í hug, ef þunglega hefur sótt róðurinn í stafsetningarkennslu," segir Halldór Halldórsson, „hvernig ég hafi sjálfur lært stafsetningu. Þó að ég reyni af fremsta megni að rifja þetta upp fyrir mér er mér ógerningur að muna með nokkurri nákvæmni hvernig ég hef farið að þessu. Ég á enn nokkuð af stílabókum mínum úr barnaskóla og ég sé í þeim að þar eru fáar villur. Aðalvillurnar eru fólgnar í því að ég ritaði g í stað k eða d í stað t. t. d. taga, gada enda var ég alinn upp við þess konar framburð. Auk þess gætir nokkuð y-villna eins og eðlilegt er. N-villur sé ég þar yfirleitt ekki. En ég skal geta þess að fyrsti kennari minn í íslensku var óvenjulega vel menntaður kennari og miklu meira en það, því að hann var afburðakennari, einn af þessum fáu mönnum sem eru kennarar af guðs náð. Þessi maður var Hans Einarsson frá Guðrúnarstöðum í Eyjafirði. Einhvern veginn hefur Hans tekist að rista hinar torráðnu stafsetningarrúnir fastlega í huga mér. En ég man mjög óljóst hvernig hann fór að þessu. Þó minnist ég þess að hann lét okkur gera mjög mikið af endursögnum, en það mun ekki hafa verið neitt einstakt um hann, heldur almennt tíðkað um þessar mundir. Stafsetningaræfingar eins og nú tíðkast lét hann okkur aldrei gera.

Sigurður Guðmundsson skólameistari, sá mikli töframaður í kennslulist, reisti síðar á þeirri undirstöðu, er Hans lagði. Ég minnist þess stundum nú og brosi þá jafnan í kampinn að Sigurður tók sig stundum til, ef einhver hafði gerst illilega brotlegur við reglur um stafsetningu, og þuldi yfir okkur hinar margbrotnustu reglur um það hvar rita skyldi eitt n og hvar tvö. Gekk hann að þessu með þeim einstaka áhuga og þeirri makalausu elju sem honum var lagið."

Og enn segir Halldór Halldórsson: „Ég hafði að vísu mjög gaman af því hve skólameistaranum var hugleikið að við nemendur hans vissum skil á mjög torlærðum reglum hans. En ég hugsaði ávallt sem svo, að ég legði það ekki á mig að læra þetta. Þeir, sem gerðu villur af þessu tagi, hættu að gera það, en ég væri undanþeginn þar sem slíkt henti mig aldrei. Heilbrigðir þurfa ekki læknis við, hugsaði ég.

Oft hef ég hugleitt þetta síðan og alltaf komist að þeirri niðurstöðu að í rauninni hafi ég haft rétt fyrir mér. Nemandi, sem gerir n-villur, á ekki að læra n-reglur, vegna þess að reglurnar eru til þess að nemandinn læri hvar rita skuli eitt n og hvar tvö, en þær hafa ekkert gildi í sjálfu sér. Þær hafa aðeins hagnýtt gildi, en eru á engan hátt menntandi eða a. m. k. er hægt að finna margt annað sem miklu fremur er menntandi að læra. Samt iðraði mig þess síðar, en því ollu alveg sérstakar aðstæður sem ekki eiga við alla. Ég gerðist íslenskukennari og þá komst ég í kast við fjöldann allan af nemendum sem ekki höfðu átt því láni að fagna að njóta í bernsku tilsagnar slíks kennara sem Hans Einarssonar og þurftu á reglunum að halda, og þá öfundaði ég þá sem kunnu reglur skólameistarans. Þegar þetta gerðist kunni ég að vísu íslenska stafsetningu til nokkurrar hlítar, en ég kunni engar stafsetningarreglur og þá varð ég að byrja að læra þær."

Nú heldur Halldór Halldórsson áfram hér og hann spyr m. a. þessarar spurningar eftir að hafa rætt nokkuð um stafsetningarreglur og þá sálarkvöl sem þeim stundum fylgir. „En þá kynni einhver að spyrja: Er ekki unnt að koma fram með einhverjar breytingar sem orðið geti til bóta? Slík spurning er eðlileg og hún er meira en það. Við megum aldrei gleyma þeirri spurningu eða öðrum sem ganga í svipaða átt. Það er ávallt bráðnauðsynlegt að hafa hugann opinn fyrir nýjungum, jafnt í þessum efnum sem öðrum. Á hinn bóginn er einnig jafnnauðsynlegt að láta ekki nýjungagirnina hlaupa með sig í gönur, heldur vega og meta rök á báða bóga. Að þessu verður óbeint vikið síðar," segir Halldór Halldórsson í þessu merka erindi sínu, þar sem hann fer almennum orðum um stafsetningu og þá erfiðleika sem henni fylgja.

Nú er það svo að ég skal ekki lesa hér þetta allt saman, allt þetta erindi hér upp frá orði til orðs, en mun kannske aðeins vitna til einstöku setninga. Hann hefur á undangengnum blaðsíðum, sem ég hef nú flett yfir, viljað gera, eins og hann segir, ljósa örðugleika við stafsetningarnámið, og hann vill biðja menn að minnast þess að það megi fleira um það segja heldur en hann hafi þarna tínt til þó í nokkuð löngu máli sé. „Og niðurstaða mín," segir Halldór Halldórsson, „er í aðalatriðum sú, að námsefnið sé of þungt fyrir mikinn fjölda nemenda, og þó að segja megi að nokkur ávinningur sé að því að miða stafsetninguna svo mjög við upprunann, aðallega vegna þess að þá læra menn þó nokkuð í málssögu jafnframt stafsetningarnáminu, þá hygg ég að einsætt sé að breyta um stefnu, þ. e. færa stafsetninguna nær nútímaframburði með sérstakri hliðsjón af því hvort breytingarnar gera stafsetninguna auðveldari til náms og þá jafnframt til kennslu."

Ég held að það væri mjög hollt fyrir hv. þdm. að festa sér í minni þessi orð Halldórs Halldórssonar sem hann ritar árið 1950, fyrir 26 árum, þar sem hann segir að niðurstaða hans þá sé sú, þó að það sé ávinningur að því á ýmsa vegu að miða stafsetninguna svo mjög við upprunann, þá sé einsætt að það eigi að breyta um stefnu, færa stafsetninguna nær nútímaframframburði með sérstakri hliðsjón af því hvort breytingarnar gera stafsetninguna auðveldari til náms og þá jafnframt til kennslu. Ég tel að þetta sé mjög merkileg niðurstaða hjá Halldóri Halldórssyni og sýni það, að það er orðið langt síðan, það er orðið ærið langt síðan menn fóru að hugleiða í alvöru að það væri nauðsynlegt að breyta stafsetningunni frá 1929. Þetta gerist árið 1950 og þá eru aðeins liðin 21 ár frá því að stafsetningin frá 1929 var sett. Og þessar hugleiðingar Halldórs Halldórssonar frá 1950 eru allar í rauninni endurómur af því að menn hafa haft frá upphafi áhyggjur af þessum þungu stafsetningarreglum sem settar voru í lög, svo að ég noti það orð, — settar voru í lög árið 1929. Það er því engin furða og þarf engum að koma á óvart þó að þessum reglum hafi verið breytt eftir 45 ár, árið 1973 og 1974. Það þarf engum að koma á óvart þó svo hafi verið gert.

Þetta erindi Halldórs Halldórssonar er miklu lengra heldur en þetta. Ég hef aðeins drepið

hér á örfá atriði í þessu sambandi, en e.t.v. mætti vitna til margs annars sem stendur í þessu ítarlega erindi þó að ég geri það ekki að þessu sinni, a. m. k. ekki að sinni. En ég hef líka hérna við höndina aðra grein sem er skrifuð um svipað leyti, þ. e. a. s. árið 1949, og birtist í tímarit kennarasamtakanna, Menntamálum, og er rituð af gömlum manni austur á Seyðisfirði, má segja gömlum alþýðumanni, Sigurður Sigurðsson hét hann og stundaði kennslustörf fyrir austan lengi, hafði lært nokkuð, og þó að hann væri ekki út af fyrir sig lærður í íslenskum fræðum, þá hafði hann eigi að síður góða þekkingu á íslensku og reynslu sem kennari og m.a. af því að kenna móðurmálið. Það er fróðlegt að lesa þessar greinar þeirra Halldórs Halldórssonar og Sigurðar Sigurðssonar saman. Þarna eru tveir menn að hugleiða það sama. En Sigurður Sigurðsson ritar grein í Menntamál árið 1949 sem hann kallar „Rithátt íslenskunnar", og ég vil — með leyfi hæstv. forseta — vísa hér örlítið í þessa grein. Sigurður Sigurðsson segir þannig:

„Ég minnist þess frá æskuárum mínum að ég heyrði svo að orði komist um móðurmál vort að það væri lítt vandritað, orðin væru rituð eins og þau væru sögð. En þó að ummæli þessi séu ekki fjarri sanni ef ensk tunga er t.d. borin saman við íslensku að rithætti og framburði, þá hefur mér smám saman orðið það ljóst að íslenskan er allmjög vandrituð. Sú er reynsla mín í þessu efni. Þó að ég sé ekki lærður málfræðingur, rithöfundur eða stílsnillingur, þá hef ég fengist mikið við fræðslu byrjenda í málfræði og stafsetningu um hálfrar aldar skeið. Hef ég stuðst við flestar byrjendabækur í þessum efnum allt frá réttritunarreglum Halldórs Friðrikssonar til nýjustu kennslubóka í málfræði og stafsetningu. En þó að ég telji mig hafa grætt allmikið á þessum bókum, þá er ég langt frá því að vera fullnuma í stafsetningu móðurmálsins. Má það teljast léleg útkoma eftir 60 ára námsiðkanir þó að þær hafi verið í molum með köflum.

En hvers vegna er útkoman ekki betri en þetta?" segir þessi gamli kennari. „Algengt mun það vera að léleg útkoma eða árangur af fræðslu og notkun fræðslugagna sé að einhverju leyti sök þeirra sjálfra er við námið fást. Svo mun einnig hér. Um það ræði ég ekki. En með því að hér er einkum um sjálfsnám að ræða sem framhald af undirstöðufræðslu í Möðruvallaskóla á árunum 1893—1895 verður hér rætt um nokkur stafsetningaratriði með hliðsjón af fræðslugögnum þeim, sem ég hef notað, og þá einkum þau af þeim er núgildandi stafsetning er miðuð við. Ætlast ég til að spurningunni hér á undan verði óbeinlínis svarað í eftirfarandi athugasemdum."

Síðan fer hann ýmsum orðum um fræðslugögn sem hann hefur undir höndum, vísar til málfræði Björns Guðfinnssonar og ritgerðar eftir Magnús Finnbogason um stafsetningu móðurmálsins og leggur út af þessu og skrifar hér býsna langt mál um þetta og ber saman stafsetningu eins og hún var, eins og hann hefur kynnst breytingum, þeim breytingum sem orðið hafa á þessu á langri ævi hans. Þetta er ritgerð sem vissulega væri æskilegt að þm. kynntu sér vel, ein af þeim ritgerðum sem mundu auðvelda mönnum að kynnast því máli, sem hér er um að ræða, og þeim vandamálum, sem við er að stríða í sambandi við stafsetningu, stafsetningarreglur og stafsetningarkennslu. Finnst mér eðlilegt, að menn kynntu sér vel þessa grein. Ég hef lesið þessar tvær greinar mér til mikillar ánægju samtímis og orðið sýnu fróðari af því að kynnast viðhorfum manna sem hafa að ýmsu leyti ólíka þekkingu eða menntun á sínu sviði, en a. m. k. sama áhugann og komast að mörgu leyti að sömu niðurstöðu. Og þannig er það, að ef við flettum í gegnum rit kennarastéttarinnar, Menntamál, raunar öll þau mörgu ár sem þetta rit hefur verið gefið út, þá er alltaf meira og minna, næstum að segja árlega, fjallað um stafsetningarmálin, um þá erfiðleika sem það er að kenna stafsetningu og stílagerð, og það skín yfirleitt í gegn að þær reglur, sem settar voru 1929, hafa reynst erfiðar í kennslu of þungt námsefni, þannig að það hefur ekki verið möguleiki á því fyrir alla nemendur, þó að þeir væru annars sæmilegir nemendur, að tileinka sér það nám fullkomlega eða ná fullu valdi á stafsetningunni.

Í Menntamálum frá því í mars 1948 ritar Guðjón heitinn Guðjónsson skólastjóri í Hafnarfirði langa grein í blaðið eða tímaritið um réttritunarkennslu í barnaskólum og greinir frá kynnum sínum af þeirri kennslu á Norðurlöndum, eins og hún fer fram annars staðar á Norðurlöndum þar sem hann þekkti til, einkum í Svíþjóð og Danmörku, og það er augljóst af þessum greinum að réttritunarkennslan í barnaskólunum hefur tekið mjög mikinn tíma og verið kennurunum erfitt viðfangsefni og nemendunum sömuleiðis. Enda er það svo, eins og hefur verið margtekið fram í þessum umr., að stafsetningin frá 1929 var í reynd og að lögum, ef svo má segja, eins konar lærðra manna stafsetning. Hún var aldrei kennd í barnaskólunum. Það var ekki byrjað að kenna stafsetninguna að fullu, þ. e. a. s. z-reglurnar, — það var ekki byrjað að kenna þetta fyrr en kom upp í gagnfræðaskóla, og þetta eitt út af fyrir sig sýnir að þessar reglur, sem hv. flm. þessa frv. sem hér er til umr., vilja nú lögfesta að nýju, — þetta eru í raun og veru óhæfar réttritunarreglur, óhæfar stafsetningarreglur, því að það hlýtur að vera óeðlilegt að hafa hina lögbundnu stafsetningu svo þunga og flókna og erfiða að það þyki ekki möguleiki á því að kenna hana á barnaskólastigi. Það er algerlega óeðlilegt. Og ég held að flestir hafi verið farnir að koma auga á að þarna var maðkur í mysunni þegar stafsetningarreglunum var breytt 1973 og 1974.

Ég hef nú farið hér nokkrum orðum um afstöðu kennarastéttarinnar um þetta og bent á greinar og ritgerðir, sem sýna það að kennarar hafa haft áhyggjur af því hversu miklir erfiðleikar voru á því að kenna stafsetninguna og hversu mikill tími fór í það. En mig langar til þess að lesa hérna upp úr Menntamálum dálítinn skrýtinn samsetning sem heitir Stafsetningarbögur eftir Örn Snorrason kennara. Örn Snorrason hefur á langri ævi stundað barnakennslu og þ.á m. að kenna börnunum stafsetn-

ingu, og Örn hefur löngum haft sinn sérstaka hátt á því að kenna. Hann hefur víst oft fundið til þess að það var erfitt að festa börnunum reglur í minni, og hann hefur þá hér gert það að gamni sínu að setja saman það sem hann kallar Stafsetningarbögur og á að vera til þess að auðvelda nemendunum að læra stafsetninguna. Og ég ætla að lofa mönnum að heyra hvernig einn duglegur og ágætur kennari fer að þegar hann er að kenna börnum flóknar stafsetningarreglur, með leyfi hæstv. forseta, þetta eru aðeins örfáar vísur. Þær heita Stafsetningarbögur og hljóða svo:

„Ræ ég út á sérhljóðasæ
á sjálfri málfræðinni,
breiðir hafa brodd nema æ,
bara að ég þá finni.

Ge, gi, gí, gæ,
góða reglan engan villi,
ke, ki, kí, kæ,
kemst hér ekkert j á milli.

Efna, tefla, hafna, höfn,
hefna, skefla, kafna,
nefna, kefla, safna, söfn,
sofna, efla, dafna.

Gaman er að brjóta boð
sem berast mér í hendur,
ég ætla samt að setja j
í sækjendur og fjendur.

Upphafsstaf í Íslandshaf,
eins og kennir skólinn,
en laugardag með litlum staf
og líka blessuð jólin."

Og svo kemur síðasta vísan og hún er nú best af þeim öllum:

„Blessaður, sagði Bangsímon
og bauð mér kaffi,
það er aldrei ufsilon
á eftir vaffi."

Þetta voru Stafsetningarbögur Arnar Snorrasonar, og þetta eru ákaflega skemmtilegar og vel kveðnar vísur og hafa sjálfsagt verið börnunum mjög til gagns við þetta erfiða nám sitt. Ég efa það ekki að þetta hefur stórauðveldað börnunum að læra stafsetninguna eftir þessum ágætu vísum Arnar Snorrasonar. En þetta sýnir líka hvað kennararnir hafa orðið að leggja mikið á sig til þess að geta kennt börnum þokkalega þessa erfiðu stafsetningu sem gilti á þeim tíma þegar Örn orti þetta. Þetta var nákvæmlega þegar öld z-unnar stóð sem hæst, 1953, og sú stafsetning sem þá gilti yfirleitt.

Ég held sem sagt að það sé ekki til bóta að hverfa aftur til fyrri hátta. Ég held að það væri afturför, en ekki framför, að fara að taka upp þessa flóknu stafsetningu sem eiginlega öllum kennurum, má segja, ber saman um að hafi verið mjög erfitt að kenna og reynslan mun sýna að nemendur hafa átt erfitt með að tileinka sér. Þess vegna held ég að það hafi verið tímabært þegar þáv. menntmrh., Magnús T. Ólafsson, beitti sér fyrir því að breyta stafsetningarreglunum á árunum 1973 og 1974, og má segja raunar að þetta hafi verið vonum seinna. Eins og ég var að benda á áðan, þá ræddi Halldór Halldórsson þetta fyrir mörgum árum, að það væri full ástæða til þess að einfalda stafsetninguna, þannig að mönnum hefur lengi verið það ljóst að þetta var nauðsynjamál. Ég verð að segja það, að þetta frumkvæði þáv. menntmrh. var mjög þakkarvert. Hann átti þakkir skildar fyrir þetta frumkvæði um breytingu á stafsetningarreglum. Hins vegar finnst mér að það sé hið mesta óþurftarverk að fara nú að leggja það til að nú skuli aftur breytt til. Ég held að það mundi leiða til glundroða og hefur kannske þegar gert það. Þær umr., sem staðið hafa, hafa e.t.v. leitt til glundroða í þessu máli þegar, en alla vega er það ljóst að það mun leiða til fullkomins glundroða ef á nú að fara að skipta enn um, eins og kemur fram eða kom fram í bréfi Árna Böðvarssonar sem hér hefur verið lesið. Bendir hann á það að einhverrar andstöðu hafi gætt um tíma hjá hluta kennarastéttarinnar t.d. og e.t.v. hjá öðrum, en hann telur að þessi mótstaða, þessi andstaða gegn þessum nýju reglum, sem settar voru 1973 og 1974, sé nú hverfandi meðal kennarastéttarinnar og hjá ýmsum öðrum. Ég hygg að þetta muni rétt vera, enda er Árni Böðvarsson mjög vel kunnugur kennarastéttinni og sjálfur kennari. Þess vegna furðar mig á því að þeir hv. þm., sem flytja þetta frv., skuli flytja sitt mál af slíku offorsi eins og raun ber vitni. Ég get ekki látið hjá líða að láta í ljós undrun mína yfir því hversu ákafir þeir eru í þessum frumvarpsflutningi sínum, þannig að það má næstum óvenjulegt heita. Það er vissulega algengt hér að einstakir þm. hreyfa áhugamálum sínum og þeir fylgja þeim duglega eftir, en hins vegar er það ekki algengt hér í þinginu, að þm. fylgi frv. sínum eftir með offorsi og án þess að málið sé fullkannað og fullrætt.

Ég verð að segja það, að það er út af fyrir sig ekkert að sjá eftir því þó að Alþ. taki skorpur af og til um stafsetningarmál og um mál sem snerta íslenska tungu og um menningarmál yfirleitt, því að sannleikurinn er nú sá að þau mál ræðum við of lítið, og það er spegilmynd af áhuga þm. á þeim efnum hversu fáir hafa verið hér í kvöld og fram eftir nóttu við þessar umr. Og að ýmsu leyti verð ég að segja að menn hafa ekki sýnt þessu nægilegan áhuga almennt talað, heldur hafa þeir látið hina dugmestu og áköfustu af flm. þessa frv. leiða sig í hálfgerðar ógöngur í þessu máli og ekki verið nógu vel á verði fyrir ákafa þeirra og offorsi. Þykir mér miður að svo skuli hafa farið. En þetta sýnir einmitt hvað þm. eru lítið vakandi í ýmsum svona málum: menningarmálum, félagsmálum, kirkjunnar málum og ýmsu slíku. Það virðist vera nokkuð landlægur hugsunarháttur hér, því miður, á hv. Alþ. að þessi mál, ef á góma ber, þá séu þau einhvers konar sérviskumál tiltölulega fárra manna, en tilheyri tæpast þingmálum eða almennum landsmálum. Þetta tel ég mjög illa farið. En eigi að síður er þetta staðreyndin, og ég hef áður minnst á þetta atriði í umr. um önnur mál í vetur.

Ég hef verið að ræða um þetta frv. og bent á að það sé síst til bóta að fara að samþykkja það eða taka upp þær reglur sem þarna á að lögfesta, vegna þess að reynslan hafi skorið úr um það þau 45 ár, sem þessar stafsetningarreglur giltu, að þetta var ótæk stafsetning á íslenskri tungu og þetta var ekki annað en gáfuleg uppfinning lærðra manna eða lærðs manns, hvort sem fleiri en einn hafa staðið að því að búa til þessa stafsetningu eða ekki. Og reynslan skar úr um það þau 45 ár sem þessar reglur voru í gildi að það var erfitt að kenna þessar reglur og það var erfitt fyrir nemendur að læra þær. Því miður hef ég ekki við höndina neina vísindalega niðurstöðu á þessum fullyrðingum mínum. En ég hef þó grun um að það muni vera til rannsókn á þessum efnum, gerð fyrir nokkrum árum, en einhvern veginn tókst mér ekki að afla gagna um það, hygg þó, að þetta hafi verið gert. Ég skal ekki fara frekar út í það, en það hefði sannarlega verið fróðlegt að hafa það plagg í höndunum. En það, sem ég hef lesið mér til um þetta, og það, sem ég hef fylgst með um þessi efni, þá sannar það mér algerlega að þessar stafsetningarreglur, sem hér á nú að lögfesta og við þekkjum frá fyrri tíð, voru, eins og hefur verið margtekið fram, erfiðar og flóknar og þess vegna ótækar sem kennslugrein og sem lögbundin stafsetning á íslenskri tungu. Og ef ég man rétt úr bréfi Árna Böðvarssonar, þá segir hann það beinlínis að þessi stafsetning hafi verið svo flókin, svo lærð, að ýmislegt það fólk, sem ekki hafði aðstöðu til þess að læra hana, t. d. á skólabekk, hafi veigrað sér við að skrifa greinar eða skrifa opinber bréf. Sjá allir að ef slíkt er útbreitt meðal fólks, þá er þetta beinlínis stórhættulegt íslenskri menningu, íslenskri þjóðmenningu, ef við búum við stafsetningu sem er svo flókin og svo lærð að venjulegur alþýðumaður veigrar sér við að skrifa bréf eða skrifa grein af ótta við það að verða sér til minnkunar vegna vankunnáttu í stafsetningunni. Og þó kann svo að vera að þessir sömu menn séu vel ritfærir og vel að sér í máli og frásagnarmenn góðir.

Ég held því að við ættum að hafna þessu frv., sem hér er til umr. Ég held að við ættum að halda okkur við þær reglur sem settar voru með auglýsingu nr. 132 3. maí 1974, þar sem settar eru reglur um nýja íslenska stafsetningu og megingildi þeirrar stafsetningar er það að einfalda stafsetninguna, afnema z sem var ekki annað heldur en lærðra manna uppfinning og hefur í raun og veru ekkert hljóðgildi í íslensku, borin fram sem s, eins og allir vita, og er líkleg til þess hins vegar að rugla margan í ríminu um rétt og rangt í stafsetningunni. Ég hygg fyrir mína parta að það sé vel séð fyrir íslenskri stafsetningu með því að láta þær reglur gilda, sem finna má í þessari auglýsingu frá 1974, og það væri síst til bóta og raunar stórkostleg afturför ef við færum nú að afnema þessar reglur, en taka aftur upp vandræðastafsetninguna frá 1929.

Ég skal nú ekki að sinni, herra forseti, hafa þetta mál öllu lengra. Ég hef reynt að halda mig fyllilega við efnið í ræðu minni og ekki teygt lopann svo lengi að neinn þagi þurfi að vera af fyrir þingstörfin. En vissulega er margt ósagt enn um þetta mál og einkum er þó það ósagt að rekja viðburði síðustu ára nánar um þessi mál og þá alveg sérstaklega að rekja viðburði þessa vetrar í þessum efnum, þó að ég hafi minnst á það nokkrum orðum þar sem ég lagði þunga áherslu á að þetta frv., sem nú er til umr. hér, hafi verið flutt af offorsi. Það er kannske stórt orð, en ég nota það og með vilja, það hefur verið flutt af einstökum ákafa þannig að ég tel að óvenjulegt sé, og það hefði verið nauðsynlegt fyrir þingheim að kanna þetta mál miklu betur. Í rauninni er ég sannfærður um það og hef reynt að beita mér af alefli gegn því að þetta mál næði fram að ganga af því að ég hef sannfæringu fyrir því að þetta sé óþurftarverk.

Gils Guðmundsson: Hæstv. forseti. Enda þótt þingbekkir séu ekki ýkja-fjölsetnir um þessar mundir, þá langar mig til þess að leggja hér nokkur orð í belg og skal þó reyna að takmarka mál mitt og ræða um það efni sem hér er til meðferðar.

Það er í sjálfu sér ekki nýtt að deilt sé um stafsetningu á Íslandi. Stafsetning hefur lengi verið eitt af þeim málefnum sem bæði lærðir og leikir hafa látið sig allmiklu skipta og oft deilt um, stundum af miklu kappi og fjöri svo sem öllum er kunnugt.

Það, sem um er að ræða í sambandi við það mál sem hér er til umr., er það, hvort og með hverjum hætti Alþ. á að marka stefnu að því er varðar stafsetningu íslenskrar tungu. Á Alþ. að taka það verkefni að sér að setja löggjöf um þetta atriði, um þetta mikilvæga atriði, og hvernig á þá sú löggjöf að vera? Á Alþ. að fara inn á þá braut, sem ráð er fyrir gert í þessu frv., að ákveða með löggjöf í einstökum atriðum hvernig stafsetja skuli íslenskt mál? Eða á Alþ. á hinn bóginn að setja um það rammalög hvernig með þessi mál, stafsetningarmál íslenskrar tungu, skuli fara?

Fyrir Alþ. nú í vetur hafa legið tvö frv. um þetta efni, og ég vil ræða þau nokkuð saman, þar sem þau fjalla um sama málefnið og benda á tvær leiðir í sambandi við lausn þess. Það er í fyrsta lagi þmfrv. það sem hv. 9. þm. Reykv. og nokkrir aðrir hv. alþm. flytja um það hvernig íslensk tunga skuli stafsett í einstökum atriðum. Og það er á hinn bóginn frv. hæstv. menntmrh. þar sem gert er ráð fyrir ákveðnum reglum um það hvernig fara eigi að við ákvörðun stafsetningar íslenskrar tungu. Ég skal láta þess getið nú þegar í upphafi míns máls að ég er eindregið fylgjandi þeirri stefnu sem mörkuð er í frv. hæstv. menntmrh., að það eina, sem Alþ. eigi að gera í stafsetningarmálum ef það á annað borð getur þar um löggjöf, það eigi að vera þetta, að setja um það eðlilegan og skynsamlegan og hóflega rúman ramma hvernig standa beri að því að endurskoða og breyta gildandi ákvæðum um stafsetningu íslenskrar tungu. Hitt tel ég að mörgu leyti mjög varhugavert, og ég vil láta það koma

fram að ég efast um að það sé nægilega vel hugsað, þrauthugsað af hv. flm. og stuðningsmönnum frv. til l. um íslenska stafsetningu sem hv. 9. þm. Reykv. og fleiri flytja, — ég efast um að það sé þrauthugsað til hvers það getur leitt og til hvers það leiðir vislega ef sá háttur verður tekinn upp að ákveða með löggjöf frá Alþ. hvernig skuli stafsetja í einstökum atriðum íslenska tungu. Og mun ég koma að því síðar hvað ég hygg að af þessu geti leitt og af þessu hljóti að leiða.

Ég verð, áður en lengra er haldið, að láta í ljós nokkra undrun á því hver verið hefur málsmeðferðin hjá meiri hl. hv. menntmn. þessarar d. í sambandi við þau tvö frv. sem fyrir liggja um stafsetningarmál. Ég fæ ekki betur séð á nál. meiri hl. n. heldur en málin bæði, og raunar kemur það í ljós í bæði meirihluta- og minnihlutaáliti, að málin bæði virðast hafa legið mjög lengi hjá n. án þess að hún sendi þessi frv. til umsagnar eins einasta aðila, að því er séð verður. Ekki veit ég hversu oft hefur verið fjallað innan n. um þessi frv. hvort um sig, en svo virðist sem þau hafi legið hjá n. býsna lengi án þess að hafa verið send til umsagnar aðila, svo sem venja er, og því síður kemur það fram að menn hafi verið kvaddir á fund n. til þess að ræða um þau efni, sem frv. þessi taka til, og um þær tvær stefnur, sem þar er verið að marka. Svo sé ég ekki betur heldur en nú fyrir skömmu, — 10. maí eru bæði nál. undirituð, 10. maí koma fram nál. um annað þessara mála, þ. e. a. s. frv. hv. 9. þm. Reykv. o. fl., og svo virðist sem tækifærið sé notað þegar formaður n., hv. 1. þm. Norðurl. e., er fjarverandi, — þá er þetta mál afgreitt frá n., en hitt málið, mál hæstv. menntmrh., skilst mér að liggi þar enn.

Nú á allra síðustu dögum þings er verið að reyna að knýja þetta mál fram með nokkrum ákafa, svo að ég komist vægilega að orði. Hv. 1. þm. Norðurl. e., sem talaði hér á undan mér, sagði: „Með offorsi“, og við nánari athugun sýnist mér að það orð geti fyllilega staðist þegar tillit er tekið til þess hvernig allt er í pottinn búið og hvernig mál þetta er nú undir þinglok rekið áfram. Ég held fyrir mitt leyti að þetta sé ekki á neinn hátt viturleg málsmeðferð. Ég held að hv. alþm. ættu að gefa sér betra tóm heldur en þeir hafa gert til þess að kanna þetta mál nokkuð niður í kjölinn og þeir eigi ekki láta það eitt duga að hafa einhvern tíma á örskotsstund án þess að leiða hugann svo mjög að málinu, undirritað eitthvert plagg sem þeir telji sig síðan bundna af um alla framtíð í sambandi við afstöðu til þess máls sem hér er um að ræða. Ég held að ef menn gæfu sér verulegan tíma til þess að hlýða á rökræður um málið og ekki síst til þess að leggja það dálítið alvarlega niður fyrir sér til hvers samþykkt þessa frv. gæti leitt, þá kynnu þeir að breyta nokkuð um skoðun frá því sem þeir kunna að hafa látið í ljós, sumir hverjir e. t. v. án þess að hafa gefið sér nægan tíma til þess að brjóta þetta margslungna mál til mergjar og lesa það, ef svo má segja, niður í kjölinn.

Ég mun nú, án þess að lengja mál mitt um of, til nokkurs fróðleiks og til að auðvelda hv. þdm., þeim sem á mig hlýða væntanlega svona árla dags, svona snemma á nýjum vinnudegi, þá þykir mér rétt að rekja nokkuð sögu z-unnar í íslensku stafrófi án þess þó að fara út í hin smærri atriði, svo sem raunar kynni að vera tilefni til að gera nánar síðar ef svo vildi verkast.

Eins og ég sagði í upphafi, þá er það engin ný bóla og síst að lasta þó að umr. verði um stafsetningu íslenskrar tungu. Að vísu er stafsetning ekki annað en umbúðir, en þó mikilsverðar, og margt annað í sambandi við íslenska tungu er að sjálfsögðu öllu frjórra til umr. og líklegra til þess að alþm. geti almennt lagt þar einhvern verulegan skerf til mála heldur en e. t. v. í sambandi við það að setja reglur í einstökum smáum atriðum um stafsetningu. Þessar umr. um stafsetningu, sem nú hafa farið fram ná, að ég hygg, með nokkurra ára millibili og sjaldan með margra ára millibili um nálega hálfrar annarrar aldar skeið. Þær hafa m. a. leitt það í ljós, og að því mun ég færa rök hér á eftir, að það er allmikið vandamál að setja skynsamlegar og heppilegar stafsetningarreglur og það er ekki gert á mjög skammri stundu, fleygri stundu, þegar menn eru e. t. v. að hugsa um allt aðra hluti og gefa sér ekki tíma til að brjóta til mergjar aðalatriði stafsetningarmála. Þessar umr., sem ég mun nú rekja að nokkru, hafa oft verið málefnalegar sem betur fer. Stundum hefur þar að vísu gætt töluverðs hita og menn hafa flutt mál sitt af kappi, jafnvel í einstökum tilvikum meira af kappi en forsjá. En eins og ég mun leiða rök að, þá hefur það verið svo frá upphafi eða nokkuð á aðra öld, sem þessi umr. má segja að hafi farið fram, þá hafa verið afar skiptar skoðanir meðal okkar fremstu málfræðinga um það hvernig ýmsum ákveðnum þáttum stafsetningar skuli fyrir komið og á hvað skuli leggja sérstaka áherslu. Hafa einkum togast á tvö sjónarmið, þegar maður lítur á aðalandstæðurnar, annars vegar upprunasjónarmið og hins vegar framburðarsjónarmið, en allur þorri málfræðinga og áhugamanna hefur þó hallast að einhverri miðlun á milli þessara tveggja höfuðsjónarmiða í stafsetningarmálum.

Sex sinnum a. m. k. munu hafa verið gerðar umtalsverðar breytingar á íslenskri stafsetningu, þannig að þeim hefur ýmist verið komið á með nokkuð víðtæku samkomulagi manna, sem höfðu mikil afskipti af stafsetningarmálum sem kennarar, sem blaðamenn, sem rithöfundar og aðrir, eða þá með reglugerð sem stjórnarráð hefur gefið út og þá einatt að undangenginni misjafnlega víðtækri og misjafnlega rækilegri athugun og umsögnum málfræðinga um þær breytingar sem til greina þóttu koma og gerðar voru. Tvisvar held ég að óhætt sé að segja að gerðar hafi verið nokkuð alvarlegar tilraunir til róttækra breytinga á íslenskri stafsetningu og þá í þá átt að hverfa frá upprunastafsetningu og taka upp a. m. k. í stórauknum mæli framburðarstafsetningu eða eitthvað sem

mjög nálgaðist þá kenningu. Þessar tilraunir til þess að gera býsna róttækar breytingar á íslenskri stafsetningu hafa ekki náð fram að ganga. Þær hafa, ég verð að segja nokkuð eðlilega, þá hafa þessar tilraunir mætt mikilli andstöðu og ekki orðið vinsælar, og ég hygg að reynsla m. a. af þessum tilraunum hafi sýnt að það er skynsamlegt í stafsetningarefnum að fara hægt í sakir, það er skynsamlegt að viðhafa þar nokkra — mér liggur við að segja verulega íhaldsemi, og ég hika ekki við að fullyrða að í þessum efnum er þróun ólíkt affarasælli en bylting.

Það mun mega telja að með prentun Nýja testamentis Odds Gottskálkssonar, með prentun elstu prentaðrar bókar á Íslandi sem vitað er um með öruggri vissu, sé unnið brautryðjendastarf að því er tekur til stafsetningar íslenskrar tungu. Fyrirmyndin að þeirri stafsetningu, sem valin var á Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar, er að því er Jón prófessor Helgason hinn lærðasti maður um þessi fræði, sá sem ritað hefur merka bók um þýðingu Odds Gottskálkssonar og Nýja testamentis-útgáfu hans, hann telur að Oddur Gottskálksson og þeir, sem með honum unnu að útgáfu Nýja testamentisins, hafi byggt þar fyrst og fremst á stafsetningu ýmissa þeirra handrita gamalla sem þeir þekktu og höfðu undir höndum. Það er eitt aðaleinkennið á handritum okkar að þar hugsa ritararnir um það m. a. og ekki síður en fagran frágang að spara skinnið. Þetta hefur haft mikil áhrif á stafsetningu handritanna, og það hafði einnig áhrif á stafsetningu hinna fyrstu prentaðra bóka á Íslandi. Að því er tekur til z sérstaklega, þá segir Jón Helgason prófessor svo í bók sinni um Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar að notkun z sé þar nokkuð á reiki, og með leyfi hæstv. forseta kemst prófessor Jón Helgason svo að orði:

„Í Nýja testamentinu er z nokkuð notuð og þá oft í staðinn fyrir s, t. d. á eftir d eða t, bordz, brotz o. s.frv., en mjög sjaldan fyrir tannhljóð.“ Og hann bætir við að í rauninni virðist ekki nein föst og ákveðin regla gilda um rithátt z, enda hefur hún vafalaust verið borin fram sem s eins og í nútímamáli. Þetta mun þó mega telja upphaf þess að farið er að nota z í ritum sem lesin voru að einhverju ráði af íslendingum, þ. e. a. s. með Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar er z að vissu marki innleidd og þó á annan hátt en síðar varð og á þann hátt, að ég hygg, sem engum dettur í hug nú á dögum.

Á tímum Guðbrands biskups Þorlákssonar, hins mikla bókaútgefanda, gilti í meginatriðum svipuð stafsetning á hans ritum og á Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar, og er þá helst það frávik, að því er z-una varðar, að hún er e. t. v. enn þá meira á reiki í ritum hans heldur en nokkurn tíma í Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar.

Fyrsti maður, sem mun hafa gert tilraun til þess að semja stafsetningarreglur fyrir íslenska tungu, er sá merki fræðimaður Jón Ólafsson frá Grunnavík, sá maður sem fleira hefur unnið í íslenskum fræðum og á fleiri sviðum en margir hafa gert sér í hugarlund, og eitt af þeim sviðum, sem hann fékkst við, var stafsetning íslenskrar tungu. Þó er ekki ástæða til að dvelja lengi við stafsetningar- eða z-reglur þær, sem Jón Ólafsson frá Grunnavík vill viðhafa, þar sem þetta rit hans eða þetta uppkast að ritreglum komst aldrei á prent íremur en margt annað sem sá merki grunnvíkingur skrifaði, heldur lá það í handriti og vissu ekki aðrir um þessar ritreglur heldur en örfáir fræðimenn sem komust í handrit Grunnavíkur-Jóns. En Jón frá Grunnavík setur í þessum ritreglum sínum vissar reglur um z, þrengir þær reglur, ef reglur skyldi kalla, sem fylgt hafði verið áður, en tekur það alveg sérstaklega fram að hann telji þennan staf óþarfan og væri í sjálfu sér best að losa sig við hann.

Þá kem ég að þeim gagnmerka málfræðingi Rasmusi Krisjáni Rask, en um hann er það að segja, að hann kemur hér á eða reynir að koma hér á — og tekst það að allverulegu leyti — ákveðinni stafsetningu sem fylgt var að mestu um 30 ára skeið eða þar um bil. Ég sleppi ýmsum hinum smærri spámönnum sem rituðu um stafsetningu ef þeir hafa a. m. k. ekki fjallað sérstaklega rækilega um stafinn z, svo sem Eggert Ólafssyni sem ritaði um stafsetningu og hallast fremur að því að rita z fyrir st í miðmynd sagna, en sný mér að Rasmusi Kristjáni Rask og verð að dvelja ögn við hans framlag, ekki síst vegna þess að hinar ágætu ritreglur hans minna mig dálítið að einu tilteknu leyti á það stafsetningarfrv. hv. 9. þm. Reykv. og félaga sem hér er verið að fjalla um, og það er þá alveg sérstaklega fyrirsögn þessa lestrarkvers sem Rasmus Kristján Rask tók saman og Bókmenntafélagið gaf út, en það heitir Lestrarkver handa heldri manna börnum. Og það minnir mig í rauninni á það að frv. hv. 9. þm. Reykv. mætti gjarnan bera heitið „Stafsetning handa heldri manna börnum“. Það segir svo í þessu lestrarkveri Rasks og Bókmenntafélagsins að nota skuli stafinn z inni í orðum til þess að tákna samdrátt úr ðs, ds og ts þar sem borið er fram s. Þessar stafsetningarreglur Rasks og Bókmenntafélagsins komu út 1820 og giltu, ef þannig má til orða taka, eða við þær studdust ýmsir ritandi menn á Íslandi fram um 1850 eða þar um bil.

Þá kem ég að einhverri allra róttækustu, ef ekki róttækustu tilraun sem gerð hefur verið fyrr og síðar til þess að breyta íslenskri stafsetningu, og það er tilraun sú sem þeir Fjölnismenn með Konráð Gíslason í fararbroddi gera á sínum tíma. Eins og hv. alþm. hlýtur að vera kunnugt hóf ársritið Fjölnir göngu sína árið 1835 og fyrsti árgangur þess er að segja má í flestum efnum með þeirri stafsetningu sem Rask hafði lagt til og komið á að verulegu leyti árið 1820, eins og ég hef áður rakið. En þegar með 2. árgangi kemur Konráð Gíslason, sá snjalli og mikli málfræðingur, fram með kenningar sínar um mjög róttækar breytingar á íslenskri stafsetningu og vill fara miklu nær framburðar-

sjónarmiði og leggja í rauninni framburðarsjónarmið til grundvallar í meginatriðum þótt hann viðurkenni að það verði e. t. v. að víkja frá því í vissum tilvikum. Konráð Gíslason skýrir frá því hvað hafi í rauninni vakið sig fyrst til umhugsunar um þetta efni, að rétt væri að breyta mjög verulega íslenskri stafsetningu frá þeirri stafsetningu, sem Rask hafði lagt til með verulegum árangri að upp yrði tekinn, og til stafsetningar sem kalla mætti. framburðarsetningu. Hann segir að það, sem vakti sig til umhugsunar um þetta hafi verið ritgerð sem Árni Helgason stiftprófastur í Görðum birti í Ármanni á Alþingi árið 1832. Þar ræðir sá mæti maður, Árni Helgason, um framburð ýmissa stafa í lestri og telur eðlilegast að börn séu látin nefna þá eftir venjulegum framburði, þeim sem teljast megi almennan framburð og eðlilegan. Þannig eigi að nefna stafina c, k og q alla sem k, x og z í upphafi orðs eigi að nefna sem s, annars sem ks eða gs og ds eða ts, en raunar séu stafirnir x og z óþarfir stafir í málinu. Konráð segir frá því í nokkuð lengra máli, — ég hirði ekki um að rekja það svo frá orði til orðs, að þessi grein stiftprófastsins í Görðum, þess mæta manns, í Ármanni á Alþingi hafi orðið sér tilefni til rækilegrar íhugunar um íslenska stafsetningu almennt og hún sé í rauninni kveikjan að þeim stafsetningartillögum sem hann kemur nú fram með og eru einnig framkvæmdar á Fjölni þegar 2. árgangur ritsins kom út.

Eins og ég gat um áður, miðaði Rask sína stafsetningu fyrst og fremst við uppruna. Konráð Gíslason telur það afar hæpið og stundum raunar rangt og með öllu ógerlegt, auk þess sé á þeirri stafsetningu sá mikli agnúi að hún fylgi ekki þeim framburðarbreytingum sem gerst hafi í íslensku frá því í fornöld. Af þessum sökum leiði, eins og Konráð rekur í mjög glöggu og skýru máli, að bilið milli stafsetningar og framburðar breikki stöðugt. Konráð álítur slíkt vera öfugþróun hina mestu og þess vegna verði að spyrna þarna við fótum og reyna smám saman — hann vill ekki taka stökkið allt í einu — að færa stafsetningu íslenskrar tungu sem næst framburði.

Ég mun ekki fara mjög langt út í þessar reglur sem Konráð Gíslason leggur til og þeir Fjölnismenn reyndu að framkvæma. En svo fór að þeir urðu mjög fljótlega vegna andstöðu og raunar andúðar á þessum tiltölulega róttæku reglum að hverfa frá þeim og til annarrar stafsetningar sem um margt var lík þeirri stafsetningu sem Rask hafði mótað, og þó í einstökum atriðum nokkuð frábrugðin. Ég verð þó að geta þess, að í sambandi við þá stafsetningu, sem þeir Fjölnismenn vildu koma á, og reyndu að koma á, gætir, að því er málfræðingar telja, nokkurrar ósamkvæmni í stafsetningu úr því að þeir vilja hafa þá meginreglu að fara eftir framburði, en það stafar m. a. af því að Konráð taldi ekki rétt að stíga skrefið að fullu, fara alla leiðina í einu, heldur taka þarna áfanga að markinu.

Eitt af því, sem vekur nokkra athygli í sambandi við þessar róttæku tillögur Konráðs Gíslasonar, er það að hann vill útrýma y með öllu úr íslensku máli og leggur á það áherslu að þetta sé dautt hljóð, — það sé dautt hljóð í málinu sem þessi stafur tákni og i og í eigi að koma þarna í staðinn. Hins vegar vill hann í sumum atriðum halda z-unni eftir uppruna enda þótt hann viðurkenni að sjálfsögðu að hljóðgildi hennar sé löngu horfið úr framburði manna. Þetta hygg ég að hafi stafað af því, eins og ég áðan sagði, að Konráð vildi ekki fara of geyst af stað í fyrstu, enda sést það þá þegar á næsta árgangi Fjölnis, þ. e. 3. árgangi, þá færir hann stafsetninguna enn þá nær framburði heldur en þó hafði verið á 2. árganginum. En ég sé nú ekki ástæðu til að dvelja lengur við þessa tilraun, þó merk væri og gerð af einhverjum mesta málfræðingi okkar fyrr og síðar, þar sem þessi stafsetning Konráðs Gíslasonar var ekki tekin upp af neinum öðrum en Fjölnismönnum og þeir urðu sjálfir að gefast upp á því að halda henni til streitu.

Næst má segja að komið hafi sú stafsetning sem ýmist var kennd við Halldór Kr. Friðriksson yfirkennara eða kölluð skólastafsetningin, þar sem hún var, má segja, upprunnin í Latínuskólanum og kennd þar um langan aldur, þar sem Halldór Kr. Friðriksson var íslenskukennari. Það má í rauninni segja að þessi stafsetning hafi verið mótuð að nokkru af Konráð Gíslasyni og að nokkru af Halldóri Kr. Friðrikssyni og hafi þeir þar tekið mið af hvoru tveggja, upprunasjónarmiðinu og því framburðarsjónarmiði, sem Konráð hafði áður lagt megináhersluna á. Þessi stafsetning, sem kölluð hefur verið skólastafsetningin eða kennd við Halldór Kr. Friðriksson, hefur um z nánast þær reglur sem giltu hér allt frá því að z-an var tekin upp að nýju árið 1929 og fram að þeim tíma, fyrir þremur árum nú senn, að hæstv. fyrrv. menntmrh. nam hana úr gildi svo sem margrætt er, svo að um þessa z-reglu Halldórs Kr. Friðrikssonar þarf ég ekki að fara mörgum orðum. Það er í rauninni hún í stórum dráttum sem er komin hér afturgengin á borð þm. og hv. 9. þm. Reykv. ásamt fleirum vill innleiða á ný.

Róttæk tilraun var gerð til breytingar á íslenskri stafsetningu í átt til þess, sem Konráð Gíslason vildi á sínum tíma, þ. e. a. s. til framburðarstafsetningar, af Birni M. Ólsen, einhverjum snjallasta málfræðingi og norrænumanni sem við höfum átt. Eins og kunnugt er barðist hann mjög fyrir því að hætt yrði að skrifa bæði y og z þar sem hann taldi að þessi tákn væru algerlega úrelt og óþörf og ættu ekki lengur rétt á sér. Það mun hafa verið árið 1889 sem Björn M. Ólsen hélt fyrirlestur um stafsetningarmál í Hinu íslenska kennarafélagi og var þessi fyrirlestur birtur sama ár, en hann vakti þegar mikla athygli. Hann, Björn M. Ólsen, lýsti þeirri skoðun sinni að stafsetningarnýmæli Fjölnis og Konráðs Gíslasonar á 4. áratug 19. aldar hefðu verið merkustu stafsetningarnýmæli sem fram hefðu komið og langt á undan sínum tíma, og hann hefur um það þau orð, að þó að ekki hefði tekist þá að færa íslenska staf-

setningu í það horf sem Fjölnismenn vildu, þá ætti að vera komin sú reynsla á og tími til að fara að leggja fyrir róða óþarfa stafi og óþörf tákn í málinu. Hann, Björn M. Ólsen, segir að að vísu sé vaninn ríkur og e. t. v. þurfi að breyta stafsetningunni í áföngum, það sé skynsamlegt að gera fremur hægfara breytingar, nema — og það margundirstrikar þessi merki málfræðingur — nema þar sem um er að ræða bókstafi sem hafa ekki lengur neina stoð í framburði landsmanna, og á hann þar við stafina y, ý, og z, en hann vill útrýma þessum stöfum öllum úr stafsetningunni og rökstyður það mjög rækilega.

Í sambandi við athuganir sínar á íslenskri stafsetningu hafði Björn M. Ólsen beitt ég held mjög nýstárlegri aðferð, a. m. k. miðað við þá tíma, sem hann greinir rækilega frá í fyrirlestri sínum. Hann kannaði 200 íslenska stíla við *inntökupróf Latínuskólans* og komst að raun um að í þeim voru samtals 1008 umtalsverðar og afdráttarlausar villur miðað við skólastafsetninguna. Hann flokkar einnig villurnar eftir tegundum og kemst að þeirri niðurstöðu að af þessum villufjölda var langhæst prósenttala samruglingur á einföldu og tvöföldu i-i og í-i, og einna næst eða í þriðja sæti kom samruglingur á s og z. Einnig hafði Björn M. Ólsen athugað 200 aðrar íslenskar ritgerðir sem gerðar voru ýmist við burtfararpróf eða í efsta bekk skólans, þegar menn voru búnir að meðtaka allan þann lærdóm í íslenskri stafsetningu sem Lærði skólinn hafði að bjóða. Og þá kom í ljós enn þá greinilegar en í fyrri athuguninni, að y- og z-villur voru langalgengastar. Villurnar voru að vísu miklu færri en í fyrri athuguninni, en nú bar það algerlega af að þessar villur, y- og z-villur, voru langalgengastar. Af þessu dró Björn M. Ólsen þá lærdóma ekki síst að mikinn tíma mætti spara við stafsetningarkennslu ef þessir stafir væru látnir hverfa úr réttritun manna.

Þess má geta og er rétt að geta áður en ég hverf frá hinni merku tilraun Björns M. Ólsens til þess að breyta íslenskri stafsetningu, að annar af merkustu málfræðingum þessa tíma, Finnur Jónsson, skrifar ritgerð og raunar tvær ritgerðir um stafsetningartillögur Björns M. Ólsens, gerir nokkuð margar aths. við ýmsar af till. hans, er andvígur fáeinum þeirra, en tekur það alveg sérstaklega fram að um veigamestu atriðin, þ. e. a. s. um afnám y og z sé hann Birni M. Ólsen algerlega sammála. En það var eins og fyrri daginn, að menn voru andvígir þeim breytingum, sem þeim þóttu róttækar, á þessari tíð alveg eins og þegar Fjölnismenn komu fram með sínar hugmyndir, og till. Björns M. Ólsens, sem Finnur Jónsson studdi að verulegu leyti, náðu ekki fram að ganga eða neinni verulegri festu. Það voru aðeins örfáir rithöfundar sem tóku þær upp að meira eða minna leyti.

Síðan gerist það rétt um aldamótin eða aðeins fyrir aldamótin — ef ég man rétt 1898 — að nokkrir ritstjórar og rithöfundar undir forustu Jóns Ólafssonar og með öflugum stuðningi Björns Jónssonar ritstjóra Ísafoldar gera í nafni Blaðamannafélagsins tillögur um allmiklar breytingar á stafsetningu og höfðu áður en þeir gerðu þessar till. haft ýmsa mikilhæfa málfræðinga sér til ráðuneytis. Þessum ritstjórum, sem sjálfir voru bæði mjög málhagir menn og kunnu margt fyrir sér í stafsetningarmálum, voru til ráðuneytis Jón Þorkelsson rektor og Pálmi Pálsson latínuskólakennari, en hann mun þá hafa verið tekinn við íslenskukennslu í Latínuskólanum eftir Halldór Kr. Friðriksson sem þá mun hafa verið látinn eða hættur kennslu.

Um þær reglur, sem blaðamannastafsetningin svo nefnda lét gilda eða vildi láta gilda um z, er það að segja, að þeir komast að orði á þessa leið í sambandi við z-una:

„Z, eins og hún er tíðkuð, er óþarft nýmæli frá þessari öld (Rask). Z er óþekkt í fornmáli með þeim reglum sem nú tíðkast, heldur höfð fyrrum *alveg af handahófi*“ — og nefna þeir nokkur dæmi þess. En þó að henni væri haldið, þ. e. a. s. í blaðamannastafsetningunni, til samkomulags í þeim orðum og orðmyndum sem hún þykir vera hentug vísbending um uppruna orðsins, t. d. bezt, veizla, leizt, lízt, þá er hún alveg óþörf fyrir þeirra hluta sakir í hinum tilgreindu beygingarendingum sagnorða í miðmynd. Þar villist enginn á upprunanum, auk þess sem þessar beygingarendingar eru áherslulausar og því eðlilegast að tannhljóðið hverfi þar alveg án þess að neinar menjar þess haldist, alveg eins og r-hljóðið er látið hverfa gersamlega í sams konar dæmum: kallast, en ekki kallarst, snýst, en ekki snýrst. Loks eru þau hlunnindi af z-leysinu í þessum beygingarendingum að þar verður mörgum helst á að villast á henni.

Eins og þessi tilvitnun ber með sér, þá er það svo að þarna er z tekin upp að vissu marki og þó mjög takmarkað.

Blaðamannastafsetningin, sem svo var nefnd, gilti með nokkrum breytingum til ársins 1918, en þá er gerð á henni sú breyting helst að hafa hvergi é né z, heldur je í stað é og s í stað z. Það var árið 1918 sem stjórnarráðið setti reglugerð um stafsetningu og birti þá reglugerð í Lögbirtingablaðinu. En í rauninni var það blaðamannastafsetningin með þessari umtalsverðu breytingu sem þarna var staðfest með þessari stjórnarráðsreglugerð.

Þá er komið að þeirri stafsetningu sem og þeim reglum um allmjög breytta stafsetningu frá þessari blaðamannastafsetningu með breytingunni frá 1918 sem á var komið árið 1929. Aðdragandi er nokkur að því að sú breyting stafsetningar nær fram að ganga, og skal ég ekki þreyta hv. þm. á að rekja hann í einstökum atriðum, en vil aðeins á það benda að vissulega var sá maður ágætur í alla staði sem beitti sér sérstaklega fyrir þeim breytingum sem samþykktar voru eða ákveðnar með auglýsingum menntmrh. árið 1929, en sá maður var dr. Sigurður Nordal. Ég hygg að það hafi einna fyrst verið þegar hann gaf út lestrarbók sína í fyrsta sinn sem hann gerir nokkra grein fyrir því. Það er árið 1924 sem Lestrarbók Sig-

urðar Nordals kom út í fyrsta sinn, og hann gerir nokkra grein fyrir stafsetningu bókarinnar í formála og segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Stafsetning á bókinni er blaðamannastafsetning, sem enn er algengust á íslenskum bókum, með þessum breytingum: 1) einfaldur samhljóði er ritaður á undan d og t, d og k, sl, sk og st, á undan öðrum samhljóðum er ritaður einfaldur eða tvöfaldur samhljóði eftir uppruna. 2) Z er jafnan rituð þar sem uppruni vísar til. Hefur svo verið gjört í samráði við ýmsa málfræðinga í Reykjavík sem reynt hafa að koma sér niður á grundvöll stafsetningar er allir mættu við una. Munu tillögur þeirra bráðum koma fram."

Þessar till. komu síðan fram einna ákveðnast í tímaritinu Vöku sem gefið var út af ýmsum menntamönnum á árunum 1927—1929. Í fyrsta hefti tímaritsins ræðir Sigurður Nordal um þá stafsetningu sem hann og fleiri íslenskumenn telja rétt að taka upp. Ég sé ekki ástæðu til að rekja það nánar í hverju brtt. Sigurðar Nordals og samherja hans voru fólgnar þar sem segja má að þær hafi að meginstofni verið teknar upp í þá auglýsingu um nýjar stafsetningarreglur sem Jónas Jónsson, þáv. menntm. rh., gaf út 25. febr. 1929, en það eru þær stafsetningarreglur sem síðan stóðu allt þar til fyrrv. menntmrh., Magnús T. Ólafsson, gaf út hina margumræddu reglugerð sína um afnám z.

Ég mun nú ekki rekja þessa sögu z-mála öllu lengur, enda er ég kominn þar að leiðarlokum. Þessi saga ber það með sér að bæði fyrr og síðar hafa verið mjög skiptar skoðanir hjá hinum mætustu og mestu málfræðingum þessarar þjóðar um það, hvort eðlilegt væri og heppilegt að rita z eða ekki. Meginröksemd þeirra, sem barist hafa fyrir því að viðhalda z-unni, hefur verið sú, að með því fengjust ákveðin tengsl við hið heldra mál og hún benti til og leiðbeindi að vissu marki um uppruna orða. Meginröksemd hinna, sem verið hafa andvígir því að skylt skuli vera að kenna z í skólum, hafa verið í fyrsta lagi að z tákni ekki lengur sérstakt hljóð og í öðru lagi að allt of langur tími fari í það í skólum að kenna þennan staf sem ekki sé lengur nein ástæða til að halda í.

Ég hef sagt það áður í sambandi við þennan þátt stafsetningarmálsins íslenska, að það er alltaf álitamál hvenær á að gera breytingar á stafsetningu, jafnvel þó að viss rök hnígi að því að þær kunni að vera réttmætar og jafnvel æskilegar. Ég var ekki sannfærður um það á sínum tíma að það hafi verið brýn ástæða til þess að útrýma z-unni úr íslensku kennslumáli. Ég taldi að þýsna gild rök væru að vísu fyrir því að það ætti að gera og þá sérstaklega þau að óeðlilega mikill tími færi í ýmsum skólum landsins í það að kenna að skrifa z, í það að glíma við þennan staf sem ekki virtist nein sérstök þörf fyrir. En þrátt fyrir það er ég það mikill íhaldsmaður á þessu sviði og tel að veruleg íhaldssemi á stafsetningarsviði sé ekki aðeins réttmæt, heldur mjög æskileg, að mér þóttu þessi rök tæplega fullnægjandi á sínum tíma. Hins vegar verð ég að segja það, að eftir að þessi ákvörðun hafði verið tekin og vissulega byggð á veigamiklum rökum, þá tel ég það algerlega fráleitt að hverfa aftur á bak til z-unnar. Ég tel það versta kostinn sem nú er fyrir hendi.

Það liggur ljóst fyrir og hefur verið að sannast, að ég hygg ekki síst í gær og kannske í fyrradag, þegar almenningur vissi að hreyfing var komin á þetta mál og líkur til þess að það frv., sem hér er til umr., kynni að verða samþykkt, þá hygg ég að það hafi komið í ljós að það er veruleg andstaða meðal kennarastéttarinnar — mjög mikil andstaða meðal kennarastéttarinnar gegn þessu máli, og ég held að með tilliti til þess, þótt ekki væri annað, sé vægast sagt dálítið varhugavert að leggja slíkt ofurkapp á að gera þetta frv. að lögum nú á allra síðustu dögum þingsins, þegar auðséð er að ekkert tóm er til að ræða málið á þeim tíma þegar þm. telja sig hafa aðstöðu til að hlýða á málflutning, heldur eru nætur til þess notaðar og menn verða að tala yfir mjög fáskipuðum þingbekkjum.

Mín skoðun er sú að í sambandi við þetta mál eigi að setja rammalöggjöf, í meginatriðum líka þeirri sem hæstv. menntmrh. leggur til í frv. sínu. Ég er ekki þar með að segja að það kunni ekki að vera rétt að gera á því nokkrar breytingar og þá e. t. v. í þá átt fyrst og fremst að fleiri aðilar en þar eru nefndir fái tækifæri til þess að fjalla um stafsetningarmál áður en reglugerð verði sett sem breyti þeim efnum. Ég held að það sé ekki viturlegt, þegar alls er gætt, að naumur meiri hl., þótt hann kynni að vera til hér á þingi, knýi þetta mál fram nú á allra síðustu þingdögunum og í rauninni áður en þeir, sem verða að framkvæma þessa löggjöf, hafa fyllilega áttað sig á því hvað hér er raunverulega að gerast. Ég er sannfærður um að þetta frv. mætir mikilli og vaxandi andstöðu verulegs hluta kennarastéttarinnar, þeirra manna sem eiga að framkvæma það, þeirra sem eiga að kenna stafsetninguna, og það er ekkert efamál að það er engin aufúsugestur öllum þorra nemenda í íslenskum skólum. Ég held að þegar alls er gætt, þá höfum við annað þarfara að gera eða þeir, sem í skólum landsins sitja, nemendur og kennarar, heldur en strita við það að kenna með takmörkuðum árangri þennan þarflausa staf sem ekki kemur í stað neins sérstaks hljóðs íslensks máls.

Það hefur verið rakið hér fyrr í nótt að eitt sinn gerði Alþ. tilraun til að setja löggjöf um stafsetningu. Ég mun ekki endurtaka neitt af því sem þá var sagt. Það hefur verið rakið hér svo rækilega að við það er ekki í sjálfu sér neinu að bæta. En það vil ég segja, að sjaldan hefur Alþ. orðið sér svo augljóslega og rækilega til vansæmdar eins og í það skiptið. Þeirri löggjöf, sem þá var sett, var stefnt gegn Halldóri Laxness fyrst og fremst, mesta skáldi og ritsnillingi þjóðarinnar á þessari öld. Því frumhlaupi, sem meiri hl. Alþ. fór þá, var að vísu hrundið, og ég vænti þess að þegar hv.

alþm. nú gefa sér tóm til að átta sig á því máli sem hér er á ferðinni, þegar þeir hafa gefið sér tóm til þess að gera sér grein fyrir vísum afleiðingum þess ef samþykkt verður, þá verði þessu frumhlaupi einnig hrundið.

Hæstv. forseti. Að síðustu vil ég einungis segja þetta: Maður gæti vissulega skilið þann ákafa sem flm. þessa máls viðhafa í sambandi við að knýja það fram ef svo hefði verið að sú reglugerðarbreyting, sem fyrrv. menntmrh. gerði, hefði skikkað þessa flytjendur frv. til þess að breyta um stafsetningu, til þess að hætta að skrifa sína elskuðu z. En það var í sjálfu sér ekki þetta sem gerðist. Ég sé ekki betur en það hljóti að vera hverjum manni frjálst, sem ekki stundar skólanám, að skrifa sína z fram í rauðan dauðann í bókstaflegri merkingu orðsins. En það, sem flm. málsins vilja gera, er að skikka börn og unglinga til að læra z-una, þeir vilja skikka kennarastéttina til að taka á ný upp þá heldur lítið frjóu iðju að kenna z-reglur.

Þessu er ég andvígur, eins og ég hef áður sagt, og ég trúi því ekki fyrr en ég tek á að hv. Alþ. ætli að vekja upp þann draug sem þetta frv. vissulega er. Fari Alþ. nú að fyrirskipa stafsetningu með lögum, fari það inn á þá braut, þá er erfitt að sjá fyrir endann á því stafsetningarrifrildi sem bíður Alþ. á komandi árum og áratugum. Eða dettur nokkrum manni í hug að stafsetningarlög verði sett hér á Alþ. í eitt skipti fyrir öll og síðan uni allir glaðir við sitt?

Ég held að þrátt fyrir það þótt æskilegt sé og lofsvert að þm. hafi áhuga á málum eins og stafsetningarmálum, þá sé stafsetning íslenskrar tungu ekki meðal þeirra mála sem á að taka um ákvarðanir í einstökum atriðum hér á Alþ. Ég held að það væri engum til góðs ef það væri innleitt að það færi eftir þingmeirihl. hverju sinni hvort z vær lögboðin þetta kjörtímabil og s- og z-leysi hitt kjörtímabilið. Ég held að nokkru meiri festa fengist í þessi mál ef sú regla væri upp tekin í megindráttum sem hæstv. núv. menntmrh. leggur til í sínu frv. sem mér finnst vera ólíkt skynsamlegra heldur en það frv. sem hér er nú til umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Virðulegi forseti. Ég mun nú ekki komast þar með tærnar sem fyrri ræðumenn hafa haft hælana að því er snertir lengd ræðu, og kannske grætur það nú enginn. Ég hef áður lýst andstöðu minni við þetta frv. og greint ástæður fyrir þeirri skoðun minni að Alþ. beri ekki að setja ritreglur, og ég skal ekki endurtaka það sem ég hef áður sagt um þetta atriði. En því til viðbótar bendi ég á þær umr. sem hér fara fram. Ég held að enginn geti sagt að þær séu æskilegur efnislegur undirbúningur að ákvörðun um ritreglur fyrir íslenska skóla, að ákvörðun um stafsetningu íslenskrar nútímatungu, eins og segir í frv. því sem hér liggur fyrir. Fylgismenn frv. munu telja að langar ræður andstæðinga þess beri vott um fáheyrðan mótþróa og þráa, mótþróa gegn því að frv. nái að ganga undir atkv. og hljóta endanlega afgreiðslu hér í hv. d. og þá um leið á Alþ. því er nú situr. Þetta er nú bæði og. Það hefur nefnilega ekki sjaldan borið við að þingmál hafi stöðvast á síðustu dögum þingsins hreinlega vegna tímaskorts, vegna þess að sýnt þótti að umr. yrðu svo langar að ekki rúmuðust innan þeirra tímamarka sem Alþ. hafði sett sér hverju sinni. Ég man eftir ýmsum dæmum um þetta, ég sé ekki ástæðu til að fara að rifja þau upp hér. Ég held að flestir hv. alþm. kannist við þau. Það má þó auðvitað alltaf deila um hvort um nákvæmar hliðstæður sé að ræða eða ekki.

Andstæðingar frv. undrast hins vegar að forseti skuli freista að þoka málinu áfram með svo löngum næturfundi sem raun ber vitni. En einnig þetta hefur oft til borið og oft tekist, en ekki ævinlega. Ég ætla ekkert að hrósa þeim vinnubrögðum sem kölluð hafa verið í þingsögunni málþóf og mér finnst nú að hér sé um hönd haft og eins og ég vék að áðan hefur oft áður verið reynt og stundum hótað, og það hefur nægt til þess að stöðva málin. En hér er náttúrlega um engin einsdæmi að ræða. Hv. þm. geta verið alveg rólegir þess vegna og minnugir orðanna að nóg er nóttin. En sem sagt, þessar umr. virðast mér styðja þá skoðun mína og það mjög eindregið að það sé ekki æskilegt að Alþ. setji sjálft stafsetningarreglur í einstökum atriðum, hitt sé fremur ráð, að Alþ. leitist við að tryggja með skynsamlegri rammalöggjöf rækilegan undirbúning sérhverrar ákvörðunar um íslenska stafsetningu, um búning ástkæra ylhýra málsins í rituðu formi, og að Alþ. taki sér þá ákvörðunarvald um það hvenær leyfa skuli breytingar á stafsetningu þeirri sem notuð er á opinberum plöggum og í skólabókum, því að það er nánast það sem um hefur verið fjallað í reglugerðum og ætlast er til með þessu frv. svo og því frv. sem ég lagði fyrir.

Þetta síðast nefnda, þ. e. málskot til Alþ. um það hvort leyfa skuli breytingu, helgast m. a. af því að sérhver breyting kostar hið opinbera heilmikla fjármuni sem Alþ. hlýtur að hafa forgöngu um að afla, og koma þó margar aðrar orsakir til sem eru að mínum dómi þyngri á metum heldur en fjármálahliðin. Ég tel það meginmistök hjá hv. flm. og öðrum fylgismönnum þessa frv., sem hér er verið að ræða, og þá sérstaklega hjá meiri hl. hv. menntmn., hversu seint þetta frv. er afgreitt frá n. Af því leiðir auðvitað hvort tveggja, að málið kemst í hálfgerða sjálfheldu vegna tímaskorts hér í þinglokin, og svo hitt, sem mér finnst ekki síður alvarlegt, efnislega, að fjölmargir aðilar, sem þetta mál varðar sérstaklega, kennarar og málvísindamenn og auðvitað ýmsir fleiri, fá vart ráðrúm til þess að kynna alþm. viðhorf sín, hvað þá að hv. þm. fái sæmileg tækifæri til þess að brjóta ályktanir þeirra og ábendingar til mergjar, vega þær og meta í einstökum atriðum.

Ég tel að um viðkvæmt mál og vandasamt eins og það mál sem hér er rætt skipti það alveg meginmáli að um það sé fjallað rækilega og af þeim aðilum sem áhugasamastir eru, og þá ekki síst þeim sem starfa að framkvæmd viðkomandi ákvæða laga eða reglugerða og í þessu tilviki að framkvæmd móðurmálskennslunnar á hinum ýmsu skólastigum fyrst og

fremst. Ég er satt að segja dálítið undrandi yfir því að menntmn. þessarar hv. d. skuli ekki hafa séð ástæðu til að senda þetta frv. til umsagnar, svo sem títt er gert við ámóta kringumstæður og raunar einnig oft þótt um einfaldari mál sé að ræða heldur en þetta. En eftir því sem ég kemst næst, þá hefur málið ekki verið sent til umsagnar. Og ég hygg að einmitt þetta, að málið var ekki sent til umsagnar, hafi orðið til þess að margir áhugamenn um þessi efni hafi skoðað það sem vísbendingu um að þetta frv. yrði naumast tekið til fullnaðarafgreiðslu á þessu þingi og af því leiði svo það, a.m.k. að verulegu leyti, að margir hafa orðið höndum seinni að koma ábendingum sínum og aths. á framfæri við alþm. og menntmn. sérstaklega. Sést það m.a. á því, að það er fyrst þessa allra síðustu daga sem ýmsir aðilar eru að koma ábendingum sínum á framfæri, Samband ísl. barnakennara, þeir sem vinna í skólarannsóknadeild rn. o.fl., o.fl.

Mér sýnist að eins og málum er nú komið væri í sjálfu sér skynsamlegast að láta hér staðar numið við meðferð frv. hv. 9. þm. Reykv. o.fl. Á vissan hátt væri í rauninni kannske æskilegt að skera úr þeirri þrætu eða þeim ágreiningi sem upp hefur komið á Alþ. í þessu máli. Og ég skal viðurkenna það að um skeið hugleiddi ég það í fullri alvöru hvort það væri ekki réttast að stuðla að því að svo mætti verða, að úr þessum ágreiningi yrði beinlínis skorið með atkvgr. hér á hv. Alþ. En þegar hvort tveggja kemur til, hversu hæpið og ég vil nú eiginlega segja óeðlilegt það er að mínum dómi að Alþ. semji ritreglur og setningarfræði, ef svo mætti segja, og svo hversu örðugt er um vik að brjóta málið til mergjar með viðunandi hætti á þeim tíma sem nú virðist vera til umráða hér á hv. Alþ., þá held ég að það sé réttast að láta útrætt um þetta frv. að sinni. Ég hefði vel getað hugsað mér það að frv. hefði verið vísað frá með rökstuðningi eitthvað á þá leið að þar sem er liðið mjög að þingslitum, eftir því sem best yrði séð, og þröng á dagskrá d. og að hér virðist torvelt vegna tímaskorts að brjóta til mergjar einstök atriði frv. og svo þær ábendingar sem fram koma, þá væri sem sagt málinu vísað frá. En ég mun ekki flytja neina slíka till.

Ég álít að það hefði verið æskilegt að afgreiða frv. mitt um meðferð stafsetningarmálsins. Mér er auðvitað ljóst að til þess vinnst ekki tími úr því sem nú er komið enda þótt það frv. sé stórum einfaldara en þetta frv. sem felur í sér fjölmörg atriði um stafsetninguna sjálfa. En þó er það auðvitað liðinn tími að það sé hægt að afgreiða það á þeim dögum sem talið er að eftir séu af þinginu. En þá er þess að minnast að íslensk stafsetning er ekkert dægurmál, svo að þegar á allt er litið geta aðgerðir að skaðlitlu beðið *enn um sinn, beðið haustsins t.d.*

Þetta vildi ég nú láta koma fram hér við 3. umr. málsins.

Frsm. minni hl. (Magnús T. Ólafsson): Hæstv. forseti. Máske hafa einhverjir sýnt hér þráa, en ég vil nú, um leið og ég stíg í stól, ljúka lofsorði á það einstaka þolgæði sem hæstv. menntmrh. hefur sýnt að hlusta á þessar löngu umr. í þunnskipuðum sal. Ég vona að þótt þær máske valdi honum óþægindum og einhverjum fleirum — (Gripið fram í.) — það kemur síðar, — þá hafi þær þó a.m.k. að einhverju leyti verið fróðlegar og til þess fallnar að vekja áhuga. Ég veit með sjálfan mig að eftir að hafa hlustað á þessar umr. hér á næturþeli er ég ýmiss vísari um þessi mál sem mér var ekki kunnugt eða svo ljóst áður sem nú er orðið.

Ég ætla ekki að endurtaka neitt af því, sem hér hefur verið á drepið, eða útlista það nánar. Aðeins vildi ég lýsa enn á ný yfir fylgi mínu við frv. hæstv. menntmrh., sem ekki fékkst afgreitt úr menntmn. En ég á von á að það rísi úr þeirri glatkistu sem reynt var að setja það í eins og fuglinn Fönix.

Ég tel aðeins ástæðu til að ítreka það, að ég hefði talið það stefna í mikið óefni þýðingarmiklu máli hefði Alþ. með skjótum hætti og eftir tiltölulega litla athugun og íhugun brugðið á það ráð að hverfa frá langri hefð um meðferð stafsetningarmála og gerast sjálft semjandi stafsetningarreglna. Það hefði að mínum dómi verið til ills, bæði fyrir Alþ. og þó enn frekar fyrir þá, sem þurfa að læra stafsetninguna, og þá, sem þurfa að kenna hana.

Ég vil svo, hæstv. forseti, leggja hér fram brtt. við það frv. sem fyrir liggur, 115. mál. Þessi brtt. er borin fram af mér og hv. þm. Ingvari Gíslasyni og hljóðar svo:

„Við 2. gr. Greinin falli niður.
Við 3. gr. Greinin falli niður.
Við 4. gr. Greinin falli niður.
Við 5. gr. Greinin falli niður.“

Eftir stæðu af frv. að þessari brtt. samþykktri 1. gr. og 6. gr. og er þá í frv. fólgin almenn regla, en ekki stafsetningarreglur með lagasniði.

Ég leyfi mér, hæstv. forseti, að leggja þessa brtt. fram og óska að afbrigða verði leitað. (**Forseti:** Óskar hv. ræðumaður að afbrigða verði leitað fyrir till. áður en hann heldur áfram ræðu sinni?) Já, *ég* óska þess að till. liggi fyrir til umr. áður en umr. er haldið lengra.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Þar sem ljóst er að ekki er nægilegur fjöldi þm. á fundi til þess að veita afbrigði, þá vil ég gefa hv. þm. kost á því að nú verði nokkurt fundarhlé, þannig að hann fái tóm til þess að afla fylgis við þau afbrigði. Fundinum verður nú frestað í hálftíma. — (Fundarhlé.)

Frsm. minni hl. (Magnús T. Ólafsson): (frh.): Ég endurtek ósk mína um að sú till., sem ég hef borið fram skrifl., megi koma til atkv. og um það verði leitað afbrigða og umr. frestað þangað til þm. taka að gegna þeim þingmannsskyldum sínum að mæta á fundi. (**Forseti:** hefur hv. þm. lokið ræðu sinni?) Ég vil fresta ræðu minni. (**Forseti:** Ég hef ekki gefið hv. þm. heimild til að fresta ræðu sinni einu sinni enn. Það *hefur verið gert æðioft við þessa umr.*) Ég hafði lýst því yfir þegar á fyrri fundi að ég óskaði eftir að halda áfram ræðu minni eftir að — (**Forseti:** Vill ekki hv. þm. tala úr ræðustóli?) Velkomið. Ég hafði óskað eftir að afbrigði fengjust fyrir þeirri till. sem ég flutti og síðan mundi ég halda áfram ræðu minni. (**Forseti:** Það er alsiða, eins og hv. þm. veit, að afbrigða sé leitað ef unnt er þegar nægilegur fjöldi þm. er í salnum, og alsiða, að umr. sé haldið áfram um mál þegar svo stendur á að einhver örlítil bið sé á

að hægt sé að leita þeirra afbrigða. Með því að ég hef gefið hálftíma fundarhlé nú til þess að hv. þm. gefist kostur á að láta gera þm. aðvart, eins og ég sagði áður en ég frestaði þessum fundi, þá gefst hv. þm. nú kostur á að ljúka þessari ræðu sinni. Það er alveg ljóst að þessara afbrigða verður ekki leitað nú.) Þennan úrskurð hv. forseta áskil ég mér rétt til að ræða utan dagskrár á næsta fundi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 91. fundur.

Fimmtudaginn 13. maí, kl. 8 síðdegis.

Almennar stjórmálaumræður (útvarpsumr.).

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Umræðan fer þannig fram, að hver þingflokkur fær til umráða hálfa klukkustund. Umferðir verða tvær, 20 mínútur í þeirri fyrri, 10 mínútur í þeirri síðari, eða 15 mínútur í hvorri ef flokkar kjósa heldur þann hátt.

Röð flokkanna verður þessi: Alþb., Sjálfstfl., Alþfl., Framsfl. og SF.

Ræðumenn flokkanna verða: Fyrir Alþb. í fyrri umferð Garðar Sigurðsson, 5. þm. Suðurl., og Stefán Jónsson, 5. þm. Norðurl. e., og í síðari umferð Lúðvík Jósepsson, 2. þm. Austurl. Fyrir Sjálfstfl. í fyrri umferð Matthías Bjarnason sjútvrh. og í síðari umferð Ólafur G. Einarsson, 5. þm. Reykn. Fyrir Alþfl. í fyrri umferð Sighvatur Björgvinsson, 8. landsk. þm., og í síðari umferð Jón Árm. Héðinsson, 1. landsk. þm. Fyrir Framsfl. í fyrri umferð Steingrímur Hermannsson, 2. þm. Vestf., og í síðari umferð Halldór Ásgrímsson, 5. þm. Austurl. Fyrir SF í fyrri umferð Magnús T. Ólafsson, 3. landsk. þm., og í síðari umferð Karvel Pálmason, 5. þm. Vestf.

Hefst nú umr. og tekur fyrstur til máls hv. 5. þm. Suðurl., Garðar Sigurðsson, og talar af hálfu Alþb.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Gott kvöld. Fyrrv. ríkisstj. missti þingmeirihl. sinn í raun í upphafi árs 1974 fyrir tilstilli nokkurra krata sem þá töldu sig frjálslynda vinstri menn, en voru hvorugt, auk hinna, sem verið höfðu rekkjunautar íhaldsins í meira en áratug í viðreisnarstjórninni með skelfilegum afleiðingum fyrir atvinnuvegi þjóðarinnar og almenning í þessu landi. Hægri öfl Framsóknar voru líka orðin óróleg. Afleiðing þessara pólitísku mistaka urðu þau að enn einu sinni þurftu íslendingar að þola að ganga undir það jarðarmen að fá yfir sig samstjórn íhalds og Framsóknar sem ævinlega hefur einkennst af því að þar ná aðeins saman verstu eigindir hvors stjórnmálaflokksins um sig.

Í upphafi stjórnarsamvinnunnar skorti ekki fögur fyrirheit og væri fróðlegt að virða fyrir sér nokkrar þeirra heitstrenginga, sem þá hrutu af vörum hinna nýju foringja, og litast síðan um í leit að efndum. Þær eru hins vegar hvergi að finna. Í stað þess blasir við afskræmd spegilmynd þeirra hvert sem litið er. Þetta eru þung orð og stór, en því miður er allt of auðvelt að finna þeim stað þótt aðeins sé vitnað til opinberra heimilda og augljósra staðreynda. Fyrirheitin voru m.a. fólgin í því að rétta átti við hag ríkissjóðs, bæta gjaldeyrisstöðu þjóðarbúsins, efla fjárfestingarsjóði, kveða niður verðbólgudrauginn og bæta lífskjör almennings, svo að eitthvað sé nefnt, auk þess sem landhelgin yrði stækkuð strax í 200 mílur. Nú skulum við huga að nokkrum þessara þátta.

Í nýútkominni ársskýrslu Seðlabankans kemur fram að í upphafi árs 1974 var skuld ríkissjóðs og ríkisstofnana í Seðlabankanum 1.8 milljarðar kr. En hvernig var svo ástatt um síðustu áramót þegar allt átti nú að vera orðið gott í ríkisfjármálum samkv. fyrirheitum ríkisstj.? Þá var skuldin næstum 7 sinnum hærri eða 12 þús. millj., ekki lítur gjaldeyrisstaðan betur út þrátt fyrir loforðin. Í ársbyrjun 1974 voru nettóeignir bankakerfisins erlendis að vísu mjög litlar, en þó yfir núllinu, og talsverðar birgðir útflutningsvara í landinu, en nú um síðustu áramót var staðan sú að við skulduðum á sama reikningi 22 þús. millj. Erlendar skuldir hafa vaxið með meiri hraða en nokkru sinni fyrr, og nú er svo komið að hver nýr einstaklingur sem fæðist fær í sinn hlut hátt á 4. hundrað þús. kr. í erlendri skuld.

Á stjórnartíma núv. ríkisstj. hefur erlendur gjaldeyrir meira en tvöfaldast í verði og glíma stjórnarinnar við verðbólguna hefur farið á þann veg að hún hefur sett margfalt Evrópumet í þeim efnum með meira en 54% verðbólgu á s.l. ári og fátt bendir til þess að stjórnin hafi nokkurn vilja né getu til að ráða niðurlögum hennar á kjörtímabilinu. Sannleikurinn er sá, að alls ekki er hægt að tala um stjórn á fjármálum, heldur er um að ræða hreina óstjórn og slíkt fyrirhyggjuleysi að áætlanir standast ekki nema nokkrar vikur og í mesta lagi í nokkra mánuði í senn.

En hvernig er svo komið fyrirhyggju ríkisstj. sem að kjörum almennings snýr? Á s.l. ári rýrnaði kaupmáttur launa um hvorki meira né minna en 17% og nálgast kaupmáttarrýrnunin í stjórnartíð núv. stjórnar nú 30%. Á liðnum vetri reyndi verkalýðshreyfingin að ná aftur nokkrum hluta þeirrar rýrnunar í allsherjarverkfalli. Niðurstaðan varð sú að kaup var hækkað um 6%. Strax að loknum samningum dundu yfir verðhækkanir sem voru í öllum tilfellum langtum hærri en reiknað hafði verið með. Þá var ekki talað um hækkanir um 6% eða 10% þegar óskað var eftir hækkunum á nauðþurftum almennings eða á þjónustuliðum opinberra fyrirtækja og annarra. Þá stóð ekki heldur á ákvörðun. Þá dundu yfir hækkanir sem námu 25, 30, 40 og allt upp í 60—70%. Reiknað var út hver áhrif þessara hækkana yrðu og var niðurstaðan 7.5% meðaltalshækkun á öllu því sem vísitölufjölskyldan þyrfti að kaupa og síðan hefur verið bætt við 18% vörugjaldi. Endalaust skal höggvið í sama knérunn. En hvað þýða þessar hækkanir fyrir þá sem svo lítið hafa handa á milli að aðeins eru keyptar brýnustu nauðsynjar. Þar er hækkunin ekki nein 7—8%, heldur er þar um að ræða a.m.k. 25% viðbótarkauprýrnun. Og hverjir eru þeir sem þessi ósköp bitna harðast á? Það eru þeir sem hafa lægst launin. Það eru þeir sem hafa þyngstu fjölskyldurnar, þeir sem ekki hafa möguleika á aukavinnu. En síðast en ekki síst bitnar þetta

á gamla fólkinu. Það eru þessir aðilar sem ríkisstj. sendir fyrst og fremst þessar kveðjur sínar, og það er illa gert.

Það er óþarfi að tíunda þennan þátt frekar. Enginn mælir ríkisstj. lengur bót í þessum efnum. Hver og einn, sem þarf að kaupa til heimilis, finnur þetta skýringalaust og greinilega á sinni eigin pyngju. Þrautalending Morgunblaðsins hingað til — húsmóðirin í Vesturbænum — hefur líka misst trúna á ríkisstj.

Byggðamálin voru heldur en ekki ofarlega á lista stjórnarinnar. Þau ætla ég ekki að ræða hér. En ég vil þó nefna þá ógnarbyrði sem olíukyndingarkostnaður er orðinn fólki á landsbyggðinni. Það er ekki einu sinni svo gott að þeir stjórnarliðar geti séð af þeim fjármunum sem koma inn af söluskattsstigi því sem ætlað er til niðurgreiðslu olíu, heldur er stór hluti tekinn til annarra þarfa, og ofan á það tekur stjórnin fast aukagjald til sín af hverjum lítra af olíu sem nota þarf til kyndingar. Þessi byrði er nú orðin svo þung að fólk stynur og jafnvel kiknar undan, svo að strax er farið að bera á flótta þessa fólks til hitaveitusvæðanna. Í þessu efni verður að snúa við blaðinu ef ekki á illa að fara.

Herra forseti. Tíminn rennur hratt, en enn er samt eftir að geta frammistöðu ríkisstj. í landhelgismálinu. Hrakfallabálkurinn er eftir. Nú hefur Hafréttarráðstefnan þegar skilað þeim árangri að 200 mílna reglan er af flestum talin alþjóðaregla. Samt var samið við þjóðverja til tveggja ára og um jafnmikinn afla og þeir höfðu áður tekið. Ákveðið var hve mikið þeir máttu taka árlega af hverri fisktegund, en raunin hefur orðið sú að þeir geta tekið það sem þeim sýnist því að eftirlitið er ekkert. Áður en gengið var til þeirra samninga var ákveðið og yfirlýst af ráðh. að ekki kæmu samningar til greina nema bókun 6 um tolla kæmi strax til framkvæmda. Frá þeim yfirlýsingum var fallið, en þeim gefinn frestur til 5 mánaða. Sá frestur er nú liðinn og þrátt fyrir heitstrengingar ráðh. hefur samningnum enn ekki verið frestað. Í stað 200 mílna landhelgi höfum við aðeins 23 mílna landhelgi gagnvart þjóðverjum, auk annarra samninga sem jafnvel ná allt upp að grunnlínum.

Ekki þarf að tíunda hér ofbeldisárásir breta. Það er nú svo komið að þeir hafa reynt hvað eftir annað að sökkva varðskipum okkar og nú síðast hótað loftárásum á íslensk skip. Við könnumst öll við viðbrögð ríkisstj. Þau hafa verið fólgin í því að forsrh. hefur litið málin alvarlegum augum, sem frægt er orðið. Ráðh. hafa lýst yfir því að við gætum ekki varið landhelgina. Fyrir fram hafa verið gefnar yfirlýsingar um það að við mundum ekki beita ákveðnum pólitískum gagnráðstöfunum. Send hafa verið skrifleg mótmæli, kært til Öryggisráðsins og Atlantshafsráðsins, en ekkert af þessu hefur borið neinn árangur. Síðan var fenginn Luns til landsins sem kom að lokum með tilboð sem var meira að segja lakara en breta. Sendimenn ríkisstj. hafa flaðrað upp um svokallaða vini sína í NATO, en þeir hafa hver um annan þveran sparkað þeim frá sér og lítilsvirt vegna þess að þeir vissu að ríkisstj. mundi aldrei sýna af sér manndóm, jafnvel þótt morðárásir væru gerðar á íslenska sjómenn og loftárásum hótað.

Sannleikurinn er sá, að bretar hafa alltaf haft frumkvæðið í landhelgisstríðinu. Allir leikir ríkisstj. hafa verið biðleikir. Baráttuaðferðirnar eru sleikjuháttur við NATO-herrana og skipulagt undanhald. Að mínum dómi væri lágmarkið að loka algerlega fyrir starfsemi NATO og varnarliðsins á Íslandi á meðan NATO-herskip ógna sjómönnum okkar og lífsafkomu. En allt þetta höfum við forsómað og svikið gegn ákveðnum vilja þjóðarinnar því að þjóðin kallar ofbeldismenn ekki bandamenn.

Ég sagði í upphafi, að ríkisstj. hefði ekki staðið við sín fyrirheit, og sýndi síðan fram á það. Í landhelgismálinu hefur hún lagst enn lægra. Ríkisstj. hefur svikið meira en hún hefur lofað. — Góða nótt.

Stefán Jónsson: Forseti. Við biðum frétta frá ríkisstj. í dag og þeir sögðu frá því í fréttunum núna fyrir nokkrum mínútum að hæstv. ríkisstj. hefði ákveðið á fundi sínum í morgun að samt skuli hæstv. utanrrh. Einar Ágústsson fara til Oslóar að sitja vinafund með utanrrh. Atlantshafsbandalagsins. Við héldum þó að nú væri mælirinn loksins fullur þegar breski flugherinn hafði hótað loftárás á besta varðskipið okkar sem enn er á floti, þegar breski flotinn hefur stefnt út beitiskipinu Blake, búnu langdrægum fallbyssum og eldflaugum, og hótar að senda það á Íslandsmið til aðstoðar freigátunum sex við að níðast á smáfiskaslóðinni okkar. Raunar héldum við að mælirinn væri löngu fullur. Í fyrradag, þegar hæstv. forsrh. var spurður að því hér í Sþ. hver yrðu viðbrögð ríkisstj. við árás NATO-herskips á Týr þegar öllu var til kostað að sökkva skipinu, þá héldum við að mælirinn hlyti að vera fullur. Hæstv. forsrh. Geir Hallgrímsson greindi Alþ. frá því með settlegum orðum sem fyrr að ríkisstj. mundi láta bera fram mótmæli hjá Öryggisráðinu, einnig hjá Fastaráði NATO og Einar Ágústsson utanrrh. mundi bera fram mótmæli á ráðherra fundi NATO í Osló. Hæstv. forsrh. kvaðst telja atburðinn á alfriðaða svæðinu á Papagrunni mjög alvarlegan. Hann kvaðst telja atburðinn mjög alvarlegan. Það eina, sem vakti athygli í sambandi við mál hans, var það að nú lét hann í fyrsta sinn um langa hríð hjá líða að lýsa augnaráði sínu privat og persónulega í því sambandi. Ég vík að landhelgismálinu aftur, en rek fyrst í stuttu máli með hvaða hætti stefna eða öllu fremur stefnuleysi þessarar samstjórnar íhalds og Framsóknar að öðru leyti hefur í heild sinni komið við kjör alþýðu manna á þessu landi og þó fyrst og fremst við kjör fólksins í dreifbýlinu.

Eins og flesta rekur minni til — og ýmsir roðna við tilhugsunina, þá var forsendan fyrir því, að Ólafur Jóhannesson myndaði ríkisstj. undir forsæti Geirs Hallgrímssonar, sú að einungis með þeim hætti væri hægt að bjarga við efnahagsmálum landsins og fjárhag ríkisins. Til yfirstjórnar fjármálunum var valinn ungur sjálfstæðismaður af Suðurnesjum, snillingur sem hafði fyrir skemmstu lýst yfir einfaldri lausn á því vandamáli að skera niður útgjöld ríkisins. Þegar á fyrsta ári sínu í embætti tókst hæstv. fjmrh. Matthíasi Á. Mathiesen að auka skuldir

ríkissjóðs um 6 milljarða kr., 17 millj. á dag, 700 þús. á klukkustund, og það ekki bara reiknað á tímanum, sem hæstv. ráðh. situr við skrifborðið sitt og fer hamförum í ráðdeildinni, heldur líka á tímanum sem hæstv. fjmrh. sefur. En hann á ekki heiðurinn einn, heldur birtist í þessum tölum summan úr samanlögðu fjármálaviti og fjármálasiðgæði samanlagðrar ríkisstj. Sjálfstfl. og Framsfl.

Hæstv. viðskrh. Ólafur Jóhannesson á sinn augljósa þátt í heiðrinum eins og sæmir sjálfum guðföður ríkisstj. Honum hefur nú í tíð hægri stjórnarinnar tekist að koma erlendum skuldum íslenska ríkisins upp í nær hálfa millj. á hvert mannsbarn í landinu. Úrræði viðskrh. birtast í taumlausum innflutningi neysluvarnings fyrir erlent lánsfé í því skyni að ná í tolltekjur til að seðja fjármagnshungur ríkissjóðs. Í búðargluggunum í Reykjavík eru svo hlaðnir minnisvarðar um viðskiptastjórn Framsfl., sumir hverjir í mynd pýramída, svo sem tíðkaðist um mikla stjórnendur fortíðarinnar. Ýmsir þessara pýramída eru hlaðnir úr rúllum af snyrtipappír, bláum að lit með áprentaðri rauðri rós og áletrun á frönsku: Papier du toilette parfume, sem gæti þýtt á íslensku ilmskeini, og hefur hver til síns ágætis nokkuð, eins og Grettir sagði.

Samtímis því sem ríkisstj. hefur þannig stundað samkv. kenningunni frjálsa og haftalausa verslun til eflingar virkilega frjálsum og haftalausum, að maður ekki segi botnlausum ríkissjóði, þá hefur verið séð fyrir kjaramálum landsmanna og þá fyrst og fremst dreifbýlisfólksins af engu minni snilld. Til þess að draga úr eyðslu fólksins, sem á að standa undir fjárþörf ríkissjóðs með því að kaupa hátollavörur, hefur kaupgeta þess verið skert um þriðjung í tíð íhaldsstjórnarinnar. Í því skyni að koma í veg fyrir að þetta bitnaði alfarið á kaupsýslustéttinni og vini hennar fjmrh., var sú leið valin að skerða hlutfallslega mest kaupgetu þeirra sem voru hvort eð er ekki komnir á það stig neyslu að nota ilmskeini, og má hver sem vitglóru hefur bera það saman hversu miklu sárar þessi kjaraskerðing kemur við það fólk sem áður hafði aðeins þurftarlaun í tíð vinstri stjórnarinnar, en skortir nú þriðjung á þau laun, — hversu miklu sárar skerðingin kemur við það fólk heldur en hina, sem höfðu laun umfram nauðþurftir og hafa þau enn. Hér er um þann mun að ræða sem ekki verður talinn í krónum eða prósentum. Það er sá munur á skorti og allsnægtum sem erindrekar heildsalanna og SÍS-klíkunnar telja nauðsynlega forsendu fyrir því sem þeir nefna jafnvægi á vinnumarkaðnum.

Og þá komum við að framkvæmd byggðastefnunnar sem ríkisstj. hét að efla.

Í fyrrasumar var grafin gryfja uppi á Grundartanga í Hvalfirði, að því er talið er stærsta mógröf á norðurhveli jarðar, grunnurinn undir járnblendiverksmiðju íhaldsstjórnarinnar og Union Carbide, eins konar öfugur pýramídi til minnis um byggðastefnu Framsfl. og Sjálfstfl. Í þessari keilulaga holu mun nú vera bundinn milljarður og rúmlega það í reiðufé og skuldbindingum. Samningurinn við Union Carbide, sem við alþb.-menn börðumst gegn af mestri einurð, hefur þegar verið rofinn af því ágæta kompaníi sem hér um ræðir. Union Carbide hefur þegar sagt þeim hæstv. iðnrh. Gunnari Thoroddsen og hæstv. landbrh. Halldóri E. Sigurðssyni að eiga sína Grundartangagryfju sjálfir. Og þetta var mikið byggðamál að sögn Halldórs E. Sigurðssonar og er það víst enn, því að nú er verið að bjóða alþjóðlegum auðhring, Elkem, sem á varnarþing í Noregi, aðild að gryfjunni, og kæmi mér raunar ekki á óvart þótt ríkisstj. lýraði af brbl. þar að lútandi þegar alþm. eru komnir í frí, og ýmislegt bendir til þess að milljarðarnir 10, sem Carbide-verksmiðjan átti að kosta, verði orðnir að 20 milljörðum í Elkeverksmiðjunni.

Með tilliti til þessa framgangs byggðamálsins stóra við Faxaflóa kemur mér nú í hug að grennslast fyrir um það hvernig fólkinu á Norðurlandi, Austfjörðum og Vestfjörðum, og þá fyrst og fremst bændunum, gangi nú að fá lánsfé til nauðsynlegra framkvæmda úr hendi byggðastjórnar íhalds og Framsóknar. Eftir því sem ég hef komist næst eru stofnlánasjóðirnir nú miklu tómari en menn vissu áður til að stofnlánasjóðir gætu hugsanlega orðið. Í gær kom fram krafa af hálfu eins af stjórnarþm. um það að bætt yrði úr tómleika stofnsjóða landbúnaðarins með því að færa þangað tölur úr tómum Byggðasjóði. Kaupfélagsstjórarnir hafa sagt frá því býsna opinskátt með hvaða hætti fyrirtækjum þeirra er séð fyrir fjármagni þessi missirin. Þau ramba beinlínis á gjaldþrotsbarmi vegna skorts á rekstrarfé. Þessi fyrirtæki fjármögnuðu á tíma vinstri stjórnarinnar svo til allar íbúðarbyggingar í landinu. Og þá kynni að vera tímabært líka að stuðningsmenn stjórnarflokkanna létu í ljós einarðlega aðdáun sína á stefnu hennar í vegamálum. Vegáætlunin liggur nú fyrir hv. Alþ. í sinni hryggilegustu mynd þar sem framkvæmdafé hefur verið skorið niður stórlega frá því sem það var í fyrra og þótti það þá nógu lítið, en helmingi þess, sem nú er ætlað, er varið til hraðbrautaframkvæmda á þeim hluta landsins sem síst er bráðra úrbóta þörf. En hvað um það, hér situr að völdum bolmagnaðasta íhaldsríkisstj., sem yfir þetta vesalings land hefur nokkurn tíma gengið, og jafnframt sú dáðlausasta.

Ólafur Jóhannesson, hæstv. dómsmrh. og viðskrh. og formaður Framsfl., segir þær fréttir af miðstjórnarfundi flokks síns að framsóknarmenn séu ánægðir með þessa stjórn og vilji að hún sitji sem lengst, og Þórarinn Þórarinsson, formaður þingflokks Framsfl. og ritstjóri Tímans, lýsir yfir því í ritstjórnargrein að þetta sé satt. Og svo má hver trúa því sem vill þegar ég held því fram að ég þekki persónulega ýmsa fyrrv. kjósendur Framsfl. sem nota hvert tækifæri til þess að lýsa yfir því opinberlega að þeir skammist sín fyrir að hafa nokkurn tíma kosið þennan flokk. Og yfirlýsingar Framsfl.-forustunnar um þann ásetning sinn að sitja í stjórninni út kjörtímabilið benda óneitanlega til þess að hún kannist eitthvað við þessa fyrrv. kjósendur sína líka. Einhvern veginn minnir mig að þær samþykktir, sem birst hafa frá flokksfélögum Framsfl., bendi ekki til mikillar hrifningar, hvorki af frammistöðu ráðh. né þm. flokksins, hvorki í almennum málefnum né sérstaklega í landhelgismálinu. Og komum við þá enn að landhelgismálinu í örfáum orðum áður en ég lýk máli mínu.

Ég lét þau orð falla úr þessum ræðustól fyrr

í vetur að þótt erfitt yrði að berjast gegn ofbeldisöflum Atlantshafsbandalagsins, þá yrði sú barátta að líkindum léttbær samanborið við þá raun að nú skuli sitja í ráðherrastólum á landi hér eiðsvarnir vinir óvina okkar. Af hálfu okkar alþb.-manna hefur verið farið fram á sams konar viðbrögð af hálfu ríkisstj. við ofbeldisaðgerðum breta og þeim sem fram komu af hálfu starfsmanna Landhelgisgæslunnar, eitthvað í líkingu við það er Týr rétti sig við eftir ásiglingu freigátunnar með brotinn borðstokk og rofinn bóg og lemstraða skrúfu og hélt áfram sem horfði — og klippti. Fréttin af þeim viðbrögðum gerði manni glatt í geði og maður kættist yfir því að vera íslendingur, kættist eins mikið og maður hefur blygðast sín fyrir viðbrögð ríkisstj. í þessum málum. Bretarnir sigla á varðskipin okkar eystra, og forsrh. vælir í Reykjavík: semja, semja. Það er eins og þessi viðbrögð séu umsamin, og bretarnir segja: látum hann skrækja meira. Og nú þegar breski flugherinn hótar loftárásum á varðskipin okkar, þá skal enn setið í Atlantshafsbandalaginu, enn leyfð herseta í landi okkar. Við þykjumst sjá fyrir að þessari ríkisstj. þyki mælirinn seint fullur, e. t. v. ekki einu sinni þó að út úr flæði eða út úr blæði. Að ræða við þessa eilífu augnakarla NATO virðist þýðingarlaust innan veggja þessa húss. Aflið, sem helst nægir til að hreyfa við þeim, er utan veggja Alþingishússins.

Á laugardaginn kemur ætlar fólk, sem telur að íslendingar eigi ekki erindi í NATO, að efna til göngu frá hliði Keflavíkurflugvallar til Reykjavíkur, þetta spottakorn, og halda útifund á Lækjartorgi þegar það kemur þangað um kvöldið. Þeir, sem nokkuð vilja á sig leggja til þess að knýja fram ærleg viðbrögð af hálfu íslensku ríkisstj. í landhelgismálinu, gera rétt í því að slást í förina og slást í hópinn á Lækjartorgi.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Góðir Íslendingar. Þegar vinstri stjórnin tók við völdum 1971, þá stóð íslenskur þjóðarbúskapur í miklum blóma. Fyrrv. ríkisstj. hafði lagt með sínum efnahagsaðgerðum grundvöll að traustu atvinnulífi samhliða því að útflutningsafurðir okkar hækkuðu í verði. Það var því blómlegt bú sem vinstri stjórnin tók við. Samhliða þessu héldu áfram stórfelldar hækkanir á flestum útflutningsafurðum okkar á þessum árum og atvinna varð mikil í landinu. Á ársbyrjun 1974 fór að gæta áhrifa verðhækkana á innfluttum vörum jafnframt því að flestar okkar útflutningsafurðir féllu í verði. Þá var fyrst vandi að stjórna. Þá þurfti að gera ráðstafanir til þess að mæta erfiðleikum, en það tókst þeirri ríkisstj. ekki, þar var ekki samstaða fyrir hendi. Þá fóru ákveðnir menn að ókyrrast, sem leiddi til þess að stjórnarsamstarfið rofnaði og efnt var til nýrra kosninga sumarið 1974.

Einn stjórnarflokkanna, Framsfl., sá og viðurkenndi hvernig komið var og fann nauðsyn þess að breyta um stefnu og taka föstum tökum á efnahagsmálum þjóðarinnar og mæta hinni versnandi stöðu út á við. Í löngum stjórnarmyndunarviðræðum, sem fram fóru sumarið 1974, viðurkenndu allir stjórnmálaflokkar, að ekki yrði hjá því komist að lækka gengi krónunnar. Vinstri fylkingin í landinu náði ekki samstöðu um myndun ríkisstj. Þá gerðist það að tveir stærstu stjórnmálaflokkarnir, Sjálfstfl. og Framsfl., komu sér saman um að mynda ríkisstj. til þess að berjast við þá miklu erfiðleika, sem að steðjuðu, og leysa þann mikla efnahagsvanda, sem þjóðin stóð í. Sjálfstfl. varð sigurvegari í síðustu þingkosningum. Á honum hvíldi mikil ábyrgð. Hann taldi það skyldu sína að axla þá miklu byrði að fara í ríkisstj. við mjög erfiðar aðstæður.

Þessir tveir stærstu flokkar þjóðarinnar hafa löngum elt grátt silfur. En þeir ákváðu að slíðra vopnin, standa saman um stjórn landsins á miklum erfiðleikatímum. Það var sjáanlegt að afurðaverðið fór lækkandi, innflutningsvörur hækkuðu í verði og það gætti mjög áhrifa olíukreppunnar. Þessir flokkar hafa síðan starfað saman og að mínum dómi hefur það stjórnarsamstarf eftir atvikum tekist vel.

Stærsta og þýðingarmesta ákvörðun þessarar ríkisstj. var að færa fiskveiðilögsögu Íslands út í 200 sjómílur frá 15. okt. á s. l. ári. Var það lokaskref okkar í fiskveiðilögsögumálum og í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstj. sem út var gefin við myndun hennar. Var unnið kappsamlega að undirbúningi þessa máls, bæði er tekur til sjálfra útfærsluaðgerðanna og kynningar fyrirætlana á erlendum vettvangi.

Einhliða útfærsla, þegar ekki lá fyrir samþykkt alþjóðaráðstefnu um hafréttarmál, er vandasöm og erfið, hvað þá fyrir litla þjóð eins og okkur. Því kom ekki til greina að neita öðrum þjóðum um viðræður um takmarkaðar veiðar innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi til skamms tíma. Okkur er lífsnauðsyn að hagnýta fiskveiðilandhelgi okkar einir, en okkur er líka mikilvægt að halda frið við aðrar þjóðir og sanna þjóðum heims sanngirni okkar, ekki síst á Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Það hefur tekist að ná samningum við þjóðverja, belga, norðmenn og færeyinga. Aðalkostir samkomulagsins við vestur-þjóðverja eru útilokun frystitogara og takmörkun aflamagns og skipafjölda. Það er líka afar mikilvægt að aðrar þjóðir hlíti reglum okkar um möskvastærð, lágmarksstærð fisks og fiskfriðunarsvæði. Í þessum samningum, sem gerðir hafa verið, er um mjög takmarkað þorskveiðimagn að ræða. Mikilvæg er í samningum við vestur-þjóðverja útilokun frystitogara, en það hefur í för með sér að við getum með öllu hafnað veiðum austur-evrópskra frysti-, verksmiðju- og móðurskipa sem tekið hafa nokkurt magn á Íslandsmiðum utan 50 mílna undanfarin ár. Þetta kom skýrt fram í viðræðum sem við áttum við fulltrúa pólverja og fulltrúa austur-þjóðverja nýlega.

Ákvæði í samkomulaginu við vestur-þjóðverja um að framkvæmd þess megi fresta ef bókun nr. 6 í samningi Íslands við Efnahagsbandalagið hafi ekki tekið gildi innan 5 mánaða, sem þegar eru liðnir, þetta ákvæði þrýstir mjög á Efnahagsbandalagsríkin að samþykkja ákvæði samningsins, og hefur ríkisstj. ákveðið að bíða átekta stutta hríð. Þolinmæði styrkir stöðu okkar í þessu efni og mikilvægt er að gerðir okkar séu vel yfirvegaðar. Ég tel að samkomulag við allar þessar þjóðir hafi styrkt stöðu okkar á Hafréttarráðstefnunni.

Deilan við breta harðnar að sama skapi og staða þeirra veikist þótt keyrt hafi um þverbak

með síðustu ásiglingum þeirra á varðskip okkar og ruddalegri hótun Nimrod-njósnaflugvélar að skjóta á íslenskt varðskip, einmitt á sama tíma og niðurstaða síðasta framhaldsfundar Hafréttarráðstefnunnar lá fyrir. Togaraskipstjórar og sjómenn á breskum togurum eru að missa þolinmæðina nema þeir fái fjárstyrk frá bresku ríkisstj. Hvert ríki á fætur öðru við Norður-Atlantshaf boðar útfærslu í 200 mílur. Efnahagsbandalagsríkin búa sig undir útfærslu í 200 mílur, og bretar krefjast a. m. k. 50 mílna einkalögsögu fyrir sína sjómenn. Hafréttarsáttmáli, sem tryggir 200 mílna efnahagslögsögu er á næsta leiti. Staða breta veikist því jafnt og þétt. Freigátur megna því lítið í þeirri stöðu nema um stundarsakir. Þess vegna mun yfirlætið og herstyrkurinn ekki duga frekar en fyrr til frambúðar. Þetta er bretum ljóst. En þeim hefur jafnan reynst erfitt að aðlaga sig breyttum aðstæðum vegna breyttra forsendna.

Óbilgjarnar aðgerðir breta styrkja okkur aðeins í hiklausri baráttu okkar. Vald getur ekki beygt okkur í þessu lífshagsmunamáli. Ríkisstj. fylgir jafneinarðri stefnu og áður í þessu máli. Hún lætur ekki stjórnast af tilfinningahita líðandi stundar. Hún lætur stjórnast af því hvað er okkur íslendingum fyrir bestu við heildarlausn á þessu máli. Víxlspor eða óaðgæsla getur breytt miklu okkur í óhag. Þó bretar eigi erfitt með að skilja nauðsyn þess að útlendingar hætti fiskveiðum á landgrunninu, þá skilja þjóðir heimsins almennt þá nauðsyn. Útfærsla fiskveiðilögsögunnar hefur verið rækilega kynnt og útskýrð á fundum Hafréttarráðstefnunnar. Ákveðinn hefur verið framhaldsfundur í New York seinna í sumar, og stefnt er að því að sá fundur verði lokafundur ráðstefnunnar. Staðan á Hafréttarráðstefnunni er nú betri en nokkru sinni fyrr. Ákvæði þeirra draga að hafréttarsáttmála, sem legið hafa fyrir og lögð voru fram af nefndarformönnum ráðstefnunnar, standa að óbreyttu ákvæði er okkur varða mestu. Þá sóttu margir ríkjahópar fast á breytingar, svo sem landluktu ríkin og landfræðilega afskipt ríki er veiða á fjarlægum miðum. Staða okkar hefur því styrkst í þessum áfanga. Ýmis deilumál eru óútkljáð, og áðurnefnd ríki halda áfram með kröfugerð sína og reyna að útvatna réttindi innan efnahagslögsögunnar.

Ég vil nota þetta tækifæri að flytja fulltrúum okkar á Hafréttarráðstefnunni þakkir fyrir ágæt störf og alveg sérstaklega formanni n., Hans G. Andersen.

En þrátt fyrir vonbetri stöðu erum við íslendingar enn þá og verðum þeirrar skoðunar að við eigum að eiga friðsamleg samskipti við öll ríki heims. Þess vegna er enn þá jafnmikil nauðsyn á og áður að ná friðsamlegum samningum við breta án þess að beygja sig undir nokkra afarkosti, enda er svo fyrir að þakka einbeittri stjórnarstefnu, ágætu starfi Landhelgisgæslunnar, að bretar eru á engan hátt þess umkomnir að beita okkur afarkostum. Breska ljónið er búið að missa allar tennur.

Samningur við breta til nokkurra mánaða eða á meðan úrslit Hafréttarráðstefnunnar liggja ekki endanlega fyrir er okkur íslendingum mikils virði.

Á því Alþ., sem nú er að ljúka, hefur margt gerst á sviði sjávarútvegsmála. Stærsta málið, sem Alþ. hefur afgreitt í þessum málaflokki, er uppstokkun á hinu svokallaða sjóðakerfi þar sem útflutningsgjöld hafa verið stórlega lækkuð og stærsti sjóðurinn hefur verið afnuminn og aðrir verið stórminnkaðir, þannig að um 4000 millj. kr. hafa verið færðar úr sjóðakerfinu og mætt með hækkuðu fiskverði sem bæði sjómenn og útgerðarmenn hafa notið góðs af. Þessar breytingar hafa allar verið gerðar fyrir áeggjan sjómanna og útgerðarmanna og þar hefur verið farið í öllum grundvallaratriðum eftir þeirra eigin till. í þessum efnum.

Annað stórmál liggur fyrir þessu þingi, en hefur ekki enn þá hlotið endanlega afgreiðslu, en það er frv. til l. um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Tilgangur þeirra laga er að stuðla að viðgangi og hagkvæmustu nýtingu fiskstofna innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi. Með því frv. er stuðlað að víðtækri friðun fiskstofna. Í þessu frv. eru ýmis nýmæli, t. d. um skyndilokanir svæða vegna verulegs magns af smáfiski, trúnaðarmenn um borð í veiðiskipum og sérstök eftirlitsskip. Auk útfærslunnar hefur margt verið gert til þess að hafa stjórn á fiskveiðum. Þannig hefur í mörg ár verið ákveðinn aflakvóti á humar og rækju og á s. l. hausti á síldveiðum. Friðuð svæði hafa verið stóraukin, bæði á hrygningarslóðum þorsksins og til verndar smáfiski. Skyndifriðanir hafa þegar verið teknar upp, og unnið er að því að koma á auknu eftirliti með fiskveiðunum. Möskvastærð í pokum togveiðarfæra hefur verið aukin. Nýlega voru samþykkt á Alþ. lög um upptöku ólöglegs sjávarafla, en nauðsynlegt var að setja þau lög til þess að unnt verði að fylgja eftir ýmsum reglugerðarákvæðum um veiðitakmarkanir. Þá liggur einnig fyrir Alþ. frv. um Fiskveiðasjóð Íslands, en það felur m. a. í sér að stjórn sjóðsins skuli gera rekstrar- og greiðsluáætlanir fyrir fram eitt ár í senn og breytingu á stjórn sjóðsins á þann hátt að fulltrúar sjávarútvegsins koma til með að eiga þar sæti ásamt fulltrúum bankanna auk fulltrúa frá ríkisvaldinu.

Á rúmlega 1½ ári hefur sjútvrn. gefið út 29 reglugerðir, sem allar fjalla um fiskveiðimál, stjórnun fiskveiðanna, og eru flestar byggðar á landgrunnslögunum frá 1948. Mikilvægt er að allar þessar ráðstafanir yrðu gerðar í mjög nánu samráði og samvinnu við Hafrannsóknastofnunina og Fiskifélag Íslands. Á stjórnartímabili núv. ríkisstj. hefur hámark útgerðarlána hækkað um 244%, en á tímabili fyrrv. ríkisstj. um 50%. Fiskverðshækkanir hafa orðið allmiklar á þessu sama tímabili, og mun láta nærri að meðalhækkun á þorskafla sé um 100%. Ekki get ég látið hjá líða að nefna konverteringu lána í sjávarútvegi, en hún nam 3273 millj. kr. Þá hefur verið ákveðið að verja allt að 250 millj. kr. á þessu ári til fiskleitar og rannsóknarveiða á nýjum tegundum sjávarafla, aukins eftirlits með veiðum, vinnslutilrauna og markaðsöflunar.

Þrátt fyrir erfiða fjárhagsstöðu hefur núv. ríkisstj. gert allt sem í hennar valdi stendur til þess að draga ekki úr fjárframlögum til félagsmála og heilbrigðismála. Í þessu sambandi er rétt að minna á að framlag til tryggingamála hefur hækkað í hlutfalli við þær launabreytingar sem orðið hafa á þessu tímabili. Þannig hafa framlög til lífeyristrygginga hækkað um liðlega sama meðaltal og kaupbreytingar á hverj-

um tíma. Á þessu ári er talið að framlög til sjúkra- og lífeyristrygginga hækki um hvorki meira né minna en 2500 millj. kr. umfram það sem fjárlög yfirstandandi árs gera ráð fyrir. Á þennan hátt hefur núv. ríkisstj. sýnt fullan skilning á því að draga ekki úr því öryggi sem aldraðir og öryrkjar þurfa að hafa. Uppbyggingin í heilbrigðismálum mætti að mínum dómi vera harðari en verið hefur. Það hafa fyrst og fremst verið erfiðleikar á því að fá meira fjármagn til þeirra hluta vegna þess að ríkisstj. setti sér í upphafi það mark að láta sitja í fyrirrúmi framkvæmdir á sviði orkumála, sem voru mjög á eftir, og draga á þann hátt úr gjaldeyriseyðslu með því að hraða þessum framkvæmdum. Aldrei hefur verið meira gert í framkvæmdum við jarðvarmaveitur.

Þegar við lítum yfir það tímabil, sem núv. stjórn hefur setið að völdum, þá er eitt mjög táknrænt fyrir ríkisstj., að hún hefur þrátt fyrir mjög erfiða efnahagsstöðu, minnkandi þjóðarframleiðslu og mjög óhagstæð ytri viðskiptakjör sett sér það mark að draga ekki það mikið úr fjárfestingu, að til atvinnuleysis komi. Á sama tíma og efnahagskreppunnar fór að gæta í nágrannalöndum okkar og víðar, sem hafði í för með sér tilfinnanlegt atvinnuleysi í öllum þessum löndum, þá setti þessi ríkisstj. sér það markmið að haga þannig efnahagsaðgerðum að ekki kæmi til það mikils samdráttar að hér yrði atvinnuleysi. Þetta er eina ríkisstj. í öllum þessum löndum sem hefur tekist að koma í veg fyrir atvinnuleysi. Einu undantekningar eru þær, að á vissum árstíma hefur orðið atvinnuleysi í nokkrum minni stöðum á landinu vegna sérstakra óhappa eða árstímabundinna vandamála.

Við verðum að gæta þess í okkar búskap að draga úr skuldasöfnun við útlönd og fjárfestingu innanlands, en haga í vaxandi mæli þeirri fjárfestingu, sem við höldum áfram, til þess að auka og efla atvinnulífið. Það er sagt að nóg sé af skipum í landinu og við þurfum frekar að losna við eldri skip úr landi en að auka við skipastóllinn. Ég minni á það að skipabyggingaiðnaðurinn er mikilvæg iðngrein á Íslandi og þar hafa skipst á skin og skúrir. Þar hefur orðið hlé á framkvæmdum árum saman sem hefur gert það að verkum að framþróun þessa iðnaðar hefur ekki verið með þeim hætti sem við hefðum kosið. Þótt nú sé nóg um skip á Íslandi, þá megum við alls ekki leggja niður innlenda skipasmíði. Þar er mikið í húfi, ekki eingöngu hættan á atvinnuleysi, heldur einnig stöðvast þá íslenskur skipasmíðaiðnaður og staðnar. Núv. ríkisstj. vill koma í veg fyrir að slík stöðnun eigi sér stað. Þess vegna verður að halda þessari atvinnugrein áfram, enda eiga fjölmargar iðngreinar í landinu hér hlut að máli.

Landbúnaðurinn er í öruggri uppbyggingu. Hér hafa gerst hlutir í landbúnaði sem engan hefði órað fyrir fyrir nokkrum árum eða áratugum. Þetta er elsta atvinnugrein okkar Íslendinga, — atvinnugrein sem við eigum ekki að leggjast á eða lítilsvirða, eins og því miður heyrist hjá nokkrum öfgamönnum í þessu þjóðfélagi. Fyrst og fremst er atvinnulífið það sem verður að ganga í okkar landi. Atvinnan og þá sérstaklega sjávarútvegurinn er hornsteinn að efnahagslegri uppbyggingu. Við verðum að gæta þess að tryggja atvinnu í landinu. Heilbrigður atvinnurekstur er forsenda þess að öll önnur framþróun geti átt sér stað. Núv. ríkisstj. heldur fast og ákveðið á þessari stefnu.

Það eru margir úrtölumenn í þessu þjóðfélagi, og íslenska þjóðin mun heyra í kvöld hjáróma söng stjórnarandstöðunnar sem er ekki í nokkru samræmi við þjóðarviljann. Þegar höfum við hlýtt á alþb.-mennina tvo sem hér voru að ljúka við söng sinn. Hann var hvorki fagur né lagvís. Það er rétt hjá Stefáni Jónssyni að fjárlög hækkuðu verulega eftir vinstri stjórnina. Það hefur alltaf verið dýrt að taka við fjármálum eftir að kommúnistar hafa átt sæti í ríkisstj. Það var milljarða óreiða og taprekstur ríkisfyrirtækja sem við mátti taka. Það var ekkert létt verk sem núv. fjmrh. fékk við að glíma.

Stjórnarandstaðan er sjálfri sér sundurþykk. Hún hefur ekki bent á neinar leiðir til úrbóta, en elur á því að auka sundrung meðal íslensku þjóðarinnar og tæta allt niður sem gert hefur verið og þarf að gera. Slík stjórnarandstaða er dæmd fyrir fram úr leik. Hún er lítils virði og er íslensku þjóðinni til mikilla leiðinda og öllum hugsandi íslendingum áhyggjuefni.

Það er nauðsynlegt að stjórnarandstaða bendi þeim, sem ráða á hverjum tíma, á leiðir til úrbóta, gagnrýni á heiðarlegan og skilmerkilegan hátt það sem hún telur að miður fari, en standi með stjórnvöldum að jákvæðri uppbyggingu til lausnar á vandamálum þjóðfélagsins á hverjum tíma. Margt bendir til þess að verð á útflutningsafurðum okkar fari hækkandi á næstu mánuðum og sú efnahagskreppa, sem þjakað hefur efnahag fjölmargra þjóða, sé í rénun. Þess vegna eru horfur á að við réttum við okkar efnahagsstöðu ef við höldum skynsamlega á. Við þurfum að draga úr fjárfestingu og gera allar hugsanlegar ráðstafanir til þess að auka verðmæti þjóðarframleiðslunnar og umfram allt útflutningsframleiðslunnar, draga úr verðbólgunni og njóta í reynd hagnaðar batnandi viðskiptakjara. Það bíða úrlausnar ríkisstj. mörg erfið og vandasöm verkefni. Það er mikið undir farsælli lausn þeirra komið að þjóðin í heild geri sér ljósa grein fyrir eðli vandamálanna og hvað hugsanlegt er að gera til að leysa hin mörgu og brýnu verkefni. En það verður ekki gert með æsifregnum og með því að blása eld að glóðum sundrungar og haturs. Ríkisstj., Alþingi og þjóðin í heild verða að starfa saman og auka skilning til þess að leysa sérhvert það verkefni sem úrlausnar bíður. Verði það að veruleika, þá er það trú mín að þessi þjóð þurfi ekki að kvíða framtíðinni. — Góða nótt.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Ræða hæstv. sjútvrh. hér áðan var líkt og hann væri að fara með öfugmælavísur. Hann sagði t. d. að eftir kosningarnar 1974 hefði Framsfl. séð mjög að sér. Sér er nú hvað! Hann sagði að undir handleiðslu Sjálfstfl. væntanlega hefði Framsfl. fundið hjá sér nauðsyn til þess að breyta nú um stefnu. Hvar sér þess staði? Ekki verður almenningur annars var heldur en sú ríkisstj., sem nú situr að völdum á Íslandi, haldi áfram á sömu braut sukks og óstjórnar og fyrrv. ríkisstj. fetaði. En kannske vill Steingrímur Hermannsson, hv. þm., sem hér mun tala á eftir,

upplýsa það fyrir hlustendum í hverju Framsfl. hefur séð að sér.

Þá sagði hæstv. ráðh. einnig að nauðsynlegt væri að aðrar þjóðir virtu reglur um friðun á Íslandsmiðum, svo sem eins og um lágmarksmöskvastærðir. Það er rétt að þetta atriði var m.a. notað til þess að réttlæta þýsku samningana. En hvað veit hæstv. ráðh. um það hvernig þessar reglur eru virtar? Ekki í eitt einasta skipti hefur t.d. verið farið um borð í þýskan togara til þess að gá að því hvort hann virði þær reglur sem honum er gert að virða í sambandi við búnað veiðarfæra. Og það kom meira að segja fram í útvarpsþætti, sem nú er orðinn landsfrægur, þar sem hæstv. dómsmrh. sat fyrir svörum, að hann hafði ekki svo mikið sem hugmynd um það hvernig eða hver ætti að annast þetta eftirlit. Það er ekki hægt að breyta hvítu í svart og svörtu í hvítt með því einu að loka augunum.

Með síðustu viðburðum í þorskstríðinu er landhelgisdeilan við breta komin á nýtt og alvarlegt stig. Í fyrsta sinn í sögu þessara átaka hefur íslensku varðskipi verið hótað beinni og ódulbúinni vopnaðri árás. Áhöfn Nimrod-njósnaþotu, sem er eins konar fljúgandi kafbátaspillir og um leið einn þátturinn í varnarkeðju bandalags sem íslendingar eru aðilar að, — áhöfn þessarar þotu hefur með leyfi bresku herstjórnarinnar hótað að sökkva íslensku varðskipi og tortíma lífi áhafnar þess með skotárás og með þeim hætti koma í veg fyrir að varðskipsmenn geti gegnt skyldustörfum sínum á Íslandsmiðum. Í beinu framhaldi af þessum atburði eru hafnar umræður í Bretlandi um beinar hernaðaraðgerðir gegn okkur íslendingum. Krafist hefur verið að breska ríkisstj. heimili herskipum á Íslandsmiðum að grípa til vopna gegn íslensku varðskipunum, m.ö.o. að hefja skothríð á varðskip sem gerðu sig líkleg til þess að hafa afskipti af breskum veiðiþjófum. Bresk blöð hafa frá því skýrt að einmitt þetta hafi verið umræðuefni á fundum með fulltrúum bresku stjórnarinnar og togaraeigendum, og af blaðafregnum má merkja að breski flotinn sé þess mjög hvetjandi að til slíkra örþrifaráða verði gripið. Þá er einnig sagt frá því í Bretlandi að 11 þús. lesta orustuskip, búið hraðskeyttum fallbyssum, eldflaugum og öðrum fullkomnustu drápstækjum nútímans, bíði þess albúið að halda til Íslands sem flaggskip eins konar innrásarflota.

Af þessum atburðum verður aðeins ein ályktun dregin: Gömul vinaþjóð okkar íslendinga, þjóð sem jafnframt er í bandalagi með okkur sem látið er heita að stofnað hafi verið til þess að standa vörð um sjálfstæði, fullveldi, frelsi og sjálfsákvörðunarrétt, — þessi þjóð býr sig nú til þess að beita okkur vopnavaldi. Vissulega hafa bretar fram að þessu borið byssur sínar með sér hingað á Íslandsmið. En sú breyting hefur nú á orðið að þessi bandalagsþjóð okkar hefur lagt byssur sínar til miðs. Fingur bretans hvílir nú á gikknum, óvopnuð, varnarlaus smáþjóð er í sigtinu.

Við þessar aðstæður hljótum við íslendingar að endurmeta ýmis atriði í baráttuaðferðum okkar. Aðgerðir breta hafa markað þáttaskil í þorskastríðinu, og því verðum við að sæta hvort sem okkur líkar betur eða verr. Það er tilgangslaust fyrir okkur að láta eins og síðustu atburðir hafi aldrei gerst.

Enda þótt allir stjórnmálaflokkar í landinu séu einhuga um stefnuna í landhelgismálinu hefur ríkisstj. oft sætt gagnrýni fyrir ýmis atriði í framkvæmd þeirrar stefnu. Því miður hefur það gerst að það staðfestu- og ráðleysi, sem einkennt hefur störf þessarar ríkisstj. á nær öllum sviðum, hefur einnig sett svip sinn á sum framkvæmdaatriði hennar í landhelgismálinu, og svo virðist nú enn ætla að verða. Ríkisstj. er ekki reiðubúin til þess að bregðast með viðeigandi hætti við nýjustu hótunum breta. Þvert á móti hefur hún samþykkt að hafa í frammi sömu starfsaðferðir í samskiptum okkar við breta á fjölþjóðavettvangi og hún hafði ákveðið áður en atburðirnir urðu úti fyrir Vestfjörðum og þá þegar höfðu verið harðlega gagnrýndar, m.a. hér á Alþ. Hún hefði alveg eins getað samþykkt að hún liti svo á að þeir atburðir hefðu aldrei gerst.

Við þessar kringumstæður er fráleitt að fyrirskipa utanrrh. að fara til fundar við utanrrh. breta svo og aðra þá utanrrh. NATO-landa sem halda með sér vináttu- og viðræðufund nú á næstunni. Hvað hefur íslenski utanrrh. að gera á þann fund nú, í sama mund og bretar búa sig til þess að senda einn sinn öflugasta vígdreka gegn íslenskum varðskipum og ræða í fullri alvöru að gefa herskipum sínum heimildir til þess að hefja skotárásir á íslenska löggæslumenn? Til þess að kynna ráðh. málið, segir ríkisstj. M.ö.o.: til þess að halda áfram að tala í líkum dúr og talað hefur verið á þessum fundum og fjölmörgum öðrum af sama og svipuðu tagi og með þeim árangri sem menn hafa nú séð. Og hvern á íslenski utanrrh. að fræða á þessum fundi og um hvað? Halda menn að utanrrh. breta viti ekki um afstöðu íslendinga í landhelgismálinu eftir allt sem á undan er gengið? Eru menn að halda því fram að enn skorti svo mikið á þekkingu norska utanrrh. á málstað íslendinga, þess danska, þess vestur-þýska ellegar þess bandariska að réttlæti það að Einar Ágústsson haldi héðan til fudnar við breska utanrrh. og aðra starfsbræður hans, og til þess mannfagnaðar og þeirra veisluhalda sem slíkum fundum eru samfara, á sömu stundu og breska herstjórnin hefur ákveðið og hótað að efna til vopnaðrar árásar á land vort og breski flotinn bíður í viðbragðsstöðu til þess að hefja aðgerðir? Í þessu máli á við um íslensku ríkisstj. hið fornkveðna, að lítil eru geð guma.

Einar Ágústsson utanrrh. á eins og nú standa sakir ekkert erindi á fund utanrrh. NATO. Þangað sækir hann nú ekkert það sem okkur hefur verið neitað um til þessa. Þar inn á hann ekki að koma eins og nú standa sakir nema til þess eins að snúast á hæli og ganga rakleiðis út þaðan aftur til þess að mótmæla því athæfi sem ein bandalagsþjóðin fær óáreitt að auðsýna okkur. Flestallir stjórnmálaflokkar á Íslandi hafa verið og eru þeirrar skoðunar að íslendingar eigi að tryggja sjálfstæði þjóðar sinnar og öryggi með aðild Íslands að NATO. Meiri hl. þjóðarinnar er eða hefur verið sama sinnis. En afstað stjórnmálaflokkanna í þessu máli sem öðrum er aðeins samnefnari fyrir afstöðu almennings

í þessu landi, og enginn ætti að fara í grafgötur um það að framferði breta í þorskastríðinu hefur haft og mun hafa áhrif á afstöðu íslensku þjóðarinnar til þátttöku landsins í hernaðarsamstarfi við breta. Ef bretar halda uppteknum hætti og tekst með vopnavaldi að koma í veg fyrir að við getum varið sjálfa hina efnahagslegu undirstöðu sjálfstæðis og tilveru þjóðar vorrar, þá er allt tal um gagnkvæmt samstarf, um vernd gegn sameiginlegum óvini einbert tilgangsleysi af þeirri einföldu ástæðu að þá höfum við ekkert að verja. Það er fyllsta ástæða til þess að við gerum bandalagsþjóðum okkar þetta ljóst í eitt skipti fyrir öll, og það eigum við og getum við gert með því að sýna áþreifanlega fram á hvaða afleiðingar vopnaskak breta er farið að hafa á sambúðina innan NATO.

Núv. ríkisstj. hefur setið að völdum í þessu landi í tæp tvö ár. Á þeim tíma hefur hún fært okkur heim sanninn um að sú regla er enn í fullu gildi að samstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. er versta stjórn sem hugsanleg er á Íslandi. Þegar íhaldsöflin í þessum tveimur afturhaldsflokkum ná saman er eins og þau magni sig upp. Þau færast í aukana, dafna með undraverðum hraða, líkt og púkinn í fjósbásnum í þjóðsögunni, og kæfa og kveða niður raddir þeirra sanngjörnu frjálshyggjumanna sem þrátt fyrir allt má finna í þessum flokkum báðum. Afleiðingarnar eru m. a. þær, að verkalýðshreyfingin verður stöðugt að vera í skotgröfunum, enda ekki við hana talað nema á vígvelli verkfalla, misrétti eykst og allan mátt dregur úr þeim félagslegu aðgerðum sem beitt er til þess að skapa fólki öryggi og auka jöfnuð. En núverandi íhaldsstjórn er að því leytinu til verri en þær aðrar samstjórnir þessara flokka sem við þekkjum, að ofan á afturhaldsstjórnarfarið bætist almennt ráðleysi og stjórnleysi sem á ekki nokkurn sinn líka í allri Íslandssögunni.

Ummerki þessa má sjá hvert sem litið er. Hvað er það annað en stjórnleysi að nú skuli svo komið að fyrsta gjöfin, sem sérhvert nýfætt barn í þessu landi fær frá stjórnvöldum, er skuld við erlenda banka sem nemur 360—400 þús. ísl. kr. á mannsbarn? Hvað er það annað en stjórnleysi að svo skuli komið að eftir örfá ár þurfi íslendingar að verja allt að fjórðu hverri gjaldeyriskrónu, sem landsmenn afla, til þess að greiða vexti og afborganir af erlendum lánum? Með þessu móti hafa ráðamenn þjóðarinnar í raun og veru selt erlendum peningafurstum veð í hverju einasta fiskiskipi, hverri einustu fiskvinnslustöð og iðjuveri og öðrum gjaldeyrisskapandi atvinnutækjum í landinu. Og ekki nóg með það, hlutskipti íslensks verkafólks er þá orðið líkt og hálfnauðugra leiguliða fortíðarinnar. Vinna þess hefur að hluta til verið veðsett erlendum lánardrottnum. Fimmti hver fiskur, sem íslenskur sjómaður færir á land, er þá dreginn úr sjó fyrir erlenda lánastofnun. Frá morgunkaffi til hádegis er þá unnið í íslenskum frystihúsum fyrir banka í Evrópu, Ameríku eða þá arabíska oliufursta sem látið hafa undan þrábeiðni forsrh. Íslands og félaga hans og lánað íslenska ríkinu fé. Ekki einu sinni Hákon gamli Noregskonungur fór þess á leit við íslendinga að þeir gyldu erlendum konungi þann skatt sem ráðamenn landsins hafa nú ótilkvaddir gengist undir í nafni þjóðar sinnar að greiða erlendum auðjörfum. Og til hvers hefur þetta allt saman verið gert? M. a. til þess að unnt sé að halda áfram við milljarðaævintýrið við Kröflu gegn ráðleggingum fremstu vísindamanna þjóðarinnar og vitandi það að þar er verið að framleiða orku í því magni sem ekki verður selt og á því verði sem ekki verður goldið. Svo gengur hæstv. iðnrh. nú síðustu dagana á milli alþjóðlegra auðhringa með betlistaf í hendi til þess að biðja þá eins og guð sér til hjálpar að koma nú og reisa iðjuver á Íslandi til þess að hægt sé að nota alla þá orku sem verið er að veðsetja sjálfstæði þjóðarinnar fyrir að fá. Hvað er þetta annað en stjórnleysi, ráðleysi, skortur á framsýni og fyrirhyggju? Og hvað er það annað en sama stjórnleysið að rífa nú í annað sinn á tveimur árum upp fjögurra mánaða gömul fjárlög svo að segja frá rótum vegna þess að höndum var svo til þeirra kastað að þar stendur ekki lengur steinn yfir steini? Hvað er það annað en þetta sama ráðleysi að vera fyrst nú í þinglok og nálægt miðju ári að afgreiða nýjar reglur um friðun og tilhögun veiða þegar um það bil er búið að veiða það magn af helstu nytjafiskum okkar sem fiskifræðingar telja óhætt að veiða á árinu öllu? Hvað er það annað en eitt dæmið enn um þetta sama stjórnleysi að meiri hl. á þinginu skuli vera á þann veg hagað að ekki eitt einasta mál af fjölmörgum, sem lögð hafa verið fram um úrbætur í meðferð sakamála, skuli eiga að afgreiða, þrátt fyrir allt sem á undan er gengið? Og hvað er það annað en ein vísbendingin enn um sömu upplausn að nú í dag var samþykkt í Nd. Alþingis gegn vilja 17 þm. af 40 að halda óbreyttri skipan „kommissara“ Framkvæmdastofnunar ríkisins, og er Sjálfstfl. þar með búinn að snúa alveg bakinu við margyfirlýstri stefnu sinni í því máli, aðeins vegna þess að hann sá tækifæri til þess að halda flokksmanni sínum á „kommissara“-jötunni. Það er ekki hægt að segja að það sé meðal meiri háttar stórmála þjóðarinnar hvernig háttað er stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins. En fyrst Sjálfstfl. stærsti flokkur þjóðarinnar, gerir svo lítið úr sér að bera sitt pólitíska siðgæði í því máli eins og kápu á báðum öxlum og bregður sér í ermarnar á víxl, eftir því hvort hann er í stjórn eða utan, hvernig skyldi þá flokknum farnast í málum sem meira eru um verð fyrir þjóðarheildina?

Eins og málum er nú komið er aðeins um eitt að ræða. Núv. ríkisstj. á að segja tafarlaust af sér, ekki aðeins vegna þess að hún er afturhaldssöm ríkisstj., heldur miklu fremur vegna hins, að hún er óstarfhæf ríkisstj. Reynslan hefur sýnt að henni hefur aldrei tekist að ná taki á viðfangsefnum sínum, og reynslan hefur einnig sýnt að henni mun aldrei takast það. Til þess skortir hana bókstaflega allt sem þarf, þ. á m. sæmilega heiðarlegar og hreinskiptar samstarfsvenjur. Þessi Eyjólfur hressist aldrei. Og hvað er þá til ráða? Mín skoðun er sú, að þá eigi að freista þess að reyna myndun ríkisstj. sem er þannig skipuð að hún geti fengið til liðs við sig þau öfl í þjóðfélaginu sem sérhverri ríkisstj. er brýn nauðsyn að hafa gott samstarf og samvinnu

við til þess að leysa efnahagsvandkvæði eins og nú er við að fást, og þar á ég við aðila vinnumarkaðarins og þá fyrst og fremst verkalýðshreyfinguna. Við íslendingar erum fámenn þjóð, nánast eins og ein fjölskylda. Þegar að okkur kreppir eigum við því að geta leyst sameiginlegan vanda okkar, eins og samhent fjölskylda mundi gera, með því að leggja um sinn á hilluna misklíðarefni sem sundra okkur, en taka saman höndum um lausn þess vanda, sem að kreppir, og láta ekki lokið uns lausnin er fundin. Í slíkri samstöðu getum við án efa leyst efnahagsvandkvæði okkar sem án efa eru eitt helsta og alvarlegasta vandamál sem við blasir, en því aðeins að þeir stjórnmálaflokkar, sem framar öðrum hér á landi geta tryggt þá samvinnu við þá aðila vinnumarkaðarins sem er þörf til þess að svo megi verða, fáist til þess að viðurkenna þetta og hafi kjark til þess að gera það sem gera þarf til að framfylgja því. Flokkur, sem heykist á því að hlýða slíku kalli vegna einhverra gamalla fordómi um að hann geti aðeins unnið til þessarar áttar, en aldrei hinnar, — slíkur flokkur er flokkur sem bregst þegar mest á ríður, og þannig flokkar leysa aldrei neinn vanda. Menn, sem ekki sjá það að undir núverandi kringumstæðum er bæði viturlegt og nauðsynlegt að koma á laggirnar stjórn sem þannig er skipuð að hún geti náð trausti þeirra hagsmunaaðila sem mestu valda um hvort efnahagsaðgerðir heppnast eða misheppnast og er því fært að gera sem flesta samábyrga um ákveðnar lausnir á efnahagsvandanum og þá um leið að gera þeim umhugað um að þær aðferðir heppnist, — þeir menn, sem ekki sjá þetta, eru ekki hæfir til þess að veita þjóð sinni forustu á þrengingatímum eins og nú eru því að annaðhvort brestur þá vit eða kjark.

Ég hef þá trú að þá ríkisstj., sem ég hef hér um rætt, sé hægt að mynda nú, og því fyrr því betra. Slík ríkisstj. hefur áður verið mynduð, og ég hef þá trú að aðstæður nú séu þannig að það sé unnt og það sé þarft og það sé nauðsynlegt að slíkt verði gert á ný. Takist það hins vegar ekki af einhverjum ástæðum, þá er ekki um annað að ræða en leyfa þjóðinni að segja álit sitt í kosningum og leggja þá fyrir hana þau úrræði sem flokkarnir kunna að hafa, svo að séð verði hvað þjóðin vill. Það eina, sem unnt er að fullyrða um vilja hennar eins og mál standa nú, er það, að hún vill umfram allt ekki það sem hún nú hefur, og mun víst engan á því undra. — Góða nótt.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Góðir íslendingar. Við eldhúsdagsumr. virðist sú venja hafa skapast að stjórnarandstaðan telur sitjandi ríkisstj. allt til foráttu og verk hennar hin verstu. Stuðningsmenn ríkisstj. hins vegar tíunda gerðir hennar og telja henni gjarnan allt til ágætis. Að sjálfsögðu er engin mynd af stjórnarstarfi svo einföld. Allar ríkisstj. hafa látið ýmislegt gott af sér leiða, en öllum hefur einnig mistekist á ýmsum mikilvægum sviðum.

Þann tíma, sem ég hef til umráða, mun ég ekki nota til þess að telja upp þau mörgu mál sem þessi ríkisstj. hefur beitt sér fyrir. Ég mun reyna að draga upp mynd af stöðunni eins og hún kemur mér fyrri sjónir á miðju kjörtímabili.

Þessi ríkisstj. var mynduð eftir að Framsfl. hafði gert ítrekaðar tilraunir til þess að koma á nýrri vinstri stjórn. Við töldum eðlilegt að slík stjórn yrði mynduð og héldi áfram því mikla uppbyggingarstarfi sem vinstri stjórnin hóf. Þetta mistókst, eins og alþjóð er kunnugt, vegna ósættanlegra sjónarmiða hinna svo kölluðu vinstri flokka sem þeir sjálfir gerðu grein fyrir í blaðagreinum á eftir, og mætti hv. þm. Garðar Sigurðsson, sem hér talaði áðan, fletta upp í Þjóðviljanum frá þeim tíma og sannfærast um það að ég fer hér með rétt mál. Framsóknarmönnum var ljóst að vegna hins alvarlega ástands í efnahagsmálum var ábyrgðarlaust að hafna myndun þingræðisstjórnar. Sjálfstfl. sýndi vilja til þess að takast af ábyrgð á við þjóðfélagsvandann. Þetta vildum við framsóknarmenn virða og því var mynduð sú stjórn sem nú situr.

Við þessa ríkisstj. voru bundnar miklar vonir, ekki síst vegna þess að hún hefur mikinn og sterkan meiri hl. að baki. Því get ég ekki neitað að ég hef orðið fyrir vonbrigðum. Þótt margt hafi verið vel gert hefur ríkisstj. ekki tekist nógu vel að ráða við stærsta vanda þjóðarinnar, efnahagsmálin. Þessi staðreynd á að vísu sínar skýringar. Í klofningsbrölti SF varið 1974 tókst ekki að ná samstöðu um nauðsynlegt viðnám gegn verðbólgu sem formaður Framsfl. lagði fram till. um. Af þeim ástæðum voru efnahagsmálin stjórnlaus marga mánuði. Þá hófst sá hraði verðbólgunnar sem ekki hefur enn ráðist við. Þessi ríkisstj. setti sér þá meginstefnu að hægja á verðbólgunni, en halda þó fullri atvinnu, og e. t. v. kemur fram í þessu meginmunurinn á þeirri stefnu, sem Framsfl. hefur lagt áherslu á, og stefnu Alþfl. hins vegar sem þm. Sighvatur Björgvinsson virtist ekki gera sér grein fyrir áðan. Við viljum ekki taka upp stefnu Alþfl. sem fram kom í tíð viðreisnarstjórnarinnar og leiddi á árunum 1967—1968 til mesta atvinnuleysis sem yfir þessa þjóð hefur gengið lengi.

Við viðurkennum að þetta er vandrötuð braut. Eflaust hefði verið unnt að draga mjög úr verðbólgunni með því að takmarka atvinnuna. Þótt verðbólgan sé hið versta böl tel ég þó atvinnuleysi verra. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að meira hefði á unnist ef gætt hefði meiri festu í ýmsum aðgerðum ríkisstj.

Ekkert mál hefur tekið meiri tíma ríkisstj. og þm. en landhelgismálið. Um það bera vott langar og miklar umr. utan dagskrár sem stjórnarandstæðingar hafa knúið fram, en hafa satt að segja verið málinu til mjög lítils gagns, ef ekki til óþurftar. Stjórnarflokkarnir ákváðu að færa fiskveiðilögsöguna út í 200 sjómílur. Það var nokkuð djarft með tilliti til þess að 50 sjómílna fiskveiðilögsagan var ekki enn unnin og Hafréttarráðstefnan hafði ekki lokið sínum störfum. Í ljós kom þó fljótlega að hér var um rétta ákvörðun að ræða. Samdóma álit fiskifræðinga, ekki aðeins á Íslandi, heldur við allt Norður-Atlantshafið, sýnir okkur að ástand fiskstofnanna, einkum þorskstofnsins, er slíkt að við megum engan tíma missa ef þorskstofninn, þessi grundvöllur íslensks efnahagslífs, á ekki að hrynja.

Þótt um útfærsluna hafi verið full samstaða hafa að sjálfsögðu verið skiptar skoðanir um einstök framkvæmdaatriði. Þótt ég viðurkenni að ekki beri að blanda um of saman þátttöku okkar í Atlantshafsbandalaginu og fiskveiðilögsögunni þykir mér ákaflega erfitt að þola það að við íslendingar sitjum í samstarfi við breta í þeim félagsskap á sama tíma og þeir beita okkur slíku ofbeldi á Íslandsmiðum að fáheyrt mun vera. Menn segja gjarnan: Það er mikill styrkur af því að vera í Atlantshafsbandalaginu. Ég spyr: Hver er þessi styrkur? Var það e. t. v. það sem reið baggamuninn að bretar sökktu ekki Tý um daginn? Ég á erfitt með að koma auga á styrkinn. Um hitt er ég sannfærður, að það vopn, sem andstæðingurinn veit að aldrei verður beitt, er til lítils gagns.

Ég er því fylgjandi að sendiherra okkar hjá Atlantshafsbandalaginu sé kvaddur heim. Þeirrar skoðunar eru fjölmargir framsóknarmenn. En um það hefur ekki náðst samstaða innan stjórnarflokkanna. Í staðinn hefur sendiherra okkar hjá bretum verið kallaður heim, en það er ekki fullnægjandi.

Eftir síðustu atburði á Íslandsmiðum, hótanir Nimrod-þotunnar, hlýtur mælirinn að vera orðinn fullur hjá fleirum en mér. Ef utanrrh. fer á fund NATO í næstu viku á það að vera til þess að tilkynna að við treystum okkur ekki til þess að taka þátt í því samstarfi lengur, eins og nú er ástatt.

Ég á einnig erfitt með að sætta mig við málsmeðferð eftir svar bandaríkjamanna við málaleitun okkar um hraðbáta. Það er ekkert annað en löðrungur í andlit okkar að utanrrh. Bandaríkjanna skuli fara úr leið, stansa í London til þess að leggja áherslu á það við stallbróður sinn þar að bandaríkjamenn muni ekki veita íslendingum aðstoð í fiskveiðideilunni. Þess á að krefjast að utanrrh. Bandaríkjanna komi hingað og gefi skýringar. Einnig á að gera honum grein fyrir því að aðstaða sú, sem bandaríkjamenn hafa hér á landi, er hvorki sjálfsögð né trygg og satt að segja full ástæða til þess eftir slíka framkomu að hún sé endurskoðuð. Eina skýringin á þessari framkomu er sú, að annað hvort sé bandaríkjamönnum sama um aðstöðuna eða þeir telja hana svo örugga að þeir geti leyft sér hvað sem er.

Um þessi atriði hefur ekki náðst samstaða. Sjálfstfl. hefur ekki verið til viðræðu um það að blanda þessum málum og fiskveiðideilunni við breta saman á nokkurn máta. Út af fyrir sig er Sjálfstfl. að sjálfsögðu frjáls að hafa þá afstöðu. Utanrrh. og dómsmrh. hafa hins vegar hvað eftir annað sýnt í þessum málum stórum meiri festu þótt orð þeirra og aðgerðir hafi e. t. v. orðið máttlausari þar sem ríkisstj. hefur ekki í heild staðið að baki.

Samningar við erlendar þjóðir um fiskveiðar hafa að sjálfsögðu verið mjög á dagskrá. Eftir upplýsingar fiskifræðinganna er ljóst að við höfum engin efni á því að heimila öðrum þjóðum veiðar í íslenskri fiskveiðilögsögu, og vafalaust vilja allir íslendingar forðast slíka samninga. Hins vegar verður einnig að viðurkenna það sjónarmið að við íslendingar höfum ekki fremur efni á því að erlendir aðilar veiði í íslenskri fiskveiðilögsögu án samninga, og í raun og veru hafa þeir mikið til síns máls sem segja: Þetta er bara reikningsdæmi. Við verðum að meta hvor leiðin veitir íslenskum fiskstofnum meiri vernd.

Samningarnir við vestur-þjóðverja eru langt frá því að vera góðir. En meiri hl. Alþ. komst að þeirri niðurstöðu að það væri skárra að gera samninga við vestur-þjóðverja en að eiga í stríði við breta og þá á sama tíma. Þjóðverjum hefur ekki tekist að standa við það atriði samningsins að fá niðurfelldan toll af innflutningi okkar í Efnahagsbandalagið. Út af fyrir sig get ég sætt mig við að þeir fái einhvern viðbótarfrest til að athuga málið. En ég fagna þeim ummælum utanrrh. að hann verði ekki langur. Ég legg á það höfuðáherslu að samningurinn við vestur-þjóðverja verði niður felldur ef tollalækkunin kemur ekki til framkvæmda mjög fljótlega og í síðasta lagi áður en hólfið er opnað á Vestfjarðamiðum 1. júní n.k.

Landhelgisgæslan hefur staðið sig með miklum ágætum, satt að segja miklu betur en ég þorði að vona. Við eigum að halda baráttunni áfram ótrauðir. Ég hallast að því að rétt sé að fjölga togurum í gæslunni. Þeir hafa reynst sterkir og hættulegir þunnri skel freigátanna. Það voru mikil vonbrigði að ekki náðist samstaða um fjármagn til Landhelgisgæslunnar án þess að sú fjáröflun kæmi í vísitöluna og sem launahækkun. Ég trúi því alls ekki að almenningur þessa lands standi að baki Birni Jónssyni í þeirri smánarlegu kröfugerð.

Ég get ekki tekið undir það með hæstv. sjútvrh. að rétt sé nú að semja við breta. Ég hef þann metnað að ég á erfitt með að við íslendingar setjumst niður með bretum og brosum eins og ekkert hafi gerst. Ég er sannfærður um að stutt er í það að við sigrum breta ef við höldum áfram baráttunni, sem við stöndum í við þá, ákveðnir og rólegir og stöndum saman.

Ríkisstj. hefur kosið að leggja höfuðáherslu á Hafréttarráðstefnuna. Þar hafa okkar fulltrúar unnið með stórum ágætum, og árangur, sem náðist á síðasta fundi, er ákaflega mikilvægur. Hann færir okkur stórt skref nær því lokatakmarki að fá viðurkenndan yfirráðarétt okkar yfir 200 sjómílunum. E. t. v. verður það í haust, og þá hygg ég að þjóðin geti sameinast um þá niðurstöðu að mjög vel hafi tekist í landhelgismálinu þótt við höfum ekki verið sammála um einstakar framkvæmdir.

En verkefnin fram undan eru mörg. Ég vil treysta því að sterk ríkisstj. taki á þeim með vaxandi festu. Ég bendi á efnahagsmálin sem nr. eitt. Lengur verður ekki þolað að við eyðum meiri gjaldeyri en við öflum. Það er leikaraskapur að tala um höft eða ekki höft í þessu sambandi. Ef við komum ekki í veg fyrir slíka eyðslu köllum við yfir okkur þau verstu höft sem hugsast geta, höft hins ófrjálsa manns sem stendur ekki undir vaxandi skuldabyrði, höft sem ollu gjaldþroti Nýfundnalands á sínum tíma. Hins ber þó að geta, að þeim lánum, sem hafa verið tekin, hefur í verulegu magni verið varið til framkvæmda sem munu færa okkur auknar gjaldeyristekjur á næstu árum. Við verðum einnig að vinda ofan af verðbólguþróuninni. En

ég ætla þó ekki að ræða um efnahagsmálin, það gera aðrir, heldur fyrst og fremst um ýmsa aðra þætti sem þarfnast markvissra aðgerða á næstu árum. Þó vil ég lýsa þeirra skoðun minni að lausn á efnahagsmálum er ekki fundin með hugsjón Stefáns Jónssonar, hv. þm. sem talaði hér áðan, að hverfa aftur að kotbúskap og árabátaútgerð. Við þurfum fyrst og fremst að styrkja þær atvinnugreinar, sem eru samkeppnisfærar á erlendum mörkuðum, og afla okkur þannig meiri gjaldeyristekna.

Þegar við gengum í Friverslunarbandalagið fyrir sex árum sagði Eysteinn Jónsson á þingi að taka þyrfti upp nýja búskaparhætti ef sú þátttaka ætti ekki að verða íslenskum iðnaði að falli. Þá lofaði viðreisnarstjórnin iðnrekendum ýmsum aðgerðum til þess að jafna þeirra aðstöðu við innfluttan iðnaðarvarning. Við þetta hefur því miður ekki verið staðið nema að mjög litlu leyti og stendur íslenskur iðnaður nú ákaflega illa í samkeppni við erlendan iðnað við lækkandi tollverð. Hins vegar er augljóst að iðnaðurinn er sú vaxtarstoð sem við verðum einna mest að treysta á. Hann verður að taka við meginþorra fjölgandi þjóðar ásamt þjónustugreinunum. Við eigum þarna gífurlega möguleika, á því er enginn vafi, m.a. í framleiðslu úr íslenskum hráefnum, eins og t.d. hráefnum landbúnaðarins. Í því sambandi vek ég athygli á nýsettum lögum, sem landbrh. hefur haft forgöngu um, um mat og flokkun á gærum og ull. Þau munu hafa ómetanlega þýðingu fyrir iðnað sem á þessum hráefnum íslensks landbúnaðar byggir. Möguleikar okkar eru einnig miklir á fjölmörgum sviðum þekkingar og tækni. Það er að mínu mati eitt af stærstu verkefnum næsta vetrar að stokka upp spilin, helst að stíga eins og þrjú ár til baka í samningum við Friverslunarbandalagið og setja fram nýja iðnþróunaráætlun sem við er staðið.

Markviss stjórn í sjávarútvegi er ekki aðeins þörf, heldur nauðsynleg. Aðeins með því móti getum við komið í veg fyrir hrun okkar helstu fiskstofna. Sjútvrn. hefur í vetur aflað sér margs konar heimilda til þess að hafa stjórn á þessum málum, eins og hæstv. sjútvrh. lýsti hér áðan. Fiskveiðilagafrv., sem nú er til meðferðar, er spor í þá átt, einkum sú heimild sem í frv. felst til skyndilokana á svæðum þar sem smáfiskadráp er mikið. Þessi stjórnun verður hins vegar ákaflega viðamikil og ég efast stórlega um að hún eigi heima í rn. Ég tel, að það sé eitt af stærstu verkefnum næstu mánaða að skipuleggja þessa stjórnun, og bendi í því sambandi á skipulag það sem norðmenn hafa. Þeir hafa sjálfstæðan fiskveiðastjóra sem hefur þessi mál öll með höndum og hefur alræðisvald, þegar honum þykir nauðsynlegt, til þess að koma í veg fyrri ofveiði og tryggja viðgang og hámarksnýtingu fiskstofnanna. Ég held að það sé aldrei gott að hafa svo viðkvæm mál í pólitískum höndum.

Raforkumálin hafa mjög verið á dagskrá í vetur. Við olíuhækkunina í lok ársins 1972 ákváðu menn, e.t.v. meira af kappi en forsjá, að gera allt sem unnt væri til þess að tryggja innlenda orku í stað erlendrar. Sigölduvirkjun var hafin. Ákveðið var að ráðast í virkjun Kröflu, Bessastaðaár og Suður-Fossár, línu norður o.fl. Eflaust eiga þessar framkvæmdir ýmislegt til síns ágætis. Hins vegar óttast ég að við þær allar hafi orðið meiri og minni mistök, en um það ætla ég ekki að ræða. Langsamlega stærstu mistökin verða rakin til þess að framkvæmdirnar eru allar á sitt hverri hendi, Landsvirkjun virkjar Sigöldu, en sérstakar nefndir, fjórar talsins, settar á fót til þess að virkja Kröflu, leggja línu norður, virkja Suður-Fossá og undirbúa virkjun Bessastaðaár. Nýlega hefur að vísu sumt af þessu verið fært til Rafmagnsveitna ríkisins.

Þessi glundroði í skipulagi raforkumála er ekki nýtt fyrirbæri, hann hefur verið að þróast árum saman. Það er t.d. orðið nokkuð langt síðan Raforkumálaskrifstofan var klofin í frumeiningar sínar, þrjár stofnanir. Síðan vinna Rafmagnsveitur ríkisins og Orkustofnun að sömu verkefnum á sitt hvorri hæð sömu byggingar og virðist þar nánast enginn samgangur vera á milli. Við þetta ástand verður alls ekki lengur unað. Því tók aðalfundur miðstjórnar Framsfl. þessi mál til sérstakrar meðferðar í byrjun þessa mánaðar. Eftir ítarlegan undirbúning gekk fundurinn frá samþykkt um skipulag raforkumála sem Framsfl. er ákveðinn í að berjast fyrir. Með leyfi forseta vil ég lesa samþykkt þessa:

„Stefnt skal að jöfnun orkuverðs um land allt. Í því skyni skal lögð áhersla á að tengja saman raforkukerfi einstakra landshluta og tryggja þannig sem hagkvæmastar framkvæmdir og rekstur með samkeyrslu allra orkuvera og dreifikerfa. Í þessum tilgangi skal stefnt að eftirgreindu skipulagi orkumála:

1. Unnið verði að því að koma á fót einu fyrirtæki sem annist alla meginraforkuvinnslu og flutning raforku milli landshluta. Ríkisstj. taki í þessu skyni upp samninga við Landsvirkjun, Laxárvirkjun, Andakílsárvirkjun, Rafmagnsveitur ríkisins, Rafveitu Vestmannaeyja, Rafveitu Siglufjarðar og aðrar rafveitur, sem eiga og reka orkuver, um sameiningu slíks rekstrar í einni landsvirkjun, Íslandsvirkjun. Aðilar að þessu fyrirtæki og stjórn þess verði ríkissjóður og landshlutaveitur. Eignarhluti ríkissjóðs skal aldrei vera minni en 50%. Fyrirtækið undirbýr virkjanir og lætur virkja.

2. Unnið verði að því að koma á fót landshlutaveitum sem annist alla dreifingu og sölu á raforku í viðkomandi landshluta. Landshlutaveitur þessar geti einnig annast rekstur hitaveitna. Þær sjái um framkvæmdir sem nauðsynlegar eru vegna viðkomandi rekstrar. Aðilar að slíkum landshlutaveitum og stjórnum þeirra verði sveitarfélög og væntanleg Íslandsvirkjun.

3. Orkustofnun verði ríkisstj. til ráðuneytis um orkumál og annist upplýsingasöfnun hvers konar um orkulindir þjóðarinnar og geri áætlanir um nýtingu þeirra og annist frumrannsóknir fyrir virkjanir. Orkustofnun veiti landsvirkjun og landshlutaveitum nauðsynlega þjónustu."

Þarna hefur Framsfl. riðið á vaðið og markað ákveðna stefnu á þessu mjög svo mikilvæga sviði, — markað þá stefnu að öll meginraforkuvinnsla í landinu verði á einni hendi. Með þessu móti einu er unnt að tryggja að hagkvæmustu framkvæmdirnar verði valdar og raforka seld á sama verði um land allt, í heildsölu a. m. k.

Jafnframt er þarna mörkuð sú stefna, að heimamenn verði virkir þátttakendur í þessu kerfi, þeir eigi sína landshlutaveitu sem annist dreifingu raforkunnar, rekstur hitaveitna o. fl., eins og þeir kunna að kjósa, og verði jafnframt þátttakendur í gegnum þessar landshlutaveitur í landsveitunni, Íslandsvirkjuninni.

Orkumálaráðherra hefur lýst því yfir á þingi að hann muni í sumar setja á fót n. til þess að skoða skipulag raforkumála. Þar munu þessar till. að sjálfsögðu verða lagðar fram. Það er von mín að samstaða náist um skipulag orkumála í anda þeirra till. sem ég hef nú lýst.

Mér hefur ekki unnist tími til að gera grein fyrir mikilvægum málum, t. d. á sviði landbúnaðar, eins og jarðalögum og ábúðarlögum, sem munu skipta landbúnaðinn miklu. Þarna eru einnig fram undan stór verkefni, ekki síst stóraukin innlend fóðurframleiðsla í heykögglaverksmiðjum sem fyrst og fremst nýti jarðhita, svo og endurskoðun laga um Stofnlánadeild og Framleiðsluráð.

Nýtt skipulag ferðamála hef ég ekki getað rætt um né um það stóraukna fjármagn sem nú á að verja til þeirra mikilvægu mála.

Ekki hef ég heldur getað gert grein fyrir ýmsu á sviði menntamála né þeim stórkostlegu verkefnum sem þar eru fram undan, m. a. að tengja verk- og tæknimenntun betur fjölbrautaskólakerfi því sem er að þróast í þessu landi. Það er gífurlega mikið og kostnaðarsamt verkefni og þarf að vinnast skipulega og vel. Það mál var því sérstaklega tekið fyrir á síðasta aðalfundi miðstjórnar Framsfl.

Dómsmálin hafa einnig verið mjög í sviðsljósinu. Hefur dómsmrh. lagt fram á þingi fjölmörg frv. sem öll miða að því að bæta og hraða meðferð slíkra mála. Að koma þeim nýmælum til framkvæmda er stórt og mikið verkefni.

Góðir íslendingar. Ég vona að mér hafi tekist að draga upp mynd af stjórnmálaástandinu eins og það er nú á miðju kjörtímabili, draga upp mynd af ríkisstj. sem lagt hefur höfuðáherslu á landhelgismálið og virðist ljóst að það mál muni fljótlega verða farsællega til lykta leitt. Það eitt út af fyrir sig er ekki lítið afrek. Hægar hefur gengið á ýmsum öðrum sviðum og hefur það valdið vonbrigðum. Því verður þó ekki neitað að ötullega hefur verið unnið að undirbúningi fjölmargra mikilvægra málaflokka sem eru að sjá dagsins ljós eða munu á næstu mánuðum. Framsfl. vill stuðla að því að ávöxturinn af þessu starfi verði mikill. Hann stendur því heill að þessu stjórnarsamstarfi, en mun beita áhrifum sínum til þess að þar gæti í vaxandi mæli þeirrar festu sem nauðsynleg er til þess að koma efnahagsmálum þjóðarinnar í viðunandi horf og ýmsu skipulagi sem ég hef rakið. Ef þessi ríkisstj. getur það ekki, gerir það ekki önnur eins og nú er ástatt í íslenskum stjórnmálum. — Góða nótt.

Magnús T. Ólafsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Þrátt fyrir lokaorð Steingríms Hermannssonar var auðheyrt af hinum málefnalega hluta ræðu hans að hann á heima í hópi okkar stjórnarandstæðinga, og býð ég hann velkominn þangað. Ég vissi fyrir löngu að Steingrímur gerir sér far um að hlusta á rödd fólksins, og auðheyrt var af máli hans, framan af sér í lagi, að hann veit hvaða hug framsóknarmenn á Vestfjörðum bera til núv. stjórnarsamstarfs.

Frést hefur að þegar embættismenn og forustumenn stjórnarflokkanna tóku á sínum tíma að ráðgast um fjáröflunarleiðir til að mæta þörfum Landhelgisgæslunnar hafi einn embættismannanna stungið upp á því að fjárins yrði aflað með álagi á tekjuskatt, sérstökum landhelgisskatti yrði bætt á greiðendur tekjuskattsins. Hermt er að við þessa uppástungu hafi stjórnmálamennirnir fórnað höndum og sagt að allt annað teldu þeir æskilegra við fjáröflun til Landhelgisgæslunnar og reyndar annarra þarfa ríkissjóðs, sem um var fjallað, en slíkan tekjuskattsauka.

Eins og mönnum ætti að vera í fersku minni varð niðurstaðan sú að stjórnarflokkarnir ákváðu álögur í ýmsum myndum til að afla vænnar fúlgu til ríkisþarfa. Uppistaðan í þeirri skattheimtu er innflutningsgjald á tæpan helming vöruinnflutnings og nokkrar innlendar framleiðsluvörur. Vörugjaldið átti samkv. því, sem ríkisstj. hafði áður boðað, að lækka á árinu niður í 6%, en rýkur nú í þess stað upp í 18% og slagar því hátt upp í söluskattinn þar sem það kemur niður. Afleiðingarnar af þessari skattheimtu eru svo aukin dýrtíð og magnaðri verðbólga. Er gert ráð fyrir að framfærsluvísitala verði, einkum sökum þess að vörugjald hefur verið hækkað, a. m. k. 10 stigum hærri en orðið hefði ef vörugjaldið fengi að lækka eins og til stóð. Mestallan þennan verðbólguvöxt og þá keðjuverkun á fjármál og atvinnumál, sem af honum hlýst, hefði mátt forðast ef fært hefði þótt að leggja á landhelgisskatt eftir sömu reglum og tekjuskatt og í viðbót við hann. En sú fjáröflunarleið þótti ekki skoðunarverð, heldur var hafnað þegar í stað.

Ástæðurnar fyrir þeirri afstöðu segja mikla og ófagra sögu um það ástand sem ríkir í fjármálum íslenska ríkisins og gjaldheimtu þess af landsmönnum. Grundvöllur heilbrigðs og virks skattkerfis er jöfnuður í innheimtunni, að gjaldþegnarnir geti treyst því að gjöldin, sem þeim er gert að greiða í sameiginlegan sjóð, gangi jafnt yfir eftir þeim reglum sem gilda um hvert og eitt. Stighækkandi tekjuskattur á samkv. því að leggjast á eftir tekjum og hafa áhrif til tekjujöfnunar í þjóðfélaginu. Alræmt er orðið að þessu er síður en svo að heilsa hér á landi. Við hverja álagningu kemur skýrar og skýrar í ljós að tekjuskatturinn er fyrst og fremst og að sumra dómi næstum einvörðungu orðinn launaskattur. Dæmin sanna að fyrirtæki og einstaklingar, sem hafa rekstur með höndum, sleppa með lítinn skatt eða engan, og ranglætið í skattheimtunni er orðið slíkt að launafólk í heilum byggðarlögum hefur risið upp og krafist allsherjarathugunar á skattarangsleitninni sem blasir við augum.

Þegar ófremdarástand sem þetta ríkir telja þeir sem ábyrgð bera á fjármálum ríkisins að ógerlegt sé með öllu að afla fjár með tekjuskattsálagi enda þótt þarfirnar, sem uppfylla á, séu brýnar og viðurkenndar af öllum. Gjaldheimta, sem hlýtur að verka eins og olíugusa á verð-

bólgubálið, er tekin fram yfir álag á þann tekjustofn ríkisins sem ef rétt væri á haldið ætti þó að tryggja að framlögum til sameiginlegra þarfa sé dreift eftir greiðslugetu gjaldenda án þess að óheillavænleg keðjuverkun breiðist um hagkerfið allt.

Nú er svo komið að allir viðurkenna að við svo búið má ekki lengur standa. Skattamisréttinu verður að linna ef ekki á að stefna í algert óefni. En raunhæfar aðgerðir láta á sér standa. Skömmu eftir að vinstri stjórnin tók við völdum 1971 hófst endurskoðun á tekjuöflun hins opinbera og tillögugerð um úrbætur í skattamálum. Heildstæðar till. lágu fyrir skömmu áður en sú ríkisstj. missti starfhæfan þingmeirihl., en voru illu heilli ekki lagðar fram þar sem vonlaust þótti um samþykkt þeirra eins og komið var. Núv. ríkisstj. tók við þessum till. og hefur margsinnis boðað umbætur í skattamálum, en athafnir dragast enn á langinn. Ég fullyrði að voði er á ferðum ef lengur er látið reka á reiðanum í þessum efnum.

Fyrsta og árangursríkasta skrefið til að koma einhverju lagi á ríkisfjármál og gera tekjuskiptingu í þjóðfélaginu viðunandi er að afnema óþolandi skattamisrétti. Ekki fer milli mála að það, sem tafið hefur og tefur enn leiðréttingu á því hróplega misræmi að launatekjur eru skattlagðar, en rekstrarhagnaður og sölugróði sleppur lítt skattlagður eða ekki, eru sérhagsmunir og málafylgja þeirra sem hafa meiri eða minni hag af ríkjandi ójafnaðarkerfi. Þótt svo sé í pottinn búið er ég þess fullviss að yfirgnæfandi meiri hl. landsmanna í öllum flokkum skipar sér í þá fylkingu sem krefst að gefin fyrirheit um gagngerða endurskoðun skattalaganna með jafnrétti gjaldþegnanna fyrir augum verði efnd undanbragðalaust og án frekari tafar. Sýnt er að úr þessu gerist það ekki á þessu þingi, því miður. En skattamálin hljóta að verða höfuðviðfangsefni næsta þings.

En reynsla síðustu missira vottar að kerfisbreytingar eru orðnar aðkallandi á fleiri sviðum en í skattamálum. Ríkisstj. undir forustu Sjálfstfl., flokksins sem fyrir síðustu kosningar kvaðst hafa á takteinum samræmdar aðgerðir í efnahags- og fjármálum til að kippa í lag því sem þyrfti í þjóðarbúskapnum, hefur nú setið að völdum í þrjú missiri og haft við að styðjast rúmlega ⅔ hluta Alþ. Hún hefur afgreitt tvenn fjárlög og sérstakar efnahagsaðgerðir oftar en tölu verður á komið. Og hver er árangurinn? Halli ríkissjóðs á síðasta ári nam metfjárhæð. Fjárfestingarsjóðir stóðu fyrir útlánum langt umfram áætlanir á síðasta ári og með þeim afleiðingum að ströng takmörk á útlánum sjóðanna í ár koma þeim mun harðar niður. Þrátt fyrir samdrátt neyslu á síðasta ári tókst ekki að rétta við geigvænlegan halla á viðskiptum við önnur lönd. Erlendar skuldir til skamms tíma og langs hrannast upp, og er nú svo komið að fyrirsjáanleg greiðslubyrði á næstu árum nemur fimmta hluta af líklegu aflafé þjóðarinnar í viðskiptum við útlönd.

En þessi geigvænlega mynd af stöðu þjóðarbúsins segir aðeins hálfa sögu. Það er ekki nóg með það að bundnir hafi verið firnaþungir greiðslubaggar sem axla verður í náinni framtíð. Þar á ofan blasir við að möguleikar þjóðarinnar til að rýmka hag sinn með því að ganga í helsu auðsuppsprettu Íslands að fornu og nýju, sjávaraflann á miðunum umhverfis landið, virðast alls engir um allmörg næstu ár. Ástand fiskstofna helstu nytjafiska er svo herfilegt að hrun þeirra vofir yfir nema dregið sé úr sókn veiðiflotans í þessa stofna. Því er það að hagstæð þróun verðlags á útflutningsmörkuðum okkar, sem hingað til hefur orðið til bjargar að loknum verðfalls- og sölutregðutímabilum, sem yfir hafa gengið, og leyst þjóðarhag úr skulda- og samdráttarviðjum, getur ekki gegnt slíku hlutverki í nándar nærri sama mæli og oft áður við þau skilyrði sem nú hafa skapast. Þótt fiskverð hækki og eftirspurn fjörgist er okkur ekki lengur stætt á að hagnýta þann bata á viðskiptakjörum með því að herða sókn og auka útgerð til að hagnýta hagstæða markaðssveiflu. Við ríkjandi aðstæður væri það að fórna framtíðarmöguleika þjóðarinnar til að sjá sér farborða fyrir stundarábata. Nú er því svo komið að greiða verður niður skuldabagga hallatímabilsins af þjóðartekjum sem ekki er lengur verjandi að auka á hefðbundinn hátt með því að draga fleiri fiska úr sjó. Skuldagreiðslurnar verða að koma af lítt breyttum þjóðartekjum komi ekki aðrar atvinnugreinar til og taki við af útgerðarafrakstrinum. Þar staðnæmast menn helst við möguleika iðnaðarins, en hann er frá fyrri tíð hornreka um rekstrarkjör og fjármagnsútvegun, miðað við hina hefðbundnu atvinnuvegi.

Þessar stórbreytingar á grundvallaraðstæðum í þjóðarbúskapnum blasa nú við og hafa gert um nokkurt skeið. En ekki örlar enn á neinum viðhlítandi viðbrögðum til að mæta aðsteðjandi erfiðleikum á nokkurn þann hátt sem ætla má að bægi frá stórfelldum háska. Umhugsunarfresturinn er ekki langur. Mér er nær að halda að hann sé þegar úti og nú sé óhjákvæmilegt að hefjast handa, ef ekki á illa að fara. Í sem fæstum orðum sagt virðist mér að íslenska þjóðin sé nú að reka sig heldur en ekki óþyrmilega á takmörk hagvaxtarins. Það er ekki hlutskipti okkar einna á þessum tímum. Ýmsar aðrar þjóðir eru síst betur eða jafnvel mun verr settar og er þetta meginundirrótin að því samdráttartímabili sem nú virðist ríkja um mikinn hluta heims. Áhrif hins tæknivædda framleiðslukerfis á náttúruna og búsetuumhverfi manna eru orðin svo gagnger og yfirþyrmandi að tækniværðingin er á tilteknum sviðum hætt að skila ábata, heldur veldur meira tjóni og erfiðleikum en arðurinn nemur sem af starfseminni fæst.

Verkefni íslenskra stjórnvalda, sem vilja heita verki sínu vaxin, væri að réttu lagi flestu fremur að leggja á ráð um stefnumótun sem koma á að gagni til að bjarga þjóðinni yfir á nýtt skeið við ný kjör framleiðslu og nýja lífshætti við breyttar aðstæður með sem minnstri röskun á högum manna. En það er öðru nær en núv. stjórn hafi gripið á þessu vandasama en veglega verkefni að nokkru gagni. Að sumu leyti ráða því aðgerðarleysi, ef ekki andvaraleysi, ytri aðstæður sem við fáum ekki við ráðið. Þar ber að sjálfsögðu hæst ofsafengnar tilraunir breskrar togaraútgerðar og breskra stjórnvalda til að ryðja togaraflota Bretlands braut á ofveidd fiskimið við Ísland með fallbyssukjöftum og

flugvélasprengjum. En það, sem ég vil fyrst og fremst vekja athygli á, er að þeir sérstöku erfiðleikar, sem eru á að sinna brýnum framtíðarverkefnum vegna utanaðkomandi aðstæðna, réttlæta hvergi nærri hve lítið er aðhafst. Ekki skortir vitneskju því að aðvarirnar eru nægar. Það skortir árvekni og getu til að líta yfir hið stærra svið frá verkefnum líðandi dags. Ekki stafar þessi deyfð gagnvart örlagamálum lands og þjóðar af því að ráðh. og aðrir forustumann stjórnarflokkanna viti ekki eða geti ekki gert betur. Meinið felst í því að innviðir stjórnarsamstarfsins voru feysknir í öndverðu og hafa fúnað síðan til þess var efnt.

Rangt væri að halda því fram að forustumenn og þingflið stjórnarflokkanna hafi ekki í öndverðu gert sér grein fyrir hvað þeir færðust í fang, hversu erfið viðfangsefni þeir tóku að sér. En í stað þess að láta sitja í fyrirrúmi viðureignina við hagræn og siðræn úrlausnarefni þjóðfélagsins hefur valdabrölt og hagsmunatogstreita innan stjórnmálaflokkanna, hvors um sig og milli beirra, sett svip sinn á stjórnarsamstarfið þótt um þverbak hafi keyrt frá síðustu áramótum. Komið hefur ótvírætt í ljós að harðskeytt valdabarátta fer fram innan Sjálfstfl. og lenda skot og lög í þeirri hríð einatt á áhrifamönnum í Framsfl. Hér á Alþ. er ástandið þannig þessa daga að ráðh. telur sig verða að snupra formenn, sem stjórnarflokkarnir hafa sett yfir þn., fyrir að leggjast á mál sem ráðh. telur hin brýnustu og vill fyrir hvern mun fá afgreidd. Einmitt í dag varð ljóst í Nd. að forseti hennar teflir í tvísýnu vænni kippu af frv. í því skyni að knýja í gegn á sem skemmstum tíma þmfrv. tveggja gæðinga sinna sem lagt hafa í það metnað sinn að koma móðurmálskennslu skólanna á ringulreið með því að kollvarpa með lagasetningu þriggja ára gömlum stafsetningarreglum. Mundi slíkt frumhlaup valda glundroða sem seint yrði bættur í málrækturstarfi skólanna.

Herra forseti. Þau vettlingatök, sem núv. ríkisstj. hefur tekið viðfangsefni sem mörg hver munu ráða miklu um hag þjóðarinnar um ófyrirsjáanlega framtíð, þurfa að taka enda áður en óbætanlegur skaði er skeður. Fólkið í landinu þarf að láta heyra frá sér, veita það aðhald sem dugir. — Þökk þeim, sem hlýddu.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Óhætt er að fullyrða að aldrei hefur verið við völd á Íslandi ríkisstj. sem notið hefur jafnlítils trausts almennings og núv. ríkisstj. Stjórnin hefur að vísu stuðst við allmikinn flokkslegan meiri hl. á Alþ., en einnig þar má nú sjá uppgjafar- og vonleysissvipinn á stuðningsmönnum hennar. Fall ríkisstj. er því augljóslega ekki langt undan.

Lánleysi núv. ríkisstj. er með ólíkindum. Það er eins og öll mál snúist í höndum ráðh. og að allar aðgerðir stjórnarinnar fari á þveröfugan hátt við það sem boðað er. Það var sannarlega ekki lítill völlur á núv. stjórnarherrum þegar þeir tóku við völdum á miðju ári 1974. Öllu átti að kippa í lag á stuttum tíma. Verðbólguna átti að stöðva, ríkisfjármálum átti að koma í lag, skuldasöfnun við útlönd átti að hætta og leiðrétta átti rekstrargrundvöll atvinnufyrirtækja. Á tveggja ára valdatíma hafa öll þessi fögru fyrirheit orðið að engu. Og þó leyfir hæstv. sjútvrh. Matthías Bjarnason sér í umr. í kvöld að halda því fram að samstjórn íhalds og Framsóknar hafi bara tekist vel. Sá er lítilþægur — eða hefur hann ekki áttað sig á því hve sjávarútvegsmálin hafa tekist illa í hans höndum. Verðbólgan á fyrsta valdaári stjórnarinnar jókst um hvorki meira né minna en 54.5% miðað við framfærsluvisitölu og þar af nam hækkun, sem beinlínis stafaði af ákvörðunum ríkisstj. sjálfrar, um 40 prósentustigum. Síðan hefur verðbólgan haldið áfram að magnast og mun að öllum líkindum vaxa um 80—85% á tveimur heilum valdaárum stjórnarinnar. Fjármál ríkissjóðs hafa verið slík raunasaga í tíð núv. stjórnar að engin dæmi eru slíks áður. Engar áætlanir um fjármál ríkissjóðs hafa staðist. Fjárlög hafa reynst marklaus tveimur mánuðum eftir samþykkt þeirra. Leggja hefur þurft á nýja og nýja skatta, og þá, sem fyrir voru, hefur þurft að hækka. Skatta, sem lagðir voru á vegna jarðelda í Vestmannaeyjum og annarra náttúruhamfara, hefur ríkissjóður orðið að taka til sín. Og þrátt fyrir alla skattana og öll ríkislánin hefur núv. ríkisstj. orðið að taka yfirdráttarlán, í rauninni nauðungarlán, í Seðlabankanum sem nema hvorki meira né minna en 10 milljörðum kr. Þvílík lagfæring á ríkisfjármálunum!

Þegar núv. ríkisstj. tók við völdum námu erlendar skuldir þjóðarinnar til langs tíma um 45 milljörðum kr. miðað við núverandi gengi, en nú nema þær um 80 milljörðum kr. og hafa því hækkað um 35 milljarða. Áður voru tekin erlend lán nær einvörðungu til kaupa á skipum og til mannvirkjagerðar, en nú er stór hluti hinna erlendu lána tekinn vegna neyslu.

Og hvernig er með rekstrarafkomu atvinnuveganna? Hefur þar orðið breyting til batnaðar? Nei, því fer víðs fjarri. Að dómi forustumanna í iðnaði og útgerð hefur ástandið í þeim atvinnugreinum aldrei verið verra en nú. En ríkisstj. hefur hins vegar tekist með alrangri stefnu í efnahagsmálum að minnka kaupmátt launa verkamanna, sjómanna og bænda og annarra launþega um 25—30%. Henni hefur einnig tekist að draga úr þjóðarframleiðslu og þjóðartekjum. Afsakanir hennar um óhagstæð ytri skilyrði eru lítils virði því að hið rétta er að erlendar verðhækkanir hafa verið litlar síðan stjórnin tók við. Þær höfðu að mestu gengið yfir á miðju árinu 1974. Verðfall á útfluttum vörum nemur aðeins litlum hluta af þeim kjaraskerðingarfjárhæðum sem stjórnin hefur knúið fram.

Það ástand, sem við blasir í efnahagsmálum landsins nú í dag, er stjórnleysi, — stjórnleysi á öllum sviðum. Dýrtíðin æðir áfram. Vextir eru almennt orðnir 20—24% eða þrisvar til fjórum sinnum hærri en í nálægum löndum. Lánskjör eru nú orðið bundin verðtryggingu í ríkum mæli, sem í reynd þýðir enn þá hærri vaxtagreiðslur. Ríkissjóður sjálfur rambar enn á greiðsluþrotsbarmi, en bætir þó sífellt á sig nýjum útgjöldum með fleiri og fleiri embættum og nýjum stofnunum.

Landhelgismálið var frá upphafi eitt af aðalmálum ríkisstj. 50 mílur, sem þó náðu yfir um

97% af öllum fiskimiðum við landið, voru lítils virði að dómi hinna nýju stjórnarherra og því lofuðu þeir strax 200 mílum. Útfærslan í 200 mílur hafði þó ekki fyrr átt sér stað en ríkisstj. bauð erlendum þjóðum frjálsar veiðar á öllu viðaukasvæðinu, úr 50 út í 200 mílur, og þar til viðbótar bauð hún miklar veiðiheimildir innan 50 mílnanna. Í landhelgisdeilunni við breta og vestur-þjóðverja hefur stefnuleysi og aumingjaskapur ríkisstj. verið með þeim hætti að engu tali tekur. Ríkisstj., sem fyrst gumaði af 200 mílum og vissi mætavel að ástand helstu fiskstofna við landið var orðið mjög alvarlegt, semur algerlega að óþörfu við vestur-þjóðverja um veiðar til tveggja ára. Hún svíkur hátíðlega gefið loforð um skilyrði sem sett voru fyrir samkomulaginu við þjóðverja og opnar friðlýst veiðisvæði aðeins til þess að þóknast þjóðverjum.

Það er öllum landsmönnum ljóst að hefði ekki komið til kröftug andstaða almennings í landinu og hörð mótmæli verkalýðssamtakanna og stjórnarandstöðunnar gegn undanhaldi í landhelgismálinu, þá væri ríkisstj. búin að glutra niður því máli eins og öðrum sem hún hefur haft til meðferðar.

Nú eru hins vegar orðin þáttaskil í landhelgismálinu. Réttur okkar og annarra strandríkja til 200 mílna er nú viðurkenndur af nær öllum þjóðum í heiminum. Bretar hafa opinberlega lýst yfir fylgi sínu við þá stefnu. Það er því aðeins spurning um stuttan tíma þar til bretar hljóta að gefast upp formlega og draga herskip sín heim. En síðustu átakadagarnir geta orðið örlagaríkir. Nú má ekki láta undan að beygja sig fyrir ofríkinu.

Sú reynsla, sem þjóðin hefur fengið í landhelgismálinu, er vissulega lærdómsrík. Þjóðin á nú að vita hverjir það eru sem varið hafa rétt hennar, og einnig hitt, hverjir það eru sem alltaf hafa verið tilbúnir til undanhalds og alltaf hafa verið með undansláttartón.

Þjóðin hefur líka fengið sína dýrkeyptu reynslu af NATO og fengið að sjá og heyra hvers virði það bandalag er íslendingum. Eitt af forusturíkjum bandalagsins hefur beitt okkur hernaðarlega ofbeldi, sent á fiskimið okkar vígdreka sína, og nú síðast hefur það hótað skotárás á íslenskt löggæsluskip. NATO-ráðið hefur ekki einu sinni fengist til þess að fordæma breta fyrir framkomu þeirra í landhelgisdeilunni.

Þjóðin hefur líka fengið að reyna hvers virði ameríski herinn er okkur þegar á reynir. Svo ósvífin hafa bandarísk stjórnvöld reynst að þau hafa neitað okkur um fyrirgreiðslu til þess að kaupa eða leigja óvopnuð gæsluskip.

Hvernig hafa svo íslensk stjórnvöld brugðist við framkomu NATO og Bandaríkjanna gagnvart okkur? Þau hafa raunverulega legið hundflöt og ekkert gert að gagni. Send hafa verið að vísu formleg mótmæli til NATO og dómsmrh. hefur eitthvað lítils háttar kvakað og sýnt óánægju sína út af viðbrögðum bandaríkjamanna í sambandi við skipaútvegun, en svo gjörsamlega hafa íslensk stjórnvöld legið marflöt fyrir frekju og yfirgangi breta að þau hafa t. d. knúið íslenska starfsmenn Landssímans til þess að greiða fyrir landhelgisbrjótum með talstöðvaafgreiðslu, en slíkt er auðvitað hreint hneyksli.

NATO og Bandaríkin hafa tvímælalaust brotið samning á okkur íslendingum. Framkoma þeirra hefur verið niðurlægjandi fyrir Ísland og vanvirðing á hæsta stigi. Ríkisstj. hefur enn ekki fengist til þess að grípa til þeirra ráða sem mundu duga til þess að reka bresku herskipin út úr íslensku lögsögusvæði, — þeirra ráða sem eru rökrétt og eðlileg þar sem Ísland er aðili að NATO og hefur samning við Bandaríkin um hervernd. Þau ráð, sem nú á að beita, eru í fyrsta lagi að kalla sendiherra Íslands hjá NATO þegar í stað heim og loka sendiráðinu þar og hætta öllum samskiptum við bandalagið. Í öðru lagi á utanrrh. okkar ekki að mæta á NATO-fundinum í Osló í næstu viku. Í stað þess á að senda á þann fund hörðorð mótmæli gegn afstöðu bandalagsins. Í þriðja lagi á síðan að tilkynna NATO og Bandaríkjunum að herstöð bandalagsins á Keflavíkurflugvelli verði lokað og tekið verði fyrir alla aðstöðu bandalagsins og Bandaríkjahers hér á landi. Það er það eina sem er rökrétt í málinu.

Allir vita, að núv. ríkisstj. beitir ekki þessum ráðum, a. m. k. ekki ótilneydd. Af þeim ástæðum þarf þjóðin, þ. e. a. s. allir landsmenn, að taka til sinna ráða í málinu. Um þessa helgi eða nánar til tekið nú á laugardaginn munu þeir, sem eru andvígir þátttöku Íslands í NATO og andvígir herstöðvum í landinu, efna til Keflavíkurgöngu og mótmæla þannig herstöðva- og herbandalagsstefnunni. Nú ættu allir, sem vernda vilja landhelgishagsmuni Íslands og hafa séð og heyrt hvernig NATO og Bandaríkin hafa komið fram gagnvart íslenskum málstað í landhelgismálinu, að sameinast í öflugum landsmótmælum með fjölmennari Keflavíkurgöngu en nokkru sinni áður, og einstaklingar og félagasamtök um allt land þurfa að gerast þátttakendur í mótmælunum með því að senda mótmælaskeyti og mótmælaundirskriftir þar sem mótmælagöngum verður ekki við komið.

Um það er ekki að villast, að nú dregur að nýjum alþingiskosningum. Sennilega hanga þó stjórnarflokkarnir saman út þetta ár, en það verður þó mest að nafninu til. Hér í þessum umr. í kvöld mátti greinilega heyra uppgjafar- og kosningahræðslutóninn, t. d. í ræðu Steingríms Hermannssonar, þegar hann játaði að þýsku samningarnir hafi ekki verið góðir og hann ætti erfitt með að þola framkomu NATO og fjandsamleg viðbrögð Bandaríkjanna og fleira var hann að minnast á í sambandi við stjórnarsamstarfið. Bilunin í Framsfl. er augljós. Framsókn mun rjúfa stjórnarsamstarfið á næsta vetri og kenna þá auðvitað íhaldinu um allar skammirnar. Þetta eru hennar ær og kýr alltaf. En hún á sinn hlut af skömmunum.

Það er enginn vafi á því að á næsta ári verða alþingiskosningar. Nú þarf þjóðin að draga rétta lærdóma af reynslunni. Nú hafa menn fengið að reyna íhalds-framsóknarstjórn. Hver er svo ábyrgðarlaus að hann vilji slíka stjórn aftur? Landsmenn verða að gera sér fulla grein fyrir samhengi þeirra hluta sem eru að gerast. Launafólk getur ekki háð eðlilega kjarabaráttu í stéttarfélögum sínum eingöngu. Það verður að skilja að launabaráttа með þeim hætti að styðja núverandi stjórnarflokka er í eðli sínu þversögn

og fjarstæða. Og nær þúsundir landsmanna, sem áttað hafa sig á þeirri miklu þýðingu sem vernd auðlinda lands og sjávar hefur fyrir okkur og hvernig við eigum að hagnýta þær auðlindir, þær geta ekki falið þeim mönnum forsjá á stjórnmálasviðinu sem brugðist hafa jafnhrapallega og núv. stjórnarherrar hafa gert.

Ég sný máli mínu sérstaklega til launafólks, til verkafólks, sjómanna og bænda um allt land og til allra frjálslyndra manna. Nú er tíminn kominn til þess að undirbúa næstu alþingiskosningar. Nú þarf að mynda breiðari og sterkari samstöðu vinstri manna í landinu með bakstuðningi alls launafólks en nokkru sinni áður. Þannig þarf að tryggja þjóðinni nýja framfarastjórn og losa þjóðina sem fyrst við þá óheillastjórn sem nú fer með völd í landinu. — Góða nótt.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Í þessum útvarpsumræðum mun ég fyrst og fremst ræða um fjármál ríkisins og efnahagsmál. Segja má að flestar athafnir stjórnvalda snerti að einhverju leyti ríkisfjármál og efnahagsmál og umr. um þessa málaflokka því ofarlega í hugum manna, ekki síst á tímum sem þessum sem við lifum þegar illa hefur árað. Að því leyti er tekur til þessara þátta hinnar pólitísku umr. er ræða mín svar við ýmsum atriðum sem komið hafa fram í máli hv. stjórnarandstæðinga hér í kvöld.

Menn spyrja gjarnan hvað valdi að hin íslenska þjóð skuli ekki stöðugt geta búið við aukinn hagvöxt, batnandi lífskjör sem leiði af auknum kaupmætti launa, stöðugt verðlag og yfirleitt aukna hagsæld. Von er að menn spyrji þegar stöðugt dynur í eyrum áróður þeirra stjórnmálamanna sem fylla nú hóp stjórnarandstæðinga og una vistinni illa á andstöðubekknum. Sýnishorn fengu landsmenn að heyra fyrir stundu í málflutningi hv. þm. Garðars Sigurðssonar og sérstaklega Stefáns Jónssonar sem tókst með sínum venjulega orðhákshætti að eyða að mestu ræðutíma Lúðvíks Jósefssonar sem hann að vísu hirti ekki um. E. t. v. hefur það verið með ráðum gert.

Þessi áróður er einfaldur, en hann er annaðhvort settur fram í einfeldni eða þá í þeirri trú að þeir, sem eiga að meðtaka hann, séu einfeldningar. Hann gengur út á það eitt að þeir, sem nú fara með stjórn landsmála, geri yfirleitt allt ranglega. Þessi áróður byggist á lýðskrumi einu. Ef núv. stjórnarandstöðuflokkar væru hins vegar í stjórn færi allt á annan veg. — Með þennan málflutning að leiðarljósi tala svo þessir sömu menn um þverrandi virðingu manna fyrir Alþ. Þessir herrar skyldu hins vegar athuga það, að áheyrendur þeirra eru menn með fullu viti, menn sem láta ekki blekkjast af innantómum slagorðum og hreinum ósannindum um það sem valdið hefur versnandi lífskjörum um sinn.

En hverjar eru orsakir þess, að illa hefur gengið að ná jafnvægi í ríkisfjármálum? Hvers vegna búum við við svo mikla verðbólgu, og hvað getum við gert til þess að lækna þessi mein? Þessar eru spurningarnar sem vakna hjá hverjum og einum þegn þessa lands. Við þeim vill hann fá svör, skýr og skorinorð, frásögn staðreynda en ekki hin allt of tíðu glamuryrði og svigurmæli stjórnarandstöðu í garð stjórnarflokka um orsakir vandamála sem upp hafa komið og ríkisstj. hefur þurft að glíma við. Ég mun leitast við að svara þessum spurningum og segja þar frá staðreyndum sem hver og einn á að geta skilið. Þessar staðreyndir þekkja þm. stjórnarandstöðunnar þótt þeir rangtúlki þær á alla lund í von um kjörfylgi. Ég mun einnig greina frá stefnu ríkisstj. og athöfnum sem leiða eiga til lausnar aðsteðjandi vanda og þegar eru farnar að bera ávöxt, eins og ég mun sýna fram á.

Til þess að gera grein fyrir hinni miklu verðbólgu, sem við höfum búið við undanfarin missiri, verðum við að leita orsakanna til ársins 1974. Raunar á þessi Hrunadans upphaf sitt í hinum fyrstu veizludögum vinstri stjórnarinnar 1971, en þá sögu ætla ég ekki að rifja upp nú, heldur halda mig við tímabil núv. ríkisstj.

Í ársbyrjun 1974 var efnahagsvandinn öllum ljós, og hann fór vaxandi þegar á árið leið. Við þeim vanda varð hin nýja ríkisstj. að snúast, og það gerði hún með skýrt markaðri efnahagsstefnu. Þessi stefna hafði að leiðarljósi að draga úr hraða verðbólgunnar og úr greiðsluhalla við útlönd. Það skyldi gert án þess að gripið yrði til háskalegra samdráttaraðgerða sem mundu tefla atvinnuöryggi og þar með lífskjörum almennings í tvísýnu. Full atvinna og hægfara aðlögun að gjörbreyttri efnahagsstöðu þjóðarinnar var heppilegasta leiðin sem kostur var á. Þessi leið var valin. Það er þessi stefna sem stjórnarandstaðan hefur verið að gagnrýna að undanförnu, — stefna atvinnuöryggis og aðlögunar að breyttum og verri aðstæðum. Það er þessi stefna sem nú er farin að bera árangur þrátt fyrir versnandi viðskiptakjör framan af, þrátt fyrir minnkandi afla og þrátt fyrir erfiðar aðstæður í landbúnaði í sumum héruðum vegna óhagstæðs tíðarfars.

Íslendingar höfðu eins og fleiri ríki, sem byggja afkomu sína á útflutningi matvæla, notið langs tímabils velmegunar og batnandi viðskiptakjara allt til ársloka 1973. En þá fór að halla undan, og viðskiptakjör versnuðu mjög bæði árið 1974 og 1975 og sölutregðu gætti á mörgum útflutningsmörkuðum. Árið 1975 varð okkur þungt í skauti. Viðskiptakjör rýrnuðu um 15% frá árinu á undan og voru þau þá orðin fjórðungi lakari en að meðaltali á árinu 1973. Það sér hver heilvita maður að breyting sem þessi hlýtur að hafa stórfelld áhrif á þróun þjóðarframleiðslu og þjóðartekna. Þar tala tölur skýrustu máli, en áróður stjórnarandstæðinga afhjúpast. 1973 jukust þjóðartekjur um 10%. Það er á síðasta uppgangsárinu. 1974 versna viðskiptakjörin skyndilega, þannig að þjóðartekjur standa í stað þrátt fyrir framleiðsluaukningu. 1975 sígur enn á ógæfuhlið þegar þjóðarframleiðslan minnkar um 4% og þjóðartekjur vegna áframhaldandi rýrnunar viðskiptakjara um 8%, landbúnaðarframleiðslan dróst saman vegna óhagstæðs tíðarfars, lítil aukning varð á sjávarafla þrátt fyrir aukna sókn, álframleiðsla dróst

saman, og svo mætti sjálfsagt lengur telja. Þetta eru staðreyndir sem stjórnarandstæðingar verða að beygja sig fyrir. Ríkisstj. verður ekki kennt um óhagstæð ytri skilyrði. En ríkisstj. verður hins vegar um kennt ef hún bregst ekki skynsamlega við aðsteðjandi vanda.

Ríkisstj. hefur brugðist skynsamlega við, en það hefur hins vegar ekki verið öfundsvert hlutverk stjórnvalda undanfarin tvö ár að sveigja útgjöld þjóðarinnar til samræmis við þessa gjörbreyttu þróun rauntekna. Á árinu 1974 náðist tiltölulega lítill árangur í þessu efni. Vegna vaxandi eftirspurnar jukust þjóðarútgjöld en þjóðartekjur ekki. Af því leiddi aukinn viðskiptahalla við útlönd, og komst hann á árinu upp undir 12% af þjóðarframleiðslunni. Við þessum vanda var brugðist með margvíslegum ráðstöfunum í efnahagsmálum haustið 1974 og svo 1975. Þjóðarútgjöld tókst að lækka um 8% og er þar um mikið efnahagsátak að ræða þegar haft er í huga að þau jukust um 10% árið áður. Vegna versnandi ytri skilyrða tókst ekki á s. l. ári að gera betur en halda í horfinu varðandi viðskiptajöfnuð við útlönd.

Efnahagsvandinn hefur verið tvíþættur: annars vegar hin öra verðbólga og hins vegar mjög óhagstæður greiðslujöfnuður. Rætur þessa liggja í óhóflegri aukningu innlendrar eftirspurnar 1973 og 1974, mikilli erlendri verðbólgu og ört versnandi viðskiptakjörum. Þessi ofþensla stafar m. a. af hinni miklu útlánaaukningu bankakerfisins. Það er ekki lækning á vanda sem þessum að dæla nýprentuðum seðlum út í sjúkar fjármálaæðar þjóðfélagsins. Það var gert 1974. Af þessu stafar greiðsluhalli ríkissjóðs, og skuldasöfnun hans hjá Seðlabankanum hefur átt sinn þátt í að viðhalda umframeftirspurn innanlands og umframkaupum erlends gjaldeyris.

Markmið efnahagsstefnu ríkisstj. á næstu missirum eru þessi, eins og fram kom í stefnuræðu hæstv. forsrh. Geirs Hallgrímssonar á s. l. hausti:

1. Að draga verulega úr viðskiptahallanum.
2. Að hægja á verðbólguhraðanum frá því sem verið hefur undanfarin ár.
3. Að tryggja fulla atvinnu í landinu.

Og nú er spurt: Hverjar líkur eru á, að markmiðum þessum verði náð? Sjálfsagt er að viðurkenna að skortur á heilsteyptri og samræmdri stefnu í fjármálum og peningamálum hafi verið veikleiki hagstjórnar á síðasta ári. Ríkisstj. hefur hins vegar tekið með mjög ákveðnum hætti á þessum málum. Samræmdum aðgerðum er beitt í ríkisfjármálum og lánamálum: 1) Með hallalausum fjárl. yfirstandandi árs, fjárl. sem fela ekki í sér magnaukningu útgjalda frá 1975. 2) Með lánsfjáráætlun fyrir árið 1976 sem nær til allra innlendra lánastofnana svo og til lántöku erlends fjár og ráðstöfunar þess. 3) Með virku og ströngu eftirliti með ríkisútgjöldum innan fjárlagaársins hjá stofnunum og fyrirtækjum ríkisins. 4) Með undirbúningi og gerð áætlana um þróun tekna og útgjalda ríkissjóðs á næstu árum og þar með með endurskoðun sjálfvirkni núgildandi útgjaldalöggjafar.

Þetta, sem ég nú hef nefnt, var boðað í fjárlagaræðu hæstv. fjmrh. Matthíasar Á. Mathiesen í haust, og eftir þessu er nú unnið. Lánsfjáráætlun fyrir árið 1976 var í fyrsta sinn lögð fram nú fyrir síðustu áramót. Með þeirri áætlun var ítrekað það markmið ríkisstj. að minnka viðskiptahallann við útlönd um rúmlega þriðjung frá fyrra ári. Áætlun gerir og ráð fyrir að hallalaus rekstur ríkissjóðs verði tryggður á þessu ári. Stefnt er að aðhaldi í útlánum innlánsstofnana, minni aukningu fjárfestingarlánasjóða og minni erlendum lántökum. Frá þessum áætlunum má ekki hvika. Fjárlög og lánsfjáráætlun verða að vera haldin. Ekki má hvika frá þeirri forgangsröðun verkefna, sem ákveðin hefur verið, og ekki framkvæma neitt það sem ekki er ákveðið í fjárl. Vel kann að vera að ákveðin tímasetning framkvæmda sé ekki hin eina rétta að dómi allra, en eftir að ákvörðun er tekin ber að standa við hana.

Þegar eftir setningu fjárlaga 1976 var hafist handa við gerð mánaðarlegra greiðsluáætlana tekna og gjalda allra ríkisstofnana. Áætlanir sem þessar eru forsenda þess að náð verði betri stjórn en verið hefur á útgjöldum ríkissjóðs á fjárlagaárinu og gera mun auðveldara en ella að fylgjast með þróun ríkisfjármála og bregða skjótt við þar sem frávik frá áætlun koma í ljós. Aðgerðir ríkisstj. á sviði fjármála miða að því að ná hinum þremur markmiðum sem ég nefndi áðan. Ég hef þegar rakið hvað gert hefur verið til þess að draga úr viðskiptahallanum. En það miklvægasta er að dregið verði úr verðbólguvextinum.

S. l. ár hefur verðbólgan verið ógnvekjandi. Árið 1974 frá ársbyrjun til ársloka var verðbólgan 53%, árið 1975 frá ársbyrjun til ársloka 37% Eins og nú horfir er áætlað að verðbólgan 1976 verði 22—25%. Hér er um mikla breytingu að ræða sem sýnir að stefna ríkisstj. er rétt. Við megum hins vegar ekki missa sjónar af þriðja markmiðinu sem ég nefndi, að tryggð verði full atvinna í landinu. Það markmið næst því aðeins að um verði að ræða hægfara aðlögun að hinum gjörbreyttu efnahagsaðstæðum.

Ég hef nú, herra forseti, rætt nokkuð stefnu ríkisstj. í fjármálum og efnahagsmálum og sýnt fram á að sú stefna er að leiða þjóðina til aukinnar farsældar og út úr þeim vanda sem upp var kominn og raunar er enn við dyrnar. Það er full ástæða til að líta björtum augum til framtíðarinnar þótt að hafi þrengt um sinn og þjóðin sé hvergi nærri komin út úr vandanum. Jafnvel fólk á tiltölulega ungum aldri skyldi minnast þess að ekki eru svo mörg ár síðan lífskjör hér á landi voru sýnu lakari en nú. Hér er því ekki neitt efni til að hafa uppi kveinstafi þótt ríkisvaldið þurfi að sýna aðhald í fjármálum og ekki verði orðið við öllum kröfum um framkvæmdir í þessum málaflokknum og hinum. Hvað gerir ekki einstaklingurinn sem ekki á nægilegt fé til að kaupa þau lífsgæði sem hann girntist? Hann

rifar seglin og bíður þar til betur árar. Það sama verður ríkisvaldið að gera. Það dugir ekki prentun seðla eða fyrirhyggjulausar lántökur. Slíkt leiðir til ófarnaðar, og það er skylda ríkisstj. að gæta þess að fara ekki yfir mörkin. Það er sú leið sem ríkisstj. fer. Því mega íslendingar nú vera bjartsýnir á framtíðina, vegna þess að stefna ríkisstj. mun leiða til þess að við komumst án frekari áfalla út úr erfiðleikum. Til þess höfum við auk þess hin ytri skilyrði. Viðskiptakjör fara nú batnandi. Landbúnaður okkar er betur vélvæddur en gerist og gengur hjá nágrannaþjóðum sumum. Fiskveiðifloti okkar er nýr og afkastageta hans meira en nægileg. Við erum að vinna sigur í landhelgismálinu, þessu máli málanna. Við þurfum að ná tökum á nýtingu landhelginnar. Efnahagslögsaga yfir 200 mílunum er hins vegar ekki okkar einkamál ef við erum ekki menn til að rækta þann garð sem við erum nú að eignast. Þar er við okkur sjálfa að eiga og enga aðra, þegar landhelgin hefur verið hreinsuð af erlendum veiðiþjófum sem beita herafla gegn þjóð er berst fyrir viðhaldi lífs í hafinu umhverfis landið meðan hinir vinna að eyðingu þess.

Ég lýk máli mínu með því að láta í ljós þá trú að núv. stjórnarflokkar starfi saman a. m. k. út þetta kjörtímabil. Vonir alþb.- og alþfl.-manna um myndun nýsköpunarstjórnar eru andvana fæddar, og myndun nýrrar vinstri stjórnar er útilokuð af mörgum ástæðum sem ég þarf ekki að rekja. — Góða nótt.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Þegar samsteypustjórn Sjálfstfl. og Framsfl. var mynduð um mitt sumar 1974 eftir mikinn kosningasigur íhaldsaflanna í landinu út á mörg stór og fögur loforð og litskrúðugar lýsingar um hörmuleg endalok vinstri stjórnarinnar nokkru áður biðu margir eftir að heyra úrræðin í fyrstu stefnuræðu hæstv. forsrh. Geirs Hallgrímssonar. Ekki stóð á loforðum í fyrstu stefnuræðunni og yfirlýsingum um að verðbólguvöxturinn yrði ekki meiri en um 15% um áramótin 1975—76. Nú hafa landsmenn heyrt stefnuræðu nr. 2 og þar var einnig mörgu lofað til bóta, en þó skinu í gegn vanefndir á mörgum fyrri loforðum og verðbólguvöxturinn var viðurkenndur meiri en nokkru sinni áður. Einhvern veginn hafði ekki tekist að hamla neitt þar á móti fremur kynnt undir. Eina haldreipið var að ekki væri stórfellt atvinnuleysi í landinu.

Á þeim tæplega tveimur árum, sem þessi íhaldsstjórn hefur setið, má fullyrða að flest hafi gengið á brauðfótum og efndir nær engar til úrbóta á því hörmungarefnahagsástandi sem við blasti þegar hún var mynduð. Ekki vantar þó meiri hl. hér á hv. Alþ. En það er ekki hin sterka hlið að stjórna. Fremur líta menn alvarlegum augum á málin og láta þar við sitja. En menn lifa ekki lengi á einu saman loftinu. Meira þarf til ef öll framvinda á að geta haldið áfram sómasamlega.

Í setningarræðu sinni á 21. landsfundi Sjálfstfl. fyrir rétt rúmlega ári sagði hæstv. forsrh. þetta m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Sjálfstæðismenn gengu hreint til verks og sögðu kjósendum að eigi væri unnt að eyða meiru“ — menn taki eftir því — „að eyða meiru en aflað væri.“ Hlutverk nýrrar ríkisstj. hlyti fyrst og fremst að vera að jafna byrðunum á landsmenn til að jafna halla atvinnuveganna, þjónustustofnana, ríkis og þjóðarbúsins í heild, til þess að tryggja fulla atvinnu í landinu og stöðu þjóðarbúsins út á við. Einnig var heitið að jafna byrðunum réttilega, hvað sem svo felst í orðinu „réttilega“ hjá talsmönnum íhaldsins.

Hvað er nú hæft í slíkum staðhæfingum er urðu til þess að margir kusu Sjálfstfl. út á hin stóru loforð? Ekkert hefur staðist. Hvers vegna? má spyrja. Því er fljótsvarað. Stjórnleysi hefur ríkt hér í tíð núv. ríkisstj. Verðbólgan hefur verið ofsaleg og fáránlegar ákvarðanir í eyðsluátt hafa haldið henni virkilega í hámarki. Þrátt fyrir marglofað aðhald í ríkisrekstrinum og minnkun skattabyrðar frá tíð vinstri stjórnar hefur halli ríkissjóðs farið sívaxandi og stórkostlegri erlend lántaka verið gerð en nokkru sinni áður. Það sanna tölur.

Erlendar skuldir þjóðarbúsins eru nú miklum mun meiri á hvert mannsbarn í landinu en nokkru sinni áður. Enginn gjaldeyrir er til og gripið hefur verið til skömmtunar á honum gagnvart vissum vöruflokkum. Við skuldum svo gífurlegar upphæðir erlendis að á næsta ári mun rétt um fimmta hver króna í gjaldeyristekjum okkar fara til þess að borga vexti og afborganir lána. Þetta hlutfall var áður 10-12%. Þetta er það sem sjálfstæðismenn kalla að styrkja stöðu þjóðarbúsins út á við. Í sannleik er nú svo komið að allir möguleikar okkar fyrir að fá meiri lán eru þrotnir og við lifum á náðarlánum sérstakra björgunarsjóða.

Ekki er ástandið betra þegar staða ríkissjóðs er skoðuð, þrátt fyrir orð síðasta ræðumanns. Mikil vandræði voru að koma saman fjárl. fyrir yfirstandandi ár, og það átti honum að vera vel kunnugt um. Ég fullyrti við afgreiðslu þeirra í des. s. l. að þau væru óraunhæf við ríkjandi ástand og tækju ekki tillit til væntanlegra kjarasamninga, fjárl. væru því í annað sinn í raun gagnslaust plagg að mestu leyti og mundi fara eins fyrir hæstv. fjmrh. nú sem í fyrra skiptið, að gífurlegar aukatekjur eða skuldasöfnun þyrfti að koma til ef rekstur ríkisins ætti að halda áfram, eins og útgjaldastefnan væri. Þetta hefur nú áþreifanlega komið í ljós. Og nýlega, en hv. þm. virtist ekki muna eftir því, voru samþykktar stórkostlegar álögur til tekjuöflunar í viðbót við fjárl. þótt fjögurra mánaða gömul væru. Svona er í raun fjármálastjórnin á þeim bæ. Menn muna kannske ekki eftir patentlausninni frá hæstv. fjmrh. sem stjórnarandstæðingi í vinstri stjórn, en þá fann hann upp hina frægu þak-kenningu á fjárl. Einhvern veginn virðist nú allhátt til þaksins og snarbratt til mænisins í fjárlagagerð ráðh. í raun.

En hvað um iðnaðinn? Er ekki allt með miklum blóma þar? Nei, því fer nú víðs fjarri einnig. Þar er nú svo dökkt fyrir hjá flestum iðngreinum að um þverbak keyrir. Oft hafa iðnaðarmenn kvartað yfir rekstrarfjárskorti, en nú eru nær öll sund lokuð og samkeppnisaðstaða íslensks iðnaðar er með versta móti. Mikill samdráttur hefur orðið í mörgum greinum hans. Þetta er því alvarlegra sem mestur hluti aukins vinnuafls verður að fá starf við sitt hæfi hjá iðnaði og verslun. Handahófið og ráðleysið í málum íslensks iðnaðar er með eindæmum.

Nýleg ráðstefna um þróun í iðnaði staðfesti algerlega stefnuleysið þar. Mörg yfirreið iðnrh. hefur ekki leyst vandann þótt einn af stjórnarþm. tæki svo til orða úr hans flokki að ein virkjun á dag setti ástandið í lag.

Um horfur og ástand í sjávarútvegi okkar mætti hafa mörg orð. Þar er allt meira og minna í hnút þrátt fyrir gengisfellingar og úthlutun upphæða er nálguðust nærri 4 milljarða kr. á s. l. ári. Margföld reynsla sýnir að gengisfellingar eru ekki einhlít lausn fyrir sjávarútveginn og allra síst þegar óvenjumiklar erlendar skuldir hvíla á skipunum og jafnvel vinnslustöðvunum líka. Verðhækkunarskriða í kjölfar gengisfellingar hefur margoft áður fært allan ávinning af henni skjótt í kaf og skilið menn mun verr setta eftir en áður. Svo er á það að líta að aðhaldsleysið við að fara vel með hlutina og að spjara sig vel hverfur gersamlega þegar menn sjá að því meiru sem eytt er, því betra. Það er bjargföst skoðun mín að þessi hugsunarháttur verði að breytast. Í raun tel ég það vera forsendu fyrir heilbrigðu efnahagslífi hér hjá okkur og gildir jafnt um einkaaðila og ríkisrekstur inn.

Vandamál sjávarútvegsins eru miklum mun meiri en efni standa til vegna mistaka við stjórnun á málefnum hans í nær öllum þáttum framleiðslunnar. Hvaða vit er í því að koma með frv. um endurskipulagningu á öllum veiðum í landhelgi okkar nú í þinglokin? Hvaða vit er í því að hafast ekki að og sjá fram á að þorskurinn verður gífurlega ofveiddur á þessu ári svo að nema mun mörgum tugum þús. tonna? Þetta er ekkert einkamál nokkurs manns né vissra byggða. Hér er um lífshagsmuni íslensku þjóðarinnar að tefla, og menn verða að þora að taka á þessum vanda — við sem erum til þess kjörnir. Eðli málsins samkv. er ekki hægt að taka áhættuna á ofveiði ár eftir ár og allra síst nú eins og málum er komið með þorskstofninn. Það er á allra vitorði, er við sjóinn vinna, að veruleg brot eiga sér stað á lögum og reglugerðum þar. Í frv. því, er ég vitnaði til að seint væri á ferðinni nú í þinglokin, vildi n. sú, sem undirbjó efnislega gerð þess, eindregið leggja til að sérstök eftirlitsskip yrðu fengin til þess að fylgjast með afla hringinn í kringum landið og reynt yrði með því að koma í veg fyrir smáfiskadráp og ofnotkun neta og önnur brot við ýmsar veiðar. Því miður kemur svo frv. til meðferðar á hinu háa Alþ. með þessum orðum: „Stefnt skal að því að fá gæzluskip“ o. s. frv. Þetta er óviðunandi Frv. verður að tryggja lágmarksátak til þess að rétta við þorskstofninn, og mikilvægt atriði í því sambandi er að hafa til eftirlits a. m. k. tvö skip. Þessi skip þurfa ekki að vera stór og dýr. Hér getur verið um góða fiskibáta að ræða, t. d. frá 75 brúttótonnum að stærð að t. d. 120 brúttótonnum. Einnig verður að tryggja tilætlaðan árangur með skyndifriðunum, og telja flestir að til þess þurfi svigrúm minnst þrjá daga, en frv. gerir ráð fyrir aðeins tveim dögum. Þetta frv. er svo þýðingarmikið fyrir lífsnauðsynlegt átak íslensku þjóðarinnar að rétta við fiskstofna okkar, að fáeinar millj. kr. í útgjöldum við framkvæmd þess geta ekki ráðið stefnunni þegar fjárlög með aukatekjum eru að nálgast 63 milljarða kr. Ég vek athygli á þessu hér vegna gildis frv. fyrir framtíð íslensku þjóðarinnar og tilveru. Í raun og veru hefðu lög um hagnýtingu fiskveiðilögsögu okkar átt að vera tilbúin um leið og 200 mílna lögsagan gekk í gildi. Þá sýndum við öllum heiminum að við værum menn til þess að ráða málum okkar með festu og skynsemi.

Þau ánægjulegu tíðindi gerðust nú fyrir réttri viku, í lok Hafréttarráðstefnunnar í New York, að strandríkin fá viðurkenndan rétt til þess að ákveða veiðimagn á sínu hafsvæði, stjórnun veiða, friðun og sókn. Þótt enn líði nokkur tími þar til samkomulag um hafréttarmálin liggur fyrir sem heild má samt sem áður ganga út frá því nú að réttur strandríkisins verði tryggður, og hefur þá í raun rúmlega 20 ára barátta strandríkjanna víðs vegar um heim fengið stuðning og viðurkenningu í alþjóðalögum. Þegar þessi staðreynd liggur nú á borðinu, þá tel ég ný viðhorf vera fyrir hendi í landhelgismálum okkar. Þetta þurfa allir landsmenn að gera sér ljóst, hvar í flokki sem þeir standa. Ég er einn þeirra manna nú sem telja full yfirráð okkar vera tryggð og sé því ekki tilgang í því að rembast við að kaupa nýja gerð af herskipum fyrir okkur sem kosta of fjár. Halda menn virkilega, er þessum málum stjórna, að þessi átök vinnist með skotgleði? Nú verða ríkisstj. og Alþ. að gera þær pólitísku ráðstafanir er bretar og fleiri skilja svo og að láta þjóðverja standa við gefin loforð og samning um að fara burt úr því að bókun nr. 6. tekur ekki gildi í viðskiptum okkar við Efnahagsbandalagslöndin. Réttur okkar er staðreynd sem alþjóðalög viðurkenna nú, og frá því verður ekki hvikað hér eftir. Þetta þarf að undirstrika við breta og þjóðverja.

Eins og margir hlustenda hafa veitt athygli, þá talaði hæstv. samgrh. fyrir vegáætlun í fyrradag, svona seint eru þessi mál nú á ferðinni, en þinglausnir eru á næstu grösum og unnið langt fram á nætur undanfarið til þess að hespa viss mál í gegn. Þetta er ein staðfestingin á því hversu allt gengur með furðulegum hætti í stjórnarherbúðunum. Þessi vegáætlun ber þess nú glöggt vitni að verðbólgan er að eyðileggja allar fyrri vegáætlanir og magnminnkun framkvæmda annað árið í röð verður um fjórðungur frá fyrri áætlun. Ríkisstj. er hér stödd

í slæmri holu á miðjum veginum og getur sig lítt hreyft. Álögur á umferðina eru þegar svo miklar að hún treystir sér ekki til þess að bæta smápinklum þar ofan á og ekki er talið unnt að leggja út í meiri lántökur um sinn. Þessi mál eru því í algerri sjálfheldu. Í áætluninni er gert ráð fyrir 1600 millj. kr. lánsfé og skiptist það í almenna lánsfjáröflun 1350 millj. kr. og svo sérstaka lánsfjáröflun 250 millj. kr. Þessi seinni liður er einkar athyglisverður, en með honum er gengið út frá því að einstakir verktakar láni Vegasjóði um 250 millj. kr. Svona févana er Vegasjóður, að í stað þess að greiða fyrir verkin strax og fá þau með því móti á lágmarksverði þarf nú að betla lán hjá verktökum fyrir hundruð millj. kr. Halda menn að þetta geti gengið? Verða vegaframkvæmdir ekki miklu dýrari með þessu móti? Jú, auðvitað. Fjármagn er svo dýrt í dag að lán frá einstaklingum hlýtur að koma alvarlega niður á magni framkvæmda. Þessi vinnubrögð og verðbólgan eru að eyðileggja eðlilega framkvæmd fyrri vegáætlana.

Alls gerir vegáætlunin ráð fyrir 4 614 millj. í heild, og þar af eiga 2124 millj. að fara í nýja vegi eða tæpur helmingur. Í viðbót við þetta er svo ekki kostur á því fyrir þm. að fjalla sómasamlega um skiptingu þessa fjár vegna tímaskorts hér á hv. Alþ.

Herra forseti. Tími minn er senn á þrotum. Að lokum vil ég þó taka þetta fram: Þm. Alþfl. hafa margsinnis á yfirstandandi þingi bent á veilurnar í stjórn efnahagsmála og borið fram réttmæta gagnrýni þess vegna. það hef ég gert hér enn einu sinni. Sumir hlustenda kunna að halda að þetta sé hótfyndni. En ég fullvissa hvern hlustanda að svo er alls ekki. Þessu til staðfestingar vil ég minna á fund hjá Seðlabanka Íslands fyrir skömmu, en hann sat öll ríkisstj., þegar reikningar bankans voru staðfestir. Mér leyfist að vitna í orð seðlabankastjóra orðum mínum um stjórnleysi til stuðnings. Orðrétt — með leyfi forseta — sagði seðlabankastjórinn í áheyrn allra ráðh. er ekki hafa mótmælt enn þá: „Þá ályktun verður að draga af þeirri þróun fjármála og peningamála sem nú hefur verið rakin að skortur á heilsteyptri og samræmdri stefnu í þessum málum hafi verið meginveikleiki hagstjórnar á síðasta ári.“ Svo mörg voru þau orð. En margt, margt fleira mætti upp telja úr skýrslu Seðlabankans er staðfestir fyrri orð mín hér í kvöld fullkomlega, en til þess er ekki tími.

Þessi ríkisstj. hefur nú setið að völdum fast að tveimur árum. Það er allra manna mál að flest hafi gengið úrskeiðis efnahagslega séð, og réttmæt krafa almennings er að hún segi af sér og best að kosið yrði nú strax. En til þess hafa hæstv. ráðh. engan kjark. En þjóðin mun minnast gerða þeirra á réttum tíma. — Góða nótt.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Það mátti greinilega heyra á máli hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar að nú væri nóg komið af veru utan ríkisstj. og hann átti sér þá ósk heitasta að nú væri Framsfl. að bila. Það mátti á honum heyra að Alþb. væri reiðubúið að fara í nýja nýsköpunarstjórn Alþb. og Sjálfstfl. og jafnvel að taka krata með. En hann má trúa því að Framsfl. er ekki að bila, en það þarf ekki að koma honum á óvart þótt stjórnarflokkarnir sé ekki á einu máli í öllu.

Sú ríkisstj., sem nú er við völd, hefur aðeins starfað í tæp tvö ár. Verkefni hennar hafa verið margvísleg, en þó hefur tvö viðfangsefni borið öðrum hærra: í fyrsta lagi efnahagsmál og í öðru lagi landhelgismál. Vík ég fyrst að efnahagsmálum.

Ríkisstj. hefur hlotið mikla gagnrýni fyrir stjórn efnahagsmála. Gagnrýni er sjálfsögð, en rétt er að hafa í huga stærð vandans og ástæður. Seinni hluta árs 1973 var ljóst að íslendingar stóðu frammi fyrir miklum efnahagsvanda. Þáv. forsrh., Ólafur Jóhannesson, gerði itrekaðar tilraunir til að ná samstöðu um aðgerðir í efnahagsmálum. Hluti af þingliði SF stóð þá algerlega á móti nauðsynlegum ráðstöfunum. Talsmenn Alþb. voru með margs konar fyrirvara og voru hikandi í nauðsynlegum aðgerðum. Stjórnarandstaðan reyndist ófáanleg til að standa að efnahagsráðstöfununum.

Afstaða SF var mjög óábyrg, og ég tel að það hafi einnig verið óábyrgt af þáv. stjórnarandstöðu að taka ekki þátt í lágmarksráðstöfunum í efnahagsmálum á sama hátt og Framsfl. stóð að ráðstöfunum í efnahagsmálum 1959 jafnvel þótt hann væri ekki í ríkisstj., en hann hafði þá möguleika á að koma í veg fyrir þær ráðstafanir með því að stöðva framgang málsins í annarri d. þingsins. Þannig verða stjórnarflokkar að starfa þegar hættuástand ríkir. Við þessar aðstæður var efnt til kosninga og upp úr þeim kosningum var mynduð stjórn Sjálfstfl. og Framsfl. eftir misheppnaðar stjórnarmyndunartilraunir vinstri flokkanna.

Það var skoðun Framsfl. að honum bæri skylda til að stuðla að lausn þess efnahagsvanda sem þá var ríkjandi, — efnahagsvanda sem hann vildi ráðast gegn strax á árinu 1973, en fékk ekki samstöðu um. Ríkisstj. setti sér það mark að ráðast gegn vandanum með hægfara ráðstöfunum, — ráðstöfunum sem tóku mið af því að halda uppi fullri atvinnu í landinu, en jafnframt að hægja á verðbólguhraðanum og draga úr viðskiptahallanum við útlönd með það í huga að ná jöfnuði á nokkrum árum. Fulltrúar stjórnarandstöðunnar, sem hér hafa talað, hafa ráðist að ríkisstj. og þeim flokkum, sem standa að henni, og ásakað stjórnina fyrir að ráðast gegn kjörum almennings. Talað er um aðför að fólkinu í landinu. Samtímis er ríkisstj. ásökuð fyrir að taka ekki á efnahagsmálum af festu. Það er með þessar ásakanir eins og margar aðrar ásakanir þessara manna að þær stangast á, þær ganga hver á móti annarri. Efnahagsvandi á við þann, sem við vorum í og erum enn í, verður ekki leystur án þess að það komi við þegna þjóðfélagsins. Þjóðarframleiðslan var 137.3 milljarðar 1974. Þjóðarútgjöldin voru 152.8 milljarðar sama ár. Mismunurinn jafnast með viðskiptahalla 15.5

milljörðum eða tæpum 12% af þjóðarframleiðslunni. Á gengi ársins 1975 hefði þessi halli numið 24.3 milljörðum. 1975 er þjóðarframleiðslan áætluð 185.2 milljarðar, en þjóðarútgjöldin 206.6 milljarðar. Mismunurinn jafnast með viðskiptahalla 21.4 milljarði eða 11.5% af þjóðarframleiðslunni. Þessar tölur eru einfaldar og ljóst að þjóðin eyðir meiru en hún aflar. Hallinn hefði eflaust getað verið minni. En spurningin er á hve löngum tíma vandinn skuli leystur.

Það er háttur óábyrgra stjórnmálamanna að tala á þann veg að lausn á einum vanda sé á engan hátt háð lausn annarra vandamála. Þeir tala um að stöðva viðskiptahallann við útlönd, stöðva verðbólguna, stórauka kaupmáttinn, lækka verð á opinberri þjónustu, ná jöfnuði í ríkisbúskapnum og jafnvel að lækka skatta. Það væri fróðlegt að sjá lausn þessara þátta samtímis því að þá væri komin fram á sjónarsviðið sá efnahagssnillingur sem hver einasta þjóð í heiminum mundi kaupa dýru verði. En því miður er hér fyrst og fremst um slagorð að ræða, — slagorð sem ekki eru rökstudd og standa í mótsögn hvert við annað.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson ræddi hér um að það sé mikilvægt að stjórnarandstæðingar fái nú völd, m. a. vegna þess að áhrif þeirra innan verkalýðshreyfingarinnar séu mjög mikil. Ég vil ekki trúa því að afstaða verkalýðshreyfingarinnar mótist af því hver er við völd, og ég vil ekki heldur samþykkja það að við lausn efnahagsmála hafi ekki verið tekið tillit til þeirra sem verst eru settir. Má í því sambandi nefna margítrekaðar tilraunir ríkisstj. til að auka láglaunabætur, breytingar á skattalögum á s. l. ári þar sem þess var sérstaklega gætt í samvinnu við alþýðusamtökin að þeir, sem lægst laun hefðu fengju mesta lækkun, og nú í vetur þær ráðstafanir sem voru gerðar til að koma í veg fyrir að stórfelldur samdrátur yrði í almannatryggingakerfinu. Ég efast ekki um að þeir, sem nú eru í stjórnarandstöðu, hafi áhuga á því að taka fullt tillit til fólksins í landinu við lausn efnahagsmála sem aðrir. En sú röksemd, að þeir séu hæfari að leysa mál vegna þess að þeir hafi meiri áhrif í verkalýðshreyfingunni, fær ekki staðist nema þeir vilji beita henni fyrir sig í valdabaráttu sinni.

Verkalýðssamtökin hafa komist hjá því að mestu leyti að vera þátttakendur í stórpólitískum átökum og svo á vissulega að vera. Því ber að varast að ábyrgðarlasum stjórnmálamönnum takist að beita alþýðuhreyfingu fyrir sig í stórpólitískum átökum.

En hefur ríkisstj. tekist að ráða við efnahagsvandann? Í stuttu máli má segja að ríkisstj. hefur að vísu ekki tekist að draga eins mikið úr verðbólgunni og lækka viðskiptahallann við útlönd og æskilegt hefði verið. Hins vegar verður að hafa í huga að hraðari lausn mála hefði getað kostað a. m. k. atvinnuleysi, minni kaupmátt launa og minni uppbyggingu í landinu. Þeir, sem gagnrýna ríkisstj., eru vanalega sammála um að atvinnuleysi megi ekki eiga sér stað og kaupmáttur launa þurfi fremur að aukast, en hins vegar eru margir sem telja að uppbyggingin í landinu hefði mátt vera hægari. En hefur uppbyggingin verið of mikil? Og hvað er framundan?

Það má segja að efnahagsörðugleikar íslendinga hafi að allmiklu leyti stafað af erlendum sveiflukenndum viðskiptakjörum. Verðlag á útflutningsafurðum fer nú batnandi, en þrátt fyrir það er fullvíst að allmikill viðskiptahalli verður á þessu og næsta ári. Ef á að takast að viðhalda núverandi lífskjörum, þá hlýtur frambúðarlausn efnahagsmála fyrst og fremst að byggjast á aukinni framleiðslu og framleiðni jafnframt því að draga úr innflutningi á því sem við getum framleitt heima fyrir. Að þessu hefur verið unnið.

Ríkisstj. setti sem algert forgangsverkefni framkvæmdir í orkumálum. Þessar framkvæmdir krefjast mikils fjármagns, en koma til með að draga verulega úr innflutningi á olíu og spara mikinn gjaldeyri í framtíðinni. Á sama hátt er það alger nauðsyn að stórefla iðnaðinn og bæta nýtingu innlendra hráefna, auka fiskleit og ekki síst að afla markaða fyrir hinar ýmsu fisktegundir sem við höfum ekki fullnýtt því að sjávarútvegurinn er og verður undirstaðan. Það er því tímabært að ríkisstj. beiti sér nú þegar fyrir mótun þess sem við gætum kallað framleiðslustefnu, sem byggist í fyrsta lagi á því að efla hverja þá framleiðslugrein sem hefur möguleika til að hasla sér völl á erlendum mörkuðum.

Í þessu sambandi má nefna ullar- og skinnaiðnað sem er mjög vaxandi framleiðslugrein og sannar m. a. mikilvægi landbúnaðar sem undirstöðuatvinnugreinar. Í öðru lagi og ekki síst ber að leggja mikla áherslu á að bæta samkeppnisaðstöðu íslenskra framleiðslgreina við erlendan varning á innlendum mörkuðum. Þessu verkefni hefur ekki verið nægilega sinnt og umr. hafa verið meiri en framkvæmdir. Það getur ekki gengið til lengdar að innlend framleiðsla búi við hærri tolla og söluskatt af hráefni, hærra orkuverð, hærri fjármagnskostnað en þeir samkeppnisaðilar sem flytja vörur sínar óheft inn í landið. En það, sem er mikilvægast, er vitund þjóðarinnar fyrir því sem íslenskt er. Sameiginlegar auglýsingar innlendra framleiðenda eru til fyrirmyndar og ættu að styrkjast af hinu opinbera. Öflug auglýsingaherferð fyrir íslenskum vörum gæti haft mikil áhrif.

Efling framleiðslunnar krefst mikillar skipulagshyggju og forgangsröðunar framkvæmda. Það er því brýnasta úrlausnarefnið að ríkisstj. leggi áherslu á forustu við mótun framleiðslustefnu er taki mið af ástandi efnahagsmála. Ástand fiskstofnanna krefst þess ekki síst.

Þótt illa gangi í efnahagsmálum mega menn ekki gerast slíkir útsölumenn og fyllast svo hrakspám að sjá engin önnur úrræði en að draga úr, draga saman og skera niður. Menn verða fyrst og fremst að sækja fram og auka þjóðartekjurnar. Orkuframkvæmdir hafa notið forgangs. Raforkuframkvæmdir og hitaveituframkvæmdir bera þess vott. En það vannst

því miður ekki tími til að skipuleggja þau mál áður en í framkvæmdir var ráðist. Mikið skipulagsleysi ríkir í orkumálum, það viðurkenna allir forsvarsmenn orkumála. Skipulagsleysið hefur orðið þjóðinni dýrkeypt og á eftir að verða henni dýrkeyptara ef ekki verður ráðin bót á. Það má margt læra af þessari reynslu, og ekki má koma fyrir að eiling framleiðslunnar á sviði iðnaðar verði með þeim hætti sem verið hefur í orkumálum. Þar hafa of margar stofnanir og nefndir komið nærri og enginn hefur haft heildaryfirsýn.

Landhelgismálið hefur tekið mikinn tíma ríkisstj. og Alþ. Sú stefna var tekin að beina baráttunni í landhelgismálinu fyrst og fremst gegn bretum. Þessi ákvörðun hefur reynst rétt. Í framhaldi af því var samið við þjóðverja um fiskveiðar í landhelgi. Samningurinn var langt frá því að vera gallalaus, en hafði einnig ýmsa kosti. Einn af kostum þessa samnings var sá að hann var uppsegjanlegur eftir 5 mánuði. Þjóðverjar hafa ekki staðið við sinn hluta þessa samnings, og okkur ber því tafarlaust að segja samningnum upp og fresta framkvæmd hans.

Baráttan við breta hefur verið erfið og hörð. En við munum ekki sjá eftir þeirri baráttu. Barátta okkar hefur einkennst af því sem líkja mætti við skæruhernað, en stórþjóðirnar hafa oft farið flatt á að vanmeta mátt smáþjóðanna í skæruhernaði, og það hafa bretar vissulega gert nú. Frammistaða landhelgisgæslunnar er aðdáunarverð, enda hefur verið mikið uppgjafarhljóð í bretum.

Það veldur nokkrum deilum hvort framgangur landhelgismálsins geti haft áhrif á veru okkar í bandalagi þjóða, m. a. Atlantshafsbandalaginu. Því er haldið fram að samstarfi þjóðanna í varnar- og öryggismálum megi ekki blanda saman við landhelgismálið. Er þetta rökrétt? Geta þjóðir haft góða samvinnu sín á milli án þess að þær hafi skilning á því að hver þjóð þurfi að varðveita sína lífsbjörg? Þetta hlýtur að vera forsenda fyrir samvinnu þjóðanna. Sumar af bandalagsþjóðum okkar hafa þennan skilning, en aðrar ekki. Atburðir síðustu daga eru þess eðlis að okkur ber að kalla heim tafarlaust sendiherra okkar hjá Atlantshafsbandalaginu. Kaldrifjaðar og ósvífnar árásir breta á varðskip okkar svo og hótanir þeirra að beita herflugvélum ættu að fullvissa menn í þessu efni.

Framtíðin á eftir að skera úr um það hvort bandalagsþjóðir okkar öðlast þann þroska að hafa skilning á grundvelli tilveru okkar. Þeim verður að vera það ljóst að án þess skilnings getur ekki sjálfstæð þjóð starfað með þeim, og sú afstaða á að koma skýrar fram frá okkar hendi. Þessi mál er því ekki hægt að aðskilja í einu og öllu. Hugsun mannsins og lífsgrundvöllur verður ekki klofin í marga hluta. Sama gildir í þessu máli.

Góðir hlustendur. Ég hef nú vikið að þeim málaflokkum sem hafa verið efst á baugi. En að mörgu hefur verið unnið á ýmsum sviðum sem ekki er tími til að telja hér. Eitt mál er þó öðrum mikilvægara. Það er efling Byggðasjóðs. Margir stjórnarandstæðingar gera lítið úr eflingu Byggðasjóðs, telja hana litlu skipta, hér sé um lágar fjárhæðir að ræða sem skipti ekki sköpum. En hver er raunin? Það kemur e. t. v. best í ljós þegar þjóðin á við efnahagserfiðleika að stríða hve mikils virði það er að hafa öflugan Byggðasjóð. Hvar væri atvinnuuppbyggingin víða á landinu nú ef ekki væri þessi sjóður? Hvar væri atvinnubyltingin stödd sem hófst í tíð vinstri stjórnarinnar ef ekki væri þessi sjóður? Ég leyfi mér að fullyrða að Byggðasjóður hefur skipt sköpum, bjargað mörgum byggðarlögum frá atvinnuleysi. Ég veit að það ólk, sem býr úti um land, veit um þetta og skilur það. Fullvíst má telja að þýðing sjóðsins verður gífurleg í framtíðinni fyrir landsbyggðina og fyrir þjóðina alla því að framleiðslan er mest úti um land og hana verður að efla. Þeir, sem búa í mesta þéttbýlinu, verða einnig að hafa í huga að ekki er þjóðhagslega hagkvæmt að efla það þéttbýli ár eftir ár og áratug eftir áratug. Slíkt mun aðeins leiða af sér öngþveiti í þessu sama þéttbýli og minnkun framleiðslu. Byggðasjóður er stofnaður vegna hagsmuna þjóðarinnar allrar.

Að lokum þetta: Við eigum vissulega við tímabundna erfiðleika að stríða og ber að leggja áherslu á að standa saman um lausn mála og skapa skilyrði fyrir frekari uppbyggingu. Við lausn mála verða menn að hafa trú á mögúleikum okkar, trú á auðlindum okkar og trú á því að okkur takist að leysa okkar vanda. Við höfum vissulega ástæðu til að hafa þá trú og á þann eina hátt getum við leyst okkar mikilvægu mál. — Góða nótt.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Góðir hlustendur. Á aðeins tveimur árum hefur óreiðuskuld ríkisstj. við Seðlabankann aukist úr 630 millj. í 10 milljarða kr. Frv. ríkisstj. um nýja fjáröflun til að magna sukkið og vitleysuna er ný sönnun þess að hún er úti að aka og að landhelgisgæslan er bara yfirvarp. Ríkisstj. á að fara frá, og á því sviði er hver klukkutími dýrmætur. Og hver skyldi nú fella slíkan dóm yfir hæstv. ríkisstj. Auðvitað stjórnarandstæðingar, kunna menn að hugsa. Ónei, ekki er það nú aldeilis. Þetta mátti lesa í leiðara eins af málgögnum hæstv. ríkisstj., Dagblaðinu, nú fyrir nokkrum dögum. Engum dettur líklega í hug að Dagblaðið, Litli Árvakur, eins og Vísir kallar þetta nýja afkvæmi félmrh., viðhafi slík ummæli að ástæðulausu.

Það er gamalt máltæki að svo lengi megi brýna deigt járn að bíti. Þessu er eitthvað álíka farið með hæstv. ríkisstj. annars vegar og almenning í landinu hins vegar. Ráðh. eru eins og hverfisteinn sem brýnt hefur og sorfið svo að öllum almenningi í landinu að nú er svo komið að nánustu aðstandendur og stuðningsmenn ríkisstj. krefjast þess að þessari nær tveggja ára martröð ljúki og stjórnin fari frá.

En það er nú eitthvað annað en hæstv. ráðh. séu á þeim buxunum. Þeir virðast hinir ánægðustu þótt allir aðrir telji auðsætt að þeir eigi að víkja.

Um tvö ár eru nú liðin frá því að Sjálfstfl. barðist hér um á hæl og hnakka í stjórnarandstöðu og sýndi þá af sér það eindæma ábyrgðarleysi að neita að taka þátt í afgreiðslu nauðsynlegustu mála eins og vegáætlun. Slík var nú reisnin yfir þingliði þessa stærsta stjórnmálaflokks landsins þá. Þá héldu þessir hv. þm. fjálglegar ræður hér á Alþ. um þá óráðsíu í stjórn fjármála og efnahagsmála þjóðarinnar sem þeir töldu þá vera. Þá töldu þessir hv. þm. Sjálfstfl. þensluna í útgjöldum ríkissjóðs svo stórkostlega að núv. hæstv. fjmrh., sjálfur höfuðpaurinn, ásamt nafna sínum, hæstv. sjútvrh., fluttu frv. um lækkun útgjalda ríkissjóðs og þar með skattheimtu um 4.5 milljarða kr. Þessi upphæð samsvarar nú um 8½ milljarði kr. sem þessum tveim fjármálaséníum Sjálfstfl. fannst algerlega ofaukið í ríkisútgjöldum.

Síðan þessi minnistæðu fyrirheit um stórfellda og auðvelda lækkun ríkisútgjalda voru flutt þingi og þjóð eru nú tvö ár, og þann tíma hafa þessir hæstv. ráðh. haft alla möguleika til að koma í framkvæmd þessum sínum fögru fyrirheitum. Og hefur nú þróunin ekki verið í þessa áttina hjá hæstv. ríkisstj.? Nei, það er nú eitthvað annað en að svo sé. Samkv. áætlun, sem birtist í frv. sem nýlega var afgreitt hér á Alþ., hafa ríkisútgjöld hækkað frá fjárlögum ársins 1974 um nær 38 milljarða kr. ef tekið er tillit til tilfærslu á útgjöldum til sveitarfélaga sem samþ. var í árslok 1975. Þessi gífurlega útgjaldaaukning hefur átt sér stað langt umfram tekjur ríkissjóðs. Slíkur stórfelldur halli og skuldasöfnun hefur m. a. valdið mikilli hækkun vaxtagreiðslna og afborgana. Sífellt stærri hluta skattheimtunnar, sem ekki hefur staðið á hjá hæstv. ríkisstj., er varið til greiðslu þessara útgjaldaliða. T. d. má geta þess að vaxtagreiðslur í A-hluta fjárlaga, sem námu 714 millj. kr. 1975, eru í fjárl. þessa árs áætlaðar 1656 millj. kr. eða hafa hækkað um næstum einn milljarð kr. á einu ári. Ekki amalegt það, miðað við fyrri fyrirheit! Sé miðað við fjárlög 1974, þá munu vextir á þessu ári nema samtals 4 milljörðum 564 millj. kr. og hafa hækkað um nær 3 milljarða kr. frá árinu 1974 — um nær 3 milljarða á tveimur árum, og er þetta vegna hinnar gífurlegu skuldasöfnunarstefnu hæstv. ríkisstj., enda hafa færri fjálglegar yfirlýsingar um lækkun ríkisútgjalda gengið fram af munni hæstv. ráðh. hin síðustu tvö ár en áður var.

Þessi fjármálastjórn í ríkisfjármálum, stórfelldur hallarekstur og skuldasöfnun, er með slíkum eindæmum að allur almenningur er hættur að undrast ný afrek hæstv. ríkisstj. á þessu sviði. Í þessu ráðleysi, sem ríkt hefur í ríkisfjármálum hjá hæstv. ríkisstj., hefur Seðlabankinn verið látinn halda ríkisbúinu gangandi með stöðugri seðlaprentun og þrotlausum lánveitingum ríkissjóðs. Á fyrsta heila árinu í stjórnartíð hæstv. ríkisstj., á árinu 1975, jókst skuld ríkissjóðs við Seðlabankann úr 3 milljörðum 866 millj. kr. í 9 milljarða 932 millj. kr. eða um 6 milljarða og 66 millj. Það svarar til þess að skuldaaukningin hafi numið 17 millj. kr. á hverjum degi allt árið, þ. e. a. s. þeir nafnarnir í hæstv. ríkisstj., sem fluttu sparnaðarfrv. fyrir tveimur árum um 4500 millj. kr. niðurskurð ríkisútgjalda, juku skuldir ríkissjóðs við Seðlabankann um 700 þús. kr. á hverri klukkustund allt árið 1975. Vel hafði nú þótt að verki staðið hér ef aðeins mætti miða við unnar klukkustundir hjá hæstv. ráðh., en dæmið kemur svona út þótt svefntími hæstv. ráðh. sé einnig reiknaður, og sést af því hversu miklu meira afrek hér er á ferðinni en líklega nokkurn hefði órað fyrir. En slíkt hefur nú verið ástand heilabúsins hjá hæstv. ráðh. að því er varðar fjármál ríkisins. Og það er engin furða þó að hv. þm. Framsfl., Halldór Ásgrímsson, hafi verið gráti næst hér áðan þegar hann sagði: Ríkisstj. setti sér það mark að stuðla að hægfara bata í efnahagsmálum. — En þrátt fyrir þetta ástand í ríkisrekstrinum hrúgar nú hæstv. ríkisstj. á borð alþm. frv. á frv. ofan sem öll stórauka útgjöld ríkisbáknsins. Má þar nefna fjölgun bankastjóra — ekki mátti það nú bíða, fjölgun biskupa og fjölgun alls konar sérfræðinga. Hér er um að ræða milli 40 og 50 nýjar stöður á ríkisjötunni. Hefur ekki einhver heyrt hæstv. ríkisstj. prédika um sparnað? Það fer ekki saman við þessi áform hæstv. ráðh.

En hvernig er þá ástandið á öðrum sviðum hjá hæstv. ríkisstj.? Er það ekki með þeim hætti að óstjórnin í fjármálum ríkisins fyrirgefist? Ó nei, ekki er nú svo vel að þann veg sé farið. Ég nefni t. d. landhelgismálið. Hæstv. ríkisstj. hefur sýnt þann eindæma liðleskjuhátt að láta af hendi af fúsum vilja aflamagn til vesturþjóðverja og annarra sem nemur stórum hluta þess sem við sjálfir megum afla og samhliða afsala til útlendinga ýmsum af okkar fengsælustu fiskimiðum, á sama tíma og atvinnuleysi er að skella yfir í sjávarbyggðum vegna algerrar ördeyðu á fiskislóðum. Munið þið, hlustendur góðir, ekki hinar fjálglegu yfirlýsingar sumra ráðh. núv. ríkisstj., þ. á m. hæstv. sjútvrh., þar sem viðtöl voru við hann höfð í sumum málgögnum ríkisstj. með flennifyrirsögnum þar sem hæstv. ráðh. lýsti því yfir, að engir samningar um veiðiheimildir útlendingum til handa kæmu til greina innan hinnar nýju fiskveiðilögsögu nema bókun 6 um fullkomin tollfríðindi kæmi til framkvæmda? Minnast menn ekki þessa? Jú, að sjálfsögðu. Ekki fór svo lítið fyrir slagorðunum í þá tíð. En hver varð reyndin? Nutum við ekki tollfríðinda um leið og samningurinn við vestur-þjóðverja tók gildi? Ekki aldeilis. Hæstv. ríkisstj. og stjórnarliðar allir hér á Alþ. tóku ekki nærri sér að kyngja öllum stóru orðunum og sömdu án þess að bókun 6 öðlaðist gildi. Þá var sagt að hér væri aðeins um að ræða samning til 5 mánaða, að þeim tíma liðnum yrði samningnum frestað væru tollfríðindi ekki þá gengin í gildi. Nú er sá tími liðinn án þess að bókun 6 hafi tekið gildi og án þess að samningnum hafi verið frestað. Slík er niðurlæging hæstv. ríkisstj. að með eindæmum má teljast. Þessa niðurlægingu kóróna svo stjórnvöld með því að nánast lýsa þá ósannindamenn sem reynt hafa að koma á framfæri upplýsingum um lögbrot þýskra togara innan landhelginnar, jafnvel á friðuðum svæðum, sbr. atburðina úti fyrir Austfjörðum nú fyrir nokkrum dögum.

Öllum er einnig ljóst hver vilji áhrifaafla innan stjórnarliðsins var og er til samninga við breta um landhelgismálið. Hingað til hefur almenningsálitið í landinu sem betur fer komið í veg fyrir að þessi samningaöfl innan ríkisstj. þyrðu að framkvæma vilja sinn. Enginn vafi

er á því að almenningsálitið krefst þess að öllum tiltækum ráðum, stjórnmálalegum sem öðrum, sé beitt til þess að stöðva í eitt skipti fyrir öll innrásarstyrjöld breta á Íslandsmiðum. Enginn vafi er á því að stórkostleg hætta er á ekki síst nú að þau öfl innan ríkisstj., sem umfram allt vilja semja, nái yfirhöndinni. Slíkt ber með öllum tiltækum ráðum að koma í veg fyrir. Einnig verður með öllum tiltækum löglegum ráðum að knýja ríkisstj. til að standa við fyrri yfirlýsingar varðandi samningana við vestur-þjóðverja og að þeir samningar verði úr gildi numdir þegar í stað og engir samningar verði gerðir við aðrar þjóðir um veiðar innan fiskveiðilögsögunnar.

Það verður með engum hætti réttlætt í því ástandi, sem fiskstofnar við Ísland eru nú í, að heimila öðrum þjóðum afnot fiskimiðanna, ekki síst þegar hafðar eru í huga þær hugmyndir stjórnvalda að stöðva veiðar íslendinga sjálfra um lengri eða skemmri tíma eða taka upp kvótaskiptingu á hin ýmsu byggðarlög.

Sá veikleiki, sem hrjáð hefur hæstv. ráðh. í baráttunni við erlenda yfirgangsmenn, hefur valdið íslenskum almenningi miklum vonbrigðum, og þeir fjölmörgu íslendingar, sem hlynntir hafa verið aðild Íslands að vestrænni samvinnu, hafa orðið fyrir sárum vonbrigðum. Þessum veikleika hæstv. ráðh. verður að linna. Engu er líkara en þeir, sem stjórna NATO, og bandaríkjamenn, sem með sérstökum samningi eru skuldbundnir til að verja Ísland og hafa þar að auki með viðbótarsamningi við Ísland skuldbundið sig til samvinnu um vörslu landhelginnar, og hæstv. ríkisstj. ætli sér að halda með þeim hætti á þessu máli að yfirgnæfandi meiri hl. íslendinga verði andvígur aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og vestrænni samvinnu. Er ekki tími til kominn að hæstv. ráðh. fari að standa uppréttir gagnvart ráðandi öflum NATO, segi: hingað og ekki lengra, geri þessum aðilum grein fyrir því í eitt skipti fyrir öll að íslendingar ætlist til annars og meira af Atlantshafsbandalaginu og ekki síður af Bandaríkjunum en að þessir aðilar líði hinar heiftarlegu árásaraðgerðir breta gegn íslendingum? Er ekki mælirinn fullur eftir þá atburði sem gerðust úti fyrir Vestfjörðum í gær þegar Nimrod-þota hótaði að skjóta niður íslenskt varðskip? Enginn vafi er á því að hæstv. ríkisstj. yrði mikið fyrirgefið — ég segi ekki allt af axarsköftunum sýndi hún slíkan manndóm. En því er vart fyrir að fara.

Þetta eru afrekin varðandi landhelgismálið. En hvað með annað? Hvað með hina margrómuðu byggðastefnu? Þar hlýtur þó eitthvað jákvætt að hafa gerst. Við skulum taka nýjasta dæmið. Nú liggur fyrir Alþ. till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1976—1979. Samkv. þessari áætlun er gert ráð fyrir nákvæmlega sömu krónutölu í framkvæmdum og er í gildandi vegáætlun. Það þýðir að framkvæmdir í vegamálum eru skornar niður um 25%, og hefur þá núv. ríkisstj. tekist að skera niður framkvæmdir í vegamálum um 56% þau tvö ár sem hún hefur setið að völdum. Á hverjum bitna þessi afreksverk ríkisstj. fyrst og fremst? Þessi forsmán hæstv. ríkisstj. bitnar fyrst og fremst á því fólki sem byggir þá staði landsins, sem eru hvað einangraðastir varðandi samgöngur. Þetta bitnar á svæðum eins og Vestfjörðum, Austfjörðum og Norðurlandi. Þeir staðir úti á landi, þar sem stórátak þyrfti að gera til að koma á akvegasambandi milli byggðarlaga, eru með þessum óskapnaði hæstv. ríkisstj. sveltir varðandi framkvæmdir í vegamálum. En ekki nóg með það, samkv. vegáætluninni er helmingur þess fjár, sem ætlað er til nýbyggingar vega, settur í svokallaðar hraðbrautir. Og hvar er slíka vegi fyrst og fremst að finna á Íslandi? Er það á Vestfjörðum, Austfjörðum eða Norðurlandi? Nei, slíka vegi er fyrst og fremst að finna á svæðum sem í daglegu tali eru kölluð Stór-Reykjavíkursvæði og suðvesturhorn landsins. Á þessi svæði er fjármagninu fyrst og fremst beint, en landsbyggðin er í þessu sem öðru sett hjá og með dreifbýlisfólk farið sem annars eða þriðja flokks þjóðfélagsþegna.

Hér hefur aðeins verið nefnt eitt dæmi um þá þróttmiklu byggðastefnu sem þeir framsóknarforingjarnir með sjálfan brúasmiðinn, hæstv. samgrh., í broddi fylkingar voru að lofa og prísa um síðustu helgi á fundi Framsfl. Og að því er best verður séð gátu vart vatni haldið af velþóknun og ánægju yfir þessu hróplega ranglæti. Margt fleira væri ástæða til að nefna, en tíminn leyfir það ekki. En eitt er víst, að engin fyrirgefning fæst til handa hæstv. ríkisstj. út á þetta.

Þá skal aðeins vikið að samskiptum ríkisstj. við verkalýðshreyfinguna og launafólk í landinu.

Fyrir röskum tveim mánuðum lauk einni víðtækustu vinnudeilu sem háð hefur verið frá upphafi íslenskrar verkalýðsbaráttu. Við upphaf þessarar deilu lá fyrir að verðbólgustefna ríkisstj. mundi á þessu ári valda 17% viðbótarkjaraskerðingu þótt laun stæðu í stað að krónutölu, og var þá miðað við áætlanir frá ríkisstj. sjálfri. Þessi staðreynd leiddi til þeirrar sameiginlegu niðurstöðu verkalýðsfélaganna og verkalýðsflokkanna að nú bæri að freista þess að knýja fram raunhæfar stjórnmálaaðgerðir til að stöðva verðbólguþróunina. Og verkalýðshreyfingin lét ekki sitja við orðin tóm, heldur lagði fram skýrar till. í þessu efni, till. sem hefðu getað gerbreytt efnahagsástandinu jafnt til hags þjóðinni sem heild og alþýðu manna. Ríkisstj. skellti skollaeyrum við þessu og sló þar með á framrétta hönd verkalýðshreyfingarinnar til lausnar vandanum. Með þetta í huga og það, sem síðar hefur gerst, er ljóst að ríkisstj. ætlaði ekki að taka mið af hagsmunum launafólks og alls almennings í landinu við ákvarðanir í efnahagsmálum. Í aðgerðum ríkisstj. skyldu ráða hagsmunir peningaaflanna, braskaranna og stórpólitíkusanna innan raða núv. stjórnarflokka.

Það, sem verið hefur að gerast síðan samningar voru undirritaðir, styrkir enn frekar þá skoðun að það, sem verkalýðshreyfinguna skortir nú hvað mest, er að tryggja sér hér á Alþ. þau áhrif sem ein eru þess megnug ekki bara að verja áunna sigra og réttindi, heldur og að tryggja aukin réttindi og betri lífskjör launþegum til handa. Staðreyndin er sú að á skömmum tíma hefur allt verðlag í landinu hækkað um 7—8% að meðaltali, og samtímis þeirri verðlagsþróun, sem runnin er undan rifjum ríkisstj., er allt áróðurslið ríkisstj. og peningaafla hennar sett á fulla ferð til að reyna að sannfæra fólk um, að verðhækkanirnar séu bein afleiðing kjarasamninganna og það sé sönnun þess að kjara-

barátta sé einskis virði og hún sé jafnvel andstæð hagsmunum launafólks. Hér er að undirlagi hæstv. ríkisstj. vegið svo að grundvelli verkalýðshreyfingarinnar að mönnum hrýs hugur við slíku afturhaldssjónarmiði nú á 20. öldinni. Þetta voga áróðursmeistarar ríkisstj. og hennar lið sér að staðhæfa þrátt fyrir þær óhrekjanlegu staðreyndir sem nýlega hafa verið birtar af hálfu verkalýðssamtakanna um að af 7.3% verðlagshækkunum verði aðeins 1.3% rakið til launahækkana, en 6% hins vegar til beinna pólitískra ákvarðana ríkisstj. Sá blekkingaráróður ríkisstj., sem áður var vitnað til, er til þess ætlaður að hræða verkalýðshreyfinguna frá því að halda í horfinu. Það á með hefndaraðgerðum að berja það inn í hugi almennings að barátta verkalýðssamtakanna sé minna en einskis virði. Gegn þessum lævísa blekkingaráróðri verður launafólk að taka upp harðskeytta baráttu. Öllum sönnum verkalýðssinnum ber skylda til að hrinda af höndum sér þeim ósóma sem áróður hæstv. ríkisstj. er. En það eitt er ekki nægilegt. Það verður jafnframt að vega að þeirri raunverulegu meinsemd sem valdið hefur þessari óstjórn efnahagsmála hér á landi síðustu tvö árin. Sú meinsemd er ríkisstj. sjálf og hennar stefna. Ef koma á í veg fyrir algera kollsteypu efnahagsmála hér á landi, þá verður að vega að rótum þessarar meinsemdar. Meðan það er ekki gert heldur sýkingin áfram að grassera í þjóðarlíkamanum.

Herra forseti. Ég lýk nú senn máli mínu, enda komið að lokum þess tíma sem ætlaður er til almennra umr. hér á Alþ. í kvöld um þjóðmálin í víðri merkingu þess orðs. Hins vegar mun áfram verða haldið hér í nótt umr. um þjóðmálin í þrengri mynd, þ. e. a. s. það mikla þjóðfélagslega vandamál, sem hvað hæst ber hér á Alþ. nú þessa dagana, hvort skrifa skuli z í íslensku ritmáli eður ei.

Ég hef hér með örfáum dæmum sýnt fram á vanmátt, getuleysi og óstjórn þá sem ríkt hefur í tíð núv. hæstv. ríkisstj. Aðeins hefur verið stiklað á stóru. Öllum er ljóst að óstjórn þessari og ringulreið verður að linna. Ríkisstj. á því að fara frá og á því sviði er hver klukkutími dýrmætur. — Ég þakka þeim, sem hlýddu. Góða nótt.

Efri deild, 111. fundur.

Föstudaginn 14. maí, kl. 2 miðdegis.

Skotvopn o. fl., frv. (þskj. 484, n. 770, 524, 790). — 2. umr.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Allshn. hefur rætt á nokkrum fundum frv. til l. um skotvopn, sprengiefni og skotelda sem nú er til 2. umr. hér í hv. Ed. Leitað var umsagna um frv. þetta og bárust umsagnir bæði frá Félagi ísl. stórkaupmanna og Skotfélagi Reykjavíkur. Umsagnir þær, sem komu frá Félagi ísl. stórkaupmanna, hnigu í þá átt að verslun með vörur þær, sem frv. fjallar um, væri gerð nokkru örðugri en brýnasta ástæða væri til að þeirra dómi og gerðu till. um að nokkuð yrðu rýmkuð ákvæði í sambandi við verslun með skotvopn. Allshn. ræddi þessar umsagnir, en tók ekki upp í brtt. sínar, sem fluttar eru á sérstöku þskj., nein af þeim atriðum sem komu fram í umsögn Félags ísl. stórkaupmanna. Þá kom mjög ítarleg umsögn frá Skotfélagi Reykjavíkur og í brtt. þeim, sem nú eru fluttar af allshn., er tekið verulegt tillit til þeirra hugmynda, sem þar koma fram.

Mér þykir rétt að gera hér í örfáum orðum grein fyrir þessum brtt.

Í fyrsta lagi er brtt. við 5. gr. þar sem gert er ráð fyrir því að þeir, sem hafa skotvopnaleyfi, megi hlaða skothylki í þau vopn sem þeir hafa leyfi fyrir. Það kom fram bæði í umræddu bréfi frá Skotfélagi Reykjavíkur og eins af tali nm., sem eru þessum málum meira og minna kunnugir, að algengt væri að skothylki væru hlaðin og menn spöruðu sér mikið fé með því, og að athuguðu máli þótti n. rétt að bæta þessu atriði við 5. gr.

Þá er gerð ofurlítil brtt. við 13. gr. þannig að merking hennar verði gleggri eins og hún er orðuð nú, en efnismunur er ekki. Það kom m. a. fram í umsögn sem n. barst að menn höfðu misskilið þessa gr., en reynt er með þessari breytingu að koma í veg fyrir að sá misskilningur endurtaki sig.

Við 18. gr. er sömuleiðis gerð breyting. Hún er um það hverjum megi lána skotvopn, og orðast þá fyrsti hluti 18. gr. svo:

„Eigendum skotvopna er óheimilt að selja, gefa eða afhenda á annan hátt skotvopn nema þeim sem leyfi hafa til að nota sams konar skotvopn“ o. s. frv. Þar er sem sagt gert ráð fyrir að heimilt sé að lána mönnum, sem hafa sams konar skotvopnaleyfi, vopn sín.

Og loks er við 20. gr. bætt atriði þar sem gert er ráð fyrir að öllum þeim, sem eru undir áhrifum áfengis, sé óheimil meðferð skotvopna.

Ég tel ekki ástæðu til að orðlengja meira um þetta mál að svo stöddu. Nm. voru sammála um að mæla með samþykkt frv. með þessum breytingum, en hafa þó áskilið sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég lýsti yfir ánægju minni með þetta frv. í aðalatriðum við 1. umr., en gat þess þá að ég mundi í samráði við vitra menn og kunnuga e. t. v. leggja fram brtt. við það. Það skal játað að því hef ég ekki komið í verk enn, en ég þykist sjá að enn séu nokkrir ágallar á frv. Ég sakna þess að ekki skuli vera þar ákvæði um það með hvaða hætti skotvopn og skotfæri skuli geymd í verslunum og í heimahúsum til þess að draga úr hættu í fyrsta lagi á slysum og í öðru lagi á því að skotvopn með skotfærum lendi í höndum þeim sem síst skyldi. Ég sé enn fremur þann annmarka á frv. að ekki skuli kveðið á um það að bönnuð sé sala á sjálfvirkum byssum, þ. e. a. s. skotvopnum sem hlaða sig sjálf. Og í þriðja lagi vildi ég gjarnan sjá í þessu frv. ákvæði sem stemmi á nokkurn hátt stigu við því að stundað sé skytterí út um bílglugga, eins og á sér stað núna og veldur m. a. nokkru um það hvað friðunarlög fugla eru brotin á varptíma. En brtt. í þessa átt mun ég koma á framfæri fyrir 3. umr.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Aðeins í örstuttum orðum vil ég taka undir sumt af því, sem síðasti hv. ræðumaður sagði, og fagna þessu frv. Mér sýnist þó við fljóta yfirferð á því, — ég viðurkenni að ég hef ekki skoðað það nægilega vel, — að þar vanti suma hluti í.

Að vísu segir hér í 20. gr.: „Eigi má hleypa af skoti á vegum, yfir vegum, á almannafæri eða annars staðar þar sem hætta getur stafað af nema nauðsyn krefji.“ E.t.v. má fella undir þetta að skjóta út um glugga á bifreiðum. Ég tek undir það með síðasta ræðumanni að slíkt sé óþolandi. Ég tel að hv. ræðumaður hafi verið að tala um þann sið sem hér tíðkast, að sumir menn aka um þjóðvegi skjótandi á fugla út úr bílum á þjóðvegum sem er náttúrlega algerlega fáránlegt. En ég tel að 20. gr., þar sem segir: „Eigi má hleypa af skoti á vegum“ geti komið í veg fyrir.

Svo tek ég undir þetta með byssur sem hlaða sig sjálfkrafa. Sérstaklega vildi ég benda á 5 skota haglabyssur sem eru algengar og hafa víða verið bannaðar þar sem veiðar eru undir einhverju eftirliti. Þær verka eins og hríðskotabyssur og skilja eftir sig mikið af særðum dýrum, eru venjulega notaðar án þess að miða og strá höglum um mikið flæmi. Ég sakna einnig ákvæðis um slíkt, en ég treysti mér ekki til við þessa umr. að flytja brtt. þar um.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 525,1 felld með 12:1 atkv.
Brtt. 790,1 samþ. með 15 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
6.—12. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 790,2 (ný 13. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
14.—17. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 790,3 samþ. með 16 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
19. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 790,4 samþ. með 15 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 525,2 felld með 11 shlj. atkv.
21. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
22.—24. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
25.—28. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
29.—30. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
31.—33. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
34.—37. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Opinberar fjársafnanir, frv. (þskj. 410, n. 789, 791). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Frv. til l. um opinberar fjársafnanir hefur verið rætt á nokkrum fundum allshn. og leitað umsagnar dómsmrn. um efni frv. Allshn. mælir einhuga með því að frv. verði samþykkt, en gerir jafnframt till. um nokkrar smávægilegar breytingar.

Helstu breytingarnar eru þær, að það er fellt niður að gera ráð fyrir ákveðinni upphæð í sambandi við tilkynningarskyldu um að reikningsyfirlit yfir fjársöfnunina sé til sýnis og gert ráð fyrir að um það verði sett reglugerð. Enn fremur er því bætt við, að ef ekki liggi fyrir gögn um notkun söfnunarfjár þegar reikningi er lokið, þá skuli endurskoðandi síðar gefa skýrslu þar um. Enn fremur er styttur nokkuð 3. liður 8. gr., þar sem talað er um að lög þessi gildi ekki um fjársafnanir á samkomum.

Ég held að það sé ekki ástæða að halda langa ræðu um þetta mál. Menn eru sammála um, að nauðsynleg sé lagasetning um þetta efni, og telja að með þessu frv. sé stigið skynsamlegt spor í þá átt að fullnægja þeirri þörf.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég vil þakka hv. allshn. fyrir ágæta afgreiðslu á þessu máli. Ég tek það vitanlega fram um leið að allar brtt. n. eru sýnilega til bóta. Ég endurtek þakkir mínar fyrir afgreiðslu á málinu sem ég held að sé býsna brýnt fyrir okkur að hafa ákvæði um í lögum.

ATKVGR.

Brtt. 791,1 samþ. með 14 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 791,2 samþ. með 15 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 791,3 samþ. með 13 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 791,4 samþ. með 13 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
9.—11. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Neðri deild, 110. fundur.

Föstudaginn 14. maí, kl. 2 miðdegis.

Íslensk stafsetning, frv. (þskj. 742). — Frh. 3. umr.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Ég vil taka fram áður en atkvgr. hefst að brtt. sú, sem útbýtt var nú og er frá Magnúsi T. Ólafssyni og Ingvari Gíslasyni, var borin fram skriflega s.l. nótt eða öllu heldur árla morguns, um það leyti sem 3. umr. um málið var að ljúka, og fengust ekki afbrigði um till. þá. Brtt. felur einungis í sér atriði sem búið er að greiða atkv. um hér í hv. d. Hún er um að fella niður greinar sem þá voru bornar undir atkv. og samþ. Vegna þess að 3. mgr. 33. gr. þingskapa, sem um þetta fjallar, hefur ævinlega verið túlkuð mjög þröngt hér á hv. Alþ. vil ég þó ekki vísa till. frá, þó að mér finnist hún jaðra við það sem talist getur óþinglegt, heldur vil ég leyfa mér að leita afbrigða d. og leyfis d. til að hún komi til atkv. Mér þykir rétt að d. skeri úr um þetta atriði. (SvH: Má fá að heyra till?) Till., ef hún er ekki komin á borð hv. þm., hljóðar svo, — þetta er í raun og veru fjórar till.:

„1. Við 2. gr. Greinin falli niður.
2. Við 3. gr. Greinin falli niður.
3. Við 4. gr. Greinin falli niður.
4. Við 5. gr. Greinin falli niður.“

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 795) samþ. með 30:1 atkv.

Brtt. 795 felld með 24:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GS, GilsG, IG, JSk, SkA, LJós, VilbH, MÓ, ÓlJ, SV, SvJ, VH, ÞS, EðS.

nei: EBS, EKJ, FÞ, GHG, GTh, GF, GÞG, HES, IngJ, JóhH, LárJ, MB, MÁM, ÓE, PP, PJ, PS, SighB, SigurlB, SvH, TÁ, ÞÞ, BGr, RH.

KP greiddi ekki atkv.

1 þm. (GuðlG) fjarstaddur.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Karvel Pálmason: Hæstv. forseti. Ég er þeirrar skoðunar að öll meðferð þessa máls hér á hv. Alþ. sé síður en svo til þess fallin að auka veg og vegsemd löggjafarsamkomunnar. Ég hef ekki tekið efnislega þátt í umr. um þetta mál. Ég ætla mér ekki heldur að taka þátt í atkvgr. um þetta mál og mun því ekki greiða atkv.

Frv. samþ. með 23:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngJ, JóhH, LárJ, MB, MÁM, ÓE, PP, PJ, PS, SighB, SigurlB, SvH, TÁ, ÞÞ, BGr, EBS, EKJ, FÞ, GHG, GTh, GF, GÞG, RH.

nei: IG, JSK, SkA, LJós, VilbH, MÓ, ÓlJ, SV, SvJ, VH, ÞS, EðS, GS, GilsG.

HES, KP greiddu ekki atkv.

1 þm. (GuðlG) fjarstaddur.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Tómas Árnason: Hæstv. forseti. Þótt ég segi já við þessa atkvgr., þá vil ég láta það koma fram að ekki mundi saka, eins og atvikum öllum er háttað, að fresta málinu til hausts svo að það fengi frekari athugun.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Virðulegi forseti. Eins og ég hef áður tekið fram, þá tel ég fráleitt að Alþ. setji með löggjöf reglur um stafsetningu og greinarmerki og er þegar af þeirri ástæðu andvígur því frv. sem hér er til afgreiðslu. Ígræðslu botnlangans, þ. e. endurreisn z-unnar, er ég einnig andvígur eins og málum er nú komið. Ég hef gagnrýnt breytingarnar frá 1973 og 1974, ekki síst vegna þess að ég tel að þær hafi verið afgreiddar með of skjótum hætti án nægilegrar kynningar. Þetta frv. hefur verið til meðferðar hjá menntmn. þessarar hv. d. Það er ekki sent til umsagnar til eins eða neins, engin hreyfing virðist á málinu þar til meiri hl. gefur út nál. nú fyrir skömmu, þegar ætla má að örskammt sé til þingloka. M. ö. o.: sagan frá 1973 og 1974 virðist þannig endurtaka sig. Ég er því mótfallinn samþykkt þessa frv. af mörgum ástæðum og segi nei.

Ingvar Gíslason: Virðulegi forseti. Ég hef kvatt mér hljós utan dagskrár fremur en um þingsköp. En ástæðan til þess að ég kvaddi mér hljóðs var ræða hæstv. menntmrh. Hann endurtók þar það sem ég hef ekki hirt um að leiðrétta þrátt fyrir að það hafi komið fram nokkuð áður, það er gagnrýni á (**Forseti:** Ég vek athygli hv. þm. á því að efnislegum umr. um málið er lokið og afgreiðslu málsins er lokið.) Neitar hæstv. forseti mér um að fá að tala utan dagskrár? (**Forseti:** Ég vek athygli á þessu. Ég sagði ekki að ég neitaði þessu, en ég vek athygli á þessu. Ég skildi það svo, að beðið væri um orðið um þingsköp.) Ég get gengið úr ræðustólnum, ef hæstv. forseti neitar mér um orðið. (**Forseti:** Ég vek athygli á þessu og óska þess að hv. þm. ræði ekki efnislega um málið.) Ef hæstv. forseti telur það meira við hæfi að ég ræði hér um þingsköp og að efni minnar ræðu heiti það, þá get ég vel unað því, ef ég kem því frá mér sem ég hef í huga að gera. En það, sem gerði það að verkum að ég kvaddi mér hljóðs, voru ummæli hæstv. menntmrh. áðan þar sem kom fram gagnrýni á menntmn. Ég vil koma með skýringu af þessu tilefni.

Hið sanna er að þetta frv., sem lengst hefur nú verið um rætt, barst menntmn. 15. des. s. l. Jólaleyfi hófst skömmu síðar og stóð lengi, stóð lengi fram eftir jan. a. m. k. Síðar gerist það að hæstv. menntmrh. boðar það, bæði mér og öðrum, að hann hafi í hyggju að flytja frv. um stafsetningarmál. Þetta frv. flutti hann. Hann sagði mér það, hæstv. ráðh. sjálfur, við eitt tækifæri og raunar fleiri að hann ynni að því að reyna að koma á sáttum í þessu máli. Ég taldi ekki ástæðu til þess að hreyfa mikið við máli hv. 9. þm. Reykv. á meðan þetta mál var nánast á sáttastigi, ef svo má segja. Á meðan þetta skeði, þá liggur frv. hæstv. ráðh. hér í d. Það er loksins tekið til 1. umr. og vísað til menntmn. — ég vil helst fara rétt með — ég held að það hafi verið 5. maí, þ. e. a. s. 5. þm. í dag er 14. maí, þannig að það er alveg augljóst að menntmn. hefur ekki í rauninni legið neitt á þessu máli, þó að svo hafi annað gerst meðan ég er fjarverandi nokkra daga og einn fundur er haldinn í menntmn. Þá er þetta frv., sem lengst er um rætt og mikið er um talað, þá er það afgreitt án þess að ég fái þar nokkuð nærri að koma eða ég viti af því að meiri hl. n. — (**Forseti:** Umr. um meðferð þessa máls er lokið hér í d.) Er það venja, hæstv. forseti, að meina mönnum að ræða eða túlka sitt mál þegar búið er að gefa þeim orðið? (**Forseti:** Það hefur verið rætt um meðferð þessa máls utan dagskrár á óvenjulega löngum tíma.) Ég óskaði eftir að fá að koma fram þessari skýringu, og ég vona að ég fái að ljúka ræðu minni. (**Forseti:** Er skýringin ekki komin?) Skýringin er komin og er að koma hér. En það sem ég var að gera, ég vildi koma fram leiðréttingu við það sem fram kom hjá hæstv. menntmrh. hér áðan og raunar fleirum um það að menntmn. hefði legið á þessu máli, hún hefði látið það niður falla að vísa þessu máli til umsagnar o. s. frv. Ástæðan var hreinlega sú að við vildum auðvitað reyna að leita sátta í þessu máli, a. m. k. var það mín skoðun og ég hugði að hæstv. menntmrh. væri sama sinnis og hann ynni að þessum sáttum. Þess vegna hefur þessi dráttur á því orðið eða varð sá dráttur á að ekki kom til þess að við leituðum umsagna um þetta mál. Ég vona að þetta nægi sem skýring á því sem ég vildi segja.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Virðulegi forseti. Ég skil skýringar hv. formanns menntmn., og orð mín bar ekki að skilja sem

ádeilu á menntmn., heldur þóttist ég vera að greina frá staðreyndum. En það, sem ég vildi segja um þingsköp, var aðeins að mig langar til að beina einni spurningu til hæstv. forseta því mér finnst það skipta máli upp á vinnubrögð í þinginu: Má skilja úrskurð forseta áðan svo að eftirleiðis teljist ekki nauðsynlegt að leita afbrigða fyrir skrifl. brtt., sem oft eru einnig of seint fram komnar, fyrr en við atkvgr. um dagskrármálið? Mér finnst það skipta máli að þm. geri sér alveg grein fyrir þessu.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Þetta er eðlileg fsp. hjá hæstv. ráðh. Ég hef athugað þetta vandlega í samráði við skrifstofustjóra Alþ. og fyrir slíkri meðferð máls eru mörg dæmi í þingsögunni. Svo stóð á í þessu tilviki að óskað var eftir því að leitað væri afbrigða fyrir því að till. mætti koma til umr. og atkvgr. Afbrigði fengust ekki fyrir því að till. kæmi til umr., enda var hún flutt í lok umr. Till. var þess efnis, að það er óumdeilt að í raun var hún til umr. efnislega alla nóttina á öllum næturfundinum. Jafnvel þótt svo hefði ekki verið, þá er það samdóma álit skrifstofustjóra Alþingis, deildarstjóra í skrifstofu Alþingis, Ólafs Ólafssonar og Jóhannesar Halldórssonar, og mitt, það er samdóma álit okkar allra að engu síður hefði forseti haft fulla heimild samkvæmt þingsköpum til þess að fella þann úrskurð sem ég gerði að ljúka umr. Það telst raunar tæpast úrskurður, afbrigði fengust ekki, og þar sem fleiri höfðu ekki kvatt sér hljóðs var umr. lokið. Efnislegri atkvgr. um málið var frestað eins og altítt er á Alþ., og afbrigða var leitað um það hvort umrædd till. mætti koma til atkvgr. Um slíkt eru mörg dæmi í þingsögunni, bæði um fjárlagaafgreiðslu og önnur mál. Ég vænti þess, hæstv. ráðh., að ég hafi með þessu svarað fsp.

Frv. afgr. til Ed.

Lántökuheimild til eflingar Landhelgisgæslunnar, frv. (þskj. 774). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Ábúðarlög, frv. (þskj. 632). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr til Ed.

Framkvæmdastofnun ríkisins, frv. (þskj. 640). — 3. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka til máls í þessu máli. En greinargerðir nokkurra hv. þm. við atkvgr. við 2. umr. um málið gefa mér tilefni til þess að segja aðeins nokkur orð og gera það raunar að mínu mati óhjákvæmilegt að ég segi nokkur orð til skýringar, vegna þess að ef það væri látið standa ómótmælt sem kom fram í grg. hjá nokkrum hv. þm., þá gæti það gefið villandi hugmyndir um afstöðu stjórnarflokkanna til þessa máls.

Það ákvæði, sem ég á hér við, er 3. gr. frv. þar sem segir að 4. gr. laganna orðist svo og svo. Um þessa grein hefur talsvert verið rætt og farið fram bollaleggingar um það hvort forstjóri skyldi veira einn eða tveir eða fleiri. Mér skilst að það hafi hér verið gefin skýring á því hvað felst í þessu ákvæði og af þeim sökum hafi svo verið flutt brtt. um þetta til þess að taka það fram skýrt að forstjóri skyldi vera einn. Og a. m. k. þrír hv. þm. gerðu þá grein fyrir atkv. sínu að þeir greiddu atkv. gegn þessari brtt. af því að um þetta ákvæði, eins og það hafi verið lögskýrt, væri samkomulag.

Það fer ekki á milli mála að með þessu er verið að gefa það í skyn að það hafi verið annar stjórnarflokkurinn sem hafi krafist þess og krefjist þess að forstjórar fyrir Framkvæmdastofnuninni séu fleiri en einn. Þetta er ekki rétt. Slík krafa hefur ekki komið fram frá Framsfl. Það hefur ekkert reynt á það hvort Framsfl. óskaði þess eða ekki. Það samkomulag, sem hér er um að tefla, er samkomulag þá á milli þeirra nm. sem sömdu þetta frv. En það voru fjórir menn sem sömdu þetta frv, tveir frá Sjálfstfl. og tveir frá Framsfl. Og frv. er lagt fram eins og það kom frá þeirri n. eftir að hún hafði endurathugað það, en án þess að það þyrfti að vera nokkur umr. eða ósamkomulag eða samkomulag í ríkisstj. um þetta. Það hefur þess vegna ekkert út af fyrir sig staðið á Framsfl. að samþykkja það fyrirkomulag að það skuli vera einn forstjóri við Framkvæmdastofnunina. Þess vegna þýðir ekki einum eða neinum að ætla að halda því fram, að það hafi verið hann sem hafi strandað á í því efni, eða bera því við að hann hafi gert þá kröfu.

Þetta vil ég að komi alveg skýrt fram. Ef menn skírskota til samkomulags í þessu efni, þá er það samkomulag á milli einhverra annarra aðila en stjórnarflokkanna. Og ég vil bæta því við, af því að einn hv. þm., Eyjólfur Konráð Jónsson, lét í ljós vonbrigði yfir þessari endurskoðun og gaf í skyn að hann eftir stjórnarsáttmálanum hefði haft einhverjar aðrar hugmyndir um þá endurskoðun, — ég vil leyfa mér að taka fram að í stjórnarsáttmálanum stendur ekkert um það hver skuli verða útkoma þeirrar endurskoðunar sem um er að tefla eða fram átti að fara, þannig að hafi hv. þm. haft um þetta einhverjar ákveðnar hugmyndir, þá hljóta það að vera hans prívathugmyndir, en geta ekki byggst á því sem um var rætt í sambandi við stjórnarmyndun.

Og svo er það nú bara að lokum, af því að við erum nýbúin að afgreiða hérna frv. um íslenska stafsetningu, að hitt er alltaf að mínum dómi ekki síður mikilvægt, að það sé sæmilega skýr hugsun sem sett er fram, heldur en þó hvað stafsetningunni viðkemur. Ég skal nú ekkert segja um það hvort 3. gr. er að öllu leyti tekin upp úr lögunum eins og þau eru, en þó þykir mér það heldur ósennilegt. Ég verð að segja það, að mér finnst að það hefði ekki sakað þó að hv. n., sem hefur fengið þetta frv. til meðferðar, hefði tekið til skoðunar orðalagið á 2. mgr. 3. gr. þar sem segir, með leyfi for-

seta: „Stjórn Framkvæmdastofnunarinnar tekur ákvörðun fyrir hönd stofnunarinnar um launakjör forstjóra, framkvæmdastjóra deilda og annarra starfsmanna". Ég held að það hefði ekki sakað að það hefði fallið niður þarna „fyrir hönd stofnunarinnar".

En erindi mitt var bara þetta, að ég ætla ekki að liggja undir því að það eigi í framtíðinni e. t. v. að fara að núa Framsfl. upp úr því að það hafi staðið á honum í þessu efni. Það er ekki rétt.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr., en að gefnu tilefni vil ég aðeins geta þess að ég held að ég hafi sagt hér í þessu ræðupúlti að ég hefði gert mér vonir um að annað og meira mundi felast í þessari endurskoðun en raun varð á. Það er rétt hjá hæstv. dómsmrh. að ég hafði engar sérstakar upplýsingar um það hvernig þessari endurskoðun ætti að vera háttað og þess vegna rétt að það hafi verið mínar eigin hugmyndir ef ég hef sett fram einhverjar sérstakar hugmyndir um hvernig það skyldi vera. Ég skal ekki ræða þetta frekar, en vil aðeins lýsa yfir ánægju minni yfir því að Framsfl. skuli ekki vera andvígur því að forstjóri stofnunarinnar verði einn og þá væntanlega að hann gegni fullu starfi.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal taka undir það, sem hæstv. dómsmrh. var hér að skýra frá, að ég held að allir séu sammála um, þrátt fyrir yfirlýsingar sumra þm. Sjálfstfl. og reyndar annarra hér í gærdag, að það átti ekki að koma fram sú meining að þeir hefðu staðið á móti því sem hér yrði fram lagt. Ég hef a. m. k. ekki heyrt það. Hitt er svo annað mál, að fyrst þetta mál er komið aftur til okkar, þá vildi ég aðeins láta í ljós skoðun mína á því að það er harla einkennilegt þegar við erum að tala um stærstu fjármagnsstofnun landsins utan ríkissjóðs að það skuli fara allt hér á annan endann og talað um hvort það eigi að vera einn forstjóri eða tveir. Það er talið nauðsynlegt að vera með 3 og upp í 7 bankastjóra, og nú eru þeir sömu menn búnir að gleypa í sig samþykkt Ed. og síðan Nd. um það að við þurfum að bæta við einum bankastjóra í Búnaðarbanka til þess að segja nei við almenning. Ég spyr: Þessir aðilar eiga að hafa með að gera að fylgjast með lánum og reyndar að nokkru leyti styrkjum frá þessari stóru stofnun, — á einn maður að vera þar allsráðandi? Ég tel þetta það vitlausasta sem til sé, enda höfum við dæmin frá einum banka landsins um þetta, jafnvel þar voru tveir og brást samt. Kannske ættum við að hafa þá þrjá, forstjórana, áfram hjá Framkvæmdastofnuninni?

En ég segi fyrir mig að ég tek undir þessa aths. hæstv. ráðh. Ólafs Jóhannessonar, og ég hef ekki heyrt að þeir hafi staðið á einn eða annan hátt á móti þeirri endurskoðun sem hefur farið fram og hefur komið fram í því frv. sem liggur fyrir hjá okkur til afgreiðslu.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka til máls um þetta frv. Ég hef hlustað á umr. og þær hafa verið með köflum svolitið kyndugar. En málið er nú komið til 3. umr., og það verður að segja að frv. er samkomulagsfrv., ekki endilega um eina grein frv., heldur frv. í heild. Hvað 3. gr. varðar vil ég segja að þar er talað um, og er alger breyting frá því sem er í gildandi lögum, að stjórn Framkvæmdastofnunarinnar ræður því hér eftir, ef þetta verður samþ., hver verður ráðinn eða hverjir verða ráðnir forstjórar. Ríkisstj. skipar forstjórann eða forstjórana samkv. tillögu stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar, en ekki að fengnum till. stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar og er þetta meginmunurinn. Í gildandi lögum hefur stjórn stofnunarinnar aðeins tillögurétt um ráðningu forstjóra.

Stjórn Framkvæmdastofnunarinnar mun ræða málið ef frv. verður að lögum, og verður það eftir samkomulagi í stjórninni hver verður ráðinn eða hvort verða ráðnir fleiri en einn forstjóri. Það hefur ekki hvarflað að mér að það yrði farið að segja einum eða öðrum það til lasts þótt hann hefði sagt skýrum orðum að hann vildi tvo forstjóra frekar en einn. Ég veit að ýmsir halda því fram að það megi spara mikið með því að hafa einn forstjóra. Áður en ég kynntist stofnuninni hafði ég búist við því að það mætti gerast. En ég vil upplýsa að forstjórarnir hafa 60% af fullum launum og nemur það 20% meira heldur en full laun eins manns. Ég ætla ekki að orðlengja um það hér á þessu stigi hvort er heppilegra að hafa einn forstjóra eða tvo. Það verður samkomulagsmál í stjórn stofnunarinnar þegar að því kemur eða ef til þess kemur að þessum málum verði skipað eftir nýjum lögum.

Það hefur verið fullyrt að það væri óheppilegt að hafa alþm. í þessu starfi eða menn sem gegna að einhverju leyti öðrum störfum. Þetta er vitanlega álitamál og menn geta haft sínar skoðanir á því. Það hefur verið borið saman við það hvernig þetta er að verða í bönkunum. Það þykir ekki lengur viðeigandi að bankastjórar sitji á Alþ. En forstjórastaða í Framkvæmdastofnuninni er nokkuð öðruvísi en bankastjórastaða að því leyti, að forstjórar í Framkvæmdastofnuninni veita engin lán. Þeir hafa ekki atkvæðisrétt um það hverjir fá lán, heldur er það stjórn stofnunarinnar. En auðvitað hafa þeir mikil áhrif, undirbúa fundi og gera tillögur til stjórnarinnar, en lokaorðið hafa þeir ekki um það hverjir fá lán, eins og bankastjórar hafa.

Það mætti margt segja um þetta frv. sem hér liggur fyrir. Sumir hafa gert lítið úr þeim breytingum sem í því felast á gildandi lögum. Það er mikill misskilningur að það sé um litlar breytingar að ræða. Breytingarnar eru miklar frá gildandi lögum, og ég fullyrði það, að ef frv. hefði verið í þessari mynd haustið 1971, þegar fyrst var rætt um Framkvæmdastofnunina, þá hefði hvorki ég né ýmsir fleiri séð ástæðu til að leggjast á móti frv. Hæstv. forsrh. hefur lýst því í skýru máli hvað það var sem við sjálfstæðismenn vildum helst breyta í þessum lögum, og því hefur verið breytt. Það eru þrjú atriði sem hann nefndi sérstaklega, og ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það. Það þykir ekki eðlilegt að hafa mál manna lengra nú

heldur en brýn þörf gerist á síðustu klukkustundum þessa þings, og ætla ég ekki að ræða þetta mál ítarlegar. En ég vil enn segja að þetta frv. er samkomulagsmál stjórnarflokkanna. Ég held, að alþm. geti vel við unað ef frv. verður að lögum í þeirri mynd sem það nú er.

Tómas Árnason: Herra forseti. Skömmu eftir að hæstv. ríkisstj. tók til starfa var af hennar hálfu skipuð fjögurra manna n. til þess að gera till. um endurskoðun á lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins. Ég átti sæti í þessari n. og hún náði samkomulagi um þær till. sem nú liggja hér fyrir hv. Alþ. N. skilaði áliti sínu til ríkisstj. og ríkisstj. hefur ráðið meðferð málsins síðan, sem m. a. hefur komið fram í því að það liggur hér fyrir stjórnarfrv. um þær breytingar sem það gerir ráð fyrir.

Varðandi það atriði, sem hér hefur verið rætt allverulega, hvort skynsamlegt sé að hafa fleiri en einn forstjóra við Framkvæmdastofnunina, vil ég mega leyfa mér að segja örfá orð vegna þess að ég hef nokkra reynslu í þessum störfum þar sem ég hef starfað í Framkvæmdastofnuninni frá því að hún varð til, fyrst ásamt tveimur öðrum framkvæmdastjórum, síðan um sinn einsamall sem framkvæmdastjóri og svo nú um sinn með öðrum framkvæmdastjóra. Ég er þeirrar skoðunar, og byggi þá skoðun á fjögurra ára reynslu, að það sé alveg skilyrðislaust skynsamlegt að það séu fleiri en einn maður framkvæmdastjóri í Framkvæmdastofnuninni. Það er mín skoðun. Það eru svo mörg mál, stór og þýðingarmikil, sem þarna koma til meðferðar, að ég tel það vera til mikils stuðnings og skynsamlegt við stjórn þessarar stofnunar að þarna séu a. m. k. tveir framkvæmdastjórar. Ég vildi láta þessa skoðun mína koma fram.

Varðandi hitt atriðið, hvort þm. eigi að gegna störfum framkvæmdastjóra í Framkvæmdastofnuninni, þá er það að mínum dómi miklu meira mál. Það er spurning um það hvaða störf eigi yfir höfuð að vera samrýmanleg þingmennsku. Um það má auðvitað segja margt. Það má telja venju, eins og nú er komið í okkar stjórnsýslu, að bankastjórar gegni ekki þingmannsstörfum þó að skammt sé að vísu síðan það varð. Það eru ýmis fleiri störf sem þannig er háttað um, eins og kunnugt er. Þarna koma til álita mörg störf. Ég hef nefnt það hér áður í ræðum að t. d. hagfræði og stjórnmál eru alveg náskyldar greinar og hagfræðiprófessorar við Háskóla Íslands hafa náttúrlega mjög ákjósanlegt tækifæri til þess að predika yfir lærisveinum kenningar sínar í hagfræði sem geta verið náskyldar þeirra stjórnmálaskoðunum. Ég nefni þetta ekki að gefnu tilefni heldur aðeins sem dæmi um það, að hér er um að ræða miklu stærra mál. Og ég er fylgjandi þeirri skipan að það verði lagt á vald stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar að meta það í fyrsta lagi, hvað skynsamlegt sé að margir framkvæmdastjórar starfi þar, og í öðru lagi, hvort stjórnin telji að slík störf kunni að vera samrýmanleg þingmennsku.

Ég var framkvæmdastjóri í Framkvæmdastofnuninni þegar ég var kjörinn þm. og hef ekki fram að þessu séð ástæðu til þess að segja því starfi lausu þó að ég hafi nú um alllangt bil gegnt því til bráðabirgða.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til þess að fjölyrða efnislega mikið um þetta frv. Ég vildi aðeins segja örfá orð vegna þeirra ræðna sem hér hafa verið haldnar.

Það er fyrst út af ummælum Péturs Sigurðssonar, hv. 8. þm. Reykv., um að einstakir þm. úr Sjálfstfl. hafi ekki haft neitt við þetta frv. að athuga. Annaðhvort segir hann það gegn betri vitund eða þá hann hefur ekki fylgst nægilega mikið með, því að það er áreiðanlega öllum þingheimi ljóst að ég hef allan tímann haft verulega mikið við lögin um Framkvæmdastofnunina að athuga og margoft sett fram mínar skoðanir, m. a. í þingflokki sjálfstæðismanna. Ég hef aldrei komið aftan að neinum í þeim efnum. Ég held að sú gagnrýni hafi a. m. k. átt einhvern þátt í því að þetta frv. er þó þannig úr garði gert eins og það liggur nú fyrir. Ég var hins vegar langt frá því að vera ánægður með allt sem í því stóð, taldi að þar væri ekki nægilega langt gengið. M. a. var ég óánægður með orðalag og innihald 3. gr. Ég leyfði mér að flytja brtt. við þessa gr., sérstaklega vegna ummæla hæstv. forsrh. um það efni.

Mér er það fullvel ljóst að hér er um frv. að ræða sem er samkomulag milli tveggja ólíkra flokka, og ég hef fullan skilning á því að það er ekki hægt að ná öllu fram af öðrum aðilanum þegar slíkt samkomulag er gert. En hæstv. forsrh. tók fram, þegar hann flutti framsögu með málinu hér í upphafi, og það held ég að hafi verið endurtekið af honum síðar í umr., að það væri alveg á valdi stjórnar stofnunarinnar hversu forstjórarnir skyldu vera margir, og þar sem ég hef haft þá skoðun að forstjóri ætti ekki að vera nema einn, en frv. gerir það mögulegt að þeir séu fleiri, þá vil ég taka af allan vafa um þetta. Ég veit að hér var rétt skýrt frá, það var ekki samkomulag um það, a. m. k. þegar frá þessu máli var gengið í mínum þingflokki, hvort forstjórar ættu að vera einn eða tveir, og ef eitthvert slíkt samkomulag hefur verið gert, þá er það gegn minni vitund og bak við einhver tjöld, þannig að mér kom á óvart að menn gætu greitt atkv. gegn till. minni með vísan til þess að það ákvæði sérstaklega væri samkomulagsatriði.

Ég skal ekki fara að rekja það efnislega hvers vegna ég er á móti því fyrirkomulagi að það séu fleiri en einn forstjóri né heldur hvers vegna ég er á móti því að alþm. taki að sér þessi störf. Ég hef áður rakið það og skal ekki lengja þessar umr. með því að endurtaka það núna. Ég vil hins vegar aðeins vekja athygli á því sem fram kemur annars vegar í ræðu hæstv. dómsmrh., þar sem hann leggur áherslu á að Framsfl. hafi ekki gert neina kröfu til þess að forstjórarnir yrðu fleiri en einn og tekur fram að hans flokkur sé viðbúinn að breyta slíku, en hins vegar kemur fram í ræðu hv. þm. Tómasar Árnasonar að hann telur það skilyrðislaust eiga að hafa a. m. k. tvo forstjóra, telur það bæði vera skynsamlegt og til stuðnings

fyrir stofnunina. Þannig kemur fram áberandi ágreiningur og skoðanamunur milli þessara tveggja flokksbræðra. Slíkur ágreiningur er eðlilegur í þessum flokki eins og öðrum og ekkert við því að segja, en engu að síður vert að vekja athygli á þessum skoðanamun.

Að lokum vildi ég aðeins undirstrika það, að ég tel að atkvgr., sem fram fór um till. mína í gær, hafi verið ákaflega athyglisverð, úrslit hennar, og það var athyglisvert að till. skyldi falla á jöfnum atkv. með svo mörgum skýringum á atkv. og með fyrirvörum sem í sjálfu sér stóðust ekki. Og það er líklega athyglisvert að málið þurfti að fá atkv. þeirra manna sem nú gegna forstjórastörfum til þess að till. yrði felld. Ég treysti því að ábyrgir, sanngjarnir og heiðarlegir stjórnmálamenn, kollegar mínir hér í þinginu, dragi lærdóm af þessari atkvgr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Hæstv. dómsmrh. vék að grg. fyrir atkvgr. hér í gær í sambandi við 3. gr. þess frv. sem hér er til umr., þar sem ég ásamt hæstv. sjútvrh. gerði grein fyrir atkv. okkar varðandi brtt. við 3. gr. frv. Grg. okkar var einfaldlega þess vegna að við höfðum á þinginu 1971 flutt till. svipaðs eðlis og hér var til atkv. Við gerðum grein fyrir því í atkvgr. að enda þótt við hefðum flutt þessa till. á sínum tíma, þá hefðum við ákveðið að standa að afgreiðslu þessa frv. eins og ríkisstj. lagði frv. fram. En það kom fram í ræðu hæstv. forsrh. við 1. umr. að hér væri um að ræða samkomulag sem tekist hefði á milli þeirra aðila, sem um þessi mál fjölluðu, og við sem ráðh. í ríkisstj. stöndum að því frv. sem ríkisstj. nú flytur. Vel má vera að við séum þá áður búnir að gera samkomulag um eitthvað sem við kannske hefðum gjarnan viljað orða öðruvísi. — Þannig var okkar grg., en ég taldi ekki að það væri þar með verið að gefa í skyn að einhverjir hefðu gert einhverjar kröfur um eitthvað, heldur hitt, að við gerðum samkomulag sem höfðum áður flutt sams konar brtt.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs af undrun yfir því hvernig stjórn þessa lands er nú orðin. Að vísu lifa menn svo margt að líklega kemur þeim, sem hafa setið þetta þing, ekkert á óvart í þessum efnum. En nú í seinni tíð eru stórtíðindi frá einum deginum til annars, að maður segi nú ekkert um næturnar þar á milli.

Mér hefur skilist að í gær hafi ríkisstj. tekið áhrifamikla ákvörðun um aðgerðir í landhelgismálinu sem utanrrh. muni framkvæma. Í gærkvöldi var útvarpað umr. héðan úr þessum sal og þar tóku tveir talsmenn Framsfl. allt aðra afstöðu, annar þeirra sjálfur ritari flokksins. Menn spyrja: Stendur Framsfl. að þeirri stjórnarstefnu sem utanrrh., varaform. Framsfl., ætlar sér að framkvæma? Í dag gerist það í framhaldi af atkvgr., sem fram fór um Framkvæmdastofnunina í gær, þar sem till. um að hafa aðeins einn forstjóra við stofnunina var felld á jöfnum atkv., að formaður Framsfl., hæstv. dómsmrh., stendur upp og lýsir því yfir að ekkert hafi staðið á Framsfl. varðandi það að hafa bara einn forstjóra. Hann segir að ef um eitthvert samkomulag sé að ræða, þá sé það samkomulag annarra aðila en stjórnarflokkanna. Þetta hlýtur að koma mönnum næsta spánskt fyrir sjónir og að sjá svo ekki aðeins þm. stjórnarliðsins, heldur sjálfa ráðh. ganga hér upp hvern á fætur öðrum til að vitna á víxl. Allir eru að tala um eitthvert samkomulag, en enginn fæst til að segja hver hefur gert samkomulag við hvern í þessu máli.

Allur þessi málarekstur er orðinn svo furðulegur að erfitt mun að finna hans nokkra hliðstæðu í stjórnmálum síðari ára. Stærsti flokkur landsins, Sjálfstfl., gerði það að meginágreiningsefni á síðustu ríkisstj., ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar, að hún hefði komið þessari stofnun, Framkvæmdastofnuninni, á fót og sett þar þrjá pólitíska fulltrúa sem framkvæmdastjóra. Þeir hlutu nafnið „kommissarar“, og ég hygg að það sé ekki djúpt í árinni tekið þó að sagt sé að áróður Sjálfstfl. gegn stofnuninni á þessum grundvelli hafi stórkostlega skaðað álit þessarar stofnunar í fæðingu með þjóðinni og spillt fyrir störfum hennar. Ætla mætti að flokknum væri alvara í þessum efnum.

Ég hygg að allir hafi skilið stefnuskrá stjórnarinnar þannig, úr því að það var þörf á að endurskoða skipulag þessarar stofnunar, að það hlyti að vera eitthvað í átt við yfirlýsta stefnu Sjálfstfl. Til hvers annars ætti endurskoðunin að vera? Framsfl., hinn stjórnarflokkurinn, hafði sett þessa stofnun á fót á sínum tíma, og hafði ekki heyrst frá honum að hann væri í neinum meiri háttar atriðum óánægður með hvernig sú löggjöf hefði gefist. Það hefur tekið tvö ár fyrir þessa huldumenn eða hulduflokka að komast að þessu huldusamkomulagi sem enginn veit hvar var gert eða á milli hverra. En einhvern veginn tókst þeim samt að unga út frv. sem fékk á sig stimpilinn stjfrv. Ef þetta hefði verið frv. sem hefði verið flutt af n. eða einstökum þm., þá væri kannske skiljanlegra þótt í kjölfarið kæmu yfirlýsingar og í ljós kæmi, að einhver blæbrigði væru á skoðunum stjórnarsinna á málinu. En þetta frv. fékk þann stimpil að vera stjfrv. og hann verður ekki tekinn af því héðan af.

Ég verð að segja um þetta umdeilda atriði varðandi forstjóra stofnunarinnar að ég trúði varla mínum eigin eyrum þegar það kom í ljós, að orðið forstjóri hafði verið sett inn í frv. eingöngu í þeim föllum að ekki varð séð hvort það átti að vera í eintölu eða fleirtölu, og þegar sjálfur forsrh. útskýrir fyrir löggjafarsamkomu þjóðarinnar að stjórn stofnunarinnar eigi að túlka þetta, og í því fólst að hún gæti túlkað þetta sem einn forstjóra eða fleiri. Þetta eru svo barnaleg undanbrögð undan vandamáli að því fá engin frekari orð lýst, að ríkisstjórn með þann meiri hl., sem núv. ríkisstj. hefur, skuli aka sér undan svona stóru máli og segja: Stjórn Framkvæmdastofnunar á að ákveða þetta. — En hverjir sitja í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins? Það eru 7 alþm., þar af 5 stjórnarþm. Og þar sem í ljós hefur komið að stjórnarliðið — og sérstaklega Sjálf-

stfl. — er þrælklofið, þá þýðir þetta nánast að þeir hópar eða þær klíkur í Sjálfstfl., sem koma sínum mönnum í stjórn Framkvæmdastofnunar, skuli ráða því hvort þar verður einn eða fleiri forstjórar. M. ö. o.: þetta mál á að útkljá — ekki með atkv. og skýrum orðum eða skýrri hugsun eins og hæstv. dómsmrh. mundi vilja hafa það hér á Alþ., — nei, með þeirri tilviljun hvort hv. þm. Ellert B. Schram og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson eiga sæti í stjórn Framkvæmdastofnunar eða einhverjir aðrir félagar þeirra úr þingflokki Sjálfstfl. Það er það sem ræður úrslitum.

Þetta er því fyrir neðan allar hellur og svo furðulegt klúður að menn undrast að það skuli koma fyrir á annatímum þings sem hefur stórkostlegt vandamál framundan og ætlar sýnilega ekki að snerta á nema þeim allrastærstu, eins og því hvernig við eigum að skipuleggja fiskveiðar okkar og bjarga þorskstofninum. En hvað er það hjá forstjórafjöldanum við Rauðarárstíg eða stafsetningu skólabarna og öðru slíku sem tekur upp tíma þingsins?

Ég vil aðeins benda á að afgreiðsla stjórnarflokkanna á þessu máli er svo langt fyrir neðan allar hellur að það er ómögulegt annað en að spyrja hvort meirihlutaríkisstj. sé í landinu. Ríkisstj. hefði fallið á þessu máli eða fallið í þessu máli, skulum við segja, — hún ætlar víst ekki að falla á því, — hún hefði fallið í þessu máli í gær ef ekki hefðu komið til atkv. annarra. Þegar litið er á þetta mál í samhengi við önnur mál, eins og framkomu stjórnarsinna í landhelgismálinu í gærdag og í gærkvöld og fjöldamörg önnur mál, þá vaknar sú spurning einu sinni enn: Hefur ríkisstj. með allan þennan fjöld þm. á bak við sig í raun og veru samhentan meiri hl.? Ef hún hefur það ekki og getur þar af leiðandi ekki stjórnað með fastari hendi en raun ber vitni, eftir hverju er hún þá að bíða með að fara frá?

Gunnlaugur Finnsson: Herra forseti. Hv. 11. þm. Reykv. hefur kvatt sér hljóðs við allar þrjár umr. um þetta mál. Þessar umr. eru að nokkru leyti áframhald af umr. sem áttu sér stað í haust. Þá var gerð hörð hríð og hafin hörð sókn gegn Framkvæmdastofnuninni og gegn Byggðasjóði. Ég ætla ekki að rifja upp það sem þar var sagt og þá, en það kom greinilega í ljós að mönnum þóttu áhrif stofnunarinnar til byggðajafnvægis vera of mikil. Ég held að það væri hollt fyrir landsmenn vítt og breitt um landið að lesa þær ræður, sem þá voru fluttar.

En það var eitt atriði, sem kom fram í ræðu hv. 11. þm. Reykv. við 1. umr. og síðan í sambandi við tillöguflutning hans við 2. umr., sem gáfu mér tilefni til þess að koma hingað upp og gera ofurlitla aths. Hann lýsti því við 1. umr. að hann teldi að hlutverk Byggðasjóðs ætti að vera að efla byggð alls staðar, þ. e. a. s. að lánafyrirgreiðsla Byggðasjóðs eigi að koma til sveitarfélaga eða byggða án tillits til þess hvernig þau eru stödd fyrir, alveg sama hve góð staðan er, Byggðasjóður skuli taka til þeirra byggða líka. Í kjölfarið kom svo brtt. við 2. umr. sem var felld. En þegar hv. þm. mælti fyrir þessari brtt. sinni sem sagði að það skyldi lána til að efla byggð hvarvetna, ef ég man rétt, þá gat hann þess efnislega, þótt ég hafi það ekki orðrétt, að með þessum tillöguflutningi vildi hann styðja við bakið á stjórnendum stofnunarinnar í viðleitni þeirra til að þoka starfseminni í þessa átt. Ég vil varpa fram þeirri spurningu til stjórnenda stofnunarinnar hér við 3. umr. hvort þetta mat hv. þm. er rétt, hvort stofnunin hefur í auknum mæli unnið eftir þeim reglum, að minnka það aukna vægi sem hefur gilt þar að efla hina dreifðari byggð.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Hæstv. dómsmrh. sagði áðan að grg. sumra stjórnarþm. við atkvgr. um þetta mál í gær gætu gefið villandi upplýsingar um afstöðu stjórnarflokkanna. Hér átti hæstv. dómsmrh. við atkvgr. sem átti sér stað um till. hv. þm. Ellerts B. Schram varðandi 3. gr. frv., þá hina loðnu og líklega loðnustu sem sést hefur hér a. m. k. nokkuð lengi í formi lagafrv., þ. e. a. s. hvort hér væri um að ræða og hægt væri um að ræða einn eða fleiri forstjóra þessarar stofnunar. Við þessa atkvgr. voru það ekki einungis óbreyttir þm. stjórnarliðsins sem gerðu grein fyrir atkv. sínu, heldur var þar um að ræða tvo hæstv. ráðh. í ríkisstj., þ. e. a, s. þá nafna hæstv. fjmrh. og hæstv. sjútvrh. Þeir gerðu þá grein fyrir sínu atkv., ef ég man rétt, um þetta efni, þ. e. a. s. um 3. gr., að hér væri um að ræða samkomulagsatriði sem þeir hefðu staðið að þrátt fyrir flutning þeirra till. sem þeir höfðu uppi haustið 1971 um að einungis skyldi vera einn forstjóri ákveðinn, — þrátt fyrir þann tillöguflutning, sem þeir þá höfðu uppi, mundu þeir vegna samkomulags um þetta tiltekna atriði þessarar tilteknu 3 gr. frv., um fjölda forstjóra, þá mundu þeir greiða atkv. gegn till. hv. þm. Ellerts B. Schram sem var í raun og veru nákvæmlega um það sama sem þessir hv. þm. fluttu sitt mál haustið 1971, þannig að það fer ekkert á milli mála að samkv. þessari grg. þessara hæstv. ráðh. hefur verið gert samkomulag um þetta. En hæstv. dómsmrh. sagði: Ef samkomulag hefur verið gert, þá hefur það verið gert af einhverjum öðrum en stjórnarflokkunum. — Sumir hv. stjórnarþm. hafa komið hér upp síðan og sagt: Þetta er samkomulagsatriði. — Hv. þm. Ingólfur Jónsson margendurtók það í sinni ræðu. Og þegar spurt er: Milli hverra er þetta samkomulag gert? — og kannske bætt við: Um hvað? — þá fást engin svör önnur en þessi: Ef samkomulag er gert, þá er það á milli annarra aðila en stjórnarflokkanna. Það er ekki óeðlilegt að a. m. k. við í stjórnarandstöðu, hvað sem líður hv. stjórnarþm., spyrjum: Hverjir voru það sem gerðu þetta samkomulag? — og kannske enn frekar: Um hvað er það?

Við höfum auðvitað oft, hv. þm., orðið vitni að því að æðimikill ágreiningur hefur átt sér

stað á milli stjórnarþm. og í sjálfu sér ekkert óeðlilegt við það. En nú kemur upp nýr flötur enn ferskari, þ. e. a. s. ágreiningur milli hæstv. ráðh. sjálfra í ríkisstj. um jafnveigamikið mál og veigamikil atriði eins og a. m. k. hv. þm. Sjálfstfl. þótti það ákvæði varðandi Framkvæmdastofnunina 1971 vera að þar skyldi vera gert ráð fyrir fleiri en einum forstjóra. Nú er þetta allt gleymt og grafið. Hv. 1. þm. Suðurl., sem talaði hvað fjálglegast um þessi mál hér 1971 og var í fararbroddi þeirrar fylkingar sem gerði harðastan aðsúg að frv. um Framkvæmdastofnun ríkisins þá, nú talar hann hér í þeim tón að hann hafi séð það síðan hann kom til starfa innan þessarar stofnunar að hann væri ekki að færa mönnum það til lasts þó að menn vildu hafa tvo forstjóra eða fleiri, það væri ekki ástæða til þess að gera neina aths. við slíkt nú, þó að menn væru þeirrar skoðunar að það væru fleiri en einn forstjóri við þessa stofnun. Þarna kveður við allt annan tón heldur en gerðist 1971. Og ekki mun það altítt að menn komnir á þennan aldur skipti svo um skoðun á ekki lengri tíma í jafnafdrifaríku máli og hér virtist vera um að ræða hjá hv. þm. Sjálfstfl. Og svo segir Ingólfur Jónsson: Ef frv. hefði verið í þessari mynd 1971, þá hefði verið svolítið annað að standa að því.

Hvað finnst hæstv. dómsmrh. um þetta? Er hann trúaður á að hv. þm. Ingólfur Jónsson hefði haustið 1971 rétt upp höndina glaður með frv. í þessari mynd, eins og það er nú? Hræddur er ég um ekki. En hér hefur það gerst, eins og því miður allt of oft áður, að valdaaðstaða og áhrif virðast hafa mikil áhrif í þá átt að breyta skoðunum manna.

Nei, hér er í raun og veru enn ein sönnun þess að þrátt fyrir þann gífurlega þingmeirihl. sem stjórnarflokkarnir hafa hér á hv. Alþ., þá er ekki betur hægt að sjá heldur en hver höndin sé upp á móti annarri, ekki bara meðal óbreyttra þm. stjórnarliðsins, heldur og meðal hæstv. ráðh., og það í jafnveigamiklum málum, grundvallaratriðum, sem geta varðað spurningu um pólitískt siðleysi eða ekki, eins og hv. þm. Sjálfstfl. töluðu um 1971. Þá er hér einnig um að ræða að hver höndin er uppi á móti annarri innan stjórnarflokkanna sjálfra. Og líklega hefur aldrei sést ömurlegra dæmi þess heldur en einmitt nú í tíð þessarar hæstv. ríkisstj. hvernig í raun og veru stjórnvöld sitja lon og don, þrátt fyrir það að öll skynsemi mæli með því að öðrum væri gefinn kostur á því að spreyta sig. En það er augljóst að menn ætla að sitja hvað sem tautar og raular, hvernig sem á málum er haldið, hvaða axarsköft sem gerð eru, hversu dýrt sem það verður þjóðfélaginu í heild, þá skulu þessir hæstv. ráðh. sitja sem fastast í stólunum. En væntanlega fer nú að styttast sá tími sem þeir telja sér í raun og veru sætt lengur. Og þetta er enn eitt dæmið, sem hér hefur gerst í sambandi við þetta mál, um það að öllum hugsandi mönnum hlýtur að vera ljóst að nú er mælirinn fullur og hæstv. ríkisstj. ætti að sjá sóma sinn í því að segja af sér.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það var nú síður en svo ætlun mín með þeim fáu orðum, sem ég sagði áðan, að fara að vekja nokkrar falsvonir í brjóstum einstakra þm. um að það fari að styttast í það að þeir fari að komast í stjórnarstóla. Það er mín skoðun að það verði bið á því. En ég vil aðeins bæta örfáum orðum við það sem ég sagði fyrst.

Auðvitað er það augljóst mál að þetta er stjfrv., það hefur verið samþ. í stjórninni. Það er teygjanlegt hvað má kalla samkomulagsfrv. Það má segja að það sé samkomulag um það sem samþ. er í stjórninni. En þegar einn hv. þm. stjórnarliðsins flytur brtt. og um hana fer fram nafnakall og þá sjá nokkrir þm., þ. á m. hæstv. ráðh., ástæðu til þess að gera þá grein fyrir atkv. sínu að þeir geti ekki greitt þessari brtt. þessa hv. þm. atkv. af því að það hafi orðið samkomulag um það sem stendur í frv., þá fannst mér að ég hefði ástæðu til að skilja þessi ummæli þeirra svo að þeir hefðu viljað eitthvað annað. (Gripið fram í.) Já fyrst og fremst náttúrlega vegna þess sem hæstv. ráðh. létu orð falla um, þeir hefðu viljað eitthvað annað og það hefði þá staðið á einhverjum öðrum að þetta hefði ekki orðið á þá lund sem þeir vildu vera láta. Og þá fannst mér það liggja nærri að draga af því ályktun þess efnis að það hefði staðið á hinum samstarfsflokknum í því efni.

Nú hefur það verið upplýst og komið fram hjá hæstv. fjmrh. að grg. var ekki meint á þessa lund. Ég tek það alveg góða og gilda skýringu. Og þá er ekki um það að ræða að það komi til þess að því verði haldið fram af einum eða neinum að það hafi að neinu leyti strandað á Framsfl. um samkomulag í þessu efni.

Ég er ekkert að fullyrða um hvort samkomulag hefði tekist um þá tilhögun sem hv. þm. Ellert B. Schram stakk upp á, af því að það hefur að mínu viti einfaldlega ekkert á það reynt innan ríkisstj., — alls ekkert. Hitt vil ég segja, að ég hef látið mínar persónulegar skoðanir í ljós áður á því hvernig stjórnskipan Framkvæmdastofnunarinnnar væri best fyrir komið. Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að það væri óheppilegt að það væri einn maður sem fjallaði um störfin þar sem forstjóri, því að þótt þeir aðilar fari ekki með ákvörðunarvald um útlán, heldur stjórnin, þá er það auðvitað svo, að hver einn veit að ákvarðanir stjórnarinnar geta eitthvað mótast af því, hvernig till. þessir menn gera sem undirbúa málin í hendur stjórninni.

En hvað sem þessum mínum persónulegu skoðunum líður, þá vil ég að það komi skýrt fram að það hefur ekkert reynt á hvort það hefði getað orðið samkomulag um þá tilhögun sem hv. þm. lagði fram. Mér finnst hún að vísu óskynsamleg, en stundum verður maður jafnvel að gera það sem maður telur ekki það allra skynsamlegasta. En ég skal ekki hafa þessi orð fleiri vegna þess að það er ekki lengur nein ástæða til þess að ætla það eða skilja þessa grg. þeirra hæstv. ráðh. og hv. þm. á þá lund sem

ég taldi vera mögulegt að skilja hana. Eftir þá yfirlýsingu, sem hæstv. fjmrh. gaf og ég tek góða og gilda, liggur þetta alveg ljóst fyrir.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég geri ráð fyrir því að aðalástæða mín til þess að standa upp nú öðru sinni í sambandi við umr. um þetta mál sé sú sérstaka ræða sem hv. þm. Benedikt Gröndal, formaður Alþfl., flutti áðan. Í ræðu sinni taldi hann það til sérstakra tíðinda að stjórn í einni stofnun réði sér forstjóra, einn eða fleiri, eftir því sem leyfi stæðu til. Nú veit hann manna best um það að í öllum bönkum eru það bankaráð sem ráða bankastjóra. M. a. ætti hann að þekkja manna best til þess að meiri hl. í bankaráði ákveðins banka hér í Reykjavík réð sér tvo bankastjóra fyrir ekki allmörgum árum. Og hvernig er komið fyrir þeim banka? Um það skulum við ekki ræða hér, enda er það ekki mál þessa fundar, heldur hefur það verið rætt á öðrum fundi og mun verða rætt á öðrum fundi í haust. Kannske verður hv. þm. þar, en alla vega einhver annar sem er hluthafi eða jafnvel nýr bankastjóri sem þar verður ráðinn, og heyrst hefur getið um einn úr þm.-röðum Alþfl. En þetta er furðulegt, að vera að koma með getgátur að stjórn í slíkri stofnun sé ekki treystandi til þess að ráða þá menn sem til verða kallaðir. Og ég endurtek orð mín sem ég sagði áðan: Þótt þar hafi mjög misfarist með tvo sem áttu að hafa gát hvor á öðrum, og hvorugur þeirra var framsóknarmaður eða sjálfstæðismaður, þá tel ég samt sem áður að í slíkri stofnun sem við erum nú að ræða um sé öruggara og betra að hafa menn frá þeim aðilum, t. d. frá stjórnarflokkum hvers tíma, sem ég geri ráð fyrir að verði og ég mun hiklaust styðja. Og ég mun ekki mótmæla því þegar kemur að því, sem óhjákvæmilega hlýtur að koma að, að þessi stjórn breytist og það komi önnur skipan á, þá muni þeir, sem í stjórn stofnunarinnar eru og eru kjörnir af Alþ. til stjórnunar þar, ákveða um breytingu. Þetta var gert við síðustu stjórnarskipti, og það gerðu allir ráð fyrir því, einfaldlega vegna þess að vinstri stjórnin fyrrv. með sinni sameiginlegu stjórn skipaði stjórnina þannig. Ef þá hefði strax verið gengið beint að því að segja sem svo: Við skulum ráða tvo forstjóra og ekki hugsa um pólitík, — þá hefði aldrei sá mikli ágreiningur komið upp á milli Sjálfstfl. og þáv. stjórnarflokka um þetta mál eins og raun bar vitni um. Hitt er annað mál, að ég skal fúslega viðurkenna það að eftir að þeir menn höfðu unnið sinn tíma þar, við þá kynningu sem ég hafði fengið af þeim, þá skal ég ekki gagnrýna þá persónulega, langt frá því, og því síður þá tvo sem þarna hafa staðið í ístaðinu síðan stjórnarbreytingin varð. Ég tel að þeir hafi staðið sig með mikilli prýði.

Ég sem einn af þm. Reykjavíkur hef alltaf gagnrýnt það að þarna væru ekki til staðar ákveðin atriði innan laganna um það að við hér í þéttbýlinu, t. d. í Reykjavík, á Reykjanesi, gætum átt sama rétt og annað fólk á landinu. En m. a. hv. þm. formaður Alþfl. er ekki á því máli, sbr. atkvgr. hér í gærkvöld. Hann er ekki á því máli og er hann þess vegna velkominn á framboðslista hér í Reykjavík við næstu alþingiskosningar. Ég hins vegar þykist vita það og með nokkrum sanni að Framkvæmdastofnunin, þeir sem þar starfa nú, bæði í stjórn og þeir sem þar gegna forstjórastörfum, sem ég kalla nú í dag, munu hafa ætlað sér og ákveðið að stuðla að fiskiðnaði, ekki aðeins þeirra, sem í Reykjaneskjördæmibúa, auk bátakaupa þar og uppbyggingar fiskiflotans, heldur og að fiskiðnaði hér í Reykjavík. Við höfum verið út undan í þessu á undanförnum árum. En þeir hafa þegar tekið verklega á um að undirbúa það, að við megum líka vera með vegna þess að á bjátar í þessum efnum hjá okkur. Og ég segi: Svei þeim sem eru að finna því.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um forstjóra og forstjórakjör eða bankastjóra og bankastjórakjör. En ég legg þetta hvorugt tveggja að líku. Við kjósum hér á Alþ. bankaráð sem aftur kýs bankastjóra. Hví má þá ekki stjórn Framkvæmdastofnunarinnar velja sína forstjóra? Um fjöldann hef ég ekki fleiri orð, ég þykist hafa margskýrt mínar skoðanir í því efni.

Hv. þm. Gunnlaugur Finnsson, sem í flestum málum talar skynsamlega, fellur aðeins á einu í þessu efni, og það er að það eigi alltaf og alls staðar að halda uppi byggð í þessu landi. Ég er alls ekki sammála þessu. Við eigum ekki að halda uppi vegum, rafmagni og síma út á einhvern einn útkjálka þar sem einhver maður býr eða fjölskylda og við vitum og sjáum að ekki er hægt að búa lífvænlegu búi. Það var, guði sé lof, í landbrh.-tíð Ingólfs Jónssonar sem það var samþykkt að það ætti að vera til sjóður hjá okkur til þess að hjálpa slíku fólki til þess að komast burt frá þessum afdalajörðum — og ég kalla þetta afdalakot — til þess að það gæti komið sér fyrir annars staðar í landinu og mótað sér þar nýtt líf og betra líf, segi ég. En það, að við eigum að fara með sjóðum okkar sem slíkum að halda þessu uppi hvar sem er, ég held að það sé ekki réttur vegur, heldur verðum við að skera af vankantana og frekar að hjálpa því fólki peningalega og efnislega til þess að það geti búið sjálfu sér og sínum fjölskyldum betra líf, eins og ég sagði áðan.

Það er undarleg árátta hjá hv. þm. Karvel Pálmasyni, bara til þess að láta bera á sér, að koma hér upp í ræðustól og koma fram í sjónvarpi, vegna þess að það er nú ekki um margt að ræða í þeim þingflokki, en hins vegar verður að velja annan af tveim til þess að svo megi verða. Hann stendur hér frammi fyrir þingheimi og talar um hverjir byggðu upp þetta samkomulag, hverjir unnu að þessu samkomulagi? Það er auðvitað búið að svara þessu af hæstv. dómsmrh. Þekkir hann ekki þegar hann var að undirbúa vinstri stjórnina hvað þeir fundir voru margir og hvað þurfti til þess að ná samkomulagi á milli flokkanna? Nú veit þessi knálegi íþróttakennari að vestan ekki neitt um það að til þess að ná samkomulagi á milli tveggja flokka, sem hafa á margan hátt ólíkar

skoðanir, þurfi að fara fram ekki aðeins samkomulagsumleitanir, heldur líka leita eftir samkomulagi og vinna að því samkomulagi. Ég álít að þeir menn, sem að þessu samkomulagi unnu, hafi unnið mjög gott og þarft verk. Hitt er annað mál, eins og kom fram hjá tveim hæstv. ráðh. okkar hér í gærkvöld, að þeir voru ekki að hafa á móti þessu samkomulagi. Hins vegar voru þeir að samþykkja samkomulagið. En þeir voru um leið að benda á það að þeir hafi orðið að bakka frá fyrri skoðunum sínum til þess að samkomulaginu yrði náð. Og Karvel Pálmason, hv. þm., ætti manna best að vita um þetta. Hann hafði verið ansi vel smurður til þess að ná samkomulagi á fyrri árum a. m. k. og hefur ekki orðið honum fjötur um fót, að ég tel, enn þá.

Ég held að ég muni, enda er ég búinn að tala tvisvar í málinu og hef ekki rétt til þess að tala aftur, láta þessu lokið. En ég vil aðeins segja það, að trú mín er sú og skoðun mín er sú þrátt fyrir skoðanir flokksbróður míns, hv. þm. Ellerts B. Schram, að ég held að í þessari stóru og miklu og þýðingarmiklu stofnun ættu ekki aðeins að vera tveir menn, heldur þrír. Og ég álít að þótt stjórn sé á bak við sem Alþ. kýs, þá megi vel vera að það verði talið æskilegt að þarna eins og annars staðar verði ekki valdir þm. Það er orðið a. m. k. títt hjá mínum flokki, Sjálfstfl., og reyndar fleiri flokkum einnig, að þeir menn, sem á þing koma, séu ekki bankastjórar. Þó þekkist þessi hefð enn þá, t. d. Alþfl., og bendi ég á einn af varamönnum hans sem hefur setið hér á þingi nokkuð oft, hv. fyrrv. þm. Braga Sigurjónsson, og reyndar getum við bent á fleiri dæmi um áhrifamenn í peningamálum þjóðarinnar sem sitja á þingi. Það er því út í hött fyrir formann Alþfl. að ráðast að þeim ágætu mönnum tveim sem hafa verið framkvæmdastjórar þessarar stofnunar fram til þessa, að (Gripið fram í: Hann réðst ekki að þeim.) Nei, blessaður maðurinn, enda á líklega eitthvað að fara í Vesturlandskjördæmi á næstunni. Ég geri ráð fyrir því.

En kerfið, þótt það sé bölvanlegt, þá skal ég viðurkenna að það er nauðsyn á því, og ég viðurkenni þessa nauðsyn enn frekar en áður vegna þess að þeir sjálfir, sem þar stjórna, hafa viðurkennt að við, sem í þéttbýlinu búum, höfum verið beittir órétti í þessu. Þeir hyggjast hverfa af þeirri óheillabraut, vegna þess að ef svo á að halda áfram að það fjármagn, sem þaðan hefur komið, eigi bara að merkjast dautt og ómerkt, þá tel ég að þessi stofnun verði dauð á örfáum árum. Ég bendi ykkur á það, áður en ég lýk máli mínu, að það mun liggja fyrir mikil meirihlutasamþykkt í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs, en fé í þann sjóð kemur að langmestu leyti í Reykjavík, þar hefur verið lögð fram till., sem ég veit að mun ná fram að ganga, um allt að 300 millj. kr. lán til Framkvæmdasjóðs, einfaldlega vegna þess að sá sjóður getur frekar séð um að jafna þessu þangað sem þörfin er mest og um leið verður líka þetta fé laust hvenær sem er fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð. Ég veit að þetta er ekkert leyndarmál. Við erum búnir að ákveða þetta í miðstjórn Alþýðusambandsins, það er meiri hl. fenginn fyrir því og þetta mun verða gert. Og það er gert vegna þess að við höfum trú á þessari stofnun, að hún gæti fyllsta réttlætis og hún sjái um að koma á móti grundvallarkröfum okkar sjóðs um að það verði unnið að því að atvinnuleysi verði útrýmt og það fyrirbyggt.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Hæstv. forseti. Ég skal ekki fjölyrða um þetta mál. Það voru aðeins orð síðasta ræðumanns, hv. þm. Péturs Sigurðssonar, sem urðu til þess að ég fæ ekki orða bundist, þó að raunar hafi maður heyrt þennan tón áður.

Ég vil taka það fram í upphafi til að forðast allan misskilning, að ég tel það ákaflega miður farið þegar út í það fer í umr. á Alþ. að metast á milli kjördæma og metast á milli svokallaðs þéttbýlis og dreifbýlis. Ég held að mér sé óhætt að segja það, að á síðari árum hefur myndast aukinn skilningur á því að hagsmunir þéttbýlisins hér syðra og hins svokallaða dreifbýlis fara saman, og það hef ég heyrt of marga góða og sanna reykvíkinga segja til þess að efast um réttmæti þeirra orða.

En það fer alla vega dálítið í fínu taugarnar á okkur dreifbýlisþm. þegar æ ofan í æ er tönnlast á þessum misskilningi, að Reykjavík og Reykjanes hafi verið sett hjá á undanförnum árum og Byggðasjóður sé til þess eins að mismuna suðvesturhorninu hér og landsbyggðinni í heild hins vegar. Þegar við tölum um Byggðasjóð, þá er það furðuoft og undarlega oft sem mönnum gleymist algerlega hið rétta eðli málsins, þ. e. a. s. til hvers Byggðasjóður var stofnaður. Hann var stofnaður með þá viðleitni í huga að snúa við þeirri óheillaþróun að heilir landshlutar tæmdust af fólki. Þetta er staðreynd sem við vitum mætavel öll. Því til sönnunar skal ég rifja upp tölur sem við þekkjum öll, að á árunum 1950—1970 fjölgaði í Reykjavíkurborg um 78% og af 66 þús. íbúafjölgun yfir landið allt á þeim árum, þá fjölgaði á þessum svæðum — þá á ég við Reykjavíkurborg og Reykjanessvæðið — um 54.6% af 66 þús. heildarfjölgun allrar þjóðarinnar. Það vita aðrir reykvíkingar eins vel og ég. Reykjavíkurborg var enginn sérstakur akkur í þessari þróun, enda sér þess enn stað í Reykjavík í dag að fólksfjölgunin á þeim tíma varð það mikil að ekki var hægt að halda til jafns við fjölgunina í ýmiss konar nauðsynlegri þjónustu við fólkið sem þar bjó.

Ég vil líka minna á vegna orða hv. 8. þm. Reykv., þegar hann talar um fiskveiðar og fiskiðnað, að við vitum það öll jafnvel, sem eitthvað þekkjum til þessara mála, að fyrirgreiðsla til fiskiskipakaupa hér í Reykjavík hefur verið sú sama, ef ekki meiri, 95% voru veitt sem lán til kaupa á Reykjavíkurtogurunum og það með forgang fram yfir staði úti á landi. Ég veit ekki betur en fiskvinnslan hér á Suðurnesjum njóti 60% fyrirgreiðslu úr Fiskveiðasjóði eins og öll önnur frystihús úti um land, en að vísu koma þar til úti á landsbyggðinni viðbótarlán úr Byggðasjóði. Ég vil aðeins segja þetta, að ef hv. þm. þessara kjördæma geta sannfært mig

um að það liggi við fólksauðn hér í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi, þá er tími til kominn að Byggðasjóður sinni málefnum þeirra eins og annarra.

Ég vil líka minna á í sambandi við Byggðasjóð að það eru til aðrir fjárfestingarsjóðir og útlánasjóðir heldur en Byggðasjóður, og það er staðreynd að á s. l. árum hafa lán úr Byggingarsjóði ríkisins farið að 70—80% til þessara tveggja kjördæma á meðan mörg byggðarlög úti um land líða af húsnæðisskorti. Þetta er staðreynd líka sem fletta má upp í skýrslum Framkvæmdastofnunarinnar og víðar. Það er og staðreynd, það vitum við öll, að Iðnlánasjóður hefur lánað sáralítið út á landsbyggðina, það hefur farið hingað á Reykjavíkur- og höfuðborgarsvæðið.

Ég er ekki að benda á þetta af neinni öfund eða afbrýði vegna þessa. En ég vil að hið rétta sé í heiðri haft og það sé hætt að tala um það að með útlánum Byggðasjóðs og með þeirri svokölluðu byggðastefnu, sem rekin er í sambandi við hann, sé verið að níðast á einum eða neinum. Við höfum heyrt þetta margoft, að það eigi að hjálpa fólkinu til að komast burt af strjálbýlustu svæðunum. En ég held að menn hér í þéttbýlinu geri sér almennt ekki grein fyrir að byggð úti á landinu er víða orðin svo gisin að eitt eða tvö eyðibýli til viðbótar geta ráðið örlögum um það hvort byggð helst þar eða ekki.

Ég minntist aðeins í gær í sambandi við atkvgr. um Framkvæmdastofnunina, um till. um að Byggðasjóður skyldi styrkja landið allt, að að sjálfsögðu á Byggðasjóður að koma til með sína aðstoð þar sem hennar er helst þörf. Og ég endurtek: Þegar sannað verður að svæðin, sem um er rætt, séu í þessari þörf sem byggðarlögin úti á landi hafa verið og eru enn, þá er sannarlega tími til kominn að við endurskoðun stefnu Framkvæmdastofnunar og Byggðasjóðs í dag, en fyrr ekki.

Karvel Pálmason: Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð. Ég held að það hljóti að vera um einhvern misskilning að ræða hjá hv. 8. þm. Reykv. ef hann stendur í þeirri meiningu að ég sé mikill aufúsugestur umfram hann hjá fjölmiðlum sem sjónvarpi og öðrum. En ef svo er, þá hlýtur það að byggjast á því að einhverjir hæfileikar eru sem ég hef umfram hann. En ég held að þetta sé mesti misskilningur. Ég held að þetta sé mælt að ástæðulausu og það sé illa gert að skrökva að mönnum sem eru lengi fjarverandi vettvangi og hafa þeirra hluta vegna ekki fylgst með því sem er að gerast. Það er ljótur leikur að skrökva að slíkum einstaklingum eins og þessum hv. þm. sem í öllum tilvikum sjálfsagt vill hafa það sem sannara reynist.

En aðeins örfá orð út af þessum umr. Ég held að það sé a. m. k. ljóst að eftir stendur eftir þessar umr. að hæstv. dómsmrh. er æðislyngur spilamaður í þessum efnum. Það virðist vera augljóst, eftir því sem hér hefur komið fram, að hann hefur haldið þannig á málum gagnvart samstarfsflokknum í ríkisstj., eins og hæstv. dómsmrh. sagði sjálfur: Það stendur ekki á Framsókn í þessu máli. Á hverju stendur þá? Það hlýtur að vera á Sjálfstfl. Það er algerlega augljóst að sá aðilinn í þessu máli, sem vildi knýja fram haustið 1971 að aðeins einn forstjóri væri fyrir Framkvæmdastofnun ríkisins, hann er nú þess fýsandi og meira en það að hafa a. m. k. tvo, sumir hv. þm. segja þriðja þm. Sjálfstfl., þannig að greinilegt er að í þessu máli hafa mál skipast svo, að það er innan Sjálfstfl. sem þessi mikli ágreiningur um Framkvæmdastofnun ríkisins er, að því er best verður séð í dag, ekki milli stjórnarflokkanna, heldur innbyrðis innan annars stjórnarflokksins. Það held ég að liggi ljóst fyrir. Og þá sjá menn hversu mikið mark er á því takandi sem þessir hv. þm. segja frá ári til árs, þm. Sjálfstfl., þegar þeir hafa svo gersamlega kúvent frá þeirri skoðun, sem þeir höfðu uppi 1971, til þeirrar skoðunar a. m. k. sem sumir þeirra virðast hafa nú í þessu máli.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Lyfsölulög, frv. (þskj. 609). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 840).

Ljósmæðralög, frv. (þskj. 314). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 841).

Hafnalög, frv. (þskj. 611, n. 793). — 2. umr

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. (Friðjón Þórðarson): Virðulegi forseti. Samgn. hefur fjallað um frv. um breyt. á hafnalögum, nr. 45 frá 24. apríl 1973. Frv. þetta lýtur að tveim smávægilegum breytingum á hafnalögum. Önnur breytingin er í því fólgin að innheimt verði gjöld af vörum sem skipað er á land, útskipað eða umskipað utan löggiltra hafnarsvæða og renni gjöldin í Hafnabótasjóð. En hin breytingin fjallar um hækkun á lánsheimild Hafnabótasjóðs sem mun vera full þörf á.

Samgn. hefur skoðað þetta frv. og leggur til að það verði samþ. með þeirri breytingu sem kemur fram á þskj. 793 í nál., að við 1. gr. frv. bætist ný mgr., svo hljóðandi:

„Ákvæði þessarar gr. ná ekki til skipa undir 30 brúttórúmlestum að stærð þegar um sjávarafla er að ræða.“

Eins og menn geta gert sér í hugarlund þegar þeir fara að hugsa málið, þá er ekki meiningin með þessari brtt. að elta uppi alla smábáta sem landa grásleppu eða öðrum sjávarafla í vörum hér og þar, heldur að ná til hinna stærri skipa. Þess vegna settum við stærðarmörkin við 30 rúmlestir til þess að taka af öll tvímæli í þessu efni. Á þetta féllust allir nm. Að vísu undirrita tveir með fyrirvara, en ég hygg jafnvel að þeir geti fallist á þessa skýringu eða samþykki frv. þegar þeir heyra þessa skýringu. En einn nm. var fjarverandi.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Hæstv. forseti. Ég vil lýsa ánægju minni með þetta frv. að því leyti að það tryggir nokkra tekjuaukningu til Hafnabótasjóðs. Ein tala kemur þó nokkuð einkennilega fyrir, úr því að farið er út í þessa tekjuöflun á annað borð, og það er sú tala sem fram kemur í 2. gr. um framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs, sem sé 12% af framlagi til hafnarmannvirkja og lendingarbóta á fjárlögum hvers árs, en þó aldrei lægra en 30 millj. kr. Þetta er óbreytt tala frá gildandi hafnalögum og þýðir að sjálfsögðu margfaldlega rýrara framlag með tilliti til þeirrar verðlagsþróunar sem hefur orðið á þeim árum frá 1968, að ég hygg, þannig að eðlilegt hefði verið og ekki síður nauðsynlegt að hækka þessa upphæð a.m.k. til samræmis við áorðnar verðlagsbreytingar.

Ég hef ekki lagt hér fram brtt. í þá átt. Ég skrifaði að vísu undir nál með fyrirvara, en ég gat ekki verið viðstödd á sjálfum fundinum nema að litlu leyti. En þetta frv. á eftir að ganga til Ed. og hugsanlega gæti komið til athugunar þar að fá þessa upphæð hækkaða nokkuð.

ATKVGR.

Brtt. 793 samþ. með 22 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 781). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv. er í hefðbundnu formi. Það hefur gengið í gegnum hv. Ed. Er lagt til að 55 mönnum verði veittur íslenskur ríkisborgararéttur. Ég vænti þess að hv. allshn. þessarar d. hafi unnið með allshn. Ed. að þessu frv. Ég leyfi mér að mælast til þess að frv. verði að umr. þessari lokinni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Ábyrgð á láni til virkjana í Tungnaá, frv. (þskj. 661, n. 731). — 2. umr.

Frsm. (Eyjólfur K. Jónsson): Virðulegi forseti. Fjh.- og viðskn. hefur athugað frv. þetta og mælir með því að það verði samþykkt eins og það kom frá hv. Ed.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Lögsagnarumdæmi Austur-Skaftafellssýslu, frv. (þskj. 388, n. 727). — 2. umr

Frsm. (Ellert B. Schram): Virðulegi forseti. Allshn. Nd. hefur athugað þetta frv. og mælir eindregið með samþykkt þess, en einstakir nm. áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Tollheimta og tolleftirlit, frv. (þskj. 662, n. 732). — 2. umr.

Frsm. (Lárus Jónsson): Virðulegi forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar hv. d. hefur haft frv. um tollheimtu og tolleftirlit til athugunar. N. mælir einróma með því að það verði samþykkt eins og það kom frá Ed., sbr. þskj. 662.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Saltverksmiðja á Reykjanesi, frv. (þskj. 719, n. 788). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. —Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Lárus Jónsson: Virðulegi forseti. Iðnn. þessarar hv. d. hefur athugað frv. til l. um saltverksmiðju á Reykjanesi. N. mælir einróma með samþykkt frv. óbreytts.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Norræn vitnaskylda, frv. (þskj. 480). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv. um norræna vitnaskyldu, sem kemur nú til meðferðar í þessari hv. d. eftir að Ed. hefur um það fjallað, er byggt á samþykkt Norðurlandaráðs frá 1968 um að beina því til ríkisstj. Norðurlandanna að beita sér fyrir því að sett verði löggjöf í löndunum sem koma á gagnkvæmri skyldu manna í ríkjunum öllum til þess að mæta sem vitni fyrir dómstólum á öðrum Norðurlöndum. Lög um þetta efni hafa verið sett í Danmörku og Svíþjóð, en lagafrv. hafa verið lögð fyrir þjóðþingin í Finnlandi og í Noregi. Þess má geta að almenn samstaða var um þetta mál í Norðurlandaráði á sínum tíma.

Það er augljóst, svo sem á er bent í grg. sem fylgir frv., að vitnaskyldan mun ekki verða mikið notuð í samskiptum Íslands við hin löndin vegna fjarlægðar og minni samskipta sem því svarar. Jafnframt skal á það bent að samkv. ákvæðum frv. skal því aðeins beita henni að vitnisburður kunni að hafa verulega þýðingu fyrir úrslit máls.

Í sambandi við þetta frv., ef að lögum verður, þarf að gera tvær smávægilegar breytingar á lögum um meðferð einkamála í héraði og er nú flutt sérstakt frv. um þau atriði. Varðar annað atriðið fjarlægðarmörkin, en hitt atriðið snertir ákvörðun á greiðslum í sambandi við framkvæmd vitnaskyldunnar. Það mál er nr. 11 á dagskránni og er aðeins fylgifrv. með þessu, og ég sé ekki ástæðu til að mæla sérstaklega fyrir því. en vil leyfa mér að óska eftir að frv. verði vísað til hv. allshn. að lokinni þessari umr. og sömu meðferð verði fylgifrv. látið sæta, en vísa að öðru leyti til grg.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 28 shlj. atkv.

Meðferð einkamála í héraði, frv. (þskj. 481). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Jafnstaða kvenna og karla, frv. (þskj. 402, 785, 759, 767, 829). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 829. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Gunnlaugur Finnsson): Hæstv. forseti. Allshn. hefur fjallað um þetta mál og reynt að samræma sjónarmið og tekist að ná samstöðu um nál., svo sem fram kemur á þskj. 785. Þó er rétt að geta þess, að nm. voru í ýmsum smærri atriðum ekki alls kostar sammála, en náðu þó samstöðu, eins og ég sagði, en áskilja sér allir rétt til þess að flytja eða fylgja brtt.

N. sendi frv. til umsagnar nokkurra aðila og vann úr þeim umsögnum, og með tilliti til þeirra voru gerðar af hálfu n. nokkrar brtt. við frv.

Ég sé ekki ástæðu til þess nú, þegar svo skammur tími er til þingstarfa og til afgreiðslu mála, að halda framsöguræðu efnislega um þetta mál hér við 2. umr. En ég vil þó aðeins minna á það, sem ég sagði hér við 1. umr., að það er álit mitt og ég hygg n. allrar að það beri að líta á þessa lagasetningu fyrst og fremst sem rammalöggjöf um jafnrétti eða jafnstöðu.

Ég ætla þá að víkja að þeim einstöku brtt. sem n. leggur til að verði gerðar.

1. gr. orðist svo:

„Tilgangur laga þessara er að stuðla að jafnrétti kvenna og karla.“ Það er numið þarna aftan af „á öllum sviðum.“ Það kom til greina að segja, að þetta ætti að vera á þeim sviðum sem lög þessi næðu til, en það var mat n. að það væri ekki ástæða til að hafa þetta áhersluatriði og var því settur bara punktur þarna á eftir.

Efnisbreyting kemur svo fram í 2. brtt. þar sem lagt er til að 5. gr. orðist svo:

„Nú er umsækjandi um auglýst starf kona, en það hefur verið veitt karlmanni, og skal þá Jafnréttisráð, ef umsækjandi óskar þess, fara fram á það við hlutaðeigandi atvinnurekanda að hann veiti því skriflegar upplýsingar um hvaða menntun, starfsreynslu og aðra sérstaka hæfileika sá hefur til að bera er ráðinn var í starfið. — Sama rétt skal karlmaður, sem er umsækjandi um starf, hafa ef konu er veitt starfið.“

Hér er um þá breytingu að ræða að í frv. í upphaflegri mynd er gert ráð fyrir því að atvinnurekandi hafi að gegna upplýsingaskyldu til þess aðilans sem ekki fær starfið. Mönnum sýndist og urðu endanlega sammála um að það kynni að vera erfitt fyrir þann, sem á að gefa upplýsingarnar, að gefa upp sitt persónulega mat, hvers vegna hann hefur valið annan umsækjandann fremur en hinn. Hér er ekki aðeins um mat að ræða á milli karlmanns og kvenmanns, heldur líka þegar metið er á milli einstaklinga, þá getur verið ákaflega erfitt að þurfa að gefa slíkt upp. En þar koma til bæði kostir þess, sem sækir, gallar hans, sem og hugsanlegir gallar þess sem ekki fær stöðuna. Þess vegna er talið eðlilegt að ráðið komi þarna inn á milli, það geti krafist eða skuli krefjast upplýsinga frá atvinnurekandanum og leggi síðan mat á það hvort atvinnurekandinn hefur haft nægilega ástæðu til þess að velja á þann hátt sem hann gerði. En í síðari gr. frv. er svo minnst á það hvernig með skuli farið.

Í 7. gr. frv. er gert ráð fyrir breytingum. Þar segir að í stað orðsins „menntastofnunum“ komi: mennta- og uppeldisstofnunum. Það er til þess að taka af allan efa um það, enda þótt uppeldisstofnanir gegni menntunarhlutverki líka, að það fari ekki á milli mála að það er átt við að þær sinni þessum málum líka.

4. brtt. er við 9. gr. frv. og er einna viðamesta brtt. sem n. gerir við frv. Hún hljóðar svo eftir meðferð n.:

„Jafnréttisráð skal annast framkvæmd laga þessara. Jafnréttisráð skal skipað 5 mönnum til þriggja ára í senn og skulu þeir ásamt varamönnum skipaðir þannig: einn skipaður af Hæstarétti og er hann formaður ráðsins og skal hafa lokið embættisprófi í lögum, einn skipaður af félmrh., einn skipaður af Bandalagi starfsmanna ríkis- og bæja, einn skipaður af Alþýðusambandi Íslands og einn skipaður af Vinnuveitendasambandi Íslands.“ — Þetta er nokkuð samhljóða því sem var. Síðan kemur: „Jafnréttisráð hefur skrifstofu og ræður framkvæmdastjóra til að veita henni forstöðu. Kostnaður greiðist úr ríkissjóði.“

Þetta er veigamikið atriði sem n. hefur tekið þarna inn og á að tryggja að ætíð sé opin skrifstofa þannig að menn geti leitað þangað og hún veitt þá þjónustu sem til er ætlast.

5. brtt. er lítilvæg. Það er aðeins orðalagsbreyting, þ. e. a. s. jafnstöðuráð verði jafnréttisráð og þar sem talað er um jafnstöðumál, þar verði talað um jafnréttismál.

6. brtt. er við 11. gr. Þar er aðeins orðalagsbreyting.

Síðasta till. er um heiti frv. sjálfs, að það verði nefnt „Frumvarp til laga um jafnréttisráð.“ Um þetta urðu töluverðar umr. í n., hvort það væri rétt að kenna lögin eingöngu við Jafnréttisráðið. Hér koma inn ýmis fleiri atriði í þessari lagasetningu. Það varð þó að lokum gert samkomulag um það, eins og ég sagði áðan, og a. m. k. fyrir mitt leyti grundvallað á þeirri skilgreiningu að í 11. gr. er gert ráð fyrir því að Jafnréttisráð eigi að líta eftir með því að ákvæði 2.—8. gr. séu ekki brotin. Þetta kann þó mörgum að virðast vera matsatriði, og um breytingarnar, eins og þær eru hér lagðar fram, er sem sagt samkomulag enda þótt menn væru í upphafi ekki algerlega sammála um þær.

Það fylgdi svo þessu fyrirvari, sem allir nm. gerðu, að einstakir nm. eru óbundnir að því að flytja eða fylgja brtt., enda hafa verið lagðar hér fram brtt. af einum nm. sem hann flytur og mun eflaust gera grein fyrir sjálfur.

Vilborg Harðardóttir: Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram brtt. sem nýbúið er að útbýta á fundinum. Ég ætla að útskýra þessar brtt., lesa þær upp. Þær eru svo hljóðandi:

„1. 1. gr. orðist svo:

Tilgangur laga þessara er að stuðla að jafnrétti kvenna og karla og bæta stöðu kvenna.“

Þarna finnst mér vanta í frv., og hef reyndar komið að því áður í umr. um þetta mál, að tekið sé tillit til þess hver beri í raun og veru skarðan hlut frá borði eins og ástandið er núna og hverra stöðu þarf að bæta. Mér finnst að það þurfi að taka það fram í lögunum að tilgangurinn sé að bæta stöðu kvenna.

2. brtt. er svo hljóðandi:

„6. gr. orðist svo:

Konur og karlar skulu njóta sömu möguleika til framhalds starfsþjálfunar og til að sækja námskeið er haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings annarra starfa.“

Þessi gr. er að miklu leyti shlj. þeirri gr. sem fyrir er í frv., en það falla niður orðin „er starfa hjá sama atvinnurekanda“. Er það vegna þess að ég álít að það mundi þá verða of þröngt túlkað, þannig að fólk, sem starfar kannske í sama starfi, en ekki hjá sama atvinnurekanda, mundi þá ekki njóta sömu möguleika. Sömuleiðis legg ég til að þarna falli niðupr í 3. línu orðin „og betri“, þar sem ég álít að það sé mjög varasamt og raunar alveg fáránlegt að ætla að fara að meta störf sem verri og betri og gefi ekki gott fordæmi.

3. brtt. er við 7. gr., að hún orðist svo:

„Í skólum og öðrum mennta- og uppeldisstofnunum skal veita fræðslu um jafnrétti kvenna og karla. Kennslubækur og kennslutæki, sem þar eru notuð, skulu vera þannig úr garði gerð og hönnuð, að kynjum sé ekki mismunað og upprætt sé úrelt hlutverkaskipting kynjanna.“

Þessi grein er samhljóða þeirri breyttu grein, sem allshn. hefur gert till. um, nema bætt er líka við orðunum: „upprætt sé úrelt hlutverkaskipting kynjanna“. Ég tel ekki nóg að passa að kynjum sé ekki mismunað, heldur þurfi, eins og málum er háttað, að vinna beinlínis að því meðvitað að breyta þeirri mynd sem gefin er í kennslubókum og við kennslu almennt. Mér hefur verið bent á í þessu sambandi að þetta kynni að verða túlkað á ýmsa vegu eftir því sem tímar líða fram, en ég held að það muni þá bara verða túlkað eftir því sem þá verður úrelt jafnóðum.

Eins vil ég taka fram í sambandi við breytinguna í 1. gr., þar sem í upphaflega frv. er talað um að stuðla að jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla á öllum sviðum, að það hefði getað átt við þegar enn var um að ræða frv. til l. um jafnstöðu kvenna og karla, eins og það var hugsað upphaflega, en eins og það nú er hugsað, eftir að það kemur frá hv. allshn., tel ég að með lögunum sé í raun og veru verið að mynda Jafnréttisráð sem sé eins konar beint framhald af Jafnlaunaráði og þar af leiðandi muni starfssvið þessa Jafnréttisráðs vera mjög svipað og ekki miklu víðtækara heldur en Jafnlaunaráðs þótt ég voni sannarlega að orðið verði við því sem lagt er til í till. allshn., að starfsskilyrði þess verði tryggð betur en nú er um Jafnlaunaráð. Þar af leiðandi tel ég ekki rétt að hafa þarna: „á öllum sviðum“, tek undir það með allshn. Að öðru leyti lýsi ég mig fylgjandi þeim till. sem komið hafa frá nefndinni.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég á sæti í þeirri n. sem hefur haft þetta frv. til meðferðar og ég stend að þeim brtt. sem gerðar eru, en sagði frá því í n. að ég gerði fyrirvara á tveimur brtt., þ. e. a. s. breytingunni á heiti frv. og orðalagi í 5. gr., en mundi þá að því leyti til áskilja mér rétt til þess að fylgja brtt. þar að lútandi. Ég hef þar að auki leyft mér að flytja sérstaklega tvær brtt. við þetta frv. og skal vera mjög stuttorður að geta þeirra.

Í fyrsta lagi er lagt til að síðari málsl. 4. gr. falli niður. Í þeirri setningu segir, með leyfi forseta:

„Í slíkri auglýsingu er óheimilt að gefa til kynna að fremur sé óskað starfsmanns af öðru kyninu en hinu.“

Út úr þessari setningu hefur mjög verið snúið. Menn hafa nokkuð hæðst að innihaldi þessa ákvæðis og fullyrða að auðvelt sé að fara í kringum þetta ákvæði og það muni í reynd verða óvirkt. Til þess að fyrirbyggja þessar skoðanir hvort sem það teljast útúrsnúningar eða réttmætar fullyrðingar, þá held ég, að tilgangi þessarar gr. sé náð með því að láta fyrri málsl. standa einan sér, en hann hljóðar svona:

„Starf, sem auglýst er laust til umsóknar, skal standa opið jafnt konum sem körlum.“

Með þessari setningu er það tryggt að jafnræðis sé gætt við auglýsingar þegar störf eru laus til umsóknar og óþarfi að setja í lög og erfitt að setja í lög ákvæði sem banna að gefið sé til kynna að fremur sé óskað starfsmanns af öðru kyninu en hinu.

Síðari brtt. mín er sú, að 8. gr. falli niður. Sú gr. hljóðar svo:

„Auglýsendum er óheimilt að birta nokkrar þær auglýsingar í orðum eða myndum er orðið geti öðru kyninu til minnkunar eða lítilsvirðingar.“

Nú má auðvitað vel vera að það sé æskilegt, að auglýsingar séu ekki til minnkunar eða lítilsvirðingar fyrir einn eða neinn. Allir geta sjálfsagt orðið sammála um það. Ég held hins vegar

að slík ákvæði eigi ekki heima í lögunum. Þetta er matsatriði hverju sinni, sem ég get ekki séð að jafnréttisráð né aðilar geti metið svo að fullgilt geti talist, þetta verði að þróast eftir smekk manna, tilfinningum, sambúð og venjum í þjóðfélaginu. Þess vegna tel ég að þetta ákvæði sé óþarft og ekki til þess fallið að binda það í lögum. Ég legg því til að gr. falli niður.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. Það kom fram í máli hv. frsm. að brtt. allshn. voru samkomulagsatriði, því að við höfðum öll áhuga á því að þetta frv. næði fram að ganga. Það samkomuulag mun ég ekki rjúfa. Ég tel hins vegar rétt að greina nokkuð frá því hvers vegna till. er gerð um að heiti frv. sé breytt og þar af leiðandi 1. gr., en milli þeirra er samhengi.

Heitið frv. til l. um jafnstöðu kvenna og karla eða jafnrétti kvenna og karla gefur ákaflega mikil og stór fyrirheit, og þegar farið er að athuga frv. sjálft, hinar einstöku gr. þess, þá liggur auðvitað í augum uppi að frv. rís ekki undir nafni. Þetta varð ljósara þegar umsagnir fóru að berast frá hinum ýmsu kvennasamtökum. Það var augljóst að n. var komin í allmikil vandræði ef hún átti að taka til greina meginhluta aths. þeirra sem komu fram í umsögnunum. Og það var mín skoðun að þessar viðamiklu umsagnir stöfuðu af heiti frv., því að það verður auðvitað öllum ljóst að frv. til l. um jafnstöðu kvenna og karla krefst þess að þar séu tekin til greina öll þau atriði sem stuðla að jafnrétti.

Sem dæmi um þessar umsagnir get ég tekið umsögn Kvenréttindafélags Íslands þar sem það leggur til að inn í 2. gr. frv. sé bætt orðunum: „með þjóðfélagslegum ráðstöfunum“ — og yrði grg. þá orðuð svona, með leyfi hæstv. forseta:

„Konum og körlum skulu með þjóðfélagslegum ráðstöfunum tryggðir jafnir möguleikar til atvinnu og menntunar og greidd jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.“

Síðar í umsögninni kemur fram hvað það er, sem Kvenréttindafélagið vill leggja áherslu á ef þetta frv. eigi að þjóna tilgangi sínum, og þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn KRFÍ vill minna á nokkur atriði hér að lútandi:

1. Rannsakað verði hvort lög um launajöfnuð frá 1961 hafi verið sniðgengin í kjarasamningum og/eða framkvæmd.

2. Að tryggja foreldrum og forráðamönnum dagvistun og gæslu barna sinna.

3. Að setja ákvæði um rétt foreldra og forráðamanna til fjarvistar frá vinnu vegna veikinda barna sinna.

4. Að sett verði ákvæði um samfelldan skólatíma nemenda og þeir geti neytt matar í skólanum.

5. Að gerðar verði ráðstafanir til að aðstoða forstöðumenn heimila við gæslu sjúkra eða umönnun aldraðra þegar skyldustörf eða veikindi raska daglegri skipulagningu.

6. Að tryggt verði með kerfisbundinni endurskoðun á innihaldi kennslubóka að þar verði ekki viðhaldið hefðbundinni hlutverkaskiptingu kynjanna, hvort sem er innan eða utan heimilanna.

7. Að enn fremur verði tryggt að menntun kennara taki mið af jafnstöðusjónarmiðum, þannig að þeir í túlkun sinni á námsefni viðhaldi ekki úreltri kynskiptingu í viðhorfi nemenda til verkaskiptingar.“

Úr annarri umsögn, umsögn Rauðsokka, get ég tekið þessa klausu, með leyfi hæstv. forseta:

„Auk þessa þarf að efla þjónustu við heimilin, t. d. með því að fjölga dagvistunarstofnunum, svo að öll börn eigi kost á slíkri vist. En þessar stofnanir verður einnig að gera þannig úr garði að þær geti rækt uppeldishlutverk sitt. Fjölga þarf líka skóladagheimilum fyrir eldri börn, samræma skólatíma með því að einsetja skólana og auka námsstarfið innan þeirra, einkum í yngri bekkjunum til að jafna námsaðstöðuna og koma í veg fyrir að börn séu í reiðileysi mikinn hluta dagsins. Mötuneyti þarf að vera í hverjum skóla, æskulýðsráða og félaga, þar sem fæst börn hafa nægileg verkefni á sumrin.

Fleira mætti tína til í þessu sambandi. En heildarniðurstaðan er sú, að til að tryggja að bæði kynin sitji við sama borð verður að gera ráðstafanir til að allir geti gegnt foreldrahlutverki sínu jafnframt vinnu utan heimilis.“

Hér lýkur þessari klausu. — Ég held, að hv. þm. hljóti að vera ljós sá vandi sem allshn. stóð frammi fyrir. Það varð annaðhvort að reyna að semja algerlega nýtt frv. þar sem yrðu tekin til greina þau atriði sem allir, sem að jafnréttismálum starfa, vita að eru nauðsynleg til þess að fullt jafnrétti náist, eða þá að fara þá leið sem allshn. hefur farið. Og ég held, að það sé heiðarlegra gagnvart kvennasamtökunum í landinu, sem hafa lagt mikla vinnu í það að skoða þetta frv., að fara þá leið sem allshn. fór, og ég vona að hæstv. ráðh. geti fallist á þessa málsmeðferð. Það er engum til góðs að ímynda sér að hann eigi heilan lagabálk sér til stuðnings og til stuðnings rétti sínum þegar það reynist rangt. Þess vegna legg ég áherslu á að brtt. allshn. verði samþykktar.

Ég mun í lokin aðeins víkja að fyrri brtt. á þskj. 759 frá hv. 11. þm. Reykv. þar sem hann leggur til að síðari setningin í 4. gr. falli niður. Ég er andvíg þessari brtt. hv. þm. og tel að ef hún verði samþykkt sé gr. algerlega ónýt. Það liggur í augum uppi að ef starf, sem er laust til umsóknar, á að standa opið jafnt konum og körlum, þá verður almenningur að fá að vita að svo er, og það getur almenningur ekki vitað nema auglýsingin sé svo úr garði gerð. Og þá verður vitaskuld að gefa fyrirmæli um hvernig á að auglýsa eða réttara sagt hvernig má ekki auglýsa. Að öðrum kosti er tilgangurinn með gr. fallinn. Ég vildi leggja áherslu á þetta, en ítreka það í lokin að ég mun fyrir mitt leyti standa við það samkomulag sem allshn. gerði.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Stofnlánasjóður vörubifreiða, frv. (þskj. 794). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Jarðalög, frv. (þskj. 741). — 1. umr.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 565 og 741, er frv. til jarðalaga sem hefur áður verið til meðferðar hér á hv. Alþ. og var nú lagt fram í hv. Ed. og hefur hlotið afgreiðslu þar með einni breytingu sem gerð var á frv. þar.

Efni þessa frv. er að gera það að verkum að hafa vald á því að jarðir séu seldar fyrst og fremst til landbúnaðarnota, en ekki að leggja þær í eyði eða nýta þær á þann hátt sem ekki hentar landbúnaði, en það hefur farið í vöxt hér á landi sem víðar annars staðar að svo hafi verið gert.

Það mun hafa verið um árið 1909 sem í Noregi voru sett lög sem takmörkuðu jarðasölu miðað við þetta ákvæði sem ég greindi hér. Þar eru ströng ákvæði um þetta, og hafa nýlega verið sett mjög ströng ákvæði um jarðasölu, það ströng að norðmenn geta bannað að jarðir séu seldar ef ekki er gert ráð fyrir því að viðkomandi aðili ætli sér að stunda þar landbúnað, án þess að það hvíli nokkur skylda á ríkinu að kaupa þessar jarðir af viðkomandi seljanda.

Í Svíþjóð eru einnig lög um þetta allt frá 1916, og svíar hafa einnig hert sín lög mjög á síðari árum. Þar eru settar margs konar takmarkanir sem miða við það að jarðirnar séu fyrst og fremst notaðar til landbúnaðar og þær séu verndaðar í verðlagi í sambandi við það. Ástæðan fyrir verndun á verðlagi er að matvæli, sem framleidd eru í landbúnaði, eru afskaplega mikils virði, svo sem kunnugt er, og áríðandi er að landverðið sé ekki það afgerandi að það hafi veruleg áhrif á verðlag landbúnaðarafurða, en það hefur það ef land hækkar mjög í verði.

Þetta mál hefur einnig verið mjög til meðferðar hjá dönum. Þegar þeir gengu í Efnahagsbandalagið settu þeir nýja löggjöf um sölu jarða sem herti mjög ákvæði og gerði það að verkum að þar er afar erfitt að ná eignarhaldi á landi án þess að það eigi að vera til landbúnaðar. Það vakti m.a. fyrir dönum í því sambandi að þeir óttuðust að við samskipti í Efnahagsbandalaginu gætu t.d. þjóðverjar mjög komið þar til ráða í gegnum landakaup og þeir vildu verja sig gegn slíku, að vera kannske búnir að missa verulegan hluta af landi sínu í hendur annarra þjóða með þessum hætti.

Á þessu hefur að vísu lítið borið hér á landi enn þá. En það má gera ráð fyrir að það geti gerst hér eins og annars staðar að erlendir aðilar fari að sækja í land. Og það er eitt sem er víst, að á síðari árum hefur mjög aukist ásókn í jarðir, og þá hefur það ekki verið vegna landbúnaðar, heldur vegna hlunninda eins og laxveiði, hitaréttinda og ýmissa slíkra réttinda sem í jarðirnar hefur verið sótt. Eitt atriði er þarna einnig ótalið. Það er þegar jarðir eru í nágrenni við þéttbýli, þá hefur verið mjög gert í því að ná til þeirra í þeirri von að landið hækkaði í verði þegar þyrfti að kaupa það vegna útþenslu þéttbýlisins. Af hálfu sveitarstjórnarmanna og félmrn. hefur verið unnið að þessum málum hvað viðvíkur því að um land, sem þarf að kaupa vegna útfærslu þéttbýlis eða þéttbýlismyndunar, eru komnar verulega strangar reglur sem gera það að verkum að ekki er eins auðvelt að hafa fjárhagslegan hagnað af því að kaupa slíkt land eins og áður var. Það, sem hér er gert til þess að hafa áhrif á það, er í miklu minni mæli heldur en nágrannar okkar hafa gert í sambandi við sölu á landi og við göngum þar miklu skemmra í þessu frv. heldur en þeir hafa gert. En það, sem hér er um að ræða, er að ef á að selja, þá eru settar sérstakar nefndir sem skipaðar eru þremur mönnum og jafnmörgum til vara og eru kosnar hlutfallskosningu, ef óskað er. Búnaðarsamband viðkomandi sýslu tilnefnir tvo í jarðanefnd og sýslunefnd einn mann. Skulu þeir kunna góð skil á byggð og búháttum í sýslunni. Ráðh. skipar formann úr hópi tilnefndra manna. Auk þessara aðila, jarðanefndamanna, eru svo sveitarstjórnirnar sem um þetta mál fjalla, og hafa þær einnig um það sitt að segja og sín ráð. Í þriðja lagi er það Landnám ríkisins. Allir þessir aðilar hafa rétt til þess að skjóta þessum málum til landbrn. ef þeir óska þess.

Það eru ýmis fyrirmæli í þessum lögum sem gera það að verkum að það er ekki auðvelt að nota sér þær heimildir sem lögin gera ráð fyrir, en hins vegar hægt að koma í veg fyrir að jarðir séu keyptar upp með það eitt að markmiði að leggja þær í eyði, og eru það yfirleitt sveitarstjórnirnar sem hafa þá forkaupsréttinn. Í þessu frv. er einnig gert ráð fyrir því, að sveitarstjórnir hafi rétt umfram ábúanda nema ábúandi hafi setið visst langan tíma sem tilgreindur er og einnig er tilgreindur í ábúðarlögum þeim sem afgreidd voru hér frá hv. d. í dag.

Tilgangur þessa frv. er því tvenns konar. Hann er í fyrsta lagi sá að verja jarðir þannig að það sé fyrst og fremst miðað við landbúnað og að forða þeim frá að lenda í braski, sem kæmi í veg fyrir aðgang þeirra sem vilja búa, og einnig er það í þessu frv., að það er gert ráð fyrir að skipuleggja svæði til sumarbústaða og veita þannig þéttbýlisfólki aðgang að landinu eins og þeim sem landbúnað stunda, en gera það með skipulegum hætti. Þetta er einn þáttur í því að reyna að halda verðlagi á landbúnaðarframleiðslu í hóflegu verði eins og kostur er og nauðsyn ber til.

Mér hefur verið bent á það að í 26. gr. frv. geti orkað tvímælis það sem felst í niðurlagi þeirrar gr., en það er svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Falli fasteignarréttindi við erfðir til annarra en þeirra er greinir í 1. tölul. á hreppsnefnd rétt á að fá þau keypt“ — og þar segir svo áfram: „við því verði sem þau eru lögð erfingjum til arfs.“

Þetta hefur mér verið bent á að mundi stangast á við stjórnarskrána, og til þess að taka af öll tvímæli þar um mun ég leggja fram skrifl. brtt. Ég vil benda á að í lögum um kauprétt á jörðum, sem eru frá 1948, segir svo í 2. mgr. 4. gr. þeirra laga:

„Falli jörð við erfðir til skyldmenna eftir 6., 7. og 8. gr. tilskipunar frá 25. sept. 1850 á hreppsnefnd rétt á að fá jörðina keypta á því verði sem hún er lögð til arfs.“

Þessi setning er því tekin upp úr lögum, sem eru búin að vera hér í gildi síðan 1948. En þrátt fyrir það vil ég ekki fara að taka neina áhættu í þessu sambandi og hef tekið þessa leiðbeiningu til greina og legg því fram þessa skriflegu brtt.

Ég vil geta þess að þetta frv. hefur verið til meðferðar bæði hér á hv. Alþ., það hefur verið til meðferðar á Búnaðarþingi og það hefur verið til meðferðar á aðalfundi Stéttarsambands bænda, og bæði Búnaðarþing og Stéttarsamband bænda hafa mælt með samþykkt frv. Það er skoðun þeirra manna, sem þar hafa um fjallað, og sú skoðun styður einnig mína hugsun, að hér sé um að ræða mjög þýðingarmikið mál, ekki bara fyrir landbúnaðinn, heldur einnig fyrir landið í heild, því að það er einnig mikils virði fyrir þéttbýlisfólkið að land sé ekki svo keypt upp að það hafi ekki aðgang að því, fyrir utan það að sú hætta gæti vofað yfir okkur eins og öðrum þjóðum að erlendir aðilar sæktu í að fara að eignast hér land og komast þannig inn um bakdyrnar. En ég tel að sú fyrirmynd, sem við höfum frá nágrönnum okkar á Norðurlöndum, komi okkur hér að góðu haldi og við megum mjög taka þá til eftirbreytni í sambandi við þetta mál.

Nú skal ég tímans vegna ekki orðlengja þetta frekar, en leyfi mér að leggja þessa skrifl. brtt. fram, herra forseti, og legg svo til að þessu frv. verði vísað að lokinni þessari umr. til 2. umr. og hv. landbn. Og ég vil taka það fram, að ég tel að það sé búið að leggja svo mikla vinnu í þetta mál að ég treysti hv. Alþ. til þess að afgreiða það nú að þessu sinni, enda hefur það verið til meðferðar hér það lengi og búið að leggja í það svo mikla vinnu og ná um það samstöðu að ég treysti því, að það megi takast, og legg á það ríka áherslu, enda tel ég að brýna nauðsyn beri til að svo sé.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Mér þykir vænt um að heyra að hæstv. ráðh. hefur gert ráðstafanir til að bæta alvarlegasta ágallann á þessu frv. sem fólst í vissu ákvæði í 26. gr. Að mínu mati persónulega hefði það falið í sér skýlaust stjórnarskrárbrot. Í 67. gr. stjórnarskrárinnar segir svo m. a.:

„Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir."

Hver maður sér að það verð, sem miðað er við þegar verðmæti eru lögð mönnum til arfs, er engan veginn sannvirði. Það er fasteignamatsverð sem er langtum lægra heldur en söluverð. Þótt þetta ákvæði sé fært í það horf að fullt verð skuli koma fyrir, eins og sjálfsagt er og skylt, þá eru þó nokkur ákvæði í frv. sem ég tel ganga mjög alvarlega í berhögg við anda stjórnarskrárinnar. Þau eru þess eðlis að að frv. óbreyttu treysti ég mér ekki til annars en að greiða atkv. gegn málinu. Sem deildarforseti mundi ég þó ekki vísa málinu frá vegna þess að það væri ekki í réttu formi, ekki borið fram sem frv. til stjórnskipunarlaga eins og vera ætti ef um raunverulega breytingu á stjórnarskránni væri að ræða. Hér er um að ræða mál sem segja má að geti verið matsatriði hvort gangi gegn stjórnarskránni eða ekki og sé þess eðlis að þd. beri að kveða upp úr um það mat. Þau atriði, sem ég hér á við og um er að ræða í 13. og 14. gr. frv., eru í raun réttri eignarnámsákvæði. Þessi eignarnámsákvæði eru í hæsta máta vafasöm og það á fleiri en einn veg.

Þessar greinar fela í sér sérstök réttindi til handa ábúanda jarðar sem er eigandi og ábúandi jarðar sem parti hefur verið skipt úr og annar maður á nú. Þessi ábúandi getur samkv. frv. leyst til sín hinn úrskipta jarðarpart þrátt fyrir mótmæli eiganda jarðarpartsins.

Nú er það svo að slíkt eignarnám er samkv. þeirri stjórnarskrárgrein, sem ég vitnaði í áðan, heimilt ef almenningsþörf krefur, séu til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir. Það, sem er matsatriði hér, er það hvort um sé að ræða almenningsþörf.

Það, sem hér þarf að spyrja um, er þetta: Er það almenningsþörf að ein stétt manna í landinu geti leyst til sín eignir annarra manna í atvinnuhagsmunaskyni fyrir sig? Í hverju einstöku tilviki er um að ræða einstakling sem í atvinnuhagsmunaskyni fengi leyfi til hjá landbrh. að leysa til sín eign annars manns samkv. matsverði. Það má vera að til séu þeir hv. þm. sem komast að þeirri niðurstöðu að bóndi eða þeir, sem landbúnað stunda, hafi þennan rétt fram yfir aðra einstaklinga þjóðfélagsins, að það sé almenningsþörf að þeir leysi til sín eignir annarra manna sem hugsanlega væri hægt að nýta í þeirra atvinnu. Þetta er að mínum dómi alveg hliðstætt við það og að eignarnámsheimild væri veitt t. d. iðnaðarfyrirtæki sem mundi með hagkvæmara hætti geta rekið sína starfsemi ef það eignaðist næstu lóð og næsta hús við hliðina, báðar þessar lóðir hefðu t. d. verið ein lóð fyrir alllöngu og það þyrfti ekki annað en snúa sér til hæstv. iðnrh., þetta iðnfyrirtæki, og æskja leyfis til hans til þess að mega nú leysa til sín eign nágrannans og nýta þá eign í sinni atvinnu. Ég er hrædd um að hv. þdm. þætti dálítið einkennilegt hér að verki staðið, og sé ég þó ekki annað en iðnaður sé ein þeirra atvinnugreina sem mjög þarf að byggja upp í landi okkar. Við skulum nefna verslun. Við getum hugsað okkur litla verslun sem býr við þröngan húsakost, hefur á að skipa ágætu starfsliði og vel hæfum kaupmanni. Við skulum hugsa okkur að hún sé við mjög góða verslunargötu, en við hliðina á þessari verslun sé stórt og glæsilegt hús þar sem kannske örfáar manneskjur búa á heimili sínu. Ef nú verslunareigandinn gæti snúið sér til hæstv. viðskrh. og beðið hann leyfis að mega leysa til sín þetta hús nágrannans til þess að nota það fyrir verslun sína og það væri alveg augljóst að það væri hagkvæmara fyrirtæki sem væri rekið með þeim hætti að það hús væri einnig nýtt í versluninni, — ef þetta leyfi væri fáanlegt, þá væri um sambærilegt dæmi að ræða við það sem lagt er til í þessu frv. Frá mínu sjónarmiði er þetta hreint hneyksli og ekkert annað.

Ég hef hér í höndum bók sem heitir Stjórnskipun Íslands, eftir hæstv. núv. dómsmrh. og þegar þessi bók var skrifuð prófessor í stjórnskipunarrétti í Háskóla Íslands. Í bókinni er þess getið í sambandi við eignarnám að hagsmunir einstakra manna sem grundvöllur eignarnáms séu ekki nægilegir til þess að eignarnám geti farið fram. Hagsmunir einstaks manns geti ekki talist almenningsþörf.

Mér finnst hér um svo alvarlegt atriði að ræða að ég finn mig knúna til af minni þingmannssamvisku að vekja athygli hv. þdm. á þessu atriði. Ég hef ekki lagt það í vana minn mikið í seinni tíð að standa í þessum ræðustóli og halda langar ræður, en þegar ég sé í

hvert óefni er komið get ég ekki orða bundist. Mál, sem hefur allan þennan tíma verið til meðferðar í rn. hvað eftir annað, lengi í þd. og er komið á þetta stig í Alþ. og er enn í þessu horfi, veldur því að ég get ekki varist alvarlegum áhyggjum af því hvernig starfsaðferðum Alþ. er eiginlega háttað. Ég vil alvarlega skora á hæstv. ríkisstj. með tilvísun til þess, sem ég hef sagt um þessi ákvæði, að draga frv. þetta til baka svo að það verði tekið til enn nýrrar og betri skoðunar fyrir næsta haust og lagfærðir þeir alvarlegu agnúar sem nú eru á frv.

Fjölmargir fleiri stórir gallar eru á þessu frv. þótt þetta sé stærst að mínu viti eftir að kórvillan í 26. gr. hefur verið numin brott.

Framarlega í þessu frv. í 3. gr. þess, er ákvæði sem hljóðar svo: „Rísi ágreiningur um, hvað teljast skuli landbúnaður samkv. lögum þessum, eða um starfssvið jarðanefnda að öðru leyti“ — látum vera þetta síðara, um starfssvið jarðanefnda, en rísi ágreiningur um, hvað teljast skuli landbúnaður samkv. lögum þessum „sker landbrh. úr þeim ágreiningi“.

Í lögum er hvergi nein skilgreining á því hvað er landbúnaður, svo að það er afskaplega líklegt að til ágreinings geti komið um það. Um þetta ætlar Alþ. að ákveða að hæstv. landbrh. skeri úr. Það er að mínu viti ekki verksvið neins ráðh., að skera úr lagaágreiningi sem hér gæti verið um að ræða.

Það vekur til umhugsunar um það sem margir munu kannske hugsa þegar ég finn að þessu ákvæði, — margir munu hugsa: Það er nú kannske fljótlegast að láta landbrh., sem hefur vit á þessum málum að öllum líkindum, a. m. k. sá landbrh. sem nú er, vænti ég, — láta landbrh. skera úr um þetta. Það sparar mönnum þá tafsömu og dýru leið að fara fyrir dómstóla o. s. frv.

Það er annað atriði sem vekur alvarlegar áhyggjur í starfsaðferðum Alþ. og tilhneigingu í löggjöf Alþ. Á vörum almennings brennur spurningin um bætt réttaröryggi. Á Alþ. eru samþykkt lög sem fela ráðh. verkefni dómstóla. Það kann vel að vera að þetta sé fljótlegri leið. En ef menn telja að réttaröryggi batni við þetta, þá er ég því ósammála, jafnvel þótt okkar ágætu ráðh. í þeirri ríkisstj., sem nú situr, eigi í hlut. Ég held að þarna sé tilhneiging sem Alþ. verður að vera á verði gegn.

Menn hugsa kannske: Það er ósköp einfalt mál að segja hvað er landbúnaður. Landbúnaður er líklegast búskapur á jörð sem ber 10 kúgildi. Hvað er búskapur? Er búskapur einvörðungu það að hafa kýr, kindur, hesta og annan búsmala sem étur landið? Er búskapur að reka starfsemi sem ræktar upp landið, verndar og endurbætir náttúruauðlindir á landi? Er búskapur að reka veiðirækt? Er búskapur að reka loðdýrabú? Er búskapur að reka alifuglabú? Er búskapur að reka kornrækt? Er búskapur að reka skógrækt? Er búskapur að reka ylrækt? Óteljandi spurninga er hægt að spyrja. Ekki stafar af skilgreiningu um þennan hlut er í þessu frv., og ef ágreiningur rís á landbrh. að skera úr. Ef einhverjum finnst þetta skynsamleg aðferð til þess að tryggja réttan úrskurð í slíku máli, þá er ég honum ekki sammála. Ég held að það sé nauðsynlegt að þarna komi góð skilgreining á því, hvað landbúnaður sé, og þessu ákvæði verði gerbreytt.

Almennt vil ég annars segja um þetta frv., að það virðist vera gífurlegur nefndafjöldi og alls konar opinber forsjá sem þetta frv. felur í sér, — nefndafjöldi sem dregur vald úr höndum sveitarstjórna, fær það nefndum og ráðum þar sem landbúnaðarhagsmunir eru í fyrirrúmi. Nú er mér alveg ljóst að landbúnaður er nauðsynlegur í landi okkar. En það er engin ástæða til þess að setja lög sem eru svo ógreinileg um þetta atriði og ganga svo yfir hagsmuni annarra manna í landinu, þeirra sem rækju e. t. v. alveg jafnnýta starfsemi þó svo að hún héti ekki landbúnaður í skilningi þess landbrh. sem um væri að ræða í það og það skiptið. Svona eru ótal ákvæði í þessu frv. sem alvarlega má að finna. Ég mun ekki halda því lengur áfram. Mér finnst ég hafa talið kappnóg sem ætti að vera augljós rök fyrir því að Alþ. ber að láta þetta frv. liggja til haustsins og lagfæra það fyrir næsta þing að verulegu leyti.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki fara að þreyta kappræður við hv. 5. þm. Reykv. um lögfræði, til þess skortir mig þekkingu. Hitt vil ég geta um í sambandi við þetta frv., sem hér er til meðferðar, að þar hafa lögfræðingar verið að verki og það meira að verki heldur en ég. Í sjálfu sér er þetta frv., eins og kemur fram í grg. þess, samið af n. Formaður hennar var lögfræðingur, ráðuneytisstjórinn í landbrn. En auk þess segir þar, með leyfi hæstv. forseta, að n. skipuðu Ásgeir Bjarnason alþm., núv. forseti Sþ., Sveinbjörn Dagfinnsson skrifstofustjóri þá, en nú ráðuneytisstjóri, og Árni Jónsson fulltrúi, en auk þess hefur dr. Gaukur Jörundsson prófessor verið n. til ráðuneytis við samningu frv. þessa. Ég held að ég geti líka bætt því við að n. hafi leitað til fleiri lögfræðilegra sérfræðinga um þau efni sem lögfræðilegs atriðis eru og hafi þess vegna ekki skort á það að farið hafi verið með aðgæslu í þeim efnum.

Enda þótt ég hafi tekið hér upp þá brtt. sem ég greindi frá áðan, til þess að vera ekki að þrátta um það, þá er þetta ákvæði búið að standa í lögum afgreiddum hér á Alþ. síðan 1948. Það virðist að því hafi yfirsést. En ég hygg að þeir menn, sem lært hafa lögfræði síðan, hafi lært þessi lög og þá skilgreiningu sem á þeim hefur verið. Og það mun vera æðistór hópur manna sem hafa útskrifast í lögfræði síðan þessi lög voru í gildi tekin og útskýrð með þeim hætti sem þar var að finna. En hins vegar vildi ég nú ekki að það orkaði tvímælis, og í því sambandi ræddi ég við hæstv. viðskrh., fyrrv. lagaprófessor, um það atriði og einnig um þau atriði sem hv. 5. þm. Reykv. vék hér að, í 13. og 14. gr þessa lagafrv.

Það orkar ekki tvímælis að einmitt þau ákvæði geta haft miklu viðtækari áhrif heldur en það hvort bóndi fær að sitja eina jörð eða aðra, því að við það einmitt að svona árekstrar geta komið til, þá getur það verið afleiðingin og eru mörg dæmi um það að afleiðingin er sú að jörðin fer í eyði. Og það hefur ekki bara áhrif fyrir þann

sem af jörðinni þarf að fara, heldur og fyrir byggðarlagið. Í því kjördæmi, sem ég er þm. fyrir, eru til dæmi um að það mátti ekki ein jörð heltast úr lestinni — úr byggðalestinni — í einni sveit þar og reyndar í tveimur svo að það hefði þau áhrif að rafmagn yrði ekki lagt í sveitina. Ef hefði fækkað um eina jörð í sveitinni í viðbót, þá var ekki lengur forsenda fyrir því að fá lagt rafmagn í þetta sveitarfélag. Ég held að það orki ekki tvímælis að það sé um almenningsheill að ræða hvort svo er eða ekki. Enda er það svo, að þegar mjög fer að grisja í byggð, þá er afar erfitt fyrir þá sem eftir búa, vegna þess m. a. að í flestum okkar sveitum er rekinn sauðfjárbúskapur, víða eru mikil og stór afréttarlönd og það er afskaplega erfitt að framkvæma skil á þessum afréttarlöndum og leita að fé sínu í þeim og heimalöndum einnig ef er farið að grisja mjög í byggðina. Þetta er þeim ljóst sem kunna skil á þessu, og er því hér um almenningsheill að ræða, því að það getur varðað byggðina í heild og framtíð hennar hvort svo er eða ekki. Þannig fór um hreppana í Djúpinu, sem hafa lagst í eyði, það var af því að það var farið að grisja svo í byggðina að þeir, sem þar vildu eftir sitja, gátu ekki setið þar áfram vegna þess hvað strjálbýlið var orðið mikið. Auk þess hefur þetta að sjálfsögðu áhrif á alla aðra þætti samgöngumála, póst, síma og annað því um líkt, allt þetta, að ég nefni nú ekki heilbrigðismál og annað því um líkt. Þess vegna er ekki verið að flytja svona mál að gamni sínu eða að vilja gera mönnum lífið leiðara en það yrði að öðrum kosti, heldur bara af því að það er verið að verja það að heil stétt manna geti orðið að hætta starfsemi sinni. Og það er líka verið að verjast því að menn nái þannig eignarhaldi á landi að það geti hvorki verið hægt að reka þar atvinnurekstur né annar hafi þar aðgang að, því að ákvæði í þessu frv. er m. a. ætlað að tryggja þéttbýlisfólkinu að það geti fengið skipulögð lönd fyrir sumarbústaði og aðgang að slíku. Þetta álít ég að sé hin mesta nauðsyn að gera eins og þjóðfélagshættir okkar eru nú orðið, og þetta gerist ekki nema við höfum vald á landinu. T. d. um starfsemi eins og rekin er af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, þar tókst samkomulag við eigendur jarðarinnar, en það var búið að hrekja þessa aðila hreppa á milli þar sem þeir fengu ekki land til þess að koma upp sínum dvalarstöðum eða sumarbústöðum sem hefur tekist með miklum myndarbrag.

Það er líka alger misskilningur hjá hv. 5. þm. Reykv. að þetta sé eitthvert vald sem ráðh. hafi einn. Það er fjarri því. Til þess að fjalla um þessi mál eru jarðanefnd, sveitarstjórn og Landnám ríkisins. Og ráðh. hefur ekki vald til þess að úrskurða eða ákveða í slíku máli nema þessir aðilar séu búnir að mæla með því. Þetta vona ég að hv. þm. athugi og því er ekki verið að fá hér ráðh. það vald sem hann getur notað alveg ótakmarkað. Hann er bundinn af öðru valdi sem aðrir aðilar hafa.

Út af því, sem hv. 5. þm. Reykv. talaði um lögbýli og um landbúnað, þá eru í mörgum lögum ákvæði um landbúnað, og ég efast um að það sé annars staðar betri grundvöllur að því að ákveða, hvað er atvinnustétt, heldur en einmitt í landbúnaði. Þar er tekið fram um lögbýli, það sem þarf til að geta talist vera bóndi og annað því um líkt, og þess vegna mundi úrskurður um landbúnað byggjast á öðrum lögum sem fjalla þar um og ráðh. yrði að vera bundinn af slíku sambandi. Þess vegna held ég að það orki ekki tvímælis að það sé óeðlilegt annað en slíkur úrskurður falli í hlut ráðh., enda væri þá búið að leita umsagnar þeirra aðila sem um slíkt eiga að fjalla og væru bundnir af þeim lögum og reglum sem gilt hafa um landbúnað á Íslandi. Ég held að það þurfi ekkert að óttast um það. Það getur hins vegar verið ósköp eðlilegt og er ekki nema það mannlega að hv. 5. þm. Reykv. hafi á þessum málum aðra skoðun heldur en ég og þeir sem hafa staðið að þessu frv. og hafa unnið þetta frv., samtök bændanna, eins og Búnaðarfélag Íslands og/eða Búnaðarþing, þar sem sitja hinir merkustu menn, og aðalfundur Stéttarsambands bænda, þar sem eru kjörnir fulltrúar bændastéttarinnar og valdir þeir sem eru í fremstu röð í þeirra hópi. Við því er ekkert að segja þó að það séu mismunandi skoðanir á þessum atriðum, og ég hef auðvitað ekki nokkra löngun eða tilkall til þess að skoðanir mínar og hv. 5. þm. Reykv. um þetta atriði fari saman.

Hins vegar verð ég að segja það, að mér finnst að við byggjum ekki heldur á neitt lélegum grundvelli í þessu atriði þegar við höfum hliðstæður frá frændum okkar og nágrönnum á Norðurlöndum, í Noregi, Danmörku og Svíþjóð. Forustumenn þessara þjóða hafa talið brýna nauðsyn bera til einmitt að gæta þess að verja landið og setja löggjöf þar um. Ég tel því að við séum seinir á ferðinni með þessi atriði, og það stafar auðvitað af því hvernig okkar þjóðfélag hefur verið upp byggt. Það var lengi bændaþjóðfélag og eftirsókn eftir landi var ekkert vandræðamál í okkar þjóðfélagi, miklu frekar að menn áttu í erfiðleikum með að losna við land. Þess vegna held ég að það sé augljóst að við verðum að gera okkur grein fyrir þeim breytingum sem eru orðnar og eru að verða í okkar þjóðfélagi og við megum fullkomlega gæta að okkur. Það er landið, sem er okkar mesta verðmæti, og það eru réttindin, sem því fylgja, sem við megum ekki láta lenda í höndum fárra manna. Þetta getur skeð og það er þess vegna sem við þurfum að setja löggjöf um þetta efni, eins og hér er stefnt að.

Ég vil líka endurtaka það, að það er búið að leggja alveg geysilega vinnu í þetta mál. Það er búið að leggja í það vinnu að samræma sjónarmið manna þar um í stjórnarflokkunum. Þetta frv. er lagt fram með samþykki þeirra beggja, auk þess sem þeir, sem stóðu að vinstri stjórninni, voru einnig fylgismenn þessa frv. Ég efast ekki um að þetta frv. hefur það fylgi hér í þessari hv. d. og hv. Alþ. að það á auðvelt með að fá afgreiðslu þessa þings. Og ég tek það skýrt fram að þrátt fyrir að það ákvæði, sem ég geri brtt. um, sé búið að vera í lögum síðan 1948 og okkar lögfræðingar, sem sitja hér á móti mér, hafi lært um þetta og ekki verið gerðar við það neinar aths., og svo er um fleiri, og þetta er beinlínis tekið upp úr þeirri löggjöf,

þá vil ég ekki vera að hætta á neitt sem orkar tvímælis í þeim efnum. En ef á að fara að taka meginkjarnann úr sjálfu frv., eins og það að kannske einn erfingi gæti komið í veg fyrir að góð bújörð héldist í ábúð, þá hefur frv. ekkert gildi, því að það er einmitt það sem er verið að gera, að tryggja að þær haldist í ábúð og tryggja þeim, sem fyrir því yrði, að hann fái fullar bætur, því að það á að gera eftir lögum um eignarnám, og hefur ekki verið til þessa talið að mat samkv. eignarnámslögum væri með þeim hætti að neinn hefði tjón af. Og þetta er gert til þess að verja þann aðila sem þannig er settur að hann hætti búskap ef hann fengi ekki þann hluta jarðarinnar, og ég veit um það mörg dæmi og ég veit að það er í átökum víða um slíkt. Og ég veit líka að með landnámslögunum höfum við látið skipta jörðum niður í allt of smáar einingar. Það er því ekki nema eðlilegt að það sé stefnt að því að sameina aftur slíkar jarðir, auðvitað fyrst og fremst með góðu samkomulagi, en ef það tækist ekki, getur þurft að beita slíku, eins og þarf að beita slíkum ákvæðum ef almenningsheill krefst þess. Það er þetta sem er tilgangur þssa frv., og við göngum miklu skemmra en nágrannar okkar á Norðurlöndunum. Og það er eðlilegt og sjálfsagt að við gerum það þegar við setjum svona lög í fyrsta sinn. En við skulum gæta að okkur, að við förum ekki að draga þetta mál lengur en orðið er og missum af strætisvagninum, því að með hverju ári sem líður, erum við að færast í meiri og meiri hættu einmitt um þetta atriði.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

Efri deild, 112. fundur.

Föstudaginn 14. maí kl. 2.55 miðdegis.

Löggiltir endurskoðendur, frv. (þskj. 749). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Í sept. árið 1970 skipaði þáv. fjmrh., Magnús Jónsson, n. til þess að gera till. um nám til löggildingar sem endurskoðendur. Í n. voru skipaðir Halldór V. Sigurðsson ríkisendurskoðandi, formaður, Guðlaugur Þorvaldsson rektor og Árni Björnsson löggiltur endurskoðandi. Í maímánuði árið 1973 skilaði n. till. sínum til rn. Það frv. til l. um löggilta endurskoðendur, sem hér er lagt fram á þskj. 749, er að mestu sniðið eftir till. n. sem á sínum tíma ræddi málið í félagsskap löggiltra endurskoðenda og við einstaka kennara við viðskiptadeild Háskóla Íslands. Þá kynntu nm. sér mál þessi annars staðar á Norðurlöndum og tóku mið af þróun mála þar við samningu tillagnanna.

Um réttindi og skyldur löggiltra endurskoðenda, skilyrði til að fá löggildingu sem endurskoðandi og fleiri ákvæði um löggilta endurskoðendur gilda nú lög nr. 89 frá 1953, en þau lög leystu af hólmi fyrstu lög um löggilta endurskoðendur hér á landi frá 1926. Veigamesta breytingin, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, er að bóklega námið verði sérstakt kjörsvið í viðskiptadeild Háskólans í stað þess að vera stundað á námskeiðum sem ráðh. hefur heimild til skv. núgildandi lögum að efna til á hæfilegum fresti fyrir þá sem þreyta vilja prófraun endurskoðenda. Er þetta eðlileg þróun og í fullu samræmi við það, sem annars staðar er. Jákvætt álit bæði viðskiptadeildar og lagadeildar Háskóla Íslands liggur fyrir um þessa tilhögun.

Frá því að núgildandi lög um löggilta endurskoðendur voru sett hefur orðið stórfelld breyting á skilningi manna á mikilvægi og nytsemi reikningsskila fyrirtækja og einstaklinga sem stjórntækis við atvinnurekstur. Þá hafa síaukin viðskipti og samskipti við erlenda aðila gert mönnum ljósa nauðsyn þess að reikningsskil íslenskra aðila, bæði ríkisfyrirtækja og einkafyrirtækja, séu þannig úr garði gerð að þeim megi treysta. Þá gera opinberir aðilar meiri kröfur til reikningsskila en áður. Verkefni endurskoðenda verða því sífellt viðameiri, fjölbreyttari og vandasamari. Af þessum sökum er nauðsynlegt að þeir, sem hafa þá ábyrgð að setja fram hlutlaust og áreiðanlegt álit á reikningsskilum, hafi þá bóklegu og verklegu menntun sem best verður í té látin.

Um aðrar breytingar, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, ræði ég ekki að sinni, en í grg. og aths. með frv. er gerð grein fyrir þeim.

Ég vænti þess að frv. sæti ekki miklum ágreiningi. Um efni þess hefur verið fjallað af þeim aðilum er það helst snertir, og er það í samræmi við álit þeirra.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég vil í fyrsta lagi fagna því að þetta frv. er loks komið fram. Það hefur verið unnið að því í mörg ár og allt of lengi, og þar sem ég þekki þessi mál allmikið, hef gengið í gegnum það nám, sem hér um ræðir, og annast einnig kennslu á því sviði, þá vil ég aðeins leggja á það áherslu að þetta frv. geti gengið fram vegna þess að í þessum málum ríkir hálfgert vandræðaástand. Þessari kennslu hefur verið þannig fyrir komið að efnt hefur verið til sérstakra námskeiða sem hafa staðið í 4 ár, og þessa kennslu hafa einkum annast kennarar frá lagadeild og viðskiptadeild. En þar sem gífurlegur fjöldi nemenda sækir í þessi námskeið, þá reynist það mjög illa að halda þau. Það vantar einhverja stofnun til að taka við þessu fólki, og þetta nám hefur þegar verið skipulagt við viðskiptadeild Háskóla Íslands, það hefur þegar verið ráðinn þangað kennari til að annast það og það er mjög mikilvægt að það geti hafist strax nú í haust. Þess vegna vildi ég aðeins leggja á það áherslu, ef þess væri nokkur kostur, að þetta mál fengi að ganga fram á þessu þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Opinberar fjársafnanir, frv. (þskj. 749). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Íslensk stafsetning, frv. (þskj. 742). — 1. umr.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Þar sem herra forseti hafði í hyggju að leita eftir leyfi d. til afbrigða vegna 1. og 4. og væntanlega 5. málsins sem á dagskrá eru hér, þá vil ég fara þess á leit við hann að hann leitaði ekki afbrigða um þessi mál öll í einu lagi, heldur hvert um sig, því að það er skemmst frá því að segja, að eins og við þm. erum allir af vilja gerðir til að greiða fyrir nauðsynjamálum sem eru býsna mörg á ferðinni þessa stundina, þá erum við ýmsir sem teljum að þetta mál, nr. 4, íslensk stafsetning, sé ekki í þeim hópi, enda þurfi það sæmilegrar skoðunar við, og þar sem málið var nú rétt að afgreiðast frá Nd. og menn vilja kannske kynna sér hvað þar hefur gerst í málinu, og með hliðsjón af því að ekki verður séð að þetta sé slík þjóðarnauðsyn að ekki sé hægt að taka málið til meðferðar á mánudaginn að réttum þingsköpum, þannig að a. m. k. ein nótt líði áður en málið sé tekið fyrir, þá viljum við greiða atkv. gegn því að afbrigði verði leyfð um 4. málið. Af þeim sökum óska ég eftir að það verði sérstaklega borið undir atkv. hér.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það skal tekið fram að samkv. þingvenju og þingsköpum er eðlilegt að bera undir atkv. afbrigði um hvert mál fyrir sig, og ég geri aldrei annað ef einhver aths. kemur fram, og að sjálfsögðu verður orðið við þessari aths. Ég spurði líka sjálfur hvort einhver aths. væri, svo að þetta er sjálfsagt mál.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigða synjað með 7:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: StH, AJ, EÁ, GH, JGS, OÓ, ÞK.
nei: StefJ. GeirG. HÁ, RA.
StG, ÁB, HFS, JHelg, JÁH greiddu ekki atkv. 4 þm. (AG, EggÞ, IT, JónÁ) fjarstaddir.

Lántökuheimild til eflingar Landhelgisgæslunnar, frv. (þskj. 774). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Eins og fram kemur í aths. þessa frv., þá er leitað eftir staðfestingu á brbl. sem gefin voru út 29. júlí s. l. vegna lántöku þar sem ákveðin voru kaup á gæsluflugvél fyrir Landhelgisgæsluna. Auk þess var heimiluð með brbl. lántaka vegna endurbóta á varðskipinu Óðni. Við meðferð málsins í hv. Nd. var gerð breyting á frv. þannig að lántökuheimildin var hækkuð úr 450 millj. kr. í 600 millj. eða jafngildi allt að 9 millj. gyllina. Hér er um að ræða lántökuheimild vegna tækjabúnaðar sem síðar koma til og þess vegna talin ástæða til þess að hækka umrædda lántökuheimild.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um málið. Ég leyfi mér að leggja til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 113. fundur.

Föstudaginn 14. maí, að loknum 112. fundi.

Ábúðarlög, frv. (þskj. 632). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd.
Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 632 er frv. til ábúðarlaga Nú eru í gildi ábúðarlög fyrst frá 1884, í öðru lagi frá 1933, í þriðja lagi frá árinu 1951 og í fjórða lagi frá 1961. Lögin eiga við eftir því hvenær ábúð hefst. Þannig fer eftir l. nr. 1 frá 1884 um ábúð þeirra sem hófu búskap fyrir 1. jan. 1934. Samkv. lögunum er réttarstaða leiguliða mun verri heldur en eftir yngri ábúðarlögum. Þannig er lánardrottinn t. d. ekki skyldur til að kaupa hús er leiguliði hefur látið að gera, og er leiguliða þá heimilt að rífa hús og hafa með sér efni og önnur verðmæti úr þeim. Ábúðarlögin frá 1933, 1951 og 1961 eru í höfuðatriðum efnislega lík. Þessi mörgu lög nær um sama efni hafa hins vegar oft valdið miklum misskilningi vegna almennra reglna laga breyttra búshátta og þjóðfélagsaðstæðna.

Leitast hefur verið við að haga efnisskipan þessa frv. þannig að saman færi það sem saman á, stytta lögin eftir föngum án þess af þeim sökum að rýra þau að efnisgildi frá fyrri lögum. Var ákveðið eftir að hafa ráðgast við prófessor Gauk Jörundsson að gera till. um að fella úr gildi með þessum lögum eldri ábúðarlög svo að samningar samkv. þeim lögum haldi gildi sínu að svo miklu leyti sem annað leiðir ekki af ákvæðum frv. þessa ef að lögum verður. Rétt er talið að taka með í ábúðarlögin ákvæði um erfðaábúð sem hingað til hafa verið í sérstökum lögum sem eru frá 1962.

Frv. þetta var lagt fram fyrst 1973, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á frv., eins og það liggur nú fyrir,

með tilliti til aths. og brtt. sem fram höfðu komið við frv. þegar það var lagt fram 1973.

Þetta frv. er í sjö köflum og glögg grg. fyrir frv. fylgir því, og þegar ég talaði fyrir því í hv. Nd. þar sem það var lagt fram, þá gerði ég grein fyrir meginmáli frv. Það fékk þá meðferð í hv. Nd. að það var samþ. í d. algerlega óbreytt. Ég vona að þetta frv. fái sömu afgreiðslu hér í hv. Ed. og vil leyfa mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn. Ég efast ekki um af reynslu minni af hv. d. að þetta mál fái skjóta og góða afgreiðslu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 114. fundur.

Föstudaginn 14. maí, kl. 4 miðdegis.

Almenningsbókasöfn, frv. (þskj. 724, n. 803 og 809). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Axel Jónsson): Herra forseti. Menntmn. þessarar hv. d. hefur fjallað um frv. eins og fram kemur á þskj. 803. Leggur n. til að það verði samþykkt eins og það kemur frá Nd., en hæstv. menntmrh. mælti fyrir frv. á fundi hv. d. í gær og vísa ég að öðru leyti til framsögu hans.

Ég endurtek, herra forseti, að n. leggur til að frv. verði samþ. eins og það var afgr. frá Nd., en fjarverandi afgreiðslu málsins voru þeir Ragnar Arnalds og Þorv. Garðar Kristjánsson.

Frsm. minni hl. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. því sem ég hef skrifað og er hér á þskj. 809, þá er ekki samstaða um mál þetta í menntmn. Ég var að vísu ekki á þeim fundi sem afgreiddi þetta mál, en það breytir ekki því að menntmn. stendur ekki einhuga að afgreiðslu málsins og ég hef skilað hér sérstöku nál.

Það er ástæðulaust að fjölyrða um efni þessa frv., það er öllum kunnugt. En deiluefnið í þessu frv. er það hvort ríkisvaldið eigi áfram að greiða til almenningsbókasafna árlega vissan hluta af rekstrar- og byggingarkostnaði slíkra mannvirkja eða hvort haldið skuli áfram þeirri stefnu, sem mörkuð var nú um áramótin, að kostnaður við þessi verkefni skuli alfarið falla á sveitarfélögin. Ég held að ekki verði um það deilt að breytingin, sem gerð var nú fyrir jólin á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, var gerð nokkuð flaustурslega og án þess að það mál væri hugsað til botns, enda komu fram mjög hörð mótmæli frá Sambandi ísl. sveitarfélaga þegar það mál var afgreitt.

Við alþb.-menn höfum talið sjálfsagt að skýrari skil yrðu gerð milli verkefna sveitarfélaga annars vegar og ríkisins hins vegar, en höfum viljað skoða það hins vegar miklu betur en gert var hvernig sú skipting yrði í raun og alls ekki að ganga frá skipan þeirra mála nema samkomulag sveitarfélaganna lægi fyrir.

Þær till., sem ég flyt á þskj. 809, eru í meginatriðum á þá leið að frv. verði samþ. eins og það var flutt hér á hv. Alþ. upphaflega, áður en Nd. breytti því, og breytingarnar snerta því 8., 9. og 10. gr. frv. sem allar snerta að einhverju leyti fjármögnun rekstrar og framkvæmda. Við teljum sem sagt eðlilegt, að ríkið leggi fram fé á móti sveitarfélögum til almenningsbókasafna, og mælum með því, að frv. verði samþykkt í því formi sem það var upphaflega flutt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 809,1 felld með 8:3 atkv.
8. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 809,2 felld með 8:3 atkv.
9. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 809,3 felld með 8:3 atkv.
10. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
11.—14. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi, frv. (þskj. 718, n. 804 og 810). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Axel Jónsson): Herra forseti. Hv. menntmn. hefur athugað frv. þetta og mælir með samþykkt þess eins og hv. Nd. afgreiddi það. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru, eins og fram kemur á þskj. 804, þeir Ragnar Arnalds og Þorv. Garðar Kristjánsson.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara um frv. fleiri orðum. Það er svo örstutt síðan hæstv. menntmrh. mælti fyrir þessu máli hér í hv. þd.

Frsm. minni hl. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. menntmn. hefur fjallað um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi, og um afgreiðslu þess máls gildir hið sama og afgreiðslu hex fyrra máls, að ég var ekki viðstaddur nefndarfund, en er andvígur afgreiðslunni og skila því séráliti.

Það er till. mín að frv. þessu verði vísað til ríkisstj. og fjallað verði um fyrirkomulag viðskiptamenntunar í tengslum við heildarendurskoðun náms á framhaldsskólastigi. Verði hins vegar frávísunartill. felld, þá geri ég til vara þá till. að frv. verði samþ. með tilteknum breytingum. Verði þær hins vegar einnig felldar tel ég að frv. sé með slíkum vanefnum samið og frá gengið, að það eigi ekki að ná fram að ganga, og legg því til að það verði fellt.

Þess mun ekki langt að bíða að n., sem hefur starfað að endurskoðun á skipan framhaldsskólastigsins í heild, skili till. sínum. Ef að vonum fer mun það verða niðurstaða n. að hér á landi

verði starfræktur samræmdur framhaldsskóli sem greinist í námsbrautir. Við nokkrir þm. Alþb. í þessari deild höfum einmitt lagt fram þáltill. um að skora á ríkisstj. að leggja fram frv. af því tagi, og það er skoðun okkar að þetta sé hin rétta stefna í sambandi við framhaldsskólamenntunina. Viðskiptamenntunin er að sjálfsögðu einn þáttur þessa samræmda framhaldsskóla, og því virðist nú í hæsta máta óeðlilegt að fara að festa í lögum skipulag viðskiptamenntunar sérstaklega, eins og gert er í þessu frv., áður en till. um heildarskipulag samræmds framhaldsskóla liggja fyrir.

Að sjálfsögðu verður ekkert um það sagt hvort þetta frv., sem samið var á árunum 1972 og 1973, fellur eðlilega inn í það heildarskipulag framhaldsskólastigsins sem nú eru áform uppi um, og margt bendir til þess að sum ákvæði þessa frv. muni beinlínis stangast á við þær hugmyndir sem menn gera sér um samræmdan framhaldsskóla. Það er því ljóst að samþykkt þessa frv. nú á lítinn rétt á sér.

Þau sjónarmið, sem ég hef hér sett fram, eru raunar studd áliti stjórnar Landssambands framhaldsskólakennara og Félags háskólamenntaðra kennara, en bæði þessi félög eða stjórnir þeirra hafa sent menntmn. umsagnir sínar. Í umsögn Landssambands framhaldsskólakennara segir beinlínis:

„Nú er unnið að nánari skipulagningu náms á framhaldsskólastigi. Þar er lögð áhersla á að allar námsbrautir verði í framtíðinni í fjölbrautaskólum. Því virðist eðlilegt að fresta samþykkt þessa lagafrv. þar til nánar verður séð hver skipan þessara mála verður í skólum ríkisins.“

En því miður virðist vera að hv. menntmn. Ed. og Nd. hafi virt þessa umsögn að vettugi. Sama sjónarmið kemur fram í umsögn Félags háskólamenntaðra kennara. Þar segir:

„Frv. ber þess ljósan vott að það er fram borið vegna Samvinnuskólans og Verslunarskóla Íslands. Þótt þessum tveimur skólum verði e. t. v. ekki jafnað saman, mætti álíta að þetta frv. sé ótímabært vegna þeirrar heildarathugunar, sem nú fer fram á framhaldsskólastiginu, og væntanlegra laga þar um, og því væri vafasamt að festa enn í sessi bær stofnanir, sem hingað til hafa notið sérstöðu sinnar.“ Síðar í sömu umsögn segir: „Þar til lögum um framhaldsskólastigið verða samþykkt (sem er mjög aðkallandi og verður vonandi á næsta þingi) mætti leysa vanda sérskólanna tveggja með sérstökum fjárveitingum.“

Þetta frv. gerir auk þess ráð fyrir stórauknum ríkisútgjöldum vegna tveggja sérskóla á sama tíma og fjárveitingar til skólamála í heild hafa verið skornar niður miskunnarlaust og brýnasta verkefni menntamálanna nú um stundir, þ. e. a. s. iðnmenntuninni, hefur ekki verið sinnt. Það er því alveg ljóst að forsendur hafa nokkuð breyst frá því að frv. var áður til umfjöllunar á Alþ., og liggur hreint ekki eins beint við að samþykkja það nú í breyttri eða óbreyttri mynd eins og kann að hafa virst fyrir þremur árum þegar frv. sá fyrst dagsins ljós hér á Alþingi.

Með hliðsjón af þeim meginrökum, sem ég hef hér fært fram, er það aðaltill. mín að þessu frv. verði vísað til ríkisstj. og fjallað verði um fyrirkomulag viðskiptamenntunar í tengslum við heildarendurskoðun náms á framhaldsskólastigi. En til vara, ef þeirri till. verður hafnað, vil ég leggja hér fram tvær till. sem benda til þeirra vansmíða, sem óneitanlega eru á frv., og verður því að sníða af því ef það á að ná fram að ganga.

Þessar brtt. eru shlj. þeim sjónarmiðum, sem við alþb.-menn settum fram þegar frv. var til meðferðar á Alþ. á árunum 1973 og 1974. Við teljum óeðlilegt að ríkissjóður leggi fram stórfé til stofnkostnaðar kennslu- og heimavistarhúsnæðis án þess að skýrt sé fram tekið að framlög ríkissjóðs teljist eign ríkisins og að rn. hafi yfirráðarétt yfir þeim hluta húsnæðisins ef svo kynni að fara að húsnæðið yrði ekki lengur notað í þágu viðkomandi skólastofnana. Þetta er hins vegar alls ekki nægilega skýrt fram tekið í frv. enda þótt nokkur lagfæring hafi verið gerð á því frá því að það var lagt fram fyrir nokkrum árum, því að í þeirri breytingu, sem Nd. hefur gert á því, segir m. a.: „Nú eru skólar þessir lagðir niður eða svo fer að ekki er hagnýtt í þágu skólanna skólahúsnæði, hvort sem er til kennslu eða heimavistar, og fær ríkið þá eignarráð yfir hlutaðeigandi húsnæði í samræmi við stofnkostnaðarframlög sín. Ef ágreiningur verður um eignaskiptingu skal dómkveðja þrjá óvilhalla menn til þess að kveða á um skiptinguna og er úrskurður þeirra endanlegur.“

Sem sagt, eignaraðilar skólans eiga að byrja á því að fá þessi framlög frá ríkinu í hreinan styrk, en ef skólahúsnæðið er ekki lengur hagnýtt í þágu skólanna þá fær ríkið eignaryfirráð sín til baka. Ég þarf vonandi ekki að fræða marga hv. þm. um að þetta er í algeru ósamræmi við það sem tíðkast í sambandi við fjárveitingar ríkisins til einstakra mannvirkja og þá síst af öllu til skóla. Eins og menn vita eru skólar landsins flestir hverjir í sameign sveitarfélaga og ríkisins og er auðvitað ekki neinn minnsti vafi á því að ríkið á skólana að sínum hluta á móti sveitarfélögunum. Hvers vegna í ósköpunum ætti þá að fara að taka upp allt aðra og frábrugðna reglu varðandi þá eignaraðila sem hér um ræðir? Það er mér með öllu óskiljanlegt, og vil ég leyfa mér að benda á að það er auðvitað hálfu óeðlilegra þar sem hér eiga í hlut einkaaðilar, en í hinu tilvikinu er um sveitarfélög að ræða. Það ætti því að vera þeim mun meiri ástæða fyrir ríkisvaldið til þess að gæta réttar síns þar sem um einkaaðila er að ræða. Ég hef því leyft mér að flytja brtt. við 9. gr. um að 5. mgr. orðist eins og segir á þskj. 810, að það sé tekið ótvírætt fram að í þessu tilviki eins og í öllum öðrum tilvikum sé um að ræða eign ríkisins. Allt annað er fráleitt og í engu samræmi við aðra löggjöf frá Alþingi.

Í öðru lagi, og það er í nánum tengslum við það sem ég hef nú sagt, tel ég að það sé fullkomlega óeðlilegt að ríkið greiði 80% af rekstrarkostnaði þessara skóla og 80% af stofnkostnaði, en einkaaðilar haldi áfram að stjórna þessum skólum og reka þá. Ég tel að það séu ekki nokkur rök fyrir þessu og raunar sé hér um að ræða meðferð á fjármunum ríkisins sem sé óforsvaranleg með öllu. Ég tel að úr því að þessir aðilar treysta sér ekki til þess að standa undir

rekstrarkostnaði þessara skóla nema að litlu leyti, þá sé eðlilegt að ríkisvaldið og þá fyrst og fremst menntmrn. hafi full tök á stjórn þessara skóla, og í því sambandi er það till. mín að skólanefndir starfi við þessa skóla sem hafi með höndum fjárreiður skólanna og eignaumsýslu um leið og þær hafa einnig það verkefni að ráða skólastjóra og kennara. Í skólanefnd sitji 5 fulltrúar. Að þessu leyti er till. eins og frv. var samþ. í Nd., en síðan er sú breyting gerð að 3 af þessum 5 skólanefndarmönnum eru tilnefndir af menntmrh., en eignaraðilar tilnefna tvo. Ég get ekki fundið rök fyrir því, ef ríkið borgar mikinn meiri hl. af kostnaði við þessa skóla, að þá skuli það ekki hafa nema einn fulltrúa í skólanefnd af fimm.

Ég hef áður tekið það fram að fari svo, að málinu verði ekki vísað til ríkisstj., heldur gangi það hér til atkv., þá tel ég samþykkt þessara brtt. grundvallarskilyrði til þess að ég geti stutt þetta mál. Ég mun því greiða atkv. gegn samþykkt þess nái þær ekki fram að ganga.

ATKVGR.

Till. á þskj. 810 um að vísa málinu til ríkisstj. felld með 11:3 atkv.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 810 felld með 11:4 atkv.
9. gr. samþ. með 11:4 atkv.
10.—12. gr. samþ. með 11:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:3 atkv.

Meðferð einkamála í héraði, frv. (þskj. 586, n. 806). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á l. um meðferð einkamála í héraði. Í frv. þessu er ráð fyrir því gert að áður en veitt eru embætti héraðsdómara skuli leita skriflegrar umsagnar n. þriggja manna sem dómsmrh. skipar til þriggja ára í senn. Tilgangurinn með þessu er að skipun í dómaraembætti sé gaumgæfilegra athuguð, áður en hún fer fram, heldur en tíðkast hefur áður. Nm. voru sammála um að mæla með því að frv. þetta yrði samþ. og læt ég lokið máli mínu þar um.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Efri deild, 115. fundur.

Föstudaginn 14. maí, að loknum 114. fundi.

Almenningsbókasöfn, frv. (þskj. 724). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 837).

Viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi, frv. (þskj. 718). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 838).

Meðferð einkamála í héraði, frv. (þskj. 586). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Efri deild, 116. fundur.

Mánudaginn 17. maí, kl. 2 miðdegis.

Skotvopn o.fl., frv. (þskj. 821, 825). — 3. umr.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég mun ekki eyða löngu máli í það að ræða um þá brtt. sem ég ber fram við frv. til l. um skotvopn, sprengiefni og skotelda. En ég legg til að aftan við 1. mgr. 7. gr. bætist: „Eigi skal heimilt að flytja til landsins til sölu skotvopn sem hlaða sig sjálf," þ. e. a. s. sjálfvirkar byssur.

Nú er mér kunnugt um það að gerð verður breyting á frv. á þá lund að kveðið verður á um það, að ráðh. sé heimilt með reglugerð að banna innflutning á ýmsum gerðum skotelda og skotvopna, og kveðið verður á um það, að slík heimild geti náð til ýmissa tegunda af sjálfvirkum byssum. Skotvopnafróðir menn sem ég hef rætt þetta atriði við og eru svo vissir í sinni sök um yfirburðaþekkingu sína á skotvopnum að þeir hafa fullyrt að ég hefði bókstaflega ekkert vit á þeim, — við nefnum engin nöfn í þessu sambandi, en meðal þeirra er maður úr þessari hv. d., — þeir hafa haldið því fram að rangt gæti verið að kveða beinlínis á um það í lögum að ekki mætti flytja til landsins til sölu neins konar sjálfvirk skotvopn, og hafa tilgreint það m. a. að hugsanlegt gæti verið að nauðsynlegt væri t. d. að hafa riffla sem gætu skotið fleiri skotum heldur en tveimur í bunu með því að taka í gikkinn. Rök fyrir þessu áliti voru ekki færð fram. Ég held að þarna sé bara um að ræða óskilgreint frjálslyndi í viðhorfi til skotvopna almennt. Ég er þeirrar skoðunar að við höfum ekkert við veiðivopn af þessu tagi að gera, — veiðivopn sem notuð eru eins og vélbyssur til dreifingar á banvænu blýi. Ég er þeirrar skoðunar að það sé ekkert sport í að nota þess háttar skotvopn, hvort heldur það eru rifflar eða haglabyssur, og ég veit að þessi skotvopn eru miklu hættulegri en þau skotvopn sem þarf að hlaða hverju sinni, að setja skotið í hverju sinni fyrir hvert skot sem hleypt er af. Þetta er mér kunnugt. Ég veit að skotvopn af þessari gerð hafa valdið banaslysum í höndum óvita, og ég veit að þau eru miklu hættulegri í höndum — ja, við skulum segja vangefinna eða bilaðra á einhvern hátt, og að þau valda stórtjóni í dýralífi okkar.

En sem sagt, ég vil að ráðh. verði a. m. k. heimilt samkvæmt þessum lögum að koma í veg fyrir innflutning á sjálfvirkum byssum af þessu tagi.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Það er aðeins til að staðfesta það, sem kom mjög greinilega fram hjá síðasta hv. ræðumanni, að sumir í þessari d. hafa ekki hundsvit á skotvopnum og það er ákaflega varhugavert að samþykkja brtt. frá slíkum mönnum. Ég er honum alveg sammála. Hins vegar er lýsing hans á sjálfvirkum skotvopnum ákaflega vafasöm. E. t. v. mætti segja að haglabyssa með tveimur höglum í þar sem gikkurinn spennist upp sjálfkrafa við fyrra haglið fyrir síðara skotið væri sjálfvirkt skotvopn. Með svona algildri samþykkt að engin sjálfvirk skotvopn skuli leyfð, þá gæti það einnig átt þar við. Því er ég því meira fylgjandi að þetta sé gert með reglugerð, þar sem betur er að þessu hugað af mönnum sem hafa til þess þekkingu. Þegar ég benti á þetta við 2. umr. um málið, þá nefndi ég sérstaklega haglabyssur sem skjóta t. d. í runu fimm skotum. Það eru vopn sem eru ákaflega hættuleg í höndum viðvaninga og þeir eru margir.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Nýja brtt. Stefáns Jónssonar, sem hér er lögð fram, hefur að vísu ekki verið borin undir allshn., en ég hef sem formaður n. leyft mér að bera hana undir þá menn í dómsmrn. sem meðal annarra unnu að samningu frv. þess sem hér liggur fyrir um skotvopn, sprengiefni og skotelda. Töldu þeir að jákvætt væri að þessu atriði yrði bætt inn í, og þó að ég sé að vísu einn af þeim hv. dm. sem lítið vit hafa á skotvopnum, þá lýsi ég því yfir að ég mun greiða þessari till. atkv.

ATKVGR.

Brtt. 825 samþ. með 13:2 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Framkvæmdastofnun ríkisins, frv. (þskj. 640). — 1. umr.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er flutt, er til efnda á því ákvæði stefnuyfirlýsingar ríkisstj. að lög Framkvæmdastofnunar ríkisins skulu endurskoðuð. Strax við upphaf stjórnarsamstarfsins var þm. Ingólfi Jónssyni, Steingrími Hermannssyni, Sverri Hermannssyni og Tómasi Árnasyni falið að semja frv. til l. um breyt. á lögum Framkvæmdastofnunar ríkisins. Lögðu þeir fyrstu till. sínar fram haustið 1974, en héldu áfram störfum sínum að ósk minni og tóku afstöðu til ýmissa hugmynda sem fram komu um breytingar á skipulagi stofnunarinnar. Í byrjun síðasta mánaðar lögðu þeir fram þær till. sem hér eru kynntar og stjórnarflokkarnir hafa sameinast um.

Eins og menn muna urðu allsnarpar umr. um Framkvæmdastofnun ríkisins haustið 1971 hér á Alþ. þegar frv. til l. um hana var rætt. M. a. var að því fundið að með stofnuninni var breytt um starfshætti við efnahagslega ráðgjöf til ríkisstj. Síðan hefur lögum um Framkvæmdastofnunina verið breytt og Þjóðhagsstofnun komið á fót. Sú ráðstöfun hefur reynst heilladrjúg þar eð Þjóðhagsstofnunin hefur áunnið sér traust og tiltrú og reynst ómetanleg við alla úttekt á efnahag þjóðarinnar og ráðgjöf á þeim efnahagslegu umbrotatímum sem við höfum lifað frá því að hún fékk sjálfstæðan grundvöll.

Samkv. því frv., sem hér liggur fyrir, hefur 1. gr. frv. verið breytt þannig að niður eru felld ákvæði um að stofnunin sé ríkisstj. til aðstoðar við stefnumótun í efnahags- og atvinnumálum og hún annist hagrannsóknir enda er það verkefni Þjóðhagsstofnunarinnar.

Samkv. 1. gr. frv. skal stofnunin starfa í þremur deildum: áætlanadeild, byggðadeild og lánadeild. Í þessu ákvæði kemur fram það nýmæli að mælt er fyrir um sérstaka byggðadeild við stofnunina, en samkv. 9. gr. frv. skal hún gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi og tryggja atvinnu og búsetu í byggðum landsins. Deildin fjallar um áhrif opinberra aðgerða á byggðaþróun og gerir till. til útbóta ef þörf þykir. Hún skal í störfum sínum hafa nána samvinnu við áætlanadeild og lánadeild. Samkv. þessu tekur byggðadeild að sér hluta þeirra verkefna sem hingað til hafa heyrt undir áætlanadeild. Þar ber hæst landshlutaáætlanir, sem unnar verða í samhengi og samræmi við heildaráætlanir áætlanadeildar. Þá mun deildin hafa nána samvinnu við lánadeild um útlán Byggðasjóðs.

Í þessu sambandi vil ég vekja athygli á því að hinn 5. mars s. l. ritaði mþn. um byggðamál mér bréf þar sem hún mælti með því að við Framkvæmdastofnun ríkisins verði sett á fót byggðadeild sem hefði það verkefni að fylgjast með framkvæmd byggðamála. Segir mþn. að þar sem byggðamál séu meðal meginviðfangsefna Framkvæmdastofnunar ríkisins virðist eðlilegt að þau séu tekin fastari tökum í nýrri deild. Ég tel að með 9. gr. þessa frv. sé komið til móts við óskir mþn., og ef frv. þetta verður að lögum verður það á valdi stjórnar Framkvæmdastofnunar að ákveða hvenær hin nýja deild tekur til starfa.

Hér á Alþ. hafa menn löngum deilt um það hvernig yfirstjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins sé best fyrir komið. Utan þings hefur málið einnig verið tíðrætt. Hafa menn einkum fundið að því fyrirkomulagi sem mælt er fyrir um í núgildandi lögum, að ríkisstj. skipi þriggja manna framkvæmdaráð er annist daglega stjórn stofnunarinnar. Ráð þetta má, eins og kunnugt er, leysa frá störfum með mánaðar fyrirvara. Hafa ýmsir látið í ljós þá skoðun, að með þessu ákvæði sé gengið of langt til pólitískrar yfirstjórnar á jafnmikilvægri stofnun og hér um ræðir. Málum hennar væri betur borgið, ef æðstu starfsmenn hennar væru ráðnir með öðrum hætti. Hefur þar t. d. verið vísað til þess hvernig bankastjórar eru ráðnir.

Með frv. er skipan þessara mála breytt þannig að nú gilda svipaðar reglur um ráðningu forstjóra og framkvæmdastjóra deilda stofnunarinnar og t. d. bankastjóra. Samkv. 3. gr. frv. skipar ríkisstj. stofnuninni forstjóra samkv. till. stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar. Á sama hátt skipar ríkisstj. framkvæmdastjóra einstakra deilda. Ráðning þessara manna miðast við 12 mánaða gagnkvæman uppsagnarfrest. Samkv. þessu er lagt til að framkvæmdaráð stofnunarinnar hverfi úr sögunni, og jafnframt eru í 2. og 4. gr. frv. ákvæði um breytingu á stjórnarháttum í samræmi við þetta, þannig að valdsvið stjórnar er aukið.

Í 5. gr., þar sem fjallað er um áætlanadeild, er tekið mið af því að sérstakri byggðadeild er komið á fót og henni falið það verkefni að gera áætlanir um þróun byggða og atvinnulífs víðs vegar um landið. Mælt er fyrir um nánara samstarf áætlanadeildar við rn. og opinberar stofnanir þegar um er að ræða áætlanir fyrir þessa aðila, framkvæmdir ríkisins og aðrar opinberar framkvæmdir, en deildin skal vinna að þeim í samráði við hlutaðeigandi rn. og stofnanir. Þá eru sett skýrari ákvæði um samráð deildarinnar við samtök og stofnanir atvinnuveganna við gerð áætlana.

Niður eru felld ákvæði þess efnis að ríkisstj. skuli samþykkja áætlanir, en ákvæði um slíka samþykkt hafa valdið þeim misskilningi að ríkisstj. ábyrgðist frá upphafi allt það fjármagn sem framkvæmdaáætlunin kann að krefjast. Í svari við fsp. um byggðaáætlun Norður-Þingeyjarsýslu hér á Alþ. fyrir skömmu gerði ég ítarlega grein fyrir viðhorfum sem ríkt hafa til þess sem felst í slíku samþykki ríkisstj. Með ákvæðinu, eins og það er í frv., er ætlast til, að áætlanir fái stefnumarkandi gildi, og þar með skírskotað til allra hlutaðeigandi aðila að hafa áætlanirnar til viðmiðunar við ákvarðanatöku og stuðla þannig að framgangi þeirra. Raunar hefur ekki verið öðruvísi á málin litið en að skuldbindingar hins opinbera vegna áætlana væru bundnar af réttum lögheimildum í hverju tilviki. Gildi áætlunarinnar felst í henni sjálfri, því að hún er nytsöm við öflun heimilda, einkum fjárveitingar og lánveitingar.

Í stefnuræðu þeirri, sem ég flutti á Alþ. haustið 1974, sagði ég um áætlanagerð, með leyfi hæstv. forseta:

„Slík áætlanagerð er nauðsynleg til að öðlast yfirsýn yfir líklega og æskilega þróun atvinnuveganna, þannig að fullt samræmi sé milli öflunar atvinnutækja og möguleika á nýtingu vinnuafls og landsgæða. Almenn áætlanagerð er ekki valdbundin framkvæmdaáætlun, heldur til viðmiðunar og leiðbeiningar fyrir einstaklinga, samtök þeirra, fyrirtæki og atvinnuvegi. Þá er ekki síst nauðsynlegt að hið opinbera sýni gott fordæmi og geri vandaðar áætlanir um opinberar framkvæmdir og um byggðaþróun í samráði við sveitarfélög."

Ég tel að með þeim breytingum, sem gerðar eru á lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins með þessu frv., sé stuðlað að því að áætlanagerðin verði virkara stjórntæki, þar sem mælt er fyrir um nánara samráð milli áætlanadeildarinnar og þeirra sem eftir áætlununum skulu starfa.

Um lánadeild er skýrt fram tekið í 10. gr. að lánadeild hafi með höndum starfrækslu Framkvæmdasjóðs og Byggðasjóðs. Þá er mælt fyrir um það að deildin skuli árlega semja áætlun um fjáröflun og útlán Framkvæmdasjóðs Íslands og vinni í samvinnu við aðrar stofnanir að því að samræma áætlun þessa lánsfjáráætlun ríkisstj. Við afgreiðslu fjárl. fyrir þetta ár var slík lánsfjáráætlun í fyrsta sinn lögð fram hér á Alþ., og hefur ríkisstj. ákveðið að slíkur háttur skuli á hafður framvegis. Þetta nýmæli í lögum Framkvæmdastofnunarinnar tekur mið af þeirri ákvörðun.

Lagt er til að þau ákvæði falli úr 12. gr. núgildandi laga þar sem segir að stjórn Framkvæmdastofnunar geti að fengnu samþykki ríkisstj. og í samráði við banka og stærstu fjárfestingarsjóði sett almennar reglur um hvers konar framkvæmdir skuli hafa forgang umfram

aðrar, skuli þá lánastofnanir og opinberir sjóðir haga lánveitingum í samræmi við það, engri stofnun sé þó skylt að veita lán sem hún telji ekki eðlilega tryggð. Á þetta ákvæði hefur aldrei reynt, og að flestu leyti samræmist það illa almennum sjónarmiðum um hagstjórn í frjálsu markaðskerfi. Raunar hefur það aldrei leyst neinn vanda að grípa til slíkra örþrifaráða sem fólgin væru t. d. í að banna ákveðna tegund bygginga.

Engar efnisbreytingar eru gerðar á V. kafla núgildandi laga um Framkvæmdasjóð Íslands.

Í 14. gr. frv., um fjáröflun til Byggðasjóðs, er mikilvægasta breytingin fólgin í því að í stað lögbundins framlags úr ríkissjóði að upphæð 100 millj. kr. árlega næstu ár er lagt til að ríkissjóður leggi Byggðasjóði til fjármagn þannig að árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins verði eigi lægra en sem svarar 2% af útgjöldum fjárl. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. frá 29. ágúst 1973 segir að framlag til Byggðasjóðs skuli nema 2% af útgjöldum fjárlagafrv. Þótt það ákvæði verði að lögum, sem hér var lýst að framan, er ljóst að samkomulag það milli stjórnarflokkanna, sem gert var við stjórnarmyndunina og lýst er í stefnuyfirlýsingunni, mun gilda meðan núverandi samstarf þeirra varir, þ. e. a. s. að framlag ríkissjóðs til Byggðasjóðs verði áfram 2% miðað við útgjaldahlið fjárlagafrv. án tillits til eigin ráðstöfunarfjár sjóðsins. Þetta er pólitísk skuldbinding sem ekki verður frá horfið. Hin lögbundna regla er hins vegar til viðmiðunar sem lágmarksskuldbinding til frambúðar.

Í 19. gr. frv. er lagt til að Framkvæmdastofnuninni verði heimilað að afla Byggðasjóði 600 millj. kr. að láni á næstu árum eftir að frv. er orðið að lögum gegn ábyrgð ríkissjóðs. Í núgildandi lögum er þessi heimild bundin við 300 kr. á ári.

Í þessum tveimur ákvæðum um fjármögnun Byggðasjóðs kemur greinilega fram áhugi stjórnvalda á því að efla sjóðinn og styrkja þannig að hann hafi í raun getu til að sinna verkefnum sínum. Framkvæmdastofnun ríkisins hefur tekið að sér ýmis verkefni sem áður voru hjá öðrum aðilum, eins og t. d. sérstakrar lánveitingar til skipasmíða innanlands. Starfsemi sjóðsins hefur nokkuð verið gagnrýnd að því leyti hve hún mismunaði atvinnufyrirtækjum eftir því hvar þau starfi á landinu. Á upphaflegum starfsreglum sjóðsins hefur verið gerð nokkur breyting og þær rýmkaðar á þann veg t. d. að nú veitir sjóðurinn lán til fiskiskipa hvar sem er á landinu. Ég tel að Byggðasjóður geti náð markmiðum sínum um eflingu byggðar utan þéttbýlisins hér í Reykjavík og á Suðurnesjum án þess að mismuna atvinnufyrirtækjum í sömu grein sem eiga við sömu eða svipuð vandamál að stríða, hvar svo sem starfræksla þeirra fer fram, og þarf vel að hyggja að því.

Með 16. gr. frv. eru felld niður ákvæði úr núgildandi lögum þess efnis að Byggðasjóður hafi heimild til þess að gerast meðeigandi í atvinnufyrirtækjum. Hefur það þótt gefast illa að lánasjóðir séu eigendur atvinnufyrirtækja. Tilgangi sínum nær Byggðasjóður betur með því að styrkja aðra aðila í því að byggja upp atvinnurekstur.

Þá er rétt að vekja athygli á þeirri breytingu er varðar skiptingu á greiðslu rekstrarkostnaðar Framkvæmdastofnunar. Í stað ríkissjóðs og Seðlabanka er nú gert ráð fyrir að Framkvæmdasjóður og Byggðasjóður standi undir rekstrarkostnaði, og er það eðlilegt miðað við þá skipulagsbreytingu, sem gerð hefur verið, og eftir að Þjóðhagsstofnun var komið á fót. En Seðlabanki og ríkissjóður skipta með sér kostnaði af rekstri þeirrar stofnunar.

Herra forseti. Ég hef hér drepið á helstu þætti þessa frv. um breyt. á l. um Framkvæmdastofnun ríkisins, en vísa að öðru leyti til grg. með frv. og leyfi mér að svo mæltu að leggja til að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn. hv. deildar.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 frá 1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins þó að ég sjái á því ýmsa annmarka sem snerta mitt kjördæmi, þ. e. Reykjavík og höfuðborgarsvæðið Reykjanes. Þar sem ég á sæti í fjh.- og viðskn. mun ég ekki ræða þetta mál frekar nú á þessu stigi málsins.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Því er ekki að neita að það lagafrv., sem hér um ræðir, er mjög mikilvægt. Það er mikilvægt vegna þess að sú stofnun, sem um ræðir, Framkvæmdastofnun ríkisins, getur ráðið ýmsum mikilvægum málum og getur haft í raun og veru afgerandi áhrif á afkomu vissra byggðarlaga. Þetta á sérstaklega við þar sem þessi stofnun veitir viðbótarlán til atvinnufyrirtækja, og í landi langvinnrar lánsfjárkreppu geta slík viðbótarlán haft mjög þýðingarmikil áhrif á atvinnufyrirtæki og viðgang vissra byggðarlaga.

Enda þótt ekkert standi um það í l. um Framkvæmdastofnun ríkisins, þá hefur framkvæmd á undanförnum árum orðið á þann veg að viss landshluti, nánar tiltekið Reykjanes og Reykjavík, hefur orðið algerlega afskiptur eða a. m. k. að langmestu leyti afskiptur frá þjónustu við þessa stofnun, og á ég þar sérstaklega við fyrirgreiðslu úr Byggðasjóði. Þetta hefur komið illa við atvinnufyrirtæki á þessu svæði, ekki síst vegna þess, ef við tökum t. d. fiskiðnaðinn, að þau fyrirtæki, sem fá verulegt viðbótarlán með hagkvæmum kjörum til starfsemi sinnar, eiga þess að sjálfsögðu kost að gera rekstur sinn hagkvæmari og ódýrari þannig að afurðir þeirra er hægt að selja á hagkvæmara verði en hinna sem ekki njóta. En svo kemur til viðbótar þessu að þegar verð fyrir afurðir þessara fyrirtækja er ákveðið, a. m. k. þegar erfiðlega er ástatt í landinu, þá er gjarnan miðað við landsmeðalverð og þá m. a. kostnaðarverð þeirra fyrirtækja sem hafa notið þessarar sérstöðu fyrirgreiðslu úr Byggðasjóði.

Nú er það svo að varðandi Byggðasjóð, sem upphaflega var í raun og veru til vegna erfiðs atvinnuástands í landinu, þá er ekkert í hans lögum sem kveður á um slíka mismunun, og ég álít, að stjórn þessarar stofnunar hafi gersamlega misskilið ákvæðin um hlutverk Byggðasjóðs. En þar stendur í 29. gr. laganna, að „hlutverk Byggðasjóðs er að stuðla að jafnvægi í byggð

landsins með því að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífs með hliðsjón af landshlutaáætlunum, sbr. 8. gr., og til að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir að lífvænlegar byggðir fari í eyði.“

Með leyfi forseta las ég hér 29. gr. um hlutverk Byggðasjóðs. Það, sem mér finnst hafa farið úrskeiðis, er þetta, að í staðinn fyrir að miða við ákveðin byggðarlög, þá hefur framkvæmdin orðið sú, að miðað hefur gjarnan verið við ákveðna landshluta. Slíkt getur komið mjög illa út og mér finnst frekar ómaklegt og varasamt í framkvæmd. Um mikilvægi þessarar stofnunar, Framkvæmdastofnunar ríkisins og Byggðasjóðs, má kannske gera sér svolitla hugmynd með því að lesa hér úr skýrslunni frá 1973 um hvernig starfshættir eru. Þar segir m. a., með leyfi forseta:

„Framkvæmdaráð hélt nær daglega fundi og vikulega fundi með forstöðumönnum deilda. Þá sat það fundi með bankastjóra Seðlabanka Íslands um fjáröflun til stofnfjársjóða o. fl. og með stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands og bankastjórum Landsbankans og Útvegsbankans til að samræma sjónarmið og ákvarðanir um hraðfrystihúsaáætlanir. Náið og gott samstarf var milli Framkvæmdastofnunar ríkisins og margra ríkisstofnana sem hafa með höndum opinberar framkvæmdir, en einnig og ekki síður við Iðnþróunarsjóð, Iðnlánasjóð, Fiskveiðasjóð og Atvinnuleysistryggingasjóð svo og aðra stofnfjársjóði og viðskiptabanka þegar tilefni gafst til.“

Það er sem sagt augljóst að þessi stofnun ræður allverulegu um fjármögnun fyrirtækja og þeirra rekstrarlánamöguleika og það eru ekki eingöngu þessar fjárhæðir, sem úthlutað er úr Byggðasjóði, sem þar koma til greina, heldur er sýnilegt, þar sem þarna er um viðbótarlán að ræða, að lánastofnanir fyrirtækjanna verða að hafa veitt þeim fyllstu lán áður en til viðbótarlána getur komið. Og þegar lánsfjárkreppa er og fjármagnsskortur eins og hér hefur lengst af verið á undanförnum áratugum, þá er sýnilegt að þetta getur haft enn þá víðtækari áhrif heldur en menn mundu að öðru jöfnu ætla. Því langar mig til að fá upplýsingar hjá hæstv. forsrh. um það, hvort það er ekki rétt að það sé ætlast til þess með 29. gr. þessara laga að enginn sérstakur landshluti verði utan við fyrirgreiðslu Byggðasjóðs, heldur sé hlutverkið að grípa til hjálparráðstafana hvenær sem eitthvert byggðarlag, hvar sem það er á landinu, lendir í örðugleikum, hvort sem er með atvinnu eða hættu á búseturöskun af öðrum orsökum. Ég held að það sé ákaflega mikilvægt að það liggi alveg ljóst fyrir að einmitt þessi setning 29. gr. sé rétt skilin.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Þær breytingar, sem fram koma á lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins í því frv. sem nú liggur fyrir, hafa verið alllengi í meðferð. Ég vil lýsa stuðningi mínum við þessar breytingar. Ég hef átt aðild að þeirri n. sem að þeim hefur unnið. Ég get hins vegar lýst því að sum atriði hefði ég viljað fá inn þarna ákveðnari, eins og t. d. það hlutverk Framkvæmdastofnunar að standa að gerð árlegrar lánaáætlunar og að forgangsröðun hinna mörgu verkefna í okkar þjóðfélagi. Ég tel samræmingu af því tagi enn mjög ábótavant í okkar kerfi og eðlilegt að Framkvæmdastofnunin vinni þar meira að en verið hefur.

Um aðra þætti vil ég hins vegar lýsa sérstakri ánægju, eins og t. d. 14. gr. þar sem nú er gert ráð fyrir að ákveða í lögum að ráðstöfunarfé Byggðasjóðs skuli aldrei vera minna en 2% af útgjöldum fjárl. Þetta er mjög mikilvægt.

Þá vil ég einnig lýsa ánægju minni með 9. gr., þar sem gert er ráð fyrir að setja á fót nýja deild, byggðadeild. Byggðamálin hafa að sjálfsögðu verið eitt af meginverkefnum þessarar stofnunar og að sjálfsögðu verið verkefni Byggðasjóðs sem hefur, eins og hv. síðasti ræðumaður las upp, en mér fannst hann ekki fyllilega skilja, starfað að því að koma í veg fyrir byggðaröskun, lána fjármagn til þess að koma í veg fyrir byggðaröskun og þá að sjálfsögðu fyrst og fremst til þeirra byggða eða landshluta sem hafa orðið fyrir mestri byggðaröskun. Hins vegar, eins og hann las réttilega upp, er Byggðasjóði ætlaður sá grundvallarstarfsháttur að starfa samkv. byggðaáætlunum og þar hefur verið mjög ábótavant. Byggðaáætlanir eru heldur fáar tilbúnar enn þótt að þeim mörgum sé unnið. Það var því skoðun m. a. mþn um byggðamál, sem hér hefur starfað, að tækifæri væri til þess í sambandi við þessa endurskoðun að fá byggðadeild setta á fót við Framkvæmdastofnun ríkisins sem sinnti formlega framkvæmd byggðamála, og raunar var það skoðun n. að ef það fengist, þá væri þar fenginn mjög stór áfangi í byggðamálum. Því samþykkti n. svofellda ályktun um framkvæmd byggðamála:

„Við Framkvæmdastofnun ríkisins verði sett upp ný deild, byggðadeild. Verkefni hennar verði sem hér segir:

1. Að fylgjast með þróun byggða og gera till. til úrbóta.
2. Að fjalla um áhrif opinberra aðgerða í byggðaþróun og gera till. þar um.
3. Að vinna að gerð byggðaáætlana í samvinnu við áætlanadeild.
4. Að gera till. um lánveitingar úr Byggðasjóði.“

Hæstv. forsrh. var gerð grein fyrir þessu bréfi 5. mars s. l. og jafnframt þeirri n. sem vann að frv. Þetta hefur fengið hljómgrunn með 9. gr frv., sem er efnislega eins og mþn. um byggðamál lagði til. Ég sé sérstaka ástæðu til þess að lýsa ánægju minni með þau málalok.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Á sínum tíma, er vinstri stjórnin sat hér að völdum, kom hún fram með frv. um Framkvæmdastofnun ríkisins og urðu um það harðar deilur hér á hv. Alþ. og ekki síst í Ed. þar sem þá sátu hér oddvitar Sjálfstfl. sem þá var í stjórnarandstöðu. Um þetta mál var lengi þráttað hér í d. og fór svo að lokum að Sjálfstfl. varð á móti þeirri lagasetningu. En við í Alþfl. studdum meginefni frv. og komum á mikilvægri breytingu í þá átt að Þjóðhagsstofnun, sem þá hét öðru nafni, væri sjálfstæð deild innan Framkvæmdastofnunarinnar. Síðan hafa þm. Alþfl. jafnan viljað gera á hér nokkra bragarbót, m. a.

um skipan framkvæmdastjóra, og þarf ég varla að rekja það á þessu stigi. Ég mun koma nánar að því við 2. umr. til þess að tefja ekki um of nú. En því miður sé ég í þessu frv. að eiginlega gerir það ráð fyrir óbreyttu formi í raun. Það er lítils háttar nafnabreyting sem á sér stað, annað ekki, svo að það má segja að Sjálfstfl. hafi gerbreytt um stefnu í þessu efni og fallist á hugmyndir Framsfl. í því skyni að ná sættum um þetta frv. sem kemur nú fram nærri tveimur árum eftir að ríkisstj. var mynduð, en í samningum um stjórnarmyndunina var gert ráð fyrir að endurskoðun á lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins ætti sér stað.

Eitt veigamesta atriðið í þessu frv. er að lögbinda að árlega skal árlegt framlag úr ríkissjóði nema 2% af útgjöldum fjárl. Það hefur æ ofan í æ komið fyrir hér á hv. Alþ. að þm. hafa kvartað yfir því að svo mikið sé búið að binda fjárlög með annarri lagasetningu að ekkert sé hægt að hreyfa orðið á fjárl., allt sé bundið og sé að verða formsatriði að afgreiða fjárl. Nú á að taka stærra skref í þessa átt en nokkru sinni áður. Sumir kunna að vera ánægðir með þetta, en ég er það ekki. Ég tel að það sé hlutverk Alþ. að ákveða fjárlög hverju sinni og fjárlög eigi að standa eins og Alþ. ákveður, en ekki eins og hefur verið nú undanfarin 4 ár, að gífurlegar upphæðir koma eftir á, sem nemur á annan milljarð kr., og fjárl. hafa reynst því miður ónýtt eða lítt gilt pappírsplagg þegar stuttan tíma eftir gildistöku laganna. Og ég sé ekki ávinning í því að binda það, alveg sama hvernig árar, að þá skuli föst prósenttala renna í þennan sjóð þótt þörf sé, ég tek það fram: þótt þörf sé. En að binda það í lögum og taka það svo skýrt fram, að Alþ. geti sig lítt eða ekkert hreyft, tel ég ekki rétt vinnubrögð. Og það hafa allir sagt, hvar í þingflokki sem þeir standa, að þegar sé búið að binda fjárlög svo í bönd, fjárlagagerðina, að ekkert sé hægt yfirleitt að hreyfa. Menn eru að reyna að hreyfa til 100 þús., 200 þús. kr., jafnvel 500 þús. kr. í lífsnauðsynlega hluti. Það er ekki viðlit að fá það handa sjúkrahúsi í lífsnauðsynleg tækjakaup bókstaflega ekki neitt. En hérna á að afgreiða á einu bretti milljarða útgjöld og veit enginn hvernig þeim verður ráðstafað, enginn fyrir fram, því að stjórn þessarar stofnunar er kosin pólitískt fram og aftur og breytir um starfshætti og breytir um stefnu meira og minna, sennilega í þágu viðkomandi ríkisstj. eftir atvikum, en úthlutun er oft vafasöm, vægast sagt, þó að það sé þakkarvert út af fyrir sig að það er birt skrá um þessa úthlutun löngu síðar en hún hefur átt sér stað. Má segja að það sé jákvætt. En þar verður engu breytt. Þegar sú skrá kemur loksins fram, þá er allt um garð gengið og ekki hægt að þoka neinu til. Og það er því miður staðreynd að úthlutanir hafa borið keim af pólitískum verknaði og stundum ekki verið rökstuddar nægilega vel og þótt í lánaformi sé afhent sem hreinn styrkur í raun.

Sjálfsagt er það hlutverk þessarar stofnunar að hjálpa að halda við jafnvægi í byggð landsins, eins og allir vilja að geti átt sér stað. En það getur ekki verið rétt þróun að afhenda svona gífurlegt fjármagn úr höndum Alþ. og vita ekkert fyrir fram hvernig því er ráðstafað, ekki með nokkru móti. Og þegar svo er komið nú að tveir sjóðir eru í verulegum vandræðum og vantar hundruð millj., ef ekki stærri tölu, svo að milljörðum nemi, þ. e. a. s. ríkissjóður og Vegasjóður, þá eru hv. stuðningsflokkar ríkisstj. tilbúnir að lögfesta það að 2% af útgjöldum fjárlaga skuli renna í ákveðinn sjóð hvernig sem árar. Þetta kann að eiga eftir að koma aftur í bak seinna, eins og sagt er, þegar þarf að taka ákvörðun um að standa við vissar áætlanir sem Alþ. hefur lögfest á öðrum vettvangi.

Ég vil taka undir orð hv. 2. þm. Reykn., að ég vil fá það staðfest að 29. gr. núv. laga verði endurskoðuð eða henni breytt meira í sanngirnishorf en verið hefur. Það má þakka það, að stjórn stofnunarinnar breytti um stefnu nokkuð — ég vil segja nokkuð, en of lítið gagnvart Reykjanesi og Reykjavík, og hefur veitt fáein lán á þetta svæði. Áður var það algert bannsvæði. Þegar Alþ. úthlutar upphæðum sem nema svona stórum tölum nú getur ekkert svæði á landinu verið sett í bann lengur. Það eru alveg óhugsandi vinnubrögð. Ef atvinnuleysi er einhvers staðar, hvar sem það er á landinu, þá er það böl sem skiptir máli. Og ég geri engan mun á því hvort maðurinn suður á Reykjanesi hefur ekki atvinnu, vestur á fjörðum eða austur á fjörðum eða á Norðurlandi. Ef maðurinn þarf vinnu og getur unnið, þá á hann rétt á að fá vinnuna. Og ef það verður lögfest að þessi stofnun fái svo mikið fé til að halda uppi atvinnu eða styrkja atvinnulíf um allt land, þá vil ég fá yfirlýsingu hæstv. forsrh. gagnvart því að ekkert landssvæði, hvorki hans kjördæmi né það er við 2. þm. Reykn. berum mest fyrir brjósti, þ. e. a. s. Reykjanes, verði sett skör lægra en en önnur landssvæði. Það er ekki viðeigandi. Er hægt að nefna um það dæmi að menn hafa viljað komast yfir gamla báta, þeir sem í Reykjavík búa eða á Reykjanesi, en þeir hafa ekki átt kost á sömu fyrirgreiðslu við skipakaup og aðrir. Og það hefur hverið svo erfitt að jafnvel ef tveir eða fjórir hafa viljað kaupa skip, þá hafa þeir, sem betur eru staðsettir gagnvart Framkvæmdastofnuninni, getað sagt: ég skal borga milljón meira, jafnvel tveimur millj. meira, því að ég fæ lán úr Framkvæmdastofnuninni. — En rekstraraðstaða skipsins er miklu verr sett oft á þeim stað er viðkomandi maður getur fengið lán til og það hefur oft riðið baggamuninn. Svo líður árið og svo koma menn aftur í bullandi vandræðum, neyðast til þess að selja, þeir sem hafa fengið kaupin, og þá kannske verður maðurinn, sem fékk synjun á sínum tíma, að bjarga því við. Þetta eru óheillavænleg vinnubrögð og hljóta að leiða af sér aukin vandræði.

Ég óska eftir því að hæstv. forsrh. staðfesti það að ekkert kjördæmi verði sett til hliðar og það verði aukinn sá skilningur, sem stjórn stofnunarinnar hafði á sínum tíma, að líta til alls landsins, a. m. k. vægast sagt eftir atvikum, og gera mönnum kleift, hvar sem þeir búa á landinu, að hafa heilbrigðan og eðlilegan rekstur, því að það hlýtur að vera tilgangur 29. gr. að stuðla að því að lífvænlegar byggðir haldi gildi sínu hvar sem þær eru á landinu. Þetta var gömul trú, að ákveðið svæði hér á Íslandi mætti

ekki fá peninga undir neinum kringumstæðum, það ætti að bjarga sér sjálft — og meira en það, það ætti að vera ágætt til skattlagningar. En þegar Alþ. tekur þá ákvörðun, ef hún verður tekin með meirihlutavaldi hér, að afhenda 2% af útgjöldum ríkissjóðs fast, þá getur ekki lengur verið réttmætt undir neinum kringumstæðum að setja ákveðið svæði skör lægra en verið hefur við framkvæmd þessara laga að undanförnu.

Umr. frestað.

Íslensk stafsetning, frv. (þskj. 742). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Mig langaði til þess að láta viðhorf mín í þessu máli koma fram í þessari hv. d. Ég hafði gert grein fyrir þeim á næturfundum í Nd., en það er ekki hægt að ætlast til þess að það hafi borist til hv. þm. þessarar deildar.

Fyrir Alþ. liggja nú tvö frv. til l. um íslenska stafsetningu, en þótt undarlegt kunni að þykja eru ekki í íslenskri löggjöf nein bein ákvæði um stafsetningu, hvorki um það, hversu með skuli fara þá fjallað er um stafsetninguna, né heldur — það an af síður liggur mér nú við að segja — um það hversu rita skuli einstök orð eða skipa þeim í setningar.

Frv. það, sem hér er til 1. umr., mælir fyrir um hið síðarnefnda. Fram til þessa hefur stafsetningin á skólabókum og opinberum skjölum og skilríkjum verið ákveðin með reglugerðum sem ekki voru byggðar á beinum lagafyrirmælum. Því er það að ef Alþ. afgreiðir núna sem lög þetta frv. hv. 9. þm. Reykv. o. fl., þá er í raun og veru brotið blað í stafsetningarmálum okkar að því leyti að Alþ. hefur þá í fyrsta sinn ákveðið sjálft hversu rita skuli íslenskt mál. Má þá ætla að svo verði og eftirleiðis þegar sá háttur hefur einu sinni verið upp tekinn.

Þessu er ég algerlega andvígur. Ég tel afar óæskilegt og jafnframt óeðlilegt að Alþ. setji sjálft stafsetningarreglurnar. Verksvið þingsins er mjög yfirgripsmikið og ég ætla ekki að fara að skilgreina það nánar hér, það væri nú óþarft. Alþm. hafa jafnframt beinni þátttöku í þingstörfum ærin viðfangsefni, þar sem eru tengslin við kjósendur sína, við fólkið í kjördæmunum. Stafsetningin, breytingar og allar ákvarðanir sem hana varða, eru viðkvæm mál og vandasöm í eðli sínu. Nauðsynlegt er að sæmilegt næði gefist til að fjalla um þá hluti og miklu betra næði, tel ég, en ætla má að alþm. gefist allajafna. Þar með er ég ekki að halda því fram að Alþ. eigi hér hvergi nærri að koma, síður en svo, sbr. frv. sem ég flutti í Nd. í vetur og vísað hefur verið til menntmn. þeirrar d. Þar er hins vegar um að ræða frv. að rammalöggjöf um meðferð stafsetningarmálanna, ekki um ritreglur. Mínar till. í þessu máli felast í þessu frv. að sjálfsögðu og þær eru í örfáum orðum sagt þessar, að um breytingar allar á íslenskri stafsetningu sé í fyrsta lagi fjallað af málvísindamönnum og kennurum. Það er auðvitað allt til skoðunar hvernig þau ákvæði yrðu endanlega í löggjöf ef samþ. yrði, hversu nefndum yrði skipað. Í öðru lagi kæmi svo málið fyrir menntmrn. og menntmrh. sem svo í þriðja lagi yrði að leita heimildar Alþ. fyrir sérhverri breytingu er gera skyldi. Í mínum huga er einkum tvennt sem mælir með þessu síðast nefnda, að leita til Alþ.: Annars vegar að ég tel þörf mikillar íhaldssemi í þessum efnum. Ég álít að við eigum að vera afar spör á breytingar á okkar stafsetningu og alls ekki að breyta henni nema að mjög vel athuguðu máli og eftir nokkuð almennar umr. um fyrirhugaðar breytingar. Það, að málið yrði gert að þingmáli til synjunar eða samþykkis, lagt fyrir Alþ. áður en af breytingu gæti orðið, það tryggir einmitt að slík almenn umr. fari fram ef eðlilega er að málinu staðið á Alþ. að öðru leyti.

Ég held að hv. alþm. ættu að athuga vel allar aðstæður áður en þeir hafna þessari leið. Ég tel henni í raun og veru hafnað ef Alþ. tekur sig til og semur og setur ritreglur sjálft. Meðferð þessa frv., sem hér er til umr., ég tel að henni hafi verið nokkuð ábótavant í Nd., svo ekki sé meira sagt. En hins vegar vil ég taka það skýrt fram að sú meðferð á í raun og veru sínar skýringar og kannske nokkuð eðlilegar. Frv. er flutt vel tímanlega á þingtímanum og vísað til n., en nokkru síðar stakk ég upp á því við þingflokkana að hver flokkur tilnefndi mann í n. til þess að ræða þetta mál og athuga hvort menn gætu ekki fundið sameiginlega niðurstöðu. Við héldum einn fund um þetta í þessari n. — ég var í henni fyrir minn flokk — og þótt þar færi vel á með mönnum, þá var það mitt mat eftir þann fund að sumir og þá fyrst og fremst flm. þessa frv. tveir, sem í þessari n. áttu sæti, væru í raun og veru ekki til viðtals um afgreiðslu á frv. mínu fyrr en gengið hefði verið til úrslita um frv. þeirra. Af þessari ályktun minni leiddi svo það að ég beitti mér ekki fyrir fleiri viðræðufundum með þessari n. En þessar bollaleggingar um hugsanlegt samkomulag, þó fundurinn væri aldrei nema einn, tóku nokkurn tíma. Þær kunna að hafa valdið því að frv. var ekki sent til umsagnar einum eða neinum þegar það var nýkomið til n., svo sem annars er siður þn. þegar um er að ræða þingmál sem eru bæði veigamikil í sjálfu sér og varða beinlínis umfangsmiklar stofnanir eða stóra starfshópa. Hér gat bæði verið um að ræða málvísindastofnanir og skólarannsóknadeild menntmrn., samtök kennara og skólastjóra og svo bókaútgefendur og þá náttúrlega sérstaklega Ríkisútgáfu námsbóka. En í stað þess að leita álits þessara aðila bréflega eða með því að boða þá á nefndarfund, þá ákvað meiri hl. menntmn. Nd. að gefa út nál. þegar ætla mátti, að tiltölulega skammt lifði þings, mæla þá með samþykkt frv., og síðan hefur verið lagt mikið kapp á afgreiðslu þess á þeim fáu dögum sem þá eru eftir af þingtíma ef að líkum lætur.

Eins og vænta mátti hefur nú komið í ljós að ýmsir þeir aðilar, sem ég áðan nefndi, hafa óskað eftir að koma skoðunum sínum á framfæri við alþm. Má þar nefna t. d. Ríkisútgáfu námsbóka, skólarannsóknadeild menntmrn., Samband ísl. barnakennara, Kennaraháskóla Íslands og Æfinga- og tilraunaskólann, sem er deild í Kennaraháskólanum, og svo mörg kennarafélög víðs vegar á landinu. Einnig hafa komið fram ábendingar og álitsgerðir frá einstaklingum, svo

sem Árna Böðvarssyni cand. mag. o. fl. Það er liðin tíð að Nd., t. d. menntmn. þeirrar hv. d., geti kannað þessar umsagnir og brotið þær til mergjar. Eins og horfir og stefnt er að með þinglausnir, þá má það nú kallast borin von einnig að hv. þm. þessarar d. gefist kostur á því sakir tímaskorts að kryfja þetta nokkuð verulega til mergjar allt saman. En ég hef talið rétt að greiða fyrir því að álit þeirra aðila, er starfa hjá menntmrn., beint eða óbeint, bærust hv. þm. þó seint sé og enda þótt ég sé kannske ekki í öllum atriðum nákvæmlega sammála því sem kemur fram í þessum umsögnum.

Ýmislegt í ábendingum þessum, sem ég nefndi, er þannig vaxið að eðlilegt má kalla og æskilegt að hv. alþm. gefi sér tóm til að gaumgæfa það, t. d. viðvörunarorð starfsmanna skólarannsóknadeildar menntmrn., en þeir vara við nýrri gjörbreytingu og segja í sínu áliti, og það er það eina sem ég ætla að leyfa mér að vitna til í þessum plöggum, en þeir segja: „Það hlýtur einnig að valda óánægju og gæti valdið glundroða í starfi skólanna ef Alþ. samþykkir lög er fyrirskipa kennurum að kenna stafsetningu sem mörgum þeirra er þvert um geð að nota og þeir telja hafa skaðleg áhrif á árangur og áhuga nemenda sinna.“ Þessi skoðun er í raun og veru rauði þráðurinn, sýnist mér, í þeim ályktunum frá kennarasamtökum og þ. á m. frá Sambandi ísl. barnakennara, sem ég hef komist yfir að lesa.

Ég skal ekki vitna frekar til þessara umsagna, en ég vil þó minna á aths. forstöðumanna Ríkisútgáfu námsbóka sem hafa komið hér í tvennum umsögnum, en þeir minna á kostnaðarhliðina. Það er um það bil helmingur af úthlutunarbókunum svo nefndu sem kominn er út með hinni nýju stafsetningu, og það er rétt að vekja athygli á því að þær nýju bækur eru miðaðar við hið endurskoðaða námsefni, en aftur á móti það, sem enn þá er með gömlu stafsetningunni, það er námsefni sem ekki er búið að endurnýja og þurfa bækurnar þess vegna að gefast út innan tíðar í tengslum við áframhaldandi starf skólarannsóknadeildar á þessu sviði. Ég vil svo aðeins leggja áherslu á það að allar þær ábendingar, sem eru að berast þessa dagana, eru, eftir því sem ég best fæ séð, ábendingar fólks sem vinnur að íslenskukennslunni, að meðferð stafsetningarmálanna úti í skólunum.

Mín viðhorf til málsins sjálfs og málsmeðferðar skýrði ég nokkuð við umr. í Nd., eins og ég gat um áðan, og ég vil einnig leitast við að skýra þau nú hér í hv. Ed., þó með örfáum orðum aðeins.

Þetta frv. var síðast rætt í Nd. á næturfundi sem stóð alllangt fram á sjötta tímann. Ég minnist þess ekki að hafa setið þingfund á þeim tíma sólarhrings síðan laust eftir 1950, en það var við 2. umr. fjárl. þegar fjöldi þm. gerði grein fyrir brtt. sínum og þáv. formaður fjvn., Gísli Jónsson, svaraði sérhverjum þeirra, svo sem þá var venja að gera, þó að nú sé niður fallin. Fylgismenn frv. munu telja að langar ræður andstæðinga þess beri vott um fáheyrðan mótþróa gegn því að frv. næði að ganga undir atkv. og hljóta endanlega afgreiðslu á hv. Alþ., því er nú situr. En þetta er bæði og. Það hefur alls ekki svo sjaldan borið við að þingmál hafi stöðvast á síðustu dögum þings hreinlega vegna tímaskorts og þá vegna þess að sýnt þótti að umr. yrðu svo langar að ekki rúmuðust innan þeirra tímamarka sem Alþ. hafði sett sér hverju sinni. Þetta hafa menn oft notað sér. Andstæðingar frv. undrast hins vegar að forseti skyldi freista að þoka málinu áfram með svo löngum næturfundi. En einnig þetta hefur og oft til borið og oft tekist, en ekki ævinlega. Að mínum dómi er hér ekki um neitt einsdæmi að ræða, og ég álít að hv. þm. geti verið alveg rólegir þess vegna, og ég tel alveg þarflaust að tala um þessa málsmeðferð í sérstökum ásökunartón þó að ég telji hana óheppilega af ástæðum sem ég áður nefndi. En hitt sýnist mér alveg liggja í augum uppi, að framgangsmáti þessa máls á Alþ. þessa síðustu daga geti alls ekki talist æskilegur undirbúningur ákvörðunar um íslenska stafsetningu í einstökum atriðum. Ég held að málsmeðferðin öll styðji mjög þá skoðun mína að það sé ekki æskilegt að Alþ. setji sjálft stafsetningarreglurnar í einstökum atriðum, það sé fremur ráð að Alþ. leitist við að tryggja með skynsamlegri rammalöggjöf rækilegan undirbúning sérhverrar ákvörðunar um íslenska stafsetningu, um búning móðurmálsins í rituðu formi og að Alþ. taki sér þá ákvörðunarvald um það hvenær leyfa skuli breytingar á stafsetningu þeirri sem notuð er í opinberum plöggum. Þetta síðast nefnda helgast m. a. af því að sérhver breyting á stafsetningu kostar hið opinbera ærna fjármuni sem Alþ. hlýtur að hafa forgöngu um að afla. En þó koma auðvitað margar aðrar orsakir til og að mínum dómi enn þá mikilvægari heldur en fjármálalega hliðin.

Mér þykir rétt að láta það koma fram hér alveg skýrt, eins og ég raunar gerði í Nd., að ég var andvígur þeim breytingum, sem gerðar voru á stafsetningu 1973 og 1974, vegna mikillar íhaldssemi minnar í þessum efnum. Ég taldi rangt að gera nokkrar breytingar á stafsetningu, og ég græt því með glotti þó að horfið yrði frá þessum breytingum í verulegum atriðum. Hins vegar var ég ákaflega veikur fyrir röksemdum hv. þm. Gils Guðmundssonar gagnvart endurreisn z-unnar þegar hann gerði grein fyrir atkv. sínu um meðferð þáltill. í Sþ. 1974. Hann tók líkingu, hann benti á að allir menn geta lifað án botnlanga, það vefjist fyrir mönnum hvenær skuli taka hann eigi að síður, en engum manni dettur í hug að græða hann í aftur eftir að hann hefur verið numinn brott. Og ég hef betur og betur sannfærst um að þessi ábending er nánast pottþétt. Og ég mundi telja það miður farið að taka á ný til við að rita z úr því sem nú er komið.

Af því, sem ég áðan sagði, leiðir það að sjálfsögðu að ef mitt frv. yrði samþ. á Alþ., þá mundi ég beita mér fyrir því að stafsetningin yrði tekin til athugunar á ný. Hef ég þá einkum í huga reglurnar um stóran staf og lítinn og fleiri ákvarðanir sem ekki varða notkun z-unnar, að þetta yrði sem sagt tekið til skoðunar.

Færi nú svo að hv. alþm. samþykktu frv. hv. 9. þm. Reykv. o. fl., sem hér liggur fyrir, án

þess að gefa sér tóm til að kanna og meta álit og umsagnir fjölmargra aðila sem m. a. standa næstir í því að framkvæma fyrstu lög um íslenska stafsetningu, þá held ég að væri skynsamlegt að bæta eins og tveimur gr. inn í þetta frv., annars vegar um það að Alþ. til öryggis tæki að sér auk hinnar hefðbundnu útgáfu Alþingistíðindanna einnig útgáfu þeirra námsbóka sem varða íslenskukennsluna, og svo í öðru lagi og ekki síður að taka þá inn í frv. ákvæði um sektir og jafnvel þyngri viðurlög ef opinberir starfsmenn brytu þessi nýsettu lög mjög harkalega. Það skiptir miklu þegar sett eru lög um tiltekið efni í fyrsta sinn að hæfilegrar festu sé þá gætt við framkvæmd þeirra. Jæja en sleppum því.

Mér sýnist, eins og málum er nú komið, að það væri skynsamlegast að láta hér staðar numið við meðferð þessa frv. Á vissan hátt væri kannske æskilegt að skera úr þeim ágreiningi sem uppi hefur verið á Alþ. í þessu máli, og um skeið hugleiddi ég það satt að segja hvort ekki væri réttast að stuðla beinlínis að því að svo mætti verða. En þegar hvort tveggja kom til, hversu hæpið og ég vil nú segja óeðlilegt það er að mínum dómi að Alþ. semji ritreglur og setningarfræði og svo hversu örðugt er um vik að brjóta málið til mergjar með viðunandi hætti á þeim tíma sem virðist vera til umráða hér á hv. Alþ. efnislega, þá held ég að réttast sé að láta vera að samþykkja þetta frv.

En ég get að lokum sagt það, að ég teldi æskilegt, ef það hefði verið unnt að afgreiða frv. mitt um meðferð stafsetningarmálsins, en mér er ljóst að til þess vinnst varla tími, enda þótt það sé stórum einfaldara í sjálfu sér heldur en stafsetningarreglurnar allar í heild. En þess megum við auðvitað minnast, alþm., að íslensk stafsetning er ekkert dægurmál og þegar á allt er litið, þá kannske geta frekari aðgerðir Alþ. vel beðið haustsins.

Herra forseti. Mig langaði til að láta þessi viðhorf mín koma fram hér við 1. umr. málsins í þessari hv. deild.

Jón Helgason: Herra forseti. Nú á síðustu dögum þessa þings kemur hér til okkar í Ed. frv. til l. um íslenska stafsetningu eftir að það hefur verið afgreitt frá Nd. eftir langar og strangar umr. þar fyrir nokkrum dögum. Ég ætla nú ekki að byrja hér á miklu málþófi um þetta mál, því að satt að segja finnst mér að virðing Alþ. hafi ekki vaxið af þessum umr., en það er þó ekki vegna þess að ég telji menningarmál vera lítils virði sem Alþ. eigi ekki að ræða. Þvert á móti tel ég þau og þá ekki síst varðveislu tungunnar eitt af okkar stærstu málum. Í þeim málum tel ég að þurfi að hafa fulla aðgát og er íhaldssamur á breytingar á því sviði. Ég var ekki samþykkur þeim breytingum sem gerðar voru á reglum um íslenska stafsetningu árin 1973 og 1974. Hins vegar er þar um gerðan hlut að ræða og því hlýtur að verða að skoða málið í ljósi þess.

Í þessu frv., sem hér er til umr., er lagt til að taka upp í lög ákvæði um það hvernig stafsetningu skuli háttað og að lögbjóða þá stafsetningu sem gilti hér fyrir árið 1973. Og það virðist vera ætlunin að við hér í Ed. tökum afstöðu til og afgreiðum þetta mál á einum eða tveimur dögum. En á þeim fáu dögum, sem liðnir eru síðan málið kom til 2. umr. í Nd., hafa borist ábendingar og umsagnir frá fjölmörgum aðilum, ekki síst frá þeim sem þekkingu og sérstakan áhuga hafa á íslenskri tungu, og þeir leggja áherslu á að það sé vafasamt að leggja út á þessa braut. Ég tel því nauðsynlegt, ekki síst í ljósi þess, að athuga þetta mál nákvæmlega áður en farið er út í það að lögbjóða stafsetningu. Og til þess að leggja áherslu á það, að ég tel að það þurfi að skoða þetta mál vel, þá vil ég leyfa mér ásamt 6 öðrum alþm. að flytja skriflega brtt. við þetta frv. Þessar brtt. ganga í þá átt að fara þá leið sem hæstv. menntmrh. lagði til í frv. sem hann lagði fram í Nd. fyrr á þessu þingi á þskj. 406. Og hann hefur hér í ræðu nú gert grein fyrir því hvaða leið hann vill fara. Ég get með góðri samvisku lagt það til að farin verði sú leið að samþykkja þessar till. hans, ekki síst vegna þess að hann hefur mjög sömu skoðun á þessu og ég. Hann var andvígur þessum breytingum sem gerðar voru 1973 og 1974 og vill skoða einhverjar breytingar á því aftur, en hins vegar að það verði gert að vandlega athuguðu máli.

Ég vænti þess að hv. menntmn. vilji gefa sér tíma til að athuga þetta mál nákvæmlega og leita umsagnar um það, en verði sú ekki niðurstaðan, þá vænti ég þess að hv. n. telji sér fært að mæla með samþykkt þessara brtt.

Umr. frestað.

Löggiltir endurskoðendur, frv. (þskj. 743, n. 827). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur tekið til athugunar frv. til l. um löggilta endurskoðendur. N. leggur til að það verði samþ. með lítils háttar breytingu við 2. gr., en 4. liður 2. gr. orðast svo:

„Ráðh. veitir löggildingu til endurskoðunar manni sem .... 4) hefur eftir 18 ára aldur unnið að alhliða endurskoðunarstörfum undir stjórn löggilts endurskoðanda samtals í 3 ár, þar af a. m. k. 1 ½ ár að loknu brottfararprófi frá viðskiptadeild."

N. leggur til, að þessu ákvæði verði breytt úr einu og hálfu í eitt ár. Það er mikilsvert að menn hagnýti sér þekkingu sína að námi loknu úti í atvinnulífinu í einhvern tíma að loknu námi, en hins vegar taldi n. að það væri kannske fullmikið, að um 1 ½ ár væri að ræða og varð því sammála um að mætti lækka þetta í eitt ár. Nemendur viðskiptadeildar töldu, að óþarfi væri að hafa slíkt ákvæði, og fóru þess á leit í bréfi að það yrði numið í burtu, en n. varð sammála um að milda þetta ákvæði á þennan hátt.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál. Það fylgir því góð grg. og eins hefur hæstv. fjmrh. gert grein fyrir því í framsögu sinni. Ég vil aðeins ítreka það að n. hefur orðið sammála um að frv. verði samþ., en fjarverandi afgreiðslu málsins var Albert Guðmundsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 827 samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
3.—18. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Lántaka til eflingar Landhelgisgæslunnar, frv. (þskj. 774, n. 826). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur tekið til meðferðar frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. að taka lán til eflingar Landhelgisgæslunnar. Hér er um að ræða lánsfjárheimild til kaupa á einni flugvél af gerðinni Fokker Friendship og einnig til að greiða viðgerð á varðskipinu Óðni sem fór fram í Danmörku á s. l. ári. N. hefur orðið sammála um að mæla með að frv. verði samþ. eins og það kom frá Nd., en fjarverandi afgreiðslu málsins var Albert Guðmundsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 111. fundur.

Mánudaginn 17. maí, kl. 2 miðdegis.

Hafnalög, frv. (þskj. 839). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Lögsagnarumdæmi í Austur-Skaftafellssýslu, frv. (þskj. 388). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 857).

Ábyrgð á láni til virkjana í Tungnaá, frv. (þskj. 661). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 858).

Tollheimta og tolleftirlit, frv. (þskj. 662). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 859).

Saltverksmiðja á Reykjanesi, frv. (þskj. 719). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 860).

Stofnlánasjóður vörubifreiða, frv. (þskj. 794). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til samgn. með 31 shlj. atkv.

Kjarasamningar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, frv. (þskj. 572, n. 813, 786). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv.

Frsm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur athugað þetta mál og mæla 6 nm. með því að það verði samþykkt óbreytt, einn með fyrirvara, og einn nm. tók ekki þátt í afgreiðslu málsins. Mér finnst rétt að láta sama formála fylgja um þrjú næstu mál á dagskránni hér á eftir sem öll eru í samhengi við þetta mál, þ. e. frv. um kjarasamninga opinberra starfsmanna, frv. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og frv. um laun starfsmanna ríkisins, þannig að ég tel óþarft að hafa sérstaka framsögu um þau.

Ingólfur Jónsson: Hæstv. forseti. Vegna þess að ég er ekki samþykkur þessu frv. og vegna þess að það er frv. stjórnar sem ég styð, þá tel ég eðlilegt að gera grein fyrir því hvers vegna ég get ekki stutt frv. Það er auðvitað að þetta frv. verður að lögum, það er komið í seinni d. og hv. n. hefur mælt með málinu. Það er því sýnilegt að það hefur meirihlutafylgi hér í hv. Alþ. Það má því ætla að opinberir starfsmenn fái verkfallsrétt áður en Alþ. lýkur störfum að þessu sinni. Má því segja að núv. ríkisstj. geri það sem vinstri stjórnin treysti sér ekki til að fá lögfest þrátt fyrir gefin loforð.

Í stjórnarsamningi vinstri stjórnarinnar var fram tekið að ríkisstj. mundi beita sér fyrir því að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja fengi fullan samningsrétt, sem er sama og verkfallsréttur. En vinstri stjórnin gafst upp á því að standa við þetta fyrirheit sem hún gaf í upphafi

valdaferils síns. Núv. ríkisstj. gaf ekkert loforð í stjórnarsamningi um verkfallsrétt opinberum starfsmönnum til handa. Eigi að síður tókst samningsnefnd BSRB að fá loforð ríkisstj. fyrir því að fá verkfallsrétt fyrir opinbera starfsmenn lögfestan.

Með frv. því, sem nú er til umr., er hæstv. ríkisstj. að uppfylla sín ótímabæru og vanhugsuðu loforð. Sagt er að hér sé aðeins um takmarkaðan verkfallsrétt að ræða, en þannig verður það tæplega í reynd. Gert er ráð fyrir að sáttasemjari ríkisins beri fram sáttatillögu áður en til verkfalls er boðað. Til þess að atkvgr. um till. sé gild þurfa líðlega 50% atkvæðisbærra manna í BSRB að taka þátt í atkvgr. og yfir 50% af þeim, sem atkv. greiddu, að hafna till. til þess að hún teljist felld. Þannig nægir aðeins að rúmlega 25% félagsmanna hafni till. sáttasemjara til að koma á verkfalli. Það er því auðséð að hér er ekki um neina verulega takmörkun að ræða. Þegar þannig er um hnútana búið er ekki rétt að tala um takmarkaðan verkfallsrétt.

Lágmarksþjónustu skal halda uppi í öryggis- og heilbrigðismálum, að sagt er í samningsdrögum sem gerð hafa verið um þessi mál. Er gert ráð fyrir að tilteknir menn frá báðum aðilum ákveði hver lágmarksþörf er í þeim greinum. Ekki er vitað hvort aðilar geti komið sér saman um raunhæft mat á málunum. Það er því engin trygging fyrir því að nauðsynlegasta þjónusta verði veitt.

Starfsmenn ríkis og bæja halda æviráðningu þótt þeir fái verkfallsrétt. Komið hefur í ljós að margir opinberir starfsmenn kæra sig ekki um að fá verkfallsrétt eins og stjórn BSRB hefur barist fyrir. Þeir vita að fenginni reynslu að kjör þeirra eru endurskoðuð hverju sinni í samræmi við gerða kjarasamninga Alþýðusambands Íslands og að möguleiki er fyrir því að bæta hlut þeirra, sem verst eru settir, án verkfalla. Það er skiljanlegt að starfsmenn ríkisins vilji fá launakjör bætt. Það verður að viðurkenna að margir í lágum launaflokkum eru oft illa á vegi staddir. En launakjör er unnt að lagfæra og endurskoða án þess að verkfallssvipan sé á lofti. Það er hægt að endurskoða og samræma launakjör með því að færa menn til milli launaflokka ef samræming og starfsmat réttlætir það. Með þeim hætti má lagfæra ýmislegt sem valdið hefur óánægju meðal opinberra starfsmanna.

Verkfallsréttur opinberum starfsmönnum til handa leysir engan vanda. Það er miklu fremur ástæða til að ætla að slík ráðstöfun ríkisstj. og Alþ. gæti orðið til þess að skapa mörg vandamál. Hætt er við því að verkfallsréttur starfsmanna ríkisins verði til þess að auka á upplausn í þjóðfélaginu. Væri þá illa farið því að nú er þörf á að skapa festu og tryggja aukinn skilning stétta í milli til þess að sá grunnur, sem þjóðfélagið starfar á, geti orðið traustur. Aðeins með því að það megi takast verður lýðræði tryggt í landinu og batnandi lífskjör fyrir alla landsmenn. Það er spor aftur á bak að lögfesta verkfallsrétt opinberum starfsmönnum til handa. Það leysir engan vanda og bætir ekki kjör þeirra. Heilbrigð vinnulöggjöf, atvinnuöryggi og hæfileg tekjutrygging er það sem ber að stefna að.

Yfirleitt eru menn sammála um nauðsyn þess að endurskoða gildandi vinnulöggjöf. Stjórn Alþýðusambands Íslands hefur talið sig vera reiðubúna til viðræðu um það. Vinnuveitendasambandið hefur óskað eftir því að nauðsynlegar breytingar verði gerðar á löggjöfinni til þess að komið verði í veg fyrir endurtekin vandræði og stórtjón. Engum dettur í hug að breyting á vinnulöggjöf þjóðarinnar verði raunhæf eða til góðs nema sanngirni verði ráðandi og hagsmunir allra aðila vinnumarkaðarins og þjóðarinnar í heild hafðir í huga þegar breytingin er gerð. Það hefði mátt ætla að breyting yrði gerð á nefndum lögum á því þingi sem nú er að ljúka störfum. En það verður ekki. Er því góður tími til þess að undirbúa málið áður en Alþ. kemur saman í haust.

Ríkisstj. þarf að hafa forustu um að ná samkomulagi við þá aðila sem hlut eiga að máli. Þannig væri mögulegt að hafa frv. tilbúið næsta haust með nauðsynlegum breytingum. Að sjálfsögðu er um margar breytingar að ræða sem til greina gætu komið. Þó er ein sérstaklega mikilvæg, sú að láta sáttasemjara ríkisins fá vald til þess að fresta verkföllum um tiltekinn tíma. Væri eðlilegt að sá frestur mætti vera allt að því tveir mánuðir, í fyrstu 30 dagar, í annað sinn 20 dagar og að síðustu 10 dagar, ef líklegt þætti að samkomulag gæti náðst á þeim tíma.

Að undanförnu virðist gangur mála hafa verið sá að samkomulagstilraunir og samningaumleitanir hafi ekki verið reyndar að marki fyrr en verkfall var skollið á. Ef sáttasemjara verður fengin heimild til frestunar ber að tryggja um leið í lögum að tíminn verði notaður frá frestun til þess að ná samkomulagi milli deiluaðila. Með frestunarheimildinni er líklegt að komið verði í veg fyrir verkföll, en launþegar fengju kjarabætur með frjálsum samningum án verkfalla. Þannig væri lokið að mestu a. m. k. þeim ljóta leik sem háður hefur verið að undanförnu öllum til tjóns. Þá yrði ekki endurtekin niðurhelling á mjólk eða önnur verðmæti eyðilögð. Þá yrðu veiðiskipin ekki látin vera í höfn um aðalbjargræðistímann. Og þá yrði þjóðarbúið ekki fyrir margra milljarða kr. tjóni vegna framleiðslutaps af völdum verkfalla og þá yrðu launþegar ekki fyrir því tjóni og launatapi sem af vinnustöðvunum leiðir. Vonandi hafa nægilega margir lært af reynslu undanfarinna ára til þess að samkomulag geti náðst milli allra aðila um réttlátar og skynsamlegar breytingar á þeirri löggjöf sem umrædd mál snertir.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að ræða frv. það sem hér er á dagskrá frekar, enda hefur málið verið rætt allmikið og öllum hv. þm. er ljóst hvað í því felst.

Ólafur G. Einarsson: Hæstv. forseti. Eins og fram kemur á áliti hv. fjh.- og viðskn., þá tók ég ekki þátt í afgreiðslu máls þessa í n. Mér þykir þess vegna nauðsynlegt að gera nokkra grein fyrir afstöðu minni, en ég ætla að gera það í mjög stuttu máli og vonandi þannig að ekki verði sérstakt tilefni til umr. hér í hv. deild.

Höfuðástæðurnar fyrir því, að ég vildi ekki taka þátt í afgreiðslu þessa máls, eru þær að

mér finnst að æviráðning starfsmanna og verkfallsréttur geti ekki með nokkru móti farið saman. Í öðru lagi þykir mér í hæsta máta óeðlilegt að þeir aðilar, sem samkv. þessu frv. og öðrum, sem því fylgja, mega ekki fara í verkfall, þeir aðilar skuli hafa atkvæðisrétt meðal opinberra starfsmanna um það hvort farið skuli í verkfall. Þetta þykir mér fáranleg regla. Með þessu ákvæði og með hliðsjón af ákvæðum í frv. til l. um kjarasamninga opinberra starfsmanna og frv. til l. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, þar sem talið er upp hverjir ekki megi fara í verkfall, þá sýnist mér ljóst að þeim getur verið att út í verkfall með atbeina þessara aðila sem minnst mega sín, þ. e. a. s. þeim sem lægst hafa launin. Þessi eru atriðin sem ég legg áherslu á að móta afstöðu mína í þessu máli.

Ég vil einnig vekja athygli á viðhorfum sem komið hafa fram hjá Starfsmannafélagi stjórnarráðsins. Það félag hefur bent sérstaklega á að það telji eðlilegt, að allir starfsmenn stjórnarráðsins væru undanþegnir verkfallsrétti, og bendir á það sem rökstuðning að þar eru aðilar þriggja hagsmunahópa sem um er að ræða, þ. e. a. s. félagar í BSRB, félagar í BHM og þeir sem standa utan þessara félaga.

Ég vek líka athygli á þeim skoðanakönnunum sem farið hafa fram um þessi verkfallsréttarmál. Í fyrsta lagi efndi BSRB til fjölmargra funda á s. l. hausti, og mér skilst að um það bil 25% félagsmanna hafi þar lýst sig fylgjandi verkfallsrétti. Í skoðanakönnun, sem fram fór 23. apríl s. l. á vegum starfsmannafélags stjórnarráðsins, kemur hins vegar nokkuð annað upp á teningnum. Tóku þátt í henni liðlega 67% af félögum í BSRB og af þeim reyndust 62 fylgjandi almennum verkfallsrétti, en 70 andvígir. Fylgjandi verkfallsrétti til handa stjórnarráðsstarfsmönnum voru 47, en andvígir 89. Hjá félögum í BHM voru tölurnar þessar, að fylgjandi almennum verkfallsrétti voru 29, en andvígir 25. Og fylgjandi verkfallsrétti til handa stjórnarráðsstarfsmönnum voru 20, en andvígir 35. Þessar tölur tala sínu máli.

Þá vil ég einnig vekja athygli á því sem varðar skipan kjaranefndar og er í 30. gr. frv. um kjarasamningana. Þar er annmarki svipaðs eðlis og verið hefur í lögum um samninga opinberra starfsmanna og Samband ísl. sveitarfélaga hefur margsinnis bent á, en þar er ekki gert ráð fyrir að aðilar kjaradeilu hjá sveitarfélagi geti skipað fulltrúa í kjaranefnd. Ég vitna hér til ákvæða laga um stéttarfélög og vinnudeilur varðandi skipan félagsdóms, en þar segir svo í 39. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Ef atvinnurekandi, sem er málsaðili, er ekki í Vinnuveitendafélagi Íslands skal dómari sá, sem tilnefndur er af því, víkja sæti, en í staðinn tilnefnir atvinnurekandinn dómara í málinu.“

Þarna hefði þurft að vera ákvæði, sem varðar starfsmenn sveitarfélaganna. Ég flyt hins vegar ekki brtt. um þetta atriði né önnur, vegna þess að mér er ljóst að ef farið verður að flytja brtt. við þessi frv., þá hljóta þær að stangast á við þá samningsgerð sem þegar hefur átt sér stað og mér er ljóst að slíkt er ekki heppilegt og í algerri andstöðu við aðila þessa samnings.

Ég vil taka það fram að ég hef í sjálfu sér ekkert á móti því að opinberir starfsmenn fái verkfallsrétt ef þeir endilega vilja fá hann. En það er hins vegar skilyrði af minni hálfu við fylgi slíkra till. að þeir njóti þá ekki sérstakra og óvenjulegra kjara umfram aðra hópa launþega í þjóðfélaginu. En það gera þeir vissulega í dag. Ég þarf ekki að nefna annað en verðtryggðan lífeyrissjóð og æviráðninguna, þótt hún nái ekki til allra opinberra starfsmanna.

En umfram allt, þá held ég að það séu ekki hagsmunir fyrir opinbera starfsmenn að krefjast verkfallsréttar vegna þess að verkfallsréttur opinberra starfsmanna verður alltaf að vera takmarkaður vegna eðlis hinna opinberu starfa. Verkfallsrétturinn takmarkast þá venjulega og óhjákvæmilega við þá sem lægst hafa launin og gegna kannske hinum minni háttar störfum, og þeim er þá beitt fyrir verkfallsvagninn.

Þrátt fyrir þessi viðhorf mín mun ég, eins og ég sagði áðan, ekki flytja brtt. við þessi frv. Ég mun heldur ekki greiða atkv. gegn þeim þar sem mér er ljóst að kjarasamningur hefur verið gerður milli BSRB og fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs og það eru ófyrirsjáanlegar afleiðingar þess ef Alþ. hafnar þessum samningum. En ég hlýt hins vegar vegna þessara skoðana, sem ég hef látið í ljós, að sitja hjá við atkvgr. um þessi frv.

Pétur Sigurðsson: Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni eitt með stærri málum þessa þings að mínu mati, og það er enginn vafi á því að við, sem nú erum að störfum síðustu daga þessa hv. Alþ., verðum að taka afstöðu til þessa máls og munum gera það. Ég heyri það á mönnum, þótt þeir séu ekki mjög ánægðir með hið efnislega innihald, sbr. tvo síðustu hv. ræðumenn sem hér hafa talað, þá eru þeir hins vegar á því að við verðum að afgreiða þetta mál. Ég er sama sinnis.

Við höfum hins vegar frammi fyrir okkur þá staðreynd að þeir menn, sem hér ætti að afgreiða í einu lagi ef ég mætti orða það svo dónalega, þeir hafa sjálfir kosið að kljúfa í milli sem í sjálfu sér er ekki nokkur ástæða til, vegna þess að það er starfið sjálft sem á að gera út um það hvaða kaup menn eiga að fá, það er ekki hvort einhver maður hafi setið á rassinum í háskóla í svo eða svo mörg ár. Lögregluþjónn þarf ekki að vera 8 ára háskólamaður. Hann gæti alveg eins verið úr Samvinnuskólanum og hefði staðið vel undir sínu starfi sem lögregluþjónn þótt hann hefði ekki setið í háskólanum í nokkur ár.

Bandalag það, sem varð til eftir að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja varð til, var því miður klofið að mínu mati. Ég álít að samþjöppun, hvort sem er á þessu sviði eða öðru hjá launþegasamtökunum, hafi verið nauðsynleg. En því miður urðu þarna nokkrir aðilar til þess að stuðla að þessu, og þetta er mikill ágalli. Og það þarf enginn að segja mér að það þurfi endilega að vera menn með háskólapróf til þess að gegna ákveðnum stöðum sem þeir hinir sömu gegna í dag. Þetta er út af fyrir sig ekki það, sem varðar þetta mál beint. En ég vil samt sem áður nú nota þetta tækifæri til þess að benda á ábendingu og samþykkt Alþýðusambands Íslands í sambandi við æviráðninguna.

Það hafa, held ég, nær allir innan Alþýðusambands Íslands, hvort sem þeir koma úr hægri eða vinstri röðum eða einhverjum öðrum röðum sem líka finnast þar, þeir hafa verið meðmæltir því að þessir aðilar fengju sinn rétt til þess að fara í verkfall. En hins vegar virðist í þessu frv. að mínu mati vera þannig komið í sumum kringumstæðum að allir hinir hærra launuðu geti haldið áfram og eigi að halda áfram starfi meðan skrifstofustúlkurnar fari í verkfall til þess að berjast fyrir hærra kaupi fyrir hina sömu sem vinna áfram sína vinnu.

Við skulum segja að þetta sé fyrsta skrefið sem er verið að stíga til þess að þetta fólk fái þennan rétt, og m. a. vegna þess mun ég greiða atkv. með þessu frv. þótt ég sjái á því marga ágalla. Ég tel að þeir, sem að því stóðu að semja þetta frv. og ná samkomulagi, bæði hæstv. fjmrh., hans starfsmenn og aðrir, hafi unnið þarna ákaflega gott starf og þeir mega eiga allan heiður af því. Hins vegar, eins og ég tók fram áðan, eru margir ágallar á því, en við skulum þá reyna að lagfæra þá í næsta áfanga. En þarna er fyrst og fremst um að ræða samkomulag við viðkomandi aðila, og við getum ekki borið á móti því að þarna er samkomulag á milli þessara aðila, hvort sem okkur líkar betur eða verr. Að sjálfsögðu eiga þeir ekki að koma hingað og segja: Við pöntum svo lagasetningu eftir að við höfum samið um eitthvað. En ég held að þetta mál sé búið að vera í deiglunni það lengi að við verðum að taka afstöðu til þess hér á hv. Alþingi.

Hv. síðasti ræðumaður, sem reyndar er annar þm. Sjálfstfl. sem hér hafa talað um þetta mál, báðir hafa verið heldur á móti þessu máli, og það var þess vegna sem ég kvaddi mér hljóðs til þess að láta vita að ég er með málinu og við eigum að samþykkja þetta mál eins og það er. Ég veit að þetta verður erfitt mál, það verður erfitt í framkvæmd. En hvað er ekki erfitt í sambandi við okkar vinnulöggjöf? Persónulega er ég sjálfur á því að við eigum að vera menn til þess, ekki síst þeir sem koma úr verkalýðshreyfingunni, vera menn til þess að endurskoða löggjöf sem sett var 1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, og við eigum ekkert að óttast það að endurskoða hana, heldur vera með opin augu fyrir því að tímar hafa breyst. Og sama er nú að ske í sambandi við opinbera starfsmenn. Við erum að opna augu okkar fyrir því að þetta fólk á líka að hafa sinn rétt þó að við verðum líka að hafa neyðarréttinn til hliðar, um það að ákveðnir aðilar verði að gegna sínum skyldustörfum þegar þannig stendur á, enda geri ég ráð fyrir því að það verði enginn sjómaður sem mundi nokkurn tíma láta sér detta það í hug að hann færi í verkfall kl. 12 einhvern tíma að nóttu til eða degi úti á sjó og segði: Við erum hættir að sigla, við ætlum að láta reka hangað til verkfallið leysist, — enda geri ég ekki ráð fyrir því að það sé heldur meiningin hjá opinberum starfsmönnum.

Ég held að það, sem er mótað í þessari löggjöf sem við erum núna að ræða um, sé á nokkurn hátt táknrænt fyrir það sem við verðum að horfast í augu við, hinir sem komum frá almennu verkalýðsfélögunum. Ég ætla ekki að segja til um það hvort mitt mat sé að það eigi endilega að vera svona eða öðruvísi. En ég er alveg viss um að við verðum að fara að opna augu okkar fyrir því að vinnulöggjöfin í dag er úrelt og ef þetta getur orðið til þess að móta það sem skynsamlegt er hjá okkur, þá segi ég að það er gott.

Það kom fram hjá síðasta ræðumanni í sambandi við félagsdóm, hann varpaði fram þeirri hugmynd ef atvinnurekandi eða fulltrúi atvinnurekanda væri ekki aðili að félagsdómi. Ég tók ekki eftir því að hann hefði orð á því að máske væri svo að fulltrúi launþegans ætti ekki heldur sæti undir þeim kringumstæðum í félagsdómi. Máske hef ég misskilið þetta, en ég vil bara benda á það að í sjálfu sér er félagsdómur ekki annað en samkomulagsgrundvöllur með oddaaðila sem sker úr um hvor hafi á réttu að standa. Auðvitað fylgir hvor sínum að venju, a. m. k. þegar lögfræðingar eiga í hlut, enda fá þeir greitt fyrir það.

Virðulegi forseti. Ég vil, án þess að fara að taka fyrir frekar einstakar gr. í frv., aðeins mæla með samþykkt þess. Ég geri mér fulla grein fyrir því að það eru margir agnúar á því, og um leið og við erum að afgreiða þetta frv., þá verður okkur að sjálfsögðu horft til ýmissa annarra atriða í annarri löggjöf, sem er löggjöfin um stéttarfélög og vinnudeilur. Ef við getum verið menn til að samþykkja þetta frv. nú, þá eigum við líka að geta verið menn til að samþykkja nauðsynlegar breytingar á núgildandi vinnulöggjöf, og þýðir þá ekki fyrir nokkurn mann að vera að snúa út úr mínum orðum, hvorki í Morgunblaðinu 1. maí né á öðrum tíma, þegar ég bendi á staðreyndir sem eru okkur í verkalýðshreyfingunni til háborinnar skammar.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Það var ekki ætlun mín að fara að ræða þetta mál hér, en það var einkum ræða hv. 1. þm. Suðurl. sem varð þess valdandi, að ég tel mig knúinn til að segja örfá orð.

Frv. það, sem hér um ræðir, er samningamál milli opinberra starfsmanna og ríkisstj. um nýtt fyrirkomulag á samningamálum opinberra starfsmanna. Með þessu frv. og þeim samningum, sem að baki þess liggja, fá nú opinberir starfsmenn verkfallsrétt þótt æríð takmarkaður sé. Ég þarf ekki að taka það fram að að sjálfsögðu er ég fylgjandi þessu frv. og mun greiða því atkv. Ég hef oftar en einu sinni átt hlut að því hér á hv. Alþ. að flytja frumvörp um breyt. á l. frá 1915 sem banna opinberum starfsmönnum að gera verkfall. Eins og ég tók fram, þá er hér um að ræða býsna takmarkaðan rétt, sem opinberir starfsmenn fá nú, og er langt frá því að vera sami réttur og hin almennu verkalýðsfélög í landinu hafa áunnið sér og felst í vinnulöggjöfinni. Ég ætla ekki að fara að telja hér upp þau atriði sem frábrugðin eru. Hins vegar óttast ég að þessi takmarkaði verkfallsréttur, sem opinberir starfsmenn nú fá, verði notaður sem fyrirmynd til breytinga á vinnulöggjöfinni og muni ýta undir þær mjög háværu kröfur sem atvinnurekendur hafa gert um skertan rétt verkalýðsfélaganna til verkfallsaðgerða. Það þarf ekkert að efast um að þeir muni sækja býsna mikil rök og fyrirmynd í einmitt þann samning sem nú hefur verið gerður. En ég skil ákaflega vel afstöðu og aðstöðu opinberra starfsmanna. Þeir eru

nú að stíga aðeins fyrsta skrefið til þess að fá fullan verkfallsrétt.

Hv. 1. þm. Suðurl., Ingólfur Jónsson, notaði tækifærið til þess að koma fram og tala máli hinna mjög svo hörðu krafna atvinnurekenda og afturhalds í landinu um breytingar á vinnulöggjöfinni sem ættu að svipta verkalýðsfélögin þeim verkfallsrétti, sem þau hafa í dag að meira eða minna leyti. M. a. minntist hv. þm. á að sáttasemjari ríkisins ætti að fá vald í hendur til þess að fresta verkföllum í a. m. k. tvo mánuði. Það er eins og Taft-Hartley væri hér í ræðustól, nákvæmlega sama, nema það var, held ég, þrír mánuðir. Öðru munar ekki. Ég vil vara við því mjög eindregið að það verði nú farið að rífa upp vinnulöggjöfina til þess að hefta frelsi verkalýðsfélaganna.

Hv. þm. Pétur Sigurðsson sagði áðan að vinnulöggjöfin væri orðin úrelt. Ég er engan veginn sammála þessu, ætla hins vegar ekki að fara að ræða málin neitt í smáatriðum. Vissulega hefur mikið vatn runnið til sjávar síðan vinnulöggjöfin var sett 1938, en engu að síður álít ég að hún standi enn þá sæmilega fyrir sínu. Vissulega hafa komið margs konar sambúðarvandamál milli verkalýðsstéttarinnar annars vegar og atvinnurekenda hins vegar öll þessi ár, ekkert frekar nú á síðustu árum heldur en á fyrstu árum vinnulöggjafarinnar. Ég er ekki þar með að segja, þó að ég telji þessi lög ekki úrelt í þeim skilningi sem mér fannst hv. þm. hafa hér um það áðan, þá er ég engan veginn að segja að ekki mætti bæta þau og færa þau kannske meira til horfs sem væri réttara í dag en var 1938. Ég vil sérstaklega nefna kaflann um sáttatilraunir, þ. e. a. s. starfssvið sáttasemjarans, en engan veginn á þann veg sem hv. 1. þm. Suðurl. nefndi. Allt þetta þarf að skoða og hefur verið skoðað undanfarin ár eða raunar frá 1972 hafa þessi mál verið í skoðun milli samningsaðila. Það er eindregin skoðun mín og ég held flestra, sem um þessi mál fjalla af hálfu verkalýðsfélaganna, að þessi mál, þessi erfiðu sambúðarmál eigi fyrst og fremst að leysa með samningum milli aðila vinnumarkaðarins, en ekki með löggjöf, nema þá að svo miklu leyti sem löggjöf væri nauðsynleg til þess að lögfesta samkomulagsatriði þeirra í milli.

Herra forseti. Ég skal ekki orðlengja um þessi mál núna. Ég tel að eitt og annað af því, sem kom fram í ræðu hv. þm. Ólafs G. Einarssonar, hafi við rök að styðjast. Ég veit að ágallinn á þessum málum, eins og þau liggja fyrir í frv. og samningum opinberra starfsmanna, er mjög mikill. Ég sé þar alveg fyrir mér hluti sem við höfum orðið að ganga í gegnum í verkalýðsfélögunum og rekum okkur alltaf á og er slæmt að skuli ekki hafa leyst betur en gerðist í þessum samningum. Þarna verða mjög erfið mál, áreiðanlega innri mál Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og einnig þegar til framkvæmdarinnar kemur milli samningsaðilanna.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar, en lýsi því yfir að ég greiði atkv. með þessu frv. þó að ég sjái mjög augljósa galla. En ég sé líka og veit að hér er aðeins verið að stíga fyrstu skrefin til þess á þeirri braut að opinberir starfsmenn fái þá sjálfsögðu réttarbót í sínum málum að hafa sama rétt á þessu sviði eins og önnur launafélög í landinu.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það er síður en svo að ég sé að mótmæla hv. síðasta ræðumanni, heldur vil ég einmitt árétta hans orð, þó að því marki að ég kannske tel að við séum ekki beinlínis skuldbundnir meðan við búum við það í okkar löggjöf að opinberir starfsmenn séu æviráðnir og þó með þeim takmörkunum sem þetta frv. segir, þá tel ég samt sem áður að þarna sé verið að stíga geysilega stórt spor fram á við til þess að koma þeim nokkuð til þess svokallaða jafnréttis sem verkalýðshreyfingin býr við. En það, sem ég taldi samt sem áður rétt að vekja athygli á áðan í minni fyrri ræðu, er að ég er ekki viss um að þetta sé réttlæti gagnvart því fólki sem býr við þetta. Ég er búinn að reka mig á það á undanförnum árum, þótt ég sé yngri maður í verkalýðshreyfingunni heldur en hv. síðasti ræðumaður, þá er ég búinn að reka mig á það margoft að ég er ekki svo viss lengur um að lögin frá 1938 um stéttarfélög og vinnudeilur séu sú eina náðar- og eilífðarblessun fyrir launþegasamtökin sem þau ættu þó að vera. En ég held að við hljótum þó, ég og hv. þm. Eðvarð Sigurðsson, að vera sammála um að þannig ætti að vera um þessi lög. A. m. k. treystum við því, ef til endurskoðunar kemur á þessum lögum, sem ég hef fyllilega trú á að sé orðin tímabær, þá auðvitað verður það ekki gert nema í fullu samráði bæði við launþegasamtökin og vinnuveitendur. Það er ekki hægt annað, því að ef ætti að fara í stríð við annan hvorn aðilann, þá er þetta dautt og ómerkt á stundinni. Þetta vitum við, sem erum hér í þingsal í dag.

En gagnvart opinberum starfsmönnum, og það er málið sem við erum að ræða, þá vil ég aðeins endurtaka orð mín um það, að ég álít að það sé verið að stíga stóran áfanga fram á við. Ég fagna því að það skuli vera núv. hæstv. ríkisstj. sem stígur það spor í dag að gera þetta sem fyrri ríkisstj. jafnvel hafa lofað, en ekki efnt. Ég fagna því að þarna skuli þó vera stigið þetta spor. Þótt áfangar séu teknir í sambandi við þetta frv. sem að sumu leyti fara nokkuð aftur á bak miðað við það sem gilt hefur í samskiptum launþega og vinnuveitenda fram til þessa samkv. lögunum frá 1938, þá er kannske þó nokkuð stór hópur sem álítur, að við séum kannske á réttri leið, en ekki hitt, þegar það verður samþykkt.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta og sé ekki ástæðu til annars en ítreka þau orð mín að ég mun styðja þetta frv. til hins ítrasta, að það nái fram að ganga, og þakka þeim ráðh., sem hafa átt hlut að, og um leið stéttarfélagssamtökunum, sem hafa átt hlut að því að ná samkomulagi um þetta frv.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ástæða þess, að ég kvaddi mér hljóðs hér, eru ummæli sem komu fram í ræðu hv. 1. þm. Suðurl. áðan. Ég vil sérstaklega vekja athygli á þeim ummælum og benda um leið á hvers fyrirboði þau ummæli eru, hvað raunverulega er hér að gerast. Í fyrsta lagi vil ég leyfa mér að minna hv. dm. á það, að hinn 1. maí s. l. flutti forseti Alþýðu-

sambands Íslands, Björn Jónsson, ræðu á útifundi hér í Reykjavík þar sem hann sagði m. a. að hann hefði vitneskju um það að á borðum ráðh. í þessari hæstv. ríkisstj. væru tilbúin drög að frv. um nýja vinnulöggjöf sem þessir aðilar hefðu látið semja án nokkurs samráðs við Alþýðusambandið og án þess að vitað væri til þess að nokkurt samráð hefði verið haft við hinn aðila málsins, Vinnuveitendasamband Íslands. Þá vil ég einnig benda á það, að í blaðafregn nýlega, lítilli fregn sem ekki fór mikið fyrir, var sagt frá því að fundur mundi hafa verið haldinn að tilhlutan ríkisstj. eða einhverra ráðh. hennar þar sem kynnt hefði verið ný vinnulöggjöf eða drög að nýrri vinnulöggjöf fyrir aðilum vinnumarkaðarins. Þegar það svo gerist í kjölfar af þessu að hv. 1. þm. Suðurl., sem er áhrifamaður mikill í stjórnarliðinu, stendur hér á fætur og finnur í ræðu sinni ástæðu til þess að lofta þá hugmynd að sáttasemjari ríkisins eða slíkur aðili fái leyfi til þess að fresta boðuðum verkföllum allt að 60 dögum, þá kemur mér ekki til hugar annað heldur en þessi hv. þm. sé þar að skýra frá vitneskju sem hann hafi um hluti sem sé að finna í þessari vinnulöggjöf sem hæstv. ríkisstj. hefur látið semja, tilgangur hv. þm. sé m. a. sá að fá fram hér frá þm. hverjar undirtektir mundu verða við slíkri hugmynd yrði hún orðuð í frv. sem ríkisstj. mundi semja og væntanlega leggja fram á Alþ., sennilega næsta haust.

Ef þetta er rétt, sem ég held, þá er sem sagt niðurstaðan fengin af þeim skefjalausa áróðri sem rekinn hefur verið af afturhaldsöflunum í þessu landi og málgögnum ríkisstj. í allan vetur gegn verkalýðshreyfingunni og þeim vinnubrögðum sem tíðkuð eru við gerð kjarasamninga. Það fer sem sé ekki á milli mála að þessi ákafi áróður átti einhverju markmiði að þjóna, og þetta er þá markmiðið, þetta er niðurstaðan, sú að grafa undan starfsaðferðum launþegasamtakanna í kjaradeilum í von um að með því móti gæti ríkisstj. e. t. v. fengið aukið liðsinni við hugmyndir um að svipta launþega ákveðnum réttindum sem þeir hafa haft til þessa. Ég held að það fari varla fram hjá mönnum, sem hafa fylgst mikið með þessum umr. og þessum áróðri sem rekinn hefur verið af málgögnum stjórnarflokkanna í vetur, — það hefur vart farið fram hjá mönnum hvernig honum hefur verið stýrt. Það hefur verið sagt að ekkert hafi gerst í samningamálum vikum saman, ekkert hafi verið rætt við um gerð nýrra kjarasamninga fyrr en í verkfall væri komið og þá yrði að leysa erfiðan vanda á tveimur eða þremur sólarhringum.

Því hefur verið haldið fram að verkalýðshreyfingin eða forustulið verkalýðshreyfingarinnar og þær starfsaðferðir, sem þetta forustulið beitir, gætu ekki skilað verkafólki neinum árangri, þarna yrði að breyta til. Og bjargráðið á sem sagt að vera það sem hv. 1. þm. Suðurl. lýsti hér áðan, að svipta verkalýðshreyfinguna, a. m. k. takmarka rétt hennar til þess að bregða fyrir sig örþrifavopninu þar sem verkfallsvopnið er. Markmiðið með þessum söng, sem hafður hefur verið uppi í allan vetur, hefur sem sé verið sá að grafa undan trausti og tiltrú á núverandi vinnulöggjöf og starfsaðferðum sem verkalýðshreyfingin beitir í kjarasamningamálum með það að markmiði að geta komið fram frv. með þessu ákvæði sem hv. 1. þm. Suðurl. var hér að lýsa.

Ég ætla ekki að halda langa tölu um þetta mál. Það gefst e. t. v. tækifæri til þess að gera það síðar og e. t. v. ekki langt undan að þess þurfi með. En ég vil aðeins leyfa mér að benda á nokkur atriði í þessu sambandi:

1. Stefna Alþýðusambands Íslands í kjaramálunum lá fyrir þegar í des. s. l.

2. Þá þegar hófust viðræður milli Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambands Íslands.

3. Um þetta leyti mótaði verkalýðshreyfingin stefnu varðandi stjórnarfarslegar aðgerðir, sem hún taldi að mundu geta greitt fyrir lausn samningamálanna, og óskaði eftir því að ríkisstj. a. m. k. tæki þessar till. til athugunar og léti álit sitt í ljós.

4. Þegar það fékkst ekki gert gekk verkalýðshreyfingin á fund hins aðila vinnumarkaðarins, Vinnuveitendasambands Íslands, og bað um viðræður um till. um aðgerðir sem síðar yrðu sendar ríkisstj. Þetta var gert. Þá stóð ekki á því af hálfu verkalýðshreyfingarinnar að hún mótaði sína kjaramálastefnu og hún tæki upp eðlilegar viðræður við samningsaðila og ríkisvaldið með góðum fyrirvara.

Hins vegar reyndist það svo, og það er rétt, að það fór enginn skriður að komast á þessi mál fyrr en verkfall var yfirvofandi. En það er að sjálfsögðu ekki verkalýðshreyfingunni að kenna. Það er að sjálfsögðu ekki henni að kenna að ríkisstj. svarar ekki till. hennar vikum og mánuðum saman. Það er ekki verkalýðshreyfingunni að kenna að atvinnurekendur voru ekki til viðtals fyrr en þeir horfðust í augu við aðsteðjandi verkfall. Það er ekki verkalýðshreyfingunni að kenna að slík stjórn skuli sitja í landinu sem aðeins vill við hana ræða á vígvelli verkfalla. En það á að kenna verkalýðshreyfingunni um þetta. Það á að saka hana fyrir þetta eins og gert hefur verið, og bjargráðið á að vera að knýja fram nýja vinnulöggjöf án samráðs við verkalýðshreyfinguna þar sem verkfallsréttur hennar er takmarkaður.

Og nú vil ég aðeins rétt undir lok máls míns biðja menn að íhuga eina spurningu, og hún er þessi: Telja menn nú líklegt að samið hefði verið í febrúarmánuði, eins og þó var gert, ef sáttasemjari ríkisins eða m. ö. o. ríkisstj. hefði getað haft það vald í höndunum, því að hún getur komið töluverðu áleiðis til sáttasemjara, — telja menn að samið hefði verið í febrúar ef sáttasemjari hefði þá frestað framkvæmd verkfalls um 60 daga? Ég er þeirrar skoðunar að ef það hefði verið gert í febrúarmánuði, þá hefðu samningar varla tekist enn. Það eitt, að verkfall var yfirvofandi, gerði samningana kleifa. Það er rétt að það tók allt of langan tíma að fá niðurstöður af viðræðum aðila vinnumarkaðarins, en það fékkst aðeins vegna þess að verkalýðshreyfingin gat gripið til verkfallsvopnsins. Ef henni hefði verið meinað að gera það, eins og mér virtist að hv. 1. þm. Suðurl. væri að lýsa að gera ætti, þá hefðu viðræðurnar tekið miklu meiri tíma, þá hefði verið miklu lengri bið á því að niðurstaða hefði fengist.

Að lokum þetta: Það er rétt hjá hv. þm. Pétri

Sigurðssyni að það er ýmislegt sem þarf að breyta í vinnulöggjöfinni. Það mun víst hafa verið alþfl.-maður sem samdi þá löggjöf, og hún er búin að standa sig nokkuð vel, sú löggjöf, enda samin af ágætum manni. En jafnvel þó að alþfl.-menn semji góð lög, þá getur verið að tíminn krefjist þess að þeim verði breytt til bóta. Ég tel að það sé fullur vilji hjá bæði verkalýðshreyfingunni og Vinnuveitendasambandinu að fá fram breytingar á vinnulöggjöfinni sem þessir aðilar báðir telja að séu eðlilegar. Það eiga sér stað viðræður milli þessara aðila um slíkar breytingar. Ef stjórnvöld hlaupa nú inn í það mál í miðjum klíðum og ganga að eigin frumkvæði frá frv. að nýrri vinnulöggjöf, sem á síðan að kasta fram í þessar viðræður aðila vinnumarkaðarins um breytingar á vinnulöggjöfinni óvænt og með eiginlega fyrirmælum um það að taka nú þegar í stað afstöðu til hugmynda sem meirihlutaríkisstj. í landinu setur fram, þá tel ég að hjá því muni ekki verða komist að upp úr viðræðum aðila vinnumarkaðarins um endurskoðun vinnulöggjafar slitni, og ef ríkisstj. í beinu framhaldi af því ætlaði að reyna að nota meiri hl. sinn hér í þinginu, sem ég vona að hún reyni ekki að gera, en ef hún ætlaði að gera það til að knýja fram vinnulöggjöf sem aðilar vinnumarkaðarins báðir tveir gætu ekki fyllilega sætt sig við, þá ætla ég eindregið að vara við því og tel að þá sé betur heima setið en af stað farið hjá ríkisstj. og stuðningsflokkum hennar.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég viðurkenni það fúslega að ég og hv. síðasti ræðumaður erum nokkuð komnir út yfir það eiginlega umræðuefni sem hér er á dagskrá. Ég vil aðeins taka það fram samt sem áður og undirstrika þá skoðun mína mjög sterklega að það verður auðvitað ekkert gert á sviði breytinga um vinnulöggjöf nema í samráði við bæði verkalýðshreyfinguna og vinnuveitendur. Það er þetta sem ég vil undirstrika mjög sérstaklega, að það er ekki hægt að gera þetta. En ef báðir þessir aðilar ásamt löggjafanum geta fundið skynsamlegri leiðir heldur en við höfum farið á undanförnum árum, þá eigum við hiklaust að fara þær.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Það er ekki hægt að sitja undir fullyrðingum eins og hv. 8. landsk. þm. kom með áðan varðandi vinnulöggjöfina og hugsanlegar breytingar sem kunna að vera gerðar á henni í framtíðinni án þess að svara því og einnig þeim málflutningi sem hann hafði uppi í sambandi við þá málsmeðferð sem núv. félmrh. hefur haft í sambandi við þetta mál.

Hv. þm. sagði að hann ætlaði að vara við því að breytingar yrðu gerðar á vinnulöggjöfinni, en áður var hann búinn að fullyrða að það ætti að knýja fram breytingar á vinnulöggjöfinni án samráðs við verkalýðshreyfinguna, það væri ásetningur núv. ríkisstj. Ef hann hefur ekki sagt það, þá er það ágætt, þá hefur mér misheyrst.

Ég veit ekki betur en hæstv. félmrh. hafi skýrt miðstjórn Alþýðusambands Íslands frá hugmyndum hlutlausra sérfræðinga varðandi hugsanlegar breytingar á núgildandi vinnulöggjöf. Það voru þrír menn fengnir til þess að fara yfir vinnulöggjöfina eða leggja fram hugmyndir til breytinga. Meðal þessara manna er Jón Þorsteinsson fyrrv. þm. Alþfl., og ég geri ráð fyrir því að hv. 8. landsk. treysti honum manna best til þess að fjalla þannig um þessi mál að það ætti ekki að skaða alþýðu manna í landinu.

Annars finnst mér það utan við meginefni þess máls, sem hér er til umr., að vera að ræða um vinnulöggjöfina. Vinnulöggjöfin er ekki hér til umr., heldur breytingar á réttindum og skyldum opinberra starfsmanna. Það hefur komið hér fram, m. a. hjá hv. 7. þm. Reykv., Eðvarð Sigurðssyni, að það, sem hér er til umr., þ. e. a. s. þau frv., væri raunverulega fyrsta skrefið í þá átt að veita opinberum starfsmönnum fullan verkfallsrétt. Hann talaði einnig um það að með því að veita þann takmarkaða rétt, sem felst í frv. væri ekki verið að veita opinberum starfsmönnum sama rétt og félögunum í almennu verkalýðsfélögunum, þ. e. a. s. hinu almenna launafólki úti í atvinnulífinu sem ekki flokkast undir það að vera opinberir starfsmenn og verndaðir samkv. því með löggjöf. Ég vil vekja athygli á því að hinn almenni launamaður úti á vinnumarkaðnum nýtur ekki sama réttar á mörgum sviðum eins og opinberir starfsmenn njóta nú í dag án þess að þessi löggjöf komi til. Ég vil vekja athygli á því að opinberir starfsmenn hafa hlunnindi sem hinn almenni launamaður nýtur ekki. Minni ég þar sérstaklega á það að þeir hafa verðtryggðan lífeyrissjóð. Það er ekki lítil kjarabót, ekki hvað síst á verðbólgutímum. Þá vil ég minna á það að opinberir starfsmenn njóta hagkvæmari orlofskjara heldur en hinn almenni launamaður. Og síðast, en ekki síst vek ég athygli á því, að þeir njóta svokallaðrar æviráðningar. Og æviráðning er ekki lítils virði og hefur aldrei verið lítils virði.

Ég er þeirrar skoðunar að það skref, sem verið er að stíga með þeim lögum sem hér eru til umr., muni hafa mikil og djúpstæð áhrif í för með sér í framtíðinni, miklu meiri áhrif en ég held að hv. þm. annaðhvort vilja kannast við eða fjalla um frammi fyrir alþjóð í þessum umræðum.

Það hefur ekki verið minnst á það hvað sá fjöldi sé mikill sem mun fá verkfallsréttinn, en njóta jafnframt æviráðningar. Eftir því sem opinberar skýrslur greina frá munu vera 10—12 þús. opinberir starfsmenn í landinu. Lauslega áætlað munu vera um 40 þús. manns á hinum almenna vinnumarkaði sem flokkast ekki undir opinbera starfsmenn, þ. e. a. s. ársstarfsmenn, og auk þess koma bændur, sjálfstæðir vinnuveitendur, o. s. frv. þar til viðbótar. Þessi mikli fjöldi opinberra starfsmanna, sem ég tel auðvitað eins og allir hv. þm. að eigi að njóta góðra kjara eins og aðrir launþegar í landinu, hefur því miður reynst íslensku þjóðinni fjárhagslega ofviða síðustu árin. Það er hið mikla vandamál hv. Alþ. og ríkisstj. hvernig á að leysa fjármál hins opinbera á hverjum tíma. Meginhluti ríkisútgjalda er launakostnaður. Atvinnuvegirnir rísa varla undir hinu mikla ríkisbákni þannig að spurningin er sú: Hvað er hægt að gera til þess að draga saman seglin? Það hefur ekki enn tekist að finna lausn á því

máli vegna þess m. a. að það er ekki hægt að leggja niður störf hjá ríkinu eða breyta þar til með sama hætti og á almennum vinnumarkaði.

Ég er ekki að leggja til, nema síður sé, að það eigi að segja upp opinberum starfsmönnum sem slíkum. En það getur verið nauðsynlegt og óhjákvæmilegt að gera breytingar hjá hinu opinbera eins og annars staðar í atvinnulífinu eftir því sem aðstæður og möguleikar þjóðarinnar gefa tilefni til á hverjum tíma.

Ég er þeirrar skoðunar og vil láta það álit koma fram að ég get ekki stutt það frv. eða þau frv., sem hér eru nú til umr., í því formi sem þau liggja fyrir hv. Alþ. Ég tel að þessi frv. séu ófullnægjandi og í þeim felist ákveðið misrétti gagnvart hinum almenna launamanni sérstaklega. Það er ekki nægilegt að segjast vilja skapa öðrum meiri rétt ef maður getur ekki tryggt að það sé ekki gert á kostnað fjöldans. Ég er þeirrar skoðunar að ef æviráðning og verkfallsréttur fari saman hjá takmörkuðum hópi manna, í þessu tilfelli opinberum starfsmönnum, þá muni það koma niður á hinum almenna launamanni og sérstaklega atvinnulífinu í landinu í framtíðinni ef ekki er farið varlega með þennan verkfallsrétt. Það er auðvitað grundvallaratriði.

Verkfallsréttur og æviráðning eru að mínu mati, miðað við íslenskar þjóðfélagsaðstæður, ósamrýmanleg. Það þykir kannske ekki henta að stjórnmálamaður gefi slíka yfirlýsingu, en mín skoðun er sú að ef ekki er farið varlega með verkfallsréttinn hjá hinu opinbera, þá muni það vera orð að sönnu að ósamrýmanlegt er að hafa þetta hvort tveggja á einni hendi, auk þess sem þessi hvöfaldi réttur skapar gífurlegt misrétti gagnvart öðrum þjóðfélagshópum sem njóta ekki æviráðningar og tryggingar fyrir fullri atvinnu hvað sem á dynur. Auk þessa mun þessi réttur á sömu hendi valda ríkisvaldinu og sveitarfélögunum gífurlegum vandamálum í framtíðinni. Ég leyfi mér að fullyrða vegna þeirrar reynslu sem ég hef fengið sem aðili að því að beita verkfallsvopninu að hér er raunverulega verið að búa til vopn sem setur hv. Alþ. og ríkisstj. í framtíðinni algerlega upp við vegg sé því beitt af fullri hörku og miskunnarleysi, og þá verður lýðræðinu hætt í okkar ágæta landi. (Gripið fram í: Þú beitir ekki verkfallsvopninu öðruvísi Guðmundur.) Verkfallsvopn er neyðarréttur. Það var hugsað sem neyðarréttur á sínum tíma vegna þeirra sem áttu í vök að verjast. Við höfum horft upp á það hvernig verkfallsvopnið hefur verið notað af hátekjustéttum í þessu þjóðfélagi, þ. e. a. s. hátekjufólki, og mér finnst það ekki koma nógu skýrt fram í þessu frv. hvernig línan er dregin milli þessara stétta.

Það hafa allar ríkisstj. þurft að setja brbl. til þess að forða frá verkföllum hjá svokölluðum hátekjuhópum, og ég geri ráð fyrir því að sá vandi muni einnig koma upp þegar þessi réttur verður notaður fyrir opinbera starfsmenn. Ég vil taka það einnig mjög skýrt fram að ég er fylgjandi auknum kjarabótum og auknum réttindum til handa opinberum starfsmönnum sem öðru launafólki í landinu. En þá vil ég einnig undirstrika það sem samþykkt var með öllum greiddum atkv. á kjaramálaráðstefnu Alþýðusambands Íslands 4. des. s. l., að um leið og opinberir starfsmenn öðluðust þennan rétt, þá skyldu þeir sitja við sama borð og aðrar stéttir í landinu. Þessi samþykkt var gerð 4. des. 1975 af öllum forustumönnum Alþýðusambandsins á kjaramálaráðstefnu í Tjarnarbúð í Reykjavík. Framangreindur hluti þeirrar ályktunar, sem gerð var vegna kjaramála ASÍ á þeim tíma, var ekki þannig orðaður í upphafi. En breyting var gerð á fram komnu uppkasti varðandi þennan lið. Hinir róttæku aðilar og fleiri innan Alþýðusambandsins, sem sátu þessa ráðstefnu, bættu við að þeir væru sammála því að opinberir starfsmenn fengju verkfallsrétt, en þá skyldu þeir líka sitja við sama borð og annað fólk í landinu. Með því var átt við það að fyrir verkfallsréttinn skyldi æviráðningin afnumin, sem er rökrétt hugsun, nema eitthvað annað liggi að baki hjá þeim sem sækja þennan rétt hvað ákafast fyrir opinbera starfsmenn.

Nú er mér kunnugt um það að meðal opinberra starfsmanna eru mjög skiptar skoðanir um verkfallsréttinn. Við mig hefur rætt fjöldi manns og tjáð sig um það að þeir hafi ekki áhuga á verkfallsréttinum sem slíkum.

Að lokum vil ég segja þetta: Ég er fylgjandi því út af fyrir sig að opinberir starfsmenn fái fullan verkfallsrétt, en á móti komi að þeir sitji við sama borð og aðrar stéttir þjóðfélagsins, þ. e. a. s. að þeir njóti ekki æviráðningar á meðan aðrir njóta þess ekki að hafa ætíð tryggða fulla atvinnu. Með tilliti til þess að ég tel að þessi frv. fullnægi ekki þessu sjónarmiði né öðrum, er ég hef fyrr frá greint, þá mun ég ekki greiða þeim atkv. mitt.

ATKVGR.

Brtt. 786 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 20:1 atkv.
2.—46. gr. samþ. með 21:2 atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 573, n. 814). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, frv. (þskj. 574, n. 815). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Laun starfsmanna ríkisins, frv. (þskj. 575, n. 816). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Iðnþróunarsjóður fyrir Portúgal, frv. (þskj. 584, n. 833). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv.

Frsm. (Gylfi Þ. Gíslason): Hæstv. forseti. Fjh.- og viðskn. mælir einróma með því að frv. þetta verði samþykkt. Hinn 6. nóv. s. l. tók ráðherrafundur Fríverslunarsamtaka Evrópu, EFTA, sem Ísland er, eins og kunnugt er, aðili að, þá ákvörðun að koma á fót sérstökum sjóði til aðstoðar Portúgal sem einnig er aðili að EFTA, enda kunnugt að Portúgal á nú við mikla efnahagserfiðleika að etja. Var ákveðið að sjóðurinn skyldi nema jafnvirði 100 millj. Bandaríkjadollurum. Ráð EFTA samþykkti síðan í apríl s. l. reglur fyrir þennan sjóð sem hlotið hefur nafnið Iðnþróunarsjóður fyrir Portúgal. Framlag Íslands í sjóðinn samkv. þeim reglum á að nema 1% og greiðast á 5 árum, þ. e. a. s. um 35 millj. kr. á ári í 5 ár eða samtals 173.5 millj. kr. Þessi framlög eru ekki óafturkræft framlag, heldur eiga þau að endurgreiðast og munu endurgreiðslurnar hefjast eftir lok 11. starfsárs sjóðsins og verða lokið eigi síðar en í lok 25. starfsársins. Af framlögunum munu fást lágir vextir eða 3% vextir. Ísland mun fá aðild að stjórn sjóðsins og mun viðskrh., eins og eðlilegt er, skipa fulltrúa Íslands í sjóðsstjórnina. — N. mælir sem sagt einróma með því að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 725, n. 818). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv.

Frsm. (Gunnlaugur Finnsson): Hæstv. forseti. N. fjallaði um þetta frv. á fundi sínum og varð sammála um að mæla með frv. óbreyttu eins og það kom frá Ed., en þar voru gerðar lítils háttar breytingar á 2. gr. frv. í þá veru að gert er ráð fyrir að fólksfækkunarframlagið miðist við meðalútsvar í landinu. Á 1. gr. voru engar breytingar gerðar. Hún fjallar um Jöfnunarsjóðinn og nýjar reglur varðandi úthlutun úr Jöfnunarsjóði.

Ég vil þó aðeins geta þess lauslega að í grg., sem fylgir frv., er á það minnst að það sé nauðsynlegt að hafa þá heimild í lögum að geta úthlutað jöfnunarsjóðsframlagi fyrirvaralaust eða fyrirvaralítið til þess að Jöfnunarsjóðurinn geti úthlutað vegna áfalla eins og urðu í Neskaupstað. Ég vil aðeins í sambandi við þetta benda á það að hér hafa verið til umræðu í vetur lög frá í fyrra um Viðlagasjóð, og ég vil láta það hér í ljós að ég tel að þetta sé fyrst og fremst viðfangsefni þess sjóðs, enda þótt Jöfnunarsjóður sveitarfélaga til bráðabirgða kunni að veita einhverja fyrirgreiðslu. En ég hygg að hv. þm. séu mér sammála um að þessi ákvæði viðlagasjóðslaganna þurfi nauðsynlega að endurskoða.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Fjölbýlishús, frv. (þskj. 713, n. 817). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv.

Frsm. (Gunnlaugur Finnsson): Hæstv. forseti. N. fjallaði einnig um þetta frv. á fundi sínum, fjallaði um þær breytingar sem Ed. gerði á upphaflega frv., sem er 222. mál Ed. eða þskj. 460. Þessar breytingar eru allar minni háttar og nánast engar efnislegar. Leggur n. til að frv. verði samþ. í þeim búningi, sem það kom frá Ed.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—19. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Verðtrygging fjárskuldbindinga, frv. (þskj. 69, n. 820). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Hæstv. forseti. Fjh.- og viðskn þessarar hv. d. hefur frá því snemma á þingtímanum haft til meðferðar frv. til l. um breyt. á l. um verðtryggingu fjárskuldbindinga. Þetta frv. var flutt af hv. þm. Ellert B. Schram. Hann flutti það einnig á síðasta þingi, en þá var það ekki útrætt í n. og kom þess vegna ekki til afgreiðslu í þd. Sá dráttur, sem orðið hefur á afgreiðslu málsins frá n., stafar ekki af áhugaleysi nm. á málinu. Þvert á móti hefur öllum nm. verið ljóst frá byrjun að nauðsyn sé á setningu reglna um verðtryggingu kaup- og verksamninga. Þessi nauðsyn hefur orðið sérstaklega ljós á undanförnum missirum þegar mikil verðbólga hefur verið í landinu.

Frv. var sent til umsagnar þriggja aðila: Seðlabankans, Meistarasambands byggingarmanna og Húsnæðismálastjórnar ríkisins. Seðlabankinn mælir með því að frv. nái fram að ganga, en það hafði Seðlabankinn einnig gert í umsögn um sama mál á síðasta þingi. Í umsögn Seðlabankans er bent á að mikillar réttaróvissu gæti um heimildir til beitingar vísitölu í verksamningum, sölusamningum um fasteignir og íbúðir og verktakasamningum. Örri verðbólguþróun fylgi hve erfitt sé að greiða fyrir notkun vísitöluákvæða, t. d. í sölusamningum um íbúðir, þar sem langur tími líði frá samningsgerð til afhendingar. Jafnframt bendir Seðlabankinn á nauðsyn þess að settar verði reglur sem veiti kaupendum vernd.

Meistarasamband byggingarmanna mælir eindregið með samþykkt frv. Í umsögn Meistarasambandsins segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Fyrirtækjum innan vorra raða, sem standa í byggingu íbúða til sölu, hefur á undanförnum árum verið bannað að verðtryggja íbúðirnar á byggingartímanum, en þeir einstaklingar, sem kaupa hjá þeim íbúðir á byrjunarstigi byggingar, geta oft selt þessar íbúðir í lok byggingartímans fyrir tvöfalt verð. Með slíkum reglum er ekki verið að stuðla að eðlilegum viðskiptaháttum," segir í þessari umsögn.

Húsnæðismálastjórn segir í lok umsagnar sinnar:

„Að öllu athuguðu virðist stjórninni því leið þessi" — þ. e. leiðin sem frv. gerir ráð fyrir — „vera varasöm, þótt hún sé eindregið þeirrar skoðunar að réttar hækkanir vöruverðs og vinnulauna hljóti að bætast við söluverð íbúða. Húsnæðismálastjórn bendir hins vegar á verðbótaleið svonefnda sem stofnunin hefur notað og ýmsir opinberir aðilar raunar einnig. Hér er um að ræða nokkurs konar málamiðlunarleið sem fundin var upp af húsnæðismálastjórn 1973. Með því kerfi er samið um dulbúna verðtryggingarleið þar sem vísitala er ekki nefnd, en ákveðið að aðalþættir við byggingu húsnæðis séu færðir upp í samræmi við verðlagsbreytingar á byggingartíma. Það verður að draga í efa að þessi aðferð dugi á hinum almenna íbúðarsölumarkaði þar sem opinberum aðila er ekki til að dreifa til eftirlits."

Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um þau atriði sem fram koma í umsögnum þessara þriggja aðila.

Eins og fram kemur í nál. fjh.- og viðskn. á þskj 820 mælir n. einróma með því að þetta frv. verði samþ., en með ákveðinni breytingu á orðalagi 1. gr. og reyndar að nokkru með breytingu á efni hennar. Það er fellt niður tímamarkið, 12 mánuðir, sem í frv. greindi, þ. e. að verðbætur greiðist ekki vegna samninga sem tekur skemmri tíma en 12 mánuði að framfylgja. Í öðru lagi er bætt inn ákvæði þess efnis að verksamningar, sem verðtryggingar skuli njóta, verði að vera gerðir samkv. reglum sem félmrn. setji. Með þessu telur n. að tryggður verði réttur verkkaupa eða kaupanda þar sem n. á við með þessu ákvæði að félmrn. láti útbúa ákveðið form fyrir þessa samninga. Samkv. brtt. n. mundi 1. gr. frv. hljóða svo:

„Við 2. gr. l. bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er heimilt að kveða svo á í kaup- og verksamningum um hús, húshluta eða önnur mannvirki að söluverð megi breytast í samræmi við breytingar á verðlagsvísitölu frá þeim tíma, sem verk skal hefjast, og til afhendingardags, enda hafi afhending ekki dregist vegna vanefna seljanda eða verksala. Slíkir verksamninagr skulu vera samkv. reglum sem félmrn. setur."

Þetta er einróma till. fjh.- og viðskn. Og ég læt í ljós þá von, þótt álit n. sé seint á ferðinni, að það takist að afgreiða þetta frv. sem lög frá því Alþ. sem nú situr.

ATKVGR.

Brtt 820 (ný 1. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Ferðamál, frv. (þskj. 728, n. 822). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv.

Frsm. (Friðjón Þórðarson): Virðulegi forseti. Samgn. hefur haft til meðferðar frv. til l. um skipulag ferðamála. Svo sem hv. þm. er kunnugt eru gildandi lög um ferðamál nr. 4 frá 1969, en að meginstofni til eru þau frá árinu 1964. Þessi lög, sem voru góð og gild á sínum tíma og gerðu mikið gagn, eru nú orðin þetta gömul, og framámenn og áhugamenn í ferðamálum hafa litið svo á að nauðsynlegt væri að endurskoða þau og samræma þau þróun tímans. Þess vegna hafa verið flutt frv. nokkrum sinnum á árunum eftir 1970 sem þó hafa ekki náð fram að ganga af ýmsum ástæðum.

Frv. þetta var lagt fyrir hv. Ed. og afgreitt þaðan. Ég hygg að allir þm. hafi kynnt sér það að nokkru. Okkur var að sjálfsögðu ljóst að það er ekki víst að allir séu ánægðir með frv. Þó hafa aðeins smávægilegar breytingar verið gerðar á því í Ed. En að öllu athuguðu og þar sem þetta frv. eða svipuð frv. hafa verið hér til meðferðar á undanförnum þingum, þá litu nm. í samgn. svo á að annaðhvort væri að afgreiða málið nú eða láta það liggja einu sinni enn. Þeir náðu allir samstöðu og leggja til að athuguðu máli að frv. verði samþ. að öllu leyti eins og Ed. afgreiddi það.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.—38. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Dýralæknar, frv. (þskj. 765, n. 807). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv.

Frsm. (Þórarinn Sigurjónsson): Hæstv. forseti. Landbn. hefur rætt á fundum sínum frv. þetta

til l. um breyt. á l. nr. 31 frá 5. maí 1970, um dýralækna, sem hér liggur fyrir. Hefur n. kynnt sér frv. og umsagnir um það og er öll n. sammála um að leggja til að frv. verði samþ. óbreytt eins og það var samþ. í Ed.

Ingólfur Jónsson: Hæstv. forseti. Það eru aðeins örfá orð. Með því að samþykkja þetta frv. eru stofnuð tvö dýralæknisembætti. Hv. 2. þm. Vestf. flutti frv. í Ed. um að stofna sérstakt dýralæknishérað í Strandaumdæmi. Yfirdýralæknir ræddi við mig á fyrra ári um það að nú væri orðið svo mikið ósamræmi í sambandi við Helluhérað miðað við önnur héruð, eftir að dýralæknum hefur fjölgað, að það væri óhjákvæmilegt að bæta dýralækni við í Rangárvallasýslu. Hann gaf upp gripafjöldann og benti á ósamræmið. Það er fróðlegt að rifja það upp að það eru ekki nema fáir tugir ára síðan dýralæknir settist að á Selfossi og var eini dýralæknir á Suðurlandi. Löngu síðar var stofnað sérstakt dýralæknishérað á Hellu fyrir alla Rangárvallasýslu og enn nokkru síðar var stofnað dýralæknishérað í Laugarási þannig að í Árnessýslu urðu tveir dýralæknar. Fyrir nokkrum árum var stofnað sérstakt dýralæknishérað fyrir Vík og tvo austustu hreppa Rangárvallasýslu og einnig fyrir austurhluta Vestur-Skaftafellssýslu að Kirkjubæjarklaustri. Nú þykir það allt of mikið fyrir einn mann að hafa 9 hreppa í Rangárvallasýslu og var bent á ósamræmið með gripafjöldann í héraðinu. Yfirdýralæknir tók það sérstaklega fram að dýralæknirinn á Hellu gegndi sínu starfi mjög vel og væri ekkert undan því að kvarta, en með þeirri ræktun og með þeirri aukiningu á búpeningi, sem orðið hefur í sýslunni, og miðað við það hversu dýralæknum hefur fjölgað víðs vegar um landið, þá væri ekki lengur við það unandi að hafa aðeins einn dýralækni í Helluhéraði eins og verið hefur.

Mér finnst rétt að vekja athygli á þessu vegna þess að nú er talað um að það séu þeir tímar sem ekki eigi að stofna til fjölgunar í embættisrekstrinum. Það er nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir því að yfirdýralæknir telur þetta nauðsynlegt, og þess vegna var það, eins og hv. frsm. lýsti hér áðan, að hv. Ed. hefur samþykkt frv. einróma og landbn. þessarar d. mælir eindregið með því að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Umferðarlög, frv. (þskj. 104, n. 623 og 639). — Frh. 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22:5 atkv.
2. gr. samþ. með 24:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Sjúkraþjálfun, frv. (þskj. 752, n. 805). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
2.—13. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Námslán og námsstyrkir, frv. (þskj. 764, n. 828 og 843, 835, 844, 845). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ellert B. Schram): Virðulegi forseti. Frv. til l. um námslán og námsstyrki var lagt fram í Ed. og fékk þar ítarlega skoðun í þeirri n. sem málinu var vísað til, þ. e. a. s. menntmn. Að þeirri athugun lokinni voru lagðar fram nokkrar brtt. og í því formi var frv. samþ. úr þeirri hv. deild.

Menntmn. Nd. hefur athugað frv. og er skemmst frá því að segja að n. hefur klofnað í afstöðu sinni til þess. Meiri hl. n., sem ég er frsm. fyrir, mælir með að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það liggur nú fyrir.

Ég tel ástæðulaust að hafa langa framsögu með þessu áliti meiri hl. Frv. um námslán og námsstyrki og málefni þessa lánasjóðs hafa verið rædd ítarlega, bæði utan sem innan þings, og liggur fyrir að ágreiningur er um þetta mál og í sjálfu sér til lítils gagns að vera að rökræða það mikið á þessu stigi málsins. Þó vil ég aðeins fara nokkrum orðum um aðalatriði þessa máls.

Það hefur legið ljóst fyrir í nokkuð langan tíma að Lánasjóðurinn stendur ákaflega illa fjárhagslega. Lán námsmanna hafa þróast með þeim hætti að um er að ræða að mestu leyti styrki og tekjur sjóðsins vegna endurgreiðslna eða afborgana og vaxta frá lánþegum eru mjög óverulegar. Var því flestra, ef ekki allra dómur að nauðsynlegt væri að endurskoða þessa löggjöf og herða nokkuð endurgreiðslufyrirkomulagið og gera þannig sjóðnum kleift að standa a. m. k. betur undir greiðslum úr honum. Það var líka almennt álit manna að breyta þyrfti löggjöfinni á þann veg að námsmenn fengju fyllri aðstoð og að mörg ákvæði laganna þyrftu að vera nákvæmari og ítarlegri en nú er.

Af hálfu rn. var skipuð n. til þess að yfirfara löggjöfina og gera till. um breytingar. Í þessari n. áttu sæti fulltrúar rn., fulltrúar þingflokka, ríkisstj. og fulltrúar námsmanna. Fljótlega kom í ljós að námsmenn voru til viðræðu um að lánin yrðu verðtryggð, enda yrði þá tekið tillit til tekna námsmanna þegar endurgreiðslur þeirra væru ákveðnar. Á þetta meginsjónarmið var fallist í n. og virtist vera útlit

fyrir að samkomulag gæti orðið um sameiginlegar till. frá þessari n. Þar kom þó að ágreiningur kom upp um hvort rétt væri að hafa löggjöfina þannig að viss hluti námsmanna, sem fengið hefði undir vissum kringumstæðum verulega lán úr sjóðnum, gæti sloppið við að greiða nokkuð til baka, ef sem sagt tekjur þeirra gæfu ekki tilefni til þess.

Það var mat a. m. k. mitt og nokkurra annarra að það væri ekki réttlátt, það væri ekki skynsamlegt að ganga þannig frá löggjöfinni að slíkt yrði mögulegt. Það yrði að gera þá meginkröfu að hver einstakur lánþegi greiddi til baka til sjóðsins einhverja ákveðna upphæð án tillits til tekna, einhverja lágmarksupphæð, en síðan yrði tekið tillit til tekna hvað snertir afborgunina sjálfa. Forsendan fyrir þessari skoðun minni og ýmissa fleiri var sú, að möguleikar fólks, sem stundað hafa nám, og reyndar í öllum stéttum þjóðfélagsins, — möguleikar þessa fólks til þess að telja fram tekjur sínar eru mjög mismunandi og það er opinbert leyndarmál á Íslandi að margir hafa allgóðar tekjur án þess að þær komi fram, og það væri ekki réttlátt að þeir slyppu alfarið við að greiða af lánum sínum. Því kom upp sú hugmynd að setja ákveðna lágmarksupphæð sem mönnum yrði gert að greiða án tillits til teknanna. Voru nefndar í því sambandi 50 þús. kr. og það var sett inn í frv. upphaflega. Sú upphæð hefur nú verið lækkuð í 40 þús. kr. Að frágenginni þessari lágmarksupphæð er gert ráð fyrir því í frv. að endurgreiðslur miðist við tekjur manna.

Um það má að sjálfsögðu deila hver þessi upphæð á að vera, hvort hún á að vera 50 þús., 40 þús., eitthvað lægri eða eitthvað hærri. En eftir atvikum er það mitt álit að meiri hl. n., sem um þetta hefur fjallað nú, að hér sé ekki um of háa upphæð að ræða og ætti ekki að vera venjulegum borgara ofvaxið að greiða það sem lágmarksupphæð til baka vegna þeirrar fyrirgreiðslu sem viðkomandi hefur fengið hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Að þessari lágmarksupphæð frágenginni, þá er sem sagt meginstefnan í frv. sú að endurgreiðslur miðist við tekjur, og er það í samræmi við upphaflegar till. námsmanna.

Annað atriði, sem orðið hefur nokkur ágreiningur út af, er orðalag í 3. gr. frv. þar sem segir: „Stefnt skal að því að opinber aðstoð við námsmenn samkv. lögum þessum nægi hverjum námsmanni til að standa straum af eðlilegum náms- og framfærslukostnaði“ o. s. frv. Námsmenn sérstaklega hafa átalið að ekki skyldi kveðið fastar að orði og beinlínis tekið fram að hin opinbera aðstoð skuli nægja hverjum námsmanni o. s. frv. Það skal viðurkennt að það orðalag hefði verið ótvíræðara og æskilegra. En það er mat hæstv. menntmrh. og stjórnvalda nú og hefur reyndar verið raunin áður að mjög erfitt er fyrir stjórnvöld hverju sinni að fullnægja þeim kröfum sem slíkt ákvæði mundi gera og það gæti orðið erfitt í framkvæmd eins og á stendur í fjármálum þjóðarinnar að gefa út slíka ótvíræða skuldbindingu. Með hliðsjón af þessu ástandi og þessum viðhorfum, með hliðsjón af reynslunni í gegnum árin, þá hefur meiri hl. n. orðið sammála um að láta þetta orðalag standa óbreytt. En það er gert í trausti þess að núv. ríkisstj. og stjórnvöld í framtíðinni stefni að því að opinbera aðstoðin verði í raun og veru fullnægjandi fyrir hvern og einn námsmann. Og það er trú mín að af því geti orðið áður en mjög langt líður. Ekki síst er von til þess þegar tekjur Lánasjóðsins munu aukast með samþykkt þessa frv.

Þetta eru þau tvö meginatriði sem ágreiningur hefur orðið út af vegna þessa frv. Önnu minni háttar atriði hafa að sjálfsögðu komið til umr. og valdið deilum, en þau eru ekki veruleg að mínu mati og meiri hl. n., eru ekki þess eðlis að þau ráði úrslitum um það hvort frv. eigi að ná fram að ganga eða ekki, og því geri ég þau ekki að umtalsefni.

Herra forseti. Ég hef þessa framsögu ekki lengri, en legg til fyrir hönd meiri hl. n. að þetta frv. verði samþykkt óbreytt.

Frsm. minni hl. (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. minni hl. hefur einn nm. skrifað undir það álit með fyrirvara, og ef menn huga að brtt. á þskj. 844 og 845, þá munu menn sjá í hverju sá fyrirvari er fólginn. En hv. þm. Magnús T. Ólafsson mun gera grein fyrir fyrirvara sínum hér á eftir í ræðu. Brtt. á þskj. 844 flytjum við minni hl. n. og auk okkar hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason. Brtt. á þskj. 845 flyt ég ásamt hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasyni.

Það var rétt, sem kom fram í máli hv. frsm. meiri hl., að þetta frv. hefur verið ákaflega mikið rætt, hann sagði að vísu bæði utan þings og innan, en ég hygg að réttara sé þó að þetta mál hafi verið rætt meira utan þings. En þær umr., sem þar hafa farið fram, virðast ekki hafa náð hingað inn í hv. Alþ. og ekki verið tekið tillit til þeirra grundvallarsjónarmiða sem námsmenn sjálfir hafa lagt fram. Í rauninni er öll meðferð málsins verri en þetta. Það er ekki einu sinni svo að till. námsmanna hafi ekki fengið hljómgrunn, heldur hefur ríkisstj. tekið till. námsmanna og afskræmt þær svo að niðurstaðan út úr þessu verki ríkisvaldsins er sú að hér er verið að stofna sjóð sem veitir óhagstæðustu lán sem til eru á Íslandi ef að lögum verður.

Hv. frsm. meiri hl. tók fram að verðtrygging hefði verið till. námsmanna. Ég vil leggja á það áherslu að það er ekki hægt að orða það svo að verðtrygging hafi verið till. námsmanna. Í till. þeirra fólst einungis það að verðtrygging skyldi ná til hátekjumanna eingöngu, en lágtekjumönnum hlíft. Þetta var grundvallarskilyrði í till. námsmanna og verður að líta á allt málið í ljósi þess. Þeir voru reiðubúnir, námsmenn, að fallast á að endurgreiðslukjörin yrðu endurskoðuð og verðtryggð fyrir hátekjumenn. Kröfur þeirra voru einnig þær að þegar svo væri komið, að sjóðurinn efldist með þessu nýja endurgreiðslukerfi, þá væri unnt að ná fram meginkröfu þeirra, sem var 100% brúun umframfjárþarfar. Á þetta hefur hæstv. ríkisstj. og hv. meiri hl. menntmn. ekki viljað fallast, þannig að ég tel engan veginn verjandi lengur að tala um till. námsmanna í þessu sambandi. Þetta verður að skoðast sem algert afsprengi ríkisstj., og hún verður að standa ábyrg fyrir sínu verki

og þeim afleiðingum sem þetta frv., ef að lögum verður, kemur til með að hafa.

Ég hef ekki heyrt nein frambærileg rök stjórnarsinna fyrir því að sú dæmalausa stefna hefur verið tekin sem nú er komin í ljós. Jafnvel þótt menn væru ósamþykkir till. námsmanna um að hlífa láglaunafólki, þá er sá ágreiningur engan veginn réttlæting þess að fara þá leið sem hér er farin, að gera endurgreiðslukjörin þau langhörðustu sem við þekkjum. Hér er beinlínis stefnt að því að fæla menn frá því að taka þessi lán, og það liggur í augum uppi að einungis þeir, sem eiga von í háum launum að námi loknu, muni treysta sér til þess að taka þennan skuldabagga á sig, en aðrir ekki. Með þessu frv., námslánafrv., er því augljóst að ríkisstj. er að ýta undir það að hálaunamönnum fjölgi, því að af þessu frv. mun leiða það að ásókn eykst í þær námsbrautir eða það nám sem mun beinlínis gefa af sér háar tekjur. Hinir munu reyna að hafa þá aðferð, sem farin var áður en nokkur lánasjóður var stofnaður, þ. e. a. s. reyna einhvern veginn að klóra í bakkann með því að vinna með náminu eða þá hætta námi með öllu. Það er því eftir öðrum verkum þessarar ríkisstj. að níðast svo á lítt fjáðum námsmönnum og beinlínis loka fyrir þeim menntabrautinni.

Það hefur borið nokkuð á því í umr. að menn hafa einblínt á hóp hálaunamanna í þjóðfélaginu sem hefur stundað nám í háskóla. En ég vil benda á það og held að hv. þm. verði að hafa það hugfast að Lánasjóðurinn veitir fleirum en háskólanemendum lán. Það eru fjölmargir skólar sem hafa nú rétt til námslána úr sjóðnum. Nægir þar að benda á Fósturskólann, Fiskvinnsluskólann, Stýrimannaskólann, Vélskólann, Tækniskólann, Kennaraháskólann. Það liggur í augum uppi að ekki gengur þetta fólk allt inn í hálaunastörf að námi loknu, auk þess sem vara ber eindregið við þeirri ímyndun að allir, sem ljúka háskólaprófi, fari í hálaunastörfin. Líklega er það aðeins minni hluti þeirra, sem ljúka háskólanámi, sem fer í hæstu tekjuflokka. Flestir háskólaborgarar lenda trúlega í miðlungstekjuflokki í þjóðfélaginu. Þetta eru staðreyndir sem menn verða að hafa í huga þegar verið er að fjalla um svona mál.

Það er allra manna mál að námslán hafa fram til þessa verið á mjög hagstæðum kjörum og þau hafa í óðaverðbólgu seinustu ára í reynd orðið að mestu leyti styrkir, og jafnvel námsmenn sjálfir voru á því að þetta þyrfti að laga, þannig að ágreiningurinn felst ekki í þessu. Og verðtrygging nokkurs hluta lánanna hefði að sjálfsögðu komið til greina og ekki verið óeðlileg. En hitt ber að víta, að námslánin séu nú í einni svipan gerð að óhagstæðustu lánum sem þekkjast á íslenskum lánamarkaði.

Ég vil, vegna þess að hv. frsm. meiri hl. kom inn á till. námsmanna, gera hér grein fyrir þeim.

Í till. kjarabaráttunefndar námsmanna var námsmönnum skipað í þrjá hópa. Í fyrsta hópnum voru þeir sem munu hafa meira en tvöfaldar tekjur vísitölufjölskyldu á ári sem mun vera fast að 3 millj. kr. á núverandi verðlagi. Þessir menn hefðu endurgreitt lán sín með fullri verðtryggingu á tiltölulega skömmum tíma. Í öðrum hópnum voru þeir sem höfðu ásamt maka sínum meira en nemur viðmiðunartekjum vísitölufjölskyldu eða meira en 1400—1500 þús. kr. Þessir lántakendur áttu að greiða 3.5% af heildartekjum fjölskyldunnar í allt að 20 ár. Gagnvart þeim hærri í þessum tekjuhópi hefði því orðið um að ræða endurgreiðslu lána með fullri verðtryggingu, en gagnvart þeim tekjulægri hefðu lánakjörin orðið mjög hófleg. Í þriðja hópnum voru þeir lánþegar sem hugsanlega höfðu að námi loknu lægri tekjur en 1400—1500 þús. kr. á núverandi verðlagi að tekjum maka meðtöldum, en þeir hefðu alveg sloppið við endurgreiðslu lána a. m. k. það árið. Þetta voru till. námsmanna.

Við í minni hl. höfum lagt til, að farin yrði millileið, í þeirri von að það væri á síðustu stundu hægt að koma vitinu fyrir hv þm. í þessari hv. d. Ég ætla fyrst, áður en ég fer að lýsa brtt. okkar, að rifja upp það sem felst í frv.

Í frv. eins og það liggur nú fyrir, er gert ráð fyrir því að allir lántakendur greiði a. m. k. 40 þús. kr. á ári án tillits til tekna og sú upphæð á að hækka í samræmi við framfærsluvísitölu. Eins og komið hefur fram í bréfi Þjóðhagsstofnunar sem barst hv. Ed. þegar málið var þar til umfjöllunar, þá mun þessi fasta lágmarksendurgreiðsla, 40 þús. kr., ef miðað er við meðallán í þeirri úthlutun sem nú er nýlokið, skila sjóðnum hvorki meira né minna en 62% af raungildi veittra lána, og eftir því sem segir í þessari skýrslu eru þetta nákvæmir útreikningar. Þessi upphæð ein, 40 þús., sem nú á að gera að lögum, skilar sjóðnum 62% af raungildi. Ofan á þetta ætlar svo ráðh. að bæta sérstakri aukaafborgun sem svo er kölluð, en að því mun ég víkja síðar.

Á þskj. 844 leggur minni hl. til að þessi fasta lágmarksendurgreiðsla, 40 þús. kr., verði felld niður, það er 3. brtt. okkar. Við leggjum til að laun, sem eru fyrir neðan hálfar viðmiðunartekjur vísitölufjölskyldu, þ. e. a. s. eru fyrir neðan 600—700 þús. kr. tekjur á ári, sleppi algerlega við greiðslu í sjóðinn meðan launin eru ekki hærri en þetta, en þeir, sem eru fyrir ofan, greiði 2% af brúttótekjum sínum til sjóðsins allt þar til kemur upp í viðmiðunartekjur vísitölufjölskyldunnar, en þá er gert ráð fyrir að komi aukaafborgun sem nemi 2—12% af brúttótekjum allt upp í tvöfaldar viðmiðunartekjur, þó þannig að enginn greiði meira en 10% vergra tekna til skatts, en það ákvæði er sameiginlegt með till. námsmanna og till. ríkisstj. Þetta er aðaltill. okkar þremenninganna og er á þskj. 844.

Þá leggjum við til að upphaf 2. mgr. orðist eins og stendur á þskj. Í frv. er þetta svo, að Lánasjóði er eingöngu heimilt að veita fjárhagsaðstoð öðrum námsmönnum en þeim sem tilgreindir eru í 1. mgr. þessarar gr. o. s. frv., en við teljum eðlilegt að þarna sé tekið af skarið og tekið fram skýrt og skorinort að þetta skuli gera.

2. brtt. okkar varðar stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Við leggjum til að stjórn Lánasjóðs námsmanna sé óbreytt frá því sem nú er, en fylgjum þar till. kjarabaráttunefndar námsmanna. Við teljum full rök fyrir því að háskólaráð skipi einn mann í sjóðsstjórnina, en hins vegar teljum við algeran óþarfa að menntmrn. skipi tvo menn án tilnefningar. Nægilegt ætti að vera að menntmrn. skipaði einn og yrði hann

þá jafnframt formaður sjóðsins. Okkur finnst í rauninni fráleitt að svipta stúdentaráð þeim rétti að tilnefna mann í stjórnina.

Þá leggjum við til að framkvæmdastjóri sjóðsins sé ráðinn samkv. till. sjóðsstjórnar.

4. brtt. okkar þremenninganna fjallar um vanskilin, þar sem í frv. stendur með leyfi forseta:

„Verði veruleg vanskil á endurgreiðslu námslána skal stjórn sjóðsins heimilt að fella allt lánið í gjalddaga.“

Ég gerði þetta atriði að umtalsefni við 1. umr. málsins og tel algerlega fráleitt að hafa svo hörð ákvæði. Hér er eins og verið væri að gera ráð fyrir því að allir námsmenn væru glæpamenn, en ekki fólk, og ætti aldeilis að taka hörðum tökum ef einhver gæti ekki í eitt eða tvö skipti greitt skuld sína. Þetta ákvæði er vitaskuld svo fráleitt að ég skil ekkert í því að hv. meiri hl. skuli ekki geta komið til móts við minni hl. í þessu atriði. Við teljum rétt að hér verði beitt svipuðum reglum og beitt er í sambandi við álagningu skatta, þar sem menn eru einungis skyldaðir til þess að greiða einhverja dráttarvexti. Ég held að ég þurfi ekki að rökstyðja þessa brtt. frekar.

Þá vil ég vekja athygli á því að í brtt. okkar við 8. gr. leggjum við til að ný mgr. bætist við sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Endurgreiðslur á námslánum, sem veitt hafa verið samkv. eldri lögum, skulu hafðar til hliðsjónar við ákvörðun endurgreiðslna samkv. lögum þessum. Skulu endurgreiðslur samkv. eldri lögum dragast frá þeirri upphæð sem lánþegi mundi ella greiða samkv. lögum þessum.“

Það er ákaflega óeðlilegt að þeir, sem hafa þegar tekið allmikil námslán samkv. núgildandi lögum og þurfa að greiða þau, að það sé ekki tekið tillit til þeirrar greiðslubyrði ef þetta frv. verður að lögum, t. d. varðandi það hvað samanlögð upphæð afborgunar og aukaafborgunar megi nema hárri upphæð. Að vísu er þakið í frv. 10% og lágmarkið 40 þús., en það væri þó sjálfsagt og eðlilegt að draga frá greiðslur vegna eldri lána, þannig að þeir, sem hafa tekið lán samkv. fyrra kerfi, borgi ekki meira en þó þessar lágmarksgreiðslur sem hér eru nefndar.

Herra forseti. Ég vil eindregið beina þeim, — ég sé að hæstv. menntmrh. var að ganga hér inn í salinn, það kann að vera að hann hafi heyrt til mín, — en ég vil eindregið beina þeirri áskorun til hans að hann svari því hér á eftir hvernig ætlunin er að tengja þessar greiðslur saman hjá þeim sem verða skuldugir samkv. gamla kerfinu og svo þessu nýja sem ætlað er að taka við. Ég treysti því að hann muni gefa hér einhverja yfirlýsingu þess efnis að réttar þessa fólks verði gætt í hvívetna. Ég sjálf tel eðlilegt að það yrði samningsatriði milli stjórnar Lánasjóðsins og rn., — úr því að ekki verður hægt að koma neinni breytingu í frv., þá væri auðvitað æskilegt að ráðh. lýsti því hér yfir að hann kæmi slíkum samningsviðræðum á.

Ég hef gert grein fyrir þeim brtt. sem við flytjum þrjú.

1. brtt. á þskj. 845, sem ég flyt ásamt hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasyni, fjallar um 100% brúun umframfjárþarfar. Það virðist augljóst að þegar sjóðinn á að efla svo mjög að 80—90% lánanna muni skila sér aftur til sjóðsins með fullri verðtryggingu þegar allt er tekið með, bæði lágmarksgreiðslan og aukaafborganir, þá sé það raunar lágmarkskrafa að námsmenn fái fullt námslán.

Ég held að það sé rétt að fara örfáum orðum um þessa umframfjárþörf. Mér finnst í því sambandi hafa gætt nokkurs misskilnings í máli manna og kannske sérstaklega hv. þm. Sigurlaugar Bjarnadóttur hér við 1. umr. Þegar hv. þm. eru að hneykslast á þessari kröfu námsmanna, þá er eins og þeir hafi í huga einhverjar geysilegar upphæðir. En þetta er ekki rétt, því að þessi fulla framfærsla er auðvitað miðuð við það sem vantar þegar búið er að taka eigin tekjur námsmannsins sjálfs inn í dæmið. Að mati Lánasjóðsins er framfærslukostnaður einstaklings utan foreldrahúsa á Íslandi fyrir yfirstandandi skólaár 581 þús. kr. eða 48 400 kr. á mánuði. Lánasjóðurinn lánar að meðaltali 50% af þannig metnum kostnaði, en námsmenn brúa með eigin tekjum 40%, og þá eru eingöngu 10% óbrúuð. Mánaðarleg útgjöld að mati Lánasjóðsins eru því fjármögnuð þannig: eigin tekjur 19 360 eða 40%, námslán 24 200 eða 50%, og önnur fjáröflun er þá 4840 eða 10%. Að vísu mun þetta kostnaðarmat Lánasjóðsins of lágt og mun þar skeika um það bil 25% hjá einstaklingi utan foreldrahúsa eða 12 100 kr. á mánuði. Liðurinn önnur fjáröflun er því í raun og veru 16 940 kr. eða 28% af raunverulegum kostnaði og lánið því ekki nema 40%. Það er því mikill misskilningur þegar menn ímynda sér að miklum fjárhæðum sé ausið í hvern einstakling þó að 100% umframfjárþörf yrði brúuð.

2. brtt. á þskj. 845 fjallar um ábyrgðarmennina. Við gerum þar till. um að 3. mgr. 6. gr. falli niður. Í þeirri gr. er gert ráð fyrir að námsmenn leggi fram yfirlýsingu tveggja manna um að þeir taki að sér sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu lánsins ásamt verðtryggingu þess. Með þessum endurgreiðslukjörum er verið að leggja þær drápsklyfjar á námsmenn sem á að innheimta í full 20 ár eftir að námsmenn hafa lokið námi að það virðist algerlega óraunhæft að gera ráð fyrir því að nokkur maður fáist til þess að skrifa upp á sjálfskuldarábyrgð fyrir svo gífurlegum lánum. Það vildu víst áreiðanlega flestir vera lausir við það líka að fara fram á það við aðra að það sé gert. Við leggjum sem sagt til að þessum ábyrgðarmönnum sé algerlega komið fyrir kattarnef, og í rauninni er þetta sérstaklega brýnt ef þetta frv. verður að lögum. Það má segja að ef okkar till. um endurgreiðslu ná fram að ganga, þá sé þetta ekki jafnnauðsynlegt. En þetta er sérstaklega brýnt ef frv. verður að lögum óbreytt.

Herra forseti. Ég get þá lokið máli mínu, nema ég er hér með eina till. enn sem er skrifl. og of seint fram komin, og verð ég því að biðja hæstv. forseta að leita afbrigða. Flm. þessarar till. eru auk mín hv. þm. Magnús T. Ólafsson og hv þm. Gylfi Þ. Gíslason. Þessi brtt. er við 9. gr. Við leggjum til að 3. mgr. orðist svo, með leyfi forseta: „Aukaafborgun skal nema 2% tekna umfram viðmiðunartekjur þar til náð er tvöföldum viðmiðunartekjum, en 5% tekna umfram það þar til náð er þreföldun viðmiðunartekjum. Þá skal

aukaafborgun vera 10% tekna umfram þrefaldar viðmiðunartekjur.“ Hér er um það að ræða að við teljum heimild ráðh. varðandi ákvörðun um aukaafborgun vera allt of víðtæka og að Alþ. hljóti að setja einhver skilyrði af sinni hálfu um það hvernig eigi að greiða eða leggja á þessa aukaafborgun. Við teljum eðlilegt að það verði fest í lög að sú greiðsla fari stighækkandi.

Herra forseti. Ég held að ég hafi náð því að gera grein fyrir brtt. okkar í minni hl., og ég skal ekki misnota þann tíma sem hæstv. forseti gaf mér fram í matarhléið. En ég get þó ekki farið svo úr ræðustól að ég gagnrýni ekki mjög alvarlega vinnubrögð ríkisstj. í þessu máli öllu. Námsmenn hafa lagt mikla vinnu í að endurskoða Lánasjóðinn og gera till. um breytingar til bóta. En ríkisstj. hefur algerlega misnotað starf og viðleitni námsmanna. Þrátt fyrir góðan vilja og ábyrgðarfullar till. fengu námsmenn rýtinginn í bakið.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 867) samþ. með 23 shlj. atkv.

Umr. frestað.

Jafnstaða kvenna og karla, frv. (þskj. 402, n. 785, 759, 767, 829). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 829,1 felld með 21:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GilsG, SkA, LJós, MÓ, SvJ.

nei: BGr, EBS, EKJ, FÞ, GuðlG, GHG, GTh, GF, HES, IngJ, MB, MÁM, ÓE, RH, SighB, SigurlB, SV, SvH, TÁ, VH, IG.

EðS, GS, KP greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÞS, ÞÞ, GÞG, JóhH, JSk, LárJ, VilbH, ÓlJ, PP, PJ, PS) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég er sammála því, sem fram kemur í þessu frv., að það sé stefnuyfirlýsing um jafnstöðu karla og kvenna sem þýðir jafnrétti í reynd. Þess vegna er ekki nægilegt, að í 1. gr. laganna standi að ætlunin sé að stuðla að jafnrétti kvenna og karla, heldur þarf líka að standa, eins og stendur í frvgr.: „jafnrétti og jafnri stöðu karla og kvenna á öllum sviðum“. Þess vegna segi ég nei við þessari brtt.

Brtt. 767,1 (ný 1. gr.) samþ. með 23:2 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 759,1 felld með 19:9 atkv.
4. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 767,2 (ný 5. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 829,2 tekin aftur.
6. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 829,3 felld með 19:8 atkv.
— 767,3.a samþ. með 26 shlj. atkv.
— 767,3.b samþ. með 27:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞÞ, BGr, EðS, EBS, EKJ, GS, GilsG, GuðlG, GHG, GTh, GF, HES, JSk, SkA, LJós, VilbH, MÓ, MB, ÓE, PP, SighB, SV, SvJ, SvH, TÁ, VH, IG.

nei: ÞS, RH, SigurlB.

FÞ, IngJ, MÁM greiddu ekki atkv.

7 þm. (GÞG, JóhH, KP, LárJ, ÓlJ, PJ, PS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég ítreka við þessa brtt. þann fyrirvara, sem ég gerði við 1. brtt., að orðið jafnstaða í heiti og greinum þessa frv. þýðir jafnrétti í reynd. Ég tel því spor aftur á bak að hverfa frá því orði og til þess, sem þarna er lagt til, og segi nei.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Orðið jafnstaða er nýyrði og það er raunar enginn þess umkominn að skýra nákvæmlega hvað það þýðir. Það hefur verið túlkað svo á allra síðustu vikum og dögum að það þýddi jafnrétti í reynd, en orðið jafnrétti þýddi aðeins lagalegt jafnrétti. Ég tel að fyrir þessari túlkun séu ekki málrök, og ég tel mjög varasamt að útrýma orðinu jafnrétti úr þeirri mannréttindabaráttu sem kvenfrelsisbaráttan er. Orðið jafnrétti er skylt og leiðir hugann að orðum eins og réttur, réttindi, réttlæti og þessi tengsl vil ég ekki sjá hverfa úr þeirri baráttu, sem konur heyja fyrir rétti sínum.

Ég get bætt því við, herra forseti, að þegar ég heyri orðið jafnstaða, þá detta mér einhverra hluta vegna í hug íþróttir, helst hlauparar sem bíða viðbúnir eftir að skotið hlaupi af, og orðið réttlæti er þá víðs fjarri huga mínum. Mér finnst orðið jafnstaða ákaflega stressandi. Ég segi já.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Það er mikið rétt, sem fram kom í máli hv. síðasta ræðumanns, að hugurinn leitar víða þegar þetta orð kemur fyrir. En það er af stafsetningarsökum sem ég segi já.

7. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 759,2 felld með 17:11 atkv.
8. gr. samþ. með 23:3 atkv.
Brtt. 767,4 (ný 9. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
— 767,5 samþ. með 28 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 767,6 samþ. með 26 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
12.—16. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 767,7 (ný fyrirsögn) samþ. með 23 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Sala Reykhóla, frv. (þskj. 607, n. 808). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Stefán Valgeirsson): Virðulegi forseti. Þetta frv. var sent til umsagnar til jarðeignadeildar ríkisins, til landnámsstjóra og

fleiri aðila. Það kom fram í umsögnum frá jarðeignadeild ríkisins að það þyrfti að athuga í mörgum tilvikum ýmislegt, ef ætti að selja jörðina og þarna væru hagsmunir bæði þörungaverksmiðjunnar og tilraunastöðvarinnar sem þyrfti að tryggja. N. ræddi þetta á fundum sínum. Hv. þm. Benedikt Gröndal og Eðvarð Sigurðsson voru mófallnir frv., en meiri hl. n. mælir með að frv. verði samþ. með eftirfarandi breytingu:

„Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstj. er heimilt að selja Reykhólahreppi, Austur-Barðastrandarsýslu, jörðina Reykhóla að undanskildu því landi og aðstöðu, sem tilraunastöðin og þörungaverksmiðjan þurfa til starfsemi sinnar. Þarfnist ríki eða ríkisstofnanir lands eða byggingarlóða á landi ofangreindrar jarðar skal því heimilt að kaupa það og þá við sama verði hlutfallslega og Reykhólahreppi var gert að greiða fyrir jörðina. Hreppsnefnd Reykhólahrepps er óheimilt að selja öðrum en ríkissjóði umrædda jörð eða hluta af henni.

Um aðild hreppsfélagsins að hitavatnsréttindum fer eftir samningum milli ríkisins og hreppsins.

Náist ekki samkomulag um söluverð jarðeignarinnar skal það ákveðið af dómkvöddum mönnum.“

Það kom fram að tilraunastöðin þarf á auknu landrými að halda. Það kom líka fram að þörungaverksmiðjan þarf á aðstöðu að halda til þess að ná þangi. Þess vegna er orðalag gr. á þennan veg. Meiri hl. n. telur að það sé mjög eðlilegt að þéttbýlið, sem þarna er að rísa, fái land undir sínar byggingar, en telur að það sé vafasamt að ganga lengra, eins og á stendur með þessa jörð, og þess vegna er gr. orðuð á þann veg er ég hef lesið.

Eðvarð Sigurðsson: Hæstv. forseti. Það segir í nál. að ég og hv. þm. Benedikt Gröndal höfum verið mótfallnir frv. Ég held að það sé ekki alveg rétt að orða það svo, — ég hef ekki séð nál. fyrr en ég var að lesa það núna, — en við vorum á móti afgreiðslu málsins á þessu þingi. Í ljós kom í umsögnum um málið og þá ekki hvað síst frá landbrn. að hér er margt sem þarf að athuga, og ég verð að segja að sú umsögn var í rauninni neikvæð. Eins lá fyrir hv. landbn. bréf frá einum hreppsnefndarmanni í Reykhólahreppnum sem er andvígur því að þetta mál verði nú afgreitt, og ég hygg að það sé engin samstaða í heimabyggð fyrir afgreiðslu þessa máls. Ég held að það væri rétt að afgreiðsla þess væri látin bíða nú og reynt að koma samstöðu í þessu máli í annað og betra horf en nú virðist vera áður en þetta frv. verður ákveðið.

Ég er út af fyrir sig ekkert andvígur því að sá þéttbýliskjarni, sem þarna er að myndast, eða sveitarfélagið fái keypt land sem það þarf. En þarna eru, eins og kom fram í framsöguræðu hv. formanns n., aðrir aðilar sem einnig þarf að taka verulegt tillit til, og ég held að það verði ekki gert nema með samkomulagi allra þessara aðila. Ég lagði áherslu á að reynt yrði að ná slíku samkomulagi áður en málið væri afgreitt á þann hátt sem frv. gerir ráð fyrir.

Ég er samþykkur þeim breytingum sem n. leggur til. Þær eru tvímælalaust til verulegra bóta frá sjálfu frv. En ég hefði talið rétt að afgreiðsla þessa máls yrði geymd. Það er ekkert sem kallar á núna í augnablikinu að þetta frv. verði samþykkt. Sveitarstjórnin á staðnum getur áreiðanlega fengið þá aðstöðu sem hún þarf og frv. gerir ráð fyrir þó að það verði ekki samþ. núna.

ATKVGR.

Brtt. 808 (ný 1. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 23:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21:2 atkv.

Efri deild, 117. fundur.

Mánudaginn 17. maí, kl. 3.50 síðdegis.

Hafnalög, frv. (þskj. 839). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 839 er frv. til l. um breyt. á hafnalögum, nr. 45 frá 24. apríl 1973. Efni frv. er afar einfalt og það eru tvö atriði sem þar skipta máli.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að við ákvæði um tekjur Hafnabótasjóðs bætist að þegar um er að ræða löndun eða afskipun utan hafnarsvæða, eins og á sér stað, þá hefur ekki verið hægt að láta greiða hafnargjöld af slíkri meðferð vöru, en nú er gert ráð fyrir að það verði og þá verði þar sama hafnargjald og er í næstliggjandi höfn. Þetta þýðir að loðna, sem hefur verið skipað upp í skip, tilheyrir þessu. Sama er að segja um olíu, sem er skipað upp utan hafnarsvæða. Það er gert ráð fyrir að þessar tekjur gangi til Hafnabótasjóðs og þar með auki hans tekjur.

Undanskildir þessum tekjumöguleikum eru smábátar sem eru 30 tonn og minni. Það stafar af því að menn eru að hugsa um að það sé ekki farið að leggja gjaldið á grásleppuveiðar eða þess háttar.

Hitt atriðið er, að Hafnabótasjóð skortir lánsheimild til þess að geta tekið það lán sem hann er að taka núna. Er lánsheimildin hækkuð upp í 750 millj. úr 350, þannig að það er tvöföldun, en brýna nauðsyn ber til þess.

Um þetta mál var samstaða í hv. Nd. Hún gerði þá breytingu á frv. að taka af öll tvímæli um smábáta sem veiða grásleppu eða þess háttar, en önnur breyting var þar ekki gerð.

Nauðsyn ber til að þetta frv. fái afgreiðslu á þessu þingi því að annars getur Hafnabótasjóður ekki tekið við því láni sem hann á ótekið og þarf ekkert nema skrifa undir. Ég treysti því að hv. d. verði fljót að afgreiða þetta frv. og legg til að að lokinni þessari umr. verði því vísað til hv. samgn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til samgn. með 11 shlj. atkv.

Löggiltir endurskoðendur, frv. (þskj. 743). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Lántaka til eflingar Landhelgisgæslunnar, frv. (þskj. 774). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 864).

Framkvæmdastofnun ríkisins, frv. (þskj. 640). — Frh. 1. umr.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Þess hefur lengi verið beðið að ríkisstj. stæði við þau fyrirheit sem hún gaf við myndun ríkisstj. fyrir 1½ ári, að sett yrðu ný lög um Framkvæmdastofnun ríkisins. Eins og menn muna var þetta fyrirheit gefið í beinum tengslum við þá harðvítugu gagnrýni sem komið hafði fram af hálfu Sjálfstfl. við stofnun Framkvæmdastofnunar ríkisins. Menn hafa því átt von á því að þegar að því kæmi að frv. um Framkvæmdastofnun ríkisins sæi dagsins ljós hér á Alþ., þá miðaðist slíkt frv. fyrst og fremst við að koma þessari margræddu og alræmdu stofnun, sem Sjálfstfl. hataðist svo við þegar hún var sett á fót, að koma henni fyrir kattarnef. Það verður hins vegar að segjast eins og er, að það frv., sem hér hefur verið lagt fram um breyt. á l. um Framkvæmdastofnun ríkisins, er býsna langt frá því að fela í sér að Framkvæmdastofnunin sé lögð niður. Þvert á móti er verið að leggja grundvöll að löngu lífi þessarar stofnunar, og í stuttu máli sagt er ekki hægt að segja að breytingarnar, sem fram koma í frv., séu sérlega gagngerar. Kemur það nokkuð á óvart miðað við þau stóru orð sem höfð voru uppi þegar frv. var að lögum gert fyrir tæpum 5 árum.

Ef litið er á þessar breytingar, þá eru þær helstar að reynt er að breyta orðalagi á fleiri en einum stað í frv. í þá átt að ríkisstj. hafi sem minnst með þessa stofnun að gera, og í staðinn fyrir að segja eins og sagt var í l. um Framkvæmdastofnun: „Framkvæmdastofnun ríkisins er sjálfstæð stofnun sem er ríkisstj. til aðstoðar við stefnumótun í efnahags- og atvinnumálum," þá er felld niður sú aukasetning sem snýr að ríkisstj. Eins er þegar á það er minnst í lögunum hvernig framkvæmdastjórar stofnunarinnar skuli ráðnir, þá hefur því verið breytt á þann veg að stjórn stofnunarinnar tilnefni væntanlega framkvæmdastjóra og ríkisstj. hafi aðeins hið formlega vald að veita þeim skipunarbréf.

Þess er að vænta að þessi tilhliðrun frá hinum fyrri lögum verði til að friða eitthvað þá sem höfðu í frammi harðasta gagnrýni á þessa stofnun á sínum tíma og héldu því fram að hún væri hrikalega pólitísk í eðli sínu. En auðvitað sér hver maður að slík breyting sem hér um ræðir skiptir sáralitlu máli í reynd. Framkvæmdastofnunin er hugsuð ríkisstj. til aðstoðar við stefnumótun í efnahags- og atvinnumálum og það hlutverk hennar mun ekkert breytast. Gagnsemin af henni í þessu skyni mun ekki verða með öðrum hætti þótt 1. gr. sé orðuð á annan veg en áður var gert. Og enn síður verða væntanlegir framkvæmdastjórar stofnunarinnar neitt annars eðlis þó að pólitísk stjórn stofnunarinnar skipi þá til starfa sinna, en ekki sjálf ríkisstj. Þetta eru auðvitað hreinar sýndarbreytingar og yfirborðsmennska, ætlað til þess að vega upp á móti þeim stóryrðum sem Sjálfstfl. og talsmenn hans höfðu í frammi þegar lögin um Framkvæmdastofnunina voru sett, — breytingar sem fela í raun og veru ekki í sér neina raunverulega eðlisbreytingu á störfum þessarar stofnunar.

Í 4. gr. laga um Framkvæmdastofnun ríkisins var ráð fyrir því gert að framkvæmdastjórum mætti segja upp störfum með mánaðar fyrirvara og ættu þeir þá rétt til óskertra launa í 3 mánuði. Þetta ákvæði var sett vegna þess að mönnum var ljóst að Framkvæmdastofnunin hlyti að vera eðli sínu samkv. nokkuð pólitísk stofnun, — stofnun þar sem pólitískar ákvarðanir væru teknar, og þá á maður við með pólitískum ákvörðunum ekki endilega flokkspólitískar ákvarðanir, heldur ákvarðanir sem eru svipaðs eðlis og þær ákvarðanir sem eru teknar á Alþ. — ákvarðanir sem miðast við fjöldamörg sjónarmið og eru þar af leiðandi ekki sérfræðilegs eðlis. Það þótti því rétt að ákveða í lögum að eftir hverjar alþingiskosningar gæfist ríkisstj. tækifæri til þess að skipta um framkvæmdastjóra við þessa stofnun, og þarna var vinstri stjórnin sáluga raunverulega að búa í haginn fyrir næstu stjórn sem við tæki. Hún vildi ekki láta það um sig spyrjast að hún væri að koma upp stofnun sem hlyti að hafa verulega mikla þýðingu í öllum stjórnarstörfum og það fylgdi því þá að yfirstjórn stofnunarinnar væri óhreyfanleg þrátt fyrir pólitíska umbreytingu í Alþ. Því var ákveðið að hver ný ríkisstj. gæti skipt um framkvæmdastjóra eftir því sem henni þætti henta.

Það kom mér strax mjög á óvart að talsmenn Sjálfstfl. skyldu vera svo biræfnir að gagnrýna þetta ákvæði sem bersýnilega var þess eðlis að líklegt var að það kæmi þeim fyrstum til hags. Ótrúlegt er að þeim hefði fundist heppilegra ef vinstri stjórnin hefði skipað með ævilangri skipun einhverja skoðanabræður sína sem Sjálfstfl., næst þegar hann kom til valda, hefði átt erfitt með að hnika úr framkvæmdastjórastörfum. En það fór þó svo að einmitt þetta ákvæði var meira gagnrýnt en flest annað í frv. og þá ekki síður af Alþfl. og talsmönnum hans en talsmönnum Sjálfstfl.

Eins og ég hef vikið að, þá voru það hin mestu yfirborðsrök sem þarna voru höfð í frammi, fyrst og fremst ætluð til að vekja tortryggni á þessari stofnun og reyna að kasta rýrð á hana í augum hins almenna manns, enda fer það svo að þegar Sjálfstfl. kemst til valda og á sjálfur að taka þátt í að ákveða hvernig yfirstjórn Framkvæmdastofnunar skuli hagað, þá er það niðurstaðan að þetta skipulag er varðveitt áfram í öllum höfuðatriðum. Það er að vísu gerð sú málamyndabreyting að í staðinn fyrir að uppsagnarfrestur sé einn mánuður, þá er honum nú breytt í 12 mánuði, og eins hitt, að það er ekki beinlínis sagt að um sé að ræða 3 framkvæmdastjóra, heldur geti þeir allt eins verið 4 eða 5. Það er aðeins sagt að ríkisstj. skipi forstjóra og þess vandlega gætt að haga því orði þannig að það geti eins verið í eintölu sem fleirtölu. Það er því ljóst að forstjórar geta verið allt frá einum og upp í allmarga, kannske 10 talsins, ef mönnum sýndist svo. Er mjög óvenjulegt í slíkri stofnun að ekki sé fastákveðið hvað framkvæmdastjórar séu margir. Þetta er að sjálfsögðu gert til þess að tryggja að stjórnarflokkar á hverjum tíma, hvort sem þeir eru 2, 3 eða 4, geti átt framkvæmdastjóra við stofnunina, sem sagt alveg óbreytt skipulag frá því sem áður var, nema hvað ný stjórn verður að bíða með það í 12 mánuði að gera breytingu á liði framkvæmdastjóra við þessa stofnun.

Um aðrar breytingar á þessum lögum er ekki ástæða til að fjölyrða. Eins og kunnugt er hefur þegar verið gerð sú breyting að hagrannsóknadeild hefur verið gerð að sérstakri stofnun, Þjóðhagsstofnun, og af því hefur leitt nokkra skipulagsbreytingu innan þessarar stofnunar. Ég vil taka það fram að ég taldi þá breytingu vera litt til bóta á sínum tíma, vegna þess að ég taldi að með því væri verið að torvelda stofnuninni að standa að mikilvægustu áætlunarverkefnum, eins og t. d. áætlunum til langs tíma. En það er nú búið og gert og ástæðulaust að orðlengja um þá breytingu, það er ekki hún sem hér er til umr. Hins vegar er gerð sú breyting nú að bætt er við sérstakri byggðaáætlanadeild, og ég get lýst yfir fullum stuðningi mínum við þá breytingu sem felst í þessu frv. Ég held að það sé algerlega tímabært og eðlilegt að byggðamálin verði tekin til meðferðar í sérstakri deild innan þessarar stofnunar og ég styð því þá breytingu svo langt sem hún nær.

Ég hef ekki haft aðstöðu til að fara nákvæmlega yfir það hvort einstakar mikilvægar setningar, sem áður voru í kaflanum um áætlanadeild, hafa beinlínis verið felldar niður eða hvort þær er að finna einhvers staðar annars staðar í frv. Það þarf töluvert vandlega skoðun til þess að átta sig á því atriði og er auðvitað ástæða til þess að gera það þá frekar við 2. umr., eftir að málið hefur verið skoðað í n. Ég vil þó láta þess getið hér að ég sé ekki betur en setningin: „Byggðaáætlanir skuli gerðar í samráði við sveitarstjórnir og landshlutasamtök sveitarfélaga“, hún hljóti að hafa fallið niður, í öllu falli finn ég hana ekki, og er það dálítið kynleg breyting á þessum kafla.

Varðandi lánadeild hafa verið gerðar nokkrar breytingar og þær eru yfirleitt til hins verra. Í 12. gr. l. sagði: „Lánadeild vinnur að því að samræma útlán allra opinberra stofnlánasjóða og að skipuleggja fjármagnsöflun til framkvæmda með sérstöku tilliti til þeirra framkvæmda sem forgang þurfa að hafa samkv. áætlunum stofnunarinnar.“ Hér hefur orðið allveruleg breyting, vegna þess að þetta er nú orðað svo: „Deildin fylgist með fjárhag opinberra fjárfestingarsjóða og vinnur að því að samræma lánakjör þeirra og skipuleggja fjáröflun til framkvæmda með sérstöku tilliti til þess sem forgang þarf að hafa samkv. áætlunum stofnunarinnar.“ Sem sagt, lánadeildin á ekki framvegis, eins og hún hefur gert nú á undanförnum árum, að einbeita sér að því að samræma útlán fjárfestingarsjóða, heldur á hún einungis að samræma lánakjörin. Þetta þykir mér mjög kynleg breyting, og ég get ekki séð hvers vegna hún er gerð. Ég hélt að menn úr öllum flokkum, sem komið hafa nálægt þessari stofnun, hefðu verið sammála um að sú viðleitni lánadeildar Framkvæmdastofnunarinnar að hafa samband við aðra fjárfestingarsjóði, þegar um hefur verið að ræða fjármögnun einstakra framkvæmda, og reyna að gera sér sem fyllsta grein fyrir því, hvernig ákveðin framkvæmd yrði best fjármögnuð, og reyna þá að stuðla að því með samvinnu við aðra fjárfestingarsjóði að ákveðin framkvæmd sé fjármögnuð til fulls, en að menn strandi ekki á miðri leið með þá framkvæmd sem þeir eru með undir höndum, að þessi viðleitni hafi verið mjög til hins betra frá því sem áður var, og ég vil hér alveg sérstaklega geta um þá mikilvægu samvinnu sem lánadeild hefur í mjög mörgum tilvikum átt við bæði Iðnlánasjóð, Iðnþróunarsjóð og Fiskveiðasjóð. En af einhverjum einkennilegum orsökum er þessu orðalagi breytt og ber væntanlega að skilja það svo að þessi viðleitni skuli niður falla.

Í 3. mgr. 12. gr., eins og hún var í l., var að finna mjög mikilvægt ákvæði um það að Framkvæmdastofnunin skyldi reyna að gera sér sem best yfirlit um lánveitingar til fjárfestingar og framkvæmda og þannig að hún gæti áttað sig á því hvar og hvaða fjárfestingarstarfsemi ætti sér stað og hvaða úrbætur væru hyggilegastar til þess að beina fjárfestingunni inn á réttar brautir. Þetta ákvæði hefur verið fellt niður nú og virðist sem sagt að Framkvæmdastofnuninni skuli bannað að skapa sér slíkt heildaryfirlit yfir fjárfestingarmarkaðinn. Eins er fellt niður það ákvæði að stjórn stofnunarinnar geti sett almennar reglur um það hvers konar framkvæmdir skuli hafa forgang umfram aðrar hvað varðar lánveitingar úr opinberum lánasjóðum og opinberum sjóðum. Það skal að vísu tekið hér fram að þetta ákvæði hefur aldrei verið framkvæmt í reynd þótt löggjafinn hafi gert ráð fyrir því á sínum tíma. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að það hefði verið mjög gagnlegt að beita þessu ákvæði a. m. k. að einhverju marki þegar fjárfestingarstarfsemin í þjóðfélaginu þótti ganga út í öfgar, eins og var fyrir 2—3 árum, og það hefði verið mjög nauðsynlegt fyrir úrbætur í efnahagsmálum að þetta verk hefði verið unnið. Það er hins vegar ætlunin að fella þetta algerlega niður þannig að stofnunin hafi ekki þessa heimild. Ég er eindregið á móti þeirri breytingu

þótt ég viðurkenni að þetta sé ekki mikil breyting frá því sem verið hefur í reynd.

Nokkrar breytingar eru gerðar á 16. gr. frv., en þar var um það fjallað hvernig vörslu og bókhaldi sjóða í umsjá Framkvæmdastofnunar ríkisins yrði háttað. Var m. a. haldið opnum þeim möguleika að þessi verkefni væru falin starfandi ríkisbanka. Þessi setning er hér felld niður og sé ég í raun og veru ekki að það hafi mikið gildi.

Aðrar breytingar eru svo einkum í kaflanum um Byggðasjóð, en þar eru þær helstar að ákveðið er að veitt skuli í Byggðasjóð 2% af fjármagni á fjárl. Það er fyrst og fremst staðfesting á því sem framkvæmt hefur verið í reynd á undanförnum tvennum fjárl. og þykir mér sjálfsagt og eðlilegt að staðfesta það beinlínis í lögum.

Í 30. gr. gömlu laganna var 3. mgr. hljóðandi svo, að sjóðsstjórninni væri „heimilt, ef sérstaklega stæði á, að gerast fyrir hönd sjóðsins meðeigandi í atvinnufyrirtæki sem hún telur nauðsynlegt að koma á fót eða starfrækja áfram í samræmi við tilgang sjóðsnis og þarfir viðkomandi byggðarlags.“ Þetta ákvæði er fellt niður. Virðist því vera svo að Byggðasjóði sé hér með bannað að eiga aðild að nokkru atvinnufyrirtæki. Ég vil að vísu strax taka það fram að í reynd fór það svo, a. m. k. hefur það verið svo á fyrstu 4 starfsárum sjóðsins, að sjóðurinn hefur ekki gerst meðeigandi í neinu atvinnufyrirtæki, enda telja sjálfsagt flestir að það sé heldur óeðlilegt fyrirkomulag á atvinnurekstri að fjárfestingarsjóður eigi aðild að rekstri þess. En gert var ráð fyrir því við setningu laganna að slíkt gæti átt við í undantekningartilvikum. Ég verð að segja að ég tel þess vegna heldur til hins verra að þessi breyting sé gerð og lokað algerlega fyrir þennan möguleika sem alltaf kann að vera þörf á að sé fyrir hendi.

Í þessu sambandi er rétt að geta þess að Framkvæmdasjóður hefur um árabil átt hlut í fyrirtækjum og það enda þótt ekki væri beinlínis neitt ákvæði í lögum sem heimilaði honum að eiga fyrirtæki. Því hefur endurskoðendum þessa frv. ekki gefist kostur á því að strika slíkt ákvæði út, og veldur það þá því að Framkvæmdasjóður getur væntanlega áfram átt heil fyrirtæki, eins og hann gerir í dag. Hann á t. d. Álafoss, þetta mikla stórfyrirtæki, allt, hvern einasta ullarhnoðra sem Álafoss hefur með höndum, og verður auðvitað að segjast eins og er, að það er ekki eðlilegt fyrirkomulag til lengdar að sjóðurinn eigi slíka stóreign. Ég hefði því talið eðlilegast að fyrirkomulag á eignaraðild ríkisins að Álafossi hefði verið breytt og annaðhvort stofnað sérstakt ríkisfyrirtæki um þennan mikla rekstur með sérstökum lögum ellegar þá einhverri annarri ríkisstofnun falinn þessi rekstur. Það er ekki eðlilegt að Framkvæmdasjóður annist hann til lengdar. En það virðist sem sagt vera að Framkvæmdasjóði sé þetta áfram heimilt. Hins vegar er beinlínis verið að banna Byggðasjóði að eiga fyrirtæki með því að þessi setning er strikuð út, og er mér næst að halda að þessi breyting, eins og svo margar aðrar sem verið er að gera á þessum lögum, sé næsta tilviljunarkennd og hafi ekki verið þrauthugsuð í forsrn.

Margar fleiri breytingar eru hér gerðar og sumar þeirra horfa heldur til bóta, aðrar horfa heldur til hins verra. Meðal þeirra, sem horfa til bóta, er sú breyting að Byggðasjóður á framvegis að greiða landshlutasamtökum sveitarfélaga full laun starfsmanns í stað ¾ hluta úr launum og Framkvæmdastofnuninni er í 33. gr. heimilað samkv. nýju lögunum að taka lánsfé allt að 600 millj. kr. í staðinn fyrir 300 millj. kr. sem áður var. Í þessu sambandi þykir mér rétt að láta þess getið að mikið hefur verið býsnast af hálfu ríkisstj. yfir því að fjármagn til Byggðasjóðs hefði verið stórlega aukið með hinni nýju ríkisstj. Staðreyndin er hins vegar sú, að heildarlánveitingar Byggðasjóðs hafa heldur rýrnað hvað raungildi snertir frá því að þessi ríkisstj. kom til valda, miðað við það sem var á seinasta ári vinstri stjórnar. Ástæðan er sú, að jafnframt því sem fjárveitingar ríkisins til Byggðasjóðs hafa verið verulega auknar, ekki skal það vefengt, þá hefur sjóðnum ekki verið heimilað að taka lánsfé í þeim mæli sem áður var, og það er ástæðan fyrir því að ef miðað er við framkvæmdagildi lánveitinga, þá er það heldur lægra en áður var.

Um aðrar breytingar er í sjálfu sér ekki ástæða til að fjölyrða hér. Það eru breytingar gerðar hér á mörgum öðrum gr. En ég vil segja það aðeins að lokum sem meginniðurstöðu mína um þær breytingar sem hér er gerð till. um, að sumar till. og þá aðallega þær, sem minna máli skipta, horfa til bóta, en aðrar ekki. Það er rétt að skoða þær í n. En þær till., sem mest er býsnast yfir og látið er að liggja að skipti mestu máli, eins og þær sem snerta yfirstjórn stofnunarinnar, eru ekkert annað en yfirborðsmennska af versta tagi og hafa ekki í sér fólgna neina raunverulega breytingu frá því kerfi sem nú er, þannig að ljóst er að Sjálfstfl. ætlar að fallast á það fyrirkomulag sem ákveðið var í tíð vinstri stjórnarinnar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi, frv. (þskj. 666, n. 847, 848). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Sjútvn. þessarar d. hefur haft til meðferðar frv. til l. um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og skilar sameiginlegu nál. á þskj. 847. Nm. mæla með samþykkt frv. með þeim breytingum sem hún flytur á sérstöku þskj., þ. e. þskj. 848. Hins vegar áskilja nm. sér rétt til að flytja og fylgja brtt.

Á fundi n. komu Már Elísson fiskimálastjóri, sem mætti á öllum fundum n., einnig fiskifræðingarnir Jón Jónsson, Jakob Jakobsson, Ingvar Hallgrímsson og Sigfús Schopka, Þórður Ásgeirsson skrifstofustjóri sjútvrn. mætti einnig á fundi n. og Guðmundur Ingimarsson frá Fiskifélagi Íslands.

Í ljós kom að sjútvn. Nd. hafði ekki leitað umsagnar Hafrannsóknastofnunarinnar um frv. þetta. Einnig kom fram hjá fiskifræðingunum að þeir töldu að þeir hefðu ekki fengið að fjalla um málið eftir þær veigamiklu breytingar sem það fékk hjá sjútvrn. N. taldi að þetta væri ekki eðlileg málsmeðferð og óskaði því eftir umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar og fékk ítarlega umsögn sem lögð var til grundvallar að verulegu leyti við störf nefndarinnar.

N. flytur allmargar brtt. á þskj. 848. Mun ég nú lýsa þeim.

1. brtt. er sú, að lagt er til að viðmiðunarstaður nr. 38, sem er Göltur (Hellna-Göltur) á Snæfellsnesi, verði felldur niður. Þetta leiðir til þess að næsti viðmiðunarstaður utar verður Malarrif, vitinn á Malarrifi, og hefur það í för með sér að heimild til togveiða á Faxaflóa færist utar sem nemur fjarlægðinni frá viðmiðunarstað 38, Gelti, að Malarrifi og verður þar með nokkurn veginn sú sama sem hún er í gildandi lögum.

Mjög var um það rætt í n. að útfærsla frá 9 sjómílum í 12 með togveiðiheimildir fyrir Norðurlandi skerði möguleika nokkurra báta sem þar eru staðsettir og á Austfjörðum. Þeir munu ekki vera margir, mér telst til að þeir muni vera 5 talsins. Hins vegar leggja fiskifræðingar á það mjög ríka áherslu að togveiðiheimildir fyrir Norðurlandi verði ekki innar en við 12 sjómílur. N. taldi sér ekki fært að ganga gegn þessu rökstudda áliti fiskifræðinganna. Hins vegar var horfið að því ráði að opna að nýju ræmu við Austurland frá Langanesi, og er það gert með lið B 3, þar sem skipum 39 metrar að lengd eða minni er heimilað að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu sem dregin er úr punkti 6 sjómílur réttvísandi norðaustur frá Langanesi í punkt 6 sjómílur réttvísandi austur frá Glettinganesi. Þetta er nokkurt svæði og þar er talin minni hætta smáfiski og sömuleiðis er þar koli í Héraðsflóanum sem fæst nokkur aðgangur að með þessu, að vísu kannske ekki fullkomlega nóg, en nokkuð, og þarna ætti að fást svæði fyrir þá báta sem hér um ræðir. Hins vegar vil ég leggja á það ríkasta áherslu, að að sjálfsögðu þarf að finna þessum bátum annað veiðisvið og má þar m. a. benda á loðnu fyrir Norðurlandi að sumri til.

Við liðinn C, Suðausturland, eru gerðar nokkrar breytingar.

Með tilvísun til frv., eins og það var eftir meðferð Nd., er lagt til í fyrsta lagi að í staðinn fyrir „línu réttvísandi suður frá Ingólfshöfða“ komi: 18° v. lg., þ. e. a. s. sú veiðiheimild, sem þar um ræðir, er færð vestar og færð í þá sömu vestlægu lengd sem nú er í lögum.

Sama gildir um liðinn C 5 sem fallar um heimild báta 26 metra að lengd eða minni og var bundinn við Ingólfshöfða. Er lagt til að það verði fremur 18° v. lg. eins og nú er. Jafnframt er við liðinn C 5 tekin upp takmörkun á togveiðum sem er nú í lögum, þar sem segir: „Togveiðar verði þó ekki heimilar á svæði milli línu, sem dregin er réttvísandi suður af Hvalnesi, og að línu, sem hugsast dregin réttvísandi vestur af 15° 45′, innan 6 sjómílna frá landi, á tímabilinu 1. maí til 1. okt.“ Þetta er nú í lögum og er bætt hér inn í, takmörkun á togveiði á þessu svæði.

Þá er leiðrétting við C 6. Í frv. stendur: „austur frá Ingólfshöfða“, en á að sjálfsögðu að vera: suður frá Ingólfshöfða.

Loks er þarna bætt við einum nýjum lið, C 8, sem heimilar togurum að veiða á litlum geira sem afmarkast af línu dreginni austur frá Hvítungum að línu dreginni réttvísandi suður af Hvalnesi, þó aðeins að 6 mílum frá fjöruborði. Þetta er heimilt nú að 4 sjómílum. Þetta er gert vegna eindreginnar áskorunar og tilmæla togaraeigenda á Austfjörðum sem telja sig búa nú við ákaflega erfið skilyrði þar sem erlendur togarafloti hefur mjög verið á þeirra miðum. En á því tímabili, sem hér um ræðir, frá 1. maí til 31. des., mun vera stór fiskur í þessum geira og fá þessir togarar þar venjulega 1—2 veiðiferðir sem geta munað þá töluverðu. Ég vil taka það fram, að vel má vera að þetta eigi að falla brott síðar, en miðað við það ástand, sem nú er, töldum við rétt að heimila áfram þessar veiðar. Þess skal getið, að allir þm. Austurl. mæltu með því.

Í meðferð Nd. var gerð sú breyting að tekin var inn í frv. að nýju heimild til þess að veiða fyrir Suðurlandi, þ. e. a. s. það er D, Suðurland. Þarna hefur fallið brott, sé ég, við D, Suðurland, en í meðferð Nd. var tekin inn heimild í liðnum D 9 þess efnis að skipum 26 metra og minni er heimilt að veiða með botnvörpu á tímabilinu frá 1. jan. til 15. sept. upp að suðurströnd meginlandsins á svæði sem takmarkast að austan af lengdarbaug 21° 57′ v. lg. og að vestan af lengdarbaug 22° 32′ v. lg. Þetta er tekið upp úr gildandi lögum. En fiskifræðingar telja að út af fyrir sig sé þarna að vísu stór fiskur, þótt smáýsa slæðist með, en hættan sé langsamlega mest á tímabilinu frá 20. júní til 1. ágúst, þ. e. á hrygningartíma síldarinnar. Þá er með botnvörpu hægt að eyðileggja síldarhrygningu með einum drætti svo að um munar, eins og síldin hrygnir, og leggja á það ríka áherslu að þessi tími verði rofinn frá 20. júní til 1. ágúst ár hvert. Að öðru leyti er þetta látið standa.

Þá er leiðrétting, liðurinn E: Í staðinn fyrir „Reykjanesvita“ á að koma: Reykjanesaukaviti.

Og sömuleiðis við 6. gr. kom íslenska málfræðin upp í okkur, enda mikið um hana rætt hér, og vakin var athygli á því að það er ekki sagt á sæmilegu máli: „með tilkynningu að banna allar togveiðar“ o. s. frv., heldur er réttara að segja: „að tilkynna bann við öllum togveiðum“. Er það einnig leiðrétting.

8. gr. var hins vegar mjög til umr. á fundum n. og sýndist þar sitt hverjum. Þar gerði sérstaklega Hafrannsóknastofnunin töluverðar aths. og margar þeirra sjálfsagðar og nánast því leiðréttingar. Tekið var það ráð að orða gr. upp að nýju og skal ég reyna að benda á þá þætti eða þær breytingar sem þar eru helstar.

Í fyrsta lagi er í 1. mgr. eftir „að koma í veg fyrir óhóflegt smáfiskadráp“ bætt við: „eða aðrar skaðlegar veiðar“. Þarna er vísað t. d. til veiða á skelfiski sem stundum geta verið að sjálfsögðu skaðlegar á ýmsan máta, og var talið að það væri sjálfsagt að hafa þetta fullkomlega opið.

Þá eru felld niður í lok 1. mgr. orðin „og séu staðkunnugir á viðkomandi eftirlitssvæði", þ. e. skipstjórar eftirlitsskipanna. Var vakin athygli á því að þegar tvö skip eru, þá er ákaflega erfitt að binda í lögum að þeir skuli vera staðkunnugir á því svæði sem þeir kunna að starfa á einhvern takmarkaðan tíma. Þótt þetta sé æskilegt, þá getur það orðið nánast óframkvæmanlegt, enda vafasamt að binda slíkt í lögum.

Þá er í upphafi 2. mgr. breytt þar sem segir í frv.: „Þá getur ráðh. sett sérstaka trúnaðarmenn", það er fest hér betur: „Ráðh. setur sérstaka trúnaðarmenn um borð í veiðiskip eftir því sem þurfa þykir". Hann hefur það m. ö. o. enn þá í sinni hendi enda þótt kveðið sé dálítið ákveðnar að orði um þessa menn.

Þá er 3. mgr., þar segir í frv.: „verða varir við að um verulegt magn af smáfiski sé að ræða í afla skips eða skipa". Þar er fellt niður „skips eða skipa", þannig að eftir stendur: „varir við verulegt magn af smáfiski í afla". Þetta er samkvæmt ábendingu Hafrannsóknastofnunarinnar. Svo getur verið ástatt að þeir verði varir við mikinn smáfisk í afla t. d. rannsóknaskips og teldu þá spurningu hvort þessi gr., eins og hún er orðuð, nær þar til, heldur yrðu þeir að fara um borð í önnur skip og kanna ástandið þar líka sem er stundum ógerlegt. Þess vegna var þetta fellt niður, enda hygg ég að gr. sé fyllilega ljós eins og hún er.

Þá kemur líklega veigamesta breytingin sem lagt er til að gerð verði á þessari gr. Hún er í því fólgin að bæta einum sólarhring við þá tvo sem eftirlitsmenn hafa heimild til að loka veiðisvæðum, þannig að í staðinn fyrir tveggja sólarhringa skyndilokun er heimiluð þriggja sólarhringa skyndilokun. Aðrar breytingar eru ekki gerðar í þessari gr. nema í síðustu mgr. er fært til samræmis við þessa þriggja sólarhringa skyndilokun orðalag það sem nefnir fjölda sólarhringanna sem nauðsynlegar ráðstafanir skulu hafa verið gerðar til verndunar ungfisks á viðkomandi svæði.

Þá er í 13. gr. dragnótaveiðiheimild færð til baka frá 20. des til 30. nóv. Þetta er einnig samkv. till. fiskifræðinga sem telja engin rök fyrir því að heimila hana svo lengi, enda mun víðast hvar, ef ekki alls staðar, vera horfið frá slíkri veiði þegar svo seint er orðið ársins. Og þá er bætt við úr gildandi lögum við 13. gr.: „Heimild þessi til veitingar dragnótaveiðileyfa skal ekki notuð að því er varðar veiðar í Faxaflóa". Það verður að segjast, að að öllum líkindum mun þetta vera það ákvæði sem einna mest mun um deilt hér á hv. Alþ., en n. varð sammála um að taka þetta enn inn í lögin og telur að þeim rannsóknar- og tilraunatíma, sem þar er um að ræða, sé ekki lokið.

15. gr. er orðuð upp á nýtt og gerð viðtækari í sambandi við veiðitilraunir og aðrar vísindalegar rannsóknir innan fiskveiðilandhelginnar, þannig að hún er ekki bundin, eins og stendur í frv., við botnvörpu, flotvörpu og dragnót í rannsóknaskyni, enda telur n. að þarna sé um mistök að ræða hjá rn. Það er engin ástæða til þess að leyfa ekki Hafrannsóknastofnun jafnframt að gera tilraunir með önnur veiðarfæri og mun enginn til þess raunar ætlast.

Þá er í 16. gr. tekið upp atriði samkv. eindreginni ósk Fiskifélags Íslands að það fái til umsagnar þau mál sem falla undir 13., 14. og 15. gr. Hins vegar mun sjútvrn. telja óþarft að binda það í lögum, en n. ákvað samt að festa hér einnig umsögn Fiskifélags Íslands.

Að ósk dómsmrn. er gerð breyting á 17. gr. Þar er fest töluvert betur í lögum meðferð mála sem hefur satt að segja verið ákaflega ábótavant. Í frv. segir nú: „Leggja má löghald á skipið og selja það að undangenginni aðför til lúkningar sektum samkv. þessari gr. og kostnaði". Hins vegar er gr. nú orðuð svo: „Lagt skal löghald á skip, sem staðið er að meintum ólöglegum veiðum" — þ. e. a. s. það er fastbundið, það skal lagt löghald á skip — „þegar er það kemur til hafnar, og er eigi heimilt að láta það laust fyrr en dómur hefur verið kveðinn upp í máli ákæruvaldsins gegn skipstjóra skipsins eða máli hans lokið á annan hátt og sekt og kostnaður hefur verið greitt að fullu. Þó er heimilt að láta skip laust fyrr ef sett er bankatrygging eða önnur trygging jafngild að mati dómara fyrir greiðslu sektarinnar og málskostnaðar. Til tryggingar greiðslu sektar samkv. þessari gr. og kostnaðar skal vera lögveð í skipinu." Hér er þetta fest langtum betur en er, og ég vil lýsa þeirri skoðun minni að reynsla undanfarinna ára, þegar sama skipið hefur verið tekið á sama sólarhringnum kannske tvívegis fyrir ólöglegar veiðar, er svo komið strax aftur á veiðar, sýni að hér sé full þörf á að búa betur um hnútana og að því er stefnt með þessari gr.

Í 19. gr., þar sem segir: „Hver sá maður, er leiðbeinir skipi við ólöglegar botnvörpu- eða flotvörpuveiðar" er fellt niður „botnvörpu- og flotvörpuveiðar" og kemur í staðinn almennara, sem sagt „veiðar".

Þá er í ákvæði til bráðabirgða, sem sjútvn. Nd. setti í frv., bætt við mgr. sem segir: „Þrátt fyrir ákvæði 13. gr. skulu skip, sem eru 45 rúmlestir brúttó eða minni og hafa notið heimilda til dragnótaveiða, njóta sömu veiðiheimilda". Í þessu ákvæði til bráðabirgða eru undanþegin lengdartakmörkunum skip sem áður nutu veiðiheimilda og eru 350 brúttólestir eða 105 brúttólestir, og þykir rétt að hafa sama ákvæði um dragnótaveiðar þar sem einnig eru tekin upp lengdarmörk á skipum og það mundi útiloka allmikinn fjölda skipa sem eru rétt við þau lengdarmörk.

Ég hef nú rakið þessar brtt., sem eru nokkuð margar, sumar efniseðlis, en aðrar ekki. En ég vil jafnframt geta þess að í n. var rætt um ýmis önnur atriði, t. d. mjög rætt um þá ákvörðun í frv. að fara yfir í mestu lengd á skipum og um það rætt hvort ekki ætti að taka upp skrásetningarlengd, en niðurstaðan varð sú að þetta breytti ekki öllu ef að því væri staðið í skipsskjölum og skipsbókum að færa þessa mestu lengd. Á því er einnig vakin athygli að miðun við mestu lengd kemur alls ekki í veg fyrir það að skip geti komist undir veiðiheimildir með breytingu á lengd, eins og mjög hefur tíðkast í sambandi við mælingu á stærð skips og hefur raunar gert þá viðmiðun einskisnýta. Sú hugmynd kom fram að e. t. v. ætti að setja í lögin bann við að breyta lengd skipa, en það

nær að sjálfsögðu eingöngu til skipa, sem eru þegar á sjó, og ekki til nýrra skipa, svo að ekki varð úr því að slíkt væri tekið þarna inn. En ég vil geta um þetta þar sem það var mjög til umr. og sannarlega koma báðar lengdarviðmiðanir mjög til greina.

Loks vil ég geta þess, eins og kemur fram í nál., að einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja og fylgja brtt. og munu einhverjar koma fram.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég tel að fjöldi dm. við afgreiðslu þessa þýðingarmikla máls sé nú upp undir það í algeru lágmarki og hefði talið eðlilegt að hæstv. sjútvrh. væri viðstaddur 2. umr. málsins. En hvað sem því líður, ég vil lýsa yfir ánægju minni með störf sjútvn., umfjöllun hennar um þetta merkilega frv., og ítreka það, sem ég sagði við 1. umr. um frv., að það er þess eðlis að mjög hefði verið æskilegt að það hefði verið lagt miklu fyrr fram og miklu fyrr verið byrjað að fjalla um þetta frv. í n. Ed. heldur en raun varð á. Reynslan sýndi það nú að að dómi hv. þm. Nd. var starfstíma þeirrar d. betur varið til þess að fjalla um önnur mál sem þeir töldu þýðingarmeiri, svo sem stafsetningu. Hvað sem því líður, í sjútvn. Ed. hafa verið gerðar þýðingarmiklar brtt. varðandi þetta frv. sem ég er aðili að.

Ég vil aðeins bæta því við það sem fram kom hjá hv. frsm. sjútvn. að að dómi okkar þm. Norðausturlands virðist svo sem fiskfriðunarráðstafanir muni koma öllu meira niður á sjávarútvegi fyrir Norðurlandi heldu en víðast hvar annars staðar. En við umfjöllun í sjútvn. Ed. um þetta frv. voru gerðar á því ýmsar bragarbætur sem að því lúta að meira verði gert til fiskverndurnar á annarri fiskislóð heldur en þeirri fyrir norðan.

Við umfjöllun í n. kom það í ljós að eigendur nokkurra togbáta fyrir Norðurlandi telja að svo sé nú að þeim kreppt með því að færa togveiðiheimildina út í 12 sjómílur að þeir megi tæpast gera út þessa báta sína til togveiða. Þetta eru bátar sem ekki voru smíðaðir til togveiða, heldur eru þetta hringnótabátar og ætlan eigendanna var að gera þá út á tog á þeim tíma sem þeir geta ekki stundað veiðar með hringnót. Við þessu varð þó ekki séð í n. og ekki reyndist unnt að koma alfarið til móts við óskir þeirra um innfærslu frá 12 í 9 sjómílur á togveiðilínunni fyrir Norðurlandi. En litur var þó sýndur á því að ætla þeim aukið rými fyrir norðanverðum Austfjörðum til þess að stunda togveiðar.

Eins og formaður sjútvn. gat um, þá varð það að niðurstöðu í n. að Faxaflóa skyldi framvegis lokað fyrir togveiðum svo sem verið hefur. En samkomulag varð ekki um útfærslu á togveiðilínunni fyrir Snæfellsnesi. Hér verður flutt brtt. og hefur verið lögð fram brtt. sem lýtur að verulegri breytingu sem bátasjómenn á Snæfellsnesi töldu sér nauðsynlega varðandi togveiðiheimildir fyrir Snæfellsnesi. 1. flm. þeirrar till. mun vera hv. þm. Jón Árnason. Ég hét atfylgi mínu við þessa brtt. og tel að nauðsyn sjómanna á Snæfellsnesi til þess að helga sér þetta netasvæði sé óumdeilanleg.

Jón Árnason: Herra forseti. Frsm. sjútvn., hv. 2. þm. Vestf., hefur gert grein fyrir þeim till. sem n. flytur sameiginlega á þskj. 848. Ég hef engu við það að bæta sem þar kemur fram. Hann hefur skýrt greinilega frá niðurstöðu n. varðandi afgreiðslu þessa máls. Á þessu þskj. eru, eins og ég sagði áðan, þær till. sem n. kom sér saman um að flytja sem breytingar við þessa umr.

Svo kemur aftur brtt. við frv. sem við hv. 1. þm. Vesturl. og hv. þm. Stefán Jónsson, 5. þm. Norðurl. e., höfum leyft okkur að flytja á sérstöku þskj., 852. Þar er um að ræða að færa frekar út línuna í verndarskyni fyrir botnvörpuveiðum út af Snæfellsnesi. Er þar um veiðisvæði að ræða sem kom samhljóða beiðni um frá stjórn Útvegsmannafélags Snæfellsness. Þetta er það eina sem þeir eru alveg sammála um og voru sammála um að fara fram á við okkur þm. Vesturl. að flytja til breytingar við fiskveiðilagafrv. sem hér er til umr.

Þetta veiðisvæði, sem hér um ræðir og um getur á þskj. 852, er þvert út af Snæfellsjökli og á þessu veiðisvæði hafa netaveiðar og línuveiðar aðallega verið stundaðar. Nú var það svo síðast á þeirri vertíð, sem nú er nýlokið, að bátarnir voru, þegar kom fram um mánaðamótin apríl og maí, hraktir af þessu svæði vegna þess að þá var það opnað fyrir togveiðum, og urðu þeir að hrekjast burt með sín veiðarfæri og togararnir komu í staðinn. Nú sýnist það vera svo, þegar þannig er ástatt með okkar fiskstofna að það er sýnilegt að þar sem togarar hafa heimild til að veiða, þar getum við náð meira magni heldur en við þurfum á að halda, þá ættum við ekki að ásælast þessi mið sem eru svo nærri landi og vitað er að hafa verið fyrst og fremst hagnýtt af bátaflotanum. Nú er það svo með Breiðafjörðinn eða þær verstöðvar sem eru á Snæfellsnesi og stunda fiskveiðar í Breiðafirði og út af honum, að þar er aðallega um bátaveiðar að ræða með net og línu. Aðeins einn skuttogari hefur verið keyptur í þessar verstöðvar. Það segir sig því sjálft að það er mjög nauðsynlegt fyrir þessa útgerð að hún fái það rúma afstöðu í kringum sínar heimastöðvar að menn geti á nokkuð öruggan hátt veitt í þau veiðarfæri sem þeir ráða yfir.

Á umræddu þskj. höfum við leyft okkur að flytja tvær brtt. við 3. gr.:

Í fyrsta lagi með leyfi forseta:

„E 1 orðist svo: Utan línu, sem dregin er 5 sjómílur utan við Geirfugladrang úr punkti í 5 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Geirfugladrang í punkt í 10 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Malarrifi (vms 39) er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu."

Í öðru lagi:

„F 1 orðist svo:

Utan línu, sem dregin er úr punkti í 18 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur af Malarrifi (vms 39) í punkt í 12 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (vms 44) er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið."

Því miður fylgir ekki þessu þskj., eins og hefði verið æskilegt til þess að gera mönnum fyllilega grein fyrir hvað hér væri um stórt veiðisvæði að ræða, kort sem sýndi þetta. En hér má segja

að ekki sé um stórt veiðisvæði að ræða, en það er ákaflega þýðingarmikið — og það vil ég leggja áherslu á — fyrir verstöðvar við innanvert Snæfellsnes og Breiðafjörð að fá að halda þessu svæði til þess að hagnýta með netaveiði og línu.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess, herra forseti, að orðlengja frekar um þetta, en vænti þess að hv. d. vilji fallast á að samþykkja þessar brtt.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Því miður verð ég að harma það að hæstv. sjútvrh. skuli ekki vera viðstaddur þegar við erum að ræða þetta mikilvæga mál, og má vera meira en lítið álag að hæstv. ráðh. skuli ekki geta verið viðstaddur, svo óhemjumikilvægt sem þetta mál er að mínu mati og held ég fleiri þm. Hér erum við að leggja grundvöll að því að hagnýta fiskveiðilögsögu okkar rökrétt og vel, og sýndist mér — og segi það hreint út — að ekkert mál geti verið það mikilvægt í þingsölum nú að hæstv. ráðh. skuli ekki fylgjast með umr. hér í Ed. um frv. og brtt. sem við höfum flutt. Það verður að hafa það ef hæstv. ráðh. metur önnur mál meira, en ég ítreka þetta sem mína skoðun og tel það afar merkilegt að annað mál skuli vera mikilvægara. En fyrst fundum er fram haldið þótt í matartíma sé og hæstv. ráðh. ekki viðlátinn vil ég láta mína skoðun koma ótvírætt í ljós.

Ég skrifa undir þetta nál. ásamt öðrum nm. þótt ég sé ekki ánægður með allt í brtt. En ég ætla sérstaklega að fjalla um 8. gr., en þar segir svo, eins og ég sagði við 1. umr: „Stefnt skal að því að auk eftirlits Landhelgisgæslunnar skuli sérstök eftirlitsskip, sem gerð verði út af Hafrannsóknastofnuninni, fylgjast með fiskveiðum í fiskveiðilandhelginni.“

Ég er ekki ánægður með þetta orðalag, en vildi þó ekki rjúfa samstöðu í n. vegna þess að hæstv. ráðh. hafði þrátt fyrir frv. gengið nokkuð til móts við þær raddir sem vildu auka eftirlitið, og það ber að þakka. Hins vegar veit ég að ég má það mæla, því að ég sannreyndi það ásamt öðrum þm. í hv. d. að hæstv. fjmrh. taldi nokkurt fé vera fyrir hendi í þessi skip.

Ég sé nú að hæstv. sjútvrh. hefur haft tækifæri til að koma inn í d., en ég var að harma það áðan, hæstv. ráðh., að svo miklar annir væru að ráðh. gæti ekki verið viðlátinn svo mikilvægt mál. En það er þakkarvert að hann skuli geta séð af sínum dýrmæta tíma til að hlusta á okkur hérna.

Ég verð að vænta þess að þrátt fyrir þessi orð: „stefnt skal að því.“ takist að leysa þetta fjárhagsvandamál og við fáum eftirlitsskip eða eftirlitsbáta er hafi hér mikilvægu hlutverki að gegna, eins og við margir álítum og n., sem undirbjó þetta frv. efnislega, taldi mjög mikilvægt ákvæði. Hins vegar þakka ég hæstv. ráðh. fyrir að fallast á það sjónarmið að gefa meira svigrúm við skyndifriðanir sem menn eru alls staðar hringinn í kringum landið sammála um að þjóni mikilvægum tilgangi til að koma í veg fyrir smáfiskadráp.

Við höfum hlustað á aths. frá Hafrannsóknastofnuninni varðandi 8. gr., og það er kveðið nokkuð fast að orði þegar sagt er: „Ráðh. setur sérstaka trúnaðarmenn um borð í veiðiskip eftir því sem þurfa þykir.“ Hér er ákveðið tekið til orða, og ég vænti þess að þetta ákvæði verði hagnýtt og orðin „eftir því sem þurfa þykir“ gefi nokkurt svigrúm til þess að meta aðstæður. Og þó að sumum kunni að þykja þetta orðalag: „Ráðh. setur sérstaka trúnaðarmenn um borð“ vera þess eðlis að það sé skylda, þá er nokkur fyrirvari því að það verði að metast af Hafrannsóknastofnun og sennilega Fiskifélagi Íslands ásamt rn. Síðan hafa ákveðnir trúnaðarmenn svigrúm til að loka svæðunum allt að þremur sólarhringum. Það tel ég vera mikilvægt og það telja allir nm.

Um önnur atriði í þessu frv. skal ég ekki vera langorður. Ég vil vekja athygli á því að í 7. lið brtt. okkar er lögð á það áhersla að eigi sé heimilt að láta skip laust fyrr en dómur hefur verið kveðinn upp í máli ákæruvaldsins gegn skipstjóra skipsins eða full trygging hafi komið fyrir. Hér er nokkru fastar kveðið á en verið hefur, og nm. voru sammála um að það yrði að vera nokkuð föst venja í þessu og óviðunandi fyrirkomulag hafi verið hér undanfarið. Um nokkur fleiri atriði hafa verið gerðar brtt. sem ég vænti að fái stuðning hv. þd., og skal ég, herra forseti, ekki tefja tímann lengur við að rekja það, það hefur formaður okkar og frsm. þegar gert skilmerkilega.

Umr. frestað.

Fiskveiðasjóður Íslands, frv. (þskj. 673, n. 846). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Frv. þetta er samið af n., eins og fram kemur í aths. við frv., og er um Fiskveiðasjóð Íslands. Ég vil vísa til þess sem ég sagði hér við 1. umr. málsins um þær breytingar sem felast í þessu frv. varðandi stjórn Fiskveiðasjóðs, að ég tel að þar sé stigið spor í rétta átt og þeir aðilar sem málið varða, eins og ég gat um þá, útvegsmenn og sjómenn, geti sætt sig við þá aðstöðu sem þeim er sköpuð í sambandi við störf sjóðsstjórnarinnar.

Aðrar breytingar frá gildandi lögum eru t. d. að nú er gert ráð fyrir því að sjóðsstjórnin fái heimild til þess að veita lán út á notuð skip, en það hefur ekki verið áður. Það er enginn vafi á því að þessi þáttur í starfsemi Fiskveiðasjóðs er nauðsynlegur. Við vitum að það hefur stundum verið auðveldara fyrir þá, sem hafa viljað ráðast í útgerð, að byggja nýtt heldur en kaupa gamalt vegna þess að lánakjör hafa verið með þeim hætti.

Þá er annað, sem þetta frv. felur í sér, sem er nýr þáttur í störfum Fiskveiðasjóðs, en það er að taka upp tæknideild. Það segir sig sjálft að slík starfsemi getur verið stjórn sjóðsins nauðsynleg, að geta borið sig saman í sambandi við ýmsar ákvarðanir um lánveitingar við aðila sem ræður yfir tækniþekkingu í sambandi við skipabyggingar og aðra þá þætti í lánastarfseminni sem Fiskveiðasjóði er ætlað að fjármagna. Eru það m. a. fiskvinnslustöðvar fyrir utan skipabyggingar.

Að öðru leyti má segja um ýmislegt í þessu

lagafrv., sem er um heildarlög fyrir Fiskveiðasjóð, að þar sé um tilfærslu að ræða frá gildandi lögum og millifærslu. Hæstv. sjútvrh. gerði allítarlega grein fyrir þessu frv. þegar það var hér til 1. umr., og vísa ég að öðru leyti til þess sem fram kom í ræðu ráðh.

Í n. var afgreiðsla málsins þannig að menn voru á einu máli um að mæla með samþykkt frv., en eins og fram kemur í nál. áskilja þeir sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma við afgreiðslu málsins. Ég vil því, herra forseti, leyfa mér að mæla með því að þetta frv. verði samþ. óbreytt og því síðan vísað til 3. umr. að umr. lokinni.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Í sjútvn. varð ekki samstaða um þetta mál þótt við vildum ekki halda því þar.

M. a. vil ég geta þess að það er ákaflega mikil óánægja hjá ýmsum þm. um meðferð þessa máls. Það hefur ekki unnist tími til þess, hvorki í Nd. né Ed., að leita umsagnar nokkurs staðar um málið. Okkur er sagt að þetta sé undirbúið í samráði við fulltrúa atvinnuveganna og sé jafnvel loforð sem hafi verið gefið í sambandi við sjóðaumsköpunina sem farið hefur fram. En ég tel að það sé ekki þingræðisleg meðferð á slíku máli að gera ekki n. þingsins kleift að leita umsagna, eins og hún telur nauðsynlegt, og það tel ég í þessu tilfelli. Ég gæti nefnt ýmsa aðila sem ég hefði viljað fá umsagnir frá um þetta mál.

Ég vil jafnframt geta þess, að ég fyrir mitt leyti og fleiri í n. erum ekki ásáttir með 6. gr. frv. þar sem gert er ráð fyrir breytingu á stjórn Fiskveiðasjóðs. Nú sitja í Fiskveiðasjóðsstjórninni 5 bankastjórar, en gert er ráð fyrir því að þeir verði hér eftir að vísu aðeins 3, einn stjórnarmaður verði skipaður af ráðh. án tilnefningar, en við bætist síðan þrír sem eru tilnefndir af aðilum atvinnuvegarins. Ég segi fyrir mitt leyti að ég tel rangt að bankastjórar sitji í sjóðsstjórnum. Þeir eiga að stjórna sínum bönkum með tilliti til þess sem réttast er með hagsmuni bankans í huga, en þeir eiga ekki að ákveða stefnu og störf sjóða sem starfa utan bankanna.

Ég vildi einnig gjarnan fá svar við því að nú stendur í lögum að bankastjóra Seðlabankans er ekki heimilt að taka sæti í nefndum eða stjórnum eða yfirleitt taka að sér nein önnur störf utan Seðlabankans nema með leyfi ráðh. Ég vil gjarnan fá upplýst t. d. hvort núv. viðskrh. er reiðubúinn að veita bankastjóra Seðlabankans leyfi til að setjast í stjórn Fiskveiðasjóðs. Ef hann er það ekki, þá er náttúrlega tilgangslaust að vera að setja hann þarna í stjórn. Ég álít, að bankastjórar Seðlabankans eigi að stjórna fjármálum síns banka og raunar þjóðarinnar án tillits til annarra stofnana og eigi því ekki að sitja í stjórnum annarra stofnana. Það er alltaf mannlegt, og það er ekki óeðlilegt, að taka í sínum ákvörðunum tillit til þeirra hagsmuna sem þeir þar með kunna að fara með í slíkum sjóðsstjórnum.

Ég vil upplýsa það hér að ég hef rætt þetta mál í þingflokki Framsfl. og þar hafa ráðh. óskað eftir því að fá að athuga málið nánar áður en ég legg fram brtt. sem ég hef tilbúna. Ég ætla því ekki að leggja brtt. fram nú, en ég áskil mér rétt til að flytja þessa brtt. við 3. umr. um málið. Hins vegar er það von mín að forseti fresti þessu máli og veiti ríkisstj. tækifæri til að skoða það betur.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—26. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. (þskj. 669, n. 831). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Landbn. hefur haft til meðferðar á fundum sínum frv. til l. um breyt. á l. um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. Lög um Framleiðsluráð landbúnaðarins hafa nú staðið í hartnær 30 ár og á þessum lögum hafa áður verið gerðar a. m. k. tvær allveigamiklar breytingar. Að þessu sinni eru nokkur veigamikil atriði tekin til endurskoðunar, en jafnframt er rétt að geta þess að heildarendurskoðun laganna stendur fyrir dyrum. Ég vil í örfáum orðum gera grein fyrir því í hverju þær breytingar eru fólgnar sem nú er ráðgert að gera á lögunum.

Fyrst er að fjölgað er í Framleiðsluráði landbúnaðarins um tvo menn, en það er gert samkv. ósk Stéttarsambands bænda vegna þess að fjölgað var í stjórn sambandsins og frá upphafi og þangað til fjölgað var í stjórninni voru allir stjórnarmenn Stéttarsambandsins í Framleiðsluráði, en auk þeirra skipa Framleiðsluráð 4 fulltrúar sem kjörnir eru af sölusamtökum landbúnaðarins.

Þá er rétt að geta þess að hér er gert ráð fyrir að leyfi þurfi til slátrunar stórgripa: nautgripa og hrossa, en fram að þessu hafa slátrunarleyfi verið bundin við sauðfé. Enn fremur er gert ráð fyrir að landbrh. geti gert það að skilyrði fyrir slátrun svína og alifugla að sérstakt slátrunarleyfi þurfi til.

Þá er það að veruleg breyting er gerð á lögunum varðandi dreifingu mjólkur, og eins og hv. dm. er kunnugt er meginbreytingin sú að gert er ráð fyrir að nýmjólk verði verðlögð í heildsölu og dreifing nýmjólkur komist á fleiri hendur en verið hefur áður og einkaleyfi vinnsluaðilanna til mjólkursölu í smásölu verði niður fellt. Um þetta atriði hafa vissulega verið verulegar deilur á undanförnum árum og skiptar skoðanir. En ýmislegt í breyttum verslunarháttum veldur því að menn hafa hallast að því máli, að rétt væri að hafa þetta fyrirkomulag á. Það hlýtur að koma í ljós þegar lögin hafa verið reynd hvort þetta reynist spor í rétta átt eða ekki. En með þessu móti er gert ráð fyrir að allir þeir, sem uppfylla ákveðnar kröfur um húsnæði og heilbrigðisaðstöðu í verslunum sínum, geti fengið leyfi til að selja nýmjólk.

Þá vil ég geta þess að í þessu frv. eru ákvæði um verðjöfnun sem eru nokkru ákveðnari en verið hefur. Þar er gert ráð fyrir a. m. k. þrenns

konar verðjöfnun. Í fyrsta lagi verðjöfnun sem stafar af því að sérlega kostnaðarsamt og erfitt geti verið að flytja mjólk til ákveðinna staða og dæmi um slíkt er á Vestfjörðum, en þangað hefur þurft að flytja mjólk með mjög miklum tilkostnaði yfir vetrarmánuðina þegar mjólkurframleiðsla hefur verið of lítil á svæðinu og ekki verið um að ræða að flytja mjólkina á bílum. Það þykir rétt og sjálfsagt að neytendur á Vestfjörðum greiði sama verð fyrir mjólkina og neytendur annars staðar, en þess vegna þarf að vera ákveðin heimild í lögum til þess að hægt sé að dreifa þessum kostnaði, og hér er gert ráð fyrir að þeim kostnaði sé dreift á neytendur. Að vísu vil ég gjarnan segja það hér að það geta verið fleiri aðferðir skynsamlegar í því efni, og raunar tel ég að það sé mál allra landsmanna að jafnaður sé aðstöðumunur eins og þessi, þannig að vel geti komið til greina að fé til þessara sérstöku flutninga, sem stafa af tímabundnum skorti á vörum á ákveðnum stöðum, kæmi annars staðar að heldur en af verði landbúnaðarvaranna sjálfra, en í þessu frv. er gert ráð fyrir því að þetta verði tekið af verði landbúnaðarvaranna.

Í öðru lagi er hér um að ræða verðjöfnun sem stafar af því að tilkostnaður mjólkurbúanna og annarra vinnslustöðva landbúnaðarins við móttöku, vinnslu og dreifingu varanna er mjög mismunandi. Það, sem einna ólíkast er eins og nú háttar, er fjármagnskostnaður, en geysilegur aðstöðumunur er hjá þeim búum, sem annars vegar búa við eldra húsnæði, en vel nýtanlegt, og hins vegar þeirra, sem búa við nýtt húsnæði og mjög dýrt í krónum talið. Hér er gert ráð fyrir að hægt sé að verðjafna á milli þessara staða að fullu, eins og raunar hefur verið gert að verulegu leyti í reynd, en ekki til fulls, og með því gert ráð fyrir hvoru tveggja, að neytendur fái vörurnar alls staðar á sama verði og bændur fái sambærilegt verð fyrir vöruna hvort sem þeir búa við nýtt eða eldra húsnæði eða annan óviðráðanlegan mismunandi kostnað við vinnslu og dreifingu varanna.

Loks er svo gert ráð fyrir því að ef ekki næst fullt verð fyrir útfluttar landbúnaðarvörur með aðstoð þeirra fjárhæða sem ríkið ver til þess, þá sé heimilt að jafna niður á bændur kostnaði af útflutningi þannig að þeir, sem verða fyrir því að þurfa að flytja út landbúnaðarvörur án þess að fá fullar verðbætur eða kunna að verða fyrir slíku, fái sams konar verð og aðrir, þ. e. a. s. verði verðjafnað á milli bændanna ef svo tekst til að þarf að flytja út vörur án þess að verðið verði greitt að fullu annars staðar að, annaðhvort af verði varanna eða með útflutningsuppbótum.

Ég held að það sé ekki ástæða til að ég flytji langt mál um þetta. Aðalefni þessarar breytingar er sem sagt tvenns konar, þar sem mestu máli skiptir annars vegar breyting á fyrirkomulagi á sölu mjólkur og hins vegar lögfesting á ákvæðum í sambandi við verðjöfnun sem þó að verulegu leyti hafa verið framkvæmd eins og hér er gert ráð fyrir í lögum, þó að það hafi ekki verið gert að fullu.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég skrifaði undir þetta nál. með fyrirvara. Þetta mál var tekið fyrir á mjög skömmum nefndarfundi sem stóð stutt og við höfðum ekki aðstöðu til þess að skoða þetta mál náið í n. Ég vil þó taka það fram varðandi þann þátt sem snýr að mjólkursölunni, að það er ágreiningslaust frá okkar hendi, alþb.-manna, sömuleiðis 1., 2. og 3. gr. Ég get auðvitað ekki stillt mig um að benda þó á tvennt í þessu sambandi, þ. e. a. s. vandamál þeirra kvenna sem vinna nú í mjólkurbúðum Mjólkursamsölunnar er nú verða bráðlega lagðar niður. Þau vandamál verða vissulega ekki leyst að fullu. Það er rétt að Kaupmannasamtökin hafa lofað því að þessar konur fái forgang til vinnu hjá þeim, en það er vitað að það verður aldrei nema um lítinn hluta þeirra að ræða sem fær vinnu við svipað eða sams konar starf á nýjan leik.

Á hinu er rétt að vekja athygli líka sem kom fram mjög glögglega í Nd., umsögn borgarlæknis um þetta mál, mjög merkilegri umsögn borgarlæknis. Þar kom fram alveg sérstaklega jákvæð umsögn hans um mjólkurbúðir Mjólkursamsölunnar, hvað þær hefðu verið til fyrirmyndar, og ótti hans í sambandi við það og að menn ættu að vara sig á þessari breytingu og það yrði að hafa hert eftirlit með henni svo að hún skaðaði ekki neytendur hvað vörugæði snertir. Einnig benti borgarlæknir í umsögn sinni á vandamál ýmissa eldri hverfa hér í borginni. Út í það skal ég ekki fara hér þar sem mjólkurbúðir Mjólkursamsölunnar leggjast niður og e. t. v. taka engir þar við. Og þá benti hann sérstaklega á vandamál eldra fólksins í þessum hverfum. Þetta verður að vona að verði tekið til náinnar athugunar, því að þessi umsögn borgarlæknis var hin merkasta og ástæða til fyrir þá, sem eiga að stjórna þessum málum framvegis, að taka þar fullt tillit til.

En aðalágreiningsefnið, sem varð um þetta mál í Nd., kemur fram í nál. frá minni hl. landbn. þar, þeim Eðvarð Sigurðssyni og Benedikt Gröndal, en þar segir — með leyfi hæstv. forseta — orðrétt í þeirra nál.:

„Eins og að framan segir, eru þau nýmæli í frv. að verðjöfnunargjald af öllum búvörum skuli talið til dreifingarkostnaðar og að við ákvörðun verðjöfnunargjalds skuli heimilt að taka tillit til fjármagnskostnaðar sláturhúsa og mjólkurbúa. Þessari veigamiklu breytingu á lögunum erum við andvígir og teljum að hún geti haft stórfelld áhrif til hækkunar á verði allrar búvöru til neytenda.

Í þessu sambandi viljum við minna á að nú stendur fyrir dyrum endurskoðun á verðmyndunarkerfi landbúnaðarvara og hefur verkalýðshreyfingunni verið boðið að eiga fulltrúa við þá endurskoðun. Alþýðusambandið hefur þegar tilnefnt sinn fulltrúa í n. Það er áreiðanlega áhugamál neytenda að það kerfi, sem ræður verðmyndun landbúnaðarvara, verði endurskoðað, og þegar sú endurskoðun stendur fyrir dyrum verður það að teljast bein árás og móðgun við neytendur og verkalýðshreyfinguna sérstaklega ef knýja á í gegn þá breytingu á lögunum að telja verðjöfnunargjald og fjármagnskostnað vinnslustöðva skilyrðislaust til dreifingarkostnaðar. Af ókunnum ástæðum hefur sú endurskoðunarnefnd, sem hér um ræðir, ekki enn verið kölluð til starfa. Var það kannske ætlunin að knýja fyrst

fram þessa breytingu á lögunum og koma þar með í veg fyrir að starf n. gæti borið árangur?"

Á þessari spurningu lýk ég tilvitnun í nál. minni hl. landbn. í Nd.

Hins vegar þegar hæstv. ráðh. mælti fyrir þessu frv. hér í d., þá var yfirlýsing hans allótvíræð hvað þetta snertir. Hann vildi halda fram að þessi breyting, sem hér er gerð á l., yrði ekki til þess að um verðhækkanir yrði að ræða, hér væri um jöfnun milli framleiðenda að ræða, en færi ekki í auknum mæli út í verðlagið. Og spurningin er auðvitað einmitt um þetta. Við vitum að þetta hefur án lagaheimildar, en með samkomulagi og þá eflaust innan Sexmannanefndar, verið gert að hluta. Þessum fjármagnskostnaði hefur verið dreift út í verðlagið. Ég lýsi því yfir að mín skoðun er ótvíræð í þessum efnum, að fjármagnskostnaðinn af þessum mikilvægu vinnslustöðvum verði allir að bera að sínum hluta. En vitanlega uni ég ekki við það að neytendur einir beri þennan kostnað. Ég viðurkenni að þeim eru í hag fullkomnari hús með bættri vöruvöndun, en auðvitað hljóta eigendurnir, þeir sem eiga þessi mannvirki sem eru nú orðin mjög glæsileg og er ekki nema gott um að segja, sláturhúsin og mjólkurbúin, þeir eiga vitanlega að bera sinn hluta og um það atriði verður að nást fullt samkomulag milli neytenda og bænda. Ef þetta frv. eða þessar lagagr., sem hér er verið að staðfesta, væru til hindrunar á þeim vegi að samkomulag gæti náðst milli neytenda og bænda í þessu efni, þá væri illa farið.

Eins og ég sagði áðan, þetta hefur verið að nokkru sett út í verðlagið, það er staðreynd, þá án lagaheimildar, en með samkomulagi í Sexmannanefnd. Nú er þetta hins vegar lögfest, og þá er auðvitað spurningin um það hvernig þetta verður í framkvæmd. Í þessu sambandi dettur mér það nú í hug að sláturhúsin eru fyrst og fremst dýr vegna þeirra krafna sem gerðar eru um útflutning á kjöti. Það er ekkert nema gott eitt um það að segja. En þessi glæsilegu og dýru hús eru líka nýtt 6—7 vikur á ári og síðan eru þessi hús algerlega ónotuð. Hér þyrfti að gera mikla bragarbót á að mínu viti. Það hlýtur að vera unnt að nýta þessi hús í einhverjum mæli, t. d. varðandi frekari úrvinnslu þeirra landbúnaðarafurða sem við flytjum nú óunnar úr landi. Og það að neytendur beri kostnað af þessum dýru húsum, sem aðeins eru nýtt í 6—7 vikur á ári, beri kostnað af þeim að fullu, það hlýtur auðvitað að teljast mjög vafasamt, og ég er andvígur því ef þessum lagagr. yrði beitt á þann hátt. Fyrir því er að vísu engin trygging hvernig að þessu verður staðið.

Varðandi hina verðjöfnunina, sem er í seinni mgr. 9. gr., þá hlýtur þar að verða eitthvað að gera þegar kostnaðarsamir flutningar milli sölusvæða koma til. Og ég tek undir það með hv. frsm. að það væri eðlilegast að þetta væri mál samfélagsins. Hann kom inn á þá leið og ég teldi hana að miklu leyti eðlilegri. En hæstv. ráðh. er nú ekki hér viðstaddur. Ég hefði þá viljað fá um það sem skýrust svör frá hv. frsm., sem mun eiga vel innangengt hjá hæstv. ráðh., þar sem svo mikill ágreiningur varð í Nd. um þetta mál, hvaða skilning megi leggja í framkvæmd þessara lagagr. sem hér er verið að lögfesta, ekki um það hvort þetta fer út í verðlagið, það hefur gert það og mun halda áfram að gera það, það er ekki spurning um það, heldur um það, hvort það muni gera það í auknum mæli, hvort lögfesting þessara greina verði til þess að hækka verð á búvöru frá því sem verið hefur. Það er aðalspurningin. Um það vil ég spyrja.

Verðlagsmál okkar í dag eru í of miklu ólagi og hækkanir á verðlagi of stórfelldar til þess að við getum tekið við lagagr. sem beinlínis fela í sér þá hættu að stigmagna þessa hækkun enn. Og ekki síst hefur hækkun á landbúnaðarafurðum orðið það mikil að hvert skref til viðbótar yrði til hins verra og mundi náttúrlega fyrr eða síðar leiða af sér með þessari þróun minnkandi kaup á landbúnaðarvörum sem er ekki heldur gott. Ég trúi því hins vegar ekki að það sé ætlun hæstv. ráðh. og þeirra, sem að þessu frv. standa, að efna nú til styrjaldar við verkalýðshreyfinguna enn á ný með því móti að hækka enn verð á landbúnaðarvörum með því að bæta hér við, heldur sé hér nánast um lögfestingu á því að ræða sem hefur verið í praxis og Sexmannanefnd hefur fallist á. En ekki síst með tilliti til þess, að nú er að fara í gang þessi endurskoðun þar sem fulltrúar neytenda og bænda eiga sæti, þá er nauðsynlegt að fá þetta upplýst. Ég vænti þess að hv. frsm. geti hér svarað fyrir hæstv. ráðh. og gefið yfirlýsingu um þetta mál svo að ég sjái mér a. m. k. unnt að sitja hjá við atkvgr. um þessar gr., en þurfi ekki að greiða atkv. gegn þeim.

Axel Jónsson: Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 831, þá stend ég að því. Ég vildi samt, herra forseti, láta koma fram hér við umr. málsins að þó að flestir telji að það sé eðlilegt og nauðsynlegt að gerðar séu þær breytingar sem hér eru fyrirhugaðar varðandi sölu mjólkurvara, þá óttast ég nokkuð að við sjáum ekki út yfir þann vanda sem hugsanlega kann að koma upp í þessu sambandi. Og eins og hv. síðasti ræðumaður vitnaði til, þá mun og Heilbrigðiseftirlitið í Reykjavík hafa af þessu nokkrar áhyggjur. Ég þekki það sjálfur af raun, hafandi verið formaður heilbrigðisnefndar í öðrum stærsta kaupstað landsins utan Reykjavíkur, að mjólkurbúðir Samsölunnar eru búnar og reknar með hinni mestu prýði miðað við þær ströngu kröfur sem heilbrigðisreglugerðin gerir um sölu og meðferð mjólkur og mjólkurvara hérlendis. Í eldri byggðahverfum eru slíkar búðir til sem fullnægja þessum kröfum, en almennar matvörubúðir því miður ekki og hafa ekki möguleika til þess sumar hverjar að fullnægja þeim kröfum húsnæðisrýmisins vegna. Það er því hætt við að útsölustöðum mjólkurvara fækki í hinum eldri byggðahverfum. En í hinum nýrri hverfum hafa eðlilega nýju verslanirnar verið byggðar með þetta fyrir augum, byggðar samkv. ströngustu kröfum um geymslu, meðferð og sölu mjólkurvara. Ég bendi á þetta. Það er sjálfsagt nauðsynlegt að gera þessa breytingu, en ég óttast að menn sjái kannske ekki alfarið út fyrir afleiðingarnar af þessu og a. m. k. fyrst um sinn geti orðið um nokkurt vandamál að ræða varðandi sér í lagi það bráðabirgðaákvæði sem hér

er að finna, að því viðbættu, eins og einnig síðasti hv. ræðumaður, 7. landsk., kom inn á, að verulega stór hópur starfsfólks, sem áratugum saman hefur unnið hjá Samsölunni, mun nú tapa vinnu hjá þeim vinnuveitanda. Þó að aðrir vinnuveitendur hafi góð orð um að þetta starfsfólk njóti forgangs hjá þeim til vinnu, þá er það í sjálfu sér ekki nema takmörkuð lausn á tímabundnu vandamáli þessa starfsfólks.

Þetta vildi ég láta koma fram, herra forseti, nú við þessa umr. málsins.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Ég vil með nokkrum orðum reyna að svara hv. 7. landsk. þm. og reyna að gera grein fyrir því hvernig ég tel að þessi lögfesting á verðjöfnun verki á verðlagsmálin.

Verðlagning landbúnaðarvara fer fram í svokallaðri Sexmannanefnd þar sem eru 3 fulltrúar bænda og 3 fulltrúar neytenda. Til þess að Sexmannanefnd komist að samkomulagi um verðlag þurfa a. m. k. 4 fulltrúar að samþykkja till. sem fram koma. Ef n. skiptist í tvo jafna hluta, þá eru alltaf till. felldar.

Einn þátturinn í verðlagningunni er verðlagning á vinnslu- og dreifingarkostnaði landbúnaðarvara. Þessi þáttur hefur verið byggður annars vegar á þeirri reynslu, sem fengist hefur af þessum kostnaði, og þá lagðar til grundvallar upplýsingar vinnslustöðvanna um rekstrarkostnað og hins vegar áætlanir þeirra um breytingar á rekstrarkostnaði, annars vegar frá ársfjórðungi til ársfjórðungs, eins og verður með mjólkurvinnslustöðvarnar, en hins vegar frá einu ári til annars, eins og verður með sláturhúsin. Þessi kostnaður, vinnslu- og dreifingarkostnaður, fer inn í verðlagið, og sá vinnslu- og dreifingarkostnaður, sem ákveðinn er hverju sinni, á að vera sem næst meðalkostnaður við vinnslu og dreifingu. Hins vegar vantar inn í lögin skýr ákvæði um það að heimilt sé að verðjafna til framleiðanda að fullu þann mismunandi kostnað sem hlýtur alltaf að verða af ýmsum ástæðum á milli einstakra vinnslustöðva. Það skortir ekkert á að lög séu til þess að hækka eða breyta verðlagi á landbúnaðarvörum að fullu í samræmi við breyttan vinnslu- og dreifingarkostnað, hvort sem þær breytingar stafa af breyttu kaupgjaldi, breyttum kostnaði rekstrarvara eða breyttum fjármagnskostnaði. Þess vegna tel ég, að lögfesting þessara atriða, sem hér eru, eigi ekki að breyta verðlagningu til neytanda þar sem meðalkostnaður við vinnslu og dreifingu á að verða viðurkenndur í verðlaginu.

Hins vegar er það svo, að ef vinnslu- og dreifingarkostnaður er mjög mismunandi af ástæðum sem eru óviðráðanlegar, og þar tel ég t. d. mismunandi fjármagnskostnað vera óviðráðanlega ástæðu vegna þess að það er gífurlegur munur á því hvort menn búa við nokkurra ára, e. t. v. áratuga gamla vinnslustöð, sem gegnir til fulls hlutverki sínu, eða menn verða að hafa orðið að byggja nýtt yfir sig, vinnslustöðvar sem hafa kostað mikla fjármuni. Þessi mismunandi kostnaður hefur að nokkru verið verðjafnaður. En það er ekki hægt að segja að það séu ákveðin ákvæði í lögum til þess að jafna þennan kostnað að fullu. Tilgangurinn með þessu er vitanlega sá, að það sé hægt að gera hvort tveggja í senn: að selja vöruna á sama verði alls staðar og eins hitt að greiða bændum sem næst sama verð hvar sem þeir búa. Þetta er þó alls ekki verðjafnað til fulls. Kostnaður við flutning til vinnslustöðvanna er t. d. ekki verðjafnaður yfir allt landið. Og í öðru lagi hefur sú verðjöfnun, sem fram hefur farið, verið framkvæmd á þá lund, að farið er mjög nákvæmlega í reikninga þessara vinnslustöðva og ef í ljós kemur, að þær hafa óhagkvæman rekstur, t. d. vegna þess að þær nýti illa hráefni eða noti óhæfilega mikið vinnuafl, þá hafa slíkir kostnaðarliðir ekki verið teknir inn í verðjöfnunina.

Ég tel að samþykkt þessara lagabreytinga eigi ekki að hafa áhrif á að hækka búvöruverðið til neytenda, en ég tel að þær eigi að hafa áhrif á það að jafnara verð fáist til framleiðenda heldur en annars hefði verið.

Ég tók eftir því í ræðu hv. 7. landsk. að hann minntist á það að ef þessi lagasetning orkaði til hækkunar á búvöruverði, þá gæti það kostað styrjöld milli neytenda og framleiðenda. Ég vil minna á það að grundvallaratriðið í framleiðsluráðslögunum, sem óbreytt stendur, er það að verðlagningin skuli við það miðast að bændur hafi sem sambærilegastar tekjur við ákveðnar viðmiðunarstéttir. Ég tel mikla nauðsyn að þannig sé um hnúta búið að þetta geti orðið í reynd. Því miður hefur ekki verið svo. Það hefur verið mjög mikill munur á tekjum bændastéttarinnar annars vegar á undanförnum árum og viðmiðunarstéttanna hins vegar. Um þetta bera tölur í Hagtíðindum mjög glöggt vitni.

Víst er það rétt að það er verulegur mismunur líka á tekjum einstakra bænda. Þeir búa vissulega við misjafna aðstöðu innbyrðis. En tekjumunur er vissulega líka mjög mikill á milli einstakra manna í hinum svokölluðu viðmiðunarstéttum, hjá verkamönnum og iðnaðarmönnum.

Ég held að það sé ekki heppilegt að tala um styrjöld á milli launþega annars vegar og bænda hins vegar. Öllum hlýtur að vera ljóst, sem að þessum málum gá í fullri alvöru, að hagsmunir þessara starfshópa fara í mörgu mjög saman. En þó er það svo að ör verðbólga, svo að tekin séu dæmi, hlýtur að koma enn verr niður á bóndanum heldur en nokkru sinni launþeganum, og það er einfaldlega vegna þess að verðbreytingar, sem stafa af hækkuðum rekstrarvörukostnaði, hækkuðu kaupi o. s. frv., koma seinna til bóndans heldur en kauphækkanir til viðmiðunarstéttanna. Þess vegna verður það svo, að bóndinn verður á miklum verðbólguárum sífelldlega að taka af eigin kaupi til þess að greiða hluta rekstrarvaranna. Þetta hygg ég að sé ein meginorsök þess að einmitt nú, þrátt fyrir að ýmsu leyti gott samkomulag í Sexmannanefnd og að mér finnst ríkan skilning þeirra, sem þar starfa, á því að nauðsynlegt sé að bóndinn fái réttlátt verð fyrir vöru sína, þá hefur fremur dregið sundur aftur á milli þessara stétta frá því sem orðið var þegar best lét.

Ég ætla ekki, herra forseti, að flytja hér lengra mál. Ég vona að ég hafi komið að þeim atriðum sem sérstaklega var spurt um og vænti

þess að þrátt fyrir það að ég sé að ýmsu leyti sammála hv. 7. landsk. þm. um að það sé ekki víst að breytingin á mjólkursölunni sé að öllu leyti til bóta, þá ætla ég samt að vona að þetta frv. verði samþ. hér. Auðvitað er hugsanlegt að breyta til aftur ef einhverjir ákveðnir þættir í frv. reynast ekki eins vel eins og þeir, sem mest berjast fyrir þeim, hafa gert sér vonir um.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég vil þakka hv. 6. þm. Norðurl. e. fyrir svör hans við þeim spurningum sem ég beindi til hans áðan. Ég skal fyllilega taka undir það að hagsmunir bænda og verkamanna eiga að fara saman. Hitt er staðreynd, að þessum stéttum er oft att saman og það ekki síst af ríkisvaldinu, og það ríkisvald, sem við höfum nú yfir okkur, hefur ekki gert minna í því en aðrir að etja þessum stéttum saman.

Ég skal líka síst hafa á móti því að bændur njóti þeirra sömu tekna og viðmiðunarstéttirnar hafa. Þar kemur vitanlega margt fleira til, svo sem bætt skipulag í okkar landbúnaði í heild, svo sem bætt lánakerfi í landbúnaði okkar, þar sem hinn mikli fjármagnskostnaður bænda og þar með talinn hinn gífurlegi vaxtakostnaður þeirra kemur nú inn í af æ meiri þunga og rekstrarvörur þeirra ýmsar eru sprengdar upp úr öllu valdi og það m. a. þær vörur sem framleiddar eru hér innanlands og ríkisvaldið ætti að hafa betri og meiri stjórn á en það gerir.

Hv. þm. upplýsti að það hefði yfirleitt verið svo að meðaldreifingarkostnaðurinn hefði farið inn í verðlagið, hér væri því í raun aðallega lagt til að verðjafna til framleiðenda að fullu. Við það hef ég ekkert að athuga. Ég fagna einnig yfirlýsingu hans um að þessi lagabreyting komi ekki til með að breyta í neinu verðlagi til neytenda. Í þessu er að vísu engin trygging fólgin, en þetta veldur því þó að ég tel mig geta setið hjá við atkvgr. um þessar gr., en þarf ekki að greiða atkv. gegn þeim, sem ég hefði annars gert, ef ég hefði talið á því líkur að þarna væri um verulega hættu á vöruverðshækkun að ræða. Engu að síður verð ég að segja það, að þessi lagasetning nú hlýtur að teljast heldur óheppileg í ljósi þess sem kom fram í nál. minni hl. landbn. í Nd. Úr því að bændur og neytendur eru nú að setjast að samningaborðinu um verðmyndunarkerfi landbúnaðarins í heild, þá held ég að það sé ótvírætt að það hefði verið rétt að bíða með þessi atriði einnig og afgreiða mjólkurþáttinn þá einan hér út úr þinginu. Og það er miður að einmitt aðvaranir Eðvarðs Sigurðssonar, hv. þm. í Nd. og minni hl. landbn., um þetta atriði voru ekki teknar til greina og þessi atriði felld út úr frv., en þess frekar freistað að ná um það fullu samkomulagi í þeirri n. sem hlýtur senn að fara að taka til starfa.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
9.—12. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Efri deild, 118. fundur.

Mánudaginn 17. maí, að loknum 117. fundi.

Ábúðarlög, frv. (þskj. 632, n. 832). — *2. umr.*

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Ég tel mig ekki þurfa að hafa langa framsögu fyrir því nál. sem landbn. sendir frá sér um þetta frv. til ábúðarlaga. Það nægir að mestu leyti að vísa til ræðu sem hæstv. landbrh. hélt þegar hann lagði málið fram hér í hv. d. En mér þykir þó rétt að minna á það að ábúðarlög þessi, sem við ræðum hér frv. að, kemur í staðinn fyrir þrenn lög sem áður voru í gildi um ábúðarmálefni, lög frá 1933, 1951 og 1961. Einnig eru felld inn í þetta frv. ákvæði um erfðaábúð sem voru í sérstökum lögum frá 1962. Þetta frv., sem hér er til umr., hefur því þann kost að hér eru sameinuð og samræmd þau ákvæði sem voru í eldri lögum, en breytingar eru til þess að gera litlar gerðar í frv. 1. gr. frv. er algerlega að efni til shlj. gr. í lögum frá 1961 þar sem er skýrgreining á orðinu „jörð". Má segja líkt um einstakar gr. frv. Hins vegar hafa þessi lög verið samræmd því frv. til jarðalaga sem nú liggur fyrir Nd.

Landbn. ræddi málið á nokkrum fundum, og hún mælir með því að frv. verði samþ. Það er samhlj. álit n., en einstakir nm. hafa áskilið sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. sem fram kynnu að koma. En mér er ekki kunnugt um að fram hafi verið lagðar brtt. við þetta frv. og gerir það málið vissulega einfaldara í hugum okkar þar sem menn hafa ekki séð ástæðu til þess að bera fram brtt. við það. Vil ég ítreka það að lokum að landbn. mælir með því að frv. verði samþykkt.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Hér er um allmikinn lagabálk að ræða, og ég hlýt að harma það hve hraði þessa máls er mikill hér í þessari hv. d. Vísaði frsm., hv. þm. Steinþór Gestsson, áðan í framsögu ráðh. fyrir þessu máli. Þessi framsaga fór algerlega fram hjá mér vegna tiltölulega stutts símtals sem ég átti, svo að ekki hefur framsagan verið mjög ítarleg.

Við í landbn. höfum í raun aldrei fjallað um þetta frv. sem slíkt. Varðandi jarðalögin, sem eru bálkur sem er náskyldur þessu og lagabálkur sem þarf að taka samhliða, þá komu þó nefndir beggja d. saman á einum fundi fyrir frumkvæði formanns og frsm. landbn., en fyrir því hafði ekki hv. landbn. Nd. að hafa hið minnsta samráð við okkur í Ed. við þá umfjöllun sem þeir höfðu um frv.

Ég hef hlaupið yfir þetta frv. og skal játa að ég hef alls ekki gert mér grein fyrir þeim breytingum sérstaklega sem eru í þessu frv. frá því frv. til ábúðarlaga sem var hér til meðferðar í þinginu fyrir tveimur árum eða svo. Það, sem ég sé í frv. og aths. þess, tel ég þó að nokkru til bóta og hef þess vegna á það fallist að skrifa undir nál.

Ég sé ekki ástæðu til þess að flytja neinar brtt. við þetta frv. Til þess hefur ekki unnist tími og væntanlega gefst glöggum mönnum síðar

færi á því að flytja brtt. við ábúðarlögin í heild ef þarna koma einhver þau ákvæði í ljós sem ekki eru nógu góð. Þó rak ég mig á eitt atriði fyrir tilviljun þegar ég var að lesa þetta yfir og veit ég ekki hvort það er gamalt eða nýtt. Það er varðandi úttekt á jörð sem hingað til hefur verið miðuð við fardaga, en nú sýnist mér miðuð við 20. júní. Það kann að vera að þetta sé þarft, en þó held ég að það hafi verið skemmtilegra að miða við hina gömlu fardaga. Við megum ekki alveg gleyma þeim merku tímamótum.

Í Nd. skilaði fulltrúi Alþfl. séráliti. Ég er nú ekki vanur að taka mjög undir það sem þeir hv. alþfl.-menn segja, og er ekki samþykkur því áliti sem þar kemur fram, enda er það um frávísun á málinu í heild, á máli sem í meginatriðum er gott og til bóta. En ég get þó ekki stillt mig um að taka undir rökstuðninginn fyrir þessari frávísun í tveim atriðum, þ. e. a. s. í lið 1 og 4. Þar er lagt til að frv. verði vísað til ríkisstj. í trausti þess að hún láti semja nýtt frv. er byggist á eftirfarandi meginatriðum:

1. Að landeigendur, sem ekki búa sjálfir á jörðum sínum, skuli ekki leigja þær, heldur selja ef hæfir kaupendur fást sem vilja búa á þeim og nýta þær. Finnist slíkir kaupendur ekki skulu sveitarfélög eða ríki kaupa jarðirnar.

Þetta atriði í hinni rökst. dagskrá Benedikts Gröndals, hv. þm., get ég sem sagt fúslega tekið undir. Við vitum allt of mörg dæmi um jarðir t. d., sem ekki eru setnar af ýmsum duttlungum manna hreinum, og það er vissulega ástæða til þess að herða á ákvæðum þar um. Við lestur á þessu ábúðarlagafrv. sé ég ekki að það sé nægilega tryggt að menn geti ekki eftir sem áður skilið eftir góðar bújarðir í eyði og ekki nýtt þær.

Og svo er 4. liðurinn sem ég er út af fyrir sig algerlega sammála, þ. e. a. s. varðandi hugtök. Það er víst fullkomin ástæða til þess að huga eins að hugtökum og orðum í íslensku máli eins og einstökum bókstöfum, eins og nú eru hér mest á dagskrá. Það segir í 4. lið aths. hv. þm., Benedikts Gröndals:

„Hugtök og orð eins og landsdrottinn og leiguliði verði ekki notuð í íslenskri löggjöf í framtíðinni."

Ég vil alveg sérstaklega taka undir þetta tvennt. Þetta eru hvimleið og ástæðulaus orð og gefa til kynna annað en þau í raun merkja, a. m. k. að mínu mati. Ég held að það hefði verið mikil bót að því að fella niður þessi orð: landsdrottinn og leiguliði. Það hlýtur að hafa verið hægt að finna þarna betri orð. En sem sagt, ég vil aðeins harma það að við skulum ekki hafa fengið tækifæri til að fjalla um þennan mikla lagabálk á sama hátt og við þó fjölluðum um jarðalögin. Þetta frv. var lagt allt of seint fram á þessu þingi, og ég er engan veginn að ásaka hv. formann landbn. vegna þess að þetta var með samkomulagi við okkur gert til þess einfaldlega að málið næði hér fram að ganga. En ég átel vinnubrögð hæstv. ráðh. að leggja viðamikinn lagabálk eins og þennan fram á síðustu dögum þingsins og ætlast til að hann sé þá afgreiddur án þess að menn í raun og veru geti kynnt sér hann nægilega.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Mér þykir leitt að frétta það að hv. 7. landsk. þm. skyldi ekki hafa átt þess kost að heyra ræðu hæstv. landbrh. þegar hann lagði frv. hér fram. Ég taldi að sú ræða hefði verið allgóð skýringarræða við frv. Hins vegar hygg ég að það gæti hugsast að mat þm. á lengd símtals geti nú verið dálítið á reiki og það sannar þess vegna lítið lengd ræðunnar. Mér þykir þó rétt að benda hér á einstök atriði sem ég minntist ekki á áðan og hefur verið breytt frá því sem var í fyrra frv. þegar það var lagt hér fram.

Það er t. d. að því er varðar afskipti sveitarstjórnar af því að koma jörð í ábúð þegar eigandi annaðhvort getur ekki gert það eða hefur ekki á því hug, þá var það í heimildarformi í eldri lögum að sveitarstjórn hefði af því afskipti, en núna er henni gert að skyldu að krefjast þess að jarðeigandi bæti um það sem áfátt er og að öðrum kosti sæti jörðin ráðstöfun sveitarstjórnar. Þetta er sem sagt allmiklu fastar að orði kveðið og byggist á því að það er raunverulega fært að gera það þegar sveitarstjórn hefur afl að styðjast við, eins og gert er ráð fyrir með jarðalögum og sérstaklega með jarðanefnd.

Þá þykir mér rétt að koma lítils háttar að frv., eins og það var lagt fram hér áður. Þá var gert ráð fyrir því að þegar leiguliði — ég leyfi mér að nota það orð — fer frá jörð og eiganda er gert að kaupa eignir sem hann á á jörðinni, þá var það ákvæði í fyrra frv. og lögunum að tún fyrntust það hratt niður að leiguliði var að því leyti til eignalaus þótt hann hafi ræktað upp stór tún og þau væru til þess að gera nýgerð. Þetta þótti endurskoðunarnefndinni óeðlilegt og gerði ráð fyrir því að túnin fyrntust ekki, enda getum við verið vel minnugir þess, að ég hygg, að það séu enn í dag nýtt tún sem fyrst var settur á áburður fyrir fast að 1100 árum án þess að það hafi verið tætt upp. Held ég að það ætti að vera fullgóð skýring til þess að sanna það að tún fyrnast ekki svo fljótt, þó að það megi segja um sum þeirra að það megi bæta þau verulega með því að vinna þau upp að nýju.

Þá er hér eitt atriði enn sem er allveigamikið í þessu frv., en var ekki í fyrra frv., og það er að hér er skýlaust ákvæði um það að hlunnindi fylgi jörð, séu leiguliða til afnota. Það er ein undantekning sem gerð er frá því í 24. gr. þessa frv. og hún er til samræmis við laxveiðilögin, að þar er gert fyrir að það megi gera sérstakan samning um annað, sbr. 2. gr. laxveiðilaga. Það var ekki hjá því komist að gera þá undantekningu, því að við vildum ekki hrófla við ákvæðum þeirra laga hvað þetta snertir.

Eins og ég sagði áðan, þá sé ég ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta. Breytingar frá eldri ábúðarlögum fernum, sem eru sameinuð í þessu frv., eru ekki ýkjaveigamiklar þótt hér sé að vissu leyti samt styrkt aðhald að búsetu á jörðum með tilkomu jarðalaga einnig þar sem þessi tvenn lög eru samræmd.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.— 4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
5.— 9. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

10.—20. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
21.—31. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
32.—37. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
38.—44. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
45.—46. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Vinnsla mjólkur í verkföllum, frv. (þskj. 339, n. 850). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Landbn. hefur fjallað um frv. til l. um að bjarga mjólk frá eyðileggingu í vinnslu þegar verkfall er. Hún hefur rætt það á nokkrum fundum sínum og fengið umsagnir ýmissa aðila sem málið varðar sérstaklega og fengið til fundar við sig meðal annarra formann Alþýðusambands Íslands sem gaf n. upplýsingar um málið.

Þær umsagnir, sem landbn. bárust, voru allar jákvæðar og mæltu með samþykkt frv., nema umsögn stjórnar Mjólkurfræðingafélags Íslands, sem taldi eðlilegt að félagið vísaði málinu til Alþýðusambands Íslands sem markaði þá stefnuna í því hvernig við þessu frv. skyldi snúist, og stjórnar ASÍ, sem lýsti einnig andstöðu við frv.

Til n. barst einnig samþykkt Búnaðarþings sem gerð var áður en þetta frv. var lagt fram hér í Alþ. Þetta álit Búnaðarþings hafði stjórn Búnaðarfélags Íslands sent stjórn ASÍ 1. mars s. l., en í því var leitað eftir viðræðum við Alþýðusamband Íslands um þau sérstöku vandamál sem steðjuðu að mjólkurframleiðendum þegar vinnudeilur væru og allsherjarverkfall, eins og varð á s. l. vetri. Búnaðarþing lagði til að það yrði kannað til hlítar hvort ekki væri unnt að koma á samningum sem yrðu til þess að koma í veg fyrir þá verðmætasóun sem átti sér stað í síðasta verkfalli. Það var svo ekki fyrr en nú rétt fyrir síðustu helgi sem Alþýðusamband Íslands tók endanlega afstöðu til þessa erindis Búnaðarfélagsins. En það liggur nú fyrir að stjórn ASÍ hefur orðið við málaleitun Búnaðarþings og kosið 3 menn til þess að ræða við hagsmunasamtök bænda um þetta vandamál.

Landbn. varð því sammála um það, þegar þessi vitneskja lá fyrir, að það væri sjálfsagt að gera tilraun til að leysa þetta mál með samningum áður en farið væri inn á þá braut sem þetta frv. gerir ráð fyrir. En nm. voru allir sammála um það, aðrir en Helgi F. Seljan, að ef ekki hefðist að leysa málið með samningum ellegar leysa það í tengslum við þá endurskoðun vinnulöggjafarinnar sem nú er unnið að á vegum ríkisstj., þá væri nauðsynlegt að taka málið upp að nýju með sérstaka lagasetningu í huga til þess að leysa þetta alvarlega vandamál.

Ég tel að ég þurfi ekki að tala lengra mál um þetta álit okkar í landbn. Þetta skýrir sig sjálft. En okkar afstaða til málsins er sú, að við leggjum til vegna þessarar stöðu, sem upp er komin í málinu, að frv. verði vísað til ríkisstj.

ATKVGR.

Till. á þskj. 850 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 18 shlj. atkv.

Vegalög, frv. (þskj. 853). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 853 er frv. til l. um breyt. á vegalögum. Eins og kunnugt er er gert ráð fyrir því í vegalögum að gera vegáætlun til fjögurra ára, en frá því hefur oft þurft að breyta og sérstaklega þegar hefur verið erfitt að skipta vegafénu, sem til meðferðar hefur verið þegar vegáætlun hefur verið afgreidd, vegna þeirra verðlagsbreytinga sem hafa orðið á milli ára.

Nú er hvort tveggja til staðar, að verðhreyfingar eru almiklar, svo sem kunnugt er, og þykir því ógerlegt að gera vegáætlun fram í tímann, og svo hitt, að það er unnið að því að endurskoða vegalögin og breyta þeim í það horf sem betur fer í framkvæmd, vegna þess að reynslan hefur sannað að núverandi gerð vegalaga hentar okkur ekki vegna þeirrar ákvörðunar sem er um hraðbrautir, þjóðbrautir og landsbrautir, en hreyfing á milli þessara brauta á sér stað eftir umferð, en ekki eftir öðrum ákvörðunum. Þetta gerir það einnig að verkum að þm., sem skipta í kjördæmi, vilja gjarnan halda sig við sín kjördæmi með þjóðbrautir og landsbrautir og þjóðbrautir, sem eru á milli kjördæma, verða því út undan þó að það séu hinir mestu nauðsynjavegir.

Á s. l. sumri skipaði ég sem samgrh. n. til þess að vinna að endurskoðun vegalaga og er í n. einn þm. úr hverjum þingflokki. Var reynt að dreifa þeim svo um landið að sjónarmið allra landsmanna kæmu þar til. Auk þeirra eru svo ráðuneytisstjórinn í samgrn., sem er formaður n., og vegamálastjóri.

Það þótti rétt að athuguðu máli, ekki síst vegna þess að ekki var hægt að koma við skiptingu á happdrættisfé við þessa vegáætlun, að skipta bara fé og gera bara áætlun fyrir yfirstandandi ár, 1976, og mun þar í meginatriðum vera byggt á því sem ákveðið var með afgreiðslu vegáætlunar í fyrra. Ég hef áður rætt þetta mál við formenn þingflokkanna hér á hv. Alþ., og hv. alþm. hafa unnið að því í dag að skipta vegafénu á milli kjördæma eftir þessum reglum.

Ég vona því, herra forseti, að þetta mál fái hér fljóta og skjóta afgreiðslu því að það þarf að afgreiða á þessu þingi og er hér til 1. umr., því að svo seint var ákvörðun um þetta tekin þegar menn ráku sig verulega á framkvæmd málsins. Ég vil því gera till. um það að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. samgn., sem ég veit að mun verða fljót að afgreiða málið, og til 2. umr. og leyfa mér að fara fram á að það geti farið hér út úr d. sem fyrst.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Við fyrri umr. um vegáætlun, sem fram fór í Sþ. fyrir fáum dögum, gerði ég grein fyrir hvernig komið væri

hag Vegasjóðs eftir tveggja ára stjórn núv. stjórnarflokka, Sjálfstfl. og Framsfl. Í bæði þau skipti, sem þessir hv. flokkar hafa lagt fram vegáætlun, hafa þeir lagt til að framkvæmdir yrðu að raungildi skornar niður um 25%, en það þýðir að framkvæmdir nú í ár mundu einungis nema um 56% af raungildi framlaga til nýrra þjóðvega á vegáætlun fyrir árið 1974. Þar á ofan bætist að við uppbyggingu vegáætlunar nú var ekkert tillit tekið til lagasetningar um 2000 millj. kr. fjáröflun á 4 árum til Norður- og Austurvegar. Í vegáætlun fyrir árið 1976, sem nýlega var lögð fram, var gert ráð fyrir því að þær 500 millj., sem féllu til af þessari sérstöku fjáröflun til Norður- og Austurvegar, rynnu til almennrar fjárveitingar til nýrra þjóðvega, og þrátt fyrir þá tilhögun áttu fjárveitingar að rýrna um 25%.

Hæstv. ríkisstj. hefur nú komist að raun um að hún fær enga samstöðu meðal hv. þm. um að afgreiða vegáætlun með þessum hætti, og nú hefur verið gripið til örvæntingaraðgerða í fjvn. til að klambra saman till. fyrir árið 1976, en algerlega verið gefist upp við að afgreiða vegáætlun samkv. þeim fyrirmælum laga að áætlun sé gerð til fjögurra ára og sundurliðuð fyrir þrjú ár. Aðgerðirnar til að koma saman einhverjum sýndartölum fyrir yfirstandandi ár eru þær að hækka tekjutölur áætlunar á pappírnum um 100 millj., en á þeirri hækkun hafa engar skýringar fengist, og jafnframt á að færa samtals 50 millj. kr. af liðnum verkfræðilegur undirbúningur og liðnum vatnaskemmdir og ófyrirséð yfir á liðinn til nýrra þjóðvega. Þetta er nákvæmlega sú aðferð sem byggist á því að fóðra hundinn með bita af eigin rófu og óþarft að hafa fleiri orð um það. Þessum 150 millj. kr., sem búnar eru til með þessum hætti, á síðan að verja til framkvæmda við Norðurveg og Austurveg, en aðrar vegaframkvæmdir að standa óbreyttar að krónutölu frá áætlun sem gerð var í fyrra, en það þýðir 25% niðurskurð í reynd. 350 millj. kr. vantar þá upp á að staðið sé við ákvæði laga um framkvæmdir við Norðurveg og Austurveg, og er nú við það miðað að þær 350 millj. kr. hafi verið lánaðar til þess að aðrar framkvæmdir við hraðbrautir, þjóðbrautir og landsbrautir geti haldist óbreyttar að krónutölu og þær verði endurgreiddar af þessum liðum á næstu árum, en um það tímabil gildir meginregla hæstv. ríkisstj. í fjármálum: „Den tid den sorg."

Það er óhætt að segja að það frv., sem hér er flutt til þess að unnt sé að komast frá lagasetningu um samþykkt á vegáætlun, feli í sér algera uppgjöf hæstv. ríkisstj. á því veigamikla máli að undirbúa og afgreiða áætlun um gerð og viðhald þjóðvega í landinu. Sjálfstfl. hafði uppi mikil fyrirheit vorið 1974 um stóraukningu raungildis fjárveitinga til vegamála þegar hann fengi völdin. Efnd þeirra fyrirheita var 25% niðurskurður fjárveitinga í fyrra og aftur nú, en þar til viðbótar er nú með öllu gefist upp við afgreiðslu áætlunar fyrir árin 1977, 1978 og 1979, en þess í stað eru búnar til pappírstölur fyrir árið 1976 eitt og við það látið sitja. Þessi afgreiðsla er ótvíræður dómur um afleiðingar af stjórn hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum og verulegur minnisvarði um meðferð stjórnarflokkanna á Vegasjóði. En vegna þess hvernig hefur verið staðið að undirbúningi vegáætlunar, þm. hafa fengið að sjá hana nú fyrst, frumdrögin, rétt fyrir viku, þá verður sjálfsagt erfitt fyrir hv. alþm. að finna nú á síðustu dögum þingsins leið til þess að afgreiða áætlun um framkvæmdir í vegamálum nema fyrir árið í ár, og þar er upp skorið eins og til er sáð.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég skal verða við tilmælum hæstv. samgrh. að vera stuttorður og að þetta mál geti fengið skjóta afgreiðslu, en vildi aðeins vekja athygli á því að í útvarpsumr. komst ég svo að orði, að svo virtist sem hæstv. ríkisstj. væri stödd í holu á miðjum veginum og gæti sig lítt hreyft. Það hafa kannske margir útvarpshlustendur álitið að þetta væri í grini talað, en það hefur nú bókstaflega ræst. Þetta frv. er sett fram til þess að koma vagninum lítið eitt á skrið aftur, en svo ömurlega er loftlítið í hjólunum að það nægir aðeins til eins árs að sjá fram á veginn um vegáætlun og er illa farið. Svo hefur verðbólgan leikið vegáætlun grátt að úr vöndu er að ráða.

Ég impraði á því við fyrri umr. vegáætlunar, sem ráðh. kom lítils háttar inn á, að rétt væri að meta að nýju skattgjöld á bifreiðum. Ég vil enn einu sinni ítreka það, að það er raunar orðið mál allra þm. að meta upp að nýju hversu bifreiðin á að bera mikið í skatta, og ég er ekkert feiminn við að segja það, að við eigum að lækka skattgjöldin á bifreiðum og við eigum að hafa bifreiðainnflutning til landsins sem jafnastan frá ári til árs og það þýðir í raun 7500—8500 bifreiðar á ári. Ég vil miklu fremur að bensín hækki um 5 kr. eða jafnvel meira til þess að tryggja Vegasjóði lágmarkstekjur. Þetta eru bara staðreyndir sem við verðum að þora að horfast í augu við og við leysum ekki vegáætlun fyrir framtíðina nema taka öðruvísi á þessum málum.

Ég skal ekki þvælast fyrir þessu frv. Það hefur verið rakin nauðsyn þess og ég get stytt mál mitt með því að vitna í stuðning við orð síðasta ræðumanns. En ég vil aðeins undirstrika það, að þessi vegáætlun er í algerri sjálfheldu núna, og það er svo nöturlegt að eftir því sem margliggur fyrir, þá er skorin niður núna um 20 millj. verkfræðileg þjónusta á sama tíma og við heimtum meiri verkfræðilegan undirbúning undir vegagerð á Íslandi, og hún er óhjákvæmileg ef við eigum að gera góða vegi. En á sama tíma er verið að draga úr þessari þjónustu. Hér er svo ömurlega unnið að í tillögugerð. En ábyrgð á slíkum tölum og slíkum vinnubrögðum verður meiri hl. að bera einn. Við tökum ekki undir slíkt í stjórnarandstöðunni því að það eru ekki sæmandi vinnubrögð og ætti að leita annarra úrræða.

Vegáætlun sýnir 330 millj. kr. halla og 100 millj. á að jafna núna út, annað á að fara áfram. Það má alveg eins leika sér með tölur í þessu efni og segja: Geymum þennan halla og björgum honum á fjárl., alveg eins og að skera niður verkfræðiþjónustu og vænta þess að þurrt ár verði í ár. Ég bara bið fyrir hæstv. orkumála-

ráðh. sem sagði það vera framtíð landsins að meðan rigndi vel, þá væri nóg orka tryggð. Ef næsta ár verður líka þurrt, þá fer að verða erfitt um ýmsar virkjanir. En það er úr vöndu að ráða og þess vegna verður bæði að treysta á þurrt ár og kannske gott ár í ýmsu. En þetta frv. staðfestir aðeins það, sem við óttuðumst í stjórnarandstöðunni, að vegáætlun væri gersamlega komin í þrot vegna margra atriða er hæstv. ríkisstj. hefur ekki haft ráð á að sjá í tæka tíð fyrir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til samgn. með 14 shlj. atkv.

Íslensk stafsetning, frv. (þskj. 742). — Frh. 1. umr.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég er meðflm. að brtt. þeirri sem hér hefur verið lögð fram í d. og hv. þm. Jón Helgason hefur gert grein fyrir. Það er von mín að þetta mál fái viðkunnanlegri afgreiðslu í þessari hv. d. heldur en það fékk í Nd. Ég er þess fullviss að af hálfu forseta d. verður að því stuðlað — hann mun ekki bregðast í því máli fremur en öðrum málum sem komið hafa fyrir þessa d. í vetur — að hann mun stuðla að því að málið fái eðlilega afgreiðslu hér í d. Hann hefur fullvissað mig um það eftir formanni menntmn. d. að þar verði — öfugt við það sem var í Nd. — leitað álits réttra, tilhlýðilegra stofnana og sérfræðinga á málinu sem hér liggur fyrir, og af þessu leiðir að ég mun ekki eyða tíma d. í langa ræðu gegn frv. eða tefja það að það komist til menntmn.

Eigi að síður kemst ég ekki hjá því að rekja það nokkuð með hvers konar offorsi þetta mál hefur verið sótt hér á hv. Alþ. allt frá því er forsprakkar málsins tóku sig fram um það vorið 1974 að safna undirskriftum 33 alþm. eftir að samþykkt hafði verið þáltill. hæstv. menntmrh. sem raunverulega myndar kjarnann í frv. það sem hann hefur lagt hér fram um skipun stafsetningarmála. Hausinn á skjali því, sem þessir 33 hv. alþm. undirrituðu, er á þessa lund:

„Undirritaðir alþm. skora á menntmrh. að gera ráðstafanir til þess að stafsetning sú, sem gildi tók 1929, verði notuð við prentun þeirra skólabóka sem nú er verið að undirbúa og nota á næsta vetur.“

Með háreysti og látum hefur flm. eða forustumönnum þessa þmfrv., sem hér liggur fyrir, síðan tekist að telja þessum 33 mönnum trú um það að með þessum hætti hafi þeir bundist í það að fá stafsetningarreglurnar frá 1929 leiddar í lög á Alþ. Hvort undirskriftaskjalinu frá vorinu 1974 hefur verið haldið með öllu leyndu fyrir undirskrifendunum síðan þannig að það hafi gleymst fyrir þeim, hvað það var sem þeir undirrituðu, og þeir hafi síðan trúað endursögn hv. þm. Sverris Hermannssonar, frásögn hans af því hvað á þessum blaðhaus hafi staðið, veit ég ekki. En svo mikið er víst, að málið hefur verið flutt og afgreitt með mjög svo afbrigðilegum hætti í Nd. og það svo að lögmæti þeirrar málsmeðferðar er vefengd og virðist heyra til afglapa.

Eins og ég hef áður sagt, þá er ég meðflm. að brtt. sem hér hefur verið lögð fram í d. og ég ætla að fá muni hér eðlilega umfjöllun og meðferð þannig að einnig í þessu máli muni hv. Ed. auðnast að sýna það með hvaða hætti deildin ber raunverulega í meðferð mála af Nd. fyrir ýmissa hluta sakir, m. a. fyrir ágæta og réttsýna stjórn forseta d. En ég vil rétt aðeins taka það fram, að fari nú svo að — (**Forseti:** Ég vil aðeins taka það fram að það hæfir ekki að vera að ræða í þessari d. um hv. Nd.) Því er þá til að svara að það hefur komið í hlut þessarar d. að leiðrétta allmörg glöp framin í Nd. á þessum vetri og er ekki óeðlilegt að orð sé á því gert nú þegar keyrir um þverbak. — Ég vil aðeins taka það fram í lok ræðu minnar nú, að fari svo að brtt. okkar við þetta frv. verði nú vísað á bug í þessari hv. d., þá mun ég við 2. umr. bera fram enn brtt. um ákvæði til bráðabirgða sem ég vil lýsa hér nú þegar. Hún verður á þá lund að hæstv. menntmrh. verði falið að láta semja sérstakt stafsetningarpróf fyrir alþm., eigi þyngra en gengur og gerist um landspróf, en á landsprófi því, sem gagnfræðingar og annarsbekkingar þreyttu nú í vor, munu 15 villur hafa nægt í núll. Að þessu landsprófi þreyttu verði einkunnir alþm. lesnar upp við nafnakall svo að þeim gefist þá sérstakt tækifæri til þess að gera grein fyrir atkv. sínu með tilliti til þekkingar sinnar á íslensku máli.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Við þm. höfum fengið undanfarna daga, sérstaklega 3 eða 4 síðustu daga, margar áskoranir með og á móti umræddu frv., og svo virðist sem þessir ágætu kennarar, sem flestir eru sem hafa sent okkur þessi mótmæli, hafi skyndilega vaknað, svo undarlegt sem það er, þessir menn sem eiga að vera vakandi yfir íslensku máli, bæði gerð þess og stafsetningu. Þeir hafa ekki fylgst betur með en svo að þeir allt í einu nú á síðustu dögum þingsins, vegna þess að sagt er frá undarlegu fundarhaldi á Alþ., þá vakna þeir og svo fljótt og skjótt vakna sumir að ég verð að segja það að stíll á bréfum þeirra til alþm. er varla frá sér sendandi þótt mörg góð nöfn séu undir. Mér virðist að sumir þeirra hefðu mátt æfa sig í venjulegum stíl og venjulegu málfari áður en þeir sendu slíkt frá sér til Alþ., og vegur þeirra er lítt meiri á eftir. Þetta á ekki við um alla, en þetta á við um suma.

Vegna eðlis málsins verð ég að fá hæstv. menntmrh. hér inn í d. því að ég ætla að beina fsp. til hans í sambandi við þetta mál. Það er ekki hægt að komast hjá því að fá hann inn í d. til að svara hvers vegna hann hafi ekki gert neitt samkv. ályktun sem var gerð hér í júní í sumar. Verð ég að mælast til þess, herra forseti, ef ráðh. er ekki því meira vant við látinn við þingstörf, að hann gefi sér tíma til að fjalla um þetta mál. (**Forseti:** Ég vil taka það fram við hv. þm. að ég hef þegar gert ráðstafanir til að finna ráðh. í þinghúsinu.) Þá doka ég eilítið við þó að lítt sé til setunnar boðið. — Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir að gefa sér tíma til að hlýða á mál

mitt hér nokkra stund í Ed. Ég vil þá aðeins fara eilítið aftur á bak í tímaröð í sambandi við þetta z-mál.

Það hefur komið fram hjá mörgum ræðumönnum að þeir töldu breytinguna á sínum tíma, 1973, ekki æskilega, en segja sem svo: Úr því að hún einu sinni hefur átt sér stað, þá er ekki rétt að vera að bæta gráu ofan á svart og skipta aftur yfir. — Hvað sem því líður, þá skeði það hér 1973—74, á þinginu þá, að 121. mál á þskj. 148 er till. til þál. um z í ritmáli. Þar eru 4 flm. og þessi till. til þál. er samþ. 29. apríl 1974:

„Alþingi ályktar að hrundið skuli þeirri ályktun að fella z niður í íslensku máli."

Svo líða tímar fram og litið gerist í málinu af hálfu yfirvalda er til þess hafa völd og getu að breyta samkv. þessari ályktun. Af hverju ekki er sinnt ályktun Alþ. vil ég ekki neitt um dæma á einn eða annan veg. En á síðasta sumri koma saman kennarar og gera ályktun, en það eru skólastjórar gagnfræða-, héraðs- og miðskóla, þeir halda ráðstefnu 30. júní til 1. júlí 1975 að Reykholti í Borgarfirði. Þar er ályktun gerð, herra forseti, mjög stutt, sem mér leyfist að lesa upp:

„Fundurinn æskir þess að menntmrh. hlutist til um það að kallaður verði saman fyrir haustið fundur eða fundir íslenskukennara: a) á skyldunámsstigi, b) á héraðs-, mið- og gagnfræðaskólastigi, c) á fjölbrauta- og menntaskólastigi, til þess að ræða breytingar, sem gerðar hafa verið á íslenskri stafsetningu og greinarmerkjasetningu, með tilliti til viljayfirlýsingar alþm. s. l. vor."

Því miður hefur ekkert gerst í þessu máli, og það var þess vegna sem ég óskaði eftir nærveru hæstv. menntmrh., að hann greindi þingi frá því hvers vegna væri ekki hægt að verða við þessari áskorun og taka málið upp í tæka tíð og reyna að finna heppilega lausn á þessu viðkvæma máli. Ég tel að það hefði verið rétt. Ég er enginn sérstakur fylgismaður þess að taka upp z-una aftur úr því að hún var einu sinni felld burt, en ég vil samt sem áður að bæði Alþ. og forvígismenn íslenskrar tungu geti komið sér saman um það að finna íslenskri stafsetningu ákveðna fótfestu og sé ekki jafnan ruglingur eða skyndileg breyting til í því efni. Hæstv. menntmrh. sagði í ræðu sinni áðan að það væri erfitt að brjóta málið til mergjar efnislega á þeim tíma sem nú er. Ég hugsa að hann hafi átt við tímann á Alþ. Og hann bætti við: „Þetta gæti beðið til haustsins," ef ég hef tekið rétt eftir. Það má vel vera að þetta mál geti beðið til haustsins. Engu að síður geri ég þó ráð fyrir að einhver prentun á íslenskum bókum eigi sér stað í sumar og það verður kostnaðarauki að seinka þessu máli. Ég tel því æskilegt, hvernig sem málið fer, að fá um það hreinar línur, ef hægt er að fá það hér á Alþ. nú, hver vilji löggjafarvaldsins er í þessu efni.

Sumir segja að það sé fikt eitt af löggjafanum að vera að ákveða lög um ritmál, en ég er ekki á þeirri skoðun. Tungan hefur verið okkar haldreipi gegnum aldirnar og á að vera það áfram, og ég sé ekkert því til fyrirstöðu að hv. Alþ. setji um það meginlínur hvernig rita á íslenska tungu. Nokkrir þm. kunna að muna eftir því að í Noregi urðu harðar deilur eftir stríð um ritmál norskrar tungu, og ég man eftir skeleggum greinum sem ég las þá eftir eitt skáld norðmanna Arnulf Överland, þar sem hann sagði í einni greininni: „Hversu oft skulum við skipta um móðurmál vort og ritháttt?" Og í Noregi gildir því miður ekki einn ritháttur, — ég segi: því miður. Kannske eigum við ekki að vera að dæma um hvernig aðrar þjóðir skrifa sitt mál, en ég hef þó verið það mikið í Noregi mörg undanfarin ár að mér er vel kunnugt um að um þetta standa harðar deilur og ef þeir hefðu borið gæfu til þess á sínum tíma, fyrir nokkrum áratugum, að ritfesta málið, jafnvel með löggjöf, held ég að betur hefði farið miðað við það sem ég hef heyrt. Nú getur vel verið að þeir hafi gert slíkt og ég sé hér að tala of langt aftur í tímann. Þá verð ég leiðréttur í því efni. En ég varð var við þetta á árunum 1958—1965, er ég var alloft í Noregi, að um þetta voru miklar deilur eftir héruðum og raunar aldri manna líka. Ég tel að við eigum að forðast slíkar deilur á Íslandi og setja um okkar mál ákveðinn ritháttt og ákveðnar reglur, þó það einfaldar að ekki sé ofviða venjulegum heilbrigðum manni með eðlilega greind. Sumir segja, að z-an sé meira konstrúeruð, stærðfræðilega sett í málið á sínum tíma, heldur en vera eðlileg. Það getur vel verið og um það skal ég ekki dæma. Hitt er á að líta, að z-an er ekki það flókin, finnst mér, að hún geti ekki haldið gildi sínu. Flóknara er að rita suma aðra stafi eins og mismuninn á i og y, og þarf meiri kunnáttu til að tryggja að það sé jafnan gert rétt samkv. uppruna orða. En út í þá sálma vil ég ekki fara.

Fyrir mér vakir það mest að málið komist í höfn nú, að því sé ekki slegið á frest og upphefjist aftur deilur um ritháttt á íslenskri tungu sem hefur verið bitbein hér á hv. Alþ. æ ofan í æ. Ég tel það illa farið. Það verður hreinlega að reyna á það hver vilji meiri hl. er hér á Alþ., og þá verðum við að sæta því. Ég vil ekki að Alþ. álykti hér oft um ákveðna þætti og yfirvöld sinni því alls ekki, hvort sem um er að ræða z í ritmáli eða ekki. Alþ. ályktaði á sínum tíma, 29. apríl 1974, að fella bæri niður z í íslensku máli. Síðan hefur ekkert gerst í því efni. Skólamenn hafa komið saman og ályktað um að rétt væri að kalla saman fundi í þessu efni til að ræða málið.

Frv., sem við erum að deila um nú, var lagt fram hér á hv. Alþ. fyrir mörgum mánuðum. Þá steinsváfu skólamenn hver um annan þveran um þetta mál. En skyndilega fer einhver „agitator" af stað og ýtir við sumum þessara manna og nú flæða yfir okkur, eins og ég sagði áðan, alls konar ályktanir með og á móti, allmiklu fleiri munu vera á móti, sumar heldur klaufalega og hvatvíslega orðaðar. Þetta spáir ekki góðu.

Ég vil hafa meiri festu í íslenskum rithætti heldur en það að nokkrir menn geti breytt honum eftir geðþótta eða duttlungum, hvort sem þeir eru ráðh. eða einhverjir aðrir. Þess vegna vil ég mælast til þess að málið fái afgreiðslu á þessu þingi og reyni á það hverja stefnu Alþ. vill að þetta mál taki. Ég tel það mikilvægt þó að sumir telji þetta ekki skipta miklu máli.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég segi nú eins og sumir aðrir ræðumenn hafa sagt hér á undan mér: Ég er ekki staðinn hér upp til að taka þátt í málþófi um þetta z-mál, a. m. k. ekki á þessu stigi. Ég ætla ekki að ræða málið ýkjamikið efnislega, en mig langar til að fara hér nokkrum orðum um málið, fyrst og fremst frá því sjónarmiði að nú er þingi senn að verða lokið og lítill tími aflögu til að skoða þetta mál.

Eins og kunnugt er er það hæstv. ríkisstj. sem tekur ákvörðun um það hvenær þingi skuli slitið, og heyrst hefur að ráðgert sé að slíta þingi á morgun eða á miðvikudag. Hæstv. ríkisstj. þarf að fá afgreidd fjöldamörg mál sem eru á dagskrá beggja deilda þingsins og nægir að vísa í mjög langa dagskrá sem útbýtt var í dag, og hún þarf einnig að tryggja að haldinn sé fundur í sameinuðu þingi því að þar hefur ekki verið haldinn fundur nú um margra daga skeið vegna annríkis í deildum og mjög mörg mál sem bíða þar afgreiðslu. Ég get t. d. nefnt það að þar eru ýmis mál sem flutt voru í þál.-formi fyrir páska, en enn hefur ekki gefist tími til að mæla fyrir. Það er því ljóst að það eru býsna mörg mál sem þingið þarf að taka til meðferðar og þeir, sem hafa hug á að koma mörgum málum í gegn, eins og hæstv. ríkisstj. hlýtur að hafa, þeir þurfa að hyggja að því hvernig afgreiðslu mála verði hagað nú á seinustu dögum. Ég efast ekkert um það að stjórnarandstæðingar eru fúsir til samvinnu um að mál geti orðið afgreidd með eðlilegum hætti, svo fremi að hægt sé að skoða hvert og eitt þeirra nægilega, og þeir munu ekki leggja stein í götu þess að unnt verði að slíta þingi hvort heldur er á morgun eða hinn daginn. En hitt er allt annað mál, að ef farið verður að keyra á mál eins og þetta sem bersýnilega þarfnast mikillar skoðunar við, þá leyfi ég mér að fullyrða að samvinna við marga stjórnarandstöðuþm. er úr sögunni um afgreiðslu mála hér á Alþingi.

Ég bendi á það alveg sérstaklega að þetta mál hefur allmikla sérstöðu. Þetta er í fyrsta lagi þmfrv., en ekki stjfrv., og þmfrv. þurfa að njóta meiri náðar fyrir augum þd. en stjfrv. að því leyti að þess er krafist að ¾ þm. greiði atkv. með afbrigðum þegar leita þarf þeirra, og það liggur fyrir að þessi meiri hl. er ekki fyrir hendi hér í d. og er því miklu auðveldara að tefja afgreiðslu þessa máls heldur en ef hér væri um stjfrv. að ræða.

Í öðru lagi liggur það fyrir að hér er um illa undirbúið mál að ræða. Það eru alvarlegir ágallar í þessu máli, þannig að ef málið yrði samþ. óbreytt, þá væri það furðuleg afskræming á mörgum stafsetningarreglum sem gilt hafa hér á landi um áratugaskeið og þarf því bersýnilega að sníða þessa vankanta af frv. Það þýðir að það þarf að senda málið aftur til Nd. ef menn vilja að Alþ. kasti ekki frá sér málunum skoðunarlaust. Ég vil bara nefna hér sem dæmi að í þessu frv., sem ég að vísu hef nú ekki hér við höndina, en hef nú fengið lánað, þar segir m. a. í 8. stafsetningarreglunni: „Í upphafi nafna af erlendum uppruna skal og rita je, t. d. Jens, Jerúsalem, Jesús“, sem sagt, ef um er að ræða önnur nafnorð sem líkt stendur á um, þá á að skrifa þau með einum bókstaf, é. Það þýðir þá það að t. d. orðið jeppi, sem hefur öðlast nokkurt gildi í okkar tungu, ætti að skrifast héðan í frá með é, Alþ. væri búið að lögbjóða það að ekki mætti skrifa þetta orð með öðrum hætti. (**Gripið fram í:** Það er af erlendum uppruna) Já, það er af erlendum uppruna, það er ekki nafn, það jafnast ekki á við Jens, Jerúsalem eða Jesús eða önnur slík sérnöfn og er þar af leiðandi ekki í þeim hópi. Þar af leiðir að um það gildir sú almenna regla sem hér kemur fram, að það á að skrifa það með é. Þetta er auðvitað bersýnilega mikill ágalli á þessu máli. Og ég er sannfærður um að ef grannt væri skoðað, þá finnast sjálfsagt fleiri ágallar á þessu máli. Telja menn fært að þingið fari að senda frá sér svo stórgallaðar stafsetningarreglur? Ætla þm. að láta standa sig að því að þeir séu að samþykkja reglur sem alls ekki standast rökræna hugsun? Að sjálfsögðu ekki. Þar af leiðir að ef Ed. ætlar að standa fast að því að afgreiða þetta mál, þá neyðist hún að sjálfsögðu til að gera breytingar á frv., leiðrétta þetta ákvæði og senda frv. aftur til Nd. og gefa þeim Nd.-mönnum tækifæri til að vaka í nokkra sólarhringa enn.

Í Þriðja lagi er á það að benda að engar umsagnir voru fengnar um þetta frv. í Nd. þegar frv. var þar til meðferðar, en nú, þegar mönnum er ljóst hvað er að gerast, þá rignir yfir þingið ályktunum frá hinum ýmsu samtökum skólamanna og íslenskufræðinga þar sem mjög harðlega er mótmælt setningu þessara laga. Dettur mönnum í hug að við hér í Ed Alþ. getum verið þekktir fyrir að afgreiða þetta mál öðruvísi heldur en menntmn. fái sæmilegt tækifæri til þess að kynna sér röksemdir þeirra sem standa að þessari viðtæku hreyfingu sem ber fram þessi mótmæli? Að sjálfsögðu dettur mér ekki í hug að hv. þm. telji ekki sóma d. vera meiri en svo að þeim detti í hug að fara að afgreiða málið í einhverju flaustri á einum nefndarfundi eða svo. Það er í fyrsta lagi nauðsynlegt að senda þetta mál til umsagnar, í öðru lagi er nauðsynlegt að fá einstaka menn til viðræðna við n. og í þriðja lagi er nauðsynlegt að athuga um endurskoðun einstakra ákvæða sem bersýnilega þurfa lagfæringar við. Og það verður ekki gert á einum eða tveimur dögum, það segir sig sjálft.

Í fjórða lagi er svo á það að benda að gífurlegur kostnaðarauki mun fylgja samþykkt þessa frv. og þessi vesalings ríkisstj., sem mun víst ekki mega við miklu meira en orðið er að hennar eigin sögn, þurfa að standa fyrir stórfelldum útgjöldum af samþykkt þessa frv. Ég tel því einsýnt að hv. menntmn. þurfi einnig að skoða þá hlið málsins og hún verði að leita umsagnar fróðra manna um það hve mikil útgjöld það muni hafa í för með sér að frv. þetta nái fram að ganga.

Það er ekki ofmælt, án þess að ég orðlengi það, að vinnubrögð þeirra, sem ýttu fastast á eftir þessu máli í gegnum Nd. Alþ., hafa valdið mikilli hneykslan og reiði um allt land og að þetta skuli eiga sér stað á seinustu dögum þingsins. Ég er sannfærður um að hv. þm. hér í Ed. hafa orðið varir við þessa hneykslan, og breytir þar í raun og veru engu hvaða skoðanir fólk hefur á því hvort eigi að skrifa z eða ekki. Menn furða sig á því að þegar fyrir liggur að

hvert málið af öðru liggur óhreyft hér í þinginu vegna þess að ekki er tími til að afgreiða það, m. a. mjög mikilvæg dómsmálafrv., þá skuli þingið hafa tíma til þess að eyða hverjum deginum af öðrum og jafnvel heilum nóttum í að ræða um þetta mál.

Ég endurtek það sem ég sagði hér áðan, að ég sé enga ástæðu til að fjölyrða um þetta mál hér, ætla mér alls ekki að halda hér langa ræðu. Ég vil bara að það komi alveg ljóst fram að það er enginn tími til þess að afgreiða þetta mál hérna úr d. ef þingslit eiga að eiga sér stað í þessari viku og jafnvel í þessum mánuði. Ef á að fara að eyða tíma hv. d. í að ræða þetta mál á löngum fundum, þá er sannarlega brýn þörf á að ræða mörg önnur mál sem góður tími verður tekinn í að ræða. Ég ætla ekki að fara að eyða tímanum í það að fara yfir þau fjöldamörgu mál sem bersýnilega þurfa að hafa forgang í báðum d. þings og í Sþ., en ég bendi bara á að eitt af þeim málum, sem hefur verið til afgreiðslu í dag, samgönguáætlun, hefur verið afgreidd með slíku flaustri að við þm. höfum verið kallaðir á fundi með vegamálastjóra þar sem hafa verið skammtaðar 30 mínútur á hvert kjördæmi, og þetta hefur gerst á sama tíma og eru fundir hér í d., þannig að menn eru af forseta kallaðir til að gegna þingskyldum sínum og sitja á þingfundum, en síðan er ríkisstj. að standa fyrir öðrum fundum á sama tíma úti í Þórshamri. Ég efast um að þetta eigi sér nokkurt fordæmi í þingsögunni, a. m. k. ekki mörg ár aftur í tímann. Ég man aldrei eftir því að þessir fundir með vegamálastjóra, sem ævinlega eru til undirbúnings afgreiðslu vegáætlunar, hafi átt sér stað á þingfundatíma. Þeir hafa ævinlega verið haldnir á morgnana eða jafnvel á helgum degi ef mikið hefur legið við. En að það væri orðið svo þröngt um tíma að það væri ekki hægt að hnoða þeim neins staðar annars staðar niður en á nákvæmlega sama tíma og d. eru að störfum, það er einsdæmi og sýnir hve hratt og fast er keyrt. Og þegar svona stendur á, þá er á það keyrt á sama tíma að fjalla um þetta mál. Hvers vegna á þetta þmfrv. hér einhvern meiri rétt við slíkar aðstæður heldur en t. d. mál sem ég flutti fyrir tveimur mánuðum og ég hef ekki enn fengið tækifæri til að hafa framsögu fyrir? Þannig er sjálfsagt ástatt um mörg fleiri mál. Ég tel að þetta sé hreint hneyksli í vinnubrögðum og mótmæli þessum aðförum.

Ég vil bæta því hér við, að þegar ég segi að ef menn ætla að slíta þingi í þessari viku, þá kemur ekki til greina að eyða frekari tíma í þetta mál, þá á ég auðvitað við það einfaldlega að í þingsköpum er minni hl. ætlaður ákveðinn réttur. Minni hl. hefur rétt til þess að neita um afbrigði, og það er alveg víst að það verður gert.

Í öðru lagi hefur minni hl. þann rétt að hann getur haldið uppi löngum umr. um mál, og það er eins víst að sú heimild verði notuð. Ég bendi á það, að þó að menn geti kannske fallist á það að hafa þessa 1. umr. ekki allt of langa, svona til þess að láta á það reyna hvort meiningin sé að keyra á þetta mál, og málið fái þar af leiðandi að fara til n. í kvöld, þá er ekki þar með sagt að menn verði jafnsamstarfsgóðir ef málið kemur aftur fyrir. Ég tel, vegna þess að ég treysti formanni menntmn. til þess að afgreiða ekki þetta mál í neinu flaustri frá n., hann hefur reyndar sagt mér að svo mundi ekki verða, að þá sé einsýnt að þetta mál geti ekki komið frá n. á morgun, þriðjudag. Það er þá í allra fyrsta lagi á miðvikudag sem það kemur frá n. og ég mun telja það persónulega allt of skjóta afgreiðslu innan n. Við höfum haft fyrir vana í þessum n. að hafa umdeild mál af þessu tagi í margar vikur til skoðunar hjá okkur, og að sjálfsögðu er eðlilegt að eitthvað svipað sé um þetta mál. En jafnvel þó að svo fari að menntmn. samþykki að málið komi úr n. á miðvikudag, þá verður að sjálfsögðu ekki hægt að taka það fyrir til 2. umr. vegna ákvæðanna um afbrigði fyrr en í fyrsta lagi á fimmtudag, og það þýðir það að hæpið er að umr. ljúki fyrir helgi. Það er því *í fyrsta lagi á mánudag eða þriðjudag* — í alfyrsta lagi, með almesta hraða sem hugsast getur — að hægt er að ljúka umr. um þetta mál hér í Ed., og þá er, eins og ég segi, bersýnilega óhjákvæmilegt að senda málið aftur til Nd. vegna þeirrar breytinga sem augljóslega þarf að gera á þessu frv.

Ég ætla svo aðeins að bæta því við hér, vegna þess að ég tel að það hafi ekki komið nægilega skýrt fram enda þótt mörgum hv. þm. sé vafalaust kunnugt um það, en við afgreiðslu málsins í Nd. áttu sér stað mjög mikil mistök sem valda því að það er mjög umdeilanlegt hvort þetta frv. hafi hlotið löglega meðferð af hálfu Nd. Ég tel, herra forseti, enda þótt ég hafi heyrt hæstv. forseta andmæla því að við séum að gera mál Nd. að umræðuefni hérna í Ed., þá verður ekki hjá því komist að nefna þetta atriði, því að það skiptir svo stóru máli um alla síðari meðferð þessa máls. En ég get upplýst hér að að lokinni 2. umr. þessa máls fór fram atkvgr. í Nd. um það hvort leyfa skyldi 3. umr. þegar í stað, en eins og menn vita, þá áskilja þingsköp að ein nótt líði milli umr. að öllu eðlilegu. Við atkvgr. í Nd. greiddu 23 þm. atkv. með því að afbrigði yrðu veitt, en 8 þm. á móti, og þá lýsti forseti Nd. því yfir að afbrigði væru samþykkt. Ég vona að allir hv. þm. geri sér grein fyrir því eftir að mjög svipað hefur gerst hér í Ed., en þó með gagnstæðum úrskurði forseta, sem byggðist á því að réttilega þarf ¾ hluta atkv. til þess að samþykkja afbrigði þegar um þmfrv. er að ræða, að þessi úrskurður var rangur, vonandi eingöngu byggður á misskilningi, en *hann var rangur og umr. var því ólögleg.*

Ég tel því fyllstu ástæðu til þess að koma því hér á framfæri að sú skoðun hlýtur að koma upp að meðferð Nd. á þessu frv. hafi verið ólögleg, frv. hafi ekki farið í gegnum þrjár umr. í Nd. og þó að Ed. samþykki það við þrjár umr., þá geti það ekki orðið að réttum lögum. Ég veit að vísu að um þetta geta fræðimenn vafalaust rökrætt. Ég efast um að það sé nokkurt einasta fordæmi fyrir því hér á landi að lög hafi verið vefengd á þessum grundvelli. En í þessu sambandi skiptir ákaflega miklu máli að atkvgr. um afbrigði fór fram, hún er bókuð og koma skýrt fram á segulbandi úrslit atkvgr., 23:8 atkv., en

það sem mikilvægast er, því var mótmælt að afbrigði hefðu verið samþ., því var mótmælt en forseti úrskurðaði að umr. færi fram engu að síður. Þetta er auðvitað það mikilvægasta í málinu, að þm. féllust ekki á þessa niðurstöðu, hún var umdeild á því augnabliki sem komist var að þessari niðurstöðu í Nd. Ef þm. hefðu látið þetta gott heita og hefðu sætt sig við þann úrskurð sem upp var kveðinn, þá hefði kannske málið getað horft nokkuð öðruvísi við. En svo var ekki. Ég þykist vita það að þegar fræðimenn í lögvísindum fara að rökræða þetta mál, þá kemur upp þessi spurning, hvort gildi annað um afbrigði heldur en t. d. það atriði að ekki hafi verið nægilega margir þm. mættir á þingfundi. Það er enginn minnsti vafi á því að ef þingfundur er settur og umr. hefst og það hafa ekki verið nema 15 mættir á fundi í Nd., þá er sú umr. ólögleg, og ég er sannfærður um að enginn dregur það í efa. Það getur hins vegar vel verið að menn mundu vilja rökræða það frekar hvort umr., sem neitað hefði verið um afbrigði, en hefði þó farið fram engu að síður, hvort hún kynni að vera lögleg.

Ég skal viðurkenna að um þetta má vafalaust deila og færa fram rök með og móti. En það breytir í sjálfu sér ekki eðli málsins. Eðli málsins er það að hér hafa átt sér stað mikil mistök og það hafa ekki farið fram nema tvær löglegar umr. í Nd. í staðinn fyrir þrjár. Því verður haldið fram að frv. hafi ekki verið samþykkt löglega á Alþ., og menn geta verið alveg öruggir um það að verði málið afgreitt með þessum hætti, þá munu andstæðingar þessa frv. höfða mál og krefjast þess að afgreiðsla Alþ. verði dæmd ógild. Það er fyllilega hugsanlegt að reka slíkt mál fyrir dómstólum landsins og fyllilega hugsanlegt að dómstólar komist að þeirri niðurstöðu að samþykkt Alþ. á þessu frv. sé lögleysa. Afleiðingin af slíkum málarekstri, hver sem niðurstaðan verður, getur ekki orðið önnur en sú, að það verður mikil óvissa ríkjandi um niðurstöðu þessa máls og þar með þá niðurstöðu, hvort skrifa skuli z eða ekki z, um nokkurra ára skeið. Og þá geta menn verið alveg vissir um það að z verður ekki kennd í skólum á þeim tíma. Það verður þá látið allt sitja í sama farinu. Ráðh. getur ekki skorið úr og gengið frá reglugerð um þetta mál eins og till. hefur verið lögð fram um. Það er sú lausn sem hæstv. menntmrh. hefur lagt til að fundin verði í þessu máli, síðan verði lögð fram þáltill. á Alþ. því til staðfestingar, og vitna ég þar til þeirrar brtt. sem hefur verið lögð fram. Það verður engin slík lausn hugsanleg vegna þess að Alþ. verður búið að afgreiða þetta mál í þessu dæmalausa flaustri á meira eða minna löglausan hátt og menn koma til með að standa í nokkur ár í algerri óvissu um það hvað er eiginlega lög og hvað ekki lög í landinu.

Ég vil því einnig af þessari ástæðu benda mönnum á að það væri fráleitt með öllu að reyna að þvinga fram afgreiðslu þessa máls hér í Ed. Það eru ekki nema þrjár leiðir til í þessu máli: Í fyrsta lagi sú leið að samþykkt verði brtt. sem lögð var hér fram í dag og ekki þarf að kynna fyrir hv. þm. Í öðru lagi að þessu máli verði einfaldlega vísað til ríkisstj. Og svo þriðja leiðin og kannske sú eðlilegasta við ríkjandi aðstæður, að þetta mál fái að sofna svefninum langa í menntmn.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Án þess að ég ætli að blanda mér inn í efnislegar umr. um gildi úrskurða í hv. Nd., þá vil ég láta það koma hér fram að forseti Nd. hefur endanlegt úrskurðarvald um málsmeðferð í Nd. svo sem forseti Ed. hefur endanlegt úrskurðarvald um málsmeðferð í Ed.

Axel Jónsson: Herra forseti. Vegna þeirra umr., sem hér hafa átt sér stað um væntanlega afgreiðslu þessa máls, þá vil ég sem formaður menntmn. lýsa því hér yfir að verði málinu vísað til n. í kvöld, þá mun ég boða til fundar á morgun, í fyrramálið, um málið og kalla þar til fundar nokkra menn sem ég hef þegar ákveðið í huga og má vera að meðnm. mínir hafi fleiri í huga heldur en þar er um að ræða. Okkur hefur greint á efnislega um afgreiðslu í hv. menntmn., en til þessa hefur ekki orðið ágreiningur um meðferð þeirra mála sem við höfum afgreitt í vetur. Og ég vonast til þess að hv. n. beri gæfu til þess að geta afgreitt málið frá sér þannig að það sé ekki ágreiningur um sjálfa málsmeðferðina, þó að menn greini efnislega á um málið sjálft.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Vegna þessara orða hæstv. forseta, að forseti hafi endanlegt úrskurðarvald í málum af þessu tagi, þá vildi ég aðeins mega benda honum á að þetta er út af fyrir sig rétt, að forseti hefur endanlegt úrskurðarvald. En að sjálfsögðu og eðli máls samkv. á það aðeins við um vafaatriði, það á aðeins við um túlkunaratriði, þegar leggja þarf dóm forseta á mál sem ágreiningi valda og geta valdið ágreiningi. Um þau atriði, sem öllum eru ljós og hljóta að vera ljós, á forseti ekki neitt úrskurðarvald. T. d. gæti forseti ekki úrskurðað það einfaldlega að það nægði að 5 þm. væru viðstaddir þingfund svo að fund mætti setja. Þar væri um að ræða atriði sem stríddi bersýnilega gegn þingsköpum og úrskurðarvald forseta mundi ekki nægja til þess að breyta því atriði í þingsköpum.

Forseti á sem sagt ekki úrskurðarvald um atriði sem öllum eru ljós. Forseti á ekki endanlegt úrskurðarvald um það hvað einstakir þm. heita eða hvort þeir hafi þingmannsréttindi, svo að ég nefni annað dæmi. Þar er um að ræða mál sem menn hafa bara sjálfir rétt til þess að skynja með augum sínum og eyrum, og þar fær engu breytt um þótt forseti sé þessarar eða hinnar skoðunar. Forseti gæti t. d. ekki, ef hann vantaði atkv. í þingsalinn, kallað á þingvörð og beðið hann um að rétta upp höndina til þess að tryggja einhverju máli meiri hl., og ef því væri mótmælt, þá gæti forseti ekki staðið upp og sagt: Ja, ég hef hér endanlegt úrskurðarvald um það hverjir mega greiða hér atkv. og hverjir ekki. — Það segir sig sjálft að slíkt

stæðist ekki lögum samkv. Og sama gildir um það að ef þingsköp áskilja að ¾ hlutar atkv. þurfi að vera með til þess að afbrigði séu veitt og séu þessir ¾ hlutar atkv. ekki til staðar við atkvgr., þá er gerðin ólög, þá er ekki farið að lögum og fundurinn ekki lögmætur. Ég sé ekki annað en það sé með fullum rökum hægt að líkja afbrigðum við einmitt þetta atriði. Ég veit hins vegar vel að ef menn taka sig til og fara að skoða þetta, þá geta þeir vafalaust deilt um það alllengi og svo mundi vafalaust verða ef málið kæmi til dómstóla.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég hef hlýtt á mál hv. síðasta ræðumanns eins og aðrir hv. þdm. Auðvitað er það rétt að forseti hefur ekki rétt, hvorki í þessari d. né hv. Nd., til þess að kveða upp augljóslega ranga úrskurði. En það stendur sem ég sagði áður, að forseti Nd. hefur endanlegt úrskurðarvald um málsmeðferð í Nd. og forseti Ed. um málsmeðferð í Ed.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég hef nú verið skamma hríð hér á hv. Alþ., mun skemur heldur en velflestir sem hér eru inni, hef þó haft fyrir því að lesa þingsköp og fræðast nokkuð um starfsreglur Alþingis. En það vissi ég ekki fyrr að forseti gæti úr stóli sínum úrskurðað það að lögleg sé gjörð þingfundar gegn augljósum ákvæðum í þingsköpum, — þegar kveðið er á um það ljósum orðum að til þess að veita afbrigði þurfi ¾ hluta atkv. og á þessa ¾ hluta skortir, þá geti forseti kveðið upp þann úrskurð að ekki þurfi nema ⅔ hluta. Það má, eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, vafalaust ræða um þetta langt mál, en hér er greinilega um glöp að ræða. En hvað sem því líður, þá vil ég lýsa yfir ánægju minni með það sem fram kom í ræðu hv. þm. Axels Jónssonar, 10. landsk., formanns menntmn., um það hvaða vinnubrögð hann muni viðhafa í sinni n. þegar málið kemur þangað. Hann er augljóslega ekki þeirrar skoðunar að viska, vitneskja, þekking og smekkur hv. alþm. í þessari hv. Ed. skuli óvefengjanlega ráða því með hvaða hætti íslensk orð skuli stafsett á ókomnum árum hér á landi, á sama hátt og hv. formaður menntmn. Nd. virðist hafa gert — eða varaform. Þetta gleður mig, að heyra þetta álit hv. þm. Axels Jónssonar. Sjálfur leyfi ég mér nefnilega að draga stórlega í efa að þrátt fyrir prýðilegar gáfur, langt umfram meðallag, býst ég við, yfirgripsmikla þekkingu, smekk og stíl í íslensku máli, samsetningu þess, hrynjandi og hljóðan, sem mér finnst nú að vísu stundum skorta nokkuð á í máli manna hér á hv. Alþ., — þrátt fyrir það að ég efast ekki um að vitneskja þessi, menntun, smekkur og þessi næma tilfinning er öll til staðar í heilabúi hvers einasta hv. alþm. og þó sérstaklega heilabúum þessara 33 sem undirrituðu áskorunina forðum, þrátt fyrir þetta trúi ég því að við getum sótt e.t.v. staðfestingu á vísindalegum niðurstöðum þessara hv. þm., e.t.v. örlítið aukna vitneskju um það hvernig æskilegt sé að staðsetja orð þessarar fornu tungu.

Og aðeins í lokin vil ég andmæla því, eins og oft hefur verið gert áður hér í sölum hv. Alþ. undanfarna vetur, að z-an, þetta hljóðtákn, sé íslenskri tungu viðkomandi á nokkurn handa máta, að þetta hljóðtákn í málinu komi íslenskri tungu nokkurn skapaðan hlut við. En hitt hefur komið fram, það vil ég viðurkenna út af fyrir sig að skiptir dálitlu máli, að fyrir menn, sem lært hafa að nota þetta hljóðtákn í ritmáli sínu, lært það með blóði, svita og tárum, þá kann að vera dálítið sárt að sjá það fellt í gengi, að eiga það ekki lengur og geta ekki flaggað með því. Svo er með mjög mörg atriði í stafsetningu íslenskrar tungu, að þeim, sem gekk illa að tileinka sér þau í æsku, þeim má þykja sárt að verða sviptir þessari eign sinni, að geta ekki skorið sig úr í því eða státað af því í leyndum hjarta síns að hafa þó heppnast að tileinka sér þessa vitneskju. Ég læt það svo lönd og leið þó þetta séu menn sem aldrei geta orðað hugsun sína skammlaust. Ef þeir geta stafsett orðin sem þeir ætluðu aldrei að láta út af munni sér ganga eða hefðu ekki átt að gera, geta stafsett þau rétt, þá er til nokkurs unnið.

Ég vil ítreka það sem ýmsir góðir menn hafa sagt um deilu þá, sem hér stendur, að þessi undarlega umhyggja hv. alþm. skyndilega fyrir stafsetningu, — stafsetningu sem þeir hafa nú kannske svona mikið vit á eins og þeir hafa látið í ljós, hún er, séð í ljósi þeirra viðfangsefna sem þetta þing hefur við að glíma, hinni fornu, göfugu og virðulegu stofnun til skammar, til hreinnar og klárrar skammar.

Ég mun ekki að þessu sinni eyða í það tíma að ræða um innrætið sem liggur að baki málsmeðferðarinnar í Nd., ekki um hroka hinna vísu manna sem bera fram þau rök skoðun sinni til stuðnings að þeir vilji láta stafsetninguna vera eins og þeir hafi lært hana, — ég vil nú bæta við: eins og ég hef staðfestan grun um að sumir þeirra hafi ekki lært hana þrátt fyrir allt, það kynni að koma í ljós síðar. En aðeins þetta: Ég treysti því, það hvarflar ekki að mér nokkur efi um það að í þessari hv. d. mun þetta frv. fá mennilega meðferð. Skyldi það koma mér á óvart í lokin að svo yrði ekki, þá mun ég við umr. tvær, sem eftir verða, reyna að fara í gegnum nokkur rit höfuðskálda okkar til þess að við fáum að kanna það hér í d. með hvaða hætti þau hafa notað rittákn þetta í máli sínu, jafnvel, af því að ég geri nú ráð fyrir því að tími vinnist til á því sumarþingi sem þá yrði háð hér, gera á því lauslega athugun með hvaða hætti þetta rittákn er notað í máli því og góðum þýðingum sem haft er eftir sjálfum guði almáttugum í heilagri ritningu. Þetta verður yfirgripsmikið verk. Ég mun þá reyna að beita ekki mjög rómi þannig að mér endist nú erindið til nokkurrar tölu. En merkilegt má það vera og ég má þá vera orðinn öllu linari til heilsu heldur en ég hélt að ég væri ef mér ætti ekki að auðnast að komast upp í 90—100 klukkutíma.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 16 shlj. atkv.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. (þskj. 669). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 909).

Efri deild, 119. fundur.

Mánudaginn 17. maí, að loknum 118. fundi.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi, frv. (þskj. 666, n. 847, 848, 852). — Frh. 2. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Út af ræðu hv. 1. landsk. þm. fyrr í dag, þá gerði hann upphaf 8. gr. frv. nokkuð að umræðuefni, en þar segir: „Stefnt skal að því að auk eftirlits landhelgisgæslunnar skuli sérstök eftirlitsskip, sem gerð verði út af Hafrannsóknastofnuninni, fylgjast með fiskveiðum í fiskveiðilandhelginni.“ Ég vil taka það fram að ég vildi ekki fallast á það orðalag sem var í upphaflegu áliti fiskveiðilaganefndarinnar vegna þess að Landhelgisgæslan hefur fyrst og fremst þetta hlutverk þó að hún geti ekki rækt það eins og nú standa sakir vegna þorskastríðsins við breta, og því er auðvitað þörf á því að auka þetta sérstaka eftirlit bæði með eftirlitsskipum og eftirlitsmönnum og það í samráði við Hafrannsóknastofnun. Og ég vil út af þessum orðum hv. þm. lýsa því yfir að ég hef auðvitað mikinn hug á því að auka þetta eftirlit þannig að það sé rækt á eins góðan hátt og hægt er. En það er auðvitað komið undir fjárveitingavaldinu á hverjum tíma hversu miklum fjármunum er hægt að verja í þessu skyni. Ég vænti þess að hv. þm. sé ánægður með þessa yfirlýsingu því að hún er í fullu samræmi við óskir hans og vilja í þessum efnum sem ég met fyllilega.

Í sambandi við nál. sjútvn. eða réttara sagt brtt. þær sem sjútvn. d. flytur, þá eru þær margar og sumar hverjar mjög viðamiklar. Ég er hræddur um að það geti orðið allmikill meiningarmunur hér og í hv. Nd., eins og hún afgreiddi frv. frá sér, svo að ég hefði viljað leggja það til og mælast til þess að hv. sjútvn. tæki a. m. k. tilteknar till. sínar aftur til 3. umr. og þess yrði freistað í fyrramálið að halda sameiginlegan fund með sjútvn. beggja d. Sérstaklega bendi ég á 1. till. sem er breyting á svæðum og viðmiðunarpunktum, að það verði reynt að ræða það frekar til þess að ná þar samkomulagi.

2. till. tel ég ekki það mikils virði eða að um efnislegan ágreining sé að ræða, það er meira um orðalag, og hef ekkert á móti því fyrir mitt leyti að hún sé afgreidd við þessa umr. En hins vegar vildi ég mjög eindregið fara þess á leit að n. tæki aftur til 3. umr. þriðju till., þ. e. orðalag 8. gr. Þar finnst mér að margt þurfi að athuga betur. Ég t. d. tel að þetta orðalag: „Ráðh. setur sérstaka trúnaðarmenn um borð í veiðiskip, eftir því sem þurfa þykir, og er skipstjórum veiðiskipa skylt að veita eftirlitsmönnum þessum“ — og svo og er bætt við: „og skipverjum eftirlits- og rannsóknaskipa þá aðstoð og aðstöðu um borð í skipum sínum sem nánar er ákveðið í erindisbréfum útgefnum af rn. til handa eftirlitsmönnum þessum“. Mér finnst vera nokkuð hart að kveðið að setja hér: „Ráðh. setur sérstaka trúnaðarmenn um borð í veiðiskip.“ Það eru oft mjög ákveðnar óskir og kröfur um fjölda trúnaðarmanna, og ég er hræddur um, ef svona fortakslaus skylda hvílir á ráðh., að það verði hrópað á æðimarga eftirlitsmenn, en til þess að ráðh. geti gert það, þá þarf hann auðvitað að hafa fjárveitingu til þess. En ég býst ekki við að það fáist eftirlitsmenn kauplaust í þessu skyni, svo að ég vil mjög eindregið óska eftir því að þetta orðalag verði nánar athugað. Eins dettur mér í hug að það verði ekki vel séð hjá skipstjórnarmönnum og útgerðarmönnum fiskiskipa, þó að það sé sjálfsagt eins og upprunalega er í frv., að skipstjórum veiðiskipa sé „skylt að veita eftirlitsmönnum þessum aðstöðu um borð í skipunum“, að bæta hér við: „og skipverjum eftirlits- og rannsóknaskipa þá aðstoð“. Ég veit ekki hvort þetta verður vel séð hjá skipstjórum fiskveiðiskipanna og útgerðarmönnum, svo að ég held að það sé rétt að þetta sé athugað nánar.

Brtt. við 13. gr. er í sambandi við dragnótina, að í stað 20. des. komi 30. nóv. Ég er þeirri till. algerlega samþykkur og ég get sagt það sem mína skoðun að það var auðvitað ástæðulaust að fara til 20. des. með dragnótaheimildina. — Um b-lið till. ætla ég ekki að fara fram á að hann sé tekinn aftur til 3. umr. Það hafa lengi verið skiptar skoðanir á milli Ed. og Nd. í sambandi við heimildir til veitinga dragnótaveiðileyfa í Faxaflóa og það verður auðvitað að hafa sinn vanagang.

Ég fyrir mitt leyti tel 5. till., breytingu á orðalagi 15. gr., ekki vera til bóta eða gera gr. skýrari. Ég get bent á það, að það getur verið nauðsynlegt að stofnanir hafi ekki alveg úrslitavald í sambandi við að veita heimildir rannsóknaskipum og vísindamönnum til að nota bæði botnvörpu, flotvörpu og dragnót í rannsóknaskyni, þó að það sé alltaf sjálfsagt að leita álits viðkomandi stofnunar, sem er Hafrannsóknastofnunin, svo að ég hef talið að það ætti að athuga betur á þessum sameiginlega fundi.

6. till. er við 16. gr. Þar segir að „veiðiheimildir samkv. 13.—15. gr. skulu jafnan vera tímabundnar og skal ávallt leita umsagnar Hafrannsóknastofnunarinnar áður en þær eru veittar.“ Hér er bætt við „og Fiskifélags Íslands“, en í frv., eins og það er nú, segir: „Auk þess skal ráðh. leita umsagnar Fiskifélags Íslands eða annarra aðila þegar honum þykir ástæða til.“ Ég fyrir mitt leyti er mótfallinn þessari breytingu, ekki af því að ég telji ekki sjálfsagt að leita álits Fiskifélags Íslands þegar hægt er að koma því við, en ég held að það sé með þessari breytingu verið að þrengja framkvæmd þessara

mála, því að reynslan er sú að það þarf oft og tíðum að reka mjög á eftir slíkum umsögnum og Fiskifélag Íslands hefur yfirleitt látið þessi mál öll fara fyrir stjórnarfundi þar. Þess vegna held ég að í sumum tilfellum, í sambandi við öll minni mál, þá sé óeðlilegt að bíða jafnvel langan tíma eftir því að slíkir fundir séu haldnir. En í öllum veigamestu málum, þá hygg ég að hver sá sem skipar embætti sjútvrh. muni ekki ganga fram hjá stofnun eins og Fiskifélagi Íslands. Ég segi þetta aðeins og eingöngu vegna þeirrar reynslu sem ég hef haft þann stutta tíma sem ég hef farið með þessi mál, og ég hygg að fyrirrennari minn sé algerlega sömu skoðunar hvað þetta varðar.

7. brtt. er lögfræðilegs eðlis. Hún er vafalaust flutt í þeim eina og ágæta tilgangi að gera strangari kröfur til þeirra sem brjóta, og við því er ekkert að segja. Það er gott út af fyrir sig þó að það væri jafnvel réttara að bera þetta undir góða lögfræðinga, þetta orðalag gr., eingöngu af þeirri ástæðu. Efnislega er ég algerlega samþykkur þessari brtt.

8. till., við 19. gr., tel ég að sé mjög til bóta. Hún er miklu fyllri, enda á ekki að miða eingöngu við botnvörpu- og flotvörpuveiðar, heldur veiðar, þar er ég n. alveg sammála.

Sömuleiðis er ég samþykkur síðustu till. n. Það er að bæta við ákvæðum til bráðabirgða sem ég tel að sé rétt að gera og styð eindregið að sú till. nái einnig fram að ganga.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég vil aðeins með þessum orðum beina þessum tilmælum til n., að þær till., sem ég hef gert aths. við, verði ræddar af sjútvn. sameiginlega ef hugsanlegt væri að ná samkomulagi, til þess að það verði ekki harðar deilur og málinu vísað til Nd. sem kann þá að gera á því aðrar breyt. sem mundu leiða til þess að það þyrfti að hafa umr. um þetta mikilvæga mál í Sþ. Ég tel fulla ástæðu til þess að reyna að ná samkomulagi, þannig að það sé ekki stórvægilegur ágreiningur á milli d., því það er mjög horft á af erlendum þjóðum, sem sækja eftir veiðiheimildum innan íslenskrar fiskveiðilögsögu, hvernig við afgreiðum þetta mikilvæga mál.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég flutti fyrir kvöldmatinn nokkuð ítarlega framsöguræðu um þær brtt. sem sjútvn. leggur fram einróma og gerði þar grein fyrir hverri einustu till. og aðdraganda hennar. En því miður var hæstv. sjútvrh. þá ekki staddur hér og reyndar minnir mig fyrir utan forseta einn annar dm., svo að það hafa líklega fáir heyrt þau rök sem ég flutti. Og mér finnst að sumt af því, sem kemur nú fram hjá hæstv. sjútvrh., stafi af því að hann gat ekki verið hér þá og fylgst með þeim skýringum, sem fram komu.

Það skal að vísu tekið fram að ég hafði samband við hæstv. ráðh., en þar ræddum við aðeins um þau atriði sem mér var ljóst að voru kannske einna erfiðust í þessari meðferð, þ. e. í 8. gr. um „stefnt skal að“ í upphafi þeirrar gr. t. d. og fjölda sólarhringa sem heimilt er að loka með skyndilokunum. Ég gerði hins vegar hæstv. ráðh. grein fyrir því að það væru margar brtt. sem kæmu fram í 1. lið þessara brtt. og um þær væri ákaflega erfitt að ná samstöðu. En minn skilningur var sá, að þar yrði það að ráðast sem sjútvn. gæti náð samstöðu um, jafnvel þótt frv. færi þá að sjálfsögðu aftur til Nd. og endaði jafnvel í Sþ. Svo hefur alltaf verið, að frv. til l. um fiskveiðilandhelgi Íslands hefur verið ákaflega viðkvæmt mál, og ég held að það hafi ekki hér á þinginu fengið þá meðferð eða þann tíma til meðferðar sem nauðsynlegur er. Það skal hins vegar tekið fram að um þetta mál hefur verið fjallað lengi og nokkrir þm., m. a. ég, hafa getað unnið að þessu máli í n. og í sjútvrn. En þar hefur margsinnis verið á það bent að þetta mál yrði að fara í gegnum hendur þm. allra kjördæma sem vitað væri fyrir fram að mundu gera við það margar aths. Ég tel því að meðferð þessa máls í höndum sjútvn. hv. Nd. hafi verið heldur flaustursleg, miðað við þessar aðstæður, einn sameiginlegur fundur aðeins. Og ég vil upplýsa það enn, sem ég sagði í morgun, að það vakti mikla undrun okkar í sjútvn. þessarar d. þegar í ljós kom að Hafrannsóknastofnunin hafði ekkert fengið að fjalla um þetta mál eftir að það kom frá n. Fiskifélagsins og annarra aðila og til sjútvrn. þar sem gerðar voru á því ákaflega miklar breytingar. Og ég held að fiskifræðingar hafi nokkuð til síns máls þegar þeir vísa til ákvæðis í lögunum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins þar sem skýrt er fram tekið að Hafrannsóknastofnunin skuli til kvödd í þeim málum.

Hafrannsóknastofnunin varð við beiðni þessarar n. og skilaði allítarlegri umsögn með mjög litlum fyrirvara, og það er rétt að víða eru teknar upp leiðréttingar frá þeim ábendingum. Það er t. d. áberandi að mjög víða í frv. er talað um botnvörpu, flotvörpu og dragnót, þannig að önnur veiðarfæri eru undanskilin. En hins vegar átti þetta frv. eða þessi lög, ef að lögum verður, að vera viðtækari. Það var ávallt að því stefnt að þessi lög yrðu viðtækari og næðu til fiskveiða almennt. Þannig er ljóst að í meðferð rn. á þessu frv. hefur dálítið flaustursleg verið á málum haldið. En ég vil taka það fram að upphaflega frv., eins og kom frá n. sem ég kalla n. sérfræðinga, var algerlega kollvarpað, ekki einu sinni, heldur tvisvar í meðferð sjútvrn.

Ég á nú erfitt með að svara hæstv. ráðh. nema hann sé hér viðstaddur, svo að ég held — með leyfi forseta — að ég geri bara hlé á mínu máli því ég ætlaði sérstaklega að fjalla um þau atriði sem hann tók hér upp og ég hef að vísu nefnt fyrr í dag, en hann var ekki þá viðstaddur.

Ég sé að hæstv. sjútvrh. birtist aftur og þá ætla ég að — (Gripið fram í.) Það er erfitt að vera á mörgum stöðum, ég geri mér grein fyrir því.

Ég get út af fyrir sig fallist á að draga til baka ýmsar till. nú og hafa sameiginlegan fund með sjútvn. Nd. Það er að vísu bara mitt mat. En ég verð að segja það, að það var svo einróma samþykki n. þessarar d. í sambandi við 1.

gr. að ég óttast að það verði ákaflega erfitt að ná samkomulagi. Niðurstaða mín eftir að hafa unnið að þessu eins og ég best get sem formaður n. og á fundum þar sem allir nm. voru hvað eftir annað staddir er sú, að þessir liðir væru einróma samþykki n. Ég gerði hæstv. ráðh. grein fyrir því að um væri að ræða margar breytingar sem yrðu erfiðar, og mér skildist að það væri hans sama skoðun og mín, að það yrði þá bara að ráðast, jafnvel þótt málið færi til Sþ.

Ég get getið þess hér að ein till. er hér flutt sem ákaflega mikilvæg, brtt. flutt af hv. þm. Jóni Árnasyni, Ásgeiri Bjarnasyni og Stefáni Jónssyni, sem ekki náðist samstaða um í n., en hæstv. ráðh. minntist ekki á hana. Mér er kunnugt um það að hún mun valda verulegum úlfaþyt, ef samþ. verður. Ég gerði grein fyrir því í n. að þetta mál hefur haft töluverðan aðdraganda í meðferð n. og hjá sjútvrn. Ég gerði grein fyrir því að í upphaflegum till. nefndar þeirrar, sem hæstv. ráðh. skipaði fyrir alllöngu, einu og hálfu ári eða svo, var gert ráð fyrir langtum víðtækari togveiðiheimildum á Breiðafirði en eru nú, t. d. innar á Breiðafirði og alveg upp að Bjargi og meðfram Bjargi út, sem er nú ekki. Jafnframt var gert ráð fyrir því að togarar hefðu heimild upp að 4 sjómílum fyrir Breiðafirðinum öllum, þ. e. a. s. frá Bjargtöngum og suður úr. Ég lagðist gegn þessu þegar ég kom í n., óskaði þá eftir því að þetta yrði fært í fyrra horf, og ég lagði jafnframt til að togveiðiheimildir yrðu takmarkaðar fyrir utan 12 sjómílur allt suður að Snæfellsnesi. En ég fékk því framgengt í þeirri fjölmennu nefnd að togveiðiheimildir á Breiðafirðinum voru færðar út aftur í fyrra horf og togveiðiheimild fyrir togara sömuleiðis, þannig að 12 sjómílna línan er færð frá Bjargtöngum nokkuð suður fyrir miðjan Breiðafjörð. Um þetta varð samkomulag og jafnframt á það bent að netasvæði var þá ráðgert og síðan framkvæmt af hæstv. ráðh. á nokkurn veginn öllu því svæði sem þá var eftir. Þar var lokað, ef ég man rétt, frá 15. febr. til 15. apríl eða þar um bil, en að vísu hefur komið fram hjá ýmsum aths. um það og menn telja að þetta sé ekki nógu langt, til 15. apríl, og ætti að vera til 15. maí. Um þetta var samkomulag, og ég get sagt það að ég lofaði togaraáhugamönnum þar, að ég mundi þar með ekki styðja brtt. um frekari hömlur togveiða á því svæði. Þetta þekkja þeir sem voru í n. Ég mun því ekki standa að þessari brtt. þótt hún væri í mínum upphaflegu hugmyndum. Og ég tel að með netasvæðunum þarna sé farin nokkur millileið. Þarna hefur sem sagt mjög verið aftur hallað á togveiðarnar, og ég vildi satt að segja gjarnan vita hvert álit hæstv. ráðh. er á þessu máli.

Ég mun verða við beiðni hæstv. ráðh. að draga til baka fyrstu till., þó, eins og ég segi, ég geri mér engar vonir um að þar náist samkomulag um — ekki minnstu vonir. Þetta er mín persónulega skoðun að vísu.

8. gr. var mjög mikið til umr., og í henni voru bæði gerðar leiðréttingar á atriðum sem ég tel að hafi verið klaufaleg. Ýmist er talað um eftirlitsskip eða gæsluskip, og við breyttum því til lagfæringar, og hins vegar neituðum við þeirri breytingu, sem mjög rík áhersla var lögð á, að fella niður „stefnt skal að“ í upphafi gr. En það skal tekið fram, að ég fyrir mitt leyti og við í n. töldum saklaust að fallast hins vegar á að „ráðh. setur sérstaka trúnaðarmenn“ og fella þar niður: „ráðh. getur sett sérstaka trúnaðarmenn“, m. a. með tilliti til þess að þar segir á eftir: „eftir því sem þurfa þykir“. Ég lít svo á að hæstv. ráðh. dæmi hvað þurfa þykir í þeim efnum svo að þetta sé í raun og veru algerlega saklaus breyting. Það er rétt að það hefur komið þarna inn: „og skipverjum eftirlits- og rannsóknaskipa þá aðstöðu“. Mér fannst þetta ekki óeðlilegt, því að vitanlega þurfa eftirlits- og rannsóknaskip að hafa alla nauðsynlega aðstöðu til þess að geta sinnt sínum erindum.

Þetta voru þær meginaths. tvær sem ráðh. gerði við þessa till., en mér skilst að hæstv. ráðh. fallist á aðrar breytingar, sem eru margar í till., orðalagsbreytingar og til bóta. Ég vona að hann leiðrétti mig ef eitthvað hefur farið þarna fram hjá mér, en þetta skildist mér að væru tvær meginaths. hans.

Í 15. gr. þótti okkur heimildin æðimikið takmörkuð þar sem segir: „heimilt að veita rannsóknaskipum og vísindamönnum leyfi til að nota botnvörpu, flotvörpu og dragnót í rannsóknaskyni.“ Þarna kemur enn einu sinni inn þessi villa sem er sums staðar í frv., að tekið er upp úr gömlum lögum sem fjölluðu um botnvörpu, flotvörpu og dragnót. Þarna er verið að gera það víðtækara, að þetta er fyrst og fremst fellt úr. Hitt finnst mér satt að segja sjálfsagt, að Hafrannsóknastofnun, okkar vísindastofnun, fjalli um slíkt ef leyfi er veitt, og ég veit satt að segja ekki betur en það sé í öðrum lögum að leita skuli umsagnar Hafrannsóknastofnunar ef erlendum skipum er veitt rannsóknaleyfi innan íslenskrar lögsögu, þannig að ég held að það atriði út af fyrir sig sé sjálfsagt og mér fyrir mitt leyti finnst gr. stórum betur orðuð þarna og réttar orðuð heldur en hún er í 15. gr. í frv.

Um Hafrannsóknastofnun og Fiskifélag Íslands í 16. gr. urðu miklar umr. satt að segja á milli fiskimálastjóra og skrifstofustjóra sjútvrn., og ég held ég verði að taka á mig þá sök að raunar varð kannske aldrei fyllilega ljóst í n., hvernig n. vildi hafa þetta. En ég tók breytinguna inn því að mér fannst viljinn vera á þá leið að rétt væri að leita til Fiskifélagsins vegna þess að hjá Fiskifélaginu, í stjórn þess, sitja trúnaðarmenn þeirra samtaka sem hafa hagsmuna að gæta í sambandi við 13., 14. og 15. gr. og fiskimálastjóri lýsti því yfir mjög ákveðið að það þyrfti engin töf að verða á þeirra umsögnum. Vera má að reynsla rn. sé önnur, og mér finnst það geta verið eina afsökunin fyrir því að leita ekki umsagnar Fiskifélagsins, ef reynslan hefði orðið sú að þar hefði orðið mjög verulegur dráttur á umsögnum. En það er rétt að umsagnir í mörgum þessum málaflokkum þurfa að berast skjótt. Mér þótti ekki skrifstofustjórinn færa rök fyrir því að orðið hafi mikill dráttur á, heldur væri þetta bara

óþarfi í sumum tilfellum. En ég skal einnig verða við því að draga þá till. til baka.

Mér skilst sem sagt að hæstv. ráðh. fari fram á það að við drögum til baka til 3. umr. 1., 3., 5. og 6. brtt. þótt ég sjái nú enga ástæðu til þess um 5. brtt., þá sakar ekki þótt hún fylgi með, en ég vil taka það fram: með hangandi hendi, ég held að ekki verði komist hjá því að frv. fari til Nd. að nýju og mjög líklegt að það endi í Sþ.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Það er rétt, ég óskaði eftir því að 1., 3., 5. og 6. till. yrðu teknar aftur til 3. umr.

Út af því, sem hv. þm. spurðist fyrir um mína afstöðu til þeirrar till. sem prentuð er á þskj. 852, þá fer ég ekkert dult með það að ég er mótfallinn þeirri till. vegna þess að hún raskar veiðisvæðum annars staðar. Út af fyrir sig hefði ég ekkert á móti því að þessi breyting yrði gerð, en þessi röskun á veiðisvæðum gerir það að verkum að botnvörpuskipin sækja á tiltölulega fá svæði.

Ég er ekkert að óska eftir því að þessum till. sé frestað, þar komi til atkv. Það verður, eins og ég sagði, að ráðast hvað verður ofan á. Það fær enginn þm. og ekki heldur sjútvrh. allt sitt fram eins og hann helst vill. Það er margt í þessu frv., sem ég hef ekki gert að umræðuefni, sem ég fyrir mitt leyti hefði viljað hafa öðruvísi. En það, sem fyrir mér vakir með þessari beiðni, að menn taki till. aftur til 3. umr., er að reyna til hlítar að ná samkomulagsleið við Nd. ef hægt er að komast hjá því að frv. þyrfti að takast fyrir í Sþ. Mér er alveg ljóst að þetta frv. fer aftur til Nd. því að það verða gerðar á því breytingar. Hitt væri betra og liti betur út ef það væri hægt að ná slíku samkomulagi. En til þess að ná samkomulagi verða báðir aðilar að slá af, og ég fyrir mitt leyti skal gera mitt ítrasta til þess að það verði reynt að ná samkomulagi á milli deildanna, en þá auðvitað verða menn að gera sér ljóst að það er ekki hægt að fá allt sitt fram.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð. — Ég held við nánari athugun að sjútvn. Ed. hafi ekki gert þær breytingar sem feli það í sér að allt þurfi að fara á annan endann í Nd. Vissulega hefðu þeir mátt kalla til fulltrúa frá Hafrannsóknastofnun, einn eða fleiri fiskifræðinga, og ræða málið alvarlega við þá, því að það vissu allir sem komu nálægt undirbúningi þessa frv. að meginþátturinn í gerð þess var að hafa nána samvinnu við vísindamenn okkar og gera lágmarksátak í því efni að tryggja aukna friðun og skipulegri sókn. Og ég vil þakka formanni okkar n. í Ed. fyrir mikið starf og mikinn vilja til að ná saman. Eins og þetta álit okkar ber með sér, þá stóðum við allir að því eftir miklar umr. og mikið starf af hans hendi og fleiri embættismanna sem komu til okkar á fundinn. Og ég kalla það hreinlega sagt nálgast hótfyndni af einhverjum örfáum mönnum í Nd. ef þeir hleypa málinu núna í hnút. Það er ekkert nema hótfyndni og illska og ég skil ekki þann hugsunarhátt sem liggur þar að baki, hreinlega sagt: ég skil hann ekki. Þess vegna finnst mér ástæðulaust annað en við getum afgreitt málið núna hér í Ed.

Það hefði jafnvel mátt orða sumt upp í frv. því að með einhverjum hætti er ekki góð íslenska í sumum gr., af því að við erum nú alltaf að tala um íslenskt mál hér í sambandi við annað frv. Ég vil aðeins tilnefna eitt dæmi sem sýnir það að við ræddum um að breyta íslensku máli á frv. á betra veg. Í 6. gr. segir, með leyfi forseta: „Er rn. heimilt með tilkynningu að banna allar togveiðar.“ Þetta er ekki íslenska að mínu mati og okkar fleiri, þetta er ambaga og á ekki að sjást í lögum. Að mínu mati á að standa: „Rn. tilkynnir bann“ o. s. frv., ekki svona ambaga. Þetta fer í gegn, það má ekki breyta neinu, það er ekki tími til að skrifa frv. einu sinni á gott íslenskt mál. Margt fleira gæti ég tínt til. Það má ekki laga neitt, það má ekki breyta neinu, þá snertir það einhverja, en við berum ábyrgð á hlutunum.

Þessa setningu: „Ráðh. setur sérstaka trúnaðarmenn um borð í veiðiskip, eftir því sem þurfa þykir“, telur hæstv. ráðh. fullharða og erfitt kannske að framfylgja. Og einnig stendur: „og er skipstjórum veiðiskipa skylt að veita eftirlitsmönnum þessum og skipverjum aðstoð og aðstöðu“. Það er nú skylt í öllum öðrum lögum. Þar sem löggæslumenn þurfa að fá aðstöðu, þá hafa þeir aðgang að öllu ótiltekið samkv. heiðarlegu og eðlilegu starfi þeirra. Og það er alveg tilgangslaust að setja lög um eitthvað eftirlit ef menn eiga ekki að fá eðlilegan aðgang, og ég get ekki ímyndað mér að þessir sérstöku trúnaðarmenn ríkisins og eftirlitsmenn fari að verða með einhver læti og vitlausar kröfur um borð í veiðiskipi. Ég tel að þessi gr. feli í sér þá nauðsyn fyrir þessa menn að það sé hægt að mæla fisk, það sé hægt að skoða fisk á dekki og eitthvað þess háttar eða í skjóli einhvers staðar á skipinu, það er sú aðstaða sem nauðsynlegt er að láta í té, en að mennirnir eigi að fá þarna fæði og svefnaðstöðu og þar fram eftir götunum og margt fleira, það dettur engum manni í hug. Ég get ekki ímyndað mér það. Ef sérstakur maður er sendur um borð, þá er sett um það ákveðin reglugerð, og það er allt annað. Um það mun hæstv. ráðh. fjalla þegar þetta er orðið að lögum. En hann hefur það alveg á valdi sínu hvað hann setur marga slíka menn um borð, og ég þakka honum fyrir það að hann vilji ákveðið reyna að leysa þennan vanda með sérstök eftirlitsskip. Ég hef sagt það hér áður, ég tel að þau þurfi ekki að vera stór og það sé hægt að komast í gegnum það tiltölulega ódýrt með fiskibátum, einum eða tveimur til að byrja með. En landhelgisskipin eru svo ofboðslega dýr í rekstri að þau þjóna allt öðrum tilgangi heldur en þessi gr. felur í sér að mínu mati og okkar margra annarra sem höfum komið nálægt undirbúningi þessarar löggjafar.

Þegar á aðrar breytingar er litið, eru þær tiltölulega lítilvægar og eðlilegt að þær séu gerðar. Viðmiðunarstaður nr. 38 þótti ekki góður við nánari athugun og var talið betra að halda sig eingöngu við Malarrif vegna þess að sjókort eru ekki einu sinni til það nákvæm og

þessi staður var alls ekki á mörgum þeirra og hefði komið þess vegna sumum skipstjórnarmönnum í nokkurn vanda. Það má segja að við hefðum getað prentað ný kort í snarheitum og komið þeim út. En ætli einhver hefði þá ekki skotið sér undan með því að hann hefði engan viðmiðunarstað á kortinu að bera við og þess vegna bara fór hann inn fyrir. Þetta skiptir sáralitlu máli og þessi breyting okkar er til þæginda fyrir skipstjórnarmenn og því ekkert til að steyta á steini yfir.

Ég held að skýringar formanns okkar og frsm. hafi verið það fullnægjandi og góðar að það sé leikur einn að afgreiða þetta og hótfyndni ein hjá einhverjum mönnum í Nd. að hóta upphlaupi á þinginu vegna breytinga okkar, en formaður okkar á miklar þakkir skilið fyrir mikið starf til að koma þessu saman.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 848,1 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 852,1 samþ. með 9:6 atkv.
Brtt. 852,2 samþ. með 7:6 atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
4.—5. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 848,2 samþ. með 19 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 848,3 tekin aftur til 3. umr.
7.—12. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 848,4 samþ. með 18 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 18:1 atkv.
14. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 848,5 (ný 15. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 848,6 tekin aftur til 3. umr.
16. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 848,7 samþ. með 17 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
18. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 848,8 samþ. með 18 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
20.—24. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 848,9 samþ. með 19 shlj. atkv.
Ákv. til brb., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Umferðarlög, frv. (þskj. 518, n. 870). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Allshn. Ed. hefur á nokkrum fundum fjallað um frv. til l. um breytingar á umferðarlögum. Eins og hv. dm. er kunnugt, þá voru allmiklar breytingar gerðar á þessu frv. í Nd. og var þar veigamest að felld voru niður ákvæði um að tekin yrði upp ný skráning ökutækja. Önnur ákvæði í frv. voru einkum bundin við hækkaða ábyrgðartryggingu og nokkra breytingu á skráningu vélsleða.

Allshn. Ed. kallaði á fund sinn nokkra af þeim mönnum, sem höfðu unnið að samningu frv., og forstöðumann Bifreiðaeftirlits ríkisins, og enn fremur fékk n. skriflega álit Ólafs Walters Stefánssonar um veðsetningar bifreiða og um það á hvern hátt mætti breyta fyrirkomulagi á veðsetningum ef lögfest yrði sú upphaflega till. frv. um skráningu ökutækja sem áður var nefnd. Eftir þessar umr. ákvað n. að leggja til að frv. yrði samþ. óbreytt, en sú skoðun kom fram í n. hjá sumum nm. að fyllsta ástæða væri til að athuga betur en enn hefur verið gert hvort ekki sé rétt að taka upp þá breytingu á skráningu bifreiða sem ráð var fyrir gert í frv. upphaflega. Þykir rétt að það komi fram að nm. töldu sumir að að þessu bæri að vinna sem fyrst með það fyrir augum að athuga enn betur hvort ekki væri þarna þörf breytingar. Að öðru leyti tel ég ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál, en undir nál. skrifuðu allir hv. nm. allshn. Ed.

Axel Jónsson: Herra forseti. Ég skrifa undir þetta nál., eins og hv. frsm. tók fram, en ég er ekki í hópi þeirra sem óska eftir því að endurflutt verði frv. með ákvæðum þeim sem Nd. afmáði úr frv. um skráningu ökutækja. Ég er kannske það íhaldssamur að ég vil halda þessu — ja, kannske séríslenska fyrirbrigði sem verið hefur í þessu efni til þessa — vil halda því áfram og hef ekki sannfærst um þann mikla fjárhagslega sparnað sem af öðru mundi leiða, enda var að mínu viti ákaflega fátt um svör hvað sparaðist raunverulega við breytinguna þegar tillit væri tekið til alls og alls. Það upplýstist hins vegar að höfundar frv., sem kallaðir voru á fund hv. n. í Ed., gátu ekki gefið svör við þeim spurningum öðrum sem þeir voru spurðir um, m. a. um það hvernig ætti að fara með veðsetningu bifreiða, og þó að n. hafi beðið nokkra daga eftir frekari skýringu á því, þá liggja ekki enn fyrir svör frá neinum höfundi frv. um þetta efni. Hér er kannske líka um séríslenskt fyrirbrigði að ræða, og ég er einnig í því efni nokkuð íhaldssamur. Svo mikið er víst, að það opinbera sjálft setur kvaðir á varðandi veðsetningu eða veðtöku í bifreiðum, eins og raunar kemur fram í þessu plaggi sem Ólafur Walter Stefánsson skrifstofustjóri í dómsmrn. sendir, það er varðandi leigubifreiðar, sendibifreiðar og öryrkjabifreiðar, þannig að í dag er það ekki aðeins — og það er kannske ekki það mesta í þessu — að tekið sé veð í bifreið vegna þess að hún gengur kaupum og sölum manna á meðal, heldur tekur hið opinbera veð í þeim bifreiðum sem það gefur eftir aðflutningsgjöld af. Ef viðhalda á veðsetningu bifreiða eins og verið hefur til þessa og setja upp eina allsherjar skrifstofu eða stofnun til þess að viðhalda því, þá hygg ég að það yrði nú nokkuð umfangsmikið, fyrirhafnarsamt og kostnaðarsamt, enda segir í niðurlagi bréfsins frá Ólafi Walter Stefánssyni að hvor þeirra leiða, sem hann hefur áður vikið að, en ég tímans vegna, herra forseti, ætla ekki að fara nánar út í, muni kalla á lagabreytingar og muni einnig leiða af sér nokkra pappírsvinnu ef viðhalda á veðsetningu í því formi sem verið hefur.

En varðandi númerabreytinguna, þá endurtek ég, herra forseti, ég hef ekki fengið fram nein þau rök fyrir því að þar sé um þann geysilega fjárhagslega sparnað að ræða sem ýmsir láta liggja að. Þó svo það gæti verið um einhvern sparnað að ræða, þá endurtek ég það, ég er það íhaldssamur á bifreiðanúmer að ég vil að mönnum gefist kostur á að halda þeim ef það er mögulegt þó að þeir skipti um ökutæki, en greiði þá jafnvel hærra umskráningargjald. Þess vegna er ég ekki í hópi þeirra sem óska eftir endurflutningi á frv. með þeim ákvæðum.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka þátt í þessari umr., en ég var á þeirri skoðun og ég leyfi mér að segja ásamt hv. þm. Geir Gunnarssyni að það væri nauðsynlegt að leggja þá breytingu, sem felld var niður í Nd., attur fyrir þingið. Við vorum á þeirri skoðun og öll n. að í fyrsta lagi var frv. ekki nægilega vel undirbúið þegar það var lagt fram. Það kom ekki nægilega glöggiega í ljos hver sparnaðurinn var, og eins var ekki gerð nægilega vel grein fyrir því hvernig þinglýsingum eða veðsetningum yrði komið fyrir. En í öðru lagi gerði hv. allshn. Nd. fremur lítið að minum domi til þess að upplýsa þessa þætti, í fyrsta lagi varðandi sparnaðinn og í öðru lagi varðandi þinglýsingarnar, og þetta eru tvö veigamestu atriðin í málinu.

Það var að minum domi mjög slæmt að það skyldi ekki um þetta mál eins og mörg önnur stærri mál vera sameiginlegt starf. Það er mjög æskilegt, þegar um stór mál er að ræða sem eru lögð fyrir þingið, að n. vinni sameiginlega að þessum málum, en þurfi ekki eins og nú í lok þings að standa frammi fyrir því að ef breytingar verði gerðar á frv. til bóta að minum dómi, þá verði það til þess að þær breytingar eða það frv., sem hv. Nd. samþykkti, nær alls ekki fram að ganga. Við vildum ekki tefja fyrir þessu máli, töldum mikilvægt að þær breytingar, sem samstaða var um, næðu fram að ganga, en leggjum á það mikla áherslu að hæstv. dómsmrh. leggi fram í upphafi næsta þings frv. sem feli í sér breytingar á númeraskráningunni. Það er augljóst að því fylgja mjög miklir kostir. En við leggjum einnig á það áherslu að frv. verði vel undirbúið og skilmerkilega fram sett.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—14. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Framkvæmdastofnun ríkisins, frv. (þskj. 640, n. 871 og 872). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur tekið til athugunar frv. til l. um breyt. á l. nr. 93/1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins. N. varð ekki sammála um afgreiðslu frv. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþ., en minni hl. Jón Árm. Héðinsson og Ragnar Arnalds, hv. þm., mun skila sérálíti. Fjarverandi afgreiðslu málsins var Albert Guðmundsson.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja í löngu máli þær breytingar sem verða á lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins. Breytingarnar eru í sjálfu sér ekki mjög margar, en þær eru kannske fyrst og fremst þær að gert er ráð fyrir því að stofnfé Byggðasjóðs og ákveða með lögum þau lágmarksframlög sem skulu renna til þess sjóðs. Þetta ákvæði er vafalaust þyngarmesta ákvæði frv. og ég ætla mér ekki hér að reka mikilvægi þess. Gera sjálfsagt allir sér ljost hversu þyngarmikið hlutverk þessa sjóðs er.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því að logfesta það að ríkisstj. láti semja sérstaka heildaráætlun sem ætlað er að vera stefnumarkandi um framkvæmdir og framkvæmdagetu þjóðarbúsins á hverjum tíma. Þessi landsáætlun var samin á s. l. hausti og þessi háttur hefur þegar verið tekinn upp þannig að hér er í sjálfu sér ekki um mjög mikla breytingu að ræða.

Þá má nefna í þriðja lagi að það er gert ráð fyrir því að Framkvæmdastofnunin annist byggðamál í auknum mæli, m. a. með stofnun sérstakrar byggðadeildar sem hafi nána samvinnu við bæði áætlanadeild og lánadeild, sérstaklega varðandi lánamál. Er þess að vænta að stofnun þessarar nýju deildar verði til góðs varðandi byggðamál.

Það er gert ráð fyrir ýmsum öðrum breytingum í frv. sem eru flestar mjög smávægilegar og staðfesta það að vel hafi tekist til um stofnun Framkvæmdastofnunar ríkisins, og ætla ég ekki að reka þær hér. Ég vil aðeins itreka það að meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþykkt.

Frsm. 1. minni hl. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 871, legg ég til, að frv. verði fellt, og skal aðeins fara nokkrum orðum um það. Nál. er ekki það langt að tímans vegna held ég að ég verði að láta hv. þdm. eftir að lesa það. En ég vil gera örstutta grein fyrir því af hverju ég tel að þessar fyrirhuguðu breytingar séu ekki veigamiklar og ekki vel athugaðar og ég tel rétt að fella frv.

Við 1. umr. drap ég á það að ég vildi fá nánari staðfestingu á því hver væri skilningur hæstv. forsrh. varðandi sérstaklega tvö kjördæmi um lánafyrirgreiðslu, — staðfestingu á því að Reykjavík og Reykjanes nytu ekki verri kjara, þegar þannig stæði á hjá þeim, heldur en aðrir landshlutar þegar búið væri að lögfesta 2% af útgjöldum fjárl. í ákveðinn sjóð, sama hvernig áferðið er í landinu. Við höfum nú áþreifanlega reynt það hér í kvöld að Vegasjóður er gersamlega tómur og það er ekki hægt að framfylgja lögum um vegáætlun og verður að gera hér skyndibreytingu á þeim lögum til þess að bjarga Vegasjóði úr algerri klípu. Einnig vil ég vekja athygli á 10. gr. frv. sem ég skil ekki. Ég bókstaflega skil ekki hvernig hún getur haft lagagildi nema athuga hana miklu nánar í sambandi við seðlabankalögin o. fl. En hún er ekki

löng, 10. gr., og með samanburði á núgildandi lögum um lánadeild, sem er 12. gr. núgildandi laga um Framkvæmdastofnunina, vil ég vekja athygli á því að í núgildandi lögum segir:

„Lánadeild vinnur að því að samræma útlán allra opinberra stofnlánasjóða“ — að samræma útlán. Þetta er eðlilegt um Framkvæmdastofnun ríkisins og þá auðvitað í samvinnu eða samráði við viðkomandi ríkisstj. En í þessu frv. núna segir: „Deildin fylgist með fjárhag opinberra fjárfestingarsjóða.“ Hvað verður nú um Seðlabankann og hans vald? Á hann að hætta að fylgjast með sjóðunum og hafa yfirlit um þá? Síðan segir: „og vinnur að því að samræma lánakjör þeirra og skipuleggja fjáröflun til framkvæmda með sérstöku tilliti til þess sem forgang þarf að hafa.“ Þessi deild á að samræma lánakjör. Ég hélt að þetta væri hlutverk Seðlabankans eða ríkisstj. eða viðskrh. Og ég er hræddur við að setja svona ákvæði inn og fella hitt úr gildandi lögum, að þá kunni að koma til árekstra, hvor verður hinn sterkari. Þetta er það mikilvægt atriði að ég tel ekki hægt að samþykkja frv. með þessu orðalagi. Ég legg því til að það verði fellt og ef ríkisstj. vill koma málinu vel athuguðu í gegn, þá á hún að gera það í haust.

Ég get tekið undir þau orð að Byggðasjóður og margt það, sem Framkvæmdastofnunin hefur gert, hefur reynst þjóðinni vel og sjálfsagt að stuðla að því, að svo verði áfram, og tryggja jafnt og gott fjármagn í Byggðasjóð og aðra fjárfestingarsjóði. En ég sé ekki að þetta frv. sé svo gott eða vel úr garði gert að það sé réttlætanlegt að hespa því af nú í lokin þegar maður hnýtur um svona mótsagnir eins og fram koma í 10. gr., því að ég kalla þetta mótsagnir, að fella út eðlilegt orðalag, eins og 12. gr. hefur verið, og hlýtur að hafa haft gildi og rök fyrir að vera sett svo, en síðan að umorða þetta nú, ef þetta eru þá ekki hrein mistök. Það er enginn tími til að leiðrétta það og þess vegna er ekki um annað að gera en fella frv. því að þessi deild fer ekki að samræma lánakjör á Íslandi. Það er önnur stofnun sem á að gera það og hefur umsjón með peningaveltu á Íslandi og verður að bjarga bæði ríkissjóði og öðrum sjóðum. Það er Seðlabanki Íslands. Og það er æðsta peningastofnun í samráði við viðkomandi rn.

Ég gæti fjallað hér um fleiri þætti í þessu frv., en ég eyði ekki tíma þdm. hér um miðja nótt og meira í því efni. Ég held að hæstv. ríkisstj. ætti að athuga það, að þetta frv. á að daga uppi og betra að koma með nýtt í haust og fá þá samstöðu Alþ. um að tryggja framgang þess.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10:2 atkv.
2.—13. gr. samþ. með 11:1 atkv.
14. gr. 1. tölul. samþ. með 14 shlj. atkv.
14. gr. 2. tölul. samþ. með 14:2 atkv.
14. gr. 3. tölul. samþ. með 14 shlj. atkv.
14. gr. í heild samþ. með 14 shlj. atkv.
15.—25. gr samþ. með 11:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:3 atkv.

Vegalög, frv. (þskj. 853, n. 875 og 883). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jón Helgason): Herra forseti. Samgn. hefur haft til meðferðar frv. til l. um breyt. á vegal., nr. 66 14. júlí 1975. Það kom fram í framsöguræðu hæstv. samgrh. við 1. umr. málsins að n. vinnur nú að endurskoðun vegalaga og næstu vegáætlun má því gera ráð fyrir að verði að afgreiða eftir að breytingar hafa verið gerðar á vegalögum. Það hefur því ekki nema takmarkaðan tilgang og ákaflega erfitt við þær kringumstæður að gera vegáætlun mörg ár fram í tímann. Þess vegna er hér lagt til að komi bráðabirgðaákvæði um það að vegáætlun skuli nú aðeins afgreidd fyrir árið 1976.

N. varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþ. óbreytt, en minni hl., Stefán Jónsson, skilar séráliti.

Frsm. minni hl. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Álit minni hl. n. eða álit mitt hefur enn ekki verið vélritað, mun vera í vélritun núna, en til þess að spara dýrmætan tíma mun ég nú mæla fyrir því eigi að síður, það mun komast á borðin til ykkar innan nokkurra mínútna, að ég vænti.

Það er skoðun mín að ef við athugum vegáætlunina sem þegar hefur verið gengið frá, þá sé hér um að ræða samþykkt á lögbroti öllu fremur en breytingu á lögum. Það er skoðun mín að ríkisstj., sem hefur komið málefnum Vegasjóðs í slíkt horf að hún hlýtur nú nauðug viljug að brjóta lög, eigi það ekki skilið að haldið sé hlífiskildi yfir henni eða öllu heldur hylmað yfir með henni á þennan hátt af hv. Alþ., heldur eigi að biðja hana um að bera sjálf fjanda sinn í þessu efni og myndast nú við að koma málefnum Vegasjóðs í það horf að hún geti haldið lög.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Hafnalög, frv. (þskj. 839, n. 876). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Samgn. hefur haft til meðferðar frv. til l. um breyt. á hafnalögum. Í frv. þessu felast tvær breytingar á núgildandi hafnalögum: Í fyrsta lagi að vörugjald skuli reiknað af vörum sem umskipað er, útskipað eða uppskipað utan löggiltra hafnarsvæða og skal gjald þetta renna í Hafnabótasjóð. Og í öðru lagi er svo aukin lánsheimild Hafnabótasjóðs úr 350 millj. í 750 millj. kr.

Samgn. mælir eindregið með samþykkt þessa frv. eins og það liggur hér fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 112. fundur.

Mánudaginn 17. maí, kl. 10 síðdegis.

Verðtrygging fjárskuldbindinga, frv. (þskj. 888). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Sala Reykhóla, frv. (þskj. 905). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22:3 atkv. og afgr. til Ed.

Jafnréttisráð, frv. (þskj. 873). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Vilborg Harðardóttir: Forseti. Að felldum öðrum brtt., sem ég flutti hér við 2. umr., bið ég um afbrigði til að flytja brtt. við 6. gr. núna skriflega þar sem svo skammt er síðan 2. umr. fór fram. Brtt. er um það að úr 6. gr. falli orðin „*og betri*". *Ég hef áður gert grein fyrir því* að mér finnst óeðlilegt að gert sé upp á milli starfa og sum séu dæmd „betri" og önnur „verri". Ég leyfi mér að leggja þessa brtt. fram og bið um afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 879) samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 879 samþ. með 17:13 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Umferðarlög, frv. (þskj. 104). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22:2 atkv. og afgr. til Ed.

Fjölbýlishús, frv. (þskj. 713). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 881).

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 725). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 882).

Ferðamál, frv. (þskj. 728). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 890).

Iðnþróunarsjóður fyrir Portúgal, frv. (þskj. 584). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 891).

Kjarasamningar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, frv. (þskj. 562, 786). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 786 felld með 20:8 atkv.
Brtt. 786 til vara felld með 25:5 atkv.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 892).

Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, frv. (þskj. 574). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 893).

Laun starfsmanna ríkisins, frv. (þskj. 575). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 894).

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 573). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 895).

Sjúkraþjálfun, frv. (þskj. 752). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 896).

Dýralæknar, frv. (þskj. 765). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 897).

Olíusjóður fiskiskipa, frv. (þskj. 849). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Hæstv. forseti. Þetta frv. felur í sér heimild til að eftirstöðvar af Olíusjóði renni til Tryggingasjóðs fiskiskipa. Samkv. aths., sem fylgja frv., er áætlað að þegar allar tekjur af útflutningsgjaldi eru komnar inn sem renna eiga til Olíusjóðs, þá verði eftir um 100 millj. kr. sem skv. þessu frv. er ætlað að renni til Tryggingasjóðs fiskiskipa, en skuldbindingar Tryggingasjóðs eru mjög miklar. Það munu verða, þegar upp verður staðið, um 550 millj. kr. sem þar vantar. Með þessari ráðstöfun lækkar sú upphæð um 100 millj.

Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar um frv., en legg til að því verði vísað til hv. sjútvn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til sjútvn. með 25 shlj. atkv.

Norræn vitnaskylda, frv. (þskj. 480, n. 855). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Frsm. (Ellert B. Schram): Virðulegi forseti. Hér er um að ræða frv. til l. um norræna vitnaskyldu sem lagt var fram í Ed. og hefur fengið þar afgreiðslu og var samþykkt eins og það var upphaflega lagt fram. Frv. þetta er efnislega shlj. þegar settum lögum eða fram lögðum frv. á þjóðþingum annarra Norðurlanda og fjallar um gagnkvæma vitnaskyldu þegna þessara ríkja.

Allshn. hefur skoðað þetta frv. og mælir eindregið með samþykkt þess og það sama gildir um fylgifrv., 234. mál, sem er frv. til l. um breyt. á l. um meðferð einkamála í héraði. Það er aðeins lagfæring á lögum með hliðsjón af hinu fyrrnefnda frv. Allshn. mælir með samþykkt þessara beggja frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—13. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Meðferð einkamála í héraði, frv. (þskj. 481, n. 856). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Námslán og námsstyrkir, frv. (þskj. 764, n. 828 og 843, 835, 844, 845, 867). — Frh. 2. umr.

Magnús T. Ólafsson: Hæstv. forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir til 2. umr. í hv. d., er árangur langrar endurskoðunar lagaákvæða um námslán og námsstyrki, og ég verð að segja það umbúðalaust þegar í upphafi máls míns að sú endurskoðun hefur heppnast miklu miður en skyldi og miður en efni stóðu til að mínum dómi. Þessi lög hafa verið í endurskoðun allar götur síðan árið 1972 að hausti og hafa þess vegna verið í endurskoðun í 3½ ár. Það þarf ekki að mínu áliti aðrar sannanir fyrir þeirri staðhæfingu að endurskoðunin hafi, þegar henni lauk, borið lítinn árangur og lélegan, að frv. það, sem lagt var fram fyrir þetta þing, var látið taka stórfelldum breytingum í hv. Ed. af hálfu þess meiri hl. sem stendur að hæstv. ríkisstj., og það er skoðun okkar margra að enn sé hvergi nóg að gert að færa þetta frv. til betra horfs.

Frv. er mjög frábrugðið því frv., sem áður hafði verið lagt fram haustið 1973, eftir fyrsta áfanga endurskoðunarinnar sem ég minntist á. Og það er mín skoðun að betur hefði til tekist hefði verið unnið samfellt í framhaldi af því starfi sem hafði verið unnið og kom þar fram í frv.-formi, en hlaut ekki afgreiðslu, ekki síst að mínum dómi vegna þess að þáv. þm. Sjálfstfl. lögðust mjög eindregið gegn því máli sem þá var lagt fyrir. Síðan, eftir að núv. ríkisstj. tók við völdum, var í rauninni afráðið að kasta á glæ öllu því starfi sem fyrri endurskoðunarnefnd hafði unnið, en í staðinn skipaðir endurskoðendur yfir frv., formlegir eða óformlegir til skiptis, tilnefndir af stjórnarflokkunum. Ég kann ekki reiður á því hversu margir hópar manna hafa fjallað um þetta mál á hálfu öðru ári sem hæstv. ríkisstj. hefur setið, en niðurstaðan, sem hér liggur fyrir, reyndist svo óburðug þegar hún kom til hv. Ed. að þar var meginatriðum í frv. breytt stórlega.

Frv., sem kom fyrir Alþ. 1973, tók mið af því að sýnt þótti að ekki væri fært lengur að una hinu lága endurgreiðsluhlutfalli, endanlegu endurgreiðsluhlutfalli lána sem kom í ljós eftir að Lánasjóður ísl. námsmanna hafði starfað um nokkurra ára bil. Þá kom það á daginn að verðbólgan í landinu fór miklu geystar en menn höfðu gert sér í hugarlund þegar lögin voru sett og gerði sjóðinn alls vanmáttugan að safna eigin fé og starfa með því. Því var það annað meginsjónarmið hins fyrra frv. að auka endurgreiðsluhlutfallið, en jafnframt var að því stefnt að framlög, sem ekki þætti rétt að veita í lánsformi til endurheimtu, skyldu veitt sem styrkir, og átti þar að miða við að bættur væri með styrkjum sá munur á námskostnaði sem lendir á þeim námsmönnum, sem þurfa að sækja nám langan veg frá heimili sínu, fram yfir þá sem stundað geta nám heiman frá sér.

Ofurlítið eimir eftir af þessari tvenns konar meðferð námsaðstoðar í því frv. sem hér liggur fyrir, en þó má segja að styrkjakerfið, sem fyrra frv. gerði ráð fyrir, sé ekki nema svipur hjá sjón. Hins vegar hefur þeim mun rækilegar verið fylgt eftir þeirri hugmynd að auka endurgreiðsluhlutfallið til Lánasjóðs ísl. námsmanna, og um það er í sjálfu sér ekki deilt að full þörf er á því að efla sjóðinn með þeim hætti. Það er ekki viðunandi að það fjármagn, sem veitt er sem lán í þessu skyni, verði í raun að eintómum styrkjum, að lán séu það að nafninu til, en endurgreiðsla í raun svo til engin vegna verðbólguþróunar sem skeður á greiðslutímanum. Undir þetta hafa námsmenn nú orðið tekið, og því hefðu átt að vera öll skilyrði til þess að mínum dómi að finna hér æskilega lausn, úr því að bæði námsmenn og stjórnvöld voru í rauninni á einu máli um þá meginreglu sem fylgja þyrfti við þessa breytingu á lögum um námslán og námsstyrki.

En það er öðru nær en svo hafi orðið. Menn vita vel, bæði innan þings og utan, að námsmannahópar eru að miklum meiri hl. a.m.k. algerlega andvígir þeirri niðurstöðu sem stjórnvöld komust að í meðferð sinni á þessu máli, því að satt best að segja rofnaði á síðasta stigi málsins sú samvinna sem lengi hafði staðið milli námsmanna annars vegar og stjórnvalda hins vegar. Þar fór afar illa og er ekki séð fyrir hvern dilk það dregur á eftir sér.

Meginatriðið í málflutningi námsmanna hefur frá öndverðu verið það, að aukin endurheimta lánsfjármagnsins hljóti að byggjast á því að þeir endurgreiði stærri hluta af fengnum lánum sem að námi loknu hljóta hálaunuð embætti eða geta stundað mjög tekjumikla atvinnu. Hins vegar verði vægar farið í sakirnar gagnvart þeim sem eftir nám taka að sér störf sem launuð eru í meðallagi eða lakar.

Það, sem einkum hefur farið úrskeiðis í meðförum þessa máls á síðasta stigi hjá núv. hæstv. ríkisstj., er að hún tekur hvergi nærri nægilegt tillit til þeirrar misjöfnu aðstöðu sem lánþegar hafa að námi loknu til þess að endurgreiða að verulegu leyti raungildi á hverjum tíma af því lánsfé sem þeir hafa þegið á námstíma sínum, heldur hefur verið dregið úr endurheimtunni í Ed. En ég er handviss um að þar er samt of langt gengið, og því stend ég, þótt ég skrifi undir nál. minni hl. hv. menntmn. með fyrirvara, að brtt. sem ég flyt ásamt tveim öðrum hv. þm. á þskj. 844 og eru svipaðar eða hinar sömu og fluttar voru áður í Ed. við meðferð málsins þar. Sömuleiðis stend ég að brtt. sem flutt er sem varatill. ef hinar ná ekki fram að ganga á þskj. 867.

Ég er þess fullviss að verði frv. samþ. í þeirri mynd sem það barst frá Ed., þá líður ekki á löngu að hefja verður nýja endurskoðun á þessu námslánakerfi, því að það mun koma á daginn þegar þessar endurgreiðslur eiga að hefjast eftir þeim reglum sem í frv. eru settar að fjárkrafan, krafan um endurgreiðslu á raungildi fenginna lána, er allt of hörð gagnvart meðaltekjufólki og því sem lágar tekjur hefur. Hins vegar mætti ganga nokkru lengra gagnvart þeim sem lenda í hæstu tekjuflokkum að námi loknu, og brtt. okkar, sem ég nefndi áðan, víkja eingöngu að þessu, ganga í þá átt að hafa muninn meiri á

endurgreiðsluhlutfalli eftir því hverra tekna menn njóta að námi loknu.

Fyrirvari minn við nál. minni hl. byggist á því að ég tel mig ekki geta staðið að þrem brtt. sem í raun fjalla aðeins um tvö atriði og aðrir úr minni hl. munu flytja. Mestu máli skiptir brtt. við 3. gr. sem fjallar um það í rauninni að þegar skuli uppfyllt umframfjárþörf námsmanna að fullu. Ég tel að það mundi auka á misrétti í námsmannahópnum að gera slíka kröfu nú, því að það eru fleiri námsmenn sem þurfa á stuðningi að halda á námsbrautinni heldur en sá hópur sem samkv. reglum þessa frv. getur aflað fjár með lánum eða styrkjum hjá Lánasjóði ísl. námsmanna. Það verður líka að líta til þess stóra hóps í framhaldsskólunum sem verður hvað fjárstyrk varðar til námsins einvörðungu að reiða sig á þær fjárveitingar sem veittar eru árlega til þess að jafna námsaðstöðu manna svo að þeir, sem langt þurfa að sækja skóla, þurfi ekki að bera miklu hærri skólakostnað en þeir sem sótt geta skóla frá heimilum sínum. Ég tel af minni reynslu af stöðu og kjörum námsmanna að einmitt í þessum hóp framhaldsskólanemenda, sem þurfa að sækja skólana oft landshorna milli, sé þörfin mest til þess að verða aðnjótandi námsaðstoðar sem þeim dugi til þess að tryggja að þeir flosni ekki upp frá námi. Ég tel það ekki verjandi að uppfylla umframfjárþörf námsmanna á háskólastigi og í öðrum skólum sem koma undir lánareglur Lánasjóðs ísl. námsmanna meðan stuðningur við nemendur, segjum í menntaskólum eða öðrum framhaldsskólum sem ekki geta orðið aðnjótandi fjár úr sjóðnum, er jafn hraksmánarlega lítill og hann er og hefur verið. Auðvitað má segja að það ætti að uppfylla hvorra tveggja þarfir samtímis. En eins og nú standa sakir um fjármál ríkis er slíkt tómt mál um að tala, það verður ekki gert. Þarna verður að mínum dómi að nokkru marki að velja á milli, og þegar svo er í pottinn búið, þá tel ég að námsmannahópurinn, sem ekki nýtur styrks eða lána úr Lánasjóði ísl. námsmanna, eigi frekar kröfu á auknu fjármagni til þess að uppfylla sínar brýnu þarfir heldur en þeir, sem undir lánasjóðsreglurnar koma, eiga á því að fá að fullu og öllu uppfyllta umframfjárþörf sína.

Hin brtt., sem ég get ekki staðið að, fjallar um það að niður skuli falla krafan um ábyrgðarmenn fyrir lánunum. Ég tel ekki rétt að fella hana niður enda þótt nú sé ætlunin að breyta eðli lánanna að verulegu leyti með verðtryggingu þeirra að hluta.

En síðustu orð mín við þessa umr. málsins, nema sérstakt tilefni gefist, skulu vera þau, að alþm. munu sanna það að með því að samþykkja á námsmenn þá, sem njóta fjár úr Lánasjóði ísl. námsmanna, harðari lánakjör en á nokkurn annan lánþegahóp í þjóðfélaginu eru þeir að safna glóðum elds að höfði sér. Það verður að breyta þessum ákvæðum, sem hæstv. ríkisstj. vill setja, áður en langt um líður, og betra væri fyrir alla aðila að lina þau nú þegar heldur en að þurfa að standa í einni endurskoðuninni enn, því að ég held að allir, sem nærri hafa komið, geti borið um það, að ekki er æskilegt verkefni fyrir neinn að standa í því starfi.

Guðmundur H. Garðarsson: Virðulegi forseti. Ég vildi segja hér örfá orð í sambandi við brtt. sem ég hef lagt fram við frv. til l. um námslán og námsstyrki ásamt Ellert B. Schram og Sigurlaugu Bjarnadóttur. En áður en ég vík að brtt. vil ég víkja örfáum orðum að frv. sjálfu.

Að mínu mati er ýmislegt við þetta frv. að athuga. En úr því sem komið er er ekki svigrúm til að fjalla um mörg atriði sem ég teldi að ástæða væri til að ræða um. Það gefst væntanlega tækifæri til þess að fjalla um þessi mál að nýju n.k. haust og gera viðeigandi breytingar við það frv. sem hér er til umr. Hins vegar er ekki hægt að láta þetta frv. fara í gegnum Alþ. eins og 16. gr. hljóðar. Greinin gerir ráð fyrir því að ráðh. verði veitt heimild sem getur haft í för með sér að mati okkar flm. á þskj. 835 að um sé að ræða verulega skerðingu á persónufrelsi manna ef þeirri heimild er beitt sem ráðh. fær samkv. gr. En í 16. gr. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Heimilt er ráðh. að ákveða í reglugerð að námsmenn utan Háskóla Íslands skuli greiða hagsmunasamtökum sínum hlíðstætt gjald og Stúdentaráð Háskóla Íslands fær til sinna nota af „innritunargjaldi". Á sama hátt getur ráðh. ákveðið að Lánasjóður innheimti gjald þetta þegar útborgun námsaðstoðar fer fram."

Við flm. brtt., sem leggjum til að 2. mgr. 16. gr., þ.e.a.s. sú málsgr. sem ég las upp, falli niður, lítum þannig á, að það sé rangt að skylda mann til að inna af hendi greiðslu til aðila eða stofnunar sem hann er í engum tengslum við. En svo háttar samkv. þessari gr. að það á að skylda námsmenn, sem ekki eru í Háskóla Íslands, til þess að greiða félagsgjald til hagsmunasamtaka stúdenta innan Háskólans. Í því felst mikið ranglæti að skylda menn, sem eru ekki aðilar að Háskóla Íslands til þess að inna af hendi umrædda greiðslu, auk þess sem hafa verður í huga að þeir stúdentar, sem hér um ræðir, eru við nám margir hverjir erlendis og greiða þar sín félagsgjöld. Með 16. gr. óbreyttri er verið að skattleggja þá stúdenta sem hér um ræðir. Þetta nær nauðvitað engri átt og er að okkar mati algert brot á öllum mannréttindum. Sé gr. samþ. óbreytt og noti ráðh. heimildina er um freklega lögþvingun að ræða gagnvart þeim námsmönnum sem eru utan Háskóla Íslands, og er ekki hægt að láta því ómótmælt, heldur gera breytingar í þá átt sem við gerum, að þetta ranglæti verði numið úr frv.

Þá er einnig vert að vekja athygli á því að þeir stúdentar, sem hér um ræðir, þ.e.a.s. þeir sem eru utan við Háskóla Íslands, geta ekki haft nein áhrif á umrædd hagsmunasamtök né hvernig þessi samtök nýta það fé sem hér um ræðir ef sú heimild, sem segir til um í 16. gr., verður notuð. Þar við bætist að það er í hæsta máta óeðlilegt, og ég efast um að það fyrirfinnist í nokkrum lögum sem Alþ. hefur sett, að tengja saman félagsgjald eins ákveðins hóps við væntanlega möguleika á því að hefja nám,

en það er gert með þeim hætti sem segir í gr. þar sem segir: „Á sama hátt getur ráðh. ákveðið að Lánasjóður innheimti gjald þetta þegar útborgun námsaðstoðar fer fram.“ Ég held, að þetta fyrirfinnist hvergi þar sem afgreiðsla lána á sér stað gagnvart almennum borgurum í okkar þjóðfélagi, og ef þessi háttur verður upp tekinn álít ég að farið sé inn á mjög varhugaverðar ef ekki hættulegar brautir. Það er óeðlilegt að tengja saman greiðslu félagsgjalds við útborgun á námsaðstoð. Hér er um óskyld atriði að ræða. Viðkomandi stúdent sækir um sitt lán burtséð frá því hvort hann hyggst stunda nám innan Háskóla Íslands eða annars staðar, og það á ekki að skerða rétt hans til lánsmöguleika með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í þessu frv.

Ég ætla ekki að hafa lengri framsögu í þessu máli og vænti þess að sú brtt., sem við höfum lagt fram, fái þinglega meðferð og nái fram að ganga.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 844,1 felld með 21:12 atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 845,1 felld með 22:9 atkv.
3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 844,2 felld með 23:11 atkv.
4. gr. samþ. með 22:1 atkv.
5. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 845,2 felld með 22:10 atkv.
6. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 845,3 felld með 23:9 atkv.
7. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 844,3 felld með 23:10 atkv.
8. gr. samþ. með 24:1 atkv.
Brtt. 867 felld með 23:11 atkv.
9. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 844,4 felld með 18:11 atkv.
11. gr. samþ. með 24:3 atkv.
12.—14. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
15. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 835 tekin aftur.
16. gr. 1. mgr. samþ. með 24 shlj. atkv.
16. gr. 2. mgr. samþ. með 19:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GS, GilsG, GF, HES, JSk, SkA, KP, LJós, VilbH, MÓ, PP, SV, SvJ, TÁ, VH, ÞS, ÞÞ, EðS, IG.

nei: EBS, EKJ, FÞ, GuðlG, GHG, GTh, IngJ, MB, MÁM, ÓE, RH, SighB, SigurlB, SvH, BGr.

6. þm. (GÞG, JóhH, LárJ, ÓlJ, PJ, PS) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Hagsmunasamtök námsmanna, svo sem Stúdentaráð Háskóla Íslands, Samband ísl. námsmanna erlendis og nemendafélög við aðra skóla en háskóla veita námsmönnum margháttaða fyrirgreiðslu. Nærtæk dæmi eru forganga um atvinnumiðlun, aðstoð í húsnæðismálum og forganga um mötuneytismál og upplýsingamiðlun margs konar. Ég tel eðlilegt að tryggja slíkum samtökum hóflegt starfsfé líkt og Stúdentaráð Háskóla Íslands hefur nú þegar og því segi ég já.

16. gr. 3. mgr. samþ. með 21 shlj. atkv.
17. gr. samþ. með 21:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22:4 atkv.

Orkubú Vestfjarða, frv. (þskj. 740, n. 823, 796). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Frsm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, var flutt í Ed. og var samþ. þar með nokkrum breytingum. Iðnn. þessarar hv. d. hefur athugað frv. og var n. sammála um að samþykkja það með nokkurri breytingu. Tveir hv. nm., hv. þm. Benedikt Gröndal og hv. þm. Vilborg Harðardóttir, flytja sérstaka till. og skrifa undir álitið með fyrirvara. Aðrir nm. áskilja sér rétt til þess að fylgja brtt. eða flytja brtt.

Breyting sú, sem n. varð sammála um að flytja, er við 15. gr. og er lagt til að 15. gr. orðist eins og sjá má á þskj. 823.

Þetta frv. er allmerkilegt að því leyti að það fer inn á nýja braut í orkumálum. Í fyrstu var það flutt með ákvæði sem skyldi ákveða að setja á stofn orkufyrirtæki er nefnist Orkubú Vestfjarða. En í Ed. var þessu breytt í heimild fyrir hæstv. ríkisstj. og er vitanlega miklu eðlilegra að hafa þetta í heimildarformi. Þá gefst hæstv. ríkisstj. tækifæri til þess að kanna þetta mál betur og athuga hvort það er hagkvæmt að fara inn á þessa braut. Vitað er að ekkert verður úr því að þetta Orkubú Vestfjarða verði stofnað í því formi, sem frv. fer fram á, nema fullt samkomulag verði milli ríkisstj. og vestfirðinga. Það má vel vera að það takist, og það má einnig vel vera að það geti orðið til hagræðis fyrir vestfirðinga að fara inn á þessa braut. Reynslan mun skera úr því.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að fara fleiri orðum um þetta mál. Frv. skýrir sig sjálft og þær brtt. sem við það hafa verið gerðar.

Vilborg Harðardóttir: Herra forseti. Ég hef ásamt fleirum undirritað þetta nál. með fyrirvara, og ég vil útskýra að það er vegna þess að við alþb.-menn teljum annað fyrirkomulag í raun og veru heppilegra, þ. e. a. s. að heildarskipan sé á raforkumálum.

Ýmislegt er athugavert við þetta frv. eins og það liggur hér fyrir. Mér þykir í raun og veru eðlilegt að samvinna sé um það á Vestfjörðum að nýta jarðvarma og að Orkubú Vestfjarða hafi það á sínum höndum, þ. e. jarðvarmavinnslu og sömuleiðis dreifingu raforku eða orkuveitu. Hins vegar hika ég við að samþykkja að orkuvinnslan og rannsóknirnar séu í höndum þessa fyrirtækis, en ekki í höndum t. d. Orkustofnunar eða Rafmagnsveitna ríkisins.

Það ríkir talsverður glundroði í þessum málum þegar á Vestfjörðum. Ég get nefnt sem dæmi

að þegar eru t. d. þrír aðilar að vinna við rannsóknir á vatnsmagni þar. Það eru Almenna verkfræðistofan, Rafmagnsveitur ríkisins og Orkustofnun. Og þarna bætist sem sagt fjórði aðili við.

En af því að mér þykir heldur vænt um vestfirðinga og veit að þar eru talsverð vandræði vegna rafmagnsskorts, þá ætla ég ekki að beita mér á nokkurn hátt gegn þessu frv. og ætla að fylgja því með þessum fyrirvara. En ég hef leyft mér ásamt hv. þm. Benedikt Gröndal að flytja hér till. um ákvæði til bráðabirgða, sem er á þskj. 796, þar sem segir svo:

„Stefnt skal að því að endurskipuleggja skipan raforkumála í landinu öllu með það fyrir augum að allir landshlutar tengist saman í eitt orkuveitusvæði, en ein samstarfsstofnun ríkis og sveitarfélaga annist virkjunarrannsóknir og taki ákvarðanir um nauðsynlegar virkjanir og selji jafnframt rafmagn í heildsölu til dreifingaraðila á sama verði um land allt. Meðan þessi skipan raforkumála er ekki orðin að veruleika annast Orkubú Vestfjarða virkjunarrannsóknir og byggingu og rekstur raforkuvera á Vestfjörðum, en með nýrri skipan raforkumála skal ráðh. beita sér fyrir endurskoðun þessara laga."

Ég vil geta þess í þessu sambandi, að fram kom í dagblaðinu Tímanum um daginn að Framsfl. hefur nú samþykkt raforkumálastefnu sem er mjög í þessa átt, svo að ég vænti þess að fleiri muni fylgja þessari brtt. en stjórnarandstæðingar.

Gunnlaugur Finnsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins segja örfá orð um þetta mál. — Ég vil fyrst segja það, að ég tel að sú breyting, sem iðnn. hefur gert á frv., sé heldur til bóta, og ég vona að enda þótt hún verði samþ. í þessari d., þá tefji það ekki framgang málsins. Ég legg töluverða áherslu á að þetta frv. verði samþ. áður en þingi lýkur, og þegar það verður orðið að lögum, þá vil ég taka það fram að það er samt sem áður eftir að inna af hendi býsna mikla vinnu og ná samkomulagi til þess að sú hugmynd, sem þar er sett fram, geti orðið að veruleika.

Ég vil líka láta í ljós þá skoðun mína varðandi brtt. á þskj. 796 að efnislega er ég á margan hátt samþykkur þeirri brtt. sem þar er fram færð, en hins vegar tel ég að þetta ákvæði eigi tæplega heima, það sé tæplega á réttum stað í lögum um Orkubú Vestfjarða. Ég tel að enda þótt þessi till. sé ekki þar, þá beri að vinna að endurskipulagningu og skipan orkumála í landinu í heild, en þá standi Orkubú Vestfjarða í þeirri endurskipulagningu jafnfætis ýmsum öðrum virkjunum sem fyrir eru í landinu í dag. Við vitum að það hefur verið erfitt að ná samkomulagi milli þeirra fjölmörgu aðila sem framleiða raforku, og það er eflaust enn löng leið að ná þar samningum ef verður að fara samningaleið. Ég tel sem sagt að Orkubú Vestfjarða verði þar engin sérstök stofnun, hún komi inn í þá heildarmynd á sama hátt og t. d. Laxárvirkjun, Landsvirkjun og fleiri sambærilegar stofnanir. Ég vildi aðeins, herra forseti, lýsa þessari skoðun minni án þess að tala um þetta langt mál.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2.—14. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 823 samþ. með 23 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
16.—17. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 796 felld með 21:9 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Löggiltir endurskoðendur, frv. (þskj. 863). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Skotvopn o. fl., frv. (þskj. 861). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Skipan sóknarnefnda og héraðsnefnda, frv. (þskj. 610, n. 830 og 836). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Allshn. fjallaði um frv. til l. um breyt. á l. nr. 26 frá 16. nóv. 1907, um skipan sóknarnefnda og héraðsnefnda. Frv. þetta er flutt af Ingiberg J. Hannessyni, hv. 2. þm. Vesturl., sem hér sat á þingi um tíma í vetur. Frv. á rætur að rekja til samþykktar Kirkjuþings árið 1972. Það er flutt til þess að setja nánari ákvæði um störf sóknarnefnda og safnaðarfulltrúa og afmarka starfssvið þeirra, auk þess að stytta kjörtímabil þeirra til samræmis við ríkjandi venjur.

Frv. þetta var lagt fyrir hv. Ed. og samþ. þar með nokkrum smávægilegum breytingum. Í 2. gr. var sett inn „má" í staðinn fyrir „skal", sem er til bóta, og nokkrar breytingar á kosningafyrirkomulagi í 3. gr. og bætt við þar einni setningu: „Kosningar skulu vera óhlutbundnar". Þessi regla er sett þarna að till. rn. til þess að hafa einhverja ákveðna reglu við að styðjast í þessum efnum.

Frv. var í menntmn. Ed., en í Nd. hefur allshn. fjallað um það og er það ekki talið skipta máli. En í n. varð ekki eining. Meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþ. óbreytt eins og það var afgreitt frá Ed., það eru 4 af 7 nm., en væntanlega mun minni hl. gera grein fyrir sínu máli.

Frsm. minni hl. (Páll Pétursson): Herra forseti. Eins og fram kom hjá síðasta ræðumanni, þá klofnaði allshn. í þessu máli og við skilum

áliti á þskj. 836. Við töldum að það væri óþarft að hraða þessu máli svo mjög sem gert hefur verið. Við töldum eðlilegt eftir atvikum að leita umsagna um málið hjá ýmsum aðilum, svo sem Prestafélagi Íslands, héraðsfundum og Kirkjuþingi.

Við flytjum brtt. við 3. gr. frv. vegna þess að ef frv. yrði samþ. óbreytt, þá getur einfaldur meiri hl. á safnaðarfundi eða jafnvel samstæður minni hl. ráðið vali allra sóknarnefndarmanna. Þar sem enn fremur er uppi hreyfing um það að svipta söfnuðina rétti til þess að kjósa presta og færa það vald í hendur embættismanna kirkjunnar, m. a. sóknarnefnda, þá þarf að gæta vandlega að því að fyllsta lýðræðis sé gætt við val sóknarnefndarmanna. Nái brtt. okkar ekki fram að ganga, þá leggjum við til að frv. verði fellt. En brtt. okkar á þskj. 836 er þannig, að úr 3. gr. frv. falli niður orðin „Kosningar skulu vera óhlutbundnar", en það er einmitt breyting sem sett var í frv. í Ed.

Nú skýrði síðasti ræðumaður frá því hvernig þessi breyting væri til komin, það hefði þótt skynsamlegt að hafa skýr ákvæði um það hvernig kosning skyldi fara fram. En við föllumst ekki á það að því sé betur fyrir komið með þeim hætti. Ég hygg að söfnuðum ætti að vera frjálst að velja sér kosningafyrirkomulag sjálfum.

Gunnlaugur Finnsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins leyfa mér að gera lítils háttar aths. við álit minni hl. sem hér kemur fram.

Í fyrsta lagi vil ég gera þá aths. að það sé verið að knýja þetta frv. fram með sérstökum hraða eða miklum hraða. Þetta mál er búið að vera hér í þinginu í fulla þrjá mánuði, að ég hygg, þannig að enginn sérstakur hraði hefur verið á því.

Það segir í nál. minni hl., svo sem kom fram hjá hv. frsm. áðan, að það væri verið að tala um það að færa vald í hendur embættismanna kirkjunnar og m. a. sóknarnefnda. Ég hef ekki vitað það fyrr að sóknarnefndir væru embættismenn þjóðkirkjunnar, heldur fulltrúar safnaðanna heima fyrir og stýrðu málum þeirra þar.

Þá er það líka flutt fram sem röksemd að þessu máli skuli vísað til umsagna, og það eru nefndir aðilar eins og Prestafélag Íslands, héraðsfundir og Kirkjuþing. Ég vil upplýsa það ef þeim, sem standa að nál., er ókunnugt um það, að um þetta mál hefur einmitt verið fjallað á Kirkjuþingi og það oftar en einu sinni. Þar að auki er ákaflega umhendis að þurfa að vísa til Kirkjuþings aftur máli sem það hefur afgreitt, þar sem það er ekki stærra í sniðum en svo að það kemur örfáa daga saman annað hvert ár. Ég hygg að Kirkjuþing hafi vísað þessu máli sem og öðrum veigamiklum málum til héraðsfundanna. Ég þori ekki að fullyrða neitt hér um niðurstöðu þeirra. Prestastefna Íslands hygg ég að hafi líka fjallað um þetta mál, þannig að ég vísa því á bug að ekki hafi nægt þær umsagnir sem menntmn. Ed. fékk þegar hún hafði frv. með höndum. Hún leitaði umsagna til dóms- og kirkjumrn. sem mælir eindregið með því, telur að það sé tímabært að gera þær breytingar sem gerðar eru á lögunum frá 1907, en bendir hins vegar á að það komi til greina samræming ef einhverjar frekari breytingar verði á meðferð mála heima í héraði og þá sérstaklega með tilliti til þess hvernig veiting prestakalla fari fram. Biskup sendi umsögn sem líka lá fyrir og er þar aðeins túlkuð afstaða Kirkjuþings, þar hafði málið verið afgreitt, eins og ég sagði. Hann getur þess að þetta frv. hafi að vísu verið í meðförum þingsins og ósk þeirra að það væri afgreitt á Alþ. ásamt öðru frv. sem á hefði verið bent, þ. e. a. s. um veitingu prestakalla, en telur að það þurfi á engan hátt að fara saman samþykkt þessa frv. og samþykkt hins frv. og það sé ástæða til að gera breytingar hér án tillits til þess.

Það er svolítið merkilegt út af fyrir sig að það skuli vera lagst gegn því að frá því fyrirkomulagi sé horfið að þessir fulltrúar séu kosnir sjötta hvert ár og að aðrar slíkar breytingar séu þá gerðar í kjölfarið.

Varðandi spurninguna um það hvort kosningar skuli vera óhlutbundnar eða hvort eigi að taka upp annað fyrirkomulag, t. d. listakosningar, hvort það eigi að vera laust í lögum um það hvernig kjöri varamanna skuli háttað t. d., þá held ég að það sé ekki þarna um að ræða að ekki sé gætt fyllsta lýðræðis. Ég held að óhlutbundnar kosningar séu jafnvel taldar vera lýðræðislegri heldur en nokkurn tíma listakosningar enda þótt í ýmsum tilvikum sé hægt að tryggja vissan rétt minni hl. með listakosningum. Þetta tel ég ekki vera svo veigamikið atriði að það sé réttlætanlegt að standa gegn slíkri lagasetningu.

Ég held satt að segja að það liggi að baki þessari afstöðu að það sé annað mál á ferðinni, þ. e. a. s. þáltill. sem hefur ekki hlotið afgreiðslu hér enn þá, varðandi skipun n. til að endurskoða lög um veitingu prestakalla. Um það ætla ég ekkert að ræða hér, en ég sé ekki að ótti við það mál þurfi að hefta framgang þessa frv. sem við hér erum að fjalla um.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Ég þarf ekki að bæta miklu við það sem hv. frsm. minni hl. sagði áðan. Ég hef kvatt mér hér hljóðs eingöngu til þess að leggja áherslu á orð hans og afstöðu okkar. Ég mótmæli því að þetta atriði um fyrirkomulag kosninganna hafi fengið nægilega umfjöllun á þinginu. Þegar það kom til Nd. frá Ed., þá fórum við að afla okkur upplýsinga um hvernig stæði á því að Ed. hefði hætt þessu atriði inn í og þá kom í ljós að frv. hafði ekki verið sent neinum til umsagnar nema dóms- og kirkjumrn. og biskupsskrifstofu, þ. e. a. s. það var sent til umsagnar æðstu mönnum kirkjunnar og æðstu stofnunum kirkjunnar, en ekki leitað álits hjá öðrum. Það hefði vitaskuld átt að senda þetta til héraðsfunda og til Prestafélagsins t. d. og jafnvel fleiri aðila. Og það er ekki fullnægjandi að bera það á borð fyrir Alþ. að þm. geti treyst því að einhverjar stofnanir hafi áður fjallað um þetta. Við höfum enga tryggingu fyrir því og getum ekki sannreynt það. Nefndir Alþ. verða sjálfar að leita sér upplýsinga um afstöðu almennings til frv. sem hér eru á dagskrá.

Ég ætla ekki að fara að gagnrýna nm. Ed.,

en það var ekki hægt að fá fram hjá þeim nein rök eða ástæður fyrir því að n. hefði sett þetta inn aðrar en þær, að þeim hefði verið bent á að það vantaði ákvæði um hvernig kosning skyldi fram fara. Það er alveg rétt, það ákvæði vantaði. En það er ekki þar með sagt að það þurfi ekki umr. við eða umhugsunar hvernig kosningar skuli fara fram. Það er ekki rétt að ákveða að þær skuli vera óhlutbundnar án þess að geta fært fram nein rök fyrir því hvers vegna þær eigi endilega að vera óhlutbundnar, en ekki hlutbundnar.

Ég tel að þetta mál þurfi miklu meiri athugunar við en það hefur fengið, og með hliðsjón af því, sem fram kom í ræðu hv. þm. Páls Péturssonar, að nú er mjög knúið á um að samþykkja að prestskosningar skuli niður falla og vald sónkarnefnda verður þá væntanlega gríðarlega mikið, þá tel ég óverjandi fyrir Alþ. að fara að samþykkja ákvæði sem þetta að óathuguðu máli, — ákvæði sem við minni hl. teljum að muni mjög skerða lýðræðið. Hefði verið betra að láta vanta ákvæði um kosningafyrirkomulag í frv. heldur en dengja þessu inn eins og málum er háttað.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni af ræðu hv. 4. þm. Vestf. áðan.

Ég held að það fari ekkert á milli mála að ef menn ætla að hafa lýðræðisreglur í heiðri í sambandi við kosningu á nefndum, ráðum og stjórnum, þá er það best gert með því að veita öllum áhrif til þess að koma skoðunum sínum á framfæri í kosningum. Það er auðvitað ekki gert ef málum er þannig hagað, eins og hv. þm. Páll Pétursson lýsti hér áðan, að einfaldur meiri hl. eða jafnvel samstæður minni hl. getur ráðið öllum sóknarnefndarmönnum eða ráðsmönnum eða stjórnarnefndarmönnum í stjórn eða ráði sem kjósa á, svo að það er aldeilis ekki rétt hjá hv. 4. þm. Vestf. að óhlutbundin kosning tryggi lýðræði betur en annar háttur sem á kosningu er hafður.

Þá er það einnig mikill misskilningur hjá hv. þm. þegar hann segir á þá leið, að ef samþykkja eigi till. okkar um að skilyrði um óhlutbundna kosningu verði fellt úr frv., þá sé verið að taka upp einhvern hátt sem ekki hafi áður verið hafður. Þvert á móti hefur þetta verið þannig í lögum um sóknarnefndir, að viðkomandi sóknir hafa ráðið því sjálfar hvernig þær haga sínum kosningum, og það er náttúrulega langeðlilegast og lýðræðislegast að þeir, sem mynda ákveðin félagssamtök, hverju nafni sem þau nefnast, fái að ráða því sjálfir hvaða reglur þeir setja sér um kosningar í trúnaðarstöður.

Þá er einnig ástæða til þess að benda á það, sem að vísu hefur verið nokkuð að vikið áður, að í raun og veru kom hvorki fram á fundi allshn. þessarar hv. d. né heldur, að því er við gátum fengið séð, nm. í allshn. a. m. k. þeir sem minni hl. skipa, að komið hafi fram hjá menntmn. í hv. Ed. hvers vegna eigi að taka þann hátt upp að kosningum sóknarnefnda skuli endilega vera þann veg hagað sem gert er ráð fyrir í till. meiri hl. Það eina, sem kom fram í því sambandi, var að dómsmrn. benti á, að það mætti teljast óeðlilegt að engin ákvæði um kjör sóknarnefnda væru í þessum tilgreindu lögum, og setti fram sem lauslega hugmynd að e. t. v. væri eðlilegast að hafa þann hátt á að þær kosningar væru óhlutbundnar. Hins vegar fengum við í allshn. Nd. það alls ekki fram, hvorki á fundum okkar né í viðræðum við menn úr menntmn. hv. Ed., hvaða röksemdir væru fyrir því, annaðhvort af hálfu Ed. eða af hálfu dómsmrn., að þetta ætti einmitt að vera svona frekar en einhvern veginn öðruvísi, eða þá að menn réðu þessu sjálfir. Það kom raunar ekki fram nein röksemd á fundum n. um þetta mál, hvers vegna ætti endilega að hafa þennan kosningahátt á. Og ég tek það fram að í skriflegri umsögn dómsmrn. er skoðun rn. ekki heldur rökstudd, heldur sett fram sem eins konar lausleg hugmynd.

Að þessu öllu athuguðu tel ég ekki réttmætt að setja í lög þessi ákvæði sem ég hef gert hér að umræðuefni og þá síst þegar þeir aðilar, sem eiga að undirgangast þessi ákvæði, hafa ekki fengið tækifæri til þess að hafa neitt um það að segja eða fjalla að einu eða neinu leyti um þetta eða þeim gefið tækifæri til þess að koma hugmyndum sínum og sínum skoðunum á framfæri um þennan ákveðna, takmarkaða þátt þessa frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20:2 atkv.
2. gr. samþ. með 20:2 atkv.
Brtt. 836 felld með 16:12 atkv.
3. gr. samþ. með 23:4 atkv.
4.—5. gr. samþ. með 19:6 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Efri deild, 120. fundur.

Þriðjudaginn 18. maí, kl. 0.35 eftir miðnætti.

Vegalög, frv. (þskj. 853). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Hafnalög, frv. (þskj. 839). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 910).

Verðtrygging fjárskuldbindinga, frv. (þskj. 888). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Ábúðarlög, frv. (þskj. 632). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 911).

Framkvæmdastofnun ríkisins, frv. (þskj. 640). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 913).

Sala Reykhóla, frv. (þskj. 905). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Umferðarlög, frv. (þskj. 518). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 914).

Jafnréttisráð, frv. (þskj. 880). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Umferðarlög, frv. (þskj. 104). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi, frv. (þskj. 885, 848,1,3,6). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Hæstv. sjútvrh. fór þess á leit við sjútvn. að hún drægi til baka þrjár af brtt. þeim sem n. flytur á þskj. 848. Einnig var mælst til þess að sameiginlegur fundur yrði með sjútvn. Nd. En við nánari könnun á möguleikum á samkomulagi eftir þá till. sem hér var samþykkt áðan um takmörkun á togveiðiheimildum kemur í ljós að enginn grundvöllur muni vera til samkomulags á milli n. og hefur því verið komist að þeirri niðurstöðu að slíkur sáttafundur sé tilgangslaus. Hins vegar hefur sjútvn. skoðað þessar brtt. og vil ég leyfa mér að leggja hér fram skriflegar brtt. við þær sem ég mun nú gera *nánari grein fyrir.*

N. treystir sér ekki til þess að gera breytingar á 1. till. sinni sem fjallar um ýmsar veiðiheimildir eða takmörkun réttara sagt á veiðiheimildum, telur ekki ljóst hvaða breytingar þar gætu orðið til samkomulags, enda ýmsum þeim till., sem þar eru fluttar, fylgt eftir mjög ákveðið af ýmsum nm.

Einnig dró n. til baka 3. brtt. við 8. gr. frv. og gerir nú brtt. þannig að í stað „Ráðh. setur sérstaka trúnaðarmenn“ *komi:* „Ráðh. *getur* sett sérstaka trúnaðarmenn“, færir þetta þá til sama horfs og það var í upphaflega frv. Einnig leggur n. til að í þessari brtt. verði niður felld orðin í þessari sömu mgr.: „og skipverjar eftirlits- og rannsóknaskipa“. Hljóðar þá þessi mgr. þannig:

„Ráðh. getur sett sérstaka trúnaðarmenn um borð í veiðiskip, eftir því sem þurfa þykir, og er skipstjórum veiðiskipa skylt að veita eftirlitsmönnum þessum þá aðstoð og aðstöðu um borð í skipum sínum sem nánar er ákveðið í erindisbréfum útgefnum af rn. til handa eftirlitsmönnum þessum.“

Það er ljóst að þetta innskot: „og skipverjum eftirlits- og rannsóknaskipa“, á ekki heima í þessari mgr. Í þessari mgr. er eingöngu fjallað um trúnaðarmenn þá sem ráðh. getur sett um borð í veiðiskip. Telur n. því þá ábendingu hæstv. ráðh. rétta að þetta ætti að falla brott.

Þá hefur n. rætt um 6. brtt. þar sem n. lagði

til að ávallt skyldi leita umsagnar Hafrannsóknastofnunar og Fiskifélags Íslands. N. virðast rök fyrir því að ekki sé nauðsynlegt að gera það í öllum tilfellum, en vill hins vegar leggja áherslu á, að það verði meginregla og leggur því til að gr. verði breytt þannig að á undan „Fiskifélags Íslands" komi: „að jafnaði". Yrði gr. þá þannig:

„Veiðiheimildir samkv. 13.—15. gr. skulu jafnan vera tímabundnar og skal ávallt leita umsagnar Hafrannsóknastofnunar og að jafnaði Fiskifélags Íslands áður en þær eru veittar." Og síðan heldur áfram: „Auk þess skal ráðh. leita umsagnar annarra aðila þegar honum þykir ástæða til."

Þarna er kveðinn upp eins konar Salómonsdómur, en lögð ríkari áhersla á Fiskifélagið en er í gildandi lögum, en þó opnað þannig, að rn. geti metið það hverju sinni.

Þessar brtt. eru skriflegar og of seint fram komnar, og vil ég óska eftir því við hæstv. forseta að leitað verði afbrigða.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 886) samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 848,1 samþ. með 14 shlj. atkv.
— 886,1 samþ. með 14 shlj. atkv.
— 848,3, svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
— 886,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 848,6, svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv. og endursent Nd.

Neðri deild, 113. fundur.

Þriðjudaginn 18. maí, kl. 0.40 eftir miðnætti.

Námslán og námsstyrkir, frv. (þskj. 764, 835). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 835 felld með 15:15 atkv.

Frv. samþ. með 20:9 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 917).

Orkubú Vestfjarða, frv. (þskj. 884). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og endursent Ed.

Olíusjóður fiskiskipa, frv. (þskj. 849, n. 878). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Sverrir Hermannsson: Virðulegi forseti. Þessu frv. var vísað til sjútvn. d. eins og dæmin sanna og skrifað stendur hér, að n. hafi haft þetta frv. til athugunar og mæli með samþykkt þess.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Norræn vitnaskylda, frv. (þskj. 480). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 918).

Meðferð einkamála í héraði, frv. (þskj. 481). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 919).

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 781, n. 874). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Ellert B. Schram): Virðulegi forseti. Hv. allshn. hefur athugað það frv., sem hér er á dagskrá, og þær till., sem það felur í sér um veitingu ríkisborgararéttar. N. leggur eindregið til að frv. verði samþ. í núverandi formi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Neðri deild, 114. fundur.

Þriðjudaginn 18. maí, að loknum 113. fundi.

Olíusjóður fiskiskipa, frv. (þskj. 849). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 781). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 920).

Vegalög, frv. (þskj. 853). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Hæstv. forseti. Á þskj. 853 er frv. til l. um breyt. á vegalögum. Ákvæði það, sem hér er breytt, er að vegáætlun sú, sem gerð verði, gildi aðeins fyrir árið 1976 eða yfirstandandi ár, en ekki, eins og lögin gera ráð fyrir, næstu fjögur ár. Rökin fyrir því, að farið er fram á þessa breytingu, eru þau, að það hefur sýnt sig við gerð vegáætlunar að kostnaðarauki á milli ára hefur reynst mikill. Hefur því verið erfitt að fylgja vegáætlunum og hefur orðið að breyta frá því og það komið sér mjög illa, enda erfitt að gera áætlanir þegar verðhækkanir eru svo miklar sem raun ber vitni nú.

Í öðru lagi er það að vegalögin í heild eru í endurskoðun og hafa verið það frá því á s. l. sumri. Í n. manna, sem að því vinnur, eru þm., einn úr hverjum þingflokki, auk ráðuneytisstjórans í samgrn., sem er formaður, og vegamálastjóra, sem er varaformaður. Rétt þykir að bíða þessarar endurskoðunar með gerð vegáætlunar til langs tíma þar sem hinar mörgu áætlanir, sem nú eru í gangi, gera mjög erfitt að afgreiða vegáætlun, eins og komið hefur fram á þessu og síðasta þingi, og reynist erfiðara eftir því sem fram líða stundir. Enn fremur er það svo að nú verður notaður hluti af því happdrættisfé í Norður-, Austur- og Vesturveg sem heimild er þó til sölu á þar sem ekki var talið framkvæmanlegt að ná því fjármagni sem þurfti til þess arna. Af þessum ástæðum er þessi breyting gerð, til þess að fella saman endurskoðun á vegalögum og gerð vegáætlunar eftir það. Jafnframt mundi þá tíminn einnig verða notaður til tekjuöflunar og til að koma þessum málum betur fyrir heldur en nú er.

Ég legg til, hæstv. forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. samgn., en í hv. Ed. var það lagt fram og fékk þar skjóta afgreiðslu.

Karvel Pálmason: Hæstv. forseti. Það eru aðeins örfá orð nú við þessa 1. umr. um þetta mál.

Það er nú skammt stórra höggva í milli hjá hæstv. ríkisstj. Fyrir nokkrum dögum lagði hún hér fram till. til þál. um vegáætlun til fjögurra ára. Nú er hér komið frv. til l. um breyt. á vegal. sem gerir ráð fyrir því að þessi nefnda áætlun verði ekki til fjögurra ára, heldur að öllum líkindum í reynd í framkvæmd til 3—4 mánaða og minna mátti nú ekki gagn gera.

Það hefur komið fram í umr. áður að afrek hæstv. ríkisstj. í sambandi við framkvæmdir í vegamálum, frá því að hún tók við völdum, eru með slíkum endemum að vart munu dæmi finnast slíks. Þetta frv. ber merki þess að hæstv. ríkissj. dregur nú uppgjafarfána að hún í sambandi við vegaframkvæmdir, og þess mun að sjálfsögðu lengi minnst hvernig hér er ætlunin að standa að afgreiðslu í sambandi við vegaframkvæmdir nú á þessu þingi. Það er ekki ástæða til að ræða frekar um þetta í sambandi við þetta frv. Þessi mál verða að sjálfsögðu meira til umr. í heild þegar vegáætlun kemur til framhaldsumr., líklega strax í dag, er óhætt að segja, ef að líkum lætur og fram heldur sem horfir. En það er ástæða til þess að vekja athygli einmitt á þeim skjótu umskiptum sem átt hafa sér stað í sambandi við áætlanir í vegagerð undir handleiðslu hæstv. ríkisstj.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til samgn. með 26 shlj. atkv.

Efri deild, 121. fundur.

Þriðjudaginn 18. maí, kl. 1.20 eftir miðnætti.

Olíusjóður fiskiskipa, frv. (þskj. 849). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. fjallar um það að eftirstöðvar af Olíusjóði sem lagður var niður með lögum í vetur, eignir hans, renni til Tryggingasjóðs fiskiskipa. Það er prentað hér með aths. við þetta lagafrv. yfirlit sem sýnir að það er áætlað, þegar allar birgðir eru seldar úr landi, að þá muni verða eftir um 100 millj. kr. í Olíusjóði. Hins vegar er hagur Tryggingasjóðs fiskiskipa mjög bágborinn. Með uppstokkun sjóðakerfisins var sú eðlilega ákvörðun tekin að ríkissjóður yrði að tryggja sömu reglur og rn. hafði sett, fyrst til áramóta og síðan til 16. febr., og er

talið að þar muni vanta, þegar öll kurl eru komin til grafar, um 550 millj. kr.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði þessu máli vísað til sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til sjútvn. með 16 shlj. atkv.

Orkubú Vestfjarða, frv. (þskj. 884). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Það hefur orðið ein breyting á einni gr. frv. um Orkubú Vestfjarða í meðferð hv. Nd. Það er 15. gr. frv. sem breytt hefur verið. Þar stóð áður, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar eftir gildistöku laga þessara skal iðnrh. gangast fyrir að sameignarsamningur sé gerður milli aðila og stofnfundur fyrirtækisins haldinn samkv. reglum 9. gr. eftir því sem við á.“

Í staðinn fyrir þetta stendur nú í frv.:

„Þegar eftir að heimild samkv. 1. gr. þessara laga er notuð skal iðnrh. beita sér fyrir að sameignarsamningur sé gerður milli aðila og stofnfundur fyrirtækisins haldinn samkv. reglum 9. gr. eftir því sem við á.“

Þetta er að mínu áliti engin efnisbreyting, en kveður ákveðnar á um eðli þessa frv. og því hef ég ekkert á móti þessari breytingu.

Í frv., eins og það var upphaflega og var afgr. frá hv. Ed., stóð í framhaldi af því sem ég greindi áðan: „Skal þessu lokið á árinu 1976.“ Hv. Nd. hefur fellt þessa setningu niður þannig að þetta tímamark er ekki. Ég vil segja um þetta eins og hitt, að ég geri ráð fyrir og vænti þess að í framkvæmd breyti þetta heldur engu vegna þess að áhugi hlutaðeigandi aðila nægi til þess að sjá svo um að þessu verði lokið fyrir árslok 1976 þótt það sé ekki beint tekið fram í lögunum.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 916).

Neðri deild, 115. fundur.

Þriðjudaginn 18. maí, kl. 1.15 miðdegis.

Vegalög, frv. (þskj. 853, n. 900 og 902). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Friðjón Þórðarson): Virðulegi forseti. Samgn. hefur haft til meðferðar frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 66 frá 14. júlí 1975. Væntanlega er öllum hv. alþm. kunnugt efni þessa frv., en það er einungis það að aftan við vegalög nr. 66 frá 14. júlí 1975 komi ákvæði til bráðabirgða, svo hljóðandi:

„Þrátt fyrir ákvæði 10.—11. gr. laga þessara skal bráðabirgðavegáætlun samþykkt einungis fyrir árið 1976 að þessu sinni.“

N. hefur athugað þetta frv., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Fjórir nm. leggja til að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Karvel Pálmason): Hæstv. forseti. Það hefur ekki gefist tími til þess einu sinni að koma fjölrituðu nál. minni hl. samgn. á borð hv. þm. Það er nú svo hart keyrt að nefndafundum er vart lokið þegar viðkomandi mál er tekið á dagskrá hér á hv. Alþ. til afgreiðslu. Ég vil því leyfa mér að lesa nál. frá minni hl. samgn. varðandi það mál sem hér er til umr., þ. e. a. s. breyt. á vegalögum:

„Minni hl. samgn. telur að með frv. þessu viðurkenni ríkisstj. í reynd algera uppgjöf sína í sambandi við framkvæmdir í vegamálum.

Með frv. er lagt til að fella úr gildi þau ákvæði vegalaga að gerð skuli áætlun til fjögurra ára varðandi framkvæmdir við vegi, en þau vinnubrögð hafa að flestra dómi gefist mjög vel.

Með frv. þessu er því stigið stórt skref til baka sem er vafalaust til hins verra, og ástæða þess er getuleysi hæstv. ríkisstj. Vegáætlun er eitt veigamesta mál þingsins, enda eru samgöngumál einn mikilvægasti þáttur í vexti og viðgangi landsbyggðarinnar.

Það er athyglisvert og dæmigert fyrir vinnubrögð stjórnarflokkanna hér á hv. Alþ. að frv. þetta skuli lagt fram næstsíðasta dag þingsins. En þar sem hér er um að ræða ákvörðun meiri hl. hér á Alþ. og ekki eru líkur á að komið verði í veg fyrir afgreiðslu málsins með þessum hætti, ekki síst vegna þess hve vegáætlun er seint fram komin og ekki hefur gefist nægilegur tími til að reyna til þrautar hvort hægt væri að koma vitinu fyrir hæstv. ríkisstj. í máli þessu munu undirritaðir sitja hjá við afgreiðslu málsins.“

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Neðri deild, 116. fundur.

Þriðjudaginn 18. maí, að loknum 115. fundi.

Vegalög, frv. (þskj. 853). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 921).

Sameinað þing, 92. fundur.

Þriðjudaginn 18. maí, kl. 1.30 miðdegis.

Söfnun íslenskra þjóðfræða, þáltill. (þskj. 745). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fjáraukalög 1973, frv. (þskj. 35). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 924).

Fjáraukalög 1974, frv. (þskj. 437). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 925).

Menningarsjóður Norðurlanda, þáltill. (þskj. 293, n. 775). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Utanrmn. hefur rætt þetta mál og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess. Ástæðan til þess að breyta varð samþykktinni um Menningarsjóð Norðurlanda var sú að vorið 1976 voru gerðar breytingar á stofnskrá Menningarsjóðsins í kjölfar þess að breytingar höfðu verið gerðar á sáttmálanum um menningarsamstarf Norðurlanda. Breytingarnar voru fyrst og fremst formlegs eðlis, en ein breyting var efnislegs eðlis, og hún var sú að verksvið stjórnar Menningarsjóðsins var víkkað þannig að heimildir hennar til þess að styrkja menningarsamstarf Norðurlanda voru auknar þannig að t. d. getur nú stjórn sjóðsins veitt fé til samstarfs á sviði íþróttamála og raunar nokkurra efna annarra. Að öðru leyti felast ekki efnisbreytinkar í þessum nýja samningi sem utanrmn. var einróma um að mæla með að yrði samþykktur.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 929).

Heimildir færeyinga til fiskveiða innan fiskveiðilandhelgi Íslands, þáltill. (þskj. 528, n. 776, 777 og 812). — Frh. einnar umr.

Frsm. meiri hl. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Utanrmn. hefur haft þessa till. til athugunar og mælir meiri hl. hennar með samþykkt hennar. Aðrir nm. munu gera grein fyrir sérstöðu sinni.

Frsm. 1. minni hl. (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls gerði ég nokkra grein fyrir afstöðu minni til þess og skal að mestu leyti láta nægja að vísa til þess sem ég þá sagði. Ég vil aðeins rifja það upp, að ég lít þannig á að við núverandi kringumstæður, þegar m. a. er rætt um það af fyllstu alvöru og bent á nauðsyn þess að takmarka með ýmsu móti sókn íslenskra fiskiskipa í þorskstofninn, þá séu í rauninni engin tök á því að veita útlendingum veiðiheimildir og síst af öllu til þess að veiða þorskinn. En raunar gildir svipað um aðrar fisktegundir sem við verðum að sjálfsögðu sjálfir að auka okkar sókn í til þess að geta linað sóknina í þorskinn. En ég tel þó að eftir atvikum sé eðlilegt og rétt að gera þarna eina undantekningu á, þ. e. a. s. að líta á algera sérstöðu færeyinga þeim augum að það eigi ekki að útiloka samningagerð við þá.

Það eru ýmis rök fyrir þessu og skal ég aðeins nefna hin helstu.

Stærsta röksemdin er sú, að færeyingar eru sú þjóð sem er svo að segja algerlega háð fiskveiðum og fiskveiðarnar við Ísland hafa verið og eru enn í dag mjög mikilvægar og mikill liður í færeyskum þjóðarbúskap. Það yrði afar tilfinnanlegt fyrir færeyinga ef því yrði algerlega kippt brott að þeir fengju að veiða hér við land eitthvað áfram meðan þeir eru að koma sínum málum í betra horf að því er fiskveiðilögsöguna heima og fiskaflann á heimaslóðum snertir.

Í öðru lagi bendi ég á það, að færeyingar hafa ekki haft og hafa raunar ekki enn full yfirráð eða möguleika á því að reka þá hafréttarpólitík einir og óskorað, sem þeir kjósa hverju sinni, vegna tengslanna við Danmörku og tengsla Danmerkur við Efnahagsbandalag Evrópu.

Í þriðja lagi hljótum við að finna til alveg sérstaklega með færeyingum, þessari vina- og frænd- og nágrannaþjóð, og hljótum að líta nokkuð öðrum augum á þá heldur en aðrar þjóðir. En þrátt fyrir þetta tel ég að eins og nú er högum háttað, þá sé það a. m. k. verulegt vafamál hvort rétt sé eða hægt sé að gera slíkan samning sem hér er um að ræða, sem takmarkar veiðar færeyinga jafnlítið og gert er í þessum samningi og þá alveg sérstaklega þorskveiðarnar.

Ég viðurkenni að vísu að hér er gerð ein takmörkun sem skiptir verulegu máli, að það er ekki lengur heimilt samkv. þessu samkomulagi fyrir færeyinga að veiða hér í salt, eins og kallað er. Þetta er að vísu nokkuð mikilvægt, en þrátt fyrir það, miðað við ástand þorskstofnsins og miðað við það að sífellt er verið að ræða um að við verðum að takmarka okkar sókn í þorskstofninn, e. t. v. enn þá meira en gert er gagnvart færeyingum í þessu samkomulagi, þá kemst ég að þeirri niðurstöðu, þegar þetta er vegið og metið hvort á móti öðru, að taka ekki þátt í atkvgr. um þetta samkomulag. Það geri ég annars vegar til þess að sýna það að einungis í sambandi við færeyinga tel ég koma til mála og tel ég rétt að gera samning, en í öðru lagi tel ég að það sé ekki kleift að samþykkja slíkan samning sem þennan áður en ljóst er með hverjum hætti og hversu mikið íslendingar verða að takmarka eigin sókn í þessa fiskstofna sem ofveiddir eru.

Frsm. 2. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þingflokkur Alþfl. hefur rætt þrjá samninga um heimildir erlendra þjóða til þess að veiða innan fiskveiðilögsögunnar, þ. e. a. s. samninga ríkisstj. við norðmenn, færeyinga og belga. Þingflokkurinn hefur tekið þá afstöðu að fylgja samningnum við norðmenn, vegna þess að hann feli í sér tvímælalausa viðurkenningu á yfirráðum íslendinga yfir 200 mílna fiskveiðilögsögunni og íslendingar geti einhliða ákveðið hversu mikið norðmenn megi veiða innan fiskveiðilögsögunnar og gert ráð fyrir því að íslensk yfirvöld tryggi að afli norðmanna minnki a. m. k. jafnmikið og afli íslendinga kann að dragast saman, og mælir því með þeirri samningsgerð.

Þingflokkurinn taldi hins vegar verulega meinbugi á samningsgerðinni við færeyinga. Ríkisstj. hefur ekki enn opinberlega skýrt frá neinum ákvörðunum um hvernig hún hyggist bregðast við till. fiskifræðinga um verulega minnkaða sókn í þorskstofninn sem að öðrum kosti er, eins og allir vita, í alvarlegri hættu. En í samningnum við færeyinga er gert ráð fyrir því að þeim verði heimilað að veiða verulegt magn af þorski og öðrum fiski, samtals um 85% af því magni sem þeim var heimilað að veiða samkv. fyrri samningi. En samningur hefur engu að síður verið gerður við færeyinga og við belga, og komst þingflokkur Alþfl. þess vegna að þeirri niðurstöðu, sérstaklega að því er varðar samninginn við færeyinga, að íslendingum sé eðlilegt að sýna þeim sérstakan vináttuvott og sérstaka tillitssemi umfram allar aðrar þjóðir að því er snertir veiðiréttindi innan fiskveiðilögsögunnar. Þess vegna munu þm. Alþfl. láta till. um samningana við færeyinga og belga afskiptalausar.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það væri vissulega ástæða til undir þessum dagskrárlið að eyða nokkru máli í það að ræða landhelgismálið í víðari merkingu heldur en hér er á dagskrá. Auk þess samkomulags, sem nú er tekið til umr., er einnig á dagskrá þessa fundar þáltill. varðandi samning við belga og norðmenn. En það fer ekki hjá því að undir umr. sem þessum og ekki síst vegna nýlegra ummæla hæstv. forsrh. varðandi breta, þá fer ekki hjá því að hér verði að eyða nokkru máli í umr. um meira en það sem kemur þessum samningum við.

Ég skal þó, virðulegi forseti, ekki vera langorður. Eg vil að sjálfsögðu sýna þá samningalipurð að hægt verði að ljúka þingstörfum eins og ósk hæstv. forsrh. hefur komið fram um, hvort sem það verður nú á þessum degi, kvöldi eða næsta morgni.

Menn muna það, hv. þm. muna það, að þegar hæstv. ríkisstj. tók við völdum, þá mátti greina, lesa og heyra yfirlýsingar af vörum margra hæstv. ráðh. í núv. ríkisstj. um það að engir samningar í landhelgismálinu yrðu gerðir, ekki við neitt ríki, nema því aðeins að fullnægt yrði ákvæði bókunar 6 um tollfríðindi innan EBE. Á þessu var klifað vikum og mánuðum saman, og þessar yfirlýsingar hafa líklega orðið til þess að æðimargir hafa reiknað með því að þeim mætti treysta og að ekki yrði snúist þvert við gerðum í þessu efni miðað við gefin fyrirheit og orð.

Það þarf ekki að minna hv. þm. á það hvað gerðist á s. l. hausti að því er varðar vestur-þjóðverja, þá þjóðina sem næst bretum hefur verið andstæðust okkur að því er varðar landhelgismálið þó að sem betur fer hafi hún ekki farið í kjölfar breta um valdbeitingu og vopnaða íhlutun. En hér á Alþ. í haust, í nóvembermánuði, var einmitt til umr. samkomulag við vestur-þjóðverja um veiðiheimildir innan fiskveiðilögsögunnar. Þar var ekki að finna nein fyrirheit um það að samþykkt yrði það samkomulag að bókun 6 kæmi til framkvæmda. Þá var slegið striki yfir öll stóru orðin, allar mörgu yfirlýsingarnar frá hæstv. ráðh., en því haldið fram og þá haldið fyrst og fremst af hv. stjórnarliðum sem reikulir voru í rásinni að til tryggingar því, að bókun 6 kæmi til framkvæmda, væri að finna í samningsdrögunum ákvæði þess efnis að ef tollfríðindi samkv. bókun 6 hefðu ekki tekið gildi innan 5 mánaða, þá væri heimilt að fresta framkvæmd samkomulagsins þar til þessu ákvæði væri fullnægt. Og á því var klifað af hæstv. ráðh. og upp tekið af hv. þm. stjórnarliðsins að hér væri trygging fyrir því að þetta samkomulag mundi einvörðungu gilda í 5 mánuði, en að þeim tíma liðnum yrði framkvæmd þess frestað ef hin margumtalaða bókun 6 yrði ekki komin til framkvæmda. Ef menn líta yfir umr. frá þessu tímabili, þá má finna yfirlýsingar og ummæli hv. þm. og hæstv. ráðh. sem ótvírætt gáfu tilefni til þess að það mætti treysta því að við þessi fyrirheit yrði staðið. Hæstv. utanrrh. gaf hér ótvíræða yfirlýsingu á Alþ. í þessum umr. um það, eftir að einn af hv. stjórnarþm., Steingrímur Hermannsson, hafði óskað eftir því sérstaklega að slík yfirlýsing yrði gefin ótvíræð, að samningunum yrði frestað, þá gaf hæstv. utanrrh. um það hér ótvíræða yfirlýsingu að samkomulaginu yrði frestað ef bókun 6 yrði ekki komin til framkvæmda innan þessa 5 mánaða tímabils. Og ég er ekki í neinum vafa um það að hæstv. utanrrh. hefur meint þetta, hann hefur ætlað sér þetta, ég dreg það ekkert í efa. En það eru önnur öfl sem hafa orðið þess valdandi að við þetta hefur ekki verið staðið.

Það var sem sagt 28. apríl, ef ég man rétt, sem þessi 5 mánaða tími var útrunninn, og samkv. yfirlýsingum og gangi mála hefði átt að fresta samkomulaginu við vestur-þjóðverja frá og með þeim tíma. En það var nú ekki aldeilis að við því yrði orðið. Enn einu sinni voru marggefnar yfirlýsingar dregnar til baka og þeim kyngt, og enn í dag, þegar komið er fram undir 20. maí, þ. e. a. s. um þrem vikum eftir að samkomulagið hefði samkv. öllum yfirlýsingum átt að vera fallið úr gildi, þá er það enn í fullu gildi, samkomulag um veiðiheimildir til handa þjóðverjum innan íslenskrar fiskveiðilögsögu, og ekkert bendir til þess enn, nein merki sjáanleg um að þar verði nein breyting á.

Auk þessa verður ekki hjá því komist að beina aðeins huganum að yfirlýsingum eða ummælum hæstv. forsrh. í sambandi við hugsanlegar samningaumleitanir við breta, og má það þó furðulegt teljast ef einhverjum íslendingi, einhverjum ráða-

manni á Íslandi kemur það til hugar nú, eftir allt það sem á undan er gengið, að nú verði sest að samningaborði við breta og þeim veittar veiðiheimildir innan íslenskrar fiskveiðilögsögu eftir það sem þeir hafa af sér sýnt gagnvart íslendingum í þessu máli á undanförnum vikum og mánuðum og árum. En ummæli hæstv. forsrh. gefa vissulega tilefni til þess að það megi ætla að einhvers konar hugleiðingar í þá átt séu fyrir hendi innan herbúða hæstv. ríkisstj. Ég vil þó vona að það sé ekki ein af ástæðum þess eða ein mikilvægasta ástæða þess hversu hart er nú keyrt og á það stefnt að ljúka þingi sem allra fyrst og senda það heim, að meiningin sé að hafa fyrst og fremst frið til þess að gera samkomulag við breta um veiðiheimildir innan íslenskrar fiskveiðilögsögu. Ef það er meiningin, þá væri vissulega ástæða til þess með öllum tiltækum ráðum að koma í veg fyrir það að Alþ. yrði sent heim á þessum tíma, — ef það er meining hæstv. ríkisstj. að senda þing heim nú til þess að hafa sem best spil og fríast til þess að geta unnið að samkomulagi við breta um veiðar í landhelginni. Ég vil ekki að óreyndu, þó að ég viti að hugur hæstv. forsrh. og ýmissa fleiri hæstv. ráðh., þ. á m. hæstv. sjútvrh., hefur alla tíð staðið og stendur enn til þess að gera samning við breta, þá vil ég ekki að óreyndu a. m. k. trúa því að það sé ein aðalástæðan fyrir því að svo hart er keyrt á að ljúka þingi, að þeir vilji fá frið til þess að gera samning við breta um veiðar í landhelginni.

Það er sem sagt augljóst að það er vart að treysta, hvort sem er yfirlýsingum hæstv. ráðh. eða fullyrðingum hv. stjórnarliða hér á Alþ. í sambandi við landhelgismálið. Með hliðsjón af því, sem gerst hefur, og reynslunni, þá er fyllsta ástæða til þess að vera tortrygginn í garð þessara aðila, vegna þess að það er vitað og hefur ekkert farið leynt að mjög sterk öfl innan hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokka eru þess mjög fýsandi að gera samninga um veiðar og veiðiheimildir innan landhelginnar og það meira að segja við breta, svo furðulegt sem það þó er.

Varðandi þær þáltill., sem hér eru nú til umr. og verða síðar á þessum fundi, þ. e. a. s. um heimildir til handa norðmönnum, færeyingum og belgum til veiða innan íslenskrar fiskveiðilögsögu, þá þykist ég vita að það er miklum mun jákvæðara hugarfar hjá íslendingum almennt gagnvart samningum t. d. við norðmenn eða færeyinga heldur en ýmsar, ef ekki allar aðrar þjóðir sem óskað hafa slíks. En ef verið er að tala um samninga við eina eða aðra þjóð, þá verða menn að hafa það í huga hvert ástand fiskstofna við landið er. Það er ekki langt síðan hæstv. sjútvrh. skipaði n. til þess að gera till. um það með hverjum hætti væri best dregið úr sókn á fiskimiðin til þess að ekki væri í algert óefni stefnt. Þessari n. hafa menn gefið það heiti að kallast „sóknarnefnd", sumir segja „framsóknarnefnd". En till. þessarar n. liggja nú fyrir og hafa legið fyrir í nokkurn tíma, a. m. k. nokkrar vikur. N. þessi skiptist í meiri og minni hl., en í báðum þessum nefndarhlutum eru uppi hugmyndir um það að banna — bókstaflega banna þorskveiðar á Íslandsmiðum um tiltekið tímabil, í öðru tilvikinu um tvo mánuði, í hinu síðara um fjóra mánuði. Og meðan ekki er vitað um það hvað hæstv. ríkisstj. hyggst fyrir í þessum málum, hvort hún er með það í huga að banna t. d. þorskveiðar á Íslandsmiðum íslendingum sjálfum í 2 eða 4 mánuði, þá vil ég a. m. k. fyrir mitt leyti segja að ég er ekki reiðubúinn til þess að lýsa stuðningi við samningsgerð einni eða neinni þjóð til handa til þess að veiða innan íslenskrar fiskveiðilögsögu, — ef það er meining stjórnvalda að gera þær ráðstafanir, sem uppi eru hugmyndir um, að banna íslendingum sjálfum með öllu veiðar á Íslandsmiðum á tilteknu tímabili. Um þetta hefur verið spurt, hver væri meining hæstv. ríkisstj. og hver áform um það að draga úr sókninni, en mér vitanlega hafa ekki enn komið neinar yfirlýsingar eða ákveðin svör hvaða ráðum verði beitt gegn þessum vanda. Ég vil því segja strax fyrir mitt leyti að ég mun greiða atkv. gegn öllum þessum samkomulagshugmyndum, þáltill. öllum þrem. Ég mun greiða atkv. gegn samningum við norðmenn, belga og færeyinga. Ég tel að það sé nauðsynlegt áður en þm. eru til þess knúnir eða af þeim ætlast að þeir ljái atkv. sitt með samningum við eina eða neina þjóð innan landhelginnar, þá sé það skylda stjórnvalda í því ástandi sem nú ríkir varðandi fiskstofna á miðunum að þm. fái að vita hvað ríkisstj. ætlar að gera varðandi íslendinga sjálfa, áður en farið er að ljá því máls að láta af hendi svo og svo mikið aflamagn útlendingum til handa af fiskimiðunum. En engin slík vitneskja hefur komið fram, og það verður að skoðast svo að hæstv. ríkisstj. sé ekki enn búin að mynda sér skoðun á því hvaða ráðum skuli beitt til þess að draga úr sókn. Og meðan hæstv. ríkisstj. treystir sér ekki til þess að leggja fram um það till. gagnvart íslendingum sjálfum, þá getur hún ekki ætlast til þess af alþm. að þeir ljái máls á því að leyfa útlendingum að taka svo og svo mikið aflamagn hér á miðunum þegar slíkt neyðarástand vofir yfir íslendingum sjálfum.

Auk þess að menn hafa talað um að banna þorskveiðar á Íslandsmiðum íslendingum sjálfum um lengri eða skemmri tíma, þá hafa einnig heyrst um það raddir að hæstv. ríkisstj. sé að velta því fyrir sér að setja kvóta á t. d. hvert byggðarlag, hvert sjávarpláss í landinu, hámarksaflamagn sem þar megi veiða og þar megi berast að landi. Við þessum spurningum hafa ekki fengist nein ákveðin svör, og meðan það fæst ekki vil ég fyrir mitt leyti lýsa því alveg sérstaklega yfir að ég mun greiða atkv. gegn öllum samningum við erlenda aðila um veiðiheimildir í íslenskri landhelgi, meðan það ástand ríkir sem nú er hér á Íslandsmiðum og ekki sjást nein viðbrögð af hendi hæstv. ríkisstj. til þess að segja fyrir um hvað hún ætlar íslendingum sjálfum.

Það má auðvitað segja í sambandi við t. d. norska samninginn að þar er um tiltölulega — nú segi ég kannske of mikið þegar ég segi: þar er um tiltölulega lítið aflamagn að ræða, því að þar væri um að ræða, ef slík þáltill. yrði samþykkt eins og sú sem hér liggur fyrir varðandi norðmenn, óútfylltan víxil til handa hæstv. ríkisstj. til að segja til um aflamagn. Hún á sjálf samkv. samkomulaginu að ákvarða það aflamagn sem norðmönnum yrði heimilt að veiða hér á Íslandsmiðum. Og ég segi fyrir mitt leyti, með

hliðsjón af því sem gerst hefur í landhelgismálinu af hálfu hæstv. ríkisstj. gagnvart útlendingum, þá vil ég gjalda varhuga við því að hæstv. núv. ríkisstj. séu fengin of mikil völd eða frjálst spil í því að ákvarða hvað útlendingar megi taka hér af fiskmagni við strendur landsins. Það, hvernig hæstv. ríkisstj. hefur haldið á landhelgismálinu gagnvart erlendum aðilum, það ætti að vera til varnaðar því að henni sé gefið um of frítt spil til þess að fara með þessi mál án þess að Alþ. a. m. k. sé þá sá varúðarpóstur sem alltaf sé við höndina til þess, ef mögulegt reynist, að stöðva framkvæmdir af hálfu hæstv. ríkisstj. í þessu máli sem í mörgum tilvikum eru skaðlegar íslenskum málstað.

Varðandi samkomulagið við færeyinga, þá er þar aftur á móti um að ræða ákveðið aflamagn og þar er gert ráð fyrir að færeyingar megi veiða hér við land um 17 þús. lestir og þar af um 8 þús. lestir af þorski. 8 þús. lestir af þorski eru ærið mikið magn miðað við ástand þorskstofnsins eins og hann er nú hér á Íslandsmiðum og er álíka, ef ekki meira en sæmilega stór verstöð hér á Íslandi hefur til vinnslu yfir vertíðina. Hér er því um verulegt aflamagn að ræða sem í þessu tilviki færeyingum er heimilað að veiða af þorskstofninum á sama tíma og yfir höfðum íslendinga sjálfra vofir sú ákvörðun af hendi hæstv. ríkisstj. að banna með lögum veiðar á Íslandsmiðum um tiltekið tímabil. Og ég hygg að það sjái það hver maður, að það er óeðlilega með mál farið að ætlast til þess af hv. alþm. að þeir ljái máls á slíku, a. m. k. fyrr en þá það er séð hvað hæstv. ríkisstj. ætlar að gera varðandi íslendinga sjálfa.

Eg hef með þessum fáu orðum gert hv. þm. það ljóst hver afstaða mín er til þessara mála, allra þriggja. Ég hef kosið að hafa þann hátt á að gera grein fyrir þeim öllum hér í einu því að ég þykist vita að þau eigi að afgreiða öll nú á þessum sama fundi. En áður en ég lýk máli mínu, vil ég aðeins spyrja hæstv. utanrrh. eða hæstv. forsrh., hvor þeirra sem heldur vill svara, hvort þeir geti gefið um það upplýsingar hér og nú hvað langur tími á að líða áður en til framkvæmda kemur frestun á samningunum við vestur-þjóðverja, sú frestun sem marggefnar yfirlýsingar voru um hafðar hér á Alþ. í nóv. s. l. af hæstv. utanrrh., og eins og ég sagði áðan, ég tel alveg víst að hæstv. utanrrh. hafi ætlað sér að standa við þessar yfirlýsingar, en það hafi aðrir komið í veg fyrir það að honum haldist það uppi. Ég vil því spyrja: Er hægt að fá um það yfirlýsingu nú hvenær á að fresta framkvæmd samningsins við vestur-þjóðverja ef bókun 6 er ekki komin í gildi? Ég spyr um þetta ekki síst vegna þess að núna 1. júní opnast veiðisvæði fyrir vestur-þjóðverja úti fyrir Vestfjörðum. Er það meining hæstv. ríkisstj. að auk þess að nú hafa bretar farið á Vestfjarðamið með öllum þeim hugsanlegu afleiðingum sem af því verða, — er það meining hæstv. ríkisstj. að stefna auk bretanna vestur-þjóðverjum á miðin úti fyrir Vestfjörðum núna 1. júní? Eða ætlar hæstv. ríkisstj. að manna sig upp í það að fresta framkvæmd samkomulagsins við vestur-þjóðverja eins og hún hefur marggefið yfirlýsingar um? Ég tel að það sé nauðsynlegt að fá um þetta vitneskju, og því nauðsynlegra er það með hliðsjón af því að það er vitað að vestur-þjóðverjar hafa brotið það samkomulag sem hefur verið í gildi að því er varðar miðin úti fyrir Vestfjörðum. Þar hafa þýskir togarar stundað veiðar á því tímabili sem þeim er það óheimilt. Hefur því gerst að því leytinu til það sama sem gerðist á Austfjarðamiðum, þó að þar væri að vísu um miklu alvarlegra brot að ræða, þ. e. a. s. úti fyrir Austfjörðum, heldur en hefur verið þó að því er varðar Vestfirði, en brot er það samt.

Ég vænti þess að annar hvor hæstv. ráðh. geti upplýst um það hér á Alþ. nú áður en þingið verður heim sent hvort það er meining hæstv. ríkisstj. að bíða endalaust eftir því að þjóðverjum þóknist með einhverjum hætti að láta á það reyna hvort þeir fái því til leiðar komið að bókun 6 komi til framkvæmda, — eða ætlar hæstv. ríkisst. að manna sig upp í það að standa við marggefnar yfirlýsingar um það að vestur-þýska samningnum skuli fresta ef bókun 6 kemur ekki til framkvæmda?

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég vil þakka þeim ræðumönnum, sem hafa gert grein fyrir afstöðu sinni, fyrir skýran og skilmerkilegan málflutning í stuttu máli. Það er eins og ég vissi, m. a. með hliðsjón af afgreiðslu í utanrmn., að skoðanir um þessa samninga eru nokkuð skiptar og tel ég það út af fyrir sig ekkert óeðlilegt. Hv. Alþfl.-þm. ætla sér að greiða atkv. með samningnum við norðmenn vegna þess hvað þar er sérstaklega skýrt ákvæði um það að íslendingar ráði þeim afla sem norðmenn mega fiska á samningstímabilinu og þetta er skýrasta viðurkenningin sem við höfum fengið á 200 mílna lögsögunni. Hv. 3. þm. Reykn. ætlar að sitja hjá við samningana við færeyinga eins og hv. Alþfl.-menn, en vera mótfallnir norskum og belgískum samningum. Og hv. 5. þm. Vestf. er á móti öllum samningum. Allt er þetta eins og við var að búast, og skal ég ekki ræða frekar um það.

En hv. 5. þm. Vestf. ræddi nokkuð um landhelgismálið almennt og ásakaði ríkisstj. fyrir slælega framgöngu í því, að mér skildist. Það hefur raunar heyrst áður og kemur ekki mjög á óvart og verður hver að líta á það eins og hann hefur ástæðu til og áhuga á. En ástæðan til þess að ég kvaddi mér hljóðs er sú spurning sem hv. 5. þm. Vestf. setti fram í lok ræðu sinnar.

Ég ætla fyrst að segja það að ég hef ekki nokkra tilhneigingu til þess að bera á móti neinu af því sem hér hefur verið vitnað í ræður mínar frá því að samningarnir við vestur-þjóðverja voru staðfestir af hv. Alþ. Það er vissulega allt rétt með farið, enda skráð í þingtíðindum, að ég gerði ráð fyrir því þegar sá samningur var gerður að heimildin til frestunar þeirra samninga yrði notuð, en aðrar ástæður hafa svo valdið því að ég hef fallist á nokkra frestun. En spurningu hv. þm. um það, hvort ætlun ríkisstj. sé að bíða endalaust, vil ég afdráttarlaust svara neitandi. Ég mun nú á næstu dögum eiga viðræður við utanrrh. Vestur-Þýskalands einmitt um þessi mál sérstaklega. Að þeim viðræðum loknum og þegar ég er kominn heim mun ég gefa ríkisstj., Alþ. og landhelgisnefnd skýrslu um þær. (StJ: Þá verða alþm. farnir heim.) Þessar nefndir

verða starfandi, utanrmn. starfar allan ársins hring, og landhelgisnefnd hefur verið starfhæf þó að Alþ. væri ekki á rökstólum. Ég vona að svo verði enn. Ég mun þá gefa þessum aðilum skýrslur um það hvernig þessi mál standa og þá verður tekin ákvörðun um hvort og hvenær frestunin verður látin koma til framkvæmda.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 31:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 930).

Samkomulag um takmarkaðar veiðar norskra skipa innan fiskveiðilögsögu Íslands, þáltill. (þskj. 529, n. 778 og 779). — Frh. einnar umr.

Frsm. meiri hl. (Guðmundur H. Garðarsson): Herra forseti. Utanrmn. hefur fjallað um till. til þál. um staðfestingu á samkomulagi við ríkisstj. Noregs um takmarkaðar veiðar norskra skipa innan fiskveiðilögsögu Íslands, og er meiri hl. því meðmæltur að till. verði samþ., en Gils Guðmundsson mun skila sérálíti.

Meiri hl. lítur þannig á, að meginrökin fyrir því að gera umrætt samkomulag séu m. a. fólgin í eftirfarandi: Í fyrsta lagi að í norska samkomulaginu felist viðurkenning norðmanna á 200 mílna útfærslunni sem er okkur íslendingum mjög mikils virði. Í öðru lagi er hér um lítið aflamagn að ræða. Og í þriðja lagi er það stefna núv. ríkisstj. eins og þeirrar fyrri að gera samninga við norðmenn og þróa þá þannig út úr íslenskri fiskveiðilögsögu með friðsamlegum hætti. Ég ítreka það að fyrrv. ríkisstj. gerði samning við norðmenn á sínum tíma, svo sem einnig var gert við *færeyinga og Belgíu. Hér* er ekki um varhugavert fordæmi að ræða, eins og segir í áliti minni hl. utanrmn., heldur rökrétt framhald af stefnu núv. og fyrrv. ríkisstj.

Frsm. minni hl. (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef áður gert grein fyrir því að sú skoðun okkar alþb.-manna, að almennt séð séu engin tök á því nú, eins og fiskstofnum okkar er komið, að gera samninga við erlendar þjóðir, og þar teljum við að ekki geti verið um neina undantekningu að ræða aðra en tekur til færeyinga sem hafa algera sérstöðu, eins og ég hef þegar rökstutt og þó alveg sérstaklega við 1. umr. þess máls, samningsgerðar við færeyinga. Þetta gildir því bæði um þá samningsgerð við norðmenn, sem hér er til umr., og þá samningsgerð við Belgíu, sem er næsta mál á dagskránni. Við teljum að það sé ekki gerlegt fyrir okkur, eins og nú er komið fiskstofnunum og þá alveg sérstaklega þorskstofninum, að gera slíka samninga við aðrar þjóðir. Ég bendi einnig á það í nál. mínu að það fiskmagn sem þarna er í rauninni um að ræða og er að sjálfsögðu takmarkað af þeim fiskiflota sem heimild er fyrir að veita veiðileyfi og er að vísu ekki mikið, — ég bendi á það að þetta er ákaflega lítið mál fyrir norðmenn og skiptir í rauninni ekki nokkrum sköpuðum hlut í norskum þjóðarbúskap. Einnig bendi ég á það, að sú röksemd er ákaflega haldlítil að við þurfum að kaupa það einhverju sérstöku verði með samningum um veiðiheimildir innan íslenskrar fiskveiðilögsögu að norðmenn viðurkenni að einhverju takmörkuðu leyti, með hálfkveðnum orðum, útfærslu okkar í 200 mílur. Í því sambandi vil ég aðeins benda á það, að nú fyrir fáum dögum mun forsrh. norðmanna hafa lýst því yfir að verði ekki komin niðurstaða á Hafréttarráðstefnu fyrir lok þessa árs, þá muni norðmenn færa út einhliða fyrir eða um næstu áramót.

Ég legg sem sagt til að þessi till. til þál. um staðfestingu á samkomulaginu við norðmenn verði felld, og ég tel að hin sömu rök gildi um þáltill. um staðfestingu á samkomulagi við Belgíu og mun láta þessi orð nægja í sambandi við báðar þessar þáltill. Ég legg til að þær verði báðar felldar.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 35:9 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 34:8 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 931).

Samkomulag við Belgíu um veiðar innan fiskveiðilandhelgi, þáltill. (þskj. 302, n. 780, 811 og 819). — Frh. einnar umr.

Frsm. meiri hl. (Guðmundur H. Garðarsson): Herra forseti. Utanrmn. fjallaði um till. til þál. um staðfestingu á samkomulagi við Belgíu um heimildir til veiða innan fiskveiðilandhelgi Íslands. Meiri hl. mælir með því að þáltill. verði samþ., en minni hl., Gils Guðmundsson og Gylfi Þ. Gíslason, mun skila sérálíti.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 35:9 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 35:8 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 932).

Skýrsla forsætisráðherra um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Skýrsla um starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins 1975 hefur verið fengin öllum þm. í hendur og ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þessa skýrslu en í henni sjálfri greinir. Ég vil taka það fram að stjórnendur Framkvæmdastofnunar ríkisins hafa áhuga á því að reyna að koma þessari skýrslu fyrr á borð hv. þm. en verið hefur. Það er að vísu nokkrum erfiðleikum bundið vegna þess hve skýrslan er og þarf að vera ítarleg, en að svo miklu leyti sem til minna kasta kemur, þá mun ég styðja þá í því þannig að undir þessum dagskrárlið megi í framtíðinni takast umr. um starfsemi þessarar stofnunar sem nú er síður tími til.

Sveitavegir á Austurlandi, þáltill. (þskj. 21, n. 689). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Atvmn. Sþ. hefur haft til athugunar till. til þál.

á þskj. 21 um úttekt á kostnaði við sveitavegi á Austurlandi sem hv. þm. Helgi Seljan flytur. N. varð ekki sammála um að mæla með samþykkt þessarar till. eins og hún hljóðar. En n. leggur til að till. þessari verði vísað til ríkisstj. um leið og n. leggur mikla áherslu á nauðsyn þess að vetrarsamgöngur séu bættar í snjóþyngstu héruðum landsins. Það réð m. a. afstöðu n. að hún taldi sér ekki fært að mæla með samþykkt slíkrar till. fyrir Austurlandið eitt eða sveitahéruð á Austurlandi þar sem mjög víða háttaði alveg eins til í þessum efnum. Þess vegna er það að n. með þessum formálsorðum leggur til að þáltill. verði vísað til ríkisstj. — Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson, Gils Guðmundsson og Karvel Pálmason.

ATKVGR.

Till. á þskj. 689 um að vísa þáltill. til ríkisstj. samþ. með 37 shlj. atkv.

Ráðstafanir til að koma í veg fyrir atvinnuleysi og búseturöskun í Norður-Þingeyjarsýslu, þáltill. (þskj. 435, n. 691). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Atvmn. hefur haft til athugunar till. á þskj. 435 til þál. um ráðstafanir til að koma í veg fyrir atvinnuleysi og búseturöskun í Norður-Þingeyjarsýslu. Ég skal játa fyrir mína parta að ég hef ekki verið snokinn fyrir það yfirleitt að vísa málum til ríkisstj. Ég er frekar þeirrar skoðunar að Alþ. eigi sjálft að taka fullnaðarafstöðu til þeirra, en ekki hafa þennan hátt á, sem er afgreiðslumáti sem ég hef ekki yfirleitt fellt mig við. En hér á alveg sérstaklega við um þessa till. að n. varð sammála um að vísa henni til ríkisstj. af því að innihald till. er allt á framkvæmdastigi. Heildstæð áætlun um atvinnuvegi Norður-Þingeyjarsýslu hefur verið unnin og hún hefur verið lögð fyrir ríkisstj. sem hefur ályktað um hana og einstakir þættir hennar eru nú eftir hendinni á framkvæmdastigi þannig að þessi till. er allt of seint fram komin og raunar með öllu óþörf. En til þess þó að hún hljóti afgreiðslu, þá er það einróma álit n. að leggja til að vísa henni til ríkisstj. Fjarstaddir afgreiðslu þessa máls voru þeir hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson, Gils Guðmundsson og Karvel Pálmason.

ATKVGR.

Till. á þskj. 691 um að vísa þáltill. til ríkisstj. samþ. með 35 shlj. atkv.

Heyverkunaraðferðir, þáltill. (þskj. 312, n. 709). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Atvmn. hafði til athugunar till. á þskj. 312, 150. mál Sþ., og mælir hún með samþykkt till. með svofelldri breytingu, að tillgr. orðist svo sem hér segir:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að hún hlutist til um að Rannsóknastofnun landbúnaðarins efni til frekari rannsókna á heyverkunaraðferðum með það fyrir augum að finna með hverjum hætti hagkvæmast verði staðið að heyskap, enda verði fjármagn veitt til verkefnisins á fjárlögum.“

Þrír þm. voru fjarstaddir afgreiðslu málsins, en undir þetta skrifa Páll Pétursson, Jón G. Sólnes, Sverrir Hermannsson og Steingrímur Hermannsson.

ATKVGR.

Brtt. 709 (ný tillgr.) samþ. með 35 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 940).

Grasköglaverksmiðjur, þáltill. (þskj. 459, n. 710). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Atvmn. fékk til meðferðar till. um grasköglaverksmiðjur, 121. mál. N. mælir með samþykkt till. með nokkurri breytingu, þannig að tillgr. orðist svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um það að hraðað verði svo sem unnt er byggingu grasköglaverksmiðja þeirra sem landbrh. samþykkti með bréfi 2. júní 1972 að byggðar yrðu á vegum ríkisins á Hólminum í Skagafirði og Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu. Sérstök áhersla verði lögð á nýtingu innlendrar orku við framleiðsluna.“

Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru þrír þm., en undir þetta nál. skrifa Páll Pétursson, Jón G. Sólnes, Sverrir Hermannsson og Steingrímur Hermannsson.

ATKVGR.

Brtt. 710 (ný tillgr.) samþ. með 34 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 941).

Brúargerð yfir Eyjafjarðará, þáltill. (þskj. 311, n. 707). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft til meðferðar till. til þál. á þskj. 311 um athugun á hagkvæmni brúargerðar yfir Eyjafjarðará nálægt Laugalandi. Till. þessi er um hagkvæmnisathugun, m. a. á því hvort spara megi íþróttamannvirki og skólamannvirki með þessari samgöngubót, og telur n. einsýnt með tilliti til þess að mæla með samþykkt till. Nál. er á þskj. 707 og þar mælir n. einróma með samþykkt till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 35 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 939).

Rannsóknir og hagnýting á sjávargróðri, þáltill. (þskj. 187, n. 717). — Síðari umr.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Atvmn. Sþ. hefur haft til athugunar till. til þál. um rannsóknir og hagnýtingu á sjávargróðrinum við Ísland. Leitaði n. umsagnar hjá

5 aðilum: Hafrannsóknastofnuninni, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands, Iðnþróunarstofnun Íslands og Rannsóknaráði ríkisins. Umsagnir bárust frá öllum þessum aðilum og eru þær allar jákvæðar. Er vakin athygli á því að möguleikar eru miklir á margs konar nýtingu á sjávargróðri við strendur landsins. Ítarleg umsögn er frá Hafrannsóknastofnuninni þar sem starfsemi þeirrar stofnunar á þessu sviði er rakin, m.a. vakin athygli á því að stofnunin hefur hvað eftir annað lagt til að þessar rannsóknir verði auknar, en ekki fengið til þess fjármagn.

Það er sameiginlegt með öllum þessum umsögnum að ekki er talið nauðsynlegt að setja á fót sérstaka n. í þessu skyni, heldur talið af öllum eðlilegt að fela Hafrannsóknastofnuninni að gera till. um auknar rannsóknir á sjávargróðri. Einnig er í þessu sambandi nefnd Líffræðistofnun háskólans.

Með tilliti til þessara jákvæðu umsagna og þeirrar till. að fela Hafrannsóknastofnuninni að gera till. um málið mælir n. með samþykkt till., þó þannig að tillgr. orðist svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að fela Hafrannsóknastofnuninni að gera till. um aðgerðir til að efla rannsóknir á sjávargróðrinum við Ísland, annars vegar með tilliti til uppeldisstöðva nytjafiska og hins vegar með hagnýtingu sæþörunga fyrir augum.

Skal tillögugerðinni lokið fyrir næsta reglulegt Alþingi."

Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Gils Guðmundsson, Guðmundur H. Garðarsson og Karvel Pálmason.

ATKVGR.

Brtt. 717 (ný tillgr.) samþ. með 35 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 937).

Takmörkun þorskveiða, þáltill. (þskj. 236, n. 688). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Jón G. Sólnes): Herra forseti. Atvmn. Sþ. hefur haft til afgreiðslu till. þá sem hér er til umr. um takmörkun þorskveiða. N. varð sammála um svo hljóðandi nál.:

„Þar sem mál þetta er til meðferðar hjá rn. eða stofnunum sjávarútvegs og hafrannsókna leggur atvmn. til að málinu verði vísað til ríkisstj."

Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Guðmundur H. Garðarsson, Gils Guðmundsson og Karvel Pálmason.

ATKVGR.

Till. á þskj. 688 um að vísa þáltill. til ríkisstj. samþ. með 36 shlj. atkv.

Jarðhitaleit á Snæfellsnesi, þáltill. (þskj. 91, n. 690). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Jón G. Sólnes): Herra forseti. Þáltill. sú, sem hér er til umr., hefur verið tekin til meðferðar hjá atvmn. og varð n. sammála um svofellt nál.:

„Þar sem jarðhitaleit er nú skipulögð um land allt af Orkustofnun og eins fyrir landssvæði það, sem till. fjallar um, leggur n. til að máli þessu verði vísað til ríkisstj.

Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Gils Guðmundsson, Guðmundur H. Garðarsson og Karvel Pálmason.

ATKVGR.

Till. á þskj. 690 um að vísa þáltill. til ríkisstj. samþ. með 39 shlj. atkv.

Réttindi og skyldur stjórnmálaflokka, þáltill. (þskj. 787). — Fyrri umr.

Frsm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Allshn. Sþ. hefur haft til athugunar þál. um rannsókn á fjármálum stjórnmálaflokkanna sem er 29. mál þessa þings og fyrsti flm. að er hv. þm. Ragnar Arnalds. Á þessu þingi og raunar held ég á fyrri þingum líka hafa komið fram frv. og þáltill. um starfsemi stjórnmálaflokkanna. Vil ég þar til nefna auk þeirra þáltill., sem ég gat um áðan, að hv. þm. Benedikt Gröndal hefur flutt ásamt fleirum frv. til l. um stjórnmálaflokka og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson hefur flutt frv. til l. sem m.a. lýtur að skattfrjálsum framlögum til stjórnmálaflokkanna. Þessi mál hafa öll verið til athugunar á þessu þingi og umr. í þingflokkunum og hefur þar verið unnið nokkurt starf til þess að fá samstöðu um vissar aðgerðir í þessum efnum. Niðurstaðan af þessum umr. í þingflokkunum og afleiðingar af þeim tillögu- og frv.-flutningi, sem ég gat um áðan, er sú till. til þál. á þskj. 787 sem öll allshn. Sþ. stendur að, en hún fjallar um n. til að semja frv. til l. um réttindi og skyldur stjórnmálaflokka. Frvgr. hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa 7 manna mþn. til að undirbúa frv. til l. um réttindi og skyldur stjórnmálaflokka. N. skal hraða störfum. Kostnaður greiðist úr ríkissjóði."

Þar sem þáltill. þessi er flutt af n., tel ég óþarft að henni verði vísað til n. og legg því til að henni verði einungis vísað til síðari umr.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Eins og frsm. gat um, þá flutti ég snemma á þessu þingi tvö frv. um fjárreiður stjórnmálaflokka. Fjallaði annað frv. um það að stjórnmálaflokkar skyldu vera bókhaldsskyldir, en hitt um það að þeir skyldu vera framtalsskyldir, auk þess voru ákvæði sem miðuðu að því að auðvelda stjórnmálaflokkum að afla sér nokkurs fjár til rekstrar síns og var þá höfð hliðsjón af svipuðum reglum um önnur félagasamtök sem leyfi hafa til þess að afla sér fjár þannig að þeir, sem gefa eða styrkja viðkomandi samtök, megi draga fjárframlögin að vissu marki frá skattskyldum tekjum sínum. Þetta ákvæði fól annars vegar í sér að happdrættisvinningar í happdrættum stjórnmálaflokka mættu vera skattfrjálsir, eins og er yfirleitt í öllum öðrum happdrættum, og hins vegar að nokkur fjárhæð, sem rynni til stjórnmálaflokka ýmist sem félagsgjöld, styrkir eða gjafir, mætti vera frádráttarbær.

Þegar ég hvarf af landi brott fyrir tæpum tveim mánuðum gerði ég mér vonir um það að samkomulag mundi nást um að afgreiða þessi frv., en ég taldi ekki unnt að knýja fram samþykkt þeirra. Ég hygg að það þurfi að nást nokkuð almenn samstaða til þess að þetta beri tilætlaðan árangur. Því miður hefur raunin orðið sú að ekki hefur náðst um þetta samstaða, en hins vegar hefur nú verið gert samkomulag um það að flytja þá þáltill sem hér er til umr., og stend ég að því samkomulagi, enda betra en ekkert, þó að vissulega verði nú dráttur á og hann óþarfur og leiður, því að ég ætlaði að meiri hl. Alþ. og jafnvel Alþ. allt væri þeirrar skoðunar að brýna þörf bæri til þess að koma lagi á fjármál stjórnmálaflokka strax. Þetta verður sem sagt ekki gert nú að sinni, en vonandi verður það gert á næsta þingi.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Eftir að þáltill., sem við fluttum nokkrir þm. Alþb. um fjárreiður stjórnmálaflokka, hafði verið tekin til umr. í þinginu og eftir að einnig höfðu spunnist hér nokkrar umr. um frv., sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson flutti í Nd., varð það að óformlegu samkomulagi milli þingflokkanna að einn maður frá hverjum flokki kannaði samkomulagsmöguleika um þessi mál. Þessi óformlega n. kom saman á nokkra fundi í kringum hátíðarnar.

Þessi n. stóð fyrir því að aflað var gagna um fjárreiður stjórnmálaflokka í nálægum löndum og reyndist það allmikið upplýsingaefni sem þar var saman komið. Má segja að það samkomulag, sem liggur fyrir um afgreiðslu þessarar till. sem hér er til umr., sé ávöxtur af þeim viðræðum um þessi mál sem fram fóru óformlega í n. í vetur, þ. e. a. s. að málefni stjórnmálaflokkanna, jafnt fjárreiður sem önnur mál þeirra, réttindi þeirra og skyldur, verði tekin til sérstakrar athugunar í mþn. Þar sem ég var að athuguðu máli vonlaus um að sú till., sem við alþb.-menn höfðum flutt hér í Sþ., næði fram að ganga, þá tók ég þátt í að semja um afgreiðslu málsins með þessum hætti. Ég er eftir atvikum ánægður með þessa niðurstöðu og mæli því eindregið með því að till. þessi nái fram að ganga. Það er von mín að sú n., sem skipuð verður í framhaldi af samþykkt þessarar till., taki rösklega til starfa og skili áliti um viðfangsefni sitt í þingbyrjun næsta haust.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv.

Könnun á vissum þáttum heilbrigðisþjónustunnar, þáltill. (þskj. 164, n. 706). — Frh. einnar umr.

Jón Skaftason: Herra forseti. Allshn. Sþ. hefur haft til athugunar þáltill. um könnun á vissum þáttum heilbrigðisþjónustunnar, en till. þessi er 117. mál þessa þings og flutt af þeim læknunum Sverri Bergmann og Oddi Ólafssyni. N. varð sammála um að efni þessarar till. væri á margan hátt afar athyglisvert og varð sammála um að mæla með því — og hafði þá áður haft samráð við flm. — að þáltill. þessari yrði vísað til ríkisstj. til rækilegrar meðferðar og athugunar á því efni sem hún fjallar um.

ATKVGR.

Till. á þskj. 706 um að vísa þáltill. til ríkisstj. samþ. með 37 shlj. atkv.

Iðnaður í tengslum við framkvæmdaáætlun fyrir Norðurlandskjördæmi vestra, þáltill. (þskj. 299, n. 726). — Frh. einnar umr.

Jón Helgason: Herra forseti. Allshn. Sþ. fékk til athugunar till. til þál. um sérstaka athugun á eflingu iðnaðar í tengslum við framkvæmdaáætlun fyrir Norðurl. v. N. athugaði efni þessarar till. og leitaði m. a. umsagnar áætlanadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins. Í áliti hennar kemur fram að þegar hefur verið hafist handa um áætlanagerð og athugun á þróunarmöguleikum iðnaðar í samræmi við ný viðhorf í orkumálum kjördæmisins. N. taldi því óþarft að samþykkja þessa þáltill. af þessari ástæðu sem að framan greinir, en vill í sjálfu sér tjá fylgi sitt við efni málsins með því að leggja til að þáltill. verði vísað til ríkisstj.

ATKVGR.

Till. á þskj. 726 um að vísa þáltill. til ríkisstj. samþ. með 31 shlj. atkv.

Efri deild, 122. fundur.

Þriðjudaginn 18. maí, kl. 5 síðdegis.

Fiskveiðasjóður Íslands, frv. (þskj. 673). — 3. umr.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Í tilefni af þeim umr. sem um þetta mál hafa farið fram hér í hv. d. og einkum hafa snúist um skipun stjórnar Fiskveiðasjóðs Íslands, þá vildi ég láta það koma hér fram að ríkisstj. hefur ákveðið að taka til endurskoðunar skipun stjórna fjárfestingarlánasjóða og fjárfestingarlánakerfisins. Ég vænti þess að með tilvísun til þessa geti hv. dm. fallist á frv. eins og það liggur nú fyrir.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Við 2. umr. um þetta mál gerði ég grein fyrir því að ég er ekki samþykkur ákvæðum frv. um skipun stjórnar Fiskveiðasjóðs. Í þessu landi hefur það smám saman þróast svo að stofnlánasjóðir, sem fjármagnaðir eru að ýmsum leiðum sem fjárveitingavaldið ákveður, sjá um stofnlán til atvinnuveganna, en ríkisbankarnir hafa hins vegar með höndum útvegun rekstrarfjár. Þessi skipting hefur orðið nokkuð ákveðin og yfirleitt eru sjóðirnir undir stjórnum sem að verulegu leyti, ef ekki öllu, eru kjörnar af Alþ. Stundum er þetta dálítið blandað, eins og t. d. í Atvinnuleysistryggingasjóði. Þar eru fjórir kjörnir af Alþ., en þrír frá hagsmunasamtökum. Yfir Stofnlánadeild landbúnaðarins er þingkjörið bankaráð ásamt tveimur frá hagsmunasamtökum.

Annars staðar mun yfirleitt vera þingkjörin stjórn eða skipuð af ráðh. Ég tel óeðlilegt að bankastjórar, sem eru starfsmenn viðkomandi bankaráða og sjá um rekstur viðkomandi banka undir stjórn bankaráða, sitji í stjórn stofnlánasjóða. Ég sé ekki ástæðu til þess að svo sé. Ég sé ríkari ástæðu til þess hins vegar að samræma starfsemi stofnlánasjóðanna með því að þingkjörnir fulltrúar sitji í stjórnum þeirra allra. Ég viðurkenni aftur á móti að það þarf að athuga um þessar stjórnir allar og fleiri en stjórn þessa sjóðs og að alls ekki gætir þeirrar samræmingar í starfsemi stofnlánasjóðanna sem nauðsynleg er. Ég tel skakkt að bankastjórar Seðlabankans sitji í áhrifamiklum stöðum, eins og t.d. formennsku Fiskveiðasjóðs. Seðlabankinn er stofnun sem á að vera og á að starfa alveg óháð þörfum stofnana og sjóða. Hún á að vera yfir það hafin. Og ég vil vekja athygli á því að í lögum um Seðlabankann er fram tekið að seðlabankastjórum sé ekki heimilt að sitja í slíkum embættum án sérstaks leyfis. Er ljóst að löggjafinn hefur viljað a.m.k. að slíkt yrði algjört undantekningaratriði.

Af þessum ástæðum öllum taldi ég og tel það, sem lagt er til í frv., skakkt. Ég tel það fyrirkomulag skakkt, sem nú er hjá Fiskveiðasjóði, og það, sem þarna er lagt til, einnig skakkt. Ég get hins vegar fallist á að þessi mál verði betur skoðuð og ég fagna yfirlýsingu hæstv. forsrh. að það muni vera gert. Ég mun beita mér fyrir því á Alþ. að þetta verði fært til samræmingar við aðra sjóði, að bankastjórar sitji þarna ekki, en mun að fenginni þessari yfirlýsingu hæstv. forsrh. ekki leggja fram þá brtt. sem ég boðaði við 2. umr. málsins.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég vil ítreka það sem ég hef sagt við fyrri umr. um þetta lagafrv. að ég tel það mjög þarflegt að flestu leyti. Hv. síðasti ræðumaður, Steingrímur Hermannsson, tók af mér ómakið að mestu við gagnrýni á ákvæði um kjör í stjórn Fiskveiðasjóðs, tíundaði þar flest það sem ég vildi sagt hafa. Ég fagna vissulega eins og hann yfirlýsingu hæstv. forsrh. varðandi fyrirhugaða skoðun á þessum málum, en legg eigi að síður fram brtt. á þskj. 907 sem orðast svo:

„Upphaf 6. gr. orðist þannig:

Fiskveiðasjóður heyrir undir ráðh. þann sem fer með sjávarútvegsmál. Skal stjórn hans vera í höndum 7 manna. Fjórir skulu kosnir með hlutfallskosningu í Sþ. til 4 ára í senn. Aðra skipar ráðh. til 2 ára í senn eftir tilnefningum. Einn skal tilnefndur af Landssambandi ísl. útvegsmanna. Eftirtalin samtök í fiskiðnaði tilnefna sameiginlega einn fulltrúa o.s.frv.“

Ég tel, að skipan stjórnar á þessa lund væri mjög æskileg, og óska því eftir því að hv. þm. hér í d. taki afstöðu til þessarar brtt. þrátt fyrir yfirlýsingu hæstv. forsrh.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 907, sem var of seint fram komin, samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 907 felld með 11:4 atkv.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 944).

Alþt. 1975. B. (97. löggjafarþing).

Olíusjóður fiskiskipa, frv. (þskj. 849, n. 889). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur athugað þetta frv. og mælir eindregið með samþykkt þess, eins og fram kemur á þskj. 889.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Sala Reykhóla, frv. (þskj. 905, n. 908). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir til umr., er heimildarlög fyrir ríkisstj. til að selja Reykhólahreppi jörðina Reykhóla í Austur-Barðastrandarsýslu. Landbn. hefur fjallað um frv. og mælir með því að það verði samþ. eins og það kom frá Nd., en á því var gerð nokkur breyt. frá upphaflegu frv., — breyt. sem er að finna á þskj. 808.

Ég tel ekki ástæðu til að hafa mörg orð um þetta frv. Að áliti n. gegnir nokkuð öðru máli að heimila sölur til sveitarfélaga en til einstakra manna, þarf að gæta fleiri atriða þegar um það er að ræða. Hins vegar liggur það fyrir að við vaxandi byggð á Reykhólum í sambandi við þörungaverksmiðjuna og fleiri starfrækslu þar á staðnum hafa umsvif sveitarfélagsins aukist og því eðlilegt að það vilji tryggja sér nokkurn rétt til þess lands sem þéttbýlið stendur á. Með tilliti til þessa varð landbn. sammála um að mæla með því að frv. yrði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Jafnréttisráð, frv. (þskj. 880, n. 915). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Allshn. hefur rætt frv. til l. um jafnstöðu kvenna og karla, eins og það hét upphaflega, og mælir með að það verði samþ. eins og það kom frá Nd. með breyt. sem tilgreindar eru á þskj. 915, en brtt. eru um það að fyrirsögn frv. orðist svo, að það heiti frv. til l. um jafnrétti kvenna og karla, og í öðru lagi að 1. gr. hljóði þannig að tilgangur laganna sé að stuðla að jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla.

Ég ætla ekki að hafa lengri framsögu fyrir þessu máli, en undir þetta álit n. skrifuðu allir nm. nema Jón G. Sólnes sem var fjarverandi.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Ég hafði nú satt best að segja haldið að eftir allt það tilstand sem var í sambandi við þessi kvennamál okkar á árinu 1975, þá mundi nú gefast eitthvert tóm til þess að athuga þessi stöðumál kynjanna betur, svo að þó að ég yrði var við það að þetta frv. var á sínum tíma lagt fram, þá reiknaði ég ekki með því að það yrði lögð svo mikil áhersla á að það yrði að lögum á þessu þingi. Ég ætla ekki að fara að halda hér langa ræðu til þess að tefja framgang þessa frv., en aðeins vildi ég láta það koma fram að það er ýmislegt í þessu frv. sem ekki er mér að skapi. Þrátt fyrir þann ágæta tilgang, sem sjálfsagt felst í ákvæðum þessa frv. um það að stuðla að jafnri stöðu karls og konu, þá er ýmislegt í ákvæðum þess, sem fullnægir ekki mínum óskum í því sambandi, og mér er til efs að þetta frv., þótt að lögum verði, verði til eins góðs og menn vilja sem að því standa.

Ég hnýt þó sérstaklega um ákvæði 5. gr. sem kveður á um að það sé lagaskylda hlutaðeigandi atvinnurekanda að hann veiti skriflegar upplýsingar um hvaða menntun, starfsreynslu og aðra sérstaka hæfileika sá hefur til að bera er ráðinn var í starf. Þetta er orðin lagaskylda, hann á að veita hinum aðilanum, sem ekki fékk stöðuna, þessar upplýsingar. Ég verð að segja að meiri er nú afskiptasemin, og halda svo að það sé í mörgum tilfellum alveg afgerandi hvaða menntun, starfsreynslu eða sérstaka hæfileika menn hafa. Mér þykir vera orðið farið að brengla að málefnum ef maður getur ekki ráðið hvort eð er karl eða kona í stöðu gagnvart öðrum sem hafa sótt um stöðuna nema þurfa að gera ítarlega grein fyrir því. Og ef þarna er verið að tala um að það sé sérstaklega menntun og starfsreynsla og einhverjir hæfileikar þarna, þá er það ýmislegt annað sem kemur til greina í sambandi við það að ráða fólk til starfs. Þar kemur til greina skapgerð, aðlögunarhæfileiki til að umgangast fólk og ýmislegt fleira. Og það á ekkert endilega við við eitthvert kynferði. Það er alveg jafnerfitt að hafa kvenfólk sem stjórnendur og samskipti við það eins og það getur verið erfitt að eiga við karlmenn. Það er ekkert séreinkenni fyrir það. Ég vil bara í þessu sambandi til stuðnings þessum fullyrðingum mínum benda á að í minni heimabyggð hafa skapast geysilega mikil vandræði um sprenglærða og hálærða konu, ef svo má kalla það, kvenmann sem hefur allt það til brunns að bera sem nefnt er hér. Hún hefur starfsreynslu, menntun og annað, en hún hefur bara ekki hæfileika til þess að umgangast fólk og vera í samvinnu við fólk og hefur enga aðlögunarhæfni, þannig að það er ekki hægt að nota hana sem yfirmann og stjórnanda. Það vill enginn vinna með henni. Það er mjög vafasamt að setja lagaákvæði um þetta efni. Mér finnst það alveg fáránlegt, og ég er ekki viss um að þetta þjóni neinum tilgangi um það að lyfta kvenkyninu upp á það háa plan sem mér skilst vera tilgangur þessa frv.

Ég skal ekki orðlengja þetta frekar, en aðeins vildi ég svolítið stöðvast við 9. gr. frv., um Jafnréttisráðið. Já, ég veit það ekki, mér finnst öll þau ákvæði, sem snerta þetta Jafnréttisráð, vafasöm, að ekki sé meira sagt. Það fer nú svo í taugarnar á mér að mér finnst þetta vera eins og það sé verið að stofna til einhverrar Gestapó eða einhverrar leynilögreglu hér eða einhverrar yfirrannsóknarlögreglu sem enginn getur verið óhultur fyrir í þessu þjóðfélagi. Og hver á svo að borga kostnaðinn við þetta? Jú, það eru engin vandræði við að leysa það. Ríkissjóður á að greiða eins og vant er. Þetta Jafnréttisráð á að hafa skrifstofu, það á að ráða framkvæmdastjóra. Allir vita hvað það kostar að hafa framkvæmdastjóra. Hann þarf að hafa fulltrúa, deildarstjóra, ritara, einkafulltrúa, símavörslu og ég veit ekki hvað og hvað. Það verður ekki ýkjalangt þangað til, þau verða ekki mörg árin, eftir að þetta Jafnréttisráð er farið að starfa, þannig að þetta verður verulega stór liður á fjárl. Eins og nú er komið í okkar þjóðfélagi og þar eð þessi félagasamtök, sem fá tækifæri til þess að tilnefna fulltrúa í þetta Jafnréttisráð, hafa miklar tekjur, þá er þeim ekkert ofvaxið að greiða kostnaðinn við rekstur slíks ráðs af sínum tekjum a.m.k. í hlutfalli við þann mannafla, sem þau fá, og fulltrúatölu, sem þau fá í þetta Jafnréttisráð. Þau ættu að vera einfær um að standa undir kostnaði a.m.k. að sínum hluta.

Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar. Aðeins vildi ég láta það sjást upp á seinni tímann í þingtíðindunum að þetta frv. hefði þó valdið einum þm. svolitlu hugarangri og umþenkingum.

ATKVGR.

Brtt. 915,1 (ný 1. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

2.—16. gr. samþ. með 14:2 atkv.

Brtt. 915,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 16:2 atkv.

Efri deild, 123. fundur.

Þriðjudaginn 18. maí, að loknum 122. fundi.

Olíusjóður fiskiskipa, frv. (þskj. 849). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15:1 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 945).

Sala Reykhóla, frv. (þskj. 905). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15:1 atkv.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Það er ekki hugmynd mín að spilla fyrir framgangi þessa máls. Mér er ljóst, að hér er um nokkra sérstöðu að ræða þar sem hugsanlegt er að þorp geti myndast um ákveðna atvinnugrein á næstu árum. En ég vildi ekki láta þetta mál

afgreiðast úr þessari hv. d. án þess að taka fram þá persónulegu skoðun mína að ég er í grundvallaratriðum, nema sérstaklega standi á eins og hér, andvígur því að ríkisjarðir séu seldar í hendur væntanlegum bæjarfélögum og síðan sé beislið laust og hægt sé að ráðstafa þeim til einstaklinga þar á eftir. Þetta vildi ég að kæmi skýrt og klárt fram. Ég tel að slíkar jarðir eigi að vera í eigu ríkisins og það sé vandræðalaust að semja um það við bæjarfélögin í einstökum tilfellum þegar um sérstök not af þeim er að ræða.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Það er að vísu þarflaust að gera aths. við ræðu hv. 4. landsk. þm., en ég vil þó gera það til glöggvunar. Þessa atriðis, sem hann talaði hér um, hefur einmitt verið gætt við gerð þessa frv. Í fyrsta lagi eru þetta heimildarlög fyrir ríkisstj. og hún metur málið. Í öðru lagi er ákvæðið í 1. gr. frv. svo hljóðandi: „Hreppsnefnd Reykhólahrepps er óheimilt að selja öðrum en ríkissjóði umræddа jörð eða hluta af henni.“

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 946).

Jafnrétti kvenna og karla, frv. (þskj. 923). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15:1 atkv.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil ekki fremur en hv. 2. þm. Norðurl. e. að þetta frv. til l. um jafnstöðu kvenna og karla renni hér eins og á færibandi í gegnum þessa hv. d. án þess að það komi fram einhver rödd sem mælir á móti. Ég fagna því að hv. 2. þm. Norðurl. e. skyldi gera það við 2. umr. um þetta frv. Ég ætla þá að vera honum samferða eins og svo oft áður í skoðunum um slæm mál sem hingað koma í þessa hv. deild.

Ég get ekki séð að í þessu frv. sé neitt sem heiti jafnrétti, nema síður sé. Hér er verið að stuðla að nokkurs konar lögregluríki, eins og hv. 2. þm. Norðurl. e. kom að. Í 3. gr. þessa frv. kemur fram að atvinnurekendum er óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði. Eru einhver dæmi þess að atvinnurekendur hafi beinlínis mismunað fólki eftir kynferði? Ég hef aldrei nokkurn tíma heyrt þess getið og hefði gaman af að fá hér dæmi um það og gildi það m.a. hvað varðar ráðningu og skipun í starf, stöðuhækkun, stöðuheiti, uppsögn úr starfi, veitingu hvers konar hlunninda og almenn vinnuskilyrði. Ég veit ekki dæmi til þess ef góður maður eða góð kona er á annað borð í starfi hjá atvinnurekanda að þeim sé mismunað bara vegna þess að það er ekki kona sem á að vera í starfi að mati atvinnurekandans.

Síðan kemur í 4. gr. þessa furðulega frv. að starf, sem auglýst er laust til umsóknar, skal standa opið jafnt konum sem körlum. Það er alveg sama hvort atvinnurekandinn telur heppilegra fyrir sig að ráða konu eða karl, hann skal halda stöðunni opinni fyrir bæði kynin. Ef hann skyldi nú veita starfið konu, hvað segja þá þessi lög? Þau segja að karlmaðurinn, sem ekki fékk starfið, eða ef það er öfugt, konan, sem ekki fékk starfið, hún skuli eiga heimtingu á því að yfirheyra atvinnurekandann skriflega, og það er svo Jafnstöðuráð sem skal dæma um það hvort atvinnurekandinn má eða má ekki ráða þann starfskraft sem hann vill ráða. Það er alveg furðulegt að þetta skuli renna í gegnum Alþ. án aths. eða svo til.

Síðan kemur í 9. gr., svo að maður fari fljótt yfir sögu, að kostnaður við Jafnstöðuráð skal greiðast úr ríkissjóði. Það er ekkert nýtt. Það er alveg sama hvaða till. kemur um að greiða úr ríkissjóði, það er alltaf samþ. Það er talið svo sjálfsagt, hvaða vitleysa sem er, hún á að vera gerð á kostnað ríkissjóðs.

Verkefni þessa Jafnstöðuráðs er samkv. 10. gr. 6. lið að taka við ábendingum um brot á ákvæðum laga þessara og rannsaka málið af því tilefni og senda að rannsókn lokinni málsskjöl til þeirra aðila sem málið snertir. Þetta er alveg furðulegt. Þarna er, eins og hv. 2. þm. Norðurl. e. sagði, komið rannsóknaráð, einhvers konar — ja, hvað á að segja? — njósnastarfsemi á kostnað ríkisins um það hvernig atvinnurekendur ráða sitt starfsfólk. Og ef aðilar eru ekki sammála, þá á að hefja rannsókn sem leiðir til þess að málshöfðun fylgir í kjölfarið. Og það stendur hér í 11. gr., 2. mgr.: „Fallist atvinnurekandi ekki á tilmæli ráðsins er ráðinu heimilt í samráði við hlutaðeigandi starfsmann að höfða mál í umboði hans til viðurkenningar á rétti hans“ — vegna þess að atvinnurekandinn hefur valið konu fremur en karl eða karl fremur en konu. Sá, sem ekki var ráðinn, getur kært til Jafnstöðuráðs og ef atvinnurekandinn þeygir sig ekki undir ákvarðanir þessa ráðs, þá er höfðað mál samkv. þessari 11. gr.

Í 12. gr. segir svo að sá, sem af ásettu ráði eða gáleysi brýtur gegn lögum þessum, þ.e.a.s. leyfir sér að velja starfsmann á annan hátt eða annan starfsmann heldur en Jafnstöðuráð telur að hann hefði átt að gera, þá kemur hérna 12. gr.: „Sá, sem af ásettu ráði eða gáleysi brýtur gegn lögum þessum, er skaðabótaskyldur samkv. almennum reglum.“ Sem sagt, hann skal dæmast, hann skal dæmast í fébætur þarna líklega. (Gripið fram í.) Já, heldur áfram. Slíkt brot skal varða fésektum nema þyngri refsing liggi við að lögum, þá einhverjum öðrum lögum. Þá á að fangelsa hann fyrir að hafa ráðið sér þann starfsmann úr umsækjendahópi sem honum leist best á. Þetta er alveg furðulegt. Ég hef áður sagt úr þessum ræðustól eða spurt: Hvert er Sjálfstfl. að láta teyma sig í svona málum?

Ég vil vekja athygli á því, eins og hv. 2. þm. Norðurl. e., að þetta frv. er slæmt og að mínu viti rangt og skapar ekki réttlæti, það skapar ranglæti, og þess vegna vildi ég láta aðra rödd heyrast um þetta mál.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég hlýt að vísu að lýsa yfir þeirri skoðun minni að frv. það, sem hér liggur nú fyrir til afgreiðslu, rísi ekki að

öllu leyti undir nafni. Ég hygg að ætlunin hafi verið að gera betur en þetta til þess að tryggja raunverulegt jafnrétti kynjanna. Að ýmsu leyti er ég ekki ánægður með þetta frv., en ég tel að úr því sem komið er sé eigi að síður spor í rétta átt að samþ. þetta frv.

Ég hef grun um að hv. þm. Jón G. Sólnes og Albert Guðmundsson séu í raun og veru sammála mér um það að hér sé stigið þrátt fyrir allt, þegar á heildina er litið, spor í rétta átt, því kynjunum er vissulega mismunað í störfum og launum og félagslegri stöðu á landi hér. Ég er alveg viss um, að þeir hv. þm. vilja gjarnan að úr þessu verði bætt, þó að þeir telji að hér sé að því unnið að einhverju leyti á rangan hátt. En ég tek ekki gild rök hv. þm. Alberts Guðmundssonar sem hann tíundaði í ræðu sinni áðan. Ég held að hann hafi látið blindast af hugsjónalegri afstöðu sinni til annarra mála og þess vegna ekki litið þetta frv. að öllu leyti réttum augum. Sú afstaða, sem kom fram hjá hv. þm. áðan, er, eins og þeir segja leikritahöfundarnir, ekki að öllu leyti í karakter, því honum er eiginlegt að vilja gera rétt og hann hefur ekki gerst sekur um annað og meira í þessu en mistök sem má líkja við það að maður snýtir sér fyrst í vasaklútinn sinn og fægir svo með honum gleraugun sín á eftir.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Hv. 5. þm. Norðurl. e. olli mér miklum vonbrigðum. Ég hafði vonast til þess að hann gæfi mér tilefni til þess að deila við hann um þetta frv. En lokaorð hv. þm. voru besta innlegið í málflutningnum svo ég hef því miður ekki ástæðu til þess að bæta neinu við.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:2 atkv. og endursent Nd.

Efri deild, 124. fundur

Þriðjudaginn 18. maí, kl. 6.10 síðdegis.

Verðtrygging fjárskuldbindinga, frv. (þskj. 888, n. 901). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. um verðtryggingu fjárskuldbindinga, en frv. þetta fjallar um það að þrátt fyrir ákvæði samnefndra laga sé heimilt að kveða svo á í kaup- og verksamningum um hús og önnur mannvirki að söluverð megi breytast í samræmi við breytingar á verðlagsvísitölu.

Á nefndarfund vantaði þrjá nm., Albert Guðmundsson, Jón Árm. Héðinsson og Axel Jónsson, en aðrir nm. sameinuðust um þá afstöðu að leggja til að vísa þessu máli til ríkisstj. í trausti þess að hún hefji þegar undirbúning að samningu frv. sem kveði nánar á um reglur, sem varða verðtryggingu fjárskuldbindinga, og leggi það fram í upphafi næsta þings.

Þessi afgreiðsla n. er athyglisverð fyrir þær sakir að engum vafa er undirorpið að hér er um aðkallandi vandamál að ræða og nm. allir voru sammála um að á því þyrfti að finna lausn. Nd. hafði komist að ákveðinni niðurstöðu og samþ. hana og sent málið þannig frá sér, en við í Ed.-nefndinni töldum að við hefðum alls ekki nægilegan tíma til þess að kanna málið og gætum ekki staðið að þessari lausn eins og Nd. gekk frá henni. Það er því niðurstaðan hjá okkur að vísa málinu til ríkisstj., þó með mjög jákvæðri umsögn.

Mál þetta á sér þann uppruna að í lögum um verðtryggingu fjárskuldbindinga er skýrt tekið fram í 1. gr. að eigi sé heimilt, frekar en leyft sé í lögum þessum, að stofna til fjárskuldbindinga í ísl. kr. eða öðru verðmæti með ákvæðum þess efnis að greiðslur, þar með taldir vextir, skuli breytast í hlutfalli við breyt. á vísitölum, vöruverði, gengi erlends gjaldeyris o. s. frv. Þetta ákvæði hefur verið túlkað þannig að það væri óheimilt í verksamningum að setja vísitöluákvæði enda þótt það hafi verið gert í stórum stíl. Niðurstaðan hefur því orðið sú, að samningar af því tagi hafa verið dæmdir ógildir, og af þessu hefur hlotist mikill fjöldi deilumála milli byggingaraðila annars vegar og kaupenda húseigna hins vegar.

Hér var sem sagt flutt upphaflega frv. af hv. þm. Ellert B. Schram þess efnis að það væri einfaldlega heimilt að binda söluverð við vísitölu, nánar tiltekið verðlagsvísitölu, þannig að sá hluti byggingarinnar, sem ófullgerður væri, mætti breytast hvað söluverð snertir í samræmi við breyt. á verðlagsvísitölu. En það er skoðun nm. að þetta þurfi nánari athugunar við. Menn eru sammála um að þetta komi sterklega til greina, en vilja fá að sjá með hvaða hætti þetta gerist. Vonandi gera flestir sér grein fyrir því að það er stór munur á því hvort í samningi er fyrirvari um það að sölufjárhæð hækki í hlutfalli við almennar verðbreytingar, þannig að söluverðið sé tekið til endurskoðunar við afhendingu og hækkað í hlutfalli við hækkanir á einstökum liðum byggingarkostnaðar, eða þá hitt, að söluverðið hækki sjálfkrafa í hlutfalli við hækkun byggingarvísitölu. Á þessu tvennu er að sjálfsögðu reginmunur. Og í umsögnum, sem bárust um þetta frv., kemur m. a. fram hjá Húsnæðismálastofnun ríkisins að þeir hafa farið inn á verðtryggingarkerfi sem er einmitt fólgið í því að byggingarkostnaðurinn er hlutaður niður í marga verkþætti, miðaður við ákveðnar grunntölur og síðan verður þá við afhendingu að taka hvern einasta lið fyrir sig og átta sig á því hvort um hefur verið að ræða sannanlega verðhækkun eða ekki. Þannig getur að sjálfsögðu orðið um að ræða mjög misjafnlega mikla hækkun á söluverði á sama tíma, allt eftir því á hvaða byggingarstigi íbúðin var og hvað hefur raunverulega hækkað af því sem keypt hefur verið til hennar. Húsnæðismálastjórn og fyrir hönd hennar Sigurður E. Guðmundsson bendir á það, að eðlilegast sé að hafa þetta með þessum hætti. Og í umsögn Seðlabankans er á það bent að húsnæðismálastjórn hafi fundið upp privat byggingarvísitölu fyrir hvert hús, eins og það er orðað í bréfi Seðla-

bankans, og í bréfi Seðlabankans er mælt með því að húsnæðismálastjórn eigi hugsanlega aðild að eftirliti með vísitöluákvæðum af þessu tagi.

Til þess að gera svolítið skýrari grein fyrir því hvaða vankantar eru á að tengja söluverð við byggingarvísitölu, þá vil ég nefna hér bara eitt einfalt dæmi. Við skulum hugsa okkur, að hús sé selt fokhelt og frá því að húsið er selt og fram að afhendingardegi á sér stað hækkun á vísitölu byggingarkostnaðar sem nemur 50%. Þá er hugsanlegt að vísitöluákvæðið, ef farið er að orðanna hljóðan eftir gr. eins og hún kemur frá Nd., að það leiði til þess að verð hússins í heild hækki um 50%, ef enginn fyrirvari hefur verið gerður, sem er að sjálfsögðu mjög ósanngjarnt vegna þess að það er aðeins sá hluti hússins, sem eftir var að byggja, sem ætti að hækka um 50%, en ekki það sem búið var að byggja áður en samningurinn var gerður. En samkv. orðanna hljóðan er vel hugsanlegt að slyngur og slunginn byggingarmeistari kæmi ordalagi fyrirvarans fyrir í samningnum með þeim hætti að það leiddi til þess að söluverð í heild hækkaði. Það verður sem sagt að tryggja það að slíkt geti ekki átt sér stað.

Í öðru lagi er rétt á það að benda, að hugsanlegt er að eftir að sala á sér stað, þá sé meginvinnan unnin, síðan líði kannske 10 mánuðir vegna þess að það standi á einhverjum ákveðnum verkþætti, það sé búið að vinna mestallt sem vinna á við húsið, og skömmu áður en afhending á sér stað hækki byggingarvísitala mjög snögglega og valdi stórhækkun á söluverði. Ef slíkt gerðist mundi byggingarmeistarinn fá stórhækkun á söluverði hússins í sinn hlut þó að ekki sé hægt að benda á það að kostnaður hans við byggingu hússins hafi orðið að sama skapi mikill vegna þess að hann lauk kannske að mestu leyti við húsið strax á fyrstu tveimur mánuðunum eftir að samningurinn var gerður, en hækkunin af völdum vísitölunnar kemur kannske löngu seinna.

Þriðja atriðið, sem vert er að hafa í huga í þessu sambandi, er að það þarf alls ekki að vera að hækkunin á byggingarvísitölu sé í neinu samræmi við þá hækkun á byggingarkostnaði viðkomandi húss sem um er að ræða. Það er t. d. hugsanlegt að gífurleg hækkun verði á verði timburs og valdi mjög mikilli hækkun byggingarvísitölu en notkun timburs er kannske fyrir löngu hætt í sambandi við viðkomandi hús, innréttingar hafa verið keyptar og þar af leiðandi engin rök fyrir því að húsið eigi að hækka í verði af þessum sökum. En sé tengt beint við byggingarvísitölu, þá er sem sagt hættan sú að söluverð fasteignar, sem verið er að byggja, hækki stórlega af orsökum sem eru ekki í nánum tengslum við byggingarkostnað viðkomandi húss.

Annað, sem rétt er að benda hér á, er að í umsögn Seðlabanka Íslands var skýrt tekið fram að rétt væri að miða við eitt ár sem lágmark þegar vísitölusamningar af þessu tagi væru gerðir. Og staðreyndin er sú, að þegar upphaflega frv. var flutt af hv. þm. Ellert B. Schram, þá var það gert að skilyrði að liðið hefðu minnst 12 mánuðir frá samningsdegi og þar til afhending færi fram. Þetta var hins vegar afnumið við breyt. á frv. í Nd., og verður nú að skoða miklu betur en gert hefur verið hvort eðlilegt sé að vísitölusamning af þessu tagi megi gera til hvað stutts tíma sem vera vill, því að þeim mun styttri sem tíminn er, þeim mun meiri hætta er á því að ekkert samræmi sé á milli hækkunar byggingarvísitölunnar annars vegar og svo hins vegar raunverulegs kostnaðarauka við viðkomandi íbúð.

Í þessu sambandi er rétt að benda á það, að það er ekki aðeins sjónarmið Seðlabankans að hér eigi að vera lágmark eitt ár, heldur er á það að benda einnig að í frv., sem hér er verið að gera breyt. á, er yfirleitt lágmark miðað við 3 ár.

Það er skemmst frá að segja að húsnæðismálastjórn varar við því að þessi breyt. sé lögtekin eins og hér hefur verið gerð till. um. Þeir, sem bréfið rita fyrir hönd húsnæðismálastjórnar, vilja að verðhækkanir séu reiknaðar miðað við byggingarkostnað hvers húss fyrir sig, en ekki sé miðað við almennan vísitölumælikvarða. Og Seðlabankinn skilur bersýnilega þetta sjónarmið og vill að húsnæðismálastjórn taki að sér að hafa eftirlit með samningum af þessu tagi og fái jafnvel það hlutverk að löggilda sérhvern verðtryggingarsamning.

Þetta eru sem sagt atriði sem þarf að athuga nánar af þeirri ástæðu hafa nm. talið eðlilegt að þetta mál fengi frekari skoðun í félmrn.

Þess skal getið að Meistarasamband byggingarmanna hefur sent umsögn sína um þetta frv. og mælir eindregið með samþykkt þess.

Ég vil láta þess hér getið að ég geri hér fyrst og fremst grein fyrir þessu máli eins og það birtist frá mínu sjónarmiði séð. Einn nm., Jón G. Sólnes, sem ritar undir nál. með fyrirvara, mun væntanlega gera grein fyrir sínum sjónarmiðum. Hann var einnig þeirrar skoðunar að eðlilegt væri að vísa þessu máli til ríkisstj. og vafalaust að einhverju leyti með svipuðum rökum og ég hef hér gert grein fyrir. En auk þess taldi hann að þessi vísitölumál almennt hvað lánamál og fjárskuldbindingar snertir væru það slitið fat að til lítils væri að gera þar á eina litla bót og væri það krafa hans, að þessi mál í heild væru tekin til endurskoðunar. Það var því kannske ekki hvað síst af þeim ástæðum sem hann var þeirrar skoðunar að eðlilegast væri að vísa þessu máli til ríkisstj.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja um þetta mál. Vissulega má draga í efa réttmæti þess að vera nú á síðasta stigi að koma í veg fyrir að frv. þetta hljóti lagagildi, þar sem bersýnilegt er að hér er um mikið vandamál að ræða sem þarf að leysa til þess að eyða þeirri réttaróvissu sem er ríkjandi á þessu sviði. En það verður hins vegar að undirbúa þetta mál betur, og vegna þess hversu gífurlega viðkvæmt þetta mál er gagnvart húsbyggjendum og gagnvart hinum almenna manni og nauðsynlegt að ekki séu samþ. ákvæði sem séu þess eðlis að hætta sé á því að hundruð manna verði hlunnfarin í samningum, þá er óhjákvæmilegt að Alþ. viti hvað á að felast í þeim nýju ákvæðum sem sett verða um þetta efni, þannig að félmrn. fái ekki bara auðan víxil til að útfylla í þessu efni.

Því teljum við rétt að málið verði undirbúið vandlega og vel í sumar og lagt síðan að nýju fyrir þingið þegar þeirri athugun og þeim undirbúningi er lokið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Íslensk stafsetning, frv. (þskj. 742, n. 922, 868). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Axel Jónsson): Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 922 hefur menntmn. athugað frv. um íslenska stafsetningu á þremur fundum. Á fyrsta fund n. í morgun komu 20 aðilar sem lýstu viðhorfum sínum til málsins og svöruðu fyrirspurnum. Þessir aðilar voru boðaðir með skömmum fyrirvara því hv. n. fékk ekki málið til meðferðar fyrr en seint í gærkvöld og þar af leiðandi ekki hægt að boða þá á fund n. fyrr en í morgun. Þetta voru ýmsir forustumenn samtaka sem sent höfðu hv. Alþ. eða menntmn. Ed. erindi og óskað eftir því að fá að koma á fund n., og einnig var að ósk einstakra nm. um það að ræða að tilteknum aðilum væri boðið að koma á fundinn, og eins og ég áður gat lýstu þeir viðhorfum sínum til málsins og svöruðu fyrirspurnum.

N. leggur til, þar sem ljóst er að ekki vinnst tími til að afgr. málið á þessu þingi, að frv. verði vísað til ríkisstj. Jafnframt bendir n. á að hún telur rétt að menntmrh. efni á þessu sumri til funda með íslenskukennurum og öðrum sérfróðum mönnum um íslenskt mál þar sem reynt verði að ná sem víðtækustu samkomulagi um meginstefnu varðandi stafsetningarreglur og ákvarðanatöku um breytingar á þeim. Undir þetta nál. skrifa allir nm. menntmn., 7 að tölu.

ATKVGR.

Till. á þskj. 922 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 16 shlj. atkv.

Efri deild, 125. fundur

Þriðjudaginn 18. maí, kl. 8.30 síðdegis.

Forseti tók dagskrármálin af dagskrá.

Neðri deild, 117. fundur

Þriðjudaginn 18. maí, kl. 5 síðdegis.

Löggiltir endurskoðendur, frv. (þskj. 863, n. 906). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur athugað þetta frv., frv. til l. um löggilta endurskoðendur, og er álit n. á þskj. 906, en eins og þar kemur fram, þá mæla allir nm. með því að frv. verði samþ.

Það verður að segjast eins og er, að það hefur ekki gefist langur tími til þess að athuga þetta mál. Það er ekki langt síðan það var lagt fram í þinginu og var lagt fram í Ed., en þaðan er það komið með lítils háttar breytingum. Það mun ekki hafa verið upphaflega ætlun hæstv. ráðh. að frv. yrði endilega afgreitt á þessu þingi. En síðan það var lagt fram hefur komið fram mjög ákveðinn áhugi á því að það yrði afgreitt og fyrir því eru ýmsar ástæður, en þó sérstaklega þær, að þeir, sem hafa hug á því að fara í nám í endurskoðun, eru nú stöðvaðir í því vegna þess að það er komið á annað ár síðan rn. ritaði löggiltum endurskoðendum bréf þess efnis að ekki yrðu haldin fleiri námskeið í endurskoðun vegna þess að ætlunin væri að breyta um tilhögun. Endurskoðunarskrifstofur eru í vandræðum með starfskrafta, og þess vegna má fullyrða að þetta mál sé komið í nokkurn hnút ef þetta frv. verður ekki samþ. Endurskoðendur sjálfir eða þeirra félag er mjög fylgjandi því að málið nái fram að ganga. Svo mun og vera um lagadeild og viðskiptadeild Háskóla Íslands.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara um þetta mál miklu fleiri orðum. En það má segja að ef þetta frv. verður að lögum, þá er einkum um að ræða þrjár breytingar frá því námskerfi sem nú er. Í fyrsta lagi er það, og það er meginbreytingin, að menn öðlast ekki réttindi sem löggiltir endurskoðendur nema hafa lokið brottfararprófi frá viðskiptadeild Háskóla Íslands með endurskoðun sem kjörsvið. Í öðru lagi eru breytingar samkv. 10. gr. sem varða áritun löggilts endurskoðanda á reikningsskil, þ. e. a. s. hvað það þýðir ef endurskoðandi áritar. Og í þriðja lagi eru breytingar samkv. 11. gr. þar sem talið er upp hvaða endurskoðun löggiltum endurskoðanda er heimilt að framkvæma hjá þeim stofnunum og fyrirtækjum þar sem hann er að öllu leyti eða að hluta.

Ég sé sem sagt ekki ástæðu til þess að hafa um þetta fleiri orð, en ég legg áherslu á það, þótt málið sé þetta seint fram komið, að hv. þd. afgreiði það.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.—18. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv.

Jarðalög, frv. (þskj. 741, n. 865, 842, 866). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Landbn. hefur rætt efni frv. á mörgum fundum. Á Alþ. 1973—1974 var frv. til jarðalaga til meðferðar í landbn. Nd. og hafði n. skilað áliti og brtt. og tryggt málinu meirihlutafylgi gegnum báðar deildir þegar þingið var rofið 1974.

Eins og kemur fram í grg. með frv. hefur n. þm. úr stjórnarflokkunum ásamt Sveinbirni Dagfinnssyni ráðuneytisstjóra og Árna Jónassyni erindreka unnið að því s. l. vetur að endursemja

frv. um jarðalög og ábúðarlög. Niðurstaðan varð sú að um öll atriði náðist full samstaða, enda voru nm. sammála um það að ekki mætti dragast lengur að lögfesta þessi frv.

Við 1. umr. málsins lagði hæstv. landbrh. fram brtt. við 26. gr. og mælir n. með samþykkt hennar. Landbn. leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem hún leggur fram á sérstöku þskj. Við endanlega afgreiðslu málsins voru hv. þm. Benedikt Gröndal og Eðvarð Sigurðsson fjarstaddir.

Á þskj. 866 eru 4 brtt. frá landbn.

1. brtt. er við 3. gr. og hún er um það að orðið „lóða" falli niður. 3. gr. byrjar þannig: „Lög þessi taka til jarða, jarðarhluta, afréttarlanda, öræfa, lóða og landspildna".

2. brtt. er við 10. gr., og það er til samræmingar við 21. gr. laga um náttúruvernd að bæta við 1. mgr.: „að fenginni umsögn náttúruverndarnefnda."

Við 13. gr. er brtt. þar sem er bætt inn í: „ef hagsmunir sveitarfélags krefjast," þ. e. a. s. ráðh. er heimilt, ef hagsmunir sveitarfélags krefjast, að leyfa eiganda og ábúanda þeirrar jarðar, sem skipt var úr, að fengnum meðmælum jarðanefndar og landnámsnefndar, að leysa til sín hinn úrskipta jarðarhluta.

Við 14. gr. er alveg sams konar brtt.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Við fjöllum hér um frv. sem í þrjú ár hefur verið til meðferðar í landbrn. Það var lagt fyrir hv. Alþ. í því formi að í því voru ekki færri en ferns konar atriði sem stríddu ýmist ótvírætt gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar eða gegn anda stjórnarskrárinnar. Þetta segir sína sögu um það, að það kann að vera tilefni til að endurskoða starfsaðferðir embættismannakerfisins. Starfsaðferðir Alþ. eru oft gagnrýndar, en mér sýnist á þessu frv. að það sé ekki minna tilefni til að athuga vel starfsaðferðir stjórnarráðsins. Ég veit að stjórnarráðið hefur fjölmörgum mjög vel hæfum embættismönnum á að skipa. Ég veit líka að þetta frv. hefur verið athugað af fjöldamörgum mönnum. Það hefur verið rætt á mjög mörgum fundum, að því er mér er tjáð. Það er alveg ljóst að í frv. er fjallað um atriði þar sem menn hafa óhjákvæmilega mjög skiptar skoðanir. Engu síður ættu eftir allan þennan tíma að hafa fundist viðunanleg úrlausn þannig að unnt væri að leggja slík mál fram sem sæmilegt frv. ríkisstj. sem í eru Sjálfstfl. og Framsfl. Ég hef velt þessu mikið fyrir mér, hvernig því getur vikið við að svo stórgallað frv. getur komið úr höndum svo margra færra manna. Ég held að það, sem gerst hefur, sé að einmitt vegna þess hve margir hafa um það fjallað, þá hafi menn hneigst til þess að ætla hver öðrum að hafa athugað frv. nægilega vel. M. ö. o.: það hefur verið Þríbjörn í Tvíbjörn-reglan sem hefur gilt við samningu þessa frv. Þeir, sem hafa setið á einum fundi og litið á frv., hafa sennilega verið að flýta sér við athugun einhverra annarra mála og hafa treyst því að þeir, sem áður höfðu athugað málið, hlytu að hafa gengið frá ýmsum hæði formsatriðum og efnis, þannig að óhætt væri að leggja blessun sína yfir það. En árangurinn varð, eins og oft er um störf þar sem hver ætlar öðrum að vinna verkin, að verkið varð ekki unnið, þ. e. a. s. það verk að búa til frambærilegt frv.

Ég veit að það er nokkuð mikið upp í sig tekið að segja þetta, en því miður er þetta staðreynd.

Það kann að vera að önnur ástæða liggi til þess, að frv. þetta varð svo úr garði gert sem raun ber vitni, heldur en sú hve margir fjölluðu um það. E. t. v. er höfuðástæðunnar að leita í öðru, sem sé í því, að um þetta frv. hafa einungis fjallað aðilar sem allir hafa sömu hagsmunina að leiðarljósi. Það eru einungis hagsmunaaðilar landbúnaðarins sem hafa fjallað um þetta frv. Árangurinn er sá að ákvarðanir samkv. þessu frv., ef svo illa færi að það yrði samþ. á Alþ., ákvarðanir samkv. því væru einnig allar í höndum hagsmunaaðila landbúnaðarins, — þótt svo þær snerti og bitni á hagsmunum annars fólks, þá eiga allar ákvarðanir annað hvort að vera teknar af landbrh., jarðanefnd, Landnámi ríkisins eða þá sveitarstjórnum með hagsmuni þessara aðila fyrir augum. Ef ágreiningur verður milli sveitarstjórna og jarðanefnda, þá á landbrh. að skera úr.

Það er sem sagt ekki hægt að finna annars staðar í þessu frv. en að allar ákvarðanir eigi að vera í höndum aðila sem hafa sömu hagsmunina að leiðarljósi. Og það er ekki einungis að allar ákvarðanir eigi að vera í höndum þessara hagsmunaaðila, heldur er gildissvið frv. svo stórt að það er í raun og veru verið að leggja allt landið undir stjórn þessara aðila eða a. m. k. fasteignir á öllu landinu nema í kaupstöðum og skipulögðum kauptúnum. Ég veit ekki hvort hv. þdm. hafa gert sér grein fyrir þessu, en hér er um hlut að ræða sem gripur svo alvarlega inn í mörg stór atriði í verkefnum ríkisstj. og í verkefnum annarra ráðh. að það er alveg ótrúlegt að þetta skuli hafa komist í þessu formi inn í sali Alþingis.

Þegar ég ræði um gildissvið frv., þá vil ég lesa 3. gr. frv. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Lög þessi taka til jarða, jarðarhluta, afréttarlanda, öræfa, lóða og landspildna" — það er að vísu till. um að orðið „lóða" falli burt, ef ég man rétt. Já, það er hér í brtt. frá n., en það skiptir engu, ég held lestrinum áfram, með leyfi hæstv. forseta. Ég hafði lesið að lögin tækju til jarða, jarðarhluta, afréttarlanda, öræfa, lóða og landspildna. Enn segir: „svo og til ítaka, skóga, vatnsréttinda, veiðiréttinda og hvers konar annarra hlunninda, hvort sem þau eru skilin frá jörð eða ekki. Þéttbýlissvæði, sem skipulögð eru fyrir fasta búsetu manna sem ekki stunda landbúnað, eru undanskilin ákvæðum laga þessara."

Þá þarf að átta sig á, hvað er landbúnaður. Svar við því er í þessari sömu gr., og enn segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Rísi ágreiningur um það, hvað teljast skuli landbúnaður samkv. lögum þessum, eða um starfssvið jarðanefnda að öðru leyti, sker landbrh. úr þeim ágreiningi."

Sem sagt, landbrh. sker nánast úr um það, hvar þessi lög skuli gilda. Veiðiréttindi, vatnsréttindi, hvers konar önnur hlunnindi, hvort sem þau eru skilin frá jörðu eða ekki, — menn muna kannske eftir biturri reynslu í sambandi við land sem

hefur átt að taka til mikilvægra orkuframkvæmda ríkisins, — hvernig halda menn að slíkt gæti farið eftir gildistöku þessara laga? Svo er að sjá sem hæstv. iðnrh. hafi ekki af þessu atriði minnstu áhyggjur.

Í II. kafla frv. segir í 4. gr. að í hverri sýslu skuli starfa jarðanefnd. Í þessari jarðanefnd eiga að vera 3 menn, búnaðarsambandið í sýslunni nefnir tvo, sýslunefnd einn, svo að það er alveg öruggt að hagsmunir þessara sömu stétta ráða jarðanefndinni. Síðar í frv. segir að þóknun jarðanefnda skuli ákveðin af landbrh., það er í 20. gr., og í þeirri sömu gr. segir að kostnaður — ekki aðeins laun jarðanefndarinnar, heldur kostnaður við störf jarðanefndar greiðist að hálfu af viðkomandi sýslu og búnaðarsambandi og að hálfu úr ríkissjóði. Það er oft gerð um það krafa, a. m. k. þegar þm. flytja mál sem hafa í för með sér kostnað, að slíkum frv. fylgi einhver kostnaðaráætlun. Ég hélt kannske sem þm. að það skipti einhverju máli að það lægi fyrir einhver kostnaðaráætlun. Ég hélt kannske að hæstv. fjmrh. teldi það einhverju skipta. Í þessu frv. eða grg. þess er ekkert sem segir til um það hvað þetta á að kosta. Ákvörðun um það er einfaldlega lögð í hendur hæstv. landbrh.

Það er ekki eitt, heldur næstum því allt, sem er að þessu frv. Þetta hvort tveggja var um viss atriði sem varða þetta frv. nokkuð almennt, vítt og breitt. Ég vil víkja að öðru sem líka varðar þetta frv. vítt og breitt, en felst þó fyrst og fremst í vissum ákvæðum þess. Það er pólitísks eðlis. Það er þess eðlis að ég tel að þeir stjórnmálaflokkar, sem fylgja jafnrétti þegnanna, og þeir stjórnmálaflokkar, sem fylgja réttindum einstaklinga, geti ekki stutt þetta frv. Þetta er frv. um misrétti þegnanna, þetta er löghelguð mismunun eftir stéttum, og þetta gengur í berhögg við andann í mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar. Ég mun ekki sem sjálfstæðismaður geta stutt þetta frv. og ítreka það sem ég sagði við 1. umr., að ég mun greiða atkv. gegn því.

Áður en þetta frv. kom til umr. í þessari hv. d., en þó eftir að eitt ákvæði þess, sem gekk í berhögg við stjórnarskrána, hafði verið lagfært í Ed., þá sá ég að eitt ákvæði annað gekk tvímælalaust í berhögg við stjórnarskrá. Það ákvæði gerði ráð fyrir heimild til eignarnáms án þess að fullt verð kæmi fyrir. En eins og allir hv. þdm. muna, þá er í 47. gr. stjórnarskrárinnar skýrt kveðið á um það að engan mann megi skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji, enda skuli það gert með lögum og fullt verð komi fyrir. Þetta er beinlínis verndað af stjórnarskránni, og stjórnarskráin er þau lög sem þm. ber að hafa að leiðarljósi og þeir vinna eið að þegar þeir taka við störfum sínum. Mér bar að mínu mati sem forseta að taka þetta mál ekki á dagskrá með því ákvæði eins og það var. Hv. Ed. hafði þó hleypt frv. í gegn, og mér er það alveg ljóst að málið er svo stórt og margslungið að það gat eins komið fyrir hv. þdm. þar, eins og þá fimm lögfræðinga og þar af tvo fyrrum prófessora í stjórnlagafræðum í hæstv. ríkisstj., að láta sér sjást yfir þetta, svo að mér fannst úr því sem komið var að ég yrði að benda hæstv. landbrh. á þetta ákvæði áður en málið væri rætt í d. Hann brá við skjótt og lagði fram brtt. um þetta atriði strax við 1. umr., þannig að svo mátti líta á að ekki væri lengur um frv. til stjórnskipunarlaga að ræða. Þess vegna taldi ég rétt að leyfa málinu að koma á dagskrá. Hitt er annað mál, að eftir standa í frv. ákvæði sem að mínu mati stríða gegn anda stjórnarskrárinnar. Það er að vísu dálítið annað en skýlaust bókstaflegt brot, en það er nægilegt til þess að Alþ. á ekki að afgreiða slík lög, því síður að samþykkja þau.

Menn spyrja kannske: Af hverju stendur hér hv. 5. þm. Reykv., sem er forseti Nd., og færir fram slík rök í stað þess að fara í forsetastól og vísa málinu frá sem óþinglegu af þessum sökum sem máli sem ekki stenst gagnvart stjórnarskránni? Ég mun leitast við að svara því. Ég hef um helgina og í þeim fáu fristundum, sem gefist hafa í seinni tíð, setið yfir þeim lagabókum sem mér hafa verið handbærar um þetta efni, og ég hef fundið þar álit margra fræðimanna þess efnis að þegar um er að ræða það skilyrði stjórnarskrár að almenningsþörf sé fyrir hendi til þess að eignarnám megi fara fram, þá sé það efni sem löggjafinn á að ákveða. Það er löggjafans að ákveða hvort almannaþörf sé fyrir hendi, segja margir fræðimenn, en þó ekki allir. Mér verður litið til míns gamla læriföður, hæstv. dómsmrh. sem hér situr, því að þannig er að hann er ekki sammála í riti sínu, Stjórnskipunarrétti, vissum öðrum fræðimönnum um þetta atriði. Ég veit að hér í salnum eru menn mér færari til að vitna í ýmis rit eða þá höfunda sem ég var að fletta upp í, en engu að síður er það nú svo, ef mér leyfist að vitna í þann danska lögspeking, Alf Ross, þá heldur hann því fram að löggjafinn eigi að ákveða hvað sé almenningsþörf. Dómstólar munu ekki telja sig bæra til að ákveða hvað sé almenningsþörf. Þess vegna munu vafaatriði um það ekki valda því að dómstóll skeri úr um þetta atriði. Það, sem ég á við með þessu, er að einstaklingur telur að eign, sem hann á, hafi verið tekin eignarnámi og ekki hafi verið til þess almenningsþörf, hins vegar eru um það atriði skýr ákvæði í lögum. Einstaklingurinn telur að þessi lög gangi gegn stjórnarskránni vegna þess að það sé ekki rétt mat að þarna sé um almenningsþörf að ræða og þess vegna sé eignarnámi hnekkt. Þetta telur Alf Ross og fleiri, prófessor Gaukur Jörundsson, ef ég man rétt, í sinni doktorsritgerð, að sé ekki verkefni dómstóla að skera úr um, ef löggjafinn hafi ákveðið að þetta atriði eða hitt sé almenningsþörf, þá verði dómurinn að byggja sína niðurstöðu á því. Hins vegar segir prófessor Ólafur Jóhannesson sem þá var, núv. hæstv. dómsmrh., að yngri fræðimenn margir haldi fram að þessi kenning sé ekki rétt, dómstólar eigi einmitt úrskurðarvald um það — eða geti átt — hvað sé almenningsþörf. Þetta segi ég aðeins mönnum til athugunar, ekki af því að ég telji mig færa um að segja til um það hvor kenningin sé réttari. Þetta segi ég aðeins til að undirstrika hve geysivíðkvæmt atriði við erum hér að fjalla um, og þegar löggjafinn tekur ákvörðun um það í lögum hvað sé almenningsþörf, þá er það tvímælalaust skylda, stjórnskipuleg og siðferðileg, að hafa það álit rökstutt, skýrt og vandað.

Í lögum um — nú man ég því miður ekki nákvæmlega nafn laganna, annaðhvort heita þau byggingarlög Kaupmannahafnarborgar eða lög um byggingarsamþykktir Kaupmannahafnarborgar — er heimild til eignarnáms fyrir Kaupmannahafnarborg á lóðum í nágrenni mannvirkja borgarinnar sem gætu talist nauðsynlegar almannavaldinu frá sjónarmiði Kaupmannahafnarborgar. Það er sem sagt í lögum þessum heimild til að taka eignarnámi vissar lóðir og lendur — ja, við skulum segja í dag eða mjög fljótlega, ef Kaupmannahafnarborg eða yfirvöldum hennar sýnist að þessar lóðir eða lendur muni geta orðið nauðsynlegar því borgarfélagi síðar. Ástæðan gæti verið sú að viðkomandi borgaryfirvöldum þætti líklegt að vegna framkvæmda borgarinnar hækkuðu þessar lóðir eða lendur í verði og þætti sér þess vegna hentara að taka þær eignarnámi fyrr en síðar. Þessi lög fjalla að vísu um réttindi Kaupmannahafnarborgar einnar, en þau hafa verið látin gilda eða yfirfærð á önnur sveitarfélög í Danmörku. Af þessu hafa risið alvarleg dómsmál, og svo að ég vitni enn til Alfs Ross, þá rekur hann það að undirréttardómur hafi komist að þeirri niðurstöðu að ákvæði sem þetta stríddi ekki gegn stjórnarskránni. En aðrir hafa hnekkt þessu áliti undirréttarins og halda því fram að löggjafinn geti ekki falið sveitarfélögunum að ákveða hvað sé almannaþörf, það sé löggjafans að ákveða hvað er almannaþörf. Það skal tekið fram að þessu máli hafði a. m. k. ekki þegar sú bók var rituð, sem ég tala hér um, verið vísað til hæstaréttar Danmerkur, en miklir sérfræðingar nágrannaþjóða okkar um þessi efni eru ósammála niðurstöðu þessa undirréttardóms.

Þetta rek ég hér vegna þess að hv. landbn. telur sig hafa gert bragarbót á 13. og 14. gr. frv. þar sem einmitt er fjallað um eignarnámsheimildir sem eru vafasamar í meira lagi. Hv. landbn. hefur lagt til að inn í þessar greinar verði skeytt setningunni: „ef hagsmunir sveitarfélags krefjast“ og telur sig þar með hafa gegnt skyldu sinni að því er þetta varðar. Ef niðurstaða þeirra fræðimanna, sem ég gat hér um áðan, er rétt, þá getur þetta ekki staðist. Með þessu er löggjafinn að veita sveitarfélögum almennt úrskurðarvald um það hvað séu almannahagsmunir. Það er ekkert tekið fram um það hvers konar hagsmunir sveitarfélags það séu, heldur almennt hagsmunir sveitarfélags. Þetta er svo teygjanlegt og óljóst að Alþ. getur ekki látið slíkt frá sér fara. Við það bætist að ef þetta ætti að standa, þá sýnist mér að það hefði þurft að breyta ýmsum öðrum gr. frv. í samræmi við þetta. En látum það nú vera, við skulum vona að þessa verði allt saman fellt hvort sem er svo að til þess komi ekki að þess þurfi. En ég veit ekki hvað hv. landbn. hefur hugsað þegar hún skeytti inn þessum orðum: „ef hagsmunir sveitarfélags krefjast.“ Hver á að meta þá hagsmuni? Er það ekki sveitarfélagið sjálft? Þar með erum við búnir að fela sveitarfélaginu þetta úrskurðarvald, öllum sveitarfélögum í landinu, að ákveða sem sagt að ábúandi eða eigandi jarðar geti leyst til sín úrskiptan jarðarpart, hvað sem eigandi þess úrskipta jarðarparts segir, einungis ef þessi tiltekna hreppsnefnd og hinir hagsmunaaðilarnir, sem hafa sömu hagsmunina að leiðarljósi allir saman, ákveða. Og þessir jarðarpartar geta verið hvort heldur er það sem hv. landbn. mundi kannske telja — ja, ég veit reyndar ekki hvað hv. landbn. telur landbúnaðarjarðir, það er hvergi skilgreint í þessum lögum hvað landbúnaður er. Ég spurði um það við 1. umr. og fékk engin svör hjá hæstv. ráðh. En þá er að fletta upp til hvers taka þessi lög. Hvers konar land er það sem sveitarstjórn getur ákveðið að tekið verði eignarnámi ef henni sýnist svo? Ekki er svo að sveitarstjórnin sjálf taki þau eignarnámi, hvers konar land er það sem sveitarstjórn getur rétt einstökum bónda í sveit sinni, ef henni sýnist svo, til kaups? Það voru jarðir, jarðarhlutar, afréttarlönd, öræfi, — ekki lóðir, ef brtt. verður samþ., — landspildur, ítök, skógar, vatnsréttindi, veiðiréttindi og hvers konar önnur hlunnindi, hvort sem þau eru skilin frá jörð eða ekki. Ég spyr aftur hæstv. iðnrh. — Nei, hann gekk nú út úr salnum. Ég skil ekki hvernig stendur á því að menn hafa ekki áhyggjur af slíku ákvæði í sambandi við orkuréttindi? Ég veit að hæstv. ríkisstj. telur sig ekkert upp á það komna að hlusta á röksemdir alþm. þessa seinustu daga, en það verður þá a. m. k. ekki hægt að segja að það hafi ekki verið reynt að benda á þessa hluti. Þetta er kannske nokkuð mikið sagt, heyrist mér hæstv. dómsmrh. segja hér í sæti sínu, en hvað á maður að halda þegar frv. eins og þetta liggur fyrir í alvöru til umr?

Ég beindi því til hæstv. ríkisstj. af fyllstu einlægni og frá mínu sjónarmiði af ráðhollustu hvort hún vildi ekki draga þetta frv. til baka, taka það til nýrrar athugunar og ef endilega þarf að bera fram nýtt frv. til jarðalaga, bera þá fram nýtt frv. og miklu betra í haust. Þetta hefur hæstv. ríkisstj. ekki talið ástæðu til að gera, en telur hins vegar, að því er virðist, sóma sinn meiri fyrir það að standa á bak við mál eins og þetta. Ég verð að segja að þetta þykir mér dapurleg niðurstaða. Ég vona þó að það sé of snemmt fyrir mig að segja að þetta sé niðurstaða. Það er enn tími til að bjarga þessu máli. Svona frv. til jarðalaga er ekkert hægt að gera við — ja, nema að jarða það. Það er bókstaflega að mínu viti ekki frambærilegt af Alþingi Íslendinga, sem hefur stjórnarskrá Íslands að leiðarljósi, sem hefur í huga mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar, að samþykkja svona frv.

Svo að ég víki aftur nánar að 13. og 14. gr. þessa frv., þá var aðalatriðið að þar er einstaklingum gefin eignarnámsheimild. Ég vitnaði til þess við 1. umr. málsins, og ég ætla að gera það aftur, að í stjórnskipunarrétti sínum segir fyrrum prófessor Ólafur Jóhannesson, núv. hæstv. dómsmrh., að hagsmunir einstaklings mundu ekki vera taldir nægilegur grundvöllur eignarnáms. Skilyrði stjórnarskrárinnar er almenningsþörf. Hitt er svo annað mál, að löggjafinn getur leiðst út á þá glapstigu að telja að ein stétt í þjóðfélaginu sé svo miklum mun rétthærri en aðrar stéttir að henni beri heimild til þess að taka eignarnámi eigur annars fólks í þjóðfélaginu. Það er stefnan í þessu frv. Landbúnaður er merkileg atvinnugrein. Það er sjávarútvegur ekki síður, það er iðnaður, það er verslun. Ég skil ekki að menn sjái ekki út á hvaða braut Alþ. fer með því að samþykkja slíkar heimildir. Er það raun-

verulega svo að hv. þm. komi ekki auga á það fordæmi sem gefið er með þessu?

I ánuga sínum fyrir ettingu landbúnaðarins og yfirgengilegri umonnun, liggur mér við að segja, hafa notunar þessa frv. latið sér detta í hug að semja slík ákvæði eins og þetta. En einungis þetta, að einn maður fái í atvinnuhagsmunaskyni að leysa til sín eign nágranna síns þótt svo að hann kaupi hana fullu verði, það er ekki alltaf sem menn vilja selja eigur sínar. Ef einn maður færi í atvinnuhagsmunaskyni að leysa til sín og kaupa eign nágranna síns til þess sjálfur að geta ráðstafað þeirri eign, þá erum við að lögleiða þvílíkt misrétti í þjóðfélaginu að ég sé ekki hvernig hv. þdm. ætla að horfa uppréttir framan í sína kjósendur þegar þessu þingi okkar verður nú lokið, hvenær sem það verður, nema þá það komi í ljós að hv. þdm. þyki alveg rétt að leggja slík réttindi með lögum upp í hendurnar á — ekki einstökum heilum stéttum, heldur einstaklingum, vegna þess að þeir tilheyra einhverri ákveðinni stétt. Min niðurstaða, hvernig sem ég velti þessu fyrir mér, er ekki önnur en sú að þetta sé hreint og beint ósiðlegt. Það er sterkt til orða tekið, en ég segi, hv. þdm., þetta getum við ekki gert.

Ég reyndi að bera þetta saman við aðrar atvinnugreinar við 1. umr. þessa máls. Ég hitti hv. þm., ég man nú ekki lengur hver það var, hér frammi á göngum sem sagði við mig: Þessi dæmi eru ekki sambærileg. — Og ég spyr: Af hverju eru þau ekki sambærileg? Eru menn virkilega svo blindaðir að þeir sjái ekki hvað er við það að athuga að stjórnarskrárákvæði um friðhelgi eingarréttarins, að stjórnarskrárákvæði um skilyrði eignarnáms, þar sem krafist er þess að almenningsþörf liggi fyrir, — þessu ákvæði sé beitt þannig að það sé lagt upp í hendurnar á einstökum manni í atvinnuhagsmunaskyni af þeirri ástæðu? Það eitt er fráleitt. Ástæðan er í frv. að maðurinn stundar landbúnað. Ef nú allir þeir, sem landbúnað stunda á Íslandi, væru þvílíkir snillingar að landið okkar þyrfti aldrei að hafa efnahagsáhyggjur framar ef þeir fengju allt sem þeir vildu, þá gæti verið að það rynnu tvær grímur á ýmsa hv. alþm., ef þeir skoðuðu nú reglulega vel samvisku sína. En það er bara svo með landbúnað eins og svo margar aðrar atvinnugreinar að þar eru því miður vafalaust margir búskussar innan um. Menn verða ekki snillingar af því einu að stunda landbúnað. Og ég get ekki séð að almenningsþörf krefji að maður, sem er búskussi, fái að leysa til sín eignir annarra manna til þess að nýta þær sjálfur. Til hvers? Menn geta verið góðir þm. sinna kjördæma og gætt hagsmuna bændanna í sínu kjördæmi án þess að rétta þeim verðmæti landsins með þessum hætti. Hver tryggir það að þeir bændur, sem leysa til sín jarðir eftir þessu ákvæði, veiti þeim jörðum þá meðferð sem landið okkar á skilið? Hvar koma þau sjónarmið inn í þessu frv.? Ég er ósköp hrædd um það að þau sjónarmið, sem liggja að baki þessu frv., séu að veita þeim mönnum sem mest réttindi sem reka starfsemi sem hefur í för með sér landeyðingu. Nú á ég við þá starfsemi sem — (Gripið fram í: Eru þetta nú ekki öfugmæli?) Það eru ekki aldeilis öfugmæli. Ég veit ekki betur en bæði meðlimir hv. landbn. og aðrir þm. hafi fengið í hendur margar skýrslur um beitarþol landsins. Ég veit ekki betur en í sögum okkar fornum sé skrifað um land sem var skógi vaxið milli fjalls og fjöru. Eg veit ekki betur en hér séu í jörðu steingervingar sem sýna fram á það að fyrir að vísu löngu og áður en Stéttarsamband bænda kom til sögunnar hafi verið hér miklir og merkir skógar. Ég veit ekki betur en það hafi margsinnis verið sýnt fram á það að þetta land er miklu betra en það lítur út fyrir að vera. Það er nýfarinn af þinginu einn hv. varaþm., andstæðingur minn í stjórnmálum, en sá hv. varaþm. vinnur með starfi sínu merkilegt verk á því sviði að sýna fram á það hvað þetta land er gott, að það er hægt að rækta það og bæta miklu meira heldur en margir þeir, sem landbúnað svonefndan stunda, vilja nokkurn tíma viðurkenna. En þetta er að vísu önnur saga. Hins vegar minnir hún okkur á það einu sinni enn, að það er ekki sama hvort að svona máli, sem í felast jafnviðtæk réttindi örfáum manneskjum til handa, er staðið aðeins með hagsmuni örfárra fyrir augum og með viss, e. t. v. nokkuð takmörkuð sjónarmið að því er varðar nýtingu landsins. Ef hv. þdm. telja að hér sé um almenningsheill að ræða eða almenningsþörf, eins og segir í ákvæði stjórnarskrárinnar um skilyrði eignarnáms, þá eru þeir þar með að segja að búskussinn þjóni betur almenningsheill heldur en sá sem ræktar landið og bætir það og verndar það, nema þá að skilningur frv. — eða skilningur landbrh., ætti ég að segja — á því hvað sé landbúnaður sé einhver allt annar heldur en 10 kúgilda skilningurinn, sem fram kemur í 1. gr. ábúðarlaganna. Þar er talað um, ef ég man rétt, ég hef þau nú ekki hér hjá mér, en þar er talað um jörð eða bújörð sem ber 10 kúgildi. Það er fjöldamargt annað náttúrlega sem hægt er að nytja landið til og menn eru sem betur fer — nútímamenn a. m. k. — æ betur að opna augun fyrir því.

Ef þetta frv. verður samþ., þá er þar með verið að sporna gegn því að aðrir en þeir, sem landbúnað í skilningi hæstv. landbrh. stunda, geti átt eignir utan kaupstaða og skipulagðra kauptúna. Hvað segðu menn nú ef Alþ. samþykkti lög um það að þeir, sem eiga lögheimili utan kaupstaða og utan skipulagðra kauptúna, mættu alls ekki eiga fasteignir í kaupstöðum eða skipulögðum kauptúnum? Hvað segðu menn ef það væri ákveðið með lögum á Alþ., — við skulum aðeins halda okkur við þann hagsmunahóp sem hér er um rætt í þessu frv., ef ákveðið væri með lögum á Alþ. að þeir, sem landbúnað stunda, mættu ekki eiga fasteignir í Reykjavík? Reykvíkingar hafa nóg við sínar fasteignir að gera. Það skortir oft húsnæði í Reykjavík. Það gæti vel farið svo að mönnum dytti í hug að setja lög um það að þeir, sem eiga heima utan Reykjavíkur, mættu ekki eiga þar íbúðir, a. m. k. að það væri svo að reykvíkingar mættu leysa þær til sín, mættu kaupa þær, hvort sem eigandanum — utanbæjareigandanum — sýndist svo eða ekki. Ég held að ef þetta frv. verður samþykkt, þá reisi það þvílíka öldu af mótmælum, ekki

sist í Reykjavík og öðrum þéttbýlisstöðum, að ríkisstj. eigi eftir að iðrast þessa verks sárlega ef hún þá stenst það.

Þegar ég er að tala um 13. og 14. gr. frv., þá hef ég aðallega rætt um það að eigandi eða ábúandi jarðar leysi til sín úrskiptan jarðarpart. Í raun og veru er þetta ekki alveg nákvæmt að því er 14. gr. varðar því að þar er talað um það tilvik þegar jörð er í sameign, þá má sá sameigandinn sem rekur bú á jörðinni, hvað sem það er nú eftir skilningi hæstv. landbrh., og hefur þar fasta búsetu, þá má hann leysa til sín eignarhluta sameigendanna. Nú veit ég að hv. þm. hafa rætt um það sín á milli hve hörmulega sorglegt það væri að vegna ósamkomulags sameigenda yrði e. t. v. einn sameigendanna að bregða búi eða skipta um atvinnu. Hver veit um það hvaða áhrif það hefur á annaðhvort afkomu eða aðra hagsmuni hinna sameigendanna að þessi eign er af þeim tekin og nýtingarmöguleiki hennar er fenginn öðrum?

Nú segja e. t. v. ýmsir hv. þm.: Af hverju er þessi þm. að tala um þetta sem svona fráleitan hlut þegar fullt verð á að koma fyrir eignina? Ég spyr þá alla í einu: Eru þeir tilbúnir til þess að selja eignir sínar á morgun ef hreppsnefndin ákveður að nágranni þeirra skuli fá eignina? Eða ef einhver er hér inni, við skulum segja í þéttbýli, sem býr á næstu lóð við eitthvert iðnfyrirtæki, er hann tilbúinn til þess að hlíta því að þetta iðnfyrirtæki leysti til sín eignina og nýtti hana til þess sem því sýndist? Ég býst við að fáir mundu taka því með fögnuði. Hvernig ætlast menn þá til þess að þeir, sem eiga eignir utan þéttbýlis, uni því að með þá sé farið eins og þetta frv. gerir ráð fyrir?

Ég vil geta þess að það hafa margir rætt við mig og vafalaust aðra þm. a. m. k. hér á þéttbýlissvæðinu undanfarið og sagt: Það getur ekki verið að Alþ. ætli að afgreiða þetta frv. sem lög. — Það snertir hagsmuni svo margra sem alls ekki hafa fengið tækifæri til að tjá sig um þetta mál, til að ræða það sín á milli, þetta getur haft svo víðtækar afleiðingar úti í þjóðfélaginu að það er mjög óviðeigandi, óheppilegt og það er pólitískt óþolandi að slíku máli sé hespað af á Alþingi. Í gærkvöld kom áskorun til þingflokks sjálfstæðismanna frá Sambandi ungra sjálfstæðismanna þar sem skorað er á alla þm. flokksins að leggjast gegn þessu frv. Ég þykist þó vita að það séu margir fleiri sem eiga eftir að koma auga á agnúana í þessu máli.

Eins og menn sjá, þá er þetta mál lagt fram seint á þinginu, þetta er 257. mál. Það er mjög flókið, kemur inn á ótrúlega marga viðkvæma hluti að því er varðar einstaklinga og getur einnig mjög skert það svið sem ríkisvaldið þarf að fást við, annað en hv. landbrh. Þess vegna er það einungis að vonum að menn séu nú smátt og smátt að koma auga á agnúana í málinu. Hitt er annað mál, að mönnum finnst það með ólíkindum að slíkt mál skuli geta komið í þessu formi inn í sali Alþ. eftir að hafa verið til meðferðar í höndum allra þeirra aðila sem ég ræddi um áðan.

Niðurstaða mín er þessi: Hér er um mál að ræða sem er undirbúið af fjöldamörgum aðilum sem hafa allir hagsmuni sama þrönga hópsins fyrir augum. Hér er um frv. að ræða sem gerir ráð fyrir forréttindum handa þröngum hópi í þjóðfélaginu með stéttarhagsmuni hans fyrir augum. Hér er um mál að ræða sem er algerlega nýstárlegt í íslenskum lögum að því leyti til, að það er gert ráð fyrir að eignarnámsheimild samkv. stjórnarskránni sé notuð til handa einstaklingum í atvinnuhagsmunaskyni þeirra. Hér virðist löggjafinn ætla að stefna að því að telja það almenningsþörf að einn maður fái í eiginhagsmunaskyni að leysa til sín eign annars manns og hafa ráðstöfunarrétt þannig á eign annars manns. Og hér er enn um mál að ræða þar sem eru fjöldamörg vafaatriði. Alþ. varpar þeim frá sér með því að fá fyrir fram hæstv. landbrh. úrskurðarvaldið, — enn eitt dæmið um það að því miður hefur Alþ. ekki sinnt skyldum sínum í að lagfæra ágalla sem eru á framkvæmd ýmiss konar atriða er varða réttarágreining, enn eitt dæmið um það að dómsvaldið í landinu er ekki nægilega eflt, heldur er ráðh. fengið úrskurðarvald um margvíslegustu efni. Og ég verð að segja það með allri virðingu fyrir hæstv. ríkisstj., að heldur vil ég eiga stjórn dómsmálanna undir hæstv. dómsmrh. en hæstv. landbrh. Hér er úrskurðarvald um öll möguleg atriði fengið hæstv. landbrh. Mér finnst talsverðu máli skipta að í slíkum hlutum komi einhvers staðar lagaþekking við sögu og þau fyrirmæli séu virt sem fela óháðum dómendum að fara með dómsvaldið í landinu. En hér er hæstv. landbrh. einfaldlega fengið úrskurðarvald um það hvar lög skuli gilda, um hvað sé landbúnaður, honum er einnig fengið úrskurðarvald ef ágreiningur verður milli þeirra aðila sem eiga að fjalla um margnefnda eignarnámsheimild fyrir einstaklinga. Það er varla hægt að taka þessa seinustu setningu upp í sig, en frv. fjallar nú um þetta, eignarnámsheimild fyrir einstaklinga. Ef úrskurðaraðilarnir eru ekki sammála, þá sker landbrh. úr.

Þetta er atriði sem ég held að hefði verið tiltölulega einfalt fyrir hv. n. að laga, svo að ég held að þetta hljóti að vera vangá eins og raunar margt fleira í þessu frv. sem má segja að sé allt saman vangá. Mér sýnist þetta frv. vera ein allsherjarmistök frá upphafi til enda. Og ég leyfi mér, herra forseti, að ljúka þessu máli mínu á því að segja við hv. þdm.: Við skulum taka þennan kaleik frá hæstv. ríkisstj. sem telur sig bundna við að bera þetta frv. fram. Hún hefur sjálfsagt í önnum sínum ekki haft tíma til að líta almennilega yfir það. Við skulum létta af þeim áhyggjum og því amstri, sem kemur til með að fylgja framkvæmd þessara laga, með því að fella frv.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Við erum orðin knöpp með tíma og ég skal ekki dvelja um of við þetta mál.

Ég er hv. 5. þm. Reykv. að ýmsu leyti sammála að því leyti, að mér finnst að þessi jarðalög séu búin að bíða það lengi að ég sé ekki að það skipti íslenskan landbúnað sköpum hvort við afgreiðum þau núna eða seinna ef mörgum hv. alþm. er það jafnmikill þyrnir í augum og hv. síðasta ræðumanni. Mér fannst hv. þm. hafa margt til síns máls, en tapa nokkru í sinni

röksemdafærslu vegna þess hve langt hún gekk og hve stór orð hún notaði, sum hver að mér fannst að litt athuguðu máli.

Hún dvaldi hvað lengst við 13. og 14. gr. frv. Það kann vel að vera að þarna sé fulllangt gengið í að firra bónda þeim vandræðum að standa uppi á hálfri jörð eða ekki það og hafa við hliðina á sér annan ábúanda — og þó ekki ábúanda, mundi það vera í flestum tilfellum, í jafnmörgum tilfellum kannske aðkomumann sem á engan hátt nýtir landið eins og ábúandi jarðarinnar mundi telja heppilegt og sjálfsagt. Mér fannst satt að segja að hv. 5. þm. Reykv. færi nokkuð langt í að gefa sér gratís vissar forsendur, m. a. þá að bóndinn á hinni skiptu jörð væri búskussi, en sá, sem við hliðina á honum sæti, væri hinn mesti landræktarmaður sem sveitarfélaginu og bóndanum væri mikill missir að af jörðinni. Þessu getur að sjálfsögðu verið háttað með mörgu móti, og það er ótækt að gefa sér eina ákveðna forsendu og líta ekki til annarra möguleika, svo margvíslegar aðstæður sem þarna geta verið fyrir hendi. Og ég verð að segja það, að mér fannst hv. þm. gera fulllítið úr og sýna furðumikið vantraust þeim aðilum sem þarna eiga að koma til umsagnar, það er sveitarstjórn, það er jarðanefnd og það er landnámsstjórn. Það hélst nokkuð í hendur við mat hv. þm. á búskussanum að sveitarstjórnarmenn ættu helst að vera dómgreindarlausir óþokkar sem niddust á mannréttindum viðkomandi einstaklings.

Við, sem þekkjum til landshátta og búskaparhátta víða um landið, vitum að þessi skipting jarða hefur valdið íslenskum landbúnaði feiknalegu tjóni. Það eru mýmörg dæmi þess að utanaðkomandi fólk, úr Reykjavík og öðrum þéttbýlisstöðum, hefur keypt upp jarðir sem það hefur ekki nytjað. Það hefur notað jarðir og jarðarparta til þess að eiga þar ánægjulegar stundir þegar best er og blíðast að sumrinu, en hefur jafnframt komið í veg fyrir að jörðin væri nytjuð til ábúðar. Það má til sanns vegar færa að þarna eru í sumum tilfellum hagsmunir örfárra annars vegar. Það er staðreynd að mörg sveitarfélögin okkar, margir sveitarhrepparnir eru orðnir örfámennir og það svo fámennir að mikil hætta stafar af. Þess vegna liggur það í augum uppi, og á þetta hefur oft verið bent hér, að ef ein jörð fellur í eyði til viðbótar við þær eyðijarðir sem hugsanlega kunna að vera fyrir, þá kunna örlög þessa litla byggðarlags, þessa fámenna sveitarhrepps að vera ráðin, því að þegar byggð er orðin gisin að ákveðnu marki, þá má engu muna að hún tæmist ekki algerlega. Og það er það sem við höfum verið að reyna að sporna við undanfarin ár og við höfum haft tilburði í þá átt að framkvæma það sem við köllum byggðastefnu, sem vill leitast við að afstýra því að lífvænlegar byggðir fari í eyði. Ég hygg að þarna sé mergurinn málsins.

Ég vil líka taka fram í þessu sambandi og ég vil biðjast undan því að þessi orð mín séu mælt af andúð í garð reykvíkinga eða annars þéttbýlisfólks, — ég vil benda hv. 5. þm. Reykv. og öðrum þm. Reykv. á að í mörgum tilfellum er bændum úti um sveitir landsins mikil þökk í því að fá nábúa, jafnvel þótt aðeins sé að sumrinu til, einhvern aðkomumann sem sýnir áhuga á ræktun lands og fegrun. Og slíkir gestir eru í mörgum tilfellum miklir aufúsugestir. Og ég vil lýsa því sem skoðun minni að slík upptaka eigna sem þessar gr. gera ráð fyrir komi ekki til nema að vandlega yfirvegaðu máli allra þeirra manna sem til eru kvaddir til að segja sitt álit og það yrði enginn góður ræktunarmaður úr Reykjavík né annars staðar frá, úr öðru þéttbýli, hrakinn á brott úr sambýli við ábúanda jarðar. Ég á við að það séu einmitt búskussarnir sem amast yrði við — eða kannske væri ekki rétt að kalla þá búskussa, heldur menn sem hafa komist yfir jarðir eða jarðarparta án þess að hirða hið minnsta um að hlúa að landinu á nokkurn hátt.

Það eru hinir svokölluðu rányrkjumenn, sem ég vil leggja þann skilning í, að þetta lagafrv. sé að verja sig gegn, en ekki góðum íslendingum, reykvíkingum og öðrum, sem hafa taugar til landsins sem þeir sækja til og vilja vera á og vilja byggja upp og bæta.

Ég skal ekki tefja lengur hv. þd. En ég vil aðeins benda á það, sem okkur er öllum ljóst, að þetta frv. er til komið til þess að bæta úr augljósri vöntun á einhverjum ákvæðum í þá átt, sem þetta lagafrv. gerir ráð fyrir. Hafi það á sér agnúa og vankanta, þá er að sjálfsögðu hægt að sníða þá af, ef ekki nú, áður en það verður lagt fram til afgreiðslu, þá síðar meir. Þessi lög, ef að lögum verða, eru auðvitað ekki óbreytanleg frekar en önnur lög. Og ég skal, verði þetta frv. að lögum og verði ég vitni að því einhvers staðar að málið stefni í þá átt sem minn ágæti kollega, hv. 5. þm. Reykv., — ef ég verð vitni að því að málið stefni í þá átt sem hún óttast, þá skal ég heils hugar standa að því með henni að breyta þeim ákvæðum sem hafa leitt til þess ófarnaðar sem ég vil meina að hún hafi gefið í skyn að við ættum von á.

Hv. þm. tók dæmi héðan úr Reykjavík eða úr öðru þéttbýli, hvort kaupmanni, sem vantaði meira rúm undir sinn rekstur, væri heimilt að taka hús af næsta manni til þess að stækka búðina sína. Ég veit ekki hvort það var ég sem hún vitnaði í, hv. þm., er hún sagði að einhver þm. á göngunum hefði talið þetta algerlega ósambærilegt. Hafi það ekki verið ég, þá er ég þessum þm. sammála. Ég tel þetta ekki sambærilegt dæmi, og ég þarf ekki að fara nánar út í að skilgreina það, svo augljóst er það að þetta dæmi er ekki sambærilegt. Og ég vil minna hv. 5. þm. Reykv. á, sem hún veit fullvel sjálf, að oft hefur Reykjavíkurborg og yfirvöld borgarinnar rekið mann úr húsi sínu og sagt honum: Burt góði, skipulag Reykjavíkur þarfnast lóðarinnar þinnar, þú verður að fara burt úr húsinu þínu, við þurfum að rifa það. — Þessi maður hefur ekkert sér til varnar, hann fer, en hann fær borgað fyrir húsið sitt. Þarna eru almenningshagsmunir taldir þurfa að ganga fyrir vilja og hagsmunum einstaklings, og enginn hefur neitt út á þetta að setja. En það er náttúrlega annað mál, að í Reykjavík eru höfuðin fleiri en í litlu sveitarhreppunum okkar úti um land sem eru margir hverjir að berjast gegn því að fara í eyði.

Ég vil sem sagt endurtaka, ég get tekið undir

ýmislegt í málflutningi hv. 5. þm. Reykv. og ég veit að hún mælir af heilindum þegar hún vill réttinda einstaklinga í heiðri höfð.

Enda þótt mörgu kunni að vera ábótavant í þessu frv., þá vil ég mótmæla því, að það sé rétt að það sé ein allsherjar vangá frá upphafi til enda. Fyrr má nú rota en dauðrota. Mér er í sjálfu sér nákvæmlega sama hvort þetta frv. fær staðfestingu og verður að lögum nú. En einhver lög þurfum við til þess að tryggja þau réttindi sem þessu frv. er ætlað að tryggja, og þar á ég við að búseta jarða úti um land farist ekki fyrir og jarðir fari í eyði vegna þess að utanaðkomandi aðilar hafa þrengt sér þar inn án þess að láta jörðina á neinn hátt njóta sín til ræktunar og eðlilegra nytja.

Að lokum þetta: Ég held að sambýli þéttbýlisfólks og fólks í sveitum sé nokkuð sem við þurfum að leggja áherslu á að sé jákvætt og eðlilegt. Og ég vil heils hugar segja það, að eftir því sem fækkað hefur í sveitunum og borgarbúum fjölgar, þá er full ástæða til þess að sjá fyrir því að fólkið í þéttbýlinu slitni ekki úr tengslum við landið. Það á að fá að njóta sem frjálsast landsins og þeirra unaðssemda sem það hefur að bjóða. En það má ekki verða á kostnað þeirra manna sem enn þá eru að reyna að búa úti í sveitunum, rækta þær upp og stunda atvinnu þar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvH, TÁ, VH, ÞS, ÞÞ, EðS, EKJ, FÞ, GS, GuðlG, GHG, GTh, GF, HES, IngJ, IG, JSk, SkA, KP, LárJ, VilbH, MÓ, MB, MÁM, ÓE, ÓlJ, PP, SighB, SigurlB, SV, SvJ.

PS, RH greiddu ekki atkv.

7 þm. (BGr, EBS, GilsG, GÞG, JóhH, LJós, PJ) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi finnst mér nauðsynlegt að betri og rækilegri athugun hefði verið látin fara fram á frv. þessu heldur en hefur orðið hér í þessari hv. d. Í öðru lagi tel ég að frv. sé í ýmsum atriðum ábótavant og vísa ég í því sambandi sérstaklega til till. á þskj. 683 og 692 í Ed. Í þriðja lagi tel ég að ýmis atriði frv. orki tvímælis. En þrátt fyrir þetta eru það mikilvæg ákvæði í þessu frv., sem m. a. lúta að því að koma í veg fyrir jarðabrask og tryggja eðlilegar búskaparlegar nytjar bújarða, ákvæði sem eru í samræmi við stefnu þingflokks Alþfl. í þessum málum, eins og lýst hefur verið í þáltill. sem flutt hefur verið nokkrum sinnum hér á Alþ., að ég hlýt að segja já við öllum efnisatriðum þessa frv.

2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.

Brtt. 866,1 samþ. með 29 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 29:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EKJ, FÞ, GS, GuðlG, GHG, GTh, GF, HES, IngJ, IG, JSk, SkA, KP, LárJ, VilbH, MÓ, MB, MÁM, ÓlJ, PP, SighB, SigurlB, SV, SvJ, SvH, TÁ, VH, ÞS, ÞÞ.

nei: PS, RH.

ÓE, EðS greiddu ekki atkv.

7 þm. (GilsG, GÞG, JóhH, LJós, PJ, BGr, EBS) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Guðmundur H. Garðarsson: Virðulegi forseti. Með vísun til brtt. á þskj. 866 við frv. frá landbn., við 13. og 14. gr., þar sem skýrt er tekið fram að eigi sé heimilt að beita ákvæðum þessara gr. né annarra nema hagsmunir umrædds sveitarfélags krefjist þess, og í trausti þess að umræddar brtt. verði samþykktar, segi ég já og greiði frv. í heild atkv. mitt.

4.—9. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 866,2 samþ. með 25 shlj. atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.

11.—12. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.

Brtt. 866,3 (ný 13. gr.) samþ. með 31:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LárJ, VilbH, MÓ, MB, MÁM, ÓlJ, PP, SighB, SigurlB, SV, SvJ, SvH, TÁ, VH, ÞS, ÞÞ, EðS, EKJ, FÞ, GS, GuðlG, GHG, GTh, GF, GÞG, HES, IngJ, IG, JSk, SkA, KP.

nei: ÓE, PS, RH.

6 þm. (LJós, PJ, BGr, EBS, GilsG, JóhH) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Eyjólfur K. Jónsson: Virðulegi forseti. Með því að ég tel að gr. verði betur orðuð — eða skár skulum við segja — með því orðalagi sem landbn. leggur til en hún er í frv. og tel einsýnt að frv. muni verða samþykkt, þá segi ég já.

Brtt. 866,4 (ný 14. gr.) samþ. með 25:1 atkv.

15.—25. gr. samþ. með 27:1 atkv.

Brtt. 842 samþ. með 30 shlj. atkv.

26. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.

27.—29. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

30.—37. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.

38.—61. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.

62. gr samþ. með 24:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 30:1 atkv.

Neðri deild, 118. fundur.

Þriðjudaginn 18. maí, að loknum 117. fundi.

Löggiltir endurskoðendur, frv. (þskj. 863). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 947).

Jarðalög, frv. (þskj. 936, 934). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv.

Eðvarð Sigurðsson: Hæstv. forseti. Hér er mjög veigamikið frv. á ferðinni sem sannarlega hefði þurft að fá nákvæmari og betri skoðun heldur en nú hefur unnist tími til. Í hv. landbn. var ákaflega naumur tími til að skoða þetta mál. Lokafundurinn og kannske mætti segja eini reglulegi fundurinn um málið var boðaður kl. 8.30 í gærmorgun og þá höfðu menn ráðstafað tíma sínum. Ég fékk ekki fundarboð fyrr en á sunnudagskvöld nokkuð seint, og ég tel að það hafi verið engan veginn vel að því staðið eða nægur tími gefinn til þess að skoða jafnveigamikið mál og hér um ræðir.

Hins vegar hefur þetta mál áður verið til umfjöllunar. Ég átti þess þá kost að fylgjast nokkuð með skoðun þess. Ég tel að þetta frv. hafi ýmsa ágalla sem ég út af fyrir sig ætla ekki að fara að telja hér upp, en m.a. komu vísbendingar um það á þskj. í hv. Ed. þegar málið var þar til umfjöllunar, þskj. frá flokksbróður mínum.

En þrátt fyrir marga ágalla sem eru á þessu frv., og ég tel að það gangi allt of skammt í þá átt að gera landið frjálsara og meira tillit yrði tekið til allra hagsmuna þjóðarheildarinnar en gert er í þessu frv., — þrátt fyrir það felur þetta frv. þó í sér mjög veigamiklar lagfæringar frá því sem nú er í lögum um sama efni, og þess vegna mun ég styðja frv. við lokaafgreiðslu þess hér úr hv. Nd. Ég held að það væri ekki til bóta á þessu stigi að fara að vísa málinu til ríkisstj. Ég ber satt að segja ekki það traust til þeirrar ríkisstj. sem nú situr að ef Alþ. sendi málið nú til hennar, þá kæmi það til baka í betri búningi heldur en það nú er. Því miður held ég að það mundi verða í lakara búningi, ef eitthvað er.

Ég hef hlustað með athygli á ræðu hæstv. forseta okkar hér í dag. Ég er í veigamiklum atriðum sammála þeirri gagnrýni sem hún hefur komið fram með á vinnubrögð við alla vinnslu þessa máls. Hins vegar er ég algerlega andstæðrar skoðunar um margt af því sem ég tel að hún hafi verið að reyna að færa hér rök fyrir.

Ég ætla ekki að tefja hér með neinum ræðuhöldum, en lýsi því yfir að ég mun fylgja frv. nú við lokaafgreiðslu þess.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að gera úrslitatilraun til þess að forða Alþ. frá því að gera alvarleg mistök í mannréttindamáli. Það hryggir mig mjög að við atkvgr. eftir 2. umr. þessa máls samþykktu hv. alþm. ýmsar lagagr. sem að mínu viti mundu þýða, ef þær yrðu samþykktar við lokaafgreiðslu frv., lögfestingu á verulegu misrétti í þjóðfélaginu. Það er lögfesting á forréttindum einnar stéttar fram yfir aðra. Það er lögfesting á því sem aldrei hefur gerst í íslenskri löggjöf, að einstaklingar fái að taka eignir annarra manna eignarnámi. Og það er lögfesting á því að Alþ. afsali sér úrskurðarvaldi um það hvað sé almannaþörf, svo brýn að eignarnámsákvæði í samræmi við stjórnarskrána geti þar um gilt. Með samþykkt brtt. við 13. og 14. gr. frv. afsalaði löggjafinn því valdi í hendur sveitarstjórnanna í landinu án þess að tilgreint væri nánar í hvaða skyni eða á hvaða sviði sú almannaþörf þyrfti að vera. Einungis er þarna um að ræða geðþóttamat hinna ýmsu hreppsnefnda og sveitarstjórna í landinu.

Það kom fram hér við 2. umr. málsins að það væri svo sannarlega fordæmi fyrir þessu í sambandi við skipulag Reykjavíkur t.d., að þá væri heimild til þess að taka lóðir eignarnámi. Slíkar heimildir eru í sérstökum lögum, skipulagslögum. Ég veit engin dæmi til þess að slík almenn heimild sé gefin sveitarstjórnum í landinu né yfir höfuð neinum öðrum aðila en lög gjafanum sjálfum sem ber sú heimild að ákveða hvað sé almannaþörf.

Ég vara við því að hér er verið að ganga frá máli sem augljóslega kemur til með að valda miklum deilumálum milli einstaklinga í þjóðfélaginu. Menn skulu hugsa til allra þeirra vandamála meðal vina og fjölskyldna og sameigenda sem samþykkt þessa máls veldur. Ég ætla ekki að halda langa ræðu við þessa umr. málsins. Ég flutti langa ræðu hér við 2. umr. Ætlun mín er ekki að halda uppi málþófi. Ég vil gera ítrustu tilraun til þess að vekja athygli hv. þm. á því hvað hér er raunverulega að fara fram.

Með þessu væri Alþ. að skapa hættulegt fordæmi fyrir því að slíkar heimildir yrðu samþykktar öðrum stéttum til handa.

Ég held að í þessu máli séu hv. alþm. á hálli ís en þeir hafa haft tíma til þess að gera sér grein fyrir. Þess vegna tek ég undir þær röksemdir, sem komu fram í máli hv. 7. þm. Revkv., að það hefði verið mikil nauðsyn á því að betri tími gæfist til þess að athuga þetta mál og leiðrétta hina alvarlegu ágalla. Ég veit vel að við hv. 7. þm. Reykv. erum ekki sammála að því er varðar eignarrétt einstaklinga almennt. Sú stefna, sem Sjálfstfl. hefur í þeim málum, er allt annars eðlis en stefna flokks hv. 7. þm. Reykv., mér er það vel ljóst. En þó held ég að við séum bæði í raun og veru og að ég held allir hv. þdm. sammála um það að stefna a.m.k. að því eftir bestu vitund að ná sem mestu jafnrétti meðal þegna þjóðfélagsins. Ég trúi því ekki að við viljum raunverulega lögfesta misrétti. Þetta, sem Alþ. er hér komið á fremsta hlunn með að lögfesta, gengur að mínu mati í berhögg við anda okkar stjórnarskrár, eins af hinum mikilvægu mannréttindaákvæðum þar, og það gengur einnig nærri því ákvæði sem fjallar um meðferð dómsvaldsins vegna hins víðtæka úrskurðarvalds sem landbrh. er falið með þessu frv.

Ég ætla ekki að tíunda alla hina gallana sem einnig eru á þessu frv. og ég gerði að umtalsefni í ræðu við 2. umr. málsins. Ef ég hefði komist að til að halda aðra ræðu við þá umr. hefði ég borið fram þá till. sem ég ætla að gera nú. En með þeirri till. skal ítrasta tilraun af minni hálfu vera gerð til þess að afstýra þeirri hneisu sem ég tel að samþykkt þessa máls sé. Ég vil taka fram að ég held að við getum bjargað þessu máli og látið endurbæta það með því

að samþykkja till. mína. Ef hún verður ekki samþykkt mun ég greiða atkv. gegn frv., eins og ég hef áður sagt. Ég er á móti þessu frv. sem þm. Sjálfstfl. Það gengur í berhögg við hugsjónir Sjálfstfl. Ég er á móti þessu frv. sem þm. Reykv. Það gengur í berhögg við hagsmuni og áhugamál reykvíkinga og annarra þéttbýlisbúa, yfir höfuð allra sem ekki stunda landbúnað. Ég er á móti þessu frv. vegna hins viðtæka afsals á ýmsum hlutum landsins sem það getur haft í för með sér. Og ég er á móti þessu frv. sem alþm. vegna þess að ég tel mér skylt að haga mínu atkv. svo að það sé í samræmi við það sem ég tel vera anda stjórnarskrár lýðveldisins Íslands.

Frávísunartill. mín hljóðar svo:

„Þar sem viss ákvæði frv. ganga í berhögg við anda stjórnarskrárinnar og frv. hefur auk þess aðra alvarlega ágalla í veigamiklum greinum er lagt til að því sé vísað aftur til ríkisstj. til frekari umfjöllunar.“

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er með mig eins og hv. þm. Eðvarð Sigurðsson, ég hef hlustað hér með andakt í dag á ræðu hæstv. forseta okkar við 2. umr. þessa máls. Ég skal ekkert segja hvað hefði gerst hefði hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir tekið til fyrr og haldið jafnhjartnæmar ræður við hverja umr. málsins hér í hv. d. En hvað sem því líður, enn er ég ekki sannfærður.

En nú hefur gerst sá atburður að fram er komin frávísunartill. á stjfrv. frá einum hv. stjórnarþm. Og mér hefur fundist aðalröksemd hjá hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur gegn þessu frv. vera sú að sumar gr. þess og ákvæði gangi í berhögg við stjórnarskrá lýðveldisins. Hún hefur hér talað til þess að reyna að sannfæra hv. þdm. um að verði þetta frv. gert að lögum í þeirri mynd sem það nú er, þá hafi sómi Alþ. beðið hnekki. Hér er því um það að ræða að einn af aðalforustumönnum annars stjórnarflokksins hér á hv. Alþ. hefur með ummælum sínum lýst því yfir að með þessu stjfrv. sé hæstv. ríkisstj. að beita sér fyrir brotum á stjórnarskrá lýðveldisins. Og það, sem mér þætti fróðlegt að fá inn í umr. eða afstöðu til þessa máls, er það, hvort hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir getur hugsað sér það, eftir að slík hneisa hefur verið unnin á hv. Alþ. ef samþykkt verður þetta frv. fyrir atbeina hæstv. ríkisstj., — hvort hún getur áfram hugsað sér að styðja þá menn í hæstv. ríkisstj. sem beita sér fyrir slíkum málum á hv. Alþ. Ég fyrir mitt leyti mundi vart treysta mér til þess, hefði ég talað á svipaðan hátt og þessi hv. þm. hefur gert um sum ákvæði þessa frv. sem algert brot á stjórnarskránni, þá hefði ég vart treyst mér til þess að styðja þá hina sömu menn, sem ætla sér að framkvæma slík brot, til áframhaldandi valda innan ríkisstj. Mér þætti því fróðlegt að fá um það vitneskju hjá hv. þm. hvort hún þrátt fyrir þetta, ef það gerist, sem mér þykir líklegt, að frv. nái fram að ganga eins og það nú liggur fyrir, hvort þessi hv. þm. geti samt sem áður hugsað sér að styðja þá hæstv. ríkisstj. sem beitir sér fyrir slíkum vinnubrögðum.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég tel óhjákvæmilegt að taka aftur til máls vegna þess að hv. 5. þm. Vestf. fór hér orðum um það að ég teldi að hér hefði verið framið stjórnarskrárbrot. Þetta er nærri því rétt, en ekki alveg rétt. Sannleikurinn er sá, að ef ég teldi að þetta væri stjórnarskrárbrot, þá hefði ég vísað þessu máli frá sem deildarforseti. Ég taldi, áður en það hér fór til n., að í því fælust viss ákvæði sem hefðu valdið frávísun ef ekki strax hefði komið leiðrétting frá hæstv. ráðh. sem bar að líta á eins og part af frv. í raun og veru, en það var ákvæði í 26. gr. sem fól það í sér að fullt verð yrði ekki greitt eiganda við eignarnám. Við 1. umr. málsins benti hæstv. ráðh. á að það ákvæði hefði raunar verið tekið orðrétt upp úr lögum frá 1948 um kauprétt jarða og taldi þar með að þetta ákvæði væri á grænni grein. Ég er hins vegar ekki þeirrar skoðunar, að jafnvel þótt stjórnarskrárbrot finnist í lögum í lagasafni Íslands, þá sé þar með búið að helga það hér á Alþ., að þá eigi bara að endurtaka slíkt. Því miður hefur það komið fyrir stundum í þingsögunni að slæm lög hafa slæðst í lagasafnið. Það er það sem ég er að reyna að koma í veg fyrir núna. Ég er að reyna að koma í veg fyrir að mjög slæm lög bætist í lagasafnið. Ég er að reyna að fá hv. þdm. til að sjá með mér um það að ríkisstj. fái tækifæri til þess að athuga þetta mál að nýju og leiðrétta á því gallana.

Ég vil skýra svolitið nánar þetta sem ég sagði, að væri nærri því rétt, en ekki alveg rétt. Það, sem stendur í minni frávísunartill., er að viss ákvæði þessa máls gangi í berhögg við anda stjórnarskrárinnar. Eftir því sem ég hef lesið mér til um skyldur forseta Alþ. þegar svona stendur á, þá hef ég komist að þeirri niðurstöðu að ef um skýlaust og bókstaflegt stjórnarskrárbrot er að ræða beri forseta að vísa málinu frá, en þótt ákvæði gangi í berhögg við anda stjórnarskrárinnar sé það ekki frávísunarsök, heldur beri Alþ. að skera úr um það hvað það telji vera anda stjórnarskrárinnar að þessu leyti. Þess vegna er það mikilvægt í þessu máli að hér sé ekki kastað til höndum. Það er ekkert gamanmál og það er ekkert skyndiafgreiðslumál þegar Alþ. á að ákveða það hvort mjög tvísýnt ákvæði samrýmist anda stjórnarskrárinnar. Það, sem ég á hér við, er tilgangurinn á bak við mannréttindaákvæðin, og það, sem ég á hér líka við, er ákvæðið um meðferð dómsvaldsins. Ég álít að þessi atriði séu þess eðlis að Alþ. eigi að skera úr um þetta sjálft.

Ég tel mig nú hafa skýrt enn betur þá afstöðu sem ég hef til þessa frv. að því er varðar samband þess við stjórnarskrána. Hv. þm. spurði hvort ég treysti mér eftir þau orð, sem ég hef hér viðhaft um þetta frv., til þess að styðja hæstv. ríkisstj. sem stendur að svo afleitu máli. Ja, ég geri ráð fyrir að flestir, sem hér eru inni, hafi staðið andspænis því að sjá einhvern, sem þeim er ákaflega annt um, gera hörmuleg mistök. Ef þetta frv. verður samþykkt, þá er afstaða mín slík til hæstv. ríkisstj. Ég mun styðja ríkisstj., en ég mun gera það með hryggum huga að því er þetta mál varðar. (Gripið fram í) Ég hugsa það. Og það verða kannske

fleiri sem gráta þegar það rennur upp fyrir þeim hvað hér hefur verið gert ef menn ekki átta sig. Til þess er enn þá tími, og það eru mörg dæmi þess að menn hafi áttað sig á seinustu stundu. Margir hafa snúið við frá glapræði þegar komið er á ystu nöf.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vil vísa til þess að í grg., sem ég flutti með atkv. mínu þegar gengið var til atkv. um 1. gr. þessa frv. að viðhöfðu nafnakalli við lok 2. umr., þá lagði ég í upphafi máls míns sérstaka áherslu á það að ég teldi að nauðsynlegt hefði verið að þessi hv. d. hefði fengið meiri tíma til þess að athuga frv. þetta heldur en hún fékk. Hér er um að ræða 257. mál þessa þings, — mál sem upphaflega var flutt í Ed., en þessi hv. d. fékk ekki til athugunar fyrr en fyrir fáum dögum, og svo hratt hefur sú afgreiðsla gengið að við lokaafgreiðslu málsins úr n. fyrir fáum klukkutímum gafst fulltrúum stjórnarandstöðunnar í þeirri n. ekki ráðrúm til þess að vera viðstaddir. Ég tel að það hefði þurft meiri tíma til þess að fjalla um þetta mál, m.a. til þess að gera tilraun til þess að bæta úr ýmsum ágöllum frv., og vísa ég í því sambandi sérstaklega til till. sem fluttar voru í Ed. á þskj. 683 og 692. Þrátt fyrir þetta, þegar ég stóð frammi fyrir því að lokinni 2. umr. að taka afstöðu með eða móti frv., þá valdi ég þann kost að greiða frv. atkv. mitt því að þó að því væri að mörgu leyti ábótavant og ýmislegt í frv. orkaði tvímælis, þá taldi ég þó að í því væru það mikilvæg efnisatriði í samræmi við þær till. sem þingflokkur Alþfl. hefur flutt um svipuð mál hér á þinginu að þegar um það væri að ræða að greiða annaðhvort atkv. með eða móti slíku máli, þá hlyti ég að meta kostina meira en gallana.

Nú hefur það hins vegar gerst að komið hefur fram till. sem nær yfir fyrsta atriðið í grg. minni hér fyrr í kvöld, frávísunartill. frá hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur. Ég er sömu skoðunar og ég var þegar ég flutti grg. með atkv. mínu fyrr í kvöld, að þessi hv. þd. og hæstv. ríkisstj. eigi að hafa meiri tíma og rýmri tíma, m.a. í ljósi ábendinga sem komið hafa fram hér á Alþ., til þess að athuga þetta mál. Ég vil sérstaklega í því sambandi benda á það að hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir, forseti þessarar d., hefur í ræðu hér í kvöld flutt mál með talsverðum rökum að mínu viti þar um, að það kunni að vera að ýmis ákvæði frv. geri það að verkum að það kunni að leika vafi á því hvort sé um þinghæft mál að ræða, eða réttara sagt, hvort hér sé verið að ganga í berhögg við anda stjórnarskrárinnar, eins og orðað er í frávísunartill. hennar. Ég vek sérstaklega athygli á því að þessari ræðu hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur hefur ekki verið svarað í umr. um þetta mál hér á þinginu og þær ábendingar og aths., sem þessi hv. þm. kom með, hafa ekki verið bornar til baka, leiðréttar eða upplýstar frekar.

Áðan sagði einhver hv. þm., að mig minnir hv. þm. Karvel Pálmason, að hann hefði hlýtt með mikilli athygli á ræðu hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur, en hefði þó ekki alveg látið sannfærast af málflutningi hennar. Spurningin er að sjálfsögðu ekki um það. Spurningin er um það, að ef það er einhver vafi á því í hugum þm. að frv. eða till., sem þeir eru að samþykkja, gangi í berhögg við anda sjálfrar stjórnarskrárinnar, ef það er einhver minnsti vafi í hugum þm. um slíka hluti, þá eiga þeir að hugsa sig tvisvar um áður en þeir greiða því máli atkv. Hér er ekki um það að ræða hvort hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir hefur sannfært menn eða ekki, heldur hitt, hvort ræða hennar hefur gert það að verkum, að vafi leiki á því í hugum þm. hvort hún hafi haft rétt fyrir sér eða ekki. Ef sá vafi ríkir í hugum einhverra þm., þá eiga þeir að sjálfsögðu að greiða atkv. með frávísunartill. hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umr. öllu frekar. Það eru aðeins örfá orð út af því sem kom fram hjá hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur. Mér fannst hún nú draga heldur í land miðað við þann málflutning sem hún hafði hér uppi fyrr í dag. Hún sagði að vísu að ég hefði ekki farið alveg rétt með það sem ég viðhafði um hennar málflutning. En ég held að það fari ekkert á milli mála að þessi hv. þm. slær því föstu í upphafi þessarar frávísunartill. að viss ákvæði frv. gangi í berhögg við anda stjórnarskrárinnar. Það er fullyrt. Það er fullyrðing um að viss ákvæði frv. gangi í berhögg við anda stjórnarskrárinnar. Og í sambandi við þetta kom hún inn á mannréttindaþátt stjórnarskrárinnar. Ef það er skoðun þessa hv. þm. að viss ákvæði þessa frv. gangi í berhögg við anda mannréttindaþáttar stjórnarskrárinnar, hvað þá? Er kannske ekki einhver mikilvægasti þátturinn að því er varðar stjórnarskrána mannréttindaþátturinn? Ég gat ekki betur skilið ummæli hv. þm. áðan, þegar hún tók sérstaklega mannréttindaþáttinn til umr. í áframhaldi af sínu máli, þá a. m. k. mátti skilja það svo að hún hefði í huga mannréttindaþáttinn þegar hún fullyrti að viss ákvæði frv. gengju í berhögg við anda stjórnarskrárinnar. Ég skildi þetta svona. Og sé þetta réttur skilningur hjá mér, þá þykir mér það furðu gegna ef þessi hv. þm. eða hvaða hv. þm. sem væri gæti hugsað sér að styðja þá menn til áframhaldandi valda sem gerðu tilraun og meira en tilraun, sem tækist að brjóta þennan mikilvægasta þátt stjórnarskrár lýðveldisins sem er mannréttindaþáturinn, þótt ekki sé nú sagt á annan hátt heldur en það gangi í berhögg við anda þessa þáttar. (**Gripið fram í:** Hver er skoðun þm.?) Ég geri ráð fyrir því að hafi þessi hv. þm., sem spurði, fylgst hér með atkvgr. um þetta, þá ætti honum að vera kunnugt um hver skoðun mín væri, því að ég greiddi atkv. samkv. því hvers skoðun mín er í nafnaköllum, þannig að hafi hv. þm. fylgst með, sem hann ætti vissulega að gera, þá er honum kunnugt ábyggilega um afstöðu mína til málsins þannig að ég þarf ekki að útskýra það frekar.

Ég sem sagt hef greitt atkv. með frv., jafnvel þessum umdeildu vissu ákvæðum, þannig að það fer ekkert á milli mála hver mín afstaða er, enda mun það sjaldnast vera svo að hún fari neitt á milli mála.

Sem sagt, mér finnst að hv. þm. hafi heldur dregið í land, þó að mér finnist þó enn, þegar ég lít á upphafsorð frávísunartill., að hér sé um slíka fullyrðingu að ræða, að slegið sé föstu að ákvæði frv. gangi í berhögg við anda stjórnarskrárinnar. Þá a. m. k. gæti ég ómögulega hugsað mér að styðja þá menn til áframhaldandi valda sem vísvitandi gera sér far um að meðhöndla mál að því er varðar stjórnarskrána sjálfa með þeim hætti sem þar er lýst. En nú er það upplýst að hv. þm. ætlar sér eftir sem áður að styðja hæstv. ríkisstj., þannig að það er spurning a. m. k. í mínum huga hvort það er í raun og veru, a. m. k. í öllum atriðum, sem hugur hefur fylgt máli í þeim efnum sem hér voru til umr. í dag af hálfu hv. þm.

ATKVGR.

Frávísunartill. á þskj. 934 felld með 29:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓE, PS, RH, SighB, SvH, GÞG.

nei: VilbH, MB, MÁM, ÓlJ, ÞP, SigurlB, SV, SvJ, TÁ, VH, ÞS, ÞÞ, EðS, FÞ, GS, GilsG, GuðlG, GHG, GTh, GF, HES, IngJ, IG, JSk, SkA, KP, LárJ, LJós, MÓ.

EKJ greiddi ekki atkv.

4 þm. (PJ, BGr, EBS, JóhH) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég hefði verið tilbúinn að styðja þetta frv, ef verstu vankantarnir hefðu verið sniðnir af við 2. umr. hér áðan, svo sem ákvæði í 3. gr. og 13. gr. Þar sem það tókst ekki, þá hlýt ég að styðja þessa frávísunartill., enda treysti ég ríkisstj. til þess að lagfæra frv. fyrir næsta þing.

Ég segi því já.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Um leið og ég segi já við þessari frávísunartill., þá mun ég samt enn um sinn leitast við að styðja hæstv. ríkisstj.

Frv. samþ. með 27:2 atkv. og endursent Ed.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi, frv. (þskj. 887, n 928, 926, 933). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. og brtt. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv.

Frsm. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Sjútvn. hv. d. hefur tekið til athugunar og umr. frv. til l. um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands í þeim búningi sem hv. Ed. veitti því. Því ber ekki að neita að við fyrstu sýn þótti ýmsum sér í lagi í hv. sjútvn., sem heldur gæfi á að líta þegar þeir sáu hinar fjölbreyttu brtt. sem hv. Ed. hafði gert við frv. Það kom þó í ljós að þær voru velflestar ekki mjög alvarlegs eðlis eða leiddu til mjög róttækra breytinga á frv. Þó er það svo að sjútvn. treysti sér ekki til að fallast á frv. í þeirri gerð sem hv. Ed. afgreiddi það og flytur því brtt. við frv. í núverandi búningi. Ég vil nú reyna að gera í sem stystu máli grein fyrir því í hverju brtt. eru fólgnar.

Ég skal geta þess að það hafa kannske orðið sjútvn.-mönnum ýmsum til enn meiri undrunar hinar fjölbreyttu breytingar af því að hún eða meginhluti hennar hafði unnið lengi að samningu frv. með ýmsum þeim sem í hv. Ed. höfðu nokkra forustu um breytingarnar sem gerðar voru. 5 af nm. sjútvn. Nd. áttu sæti í fiskveiðilaganefndinni sem endurskoðaði lögin sem í dag gilda, en nú er verið að gera breytingu á, ásamt með tveimur hv. Ed.-mönnum sem báðir eiga sæti í sjútvn. Ed. Það hafði tekið óhemjutíma og í raun og veru mikla vandvirkni fyrir þessa þm. að verða á eitt sáttir um gerð frv. eins og það var lagt fram á sínum tíma í hv. Nd., enda kom það á daginn að í hv. Nd. var um mjög veigalitlar breytingar að tefla frá því sem frv. var upphaflega lagt fram. Í fiskveiðilaganefndinni lögðu þm. hið mesta á sig til þess að ná samkomulagi af því að þeim bauð í grun að ella yrði mjög erfitt um vik að ná samstöðu á hinu háa Alþ. þegar málið kæmi þar til umfjöllunar. Á hitt ber að líta, að þetta er viðamikið og flókið mál, og eins og ástæður íslendinga í þessum efnum eru nú er ekki að undra þótt menn hafi stríðar meiningar í málinu og margvíslegar.

Sjútvn. Nd. hefur nú í dag lagt sig í framkróka um að hafa samráð við hv. nm. í sjútvn. Ed. Ætla ég að vænta að það hafi borið þann árangur að gera megi ráð fyrir því að nokkurn veginn sæmileg samstaða náist og í öllu falli að þetta lagafrv. nái lagagildi, því að með öllu væri það óviðeigandi á þessum tímum ef hið háa Alþ. næði ekki saman um lagaramma þann sem nýta á fiskveiðilandhelgi okkar eftir. Eins og ég hafði áður tekið fram margsinnis, þá er vitanlega hér um lagaramma að tefla og miklu meira undir því komið hvernig framkvæmdin fer úr hendi þegar til kastanna kemur.

Ég vil svo í sem stystu máli, eins og ég segi, gera grein fyrir brtt. okkar, en nauðsynlegt er tel ég, að bera þær saman jafnóðum við þær breytingar sem áttu sér stað í Ed.

Sjútvn. vill fallast á fyrstu brtt. hv. Ed. um það að nema brott nýjan viðmiðunarstað, Gölt eða Hellna-Gölt á Snæfellsnesi, og þess í stað að hverfa til þess sem áður var, Malarrifs. Auðvitað veldur þetta þeim breytingum að viðmiðunarlínan færist allmiklu utar þegar að Snæfellsnesi kemur, þannig að togveiðar verða ekki leyfðar á allvænni sneið eða geira sem liggur frá Garðskaga og að Snæfellsnesi, svo að þetta er frekar í friðunarátt, án þess þó að það sé rétt, sem fram kom í hv. Ed. í gær, að Gölturinn sé í sjálfu sér neitt vandfundinn staður, heldur að öllu leyti ágætur viðmiðunarstaður að áliti sjófarenda.

2. brtt., sem samþykkt var í hv. Ed., um frekari opnun svæðisins frá Fonti að Glettinganesi treystir sjútvn. Nd. sér ekki til að fallast á. Við afgreiðslu í hv. Nd. á sínum tíma var samþykkt að heimila ekki neinar togveiðar fyrir öllu Austurlandi frá Fonti og að Hvítingum. Breyting varð á einmitt á þessu svæði sem hér um getur að því leyti sem valinn var nýr viðmiðunarstaður á Skálatáarskeri, á Digranesi, þannig að heimilt var að veiða með botnvörpu og flotvörpu á allvænni sneið til viðbótar á Digranesflaki. Er þó þess að geta að Digranesflak og Bakkaflóadýpi og

þær slóðir hafa orðið fyrir mjög mikilli áníðslu breskra veiðiþjófa um langa hríð þannig að svæðið má ekki við miklu. Enn fremur er á það að líta að ekki er hægt að fallast á þessa breytingu frá hv. Ed., þar eð fiskifræðingar álíta að svæðið frá Fonti og suður að Glettinganesi og þaðan á haf út eigi allsammerkt með svæðinu frá Hraunhafnartanga og að Fonti sem nú er friðað allt út í 200 sjómílur, þannig að með engu móti verður fallist á að rýmka veiðiheimildir á þessu svæði þótt aðeins sé um að tefla skip undir 39 metrum, enda eru það mjög öflug skip sum hver til togveiða.

Fallist er á till. Ed. um lokun fyrir togveiði frá Hvítingum og vestur að 18. lengdarbaug. Í afgreiðslu Nd. áður hafði einvörðungu verið miðað við Ingólfshöfða, þannig að lokunin nær allmiklu vestar eða að Skarðsfjöruvita þar sem greindur lengdarbaugur liggur nokkurn veginn um, og ég tek það fram að í mjög mörgum atriðum er af sjútvn. Nd. fallist á brtt. hv. Ed.

Þá er ekki fallist á að í lög verði sett lokun fyrir togveiðum á svæði sem er réttvísandi suður af Hvalnesi, 6 mílur frá landi og nær að lengdargráðu 15 gráðum 45 mínútum vestur lengdar. Þetta hefur í máli manna gengið undir nafninu ánamaðkur, það er hlykkjótt svæði sem þarna var lokað fyrir togveiðum á tímabilinu 1. maí til 1. okt. Á þessa breytingu er ekki fallist. Hins vegar er það mál kunnugra manna að oft gangi á þetta svæði smáfiskur, og ég vænti þess að hæstv. sjútvrh. muni í máli sínu hér á eftir koma til móts við vilja áhugamanna sem beitt hafa sér fyrir þessari breytingu, enda minni ég á að hér er sú nýbreytni tekin upp í þessum lögum að hallast að beitingu skyndilokana og þar af leiðandi náttúrlega auknu eftirliti og þess vegna ætti ekki að þurfa eins að njörva þetta niður í lögum. Hins vegar er samkomulag að fallast á að á litlu svæði, sem afmarkast réttvísandi austur frá Hvítingum og suður frá Hvalnesi 6 mílur frá landi, þar verði öllum skipum heimilt að veiða á tímabilinu 1. maí til 31. des. Þarna hafa togarar náð allgóðum árangri undanfarin ár og þarna er um stórfisk að tefla yfirleitt. Þess vegna þótti mönnum ástæða til, þar sem yfirleitt er nú mjög þrengt að togskipum, að gefa þeim kost á þessu veiðisvæði og á það er fallist.

Síðan er enn fremur fallist á takmörkun veiða á svæði vestur frá Grindavík og austur fyrir Krýsuvíkurbjarg, að það verði ekki heimilt að veiða þar frá 20. júní til 1. ágúst, styttur tíminn. Enda þótt ég fyrir mitt leyti hafi ekki fengið að heyra neinar röksemdir sem að þessu hníga, þá þótti samt ekki ástæða til að fetta fingur út í það.

Hins vegar er ekki samkomulag um það að fallast á nýja reglu varðandi Faxaflóa- og Reykjanessvæðið sem samþykkt hafði verið í hv. Ed., þar sem í 3. gr. E-lið 1 þar sem miðað hafði verið við að utan línu, sem dregin er 5 sjómílur utan við Geirfugladrang úr punkti í 5 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Geirfugladrang í punkt í 6 mílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Skálasnaga o. s. frv., þessu hefur verið breytt á þann veg að miðað var við 10 sjómílur réttvísandi vestur frá Skálasnaga. Till. n. er að hverfa aftur til ákvæða um 6 mílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Skálasnaga eins og áður hafði staðið.

Á breytingu í hv. Ed. samkv. 2. brtt. er fallist. Sömuleiðis 3. brtt. um orðalag 8. gr. eftir þær umbætur sem á henni voru gerðar við 3. umr. í hv. Ed.

Þá er enn fallist á að þrengja heimildir til dragnótaveiða. Áður hafði verið heimilt að veita þær til 20. des., en þessu var breytt í hv. Ed. þannig að þær verða ekki leyfðar eftir 30. nóv. Á þetta er fallist.

Enn fremur — og ég legg mikla áherslu á það og það er mjög mikilvægur liður og óhætt að tala um það upphátt í þeim samkomulagstilraunum sem gerðar hafa verið til þess að menn nái höndum saman að lokum um þetta frv. — er ekki gerð brtt. við þá ákvörðun hv. Ed. að útiloka leyfi til dragnótaveiði í Faxaflóa. Á þetta vil ég leggja alveg sérstaka áherslu. Hér er auðvitað ekki verið að versla með eitt eða neitt, heldur eru menn að leggja sig í framkróka við að ná samkomulagi. Það sýnist sitt hverjum í þessu efni, einnig hér á hinu háa Alþ. En það verður varla ofgert í friðunarmálum og þess vegna er fallist á þessa grundvallarbreytingu sem ég vil nefna.

Þá vil ég geta þess sérstaklega að mjög veruleg breyting hafði verið gerð á Breiðafjarðarsvæðinu í hv. Ed. — breyting sem er fjarri öllu lagi að nokkurt samkomulag geti orðið um, en það var um orðalag Breiðafjarðarsvæðisins sem er í 3. gr. undir F-lið, orðalag F 1, þar sem samþykkt var að togveiðar með botnvörpu og flotvörpu skyldu ekki leyfðar innan svæðis sem takmarkaðist 18 sjómílur réttvísandi frá Malarrifi og síðan í punkt dreginn í 12 mílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Bjargtöngum. Sjútvn. Nd. varð sammála um að hverfa til sömu reglu sem áður hafði verið gert ráð fyrir í frv. og gilti í lögunum frá 1973. Ég veit að hér er um allmikinn ásteytingarstein að tefla, en ég vænti þess einnig að hæstv. sjútvrh. muni í máli sínu hér á eftir koma að einhverju leyti til móts við tillögumenn eða þá sem forustu hafa haft um stóraukna friðun fyrir togveiðum á þessu svæði og hafa raunar, þótt miklu vægilegar sé farið í sakirnar, flutt till. um breytingar á þessu svæði við þessa einu umr. hér í hv. d. sem er að finna á þskj. 933. Ég tek skýrt fram, þótt það sé kannske ekki viðfelldið að taka hana til sérstakrar umr. áður en fyrir henni hefur verið mælt, að það er ekkert samkomulag um samþykkt þeirrar till. En eins og ég sagði, þá kann að vera að það megi sættast á aðra tilhögun um aðgæslu og verndun á þessu sviði sem ég vænti þá að hæstv. sjútvrh. láti í ljós hér í umr. á eftir.

Það er í sjálfu sér mjög lítilvæg breyting sem gerð er till. um við 15. gr. Þar hafði því einu verið breytt í hv. Ed. að þegar slíkar tilraunir, vísindalegar tilraunir og rannsóknir erlendra aðila, fara fram, þá hafði upprunalega verið ráð fyrir gert að þær færu fram undir eftirliti Hafrannsóknastofnunarinnar, svo sem sjálfsagt er. En hv. Ed. bætti þar inn í undir eftirliti og í umsjá Hafrannsóknastofnunarinnar. Þetta þykir of í lagt því að þetta mætti túlka sem svo að eftirlitsmann yrði að skipa í hvert skipti um

borð í þessi skip. En alveg er óþarft í því samstarfi sem hlýtur að vera á milli rannsóknaraðila innlendra og erlendra að leggja svo stórt undir í þessu efni og þess vegna till. um að þessi orð: „í umsjá“ falli brott.

Breytingarnar frá Ed. við 16. gr. eru samþykktar, sömuleiðis við 17, um löghald o. s. frv, við 19. gr. og við ákvæði til bráðabirgða.

Þá hef ég lokið að fara yfir þær brtt. sem sjútvn. þessarar hv. d. leyfir sér að leggja fram, og ég hef borið þær saman við þær breytingar, sem gerðar voru í Ed., og upplýst að að verulegu leyti hefur sjútvn. hv. Nd. fallist á þær breytingar sem gerðar voru í hv. Ed. Að sjálfsögðu er ekkert við því að segja þótt verulegar breytingar séu gerðar á þessu frv. En ef menn nú á þssari stundu ná ekki höndum saman um lagasmíðina, þá er örvænt um að takist að setja þessa rammalöggjöf, og það yrði að mínum dómi alveg ófyrirgefanlegt og óforsvaranlegt af hinu háa Alþ. ef því tekst ekki að setja nú lög um þetta lífshagsmunamál sitt. Þess vegna er það, þótt mér sé kunnugt um að allir hv. þm. gangi ekki hlæjandi til þessa leiks eða glaðir í sinni og þurfi e. t. v. að beygja af leið, þá álít ég, eins og komið er málum, að það séu svo miklu minni hagsmunir sem þar verði að víkja fyrir meiru að ég skora á þá að líta til hinnar miklu nauðsynjar sem okkur er á að ná saman höndum um málið. Enda þótt þetta mál gangi að sjálfsögðu, ef breytingar verða samþykktar sér, til hv. Ed., ef við nú tökum enn til við að kasta málinu á milli d., þá er alveg augljóst mál, að það nær ekki fram að ganga á þessu þingi. Ég leyfi mér að treysta því að til þess dragi ekki, eins og ég segi, svo mikil nauðsyn sem okkur er á að koma þessum lögum á.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Á þskj 933 hef ég leyft mér að flytja brtt. við brtt. á þskj. 926 við frv. um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Brtt þessa flyt ég ásamt hv. 5. þm. Vesturl., hv. 2. landsk. þm. og hæstv. landbrh. Brtt. hljóðar svo:

„Við 1. d. F 1 orðist svo:

Utan línu, sem dregin er úr punkti í 12 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur af Dritvíkurtanga, þaðan í punkt 12 sjómílur réttvísandi vestur frá Skálasnaga og þaðan í punkt í 12 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Bjargtöngum, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið.“

Eins og kunnugt er gerði hv. Ed. allviðtæka breytingu á þessu ákvæði eins og það var í frv. upphaflega, eins og sjá má á þskj. 885, efst á bls. 3. En þar er sú lína, sem ég ræddi um, dregin úr punkti í 18 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Malarrifi í punkt í 12 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Bjargtöngum o. s. frv. Mörgum þótti, þegar þessi till. hafði verið samþ. í Ed., að fulllangt væri gengið. Að vísu eru um það skiptar skoðanir. En vegna þess að flm. þeirrar brtt., sem ég nú lýsti, vilja reyna að leysa þetta mál með friðsamlegu móti og okkur er nauðsyn að gera það, ráða fram úr því án stórdeilna og átaka, þá höfum við mótað þessa brtt. sem gengur mun skemur heldur en brtt. sú sem samþ. var í hv. Ed. Ég vænti þess að hv. þm. Nd. virði þetta sjónarmið. Við teljum nauðsynlegt að auka friðun á þessu svæði, eins og oft hefur komið fram bæði af máli mínu og annarra sem að þessari till. standa, m. a. við umr. sem urðu hér á hv. Alþ., mig minnir að það hafi verið í des. 1973. Við berum þessa brtt. á þskj. 933 fram sem sáttatill. og málamiðlunar til þess að leysa það viðkvæma vandamál sem þarna er um að ræða og væntum þess að við fáum stuðning meiri hl. dm.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ekki get ég tekið undir þá frómu ósk sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, heldur óska ég eftir því að mikill meiri hl. þessarar hv. d. verði á móti þessari till. því að með samþykkt hennar er að vísu verið, eins og margt hefur skeð í sambandi við þennan frumvarpsflutning, verið að veita ákveðið einkaleyfi til ákveðinna staða sem hafa um langt árabil vanist við og notað ákveðin veiðarfæri, það er verið að gefa þeim einkaleyfi meðan lokað er fyrir aðra. Og það kom fram á fundi sem ég var á fyrir nokkru, það sem stjórnar t. d. þessu furðulega tiltæki, að geta ekki verið með fiskifræðingum og hagfræðingum þegar það passar þeim ekki sjálfum, en verið alltaf með þeim ef það passar þeim eða þeirra heimabyggð, eins og kemur fram í sambandi við dragnótina í sunnanverðum Faxaflóa og innanverðum um leið. Ég álít að þeir menn, sem eru bundnir þessu óskaplega kvalræði, að vera ofsatrúarmenn gagnvart ákveðnum veiðarfærum, þeir ættu frekar að hugsa um fiskinn sjálfan. Við skulum ekki gleyma því að á þessu svæði, þótt lokað verði fyrir botnvörpu og dragnót, þá er hægt að drepa þar smáan fisk líka, nákvæmlega sama smáa fiskinn og akurnesingar hafa drepið undan Snæfellsnesi á upp-eldissvæðunum þar á undanförnum árum og komið með hingað til borgarinnar til þess að selja. Sá fiskur er talinn veiddur á færi. En hver segir það og hverjum dettur það í hug, sem til þekkir, að það megi ekki drepa smáfisk á línu og færi?

Við stöndum frammi fyrir þeirri staðreynd að við þurfum að minnka ásókn okkar í þorskstofn um kannske nokkuð á annað hundrað þús. tonn. Hvað á að koma á móti? Ég spyr. Ætli það það verði kolmunninn? Ég efa að það verði á þessu ári. En skyldi það vera það sem fiskifræðingar segja, að það sem við veiðum of mikið af sé skarkoli? Ég veit að við fáum framan í okkur gagnrök frá þeim sem hafa nokkuð til síns máls, og ég skal viðurkenna fúslega að þegar leyft var síðast að veiða með dragnót í Faxaflóa, þá var of langt gengið, þá voru of mörg skip og það var of mikill afli veiddur og um leið var möskvinn of smár í dragnótinni. En nú er búið að stækka hann — ég vil leyfa mér að segja samkv. því sem fram kom í þessu frv. — um nær þriðjung, sem þýðir að það er ekki nema stærsti göngufiskur hér í Faxaflóa sem mundi ásamt stærri skarkola festast í þessu neti. Og ég vil undirstrika það sem ég sagði: göngufiskur hér í flóanum. Látið ykkur ekki detta í hug að ekki sé göngufiskur á ferðinni

í Faxaflóa. Það hefur verið frá því að byggð hófst hér á Íslandi, þá gengur fiskur hér á milli ála, inn allan Faxaflóa og inn á innstu firði. Eigum við að standa frammi fyrir því hér við innanverðan Faxaflóa, eins og ég kem þá að aftur, að einn af forvígismönnum þeirra skagamanna sem veiða á sportveiðitæki, hafði í mín eyru fyrir ekki allmörgum dögum þau orð að hér væri ekki nema um smáan fisk að ræða? En þetta er að sjálfsögðu alrangt. Hann hafði það sem aðalröksemd að Faxaflóinn fæði alla ströndina, hann fæði allan hringinn. Fiskurinn fer úr Faxaflóanum og gengur vestur og norður með landi, sem hárrétt er, austur með og suður með aftur og kemur svo í flóann aftur, þá kemur hann bara sem fullvaxinn fiskur. En þetta eigum við allt í einu að viðurkenna sem sjálfsagða staðreynd fyrir þá skagamenn og aðra sem veiða á sportveiðarfæri meðan við þurfum að reka hin stærri fiskiðnfyrirtæki sem þjóðin lifir á. Við höfum viðurkennt og ég fúslega og manna helst þegar t. d. vestmanneyingar eiga í hlut og reyndar aðrir sem þurfa að fara á ákveðin mið til ákveðinna veiða, eins og þegar hefur verið hafist handa um fyrir nokkrum árum, að úthluta sem einkarétti til ákveðinna hópa eða ákveðinna byggðarlaga ekki aðeins ákveðnu veiðimagni, heldur og ákveðnum veiðisvæðum. Af okkur reykvíkingum er hins vegar tekinn þessi hluti, hann afhentur, vegna þess að hann þarf að vera til staðar fyrir aðra aðila, og þá tala ég líka um þá í þeim byggðum sem hafa vanist við og verið með önnur veiðarfæri heldur en við hér í Reykjavík sem þróum mjög fljótt okkar fiskimenn í það að nota fullkomnustu tækni sem hægt er að nota. Og þá var ekki aðeins um litlu bátana að ræða, heldur líka hin stærri skip sem sóttu á fjarlægari mið, og á ég þar við togarana. En það má segja að allir fái nokkuð í sambandi við þetta frv. nema við í Reykjavík. A. m. k. veit ég að þeir á Akranesi hafa fengið sitt því að þeir hafa bryggjupláss til þess að binda togara sína við, og þá er ekki annað eftir fyrir þá heldur en að fylla þá með brotajárni og sigla svo öllu í næsta járnbræðsluofn sem mun vera í Englandi.

Ég minnist þess þegar það furðulega frv. sem bannaði dragnótaveiðar í Faxaflóa, sem hafði þó, eins og ég hef tekið fram, nokkuð til síns máls, — þegar það var samþykkt, þá var hér fjöldi báta af þeirri stærð sem þessar veiðar stunduðu. Ekki einn einasti þeirra fékk skaðabætur fyrir það að vera sviptur þessari atvinnu sinni. Og það er staðreynd að þeim, sem fluttust til annarra verstöðva hér, bæði við Reykjanesið og Suðurlandið og þar á ég við Þorlákshöfn, — þeim var meinuð hafnaraðstaða þar og lá við stórslysum í tveim tilfellum sem mér er kunnugt um, því að þeim var bannað að koma þar að landi og urðu að fara fyrir Reykjanes með sinn afla til þess að landa í Reykjavík. Á þetta hefur ekki verið minnst og er þó um að ræða landshöfn og hafnir sem alþjóð hefur lagt til stórfé. Auk þessa endurtek ég aftur þetta sem ég sagði, að þeim var meinuð hafnaraðstaða á þessum stöðum og er ljótt til þess að segja á Íslandi í dag.

Það er eins og kom fram hjá hv. frsm. og ég vil benda á, að ég skrifa ekki, þótt ég sé formaður í virðulegri sjútvn. þessarar d., þá skrifa ég ekki undir nál. vegna þess að ég hef aðrar skoðanir en meiri hl. þm. á því hvernig okkar veiðimálum á að skipa. Ég er hins vegar samþykkur þeim brtt., sem meðnm. mínir hafa lagt fram, og mun styðja þær. Það var verið að reyna að ná samkomulagi til þess að við sýndum ekki sömu skömmina og Ed. hv. Alþ. að gera það á síðustu stundu að henda frá sér þessu máli með stórkostlegum breytingum, jafnvel án þess að tala við nm. úr sjútvn., a. m. k. ekki flm. frv., og um leið að gera það að verkum að við hefðum getað staðið frammi fyrir því nú á síðasta degi þingsins, eftir að hafa fært út fiskveiðilögsöguna í 200 mílur, að við hefðum enga löggjöf um þetta mál. Við það er ég ekki sáttur. Og það er þess vegna sem ég dreg til baka þá ætlun mína að flytja brtt. við frv. eins og það er og mun í heild styðja að það nái fram að ganga, vegna þess að ég tel að það sé ekki sæmandi fyrir okkur að láta þetta frá okkur fara, allra síst kannske vegna þess sem fram undan er í viðskiptum okkar við aðrar þjóðir og reyndar enda þótt svo hefði ekki verið. En þetta virtist ekki vera uppi hjá þeim félögum okkar í hv. Ed., heldur var þeim alveg sama um það þótt þetta frv. hefði rekið á sker á síðustu dögum, enda geri ég fastlega ráð fyrir því að það mundi ekki skaða neitt þótt við vísuðum þessu frv. til ríkisstj. til frekari athugunar, því að það virðist vera ákaflega mikill ágreiningur enn um það hvað eigi að gera við ákveðin veiðisvæði landsins, þannig að ef slík till. kæmi fram, þá gæti ég fúslega stutt hana. Við mundum þá bara í þeirri rökvísun með slíkri till. til rökst. dagskrár óska eftir því, að hæstv. sjútvrh. stjórnaði í anda þeirra laga sem ekki voru samþykkt, og ég skyldi fúslega treysta honum til þess og mundi ekki verða verra en láta þá ráða sem nú hafa tekið ráðin og telja sig allt vita og allt geta bara vegna þess að þeir eru með grá hár á sínum kolli, sem er mikill misskilningur.

En eins og ég segi, ég mun ekki flytja neinar brtt. sjálfur við frv., en ég áskil mér allan rétt til þess að fylgja þeim ef fram koma.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Mál það, sem hér er nú til umr., er eitt af þeim sem enginn hægðarleikur er að ræða hér með góðu móti á hv. Alþ., og það stafar að nokkru leyti af því að hér er um talsvert tæknilegt mál að ræða þar sem ræða þarf um ýmsa hluti sem ekki er auðvelt að setja sig inn í nema þá með allstaðkunnugum mönnum og einnig með kort af viðkomandi svæðum fyrir framan sig.

Ég ætla mér ekki hér að fara í neinar ítarlegar umr. um þetta mál, allra síst úr því sem komið er, þar sem hér er aðeins um lítinn tíma að ræða enn þá af þingtímanum. Ég tel að það frv., sem hér liggur fyrir, þurfi að ná fram að ganga, það sé mjög brýnt, og við eigum ekki að ljá máls á því á neinn hátt að fresta afgreiðslu málsins. En þó vil ég segja það, að ég

sé á þessari afgreiðslu verulega annmarka enn þá og því miður hefur þannig tekist til að enn eru á lagasmíð þessari svo augljósir gallar að það er ekki einu sinni hægt að framkvæma lögin eins og frv. er nú, nema hér verði gerðar á nokkrar breytingar. Það er enginn vafi á því að þeir, sem að þessari tillögugerð standa, hafa ekki ætlað sér að standa þannig að þessum málum eins og raunin er þó á.

Ég skal koma hér fyrst að þremur atriðum sem snerta þessa löggjöf varðandi það svæði þar sem ég er kunnugastur, þ. e. a. s. Austurland og Suðausturland.

Það er þá í fyrsta lagi í kaflanum um veiðiheimildir fyrir Austurlandi, þ. e. a. s. í 3. gr. frv., í B-kaflanum um Austurland, þar byrjar sú grein þannig: „Frá línu réttvísandi norðaustur frá Langanesi að línu sem dregin er" o. s. frv. Á þessu er galli vegna þess að það er þegar búið fyrir alllöngu að gefa út reglugerð um að það skuli draga línu beint í austur frá Langanestá, réttvísandi austur, og friða síðan allt árið fyrir togveiðum allt svæðið þar fyrir norðan, þ. e. a. s. Þistilfjarðarsvæðið. Nú er hins vegar lagt til með þessu að heimila bátum að veiða að línu sem gengur í norðaustur frá Langanestá eins og áður var. M. ö. o.: það er verið að minnka friðunarsvæðið á Þistilfirði um nokkurn geira á þessu svæði, því að ég tel engan vafa á því að lagasetning nú um heimild til þess að veiða á tilteknu svæði mundi breyta þeirri reglugerð sem í gildi er. Ég hafði bent á það áður að það þyrfti að breyta þessu, en annað eins hefur svo sem sést hér þó við jafnvel samþykktum lög með svona feilstrikum í, og ég mundi frekar samþykkja frv. þó að þetta stæði áfram. En ég vil nú skjóta því sérstaklega til sjútvn. að það á að breyta þessu þannig að það sé í þessari löggjöf miðað við línu réttvísandi austur frá Langanestá, en ekki í norðaustur eins og var í eldri löggjöf. (Gripið fram í.) Alveg rétt, það efast ég ekkert um.

Þá er annað atriði sem fær ekki heldur staðist. Hv. Ed. gerði breytingu á veiðiheimildum báta og skipa yfirleitt fyrir Suðausturlandi. Á svæðinu frá Hvítingum og að Ingólfshöfða hafði verið við það miðað fyrst í till. Nd. að það skyldu ekki heimilaðar togveiðar á þessu svæði yfir netaveiðitímabilið í mars og aprílmánuði, en Ed. gerði breytingu og færði þessi mörk frá Ingólfshöfða og að 18° v.lg. eða nokkru vestar og heimilar ekki veiðar á þessu svæði öllu frá Hvítingum og að 18° yfir mánuðina mars og apríl. En af þessu leiðir að það þarf að breyta einnig næstu gr. þar á eftir, því að það dugar ekki að segja, eins og kom í till. frá Ed. og enn stendur í C 6, þar stendur, að á svæðinu frá Ingólfshöfða að Lundadrang sé heimilt að veiða allt árið. En þarna er um nokkur svæði að ræða, þ. e. a. s. frá ca. 16½ % suður frá Ingólfshöfða og að 18°, það er þegar búið að ákveða að það megi ekki veiða með togveiðarfærum á þessu svæði í mars og aprílmánuði og af því þarf að breyta næstu grein þar á eftir. Þeim í Ed. hefur sést yfir þetta og Nd. hefur enn ekki athugað þetta, en nú er enn tækifæri að laga það.

Það var einnig það atriði að í lið C 7 í þessum kafla er enn haldið áfram þeirri ritvillu að tala um línu sem er í austur frá Ingólfshöfða. Það var búið að laga þetta í kafla C 6, en þetta á augljóslega að vera í suður frá Ingólfshöfða því að það verður engin viðmiðunarlína sem dregin er í austur frá Ingólfshöfða, hún dugar ekki í þessu falli.

Nú vil ég sem sagt biðja hv. sjútvn. að athuga þessi þrjú atriði sem öll eru aðeins að lagfæra villur sem þarna hafa slæðst inn. Ég held að fyrir utan þessa villu, sem kannske má telja sem ritvillu í C 7, þá megi raunverulega breyta kaflanum C 6 þannig að þar verði aðeins bætt við: „sbr. þó ákvæði í C 4 og C 5," þ. e. a. s. það er búið að gera þar breytingu sem er miðuð við 18° v.lg. Þetta er allt hægt að leiðrétta enn þá. En það er mjög hætt við því, eins og hefur verið staðið að þessu máli, að það séu fleiri villur í þessu sem gætu komið sér illa, en það verður þá að hafa það og hefur svo sem gerst hjá okkur fyrr.

En svo er að minnast aðeins á aðrar breytingar sem hv. sjútvn. Nd. leggur til að gera á frv. eins og það kom frá Ed. Í fyrsta lagi leggur Nd.-nefndin til að ákveðið svæði fyrir sunnan Langanes og einkum á Héraðsflóasvæðinu þar sem var veiðiheimild fyrir togveiðibáta á ákveðnu svæði sunnan Langaness og upp á Héraðsflóann, þetta verði afnumið eða þessu verði breytt. Það er ekki rétt að segja að hér sé um það að ræða að með þessari breytingu sé verið að auka sérstaklega friðun, vegna þess að um leið og dregið er úr veiðiheimildum báta á þessu svæði, þá eru auknar veiðiheimildir stórra togara á þessu svæði. Þeir urðu að vera þarna enn þá utar en nú er lagt til. Ég fyrir mitt leyti tel að það sé afar hæpið að taka þetta svæði af þeim togbátum, sem enn eru á Austurlandi, neita þeim um þetta svæði sem togsvæði, þegar á það er litið að fyrir öllu Austurlandi megi þeir hvergi koma nær til þess að toga en upp að 12 mílum og þegar einnig er á það litið að það er búið að loka hjá þeim öllu Þistilfjarðarsvæðinu, ekki aðeins í tvo mánuði eins og áður var, heldur í 12 mánuði, og þar er ekki um neitt smáræðissvæði að ræða. Þetta bitnar auðvitað á veiðimöguleikum þeirra, og það getur ekkert annað gerst með þessu, að taka á þennan hátt fyrir veiðiheimildir bátanna á þessu svæði, en að þeir hrekjast enn meira suðaustur fyrir landið og þar verður enn meiri átroðningur. Sú till., sem hv. Ed. gerði í þessum efnum, heimilaði bátum áfram, eins og áður hafði verið, að halda nokkru veiðisvæði fyrir sunnan Langanes og Héraðsflóasvæðinu. Hún er að vísu að mínum dómi dálítið gölluð. Hún er verri en sú heimild sem var í gildi í eldri lögum vegna þess að hún heimilar aðeins veiðar nær landinu á allviðkvæmu svæði út af Vopnafjarðarflóa og út af Bakkafirði, en hún hins vegar dregur úr veiðiheimildum bátanna frá því sem áður var út af Héraðsflóasvæðinu þar sem minna gerir til. En þó er það svo að ég vildi heldur hafa það, sem kom frá Ed. í þessum efnum, heldur en það sem hér er lagt til af sjútvn. Nd. Ég mun því greiða atkv.

gegn því að liðurinn B 3 falli niður. Ég tel að hann ætti ekki að falla niður, þó að ég hefði gjarnan viljað standa að breytingum á því orðalagi sem kemur frá Ed. En um það er ekki að fást því að það er ekki hægt að eltast við þetta mál fram og tilbaka á milli deilda úr því sem komið er.

Hv. Ed gerði þær breytingar á suðaustur- og austursvæðinu að hún heimilar áfram togurum að veiða á litlu svæði sunnan við Hvítinga, og Nd.-nefndin fellst á það. Ég álít að þetta sé rétt. Það er búið að þrengja svo gífurlega mikið frá því sem áður var að togurum á austursvæðinu öllu að það er auðvitað ástæðulaust að taka af þeim þetta litla svæði sem hefur reynst þannig, eins og hv. frsm. sjútvn. sagði hér, að þarna hefur yfirleitt veiðst mjög vænn fiskur. Því álít ég að það sé rétt að gera þessa breytingu sem hv. Ed. gerði og Nd.-nefndin vill fallast á.

Þá er um það að ræða að hv. sjútvn. Nd. leggur til að felld verði niður ákveðin friðun á svæðinu bæði nokkuð í austur og vestur frá Hornafirði, en í gildandi lögum var þarna nokkurt svæði sem sett var inn eftir till. skipstjórnarmanna á Austurlandi, þar sem þeir lögðu til að ákveðnu svæði þarna væri lokað í 5 mánuði ársins, frá 1. maí til 1. okt., fyrir öllum togveiðum, vegna þess að að þeirra áliti var á þessu svæði tvímælalaust mikið af smáýsu og smáum fiski og þannig hefur þetta verið í gildi í fyrri lögum. Hv. Ed. tók þetta atriði upp og vildi halda þessari friðun. Það kemur mér mjög á óvart að hv. sjútvn. Nd. vill endilega opna þetta aftur. Hún getur ekki fallist á þessa friðun sem Ed. hefur þó lagt til. Það er að vísu gert með því fororði að sagt er að hæstv. sjútvrh. muni gefa yfirlýsingu um að beita valdi sínu til þess að friða þetta svæði. Ég hefði talið miklu einlægara að leyfa þessu að vera í lögum eins og það var og eins og það var komið inn í lögin, ef menn fallast á sjónarmið þeirra sem þarna eiga mest undir og hafa stundað þessar veiðar. Ég gef ekkert fyrir það eða sáralítið þó að loforð sé gefið um að lokað skuli á þessu svæði eftir skyndifriðunarreglunni. Ég hef ekki mikla trú á henni þarna. Henni hefur verið beitt gagnvart togurunum, en ekki gagnvart togbátum. Og ég hef ekki mikla trú á því, miðað við athafnir Hafrannsóknastofnunarinnar á þessu svæði, að hún geri ýkjamiklar till. um það hvernig þarna eigi að standa að þessum málum. Því álít ég að þetta friðunarsvæði eigi að standa og ég mun greiða atkv. á móti því að þetta verði fellt niður, ég sé enga ástæðu til þess, þó að ég játi að það er auðvitað miklum mun betra, ef þetta verður fellt niður, að hafa þó yfirlýsingu hæstv. ráðh. um að hann muni beita þessu varlega.

Þá er eitt atriði enn sem hv. sjútvn. Nd. hefur tekið upp eftir minni ábendingu og ég tel að sé stórum betra en það var áður í frv. Í frv., eins og það var komið, var sagt í 8. gr. frv. orðrétt á þessa leið: „Hvenær sem skipstjórar eftirlitsskipa, leiðangursstjórar rannsóknaskipa Hafrannsóknastofnunarinnar eða sérstakir trúnaðarmenn, sbr. 2. mgr.," þ. e. a. s. trúnaðarmenn sem skipaðir eru í einstaka fiskibáta og einstök fiskiskip, allir þessir aðilar geti tekið sjálfstæða ákvörðun um það að loka veiðisvæðum. Ég tel það alveg fráleitt að einstakir trúnaðarmenn, sem kunna að vera úti í fiskibátum og geta verið margir tugir manna, þeir geti tekið ákvörðun um það að loka ákveðnum veiðisvæðum. Ég álít að það sé algerlega nóg að þetta vald sé hjá skipstjórum eftirlitsskipanna og þetta sé hjá skipstjórum á fiskirannsóknaskipunum og get vel fallist á það að þetta sé einnig hjá öðrum trúnaðarmönnum sem ráðh. getur þá skipað sérstaklega sem trúnaðarmenn með slíku valdi. En það væri auðvitað alveg fráleitt, þegar komnir eru trúnaðarmenn í mörg veiðiskip, að láta þá hina einstöku trúnaðarmenn fá þetta mikla vald, að þeir geti lokað heilum veiðisvæðum sem skyndilokun. Við skulum gæta að því að það er ekkert grín að gera út skip sem kosta orðið um millj. kr. á dag og það er ekkert grín fyrir skipshafnirnar heldur að vera komnar á miðin og láta einhvern einn mann úr kannske 50 manna hópi ákveða það að nú verði allir að fara í burtu af því að hér sé lokað. Það er sjálfsagt að hafa ákvæðin um skyndilokun fyrir hendi í lögum. En ég álít að þetta mikla vald eigi að takmarkast við tiltölulega fáa menn sem eru í þessu eftirliti og mynda mjög fasta reglu í þessum efnum. Við getum ekki látið alls konar eftirlitsmenn, sem kunna að verða skipaðir og eru skipaðir, jafnt á landi og sjó, til þess að að hafa eftirlit með þessu öllu saman, fá leyfi til þess að loka heilum hafsvæðum. Ég tel sem sagt þessa breytingu, sem hv. sjútvn. hefur þarna tekið upp við þetta ákvæði í 8. gr., mjög til bóta og styð það.

Ég þarf svo ekki að orðlengja frekar um þetta og skal ekki gera það vegna tímaskorts hér. Mér sýnist að þetta sé æðiseint á ferðinni allt saman hér hjá okkur og komið mjög í eindaga. Ég vænti þess að sjútvn. fái tíma til þess, það verði eitthvert smáfundahlé gert til þess að lagfæra alla þá smágalla sem ég hef komið auga á og bent hér á, og einnig vil ég lýsa afstöðu minni til þessara brtt. að því leyti til sem mér sýnist að þessar brtt. séu heldur til óhagræðis í sambandi við Austur- og Suðausturlandssvæðið.

Ég vil svo einnig benda á það, að það er augljóst að þetta frv. er þannig að það gerir ráð fyrir, því miður, vil ég segja, verulegri togveiðiaukningu fyrir Suðausturlandi, einkum í Meðallandsbugtinni. Þar er um það að ræða að það er verið að auka allverulega heimildir togbáta frá því sem verið hefur, en það átti í rauninni ekki að vera höfuðatriðið. En þar er um allverulegar aukningar á heimildum að ræða frá því sem verið hefur á því svæði. En hins vegar er, eins og till. standa hér, um mjög stórfellda friðun að ræða sem búið er að skipa fyrir um áður á Austurlandssvæðinu, á Norðaustursvæðinu og Suðaustursvæðinu, þá er búið að gefa út reglugerðir um mjög verulega friðunaraukningu frá því sem áður var.

Ég skal svo ekki lengja þessar umr. frekar.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það er rétt, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að þetta mál er hér seint á ferðinni. En ekki

verð ég sakaður um það að hafa ekki í tæka tíð skipað n. til þess að undirbúa þetta mál og ræða það mjög ítarlega víðs vegar um landið. Jafnframt því að þar voru fulltrúar hugsamunaaðila sjávarútvegs, þá var þar bætt við n. 7 alþm. og ekki var slegið slöku við fundarhöld í þeirri n. En þetta mál er, eins og hann og fleiri ræðumenn hafa sagt, mjög erfitt mál og erfitt að koma saman þessu máli og ná samkomulagi um þessi viðamiklu og flóknu mál. Þau taka breytingum frá degi til dags í meðförum manna. En eitt er það sem er höfuðatriði, og það er að þetta mál nái fram að ganga, því að ég tel að það sé Alþ. til mikillar vansæmdar að ljúka svo störfum að þetta frv. verði ekki að lögum.

Það er eins með þetta frv. og öll önnur, það má setja út á ýmislegt í því. Það er margt í því sem má betur fara, og það er líka margt í þessu frv., eins og það var lagt fyrir þing og einnig þær breytingar sem það hefur tekið í meðförum þingsins, sem ég fyrir mitt leyti hefði viljað hafa á nokkuð annan veg. En það er þannig að það getur enginn einn ráðið gerð og afgreiðslu þessa máls. Hér verður að koma til mjög víðtækt samkomulga til þess að þetta mál fái endanlega afgreiðslu. Ég tel bæði rétt og skylt að hæstv. forseti gefi nokkurt hlé til þess að n. geti gert tilteknar leiðréttingar, þær sem hv. síðasti ræðumaður benti á, ákaflega lítilfjörleg atriði í sjálfu sér, en það er alveg hárrétt að hér verður að leiðrétta áttavitann í þremur tilfellum, og það finnst mér að n. geti vel gert á örfáum mínútum ef hlé er gert.

Ég ætla ekki að fara að ræða efnislega um frv., það hef ég áður gert. Ég tel að það sé mikill ágreiningur við afgreiðslu í Nd. og í Ed. og til þess að jafna þann ágreining verðum við að ná saman. Sjútvn. þessarar hv. d. hefur tekið tillit til allmargra breytinga sem hv. Ed. gerði á frv., og ég var samþykkur þeim brtt. öllum.

Ég vil út af orðum hv. frsm. sjútvn. og fleiri lýsa því yfir að ég mun með reglugerð loka svæðinu réttvísandi suður af Hvalnesi og að línu sem hugsast dregin að vestan að 15° 45' og innan 6 sjómílna frá landi á tímabilinu 1. maí til 1. okt. Slíkri reglugerð verði beitt þar til eftirlit er komið í það horf að skyndilokunum megi beita á svæðinu vegna göngu smáfisks á fyrrgreindu tímabili. — Reglugerðinni verði beitt þangað til að við teljum að það sé komið í viðunandi horf.

Vegna till. um frekara bann við veiðum með botnvörpu og flotvörpu á Breiðafjarðarsvæði vil ég taka fram að ég er þeirri brtt. andvígur þó að hún gangi ekki eins langt og brtt. þær sem samþykktar voru í Ed. En það er ekki af fjandskap við snæfellinga, heldur er hér um að ræða lokun veiðisvæða fyrir togurum sem gerir það að verkum að togaraflotinn þyrpist meir og meir og í vaxandi mæli sérstaklega á tvö tiltekin svæði. Og það er rétt sem hv. síðasti ræðumaður gat um, það er á Suðausturlandi, en þó fyrst og fremst á Vestfjarðasvæðinu, og þess vegna er ég andvígur till. En verði þessi till. sjútvn. samþ., þá mun ég beita mér fyrir því að yfir hávertíðina verði neta- og línusvæða á Breiðafjarðarmiðum gætt líkt og verið hefur nú tvö undanfarin ár, fyrst í Víkurál og síðan á öðru svæði út af sunnanverðum Vestfjörðum. Ég held að það sé ekki allt fengið með reglugerðum. Það hefur hvort tveggja verið reynt og með misjöfnum árangri. En með því að beita sér fyrir því að ná samkomulagi við Landhelgisgæsluna og á þann hátt að virða línu- og netasvæði á viðkvæmasta tíma, þá tel ég að sé komið mjög til móts við óskir snæfellinga í þessum efnum, En í 5. gr. þessa frv. segir að ráðh. sé heimilt að skipta veiðisvæðum milli veiðarfæra og takmarka þannig veiðiheimildir þær, sem veittar eru í lögum þessum, með því að banna notkun ákveðinna gerða af veiðarfærum á tilteknum veiðisvæðum í takmarkaðan tíma. Sú tilraun, sem gerð var í hittiðfyrra og á síðustu vertíð tókst vel. Það urðu engir teljandi árekstrar á milli togveiðiskipa og línu- og netabáta og eiginlega engir árekstrar á síðustu vertíð. Ég hygg að ef þetta kæmi til, þá verði reynslan ekkert síðri á miðum snæfellinga heldur en á þessum miðum.

Ég sagði í upphafi að ég legði mikla áherslu á að þessi löggjöf næði fram að ganga. Jafnvel þó að hinn ágæti formaður sjútvn. Nd. telji að það megi alveg eins láta vísa þessu frv. til ríkisstj. og ég gæti þá stjórnað og sjútvrn. þessum málum í anda þess frv. sem ekki verður samþykkt, þá vona ég að slíkt komi ekki fyrir. Ég vek athygli hv. alþm. á því, sem ég raunar þarf ekki að gera, að ef þetta mál dagar hér uppi, þá verði litið svo á að við íslendingar eða Alþingi íslendinga hafi ekki eftir að hafa fært fiskveiðilandhelgina út í 200 mílur haft samstöðu um að koma á skynsamlegri hagnýtingu fiskveiðilandhelginnar og ég mundi telja það frekar vatn á myllu andstæðinga okkar í þessu máli.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég skal ekki ræða þetta mál neitt á víð og dreif eða eyða löngu máli í þessar umr., en mig langar að vekja hér athygli á tilteknum greinum eða einni grein einkum og er það raunar það sama sem hv. 2. þm. Austurl. minntist á hér sérstaklega ásamt ýmsu öðru, en það er till. hv. sjútvn. um að liðurinn B 3 fyrir Austurland falli brott. Mig langar til þess að vekja athygli á þessari till. og benda á að ég tel að það væri mjög óheppilegt ef sú till. yrði samþykkt.

Það, sem hér er um að ræða, er að hafa nokkra ræmu sunnan við Langanes eða frá Langanesi og suður undir Gletting fyrir togbátana sem gerðir eru út, bæði af Norðurlandi og frá Austurlandi. Ég held að ég hafi í huga alveg töluna um það hvaða bátar það eru sem hér er um að ræða. Þetta eru 5 skip sem hér hafa sérstakra hagsmuna að gæta. Það er Sigurbjörgin frá Ólafsfirði, Þórður Jónasson og Ólafur Magnússon frá Akureyri, sem eru nú raunar gerðir út að mestu frá Seyðisfirði, og svo Emelie frá Seyðisfirði og Bjarni Ásmundar frá Húsavík. Þessi 5 skip hafa mikilla hagsmuna að gæta af því að þessu svæði sé ekki lokað, og það var einmitt vegna þessara báta sem breytingin var gerð í Ed. Ég teldi mjög miður farið ef Nd. féllist á þá till. sjútvn. þessarar d. að fella það niður sem Ed. samþykkti í þessu tilfelli. Ég vil því, eins og hv. 2. þm. Austurl. gerði áðan í ræðu sinni, beina því mjög ákveðið til sjútvn. og þá

sérstaklega til frsm. n. að hann og n. taki þetta til sérstakrar athugunar. Ég vil líka taka undir það með hæstv. sjútvrh. að það verði gert stutt fundarhlé til þess að reyna að samræma þessar skoðanir þannig að menn geti nokkurn veginn orðið sammála um það hvernig þetta mál verði afgreitt.

Mér er alveg ljóst að það er mikill vandi að setja þessar reglur svo að öllum líki. Ég fæ ekki séð að miklar aths. hafi verið gerðar við verk þeirrar n. sem samdi þetta frv., og persónulega hef ég ekkert við hennar verk að athuga, hygg að hún hafi innt af hendi mjög gott starf og að hér sé um að ræða væntanlega löggjöf sem er ekki einasta brýn, heldur er nauðsynjamál fyrir fiskveiðar okkar og fyrir verndun fiskstofnanna. Um þetta erum við allir sammála. Hins vegar held ég að það sé nauðsynlegt, að hv. sjútvn. og þeir menn, sem hafa einkum staðið að samningu þessa frv., hafi þolinmæði til þess að hlusta á raddir einstakra þm. þannig að þeir fái tækifæri til þess að koma að sínum sjónarmiðum og að n. virði þau sjónarmið sem hér koma fram.

Ég held að mér sé óhætt að fullyrða að ég tala hér fyrir munn allra þm. Norðurl. e. þannig að það hefur verulegan stuðning norðlendinga að þetta máli nái fram að ganga, þ. e. a. s. þetta ákvæði sem kom í frv. í Ed. að það fái að standa. Þess vegna vil ég enn á ný beina því vinsamlegast til sjútvn. að hún taki þessar aths. til vinsamlegrar skoðunar og þá þannig að hún taki aftur a-liðinn í 1. till. á þskj. 926.

Ég held að ég hafi ekki fleira um þetta að segja. En ég vænti þess eindregið að hv. n. taki þessar aths. til greina.

Frsm. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Enda þótt það hafi komið fram í máli tveggja hv. þm. að þeir eru ekki sammála þeim niðurstöðum sem sjútvn. komst að, þá er það nú ekki í svo veigamiklum atriðum að það út af fyrir sig geri mikinn mun eða komi á óvart. En ég þakka fyrir ábendingar hv. 2. þm. Austurl. sem eru réttar. Þarna eru villur sem ekki eru auðvitað af neinum ásetningi gerðar. Og ég sé að hv. Ed. hefur orðið hið sama á þegar hún bætti inn í B 3, að hún miðar við 6 sjómílur réttvísandi norðaustur frá Langanesi svo sem hafði verið gert óvart og staðið löngum í B-liðnum um Austurland.

Ég vil leyfa mér að flytja hér skrifl. brtt. við 3. gr., B-liðinn og C 6 og C 7. Ástæðan fyrir því, að ekki var numinn brott Ingólfshöfðinn sem viðmiðun og 18° v. lg. sett í staðinn, var sú, að ég þráaðist alllengi við að fallast á þessa breytingu og á ystu nöf. Þegar ég gekk til þess leiks, þá var það mikið umleikis að ekki gafst tóm til þess að gaumgæfa þetta atriði. En ég vil biðja hæstv. forseta um að leita afbrigða fyrir þessari till. minni, en hún er við 3. gr.

Í fyrsta lagi við B 1, að upphaf gr. orðist svo: „Frá línu réttvísandi í austur frá Langanesi."

Í öðru lagi við C 6: Í stað „Frá línu réttvísandi suður frá Ingólfshöfða" komi: Frá 18° v. lg. Brott falli það sem innan sviga stendur: (vms 22).

Og í þriðja lagi við C 7: Í stað „Frá línu réttvísandi austur frá Ingólfshöfða", sem var auðvitað kórvilla, komi: Frá 18° v. lg. og brott falli það sem segir í svigunum um viðmiðunarstað 22.

Hér hefur svo aðallega verið rætt um svæðið á milli Fonts og Glettinganess. Ég kom að því í minni framsögu fyrir brtt. að mér er mjög umhendis að fallast á þessa breytingu, ekki vegna þess að ég skilji ekki vel nauðsyn þessara skipa á svæðinu, 5 skipa, sem ég hygg að sé rétt hjá hv. þm. Ingvari Gíslasyni að eigi hlut að máli, heldur vegna þess sem fram kom í viðræðum okkar við fiskifræðinga sem héldu því fram, eins og ég sagði raunar fyrr í ræðu minni, að allt svæðið réttvísandi norður frá Hraunhafnartanga og allar götur í austur réttvísandi frá Glettinganesi væri sama eðlis með tilliti til uppvaxtarstöðva þorskins. Ég vil þó taka fram að ég er þeirrar skoðunar að það megi ekki lengi rígskorða þetta svæði sem mikið verndarsvæði. Það þarf að stórauka rannsóknir á því og fylgjast með fiskigöngum, því að tíðum, segja sjómennirnir, gengur þarna yfir fullvaxta fiskur sem að öðru jöfnu má sækja í. Auðvitað er fyrir Norðurlandi öllu og Austurlandi, um verulegar skerðingar að tefla, ekki er því að neita, þetta hafsvæði milli 9 og 12 mílna línanna frá Horni og að Langanesi, fyrir utan stóraukin verndarsvæði í kringum eyjarnar Kolbeinsey og Grímsey. Það er auðvitað mjög mikil skerðing, einkum og sér í lagi fyrir þessa millistærð skipa sem áður höfðu veiðiréttindi á þessu svæði. Og þannig er það nú, að langmesta skerðingin, sem verður, er hjá bátastærðinni sem áður var frá 105 tonnum upp í 350 tonn. Þetta á alveg sérstaklega við um Selvogsbankasvæðið og Suðvesturland. En við frágang laganna frá 1973 er ekki fyrir það að synja að þessum bátastærðum, í hverjum eru mörg gífurlega öflug togskip, voru veittar ótrúlega miklar togveiðiheimildir, t. a. m. eins og á Selvogsbanka, að því er mig minnir frá 16. maí og til áramóta, öllum Selvogsbankanum að heita má eins og hann lagði sig. Á ekki dýpra vatni toga þessi skip að sjálfsögðu með næstum því jafnmiklu afli og árangri og áníðslu, ef svo má segja, eins og sérsmíðuð skuttogskip. Vélarafl þessara skipa sumra hverra slagar upp í það sem er hjá minnstu gerð togara.

Vitanlega felur þetta frv. í sér gífurlega aukna friðun. En þar fyrir utan hefur hæstv. sjútvrh. tekið margar ákvarðanir í kjölfar ýmissa ábendinga og samþykkta fiskveiðilaganefndarinnar og þar fyrir utan auðvitað af sjálfsdáðum um stóraukna verndun og friðun allt í kringum landið. Þetta er einn snarasti þátturinn og raunar upphafsþátturinn í því verkefni sem vinna verður nú að vernda fiskistofnana, sér í lagi þorskstofninn. Og það er alveg útilokað að setja þessi lög án þess að við einhvern komi og hagur hans þrengist. Víða þrengist stórlega, sérstaklega á þeim svæðum sem fiskifræðingar tjáðu n. og hafa raunar skrifað um skýrslur og víða birt, — sér í lagi á þeim svæðum þar sem eru uppeldisstöðvar ungfisksins fyrir Norðvestur-, Norður- og Norðausturlandi. Það er skoðun mín sem hefur áður komið fram að aðalmálið sé að hindra dráp á ungfiski og einnig hrygningar-

fiski. Ef þetta heppnast okkur, þá mun e.t.v. langstærsta skrefið vera stigið í þá átt að ná því sem við verðum að ná, að þeir vaxi aftur, fiskstofnarnir við strendur landsins. Hins vegar vil ég láta þess getið, að ég vil gjarnan, ef hæstv. forseta sýnast tök á því, ræða við hv. sjútvn. um þau tilmæli sem fram hafa verið sett hér um þetta svæði, að hverfa að þeirri breytingu sem hv. Ed. gerði við liðinn B, um Austurland, þ.e. svæðið frá Fonti að Glettinganesi (**Gripið fram í:** Frá 15 mínútum.) Nei, frá Fonti að Glettinganesi. (Gripið fram í.) Já, það hygg ég að mundi nægja, því að þetta er ekki svo stórvægilegt eða skiptir neinum þeim sköpum að ástæða sé til að hafna því með öllu að líta á þetta vinsamlega. — [**Fundarhlé.**]

Virðulegi forseti. Sjútvn. hefur orðið sammála um að draga til baka till. við 3. gr., a-liðinn. Til baka er dregin till. um B 3, sem samþ. var að bæta við B-liðinn, Austurland, í hv. Ed., að sá liður falli brott, sem þýðir að fallist er á af n. hálfu að sú breyting verði gerð á frv., eins og það var upphaflega, að skipum 39 metrar að lengd eða minni er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu sem dregin er úr punkti 6 sjómílur réttvísandi austur, — en ekki norðaustur eins og segir í samþykkt hv. Ed., — austur frá Langanesi (vms 10) í punkt 6 sjómílur réttvísandi austur frá Glettinganesi (vms 13).

Ég vil geta þess, hæstv. forseti, að ég hafði lagt hér fram skrifl. brtt. sem að vísu fjallaði einvörðungu um stafsetningu, ef svo má segja, en starfsmaður þingsins greip hana úr höndum mér til frekari meðferðar í vélritun, þannig að mér er umhendis að leggja þá skriflegu brtt. fram og mundi vilja fara fram á andartakshlé á meðan ég leitaði uppi gögn mín þannig að ég fengi þann veginn náð vopnum mínum.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Nú þykir mér flest fara úrskeiðis ef þeir ágætu menn, sem unnið hafa í þessu máli drengilega og vel, eru nú búnir að tapa tækjum sínum og koma ekki á framfæri þeim till. sem þeir þurfa á að halda til þess að koma þessu furðulega máli áfram með þeim furðulegu ráðstöfunum sem gerðar eru til þess að gera svo.

Ég var búinn að taka það fram áður í kvöld að ég mundi ekki verða flm. brtt. þótt ég áskildi mér rétt til þess að fylgja þeim ef fram kæmu. En ef þetta, sem mér skilst af máli hv. frsm. n., að línan við friðunarsvæðið við Norðausturland ætti að stefna í réttvísandi austur, en ekki í norðaustur, þá mun ég fylgja þeirri till. þegar hún fram kemur. En ég vænti þess að formaður og aðrir í n. finni tæki sín til þess að koma þessu á framfæri.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 942) samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 942,a samþ. með 32 shlj. atkv.
— 926,1.a tekin aftur.
Brtt. 926,1.b samþ. með 28 shlj. atkv.
— 942,b samþ. með 27 shlj. atkv.
— 942,c samþ. með 28 shlj. atkv.
— 926,1.c samþ. með 30:4 atkv.
— 933 felld með 22:4 atkv.
— 926,1.d samþ. með 30:5 atkv.
— 926,2 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 926,3 samþ. með 32 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og endursent Ed.

Neðri deild, 119. fundur.

Þriðjudaginn 18. maí, að loknum 118. fundi.

Jafnrétti kvenna og karla, frv. (þskj. 923). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 950).

Starfslok neðri deildar.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Þar sem þetta verður að öllum líkindum seinasti fundur Nd. á þessu þingi, þá vil ég leyfa mér að mæla hér nokkur orð í kveðjuskyni.

Það hefur gengið á ýmsu í störfum okkar eins og títt er, ekki síst á síðustu dögum þings. Ég vil þakka hv. þdm. störf þeirra í þd. Ég vil þakka nefndaformönnum, varaforsetum og skrifurum þingsins. Sömuleiðis vil ég þakka skrifstofustjóra Alþingis, starfsliði skrifstofu og starfsliði þingsins öllu, svo og þingfréttariturum þeirra störf í þágu Alþ. og þessarar d. sérstaklega. Ég læt í ljós þá ósk að hv. þdm. megi hittast hér allir heilir á næsta þingi og óska þeim, sem eiga langan veg heim að fara, góðrar ferðar heim til sín og góðrar heimkomu. Ég þakka síðan öllum hv. þdm. samstarf við mig.

Karvel Pálmason: Hæstv. forseti. Ég vil fyrir hönd okkar þdm. þakka óskir forseta okkur til handa og ég vil óska honum og hans fjölskyldu svo og starfsfólki þingsins öllu góðs sumars með þökk fyrir veturinn. Ég vil sömuleiðis taka undir óskir hæstv. forseta um það að við hittumst hér öll heil að hausti, og ég vil biðja hv. þm. að taka undir þessar óskir með því að rísa úr sætum. — [Þdm. risu úr sætum.]

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Ég þakka hv. 5. þm. Vestf. fyrir árnaðaróskir hans í minn garð og hv. þdm. undirtektir þeirra og ítreka óskir mínar um að við megum öll hittast hér heil á ný á næsta þingi og megum öll njóta góðs sumars til þess að við getum eflst til starfa á næsta þingi til blessunar okkar landi. — Þessum fundi er slitið.

Efri deild, 126. fundur.

Þriðjudaginn 18. maí, kl. 10.30 síðdegis.

Jarðalög, frv. (þskj. 936). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Frv. til jarðalaga kemur að nýju fyrir d. vegna breyt., sem hafa verið gerðar á því í hv. Nd. Ég hef haft samband við landbn.-menn Ed. og við höfum rætt það hvort ástæða væri til að halda sérstakan nefndarfund um málið vegna þessara breyt. Hefur okkur komið saman um að þess gerðist ekki þörf, þær væru þess eðlis. Þær eru auðskýranlegar og í sumu falli aðeins til þess að gera ótvíræðara orðalag á greinunum heldur en var áður. Ég vil þó til glöggvunar fyrir þá menn, sem ekki hafa fylgst fyllilega með vinnubrögðunum í þessum málum, fara fáeinum orðum um þessar breytingar. Ég tek þá fyrst þar til sem er breyt. á 3. gr. frv., að niður falli úr gr. orðið „lóða". Þar sagði svo: „Lög þessi taka til jarða, jarðarhluta, afréttarlanda, öræfa, lóða og landspildna." Lóða er þar með fallið burt, enda kemur það fram annars staðar í lögunum að þau eru ekki talin taka til lóða í þéttbýli.

Í öðru lagi er brtt. frá landbn. Nd. við 10. gr. sem er eingöngu til samræmingar við náttúruverndarlög sem í gildi eru. Endurskoðunarnefndin, sem undirbjó þessi lög, vissi vel af þessu ákvæði, en var þeirrar skoðunar að ekki væri þörf á því að taka það upp í þessi lög þar sem það eru alveg bein fyrirmæli í náttúruverndarlögunum að sveitarstjórnir megi ekki leyfa byggingu sumarbústaða nema hafa leitað umsagnar náttúruverndarnefndar. En Náttúruverndarráð sætti sig ekki fyllilega við að þetta væri ekki í jarðalögunum og óskaði eftir því að sú breyt. yrði gerð. Við því er orðið og var sjálfsagt að gera það, því að það hlaut alltaf að verða farið að um þessi efni eins og segir fyrir um í náttúruverndarlögum. Það er önnur breyt. sem gerð hefur verið í Nd.

Í þriðja lagi er brtt. við 13. gr. Það er sú gr. sem mjög hefur verið umdeild og talin vera hæpin. Þess vegna þótti eðlilegt að gera orðalag gr. skýrara að því er varðar ráðherraheimild. Það sagði svo í gr.: „Þar sem skipting jarðar hefur átt sér stað, og bú er ekki rekið á úrskiptum jarðarhluta, er ráðh. heimilt að leyfa eiganda og ábúanda jarðar þeirrar, sem skipt var úr, að fengnum meðmælum sveitarstjórnar, jarðanefndar og landnámsstjórnar, að leysa til sín hinn úrskipta jarðahluta." Það var dregið í efa að þetta væri í samræmi við önnur lög landsins. En til þess að taka þarna af allan vafa og árétta það sem meint var í lagagr., þá er bætt inn þessu: að „ráðh. er heimilt, ef hagsmunir sveitarfélags krefjast, að leyfa eiganda" o. s. frv.

Sama er að segja um fjórðu brtt. sem er við 14. gr. laganna. Þar er um þetta sama að ræða, í öðru tilviki að vísu. Þar sagði í frv.: „og getur ráðh. þá leyft honum að leysa til sín eignarhluta meðeiganda sinna." Fyrir það kemur: „og getur ráðh. þá, ef hagsmunir sveitarfélags krefjast, leyft honum að leysa til sín" o. s. frv.

Í báðum þessum tilvikum er sett inn í frv. með ótvíræðum hætti það sem átt var við með orðalagi gr. Hér er því ekki um efnislega breyt. að ræða aðeins skýrara orðalag.

Hins vegar má segja að brtt. sú, sem hæstv. landbrh. flutti við jarðalagafrv., sé lítils háttar annars eðlis og breytir um nokkru frá því sem var í frv. Það er breyt. við 26. gr., þar sem sagt var svo í niðurlagi gr.: „Falli fasteignarréttindi við erfðir til annarra en þeirra, er greinir í 1. tölulið, á hreppsnefnd rétt á að fá þau keypt því verði sem þau voru lögð erfingjum til arfs." Hér er sú breyt. gerð á, að fyrir orðin: „því verði sem þau eru lögð erfingjum til arfs" komi: „Náist ekki samkomulag um verð skal um mat og greiðslu bóta fara eftir lögum um eignarnám". Það var sæst á þessa breyt., og ég hygg mig mega fullyrða það að nm. landbn. Ed. gera ekki athugasemd við þetta og mæla með því að frv. verði samþ. í því formi sem það kemur frá Nd.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég talaði nokkuð langt mál þegar frv. þetta til jarðalaga var á dagskrá í þessari hv. d. fyrir nokkrum dögum og það gleður mig að sjá að Nd. hefur séð ástæðu til þess að vinna þetta frv. betur en Ed. sá ástæðu til að gera þrátt fyrir ábendingar. En ég vil segja að þær breyt., sem gerðar hafa verið, eru fáar og ekki mikilsverðar sumar og alls ekki nægjanlegar til þess, að Alþ. geti sóma síns vegna látið slíkt frv. frá sér fara sem samþykkt lög.

Ég vil undirstrika það, sem ég sagði hér í hv. d. við fyrri umr., og ítreka það, sem hv. forseti Nd. hefur haldið fram og ég geri að mínum ummælum, að þetta frv. er á margan hátt brot á stjórnarskránni. Ég vil benda á aðeins eitt dæmi, 26. gr., sem þó er breytt og einmitt þann lið sem var breytt, að „falli fasteignarréttindi við erfðir til annarra en þeirra, er greinir í 1. tölulið, á hreppsnefnd rétt á að fá þau keypt því verði sem þau eru lögð erfingjum til arfs." En nú er búið að bæta þarna inn í, að náist ekki samkomulag, þá skal greiða fyrir viðkomandi fasteign að mati og síðan skal beita eignarnámsheimild. Ég álít að ef menn erfa lóð — það er víst ekki lóð lengur, það er búið að leiðrétta það líka — eða land, þá eigi þeir að fá að ráða því sjálfir hvort þeir eiga það til frambúðar, en þeir eiga ekki að vera neyddir til þess að selja það sem réttilega er þeirra. Og þar álít ég og undirstrika það, sem fram kom hjá hæstv. forseta Nd., að það er brot á mannréttindum og þar með stjórnarskrárbrot. Ég sem þm. óska eftir því að þessu frv. verði vísað til ríkisstj. og ríkisstj. láti fara fram athugun á því lið fyrir lið, og ég skal svo samþ. frv. þegar það kemur þannig athugað ef hægt er að sannfæra mig og aðra hv. þm. um að hvergi sé brotinn eignarréttur þeirra sem um er rætt í þessu frv.

Ég vil enn benda á það að skv. 9. gr. er óheimilt að þinglýsa skjölum varðandi ráðstöfun fasteigna, sem lög þessi ná til, nema fyrir liggi samþykki viðkomandi sveitarstjórnar og jarðanefndar, og vísað svo í 6. og 7. gr. Geta menn

virkilega sætt sig við það að geta ekki þinglýst eigin eignum að eigin mati án þess að sækja um heimild til opinberra aðila, sveitarstjórna eða jarðanefndar? Ég vil ítreka það, að ef Framsfl. heldur að hann sé að gæta hér hagsmuna bænda, þá er þar langt frá því að mínu mati. Og það er hreinlega til skammar Sjálfstfl. að standa að þessu frv.

Það eru ýmis atriði í þessu frv. sem ég hef þegar gert að umræðuefni og ég gæti endurtekið, en ég ætla nú ekki að gera það, en ég legg til að frv. verði vísað til ríkisstj. til frekari athugunar á sama hátt og hæstv. forseti reyndi að gera í Nd. og er reiðubúinn til þess að leggja fram skriflega till. um það ef forseti þessarar hv. d. óskar eftir því.

ATKVGR.

Frávísunartillaga á þskj. 938 felld með 17:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AG.

nei: StH, StG, AJ, ÁB, EggÞ, GeirG, GH, HÁ, HFS, IT, JónÁ, JHelg, JGS, OÓ, RA, StJ, ÞK.

2 þm. (EÁ, JÁH) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 17:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 949).

Verðtrygging fjárskuldbindinga, frv. (þskj. 888, n. 901). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Till. á þskj. 901 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 16 shlj. atkv.

Efri deild, 127. fundur.

Miðvikudaginn 19. maí, kl. 0.20 eftir miðnætti.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi, frv. (þskj. 943). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá einni umr. í Nd. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég skal í mjög fáum orðum gera grein fyrir þeim breyt., sem hv. Nd. hefur gert á frv. eftir að það fór frá okkur hér í Ed. Breyt. þessar eru allar tiltölulega veigalitlar og vona ég að um þær geti náðst samstaða.

Í fyrsta lagi er gerð sá breyt. á liðnum B 1 og liðnum B 3 að breytt er úr „réttvísandi norðaustur frá Langanesi“ í báðum þessum liðum í „austur frá Langanesi“. Hér er aðeins um það að ræða að norðaustur ber þetta svæði inn á friðaða svæðið. Að vísu hefði samt ekki verið heimilt að veiða þar því að skv. 5. gr. getur ráðh. ákveðið friðunarsvæði þrátt fyrir heimildir, en að sjálfsögðu er skemmtilegra að þetta sé í samræmi við þá friðun sem þarna er framkvæmd.

Þá er í liðnum C 5 samþ. af hv. Nd. að fella niður síðari setninguna sem fjallar um að togveiðar verði þó ekki heimilar á svæði milli línu o. s. frv. þar sem greinir réttvísandi suður af Hvalnesi. Þetta er hinn svokallaði ánamaðkur þarna og hygg ég að hæstv. sjútvrh. muni segja eitthvað um það hér á eftir.

Þá gerði hv. Nd. tvær leiðréttingar sem okkur yfirsást. Við gerðum þær breyt. í þessari hv. d. á liðunum C 4 og C 5 að við færðum viðmiðunarstað frá Ingólfshöfða vestur að 18° v. lg. og takmörkuðum þannig togveiðar þar við tímabilið frá 1. maí til 1. mars, en okkur láðist að breyta framhaldinu, sem var í C 6 og C 7, þar sem leiðir hefjast hjá Ingólfshöfða. Varð að sjálfsögðu að breyta því þannig að það, sem þar er um fjallað, byrjaði á sama stað, þ. e. a. s. 18° v. lg., og hefur hv. Nd. leiðrétt það.

Kem ég þá að þeim breyt. sem eru einna veigamestar.

Það er breyt. við Reykjanes- og Faxaflóasvæðið, við E 1. Þar hefur hv. Nd. breytt til baka í það sem var áður með því að breyta 10 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Malarrifi í 6 sjómílna fjarlægð, þ. e. a. s. að togveiðiheimildin er aftur færð þar inn í það sama sem var í upphaflega frv.

Þá gerir hv. Nd. breyt. við liðinn F 1, á Breiðafirði, sama eðlis, þannig að þar er sú breyt., sem gerð var hér í þessari hv. d., tekin til baka eða breytt aftur í það sem áður var og togveiðiheimildir rýmkaðar, þ. e. a. s. á svæði sem er milli 12 og 6 mílna út af Snæfellsnesi. Því er sem sagt breytt aftur í upphaflegt horf.

Auk þessa, sem ég hef nú talið, hefur Nd. gert breyt. við 8. gr. sem er þannig að þar er bætt við 3. málsgr. einni setningu. 3. málsgr. hljóðar þannig, svo að ég lesi hana: „Hvenær sem skipstjórar eftirlitsskipa, leiðangursstjórar rannsóknaskipa Hafrannsóknastofnunarinnar eða sérstakir trúnaðarmenn, sbr. 2. mgr., verða varir við verulegt magn af smáfiski í afla geta þeir bannað veiðar á ákveðnu svæði, sem þeir afmarka í þessu skyni, í allt að þrjá sólarhringa.“ Þar er bætt við: „Hinir sérstöku trúnaðarmenn skulu ekki hafa framangreint leyfi nema samkv. sérstakri ákvörðun ráðh.“

Þetta er að sjálfsögðu mjög eðlilegt. Ég tel hins vegar í raun og veru að í 2. mgr. sé þessa gætt, þar sem segir að þessir trúnaðarmenn skuli hafa erindisbréf útgefið af rn. þar sem nánar er kveðið á um þeirra reglur. En þetta er sem sagt undirstrikað með þessari grein og þó að mér sýnist þarna vera raunar um endurtekningu að ræða, þá geri ég enga aths. við það fyrir mitt leyti.

Í 15. gr. er lagt til að felld verði út orðin „og í umsjá.“ Þar fjallar um vísindalegar rannsóknir og segir í seinni setningunni: „En ætíð skulu slíkar tilraunir og rannsóknir fara fram undir eftirliti og í umsjá Hafrannsóknastofnunarinnar“ — og vísast þar sérstaklega til þess að heimilt er að veita slíkt leyfi erlendum aðilum. Nd. taldi að þessi orð: „og í umsjá“ mætti skilja svo að það ætti að hafa mann um borð í hverju erlendu rannsóknaskipi sem hér væri. Út af fyrir sig teldi ég það nú rétt, satt að segja, en það er ekki rétt að skylda það og raunar getur allt þetta fallið undir orðið eftirlit. En Nd. hefur lagt til, að þessi orð: „og í umsjá“, falli brott og sýnist mér það vera satt að segja lítil breyt.

Ég hef nú lýst þessum breyt., og ég vil geta þess að við í hv. sjútvn. höfum aðeins stungið saman nefjum um þetta og erum við allir sammála um fyrir okkar leyti að mæla með því að fallist verði á frv. eins og það kemur nú frá Nd.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Í 5. gr. þessa frv. segir að ráðh. sé heimilt að skipta veiðisvæðum milli veiðarfæra og takmarka þannig veiðiheimildir þær, sem veittar eru í lögum þessum, með því að banna notkun ákveðinna gerða af veiðarfærum á tilteknum veiðisvæðum í takmarkaðan tíma. Í Nd. kom fram till. um frekara bann við veiðum með botnvörpu og flotvörpu á Breiðafjarðarsvæðinu og ég tók fram þar við umr. að ég mundi beita mér fyrir því að yfir hávertíðina verði neta- og línusvæða gætt líkt og verið hefur í Víkurál og öðru svæði út af sunnanverðum Vestfjörðum. Það hefur reynst vel í framkvæmd báðar þessar vertíðir og einkum í vetur, og ég vænti þess að það muni einnig reynast vel fyrir snæfellinga ekki síður en vestfirðinga.

Í sambandi við það, sem form. sjútvn. sagði áðan, mun ég gefa aðra yfirlýsingu, að ég mun með reglugerð loka svæðinu réttvísandi suður af Hvalnesi og að línu sem hugsast dregin að vestan að 15° 45' innan 6 sjómílna frá landi á tímabilinu 1. maí til 1. okt. Slíkri reglugerð verði beitt þar til eftirlit er komið í það horf að skyndilokunum megi beita á svæðinu vegna göngu smáfisks á fyrrgreindu tímabili.

Ég vona svo að þessu stóra og mikla máli sé nú að ljúka og hér náist að lokum góð samstaða um afgreiðslu málsins og vil þá nota þetta tækifæri til þess að þakka sjútvn. og þm. og öllum þeim mörgu sem unnið hafa að undirbúningi þessa erfiða og umdeilda máls. Ég tel það til sóma fyrir Alþ. að afgr. þetta mál. Það hefði verið afar leitt til þess að vita, ef þetta mál hefði dagað uppi og orðið okkur til minnkunar bæði inn á við og þá ekki síður út á við.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 951).

Starfslok efri deildar.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Með því að þetta er síðasti þingfundur hv. Ed. að þessu sinni þar sem nú er ákveðið að þinglausnir fari fram á morgun vil ég nú, þegar fundum d. lýkur störfum, nota tækifærið til þess að þakka ykkur, hv. þdm., fyrir samveruna á þessu þingi, sem nú er að ljúka, og ánægjulega samvinnu. Ég vil þakka skrifurum d. fyrir ágætt starf og varaforsetum fyrir þá aðstoð sem þeir hafa veitt mér sem forseta. Skrifstofustjóra Alþ. og öðru starfsliði Alþ. svo og þingfréttariturum færi ég bestu þakkir fyrir ágæta samvinnu. Nú þegar leiðir skilja óska ég öllum utanbæjarþm. góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu og ég vænti þess að við hittumst allir heilir á komandi hausti þegar Alþ. kemur saman á ný.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Fyrir hönd okkar þdm. óska ég hæstv. forseta og fjölskyldu hans alls hins besta nú við þessi tímamót. Jafnframt vil ég leyfa mér að segja fyrir okkar hönd að hann hefur með frábærri sanngirni stjórnað hér fundum í góðri samvinnu við okkur deildarmennina. Ég tel það ekki ofmælt þó ég segi frábær, því ég veit ekki til að ágreiningsefni hafi orðið á milli okkar og hans í hans vandasama starfi. Ég óska þess að við megum sjá hann á komandi hausti, þegar þing kemur saman á ný, heilan og hressan og bið hv. þdm. að taka undir þessi orð mín með því að rísa úr sætum. — [Þdm. risu úr sætum.]

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég vil þakka hv. 4. landsk. þm. fyrir hlý orð í minn garð og minnar fjölskyldu. Einnig vil ég þakka hv. þm. fyrir að taka undir þau orð og hans góðu óskir.

Sameinað þing, 93. fundur.

Þriðjudaginn 18. maí, kl. 11.25 fyrir miðnætti.

Kosning sjö manna og jafnmargra varamanna í húsnæðismálastjórn, allra til fjögurra ára, frá 1. júní 1976 til jafnlengdar 1980, að viðhafðri hlutfallskosningu samkv. 1. gr. laga nr. 72 1. jan. 1972, um breyt. á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, og 1. gr. laga nr. 30 1970.

Fram komu þrír listar. Á A-lista voru aðalmenn: Gunnar Helgason, Þráinn Valdimarsson, Jóhann Petersen, Guðmundur Gunnarsson og Ólafur Jensson; varamenn: Óli Þ. Guðbjartsson, Hákon Hákonarson, Hilmar Ólafsson, Jón Snæbjörnsson og Salóme Þorkelsdóttir. Á B-lista voru aðalmenn: Ólafur Jónsson og Sigurður Guðgeirsson; varamenn: Sigurður Magnússon og Sigurjón Hilaríusson. Á C-lista var aðalmaður: Jón H. Guðmundsson, varamaður: Björgvin Guðmundsson. — A-listi hlaut 36 atkv., B-listi 13 atkv. og C-listi 7 atkv. Samkv. þessu lýsti forseti yfir að kjörnir væru:

Aðalmenn:
Gunnar Helgason forstjóri,
Þráinn Valdimarsson framkvæmdastjóri,
Ólafur Jónsson framkvæmdastjóri,
Jóhann Petersen skrifstofustjóri,
Guðmundur Gunnarsson verkfræðingur,
Ólafur Jensson framkvæmdastjóri,
Jón H. Guðmundsson skólastjóri.

Varamenn:
Óli Þ. Guðbjartsson oddviti,
Hákon Hákonarson vélvirki,
Sigurður Magnússon rafvirki,
Hilmar Ólafsson arkitekt,
Jón Snæbjörnsson endurskoðandi,
Salóme Þorkelsdóttir hreppsnefndarmaður,
Björgvin Guðmundsson skrifstofustjóri.

Réttindi og skyldur stjórnmálaflokka, þáltill. (þskj. 787). — Síðari umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 39 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 952).

Skýrsla samgönguráðherra um hafnamál.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Tímans vegna ætla ég ekki að fara langt út í þessa skýrslu, enda er aðaltilgangur með henni að hv. þm. fái hana í sínar hendur og geti séð hvernig með hefur verið farið og hvað hefur verið gert. En í stórum dráttum er það að segja, að það var unnið fyrir um rúma 2 milljarða kr. í höfnum á s. l. ári og var það hið mesta sem gert hefur verið. Í almennar hafnir fóru 1150 millj. kr., í landshafnir 829 millj. kr. og er Þorlákshöfn fyrirferðarmest af þeim svo sem kunnugt er. Hafnabótasjóður lánaði um 280 millj. kr. til hafnarframkvæmda á s. l. ári því að það fór svo sem fyrr að það skorti á að heimamenn hefðu það framlag sem þeir áttu í hafnirnar að leggja, nema með lánum frá Hafnabótasjóði.

Að öðru leyti vitna ég til skýrslunnar sjálfrar sem skýrir það fyrir hv. þm. er um hafnamál er að segja.

Vegáætlun 1976—79, þáltill. (þskj. 667, n. 898 og 912, 899, 927, 935). — Síðari umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 51 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1976—79 var vísað til fjvn. 12. maí s. l. Eins og fram kemur í nál. meiri hl. n., hafði n. tekið málið til umr. þegar eftir að þskj. um áætlunina hafði verið útbýtt á Alþ., en allt um það hefur fjvn. haft mjög nauman tíma til athugunar og afgreiðslu málsins. Innan fjvn. náðist ekki samstaða um heildarafgreiðslu á till. til þál. um vegáætlun, en allt um það vil ég þakka öllum samnm. mínum fyrir góða samvinnu við afgreiðslu málsins og tel reyndar að um flestar þær till., sem meiri hl. n. flytur á sérstöku þskj., hafi náðst samkomulag innan n. þó að leiðir hafi skilist við endanlega afgreiðslu málsins.

Svo sem kunnugt er eru vegalög nú í heildarendurskoðun og gert hafði verið ráð fyrir því að frv. að nýjum vegal. yrði lagt fyrir Alþ. á yfirstandandi þingi. Nú er það hins vegar augljóst mál að svo verður eigi. Það er með hliðsjón af því og þeirri yfirlýsingu hæstv. samgrh. að frv. að nýjum vegal. verði lagt fram á Alþ. þegar á næsta hausti að meiri hl. fjvn. telur, að rétt sé að bráðabirgðavegáætlun verði einungis gerð fyrir árið 1976. Er sú afgreiðsla málsins í fullu samræmi við efni frv. til l. um breyt. á vegal. sem Alþ. hefur nú samþykkt og afgreitt. Brtt. meiri hl. fjvn. eru því miðaðar við þessa afgreiðslu.

Ég vil nota tækifærið og þakka vegamálastjóra og öðrum þeim starfsmönnum vegagerðarinnar sem veittu okkur nm. ómetanlega aðstoð við afgreiðslu málsins.

Að sjálfsögðu er okkur ljóst að til þess að ekki ætti sér stað samdráttur að framkvæmdamagni, þá hefði það fjármagn, sem til skipta er, þurft að vera verulega hærri upphæð en fyrir hendi er samkv. þeim till. sem nú liggja fyrir. Talið er að nú, eftir að samþykktir hafa verið nýir verðtaxtar fyrir vinnuvélar, sé um 30% verðhækkun að ræða frá því að gengið var frá síðustu vegáætlun varðandi nýbyggingu vega og brúa. Meðan svo háttar með verðbreytingar í okkar efnahagskerfi segir sig sjálft að erfitt er að gera framkvæmdaáætlanir fram í tímann sem nokkuð er á að byggja. En nauðsynleg undirbúningsvinna og hönnun framkvæmda krefst þess hins vegar að framkvæmdaröð sé ákveðin með nokkrum fyrirvara svo að ekki standi á þeim frumgögnum þegar í framkvæmdir er ráðist.

Brtt. við heildarramma vegáætlunarinnar eru að þessu sinni frekar smávægilegar.

Varðandi tekjubálkinn er lagt til að hækkaður verði liðurinn innflutningsgjöld um 50 millj. kr. og tekjur af þungaskatti hækki einnig um 50 millj. kr. Eru þessar brtt. fluttar í samræmi við endurskoðaða áætlun Þjóðhagsstofnunar fyrir yfirstandandi ár.

Þá leggur meiri hl. fjvn. til að sú breyting verði gerð á gjaldahlið áætlunarinnar að liðurinn verkfræðilegur undirbúningur lækki um 20 millj. kr. og liðurinn vatnaskemmdir og ófyrirséð lækki um 30 millj. kr. Um þessar brtt. geta að sjálfsögðu verið skiptar skoðanir. En með tilliti til þess að um verulegan samdrátt verður að ræða á framkvæmdamagni, þá ætti kostnaður við verkfræðilegan undirbúning einnig að geta lækkað að einhverju leyti. Um hinn liðinn, vatnaskemmdir og ófyrirséð, verður aldrei að fullu séð fyrir fram hvað raunverulega verður að áætla. En í þessum tilfellum verða þessir liðir: til verkfræðilegs undirbúnings 101 millj. kr. og vatnaskemmdir og ófyrirséð 42 millj. kr., eftir að þessar lækkunartill. hafa verið samþykktar.

Þá er lagt til að inn sé tekinn nýr liður sem verður nr. 4 undir 5. tölul., sérstakar áætlanir: Norður- og austurvegur 150 millj. kr. Er það hluti af happdrættisfé samkv. lögum og ætlað að gangi til nýbygginga á þeim vegi í þeim hlutföllum sem lögin segja til um. Varðandi þann hluta happdrættisfjárins, sem ekki verður notaður til framkvæmda í ár, mun hæstv. samgrh. gefa yfirlýsingu um að verði endurgreitt síðar.

Um aðra séráætlanir er það að segja, Norðurlandsáætlun og Austurlandsáætlun, að þær eru samdar af áætlanadeild Framkvæmdastofnunar í samráði við heimamenn, en staðfestar af ráðh., en fjvn. hefur ekkert haft með þær áætlanir að gera. Þær eru samt sem áður prentaðar í heildaráætlun svo sem vera ber. Vísast til þess sem þar kemur fram varðandi skiptingu á fjárveitingum til hinna einstöku vegaframkvæmda.

Um sjálfa vegáætlunina er það að segja að n. gerði ráð fyrir því að hvað framkvæmdir snerti

væri hún í aðalatriðum látin standa óbreytt í krónutölu, en þó gæti verið um einstakar millifærslur að ræða innan kjördæmanna eftir því sem þm. kæmu sér saman um og legðu til. Að öðru leyti var í þeim efnum, þ. e. skiptingu fé milli framkvæmda í þjóðbrautir og landsbrautir, hafður sami háttur á og áður, að þm. komu með sínar till. til n. og hygg ég að í langflestum tilfellum hafi verið stuðst við till. sem fyrir hendi voru fyrir vegáætlun fyrir árið í ár. Að öðru leyti vil ég vísa til þess sem fram kemur í brtt. á þskj. 899.

Lagt er til að litils háttar breytingar verði gerðar á flokkun vega. Er þar annars vegar um leiðréttingu á texta að ræða vegna nafnbreytinga, aðrar till. fjalla um breytingar á landsbrautum vegna breytinga á býlum við vegarenda og nokkrar leiðréttingar frá fyrri vegáætlun. Þá eru teknir í þjóðvegatölu vegir að tveimur flugvöllum: að Gufuskálum og í Neskaupstað, en það er samkv. heimild í 12. gr. vegal., og samkv. sömu heimild var tekin í þjóðvegatölu vegur að Kirkjubæjarklaustri. Þá hafa einnig verið gerðar breytingar á flokkun vega þannig að á hraðbraut Djúpvegar kemur nýr kafli: Flugvöllur-Hnífsdalur. Þá er einnig um breytingu að ræða á þjóðbrautum, inn koma Vestfjarðavegur og Djúpvegur, þ. e. Vestfjarðavegur í Þorskafirði — Flugvöllur við Ísafjörð og Hnífsdalur-Bolungarvík.

Ég hef þá gert grein fyrir þeim brtt. sem meiri hl. fjvn. hefur leyft sér að flytja á þskj. 899. Um vegáætlunina og vegaframkvæmdir almennt væri að sjálfsögðu hægt að tala langt mál, en ég mun geyma mér það þar til ný vegalög koma til umr. En það vil ég að lokum segja sem mína skoðun, að við framkvæmd núverandi vegalaga með þeim séráætlunum, sem í gangi eru, verður með ári hverju erfiðara að vinna og ég sé ekki að hjá því verði komist þegar á næsta hausti að gerð verði róttæk breyting á þeirri vegalöggjöf sem nú er í gildi.

Að svo mæltu hef ég lokið máli mínu varðandi þessar brtt. meiri hl. fjvn. og vænti þess að brtt. verði samþykktar. Ég geri ekki ráð fyrir að ég taki aftur til máls nema eitthvert sérstakt tilefni gefist til við þessa umr. um vegáætlunina. Þess vegna vil ég segja bara tvö, þrjú orð í sambandi við till. sem hér liggur fyrir á þskj. 935 frá þm. Ragnhildi Helgadóttur. Ég verð að segja það, að mér finnst það gegna furðu þegar þm. ber fram till. um að fella niður fjárveitingu til brúargerðar sem þegar eru hafnar framkvæmdir við og er komin nokkuð út í vatnsfallið. Ég verð að segja, að það liggur við að hér sé um stjórnarskrárbrot að ræða.

Frsm. minni hl. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Við fyrri umr. um það mál, sem hér er verið að ræða, gerði ég nokkra grein fyrir því hvernig þáltill. um vegáætlun, sem lögð var fram fyrir rúmri viku, kom mér fyrir sjónir og hvað í henni fælist að mínum dómi. Hv. formaður fjvn. hefur nú gert grein fyrir afgreiðslu n. eða meiri hl. hennar á þessari till. Í öllum þeim önnum, sem verið hafa á Alþ., hefur að sjálfsögðu gefist lítill tími til að vinna að afgreiðslu þessa mikilvæga máls á þann veg sem þyrfti, og ekki gefst heldur tími til að gera vegáætlun þau skil sem vert væri nú við síðari umr.

Fyrir skömmu hefur verið útbýtt nál. minni hl. fjvn., en að því standa fulltrúar Alþb., Alþfl. og SF. Fæstum hv. þm. hefur gefist tími til þess að lesa það nál. og mun ég því koma því til skila við þessa umr. um málið.

Í till. til þál. um vegáætlun fyrir árið 1976—1979 er gert ráð fyrir 25% niðurskurði framkvæmda á þessu ári miðað við áætlaðar framkvæmdir samkv. núgildandi vegáætlun. Þessi niðurskurður kemur til viðbótar jafnmiklum niðurskurði á árinu 1975. Framkvæmdir í ár eru því samkv. þáltill. einungis um 56% af framkvæmdamagni á vegáætlun 1974.

Í þáltill. um vegáætlun var þessi niðurstaða um óbreytta krónutölu framkvæmdafjár til nýrra hraðbrauta, þjóðbrauta og landsbrauta og um niðurskurð vegaframkvæmda um fjórðung fengin með því að auka lántökur um 52% á árinu 1976, eða úr 1050 millj. kr. í 1600 millj. Í þáltill. er gert ráð fyrir að 75% allra framkvæmda við nýja þjóðvegi byggist á lántökum, þ. á m. bráðabirgðalánum til eins eða tveggja ára, en greiðsla þeirra lána kemur til frádráttar framkvæmdafé þegar á árunum 1977 og 1978.

Hinn 16. maí 1975 voru samþ. á Alþ. lög sem gerðu skylt að tekið yrði 2000 millj. kr. lán til framkvæmda við Norður- og Austurveg á næstu 4 árum eða 500 millj. kr. til jafnaðar á ári, í fyrsta sinn 1976. Var því slegið föstu að fjárhæðir þessar kæmu til viðbótar almennu framkvæmdafé á þessum árum.

Þrátt fyrir samþykkt þessara laga um sérstakar framkvæmdir við Norður- og Austurveg var í þáltill. um vegaframkvæmdir á árunum 1976—1979 gert ráð fyrir að þessi fjáröflun, sem innifalin var í tekjuhlið áætlunarinnar, rynni til almennra vegaframkvæmda. Einungis með þessum hætti hafði ríkisstj.-flokkunum tekist að halda óbreyttri krónutölu framkvæmdafjár til nýrra þjóðvega, en það jafngildir í reynd 25% niðurskurði.

Eftir að þm. gerðu sér grein fyrir að hverju var stefnt með þessari uppbyggingu vegáætlunar, varð ljóst að ríkisstj. var ókleift að afgreiða vegáætlun með venjulegum og lögboðnum hætti.

Stjórnarflokkarnir hafa því orðið að horfast í augu við þá staðreynd að þeir hafa komið málum Vegasjóðs í algert þrot á tveggja ára stjórnartíma sínum og eru ekki færir um að afgreiða vegáætlun eins og lög standa til. Hefur því verið gripið til þess ráðs að áætla tekjur á pappírnum 100 millj. kr. hærri en gert var í þáltill. sem lögð var fram fyrir 10 dögum. Á þessari hækkun áætlaðra tekna af innflutningsgjaldi og þungaskatti hafa engar skýringar fengist eða frekari sundurliðanir. Jafnframt hefur verið ákveðið að skera niður áætluð framlög til verkfræðilegs undirbúnings um 20 millj. kr. eða um 16% og til vatnaskemmda og ófyrirséðs kostnaðar, um 30 millj. eða um 41%.

Till. þessar eru algerlega óraunhæfar. Aukning framkvæmdafjár með þessum hætti er fullkomlega jafngildi þess að fóðra hund með bita af eigin rófu.

Með þessum hætti er lagt til að framlög til nýrra þjóðvega hækki um 150 millj. kr. og á að

verja þeirri hækkun til framkvæmda við Norður- og Austurveg, en framlög til annarra framkvæmda verða óbreytt og skerðast að raungildi um fjórðung frá árinu 1975.

Enn skortir þá 350 millj. kr. til þess að staðið sé við lagaákvæðið um að 500 millj. kr. lánsfjáröflun til Norður- og Austurvegar á þessu ári verði raunverulega varið til þessara vega. Þess í stað er nú við það miðað að óbreytt fjárveiting að krónutölu til almennra vegaframkvæmda sé m. a. byggð á 350 millj. kr. láni frá Norður- og Austurvegi og eigi að endurgreiðast á næsta ári eða árum, þannig að almennar framkvæmdir skerðist þá sem því nemur frá því sem ella yrði til þeirra varið.

Þegar þessi óskapnaður allur lá fyrir varðandi vegáætlun fyrir árið 1976 og algert getuleysi blasti við varðandi næstu 3 ár, sem skylt er að gera áætlun um samkv. vegal., var uppgjöfin staðfest með flutningi frv. ríkisstj. um breytingu á vegal., þess efnis, að engin vegáætlun verði afgreidd eins og gildandi lög gera ráð fyrir, heldur verði tekjur og gjöld Vegasjóðs á þessu ári einungis samþykkt með bráðabirgðavegáætlun.

Alþ. hefur einungis haft þáltill. um vegáætlun til meðferðar í rúma viku samtímis því að ríkt hafa á Alþ. meiri annir vegna fyrirhugaðra þingslita en áður hefur þekkst. Er því ljóst að ekkert svigrúm er til að ráða fram úr vandamálum Vegasjóðs á þessum fáu dögum.

Afgreiðsla vegáætlunar er eitt hinna mikilsverðustu mála þingsins. Verður því mjög að átelja hvernig hæstv. ríkisstj. hefur staðið að afgreiðslu þessa máls eftir að stefna hennar í efnahagsmálum hefur komið Vegasjóði í algert þrot.

Eftir tveggja ára stjórnarsetu hægri stjórnar undir forustu Sjálfstfl. blasir við í vegamálum æðiólík mynd en sú sem Sjálfstfl. gaf fyrirheit um áður en hann tók við stjórnarforustunni. Þá töldu forustumenn flokksins sjálfsagt að stórauka framlag ríkissjóðs til vegamála af þeim tekjum sem hann hefur af umferðinni í landinu. Slík úrræði til að efla hag Vegasjóðs heyrast ekki úr þeim herbúðum nú, enda hafa stjórnarflokkarnir ekki síður komið ríkissjóði í þrot en Vegasjóði þrátt fyrir sívaxandi tekjur ríkissjóðs af umferðinni.

Þess má geta, að samtímis því, að ríkissjóður greiðir 1556 millj. kr. á árinu 1976 í afborganir, vexti og beint framlag vegna Vegasjóðs, nema tekjur í ríkissjóð af tollum og söluskatti af bifreiðum og bensíni 4200 millj. kr.

Söluskattstekjur ríkissjóðs af bensíni og bifreiðum eru áætlaðar 1900 millj. kr. í ár og nema nærri jafnhárri upphæð og varið er til allra nýrra vegaframkvæmda. Hafa söluskattstekjur ríkissjóðs af bensíni og bifreiðum þá hækkað um nær 500 millj. kr. frá árinu 1975 á sama tíma og raungildi vegaframkvæmda lækkar um fjórðung.

Eftir tveggja ára forustu Sjálfstfl. í ríkisfjármálum er hag ríkissjóðs hins vegar svo komið þrátt fyrir síaukna skattheimtu að þaðan er engrar aðstoðar að vænta fyrir Vegasjóð. Má í því sambandi geta þess að samkv. nýjustu opinberum upplýsingum um skuldir ríkissjóðs og ríkisstofnana við Seðlabankann hafa þær enn aukist í marsmánuði s. l. um 1218 millj. kr.

Vegna þess, hvernig hæstv. ríkisstj. hefur leikið Vegasjóð og ríkissjóð, verður ekki á svo örskömmum tíma, sem gefinn er til afgreiðslu vegáætlunar, spornað við því að stjórnarflokkarnir afgreiði málefni Vegasjóðs með þeim einstæða hætti sem þeir stefna að.

Til þessa hefur jafnan við afgreiðslu vegáætlunar tekist að ná samstöðu þm. stjórnar og stjórnarandstöðu og heildarafgreiðslu málsins. Minni hl. fjvn. telur hins vegar að vegna þess hversu seint þáltill. um vegáætlun er komin fram að þessu sinni og hvernig að undirbúningi og afgreiðslu hefur verið staðið sé honum ókleift að afgreiða vegáætlunina á þann hátt sem meiri hl. fjvn. hefur nú ákveðið.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég hef ekki miklu við að bæta það sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, frsm. minni hl. fjvn. Það verður þó aldrei áréttað um of með hvaða hætti staðið er að afgreiðslu vegáætlunar að þessu sinni. Það var mikið deilt í sambandi við afgreiðslu síðustu vegáætlunar á þau vinnubrögð sem þá voru uppi höfð, hvað áætlunin kom seint fram, en þetta tekur þó út yfir það sem þá var. Menn minnast þess líklega síðan í gær þegar uppi var haldið fundum hér í d. þingsins á sama tíma og þm. kjördæma hlupu milli húsa á fundum sínum til þess að koma kjördæmamálunum á hreint, þ. e. a. s. að skipta niður þeim upphæðum sem um er að ræða í fjárveitingum til framkvæmda í vegum á árinu 1976. Slík vinnubrögð eins og viðhöfð voru hér í gærdag eru auðvitað gersamlega óverjandi í sambandi við mál eins og þetta. Það er ótækt að þm. gefist ekki betra tóm til þess að ræða þessi mál og fjalla um þau heldur en gerðist að þessu sinni og hefur gerst áður, líka í sambandi við afgreiðslu síðustu vegáætlunar. **(Gripið fram í:** Og þar áður.) Og þar áður líka, kannske það. Ég held þó að það versni, það veit hæstv. ráðh. mjög gjörla. En hvað sem um það er, hverjum sem viðhefur slík vinnubrögð, stendur fyrir þeim, honum ætti að vera ljóst að slíkt er óframkvæmanlegt, að ætlast til þess af þm. að þeir vinni undir þessum kringumstæðum við þessi skilyrði. Ég skal ekki hafa fleiri orð þar um.

Það er ljóst að með þeirri afgreiðslu sem nú á að viðhafa á vegáætlun, ef vegáætlun skyldi kalla, hefur hæstv. ríkisstj. gersamlega gefist upp á því að standa að málum í sambandi við framkvæmdir í vegum eins og gert hefur verið á undanförnum árum. Hér er um bókstaflega uppgjöf að ræða. Mál Vegasjóðs eru komin í slíkan hnút að líklega áður en vegáætlun var lögð fram, sem þá var reiknað með til fjögurra ára, hefur hæstv. ríkisstj. og þá kannske fyrst og fremst hæstv. samgrh. gert sér grein fyrir því að það var gersamlega útilokað að afgreiða þá áætlun eins og málum var komið. Þetta er auðvitað fyrst og fremst vegna stefnu hæstv. ríkisstj. í þessum málum sem og öðrum að því er fjármál varðar, og kemur það engum á óvart.

En aðalerindi mitt að þessu sinni var að gera með örfáum orðum grein fyrir brtt. sem ég ásamt þremur öðrum hv. þm. stend að í sambandi við þessa vegáætlun fyrir árið 1976. Það

er um að ræða að enn einu sinni er reynt að fá fram breytingu sem ég og aðrir hafa talið sjálfsagða að undanförnu, þ. e. a. s. að upp yrði tekinn að nýju vegskattur sem lagður var niður fyrir nokkrum árum. Andstæðingar þessa máls hér á hv. Alþ. hafa að öllum líkindum á undanförnum árum talið að staða Vegasjóðs væri það góð að óþarfi væri að leita neitt á ný mið í sambandi við tekjur til framkvæmda. Ég trúi því vart að þeir hinir sömu, sem þessa afstöðu hafa haft til mála, hafi hana enn, miðað við þá mynd sem nú blasir við í sambandi við vegaframkvæmdir á árinu 1976. Ég a. m. k. get ekki með nokkru móti séð að það sé réttlætanlegt að hafna leið til tekjuöflunar eins og hér er um að ræða þegar málum er svo komið eins og nú er, að Vegasjóður og fjárveitingar til framkvæmda á vegum eru það langt niður úr öllu valdi að meira að segja hv. stjórnarþm. sjálfum blöskrar.

Hér er gert ráð fyrir því sem sagt í þessari brtt. að upp verði tekinn nýr tekjuliður sem yrði veggjald. Þær tölur, sem hér eru á settar í þessari brtt., eru upp færðar með hliðsjón af því sem gerst hefur í verðlagsmálum frá því að Vegagerð ríkisins tók saman skýrslu um þessi mál fyrir líklega þrem árum, og hér er einungis gert ráð fyrir því að veggjald næðist þá til innheimtu síðari hluta þessa árs, þ. e. 1976. Samkv. þessu mundi það gefa röskar 32 millj. kr. á þessum síðari helmingi ársins, en kostnaður af því yrði um 4.5 millj. ef gengið er út frá sömu forsendum og fyrir lágu á sínum tíma, en hvort tveggja fært upp eins og ég sagði áðan.

Þessi till. er til þess flutt fyrst og fremst að freista þess að ná í fjármagn nú til þess að hrinda í framkvæmd nýendurskoðuðum reglum um snjómokstur sem eins og hv. þm. minnast, hæstv. samgrh. lýsti hér yfir fyrir nokkru að tilbúnar væru, en eftir því sem gert er ráð fyrir í vegáætluninni, þá mundu þær ekki koma til framkvæmda fyrr en árið 1978. Með því að afla tekna á þennan hátt væri nú þegar á þessu ári hægt að hrinda í framkvæmd þessum nýju reglum sem eru, eins og hefur komið fram áður á hv. Alþ., mjög nauðsynlegar og verður vart lengur við unað óbreyttar reglur varðandi snjómokstur. Og ég verð að segja að mér fyndist það undarlegt ef hv. Alþ. neitaði á þessum tíma, með hliðsjón af því sem menn standa frammi fyrir, að leita fanga í þessum þætti tekjuöflunar til þess að bæta úr þessu brýna verkefni sem breyting á snjómokstursreglunum er.

Ég þarf í sjálfu sér ekki að hafa öllu fleiri orð hér um. Ég vænti þess að hvað sem er um fyrri afstöðu hv. þm., sem andvígir hafa verið þessari tekjuöflun, þá hljóti þeir að fallast á það nú að oft hefur verið þörf, en nú er nauðsyn. Ég vænti þess því að þessi till. nái fram að ganga og að það verði hægt með þessum hætti að koma í framkvæmd þeim nýju reglum varðandi snjómokstur.

Ég vil aðeins, áður en ég lýk máli mínu, segja það um þá brtt., sem útbýtt hefur verið frá hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur, að sú till. er nokkuð góð svo langt sem hún nær. En ég er nú svolítið hissa á hæstv. forseta Nd. að hann skuli standa að flutningi á till. með þessum hætti, þar sem einungis er gert ráð fyrir því að fella niður 390 millj. kr., en hvergi að því vikið á hvern hátt eigi að fara með það fé sem þarna er um að ræða. (Gripið fram í.) Það er gert ráð fyrir því. Hv. þm. Pétur Sigurðsson hefur þá ekki lesið vegáætlunina ef hann veit ekki um þetta. Það er þá kannske fleira sem fram hjá honum hefur farið á þessum síðustu og verstu tímum. En a. m. k. eins og mál standa nú, þá eru 390 millj. ætlaðar til þessa verkefnis, og það verður því að teljast eðlilegt að um leið og till. er flutt um að fella þetta brott, þá væri þó bent á í hvaða framkvæmdaþætti það ætti að fara. (Gripið fram í.) Það þarf nú ekki svo mikið að það þurfi 390 millj. til þess, það þarf ekki nema röskar 30 millj. miðað við árið til þess að hrinda þessum nýju reglum í framkvæmd. En ef hv. þm. Jón Árnason er reiðubúinn til þess að láta okkur hafa það af þessari 390 millj. kr. upphæð, þá er ég reiðubúinn að taka við, og ég vænti þess að hann beiti sér þá fyrir því að við fáum það. Það væri hugsanlegt, ef hann beitti sér fyrir slíkri breytingu, að ég drægi þá þessa till. til baka sem ég hef hér verið að tala um. En eins og ég sagði áðan, mér finnst vanta í þessa brtt. hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur hver hennar meining er með ráðstöfun á því fjármagni sem hún leggur til að þarna verði tekið út. Og með hliðsjón af því, sem gerðist hér fyrir um ári, þá minnir mig — ég skal ekki fullyrða, — að hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir ásamt fleirum hafi greitt atkv. gegn því að frestað yrði framkvæmdum við Borgarfjarðarbrú um eitt ár, en nú ári síðar kemur fram till. frá þessum sama hv. þm. þar sem lagt er til að fjárveiting verði algerlega felld niður. En mér finnst sem sagt vanta á þetta. En eins og ég sagði, þetta er nokkuð góð till. svo langt sem hún nær. Það er auðvitað ástæða til þess að fara hægar í þessar stóru og miklu framkvæmdir, umdeildar, þegar slíkur fjármagnsskortur sem nú blasir við er fyrir hendi

Ég skal svo ekki, herra forseti, hafa þessi orð fleiri.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Við fyrri umr. þessa máls, sem hér er nú á dagskrá, vakti ég athygli á þeirri varhugaverðu stefnu sem till. hæstv. ríkisstj. um nýja vegáætlun markaði. Ég benti þá á að það lægi fyrir alveg ljóst að niðurskurður hefði orðið á s. l. ári, árinu 1975, miðað við framkvæmdakostnað í vegagerðarmálum, í kringum 30%, og nú væri enn lagt til með hinni nýju vegáætlun að raunverulegur niðurskurður framkvæmda mundi verða 25—30% aftur. Ég sagði þá að það væri alveg augljóst, að þetta fengi ekki staðist í reynd og það væri ekki hægt að una við áætlun, sem byggð væri upp á þennan hátt. Ég benti á það að þessi niðurskurður framkvæmda í sambandi við nýlagningu vega væri mun meiri en ætti sér yfirleitt stað í sambandi við opinberar framkvæmdir. Það er því að mínum dómi alveg ljóst mál að það er ekki hægt að víkjast undan því að gera sérstakar ráðstafanir til þess að afla meira

fjár til framkvæmda í vegagerðarmálum. Það er ekkert annað en að lemja höfðinu við steininn að ætla að víkja sér undan því eða neita því. Þetta framkvæmdafé, sem nú er gert ráð fyrir á áætlun, getur ekki staðist.

Ég benti á það í aths. mínum einnig, að það væri ekki aðeins það að framkvæmdafé til vegagerðar væri orðið svona lítið, heldur væri einnig verulegur galli á þeim till. sem fyrir lægju um skiptingu fjárins, þar sem svo er komið að það er gert ráð fyrir að rétt um það bil helmingur af öllu nýbyggingarfénu til vegagerðar gangi til hraðbrautaframkvæmda og þannig er hins vegar ástatt að sum kjördæmi landsins fá ekkert af þessum 50% sem ganga til hraðbrautaframkvæmda. Þannig er þessu t. d. varið á Austurlandi. Austurland fær ekkert af öllu þessu fjármagni, um helmingi þess sem gengur til nýbyggingar á vegum. Auðvitað er ekki hægt að búa við þetta lengi, og það er í rauninni alveg furðulegt, eins og ég benti á, að það skuli vera ráðh. úr hópi Framsfl., sem treystir sér til þess að koma fram með till. af þessu tagi ár eftir ár. Ég álít að það verði að takast á við þetta vandamál og viðurkenna það að stefna af þessu tagi fær ekki staðist, það á að breyta henni.

Á það var einnig bent að í sambandi við þá vegáætlunartill., sem hér lá fyrir, var ekki farið eftir gildandi lögum sem Alþ. hefur samþ. um happdrættislánsfé til vegagerðar, þar sem skýlaust er mælt svo fyrir að því fé, sem kemur inn með þeim hætti, eftir þessari fjáröflunarleið, á að verja í ákveðna vegi og í ákveðnum hlutföllum. En vegáætlunin, sem lögð var fram, tók ekki tillit til þessara laga. Nú er það staðreynd að fé er boðið út, það er auglýst sem happdrættislánsfé til vegagerðar, og ég hygg að það verði aflað fjár samkv. þeirri leið sem nemur í kringum 500 millj. kr. á þessu ári, eins og gert var ráð fyrir. Þá hefðu samkv. þessum lögum, sem ég vitna til, ⅔ af þessu fjármagni átt að renna til Norðurvegar, þ. e. a. s. til vegagerðarinnar frá Reykjavík til Akureyrar, og ⅓ til Austurvegar, til vegagerðarinnar frá Reykjavík til Austurlandsins um Suðurland. En tillit til þessa er ekki tekið í vegáætlun.

Við frekari athugun málsins hefur hæstv. ríkisstj. komist að þeirri niðurstöðu, að sú áætlun, sem hér var lögð fram til vegáætlunar fyrir næstu 4 ár, það væri engin leið að samþykkja þá áætlun, og hefur tekið upp þá aðferð að samþykkja aðeins vegáætlun fyrir yfirstandandi ár, árið 1976, en hverfa frá því, sem áður var ákveðið í lögum, að gera einnig áætlun fyrir árin 1977, 1978 og 1979. Þetta er auðvitað neyðarleið, að hafa þennan hátt á. Ég álít að þessi neyðarleið sé þó skömminni skárri heldur en fara að samþykkja vegáætlun í þeim búningi sem hún var hér lögð fyrir, því að það tel ég að hefði verið alveg fráleitt. En með því að gera aðeins vegáætlun fyrir yfirstandandi ár, þá má segja að það sé ekki stefnt til mikilla breytinga, því að raunverulega er í gildi vegáætlun fyrir yfirstandandi ár. Hún lá nú aðeins fyrir til endurskoðunar.

Nú hefur meiri hl. hv. fjvn. lagt til að taka þó tillit til laga um Norður- og Austurveg og happdrættislánsfjárins með þeim hætti að taka inn á vegáætlun þessa árs 150 millj. kr. og skipta þeirri fjárhæð í samræmi við það sem segir í lögunum. En auðvitað er ljóst að þetta er eigi að síður brot á lögunum, því að í þeim segir alveg skýrum orðum, í 7. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Fjármunir þeir, er inn koma fyrir sölu happdrættisskuldabréfanna, skulu renna til Vegasjóðs og skal þeim varið að ⅔ hlutum til að greiða kostnað við gerð Norðurvegar milli Akureyrar og Reykjavíkur og að ⅓ hluta til að greiða kostnað við gerð Austurvegar milli Reykjavíkur og Egilsstaða um Suðurland.“

Hér stendur að þetta skuli gera. Fé kemur inn, það er boðið út, þetta er samkv. lögum, og vegáætlun getur ekki breytt þessu. En við þetta er ekki staðið. Það er að vísu ákveðið að verja hluta af þessu fjármagni samkv. lögunum, en geyma annan hluta eða lána hann almennt Vegasjóði til annarra framkvæmda. Það verður auðvitað að vona að þetta verði leiðrétt síðar þó að svona sé farið að í þetta skiptið í algerri nauðvörn og það verði staðið við þessa löggjöf í reynd á áætlun fyrir næstu ár.

Auðvitað kemur í ljós við meðferð þessa máls það, sem ég sagði við fyrri umr. málsins, að það er ekki hægt að víkja sér undan því lengur að það verður að afla meira fjár til framkvæmda. Það er ekki hægt að reka Vegasjóð á næstu árum með því fjármagni sem hann hefur yfir að ráða nú. En auk þess sem afla þarf frekari tekna til Vegasjóðs, þá er ég einnig á því að það verði að taka upp aðra skiptingu þessa fjár en við er miðað í þessari áætlun og var miðað við í áætluninni fyrir 4 árin. Það verður ekki unað við það að um helmingur þessa fjármagns renni til hraðbrautaframkvæmda. Það er óréttlátt. Það verður því að lækka það hlutfall sem fer til hraðbrautaframkvæmdanna, en auka hins vegar fjármagn til þjóðbrauta og landsbrauta. Það er alveg óhjákvæmilegt að gera það. Með því er ég ekki að segja að það sé ekki nauðsynlegt að leggja hraðbrautir í landinu og sinna þeirri vegagerð líka, en það er ekkert réttlæti í því að skipta þessu fjármagni á þennan hátt. Þessi mál eru að komast í slíkt öngþveiti víða á landinu að það verður að breyta þessari skiptingu.

Ég hef bent á það áður að auðvitað verður einnig að standa við þær áætlanir sem samþykktar hafa verið og gerður hefur verið samningur við stjórnvöld um að framkvæma, eins og t. d. Austurlandsáætlun. En það stendur mjög upp á að það sé staðið við þann samning sem gerður var á sínum tíma við ríkisstj. um Austurlandsáætlun. Það var reynt að standa við þá áætlun lengi vel, en nú hefur þetta dregist mjög mikið og stendur hér mikið upp á. Og það er vitanlega ekki hægt að taka því þegjandi þegar lögð er fram till. um að svíkja framkvæmdir í þessum efnum, eins og að framkvæma Austurlandsáætlun, verulega frá því sem orðið er. En það kalla ég ef á að teygja það í 4 ár enn að framkvæma þá áætlun sem átti raunverulega að ljúka samkv. samningi þar um á árinu 1975. Auðvitað verður að reyna að standa við þessa áætlun sem þannig hefur verið umsamið. Það er ekki hægt að lækka fjárveitingu

til hennar jafnt og þétt eins og hér var till. uppi um. Hið sama gildir um Norðurlandsáætlun, að það verður líka að reyna að standa við þá áætlun að því leyti sem hún hefur verið samþykkt af stjórnvöldum.

Mér er það alveg ljóst að eins og staðið er að afgreiðslu þessa máls nú, þá er ekki um mikið að tala annað en ræða hér nokkuð um þessa stefnu almennt. Hér er alveg bundin fjárhæð, raunverulega þegar samþykkt, því að í gildandi vegáætlun fyrir þetta ár, sem enn er í gildi og er aðeins í endurskoðun nú, er búið að ákveða það fjármagn sem úr er að spila til hraðbrauta og til þjóðbrauta og landsbrauta, og í þessari endurskoðun er harla lítið hægt að gera. En aðalatriðið er að mínum dómi að menn viðurkenni það nú, þegar á síðan að takast á við áætlun fyrir allt áætlunartímabilið, þ. e. a. s. fyrir árin 1977, 1978 og 1979 sem væntanlega verður þá gert á næsta hausti, næst þegar Alþ. kemur saman, að viðurkenna að það þarf að leita að meira fjármagni ef á að vera hægt að komast úr þessum vandamálum og það þarf að breyta um stefnu í sambandi við ráðstöfun á fénu. Ég hef heldur enga trú á því að þegar verður farið að takast á um þessi mál hér á Alþ., þá geti skapast samstaða um það að leysa þessi þungu fjárhagsmál á þeim grundvelli að helmingurinn af nýbyggingarfénu eigi að renna í hraðbrautir. Það er ábyggilega ekki grundvöllur fyrir því á Alþ. þó að við ætlum að sinna þeim málum einnig um leið að sanngjörnum hluta.

Ég hef með þessum orðum lýst minni almennu afstöðu til þessara mála og hvað ég álít að þar þurfi að gera. Ég er fyrir mitt leyti reiðubúinn til samstarfs og ég veit að það er minn flokkur, reiðubúinn til samstarfs við stjórnvöld um að takast á við þessi vandamál, af því að okkur er alveg ljóst að það verður ekki staðið að afgreiðslu þessara mála í þessu formi öllu lengur. En þá þarf líka að gefa sér tíma til þess að leysa málið. Þetta mál ætti að leggja fyrir Alþ. strax á næsta hausti, svo að nægur tími sé til stefnu, og leita eftir eins breiðu samkomulagi og mögulegt er á Alþ. um það að afla fjár til þessara allra nauðsynlegustu framkvæmda og reyna að ná samkomulagi um skiptingu á þessu fé eftir því sem mögulegt er. En það vil ég taka fram hvað mig áhrærir, að það getur ekkert samkomulag orðið við mig um það að fylgja þeirri stefnu sem mörkuð er í síðustu vegáætlun og þessari sem hér liggur fyrir. Ég tel þá stefnu alranga.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt með því að taka undir það, sem kom fram hjá síðasta hv. ræðumanni, að sú stefna, sem hefur verið ríkjandi undanfarin 2—3 ár og er í vaxandi mæli í vegáætlun, að verja meira og meira af því fjármagni, sem fæst til nýbyggingar vega, í hraðbrautir, er algerlega óbolandi og ég trúi því ekki að hv. Alþ. fallist á þá stefnu ef hún væri skoðuð sem slík rædd og afgreidd hér. Þetta hefur þróast með ýmsum ákvörðunum. T. d. var stórt stökk tekið með samþykkt síðasta Alþ. að taka 2000 millj. kr. happdrættislán til Norður- og Austurvegar sem að sjálfsögðu fellur að verulegu leyti saman við meginhraðbrautakerfi landsins. Ég ætla hins vegar ekki að ræða þetta. Þótt ég vilji taka undir það sem hér hefur verið sagt að þessu leyti, þá stend ég ekki upp til að ræða þetta fyrst og fremst. Ég bind helst vonir við að endurskoðun vegalaga, sem nú er fram undan, lagfæri þetta. Ég hygg að hæstv. ráðh. geri sér fulla grein fyrir því að þessi þróun er fyrir ýmsa landshluta óbolandi og því hefur hann beitt sér fyrir því að vegalög verði endurskoðuð og sú áætlun, sem nú liggur fyrir, aðeins gerð til eins árs. Ég bind vonir við að þar fáist á nauðsynleg leiðrétting. Það má kannske bæta því við, að ef þessi þróun er erfið fyrir Austfirðina, þá er hún öllu erfiðari fyrir Vestfirðina. Ef ég man rétt eru þó Austfirðir með í Norður- og Austurvegi, en Vestfirðir eru það að sjálfsögðu ekki og þeir hlióta 30 millj. af rúmlega milliarði sem á að fara í hraðbrautafé og síðan aðeins sinn hundraðshluta, 16%, af því sem fer í þjóðbrautir og landsbrautir. Ég held því að þessi mynd, þótt í fáum orðum sé upp dregin, hljóti að sýna hvernig betta þróast fyrir þann landshluta sem ég er fulltrúi fyrir.

En ég stend upp fyrst og fremst til þess að lýsa furðu minni á því sem hér kemur fram um Norðurlandsáætlun og ekki síst í nál. frá meiri hl. fjvn. þar sem segir: „Um hinar einstöku áætlanir, Norðurlandsáætlun og Austurlandsáætlun, er það að segja að þær eru samkv. till. áætlanadeildar Framkvæmdastofnunar og hæstv. samgrh.“ Í l. um Framkvæmdastofnun ríkisins, bæði þeim sem áður voru og þeim sem nú hafa verið samþ., segir í 3. gr., 4. lið, með levfi forseta, um verkefni stjórnar Framkvæmdastofnunar: „að fjalla um og samþykkja allar áætlanir, sem stofnunin gerir, áður en þær eru sendar ríkissjí.“ Um bessa áætlun, sem núna kemur fram, hefur aldrei verið fjallað í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins, og ég sé ekki betur en betta sé hrein löglevsa sem hér kemur fram. Ég ætla að vísu ekki að fara mörgum orðum um þá skiptingu sem barna er um að ræða, en þó geta þess að ég sit í stjórn Framkvæmdastofnunar, en fékk í hendurnar hér á hv. Alþ. plagg til framkvæmdaráðs og Vegagerðar ríkisins frá áætlanadeild um skiptingu Norðurlandsfjár allt fram til 1979. Í upphaflegu mati á þörf hinna ýmsu byggðarlaga á Norðurlandi var talið að þörf Strandabyggðar væri einhvers staðar á milli 8 og 10% af heildarfjárþörfinni, í þeirri framáætlun sem kom fram 1973. Síðan hefur þetta smám saman verið endurskoðað og arðsemi reiknuð út af miklu kappi, og það vakti dálitla furðu einu sinni þegar einn hluti af Strandavegi, þ. e. um Prestbakka, var reiknaður í arðsemina 0 — það hlýtur þá að þýða að þann vegarkafla á ekki að leggja, og menn skildu ekki beinlínis hvernig þeir áttu þá að komast norður á Hólmavík. En þannig hefur þetta smám saman verið reiknað niður og í þeirri áætlun, sem nú er búið að útbýta án þess að rædd hafi verið í stjórn stofnunarinnar, er þetta smám saman lækkað til Strandabyggðar úr 20 millj., sem það var á síðasta ári, niður í 10 nú og síðan 1978 niður í 4 og 1979 niður í 4 milli., þ. e. a. s. rúm 2% af heildarfjármagninu. Ég skal að vísu geta þess að í vetur var útbýtt til stjórnarinnar mjög mik-

illi skýrslu og þykkri um Norðurlandsáætlun, en henni var aðeins útbýtt og um hana hefur aldrei verið fjallað. Ég hafði hugsað mér að taka þetta mál upp á fundi sem átti að vera í morgun, en honum var frestað til föstudags og til þess gafst þá ekki tækifæri.

Ég vil einnig geta þess að ég hef farið yfir þessa skýrslu og öll þau plögg sem ég hef um Norðurlandsáætlun. Það þarf að gera enn þá ítarlegar áður en þetta verður rætt ef það verður rætt af stjórn Framkvæmdastofnunarinnar, ef það verður einhvern tíma. Ég fæ ekki séð að í þessu mati sé t.d. tekið tillit til þessara 2000 millj. eða þess hluta þar af sem á að fara til Norðurlandsins. Ég ann Norðurlandinu fyllilega að fá verulegt fjármagn í sína miklu vegi, enda hefur ákaflega mikið verið unnið þar upp á síðkastið, eins og í Húnavatnssýslunni, og skulum við allir fagna því. En ég fæ ekki séð að slíkir hlutir séu teknir þarna með. Getur verið að mér hafi yfirsést. En það hlýtur þó, ef þetta er rétt hjá mér, að hafa veruleg áhrif á skiptingu á þessu fjármagni. Og hitt skal ég svo segja, að það er náttúrlega orðið hlægilegt að vera þarna með 175 millj. og 177 millj. í sérstökum áætlunum af 4 milljörðum. Nú veit maður ekki til hvers þetta er, þetta hefur ekkert hækkað og það er kannske langeðlilegast að fella þetta bara inn í hina almennu áætlun. Ég hugsa að það sé það skynsamlegasta. En sem sagt, slík vinnubrögð sem þessi eru að mínu áliti alger lögleysa, og þó að ég ætli ekki að bera hér fram neina brtt., því að ég veit ekki satt að segja hvernig það verði gert, þá sýnist mér þó að stjórn Framkvæmdastofnunar hljóti að fjalla um þetta, og ef hún kemst að annarri niðurstöðu, þá hlýtur skipting þessa fjármagns að verða önnur en er upplýst í þessu plaggi.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Ég skal vera mjög stuttorð. Ég ætla mér ekki að gera vegáætlun að umtalsefni hér í einstökum atriðum. Ég vil aðeins taka undir þau meginsjónarmið, að ég tel þessa þróun um hið slaukna hlutfall hraðbrauta í okkar ráðstöfunarfé til vegamála mjög varhugaverða. Ekki þar fyrir, að hraðbrautir og góðir varanlegir vegir eru auðvitað góður og æskilegir í sjálfu sér. En það er staðreynd að þetta óhæfilega mikla fjármagn til hraðbrautanna verður til þess að öðrum vegum, þjóðbrautum og landsbrautum, er haldið í algeru svelti. Það liggur í augum uppi og þarf ekki að fjölyrða frekar um það. Vonandi er að ný vegalög muni breyta stefnunni í þessum efnum. Ég verð því miður að segja að það litla, sem ég hef heyrt af störfum þeirrar n. sem hefur unnið að gerð nýrra vegalaga, það finnst mér ekki gefa ástæðu til bjartsýni. Það liggur og í augum uppi að fjármögnun Vegasjóðs verður að taka til endurskoðunar þannig að hann sé að einhverju leyti hlutverki sínu vaxinn og þurfi ekki að vera svo átakanlega háður lánsfé eins og hann er í dag.

Ég hef leyft mér að bera fram smá brtt. sem er til komin í tilefni af brtt. á þskj. 935 frá hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur sem hljóðar á þá leið, að Vesturlandsvegur um Borgarfjörð, sá liður skuli felldur niður. Ef svo kynni nú að fara að þessi fjárfúlga liggi á lausu og það væri ekkert sérstakt brúk fyrir hana neins staðar annars staðar, þá langar mig til þess að gera till. um í brtt. þeirri, sem ég er með, að brtt. á þskj. 935 orðist þannig að í stað orðanna „Liðurinn fellur niður“ komi: Texti liðarins orðist svo: Djúpvegur. — Þetta er stórt og mikið verkefni, þörfin er brýn, ótvíræð og okkur Vestfjarðaþm. finnst 25 millj. kr. framlagið til Djúpvegar í rýrasta lagi. Ég leyfi mér að leggja þessa brtt. fram hér til góðfúslegrar athugunar.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég ætlaði nú raunverulega ekki að taka til máls við þessa umr. og ætla ekki að ræða þáltill. sjálfa, en ræður tveggja eða þriggja hv. þm. hér í kvöld hafa gefið mér tilefni til þess að segja örfá orð.

Þegar hv. þm. Karvel Pálmason mælti hér fyrir brtt. sinni um álagningu veggjalds, þá komst hann að orði eitthvað á þá leið, að oft hefði verið þörf, en nú væri nauðsyn og að andstæðingar veggjaldsins til þessa hlytu nú að greiða atkv. með þessari till. vegna ástands Vegasjóðs, að því er mér skildist. Satt að segja gat maður komist við af umhyggju hv. þm. vegna þessa bágborna ástands Vegasjóðs. En nú langar mig til þess að spyrja hv. þm., vegna þess að það kom ekki fram í ræðu hans, af hvaða umferð á að innheimta þetta gjald, af hvaða vegum á að innheimta gjaldið. Gjarnan vildi ég líka vita hvaða hugmyndir hv. þm. hefur um upphæð gjaldsins á hinar ýmsu stærðir bifreiða sem um vegina aka. Það er ekki nóg að segja í þessari till. að veggjaldið muni gefa Vegasjóði 32.1 millj. kr. það sem eftir er af árinu. Það verða að fylgja þessu einhverjar skýringar. Ég held nefnilega að bifreiðaeigendur, sem um þessa vegi koma til með að aka, vilji gjarnan fá að kynnast umhyggju hv. þm. Karvels Pálmasonar fyrir þeim.

En ég vil aðeins segja hv. þm. það, að við, sem höfum verið andvígir álagningu veggjalds, erum það enn þá vegna þess að við höfum alveg óbreyttar skoðanir á þessari óréttlátu skattheimtu sem veggjaldið er. Satt að segja nenni ég ekki að fara að telja upp allar þær ástæður sem við höfum máli okkar til stuðnings. En það er sem sagt enn revnt að koma hér á skattheimtu sem vart þekkist nokkurs staðar, nema í ýmsum þjóðlöndum að vísu á vegum sem eru þá yfirleitt í einkaeign og eru lagðir af einkafyrirtækjum og greiddir af fjármagni sem kemur inn fyrir þetta veggjald. Ég vil aðeins ráðleggja hv. þm. Karvel Pálmasyni að heita nú sjálfum sér því, þegar þessi till. hans hefur verið felld, að revna nú ekki aftur. Það er nóg komið af þessum fíflaskap hér á hv. Alþ.

Ég þarf ekki að segja í sjálfu sér fleira um þessa till. Ég varpaði fram þessum spurningum í upphafi máls míns til hv. þm., en ég vil aðeins segja að það skiptir mig í raun engu máli hvort hann svarar þeim, vegna þess að ég held að það geti ekki orðið vit í svörunum hvort eð er.

Hv. þm. Lúðvík Jósepsson sagði í ræðu sinni, að það þyrfti að lækka framlag til hraðbrauta, en auka til þjóðbrauta. Ég held að hann hafi svo bætt við að ekki væri þar með sagt að ekki

ætti að leggja hraðbrautir. En inntakið í máli hans var að það þyrfti að leita að meira fjármagni og fyrst og fremst að breyta um stefnu við ráðstöfun fjárins, breyta stefnunni í þessa átt sem hann sagði, að lækka hraðbrautaframlagið, en auka til þjóðbrauta. Að sjálfsögðu tók hv. þm. Steingrímur Hermannsson undir með hv. þm. Lúðvík Jósepssyni og talaði um þessa óþolandi stefnu sem flokksbróðir hans, hæstv. samgrh., rekur. Þetta minnir mann á stefnu annars flokksbróður hv. þm. Steingríms Hermannssonar, hæstv. utanrrh., hún fer eitthvað á svig við stefnu þm. líka.

En hvað eru þessir hv. þm. raunverulega að segja. Mér sýnist þeir vera að segja það, að við eigum að aka áfram á moldarvegunum, við eigum að aka á vegum sem eru þá ófærir nánast allt árið.

Aukin bifreiðaeign landsmanna hefur að sjálfsögðu í för með sér aukna umferð, — umferð sem vegirnir, eins og þeir eru nú, þola ekki, og þessi aukna umferð kallar á það að vegirnir verði lagðir slitlagi. Hin aukna umferð og aukin bifreiðaeign þýðir auðvitað líka auknar tekjur í Vegasjóð, þar með fæst meira fé til vegagerðar, og vaxandi hluta af því fé er nauðsynlegt að verja til hraðbrautaframkvæmda. Annars hljóta vegirnir að verða ófærir allt árið, eins og ég sagði áðan.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 948) samþ. með 32 shlj. atkv.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil nú byrja mál mitt á því að þakka hv. fjvn. fyrir störf hennar og það mikla álag sem fjvn.-menn hafa lagt á sig í sambandi við afgreiðslu þessa máls. Þeim hefur verið fullkomlega ljóst að það hefur verið erfiðleikum háð að ná fjármagni til þess að koma áfram þeirri áætlun sem við þó erum með nú, og veit ég að hjá þeim er meiri skilningur á því heldur en hjá flestum öðrum. En ég vil sem sagt færa þeim öllum þakkir, bæði meiri hl. og minni hl., í þessu starfi þeirra og veit að það hefur verið mikið sem þeir hafa þurft á sig að leggja.

Þótt margt hafi nú komið fram í umr. með ýmsum hætti, þá hefur það þó glatt mig verulega að allir hv. þm. eru sammála um að það þurfi meira fé til veganna. En það hefur einmitt verið mjög áberandi á þessu ári að því væri lýst yfir að það ætti að draga úr fé til vega, en ekki auka það. Og það var eitt af því sem kom fram í umr. hjá samtökum vinnumarkaðarins sem kölluð voru og ávítuðu ríkisstj. fyrir það. Ég hef aldrei tekið þær ávítur mjög alvarlega, enda hefur mér skilist að það væri afskaplega erfitt að sameina það að draga úr slíkum framkvæmdum og halda þó fullri atvinnu, eins og var þó höfuðkrafan.

Áður en ég segi meira um þessi mál vil ég taka það skýrt fram, að það er rétt með farið að það er stefnt að því að bjóða út 500 millj. af happdrættisfé vegna Norður- og Austurvegar. Það er búið að bjóða 300 millj. út og það mun þegar selt, en hitt er eftir, en að því er stefnt. Hins vegar skiptum við hér ekki nema 150 millj. kr. inn á þessi svið, og auðvitað var það hugsun okkar að fá þetta til viðbótar því sem fyrir var þó að það hafi ekki tekist sem skyldi vegna okkar fjárhagslegu erfiðleika nú. Það var ekki talið vogandi að bjóða út meira eða afla meira lánsfjár til vegagerðar á þessu ári. Hins vegar er samkomulag um að þessar 350 millj., sem fram úr standa, eru eign Norður-, Austur- og Vesturvegar, hvernig sem við höfum það nú, og ber Vegasjóði að skila því síðar, en ekki hefur verið um það samið hvenær það yrði gert og verður að reyna að haga því svo, eins og nú var reynt að gera, að það raski ekki þeim framlögum til annarra svæða sem það hefði gert verulega ef þetta hefði verið tekið núna, allar 500 millj., og aðeins sett inn á þetta svæði. Er ég þakklátur fyrir að samstaða tókst um þetta. En að sjálfsögðu var alltaf gert ráð fyrir því að skipta þessu í vegáætluninni í meðferð fjvn., en vegna þess að við höfðum ekki meira við að bæta heldur en gert var þó og þurftum svo mikið að auka við vegna vegaviðhaldsins og slíkra hluta, sem þó er of lítið að gert, þá var þetta ekki sundurliðað í upphafi, en tekið skýrt fram að þetta er fengið með þessum hætti, aðeins 150 millj. af þessum 500 er ráðstafað nú á þau vegasvæði sem til stendur, að það gagni til, hitt bíður síðari tíma.

Ég vil svo í sambandi við það, sem sagt hefur verið um rýrnunina á framkvæmdamætti vegafjárins á milli áranna 1975 og 1976, geta þess, þar sem vegamálastjóri hefur reiknað það út, að þetta er nú ekki eins svart og ég hélt það vera, þótt nógu svart sé það. Þá er þetta þannig, að magnbreytingin á milli áranna 1975 og 1976 í vegaviðhaldi er 1.8%, en hækkun er þarna þó nokkur, í nýbyggingum vega er það 16.7% og í brúm er þetta 19%. Þetta eru öruggar tölur. Ég hafði áður haft samband við Vegagerðina um þetta og svo fengið líka tölur frá Framkvæmdastofnununni og hafa þessar tölur nú verið bornar saman og þá er útkoman þessi.

Ég vil svo endurtaka það, sem ég sagði við fyrri umr. þessarar vegáætlunar, að á s. l. sumri skipaði ég n. til þess að endurskoða vegal. því að mér var fullkomlega ljóst að það er ekki hægt að framkvæma þessi mál, svo að í nokkru lagi sé, nema breyta vegal. frá því sem þau eru nú. Og þetta reyndi ég að gera á eins breiðum grundvelli og hv. 2. þm. Austurl. talaði um, með því að taka þm. úr öllum flokkum sem eiga fulltrúa á hv. Alþ. og einnig að dreifa þeim um landið eins og tök voru á. Það var kannske ekki alls kostar auðvelt að koma þessu fyrir, t. d. hjá minnsta flokknum sem hafði tvo þm. Ég vildi ekki velja tvo úr sama kjördæmi og varð því að hagræða því þannig að þetta mætti takast. Þessi n. var búin að gera drög að breytingum snemma á s. l. vetri, en í meðferð flokkanna var ekki hægt að fá um þetta samstöðu og ekkert óeðlilegt þó að hv. þm. þyrftu sinn tíma til þess að skoða þessar breytingar. Hins vegar voru undir lokin komnar upp hugmyndir hvernig með mætti fara, og þessi n. heldur áfram að vinna undir forsæti ráðuneytisstjórans í samgrn. og vegamálastjóra með þessum hv. þm. Ég geri mér vonir um að það takist nú að ná samstöðu um þetta og þegar búið er að fá ramma að þessu

væntanlegu frv., sem n. gæti staðið sæmilega að, þá mun ég gefa þeim þm., sem eru hver úr sínum flokki, kost á því að senda samþm. sínum þetta, eins og ég mun gera við mína þm. Hins vegar tek ég það fram að slíkar till., sem ekki væru þá afgreiddar, mættu náttúrlega ekki fara í blöð eða til birtingar, heldur yrðu sendar sem trúnaðarmál til þess að þm. gætu átt auðveldara með að taka afstöðu til þessara mála.

Mér er það líka fullkomlega ljóst, eins og hefur komið fram hjá fleiri þm. og komið hefur fram í ræðum mínum um þessi mál, að það verða ekki frekar í vegum heldur en í öðru gerðir hlutir án fjármagns. Og okkur skortir meira fjármagn, um það er ekkert að efast. Hins vegar vitum við, að við erum í öldudal þar um og því höfum við þrengt að okkur eða ekki látið að óskum okkar í þessum efnum svo sem við vildum gera. En að þessum málum verðum við að vinna, og það gleður mig stórum að heyra að það er almennur áhugi á því að gera þetta. Þess vegna treysti ég því að okkur takist að sameinast um fjáröflun til Vegasjóðs, enda er ljóst að það verður að koma til tekjuöflun ef vel á að fara, því að því eru takmörk sett sem við getum framkvæmt fyrir lánsfé í sambandi við vegina, þó að ég hins vegar taki það fram að það verðum við einnig að gera.

Ég ætla ekki að fara hér að ræða um hraðbrautir, þjóðbrautir og landsbrautir vegna þess að ég er búinn að gera svo oft grein fyrir því í hverju þessar breytingar liggja. Þær liggja bara í umferðarþunganum, sem við köllum. Vegurinn, sem í dag er þjóðbraut, getur orðið hraðbraut á morgun bara vegna aukinnar umferðar, sem stafar af því að bílum okkar fjölgar óðum, svo að ekki þarf þar um að ræða. Þetta vita allir. Þess vegna er nauðsynlegt einmitt að gera breytingu á sjálfum vegal. því að þetta kerfi, sem var gott hjá okkur 1960, hentar ekki lengur.

Út af því, sem hv. 2. þm. Vestf. sagði hér áðan, þá má ekki minna vera en vegamálaráðh. fái áætlanirnar ef hann á að samþykkja þær, og ætla ég ekki að fara frekar út í það.

Hitt vil ég svo segja, að ég ætla nú ekki að fara að eyða löngum tíma í að ræða þær till. sem hér hafa komið fram, vil þó víkja að till. hv. 5. þm. Vestf. og þeirra sem með honum eru. Ég vil taka það fram þó að ég á sínum tíma hafi staðið að því að gera till. um að tekið yrði umferðargjald af vegum sem væru með varanlegu slitlagi, þá mun ég ekki standa að slíkri till. nema það sé undirbúið áður en vegáætlun er lögð fram, hvort sem einn eða annar flytur, vegna þess að um þessa hluti vil ég hafa eðlileg vinnubrögð. Það auðvitað breytir ekki því hvað hv. þm. vill um þá hluti, en það segir ekki að slík hugmynd geti ekki komið til greina við vissar aðstæður.

Ég gæti farið út í það að ræða prósentuskiptingu á milli kjördæma, en ég ætla ekki að eyða tíma í það núna. Ég get látið þá ágætu vini mína hér, hv. þm., sem eru að ræða um þetta hafa þetta allt frá 1965—1976 með brúnni yfir Borgarfjörð, og þá verð ég að biðja bara eitt kjördæmi afsökunar á hvað það er lágt og það er Vesturland. (Gripið fram í.) Það er lægst á þessu tímabili þó að brúin sé tekin með. En ég skal ekki fara að fjalla um það.

Út af till., sem hér hefur komið fram frá hv. 5. þm. Reykv. um að fella niður framlag til brúargerðar yfir Borgarfjörð, þá var mér næst að ályktа tvennt: Í fyrsta lagi héldi hv. 5. þm. Reykv. að þetta væri séreign fyrir mig, ég ætti þessa brú einn og þess vegna væri best að taka af mér þessa fjárveitingu. Ekki er ég alveg viss um, hv. 5. þm. Reykv., að samherjar þínir þar efra mundu vilja útskýra það með þeim hætti. Og ekki er ég heldur viss um að það þyki gott form á þskj. að fella niður þessi útgjöld án þess að gera upp vegáætlunina tekjumegin líka því að þar væri komin slagsíða á með þessum hætti, og þá veit ég ekki nema formið væri orðið gallað eins og hefur nú verið talað um hjá sumum ráðh., embættismönnum og þm. hér á þessum drottins degi, og sú kennslustund, sem við höfðum í þeirri fræðigrein í dag, ætti þá að ná eitthvað víðar.

En út af þessu ætla ég ekki að fara að eyða neinum orðum. Ég veit að hv. þm. eru raunsæir. Og það þarf enginn að halda að þó að hann vildi eitthvað fara að reyna að koma við skapið í mér með þessu, þá gerðist það með öðrum hætti en að gleðja mig. Og ég er ekki alveg viss um að það hafi verið hugsunin. En hafi það verið, þá þakka ég kærlega fyrir það. En ég segi hv. þm. það, að þetta tal um veginn fyrir Borgarfjörð læt ég mér í léttu rúmi liggja að öðru leyti en því, að ég kvíði því ef úrlausnin verður á eftir því sem gamli vegurinn og gömlu brýrnar þola. Og alveg er ég nú viss um það, að vinur minn ágætur, hv. 5. þm. Vestf., það mundi nú heyrast í hinum yfir Hvítá ef hann kæmi að brúnni og kæmist ekki yfir vegna þess að hún hefði dottið niður. (KP: Færi bara aðra leið.) Það er kostnaður við 80 km til viðbótar og á þeirri leið eru enn þá eldri brýr sem mundu bíla líka.

Ég skal svo ekki þreyta hv. þm. lengur með tali um þessa vegáætlun. Ég endurtek það, sem ég hef áður sagt, að ég þakka hv. þm. fyrir störf þeirra í sambandi við þetta mál. Það er engum ljósara en mér að það hefur verið lítill tími til þess, og ég harma það ekki þótt við höfum verkefni fram undan samtímis í nýjum vegalögnum og nýrri vegáætlun. Mér finnst fara vel á því að svo verði.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Það var aðeins örstutt ræða sem ég ætlaði að halda til að fylgja úr hlaði þessari litlu brtt. minni, en ég fékk raunar í ræðu hæstv. ráðh. tvö tilefni til þess að standa hér upp. Hann nefndi tvö atriði sem voru í sjálfu sér alveg eðlileg. Annað er formsatriði. Ég hafði raunar komið auga á að það þskj., sem hér var útbýtt í kvöld með till. frá mér, var formlega ekki rétt, þetta var alveg rétt ábending hjá hæstv. ráðh., og ég hafði beðið skrifstofuna að forma leiðréttingu fyrir mig þannig að ég gæti lagt það hér fram. Ég bið hæstv. forseta að meta það hvort muni vera réttara að láta prenta upp þskj. með þeirri leiðréttingu eða honum sýnist réttara að ég dragi til baka till. þá sem hér var útbýtt í kvöld. Það

gildir mig einu, einungis að till. verði rétt upp borin. En rétt hljóðar hún svona, með leyfi hæstv. forseta:

„a. Við 2. tölul. 1.2.1. Almenn lánsfjáröflun. Fyrir „1350“ kemur: 960.

b. Við 3. tölul. sundurliðun 2.3.1. Hraðbrautir. 1. Vesturlandsvegur 05 Um Borgarfjörð. Liðurinn fellur niður.“

Í þessu formi er till. rétt og eins og hún var upphaflega hugsuð.

Tilgangurinn með flutningi þessarar till. er alls ekki að koma við skapið í hæstv. samgrh. Honum hefur e. t. v. fundist eða hann talið að ég hefði ástæðu til einhvers slíks. Ég hef þegar deilt við hæstv. ráðh. í sambandi við annað mál. Ég hef ekki minnstu tilhneigingu til að láta áhyggjur mínar af því máli bitna á nokkurn hátt á hæstv. ráðh.

Ég vil skýra það að það er langt síðan ég tók þá ákvörðun að bera fram brtt. við vegáætlun henni til lækkunar ef slík till. kæmi ekki fram frá n. eða þá hún væri komin fram frá öðrum þm. á undan. Það er öllum hv. þm. ljóst að það verður að gera einhverjar ráðstafanir til þess að draga úr útgjöldum ríkisins, ef ekki úr þeim útgjöldum sem þegar er gert ráð fyrir af fé ríkisins, þá að draga úr því lánsfé sem ríkið fær til ráðstöfunar. Allar slíkar till., ef samþ. verða, eru til þess fallnar að draga úr þenslu.

Þegar við þm. höfum rætt um það við okkar ráðh. að okkur þætti ekki nægilega mikillar samhaldssemi gæta í sambandi við ráðstöfun fjármuna ríkisins eða við lánsfjártökur, þá hefur okkur verið bent á það að Alþ. ráðstafaði miklum fjármunum í sambandi við vegáætlun, þessu réði Alþ. og það væri rétt að þm. legðu þá til lækkun á þeirri áætlun ef þeir vildu sýna fram á að þeir meintu það sem þeir segðu, að dregið væri úr þenslunni. Þegar ég hef farið yfir þessa vegáætlun, þá sýnist mér að þessi liður komi helst til greina til þess að lækka áætlunina með einföldum hætti. Með þessu á ég alls ekki við að ég telji ekki æskilegt að byggð verði brú yfir Borgarfjörð. Mér er alveg ljóst að það getur verið að því mikið hagræði. Það er ekki til að ergja hæstv. samgrh. sem ég flyt þessa till., heldur til þess að draga úr útgjöldum sem mér finnst vera ákveðin á röngum tíma. Eins og fjárhagsástand íslensku þjóðarinnar er í dag, er tíminn til þessarar framkvæmdar ekki rétt valinn að mínu mati. Þess vegna legg ég til að á vegáætlun fyrir árið í ár verði liður þessi felldur niður, og ég bið hv. þdm. að skilja það að með þessu er tilraun gerð til að draga úr þeim gífurlegu útgjöldum, sem við höfum, og draga úr því að sífellt séu tekin lán til fleiri og fleiri framkvæmda. Þetta verður að mínu mati að bíða.

Að því er varðar röskun hlutfalla á milli kjördæma, þá get ég sem þm. ekki tekið þá röksemd gilda. Ef sú röksemd hæstv. ráðh. er rétt, þá er þm. ekki leyfilegt að bera fram brtt. við vegáætlun. Ég tel það tvímælalausan þm.-rétt að flytja brtt. við þetta mál eins og önnur sem hér eru fram borin, og það verður að vera mál þeirra sem um það fjalla að öðru leyti hvernig hlutfall er þar á milli kjördæma. Ég hef ekki verið spurð um það sem þm. Reykv. hvernig reykvíkingar koma inn í þennan hlutfallareikning. Ég hef ekki orðið vör við það að hæstv. samgrh. kallaði þm. Reykv. á fund út af þessu máli. Ég veit hins vegar að haldnir hafa verið fundir með þm. annarra kjördæma. Ég get þess vegna engrar afsökunar beðið á því þó að ég sem þm. Reykv. og sem þm. sem vill gjarnan hjálpa til þess að draga eitthvað úr ofþenslu í fjármálapólitík ríkisins, — ég get engrar afsökunar beðist þá á þessari till. Ég get einungis vænst þess að hv. þm. styðji þessa till. Ég vil biðja hæstv. forseta að taka till. og meta hvort þskj. á að prenta upp eða hvort á að bera þetta upp sem skrifl. brtt.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Hv. 5. þm. Reykv. hefur lýst hér þeirri brtt. sem er á þskj. 935 og er brtt. við brtt. á þskj. 899 um vegáætlun. (RH: Þetta er ekki brtt. við brtt. Annað hvort er það svo að fyrri till. er dregin til baka —). Fyrri till. er brtt. við brtt. Það var það sem ég var að ræða um. En ég lít þannig á, eftir því sem hv. þm. hefur lýst till. sinni, að þá hafi till. verið hugsuð á annan veg en þann sem komst á pappírinn. Þarna er því um misprentun að ræða og því þarf ekki afbrigða við. En ef hv. þm. eru á annarri skoðun, þá óska ég þess að þeir láti til sín heyra um það. Að öðrum kosti lít ég þannig á að um leiðréttingu sé að ræða.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs fyrst og fremst til að þakka hæstv. samgrh. fyrir skýlausa yfirlýsingu hans um, að fjármagn það, sem nú er boðið út vegna Norður- og Austurvegar. verði geymt til næsta árs eða e. t. v. næstu ára að einhverju leyti, umfram það sem nú hefur orðið samkomulag um að varið verði til þessara vegaframkvæmda á þessu ári, þ. e. a. s. 150 millj. Þar af eru 100 millj. í Norðurveg og 50 millj. í Austurveg. Fyrir viku, þegar ég kom aftur til þingstarfa utanlands frá, þá sýndist mér þessi mál ekki horfa nógu vel, en ljóst var að mikill fjárskortur var hjá Vegasjóði, og þess vegna var það mál okkar, sem að þessu frv. stóðum fyrir ári, að við værum reiðubúnir til þess að fallast á að lánað yrði eitthvað af fjármagninu til að herða ekki um of að öðrum vegaframkvæmdum í landinu, en þó auðvitað með því skilyrði að þetta fé yrði ekki tekið endanlega í hinn almenna Vegasjóð, heldur yrði það greitt á næsta ári til framkvæmda við þá vegi sem því var ætlað að vera notað til. Og yfirlýsing ráðh. er sem sagt alveg skýlaus í þessu efni og fagna ég því.

Það er að vísu svo, að sjálfsagt verður þetta fjármagn minna virði á næsta ári en það hefði orðið í ár. En við búum nú öll við erfitt fjárhagsástand og sjálfsagt að fallast á að hafa þennan hátt á málum. Við gleðjumst sérstaklega yfir því að samkomulag hefur orðið um að af því fjármagni, sem fer í Norðurveg, verði 75 millj. varið til þess að byggja upp veginn á Holtavörðuheiði sem er meginfarartálmi milli Norðurlands og Suðurlands og 25 millj. fari til að bæta veg á Öxnadalsheiði sem er annar helsti farartálminn á leiðinni milli hinna tveggja höfuðborga Norðurlands og Suðurlands.

En að því er aftur varðar deilurnar sem hafa orðið um skiptingu fjármagns milli hraðbrauta,

landsbrauta og þjóðbrauta, þá skal ég ekki blanda mér í þær að öðru leyti en því að benda á að menn verða að hafa það hugfast að mjög mikið af aðalvegum landsins er nú þegar í hraðbrautatölu og sumir af þeim vegum eru beinlínis nánast ónýtir. Vegamálastjóri fræddi mig á því áðan að vegurinn t.d. á Hrútafjarðarhálsi hefði í morgun verið gersamlega ófær. Hann er hraðbraut. Og hann er inni í þessum áætlunum sem nú er unnið að gerð vega eftir. Ég minnist þess að síðustu vor mörg hver hafa vegir í Vestur-Húnavatnssýslu einkum verið með þeim hætti að þó að maður hafi ekið þar á jeppa, þá hefur varla verið hægt að komast áfram og oft hefur orðið að fara utan vegar. Nú er þessi vegur aðalbrautin á milli Reykjavíkur og Akureyrar ófær, gersamlega. Og þess vegna er auðvitað ekki hægt að segja að ekki megi verja fjármagni til uppbyggingar hraðbrauta ef þær eru enn þá verri heldur en þjóðbrautir og landsbrautir, eins og er í þessu tilfelli, að vísu kannske ekki allt árið, en á vissum árstímum. Þarna er um framkvæmd að ræða á milli Hrútafjarðar og Miðfjarðar sem kostar um 200 millj. kr. Við höfum getað látið í þessa framkvæmd af Norðurlandsfé og hraðbrautarfé samtals nú ⅙ hluta af þessu eða 40 millj. kr. Þetta er vegarkafli sem alger nauðsyn er, ekki bara fyrir það kjördæmi sem ég starfa fyrir, heldur fyrir landið allt, að verði byggður upp þannig að hann verði fær a.m.k. nokkurn veginn allt árið og eyðileggist ekki um leið og þungatakmörkunum er létt af, eða bara þær eru minnkaðar þó þeim sé ekki að fullu aflétt, eins og nú hefur verið gert.

Hitt er allt annað mál, og það skal ég fúslega fallast á, að í erfiðu efnahagsástandi eins og nú er, þá er ekki til fjármagn til þess að leggja bundið slitlag svo að neinu nemi á hraðbrautirnar, hvorki hér sunnanlands né annars staðar. En ég fellst ekki á það sjónarmið að aldrei megi leggja bundið slitlag á neinn vegarspotta nema byrjað sé út frá Reykjavík. Það eru til spottar annars staðar á landinu þar sem meiri umferð er en hér í nánasta nágrenni, eins og t.d. í gegnum Blönduós, svo að dæmi sé nefnt, og út frá Akureyri, nánasta nágrenni Akureyrar, og auðvitað má alveg eins byrja á þeim vegarköflum eins og hér t.d. uppi í Hvalfirði.

En ég skal ekki tefja þessar umr. Ég vildi aðeins undirstrika að það hefur verið samkomulag frá okkar hálfu, sem stóðum að frv.-flutningi hér í fyrra og fengum samþykkt lög um Norðurveg og Austurveg, — samkomulag við samgrh. og gott samstarf við hann um að hafa þann hátt á sem raunin hefur orðið, að nota einungis 150 millj. í ár af þeim 500 millj. sem út verða boðnar, en geyma 350 millj. Við teljum að við leggjum okkur þar fram um það að sýna að við viljum taka ábyrga afstöðu í erfiðu fjárhagsástandi, og ég vona að allir geti á þetta sæst.

Gunnlaugur Finnsson: Herra forseti. Það var raunar aðeins lítil aths. sem ég ætlaði að gera og ekki lengja umr. um áætlunina. En mér sýndist að hv. 5. þm. Reykv. þyrfti enn að fara í smiðju til þess að laga sína till., því að ég sé ekki annað en það séu á henni formgallar enn þá ef ég hef heyrt rétt hvernig till. var lesin upp. Mér sýnist að það þurfi að breyta einu í viðbót. Það er till. um breyt. á almennri lánsfjáröflun, liður 1.2, 1. undirliður. Síðan er farið yfir í sundurliðunina beint ef ég heyrði rétt: Vesturlandsvegur um Borgarfjörð. Liðurinn falli niður. En þá sé ég ekki annað en það þurfi líka að fara í gjaldalið 2.3.1. og lækka þann lið líka til þess að áætlunin sé rétt, en það er ekki till. um að breyta þeirri tölu líka. Ég vildi vinsamlega benda á að enn þá sýnist mér að þurfi að breyta till. til þess að hún standist miðað við áætlunina sjálfa.

En úr því að ég er nú kominn hér í ræðustól, þá vil ég taka undir það að enda þótt ég skrifi án fyrirvara undir álit meiri hl. fjvn., þá er víðs fjarri að ég sé að öllu leyti ánægður með þá niðurstöðu sem hefur orðið hjá okkur. Og af því að hv. 2. þm. Austurl. kvaddi sér hljóðs áðan og talaði um hlut þess landshluta, þá verð ég þó að benda honum á að enda þótt ekki sé um hraðbrautir þar að ræða, þá gerir það ansi mikinn mun að það er þó í gangi Austfjarðaáætlun sem breytir þessum hlut og gerir hlut Austfjarðanna tiltölulega góðan miðað við Vestfirðina a.m.k. (**Ljós:** Vestfjarðaáætlunin var búin.) Já, það er rétt, Vestfjarðaáætlunin er 10 ára gömul áætlun, og það tjóar ekki að tala um það endalaust að það hafi einu sinni verið framkvæmd Vestfjarðaáætlun og það séu til góðir vegir þar á heiðum þegar allt er ógert í flestum byggðum sem ekki er hægt að komast um. Einhvern tíma hlýtur að koma að því að það verði hætt að tala um það. En þetta er atriði sem klingir sífellt í eyrum.

Ég ætla ekki að ræða mikið um þetta, en ég vil aðeins taka undir það, að ég lýsi sérstökum vonbrigðum mínum með það að við umr. um Norðurlandsáætlun skyldi ekki hægt að koma til móts við okkur um neina umþóttun. Og nú er á einu svæði, sem var metið í upphafi áætlunarinnar til jafns við Strandabyggð, nær fjórfalt fjármagn á við þar. Um þetta geri ég ekki brtt., en ég vildi lýsa því að ég er hreint ekki ánægður með þá niðurstöðu. Ég hygg að hér hafi komið fram í umr. að frá þessari áætlun hafi ekki verið gengið á þann hátt sem ætlast er til, og ég vænti þess að það takist víðtækara samstarf um þá áætlun næst þegar upp verður staðið.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er nú lágmarkskurteisi við jafngrandvaran og háttvísan þm. eins og hv. þm. Ólafur G. Einarsson er að svara þeim spurningum sem hann bar hér fram áðan. Þessi hv. þm. er nú vikinn af fundi og sefur væntanlega svefni hinna réttlátu. (**Menntmrh.:** Það borgar sig ekki að svara honum.) Það mun vera rétt hjá hæstv. ráðh., hann þekkir það, en hann gæti þó kannske lesið það ef hann gæfi sér tíma til þess þótt síðar verði.

Hann spurði í fyrsta lagi af hvaða vegi við, sem stöndum að brtt. um veggjald, hygðumst taka upp slíka skattlagningu. Því er fljótsvarað. Það eru þeir vegir sem nú eru með þeim hætti að það er talið eðlilegt, þ.e.a.s. Reykjanesbrautin og Suðurlandsvegur, og væntanlega, ef fram heldur sem horfir, líða ekki mörg ár þar til

fleiri slíkir bætast í hóp gjaldtökunnar ef áfram verður haldið hraðbrautaframkvæmdum hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu eins og nú er gert ráð fyrir.

Þá spurði hann í öðru lagi um upphæð gjaldsins. Ég greindi frá því, og það hélt ég að hv. þm. Ólafur G. Einarsson vissi, að hér væri um að ræða uppfært í kostnaði annars vegar gjaldið sjálft og hins vegar launakostnaðinn frá því sem þetta var þegar Vegagerðin gerði sína áætlun. Ég vil minna þennan hv. þm. á að það mun hafa verið 1965 sem vegskattur var fyrst á lagður og þá á Reykjanesbraut. Þessi vegskattur var að vísu misjafn eftir stærðum bifreiða, en hann stóð óbreyttur allt til ársins 1973, að ég held, að hann hafi verið afnuminn, 1972 eða 1973, ég þori ekki að fullyrða um hvort árið það var, en hann stóð óbreyttur allt til þess tíma. Og þá sjá menn hversu mikil blóðtaka þetta hefur verið þeim sem þessa leið óku á þessu árabili. Hafi gjaldtakan verið réttlát þegar hv. 1. þm. Suðurl. var samgrh., á þeim tíma sem gjaldið var á sett, 1965, þá er það gjald sem hér er reiknað með, sem gæti verið um 150 kr. til viðmiðunar við 50 kr. áður, ekki of í lagt í kostnaði í samanburði við það sem þeir spara sem eiga þess kost að aka þessa vegi.

Hann beindi þeirri leiðbeiningu til mín að ég reyndi ekki aftur, ef mistækist nú að fá þetta mál samþykkt, þennan fíflskap, sagði hann. Ég er efins í því að það sé nú hljómgrunnur fyrir slíku tali um þetta mál nema þá kannske innan hins þrönga hrings sem þessi hv. þm. starfar fyrst og fremst á, þ. e. a. s. Garðabæjar hins nýja og svæðisins hér í kring. En hvað um það, það má vel vera að í augum þessa hv. þm. sé hér um fíflskaparmál að ræða og að hann telji sig þess umkominn að geta talið dreifbýlisfólki trú um að hér sé um rangláta skattheimtu að ræða. Ég vil aðeins í þessu sambandi minna þennan hv. þm. á það — og þm. almennt, hverju hann hélt fram í sambandi við þá breytingu sem gerð var á 10% sjóðnum fyrir ári þegar það var hækkað upp í 25%. Þá stóð hann hér streittur við í ræðustól á Alþ. að reyna að telja þeim þm., sem börðust fyrir þessari hækkun á sjóðnum, trú um það að þeir væru einungis með þessari hækkun að rýra þann hlut sem kæmi til þessara dreifðu byggða, með því að hækka þennan sjóð úr 10% í 25%. Allir sjá nú hvert samræmi er í þeim málflutningi. Og eins mun fara fyrir þessum hv. þm. hversu mikið sem hann reynir á sig til þess að telja a. m. k. dreifbýlisfólki trú um það að það sé ranglátt að setja þennan skatt á aftur.

Ég þarf í raun og veru ekki að eyða fleiri orðum að því sem þessi hv. þm. sagði. En mig langaði til þess að spyrja hæstv. samgrh. einnar spurningar, og ég vænti þess að hann geti svarað henni. Að vísu beindi hann orðum sínum til hv. 2. þm. Vestf., en hv. þm. Steingrímur Hermannsson ræddi hér um Norðurlandsáætlun, og eins og hér hefur komið fram hefur a. m. k. að nafninu til hluti Vestfjarða verið talinn tilheyra þeirri áætlun. En hæstv. samgrh. sagði af þessu tilefni að það væri lágmark að hann fengi áætlunina til þess að geta staðfest hana. Mig langar að þessu gefna tilefni að spyrja hæstv. samgrh. um það, hvort hann hafi ekki staðfest framkvæmdir vegna Norðurlandsáætlunar á árinu 1975. Hver var það, sem staðfesti þá áætlun? Var það ekki hæstv. ráðh.? Ég vænti þess að svar við þessari spurningu fáist frá hæstv. ráðh.

Þá gat hæstv. ráðh. þess að hann vildi helst fá till. þessa efnis fyrr þannig að hún gæti verið til umfjöllunar á svipuðum tíma og vegáætlun er í undirbúningi. Ég fellst á þessa skoðun hæstv. ráðh. og hugsa gott til glóðarinnar, fari svo að till. þessi verði felld nú, að koma henni það tímanlega á framfæri við hæstv. ráðh. áður en næsta vegáætlun verður lögð fram hér á Alþ. að honum gefist tækifæri til þess að þjóna þessu sínu gamla hugðarmáli sem hann var baráttumaður fyrir á sínum tíma, en virðist nú hafa að einhverju leyti — ég segi ekki miklu, einhverju leyti breyst nú hin síðari ár.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð hér um. Ég vil þó aðeins segja út af því sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson sagði áðan um að hraðbrautarleiðin á Hrútafjarðarhálsi væri nú ófær, að það er nú því miður svo að það geta fleiri vegir orðið ófærir heldur en hraðbrautir. Það ætti þessi hv. þm. að kannast við. Það eru bæði þjóðbrautir og landsbrautir sem geta verið og eru ófærar, og það er ástæða til þess að sinna þeim þættinum í sambandi við vegaframkvæmdir ekki síður.

Ég vil svo að síðustu taka undir það, sem hér hefur komið fram og ég hef raunar látið í ljós áður, að ég tel að sú skipting sem nú er í sambandi við framkvæmdir í vegamálum þegar nær helmingur alls framkvæmdafjárins í sambandi við nýbyggingar vega fer til hraðbrauta á þessu takmarkaða svæði, eins og staðreynd er, þá er óeðlilegt og því verður ekki unað öllu lengur, hvað sem þeir talsmenn hraðbrautarlínanna segja, þá er það augljóst mál að hér er um að ræða svo mikið óréttlæti gagnvart landsbyggðinni að því verður ekki unað öllu lengur. Og það má raunar furðu gegna hversu dreifbýlisþm. í þeim kjördæmum, sem lítið sem ekkert fá af þessu fé, hversu lengi þeir hafa látið sér lynda þessar framkvæmdir og þessa skiptingu í sambandi við vegaféð. En það er alveg öruggt mál, að það hlýtur að koma að því fyrr en seinna að þess verður krafist að hér verði gerð breyting á og réttlátari skipting tekin upp í sambandi við framkvæmdirnar í vegamálum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tekjustofnar sýslufélaga, þáltill. (þskj. 63, n. 782). — Frh. einnar umr.

Jón Helgason: Herra forseti. Allshn. fékk til athugunar till. til þál. um tekjustofna sýslufélaga. N. ræddi betta mál og varð sammála um að leggja til að till. yrði vísað til ríkisstj. þar sem málefni sveitar- og sýslufélaga eða tekjustofna þeirra munu vera í endurskoðun á vegum ríkisstj.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sjónvarp á sveitabæi, þáltill. (þskj. 139, n. 877). — Frh. einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 51 shlj. atkv.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Á þskj. 139 er að finna till. til þál. um sjónvarp á sveitabæi með aðstoð Byggðasjóðs. Till. þessari var vísað til fjvn. og hún sendi till. til umsagnar til Ríkisútvarpsins og til Byggðasjóðs. Umsagnir frá þessum aðilum bárust mjög seint, komu ekki til n. fyrr en 11. og 13. maí, svo að það mátti segja að það væri ekki langur tími sem gafst fyrir fjvn. að meta þær umsagnir, sem bárust, og gera sér að því loknu grein fyrir með hverjum hætti skyldi stutt að eða leyst úr þeirri þörf sem er bent á í tillgr.

Það kom nokkuð á óvart með umsögn útvarpsstjóra, að það virðist svo sem Ríkisútvarpið hafi ekki haft í hyggju að reyna að koma til móts við staka sveitabæi til þess að gera þeim kleift að fylgjast með sjónvarpi. Segir svo í umsögn útvarpsráðs að enn þá eru í landinu nokkrir byggðakjarnar sem njóta ekki sjónvarps. Lengi hefur það verið hugmynd Ríkisútvarpsins að reyna að leysa vanda þeirra staða þar sem fyrir væru 7 notendur eða fleiri, en sökum þess fjárskorts, sem vel er lýst í grg. með till., hefur ekki reynst unnt að hrinda þessu í framkvæmd. Hins vegar hefur jafnan verið talið ókleift fyrir Ríkisútvarpið að sinna þörfum einstakra sveitabæja.

Umsögn Byggðasjóðs er jákvæð að því leyti, að framkvæmdastjórar Framkvæmdastofnunarinnar láta í ljós það álit sitt að þetta mál muni verða metið af Byggðasjóði í hverju tilviki þegar til hans verði leitað.

Sökum þess, hversu umsagnir bárust seint, þá sýndist fjvn. að það væri eðlilegust afgreiðsla á þessu mikilvæga máli að því yrði vísað til ríkisstj. svo að tóm gæfist til að finna leiðir til þess að leysa úr brýnni þörf. Fjvn. er ljóst mikilvægi málsins og hún metur það svo að þeir, sem búa á afskekktum stöðum og í mestu fásinni, hafi í raun mestu þörfina fyrir að geta notið sjónvarpsins. Það má að vísu, eins og segir í nál. n., segja sömu sögu um sjómenn á fiskimiðum umhverfis landið. En með skírskotun til þess, sem ég hef rakið hér um umsagnir um málið og hug fjvn. til þess, þá sýndist n. að það væri líklegasta úrræðið í þessu efni og líklegasta lausnin að svo stöddu að vísa málinu til ríkisstj., og voru nm. allir sammála um það sem á fundi voru þegar málið var tekið fyrir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Veiting prestakalla, þáltill. (þskj. 367, n. 446, 509). — Frh. síðari umr.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég vænti þess að ég níðist ekki um of á hæstv. forseta að því er varðar ræðutímann, en ég þakka honum fyrir að gefa mér kost á því að mæla hér örfá orð fyrir brtt. Ef umr. verður haldið áfram, sem ég vænti nú að ekki verði, þá munu að sjálfsögðu síðar við þessa umr. hér í nótt taka til máls menn sömu skoðunar og ég og halda áfram umr. um þetta mál.

Þetta mál hefur hlotið miklar umr. hér í þinginu, fyrst og fremst vegna þess að í framsögu og raunar líka í grg. fyrir þessari þáltill. var alveg ótvírætt gefið í skyn að hverju væri stefnt af stuðningsmönnum og talsmönnum þessarar þáltill., þ. e. a. s. það er stefnt að því að leggja niður almennar prestskosningar í landinu. Það er ástæðan og grundvöllurinn fyrir því að þessi till. er flutt. Þetta kom fram í framsögu fyrir málinu, og nokkrir flm. auk frsm. till. tóku í sama streng undir umr. Sumir þessara hv. þm. hafa nú dregið í land og gefið í skyn að þetta væri ekki meining þeirra með flutningi þessarar þáltill. Við höfum því nokkrir hv. þm. leyft okkur að flytja brtt. á þskj. 509 varðandi þessa þáltill. og viljum gefa þeim hv. flm., sem eru nú komnir á þá skoðun að þeir vilji ekki breyta í þá átt að nema úr gildi almennar prestskosningar í landinu, gefa þeim hér með færi á því að styðja við bakið á okkur sem höfum haldið uppi vörnum fyrir þau almennu mannréttindi að íslendingar eigi þess kost að velja sjálfir prest við sitt hæfi. Brtt. þessi er að aftan við 1. mgr. tillgr. bætist: „Þó skal endurskoðunin ekki hafa í för með sér afnám prestskosninga í núverandi mynd." Með þessu er það tryggt að þeim hv. flm. sem látið hafa í það skína á síðari stigum umr. um málið að þeir vildu ekki, a. m. k. beint, halda því fram að þeir væru að afnema prestskosningar, — þeim er hér með gefinn kostur á því að staðfesta þetta álit með því að greiða atkv. þessari brtt. En þáltill. er um það að kjósa n. 7 þm. sem hafi það verkefni að endurskoða lög um veitingu prestakalla.

Ég, eins og ég sagði í upphafi, skal ekki níðast á góðvild hæstv. forseta. Ég er búinn að tala tvisvar í málinu, þetta er í þriðja skiptið. En eins og ég sagði ef það er meining hæstv. forseta að halda hér áfram umr. um málið, þá eru að ég vænti nægilega margir sömu skoðunar og ég hér þó að áliðið sé orðið nætur til þess að taka þátt í umr. og halda þeim áfram. En ég vænti þess að hæstv. forseti ætli sér ekki slíkt. Það væri að mínu viti óskynsamlegt að gera það nú á þessari stundu. Ég vænti þess því að hann fresti umr., helst nú þegar búið er að mæla fyrir brtt., það væri eðlilegast. En nú mun þegar einn hv. þm. hafa kvatt sér hljóðs, og við látum því sjá, ég og mínir skoðanabræður, hvernig framvinda mála verður, en tökum að sjálfsögðu þátt í málinu eftir því sem tilefni gefast til í áframhaldi umr.

Gunnlaugur Finnsson: Herra forseti. Ég vil segja það fyrst að ég kem hér aðeins til þess að gera aths. Ég hafði alls ekki hugsað mér að taka upp þráðinn þar sem frá var horfið, að ræða efnislega það sem hefur verið talað um að lægi á bak við þessa þáltill. En ég vildi leggja áherslu á það, að ég vil að þessi þáltill.

komi til atkv. í þinginu. Fyrir páska má segja að málið væri útrætt, og andstæðingar þáltill. fóru þá fram á það við hæstv. forseta að hann lokaði ekki umr. Það kom í ljós að tilgangurinn var að leggja fram brtt. Síðan hefur málið ekki komið fyrir hér í Sþ. og nú er með síðustu orðum hv. 5. þm. Vestf. enn farið fram á það að umr. verði frestað, að sjálfsögðu í þeim tilgangi að málið komi ekki til atkvgr. Ég verð að segja það, að ég held að það hljóti að vera alveg einstakt hvílíkt ofurkapp er á það lagt að Alþ. fái ekki að kjósa n. í mál sem hefur verið í mörg ár til umr. og vita hvort slík n. kæmist að einhverri niðurstöðu. Allir eiga eftir að taka afstöðu til þess nál. sem kemur væntanlega frá þeirri n. og þá er tími til að taka efnislega afstöðu.

Ég ítreka það að mig undrar alveg sérstaklega það ofurkapp sem hefur verið lagt á það að ekki mætti skoða þetta mál. Og brtt., um hvað fjallar hún? Er hún venjuleg? Ekki að mínu mati. Hún fjallar um það að þrengja mjög starfssvið n. Eg held að ef hún verði samþ., þá komi það til með að verða matsatriði hvort hægt er að samþykkja breytingu á gildandi lögum um veitingu prestakalla sem þeir talsmenn vilja gera sem vilja viðhalda prestkosningum. Ég veit ekki hvort hv. flm. er þetta ljóst. Eg veit það svei mér ekki. En þegar Kirkjuþing afgreiddi síðast sínar till., þá voru þessir menn með brtt. við lögin líka, og þessar brtt. hljóðuðu um að það væri heimilt að kalla prest. Ég veit ekki nema það verði að mati n. talið brjóta í bága við verksvið n., ef brtt. verður samþ., að taka upp slík ákvæði í lög. En þessi er skoðun þeirra sem hafa verið harðastir í því að viðhalda kosningafyrirkomulaginu. Ég held þess vegna að það sé miklu eðlilegra að hafa n. opna til starfa, eins og venja er, heldur en að þrengja það svið eins og gert er.

Ég ætla ekki að tefja þennan næturfund með því að fara að lesa þeirra till. hér frá orði til orðs, þó að það sé ekki nema eitt blað. Þessari aths. vildi ég koma á framfæri og vil leggja áherslu á það, að ég vil, miðað við efnismeðferð málsins frá upphafi, að það komi fram hvort Alþ. vill kjósa slíka n. eða ekki til þess að taka á þessum málum, það verði þá staðfest svart á hvítu að Alþ. er ekki til viðræðu um þessi mál ef þessi þáltill. verður felld.

Jón Helgason: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að lengja umr. hér með því að ræða þetta mál, en vildi aðeins vegna þeirra ásakana, sem síðasti ræðumaður, hv. 4. þm. Vestf., bar á hæstv. forseta, að hann hefði ekki tekið málið á dagskrá, láta það koma fram að málið var á dagskrá á fundinum í dag, en fyrir eindregin tilmæli hv. 4. þm. Vestf. var það ekki látið koma þá til umr. og umr. lokið, vegna þess að hann gat ekki verið viðstaddur. Það er sem sagt ekki sök hæstv. forseta, heldur samkv. beiðni hv. 4. þm. Vestf. að umr. um þetta mál var ekki lokið — í gær, má nú segja.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 94. fundur.

Miðvikudaginn 19. maí, kl. 2 miðdegis.

Kosning 7 manna í milliþinganefnd til að undirbúa frumvarp til laga um réttindi og skyldur stjórnmálaflokka.

Fram komu fjórir listar sem á voru jafnmörg nöfn samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Ellert B. Schram alþm. (A),
Ingvar Gíslason alþm. (A),
Sigurður Hafstein framkvæmdastjóri (A),
Ragnar Arnalds alþm. (B),
Kristján Benediktsson framkvæmdastjóri (A),
Benedikt Gröndal alþm. (C),
Magnús T. Ólafsson alþm. (D).

Heimkvaðning sendiherra Íslands hjá Atlantshafsbandalaginu, þáltill. (þskj. 851). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Tekjustofnar sýslufélaga, þáltill. (þskj. 63, n. 782). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. á þskj. 782 um að vísa þáltill. til ríkisstj. samþ. með 49 shlj. atkv.

Sjónvarp á sveitabæi, þáltill. (þskj. 139, n. 877). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. á þskj. 877 um að vísa þáltill. til ríkisstj. samþ. með 45 shlj. atkv.

Vegáætlun 1976—79, þáltill. (þskj. 667, n. 898 og 912, 899, 927, 935, 948). — Frh. síðari umr.

ATKVGR.

Brtt. 899,1 samþ. með 39 shlj. atkv.

Brtt. 927 felld með 35:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RA, SighB, SigurlB, StJ, StH, SvJ, SvH, ÞK, EggÞ, HÁ, HFS, SkA, KP, LJós, MÓ.

nei: PS, RH, StG, TÁ, VH, ÞS, ÞÞ, AG, AJ, EKJ, FÞ, GS, GeirG, GilsG, GuðlG, GHG, GTh, GF, GÞG, HES, IT, IngJ, IG, JóhH, JónÁ, JHelg, JÁH, JSk, LárJ, MB, MÁM, OÓ, ÓE, ÓlJ, ÁB.

EðS, VilbH greiddu ekki atkv.

8 þm. (SV, BGr, EA, EBS, GH, JGS, PP, PJ) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Það er skoðun mín að óhæfilega háu hlutfalli af okkar takmarkaða vegafé sé enn sem fyrr skv. þessari

vegáætlun varið til hraðbrauta á meðan fjöldi byggðarlaga úti um land býr við hina frumstæðustu gerð vega í tölu þjóðbrauta og landsbrauta. Þetta lélega ástand vega veldur því m. a. að viðkomandi byggðarlög einangrist á vetrum lengri eða skemmri tíma vegna snjóalaga. Í samræmi við þessa skoðun mína og sem andsvar og nauðvörn gegn ríkjandi hraðbrautapólitík þá segi ég hér já.

Gunnlaugur Finnsson: Herra forseti. Enda þótt ég vísi ekki á bug að öllu leyti hugmyndinni um veggjald sem hugsanlegum tekjustofni, þá tel ég enga möguleika á að gera svo stóra breyt. nú á síðasta stigi við afgreiðslu vegáætlunar og segi því nei.

Ingi Tryggvason: Ég tel að undir mörgum kringumstæðum geti veggjald verið fullkomlega réttlætanlegt. En þar sem þetta mál er ekki undirbúið á þessu stigi og ég stend að meirihlutatill. fjvn., sem hér liggja fyrir, þá segi ég nei.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Brtt. sú á þskj. 948, sem ég bar fram við 2. umr. við brtt. á þskj. 595, var fram borin til að firra því að umræddar 390 millj. til Vesturlandsvegar um Borgarfjörð lentu hugsanlega á glapstigum. Þegar till. var fram borin virtust þessar millj. liggja nokkuð á glámbekk. Með breyttri gerð brtt. á þskj. 935 er hins vegar ljóst að tilgangur till. er að spara ríkissjóði útgjöld, og af hollustu við þá sparnaðarhugsjón dreg ég mína brtt. til baka í trausti þess að ófullgerður Djúpvegur verði þá aðeins í bili geymdur, en ekki gleymdur.

Brtt. 948 tekin aftur.

Brtt. 935 felld með 39:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PS, RH, SighB, EggÞ, GÞG.

nei: ÓlJ, StH, StG, SvH, TÁ, VH, ÞK, ÞS, ÞÞ, AG, AJ, EKJ, FÞ, GS, GeirG, GilsG, GuðlG, GHG, GTh, GF, HÁ, HES, IT, IngJ, IG, JóhH, JónÁ, JHelg, JÁH, SkA, KP, LárJ, VilbH, MÓ, MB, MÁM, OÓ, ÓE, ÁB.

RA, SigurlB, StJ, SvJ, EðS, HFS, JSk, LJós greiddu ekki atkv.

8 þm. (PP, PJ, SV, BGr, EÁ, EBS, GH, JGS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Það eru mörg stórvirki fram undan í vegamálum og mun ekki af veita að hafa a. m. k. eitt í gangi jafnan. Hvítárbrú er senn fimmtug og var byggð þegar enn voru smábílar einir á íslenskum vegum miðað við það sem nú er. Ég trúi að það sé viturlegra að byrgja brunninn áður en barnið er dottið ofan í og segi nei.

Ingvar Gíslason: Aðallega í mótmælaskyni við vaxandi lýðskrum hér á hv. Alþ. segi ég nei.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Þar sem till. þessi er flutt í þeim einum tilgangi að skera niður fjárveitingar um 390 millj. kr. til nýbygginga vega til viðbótar þeim 25% niðurskurði sem hæstv. ríkisstj. hefur þegar lagt til við afgreiðslu vegáætlunar fyrir árið 1976, þá segi ég nei.

Brtt. 899,2 samþ. með 35 shlj. atkv.

Brtt. 899,3 samþ. með 34 shlj. atkv.

Brtt. 899,4 samþ. með 34 shlj. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.

Brtt. 899,5 (ný fyrirsögn) samþ. með 33 shlj. atkv.

Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 953).

Sameinað þing, 95. fundur.

Miðvikudaginn 19. maí, kl. 3 miðdegis.

Þinglausnir.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Hæstv. ríkisstj., hv. alþm. Ég mun gefa yfirlit um störf Alþingis:

Þingið hefur staðið frá 10. okt. til 20. des. 1975 og frá 26. jan. til 19. maí 1976, alls 187 daga.

ÞINGFUNDIR hafa verið haldnir:

í neðri deild	119	
í efri deild	127	
í sameinuðu þingi	95	
Alls	341	

ÞINGMÁL og úrslit þeirra:

I. Lagafrumvörp:

1. **Stjórnarfrumvörp:**

a. Lögð fyrir neðri deild	49	
b. Lögð fyrir efri deild	70	
c. Lögð fyrir sameinað þing ..	3	
		122

2. **Þingmannafrumvörp:**

a. Borin fram í neðri deild ..	27	
b. Borin fram í efri deild	31	58
		180

Úrslit urðu þessi:

Lagafrumvörp:

a. Afgreidd sem lög:		
Stjórnarfrumvörp	94	
Þingmannafrumvörp	14	
		108
b. Vísað til ríkisstjórnarinnar:		
Þingmannafrumvörpum ..		7
c. Ekki útrædd:		
Stjórnarfrumvörp	28	
Þingmannafrumvörp	37	
		65
		180

II. Þingsályktunartillögur:

a. Bornar fram í sameinuðu þingi	67
b. Borin fram í neðri deild	1
c. Bornar fram í efri deild ..	6
	74

Úrslit urðu þessi:		
a. Ályktanir Alþingis	18	
b. Felld	1	
c. Vísað til ríkisstjórnarinnar	9	
d. Ekki útræddar	46	
		74

III. Fyrirspurnir:

Í sameinuðu þingi 62. Sumar eru fleiri saman á þingskjali svo að málatala þeirra er ekki nema	35
Allar voru fyrirspurnir þessar ræddar nema 8.	
Mál til meðferðar í þinginu alls	289
Skýrslur ráðherra voru	5
Tala prentaðra þingskjala	957

Eins og jafnan áður hafa mörg mál komið til meðferðar Alþingis og raunar miklu fleiri en tala þskj. segir til um. Langur tími hefur farið í umr. utan dagskrár á þessu þingi. Mest hefur þar verið rætt um landhelgismálin, en orkumálin hafa einnig tekið ærinn tíma auk ýmislegs annars. Engan þarf að undra þótt útfærsla fiskveiðilögsögunnar í 200 mílur þann 15. okt. s. l. og nýting fiskimiðanna innan hennar hafi leitt til umræðna og samningaþófs.

Þjóðin stendur einhuga að hagsmunamáli þessu og stendur að baki landhelgisgæslunni og metur að verðleikum þá áhættu og þær fórnir sem sjómenn á varðskipum hafa orðið að heyja á hafi úti.

Hvað eftir annað hafa varðskipin orðið fyrir árásum breskra herskipa og dráttarbáta. Sú gifta hefur jafnan fylgt því vökula líði sem annast landhelgisgæsluna, að þar hefur enginn maður til þessa hlotið teljandi líkamleg meiðsli enda þótt varðskipin beri þess glöggt vitni að þar hafa hinir bresku andstæðingar sótt vægðarlaust að. Ég vil við þetta tækifæri flytja öllum þeim, sem annast landhelgisgæsluna, þakkir Alþ. og alþm. fyrir gifturík störf í þágu lands og þjóðar. Það er ósk mín að áfram megi heillavættir fylgja störfum þessum.

Miklir sigrar vinnast sjaldan án mikilla fórna. Þess var varla að vænta að jafnstórt spor og við höfum stigið í landhelgismálinu næðist án átaka og fórna. Það má heldur ekki gleymast að með þessu er íslenska þjóðin að helga sér þær auðlindir sem framtíð hennar byggist á, og það er mikið verk og vandasamt að semja reglur um nýtingu þeirra. Slíkar reglur þurfa líka stöðugrar endurskoðunar við, en óhjákvæmilegt er að þær séu settar og hafðar í heiðri.

Orkumálin hafa mjög verið rædd á þessum vetri, einkum þó jarðvarmavirkjun við Kröflu. Menn greinir jafnan á um nýjungar. Kröfluvirkjun er fyrsta virkjun sinnar tegundar hér á landi og ein af fáum orkuverum á jörðu hér þar sem jarðvarminn — gufan — á að knýja túrbínur og framleiða rafmagn. Það er ánægjulegt til þess að hugsa að við eigum miklar orkulindir ónotaðar í jörðu og á, og það er eðlilegt að menn greini á um leiðir þegar innlendir orkugjafar eiga að leysa erlenda af hólmi svo sem við erum öll sammála um.

Þótt mér sé tíðrætt um þessar auðlindir — fiskimið og orkugjafa — fer því fjarri að ég vilji leiða hugi manna fram hjá öðrum vandamálum.

Eins og jafnan vill verða hefur þetta þing fjallað um mál sem ekki hafa hlotið afgreiðslu. Þar með eru ákveðnar tillögur og hugmyndir komnar á umræðustig. Slíkt er oft eðlilegur og nauðsynlegur undirbúningur þess sem á eftir kemur. Það ber ekki allt upp á sama daginn. Hér vil ég aðeins nefna frv. þau sem fram hafa komið um réttarfarsmál og við eru bundnar vonir um öryggi og hagkvæmari vinnubrögð á því sviði.

Efnahagsmál og fjármál taka alltaf sinn tíma á Alþingi. Það er í mörg horn að líta, verkefnin, sem vinna þarf að, mikil og margar óskir um stuðning hins opinbera. Margir eru þættir þeir, bæði innlendir og erlendir, sem valda því að venju fremur verður að huga vel að fjármálum þjóðarinnar út á við ekki síður en inn á við. Gamlar dyggðir eins og reglusemi, sparsemi og iðjusemi halda enn þá gildi sínu. Velferð þjóðarinnar er að sjálfsögðu alltaf háð því hvernig árar til lands og sjávar. Í öllum skiptum manna við náttúruna sannast með ýmsum hætti og í ýmsum myndum það sem Stephan G. Stephansson sagði:

„Ég er bóndi, allt mitt á
undir sól og regni."

Árferði verður jafnan misjafnt, það þekkjum við öll — en ég vænti þess að reynslan staðfesti það að á þessu þingi hafi í alvöru verið leitað eftir ýmsum úrræðum til þess að íslenska þjóðin þoli betur í framtíðinni að mæta nokkrum sveiflum í árgæskunni heldur en oft hefur áður verið.

Þetta þing hefur verið mjög annasamt og ekki síst síðustu vikurnar. En það er ekki nýtt.

Ég þakka hæstv. ríkisstj. og hv. alþm., skrifstofustjóra og starfsfólki Alþingis umburðarlyndi í minn garð og ánægjulegt samstarf á þessu þingi. Sérstakar þakkir færi ég varaforsetum sem jafnan hafa veitt mér hina bestu aðstoð. Skrifurum þingsins þakka ég ágæt störf og sömuleiðis skrifstofustjóra og öllu starfsfólki Alþingis.

Að lokum óska ég hv. alþm. góðrar heimferðar og heimkomu, og það er von mín að öll megum við heil hittast hér á næsta hausti. Landsmönnum öllum óska ég árs og friðar.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd okkar alþm. þakka hæstv. forseta fyrir hlý orð og góðar óskir í okkar garð. Ég vil jafnframt þakka honum fyrir gott samstarf við okkur alþm. og fyrir góða og réttláta fundarstjórn. Gott samstarf forseta við alþm. er alltaf þýðingarmikið og fyrir það ber að þakka. Ég óska hæstv. forseta og fjölskyldu hans gleðilegs og góðs sumars um leið og ég þakka fyrir hinn liðna vetur. Ég bið hv. alþm. að taka undir þessi orð mín til forseta með því að rísa úr sætum. — [Þm. risu úr sætum.]

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Ég þakka hv. 2. þm. Austurl. og öllum hv. alþm. fyrir undirtektir þeirra undir óskir hans til mín og fjölskyldu minnar, og ég árna þingheimi allra heilla.

Forseti Íslands (Kristján Eldjárn): Gefið hefur verið út svofellt forsetabréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Alþingi, 97. löggjafarþing, hefur lokið störfum. Mun ég því slíta Alþingi í dag.

Gjört í Reykjavík, 19. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

Geir Hallgrímsson.

Forsetabréf um þinglausnir."

Samkvæmt þessu bréfi, sem ég nú hef lesið, lýsi ég yfir því að þessu þingi, sem nú hefur lokið störfum, er slitið. Óska ég alþm. velfarnaðar og góðs og gleðilegs sumars, þjóðinni allra heilla og bið alþm. að minnast fósturjarðar vorrar, Íslands, með því að rísa úr sætum.

Þingheimur stóð upp og **iðnrh. (Gunnar Thoroddsen)** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi." Tóku þingmenn undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

Var síðan af þingi gengið.